Alþingi 1973

Sameinað þing, 1. fundur.

Miðvikudaginn 10. okt.

Þingsetning.

Árið 1973, miðvikudaginn 10. október, var nítugasta og fjórða löggefandi Alþingi sett í Reykjavík. Er það sjötugasta og sjötta aðalþing í röðinni, en hundraðasta og níunda samkoma frá því, er Alþingi var endurreist.

Þingmenn söfnuðust saman í alþingishúsinu kl. 1.15 miðdegis og gengu þaðan til guðsþjónustu í Dómkirkjunni, er hófst kl. 1.30 miðdegis. Séra Ingimar Ingimarsson steig í stólinn.

Að lokinni guðsþjónustu gengu þingmenn aftur til alþingishússins, fundarsals neðri deildar.

Þessir menn skipuðu þingið:

1. Auður Auðuns, 6. þm. Reykv.
2. Ágúst Þorvaldsson, 2. þm. Sunnl.
3. Ásgeir Bjarnason, 1. þm. Vesturl.
4. Benedikt Gröndal, 8. landsk. þm.
5. Bjarni Guðbjörnsson, 4. þm. Vestf.
6. Bjarni Guðnason, 3. landsk. þm.
7. Björn Fr. Björnsson, 4. þm. Sunnl.
8. Björn Jónsson, 6. þm. Norðurl. e.
9. Björn Pálsson, 3. þm. Norðurl. v.
10. Eðvarð Sigurðsson, 8. þm. Reykv.
11. Eggert G. Þorsteinsson, 1. landsk. þm.
12. Einar Ágústsson, 11. þm. Reykv.
13. Ellert B. Schram, 9. landsk. þm.
14. Eysteinn Jónsson, 1. þm. Austf.
15. Friðjón Þórðarson, 4. þm. Vesturl.
16. Garðar Sigurðsson, 5. þm. Sunnl.
17. Geir Gunnarsson, 10. landsk. þm.
18. Geir Hallgrimsson, 2. þm. Reykv.
19. Gils Guðmundsson, 4. þm. Reykn.
20. Gísli Guðmundsson, 1. þm. Norðurl. e.
21. Guðlaugur Gíslason, 3. þm. Sunnl.
22. Gunnar Gíslason, 2. þm. Norðurl. v.
23. Gunnar Thoroddsen, 5. þm. Reykv.
24. Gylfi Þ. Gislason, 7. þm. Reykv.
25. Halldór E. Sigurðsson, 3. þm. Vesturl.
26. Hannibal Valdimarsson, 3. þm. Vestf.
27. Helgi F. Seljan, 6. landsk. þm.
28. Ingólfur Jónsson, 1. þm. Sunnl.
29. Ingvar Gíslason, 3. þm. Norðurl. e.
30. Jóhann Hafstein, 1. þm. Reykv.
31. Jón Árnason, 2. þm. Vesturl.
32. Jón Árm. Héðinsson, 5. þm. Reykn.
33. Jón Skaftason, 2. þm. Reykn.
34. Jónas Árnason, 5. þm. Vesturl.
35. Karvel Pálmason, 7. landsk. þm.
36. Lárus Jónsson, 5. þm. Norðurl. e.
37. Lúðvík Jósepsson, 2. þm. Austf.
38. Magnús Jónsson, 2. þm. Norðurl. e.
39. Magnús Kjartansson, 3. þm. Reykv.
40. Magnús T. Ólafsson, 9. þm. Reykv.
41. Matthías Bjarnason, 2. þm. Vestf.
42. Matthías Á. Mathiesen, 1. þm. Reykn.
43. Oddur Ólafsson, 3. þm. Reykn.
44. Ólafur G. Einarsson, 11. landsk. þm.
45. Ólafur Jóhannesson, 1. þm. Norðurl. v.
46. Páll Þorsteinsson, 3. þm. Austf.
47. Pálmi Jónsson, 5. þm. Norðurl. v.
48. Pétur Pétursson, 2. landsk. þm.
49. Pétur Sigurðsson, 10. þm. Reykv.
50. Ragnar Arnalds, 4. þm. Norðurl. v.
51. Ragnhildur Helgadóttir, 12. þm. Reykv.
52. Stefán Gunnlaugsson, 5. landsk. þm.
53. Stefán Valgeirsson, 4. þm. Norðurl. e.
54. Steingrímur Hermannsson, 1. þm. Vestf.
55. Steinþór Gestsson, 6. þm. Sunnl.
56. Svava Jakobsdóttir, 4. landsk. þm.
57. Sverrir Hermannsson, 4. þm. Austf.
58. Vilhjálmur Hjálmarsson, 5. þm. Austf.
59. Þorvaldur G. Kristjánsson, 5. þm. Vestf.
60. Þórarinn Þórarinsson, 4. þm. Reykv.

Framantaldir þingmenn voru til þings komnir, að undanskildum Birni Pálssyni, Gísla Guðmundssyni, Gunnari Gíslasyni og Lárusi Jónssyni.

Forseti Íslands setur þingið.

Þá er þingmenn höfðu skipað sér til sætis, gekk forseti Íslands, Kristján Eldjárn, til ræðustóls.

Forseti Íslands (Kristján Eldjárn): Hinn 18. f. m. var gefið út svofellt bréf:

„Forseti Íslands gerir kunnugt:

Ég hef ákveðið, samkv. till. forsrh., að Alþingi skuli koma saman til fundar miðvikudaginn 10. október 1973.

Um leið og ég birti þetta, er öllum, sem setu eiga á Alþingi, boðið að koma nefndan dag til Reykjavíkur, og verður þá Alþingi sett að lokinni guðsþjónustu í Dómkirkjunni, sem hefst kl. 13.30.

Gjört í Reykjavík, 14. september 1973.

Kristján Eldjárn.

Ólafur Jóhannesson.

Forsetabréf um, að Alþingi skuli koma saman til fundar miðvikudaginn 10. okt. 1973."

Samkv. bréfi því, sem ég nú hef lesið, lýsi ég yfir því, að Alþingi Íslendinga er sett.

Í dag minni ég á það enn sem fyrr, að til hinnar fornu og virðulegu löggjafarsamkundu sinnar lítur íslenska þjóðin um heill og forsjá landsins. Til þess er Alþingi, og til þess hefur fólkið í landinu kjörið fulltrúa sína á þing, og hingað beinist því hugur landsmanna í hvert sinn sem Alþingi er sett. Vér minnumst þess í dag, eins og oss er skylt að minnast þess alla daga, að störf vor, bæði mín og yðar, eru í senn forusta og þjónusta við þjóðina, sem hefur falið oss að fara með umboð sitt. Því ber að fagna, ef rétt er það sem margir hyggja, að landsmálaáhugi sé nú betur vakandi í landinu en oft hefur verið áður. Það er lífsmark, sem nauðsynlegt er heilbrigðu lýðræði og hvöt og styrkur stjórnmálamönnum í vandasömu starfi þeirra. Hingað beinist athyglin í dag, og þess er beðið með eftirvæntingu, hvernig til tekst um úrlausn ýmissa mála, sem þér eigið nú fyrir höndum að takast á við.

Sú er venjan, að þegar í þingbyrjun liggur ljóst fyrir um margt, sem við þarf að glíma, gamlir kunningjar bíða í þingsölunum. En margt getur að höndum borið, sem enginn sá fyrir og öllum kemur jafnt á óvart. Í sögu Alþingis mætti sjálfsagt rifja upp mörg slík dæmi, bæði smá og stór. Á miðjum starfstíma síðasta þings gerðust þau tíðindi, sem einna sviplegust hafa orðið, þegar eldur kom upp í Vestmannaeyjum og lagði í eyði á einni nóttu þennan fagra kaupstað og blómlegu verstöð. Hér varð að snúast við einstæðum vanda með hröðum handtökum. Þar lögðu margir landsmenn holla hönd á plóg, en það lá þegar í stað í augum uppi, að slík feiknartíðindi hlutu að koma til kasta Alþ. og ríkisstj.

Hér er ekki stund né staður til að fjölyrða um viðtæk áhrif Vestmannaeyjagossins á líf og örlög Vestmanneyinga og heimabyggðar þeirra. En ég nefni þennan atburð aðeins sem dæmi, að vísu óvenjulega hrikalegt, um það, sem skyndilega getur dunið yfir og í einu vetfangi krafist hiklausra aðgerða stjórnvalda. Slíkt er brýning til árverkni gegn óvæntum háska og áminning til samheldni og því meiri sem meira liggur við.

Eldurinn í Vestmannaeyjum lætur eftir sig mörg sár, sem langan tíma tekur að græða að fullu. Engu að síður er það athyglisvert, að nú, aðeins 9 mánuðum síðar, er aftur komið á furðumikið jafnvægi og uppbygging er í fullum gangi. Þar hafa margir átt hlut að máli, og er rétt og skylt að nefna þar fyrst forustu Alþ. og ríkisstj. Allt ber það að þakka, sem vel var gert á hættunnar stund, og það geri ég nú, er ég minnist þessara atburða. Og ég nota þetta tækifæri til að fara viðurkenningarorðum um hlut erlendra manna, félaga og stjórnvalda, að því að létta oss vandann með margvíslegum vinarbrögðum. Það eru nágrannar vorir á Norðurlöndum fremstir í flokki, en að öðru leyti hlýðir ekki að nafngreina hér lönd og þjóðir, því að þar á ótrúlegur fjöldi hlut að máli. Það getur verið vandi að þiggja gjafir, en engum er minnkun að taka í framrétta hönd, þegar eitthvað bjátar á, svo fremi að hann sé þess albúinn að reynast ekki minni drengur, þegar vá er fyrir dyrum hjá öðrum, en hann sjálfur aflögufær. Slíkt er vissulega ásetningur vor, um leið og við þiggjum og þökkum stórgjafir á þessu ári.

Það mál, sem ég hef vikið hér að, er ekki þingmál í þeim skilningi, að það liggi beinlínis fyrir þingi nú. Slíkt hið sama má segja um stórmál eins og landhelgismálið, sem Alþ. fjallaði giftusamlega um á næstsíðasta þingi. Það mál var áreiðanlega ofarlega í allra huga síðustu þingsetningu og jafnan síðan og ekki síst nú, þegar nýr möguleiki kann að hafa opnast til að ná bráðabirgðasamkomulagi til skamms tíma við þær þjóðir, sem mest hafa talið á hagsmuni sína gengið af vorri hálfu, en um þetta mál hefur góðu heilli verið sterk samstaða stjórnmálamanna, m. a. um að freista þess að ná slíku samkomulagi með sæmandi skilmálum. Mætti þjóðareining haldast, hverju sem fram vindur, því að á þann einn hátt nýtist allur styrkur vor, og mun ekki af veita. En þótt þessi máli liggi ekki fyrir Alþ. nú, eru þau, svo ólík sem þau eru, stórmál, sem verið hafa í huga og á vörum landsmanna undanfarna mánuði og eru það enn, og frá þeim liggja margir þræðir inn í sali Alþingis, bæði beint og óbeint, eins og alþm. munu vissulega gera sér fulla grein fyrir. Það mun því naumast þykja undur, þótt vikið sé að þeim hér nú.

En því fer fjarri, að þau yfirskyggi allt annað. Enn sem fyrr gengur þjóðlífið sinn gang. Viðfangsefni hversdagsins reka hart á eftir með þörfum sínum og kröfum, sem koma saman eins og í brennidepli í starfi Alþ. Með hverju ári sem líður verður þjóðfélagið fjölbreytilegra, og að sama skapi verður verksvið Alþ. yfirgripsmeira og annasamara. Vér búum við gróandi þjóðlíf og höfum öll skilyrði til að gera þar á gott framhald. Alþ. er vel skipað og fulltreystandi til að sjá farsællega um fararbroddinn. Sú er ósk mín til yðar, að gifta fylgi störfum yðar, landi voru og þjóð til gagns og sóma.

Ég bið yður að rísa úr sætum og minnast ættjarðarinnar.

[Þingheimur stóð upp og **forsætisráðherra Ólafur Jóhannesson, mælti**: „Heill forseta vorum og fósturjörð. Ísland lifi.“ Þingmenn tóku undir þessi orð með ferföldu húrrahrópi.]

Samkv. 1. gr. þingskapa ber nú aldursforseta að stjórna fundi, þar til kosning forseta Sþ. hefur farið fram, og bið ég aldursforseta, Hannibal Valdimarsson, 3. þm. Vestf., að ganga til forsetastóls.

Minning látinna manna.

Aldursforseti (Hannibal Valdimarsson): Ég vil leyfa mér að bjóða þingheim allan velkominn til starfa og starfslið þingsins allt.

Áður en þingstörf hefjast, vil ég minnast þriggja fyrrv. alþm., sem látist hafa frá lokum síðasta þings. Þeir eru Jónas Guðmundsson fyrrv. skrifstofustjóri, sem andaðist 4. júlí, 75 ára að aldri, Björn Kristjánsson fyrrv. kaupfélagsstjóri, sem andaðist 10. júlí, 93 ára að aldri, og Kristinn E. Andrésson rithöfundur, sem andaðist 20. ágúst, 72 ára að aldri.

Jónas Guðmundsson var fæddur 11. júní 1898 á Skálanesgrund í Seyðisfjarðarhreppi. Foreldrar hans voru Guðmundur bóndi og útgerðarmaður í Brimneshjáleigu við Seyðisfjörð Jónasson bónda í Selási í Víðidal í Húnavatnssýslu Guðmundssonar og kona hans, Valgerður Hannesdóttir sjómanns á Hofsósi Gottskálkssonar. Hann stundaði nám í unglingaskóla á Seyðisfirði veturinn 1915—1916 og í Kennaraskólanum 1918—1920, lauk kennaraprófi vorið 1920. Næsta vetur stundaði hann nám í Kennaraháskólanum í Kaupmannahöfn fram að áramótum, en var kennari í forföllum við bændaskólann á Hvanneyri það sem eftir var vetrar. Haustið 1921 varð hann kennari við barnaskólann á Norðfirði og gegndi því starfi fram á árið 1933. Jafnframt var hann kennari við unglingaskólann á Norðfirði 1923—1933. Hann var síðan framkvæmdastjóri Fóðurmjölsverksmiðju Norðfjarðar 1932—1937 og Togarafélags Neskaupstaðar 1935—1938. Á árinu 1937 fluttist hann til Reykjavíkur og var framkvæmdastjóri Alþfl. 1938—1939. Eftirlitsmaður sveitarstjórnarmálefna var hann 1939—1953 og skrifstofustjóri í félmrn. 1946—1953. Hann var framkvæmdastjóri Sambands ísl. sveitarfélaga 1945—1967 og forstjóri Bjargráðasjóðs Íslands 1952—1967.

Auk aðalstarfa þeirra, sem hér hafa verið rakin, voru Jónasi Guðmundssyni falin fjöldamörg trúnaðarstörf á ýmsum sviðum, og verður nokkurra þeirra getið hér. Hann var oddviti hreppsnefndar Neshrepps í Norðfirði 1925—1928 og sat í bæjarstjórn Neskaupstaðar 1929—1937. Landsk. alþm. var hann á árunum 1934—1937, sat á 4 þingum alls. Hann átti sæti í Landsbankanefnd frá 1934—1938 og í bankaráði Landsbankans 1938—1946. Á árunum 1934—1935 átti hann sæti í mþn. um alþýðutryggingar og framfærslumál, og síðan var hann í mörgum stjórnskipuðum nefndum til að rannsaka og undirbúa löggjöf um margvísleg efni á sviði félagsmála. Hann var í stjórn Sölusambands ísl. fiskframleiðenda 1939—1943. Formaður Sambands ísl. sveitarfélaga var hann 1945—1967, í stjórn Bjargráðasj. Íslands 1946—1967 og í stjórn Lánasjóðs sveitarfélaga 1966—1970. Fulltrúi ríkisstj. Íslands á þingum Alþjóðavinnumálastofnunarinnar var hann 1947—1952. Hann var stofnandi áfengisvarnarfélagsins Bláa bandsins 1955 og formaður þess fram á árið 1973. Jafnframt var hann formaður stjórnar Vistheimilisins í Víðinesi 1963—1973.

Jónas Guðmundsson lét jafnan mikið að sér kveða á vettvangi starfa sinna og áhugamála. Störf að sveitarstjórnarmálum hóf hann á Norðfirði og var þá m. a. einn frumkvöðlanna í baráttu fyrir kaupstaðaréttindum til handa sveitarfélagi sínu. Síðar kom það í hans hlut að vinna áratugum saman mikið og árangursríkt starf í þágu sveitarfélaga landsins alls, bæði sem starfsmaður ríkisins og forustumaður í samtökum þeirra sjálfra. Hálfsextugur að aldri lét hann af starfi skrifstofustjóra í félmrn. að eigin ósk til að geta sinnt ýmsum öðrum hugðarmálum sínum jafnframt þátttöku og forustu í samtökum sveitarfélaga. Hann átti giftudrjúgan þátt í baráttu gegn áfengisbölinu með forgöngu sinni um stofnun AA-samtakanna og Bláa bandsins og rekstur dvalarheimila fyrir drykkjusjúklinga. Hann var afkastamaður við ritstörf, var ritstjóri nokkurra blaða og tímarita og samdi bækur, tímarits- og blaðagreinar um stjórnmál, dulspeki, áfengismál og málefni sveitarfélaga. Hann var harðskeyttur baráttumaður fyrir hugðarmálum sínum, hugsjóna- og framkvæmdamaður í senn.

Björn Kristjánsson var fæddur 22. febr. 1880 á Víkingavatni í Kelduhverfi. Foreldrar hans voru Kristján bóndi þar Kristjánsson bónda í Ærlækjarseli í Öxarfirði og síðar á Víkingavatni Árnasonar og kona hans, Jónína Þórarinsdóttir bónda á Víkingavatni Björnssonar. Hann naut tilsagnar hjá alþýðufræðaranum Guðmundi Hjaltasyni nokkrar vikur í senn veturna 1890—1894, fékk tilsögn í ensku hjá Benedikt Kristjánssyni prófasti í Múla um nokkurra vikna skeið veturinn 1898—1899 og sótti eins mánaðar samvinnunámskeið á Akureyri 1916. Að þessu frátöldu var skólaganga hans engin. Hann var bóndi á Víkingavatni 1908—1916 og kaupfélagsstjóri á Kópaskeri 1916—1946. Veturna 1904—1905 og 1905—1906 ferðaðist hann tvívegis um mestallt landið sem aðstoðar- og eftirlitsmaður með útrýmingu fjárkláða. Hann var símastjóri og jafnframt bréfhirðingamaður og síðar póstafgreiðslumaður á Kópaskeri á árunum 1922—1957. Alþm. Norður-Þingeyinga var hann 1931—1934 og 1945—1949, sat á 9 þingum alls. Hann átti sæti í stjórn Sambands ísl. samvinnufélaga 1937—1959 og í síldarútvegsnefnd 1941—1961.

Björn Kristjánsson ólst upp á fjölmennu sveitaheimili við menningarbrag og mikil umsvif og aflaði sér staðgóðrar menntunar af sjálfsdáðun auk þess stopula náms, sem áður er getið. Ferðir hans hálfþritugs um nær allt land urðu honum drjúgar til fróðleiks um land og lýð. Hann var einn af stofnendum og stjórnendum ungmennafélags í sinni sveit. Um skeið var hann bóndi og undi því starfi vel. En hann var jafnframt áhugasamur stuðningsmaður samvinnuhreyfingarinnar og deildarstjóri í Keldunesdeild kaupfélagsins. Hálffertugur var honum falin forstaða Kaupfélags Norður-Þingeyinga, og naut það farsællar stjórnar hans um þriggja áratuga skeið. Hann sóttist ekki eftir vegtyllum, en aflaði sér með störfum sínum og framkomu trausts og vinsælda þeirra, sem við hann áttu skipti. Störf sín á Alþ. sem annars staðar vann hann með hógværð og festu. Eftir farsælan starfsdag átti hann langt og friðsælt ævikvöld.

Kristinn E. Andrésson var fæddur 12. júní 1901 á Helgustöðum við Reyðarfjörð. Foreldrar hans voru Andrés bóndi þar Runólfsson skálda Runólfssonar og fyrri kona hans, María Nielsdóttir Becks bónda á Innstekk Kristjánssonar. Hann stundaði nám í Flensborgarskóla í Hafnarfirði 1918—1920 og lauk stúdentsprófi utanskóla frá menntaskólanum í Reykjavík 1922. Meistaraprófi í íslenskum fræðum frá Háskóla Íslands lauk hann 1928. Á árunum 1929—1931 var hann við framhaldsnám í þýskum bókmenntum í Kiel, Berlín og Leipzig. Hann var kennari við alþýðuskólann á Hvítárbakka 1927—1929 og kenndi einnig um skeið við kvennaskólann og iðnskólann í Reykjavík. Bókavörður í Landsbókasafni var hann 1931—1932. Árið 1934 gerðist hann frumkvöðull og forstöðumaður bókaút-

gáfunnar Heimskringlu, og 1937 var hann forgöngumaður um stofnun bókmenntafélagsins Máls og menningar. Hann var stjórnarformaður og lengst af framkvæmdastjóri þessara tveggja útgáfufélaga fram á árið 1971. Hann var ritstjóri Rauðra penna 1935—1939. Tímarits Máls og menningar 1940—1970 og Þjóðviljans 1946—1947. Landskjörinn alþm. var hann á árunum 1942—1946 og sat auk þess á Alþ. sem varamaður síðla árs 1950, átti sæti á 5 þingum alls. Í menntamálaráði var hann 1942—1946, í Alþingissögunefnd 1943—1956, í bankaráði Búnaðarbankans 1945—1949 og í íslenzk-dönsku samninganefndinni 1945—1946.

Kristinn E. Andrésson lagði stund á bókmenntir í háskólanámi sínu heima og erlendis, og að námi loknu hóf hann afskipti af þjóðmálum sem byltingarsinnaður sósíalisti. Hann var hvatningar- og stuðningsmaður róttækra rithöfunda, vann að stofnun félags þeirra og kom verkum þeirra á framfæri með frumkvæði sínu um útgáfustarfsemi. Hann var bjartsýnn og stórhuga á því sviði og stýrði um langt skeið umfangsmikilli bókaútgáfu. Hæglátur var hann í dagfari, en laginn málafylgjumaður og þrautseigur baráttumaður. Hann var afkastamikill rithöfundur um stjórnmál, bókmenntir og önnur menningarmál. Löngum stóð styrr um ýmis störf hans á sviði þjóðmála og bókmennta, en hann var hugsjónum sínum trúr, stefnufastur eljumaður til æviloka.

Ég vil biðja þingheim að minnast hinna látnu fyrrv. alþm., Jónasar Guðmundssonar, Björns Kristjánssonar og Kristins E. Andréssonar, með því að rísa úr sætum. — [Þingmenn risu úr sætum.]

Varamaður tekur þingsæti.

Forseta hefur borist svo hljóðandi bréf:

„Af heilsufarsástæðum get ég undirritaður ekki sinnt þingstörfum fyrst um sinn. Meðan svo er, óska ég, að varamaður minn taki sæti á Alþingi.

Reykjavík, 9. október 1973.

Gísli Guðmundsson."

Varamaður hans er Jónas Jónsson aðstoðarmaður ráðh., og tekur hann nú sæti á Alþ. í forföllum hans.

Þá verður þingfundi frestað. Þingfundur hefst aftur í Sþ. á morgun kl. 14.

Fundi frestað.

Sameinað þing, frh. 1. fundar.

Fimmtudaginn 11. okt.

Kosning forseta og skrifara.

Aldursforseti lét fara fram kosningu forseta sameinaðs Alþingis. Kosningu hlaut

Eysteinn Jónsson, 1. þm. Austf.,

með 43 atkv., en 14 seðlar voru auðir.

Hinn kjörni forseti gekk til forsetastóls og tók við fundarstjórn. Lét hann fyrst fara fram kosningu fyrri varaforseta. Kosningu hlaut

Friðjón Þórðarson, 4. þm. Vesturl.,

með 54 atkv., en 3 seðlar voru auðir.

Þá fór fram kosning annars varaforseta, og hlaut kosningu

Eðvarð Sigurðsson, 8. þm. Reykv., með 44 atkv. — Hannibal Valdimarsson, 3. þm. Vestf., hlaut 1 atkv., Bjarni Guðnason, 3. landsk. þm., 1 atkv., en 11 seðlar voru auðir.

Þessu næst voru kosnir skrifarar sameinaðs þings, að viðhafðri hlutfallskosningu. Fram komu tveir listar. Á A-lista var BGuðbj, en á B-lista LárJ. Þar sem ekki voru fleiri tilnefndir en kjósa skyldi, lýsti forseti yfir, að rétt væru kjörnir án atkvgr.:

Bjarni Guðbjörnsson, 4. þm. Vestf., og

Lárus Jónsson, 5. þm. Norðurl. e.

Efri deild, 1. fundur.

Fimmtudaginn 11. okt., að loknum fundi í sameinuðu þingi.

Fundurinn var settur af aldursforseta, Jóni Árnasyni, 2. þm. Vesturl.

Deildina skipuðu þessir þm.:

1. Auður Auðuns, 6. þm. Reykv.
2. Ásgeir Bjarnason, 1. þm. Vesturl.
3. Bjarni Guðbjörnsson, 4. þm. Vestf.
4. Björn Fr. Björnsson, 4. þm. Sunnl.
5. Björn Jónsson, 6. þm. Norðurl. e.
6. Eggert G. Þorsteinsson, 1. landsk. þm.
7. Einar Ágústsson, 11. þm. Reykv.
8. Geir Gunnarsson, 10. landsk. þm.
9. Geir Hallgrímsson, 2. þm. Reykv.
10. Helgi F. Seljan, 6. landsk. þm.
11. Jón Árnason, 2. þm. Vesturl.
12. Jón Árm. Héðinsson, 5. þm. Reykn.
13. Magnús Jónsson, 2. þm. Norðurl. e.
14. Magnús T. Ólafsson, 9. þm. Reykv.
15. Oddur Ólafsson, 3. þm. Reykn.
16. Páll Þorsteinsson, 3. þm. Austf.
17. Ragnar Arnalds, 4. þm. Norðurl. v.
18. Steingrímur Hermannsson, 1. þm. Vestf.
19. Steinþór Gestsson, 6. þm. Sunnl.
20. Þorv. Garðar Kristjánsson, 5. þm. Vestf.

Kosning forseta og skrifara.

Gengið var til forsetakosningar. Kosningu hlaut

Ásgeir Bjarnason, 1. þm. Vesturl.,

með 16 atkv., en 4 seðlar voru auðir.

Hinn kjörni forseti tók nú við fundarstjórn og lét fara fram kosningu fyrri varaforseta deildarinnar. Kosningu hlaut

Eggert G. Þorsteinsson, 1. landsk. þm.,

með 19 atkv., en 1 seðill var auður.

Annar varaforseti var kosinn

Helgi F. Seljan, 6. landsk. þm.,

með 17 atkv., en 3 seðlar voru auðir.

Þessu næst voru kosnir skrifarar deildarinnar, að viðhafðri hlutfallskosningu. Fram komu tveir

listar. Á A-lista var Páll Þorsteinsson, á B-lista var SteinG. Samkv. því lýsti forseti yfir, að kjörnir væru án atkvgr.:

Páll Þorsteinsson, 3. þm. Austf. og
Steinþór Gestsson, 6. þm. Sunnl.

Sætaskipun.

Loks var hlutað um sæti deildarmanna, og fór sætahlutunin á þessa leið:

7.	sæti	hlaut	Steingrímur Hermannsson,
8.	—	—	Oddur Ólafsson,
9.	—	—	Geir Gunnarsson,
10.	—	—	Þorv. Garðar Kristjánsson,
11.	—	—	Helgi F. Seljan,
12.	—	—	Jón Árm. Héðinsson,
13.	—	—	Magnús Jónsson,
14.	—	—	Jón Árnason,
15.	—	—	Ragnar Arnalds,
16.	—	—	Eggert G. Þorsteinsson,
17.	—	—	Auður Auðuns,
18.	—	—	Björn Fr. Björnsson,
19.	—	—	Geir Hallgrímsson,
20.	—	—	Bjarni Guðbjörnsson.

Neðri deild, 1. fundur.

Fimmtudaginn 11. okt., að loknum fundi í sameinuðu þingi.

Fundurinn var settur af aldursforseta, Hannibal Valdimarssyni, 3. þm. Vestf.

Deildina skipuðu þessir þm.:

1. Ágúst Þorvaldsson, 2. þm. Sunnl.
2. Benedikt Gröndal, 8. landsk. þm.
3. Bjarni Guðnason, 3. landsk. þm.
4. Björn Pálsson, 3. þm. Norðurl. v.
5. Eðvarð Sigurðsson, 8. þm. Reykv.
6. Ellert B. Schram, 9. landsk. þm.
7. Eysteinn Jónsson, 1. þm. Austf.
8. Friðjón Þórðarson, 4. þm. Vesturl.
9. Garðar Sigurðsson, 5. þm. Sunnl.
10. Gils Guðmundsson, 4. þm. Reykn.
11. Gísli Guðmundsson, 1. þm. Norðurl. e.
12. Guðlaugur Gíslason, 3. þm. Sunnl.
13. Gunnar Gíslason, 2. þm. Norðurl. v.
14. Gunnar Thoroddsen, 5. þm. Reykv.
15. Gylfi Þ. Gíslason, 7. þm. Reykv.
16. Halldór E. Sigurðsson, 3. þm. Vesturl.
17. Hannibal Valdimarsson, 3. þm. Vestf.
18. Ingólfur Jónsson, 1. þm. Sunnl.
19. Ingvar Gíslason, 3. þm. Norðurl. e.
20. Jóhann Hafstein, 1. þm. Reykv.
21. Jón Skaftason, 2. þm. Reykn.
22. Jónas Árnason, 5. þm. Vesturl.
23. Karvel Pálmason, 7. landsk. þm.
24. Lárus Jónsson, 5. þm. Norðurl. e.
25. Lúðvík Jósepsson, 2. þm. Austf.
26. Magnús Kjartansson, 3. þm. Reykv.
27. Matthías Bjarnason, 2. þm. Vestf.
28. Matthías Á. Mathiesen, 1. þm. Reykn.
29. Ólafur G. Einarsson, 11. landsk. þm.
30. Ólafur Jóhannesson, 1. þm. Norðurl. v.
31. Pálmi Jónsson, 5. þm. Norðurl. v.
32. Pétur Pétursson, 2. landsk. þm.
33. Pétur Sigurðsson, 10. þm. Reykv.
34. Ragnhildur Helgadóttir, 12. þm. Reykv.
35. Stefán Gunnlaugsson, 5. landsk. þm.
36. Stefán Valgeirsson, 4. þm. Norðurl. e.
37. Svava Jakobsdóttir, 4. landsk. þm.
38. Sverrir Hermannsson, 4. þm. Austf.
39. Vilhjálmur Hjálmarsson, 5. þm. Austf.
40. Þórarinn Þórarinsson, 4. þm. Reykv.

Í stað Gísla Guðmundssonar, 1. þm. Norðurl. e., var á fundinum Jónas Jónsson.

Kosning forseta og skrifara.

Gengið var til forsetakosningar. Kosningu hlaut

Gils Guðmundsson, 4. þm. Reykn.,

með 26 atkv., en 10 seðlar voru auðir.

Hinn kjörni forseti tók nú við fundarstjórn og lét fyrst fara fram kosningu fyrri varaforseta. Kosningu hlaut

Gunnar Gíslason, 2. þm. Norðurl. v.,

með 36 atkv., en 1 seðill var auður.

Annar varaforseti var kosinn

Bjarni Guðnason, 3. landsk. þm.,

með 21 atkv. — Hannibal Valdimarsson, 3. þm. Vestf., hlaut 2 atkv., en 12 seðlar voru auðir.

Þessu næst voru kosnir skrifarar deildarinnar, að viðhafðri hlutfallskosningu. Fram komu tveir listar. Á A-lista var IG, á B-lista var EBS. — Samkvæmt því lýsti forseti yfir, að kjörnir væru án atkvgr.:

Ingvar Gíslason, 3. þm. Norðurl. e., og
Ellert B. Schram, 9. landsk. þm.

Sætaskipun.

Loks var hlutað um sæti deildarmanna samkv. þingsköpum, og fór sætahlutunin á þessa leið:

8.	sæti	hlaut	Ragnhildur Helgadóttir,
9.	—	—	Þórarinn Þórarinsson,
10.	—	—	Sverrir Hermannsson,
11.	—	—	Gunnar Thoroddsen,
12.	—	—	Pétur Sigurðsson,
13.	—	—	Guðlaugur Gíslason,
14.	—	—	Matthías Bjarnason,
15.	—	—	Björn Pálsson,
16.	—	—	Jóhann Hafstein,
17.	—	—	Gylfi Þ. Gíslason,
18.	—	—	Jónas Jónsson,
19.	—	—	Eðvarð Sigurðsson,
20.	—	—	Hannibal Valdimarsson,
21.	—	—	Stefán Gunnlaugsson,
22.	—	—	Benedikt Gröndal,
23.	—	—	Svava Jakobsdóttir,
24.	—	—	Bjarni Guðnason,
25.	—	—	Ólafur G. Einarsson,
26.	—	—	Pétur Pétursson,
27.	—	—	Pálmi Jónsson,
28.	—	—	Vilhjálmur Hjálmarsson,
29.	—	—	Ingólfur Jónsson,
30.	—	—	Stefán Valgeirsson,
31.	—	—	Jón Skaftason,
32.	—	—	Karvel Pálmason,
33.	—	—	Friðjón Þórðarson,
34.	—	—	Ágúst Þorvaldsson,
35.	—	—	Matthías Á. Mathiesen,

36. — — Eysteinn Jónsson,
37. — — Gunnar Gíslason,
38. — — Lárus Jónsson,
39. — — Garðar Sigurðsson,
40. — — Jónas Árnason.

Sameinað þing, 2. fundur.

Mánudaginn 15. okt., kl. 2 miðdegis.

Varamenn taka þingsæti.

Forseti (EystJ): Mér hefur borist svo hljóðandi bréf:

„Reykjavík, 11. okt. 1973.

Magnús Jónsson, 2. þm. Norðurl. e., hefur í dag ritað mér á þessa leið:

„Þar sem ég verð fjarverandi næstu vikur á allsherjarþingi Sameinuðu þjóðanna, leyfi ég mér að óska þess, að 1. varamaður Sjálfstfl. í Norðurl. e., Halldór Blöndal kennari, taki sæti mitt á Alþ."

Þetta er yður, herra forseti, hér með tilkynnt.

Ásgeir Bjarnason,
forseti Ed."

Halldór Blöndal hefur áður setið þingbekk á þessu kjörtímabili og kjörbréf hans verið skoðað. Tekur hann hér sæti, og býð ég hann velkominn til starfa.

Þá hefur borist annað bréf svo hljóðandi:

„Reykjavík, 12. okt. 1973.

Pálmi Jónsson, 5. þm. Norðurl. v., hefur í dag ritað mér á þessa leið:

„Þar sem ég vegna sérstakra anna heima fyrir mun ekki geta sótt þingfundi næstu vikur, leyfi ég mér að biðja um fjarvistarleyfi og með skírskotun til 138. gr. l. um kosningar til Alþingis að óska þess, að 1. varamaður Sjálfstfl. í Norðurl. v., Eyjólfur Konráð Jónsson ritstjóri, taki sæti á Alþ. í fjarveru minni."

Þetta er yður, herra forseti, hér með tilkynnt.

Gils Guðmundsson,
forseti Nd."

Eyjólfur Konráð Jónsson hefur setið á þingi á þessu kjörtímabili og hans kjörbréf verið skoðað og tekur hann því hér sæti nú. Býð ég hann velkominn til starfa.

Kosning í fastanefndir samkv. 15. gr. þingskapa.

Við kosningu nefndanna komu fram þrír listar með jafnmörgum nöfnum samtals hverju sinni og menn skyldi kjósa. Kosningar fóru því fram án atkvgr., og urðu nefndirnar svo skipaðar:

1. Fjárveitinganefnd.

Ágúst Þorvaldsson (A),
Jón Árnason (B),
Ingvar Gíslason (A),
Matthías Bjarnason (B),
Geir Gunnarsson (A),
Vilhjálmur Hjálmarsson (A),
Steinþór Gestsson (B),
Karvel Pálmason (A),
Jón Árm. Héðinsson (C).

2. Utanríkismálanefnd.

Aðalmenn:
Eysteinn Jónsson (A),
Jóhann Hafstein (B),
Þórarinn Þórarinsson (A),
Matthías Á. Mathiesen (B),
Gils Guðmundsson (A),
Magnús T. Ólafsson (A),
Gylfi Þ. Gíslason (C).

Varamenn:
Jón Skaftason (A),
Geir Hallgrímsson (B),
Steingrímur Hermannsson (A),
Friðjón Þórðarson (B),
Magnús Kjartansson (A),
Hannibal Valdimarsson (A),
Benedikt Gröndal (C).

3. Atvinnumálanefnd.

Steingrímur Hermannsson (A),
Ingólfur Jónsson (B),
Björn Pálsson (A),
Pétur Sigurðsson (B),
Ragnar Arnalds (A),
Hannibal Valdimarsson (A),
Pétur Pétursson (C).

4. Allsherjarnefnd.

Björn Fr. Björnsson (A),
Lárus Jónsson (B),
Jón Skaftason (A),
Ragnhildur Helgadóttir (B),
Jónas Árnason (A),
Bjarni Guðnason (A),
Stefán Gunnlaugsson (C).

Kosning þingfararkaupsnefndar.

Fram komu þrír listar með jafnmörgum nöfnum samtals og menn skyldi kjósa. Samkv. því lýsti forseti yfir, að kjörnir væru án atkvgr.:

Ágúst Þorvaldsson (A),
Gunnar Gíslason (B),
Bjarni Guðbjörnsson (A),
Sverrir Hermannsson (B),
Jónas Árnason (A),
Björn Jónsson (A),
Eggert G. Þorsteinsson (C).

Efri deild, 2. fundur.

Mánudaginn 15. okt., að loknum fundi í sameinuðu þingi.

Kosning í fastanefndir samkv. 15. gr. þingskapa.

Við kosningu nefndanna komu fram þrír listar með jafnmörgum nöfnum samtals hverju

sinni og menn skyldi kjósa. Kosningar fóru því fram án atkvgr., og urðu nefndir svo skipaðar:

1. Fjárhags- og viðskiptanefnd.
Bjarni Guðbjörnsson (A),
Geir Hallgrímsson (B),
Páll Þorsteinsson (A),
Ragnar Arnalds (A),
Magnús Jónsson (B),
Björn Jónsson (A),
Jón Árm. Héðinsson (C).

2. Samgöngunefnd.
Ásgeir Bjarnason (A),
Jón Árnason (B),
Páll Þorsteinsson (A),
Helgi F. Seljan (A),
Steinþór Gestsson (B),
Bjarni Guðbjörnsson (A),
Jón Árm. Héðinsson (C).

3. Landbúnaðarnefnd.
Ásgeir Bjarnason (A),
Steinþór Gestsson (B),
Páll Þorsteinsson (A),
Helgi F. Seljan (A),
Jón Árnason (B),
Björn Fr. Björnsson (A),
Jón Árm. Héðinsson (C).

4. Sjávarútvegsnefnd.
Bjarni Guðbjörnsson (A),
Jón Árnason (B),
Steingrímur Hermannsson (A),
Geir Gunnarsson (A),
Oddur Ólafsson (B),
Helgi F. Seljan (A),
Jón Árm. Héðinsson (C).

5. Iðnaðarnefnd.
Steingrímur Hermannsson (A),
Geir Hallgrímsson (B),
Björn Fr. Björnsson (A),
Ragnar Arnalds (A),
Þorv. Garðar Kristjánsson (B),
Bjarni Guðbjörnsson (A),
Eggert G. Þorsteinsson (C).

6. Félagsmálanefnd.
Björn Fr. Björnsson (A),
Þorv. Garðar Kristjánsson (B),
Steingrímur Hermannsson (A),
Helgi F. Seljan (A),
Auður Auðuns (B),
Páll Þorsteinsson (A),
Eggert G. Þorsteinsson (C).

7. Heilbrigðis- og tryggingnefnd.
Ásgeir Bjarnason (A),
Auður Auðuns (B),
Bjarni Guðbjörnsson (A),
Helgi F. Seljan (A),
Oddur Ólafsson (B),
Geir Gunnarsson (A),
Eggert G. Þorsteinsson (C).

8. Menntamálanefnd.
Steingrímur Hermannsson (A),
Auður Auðuns (B),
Páll Þorsteinsson (A),
Ragnar Arnalds (A),
Þorv. Garðar Kristjánsson (B),
Ásgeir Bjarnason (A),
Jón Árm. Héðinsson (C).

9. Allsherjarnefnd.
Björn Fr. Björnsson (A),
Magnús Jónsson (B),
Bjarni Guðbjörnsson (A),
Geir Gunnarsson (A),
Oddur Ólafsson (B),
Ásgeir Bjarnason (A),
Eggert G. Þorsteinsson (C).

Neðri deild, 2. fundur.

Mánudaginn 15. okt., að loknum fundi í sameinuðu þingi.

Kosning í fastanefndir samkv. 15. gr. þingskapa.

Við kosningu allra nefndanna komu fram hverju sinni þrír listar með samtals jafnmörgum nöfnum og menn skyldi kjósa. Kosningar fóru því fram án atkvgr., og urðu nefndir svo skipaðar:

1. Fjárhags- og viðskiptanefnd.
Þórarinn Þórarinsson (A),
Matthías Á. Mathiesen (B),
Vilhjálmur Hjálmarsson (A),
Matthías Bjarnason (B),
Gils Guðmundsson (A),
Karvel Pálmason (A),
Gylfi Þ. Gíslason (C).

2. Samgöngunefnd.
Björn Pálsson (A),
Friðjón Þórðarson (B),
Stefán Valgeirsson (A),
Sverrir Hermannsson (B),
Garðar Sigurðsson (A),
Hannibal Valdimarsson (A),
Pétur Pétursson (C).

3. Landbúnaðarnefnd.
Stefán Valgeirsson (A),
Pálmi Jónsson (B),
Ágúst Þorvaldsson (A),
Gunnar Gíslason (B),
Eðvarð Sigurðsson (A),
Hannibal Valdimarsson (A),
Benedikt Gröndal (C).

4. Sjávarútvegsnefnd.
Jón Skaftason (A),
Pétur Sigurðsson (B),
Björn Pálsson (A),
Guðlaugur Gíslason (B),
Garðar Sigurðsson (A),

Karvel Pálmason (A),
Stefán Gunnlaugsson (C).

5. Iðnaðarnefnd.
Gísli Guðmundsson (A),
Ingólfur Jónsson (B),
Þórarinn Þórarinsson (A),
Lárus Jónsson (B),
Eðvarð Sigurðsson (A),
Vilhjálmur Hjálmarsson (A),
Pétur Pétursson (C).

6. Félagsmálanefnd.
Ágúst Þorvaldsson (A),
Gunnar Thoroddsen (B),
Stefán Valgeirsson (A),
Ólafur G. Einarsson (B),
Garðar Sigurðsson (A),
Hannibal Valdimarsson (A),
Gylfi Þ. Gíslason (C).

7. Heilbrigðis- og tryggingnefnd.
Jón Skaftason (A),
Ragnhildur Helgadóttir (B),
Ingvar Gíslason (A),
Sverrir Hermannsson (B),
Jónas Árnason (A),
Bjarni Guðnason (A),
Stefán Gunnlaugsson (C).

8. Menntamálanefnd.
Eysteinn Jónsson (A),
Gunnar Gíslason (B),
Ingvar Gíslason (A),
Ellert B. Schram (B),
Svava Jakobsdóttir (A),
Hannibal Valdimarsson (A),
Benedikt Gröndal (C).

9. Allsherjarnefnd.
Gísli Guðmundsson (A),
Ellert B. Schram (B),
Stefán Valgeirsson (A),
Ólafur G. Einarsson (B),
Svava Jakobsdóttir (A),
Jón Skaftason (A),
Pétur Pétursson (C).

Sameinað þing, 3. fundur.

Þriðjudaginn 16. okt., kl. 2 miðdegis.

Sjóminjasafn, þáltill. (þskj. 4). — *Hvernig ræða skuli.*

Að till. forseta var ákveðin ein umr.

Öryggismál Íslands, þáltill. (þskj. 6). — *Hvernig ræða skuli.*

Að till. forseta var ákveðin ein umr.

Efri deild, 3. fundur.

Miðvikudaginn 17. okt., kl. 2 miðdegis.

Húsbyggingar á vegum Viðlagasjóðs, frv. (þskj. 2). — *1. umr.*

Félmrh. (Björn Jónsson): Herra forseti. Þetta mál er þannig til komið, að á s.l. vori, þegar ljóst var, að yfir 400 hús í Vestmannaeyjum höfðu farið forgörðum undir ösku og hraun, var m.a. gripið til þess úrræðis að flytja inn verksmiðjuframleidd timburhús frá Norðurlöndum til þess að leysa að nokkru húsnæðisþörf Vestmanneyinga. Þar sem augljóst var, að þessi hús uppfylltu ekki að öllu leyti ákvæði þeirra byggingarsamþykkta og brunavarnasamþykkta, sem gilda í Reykjavík og á öðrum skipulagsskyldum stöðum í landinu, þótti nauðsynlegt að gefa út brbl., er heimiluðu rn. að gefa út reglugerð, er leyfði ákveðin og nánar tilgreind frávik frá gildandi ákvæðum og samþykktum að því er snertir þau hús, sem reist yrðu á vegum Viðlagasjóðs og Vestmannaeyjakaupstaðar. Í samræmi við þetta voru þessi lög gefin út og síðan í kjölfarið reglugerð, sem var gefin út 4. maí um hús á vegum Viðlagasjóðs og Vestmannaeyjakaupstaðar.

Þar sem lögin gera fyrst og fremst ráð fyrir ákveðnum frávikum í reglugerð, þykir mér rétt að geta allra helsta innihalds þessarar reglugerðar, en það er, að lóðir megi vera allt að 20% minni heldur en reglugerð nr. 217 1966 gerir ráð fyrir sem lágmarksstærð, þ.e. allt að 560 fermetrar í stað 700 fermetra. Byggist þetta á því, að þessi innfluttu hús eru um 20—30% minni en meðalstór einbýlishús gerast nú orðið og þurfa þess vegna ekki eins stóra lóð. Þá eru í reglugerðinni ýmis ákvæði brunavaranlegs eðlis, eins og um fjarlægðir milli húsa, fjarlægðir húsa frá lóðamörkum og ákvæði um stærð glugga, sem snúa að lóðamörkum. Ákvæði þessi eru allmiklu rýmri en núgildandi ákvæði, en hins vegar eru þau mun strangari en t.d. hliðstæð ákvæði á Norðurlöndum. Þessi rýmkun var gerð með hliðsjón af þeim stórauknu umbótum, sem orðið hafa í brunavörnum flestra staða hér á landi á seinni árum, og einnig með hliðsjón af þeim öryggiskröfum, sem er að finna í 6. gr. reglugerðarinnar, en þar er þess krafist, að þannig skuli gengið frá burðarhlutum húss, útveggjum, skilrúmsveggjum, súlum, bitum, lofti, gólfi o.s. frv., að um 30 mínútna eldþol sé að ræða hið skemmsta. Jafnframt er þess krafist, að sé um tveggja hæða hús að ræða eða innréttað ris, skuli klæðning efri hæðar gerð úr óeldnæmu efni. Út frá þessum forsendum eru ákvæðin um hámarksstærðir timburhúsa rýmkuð verulega eða úr 200 fermetrum upp í 460 fermetra og jafnframt leyft að byggja tveggja hæða timburhús allt að 340 fermetra, en tveggja hæða timburhús eru alls ekki leyfð í núgildandi byggingarsamþykktum. Með þessum ákvæðum opnast m.a. sá möguleiki að byggja raðhús úr timbri, sem algengt er á Norðurlöndum.

Í 8. gr. reglugerðarinnar eru enn frekari ákvæði

varðandi brunavarnir, þ.e. að ekki megi nota nema óeldnæm efni til hitaeinangunar húss.

Þá eru í 10. gr. ákvæði um að leyfa lofthæð 2.30 í stað 2.45, sem er lágmarkslofthæð samkv. núgildandi byggingarsamþykktum.

Í 11. og 12. gr. reglugerðar eru loks ákvæði, sem leggja þá ábyrgð á Viðlagasjóð og Vestmannaeyjakaupstað, að þessir aðilar sjái hvarvetna um úthlutun nauðsynlegra leyfa, áritun hvers konar uppdrátta og beri yfir höfuð ábyrgð á öllum framkvæmdum í þessu sambandi. Sömu aðilar skulu halda skrá um þau hús, sem reist verða samkv. reglugerðinni, og sjá um, að þinglýst verði á hverja húseign yfirlýsing um, að húsið sé reist samkv. l. nr. 70 1973. Skulu þeir láta félmrn. í té afrit af skrá yfir þessi hús ársfjórðungslega.

Í sambandi við þetta mál þykir mér loks rétt að benda á, að núgildandi lög um byggingarsamþykktir eru næstum 70 ára, þ.e. lög nr. 19 1905, og eru þau að sjálfsögðu fyrir löngu orðin úrelt. Árið 1924 var flutt ítarlegt frv. til byggingarlaga á Alþ., en náði ekki fram að ganga. Sérstök lög voru sett árið 1944 varðandi byggingarmálefni Reykjavíkur, og árið 1945 voru sett lög um byggingarsamþykktir í sveitum. Árið 1967 var nýtt frv. til byggingarlaga lagt fyrir Alþ., en það náði ekki fram að ganga.

Fyrir forgöngu Norðurlandaráðs hefur á undanförnum árum verið unnið markvisst að samræmingu tæknilegra byggingarákvæða og staðla á Norðurlöndum, og á samræmingunni að vera lokið árið 1975. Svo sem ég gat um í upphafi, veita lög nr. 90 1905 ekki rn. heimild til útgáfu reglugerða, sem þó hlýtur að vera óhjákvæmilegt, svo að unnt verði að innleiða hin samnorrænu fyrirhuguðu byggingarákvæði. Með hliðsjón af þessu og þál., sem samþ. var á Alþ. 16. maí 1972, þar sem Alþ. fól rikisstj. að skipa n. til að endurskoða lög um byggingarsamþykktir fyrir sveitir og þorp, sem ekki eru löggiltir verslunarstaðir, skipaði félmrh. 20. maí 1973 9 manna n. til að endurskoða öll núgildandi lög varðandi byggingarmál og byggingarsamþykktir, og skal endurskoðunin við það miðuð, að ein lög um byggingarsamþykktir gildi fyrir allt landið á sama hátt og á öðrum Norðurlöndum, og mun að því standa að leggja frv. til byggingarlaga fyrir næsta reglulegt Alþ.

Þetta ætla ég, hæstv. forseti, að sé nægileg skýring á því lagafrv., sem hér er um að ræða, og vænti ég þess, að það muni hljóta fljóta og góða afgreiðslu í hv. deild.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 18 shlj. atkv. og til félmn. með 15 shlj. atkv.

Bann gegn veiðum með botnvörpu og flotvörpu, frv. (þskj. 11). — 1. umr.

Sjútvrh. (Lúðvík Jósepsson): Herra forseti. Frv. þetta er flutt til staðfestingar á brbl., sem gefin voru út s.l. sumar. Hér er aðeins um það að ræða, að verið var að framlengja gildandi lagaákvæði til loka þessa árs varðandi heimildir til veiða með botnvörpu og flotvörpu í fiskveiðilandhelginni. Eins og hv. þdm. er kunnugt, tókst ekki á s.l. þingi að setja ný lagaákvæði varðandi þetta efni, og málinu var frestað eða fallið var frá því að ljúka afgreiðslu málsins, sem þá lá fyrir þinginu, og af þeim ástæðum var óhjákvæmilegt að setja þessi brbl., svo að ákvæði væru gild í lögum um þetta efni út á við.

Nú er stefnt að því að leggja fram frv. varðandi þetta efni hið allra fyrsta á þessu þingi. Ég get að vísu ekki sagt um það nákvæmlega á þessu stigi málsins, hvenær það verður, en það verður mjög snemma á þessu þingi, og stefnt er að sjálfsögðu að því, að hægt verði að afgreiða það frv. sem lög frá Alþ. fyrir árslok, þannig að endar nái hér saman varðandi þessi efni.

Ég þarf ekki að hafa um þetta mál fleiri orð á þessu stigi málsins, en legg til, að málinu verði vísað til hv. sjútvn. til fyrirgreiðslu.

Jón Árm. Héðinsson: Herra forseti. Ég skal ekki orðlengja mikið um þetta mál. Hv. þm. er öllum kunnugt um, að það er til þess að leysa úr þeim vanda, sem Alþ. var að glíma við á síðustu dögum í vor, að koma ákveðinni skipan mála á fyrirkomulag á veiðum okkar sjálfra, fyrst og fremst innan 12 mílna svæðisins. En mig langar til að spyrja hæstv. ráðh. að raunverulega gefnu tilefni, að hér áttu sér stað mistök í Faxaflóa í sumar um alllangan tíma, því að menn höfðu ekki orðið varir við tilkynningu eða reglugerð, sem hann gat út á s.l. ári og varðaði notkun og stærð ýsuneta. Það var í tilkynningunni orðað „þorskfiskneta“, svo að það hlaut raunar að vera öllum ljóst, að ýsan féll undir það. En þetta er orðið að nokkru leiðindamáli, og ég veit, að hæstv. ráðh. hefur haft á því mikinn áhuga, að eftirlit yrði aukið um allt land, og hann hefur lofað á nefndarfundi okkar manna, sem eru í þessari fiskveiðilaganefnd, að efla það aðhald, sem nauðsynlegt er, og beita sér fyrir því. Mig langaði til að heyra vegna þess, sem átti sér stað hér núna í sumar, hvort eitthvað hefði þokast í áttina með það, vegna þess að forsenda fyrir árangri þeirra laga, sem við verðum að glíma við að setja hér næstu vikurnar, er, að eftirlitið sé raunhæft. Það veit ég, að hæstv. ráðh. er allra manna ljósast, þannig að ég ætla aðeins að fá að heyra það, hvort eitthvað ákveðið hefur verið gert í þessu efni.

Sjútvrh. (Lúðvík Jósepsson): Herra forseti. Í tilefni af þessari fsp. skal tekið fram, að það er rétt, sem hér kom fram, að það hefur auðvitað gífurlega mikla þýðingu, að það sé raunverulegt eftirlit með framkvæmd á þeim reglum, sem settar eru varðandi fiskveiðar. Það eru einkum þrír aðilar, sem hafa átt að hafa með höndum þetta eftirlit. Það er í fyrsta lagi Landhelgisgæslan, í öðru lagi er það Fiskmat ríkisins í vissum tilfellum og svo Hafrannsóknastofnunin eða fiskifræðingar, sem hafa átt að líta þar eftir í vissum tilvikum. Í einstaka tilvikum er það svo, að settir hafa verið alveg sérstakir eftirlitsmenn með staðbundnum

veiðum á takmörkuðum svæðum. Sjútvrn. hefur rætt hvað eftir annað við þessa aðila og ýtt á eftir því, að þeir hertu á sínu eftirliti, og það hefur auðvitað ekki staðið á því, að það hefur verið lofað bót og betrun í þessum efnum. En það er algengt viðkvæði hjá þeim, sem með þessi mál hafa að gera, þ. e. a. s. eftirlitið, að þetta sé mjög starfsfrekt, erfitt í framkvæmd og margir, sem virðast hafa hug á því að bregða sér fram hjá reglum.

Það hefur sem sagt verið gert talsvert að því núna að ýta á það að líta nér strangar eftir en verið hefur. Þannig hafa þó nokkrir aðilar verið sviptir leyfum, sem þeir höfðu fengið, eða verið teknir til dóms, vegna þess að þeir hafa brotið settar reglur.

Þetta, sem hv. þm. minntist á um ýsunetin hér í Faxaflóa, er eitt dæmi um það, að eftirlitið, sem ég skal fullkomlega játa, að er engan veginn nægilega gott, komst þó að raun um, að hér var stunduð veiði með smærri möskva í þessum ýsunetum en heimilt er að hafa á þessu svæði, og viðkomandi aðilar voru auðvitað stöðvaðir við þessar veiðar. En þeir hafa borið því fyrir sig, að þeim hafi ekki verið fullljóst, að þessi ákvæði næðu einnig til ýsuveiða, þar sem í reglugerðinni hafi verið talað um þorskfiska og skilgreining vantaði á því. Og þeir hafa nokkuð til síns máls í þessum efnum, þessir menn, sem hafa borið þetta fyrir sig, að þarna kunni að hafa verið um misskilning að ræða. En veiðarnar voru stöðvaðar, og nú hefur sú nefnd, sem samið hefur þessa reglugerð, unnið að breytingum, sem koma til með að fjalla um þetta á nýjan leik.

Þetta eru þær upplýsingar, sem ég hef að gefa varðandi þetta atriði. En ég sem sagt tek undir það með hv. þm., að það er auðvitað mjög nauðsynlegt að herða á öllu eftirliti varðandi framkvæmd á þessum reglugerðum. Það er erfitt að sjá, að eftirlitið geti verið sæmilegt varðandi allar þær fjölbreytilegu reglur, sem hér er um að ræða, án þess að eitthvað beint viðbótarstarfslið verði ráðið til þessa eftirlits. Það er vægast sagt ekki mikið á það að treysta, að Hafrannsóknastofnunin eða fiskifræðingarnir þar geti haft með höndum daglegt eða almennt eftirlit, þó að þeir hafi starfs síns vegna aðstöðu til þess að líta eftir ýmsum greinum varðandi þessi mál.

Jón Árnason: Herra forseti. Ég vildi undir þessum dagskrárlið í sambandi við brbl. um bann gegn veiðum með botnvörpu og flotvörpu aðeins víkja að því, enda þótt það heyri ekki undir hæstv. sjútvrh., varðandi varðskipin eða vörslu landhelginnar, að það er þrálátur orðrómur um, að það hafi verið slakað verulega til í sambandi við gæsluna á svæðum nær landinu og sérstaklega hér t. d. í Faxaflóa. Það er kannske eðlileg afleiðing af því, að okkar fáu varðskip hafa mikil verkefni á fjarlægari miðum við að gæta 50 mílna landhelginnar. En það hefur verið um það rætt, sérstaklega á meðal sjómanna, hvort af opinberri hálfu væri ekki hægt á ódýrari hátt að ráða minni skip til vörslu, sem kæmu að fullum notum til þess að gæta landhelginnar, t. d. í Faxaflóa og á öðrum þeim svæðum, sem liggja nær landinu. Það mundi gera að verkum, að hin stærri varðskip væru óháðari eða þyrftu ekki að verja eins miklum tíma til þess að passa þessi svæði, þegar þau hafa miklum skyldustörfum að gegna í sambandi við 50 mílna vörsluna, sem vitanlega á sér stað á allt öðrum fiskisvæðum en hér er um að ræða.

Þá vildi ég líka spyrja hæstv. ráðh. um það, hvað hann hugsar sér til umbóta í sambandi við það, sem hv. þm. Jón Árm. Héðinsson kom hér með áðan og ráðh. viðurkenndi, að það væri mjög ábótavant í sambandi við eftirlit með veiðarfærunum, — hvort hæstv. ráðh. hefði gert sér grein fyrir því, hvað það væri, sem hann mundi hlutast til um í þeim efnum.

Sjútvrh. (Lúðvík Jósepsson): Herra forseti. Ég get nú ekki svarað þessari spurningu, sem hér var beint til mín, á annan veg en þann, að það hefur verið um það rætt að ráða nokkra eftirlitsmenn við sérstakar veiðar. En sem sagt, beinar till. eru ekki komnar um það, hvað eigi að gera í þessum efnum, og ég get því ekki svarað því með miklu meiri nákvæmni en þetta, að það er sem sagt rætt um að skerpa á eftirlitinu, m. a. með því að fela sérstökum mönnum umfram það, sem nú er, að líta eftir þessu. En manni sýnist, að það sé afar eðlilegt, að stór stofnun eins og Fiskmat ríkisins geti litið hér eftir þýðingarmiklum atriðum og gæti kannske eytt í það eitthvað meiri starfskröftum en sú stofnun gerir nú og að okkar fiskifræðingar geti einnig haft kannske nokkru meira eftirlit, því að þeir eru með báta og skip í förum á þessum slóðum. En það er sem sagt helst um það að ræða að ráða sérstaklega nokkra eftirlitsmenn, sem kæmu þá til viðbótar við það, sem Landhelgisgæslan og þessir aðrir aðilar, sem nú hafa málin með höndum, geta af hendi látið.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 15 shlj. atkv. og til sjútvn. með 15 shlj. atkv.

Neðri deild, 3. fundur.

Miðvikudaginn 17. okt., kl. 2 miðdegis.

Tollskrá, frv. (þskj. 7). — 1. umr.

Flm. (Bjarni Guðnason): Herra forseti. Ég hef leyft mér að leggja fram fyrir hv. d. frv. til l. um breyt. á l. um tollskrá, sem felur í sér, að niður falli 14. tölul. 3. gr. l. En þar er átt við, að brott verði numið heimildarákvæði, sem hljóðar svo: „Að veita undanþágu frá greiðslu aðflutningsgjalda af bifreiðum ráðherra og sendiráðsstarfsmanna í samræmi við reglur um bílamál ríkisins."

Í raun og veru þarf ekki að fylgja þessu frv. úr hlaði með mörgum orðum. Þetta er afskaplega einfalt mál, og að mínu viti er ég ekki

að hreyfa þessu af því, að ég telji, að þetta valdi neinum úrslitum um afkomu ríkissjóðs, það þarf stærri keppi nú orðið til að velta slíku fjalli sem þar er um að ræða. En ég hygg, að hér sé miklu frekar um að ræða siðlegt atriði. Ég hygg, að ég geti fullyrt, að hvergi í vestr. lýðræðisríkjum tíðkist það, að ráðherrar geti gefið sjálfum sér eða veitt sér undanþágu frá aðflutningsgjöldum og söluskatti til kaupa á eigin bifreiðum, og mér þætti mjög skemmtilegt, ef einhver gæti upplýst eitthvert hliðstætt dæmi, annaðhvort frá Norðurlöndum eða Bretlandi, um slíkt. Ég tel, að hér sé um það háttalag að ræða, að því verði ekki látið ómótmælt, og sérstaklega fer þetta að verða dálitið andkannanlegt, ef sami maður getur orðið ráðherra þrisvar og þá fær hann 3 bíla hálfgefins, og auðvitað er ráðherrann svo fínn maður, að hann kaupir ekki Trabant eða Volkswagen, nei, mikinn og veglegan skriðdreka af stærstu gerð. Og þeim mun dýrari sem bíllinn er, því meiri fær ráðherrann í aðra hönd í eftirgjöf á aðflutningsgjöldum og söluskatti.

Ef ég held áfram, lýtur þetta einnig að eftirgjöf á bílum til sendiráðsstarfsmanna. Þetta er gamall vani, og það má vel vera og er ekki ósennilegt, að sendiráðsmenn í öðrum ríkjum hafi svipuð réttindi, ég skal ekkert fullyrða um það, það er meira að segja mjög sennilegt. Hins vegar tel ég það algjöran óþarfa, fyrst og fremst vegna þess, að sendiráðsmenn eru á marga lund miklu betur launaðir en þeir menn, sem vinna hér heima, og í öðru lagi er mikil ásókn að komast í utanríkisþjónustuna, þó að hún sé, með þeim hætti, að hún er lokuð veröld, og þangað koma ungir röskir lögfræðingar úr herbúðum íhaldsmanna. En þar er sá háttur á, að það þarf ekki að auglýsa þær stöður, þetta er lokuð veröld, þetta er alveg undanþegið, og ásóknin er svo mikil, að það er alveg ástæðulaust að vera að ginna menn til starfa í utanríkisþjónustunni á þann hátt, sem hér er gert, með eftirgjöf á aðflutningsgjöldum á bílum.

Ekki meir um þetta, nema aðeins þessi orð: Nú hafa allir ráðherrar í þessari ríkisstj. fengið sér bíl. Og nú hygg ég, að þeir ættu að vera svo klókir að sjá til þess, ef íhaldið tæki við, að íhaldið fái ekki líka nýja bíla, svo að ég vonast nú eftir því, að þetta njóti stuðnings frá ráðherrum og þingmönnum, og legg til, að málinu verði vísað til fjh.- og viðskn.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 26 shlj. atkv. og til fjh.- og viðskn. með 27 shlj. atkv.

Sameinað þing, 4. fundur.

Fimmtudaginn 18. okt., kl. 7½ síðdegis.

Stefnuræða forsætisráðherra og umræða um hana. — Útvarpsumr.

Forseti (Eysteinn Jónsson): Umræðan skiptist í tvær umferðir, þannig, að í fyrri umferð hefur forsrh. til umráða allt að hálfri klukkustund og fulltrúar annarra þingflokka en forsrh. 20 mínútur hver, auk þess fær Bjarni Guðnason til umráða 15 mínútur. Í síðari umferð hefur hver þingflokkur 10 mínútur til umráða. Röð flokkanna verður þessi: Framsóknarflokkur, Alþýðuflokkur, Sjálfstæðisflokkur, Samtök frjálslyndra og vinstri manna og Alþýðubandalagið. Bjarni Guðnason 3. landsk. þm. talar síðastur í fyrri umferð. Ræðumenn auk forsrh. verða þessir: Af hálfu Framsfl. talar Vilhjálmur Hjálmarsson, 5. þm. Austf., í síðari umferð. Af hálfu Alþfl. talar Gylfi Þ. Gíslason, 7. þm. Reykv., í fyrri umferð og Benedikt Gröndal, 8. landsk. þm., í síðari umferð. Af hendi Sjálfstfl. tala þeir Geir Hallgrímsson, 2. þm. Reykv., í fyrri umferð og Gunnar Thoroddsen, 5. þm. Reykv., í síðari umferð. Fyrir SF tala þeir Björn Jónsson félmrh. í fyrri umferð og Magnús T. Ólafsson menntmrh. í síðari umferð. Loks tala af hálfu Alþb. Lúðvík Jósepsson sjútvrh. í fyrri umferð og Magnús Kjartansson iðnrh. í síðari umferð. Hefst þá umræðan og tekur hæstv. forsrh. til máls.

Forsrh. (Ólafur Jóhannesson): Herra forseti. Háttvirtir áheyrendur. Ríkisstjórnin mun á þessu Alþingi vinna að framkvæmd þeirra stefnumála, sem fjallað er um í málefnasamningi stjórnarflokkanna og enn eru eigi að fullu komin til framkvæmda. Þá mun og stjórnin vinna að öðrum þeim málum, sem kalla á aðgerðir af hálfu löggjafa- og framkvæmdarvalds, en þau eru mörg og margvísleg og af misjöfnum toga spunnin. Er eðlilegt, að slík málefni verði sérstaklega áberandi í framfaraþjóðfélagi, sem á margan hátt er í mótun. Auk þess mun svo stjórnin, eins og sjálfsagt er og jafnan verður hlutskipti hverrar ríkisstjórnar, beita sér fyrir lausn þeirra viðfangsefna, sem nú, eins og ætíð endranær, koma til sögu á hverri tíð og átt geta rætur sínar ýmist í innri eða ytri aðstæðum og stundum eru sprottin af óviðráðanlegum og ófyrirsjáanlegum atvikum.

Enn um sinn verður landhelgismálið sem fyrr efst á blaði. Ég ætla ekki hér að rekja sögu þess máls frá því fiskveiðimörkin voru færð út 1. september 1972, né heldur þá hetjulegu baráttu, sem háð hefur verið á Íslandsmiðum. Sú saga verður síðar skráð. Ég læt hér nægja að minna á þá óumdeilanlegu staðreynd, að útfærslan hefur þegar borið verulegan árangur, bæði á fiskimiðunum og á alþjóðavettvangi. Það er ekkert vafamál, að þau sjónarmið, sem Íslendingar hafa barist fyrir, eiga vaxandi fylgi að fagna hjá mörgum þjóðum. Þó verður á þessu stigi ekkert fullyrt um, hverjar niðurstöður væntanlegrar hafréttarráðstefnu verða, en víst má telja, að enn muni alllangur tími líða þangað til fyrir liggur alþjóðlegur samningur um þetta efni. Hitt er ljóst, að stefnuyfirlýsing af hálfu hafréttarráðstefnunnar getur verið mikilvæg, þó að ekki standi að henni tveir þriðju þátttökuríkjanna.

Ég held, að varla verði um það deilt, að út-

færsla fiskveiðimarkanna mátti ekki dragast lengur, og eins hitt, að aðgerðir Íslendinga hafa mjög ýtt undir þá þróun, sem nú á sér stað í þessum efnum.

Eins og kunnugt er, hafa Íslendingar þegar gert bráðabirgðasamkomulag við þrjú ríki: Belgíu, Færeyjar og Noreg. Sú staðreynd sýnir, að það stendur ekki á Íslendingum að fara samkomulagsleiðir, þegar sanngirni er sýnd. Það má segja, að í reynd hafi allar þjóðir viðurkennt útfærsluna nema tvær, Bretar og Vestur-Þjóðverjar. Samningatilraunir standa yfir við Vestur-Þjóðverja. Ríkisstjórnin mun gera sitt ýtrasta til þess, að við þá geti náðst bráðabirgðasamkomulag, enda hefur framkoma vestur-þýskra stjórnvalda verið allt önnur en breskra, svo sem alþjóð er kunnugt. Væntanlega fæst úr því skorið innan skamms, hvort vonir manna um bráðabr.samkomul. við V-Þýskaland rætast.

Allir stjórnmálaflokkar og öll þjóðin var sammála um, að samningatilraunir við Breta væru útilokaðar, á meðan bresk herskip héldu áfram hernaðarofbeldi innan 50 mílnanna. Slík var framkoma Breta á Íslandsmiðum og í garð Íslendinga, og þá ekki hvað síst breska flotans áður en hann hvarf á brott úr fiskveiðilögsögunni. Þarf eigi að rekja þá sögu hér.

Ég er jafnsannfærður um það eins og áður, að hagkvæmara hefði verið fyrir báða aðila að setja þessa hættulegu deilu niður með mannsæmandi bráðabirgðasamkomulagi. Það hefði verið hægt, ef breska ríkisstjórnin hefði ekki í gamalli oftrú á valdbeitingu gripið til hernaðarlegs ofbeldis gegn vopnlausri smáþjóð, meðan samningatilraunir enn stóðu yfir. Samningamenn Íslendinga og Breta skildu svo hér í Reykjavík 5. maí, að hvor aðili um sig hét að taka tillögu hins til skoðunar og koma með gagntilboð. Það hafði verulega færst í samkomulagsátt. En 19. maí komu bresk herskip inn í íslenska landhelgi. Þá þegar var því lýst yfir af hálfu Íslendinga, að ekki yrði um neinar samningatilraunir að tefla, nema bresk herskip færu úr íslenskri landhelgi. Íslendingar mundu ekki semja fyrir framan fallbyssukjafta. Bresku herskipin tóku síðan upp kerfisbundnar ásiglingar og ásiglingatilraunir á íslensk varðskip, og verður því miður að segja, að hegðun sumra herskipanna var því líkust, að þar væru sjóræningjar á ferð. Það er óhugsandi annað en að þetta atferli herskipanna hafi átt sér stað samkvæmt fyrirmælum breskra stjórnvalda. Þá áttu Íslendingar ekki annan kost en þann að tilkynna Bretum, að yrði ásiglingum haldið áfram, væru Íslendingar neyddir til að slíta stjórnmálasamskiptum við Breta. Bresku herskipin héldu uppteknum hætti, og liggur fyrir um það svo óræk sönnun, m.a. í myndum, að ekki verður vefengd. Þá var Bretum tilkynnt, að stjórnmálasamskiptum yrði slitið tiltekinn dag, ef herskip og dráttarbátar yrðu þá eigi farin brott úr íslenskri fiskveiðilandhelgi. Herskipin og dráttarbátar voru kvödd á brott, og kom því eigi til stjórnmálaslita, og breski forsætisráðherrann bauð mér að koma til fundar við sig. Tók ég því boði og hef nú farið þá för, svo sem kunnugt er. Hef ég gefið ríkisstjórn og utanríkismálanefnd skýrslu, sem nú er til athugunar í þingflokknum sem trúnaðarmál. Tel ég mér því ekki fært né heimilt á þessu stigi að gera grein fyrir viðræðunum. En ég vona, að unnt verði að birta alþjóð skýrsluna innan skamms.

Því var margyfirlýst af ríkisstjórn og núverandi stjórnarflokkum, að 50 mílna útfærslan væri aðeins áfangi, en ekkert lokamark, og að á alþjóðavettvangi mundi Ísland skipa sér í hóp þeirra þjóða, sem lengst vildu ganga í stækkun fiskveiðilandhelgi. Aðgerðir Íslendinga á undirbúningsfundum hafréttarráðstefnunnar hafa mótast af því sjónarmiði. Þar hafa þeir bæði flutt og stutt tillögur um 200 sjómílna fiskveiðimörk. Það er því hlægilegt, þegar einn stjórnmálaflokkur er nú með tilburði í þá átt að tileinka sér einkarétt á hugmyndinni um 200 sjómílna víðáttu fiskveiðilandhelgi. Það er fráleitt og einungis til ógagns.

Í samræmi við fyrri yfirlýsingar og vinnubrögð á alþjóðaráðstefnum að undanförnu telur ríkisstjórnin rétt, að þetta Alþingi undirstriki sjónarmið Íslendinga varðandi 200 sjómílna fiskveiðilandhelgi, og ætlar hún að leggja fram tillögur um það efni og mun vinna að því, að um þær geti náðst samstaða allra þingflokka, en hún telur miklu varða, að þannig sé á málinu haldið.

Hafin er endurskoðun varnarsamningsins í samræmi við málefnasamninginn og með það markmið fyrir augum, er þar greinir. Eins og utanríkisráðherra hefur lýst, verður Alþingi gefin skýrsla um þær samningaviðræður, þegar niðurstaða er fyrir hendi, en að sjálfsögðu verður utanríkismálanefnd látin fylgjast með þeim, eftir því sem aðstæður leyfa. Samkvæmt þingsköpum á og utanrrh. að gefa Alþingi sérstaka skýrslu um utanríkismál. Verður þá tækifæri til að gera varnarmálunum ítarleg skil.

Efnahagsmál verða efalaust eitt aðalviðfangsefni stjórnvalda á næstu missirum. Þegar litið er á þróun efnahagsmála, má segja að á henni séu bæði bjartar hliðar og dökkar. Til hinna fyrrnefndu má m.a. nefna það, að afkoma atvinnuvega og almennings er almennt góð, atvinnuástand er ágætt og gjaldeyrisstaða er stórlega batnandi. Skuggahliðin er sú, að ekki hefur tekist að halda verðbólgu í þeim skefjum, sem stefnt er að í málefnasamningi stjórnarflokkanna. Ég tel, að við núverandi aðstæður hafi slíkt ekki verið mögulegt. Þar koma margar ástæður til, sem er eigi unnt að rekja, né heldur þróun efnahagsástandsins á s.l. ári. Þar um vil ég vísa til ritsins „Þjóðarbúskapurinn", nr. 3, júlí 1973.

Vegna þess, hve tími minn er hér takmarkaður, get ég aðeins vikið að einstökum þáttum efnahagsmála, eins og þeir blasa við í dag. Mun ég einkum ræða gengismálin, efnahagshorfurnar og verðbólguvandamálið.

Við upphaf ársins 1973 voru taldar horfur á, að aukning þjóðarframleiðslu og tekna gæti orðið um eða yfir 5%. Ekki virtist til að dreifa neinum sérstökum aðstæðum til þess, að aukning framleiðslu eða tekna færi fram úr eðlilegri aukningu afkastagetu, þar sem framleiðslukerfið var fullnýtt fyrir. Jafnframt var ljóst, að nokkur hætta var á áframhaldandi

verðbólguþróun innanlands, og þar með, að áhrif gengislækkunarinnar til þess að bæta hag útflutningsatvinnuveganna og viðskiptajöfnuðinn yrðu ekki varanleg. Miklum erfiðleikum hafði reynst bundið að ná samstöðu um aðgerðir til þess að draga úr víxlhækkunum kaupgjalds og verðlags, en núgildandi vísitöluákvæði kjarasamninga takmarka mjög svigrúm stjórnvalda til hagstjórnar.

Þróun efnahagsmála á árinu 1973 hefur um margt orðið öðruvísi en unnt var að sjá fyrir við upphaf ársins. Má raunar segja, að hver stóratburðurinn hafi rekið annan það sem af er árinu. Eldgosið í Vestmannaeyjum, sem gerði mikilvægustu verstöð landsins óvirka um sinn, skerti að sjálfsögðu vaxtargetu þjóðarbúsins í ár, sennilega um 1—1½%, og afleiðingar þess — bæði beint með nauðsynlegri skattheimtu til Viðlagasjóðs og óbeint með ýmsum hætti — hafa haft í för með sér veruleg verðbólguáhrif. Á næstu árum hlýtur endurreisnarstarfið vegna eldgossins ennfremur að kalla á verulegt framtak og fjármuni. Höfðingleg hjálp erlendra þjóða — og þá fyrst og fremst hið drengilega framlag ríkisstjórna hinna Norðurlandanna til Viðlagasjóðs og fjárframlög og aðstoð einstaklinga og félaga um öll Norðurlönd — hefur dregið verulega úr þeim þungu búsifjum, sem gosið veitti Vestmanneyingum og þjóðinni allri.

Um miðjan febrúar tilkynnti Bandaríkjastjórn, að gengi dollarans yrði lækkað um 10%. Þessari gengisbreytingu fylgdu víðtækar gengisbreytingar í heiminum, sem voru Íslendingum óhagstæðar og áhrif þeirra á greiðslujöfnuð okkar, að öðru óbreyttu, sams konar og þeirra gengisbreytinga, sem urðu í árslok 1971 — þ.e. hækkun á verði helstu innflutningsmynta, en lækkun þeirrar myntar — dollarans — er þyngst vegur í gjaldeyristekjunum. Með tilliti til þessa og þeirrar óvissu, sem ríkti í efnahagsmálum á þessum tíma, bæði vegna eldgossins á Heimaey og ört hækkandi innflutningsverðlags, þótti ekki annað fært en að gengi krónunnar fylgdi gengi dollars, og kom þessi breyting til framkvæmda 15. febrúar. Gengi krónunnar fylgdi síðan gengi dollars fram til 30. apríl 1973.

Í lok fyrsta ársfjórðungs 1973 varð ljóst, að sú mikla hækkun á hráefnum matvælaiðnaðar á heimsmarkaði, sem vart varð undir lok ársins 1972, mundi halda áfram fram eftir árinu 1973 og valda verulegri hækkun á öllum helstu útflutningsafurðum sjávarútvegsins umfram það, sem við hafði verið búist, þegar ákvörðun var tekin um að fylgja gengi dollars um miðjan febrúar. Sérstaklega tók að gæta örra verðhækkana á frystum fiski á Bandaríkjamarkaði. Þessi hækkun bætti í senn horfur um afkomu sjávarútvegs og greiðslujöfnuð þjóðarbúsins gagnvart útlöndum. Á móti þessum breytingum til batnaðar á afkomu sjávarútvegs komu að nokkru kostnaðarhækkanir heima fyrir. Í kjölfar 12—13% hækkunar kaupgjalds 1. mars 1973 var útlit fyrir allt að 8% hækkun 1. júní 1973 vegna verðlagsuppbóta á laun. Jafnframt gætti vaxandi eftirspurnar á flestum sviðum innanlands, ekki síst á húsnæðis- og byggingamarkaðinum, og áttu afleiðingar jarðeldsins í Vestmannaeyjum nokkurn þátt í því. Við þessar aðstæður var eðlilegt, að gengisskráning krónunnar kæmi til endurskoðunar. Ríkisstjórnin féllst á tillögu bankastjórnar Seðlabankans, sem studd var athugunum hagrannsóknadeildar Framkvæmdastofnunar ríkisins, að rétt væri að nota það svigrúm, sem hækkun útflutningsverðlags veitti, til þess að hækka gengi krónunnar um 6%, þann 30. apríl 1973, og hamla þannig gegn verðbólgunni. Samtímis var ákveðið að grípa til hliðarráðstafana til þess að hvetja til sparnaðar og draga úr peningaþenslu með 2—3% hækkun vaxta og aukningu innlánsbindingar í Seðlabankanum úr 20% í 21% af innstæðum, auk þess sem sett voru brbl. um 2% niðurfærslu verðlags strax í kjölfar gengishækkunarinnar. Í maí hélt gengi dollarans áfram að lækka á erlendum gjaldeyrismarkaði, þannig að nokkur hluti gengishækkunar krónunnar eyddist. Hinn 14. júní s.l. voru síðan sett brbl., sem heimiluðu skráningu gengis íslensku krónunnar ofan við hið leyfða 2¼% frávik frá stofngengi. Markaðsgengi krónunnar var síðan hækkað smám saman samkvæmt þessari heimild gagnvart dollar. Fram til ágústloka voru þessar hækkanir miðaðar við það, að lækkun á gengi dollars hefði ekki í för með sér lækkun á gengi krónunnar miðað við mikilvægi hinna ýmsu myntte gunda í útflutningstekjum. Þegar leið á sumarið, varð ljóst, að hin hagstæða þróun útflutningsverðlags — ekki síst á frystum fiskafurðum í Bandaríkjunum — héldi enn áfram og færði sjávarútveginum verulegan tekjuauka umfram fyrri spár. Þessi þróun hafði einnig hagstæð áhrif á viðskiptajöfnuðinn þrátt fyrir ört hækkandi innflutningsverðlag og aukinn innflutning. Í septemberbyrjun var talin ástæða til að láta þessa þróun hafa áhrif á markaðsgengi krónunnar, og var það hækkað þann 13. sept. um 3.6% gagnvart öllum myntum. Tilgangur þessarar breytingar var að draga úr áhrifum gengisbreytinga og verðbreytinga erlendis á verðlagsþróunina hér á landi.

Með gengishækkun þeirri, sem framkvæmd hefur verið á árinu 1973, og hliðarráðstöfunum þeim, sem henni hafa fylgt, er farið inn á nýjar brautir í stjórn efnahagsmála. Gengi krónunnar hefur ekki verið hækkað í næstum hálfa öld þar til í ár. Gengishækkunin í ár felur í sér tilraun til þess að dreifa ávinningum af óvæntum útflutningstekjum að nokkru leyti í formi lækkaðs verðlags og þar með hækkaðra rauntekna í stað þess að láta aukningu útflutningstekna — sem stundum getur reynst skammvinn — dreifast um allt hagkerfið með hækkun peningatekna og verðlags. Jafnframt er að sjálfsögðu ljóst, að gengishækkunin veldur nokkrum örðugleikum hjá þeim greinum útflutningsframleiðslu, sem ekki hafa notið erlendra verðhækkana til jafns við sjávarútveg. Hér er í reynd um þann almenna vanda að ræða að tryggja farsælt jafnvægi milli hinna hefðbundnu útflutningsgreina, sem eru háðar miklum sveiflum í árferði, og nýrra útflutningsgreina, sem eiga að geta fært okkur aukinn stöðugleika útflutnings. Verður því að leita allra skynsamlegra ráða til þess að mæta þessum vanda eins og hann birtist nú.

Þessu næst ætla ég að víkja að horfum árs-

ins í ár. Áætlað er, að þjóðarframleiðslan aukist á árinu nálægt 4%. Vegna þess að verðhækkun útflutnings, sem nú er áætluð 45% að meðaltali í íslenskum krónum reiknað, er miklu meiri en jafnvel hin óvenjumikla hækkun innflutningsverðlags, sem er áætluð 22%, verður aukning þjóðartekna meiri en aukning þjóðarframleiðslu, eða yfir 6%. Í sjávarútvegi er þó búist við áframhaldandi minnkun þorskaflans, sem þó er að verulegu leyti bætt upp af mikilli aflaaukningu á loðnuvertíð. Vegna ört hækkandi útflutningsverðlags batnar þó hagur sjávarútvegsins í heild verulega frá fyrra ári, þrátt fyrir miklar kostnaðarhækkanir. Almennt er búist við nokkru hægari vexti framleiðslu í flestum greinum en á árinu 1972, þar eð framleiðsluöflin og þar með möguleikarnir til framleiðsluaukningar, eru nú fullnýttir. Á þetta ekki hvað síst við um vinnuafl, en atvinnustig er nú mjög hátt og ber raunar öll merki umframeftirspurnar eftir vinnuafli. Búast má við aukningu landbúnaðarframleiðslu um nálægt 3% og aukningu iðnaðarframleiðslu um 9—10%, aðallega vegna stækkunar álverksmiðju og aukningar í öðrum útflutningsiðnaði. Byggingastarfsemi mun einnig aukast nokkuð, og sömuleiðis mun vera um framleiðsluaukningu að ræða í öðrum greinum, svo sem verslun og þjónustu.

Tekjur launþega á árinu ráðast fyrst og fremst af hinni almennu grunnkaupshækkun í mars sl. og af hækkun verðlagsbóta á laun eftir þeim reglum, sem um þær hafa gilt á hverjum tíma. Nú er áætlað, að kauptaxtar launþega hækki um 23% að meðaltali milli áranna 1972 og 1973 án áhrifa væntanlegra kjarasamninga á kauptaxta ársins í ár. Tekjur sjómanna munu hækka nokkru meira vegna hækkana fiskverðs, þrátt fyrir rýrnandi afla á þorskveiðum. Í heild má gera ráð fyrir, að bruttótekjur einstaklinga hækki um 28% á þessu ári að meðtalinni fólksfjölgun og ráðstöfunartekjum heimilanna um 27%. Miðað við síðustu spár um verðlagsþróun felur þetta í sér nálægt 4% kaupmáttaraukningu á árinu 1973, og má búast við svipuðum vexti einkaneyslu og þó heldur meiri eins og nú horfir.

Á árunum 1971, 1972 og 1973 hefur kaupmáttur ráðstöfunartekna heimilanna í heild aukist um 35%. Á sama tíma hefur raunveruleg aukning þjóðartekna numið um 27%. Hér er um stórstigar framfarir að ræða. Þessi aukning kemur í kjölfar 15% aukningar kaupmáttar ráðstöfunartekna árið 1970. Ekkert samfellt fjögurra ára tímabil síðasta aldarfjórðung hefur skilað meiri almennri aukningu kaupmáttar.

Samneysla mun aukast nokkru meira á árinu en einkaneysla, eða um 6—7% að magni, en af innlendri verðmætaráðstöfun mun aukningin verða mest í fjármunamyndun, þar sem búist er við nálægt 17% magnaukningu á árinu. Gætir þar fyrst og fremst óvenjumikils innflutnings fiskiskipa, aðallega skuttogara, en einnig er aukning í íbúðabyggingum óvenjumikil, m. a. vegna innflutnings húsa á vegum Viðlagasjóðs.

Hin mikla hækkun útflutningsverðlags veldur því, að þrátt fyrir miklar verðhækkanir og mikinn eftirspurnarþrýsting innanlands er þess að vænta, að heildargreiðslujöfnuðurinn við útlönd verði hagstæður um yfir 1500 millj. kr. á árinu og gjaldeyrisstaðan batni á árinu að sama skapi. Í ágústlok var gjaldeyrisstaðan 7 093 millj. kr. og hafði þá batnað frá áramótum um 1 280 millj. kr.

Verðbólgan verður þannig enn skýrar en áður helsta vandamál efnahagsstefnunnar. Verðhækkunin milli áranna 1972 og 1973 er áætluð 23% á mælikvarða vísitölu neysluvöruverðs, en um 20% á mælikvarða vísitölu framfærslukostnaðar. Í þessari þróun veldur miklu óvenjumikil verðhækkun innflutnings í erlendri mynt, sem nú er áætluð um 10%. Við þetta bætast svo áhrif gengisbreytinga. Ytri aðstæður hafa þannig ýtt undir verðhækkanir, bæði á innflutnings- og á útflutningshlið. Hins vegar er vafalaust, að verð- og tekjumyndunarkerfið — þar með vísitölukerfið — og þróun eftirspurnar innanlands á hér stóran hlut að máli.

Þótt horfur um afkomu sjávarútvegs og greiðslujöfnuð þjóðarbúsins séu allgóðar fyrir næstu mánuði, getur hin öra verðbólguþróun innanlands á síðustu mánuðum stefnt hvoru tveggja í hættu, þegar fram í sækir, greiðslujöfnuði og samkeppnisstöðu útflutnings og annarra greina, sem mæta erlendri samkeppni. Þrálát verðbólguþróun hér á landi síðustu 35 árin sýnir glöggt, hve erfiðlega hefur gengið að hafa í senn hemil á verðbólgunni og tryggja stöðuga framleiðslu og atvinnu.

Árangursríkt andóf gegn verðbólgu hlýtur að byggjast á samstilltu átaki á sviði launa- og verðlagsmála, fjármála ríkisins og annarra opinberra aðila og gengis-, peninga- og lánamála. Ríkisstj. mun, eftir því sem í hennar valdi stendur, stuðla að slíku samstilltu átaki. Hinir almennu kjarasamningar, sem standa fyrir dyrum í haust, bæði milli ASÍ og vinnuveitenda og BSRB, BHM og ríkisins, ráða miklu um það, hvernig til tekst í þessum efnum á árinu 1974.

Hin öra aukning kaupmáttar tekna almennings s. l. þrjú ár ætti að vera góð undirstaða skynsamlegrar hófstillingar við gerð hinna almennu kjarasamninga, sem nú standa fyrir dyrum. Afstaða ríkisvaldsins í kjarasamningum við BSRB og BHM mun að sjálfsögðu einnig mótast af þessum viðhorfum. Vonandi tekst einnig að ná samkomulagi um endurskoðun á núgildandi fyrirkomulagi vísitölubindingar kaupgjalds, sem í senn takmarkar svigrúm stjórnvalda til hagstjórnar og veldur á margan hátt óeðlilegri mismunun. Vísitölubindinguna má þó auðvitað ekki skoða einangraða út af fyrir sig, heldur sem hluta af aðferðinni við kaupgjaldsákvarðanir í heild.

Þegar vel er skoðað, er ákvörðun launa eitt mikilvægasta stjórntæki hagkerfisins. Mikið er því í húfi, að vel sé á þessu valdi haldið af handhöfum þess, samtökum verkalýðs og vinnuveitenda.

Ríkisstj. mun á næstunni fyrir sitt leyti gera allt það, er í hennar valdi stendur til að hamla gegn hættulegri verðbólguþróun og stuðla að varanlegra jafnvægi í þjóðarbúskapnum. Það telur hún sitt höfuðverkefni. Það má því vel vera, að fara verði eitthvað hægar í framkvæmdum á næsta ári en þessu, bæði hjá hinu opinbera og af hálfu einkaaðila. Slíks getur verið

þörf til að draga úr of mikilli þenslu og eins vegna ríkisfjármála.

Ég mun þessu næst víkja að þeim helstu lagafrumvörpum, sem ákveðið er að leggja fyrir þetta Alþingi. Þar verður engan veginn um tæmandi upptalningu að ræða, auk þess, sem síðar getur orðið tilefni til nýrra frumvarpa.

Af hálfu forsrh. verða lögð fram:

1) Frumvarp um Hagrannsóknastofnun og breyting á lögum um Framkvæmdastofnun ríkisins.
2) Frumvarp um umboðsmann Alþingis.

Af frumvörpum, sem varða málefni, er lúta dómsmálaráðuneytinu, má nefna þessi:

1) Frumvarp um upplýsingaskyldu stjórnvalda.
2) Frumvarp um málflytjendur.
3) Frumvarp til breytingar á skiptalögum.
4) Frumvarp til breytingar á umferðarlögum.
5) Frumvarp um viðurkenningu trúfélaga (utan þjóðkirkjunnar).

Unnið er að lagafrumvarpi um þinglýsingar, og verður stefnt að því að reyna að leggja það fram.

Af málum á verksviði fjmrn., sem ráðgert er að leggja fyrir Alþingi á næstunni, má nefna þessi:

1) Frumvarp til laga um launaskatt.
2) Frumvarp til laga um söluskatt.
3) Frumvarp um fasteignaskráningu og fasteignamat.
4) Nefnd, m.a. skipuð fulltrúum Bandalags starfsmanna ríkis og bæja og Bandalags háskólamanna, vinnur að endurskoðun laga um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins. Verði samkomulag í nefndinni um slíkt frv., er þess að vænta, að það verði lagt fyrir næsta Alþingi.
5) Loks er vert að geta fjárlagafrv., sem lagt er fyrir þing eins og venjulega, en nú með þeim hætti, sem ekki hefur tíðkast fyrr, að framkvæmda- og fjáröflunaráætlun ríkisstj. fyrir næsta ár er felld inn í frv. og er hluti af því.

Af landbúnaðarmálum, sem koma munu til kasta þessa þings, skulu nefnd:

Frumvarp til jarðalaga, frumvarp til ábúðarlaga og frumvarp um heykögglaverksmiðjur, en þau voru öll lögð fyrir síðasta þing til kynningar.

Unnið er að landgræðsluáætlun, og mun nefndin, sem að henni vinnur, skila áliti á árinu og álit hennar væntanlega koma til meðferðar í þinginu, áður en því lýkur.

Á sviði menntamála ber fyrst að nefna frumvörp um grunnskóla og um skólakerfi, sem verða endurflutt. Lagt verður fram frumvarp að endurskoðuðum lögum um námslán og námsstyrki. Gengið hefur verið frá frumvörpum um nýskipan tveggja greina sérmenntunar, annars vegar verslunarmenntunar og hins vegar hússtjórnarkennslu og heimilisfræða.

Helstu frumvörp, sem flutt verða og varða önnur svið menntamála, eru frv. um Þjóðleikhús, um almenningsbókasöfn og um mannanöfn.

Áhersla verður lögð á, að þetta þing geti fengið til meðferðar frumvarp um fullorðinnafræðslu, sem of lengi hefur verið utanveltu í menntakerfi okkar.

Varðandi iðnaðar- og orkumál má nefna eftirfarandi:

Unnið hefur verið áfram að gerð iðnþróunaráætlunar, sem byggð var á tillögum þeim, er sérfræðingar Sameinuðu þjóðanna mótuðu. Má gera ráð fyrir, að í því sambandi komi til kasta þingsins nú í vetur ýmsar lagabreytingar, sem æskilegar eru taldar.

Þá er, sem kunnugt er, starfað að undirbúningi að hugsanlegri málmblendiverksmiðju í Hvalfirði í samvinnu við bandarískt fyrirtæki, en þó með mikilli meirihlutaþátttöku Íslendinga. Er gert ráð fyrir, að í Hvalfirði rísi iðnaðarhöfn, þar sem unnt væri að staðsetja fleiri verksmiðjur. Beri áframhaldandi rannsókn tilætlaðan árangur, verði frv. til laga þar að lútandi flutt á þessu þingi.

Þá skal minnst á þörungavinnslu á Reykhólum við Breiðafjörð. Er það mál allt í fullum undirbúningi og gert ráð fyrir því, að þar komi nokkuð til kasta þingsins í vetur. Gert er ráð fyrir, að verksmiðjan taki til starfa á árinu 1975.

Varðandi orkumál er unnið áfram að tillögugerð um endurskipulagningu raforkumála í landinu í samræmi við stefnumörkun ríkisstj. frá 1972, sem hér var kynnt á Alþingi. Er þar stefnt að samtengingu orkuveitusvæða og aukinni hlutdeild héraðs- og sveitarstjórnarsambanda í stjórnun og rekstri landshlutaveitna og héraðsveitna.

Þá verður nú í þingbyrjun lagt fram að nýju stjfrv. um breytingu á orkulögum að því er varðar háhitasvæði landsins.

Af málum á verksviði félmrn. má nefna:

1) Hafin er endurskoðun sveitarstjórnarlaga í samræmi við það fyrirheit í málefnasamningi ríkisstj. að auka sjálfsforræði byggðarlaga. Þess er vænst, að framangreind endurskoðun vinnist svo greiðlega, að frv. til nýrra sveitarstjórnarlaga verði lagt fram, áður en Alþingi lýkur.
2) Unnið er að gerð heildarlöggjafar um vinnuvernd, og er líklegt, að frv. um það efni verði lagt fyrir þetta þing.
3) Frumvarp til laga um atvinnulýðræði verður lagt fyrir þetta Alþingi.
4) Nauðsyn ber til, að ýmis ákvæði húsnæðismálalöggjafar verði endurskoðuð, m.a. með tilliti til þess, að hinn 1. jan. n.k. taka gildi lög um leiguíbúðir á vegum sveitarfélaga, og verður frv. um það efni væntanlega lagt fyrir þingið.
5) Frumvarp til laga um vinnutíma fiskimanna er í undirbúningi samkvæmt þál., sem samþykkt hefur verið á Alþingi.

Af sviði samgöngumála má nefna, að endurflutt verður frumvarp um ferðamál.

Af frumvörpum, sem varða heilbrigðis- og tryggingamál og lögð verða fram á þinginu í vetur, má nefna þessi:

Frumvarp til laga um lyfjaframleiðslu, frumvarp um tannlækningar, frumvarp um tryggingardóm, frumvarp til hjúkrunarlaga og frumvarp til laga um lyfjastofnun ríkisins. Þá er og unnið að endurskoðun almannatryggingalaganna, en

hvenær unnt verður að leggja fram tillögur, er ekki hægt að fullyrða á þessu stigi, en líklegt, að það verði gert a.m.k. um einhver atriði á þessu þingi.

Um framkvæmdir á sviði heilbrigðismála, svo sem byggingu sjúkrahúsa, heilsugæslustöðvar og undirbúning að gildistöku laganna um heilbrigðisþjónustu, gefst mér ekki tími til að ræða hér.

Þingmál, sem flutt verða á næsta þingi á vegum sjútvrn., eru:

1) Frumvarp um nýtingu fiskimiða hinnar nýju 50 mílna fiskveiðilandhelgi.
2) Frumvarp um fiskveiðar og friðunarráðstafanir á hafsvæðinu í kringum landið.
3) Frumvarp um skipulag loðnuveiðanna.

Varðandi viðskipta- og bankamál verða m.a. eftirtalin frumvörp flutt:

1) Frumvarp um viðskiptabanka ríkisins.
2) Frumvarp um hlutafélög.

Ég vil ekki ljúka máli mínu án þess að leggja áherslu á, hvílíkt átak hefur á margvíslegan hátt verið gert í byggðaþróunarmálum á starfsárum núv. ríkisstj. Samt þarf að gera enn betur, ef þjóðfélag okkar á ekki fyrst og fremst að fá á sig einkenni borgríkis. Ríkisstj. mun á næstunni leggja áherslu á markvissar frekari aðgerðir í þessum efnum, t.d. með aðstöðujöfnun á ýmsum sviðum og staðarvali stofnana og þjónustumiðstöðva, og kann þar í sumum tilfellum að verða þörf á atbeina löggjafarvalds.

Fram undan eru á margan hátt óvissir tímar. Það er því æskilegt að mínum dómi, að deilum um minni háttar mál sé stillt í hóf, án þess að slakað sé á því aðhaldi, sem stjórnarandstöðu er skylt að veita. En þegar og á meðan við eigum í jafnerfiðri, óleystri deilu út á við eins og nú, er mikilvægt, að sem bestur friður ríki í þjóðfélaginu. — Góða nótt.

Gylfi Þ. Gíslason: Herra forseti. Góðir Íslendingar. Fyrstu orð mín skulu vera um landhelgismálið.

Frá upphafi hefur Alþfl. stuðlað að samstarfi um það mál. Hann hefur talið einingu þings og þjóðar vera sterkast og sigursælast vopn í baráttunni fyrir rétti okkar. Í þessu máli eiga ekki að vera til stjórnarflokkar og stjórnarandstöðuflokkar, heldur aðeins Íslendingar. Nú hafa þau stórtíðindi gerst í þessu máli, að ríkisstj. virðist vera að klofna. Til þess hefur ekki verið ætlast af þingflokki Alþfl., að hann hefði nú á þessari stundu lokið athugun sinni á málinu, enda hefur hann ekki gert það. Hið eina, sem ég get sagt um málið nú, er, að ég harma, að einn stjórnarflokkanna skuli hafa birt opinberlega afstöðu sína, meðan hann vissi, að málið var til athugunar hjá öllum hinum flokkunum.

Jafnnauðsynlegt og það er, að Íslendingar varðveiti samhug í landhelgismálinu, er eðlilegt, að um ágreining sé að ræða í hinu aðalviðfangsefninu, sem við er að etja á sviði utanríkismála, þ.e.a.s. varnarmálunum.

Segja má, að þrjú meginviðhorf séu uppi varðandi þá endurskoðun varnarsamningsins við Bandaríkin, sem nú fer fram. Fyrst nefni ég þá skoðun, að ekki eigi að gera neina grundvallarbreytingu á þeirri skipan, sem verið hefur undanfarna tvo áratugi á grundvelli varnarsamningsins frá 1951. Í öðru lagi er því haldið fram, að segja beri varnarsamningnum upp og láta engan nýjan samning koma í hans stað. Það eigi m.ö.o. að leggja niður alla þá starfsemi, sem nú fer fram í Keflavíkurstöðinni. Þriðja skoðunin er sú, að halda eigi áfram því friðargæslu- og eftirlitsstarfi, sem haldið hefur verið uppi og haldið er uppi frá Keflavíkurflugvelli, á grundvelli nýs samnings, sem um það yrði gerður, en kanna möguleika á því, að stöðin verði óvopnuð eftirlitsstöð með stóraukinni þátttöku Íslendinga í þeim störfum, sem þar þarf að vinna.

Þegar varnarsamningurinn var gerður árið 1951, var hann samþykktur af öllum þáv. þm. Alþfl., þótt flokkurinn væri þá í stjórnarandstöðu. Aðstæður allar voru þá ólíkar því, sem nú er. Stöðin var þá fyrst og fremst herstöð. Síðan hefur orðið mikil breyting á hernaðartækni, og staða Íslands í varnarkerfi Atlantshafsbandalagsins er önnur en þá var. Nú er stöðin fyrst og fremst eftirlitsstöð til öryggisgæslu á Norður-Atlantshafi og annast fjarskiptatengsl við hliðstæðar stöðvar í löndum báðum megin Atlantshafs. Af þessum sökum á gamli samningurinn ekki lengur við. Á hinn bóginn er það fráleitt sjónarmið að gera ráð fyrir því, að samningnum sé sagt upp, án þess að nokkuð komi í staðinn. Það hefði ekki aðeins í för með sér, að herliðið á Keflavíkurflugvelli hyrfi af landinu, heldur einnig, að allt eftirlitsstarfið, sem nú er rækt frá stöðinni, yrði lagt niður. Þetta starf er í þágu friðargæslu í Norðurhöfum, það er í þágu öryggis í þeim heimshluta, sem við byggjum.

Íslendingar eru aðilar að Atlantshafsbandalaginu, og yfirgnæfandi meirihluti Íslendinga er án efa fylgjandi því, að við verðum það áfram að óbreyttu ástandi heimsmála, enda hefur það verið hornsteinn utanríkisstefnu allra ríkisstjórna á Íslandi, síðan Atlantshafsbandalagið var stofnað. Íslendingar þurfa að tryggja sér lágmarksöryggi á sviði varnarmála eins og aðrar smáþjóðir. Það gera þeir með aðild að Atlantshafsbandalaginu. Því fylgja vissar skyldur við sjálfa okkur og nágranna okkar. Héðan er auðveldast og ódýrast að stunda eftirlitsstörf á Norður-Atlantshafi með hagnýtingu þess tæknibúnaðar, sem til slíks er nauðsynlegur. Þau störf eru nú eingöngu í höndum Bandaríkjamanna. Þau eiga Íslendingar að taka að sér í sívaxandi mæli. En það þarf ekki að jafngilda því, að hér sé erlent herlið í venjulegum skilningi þess orðs. Það er þvert á móti orðið tímabært að kanna, með hverjum hætti sé hægt að endurskipuleggja þau störf, sem unnin hafa verið af bandarískum hermönnum í stöðinni, þannig að þeirra verði ekki þörf. Það, sem gera þarf, er að breyta herstöð á Keflavíkurflugvelli í hreina eftirlitsstöð, þar sem yfirstjórn sé í höndum Íslendinga sjálfra. Þetta er kjarni þeirrar till., sem þm. Alþfl. hafa flutt um nýskipan varnarmálanna á Íslandi. Ef utanrrh. beitir sér fyrir slíkri stefnu í viðræðum sínum við bandarísk stjórnvöld, getur hann átt stuðning þingflokks Alþfl. vísan.

Þjóðin veit því miður ekki, hver verður stefna ríkisstj. í varnarmálum, en veit, hver hefur verið stefna hennar í efnahagsmálum. Af þeirri stefnu hefur þjóðin bitra og ömurlega reynslu. Þegar ríkisstj. tók við völdum fyrir rúmum tveim árum, efndi hún til dýrðlegrar veislu og lofaði öllum gulli og grænum skógum. Um margt minnti háttalag ríkisstj. á léttúð prestsins í Hruna í þjóðsögunni, sem allir Íslendingar þekkja. Hann vildi láta dansinn duna í Hruna. Hann sinnti ekki aðvörunum — ítrekuðum aðvörunum. „Einn hring enn“, sagði hann, „einn hring enn“. Auðvitað vonum við, að ekki fari fyrir þjóðarbúinu eins og kirkjunni í Hruna. En presturinn var á valdi ills afls. Það eru því miður líka til ill öfl í íslensku þjóðfélagi, en þau mega ekki fá að ráða ferðinni. Það verður að stöðva óheilladansinn, áður en í óefni er komið.

Ég veit, að málsvarar ríkisstj. spyrja, hvort mönnum finnist ekki allt standa í blóma. Er kannske ekki nóg atvinna, eru tekjur manna ekki háar, er gjaldeyrisvarasjóðurinn ekki stór? Allt er þetta rétt, svo langt sem það nær. En það, sem mestu máli skiptir, er, hvað fram undan er. Það, sem öllu máli skiptir, er, hversu traust undirstaðan sé, hvort afkoma okkar og hagur stendur á traustum fótum eða brauðfótum. Hver er sannleikurinn um það mál?

Eini undirstöðuatvinnuvegurinn, sem stendur í blóma, er fiskiðnaðurinn. Hann á velgengni sína auðvitað að þakka gífurlega háu verðlagi í Bandaríkjunum. Togararnir fá ríkisstyrk og þurfa aukningu hans. Þorskveiðarnar verða í ár reknar með tapi. Forvígismenn bæði einkaiðnaðar og samvinnuiðnaðar hafa lýst þeirri skoðun sinni, að iðnaðurinn í heild muni tapa á þessu ári. Þannig er komið fyrir atvinnuvegunum í mesta góðæri íslenskrar sögu. Hvernig má slíkt gerast? Ástæðan er auðvitað sú, að ríkisstj. hefur ekki tekist að efna það meginloforð, sem hún gaf, er hún tók við völdum, að sjá svo um, að verðbólga yrði hér ekki meiri en í nálægum löndum.

Í viðskiptalöndum okkar hefur verðbólgan yfirleitt verið á bilinu 5—10%. Hér hefur undanfarin tvö ár verið nær 15% en 10%, og er það meiri verðbólga en átti sér stað að meðaltali á ári á síðasta áratug. Síðustu 12 mánuði hefur verðbólgan vaxið meira en 20%. Samt er allt látið reka á reiðanum.

Dómurinn um störf ríkisstjórnar hlýtur fyrst og fremst að byggjast á samanburði á því, hvað hún segist ætla að gera eða hefur áður sagt, að gera ætti, annarsvegar og því, hvað hún gerir, hins vegar. Stjórnarflokkarnir sögðust ætla að takmarka verðbólguvöxtinn. Hvað hefur orðið? Hann hefur aldrei verið meiri. Þeir sögðust ætla að treysta rekstrargrundvöll undirstöðuatvinnuveganna. Þeir ýmist tapa nú þegar eða sjá fram á taprekstur. Þeir sögðust ætla að lagfæra skattakerfið. Hvað gerðu þeir? Þeir þyngdu skatta á launafólki og meira að segja gamalmennum, auk þess sem þeir gerðu skattkerfið ranglátara. Þeir höfðu áður talið fullar vísitölubætur á laun ófrávíkjanlega nauðsyn launastétta. Hvað hafa þeir gert? Þeir hafa oftar en einu sinni skert vísitölubætur, og raunar hefur ríkisstj. ætlað að gera það enn oftar, en það strandaði á eigin stuðningsmönnum og andstöðu launþegasamtaka. Þeir sögðust ekki ætla að beita gengislækkun sem hagstjórnartæki með hliðsjón af því, sem t.d. ráðh. voru áður búnir að segja um gengislækkun. Munu margir hafa búist við því, að slíkt létu þeir sig þó aldrei henda. En nei og ónei, þeir hafa lækkað gengið, ekki einu sinni, heldur oftar. Þeir lofuðu vaxtalækkun. Skyldu þeir hafa efnt það? Nei, þeir hafa hækkað vexti. Muna menn ekki ræðurnar, sem haldnar voru til að sýna fram á, hversu stórskaðleg innlánsbinding Seðlabankans væri? Hljóta þeir ekki að hafa dregið úr henni? Ekki aldeilis, þeir hafa aukið hana. Eru þeir búnir að gleyma árlegum ræðum núv. ráðh. um nauðsyn aukins sparnaðar í opinberum rekstri ríkisins? Skyldu þeir hafa sparað? Árið áður en þeir tóku við stjórnartaumum var upphæð fjárlaga 11 milljarðar króna. Fjárlagafrv. fyrir næsta ár nemur 27 milljörðum. Auðvitað hefur verðlag hækkað, og hér er ekki einvörðungu um eyðslusemi að ræða, heldur er svið fjárlaganna nú nokkru víðtækara en áður. En hitt er satt og rétt, að eyðslusemi þessarar ríkisstj. hefur verið ótrúleg og fjölgun starfsliðs hjá hinu opinbera gífurleg. Muna menn nokkuð eftir því, að einhvern tíma hafi verið talin nauðsyn á sparnaði í utanríkisþjónustunni, jafnvel að leggja niður sendiráð? Skyldi þetta ekki hafa verið gert? Hver hefur orðið var við það? Og skyldu menn vera húnir að gleyma ræðunni um, hversu stórhættulegt væri að semja við svissneskt auðfélag um atvinnurekstur á Íslandi? Þarf nokkur að vera hissa á því, þó að þeir menn séu nú til á Íslandi, sem finnst það meira en lítið skrýtið, að nú skuli það vera orðið stórkostlega hagkvæmt að semja við bandarískan auðhring um fjárfestingu á Íslandi?

Ég læt hér staðar numið. Þessi dæmi nægja til þess að sýna, að þessi ríkisstj. hefur gert allt annað en hún sagði, að gera þyrfti, meðan forustumenn hennar voru í stjórnarandstöðu, og allt annað en hún sagðist sjálf ætla að gera, þegar hún tók við völdum, burt séð frá því, að það er ekki beinlínis göfugmannlegt að gera sjálfur það, sem búið er að ráðast á aðra fyrir að gera, og ekki beint heiðarlegt að breyta gegn því, sem menn hafa lofað.

Það væri ekki ástæða til þess að finna að gerðum ríkisstj. ef það stefndi yfirleitt í rétta átt. En því miður er langt frá, að því sé að heilsa. Engri íslenskri ríkisstj., hvorki fyrr né síðar, hefur mistekist stjórn efnahagsmála jafnhrapallega og þessari. Þetta er fleirum ljóst en þeim, sem höfðu vantrú á ríkisstj. frá upphafi. Fjölmörgum stuðningsmönnum ríkisstj. hefur smám saman verið að verða þetta ljóst. Meira að segja einum þm., sem hvað ákafast studdi ríkisstj. við myndun hennar, virðist hafa orðið þetta ljóst nú á þessu ári, og á ég þar við Bjarna Guðnason prófessor. Hann hefur, eins og kunnugt er, sagt sig úr þingflokki SF. Undir lok síðasta þings gaf hann það í skyn, að hann gæti ekki talist skilmálalaust stuðningsmaður ríkisstj. lengur, og bar því réttilega við, að hún hefði engin tök á stjórn efnahagsmála. Frá því

var skýrt opinberlega í sumar, að ríkisstj. hafi ætlað að gefa út brbl. um nýja skattlagningu vegna hallarekstrar hjá ríkissjóði. Ríkisstj. má ekkert atkvæði stuðningsmanna sinna missa í hvorugri þd., þá er hún ekki örugg um meirihluta. Þegar skattlagningaáformin voru borin undir Bjarna Guðnason, er talið, að hann hafi lýst sig þeim andvígan. Þess vegna hætti ríkisstj. við útgáfu brbl. Á s.l. sumri skapaðist m.ö.o. það ástand, að ríkisstj. missti raunverulegan meirihl. sinn á Alþingi. Undir öllum venjulegum kringumstæðum hefði forsrh. átt að draga þá ályktun af þessum atburðum að biðjast lausnar fyrir ríkisstj. Skrif Bjarna Guðnasonar í blað hans í sumar benda eindregið til þess, að honum sé orðið það ljóst, að ríkisstj. hefur ekki ráðið við efnahagsvandamálið. Og hann er áreiðanlega ekki einn um þá skoðun meðal þeirra, sem upphaflega studdu stjórnina. Ef það er rétt, að Bjarni Guðnason sé orðinn andsnúinn ríkisstj. varðandi stjórn efnahagsmála, þá er grundvöllur stjórnarsamstarfsins brostinn, rúmlega tveim árum eftir að til þess var stofnað.

Fyrir dyrum standa allsherjar launasamningar í landinu. Það gerist nú í fyrsta skipti, að launþegasamtökin gera kröfur um breytingar á skattalögum að einu meginatriði kröfugerðar sinnar. Órækari sönnun er ekki hægt að fá fyrir því, að ríkisstj. hefur stefnt skattamálum þjóðarinnar í algert óefni. Launþegarnir telja skattabyrðina orðna óeðlilega þunga og skattheimtuna rangláta, þess vegna krefjast þeir breytinga. Það er tvímælalaust rétt, að engum lögum er nú nauðsynlegra að breyta, og breyta þegar í stað en skattalögunum. Þingflokkur Alþfl. hefur rætt þessi mál ítarlega að undanförnu. Hann mun leggja tillögur um gagngera breytingu á skattakerfinu fyrir fund flokksstjórnar Alþfl., sem haldinn verður um næstu helgi, og mun flokksstjórnin taka endanlega ákvörðun um tillöguflutning varðandi þetta mál. Þingflokkurinn er þeirrar skoðunar, að tímabært sé orðið að láta ekki lengur sitja við lagfæringar á gamla skattkerfinu, heldur eigi að breyta sjálfum grundvelli þess. Sannleikurinn er sá, að stighækkandi tekjuskattur þjónar ekki lengur því hlutverki, sem honum var ætlað að þjóna á sínum tíma, þ.e.a.s. að vera aðaltæki ríkisvaldsins til tekjujöfnunar. Þegar meginþorri launþega greiðir frá þriðjungi til helmings tekna sinna í skatt til ríkisins, er ekki lengur um áhrifamikið tæki til tekjujöfnunar að ræða. Að slíkum markmiðum er nú fyrst og fremst keppt með kerfi almannatrygginga, ókeypis eða ódýrri þjónustu á ýmsum sviðum, fyrst og fremst í skólamálum og heilbrigðismálum, og niðurgreiðslu á nauðsynjavörum. Sporið, sem nú ætti að stiga í skattamálum, er að fella beinlínis niður alla skattheimtu tekjuskatts af tekjum einstaklinga upp að allháu marki, en láta menn greiða gjöld til hins opinbera í formi óbeins skatts, söluskatts eða öllu heldur virðisaukaskatts í staðinn. Þm. Alþfl. telja, að ríkið ætti að hætta að innheimta tekjuskatt af tekjum, sem hjá hjónum nema 750 þús. kr., og breytist þessi upphæð í hlutfalli við fjölskyldubyrði. Með þessu móti mundu allar venjulegar tekjur vera tekjuskattsfrjálsar, jafnvel þótt þær væru í hærra lagi. Með þessari breytingu er stefnt að stórfelldri lækkun á heildartekjuskatti einstaklinga, — lækkun, sem ætlað væri að nema um ⅔ hlutum. Hins vegar væri ekki rétt að lækka tekjuskatt af hærri tekjum, en mætti þó aldrei vera hærri en hann gerist nú hæstur hlutfallslega. Þá er rétt að halda áfram með stighækkandi tekjuskatt af atvinnurekstri. Í því sambandi er þó sjálfsagt, að skattfrelsisreglurnar gildi um einstaklinga, sem hafa tekjur að eigin atvinnurekstri, ef hann byggist fyrst og fremst á vinnuframlagi þeirra sjálfra.

Meginorsökin fyrir því, að rétt sé að hverfa að verulegu leyti frá innheimtu jafnhás tekjuskatts og nú er í framkvæmd, eru þau, að þessi óhóflega skattheimta er í mörgum tilfellum orðin fjötur á framtakssemi og vinnuvilja og þess vegna beinlínis hemill á heilbrigðan og eðlilegan vöxt þjóðartekna. Þetta er orðið vandamál víða í nálægum löndum. Enginn vafi er á því, að svipaðar breytingar verða gerðar á næstu árum í ýmsum löndum. Mætti Íslendingum verða það ánægjuefni að vera hér í fararbroddi.

Miðað við árið í ár mundu tekjur ríkissjóðs lækka um 2½—3 milljarða kr. við slíka breytingu. Þeirrar fjárhæðar þarf að sjálfsögðu að afla ríkissjóði. Það væri hægt með því að halda beinni söluskattshækkun, sem nú rennur í Viðlagasjóð, og hækka söluskattinn til viðbótar um 2—3 stig.

Til þess að auka tekjur þeirra, sem vegna þessarar breytingar mundu greiða meira í söluskatt en þeir hefðu greitt í tekjuskatt, er nauðsynlegt að stofna sjóð, sem vera ætti þáttur í almannatryggingakerfinu, og verður það einn liður í tillögugerð þingflokks Alþfl. um þessi efni. Á það má og benda í þessu sambandi, að í væntanlegum launasamningum væri hægt að semja um sérstaka launahækkun til handa þeim, sem eru í lægri tekjuflokkunum, þannig að tryggt væri, að samfara breytingum beinu skattheimtunnar í óbeina yrði kaupmáttur launa þeirra varðveittur, auk þeirrar launahækkunar láglaunastétta, sem nauðsynleg væri vegna tekjujöfnunarsjónarmiða.

Það er kunnara en frá þurfi að segja, að undanbrögð undan skatti, bæði söluskatti og sköttum af tekjum, eru eitt helsta þjóðfélagsmein á Íslandi. Sérhver hækkun söluskatts gerir aukið skatteftirlit æ nauðsynlegra, og leggur þingflokkur Alþfl. sérstaka áherslu á þetta atriði. Undanbrögð undan greiðslu tekjuskatts og útsvars hafa í mörgum tilfellum verið svo augljós, að telja verður til hinnar alvarlegustu þjóðfélagsmeinsemdar. Ef greiðendum tekjuskatts fækkar stórlega, eins og hér er rætt um að gera, ætti að vera miklum mun betra tækifæri til þess að líta eftir framtölum hinna, sem tiltölulega háar tekjur hafa og stunda atvinnurekstur. Þingflokkur Alþfl. telur nauðsyn þess, að þessir aðilar greiði það, sem þeim ber að greiða, eitt mesta nauðsynja- og réttlætismál, sem úrlausnar bíður í íslenskum stjórnmálum.

Í þessu sambandi er og rétt að minna á fyrri tillögur þm. Alþfl. um að gera allar konur að sjálfstæðum skattþegnum, hvort sem þær eru

giftar eða ógiftar og hvort sem þær afla sér tekna með vinnu utan heimilis eða ekki. Hér er um að ræða réttlætismál, sem fyrr eða síðar hlýtur að komast í framkvæmd og því fyrr því betra.

Þessar hugmyndir þingflokks Alþfl. um skattamál falla saman við þá stefnu, sem verkalýðshreyfingin hefur markað í þessum efnum, en gera ráð fyrir grundvallarbreytingu á skattakerfinu sjálfu. Með þessum hugmyndum er boðuð ný stefna í skattamálum á Íslandi. Í því felst, að umbætur í skattamálum séu nú brýnasta verkefnið í íslenskum fjárhagsmálum og réttlátari skattheimta besta leiðin til þess að bæta kjör launþega og auka réttlætið í efnahagsmálum. — Ég þakka þeim, sem hlýddu.

Geir Hallgrímsson: Herra forseti. Góðir áheyrendur. Það er fróðlegt að rifja upp og bera saman þær þrjár stefnuræður, sem forsrh. hefur flutt fyrir hönd ríkisstj. sinnar, frá því að hún var mynduð.

Fyrsta stefnuræðan einkenndist af loforðalista og lýðskrumi, sem fólst í málefnasamningi ríkisstj. Þar heyrðist bergmál frá kosningabaráttu stjórnarflokkanna. Þá var viðkvæðið: Ef þú veitir mér atkv. þitt, skal ég gera allt fyrir þig og það mun ekki kosta þig neitt.

Önnur stefnuræðan hófst á orðunum. Stefnan er óbreytt. — Þar var einnig um nokkrar eftirhreytur loforðanna að ræða, en timburmennirnir voru farnir að gera vart við sig og undirbúið var, að senda þyrfti reikning til kjósenda. Sérfræðinganefnd átti reyndar að bjarga vandanum með þeim árangri, að örlög stjórnarinnar urðu þau, að það, sem helst hann varast vann, varð þó að koma yfir hann. S.l. ári lauk með því, að gengið var fellt, sem þó var úrræði, sem aldrei skyldi gripið til, að því er málefnasamningurinn sagði.

Nú höfum við hlýtt á þriðju stefnuræðu forsætisrh., og ekki er lengur talað um, að stefnan sé óbreytt. Loforðalistinn er horfinn. Eftir viðskilnað viðreisnarstjórnar var talinn grundvöllur til mikilla kjarabóta. Það bar vitni um, að núv. stjórn settist í blómlegt bú. Nú, eftir rúmlega tveggja ára stjórnarferil, þegar útflutningsverðlag hefur hækkað meira en dæmi eru til, þá er ekki talinn grundvöllur fyrir neinum kjarabótum. Ekkert dæmi sýnir betur dóm stjórnarsinna sjálfra um ásigkomulag þjóðarbúsins annars vegar við viðskilnað viðreisnarstjórnar og hins vegar eftir tveggja ára stjórnarferil þeirra sjálfra.

Það fer ekki milli mála, að Alþ. það, sem nú hefur störf, hefur mörg og mikilvæg verkefni með höndum. Landhelgismálið er á mjög örlagaríku stigi, og skiptir miklu máli, að vel verði fram úr málum ráðið. Enn er sá samkomulagsgrundvöllur, sem fram hefur komið í viðræðum forsrh. Íslands og Bretlands, á umræðustigi innan ríkisstj., utanrmn. og þingflokkanna sem trúnaðarmál. Á fundi utanrmn. í gær skýrði forsrh. þennan samkomulagsgrundvöll og tók það sérstaklega fram, að á ríkisstjórnarfundi fyrr um daginn hefði verið ákveðið, að með það skyldi farið sem trúnaðarmál og kynnt á þann veg í n. og þingflokkum. Þingflokkum skyldi gefa nægilegt svigrúm til þess að kynna sér málin vel og síðan skyldu menn aftur bera saman ráð sín í ríkisstj. og n. og leitast eftir að ná sem mestri samstöðu um afstöðu til samkomulagsgrundvallarins. En í morgun getur að líta í Þjóðviljanum, að kommúnistar hafi algerlega brotið trúnað, sem þeir höfðu heitið forsrh., og engu skeytt samráði við aðra stjórnmálaflokka um afstöðu til þess samkomulagsgrundvallar, sem forsætisráðherrarnir komu sér saman um að leggja fyrir ríkisstjórnir sínar. Það kemur fam í Þjóðviljanum, að fundur hafi verið haldinn í þingflokki Alþb., áður en fundur utanrmn. hófst, og þar tekin afstaða til málsins. Sú afstaða var ekki tilkynnt á fundi utanrmn., enda sýna þessi vinnubrögð ekki eingöngu freklegt trúnaðarbrot, heldur og slíkt virðingarleysi gagnvart forsrh. í stjórn, sem Alþb. sjálft á þátt í, að forsrh. ætti að vera ofboðið og gera sínar gagnráðstafanir.

Þessi framkoma sýnir, að kommúnistar hafa engan áhuga á samráði við aðra flokka eða þjóðareiningu um landhelgismálið. Framkoma þeirra ber vitni um, að kommúnistum er ekki fyrst og fremst í huga, að Íslendingar öðlist virk yfirráð yfir stækkaðri fiskveiðilögsögu sinni, heldur ætla þeir að nota landhelgismálið sem skálkaskjól í þeim tilgangi að ná öðrum stjórnmálalegum markmiðum, eins og t. d. þeim að slíta samstarfi Íslendinga og annarra vestrænna þjóða, svo að landið verði óvarið fyrir áhrifum og ásælni frá þeim löndum, þar sem stjórnmálastefna kommúnista ríkir með óvæginni valdbeitingu. Það er von mín, að aðrir stjórnmálaflokkar og landsmenn allir sjái, hvert kommúnistar eru að fara, og geri þeim ljóst, að þeir ráða ekki ferð mála á Íslandi, þar sem lýðræði ríkir.

Sjálfstfl. hefur enn samkomulagsgrundvöllinn til athugunar og mun taka efnislega afstöðu til hans að fengnum ýmsum frekari upplýsingum frá forsrh. Sjálfstfl. leggur áherslu á samráð og sem víðtækasta samstöðu í þessu máli. Þegar við tökum afstöðu til samkomulagsgrundvallarins, kemur til álita, hvort við munum með því samkomulagi, sem unnt er að ná, öðlast meiri yfirráð yfir fiskimiðunum umhverfis landið en án slíks samkomulags, hvort meiri fiskafla er að vænta í friði eða hvort við eigum einskis annars úrkostar en áframhaldandi ófrið og hættuástand á miðunum til þess að ná markmiðum okkar. Að öðru leyti skal ég ekki efnislega ræða þennan samkomulagsgrundvöll hér í kvöld, það er ekki tímabært. Sjálfstfl. mun ekki gerast sekur um trúnaðarbrot.

Á þessu þingi verður fjallað um öryggis- og varnarmál Íslands. Framtíð sjálfstæðis þjóðarinnar getur oltið á þeirri meðferð. Við viljum tryggja sjálfsákvörðunarrétt okkar í öllum málum út á við og inn á við. Við megum ekki setja okkur í þá aðstöðu, að unnt sé að beita okkur þvingun, þrýstingi, ásælni eða árás. Getum við Íslendingar búist við því, að við einir allra sjálfstæðra þjóða þurfum engar ráðstafanir að gera til að vernda öryggi okkar og sjálfstæði? Er það okkur sæmandi sem þjóð að vilja ekkert á okkur leggja til þess að tryggja sjálfsákvörðunarrétt

okkar? Sjálfstfl. svarar þessum spurningum neitandi. Þess vegna hefur Sjálfstfl. beitt sér fyrir því, að við erum þátttakendur í Atlantshafsbandalaginu, sem hefur náð þeim árangri að tryggja frið í okkar heimshluta frá stríðslokum. Í framhaldi af þeirri þátttöku var varnarsamningurinn við Bandaríkin gerður. Hér þurfa að vera fyrir hendi þær varnir, sem gera þeim aðila, sem kann að ásælast aðstöðu hér á landi, skiljanlegt, að slík ásælni eða árás merkir allsherjarstríð. Tilvist varna er því til þess fallin, að aldrei þurfi á þeim að halda með öðrum hætti, alveg eins og eldvarnir og slökkvilið eru til þess að eldur brjótist ekki út.

S.l. 10 ár hafa Sovétríkin tifaldað herstyrk sinn í Norður-Atlantshafi. Íslendingar geta ekki lokað augunum fyrir þeirri staðreynd, að hafsvæðið kringum Ísland er athafnasvæði þessa mikla herafla. Fyrrv. varnarmálaráðh. Noregs hefur bent á, að með athöfnum sínum á hafinu milli Íslands og Noregs hafa Sovétríkin í raun og veru komið því til leiðar, að Noregur er kominn á bak við fyrstu víglínu Sovétríkjanna á Norður-Atlantshafi. Við Íslendingar verðum að svara spurningunni: Viljum við einnig, að Ísland verði á bak við fyrstu víglínu Sovétríkjanna? Við skulum vona, að styrjöld Ísraels og Araba leiði ekki til stigmögnunar og útbreiðslu styrjaldarinnar. En styrjöldin sýnir í raun og veru, hve fljótt er að skipast veður í lofti og hve mikil ástæða er að vera við öllu búinn.

Um leið og við hljótum auðvitað að kveða á um varnir Íslands og fyrirkomulag þeirra fyrst og fremst með tilliti til öryggis og hagsmuna okkar sjálfra, þá er því einnig svo varið, að við hljótum að taka nokkurt mið að því, hvað frændum okkar, t.d. á Norðurlöndum, kemur vel. Við getum ekki ætlast til þess að vera þátttakendur í Atlantshafsbandalaginu til þess eins að njóta góðs af því, en án þess að leggja nokkuð af mörkum í þeim tilgangi, að það nái árangri. Fyrrnefndur varnarmálaráðherra Norðmanna sagði í ræðu í sept. s.l.:

„Það er almenn skoðun, að verulegur samdráttur í starfsemi varnarstöðvarinnar á Keflavíkurflugvelli muni hafa víðtækar afleiðingar fyrir varnir Atlantshafssvæðisins og þá ekki síst í jaðarríkjunum. Slíkt mundi einnig hafa áhrif á öryggi Noregs".

Ef slíkur samdráttur varnarstöðvarinnar á Keflavíkurflugvelli hefur áhrif á Noreg og jaðarríkin, þá er Ísland eitt af slíkum jaðarríkjum. Þess vegna erum við með slíkum samdrætti varnarstöðvarinnar að vinna gegn eigin hagsmunum. Við Íslendingar ætlumst til stuðnings annarra ríkja í hagsmunamálum okkar eins og fiskveiðideilunni. Norðmenn hafa þar t.d. staðið sérstaklega vel við okkar hlið. Er ekki ástæða til þess, að við höfum samráð við Norðmenn og Dani í sambandi við varnarmálin og könnum, hvað sameiginlegum hagsmunum Norðurlanda er fyrir bestu? Vitað er einnig, að uggur er í brjóstum bæði Finna og Svía vegna stefnu núv. stjórnar á Íslandi í varnarmálum. Þessi ríki, þótt hlutlaus séu talin, óttast aukinn þrýsting og þunga frá nágrannanum í austri, ef hér verða engar varnir og víglína Sovétríkjanna flyst enn lengra vestur á bóginn.

Við sjálfstæðismenn höfum þá stefnu, að okkur beri að vera áfram í varnarsamtökum Atlantshafsbandalagsins, hér sé nauðsynlegt að hafa varnir, eins og nú standa sakir, en við teljum sjálfsagt að endurskoða og við viljum taka þátt í að ákveða, með hvaða hætti slíkum vörnum skuli fyrir komið. Við teljum rétt að auka þátt Íslendinga í því starfi, sem tengt er þeim vörnum eins og mögulegt er, en teljum að svo komnu máli ekki tímabært, að allt varnarlið fari af landi brott.

Meginhluti stefnuræðu forsrh. fjallaði um efnahagsmálin. Forsrh. viðurkenndi, að það væri hin svarta hlið efnahagsmála, að ekki hefði tekist að halda verðbólgu í skefjum, sem stefnt var að í málefnasamningi stjórnarflokkanna. Verðbólgan átti ekki að vaxa meira en í viðskiptalöndum okkar. Samkv. upplýsingum hagrannsóknadeildarinnar hefur verðbólgan hér vaxið um 20—25% s.l. ár eða þrisvar sinnum meira en í öðrum löndum. Stjórnarliðar sjálfir viðurkenna þessa staðreynd og gefa þá skýringu, að verðhækkunin sé af erlendum rótum runnin. Af skýrslunni kemur fram, að erlendar verðhækkanir eiga aðeins þátt í 4 stigum af þeim 20—25%, sem verðbólgan hefur vaxið, og þótt gengisbreytingar séu teknar með í reikninginn, þá er staðreyndin sú, að verðbólgan er heimatilbúin afleiðing af efnahagsmálastefnu ríkisstj. eða réttara sagt skorti á efnahagsstjórn af hennar hálfu. Ríkisstj. hefur haldið frá byrjun uppteknum hætti, bætt sífellt eldsneyti á verðbólgubálið með hækkun ríkisútgjalda, stórfelldri aukningu útlána úr sjóðum, án þess að tryggt væri fé nema með síauknum erlendum og innlendum lántökum. Afleiðingin er örari og meiri verðbólga en orðið hefur hér um áratuga skeið. En hins vegar fer ekki á milli mála, að afstaða sú til efnahagsmála, sem kemur fram hjá forsrh., felur í sér breytingu frá fyrri afstöðu. Hann segir: Árangursríkt andóf gegn verðbólgu hlýtur að byggjast á samstilltu átaki á sviði launa- og verðlagsmála, fjármála ríkisins og annarra opinberra aðila, gengis-, peninga- og lánamála. — Það er ástæða til að benda á, að þetta er inntakið í þeirri stefnu, sem fyrrv. ríkisstj. fylgdi. Þetta var einmitt sú stefna, sem núv. ríkisstj. varpaði fyrir róða með þeim afleiðingum, sem nú blasa við.

En það er ekki aðeins stefna fyrrv. ríkisstj. sem nú á að endurreisa, heldur eiga þær stofnanir, sem fyrrv. ríkisstj. kom á fót, einnig að rísa úr ösku. Vegur Seðlabankans hefur varla áður verið meiri en nú, og fyrsta frv., sem ríkisstj. flytur á þessu þingi, er frv. um Hagrannsóknastofnun. Hér er komin gamla Efnahagsstofnunin. Með þessum hætti er Hagrannsóknastofnunin algerlega slitin úr tengslum við Framkvæmdastofnunina, eins og við stjórnarandstæðingar vildum. Þegar á það er litið og ekkert er vitað um afrek Framkvæmdastofnunar ríkisins í þeim verkefnum, sem henni voru í upphafi falin, eins og heildarstjórn fjárfestingarmála og frumkvæði í atvinnumálum eða áætlun til langs tíma, og iðnrh. hefur falið gerð iðnþróunaráætlunar nýrri stofn-

un, þá er vissulega tími til kominn að leggja þennan óskapnað, Framkvæmdastofnun ríkisins, niður.

Nú er útlit fyrir við afgreiðslu fjárl. 1974, að upphæð þeirra muni þrefaldast á þremur árum, og yfirlit skortir um fjármagnsþörf stofnfjársjóða umfram beint framlag ríkissjóðs, en fjárþörf þessa má ætla minnst 5 millj. kr. og óvíst, hvernig þeirrar upphæðar verður aflað, e.t.v. með verðtryggðum lánum, sem í raun bera nú 20—30% vexti, og endurlánað er með 6—7% vöxtum, eins og dæmi eru til nú. Það er ekki nema von, að sjóðirnir tæmist með slíkri ráðsmennsku.

Sjálfstfl. leggur áherslu á samræmda stjórn efnahagsmála, þar sem allir þættir þeirra eru teknir til meðferðar og yfirsýn yfir þá höfð.

Við viljum leggja sérstaka áherslu á í fyrsta lagi, að sveiflur íslensks efnahagslífs, sem eiga ekki síst rót sína að rekja til verðsveiflna og aflasveiflna í sjávarútvegi, verði eins og unnt er jafnaðar með eflingu verðjöfnunarsjóðs sjávarafurða, sem stofnaður var í tíð viðreisnarstjórnarinnar, en núv. stjórn hefur rýrt þrátt fyrir síhækkandi afurðaverð sjávarafurða.

Í öðru lagi teljum við, að draga megi úr þessum sveiflum með því að renna fleiri stoðum undir atvinnuvegi okkar, efla útflutning iðnaðarvara og leggja áherslu á stóriðju og annan iðnað, sem fólginn er í því, að vatnsafl og varmaorka ásamt hugviti og vinnuhæfni Íslendinga sé nýtt til framleiðslu verðmætrar vöru.

Í þriðja lagi ber auðvitað að beita gengisbreytingu til að jafna sveiflur í efnahagslífinu. En varast ber að hækka gengið, þótt verðlag sjávarafurða fari hækkandi, ef það er hinum unga útflutningsiðnaði til tjóns. Verður fremur að leggja áherslu á að efla verðjöfnunarsjóð sjávarafurða.

Í fjórða lagi verður að hafa stjórn á peningamálum og auka ekki peningamagnið í umferð með erlendum lántökum, sem kalla á aukið vinnuafl, vörur og þjónustu, sem ekki er fyrir hendi í þjóðfélaginu.

Í fimmta lagi verður að skera niður útgjöld ríkis og fjárstreymið, sem fer um hendur hins opinbera við gerð fjárlaga. Fjárlög verði þannig úr garði gerð, að hið opinbera takmarki umsvif sín og taki sem minnst af aflafé borgaranna. Ákveða skal, hve hátt hlutfall af þjóðarframleiðslu eða þjóðartekjum hið opinbera hafi úr að spila, og fram úr því marki verði ekki farið.

Í sjötta lagi ber að stefna að því, að aðilar vinnumarkaðarins geti með frjálsum samningum breytt tilhögun kjarasamninga og komið sér saman um skipan mála. Í því sambandi er mikilvægt með frjálsum samningum að endurskoða vísitölufyrirkomulagið og tryggja hinum lægstlaunuðu sérstaklega kjarabætur. Vísitölukerfið er í höndum núv. stjórnar hreinn skrípaleikur og besta dæmið um það, hvernig ríkisstj. reynir að blekkja launþega með ýmsum hætti. Á þessu ári hefur fjórum sinnum verið breytt upphæðum niðurgreiðslna og fjölskyldubóta, ýmist til hækkunar eða lækkunar, eftir því, hvort um var að ræða, að vísitalan var óútreiknuð eða gengin í gildi. Slík svikamylla hentar hagsmunum launþega tæpast.

Þróun s.l. tveggja ára hefur leitt til þess, að miðstjórnarvaldið í landinu hefur eflst og þjappast saman í höndum ríkisstj. Þetta vald er dregið frá einstaklingum og staðaryfirvöldum, sveitarfélögum. Það er nauðsynlegt að snúa þessari þróun við. Það verður að færa valdið aftur heim til fólksins, þar sem það býr, til einstaklinganna, svo að þeir geti verið sinnar eigin gæfu smiðir, til sveitarstjórnanna, sem näkunnastir eru högum og horfum fólksins á staðnum. Það er þessi dreifing valdsins, þessi þróun til aukins lýðræðis, sem við sjálfstæðismenn biðjum um stuðning til að framkvæma. Tvennt er nauðsynlegt í þeim tilgangi: að endurskoða annars vegar löggjöf um verkaskiptingu og tekjustofna ríkis og sveitarfélaga og endurskoða lög um tekjuskatt. Sjálfstæðismenn munu beita sér fyrir þessu hvoru tveggja á þessu þingi.

Þegar svo er komið, að 75% skattgreiðenda eru komnir í hæsta skattstiga og greiða meira en helming tekna sinna til hins opinbera, þá draga skattarnir úr vilja manna til að vinna og skapa verðmæti þjóðinni allri og sjálfum sér til handa.

Góðir tilheyrendur. Þegar Sjálfstfl. var stofnaður, voru meginstoðir stefnu hans tvær: sjálfstæði þjóðarinnar og sjálfstæði einstaklingsins. Þróun mála í tíð núv. vinstri stjórnar hefur dregið blikur á loft, bæði hvað snertir sjálfstæði þjóðarinnar og sjálfstæði einstaklingsins. Við heitum á landsmenn að styðja Sjálfstfl. í þeirri viðleitni hans að tryggja öryggi landsins út á við og sjálfstæði einstaklingsins inn á við. — Góða nótt.

Félmrh. (Björn Jónsson): Herra forseti. Heiðruðu tilheyrendur. Það er ekki nauðsynlegt að fara í neinar talna- eða orðaleiki til þess að vera þess fullviss, að við Íslendingar búum nú við þjóðlíf, sem mótast af öflugri framfarasókn á flestum sviðum. Hver hönd hefur verk að vinna. Atvinnuleysi hefur verið útrýmt nema sem algerlega stað- og tímabundnum undantekningum. Verklegar framkvæmdir hafa aldrei í sögunni verið stórfelldari, hvorki til lands né sjávar. Varla er það byggðarlag finnanlegt, þar sem ný og fullkomin framleiðslutæki eru ekki að taka til starfa eða eru væntanleg í náinni framtíð: ný fiskiskip af fullkomnustu gerð, ný fiskiðjuver eða endurbætt, ný iðnfyrirtæki. Helsta áhyggjuefnið í þessu efni er nú það, að mannafla skortir við framleiðslustörfin. Jafnvel er víða svo komið, þar sem atvinnuleysi var landlægt allt til síðustu ára. Umskiptin, sem að þessu leyti hafa orðið frá síðari hluta viðreisnartímabilsins, hafa ein fyrir sig gerbreytt afkomu alþýðu manna, ekki síst í sjávarbyggðum landsins, þar sem áður ríkti allvíða atvinnulegt neyðarástand langtímum saman og fyllti hugi manna kvíða og vonleysi, olli landflótta hundraða manna og raskaði gífurlega byggðajafnvægi í landinu. Sé litið til beinna opinberra framkvæmda, blasir lík mynd við, hvort sem um er að ræða samgöngumál, vegagerð, hafnir, flugmál, skólamál eða heilbrigðismál. Í öllum þessum málaflokkum hafa á tveggja ára valdatíma núv. ríkisstj. verið gerð stórfelld átök, bæði til að bæta úr

vanrækslu viðreisnarstjórnarinnar og til þess að sækja fram. Þannig hafa, svo að nokkur dæmi séu nefnd, verið stóraukin framlög í samgöngumálum, framlög til flugvalla verið margfölduð, og nýframlögð fjárlög boðað stórfelldari framkvæmdir í hafnamálum en nokkru sinni fyrr, samhliða því að í gildi ganga um áramótin næstu ný hafnalög, sem létta stórlega á fjárhag sveitarfélaganna til þessara frumþarfa hvers byggðarlags, sem hafa verið mörgum hverjum ofviða og heimta til sín óeðlilega stóran hlut af framkvæmdamöguleikum þeirra og fjárhagsgetu. Þetta kalla stjórnarandstæðingar nú eyðslustefnu og fjargviðrast yfir því, að peninga skuli þurfa til framkvæmda.

Allar þessar einföldu staðreyndir leiða hugann að því, hver gerbreyting hefur orðið á stefnu þings og stjórnar síðustu tvö árin í þeim málefnum, sem augljóslega eru grundvölluð á blómlegu atvinnulífi, sem öllu öðru fremur tryggir bærilega og batnandi afkomu og lífskilyrði alls almennings, og andstæðingarnir fá ekki dulið gremju sína yfir þeirri vissu, að þeir verða æ færri, sem hafa hug á að hverfa til þeirra stjórnarhátta, sem þeir stóðu fyrir, svo greinilega er munurinn jafnmikill í þessum efnum sem á svörtu og hvítu. Þótt við þannig í bili geymum okkur samanburðinn á stefnu og verkum núv. stjórnarflokka í félagsmálum og tryggingamálum, þar sem ekki er síður gífurlegur munur, fer tæpast milli mála, að sú stefna örrar og djarfrar atvinnuuppbyggingar, sem fylgt hefur verið, hefur ein fyrir sig gerbreytt heildarhag almennings.

En á sama tíma hefur kaupmáttur tímakaupstaxta verkamanna hækkað um 27% og áætlað vikukaup um 23,5% samkv. óyggjandi og fyrirliggjandi gögnum. Til samanburðar er rétt að benda á, að þessar hækkanir á töxtum og kaupgjaldi eru viðlíka eða meiri á tveim árum en á 12 ára valdatíma þeirra viðreisnarmanna, sem leyfa sér hér í kvöld að kalla, að hér ríki í þessum efnum ömurlegt ástand, sbr. það, sem Gylfi Þ. Gíslason sagði hér áðan. Vilja menn breyta til og hverfa til hinnar fyrri stefnu í kjara- og atvinnumálum eða halda fram sem horfir? Svari allur almenningur á þann veg, að sá árangur, sem náðst hefur og ekki verður umdeildur, sé viðurkenningar verður, hygg ég, að fara muni eins og hæstv. forsrh. vék að í stefnuræðu sinni, að hin öra kaupmáttaraukning undanfarandi ára reynist góð undirstaða skynsamlegra kjarasamninga, sem nú standa fyrir dyrum, og að takast megi að leysa farsællega þann margslungna vanda að hemja verðbólgu, en tryggja samtímis stöðuga atvinnu og framleiðslu. En sá vandi hvílir ekki á ríkisstj. einni, heldur verður þar að koma til samstillt átak á sviði launa- og verðlagsmála, fjármála ríkisins og peningamála almennt.

Í þessu sambandi þykir mér rétt að lýsa þeirri skoðun minni og ég hygg um leið ríkisstj. allrar, að hún er í grundvallaratriðum sammála um þá kjarastefnu, sem verkalýðssamtökin hafa verið að móta nú á þessu hausti:

1) Að sú stefna eigi fyllsta rétt á sér að draga úr launamismun og jafna launakjör og fylgja þannig enn fram þeirri stefnu, sem í verulegum mæli setti svip á kjarasamningana í desember 1971.

2) Að það sé rétt og nauðsynlegt, að aukinn jöfnuður verði studdur, bæði með sérstökum kauphækkunum til hinna lægra launuðu og með breytingum á sköttum og á skattkerfinu, sem þeim kæmu einkum til góða.

3) Að hlutur þess fólks, sem vinnur að framleiðslunni og alveg sérstaklega í fiskiðnaði, verði gerður stórum betri en nú er, en þetta er ekki aðeins réttlætismál, heldur brýn þjóðhagsleg nauðsyn og því sjálfsagðari sem þessir starfshópar hafa mjög farið varhluta í því launaskriði, sem flestir aðrir launþegahópar njóta vegna eftirspurnar hans á vinnumarkaðinum.

4) Komið verði á atvinnutryggingu þessa fólks, en það ekki lengur látið búa við daglega óvissu um afkomu sína, eins og víða viðgengst.

5) Að sú krafa sé réttmæt og beri að styðja með nauðsynlegum lagabreytingum, að almennri vinnuvernd verði komið á, verkafólki verði tryggt mannsæmandi menningarlegt og félagslegt umhverfi á vinnustöðum og fullnægjandi aðbúnaður og öryggi í hvívetna ásamt auknu valdi fólksins á hverjum vinnustað til þess að framfylgja slíkum settum reglum. Sömuleiðis að fordæmi grannþjóða okkar á Norðurlöndum verði fylgt í því að spyrna við óhæfilegu vinnuálagi og lítt eða ekki takmörkuðum vinnutíma.

6) Að fjárhagsgetu ríkisins og efnahagskerfisins verði í miklu ríkari mæli en áður beint að því að leysa þau miklu vandamál, sem ríkja nú í húsnæðismálum og í allt of mörgum tilvikum eru að eyðileggja þann árangur, sem verkalýðshreyfingin hefur náð í sjálfum launa- og kjaramálunum.

Öll þessi mikilvægu atriði væntanlegra kjarasamninga er ríkisstj. áreiðanlega reiðubúin til þess að leggja sig alla fram um að leysa og aðstoða við að leysa í nánu samráði við alþýðusamtökin.

Um lausn sjálfra krafnanna um launahækkanir er að mínu viti fyrst það að segja, að að sjálfsögðu verður hún að byggjast á hefðbundnum og lögfestum leikreglum, sem þar um gilda, þ. e. a. s. frjálsum samningum aðila vinnumarkaðarins og samtaka þeirra, sem ríkisvaldið grípur ekki beint inn í, nema öll önnur sund lokist, til þess að þjóðarvoða verði afstýrt. Í þeim efnum verður verkalýðshreyfingin nú sem fyrr að treysta á samstöðu sína, baráttuvilja, samfara fullu raunsæi á því, hvað vinnustéttunum og þjóðarheildinni er fyrir bestu, er til lengdar lætur. Af nokkurri persónulegri reynslu treysti ég því fullkomlega, að slíkt raunsæi á efnahagsmálunum og þeim vandamálum, sem þar er við að etja, sé fyrir hendi meðal yfirgnæfandi meirihl. verkalýðsstéttarinnar og þeir séu næsta fáir, sem vitandi vits eða af ráðnum hug vilja freista þess að spenna bogann svo hátt, að af hljótist slík óðaverðbólga, að kippt verði grundvellinum undan því atvinnuöryggi, sem nú ríkir, og þeirri að ýmsu hagstæðu efnahagsþróun, sem nú gefur vafalaust svigrúm til raunhæfra kjarabóta, gagnstætt því, sem hér var haldið fram áðan af formanni Sjálfstfl.

Hverjum þeim, sem hlýtt hefur á stefnuræðu hæstv. forsrh. við upphaf þessara umr., má vera ljóst, að það þing, sem nú er nýhafið, mun verða allannasamt og það mun fá fjölþætt málefni til úrlausnar að frumkvæði ríkisstj., ekki síst í þá veru, að róðurinn mun nú hertur sem vera ber í þá átt að fullnægja ákvæðum málefnasamnings ríkisstjórnarflokkanna, þótt fleira komi vissulega til. Vil ég í því sambandi drepa á nokkur þau málefni, sem unnið er að að undirbúa til þinglegrar meðferðar í þeim rn., sem ég veiti forstöðu, og ég vona, að aðstæður leyfi, að fram verði borin á yfirstandandi þingi.

Af þeim málum, sem sérstaklega er um fjallað í málefnasamningnum, nefni ég endurskoðun sveitarstjórnarlaga, sem nú er hafin, en um það efni segir í málefnasamningnum: „Endurskoða ber skiptingu verkefna og valds á milli ríkis og sveitarfélaga í því skyni að auka sjálfsforræði byggðarlaga. Haft verði samráð við Samband ísl. sveitarfélaga og samtök sveitarfélaga í einstökum landshlutum um þessa endurskoðun". Það er ljóst, að hér er um mjög mikilvægt stjórnskipulegt og fjárhagslegt vandamál og álitamál að ræða, sem þarfnast sérstaklega gaumgæfilegrar meðferðar og ef vel á að fara sem mestrar samstöðu allra, sem hlut eiga að. *Hitt er líka auðsætt*, að meginmarkmið þessarar endurskoðunar er nátengt þeirri byggðastefnu, sem ríkisstj. hefur *fylgt eða mun, ef að vonum og líkum fer*, gera að enn áþreifanlegri veruleika á síðari hluta kjörtímabilsins.

Af sérstaklega félagslegum réttindamálum, sem verkalýðshreyfingin hefur borið fyrir brjósti og barist fyrir, hefur allmörgum þegar verið komið heilum til hafnar, svo sem löggjöf um 40 stunda vinnuviku og 24 daga orlof. Eftir stendur m. a. gerð heildarlöggjafar um vinnuvernd, sem ég hef áður drepið á, og löggjöf um atvinnulýðræði. Um það mál vil ég taka skýrt fram, að með þeirri löggjöf er ekki ætlunin að knýja með lagaboðum aðila vinnumarkaðarins til samstarfs, sem verkalýðssamtökunum kynni að vera um geð, heldur sú að veita verkafólki á einstökum vinnustöðum eða verkalýðssamtökum, sem það tilheyrir, tiltekin réttindi til valds og áhrifa á ýmsa þætti stjórnunar fyrirtækjanna, — réttindi, sem því er í sjálfsvald sett, hvort það notar sér eða ekki. Æskilegast væri, að um löggjöf þessa næðist fullt samkomulag milli verkalýðssamtakanna og atvinnurekenda, en n. sú, sem vinnur að málinu, er skipuð fulltrúum beggja þessara aðila. Vona ég hið besta um árangur nefndarstarfsins. En þótt þær vonir bregðist að einhverju, verður málið engu að síður undirbúið í samræmi við ákvæði málefnasamningsins og með hliðsjón af þeirri miklu og góðu reynslu, sem hér er á að byggja á öðrum Norðurlöndum og víðar, þar sem verkalýðssamtök eru öflugust.

Þegar lög um 40 stunda vinnuviku voru samþ. hér á hv. Alþ., var ekki fengist við að leysa það *stórfellda misræmi og mismunun, sem fiskimenn* eiga við að búa um vinnutíma samanborið við aðrar stéttir. Við svo búið getur ekki staðið öllu lengur, sbr. þáltill., sem Alþ. samþykkti á sínum tíma að frumkvæði mínu og hv. landsk. þm. Karvels Pálmasonar. Að sjálfsögðu eru á því óleysanleg vandkvæði, að daglegur eða jafnvel vikulegur vinnutími þessara stétta geti orðið hinn sami og þeirra, sem í landi vinna. Ber því vafalaust að jafna hér metin með því að líta frekar á ársvinnutímann og auka rétt fiskimanna hvað hann snertir, t. d. með tviskiptu eða fleirskiptu orlofi á fullum launum. Framkvæmd ákvæða um hvíldartímann ber vafalaust líka að skoða í þessu sambandi.

Enn vil ég nefna af málefnum, sem *sérstaklega varða verkalýðssamtökin og áhugamál þeirra*, að ég mun næstu daga leggja fram frv. um starfskjör launþega o. fl., en því frv. er ætlað að fulltryggja réttarstöðu verkafólks og samtaka þess gagnvart þeim atvinnurekendum, sem ekki eru með aðild að samtökum atvinnurekenda formlega bundnir af almennum kjarasamningum varðandi launakjör eða greiðslur til sjóða félaganna. Með þessu frv., ef að lögum verður, er fulltryggt, að allir kjarasamningar ákveðinna starfshópa verði gildandi sem bindandi lágmarkssamningar í hlutaðeigandi starfsgrein á því svæði, sem þeir ná til, og öll réttaróvissa um þau efni verður úr sögunni.

Um næstu áramót ganga í gildi lög frá síðasta Alþ. um byggingu 1000 leiguíbúða á vegum sveitarfélaga á *næstu 5 árum. Þetta eru hin merkustu* lög og raunar fyrsta heiðarlega tilraunin, sem gerð hefur verið til að rétta hlut landsbyggðarinnar í húsnæðismálum gagnvart þeim stórfellda fjárdrætti úr byggðarlögunum til höfuðborgarsvæðisins gegnum húsnæðismálakerfið í sambandi við sérstaklega umsamdar byggingarframkvæmdir, sem kenndar hafa verið við Breiðholt, sem lofað var, en svikið að fjármagna sérstaklega samkv. samningi ríkisstj. og verkalýðsfélaga frá árinu 1965. Það er mín skoðun, að bygging þessara 1000 íbúða sé þó frekar í lágmarki en hitt til að skapa viðunandi jafnvægi. En þótt ekki yrði lengra komið til móts við landsbyggðina en hér er ráðgert, standa mál svo, að til framkvæmda þessara laga við hlið annarra skulbindinga lánakerfisins skortir stórfellt fjármagn, og þess fjármagns verður ríkisstj. og Alþ. að afla, undan því verður ekki vikist. Húsnæðismálin verða ekki leyst farsællega, án þess að framkvæmdir í þeim verði samræmdar við framkvæmdaáætlanir um landið allt og látnar haldast í hendur við þróun atvinnulífsins um allar byggðir. Fram til þessa hafa hinar dreifðu byggðir verið hornreka í þessu tilliti. Það er auk þess tómt og innihaldslaust tal að ræða um raunhæfa byggðastefnu, án þess að húsnæðismálin komi inn í myndina. Um þetta hef ég áður viðhaft þá staðhæfingu, að stórátak í húsnæðismálum landsbyggðarinnar, ekki síður en höfuðborgarsvæðisins, sé stærsta, nærtækasta og mikilvægasta byggðamálið, sem nú er uppi, auk þess sem það er til þess fallið að beina *takmörkuðu vinnuafli þjóðarinnar inn á þjóðhagslega* hagstæðar brautir og létta jafnframt á húsnæðisskorti á höfuðborgarsvæðinu.

Í sambandi við húsnæðismálin vil ég lýsa sérstakri ánægju minni yfir því frumkvæði, sem verkalýðssamtökin hafa nú tekið í þeim málum, og hygg gott til samráðs við þau af því tilefni. Ég vænti þess einnig og treysti, að ekki standi á hv. Alþ. að standa að úrbótum og tryggja

nauðsynlega fjármögnun framkvæmda, þegar til þess kasta kemur.

Á sviði samgöngumála eru mikil verkefni framundan. Þannig gerir fjárlagafrv. ráð fyrir mjög auknum framkvæmdum í flugmálum og hafnamálum og stórfellt meiri en áður hefur þekkst, ekki aðeins í krónutölu, heldur að magni til. Vegáætlun og vegalög verða endurskoðuð, og er þar síst ætlunin að slaka á í framkvæmdum, þótt við nokkra fjárhagsörðugleika verði að etja.

Ég hef talið eðlilegt að fjalla hér nokkuð um þau málefni, sem næst standa mínum verkahring, og gef mér því lítið ráðrúm til að ræða þau málefni, sem geta orðið örlagaríkust á Alþingi að þessu sinni, og á ég þar fyrst og fremst við landhelgismálið og einnig endurskoðun hervarnarsamningsins við Bandaríki Norður-Ameríku. Um það síðar nefnda segi ég það eitt á þessu stigi málsins, að í öllu verður farið, hvað málsmeðferð snertir eftir ákvæðum málefnasamnings stjórnarflokkanna: fyrst kannað rækilega, hvort þess sé kostur að fá breytingu á samningnum, sem kveði á um brottför hersins í áföngum og að öðru leyti er okkur sæmandi, en fullnægja þó skuldbindingum okkar við aðrar þjóðir. En þegar sú könnun liggur fyrir, hlýtur jafnframt að koma til álita, hvort samningnum verði sagt upp og herinn látinn hverfa úr landi með tilteknum samningsbundnum fresti, og sú leið er auðvitað sú eina færa, ef hin fyrri lokast í þeim viðræðum, sem fram undan eru, sem vonandi ekki verður.

Um landhelgismálið vil ég undir lok máls míns segja þetta:

Grundvöllur útfærslunnar 1. sept. 1971 var sú lífsnauðsyn þjóðarinnar að vernda fiskstofninn frá rányrkju og jafnvel eyðileggingu, og árangur þeirrar aðgerðar verður aldrei metin með neinum öðrum mælikvarða en þeim, sem út frá þeim grundvelli mælist, heldur ekki neinar nýjar ákvarðanir um baráttuaðferðir eða um hugsanlega undanþágusamninga. Spurningin um samninga eða samninga ekki við þær tvær þjóðir, sem virt hafa útfærslu okkar að vettugi og beitt hafa okkur ofríki og ofbeldi, er ekki í mínum huga tilfinningalegs eðlis, þótt öldur þeirra rísi nú hátt að vonum, heldur verður svarið við henni að byggja á kaldri rökhyggju, sem svarar því greinilega, hvort samningar þjóni betur en þófið, sem staðið hefur, til verndar tilgangi útfærslunnar, þ. e. a. s. hvort sókn erlendra veiðiskipa minnkar eða vex miðað við það ástand, sem ríkt hefur á miðunum, og það, sem líklegt er að óbreyttu að ríkja muni um verulegt skeið að minnsta kosti. Það mat, sem hér þarf að koma til, er síður en svo einfalt mál. En þar kemur m. a. inn í myndina, hve miklar undanþágur við værum siðferðilega skyldir að veita nokkrum þjóðum, sem virt hafa útfærsluna, en hafa áður stundað veiðar á Íslandsmiðum. Margt fleira kemur hér til álita, ef til samninga eða samningaumleitana kemur, svo sem um stærð og fjöldi veiðihólfa, tímamörk um lokun þeirra og opnun, samningstími um undanþágur og vald okkar Íslendinga til að framfylgja settum hugsanlegum reglum um þær. Þetta ræði ég ekki frekar nú, því að ekki vil ég brjóta neinn trúnað varðandi viðræður hæstv. forsrh. og Edwards Heath á viðkvæmu athugunarstigi þess, sem þar kom fram. En tvennt er þó strax fullljóst: Í fyrsta lagi, að við eigum ekki að taka við neinu, sem skoða mætti sem úrslitakosti Breta, allra síst áður en til hugsanlegra samningaumleitanna yrði gengið. Og í annan stað, að Ólafur Jóhannesson forsrh. hefur í alla staði haldið mjög vel á málum okkar í umgetnum viðræðum við hinn breska starfsbróður sinn og þannig, að ef allt tal um lífsnauðsyn þjóðareiningar í landhelgismálinu á ekki að hljóma sem ómerkt hjal, hljóta stjórnmálaflokkarnir og þjóðin öll að skoða það skyldu sína við samheldni hennar og hagsmuni að standa drengilega að baki honum og tilraunum hans til að fylgja eftir undanhaldi breskra stjórnarvalda. Allt annað nú væri háskalegur óvinafagnaður, sem ekki yrði aftur tekinn.

Ég þakka þeim, sem hlýddu. Góða nótt.

Sjútvrh. (Lúðvík Jósepsson): Herra forseti. GGóðir hlustendur. Það er ekki auðvelt að ræða almennt um stefnu og störf ríkisstj. í stuttri ræðu. Ég tek því þann kostinn að tala hér um tvo mikilvæga málaflokka, sem ríkisstj. hefur unnið að þann tíma, sem hún hefur verið við völd. Þessir málaflokkar eru í fyrsta lagi atvinnumálin, þ. e. a. s. endurnýjun atvinnutækja og efling atvinnulífsins, og í öðru lagi mun ég svo ræða um landhelgismálið.

Þegar núv. ríkisstj. tók við stjórn landsins á miðju ári 1971, var staða atvinnuveganna bágborin. Erfiðleikar höfðu gengið yfir í sjávarútvegi á árunum 1967 og 1968 vegna stórminnkandi síldarafla og lækkandi verðs á útfluttum sjávarafurðum. Gripið var til tveggja gengislækkana á þessum árum og kaup launþega almennt lækkað um 20%. Á síðasta stjórnarári viðreisnarstjórnarinnar, á árinu 1970, batnaði rekstrarafkoma margra atvinnufyrirtækja þó nokkuð, og stafaði það jöfnum höndum af því, að kaup verkafólks og sjómanna hafði verið lækkað mikið, og af því, að verðlag erlendis var framleiðslunni hagstætt. En þrátt fyrir nokkuð bætta rekstrarafkomu atvinnuveganna á árinu 1970 var staða þeirra þó mjög veik. Fiskiskipaflotinn hafði staðnað, fiskiðnaðurinn dregist aftur úr í mörgum greinum og iðnaður landsmanna og landbúnaðurinn höfðu engum teljandi breytingum tekið í langan tíma.

Þegar núv. ríkisstj. tók við stjórnartaumunum, var togarafloti landsmanna kominn niður í 20 gömul skip, en hafði verið 46 skip í upphafi viðreisnartímans. Mikill hluti bátaflotans, sem byggður var á síldarárunum 1964—67 átti í rekstrarerfiðleikum, og var þá reynt að taka upp togveiðar á þessum gömlu síldarbátum. Á öllum viðreisnartímanum höfðu nær engar framfarir orðið í frystihúsaiðnaði landsmanna, engar teljandi nýbyggingar frystihúsa höfðu átt sér stað, en hins vegar lá fyrir, að gera yrði stórfelldar umbætur í svo að segja öllum frystihúsum landsins, ef þau ættu að fá viðurkenningu til áframhaldandi rekstrar vegna nýrra krafna um hollustuhætti í matvælaframleiðslu.

Atvinnulíf landsmanna var vægast sagt mjög

veikt í lok viðreisnartímabilsins, enda var stöðugt atvinnuleysi á ýmsum stöðum á landinu á þessum árum, þó að verst væri ástandið í þeim efnum á árunum 1968 og 1969, þegar fjöldi manna beinlínis flúði land vegna atvinnuleysis.

Fyrir forgöngu núv. ríkisstj. hefur tekist að gjörbreyta ástandi atvinnulífsins frá því, sem áður var. Um 50 nýtísku skuttogarar og stór fiskiskip hafa verið keypt til landsins og smíðuð í innlendum skipasmíðastöðvum, auk fjölmargra smærri fiskibáta. Sérstök áherzla hefur verið lögð á það, að hinir nýju skuttogarar yrðu einnig gerðir út frá útgerðarbæjum úti á landi, jafnvel einnig frá hinum fámennari útgerðarbæjum, en færu ekki allir til Faxaflóasvæðisins, eins og reynslan hafði áður verið um togaraútgerðina, en segja má, að hún hafi eingöngu verið bundin við Faxaflóasvæðið og Akureyri. Vegna hinna nýju skipakaupa hefur blátt áfram orðið bylting í atvinnumálum margra staða úti á landsbyggðinni. Á Norðurlandi var t. d. ástandið í atvinnumálum oft mjög bágborið á viðreisnartímanum. Þar var tilfinnanlegt atvinnuleysi flest þau árin. Og þó var ástandið verst í Norðurlandskjördæmi vestra eða á svæðinu frá Siglufirði að Ströndum. Á þessu svæði verða innan skamms gerðir út 7 skuttogarar, og framkvæmdir í fiskvinnslu á þessu svæði hafa verið mjög miklar. Nú er ekki hægt að tala um atvinnuleysi á þessu svæði. Miklu fremur vantar nú fólk til margvíslegra starfa í þorpum og kaupstöðum í þessum landshlutum. Hinir nýju skuttogarar, sem þegar eru komnir til Austurlands og til Vestfjarða, hafa gjörbreytt atvinnulífinu í þessum landsfjórðungum. Fiskaflinn hefur aukist, vinnan í frystihúsunum hefur gjörbreyst og orðið samfelldari og afkoma sjómanna og verkafólks er miklu betri en áður.

Ég veit, að ýmsum þykir meira en nóg að gert með kaupum þessara nýju fiskiskipa og telja, að við hefðum átt að kaupa færri skip, því betra væri minna og jafnara. Athugasemdir af þessu tagi eru að mínum dómi byggðar á misskilningi. Í rauninni áttum við ekki þann kost til að kaupa aðeins fá skip eða nokkur skip á ári. Við stóðum frammi fyrir því, að togaraútgerð landsmanna var að lognast út af. Skipastólnum hafði beinlínis verið eytt upp án endurnýjunar. Við urðum því að gera stórt átak til endurreisnar togaraútgerð. Reynslan hafði líka sýnt okkur, að gömlu síldarbátarnir hæfðu ekki sem togveiðiskip. Þeir voru óhagkvæmir, og engin leið var að koma við á þeim nýtízku vinnubrögðum. Þessar aðstæður ásamt með atvinnustöðu byggðalaganna úti á landi gerðu það að verkum, að átakið þurfti að verða stórt. En jafnhliða hinum miklu skipakaupum hefur svo þurft að gera stórfelldar umbætur í frystiiðnaði landsmanna. Nú hefur verið hafist handa um byggingu margra nýrra frystihúsa. Í ljós kom við athugun, að mörg hinna gömlu frystihúsa voru ónothæt til frambúðarrekstrar. Unnið er nú að miklum umbótum í flestum frystihúsum í landinu, og gerð hefur verið framkvæmdaáætlun um þessar umbætur. Framkvæmdir þessar kosta að sjálfsögðu mikið fé, og hefur ríkisstj. aflað fjár í því skyni.

Fiskiðnaðurinn er stóriðnaður okkar Íslendinga. Langsamlega stærsti hluti okkar útflutnings er hraðfrystur fiskur. Við verðum því að gæta vel að uppbyggingu fiskiðnaðarins og sjá um, að hann uppfylli kröfur tímans og sé að öðru leyti svo hagkvæmur, að hann skili okkur hámarksarði á hverjum tíma. Sú uppbygging, sem nú á sér stað í fiskiðnaði landsmanna um allt land í byggingu nýrra frystihúsa og endurnýjun annarra og í byggingu annarra fiskvinnslustöðva í ýmsum greinum, jafnhliða endurnýjun og stóreflingu fiskiskipaflotans, er stærsta átakið, sem gert hefur verið í atvinnumálum landsins um langt árabil.

Auk þessa mikla átaks hefur svo verið unnið að alhliða uppbyggingu iðnaðar á vegum landsmanna sjálfra, m. a. með meiri framkvæmdum í raforkumálum en áður hefur þekkst. Og landbúnaðurinn hefur verið studdur með auknum lánum og mikilli uppbyggingu vinnslustöðva landbúnaðarafurða. Nú er svo komið, að vinnuafl skortir víða í byggðarlögum úti á landi, og nú verður að gera sérstakt átak í íbúðarhúsamálum landsbyggðarinnar, enda er nú ákveðið að byggja þar 1000 íbúðir með hliðstæðri fyrirgreiðslu og byggt hefur verið áður í Breiðholti í Reykjavík.

Stefnan í atvinnumálum þau tvö ár, sem núv. ríkisstj. hefur verið við völd, sem byggð hefur verið á því að treysta á heföbundna atvinnuvegi þjóðarinnar og atvinnurekstur í höndum landsmanna sjálfra, en hafna forsjá útlendinga í atvinnulífinu, hefur á þessum stutta tíma sannað gildi sitt og réttmæti og haft margfalt meiri áhrif á æskilega þróun byggðar í landinu en margra ára nefndarskipanir áður og sífelldar orðræður um jafnvægi í byggð landsins eða — eins og það heitir — byggðastefnu.

Ég vík þá að landhelgismálinu. Landhelgismálið er tvímælalaust stærsta og þýðingarmesta mál þjóðarinnar, sem unnið hefur verið að á tímabili núv. ríkisstj., og er það enn í dag. Samkvæmt opinberum skýrslum Alþjóðahafrannsóknaráðsins hefur heildarfiskaflinn af botnlægum fiski, þ. e. a. s. þorski og skyldum tegundum, numið 700—800 þús. tonnum á ári á fiskimiðunum við Ísland um alllangt árabil. Af þessu heildaraflamagni höfum við Íslendingar veitt um helming, en fiskimenn annarra þjóða álíka mikið. Það er álit okkar, að með skynsamlegri nýtingu þessara fiskistofna megi tryggja talsverða aukningu á þessu meðaltalsaflamagni. Sennilega mætti áætla, að meðalaflamagnið gæti orðið um 1 milljón tonn á ári. Auk þess afla er svo síldarafli og loðnuafli og afli annarra uppsjávarfiska. Með útfærslu fiskveiðilandhelginnar í 50 mílur og síðar í 200 mílur ætlum við Íslendingar að taka í okkar hendur yfirstjórn á nýtingu þessara fiskistofna, allra þessara miklu auðlinda. Nú í svipinn er barátta okkar í landhelgismálinu fyrst og fremst miðuð við það að koma í veg fyrir, að þessum fiskistofnum verði spillt með ofveiði, en takmark okkar er það, að við höfum einir í okkar höndum fullkomið vald til þess að stjórna hagnýtingu þessara miklu auðlinda, sem

að eðlilegum hætti tilheyra okkar landi.

Nú er liðið rúmlega eitt ár, síðan útfærslan í 50 mílur tók gildi 1. sept. 1972. Það er því full ástæða til að reyna að átta sig á því, hvaða árangri við höfum náð í baráttu okkar. Á almennum borgarafundi, sem haldinn var hér í Reykjavík nýlega um landhelgismálið, gerði ég grein fyrir mati mínu á því, hvað áunnist hefði á þessu rúmlega eina ári. Um það sagði ég m. a. þetta:

Séu nokkur þýðingarmestu atriði málsins dregin saman, er staðan þessi:

Í fyrsta lagi: Þrjár þjóðir hafa samið við okkur um fiskveiðar innan 50 mílna markanna: Belgir, Færeyingar og Norðmenn, og viðurkenna þar með yfirráðarétt okkar á svæðinu og skuldbinda sig til að fylgja okkar lögum og reglum um veiðarnar.

Í öðru lagi: Allar aðrar þjóðir, sem fiskveiðar stunduðu á fiskimiðunum við landið, að undanteknum Bretum og Vestur-Þjóðverjum, hafa í reynd virt okkar 50 mílna fiskveiðilandhelgi og horfið með skip sín af Íslandsmiðum. Hér er um mjög mikilvægan árangur að ræða, miklu meiri en menn gera sér almennt grein fyrir. Fiskiskip margra þjóða sóttu í sívaxandi mæli á okkar fiskimið á árunum 1971 og 1972, allt fram að því að stækkun fiskveiðilandhelginnar tók gildi. Hér var oft um mjög stór og afkastamikil skip að ræða, skip, sem voru að færa sig frá fiskimiðunum á vestanverðu Norður-Atlantshafi, þar sem fiskafli fór minnkandi. Við þessum tilfærslum hinna nýju og stóru skipa höfðu einmitt fiskifræðingar margra landa varað sérstaklega. Sem dæmi um þennan veiðiflota vil ég nefna, að samkvæmt talningu íslensku landhelgisgæslunnar voru t. d. að veiðum hér við land 27. og 28. maí 1971 11 pólskir skuttogarar, 18 rússneskir skuttogarar og 1 móðurskip, 11 austur-þýskir skuttogarar, 6 óþekktir, sennilega franskir og spánskir. 13. og 14. maí 1971 voru samkvæmt talningu landhelgisgæslunnar 8 pólskir skuttogarar, 8 rússneskir, 13 austur-þýskir, 3 franskir skuttogarar, 2 hollenskir og 1 spánskur. 31. maí 1972, eða þremur mánuðum fyrir útfærslu landhelgismarkanna, taldi landhelgisgæslan 11 austur-þýska skuttogara, 8 pólska, 1 rússneskan og 19 óþekkta, sem taldir voru pólskir og austur-þýskir. Þessi erlendi fiskiskipafloti, t. d. frá þessum 6 þjóðlöndum: Póllandi, Austur-Þýskalandi, Rússlandi, Frakklandi, Hollandi og Spáni, var yfirleitt af fullkomnustu gerð. Skipin voru mjög stór, oft 2—3 þús. rúmlestir að stærð, og búin öllum nýtízku vélum til fiskvinnslu um borð. Þessi fiskiskipafloti og veiðiskip margra annarra þjóða eru gjörsamlega horfin af okkar miðum.

Í þriðja lagi um okkar árangur er svo rétt að ræða um veiðar vestur-þýskra og breskra skipa hér við land. Mjög er erfitt að segja með nokkurri nákvæmni, hver afli þeirra hefur verið eftir útfærsluna. Afli Vestur-Þjóðverja var hér um 120 þús. tonn árið 1971, en féll niður í 93 þús. tonn árið 1972, og var þessi minnkun skýrð af þeim sjálfum með landhelgisútfærslu okkar. Svo virðist sem afli Vestur-Þjóðverja á Íslandsmiðum hafi orðið um 70 þús. tonn á 12 mánuðunum eftir útfærsluna. Heildarafli Vestur-Þjóðverja hefur því greinilega minnkað mikið. Enn verra er þó að átta sig á raunverulegum afla bresku togaranna hér við land eftir útfærsluna. Heildarafli Breta hér við land árið 1971 var 210 þús. tonn og árið 1972 186 þús. tonn. Opinberar skýrslur liggja fyrir um aflamagn breskra togara fyrstu 8 mánuðina eftir útfærsluna eða til aprílloka 1973. Á þeim tíma var heildaraflamagnið samkvæmt skýrslum Breta sjálfra 84.300 tonn sem landaður fiskur. Ef aflamagnið næstu fjóra mánuði hefði verið svipað og 8 mánuðina áður, hefði landað aflamagn átt að vera um 124 þús. tonn, en það jafngildir um 146 þús. tonnum upp úr sjó. Áróðursmenn brezkra togaraeigenda segja hins vegar, að aflinn á Íslandsmiðum hafi orðið 164 þús. tonn, en slíkt fær með engu móti staðist. Fiskafli bresku skipanna hefur óumdeilanlega minnkað verulega þrátt fyrir aukna sókn og gífurlegan tilkostnað.

Þessi atriði, sem hér hafa verið talin, sýna á óvefengjanlegan hátt, að við höfum þegar á fyrsta árinu eftir útfærsluna náð miklum beinum árangri. En árangur okkar er þó í rauninni miklu meiri. Bresku skipstjórarnir höfðu gefist upp við veiðarnar hér 18. maí í vor, og nú hefur breska ríkisstj. orðið að láta undan síga vegna einarðrar framkomu okkar og þrýstings frá mörgum þjóðum. Allsherjarþing Sameinuðu þjóðanna hefur gert samþykkt, sem styður okkar málsstað. Og fleiri og fleiri þjóðir taka undir meginatriðin í stefnu okkar í fiskveiðilandhelgismálum. Staða okkar í landhelgismálinu er því vissulega sterk í dag.

Nýtt viðhorf hefur nú komið upp í deilu okkar við Breta, með því að þeir fóru með herskip sín og dráttarbáta út úr fiskveiðilandhelginni. Forsrh. landanna hafa átt með sér fund, og enn einu sinni var eftir því leitað, hvort Bretar vildu fallast á sanngjarna bráðabirgðalausn í deilunni. 1 tilefni af því, sem Geir Hallgrímsson, form. Sjálfstfl., sagði hér í kvöld, að nú lægi fyrir ríkisstj. og stjórnmálaflokkunum samkomulagsgrundvöllur forsrh., vil ég taka það skýrt fram, að ekkert slíkt samkomulagsatriði hefur verið lagt fyrir ríkisstj. eða stjórnmálaflokkana, því að ekki er um neitt slíkt samkomulagsatriði að ræða, heldur er hér um að ræða till. Breta til lausnar á málinu. Við Íslendingar höfum margsinnis áður boðið Bretum bráðabirgðalausn, en þá sett fram nokkur grundvallarskilyrði, sem það samkomulag yrði að byggjast á. Tilboðum okkar öllum hafa Bretar neitað og svarað síðan með hervaldsbeitingu.

Þau grundvallarskilyrði, sem við höfum sett fyrir bráðabirgðasamkomulagi, eru þessi:

1) Að samkomulagið stæði aðeins í stuttan tíma. Við höfum teygt okkur til þess, að samkomulagið stæði í lengsta lagi til 1. maí 1975.

2) Að samkomulagið tryggði allverulega minnkandi sókn Breta á miðin við landið og þannig raunverulega minnkun veiðanna.

3) Að enginn vafi léki á því, að Bretar viðurkenndu rétt okkar til að sjá um framkvæmd á því samkomulagi, sem gert yrði, þ. e. a. s. að við hefðum skýlausan rétt til að taka þau skip, sem brytu samkomulagið, og dæma þá seku, t. d.

með því að svipta þá áframhaldandi veiðiheimildum.

Á ekkert þessara grundvallaratriða hafa Bretar viljað fallast. Þeir hafa brotið lög okkar um útfærsluna í rúmlega eitt ár, en krefjast þó samninga til tveggja ára. Þannig ætla þeir fyrst með ofbeldi og síðan með samningum að ná fram öllu því, sem þeir kröfðust í upphafi. Bretar hafa aldrei viljað ganga að skilyrðum okkar um minnkandi sókn á miðin, og enn ætlast þeir til, að við gefum eftir frá okkar kröfum um friðunarsvæði og fjölda skipa. Og það, sem þó sýnir átakanlegast skilningsleysi Breta á aðstöðu okkar, er, að þeir vilja ekki fallast á neinar reglur, sem hægt er að treysta á, um framkvæmd samkomulags. Það hefur verið og er væntanlega enn samdóma álit allra Íslendinga, að ekki komi til mála að semja við Breta eða neina aðra um bráðabirgðasamkomulag í landhelgismálinu, nema ljóst sé, að eftirlit og framkvæmdavald sé í okkar höndum.

Sá árangur, sem við höfum þegar náð í landhelgismálinu, er vissulega mikill og staða okkar í málinu miklu sterkari í dag en hún var fyrir ári. Þjóðin hefur staðið saman í deilunum við Breta og Vestur-Þjóðverja, þegar undan eru skildir örfáir áhrifalausir nöldrarar, sem aðallega hafa skrifað í Morgunblaðið. Nokkrar deilur hafa verið við suma af forustumönnum stjórnarandstöðunnar um málsmeðferð, en þó ekki um meginstefnuna í málinu.

Reynslan hefur nú sannað okkur, að sú ákvörðun ríkisstj. að segja upp landhelgissamningunum frá 1961 var rétt og algerlega óhjákvæmileg. Reynslan hefur líka sýnt, að það hefði verið mikil skyssa að setja málið í hendur dómstólsins í Haag, sem úrskurðað hefur Bretum rétt til veiða á okkar miðum.

Starf ríkisstj. í landhelgismálinu á erlendum vettvangi hefur vissulega borið mikinn árangur, og einarðleg framkoma okkar í samskiptum við aðrar þjóðir og í samningaviðræðum okkar um málið hefur fært okkur þá sterku stöðu í málinu, sem við höfum í dag. Nudd og nag þeirra, sem skrifa Reykjavíkurbréf Morgunblaðsins og leiðara þess og virðast vera á móti öllu, sem gert hefur verið í landhelgismálinu, breyta engu um þessa sterku stöðu Íslendinga í málinu. Og yfirboðstillögur, sem fram hafa komið á Alþingi um, að færa hefði átt lengra út en í 50 mílur, og nú síðast um útfærslu í 200 mílur fyrir árslok 1974, breyta heldur engu um okkar sterku stöðu í málinu. Ríkisstj. mun flytja frv. á þessu þingi um rétt okkar til að lýsa yfir fiskveiðilögsögu á hafsvæði út í 200 mílur frá grunnlínum, og 200 mílurnar munu koma, þegar sigur hefur unnist í deilunni um 50 mílurnar, en sú deila stendur enn yfir, og það er sigur í þeirri deilu, sem við þurfum að vinna. En nú er aðalatriði landhelgismálsins það, að við glutrum ekki niður því, sem áunnist hefur, að við látum hvorki Breta né aðra setja okkur neina úrslitakosti, að við metum styrkleika okkar rétt og við höldum áfram óskertum þeim stóra hópi manna í landinu úr öllum flokkum og öllum stéttum, sem unnið hafa markvisst að því, að fullnaðarsigur okkar í landhelgismálinu náist. — Góða nótt.

Bjarni Guðnason: Herra forseti. Góðir hlustendur. Drög Breta að samningum í fiskveiðideilunni, sem forsrh. kom með frá Lundúnum, eru trúnaðarmál, og ég get því miður ekki rætt þau nánar né stöðuna í deilunni eins og stendur. Þó vil ég leyfa mér að segja þetta: Allir hljóta að vona, að fiskveiðideilan leysist á farsælan hátt, án þess að hvikað sé frá settu marki: fullum yfirráðum yfir 50 mílna lögsögunni. Ekki heldur mun ég á þeim fáu mínútum, sem ég hef til umráða, fjalla um sameiningarmálið, því að ég tel það ekki umræðuvert, þótt slitur af Málfundafélagi jafnaðarmanna gangi aftur í Alþfl. Hins vegar mun ég vikja að ástandi efnahagsmála og efnahagsstefnu ríkisstjórnarinnar.

Íslenskt efnahagslíf er ekki heilbrigt. Stórstígar vísitöluhækkanir verðlags og kaupgjalds, vinnuaflsskortur, rýrnun sparifjár, ört vaxandi útgjaldaaukning ríkissjóðs og niðþung skattabyrði eru nokkrir þættir efnahagsmálanna. Allt þetta eru augljós auðkenni verðbólgu. Að vísu er hún ekkert nýtt fyrirbæri í sögu eftirstríðsáranna á Íslandi og íslenskar ríkisstj. hafa lengstum beðið lægri hlut í viðureigninni við hana. En nýlunda er, að verðbólgan er hömlulausari en nokkru sinni fyrr frá stríðslokum. Gert er ráð fyrir, að vísitala vöru og þjónustu muni hækka um 22% á þessu ári. Ekki verður einungis við núv. ríkisstj. sakast um þennan hrunadans dýrtíðar, þar sem vörur hafa stigið í verði erlendis. En ekki fer á milli mála, að hin háskalega verðlagsþróun hér á landi er mestmegnis af innlendum toga spunnin, því að framfærsluvísitalan hefur hækkað hér allt að því þrisvar sinnum meira en í nálægum löndum.

Ríkisstj. verður því legið á hálsi fyrir að hafa misst stjórn á efnahagsmálunum og ofurselt þjóðina mestu verðbólguskriðu eftirstríðsáranna, án þess að hafa reynt af hafa hemil á verðbólgunni eftir mætti með festu í fjármálastjórn og hófsemi í fjárfestingum. Eyðslustefna ríkisstj., sem er meginorsök þessarar verðbólguskriðu, kemur harðast niður á þeim samfélagshópum, sem studdu þessa stjórn til valda. Verkafólk og launþegar stynja undan níðangurslegum skattalögum og eiga í vök að verjast að láta enda ná saman vegna gífurlegra verðhækkana, þó að krónurnar séu að vísu fleiri, á meðan gróðamenn leika lausum hala og raka inn meira fé en þekkist í sögu þjóðarinnar. Og þessi ríkisstjórn kallar sig stjórn hins vinnandi fólks.

En víkjum nú að einstökum atriðum.

Sýnt er, að fjárlögin fyrir árið 1974 komi til með að hljóða upp á um 30 milljarða kr., þegar frá verður gengið. Þetta merkir, að fjárlögin hafa hækkað um 300% á þremur árum. Lætur nærri, að hver einstaklingur greiði að meðaltali um 150 þús. kr. eða hver 5 manna fjölskylda 750 þús. kr. til ríkissjóðs, og þá eru ótalin gjöld til sveitarfélaga. Segir það sig sjálft, að launþegar, sem hafa ekki tök á neinum undanbrögðum í skattgreiðslu, eru svo skattpíndir, að tala má um, að þeir séu sviptir fjárráðum. Verst er það, að persónufrádráttur er svo lágur og skattstiginn svo brattur, að jafnvel þurftar-

tekjufólk getur lent í því að greiða 55% af hluta tekna sinna eins og hátekjufólk.

Með þessum skattalögum er búið svo um hnútana, að ekki er unnt að eignast neitt af eigin fé, allt miðast við lántökur og skuldir. Að spara er heimska, að skulda er lausnin. Þannig eru skattalögin beinlínis verðbólgumyndandi. En um leið eru þau sniðin fyrir skjótfenginn gróða. Móar og melar verða nú tugmilljóna kr. virði vegna samfélagslegrar þróunar, en ekki þarf eigandinn að greiða eyri í söluhagnað til hins opinbera, ef hann á eignina sex ár. Jafnvel íhaldsstjórnir í öðrum löndum skattleggja slíkan gróða, en ekki ríkisstjórn Íslands.

Í fjárlagafrv. er gefið í skyn, að vænta megi breytinga á skattalögum á þessu þingi, en þó þannig, að aðeins verði um breytingar á milli beinna og óbeinna skatta að ræða. Ber að fagna því, ef viturlega verður á haldið. Hins vegar er ljóst, að heildarálagning skatta lækkar ekki, þvert á móti hlýtur skattabyrðin sífellt að þyngjast að óbreyttri stefnu ríkisstj. Þrátt fyrir gífurlegar auknar tekjur ríkissjóðs vaxa kostnaðarliðirnir svo ört, að ekkert mettar þá hít, sem nefnist ríkissjóður. Boðað er, að söluskattur hækki um 2% frá áramótum, upp í 15%, en verði 13% 1. mars, þegar söluskattur viðlagasjóðs fellur niður. Verður lítill trúnaður á það lagður, að þetta viðlagasjóðsgjald verði niður fellt, eins og allt er í pottinn búið. Hækkun söluskatts kemur harðast niður á barnafjölskyldum, sem þurfa mest til daglegrar neyslu. Því hefði mátt ætla, að ríkisstj. hækkaði fjölskyldubæturnar, en það er öðru nær. Þær lækka um 133 millj. Þetta er þeim mun alvarlegra sem almennustu neysluvörur almennings, landbúnaðarvörur og fiskur, eru mun dýrari en þær voru fyrir tveim árum, þegar þessi ríkisstj. tók við, miðað við verkamannalaun. En til gamans og nokkurs fróðleiks má geta þess, að í málefnasamningi ríkisstj. er því heitið að beita sér fyrir því, að söluskattur á ýmsum nauðsynjavörum verði felldur niður.

Launþegar, verkafólk og opinberir starfsmenn hafa nú lagt fram kröfur sínar um kjarabætur. Það segir sína sögu, að meðal helstu krafna eru lagfæringar á skattalögum og úrbætur í húsnæðismálum, og verður það ekki talið annað en nokkur áfellisdómur á ríkisstj. hins vinnandi fólks.

Hér gefst ekki tími til að ræða húsnæðismálin. Íbúðir hafa tvöfaldast í verði á tveimur árum, og hörmulegt er til þess að vita, þegar fólk þarf að láta meiri hluta tekna sinna í húsaleigu og húsnæðiskostnað. Hér þarf vissulega að gera miklu stærri átök í húsnæðismálum með félagslegum aðgerðum. En meginkrafa launþega er að bæta kjör láglaunafólks. Því var heitið í málefnasamningi ríkisstj., að láglaunafólk skyldi fá 20% kaupmáttaraukningu á tveimur árum. Þrátt fyrir kauphækkanir í krónutölu og vísitöluálag á laun hafa kjarabætur launafólks runnið út í sandinn vegna verðbólgu og skattpíningar, hvað sem allir reiknimeistarar ríkisstj. segja. 40 stunda vinnuvikan hefur reynst einskis virði, því að verkamaður með 5 manna fjölskyldu getur ekki framfleytt henni nema með 50—60 stunda vinnuviku og að eiginkonan vinni úti að auki. Kjör verkamanna eru litlu betri en fyrir 30 árum. Verkamaður hefur samkv. 2. taxta Dagsbrúnar um 22 500 kr. á 4 vikum, en skv. útreikningi Hagstofunnar þarf vísitölufjölskyldan rúmar 46 þús. kr. á mánuði til að lifa af. Það getur því ekki talist nein heimtufrekja að krefjast 35 þús. kr. lágmarkslauna á mánuði.

Það hlýtur að liggja í augum uppi, að það verður umfram allt að tryggja kjör þess fólks, sem vinnur við framleiðslugreinarnar, bæði til sjávar og sveita.

Það gefur auga leið, að vilji menn fá mikla þjónustu af hálfu hins opinbera, verða menn að greiða hana í formi skatta. Hins vegar verður seint á það fallist, að stefna beri að því að svipta menn fjárráðum og fela sig forsjá ríkisvaldsins. Þegar litið er á fjárlagafrv. kemur í ljós, að 18% af útgjöldum ríkissjóðs eða um 5 milljarðar kr. fari í menntamál og 36.1% eða um 10 milljarðar í heilbrigðis- og tryggingamál. Þetta eru hvorki meira né minna en 54% af öllum útgjöldum ríkissjóðs. Hvernig er með nýtingu þessa fjár? Það verður að gera þá kröfu til ríkisvaldsins, að það geri reglulega könnun á ráðstöfun þessa fjár til þess að komast að raun um, hvort bættur rekstur og skipulagning geti ekki dregið úr kostnaðinum, sbr. þá athugun, sem nýlega var gerð hjá Tryggingastofnun ríkisins. Ég er sannfærður um, að unnt sé að spara verulegar fjárupphæðir á spítalakerfinu og tryggingakerfinu, án þess — ég endurtek: án þess að skerða þjónustu við sjúklinga og hag þeirra bótaþega, sem verst eru settir. En því miður gefst ekki tími til að fara nánar út í þessa sálma að sinni.

Og hvernig væri að halda ríkisbákninu í skefjum? Þegar Framkvæmdastofnun ríkisins var sett á laggirnar með þremur forstjórum og 7 manna stjórn og yfirmönnum deilda, hver sikilhúfan upp af annarri, var ætlunin að stýfa Seðlabankann og Efnahagsstofnunin var lögð niður. En Seðlabankinn heldur áfram að útna út með á annað hundrað fastra starfsmanna, og nú á samkv. nýju stjfrv. að gera hagrannsóknadeild Framkvæmdastofnunarinnar að sjálfstæðri stofnun, Hagrannsóknastofnun, og er þá Efnahagsstofnunin endurborin. Ég spyr: Hvernig getur 200 þús. manna þjóðfélag staðið undir þessu? Er ekki von, að eitthvað fari úr skorðum?

Og bankarnir halda áfram að reisa bankahallir. Samvinnubankinn byggir, Landsbankinn byggir og Seðlabankinn hyggst byggja smáhýsi fyrir litlar 500 millj. kr. Bankamálaráðh. tilkynnir alþjóð, að hann sé valdalaus og geti ekki haft nein áhrif á gang mála. Dettur nokkrum manni í hug, að ríkisstj. geti ekki gripið í taumana, annaðhvort með tilmælum til stjórnar Seðlabankans eða með brbl., ef hún hefur þá ekki fulla heimild til þess samkv. núgildandi lögum? Algert stjórnleysi, valdalaus ríkisstj., þetta er myndin. Og svo eru þessir menn að tala um áætlunarbúskap og forgangsröðun verkefna. Ja, svona geta menn verið gamansamir í pólitíkinni.

Fjárfestingar verða að miðast við fjármagnsgetu og vinnuafl. Enginn vafi er á, að fjárfestingar, sem hafa ekki þessar forsendur, eru einn mesti verðbólguvaldurinn. Auðvitað

væri æskilegast að gera allt í einu. En kapp er best með forsjá. Sú spurning vaknar, hvort ástæða sé til að fara mjög geyst í byggingu Sigölduvirkjunar, eins og sakir standa. Að vísu liggur þar að baki sú hugmynd að renna fleiri stoðum undir atvinnulífið, og er það í sjálfu sér góðra gjalda vert. En Sigölduvirkjun er byggð fyrir erlent lán, og hugsanlega þarf erlenda verkamenn, og reisa á síðan efnaverksmiðju í Hvalfirði í samvinnu við erlendan auðhring. Er nokkur ástæða til að styrkja erlenda auðhringa? Þeir ráða verðinu á vörunni og markaðinum og fá niðurgreitt raforkuverð a. m. k. fyrst um sinn. Það hlýtur að vera miklu arðvænlegra að leggja þetta fé í íslenska fiskiðnaðinn. Sinnaskipti iðnrh. eru í sjálfu sér sérstakt rannsóknarefni. En ljóst má vera, að ekki má undir neinum kringumstæðum draga fólk til framkvæmda af þessu tagi frá undirstöðuatvinnugreinunum. Við verðum að geta mannað fiskiskip okkar og boðið sjómönnum þau bestu kjör, sem fáanleg eru í landi.

Það, sem hefur haldið ríkisstj. á floti í efnahagsmálum, eru hinar gífurlegu verðhækkanir íslenskra sjávarafurða erlendis. Með nokkrum ýkjum má segja, að þær hafi tvöfaldast í verði á einu ári. Vonandi helst þetta verðlag lengi. En halda verður þannig á málum, að íslenskt efnahagslíf geti staðist verðfall, ef til kæmi, ella gæti það haft hinar voveiflegustu afleiðingar fyrir afkomu þjóðarinnar, eins og á árunum 1967 og 1968.

S. l. sumar stóð til að afla tekna fyrir ríkissjóð, og var leitað til mín um stuðning við væntanleg brbl. Af því tilefni skrifaði ég bréf til fjmrh., og þykir mér rétt að tilgreina nokkur atriði úr því bréfi, þar sem þau spegla afstöðu mína til efnahagsstefnu ríkisstj. Þar segir m. a.:

„Ráðstefna Samtaka frjálslyndra og vinstri manna í Reykjavík, sem haldin var 14. júlí s. l., telur, að ríkisstj. hafi ekki tekist að standa við ýmis veigamikil atriði í málefnasamningi sínum. M. a. hefur hún misst tök á verðlagsþróuninni í landinu, brugðist verulega í skattamálum og ekki sýnt þá festu í efnahagsmálum og aðhald í ríkisrekstri, sem nauðsynlegt er á verðbólgutímum. Ríkisstj. hefur hafnað viðræðum við SF um stuðning og samstarf á grundvelli málefnasamningsins og þar með komið í veg fyrir, að SF geti haft áhrif á stjórn þeirra málaflokka, sem úr skorðum hafa farið.

Um leið og ég bendi yður, herra fjmrh., á þessa ályktun SF í Reykjavík, vil ég taka fram, að ég hef þrásinnis á Alþ. gagnrýnt ýmsar efnahagsaðgerðir ríkisstj. Á þetta m. a. við uppsprengd fjárlög, of miklar fjárfestingar og gengisfellinguna um 10.7% í des. s. l., þar sem að mínu viti hefur ekki verið tekið nægilegt tillit til þeirrar þenslu, sem ríkir í efnahagslífinu.

Ég dreg ekki í efa, að ríkissjóður hafi þörf fyrir auknar tekjur, en tel, að hún sé sprottin að verulegu leyti af því aðhaldsleysi í ríkisbúskapnum, sem að ofan getur. Vandinn verður því ekki leystur með nýjum og nýjum álögum á almenning, sem ekki sér fyrir endann á, heldur verði að taka upp nýja stefnu, sem lagi sig eftir ríkjandi aðstæðum í þjóðfélaginu.

Af þessu má ljóst vera, herra fjmrh., að ekki geta verið miklar líkur á því, að ég muni með atkv. mínu styðja þær álögur á almenning, sem þér hafið í huga.“

Þetta var úr bréfi til fjmrh. Af því má marka, að ríkisstj. í heild hefur hafnað því að taka upp viðræður við SF og mig um m. a. efnahagsstefnuna og þar með komið í veg fyrir, að við gætum haft nokkur áhrif á mótun hennar. Af þessu leiðir, að ríkisstj. hefur ekki áhuga á stuðningi mínum og ber því auðvitað ein ábyrgð á efnahagsstefnunni og tekur afleiðingum af því, enda þverbrotið málefnasamninginn, eins og fyrr segir. Og ég vil taka skýrt fram, að ég styð ekki hækkun söluskatts á lífsnauðsynjum almennings, þær eru nógu rándýrar fyrir.

Því miður er stjórnarandstöðuflokkunum ekki heldur treystandi í efnahagsmálunum og því síður í landhelgismálinu og herstöðvamálinu. En þar sem ég þykist vita, að stjórnarandstöðuflokkarnir njóta lítils trausts þjóðarinnar um þessar mundir, og er það að vonum, tel ég æskilegt, að efnt verði sem fyrst til þingkosninga, svo að unnt verði að stokka upp á vinstri væng stjórnmálanna og mynda nýja stjórn félagshyggjumanna, sem hefur styrk og getu til að takast betur á við verðbólguvandann heldur en núv. ríkisstj. hefur gert. Það þarf að mynda stjórn, sem með réttu getur kallað sig stjórn vinnandi fólks í landinu. — Þökk þeim, sem hlýddu. Góða nótt.

Vilhjálmur Hjálmarsson: Herra forseti. Góðir hlustendur. Síðustu atburðir í fiskveiðideilunni eru ofarlega í hugum Íslendinga þessa daga. Eins og fram hefur komið í þessum umr., er erfitt að ræða þá atburði í einstökum atriðum hér og nú. Landhelgismálið er stærsta lífshagsmunamál þjóðarinnar. Framvinda þess hefur leitt til harðrar deilu við sterkan andstæðing, sem hefur farið fram með offorsi. Andstæðingurinn hefur nú slakað á um sinn. Forsrh. Breta óskaði viðtals við forsrh. Íslands. Niðurstöður þess viðtals lagði forsrh. okkar fyrir ríkisstj. sína á fundi hennar í gær, fyrir utanrmn. Alþ. og þingflokkana í þeim tilgangi, að öll efnisatriði verði yfirveguð og metin og að Íslendingar leiti enn sem fyrr sameiginlegrar niðurstöðu í þessu örlagamáli. Þessi þáttur málsins er því nú til meðferðar á réttum vettvangi, og ræði ég það ekki frekar hér.

Efnahagsþróunin, verðbólgan, er stjórnarandstæðingum löngum kært ádeiluefni. En hér er nú við óvenjuramman reip að draga, því að auk innlendrar þenslu, sem engum hefur raunar enn tekist að hefta, koma nú til utanaðkomandi og óviðráðanleg atvik. Áætluð verðhækkun innflutnings í erlendri mynt verður t. d. í ár 10%, en áratuginn 1960—1970 breyttist innflutningsverðlag svo að segja ekki neitt. Kærkomin verðhækkun helstu útflutningsvara okkar verkar líka til aukinnar eftirspurnar og hækkandi verðlags innanlands. Vestmannaeyjaáfallið hefur enn verkað mjög verðbólguaukandi í þjóðfélaginu. Ríkisstj. hefur haft forustu um ýmsar aðgerðir til

viðnáms og m.a. leitað samstarfs við aðila vinnumarkaðarins, og eru ekki hvað síst bundnar vonir við þann þátt viðnámsins.

Stjórnarandstæðingar ræða jafnan margt um skattamál. Þeir skildu þannig við, að skyndibreyting var óhjákvæmileg þegar á fyrsta þingi eftir stjórnarskiptin. Að öðru leyti situr nú enn við sömu lög og þeir létu eftir sig. Við samanburð milli tímabila verður auðvitað að líta á heildarmyndina, en ekki að slíta úr samhengi einstaka þætti. Það má vel minna á það, að beinir skattar eru hlutfallslega miklu lægri hér en í nálægum löndum. Tekjuöflunarkerfið allt er nú í endurskoðun, og ber að leggja megináherslu á sem réttlátasta skattheimtu og svo á það, að skattheimtan dragi ekki úr vilja skattborgaranna til verðmætamyndunar.

Það er ekki vandaður málflutningur að býsnast yfir hækkun fjárl., en geta þess að engu, að tryggingagjöld einstaklinga og sveitarfélaga koma nú í gjaldabálk fjárl. og af framkvæmdaáætlun ríkisins er núna í fyrsta sinni innbyggð í fjárl. Þessi málflutningur táknar í raun og veru blekkingar í milljörðum og dæmir sig vitanlega sjálfur. Hitt er svo staðreynd, að athafnasöm ríkisstj., sem hefur mörg járn í eldi, þarf jafnan á háum fjárlögum að halda.

Forsrh. ræddi sérstaklega í ræðu sinni landhelgismálið og efnahagsmálin og gerði grein fyrir málatilbúnaði ríkisstj. á þessu þingi almennt. Aðrir ráðh. hafa rætt nánar einstaka málaflokka.

Í þingbyrjun á miðju kjörtímabili er ekki heldur úr vegi að bregða upp skyndimynd af almennu verkefnavali ríkisstj. og grunda stöðu nokkurra þýðingarmikilla baráttumála.

Fiskveiðilögsagan var færð út á tilteknum tíma. Við höfum barist á mörgum vígstöðvum í raun og veru og náð mjög merkum áföngum í þeirri baráttu. Enn er þó langt að því marki, sem öll þjóðin keppir að.

Landgræðsluáætlun er í vinnslu, örlagarík langtímamál, sem vel ber að vanda.

Endurskoðun varnarsamningsins er nýlega hafin í samræmi við ákvæði stjórnarsáttmálans, en landhelgismálið hefur, eins og kunnugt er, haft algeran forgang á sviði utanríkismálanna til þessa.

Með tveggja ára kjarasamningum og margvíslegum réttarbótum launþega við upphaf stjórnarsamstarfsins var í stórum dráttum tryggður vinnufriður á fyrri hluta kjörtímabilsins. Nú eru fram undan nýir og vandasamir kjarasamningar. Að því er kemur til kasta stjórnvalda, mun ríkisstj. stuðla að lausn, sem tryggi launþegum sem réttlátasta hlutdeild í þjóðartekjunum og atvinnurekstrinum starfsgrundvöll.

Með hækkun tryggingabóta, lágmarkstekjutryggingu og afnámi persónuskatta fengu hinir verst settu þýðingarmikla leiðréttingu. Byrðar, sem orðnar voru mörgum sveitarfélögum óbærilegar, voru fluttar yfir á sameiginlegan sjóð landsmanna. En tryggingalöggjöfin, tekjuöflun hins opinbera og sveitarstjórnarmálin í heild eru nú í endurskoðun.

Það er svo enn til marks um það starf, sem unnið er á sviði löggjafar um þessar mundir, að segja má, að landbúnaðarlöggjöfin í heild sé tekin til athugunar í nánu samráði við samtök bænda, og t.d. í menntamálum er ákaflega fjölþætt löggjöf í mótun.

Ríkisstj. reisti hátt merki byggðastefnu og eflingar íslenskra atvinnugreina. Endurnýjun fiskiskipanna ber strax rífulegan ávöxt. Nýju togskipin koma til með að dreifast á 30 útgerðarstaði. Árstíðabundið atvinnuleysi hverfur og dýrmæt atvinnutæki, fiskvinnslustöðvar, nýtast betur en nokkru sinni fyrr. Skipulagning loðnuveiðanna barg á fyrstu vertíð hundruðum millj. fyrir þjóðarbúið og verkaði eins og vítamingjöf í mörgum sjávarplássum. Víðs vegar um land fer nú fram endurbygging fiskiðjuvera og raunar einnig vinnslustöðva landbúnaðarins.

Ýmsar greinar íslensks iðnaðar eiga í erfiðleikum um þessar mundir, m.a. vegna of lítils aðlögunartíma eftir inngöngu Íslands í EFTA og vegna óhagstæðra gengisbreytinga og óhagstæðrar verðlagsþróunar heima og erlendis. — Lánamál iðnaðar hafa frá öndverðu verið í ólestri hér á landi. Þýðingarmiklar úrbætur hafa verið gerðar, bæði varðandi stofn- og rekstrarlán. Verður haldið áfram á þeirri braut, enda er þýðingarmikið, að fjölbreyttur íslenskur iðnaður nái að þróast víðs vegar um land.

Stórfelld átök hafa verið gerð til þess að leysa vanda einstakra iðnfyrirtækja, sem rennt hafa gildum stoðum undir atvinnulíf heimabyggða, en átt í tímabundnum erfiðleikum.

Í raforkumálum er nú unnið jöfnum höndum að stórvirkjun fyrir suðvestursvæðið og að smærri virkjunum vestan-, norðan- og austanlands. Rafvæðing sveitanna er tekin föstum tökum, og verðjöfnun raforku er undirbúin.

Það er einkennandi fyrir málefnastöðuna á hálfnuðu kjörtímabili, hvað víða hefur verið tekið til hendi, svo að um munar, og mörgu þjóðþrifamáli komið á rekspöl. Nú skiptir því öllu, að vel verði á eftir fylgt. Gildir það ekki síst um byggðamálin, og má þar enn minna á nokkur atriði.

Opnun hringvegar umhverfis landið mun marka tímamót. En þær svæðisbundnu áætlanir, sem nú er unnið eftir í samgöngumálunum, eru engir lokaáfangar í sjálfu sér, þótt merkar séu.

Ný hafnalög, heilbrigðislöggjöfin og lög um dvalarheimili aldraðra ákvarða stóraukna þátttöku ríkisins í mannvirkjagerð og innihalda merk skipulagsleg ákvæði. Þessi lög voru sett í fyrra, og nú er að framfylgja þessum lögum.

Breiðholtsáætlunin jók ójafnvægi í íbúðabyggingum. Lög um leiguíbúðir sveitarfélaga eru aðeins fyrsta skref af mörgum, sem stíga þarf í jafnvægisátt.

Byggðasjóður var strax efldur og hefur þegar veitt atvinnulífi margra byggðarlaga mikilsverðan stuðning. En það þarf þó vissulega meira til á því sviði, ef vel á að vera.

Fyrri ríkisstj. felldi niður þá stórkostlegu verðjöfnun vöruflutninga, sem framhaldsfragtin svonefnda var strandbyggðunum í 30 ár. Mþn. undirbýr lagfæringu á þessu sviði. Annar starfshópur leitar leiðar til að færa hluta sameiginlegrar starfsemi þjóðarinnar út í héruðin, og hinn þriðji vinnur að mótun heildarstefnu í byggðamálunum.

Þeirri byggðastefnu, sem Framsfl. og Gísli

Guðmundsson alveg sérstaklega var spottaður fyrir til skamms tíma, er nú framfylgt í verki af þessari ríkisstj., og sú stefna nýtur nú vaxandi skilnings meðal allra stjórnmálaflokka og í öllum landshlutum.

Góðir áheyrendur. Í umr. sem þessum ber margt á góma. Ég hef að mestu leitt hjá mér að karpa við aðra ræðumenn um einstök atriði, en ég legg þunga áherslu á það, að landhelgismálið, byggðastefnan og kjör íslenskrar alþýðu í órofa tengslum við vöxt og viðgang íslenskra atvinnugreina eru í mínum augum einhverjir gildastir þættir stjórnmálasamstarfsins, og koma þó vissulega fleiri þættir til.

Ég skal gjarnan taka fram, að sum þau verk, sem ég hef drepið á, eru nú unnin í beinu framhaldi af fyrri ákvörðunum Alþingis og aðgerðum stjórnarvalda þá. En á býsna mörgum sviðum hafa orðið glögg þáttaskil við stjórnarskiptin.

Það er nú svo á vettvangi stjórnmála sem annars staðar í mannlegri tilveru, að sífellt koma á dagskrá vandasöm viðfangsefni og skoðanir eru skiptar um einstök atriði, sem þá þarf að brjóta til mergjar með festu og rósemi. Gildir það ekki síður nú í dag en endranær.

Úrslit síðustu kosninga leiddu til stjórnarskipta og framkölluðu nýja stjórnarstefnu. Verkefnin á þjóðmálasviðinu, eins og þau liggja fyrir í dag, krefjast þess, að þessari stefnu verði framfylgt. — Góða nótt.

Benedikt Gröndal: Herra forseti. Góðir hlustendur. Segja má með sanni, að þessar umr. séu leyndardómsfullar og það í meira lagi. Hér koma fram fyrir þjóðina 11 alþm., allt frá ráðh. niður í óbreytta þm., fulltrúar allra flokka Alþ. Þeir skeggræða um margvíslega málaflokka, sem snerta stefnu ríkisstj. á næstu mánuðum. En það mál, sem allir eru að hugsa um, sem allar umr. utan við þingsalinn hafa snúist um í dag, má ekki nefna, svo að þjóðin heyri. Það eru að sjálfsögðu nýjustu atburðir í landhelgisdeilunni, sem hafa verið gerðir að trúnaðarmáli og engir mega fyrst um sinn heyra rætt um nema ráðh. og þm. á lokuðum fundum.

Erum við ekki öll sammála um, að landhelgismálið skipi algera sérstöðu sem mikilvægasta verkefni og vandamál þjóðarinnar? Erum við ekki sammála um, að það hafi forgang, hversu mikilvæg sem önnur mál eru?

Þau tíðindi hafa gerst, að forsrh. hefur með einbeittum hótunum um stjórnmálaslit knúið fram fund með forsrh. Breta og fengið þar fram nýjar hugmyndir um hugsanlega bráðabirgðalausn á landhelgisdeilunni til tveggja ára. Forsrh. hefur flogið til Lundúna, þingað í Downing Street og snúið heim með hið nýja plagg í tösku sinni. En hann hefur mælt svo fyrir, að efni skjalsins skuli a.m.k. fyrst um sinn vera algert trúnaðarmál, sem megi ekki fara út fyrir hinn þrönga hring ríkisstj. og Alþ., og hafa allir aðilar virt það utan einn. Ég tel, að þessi starfsaðferð hafi ekki verið rétt. Að sjálfsögðu er oft nauðsyn, að leynd hvíli yfir meðferð utanríkismála, sérstaklega á byrjunarstigi þeirra. En þetta er ekki einhlít regla. Það er líka til kenning um opna samninga og opin samskipti þjóða. Ég tel, að það hefði átt betur við í þetta skipti, því að ekkert er leynt, sem ekki mun verða opinbert, né nokkuð hulið, sem ekki verði kunnugt og komi í ljós, eins og segir í bókinni góðu. Landhelgismálið er ekki á byrjunarstigi, heldur hefur þjóðin fylgst með því af athygli í meira en ár og þrautþekkir hvert smáatriði þess. Þar að auki hafa breskir fjölmiðlar birt margvíslegar fregnir um þessi leyniskjöl og efni þeirra, og málið hefur verið rætt á fundi útgerðarmanna í Hull á opinskáan hátt. Er ekki kominn tími til þess, að Íslendingar hætti að fá fréttir af sínum eigin málum úr breskum blöðum?

Ég tel eðlilegt, að forsrh. hefði ætlað sér allt að einum sólarhring til að kynna málið sérstaklega fyrir stjórnarflokkunum og stjórnarandstöðunni, en ekki síðar en í gærkvöld hefði ráðh. átt að flytja í sjónvarpi og hljóðvarpi ræðu, þar sem hann skýrði allri þjóðinni hreinskilnislega frá málavöxtum. Á eftir hefðu nokkrir stjórnmálamenn eða nokkrir fréttamenn getað lagt fyrir hann spurningar til að varpa frekara ljósi á einstök atriði. Ég tel, að íslensku þjóðinni sé sannarlega treystandi til að gera sér rökstudda og ábyrga grein fyrir slíku máli á skömmum tíma, eftir að allar upplýsingar hafa verið veittar. Þjóðin hefði getað áttað sig á því, hvort hún vill kaupa friðinn því verði, sem í boði er. Þjóðin hefði getað áttað sig fljótlega á því, hvort forsrh. kom heim með óaðgengilega úrslitakosti eða með mikinn áfangasigur fyrir næstu tvö ár, hvort sem kann að reynast. Alþm. hefðu heyrt margar raddir úr kjördæmum sínum og haft betri aðstöðu en ella til að taka eftir nokkra daga ákvörðun um málið. Á þennan hátt hefði mátt ráðgast við þjóðina, einmitt vegna þess að við erum ekki stærri þjóð og ekki fleiri en við vitum, og við getum stundum hegðað okkur eins og ein stór fjölskylda. Ekki þarf að efast um, að afgreiðsla málsins, hver sem niðurstaðan yrði, mundi endanlega verða miklu sterkari en ella. Það er betra að geta vísað til þjóðarinnar allrar en þurfa að spekúlera um, hvað þessi og hinn hafi gert og sagt á lokuðum fundum.

Ég er bundinn trúnaðareðli málsins eins og aðrir þm. og mun því ekki ræða það efnislega. Hins vegar vil ég skýra frá því, að þm. Alþfl. hófu umr. um þetta mál, strax og þeim barst skýrsla forsrh., en við höfum vísvitandi ekki lokið þeirri umr. Óðagot í þessum efnum er ábyrgðarleysi, og vera má, að enn þurfi að spyrja um ýmis atriði.

Hitt gera menn sér ljóst, bæði í baksölum Alþ. og utan þess, að þetta mál getur haft viðtæk pólitísk áhrif, þrátt fyrir þá einingu í landhelgismálinu, sem tekist hefur að varðveita nokkurn veginn út á við. Það hefur verið upplýst, hvað einn stjórnarflokkurinn ætlar að gera, en ekki sagt frá afstöðu hinna enn. E.t.v. stendur ríkisstj. saman um málið að lokum. En hún virðist hæglega geta klofnað um það, og hvað tæki þá við? Um þessi atriði veit líklega enginn neitt í dag, síst af öllu ráðh. sjálfir. En næstu dagar geta orðið örlagaríkir á sviði íslenskra stjórnmála.

Landhelgismálið yfirskyggir allt annað í dag, eins og það hefur oft gert áður. En ríkisstj. hefur í önnur horn að líta og nóg af vandamálum að glíma við. Ráðh. eru 7 talsins, en ég hef lúmskan grun um, að á fundum þeirra um þessar mundir sé stundum áttundi aðilinn viðstaddur. Þessi áttundi ráðh. er vofan frá 1958, endurminningin um síðustu vikur og fall þáv. ríkisstj., sem einnig var kölluð vinstri stjórn. Vofan frá 1958 hefur margt að minna á.

Gamla vinstri stjórnin ætlaði í upphafi að láta varnarliðið fara, en guggnaði á því, og gleyptu kommúnistar þá ákvörðun án þess að verða bumbult af. Það verður fróðlegt að sjá um jólin í vetur, ef stjórnin lifir þá enn, hvort matarlyst þeirra er enn þá svo mikil.

Gamla vinstri stjórnin færði út landhelgina úr 4 í 12 mílur og átti í höggi við breska flotann. Það gerðust dramatískir atburðir á miðunum í átökum varðskipa okkar við hina bresku bryndreka.

En svo komu tímabil, þegar hlé varð á málinu og efnahagsmál kröfðust úrlausnar. Gamla vinstri stjórnin bjó við eitt mesta góðæri 1958, sem þjóðin hafði lifað fram að þeim tíma. En samt missti hún algerlega stjórn á efnahagsmálum og fjármálum ríkisins, og það varð henni að falli. Vofan frá 1958 gæti einnig minnt ríkisstj. á óðaverðbólgu þá eins og nú og skattpiningu, sem þá var að vísu ekkert í samanburði við núverandi ástand. Vofan gæti minnt á erfiðleika í samningum við launþegastéttirnar og síðast, en ekki síst píslargöngu forsrh. á Alþýðusambandsþing.

Gamla vinstri stjórnin lifði tvö ár og nokkra mánuði. Núv. ríkisstj. hefur setið í tvö ár og nokkra mánuði, og henni hefur tekist að komast lengra en hinni fyrri og sökkva sér í fen verðbólgu og efnahagsvandræða, missa af sér allan vinstri blæ og skattpína þjóðina, svo að öll fyrri met eru slegin.

Vandræði ríkisstj. eru þó ekki öll talin enn. Einn af þingm. stjórnarliðsins, Bjarni Guðnason, reyndist fljótlega brokkgengur og sagði sig úr þingflokki SF, en hélt þó um skeið áfram að styðja ríkisstj. Í ræðu sinni í kvöld steig Bjarni í raun skrefið að fullu og sagði ríkisstj. upp hollustu með því að krefjast kosninga. Þetta þýðir, að ríkisstj. hefur ekki lengur meiri hl. í Nd. Þar standa atkv. 20:20. Ríkisstj. getur því ekki komið neinu frv. í gegnum deildir Alþ., nema einhver einn stjórnarandstæðingur a. m. k. komi til liðs við hana hverju sinni. Þegar Bjarni Guðnason gaf yfirlýsingu sína fyrir rúmum 20 mínútum, breyttist ríkisstj. Íslands úr meirihlutastjórn í minnihlutastjórn. Þetta er töluvert mikill pólitískur atburður.

Alþfl. lýsti því yfir við myndun ríkisstj., að hann mundi veita henni stuðning í öllum málum, sem væru í anda sannrar jafnaðarstefnu og horfðu til bóta fyrir land og lýð. Þetta hefur flokkurinn gert og gerir enn. Alþfl. hefur ekki látið við það sitja að gagnrýna ævintýralega meðferð varnarmála í höndum ríkisstj., heldur hefur flokkurinn bent á nýjar ábyrgar hugmyndir um lausn þeirra mála. Alþfl. hefur af einbeitni stutt þjóðareiningu í landhelgismálinu og tekið mikinn og virkan þátt í þeirri baráttu af heilum hug. Ábyrgari andstöðuflokk getur engin ríkisstj. beðið um. Hins vegar hefur Alþfl. vægðarlaust gagnrýnt óstjórn efnahagsmála, skattaáþján og margt annað, sem hefur komið ríkisstj. út á kaldan klaka, tekið af henni vinstri svipinn, að svo miklu leyti sem hann nokkru sinni var til, og sett á hana þau feigðarmerki, sem blasa við sjónum þjóðarinnar í dag.

Nú bendir allt til, að fram undan séu tímamót, og er það von mín, að í næsta þætti íslenskra stjórnmála standi allir jafnaðarmenn saman sem eitt afl með nýjan styrk og ferskan blæ, því að engin stjórnmálastefna er meira að skapi Íslendinga allflestra en jafnaðarstefnan og engin stjórnmálastefna uppfyllir drauma íslenskrar æsku eins vel og jafnaðarstefnan getur gert. Vaxtarbroddur stjórnmálanna á næstu árum verður sameinaður og sterkur Jafnaðarmannaflokkur Íslands, og vonandi mun þá betur ganga heldur en gengið hefur undanfarin tvö ár. — Góða nótt.

Gunnar Thoroddsen: Herra forseti. Góðir hlustendur. Þeir atburðir eru nú að gerast í stjórnmálum landsins, að fólk spyr um gervalla landsbyggðina tveggja spurninga: Verður samið við Breta? Getur stjórnin lifað lengi úr þessu?

Varla er við því að búast, að við óbreyttir alþm. getum svarað þessum spurningum. Fremur væri það forsrh. og sjútvrh., en mér er þó næst að halda, að hvorugur þeirra geti svarað. Þeir hafa báðir flutt ræður, og munu menn jafnnær um svörin. Það væri kannske reynandi að spyrja ráðh. SF, hæstv. félmrh. og menntmrh., sem báðir hafa dvalist langdvölum í Alþb. og munu því vera þaulkunnugir heimilisháttum þar og vinnubrögðum. Máltæki segir, að seint fyrnist fornar ástir, en ekki er víst, að hið forna spakmæli eigi við um þá félaga.

Ekki treysti ég mér til að spá um lífdaga stjórnarinnar. Ég hef áður látið í ljós efasemdir um það, að þessi stjórn nái þriggja ára aldri fremur en aðrar þriggja flokka stjórnir á Íslandi, en engin þeirra hefur orðið svo gömul. En ef núv. ríkisstj. lifir af þá einstæðu atburði í íslenskri stjórnmálasögu, sem gerst hafa í dag með framkomu ráðh. og málgagns Alþb. í garð hæstv. forsrh., ef stjórnin lifir þá atburði af, þá verður hún ekki söm og áður. Sá trúnaður og það traust, sem verður að ríkja á milli samstarfsmanna í ríkisstj. og alveg sérstaklega milli forsrh. og samráðh., hefur beðið alvarlegan hnekki. Það er mál, sem varðar þjóðina alla.

Landhelgismálið gnæfir nú sem fyrr yfir önnur íslensk mál. Það er að mínu viti tvímælt. Annars vegar er lausn til skamms tíma í deilunum við Breta. Sá grundvöllur að samkomulagi, sem forsrh. afhenti þingflokkum í gær sem trúnaðarmál, er til umræðu og athugunar. Vegna villandi ummæla sjútvrh. hér áðan vil ég taka fram, að það voru ekki eingöngu till. forsrh., sem lagðar hafa verið fyrir þingflokkana. En á þessu stigi máls vil ég taka það fram, að viðleitni hæstv. forsrh. hinar síð-

ustu vikur til þess að finna lausn til bráðabirgða er lofsverð og það er réttara að styðja þá viðleitni en reyna að gera hana tortryggilega í augum þjóðarinnar. Með einróma ályktun Alþ. 15. febr. 1972 um útfærslu í 50 sjómílur var ríkisstj. falið að halda áfram samkomulagstilraunum við ríkisstj. Bretlands og Þýskalands um þau vandamál, sem skapast vegna útfærslunnar.

Hinn meginþáttur landhelgismálsins horfir lengra fram á við. Hæstv. forsrh. undirstrikaði í ræðu sinni í kvöld, að 50 mílna útfærslan hafi aðeins verið áfangi, en ekkert lokamark, á alþjóðavettvangi skipi Ísland sér í hóp þeirra þjóða, sem lengst vilja ganga í stækkun fiskveiðilandhelgi, og Íslendingar hafi á undirbúningsfundum hafréttarráðstefnunnar bæði flutt og stutt tillögur um 200 mílna fiskveiðimörk. Undir þessi orð hæstv. forsrh. tek ég, og ætla ég, að ekki sé út af fyrir sig ágreiningur milli hans og Sjálfstfl. um þetta markmið. En hvernig er hyggilegast og hollast þjóðinni að standa að stækkun fiskveiðilandhelginnar út fyrir 50 mílur?

Þess er fyrst að geta, að stefna Íslendinga hefur verið landgrunnið allt með öllum þess fiskimiðum. Miðað við þá þróun, sem orðið hefur hin síðustu ár, væri nú eðlilegt að miða ytri mörk landgrunnsins við a. m. k. 1000 metra dýpi eða við hagnýtingarmörk, þar sem þau ná lengra á haf út. Nú hafa mál þróast þannig, að þau lönd, sem vilja viðáttumikla landhelgi og fylgja landgrunnsstefnunni eins og við, telja yfirleitt sigurvænlegast að fylkja sér um 200 mílur. Liggja til þess einkum tvær ástæður. *Lönd eins og Suður-Ameríkuríkin*, sem þegar hafa tekið sér 200 mílur, hafa sum sáralitið landgrunn og því ekki sérstakan áhuga á þeirri viðmiðun. Önnur ríki, t. d. Kanada, hafa landgrunn, sem nær miklu lengra út en 200 mílur, og gera sér ekki vonir um að fá viðurkenningu á öllu sínu landgrunni. Þess vegna eru 200 mílurnar líklegastar til að sameina þessi ólíku sjónarmið, sem hafa það þó sameiginlegt að stefna að stórri landhelgi. 200 mílna landhelgi mundi ná til þeirra fiskimiða, sem mestu skipta fyrir okkur, og taka yfir landgrunnið og sums staðar ná lengra. Það samræmist því íslenskum hagsmunum að taka upp þá stefnu.

En hvers vegna leggjum við sjálfstæðismenn til, að útfærslan í 200 sjómílur komi til framkvæmda fyrir árslok 1974? Við teljum það lífsnauðsyn fyrir íslensku þjóðina, vegna þess að utan 50 mílna — milli 50 og 200 — eru dýrmæt fiskimið í alvarlegri yfirvofandi hættu. Þar má nefna dæmi. Loðnan hefur verið þjóðinni mikil búbót hin síðustu ár. Mikinn hluta ársins heldur hún sig fyrir utan 50 mílur, milli 70 og 150 mílna og um háveturinn oft rétt utan við 50 mílur. Ef erlend fiskiskip hæfu loðnuveiðar að ráði, er þarna mikil hætta á ferðum. Síldin hefur nú í nokkur ár verið friðuð. Menn vonast til þess, að hún nái sér aftur upp og hér geti hafist síldveiðar að nýju. Þá er brýn þörf, að landhelgin verði komin út í 200 mílur. Kolmunni kemur hingað oft í miklu magni og er yfirleitt á milli 50 og 150 mílna, og hafa erlendir togarar, einkum rússneskir, verið oft við þær veiðar með mikinn flota. Mikil grálúðumið eru fyrir vestan, norðan og austan land. Fyrir nokkrum árum var þar uppgripaafli. Erlendir togarar komu hópum saman, og aflinn dróst stórlega saman vegna ofveiði. Ég nefni þessi fjögur dæmi. Fjölmörg önnur geta fiskifræðingar nefnt um mikilvæg mið milli 50 og 200 mílna.

Heimurinn hefur horft upp á allt of mikið af rányrkju. Við sjálf höfðum orðið vitni að eyðingu fiskistofna. Það er ábyrgarhluti að halda að sér höndum. Við verður bæði sjálfra okkar vegna og annarra jarðarbúa að gera allt, sem í okkar valdi stendur, til þess að taka undir yfirráð okkar og verndarvæng öll þessi fiskimið og það sem fyrst.

Þessi eru aðalrök okkar fyrir því að bíða ekki lengur en til næsta árs með útfærsluna.

Til viðbótar koma önnur rök, bæði stjórnmálaleg og lagaleg. Það er nú þegar orðin viðurkennd regla í þjóðarétti, að strandríki eigi allar auðlindir í hafsbotninum á landgrunni sínu, svo sem olíu, málma og fleira. Skyldu þá ekki strandríki, sem byggja tilveru sína á fiskveiðum og hafa engin auðæfi fundið í hafsbotninum, með *sama rétti eiga auðæfin yfir honum*? Þetta sjónarmið hefur allsherjarþing Sameinuðu þjóðanna viðurkennt með ályktun sinni í des. s. l. Eftir undirbúningsfundi hafréttarráðstefnunnar liggur það einnig fyrir, svo að ekki er vefengt, að meiri hluti þjóða heims er orðinn fylgjandi 200 mílna efnahags- eða auðlindalögsögu, sem innifelur m. a. í sér fiskveiðilandhelgi. Hins vegar getur hafréttarráðstefnan tekið 2 eða 3 ár eða lengri tíma, og enginn veit, hvort þeir ⅔ hlutar atkv., sem þarf til þess, að samþykkt verði að alþjóðalögum, og auk þess staðfesting margra ríkja á eftir, — hvort það fæst eða hvenær. Þegar allt þetta kemur saman, sýnist okkur sjálfstæðismönnum ekki ástæða til að bíða, heldur talsverður ábyrgarhluti og áhætta að bíða öllu lengur en við höfum lagt til.

Eftir að Sjálfstfl. birti stefnu sína í þessu máli, kom í ljós, að einstaka maður var á öðru máli. Sumir vildu bíða og bíða. Og það undarlega gerðist, að sjútvrh. Lúðvík Jósepsson tók til máls. Jú, hann sagðist vera fylgjandi 200 mílunum, en bara ekki núna og bara ekki á næstunni, heldur einhvern tíma seinna. Hæstv. ráðh. hefur barist af kappi miklu fyrir 50 mílunum og einblínir á þær. Trúin á 50 mílurnar byrgir honum sýn fram á veginn. Þess vegna sagði hann á ársafmæli útfærslunnar orðrétt á þessa leið:

„Hitt er allt annað mál, hvort við Íslendingar tökum okkar 200 mílna landhelgi einhvern tíma í framtíðinni, þegar slíkt er heimilt samkv. breyttum alþjóðalögum eða að aflokinni hafréttarráðstefnu Sameinuðu þjóðanna."

Þetta eru mjög alvarlegar yfirlýsingar, — alvarlegar vegna þess, að Lúðvík Jósepsson virðist ekki vilja færa út í 200 mílur á næstunni. Slík afstaða er hættuleg af þeim ástæðum, sem ég hef áður minnst á. En þessi orð Lúðvíks eru einnig háskaleg vegna þess, að hann lýsir því yfir, að það sé brot gegn alþjóðalögum að færa út í 200 mílur. Ég hef áður skorað opinberlega á Lúðvík Jósepsson að taka aftur þessi

orð sín eða a. m. k. að skýra þau nánar. Það hefur hann ekki gert. Það liggur því fyrir, að svo sjóndapur er Lúðvík Jósepsson á hagsmuni íslensku þjóðarinnar, að hann sér ekki út fyrir 50 mílna línuna. Hann vill ekki útfærslu í 200 mílur fyrr en kannske einhvern tíma í framtíðinni, og hann leyfir sér það tilræði við hagsmuni þjóðarinnar að segja ólöglegar aðgerðir, sem við verðum að ráðast í á næstunni.

Lúðvík Jósepsson sagði í ræðu sinni áðan, að það væru yfirboðstill., sem sjálfstæðismenn væru að flytja. Í rauninni stangast það á við ummæli forsrh., sem ég rakti hér áðan. Í sumar gerðist það, að 50 menn birtu áskorun um stuðning við 200 mílur af hendi Alþ. og ríkistj. Þetta voru þjóðkunnir menn: skipherrar, skipstjórar, aflamenn. Þeir fá nú þær kveðjur hjá sjútvrh., að hér sé um yfirboð að ræða hjá þeim, sem, sem vilja sem fyrst 200 mílur.

Hæstv. sjútvrh. er mikill kappsmaður og sést oft ekki fyrir. En afstaða hans gagnvart 200 mílunum bendir til þess, að hann skorti yfirsýni. Og því er ekki að neita, að skortur á yfirsýn einkennir störf og stefnu ríkisstj. í allt of mörgum málum og þó ekki síst í efnahagsmálunum. Þar er þenslan gífurleg, jafnvægið allt úr skorðum, vettlingatök á flestum sviðum.

Þar sem einn ráðh. drap hér áðan á kjarasamninga, sem nú standa fyrir dyrum, vil ég nefna þrjú atriði launafólki til athugunar og umhugsunar:

1) Stjórnin hét því í málefnasamningi sínum að veita opinberum starfsmönnum verkfallsrétt og því afnema kjaradóm. Nú er það ljóst, að stjórnin hugsar sér ekki að semja við opinbera starfsmenn, heldur ætlar að afhenda launamál þeirra kjaradómi, og setur nú allt sitt traust á hann.

2) Verkalýðssamtökin hafa gert öllu meiri kröfur og hærri en áður oftast nær, eða rúm 40% kauphækkunarkröfur hjá þeim lægst launuðu. Benda þessar kröfur til þess, að launafólk leggi trúnað á fullyrðingar ríkisstj. um hina miklu aukningu kaupmáttar, sem sífellt er hamrað á og haldið fram, hvað sem því líður, að fólkið veit það sjálft, hversu kaupið dugir í þessari sívaxandi dýrtíð?

3) Það er önnur aðalkrafa launþegasamtakanna, að stórfelld breyting verði gerð á þeim skattalögum, sem vinstri stjórnin setti og þjaka launamenn þungt.

Þessi þrjú atriði tala vissulega sínu máli.

Tíma mínum er lokið. Ég þakka þeim, er hlýddu. — Góða nótt.

Menntmrh. (Magnús T. Ólafsson): Herra forseti. Hlustendur góðir. Umr. þessar fara fram eftir ákvæðum þingskapa Alþ., og er gert ráð fyrir, að þær snúist um stefnuræðu, sem forsrh. semur fyrir fram og lætur útbýta í trúnaði meðal þingheims í upphafi þinghalds. Verður ekki unnt að taka til meðferðar nýjustu viðhorf í landhelgismálinu, sem um er fjallað sem trúnaðarmál í þingflokkum þessa stundina. Stofnanir míns flokks hafa ekki enn gert niðurstöðu um för forsrh. til London full skil. Ég vil ítreka meginsjónarmið okkar í málinu. Einróma stefnumörkun að leita bráðabirgðasamkomulags við ríki, sem vefengja rétt okkar til útfærslu fiskveiðilögsögunnar, helgast af íslenskum hagsmunum í bráð og lengd og engu öðru. Við færum út landhelgina jöfnum höndum til þess að afstýra ofveiði á fiskistofnum, sem framtíð þjóðarinnar byggist á, og til að auka hlutdeild okkar sjálfra í afla á Íslandsmiðum.

Gagnvart þeim tveim ríkjum, sem bjóða útfærslu okkar beinlínis byrginn, þarf tvenns að gæta í senn: að fyrirgera í engu rétti okkar og aðstöðu til að hagnýta viðtækustu heimildir um efnahagslögsögu strandríkja, en hamla sem mest ágangi erlendu veiðiflotanna á fiskistofnana á Íslandsmiðum, meðan þeir fást ekki til að lúta útfærslu íslenskrar lögsögu. Landhelgisgæsla okkar megnar að torvelda heimildarlausar veiðar að vissu marki. En sé unnt að draga enn meira úr sókn hinna erlendu veiðiskipa með bráðabirgðasamkomulagi, sem ekki skerðir rétt okkar, ber hiklaust að velja þann kost. Við færum út landhelgina til að sjá borgið fiskveiðihagsmunum okkar sjálfra í bráð og lengd, ekki í því skyni að troða illsakir við einn né neinn degi lengur en nauðsyn ber til. Og það er mörkuð stefna okkar í fiskveiðum, að verndun fiskistofnana til frambúðar sé æðra sjónarmið en aflavon á líðandi stund.

Í landhelgismálinu má hvorki flokksleg bragðvísi né metingur blinda menn, svo að þeir kunni sér ekki hóf í málflutningi.

Ekki á þetta síður við um hitt stórmálið í skiptum við aðrar þjóðir, sem nú eru á döfinni, endurskoðun svonefnds varnarsamnings við Bandaríkin. Raun er að sjá þau níðskrif, sem dag eftir dag fylla dálka aðalmálgagns annars stjórnarandstöðuflokksins um utanrrh., þann mann, sem fengið hefur það hlutverk að framfylgja efnisþætti, sem var sameiginlegur annars ólíkri stefnu íslenskra stjórnmálaflokka á árinu 1949, þegar um það var deilt, hvort ganga skyldi í NATO eða ekki, en allir, sem að aðildinni stóðu, lýstu yfir, að viðurkenndur væri sá skilmáli Íslendinga, að erlendur her skyldi ekki dvelja í landinu á friðartímum.

Tillöguflutningur Alþfl. á síðasta þingi og aftur á því þingi, sem nú er nýhafið, ber með sér, að mikill meiri hluti þingheims á sammerkt um að telja tímabært að taka til gagngerðrar endurskoðunar í samræmi við stefnumótunina frá 1949 það ástand, sem ríkt hefur frá 1951, þegar bandarískt lið settist öðru sinni að á Keflavíkurflugvelli. Síðustu daga er því slegið fram, að ekki séu nú friðartímar við Miðjarðarhafsbotn. Mikið rétt. En sama máli gegndi á útmánuðum 1949 og ekki bara á vígvöllum í Palestínu, heldur einnig í Indó-kína, Indónesíu, Malakkaskaga, Kasmír og víðar, þar sem nýlenduveldin byltust þá í fjörbrotum. Enginn Íslendingur heyrðist þá halda því fram, að þau vopnaviðskipti krefðust hersetu í landinu.

Vík ég þá máli mínu að viðfangsefnum á innlendum vettvangi.

Í menntamálum er það stefna ríkisstj. að búa svo um hnúta, að menntunaraðstaða sé sem jöfnust. Annars vegar þarf að haga skyldunámi svo, að unglingarnir, sem yfirgefa skyldunámsskólana, hafi notið sambærilegrar fræðslu,

hvort sem þeir eru búsettir í strjálbýli eða þéttbýli. Hins vegar þarf að jafna svo metin, að búseta eða efnahagur verði þeim ekki fjötur um fót, sem fýsir að stunda framhaldsnám og hljóta sérmenntun. Síðast, en ekki síst er áríðandi, að mismunandi námsbrautum innan skólakerfisins sé gert jafnhátt undir höfði hvað allan aðbúnað snertir og tillit tekið til mismunandi þarfa hvers sérsviðs.

Frv. um grunnskóla og skólakerfi voru endurskoðuð á síðasta ári með sérstakri hliðsjón af því, að uppvaxandi kynslóð um land allt sitji við sama borð í fræðslumálum. Ekki urðu þessi mál útrædd á síðasta þingi, en hafa nú verið borin fram á ný, og verður lögð á það áhersla, að þau hljóti afgreiðslu.

Fjárframlög til jöfnunar námsaðstöðu í þágu þeirra, sem sækja verða framhaldsnám út fyrir heimabyggð sína, og til námslána hafa margfaldast, síðan núverandi stjórn tók við. Þeim mun mikilvægara er, að námsaðstoðin komi að tilætluðum notum og skiptast milli námsmanna í samræmi við raunverulegar þarfir. Í því skyni að tryggja það hafa lög um námslánakerfið verið endurskoðuð, og verður frv. um nýtt og markvissara lánakerfi borið fram á næstunni.

Síðasta þing setti lög um fjölbrautarskóla, sem er nýmæli. Er þar um að ræða mismunandi framhaldsnámsbrautir innan einnar og sömu skólastofnunar. Fylgja þessu fyrirkomulagi margir kostir. Nemendur geta færst greiðlega milli námsbrauta, tekið þær í áföngum og valið saman námsþætti, allt eftir þeim markmiðum, sem hver og einn stefnir að. Sömuleiðis geta menn komið inn í nám á ýmsum stigum, og fellur fullorðinnafræðsla mjög vel að fjölbrautaskólafyrirkomulagi. Sérhæfðir kennslukraftar, kennslutæki og námsaðstaða nýtist hvergi betur en í fjölbrautaskóla. Einn höfuðkostur fjölbrautaskóla er, að þeir geta starfað með góðum árangri á stöðum, þar sem ella væri torvelt að koma við framhaldsmenntun vegna strjálbýlis. Skólastofnanir, sem standa dreift um tiltekinn landshluta, geta hæglega myndað í sameiningu fjölbrautaskóla og þannig uppfyllt miklu fjölbreyttari fræðsluþarfir en ef hver ætti að starfa út af fyrir sig. Mesti ágalli fræðslukerfis okkar hefur verið og er, hversu verklegu námi er gert lægra undir höfði en bóklegu. Með fjölbrautaskólum skapast skilyrði til að koma hvoru tveggja náminu fyrir í sömu skólastofnunum á fyllsta jafnréttisgrundvelli.

Nefnd vinnur nú að endurskoðun löggjafar um iðnfræðslu.

Því má aldrei gleyma, að til þess að fé, sem varið er til fræðslumála, komi að sem fyllstum notum, þarf fræðslukerfið að vera samfellt og sjálfu sér samkvæmt.

Skattheimta hlýtur að vera tilfinnanleg af ríflegum tekjum í þjóðfélagi, þar sem ætlast er til, að opinberir aðilar haldi uppi alhliða þjónustu við þegnana á nútímavísu, og skylt þykir að sjá þeim sómasamlega farborða, sem ekki eru færir um að bjarga sér sjálfir. Sé skattheimta hér á landi borin saman við það, sem gerist með þjóðum á svipuðu lífskjarastigi, kemur í ljós, að skattbyrði Íslendinga er mun minni en til að mynda Norðurlandaþjóða og annarra nágrannaþjóða okkar í Vestur-Evrópu. Bæði er skattgjald lægri hluti af þjóðartekjum hér á landi en í öðrum og þar að auki eru beinir skattar einstaklinga minni hluti af heildarskattheimtunni hér en með nágrannaþjóðunum. Hvað sem hver segir, mun reyndin verða sú, að ekki er unnt að draga úr skattheimtunni í heild nema skerða um leið opinbera þjónustu eða draga úr ráðstöfunum til tekjujöfnunar. Annað mál er, að í þjóðfélagi eins og okkar, þar sem atvinnuþróun er ör og kjaramunur er tiltölulega lítill, er mjög hætt við, að flókið og margbrotið skattkerfi valdi mismunun í niðurjöfnun opinberra gjalda. Enginn vafi er á, að íslenska skattkerfið er flókið úr hófi fram, og ég fyrir mitt leyti er sannfærður um, að ríkjandi reglur um frádrátt ýmiss konar frá skattskyldum tekjum valda mestu um óréttmæta mismunun í skattheimtu.

Fyrsta skref núv. ríkisstj. til réttlátari skattheimtu var að afnema nefskatta. Varð það til þess, að skattbyrði lækkaði eða beinni skattheimtu var aflétt á lágtekjum, en hækkun varð á hærri tekjum. Nú er tími til kominn að stíga næsta skref og loka þeim leiðum, sem leyft hafa sumum að sleppa undan skatti verulegum fúlgum af tekjum sínum með þeim afleiðingum, að aðrir, sem ekki eiga kost á hliðstæðum frádrætti, bera þeim mun þyngri skatta. Ekki dettur mér í hug, að slík breyting gangi hljóðalaust, því að ýmsir eiga sérhagsmuni að verja, en í skattamálum verða heildarhagsmunir að sitja í fyrirrúmi.

Enginn verður með orðum veginn, ekki einu sinni ríkisstj. Þær standa eða falla með verkum sínum, en lifa hvorki á skjalli vina né farast fyrir bölmóði andstæðinga. Ekki gekk lítið á í fyrravetur, þegar horfið var frá því ráði eftir bestu manna yfirsýn að lækka gengi krónunnar nokkuð. Með þeirri ráðstöfun tókst að yfirstíga tímabundna erfiðleika, en jafnframt var mörkuð ný stefna um meðferð gengismála, tekið upp sveigjanlegt gengi í stað rígskorðunar og kollsteypu á víxl. Þótt ekki sé ár liðið síðan breytt var um stefnu, mun vandfundinn maður, sem ber brigður á, að sú breyting, sveigjanleg gengisstefna, hafi þegar staðist dóm reynslunnar. Gengishækkun hefur átt sér stað, ekki einu sinni, heldur nokkrum sinnum, í fyrsta sinn í hálfa öld. Gengi krónunnar gagnvart dollar og sterlingspundi er nú mun hærra en þegar núv. ríkisstj. var mynduð. Innflutningur framleiðslutækja hefur aldrei verið meiri og þó er gjaldeyrisvaraásjóðurinn öflugri en nokkru sinni fyrr.

Ég læt öðrum eftir að bítast um, hvað af því, sem vel hefur tekist eða miður, sé ríkisstj. að þakka eða þá að kenna, ellegar sprottið af atvikum, sem hún fær engu um ráðið. Á hitt þykir mér þörf að benda, að einhver umdeildasta ráðstöfun ríkisstj. hefur reynst ein hin affarasælasta. Stjórnmálamaður, sem vill standa í stöðu sinni, má ekki vera uppnæmur fyrir dagdómum, heldur ætti hann að tileinka sér gamlar formannsreglur. Það skal fram, sem horfir, meðan rétt horfir. — Þökk þeim, sem hlýddu.

Heilbr.- og trmrh. (Magnús Kjartansson): Herra forseti. Góðir áheyrendur. Í ræðu sinni

áðan sagði Gylfi Þ. Gíslason, að verið væri að semja við bandaríska auðhring á sama hátt og viðreisnarstjórnin samdi við svissneska álhringinn 1966. Þetta eru tilhæfulaus ósannindi. Hér er um algerar andstæður að ræða, en ekki hliðstæður. Álbræðslan í Straumsvík er að öllu leyti eign útlendinga, undanþegin íslenskum lögum og dómstólum og fær orku langt undir kostnaðarverði. Samningurinn um hana var einhver sá óhagstæðasti og ósæmilegasti, sem íslensk stjórnarvöld hafa nokkru sinni gert. Samt átti samningur þessi að verða upphaf að allsherjarinnrás erlendra auðhringa. Þessari óþjóðhollu stefnu hefur verið gersamlega hnekkt af núv. ríkisstj. Ef til þess kemur, að stofnuð verði fyrirtæki í orkufrekum iðnaði, sem engin ákvörðun hefur enn verið tekin um, verður þar einvörðungu um íslensk fyrirtæki að ræða, sem lúta í einu og öllu íslenskum lögum og dómstólum og ákvörðunum Alþ. Samvinna við erlenda aðila kemur því aðeins til greina, að þeir séu í algerum minni hl., en úrslitavöldin öll í höndum landsmanna sjálfra. Tilraunir Gylfa Þ. Gíslasonar til að gera stefnu núv. ríkisstj. og viðreisnarstjórnarinnar að hliðstæðum á þessu sviði eru til marks um það, að hann kann ekki lengur að gera greinarmun á íslenskum og erlendum hagsmunum, og kemur það raunar engum á óvart.

Í þessu sambandi kemst ég ekki hjá því að minnast á þá furðulegu till. Bjarna Guðnasonar, að hætt verði við Sigölduvirkjun, en fjármununum í staðinn varið til fiskiðnaðar. Sigölduvirkjun er að sjálfsögðu Íslendingum lífsnauðsyn, hvað sem líður öllum hugmyndum um orkufrekan iðnað í eigu Íslendinga. Án aukinnar orku verður engin framþróun í atvinnumálum, ekki heldur í fiskiðnaði, nema Bjarni Guðnason hugsi sér að taka aftur upp miðaldavinnubrögð hér á landi.

Á þeim stutta tíma, sem hér er til umráða, ætla ég að öðru leyti einvörðungu að fjalla um eitt stórmál, sem æðimikið hefur borið á góma í þessum umr., þá ákvörðun stjórnarflokkanna, að bandarísk herinn hverfi frá Íslandi í áföngum og skuli að því stefnt, að þeim brottflutningi verði að fullu lokið á kjörtímabilinu. Ekkert ákvæði stjórnarsáttmálans hefur vakið aðra eins taugaveiklun hjá sumum fulltrúum stjórnarandstöðunnar og málgögnum hennar. Um ekkert mál hefur verið fjallað af meiri vanstillingu og vanþekkingu. Á engu öðru sviði hefur verið kappkostað á jafn ofstækisfullan hátt að villa um fyrir fólki. Lengi vel var því haldið fram, að hér væri ekki um neitt raunverulegt samkomulag að ræða, heldur innantóm orð, sem engin samstaða væri um, og til þess að réttlæta þá túlkun var hamast við að hártoga og leggja rangar merkingar í hverja þá setningu, sem fulltrúar stjórnarflokkanna, þm. og ráðh., létu falla um þetta mál. Þessari iðju má nú heita lokið. Eftir að endurskoðun hins svokallaða varnarsamnings hófst með formlegu bréfi íslensku ríkisstj. 25. júní í sumar, hefur einnig stjórnarandstaðan neyðst til að viðurkenna þá staðreynd, að stjórnarflokkarnir þrír eru staðráðnir í að framkvæma þetta fyrirheit. Enda hafa fulltrúar allra stjórnarflokkanna lýst yfir því síðustu vikurnar, að endurskoðun samningsins snúist alls ekki um, hvort herinn eigi að fara, heldur aðeins hvernig og hvenær.

Nú hafa erindrekar erlendrar hersetu á Íslandi hörfað í aðra víglínu. Að undanförnu hafa þeir lagt áherslu á það, að þótt herinn fari, verðum við áfram í Atlantshafsbandalaginu og verðum að fullnægja öllum skuldbindingum okkar við það bandalag, vegna aðildar okkar að NATO verði herstöðin á Miðnesheiði að halda áfram starfsemi sinni, engu umsvifaminni en verið hefur. Gylfi Þ. Gíslason, formaður Alþfl., hefur, eins og hann lýsti í ræðu sinni hér áðan, fært þessar hugsanir í kerfi með því að leggja til, að brottför hersins verði fólgin í því einu, að hermennirnir fari úr einkennisbúningum sínum og flikurnar verði fluttar vestur um haf, en eftir verði svipaður hópur og gegni sömu iðju og fyrr. Jafnframt hefur hann lagt til, að Íslendingar taki við ýmsum störfum, sem hingað til hafa verið flokkuð undir hernaðarverkefni, verði þannig hluti af styrjaldarkerfi Bandaríkjanna og eins konar vísir að íslenskum her. Í því sambandi er rétt að minna á, að Gylfi Þ. Gíslason greiddi atkv. gegn aðild Íslands að NATO 1949.

Það er vissulega rétt, að í stjórnarsáttmálanum segir, að Íslendingar haldi áfram aðild sinni að Atlantshafsbandalaginu að óbreyttum aðstæðum. Síðan gengið var frá málefnasamningi ríkisstj., hafa þessar aðstæður hins vegar gerbreyst gagnvart Íslandi, eftir að tvö aðildarríki bandalagsins hafa um meira en eins árs skeið traðkað á íslenskum lögum og annað þeirra fylgt lögbrotunum eftir með hernaðarofbeldi. Ég er sannfærður um, að eftir þessa reynslu er mikill meiri hluti þjóðarinnar andvígur aðild Íslands að þessum hernaðarsamtökum, og á það verður fljótlega látið reyna, hver viðhorf Alþ. eru. Hitt er rétt, að á meðan við höfum ekki sagt okkur úr NATO, ber okkur að uppfylla þær skuldbindingar, sem við höfum á okkur tekið.

En hverjar eru þá þær skuldbindingar? Þær voru skilgreindar mjög nákvæmlega, þegar Íslendingar voru gerðir aðilar að bandalaginu 1949. 12. mars það ár fóru stjórnmálamennirnir Bjarni Benediktsson, Emil Jónsson og Eysteinn Jónsson til Bandaríkjanna til þess að kanna forsendurnar fyrir aðild Íslands að NATO. Í skýrslu, sem þeir undirrituðu 26. mars 1949, segja þeir m. a. svo um árangur viðræðna sinna:

„Í lok viðræðnanna var því lýst yfir af hálfu Bandaríkjamanna:

1) Að ef til ófriðar kæmi, mundu bandalagsþjóðirnar óska svipaðrar aðstöðu og var í síðasta stríði og það mundi algerlega vera á valdi Íslands sjálfs, hvenær sú aðstaða yrði látin í té.

2) Allir samningsaðilar hefðu fullan skilning á sérstöðu Íslands.

3) Viðurkennt væri, að Ísland hefði engan her og ætlaði ekki að stofna her.

4) Ekki kæmi til mála, að erlendur her eða herstöðvar yrðu á Íslandi á friðartímum."

Þetta eru einu skuldbindingarnar, sem Íslendingar hafa á sig tekið gagnvart Atlantshafsbandalaginu, og á þessi atriði lögðu stuðningsmenn aðildar hina þyngstu áherslu í umr. þeim, sem urðu á Alþ. Ég gæti vitnað í margar ræður, m. a. ýmissa þeirra manna, sem enn sitja á þingi, en

ég læt mér nægja að vitna í nokkur orð, sem þáv. leiðtogi Sjálfstfl., Ólafur Thors, mælti á þingi 28. mars 1949 um Atlantshafssáttmálann:

„Hann er, hvað Íslendinga sérstaklega áhrærir, sáttmáli um það, að þar sem Íslendingar engan her hafi, skuli þeir heldur engan her þurfa að stofna og enga hermenn leggja af mörkum, þótt til styrjaldar komi. Hann er sáttmáli um það, að engin þjóð skuli nokkru sinni hafa her á Íslandi á friðartímum. Hann er sáttmáli um það, að aldrei skuli herstöðvar vera á Íslandi á friðartímum."

Þetta og þetta eitt eru skuldbindingar Íslands gagnvart Atlantshafsbandalaginu. Allar staðhæfingar um aðrar skuldbindingar eru tilhæfulausar með öllu. Og hinu skulum við ekki gleyma, að þetta eru einnig skuldbindingar Atlantshafsbandalagsins gagnvart Íslendingum. Það hefur verið og er siðferðileg skylda bandalagsins að halda þannig á málum, að hvorki sé erlendur her né herstöðvar á Íslandi á friðartímum. Sú skuldbinding hefur verið svikin í nær aldarfjórðung, og er mál, að linni.

Varnarsamningurinn svokallaði var gerður við Bandaríkjastjórn, en ekki við Atlantshafsbandalagið, og í honum felast engar nýjar skuldbindingar gagnvart NATO. Í 7. gr. þess samnings segir svo um það, hvað gert skuli, þegar herinn fer og starfsemi herstöðvarinnar leggst niður:

„Meðan aðstaðan er eigi notuð til hernaðarþarfa, mun Ísland annað hvort sjálft sjá um nauðsynlegt viðhald á mannvirkjum og útbúnaði eða heimila Bandaríkjunum að annast það."

Að sjálfsögðu fellur þetta ákvæði úr gildi um leið og samningurinn sjálfur og bindur Íslendinga ekki á neinn hátt. En jafnvel þótt einhverjir kynnu að vilja hlíta þessu ákvæði, felst ekkert annað í því en viðhald á mannvirkjum og búnaði, engin hernaðarumsvif, hvorki á vegum Íslendinga né Bandaríkjamanna, sem haft hafa fataskipti.

Ég minntist áðan á það, að Íslendingar hófust handa um endurskoðun hins svokallaða varnarsamnings 25. júní í sumar, en þá hafði legið fyrir vitneskja um ákvarðanir ríkisstj. í nærri tvö ár. Svo brá við, að bæði Bandaríkjastjórn og NATO voru mjög sein í viðbrögðum sínum þrátt fyrir þennan langa aðdraganda. Það var ekki fyrr en í síðasta mánuði, að Luns, framkvstj. Atlantshafsbandalagsins, flutti ríkisstj. mat herforingjanna á gildi herstöðvarinnar á Miðnesheiði. Bandaríkjastjórn hefur allt til þessa ekki verið reiðubúin til neinna efnisviðræðna um málið, og þær munu ekki hefjast fyrr en í nóv., rúmum mánuði áður en komið getur til einhliða uppsagnar af hálfu Íslendinga. Þessi rólegu viðbrögð eru einkar fróðleg og ekki í neinu samræmi við þann vanstillingaráróður Geirs Hallgrímssonar og Morgunblaðsins, að svokölluð valdahlutföll í heiminum séu farin gersamlega úr skorðum, þegar dátarnir hverfa af Reykjanesi. Við vitum ekki, hvað vakir fyrir bandarískum stjórnarvöldum. Hitt vitum við, að þeir valdamenn Bandaríkjanna, sem hæst var hreykt og leiðtogar Sjálfstfl. trúðu á, njóta nú minna álits heima fyrir og erlendis en nokkru sinni fyrr, og sama máli gegnir um þá stefnu, sem þeir eru fulltrúar fyrir. Það eru ekki nema rúmar tvær vikur síðan öldungadeild Bandaríkjaþings samþykkti, að fækka skyldi í herjum Bandaríkjanna erlendis um 110 þús. manns á næstu tveimur árum með því að leggja niður herstöðvar. Vel má vera, að herstöðina á Íslandi sé einnig að finna í þeim niðurskurði. Svo ör og furðuleg sem þróun hefur verið í Bandaríkjunum að undanförnu, svo gersamlega sem hún hefur afhjúpað siðferðilega spillingu valdamanna þar í landi, kann svo að fara fyrr en varir, að Geir Hallgrímsson og aðrir, sem trúað hafa á Spiro Agnew og Richard Nixon, fái að kynnast því, að upphefð þeirra kemur ekki heldur að utan. — Góða nótt.

Sameinað þing, 5. fundur.

Mánudaginn 22. okt., kl. 2 miðdegis.

Varamaður tekur þingsæti.

Forseti (Eysteinn Jónsson): Borist hefur svo hljóðandi bréf:

Reykjavík, 22. okt. 1973.

Pétur Pétursson, 2. landsk. þm., hefur í dag ritað mér á þessa leið:

„Þar sem ég vegna sérstakra anna mun ekki geta sótt þingfundi á næstunni, leyfi ég mér að biðja um fjarvistarleyfi og með skírskotun til 138. gr. l. um kosningar til Alþingis að óska þess, að 1. varamaður landsk. þm. Alþfl., Bragi Sigurjónsson bankaútibússtjóri, taki sæti á Alþ. í fjarveru minni."

Þetta er yður, herra forseti, hér með tilkynnt.

Gils Guðmundsson,
forseti Nd."

Bragi Sigurjónsson hefur áður setið þingbekk á þessu kjörtímabili og hans kjörbréf verið skoðað, og tekur hann sæti sitt og býð ég hann velkominn til starfa.

Umræður utan dagskrár.

Karvel Pálmason: Herra forseti. Tilefni þess, að ég hef kvatt mér hljóðs hér utan dagskrár, er viðtal, sem birtist í Morgunblaðinu í gær um ástand á fiskimiðunum úti fyrir Vestfjörðum innan íslenskrar fiskveiðilögsögu, sem þar virðist eftir viðtalinu hafa ríkt að undanförnu. Í viðtali þessu, sem er við skipstjórnarmann á einum hinna nýju vestfirsku skuttogara, er látin í ljós megn óánægja með það aðgerðaleysi, sem hann segir íslensku landhelgisgæsluna hafa sýnt að undanförnu á Vestfjarðamiðum. Þar kemur fram, að um 50 breskir veiðiþjófar auk vestur-þýskra hafa stundað þar rányrkju, ekki aðeins innan 50 mílna landhelginnar almennt, heldur og á friðlýstu svæði, sem þar er merkt. Einnig kemur fram í þessu viðtali, sem ég hef ekki ástæðu til að ætla, að sé annað en rétt, að þrátt fyrir margítrekaðar beiðnir skipstjórnarmanna á Vestfjörðum um, að landhelgisgæslan stuggaði við þessu illþýði af þeirra miðum, þá hafi ekkert verið aðhafst og allt látið aðgerðalaust. Þessi skipstjórnarmaður kveður svo fast að orði, að hann segir, að því miður hafi ástand þetta mjög versnað frá því, sem það var, á meðan herskipin voru innan íslenskrar fiskveiðilögsögu.

Ég minnist þess, að hæstv. forsrh. lýsti því yfir, að ég held, í fjölmiðlum, áður en hann hélt til viðræðna við Heath hinn breska um landhelgismálið, að íslenskum lögum yrði eftir sem áður framfylgt í þessum efnum og landhelgisgæslan mundi síður en svo neitt slaka á við gæslustörf. Ég vil því spyrja hæstv. dómsmrh., hvort íslensku landhelgisgæslunni hafi verið gefin tilskipun um að hafast ekki að, meðan þessi svokallaði toppfundur stóð yfir og niðurstöður þess fundar væru kannaðar. Sé svo ekki, þá vildi ég mjög gjarnan spyrja hæstv. dómsmrh., hvort einhverjar skýringar séu fyrir hendi á því aðgerðaleysi, sem þarna er fullyrt, að hafi átt sér stað af hendi landhelgisgæslunnar á umræddu tímabili. Ég hef ekki ástæðu til annars, eins og ég segi, en að halda, að þarna sé rétt skýrt frá af hálfu þessa skipstjórnarmanns. Hafi sem sé ekki verið gefin út tilkynning eða fyrirskipun til íslensku landhelgisgæslunnar að fara sér hægt, þá vildi ég mjög gjarnan fá skýringu á því, hvers vegna eða hvaða orsakir geta legið til slíks aðgerðaleysis, eins og mér sýnist þarna hafa átt sér stað.

Matthías Bjarnason: Herra forseti. Ég skal ekki hafa mörg orð, því að þegar ég bað hæstv. forseta um orðið utan dagskrár, var það út af því sama og hv. þm., sem var að tala hér áðan, gerði að umræðuefni. Mér er ljóst, að þessa dagana er landhelgismálið mjög viðkvæmt, og það er auðvitað mjög viðkvæmt, að ekki komi til stórárekstra á milli þessara þjóða þessa dagana, á meðan verið er að reyna til þrautar samkomulagsleið í þessu viðkvæma og erfiða deilumáli. En það má segja, að það hafi ekki linnt símanum til okkar nú yfir helgina frá skipstjórnarmönnum, sjómönnum og nokkrum útgerðarmönnum á Vestfjörðum út af því ástandi, sem þar hefur skapast. Sérstaklega hefur það vakið gremju manna þar, þegar hin erlendu veiðiskip taka í engu tillit til friðaðs svæðis, sem Íslendingum er eðlilega bannað að fara inn á, svæðis, sem er úti af Kögri og allir virða nema þessir bresku togarar nú þessa dagana, og þar er mokað upp smáfiski. Jafnframt er sagt af þessum mönnum, sem til okkar leita með sínar áhyggjur, að á þessu svæði séu einnig Vestur-Þjóðverjar og einstaka Færeyingar, sem ríkisstj. hefur gert samninga við. Það er eðlilegt, að það ríki mjög mikil gremja og sársauki hjá íslenskum sjómönnum að sjá þessa veiðiþjófa hunsa með öllu friðlýst svæði, sem ríkisstj. hefur nýlega friðlýst. Þó að við kannske reynum að hafa sem fæst orð um aðrar veiðar þessa dagana, þá hlýtur það að vera lágmarkskrafa, að Bretar virði friðlýst veiðisvæði okkar. Þær ásakanir, sem koma fram í nefndri grein þessa skipstjóra í Morgunblaðinu á hendur landhelgisgæslunni, eru mjög ákveðnar, og þarfnast skýringa, ef íslenskir skipstjórnarmenn biðja landhelgisgæsluna að stugga við erlendum skipum, sem eru inni á friðlýstu svæði, að þá skuli ekki vera svarað þar nokkru orði. Það er ákaflega mikilvægt atriði, að þetta sé upplýst og kippt sé þarna strax í taumana og bresku ríkisstj. gert viðvart um, að til þess sé ætlast, ekki eingöngu af sjómönnum og einstaka þm., heldur Alþ. öllu og ríkisstj., að friðlýst svæði séu virt, a. m. k. þessa dagana, á meðan verið er að leita samninga, og það sé gert sem algert skilyrði frá hendi Íslendinga, að Bretar virði friðlýst svæði.

Forsrh. (Ólafur Jóhannesson): Herra forseti. Út af þessari fréttagrein, sem birtist í Morgunblaðinu í gær, sneri ég mér til Landhelgisgæslunnar og óskaði skýringa og fékk svofellda skýringu frá henni eða frétt:

Þar til 12. okt. s. l. voru engir breskir togarar á Vestfjarðamiðum, en þann dag komu nokkrir þangað, og síðan fluttu þeir sig svo til allir þangað að austan, þannig að hinn 20. þ. m. voru þeir þar um 50 að tölu, allir að veiðum norður af Horni ásamt íslenskum, þýskum og færeyskum skipum. Fyrstu dagana eftir 12. okt. sóttu bresku togararnir ekki inn á friðaða svæðið út af Kögri, en hinn 16. okt. barst kvörtun til landhelgisgæslunnar um, að þar væru þýskir og breskir togarar að veiðum. Athugaði varðskip þetta strax, og reyndist hér vera um sex breska togara að ræða, er allir nema einn drógu strax upp og fóru út fyrir svæðið, en hinn síðasti með semingi nokkru síðar.

Næsta dag, 18. þ. m., var kvartað undan einum togara þar, og var honum einnig stuggað burt. Hinn 19. þ. m. var svo almennt kvartað til varðskips á þessum slóðum um ágang breskra togara, en ekki nefnd nein sérstök tilfelli og þess alls eigi getið, að þeir væru á hinu friðaða svæði út af Kögri. Seinast var flogið yfir veiðisvæði norður af Horni s. l. laugardag, hinn 20. þ. m., og voru þar þá að veiðum beint norður af Horni um 60 fiskiskip, þar af 47 breskir togarar og 6 færeysk skip. Einn þýskur togari var þá að veiðum aðeins vestan við friðaða svæðið, en öll hin skipin voru fyrir austan það, hið næsta 8 sjómílur frá því. Almennt um ástandið í dag segir svo í skeyti frá skipherra varðskipsins Þór: Íslensku togskipin hafa ekki kvartað yfir því, að breskir togarar séu innan friðaða svæðisins, 2—3 síðustu daga.

Allan þennan tíma hefur eitt stórt varðskip verið við gæslu við Vestfirði og nú síðustu dagana annað minna. Og eftir daginn í dag verða á þessum slóðum tvö stór varðskip til eftirlits. Og ég vil í þessu sambandi geta þess, að Hvalur, fyrra leiguskipið, er rétt um það bil að verða tilbúið til þess að leggja frá landi, og með því bætist aðstaða til þess að fylgjast með í þessu efni.

Það stendur auðvitað, sem ég hef sagt, að landhelgisgæslan verður með eðlilegum hætti og hefur verið með eðlilegum hætti, og það hefur verið reynt að stugga togurunum út fyrir. Það má vera, að þeir hafi misjafnlega hlítt fyrirmælum, en ég hygg þó, að í flestum tilfellum hafi þeir hift upp, þegar þeir sáu varðskip — eða þegar varðskip skipaði þeim að gera það. En það er mjög mikilsvert um svona kvartanir, að þær séu fyllilega rökstuddar, og ég vil mælast til þess við hv. þm., að þeir kynni sér þetta betur og safni gögnum um þetta og fái þau landhelgisgæslunni í hendur, þannig að það sé hægt að ganga úr skugga um, hvað rétt er í þessu efni.

Ég hef auðvitað enga ástæðu til þess að vefengja orð þessara skipstjóra. En hitt veit ég, að við höfum áður fengið fregnir frá skipstjórnarmönnum, m. a. í gegnum útvarp, en þegar þeir hafa verið teknir fyrir sakadóm og átt að gera nánar grein fyrir þessu, þá hefur reynslan, a. m. k. stundum, orðið sú, að þeir hafa farið eftir sögusögnum annarra í þessu efni, en ekki sjálfir séð þá hluti, sem þeir voru að segja frá. Þannig var það t. d. með eitt tilvik út af Austfjörðum, sem mér er í minni, þannig að það verður vitaskuld að styðja það allgildum rökum og eigin sjónarvætti, en ekki fara eftir því, sem einhverjir aðrir segja.

En út af því, sem hv. 7. landsk. þm. sagði, þá eru fyrirmæli mín til landhelgisgæslunnar þau sömu og þau hafa verið, og það er reynt að halda á þeim málum þannig að reka togarana út. Hitt getur vel verið, eins og hv. 2. þm. Vestf. sagði, að menn skilji, að það sé forðast að efna til stórárekstra einmitt þessa dagana.

Matthías Bjarnason: Herra forseti. Ég vil þakka hæstv. forsrh. þær upplýsingar, sem hann hefur gefið hér, og þó sérstaklega fagna ég því, að gæslan úti fyrir Vestfjörðum skuli nú aukin, og jafnframt þeirri skýlausu yfirlýsingu, að henni verði fylgt eftir og að friðlýsta svæðið verði varið fyrir ágangi erlendra veiðiskipa og auðvitað öllum skipum, því að það skiptir miklu máli að virða það fullkomlega, sem friðlýst er.

Það er alveg rétt hjá hæstv. ráðh., að það þarf auðvitað að safna gögnum frá báðum hliðum, þegar bornar eru jafnþungar sakir á gæsluna og gert er í umræddri grein. Ummæli eru höfð eftir innan tilvitnunarmerkja í blaðinu, svo að það geta ekki verið orð blaðsins, heldur skipstjórans, og það var mjög á sömu lund hjá þeim mönnum, sem við mig töluðu yfir helgina. Ég ætla fyrir mitt leyti að óska eftir því frá þessum mönnum, að þeir sendi skýrslu um þetta mál, um þessa atburði, og þá til dómsmrn.

Karvel Pálmason: Herra forseti. Ég vil þakka hæstv. dómsmrh. fyrir svör hans við þessari fsp. Mér sýnist þó á þeim svörum, sem þar komu fram og eru, að því er mér skildist, frá yfirstjórn landhelgisgæslunnar, að þar beri margt í milli varðandi þessa atburði, annars vegar í svari landhelgisgæslunnar og hins vegar í því, sem fram kemur í nefndri grein. Ég tek undir það hjá hæstv. ráðh., að það er æskilegt, að þegar slíkir hlutir gerast, þá séu mál könnuð ofan í kjölinn, og ég tek undir það, sem hv. 2. þm. Vestf. sagði hér áðan, að ég geri ráð fyrir því, að það verði beðið um, að viðkomandi aðilar, sem þarna eiga hlut að máli, gefi skýrslu um atburði. En ég vil ekki ætla neinum manni það, ekki að svo stöddu eða að óreyndu, að hann láti hafa eftir sér nafngreindur í blaðaviðtali neitt um slíka hluti, sem ekki standist að fullu. Að óreyndu geri ég það ekki fyrr en annað kemur í ljós.

Í þessu nefnda viðtali segir orðrétt, með leyfi forseta:

„Það er sama, hvað við biðjum landhelgisgæsluna um, það er aldrei stuggað við togara."

Þetta eru stór orð. En ég ætla þessum skipstjóra ekki, að hann geti ekki við þau staðið.

Síðar í þessari sömu grein segir orðrétt: „Okkur tók það sárt að sjá varðskipið Ægi láta reka inni í miðjum togarahópnum í gær," þ. e. a. s. á síðasta laugardegi.

Ég ætla ekki heldur, að þessi einstaklingur, sem þarna um getur, sé með slíkar aðdróttanir, án þess að hann geti fært rök fyrir sínu máli.

Ég skal ekki fjölyrða öllu frekar um þetta. Af minni hendi verður a. m. k. þess óskað, að þessi aðili eða aðilar, ef fleiri eru, gefi skýrslu um málið. Og ég vil gjarnan óska þess við hæstv. dómsmrh. þá um leið, að hann gangi frekar úr skugga um, að það sé allt með felldu innan landhelgisgæslunnar, þannig að þeim yfirlýsingum, sem gefnar hafa verið, verði alveg treyst og við þær verði staðið.

Ég fagna því, að hæstv. ráðh. lýsti því yfir hér, að það stæði, sem hann hefði sagt um þetta mál í fyrri yfirlýsingum, — því fagna ég mjög, — og ég skal, eins og ég sagði áðan, ganga úr skugga um, hvort þessir aðilar í títt nefndu viðtali eru ekki reiðubúnir til þess að skjalfesta það, sem þeir hafa látið frá sér fara í sambandi við, að ég hygg, blaðamann þessa dagblaðs.

Kosning fulltrúa í Norðurlandaráð í stað Björns Jónssonar. Gildir kosningin þar til ný kosning hefur farið fram á yfirstandandi þingi.

Fram kom tilnefning um einn mann. Samkv. því lýsti forseti yfir, að kjörinn væri án atkvgr.: Hannibal Valdimarsson, fyrrv. ráðherra.

Seðlabanki Íslands, fsp. (þskj. 10). — Ein umr.

Fyrirspyrjandi (Bjarni Guðnason): Herra forseti. Eins og kunnugt er, hóf Seðlabanki Íslands um mitt sumar byggingarframkvæmdir við Arnarhól, þar sem ætlunin var að reisa mikla höll undir starfsemi bankans. Kostnaðaráætlun var mjög óljós. Gaf bankinn upp, að kostnaður yrði 200—300 millj. kr., en kunnugir telja, að þetta mannvirki muni varla kosta undir 500 millj., þegar því verði að fullu lokið. Strax var sýnt, að þessar byggingarframkvæmdir mættu mikilli mótspyrnu meðal almennings, og urðu um þær mikil blaðaskrif, umr. í fjölmiðlum og manna á meðal. Hámarki náði þessi andspyrna með fjölmennum útifundi á Arnarhóli. Þeir, sem vildu fyrir alla muni koma í veg fyrir þessa byggingu, beittu að öllum jafnaði tvenns konar rökum. Annars vegar töldu þeir fráleitt að reisa hús þetta við Arnarhól, á þessum fornhelga stað borgarinnar, og skelltu allri sök á borgarstjórn Reykjavíkur, er hafði samþ. staðarvalið fyrir sitt leyti. Hins vegar töldu menn af og frá að reisa þessu miklu bankahöll við þær aðstæður, sem nú ríktu í efnahagsmálum þjóðarinnar, þá hefði og nóg verið byggt af bankahýsum undanfarin ár og full ástæða væri til að spyrna við fótum. Var bankamálaráðherra átalinn fyrir að láta þetta mál afskiptalaust í stað þess að grípa í taumana. Upphófst nú hin mesta revía, þar sem leikurinn barst frá einni stofnun til annarrar og enginn þóttist bera ábyrgð á byggingu bankans við Arnarhól. Verður sú skop- og raunasaga ekki rakin hér, en niðurstaðan varð sú, að Seðlabankinn lét undan óánægju alls þorra almennings og tilkynnti borgarstjórn, að hann væri fyrir sitt leyti reiðubúinn að taka upp viðræður við hana um annað staðarval, og munu nú fara fram viðræður milli bankans og borgarstjórnar um þetta mál.

Afstaða bankamálaráðh. kom mönnum mest á óvart, og er hún tilefni þessara fsp. Hann margítrekaði, bæði í blöðum og sjónvarpi, að hann hefði ekki vald til að stöðva byggingarframkvæmdir Seðlabankans, þær væru einvörðungu mál bankans og bankaráðs. Í bréfi ráðh. til borgarstjóra Reykjavíkur, dags. 18. sept. s. l., segir orðrétt:

„Ráðuneytið hefur ekki með að gera húsbyggingar Seðlabankans, til þess hefur ekki verið leitað um neinar heimildir í því sambandi, og rn. hefur ekki átt í neinum samningaviðræðum við Reykjavíkurborg um það mál."

En margir eru á allt annari skoðun en ráðh. Á fundi borgarráðs Reykjavíkur hinn 11. sept. s. l. kom fram, að allir borgarráðsmenn að Sigurjóni Péturssyni, fulltrúa Alþb., undanskyldum tóku skýrt fram, að ráðh. hefði vald til að grípa í taumana. Í grg. sjálfstæðismanna segir m. a.:

„Hins vegar er öðrum stjórnvöldum í lófa lagið að stöðva framkvæmdir, ef þeir kysu slíkt," og vitna þeir um leið í ofangreinda 24. gr. laga um Seðlabankann. Fulltrúi Framsfl., Kristján Benediktsson, segir orðrétt: „Mín skoðun er sú, að ráðherra bankamála beri tvímælalaust að beita valdi sínu og grípa í taumana, áður en lengra er haldið." Og fulltrúi Alþfl., Björgvin Guðmundsson, segir orðrétt: „En enda þótt borgaryfirvöld Reykjavíkur hafi ekki vald til að stöðva byggingarframkvæmdir Seðlabankans við Arnarhól, hefur ríkisstj. að sjálfsögðu vald til þess, þar eð hún hefur æðsta vald í málefnum Seðlabankans."

Ljóst er því, að það er höfuðnauðsyn að fá úr því skorið, hvert sé raunverulegt vald ráðherra bankamála í Seðlabankanum. Hér er um grundvallaratriði að ræða. Þetta snertir einnig Landsbanka Íslands, þar sem í 8. gr. laga hans, nr. 11 frá 1961, er einnig kveðið svo að orði, að „yfirstjórn bankans er í höndum ráðherra þess, sem fer með bankamál" o. s. frv. Spurningin varðar þetta: Geta bankar ráðist í mörg hundruð milljón króna fjárfestingar, án þess að æðsta framkvæmdavaldið geti ráðið þar nokkru um? Eru bankar ríki í ríkinu, óháðir Alþingi og framkvæmdavaldinu um fjármál og fjárfestingar? Ef sú skoðun bankamrh. er rétt, að hann hafi ekki vald til þess að blanda sér í það, hvort Seðlabanki eða Landsbanki fjárfesti 500 millj. kr. í byggingu, er bersýnilegt, að löggjafarvaldið getur ekki látið slíkt afskiptalaust. Þá rekur nauður til endurskoðunar á löggjöf þessara banka og e. t. v. fleiri banka, svo að ekki verði um það villst, að bankakerfið og þróun þess verði felld inn í þá heildarstjórn, sem verður að hafa í efnahagsmálum þjóðarinnar.

Af þessu tilefni hef ég borið fram til hæstv. forsrh. þrjár fsp. varðandi Seðlabankann, og þær hljóða svo. (**Forseti:** Hv. þm. hefur lokið ræðu sinni, og þær eru prentaðar í þskj.) Ég lýk þá máli mínu.

Forsrh. (Ólafur Jóhannesson): Herra forseti. Áður en ég svara þessum fsp., vil ég leyfa mér að benda á 1. mgr. 10. gr. l. nr. 54 1972, um þingsköp, þar sem segir svo:

„Fyrirspurn skal vera skýr, um afmörkuð atriði eða mál, sem ráðherra ber ábyrgð á, og sé við það miðað, að hægt sé að svara henni í stuttu máli".

Ég tel hæpið, svo að ekki sé meira sagt, að fsp. þessari fullnægi fyrirmælum 1. liðs 10. gr. þingskapalaga, þar sem hér er spurt um fræðileg atriði, persónulegt álit og um mál, sem ekki heyra undir þau rn., sem ég veiti forstöðu. En þar sem hæstv. forseti hefur leyft þessar fsp., mun ég reyna að veita þá úrlausn við þeim, sem ég get.

Viðvíkjandi fyrstu spurningunni get ég lýst í fáum dráttum stöðu Seðlabankans, eins og hún kemur mér fyrir sjónir.

Samkv. 1. gr. l. nr. 10 1961 er Seðlabankinn stjálfstæð stofnun, eign ríkissjóðs, sem lýtur sérstakri stjórn. Samkv. 4. gr. l. skal Seðlabankinn hafa náið samstarf við ríkisstj. varðandi stefnu í efnahagsmálum og framkvæmd hennar. Seðlabankastjórn skal telja það eitt meginhlutverk sitt að vinna að því, að sú stefna, sem ríkisstj. markar að lokum, nái tilgangi sínum. Yfirstjórn bankans er í höndum tveggja aðila, viðskrh., en hann fer með bankamál, og þingkjörins bankaráðs. Heimildir hvors aðila um sig eru nokkuð skýrt markaðar í lögum. Ráðh. ræður bankastjóra að fengnum till. bankaráðs og víkur þeim frá störfum, í sumum tilfellum að fengnu áliti bankaráðs. Hann setur reglugerðir um starfsemi bankans og tekur ýmsar ákvarðanir um seðlaútgáfu, einnig að tillögum bankaráðs. Bankaráð skal hins vegar hafa umsjón með allri starfsemi bankans og sérstaklega með reikningsskilum öllum. Bankastjórn skal hafa samráð við bankaráð um öll þýðingarmikil mál.

Samkv. ákvæðum 26. gr. l. ber bankastjórn ábyrgð á og fer með ákvörðunarvald í öllum málefnum bankans, sem ekki eru falin öðrum í lögum. Þá vil ég og geta þess, að samkv. beinum ákvæðum laganna þarf bankinn samþykki ríkisstj. til ýmissa ákvarðana í gengismálum.

Samkv. lögum eru þannig heimildir ráðh. til afskipta af Seðlabankanum mjög takmarkaðar. Það er og, að ég hygg, stefnan í öllum nágrannalöndum okkar, að seðlabankar ríkjanna séu nokkuð sjálfstæðir og það sums staðar í miklu ríkari mæli en hér á landi.

Ég vænti þess, að með þessum almennu orðum hafi ég svarað 1. fsp. hv. fyrirspyrjanda, eftir því sem kostur er. Og af því svari má einnig nokkuð ráða, hvert svar mitt mundi vera við 2. lið eða 2. fsp. Mitt svar er það, að ráðh., í þessu tilfelli viðskrh., sem fer með bankamál, hefur hvorki að óbreyttum lögum né samkv. venju um starfshætti banka og bankaráða heimild til að stöðva byggingarframkvæmdir ríkisbanka, hvorki Seðlabankans né annarra banka.

Ég get þess einnig um leið, að það, sem frá fjárfestingarsjónarmiði mundi sjálfsagt skipta máli frá sjónarhóli ríkisstj., eru ársframkvæmdir, ársáfangar, ekki síður en heildarframkvæmdin, sem e. t. v. á að taka mörg ár. En sú fjárhæð, sem nefnd er í fsp., er, skilst mér, miðuð við alla framkvæmdina og þó heldur vel í lagt eftir þeim upplýsingum, sem ég hef nú þar um fengið.

Varðandi 3. fsp. verð ég hreinlega ag játa, að ég treysti mér ekki til að svara henni, en hún lýtur nánast að því, hvert álit mitt sé á áhrifagetu hæstv. viðskrh., þegar hann hefur hvorki við lög né venju að styðjast. Ég hef mjög mikið álit á áhrifagetu hæstv. viðskrh., en treysti mér ekki til að láta í ljós álit á þessu. Hitt hefði verið sök sér, ef hv. fyrirspyrjandi hefði spurt að því, ef ég og hæstv. viðskrh. hefðum lagst á eitt, hvort við hefðum þá ekki haft tök á því að stöðva þessar framkvæmdir.

Hitt er svo annað mál, sem ekki er tími til þess að fara út í hér í þessum fsp.-tíma, það er almennt um byggingarframkvæmdir hins opinbera og þ. á m. Seðlabankans. Ég hefði verið og er tilbúinn til þess að ræða þau mál hér hvenær sem er, þegar tækifæri gefst til. En í þeim efnum vil ég segja, að hér á landi hefur undanfarna áratugi verið landlægur kotungsháttur, sem er opinberum aðilum til hreinustu skammar.

Forseti (Eysteinn Jónsson): Hæstv. forsrh. vék að því, að það væri hæpið, að þessa fsp. hefði átt að leyfa. Það má vel vera, að það megi um það deila, hvaða reglu skuli viðhafa í því efni. En ég hef tekið þá reglu að fara mjög varlega í það að synja um það, að fsp. komi til umræðu, og mér hefur fundist, að þær mættu vera meira en lítið rangstæðar til þess, að til slíks ætti að grípa. Hæstv. ráðh. eiga auðvitað ætíð þann kost, sýnist þeim málið þannig vaxið, að þeim beri ekki að sinna því, að segja það í heyranda hljóði, og þar með er málið að sjálfsögðu úr sögunni í það sinn, ef þannig færi.

Fyrirspyrjandi (Bjarni Guðnason): Herra forseti. Ég vil þakka hæstv. forsrh. fyrir svörin. Það kemur fram að hans áliti, að bankamálaráðh. hafi ekki lögum samkv. tök á því að stöðva þessa byggingu, ég skildi það ekki betur. Ég skal nú ekki fara að deila mjög við hæstv. forsrh., sem er prófessor í stjórnarfarsrétti sérstaklega, en ég vil benda á það, að allir pólitískir flokkar, a. m. k. fulltrúar þeirra í borgarstjórn Reykjavíkur, nema Alþb., og tveir prófessorar í lögum, sem ég hef talað við, eru sannfærðir um, að lögin heimila, að ráðh. geti gripið inn í, ef honum býður svo við að horfa. Ég vil benda hæstv. forsrh. á eitt. Hann talar um venju, en mér skilst, að venjur í stjórnskipunarrétti séu mjög takmarkaðar og það sé ekki hægt að afsaka mistök með því, að mistökin hafa lengi átt sér stað. En grundvallaratriðið, sem ég er eiginlega að velta fyrir mér, er það, að löggjafarþingið getur ekki látið afskiptalaust, þegar einstaka stofnanir hafa þá aðstöðu til að ráðast í byggingarframkvæmdir upp á hálfan milljarð, meðan nær allar opinberar stofnanir þurfa að sækja um hverja einustu krónu til 60 manna þings til þess að fá einhverja úrlausn. Þetta er algerlega óviðunandi ástand. Ekki aðeins Seðlabankinn hefur þessa

aðstöðu, heldur líka landsbankinn, og þess vegna hafa málin þróast þannig, að allt tal um áætlunarbúskap og fjárfestingar hjá hinu opinbera verða orðin tóm, á meðan löggjafarsamkundan og jafnvel ríkisstj. hefur ekki tök á því að stjórna þessum málum, svo að ég vil beina því þá til ríkisstj., að hún endurskoði lög banka á þann hátt, að hún hafi tök á því að ráða þessum málum. Það er grundvallaratriðið.

Ég skal ekki fara meira út í það, en mér sýnist ýmsar aðrar fsp. benda einmitt í þá átt, að bankavaldið leikur lausum hala og bankaráðsmennirnir, sem kosnir eru hér á þingi, hætta að verða fulltrúar þingsins, þegar þeir eru komnir í bankaráð, heldur verða þeir fulltrúar bankans gagnvart þinginu. Málin snúast við. Og ég verð að segja, að það er algerlega óviðunandi, að löggjafarsamkundan láti sig svona mál ekki miklu varða og taki þá afstöðu, að það hafi einhverja yfirumsjón eða eftirlit með slíkum fjárfestingum banka eins og hér eiga sér stað.

Störf Alþingis, fsp. — Ein umræða.

Fyrirspyrjandi (Bjarni Guðnason): Herra forseti. Ég hef borið hér fram fsp. varðandi störf Alþ., og hin fyrri hljóðar þannig: „Telur forsrh. það í samræmi við stjórnskipun Íslands, að Alþ. sé frá störfum 6 mánuði á ári?“

Nú hagar svo til, að þingið starfar 6 mánuði og er sent heim í orlof aðra 6 mánuði á ári. Af hvaða ástæðu er þetta gert? Ég hef lengi verið að velta því fyrir mér. Að vissu leyti eru þarna gamlar rætur. Þegar þm. fengu þingfararkaup, meðan þing sat, þá var þetta fjárhagsatriði. Og í öðru lagi, þegar annar hver þm. var bóndi, þá þótti eðlilegt, að hann þyrfti að sinna sínu búi, sinni búsýslu. Nú er þetta gerbreytt. Menn eru á þingfararkaupi allt árið og heyskaparhættir, búskaparhættir hafa gerbreyst með þjóðinni. Þá er spurning, hvort það sé eðlilegt, að þingið sé frá störfum hálft árið. Ég hygg, að ástæðan sé fyrst og fremst sú, að ríkisstj. vilji losna við þingið. Það er kannske hart að segja það, en það er gott að losna við þm., og þetta hefur tíðkast alveg fram að þessu. Þá getur ríkisstj. gefið út ein brbl. á fætur öðrum og stjórnað að vild. Ég held því, að þingið sjálft verði að fara að athuga í raun og veru stöðu sína í stjórnkerfinu, því að með þessum hætti, sem nú tíðkast, er ríkisstj., framkvæmdavaldið, að seilast inn á vettvang Alþ., og í öðru lagi eru áhrif embættismanna orðin ógnvekjandi. Mér skilst eftir þeirri litlu reynslu, sem ég hef, að einstakir embættismenn í rn. séu orðnir miklu áhrifameiri en ýmsir þm. Ég held, að ráðuneytisstjórar séu igildi svona 10—20 þm. og stundum þeirra allra. Ég hygg, að þetta sé atriði, sem þingheimur þarf að átta sig á og hver er eðlilegur vinnutími þingsins, taka þetta til umr. og fá lausn á því.

Í framhaldi af því er önnur spurning: „Telur forsrh., að Alþ. geti sinnt því eftirlitshlutverki, sem því er ætlað, með svona stuttu þinghaldi?“ Með þessu á ég við, að með þessu stutta þinghaldi er Alþ. sett úr leik og það getur ekki sinnt eðlilegu eftirliti, sem það ætti að hafa með ýmsum framkvæmdum, bæði embættismanna og ríkisstj. Ég vil minna t. d. á tvö mál, sem hafa komið upp nýlega. Það var t. d. ástæða fyrir Alþ. að athuga Hochtiefmálið, þar sem kom í ljós, að handvömm embættismanna höfðu leitt til mikilla sekta, á annað hundruð millj., og nýlega hefur komið upp Sunnumálið, þar sem aðilar eru dæmdir í tugi millj. í sekt. Þetta þarf Alþ. að athuga. Hvernig eiga þessir hlutir sér stað? Á enginn að bera ábyrgðina? Eru allir „stikkfrí“ hér í þjóðfélaginu? Ég hygg, að Alþ. þurfi að fara að átta sig á því, hvað það ætlar sér í raun og veru.

Umr. frestað.

Sameinað þing, 6. fundur.

Þriðjudaginn 23. okt., kl. 2 miðdegis.

Útfærsla fiskveiðilandhelgi í 200 sjómílur, þáltill. (þskj. 12). — Hvernig ræða skuli.

Að till. forseta var ákveðin ein umr.

Útbreiðsla sjónvarps, þáltill. (þskj. 13). — Hvernig ræða skuli.

Að till. forseta var ákveðin ein umr.

Vinna framhaldsskólanemenda við framleiðslustörf, þáltill. (þskj. 18). — Hvernig ræða skuli.

Að till. forseta var ákveðin ein umr.

Sjónvarp á sveitabæi, þáltill. (þskj. 19). — Hvernig ræða skuli.

Að till. forseta var ákveðin ein umr.

Bygging skips til Vestmannaeyjaferða, þáltill. (þskj. 26). — Hvernig ræða skuli.

Að till. forseta var ákveðin ein umr.

Fjárlög 1974, frv. (þskj. 1). — 1. umr.

Fjmrh. (Halldór E. Sigurðsson): Herra forseti. Frv. til fjárlaga fyrir árið 1974 liggur hér fyrir til 1. umr. Þetta fjárlagafrv. hefur á sér nokkurt annað snið en fyrri fjárlagafrv. Nú er í fyrsta sinn sameinað í eitt frv. fjárlagagerðin og framkvæmdaáætlun, en áður hafa þessir tveir útgjaldabálkar ríkisins verið afgreiddir hvor í sínu lagi. Áður en ég vík að ástæðunum fyrir þessari breytingu og í hverju hún er fólgin, mun ég, eins og venja er til, byrja á því að gera grein fyrir afkomu ríkissjóðs s. l. ár.

Ríkisreikningur fyrir árið 1972 var lagður fram á hv. Alþingi, áður en því lauk í aprílmánuði s. l. Var það í fyrsta sinn í sögu Alþingis, sem ríkisreikningur var svo snemma á ferðinni, aðeins tæpum fjórum mánuðum frá því að reikningsárinu lauk. Þetta er fyrst og fremst að þakka

dugnaði ríkisbókarans og starfsfólkinu í Ríkisbókhaldinu og svo breyttum vinnubrögðum við uppgjör ríkisreiknings.

Á árinu 1972 var tekinn upp sá háttur að gera rekstrarreikning ríkissjóðs upp tvívegis, þ. e. í lok júnímánaðar og svo aftur í lok septembermánaðar. Þetta auðveldaði og flýtti fyrir heildaruppgjöri á ríkisreikningi í byrjun þessa árs. Þessari reglu hefur einnig verið fylgt á árinu 1973, og mun ég síðar í ræðu minni gera grein fyrir afkomu yfirstandandi árs, eins og hún lá fyrir samkvæmt uppgjöri 30. sept. s. l. Við 1. umr. fjárlaga fyrir árið 1972, sem var fyrsta fjárlagafrv., sem ég undirbjó, var hv. alþm. afhent greinargerð um afkomu ársins á undan. Þeim sið er fylgt nú, og hafa hv. alþm. nú fengið á borð sín stutta greinargerð um afkomu ársins 1972. Það gerir þeim auðveldara að átta sig á útkomu þess árs.

Afkoma ríkissjóðs samkvæmt rekstrarreikningi ársins 1972 reyndist hagstæð um 135 millj. kr. Tekjur urðu alls 18 milljarðar 530 millj. Gjöldin urðu 18 milljarðar 395 millj. Greiðslujöfnuður í heild reyndist hagstæður samkvæmt reikningnum um 1 milljarð 690 millj. kr. Þess ber þó að gæta, að seint á árinu 1972 var tekið lán hjá Seðlabanka Íslands, að fjárhæð 1000 millj. kr., til þess að skapa rekstrarsjóð, sem ætlað er það hlutverk að mæta árstíðabundnum sveiflum í útgjöldum ríkissjóðs. Ríkissjóður átti inni á aðalreikningi sínum um áramót í Seðlabankanum þessa fjárhæð, og þess vegna er niðurstaðan á greiðslujöfnuði færð eins og að framan er talið. Mér þykir þó rétt að telja hinn raunverulega greiðslujöfnuð hafa verið 690 millj. kr., en sleppa þessum 1000 millj., enda þótt fordæmi sé fyrir hinu. Það hefur áður verið tekið lán í Seðlabankanum, árið 1970, þá að upphæð 500 millj. kr., og var þá gert upp með sama hætti og nú í ríkisreikningnum og lánið talið með í greiðslujöfnuði þess árs, sem það var tekið.

Hinn hagstæði greiðslujöfnuður kemur annars vegar fram í bættri stöðu sjóðs og óbundins bankareiknings um 120 millj. kr. og í ýmsum kröfum og skuldbindingum ríkissjóðs til mjög skamms tíma, sem nema 569 millj. kr. Þar er fyrst og fremst um að ræða auknar óinnheimtar tekjur ríkissjóðs.

Um lánajöfnuðinn er það að segja, að í heild reyndist hann óhagstæður um 1 milljarð 616 millj. kr., þá að meðtöldum þeim 1000 millj., sem ég hef áður greint frá. En að þeim frátöldum er lánajöfnuður óhagstæður um 616 millj. kr. Veitt lán hafa lækkað um 55 millj. kr., en tekin lán hækkað um 641 millj. kr. og hlutafjáreign aukist um 79 millj. kr. Lántökur voru samkvæmt heimild í ýmusm lögum. Í vegáætlun voru ákveðnar lántökur vegna vegagerðar, samtals 546 millj. kr., 125 millj. voru teknar vegna framlags til Landsvirkjunar og 122 millj. vegna Landhelgisgæslunnar. Þar var um að ræða endurbætur á varðskipinu Þór, kaup á þyrlu og flugvél, en það var gert samkvæmt sérstakri lántökuheimild frá Alþingi. 14 millj. kr. lán var tekið vegna byggingar lögreglustöðvar samkvæmt ákvörðun í framkvæmdaáætlun, og aðrir smærri liðir á framkvæmdaáætlun voru 23 millj. kr.

Þessu til viðbótar er svo að geta þess, að endurmatsjöfnuður lána og greiðslufjárreikninga var neikvæður um 61.5 millj. kr., og kemur það fram sem óhagstæð breyting á lánareikningi um 68.9 millj. kr. Þetta er einkum vegna skulda í erlendri mynt, sem stafa af gengisbreytingum. Hins vegar er hagstæð breyting á greiðslufjárreikningum um 7.4 millj., m. a. vegna hækkunar á sjóðum og bankainnstæðum sendiráða við umreikning þeirra í íslenzkar krónur.

Eins og áður er fram tekið, er nettó-skuldaaukning 641 millj. kr. Lántökur urðu hins vegar hærri, eins og fram kemur í skiptingunni hér að framan. En eldri lán voru greidd niður um 306 millj. kr. á árinu.

Heildartekjur ríkissjóðs á rekstrarreikningi reyndust 18 milljarðar 530 millj. kr., eins og áður er getið. Á fjárlögum voru þær áætlaðar 16 899 millj. kr. og urðu því í reynd 1631 millj. kr. hærri eða 9.7%. Alls innheimtust 17 milljarðar 837 millj. kr., eða 5.6% umfram fjárlög. Þeir tekjustofnar, sem gáfu fyrrgreindar umframtekjur voru: Tekju- og eignarskattur, sem skilaði 924 millj. kr., hagnaður Á. T. V. R., er nam 315 millj. kr., og svo nýr skattur, leyfisgjald af bifreiðum, sem lagður var á, eftir að fjárlög voru afgreidd, skilaði 216 millj. kr. Aðrir tekjuliðir skiluðu samtals 177 millj. kr.

Ég vil hins vegar vekja athygli á því, að áætlun fjárlaga er byggð á greiðsluáætlun, en ekki álagningu. Færsla í ríkisreikningi er hins vegar byggð á álagningu, sem getur orðið nokkuð önnur tala heldur en greiðslutalan. Í þessu liggur m. a. mismunur á uppgjöri ríkissjóðs í skýrslu Seðlabanka Íslands og ríkisreikningi, svo og þeim rekstrarútgjöldum sem fjámögnuð hafa verið með lánsfé, svo sem samkvæmt veg- og framkvæmdaáætlun, en færð hafa verið til gjalda á rekstrarreikningi.

Á árinu 1972 reyndust innheimtar tekjur 938 millj. kr. eða 5.6% hærri en fjárlög gerðu ráð fyrir. Sömu tekjustofnar og ég greindi fá áðan gerðu þennan mismun og skiluðu mestu af þessum hluta eða 744 millj. kr. Aðrir tekjustofnar skiluðu 194 millj. kr. meiri innheimtu en gert hafði verið ráð fyrir.

Óinnheimtar tekjur urðu á árinu alls 693 millj. kr. Stærsti hluti þess er að sjálfsögðu tekju- og eignarskattur, sem í krónutölu jókst nokkuð, enda þótt innheimtuhlutfallið batnaði. Um árangur innheimtunnar 1972 er þetta að segja:

Af persónusköttum innheimtust 75.1%, árið áður 76.2%. Af tekju- og eignarsköttum innheimtust 75%, árið áður 73.9%. Af söluskatti innheimtist um 98.4%, árið áður 99.1%. Heildarinnheimtan á árinu var 85.8%, árið áður 88.3%, en það var besti árangur, sem náðst hefur í innheimtu. Ástæðan til þess, að söluskattur skilaði sér ekki eins vel á s. l. ári og árið áður, mun vera sú breyting, sem gerð var á innheimtu skattsins, þar sem henni var flýtt um einn mánuð og því varð tími til innheimtunnar skemmri en áður hafði verið.

Nokkrir tekjuliðir skiluðu lægri tekjum en áætlað var, og munaði þar mestu um söluskattinn, sem varð 79 millj. kr. lægri en gert hafði verið ráð fyrir, og tekjur af Keflavíkurflugvelli voru 16 millj. kr. lægri en í áætlun.

Gjöld ríkisreikningsins árið 1972 urðu, eins og

ég tók fram í upphafi ræðu minnar, 18 milljarðar 395 millj. kr., eða 844 millj. umfram fjárlög og sérstakar heimildir til gjalda, sem gefnar voru, eftir að fjárlög voru afgreidd, svo sem með vegáætlun og fjáröflunar- og framkvæmdaáætlun ríkisins.

Þessi umframgjöld nema 4.8% af heildarheimildum. Sé hins vegar tekið tillit til annarra ákvarðana ríkissjórnar um sérstök umframgjöld, sem nema 121 millj. kr., varð hlutfallið 4.1%.

Í vegáætlun var ákveðið að hækka fjárframlög til Vegasjóðs um 100 millj. kr. Með brbl., nr. 87 frá 11. júlí 1972, var ákveðið að auka niðurgreiðslur, er áætlað var að mundi nema um 250 millj. kr. Með sömu lögum var ríkisstjórninni heimilað að lækka fjárveitingar fjárlaga um allt að 400 millj. kr., en í reynd voru þær lækkaðar um 275 millj. kr.

Af þessum umframgreiðslum eru þessar helstar:

1. Niðurgreiðslur	246	millj. kr.
2. Til skóla og fræðslumála	244	— —
3. Vaxtagjöld ríkisins	238	— —
4. Til Landhelgisgæslunnar	73	— —

Um þessa liði sé ég ekki ástæðu til að fjölyrða, nema rétt er að vekja athygli á því í sambandi við umframgreiðslur vegna vaxta, að þar er fyrst og fremst um að ræða, að vaxtakostnaður af viðskiptareikningi við Seðlabankann varð meiri en gert var ráð fyrir vegna erfiðrar greiðslustöðu mestan hluta ársins. Þá tók ríkissjóður að sér að greiða vexti af lánum, sem Vegasjóður hafði áður séð um og nam sú fjárhæð um 124 millj. kr.

Ég sé ekki ástæðu til að fara frekar út í skýringar á ríkisreikningi fyrir árið 1972.

Ég mun nú gera grein fyrir afkomu yfirstandandi árs, eins og hún lá fyrir í lok septembermánaðar.

Eins og ég gat um í upphafi ræðu minnar, hefur nú verið gert yfirlit yfir ríkisfjármálin á svipaðan hátt og reikningsuppgjör er gert upp við árslok, og liggur staða hvers fjárlagaliðs þannig fyrir.

Ég rek ekki einstaka þætti, aðeins þá stærstu, og þeir eru þessir:

Í septemberlok höfðu innheimst í ríkissjóð 15 milljarðar 366 millj. kr. Það er 72.6% af heildartekjum ríkissjóðs samkvæmt áætlun fjárlaganna. Þetta hlutfall var 68.4% 1972, og 1971 var það 76.3%.

Af helstu tekjuliðum fjárlaga hafði innheimta eftirtalinna liða verið hlutfallslega þessi, til samanburðar tek ég árin 1972 og 1971:

	1973 %	1972 %	1971 %
Tekju- og eignarskattur	60.4	50.3	55.8
Aðflutningsgjöld	76.6	70.2	92.5
Innflutningsgjald af gúmmí og bensíni	73.3	72.1	93.2
Árið 1971 var bensínskattur hækkaður, án þess að það væri tekið inn í fjárlög, svo að hlutfallið er ekki sambærilegt.			
Innflutningsgjald af bifreiðum og bifhjólum	116.6		
en sambærilegar tölur eru ekki til frá fyrri árum.			
Söluskattur	78.2	73.5	70.8
Launaskattur	70.6	62.4	75.1
Reksturshagnaður ÁTVR	74.0	79.1	66.5

Heildarútgjöld ríkissjóðs í septemberlok voru 16 milljarðar 727 millj. kr., eða 81% af áætluðum útgjöldum fjárlaga.

Helstu útgjaldaliðir eru þessir (eru hér einnig gefnar upp hlutfallstölur miðað við áætlun fjárlaga):

	1973 %	1972 %	1971 %
Almenn stjórn og löggæsla	84.2	83.6	88.8
Utanríkisþjónustan	83.3	81.7	105.6
Fræðslu-, menningar- og kirkjumál	73.8	73.1	83.4
Heilbrigðismál	66.0	77.6	97.0
Tryggingamál	77.0	69.5	80.6
Húsnæðis- og félagsmál	70.4	55.7	67.5
Vegamál	106.0	121.0	129.5
Skýringar á þessu gaf ég áðan, auk þess eru svo lán, sem tekin eru vegna vegagerðar.			
Önnur samgöngumál	77.5	80.7	75.4
Útfluttar landbúnaðarafurðir	108.6	77.7	101.0
Önnur landbúnaðarmál	83.8	88.2	92.0
Útvegsmál	78.5	68.9	69.3
Iðnaðar- og orkumál	95.7	80.7	79.2
Niðurgreiðslur	94.1	98.6	92.3
Önnur mál	78.4	63.0	57.2

Þetta yfirlit á að gefa hv. alþm. nokkra mynd af ríkisfjármálunum, eins og þau eru í lok september.

Mismunur tekna og gjalda samkvæmt þessu yfirliti er óhagstæður nú um 1361 millj., var 1211 millj. árið 1972 og 600 millj. 1971.

Sé þetta borið saman sem hundraðshluti af fjárlögum, þá er þetta 6.6% af útgjöldum fjárlaga 1973, 7.6% af útgjöldum fjárlaga 1972, 5.9% af útgjöldum fjárlaga 1971.

Greiðslufjárstaðan var hins vegar hagstæðari 30. sept. 1973 heldur en bæði árin 1972 og 1971, og munar það nærri 200 millj. kr., sem hún er hagstæðari nú en hún var 1971. Það stafar af hreyfingu á lána- og viðskiptareikningum, sem m. a. mæta útgjöldum þeim, sem unnin eru fyrir lánsfé.

Um viðskipti við Seðlabanka Íslands á yfirstandandi ári er það að segja, að þau voru mun hagstæðari nú en í fyrra. Í fjárlagaræðu minni í fyrra gaf ég yfirlit yfir hreyfingu í heild frá því 1963 til þess árs. Kom fram á því yfirliti, að öll árin, að einu undanskildu, hafi þau verið óhagstæð frá áramótum til septemberloka, nema árið 1966, þá voru þau hagstæð um 1.9%.

Óhagstæðast var árið 1967 eða um 11.4%, en s. l. þrjú ár er þetta þannig, að 1971 er hreyfingin frá áramótum til septemberloka ÷11.1%, 1972 ÷8.5%, 1973 ÷4.9%, og er það þriðja hagstæðasta árið á þessu tímabili, 1963—1973, að báðum árum meðtöldum.

Það skal tekið fram, að inn í þetta dæmi er að sjálfsögðu tekin skuld ríkissjóðs á ríkissjóðsvíxlunum, eins og gert var í fyrra. Þeir eru

teknir með í hreyfingu á aðalreikningi ríkissjóðs.

Við þetta er svo þessu að bæta um afkomu ársins 1973: Eins og hv. alþm. er kunnugt um, voru ákveðin allmikil útgjöld úr ríkissjóði, eftir að fjárlög voru afgreidd hér á hv. Alþingi. M. a. var undir þinglok ákveðið með lögum, að ríkissjóður legði til stofnlánasjóðum atvinnuveganna verulegar fjárhæðir. Sama er að segja um framlag til Viðlagasjóðs vegna eldgossins í Vestmannaeyjum, þar var ríkissjóði gert að greiða verulega fjárhæð. Ennfremur var Vestmannaeyingum veitt skattaívilnun. Ákveða varð að hækka daggjöld á sjúkrahúsunum, sem verulegri fjárhæð nam. Allt hefur þetta, ásamt áhrifum af verðhækkunum í launagreiðslum og öðru, orðið til þess að auka útgjöld ríkissjóðs verulega.

Þess er hins vegar að geta, að tekjur ríkissjóðs hafa einnig farið verulega fram úr spá á þessum fyrstu 9 mánuðum ársins, þannig að þegar teknar eru bæði tekjur og gjöld, stendur dæmið þannig, að staðan er tæpum 50 millj. kr. hagstæðari en spáin gerði ráð fyrir að yrði í septemberlok.

Það er því ljóst af því, sem liðið er af þessu fjárlagaári, að ef fjárlögin hefðu staðið óbreytt, frá því að Alþingi afgreiddi þau, þá hefði tekjuafgangur orðið nokkur hjá ríkissjóði. Hins vegar skal ég ekki spá um það, hvort svo reyndist, þegar upp verður staðið, vegna þeirra greiðslna, sem orðið hefur að inna af hendi umfram fjárlög, svo sem þegar hefur verið fram tekið, og svo t. d. vegna fjárlagaheimilda, sem þegar er búið að greiða. Það er m. a. vegna rekstrar togara og samninga um kaup á nýju varðskipi. Lántökuheimild var til þeirra framkvæmda, en hún hefur ekki verið notuð, heldur var það, sem á vantaði, að söfnunarfé í Landhelgissjóð nægði fyrir því, sem þurfti að greiða við samningsgerð, greitt úr ríkissjóði, en það voru um 20 millj. kr.

Um mitt sumar, eftir að ákveðið hafði verið að auka niðurgreiðslur og fjölskyldubætur, var talið nauðsyn að fara í tekjuöflun. Ég ræddi það í ríkisstj. og óskaði eftir, að ráðh. hefðu samband við sína flokksmenn þar um, en sjálfur hafði ég samband við hv. 3. landsk. þm., Bjarna Guðnason, hét honum því að láta honum í té allar upplýsingar hagrannsóknadeildar, er ég fengi um málið, að sjálfsögðu sem trúnaðarmál. Þetta gerði ég. Hins vegar ákvað ég og lagði það til í ríkisstj. að beðið yrði átekta fram til þess tíma, að Alþingi kæmi saman, þar sem ljóst væri, að tekjur mundu reynast meiri en spáð var, er málið var til athugunar, eins og fram kom í síðari spá hagrannsóknastjóra og reynslan sannaði. Ég tel mig hafa rætt þetta atriði við alla þá aðila, sem ég hafði ástæðu til að ræða það við, svo að enginn gæti með réttu kvartað undan því, að þar hefði á skort. Frv. var aldrei samið eða nein ákvörðun tekin um tekjuöflun, og þurfti ég ekkert bréf frá einum eða neinum þar um. Hins vegar er ég eftir atburði síðustu daga reynslunni ríkari um meðferð þeirra, er telja sig sérstaka siðapostula, á því, sem heitir trúnaður. Eins og ég hef þegar sýnt fram á, var það mat mitt rétt, að ekki var aðgerða þörf í tekjuöflun í sumar. Hins vegar skal ég engu um það spá, hver niðurstaða á ríkisreikningi fyrir árið 1973 verður. Tel ég þó nokkurn veginn augljóst nú, að þar verður ekki um neinn verulegan mismun að ræða, hvorki um afgang né halla. Spádómar um verulegan halla á árinu 1973, vona ég að reynist ekki hafa við rök að styðjast.

Til viðbótar því, sem ég hef nú sagt um fjármál ríkissjóðs árið 1973, vil ég einnig geta þess, að búið er að nota þær heimildir, sem voru á fjárlögum vegna Hafnabótasjóðs og til greiðslu á vanskilum hafna, sem voru samtals 70 millj. kr. Það var gert með þeim hætti, að Hafnabótasjóði var útvegað fé að láni frá Seðlabanka Íslands vegna beggja þessara heimilda.

Fjmrn. var búið að ganga frá sínum þætti í málinu á miðju sumri, þ. e. að útvega lánið. Lánskjörin eru með þeim hætti, að lánin eru afborgunarlaus tvö fyrstu árin, en greiðast svo á árunum til 1980.

Ekki var horfið að því ráði að veita þetta fé sem styrk til hafnanna. Slíkt hefði heldur ekki verið hægt að gera nema að mjög vel athuguðu máli, og yrði það þá að gerast sem framkvæmd við hverja einstaka höfn, er til endurgreiðslu kemur, en til þess hefur Hafnabótasjóður alla möguleika skv. lögunum, ef hann telur ástæðu til.

Þá vil ég geta þess, að erlendu lánin, sem taka átti til að fjármagna stofnlánasjóði o. fl. samkvæmt framkvæmdaáætlun á þessu ári, voru tekin nú nýlega. Fram að þeim tíma annaðist Seðlabankinn greiðslur fjár til framkvæmdanna, bæði vegna Framkvæmdasjóðs og annarra þátta opinberra framkvæmda og lánasjóða. Ástæðan til þess, að það var dregið að taka erlenda lánið, var fyrst og fremst sá óróleiki á gjaldeyrismörkuðum, sem verið hefur í sumar og gerði það að verkum, að erlend lántaka þótti ekki fýsileg, á meðan ekki var rórra þar. En nú hefur farið fram útboð í gegnum franskan banka og hefur verið gengið frá undirskrift á láninu í síðustu viku.

Þá vil ég geta þess, að sú heimild, sem var í fjárlögunum um niðurskurð allt að 15% af ríkisútgjöldum, hefur aðeins verið notuð að mjög takmörkuðu leyti og þá fyrst og fremst gagnvart rekstri. Framkvæmdir hafa yfirleitt gengið sinn gang og ekki verið tafðar vegna þessarar heimildar.

Ég tel, að með þessum kafla í ræðu minni hafi ég gefið hv. alþm. yfirlit yfir afkomu ríkisfjármála á árinu 1973. Ég vona, að enginn hv. alþm. þurfi undan því að kvarta, að þar hafi verið undan dregið eða á einn eða annan hátt reynt að haga málflutningi svo, að ekki sé augljóst.

Ég mun því láta þetta nægja um ríkisfjármálin, en mun síðar í ræðu minni víkja nokkuð að starfsemi þeirri, sem snertir fjmrn.

Þá er ég kominn að því að gera grein fyrir fjárlagafrv. ársins 1974. Eins og ég gat um í upphafi ræðu minnar, er gerð fjárlagafrv. með öðru móti nú en verið hefur, þar sem nú eru fjárlögin og framkvæmdaáætlunin í sama frv., en þau hafa áður verið afgreidd sem tvö þingmál, allt síðan 1963 að fyrsta framkvæmdaáætlun var samþykkt hér á hv. Alþingi. Þetta hefur haft í för með sér ýmis vandkvæði. Þegar framkvæmdaáætlun er afgreidd síðla vetrar, eins og

oftast hefur verið, þá hafa oft verið teknar í hana fjárútveganir til verka, sem ekki hefur verið ráðgert að unnin yrðu, þegar fjárlagaafgreiðslan fór fram. Stundum hefur verið bætt þar við og farið á snið við það, sem ákveðið var með fjárlagaafgreiðslunni. Þessi vinnuaðferð hefur einnig leitt til þess, að ýmsar beinar ríkisframkvæmdir, sem ekki verða greiddar með öðru en fjárveitingum, hafa verið fjármagnaðar með lántökum á framkv.áætlun og lánin síðar greidd með ríkisfjárveitingum. Þannig hafa t. d. bein rekstrarútgjöld, eins og vatnsorku- og jarðhitarannsóknir, verið fjármögnuð með lánum á framkv.áætlun. Nú er hins vegar ætluð fjárveiting í fjárlagafrv. til þessara framkvæmda. Á árinu 1973 voru tekin lán til þessara verkefna, vatnsorku- og jarðhitarannsókna, að upphæð 56 millj. kr. Það verður að teljast óeðlilegt, að slíkar frumrannsóknir séu unnar fyrir lánsfé.

Þessari breytingu fylgir einnig sá kostur, að nú fjallar fjvn. Alþingis um málið í heild, þ. e. fjárlagafrv. og framkvæmdaáætlun. Það er eðlilegra en að fjhn. þingsins fjalli um annan hlutinn og fjvn. um hinn. Með þessu fæst einnig betri heildarsýn yfir meðferð ríkisfjármála, og á því að vera hægt að taka málin fastari tökum, þegar þannig er að staðið. Af þessum breytingum leiðir einnig, að nú er gert ráð fyrir að fjármagna venjuleg rekstrarútgjöld ríkisins með samtímatekjum, en lánin fyrst og fremst tekin til þeirra framkvæmda, sem síðar meir gefa tekjur, þannig að viðkomandi stofnanir geti síðar borgað lánin.

Undantekningar eru þó frá þessu, og er því þannig með þær farið, að strax eru tekin inn á rekstrarútgjöld fjárlaganna útgjöldin, sem af þessu leiðir. Þannig er t. d. um Skeiðarársandsframkvæmdina, enda er ljóst, að lánin vegna þeirrar framkv. verður að greiða úr ríkissjóði.

Það er stefna þessa fjárlagafrv., að ríkisframkvæmdir séu minnst unnar fyrir lánsfé. Það er meginstefna þessa fjárlagafrv. að auka fjárveitingar til framkvæmda til atvinnuveganna og alveg sérstaklega á sviði byggðamála. Þar munar mestu um aukið fjárframlag til sjóða atvinnuveganna, aukið framlag til hafnabóta og til heilbrigðisþjónustu. Þá vil ég einnig nefna aukna aðstoð við námsmenn og sérstaklega við þá, sem þurfa að sækja skóla fjarri heimilum sínum og hafa af því sérstakan kostnað umfram þá, sem eru búsettir í grennd við skólana. Löggjöf um þetta efni var sett fyrir nokkrum árum og er nú að koma til framkvæmda, og gert er ráð fyrir, að svo verði að fullu eða því sem næst við næstu fjárlagagerð.

Þá er það nýmæli í þessu fjárlagafrv. að tekin er inn fjárveiting til dagvistunarheimila og elliheimila, en þau hafa ekki áður notið aðstoðar ríkissjóðs við uppbyggingu.

Þær tvær meginformbreytingar, sem nú verða á fjárlagafrv., má að miklu leyti rekja til þess, er ég áður nefndi, að sameina fjárlagafrv. og framkvæmda- og fjáröflunaráætlun.

Í fyrsta lagi er greiðsluyfirlit ríkissjóðs samkv. 1. gr. sett upp með nokkrum öðrum hætti en verið hefur, en sú breyting hefur þó engin áhrif á niðurstöður yfirlitsins. Þetta yfirlit hefur fram að þessu verið í eins samanþjöppuðu formi og frekast er unnt. En eðlilegra má telja, að yfirlit, sem sýnir fjárlögin í hnotskurn, gefi nokkru meiri upplýsingar en verið hefur. Því er nú gerð nokkru meiri sundurliðun á fjárlagafrv. Heildartekjum er nú skipt í beina skatta og óbeina og gjöldum í rekstrarliði annars vegar og framkvæmdaliði hins vegar. Síðan er rekstrarliðum skipt í tvennt, samneyslu annars vegar og neyslu- og rekstrartilfærslur hins vegar. Frá neyslu- og rekstrartilfærslum eru dregnar ýmsar tekjur, sem stofnanir hafa af starfsemi sinni. Með samneyslu er átt við kaup ríkisins sjálfs á vörum og þjónustu, sem eyðist við notkun, ef svo má að orði kveða. Hér er um að ræða launaútgjöld, önnur gjöld, svo sem viðhald og vexti o. fl.

Með neyslu- og rekstrartilfærslum er átt við útgjöld, sem ríkið notar ekki við eigin rekstur, en veitir öðrum í formum styrkja og framlaga og ætla má að notuð séu af viðtakendum til neyslu eða rekstrar. Má þar nefna tryggingabætur, niðurgreiðslur og útflutningsbætur.

Hliðstæð skipting er gerð á framkvæmdaliðum. Þar er annars vegar fjárfesting og hins vegar fjármagnstilfærslur. Fjárfestingin er kaup á vörum og þjónustu, sem skapa varanleg verðmæti og fjármögnuð eingöngu af ríkinu. Er þar helst um að ræða hvers konar byggingar og tækjakaup ríkisins sjálfs, sem fram koma í A-hluta fjárlaganna. Fjármagnstilfærslur eru hliðstæðar útgjöldum í formi styrkja og framlaga til ríkisaðila í B-hluta fjárlaganna, til sveitarfléaga og til einstaklinga og félaga, svo sem skóla, hafna, sjúkrahúsa o. fl. Með þessari skiptingu verður auðveldara að átta sig á, hvort raunveruleg aukning verður á rekstrarútgjöldum ríkissjóðs, en áður hefur verið.

Þá er gerð meiri sundurliðun á lánahreyfingum en verið hefur. Þar koma á liðinn „tekin lán“ lántökur til framkvæmda og afborganir, sem innheimtast, en á liðinn „veitt lán“ lánveitingar til ríkisaðila og annarra, sem standa eiga undir endurgreiðslu lána sjálfir. Í öðru lagi hefur framsetningu greiðsluyfirlits verið breytt þannig, að fram kemur, hversu miklu af skattfé þegnanna er varið til eiginlegs rekstrar ríkisins og neyslu- og rekstrartilfærslna, einnig hve mikið þá er eftir til fjárfestingar og fjármagnstilfærslna. Þetta dæmi er sett þannig upp, að í því eru framkvæmdir, sem unnar eru fyrir lánveitingar, að fjárhæð 690 millj. kr. En ef hafður hefði verið sami háttur á og við gerð fyrri fjárlaga, hefði hér verið um að ræða 596 millj. kr. greiðsluafgang.

Þá leiðir yfirlitið í ljós, að lánajöfnuður verður hagstæður, þannig að greiðsluafgangur í raun verður 104 millj. kr.

Þessi breyting, sem ég hef hér getið í sambandi við framkvæmdir eftir framkvæmdaáætluninni, sem eru fjármagnaðar með lánveitingum, hefur í för með sér breytingu á uppsetningu fjárlagafrv. og koma þær á lánahreyfingar út, eins og lánin vegna framkvæmdanna koma á lánahreyfingar inn.

Þá er rétt að vekja athygli á því, að bætt er við í tveimur töflum í kaflanum yfir „sérstök yfirlit“. Töflu nr. 6, sem sýnir framkvæmdaáætlun og fjárveitingar ríkisins árið 1974, ásamt samanburði við fjárlög og framkvæmdaáætlun 1973.

Framkvæmdafjárveitingar eru þar skýrgreindar nokkuð vítt, eins og taflan ber með sér, þar sem auk hreinna framlaga til verklegra framkvæmda, eru teknar með fjárveitingum, sem ætlaðar eru til að standa á beinan eða óbeinan hátt undir framkvæmdum, þ. e. fjárfestingarstyrkir, framlög til fjárfestingarsjóða og lánagreiðslna og endurlána.

Til grundvallar að útgjaldahlið frumvarpsins er lagt kaupgjald og verðlag eins og það var í september s. l. Kaupgjaldsvísitalan var þá 139.54 stig.

Í fjárlögum fyrir árið 1973 var miðað við kaupgjaldsvísitölu 122.5 og er hækkun launakostnaðar vegna verðlagsuppbóta því 13.9%. Þá kemur einnig sú grunnkaupshækkun, sem varð 1. mars s. l. á allt árið, það gerir 1.2%. Þannig verður heildarhækkun kaupgjaldsliðar í fjárlagafrumvarpinu frá yfirstandandi fjárlögum 15.3%. Við ákvörðun á öðrum kostnaðarliðum, er höfð hliðsjón af þeim verðlagsvísitölum, sem mestu máli skipta í sambandi við framkvæmdaliðina og er sú hækkun 20—25% frá gerð síðasta fjárlagafrumvarps.

Við áætlun tekna eru notaðar sömu kauplags- og verðlagsforsendur og við gjaldaáætlun. Þar er gert ráð fyrir, að almenn innlend verðmætaráðstöfun aukist um 10% í peningum og innflutningur um 9%. Miðað er við, að skattvísitalan sé 154 stig, sem er 20% hækkun frá 1973. Loks er gert ráð fyrir, að lækkun tolla vegna aðildar að EFTA og Efnahagsbandalaginu komi til framkvæmda á næsta ári í samræmi við samningana.

Um gjaldaliðina að öðru leyti er það að segja, að gjöld á rekstrarreikningi samkvæmt þessari uppsetningu eru 27 milljarðar 437 millj. kr. Hækkunin nemur því 5 980 millj. kr. frá fjárlögum 1973, eða 27.9%. Af þessari hækkun eru 334 millj. kr. vegna markaðra tekjustofna, og er það 11.8% hækkun. Ef þessir tekjustofnar eru frá taldir, verður hækkun eiginlegra rekstrargjalda 5 milljarðar 646 millj. kr., eða 33.3%.

Við þennan samanburð ber að hafa það í huga, að hlutur þessara gjalda var áður færður á framkvæmdaáætlun, en er nú bætt við rekstrarútgjöld ríkissjóðs, sem eru 690 millj. kr.

Væri fjárlagafrv. byggt upp nú hliðstætt og hefur verið, væri hækkunin frá í fyrra 4 956 millj. kr. eða 26.6%. Hækkunin felst fyrst og fremst í þessum liðum:

1. Framlag til almannatrygginga	1 758	millj. kr.
2. Launagreiðslur	1 241	— —
3. Niðurgreiðslur	212	— —
4. Til Fiskveiðasjóðs skv. nýjum lögum	175	— —
5. Til Lánasjóðs námsmanna	133	— —
6. Stofnlánadeild landbúnaðarins	91	— —
7. Sjúkrahús og læknisbústaðir	72	— —
8. Uppbætur á útfluttar landbúnaðarafurðir	72	— —
9. Vaxtagjöld	65	— —
10. Dagvistunarheimili	55	— —
11. Framlög skv. jarðræktarlögum	50	— —
12. Orkustofnun	50	— —
13. Iðnrekstrarsjóður	50	— —
14. Ýmsir liðir samtals	760	— —

Til einstakra liða á þessu fjárlagafrv. er varið sem hér segir:

1. Til almannatrygginga, sem er hæsti liðurinn	8 931	millj. kr.
2. Til verklegra framkvæmda, bæði framkvæmda, sem ríkið sér um að öllu leyti sjálft eða leggur sitt framlag á móti öðrum aðilum	7 151	— —
3. Launagreiðslur eru	5 810	— —
4. Viðhald	1 400	— —
5. Til niðurgreiðslna á vöruverði	1 900	— —
6. Til útflutningsuppbóta	400	— —

Ef gerður er hlutfallslegur samanburður á milli hinna einstöku ráðuneyta, lítur hann þannig út:

Heilbrigðisráðuneytið	36.1%
Menntamálaráðuneytið	18%
Samgönguráðuneytið	12%

Eru þessi þrjú ráðuneyti með ⅔ af öllum útgjöldum fjárlaganna.

Næst koma:

Viðskiptaráðuneytið	7.1%
Dómsmálaráðuneytið	5.6%
Fjármálaráðuneytið	5.2%
Landbúnaðarráðuneytið	4.5%

Um einstaka þætti fjárlagafrv. er þetta að segja:

Æðsta stjórn landsins, forsetinn, ríkisstjórnin, hæstiréttur og Alþingi, hækkar samtals um 32 millj. kr. Hækkunin er fyrst og fremst hjá 1-A þingi, eða 28 millj. kr., og í þeirri hækkun er framlag til lífeyrissjóðs alþingismanna, en það er á milli 11 og 12 millj. kr. Er gert ráð fyrir að auka fjárveitingu til þessa sjóðs, til þess að um sjóðsmyndun geti orðið að ræða eins og hjá öðrum lífeyrissjóðum.

Forsrn. hækkar um 9 millj. kr. Yfirstjórnin lækkar um 300 þús., en annar kostnaður hækkar um 9.3 millj. kr. Í þessari hækkun er ákvörðun, sem tekin hefur verið um það að byggja við Þingvallabæinn ráðherrabústað, sem gert er ráð fyrir að kosti um 6.5 millj. kr. 4 millj. er fjárveiting, en hitt er hluti af brunatryggingarfjárhæð hússins, er brann á Þingvöllum.

Hækkunin hjá menntmrn. er samtals 932 millj. kr. Yfirstjórnin hækkar um 56.6 millj. kr. þar af aðalskrifstofan um 16 millj. Kemur þar til nokkur fjölgun starfsfólks, einkum vegna skólarannsókna og iðnfræðslumála, auk annars kostnaðar við iðnfræðslumálin, en helstu orsakir hækkunarinnar eru þó verðhækkanir. Fræðslumálin hækka um 840 millj. kr., þar af barna- og gagnfræðaskólar um 342 millj. kr., af því eru byggingar 22 millj.

Lánasjóður íslenskra námsmanna hækkar um 133 millj. kr. Við ákvörðun á þessari hækkun var fylgt sömu reglu og í fyrra, að tekið er fullt tillit til verðhækkana bæði hérlendis og erlendis og fjölgunar námsmanna, og annað, er að þessu lýtur. Hins vegar er fylgt einnig sömu umframtekjuþörf eins og gert var á s. l. ári, en ekki gengið lengra í þá átt. Gert er ráð fyrir, að frv. um breyt. á lögum um náms-

lánasjóð verði lagt fram á þessu Alþingi, og mun þar verða mörkuð stefna, sem fylgt verður í framtíðinni. En eins og kunnugt er, hafa fjárveitingar til þessa sjóðs hækkað úr 90 millj., eins og þær voru árið 1971, í 456 millj. kr., eins og gert er ráð fyrir í þessu fjárlagafrv., eða fimmfaldast á þessum árum. Jafnhliða þessu er svo gert ráð fyrir því, að aukin lánveiting til sjóðsins verði til ráðstöfunar árið 1974.

Öðrum þáttum menntamála mun ég ekki gera grein fyrir í ræðu minni, nema þar sem um sérstakar breytingar er að ræða frá hinum almennu verðhækkunum, eða eðlileg fjölgun starfsmanna í kerfinu, eins og er víða í sambandi við kennslumálin.

Um háskólann vil ég geta þess, að alls hefur háskólinn 143 millj. kr. til ráðstöfunar í sambandi við framkvæmdir, og er þar um að ræða að byggja annan áfanga af verkfræði- og raunvísindahúsi, sem gert er ráð fyrir að verði byggt fyrir 80 millj., bygging tannlækningadeildarhúss 20 millj. og tækjakaup 23 millj. kr.

Um fjárveitingar til Rannsóknaráðs ríkisins er það að segja, að þar skal sérstaklega vakin athygli á 10 millj. kr. fjárveitingu til landsgrunnsrannsókna. Hér er um að ræða að ljúka rannsóknum, sem staðið hafa, og var heimiluð umframgreiðsla á árinu 1973 vegna þessara framkvæmda, til þess að hægt væri að ljúka þeim á næsta ári.

Byggingasjóður rannsókna í þágu atvinnuveganna, þar er hækkunin 2.3 millj. kr., og fer fjárveitingin að mestu leyti til að greiða afborganir af skuldum, sem teknar hafa verið vegna byggingarframkvæmdanna. Hins vegar skal þess getið, að gert er ráð fyrir, að byggingarframkvæmdir verði á Keldnaholti á næsta ári hjá Rannsóknastofnun byggingaiðnaðarins. Ástæðan til þess, að ekki er gert ráð fyrir fjárveitingu í fjárlagafrv., er sú, að þar er um að ræða, hvernig háttað verði samstarfi milli háskólans og rannsóknastofnana, og var talið eðlilegt, að það lægi fyrir, áður en endanleg ákvörðun væri tekin um fjárveitingu, sem verður gert við afgreiðslu fjárlaganna.

Um menntaskóla almennt er það að segja, að aðalframkvæmdin í byggingum á árinu 1974 verður áframhaldandi framkvæmd við Menntaskólann á Ísafirði, og er gert ráð fyrir að vinna þar fyrir tæpar 45 millj. kr. Þá verður og haldið áfram við framkvæmdir á Laugarvatni og þar verða byggð íbúðarhús. Og hafin verður framkvæmd við byggingu fyrir Menntaskólann við Tjörnina hér í Reykjavík skv. þessu fjárlagafrv. Þá er og aukin kostnaður vegna þess, að á þessu hausti tók til starfa Menntaskólinn í Kópavogi, og kemur það fram í fjárlagaafgreiðslunni.

Við Kennaraháskóla Íslands lækkar fjárveiting til byggingarframkvæmda, þar sem gert er ráð fyrir að ljúka á árinu 1974 íþróttahúsi skólans með 22 millj. kr. fjárveitingu, en áður var varið 25 millj. kr. til þess.

Fjárveiting til byggingar iðnskóla er hækkuð um 3 millj. kr. og verður þá orðin um 30 millj. kr. Hefur fjárveiting til þeirra hækkað á þrem síðustu árum um 150%.

Um húsmæðraskólana er það að segja, að ekki er gert ráð fyrir neinum nýjum framkvæmdum á sviði húsmæðrafræðslunnar, m. a. vegna þess, að ekki er séð, hvaða breytingar hún kann að taka. Gert er ráð fyrir, að lagt verði fram frv. að lögum um breytingu á þessari fræðslu, og fjárveitingar til stofnkostnaðar eru fyrst og fremst miðaðar við það að ljúka verki eða greiða skuldir.

Um héraðsskólana er það að segja, að framlög til bygginga héraðsskóla verða 55 millj. kr. Gert er ráð fyrir, að á árinu 1974 verði haldið áfram að vinna að uppbyggingu í Reykholti og Reykjanesi við Ísafjarðardjúp. Á Reykjum í Hrútafirði er gert ráð fyrir að hefja byggingu kennsluhúss, og miðast fjárveitingin við að ljúka því á þrem árum. En þessi fjárveiting nú er miðuð við geymslufjárveitingu, sem sá skóli á til framkvæmda þessara. Í Skógum er gert ráð fyrir að byggja skólastjóraíbúð. Aðrar framkvæmdir í héraðsskólunum eru ekki fyrirhugaðar.

Að sjálfsögðu hækkar launakostnaður mikið við barna- og gagnfræðastigið, svo sem venja er til, vegna þeirrar almennu fjölgunar, sem alltaf á sér stað þar, auk almennra hækkana á launaliðum. Heildarhækkun á hinum almenna lið í þessum málaflokki er um 117 millj. kr. Skiptist það í þá hluta, sem hér segir:

Viðhaldskostnaður hækkar um 21. millj. kr.
Aksturskostnaður v/skólabarna hækkar um 14.4 millj. kr.
Laun ráðskvenna og aðstoðarstúlkna hækka um 10 millj. kr.
Stjórnskipaðir prófdómarar hækka um 7.8 millj. kr.
Greiðsla fyrir forfallakennslu hækkar um 6.7 millj. kr.
Varsla í heimavist hækkar um 6 millj. kr.
Útgjöld skv. 19. gr. skólakostnaðarlaganna um kennslu afbrigðilegra barna hækkar um 5.3 millj. kr.

Um fleiri smærri liði er að ræða, sem ég fer ekki út í, en upp er tekinn nýr liður vegna brunavarna, 5 millj. kr., og er það m. a. til þess, að skólarnir geti tekið þátt í brunavörnum almennt með héruðunum, þar sem þeir eru staðsettir.

Þá er sérstök fjárveiting, kostnaður vegna barna úr Vestmannaeyjum, 29 millj. kr., sem í rauninni er 4 millj. kr. hækkun frá fjárlögum 1973.

Framlög til byggingar barna- og gagnfræðaskóla og íbúða skólastjóra hækka um 21 millj. Framlög skv. eldri lögum lækka hins vegar um 5 millj., þannig að fjárveiting til nýbygginga eykst um 26 millj. í raun. Er þá fjárveiting til þessa liðs orðin um 500 millj. kr.

Um Heyrnleysingjaskólann er það að segja, að byggingarframlag lækkar þar, enda komið að verklokum. Upptökuheimilið í Kópavogi, þar er aukin starfsemi, og m. a. er gert ráð fyrir að kaupa hús vegna starfseminnar.

Framlög til Íþróttasjóðs hækka um 1900 þús. kr.

Aðra þætti í sambandi við menntmrn. sé ég ekki ástæðu til að fara út í.

Varðandi utanrn. er það að segja, að ekki er þar um miklar breytingar að ræða. Hækkanir þær, sem þar eiga sér stað, eru fyrst og fremst verðlagshækkanir. Þá hefur verið ráðinn þar fulltrúi og ritari. Gert er ráð fyrir því að launa ræðismann og vísindafulltrúa við sendiráðið í New York og ráða bílstjóra að sendiráðinu í Osló.

Aðrar breytingar í sambandi við sendiráðin og aðalskrifstofu utanrrn. munu skýra sig sjálfar.

Framlög til alþjóðastofnana hækka samtals um 3.8 millj. Helstu hækkanir eru Þróunaraðstoð Sameinuðu þjóðanna 1 millj. kr. og til EFTA 850 þús. kr.

Um landbrn. er það að segja, að framlög hækka til jarðeignadeildar ráðuneytisins um 3.2 millj. kr. og er það vegna þátttöku ríkisins í uppbyggingu á þeim jörðum, sem ríkissjóður á. Sú breyting verður hjá Búnaðarfélagi Íslands, að þar kemur ráðunautur í minkarækt í fullt starf, en það hefur ekki verið áður. Að öðru leyti er starfstilhögun ekki breytt.

Í sambandi við Landnám ríkisins er gert ráð fyrir því að auka framlag til grænfóðurverksmiðja, en mikið er þrýst á með að byggja þær nú. Framleiðsla þeirra hefur gengið vel og framleiðsla þeirra selst vel, og þær geta langt frá því annað eftirspurn. Þá eru teknar inn á þennan lið 5 millj. kr. vegna Inn-Djúpsáætlunar og er gert ráð fyrir því, að með þessu framlagi ríkisins, aðstoð Byggðasjóðs og skipulögðum vinnubrögðum verði hægt að koma því til leiðar, að byggðirnar við innanvert Ísafjarðardjúp eflist, en leggist ekki í eyði, og tekst það vonandi.

Nýr fiskifræðingur hefur verið ráðinn til Veiðimálastofnunarinnar, enda fara störf stofnunarinnar mjög vaxandi ár frá ári.

Framlög til byggingar dýralæknabústaða hækka um 2 millj. kr., en öðrum liðum á embætti dýralækna er ekki ástæða til að greina hér frá.

Framlög til landbúnaðar hækka samtals um 246 millj. kr. Af því er stærsti liðurinn framlag til Stofnlánadeildarinnar, sem er 91 millj. kr. skv. lögum, sem sett voru þar um í fyrra. Þá hækka jarðræktarframlög um 50 millj. kr., og þar af eru 15 millj. vegna flýtingar greiðslna samkv. ósk Búnaðarfélags Íslands um, að greiðslur eigi sér stað á sama ári og verk eru framkvæmd. Hér er stefnt að því og einnig í fjárveitingu til framræslu, að á næstu 3 árum verði hægt að ná því takmarki, að öll jarðræktarframlög fari fram sama ár og þær eru unnar. Þá hækkar framlag til veðdeildar Búnaðarbankans um 2 millj. kr. Liðurinn til Bændaskólans á Hvanneyri hækkar vegna byggingarframkvæmda um rúmar 6 millj. kr., en þar er verið að byggja nýtt skólahús. Ráðgert er á næsta ári að byggja nýjan skólastjórabústað.

Sjávarútvegsráðuneytið: Kostnaðurinn við Hafrannsóknastofnunina eykst um 43 millj. kr. á næsta ári. Gert er ráð fyrir að ráða þar 3 nýja sérfræðinga, og vegna tilkomu nýs skips hækkar launakostnaður um tæpar 4 millj. kr. Að öðru leyti hækkar launakostnaður um 29%. Er það mun meiri hækkun en leiðir af verðlagsbótum, og kemur hún einkum fram á auknum launakostnaði vegna skipanna. Önnur rekstrargjöld hækka um 10 millj. kr., þar af 2 millj. kr. vegna stofnunar útibús úti á landi, sem ákveðið er að koma upp á næsta ári. Rannsóknastofnun fiskiðnaðarins hækkar um 6 millj. kr. Af því eru 776 þús. kr. vegna ráðningar 2 rannsóknarmanna og 633 vegna launa í sambandi við stofnun útibús úti á landi, sem einnig er ákveðið í sambandi við þessa stofnun.

Framlag ríkissjóðs á móti útflutningsgjaldi til Aflatryggingasjóðs hækkar um 15 millj. kr. og verður 51.6 millj. kr. Þá hækka ýmisleg framlög á sviði sjávarútvegs um 175 millj. kr. Er hér fyrst og fremst um að ræða framlag ríkisins til Fiskveiðasjóðs samkv. lögum frá s. l. vori.

Dómsmálaráðuneytið: Um sakadómaraembættið í Reykjavík er það að segja, að það hækkar um 3.2 millj. kr. vegna launa- og verðlagshækkunar. Samkvæmt nýjum lögum um fangelsi og vinnuhæli tekur Reykjavíkurborg ekki lengur þátt í rekstrarkostnaði Hegningarhússins við Skólavörðustíg. Fellur því niður tekjuliður, sem var 5 millj. í fjárlögum 1973, þannig að framlagið eykst í heild í rúmlega 17 millj. kr.

Til byggingar lögreglustöðvarinnar í Reykjavík er varið 8.2 millj. kr., og er þá gert ráð fyrir, að henni verði fullokið. Árið 1973 var fjárveitingin til hennar 3.1 millj., en þá var lán á framkvæmdaáætlun til þessara framkvæmda.

Í sambandi við embætti sýslumanna og bæjarfógeta eru ekki teljandi breytingar aðrar en þær, að gert er ráð fyrir nýjum starfsmönnum við embættin á Patreksfirði, Blönduósi, Akureyri, Hvolsvelli og Vík í Mýrdal. Er þetta vegna héraðssamlaganna. Þá er gert ráð fyrir því að ráða löglærðan fulltrúa á skrifstofu bæjarfógetans í Keflavík vegna stækkunar umdæmisins og lögreglustjóra í Hafnarhreppi skv. lögum frá síðasta Alþingi. Þá kemur nú í fyrsta sinn í fjárlögum ný stofnun skv. lögum frá 1973, sem er dómstóll og rannsóknadeild í ávana- og fíkniefnamálum og er gert ráð fyrir að kosti 5½ millj. kr.

Kostnaður við fangelsi í Síðumúla eykst um 5.8 millj. kr., þar af vegna ráðningar varðstjóra og 2 kvenfangavarða í hálft starf tæp 1 millj. kr. Að öðru leyti er hér um eðlilegar hækkanir að ræða.

Mjög veruleg hækkun verður á framlagi til landhelgisgæslunnar eða 121 millj. kr. Í stað sérstakrar fjárveitingar á fjárlögum 1973 vegna útfærslu landhelginnar o. fl. er tekin ný fjárveiting vegna leiguskipa, sem er 18 millj. kr. Nýr liður, til kaupa á nýju varðskipi, 30 millj. kr., en samkv. kaupsamningi verður heildarverð um 450 millj. kr. og er 80% lánað af því. Að öðru leyti er um að ræða eðlilegar hækkanir.

Framlag til byggingar ríkisfangelsa og vinnuhæla hækkar um 13 millj. kr. og er það samkv. lögum frá síðasta Alþingi. Heildarhækkun til þjóðkirkjunnar er um 25 millj. kr. Þar er um að ræða eðlilegar hækkanir, en auk þess hækkar framlag til byggingar prestssetra um 4.5 millj. kr., til Hallgrímskirkju 2 millj. kr. og til Hóla í Hjaltadal 800 þús. kr., Hjálparstofnun kirkjunnar 700 þús. kr. og álag vegna afhendingar kirkna um 500 þús. kr.

Félagsmálaráðuneytið: Til Húsnæðismálastofnunar ríkisins hækkar framlagið um 58 millj. kr.

Þar er gert ráð fyrir hækkun á launaskatti 37 millj. kr. og byggingasjóðsgjaldi um 20 millj. kr. Til Byggingasjóðs verkamanna hækkar framlagið um 37 millj. kr., vegna þess að vitað er, að framkvæmdir á vegum Byggingasjóðs verkamanna hafa aukist og munu aukast á næstu árum.

Framlag til Lánasjóðs sveitarfélaga hækkar um 1 millj., og svo kemur nýtt framlag til landakaupasjóðs kaupstaða og kauptúna, er það samkv. lögum frá s.l. ári og er um 10 millj. kr. fjárveitingu að ræða.

Þá hækka framlög til sveitarfélaga um 12.8 millj. kr. Eru þar fyrirferðamestar vatnsveiturnar, sem hækka um 10 millj. kr. og heimilishjálp 2.5 millj.

Liðurinn vinnumál hækkar um 3.6 millj. kr. Framlag til framkvæmdar áætlunar um opinberan stuðning við samtök vinnumarkaðarins vegna hagræðingarstarfsemi hækkar um 1 600 þús. kr., til byggingar orlofsheimila A.S.Í. um 1½ millj. og vegna Menningar- og fræðslusambands alþýðu 600 þús. kr. ýmis framlög hækka, aðallega vegna aukinna tekna af mörkuðum tekjustofnum.

Heilbrigðisráðuneytið: Í aðalskrifstofu heilbrmrn. verður ráðinn fulltrúi, og einnig er áætlaður aukinn kostnaður vegna nefndastarfa, en þarna mun hafa verið um vanáætlun að ræða, eins og fram kemur í útgjöldum aðalskrifstofunnar á þessu ári.

Á framlögum til almannatrygginga, lífeyris-, sjúkra- og slysatrygginga er mesta hækkunin, sem verður á fjárlögum að þessu sinni, sem eru 1 855 millj. kr. Af þeirri hækkun nema lífeyristryggingaiðgjöld atvinnurekenda 114.9 millj. kr. og slysatryggingar 5 millj. kr. Hækkun á beinu ríkissjóðsframlagi er því 1 735 millj. kr. Skiptist hún þannig, að 671 millj. eru vegna lífeyristrygginga, 1 063 vegna sjúkratrygginga.

Áætlun um lífeyristryggingar er í samræmi við fjárlagatillögur Tryggingastofnunar ríkisins að öðru leyti en því, að áætlanir eru færðar til verðlags í september 1973 og að fjölskyldubótagreiðslur eru áætlaðar 250 millj. kr. lægri en miðað var við í lok septembermánaðar. Ástæðan fyrir þessari breytingu er m.a. sú, að gerð hefur verið breyting á fjölskyldubótum til lækkunar frá því, sem þá var. Hins vegar eru fjölskyldubætur nú hærri en þær voru í lok fyrra árs og fram eftir þessu ári. Þess vegna er það raunverulega á misskilningi byggt að tala um að lækka fjölskyldubætur, því að sú tala, sem hæst var, stóð aðeins stuttan tíma, enda eru fjölskyldubætur nú nærri tvöfaldar frá því, sem lögin gera ráð fyrir. Lögin um almannatryggingar og lög um tekjuöflun ríkisins eru í endurskoðun, sem síðar mun að vikið, og mun þar m.a. athugað, hvort heppilegt sé að tengja saman fjölskyldubætur og persónufrádrátt vegna barna við álagningu skatts.

Framlög til sjúkratrygginga hækka um 1 milljarð 64 millj. kr. frá fjárlögum 1973, en á yfirstandandi ári hafa, eins og ég hef áður drepið á, verið gerðar hækkanir á daggjöldum sjúkrahúsa frá s.l. áramótum. Áætlun fyrir árið 1974 er byggð á þeirri forsendu, að daggjöld þurfi að hækka um 13—14% að meðaltali á því ári, miðað við verðlag í september 1973.

Í framlagi til ríkisspítalanna er ekki gert ráð fyrir, að greiða þurfi rekstrarhalla, því að það er ætlað að mæta rekstrarútgjöldum með daggjöldum. Þess vegna eru fjárveitingar þær, sem til ríkisspítalanna ganga, ætlaðar til framkvæmda, og eru þær samtals á þessu fjárlagafrv. 121 millj. kr. Af því er gert ráð fyrir, að 100 millj. kr. séu vegna byggingar við Landsspítalann, og er þá fyrst og fremst um að ræða byggingu geðdeildar, en áætlun til hennar er 60 millj. á næsta ári. Að öðru leyti er um að ræða framhald á þeim verkum, sem unnið er að, og undirbúningur nýrra verkefna. Þar á meðal er framlag til Fæðingardeildarinnar til tækjakaupa. Í Kristnesi verður haldið áfram með þá húsbyggingu, sem nú er unnið að.

Framlög til sjúkrahúsa og læknisbústaða hækka um 80 millj. kr., þar af til byggingar sjúkrahúsa, sjúkraskýla, heilsugæslustöðva og læknisbústaða 57.4 millj. kr. eða 33.5%.

Þá er framlag til elliheimila 15 millj. kr. Það er nýr liður samkvæmt lögum frá síðasta Alþingi.

Rekstrarstyrkur til heilsuverndarstöðva hækkar um rúmar 8 millj. kr.

Fjármálaráðuneytið: Þar er breyting á uppsetningu. Fjárlaga- og hagsýslustofnunin kemur fram sem sérstakur liður í þessu fjárlagafrv.

Um nýráðningu manna í sambandi við fjmrn. er fyrst og fremst um að ræða starfsfólk til launadeildar ráðuneytisins, en verkefni þeirrar deildar fara sívaxandi enda er launadeildin alltaf að bæta við sig vinnu við útgreiðslu launa fyrir ýmsar stofnanir, þ.á m. á þessu ári fyrir Póst og síma, Tryggingastofnun ríkisins, og Vegagerðin er áætlað að komi á næsta ári.

Nokkur breyting hefur orðið á gjaldahlutfalli í Gjaldheimtunni milli ríkisins og Reykjavíkurborgar. Ríkissjóður greiddi áður 42.5%, en nú er um helmingaskipti að ræða. Við framkvæmdadeild Innkaupastofnunar ríkisins er gert ráð fyrir að ráða tvo nýja eftirlitsmenn. Ýmis framlög á vegum fjmrn. hækka um 130 millj. kr. Þar af er 94 millj. kr. varið til óvissra útgjalda, svo sem eins og hækkun á verðlagsuppbótum á laun, sem gæti fallið til á næsta ári.

Þá hækka framlög til Lífeyrissjós bænda um 16.1 millj. kr. og Lífeyrissjóðs verkalýðsfélaganna um 10 millj. kr. Aukið er framlag til Orlofsheimilis BSRB um 6.7 millj. kr. og kostnaður vegna kjarasamninga um 2 millj. kr., þar sem gera má ráð fyrir verulega aukinni vinnu við kjarasamninga á næsta ári.

Samgönguráðuneytið: Í sambandi við uppsetningu á fjárveitingu til Vegagerðar ríkisins mun ég ekki ræða mikið að þessu sinni, þar sem vegáætlunin verður til endurskoðunar á þessu þingi, og mun verða rætt almennt um þessi mál þá. En eins og fjárlagafrv. gerir nú ráð fyrir, þá er auk þeirra föstu tekjustofna, sem þar eru tilgreindir, reiknað með lántöku vegna Skeiðarársands 300 millj. kr. og vegna hraðbrauta 100 millj. kr.

Ljóst er, að ekki mun þetta nægja til þess að standa undir þeim útgjöldum, sem nauðsynleg verða vegna vegamálanna á næsta ári, og kemur

það til athugunar í sambandi við endurskoðun vegáætlunar.

Framlög til hafna hækka um 488 millj. kr., þar af 394 millj. kr. til hafnabygginga í Þorlákshöfn, Grindavík og Höfn í Hornafirði.

Eins og kunnugt er, kom tilboð frá Alþjóðabankanum um að lána Íslendingum fé vegna eldgossins í Vestmannaeyjum. Bankinn sendi fulltrúa sína hingað til landsins til að athuga, hvaða verkefni það væri, sem hann gæti stutt að og Íslendingum mætti að gagni koma og samræmdist lánareglum bankans og áhrifum af eldgosinu. Niðurstaðan varð sú, að Alþjóðabankinn lánaði 600 millj. kr. til áðurgreindra hafna, og hefur verið gengið frá þeirri lántöku.

Gert er ráð fyrir því samkvæmt áætlun, sem gerð hefur verið um þessar framkvæmdir, að á árinu 1974 verði varið til þeirra samtals 450 millj. kr. Skiptist það þannig, að 225 millj. kr. ganga til Þorlákshafnar, 200 til Grindavíkur og 25 til Hafnar í Hornafirði. Eitthvað af þessum fjárhæðum mun þegar búið að vinna fyrir. Þar er fyrst og fremst um að ræða Grindavík, en þar hefur verið unnið í sambandi við þessar fjárveitingar þegar á þessu ári. Fjáröflun til þessara framkvæmda verður þannig háttað, að Alþjóðabankinn mun lána 270 millj. kr., vegna ríkishlutans er fjárveiting 20 millj. kr. og fjáröflun til að endurlána sveitarfélögunum 56 millj. kr. Fjárveiting úr ríkissjóði verður því 104 millj. kr.

Þegar ríkisstj. barst vitneskja um það, að möguleikar væru á því að fá sérstakt lán úr Alþjóðabankanum vegna náttúruhamfaranna í Vestmannaeyjum, taldi hún sjálfsagt að kynna sér það mál og láta athuga það til hlítar og nauðsyn bæri til að hagnýta sér það. Sú athugun, sem ég vék að áðan, leiddi til þess, að þessar 3 hafnarframkvæmdir voru samþykktar, og vitað er, að Íslendingar hefðu ekki átt kost á því að fá lán í Alþjóðabankanum nú til hafnarframkvæmda, ef gosið í Vestmannaeyjum hefði ekki komið til.

Það orkar ekki tvímælis, að hér var rétt ráðið, því hvort tveggja er, að hér er um að ræða stór og mikil verkefni, sem nauðsyn ber til að leysa, og svo hitt, að með því að leysa þessi mál á þennan hátt, með hagstæðu láni til langs tíma, mun nú reynast færara að greiða úr fjárþörf annarra hafna víðs vegar um landið. Gert er ráð fyrir, að ríkissjóður noti toll- og söluskattstekjur af húsum Viðlagasjóðs til að fjármagna sinn hluta í verkinu, enda fer vel á því.

Þarf engum orðum að því að eyða, að á fjárveitingar til hafna verður mjög sótt, því að hafnarframkvæmdir eru einar af þeim framkvæmdum, sem mikil nauðsyn ber til að þjóðin vinni að af dugnaði. Þáttaskil eru í hafnargerðinni við komu skuttogaranna víðs vegar um landið og nýrra og stærri skipa, sem alls staðar eru að bætast í skipaflota landsmanna. Þess vegna er mér það ljóst, að enda þótt á þessu fjárlagafrv. sé gert stærra átak en nokkru sinni fyrr í fjárveitingu í hafnargerð, þá mun þar ekki ofgert. Hvort tveggja ber til, að framlagshlutfall eða þátttaka ríkissjóðs í hafnarframkvæmdunum er nú meiri en áður hefur verið og svo verkefnin, eins og ég gat um áðan.

Fjárlagatalan í almennum höfnum er byggð á því að taka að fullu tillit til framlagshlutfalls ríkissjóðs í hafnargerð, í öðru lagi á verðlagsbreytingu, sem orðið hefur á framkvæmdum í hafnargerðum, og í þriðja lagi að auka við fjárframlagið til meiri framkvæmda en áður hefur verið. M. a. kemur til, að framlag til hafna í Sandgerði, Höfn og Grindavík falla þar út. Þá hækkar framlagið til Hafnabótasjóðs um 14 millj. kr.

Framlag til flugmála hækkar um 90 millj. kr. Hér er um verulega aukningu að ræða frá því sem áður hefur verið. Það var hins vegar ákveðið með þessari fjárlagagerð að hætta við lántöku vegna flugvalla og fjármagna þá með fjárveitingu.

Það er gert ráð fyrir því, að hægt verði að vinna í flestum flugvöllum úti um landsbyggðina og stórt átak verði gert í að byggja nýjan flugvöll á Egilsstöðum. Hins vegar var ekki talið fært að fara jafnhliða í það að byggja nýtt hús á Reykjavíkurflugvelli, eins og var tillaga um frá flugmálastjórninni.

Hækkun til ferðamálasjóðs er 2½ millj. kr., og er þá sjóðurinn kominn með fjárveitingu upp á 10 millj. kr.

Iðnaðarráðuneytið: Í iðnaðarmálum eru stærstu liðirnir þeir, að lánasjóður iðnaðarins, sem heitir Iðnrekstrarsjóður og stofnaður var með lögum frá s. l. Alþingi, fær nú framlag, 50 millj. kr. Framlag til Iðnlánasjóðs hækkar um 35 millj. kr.

Þá keypti Ríkisprentsmiðjan Gutenberg nýja prentsmiðju á s. l. ári, og vegna þeirra framkvæmda er fjárveiting upp á 15 millj. kr.

Þá kemur liðurinn fyrirtæki og stofnanir. Framlög á þessum lið eru annars vegar til Útflutningsmiðstöðvar iðnaðarins, 6 millj. kr., en það er gert ráð fyrir því í sambandi við þessa tillögu, að hinn nýi Iðnþróunarsjóður geti stutt þessa stofnun til þess að sinna sínum verkefnum, og þess vegna þurfi ekki nema þessa fjárveitingu, til þess að starfsemi stofnunarinnar haldi eðlilegum hraða og geti sinnt þeim verkefnum, sem hún vinnur nú að.

Framlag til Orkustofnunar hækkar um 83 millj. kr. Stærsti liðurinn í því er fjárveiting til jarðhita- og vatnsorkurannsókna, sem áður voru fjármagnaðar með lánsfé framkvæmdaáætlunar, 56 millj. kr. Verður því raunveruleg hækkun 27 millj. kr. Það er gert ráð fyrir, að allar rannsóknir verði fjármagnaðar með fjárveitingum á fjárlögum, en ekki með lánsfé.

Orkusjóður: Framlög hækka um 41 millj. kr., sem skiptist þannig, að framlag til lánagreiðslna eykst um 36 millj. kr., einkum vegna lána til sveitarafvæðingar og láns til jarðhitaleitar um 3.9 millj. kr.

Viðskiptaráðuneytið: Á aðalskrifstofu þess er gert ráð fyrir ráðningu eins fulltrúa, en að öðru leyti eru fjárveitingar til þessa ráðuneytið bundnar ákvörðun um niðurgreiðslur og hækka um 212 millj. kr., eins og áður er frá skýrt.

Fjárlaga- og hagsýslustofnunin: Þá er, eins og ég gat um áður, fjárlaga- og hagsýslustofn-

unin færð hér undir sérstakan lið, en ekki á aðalskrifstofu fjmrn. eins og verið hefur.

Nú er í fyrsta sinn tekin inn sérstök fjárveiting, 6 millj. kr., til aðkeyptrar sérfræðiþjónustu á sviði hagsýsluverkefna. Ég mun síðar í ræðu minni greina frá því, að hverju er stefnt í þeim efnum og unnið er að nú.

Ríkisendurskoðun: Þar er gert ráð fyrir löggiltum endurskoðanda og einum nýjum fulltrúa. Er það m.a. vegna endurskoðunar reikninga sýslusamlaga, sem er nýtt verkefni hjá stofnuninni.

Tekjuáætlun ríkissjóðs fyrir árið 1974 er gerð í hagrannsóknadeild Framkvæmdastofnunar ríkisins og er reist annars vegar á endurskoðaðri áætlun um tekjur ríkissjóðs á árinu 1973 á grundvelli þjóðhagsspár þess árs og hins vegar þjóðhagshorfum ársins 1974, eins og þær voru metnar í ágúst s. l.

Meginforsenda tekjuáætlunarinnar, að því að varðar kauplag, er sú, að reiknað er með óbreyttu kauplagi eins og það var 1. sept. s. l. eftir hækkun kaupgreiðsluvísitölu í 139.54 stig, en allir áfangar gildandi kjarasamninga eru nú komnir til framkvæmda. Á sama hátt er reiknað með óbreyttu verðlagi, eins og það var í septemberbyrjun, að öðru leyti en því, að tekið er tillit til áhrifa fyrirhugaðra breytinga á niðurgreiðslum og söluskatti, jafnframt því að hér er miðað við, að Viðlagasjóðsgjald af söluskatti falli niður 1. mars.

Þær kaupgjalds- og verðlagsforsendur, sem notaðar hafa verið við gerð tekjuöflunaráætlunar, eru hinar sömu og gilda um útgjaldalið frv., þ. e. í aðalatriðum kauplag og verðlag í sept. 1973. Eru þetta sambærilegar forsendur og notaðar hafa verið undanfarin ár við upphaflega áætlun fjárlagafrv., en þær hafa síðan verið teknar til endurskoðunar við afgreiðslu fjárlaga.

Á þeim forsendum um kauplag, verðlag og fjárhagshorfur næsta ár, sem hér hefur verið getið, er spáð rúmlega 3% magnaukningu almennrar innlendrar verðmætaráðstöfunar, þ. e. einkaneyslu, samneyslu og almennrar fjármunamyndunar, og nær 10% aukningu í peningum. Á grundvelli þessarar spár um aukna innlenda eftirspurn má búast við að verði 4—5% magnaukning yfirleitt og um 9% aukning í peningum, ef gert er ráð fyrir innflutningsverðlagi í byrjun september eins og áður er fram tekið.

Þá er gert ráð fyrir, að þær tollalækkanir, sem leiðir beint af EFTA- og EBE-samningum, verði komnar til framkvæmda, og gert er ráð fyrir, að skattvísitalan hækki um 20% og verði 154 stig.

Heildartekjur samkv. rekstarreikningi eru 27 milljarðar 343 millj. kr., en voru 21 milljarður 970.3 millj. á gildandi fjárlögum. Hækkun er því 5.373 millj. kr. eða 24.5%.

Í þessari tekjuáætlun er gert ráð fyrir því, að sú breyting verði á gildandi lögum, að söluskattur hækki um 2%. Ástæðan til þessarar söluskattshækkunar er sú, að í fyrsta lagi þarf að mæta þeirri tollalækkun, sem verður vegna EFTA- og EBE-samninganna, en vitanlega þarf meira að gera í þeim málum, sem ég mun skýra síðar í ræðu minni.

Á síðasta Alþingi voru afgreidd lög eins og hafnalögin og heilbrigðislöggjöfin og lög um dagvistunarheimili og elliheimili. Ekki efast ég um það, að öllum hv. þm. hafi verið ljóst, að allt þetta mundi kosta stóra fjármuni.

Þá er það og, að framlag til trygginga, sem er bundið verðl.vísit., hækkar um tæpar 2000 millj.

Ég reikna ekki með, að neinn hafi gert ráð fyrir því, að það væri á valdi núv. fjmrh. frekar en annarra að mæta auknum útgjöldum án þess að afla til þess nýrra tekna. Þess vegna finnst mér það skjóta skökku við, ekki síst hjá þeim, er mikið tala um, að ekki megi hækka beinu skattana, að telja það nú firn ein, að ætla sér að mæta þessum verkefnum, sem hér hefur verið drepið á, án þess að afla tekna til þeirra, á þann hátt, sem hér er lagt til.

Í framhaldi af þessu mun ég víkja nokkuð að verkefnum einstakra ráðuneyta og stofnana, sem eru hluti af fjmrn.

Fjárlaga- og hagsýslustofnun hefur unnið að verkefnum á sviði hagsýslumála og endurskipulagningar í ríkisrekstrinum í samstarfi við undirnefnd fjvn.

Haldið hefur verið áfram að vinna að undirbúningi að rekstri mötuneyta á vegum ríkisins. Hefur í því sambandi verið ákveðið, að eldhús Landsspítalans, sem nú er að koma til fullrar notkunar, taki að sér, auk þess að framleiða mat fyrir Landsspítalann, að framleiða einnig mat fyrir Kleppsspítalann og Hjúkrunarskólann. Þessi fyrirætlan er nú að koma til framkvæmda, enda með þeim hætti hægt að nýta þetta eldhús, en fyrir Landsspítalann einn mun þar aðeins vera um 60% nýtingu að ræða. Auk þess er það niðurstaða af því verki, sem búið er að vinna, sem er mikið verk, að þetta eldhús geti þjónað ríkisspítulunum hér á höfuðborgarsvæðinu, þ. e. Kópavogshælinu og Vífilsstaðahælinu að auki. Það er skoðun þeirra, sem að þessu hafa unnið, þ. á m. hefur verið sænskur sérfræðingur, að með þessu móti sé hægt að gera þennan rekstur 20—25% ódýrari en að öðrum kosti yrði.

Þessi mötuneytismál eru í framhaldsathugun í sambandi við aðrar stofnanir ríkisins, og er m. a. verið að athuga, til hvers þróunin kann að leiða, sem nú er farið að örla á, að ekki sé að ræða um heitan mat í hádeginu. Þetta gæti leitt til þess, að mikil breyting yrði á matstöðum á vegum ríkisins, og er full þörf á því, því að þessi mötuneyti yfirleitt eru of dýr í rekstri, og verður athugað, hvað best hentar, og verður þá tillit tekið til þess hvors tveggja, hvað hentar starfsfólkinu og ríkinu við kostnað slíkra mötuneyta.

Þá hefur verið unnið að tryggingum á ríkiseignum. Niðurstaðan er sú, að nú vinna tveir menn að því að meta, að hve miklu leyti ríkið á að tryggja sínar eignir og verða gefnar út ákveðnar reglur um það. Þegar því verki er lokið, verður tekin ákvörðun um það, hvort bjóða eigi þessar tryggingar út, sem eftir eru, eða semja við t. d. Brunabótafélag Íslands um að taka að sér tryggingar fyrir ríkið. Það er algild regla hjá öðrum þjóðum, að ríkið hafi afar lítið af sínum eignum í tryggingu, og reynslan hér sannar, að það muni henta betur heldur en það form, sem við nú höfum.

Þá hefur verið unnið á vegum fjárlaga- og hagsýslustofnunarinnar að endurskoðun á rekstri stórra ríkisstofnanna eins og Pósts og síma, Ríkisútvarpsins og Tryggingastofnunar ríkisins.

Öll þessi starfsemi er mjög vinnufrek, og hefur verið horfið að því ráði, eins og kemur nú fram í fjárlagafrv., að fá sérstakar skrifstofur, sem taka að sér slíkt verk, til þess að vinna að þessari endurskoðun, en hagsýslan veitir því forstöðu.

Þau vinnubrögð hafa verið upp tekin í sambandi við hagsýslustarfsemi í athugun á stofnunum, að fulltrúi frá stofnuninni hefur verið í þeirri nefnd, sem unnið hefur að því, ásamt mönnum úr viðkomandi stjórnardeild og fjárlaga- og hagsýslustofnun. Þessi vinnutilhögun mun án efa gefa mikla og góða raun, en að sjálfsögðu tekur það sinn tíma að ná verulegum árangri í svo umfangsmiklum verkefnum eins og að endurskoða rekstur stofnana, eins og Pósts og síma, Ríkisútvarps — hljóðvarps og sjónvarps — og Tryggingastofnunar ríkisins, og fleira mætti nefna.

Í næstu verkefnum hagsýslunnar mun svo rekstur ríkisspítalanna verða tekinn fyrir, og er það mikið verk, sem ekki vinnst á fáum dögum. En sama tilhögun verður höfð um þau vinnubrögð og ég lýsti hér að framan.

Eins og ég gat um fyrr í ræðu minni, keypti Ríkisprentsmiðjan Gutenberg nýja prentsmiðju í sumar, og hefur hagsýslan unnið að því ásamt iðnrn. að skipuleggja verkefni Gutenberg á þessum nýja stað og tengja ríkisfyrirtæki við rekstur þeirrar prentsmiðju.

Auk þeirra verka, sem hér hafa verið nefnd, hefur verið sótt um það að hálfu sjútvrn., að athugun yrði gerð á rekstri Hafrannsóknastofnunarinnar og Síldarverksmiðja ríkisins, og einnig af hálfu utanrrn. að gera athugun á rekstri Keflavíkurflugvallar. Öll þessi verkefni verða unnin með þeim hætti, sem ég gat um áðan.

Þá hefur verið unnið að því að athuga vinnu við boðun í sambandi við Sakadóm Reykjavíkur. Munu tillögur liggja fyrir í næsta mánuði, hvaða úrbætur þar væri hægt að gera. En það er gert ráð fyrir því, að þær muni leiða til þess, að hægt verði að draga úr kostnaði í sambandi við það embætti.

Þá er unnið að því að athuga starfsemi Jarðborana ríkisins, en það er, eins og kunnugt er, mikil starfsemi, og er full þörf á því að reyna að skipuleggja hana sem best.

Í heimildagrein fjárlaga yfirstandandi árs er heimild handa ríkisstj. til þess að taka lán til kaupa á sameiginlegu húsnæði fyrir nokkrar ríkisstofnanir. Unnið hefur verið að því að athuga þetta, og er þá haft í huga að sameina á einn stað Öryggiseftirlit ríkisins, Brunamálastofnunina, Löggildingarstofuna og Rafmagnseftirlit ríkisins. Þeim, sem að þessu hafa unnið, virðist aðgengilegast að byggja ofan á húsið við Grensásveg tvær hæðir til að fullnægja húsnæðisþörf þessara stofnana, en þessi bygging mundi gera meira en að þjóna því. Það hefur ekki verið tekin endanleg ákvörðun um framkvæmd á þessu verki, en það kemur mjög til athugunar, að það verði gert.

Eitt af því, sem hv. þm. hafa fengið á borðin til sín, er skýrsla um nefndir, sem störfuðu á árinu 1972. Fjöldi þeirra nefnda, sem störfuðu á árinu 1972, var 440. Fjöldinn árið áður var 421. Fjölgunin er því 19 nefndir.

Hreyfing innan einstakra ráðuneyta er sem hér segir, og er þar átt við hreyfingu, sem er frá árinu 1971 til ársins 1972:

1.	Forsætisráðuneytið	+	2
2.	Menntamálaráðuneytið (stóð í stað, 126 nefndir bæði árin)		—
3.	Utanríkisráðuneytið	+	1
4.	Landbúnaðarráðuneytið	÷	5
5.	Sjávarútvegsráðuneytið	+	4
6.	Dóms- og kirkjumálaráðun.	+	8
7.	Félagsmálaráðuneytið	—	1
8.	Fjármálaráðuneytið	—	1
9.	Heilbrigðis- og tryggingamálarn.	+	3
10.	Samgönguráðuneytið (stóð í stað, 22)		—
11.	Iðnaðarráðuneytið	+	10
12.	Viðskiptaráðuneytið	—	2
13.	Hagstofa Íslands (stóð í stað, 2 nefndir)		—

Hreyfing milli árana 1971—72 því + 19 nefndir.

Einnig var athugað núna í fyrsta skipti, hvað raunverulega væru margar nefndir af þeim fjölda, sem starfaði á árinu, sem voru að störfum í árslok. Reyndust þær vera 335. Sambærileg tala frá fyrri árum er ekki fyrir hendi. Þessi síðarnefnda tala gefur hins vegar raunhæfari mynd af fjölda nefnda, því að hún segir, hve margar nefndir eru starfandi á ákveðnum tíma. Verður þessari reglu fylgt framvegis.

Árið 1972 reyndist heildarkostnaður þessara nefnda, stjórna og ráða samtals 60 577 þús. kr. Til samanburðar við árið 1971 var þessi kostnaður 45 779 þús. kr. Hækkunin nemur 32.3%.

Með lögum nr. 96 frá 27. des. 1971 var eignum og skuldum allra sjúkrasamlaga í landinu skipt milli ríkis og viðkomandi sveitarsjóða. Þá voru í landinu 259 sjúkrasamlög. Uppgjör þessara samlaga hafa starfsmenn Ríkisendurskoðunar yfirfarið og gert skiptingu þá, sem að ofan greinir.

Við stofnun sýslusamlaga færast bókhald og fjárreiður þeirra, þ. e. sjúkrasamlaga til embættis sýslumanna. Hefur ríkisendurskoðun og ríkisbókhaldið skipulagt framkvæmd þessara mála hjá viðkomandi embættum. Hér er um allmikið starf að ræða. Sú deild ríkisendurskoðunar, sem hefur með embættiseftirlit að gera, mun sjá um endurskoðun sjúkrasamlaga.

Úttektir á embættum, sem gerðar eru í hvert sinn, er embættismannaskipti verða, hafa verið 7 á þessu ári, auk þess að álika markar skyndikannanir hafa verið gerðar hjá öðrum embættum.

Tollendurskoðun hefur verið með sama hætti og áður, en verulegur þáttur í henni er endurgreiðsla vegna tollfrjálsra framkvæmda. Má þar nefna allar stórvirkjanir, og endurgreiðslur vegna útflutnings iðnaðarvara, en þessi þáttur mun væntanlega aukast vegna aukinnar sölu íslenskrar iðnaðarvöru erlendis.

Ríkisendurskoðun og ríkisbókhaldið hafa samvinnu um að aðstoða stærri stofnanir ríkisins

við að hagnýta tölvutækni í sambandi við bókhald. Nú er bókhald Vegagerðar ríkisins í þessari athugun, og er stefnt að því, að það fari í tölvu um næstu áramót.

Ríkisendurskoðunin stefnir að því, að endurskoðun ársreiknings ríkisstofnana verði að mestu lokið í októbermánuði, næst á eftir er reikningsárinu lýkur. Í því sambandi hefur verið fengin aðstaða hjá ríkisféhirði til athugunar á útgreiðslum, áður en þær eru inntar af hendi. Verður sá háttur á hafður frá næstu áramótum.

Eins og fram kemur í yfirliti um verklegar framkvæmdir í grg. fjárlagafrv. verða opinberar framkvæmdir, sem fjármagnaðar eru með lántöku á vegum Rafmagnsveitna ríkisins, 389 millj. kr. á næsta ári, auk þess stofnlína frá Suðurlandi til Norðurlandsins 200 millj., sveitarafvæðing 110 millj. kr., auk þeirra framkvæmda, sem teknar eru beint inn í fjárlagafrv. Þessu til viðbótar er svo getið hér um framkvæmd við Sigölduvirkjun upp á 1339 millj. kr.

Auk þeirra opinberu framkvæmda, sem fram koma í fjárlagafrv. og gerð er grein fyrir í athugasemdum og sérstökum yfirlitum og ég hef þegar greint frá, hverjar séu, gæti ríkisstj. þurft að afla sérstaks fjár til tveggja meiri háttar framkvæmda á árinu 1974. Hin fyrri er bygging járnblendiverksmiðju á Grundartanga við Hvalfjörð. Ef samkomulag verður við ameríska félagið Union Carbide, hefst á næsta ári bygging húsa og hafnarmannvirkja vegna járnblendiverksmiðjunnar á þessum stað. Enn liggja ekki fyrir nákvæmar áætlanir um áfangaskiptingu þess verks, en talið er, að heildarframkvæmdir ársins 1974 geti numið 300—500 millj. kr. Hlutur íslenska ríkisins í fjármögnun þessa áfanga gæti orðið ⅔ hlutar, sem að mestu yrði tekið að láni. Þá eru í athugun og undirbúningi framkvæmdir vegna byggingar þangverksmiðju við Breiðafjörð, sem gert er ráð fyrir að verði staðsett á Reykhólum. Niðurstöður rannsóknanna liggja ekki nógu skýrt fyrir enn, en ef af framkvæmdum yrði, sem gert er ráð fyrir, má gera ráð fyrir því, að ríkissjóður yrði að fjármagna af eigin fé um 100 millj. kr. á árinu 1974. Það eru þeir liðir í framkvæmdinni, sem að því sneru, svo sem hafnargerð, vegagerð og e.t.v. eitthvað fleira.

Væntanlega verður þessum málum það langt á veg komið, að hægt verði að afgreiða þau við endanlega afgreiðslu fjárlaga.

Þá koma fram í frv. till. um, hvernig fjármögnun á þeim hluta opinberra framkvæmda, sem frv. tilheyra, á að gerast. Gert er ráð fyrir því, að endurgreidd eldri spariskírteini verði 350 millj. kr., verðbréfaútgáfa 430 millj. kr., þ.e. spariskírteini, happdrættisskuldabréf, og erlendar lántökur vegna hafnanna á Suðurlandi og hraðbrauta verði 338 millj. kr.

Ég vil í sambandi við þetta vekja athygli á því, að ekki virðist vera unnt að selja meira af spariskírteinum og happdrættisskuldabréfum á innlendum markaði á næsta ári en hér er gert ráð fyrir, ef ekkert verður að gert í sambandi við lífeyrissjóðina. Það hafa staðið yfir samningar á þessu ári við lífeyrissjóðina um ráðstöfunarfé þeirra. Það vex mjög ört ár frá ári. Eitt er víst, að þeir lífeyrissjóðamenn hafa verulegan áhuga á því að verðtryggja sínar eignir, og þess vegna virðist mér, að það ætti að vera möguleiki til þess að ná góðu samkomulagi um, að ákveðinn hluti af ráðstöfunarfé lífeyrissjóðanna gengi til þess að fjármagna ríkisframkvæmdirnar og til lánasjóða á vegum ríkisins, sem lána fé til uppbyggingar í atvinnulífinu, og yrði í leiðinni að semja um þá verðtryggingu á fjármunum þessum vegna lífeyrisþeganna, sem eiga að njóta þeirra í framtíðinni.

Frá mínum bæjardyrum séð á þetta ekki að vera minna áhugamál fyrir þá, sem fyrir lífeyrissjóðunum standa, heldur en fyrir hina, sem fjárins þurfa að njóta. Hér er um stórmál að ræða, sem verður að leysa báðum aðilum til hagsbóta, helst með samkomulagi.

Þessu til viðbótar sem hér hefur verið nefnt, er svo augljóst, að enn á eftir að útvega verulegt fjármagn til vegagerðarinnar og til húsnæðismálanna. Verkefni í þeim efnum eru að sjálfsögðu mikil. Auk þessa liggur ekki enn þá fyrir þörf fjárfestingarlánasjóða til útvegunar fjármagns vegna starfsemi sinnar á næsta ári. Framkvæmdastjórn Framkvæmdastofnunar ríkisins er þegar farin að vinna að þessu verki, að athuga möguleika á því, hvað fjárþörf fjárfestingarlánasjóðanna verður mikil á árinu 1974. Það verk var ekki það langt á veg komið, að þeir teldu sér fært að gera tillögu um fjárútvegun til sjóðanna nú. En væntanlega verður lögð fyrir þingið sérstök skýrsla um lánsfjárþörf fjárfestingarlánasjóðanna á næsta ári, áður en þetta frv. verður afgreitt. Þá verður einnig reynt að gefa heildaryfirlit um lánsfjáröflun hins opinbera, bæði á heimamarkaði og erlendis, á næsta ári. Að því er stefnt að móta heildarstefnu í þessu efni fyrr næsta ár en verið hefur undanfarandi ár, og einn þáttur þess verks, er að fjárlagafrv. og framkvæmdaáætlun er nú eitt og sama málið.

Í ræðu minni hér að framan hef ég gert grein fyrir ríkisreikningnum 1972, afkomu ársins 1973 fram til 1. okt. og fjárlagafrv. og framkvæmdaáætlun fyrir árið 1974. Ég sé því ekki ástæðu til að fara frekar út í það, enda vona ég, að sú grein, sem ég hef þegar gert fyrir þeim þáttum, nægi. Hins vegar vil ég nú taka einstaka málaflokka.

Þá verða fyrst fyrir mér tekjuöflunarmál ríkissjóðs.

Eins og kunnugt er, var það eitt af fyrstu verkum mínum sem fjmrh. að skipa nefnd til að endurskoða tekjuöflunarkerfi ríkisins. Ástæðan til þess, að ég taldi þörf á því að hefja þetta verk þá þegar, var sú, að skattalög þau, sem samþykkt voru voríð 1971 á hv. Alþingi, voru með þeim hætti, að ég vildi ekki búa við þau við tekjuöflun á árinu 1972.

Önnur ástæðan var sú, að fyrir dyrum stóð að endurskoða tekjuöflunarkerfið, m.a. vegna þeirra samninga, sem búið var að gera við EFTA-löndin. Það lá líka í loftinu, að við mundum leita eftir viðskiptasamningum við Efnahagsbandalagið. Það var yfirlýst stefna núv. ríkisstj. að gera það. Þetta hlaut að leiða til þess, að tolltekjur yrðu ekki eins afgerandi í tekjuöflun ríkissjóðs og þær höfðu áður verið.

Fyrsti þáttur í breytingum á tekjuöflun ríkissjóðs var gerður með skattalögunum, sem samþykkt voru á hv. Alþ. snemma á árinu 1972 og oft hafa verið hér til umræðu. Höfuðbreytingin með þeirri skattalagagerð var sú, að felldir voru niður persónuskattar, sem áður höfðu verið greiddir vegna almannatryggingakerfisins og sjúkrasamlagskerfisins, alveg án tillits til þess, hvort hlutaðeigandi hafði nokkrar tekjur eða ekki til þess að standa straum af þessum sköttum. Áður hafði ríkisstj. verið búin að taka ákvörðun um að fella niður námsbókagjaldið, svo með þessu var mörkuð sú stefna, að nefskattaleiðin yrði ekki valin.

Í öðru lagi voru þessi skattalög byggð upp á því, að verkaskiptingu milli ríkis og sveitarfélaga var verulega breytt og tekjustofnalög sveitarfélaga, sem voru afgreidd samhliða, ákváðu nýja skiptingu, í tekjustofnamörkun vegna sveitarfélaganna, sem skattalögin báru svip af.

Ég ætla ekki nú að ræða um skattalög þessi frekar að sinni, en mun gera það seinna í ræðu minni.

Í framhaldi af þessu hefur svo staðið yfir áframhaldandi vinna í endurskoðun laga, er varða tekjuöflun ríkisins og hefur þessi vinna miðast við það, að gera heildarskýrslu um alla tekjustofna ríkissjóðs og gera grein fyrir þeim, bæði með kostum þeirra og göllum og út frá þeim ábendingum, vegna þeirra breytinga sem þörf er á, svo og er það hlutverk þessarar skýrslu að gera stefnumörkun auðveldari. Þetta verk er nú það langt komið, að gert er ráð fyrir, að nefndin skili skýrslunni fullfrágenginni upp úr næstu mánaðamótum.

Ríkisstjórnin hefur ákveðið í samráði við nefndina að afhenda skýrsluna öllum stjórnmálaflokkum, þegar hún er tilbúin. Þeim mun verða afhent þessi skýrsla sem trúnaðarmál, sem ekki er gert ráð fyrir að verði farið með í blöð eða útvarp, heldur verði hún til leiðbeiningar við þá vinnu, sem stjórnmálaflokkarnir vilja leggja í tekjuöflunina.

Það er augljóst þeim, sem til þekkja, að hér er búið að vinna mikið starf, og e. t. v. hefur mörgum fundist það ganga hægara en ástæða hefði verið til. Það má segja með réttu, að það hefur gengið hægara en þörf hefur verið. Hins vegar var það svo við umræður um skattalögin, sem gilda um tekju- og eignarskatt, að þá var talið, að of miklum hraða hefði verið beitt við undirbúning og vinnu að þeim lögum. Þá þarf engan að undra, þó að það taki mikinn tíma að vinna þetta mál sem heildarmál, eins og nefndin hefur gert. Því má svo bæta við, að allir eru þessir nefndarmenn yfirhlaðnir störfum, og ýmsum kann að þykja það skrýtinn vinnuháttur að þurfa endilega að nota slíka menn til þess að inna af hendi slíkt verk sem þetta. En það stafar af því, að þeir búa yfir þekkingu og reynslu í sambandi við þessi mál, og þá þekkingu og reynslu viljum við hagnýta okkur í sambandi við slíkan lagabálk sem þennan.

Ég mun nú gera nokkra grein fyrir afstöðu minni til ýmissa þátta þessa máls, en ríkisstj. hefur ekki tekið formlega afstöðu til málsins, sem ekki er heldur von, vegna þess að málið er ekki komið á það stig, að til þess gæti komið.

Hins vegar hefur verið tekin ákvörðun um það í ríkisstj., að tollskráin hefur verið tekin til endurskoðunar, og auk þess sem tollar verða lækkaðir vegna EFTA- og EBE-aðildar, þá verða tollar einnig lækkaðir gagnvart iðnrekstrinum, bæði að því er varðar vélar til iðnaðarins og einnig hráefniskaup. Er gert ráð fyrir að fella niður við áramótin næstu helmingin af þessum tollum iðnaðarins, og í ársbyrjun 1976 verða tollarnir felldir alveg niður. Þetta er gert til þess að gefa íslenskum útflutningsiðnaði forskot í samkeppni við erlenda iðnaðinn, og reyndar er þetta gert til þess að gefa öllum íslenskum iðnaði forskot gagnvart þessum erlenda keppinaut sínum. Þessi ákvörðun liggur þegar fyrir, og hefur verið unnið að því að semja frv. til breytinga á tollskránni í samræmi við þessa ákvörðun, sem verður einn þáttur í heildartekjubálki ríkisins.

Þá kemur það og til athugunar, hvernig við eigum að meta stöðu okkar gagnvart þeim þjóðum, sem við erum ekki samningsbundnir við í bandalögunum, eins og EFTA og Efnahagsbandalaginu. Í sambandi við þær þjóðir, sem eru helstu kaupendur að útflutningsvörum okkar, orkar það ekki tvímælis, að við getum ekki hugsunarlaust gengið fram hjá því, að þær kaupa okkar útflutningsvörur og eru góðir viðskiptaaðilar, eins og Bandaríkin og Sovétríkin, og það hlýtur að koma til þess, að þegar tollalækkunin fer að verða veruleg gagnvart löndum í Efnahagsbandalaginu og EFTA, þá verður að horfa á þennan þátt viðskiptamálanna með raunsæi og meta, hvað við getum gengið langt í því að tolla vörur eða innflutning frá þessum löndum.

Í þessu sambandi koma til athugunar hæstu fjáröflunartollar, sem við búum að nú. Þess vegna verðum við að miða að uppbyggingu á tekjuöflunarkerfi ríkisins með þeim hætti, að það feli í sér möguleika til að mæta slíkri breytingu, sem verður í rýrnun tolltekna.

Annar þáttur í óbeinum tekjustofnum er söluskatturinn, sem hefur verið notaður hér nokkurt skeið og verður hækkaður að þessu sinni. Það hafa oft orðið umræður um söluskattinn sem tekjustofn, og hafa ekki allir verið á eitt sáttir um það, hversu heppilegur hann væri. Ekki orkar það tvímælis, að eftir því sem hann verður hærri, verður hættan á undandrætti meiri. Söluskatturinn hefur ekki heldur innibyggt í sér eftirlitskerfi, sem slíkur skattur þyrfti í raun og veru að hafa, til þess að eftirlitið væri nógu gott. Það er mitt álit, að innheimta á söluskatti hafi batnað á síðari árum og undanbrögð í söluskattinum séu nú orðin minni en áður var. Tel ég, að mánaðarleg innheimta á skattinum stuðli að því. Hitt mun þó ljóst vera, að einhver undanbrögð eru enn þá og kannske meiri en maður hyggur, þó að skoðun mín sé að nokkru leyti á rökum byggð. Ég hef því lagt áherslu á það, að jafnhliða því, sem söluskatturinn er athugaður sem sá tekjustofn, sem tæki við af tolltekjunum, þá yrði athugaður virðisaukaskatturinn, sem nágrannar okkar á Norðurlöndunum eru farnir að nota í ríkum mæli. Ég held, að það muni sýna sig, að það verði afar erfitt fyrir okkur í framkvæmd, sérstaklega gagnvart okkar útflutnings-

iðnaði, að búa við annað skattakerfi óbeinna skatta heldur en nágrannar okkar. En það mun sýna sig þegar fram í sækir, að óbeinu skattarnir geta einnig orðið óvinsælir, ekki síst þegar þeir fara að vera háir, en slíkur skattur yrði að vera það, ef hugsanlegt er, að hann leysi tollana verulega af hólmi.

Mitt mat er það, að virðisaukaskatturinn muni henta okkur betur en söluskatturinn til að taka við því, sem aðflutningsgjöldin rýrna. Ég álít hins vegar, að það geti ekki komið til mála, að virðisaukaskatturinn geti komið til framkvæmda, hvorki á árinu 1974 né 1975. Ég tel hins vegar þörf á, að hann verði undirbúinn á þessu þingi, og tel mjög æskilegt að leita eftir samstöðu allra þingflokka um þetta mál, því að hér er um að ræða breytingu, sem við verðum að gera á okkar tekjuöflunarkerfi vegna samninga og vegna þeirra breytinga, sem eru að verða umhverfis okkur.

Ég tel því nauðsyn bera til, að samstaða verði um þennan skatt. Mín hugmynd er sú, að hann komi ekki til framkvæmda fyrr en 1. jan. 1976. Ég held, að það muni reynast betra til þess að tryggja framkvæmd hans. Ég veit að vísu, að það form að endurgreiða skattinn er vinnufrekt og verður án efa nokkuð erfitt til að byrja með. En hann hefur í sér fólgið visst eftirlit, sem okkur sem öðrum er nauðsynlegt að hafa í slíku skattakerfi, og mun reynast atvinnurekstrinum betur og forða frá tvísköttun.

Þetta vildi ég segja sem mína skoðun á þessum tekjustofni. Ég tel, að hann eigi að leysa af hólmi söluskattinn og tolltekjur að vissu marki. Þangað til þessi breyting verður komin í framkvæmd, verðum við að nota söluskattinn í ríkara mæli en við gerum nú til þess að jafna metin vegna þeirrar rýrnunar, sem verður á aðflutningsgjöldunum, og einnig ef verður horfið að því ráði að draga úr tekjuskatti, sem ég mun ræða um síðar.

Annar þáttur í tekjuöflunarkerfinu, sem ég tel hina mestu nauðsyn, að horfið verði frá, eru hinir fjölmörgu smáskattar. Það hefur verið nokkuð áberandi hér á hv. Alþingi, að það hefur verið aflað tekna til þessa og hins með því að hnýta ofan á tekjustofn, sem fyrir er, eða búa til nýjan skattstofn, sem hefur gefið óverulegar tekjur. Oftast hafa þessir skattar verið markaðir til ákveðinna verka, og þannig hefur stjórn fjmrn. á meðferð ríkisfjármála og Alþingis verið af þeim tekin með þessari ákvörðun, jafnvel þó að Alþingi hafi í þessum tilfellum afvopnað sig sjálft.

Það eru 60 smáskattar. Af þeim eru 20, sem gefa 5 millj. kr. tekjur eða lægra hver fyrir sig, 15 gefa 5—25 millj. hver skattur og 6, sem gefa 25—70 millj. kr. Sumir þessara skatta gefa aðeins hundruð þúsunda eða milljón, og sjá allir, eins og nú er komið, hvaða ástæða er til að vera með svona skattafargan. Þess vegna ber brýna nauðsyn til þess að reyna að sameina þessa skatta sem mest eða fella þá niður og taka upp tekjuöflun í stærra mæli. Smáskattarnir skapa óhemjumikla vinnu, bæði við útskrift og innheimtu, fyrir utan leiðindin af þessu smáskattafargani. T. d. eru skattar eins og skoðunargjald bifreiða, sem er ekkert nema öryggiseftirlit, þungaskattur af bensínbifreiðum, og fleira mætti nefna. Það mætti meira að segja halda því fram með rökum, að það væri eðlilegra að hækka bensínskattinn heldur en að viðhalda gúmmígjaldinu, vegna þess að gúmmíið er svo mikið öryggistæki bifreiðanna, að nauðsyn ber til, að bifreiðastjórar spari það ekki um of. Þetta er auðvitað aðeins lítið dæmi af mörgum, en allt er þetta í sömu áttina, að það hefur verið hlaðið einum skatti ofan á annan, eins og t. d. byggingasjóðsgjaldi ofan á eignarskatt, miðagjaldi til Menningarsjóðs, sem er eitthvað um 4 millj. kr. og menn láta af hendi, ef þeir fara inn á veitingahús, og ýmsir svona smáskattar eru mjög þreytandi og leiðinlegir.

Ef það er vilji hv. alþm. að ganga í tekjuöflunarkerfi ríkisins með þeim hætti, að raunverulega sé horfið frá þeim frumskógi, sem það er, og gera það einfalt, þá á að sameina verulegan hluta af smásköttum, sem nú eru, eða fella þá niður. Tekjustofnarnir eiga fyrst og fremst að vera stórir. Þetta vildi ég segja um það atriði, er að skattalögunum lýtur.

Ég vil svo segja það, að það sé eðlilegt að halda áfram tekjustofni eins og söttum í sambandi við bifreiðar, en þeir þurfa ekki að vera eins margir og þeir eru nú.

Um þann þjónustuþátt í starfsemi ríkisins, sem er seldur að nokkru leyti, finnst mér, að annaðhvort verði að koma til, að salan sé með þeim hætti, að það borgi kostnaðinn við að vinna verkið, eða þá sé ekki verið að láta koma til greiðslu. Ég tel líka eðlilegra í sambandi við launaskattinn, að teknar séu þær tekjur, sem nú eru innheimtar með slysatryggingagjaldi, lífeyristryggingagjaldi og iðgjaldi til atvinnuleysistrygginga. Eðlilegt er að sameina þessa tekjuöflun launaskatti, sem ég tel að eigi að halda, ef þessir tekjustofnar væru sameinaðir. Væri það mikil framför og vinnusparnaður í framkvæmd álagningar og innheimtu þeirra.

Þá er ég kominn að því að ræða um tekju- og eignarskatt. Þessi tekjustofn er gamall, átti 50 ára afmæli hér á landi 1971. Ég er ekki nógu kunnugur þessu, t. d. í Evrópulöndum, en þó hygg ég, að tekjuskattur sé alls staðar notaður og víðar í ríkara mæli en nú er hér. Hér er um að ræða, hvort beinir eða óbeinir skattar eigi að vera notaðir og að hve miklu marki hugsunin með tekjuskattinum sem stighækkandi skattstofni er eðlileg og rökrétt. Ég held, að ef að því væri horfið að leggja tekjuskattinn að mestu leyti niður, þó að það væri talað um að hafa hann á broddunum til að byrja með, þá mundi það fara svo, að hann mundi hverfa þaðan líka, eða þá að broddarnir sæktu þá það mikið í að fá laun sín hækkuð vegna skattsins, að hann yrði skrípamynd sem jöfnunartæki.

Ég vek athygli á því, að eins og nú er háttað hér í þessu þjóðfélagi, þá er ekki um neitt annað jöfnunartæki að ræða en tekjuskattinn í tekjuskiptingu á milli manna. Því er þannig farið með almannatryggingarnar, eftir að viðreisnarstjórnin ákvað að gera fjölskyldubæturnar að þætti í niðurgreiðslukerfinu til þess að halda vísitölunni í skefjum, að þá var jöfnunin búin í þessari stofnun. Það er alveg sama, hvort við eigum einn krakka eða 10, það er að vísu tíu

sinnum hærri upphæð, sem maður fær í peningum vegna tíu barna, en það er jafnt á hvert barn, en er ekki tekið neitt stighækkandi vegna barnafjöldans. Það er ekki heldur neitt tillit tekið til efnahags í sambandi við fjölskyldubæturnar. Þær eru í okkar þjóðfélagi núna, hvort sem okkur líkar það betur eða verr, aðeins þáttur í að halda vísitölunni í skefjum, og þarf enginn öðrum að lá í því. Ekki síst geta þeir láð öðrum, sem tóku upp þennan hátt, að gera fjölskyldubæturnar frádr.hæfar gagnvart vísitölu.

Sama er að segja um ellilaunin. Þau eru öllum greidd, þegar þeir eru komnir á þann aldur, alveg án tillits til þess, hvort þeir hafa margföld eftirlaun, þannig að launatekjur verða aldrei meiri en þegar þeir eru hættir að vinna, eins og dæmi eru til um, jafnt og til þeirra, sem hafa sama og engin lífeyrisréttindi, eins og hefur verið með fjöldann af hinum almenna borgara fram til þessa. Þetta er því ekki jöfnunartæki. Það eina, sem er jöfnunartæki í sambandi við tryggingarnar nú, er lágmarkstekjutryggingin, að enginn þegn í þessu þjóðfélagi fái lægri fjárhæð en lágmarkstryggingin gerir ráð fyrir. Meðan svo er, þýðir ekki annað en gera ráð fyrir því, að tekjuskattur verði notaður sem jöfnunartæki.

Nú er það svo, hverju svo sem menn vilja halda fram hér í hv. Alþingi eða annars staðar í sambandi við þennan skatt, að beinir skattar eru hlutfallslega minni hluti af tekjum ríkisins og sveitarfélaganna hér á landi en gerist með öðrum þjóðum, eins og Norðurlandaþjóðunum og Bretlandi. Með þessu er ég ekki að segja, að ég sé ekki reiðubúinn til þess að draga úr beinum sköttum. Ég tel, að það eigi að gera það. Það sem er höfuðvandinn við tekju- og eignarskattinn, er að fá hann réttlátan, þ.e. að skattþegnarnir greiði í hlutfalli við sínar tekjur, en það séu ekki aðrir að greiða skattinn fyrir þá. Um þetta getum við að vísu óendanlega deilt, og deilurnar þurfa ekki að vera réttmætari en álagning skattsins. Hins vegar er ég sannfærður um það — og alltaf að verða betur og betur sannfærður um það, eftir því sem ég kynnist þessum málum betur og hugsa meira um þau, að ein ástæðan fyrir því, að skattsvik eru, eru þeir endalausu frádráttarliðir, sem heimilaðir eru samkvæmt lögum vegna þessa eða hins og gera álagninguna og skattheimtuna miklu ójafnari en hún að öðrum kosti yrði.

Það er ekki því að neita, að það hefur verið látið undan þessum í dag og hinum á morgun um sérstakan frádrátt til skattfríðinda, og það hefur að sjálfsögðu gert sitt til þess að koma fyrir löglegum skattsvikum í ríkum mæli, auk þess sem slík framkvæmd leiðir af sér óskaplega mikið misræmi á milli þeirra, sem njóta flestra eða allra hlunnindanna í frádráttarliðunum, og hinna, sem njóta einskis þar að lútandi. Ég er orðinn sannfærður um það, að ein besta leiðin til þess að gera tekjuskattinn réttlátan er brúttóskattur. Frádráttarreglurnar eru reglur til þess að koma við skattsvikum. Ég vil líka segja það, að með því móti vex sá tekjustofn, sem skatturinn er á lagður, svo mikið, að skatturinn í heild verður miklu lægri prósenta af heildartekjum manna en ella mundi verða. Mismuninn, sem á að gera í sambandi við þau atriði, sem þarf að mismuna, á að gera í skattinum, eftir að hann hefur verið á lagður, en ekki frádrætti, áður en skattlagning fer fram. Þetta er regla, sem ég er sannfærður um, að á eftir að sanna gildi sitt, ef hún verður notuð. Það er svo merkilegt með okkar gömlu forfeður, að þeir voru fundvísir á fleira en falleg bæjarnöfn og góð bæjarstæði. Þeir voru einnig fundvísir, þegar þeir fundu upp regluna um skattaálagningu eftir efnum og ástæðum. Ég veit að vísu, að það er ekki hægt að koma því við í þeim mæli, sem þeir gerðu, en það er hægt að nálgast það með því að gera tekjuskattinn að meiri brúttóskatti en nú er og frávikin eftir skattlagninguna — ekki fyrr.

Eg vil líka segja það, að það skiptir verulegu máli, hvernig að er staðið í sambandi við skattsvik. Mitt mat er það, að til þess að komið sé í veg fyrir skattsvik, svo að marki sé, þá verði að gera skattsvik að viðurlögum eins og um fjársvik væri að ræða, það verði að líta á þau eins og litið er á fjármuni, sem teknir eru ófrjálsri hendi. Ef slík refsiákvæði væru sett inn í skattalögin, mundi margt breytast í landi okkar. Ég lít líka svo á, að það sé eðlilegt að birta nöfn þeirra, sem svíkja undan skatti, ef þar er um nokkra verulega upphæð að ræða. Ég álít ekki, að það eigi að fara niður í smæstu einingar þar um, en þetta hvort tveggja tel ég eigi að gera þegar um meiriháttar mál er að ræða. Ég tel líka, að upp í okkar nýja tekjuöflunarkerfi eigi að koma hagnaður af eignum, sem verður til fyrir áhrif hins opinbera eða breyttra aðstæðna í þjóðfélaginu, þ.á m. um sölu lands í okkar þjóðfélagi. Þetta álít ég að verði að lóða og lendna, sem er að verða alvarlegt í okkar þjóðfélagi. Þetta álít ég að verði að vera skattskylt og svo geti farið með fleiri sölur, en að sjálfsögðu verður í því sambandi að taka tillit til verðbreytinga og annars, er máli skiptir þar um.

Ég segi það, að ég er til viðtals um það að lækka tekjuskattinn sem tekjustofn ríkisins að einhverju marki. Hins vegar geri ég það ekki sem fjmrh., nema það sé tryggt að fá tekjur á móti. Ég geri það ekki heldur nema það sé tryggt, að þær séu jafngildar tekjunum, þannig að sá tekjustofn eða tekjuinnheimta hafi ekki áhrif á verðlagsvísitölu eins og nú er. Mér finnst, að þeir, sem hafa rætt um tekjuskattinn og hýsnast yfir honum, hafi alveg gleymt því, að stjórnvöld hafa ekkert val í sambandi við tekjuskattinn, meðan hann er óháður verðlagsvísitölu, en aðrir óbeinir skattar fara beint inn í hana. Þess vegna álít ég, að launþegarnir geri sér stórtjón, ef þeir átta sig ekki á þessu, að þetta tvennt verður að fara saman, og þá er hægt að meta álagningu skattanna út frá nýjum forsendum, eftir að slík breyting hefur átt sér stað.

Allt þetta er þáttur í því, sem nefnd sú, er vinnur að tekjuöflun ríkisins, setur fram, svo að auðvelt sé að meta.

Þá tel ég einnig, að það komi mjög til álita að breyta lögum um erfðafjárskattinn með þeim hætti, að það sé litið á það, hver njóta skal. Ef um er að ræða fjársterka menn, þá álít ég, að slíkur skattur eigi að vera hærri en að

öðrum kosti, ef um ekkjur og börn er að ræða eða fjárlitla viðtakendur.

Í sambandi við tekjuskattinn og útsvörin hefur mikið verið rætt um staðgreiðslukerfi skatta. Nú er ég einn af þeim, sem sjálfur hef haft á því nokkurn áhuga og talið, að í okkar sveiflukennda þjóðfélagi bæri nauðsyn til að haga skattheimtunni á þann veg. Með breytingunni á skattalögunum, sem gerð var á Alþingi á s. l. vetri, var þetta svið mjög mikið rýmkað, svo að hægt er að komast langleiðina, ef ekki er um verulega sveiflukenndar tekjur að ræða. Hins vegar um algjöra staðgreiðslu, þá eru misjafnar sagnir af slíku kerfi. T. d. kynnti ég mér það í Danmörku, að reynsla Dana er mjög slæm í sambandi við staðgreiðslukerfið, svo að þeir vöruðu okkur mjög við að fara út í það, ef við værum ekki búnir að gera það, eða a. m. k. að hugsa okkur vel um. Ég álít, að við verðum að gera það og reyna að nálgast þetta kerfi eins og framast er kostur. Ég held t. d., að það hefði verið nauðsynlegt að hafa það í framkvæmd í vetur og vonandi á næstu árum í sambandi við loðnuskipstjórana. Kemur það auðvitað ekki að sök, ef loðnan heldur áfram að veiðast, heldur ef hún gerir það ekki, og ekki heldur ef skipstjórarnir halda áfram að starfa sem skipstjórar, en hætti þeir, þá eru þeir í verulegri hættu, þegar þeir greiða skattana eftir á.

Ég þekkti dæmi um síldarskipstjóra, sem ekki hafði bruttótekjur eins háar og skattinn, og það var fyrir nokkrum árum, nokkru áður en ég varð fjmrh. Ýmis ævintýri hafa því gerst í sambandi við skatta fyrr og nú. Þess vegna álít ég, að við eigum að stefna að skattheimtu með þeim hætti, að sem minnstar sveiflur þurfi að vera í henni, og því sé eðlilegt að láta Hagrannsóknastofnunina reikna í byrjun hvers árs, hvað hún áliti, að meðaltekjubreytingin hafi verið á árunum á undan og að sé stefnt. Þá álít ég, að við þurfum að taka mjög til athugunar endurskoðun á tekjusköttum atvinnufyrirtækja. Það hefur heyrst mikið um það, að sum atvinnufyrirtæki telji sig ekki hafa komið vel út á s. l. ári. Ef hv. þm. hafa veitt því athygli eða kynnt sér það, þá kemur í ljós, að það eru sterkustu og efnuðustu og best settu fyrirtækin í landinu, sem heyrist um, að hafi verið með hallarekstur. Smærri fyrirtækin og fátækari, af þeim er betri sögu að segja. Af hverju er þetta? Þetta er vegna þess, að fasteignamatinu var breytt fyrir nokkrum árum og afskriftareglunum var breytt og þessi stóru, sterku fyrirtæki með miklar fasteignir og afskriftir geta því komið tekjum sínum vel fyrir, þó að þær séu verulega hagstæðari en áður var.

Ég hef alltaf litið á það, að aðstöðugjaldið væri ranglátur skattur eins og nefskattarnir. En hinu er ekki að neita, að sum fyrirtæki, eins og t. d. innflutningsfyrirtæki, geta komið sér vel fyrir skattalega séð, ef þau telja ekki rétt fram, því að þá eiga þau að koma með sitt fé í tekjuskattinum, vegna þess að þau hafa mjög litlar fasteignir vegna síns rekstrar, sem önnur fyrirtæki verða að hafa, sem jafna þessi met.

Á þessu vildi ég vekja athygli í sambandi við skattamálin almennt. Ég er á því, að hlutur fyrirtækjanna í skattlagningu hér á landi megi ekki minni vera heldur en hann er nú, þó að hann sé miklu meiri en hann hefði orðið samkvæmt viðreisnar-skattalöggjöfinni.

Niðurstaða samkvæmt því, sem ég hef sagt hér að framan um skattamálin, er sú:

1) Að það eigi að vera með einn lítinn lagabálk, sem innihaldi tekjuöflunarkerfi ríkisins
2) Virðisaukaskattur verði tekinn upp.
3) Tekjuskattakerfið verði endurskoðað og þar stefnt að bruttóskatti, þar sem frádráttur vegna mismunar eða ef sérstaka nauðsyn ber til, komi fram í að lækka skattinn eftir álagningu hans.
4) Athugað verði og reynt að koma við sambandi í fjölskyldufrádrætti milli tryggingakerfisins og tekjuskattsins.
5) Eignarskattur haldist.
6) Sameina þarf skattana eða leggja niður smáskatta til þess að komast út úr flækju hinna mörgu skatta og algjörlega hætta við það að gera tekjustofna með þeim hætti að bæta ofan á tekjustofn, sem fyrir er, 1 eða 2% eins og víða eru dæmi til. Yfirleitt á að gera sem minnst að því að merkja tekjustofna sérstökum verkefnum, eins og Alþingi hefur oft gert.
7) Ég tel líka, að það eigi að mæta skattsvikum með því að herða viðurlög við þeim, birta nöfn þeirra, sem skattsvikarar eru, ef um veruleg brot er að ræða, og að brotin geti varðað við hegningarlög.
8) Ég tel líka, að eignir og tekjur verði yfirleitt að koma til framtals, annars náist ekki réttlæti í skattinum. Ég vil láta athuga það að skattleggja hjón sitt í hvoru lagi. Og ég tel, að það verði að endurskoða skattalög viðvíkjandi fyrirtækjum og reyna að tryggja, að þau ekki síður en einstaklingar skili sínu til sameiginlegra þarfa þjóðfélagsins.

Áður en ég skil við skattamálin að þessu sinni, vil ég víkja ofurlítið að skattálagningunni nú. Því hefur verið haldið fram, að skattálagning hér á landi væri mjög mikil, og hefur verið farið um það mörgum orðum. Ef litið er yfir þetta, þá er það nú svo, að hækkun á skatti á milli áranna 1970—1971 var ekki meiri en milli áranna 1971—1972. Ég vil líka vekja athygli á því, að á árunum 1967 og 1968 var skattlagningin 32% og 32.6% af þjóðarframl. bæði árin. Nú er talið að hún sé 33.5%, svo að munurinn er alls ekki meiri milli áranna 1972 og 1973. Þegar talað er um þessa ofboðslegu tekjuskatta, sem menn greiði nú, þá held ég, að mönnum gleymist persónuskattar, sem þeir greiddu áður, t. d. framlag þeirra í tryggingakerfið, eins og það var á hverjum tíma.

Ef litið er á það, hvað einstaklingarnir þyrftu að greiða í persónuskatta til almannatrygginga og sjúkrasamlaga árið 1974, ef gamla kerfið um greiðslur til tryggingana væri enn þá í gildi, eins og það var þá, 32%, sem einstaklingarnir greiddu, og 18%, sem sveitarfélögin greiddu, þá líti dæmið þannig út:

Hjón, persónuskattar	17 000	
Sjúkrasamlagsgjöld	18 000	
		35 000
Einhleypur karlmaður, pers.	15 000	
Sjúkrasamlag	9 000	
		24 000

Einhleyp kona, pers.	11 000
Sjúkrasamlag	9 000
	20 000

Þannig þyrftu hjón með tvö börn í framhaldsskóla að greiða um 80 þús. kr. í nefskatta alveg án tillits til tekna sinna, ef þetta kerfi væri nú við lýði. Auk þess kæmi svo það til, að sveitarfélögin yrðu að greiða 18% af framlaginu til tryggingganna. Það væri nú skv. fjárlagafrv. 700 millj. Þessu til viðbótar yrðu svo sveitarfélögin að greiða framlag sitt til sjúkrasamlaga, eins og það var áður, og það væri 450 millj. kr., vegna þess að nú greiða þau 450, eða helming af því, sem þau áður greiddu. Þannig yrðu sveitarfélögin í landinu að greiða 1150 millj. kr. í framlag til tryggingganna og ná þessu af þegnum sínum, ef kerfinu hefði ekki verið breytt.

Fjárlög mundu lækka vegna framlaga frá sveitarfélögum til tryggingakerfisins, bæði sjúkratrygginga og almannatrygginga, og vegna greiðslu einstaklinganna til sjúkrasamlaganna, þannig að nettólækkunin yrði 2100 millj. kr. Ég er ekki alveg viss um það, að þeir, sem hæst tala um of háa skatta, hafi gert sér grein fyrir því, hvers vegna skattakerfið er svona hátt.

En hvað mundu skattarnir lækka hjá ríkissj. ef gamla tryggingagj.kerfið væri enn við lýði? Greiðslurnar, sem einstaklingar þyrftu að greiða samtals 1974, væru:

Persónusk. til lífeyristrygginga	1 244	millj.
Til sjúkrasamlaga	1 041	—
Samtals	2 285	millj.
Sveitarfélög:		
Framlög til almannatrygginga	700	millj.
Til sjúkrasamlaga	450	—
(umfram það sem nú er greitt).		
Samtals	3 435	millj.
Tekjuskattur skv. fjárlagafrv. á einstaklinga	5 560	millj.
Frá dregst til almannatrygginga skv. fyrra kerfi	3 435	—
Tekjuskattur skv. fjárlagafrv. 1971 ..	892	—
Hækkun tekjuskatts frá 1971—1974	1 233	—

Þetta er staðreyndin um tekjuskattahækkunina. Hún sannar það, sem ég hef áður sagt, að aukning almannatrygginga væri óhugsandi nema í formi breytingar á tekjuöflun. Vilja hv. alþm. almennt hverfa að þessari skattlagningu aftur? Vilja þeir taka aftur upp persónuskatta, þar sem fólkið verður án tillits til tekna að greiða 1244 millj. og 1041 millj. til sjúkrasamlaganna, og láta sveitarfélögin greiða 1150 millj. kr.? Eru hv. þm. undir það búnir að gera þessa breytingu? Ég spyr. Er þessi leið réttlátari til skattheimtu heldur en í því tekjuskattsformi, sem nú er notað? Ekki met ég það svo. En vel má vera, að mér yfirsjáist þar um. Er þessi leið til að styrkja fjárhag sveitarfélaga? Hver er ástæðan til þess, að sveitarfélögin hafa getað farið í framkvæmdir nú meira en áður? Ég bið hv. alþm. að hugleiða það, að tekjur ríkissjóðs af tekjuskatti einstaklinga eru ca. 50% af beinu framlagi hans til almannatrygginga og niðurgreiðslna. Er þetta um of? Þetta er bein greiðsla til fólksins, og það er 50%, sem tekjusk. er af því.

En hvernig er svo þetta kerfi í raun? Hvernig er samanburðurinn á milli þessa kerfis annars vegar og þess, sem áður var, og einnig þess, sem viðreisnarstjórnin ætlaði að láta taka gildi? Um það hef ég hér nokkuð að segja, sem ég ætla að skýra hv. alþm. frá. Í þeim tölum, sem ég tilgreini, er reiknað með persónusköttum 1973 samkvæmt því, sem áður getur.

Einstaklingur, sem hafði á þessu ári 290 þús. í brúttótekjur og 242 þús. í nettótekjur, hann hefur nú 36 þús. í útsvar og skatta. Hann hefði haft eftir gamla kerfinu 62 þús. og eftir kerfi viðreisnarstjórnarinnar, 68 þús. kr.

Annar einstaklingur með brúttótekjur 356 þús. kr. og nettótekjur 312 þús. hefur nú 69 300 kr., hefði haft skv. gamla kerfinu 136 þús. kr., en 142 þús. skv. viðreisnarkerfinu.

Þriðji einstaklingurinn hefur brúttótekjur 453 þús., nettótekjur 373 þús. kr. Hann hefur nú 102 þús. í skatta, hefði haft 116 þús. skv. gömlu lögunum og 124 þús. skv. viðreisnarlögunum.

Hjón barnlaus með tekjur 279 þús., hafa nú 19 þús., en eftir gamla kerfinu 54 þús. og viðreisnarkerfinu 62 þús. kr.

Barnlaus hjón með brúttótekjur 2 063 þús., nettótekjur 1 657 þús. hafa nú 795 þús., höfðu skv. gamla kerfinu 864 þús. og skv. viðreisnarkerfinu 861 þús. kr.

Hjón með 2 börn, sem hafa brúttótekjur 581 þús., nettótekjur 446 þús., hafa nú 71 þús., hefðu haft eftir gamla kerfinu 133 þús. og eftir viðreisnarkerfinu 141 þús. kr.

Hjón með 2 börn, með brúttótekjur 580 þús., nettótekjur 459 þús., hafa nú 77 þús., 140 þús. eftir gamla kerfinu og 148 þús. eftir viðreisnarkerfinu.

Hjón með 3 börn, sem eru með 654 þús. í brúttótekjur, 563 þús. í nettótekjur, hafa nú 112 þús., með gamla kerfinu 207 þús. og viðreisnarkerfinu 215 þús. kr.

Önnur hjón, líka með 3 börn, sem hafa brúttótekjur 885 þús., nettótekjur 605 þús., hafa nú 162 þús., skv. gamla kerfinu 231 þús. og viðreisnarkerfinu 239 þús.

Hjón, einnig með 3 börn, með 926 þús. í tekjur, 804 þús. í nettótekjur, hafa nú í skatta 245 þús., höfðu eftir gamla kerfinu 351 þús. og eftir viðreisnarkerfinu 359 þús.

Hjón, einnig með 3 börn, sem hafa 2 470 þús. í tekjur, 1 743 þús. nettó, hafa nú 783 þús., eftir gamla kerfinu 862 þús. og eftir viðreisnarkerfinu 870 þús. kr.

Hjón með 5 börn með 934 þús. í brúttótekjur, nettótekjur 776 þús., hafa nú 193 þús., eftir gamla kerfinu 282 þús. og skv. v.kerfinu 291 þús.

Þegar þetta er haft í huga, þá kemur í ljós, að eftir þessu slæma kerfi núverandi fjmrh. greiðir þessi hópur manna 2 666.687 kr. nú, en eftir gamla kerfinu 3 441 928 kr. og eftir viðreisnarkerfinu 3 524 872 kr.

Þetta eru staðreyndir, sem ekki verður á móti mælt. Menn mega svo blása hvað svo sem þeir vilja út af þessum hlutum.

En hér er annað dæmi, sem ég ætla einnig að skýra frá hér á Alþingi. Það er álagning á 7 fyrirtæki, einnig raunhæf framtöl.

Þá er það í fyrsta lagi fyrirtæki, sem hefur

skattskyldar tekjur 926 þús. og greiðir nú 495 þús., en hefði greitt eftir gamla kerfinu 504 þús. En ef viðreisnarkerfið hefði komið til framkvæmda, eins og þá var frá því gengið, þá greiddi þetta fyrirtæki enga skatta.

Annað fyrirtæki, sem hefur skattskyldar tekjur 2 613 þús. kr., tekjuskattur þess er nú 1 399 þús. kr. Eftir gamla kerfinu hefði þetta fyrirtæki greitt 1 373 þús. En eftir viðreisnarkerfinu hefði það greitt 1 058 þús. kr.

Þá kemur hér þriðja fyrirtækið, sem er með 205 þús. í skattskyldar tekjur og greiðir 110 þús. í skatt nú. Það hefði greitt eftir gamla kerfinu 50 700 kr., en eftir viðreisnarkerfinu ekki neitt.

Næsta fyrirtæki er með 405 þús. kr. Það greiðir 217 þús., það hefði greitt 60 300 eftir gamla kerfinu, en eftir viðreisnarkerfinu ekki neitt.

Fimmta fyrirtækið er með 572 þús. í tekjur, skattskyldar, greiðir nú 306 þús., hefði greitt eftir gamla kerfinu 266 þús., en eftir viðreisnarkerfinu ekki neitt.

Sjötta fyrirtækið er með tæpar 1 700 þús. kr. Það greiðir 907 þús. í skatt, eftir gamla kerfinu hefði það greitt 778 þús. og eftir viðreisnarkerfinu hefði það greitt 147 þús.

Og síðasta fyrirtækið er með 387 þús. kr. Það greiðir 207 þús. í skatt, eftir gamla kerfinu hefði það greitt 257 þús., en skv. viðreisnarkerfinu ekki neitt.

Tekjuskattur, sem þessi fyrirtæki greiða nú, er 3 643 þús. kr. En ef viðreisnarkerfið hefði komið til framkvæmda, hefðu greiðslur þessara fyrirtækja orðið 1 205 þús.

Lái mér svo hver sem vill, að ég vildi ekki standa að því að láta þennan óskapnað sem viðreisnarskattkerfið var, koma til framkvæmda.

Ég held, að þeim, sem mest hafa dæmt þetta skattkerfi, sem nú er ráðandi hér á landi, sem ég efast ekkert um að hefur sína galla, þeim væri nær að kynna sér betur, hvað um var að ræða í skattalagabreytingunni frá 1972. Hvernig væri fyrir hjón að greiða 35 þús. kr. í persónuskatta alveg án tillits til tekna, eða 80 þús., ef þau styrktu tvö börn sín í framhaldsskóla? Hvernig væri hjá sveitarfélögum að jafna niður 1150 millj. kr. til viðbótar því, sem fyrir er, og hafa fyrirtækin skattlaus, eins og viðreisn ætlaðist til? Ég öfunda engan af því að syrgja slíkt skattakerfi.

Ég vil að lokum vekja athygli á því, að umræður um augljós skattsvik á þessu ári eða árið á undan eru ekki sambærilegar. Af því dreg ég þá ályktun, að úr skattsvikum hafi dregið, enda stefna starfsmenn skattstofanna og skattrannsóknarstjóra að því. Auk þess fer innheimtan árlega batnandi.

Eitt af því, sem mikið er rætt nú, er, hvað fjárlögin hafi hækkað. Þá er rætt um það, hvað fjárlögin hafi hækkað mikið frá því núv. ríkisstj. tók við. Nú ætla ég ekki að fara að telja einu sinni enn til það, sem var vantalið í fjárlögunum 1971, það oft hef ég sýnt fram á það með rökum. Ég vil hins vegar minna á það, sem ég nefndi áðan, að ef framlög sveitarfélaga og persónuskattar til sjúkrasamlaga hefðu ekki verið felld niður, þá væru fjárlögin yfir 2000 millj. kr. lægri. Ég vil einnig minna á greiðslur vegna lögreglumannanna, sem sveitarfélögin sáu um áður, en nú er séð um af hálfu ríkisins. Þar er um einhverjar fjárhæðir að ræða. Ég minni einnig á það, að hafnalögin og heilbrigðislögin, sem voru sett í fyrra, voru sett í ákveðnum tilgangi um það að hækka framlag ríkisins til þess að létta af höfnunum og þar með byggðarlögunum úti um landsbyggðina. Ég get ekki heldur stillt mig um að minna á það, að ef fjárlögin 1968, 1969, 1970 og 1971 eru skoðuð, þá verður öllum ljóst, að þau voru niðri í algerum öldudal í ríkisframkvæmdum. Það hefði ekki verið fært að halda því áfram, nema með þeim hætti, að þjóðin hefði beðið tjón af. Þessu held ég, að hv. alþm. verði að gera sér grein fyrir, og þeir gera sér grein fyrir því, þegar rætt er um þær framkvæmdir, sem þeir sjálfir hafa áhuga á, þó að það gleymist, þegar talað er um hækkun fjárlaganna í heild. Mér þykir líka raunalegt, að hlusta á það, að mætur hv. þm. skuli tala um fjárlögin nú með þeim hætti, að hann gleymi því alveg, að það er búið að sameina í eitt frumvarp fjárlög og framkvæmda- og fjáröflunaráætlun. Ekki þarf þessum manni þó ráð að kenna, að þetta hækkar fjárlögin um nokkur hundruð millj. kr., það vitum við báðir.

En ég ætla að nefna hér nokkur atriði, sem hafa valdið þessari hækkun á fjárlögum frá 1971.

Framlög til bygginga í skólum hafa hækkað um 363 millj. kr. Hvaða skólar eru það, sem hv. alþm. vilja draga úr fjárveitingum til? Hver er þáttur þeirra í svonefndri byggðastefnu, ef þeir ætla að fara að draga úr fjárveitingum til Héraðsskólans í Reykholti, Menntaskólans á Ísafirði, Héraðsskólans á Reykjanesi eða Reykjum í Hrútafirði, Menntaskólans á Laugarvatni og barnaskólanna og gagnfræðaskólanna víðs vegar um landsbyggðina? Halda þeir, að það verði tekið alvarlega tal um framlag þeirra í byggðastefnuna, ef það verður gert?

Ég nefni næst framlög til hafnargerða, sem er hækkun upp á 652 millj. kr. á þessum fjárlögum. Mér segir svo hugur um, að það fari svo, að hér þyki of lítið að gert. Þetta er að vísu 426 millj. kr. hækkun frá 1971 og hefði einhvern tíma verið talin umtalsverð og menn talið sér til ágætis að hafa staðið fyrir slíku. Hvaða hv. þm. vilja standa að því að draga úr hafnarframkvæmdum í landinu? Eru ekki hafnirnar undirstaða undir aðalatvinnuvegi okkar? Er það ekki ljóst, að það varð að breyta hafnalögunum, af því að byggðarlögin treystu sér ekki til að standa undir fjárveitingum til þeirra? Og af hverju var verið að knýja á um útvegun fjár til að greiða úr vanskilum hafnanna á yfirstandandi ári, ef það var ástæðulaust? Nei, við skulum gera okkur grein fyrir þessu. Talið þið um byggðastefnu og leggið svo jafnhliða til að skera niður hafnarframkvæmdirnar, það hljómar ekki vel. Aukin aðstoð við hafnirnar þýðir hærri ríkistekjur, hærri ríkisútgjöld.

Næst kem ég að sjúkrahúsunum. Hækkun til þeirra er 205 millj. kr. eða 115%. Farið þið um landið og kynnið ykkur sjúkrahúsmálin. Hefur ekki í allt sumar staðið yfir mikill áróður fyrir því að hefja framkvæmdir við sjúkrahúsbygginga á Selfossi. Það stóð á eðlilegum undir-

búningi þar um, og var verið að gera sér grein fyrir því, hversu mikil áhrif Vestmannaeyjagosið hefði á vinnuafl á Suðurlandi, og svo var verið að reyna um tíma að fá Rauða krossinn til að byggja sjúkrahús á Selfossi fyrir það gjafafé, sem hann hafði og ætlaði að byggja sjúkrahús fyrir, og hafði upphaflega hugsað sér að byggja við Borgarsjúkrahúsið í Reykjavík, en mun hverfa frá því ráði. Hver vill tefja þessa framkvæmd? En hún kostar peninga, og fyrir þeim verður að sjá. Hver vill koma í veg fyrir það, að haldið verði áfram með sjúkrahúsið í Neskaupstað? Hver vill stöðva framkvæmdir við læknamiðstöðina á Egilsstöðum, eða koma í veg fyrir það, að hafin verði framkvæmd við læknamiðstöð í Höfn í Hornafirði? Hver vill koma í veg fyrir það, að hafin verði framkvæmd við sjúkrahúsið á Akureyri, eða haldið verði áfram með meiri hraða en verið hefur við uppbyggingu á sjúkrahúsinu á Akranesi? Við skulum kalt og rólega horfa á þessar tölur og anda rólega frá okkur, áður en við fordæmum þessar hækkanir. Þær eru knýjandi nauðsyn, vegna þess að heill áratugur leið, þar sem dinglað var með 1 og 2 millj. kr. við hverja framkvæmd, eins og t. d. var gert við sjúkrahúsið á Akranesi. Nú þegar búið er að fjór- eða fimmfalda þá upphæð, þá eru ráðamenn þar með miklar áhyggjur og sækja fast á að auka við, vegna þess að þeir eru búnir að horfa í 5 ár á nærri því fullgerða sjúkradeild, sem ekki kemst í notkun.

Næst kem ég að vegamálunum. Þar er hækkunin 1355 millj. kr. Hvað hefur gerst á þessu ári? Það, sem hefur gerst, er það, að vegna kostnaðarhækkana hefur ekki verið hægt að halda uppi jafnmiklum hraða í vegaframkvæmdum og gert hafði verið ráð fyrir. Umræðan í sumar um vegamálin hefur ekki verið um það, að of mikið væri gert, heldur hið gagnstæða. Og menn munu ekki una því, að það verði ekki að útvega fé til þess að standa við vegáætlunina og þó heldur betur. Við skulum alveg kalt og rólega, hv. alþm., gera okkur grein fyrir því, að vegagerðin í okkar landi krefst mikilla fjármuna. Vesturlandsvegurinn, vegurinn, sem er notaður af fólkinu á Vesturlandi, á Vestfjörðum, á Norðurlandi og enn þá á Austurlandi, þessi vegur er nú orðinn sá, sem verstur er af þeim þjóðvegum, sem mikil umferð er um og ekki er orðinn varanlegur. Hann krefst mikilla fjármuna. Við unum ekki og getum ekki unað því, að verkefnum í þeim vegi verði ekki sinnt af fullum krafti, og svo er um vegi um allt land.

Hver vill draga úr fjárveitingu til flugvallagerða? Það er búið að hækka þær mikið. Þegar búið er að leggja lánsfé við fjárveitinguna frá 1971, þá er nær um tvöföldun að ræða. Þessi hækkun á fjárhæðum til flugvallagerða getur valdið því, að hægt verður að sinna flugvöllunum um landsbyggðina og hefja stórt átak í nýjum flugvelli á Egilsstöðum. Hins vegar skortir á, að hægt sé að fara í framkvæmd á Reykjavíkurflugvelli og það verður að bíða, þangað til öryggi flugvallanna hefur verið betur sinnt en nú er.

Orkumálin hækka þessi fjárlög um tæpar 500 millj. kr. frá 1971. Hvar skal byrja, hvar skal standa, ef á að skera niður til orkumála? Vilja hv. þm. draga úr fjárveitingu til Lagarfossvirkjunar? Vilja menn draga úr fjárveitingu til Mjólkárvirkjunar? Vilja menn draga úr fjárveitingu til línu vestur á Snæfellsnes, eða Skagafjörð, og svona mætti lengi telja? Eða vilja menn geyma sér það að tengja saman raforkuna sunnanlands og norðan? Hv. alþm. skulu gera sér grein fyrir þessu. Þetta verður ekki gert án fjármuna, en þetta eru verkefni, sem við höfum ákveðið að koma áfram, og í góðæri líku sem þessu eigum við að vera manndómsmenn til þess að standa að líkum framkvæmdum og ekki vera með súr eða væl út af því, þó að það gangi eitthvað undan okkur í þessum efnum og það kosti fjármuni.

Ég vil líka segja: Hver maður, sem talar fyrir byggðastefnu, getur ekki leyft sér að leggja til, að úr þessari fjárveitingu verði dregið.

Ég kem næst að Tryggingastofnun ríkisins. Hækkun á fjárveitingum til Tryggingastofnunar ríkisins er 6 milljarðar 72 millj. kr. Þetta er meiri fjárhæð en tekjuskatturinn, sem menn hafa verið að býsnast yfir. Ég spyr: Hverju vilja menn breyta í þessum efnum? Nú er mér það ljóst, að það má breyta í Tryggingastofnuninni og draga þar eitthvað saman, t. d. ef menn vildu hverfa að því ráði að láta þá ekki njóta ellilauna, sem hafa lífeyristekjur það háar, að þeir geti vel af þeim lifað, ef menn vilja líka breyta því kerfi, að fjölskyldubótum, t. d. með fyrsta barni, eða 1. og 2. barni, væri hætt og vísitöluverkanirnar yrðu annaðhvort felldar út eða þá teknar með öðrum hætti. En þessi liður, svo stórfelldur sem hann er, er ekki eingöngu verk núv. ríkisstj., heldur einnig fyrrv. ríkisstj., og það, sem núv. stjórn hefur best gert í þessu, er tekjutryggingin, sem er gott og nauðsynlegt verk. Ég vil taka þátt í að breyta almannatryggingakerfinu í raunhæft tryggingakerfi, þeim til hagsbóta, sem verr eru settir, og draga úr kostnaði, án þess að því sé fórnað, sem framkvæmanlegt er í raunhæfum tryggingum.

Landhelgisgæslan: Framlag til hennar hefur hækkað um 286 millj. kr. Telja hv. þm. ofgert í þeim efnum? Annað hefur mér nú heyrst í umræðum um landhelgisgæsluna hér á hv. Alþingi, en vel má nú vera, að mín eyru séu ekki hinn rétti mælikvarði á vilja manna þar um.

Framlög til sjóða, eins og stofnlánasjóðanna og margra fleiri, hafa hækkað á þessum þrem árum um 1 283 millj. kr. Eru menn undir það búnir að vilja breyta þessu aftur? Telja þeir, að verkefni stofnlánasjóðanna sé ekki það mikið nú, þegar verið er að endurnýja skipastólinn og byggja ný frystihús í landinu í ríkari mæli en nokkru sinni fyrr? Ég er ekki í neinum vafa um, að það verður enginn hv. þm., sem leggur það til, að við lækkum framlag til þessara sjóða.

Námslánasjóðurinn: Framlag til hans hefur hækkað um 360 millj. kr. Nú er ég á þeirri skoðun, að það mætti — og verður gert að breyta reglum þessa sjóðs, svo að hann nýtist á hagkvæmari hátt en verið hefur. Hins vegar held ég, að við getum ekki sparað stórar fjárhæðir, þó að eitthvað mætti kannske draga úr því, ef betur bæri fyrir því séð.

Ég nefni Íþróttasjóðinn. Hvað halda hv. alþm., að væri orðið um Íþróttasjóðinn, ef hann stæði enn með gömlu 5 viðreisnarmilljónirnar. Framlag hans hefur nú hækkað um 22 millj. kr., eða sjóðurinn hefur meira en fimmfaldast á þessum árum. Hann er ekki ofhaldinn til þess að sinna þeim verkefnum, sem hann er að fást við.

Ég nefni þessu til viðbótar aðstoðina við nemendurna úr dreifbýlinu. Er það ekki í þágu byggðastefnunnar að aðstoða þá til þess að jafna aðstöðuna í þjóðfélaginu? Hækkunin er 60 millj. kr. og heldur áfram, þangað til takmarkinu er náð að gera þennan aðstöðumun að engu.

Svona gæti ég haldið áfram að telja, og ég ætla að bæta við, að á þessum fjárlögum eru einnig tæpar 700 millj. kr. vegna framkvæmdaáætlunarlánar. Framkvæmd eins og lagning vegar á Skeiðarársandi er ekki gerð án peninga. Og svo er hækkun á launum síðan 1971 vegna kjarasamninganna, sem þá voru gerðir, sem í raun og veru voru miklu meiri fjárhæð en reiknað var með, og vegna þeirrar hækkunar á verðlagsvísitölu, sem hefur átt sér stað á tímabilinu, 2 500 millj.

Þegar þetta er samanlagt, sem ég hef hér nefnt, þá eru það 14 300 millj. kr. Þegar ég bæti svo við fjárlögunum frá 1971, þá eru það um 1 500—2 000 millj. kr., sem ég hef ekki gert hér grein fyrir.

Ég held, ef farið væri í lúsaleit í það, sem eftir væri, þá yrðu fáir talsmenn til sparnaðar, er á hólminn kæmi. Þessu vil ég, að hv. alþm. geri sér grein fyrir. Ég segi enn og aftur, að við skulum ekki vera að tala okkur hása um byggðastefnu og jöfnuð milli þegna þjóðfélagsins, ef við treystum okkur til að fara að lækka þær fjárveitingar, sem ég hef hér nefnt til skóla, hafna, sjúkrahúsa, vegagerðar, flugmála, orkumála, stofnlánasjóða, námslánasjóða o. fl.

Nei, hv. alþm., það er afskaplega auðvelt að tala um há fjárlög, en hv. þm. skulu gera sér grein fyrir því, frammi fyrir hverju þeir standa, og þeir skulu gera sér grein fyrir því, að þeir samþykktu hafnalögin, heilbrigðislögin og fleiri lög til þess að auka fjárveitingar ríkisins, og eiga þá líka að vera menn til að standa frammi fyrir því, sem þarf til að ná í tekjur til að framkvæma þessi lög.

Það gerast engir hlutir af sjálfu sér. Flestir kosta þeir verulega fjármuni.

Eitt af því sem stjórnarandstaðan hefur gert mikið úr í málflutningi sínum upp á síðkastið er, að ríkisstj. hafi ekki tök á efnahagsmálum þjóðarinnar. Þessu atriði vil ég gera grein fyrir frá mínum bæjardyrum og rökstyðja skoðanir mínar.

Ég veit, að öllum er og verður ljós sá meginmunur, sem er orðinn í þjóðfélaginu eftir tveggja ára stjórn núv. ríkisstj. frá því er þjóðin var niðri í öldudal viðreisnarstjórnarinnar, þegar landflótti var vegna atvinnuleysis.

Það, sem er mest um vert, er góð afkoma almennings og atvinna er almenn um land allt. Það er sama hvort um er að ræða sjómanninn, verkamanninn eða bóndann, afkoma þeirra allra er nú betri en verið hefur.

Þetta segir ekki það, ef rétt er með farið, að ríkisstj. hafi ekki vald á efnahagsmálum. Af hverju er framkvæmdaáhugi svo mikill sem raun ber vitni um? Af hverju þurfa allir fjárfestingarlánasjóðir margfalt fé miðað við það, sem áður hefur verið? Það er m. a. vegna þess, að það er svo mikil bjartsýni í landinu núna, það er svo mikill framkvæmdahugur í mönnum, að þeir vilja koma verkum sínum áfram, sem þeir telja sér nauðsyn bera til að komist áleiðis. Er það að undra, þó hér ríki bjartsýni og framkvæmdaáhugi sé mikill, þegar yfir 40 togarar eru að koma eða eru komnir til landsins og dreifast um alla landsbyggðina? Er nokkur ástæða til annars en að þjóðin sé bjartsýn, þegar hún sér flestar hafnir landsins, að verið er að vinna að uppbyggingu atvinnutækja eins og frystihúsanna? Eða geta nokkrir gert sér grein fyrir því, hvernig afkoman hefði orðið í okkar fiskiðnaði, ef ekki hefði verið gert það átak, sem nú hefur verið unnið að í frystiiðnaðinum eftir þá kyrrstöðu, sem á undan var gengin. Það er búið að ræða um það í mörg ár, að við eigum okkar markað í Bandaríkjunum í hættu, vegna þess að hreinlætiskröfum þeirra verði ekki fullnægt hér. Þess vegna má gleðjast yfir því, að verið er að byggja upp frystihúsin í landinu, verið er að koma fyrir hagræðingu og verið er að koma fyrir endurbótum í vélakostum og umhverfi í kringum frystihúsin, svo að þau standist þá þolraun, sem verður, þegar úttekt verður tekin á þeim sem vinnslustöðvum af kaupendum vestan hafs. Það er að líkum, að um 800 millj. kr. verði varið til þessarar uppbyggingar á yfirstandandi ári. Er það að undra, þó að þjóðin gleðjist yfir því, að það er verið að byggja upp vinnslustöðvar landbúnaðarins, sem lítil sem engin framkvæmd var að áður?

Hér á hv. Alþingi höfðu verið sett lög um strangar kröfur í sambandi við sláturhúsin. En fjármagnið til að framfylgja lögunum var ekki fyrir hendi, og sláturhúsin voru rekin með eilífum undanþágum. Nú hefur verið breytt um, og það er unnið að uppbyggingu á vinnslustöðvum landbúnaðarins. En meira þarf til, ef duga skal, því að einnig þar verður að gæta hollustuhátta, bæði vegna útflutnings og innanlandsneyslu.

Þessar framkvæmdir benda ekki til, að ríkisstj. hafi ekki vald á efnahagsmálum, heldur til þess gagnstæða, að hún stjórni fjármálum til hinna nytsamlegustu hluta.

Því var spáð, að gjaldeyrisstaða íslensku þjóðarinnar mundi versna svo mjög, að hún yrði komin í vandræði þegar á þessu ári með að geta fullnægt innkaupum sínum til nauðsynlegustu þarfa. Staðreyndin er hins vegar sú, að gjaldeyrissjóður þjóðarinnar hefur aldrei verið meiri en einmitt nú, hálfur 7. milljarður, og hefur vaxið á þessu ári til septemberloka um nærri 800 millj. kr.

Því er við að bæta í sambandi við þennan sjóð, að þegar þetta yfirlit er gefið, er ekki farið að taka þau erlendu lán til framkvæmda á þessu ári, sem fyrirhuguð voru samkvæmt framkvæmdaáætlun, eins og t. d. franska lánið, sem tekið var fyrir stuttu. Lánið til hafnanna er ekki heldur komið eða til Sigöldufram-

kvæmda. Öll þessi lán eru ótekin, þegar þetta yfirlit er gefið út í lok septembermánaðar.

Eitt af því, sem haldið er fram, er, að Íslendingar vilji ekki safna sparifé í bönkum og sparisjóðum vegna trúleysis fólks á gildi peninga. Það hefur þó breyst á þessu ári, því að á 9 fyrstu mánuðum ársins hefur aukningin í innlánum í bönkum og sparisjóðum orðið 5 771 millj. kr. Þetta er geysilega mikil aukning, miklu meiri en verið hefur, og það sýnir, að fólkið trúir og treystir sínum peningum meira en þeir, sem eru með barlómsvælið, vilja vera láta, enda hefur það lifað í ár, að breytt hefur verið um stefnu í meðferð gjaldeyrismála, þar sem gengi íslensku krónunnar hefur verið hækkað um yfir 15% gagnvart dollara og krónan er nú hærri gagnvart dollara og pundi en þegar ríkisstj. kom til valda. Er það æði mikil breyting, eftir að slíkt hefur ekki verið gert í nærri 50 ár. Og nú eru farnar að sjást í blöðum landsins fyrirsagnir um það, að menn óttist gengishækkanir. Segir þetta það, að íslenska ríkisstj. hafi ekki vald í efnahagsmálum? Nei, einhvern tíma hefðu þessir þættir ekki verið taldir til skýringar á stjórnleysi eða valdleysi ríkisstj. yfir enfnahagsmálum, heldur hinu gagnstæða.

Þá hefur þess verið getið, að hagvöxturinn muni ekki verða eins mikill á þessu ári og verið hefur. Það er ekkert undarlegt, þó að hagvöxtur verði minni á þessu ári en hann hefur verið, fyrst og fremst vegna þess, að vinnuaflið var allt komið til fullra nota á árinu 1972. Á árunum 1970 og 1971 voru menn að byrja að rétta úr kútnum eftir kreppuárin næst á undan. Það var því ekki undarlegt, þó að saman færi aukin framleiðsla og auknar þjóðartekjur á þeim árum, þegar hvort tveggja kom til, meiri notkun á vinnuaflinu og góður afli og gott verð. Nú hefur hins vegar dregið úr, og það sem að mest er um vert: vinnuaflið er komið til fullra nota og getur því ekki alltaf bætt á sig vinnu.

Á árinu 1972 jókst þjóðarframleiðslan um 6.2%, og nú er gert ráð fyrir, að hún aukist um 4%, en þjóðartekjurnar um 6—7%. Auk þess sem getið er, hefur komið til á þessu ári Vestmannaeyjaáfallið, sem að sjálfsögðu hefur truflað verulega þjóðarframleiðsluna, svo sem kunnugt er.

Þá er talað um það, að dregið hafi úr kaupmætti tekna almennt. Það er vitanlegt, að nú eru komnir til fullra framkvæmda þeir áfangar í kaupgjaldssamningunum, sem gerðir voru haustið 1971. Það er líka vitanlegt, að kauphækkun, sem gerð var haustið 1971, kom fram á árinu 1972 það mikil, að enginn gat gert ráð fyrir því, að hún mundi aukast á þessu ári. Vestmannaeyjagosið hefur haft áhrif á þetta, þar sem tekna var aflað til að mæta því áfalli, án þess að bætur kæmu þar á móti, og allir voru auðvitað um það sammála. Hins vegar er það rétt, að verðbólga er hér meiri en æskilegt væri. Þrátt fyrir það er í þessu sambandi vert að hafa í huga, að það hlýtur að teljast verulegur árangur, að tryggt er á þessu ári framhald og raunar nokkur aukning þeirra góðu lífskjara, sem náðst höfðu á árinu 1972, þrátt fyrir þá erfiðleika, sem leiddi af Vestmannaeyjagosinu. En það hafði að sjálfsögðu í för með sér skerðingu á framleiðslugetu þjóðarbúsins í heild og jók jafnframt á verðbólguvandann, bæði beint í gegnum húsnæðismarkaðsáhrifin og óbeint í gegnum þau áhrif, sem gosið hafði á vinnumarkaðinn.

Sannleikurinn er sá, að s. l. 4 ár er kröftugasta samfelldasta blómaskeið, sem íslenzkt atvinnulíf hefur nokkurn tíma átt.

Því er haldið fram, að atvinnuvegir muni ekki bera sig á þessu ári, nema sjávarútvegurinu eða fyrst og fremst fiskiðnaðurinn. Það hefur oft verið um það rætt áður, og það er vitað, að iðnaðurinn, sérstaklega útflutningsiðnaðurinn, á í erfiðleikum, m. a. vegna gengishækkana. Það er líka ákvörðun ríkisstj. að taka það mál til sérstakrar athugunar og úrbóta, og er nú unnið að því. Hinu er ekki að neita, að það tal um, að atvinnuvegirnir beri sig ekki, hefur heyrst fyrr, og kemur margt til í því sambandi. Ég spyr: Hvað eru mörg ár síðan ríkissjóður fór að styrkja togaraútgerðina? Það er a. m. k. það langt, að ég man það ekki. Stuðningurinn er ekki meiri nú en áður hefur verið. Ég vil minna á það, að samkv. afskriftum eftir nýja fasteignamatinu og nýjum afskriftareglum er það svo, að afkoma stærstu fyrirtækjanna sýnist einnig verst vegna þess, hvað mikið fjármagn fer í þeirra afskriftir. Það hefði ekki verið framkvæmanlegt að afskrifa eftir þessum afskriftareglum og nýja fasteignamatinu fyrir nokkrum árum.

Í heild verður að telja, að við höfum haft gæfu til þess að nýta þau góðu tækifæri, sem hagstætt árferði hefur þrátt fyrir allt boðið okkur upp á undanfarin ár, og það hafi nýst landsmönnum öllum mjög vel.

Það er ekki lítils um vert, að íslenska þjóðin skuli hafa komist yfir það áfall, sem Vestmannaeyjagosið var, með þeim hætti, sem tekist hefur. Það verður ekki séð, að það hafi haft áhrif á afkomu þjóðarinnar, svo að neinu nemi. Það er hins vegar rétt, sem haldið hefur verið fram, að verðhækkanir hér á landi hafa verið meiri en algengt er í nágrannalöndunum og meiri en að jafnaði undanfarandi áratug. Úr því skal á engan hátt dregið, að hér er um meiri háttar vandamál að ræða, — vandamál, sem er rótgróið í þjóðlífinu og vafalaust veldur verð- og tekjumyndunarkerfið og þróun eftirspurnar innanlands hér nokkuð miklu um.

Hinu verður ekki neitað, að ytri aðstæður, sem við ráðum á engan hátt yfir, hafa mjög kynnt undir verðbólgu hér innanlands. Þannig er áætlað, að verðhækkun innflutnings í erlendri mynt verði yfir 10% í ár. Til samanburðar má geta þess, að áratuginn 1960—1970 breyttist innflutningsverðlag svo til ekki neitt, þ. e. stóð í stað að jafnaði, og voru lítil frávik frá þessu á þeim árum. En verðhækkanir á útflutningslið voru þá eins og nú velkomnar. Þær eru óvenjumiklar í ár, og það hefur reynslan sýnt okkur, að þær þrýsta á til hækkunar tekna og verðlags í fleiri greinum en þeim, sem útflutning stunda.

Nú er búist við, að útflutningsverðlag í erlendri mynt hækki að meðaltali um 35%, sem er mun meira en innlendar kostnaðarverðhækkanir, þótt miklar séu. En það er þó einmitt þessi saman-

burður, sem sker úr um stöðuna út á við, þegar fram í sækir.

Ef litið er til nálægra landa, er hvergi um jafnmikla verðhækkun að ræða, sem berst að hagkerfinu utan að. Þetta er veigamikil skýring á verðbólgunni hér. Auðvitað vildum við gjarnan hemja þennan utanaðkomandi verðbólgugest. En því eru ákveðin takmörk sett, hvað langt menn komast eða vilja komast í þeim efnum í hagkerfi eins og okkar. Við megum þó ekki vanmeta það, sem við getum sjálfir gert á þessum vettvangi. Gengishækkanir í ár eru einmitt viðleitni til að draga úr ytri verðbólguáhrifum. En ljóst er, að þessa baráttu verðum við að heyja, og ég dreg líka í efa, eða reyndar veit það, að engir af okkar nágrönnum hafa vísitölukerfi, sem kyndir jafnmikið undir verðbólgu og það vísitölukerfi, sem við búum við hér. Þetta vísitölukerfi þarf því að taka til endurskoðunar og miða við það, að það henti launþegunum, sem þess eiga að njóta. Ég tek það fram, að ég styð það, að vísitölukerfi sé notað sem mælir í sambandi við verðlagsþróun og í tengingu við kaupgjald. En fyrr má vera, hvort það mæli hverja einustu hreyfingu, eins og hér hefur átt sér stað, og hefur áhrif á eðlilegt val á vissum sviðum, eins og í tekjuöflun ríkisins, eða þjónar sínum tilgangi á heilbrigðan hátt til öryggis fyrir launþega.

Ég vil bæta því við, að mestu máli skiptir nú, að við verndum þá lífsafkomu, sem við höfum þegar náð, og bætum við með hóflegu framhaldi. Á þann hátt sköpum við líka það, sem mest er um vert, atvinnuöryggi, sem er undirstaðan undir velmegun og góðri afkomu launþeganna í landinu og þjóðarinnar allrar.

Herra forseti. Ég mun nú senn fara að ljúka máli mínu, enda er það orðið alllangt. Ég taldi mér skylt að gefa fullkomna greinargerð yfir ríkisreikninginn 1972 og útlit um fjármál á yfirstandandi ári og fjárlagafrv., sem nú liggur fyrir, og þær breytingar á tekjuöflun ríkisins, sem nauðsyn ber til að gera vegna þeirra ákvarðana, sem þegar hafa verið teknar um að draga úr tekjum ríkissjóðs. Ég hef líka talið mér skylt að gefa hér á hv. Alþingi yfirlit yfir efnahagsmál þjóðarinnar, eins og þau eru, þegar þau eru skoðuð í réttu ljósi, einnig að gera grein fyrir því, af hvaða átsæðum hækkanir fjárlaga hafa átt sér stað. Ég hef sýnt fram á það með rökum, að ástæðan fyrir þeim er aukin félagsleg framlög og aukin framlög til uppbyggingar í landinu til þess að fylgja fram þeirri byggðastefnu, sem nú virðist eiga hljómgrunn hjá öllum flokkum þessa lands.

Ég hef í ræðu minni sýnt, að skattahækkunin er eingöngu svo að segja tengd breytingum á greiðslum til hinna félagslegu þarfa, bæði til þess að gera einstaklingunum og sveitarfélögunum léttara þar um. Að því leyti sem þetta snýr að sveitarfélögunum, er það þáttur í þeirri byggðastefnu og ekki hvað minnstur þátturinn í byggðastefnunni, sem uppi hefur verið haldið.

Fjárlagafrv. þetta gerir ráð fyrir, að afla þurfi tekna til þess að halda áfram á þeirri braut, sem mörkuð hefur verið. Það gerir einnig ráð fyrir, að afla þurfi tekna til þess að mæta því aukna tekjutapi, sem ég hef boðað að muni verða í sambandi við tollana og þá skattalagabreytingu, sem hugsanleg yrði. Það þarf ekki orðum að því að eyða, að þetta hvort tveggja er að sjálfsögðu tengt því, hvort fyrir því fæst meiri hluti hér á hv. Alþingi að breyta tekjuöflunarkerfinu á þennan veg og afla tekna á annan hátt til þess að mæta tekjutapi. Ef það fæst ekki, þá er það þeirra, sem standa gegn því, að ákveða, að þar skuli engin breyting á gerð. Sama er að segja um fjármagn til þess að halda áfram byggðastefnunni og bæta um fyrir landsfólkinu í heild. Til þess þarf þá tekjuöflun, sem boðuð er í fjárlagafrv. Ef hv. alþm. meta meira pólitíska stundarhagsmuni en að standa að slíkri sanngjarnri tekjuöflun, þá er það þeirra mál, og þá eru það líka þeir, sem ákveða, að þar skuli ekki fram haldið, sem þeir hafa þó með löggjöf og á annan hátt markað stefnu um að gera.

Ég er reiðubúinn til — og mun gera — að taka á mig það, sem þarf til þess að halda þessari stefnu áfram, og skiptir mig það engu máli, hversu mikla löngun menn hafa til að ræða um þá skattpíningu, sem ég stend fyrir, því að sjálfur er ég sannfærður um, að hún er ekki slík, að undan þurfi að kvarta, heldur er meira um vert að halda áfram þeirri uppbyggingu, sem hafin er með dugnaði og þjóðin krefst, að haldið verði áfram með sama hraða og dugnaði og verið hefur. Það þarf að gæta þess eins, að þær framkvæmdir dragi ekki úr framleiðslugetu þjóðarinnar. Það eitt skiptir máli í sambandi við þá uppbyggingu, sem nauðsyn ber til. Ég get bætt því við til staðfestingar á því, að hækkun fjárlaga stafar ekki af hlutfallslega auknum rekstrarkostnaði í ríkiskerfinu. Þrátt fyrir þá kjarasamninga, sem gerðir voru 1970 og ekki var reiknað með í fjárlagafrv. fyrir árið 1971 nema að mjög takmörkuðu leyti, og þrátt fyrir það, að nú greiðir ríkissjóður öllum löggæslumönnum í landinu laun, í staðinn fyrir að sveitarfélögin greiddu þar verulegar fjárhæðir, er rekstrarkostnaður ríkissjóðs nú 1% hærri af heildarútgjöldum ríkissjóðs heldur en hann var skv. fjárlagafrv. fyrir árið 1971. Það sannar, að verulegu aðhaldi er beitt í ríkiskerfinu og nú er unnið af enn meiri dugnaði á vegum Hagsýslustofnunarinnar að bættri skipulagningu og sparnaði í ríkisrekstrinum en nokkru sinni fyrr, enda ber nauðsyn til þess.

Að allra síðustu vil ég segja það, að íslenska þjóðin á nú gullin tækifæri til þess að byggja upp land sitt og búa í haginn fyrir núlifandi og komandi kynslóðir og koma í veg fyrir, að Ísland verði borgríki, heldur að Ísland allt verði byggt blómlegum byggðum frá ystu nesjum til innstu dala.

Ég veit það ósköp vel, að það kann að koma til átaka hér á hv. Alþingi til þess að halda þessari stefnu fram. Ég treysti því hins vegar, að hér í þessum þingsölum séu slíkir manndómsmenn, í hvaða flokki sem er, sem geri sér þetta ljóst og meti það meira en pólitíska stundarhagsmuni, þótt auðvitað séu líka í þessum hópi linkindarmenn, sem hafa ekki þrek til slíkra átaka.

Herra forseti. Ég legg þá til, að að lokinni þessari umræðu verði fjárlagafrv. fyrir árið 1974 vísað til 2. umræðu og hv. fjvn.

Jón Árnason: Herra forseti. Fjárlagafrv. það, sem hér er til umr., er hið þriðja í röðinni, sem núv. ríkisstj. ber fram á Alþ. Á rekstraryfirliti ríkissjóðs eru niðurstöðutölur teknamegin 27 milljarðar 343 millj. 442 þús. kr., en gjaldamegin 27 milljarðar 437 millj. 259 þús. kr. eða gjöld umfram tekjur 93 millj. 817 þús. kr. Eins og hæstv. fjmrh. greindi frá, er hér um nokkra breytingu að ræða varðandi uppsetningu fjárlagafrv., þar sem nokkur hluti af framkvæmda- og fjáröflunaráætlun ríkisstj. er nú felldur inn í fjárlagafrv. Varla verður þó sagt, að hér sé um verulega breytingu að ræða, a. m. k. hvað varðar heildarupphæðina, þar sem sá hluti framkvæmdaáætlunarinnar, sem í fjárlagafrv. er, nemur aðeins 690 millj. kr. eða sem næst 2.5% af heildarupphæðinni. Þegar frá er tekinn greiðsluhallinn á rekstraryfirlitinu, svarar það til þess, að um 596.2 millj. kr. séu á þessu stigi málsins fyrir hendi til að mæta hluta af framkvæmdaáætluninni. Ef að líkum lætur og stuðst er við fyrri fjárlagagerð núv. ríkisstj., má gera ráð fyrir, að enn vanti mikið á, að fjárlagafrv. sýni rétta mynd þeirra fjárlaga, sem endanlega verða afgreidd hér á Alþ. fyrir árið 1974, og mun ég koma nánar að því síðar.

Varðandi útgjaldahlið frv. er lagt til grundvallar kaupgjald og verðlag, eins og það var hinn 1. sept. s. l., og sjá því allir, hvað hér er um óraunhæfa viðmiðun að ræða, þar sem almennt er gert ráð fyrir, að kaup breytist til hækkunar nú þegar um næstu mánaðamót, og allir vita, að verðlagið heldur hömlulaust áfram að vaxa í skjóli þeirrar óðaverðbólgu, sem nú á sér stað og vart verður stöðvuð með þeirri efnahagsstefnu, sem í þessu fjárlagafrv. felst.

Þegar núv. stjórnarflokkar tóku við stjórnartaumunum á árinu 1971, var upphæð fjárl. þess árs rúmlega 11 milljarðar kr. Nú er hins vegar sýnt fjárlagafrv. fyrir árið 1974 með því sem næst 27½ milljarði kr. í útgjöldum, og á sú upphæð enn eftir að hækka verulega, þannig að láta mun nærri, að hækkun fjárl. í tíð núv. ríkisstj. sé sem næst 300% á þessu þriggja ára tímabili. Þegar á það er litið, að lengst af þessu tímabili, sem hér um ræðir, hefur atvinnulíf, aflabrögð og verðlag sjávarafurða verið svo hagstætt sem best verður á kosið, þá er slík þensla í ríkiskerfinu sem átt hefur sér stað, allt frá því að núv. stjórnarflokkar tóku við, í alla staði óafsakanleg. Það var á sínum tíma orðið klassískt orðatiltæki hjá núv. stjórnarflokkum, á meðan þeir enn voru í stjórnarandstöðu, að fjárl. væru spegilmynd af efnahagsstefnu þeirrar ríkisstj., sem að þeim stendur, og vænti ég a. m. k., að hæstv. fjmrh. minnist þessa. En það mun hafa verið á árinu 1970, þegar fjárlagafrv. fyrir árið 1971 eða síðustu fjárlög, sem viðreisnarstjórnin lagði fyrir Alþ., voru til umr., þá gerði hann samanburð á tveimur 8 ára tímabilum varðandi hækkun fjárl. og áhrif þess á verðbólguna. Hæstv. fjmrh. komst þá að þeirri niðurstöðu, að á 8 ára tímabilinu á árunum 1963—1971 hefðu fjárlög hækkað um 8 400 millj. kr. eða um 380%, á þessu sama tímabili hefði allt verðlag hækkað um 250%. Og síðan segir, hæstv. ráðh., að þetta sýni, hvað holl stefna ríkisstj. hafi reynst verðbólgunni og hvað sambandið á milli hækkandi fjárl. og verðbólgu sé sterkt. Hver trúir því, að hæstv. fjmrh. hafi verið sér þessa meðvitandi, þegar hann á aðeins þriggja ára tímabili þrefaldar upphæð fjárl. Án þess að hér sé um nokkurn sambærilegan samanburð að ræða hvað tímabil snertir, þá vil ég þó benda á það, að á þessu tímabili, sem ráðh. vitnaði til, átti sér stað eitt mesta áfall, sem yfir íslenskan sjávarútveg hefur komið, þ. e. á árunum 1967 og 1968, þegar aflaverðmæti útflutts sjávarafla minnkaði um því sem næst helming á einu ári, en af því leiddi stórfelld gengislækkun, sem að sjálfsögðu var grundvöllurinn að þeirri verðhækkun innfluttra nauðsynjavara, sem þá átti sér stað. Segja má, að afleiðing þeirrar verðbólguskriðu, sem nú gengur yfir og að flestra dómi er einhver sú mesta, sem átt hefur sér stað allt frá stríðslokum, gangi eins og rauður þráður í gegnum allt fjárlagafrv.

Þegar núv. stjórnarflokkar gerðu með sér málefnasamning í upphafi stjórnarsamstarfsins, var mörgu lofað. Þar var því m. a. heitið, að ekki skyldi koma til þess, að gengislækkunum yrði beitt til þess að ráða við efnahagsvandann, heldur skyldi verðstöðvun haldið áfram, þar til nýjar ráðstafanir til að hamla gegn óeðlilegri verðbólgu yrðu gerðar. Allir þekkja í dag efndirnar á þessum loforðum ríkisstj., og er rétt að gera sér nokkra grein fyrir þeirri þróun, sem átt hefur sér stað á þessu tímabili.

Ekki verður því á móti mælt, að ríkisstj. tók við blómlegu þjóðarbúi. Hagur ríkissjóðs stóð með ágætum og því sýnilegt, eins og fyrrv. ríkisstj. hafði haldið fram fyrir kosningarnar, að unnt yrði að halda verðstöðvun áfram til næstu áramóta með greiðslum úr ríkissjóði án þess að afla nýrra tekna, en með því hafði vinstri stjórnin svigrúm til að athuga nánar efnahagsástandið og marka sína eigin framtíðarstefnu í efnahagsmálunum.

Ekki þurfti þjóðin lengi að bíða þess að sjá, hver viðbrögð stjórnarinnar yrðu á fjármálasviðinu. Þegar á fyrstu valdadögum hennar var hafinn fjáraustur úr ríkissjóði og ýmsum öðrum sjóðum, sem safnast hafði í á viðreisnartímabilinu. Öllum er í minni það framtak stjórnarinnar að leiðrétta vísitölu framfærslukostnaðar þannig, að áfengi og tóbak skyldi reiknað með nauðþurftum heimilanna og hækka vísitöluna sem því næmi. Þessi framtakssemi átti síðar eftir að koma ríkisstj. í koll, þegar hún hafði áttað sig á hlutunum og flutti á ný frv. til l. um að afnema þessa vöruflokka úr vísitölugrundvellinum. Það fór svo um sjóferð þá, að lagst var á frv. af nokkrum þm. stjórnarliðsins og það kom aldrei úr n. til afgreiðslu í þinginu. Síðan hefur ekkert gerst, en mikið er rætt um, að endurskoða þurfi vísitölugrundvöllinn. Talið er, að þetta frv. vinstri stjórnarinnar sé eitt af þeim 13 atriðum, sem hæstv. félmrh. Björn Jónsson hefur haldið fram, að núv. stjórn hafi gert til að svíkjast að launafólki í landinu með það fyrir augum að rýra gildandi kjarasamninga.

Í sambandi við fjárgreiðslur úr ríkissjóði vil ég þó taka fram, að ég taldi réttmæta þá ákvörðun ríkisstj. að láta taka gildi lög um auknar

tryggingabætur, sem fyrrv. ríkisstj. hafði látið samþykkja á Alþ., en áttu annars ekki að koma til framkvæmda fyrr en um áramót. Afkoma ríkisins var það góð, að hún leyfði, að slíkt ætti sér stað, og þá var það sjálfsagt.

Það er a.m.k. í orði viðurkennt af flestum, að stjórn fjármála ríkisins geti haft þýðingarmiklu hlutverki að gegna í sambandi við þróun efnahagsmála. Núv. ríkisstj. hafði heitið því í sínum málefnasamningi að sjá svo um, að verðbólgan yxi ekki hraðar hér á landi en ætti sér stað í okkar nágrannalöndum. Hver er svo staðreyndin um þróun verðbólgunnar? Í aths. við fjárlagafrv. segir, að samkv. upplýsingum hagrannsóknadeildarinnar sé við áætlun annarra kostnaðarliða höfð hliðsjón af því, að þær verðlagsvísitölur, sem mestu máli skipta, hafi hækkað um 20—25% frá gerð síðasta fjárlagafrv. Með þessu er viðurkennt, að verðbólgan hér hafi vaxið þrisvar sinnum meira en í öðrum löndum, og vissulega viðurkenndi hæstv. fjmrh. þessa staðreynd í ræðu sinni hér áðan. En til skýringar á þessari gífurlegu verðbólgu hafa stjórnarliðar haldið því fram, að verulegur hluti verðbólgunnar sé tilkominn vegna verðhækkana á innfluttum vörum erlendis frá.

Víst er það rétt, að verðlag á innfluttum neysluvörum hefur farið hækkandi að undanförnu. En samt sem áður er þess að gæta, að sú hækkun hefur einnig komið fram í nágrannalöndunum, sem eftir sem áður hafa verulega minni verðbólgu en hér á sér stað. Þegar vinstri stjórnin lét afgreiða sín fyrstu fjárl., fjárl. fyrir árið 1972, með um 50% hækkun frá næsta ári á undan, þurfti enga hagfræðispekinga til þess að sjá hvert stefndi í efnahagsmálum þjóðarinnar. Hér var um slíka útþenslu að ræða í ríkisbúskapnum, sem gat ekki leitt til annars en verka sem olía á eld verðbólguvandans. Við þessari stefnu vöruðu stjórnarandstæðingar alvarlega, en án þess að fá þar nokkru um þokað.

Það kemur svo fram í stefnuræðu hæstv. forsrh., sem hann hélt í s.l. viku, að honum er nú ljóst, að eigi hann að ná árangri í andófinu gegn verðbólgunni, þá verði að eiga sér stað samstillt átak á sviði launa- og verðlagsmála, á fjármálum ríkisins og annarra opinberra aðila, gengis-, peninga- og lánamála. Hv. þm. Bjarni Guðnason, einn af fyrrv. stuðningsmönnum ríkisstj., sagði við sama tækifæri, að þrátt fyrir kauphækkanir í krónutölu og vísitöluálag á laun hafi kjarabætur láglaunafólks runnið út í sandinn vegna verðbólgu og skattpiningar, 40 stunda vinnuvikan hafi reynst einskis virði, því að verkamaður með 5 manna fjölskyldu geti ekki komist af með tekjur sínar nema með því að vinna 50—60 stundir á viku og auk þess þurfi konan að vinna úti. Hv. þm. sagði, að kjör verkamanna væru nú litlu betri en þau voru fyrir 30 árum.

Víst er um það, að skattaálögur núv. ríkisstj. ganga úr hófi fram, og enn er mælirinn ekki fullur að dómi stjórnarinnar. Enn skal ríkið taka meira í sinn hlut og fara lengra niður í vasa borgaranna. Í tekjubálki fjárlagafrv. er gert ráð fyrir, að innheimtur tekjuskattur einstaklinga og félaga hækki um sem svarar 1 800 millj. kr. Þar af hækkar tekjuskattur einstaklinga um einn milljarð, 444 millj. kr. og félaga um rúmlega 300 millj. Þá er gert ráð fyrir, að tekjur af söluskatti hækki um 2 130 millj. frá því, sem áætlað er í fjárl. yfirstandandi árs. Þar af er áætlað, að 2% hækkun söluskatts, sem kemur til með að taka gildi um næstu áramót, muni gefa um 1 200 millj. kr. Engir hafa gagnrýnt álagningu söluskatts meira en núv. stjórnarflokkar. Söluskattur í þeirri mynd, sem hann er nú í, mun fyrst hafa verið tekinn upp á árinu 1960. Í tíð viðreisnarstjórnarinnar var jafnan haldið uppi harðri gagnrýni á þennan gjaldstofn af hendi stjórnarandstöðunnar, í hvert skipti sem skatturinn var hreyfður til hækkunar. Nú er sýnilegt, að skoðanaskipti hafa átt sér stað í liði stjórnarflokkanna, og skal nú skatturinn skila í ríkissjóð rúmlega 2 100 millj. kr. umfram það, sem er í fjárl. yfirstandandi árs. Af þeirri upphæð er tekjuaukning, eins og ég áðan sagði, um 1 200 millj. kr. vegna hækkunar söluskatts um 2% um næstu áramót, og verður því skatturinn 15% frá 1. jan. n.k. til 1. mars, þegar viðlagasjóðsgjaldið fellur niður. Samkv. upplýsingum í fjárlagafrv. mun þessi skatthækkun hafa áhrif, sem nemur um 2% rýrnun á kaupmátt launa. Sjálfsagt finnst þeim í stjórnarherbúðunum, að það sé í lagi, afkoma almennings sé það góð fyrir.

Þegar núv. ríkisstj. tók við á árinu 1971, var upphæð söluskatts um 3 500 millj. kr., en nú, aðeins þremur árum síðar, á þessi mjólkurkýr að skila ríkissjóði 7 772 millj. kr. Ekki verður annað sagt en ríkisstj. standi dyggilega vörð um þennan annars umdeilda skatt.

Ég veit, að hæstv. fjmrh. vill halda því fram, að hann hafi nokkuð dregið úr álagningu skattsins, þar sem hann sé nú ekki lagður á sumar af brýnustu nauðsynjunum. Ég vil þó minna á frv., sem hæstv. fjmrh. flutti á þinginu 1969—1970, en það var um söluskattinn og um að fella hann niður af ýmsum nauðsynjavörum, þ.á m. var kjöt og kjötvörur, kaffi, sykur og kornvörur, sem vitanlega eru allt nauðsynjavörur fyrir allan almenning og skiptir miklu máli um. Og rétt er það, sem hæstv. fjmrh. sagði hér áðan, að eftir því sem skatturinn hækkar og verður hærri, því ósanngjarnari verður söluskatturinn og meiri hætta á því, að skatturinn skili sér ekki, og þetta viðurkenndi hæstv. fjmrh. áðan. Í grg. fyrir þessu frv. hæstv. fjmrh. 1970 segir: „Verðbólgan er eitt af þeim vandamálum, sem íslenskum stjórnvöldum hefur gengið erfiðlega að fást við. Aldrei hafa stjórnvöld verið fjær því en nú að hafa vald á verðbólgunni. Matvæli hafa hækkað verulega á síðustu árum, m.a. vegna rafmagns, olíu og húshitunar, m.a. vegna þess, að lagður hefur verið á söluskattur (7.5%) á útsöluverð matvælanna, svo og á rafmagn og olíu til húshitunar og hitaveitugjöld. Það ber nauðsyn til að draga úr kostnaði við öll brýnustu útgjöld heimilanna."

Í niðurlagi á grg. fyrir þessu frv. segir:

„Því mun verða haldið fram, að ríkissjóður muni ekki þola þann tekjumissi, er af frv. leiðir. Þar er því til að svara, að vísitalan mun lækka þar í móti og mismunurinn ekki hafa nein úrslitaáhrif á fjárhag ríkissjóðs."

Þetta var skoðun hæstv. fjmrh. 1970. Og það

má merkilegt heita, að hann skuli ekki hafa komið þessum óskadraumi sínum, sem felst í þessu frv., í framkvæmd á þeim árum, sem hann er búinn að sitja í stóli fjármálastjórnarinnar og haft því góða ástæðu og tök á því að koma frv. í framkvæmd. En aftur á móti er rétt að minnast þess, að í tíð núv. ríkisstj. er þessi illræmdi skattur lagður á alla símaþjónustu í landinu, en það hafði aldrei átt sér stað áður. E. t. v. er þetta kveðja ríkisstj. til dreifbýlisins, því að örugglega má telja víst, að hann komi tiltölulega þyngst niður á því fólki vegna aðstöðu þess í þjóðfélaginu.

Eins og ég gat um áðan, er gert ráð fyrir, að tekjuskattur einstaklinga og félaga skili ríkissjóði um 1 800 millj. kr. meira á þessu ári heldur en í fjárl. yfirstandandi árs. Þessi tekjuaukning á að eiga sér stað án þess að skattalögum verði breytt. Er þá lagt til grundvallar, að meðaltekjur til skatts hækki sem nemur 24—25%, 2% fjölgun skattgreiðenda og að skattvísitalan sé 154 stig.

Í þessu sambandi er þó rétt að víkja að einu þýðingarmiklu atriði, en það er gildistaka væntanlegs lagafrv. ríkisstj. um hækkun söluskatts um 2% frá næstu áramótum. Öllum er ljóst, að ríkisstj. þarf á stuðningi allra sinna stuðningsmanna að halda, þeirra sem studdu ríkisstj., þegar hún tók við völdum, eigi hún að fá lagafrv. samþykkt, sem háð er samþykki í báðum þd. Nú er það svo, að einn hv. fyrrv. stuðningsmaður ríkisstj. hefur lýst því yfir, að hann muni ekki styðja ný stjfrv., sem fela í sér frekari álögur á almenning. Þessi afstaða þm. kom fram í umr. um stefnuræðu hæstv. forsrh. í s. l. viku. Ræða þessi kom út sérprentuð í blaðinu Nýtt land, sem út kom s. l. föstudag. Ég tel rétt að lesa hér þann kafla úr ræðunni, sem um þetta fjallar, og hann hljóðar svo, með leyfi forseta:

„S. l. sumar stóð til að afla tekna fyrir ríkissjóð, og var leitað til mín um stuðning við væntanleg brbl. Af því tilefni skrifaði ég bréf til fjmrh., og þykir mér rétt að tilgreina nokkur atriði úr því bréfi, þar sem þau spegla afstöðu mína til efnahagsmálastefnu ríkisstj. Þar segir m. a.:

„Ráðstefna SF í Reykjavík, sem haldinn var 14. júní s. l., telur, að ríkisstj. hafi ekki tekist að standa við ýmis veigamikil atriði í málefnasamningi sínum. M. a. hefur hún misst tök á verðlagsþróuninni í landinu, brugðist verulega í skattamálum og ekki sýnt þá festu í efnahagsmálum og aðhaldi í ríkisrekstri, sem nauðsynlegt er á verðbólgutímum. Ríkisstj. hefur hafnað viðræðum við SF um stuðning og samstarf á grundvelli málefnasamningsins og þar með komið í veg fyrir, að SF geti haft áhrif á stjórn þeirra málaflokka, sem úr skorðum hafa farið.

Um leið og ég bendi yður, herra fjmrh., á þessa ályktun SF í Reykjavík, vil ég taka fram, að ég hef þrásinnis á Alþ. gagnrýnt ýmsar efnahagsaðgerðir ríkisstj. Á þetta m. a. við uppsprengd fjárlög og miklar fjárfestingar og gengisfellinguna um 10.7% í des. s. l., þar sem að mínu viti hefur ekki verið tekið nægilegt tillit til þeirrar þenslu, sem ríkir í efnahagslífinu.

Ég dreg ekki í efa, að ríkissjóður hafi þörf fyrir auknar tekjur, en tel, að hún sé sprottin af því aðhaldsleysi í ríkisbúskapnum, sem að ofan getur. Vandinn verður því ekki leystur með nýjum og nýjum álögum á almenning, sem ekki sér fyrir endann á, heldur verði að taka upp nýja stefnu, sem lagi sig eftir ríkjandi aðstæðum í þjóðfélaginu.

Af þessu má ljóst vera, herra fjmrh., að ekki geta verið miklar líkur á því, að ég muni með atkv. mínu styðja þær álögur á almenning, sem þér hafið í huga."

Þetta var úr bréfi til fjmrh. Af því má marka, að ríkisstj. í heild hefur hafnað því að taka upp viðræður við SF og mig um m. a. efnahagsstefnuna og þar með komið í veg fyrir, að við gætum haft nokkur áhrif á mótun hennar. Af þessu leiðir, að ríkisstj. hefur ekki áhuga á stuðningi mínum og ber því auðvitað ein ábyrgð á efnahagsstefnunni og tekur afleiðingum af því, enda þverbrotið málefnasamninginn, eins og fyrr segir.

Í þessu sambandi er þó rétt að víkja sérstaklega að einu þýðingarmiklu atriði, en það er gildistaka væntanlegs lagafrv. ríkisstj. um hækkun söluskattsins um næstu áramót.

Öllum er ljóst, að ríkisstj. þarf á stuðningi allra sinna stuðningsmanna að halda, þeirra sem studdu ríkisstj., þegar hún tók við völdum, eigi hún að fá lagafrv. samþ., sem háð er samþykki í báðum þd., eins og ég hef hér skýrt frá. Nú er það svo, að einn af hv. fyrrv. stuðningsmönnum, Bjarni Guðnason, hefur lýst því yfir í ræðu, sem ég var hér að lesa úr áðan, að hann muni ekki styðja ný stjfrv., sem fela í sér frekari álögur á almenning. Er nokkur í vafa um eftir að hafa heyrt þessa yfirlýsingu, að ríkisstj. hefur engan öruggan stuðning til að koma í framkvæmd ákvörðun sinni um 2% hækkun söluskatts. Ég vil ekki ætla hv. þm. Bjarna Guðnasyni þann tvískinnungshátt, að hann eftir slíkar yfirlýsingar rétti upp höndina eða sitji hjá, þegar til þess kemur að afgreiða umrætt frv. Hér er því um enn eitt stórt spursmál að ræða í óuppfylltа mynd af núv. fjárlagafrv.

Hæstv. fjmrh. talaði hér mikið og langt mál áðan um skatta og vildi reyna að rökstyðja það, hvað þeir væru miklu lægri, skattar á allan almenning í landinu, eftir því skattakerfi, sem nú sé gildandi, heldur en ef gamla skattakerfið hefði verið áfram gildandi eða skattakerfi viðreisnarstjórnarinnar, eins og hann talaði margsinnis um. Ég tel, að það hafi vantað margt í sambandi við þennan samanburð, sem hæstv. ráðh. var með, og ég tel alveg út í hött að vera með svona samanburð eins og hann var með. Hann hefði alveg eins getað verið að bera saman skattaálögur frá aldamótum eða einhvern tíma aftur í tímann og svo það, sem núv. ríkisstj. er með í þessum efnum, því að allir skilja það vitanlega, að breytt verðlag, hækkandi tekjur almennings í landinu hljóta að breyta skattstigum á hverjum tíma, eftir því sem þróunin er í þessum málum. Það segir sig alveg sjálft. En fólkið veit eitt, hvað að því snýr, og það talar sínu máli, hvað fólkið segir sjálft í þessum efnum.

Ég held, að ríkisstj. verði að horfast í augu við þá staðreynd, að skattþunginn á allan almenning er nú orðinn allt of mikill. Allt bendir til þess, að launþegar hafi nú ákveðið að gera ákveðnar ráðstafanir til þess að knýja fram umbætur í skattamálunum. Þegar ég var á ferð vestur á Snæfellsnesi nú fyrir skömmu, barst mér í hendurnar bréf verkalýðsfélagsins Jökuls í Ólafsvík til atvinnurekenda. Í þessu bréfi segja þeir upp gildandi kjarasamningum samkv. ákvörðun félagsfundar, sem haldinn var þann 27. sept. s.l. Í þessu bréfi verkalýðsfélagsins segir enn fremur, með leyfi forseta:

„Á umræddum fundi var samþykkt eftirfarandi till.:

Fundur í verkalýðsfélaginu Jökli, haldinn 27. sept. 1973, samþykkir að beita þeirri aðferð við úrbætur í skattamálum fiskvinnsluverkafólks, að náist ekki viðunandi árangur í þessum efnum við haustsamningagerð, banni verkalýðsfélagið Jökull með viku fyrirvara alla nætur- og helgidagavinnu hjá fiskvinnslustöðvum í Ólafsvík".

Svo mörg eru þau orð. En þau tala sínu máli um það, hvernig komið er með hinni hóflausu skattpíningu ríkisstj. hinna vinnandi stétta, eins og hún kallar sig.

Í einum kafla í Ólafskveri segir svo, að endurskoða eigi „tekjuöflunarleiðir hins opinbera með það fyrir augum, að skattabyrðinni verði dreift réttlátlegar en nú er gert". Oft hefur heyrst talað um breiðu bökin, að þau eigi að bera skattana. En ætli það sé ekki algert einsdæmi, að skattstigum sé þannig háttað í nokkru landi, að í framkvæmdinni lendi 75% skattgreiðenda í hæsta skala og greiði meira en helming tekna sinna til hins opinbera?

Þetta bréf verkalýðsfélagsins í Ólafsvík er ekkert einsdæmi. Sams konar samþykktir hafa verið gerðar af fleiri félögum og fjölmörgum vinnuhópum. Fallist ríkisstj. ekki á þessa málaleitun og komi til móts við verkafólk í landinu, er ekki annað fyrirsjáanlegt en að hundruð millj. kr. verðmætasköpun, sem annars er möguleg, fari forgörðum, vegna þess að óhófleg skattpíning hins opinbera dregur úr áhuga verkafólks til þess að leggja á sig nema takmarkaða vinnu, þegar svo er komið, að meiri hluti teknanna lendir beint í ríkissjóði.

Með tilliti til þess, hvað sjávarútvegsframleiðslan gegnir þýðingarmiklu hlutverki varðandi gjaldeyrisöflun þjóðarinnar, verður að leggja á það höfuðáherslu að leiðrétta skattaálögur þess fólks, sem þau störf vinnur, svo að þau örvi framboð á þeim vinnumarkaði, og gegnir þar einu máli um sjómennina á fiskiskipunum og fólkið, sem oft á tíðum leggur nótt með degi til þess að bjarga þeim verðmætum, sem að landi berast.

Það virðist stundum fara illa saman að deila á ríkisstj. eða hæstv. fjmrh. fyrir það í fyrsta lagi að vera með allt of há fjárl., í öðru lagi, að fé vanti til fjölmargra nauðsynlegra framkvæmda, sem ekki sé unnt að fresta, og síðan koma með till. um niðurskurð á skatttekjum ríkissjóðs. Samt er það svo að mínu áliti, að allt þetta getur átt rétt á sér. Ástæðan fyrir því er sú, að menn eru ekki á eitt sáttir um uppbyggingu fjárl., hvað eigi að hafa forgang, hvar eigi að draga saman seglin og spara og hverju megi fresta. Það er mitt álit, að tími sé til kominn að breyta til og stokka upp hvað við kemur gerð fjárlagafrv. Sérstaklega tel ég, að á því sé brýn nauðsyn í sambandi við fjárveitingar til framkvæmda og fjárfestingarmála sveitarfélaganna. Nú um þessar mundir eiga sér stað miklar umr. um það, sem kallað er að dreifa valdinu, færa ýmis málefni, sem nú heyra undir miðstjórnarvaldið í Reykjavík, út í héruðin á landsbyggðinni, auka þeirra tekjustofna og gera þau sjálfstæðari til ákvörðunar varðandi sín eigin málefni en nú á sér stað. En hvað sem því líður, það er mál út af fyrir sig, þá tel ég, að meiri samvinna þurfi að eiga sér stað varðandi fjárveitingar til sveitarfélaganna. Að sjálfsögðu er þar margt, sem kallar að og framkvæma þarf á ýmsum stöðum. Í litlu bæjarfélagi er það hins vegar svo, að fjármagn og framkvæmdamöguleikar eru takmörkuð. En með þeirri skipan, sem nú á sér stað af hálfu þess opinbera, verður freistingin sú að hafa sem flest járn í eldinum til þess að ná í fjárveitingar úr ríkissjóði til þeirra mála, sem honum ber skylda til að fjármagna að meiri eða minna leyti. Afleiðing þessa verður sú, að ýmsar framkvæmdir standa ófullgerðar árum saman án þess að koma í gagnið eða skila þeim arði, sem þeim er ætlað. Þessu verður að breyta. Með samkomulagi við heimamenn á fjárveitingavaldið að hafa forgöngu um að raða upp framkvæmdum í þeirri röð, sem þörfin er mest knýjandi. En með því móti ætti að vera unnt að gera stærra átak í hverju tilfelli, og það mun sýna sig, að hér getur verið um stórt hagsmunamál að ræða, ekk aðeins fyrir viðkomandi sveitarfélag, heldur yfir höfuð fyrir þjóðarheildina alla. Ég gæti nefnt mörg sveitarfélög, sem eru í þessum efnum með allt of mörg járn í eldinum. Í einu sveitarfélagi er t.d. verið að framkvæma eftirfarandi: Það er verið að byggja stórt leikfimishús, það er verið að byggja gagnfræðaskóla, það stendur yfir bygging á sjúkrahúsi, það er byrjað á byggingu dvalarheimilis fyrir aldraða og það standa yfir stórframkvæmdir í hafnamálum. Sumar af þessum framkvæmdum hafa staðið yfir í fjölda ára og eiga enn langt í land með að verða fullgerðar.

Þó að ég nefni þetta sem dæmi, þá er hér ekki um neitt einsdæmi að ræða. Þannig er ástatt á fjölmörgum stöðum úti um allt land. Ég álít, að hér verði að vera breyting á. Ég nefni þetta ekki sem neina ádeilu á núv. ríkisstj., þetta hefur verið svo um langan tíma, en það virðist sem þessi framgangsmáti fari því miður í vöxt.

Ég sagði í upphafi máls míns, að ef að líkum lætur og stuðst er við fyrri fjárlagagerð núv. ríkisstj. megi gera ráð fyrir, að enn vanti mikið á, að fjárlagafrv. sýni rétta mynd þeirra fjárlaga, sem endanlega verða afgreidd hér á Alþ. fyrir árið 1974, og mun ég nú koma að því að rökstyðja nokkuð þetta álit mitt.

Ég vil fyrst vekja athygli á fjárveitingu til byggingar gagnfræðaskóla, barnaskóla og íbúða fyrir skólastjóra. Þar er till. um fjárveitingu að upphæð 500 millj. kr. En það er hækkun, sem nemur aðeins um 5% frá því, sem er í fjárl. yfir-

standandi árs. Svo sem kunnugt er, þá er gengið út frá fjögurra ára framkvæmdatímabili samkv. l. nr. 30 frá 1973. Samkv. upplýsingum frá Hagstofu Íslands mun vísitala byggingarkostnaðar vera kominn upp í 910 stig þann 1. nóv. n. k., og er þá um hækkun að ræða, sem er næstum því um 33 stig, aðeins á þessu eina ári. Það er því augljóst mál, að ef halda á í horfinu með þessar mikilsverðu framkvæmdir, verður ekki komist hjá því að hækka fjárveitingu um hátt á annað hundrað millj. kr.

Ég var að rifja upp frá afgreiðslu fjárlaga fyrir árið 1970, er ég fyrir hönd fjvn. gerði grein fyrir fjárveitingum til þessa sama málaflokks, þ. e. byggingar barna- og gagnfræðaskóla. Mér varð þá á að vekja athygli á því, að hækkun fjárveitingar til framkvæmdanna næmi meiru en því, sem næmi hækkun byggingarvísitölunnar. Þá sagði hv. frsm. minni hl. fjvn., hæstv. núv. fjmrh.:

„Ég tók eftir því í ræðu hv. 2. þm. Vesturl. áðan, að þegar hann gerði grein fyrir þessu, þá gerði hann samanburð á því, sem áður hefði verið til skólamála, og því, sem nú væri, og taldi, að sá samanburður væri verulega hagstæður. Hv. 2. þm. Vesturl. vitnaði í byggingarvísitöluna í þessu sambandi, en hún er ekki einhlít um þetta, því að fleiri samanburðaratriði koma þar til greina. Stundum hef ég leyft mér að vitna í hækkun fjárl., sem hefur orðið veruleg á þessu tímabili. Þess er líka að geta, að fólksfjölgun er í landinu, og verður að taka það með í samanburðinn. Við megum ekki heldur gleyma því, sagði hæstv. fjmrh., að við lifum á öld hraðans".

Skyldu ekki þessi spaklegu orð hæstv. fjmrh. einnig eiga við í dag? Kannske mætti leggja enn þá meiri áherslu á orðin „öld hraðans" og segja: kjarnorkuhraðans eða eitthvað því um líkt. En ýmislegt er fleira að finna í þessari merku ræðu hæstv. fjmrh. frá þessum tíma, sem fróðlegt væri að rifja upp, en ég læt hér staðar numið að sinni.

Við héraðsskólana liggja fyrir mikil óleyst verkefni. Þar er sömu sögu að segja, að þegar byggingarvísitala hefur hækkað um 33%, er hækkun fjárveitinga til þeirra aðeins um 12%. Þar er ekkert tillit tekið til fólksfjöldans og þaðan af síður til þess, að við lifum á öld hraðans.

Þá er það fjárveiting til ríkisspítalanna. Segja má, að þar sé um óbreytta upphæð að ræða og ekkert til að mæta þeim aukna byggingarkostnaði, sem átt hefur sér stað. Sú upphæð, sem nú er í fjárlagafrv., er algerlega óraunhæf og hlýtur að hækka verulega, ef ekki á að koma til verulegs samdráttar. En ef slíkt ætti sér stað, gæti það haft hinar alvarlegustu afleiðingar, svo mikil verkefni sem úrlausnar bíða í þessum efnum. Sama máli gegnir um aukið starfslið ríkisspítalanna. Í fjárlagafrv. greinir, að ekki séu fjárveitingar til að standa undir kostnaði af nýjum stöðum við ríkisspítalana. Hér er vafalaust um allverulegt fjármagn að ræða, sem enn vantar inn í fjárlagafrv., og er að því vikið í aths. með frv., að það mál bíði afgreiðslu fjvn. Til þess að gera sér nokkra grein fyrir stærð þessa máls að dómi lækna og stjórnar ríkisspítalanna telja þeir í fyrsta lagi, að ráða þurfi 90 manns á nýju fæðingardeildina, sem gert er ráð fyrir að taki til starfa alveg á næstunni. Þar er tekið fram, að sé um algert lágmark að ræða. Læknar á Landsspítalanum telja, að þar vanti um 106 starfsmenn. Stjórn ríkisspítalanna hefur hins vegar skorið þá tölu niður í 60. Læknar Kleppsspítalans telja, að þeir þurfi að ráða 55 nýja starfsmenn, en stjórn ríkisspítalanna telur möguleika á að skera upphæðina niður um 15 starfsmenn, þ. e. að ráða þurfi 40 nýja starfsmenn við Kleppsspítalann. Rannsóknarstofa háskólans telur óhjákvæmilegt að ráða sem svarar 7½ starfsmanni, og um það er stjórn ríkisspítalanna sammála. Þá vantar 2 nýja starfsmenn á Vífilsstaði og aðra 2 á Kristneshæli. Samtals eru þetta 262 starfsmenn, ef tekin er hærri talan, en um 200 manns, ef tekin er lægri talan, sem stjórn ríkisspítalanna telur algert lágmark. Hér munar mestu um hina nýju fæðingardeild, sem um þessar mundir er að taka til starfa. Og það segir sig sjálft, að til lítils er að fjárfesta og byggja ný sjúkrahús, ef ekki er unnt að sjá fyrir nægilegu fjármagni til að tryggja nauðsynlega starfskrafta. Eina aukningin, sem tekið er tillit til í þessu fjárlagafrv., sem veit að nýjum mannaráðningum, er starfsliðið í Kópavogshælinu, en þar var sem kunnugt er opnuð ný deild á yfirstandandi ári.

Um önnur sjúkrahús og ríkisspítala er sömu sögu að segja að því leyti, að verulega vantar á, að þar sé haldið í horfinu. Að vísu svarar sú hækkun fjárveitingar, sem í frv. er, til þess að mæta þeirri hækkun, sem byggingarvísitalan segir til um að óbreyttu. En þá er þess að geta, að nú koma til framkvæmda ný lög, sem kveða á um, að hlutdeild ríkisins skuli vera 85% af byggingarkostnaði í stað 60% áður. Og sú lagasetning kæmi að litlu haldi, ef ekki kæmi til aukið fjármagn á fjárl. til að mæta þeirri kvöð. Hér er því um allverulega fjárupphæð að ræða, sem verður að taka tillit til við endanlega afgreiðslu fjárlagafrv.

Þá er þess að geta í sambandi við daggjöld til sjúkrahúsanna. Gengið er út frá 13—14% hækkun kostnaðar og þá gengið út frá verðlagi miðað við 1. sept. s. l. En síðan er gert ráð fyrir, að daggjaldanefnd endurskoði áætlun um daggjöldin, þegar fyrir liggur ákvörðun um starfsfólksaukninguna og verðlag síðar á árinu. Það er því enginn vafi, að hér kemur til með að vanta allverulega fjárveitingu, þó að ekki sé á þessu stigi málsins hægt að segja til um upphæðina, en hún verður alla vega há, sú upphæð, sem hér er um að ræða.

Samkv. l. nr. 28 frá 1973, um dvalarheimili aldraðra, er ríkissjóði gert að greiða ⅓ hluta af byggingarkostnaði auk búnaðar. Hér er um málaflokk að ræða, sem mörg sveitarfélög hafa beðið eftir, að löggjöf kæmi um, þ. e. fjárhagsaðstoð frá hinu opinbera. Ég er þess fullviss, að enda þótt ríkissjóður tæki ekki nema ⅓ hluta í kostnaðinum, þá er sú upphæð, sem hér um ræðir í fjárlagafrv., allt of lág. Nú þegar er vitað um ýmis sveitarfélög, sem byrjuð eru á framkvæmdum, og önnur, sem eru með framkvæmdir í undirbúningi, þ. e. byggingu dvalarheimilis fyrir aldraða. Þær 15 millj.

kr., sem till. er um í frv., verður því óhjákvæmilega að hækka.

Sama máli gegnir um fjárveitingu til byggingar dagvistunarheimila. Þar er till. um aðeins 10 millj. kr. framlag, sem allir sjá, að er alger sýndarmennska. Það er til lítils að setja nýja löggjöf á Alþ. um, að ríkið ætli að taka svo og svo mikinn þátt í framkvæmdum, en horfa síðan fram hjá hinni raunverulegu þörf, sem um er að ræða, og að setja í fjárlagafrv. einhverja upphæð, sem er í sambandi við þarfirnar og til að koma til móts við það, sem ætlast er til með þeirri löggjöf, sem sett hefur verið.

Þá fer það ekki á milli mála, að á þetta fjárlagafrv. verður ekki litið á annan hátt en að frv. sé í heild verðbólguaukandi. Ég vil nú sérstaklega minnast á tvennt, sem í frv. er og óumdeilanlega verkar til verðbólguaukandi áhrifa:

1). Ákveðið er að lækka fjölskyldubætur um 250 millj. kr. Af þessu leiðir, að vísitala hækkar sem nemur hátt á annað vísitölustig, en varðandi viðkomandi fjölskyldur kemur þetta til með að lækka bætur til þeirra sem nemur 3500 kr. með hverju barni.

2). Ákveðið er, að niðurgreiðslur á vöruverði lækki sem nemur 500 millj. kr. frá þeirri viðmiðun, sem var hinn 1. sept. s. l. Ef gert er ráð fyrir, að vísitölustigið í landbúnaðarvörum kosti um 180 millj. kr., — það fer nokkuð eftir því, hvaða vörutegundir eru teknar, en alla vega er það ekki langt frá því, — þá mun þessi lækkun á niðurgreiðslum á vöruverði leiða til hækkunar á vísitölunni, sem nemur tæpum þremur vísitölustigum.

Þannig fer ekki hjá því, að þessar ráðstafanir, sem ég hef nú greint, hækka vísitöluna og um leið verðbólguna sem nemur 4—5 vísitölustigum. Hitt er svo annað mál, að sá skollaleikur, sem núv. ríkisstj. hefur sett á svið í sambandi við niðurgreiðslur á vöruverði, sem áttu sér stað þann 17. sept. s. l., þegar niðurgreiðslur voru lækkaðar um það, sem nema mun um 180 millj. kr., rétt eftir að kaupgjaldsvísitala var ákveðin, slík vinnubrögð eru í alla staði óafsakanleg og ósæmandi hvaða ríkisstj. sem er.

Enn hef ég ekki vikið að einu þýðingarmiklu atriði varðandi efnahagsmálin, sem getur haft veruleg áhrif á endanlega niðurstöðutölu fjárl., en það eru kaupgjaldsmálin. Eins og kunnugt er, eru nú lausir samningar hjá flestum launþegum í landinu. Gildir þar einu um kaupsamninga verkalýðsfélaganna, sem renna út nú um næstu mánaðamót og kjarasamninga opinberra starfsmanna. Öllum hlýtur að vera ljóst, að allt bendir til þess, að samningar þessir hafi í för með sér allmiklar hækkanir, en af því leiðir, að hvers konar þjónusta og verklegar framkvæmdir, sem um er að ræða í þessu fjárlagafrv., hljóta að hækka að sama skapi.

Herra forseti. Ég fer nú að ljúka máli mínu. Ég tel, að af því, sem ég hef nú sagt um ýmsa liði í þessu fjárlagafrv., megi ljóst vera, að mikið vantar enn á, að frv. sýni að fullu þá mynd, sem raunhæf er varðandi fjárlög fyrir árið 1974. Ég tel enn fremur, að ljóst megi vera, að þetta fjárlagafrv. er engin undantekning frá fyrri fjárl. núv. ríkisstj. Það hefur á sér öll einkenni þess, að enn verði siglt fyrir fullum seglum í verðbólguáttina. Og ég vil að lokum taka mér í munn orð hæstv. fjmrh., sem voru hans síðustu orð í des. 1970, þegar fjárl. fyrir árið 1971 voru til afgreiðslu á Alþ., og heimfæra þau upp á þetta fjárlagafrv. hans:

„Stjórnarstefnan er röng, og staðreyndin er þessi, að ef ekki tekst að snúa frá verðbólgustefnu ríkisstj., þá er allt unnið fyrir gýg og beinn voði fyrir dyrum."

Jón Árm. Héðinsson: Herra forseti. Ég mun nú fjalla hérna nokkuð um þetta frv., en umr. hafa verið mjög langar og tími orðinn nokkuð áliðinn í dag, þannig að ég skal gera þm. það til geðs að vera heldur stuttorður, enda er þegar búið að drepa á svo mörg atriði í frv. í mjög langri ræðu hæstv. fjmrh., að ekki er ástæða fyrir mig nema stikla á stóru, og einnig gerði síðasti ræðum., hv. 2. þm. Vesturl., grein fyrir ýmsum þáttum, sem ég hefði gjarnan fjallað um, en hann hefur þegar tekið fyrir og því óþarfi að vera að eltast við það að sinni.

Ég vil þakka hæstv. fjmrh. fyrir þessa löngu og yfirgripsmiklu ræðu, vegna þess að þó að sumir þreytist á að hlusta á slíka ræðu, þá felur hún í sér það mikið af upplýsingum alla vega, hvort sem menn eru með eða móti því öllu, að það er gagn að því að hafa slíkt yfirlit við umr. um fjárlög. Ég er þó ekki að mælast til þess, að ræðutími hæstv. ráðh. lengist með sama hraða eða í sömu hlutföllum og krónutala fjármála hefur aukist í hans tíð, því að þá list mér ekki á blikuna. Það gæti farið svo, að ef hann sæti mjög lengi, að sumir yrðu syfjaðir hér í þingsölum. En hvað um það, þetta er mikið verk, að taka þetta allt saman, og ég held, að þm. hafi gott af því að glugga í það, sem þar kom fram. Ég ætla aðeins að fjalla hérna um vissa þætti fjárlagafrv. og byrja á því að fjalla um tekjuhliðina.

Eins og þegar hefur verið gerð grein fyrir, hækkar tekjuhlið frv. um nærri fjórðung, og hefur verið skýrt hvers vegna. En það, sem ég vil hér fjalla um sérstaklega, er, að það hefur verið byggt á ákveðnum forsendum, sem mér sýnist, að muni vart standa, og einnig þá útgjaldahliðin. Það er byggt á gildandi skattalögum óbreyttum út árið 1974. Þetta tel ég vart hugsanlegt vegna þeirrar pressu, sem fram hefur komið af hendi launþegasamtakanna að taka þessi mál til rækilegrar athugunar, og ég skildi hæstv. ráðh. þannig áðan, að sú n., sem starfað hefur að þessum málum, undanfarið, — ég er ekki alveg öruggur um, hvort það er n., sem þingflokkarnir allir áttu fulltrúa sinn í, eða önnur n., — mundi vera svo langt komin með sitt starf, að þm. gætu búist við því, að við sæjum í næsta mánuði frv. að breyttu tekjuöflunarkerfi. En hvað sem því líður, þá held ég, að það sé skynvilla að gera ráð fyrir því, að bæði útgjaldaliðurinn og tekjuöflunarliðurinn geti staðist nokkuð í samræmi við fjárlagafrv., eins og það er sett fram. Og þetta stafar m. a. af því, að fólkið í landinu er þess meðvitandi, að mikil verðbólga ríkir, og það er höfuðvanda-

mál hæstv. ríkisstj., eins og oft hefur verið áður.

Það kom fram þegar við fyrstu fjárlagagerð hæstv. ríkisstj., þá standa þessu fáu orð, með leyfi forseta:

„Ríkisstj. er ljóst, að stefna hennar er ekki framkvæmanleg, nema takist að hafa hemil á verðbólgunni. Í þjóðfélagi, þar sem skefjalaus verðbólga ræður ríkjum, eykst alltaf bilið milli þeirra, sem best og verst eru settir. Þess vegna hefur hún ákveðið að keppa að því marki, að verðhækkanir verði ekki örari hér á landi en gerist með viðskipta- og nágrannaþjóðum vorum. Hún ákvað því að halda áfram verðstöðvuninni, sem gilda átti frá 1. sept. til áramóta."

Þetta var í aths. við frv. fyrir árið 1972. En því miður hefur þetta fróma og góða loforð ekki séð raunveruleikann, og við horfumst nú í augu við meiri verðbólgu hér á Íslandi en nokkru sinni áður, nema e. t. v. á sjálfum stríðsárunum, því miður. Launþegar hafa því sett fram mjög ákveðnar kröfur til hækkunar tekna sinna í krónutölu talið, sem mun sannarlega koma við ríkissjóð, ef launþegasamtökin ná fram meginhluta af sínum kröfum. Nú liggur þetta ekki ljóst fyrir, því að allar líkur eru á því að hér muni kjaradómur um fjalla, og er þess vegna nokkur bið á, að við fáum að heyra niðurstöður. En engu að síður er það óraunhæft að vera að fjalla nákvæmlega um útgjaldahliðina, eins og þeir eru settir í frv., vegna þess að ég held, að það sé útilokað annað en þeir muni hreyfast til hækkunar í meðförum fjvn. og hv. Alþ. Við munum ekki komast hjá því.

Afkoma manna, sagði hæstv. ráðh., er góð. Það er rétt. Það er rétt vegna þess, að í landinu ríkir feikileg spenna um framkvæmdir. En því miður er aflgjafinn undir þessari spennu óttinn við verðbólgu, og hver einasti maður reynir að fjárfesta með einu eða öðru móti, ef hann mögulega getur og kríar út allt það fjármagn til lána, sem hægt er að ná með góðu eða illu, og meira að segja svo, að núgildandi skattalög hvetja menn til þess að gera margt heima hjá sér og kalla sem viðhald og framkvæma ýmsar breytingar, vegna þess að viðhaldið var sett í ákveðna prósentutölu á skattaframtali, sem voru hin herfilegustu mistök. Það veit ég, að hæstv. ráðh. veit mætavel um, að það voru stærstu mistökin í skattalagabreytingunni, í staðinn fyrir að hafa aðhaldið eins og hann telur eðlilegt með því að láta menn skila reikningum og vinnulaunaskýrslum. Það eru ekki ýkjur, að á markaðnum ríkja þess vegna tveir taxtar, annar gildir fyrir vinnu, sem ekki er talin fram, og hinn fyrir vinnu, sem talin er fram. Og þetta býður löggjöfin upp á. Þessu verður að breyta sannarlega.

Hæstv. ráðh. fjallaði nokkuð um það, sem nú er í lögum og hefur verið. Það eru vissar undantekningar í lögum, vissir frádráttarliðir, og ég er honum sammála, að þeir gefa möguleika til undandráttar og hv. Alþ. á að draga úr þessum möguleikum eins langt og hægt er að komast, þó að þeir verði sennilega alltaf einhverjir. Hér er því um alvarlegt mál að ræða, sem verður sennilega rætt um mikla nánar, ef hugmyndir um nýja tekjuöflun koma fram. Og einmitt í dag var dreift af hálfu þingflokks Alþfl. till. til þál. um lækkun á tekjuskatti á einstaklingum, og mun ég ekki fara nánar út í þær hugmyndir, sem þar eru settar fram. Þær verða ræddar hér í Sþ. á sínum tíma, og þá gefst tækifæri til þess að fjalla nánar um þær. En miðað við þá þróun, sem hæstv. fjmrh. gerði hér nokkra grein fyrir, að aukning í söluskatti og lækkun á tekjuskatti ætti að eiga sér stað, þá leggjum við til hér í þessari þáltill., að út á þá braut verði farið og einnig virðisaukaskatt. Þetta felur þá í sér um leið aukið aðhald og tryggara fyrirkomulag varðandi þessa tekjuöflun. Það er nú reyndar í lögum og hefur verið um fjölda ára skeið, að fyrirtækjum er skylt að nota prentaða reikninga með númerum á og haus viðkomandi fyrirtækis, en á þessu er mjög mikill misbrestur, og sleppa menn því oft við að inna af hendi söluskatt, sem er þá tekinn af almenningi, vegna þess að þessum lögum er ekki vel framfylgt. Að öðru leyti held ég, að það sé rétt hjá hæstv. fjmrh., að a. m. k. öll hin stærri fyrirtæki og miðlungsfyrirtæki skila nú betur söluskatti en verið hefur um margra ára skeið, og er það til þakka.

Það er rætt hér um, að fram eigi að koma nokkur tollalækkun vegna aðildar okkar að EFTA. Er það ágætt, og gerði hæstv. ráðh. grein fyrir því, því að iðnaðinum mun ekki af veita vegna samkeppni utanlands frá, og hann er illa settur vegna verðbólgunnar hér innanlands. Ákveðnar iðngreinar hafa náð nokkurri fótfestu í útflutningi, og það má ekki fara svo, að við missum þessa stöðu vegna eigin mistaka hér heima í verðlagsþróun. Þess vegna fagna ég því, ef hægt er að koma málum þannig fyrir, að vissir tollar á frumvöru til þessara fyrirtækja verði lækkaðir eða felldir niður, og reikna ég með, að hv. þm. muni standa með hæstv. ríkisstj. í því efni að stuðla að slíkri þróun.

Hæstv. fjmrh. fór mjög út í tekjuöflunarkerfið, og það er of langt mál að fara að fjalla um það allt. Hann gerði samanburð á sköttum nú og hverjir þeir hefðu verið eftir gamla kerfinu. Síðasti ræðumaður kom inn á það, að slíkur samanburður er auðvitað óraunhæfur í dag vegna þeirrar einföldu staðreyndar, að það ríkir allt annað efnahagsástand í þjóðfélaginu nú en var á hinum erfiðu árum 1969—1970. Það er alveg sama, hvaða ríkisstj. hefði setið, ég er alveg viss um, að hún hefði tekið tekjuöflunarleiðir sínar til endurskoðunar við svona gjörbreytt viðhorf. Það hefur því ekki raunhæft gildi að vera að vitna og bera saman gildandi skattalög og þau, sem voru í gildi langt aftur í tímann. Það hefur ekki raunhæft gildi að mínu mati, þannig að ég vísa þessum samanburði heim til föðurhúsanna aftur sem óraunhæfum, vegna þess að aðstæðurnar eru svo ólíkar, að það er ekki hægt að bera það saman. Nú ríkir hið mesta góðæri til lands og sjávar, og það er von, að hæstv. ríkisstj. og almenningur í landinu vilji hafa af því mikinn ávinning. En það er einnig staðreynd, og það getur hæstv. fjmrh. sannfært sig um sjálfur, að fólki finnst með réttu beinir skattar sínir vera miklir. Þegar um ¾ manna lenda í hæsta álagi, sem lög leyfa, þá hvetur það ekki til mikillar athafnasemi.

Og það er komið á það stig, bæði í kjördæmi hæstv. fjmrh. og víða annars staðar um landið, að fólk fer að neita að vinna yfirvinnu við framleiðslustörfin, vegna þess að það finnur, að það heldur of litlu fjármagni eftir miðað við svona langan vinnutíma. Og þá er skattakerfið til hömlunar á eðlilegu athafnafrelsi hjá fólkinu og eðlilegri þróun í þjóðfélaginu, af því að við búum nú einu sinni við það, að við verðum að vinna langan vinnutíma á vissum tíma árs varðandi a. m. k. sjávarútveg og einnig við landbúnað. Það er því viðfangsefni hverrar ríkisstj. á hverjum tíma að hafa ekki álögur það miklar eða a. m. k. hvað varðar þessa starfshópa, að það skerði vilja þessa fólks til að vinna eðlilegan vinnudag, þrátt fyrir að við höfum sett hér lög um 40 stunda vinnuviku. Við bókstaflega komumst ekki hjá því undir vissum kringumstæðum að ganga frá og verka þann afla, sem berst á land á skömmum tíma yfir vetrarvertíðina, og þá er ekki spurt um 40 stunda vinnuviku. Það er eingöngu spurt um það: Ætlum við að bjarga verðmætum eða ekki?

Ég man nú ekki, hvað ríkissjóður fær mikið í tolltekjur samkv. þessu frv. af útflutningi, en venjan hefur verið að reikna með því, að það sé um fjórðungur, og ég reikna með því, að jafnvel þó að eitthvað verði fellt niður af tollum til hagsbóta fyrir iðnaðinn, sé ekki langt frá því, að þetta hlutfall haldist. Það er þess vegna hagur fyrir ríkissjóð, að fólkið skapi sem mest útflutningsverðmæti og sú vinna sé viðurkennd á einn eða annan hátt.

Ég fagna því, að hæstv. ráðh. talaði hér um, að við þyrftum að ná í ágóða af sölu á lóðum og lendum, eftir því sem ég tók best eftir. Ég vona, að slíkt frv. komi fram hið fyrsta hér á hv. Alþ., sem tryggi eðlilegan skatt af slíku, vegna þeirrar þróunar, sem átt hefur sér stað undanfarið, að landssvæði hafa hækkað verulega í verði vegna aðgerða hins opinbera, þannig að menn fara að tala um tugmilljóna hagnað af landi, er aðeins er metið í tugum þús. kr. Hér verður auðvitað að ríkja eðlilegt mat og skynsemi. Það má ekki verða skammt öfganna á milli. Menn verða að fá skynsamlegt út úr sínu landi engu að síður, en óeðlilegt er með öllu, að slík verðmætisaukning geti fallið viðkomandi aðila óskattlögð alveg í hendur.

Síðan ræddi hæstv. fjmrh. nokkuð um staðgreiðslu skatta. Ég er honum sammála um það, að grundvallaratriðið er, að álögur séu sem jafnastar milli ára. Það er mikið vandamál varðandi sjávarútveginn vegna þess, hve sveiflukenndur hann er. Menn hafa haft á þessu ári margir hverjir uppgripatekjur vegna loðnuveiði og einnig núna á nokkrum bátum í Norðursjó, og það væru hrapallegir erfiðleikar, sem þetta fólk ætti við að glíma, ef loðnuveiðin brysti næsta ár. Þá er það rétt, eins og hann nefndi frá síldarárunum, að a. m. k. varðandi yfirmenn gæti svo farið, að þeir öfluðu ekki næsta ár fyrir bráttóálögum. Hér þarf einhverra úrbóta við. Ég býst við, að hjá ríkisstarfsmönnum sé kerfið þannig, að það valdi þeim ekki miklum breytingum, hvort sem við höldum núverandi kerfi eða komum á staðgreiðslukerfi. En það er hjá vissum stéttum mikilvægt að hafa einhverja viðmiðun, sem við getum notað, til þess að þetta fólk lendi ekki í vandræðum. Ég held, að það mundi sætta sig við það, að úthugsað væri slíkt kerfi, er tæki af þeim í sanngjörnu hlutfalli miðað við hlut, sem við vissum um á hverjum tíma, heldur en eiga það á hættu að standa uppi nærri auralaust árið eftir, vegna þess að við tökum of lítið hlutfall af tekjum þess, þegar uppgripin eiga sér stað.

Það var einu sinni talað um þá hugmynd, þegar síldarárin ríktu hér sem best, að það ætti að verðlauna sjómenn, sem lentu í uppgripunum, með því, að þeir ættu að leggja inn skattfrítt ákveðna upphæð í viðskiptabanka ríkisins og geyma það fjármagn ákveðinn tíma og það verði ekki ráðstöfunarhært nema með vissum hætti. Mér virðist þetta geta verið ein hugmynd til þess að draga þá um leið úr þeirri miklu eftirspurn, er ríkir hér á markaðnum.

Síðan gerði hæstv. ráðh. grein fyrir ýmsum útgjaldaliðum og spurði okkur í stjórnarandstöðunni, hvort við vildum draga úr hinum ýmsu útgjöldum, og nefndi þar til skóla, hafnir, flugvelli, sjúkrahús og þar fram eftir götunum. Það hefur aldrei nokkurn tíma á Alþ. komið fram áhugi hjá mönnum að draga úr framkvæmdum, ef við getum og ráðum við framkvæmdirnar. Þess vegna er spurningin óraunhæf. Það er alveg sama, hver spyr hana, ég eða hæstv. ráðh. eða viðkomandi ríkisstj. hverju sinni. Það, sem skiptir meginmáli, er, hvort framkvæmdunum er þannig ráðað niður, þær eru þannig settar í þjóðfélaginu og í öllu efnahagskerfinu, að þær séu ekki valdandi þess, að við aukum verðbólguna. Þarfir í þjóðfélagi eins og Íslandi hljóta alltaf að vera það miklar, að það verði alltaf beðið um meira fjármagn en hv. Alþ. treystir sér til að láta af hendi. Þetta veit hæstv. fjmrh. af langri reynslu, bæði sem sveitarstjórnarmaður og einnig með langan starfsferil og góðan í fjvn. og svo nú sem hæstv. fjmrh. Það er alltaf beðið um meira en Alþ. getur í té látið vegna þarfanna. Það leiðir af sjálfu sér í þjóðfélagi eins og Íslandi, sem hefur svo mikið til að byggja upp, vegna þess að við höfum ekki haft neitt byggingarefni varanlegt fyrr en nú raunverulega eftir stríð fyrst og fremst. Þarfirnar eru alls staðar, og það eru engar smáþarfir, sem koma fram í höfnunum, þegar við erum að kaupa nærri 50 skip á tveimur árum. Það væri óðs manns æði annað en að gera sérstakt átak til þess að skapa þessum skipum eðlilegt öryggi í landi. Þetta er gífulegt átak, sem er fram undan, og það er þakkarvert, — ég segi það hreinskilnislega, — það er þakkarvert, að það er litið á þetta með skilningi. Það er bæði þakkarvert og nauðsynlegt.

Sjúkrahúsmálin verða alltaf mikil og erfið viðfangs vegna síaukinna krafna um betri tæki, betri útbúnað og harðari kröfu frá hendi lækna og starfsliðs til almenns öryggis fyrir borgarana. Það leiðir því af sjálfu sér, að hver ríkisstj. mun leitast við að láta eins mikið fjármagn í sjúkrahúsin og framast er unnt. Við getum alls staðar bent á þarfirnar, spurningin er, hversu ört við eigum að gefa fjármagnið út og hvaða áhrif það hefur á heildareftirspurn vinnuafls í þjóðfélaginu. Því miður hefur það

verið svo, að ýmsar framkvæmdir undanfarið hafa verið boðnar það ört út, að það hefur bókstaflega ekki unnist tími til að framkvæma þær, og sumir verktakar hafa farið í kapphlaup um það að bjóða mönnum há laun, ef hægt er að koma verkinu af á skömmum tíma, vegna þess að verðbólgan hefur verið svo ör, að ella hefði tilboð þeirra orðið undir og þeir bókstaflega tapað. Þess vegna hafa margir haft uppgripatekjur hjá ríkinu við að vinna á skurðgröfum, jarðýtum og ýmsum tækjum til þess að aka að efni og framkvæma verk raunverulega á vegum hins opinbera. Þetta er einkenni verðbólgunnar, og þetta er einkenni hinnar miklu spennu, sem ríkir núna á vinnumarkaðinum.

Hæstv. ráðh. viðurkenndi, að verðhækkanir hafa verið hér miklar undanfarið, og kom með þá skýringu, sem fram er sett í frv., að telja mætti, að allt að 10% væru erlendis frá og frá okkur hér heima væri 15—20% eftir því, hvað við vildum telja það hátt, en verðbólgan er metin a. m. k. af Brunabótafélagi Íslands vera nálægt 30% á ári, því að Brunabótafélag Íslands hefur hækkað brunabótamat húsa núna um þessa tölu þrisvar sinnum í röð, og þá mega allir sjá, að það er eðlilegt, að krónutala frv. þurfi að hækka allhressilega, ef ekki á að dragast saman sá framkvæmdahraði, sem menn hafa gert ráð fyrir, að gæti verið á vissum framkvæmdum, sem þegar var tekin ákvörðun um í tíð hinnar vondu viðreisnar, eins og oft hefur verið vitnað til af núv. stjórnarsinnum. Við höfum líka verið svo lánsöm núna á þessu ári, að við getum reiknað með, að við höfum um 35% verðmætisaukningu í útflutningi og jafnvel mun meira á sumum sviðum. Það hefur verið vilji allra, að almenningur í landinu nyti þessara kjara. Það vantaði nú ekki, þegar vel gekk hér á árunum 1966—1967, að þáv. stjórnarandstaða hefði stór orð um, að almenningur í landinu ætti að njóta hinna góðu ára, sem þá ríktu. Og vissulega munum við í stjórnarandstöðunni núna gera kröfu til þess, að almenningur hafi möguleika á því að bæta kjör sín nú tvö s. l. ár frá því, sem var á hinum erfiðu árum 1967—1969, með því að geta haldið eftir eðlilegum hluta af auknum tekjum, sem góðærið hefur leitt af sér í landinu, og byggja upp fyrir sig vegna þeirra lægða, sem komu í bæði húsbyggingarnar og ýmsar aðrar framkvæmdir á þessu tímabili.

Á bls. 160 í frv. er gert ráð fyrir, að afkoma a. m. k. vissra atvinnugreina í landinu og þá einkanlega í sjávarútvegi sé mun betri en verið hefur undanfarið og spáð 800 millj. kr. álagningu — mér skilst aukningu — vegna þess á næsta ári. Það er vonandi, að svo verði. Enn liggur þó ekkert fyrir um afkomu þeirra fyrirtækja, er starfa við togaraútgerðina. Vonandi er, að togararnir skili sér sæmilega á þessu ári, a. m. k. meðan þeir eru glænýir og viðhald lítið. En því miður er jafnan svo í sjávarútvegi, að það árar mjög misjafnlega á milli einstakra greina. Frystihúsin hafa haft uppgripatekjur. Það sýna einnig vinnslustöðvar, sem við getum kallað gúanóverksmiðjur eða síldarverksmiðjur eða loðnuverksmiðjur, þær hafa haft ótrúlega gott ár í ár. En uppbygging þar þarf að vera mjög mikil, vegna þess að treyst er nú mjög á það, að loðnan komi aftur og gefi nú gott til ríkisins og þeirra, er þar að starfa, en verð á loðnuafurðum er hærra núna en nokkru sinni áður. Það getur vel verið, að það megi áætla svona mikla tekjuaukningu á þessar atvinnugreinar. En því er nú verr, að nú er hætt að leggja í verðjöfnunarsjóð og svo er komið, að jafnvel einstakir ráðh. sjá ekki annað ráð vænna en þurfa að fara að hirða þessa fjárupphæð, sem er nokkuð á annan milljarð, frá þessari starfsgrein yfir í aðrar starfsgreinar til þess að hjálpa þeim vegna breytingar á gengi krónunnar, sem fyrst var lækkað um 10.7% og síðan lækkað aftur og síðan hækkað þrivegis, ef ég man rétt. En hvað um það, þá held ég, að það nái ekki nokkurri átt að ætla með einu pennastriki að færa slíka fjármuni á milli, og mun því verða mótmælt, bæði af mér og öðrum, ef úr verður.

Ég sé hér, að niðurgreiðslur lækka hlutfallslega, og ég er a. m. k. persónulega inni á þeirri stefnu, sem hér kemur fram, að reyna að ráða við þessar niðurgreiðslur og taka þær til meðferðar í áföngum. Þetta er sú hrollvekja, sem oft hefur verið talað um hér í þingsölunum, og við verðum að horfast í augu við það að leysa þennan hnút fyrr eða síðar.

Hæstv. ráðh. fjallaði nokkuð um vísitöluna, og hann fjallaði um breytingu á tekjuskattinum og áhrif á vísitöluna, ef við þurfum að setja inn söluskatt, og hvað það mundi þýða. Hann viðurkenndi sem rétt er, að þetta kerfi, sem gildir í dag, mun ekki vera æskilegt til lengdar, það hafi margsinnis verið rætt um það hér áður. Launþegasamtökin hafa gert um þetta ákveðnar samþykktir, sem ég ætla ekki að eyða hér tíma í að rekja, en við skulum öll gera okkur ljóst, að þegar svona stór tekjuöflun eins og áfengi og tóbak er í ríkisreikningnum, 2.3 milljarðar, og hafa hækkað núna á tveimur árum úr 1.6 milljarði, þá er það mjög óeðlilegt, að það verki beint til launahækkana í landinu og raunverulega til þyngsla fyrir framleiðsluatvinnuvegina, vegna þess að það er tekið inn í vísitölukerfið. En þetta er þannig mál, að það verður að leysast í samráði við launþegasamtökin. Þau munu aldrei samþykkja það, að þau hafi ekki einhverja viðmiðun vegna sinna launa, og vegna þeirrar verðbólgu, sem ríkir í landinu, verða þau að hafa einhverja viðmiðun til þess að tryggja það, að launaöryggi þeirra sé jafnan fyrir hendi, eins og framast er unnt.

Herra forseti. Tíminn er nú orðinn það liðinn, að ég held, að ég neyðist til að stytta mál mitt eða jafnvel hætta hér, svo að ég knýi ekki á umr. eftir kvöldmat. En ég veit ekki annað en þær eigi að halda áfram. (**Forseti:** Nei, þær verða ekki.) Ekki í kvöld. Umr. ekki lokið? (**Forseti:** Nei, nei, þær verða síðar.) Síðar, já. Ég hugsa, að ég ljúki þess vegna hér máli mínu. Ég vil aðeins minna á eitt atriði. Það er útgáfa verðbréfa, sem reiknað er með hér 700 millj. kr. Þetta er orðinn snar þáttur í tekjuöflun varðandi framkvæmdaáætlun hér á landi, og sýnist fólki nokkuð gott um það, ef hægt er að verðtryggja sparifé. Þegar verð-

bólgan er orðin svona gífurleg, að hún gerir meira en helming á móti þeim vaxtafæti, sem sparifjáreigendur fá, þá er von, að fólkið vilji binda laust fé í verðbréfakaupum. En það mun einnig þyngja um útlánamöguleika fyrir viðskiptabankana, svo að hér verður einnig að hafa í huga að hafa nokkurt jafnvægi á.

Ég vildi gjarnan spyrja hæstv. ráðh., ef hann vildi gera svo vel að veita orðum mínum athygli, ég náði því ekki, hvort hann ræddi um 15% heimildina, sem er í gildandi fjárl., né gerði okkur grein fyrir því, hversu langt hún hefði verið notuð, og einnig, hvort spá mætti sæmilega í tekjuhlið fyrir ríkissjóð á yfirstandandi ári. Ég varð því miður að hverfa út úr þingsalnum um tíma, og e. t. v. hefur hæstv. ráðh. fjallað um þennan þátt á meðan, en því miður var ég kallaður á þingflokksfund um tíma og varð að hverfa um sinn úr þingsalnum. En mér leikur nokkur fróðleikur á að vita, hversu langt heimildin hefur verið notuð og þá hvaða þættir hafa verið skornir niður samkv. heimild í gildandi fjárlögum.

Herra forseti. Ég skal svo ljúka máli mínu að sinni varðandi aths. við þetta frv.

Umr. frestað.

Efri deild, 4. fundur.

Miðvikudaginn 24. okt., kl. 2 miðdegis.

Skipti á dánarbúum og félagsbúum, frv. (þskj. 28). — 1. umr.

Forsrh. (Ólafur Jóhannesson): Herra forseti. Það frv. um breyt. á l. um skipti á dánarbúum og félagsbúum, nr. 3 frá 1878, sem hér er lagt fyrir hv. Ed., var lagt fram á síðustu þingdögum Alþ. á s. l. vori, en kom þá ekki til umræðu. Það þótti rétt, þó að svo stæði á, að leggja frv. þá fyrir þingið til þess að gefa mönnum kost á að kynna sér efni þess, þótt engum dytti þá í hug, að það gæti fengið efnislega meðferð, vegna þess, hversu seint það var á ferð.

Eins og greint er frá í aths. við frv., var Þór Vilhjálmssyni prófessor falið á miðju ári 1972 að vinna að endurskoðun á löggjöfinni um búskipti. Að höfuðstofni til er þessi löggjöf nú um 100 ára gömul, en efni hennar var þá algerlega sótt í hina nýju dönsku löggjöf þeirra ára, en eins og kunnugt er, þá fylgdi umfangsmikil endurnýjun á hinni almennu löggjöf í kjölfar dönsku stjórnarskrárinnar frá 1849 og þ. á m. endurskoðun á réttarfarslöggjöf og skiptalöggjöf og af þeirri dönsku löggjöf, sem þá var sett og að mörgu leyti var mjög vönduð, höfðum við Íslendingar góð not, og það á ekki hvað síst við um skiptalöggjöfina, sem var mjög vandað verk. Það er hins vegar löngu ljóst, að sú löggjöf þarfnast endurskoðunar, sem engan þarf að undra eftir svo langan tíma.

Að því hefur verið horfið eftir fyrstu athugun á þessu verkefni og í samráði við ráðuneytið að taka fyrst fyrir það efni, sem þetta frv. hefur að geyma, en það eru lagareglurnar um greiðsluröð krafna við skipti. Eru að þessu leyti viðhöfð hér sömu vinnubrögð og í Danmörku, Noregi og Svíþjóð, en þar hefur við endurskoðun samsvarandi löggjafar á síðasta áratug fyrst verið unnið að breyt. á lagareglunum um skuldaröð. Til þess liggja augljósar hagkvæmniástæður. Þetta verkefni er nokkuð afmarkað, en hins vegar mjög brýnt, þar sem þeim reglum tengjast mikilsverð félagsleg sjónarmið, sem æskilegt er að komið verði fram fljótlega með breytingum á löggjöfinni á þessu takmarkaða sviði.

Heildarverkefnið, reglurnar um búskipti almennt, er hins vegar bæði mjög umfangsmikið og vandasamt, og mun óhjákvæmilega taka lengri tíma að ljúka því, eins og reynslan frá hinum Norðurlöndunum líka sýnir. Ætlunin er, að næsta verkefni, sem fyrir verður tekið, verði nýtt frv. að gjaldþrotaskiptalögum, en síðan hin almennu skiptalög, um skipti á dánarbúum og skipti á félagsbúum.

Ég vék hér að áðan að hinum mikilsverðu félagslegu sjónarmiðum, sem einkum hafa ráðið því, að hér eins og á öðrum Norðurlöndum hefur þótt rétt að taka þennan þátt efnisins sérstaklega til meðferðar. Breytingarnar eru fyrst og fremst í því fólgnar að fella niður röð forgangskrafna, ýmsar kröfur opinberra aðila, sem rík tilhneiging var til að tryggja sem best, þegar núgildandi löggjöf var sett á sínum tíma, eins og t. d. skattakröfur og aðrar gjaldakröfur opinberra aðila. Hin breyttu félagslegu viðhorf hafa valdið því, að nú þykir enn nauðsynlegra að tryggja hagsmuni þeirra aðila, sem síður mega verða við því að verða fyrir skakkaföllum vegna óhagstæðra skuldaraða, svo sem launþegar vegna launakrafna, svo sem kröfuhafar að ýmsum félagslegum framlögum, svo sem lífeyri og meðlögum. Það raskar ekki út af fyrir sig þörf fyrir þessar breytingar, þótt til hafi komið aðrar félagslegar ráðstafanir í löggjöf síðari ára, fyrst og fremst með almannatryggingunum og nú síðast hin nýja löggjöf um tryggingar launakrafna við gjaldþrot atvinnurekstrar, sem komið hefur verið á m. a. vegna áskorunar Norðurlandaráðs um stofnun kaupábyrgðasjóðs. Hinar nýju reglur þessa lagafrv. eiga að sjálfsögðu að haldast í hendur við samsvarandi þróun í margs konar félagslegri löggjöf.

Ég mun ekki, herra forseti, fara við þessa umr. að rekja eða lesa upp einstakar gr. þessa lagafrv., með því að frv. fylgja ítarlegar aths., og leyfi ég mér að vísa til þeirra.

Ég óska þess, að frv. verði að lokinni þessari umr. vísað til 2. umr. og til hv. allshn.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 12 shlj. atkv. og til hv. allshn. með 13 shlj. atkv.

Neðri deild, 4. fundur.

Miðvikudaginn 24. okt., kl. 2 miðdegis.

Heykögglaverksmiðjur ríkisins, frv. (þskj. 17). — 1. umr.

Fjmrh. (Halldór E. Sigurðsson): Herra forseti. Á þskj. 17 er frv. til l. um heykögglaverksmiðjur ríkisins. Frv. það, sem hér er lagt fram, var kynnt á síðasta þingi. Frv. var samið af n. þeirri, er endurskoðaði lög um Stofnlánadeild landbúnaðarins, landnám, ræktun og byggingar í sveitum. Það er að þessu sinni lagt fram óbreytt eins og það var kynnt í d. í fyrra.

Ákvæði um heykögglaverksmiðjur á vegum ríkisins og stuðning ríkisins við þær er að finna í X. kafla laga, er varða landnám ríkisins. Vegna fyrirhugaðrar breytingar á verkefnum landnámsins þótti rétt að setja á um heykögglaverksmiðjurnar sérstök lög.

Í 55. gr. landnámslaga er ákvæði, sem segja, að landnámsstjóri skuli í samráði við Búnaðarfélag Íslands láta gera athugun um, hve margar heykögglaverksmiðjur sé rétt að byggja á næstu árum og hvar þær yrðu. Þessi áætlun hefur verið gerð og samþ. af landbrn. Nú starfa hér 4 fastar heykögglaverksmiðjur, þrjár í eigu ríkisins, þ. e. í Gunnarsholti, þar er Fóður- og fræframleiðslan, á Hvolsvelli, Stórólfsvallabúið og í Saurbæ í Dölum, hin fjórða er í eigu Brautarholtsbræðra á Kjalarnesi. Í þessum verksmiðjum hafa verið framleiddar nær 5 þús. smál. af heykögglum og grasmjöli. Verðið á þessu mjöli nú er um 15.50 kr. á kg. miðað við venjul. sölu, en afsláttur er gefinn, ef mikið magn er keypt. Þetta er fyllilega sambærilegt við fóðurbætisverð og hagstæðara. Eftirspurnin eftir heykögglum er mun meiri en hægt hefur verið að sinna. Heykögglar hafa reynst í tilraunum mjög gott fóður og betra en sérfræðingar gerðu sér vonir um. Reynsla bænda er sú sama, og sýnir það stöðugt aukin eftirspurn þeirra eftir þessari vöru. Ekki er vafi á því, að með heykögglum má verulega spara innflutning á kjarnfóðri.

Í áætlun þeirri, sem gerð hefur verið, er gert ráð fyrir að byggja þrjár nýjar verksmiðjur: í fyrsta lagi í Flatey á Mýrum í Austur-Skaftafellssýslu og svo í Saltvík í Reykjahreppi í Suður-Þingeyjarsýslu og Hólminum í Skagafirði. Undirbúningur er þegar hafinn að þessum verksmiðjum, en hann tekur nokkurn tíma.

Landbrn. ákveður á sama hátt og áður í sambandi við þetta frv. í samráði við Búnaðarfélag Íslands og Framkvæmdastofnun ríkisins nýjar verksmiðjur og stærð þeirra og staðarval. Ein stjórn verður yfir öllum verksmiðjunum í eign ríkisins, verksmiðjustjóri eða bústjóri verður fyrir hverri verksmiðju. Sameiginlegt bókhald, undirbúningur og aðföng gætu sparað rekstur þeirra verulega. Samræming verður á verði, og eðlileg skipting í sölusvæði mun skapast með einni stjórn yfir öllum verksmiðjunum.

Herra forseti. Ég sé ekki ástæðu til að skýra þetta frv. öllu meira, en legg til, að að lokinni þessari umr. verði því vísað til 2. umr. og hv. landbn.

Ingólfur Jónsson: Herra forseti. Það eru aðeins nokkur orð, áður en þetta frv. fer til landbn. — Ég tel, að það sé eðlilegt að setja lög um heykögglaverksmiðjur, eftir að reynslan hefur sýnt, að þær eiga fullan rétt á sér, og um leið og ákveðið er að byggja fleiri verksmiðjur.

Þetta frv. er viðurkenning á því, að stigið var rétt spor, þegar fyrsta verksmiðjan var sett á stofn í Gunnarsholti 1964. Árið 1970 yfirtók ríkið grasmjölsverksmiðjuna á Hvolsvelli og keypti hana af Sambandinu. Eftir það var sett heykögglaverksmiðja þar á stofn, þar sem grasmjölið hafði ekki gefið eins góða raun og kögglarnir. Á þessu ári hefur verið byggð verksmiðja í Dölum. Hún á vitanlega við sína byrjunarörðugleika að stríða og hefur verri aðstöðu en hinar tvær, þar sem stofnkostnaður hennar er miklu meiri. Því var lýst hé áðan, að ein verksmiðja væri í einkaeign. Fyrir þremur árum keypti Landnám ríkisins land norður í Skagafirði með það fyrir augum að koma upp heykögglaverksmiðju þar. Og Landnámið á einnig land í Suður-Þingeyjarsýslu, þar sem Suður-Þingeyingar hafa óskað eftir að fá verksmiðju. Í Hornafirði eða við Hornafjörð er einnig góður staður fyrir sams konar verksmiðju. En ég vil leggja áherslu á, að um leið og ákveðið er að auka heykögglaframleiðsluna, sem sparar erlent fóður, þá verði hverju sinni vel athugað, hvar er best að setja verksmiðju niður. Það er enginn vafi á því, að það mundi borga sig vel að stækka verksmiðjuna í Gunnarsholti til helminga og einnig verksmiðjuna á Hvolsvelli. Þessar verksmiðjur geta fengið nóg land og þær geta fengið nóg gras. Rekstur verksmiðjanna er undir því kominn, að það sé til nóg gras. Ég veit, að það hlýtur að verða á dagskrá og tekin ákvörðun um það mjög fljótlega að tvöfalda afköst verksmiðjanna fyrir austan um leið og haldið verður við þá áætlun eða réttara sagt ákvörðun um að byggja fleiri verksmiðjur.

Þetta frv. gerir ráð fyrir því að setja á stofn eina stjórn yfir allar verksmiðjurnar og látið að því liggja, að í því geti verið nokkur sparnaður. Það efast ég mikið um. Með því fyrirkomulagi, sem núna er, er þriggja manna stjórn fyrir hverri verksmiðju. Það eru tveir heimamenn og einn maður frá Landnáminu, og mér er kunnugt um, að stjórnarkostnaður við Gunnarsholtsverksmiðjuna og Hvolsvallarverksmiðjuna er sama sem enginn. Hann er ekki umtalsverður. Þeir menn, sem hafa verið þar við stjórn, hafa ekki lagt áherslu á að fá veruleg laun fyrir þetta starf. Þeir hafa unnið starfið af áhuga og ósk um að geta komið málum þannig fyrir, að þjóðin geti notið góðs af því. Allir þeir, sem eru í stjórnum þessara verksmiðja, hafa það sem aukastarf, sem þeir hafa ekki krafist neinna verulegra launa fyrir. Ég legg áherslu á, að það er nauðsynlegt að hafa heimamenn, sem eru málunum kunnugir, í stjórnum verksmiðjanna. Verksmiðjunum verður betur stjórnað heldur en að fara að fjarstýra þeim með einni stjórn. Þegar svo er komið, að það er ein stjórn, sem á að grípa yfir margar verksmiðjur til stjórnar, þá er öruggt, að því fylgir kostnaður og sú stjórn verður hátt launuð.

Hæstv. ráðh. sagði hér áðan, að það mundi

felast sparnaður í því að hafa sameiginlegt bókhald. Ég skal upplýsa það, að bókhaldið við tvær elstu verksmiðjurnar hefur verið mjög ódýrt og það hefur verið unnið, að ég ætla, að mestu hjá Landnáminu. Þessar verksmiðjur eru undir yfirstjórn Landnámsins í umboði landbrh. Það fer vel á því, að Landnám ríkisins hafi með þessi mál að gera, vegna þess að Landnámið á land undir verskmiðjurnar og er kunnugast öllum staðháttum. Þess vegna teldi ég það spor aftur á bak að hætta að nota Landnámið sem tengilið milli rn. og verksmiðjanna, eins og undanfarið hefur verið gert og gefist ágætlega.

Sannleikurinn er sá, að ég er mjög ánægður með það, að hæstv. ráðh. hefur skipað Dalaverksmiðjunni stjórn með sama hætti og gert var í Gunnarsholtsverksmiðjunni og Hvolsvallarverksmiðjunni. Hæstv. ráðh. hefur skipað tvo heimamenn í stjórn Dalaverksmiðjunnar og landnámsstjóra. Er það alveg með sama hætti og áður var gert, eins og vel hefur gefist. En það brýtur í bága við það, sem þetta frv. ætlast til að verði í framtíðinni. Ég vænti þess, að bæði hæstv. ráðh. og landbn. taki þetta til íhugunar og breyti frv. þannig, að það verði áfram stuðst við þá reynslu, sem hefur gefist vel og verið ódýr í framkvæmd.

Ég vil benda á, að hv. landbn. ætti að senda frv. til umsagnar, ekki aðeins landnámsstjóra, heldur einnig til umsagnar landnámsstjórnar. Það er nauðsynlegt fyrir þn. og fyrir Alþ. að fá umsögn landnámsstjórnar einmitt um þetta, þar sem landnámsstjórn og landnámsstjóri þekkja þetta best. Ég tel, að það þurfi að breyta frv. í þessa átt.

Þá er það 1. gr. Þar er sagt:

„Landbrh. ákveður, í samráði við Búnaðarfélag Íslands og Framkvæmdastofnun ríkisins, stofnun heykögglaverksmiðja.“

Ég held, að ekki ætti að vera að hafa Framkvæmdastofnun ríkisins í þessari gr. Ég held, að margir hv. þm. sjái þá draumsýn framundan, að Framkvæmdastofnun ríkisins verði afnumin úr lögum. En Búnaðarfélag Íslands og Landnám ríkisins eru réttir aðilar. Þá er stuðst við þá aðila, sem hafa með málin að gera og þekkja best til þeirra, en fyrir alla muni að strika Framkvæmdastofnun ríkisins út. Og vissulega hafa margir þm. glaðst yfir því, að hæstv. ríkisstj. sjálf er byrjuð á því að reyta fjaðrirnar af Framkvæmdastofnun ríkisins, sem átti að verða óskabarn. Það verða margir hv. þm., sem verða fúsir til þess að hjálpa hæstv. ríkisstj. til þess að leggja þá óþörfu og dýru stofnun niður.

Svo er það 4. gr., sem vitanlega breytist í samræmi við þá breytingu, sem lagt er til, að gerð verði á 1. gr. Það verða stjórnir í staðinn fyrir stjórn. Og í 3. gr. er talað um, að ein stjórn skuli vera. Það þarf að breyta henni til samræmis við það, sem ég hér hef verið að segja. Og 11. gr. þarf að breyta þannig, að það verði ekki felldur úr gildi X. kafli, heldur aðeins 55. og 60. gr. X. kafla landnámslaganna.

Þetta eru aðeins ábendingar, sem ég vænti, að bæði hæstv. ráðh. og hv. landbn. vilji taka til vinsamlegrar athugunar.

Það er rétt, sem hér var sagt áðan. Hæstv. ráðh. upplýsti, að framleiðsla þessara fjögurra verksmiðja er allmikil, og það er sparnaður á innfluttu kjarnfóðri að auka heykögglaframleiðsluna. Heykögglarnir eru gott fóður. Það er talið, að það séu 1.2 kg í fóðureiningunni, en í fóðureiningu er eitt kg af góðu innfluttu mjöli. Og verðlagið á kögglunum hefur verið sett þannig nú, að það er aðeins ódýrara en fóðurblanda eða innflutt mjöl. Ef verðið er 15 kr. eða 15.50, þá jafngildir það því, að innflutt fóður væri milli 18 og 19 kr., en fóðurblandan mun nú vera komin um eða yfir 20 kr. Verðið er mjög sambærilegt og stenst samkeppni við innflutt fóður.

Mér er kunnugt um, að það er talið, að verksmiðjurnar í Gunnarsholti og á Stórólfshvoli séu reknar með hagnaði á þessu ári, verulegum hagnaði, vegna þess að innfluttur fóðurbætir hefur stórhækkað í verði, eins og kunnugt er, og þá verður vitanlega samkeppnisaðstaða verksmiðjanna miklu betri. Auk þess hefur verið gott grasár nú og nýtingartími verksmiðjanna, vegna þess að tíðarfar hefur verið gott, lengri en áður. En það er auðvitað nauðsynlegt fyrir verksmiðjurnar, að reksturinn geti verið hagkvæmur, og æskilegt að geta safnað í varasjóð til þess að geta aukið við starfsemina. Það ætti ekki að draga úr því, sem ég áðan sagði, að tvöfalda afköst verksmiðjanna í Gunnarsholti og á Stórólfshvoli, ef það sýnir sig, að þær eru reknar með góðum rekstrarhagnaði.

Fjmrh. (Halldór E. Sigurðsson): Herra forseti. Það eru nokkur orð út af því, sem hv. 1. þm. Sunnl. sagði. Mér láðist að geta þess í ræðu minni áðan, að það er búið að kaupa land fyrir verksmiðjuna í Austur-Skaftafellssýslu. Það var keypt jörðin Flatey á Mýrum í sumar, og það er búið að tryggja það land einnig. En áður var, eins og hann sagði, búið að kaupa land í Hólminum í Skagafirði og Saltvík í Suður-Þingeyjarsýslu. Þetta land, sem var keypt á Mýrunum í Austur-Skaftafellssýslu, er geysilega mikið landflæmi og mun endast þessari verksmiðju um langa framtíð.

Ég skal segja það út af því, sem hv. þm. talaði um þátttöku stjórnarmanna heima fyrir, að ég er honum sammála um, að nauðsyn ber til að tengja þetta mjög við héruðin, og er ég reiðubúinn til þess að athuga það betur en þegar hefur verið gert, hvernig það skuli gert, og getur þá vel komið til að halda stjórnum í þessum verksmiðjum. Aðalatriðið er að fá samstarf á milli þeirra, til þess að verðið sé eitt og það sama og reksturinn gerður að því leyti sem hægt er, sem hagkvæmastur í sambandi við bókhald og aðra slíka hluti.

Ég vil líka segja það, að unnið hefur verið að því að athuga möguleika á stækkun á verksmiðjunni í Gunnarsholti og liggur fyrir nokkurt efni um áætlaðan kostnað og fleira, sem þarf til þess að stækka þá verksmiðju, en hún hefur, eins og kunnugt er, mikla möguleika, því að landið, sem er tengt Gunnarsholti nú orðið, er geysilega mikið flæmi, og er auðvitað sjálfsagt að hagnýta það eins og kostur er.

Að öðru leyti er hugsað um að dreifa þessum verksmiðjum út um landsbyggðina, þannig að

flutningskostnaðurinn verði sem minnstur, því að það er hann, sem raunverulega skiptir máli í þessu sambandi, og staðsetning hinna verksmiðjanna er valin með tilliti til þess.

Ég tek undir það með hv. 1. þm. Sunnl., að það ber nauðsyn til að koma rekstri verksmiðjanna á þann veg, að hann sé hagkvæmur, og ég vonast til þess, að á þessu ári takist það. Að öðru leyti ætla ég ekki að fara út í umr. um þetta mál, en tel sjálfsagt, að n. leiti umsagnar og álits þeirra aðila, sem best þekkja, og tel, að málið sé svo snemma á ferðinni nú, að það eigi að vera hægt að vinna það vel hér á hv. Alþ., og treysti hv. landbn. til að gera það.

Benedikt Gröndal: Herra forseti. Ég get tekið undir þau ummæli hæstv. landbrh., sem voru raunar ítrekuð af hv. 1. þm. Sunnl., að heykögglaverksmiðjur hafa hingað til gefið góða raun, og virðist full ástæða til þess að halda áfram byggingu þeirra á skipulegan hátt. Það er þó augljóst áætlunarverkefni, hversu margar þessar verksmiðjur eiga að vera í framtíðinni, og einnig, hvar þær eigi að vera. En um staðsetningu þeirra er það rétt, sem hæstv. ráðh. sagði, að flutningskostnaðurinn ræður þar mestu um. Það er ekki nema ákveðin fjarlægð frá framleiðslustað, sem gerir bændum kleift að kaupa þessa vöru, að því er þeir margir segja, án þess að flutningskostnaður verði of mikill. Ég vildi fyrst og fremst benda á, að hér er gert ráð fyrir grundvallarbreytingu á stjórn þessara heykögglaverksmiðjumála. Hingað til hafa ríkisverksmiðjurnar, sem nú eru orðnar þrjár, verið á vegum Landnáms ríkisins. Uppbygging þeirra hefur verið þar, sameiginleg yfirstjórn hefur verið þar, þar er saman komin meiri þekking á undirbúningi og rekstri þessara verksmiðja heldur en annars staðar hér á landi.

Frv., sem fyrir okkur liggur, gerir ráð fyrir því, að þriggja manna stjórn verði sett yfir allar þessar verksmiðjur. En það er ekki beinlínis um það rætt, að þessi þriggja manna stjórn verður að fá starfslið. Reynslan úr Landnámi ríkisins er sú, að bæði undirbúningur og bygging slíkra verksmiðja og svo rekstur þeirra útheimtir bæði það mikla vinnu og það sérhæfða vinnu, að þetta kerfi, sem hér er gert ráð fyrir, kemur varla til mála nema á þann hátt, að þriggja manna stjórnin fái nýtt skrifstofuapparat til þess að geta sinnt starfi sínu.

Og þá kemur fram spurningin, hvaða ástæða sé til þess að setja upp nýja stofnun og taka þetta verkefni af Landnámi ríkisins, þar sem það hefur verið í góðum höndum og framkvæmd hefur, að ég hygg, gengið vel. Svarið getur aðeins verið eitt, að það sé ætlunin að gera út af við Landnámið og afnema það. Þessi tilflutningur á verulegu og þýðingarmiklu verkefni bendir okkur á, að það verði ekki svo létt að leggja Landnám ríkisins niður, án þess að það komi aðrar stofnanir í staðinn. Ég held, að það þurfi að ganga betur frá þessum hlutum í frv., ef á að taka upp nýja skipan. Menn verða að gera sér það hreinlega ljóst, að 3 menn, sem eru skipaðir í stjórn og hafa stjórnarstörf að aukastarfi, gera ekki áætlanir um nýjar verksmiðjur án þess að hafa til þess sérfróða menn. Framkvæmdastofnun ríkisins getur ekki gert slíkar áætlanir án þess að kalla til sérfróða menn. Og mjög væri eðlilegt, að hún gerði slíkar áætlanir í samstarfi við Landnámið og gæti þá lagt fram fjárhagsleg ráð, en hin sérfræðilegu ráð kæmu frá Landnáminu.

Enda þótt ég sé á öndverðri skoðun við hv. 1. þm. Sunnl. um framtíð Framkvæmdastofnunarinnar, get ég játað, að það vefst dálítið fyrir mér, hvort hún eigi að vera ákvörðunaraðili í sambandi við stofnun á verksmiðjum sem þessum. Það er enginn vafi á því, að áætlun um byggingu á þremur verksmiðjum, sem framundan eru og grundvallarákvörðun hefur verið tekin um, verður að fara til Framkvæmdastofnunarinnar til þess að fá fjárhagshlið þeirrar áætlunar og samhæfa þá fjárhagsáætlun fjáröflun til annarra opinberra framkvæmda.

Ég vil benda á, að það virðist algerlega vanta inn í þetta frv. þá stofnun, sem verður að fylgja stjórninni, ef það verk, sem um er að ræða, á að vinnast. Ég vil benda á, að þetta verk er þegar unnið af Landnámi ríkisins, og hafa ekki verið umkvartanir um, að það væri ekki vel unnið, svo að það verður þá að skýrast, hvort ætlunin er að leggja Landnámið niður og þá hvers vegna, ef það á að búa til nýjar stofnanir í þess stað.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 24 shlj. atkv. og til landbn. með 23 shlj. atkv.

Upplýsingaskylda stjórnvalda, frv. (þskj. 27). — 1. umr.

Forsrh. (Ólafur Jóhannesson): Herra forseti. Það frv., sem hér er um að ræða, var lagt fram á síðasta þingi og var þá vísað til n. og hlaut nokkra athugun. En það var aldrei ætlast til þess þá, að það væri afgreitt á því þingi, heldur var það lagt þá fram til kynningar. En þá var flutt allítarleg framsaga fyrir því, og get ég e. t. v. af þeim ástæðum verið eitthvað stuttorðari nú, þegar ég fylgi því úr hlaði.

Þess er þá fyrst að geta, að þetta frv. er samið samkv. ályktun Alþ. frá 19. maí 1972, en þar var ríkisstj. falið að láta undirbúa og leggja fyrir næsta Alþ. frv. til l. um, hver sé skylda stjórnvalda og ríkisstofnana til að skýra opinberlega frá störfum sínum og ákvörðunum og hvenær ber að veita þeim, sem þess óska, aðgang að reikningum og skjölum, sem almenning varða. Í grg. fyrir þessari þáltill. er m. a. minnt á það, að eigi almenningur að geta dæmt um gerðir stjórnvalda og ríkisstofnana, þurfi hann að eiga þess kost að geta fengið sem áreiðanlegastar upplýsingar um starfsemi þeirra og ákvarðanir. Enn fremur er bent á það þar, að leynd á þessu sviði dragi mjög úr aðhaldi því, sem þegnarnir gætu ella veitt, og geri þeim erfitt fyrir um að dæma um athafnir stjórnvalda og ríkisstofnana.

Af þessu, sem ég vék að úr grg. fyrir þessari þáltill., er augljóst, að í rökstuðningi hennar var aðaláherslan lögð á lýðræðislega nauðsyn

þess að opna borgurunum aðgang að því að fylgjast með vinnubrögðum og athöfnum stjórnvalda. Þessi þáltill. var á sínum tíma samþ. einróma og án þess að um hana yrðu þá miklar umr. Og þetta frv., sem hér er nú lagt fram í annað sinn, er flutt í samræmi við þær óskir, sem þá komu fram af Alþ. hálfu í þessari þáltill.

Eins og gerð er grein fyrir í grg. frv., er þetta frv. samið með hliðsjón af nýlegri löggjöf annarra Norðurlanda um þetta efni, einkanlega danskri löggjöf og norskri, og skal ekki farið nánar út í það í þessari framsögu að rekja þær hliðstæður, sem þar er um að tefla. En aðeins vil ég víkja með nokkrum orðum að þeim innlendu forsendum löggjafar um þetta efni, sem virðast vera fyrir hendi.

Það er alveg ljóst, að það hafa ekki verið í íslenskri löggjöf nein almenn ákvæði um upplýsingaskyldu stjórnvalda. Hins vegar eru ýmis dreifð lagaákvæði í lögum, bæði um leyndar- og þagnarskyldu embættismanna eða opinberra starfsmanna og á hinn bóginn kemur fyrir, að í lagaákvæðum séu fyrirmæli um, að ákveðið efni skuli kynnt almenningi með tilteknum hætti. Af slíkum dreifðum lagaákvæðum verða naumast dregnar nokkrar óyggjandi almennar ályktanir um reglur íslenskrar löggjafar um leyndarskyldu eða upplýsingaskyldu. Rannsóknir skortir einnig til þess, að fullyrt verði um það, hver er hin raunverulega framkvæmd í stjórnkerfinu að þessu leyti, en viðbúið, að framkvæmdin hafi verið nokkuð á reiki, þegar ekki eru nein almenn lagaákvæði, sem setja henni úrlausnarmörk. Það verður auðvitað í þessu sambandi að hafa í huga, að hið íslenska þjóðfélag hefur á ýmsan hátt sérstöðu í þessu efni eins og á mörgum öðrum sviðum vegna sinnar smæðar. Það má segja, að að vissu marki sé leiðin styttri á milli borgarans og stjórnvaldsins, og stjórnvaldsstigin eru yfirleitt færri en annars staðar tíðkast, og enn gildir það í okkar samfélagi miklu fremur en í flestum öðrum, að allir þekkja alla og vita meira um einstaka þætti almennra málefna en annars staðar er mögulegt. Hins vegar er því ekki að neita, að einnig okkar þjóðfélagskerfi er að verða flóknara en áður þrátt fyrir fámennið, þannig að þörf getur verið á að ég vil segja: veruleg þörf getur verið á að marka lagareglur um vinnubrögð á þessu sviði.

Ég gat þess áðan, að þetta lagafrv. væri mjög sniðið eftir norrænni, einkum danskri og norskri löggjöf, nýlegri, um þetta efni. Það er ekki ofmælt. Það má reyndar segja, að öll ákvæði frv. séu úr þeirri löggjöf fengin. Í Danmörku og Noregi eru lög þau í báðum löndunum, sem sett voru á árinu 1970, um þetta efni fyrstu almenn lög um efnið. Hins vegar eru í löndunum báðum margra ára rannsóknir, nefndarstörf og greinargerðir undanfari lagasetningarinnar. Enn fremur hefur um efnið verið nokkuð umfangsmikil umr. á fræðilegum vettvangi um áratugaskeið, m.a. á norrænum lögfræðingamótum. Það er því ekki óeðlilegt út af fyrir sig, að byggt sé í frv. þessu nokkuð náið á þeim niðurstöðum. En eins og ég sagði áðan, er það auðvitað nauðsynlegt, að jafnframt sé haft í huga, að okkar stjórnsýslukerfi er að ýmsu leyti frábrugðið, þó að það sé hins vegar sams konar að ýmsu öðru leyti og kvistur af þeim sama meiði, þ.e.a.s. Norðurlöndunum.

Það er mjög líklegt þrátt fyrir umfangsmikinn undirbúning, að reynslan á Norðurlöndum eigi eftir að skera úr því og þurfi alllangan tíma til, hvort þessi löggjöf nágranna okkar þar sa. svari þörfum þeirra samfélaga. Þaðan af heldur má ætla, að vandséð sé, hvað í reyndinni hentar best aðstæðum í okkar samfélagi.

Ég býst við því, og það hefur reyndar komið fram og kom fram dálítið í fyrra, þegar rætt var um frv., að mörgum, sem hafa gert sér hugmyndir um reglulega opið stjórnkerfi, ef maður notar það orð, þyki undantekningarnar, sem taldar eru upp í 2. gr. frv., heldur umfangsmiklar og kannske nokkuð ógnvekjandi og þannig úr garði gerðar, að þær taki nokkuð mikið aftur af meginreglunni, sem fram er sett. En hjá því verður ekki komist að minna á það í sambandi við þetta mál, að það verður hér að gæta hagsmuna í ýmsar áttir. Einstaklingarnir t.d. eiga rétt á því, að um einkamálefni þeirra, þótt um hendur stjórnvalda fari, sé farið með viðhlítandi gát, þannig að slík einkamál þeirra séu ekki fyrir opnum dyrum, ef svo má segja. Einnig má það vera ljóst, að almannahagsmuna verður stundum ekki nægilega gætt, nema því aðeins, að gæsla þeirra sé nokkuð ótrufluð á framkvæmdastigi. Rétt er einnig að minna á, að mörkuð skylda stjórnvalda til þess að veita upplýsingar og mjög umfangsmikil skylda, sem er þrátt fyrir allar undantekningar lögð á stjórnvöldin með þessu lagafrv., getur leitt til aukins vinnuálags á stjórnsýslumennina, á stjórnsýslukerfið og þá auðvitað kostnaður fyrir hið opinbera. Það er að sjálfsögðu erfitt að meta það fyrirfram, hve mikið slíkt aukið vinnuálag mundi verða. En hitt er ljóst, að það hlýtur í einhverjum mæli samt að leiða til aukinna útgjalda, og ber að hafa það í huga, þó að það megi að mínum dómi ekki horfa of mikið í það, ef það er af öðrum ástæðum talið nauðsynlegt að hafa upplýsingaskylduna óskoraða, þ.e.a.s. sem fyllsta.

Ég skal ekki fara út í það að ræða um einstök ákvæði frv. Það kemur fram í 1. gr. þess meginreglan eða það, sem á að vera aðalreglan í þessu máli, að hver maður eigi rétt á að kynna sér skjöl í máli, sem til meðferðar hefur verið hjá stjórnvaldi. En eins og ég drap á áður, eru undantekningarnar taldar í 2. gr., og það má vel vera, að ýmsum þyki þær nokkuð umfangsmiklar. Þær undantekningar, sem þar eru raktar, eru að sjálfsögðu af ýmsum toga spunnar, og er vikið að því nokkuð í grg. Þær byggjast m.a. á öryggi ríkisins, réttmætum hagsmunum einstaklinga, sem ég minntist aðeins á áðan, um friðhelgi einkalífs, málefni, er varða fjárhagslega hagsmuni einstaklinga og samfélaga, og fer ég ekki nánar út í það hér að sinni.

Það er þó rétt að undirstrika það í þessu tilfelli, að undantekningarnar, sem taldar eru í 2. gr., leysa undan upplýsingaskyldu, en banna

í sjálfu sér ekki að veita upplýsingar, ef stjórnvald metur, að hagsmunum sé ekki raskað, þótt upplýsingar séu veittar um málefni, sem gæti verið undanþegið upplýsingaskyldu.

Stjórnvöld þau, sem upplýsingaskyldan nær til, eru bæði stjórnvöld ríkisins og sveitarfélaga og stofnanir þeirra aðila. Þess má geta, að það kom til athugunar og hefur komið til athugunar, hvort upplýsingaskyldan ætti einnig að ná yfir Alþ. og dómstóla. Svo er ekki í Donmörku og Noregi, en aftur á móti í Svíþjóð og Finnlandi. Hér á landi sýnast ekki eðlileg rök fyrir því fremur en í Danmörku og Noregi, að með þessari löggjöf sé farið inn á þau svið. Það er nú svo, að bæði um Alþ. og dómstóla gilda sérstök lög, þingskapalög annars vegar og réttarfarslög hins vegar, og það er grundvallarreglan í þeim báðum, að þessir aðilar haldi sín þing, samkomur fyrir opnum dyrum og almenningur eigi þar aðgang að. Og starfsemi þessara stofnana er að því leyti til að verulegu leyti mörkuð í heyranda hljóði. Vitaskuld eru þó þar frá mjög margar undantekningar, eins og við þekkjum t. d. um Alþ., þar sem eru öll nefndastörfin. Almenningur á ekki neinn aðgang að nefndafundum á Alþ. og ekki býst ég við, aðgang að þeim skjölum, sem þar koma fram, nema að því leyti sem þau birtast aftur í þskj., sem fram eru lögð hér á þingi. Um dómstólana vitum við líka, að það eru undantekningar á því, að starfsemi þeirra fari fram í heyranda hljóði, bæði samkv. eðli málsins, að ýmislegt verður þar að gerast fyrir luktum dyrum, og eins hitt, sem við verðum því miður að játa, að vegna aðstæðnanna varðandi t. d. húsakynni o. fl., þá er ekki alltaf auðvelt að koma því við, að almenningur eigi þar aðgang að, þannig að í reyndinni er náttúrlega nokkur undantekning frá því, að það fari allt fram í heyranda hljóði hjá dómstólunum og Alþ., jafnvel hjá Alþ., þó að það megi kannske stundum segja, að þeir, sem hér sitja, séu í glerhúsi og það sé fylgst vel með athöfnum þeirra. Þess vegna er sjálfsagt, að það komi til skoðunar hjá þeirri n., sem fær þetta frv. til meðferðar, hvort hún telur heppilegt að víkka gildissvið laganna að þessu leyti til eða láta það ná að einhverju leyti til þessara stofnana, sem ég nefndi.

Í 4.—15. gr. frv. er fjallað um ýmisleg tæknileg atriði varðandi framkvæmd upplýsingaskyldunnar, og skal ég ekki eyða orðum að því að rekja það.

Í lokagr. frv. er svo mótuð regla, sem sjálfsagt getur líka orðið ýmsum íhugunarefni, en hún er sú, að það skuli ekki verka aftur fyrir sig, ef að lögum verður. Auðvitað er sú regla í samræmi við þá almennu reglu um lög, og þessi regla í þessu frv. er líka í samræmi við það, sem ákveðið var í dönsku og norsku lögunum. Það má segja sitthvað um þetta með og á móti, að láta sem sagt það vera lokað, sem hefur gerst fyrir gildistöku þessara laga, eða hvort það ætti líka að láta þessa upplýsingaskyldu, sem ráðgert er með þessu frv. að lögleiða, ná til þess, sem gert hefur verið fyrir gildistöku laganna. Þetta er auðvitað mikið álitamál. Ég fyrir mitt leyti verð að segja það, að ég verð frá almennu löggjafarsjónarmiði að telja það réttari reglu, sem horfið er að í frv., að láta það ekki verka aftur fyrir sig, það gæti verið óheppilegt og ýmis vandamál, ef ætti að fara að láta það ná þannig aftur í tímann.

Það er svo auðvitað mál, að það þarf æðimikinn undirbúning að framkvæmd svona löggjafar, og þess vegna er miðað við, að þarna sé allmikið svigrúm, þangað til lögin taka gildi, gerandi ráð fyrir því, að það væri hægt að afgreiða þau á þessu þingi.

Ég geri ráð fyrir því, að n. sú, sem fær frv. til meðferðar, sendi það ýmsum aðilum til umsagnar. Þetta er þess háttar mál, að það eru ýmsir aðilar, sem hafa á því áhuga. Það eru fjöldamargir, almenningur allur, sem hefur hagsmuna að gæta í sambandi við svona mál, og þess vegna eðlilegt, að margir vilji koma á framfæri sínum sjónarmiðum í sambandi við það. Það má, held ég, samt segja, að annars vegna séu það fyrst og fremst blaðamenn og þeir, sem vinna við fréttaöflun og fréttamiðlun, sem þarna hafa verulegan áhuga á, og þeirra áhugi beinist auðvitað í þá átt að hafa sem greiðastan aðgang að öllum þessum gögnum til þess að geta gegnt sínu hlutverki að veita almenningi réttar upplýsingar. En það má gá að því, að leynd getur einmitt oft verið óheppileg að því leyti til, að hún getur orðið til þess, að það komist á kreik — upplýsingar er nú ekki rétt að segja, en getgátur þá kannske af hálfu þessara aðila, fréttamanna, um það, hvað sé að gerast. En þær eru svo kannske alls ekki réttar vegna þess að þeir hafa ekki haft aðgang að þeim skjölum og gögnum, sem fyrir hendi eru. Og slíkar upplýsingar, ef upplýsingar skyldi kalla, geta verið skaðlegar að ýmsu leyti, skaðað t. d. þann einstakling, sem á í hlut. Út frá þessu sjónarmiði er eðlilegt, að þessir aðilar leggi áherslu á, að upplýsingaskyldan sé sem ríkust, og það er ekkert óeðlilegt, þó að þeim séu t. d. undantekningarnar, sem taldar eru upp í 2. gr., nokkur þyrnir í augum og þeir geti kannske litið svo á, að undantekningarnar beri aðalregluna ofurliði. En svo eru á hinn bóginn aðilar, sem gæta hagsmuna hinnar hliðarinnar, ef svo mætti segja. Það eru embættismenn og þeir, sem hafa undir höndum ýmis trúnaðarmál almennings. Þeir verða að vera á verði í þeim efnum, að það sé ekki rofinn sá trúnaður, sem þeir eiga að varðveita um þessi efni. Enn fremur verður auðvitað að hafa í huga og þeir líka að gæta þess, að það sé ekki lagt á þá óeðlilegt umstang, ef ég má nota svo ljótt orð, með eftirgangsmunum um þessi efni. Þess vegna tel ég jafneðlilegt, að eins og n. sendir þetta auðvitað blaðamönnum til umsagnar, þá leiti hún umsagnar t. d. þeirra manna, sem mest hafa um þetta að sýsla og almennast og mesta reynsluna hafa, t. d. ráðuneytisstjórum í hinum ýmsu rn., sem mjög hafa um þetta fjallað, og e. t. v. forstjórum einhverra ríkisstofnana, sem kannske reynslan segir, að fari með gát á þeim hagsmunum, sem almenningur hefur sérstakan áhuga á.

Það eru sjálfsagt fleiri aðilar en ég hef hér nefnt, sem gæti verið ástæða til þess að senda þetta frv. til umsagnar, og ég vænti þess, að n. geri það. Enn fremur vil ég benda á það, að dönsku lögin, þótt ekki séu gömul, eru einmitt til endurskoðunar um þessar mundir, og

n. mundi að sjálfsögðu geta snúið sér til dómsmrn. og það séð um það fyrir n. að afla þeirra gagna um þau atriði, sem hún teldi nauðsyn á.

Ég legg þetta frv. hér fram eins og frá því var gengið og í samræmi við boð frá Alþ., eins og ég hef rakið. En það er auðvitað ekki svo, að ég sé ekki til viðræðu eða opinn fyrir hvers konar breytingum á þessu frv., sem við athugun þeirra, sem fjalla um frv., þykir, að betur megi fara. Það er sjálfsagt, að svona mál sé athugað sem best, og það er auðvitað í sjálfu sér ekki bundið við neina flokkapólitík og þess vegna sjálfsagt að kanna, hverjar breytingar þykja nauðsynlegar á því eða heppilegar. Vafalaust verður það svo, hvort sem verður gengið frá málinu á þessu þingi, sem ég þó vona, eða síðar, að það verður ekkert eilífðarverk, sem hér verður unnið. Ég geri ráð fyrir því, að reynslan sýni hér eins og annars staðar, að það þurfi að breyta ýmsu í þessum efnum.

Þetta er ákaflega mikilsvert mál í sjálfu sér, og það eru, eins og ég hef líklega drepið á áður, mjög miklar fræðilegar ritgerðir um þetta fyrir hendi, og það hefur verið deilt um, hvernig eigi að draga hér mörkin, og ekki hafa allir verið á einu máli um það. En þó held ég, að það *megi segja, að þróunin hafi alveg tvímælalaust* stefnt í ákveðna átt í þessum efnum, og það er að opna þetta miklu meir en var áður, ég tala nú ekki um á hinum gömlu — ég vil nú ekki segja góðu árum, — gömlu árum, þegar einvaldsstjórnarhættir voru í sem mestum heiðri hafðir.

Ég vil svo, herra forseti, leyfa mér að óska þess, að frv. verði vísað til 2. umr. og til hv. allshn.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 22 shlj. atkv. og til allshn. með 23 shlj. atkv.

Happdrættislán ríkissjóðs vegna Norðurlandsvegar, frv. (þskj. 23). — 1. umr.

Flm. (Eyjólfur K. Jónsson): Herra forseti. Mál það, sem hér er til umr., fjallar um happdrættislán ríkissjóðs fyrir hönd Vegasjóðs vegna framkvæmda við uppbyggingu Norðurlandsvegar. Er þar gert ráð fyrir því, að ríkissjóður bjóði út skuldabréf að upphæð allt að 800 millj. kr. á næstu árum til þess að standa straum af kostnaði við þessar framkvæmdir. Það hefur verið gert ráð fyrir því, að af skuldabréfum þessum yrðu bæði greiddir vextir og eins happdrættisvinningar veittir, en ekki er kveðið nánar á um skiptingu í þessu efni né um framkvæmdina, heldur er gert ráð fyrir, að það *verði gert með reglugerð, sem ráðh. setji* að fengnum till. Seðlabanka Íslands.

Það þarf ekki að fjölyrða um nauðsyn þess að auka fjárframlög til vegaframkvæmda. Þm. allir eru um það sammála, að brýn þörf sé á auknum vegaframkvæmdum, þótt mikið hafi verið í því efni gert s. l. áratug. En það kann að vera, að eitthvað séu um það skiptar skoðanir, eins og verða vill, hvaða stóráták eigi að gera næst, þegar lokið er því mikla átaki, sem nú er unnið að við lagningu vegarins á Skeiðarársandi. Ég hygg þó, að flestir muni um það sammála, ef þeir hugleiða það mál, að eðlilegt sé, að þá verði lagt til atlögu við Norðurlandsveginn og lokið við að byggja hann upp, þannig að hann verði fær allt árið og tilbúinn til þess að setja á hann bundið slitlag, og raunar er gert ráð fyrir því, að jafnframt uppbyggingunni á næstu árum verði hafist handa við gerð slitlagsins.

Þess er að gæta, að þessi framkvæmd er mun ódýrari en menn almennt munu hafa ætlað. Ég held, að enginn hafi áttað sig á því, að það eru ekki nema 200 km óuppbyggðir af leiðinni milli Akureyrar og Reykjavíkur, því að margir kaflar hafa verið endurbyggðir á síðustu árum.

Kostnaður við þessa framkvæmd er áætlaður eitthvað nálægt 800 millj. kr., eða svipuð upphæð og vegurinn á Skeiðarársandi. Með því móti að fjármagna þessa framkvæmd með happdrættislánum, verður auðvitað meira fé til framkvæmda við aðra vegi víðs vegar um landið, og þessum vegi yrði þá hraðað meir en ella væri unnt. Hér er gert ráð fyrir, að þessari framkvæmd mundi ljúka á 3—4 árum. Ef samhliða yrði hafist handa um að setja bundið slitlag á veginn, væri ekki óeðlilegt að ætla, að innan 6—8 ára væri lokið við þennan veg að fullu, þannig að öll leiðin milli Akureyrar og Reykjavíkur væri með bundnu slitlagi. Þess skal þó geta, að bundna slitlagið er eitthvað dýrara en þessi framkvæmd, sem hér er sérstaklega til umr., og má jafnvel ætla, að sá kostnaður færi eitthvað á annan milljarð. En auðvitað verður mögulegt að fjármagna þá framkvæmd með öðrum hætti, samhliða því sem auðvitað er hugsanlegt að framlengja happdrættislánin, eftir að þessu útboði er lokið.

Ég held, að það sé rétt leið af hálfu ríkisins að auka mjög útgáfu skuldabréfa, sem almenningi er gefinn kostur á að kaupa. Við vitum það öll, að skattheimta hér á landi er orðin gífurlega þungbær og allir aðilar kvarta undan henni. Hins vegar þarf ríkið á miklu fé að halda til hinna margháttuðu framkvæmda. Því er áreiðanlega mun heppilegra að fara lengra inn á þá braut að afla fjárins að láni frá borgurunum, en svipta þá ekki eignarrétti að þessu fé, heldur leyfa fólki að eiga peningana, þó að ríkið hafi þá til afnota. Þannig yrði skattheimtan léttbærari en ella. Og svo vill til, að einmitt á sviði vegamála eru allir sammála um nauðsyn aukinna framkvæmda, og ég held, að á engu sviði sé fólk fúsara að leggja fram fjármuni sína en *einmitt á sviði vegamálanna. Þess vegna á* einmitt að nota þessa fjáröflunarleið til þess að stórauka vegaframkvæmdir, ekki einungis að bjóða út þær 800 millj., sem hér um ræðir, heldur miklu meira fé, í náinni framtíð og fjarlægari.

Ég veit raunar, að áhugi þm. allra á vegamálum er svo mikill, að ég treysti því, að þetta frv. fari hraðbyri gegnum þingið, og leyfi mér að leggja til, að því verði að lokinni þessari umr. vísað til hv. fjh.- og viðskn. og 2. umr.

Lárus Jónsson: Herra forseti. Aðeins nokkur

orð út af þessu frv., sem hér er til 1. umr. Hér er hreyft mjög merku og viðamiklu máli, sem ég vænti eins og 1. flm., að verði vel tekið af hv. Alþ. Ég vil í þessu sambandi, að þessu máli er hreyft, minna á það, að á undanförnum árum hafa verið framkvæmdar vegáætlanir á landsbyggðinni, sérstakar landshlutaáætlanir. Þannig hefur verið unnið að Vestfjarðaáætlun, Norðurlandsáætlun og Austfjarðaáætlun. Það hefur verið eindóma álit manna heima fyrir á landsbyggðinni, að leggja bæri höfuðáherslu á að bæta samgöngur milli byggðarlaganna sjálfra í landshlutunum. Nú hefur þetta verk verið hafið með þessum hætti, að sérstakar áætlanir hafa verið framkvæmdar og eru í framkvæmd á þessum sviðum, og þá er fyllilega tímabært að taka þetta mál sérstaklega til meðferðar og framkvæma þær miklu vegabætur, sem er vikið að í þessu frv. Ég tel, að það sé ástæða til að benda sérstaklega á það, að hér er verið að vinna í beinu framhaldi af þessum landshlutaáætlunum og þetta mikla mál, sem hér er, komi þannig til góða fólkinu í landinu í þeirri réttu framkvæmdaröð miðað við þarfir fólksins í landinu.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 21 shlj. atkv. og til fjh.- og viðskn. með 21 shlj. atkv.

Sameinað þing, 7. fundur.

Fimmtudaginn 25. okt., kl. 2 miðdegis.

Laxveiðileyfi, fsp. (þskj. 10). — Ein umr.

Fyrirspyrjandi (Jónas Árnason): Herra forseti. Ef miðað er við það, sem talið er eðlilegur vinnutími verkamanna, þ. e. a. s. það, sem strangt tiltekið er kallað dagvinnutími, þá lætur nærri, að tekjur verkamanns séu 250 þús. kr. á ári.

Í ágústmánuði nema veiðileyfi fyrir 3 eða 4 daga í Norðurá í Borgafirði samtals a. m. k. ½ millj., 500 þús. kr. Í ágústmánuði s. l. voru bankastjórar og ýmsir fleiri slíkir áhrifamenn í fjármálalífi þjóðarinnar við veiðar í 3 eða 4 daga í Norðurá. Seðlabankinn borgaði veiðileyfin. Bankinn borgaði þarna sem sé upphæð, sem samsvaraði tvöföldum árstekjum verkamanns, til þess að nokkrir helstu áhrifamenn í fjármálalífi þjóðarinnar gætu í 3 eða 4 daga öðlast þá hressingu, sem fylgir því að renna fyrir stórlaxana í Norðurá.

Þessi fsp. mín á þskj. 10 („Hafa einhverjar ríkisstofnanir leyfi til þess skv. lögum eða reglugerðum að kaupa laxveiðileyfi handa starfsmönnum sínum eða þeirra gestum?") er fram borin til þess að fá það upplýst, hvort gert sé ráð fyrir þessum laxveiðifríðindum í kjarasamningum bankastjóra og annarra slíkra, og einnig, hvort æðstu menn annarra ríkisstofnana njóti þá ekki sams konar fríðinda. Séu hins vegar þessi fríðindi einskorðuð við æðstu menn Seðlabankans, þá vaknar auðvitað sú spurning, hvort til þess liggi einhverjar ástæður, t. d. læknisfræðilegar ástæður, að endilega þurfi að leggja fram af almannafé sem svarar tvöföldum verkamannslaunum sumar eftir sumar, til þess að umræddir bankastjórar geti öðlast þá andlegu og líkamlegu hressingu, sem fylgir því að fást við stórlaxana í Norðurá. Ég segi: sumar eftir sumar, vegna þess að mér er kunnugt, að þessi kostnaðarsama Seðlabankaveiði í Norðurá hafði átt sér stað a. m. k. tvisvar áður, þ. e. í fyrrasumar og í hittiðfyrra sumar.

Fjmrh. (Halldór E. Sigurðsson): Herra forseti. Svar mitt við þessari fsp. er ósköp stutt og einfalt, það er nei. Það hefur engin ríkisstofnun á vegum fjmrn. sérstök hlunnindi um laxveiði eða önnur vegna sinna starfsmanna. Þau litlu hlunnindi, sem áður voru, voru afnumin með síðustu kjarasamningum, og að því leyti sem tekur til þess banka, sem tilheyrir landbrn., hefur landbrn. ekki gefið út nein hlunnindi þar.

Benedikt Gröndal: Herra forseti. Það er rík ástæða til, að spurt sé fyrst og fremst um það, hvernig þessum málum sé hagað hjá opinberum stofnunum, og er ánægjulegt að heyra svar hæstv. ráðh., sem við vonum að sé í raun og veru framkvæmt í öllu ríkiskerfinu. En það er á almannavitorði, að fjöldinn allur af auðugum einkafyrirtækjum í þessu landi geri hið sama, hefur ár á leigu, á jafnvel veiðihús, leyfir bæði sínum eigin ráðamönnum og gestum þeirra að stunda þar veiðar, og mér kæmi ekki á óvart, þó að slíkur kostnaður væri í mörgum eða öllum tilfellum skattfrjáls. Ber þá að sama brunni, að það er raunverulega verið að stunda þessar veiðar, þetta lúxussport, á kostnað almennings.

Bjarni Guðnason: Herra forseti. Ég vil færa hv. 5. þm. Vesturl. þakklæti mitt fyrir, að hann skuli hafa komið með þessa fsp. inn á Alþingi. Þetta er í beinu framhaldi af þeirri fsp., sem ég kom með um Seðlabankann. Það kom í ljós, að hann getur fjárfest 500 millj. kr., án þess að neitt afl í þjóðfélaginu geti stöðvað það. Þetta er einn þáttur í þessu öllu saman, að höfðingjarnir þar kaupa laxveiðileyfi fyrir ½ millj. ár eftir ár, og enginn virðist geta ráðið við það. Þetta er ekki aðeins Seðlabankinn, það er líka, að ég hygg, Landsbankinn og svo fína og ódýra stofnunin, sem heitir Landsvirkjun. En þetta eru allt meira og minna sömu mennirnir. Það, sem blasir auðvitað við, er, að Alþingi þurfi að hafa stjórn á og eftirlit með fjárreiðum banka. Þetta er grundvallaratriðið. Þess vegna er það nátengt þeirri fsp., sem ég var með áður, að bankavaldið væri ekki ríki í ríkinu.

Pétur Sigurðsson: Herra forseti. Það mætti halda eftir þessum undarlegu umr., sem hér hafa farið fram, að hvorki kratar, kommar — og horfi ég þá á hæstv. viðskmrh. — né háskólaprófessorar renndu nokkru sinni fyrir lax. Mig langar að leggja þá spurningu fyrir hæstv. fjmrh. til viðbótar þeim, sem hér hafa komið

fram, og hinir undarlegustu menn hrósa sér fyrir að séu jafnvel sínar fsp., þótt aðrir beri þær fram: Er ekki mjög auðvelt að fylgjast með þessu, hvað mikið er borgað í leigu og jafnvel hverjir taka árnar á leigu? Eru ekki þeir bændur, sem selja leyfin, áreigendur, veiðiréttareigendur, skattskyldir, og er ekki hægt að fylgjast með málinu í gegnum þær stofnanir, sem þar eiga að fylgjast með? Þarf endilega að vera með slíka spilamennsku hér inni á Alþingi?

Fjmrh. (Halldór E. Sigurðsson): Herra forseti. Það er rétt hjá hv. 10. þm. Reykv., að auðvitað er hér um skattskyldar tekjur að ræða, og ég efast ekkert um, að bændur, sem eiga Norðurá, telja þær fram, og að því er ég best veit, þá leigir Stangveiðifélag Reykjavíkur þetta af þeim. Útleigur þeirra er mér ekki kunnugt um, því að ég er lélegur laxveiðimaður og illa að mér í faginu.

Björn Pálsson: Herra forseti. Ég er ekki vanur að blanda mér í fsp., en satt að segja fannst mér, að hæstv. fyrirspyrjandi hefði getað snúið sér til flokksbróður síns og yfirmanns og fengið upplýsingar hjá honum. Ég hélt, að það væri bankamálarh., sem hefði með Seðlabankann að gera. Þetta ætti allt að vera í góðu lagi, þegar þeir hafa fulltrúa sinn æðsta mann í bankamálum, að þarna sé alls hófs gætt. Hins vegar virðist mér aðalatriðið vera gleymt, og það er auðvitað: Fiska þessir menn? Hvað gera þeir við laxinn? Ætli bankinn fái hann ekki? Ég geri ráð fyrir því, að þegar menn leigi ár, þá geri þeir það ekki bara sér til gamans, heldur vegna þess að þeir veiða fisk, þeir veiða lax, og þeir selja laxinn. Það er best að athuga þetta í reikningunum. Ég hef spurt ýmsa laxveiðimenn, — ég hef aldrei haft tíma til að dunda við þetta, — hvers vegna þeir væru að þessu. Þeir segjast veiða nokkurn veginn fyrir því, sem þeir borga í leigu. Mér þykir ólíklegt, að Jóhannes Nordal sé ekki það mikill fjármálamaður, að hann sé sjálfur mikill laxveiðimaður eða hafi einhverja góða laxveiðimenn í bankanum til að fara með gestum sínum, og þá getur þetta verið gróði fyrir bankann. Þetta ætti fyrirspyrjandi að geta fengið allt upplýst hjá sínum yfirmanni og herra, Lúðvík Jósepssyni.

Endurskoðun skattalaga, fsp. (þskj. 10). — Ein umr.

Fyrirspyrjandi (Bjarni Guðnason): Herra forseti. Hæstv. fjmrh. gerði í fjárlagaræðu sinni rækilega grein fyrir tekjuöflunarleiðum ríkissjóðs, og má segja, að þar af leiðandi sé ástæðulaust, að hann svari við þetta tækifæri spurnarliðunum 1 og 2, enda mun þessi atriði bera á góma bæði í framhaldsumræðum um fjárlögin og við tækifæri, sem mun sjálfsagt koma upp á næstunni, þannig að ég tel ástæðulaust fyrir hæstv. fjmrh. að svara þeim spurnarliðum. Hins vegar vildi ég óska eftir því við hæstv. ráðh., að hann kæmi örlítið inn á staðgreiðslukerfi skatta, því að mér er enn nokkuð óljóst, hversu miðar í þeim málum, og satt að segja hef ég undrast dálítið seinaganginn í þessu efni. Mér þætti vænt um, ef hæstv. fjmrh. vildi eitthvað greiða úr því.

Fjmrh. (Halldór E. Sigurðsson): Herra forseti. Út af 3. lið í spurningu hv. 3. landsk. þm. um staðgreiðslukerfi skatta, þá kom ég að því í fjárlagaræðunni, en hins vegar skal ég viðurkenna, að ég gerði því ekki eins góð skil og hinu, m. a. vegna þess, að það mál liggur ekki eins ljóst fyrir. Hins vegar er ég nú að láta vinna betur í því til þess að fá nokkurn veginn úr því skorið, hvað menn telja sér fært í því efni, og ég mun við innheimtu á sköttum á næsta ári bera mig saman við hagrannsóknadeild Framkvæmdastofnunarinnar um framkvæmd á því og reyna að nálgast þetta kerfi eins og tök eru á eftir gildandi lögum. Ég get hins vegar ekki svarað því, hvenær slíkt kerfi gæti verið komið til framkvæmda, en mun reyna seinna í vetur að gera um það betra yfirlit en ég er undirbúinn að gera nú, því að unnið er áfram að málinu.

Fyrirspyrjandi (Bjarni Guðnason): Herra forseti. Ég vil þakka hæstv. fjmrh. fyrir svörin, en ég er litlu nær. Það, sem ég vil benda á í þessu sambandi, er einkanlega það, hvort ekki sé unnt að aðgreina staðgreiðslukerfið í tvo hluta, a. m. k. við upptekt kerfisins, þ. e. a. s. annars vegar staðgreiðslukerfi launþega og hins vegar fyrirtækja. Ég hygg, að það megi flýta málinu verulega, ef launþegar verða teknir fyrst fyrir, enda hygg ég, að brýnasta þörfin sé einmitt hjá launþegunum. En þessu tvennu hefur oft verið haldið saman, og þess vegna hefur allt málið dregist. Ég vil benda á, að einmitt þetta er mjög brýnt fyrir það fólk, sem þiggur laun úr launaumslögum, og þegar kemur á síðara hluta ársins, þá er kannske hið opinbera svo gráðugt í launaumslögin, að eftir er aðeins kvittun launa. Þetta er atriði, sem veldur því, að launþegar fá andúð á hinu opinbera, og þetta er andfélagslegt fyrirbæri, þegar svona er staðið að, og þess vegna er mjög brýnt að reyna að leysa þennan vanda. Ég vænti þess, að hæstv. fjmrh. muni beita aðstöðu sinni til þess að gera stórar úrbætur í þessu efni sem fyrst.

Fjmrh. (Halldór E. Sigurðsson): Herra forseti. Ég vil bara bæta því við út af því, sem hv. 3. landsk. þm. sagði, að það er hægt að flokka þetta í tvennt og þetta er ekkert vandamál gagnvart venjulegum launþegum. Vandamálið er miklu meira gagnvart smáframleiðendum, sem mikið er af hér á landi. Atvinnureksturinn í venjulegum skilningi er hægt að hafa sér í þessu, en smáframleiðendur eru hér margir, sem hefðu þurft að komast inn í þetta kerfi. En það er sjálfsagt að taka þetta til athugunar, eins og hann benti á.

Bætur til bænda, vegna vegagerðar, fsp. (þskj. 10). — Ein umr.

Fyrirspyrjandi (Jónas Árnason): Herra forseti. Skv. vegalögum eiga bændur rétt á fullum bótum fyrir jarðrask og troðning, sem nýir vegir valda á jörðum þeirra. En það vill stundum standa

á því heldur en ekki, að Vegagerðin greiði þessar bætur. Margir bændur hafa orðið að ráðast í mikinn kostnað vegna girðinga, eftir að nýir vegir hafa verið lagðir um jarðir þeirra, og fyrir ýmislegt tjón af völdum nýrra vega eiga þeir inni miklar fjárhæðir hjá Vegagerðinni. Þær fjárhæðir geta numið hundruðum þúsunda. Ég heyrði t. d. fyrir skömmu um bónda, sem taldi sig eiga inni hvorki meira né minna en 500 þús. hjá Vegagerðinni af þessum ástæðum eða sem svarar þriggja daga kostnaði af stórlaxaveiði í Norðurá.

Það væri fróðlegt að vita hversu miklu þær nema samtals, þessar skuldir Vegagerðarinnar við bændur, og þess vegna hef ég leyft mér að beina til hæstv. samgrh. þessari fsp. á þskj. 10: „Hve mikið er ógreitt af bótum til bænda vegna girðingakostnaðar og ýmiss konar jarðrasks, sem orsakast hefur af framkvæmdum Vegagerðar ríkisins?“ Það væri líka fróðlegt að vita, hvort hæstv. samgrh hyggst ekki gera gangskör að því, að Vegagerðin greiði bændum þessar skuldir, og bæta þar með fyrir vanrækslu fyrirrennara sinna. Ég tel fyrir mína parta, að honum sé vel trúandi til þess, þeim dugnaðarmanni.

Félmrh. (Björn Jónsson): Herra forseti. Fsp. hv. 5. þm. Vestf. er á þá leið, hve mikið sé ógreitt af bótum til bænda vegna girðingakostnaðar og ýmiss konar jarðrasks, sem orsakast af framkvæmdum Vegagerðar ríkisins. Hefur verið gerð nokkrum sinnum könnun á því, hve miklar lögmætar kröfur væru fyrir hendi vegna girðinga meðfram þjóðvegum og vegna ristarhliða skv. girðingalögum frá 1965, og tek ég hér upp, hvað þessar upphæðir námu miklu, en þær voru í mars 1970 18 millj. kr., í árslok 1971 34,2 millj. kr. og í árslok s. l., 1972, 43.5 millj. kr. Þetta er vegna girðinga og ristarhliða, sem Vegagerðin á skv. girðingalögum frá 1965 að setja upp við eða á vegi, sem þegar hafa verið lagðir. Í flestum tilvikum á hér eftir að girða, en á stöku stað hafa bændur girt sjálfir, og skuldar þá Vegagerðin að sjálfsögðu girðinguna.

Til frekari skýringa á þessu nefni ég það, að á árinu 1972 var fjárveiting á vegáætlun til girðinga og uppgræðslu 15.2 millj. kr., og var 9.7 millj. kr. af þeirri upphæð varið til girðinga. Á vegáætlun fyrir árin 1974 og 1975 eru einnig veittar 15.2 millj. kr. hvort árið í þessum tilgangi, og ef skipting milli girðinga og uppgræðslu verður sú sama á yfirstandandi ári, verður í árslok 1975 búið að greiða um 29 millj. kr. af girðingabótunum. En þess ber þó að geta í sambandi við þessar tölur, að á hverju ári koma fram nýjar kröfur, sem vegagerðinni ber að mæta samkvæmt girðingalögum.

Varðandi jarðrask, sem er einnig spurt um, er það að segja, að það er í flestum tilfellum um það land, sem fer undir veginn, og í flestum tilvikum bætt, um leið og það er tekið til afnota, og það er greitt á verðgrundvelli, sem gerður hefur verið í samráði við Búnaðarfélag Íslands. Þegar ekki næst í upphafi samkomulag um greiðslufyrirkomulag, getur dregist, að samkomulag náist eða landið sé metið, og safnast að sjálfsögðu fyrir bótakröfur. Ekki eru fyrir hendi upplýsingar um, hversu háar kröfur af þessu tagi vegna jarðrasks liggja nú fyrir, þ. e. a. s. þær, sem ekki er samkomulag um og verða að fara í mat, enda í raun og veru ógerningur að spá í bætur, sem oftast verða allt aðrar en kröfurnar gera ráð fyrir.

Ef það mætti verða til frekari glöggvunar á því, hvað hér er um að ræða, vil ég lesa upp töflu um það, hvernig þessar ógreiddu bætur vegna girðinga og ristarhliða skiptast milli kjördæma. Suðurlandskjördæmi er með 5 millj. kr., Reykjaneskjördæmi með 100 þús., Vesturlandskjördæmi með 9.3 millj. kr., Vestfjarðakjördæmi 440 þús., Norðurlandskjördæmi vestra 15.7 millj., Norðurlandskjördæmi eystra 8.4 millj. kr. og Austurlandskjördæmi 4.4 millj.

Það er auðvitað alveg rétt hjá hv. fyrirspyrjanda að hér hallar nokkuð á, og það er ekki skemmtileg staða fyrir stofnun eins og Vegagerðina að þurfa að standa í vanskilum vegna girðingalaganna, þó að ég teldi hins vegar, að sæmilega hafi verið séð fyrir því, sem heitir jarðrask og uppgræðsla og það hafi yfirleitt verið borgað skilvislega. En hér hefur vegáætlun skorið stofnuninni stakkinn, og vil ég vonast til þess, að þegar vegáætlunin kemur til endurskoðunar nú á yfirstandandi þingi, þá verði hún bætt með því að veita meira fé, nauðsynlegt fjármagn, til þess að hægt sé að standa í fullum skilum við bændur varðandi þær kröfur, sem þeir eiga á grundvelli girðingalaganna.

Ég vona, að með þessu hafi ég upplýst málið nægilega eins og spurningin lá fyrir frá hendi hv. fyrirspyrjanda.

Fyrirspyrjandi (Jónas Árnason): Herra forseti. Ég þakka hæstv. ráðherra greinargóð svör og fagna því fyrirheiti, sem kemur fram í orðum hans, að hann beiti sér fyrir því, að ógoldnar skuldir Vegagerðarinnar, sem óneitanlega eru æðiháar samkv. þeim upplýsingum, sem hann gaf, — ógoldnar skuldir Vegagerðarinnar við bændur verði greiddar.

Innflutningur júgóslavneskra verkamanna, fsp. (þskj. 10). — Ein umr.

Fyrirspyrjandi (Bjarni Guðnason): Herra forseti. Það hefur komið fram í sumum blöðum borgarinnar, enn fremur í sjónvarpi, að ég hygg, að mjög kæmi til mála, að fluttir yrðu inn júgóslavneskir verkamenn í sambandi við Sigölduvirkjun. Þetta eru vissulega mikil tíðindi og mundu teljast nokkur þáttaskil í atvinnusögu þjóðarinnar, ef rétt væri. Þykir mér þetta mál þannig vaxið, að rétt sé að vita hið sanna í málinu, og þess vegna hef ég borið fram þessar spurningar til hæstv. félmrh., til þess að fá úr því skorið, hvort nokkur fótur sé fyrir þessu, og yfirleitt, hvernig þessi mál standa.

Ástæðulaust er að lesa upp þessar spurningar, en ég vænti svars hæstv. félmrh.

Félmrh. (Björn Jónsson): Herra forseti. Fsp. hv. 3. landsk. þm. er í fyrsta lagi um það, hvort

fyrirhugað sé að flytja inn júgóslavneska verkamenn í sambandi við Sigölduvirkjun. Í öðru lagi: „Ef svo er, hversu margir verða þeir?“ Og í þriðja lagi: „Hafa viðkomandi verkalýðsfélög veitt heimild til þess?“

Svar mitt við þessu er það, að til félmrn. eða til mín hefur ekki borist nein umsókn um leyfi til innflutnings júgóslavneskra verkamanna né heldur nokkurra annarra erlendra verkamanna til starfa við Sigölduvirkjun. En berist slíkar umsóknir mun að sjálfsögðu verða farið með þær eins og venja er og lög mæla fyrir, en skv. l. nr. 39 1951, um rétt erlendra manna til að stunda atvinnu á Íslandi, er skylt að leita umsagnar hlutaðeigandi verkalýðsfélaga, áður en leyfi er veitt. Ég get svo bætt því við, að ég mun að sjálfsögðu fara að eins og þessi lög mæla fyrir, og ég mun ekki heldur veita nein slík leyfi sem félmrh., meðan ég gegni því starfi, nema fullt samkomulag sé um það — eða um meiri hl. verkamanna að ræða — við viðkomandi verkalýðsfélög. Þannig hefur verið haldið á málum í sambandi við stórframkvæmdir hér á landi, og það hefur yfirleitt tekist, án þess að af því spryttu deilur. Þar sem ég svara því hiklaust neitandi, að nokkur slík ósk hafi borist, þá að sjálfsögðu fellur um sjálfa sig 2 liður fsp., hversu margir þessir verkamenn verða, og einnig, hvort viðkomandi verkalýðsfélög hafi veitt slíkar heimildir.

Ég get svo aðeins getið þess, ef það mætti verða fyrirspyrjanda til frekari upplýsinga, að ráðuneytið hefur fengið hjá hlutaðeigandi upplýsingar um, að það sé líklegt, að nú í vetur muni starfa hjá hinum júgóslavneska verktaka 50—70 manns og þeir geri ráð fyrir, að það sé fáanlegt nægilegt vinnuafl innanlands til þess að fylla út þá tölu.

Fyrirspyrjandi (Bjarni Guðnason): Herra forseti. Ég þakka hæstv. félmrh. greinargóð svör. Þau voru fullnægjandi, og þá hefur fengist upplýst, hvernig málin standa, því að þarna er vissulega framundan töluvert vandamál í atvinnulífinu: annars vegar hinn geysilegi vinnuaflsskortur til framkvæmda innanlands og hins vegar sú þörf, sem er fyrir vinnuafl á fiskiskipum og togurum. Þetta er mikið vandamál, og ég sé ekki almennilega, hvernig það verður leyst með góðu móti. En ég vil þó bæta því við, að ég vil persónulega vara mjög við því, að flutt verði inn erlent vinnuafl, því að reynsla annarra þjóða hefur sýnt, að það hefur gefist miður vel. Þó vil ég undanskilja frændur vora Færeyinga, því að þeir reynast ávallt eins og Íslendingar.

Landhelgismál, fsp. (þskj. 10). — Ein umr.

Fyrirspyrjandi (Jón Árm. Héðinsson): Herra forseti. Ég hef leyft mér að bera fram þrjár eftirfarandi fsp. til hæstv. utanrrh.:

„1. Hversu mörg ríki hafa á einn eða annan hátt viðurkennt 50 sjómílna landhelgi Íslands? Hver eru þau, og á hvern hátt hefur viðurkenningin átt sér stað?

2. Hefur utanrrn. leitað eftir viðurkenningu annarra ríkja á 50 sjómílna landhelgi? Hvaða árangurs er að vænta af því starfi?

3. Mun utanrrh. hlutast til um, að lögð verði grg. af Íslands hálfu fyrir Alþjóðadómstólinn, eins og Íslandi stendur til boða að gera fyrir 15. jan. 1974? Hefur sérstakri n. eða fræðimönnum verið falið það starf?“

Mér þótti tímabært að fjalla um þetta strax núna, vegna þess að nokkru fyrir þinglok seinast spurði ég um þau gögn, er send hefðu verið af hálfu utanrrn. til Haag, og lofaði þá hæstv. utanrrh. mér því, að ég fengi afrit af þeim gögnum, en því miður hefur það ekki komist í mínar hendur enn þá. En ég verð að ætla, að það megi treysta orðum hans og ég njóti þeirrar staðfestingar hans hér að fá afrit af þessum gögnum.

Í öðru lagi tel ég, að de facto viðurkenning sé nokkuð annað heldur en að hafa viðurkenningu í orðaskiptum eða bréfaskriftum á milli utanrrn. og utanrrn. þess lands, sem vill viðurkenna landhelgina. Og ég varð mjög gramur því í sumar, þegar talsmaður norsku sendinefndarinnar hér, sem fékk góða samninga að þeirra mati, þurfti endilega, er hann hvarf af landi brott, að gera þá aths., að þeir viðurkenndu ekki útfærsluna. Þeir viðurkenna hana eins og aðrir de facto. En ég vildi samt sem áður, að þessi hv. embættismaður hefði sýnt þá lágmarkskurteisi að þegja í þessu tilfelli.

Ég hef líka heyrt þess getið, að mikil kynning hafi átt sér stað undanfarið. En ég hjó eftir því, að allar spönskumælandi þjóðir, sem eru Mið- og Suður-Ameríka og Spánn, hafa ekki notið þeirrar virðingar af hálfu Íslands, að um landhelgina sé skrifuð á spænsku, þó að mikið á 4. hundruð millj. manna og þ.á m. mestu fiskveiðiþjóðir heims tali spænska tungu, að undanskilinni Brasilíu. Það getur vel verið, að það sé gott að dreifa miklu út á ensku, ég skal ekkert lasta það, en það hefði ég talið lágmarksvirðingu við þessar þjóðir, sem allar eru taldar stuðningsþjóðir og forustuþjóðir í að færa út landhelgina, að þeim væru sendar upplýsingar um málið á eigin tungumáli.

Utanrrh. (Einar Ágústsson): Herra forseti. Ég vil í upphafi biðja hv. 5. þm. Reykn. mjög mikillar velvirðingar á því, að ég sé það núna, að ég hef gleymt að senda honum þau skjöl, sem ég lofaði að senda í fyrra, og það er náttúrlega ófyrirgefanlegt og skal verða bætt úr því strax á morgun, því að það á að vera mjög auðvelt að senda honum afrit af þeim skjölum, sem farið hafa frá okkur til Haag. Þetta tek ég algerlega á mig, ég hef gleymt þessu, og ég minnist ekki, að hann hafi gengið eftir því heldur, enda getur það ekki verið, því að þá hefði ég gert það strax.

Ég hef ekki við höndina skrá um þau ríki, sem opinberlega hafa viðurkennt 50 mílna lögsöguna. Það tekur nokkurn tíma að vinna þá skrá. En mér finnst aðalatriðið vera, að eftir að við höfum gert samninga við 3 ríki, Belgíu, Noreg og Færeyjar, standa nú aðeins yfir samningaviðræður við Breta og Vestur-Þjóðverja.

Öll önnur ríki hafa virt útfærsluna í framkvæmd. Þannig er staðan í dag. Það er að vísu rétt, sem hv. þm. segir, það er nokkur munur á því, hvort ríki viðurkenna útfærsluna í reynd eða hvort þau viðurkenna hana de jure eða lagalega, og ég er ekki viss um og veit raunar, að ýmis þau ríki, sem viðurkenna de facto eða í reynd, eru ófús og raunar ófáanleg til þess að viðurkenna lagalegan rétt okkar til útfærslunnar. Engu að síður gæti verið fróðlegt og ég hef gert ráðstafanir til að fá upplýsingar um það, hverjir raunverulega hafi viðurkennt útfærsluna lagalega, yfir þau ríki liggi fyrir skrá, og vonandi verður ekki mjög langt að bíða hennar.

Um 2. lið fsp., hvort utanrrn. hafi leitað eftir viðurkenningu annarra ríkja á 50 sjómílna landhelginni og hvaða árangurs mætti vænta af því starfi, vil ég segja, að sjónarmið Íslendinga eru í stöðugri kynningu gagnvart öllum ríkjum í sambandi við undirbúning hafréttarráðstefnunnar. Að svo stöddu er ekki óskað eftir formlegri viðurkenningu einstakra ríkja, vegna þess að við vinnum að viðurkenningu á almennum rétti strandríkja til útfærslu, en ekki viðurkenningu á grundvelli sérstöðu Íslands sérstaklega. Meira get ég ekki sagt um þetta núna.

En ég vil út af því, sem hv. þm. minntist á, að ekki hefðu verið gefin út kynningarrit á spænsku, segja, að þetta er vissulega alveg rétt hjá honum. En við hefðum litið svo til, að það þyrfti fremur að boða fagnaðarerindið vantrúuðum heldur en trúuðum. Þessi spænskumælandi ríki flest eru eindregnir stuðningsmenn okkar, og þess vegna höfum við kannske lagt minni áherslu á að kynna málið fyrir þeim heldur en öðrum þeim ríkjum, sem hafa barist gegn okkar víðáttumiklu fiskveiðilögsögu. En hitt má svo vel vera, að það hefði verið við hæfi að sýna þessum ríkjum þann sóma að senda þeim upplýsingar á þeirra eigin máli, það kannske þarf ekki að kosta ýkjamikið, og má gjarnan athuga, hvort það sé tiltækt. En á hitt er að líta, að enskan er nú alheimsmál, og við höfum lagt mesta áherslu á það að senda okkar rit á ensku.

Um 3. fsp. vil ég segja, að ríkisstj. hefur mótmælt dómsögu Alþjóðadómstólsins og hefur ekki í hyggju að taka þátt í málflutningi þar af þeim sökum. Grg. Breta og Vestur-Þjóðverja eru hins vegar til athugunar hjá þeim embættismönnum, sem annast hafa undirbúning hafréttarráðstefnunnar af Íslands hálfu, og ég vænti þess, að frá þessum embættismönnum komi grg. um stöðu Íslands.

Ég vona, að hv. fyrirspyrjandi taki gild þessi svör, þótt takmörkuð séu, og skal svo endurtaka loforð mitt, sem ég gaf í upphafi, um það, að það verði ekki frekari vanefndir á því að senda honum þau gögn, sem ég lofaði hér í fyrra og kannast vel við, þó að ég hafi gleymt að framkvæma það.

Fyrirspyrjandi (Jón Árm. Héðinsson): Herra forseti. Ég vil þakka hæstv. utanrrh., fyrir svörin, sem ég tel alveg fyllileg varðandi fsp. En ég veit það, og það eru allir þm. inni á því, að það er nokkur munur á því og raunverulega mikill munur, hvort við höfum de facto viðurkenningu eða de jure. En ég vildi aðeins fá fram, að það lægi á hreinu, að allmörg ríki, sem ég geng þá út frá miðað við svar, hafa veitt okkur de jure viðurkenningu, því að það er nokkurs virði, tel ég sjálfur, að hafa slíkt. En það mun kannske upplýsast seinna, hvaða ríki hafa veitt okkur slíka viðurkenningu, og við getum þess vegna vænst þess, að þau ríki standi fast með okkur í rétti okkar til að ná sem mestri landhelgi á þeim vettvangi, sem þau mál verða rædd meðal alþjóða.

Að öðru leyti er 3. spurningin þess eðlis, að með þeirri skýringu, sem hæstv. ráðh. gaf, liggur það ljóst fyrir, að grg. verði samin. En ég skildi hann samt ekki þannig, að það væri orðið ákveðið, hvort Alþjóðadómstólnum yrði send grg., en engu að síður er mikill tími, því að við höfum frest til miðs jan. 1974.

Geir Hallgrímsson: Herra forseti. Mér fannst það ekki koma nægilega fram hjá hæstv. utanrrh., a. m. k. í blaði ráðh., þar sem Alþj.dómst. hafa verið sendar grg. og uppl. af hálfu ísl. stjórnv., sem ísl. stjórnvöld hafa væntanlega ætlast til, að dómstóllinn kynnti sér, hvort slíkt verður gert nú í framhaldi málsins. Ég tel það geta út af fyrir sig oltið á því, hvernig fer um samkomulagstilraunir, sem fram fara við Breta og Vestur-Þjóðverja, en vil í því sambandi minna á ummæli hv. 1. þm. Reykv., Jóhanns Hafsteins, hér í vor, þar sem hann lagði áherslu á, að mál þetta yrði tekið til athugunar, áður en endanleg ákvörðun yrði tekin um meðferð málsins fyrir dómstólunum. Vil ég ítreka þá ábendingu og mælast til þess, að málið verði rætt í landhelgisnefnd og eða utanrmn.

Utanrrh. (Einar Ágústsson): Herra forseti. Það er aðeins ein setning í tilefni af ræðu hv. 2. þm. Reykv. — Eins og kom fram í fyrra í svari við fsp. hv. 5. þm. Reykn., hafa Alþjóðadómstólnum verið send ýmis gögn. Ég gaf þá yfirlit um þau gögn og lofaði að senda hv. 5. þm. Reykn. þessi gögn, afrit af þeim, sem ég síðan gleymdi. Það kemur vel til greina, finnst mér, að utanrmn. fái þessi gögn, og enn fremur er ég síður en svo mótfallinn því, að utanrmn. og/eða landhelgisnefnd ræði það í ljósi þeirra staðreynda, sem þá blasa við, eftir háfan mánuð til þrjár vikur kannske, að þessar n. ræði það, hvaða gögn skuli senda til Alþjóðadómstólsins, því að ríkisstj. hefur ekki útilokað það, heldur aðeins tekið ákveðna afstöðu gegn því að senda málflytjanda til Haag-dómstólsins.

Benedikt Gröndal: Herra forseti. Ég vil fagna sérstaklega þeirri yfirlýsingu hæstv. utanrrh., að sérfróðir menn hafi verið settir til þess að vinna skýrslu á grundvelli þeirra gagna, sem við vitum, að a. m. k. Bretar og sennilega Þjóðverjar líka hafa lagt fyrir dómstólinn í Haag. Það er ekki ljóst, hvort hugsanlegir samningar við þessar tvær þjóðir hafi áhrif á framhald málanna í Haag, og e. t. v. er ekki hyggilegt

að hefja umr. um það núna. En hvort sem málið heldur áfram eða ekki og hvort sem ríkisstj. velur þann kost að senda menn til Haag eða senda þangað skjöl, eins og hún hefur gert, þá tel ég mjög mikilsvert, að okkar bestu sérfræðingar semji grg. sem svar við því, sem hinar þjóðirnar, ákærendur, hafa lagt fyrir dómstólinn, og að íslensk grg. verði undir öllum kringumstæðum birt, þó að það verði aðeins sem hvít bók eftir á. Ég hef lesið þá bók, sem Bretar hafa lagt fyrir dómstólinn, og það er sýnilega plagg, sem er unnið af heilum hópi sérfróðra manna, sem ekkert hafa gert annað í marga mánuði. Og þó að það sé hægt að rífa margt þar í tætlur, þá er málið þess eðlis, að það plagg blífur, og það verður að vera til íslenskt plagg með fullum andsvörum, hvernig sem áframhald málsins verður.

Rannsókn á brúarstæðum yfir Dýrafjörð og Önundarfjörð, fsp. (þskj. 22). — Ein umr.

Fyrirspyrjandi (Þorv. Garðar Kristjánsson): Herra forseti. Á undanförnum árum hafa verið uppi hugmyndir um að gera þær samgöngubætur í Dýrafirði og Önundarfirði, að lagðar verði brýr yfir þessa firði. Hér er um stórmál að ræða. En þó að það sé almenn skoðun hjá þeim, sem staðhætti þekkja gleggst, að hér sé um sjálfsagt mál að ræða, þá er hér um svo mikla framkvæmd að ræða, að það þykir sjálfsagt, að fram fari vandleg athugun á málinu. Í samræmi við þetta félst Alþ. á það að setja inn í vegáætlun 1972—1975 sérstaka fjárhæð á árunum 1972 og 1973, eða samtals 1 millj., til þess að láta framkvæma rannsókn á brúarstæðum yfir Dýrafjörð og Önundarfjörð. Ég hef leyft mér að bera fram fsp. til hæstv. samgrh. um það, hvort þessari rannsókn sé lokið, og ef svo er, hver sé niðurstaða hennar, en ef rannsókninni er ekki lokið, hvar hún sé á vegi stödd.

Félmrh. (Björn Jónsson): Herra forseti. Fsp. hv. 5. þm. Vestf. er í þremur liðum: „1. Er lokið rannsókn á brúarstæðum yfir Dýrafjörð og Önundarfjörð, sem veitt var fjármagn til á árunum 1972 og 1973 samkv. vegáætlun fyrir árin 1972—1975? 2. Ef rannsókn er lokið, hver er niðurstaða hennar? 3. Ef rannsókn er ekki lokið, hvar er hún á vegi stödd?"

Svar mitt við þessu er það, að rannsókn á vega- og brúarstæðum yfir Dýra- og Önundarfjörð er enn ekki lokið. Kannaðar hafa verið þrjár línur yfir Önundarfjörð og ein yfir Dýrafjörð, og er búist við, að kostnaðaráætlanir liggi fyrir við endurskoðun vegáætlunar í vetur. Ef í ljós kemur við þessa athugun, að um sé að ræða hagkvæmar lausnir, má búast við, að gera þurfi vistfræðilegar rannsóknir vegna mannvirkjagerðanna með tilliti til náttúruverndarlaga, og er nærtækt að áætla, að slíkar rannsóknir mundu taka eitt ár. En þær verða vitanlega ekki gerðar, ef niðurstöður eru mjög neikvæðar og þeim, sem um þessi mál fjalla, og þá fyrst og fremst Alþ. þykir þær ekki fýsilegar.

Nánar get ég skýrt, hvað gert hefur verið. Það hafa verið kannaðar þrjár veglínur yfir Önundarfjörð. 1. Könnuð var lína yfir Holtstanga rétt innan við eyðibýlið Kirkjuból. Fjörðurinn er mjóstur á þessum stað, en mun dýpri en innar í firðinum. Ekki var þessi lína mæld, því að hún var talin óhagstæðri en hinar. 2. Mæld var lína frá vegamótum Flateyrarvegar og Vestfjarðavegar neðan við Breiðadalsheiði og yfir fjörðinn móts við fyrrnefnd vegamót og að vegamótum Valþjófsdalsvegar og Vestfjarðavegar. 3. Einnig var mæld lína með sömu endurbótum og í síðasta lið sagði, en farið yfir fjörðinn á milli Tannaness og Innri-Veðrarár.

Um Dýrafjörð er það að segja, að einungis hefur verið könnuð ein lína yfir Dýrafjörð, en hún er yfir fjörðinn frá Lambadalsodda að Ketilseyri. Áætlað er af Vegagerð ríkisins, að kostnaðaráætlunin fyrir þessar tillögur og samanburður við endurbyggingu vegarins fyrir botn fjarðarins liggi fyrir í vetur, áður en vegáætlun fyrir árin 1974—1977 verður endurskoðuð, og kemur þá að sjálfsögðu til álita í fyrsta lagi vegamálastjórnarinnar og síðan Alþ., hver af þessum leiðum verður valin.

Fyrirspyrjandi (Þorv. Garðar Kristjánsson): Herra forseti. Ég vil lýsa sérstakri ánægju minni yfir svari hæstv. samgrh. Það ber þess vott, að unnið hefur verið að þessum málum, eins og ráð var fyrir gert, þegar Alþ. veitti sérstaka fjárveitingu til verksins árið 1972. Ég lýsi sérstakri ánægju minni með, að því skuli vera heitið, að kostnaðaráætlanir bæði vegna brúar yfir Önundarfjörð og Dýrafjörð liggi fyrir, áður en gengið verður frá endurskoðun vegáætlunarinnar á þessu þingi. Ég tel einmitt, að það sé mjög þýðingarmikið, að svo reynist í framkvæmd.

Þá skildist mér á hæstv. ráðh., að þó að það lægju fyrir kostnaðaráætlanir, þyrfti að fara fram vistfræðileg athugun í sambandi við báðar framkvæmdirnar. Það er skiljanlegt. Mér skilst á svari hæstv. ráðh., að gert sé ráð fyrir, að það taki eitt ár. Ég geri ráð fyrir, að ekki sé hægt að ætlast til, að þessu verki ljúki á skemmri tíma. Hins vegar legg ég ákaflega mikla áherslu á, að þetta atriði dragist ekki lengur. Ég legg mikla áherslu á þetta vegna þess, að það er mjög ljóst, að hér er um hinar þörfustu framkvæmdir að ræða. Það er ekki einungis, að hér sé um stórkostlega endurbót að ræða á Vestfjarðavegi og samgöngunum milli Ísafjarðar og Reykjavíkur, heldur er hér ekki síður um það að ræða, að þessar framkvæmdir hafa stórkostlega þýðingu fyrir innansveitarsamgöngur, bæði í Dýrafirði og Önundarfirði.

Hæstv. ráðh. minntist á í sambandi við Dýrafjörð, að það mundi þurfa að gera samanburð á kostnaðaráætlun um brúargerð þar og svo uppbyggingu vegarins fyrir botn Dýrafjarðar. Þetta er alveg rétt. Það er einmitt þetta, sem líka ýtir á eftir því, að málinu sé hraðað, vegna þess að ástandið í vegamálunum fyrir

botni Dýrafjarðar er algerlega óviðunandi. Ekkert fjármagn var veitt til þessa vegar á núgildandi vegáætlun, vegna þess að það þarf mjög stórar fjárfúlgur til þessa vegar. En vegurinn verður aldrei viðunandi að því leyti, að það háttar svo til, að þarna við rætur Glámuhálendisins er svo snjóþungt, að vegur teppist þar, hvernig sem hann er, jafnvel áður en heiðavegir teppast. Þannig mundi teppast þarna vegur og hindra samgöngur milli tveggja hreppa í Dýrafirði, þó að heiðin milli Dýrafjarðar og Önundarfjarðar sé fær að vetrarlagi.

Í Önundarfirði er hliðstæð þýðing fyrir þessa samgöngubót og í Dýrafirði. Bendi ég þar sérstaklega á, hvaða þýðingu slík brú yfir Önundarfjörð hefði vegna sambandsins milli Flateyrar og flugvallarins í Holti. Ég nefni þetta til þess að leggja áherslu á það, hve hér er um þýðingarmikið mál að ræða.

Hér er um stórmál að ræða, sem ég vænti, að hægt verði í næstu framtíð að framkvæma og koma í höfn eins og menn hafa hugsað sér það.

Ég vil endurtaka þakkir mínar til hæstv. ráðh. fyrir það, að málinu skuli vera haldið vel fram og þess skuli vera að vænta, að það sjái fyrir endann á þessum undirbúningsráðstöfunum.

Steingrímur Hermannsson: Herra forseti. Ég vil taka undir það með hv. fyrirspyrjanda, að hér er um afar mikilvægt mál að ræða, ekki eingöngu frá sjónarmiði samgangna við Vestfirðina norðanverða, heldur er hér einnig um mjög mikilvægt byggðamál að ræða og getur raunar ráðið í því sambandi úrslitum um byggð á þessum svæðum. Ég vil leggja sérstaka áherslu á það, vegna þess að í athugunum á mismunandi vegarstæðum er mjög tíðkað nú að leggja til grundvallar svokallaða arðsemisútreikninga, sem í sjálfu sér eru góðra gjalda verðir, en slíkir útreikningar geta aldrei tekið tillit til slíkra sjónarmiða, sem hér hafa verið nefnd. Þetta held ég því, að þurfi að hafa vandlega í huga, þegar þetta tvennt er metið.

Að sjálfsögðu hafa heimamenn ákaflega mikinn áhuga á þessum framkvæmdum. Ég hef gert mér far um að fylgjast með þeim og hef fengið upplýsingar frá Vegamálaskrifstofunni, mjög svipaðar þeim, sem ráðh. gaf hér áðan, og ég get tekið undir og lýst ánægju minni með störf sérfræðinganna þar, sem ég treysti fyllilega. Mér hefur hins vegar skilist — og vil láta það koma í ljós sem mína skoðun — af þeim upplýsingum, sem ég hef fengið, að brú yfir Önundarfjörð sé mjög líkleg og allt bendi til þess, að hún sé arðbær, eins og þeir reikna það út, en brú yfir Dýrafjörð hins vegar eitthvað vafasamari. En þar álít ég, að mégi ekki rasa um ráð fram og hafna þeirri framkvæmd, áður en litið er á hinar ýmsu aðstæður, sem hv. fyrirspyrjandi spurði um og ég treysti vissulega hæstv. ráðh. til þess að leggja áherslu á.

Vegagerð í Mánárskriðum, fsp. (þskj. 24). — Ein umr.

Fyrirspyrjandi (Eyjólfur K. Jónsson): Herra forseti. Síðasta Alþ. samþykkti þál. um kostnaðaráætlun um vegagerð í Mánárskriðum. Hljóðar ályktunin þannig, með leyfi forseta:

„Alþingi ályktar að fela ríkisstj. að láta gera frumáætlun um kostnað við vegagerð niðri við sjó í Mánárskriðum á Siglufjarðarvegi."

Ég hef leyft mér að spyrja hæstv. samgrh. um það, hvað líði framkvæmd þessarar þál.

Félmrh. (Björn Jónsson): Herra forseti. Hv. fyrirspyrjandi, 5. þm. Norðl. e., spyr um, hvað líði framkvæmd þál., sem samþ. var á síðasta þingi, þar sem ályktað var að fela ríkisstj. að láta gera frumáætlun um kostnað við vegagerð niður við sjó í Mánárskriðum á Siglufjarðarvegi. Áður en ég fer lengra út í þetta mál, vil ég minna á það, að þessi þáltill. var á sínum tíma send Vegagerð ríkisins til umsagnar, og þar sagði m. a., að eitt fyrsta verkefni í sambandi við þetta væri að kortleggja allt svæðið, en það væri erfitt og dýrt verk. Enn fremur var bent á, að hættan á snjóskriðum og aurskriðum gæti með tímanum orðið mun meiri á vegi með sjónum en núverandi vegi uppi í skriðunum, nema mjög kostnaðarsamar ráðstafanir væru gerðar. Ég ætla ekki að rekja þessa umsögn ítarlega, en í lok hennar segir, að engin leið sé til þess, að Vegagerðin geti leyst þetta verkefni af hendi, nema sérstök fjárveiting að upphæð 5.6 millj. kr. komi til. En eftir upphaflegu till. hefði þurft 3.5 millj., ef um fullkomna áætlun hefði verið að ræða.

Nú er frá því að segja, að engin slík fjárveiting, sem Vegagerðin taldi algert skilyrði fyrir rannsókn málsins, hefur komið til, og Vegagerðin hefur þess vegna ekki treyst sér til, þrátt fyrir það að henni hafi verið sent málið til meðferðar, til þess að hefjast handa um þetta verkefni. Mér þykir leitt að þurfa að skýra frá þessu, því að að sjálfsögðu hefði verið æskilegt, að þessi athugun hefði farið fram og henni hefði verið lokið, áður en endurskoðun vegáætlunar fer fram á yfirstandandi þingi. En ég treysti mér ekki til þess sem samgrh. að leggja fyrir stofnanir, sem undir rn. heyra, að framkvæma verk, sem það hefur enga lagaheimild til þess að gera fjárhagslega, og það hefur sem sagt láðst hjá þeim áhugamönnum, sem ég get vel skilið, sem hafa borið þetta mál fyrir brjósti, að fá fjárveitingu, sem þarna hefði þurft að koma til. En fjárhag Vegagerðarinnar er þannig varið, svo sem síðar mun koma í ljós hér á þinginu, að ég hef ekki treyst mér að bæta þar á neinum böggum, sem ekki er full heimild fyrir. En ég tel það vera eðlilegt framhald þessa máls, enda mun ekki vera tímasetning fyrir því í þál. og ekki í sjálfu sér brotið í bága við hana, þótt þetta hafi ekki verið gert enn þá, — en ég tel eðlilegt framhald af samþykkt þáltill. að afla fjár til þessara rannsókna, sem hér um ræðir, í sambandi við endurskoðun vegáætlunar,

sem fram fer á yfirstandandi Alþ., og að því vil ég mjög gjarnan styðja.

Fyrirspyrjandi (Eyjólfur K. Jónsson): Herra forseti. Ég vil þakka hæstv. samgrh. svör hans, þótt ég væri að sjálfsögðu ekki ánægður með þau að öllu leyti, en niðurlagsorð hans voru á þann veg, að hann mundi beita sér fyrir því, að við gerð vegáætlunar mundi fjárhæð verða tekin inn, sem nægja mundi til að gera þessa rannsókn. Úr því sem komið er, verður þessi rannsókn og athugun ekki gerð á þessu ári hvort eð er, og þess vegna má kannske segja, að við getum látið það liðna liggja á milli hluta. En meginatriðið er, að samkv. upplýsingum hans má gera ráð fyrir, að þessi áætlun fari fram á næsta sumri.

Ég vil geta þess hér, þótt hv. þm. sjálfsagt flestir viti það, að það er gífulega mikilvægt mál að breyta vegarstæðinu á örstuttum kafla á Siglufjarðarvegi. Þar liggur vegurinn langt uppi í fjall og þar festir snjó í fyrstu snjóum á haustin. Þessi dýra og mikla framkvæmd og merka, Siglufjarðarvegur og Strákagöng, nýtist þess vegna ekki nægilega vel, og oft og tíðum er samgöngulaust við Siglufjörð að vetrarlagi aðeins vegna þess, að þarna skortir nokkur hundruð metra vegakafla, sem að vísu er vafalaust dýr, en áreiðanlega verður lagður fyrr eða síðar.

Sameinað þing, 8. fundur.

Fimmtudaginn 25. okt., að loknum 7. fundi.

Kennsla í haffræði við Háskóla Íslands, þáltill. (þskj. 31). — Hvernig ræða skuli.

Að till. forseta var ákveðin ein umr.

Afnám vinveitinga á vegum ríkisins, þáltill. (þskj. 36). — Hvernig ræða skuli.

Að till. forseta var ákveðin ein umr.

Varanleg gatnagerð í þéttbýli, þáltill. (þskj. 5). — Fyrri umr.

Flm. (Helgi F. Seljan): Herra forseti. Ég hef leyft mér ásamt hv. 5. þm. Vesturl., Jónasi Árnasyni, að flytja þáltill. um aðstoð við varanlega gatnagerð í þéttbýli og rykbindingu þjóðvega. Till. er svohljóðandi:

„Alþingi ályktar að skora á ríkisstj. að gera þegar í stað róttækar ráðstafanir til þess að auðvelda sveitarfélögum að standa að varanlegri gatnagerð.

Stefnt verði að gerð 5 ára framkvæmdaáætlunar á sviði varanlegrar gatnagerðar, sem taki til allra þéttbýlisstaða með 200 íbúa og fleiri. Í þessu skyni skal m. a. leitað eftirtalinna leiða:

1. Ríkið útvegi sveitarfélögum lánsfé til framkvæmdanna. Á framkvæmdaáætlun ríkisins hvert ár skal vera ákveðin upphæð til varanlegrar gatnagerðar í þéttbýli. Fé þetta skal lána sveitarfélögum með hagstæðum kjörum.

2. Hlutur sveitarfélaga af bensínskatti verði aukinn svo, að hið svokallaða þéttbýlisvegafé tvöfaldist. Einnig verði endurskoðaðar reglur um úthlutun fjárins og fólksfjöldatakmörk þeirra sveitarfélaga, sem fjárins njóta.

3. Ríkið taki á sig stóraukna hlutdeild í rykbindingu þjóðvega, sem liggja um kaupstaði og kauptún.

Jafnhliða þessu skal gert verulegt átak í því af hálfu ríkisins að rykbinda þjóðvegi, þar sem þeir liggja um bæjarhlöð bænda og gegnum ræktunarlönd."

Í grg. till. eru nokkuð raktar ástæðurnar fyrir flutningi hennar, sem eru reyndar margþættar. Sveitarfélögin eru mjög misjafnlega á vegi stödd með gatnagerð sína. Einstaka þeirra búa við allsæmilegt ástand, Reykjavík í krafti aðstöðu sinnar þó auðvitað langbesta. Langflest sveitarfélögin hafa hins vegar búið við óhæft ástand gatna, sem hafa, eins og í grg. stendur, verið forarleðja ein í rigningatíð, en umbreyst í mikla rykmekki í þurrkum. Fyrst nú á síðari árum hafa sveitarfélögin almennt farið að líta á það sem óhjákvæmilegt verkefni sitt að koma þessum málum í betra horf, leggja götur varanlegu slitlagi með tilheyrandi umbótum í holræsakerfi sínu, þ. e. gera verulegt stórátak til þess að gerbreyta ástandinu í gatnakerfi sínu og allri ásýnd staðanna. Segja má, að alls konar umr. um hreinlætis- og hollustuaðstöðu, m. a. í sambandi við okkar dýrmæta matvælaiðnað, hafi hér miklu um valdið. En mestu hefur þó tvímælalaust ráðið um aðgerðaleysi sveitarfélaganna margra hverra í þessum málum sú staðreynd, að þau hafa verið að sinna öðrum verkefnum og blátt áfram ekki getað af fjárhagsástæðum sinnt svo dýru og veigamiklu verkefni.

Þá vaknar sú spurning með tilliti til stórframkvæmda á þessu sviði í dag, sem hvarvetna blasa við, hvort hagur og aðstæður sveitarfélaganna hafi breyst svo mjög til batnaðar, að nú geti þau auðveldlega leyst þetta verkefni af hendi og það á skömmum tíma. Ekki er það svo vel, þó að óneitanlega hafi ráðstöfunartekjur til framkvæmda aukist hjá sveitarfélögunum með tilkomu nýrra tekjustofnalaga. Það eitt hefur gerst, að verkefnið er allt í einu komið í forgangsröð. Krafa íbúanna er sú, að hér verði á gerð stórkostleg bragarbót. Fólk unir því einfaldlega ekki, að það sé einkaréttur þeirra, sem í mesta þéttbýlinu búa, að hafa mannsæmandi götur, sem framar öðru tryggja bætt umhverfi í heild í hinum mörgu kauptúnum og kaupstöðum víðs vegar um landið. Þessi er sú meginástæða, sem því veldur, að þetta er nú eitthvert helsta, en um leið fjárfrekasta verkefnið, sem sveitarfélögin glíma við. Og við blasir nú augljósa staðreynd, að sveitarfélögin ráða ekki við þessa framkvæmd með óbreyttu fyrirkomulagi.

Núgildandi skipting og upphæð þéttbýlisvegafjár var ákveðin með allt aðrar framkvæmdir í huga, með minna umfang og af allt annarri gerð og ódýrari. Það, hve hraða þarf fram-

kvæmdunum, m. a. vegna krafna erlendis frá, frá viðskiptavinum okkar, um aukið hreinlæti, kallar enn fremur á sérstaka aðstoð við fjármagnsútvegun. Ríkisvaldið kemur óhjákvæmilega inn í þessa mynd á allt annan og virkari hátt, þegar sveitarfélögin ætla á stuttum tíma að gerbreyta gatnakerfi sínu og raunar allri ásýnd staðanna til bóta. Því er þessi till. flutt, ef vera mætti, að þar væri að finna leiðir til úrbóta.

Í fyrsta lagi er í till. bent á, að nauðsynlegt sé að gera áætlun um brýnustu framkvæmdir á þessu sviði. Til þess bæði að gera sér nokkra grein fyrir umfangi verkefnisins, svo og besta fyrirkomulagi á framkvæmd, hlýtur þetta að teljast sjálfsagt. Svo mjög sem nú tíðkast að gera áætlanir um hvað eina, þá gildir það alveg tvímælalaust um þetta verkefni. Um það ætti enginn ágreiningur að verða.

Í 1. tölul. till. er bent á þá nauðsyn, sem sveitarfélögunum er á því að fá fjármagn að láni með hagstæðum kjörum. Það hlýtur að teljast sjálfsagt, að ríkið komi hér enn frekar á móti sveitarfélögunum en gert er, og skal þó t. d. síst vanmetið það framlag, sem Lánasjóður sveitarfélaga nýtur á fjárl. ár hvert, en það framlag fer vitanlega til margra og mismunandi verkefna. Það telst ekki óeðlilegt, þegar þetta verkefni er komið í fremstu röð velflestra þéttbýlisstaða á Íslandi, að til þess sé sérstaklega varið fjárhæð til lána handa sveitarfélögum.

Aðalþungi till., má segja, að liggi í tölul. 2, þar sem lagt er til, að hlutur sveitarfélaga í bensínskatti eða kannske réttara sagt heildartekjum til vegamála ár hvert verði aukinn svo, að hið svokallaða þéttbýlisvegafé tvöfaldist. Hér er vissulega um stórt stökk að ræða og reyndar miðað við að miklu leyti annan skilning á notkun þessa fjár en er í núgildandi vegal., enda er það megintilgangur till. í heild að hreyfa við ýmsum ákvæðum í þeim lögum. Okkur sýnist sem sé, flm., að hér þurfi breytinga við, þótt um það megi svo deila, hve langt á að ganga. Þegar reglurnar um þéttbýlisvegafé voru upphaflega settar og prósenta þess af heildarupphæð ákveðin, var það við allt aðrar aðstæður en nú ríkja, eins og ég sagði áðan. Fyrst og fremst var þá um að ræða gerólíkt umfang framkvæmda á vegum sveitarfélaganna og af allt annarri gerð, sem útheimti ólíkt minna fé. Það er því ekki óeðlilegt, að á þessu verði breyting nú, þegar svo stór viðfangsefni eru á döfinni.

Hvort bensínskatturinn verði í heild aukinn sem þessu nemur, til þess er á þessu stigi ekki tekin afstaða, en reynist það nauðsynlegt vegna annarra vegaframkvæmda, verður að skoða það mál á jákvæðan hátt.

Sú upphæð, sem sveitarfélögin fengu til sinnar ófullkomnu gatnagerðar, var þeim óneitanlega mikil hjálp, en nú er hér um alls ófullnægjandi upphæð að ræða, sem þarf óhjákvæmilega að taka til endurskoðunar. Svo þýðingarmikið mál sem hér er á ferð, er ekki hægt að láta sitja í sama farinu, búa við óbreytt ástand ár eftir ár, nema hvað krónutala hækkar nokkuð til samræmis við verðhækkanir almennt. Hér þarf því endurskoðunar og athugunar við. Til þess þarf vissar breytingar á vegal. En hið sama má segja um þá tölul. till., sem lúta að íbúafjölda þeirra staða, er þéttbýlisfjár njóta, svo og þátttöku ríkisins í rykbindingu þjóðvega, er liggja gegnum kaupstaði og kauptún og koma hér reyndar beint inn í. Allt eru það atriði, sem ýmist snerta vegal. beint eða reglugerðir þar að lútandi.

Þegar sveitarfélögin á Austurlandi hófu samræmt átak í gatnagerðarmálum sínum s. l. sumar, — átak, sem vegna samvinnu og uppbyggingar framkvæmda er vissulega til fyrirmyndar, þá kom upp það vandamál, hvernig minnstu þéttbýlisstaðirnir fengju risið undir þessu verkefni, þ. e. þeir, sem vegna ákvæða í lögum fengu ekki úthlutað þéttbýlisfé og stóðu því mun lakara að vígi en önnur sveitarfélög, sem í þéttbýli voru. Í till. okkar hv. 5. þm. Vesturl. er einmitt vikið að því, að þessi ákvæði skuli endurskoðuð, og bent á töluna 200 til viðmiðunar í stað 300 áður. Í grg. er tekið fram, að þessi tala sé aðeins til ábendingar, en annars megi vel hugsa sér aðra tölu lægri eða jafnvel að miðað sé við alla þéttbýlisstaðina. E. t. v. er það sanngjarnast að mörgu leyti, en með því að færa markið úr 300 í 200 er vissulega komið töluvert til móts við minnstu sveitarfélögin, sem gætu nú fleiri notið góðs af þessum sameignarsjóði ríkis og sveitarfélaga, sem bensíngjaldið er að mínu viti og mínum skilningi, og þó einkum ef hækkun fengist fram á heildarupphæð þéttbýlisvegafjár, eins og till. gerir sérstaklega ráð fyrir. Frá sýslufundi Suður-Múlasýslu hefur einmitt komið fram eindregin krafa um breytingu í þessa átt, og tillögumaður þar var einmitt hv. 5. þm. Austf., sem ég veit að hefur fullan hug á að fylgja því máli eftir innan þings.

Eflaust er víðar svipað ástand og eystra, að nokkrir þéttbýlisstaðir ná ekki tilskildu lágmarksákvæði nú, en mundu með breytingunni komast í jafnréttisaðstöðu á borð við hin fjölmennari og um margt betur settu sveitarfélög.

Þá vil ég víkja að því atriði um endurskoðun þeirra reglna um úthlutun þéttbýlisvegafjár, sem till. gerir ráð fyrir. Eflaust er hér komið að umdeildasta og viðkvæmasta atriðinu, því að hver vill halda sínu, hvernig sem aðstaða hans er og geta til framkvæmda að öðru leyti. Í grg. er sérstaklega vikið að þessu atriði og þar m. a. á það bent, hve vafasamt sé að láta fólksfjöldann einan ráða útdeilingunni. Reykjavík, sem í krafti sinnar góðu aðstöðu hefur getað framkvæmt langmest á þessu sviði og er hiklaust langbest sett í þessu efni, nýtur árlega nær helmings alls þess fjár, sem veitt er á þessum lið, aðeins í krafti íbúatölu sinnar, án alls tillits til ástands gatnakerfis hinna ýmsu staða. Þau önnur sveitarfélög, sem fjölmennust eru og komin eru vel á veg með sínar framkv., hafa kannske einnig nokkra sérstöðu. Nú er ég alls ekki að segja það, að stórlega eigi að skerða hlut Reykjavíkur eða þeirra þéttbýlisstaða, sem best eru settir, því fer

fjarri, að við flm. höfum það í huga, enda leggjum við til samhliða þessari endurskoðun stórhækkun á upphæð þéttbýlisvegafjárins í heild. En með breyttum reglum um útdeilingu þessa fjár, — reglum, sem m. a. tækju tillit til þess sérstaklega, hvernig ástand gatnakerfis hinna einstöku staða kann að vera, hvar á vegi þau eru stödd með sínar framkvæmdir, aðstöðu sveitarfélagsins í heild, m. a. vegna mismunandi landslags í sveitarfélögunum og ýmissa erfiðleika þess vegna, svo og annars þess, sem hér kemur inn í heildarmyndina, þá gæti eðlilega svo farið, að Reykjavík fengi hlutfallslega ekki eins mikinn skerf og nú, einfaldlega af því að staða hennar reyndist svo góð samanborið við önnur sveitarfélög, og þá hlýtur að teljast sanngjarnt, að eftir því færi um hennar réttláta skerf. Hér kæmi framkvæmdaáætlun og ítarleg könnun, sem þar kæmi fram, að góðu gagni við ákvörðun nýrra reglna. Það eitt er ljóst að íbúafjöldinn einn segir hér ekki alla sögu, og þótt sá mælikvarði sé einfaldastur og um margt eðlilegur að hluta, hljóta önnur sjónarmið að koma til einnig, og til þeirra verður að taka sérstakt tillit. Því er fram á þessa endurskoðun farið. En hér koma fleiri atriði inn í en svo, að þau sé hægt að rekja nákvæmlega. Aðeins skal á það bent, að sjálfsagt hlýtur að teljast, að um þá endurskoðun sé haft náið samráð við Samband ísl. sveitarfélaga, og á það raunar við um önnur þau atriði till., sem lúta beint að sveitarfélögunum, ef þessi till. verður samþ.

Ég kem þá að þeim hluta till., sem lýtur að þjóðvegum, sem liggja um kaupstaði og kauptún. Hér um hef ég a. m. k. alveg sérstaka skoðun. Þar er um mjög misjafna aðstöðu að ræða, hvað snertir hina ýmsu þéttbýlisstaði. Sums staðar liggur fjölfarinn þjóðvegur eftir endilöngum þéttbýlisstaðnum, svo sem dæmi eru um á Austfjörðum og vitanlega miklu víðar, annars staðar aðeins að hluta eða ekki og svo eru endastöðvar einnig til. Þegar nú sveitarfélögin fara að leggja sína vegi úr varanlegu slitlagi, m. a. þessa þjóðvegi, fær það engan veginn staðist, að þau beri ein kostnaðinn af því verkefni. Þar sem umferðarþungi gegnumaksturs er mikill, hlýtur ríkið að þurfa að taka á sig aukna hlutdeild frá því, sem nú er. Svo að ég nefni dæmi frá heimastað mínum, Reyðarfirði, þá er umferðarþungi þar í gegn sá þriðji mesti á Austurlandi. Þjóðvegurinn liggur eftir endilöngu kauptúninu, og ríkið hefur aðeins tekið að sér ysta hluta hans, sem mun vera ⅛ af allri vegalengdinni. Nú þegar er búið að leggja slitlag á þriðjung af þessum hluta vegarins, og á næsta ári mun við þann hluta lokið að ⅔. Öll sanngirni mælir með því, að ríkið taki a. m. k. þátt í þessu verkefni að hálfu, því að á þéttbýlisvegaféð lít ég hreinlega sem réttmætan hluta sveitarfélaganna í þeirri skattheimtu ríkisins, sem þar stendur að baki, og kemur það því ekki á neinn hátt inn í þessa mynd. Hér er að miklu leyti um óleyst mál að ræða, sem viðunandi lausn verður að finna á. Dæmið, sem ég vék að frá Reyðarfirði, er aðeins eitt af mörgum, og eflaust má finna staði, sem enn verr eru staddir gagnvart þessu atriði. Hins vegar eru svo þeir staðir, sem náð hafa því að vera með vegi, sem flokkast undir hraðbrautir. Þar horfa málin ólíkt betur við, og er ekki nema gott um það að segja. En samur og jafn hlýtur vandi hinna að vera, sem hafa mikla umferð um sinn aðalveg, en ná þó ekki þessu hraðbrautarmarki.

Öll þau atriði, sem hér hefur verið að vikið, ber að skoða í samhengi. Öll hljóta þau að teljast sjálfsögð til athugunar og umr. Margt hlýtur þar að koma upp, sem ekki er drepið á hér, enda till. fyrst og fremst til þess flutt að koma málinu á hreyfingu og fá fram nauðsynlegustu lagfæringar á núgildandi ástandi.

Að síðustu er í till. okkar vikið að mjög viðamiklu viðfangsefni og erfiðu, sem engu að síður þarf að fara að huga að. Hér er um að ræða rykbindingu þeirra vegahluta, sem liggja um ræktunarlönd bænda og bæjarhlöð, þ. e. þar sem umferð er nokkur að ráði. Ekki get ég gert mér neina grein fyrir stærð þessa verkefnis, en ég veit það eitt, að stærð þess muni ærin. Hins vegar held ég, að hér sé á ferð mál, sem á einhvern veg þurfi að leysa í framtíðinni og má reyndar segja, að ekki verði fyrr lokið en með rykbindingu alls þjóðvegakerfisins, sem enn á langt í land og er fjarlægt takmark, sem þó er stefnt að. Það þarf ekki að lýsa því ástandi, sem fjölmörg sveitaheimili búa við í þurrkum sumarsins, ef fjölfarinn þjóðvegur liggur um hlaðið eða meðfram túnum, vinnustöðum sveitafólksins. Sjálfur hef ég fengið duglega að kenna á slíku ryki við heyskap á sumri hverju. Víða hagar svo til, að rykmökkinn lægir aldrei allan daginn. Svo er t. d. um hina fallegu og þéttbýlu Norðfjarðarsveit, þar er nægileg umferð til þess að viðhalda rykmekki daglangt. Að næturlagi verkar rykið sem misturmóða yfir sveitinni. Þetta eru aðeins einstök dæmi, en víða mun þau að finna. Og eins og við vikjum að í grg. okkar, þetta er ekki aðeins vandamál sumarsins, rykið sest í heyið, og vetrarlangt glímir bóndinn og fólk hans við þetta sumarryk umferðarinnar.

Það skal hins vegar játað, að þótt hér sé vandamál á ferð, sem leysa þarf með einhverjum hætti í nánustu framtíð, þá er síður en svo auðhlaupið að því eða það auðleyst. Stórkostleg framkvæmdaþörf í vegamálum kallar á enn meira fjármagn en unnt er að veita, og því vilja verkefni eins og þessi, þótt brýn séu, verða út undan. Við flm. álítum hins vegar sjálfsagt að vekja athygli á þessum vanda sveitafólksins um leið og við erum uppi með till. um það að létta þéttbýlisbúum baráttuna við rykið og forina.

Eins og í grg. segir, mætti vel hugsa sér áætlun um framkvæmdir, sem tæki til 5 ára, þar sem hafist yrði handa um að bæta þar úr, sem brýnast þætti, og gerum við okkur þá fullljóst, að þar muni víða verða þrýst á, ef til kæmi. Ég sé ekki mikla ástæðu til að fjölyrða frekar um þetta atriði eða till. í heild. Okkur flm. er það mikið áhugamál, að fram fari gagnger athugun á þessum málum öllum. Við lítum á till. okkar fyrst og fremst sem

ábendingar, sem vissulega má útfæra og bæta nýjum þar inn í. Við treystum á það, að hv. alþm. séu almennt á svipaðri skoðun og við, þyki full ástæða til ýmiss konar lagfæringa og úrbóta, einkum í þágu sveitarfélaganna á þessu sviði, og við trúum því, að af þessari till., ef samþykkt verður, muni ýmislegt gott leiða. Í trausti þess er hún flutt.

Herra forseti. Ég vil svo leyfa mér að óska þess, að till. verði að lokinni þessari umr. vísað til síðari umr. og hv. fjvn.

Ólafur G. Einarsson: Herra forseti. Það eru nokkur orð, sem ég vildi segja vegna þeirrar till., sem hér er til umr. og nú hefur verið mælt fyrir.

Ég vil þá fyrst lýsa yfir stuðningi við meginefni till., þ. e. að ríkisstj. geri þegar í stað róttækar ráðstafanir til þess að auðvelda sveitarfélögum að standa að varanlegri gatnagerð, eins og það er orðað í till. Öllum er nú orðið ljóst, hvert hagsmunamál það er íbúum þéttbýlisstaða, að götur verði lagðar bundnu slitlagi. Menn sætta sig ekki lengur við það að vaða forina, þegar rignir, eða vera í stöðugum rykmekki, þegar þurrt er. Þetta er, eins og drepið er á í grg. till., umhverfis- og heilbrigðismál, sem verður að fá skjóta lausn á. Til þessa hafa þær ástæður verið helstar fyrir því, að ekki hefur meira gerst af hálfu einstakra sveitarfélaga, að víða hefur skort áhuga og skilning ráðamanna, víðast hvar hefur skort fjármagn, og á flestum stöðum hefur eina leiðin verið sú að steypa göturnar, sem er allt of dýrt. Malbikun verður ekki komið við nema í næsta nágrenni malbikunarstöðva, en þær eru ekki til nema í Reykjavík og á Akureyri, auk Keflavíkurflugvallar, og reyndar í Vestmannaeyjum, en mér er ekki kunnugt um ástand þeirrar stöðvar nú. Með tilkomu olíumalar sem slitlags eru möguleikarnir hins vegar allt aðrir til þess að gera stórátak í þessum málum. Bæði er það, að olíumölin er langódýrasta slitlagið og hana má flytja blandaða hvert á land sem er. Það er því hægt nú að láta til skarar skríða, ef öðrum skilyrðum er fullnægt.

Flm. leggja til, að gerð verði 5 ára framkvæmdaáætlun á sviði varanlegrar gatnagerðar, sem taki til allra þéttbýlisstaða með 200 íbúa eða fleiri. Mér er ekki ljóst, hver á að gera þessa áætlun, en býst þó við, að ætlast sé til að ríkið geri hana og þá væntanlega Framkvæmdastofnunin. Ef sú er ætlunin, þá lýsi ég mig andvígan þeirri hugmynd. Gatnagerð er verkefni sveitarfélaganna, og ríkið á ekki á neinn hátt að teygja arma sína inn á það verksvið. Auðvitað eiga sveitarfélögin sjálf að gera sínar áætlanir eða þá samtök sveitarfélaganna í umboði viðkomandi sveitarfélaga, eins og þau hafa reyndar gert, bæði á Austurlandi og Vestfjörðum, einmitt í sambandi við gatnagerð. Þessu fyrirkomulagi á ekki að breyta. Á grundvelli þessara áætlana sækja síðan sveitarfélögin um lán til framkvæmdanna.

Hv. flm. benda á nokkrar leiðir til þess, að markmiðinu verði náð. Ég get skrifað undir flest af því, sem þar er sagt, en mundi þó vilja hafa þar aðra röð a. m. k. Veigamesta atriðið fyrir sveitarfélögin er, að þau fái stóraukna hlutdeild í bensínskatti og reglum um úthlutun fjárins verði breytt, eins og flm. leggja áherslu á. Eins og reglurnar eru nú, eru framlög bundin við þéttbýlisstaði með 300 íbúa eða fleiri, og framlagið er ekki greitt, nema því sé varið til varanlegrar gerðar svonefndra þjóðvega í þéttbýli. Þegar þéttbýlisvegur er svo varanlega gerður, má fyrst nota framlagið til annarra gatna. Ég þekki ekkert sveitarfélag, sem hefur notið þessa fjár til annarrar gatnagerðar. Þéttbýlisvegirnir gleypa það allt og það mörg ár fram í tímann. Þessu fyrirkomulagi þarf að breyta, og tek ég undir það með hv. flm. Það er raunar einn liðurinn í endurskoðun verkaskiptingar milli ríkisins og sveitarfélaganna. Á fundi sínum í byrjun sept. s. l. ályktaði fulltrúaráð Samband ísl. sveitarfélaga um þetta mál þannig, að sveitarfélögin taki algerlega að sér þéttbýlisvegina, að sveitarfélög í strjálbýli taki að sér sýsluvegina og að framlög úr Vegasjóði verði aukin verulega og þeim skipt með hliðsjón af íbúafjölda og ófullgerðum verkefnum í gatna- og vegagerð. Hér er um grundvallarbreytingu að ræða frá núv. fyrirkomulagi, breytingu, sem líkleg er til að auðvelda sveitarfélögum að leysa þessi mál. Verði þessi breyting gerð, er 3. liður þáltill. óþarfur eða öllu heldur fellur hann saman við 2. lið. Í 3. lið er talað um, að ríkið taki á sig stóraukna hlutdeild í rykbindingu þjóðvega, sem liggja um kaupstaði og kauptún og reyndar bæjarhlöð.

Þótt framlög úr Vegasjóði til sveitarfélaga yrðu stóraukin, þá dugir það ekki til þess, að stórátak verði gert á skömmum tíma í varanlegri gatnagerð þéttbýlisstaða. Eins og hv. flm. benda á, þarf lánsfé, og þar verður atbeini ríkisins að koma til. Eðlilegt er hins vegar, að öll lán til slíkra framkvæmda sveitarfélaga fari í gegnum Lánasjóð sveitarfélaga, eins og verið hefur. Lánasjóður hefur fengið lán hjá Framkvæmdasjóði undanfarin ár til þess að endurlána sveitarfélögunum. Hafa þau lán verið á framkvæmdaáætlun og einkum verið varið til hitaveitufamkvæmda. Á þessu ári, 1973, lánar Lánasjóður sveitarfélaga um 173 millj. kr. í fjárfestingarlán til sveitarfélaga, þar af rúmar 60 millj. til gatnagerðar, og er það í fyrsta skipti, sem sjóðurinn lánar að ráði til slíkra framkvæmda. Til þess að framhald geti orðið á þessari lánastarfsemi, verður að efla Lánasjóðinn og ætla honum ríflegan hlut á framkvæmdaáætlun. Á þessu ári fékk sjóðurinn 105 millj. að láni hjá Framkvæmdasjóði, en sótti hins vegar um 195 millj. kr.

Ég þarf ekki að hafa mál mitt miklu lengra. Ég fagna því, að þessi till. er fram komin. Hér er hreyft þörfu máli, sem ég vona, að fái skynsamlega afgreiðslu og skjóta. Aðalatriðin eru þessi: Sveitarfélögin í landinu þurfa að gera stórátak í gatnagerðarmálum. Til þess verða þau að fá lánsfé, sem eðlilegast er að þau fái í gegnum Lánasjóð sveitarfélaga, sem verði efldur. Hlutur sveitarfélaga af bensínskatti verði stóraukinn. Framlög til hinna ein-

stöku sveitarfélaga verði miðuð við ófullgerðar götur, umferðarþunga og íbúafjölda, en ekki við svonefnda þéttbýlisvegi, eins og nú er, og höfðatölureglu. Ríkið sjálft geri stórátak í rykbindingu eða lagningu bundins slitlags á þjóðvegina sjálfa. Um þetta sýnist mér, að allir hv. alþm. ættu að geta sameinast.

Jónas Árnason: Herra forseti. Ég ræddi nú fyrir skemmstu við tvo forustumenn í málefnum sveitarfélaga á Snæfellsnesi, þá Skúla Alexandersson oddvita í Neshreppi utan Ennis og Árna Emilsson sveitarstjóra í Grundarfirði, og spurði þá, hvað þeir vildu helst leggja áherslu á í sambandi við þessa till. okkar hv. 6. landsk. þm. Þeim kom saman um, að næst aðstoðinni við íbúðabyggingar hefði aðstoð af hálfu ríkisins við varanlega gatnagerð (eða við að gera það, sem hv. síðasti ræðumaður nefndi „bundið" slitlag á götur, sem mér sýnist miklu betra orð heldur en „varanlegt" slitlag) — næst aðstoðinni við íbúðabyggingar hefði aðstoð af hálfu ríkisins við þetta mesta þýðingu í þeirri viðleitni að koma í veg fyrir flutning fólks úr sjávarþorpunum, viðhalda byggðinni þar, auka hana. En um nauðsyn slíks fyrir allt þjóðarbúið ætti ekki að þurfa að ræða, enda mun öllum ljóst, hve stór hlutur þessara byggðarlaga er í sköpun þjóðarauðsins.

Þeir héldu því fram, báðir þessir menn, að þessi byggðarlög ættu það inni margfalt hjá þjóðfélaginu í heild, að götum þar yrði komið í sama horf að því er snertir varanlegt eða „bundið" slitlag og nú er orðið hér á höfðuborgarsvæðinu. Þegar svo væri komið og þá en ekki fyrr mætti segja, að goldin væri skuld þjóðfélagsins í heild við þessi byggðarlög að því er varðar gatnagerð af þessu tagi.

Þessi byggðarlög hefðu að undanförnu, sögðu þessir menn, orðið að nota takmörkuð efni sín til að laga göturnar næst fiskvinnslustöðvunum. Í þetta hefðu þau orðið að verja miklum fjármunum, enda yrðu ekki með öðru móti uppfylltar þær kröfur um hreinlæti, sem hinir útlendu kaupendur framleiðslunnar gera. En fólkið, sem ynni við framleiðsluna, hlyti einnig að gera sínar kröfur um aukið hreinlæti við híbýli sín og gerði enda slíkar kröfur, þetta væru réttlætiskröfur. Viðkomandi sveitarfélögum væri hins vegar með öllu ofviða að verða við þeim kröfum, nema til kæmi aðstoð af hálfu hins opinbera, eins og gert er ráð fyrir í þessari till. Ef ekki kæmi til þessi aðstoð af hálfu ríkisins, ættu þessi sveitarfélög ekki annars kost til þess að verða við þessum sjálfsögðu kröfum um varanlega gatnagerð og aukið hreinlæti, sem henni fylgir (aukið hreinlæti, sem ætti auðvitað að miðast við það að þóknast ekki aðeins þeim útlendu aðilum, sem kaupa framleiðsluna, heldur einnig því fólki, sem vinnur við hana) — án aðstoðar ríkisins mundu þessi sveitarfélög ekki eiga annars kost til þess að koma slíku fram en að auka álögurnar á þetta fólk. En auknar álögur gætu svo valdið því, að fólkið hrektist burt úr þessum byggðarlögum, burt frá hinum þýðingarmiklu framleiðslustörfum, sem þar eru unnin, til annarra starfa, sem flest hver mundu að líkindum verða miklu þýðingarminni fyrir þjóðarbúið.

Þetta vildu þeir, þessir tveir sveitarstjórnarmenn á Snæfellsnesi, að bent yrði á, svo að mönnum mætti vera ljósara, hvað þessi sveitarfélög eru komin í slæma klemmu með þessi mál og einnig hve mikla þýðingu það hefði fyrir þjóðarbúið í heild, að lausn þessara mála yrði hagað eins og lagt er til í þessari till.

Við flm. till. vekjum einnig athygli á nauðsyn þess, að eitthvað verði gert, til þess að sveitafólk, sem verður að stunda heyskap í námunda við þjóðvegi, verði ekki ofurselt plágu einni vondri í hvert sinn sem blessuð sólin skín. Sú plága er rykið af þjóðvegum. Ég hef heyrt bændur segja, að þeim sé að mestu horfin hin forna heyskapargleði, síðan þessi plága kom yfir þá. Bændur verða varla sjálfir taldir eiga sök á þessari plágu. Bújarðir þeirra flestra eiga sér miklu lengri sögu í landinu heldur en bílvegir. Víst er líka, að í þurrkum á sumrin eru það ekki bændur, heldur allt annað fólk, sem hefur tíma til þess að aka um þessa vegi og róta upp rykinu. Okkur flm. till. finnst sem sagt ekki nema sjálfsagt, að þetta „annað fólk" taki á sig nokkurn kostnað við að binda það ryk, sem það hefur verið að þyrla upp í vit bænda.

Steingrímur Hermannsson: Herra forseti. Ég vil hefja mál mitt með því að lýsa ánægju minni með þá till., sem hér liggur frammi í mikilvægu og tímabæru máli. Ég get tekið undir allt það, sem hv. frsm. sagði hér, og ætla að forðast að endurtaka það. Ég vil hins vegar fara örfáum orðum um fyrst og fremst 2. mgr. í 2. lið till., sem fjallar um endurskoðun á reglum um úthlutun hins svonefnds þéttbýlisfjár. Mér skilst, að hér muni vera átt við V. kafla vegalaga, sem fjallar um þjóðvegi í kaupstöðum og kauptúnum, og þar segir í 32. gr., með leyfi hæstv. forseta:

„Árlega skal veita ákveðna fjárhæð til lagningar þjóðvega í kaupstöðum og kauptúnum, sem hafa 300 íbúa eða fleiri, og skal skipting fjárins fara eftir íbúafjölda. Skal árlegt framlag vera 12.5% af heildartekjum vegamála það ár."

Ég held, að mér sé óhætt að segja, að ákvæði sem þetta um skiptingu almannafjár í hlutfalli við íbúafjölda sé nálagt því einsdæmi hjá þeim þjóðum, sem telja sig hafa að stríða við byggðavanda, enda hygg ég, að færa megi ákaflega mörg rök að því, að þéttbýlið hefur óhemjumiklar ótaldar tekjur af þeirri miklu þjónustu, sem það veitir dreifbýlinu. Það hefur tekjur af hverjum þeim manni, sem hingað kemur að leita sér læknis, leitar eftir verkfræðingi til að aðstoða við framkvæmdir, m. a. vegagerð o. fl., og þannig mætti lengi telja. Af því sýnist mér, og ég hef skoðað þau mál nokkuð, að annars staðar séu aðrir hlutir lagðir til grundvallar, fyrst og fremst það, eins og er lögð áhersla á í till., að ná þessum sjálfsögðu mannréttindum, sæmilegum vegum, upp í ákveðinn hundraðshluta af vegakerfi því, sem um er að ræða á hinum ýmsu stöðum.

En því geri ég þetta sérstaklega að um-

ræðuefni, að á þessu þingi á að ganga frá nýrri vegáætlun, og mér sýnist höfuðnauðsyn á því, að þetta ákvæði verði tekið til endurskoðunar og fundin þarna einhver viðmiðun, sem allir geta sætt sig við. Ég vil geta þess, að mþn. í byggðamálum, sem var kjörin í lok síðasta Alþ., hefur lítillega rætt um þetta mál og hefur hug á því að láta það til sín taka.

Ég vil einnig taka undir það, sem fram kemur í till., að viðmiðunin við 300 íbúa er óeðlileg og hana þarf að endurskoða.

Loks vil ég leggja áherslu á enn eitt atriði, sem er mjög þýðingarmikið í þessu sambandi og hefur komið fram að nokkru í því, sem hér hefur verið sagt. Þjóðvegir í þéttbýli, í kaupstöðum og kauptúnum, liggja jafnan, vil ég leyfa mér að segja, eða mjög oft í næsta nágrenni fiskvinnslustöðva. Nú er uppi sú krafa, að nágrenni fiskvinnslustöðva verði búið þannig, að þaðan komi ekki rykmökkur sá, sem hv. síðasti þm. var að lýsa. Er gert ráð fyrir því, að malbikun eða olíumöl eða steypa, eftir því sem við á, verði lögð á slíkum stöðum innan næstu örfárra ára. Ég þarf ekki að nefna neina staði. Ég veit, að hv. þm. þekkja fjölmarga staði, þar sem þjóðvegirnir liggja í nágrenni, eins og ég sagði, og rykmökkurinn stendur af þeim, og engar áætlanir hafa verið gerðar um rykbindingu þeirra þrátt fyrir þessa kröfu þessa stærsta útflutningsatvinnuvegar okkar landsmanna. Þarna held ég, að hið opinbera verði að taka til höndum. Á einn máta eða annan verður það að sinna þeirri skyldu sinni að rykbinda þessa vegi, annars stendur það alls ekki í stöðu sinni. Samkv. áætlun um endurbætur á vegum frystihúsanna, á að ljúka þessum framkvæmdum á næstu 4—5 árum. Verja á miklum fjárhæðum, 3—4 eða nálægt 5 þús. millj., þegar öll kurl eru komin til grafar. En mér er ekki kunnugt um, að nein slík áætlun sé til um hlut hins opinbera, þ. e. a. s. rykbindingu þjóðveganna. Þetta mál er því æði víðtækt og ekki aðeins það, sem mætti nefna „prinsip"-mál um skiptingu fjárins, heldur einnig þessi skylda, sem líta verður á nú þegar.

Flm. (Helgi F. Seljan): Herra forseti. Ég vil byrja á því að þakka þeim hv. þm., sem hér hafa tekið til máls og lýst yfir stuðningi við þessa till. okkar hv. 5. þm. Vesturl. Það voru aðeins tvö atriði, sem komu mér til að fara aftur upp í ræðustól. Það voru atriði í máli hv. 11. landsk. þm.

Hann ræddi um það, að við segðum það ekki í þessari till. okkar, hver ætti að gera þá framkvæmdaáætlun, sem að væri vikið, þ. e. a. s. stefnt verði að því að gera 5 ára framkvæmdaáætlun á sviði varanlegrar gatnagerðar. Hann taldi sig ekki geta staðið að samþykkt þess arna, ef Framkvæmdastofnun ríkisins ætti að taka það verkefni að sér, heldur ætti þetta verkefni að vera í höndum sveitarfélaganna, svo sem það hefði verið. Ég get að nokkru tekið undir það, þó að ég lýsi auðvitað yfir fullkomnu trausti mínu á Framkvæmdastofnun ríkisins og öllum hennar góðu og mörgu áætlunum. Ég hygg einnig, að þetta sé líka að því leyti til rétt, að Framkvæmdastofnunin hefur þegar fengið á sig ærið mikið að vinna úr af áætlunum, og m. a. af því sé það ósköp eðlilegt, að sveitarfélögunum verði falið að annast þetta verkefni, en auðvitað með tilheyrandi styrk og þá með þeirri tilheyrandi aðstoð einnig, sem Framkvæmdastofnunin gæti veitt í þessu efni, svo að það er varla, að það verði mikið ágreiningsatriði milli okkar hv. 11. landsk. þm.

Eins minntist hv. þm. á, hvernig þessi lán ættu að koma til sveitarfélaganna, sem við erum þarna að leggja til, að verði útveguð sveitarfélögunum. Ég sé heldur ekkert á móti því og get alveg fallist á það fyrir mína hönd — og ég vænti fyrir hönd okkar flm. beggja, að þessi lán renni í gegnum Lánasjóð sveitarfélaga.

Ég vil svo aðeins undirstrika það, sem ég sagði áðan í minni framsöguræðu, að um öll þessi atriði, sem þarna er að vikið, ef till. verður samþ., þá hlýtur að vera nauðsynlegt og sjálfsagt að hafa fullt samráð við Samband ísl. sveitarfélaga.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Útbreiðsla sjónvarps, þáltill. (þskj. 13). — Ein umr.

Flm. (Steingrímur Hermannsson): Herra forseti. Ég hef leyft mér ásamt öðrum þm. Framsfl. að leggja fram till. til ál. um útbreiðslu sjónvarps. Ég skal ekki hafa langt mál um þessa till., enda fáir hv. þm., sem virðast hafa tíma til að sitja þennan fund. Þeir, sem hér eru, þekkja málið vel og eru áreiðanlega áhugamenn þar um.

Þó vil ég geta þess, að þetta mál er flutt — við getum sagt sem þáttur í byggðastefnu- og byggðamálum. Það er rétt, sem hæstv. fjmrh. gat um í sinni ítarlegu ræðu s. l. þriðjudag, að mikið hefur verið gert í byggðamálum. Mikið fjármagn hefur verið veitt til dreifbýlisins, til uppbyggingar atvinnuvega fyrst og fremst, en einnig á nokkrum öðrum sviðum félags- og menningarmála. En e. t. v. er það vegna þessa átaks, sem þarna hefur verið gert, að mönnum hefur smám saman orðið ljóst, að sambærileg lífskjör í dreifbýlinu við þéttbýlið eru ekki eingöngu fólgin í því að hafa þar næga atvinnu og jafnvel það sem nálgast atvinnuþrælkun sums staðar, það verður að tryggja íbúum aðgang að öðrum þáttum nútímalífskjara. Einn af þessum þáttum er sjónvarpið. Hygg ég, að enginn muni andmæla því.

Um sjónvarpið urðu miklar umr. á síðasta Alþ. Þá voru fluttar fsp., bæði um útbreiðslu sjónvarps almennt og um útbreiðslu sjónvarps í einstökum landshlutum. Þá var einnig lögð fram þáltill. um sama efni. Í þeim umr., sem þá urðu, og í svörum við þessum fsp. komu fram ítarlegar upplýsingar. Þar kom m. a. fram, að 471 býli á landinu hefur nú ekki aðgang að sjónvarpsútsendingu eða a. m. k. svo ófullnægjandi, að ónothæft getur talist. Í þessum umr. kom jafnframt fram, að gert væri ráð fyrir því, að sums staðar á landinu, m. a. á Austfjörðum, var gert ráð fyrir því, að sjónvarp kæmist á allmarga sveitabæi, en staðreyndin hefur hins vegar því miður orðið sú,

að úr þessum framkvæmdum samkv. framkvæmdaáætlun þeirri, sem Landssíminn hefur gert, hefur ekki orðið. Er þar kennt um fjárskorti. Því mun svo vera, þótt nokkur breyting hafi orðið á fjölda þeirra býla, sem ekki hafa sjónvarp, að fjöldinn mun vera mjög nálægt því, sem um getur í grg. með þessari þáltill. og ég nefndi áðan, eða um 470—471 býli. Báðar tölurnar hafa verið nefndar hér á hinu háa Alþ. Staðreyndin er sú, að sum býli, sem talin voru með sem hafandi sjónvarp, teljast það þó varla. Bæði var það svo, að þá var byggt á áætlun, sem aldrei komst til framkvæmda, og sums staðar hafa skilyrði reynst ófullnægjandi, lakari en ráð var fyrir gert. Ég hirði því ekki að fara að tíunda það hér, hvernig þessi tala er nákvæmlega í dag. Í raun og veru held ég, að það skipti ekki höfuðmáli.

Þau býli, sem eftir eru, eru yfirleitt þannig staðsett, að þau eru út við jaðar okkar byggðar. Þau eru oft á stöðum, sem hafa erfiðar samgöngur, oft lokaðar nálægt því frá umheiminum mánuðum saman, a. m. k. með tilliti til samgangna. Það eru m. ö. o. þau býli, sem ég hygg, að við getum verið sammála um, að einna mesta þörf hafi fyrir sjónvarp.

Ég hef fengið þær upplýsingar, að fé því, sem til útbreiðslu sjónvarps hefur verið notað, er öllu ráðstafað og raunar nokkuð fram í tímann. Hér hefur fyrst og fremst verið um innflutningsgjald af sjónvarpstækjum að ræða, en jafnframt hafa endurvarpsstöðvar verið fjármagnaðar með lánsfé, sem endurgreiðast á með þessum innflutningsgjöldum. Samtals mun lánsféð nema um 120 millj. kr., og afborganir og vextir eru á næstu 3—4 árum hærri en toll- og aðflutningstekjur af sjónvarpstækjum. Jafnframt er upplýst, að vart sé unnt að gera ráð fyrir því, að tekjur af innfluttum sjónvarpstækjum hrökkvi til annars, þegar lánin eru greidd á 3—4 árum en að viðhalda tækjabúnaði sjónvarpsins. Í fyrsta lagi er ljóst, að gera má ráð fyrir því, að þær tolltekjur lækki, þegar flestir hafa náð sér í tæki, og í öðru lagi má mönnum vera ljóst, að þessum búnaði verður að halda við og viðhaldskostnaður er í mörgum tilfellum mikill. Niðurstaðan virðist því vera sú, að ekki megi vænta þess, að af þessum tekjum sé unnt að fjármagna frekari útbreiðslu sjónvarps, a. m. k. svo að nokkru nemi.

Auk þess vil ég leyfa mér að halda því fram, að sjónvarp á þau býli, sem ekki hafa fengið það enn, sé jafnvel fyrst og fremst félagslegt mál. Við teljum okkur, Íslendingar, í þeim flokki þjóða, sem vilja byggja landið á félagslegum grundvelli. Við viljum aðstoða þá, sem ekki geta notið þeirra lífskjara, sem við teljum sjálfsögð.

Ég lít því svo á, að með þennan hala, sem þarna er, verði að fara á nokkurn annan veg en gert hefur verið með útbreiðslu sjónvarps hingað til. Í þessari till. er því lagt til, að gerð verði þriggja ára framkvæmdaáætlun um útbreiðslu sjónvarps og að því stefnt, að sjónvarp verði þá komið til allra býla, sem þess geta notið af tæknilegum ástæðum og með viðráðanlegum stofnkostnaði. Í þessari till. er jafnframt bent á það, að unnt er að koma sjónvarpi til einstakra býla, a. m. k. í mörgum tilfellum, á ódýrari máta en með byggingu endurvarpsstöðva. Tækni leyfir, að kaplar með mögnurum staðsettum á ákveðnu millibili séu lagðir alllanga leið, a. m. k. um 2 km, í sjónvarpsloftnet, þannig að viðunandi móttökuskilyrði fáist. Þetta hefur verið gert á nokkrum bæjum, að vísu ekki svo langa vegalengd, en kostnaður við þetta hefur nýlegt verið áætlaður fyrir tvö býli norður á Ströndum, og er upplýst, að efniskostnaður muni verða um 180 þús. kr. Ég hygg því, að ef málið er skoðað í heild sinni, þá megi finna ýmsar leiðir ódýrari en byggingu endurvarpsstöðva fyrir þá bæi, sem erfiðast er að koma sjónvarpi til.

Í grg. með þessari till. er gerð lausleg tilraun til að áætla kostnað samkv. þeim upplýsingum, sem fram komu á síðasta þingi. Hámarkskostnaður samkv. þeim virðist vera 225 millj. kr. En með öðrum leiðum, eins og ég hef nú nefnt, virðist mér, að áætla megi, að hann geti orðið nokkru minni. Reyndar er rétt að geta þess, að í ræðu á síðasta þingi var einnig áætlað, að kostnaður yrði um 150 millj. kr. Þarna ber því nokkuð á milli, en mér sýnist það ekki skipta neinu máli.

Hér er, eins og ég sagði áðan, fyrst og fremst um þjóðfélagslegt mál að ræða, sem þjóðinni ber allri skylda til að leysa. Hér er einnig um mál að ræða, sem þjóðin getur leyst. Það eru ekki stórar upphæðir, sem við erum að tala um hér. Þetta er í raun og veru dropi í það haf opinberra framkvæmda og þjónustu, sem nú eru í okkar samneysluþjóðfélagi. Mér sýnist því, að þjóðin eigi að taka á þessu máli af myndarskap, gera um það þriggja ára áætlun, eins og hér er lagt til, útvega fjármagn til þeirra framkvæmda og láta bændur og aðra vita, hvenær þeir mega eiga von á sjónvarpi. Ég hygg satt að segja, að slíkur framkvæmdamáti geti haft veruleg áhrif á byggð víða í okkar landi. Þetta er, eins og ég hef reynt að leggja áherslu á hér, mannréttindamál.

Herra forseti. Ég sagðist ekki ætla að hafa um þetta mörg orð og læt þessi orð nægja. Vil ég að svo mæltu mælast til þess, að þessari till. verði vísað til hv. allshn. (**Forseti:** Mér hefur verið bent á, að hlíðstæðar till. í fyrra hafi farið til fjvn., þannig að máske væri eðlilegra, að hún færi þangað, ef hv. frsm. vildi íhuga það.)

Þorv. Garðar Kristjánsson: Herra forseti. Till. sú, sem hér er á dagskrá, er sams konar till. og ég ásamt 7 sjálfstæðismönnum höfum flutt hér og er næsta mál á dagskrá. Báðar þessar till. gera ráð fyrir, að ráðstafanir verði gerðar til að koma upp endurvarpsstöðvum fyrir þá sveitabæi, sem nú njóta ónothæfra eða engra sjónvarpsskilyrða, þetta verði gert innan ákveðinna tímamarka og sérstaks fjármagns verði aflað í þessu skyni.

Till. sú, sem ég vitnaði í, að ég væri flm. að ásamt 7 öðrum sjálfstæðismönnum, er endurflutt. Hún var flutt á síðasta þingi. Ég sagði, að þessar till. væru að efni eins. Öll þau rök, sem hv. 1. þm. Vestf. færði fyrir sinni till., get ég tekið undir, enda eru þau algerlega shlj. grg., sem fylgdi till. okkar sjálfstæðismanna á síðasta

þingi og er endurprentuð með till. þeirri, sem hér hefur verið lögð fram. Með tilliti til þessa tel ég ekki rétt að taka frekari þátt í umr. um afrit af till. okkar sjálfstæðismanna, en mun ræða þetta mál í heild, þegar kemur að umr. um frumritið.

Flm. (Steingrímur Hermannsson): Herra forseti. Ég veit, að hv. síðasti ræðumaður hefur mikið álit á þeirri till., sem hann flutti á síðasta þingi, en ég vil fullvissa hann um, að sú till., sem hér liggur fyrir, er ekki afrit af þeirri till., enda mun hann geta sannfært sig um það, ef hann les till. Ég hygg, að það fari þar ekkert á milli mála. T. d. má benda á þá einföldu staðreynd, að við gerum ráð fyrir þriggja ára framkvæmdaáætlun, í till. hv. þm. er rætt um að ljúka framkvæmdum innan tveggja ára. Við teljum þriggja ára framkvæmdatímabil raunhæfara en tveggja ára. Fleiri atriði gæti ég talið upp, sem eru þarna önnur.

Báðar till. stuðla að miklu og mikilvægu framfaramáli, og mér fyrir mitt leyti dettur ekki í hug að gera lítið úr þeirri till., sem hv. þm. lagði fram á síðasta þingi og hann hefur nú lagt fram. Við flm. þáltill. á þskj. 13 höfðum að sjálfsögðu enga vissu fyrir því, að hv. flm. mundi endurflytja till. sína frá síðasta þingi.

Halldór Blöndal: Herra forseti. Ég vil aðeins segja það í sambandi við ummæli hv. 1. þm. Vestf., að ég hygg, að við, sem stöndum að þáltill. með hv. 5. þm. Vestf., unum því vel, að eini munurinn á þessum tveim till. skuli vera sá, að við erum því meiri framkvæmdamenn heldur en þeir hinir, að við viljum gera það á tveimur árum, sem hinir vilja gera á þrem. En annars vil ég taka undir það með hv. síðasta ræðumanni, að þessi munur, 2—3 ár, þó að það sé ekki nema einn tölustafur, sem þarna er á milli, þá er þetta geysilegur efnismunur, og ég fellst þess vegna vel á það, að þetta sé ekki afrit eða endurrit af hinni till., heldur stæling og það léleg stæling.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Sjónvarp á sveitabæi, þáltill. (þskj. 19). — Ein umr.

Flm. (Þorv. Garðar Kristjánsson): Herra forseti. Till. sú, sem hér er til umr., er endurflutt. Hún var flutt á síðasta þingi, eins og ég gat um rétt áðan. Ég flutti allítarlega ræðu fyrir þessari till. á síðasta þingi, og það sparar mér nú að flytja jafnítarlega ræðu um efni till. Það virðist líka ekki í sjálfu sér vera deiluatriði hér, að rétt sé að gera það, sem till. gerir ráð fyrir. Ég mun því að þessu leyti stytta mál mitt, en hins vegar mun ég víkja nokkuð í sambandi við rök mín fyrir till. þeirri, sem hér er til umr., að till. þeirri, sem hv. 1. þm. Vestf. o. fl. hafa flutt og var á dagskrá hér á undan.

Till. okkar sjálfstæðismanna er byggð á áætlun, sem lá fyrir í febr. 1972. Það er áætlun póst- og símamálastjórnarinnar, sem hefur með höndum að reisa endurvarpsstöðvar fyrir sjónvarp á vegum Ríkisútvarpsins. Það er till. þeirra um það, hvernig verk þetta verði framkvæmt, byggt á því, hvernig ástandið var þá í þessum málum. Þessi áætlun var send útvarpsstjóra með bréfi, dags. 10. febr. 1972. Það fer ekki á milli mála, hvernig ástandið var þá. Fyrir þessu er gerð ítarleg grein í grg. þeirri, sem fylgdi till. okkar á síðasta þingi og er endurprentuð með till. þessari, sem nú liggur fyrir. Þar kemur ljóslega fram, að hér er um ítarlega og nákvæma áætlun að ræða. Það er enginn vafi á því, hvert umfang þessa verkefnis er, né heldur, hvað kunnáttumenn telja, að þurfi að gera til þess að leysa það. Þetta lá fyrir í febr. 1972, og það var ekki óeðlilegt, vegna þess að það hafa margir þá þegar haft áhuga á að hrinda þessu máli í framkvæmd og ekki síst Ríkisútvarpið sjálft. Þessi áætlun er líka gerð á vegum Ríkisútvarpsins, þó að hún sé framkvæmd af Landssíma Íslands.

Samkv. þessari áætlun voru það 472 sveitabæir, sem höfðu ekki sjónvarpsskilyrði eða ónothæf sjónvarpsskilyrði. Það lá ljóst fyrir þá þegar, og var gerð skrá yfir alla sveitabæi, sem hér var um að ræða, alla á landinu. Og í þessari áætlun var búið að leggja niður fyrir sér, hvað þyrfti margar endurvarpsstöðvar til þess að koma þessum sveitabæjum í sjónvarpssamband. Það voru 150 endurvarpsstöðvar. Áætlunin var nákvæmlega útfærð. Það lá fyrir, hvað hver sendistöð gæti leyst vanda margra sveitabæja. Þetta lá fyrir um alla land. Ef við tökum t. d. Vestfirðina, þá var gert ráð fyrir, að 17 sendistöðvar gætu ekki leyst vanda nema eins sveitabæjar hver, 11 leyst vanda tveggja sveitabæja hver, 4 þriggja, 3 fimm, 2 sex, 1 sjö, 2 sendistöðvar átta bæja og 2 níu. Þetta voru Vestfirðir. Alveg hliðstæðar upplýsingar eru um það, hvað þurfti í öðrum kjördæmum landsins. Töflur yfir þetta voru á síðasta þingi prentaðar með grg., er fylgdi málinu þá, og þær eru endurprentaðar með grg., sem fylgir málinu núna. Þetta hefur ekki verið vefengt. Ég sé raunar ekki, hvernig á að vefengja það, þetta liggur alveg ljóst fyrir. Þetta er staðreynd. Vegna þessa gerði till., sem ég og meðflm. mínir fluttu á síðasta þingi, ekki ráð fyrir neinni áætlanagerð, og við gerum ekki heldur ráð fyrir henni nú. Slíkt er einungis til þess að tefja málið að óþörfu. Þetta er ekki svo flókið mál, að það sé ekki hægt að byggja á þeim áætlunum, sem helstu kunnáttumenn í þessum efnum hafa gert og skilað formlega til útvarpsstjóra um þetta mál. Hvað eru menn að tala um áætlanir?

Það er rétt, að frá frumtill. felst frávik í till. hv. 1. þm. Vestf. og þeirra félaga. Það er rétt. Ég var ekki að nefna það hér áðan, þegar ég sagði nokkur orð í umr. um það mál. Það var kannske ekki ástæða til þess að vekja athygli á þessu af tillitssemi við hv. 1. þm. Vestf. En hann stóð hér upp í pontuna á eftir og gerði það sjálfur, svo að það verður ekki um það að sakast, þó að ég geri það.

Í áætlun póst- og símamálastjórnarinnar var líka athugun á því, hvað verkið mundi kosta. Það var gert ráð fyrir í febr. 1972, að það mundi vera nálægt 1 millj. á sendistöð að meðal-

tali eða um 150 millj. alls. En um þessa tölu voru gerðir fyrirvarar af hálfu Landssímans, og fyrirvarar voru líka gerðir í till. okkar á síðasta þingi og í till. þeirri, sem hér liggur fyrir. Það er bent á, að síðan þessi áætlun hafi verið gerð, hafi komið til gengislækkanir o. fl., sem raska þessu. Það er þess vegna ekki rétt, sem hv. 1. þm. Vestf. var að gera eitthvert atriði úr, að það væri einhver ágreiningur um, hvort þetta verk kostaði 150 millj. eða 225. Það er enginn ágreiningur um það. Það er líklegast, að kostnaðurinn sé eitthvað þarna á milli, og líklega verður hann meiri, áður en lýkur, sérstaklega ef verkið verður tafið.

Ég sagði, að ég gæti sparað mér að endurtaka hér þá röksemdafærslu, sem ég flutti fram fyrir nauðsyn þessa máls á síðasta þingi. Meginkjarninn er sá, að Ríkisútvarpið getur ekki framkvæmt þetta verk, eins og fjárhag þess er komið og tekjumöguleikum. Sá tekjustofn, sem samkv. lögum á að fara til þessa verkefnis, þ. e. a. s. tolltekjur af innfluttum sjónvarpstækjum, er smámunir og segir ekkert í þessu efni. Auk þess er það svo, að Ríkisútvarpsins bíða fjölmörg önnur viðfangsefni, sem mætti segja, að væri eðlilegra, að það stæði undir með sínum almennu tekjustofnum, ef búið er sómasamlega að Ríkisútvarpinu í þeim efnum, sem ekki er nú. En þar á ég við brýnt verkefni, sem er framundan og er aðkallandi, þ. e. að koma upp svokölluðu örbylgjukerfi í stað endurvarpskerfisins, sem sjónvarpið byggir nú á. Auk þess er rétt í þessum sambandi að benda á hið þýðingarmikla verkefni, sem enn er óleyst, þ. e. að bæta sjónvarpsskilyrði umhverfis landið á fiskimiðunum. Það er því bæði, að Ríkisútvarpið hefur engin tök nú á því að láta framkvæma það verk, sem þáltill. þessi fer fram á, og þó að eitthvað rættist úr fjármálum Ríkisútvarpsins frá því, sem nú er, þá eru næg aðkallandi og mikilvæg önnur verkefni. Ég geri ráð fyrir því, að við hv. 1. þm. Vestf. séum sammála um þetta, og liggur í augum uppi, að hann hefði ekki tekið upp þessa till., nema svo væri. Ég sagði, að ég vildi frekar ræða frumrit till. heldur en afrit. Að sjálfsögðu var þetta nokkuð fært í stílinn, en það, sem ég sagði, var, að höfuðefni beggja till. er hið sama.

Ég mun þá með nokkrum orðum koma að því, sem hv. 1. þm. Vestf. hefur talið heppilegra að víkja frá till. okkar sjálfstæðismanna, til þess að ekki mætti bókstaflega segja, að um hreint afrit væri að ræða. Ég held, að ég hafi leitað svo vel, að mér sé óhætt að segja, að það séu ekki nema þrjú atriði. Og hver eru þessi atriði?

Það er í fyrsta lagi, að það er talað um áætlun. Ég er þegar búinn að tala um áætlun í till. hv. 1. þm. Vestf. og þeirra félaga. Ég er þegar búinn að gera grein fyrir því, að þessi áætlun liggur fyrir, svo að mér finnst hv. 1. þm. Vestf. hafa verið nokkuð mislagðar hendur, úr því að hann vildi laga þetta eitthvað til fyrir sér. Og það er líka greinilegt, að hann hefur vitað betur sjálfur, því að þótt hann segi þetta í sjálfri þáltill., þá förlast honum ekki sýn, þegar út í grg. kemur. T. d. er ein setning í grg. á þessa leið, með leyfi hæstv. forseta: „Ekki hefur verið unnið að framkvæmdum samkv. framkvæmdaáætlun þeirri, sem Landssímanu hafði gert.“ Ég get nefnt fleiri atriði í grg. Þetta liggur alveg ljóst fyrir. Áætlun þessi hefur verið gerð, og hv. 1. þm. Vestf. kemst ekki sjálfur fram hjá þessu í sinni eigin grg.

Þá er gert ráð fyrir í þeirri till., sem hér liggur fyrir, að framkvæmdin verði gerð á tveim árum, en í hinni till. er gert ráð fyrir þriggja ára áætlun. Hér sýnist mér, að hv. 1. þm. Vestf. verði á aðalskyssan, þegar hann vill með þessum hætti koma í veg fyrir það, að við getum sagt í bókstaflegri merkingu, að hans till. sé afrit. Það er vegna þess, að þetta felur í sér drátt á þessu þýðingarmikla máli, sem hv. 1. þm. Vestf. hafði ekki nógu sterk orð um, hve væri mikið þarfamál og mikið réttlætismál. Ég bið menn að taka eftir, að hv. 1. þm. Vestf. ásamt fleirum ber raunverulega ábyrgð á því, að stjórnarliðið á Alþ. svæfði till. okkar sjálfstæðismanna í fyrra. Ef hann hefði séð réttlætið þá og þörfina, þá læt ég ósagt um það, hvort við hefðum ekki fengið till. samþ. í fyrra, og það hefði þá þýtt, að þessu verki væri lokið á árinu 1974, sama árinu og hann leggur nú til, að það verði hafið. Geta menn nú tekið alvarlega svona hluti? Væri ekki rétt af hv. 1. þm. Vestf. að gera þá bragarbót að fylgja hreinlega þeirri till., sem hér liggur fyrir. Ef hann gerði það, þá mundi það þýða, að framkvæmd þessa verks væri flýtt um eitt ár. Ég spyr: Hvers vegna ekki?

Ég sagði, að mér virtust það vera þrjú atriði, sem hv. 1. þm. Vestf. hefði sett inn í sína till. aðeins til þess að víkja frá upprunalegu till. Það síðasta, sem ég ætla að víkja að, er, að hann skýtur inn í sína till. orðunum: „með viðráðanlegum stofnkostnaði“. Hann gefur í skyn, að það eigi að draga úr þessu verki, að því er virðist. Ef þetta hefur einhverja meiningu aðra en aðeins bara að sýna fram á, að það sé ekki alveg sama orðalag og í till. þeirri, sem hér liggur fyrir. Hann er þá með einhvern undanslátt í þessu máli og ætlar að velja úr einhverja bæi á Vestfjörðum eða annars staðar, sem eiga ekki að hljóta þessi réttindi, sem hann réttilega kallar svo, að fá aðstöðu til þess að horfa á sjónvarp. En hv. 1. þm. Vestf. virðist ekki alls varnað í þessu efni, því að hann hefur fengið einhverja bakþanka um þetta. Í grg. eru einhverjar óskiljanlegar hugleiðingar um, að það eigi að leggja einhverja kapla frá sveitabæjum að fjarlægum loftnetum, eins og hann segir. Svo er hann að tala um, að heimamennirnir geti sjálfir grafið fyrir þessum köplum. Ég verð nú að segja, að það er ansi hart að verða að taka við slíku frá hv. þm. og það meira að segja hv. þm. Vestf. Slíkar hugleiðingar fela í sér, að gera eigi ráð fyrir því, að það eigi að gera eitthvað minna fyrir fólkið í dreifbýli í þessu efni heldur en fólk almennt og það eigi að setja bændur í skurðgröft til þess að koma niður einhverjum köplum. Ég held, að þetta atriði stoði hv. 1. þm. Vestf. lítið til þess að færa sönnur á það, að hann sé að meina eitthvað annað með sinni

till. heldur en þeirri, sem við sjálfstæðismenn höfum borið fram og hér liggur fyrir.

Það er annars spaugilegt, að þegar hv. 1. þm. Vestf. útbýr sína till. og hefur till. okkar sjálfstæðismanna fyrir sér og fylgir henni og meira að segja í grg., þá þurfi hann, aðeins til þess að hafa það ekki nákvæmlega orðrétt, að tala um, að það sé 471 býli, sem hafi ekki sjónvarpsskilyrði, en í skýrslu Landssímans stendur 472, og það er sú skýrsla, sem er birt sem fskj. með till. okkar sjálfstæðismanna. Er þetta nokkur munur? Breytir þetta nokkru um það, sem ég var að segja áðan, að hér væri um afrit að ræða af frumtill? Það er spaugilegt að koma með slíka hluti sem þessa. Og þó að hv. þm. forðist að tala um „sveitabæi" í sinni till., af því að það er talað um sveitabæi í till. okkar sjálfstæðismanna, og tali þess vegna bara um „býli", halda menn, að það séu einhver rök fyrir því, að hér sé um eitthvert annað mál að ræða? Nei, ég held, að það sé ekki.

Hv. 1. þm. Vestf. með sinni síðari ræðu í umr. um síðasta dagskrármál gaf mér tilefni þess að fara nokkrum orðum um þetta, og ég hef gert það og ætla ekki að eyða fleiri orðum að þessu atriði.

Ég vil svo að lokum leggja áherslu á það, hve þýðingarmikið mál þetta er. Og við megum ekki, þó að till. séu tvær, láta það verða til þess að tefja fyrir þessu máli. Ég vil treysta því, að það sé meiri hl. í Alþ. til þess að hrinda þessu máli í framkvæmd, þegar menn séu að tala um þörfina í þessu efni og réttlæti í þessu efni, þá meini þeir það og standi að því, að raunverulegar framkvæmdir verði gerðar í málinu. En ég verð að segja, að það eru mér mikil vonbrigði, ef Alþ. fellst ekki á till. þá, sem ég er hér að mæla fyrir, vegna þess að hún gerir ráð fyrir, að verkið sé framkvæmt á tveimur árum. Mér eru það mikil vonbrigði, ef Alþ. fellst ekki á þetta, en fari að hlaupa eftir till. hv. 1. þm. Vestf. o. fl. að framlengja þetta þannig, að það verði 3 ár, þegar svo virðist samkv. allri röksemdafærslu hv. 1. þm. Vestf., að þetta frávik sé einungis sett til þess að geta sagt, að till. hans sé ekki bókstaflega afrit af till. þeirri, sem hér er mælt fyrir.

Steingrímur Hermannsson: Herra forseti. Ég skal lofa því, að ég skal vera stuttorður og ekki lengja mál mitt, eins og hv. síðasti ræðumaður hefur tamið sér.

Hv. þm. reyndi að gera nokkurn samanburð á þessum tveimur till., en hann gleymdi einu mikilvægasta atriðinu, og það er, að till. okkar, sem við flytjum hér 8 framsóknarmenn, er raunhæf, en till hv. þm. er óraunhæf og fyrst og fremst yfirboð. Ég ætla að líta á nokkra þætti, sem hann nefndi jafnframt, máli mínu til stuðnings og til rökstuðnings því, sem ég held, að allir muni sjá, að svo er sem ég hef nú sagt.

Hv. þm. talaði mikið um, að það þyrfti ekki að gera áætlun. En það er eftirtektarvert, að í þeirri grg., sem fylgir þessari till., er yfirleitt og raunar alltaf talað um athugun Landssímans. Í ræðu hv. þm. frá því í fyrra er talað um skýrslu og yfirlit Landssímans. Aðeins á einum stað í grg. er minnst á áætlun, og þar segir svo: „Þó að hér sé um grófa áætlun að ræða." En ég tók ekki betur eftir en í orðum hv. þm. væri nú talað um ítarlega framkvæmdaáætlun.

Það er rétt, að ég minnist á framkvæmdaáætlun, en sú framkvæmdaáætlun var til eins árs aðeins yfir það, sem Landssíminn áleit, að ætti að gera á næstunni. Og ég get upplýst hv. þm. um það, að ég hef rætt um þessa svokölluðu áætlun við starfsmenn Landssímans, sem ekki kalla þetta áætlun, þetta heildaryfirlit, sem nær til 471 býlis. Þeir tala um yfirlit. Og ég vona, að hv. þm. sé ljóst, að sums staðar í okkar eigin kjördæmi er svo ástatt, að ekki er búið að mæla þannig, að unnt sé að staðsetja endurvarpsstöðvar. Ég treysti því, að hann þekki svo vel til mála þar a. m. k. Þessi er ein aðalástæðan fyrir því, að við leggjum áherslu á, að gerð sé áætlun til þriggja ára, sem nái til þeirra býla, sem unnt er að koma sjónvarpi til með viðunandi kostnaði.

Ég skammast mín heldur alls ekki fyrir það að tala um viðunandi kostnað. Á 12 ára tímabili viðreisnarstjórnarinnar tókst ekki að koma rafmagni til 233 býla á Vestfjörðum. Varla var komið rafmagni til nokkurs býlis. Það er ekki fyrr en hæstv. ríkisstj., sem nú situr, kom til valda, að gerð var ítarleg og viðunandi áætlun um rafvæðingu sveitabýla hér á landi í framhaldi af því, sem áður hafði verið gert. Og ég held, að við verðum að horfast í augu við þær staðreyndir, að til eru býli, sem eru þannig staðsett, að ekki er unnt að koma til þeirra sjónvarpi nema með mörgum endurvarpsstöðvum, og ég skammast mín ekkert fyrir að standa frammi fyrir þeim mönnum, sem þannig er ástatt fyrir, og ræða þau mál við þá og gera þeim grein fyrir þessu. Menn þessir skilja, að fyrst og fremst er um yfirboð eitt að ræða, þegar fullyrt er, að unnt sé að koma sjónvarpi til hvers og eins sveitabýlis.

Hv. þm. gerir lítið úr því, sem ég benti honum á og bent er á í grg., að sums staðar megi leysa þetta með ódýrari máta en með endurvarpsstöð, með svokölluðum köplum. Hann hefur aldrei verið sérstaklega vel að sér í tæknihlutum, það veit ég, en ég hefði haldið, að honum væri kunnugt um, að m. a. er verið að berjast í því núna að leysa vandamál býla á Vestfjörðum á þennan máta. Ég vona, að hann viti t. d., að það liggur núna fyrir áætlun frá Landssímanum um þessa lausn fyrir Munaðanes á Ströndum, einn þann bæ, sem afskekktastur er í því kjördæmi e. t. v. og ekki er unnt með viðunandi hætti að koma sjónvarpi til með endurvarpsstöðvum. Ég veit ekki, hvort hv. þm. veit, að menn þar hafa lagt á það ríka áherslu, að ef þeim yrði lagt til efni, þá skyldu þeir leggja það í jörðu. Þeir skammast sín ekkert fyrir það. Og ég veit ekki, hvort hv. þm. er kunnugt um, að svo hefur verið gert víðar á þessu landi. Landssíminn hefur lagt til efnið, og bændur hafa sjálfir gengið frá því. Þeir vilja leggja þetta á sig. Ef þetta getur

orðið til þess að flýta úthreiðslu sjónvarps, sé ég satt að segja ekkert athugavert við slíkt, þó að því verði vitanlega fagnað, ef unnt er að gera þetta á annan máta.

Ég vil taka fram, að ég tel það einn meginmun á þessum tveimur till., að í till. okkar er gert ráð fyrir þremur árum í stað tveggja. Ég held, að hver meðalgreindur maður sjái, að 150 endurvarpsstöðvar verða ekki reistar á *tveimur árum, tveimur sumrum*. Um þetta getur hv. þm. rætt við tæknimenn Landssímans. Þeir hafa ekkert bolmagn til þess, alveg útilokað mál. Því verð ég að segja, að satt að segja er mjög vel á málum haldið, ef unnt er að gera það á þremur árum.

Niðurstaðan verður því sú, að till. hv. þm. og hans kollega er yfirboð, till., sem þeim hefði sjálfsagt aldrei dottið í hug að flytja, ef þeir hefðu verið í stjórnaraðstöðu. Það sýnir m. a. framkvæmdavilji þeirra í raforkumálum, sem ég hef rakið hér áðan. Það er því ákaflega mikill munur á þessum tveimur till. Till. okkar er raunhæf, en þeirra till. er óraunhæf.

Flm. (Þorv. Garðar Kristjánsson): Herra forseti. Það má kannske segja, að ég hafi ekki mikla ástæðu til þess að svara hv. síðasta ræðumanni, vegna þess að það voru ekki sterk rök, sem hann kom með. En mér þykir samt hlýða að sýna honum þá virðingu að segja nokkur orð í tilefni af því, sem hann sagði.

Hann fullyrti það og sagði, að það væri aðalatriði þessa máls, að hans till. væri raunhæf, en till. okkar sjálfstæðismanna óraunhæf og hún væri yfirboð. Till., sem gerð var á undan, er orðin *yfirboð á till., sem gerð var á eftir*. (StH: Hún var eftir á þessu ári.) Hún var eftir á þessu ári, segir hv. þm. En *breytir það nokkru um* það, að till. var til meðferðar á þinginu síðasta? Getur nokkur byggt á slíku sem haldgóðum rökum? Nei, við verðum að ræða þetta mál á annan veg en þennan. Og hann sagði, að það væri ekki alls staðar í grg. með till. þeirri, sem hér er til umr., okkar sjálfstæðismanna, talað um áætlun Landssímans, þó væri það sums staðar. En hann sagði, að þá hefði verið talað um grófa áætlun. En af hverju var talað um grófa áætlun? Hann sleit úr sambandi það, sem verið er að tala um, að kostnaðaráætlunin hljóti að vera gróf, vegna þess að kostnaðurinn er kominn undir svo mörgum óvissum atriðum, sem eiga sér stað, frá því að áætlunin er gerð og þar til verkið er framkvæmt. Það er meira að segja í þessu sambandi talað um gengislækkanir tvær, sem þá höfðu orðið, frá því að áætlunin var gerð og þar til þetta er fært í letur, sem hv. þm. hélt, að hann gæti stutt sig við í þessum orðum, sem hann var að reyna að færa fram máli sínu til stuðnings. Og hv. þm. dregur starfsmenn Landssímans inn í þessar umr. og segir, að þeir hafi sagt, að engin áætlun væri til. Ég vil ekki segja, að þetta séu ósannindi hjá hv. 1. þm. Vestf., vísvitandi. En þetta er ekki rétt. Það geta fleiri talað við starfsmenn Landssímans heldur en hv. 1. þm. Vestf., meira að segja 5. þm. Vestf. getur talað líka við þessa menn. Og dettur hv. 1. þm. í hug, að áður en við sjálfstæðismenn lögðum fram till. okkar á síðasta þingi, höfum við ekki athugað þetta mál gaumgæfilega og ekki rætt við Landssímann? Hver trúir svona fullyrðingum?

Það er alveg rétt, að þó að það liggi fyrir áætlun, sem gerð er 1972, þá þarf í meðferð verksins að taka þá áætlun til meðferðar á hverju ári. Það liggur í hlutarins eðli. En það er skjalfest hér í bréfi frá póst- og símamálastjórninni til útvarpsstjóra, að 1. hluti af þessari framkvæmdaáætlun, þ. e. a. s. það, sem þeir gerðu ráð fyrir, að eðlilegt væri að gera á árinu 1972, liggur fyrir í febr. 1972. (StH: Vill ekki hv. þm. lesa bréfið?) Ég get lesið þessa setningu, ég fer ekki að lesa allt bréfið, nema hv. þm. ítreki þá ósk, þá get ég lesið það, því að það er mjög til stuðnings við minn . . . (StH: Ég ítreka.) Ja, ég skal gera það, með leyfi hæstv. forseta:

„S. l. vetur sendum vér yður lista yfir þá sveitabæi á Íslandi, sem búist var við, að mundu njóta slæmra eða ónothæfra sjónvarpsskilyrða, þegar áætluðum framkvæmdum ársins 1971 væri lokið. Ýmsar athuganir og mælingar voru gerðar á þessum málum s. l. sumar, og sendum vér yður nú endurskoðaðan lista. Á þessum lista eru nú 472 sveitabæir. Eins og áður hefur þeim nú verið raðað saman til þess að sýna, hverjir þeirra gætu hugsanlega verið saman um endurvarpsstöð. Út frá þessari röð má síðan gera sér nokkra grein fyrir þeim fjölda endurvarpsstöðva, sem þarf, eftir því sem lengra er gengið á sjónvarpsvæðingu landsins.

Tafla 1 sýnir niðurstöður þessarar athugunar, en samkv. henni mun þurfa um 150 stöðvar til viðbótar til að ná 100% þjónustu. Að líkindum yrði þessi tala nokkru hærri í raun, þar eð sumar endurvarpsstöðvarnar mundi verða að staðsetja þar, sem sjónvarpsmerki eru ekki fyrir hendi, og þyrfti því tengistöð til viðbótar. Á framkvæmdaáætlun fyrir árið 1972, sem yður hefur áður verið send, var gert ráð fyrir byggingu endurvarpsstöðva, sem þjónaði allt niður í 50 manns eða um 8 sveitabæi hver."

Hér fylgja svo margar töflur og skýrslur, sem ég ætla ekki og kemur ekki til hugar að fara að lesa hér upp. En ég vil aðeins benda á það, að þegar á þessum tíma lá fyrir áætlun um það, sem ætti að gera 1972. En þá var gert ráð fyrir, að það yrði lokið vissum framkvæmdum á árinu 1971. Þeim framkvæmdum hefur ekki enn verið lokið sumum, og þar á ég við sveitabæi á Tjörnesi og í Breiðdalsvík. Þessu átti að vera lokið fyrir árslok 1971. Af þessu sést, hve hörmulega er komið þessum málum, að þessu er ekki enn þá lokið í dag.

Sannleikurinn er sá, að það hefur ekki staðið upp á neina áætlunargerð í þessum efnum. Það hefur staðið á fjármagni. Og það hefði verið hægt að vinna sleitulaust að þessum málum á árinu 1972 og 1973, ef fjármagn hefði verið fyrir höndum. Með sama hætti hefði verið hægt að vinna samkv. till. okkar, sem við lögðum fram á síðasta þingi, á árunum 1973 og 1974 og ljúka þessu á tveim árum. Það er ekkert, sem fram hefur komið í þessum málum, sem segir, að það

sé óraunhæft að gera ráð fyrir því, að loksins sé hægt að ljúka þessum framkvæmdum á næstu tveim árum, eins og till. sú, sem hér er til umr., gerir ráð fyrir.

Ég held, að hv. 1. þm. Vestf. geri sér grein fyrir, hve höllum fæti hann stendur í þessu efni. Þess vegna bregður hann sér á létt skeið og fer að tala um 12 ára viðreisnartímabil og rafmagnsmálin í því sambandi. Nei, það eru ekki rök í þessu máli. Það eru heldur engin rök í þessu máli, að ég sé ekki vel að mér í tæknimálum. Auðvitað undanskilur hann, að hann sé vel að sér í tæknimálum. En er það nokkuð hér til umr.? Er ég að byggja á mínum athugunum og mínum áætlunum? Ég byggi minn málflutning á því, sem unnið hefur verið af tæknimönnum Landssímans í þessu efni. Ég ætla mér ekki meira hlutskipti. En ég vil leyfa mér að halda fram, að það sé engin fjarstæða að byggja á þessu og segja hv. 1. þm. Vestf. frá þessu, þó að hann telji sig mikinn tæknimann.

Svo er hv. þm. að nefna einn bæ á Vestfjörðum, Munaðarnes á Ströndum, og þá heldur hann að það sé eitthvert haldreipi í þessu máli, að hann segist hafa haft samband við bændur í Munaðarnesi. Ja, ég var í Munaðarnesi sjálfur, það geta fleiri en hv. 1. þm. Vestf. komið í Munaðarnes. Ég hafði þar næturgistingu nú fyrir 4 vikum, og ég taldi mig alveg eins geta rætt um þetta mál við þessa ágætu menn eins og hv. 1. þm. Vestf. Nei, það stoðar ekki að koma með svona atriði og tefla slíku tali sem þessu fram sem nokkrum rökum í þessu máli. Ef við ætlum að rökræða um þetta mál, þá ættum við að gera það á öðrum grundvelli en þessum.

En það, að hv. 1. þm. Vestf. hefur kosið að leiða umr. inn á þessa braut, sýnir, að hann hefur ekki áhuga á miklum rökræðum um málið. Ég lái honum það ekki. En ég vænti þá þess, að hann láti sér það að kenningu verða og gerist nú eindreginn stuðningsmaður og fylgjandi þeirrar till., sem hér liggur fyrir.

Steingrímur Hermannsson: Herra forseti. Ég vil aðeins gera eina stutta aths. — Ég kann því ákaflega illa, þegar mér eru lögð í munn orð, sem ég hef ekki viðhaft, og það gerði síðasti hv. ræðumaður því miður í mörgum tilfellum. Ég sagði aldrei, að sérfræðingar Landssímans hefðu sagt, að engin áætlun lægi fyrir. Ég sagði, að þeir hefðu sagt, að umrædd skýrsla væri ekki áætlun. Ég kenndi satt að segja í brjósti um hv. þm., þegar hann las upp bréfið áðan. Þar er þetta ekki einu sinni kölluð skýrsla, ekki einu sinni yfirlit, það er bara kallaður listi yfir 472 sveitabæi. Ég vil lofa hv. þm. því, að hann getur fengið að sjá mína ræðu, þegar hún kemur fram og áður en nokkuð er við henni hróflað og sannfærst um, að ég viðhafði engin slík orð.

Ég kann því einnig illa, að mér sé legið á hálsi fyrir það að leiða þessar umr. Í langri ræðu hv. þm. áðan voru öll þau atriði, sem ég minntist á, og ég vona, að hann telji mér frjálst að bera hendur fyrir höfuð mér.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Efnisskrá.

Afnám vínveitinga á vegum ríkisins 177.
Bygging skips til Vestmannaeyjaferða 86.
Bætur til bænda vegna vegagerðar 166.
Endurskoðun skattalaga 165.
Fjárlög 1974 86.
Happdrættislán ríkissjóðs vegna Norðurlandsvegar 161.
Heykögglaverksmiðjur ríkisins 151.
Innflutningur júgóslavneskra verkamanna 168.
Kennsla í haffræði við Háskóla Íslands 177.
Kosning fulltrúa í Norðurlandaráð 81.
Landhelgismál 169.
Laxveiðileyfi 163.
Rannsókn á brúarstæðum yfir Dýrafjörð og Önundarfjörð 173.
Seðlabanki Íslands 81.
Sjónvarp á sveitabæi 86, 191.
Skipti á dánarbúum og félagsbúum 149.
Störf Alþingis 85.
Umræður utan dagskrár 77.
Upplýsingaskylda stjórnvalda 156.
Útbreiðsla sjónvarps 86, 188.
Útfærsla fiskveiðilandhelgi í 200 sjómílur 86.
Varamaður tekur þingsæti 77.
Varanleg gatnagerð í þéttbýli 177.
Vegagerð í Mánárskriðum 176.
Vinna framhaldsskólanemenda við framleiðslustörf 86.

Mælendaskrá.

Forseti Sþ. Eysteinn Jónsson 77, 84.
Forsrh. Ólafur Jóhannesson 78, 83, 149, 156.
Félmrh. Björn Jónsson 167, 168, 173, 176.
Fjmrh. Halldór E. Sigurðsson 86, 151, 154, 164, 165, 166.
Utanrrh. Einar Ágústsson 170, 172.
Benedikt Gröndal 155, 164, 172.
Bjarni Guðnason 81, 84, 85, 164, 165, 166, 168, 169.
Björn Pálsson 165.
Eyjólfur K. Jónsson 161, 176, 177.
Geir Hallgrímsson 172.
Halldór Blöndal 191.
Helgi F. Seljan 177, 187.
Ingólfur Jónsson 152.
Jón Árnason 131.
Jón Árm. Héðinsson 142, 169, 171.
Jónas Árnason 163, 166, 168, 185.
Karvel Pálmason 77, 80.
Lárus Jónsson 162.
Matthías Bjarnason 78, 80.
Ólafur G. Einarsson 183.
Pétur Sigurðsson 164.
Steingrímur Hermannsson 175, 186, 188, 191, 195, 200.
Þorv. Garðar Kristjánsson 173, 174, 191, 197.

Efri deild, 5. fundur.

Mánudaginn 29. okt., kl. 2 miðdegis.

Verkfræðingar, frv. (þskj. 16). — 1. umr.

Heilbr.- og trmrh. (Magnús Kjartansson): Herra forseti. Ég mæli hér fyrir frv. til l. um breyt. á l. nr. 73 frá 9. okt. 1968, um rétt manna til að kalla sig verkfræðinga, húsameistara, tæknifræðinga eða byggingafræðinga. Frv. þetta er flutt samkv. tilmælum Félags ísl. teiknara annars vegar og Félags húsgagnaarkitekta hins vegar, en báðir þessir starfshópar hafa talið nauðsyn á því, að starfsheiti þeirra yrðu lögvernduð og réttur til að bera þau bundinn tilteknum skilyrðum.

Frv. sjálft er afar einfalt. Það er lagt til í 1. gr., að heiti laganna breytist og þau nefnist hér eftir: Lög um rétt manna til starfsheitis, þannig að ekki sé verið að telja þarna upp öll *þau starfsheiti, sem um er að ræða.* Það gæti orðið býsna löng þula, áður en lýkur.

Í öðru lagi er lagt til, að í l. bætist fjórar nýjar gr., 10.—13. gr. 10. og 11. gr. fjalla um auglýsingateiknara, og segir í 10. gr., að rétt til þess að kalla sig auglýsingateiknara hafi þeir einir hér á landi, sem hafi til þess leyfi ráðh., en í 11. gr. er síðan skilgreint, hvað til þess þurfi að geta óskað eftir því að fá slíkt starfsheiti. Í 12. gr. er svo fjallað um húsgagna- og innanhússhönnuði, en hliðstætt nafn í Skandinavíu er möbel- og interiör arkitekt, og rétt til að kalla sig þessu nafni hafi þeir einir, sem *hafi fengið* til þess leyfi ráðh. Í 13. gr. er svo um það fjallað, hvaða menntun menn verði að hafa til þess að geta fengið þetta starfsheiti.

Að öðru leyti, held ég, að þetta frv. skýri sig sjálft, og sé ekki ástæðu til þess að orðlengja um það.

Ég legg til, herra forseti, að því verði að lokinni 1. umr. vísað til 2. umr. og hv. iðnn.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 12 shlj. atkv. og til iðnn. með 14 shlj. atkv.

Tilkynningar aðsetursskipta, frv. (þskj. 35). — 1. umr.

Menntmrh. (Magnús T. Ólafsson): Herra forseti. Frv. það um breyt. á l. nr. 73 25. nóv. 1952, um tilkynningar aðsetursskipta, sem hér er lagt fyrir hv. d., er flutt vegna fyrirsjáanlegra vandkvæða að öllu óbreyttu við skráningu Vestmanneyinga við gerð íbúaskrár á þessu ári miðað við 1. des. n.k. Þetta meginefni frv. felst í 3. gr., þar sem lagt er til, að aftan við 18. gr. l. komi bráðabirgðaákvæði. Bráðabirgðaákvæðið felur það einkum í sér, að þannig er óvírætt gengið frá málum með lögfestingu þess, að allir, sem samkv. gögnum þjóðskrár áttu lögheimili í Vestmannaeyjum hinn 22. jan. 1973, þegar jarðeldurinn braust út, og ekki hafa með sérstökum hætti tilkynnt brottflutning sinn með búsetuskiptum frá Vestmannaeyjum, skuli skráðir með lögheimili í Vestmannaeyjum 1. des. n. k. Heimildir um aðsetursskipti Vestmanneyinga síðan 23. jan. liggja að sjálfsögðu fyrir, en þær eru í mjög misjöfnu formi, og á þeim gögnum kemur að jafnaði ekki fram skýr yfirlýsing hlutaðeigandi, hvort hann vill halda lögheimili í Vestmannaeyjum eða skipta um lögheimili. Bráðabirgðaákvæðin lúta að því, að Hagstofan, sem sér um gerð þjóðskrár, geti á fullnægjandi hátt gengið úr skugga um það fyrir þjóðskrárgerðina, sem miðuð er við 1. des., hverjir af Vestmanneyingum á meginlandinu hafa í raun og veru tekið ákvörðun um að flytja heimilisfang sitt. Eina örugga leiðin til að koma þessu til leiðar er að festa það í lögum, að eins og á stendur skuli tilkynningar um lögheimilisflutning frá Vestmannaeyjum látnar í té á sérstökum eyðublöðum, sem þar til eru sniðin, og ákveðinn tímafrestur verði gefinn til að senda þessar tilkynningar, svo að unnt sé að taka þær til greina við íbúaskrárgerðina 1. des. En einnig er tekið fram, að allir þeir Vestmanneyingar, sem ekki tilkynna brottflutning á þennan hátt, skuli skráðir áfram með lögheimili í Vestmannaeyjum 1. des. n.k. Tilkynningar um brottflutning verða ekki teknar til greina, nema það sé sá einstaklingur sjálfur, sem í hlut á, sem tilkynninguna gefur. Þrátt fyrir þetta er ekki gersamlega lokað fyrir, að flutningur á skráðu heimilisfangi geti átt sér stað, því að þrátt fyrir bráðabirgðaákvæðið helst réttur sveitarstjórna til að gera aths. við íbúaskrárnar, en um slíkar aths. fer með þeim hætti, að þær eru þá bornar undir bæjarstjórn Vestmannaeyja, sem fær tækifæri til að svara aths. Ef ekki verður samkomulag milli þessara aðila, er það þjóðskrár að skera úr, og fer um það eftir starfsháttum, sem fyrir lögnu hafa fengið festu.

Síðan eru í frv. tvær aðrar gr., þessu meginefni frv. algerlega óskyldar.

Í 1. gr. frv. er lagt til, að ný mgr. bætist við 5. gr. l. um tilkynningar aðsetursskipta, og er það ákvæði við það eitt miðað, að settur er tímafrestur, sem gilda skal um það, hvenær mönnum, sem dveljast í landinu án þess að vera tilkynningarskyldir, skuli skylt að tilkynna aðsetur sitt, ef hagir þeirra breytast svo, að eftir ákvæðum laga um aðsetursskipti verði þeir tilkynningarskyldir.

Síðan er í 2. gr. lagt til, að fyrri mgr. 17. gr. 1., þeirrar gr., sem fjallar um viðurlög, breytist þannig, að sektarupphæðir hækki. Þarna er um að ræða að færa sektir til samræmis við breytt peningagildi, frá því að lögin voru sett fyrir tveimur áratugum, en sektarupphæð mun hafa staðið óbreytt síðan.

Meginákvæði frv. um aðseturstilkynningar Vestmanneyinga er í fyllsta samræmi við fyrri stefnu allra opinberra aðila að stuðla að því, að samfélag Vestmanneyinga í útlegðinni raskist í engu að óþörfu. Um gerð þessa ákvæðis hefur verið haft samráð við þá aðila, sem málið er skyldast. Brýn þörf er á að hraða afgreiðslu málsins, eins og frekast er kostur, til þess að unnt sé að kunngera þann hátt mála, sem þar er ráðgerður, með sem lengstum fyrirvara. Ég

vil leyfa mér að láta í ljós þó von, að Alþ. framfylgi í þessu máli markaðri stefnu um að greiða fyrir því, að Vestmanneyingum sé gert sem hægast um vik að halda bólfestu í heimabyggð sinni þrátt fyrir röskunina, sem af eldsumbrotunum leiddi.

Ég legg svo til, herra forseti, að frv. verði að þessri umr. lokinni vísað til 2. umr. og hv. allshn.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 13 shlj. atkv. og til allshn. með 13 shlj. atkv.

Veðdeild Landsbanka Íslands, frv. (þskj. 40). — 1. umr.

Sjútvrh. (Lúðvík Jósepsson): Herra forseti. Frv. þetta gerir ráð fyrir þeirri breytingu á gildandi lögum, að veðdeild Landsbanka Íslands verði heimilað að gefa út bankavaxtabréf fyrir allt að 300 millj. kr., en í gildandi l. er takmarkið 200 millj. kr. Sem sagt, sú heimild, sem í l. hefur verið, hefur verið notuð til fulls, og verður þá ekki haldið lengur áfram þeirri starfsemi, sem hér er um að ræða, nema auka á þessa heimild, eins og þetta frv. gerir ráð fyrir.

Það hefur þótt eðlilegt, að veðdeild Landsbankans gæti haldið áfram þeirri lánastarfsemi, sem þarna er um að ræða. Það hefur verið um það að gera að veita lán ýmsum aðilum, sem geta ekki með eðlilegum hætti fallið undir hið almenna húsnæðislánakerfi. Hér er um tiltölulega lítil lán að ræða, og ég hygg, að það sé rétt að halda þessu áfram, og því hefur rn. ákveðið að verða við óskum veðdeildar Landsbankans og leita eftir heimildum með þessu frv., til þess að hún geti veitt lán áfram samkv. þessum reglum. Málið er svo einfalt, að það er óþarfi að hafa um það mörg orð og hv. alþm. þekkja þetta mál allt saman.

Ég legg til, herra forseti, að að lokinni þessari umr. verði frv. vísað til fjh.- og viðskn. til fyrirgreiðslu.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 13 shlj. atkv. og til fjh.- og viðskn. með 13 shlj. atkv.

Gjaldaviðauki, frv. (þskj. 41). — 1. umr.

Fjmrh. (Halldór E. Sigurðsson): Herra forseti. Frv. á þskj. 141 er gamall kunningi hér á hv. Alþ., en það er um heimild til þess að innheimta á árinu 1974 með viðauka eftirtalin gjöld til ríkissjóðs. Það er um að ræða stimpilgjöld af öðru en afsölum fyrir fasteignum og skipum og leigusamningum um jarðir og lóðir og af kaupmálum með 140% álagi. Sama er að segja um viðauka á leyfisbréfagjöld og önnur hliðstæð, eins og verið hefur. Hér er farið fram á að endurnýja sömu álög í löggjöf og verið hefur, og verður svo að vera, þar til verður búið að skipa tekjuöflunarmálum ríkissjóðs á annan veg en enn er orðið.

Ég legg til, herra forseti, að að lokinni þessari umr. verði málinu vísað til 2. umr. og hv. fjh.- og viðskn.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 13 shlj. atkv. og til fjh.- og viðskn. með 14 shlj. atkv.

Sameining Flugfélags Íslands h/f og Loftleiða h/f, frv. (þskj. 46). — 1. umr.

Félmrh. (Björn Jónsson): Herra forseti. Þetta frv. er flutt samkv. 28. gr. stjskr. til staðfestingar á brbl., sem gefin voru út 11. júlí 1973, um ráðstafanir vegna sameiningar Flugfélags Íslands h/f og Loftleiða h/f. Þó að mál þetta sé mörgum kunnugt, þykir mér rétt að rekja hér sögu þess í stuttu máli og hver afskipti ríkisvaldsins hafa af því verið.

Þegar haustið 1971 varð ljóst, að flugfélögin tvö, Flugfélag Íslands h/f og Loftleiðir h/f, stefndu út í harðnandi samkeppni á þeim leiðum, sem þau starfræktu bæði. Sérstaklega var þetta áberandi á Norðurlandaleiðinni. Samgrn. vakti máls á þessu vandamáli við forráðamenn félaganna, og hófu þeir þá viðræður um ráðstafanir til að draga úr samkeppninni. Viðræður félaganna hófust í okt. 1971, og leit um tíma nokkuð vel út um árangur. En þó fór svo, að um miðjan jan. 1972 var þessum viðræðum hætt, án þess að árangur næðist. Haustið 1972, þegar fyrirætlanir flugfélaganna um flugáætlun vetrarins var kunn, var auðséð, að enn var stefnt að harðnandi samkeppni. Tók flugráð málið upp í okt. þá um haustið og lagði til við samgrn., að það skærist í leikinn og takmarkaði ferðafjölda, þannig að líkur væru fyrir viðunandi sætanýtingu miðað við sennilegan farþegafjölda. Rn. taldi rétt að reyna, hvort málið yrði leyst með öðrum hætti, áður en takmörkunarleiðin væri farin. Ritaði það því félögunum bréf, sem var dagsett 3. nóv. 1972, benti á þjóðhagslega nauðsyn þess, að félögin drægju úr innbyrðis samkeppni, en tók jafnframt fram, að ef ekkert hefði gerst í málinu fyrir 1. des. 1972, mundi horfið að skiptingu flugleiðanna milli félaganna.

Viðræður félaganna hófust síðan, en þann 23. nóv. 1972 rituðu félögin ráðh. sameiginlegt bréf og kváðust telja, að vænta mætti meiri árangurs, ef viðræður færu fram í áheyrn og með hugsanlegri aðstoð einhvers hlutlauss fulltrúa ríkisstj., sem báðir aðilar sættu sig við. Báðu þau um, að slíkur maður yrði tilnefndur. Hinn 24. nóv. sama ár var ráðuneytisstjóra samgrn. falið að leiða viðræður félaganna um ýmiss konar samvinnu, og skyldi stefnt að nánari samvinnu og samruna félaganna innan tiltekins árafjölda, ef það teldist hagkvæmt við athugun málsins. Jafnframt voru honum fengnir þrír sérfræðingar til aðstoðar, og skyldu þeir sitja viðræðufundi, eftir því sem ástæða þætti til.

Fulltrúar ríkisstj. komust fljótlega á þá skoðun, að skjót sameining félaganna væri eina leiðin til að koma á þeirri hagræðingu í ferðum og rekstri, sem nauðsynleg væri. Var því lagt til við fulltrúa þeirra þegar í byrjun des.

s. l., að sú leið yrði könnuð til þrautar, og féllust þeir á það. Viðræðufundir voru reglulega allt fram til miðs mars það ár, með hléi um hátíðarnar, en 14. mars lögðu fulltrúar ríkisstj. fram till. að samkomulagsgrundvelli, og féllust fulltrúar félaganna loks á þessar till. 11. apríl þ. á. á 44. viðræðufundi.

Þegar fallist hafði verið á samkomulagsgrundvöllinn, var tekið til við að ræða um samstarfsformið, og var um síðir ákveðið að stofna eitt eignarfélag, sem allir núv. hluthafar Flugfélags Íslands h/f og Loftleiða h/f ættu aðild að, en eignarfélagið ætti síðan Loftleiðir og Flugfélagið og ræki þau til að byrja með a. m. k. sitt í hvoru lagi, en þó með náinni samvinnu. Þetta fyrirkomulag var nauðsynlegt til að geta haldið IATA-aðild Flugfélags Íslands h/f og jafnframt þeirri aðstöðu, sem Loftleiðir hafa utan IATA, en það skapar einstaka möguleika að geta sjálfir ákveðið fargjöld milli New York og Chicago annars vegar og Lúxembúrgar hins vegar, og munu Loftleiðir h/f vera eina flugfélagið, sem flýgur reglubundið milli Bandaríkjanna og Evrópu, sem hefur slík réttindi. IATA-aðild Flugfélags Íslands er líka mikils virði, þar sem henni fylgja margvíslegir möguleikar til að hafa áhrif bæði á almenn fargjöld og sérfargjöld milli Íslands og annarra Evrópulanda. En samkv. öllum þeim tvíhliða loftferðasamningum, sem Ísland hefur gert við Evrópulöndin önnur en Lúxembúrg, eru IATA-fargjöldin ráðandi. Auk þessa opnar IATA-aðild leið til að hafa áhrif á hlutfall leiðarhlutans til Íslands, ef um keðjufargjöld er að ræða, e. t. v. með mörgum flugfélögum. Til að halda IATA-aðild varð Flugfélag Íslands h/f að vera til sem félag, en ekki deild í öðru félagi, auk þess sem félagið þurfti sem slíkt að eiga a. m. k. eina flugvél til nota og réttinda til reglubundins flugs á a. m. k. einni flugleið milli landa.

Hugmyndir þær, sem þannig varð samkomulag um varðandi félagsformið, ásamt samkomulagsgrundvellinum frá 11. apríl, voru síðan lagðar fyrir hluthafafundi Flugfélags Íslands h/f og Loftleiða h/f sama dag, 28. júní 1972, og samþ. þar með 98—100% atkv.

Áður en hér var komið, var ljóst, að hið fyrirhugaða rekstrarform rúmaðist ekki innan ramma hinna almennu íslensku hlutafélagalaga. Einnig var ljóst, að vegna þess að hlutafé Loftleiða hf var aðeins tæp 20% af hlutafé Flugfélags Íslands h/f, var fyrirsjáanlegt, að nafnverð hlutafjár Loftleiða h/f hlyti að margfaldast og yrði það tilfinnanlegt fyrir hluthafa þau ár, sem arður færi niður úr tilteknu lágmarki. Einnig var ljóst, að ef ná ætti þeirri hagræðingu í rekstrinum, sem stefnt var að, yrði að búa svo um hnútana, að ekki yrði um margskattun að ræða í hinu þrefalda félagsformi. Það var forsenda fyrir samþykki hluthafafundanna 28. júlí, að þessi atriði yrðu leyst með löggjöf á þann hátt, sem forráðamenn félaganna teldu viðunandi. Auk þess komu til ýmis önnur atriði, sem forráðamenn félaganna vöktu máls á. Meðal þeirra var áframhaldandi réttur félaganna á alþjóðaflugleiðum, sem Ísland hefur rétt á milli landa samkv. tvíhliða loftferðasamningum, sérleyfi í innanlandsflugi, ýmsar spurningar varðandi leiguflug, og einnig um stimpilgjöld og þinglýsingargjöld.

Ekki tókst að ganga frá því, sem lagabreytingar krafðist, fyrir hluthafafundinn 28. júní, en samgrn. staðfesti þann dag, að ríkisstj. hefði ákveðið að standa að því með útgáfu brbl., að hinum nýja félagsskap yrði skapaður lögformlegur grundvöllur, miðað við það rekstrarform, sem aðilar höfðu orðið ásáttir um, svo og til að tryggja, að ekki yrði um að ræða ósanngjarna skattlagningu hins nýja félags eða hluthafa þess. Um önnur atriði, sem ég minntist á, fjallaði samgrn. í bréfi til félaganna 25. júní á þann hátt, sem þau mátu fullnægjandi.

Fyrstu viku júlímánaðar þessa árs voru þau atriði, sem lagabreytingar kröfðust, síðan tekin til athugunar. Eftir nokkrar umr. féllust fulltrúar flugfélaganna á hugmynd samgrn., og voru brbl. síðan gefin út 11. júlí, eins og ég áður sagði. Að sjálfsögðu hafði samgrn. fullt samráð við fjmrn. um skattaákvæði brbl. og við viðskrn. um það, sem snerti hlutafélagalögin. Hið nýja félag, Flugleiðir h/f, var síðan stofnað 20. júlí 1973 og tók við yfirstjórn beggja flugfélaganna 1. ágúst s. l.

Skal nú vikið örlitið að efni einstakra gr. brbl.

Samkv. 1. málsgr. 3. gr. hlutafélagalaga, nr. 77 frá 1921, er gert ráð fyrir, að einstaklingar standi að stofnun hlutafélaga, en hér var formið það, að hluthafar Flugfélags Íslands h/f og Loftleiða h/f gáfu stjórnum sínum umboð til þess að stofna eignarfélagið, sem hluthafar síðan skyldu fá beina aðild að, er eignarmatinu væri lokið og gengi hlutabréfa í hvoru félagi ákveðið. Í 38. gr. hlutafélagalaganna segir, að slíta skuli hlutafélagi, ef hluthafar verða færri en 5. Hinu nýja fyrirhugaða félagsformi fylgdi, að allir hlutir í Flugfélagi Íslands h/f og Loftleiðum h/f yrðu eign hins nýja eignarfélags, og var því talið rétt að gera þetta frávik frá almennum reglum, og er það gert í 2. gr. brbl. Í þeirri gr. er einnig ákveðið, að stjórnarmenn í Flugfélagi Íslands h/f og Loftleiðum h/f þurfi ekki að vera hluthafar, og leiðir það einnig af félagsforminu, þar sem aðild hluthafanna er bein í eignarfélaginu, en óbein í dótturfélögunum. Í 3. gr. brbl. er ákvæði, sem undanskilur Flugfélag Íslands h/f og Loftleiðir h/f frá ákvæðum hlutafélagalaganna um, að enginn hluthafanna geti farið með meira en ⅓ atkvæða, enda er hér öll hlutafjáreign á hendi eins aðila. Í 4. gr. brbl. er ákveðið, að félögin 3: hið nýja eignarfélag, Flugfélag Íslands h/f og Loftleiðir h/f, skuli teljast einn skattaðili. Og í 5. gr. er ákvæði, sem vernda á hluthafa gegn ósanngjarnri skattbyrði, og hef ég vikið að þessu hvoru tveggja hér á undan. Sé 3% arður greiddur, má telja öruggt, að hluthafar verði skattlausir. Athygli er vakin á, að ákvæði 5. gr. er aðeins ætlað að gilda til og með 1980. Í 6. gr. eru svo ákvæði um, að almenn tímatakmörkun, sú sem ákveðin er til útgáfu jöfnunarhlutabréfa, skuli ekki gilda um væntanlega úthlutun hlutabréfa vegna hlutabréfaskipta í tengslum við aðild Flugfélags Íslands h/f og Loftleiða h/f að hinu nýja sameiginlega félagi.

Með því samkomulagi, sem hér hefur lauslega verið lýst, er stefnt að því í fyrsta lagi að fella þá liði í starfsemi félaganna, sem betur verða eða eru reknir í einu lagi en tvennu, saman þegar í byrjun, og má þar til nefna ýmisleg innkaup og afgreiðslur erlendis og væntanlega líka heima. Segir í blaðaviðtali við tvo forstjóra beggja félaganna í lok ágúst s. l., að þeir telji, að aðeins slíkar byrjunaraðgerðir muni spara félögunum hundruð millj. árlega. Þá verður strax nú í vetur fækkað og hagrætt þeim ferðum, sem hin harða samkeppni hefur gert óhagkvæmastar, og er þar sérstaklega um að ræða ferðir til og frá Norðurlöndum. Síðan er hugmyndin og stefnan að sameina fleiri þætti, eftir því sem reynslan kennir, að hagkvæmt sé, og án þess að viðskiptavild og viðskiptasambönd bíði hnekki af. Þá er talið víst, að staða hins nýja félags til margs konar samninga, svo sem um tryggingar o. fl., verði mun sterkari og hagstæðari en áður. Í fyllingu tímans er svo stefnt að algerri sameiningu, en í byrjun er fyrst og fremst um að ræða rekstur tveggja félaga undir einni sameiginlegri stjórn. Að mati forráðamanna er þó óvissu háð, hve langan tíma alger sameining tekur.

Það er sannfæring mín, að með sameiningu hinna tveggja íslensku flugfélaga, þótt í áföngum sé af hagkvæmnisástæðum, sé stigið gæfuspor fyrir þennan mikilsverða atvinnurekstur, sem hefur alla tíð átt við harða samkeppni að etja á vinnumarkaði og einnig innbyrðis. Sameiningin vekur góðar vonir um, að eitt sterkara hlutafélag og niðurlagning ósjálfráðrar innri samkeppni valdi því að styrkja íslensk flugmál og tryggja framtíð þeirra á einu harðasta samkeppnissviði, sem ríkir nokkurs staðar á alþjóðavettvangi. Að þessu merka spori stignu er unnt að líta bjartari augum á, að sú atorka og fyrirhyggja, sem brautryðjendur íslenskra flugmála hafa á margan hátt sýnt í uppbyggingu og starfi Flugfélags Íslands h/f og Loftleiða h/f, skili þjóðinni álitlegum árangri í framtíðinni.

Ríkisstj. og samgrn. hafa því talið og telja, að ekki sé áhorfsmál, að létta beri félögunum sameininguna eftir fremstu getu, bæði með útgáfu á væntanlegri staðfestingu hv. Alþ. á þessum brbl. og öðrum þeim aðgerðum og fyrirgreiðslu, sem mögulegt er að veita og eðlilegt getur talist. Ég vænti greiðrar afgreiðslu hv. þd. á þessu frv. og legg til, herra forseti, að frv. verði að lokinni þessari umr. vísað til 2. umr. og hv. samgn.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 11 shlj. atkv. og til samgn. með 11 shlj. atkv.

Neðri deild, 5. fundur.

Mánudaginn 29. okt., kl. 2 miðdegis.

Kjarasamningar opinberra starfsmanna, (þskj. 51). — 1. umr.

Of skammt var liðið frá útbýtingu frv. — Afbrigði samþ. með 25 shlj. atkv.

Fjmrh. (Halldór E. Sigurðsson): Herra forseti. Frv. það, sem hér er á ferðinni, er fram borið vegna samninga milli ríkisins og opinberra starfsmanna. Samningafundir hafa staðið yfir að undanförnu, en ljóst er, að þó að til samninga kæmi, gæti það aldrei orðið fyrir þann frest, sem er í lögum, 1. nóv. Er því komin fram ósk frá báðum aðilum um að lengja frestinn, áður en málið gangi sjálfkrafa til Kjaradóms. Bandalag starfsmanna ríkis og bæja óskaði eftir því, að þessi frestur yrði lengdur til 20. des., en Bandalag háskólamanna til 14. nóv. Það varð því niðurstaðan að leggja til, að þessi frestur yrði til 15. des., enda hafði í umr. mínum við formenn flokkanna, sem ekki standa að ríkisstj., komið fram, að þeir vildu gjarnan, að fresturinn yrði ekki svo langur, að það væri ekki ljóst, ef samið yrði, hverjir samningarnir yrðu, áður en fjárlög yrðu afgreidd. Ég taldi mig taka tillit til þess, þegar ég legg til, að framlengingin verði til 15. des. En 19. des. fóru samningar fram 1970 og fjárlög voru þá afgreidd 20. des.

Slík mál sem þessi hafa verið fyrr hjá hv. Alþingi á ferðinni, t. d. 1970, og þá var samkomulag um það á milli stjórnar og stjórnarandstöðu, að það mál þyrfti ekki að ganga til n. og gæti gengið með hraða í gegnum báðar deildir þingsins. Ég leyfi mér að fara fram á, að slík vinnubrögð verði viðhöfð nú, enda nauðsyn að fá þennan frest lengdan, að láta málið vera hjá sáttasemjara, ekki síst vegna þess, að jafnhliða þessum samningum er unnið að almennum kjarasamningum í landinu, og það þótti því ekki skynsamlegt að reyna að herða á gangi þessa máls. Jafnvel þótt einhverjar leiðir væru til samninga, þá mundu þeir aldrei nást fyrir þann tíma, sem lögin gera ráð fyrir, og líka of snemmt með tilliti til hinna.

Ég vænti því, að hv. alþm. vilji veita þennan frest og leyfa þessu máli að ganga með afbrigðum í gegnum þessa hv. deild.

Ég legg því til, herra forseti, að málinu verði að lokinni þessari umr. vísað til 2. umr.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 25 shlj. atkv.

Neðri deild, 6. fundur.

Mánudaginn 29. okt., að loknum 5. fundi.

Kjarasamningar opinberra starfsmanna, frv. (þskj. 51). — 2. umr.

Of skammt liðið frá 1. umr. — Afbrigði samþ. með 25 shlj. atkv.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 24 shlj. atkv.
2. gr. samþ. með 22 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 22 shlj. atkv.

Neðri deild, 7. fundur.

Mánudaginn 29. okt., að loknum 6. fundi.

Kjarasamningar opinberra starfsmanna, frv. (þskj. 51). — 3. umr.

Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði samþ. með 24 shlj. atkv.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 22 shlj. atkv. og afgr. til Ed.

Orkulög, frv. (þskj. 15). — 1. umr.

Heilbr.- og trmrh. (Magnús Kjartansson): Herra forseti. Frv. þetta var lagt fram á síðasta þingi, er var þá ekki útrætt. Ég fylgdi því þá úr hlaði með allítarlegri framsöguræðu, sem ég sé ekki ástæðu til að endurtaka hér, en vil aðeins minnast á nokkur meginatriði.

Frv. var upphaflega samið af sérfræðingum Orkustofnunar ásamt Ragnari Aðalsteinssyni hrl., af þeim ástæðum, að talið var nauðsynlegt, að fjallað yrði með lögum um eignarrétt yfir háhitasvæðum á Íslandi. Í 1. gr. frv. felst það efnisatriði, að jarðhitasvæðum hérlendis er skipt í háhitasvæði og lághitasvæði, eins og þar segir:

„Jarðhitasvæði telst háhitasvæði í lögum þessum, ef innan þess finnst 200° hiti C ofan 1000 m dýpis. Önnur jarðhitasvæði nefnast lághitasvæði. Meðal háhitasvæða eru þessi svæði: Reykjanes, Svartsengi, Krýsuvík, Brennisteinsfjöll, Hengill, Geysir, Kerlingafjöll, Hveravellir, Torfajökull, Vonarskarð, Grímsvötn, Kverkfjöll, Askja, Fremri-námur, Námafjall, Krafla, Þeistareykir og önnur jarðhitasvæði með sömu eiginleikum.

Ríkið á allan rétt til umráða og hagnýtingar jarðhita á háhitasvæðum og uppleystra efna og gastegunda, sem háhitavatni og gufu fylgja, þó með takmörkunum, sem í l. þessum greinir.

Ríkisstj. lætur með rannsóknum ákveða mörk háhitasvæða Íslands. Meðan á rannsókn fer fram, skal Orkustofnun gera ríkisstj. grein fyrir því árlega, hver séu þekkt háhitasvæði á landinu og hvaða svæði eru líkleg háhitasvæði, en óvissa ríkir um. Með þau svæði, sem óvissa ríkir um, skal farið sem háhitasvæði, þar til rannsókn leiðir annað í ljós."

Í 1. gr. er einnig fjallað um lághitasvæði, en þar er um að ræða sams konar ákvæði og nú gilda í lögum. Meginbreytingin í þessari gr. er þannig sú, að það er skilgreint sérstaklega háhitasvæði og kveðið á um það, að ríkið eigi allan rétt til umráða og hagnýtingar jarðhita á háhitasvæðum.

Eins og kunnugt er, þá er þar um að ræða ákaflega mikinn orkugjafa, sem væntanlega á eftir að nýta í þágu alþjóðar. Og þessi orkugjafi er fyrst og fremst fólginn í háhitasvæðunum. Er talið, að nýtanlegt varmaafl háhitasvæðanna muni vera um 90% alls varmaafls jarðhitasvæða landsins.

Líklegt má telja, að háhitasvæðin verði á næstu áratugum nýtt fyrst og fremst til stóriðju, raforkuvinnslu og hitaveitu í þéttbýli. Slík nýting yrði ekki á færi einstaklinga, heldur í höndum ríkis eða sveitarfélaga eða mjög stórra fyrirtækja. Hvert háhitasvæði er sjálfstætt rennsliskerfi, og getur vinnsla á einum stað raskað rennsli á öðrum stöðum í kerfinu. Af þessum sökum er mikilvægt, að vinnsla jarðhita á hverju svæði sé í höndum eins aðila.

Varmavinnsla á háhitasvæði er mun erfiðari en vinnsla lághita. Vegna gufuþrýstings og mikils magns uppleystra efna í háhitavatni krefst virkjun þess vandaðri og viðameiri borholubúnaðar, flóknari tækjabúnaðar og meiri tækniþekkingar. Af þessum sökum m. a. er nýting varma á háhitasvæðum svo vandasöm, að einstaklingar hafa ekki sóst eftir henni. Helst hefur verið um að ræða nýtingu vatns við jaðra svæðanna, en með svipuðum hætti og nýting lághitavatns.

Á undanförnum árum hefur verið, eins og kunnugt er, unnið að nokkrum áætlunum um nýtingu háhitasvæða. Einn þröskuldur í vegi slíkra áætlana hefur verið óvissa um umráðarétt jarðhita, sem unninn er með borunum djúpt í jörðu. Þetta frv. er flutt til þess að kveða skýrar á en verið hefur um það, hver sé raunverulegur eigandi þessa jarðhita.

Í 2. gr. frv. er ákveðið, að til vinnslu jarðhita með borunum á háhitasvæðum þurfi leyfi Alþingis, þó sé ráðh. heimilt að veita heimild til minni háttar vinnslu jarðhita á háhitasvæði til þarfa býla og annarra notenda, er á háhitasvæðinu kunna að vera eða í næsta nágrenni við það, þó ekki yfir 50 kg/sek hámarksafköst á hverjum stað og því aðeins, að sú vinnsla torveldi ekki aðra nýtingu háhitasvæðis síðar að dómi Orkustofnunar. Í leyfi skal greina þau skilyrði, sem leyfi er háð, svo og gjald fyrir vinnsluna, sem renni í Orkusjóð.

Hér eru sem sé ákvæði um það, að Alþingi ákveði með löggjöf, hvernig skipa skuli hagnýtingu einstakra háhitasvæða. Í slíkri löggjöf yrðu væntanlega ákvæði um mörk vinnslusvæðis, hvaða aðili hafi leyfi til að bora eftir háhita og vinna hann, tímalengd sérleyfis til vinnslu, að frumdrætti að fyrirhuguðum mannvirkjum skuli leggja fyrir ráðh. til samþykktar, hvenær vinnslu skuli hefja í síðasta lagi, að leyfi falli niður, ef vinnsla er stöðvuð um tiltekið tímabil, að bannað sé að framselja vinnsluleyfi án samþykkis ráðh., um greiðslur fyrir vinnsluna, að leyfishafi greiði landeiganda bætur skv. 15. og 16. gr. l., hvernig ráðstafa skuli vinnslumannvirkjum að vinnslutíma loknum, ráðstafanir gegn hættu, sem af vinnslunni kunni að stafa, og gegn spjöllum á umhverfi, svo og önnur skilyrði, sem ástæða er til að setja hverju

sinni. Enn fremur ákvæði um gjald það, sem leyfishafi skal greiða, en við ákvörðun þess hlýtur að gæta margvíslegra sjónarmiða og erfitt að marka í þessum l. ákveðna stefnu, sem fylgja skal við ákvörðun gjaldsins.

Það er því meginatriðið í 2. gr., að setja þurfi lög á Alþingi um vinnslu á slíkum svæðum, á sama hátt og sett eru lög á Alþingi um allar meiri háttar vatnsvirkjanir.

Á síðasta þingi kom aðeins fram ágreiningur um eitt atriði. Sumir töldu, að réttur sveitarfélaga, sem eignast hafa háhitasvæði, væri ekki nægilega tryggður, eins og frv. var lagt fram í fyrra. Í frv., eins og það liggur fyrir núna, er komið til móts við þetta sjónarmið. Í 2. gr. hefur verið bætt svohljóðandi ákvæði:

„Þau sveitarfélög, sem land eiga á háhitasvæði við gildistöku laga þessara, skulu hafa forgangsrétt til vinnsluleyfis á því landi og vera undanþegin leyfisgjaldi fyrir vinnslu á því landi, enda hafi þau sótt um vinnsluleyfi innan 5 ára frá gildistöku laganna."

Með þessu ákvæði er sveitarfélögum, sem land eiga á háhitasvæði, veittur forgangsréttur til vinnsluleyfis án vinnslugjalds fyrstu 5 árin eftir gildistöku l. Ákvæði þetta hefur það í för með sér, að ekki verður unnt að skipuleggja endanlega nýtingu þeirra háhitasvæða, sem sveitarfélög eiga land á, fyrr en 5 ár eru liðin frá gildistöku l. og fram er komið, hversu víðtæks vinnsluleyfis sveitarfélagið óskar. Er með ákvæði þessu komið til móts við þau sveitarfélög, sem keypt hafa land á háhitasvæði með nýtingu háhitans í huga. Þá er sveitarfélögunum og tryggt með þessu ákvæði, að á þau verði ekki lagt leyfisgjald fyrir þá vinnslu, sem þau ákveða og sækja um á næstu 5 árum eftir gildistöku l. Ekki þykir fært að veita sveitarfélögum ótakmarkaða undanþágu frá l. eða ótímabundinn forgangsrétt til vinnsluleyfis, þar eð slíkt mundi leiða til þess, að sá hluti háhitasvæðis, sem ekki er í eigu sveitarfélags, verður ekki skipulagður til hlítar vegna óvissu um framtíðaráðgerðir sveitarfélagsins.

Ég hafði gert mér vonir um, að þessi breyting mundi jafna þann ágreining, sem kom fram á Alþingi í fyrra, en því miður er sú ekki raunin. Það hefur komið hér fram brtt. frá hv. þm. Stefáni Gunnlaugssyni, þar sem kveðið er svo á, að sveitarfélög skuli eiga allan rétt til umráða og hagnýtingar jarðhita á háhitasvæðum, þar sem landareign er í eigu sveitarfélagsins, þrátt fyrir önnur ákvæði laga þessara, m. ö. o. að sveitarfélag geti um alla framtíð komið í veg fyrir það til að mynda, að háhitasvæði verði nýtt í þágu alþjóðar. Nú veit ég ekki, hversu mikil hætta kann að vera á, að slíkt ákvæði kæmi að sök, en mér finnst þetta vera óþarflega afdráttarlaus stefnumörkun, að sveitarfélög geti þannig haft rétt, sem kynni að brjóta mjög í bága við rétt almennings, rétt alþjóðar. Auk þess gæti þarna orðið um að ræða árekstur. Þar sem um er að ræða sameiginlega eign sveitarfélags og annarra aðila á sama svæðinu, þá er ekki hægt að nýta svæðið fyrir annan aðila, sveitarfélagið gæti hreinlega komið í veg fyrir það, því að þarna er um að ræða samfellt kerfi, sem ekki verður nýtt, án þess að það verði skipulagt í heild.

Ég held, að það sé ekki nokkur hætta á því, að sveitarfélög muni ekki njóta fyllsta réttar í sambandi við þetta frv., ef að lögum verður. Í frv. er eingöngu verið að lýsa því yfir, að þessi orka í iðrum jarðar skuli vera almannaeign, og það verður að tryggja, að ekki þurfi að greiða einstaklingum fjárfúlgur fyrir svokallaðan eignarrétt að þessari orku, sem ekki er hægt að ná í nema með þeirri miklu undirbúningsvinnu, sem ég hef hér gert grein fyrir. Ég hef enga trú á því, að það komi nokkru sinni fyrir, að Alþingi bregði fæti fyrir áform sveitarfélags um að hagnýta slíka orku. Ég held, að slíkt muni ekki gerast og það sé alger óþarfi að setja ákvæði í lög til að tryggja sérstakan rétt þeirra sveitarfélaga, sem svo er ástatt um. Á slíkt held ég, að mundi aldrei reyna í verki. En ef hægt er að jafna þennan ágreining með einhverju öðru móti, með þeirri till., sem felst í frv. sjálfu, þá er ég að sjálfsögðu fús til að ræða það.

Ég tel, að efni þessa frv. sé mjög mikilvægt. Að undanförnu hafa, eins og kunnugt er, orðið miklar umræður hér á landi um eignarrétt á landi og öðrum verðmætum og komið fram mjög verulegur ágreiningur manna á milli, en einnig orðið ljóst síðustu árin, að þetta er ákaflega örlagaríkt vandamál á fjölmörgum sviðum. Hins vegar geri ég mér vonir um, að ákvæði þessa frv. verði talin dálítið annars eðlis en þessar almennu deilur. Hér eru eignarrétti einstaklinga sett almenn takmörk, án þess að bætur komi fyrir, en þau takmörk eru innan þess ramma, sem allir stjórnmálaflokkar og dómstólar á Íslandi hafa viðurkennt, eins og rakið er ítarlega í 1. kafla grg. Einnig eru þessar ráðstafanir, sem hér er talað um, í samræmi við löggjöf fjölmargra annarra þjóða, m. a. ýmissa grannþjóða okkar, sem við höfum sniðið löggjöf okkar eftir í ýmsum atriðum.

Eins og ég hef rakið, er orka sú, sem í háhitasvæðunum felst, ekki tiltæk nema að afloknum mjög umfangsmiklum og kostnaðarsömum rannsóknum, og oft er ekki vitað, hvern árangur slíkar rannsóknir muni bera. Og þessar rannsóknir hafa hér á landi allar verið framkvæmdar af opinberum aðilum. Þessi orka verður aldrei nýtt af einkaaðilum. Til nýtingar hennar þarf mikið fjármagn og svo umfangsmiklar athuganir, að við það munu engir Íslendingar ráða nema opinberir aðilar. Nýting þessara orkulinda verður vafalaust einnig skipulögð í þágu alþjóðar, hvort sem um verður að ræða orkuvinnslu eða aðrar iðnaðarframkvæmdir, og því er rökrétt, að sú orka, sem þannig verður sótt í iður jarðar, verði lýst eign alþjóðar. Ég hygg, að það mundi stríða gegn réttlætiskennd allra Íslendinga, einnig þeirra, sem láta sér annt um vernd einkaeignarréttar, ef einhver héldi því fram, að þessi orka háhitasvæðanna væri eign einhverra tiltekinna einstaklinga, sem gætu sótt þangað arð á kostnað alþjóðar án þess að hafa sjálfir lagt nokkuð af mörkum.

Ég legg svo til, herra forseti, að frv. verði að lokinni 1. umr. vísað til 2. umr. og hv. iðnn. Og ég vil vænta þess, að n. geti starfað nokkuð fljótt. Hún þekkir frv. frá síðasta þingi. Ég tel skipta ákaflega miklu máli, að frv. verði afgreitt á þessu þingi, því að frekari óvissa á þessu

sviði getur torveldað nauðsynlegar framkvæmdir, sem nú eru í undirbúningi.

Stefán Gunnlaugsson: Herra forseti. Þegar frv. sama meginefnis og hér liggur fyrir var til umr. á síðasta Alþ., lét ég í ljós þá skoðun mína, að sú grundvallarhugsun, sem ég reiknaði með, að lægi að baki því, ætti fullan rétt á sér. Svo sem hér hefur verið gerð grein fyrir, er þetta frv. um breyt. á l. nr. 53 29. apríl 1967, orkul., í öllum aðalatriðum eins og sams konar frv. á síðasta þingi, sem ekki var útrætt, en þó frábrugðið að því leyti, að tekið er nú inn sérstakt ákvæði varðandi sveitarfélög, sem er til bóta, en þó ekki fullnægjandi að mínum dómi. Svo er einnig smávægileg orðalagsbreyting á einum stað í þessu frv. Að öðru leyti er þetta frv. eins og sams konar frv., sem hér var til umr. á síðasta þingi.

Ég vil hér endurtaka þá skoðun mína, sem ég lýsti við umr. um þetta mál fyrr á þessu ári, að hér er á ferðinni mikilvægt mál og gott mál. Ég tek undir þá heildarstefnu, sem þar kemur fram. Það er eðlilegt og til þjóðarheilla, að hin geysimikla orka, sem falin er í háhitasvæðum og líklegt talið, að verði fyrst og fremst nýtt til stóriðju, raforkuvinnslu og jafnvel einnig til hitaveitu í þéttbýli, sé til umráða og hagnýtingar af hinu opinbera. Hvort tveggja er, að það er ekki á færi neinna einstaklinga að tryggja nýtingu þessarar orku fyrir þjóðarheildina eða einstök sveitarfélög, svo að vel sé, og svo einnig hitt, að skynsamleg hagnýting hennar verður aldrei skipulögð að gagni í þágu alþjóðar til orkuvinnslu eða annarra stóriðjuframkvæmda nema af opinberum aðilum, þ. e. ríkinu og sveitarfélögunum í samvinnu og samstarfi.

En það er eitt veigamikið atriði í þessu frv. eins og í hinu fyrra, sem fram kom á síðasta þingi, sem ég get ekki fellt mig við. Hæstv. ríkisstj. virðist ekki telja nægjanlegt, að háhitasvæðin komist í almannaeign eða undir umráð ríkis og sveitarfélaga. Hún vill samkv. frv., að sveitarfélög í landinu verði svipt umráða- og hagnýtingarrétti yfir eigin háhitasvæðum og ríkisvaldinu fenginn sá réttur í hendur. Á þetta atriði get ég ekki fallist. Ég lagði því fram brtt. varðandi þetta atriði við frv., um sama efni, fyrr á þessu ári, þar sem tekin væru af öll tvímæli um það, að háhitasvæði sveitarfélaga yrðu áfram í eign og umráðarétti þeirra. Ég fagna því, að hæstv. ráðh. hefur að nokkru komið til móts við þetta sjónarmið, með því að í því frv., sem nú liggur fyrir, 2. mgr. 2. gr., er þó gert ráð fyrir því, að þau sveitarfélög, sem land eiga á háhitasvæði við gildistöku l. þessara, skuli hafa forgangsrétt til vinnsluleyfis á því landi og vera undanþegin leyfisgjöldum fyrir vinnslu á því landi, enda hafi þau sótt um vinnsluleyfi innan 5 ára frá gildistöku l. Í þessu felst viðleitni af hans hálfu til að koma til móts við þetta sjónarmið, sem ég túlkaði hér fyrr, þegar þetta mál bar á góma. En þetta er að mínum dómi ekki fullnægjandi. Það þarf að koma þessu atriði þannig fyrir, að sveitarfélögin séu ekki svipt þeim rétti, sem þau eiga í háhitasvæðum nú.

Ef til vill kann brtt. mín ekki að vera einhlít lausn á þessu máli, og ef hægt er að komast að samkomulagi í n., sem fær þetta mál til meðferðar, um annað fyrirkomulag, sem tryggi það, sem fyrir mér vakir, þá er það nægjanlegt fyrir mig. Og ég vona, að n. takist að finna þá lausn á þessu, sem viðunandi geti talist fyrir þau sveitarfélög, sem hér eiga hlut að máli.

En kjarni þessa máls er að mínum dómi sá, og ég vil undirstrika það að lokum, að háhitasvæðin komist í almannaeign. Þetta hefur verið áhugamál okkar Alþfl.-manna, eins og allir vita. Við höfum hér á hinu háa Alþ. komið fram með þáltill. í Sþ., sem felur í sér að hluta sömu hugsun og felst í frv., þ. e. að háhitasvæðin komist í almannaeign. Að því ber vissulega að stefna, að svo geti orðið. Ég vona, að meginmarkmið frv. nái fram að ganga, en með þeirri breytingu, sem ég tel, að nauðsynlegt sé að gerð verði, og kemur fram í brtt., sem ég hef hér endurflutt.

Það þarf að koma þessu fyrir á þann veg, að skipulagning á hagnýtingu háhitasvæðanna og rannsóknarframkvæmdum í því sambandi sé undir forustu ríkisvaldsins, án þess að umráð og eignarréttur sveitarfélaganna sé í nokkru skertur á umræddum svæðum umfram það, sem segir í 2. gr. frv. um, að leyfi Alþ. til vinnslu jarðhitans með borunum á háhitasvæðum þurfi að koma til.

Ég undirstrika stuðning minn við þetta frv., en legg á það ríka áherslu, að því verði breytt á þann veg, að sveitarfélögin haldi umráða- og eignarrétti yfir sínum háhitasvæðum.

Ingólfur Jónsson: Herra forseti. Þetta frv. kemur væntanlega til þeirrar n., sem ég á sæti í í hv. d., og þess vegna ekki þörf á því fyrir mig að segja mikið um málið við 1. umr.

Þegar ég fór að lesa frv. og grg., hnaut ég við það, sem segir í grg.: „Með lögum þessum er eignarrétti einstaklinga sett tiltekin almenn takmörk, án þess að bætur komi fyrir.“ Okkur hefur verið kennt, að eignarrétturinn væri mikils virði hér á Íslandi og stjórnarskráin verndi eignarréttinn. Ég held, að það verði óhjákvæmilegt að athuga þetta mál nánar í n., áður en það gengur fram, og gera sér grein fyrir, hvert hér er verið að fara. Ég segi um leið: Það er nauðsynlegt og sjálfsagt, að jarðhitinn, jafn á háhitasvæðum sem lághitasvæðum, verði notaður til almenningsþarfa, eftir því sem þörf krefur. Ekki má hindra það. Með orkul. frá 1967 var þetta sjónarmið haft í huga, sbr. 14. gr. orkul. Þar er tekið inn almennt heimildarákvæði til að taka eignarnámi jarðhita, eftir því sem þörf gerist. En það var ekki sett í lög, að engar bætur skyldu koma fyrir, heldur skyldi þetta gert samkv. almennum eignarnámsl. Með því að taka þetta í lög 1967, var fyrir það girt, að það yrði hindrað, að jarðhiti eða orka á háhitasvæðum yrði fáanleg til almenningsnota. Það var líka fyrir því séð, að skipuleggja mætti þessi mál og gera áætlanir um þau, eftir því sem skynsamlegt þætti.

Mér finnst sjálfsagt, að þetta mál verði athugað frá grunni, og ég vil ekki vera með í því að setja fótinn fyrir, að það sé hægt að koma málunum fyrir á sem skynsamlegastan og

auðveldastan hátt, þannig að þessi verðmæti landsins verði nýtt. En það er ómögulegt annað en hugsa sig um, þegar sett er í frv., að það skuli tekin eign manna með lögum, án þess að bætur komi fyrir. Það er þetta atriði, sem verður að athuga nánar, áður en frá málinu er gengið. Ég hygg, að það megi finna samkomulagsgrundvöll.

Það verður vitanlega alltaf matsatriði, hversu mikils virði sú orka er, sem er ekki nýtanleg af einstaklingi. Hvers virði væri laxinn í ánni fyrir bóndann, ef hann hefði enga möguleika til þess að veiða hann? Laxveiðiréttindin eru mikils virði og verðmæt hlunnindi, vegna þess að bóndinn, landeigandinn, kann aðferð til þess að nýta verðmætin, sem eru í ánni. Ég hygg, að þótt gert væri ráð fyrir því að greiða bætur fyrir jarðhita á háhitasvæði, sem er í einstaklingseign eða sveitarfélagaeign, þá yrði það viðráðanlegt og mætti nýta þessi verðmæti að fullu eins og best má verða til almenningsheilla, án þess að ríkissjóði eða þeim atvinnugreinum, sem verðmætin ætla að nota, yrði íþyngt um of.

Hæstv. ráðh. sagði áðan, að hann hefði komið til móts við sveitarfélögin með því að bæta inn í 2. gr. frv. ákvæði eins og sjá má í seinni mgr. gr., þ. e. að þau sveitarfélög, sem land eiga á háhitasvæðum við gildistöku laga þessara, skuli hafa forgangsrétt til vinnsluleyfis á því landi og vera undanþegin leyfisgjaldi fyrir vinnslu á því landi, enda hafi þau sótt um vinnsluleyfi innan 5 ára frá gildistöku l. En hafi nú sveitarfélögin ekki möguleika til þess að nýta þetta innan 5 ára, þá er það ekki lengur fyrir hendi án sérstakrar greiðslu eða leyfis stjórnvalda, sem þyrfti að borga gjald fyrir. Ég er hræddur um, að það geti verið fleiri sveitarfélög en Hafnarfjörður, sem líta þetta hornauga, enda þótt viðleitni hæstv. ráðh. verði að nokkru metin að vilja mæta sveitarfélögunum næstu 5 árin. Ég tek að því leyti undir það, sem hv. síðasti ræðumaður sagði, að þetta ákvæði fullnægir ekki óskum sveitarfélaganna. Og ég held, að það sé alveg nauðsynlegt að senda þetta frv. til umsagnar þeirra sveitarfélaga, sem hér gætu hugsanlegt átt hlut að máli.

Herra forseti. Þar sem ég fæ væntanlega að fjalla um frv. í n., tel ég ekki ástæðu til að segja meira að svo stöddu.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 23 shlj. atkv. og til iðnn. með 23 shlj. atkv.

Verslunarbanki Íslands, frv. (þskj. 39). — 1. umr.

Sjútvrh. (Lúðvík Jósepsson): Herra forseti. Frv. þetta gerir ráð fyrir minni háttar breyt. á l. um Verslunarbanka Íslands h/f. Það er flutt samkv. beiðni stjórnar bankans. Efni þess er um það, að heimilt sé félaginu að hafa stjórnarmenn félagsins fleiri en nú er áskilið í l. og einnig að haga kosningu stjórnarmanna með nokkuð öðrum hætti, þ. e. a. s. að möguleiki verði til þess, að stjórnin sé ekki öll kosin í einu á hverjum aðalfundi, heldur jafnvel aðeins hluti af henni, þannig að fulltrúar gangi þar úr nokkuð á víxl. Einnig er gert ráð fyrir því, að heimilt sé að kjósa formann stjórnarinnar sérstaklega. Hér er sem sagt um minni háttar breytingu að ræða á gildandi l. um Verslunarbanka Íslands og mestmegnis form. Rn. hefur tekið undir það, að rétt sé að verða við þessari beiðni bankans, sem kemur fram í þessu frv.

Herra forseti. Ég sé ekki ástæðu til þess að fara fleiri orðum hér um þetta frv., en legg til, að að lokinni þessari umr. verði frv. vísað til fjh.- og viðskn. til fyrirgreiðslu.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 22 shlj. atkv. og til fjh.- og viðskn. með 22 shlj. atkv.

Ábúðarlög, frv. (þskj. 29). — 1. umr.

Fjmrh. (Halldór E. Sigurðsson): Herra forseti. Á þskj. 29 er frv. til ábúðarlaga, en það er samið af n., sem sett var á laggirnar hinn 18. ágúst 1971 samkv. till. og ósk Búnaðarfélags Íslands. Þessi n. samdi einnig frv. til jarðalaga, sem liggur fyrir hv. Alþ. nú. Þetta frv. var lagt fram í lok síðasta þings, en þá aðeins til sýnis, svo að hv. þm. gæfist tími til þess að skoða þau ákvæði, sem þeir höfðu áhuga á í þessu frv.

Í gildi eru nú fern lög um ábúð jarða. Eiga þau við eftir því, hvenær ábúð hefst, þ. e. lög nr. 1 frá 1884, lög nr. 87 frá 1933, lög nr. 8 frá 1951 og lög nr. 36 frá 1961. Þessi mörgu lög hafa oft valdið misskilningi, því að verulegur efnismunur er t. d. á milli l. frá árinu 1884 og síðari laga. Í lagafrv. þessu er leitast við að stytta og samræma löggjöf um ábúð jarða meira því, sem eðlilegt er í samskiptum manna í dag.

Ýmsar hæpnar skyldur, sem eru í eldri löggjöf, eru felldar niður, svo sem sú, að jarðeigandi sé skyldugur að selja jörð sína viðkomandi sveitarstjórn eða Landnámi ríkisins, hafi honum ekki tekist að byggja jörð sína þrátt fyrir tilraunir til þess. Samkv. núgildandi ábúðarl. er skylt að byggja jarðir lífstíðarleigutaka og láta fylgja þeim viðunandi húsakost. Jarðeiganda er skylt að byggja hús á leigujörð sinni handa leiguliða, teljist hús óviðunandi. Þetta ákvæði í l. hefur oft valdið deilum og hefur verið erfitt í framkvæmd, þegar um lífstíðarábúð hefur verið að ræða.

Í þessu frv. eru verulegar efnisbreytingar varðandi þetta atriði. Þannig er samningsaðilum nú frjálst að semja um tímalengd ábúðarsamnings að öðru en því, að hann skal skemmst vera gerður til 5 ára. Samkv. frv. er jarðareiganda, sem leigir jörð sína til lífstíðarleigutaka, ekki skylt að láta önnur hús fylgja en þau, sem eru við upphaf leigutíma, og eiganda er ekki skylt að leggja til aukinn húsakost, þótt þörf væri á, gagnstætt því, sem nú er, því að telja verður eðlilegt, að sá ábúandi, sem fær jörð sína leigða til lífstíðar eða á erfðaábúð, komi sjálfur upp þeim húsakosti, sem hann telur sig þurfa. Sé jörð hins vegar leigð ákveðið tímabil, er jarðareiganda skylt, eins og nú er, að láta jörðinni fylgja nauðsynlegan húsakost.

Þegar leiguliði hættir ábúð á jörð, er eigandi samkv. gildandi l. skyldugur að greiða andvirði eigna fráfarandi á 4 árum. Augljóst er, að slikt getur orðið í hæsta máta erfitt í fasteignaviðskiptum í dag, en algengt er, að hluti kaupverðs fasteigna er lánaður til 10—15 ára. Samkv. frv. getur eigandi verið í 8 ár að greiða eignir fráfaranda, sé ekki samið um annað.

Ýmis önnur minni háttar atriði eru í frv., sem breytt er frá því, sem nú er í l., auk þess, sem l. eru stytt verulega og reynt að gera þau skipulegri en nú er.

Þá er í frv. kafli um erfðaábúð. Um hana eru nú sérstök lög, nr. 102 frá 1962. Við endurskoðun á l. um ábúð jarða og erfðaábúð og um jarðeignasjóð og fleiri l. varðandi bújarðir og landbúnað var ákveðið að fella lög um þessi málefni í tvo lagabálka, ábúðalög og jarðalög. Rétt þótti að taka lög um erfðaábúð með í þetta lagafrv. Ekki er um neinar verulegar breytingar að ræða í l. um erfðaábúð frá gildandi l. Þó má geta þess, að í frv. er fellt niður, að skilgetin börn hafi rétt umfram óskilgetin, eins og nú er, þannig að réttarstaða skilgetinna og óskilgetinna barna verði að þessu leyti framvegis hin sama.

Herra forseti. Ég sé ekki ástæðu til að skýra þetta lagafrv. frekar, en legg til, að því verði að lokinni þessari umr. vísað til hv. landbn. og 2. umr.

Ingólfur Jónsson: Herra forseti. Það eru aðeins örfá orð. Ég er í höfuðatriðum samþykkur þessu frv. og tel eðlilegt að færa l. saman í einn lagabálk, eins og hér er gert, sérstaklega með tilliti til þess, hversu miklar breytingar hafa orðið nú á seinni árum. Ábúðarl. voru endurskoðuð síðast 1961, og síðan þá hefur vitanlega margt breyst. Í gildi eru enn lög frá 1933 og 1951, sem setja, eins og hæstv. ráðh. sagði, mismunandi skilyrði fyrir ábúð. Segja má, að þeim fækki nú óðum, sem sitja í ábúð samkv. l. frá 1933 og þau verki lítið nú orðið á framkvæmd í þessu tilliti. En ég held, að það sé heppilegt að sameina lögin í einn lagabálk, og alla vega er það hægara, a. m. k. fyrir ólögfróða menn, að fletta upp í l., eftir að þau hafa verið sameinuð.

En það er eitt í þessu frv. sem ég er ekki samþykkur. Hér er talað um byggðaráð. Byggðaráð eru engin til samkv. l., en það hefur verið útbýtt frv. til jarðal., og þar er gert ráð fyrir, að skipuð verði byggðaráð, eitt byggðaráð fyrir hverja sýslu. Byggðaráði er ætlað það hlutverk að hafa umsjón með framkvæmd ábúðarl. En eins og þetta er í gildandi l., eru það sveitarstjórnirnar, Landnámið og Búnaðarfélagið, sem hafa með þessi mál að gera. Sveitarstjórnirnar vilja áreiðanlega hafa áfram hönd í bagga með því, hvernig fer með ábúð jarða í sveitarfélagi, og það er ekki eðlilegt að ákveða með l. breytingu á því, sem nú er í gildi, án þess að hafa fengið um þetta umsögn sveitarstjórnanna, umsögn Landnámsins og umsögn Búnaðarfélagsins. Ég ætla ekki að gera lítið úr því, að byggðaráð geti gegnt þessu hlutverki. En ég hef sannfæringu fyrir því, að það hefði að mörgu leyti lakari aðstöðu til þess heldur en sveitarstjórnirnar og heldur en Landnámið og Búnaðarfélagið, sem þekkja þessi mál alveg frá grunni og hafa möguleika til þess að ráðstafa jörðum, eftir því sem best verður á kosið, með hagsmuni sveitarfélagsins og þjóðarinnar fyrir augum. Þótt jarðir hafi farið í eyði á undanförnum árum, er það ekki vegna þess, að fyrirkomulagið hvað þetta snertir hafi verið slæmt. Það hafa komið upp vandamál, sem síður hefðu verið leyst, ef eitt byggðaráð hefði átt að hafa eftirlit með þessu, heldur en með því, fyrirkomulagi, sem nú er í gildi.

Ég tel ekki ástæðu til að fara fleiri orðum um þetta. Ég er í höfuðatriðum samþykkur því, sem er í þessu frv., þegar þetta er undanskilið, og tel því ekki ástæðu til að segja meira um það að svo stöddu, en vildi vekja athygli á þessu atriði, svo að hv. landbn. hafi það til hliðsjónar.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 22 shlj. atkv. og til landbn. með 22 shlj. atkv.

Búfjárræktarlög, frv. (þskj. 33). — 1. umr.

Flm. (Ingólfur Jónsson): Herra forseti. Ég hef leyft mér ásamt hv. 2. þm. Sunnl. að flytja hér lítið frv. á þskj. 33. Grg., sem fylgir frv., segir í höfuðatriðum allt, sem segja þarf um þetta mál.

Þegar búfjárræktarl. var breytt á síðasta þingi, slapp í gegn ákvæði, sem ég efast um, að hv. alþm. hefðu viljað láta fara í gegn, þ. e. að lögfesta 10% útflutningsgjald á þau hross, sem seld eru úr landi. Undan þessu hefur verið kvartað mjög mikið á s. l. sumri, og þetta þykir algerlega óréttlátt. Útflutningsbætur eru greiddar með dilkakjöti og öðru kjöti, ef það er flutt út, og mjólkurafurðum, en hrossaútflutningur er skattlagður. Við leggjum til, að skattur verði áfram á þeim hrossum, sem teljast til kynbótahrossa, stóðhesta og hryssna, ef þær hafa verið ættbókarfærðar og teljast kynbótahryssur. Við teljum, að það eigi að stemma stigu, eftir því sem unnt er, við útflutningi á kynbótahrossum og þess vegna megi skatturinn vera áfram á þeim. En við teljum ranglátt að leggja skatt á önnur hross. Og á það ber að benda, að í Efnahagsbandalagslöndunum er innflutningsskattur 18% á hrossum, en við seljum mest af okkar hrossum til Efnahagsbandalagslandanna. Þetta gerir vitanlega þessa verslun dálítið erfiða. Þó að nokkuð hafi ræst úr um verð og verslun á hrossum til útflutnings að undanförnu, þá verður að segja eins og er, að þetta er talsvert erfitt verkefni, sem þarna er unnið að. Og það ber frekar að ýta undir, að bændur geti framvegis fengið gott verð fyrir hrossin til útflutnings, heldur en að leggja stein í götu þess.

Í Svíþjóð er innflutningstollur á hrossum, en þar gæti verið talsverður markaður, ef verðið yrði ekki of lágt vegna þessa tolls. Það hefur verið reynt að vinna að því að undanförnu að fá tollinn afnuminn, en ekki tekist enn þá.

Ég geri ráð fyrir því og ég vona það, að hv. alþm. fylgi þessu frv. og þetta ákvæði hinna nýju búfjárræktarlaga, sem slapp í gegn í fyrra, verði leiðrétt með því að samþykkja þetta frv.

Ég legg svo til, herra forseti, að að lokinni þessari umr. verði málinu vísað til 2. umr. og hv. landbn.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 24 shlj. atkv. og til landbn. með 24 shlj. atkv.

Efri deild, 6. fundur.

Mánudaginn 29. okt., að loknum 5. fundi.

Kjarasamningar opinberra starfsmanna, frv. (þskj. 51). — 1. umr.

Of skammt var liðið frá útbýtingu frv. — Afbrigði samþ. með 12 shlj. atkv.

Fjmrh. (Halldór E. Sigurðsson): Herra forseti. Á þskj. 51 er frv. til l. um breyt. á l. um kjarasamninga opinberra starfsmanna. Ástæðan til þess, að þetta frv. er fram komið, er sú, að í 16. gr. l. nr. 46 frá 1973 er gert ráð fyrir því, að kjarasamningar opinberra starfsmanna gangi til Kjaradóms, ef ekki verður samið fyrir 1. nóv. Nú hefur verið unnið nokkuð að því að reyna að leita eftir samkomulagi í þessum kjarasamningum, en það hefur hins vegar ekki tekist, en aðilar eru sammála um að óska eftir því, að frestur þessi verði lengdur. Bandalag starfsmanna ríkis og bæja óskaði eftir því, að hann yrði lengdur til 20. des. Bandalag háskólamanna vildi hins vegar fara fram í miðjan nóv., og það kom fram í umr. mínum við formenn stjórnarandstöðuflokka fyrir helgina, þegar ég skýrði þeim frá því, að þetta væri í vændum, að þeir töldu eðlilegra, að ef samið yrði, þá lægi það fyrir, áður en fjárlög yrðu afgreidd. Niðurstaðan hefur því orðið sú að leggja til, að fresturinn yrði til 15. des., enda má gera ráð fyrir, að ekki verði búið að afgreiða fjárlög þá.

Slík frv. sem þetta hafa áður komið hér fram á hv. Alþ., t. d. árið 1970, þá var sá háttur á hafður, að það mál fór ekki til n., og fór ég fram á það í hv. Nd., að svo yrði einnig nú og málið næði fram að ganga í dag. Það var samkomulag allra þar, að svo skyldi vera, og ég vona, að það verði eins í þessari hv. d. Ég leyfi mér því, herra forseti, að leggja til, að frv. verði vísað til 2. umr.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 14 shlj. atkv.

Efri deild, 7. fundur.

Mánudaginn 29. okt., að loknum 6. fundi.

Kjarasamningar opinberra starfsmanna, frv. (þskj. 51). — 2. umr.

Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði samþ. með 13 shlj. atkv.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 14 shlj. atkv.
2. gr. samþ. með 14 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 13 shlj. atkv.

Efri deild, 8. fundur.

Mánudaginn 29. okt., að loknum 7. fundi.

Kjarasamningar opinberra starfsmanna, frv. (þskj. 51). — 3. umr.

Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði samþ. með 13 shlj. atkv.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 14 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 53).

Sameinað þing, 9. fundur.

Þriðjudaginn 30. okt., kl. 2 miðdegis.

Umsjónar- og eftirlitsstörf í heimavistarskólum, fsp. (þskj. 10). — Ein umr.

Fyrirspyrjandi (Jónas Árnason): Herra forseti. 8. mars s. l. sendi fjármála- og áætlanadeild menntmrn. frá sér bréf, sem fól í sér svo hljóðandi tilkynningu:

„Samkomulag hefur orðið um að láta reglur skólaársins 1971—1972 fyrir umsjónar- og eftirlitsstörf í heimavistarskólum á skyldunámsstigi gilda einnig skólaárið 1972—1973."

Þeim mönnum, sem þarna áttu hvað mestra hagsmuna að gæta, þ. e. a. s. kennurum og skólastjórum umræddra heimavistarskóla, kom þetta bréf nokkuð svo spánskt fyrir sjónir. Hálfu ári áður, þ. e. a. s. í sept. 1972, hafði fulltrúi þeirra setið tvo fundi, sem menntmrn. efndi til um þetta mál. Þessi fulltrúi hafði þar lagt til, að reglum vegna þessara starfa yrði breytt, svo að næmi, að ég hygg, hækkun um 22%. Síðan hafði hann aldrei verið til kvaddur að fjalla um málið. Bréf þetta var einnig einkennilegt að því leyti, að það var ekki sent fyrr en langt var liðið á skólatímann og fól þess vegna í sér reglur fyrir störf, sem viðkomandi skólastjórar og kennarar höfðu þá þegar innt af hendi að mestu. Þessum mönnum, viðkomandi skólastjórum og kennurum, finnst þetta dálítið einkennileg vinnubrögð, og það er fyrir tilmæli nokkurra manna í þeirra hópi, sem ég hef leyft mér að beina til hæstv. menntmrh. á þskj. 10 svo hljóðandi fsp.:

„Hverjir fjölluðu um það samkomulag, sem í bréfi menntmrn. til skólastjóra, dags. 8. mars

1973, segir, að orðið hafi um að láta reglur skólaársins 1971—1972 fyrir umsjónar- og eftirlitsstörf í heimavistarskólum á skyldunámsstigi gilda einnig fyrir skólaárið 1972—1973"?

Menntmrh. (Magnús T. Ólafsson): Herra forseti. Svar mitt við fsp. hv. 5. þm. Vesturl. er á þessa leið:

Menntmrn. er ekki aðili að samningum um gæsluþóknun í heimavistarskólum. Þegar samningum þessum hafði verið sagt upp og ekkert miðaði í átt til nýrra samninga, boðaði ráðuneytisstjóri menntmrn., Birgir Thorlacius, aðila til fundar í rn. 3. nóv. 1971, og sátu þann fund fulltrúi frá fjmrn., frá Sambandi ísl. sveitarfélaga, frá Sambandi ísl. barnakennara og Landssambandi framhaldsskólakennara. Um þrjá samninga var að ræða vegna gæslukostnaðarins: fyrir héraðsskóla, fyrir skyldunámsskóla og fyrir húsmæðraskóla, og var sá síðastnefndi hinn eini af þessum samningum, sem ekki hafði verið sagt upp. Niðurstaða fundarins varð sú, að ráðuneytisstjórinn lagði áherslu á, að samningar um gæslulaunin hæfust þegar í stað og í fullri alvöru. Voru fulltrúar beggja aðila, fjmrn. og kennarasamtakanna, áhugasamir um það. Kom fram á fundinum, að eðlilegt væri, að Samband ísl. sveitarfélaga og menntmrn. fylgdust með þessum samningum, en hvorugur þessara aðila er samningsaðili, þótt niðurstaða slíkra samninga varði báða mjög miklu.

Skömmu eftir þennan fund hófust samningar um gæslustörfin, og var samkomulag undirritað 16. mars 1972. Um samninginn 1972 var fullt samkomulag milli aðila og jafnframt um, að hann skyldi endurskoðaður.

Í framhaldi af þessu samkomulagi, sem gert var 16. mars 1972, eins og áður segir, var komið á fót samstarfsnefnd um málið með fulltrúum frá fjmrn., Landssambandi framhaldsskólakennara, Sambandi ísl. barnakennara, Sambandi ísl. sveitarfélaga og menntmrn. Fyrir 8. mars 1973 tjáði fjmrn., launadeild þess, menntmrn., fjármála- og áætlanadeild þess, að samkomulag væri um að láta reglurnar frá 16. mars 1972 um greiðslur fyrir gæslu gilda fyrir skólaárið 1972—1973. Fjármáladeild menntmrn. hafði símasamband við samningsaðila: fjmrn., Þorstein Geirsson, Samband ísl. barnakennara, Svavar Helgason, Landssamband framhaldsskólakennara, Ólaf S. Ólafsson, og skýrði þeim frá, að menntmrn. mundi senda bréf til allra heimavistarskóla á skyldunámsstigi og tilkynna þeim um framlengingu á gildi greiðslureglnanna frá 1972, að því er varðaði veturinn 1972—1973, og jafnframt var borin undir þá túlkun á nokkrum atriðum greiðslureglnanna, og gerði enginn aðilanna aths. Síðan sendi rn. bréf um þetta efni, dags. 8. mars 1973.

Það, sem felst í samkomulaginu frá 1972, sem endurnýjað var fyrir veturinn 1972—1973, er í aðalatriðum þetta: Þetta eru reglur um greiðslur fyrir umsjónar- og eftirlitsstörf í heimavistarskólum á skyldunámsstigi, settar af fjmrn. fyrir hönd ríkissjóðs með samþykki Sambands ísl. barnakennara og Landssambands framhaldsskólakennara, að höfðu samráði við menntmrn. og Samband ísl. sveitarfélaga, eins og segir í 1. gr. nefndra reglna. Reglurnar sjálfar eru í 6 tölusettum liðum. 1. liður fjallar um, með hvaða hætti þær eru settar, sbr. það, sem ég sagði hér að framan. 2. og 3. liður tiltaka, hver skuli vera hámarksgreiðsla úr ríkissjóði. 4. liður tilgreinir, með hvaða hætti umsjónartímar skulu ákveðnir. 5. liður kveður á um þau launakjör, sem hlutaðeigandi kennarar skulu njóta við gæslustörfin. 6. liður fjallar um, hver skuli inna greiðslur af hendi til umsjónarfólks og eftir hvaða reglum ríkissjóður endurgreiðir þær.

Fulltrúar kennarasamtakanna voru samþykkir kjaraatriðum 5. liðar. Fulltrúi Landssambands framhaldsskólakennara vildi ekki hafa afskipti af öðrum þáttum. Fulltrúi Sambands ísl. barnakennara, sem var valinn úr hópi skólastjóra heimavistarskólanna, lagði fram brtt. við 2. tölul. Fól hún í sér hækkun á hámarksgreiðslum úr ríkissjóði, einkum að því er varðar skóla af stærðinni 10—40 nemendur í heimavist, en lækkun á hámarki til skóla með 70 nemendur og yfir. Fjmrn. hafnaði þessari till.

Samstarfsnefndin í þessu máli mun halda áfram störfum að endurskoðun reglnanna um greiðslur fyrir umsjónar- og eftirlitsstörf í heimavistarskólum á skyldunámsstigi.

Fyrirspyrjandi (Jónas Árnason): Herra forseti. Ég þakka hæstv. ráðh. svör hans. Ég held, að það fari ekki á milli mála, að þarna hafi átt sér stað mjög óvenjuleg vinnubrögð að því er varðar afgreiðslu kjaramála. Hinn raunverulegi fulltrúi, sem viðkomandi kennarar og skólastjórar tilnefna, er ekki hafður með í ráðum, þegar reglurnar eru settar. Það er ekki um að ræða af hans hálfu nema þátttöku í þeim tveim fundum, sem ég nefndi, að hann hefði setið í sept. í fyrra. Það, sem hér gerist, er, að það er hringt í síma, að því virðist, á milli rn., og niðurstaðan verður sú að framlengja þetta, og síðan er hringt til Sambands ísl. barnakennara, sem þarna eiga fyrst og fremst hlut að máli, og þetta er borið undir mann, sem svarar í síma, og sá maður virðist ekki gera aths. Það liggur fyrir eftir sem áður, að raunverulega hefur ekki verið um að ræða formlega þátttöku í þessu samkomulagi eða undirbúningi þessa samkomulags af hálfu þeirra kennara, sem þarna eiga helst hagsmuna að gæta.

Hitt stendur líka óhaggað, að þessir kennarar og skólastjórar fá ekkert að vita um, eftir hvaða reglum þeir hafa verið að vinna um veturinn, fyrr en undir vor, þegar er að ljúka þeirra starfstíma í marsmánuði. Þess vegna leyfi ég mér að spyrja núna, hvort þeim beri að líta svo á, að þessar sömu reglur skuli enn í gildi í vetur. Nú er að hefjast nýtt skólaár. Þeir eru þegar farnir að vinna eftir þeim reglum, sem kunna að gilda, en þeim er hins vegar ekki ljóst, hvaða reglur gilda. Og ef þessar reglur eiga að gilda áfram, sem framlengdar voru í marsmánuði s. l., þá held ég, að ég geti tekið það fram fyrir hönd þeirra hér, að þeir eru síður en svo ánægðir með þær reglur.

Menntmrh. (Magnús T. Ólafsson): Herra forseti. Eins og ég taldi, að kæmi fram í svari mínu við fsp., er unnið að endurskoðun greiðslureglnanna og við það miðað, að þær breytingar, sem samkomulag kann að nást um, gildi fyrir það skólaár, sem nú er að hefjast. Og ég get fullvissað hv. þm. um, að mér er síst minna áhugamál en honum, að þær reglur liggi fyrir sem allra fyrst.

Halldór Blöndal: Herra forseti. Hér er hreyft afskaplega merkilegu máli af hv. 5. þm. Vesturl., og það er framkoma hæstv. núv. ríkisstj. til starfsmanna sinna. Eins og fram kom hjá þessum hv. þm., er hér verið að fjalla um einn hóp opinberra starfsmanna, þar sem launin virðast ákveðin, án þess að nokkur formleg þátttaka sé höfð uppi af hálfu launþega, og launin þar að auki ákveðin eftir á. Ég held, að það sé óhjákvæmilegt að spyrja hæstv. fjmrh., hvort það séu fleiri ríkisstarfsmenn, sem eru ráðnir með þessum hætti hjá ríkinu, að launin séu ákveðin eftir á og án þess að nokkur formleg þátttaka sé höfð uppi af þeirra hálfu um laun þeirra og kjör. Ég held, að það sé líka rétt að spyrja hæstv. fjmrh., hvort það er rétt, sem haldið hefur verið fram af stjórnarmönnum í Bandalagi starfsmanna ríkis og bæja, að menn séu ráðnir hér með kjörum Verzlunarmannafélags Reykjavíkur til ríkisins, þar sem samningar opinberra starfsmanna þykja of góðir, til þess að hægt sé að ráða menn eftir þeim. En það hefur komið fram sú gagnrýni af hálfu stjórnarmanna í BSRB, að ríkisstj. hafi nú uppi viðbrögð til að reyna að komast hjá því að ráða menn með þeim réttindum, sem lög um opinbera starfsmenn heimila.

Sjálfvirk viðvörunarkerfi á hraðbrautir, fsp. (þskj. 30). — Ein umr.

Fyrirspyrjandi (Oddur Ólafsson): Herra forseti. Á þskj. 30 hef ég leyft mér að flytja svo hljóðandi fsp. til hæstv. samgrh.:

„Hvað líður framkvæmd þál. frá 6. apríl s. l. um ítarlega könnun á notagildi sjálfvirkra viðvörunarkerfa á hraðbrautum?“

Bifreiðastjóri, sem fór um Hellisheiði nú um síðustu helgi, taldi ástandið líkast því, að óvinaher hefði gert skyndiárás á þá miklu umferðaræð. Þar hafði þá myndast skyndileg hálka, og þar lágu þrjár bifreiðar á hvolfi og allmargar í ýmiss konar ástandi úti í vegarköntum eða móum. Sem betur fer urðu ekki veruleg slys á fólki í þetta sinn. En sjáanlegt er, að nýju hraðbrautirnar okkar eru viðsjárverðar í hálku og því full ástæða til þess að gera allt, sem unnt er, til þess að vara sem gleggst við henni. Kostnaður vegna þeirra umferðaróhappa, sem af hálku stafa, er gífurlegur árlega, auk þess sem vitað er, að líkamsmeiðingar og dauða leiðir gjarnan af hálkunni. Slíkt verður ekki auðveldlega metið til fjár. En augljóst er, að þótt ráðstafanir þær, sem gera þarf, séu kostnaðarsamar, þá mun sá kostnaður fljótt endurgreiðast, ef viðvörunarkerfin verða til þess að fækka slysum. Þess vegna hef ég hug á því að fá upplýsingar um það frá hæstv. samgrh., hvað gert hefur verið til þess að kanna notagildi þeirra kerfa, sem möguleikar eru á að fá.

Félmrh. (Björn Jónsson): Herra forseti. Sú fsp., sem beint er til mín varðandi það mál, sem hv. 3. þm. Reykn. reifaði, er svo hljóðandi:

„Hvað líður framkvæmd þál. frá 6. apríl um ítarlega könnun á notagildi sjálfvirkra hálkuviðvörunarkerfa á hraðbrautir?“

Með bréfi, dags 28. júní s. l., var Vegagerð ríkisins falið að annast þá könnun, sem fsp. greinir frá. Þar sem hér er í flestum tilvikum um flókinn rafmagns- og fjarskiptaútbúnað að ræða, fékk Vegagerðin verkfræðifyrirtækið Rafagnatækni í lið með sér til þess að annast þessa könnun. Könnunin hefur til þessa einkum beinst að eftirfarandi:

1. Söfnun upplýsinga frá nágrannalöndum um framkvæmdir af þessu tagi á þjóðvegum og götum.
2. Gagnasöfnun úr erlendum tímaritum.
3. Söfnun upplýsinga um tækjabúnað frá framleiðendum.
4. Athugun á skýrslum lögreglu um óhöpp á hraðbrautum, sem stafa af hálku.
5. Könnun á sambandi milli veðurfars og ísingar á vegum í samvinnu við Veðurstofu Íslands.

Stefnt er að því, að 1. des. n. k. liggi fyrir skýrsla yfir þessar athuganir. Að henni lokinni verður kannað, hvort eitthvert eða hvaða ísvarnakerfi kunni að hæfa hér á landi og hvað það kosti. Að þeirri athugun lokinni mun Vegagerðin skila lokaskýrslu um málið.

Fyrirspyrjandi (Oddur Ólafsson): Herra forseti. Ég þakka hæstv. samgrh. svör hans. Mér er ljóst, að það tekur tíma af afla slíkra upplýsinga sem þessara. Mér er þó kunnugt um, að hér á landi er fyrirtæki ungra tæknifræðinga, Iðntækni h/f, sem hefur undanfarin ár leyst ýmis vandamál á þessum sviðum, og þessir menn hafa verulegan áhuga á því að taka þetta mál til meðferðar. Þeir telja, að fært sé án verulegs kostnaðar að setja upp staura með rafeindaútbúnaði, er mæli hita- og rakastig á vegum, og að þetta kerfi þurfi alls ekki að vera dýrt í notkun. Mér er hins vegar ljóst, að þessir menn munu þurfa einhverja aðstoð, einhvern styrk til sinna starfa, en þeir telja, að án mikils fyrirvara séu þeir reiðubúnir til þess að gera tilraunir með nokkra staura á viðkvæmustu blettunum til þess að fá að sjá, hvort þessi kerfi verki ekki hér á landi eins og til stendur. Ég veit reyndar, að þessir menn hafa sett sig í samband við Vegagerð ríkisins, og vona, að þessu máli verði hraðað, svo sem unnt er.

Félmrh. (Björn Jónsson): Herra forseti. Eins og fram kom í svari mínu, hefur Vegagerð ríkisins leitað samvinnu við sérfræðifirma, og ég er slíkur leikmaður, að ég treysti mér ekki til að dæma um það, hvort eitthvert annað fyrirtæki hefði verið enn þá hæfara. En ég

vona, að það fyrirtæki, sem Vegagerðin valdi sér til samstarfs, komi að sömu notum og það fyrirtæki, sem hv. 3. þm. Reykn. nefndi. En ég get aðeins ítrekað það og fullvissað hv. fyrirspyrjanda um það, að þetta mál verður ekki tafið á nokkurn hátt. Það verður reynt að hraða því eftir föngum, þegar þær upplýsingar liggja fyrir, sem leitað er eftir, og svör við spurningum, sem könnunin beinist að.

Dreifing sjónvarps, fsp. (þskj. 14). — Ein umr.

Fyrirspyrjandi (Jónas Jónsson): Herra forseti. Hafist var handa um að koma hér á rekstri sjónvarps hlutfallslega snemma, t. d. miðað við nágrannalönd okkar. Sjónvarpið náði í upphafi til verulega stórs hluta þjóðarinnar. Nefndar voru háar hundraðshlutatölur yfir, hve margir þegar nytu útsendinga þess. Þetta gekk fljótt og vel, og var sjónvarpinu komið upp með tiltölulega litlum kostnaði, a. m. k. reiknað á þann fjölda íbúa, sem þegar naut þess. Þegar var svo hafist handa um að dreifa sjónvarpinu um landið, og það gekk einnig allfljótt og vel og framar öllum vonum, miðað við okkar stóra og fjöllótta land. Hundraðshluti þeirra, sem í náðinni voru, hækkaði, og nefndar voru háar tölur um það, að nú hefðu 90% þjóðarinnar eða meira sjónvarp til að horfa á. Tekjustofnarnir, sem undir þessu stóðu, voru innflutningsgjöld af sjónvarpstækjum. Sá tekjustofn hlaut eðli sínu samkv. að rýrna, jafnótt og sjónvarpið dreifðist um landið. En þetta var í upphafi allt saman gott og blessað. Og enn betra var það, að sjónvarpið íslenska reyndist mikill fjölmiðill, oft menningartæki á marga lund og gott til afþreyingar þeim, sem ekki höfðu öðru að sinna, og þó sérlega þeim, sem ekki höfðu á öðru völ, svo sem öldnum og sjúkum.

En hvað þá um hina, sem ekki fengu sjónvarpið, þó að þeir væru fáir? Og hvað nú, þegar tekjulindin fer ört þverrandi og er kannske nærri þornuð? Er það ekki mannréttindamál, að þjóðin láti þá ekki bíða lengur í óvissunni, a. m. k. ekki í algerri óvissu um það, hvort og hvenær þeir fái þetta til sín. Það er tæplega sæmandi í félagslega þenkjandi þjóðfélagi að fara nú að reikna út, hvað það kostar á hvern íbúa fyrir þá síðustu, sem fá þetta til sín.

Um þetta mál hafa þegar verið fluttar hér á hv. Alþ. tvær þáltill., á þskj. 13 og 19, og farið fram um þær umr., en ég hygg, að hæstv. menntmrh. hafi þá ekki verið viðstaddur.

Það er í ljósi þess, sem ég hef nú sagt, sem ég hef leyft mér að bera fram á þskj. 14 eftirfarandi fsp. til hæstv. menntmrh.:

„1. Hvað hefur miðað með dreifingu sjónvarps á yfirstandandi ári?

2. Hver hafa orðið aðflutningsgjöld af innflutningi sjónvarpstækja síðustu 5 ár, og hvað er áætlað, að þau verði á yfirstandandi ári og því næsta?

3. Eru áform um aðrar tekjuöflunarleiðir, til þess að unnt verði að ljúka dreifingu sjónvarps til allra landsmanna innan eðlilega langs tíma?“

Menntmrh. (Magnús T. Ólafsson): Herra forseti. Svarið við 1. lið fsp. hv. 1. þm. Norðurl. e. er svo hljóðandi:

Samkv. upplýsingum Ríkisútvarpsins hafa framkvæmdir við dreifikerfi sjónvarps takmarkast í ár við að ljúka við áður ákveðin verkefni, svo sem sjónvarpsstöðvar á Djúpavogi og Húsavíkurfjalli. Enn fremur var haldið áfram byggingarframkvæmdum, smærri í sniðum, á þessum stöðum: Víðidal og Vatnsdal í Húnavatnssýslu, Sandafelli í Dýrafirði, Fljótsheiði í Suður-Þingeyjarsýslu, Auðbjargarstaðabrekku í Kelduhverfi, Skáneyjarbungu í Borgarfirði, á Botnsheiði milli Súgandafjarðar og Ísafjarðar og á Suðureyri sjálfri. Varavélar voru settar í stöðvarnar á Blönduósi og á Fosshóli við Goðafoss.

Svarið við 2. lið fsp. er það, að samkv. upplýsingum Ríkisútvarpsins hafa aðflutningsgjöld af innfluttum sjónvarpstækjum síðustu 5 ár verið þessi:

Árið 1968 56 725 466 kr. Árið 1969 51 418 577 kr. Árið 1970 35 770 286 kr. Árið 1971 24 043 244 kr. Árið 1972 24 661 070 kr. Á árinu 1973 áætlar Ríkisútvarpið, að gjöldin nemi 20 millj. kr., og á árinu 1974 24 millj.

3. lið fsp. er því að svara, að ekki eru uppi áform af hálfu stjórnvalda um aðrar tekjuöflunarleiðir vegna dreifingar á sjónvarpi.

Fyrirspyrjandi (Jónas Jónsson): Herra forseti. Ég leyfi mér að þakka hæstv. menntmrh. fyrir greið svör. Ég vil aðeins bæta því við, að í ljósi þess, sem fram hefur komið, þverra þessar tekjulindir, og það er kannske helst, að það ætti að harma það, að ekki skyldi fyrr hafa verið tekið til athugunar, hvernig mætti bæta það upp. Vil ég láta í ljós þá von, að það finnist nú leiðir til að ljúka þessu átaki, sem ekki mun vera óskaplega stórt.

Benedikt Gröndal: Herra forseti. Ég beini því til hæstv. menntmrh., að það sé aðkallandi að íhuga þetta mál, og getur ekki lengi staðið svo, að stjórnvöld hafi engin áform um að reyna að afla frekari tekna til dreifingar sjónvarps.

Það verkefni, sem spurt er um í dag, að koma sjónvarpi til þeirra, sem ekki hafa það enn, er aðeins einn hluti af verkefninu dreifing sjónvarps. Það er almennt talið, að sjónvarpsstöðvar hafi að endingartíma 7, 8 eða 9 ár, og þær elstu, sem þjóna mesta þéttbýli hér á landi, eru nú orðnar 7 ára gamlar og fara að bila í vaxandi mæli, ef marka má eftir reynslu, svo að það má búast við verulegum kostnaði við endurnýjun á dýrasta hluta kerfisins alveg á næstunni.

Þar að auki vil ég benda á, að dreifingarkerfi sjónvarps á Íslandi er allt einfalt, en í öðrum löndum er ekki talið ráðlegt að hafa a. m. k. meginþætti dreifingarkerfisins einfalda, heldur tvöfalda, þ. e. a. s. það eru tvær sendistöðvar hafðar hlið við hlið, þar sem varastöðin fer af sjálfu sér í gang, ef sú, sem notuð er, bilar. Öryggis-

leysið er því ákaflega mikið og getur valdið mjög miklum kostnaði á næstu árum.

Ég vil beina því til hæstv. ráðh., að þetta mál þarfnast vandlegrar íhugunar og athugunar.

Framhaldsnám hjúkrunarkvenna, fsp. (þskj. 20). — Ein umr.

Fyrirspyrjandi (Þórarinn Þórarinsson): Herra forseti. Um alllangt skeið hefur verið rætt um nauðsyn þess, að stofnað yrði til framhaldsnáms við háskólann fyrir hjúkrunarfólk. Fyrstu framkvæmdir í þessum efnum munu vera þær, að 6. nóv. 1970 skipaði þáv. menntmrh., Gylfi Þ. Gíslason, sérstaka n. til að skila áliti um þetta mál. Sú n. skilaði áliti á síðari hluta ársins 1971, og finnst mér rétt að lesa hér upp samandregnar niðurstöður nefndarinnar:

„1) N. hefur orðið sammála um, að mjög nauðsynlegt sé að koma á fót hjúkrunarmenntun á háskólastigi hérlendis, þar sem hjúkrun er sérgrein, sem krefst forustu háskólamenntaðra einstaklinga.

2) Starf lækna og annarra samstarfshópa hjúkrunarstéttarinnar er í grundvallaratriðum svo háð hæfni þeirra einstaklinga, er skipuleggja, stjórna og annast hjúkrunarstörf, að heilbrigðisþjónusta þjóðfélagsins hefur ekki til frambúðar efni á að vera án þeirrar háskólagreinar, er að hjúkrun lýtur.

3) Hjúkrunarstéttin er fyrst og fremst kvennastétt, og til muna örðugra reynist fyrir konur en karla að sækja háskólanám erlendis vegna fjölskylduástæðna.

4) Íslenskar hjúkrunarkonur hafa orðið að leita framhaldsmenntunar erlendis, en slíkt verður æ erfiðara með hverju árinu sökum þess, hversu aðsókn heimamanna viðkomandi landa fer vaxandi í þá skóla, sem einna helst hafa verið sóttir af Íslendingum. Auk þess eru kröfur um stúdentsmenntun eða hliðstæða menntun að verða æ algengari sem inntökuskilyrði, en slíkan grundvöll skortir mikinn meiri hluta íslenskrar hjúkrunarstéttar í dag.

5) Duglegasta námsfólkið, sem lýkur menntaskólanámi, leitar því miður hlutfallslega of lítið inn á svið hjúkrunar, og mikilvægt atriði í framtíðinni er því, að reynt verði að laða þessa aðila að hjúkrunarnámi með ráðum og dáð.

6) Sé þjóðarhagur hafður í huga, virðist hæpið að kosta stórfé til háskólamenntunar annara stétta umfram þjóðarþörf, á sama tíma og Háskóla Íslands væri synjað um fjárveitingu til nauðsynlegrar hjúkrunarmenntunar."

Það hefur svo gerst í framhaldi af þessu, að á s. l. hausti var stofnuð námsbraut í hjúkrunarfræðum við Háskóla Íslands, og er það að sjálfsögðu nauðsynleg ráðstöfun út af fyrir sig. En á henni er sá galli, að hún er aðeins opin fyrir stúdenta. Hjúkrunarkonur og annað hjúkrunarfólk hefur þar ekki aðgang. Þess vegna beini ég þeirri fsp. til hæstv. menntmrh.: „Hvaða ráðstafanir hafa verið fyrirhugaðar til að tryggja hjúkrunarkonum framhaldsnám við Háskóla Íslands?"

Menntmrh. (Magnús T. Ólafsson): Herra forseti. Fsp. hv. 4. þm. Reykv. er þessu til að svara:

Áhugi hefur farið mjög vaxandi á því undanfarin ár að bæta menntunarskilyrði ýmissa starfsstétta á sviði heilbrigðisþjónustu, auk lækna, og þá ekki síst að skapa þeim möguleika til framhaldsnáms á háskólastigi.

Í nóv. 1970 skipaði menntmrn. nefnd til að kanna möguleika á framhaldsmenntun hjúkrunarkvenna hér á landi á háskólastigi, og áttu sæti í n.: Þorbjörg Jónsdóttir skólastjóri Hjúkrunarskóla Íslands, form., Snorri Páll Snorrason dósent, tilnefndur af Háskóla Íslands, frú María Pétursdóttir form. Hjúkrunarfélags Íslands, tilnefnd af því félagi, Páll Sigurðsson ráðuneytisstjóri, tilnefndur af heilbr.- og trmrn., og frú Elín Eggerz Pétursdóttir hjúkrunarkona, skipuð án tilnefningar. N. skilaði áliti til menntmrn. í nóv. 1971, og var þar eindregið lagt til, að komið yrði á fót námsbraut í hjúkrunarfræðum við Háskóla Íslands, er veitti möguleika á framhaldsnámi til undirbúnings ýmsum sérhæfðum störfum á sviði hjúkrunarmála.

Nál. var, strax og það barst rn., sent til umsóknar háskólaráði, heilbr.- og trmrn. og Hjúkrunarfélagi Íslands. Háskólaráð fól svo læknadeild að fjalla um málið, og starfaði síðan n. á vegum deildarinnar með fulltrúum frá Hjúkrunarfélagi Íslands að frekari athugun þess.

Hinn 29. júní 1973 ritaði menntmrh. háskólarektor á þessa leið:

„Eins og yður, herra háskólarektor, er kunnugt, hefur rn. bréflega og munnlega lýst áhuga sínum á því, að hafið verði framhaldsnám á háskólastigi fyrir hjúkrunarkonur, þ. e. þær, sem lokið hafa hjúkrunarnámi við Hjúkrunarskóla Íslands eða Nýja hjúkrunarskólann, ennfremur, að athugaðir verði möguleikar á því, að stúdentar eða aðrir með sambærilega menntun eigi kost á hjúkrunarnámi á háskólastigi í samstarfi við hjúkrunarskólana báða.

Vill rn. enn minna á þetta mál og væntir, að háskólinn taki það til athugunar hið fyrsta í samstarfi við rn."

Um svipað leyti lágu fyrir vinnutillögur frá framangreindri n. á vegum læknadeildar. Og hinn 12. júlí s. l. var svohljóðandi samþykkt gerð í háskólaráði:

„Háskólaráð er meðmælt því, að námsbraut í hjúkrun verði komið á fót á vegum læknadeildar háskólans, að því tilskildu, að nægjanlegt fjármagn og húsrými verði tryggt nú þegar að mati háskólaráðs."

Hinn 20. ágúst 1973 skipaði menntmrn. n. til að semja drög að reglugerðarákvæðum um nám í hjúkrunarfræðum á vegum læknadeildar Háskóla Íslands. Í n. eiga sæti: Ólafur Ólafsson landlæknir og Arinbjörn Kolbeinsson læknir, skipaðir skv. tilnefningu læknadeildar háskólans, Haraldur Ólafsson lektor, tilnefndur af háskólaráði, Ingibjörg R. Magnúsdóttir deildarstjóri, tilnefnd af heilbr.- og trmrn., María Pétursdóttir skólastjóri, tilnefnd af Hjúkrunarfélagi Íslands, Þorbjörg Jónsdóttir skólastjóri, skipuð í n. sem fulltrúi hjúkrunarskólanna, og Þórður Einarsson stjórnarráðsfulltrúi, form. nefndarinnar.

Um svipað leyti og þessi n. hóf störf sín,

kom hingað til lands sérfræðingur Alþjóðaheilbrigðismálastofnunarinnar í menntun hjúkrunarfólks, Dorothy Hall, og kom hún hingað að beiðni menntmrn. Sat hún nokkra fyrstu fundi n., kynnti sér menntunarmál hjúkrunarfólks hér á landi og sömuleiðis þörfina á sérmenntuðu starfsfólki innan heilbrigðisþjónustunnar. Skilaði hún skýrslu um niðurstöðurnar af athugunum sínum og mælir þar eindregið með því, að komið verði sem fyrst á fót námsbraut í hjúkrunarfræðum á vegum læknadeildar Háskóla Íslands. Raunar hafði ótvíræður áhugi þegar komið fram á skjótri stofnun slíkrar námsbrautar, bæði af hálfu rektors Háskóla Íslands og forráðamanna læknadeildar, þ. á m. núverandi deildarforseta, sem tekið hafði þátt í störfum n. og setið nokkra fundi hennar. Töldu þeir, að unnt væri að hefja kennslu í þessum fræðum á vegum háskólans nú þegar á þessum vetri, enda lágu þegar fyrir drög að námsskrá, sem fulltrúi Alþjóðaheilbrigðismálastofnunarinnar hafði aðstoðað við að semja. Kom í ljós, að kennsla í sumum námsgreinum var þegar fyrir hendi á vegum læknadeildar, en auðvelt að skipuleggja nám í öðrum greinum, svo sem í félagsfræðum á vegum námsbrautar háskólans í almennum þjóðfélagsfræðum og í ýmsum greinum, sem kenndar eru á vegum heimspekideildar. Kennslu í almennri hjúkrun þyrfti að sækja til hjúkrunarskóla þeirra, sem fyrir eru. Lýstu þeir báðir sig reiðubúna til að taka þátt í því samstarfi við Háskóla Íslands. Hins vegar treystist Hjúkrunarskóli Íslands, þegar til kom, ekki til að láta í té slíka kennslu fyrr en eftir áramótin næstu, og mun Nýi hjúkrunarskólinn annast hana a. m. k. þangað til. Taldi háskólinn sig geta á þennan hátt tekið við rúmlega 20 nemendum í þetta nýja nám.

Rn. vildi ekki að fengnum þessum forsendum hindra það eða tefja fyrir því, að slíkt nám gæti hafist á þessu háskólaári, og samþykkti því fyrir sitt leyti, að innritun til þessa náms færi fram. En samþykkið var gert með fyrirvara um endanlega stofnun þessarar námsbrautar á vegum læknadeildar Háskóla Íslands.

Það var ljóst þegar í upphafi, að án breytinga á núgildandi háskólalögum gæti þessi innritun nú aðeins tekið til þeirra, sem hafa aflað sér réttinda til innritunar í Háskóla Íslands, þ. e. a. s. þeirra, sem lokið hafa stúdentsprófi. Jafnframt lá hins vegar fyrir, að mikil nauðsyn er á því að skapa möguleika á framhaldsnámi við háskólann fyrir þá, sem lokið hafa venjulegu hjúkrunarnámi. Á þetta hefur menntmrn. frá upphafi lagt áherslu. Í bréfi rn. 18. sept. s. l. til Háskóla Íslands, þar sem samþykkt var að hefja fyrrnefnda kennslu í hjúkrunarfræðum á vegum læknadeildar, var því einnig sérstaklega óskað eftir því, að af hálfu háskólans verði gerð athugun á því, með hverjum hætti unnt væri að veita þeim, sem lokið hafa venjulegu hjúkrunarnámi, aðgang að framhaldsnámi í hjúkrunarfræðum á háskólastigi, og yrði þeirri athugun hraðað. Jafnframt hefur n. þeirri, sem áður er getið, verið falið að vinna að þessum öðrum meginþætti þessa máls. Er þess að vænta, að innan skamms verði tilbúin drög að frv. um lagabreytingar varðandi námsbrautina í hjúkrunarfræðum, ásamt drögum að reglugerðarákvæðum um sama efni.

Þess skal að lokum getið, að Rauði kross Íslands hefur sýnt þessu máli mikinn áhuga og samþykkti á síðasta þingi sínu að veita samtals 1½ millj. kr. til stofnunar námsbrautar í hjúkrunarfræðum á háskólastigi.

Fyrirspyrjandi (Þórarinn Þórarinsson): Herra forseti. Ég þakka hæstv. menntmrh. fyrir svör hans. Mér skilst, að það, sem hefur valdið því, að hjúkrunarkonur eða hjúkrunarliðar fengu ekki strax aðgang að námsbrautinni við háskólann, hafi verið reglur eða lög Háskóla Íslands, og til þess að svo geti orðið, sé nauðsynlegt að breyta þessari löggjöf. Það kom fram í ræðu hæstv. ráðh., að verið sé að vinna að því að undirbúa frv. um slíkar breytingar á háskólalögunum, og hann taldi líklegt, að till. um það efni mundu vera tilbúnar innan skamms. Ég legg áherslu á, að þessu verði hraðað, og alveg sérstaka áherslu á, að frv. um þetta efni verði afgr. á yfirstandandi þingi. Ef einhverjar tafir verða á því hjá háskólanum að undirbúa slíkt frv. og leggja það fram, þá geta að sjálfsögðu aðrir gert það hér á Alþingi. Ég trúi ekki öðru, þegar litið er á pallana í dag, en það muni vera hægt að fá stuðning þm. við slíkt mál.

Halldór Blöndal: Herra forseti. Ég tek undir það sem hv. síðasti ræðumaður sagði, að það muni ekki skorta stuðning til þess á Alþingi að veita hjúkrunarkonum allan þann rétt, sem unnt er, einnig við Háskóla Íslands, og veit, að undir það munu allir taka. En mig langar til að spyrja hæstv. menntmrh., hvað hafi verið gert til þess að koma á fót hjúkrunarmenntun á Akureyri, hvort það mál hafi komið til umr. og hvað hafi gerst í því máli? Nú vita allir hv. þm., að það er orðið meira en brýn þörf á því, að eitthvað verði gert í byggingarmálum spítalans á Akureyri, þó að núv. ríkisstj. hafi fram að þessu setið á öllum till. varðandi þann spítala og ekki hafi fengist að byrja á þeim spítala enn þá. Mér skilst, að skeyti frá ríkisstj. um, að byrja megi, sé væntanlegt til Akureyrar frá degi til dags, en það er eins og með orkumálin, það má ekkert gera á Norðurlandi af viti í þessu máli. Mig langar til að spyrja hæstv. menntmrh., hvort einhver hreyfing sé á því að efna til hjúkrunarmenntunar á Akureyri.

Menntmrh. (Magnús T. Ólafsson): Herra forseti. Svar við fsp. hv. 2. þm. Norðurl. e. um hjúkrunarmenntun á Akureyri er það, að ég hef orðið var við áhuga á að efna þar til hjúkrunarmenntunar. Till. eða áætlanir um það hafa þó engar komið í mínar hendur.

Bætt aðstaða nemenda landsbyggðarinnar, fsp. (þskj. 24). — Ein umr.

Fyrirspyrjandi (Lárus Jónsson): Herra forseti. Á síðasta Alþingi bárum við hv. 2. þm. Vestf.,

Matthías Bjarnason, fram þáltill., sem hljóðar svo:

„Alþingi ályktar að fela ríkisstj. að beita sér fyrir því, að komið verði á fót mötuneytum og heimavistum á vegum hins opinbera, sem ætlaðar verði þeim nemendum af landsbyggðinni, sem sækja verða þá sérskóla í Reykjavík, er ekki starfa annars staðar á landinu. Í þessu sambandi verði m. a. kannað, hvort ekki komi til greina að semja við starfandi hótel um slíkan rekstur."

Þessi till. var samþ. hér á síðasta þingi sem ályktun Alþingis. Á síðasta þingi var gerð grein fyrir þessari till., og ég ætla ekki að gera nánari grein fyrir henni hér, aðeins vekja athygli á því, að það mun sennilega aldrei hafa verið jafnmiklum erfiðleikum bundið fyrir nemendur utan af landi að fá húsnæði og mötuneytisaðstöðu í Reykjavík og nú í haust, eins og hv. þm. mun eflaust kunnugt, sem fylgst hafa með fréttum. Ég vil því af þessu tilefni beina þeirri fsp. til hæstv. menntmrh., sem er á þskj. 24, hvað líði framkvæmd þessarar þáltill frá 3. apríl s. l. um bætta aðstöðu nemenda landsbyggðarinnar, sem sækja vilja sérskóla á höfuðborgarsvæðinu.

Menntmrh. (Magnús T. Ólafsson): Herra forseti. Fsp. hv. 5. þm. Norðurl. e. er þessu til að svara:

Þál. frá 3. apríl 1973, sem vitnað er til, hljóðar þannig:

„Alþingi ályktar að fela ríkisstj. að beita sér fyrir því, að komið verði á fót mötuneytum og heimavistum á vegum hins opinbera, sem ætlaðar verði þeim nemendum af landsbyggðinni sem sækja verða sérskóla í Rvík, er ekki starfa annars staðar á landinu. Í þessu sambandi verði m. a. kannað, hvort ekki komi til greina að semja við starfandi hótel um slíkan rekstur."

Unnið hefur verið að framkvæmd þessarar þál. á eftirfarandi hátt:

1) Könnun á fjölda nemenda á landsbyggðinni, sem stunda nám á höfuðborgarsvæðinu.

2) Gerðar hafa verið kostnaðaráætlanir um byggingu heimavistar og mötuneytisaðstöðu í Rvík fyrir nemendur landsbyggðarinnar.

3) Gerð hefur verið könnun á því, hvort semja mætti við starfandi hótel um rekstur heimavistar, eins og þál. gerir ráð fyrir.

Í till. er gert ráð fyrir stuðningi við þá nemendur, er sækja sérskóla, er ekki starfa annars staðar á landinu. Það sérnám, sem ekki er aðgengilegt eða ókleift að stunda annars staðar en á höfuðborgarsvæðinu, er fyrst og fremst eftirfarandi: 1) háskólanám, 2) framhaldsnám tækniskóla. 3) framhaldsnám sjóm.-skóla, 4) hjúkrunar- og heilsugæslunám, 5) kennaranám, 6) ýmsar sérgreinar iðnnáms, 7) loftskeyta- og símvirkjanám, 8) fósturnám, 9) fiskvinnslunám, 10) framhaldsnám í myndlist og tónlist, 11), nám í Verslunarskóla Íslands, 12) nám í hótel- og veitingaskóla.

Fjöldi þeirra, er stunda ofangreint nám og hafa lögheimili utan höfuðborgarsvæðisins, er um það bil 1000. Auk þess stunda svo 500 nemendur ýmislegt framhaldsnám annað á höfuð borgarsvæðinu, sem hægt væri að stunda annars staðar, svo sem nám í gagnfræða- og menntaskóla. Um 1500 nemendur, sem eiga lögheimili utan höfuðborgarsvæðisins, eru þar við nám í ýmsum skólum. Aðstaða þessara nemenda er allmismunandi, t. d. hvað snertir aðstoð hins opinbera. Skal hér í stórum dráttum gerð grein fyrir aðstöðu nemendanna.

Um 400 nemendur, sem skrá lögheimili sitt utan Reykjavíkur og nágrennis, hljóta lán hjá Lánasjóði ísl. námsmanna. Til jafnaðar voru lán þessi 100 þús. kr. á nemanda árið 1972. Nemendur þessir stunda nám í Háskóla Íslands, Stýrimannaskólanum í Rvík, Vélskóla Íslands, Kennaraháskóla Íslands, menntadeild, framhaldsdeild og handavinnudeild, Húsmæðrakennaraskóla Íslands á 3. námsári, Tækniskóla Íslands, 1.—3. hluta, auk meinatækni- og raftæknináms. Mestur hluti þessa fólks er um eða yfir 20 ára, býr á eigin vegum og í jafnmörgum tilfellum með eigin fjölskyldu. Aðstaða þessa fólks er því á ýmsan hátt hliðstæð aðstöðu um 500 lántaka hjá Lánasjóði ísl. námsmanna á höfuðborgarsvæðinu, sem ekki dveljast á heimilum foreldra. Mötuneytisaðstaða er fyrir nemendur Háskóla Íslands. Við háskólann er enn fremur heimavistaraðstaða fyrir um 100 nemendur. Þá er heimavistaraðstaða fyrir 40—50 nemendur í sjómannaskólanum, auk þess sem nú í haust var komið á fót mötuneyti fyrir nemendur Stýrimannaskólans og Vélskólans.

Nokkur hópur nemenda hlýtur laun, meðan á námi stendur, svo sem iðnnemar, símvirkjar og nemar í skólum fyrir heilbrigðisstéttir. Þeir síðastnöldu búa auk þess við möguleika til heimavistar og mötuneytisaðstöðu.

Um 1000 nemendur, sem stunda framhaldsnám á höfuðborgarsvæðinu, hljóta námsstyrk skv. l. nr. 69 frá 1972, um ráðstafanir til jöfnunar á námskostnaði. Námsstyrkir þessir voru til jafnaðar 25—30 þús. árið 1972. Nemendur þessir hafa ekki heimavistaraðstöðu og mjög takmarkaða mötuneytisaðstöðu. Helmingur þeirra stundar nám, sem ekki er unnt að stunda annars staðar en á höfuðborgarsvæðinu.

Eins og sjá má af framantöldu, er högum námsmanna mjög mismunandi háttað og erfitt að gera sér grein fyrir, hver sé raunveruleg þörf fyrir heimavistaraðstöðu í Rvík. Við könnun á högum nemenda, kom t. d. í ljós, að rúml. 40% búa hjá ættingum og venslafólki og að í hópi þeirra nemenda, sem leigðu hjá vandalausum, var allstór hópur, sem að öðru jöfnu hefði getað stundað nám við heimavistarskóla. Það þótti hins vegar sýnt, að m. a. vegna eldgossins í Vestmannaeyjum gætu húsnæðismál nemenda nú í vetur orðið meira vandamál en áður. Menntmrn. styrkti því húsnæðismiðlun framhaldsskólanemenda sérstaklega til þess að gera á s. l. sumri könnun á húsnæðisþörf framhaldsskólanema. Náði þessi könnun til allra nemenda, sem stunda nám á höfuðborgarsvæðinu, án tillits til búsetu. Könnun þessi var gerð í júlí og ágúst 1973, og kom í ljós, að 260 nemendur töldu sig húsnæðislausa. Voru það hvort tveggja nemendur, er áttu lögheimili á höfuðborgarsvæðinu og utan þess.

Jafnhliða þessu athugaði rn. möguleika á samningum við starfandi hótel, eins og gert er

ráð fyrir í þál. frá 3. apríl, en slíkar viðræður hafa reyndar farið fram áður. Tóku hótelin málaleitan rn. mjög vel, en ýmis vandkvæði eru á því fyrir starfandi hótel að fastbinda svo og svo mikið af gistirými sínu 8—9 mánuði ársins á því verði, sem viðhlítandi gæti talist fyrir nemendur. Niðurstaða þessara athugana var sú, að fyrir milligöngu menntmrn. og með stuðningi námsstyrkjanefndar tóku nemendur allt Hótel City á leigu sem námsmannaheimili. Fékkst þarna húsnæði fyrir 51 nemanda, en þörfin reyndist hins vegar ekki meiri en svo, að ekki tókst að fá eins marga nemendur og rúm var fyrir, þannig að 7 nemendum fleira gæti verið á Hótel City en þar eru. Verð húsnæðis á Hótel City fyrir hvern nemanda er til jafnaðar 6 000 kr. á mánuði, og ýmist eru þeir einn eða tveir í herbergi.

Auk þessara ráðstafana styrkti rn. húsnæðismiðlun framhaldsskólanema til þess að annast húsnæðismiðlun. Einnig var boðin fram aðstoð við skipulagðan daglegan akstur, þannig að nemendur, sem búa nærlendis, en utan Reykjavíkursvæðisins, eigi auðveldara með að sækja hingað nám heiman frá sér.

Þessar aðgerðir, sem að framan greinir, virðast hafa leyst húsnæðisvanda nemenda nú í vetur.

Að því er varðar mötuneytisaðstöðu nemenda, var nú í haust sett á stofn mötuneyti í sjómannaskólahúsnæðinu, eins og áður segir, og mötuneytisaðstaða er við City Hótel fyrir þá nemendur, sem þar búa. Á s.l. ári var einnig komið upp aðstöðu fyrir nemendur í Menntaskólanum við Hamrahlíð til kaupa á léttum hádegismat. Nokkur athugun fór fram á því, hvernig og hvort slíkri aðstöðu væri hægt að koma við víðar. Þá var sérstaklega rætt við fulltrúa nemenda um sameiginleg fæðiskaup og betri nýtingu þeirra mötuneyta, sem fyrir eru.

Þessar aðgerðir allar verða síðan teknar til sérstakrar athugunar með tilliti til þeirrar reynslu, sem fæst nú í vetur, þ.e. hvort betri nýting hótel-, veitinga- og mötuneytisaðstöðu, ásamt auknum styrkjum til nemenda, geti komið í stað byggingar sérstaks heimavistarhúsnæðis á Reykjavíkursvæðinu. Áætlun hefur verið gerð um kostnað við byggingu heimavistar og mötuneytisaðstöðu fyrir nemendur, er dvelja í Reykjavík vegna náms. Gert var m.a. ráð fyrir byggingu 100 manna heimavistar, 50 tveggja manna herbergja, með mötuneytisaðstöðu fyrir 250 nemendur. Slík bygging er áætlað að muni kosta, miðað við byggingarvísitölu 853 stig, samtals 100 millj. kr. Áætlað kostnaðarhlutfall er þetta: heimavist 68 millj. kr., mötuneyti 32 millj. kr., eða stofnkostnaður mötuneytis 120 þús. kr. á nemanda, stofnkostnaður heimavistar 680 þús. kr. á hvern nemanda. Rétt er að hafa í huga, að hér er eingöngu um stofnkostnað að ræða. Við þetta bætist svo almennur rekstrarkostnaður, svo sem viðhald, rafmagn, hiti o. fl., auk launakostnaðar við ræstingu, húsvörslu og mötuneyti. Þess má einnig geta, að rn. hefur fyrir löngu farið fram á það við borgaryfirvöld Reykjavíkur að fá aðstöðu í Tónabæ til mötuneytisrekstrar fyrir nemendur, þar sem það hús liggur mjög vel við fyrir fjölmenna skóla, svo sem Kennaraháskólann og Tækniskólann. Þessi málaleitan hefur ekki borið árangur.

Þál. gerði ráð fyrir aðstoð við nemendur landsbyggðarinnar, sem sækja verða sérskóla á höfuðborgarsvæðinu. Á hitt er þó einnig að líta, að líklega dvelur meiri hluti þeirra nemenda, er þurfa að vista sig utan lögheimilis vegna framhaldsnáms, annars staðar en á höfuðborgarsvæðinu. Meginstefna rn. er að bæta aðstöðu allra nemenda með stofnun nýrra framhaldsskóla, svo sem fjölbrauta- og menntaskóla, sem geri nemendum kleift að stunda framhaldsnám í heimabyggð sinni eða næsta nágrenni við hana. Benda má á, að síðan 1970 hafa verið veittar í fjárl. samt. 100 millj. kr. til aðstöðujöfnunar nemenda og í fjárlagafrv. fyrir árið 1974 eru í þessu skyni 75 millj. kr. Um úthlutun þessa fjár árið 1970, 1971 og 1972 liggja fyrir ítarlegar prentaðar skýrslur, sem hv. alþm. hafa fengið í hendur.

Fyrirspyrjandi (Lárus Jónsson): Herra forseti. Ég þakka hæstv. ráðh. svörin. Eins og fram kom í svari hans, mun nokkuð hafa verið gert til þess að framkvæma umrædda þál., þó að jafnframt hafi mátt heyra á svari hans, að meira hefði mátt í því gera. Ég vil aðeins vekja athygli hv. þm. á því í sambandi við þetta mál, hvað það er í rauninni fjölþætt, vegna þess að mér skilst, að það sé nokkuð algengt, að nemendur, sem dvelja hér langdvölum á Reykjavíkursvæðinu og sækja skóla, slái sér saman og leigi sér húsnæði hér á höfuðborgarsvæðinu, og þegar nokkrir nemendur koma saman, geta þeir jafnvel með þessum hætti komist betur frá því að fá sér húsnæði en að leigja einir herbergi, en geta þrátt fyrir það boðið allmiklu meira fyrir húsnæði en fjölskyldur á höfuðborgarsvæðinu telja sig geta gert. Þarna er um vandamál að ræða, sem ég held að væri hægt að leysa með samræmdum aðgerðum, með því að auðvelda nemendum að ná sér í annars konar húsnæði, t.d. með því að tengja námsstyrkjakerfi, sem komið er á nú og hæstv. ráðh. vék að og var þegar komið á í tíð fyrrv. ríkisstj., — tengja þetta námsstyrkjakerfi saman við þetta vandamál, þannig að greitt sé beint fyrir nemendum, sem fá þannig húsnæði, og hluti af þeirra styrk gangi til að greiða þetta húsnæði niður. Þetta er t.d. ein leið, sem ég held að þurfi mjög að kanna í þessum efnum.

Ég þarf ekki að orðlengja það, og ég veit, að hv. þm. gera sér grein fyrir því, hvað hér er um veigamikið mál að ræða og margþætt, og læt að lokum aðeins þá ósk í ljós, að hæstv. ráðh. haldi áfram að framkvæma þessa þál., sem ég tel að sé afar brýnt að haldið sé áfram að framkvæma með fullum krafti.

Jónas Árnason: Herra forseti. Ég hef kvatt mér hljóðs til að segja fáein orð, vegna þess að eins og menn kannske muna, skeði það í fyrravetur, að við þm. stjórnarflokka og stjórnarandstöðu hér á Alþingi tókum höndum saman um kröfu um bætta aðstöðu í þessum efnum. Þm. Sjálfstfl. fluttu rétt um það leyti, sem umr. urðu allmiklar hér, hina ágætustu till., sem hlaut síðan samþykki í allshn. Fyrirspyrjandi, eins

og við flestir þm. utan af landsbyggðinni, gerir sér ljósan þennan vanda nemenda utan af landsbyggðinni að útvega sér húsnæði, gott húsnæði og þá við skaplegu verði. Við höfum sem sé verið sammála um þetta mál. Og ég hygg, að við verðum að vera sammála um það núna, að viðbrögð hæstv. menntmrh. eru sannarlega þakkarverð. Að vísu er langt frá því, að þetta sé komið í það horf, sem æskilegt væri. En ég verð a.m.k. að játa fyrir mitt leyti, að mér finnst, að hér hafi verið brugðið við um framkvæmd þál. miklu betur en oft gerist. Þetta vil ég segja hér, vegna þess að ég hef undanfarið oft tekið undir gagnrýni og gagnrýnt sjálfur að eigin frumkvæði ýmislegt í menntamálum okkar og skólamálum.

Það er að sjálfsögðu rétt, sem hæstv. ráðh. segir, að heppilegasta lausnin á þessu verður sú, að skólarnir séu heima í byggðarlögum nemenda sjálfra eða sem næst þeim, þeir þurfi ekki endilega að sækja hingað til Reykjavíkur og eiga svo undir hinum og öðrum, hvernig tekst til með húsnæði. Skilningurinn hér í Rvík kemur, má kannske segja, nokkuð greinilega í ljós, þegar rn. fer fram á það við Reykjavíkurborg að fá að nota Tónabæ sem mötuneyti handa þeim skólum, sem þar eru næst. Þetta er hinn ákjósanlegasti staður gagnvart þessum skólum og einnig sjálfsagt hin ágætasta aðstaða til þess að koma þarna upp þýðingarmiklu mötuneyti. Og ég vil láta í ljós undrun mína, að þessi málaleitan rn. skuli ekki hafa fengið jákvæðar undirtektir hjá Reykjavíkurborg.

Sem sagt, ég stóð hér upp til að þakka hæstv. ráðh. fyrir hans framtak, þó að ég taki hins vegar undir, að það sé langt því frá enn þá, að þetta sé komið í hið ákjósanlegasta horf.

Geir Hallgrímsson: Herra forseti. Aðeins nokkur orð í tilefni ummæla síðasta ræðumanns. Þar sem hann lýsti undrun sinni yfir því, að Reykjavíkurborg taldi sér ekki fært að láta Tónabæ í té fyrir mötuneyti framhaldsskólanemenda utan af landi, þá vil ég taka það fram, að ástæðan er sú, að í Tónabæ hefur farið fram starfsemi fyrir aldraða og fyrir æsku þessa bæjar, starfsemi, sem Reykjavíkurborg sjálf kostar, að því er ég hygg, að öllu leyti og er mjög nauðsynleg í borgarsamfélagi okkar, eins og því er háttað nú á dögum. Ég vísa því á bug þeirri gagnrýni, sem síðasti ræðumaður lét í ljós að þessu leyti gagnvart Reykjavíkurborg. Afgreiðsla af hálfu Reykjavíkurborgar var eðileg og sjálfsögð vegna þess að umbjóðendur hennar áttu þarna skjól, sem ekki var unnt að taka af þeim.

Jónas Árnason: Herra forseti. Ég tók eftir því, að hæstv. ráðh. sagði áðan, að málaleitan rn. varðandi Tónabæ hefði engan árangur borið. Ber þá að skilja aths. hv. þm. Geirs Hallgrímssonar þannig, að þessari málaleitan hafi alveg verið synjað að fá Tónabæ sem mötuneyti fyrir skólafólk?

Móttökuskilyrði sjónvarpssendinga á fiskimiðum, fsp. (þskj. 30). — Ein umr.

Fyrirspyrjandi (Karvel Pálmason): Herra forseti. Á síðari hluta síðasta Alþ. flutti ég till. til þál. um bætt móttökuskilyrði fyrir sjónvarpssendingar á fiskimiðunum úti fyrir Vestfjörðum. Þessi till. fór á sínum tíma til hv. fjvn. til meðferðar, hlaut þar að vonum skjóta afgreiðslu og eins og efni stóðu til og mál stóðu þá viðunandi afgreiðslu, og var sú till., sem endanlegt kom upp úr þessu og var afgreidd í fjvn. á þeim tíma afgr. hér sem ályktun Alþ. hinn 14. apríl s.l. og hljóðaði svo:

„Alþingi ályktar að fela ríkisstj. að láta kanna ítarlega skilyrði til móttöku sjónvarpssendinga á fiskimiðum umhverfis landið. Jafnframt verði gerð kostnaðaráætlun um úrbætur í þessum efnum, ef þeirra reynist þörf. Umræddri könnun og kostnaðaráætlun skal lokið fyrir næsta reglulegt Alþingi."

Í framhaldi af þessu hef ég leyft mér að bera fram á þskj. 30 fsp. til hæstv. menntmrh. um það, hvort umræddri könnun, sem um getur í tilvitnaðri þál., sé lokið, ef svo er, hverjar séu niðurstöður þeirrar könnunar, og að lokum, hvort gerð hafi verið áætlun um kostnað af þeim úrbótum, sem talið yrði að þyrfti að gera, ef eitthvað er um að ræða í þeim efnum.

Menntmrh. (Magnús T. Ólafsson): Herra forseti. Eins og hv. fyrirspyrjandi, 7. landsk. þm., tók fram, hljóðar þál., sem er tilefnið til fsp. hans, á þessa leið:

„Alþingi ályktar að fela ríkisstj. að láta kanna ítarlega skilyrði til móttöku sjónvarpssendinga á fiskimiðum umhverfis Ísland. Jafnframt verði gerð kostnaðaráætlun um úrbætur í þessum efnum, ef þeirra reynist þörf. Umræddri könnun og kostnaðaráætlun skal lokið fyrir næsta reglulegt Alþ."

Þál., sem gerð var á Alþ. 14. apríl 1973, barst rn. með bréfi Alþ., dags. 27. apríl s.l., og hinn 4. maí var Ríkisútvarpinu falið að láta umræddа könnun fara fram og senda rn. niðurstöðuna innan framangreinds tíma. Ríkisútvarpið hefur skýrt rn. frá því, að athugun þessari sé ekki lokið, en Landssími Íslands hafi hana með höndum í samstarfi við fleiri aðila. Athugunin mun verða gerð m.a. í samvinnu við nokkra aðila, sem leitað hefur verið til í því skyni að afla vitneskju um, hversu langt frá landi á hverjum stað fiskimiðin eru, þ.e.a.s. hvar dregin skuli lína, sem liggi þannig, að skilyrði um sjónvarp á íslensku fiskimiðunum teljist uppfyllt, ef þau séu fyrir hendi innan hennar. Mun rn. gefa Alþ. skýrslu um málið, strax og því hefur borist vitneskja um niðurstöður athugunarinnar.

Fyrirspyrjandi (Karvel Pálmason): Herra forseti. Ég þakka hæstv. menntmrh. fyrir hans svör, þó að ég verði hins vegar að lýsa sárum vonbrigðum mínum yfir því, að þessari könnun skuli ekki lokið, eins og ráð var fyrir gert. Að vísu var tekið fram í svari hans, að þessi könnun væri yfirstandandi og henni mundi lokið. Ég vil á þessu stigi máls eindregið óska eftir

því við hæstv. ráðh., að hann ýti á sína embættismenn í þessum efnum og sjái til þess, að þessi könnun liggi fyrir innan ekki langs tíma, eins og ráð var gert fyrir með téðri þál.

Þorv. Garðar Kristjánsson: Herra forseti. Ég kem hér upp til þess að lýsa mig sammála síðustu orðum hv. síðasta ræðumanns, en hann lýsti sárum vonbrigðum yfir frammistöðu ríkisstj. í þessu máli. Það er svo sannarlega hægt að taka undir það. En hve mikil hljóta ekki vonbrigði þessa hv. þm. sjálfs að vera, vegna þess að á síðasta Alþ., snemma á síðasta Alþ., bar hv. þm. fram fsp. varðandi þetta mál og lýsti þá yfir miklu trausti á ríkisstj. í þessu efni. Það er greinilegt, að það traust hefur algerlega brugðist, og hv. þm. varð það ljóst síðla á síðasta þingi, því að þá ber hann fram þáltill. þá, sem hann gerir nú fsp. út af. En málið hefur snúist óhönduglega í höndum þessa hv. þm. hvað snertir Vestfirði og hans kjördæmi. Þegar hann bar fram sína þáltill., þá miðaði hún að því að bæta skilyrðin úti fyrir Vestfjörðum. En þeirri till. var breytt í meðförum fjvn. þannig, að nú er talað um allt landið í þessu sambandi. En hér erum við komnir á þessu sviði eins og öðrum sviðum varðandi sjónvarpsmálin í vífilengjur um áætlun og tal um áætlanagerðir, sem er til þess fallið að hindra allar framkvæmdir í bili í þessu einfalda máli. Þetta mál var vissulega einfalt. Það var ljóst, hvað þurfti að gera á Vestfjörðum, og hv. síðasti ræðumaður lýsti því á síðasta þingi, hvað þyrfti að gera. Það þurfti að reisa eina sendistöð á Barða, sem kostaði tæpar 5 millj. kr. En þessi hv. þm. lét hafa sig til þess að greiða atkv. á síðasta þingi á móti till. minni um að veita Ríkisútvarpinu aukafjárveitingu að upphæð 55 millj. kr. Þetta eru afrek hv. síðasta ræðumanns í þessu máli. Ég verð að samhryggjast honum yfir frammistöðu ríkisstj. og raunar yfir frammistöðu hans sjálfs.

Fyrirspyrjandi (Karvel Pálmason): Herra forseti. Það er auðheyrt á hv. síðasta ræðumanni, að hann er ekki vanur því í sínum herbúðum að lýsa óánægju með viðbrögð sinna eigin flokksmanna. Hann tekur allt gott og gilt, sem úr þeim herbúðum kemur, hvort sem hann telur það sjálfur rétt eða rangt. En það er hans mál. Ég skal ekki deila við hann um það. Ég hef séð það á reynslu hans um árin á Alþ., að hann hefur ekki staðið uppréttur, þó að hann hafi sannfæringar sínar vegna viljað greiða atkv. öðruvísi en hann gerði.

En út af þessu, ég lýsti engu vantrausti á ríkisstj. Ég bað hæstv. menntmrh. að þrýsta á sína embættismenn um það, að þessu yrði lokið. (ÞGK: Lýsti sárum vonbrigðum.) Ég veit það ekki, ég hef ekki flett því upp, það má vel vera, að ég hafi lýst trausti á ríkisstj. á sínum tíma, þegar ég flutti þetta mál. En a. m. k. hafði þessi hv. þm., sem hér var að tala áðan, ekki haft manndóm til þess að hreyfa þessu máli á Alþ. fyrr, ekki síðan ég kom á þing, svo að það mætti segja, að þessi hv. þm. sé að kasta grjóti úr glerhúsi í þessum efnum. Og ég vil ekki viðurkenna, að málið hafi snúist í mínum höndum. Ég flutti það að vísu með Vestfirðinga fyrir augum, en ég tók jafnframt undir, að það þyrfti að kanna þetta víðar, og þess vegna stóð ég að þeirri samþykkt, sem gerð var í fjvn. á sínum tíma. Ég get vel unnt öðrum landsmönnum þess að fá sömu hlunnindi eða þjónustu, ef það væri um að ræða, eins og Vestfirðingar.

Sameinað þing, 10. fundur.

Þriðjudaginn 30. okt., að loknum 9. fundi.

Umræður utan dagskrár.

Matthías Bjarnason: Herra forseti. Ég hef áhuga á því að gera nokkuð að umræðuefni það ástand, sem hefur verið ríkjandi nú um alllangt skeið í málefnum Rafmagnsveitna ríkisins á svonefndu Mjólkársvæði, en 22. sept. slitnaði sæstrengur yfir Dýrafjörð, og hefur ekki verið hægt að flytja raforku frá Mjólkárvirkjun til norðurhluta Vestfjarða, sem er mannflesti hluti Vestfjarða. Á morgun er liðinn jafnlangur tími og syndaflóðið stóð, eða 40 dagar og 40 nætur, frá því að þessi bilun átti sér stað. Það hefur verið mikið spurt um það á Vestfjörðum, hvernig á því standi, að ekki sé hægt að fá gert við jafneinfalda bilun og þarna hefur átt sér stað. Ég sé í Þjóðviljanum í morgun haft eftir rafveitustjóra rafmagnsveitnanna á þessu svæði, að viðgerðin hafi ekki getað hafist fyrr en nú, vegna þess að við eigum enga menn hér á landi til að gera við slíkar bilanir og þurfum undir danska að sækja með það. Og Danir hafa ekki getað séð okkur fyrir nema 4 mönnum og þeir hafa verið að gera við rafmagnsstrenginn til Vestmannaeyja og strenginn yfir Elliðavog í Reykjavík, sagði rafmagnsveitustjóri.

Það eru æðimargir rafmagnssæstrengir á Íslandi, og mér finnst furðulegt, ef rétt er, að enginn Íslendingur skuli geta gert við rafmagnssæstreng og við þurfum að vera háðir Dönum í því efni. Við vorum að vísu mjög háðir Dönum æðilengi, og Danir eru drengir góðir, eins og allir vita, en ég hygg, að við Íslendingar getum ekki rekið jafnumfangsmikla starfsemi og Rafmagnsveitur ríkisins eru og aðrar rafmagnsveitur í landinu, ef enginn Íslendingur kann að gera við sæstreng.

Nú veit ég það með vissu, að núv. hæstv. raforkuráðh. er allra manna líklegastur til þess að hvetja menn til mennta, og ég vil nú mjög eindregið mælast til þess við hann, að hann beiti sér fyrir því og það snarlega, að einhverjum Íslendingum sé gefinn kostur á að læra að gera við rafmagnssæstrengi, svo að við þyrftum ekki að sækja viðgerðarmenn lengur til annarra þjóða, jafnvel þótt það sé til frændþjóða vorra. Ég er sannfærður um, að ef bilun hefði orðið hér á Suðurlandi, hefði verið brugðið fljótlega við. Ég minnist þess, að þegar rafmagnsstrengurinn slitnaði frá Búrfelli, þá brá

hæstv. iðnrh. mjög fljótt við og krafðist rannsóknar á þeim atburði, og var þá lagt á það höfuðkapp að ljúka þeirri viðgerð á mjög skömmum tíma. Nú vil ég vænta þess, að sami hæstv. iðnrh. láti nú rannsaka, hvernig á því standi, að það er látið eins og vindur um eyru þjóta, þegar rafmagn rofnar til mikilvægra framleiðslustaða, og ekkert gert fyrr en liðnir eru um 35—36 dagar frá því, að bilun átti sér stað, að viðgerð á að hefjast.

Ég vil vænta þess, að hæstv. ráðh. láti rannsaka þetta, og ef á daginn kemur, sem er auðvitað fyllsta ástæða til að ætla, að hér sé um vítavert kæruleysi og sinnuleysi að ræða, þá á sannarlega að lesa almennilega yfir þeim mönnum, sem þar eiga sök á, því að ekki verður þolað, að landsbyggðin sé sett út í horn. Þarna er verið að skapa verðmæti fyrir þjóðarbúið, það eru vafalaust orðnir stórskaðar fyrir heimili á þessu svæði, og það hafa vafalaust skemmst mótorar í mörgum rafmagnstækjum á þessu svæði, það hefur haft varanlega truflun á framleiðslu, bæði frystihúsanna á öllu þessu svæði og rækjuverksmiðjanna. Þau hafa verið háð því, að rafmagn hefur verið skammtað langtímum saman, sérstaklega þó yfir toppálagstímann á hverjum degi, og hefur framleiðslan minnkað þess vegna. Það eru ákveðnar afurðir, sem hafa orðið fyrir skemmdum, og hér er því um mjög alvarlega hluti að ræða. Þar við bætist, að þetta er ekki fyrsti atburðurinn, sem á sér stað á þessu svæði, því að á s. l. ári bilaði háspennulínan milli Önundarfjarðar og Súgandafjarðar, og það var þó á landi og þurfti ekki að sækja Dani til að gera við þann streng, því að það eru þó landsmenn, sem geta gert við á landi, og sú bilun stóð um það bil þrjár vikur. Á s. l. ári bilaði rafmagnslína við Bíldudal til alls suðursvæðisins, og hún var biluð frá 8.—21. jan., svo að þetta er ekki það eina, sem átt hefur sér stað og sýnir sinnuleysi stjórnar Rafmagnsveitna ríkisins.

Þar við bætist, að nú hefur orðið að keyra með fullu álagi þær litlu vatnsvirkjanir, sem eru við Ísafjörð, og þar er gengið mjög á vetrarforðann, sem getur haft mjög háskalegar afleiðingar. Ef auð jörð frýs, er lítið rennsli í vötnin, og því eru Ísfirðingar og þeir, sem eru á orkusvæði Rafmagnsveitu Ísafjarðar, orðnir uggandi um þessi mál.

Eitt er svo eftir. Það hlýtur að vera léleg afkoma á Rafmagnsveitum ríkisins, þegar þær geta ekki selt framleiðslu sína í hálfan annan mánuð. Það hlýtur líka að hafa háskalegar afleiðingar.

Nú skal ég ekki hafa þessi orð miklu fleiri. Ég vil aðeins spyrja hæstv. iðnrh. að því, því að ég geri ekki ráð fyrir því, að ráðh. hafi í smáatriðum svör við því, sem ég hef verið að gera hér að umræðuefni, en ég vil aðeins spyrja hann að því, hvort hann vilji beita sér fyrir því að rannsaka, hvernig á þessu stendur, og jafnframt að beita sér fyrir því, að slíkt sem þetta komi ekki fyrir aftur og það verði tæknimenn fyrir hendi til þess að gera við bilanir sem þessar og verði ekki í framtíðinni reynt að komast hjá því að gera við slíkar bilanir sem þessar vegna þess, að þeir fjórir menn, sem hafa fengist erlendis frá, hafi verið við önnur störf. Ég hygg, að strengurinn yfir Elliðavoginn hefði frekar mátt bíða, þar sem ekki á að tengja hann fyrr en í vor, heldur en hafa bæði heimili og framleiðslutæki á Vestfjörðum rafmagnslaus eða rafmagnslítil næstum í hálfan annan mánuð, eins og kemur til með að verða.

Heilbr.- og trmrh. (Magnús Kjartansson): Herra forseti. Hér hafa verið á dagskrá fram að þessu í dag 20 fsp., ýmsar þeirra í mörgum liðum. Það voru aðeins 6 fsp., sem komust að í dag, 14 verða að bíða. Þessar fsp. eru allar bornar fram í samræmi við ákvæði þingskapa, og er ætlast til þess, að við ráðh. öflum okkur gagna og skýrslugerða um fjölmörg atriði, og við teljum það að sjálfsögðu ekki eftir okkur. Ég tel þetta vera mjög mikilvægan þátt í störfum Alþ. Hinu vil ég beina til hv. alþm. og hæstv. forseta, hvort það eru rétt vinnubrögð, að auk þess standi menn upp utan dagskrár til að bera fram fsp., sem mjög auðvelt væri að bera fram á formlegan og þinglegan hátt.

Eins og hv. þm. Matthías Bjarnason gat um, hafa þessir miklu erfiðleikar fyrir vestan staðið síðan 22. sept. Ef þessi hv. þm. hefði viljað, að lögð yrði fram skýrsla um þessi vandkvæði á þinginu, hefði honum verið í lófa lagið að bera fram fsp. á þinglegan hátt fyrir löngu, og ég verð að líta á það sem hreinlega misnotkun á fsp.-aðstöðunni, ef einstakir þm. geta hlaupið hér upp og óskað eftir svari með engum fyrirvara og án þess að tími sé til að kanna eitt eða neitt, meðan aðrir þm. verða að bíða kannske vikum saman eftir að fá svör við fsp., sem eru bornar fram á þinglegan hátt.

Hitt er mér alveg ljóst, að þarna er um að ræða alvarlegt vandamál á Vestfjörðum og hefur verið það lengi. Hv. þm. bar fram harðar ásakanir á Rafmagnsveitur ríkisins um vítavert kæruleysi og sinnuleysi af þeirra hálfu. Ég tel ekki rétt, að um það séu felldir dómar hér á þingi, nema Rafmagnsveitur ríkisins hafi þá tækifæri til að bera fram sín sjónarmið í þessu efni, og ég skal að sjálfsögðu gera ráðstafanir til þess, að formleg svör fáist við þessu frá þeirra sjónarhóli einnig, og síðan geta menn þá lagt á það sinn dóm.

Hitt er alveg ljóst, að þarna verður að vera til betri viðgerðaaðstaða en verið hefur. Það er rétt, að þessa viðgerðarmenn hefur orðið að sækja til Danmerkur, og ég tel það í sjálfu sér mjög óeðlilegt, að þannig skuli vera ástatt hér. Það er einn arfurinn, sem við höfum frá 12 ára viðreisnarstjórn, þar sem þessi hv. þm. var ötull stuðningsmaður og minntist aldrei á þetta mál. En að sjálfsögðu verður að kanna það, hvort hér er verkefni til að halda uppi starfsemi af þessu tagi. Það þarf ekki aðeins að mennta menn, þarna þarf að vera búnaður af ýmsu tagi.

Hér hafa komið upp mjög brýn vandamál á þessu hausti, eins og menn vita. Ég held, að engum þm. blandist hugur um, að það hafi verið ákaflega brýnt að leggja jarðstrenginn út í Vestmannaeyjar, þegar í ljós kom, að fólkið

var reiðubúið að flytjast þangað í jafnríkum mæli og raun hefur sannað. Og í sambandi við strenginn yfir Elliðavog, þá held ég, að öllum sé í fersku minni, að í ofviðrinu mikla í haust slitnaði þar og var mikil hætta á því, að þarna yrði um ákaflega stórfelldan kostnað að ræða, og þess vegna var ráðist í það verkefni. Hitt er ég alveg sammála hv. þm. um, að ástand eins og það, sem hefur verið á Vestfjörðum, er óþolandi með öllu, og ég skal með ánægju kanna, hvað hægt er að gera í því máli á raunsæjan hátt. Þá er ég fús til að greina frá því hér á Alþ., ef það mál er vakið á formlegan hátt í samræmi við þingsköp. En ég hef ekki hér tiltæk gögn til þess að svara þessum hv. þm. á stundinni um þessi atriði.

Forseti (Friðjón Þórðarson): Út af orðum hæstv. iðnaðar- og orkumálaráðherra vil ég aðeins taka þetta fram: Það er að sjálfsögðu alveg rétt, þegar fjöldi mála er á dagskrá, sem mörg ná ekki því að verða tekin til umr., að þá er tími hv. Alþ. dýrmætur. Þó hygg ég, að það sé ekki talið rétt né venju samkv. að neita mönnum um að hreyfa máli utan dagskrár, enda hafði hv. 2. þm. Vestf. tjáð mér, að hann hefði þegar minnst á þetta við hæstv. iðn- og orkumrh. En að sjálfsögðu er þetta gert í trausti þess, að þm. séu mjög stuttorðir og helst jafnframt **gagnorðir.**

Matthías Bjarnason: Herra forseti. Ég skal ekki vera langorður. En út af hneykslan hæstv. iðnrh. á því, að ég skuli leyfa mér að fara hér upp í ræðustólinn og gera aths. út af því stóra og mikla máli, sem skiptir það byggðarlag, sem hefur valið mig til þingsetu, þá ætla ég að segja þessum hæstv. ráðh. það, að ég er búinn að sitja hér á þingi með honum í allmörg ár og hann hefur verið manna ófeimnastur að standa upp utan dagskrár, þó að mörg mál hafi verið á dagskránni. En það á kannske að breyta um, eftir að þessi hv. þm. er kominn í ráðherrastól, þá eiga hinir að þegja, en hann á einn að tala og segja fyrir verkum. En ég ætla að láta þennan hæstv. ráðh. vita það, að ég mun nota mér minn rétt sem þm., þegar ég tel, að það skipti máli fyrir þau málefni, sem ég er að vinna að, og fyrir það kjördæmi, sem ég er umboðsmaður fyrir, hvort sem honum líkar betur eða verr.

Hann sagði, að ég hefði átt að sjá um það sem stuðningsmaður viðreisnarstjórnarinnar, sem setið hafi að völdum í 12 ár, að til væru viðgerðarmenn til þess að gera við sæstrengi. Ég segi eins og er, að ég skal játa vankunnáttu mína í þeim efnum, að ég hafði ekki hugmynd um, að það væru ekki til viðgerðarmenn til þess að gera við rafmagnsstrengi. En er ekki þessi hæstv. ráðh. búinn að fara með orkumálin nú á þriðja ár, og hann segir nú hér áðan, að það sé rétt að fara að athuga það, hvort eigi að láta einhvern læra að gera við rafmagnssæstrengi. Ég held, að það sé að bæta gráu ofan á svart. Ef það hefur verið vanræksla viðreisnarstjórnarinnar, þá er það ekki síður hans vanræksla.

Ég ætla líka að vísa því til föðurhúsanna, að ég óskaði eftir því, að hann gæfi hér á stundinni skýrslu um þetta mál. En það eitt vil ég segja, að rafmagn bilar ekki eftir þingsköpum, hvorki á Vestfjörðum né annars staðar. Mér datt ekki í hug, þegar þing kom saman, að þessari viðgerð yrði ekki lokið innan örfárra daga. Ég hefði ekki komið hér fram, ef þessi viðgerð hefði tekið skaplegan tíma. En það þarf að minna á málin, það þarf að minna á það, hvernig byggðastefnan er í framkvæmd.

Fjárreiður stjórnmálaflokka, þáltill. (þskj. 42). — Hvernig ræða skuli.

Að till. forseta var ákveðin ein umr.

Notagildi einfasa og þriggja fasa rafmagns, þáltill. (þskj. 43). — Hvernig ræða skuli.

Að till. forseta var ákveðin ein umr.

Samgönguáætlun fyrir Norðurland, þáltill. (þskj. 44). — Hvernig ræða skuli.

Að till. forseta var ákveðin ein umr.

Undirbúningur að næstu stórvirkjun, þáltill. (þskj. 49). — Hvernig ræða skuli.

Að till. forseta var ákveðin ein umr.

Fjárlög 1974, frv. (þskj. 1). — Frh. 1. umr.

Bjarni Guðnason: Herra forseti. Hæstv. fjmrh. hefur nú lagt fram fjárlög sín og þegar flutt sína fjárlagaræðu, og mun ég að sjálfsögðu víkja að nokkrum atriðum, er varða hana. En áður en ég geri það, vil ég fara nokkrum orðum um þau ummæli, sem hæstv. ráðh. lét falla um mig persónulega í sinni fjárlagaræðu, sem eru af því tagi, að ég get ekki látið þeim ómótmælt. Niðurstaða hans, þegar hann hefur farið um mig nokkrum orðum, er á þessa leið:

„Hins vegar er ég eftir atburði síðustu daga reynslunni ríkari um meðferð þeirra, er telja sig sérstaka síðapostula, á því, sem heitir trúnaður.“ Að vísu er þetta svo illa orðað, að ég á erfitt með að átta mig á því, hvað þetta merkir. En mér skilst, að ég hafi brotið þarna einhvern trúnað, sjálfur síðapostulinn. Nú vil ég segja um þetta nokkur orð.

Orð hæstv. ráðh. munu vera fram komin af ummælum mínum í ræðu minni í útvarpsumr., þar sem ég vitnaði í bréf hæstv. ráðh. Og ástæðan er sú, að hæstv. ráðherra hafði haft í huga að leita ríkissjóði nýrra tekna og leitaði þá eftir afstöðu minni til þess máls, og frá hans hendi var það þá trúnaðarmál að sjálfsögðu. Ég skrifaði hæstv. ráðherra bréf, þar sem ég tók fram, að ég væri andvígur, eins og málum væri háttað, nýjum álögum á almenning, taldi, að nóg væri komið. Síðan gerist það í þessu máli, að ekkert varð úr þessu, af því að hæstv. fjmrh. taldi ekki ástæðu til þess að fara út í tekjuöflun á miðju sumri. Þetta komst í blöðin, án þess að ég ætti þar neinn hlut að máli, en

neitaði að svara spurningum um þessi mál. Gylfi Þ. Gíslason vakti máls á þessu hér í útvarpsumræðum síðustu. Mér er ógerningur að sjá, hvernig ég hef á einn eða annan hátt brotið trúnað í þessu efni, enda hef ég hvergi minnst á, hvaða fyrirhugaðar tekjuöflunarleiðir ráðherrann hafði í huga, enda vil ég benda á, að það var ég sjálfur, sem skrifaði bréfið. Þetta var mitt bréf. Það, sem vakti fyrir mér með því að vitna í mitt bréf, var ósköp einfaldlega þetta: Ég lagðist gegn auknum álögum af ýmsum ástæðum, ekki síst vegna þess, að ég tel, að það sé enginn endir á auknum álögum, eins og efnahagsstefnan er. Hins vegar var tekin upp í fjárlagafrv. söluskattshækkun, sem ég hafði þegar hafnað, og ég vildi bara með því benda á, að það hafði ekki verið haft neitt samráð við mig um hækkun söluskatts í fjárlfrv. og þess vegna hlyti ríkisstj. ein að bera ábyrgð á slíkri söluskattshækkun. Þetta var allt og sumt, sem fyrir mér vakti. Ég á erfitt með að sjá það, að tekjuöflunarleiðir, sem hugsaðar eru um mitt sumar, geti verið leyndarmál, þegar komið er fram á vetur, eins og málin hafa þróast. Þegar hæstv. ráðh. talar um um trúnaðarbrot af minni hálfu, þá felli ég það undir orðskviðinn: sannleikanum verður hver sárreiðastur, og var það út af minni útvarpsumr. Nóg um þetta.

Það er talið, að verðbólguaukningin í Danmörku muni á þessu ári vera um 8%, á Íslandi 22%. Þetta sýnir tvennt: í fyrsta lagi, að það er almenn verðbólga í iðnaðarlöndum Vestur-Evrópu, og það sýnir líka hitt, að verðbólgan á Íslandi er meiri en nokkurs annars staðar meðal þjóða á Vesturlöndum. Það merkir, að hún er næstum þrisvar sinnum meiri en á Norðurlöndum. Þetta er hin ógnvekjandi staðreynd, sem hefur m.a. valdið því, að ég hef við ýmis tækifæri reynt að benda á nauðsyn þess að fara sér hægt í útgjöldum, reyna á þann veika hátt, sem unnt er, að sporna við verðbólgunni. Þetta er grundvallaratriðið. Ég hef talið, að með þessum miklu og stórstígu hækkunum í fjárlagafrv. frá ári til árs — það er rúm 300% hækkun á þremur árum — sé farið of geyst í hlutina og það þurfi að hafa meira aðhald í sambandi við fjármál ríkisins. Þetta er mín grundvallarhugsun, ef við viljum reyna að hafa efnahagslífið á traustum fótum.

Ég mun víkja að þessari efnahagsstefnu í heild nokkru síðar, en víkja að einu atriði, sem ég hef líka sérstaklega tekið eftir, og það er, að sjálf efnahagsstefnan, eins og hún er rekin núna, kallar stöðugt á meiri álögur á almenning. 2% söluskattshækkun í janúar, eins og nú er gert ráð fyrir, er eins og dropi í hafið. Það þarf 17% á miðju sumri, það þarf 19% næsta vetur o.s.frv. Og spurningin er því bara: Hvar á að nema staðar í álögum á almenning? Þetta er spurningin. En það er mjög erfitt að fylgja þessari stefnu, meðan svona er háttað. Á móti kemur svo hitt, sem ég skil fullvel, þ.e. að framkvæma sem mest. Það er mjög eðlilegt að kaupa skuttogara, gera fjárfestingar í byggðarlögum og reka byggðastefnu. Þetta er allt nauðsynlegt og sjálfsagt. Engu að síður komast menn ekki fram hjá þeirri staðreynd að reka þessa stefnu á þá lund, að hún sé háð þjóðfélagslegum fjárhagsaðstæðum. Álögurnar á almenning, sem ég hef mjög gagnrýnt, sýna það berlega, að hér þarf að sporna við. Þetta getur ekki haldið svona áfram.

Ég vil taka það strax fram, að einn megingallinn á skattakerfinu núna eru beinu skattarnir, sem koma níðþungt niður á láglaunafólki og jafnvel miðlungstekjufólki. Og ég hef alltaf haft fullan skilning á því, að það væri æskilegt, ef rétt er á haldið, að breyta skattaforminu verulega á þá lund að fara yfir í óbeina skatta. Það, sem ég vil andmæla, er að hækka nú söluskattinn að óbreyttu tekjuskattskerfinu, eins og er gengið frá því í fjárlagafrv. M.ö.o.: það á ekkert að gerast í skattamálum nema það eitt að auka söluskatt um 2%. Ég vil vekja sérstaka athygli þm. á því, að ég er ekki að leggjast gegn því að breyta því innheimtuformi að lækka beina skatta og fara yfir í óbeina, heldur hinu, að öllu er haldið óbreyttu, en álögurnar auknar. Og ég endurtek: það er kominn tími til að átta sig á þessum hlutum.

Annað, sem hefur sérstaklega lagst illa í mig — og ég bið hæstv. fjmrh. afsökunar, þó að ég noti heldur lítilmótleg orð, og það er að hækka söluskattinn upp í 15% og láta það vara í tvo mánuði, þá kalla ég það sullum bullum: að láta sér detta í hug að hækka söluskatt um 2 stig og láta það einungis gilda í tvo mánuði. Ég hygg, að það sé vandfundin nokkur hliðstæða frá Norðurlöndum um slík vinnubrögð. Söluskattur er af því tagi, að þegar hann er einu sinni tekinn upp, þá verður hann í verðlaginu. Og það vita allir af gamalli reynslu hér, að 1. mars lækkar ekki söluskatturinn skyndilega um 2%, heldur heldur þetta meira og minna áfram í öllu kerfinu. Ástæðan fyrir þessu vinnulagi er sú að geta haft af launþegum kaupgreiðslu í tvo mánuði, þ.e.a.s. fella þetta niður 1. mars, þegar reikna á út kaupgreiðsluvísitöluna. Þetta er sannkallað sullum bullum. Og ég skil bara ekki, hvernig mönnum getur dottið þetta í hug.

Varðandi söluskattinn sjálfan vil ég benda á það, að hann er mjög varasamur. Innheimtan er ákaflega ótrygg. Ég man ekki betur en að Emil Jónsson, fyrrv. ráðh., lýsti því yfir, þegar söluskatturinn var 7%, að hann teldi víst, að 500 millj. af söluskattinum væri meira og minna stolið undan. Þetta felur í raun og veru í sér, að því hærri sem söluskatturinn er, því meiru er undan stolið. Og það er spurning, hvort ekki eigi að taka upp nýtt kerfi. Mér er kunnugt um það, að t.d. í Kanada, þar er 12% söluskattur, en þeir hafa 8% á heildsölustiginu og 4% á smásölustiginu og innheimtist miklu betur að þeirra sögn. Sú stefna að hækka verulega söluskattinn hefur vissar hættur í för með sér, og þá verður að gera viðhlítandi ráðstafanir.

Það, sem mér var líka nokkur gremjuauki, var, að þessi ríkisstj., sem telur sig stjórn hins vinnandi fólks, skuli ætla að hækka söluskattinn, sem kemur að sjálfsögðu harðast niður á barnafjölskyldunum, og lækka líka fjölskyldubæturnar um leið. Ég hygg nú, að ef hæstv. fjmrh. hefði verið í stjórnarandstöðu, og ég tala nú ekki um hæstv. iðnrh., þá hefði hann farið hamförum hér í þingsölum og í Þjóð-

viljanum yfir slíkum vinnubrögðum. En það virðist vera þannig, að þegar menn skipta um sæti hér, þá er hið góða orðið vont og hið vonda gott. En þetta heitir víst pólitík.

Ekki vil ég láta hjá líða að minna á eitt og það er það, að í málefnasamningi ríkisstj. er sagt frá því, að stefna eigi að því að fella niður söluskatt á lífsnauðsynjum. Það á að fella niður, — nú á að hækka hann upp í 15%. Að vísu skal ég ekki lá neinum, þó að ekki sé hægt að standa við þetta til fullnustu. En svona kapphlaup til að svíkja málefnasamninginn er heldur hvimleitt, og það hlýtur að vera til sú hugsanlega leið að athuga, hvort ekki sé hægt að innheimta óbeina skatta af munaðarvarningi og halda söluskattinum frá hversdagslegum nauðsynjum fólks. Með munaðarvarningi á ég fyrst og fremst við þann varning, sem fólk þarf ekki að nota, eða þær vörur, sem fólk þarf ekki að nota hversdagslega, og reyna á þann hátt að létta undir með því fólki, sem á efnahagslega í vök að verjast.

Af þessum orðum minum má ráða, að ég mun ekki styðja hækkun söluskatts, eins og gert er ráð fyrir í fjárlfrv. Hins vegar er ég til viðtals um að gera verulegar endurbætur á tekjuskattinum og þá komi fram einhver hækkun á söluskatti. En ég er andvígur því, að þetta valdi auknum heildarálögum á almenning.

Hæstv. fjmrh. hefur látið orð falla í fjárlagaræðu sinni á þessa leið: „Ég er sannfærður um, að skattabyrðin er ekki slík, að undan þurfi að kvarta.“ Þetta er nú eins og í leikriti eftir Holberg. Sérstaklega, þegar ein meginkrafa verkalýðsfélaganna er að grátbiðja hæstv. fjmrh. um að lækka skattana. Þetta er meginkrafa þeirra. Og hverjir finna þetta betur en þeir, sem eiga að greiða skattana? En hvað varðar skattana ennfremur, þá kemur það fram í grg. með fjárlfrv., að kjarasamningar geti væntanlega haft áhrif á skattalögin, m. ö. o. það er biðtími, það er beðið eftir því, hver verður niðurstaðan í kjarasamningunum. Við svona vinnubrögð hef ég töluvert að athuga. Í fyrsta lagi er skattalöggjöfin dregin út úr höndum Alþingis og færð út til hagsmunahópa í þjóðfélaginu, þ. e. a. s. það verða þá atvinnurekendur og verkalýðsfélögin í samráði við fjmrh., sem taka af skarið, hvernig eigi að laga skattalögin, og síðan koma þessir 59 þm., sem ekki eiga í hlut, og eiga að samþykkja það. Með þessu er ég að segja, að þetta er framhald á þeirri lítillækkun, sem á sér stað á Alþingi og störfum þess. Það er verið að færa stöðugt fleiri og fleiri málaflokka út úr Alþingi og gera að samningsatriði milli einstakra hópa í þjóðfélaginu, og ég tel þetta ekki skemmtileg vinnubrögð.

Hvað lýtur að verkalýðsfélögunum sjálfum, þá skil ég það fullkomlega, að þeim er mikill akkur í því að fá leiðréttingu á skattalögunum. Hins vegar verð ég að segja það, að það er mjög vafasöm stefna hjá verkalýðsfélögunum að fórna kauphækkunum út á leiðréttingar á skattalögum. Ástæðan er einfaldlega sú, að ríkisstj., hver og ein ríkisstj., getur sett þannig skattalög, að verkalýðsfélögin standi stöðugt í stríði við viðkomandi ríkisstj. að fá þau leiðrétt og þurfi þá að fórna kauphækkunum í staðinn. Í öðru lagi hlýtur það að vera dálítið vafasamt, að hið opinbera eigi þá að koma til móts við atvinnurekendur og taka þátt í að greiða launakjör verkafólks. Og einmitt á þennan hátt er kaupi láglaunafólks haldið niðri. Sá háttur ætti auðvitað að vera á, að þessi stjórn, sem telur sig stjórn hins vinnandi fólks, ætti að laga skattana eftir bestu getu og vitund fyrir þetta verkafólk, sem berst fyrir bættum kjörum, og vinna þannig heiðarlega að málunum.

Hæstv. fjmrh. hefur gert margar ágætar og rækilegar aths. um breytingar á íslenskri skattalöggjöf. Þar víkur hann að ýmsum meginþáttum, t. d. sýnir hann fram á galla tekjuskattsins, þar minnist hann á söluskattinn, á skattsvik, viðurlög við skattsvikum o. s. frv. Og mér finnst þessi kafli í ræðu fjmrh. einkar geðfelldur. En vandinn er bara þessi, að það er gert ráð fyrir, að skattheimtan verði óbreytt, með þeim fyrirvara, sem felst í kjarasamningum aðila vinnumarkaðarins. En hér er á það að benda, að þessar breyt., sem fjmrh. boðar, eru einhvers konar vonartilboð. Þetta er 3. ár þessarar ríkisstj., þ. e. a. s. 3. árið, sem við eigum að búa við þessi skattalög, og þau eiga að halda áfram, en svo á vonarglætan að vera í einhverjum framtíðarviðhorfum, sem vissulega eru mjög góð. Það er bara eitt í þessu, og ég vil vara sérstaklega fjmrh. við því, að ef hann lætur nú ekki hendur standa fram úr ermum og gerir átök í þessu efni, þá gæti hann verið oltinn úr stólnum, áður en breytingar þessar næðu fram að ganga. Þetta er grundvallaratriðið. Það þarf að gera breyt. á þessum skattalögum sem fyrst, þannig að láglaunafólk og fastlaunafólk geti við unað.

Ég tók eftir því, að fjmrh. viðurkennir, að það sé um töluverð skattsvik að ræða í þjóðfélaginu. Þetta snertir ekki bara söluskattinn, heldur líka tekjuskattinn, og ég lít svo á, að skattsvikin hér í þjóðfélaginu séu bara ein afleiðing af þeirri gífurlegu verðbólgu, sem á sér stað í þjóðfélaginu. Það er alls staðar vinnuaflsskortur. Iðnaðarmenn, sem eru mjög eftirsóttir, ekki síst í byggingariðnaðinum, hafa tvo taxta: annan, sem þeir þurfa að greiða skatt af, og hinn, sem þeir þurfa ekki að greiða skatt af. Þetta er reynsla allra þeirra, sem fást við byggingar. Ég er sannfærður um, að það er stolið undan skatti hér mörgum hundruðum milljónum, ef ekki milljörðum, svo að það er von, að hæstv. fjmrh. telji nauðsynlegt að minnast á skattsvikin.

Og viðurlögin við skattsvikum! Ég man ekki betur en að fram hafi komið raddir um að beita sams konar viðurlögum og tíðkist við skattsvikum eða undanbrögðum við skattgreiðslum hjá öðrum þjóðum. Þar er alls staðar litið á undanbrögð við skattgreiðslu, sem ígildi fjárdráttar og viðurlög í samræmi við það. Þetta átti auðvitað að koma strax, en það er mjög gott, að fjmrh. hefur nú áttað sig á þessu, og ég vænti þess, að hann muni nú gera fyrr en síðar einhverjar breyt. í þessu efni. Ég hygg, að það sé enginn vafi á því, að það þarf að gera stórátök í sambandi við skattheimtuna, eftirlitið og breyta l. um viðurlög við skattsvikum. Þetta er alveg nauðsynlegt. Og hvers vegna gætum við ekki haft það eins og aðrar þjóðir? Þurfum við

að sýna nokkra meiri linkind í þeim efnum en t. d. frændur okkar á Norðurlöndum?

Það er mikið talað um þá stefnu stjórnarinnar að auka samneyslu, og ég hef skilið það þannig, að það sé verið að auka hlutdeild ríkisins og auka þjónustu við hinn almenna borgara. Þetta er gott og blessað, og ég styð þessa stefnu. En það er bara spurningin, hvernig fjár er aflað til þess að standa undir samneyslunni. Það er mergurinn málsins. Meginfjármagnið er sótt einmitt til fastlaunafólksins, sem stendur undir þessari auknu samneyslu. En það er lítið sótt til þeirra aðila, sem raunverulega hafa fjármagnið og græða á þeirri verðbólgu, sem á sér stað í þjóðfélaginu, og þetta er ein mín meginádeila á ríkisstj., að hún heldur uppi samneyslu fyrir almenna borgara með því að leggja þungar byrðar á fastlaunafólk. Það á að auka samneysluna, en sækja fyrst og fremst fjármagnið, þar sem það er í þjóðfélaginu. Eða er ekkert fjármagn í þjóðfélaginu? Við sjáum í kringum okkur t. d., hvernig lóðir og lendur skila af sér hagnaði, svo að tugmilljónum króna skiptir, og ef eigandinn hefur átt eignina í nokkur ár, þarf hann ekki að greiða eyri til ríkisins. Ég nefni þetta sem dæmi. Svo er verið að elta uppi til skattgreiðslu einhverja hafnarverkamenn, sem hafa 150 kr. á klukkustimann. Ég verð að segja það, að mér þykir furðulegt, hvað það er mikill slappleiki í þessari stjórn við að sækja fjármagnið þangað, sem fjármagnið er. Sem betur fer hefur nú fjmrh. lýst því yfir í fjárlagaræðu sinni, að hann vilji athuga einmitt þennan tekjuskatt af sölu á lóðum og lendum, og ég vænti þess, að það gerist fyrr en síðar.

Í sambandi við verðbólguna er það að segja, að fastlaunafólkið verður mest fyrir barðinu á skattheimtunni. Ekki það, að fastlaunafólkið vilji ekki gjarnan greiða til ríkisins, heldur hefur það bara enga undankomuleið eins og stórir hópar af öðrum þjóðfélagsþegnum. Og það er fyrst og fremst verðbólgan, sem skellur á þessu fastlaunafólki og skapar að sjálfsögðu smám saman eignamismun í þjóðfélaginu. Það er alveg merkilegt, að þessi rök, sem ég er að tala um núna, hafa dunið hér á Alþ. allan viðreisnartímann, en nú eru þessir flokkar komnir í stjórn, og þá heyra þeir ekki, hvað sagt hefur verið. Þá vinna þeir á alveg nákvæmlega sama hátt og viðreisnarstjórnin í þessum efnum. Það er sami rassinn undir þeim öllum.

Hæstv. fjmrh. kemst svo að orði í ræðu sinni um innlán í bönkum og sparisjóðum: „Það hefur þó breyst á þessu ári, því að á 9 fyrstu mánuðum ársins hefur aukningin í innlánum í bönkum og sparisjóðum orðið 5 milljarðar 771 millj. kr. Þetta er geysilega mikil aukning, miklu meiri en verið hefur, og það sýnir, að fólk“ — takið nú vel eftir — „trúir og treystir sínum peningum meira en þeir, sem eru með barlómsvæli, vilja vera láta,“ — trúir og treystir sínum peningum. Aðalgallinn við efnahagskerfið er það, að fólkið trúir og treystir ekki peningunum. Það eru allir að flýta sér að losna við þá, og þessi tala, 5 milljarðar 771 millj. kr., segir alls ekki nokkurn skapaðan hlut, því að þetta er ósundurliðað. Þarna þarf að vita, hvað er veltiinnlán, hvað er spariinnlán, og eru ekki margir lífeyrissjóðir í þessu, þar sem fólk er skyldugt að leggja fyrir? Þessi tala segir ekki nokkurn skapaðan hlut.

Ég hef löngum saknað þess, sem er kallað festa í efnahagsmálum. Ráðh. segir, að það sé festa í efnahagsmálunum. Ein þeirra röksemda, sem hann beitir, er af því tagi, að ríkisstj. hafi þrívegis hækkað gengi íslensku krónunnar gagnvart dollar á þessu ári. Síðan segir: „Segir þetta það, að íslenska ríkisstj. hafi ekki vald á efnahagsmálum? Nei, einhvern tíma hefðu þessir þættir ekki verið taldir til skýringar á stjórnleysi eða valdleysi ríkisstj. yfir efnahagsmálum, heldur hinu gagnstæða.“ Þetta er dæmalaus kokhreysti. Það er eins og ráðherrann viti það, að ríkisstj. gerði þau hrapallegu mistök í des. s. l. að lækka krónuna um 10.7% gagnvart dollar og braut þar með auðvitað málefnasamninginn og það sem var miklu verra: hratt af stað þessari miklu verðbylgju eða flóði, sem á sér stað í þjóðfélaginu, því að þetta fór allt inn í verðlagið. Og þessar gengishækkanir, sem nú eiga sér stað, eru aðeins tilburðir til að reyna að snúa hjólunum til baka, en það er bara ekki hægt. Þegar áhrif 10.7% gengisfellingar eru komin inn í verðlagið, þá er ekki hægt að gera gengishækkun nokkru seinna og halda, að þeir geti snúið hjólinu við.

Einhvern tíma minnir mig það, að fjmrh. hafi talað um gengisfellingar í stjórn viðreisnar, og ég tala nú ekki um Alþb. og mína fyrri samherja, en nú er það gott og blessað. Og hin nýja efnahagsstefna er þá fólgin í því að hækka gengið um nokkur prósent þrívegis á þessu ári.

Ég vil taka það alveg skýrt fram, að ríkisstj. hefur gert töluverð átök í atvinnumálum. Hún hefur byggt upp togaraflotann, sem var vanræktur á tímum viðreisnar, hún hefur endurnýjað bátaflotann, og það eiga sér stað margs konar verklegar framkvæmdir með þjóðinni, og fyrir það ber að þakka. Og ég er síst af öllu að áfellast slíkt, því að það er náttúrlega krafa til hverrar stjórnar, að hún standi fyrir slíku. Mín ádeila er bara sú, að þarna er ekki farið að með nógu mikilli gát, þ. e. a. s. áætlunarbúskapurinn og forgangsröðun verkefna er meira á orði en borði. Það er vel hægt að fjárfesta, annað hvort með láni í bönkum, erlendu láni eða innlendu láni eða leggja þungar álögur á almenning. En það er eitt atriði, sem er ekki hægt að bæta úr, og það er vinnuaflsskorturinn. Hinn mikli vinnuaflsskortur er gleggsti vitnisburður um það, að hér er farið of hratt, og það spillir út frá sér á allar lundir. Það þarf að manna 40 togara, fiskiðjuverin þurfa að hafa fólk til þess að sinna fiskinum. Mér skilst núna, að hér hafi verið lokað meira að segja í borginni fiskiðjuver, af því að það var ekki til fólk að vinna þar. Þetta er mjög alvarlegt mál. Það er alls staðar hægt að slá fé, en vinnufólk, vinnuafl verður að hafa til hlutanna, og þetta er að verða eitt alvarlegasta vandamálið í sambandi við atvinnuvegina og ekki síst þegar vertíðin hefst af fullum krafti núna seinna í vetur. Og einmitt vinnuaflsskorturinn, sem hefur að sjálfsögðu valdið gífurlegu launaskriði í landinu, ruglað öllum hagreikningum og er einn þátturinn í þessari gífurlegu verðbólgu,

er auðvitað glöggur vitnisburður um það, að hér þarf að fara að með gát.

Ég get ekki látið hjá líða í sambandi við áætlunarbúskap og forgangsröðun verkefna að minna á það, hversu duglítil þessi ríkisstj. hefur verið að sporna við útþenslu bankakerfisins. Þar horfir ríkisstj. á og þykist máttvana, meðan Seðlabankinn leggur í það að reisa bankahús, sem kostar sjálfsagt hálfan milljarð, Landsbankinn byggir, Samvinnubankinn byggir o. s. frv. Bankarnir byggja fyrir bersýnlega milljarða kr., en þá er spurningin: Er þá ástæða fyrir ríkisvaldið að vera að tala um áætlunarbúskap og forgangsröðun verkefna, meðan svona stór faktor í sjálfu efnahagskerfinu er utan við skipulag hlutanna? Það, sem þarf að gera, er náttúrlega að skera niður fjárl., að draga úr kostnaðinum, ekki aðeins hjá ríkisbúskapnum að sjálfsögðu, heldur líka hjá sveitarfélögunum og einkaneyslunni. Þetta er mjög erfitt. Ég vil benda t. d. á, að það þarf að endurskoða almannatryggingakerfið. Þetta er orðið risavaxið, 36% af heildarútgjöldum fjárl. eru til almannatrygginga. En um leið hafa almennu tryggingarnar gegnt að vissu leyti hlutverki sínu. Ég sé t. d. enga ástæðu til þess, að allir fái fjölskyldubætur. Væri ekki rétt að miða fjölskyldubætur við efnahag, eins og í Danmörku, eða t. d. greiða ekki þeim mönnum ellilífeyri, sem eru kannske í 3—4 verðtryggðum lífeyrissjóðum og geta haft allt að því 200—300 þús. kr. í ellilífeyri úr öðrum sjóðum? Ég sé ekki betur en það þurfi að fara að endurskoða undirstöðu almannatrygginga, þ. e. a. s. almennar tryggingar eiga að vera jöfnunartæki, eins og réttilega kemur fram í ræðu fjmrh., en ekki almennt dreifingarkerfi fjármunanna.

Ég hef nú gagnrýnt nokkuð þessi fjárlög, og ég hygg, að sum gagnrýni mín sé af sama toga og hæstv. fjmrh. gagnrýndi fyrri stjórnir, þegar hann var málsvari Framsfl. á þingi. Þá vék hæstv. fjmrh. mjög að aðhaldsleysi fyrri ríkisstj. og verðbólgu þeirri, sem þar átti sér stað, þannig að ég hygg, að við séum í raun og veru sammála, ef Halldór sjálfur sæti ekki í ráðherrastóli.

Varðandi Alþb. vil ég segja það sérstaklega, að það kemur dálítið á óvart, hvað sá stjórnaraðili er linur í gagnrýninni. Það er vitað mál, að nú eru verðbólgutímar hinir mestu frá stríðslokum, sem skapa sjálfkrafa eitt mesta efnahagslegt misrétti í þjóðfélaginu. En nú er ekkert sagt lengur. Gengisfelling var gerð, nú er ekkert sagt lengur. Nú gengur jafnvel Alþb. fram fyrir skjöldu til að reyna að leggjast á kaupkröfur verkamanna og halda þeim í skefjum, öðruvísi mér áður brá. Alþb. finnst skattamálin í hinu besta horfi. Öðruvísi mér áður brá, því að nú eru gróðamennirnir stórtækari en nokkru sinni fyrr. Hækkun söluskatts á sér stað, og fjölskyldubætur eru lækkaðar. Öðruvísi mér áður brá. Og bankakerfið, man nú enginn Alþb.-maður ræður Einars Olgeirssonar hér þing eftir þing, þar sem hann talaði um bankavaldið? Man það nú enginn? Öðruvísi mér áður brá.

Hvað varðar SF hef ég ekkert að segja, því að sá flokkur stefnir að því að leggja sig niður, svo að mér er alveg óljóst, fyrir hverju þau samtök berjast.

Í raun og veru eru til tvær leiðir: Annars vegar að halda fram óbreyttri stefnu með töluverðri uppbyggingu atvinnuveganna, en um leið sífellt meiri og meiri verðbólgu, sem leiðir þá af sér margvíslegt þjóðfélagslegt misrétti, sem fylgir verðbólgunni. Þessari stefnu er unnt að fylgja, svo lengi sem sjávarafurðir Íslendinga haldast í jafnmiklu og góðu verði erlendis, þá getur þetta blessast. En þetta grefur að sjálfsögðu undan atvinnugreinunum smám saman og getur leitt til skyndilegs hruns. Nú vil ég ekki vera neinn móðuharðindaspámaður, síður en svo, en að sjálfsögðu gæti svo farið, ef yrði eitthvert verðfall á erlendum mörkuðum, að þá væri öllu stefnt í voða. Ég vil halda því fram, að það sé nokkurt öryggisleysi fólgið í þessari efnahagsstefnu.

Til er líka sú stefna að reyna að halda áfram skipulegri uppbyggingu atvinnuveganna og gera það þá með raunverulegum áætlunarbúskap, en ekki bara fínum yfirlýsingum. Ég vil geta þess, að Framkvæmdastofnunin hefur ekki fengið að fjalla um stærstu málin í efnahagslegri uppbyggingu þjóðarinnar. Togaramálin hafa ekki verið send þangað, né heldur Sigölduvirkjun. Framkvæmdastofnunin virðist vera upp á grín hér. M. ö. o.: það þarf að vinna að raunverulegri uppbyggingu atvinnuveganna og skipulegri vinnubrögðum, taka fyrir skattsvikin, eftir því sem unnt er, fella bankana undir áætlunarskipulagið, leggja skatta á þá, sem græða stórfé með eignasölum á þessum verðbólgutímum, þannig að þær skili einhverju til þjóðfélagsins. Það gildir bara ein regla um þessa hluti, og hún er sú, að enginn á að hagnast á öðru en eigin vinnu, því, sem hann sjálfur skilar til þjóðfélagsins. Þetta er grundvallarregla.

Ég ætla ekki að hafa þessi orð lengri að sinni, en vil að lokum segja þetta: Það er ekki íhaldssemi að tala um ráðdeild og sparsemi. það er almenn skynsemi. Og ég vil enn minna á það, að t. d. í Danmörku er verðbólga, eins og ég sagði í upphafi. Þar hafa jafnvel vinstri flokkarnir, sósialdemókratar og Sosialistisk Folkeparti, gengið í það að reyna að skera niður allt það, sem verða má, á fjárl. Þetta eru bara nauðsynlegir hlutir, sem menn verða að horfast í augu við. Hins vegar er það náttúrulega ábyrgðarleysi að reyna að gera ekki einhverjar hamlandi ráðstafanir á þessum verðbólgutímum, sem nú eiga sér stað.

Gunnar Thoroddsen: Herra forseti. Árið 1972 er fyrsta heila árið, sem hæstv. núv. ríkisstj. hefur setið við völd. Þess var því beðið með nokkurri eftirvæntingu, hvernig afkoma ríkissjóðs yrði á því ári. Í framsöguræðu hæstv. fjmrh. og einnig í grg. þeirri um afkomu ríkissjóðs fyrir árið 1972, sem fjölrituð hefur verið og útbýtt meðal þm., er nokkuð rætt um greiðslujöfnuðinn, en sannast sagna er harla erfitt að átta sig á því af þessum upplýsingum, hver greiðslujöfnuðurinn hefur raunverulega verið á árinu 1972.

Í hinni fjölrituðu grg. segir svo:

„Greiðslujöfnuður í heild reyndist hagstæður um 1689.6 millj. kr. og þar af um 1000 millj. kr. vegna lántöku í Seðlabankanum til jöfnunar á rekstrarfjárþörf ríkissjóðs.“

Nú er það, held ég, nokkuð almennt viðurkennt, að greiðslujöfnuður ríkissjóðs eigi að sýna mismun á raunverulegum greiðslum í ríkissjóð og úr ríkissjóði, raunverulegan mismun á innborgunum og útborgunum. Með þeim hætti sést einnig, hver áhrif ríkisfjármálin hafa á efnahagsástandið í þjóðfélaginu. Þessi setning, sem ég las úr hinu fjölritaða yfirliti, stenst ekki, m.a. vegna þess, að þessar 1000 millj., sem eru lántaka í Seðlabankanum til jöfnunar á rekstrarfjárþörf ríkissjóðs, eru þannig tilkomnar, að yfirdráttur ríkissjóðs hjá Seðlabankanum var orðinn úr hófi og voru teknar af honum eða lausaskuldum ríkissjóðs við þá stofnun 1000 millj. og samið um þær sem lán til fjögurra ára. Fyrsta greiðsla mun fara fram á næsta ári, og er gert ráð fyrir því í fjárlagafrv, sem hér liggur fyrir. Með slíkum bókhaldsbreytingum er auðvitað ekki hægt að breyta greiðslujöfnuði ríkissjóðs. Spurningin er þá, hvort hagstæður greiðslujöfnuður á að teljast þær 689.6 millj., sem þá eru eftir, og í þessari fjölrituðu grg. segir svo: „Án þessarar fjárhæðar (þ. e. a. s. 1000 millj. kr. lántökunnar) var heildargreiðslujöfnuður hagstæður um 689.6 millj. kr.“

Að mínu áliti fær þetta ekki heldur staðist og því fer mjög fjarri, vegna þess að það kemur fram síðar í þessu yfirliti, neðar á síðunni, að meginhluti þessarar fjárhæðar er óinnheimtar tekjur ríkissjóðs, og þegar gerður er upp raunverulegur greiðslujöfnuður, þá er auðvitað fráleitt að taka óinnheimtar tekjur ríkissjóðs, þar sem á auðvitað að miða við raunverulegar greiðslur í ríkissjóðinn og úr honum. Þessi upphæð um greiðsluafgang fær því ekki heldur staðist. Að vísu má segja, að þetta allt saman geti átt rétt á sér bókhaldslega og reikningslega, en ef leitað er að hinum raunverulega greiðslujöfnuði, og það er það eina, sem skiptir máli hér, þá fær hvorug þessara upphæða staðist.

Í þessu sama yfirliti segir svo, að hinn hagstæði greiðslujöfnuður komi annars vegar fram í bættri stöðu sjóðs og óbundinna bankareikninga um 120.5 millj. kr. og hins vegar sem hækkun ýmissa krafna ríkissjóðs umfram skuldbindingar til mjög skamms tíma, og er þar fyrst og fremst um að ræða aukningu á óinnheimtum tekjum ríkissjóðs. Ég held, að það geti enginn vafi leikið á því, að þegar á að finna hinn raunverulega greiðslujöfnuð ríkissjóðs frá árinu 1972, hljóti það að vera þessi tala, sem þarna er nefnd, 120.5 millj. kr. Ég lít svo á, að það sé sá greiðsluafgangur, sem varð hjá ríkissjóði á því ári.

Ég skal ekki fara ítarlega út í þetta mál hér, en vil aðeins segja, að það er ákaflega slæmt, að þing og þjóð skuli ekki geta fengið nákvæmar og öruggar upplýsingar um, hver sé raunverulegur greiðslujöfnuður ríkissjóðs á árinu, heldur sé verið að leika sér með hinar og þessar tölur, sem eru það fjarri veruleikanum, að þær koma ekki nærri hinum raunverulega greiðslujöfnuði, þó að bókhaldslega, reikningslega, megi verja þær. Þegar hins vegar er litið á þennan greiðslujöfnuð, 120 millj. rúmar, þá verð ég að segja sem mína skoðun, að hér er um allt of lítinn greiðslujöfnuð að ræða, allt of lítinn greiðsluafgang í slíkri einmuna tíð fyrir atvinnuvegina og ríkissjóð eins og árið 1972 var. Þessi afgangur er ekki nema, að ég ætla, milli 6 og 7 af þúsundi af tekjum ríkissjóðs, og einmitt á tímum slíks góðæris eins og þá var og hinnar miklu þenslu var það hin brýnasta nauðsyn fyrir ríkissjóð að hafa myndarlegan greiðsluafgang af ýmsum ástæðum, fyrst og fremst til þess að reyna að draga nokkuð úr hinni miklu þenslu og verðbólgu, sem þá átti sér stað og er enn, en einnig til þess að reyna að safna einhverju í sjóð fyrir hin erfiðu ár, sem jafnan koma með nokkru millibili.

Ég vildi fyrst víkja að þessu atriði og slá því föstu, að raunverulegur greiðsluafgangur var aðeins 120.5 millj. á s. l. ári og það er allt of lítill greiðsluafgangur, eins og þá stóð á.

Svo að vikið sé að fjárl. eða fjárlagafrv., þá er útgjaldaupphæð þeirra nær 27.5 milljarðar. Nú er það svo, að líklegar hækkanir í meðförum Alþ. verða verulegar, og m. a. hefur hv. 2. þm. Vesturl., Jón Árnason, gert hér í ræðu sinni skilmerkilega grein fyrir ýmsu því, sem vantar og verður að koma inn í fjárlagafrv. Það er ekki aðeins vegna niðurgreiðslna, fjölskyldubóta, rekstrarkostnaðar sjúkrahúsa og margs fleira, heldur má einnig benda á það, að 1. des. n. k. kemur til framkvæmda ný kaupgreiðsluvísitala, og er gert ráð fyrir, að sú hækkun muni nema um 8%. Ég held, að því fari ekki fjarri, að sú hækkun á kaupgreiðsluvísitölu, sú launahækkun um 8% muni auka útgjöld ríkissjóðs vegna launagreiðslna og tryggingargreiðslna, sem eru tengdar launaliðum, um kringum 800 millj. kr., svo að ekki sé of í lagt. Í annan stað standa nú yfir samningar við launþegasamtökin, bæði Bandalag starfsmanna ríkis og bæja, Bandalag háskólamanna og verkalýðssamtökin, og varðandi þá samninga, sem í þeim efnum verða gerðir, eða að því leyti sem Kjaradómur kann að ákveða launin, má að sjálfsögðu ganga út frá mjög verulegum hækkunum á útgjöldum ríkissjóðs á næsta ári af þessum ástæðum.

Þegar við lítum á fjárlagafrv. fyrir yfirstandandi ár, þá hækkaði það frá fyrstu gerð og til þess er fjárl. voru afgreidd um tæpar 1600 millj. kr. Ef miðað er við reynslu og þau atriði, sem þegar er vitað að hljóta að koma til útgjalda ríkissjóðs á næsta ári, þá er trúlegt, að ríkisútgjöldin í fjárl. næsta árs fari hátt upp í 30 milljarða.

Þegar á það er litið, að fjárl. 1971 voru, að því er útgjöldin snertir, um 11.3 millj. kr., þá er hér um að ræða þreföldun á þrem árum. Og ég held, að megi fullyrða, að ekkert fordæmi er á Íslandi um slíkt heljarstökk á friðartímum. Áður hefur alltaf þurft heimsstyrjaldir, til þess að slíkt yrði. Og þótt fjmrh. sé vaskur og vel að manni, þá virtist hann fyrir fram ekki líklegur til slíkra loftfimleika. En það er sýnilegt, að stjórnarsamstarfið hefur veitt ráðh. mikla þjálfun í „pólitiskri gymnastik“, svo að ég noti orð Sveins í Firði hér endur fyrir löngu, og ætla menn, að ein slík

sýning sé væntanleg nú næstu daga hér á Alþ.

Þegar miða skal fjárl. eða heildarupphæð þeirra við einhverjar ákveðnar stærðir, þá verður það oftast fyrir, að reynt sé að hafa hliðsjón eða mið af þjóðarframleiðslunni. A. m. k. er það svo um margar þjóðir, að þær telja, að ríkisútgjöldin og það, sem ríkissjóður tekur til sinna þarfa, megi ekki nema, ef vel á að vera, meir en einhverri tiltekinni hundraðstölu af þjóðarframleiðslunni, þótt mönnum hins vegar gangi erfiðlega að finna þar ákveðna viðmiðun eða ákveðna tölu. Ef við Íslendingar lítum yfir þetta hlutfall s. l. áratug, áratuginn 1960—1970, þá eru útgjöld ríkisins til jafnaðar milli 16 og 19% af þjóðarframleiðslunni, að undanskildum tveim árum, erfiðleikaárunum 1967 og 1968, þegar þessi tala fór upp í 21 og 22%. Á árunum 1972 og 1973 hefur orðið gífurleg aukning á þjóðarframleiðslunni, sem kemur í ljós í því, að árið 1971 var þjóðarframleiðslan rúmir 53 milljarðar, árið 1972 rúmir 66 milljarðar, nú í ár er hún áætluð rúmir 83 milljarðar, og þær áætlanir, sem liggja fyrir um árið 1974, eru um 100 milljarðar, sem þjóðarframleiðslan er talin munu verða. Þegar þjóðarframleiðslan hefur aukist svo gífurlega vegna góðæris og hins óvenjuháa verðlags í aðalviðskiptalöndum okkar, hefði verið eðlilegt, að hundraðshluti ríkisútgjaldanna, miðað við þjóðarframleiðslu, hefði farið lækkandi, en ekki hækkandi. En það hefur orðið önnur raun á.

Árin 1960—1970 eru ríkisútgjöldin þetta, sem ég nefndi, 16—19%. En á þessu fyrsta heila ári ríkisstj., 1972, eru útgjöldin komin upp í 25%. Ef við tökum árið 1973, yfirstandandi ár, þá er komið upp í tæp 26%. Varðandi árið 1974, ef við tökum þessa áætlun um 100 milljarða og ef við tökum fjárlagafrv., eins og það liggur fyrir nú, þá er þessi tala komin upp í 27.4%. Og ef svo fer, að útgjöldin verða að lokum nærri 30 milljörðum, eins og flest bendir til, þá horfir svo, að þrátt fyrir hina gífurlegu aukningu þjóðarframleiðslunnar verði ríkisútgjöldin komin upp í eða upp undir 30% af þjóðarframleiðslunni á móti 16—19% á síðasta áratug til jafnaðar. Þetta er ákaflega iskyggileg þróun, og hún er ákaflega varhugaverð, og er brýn nauðsyn fyrir Alþ. að staldra hér við og athuga, á hvaða leið hið íslenska þjóðfélag er með þessari þróun.

Hvers vegna er þessi þróun varhugarverð? Hún er í fyrsta lagi varhugaverð vegna þess, að hún íþyngir borgurum landsins óhóflega með sköttum. Þar er auðvitað fyrst og fremst um að ræða tekjuskattana, sem eru orðnir með þeim hætti, að það er komið út í hreinar öfgar. Hér er ekki aðeins um að ræða fullyrðingar stjórnarandstæðinga, heldur má, eins og gert hefur verið í þessum umr., benda sérstaklega á, að ein af aðalkröfum verkalýðssamtakanna í þeim samningum, sem nú standa fyrir dyrum, er sú, að verulega sé létt þessari skattaáþján, að dregið sé stórkostlega úr þeirri skattabyrði, sem núv. ríkisstj. hefur lagt á landslýðinn. Hér verður auðvitað að gera gagngera breytingu á. En afleiðingar af þessari þróun ríkisútgjaldanna eru að sjálfsögðu í öðru lagi verðbólgan. Og það er nú þannig, að ríkisútgjöldin eru í rauninni hvort tveggja í senn: verðbólguvaldur og afleiðing verðbólgunnar. Þannig fer þetta oftast saman og er í rauninni ein svikamilla. Ástandið hér á landi er þannig og hefur verið nú að undanförnu, að alls staðar vantar vinnuafl, og er það óvefengt af öllum. En á sama tíma sem alvarlegur vinnuaflsskortur er við flestar framkvæmdir og ekki síst hjá framleiðsluatvinnuvegunum, keppir ríkið af fullum krafti við atvinnuvegina með þeim afleiðingum, að ríkið spennir þannig upp kostnað við byggingar og hvers konar framkvæmdir. Með þessum aðförum á ríkisstj. og þingmeirihl. verulegan þátt í þeirri miklu verðbólgu og þeim erfiðleikum, sem hér stafa af vinnuaflsskortinum.

En það eru margar aðrar hættur samfara þessari þróun. Hættan er m. a. fyrir hina næstu framtíð, því að reynsla okkar þjóðar sýnir, að alltaf er öldugangur um atvinnuvegi og velgengni þeirra, þannig að stundum fellur verðlag og afli minnkar eða bregst. Ef svo fer, sem samkv. reynslunni er ekki óliklegt, einhvern tíma áður en mjög langt um líður, að við komumst niður af þessum öldutoppi, sem nú hefur verið, ef verðlagið breytist til hins verra, — við skulum hafa þá í huga, að fiskverð á Bandaríkjamarkaði hefur hvorki meira né minna en fjórfaldast á síðustu 4 árum, — ef verðlagið lækkar, jafnvel ef hækkanirnar stöðvast, ef afli minnkar og útgerðin verður rekin með tapi, a. m. k. um sinn, þá verður búið með þessari stjórnarstefnu að spenna upp öll útgjöld og margfalt erfiðara að færa þau niður, í stað þess að hér hefði þurft að spyrna við fótum gegn útgjaldaaukningu og gæta þess í góðærinu að safna í sjóði til mögru áranna. Það þarf sterk bein til að þola góða daga, og því miður hefur það ekki reynst svo um núv. ríkisstj., að hún hefði þann kost til að bera.

Þegar litið er á þessa þætti, sem ég hef hér nefnt í þróun ríkisfjármálanna, má ljóst vera, að ég tel brýna nauðsyn fyrir þjóðina að lækka útgjöld, ekki aðeins að spyrna við fótum og koma í veg fyrir frekari hækkun, heldur að færa niður. Spurningin er: hvernig á að taka á þessum vanda? Hvernig á að standa að þessu máli? Ég tel og hef raunar lýst því áður, að ég tel, að við eigum að taka þar upp nýja leið, sem er í því fólgin, að Alþ. og ríkisstj. komi sér saman um að ákveða visst hámark, visst þak eða loft á ríkisútgjöldunum og síðan yrði unnið að því af fjmrn. og fjvn. að raða niður útgjöldum ríkisins innan þessa marks.

Þegar talað er um að skera niður útgjöld, færa þau niður eða fresta framkvæmdum, þá er þessu svarað stundum þannig, eins og t. d. kom fram í ræðu hæstv. fjmrh.: Viljið þið lækka fjárveitingar til skóla? Viljið þið lækka fjárveitingar til hafna? Fer of mikið fé til veganna? Viljið þið lækka fjárlög til sjúkrahúsanna o. s. frv.? Með slíkum vinnubrögðum og slíkum hugsunarhætti er ekki hægt að nálgast þetta þýðingarmikla verkefni. Það er ekki hægt að ætlast til þess, að bent sé á einhver tiltekin atriði, framkvæmdir, verklegar framkvæmdir eða rekstrarliði, sem ætti að skera

niður, nema vitað sé um, að vilji sé fyrir hendi til að vinna í fullri alvöru að þessu verkefni. Og í rauninni er þetta, sem hér er haldið fram, að stjórnarandstaðan megi ekki gera till. um almenna niðurfærslu fjárl. án þess að telja upp, hvað sé átt við, þessi kenning er líka í algeru ósamræmi við það, sem hæstv. ríkisstj. hefur sjálf gert í þessum efnum. Í júlímánuði 1972 gaf ríkisstj. út brbl. Þá þótti svo mikils við þurfa, að ekki mætti bíða Alþ. eða kalla það saman. Þá þótti ríkisstj. nauðsyn að lækka fjárlög ríkisins um 400 millj. kr. Þetta gerði hún með brbl., sem að vísu er mjög vafasöm aðferð stjórnskipulega séð, en þetta gerir hún þannig, að það er ákveðið að heimila lækkun um 400 millj. á hvaða lið fjárl. sem er, rekstrarliðum eða verklegum framkvæmdum, og engin sundurliðun í því sambandi. Í annan stað lagði ríkisstj. sjálf til við afgreiðslu núgildandi fjárl., að heimilt væri að lækka liði fjárl. um 15%, án þess að ríkisstj. legði fram þá né síðar nokkurn lista fyrir fjvn. eða Alþ. um, hvaða einstakir liðir það væru, sem ætti að lækka. Þess vegna vita þm. ekki gerla, hvernig þessi 15% lækkun hefur verið framkvæmd. Þó munu það vera ýmsir rekstrarstyrkir, sem hafa lækkað um þessa fjárhæð, og enn fremur sumir fjárfestingarliðir, og að ég ætla einna mest framlög til skóla- og sjúkrahúsbygginga. Nú kemur það einkennilega heim, ef skólabyggingar og sjúkrahúsbyggingar hafa einkum orðið fyrir barðinu á 15% niðurskurðinum, þegar hæstv. fjmrh. segir í sinni framsöguræðu, að það sé ekkert hægt að skera niður, og spyr stjórnarandstæðinga: Viljið þið fara að skera niður fjárveitingar til skóla, sjúkrahúsa eða annarra slíkra nauðsynjaframkvæmda?

Ef menn á annað borð vilja viðurkenna þær staðreyndir, sem blasa við, og viðurkenna, að hér er komið allt of langt á þeirri óheillabraut að auka útgjöld ríkisins, þá verða menn líka að finna leiðir til þess að bæta hér úr. Ég tel, að heppilegasta leiðin sé sú, — og sums staðar annars staðar hefur hún verið reynd með sæmilegum árangri, — ef Alþ. og ríkisstj. gætu ákveðið hámark útgjalda fyrir næsta ár og út í þann ramma verði svo reynt að fylla af *þeim aðilum, sem með þessi mál hafa að* gera, fjmrh., starfsmönnum hans og fjvn. Ef ætti að fylgja þeim hlutföllum, sem voru milli fjárl. eða ríkisútgjalda annars vegar og þjóðarframleiðslu hins vegar á áratugnum 1960—1970, þá ættu heildarútgjöld ríkisins samkv. fjárl. á næsta ári ekki að vera meiri en 16—19 milljarðar í staðinn fyrir rúmir 27 samkv. frv. eða upp undir 30, eins og spáð er, að þau verði. Þegar búið er að spenna útgjöldin svo gífurlega upp á þremur árum, er vafalaust ógerningur að taka það í einu skrefi að lækka svo sem eðlilegt og æskilegt væri. Þetta verður að taka í áföngum. Ef við t. d. gætum nú komið okkur saman um að ákveða hámark ríkisútgjalda á næsta ári t. d. 25 milljarða, svo að ekki sé stigið stærra skref, þá efa ég ekki, að fjvn. og fjmrn. gætu leyst þetta verkefni, ef vilji væri fyrir hendi. Þm. Sjálfstfl. eru reiðubúnir til þátttöku í slíku starfi.

Steinþór Gestsson: Herra forseti. Fjárlagaræða hæstv. fjmrh. var flutt hér í sameinuðu þingi 23. þ. m., fyrir réttri viku. Síðan hafa verið haldnir þrír fundir í Sþ., en ekki verið á þeim rúm fyrir umr. um þetta mikilvægasta mál Alþ.

Eins og að líkum lætur, gaf fjárlagaræða hæstv. fjmrh. tilefni til margs konar hugleiðinga, enda stóð hún í 3 klukkustundir. Þó er það svo, að mestan hluta ræðu hans má finna í grg. með frv., eins og eðlilegt er. Þær aths., sem þar eru settar fram, eru um margt athyglisverðar og þá ekki síst að því leyti, að svo virðist sem þær komi ekki heim við þær staðreyndir, sem lesnar verða út úr þeim tölulegu upplýsingum, sem aths. eiga þó að skýra. T. d. veit ég, að mönnum kemur það mjög á óvart, sem segir þar um fjármögnun ríkisframkvæmda, en um það segir svo í aths., með leyfi hæstv. forseta:

„Þá hefur við gerð þessa fjárlagafrv. verið gengið lengra á þeirri braut, sem fylgt hefur verið við gerð síðustu tveggja fjárl., að fjármagna ríkisframkv. með samtímatekjum. Nú hefur tekist að ná þessu marki að verulegu leyti.“

Þetta segir í aths. Ég hygg, að þetta sé rétt lesið hjá mér. En sé svo, ber þá að skilja þetta þannig, að nú sé gert ráð fyrir minni lántökum til framkvæmda en ríkisstj. hefur staðið að, síðan hún kom til valda? Sennilega. Ég tel það þá sanni nær, að skuldasöfnun hafi orðið með ólíkindum mikil á því góðæri, sem verið hefur hin síðari ár. Ég hef það fyrir satt, að t. d. hafi erlendar skuldir hækkað, síðan núv. ríkisstj. kom til valda, um það bil 6 þús. millj. kr., og ég fæ ekki betur séð en enn sé í fjárlagafrv. gert ráð fyrir stórfelldum lántökum til fjáröflunar fyrir verklegar framkvæmdir á vegum ríkisins eða lántökum, sem þarna eru tíundaðar að upphæð 2728 millj. kr. Að sjálfsögðu er ekki öll sagan sögð, þótt þessi upphæð sé nefnd, því að þá eru ótaldar þær fjárhæðir, sem óhjákvæmilegt verður að útvega hinum ýmsu fjárfestingarsjóðum að láni umfram þau framlög, sem til þeirra eru ætluð á fjárl. Mér þykir óvarlegt að áætla þá lánaþörf mikið undir 5 milljörðum kr., og er þá húsnæðislánakerfið meðtalið.

Af þessu má nokkuð marka það, hversu haldgóðar upplýsingar það eru, sem gefnar eru í aths. með frv., þegar sagt er, að nú hafi tekist að ná því marki að verulegu leyti að fjármagna ríkisframkvæmdirnar með samtíma tekjum. Þar held ég, að vanti stórlega á. Eða vill hæstv. fjmrh. kannske halda því fram, að skuldaaukningin gangi ekki til framkvæmdanna, heldur fyrst og fremst til þess að standa undir kostnaði við rekstur ríkisbáknsins? Ég held varla.

Fjárlagafrv. er í nokkuð öðru formi en verið hefur. Í aths. með því segir, að það hafi verið talið hagkvæmt að fella saman tvo meginþætti ríkisbúskaparins, fjárl. og framkvæmda- og fjáröflunaráætlun ársins 1974, vegna þess að með þeim hætti gæfist betri heildaryfirsýn yfir ríkisbúskapinn. Ég tel, að þetta viðhorf sé rétt, og það hefði vissulega verið mikilvægt, að við þessa ákvörðun hefði verið staðið. En svo er hreint ekki. Í því frv., sem hér liggur fyrir, er ekki stafkrókur um þær fjárhæðir, sem hinir

ýmsu fjárfestingarsjóðir atvinnuveganna og húsnæðislánakerfisins verða að fá til ráðstöfunar, svo að þeir geti staðið við skuldbindingar sínar samkv. lögum. Þar er um háar fjárhæðir að ræða, eins og ég vék að hér áðan, sennilega ekki undir 5 milljörðum kr. Það má því vera öllum mönnum ljóst, að með engu móti gefst viðhlítandi yfirsýn yfir ríkisbúskapinn, nema unnt sé að meta í einu alla fjármagnsþörf til rekstrar og fjárfestingar á vegum ríkisins og stofnana þess. Það má því segja það um þessa ákvörðun um gerð yfirgripsmeiri og heilsteyptari fjárl., að hún væri mjög til hagræðis við að meta stöðu ríkisins um fjármál og framkvæmdir, ef við hana hefði verið staðið, en ekki felldur niður stór og afgerandi þáttur ríkisbúskaparins.

Í framhaldi af þessu segir svo í aths. með frv., með leyfi hæstv. forseta:

„Að öðru leyti má segja, að fjárlagafrv. þetta fylgi fastar eftir en verið hefur þeim umbótum á sviði félagslegrar uppbyggingar, sem ríkisstj. hefur þó unnið verulega að, og svo hitt, að með því er hafinn nýr áfangi í framkvæmd byggðastefnu þeirrar, sem ríkisstj. markaði við upphaf valdatöku sinnar.“

Þetta eru orð hæstv. fjmrh. Það er nú svo. Það skyldi þó aldrei vera ástæða til að staldra hér aðeins við og kanna, hvað hæft er í þessum fullyrðingum? Hvað um félagslega uppbyggingu? Í málefnasamningi stjórnarinnar er heitið umbótum á ýmsum sviðum félags- og menningarmála. Og satt er það, að ný lög og reglur hafa verið sett um nokkur þeirra, svo sem um heilsugæslu og heilbrigðismál. En hvar sést árangurinn af þeirri löggjöf? Jú, í aths. segir, að framlög til byggingar sjúkrahúsa og læknisbústaða hækki um 57.4 millj. kr., og það er rétt. Mér telst svo til, að það séu 30% hækkun frá fjárl. þessa árs, og væri það ekki lítils vert, ef um svo mikla magnaukningu væri að ræða. En þetta atriði er rétt að athuga dálítið nánar. Á því ári, sem liðið er frá því, að fjárlagafrv. fyrir árið 1973 var lagt fram, eða frá 1. nóv. 1972 til 1. nóv. n.k., hefur vísitala byggingarkostnaðar hækkað upp í 910 stig, um 221 stig eða rúmlega 32%, eða m.ö.o.: sú hækkun um 30%, sem samkv. fjárlagafrv. er á fjárl. til sjúkrahúsa og læknisbústaða, vegur hvergi nærri upp á móti þeirri kostnaðarhækkun, sem Hagstofa Íslands mælir í byggingarvísitölunni og er, eins og áður sagði, um 32% á einu ári.

Nú er það öllum vitanlegt, að raunverulegur byggingarkostnaður hefur hækkað miklum mun meira en vísitalan segir til um vegna þeirrar þenslu, sem nú er á vinnumarkaðinum, og eftirspurnar eftir byggingariðnaðarmönnum, sem sprengt hefur af sér alla taxta, en þeir — aðeins þeir — eru lagðir til grundvallar útreiknaðri byggingarvísitölu Hagstofunnar. Það er mönnum kunnugt, að hin nýju lög um heilbrigðisþjónustu taka gildi um næstu áramót. Það er mönnum einnig kunnugt, að þau lög leggja þyngri fjárhagslegar skyldur á ríkissjóð en áður, þar sem hlutur ríkissjóðs í byggingu og búnaði heilsugæslustöðva og sjúkrahúsa var aukinn úr 60% í 85%. Þetta er ákvörðun Alþ., sem gerð var einum rómi og þm. ætluðust ekki til þess, að þessi aukna þátttaka ríkisins gleymdist við gerð fjárlagafrv., þess fyrsta eftir samþykkt laganna. Ég veit, að það var ekki ætlun þm., að ákvæði hinna nýju laga yrðu til þess að draga úr framkvæmdum sem þessum, og ég vænti þess, að það hafi ekki heldur verið ætlun ríkisstj. Þó er staðreyndin þessi, að framkvæmdafé í fjárlagafrv. til sjúkrahúsa og heilsugæslustöðva er svo numið við nögl, að ekki verður á næsta ári haldið í horfinu um framkvæmdamagn og vantar raunar mikið upp á, þegar reiknað er með öllum þeim þáttum, sem hafa áhrif á útkomu dæmisins. Við lauslega athugun þykir mér líklegt, að framkvæmdir muni dragast saman um fast að 30% á árinu 1974, ef ekki fæst leiðrétting á þessum lið.

S.l. laugardag var í Tímanum forustugrein með nafninu „Byggðamálin“. Í henni eru tekin upp ummæli eftir hv. þm. Vilhjálm Hjálmarsson, sem hann hafði í ræðu sinni í umr. um stefnuræðu forsrh. Þar segir svo, með leyfi hæstv. forseta:

„Það er einkennandi fyrir málefnastöðuna á hálfnuðu kjörtímabili, hvað víða hefur verið tekið til hendi, svo að um munar, og mörgu þjóðþrifamáli komið á rekspöl. Gildir það ekki síst um byggðamálin, og má þar enn minna á nokkur atriði. Opnun hringvegar umhverfis landið mun marka tímamót.“ — Ég hef nú ekki orðið þess var fyrr, að það væri fyrst og fremst fyrir atbeina núv. ríkisstj., að opnun hringvegar umhverfis landið blasir við að komast í framkvæmd nú. Enn fremur sagði í þessari forustugrein: „Ný hafnalög, heilbrigðislöggjöfin og lög um dvalarheimili aldraðra ákvarða stóraukna þátttöku ríkis í mannvirkjagerð og innihalda merk skipulagsleg ákvæði.“

Ja, það var nú þá, sagði Lárenzíus sýslumaður. Þessi tilvitnuðu orð voru nefnilega sögð, þegar verið var að ræða um stefnu ríkisstj. Þá er munað eftir því og gumað að því, að ákveðin hefur verið stóraukin þátttaka ríkisins í mannvirkjagerð. En það gefur engri ríkisstj. og engum þm. rétt til þess að ganga á svig við bein lagafyrirmæli við fjárlagagerð, eins og gert hefur verið með till. um framlög til uppbyggingar heilsugæslu og heilbrigðisþjónustu í því fjárlagafrv., sem hér er til umr. Og ég hygg, að strjálbýlismönnum þyki það ekki lýsa háþróaðri byggðastefnu ríkisstj.

Þótt ég hafi lýst hér fjármögnunarþætti heilbrigðismálanna sérstaklega, þá er það ekki vegna þess, að sá málaflokkur skeri sig svo mjög úr. Sömu sögu má segja t.d. um hafnamál, skólamál og fleiri málaflokka. En ég nefni ekki um það dæmi, þar sem það hefur verið gert af öðrum á undan mér við þessa umr. En áður en ég lýk máli mínu, get ég ekki látið hjá líða að segja nokkur orð um byggðamálin frekar.

Ég vitnaði til þess hér áðan, að í aths. við frv. væri sagt, að nýr áfangi væri hafinn í framkvæmd byggðastefnu. M.a. er talið, að efling stofnlánasjóða atvinnuveganna á síðasta þingi sé veigamikill þáttur í framkvæmd þessarar byggðastefnu. Rétt er það, að framlög ríkis-

sjóðs til fjárfestingarsjóðanna voru aukin nokkuð á síðasta þingi og hækkaðir skattar til þeirra sumra til þess að reyna að greiða úr fjárskorti þeirra. En það er fjarri því, að sjóðirnir valdi betur sínum verkefnum nú en þeir gerðu, áður en vinstri stjórnin kom til valda. T. d. má nefna það um Stofnlánadeild landbúnaðarins, að árið 1970 var eigið fé deildarinnar 45% af útlánum hennar, en árið 1973 mun eigið ráðstöfunarfé, eftir eflingu deildarinnar á síðasta þingi, vera því sem næst 40% af lánaþörfinni. Þetta er ekki gott. En þó er sagan ekki sögð öll í þessum tölum, því að ef litið er til lánsupphæða, t. d. til íbúðarhúsa, þá munu þau núna nema 800 þús. kr. En ef þau ættu að vera húsbyggjendum álíka hagstæð miðað við byggingarkostnað og þau voru 1971, þá þyrftu þau nú að vera 1 millj. til 1.1 millj. kr. Sama máli gegnir um Byggingasjóð ríkisins. Húsnæðismálastjórn þyrfti að hækka lánin um 200—300 þús. kr. a. m. k., til þess að þau standist samanburð við þær lánsupphæðir, sem menn fengu árið 1971. Svona fer verðbólgan með fjárfestingarsjóðina.

En mér þykir rétt að benda á það hér, sem fyrir flestum ætti þó að vera augljóst, að stefna í byggðamálum og áfangaskipti í þeim ákvarðast hreint ekki af getu fjárfestingarsjóðanna. Þeir eru byggðir upp fyrir landið í heild, og þeim verður að óbreyttum lögum ekki beitt að neinu marki til þess að hafa áhrif á þróun byggða og búsetu manna. Þeir hafa önnur höfuðverkefni. Öðru máli gegnir um Byggðasjóðinn. Honum á að beita til byggðajafnvægis. Það er gumað af því, að sá sjóður hafi verið efldur verulega á síðasta þingi, og það er rétt, framlag til hans var aukið verulega, og ber að meta það og virða. En hver eru svo viðbrögð stjórnvalda við upphaf þessa þings? Hversu miklu nemur hækkun til Byggðasjóðs í fjárlagafrv. miðað við árið 1973? Jú, hækkunin er um 1.9 millj. kr. Er þessi hækkun til komin fyrir frumkvæði núv. ríkisstj.? Nei, ég vænti þess ekki, að ríkisstj. eða stuðningsmenn hennar geri tilraun til að þakka sér þann þáttinn í uppbyggingu Byggðasjóðs, sem kemur frá álverksmiðjunni í Straumsvík. Það er eini tekjuliður hans, sem hækkar frá fjárl. 1973. Hið rétta er, að framlagið frá álverksmiðjunni var ákvarðað af viðreisnarstjórninni, og lágu þar til grundvallar rökrétt sjónarmið til byggðamála, sem núv. valdhafar báru ekki gæfu til að koma auga á á sínum tíma. Með það í huga þarf það engum að vera undrunarefni, þótt nokkrum stuðningsmönnum ríkisstj. þætti tími til kominn að reyna að átta sig betur á byggðamálefnunum.

Hv. 1. þm. Vestf. og fleiri þm. Framsfl. báru fram á síðasta þingi till. til þál. um mörkun almennrar stefnu í byggðamálum. Till. hefst á þessum orðum, með leyfi hæstv. forseta:

„Alþingi ályktar að fela 7 manna nefnd þm., sem kosin er hlutfallskosningu af sameinuðu Alþingi, að gera till. um markmið og leiðir og mörkun almennrar stefnu til jafnvægis í byggð landsins. Skal að því stefnt, að markviss starfsemi á því sviði verði viðurkenndur og fastur þáttur í íslenskri stjórnsýslu.“

Svo eru talin upp nokkur atriði, sem n. skal sérstaklega taka til athugunar, Þ. á m. á n. að gera till. um markmið í byggðamálum, hún á að gera till. um leiðir til þess að ná fyrrgreindum markmiðum, og hún á að leggja drög að almennri stefnu í byggðamálum. Mér sýnist, að þeir menn, sem standa að því að flytja slíka till., muni tæplega hafa verið aldir upp í flokki, sem hefur talið sig einan vita, hvaða stefnu ætti að hafa í byggðamálum, nema þeir hafi verið um of tornæmir. En við skulum vona, að á þeim sannist það, sem á fleiri ungum mönnum hefur sannast, að þeir eigi hægara með að læra, sem ungir eru, því að e. t. v. er að finna í þessum tillöguflutningi nýjan áfanga í framkvæmd byggðastefnu. Við skulum vona, að svo sé, en áfanginn verður ekki fundinn í því fjárlagafrv., sem hér liggur fyrir til umr.

Menn hafa að vonum rætt hér um svimandi háar niðurstöðutölur fjárlagafrv., og það er rétt, fjárlagafrv. hækkar ár frá ári. Það hækkar hraðar en hæstv. fjmrh. tókst að hugsa, þegar hann var í stjórnarandstöðu. Þó mun það eiga eftir að hækka nokkuð í meðförum Alþ., svo framarlega sem Alþ. sættir sig ekki við samdrátt á lífsnauðsynlegum framkvæmdum, eins og gert er nú og ég hef tekið dæmi um í máli mínu, svo og vegna hluta, sem ekki hafa enn verið teknir inn í frv., svo sem aukinn launakostnaður o. fl. Með hliðsjón af þessari fullvissu mun margur spyrja þess, hvort ekki sé nein leið til þess að hamla gegn þeirri þróun ríkisfjármála, sem fjárlagafrv. er spegill af. Ég tel, að vissulega séu möguleikar á því. Fyrir knöppu ári, er 2. umr. fór fram um fjárlög ársins 1973, gerði ég að umræðuefni vissar aðgerðir til þess að draga úr spennu fjárl., og tíunda ég þær ekki nú, þótt skoðun mín sé óbreytt um það efni. Þrátt fyrir jákvæðar undirtektir hæstv. fjmrh. undir mál mitt þá, sjást þess ekki merki, að neitt hafi unnist í þá átt síðan. Að vísu veit ég, að þær till. gætu ekki náð tilgangi sínum að óbreyttri stefnu í efnahagsmálum. Þær aðgerðir í efnahagsmálum, sem ríkisstj. hefur staðið að á valdatíma sínum, eru svo ruglingslegar, að almenningur er alls ófróður um það, til hvers þær muni leiða. Almenningur hefur aðeins fundið, til hvers þær hafa leitt, og er reynslunni ríkari, því að þar hefur skipst á tal um vaxtalækkun og ákvörðun um grófa vaxtahækkun, hækkun fjölskyldubóta er ákveðin með skyndingu á einhverju viðkvæmu augnabliki, en kippt til baka að vörmu spori. Einn daginn eru auknar niðurgreiðslur á neysluvörum, en ákveðið skömmu síðar að draga úr þeim til stórra muna. Gjaldmiðillinn hefur ekki heldur farið varhluta af þessari ringulreið, þar sem breytingar á honum hafa verið gerðar svo oft, að viðskipti okkar við útlönd eru miklu erfiðari viðfangs um samninga til lengri tíma vegna óstöðugleika krónunnar. Útflutningsiðnaðurinn hefur orðið mjög tilfinannlega fyrir barðinu á þessu ástandi, og er engan veginn séð, hvernig við því verður brugðist, svo að til bjargar verði.

Herra forseti. Ég gat þess áðan, að yfir stæði leit að markmiðum og leiðum í byggðamálum

til þess gerð, að hægt verði að leggja fram dróg að almennri stefnu í þeim. Ég fæ ekki betur séð en ríkisstj. megi gera út nýjan leiðangur til þess að leita að markmiði og leiðum í efnahagsmálum, svo að hún geti tekið ákveðna stefnu í þeim. Fyrr en ný stefna fær að marka gerð fjárl., verður ekki ráðin bót á þeim dýrtíðarvanda, sem þjakar almenning svo mjög og raunar þjóðlífið allt.

Lárus Jónsson: Herra forseti. Hæstv. fjmrh. gaf þessu fjárlagafrv., sem nú er til 1. umr., þá einkunn í Tímanum með fjórdálkafyrirsögn, að það táknaði hvorki meira né minna en þáttaskil í framkvæmd byggðastefnu á Íslandi. Ráðh. vék einnig að þessu í ræðu sinni, sem var allítarleg og nálgaðist að standa yfir í eina klst. fyrir hverja 10 milljarða frv., en lagði þó, að mér fannst, minni áherslu á þessi þáttaskil í byggðamálum hér á hv. Alþ. en í Tímanum.

Ýmsir hv. þm. hafa komið hér inn á það, hversu fjárl. hafa bólgnað út í tíð núv. ríkisstj. Ýmsir þeirra, þ. á m. hv. þm. Bjarni Guðnason, 3. landsk. þm. hafa vikið að þessu á þann veg, að það var ómögulegt að skilja annað en einn veigamesti þátturinn í þessari miklu þenslu fjárl. stafaði af því, að ríkisstj. eyddi svo miklu í sína byggðastefnu. Það er nefnilega þetta, sem ég held að sé hættulegt við það, þegar hæstv. ráðh. gefur slíkar yfirlýsingar eins og hann gefur í Tímanum, að nú fari fólk í landinu að hugsa sem svo, að það eigi að eyða og spenna, þess vegna stafi öll þessi hækkun fjárl., að það eigi að eyða og spenna verðmætum út um landsbyggðina. Ég fór þess vegna að hugleiða þessi mál allrækilega og gerði nokkra athugun á fjárl. ársins 1971 og því fjárlagafrv., sem við erum hér að ræða um.

Nú er það svo, að það kann að vera álitamál, hvað á að athuga í fjárl. hverju sinni til þess að finna út, hvort byggðastefna viðkomandi ríkisstj. sé hagstæð eða óhagstæð. Þó hygg ég, að menn séu sammála um það, að meginmáli skipti, hvernig sé staðið að fjárveitingum til verklegra framkvæmda á landsbyggðinni. Maður skyldi ætla eftir orðum ráðh. og ýmissa hv. þm., að bylting hefði orðið í þessum efnum, ekki síst, þegar haft er í huga, að fjárl. hafa nær þrefaldast að krónutölu í tíð núv. hæstv. ríkisstj. Ef að er gáð, kemur það þó út úr dæminu, að fjárveitingar til skólabygginga, sjúkrahúsa og hafna — að undanskildum stórhöfnunum í Grindavík og Þorlákshöfn, sem ég kem að síðar — hafa hækkað í heild um 671.6 millj. kr., eða 101% frá fjárl. 1971. Á sama tíma hafa fjárl. í heild hækkað um rúmlega 130%, ef frá er dregin áætluð útgjaldaupphæð framkvæmdaáætlunar á fjárlagafrv., sem er 690 millj. kr. Nú er það svo, að fleira þyrfti að dragast frá heldur en þetta, t. d. framlög til almannatrygginga, sem ríkissjóður hefur tekið á sig, og ýmislegt fleira, en þó hygg ég, að allir hv. þm. hljóti að sjá, að fjárl. hafi hækkað allverulega miklu meira á sambærilegum grundvelli en 100% á þessum tíma. Það er einnig svo, að byggingarvísitala mun hafa hækkað á þessu tímabili um miklu meira en 100%. Erfitt er að segja um, hversu miklu meira hún hækkar, vegna þeirra breytinga, sem koma munu í kjölfar kjarasamninga í haust. En það er alveg ljóst, að byggingarvísitalan hefur hækkað á þessu tímabili, þegar til framkvæmda kemur eftir fjárl. 1974, um allverulega meira hundraðshlutfall en 100%. Þó er hér ekki öll sagan sögð. Hafa verður í huga, að raunverulegar þjóðartekjur okkar hafa vaxið allverulega á þessum árum vegna einstaklega hagstæðra skilyrða á erlendum mörkuðum. Afurðir okkar hafa selst þar fyrir mjög hátt verð, eins og menn vita, og afli hefur verið góður, t. d. á loðnuveiðum. Auðvitað ætti verulegur hluti af þeim auknu tekjum að koma fram í auknum verklegum framkvæmdum hvarvetna á landsbyggðinni. En sú er þó ekki raunin á, því að framlögin munu ekki hækka meira en sem nemur hækkun byggingarvísitölu einnar á milli framkvæmdaáranna 1971 og 1974. Enn er þess að gæta, að byggingarvísitala er ófullkominn mælikvarði á verðhækkanir við byggingu skóla, sjúkrahúsa og hafna, svo sem fram kom í máli síðasta hv. ræðumanns. Raunveruleg hækkun framkvæmdakostnaðar er áreiðanlega meiri en byggingarvísitalan segir til um. Til þess að gera betur grein fyrir því, hversu kostnaðarhækkanirnar eru gífurlegar, les ég — með leyfi hæstv. forseta — stuttan kafla úr grg., sem við nokkrir þm. fengum í hendur um hækkun byggingarkostnaðar á Austurlandi nú fyrir skömmu. Þar segir m. a. svo, með leyfi forseta:

„Á árinu 1971—1972 var byggt fjölbýlishús í þorpi hér á Austurlandi. Í húsinu eru 16 íbúðir, og kostar húsið fullfrágengið um 33 millj. kr. eða um 2 062 500.00 kr. hver íbúð. Kostnaðaráætlun liggur nú fyrir um byggingu nákvæmlega sams konar húss, og er hún 1. sept. s. l. 48 millj. 136 þús. kr. eða kr. 3 008 500.00 hver íbúð. Rúmmetrakostnaður fyrra hússins var 7020 kr. á hvern rúmmetra, en kostnaðaráætlun nú er 10241 kr. á hvern rúmmetra. Þetta er hækkun um 46% á 1½ ári."

Þegar slík óðaverðbólga ríkir í landinu sem þetta dæmi sýnir og almenningur finnur brenna á baki sér í daglegu lífi, þá mega fjárlagaliðir hækka mikið frá ári til árs, ef þeir eiga að halda raungildi sínu, enda hefur þetta ekki tekizt í tíð núv. ríkisstj. Þetta er umhugsunarverð staðreynd, og þótt verja eigi rúmlega helmingi hærri upphæð til byggingar skóla, sjúkrahúsa og hafna á fjárl. 1974 samkv. frv. en árið 1971, þá má búast við minni framkvæmdum nú en áður vegna kostnaðarhækkana þrátt fyrir allt góðæri og þau höpp, sem hafa fallið okkur í skaut á þessum árum, og þrátt fyrir hækkun fjárl. um rúmlega 130%.

Þegar einstakir framkvæmdaliðir eru athugaðir, kemur ýmislegt fróðlegt í ljós. Langminnsta hækkunin á fjárlagafrv. 1974 frá fjárl. 1971 er ráðgerð til skólabygginga. Hækkunin nemur 292 millj. kr., eða rúmlega 74%, á sama tíma sem byggingarkostnaður hækkar sýnilega um meira en 100%, eins og áður segir. Eins og menn rekur minni til, var hafið mikið átak í skólabyggingum strjálbýlisins í tíð fyrrv. ríkisstj. í kjölfar nýrra

skólakostnaðarlaga. Þau lög léttu mjög undir fyrir strjálbýlishreppum, sem vinna saman að lausn skólamála. Fjarri fer þó því, að alls staðar sé búið að leysa þessi mál til frambúðar. Hér virðist samt sem áður eiga að skera niður, stefna að beinum samdrætti, því að um 100 millj. skortir á, að unnt sé að gera sér vonir um að halda sama framkvæmdamagni í skólabyggingum á landsbyggðinni árið 1974 eins og gert var 1971. Eru þetta ekki einhvern veginn öðruvísi þáttaskil í framkvæmd byggðastefnu heldur en hæstv. ráðh. vildi láta fjárlagafrv. sitt vera?

Fjárveiting til sjúkrahúsa, læknisbústaða, þar með talið til ríkisspítala, er ráðgerð í frv. 179 millj. hærri en á fjárl. 1971, eða hækkun um 105%. Menn skyldu því ætla, að hér væri nokkurn veginn tryggt svipað framkvæmdamagn og 1971, þótt ljóst sé, að hlutfallslega minni fúlgu af raunverulegum þjóðartekjum er ætlað að renna til framkvæmda í heilbrigðismálum samkv. frv. en gert var 1971. En þegar betur er að gáð, er þó maðkur í þeirri mysu. Ný lög um aukna þátttöku ríkissjóðs í byggingarkostnaði sjúkrahúsa og heilsugæslustöðva voru afgreidd á síðasta þingi, eins og hv. þm. muna. Árið 1971 kom því hlutfallslega meira fjármagn frá sveitarfélögum til sjúkrahúsbygginga en á árinu 1974, enda voru tekjustofnar sveitarfélaga þá aðrir. Ofan í kaupið hefur legið í loftinu í 2—3 ár, að þessi lagabreyting yrði gerð. Á þessum tíma hafa ýmsir aðilar því beinlínis beðið með framkvæmdir þangað til lögin tækju gildi. Allir, sem til þekkja í heilbrigðismálum landsbyggðarinnar, vita, hvílík gífurleg verkefni eru þar framundan vegna gerbreyttra aðstæðna í læknamálum. Þegar allt þetta er skoðað, held ég, að enginn geti sagt með sanni, ða 105% hækkun á fjárlagafrv. til sjúkrahúsa, læknisbústaða og ríkisspítala frá fjárl. 1971 tákni þáttaskil í framkvæmd byggðastefnu, a. m. k. ekki jákvæð þáttaskil.

Fjárveitingar til nýrra hafnarmannvirkja, annarra en Þorlákshafnar og Grindavíkur, eru ráðgerðar 200 millj. kr. hærri í frv. en í fjárl. 1971. Þetta er um 200% hækkun. Hér má segja, að sé vel að verki staðið, og ber að fagna því. Þörfin er vissulega brýn. En áður en kveðinn er upp dómur um, hvort hér sé um þáttaskil að ræða í framkvæmd byggðastefnu, er þó rétt að athuga málið nánar. Helmingur af fjárhæðinni, 100 millj. kr., fara til að borga hækkun á framkvæmdakostnaði. Þá eru 100 millj. kr. eftir. Hluti af því fjármagni fer til að greiða framkvæmdir, sem sveitarfélögin hefðu átt að standa undir samkv. eldri lögum. Þegar jafnframt er haft í huga, að hafnarframkvæmdir voru skornar niður um tæpar 29 millj. á árinu 1972 og um ótiltekna upphæð á árinu 1973, er mikil spurning, hvort hægt sé að tala um jákvæð þáttaskil á framkvæmd byggðastefnu í fjárlagafrv. á sviði hafnamála. Ein þáttaskil eru þó greinileg. Nú á að verja meira fjármagni til hafnargerða á tveim stöðum í landinu en sem nemur fimmfaldri upphæð, sem varið er til allra hafna á landinu á yfirstandandi ári. Þessar hafnir eru ekki í þeim landshlutum, sem eiga við mestan byggðavanda að etja. Hvað sem annars má segja um þessi áform, held ég, að enginn með óbrjálaða skynsemi geti komist hjá því að sjá, að hafnarframkvæmdir fyrir 1000 millj. kr. í Grindavík og á Þorlákshöfn tákna miklu fremur neikvæð en jákvæð þáttaskil í framkvæmd byggðastefnu.

Það er því miður svo, að með því fjárlagafrv., sem hér er til 1. umr., er ekki stefnt að því að verja svipuðu hlutfalli þjóðartekna okkar til þess að reisa skóla, sjúkrahús og byggja hafnarmannvirki á landsbyggðinni eins og gert var 1971. Það er því af öðrum sökum, sem þessi fjárlög eru bólgin og hærri en áður. Það er eyðslustefna núv. ríkisstj. og verðbólgustefna, sem því veldur.

Þetta frv. hefur ekki í för með sér jákvæð þáttaskil í framkvæmd byggðastefnu, þótt miðað sé við fjárlög 1973, þ. e. yfirstandandi árs, því að gert er ráð fyrir, að framlög til skóla, sjúkrahúsa og hafna hækki frá þeim fjárl. aðeins rétt um 21%, en margt bendir til þess að framkvæmdakostnaður hækki ekki minna en 25—30%. Þessi samanburður er því ekki heldur til þess að finna þeim orðum hæstv. ráðh. stað, að þessi fjárlög tákni þáttaskil í byggðastefnu.

Þótt flestum sé ljóst, að það er einmitt á sviði framangreindra framkvæmdaliða, sem vænta hefði mátt staðfestingar á þessum fullyrðingum hæstv. ráðh., þá er alveg ljóst, að áform um fjárveitingar til skóla, sjúkrahúsa og hafna hafa síður en svo þessi þáttaskil í för með sér, eins og ég hef hér rökstutt. E. t. v. ætti að leita á öðrum sviðum.

Rétt er, að fjárveitingar til jöfnunar námsaðstöðu eru nú ráðgerðar 75 millj. kr., en í fjárl. yfirstandandi árs 50 millj. og voru 15 millj. kr. 1971. Hér er stefnt í rétta átt, enda í raun fylgt stefnu, sem mörkuð var af fyrrv. ríkisstj. og meginþorra allra alþm. Fjárveitingar til flugmála hækka um 27.2 millj. kr., sem er 36.2%, og að öllum líkindum eykst framkvæmdamagn örlítið við þessa hækkun, þar sem með ólíkindum yrði, þótt alls ekki sé það útilokað, að kostnaðurinn við slíkar framkvæmdir hækki um svipað hlutfall. En á móti þessu á að halda áfram að innheimta söluskatt af símaþjónustu, sem núv. ríkisstj. tók upp og leggst með miklu meiri þunga á fólk búsett á landsbyggðinni en þéttbýlisfólkið af augljósum ástæðum. Og nú er í fyrsta skipti í Íslandssögunni gert ráð fyrir því að skattleggja bændur til þess að koma upp dagvistunarstofnunum fyrir börn Reykvíkinga.

Byggðasjóður er einn af fáum stofnlánasjóðum, sem ekki fær hækkað ríkisframlag samkv. frv. E. t. v. segir ráðh., að framlag til hans hafi verið hækkað svo myndarlega í fyrra, að þess þurfi ekki í ár. Mætti ég þá minna ráðh. á, að Byggðasjóður var látinn um leið taka á sig stórfelldar sjálfvirkar lánveitingar, sem ekki taka mið af byggðasjónarmiðum. Og má ég e. t. v. minna ráðh. á frv. alþm. úr hans eigin flokki, — ég man ekki, hvort hann var sjálfur þar meðflm., — þegar þeir voru í stjórnarandstöðu, um stórhækkun á framlögum til Byggðasjóðs, og að einn þeirra hafði a. m. k. þau ummæli í fyrra, að hækkunin þá væri aðeins áfangi að þeirri leið að hækka verulega fram-

lög til Byggðasjóðs? Má ég einnig minna ráðh. á það, að ungir framsóknamenn lögðu til, að Byggðasjóður fengi til ráðstöfunar 3% af þjóðartekjum úr ríkissjóði, svokallaðir Möðruvallamenn sennilega? Varla þykir þeim, að fjárlagafrv. tákni þáttaskil í framkvæmd byggðastefnu núna að því er varðar Byggðasjóð. Er nokkur furða, þótt spurt sé, hvar því sé stað að finna í þessu fjárlagafrv., sem ráðh. nefnir, að séu þáttaskil í framkvæmd byggðastefnunnar? Ef menn leita grannt, er e. t. v. hægt að hugsa sér, að ráðh. hafi átt við, að nú óski hann ekki, a. m. k. ekki í fyrstu atrennu, heimildar Alþ. um stórfelldan niðurskurð á verklegum framkvæmdum, eins og hann gerði 1972 og 1973. Ef ráðh. á við þetta, þ. e. hafi hann áttað sig á því, hve sú stefna að skera niður verklegar framkvæmdir, eins og hann hefur gert á undanförnum árum, kemur harkalega niður á landsbyggðinni, þá væri það mjög góðra gjalda vert. Niðurskurðurinn 1973 virðist feimnismál, a. m. k. hafa hvergi birst, svo að ég viti, upplýsingar um hann, en niðurskurðurinn 1974 liggur ljós fyrir. Að honum var staðið á eftirfarandi hátt:

Fjárveitingar til hafna voru skornar niður um 28.6 millj. kr. til sjúkrahúsa og læknisbústaða um 50 millj. kr., til skyldunámsskóla um 53 millj. kr. og til iðnskóla um 2.5 millj. kr. Þetta eru samtals 134.1 millj. kr. Eftir kjördæmum var þetta þannig: Reykjavík 17.5 millj. kr., Vesturland 16 millj. kr., Vestfirðir 21.3 millj. kr. eða allverulega hærri upphæð en í Reykjavík, Norðurl. v. 13.9 millj., Norðurl. e. 21.7 millj. kr., Austurland 20 millj., Suðurland 12 millj. og Reykjanes 11.7 millj. Samtals eru þetta 134.1 millj. Auk þess voru skornar niður ýmsar sérstakar framkvæmdir í Reykjavík: Við háskóla, þjóðarbókhlöðu, Landsspítala og Fæðingardeild, þannig að samtals nam niðurskurðurinn 58 millj. í Reykjavík, en á landsbyggðinni 116.6 millj. kr.

Ég skal fúslega viðurkenna, að það væru mikil og jákvæð þáttaskil í framkvæmd byggðastefnu, ef fjmrh. hygðist hverfa frá þessari stefnu um niðurskurð framkvæmda á landsbyggðinni, sem hann sjálfur tók upp árið 1972. Sannleikurinn er sá, að slík niðurskurðarstefna er ekki einungis skaðleg byggðaþróun í landinu, heldur kemur hún að litlu sem engu gagni til þess að draga úr þenslu og verðbólgu. Þrýstingur á framkvæmdir er langmestur á þéttbýlissvæðum hér við Faxaflóa. Það er auðvitað gagnslaust með öllu að ætla að draga úr þeirri spennu með því að skera t. d. niður hafnarframkvæmdir á Þórshöfn á Langanesi, eins og gert var 1972 með þeim afleiðingum, að uppistöðuna í flota Þórshafnarbúa rak upp í fjöru og skemmdist stórkostlega í aftakaveðri, sem þar gerði. Auðvitað hélt þenslan og verðbólgan jafngeyst áfram hér á Reykjavíkursvæðinu eftir sem áður.

Ég held, að allir hv. þm., sem eitthvað þekkja til landsbyggðarinnar, ættu að geta verið sammála um, að auðvitað væru það mikil þáttaskil í framkvæmd byggðastefnu, ef horfið yrði frá slíkum niðurskurði framkvæmda á landsbyggðinni 1974, en í þess stað hnífnum beitt á aðra fjárlagaliði og spöruð rekstrarútgjöld ríkissjóðs.

Sannleikurinn er sá, að ekki væri vanþörf á að endurskoða frá rótum fjármálastefnu ríkisvaldsins ásamt miklu fleiri þáttum ríkisbúskaparins, ef jákvæð byggðastefna á ekki að vera orðagjálfur eitt. Menn verða að átta sig á, að þjóðlífið er sífelldum breytingum háð. Ég álít, að nú séu miklu meiri blikur á lofti í byggðamálum en voru á s. l. áratug. Á áratugnum 1970—1980 verða 40 þús. Íslendingar tvítugir. Þetta er miklu fleira fólk og fjölmenntaðra en komið hefur fram á vinnumarkað nokkurn áratug fyrr í sögunni. Mestur hluti þessa fólks velur sér ekki einhæf frumframleiðslustörf, heldur störf við iðnað og þjónustu. Hvar eru þá tækifæri fyrir þetta fólk, ef ekkert er að gert að auka fjölbreytni atvinnulífsins á landsbyggðinni? Það er góðra gjalda vert, að keyptir eru togarar til ýmissa sjávarplássa, ef svo er um hnúta búið, að þeir geti borið sig. Það er einnig góðra gjalda vert að endurbyggja hraðfrystiiðnaðinn og vélvæða hann. Um þetta er ekki ágreiningur milli pólitískra flokka í meginatriðum, þótt reynt sé að búa hann til.

Á hinn bóginn mega menn ekki einblína á þetta og þvo hendur sínar í byggðamálum að öðru leyti. Sannleikurinn er sá, að við þetta stóreykst framleiðslugeta fiskveiða og fiskiðnaðar með sama eða minni mannafla og var fyrir. Raunhæf byggðastefna hlýtur því að taka mið af því að auka fjölbreytni atvinnulífsins á landsbyggðinni, efla þar iðnað og þjónustu við hlið sjávarútvegsins og landbúnaðarins.

Það er fleira, sem eykur hættuna á byggðaröskun heldur en atvinnuval fjölmennustu árganga ungs fólks í landinu, sem þekkst hafa. Hvað um Vestmannaeyjagosið? Flestum, sem um það mál hugsa, er áreiðanlega ljóst, að þeir atburðir eiga eftir að draga þungan dilk á eftir sér í byggðaþróun landsins. Ég á þar bæði við þann húsakost, sem varð að reisa á mestu þéttbýlisvæðum landsins, og þær stórfelldu framkvæmdir, sem fram hafa farið og fara munu fram t. d. í Grindavík og Þorlákshöfn vegna gossins.

Hvað má þá segja um raforkumálin? Gera menn sér það ljóst, að þegar hefur orðið milljónatjón af stefnu ríkisstj. í raforkumálum á Norðurlandi og að rafmagn til húshitunar er ófáanlegt þar til nýrra fjölbýlishúsa og að þrátt fyrir nývirkjun í Laxá, sem tekin hefur verið í notkun, þarf að keyra dísilvélar nær daglega, og er þá ekki farið að selja orku til kjördæmis forsrh. frá Laxársvæðinu. Hvað á að gera í stóriðjumálum? Hvert er stefnt í þeim? Er áformað að reisa stóriðjufyrirtæki á Vestfjörðum, Norðurlandi eða Austurlandi, þar sem byggðavandinn er mestur?

Ég held, að það séu engar ýkjur, að það horfi tvímælalaust miklu verr nú um framtíðarþróun byggðar í landinu en gert hefur um langt skeið. Ég hef aðeins drepið hér á suma þætti þess máls, en ég vona, að þeir séu nógu margir til þess, að hv. alþm. sé ljóst, hver sú heildarmynd er, sem blasir við í þeim efnum.

Því miður er það svo, að þótt svo horfi um byggðaþróun í landinu, þá er ekki um að ræða

þáttaskil í framkvæmd byggðastefnu með þeim fjárl., sem hér eru til 1. umr. Það er því algerlega út í loftið, þegar menn halda því fram, að þau hafi margfaldast og stórhækkað, eins og raun ber vitni á undanförnum árum, vegna þess að núv. hæstv. ríkisstj. eyði meira fjármagni — raunverulegu fjármagni — af þjóðartekjum okkar til þess að byggja skóla, sjúkrahús og hafnir úti á landsbyggðinni. Það er algerlega tilhæfulaust.

Halldór Blöndal: Herra forseti. Ég þarf ekki miklu við að bæta þær mörgu ágætu ræður, sem hér hafa verið fluttar af flokksbræðrum mínum um það fjárlagafrv., sem hér liggur fyrir. Vil ég í því sambandi einnig taka undir margt af því, sem fram kom í ræðu hv. 3. landsk. þm., varaskeifu ríkisstj., en hann mælti hér áðan nokkur varnaðarorð til fjmrh., varaði hann við því, að svo gæti farið, að hann ylti úr stólnum, áður en honum ynnist tími til þess að koma breytingu á skattal. í kring. Í annan tíma hef ég heyrt þennan hv. þm. tala um, að það sé ekkert nema nýtt Kötlugos, sem geti bjargað ríkisstj., og annað í þeim dúr, sem sýnir, hversu samhentur sá stjórnarmeirihl. er, sem núv. hæstv. ríkisstj. styðst við.

En erindi mitt hingað í ræðustólinn var fyrst og fremst að gera nokkuð að umtalsefni einn stærsta lið fjárlagafrv., launaliðinn. Ég vil í því sambandi fara allt aftur til ársloka 1971, er upp kom mjög hatrömm kjaradeila milli opinberra starfsmanna annars vegar og ríkisstj. hins vegar, þar sem opinberir starfsmenn brigsluðu ríkisstj. um lagabrot, kvörtuðu undan því, að ráðh. fengjust ekki til að tala við þá, og þar fram eftir götunum. Þessi kjaradeila ríkisstj. og opinberra starfsmanna fór til Kjaradóms, en það sýndi, hversu alvarleg þessi deila var, að 6100 manns skrifaði undir mótmæli af þessum sökum, áður en yfir lauk. Þau voru orðin 5560 nöfnin á listanum, þegar aukaþing BSRB var haldið í febrúarmánuði 1972. Það, sem þarna bar á milli fjmrh. og opinberra starfsmanna, var kauphækkun um 14% upp að 20 launaflokki, sem ríkisstj. léði ekki máls á, að opinberir starfsmenn fengju. En það sýndi enn fremur alvarleikann og þungann á bak við þessar kröfur opinberra starfsmanna, að svo hljóðandi samþykktir voru gerðar af launamálanefnd aukaþings BSRB í janúarlok 1972, með leyfi hæstv. forseta:

„Þingið ákveður að hefja almenna undirskriftasöfnun meðal starfsmanna ríkis og bæja um land allt til stuðnings þessari sjálfsögðu kröfu og heimild til almennra aðgerða. Þingið samþykkir, að neðan við ályktun þess komi eftirfarandi á undirskriftalistanum:

Við undirritaðir opinberir starfsmenn lýsum yfir fullum stuðningi við framanritaða ályktun og felum stjórn BSRB að beita sér fyrir almennum aðgerðum til að knýja fram viðunandi samninga."

Enn fremur var samþykkt svohljóðandi till. á þessu sama þingi, með leyfi hæstv. forseta:

„28. þing BSRB, haldið 26. og 27. jan. 1972, felur bandalagsstjórn að mynda sér til ráðuneytis nefnd með einum fulltrúa tilnefndum af hverju bandalagsfélagi, er vinni að framgangi þeirra aðgerða, er stjórn BSRB telur sig þurfa að grípa til til lausnar yfirstandandi kjaradeilu."

Svo alvarlegum augum sem starfsmenn ríkisins litu þessa kjaradeilu á þessum tíma, er auðvitað algerlega út í hött að hugsa sér það, að opinberir starfsmenn muni á þessari stund sætta sig við nokkra kauphækkun, sem er minni en sú hækkun, sem þeir töldu, að ríkisstj. hefði stolið frá sér í árslok 1971, þ. e. um 14%. Og ef sú eina krafa er tekin til greina, nemur það um 1.4 milljörðum á núv. fjárlagafrv. til beinnar hækkunar, einungis sá hluti í launakröfum opinberra starfsmanna, sem þeir telja, að ríkisstj. hafi haft af sér með lögbrotum á árinu 1971.

Í þessu sambandi vil ég minna á, að á árinu 1964 var ákveðinn upp sams konar dómur, kjaradómur, þar sem synjað var um 15% launahækkun til opinberra starfsmanna. En leiðrétting á því náðist í kjarasamningum ríkis- og bæjarstarfsmanna ári síðar.

Ef við höfum hliðsjón af þessu, má fullyrða, að opinberir starfsmenn telja sig eiga þetta inni hjá ríkissjóði, og eru a. m. k. þeir, sem ég hef talað við, sannfærðir um, að ríkisstj. muni verða við þessu, ríkisstj. vinnandi stétta, sem hrósaði sér af því, þegar hún settist í stólana, að hún mundi taka upp miklu nánara og betra samstarf við opinbera starfsmenn heldur en allar ríkisstj., sem áður hafa setið og lofaði meira að segja opinberum starfsmönnum verkfallsrétti. Lítið hefur borið á efndum á því. Hins vegar hefur komið í ljós, að ríkisstj. hefur sagt ýmis ríkisfyrirtæki úr Vinnuveitendasambandinu. Nú væri það afskaplega fróðlegt fyrir alþm. að fá upplýst, hversu mörg þessi ríkisfyrirtæki eru, sem hafa sagt sig úr Vinnuveitendasambandinu. Ég sé ástæðu til að spyrja í því sambandi, hvernig hæstv. fjmrh. hugsar sér að semja við þá verkamenn, iðnaðarmenn eða sjómenn, sem lög um kjarasamninga opinberra starfsmanna ná ekki til, hvort það sé rétt, að við fjmrn. sé nú verið að setja á laggirnar sérstaka stofnun eða sérstaka deild, er eigi að hafa það verkefni með höndum að semja við verkamenn, sjómenn og iðnaðarmenn, sem starfa í þessum ríkisfyrirtækjum, sem ekki eru innan Vinnuveitendasambandsins. Einhvern veginn verður að semja fyrir þetta fólk. Maður getur t. d. hugsað sér, að verkalýðsleiðtogar telji, að nú sé best að byrja á því að semja við ríkisstj., hún hafi tekið þessi ríkisfyrirtæki úr Vinnuveitendasambandinu, af því að Vinnuveitendasambandið sé svo vont, þar sem atvinnurekendur vilji ekkert gera fyrir verkafólkið, og láti nú reyna á það, hvort ríkisstj. vilji ekki semja betur en vinnuveitendur eru fáanlegir til. Mér t. d. þótti það mjög eftirtektarvert, að vinnuveitendur eru búnir að gera gagntilboð til þess verkafólks, sem vinnur hjá þeim. En hvar er gagntilboð ríkisstj.? Það er fullt af fólki, sem vinnur hjá ríkinu, og hvar er það gagntilboð, sem það hefur fengið, þeir verkamenn, sem þar vinna? Ég hef hvergi rekist á það. Hvað ætlar ríkisstj. að bjóða þessu verkafólki? Felst ríkisstj. á þá kröfu verka-

fólks og á þá kröfu opinberra starfsmanna, að 35 þús. kr. lágmarkslaun, miðað við vísitöluna eins og hún var í ágústmánuði, séu hæfileg? Eða telur núv. ríkisstj., að 35 þús. kr. mánaðarlaun séu of mikið fyrir það fólk, sem vinnur í fiskvinnu, og það fólk, sem er lægst launað hér á landi? Hvað telur ríkisstj., að séu hæfileg lágmarkslaun?

Þetta er aðalatriðið í allri kröfugerð, bæði kröfugerð BSRB og kröfugerð verkalýðshreyfingarinnar, að það séu sett ákvæði um einhvern lágmarkslaun. Það væri fróðlegt að fá að vita, hvað ríkisstj. hugsar sér í því, nema það sé kannske tilfellið, að ríkisstj. ætli ekki að láta þá menn, sem vinna hjá ríkisfyrirtækjunum, verkamennina, iðnaðarmennina og sjómennina, fá neinar gagnkröfur. Kannske ríkisstj. ætli ekki að bjóða þessum mönnum upp á neitt. Þeir eiga kannske bara að una því, sem vinnuveitendur vilja skammta þeim. Það getur vel farið svo, að reynslan sýni, að ríkisstj. sé ekki fremur viðmælandi við þetta fólk heldur hún var viðmælandi við opinbera starfsmenn á árinu 1971, í des., og fremur en hæstv. ríkisstj. er nú viðmælandi við þá menn, sem eru í Bandalagi háskólamanna. En þau lög, sem voru sett hér í gær vegna kjaradeilu opinberra starfsmanna, voru sett í trássi við háskólamenn, og hygg ég þó, að Bandalag háskólamanna hafi talið þessa ríkisstj. fremur sína ríkisstj. en margar aðrar, þar sem hún féllst á það með lögum, settum nú í vor, að viðurkenna sérstaklega samningsrétt þeirra og viðurkenna þar með rétt háskólamanna til þess að fá hærri laun en þeir þegnar í þjóðfélaginu, sem ekki eru háskólamenntaðir, því að að sjálfsögðu felst í þessari afstöðu ríkisstj. með lögum um kjarasamninga opinberra starfsmanna ekkert annað en óbein viðurkenning á því, að það eigi að launa menn eftir háskólamenntun, en ekki eftir því, sem þeir gera. Ég lít ekki þannig á, en ríkisstj. gerir það.

Ég vil taka undir það, sem hv. 3. landsk. þm. sagði um skattamálin og ýmsir aðrir. Það er enginn vafa á því, að það er orðin grundvallarkrafa fastlaunamanna í þjóðfélaginu að fá lækkun á beinu sköttunum. Það er það, sem fastlaunamennirnir verða að fá. Það þýðir ekkert að vera að tala um, að menn vilji ekki lækka þessa skatta nema fá eitthvað annað í staðinn. Það hefur einhvern tíma verið talað um sparnað í ríkisrekstrinum, og ég held, að það ættu að vera meiri möguleikar á því að spara núna heldur en nokkru sinni fyrr, þegar fjárl. eru að verða 30 milljarðar. Einhvern veginn er a. m. k. því fastlaunafólki ætlað að komast af, sem fær hæstu tekjuskattana. Það getur ekki lagt á söluskatt eða jafnvirðisskatt eða virðisaukaskatt eða hvað þetta heitir.

Það má hugsa sér ýmsar tölur í sambandi við það, hversu mikið tekjuskatturinn þarf að lækka. Það er a. m. k. alveg ljóst, að hann þarf að lækka það mikið, að fólkið, sem vinnur í fiskinum, hinn almenni launamaður og almenna launakona, telji ekki, að sér sé refsað, þegar það fer út og reynir að bjarga miklum verðmætum, — þeir menn, sem leggja það á sig að vinna fremur en að horfa á sjónvarp, telji ekki, að sér sé refsað fyrir. 55 og 56% skattur af því, sem menn vinna sér inn með berum höndum, erfiðisvinnumenn, er nokkuð stór biti að kingja. Við getum haldið langar ræður um alls konar hagspeki, marxisma, marxleninisma og hvað þessar vinstri stefnur allar saman heita. En ef þær ganga allar saman út á það eitt og sameinast í þeim eina grunnpunkti að leggja 55% og 56% skatt á næturvinnuna hjá því fólki, sem vinnur í fiskiðjufyrirtækjunum, þá skulu þeir ekki undrast það, þótt ég sé hægri maður, enda höfum við alltaf barist á móti þessum háu beinu sköttum. Og fólkið í landinu finnur, að við vitum betur en vinstri mennirnir, hvað því er fyrir bestu. Við höfum horft á það núna, að hvert stéttarfélagið af öðru, hvert einasta núna, hefur komið fram með kröfuna um lækkun beinu skattanna. Það er farið að sakna sárlega fyrrv. fjmrh., hv. 2. þm. Norðurl. e. og hv. 5. þm. Reykv. Það var meiri gósentíðin, þegar þeir voru fjmrh. Ég er hræddur um, að það þurfi aðra þriggja tíma ræðu til þess að sanna fyrir þessu fólki, að það hafi orðið skattalækkun, síðan þessi stjórn tók við störfum.

Ég vil svo að lokum aðeins segja það, sem ég álít að sé mjög alvarlegt mál og snýr að strjálbýli landsins, og það er, hvernig hæstv. ríkisstj. stendur að framkvæmdum úti um land. Nú síðast höfum við orðið vitni að því, hvernig staðið er að jarðhitadeildinni, sem er mjög svelt að fé. Ég vil minnast á það í þessu sambandi, að orkuskortur, t. d. á Norðurl. e., er geigvænlegur, og fyrir stað eins og Akureyri nær engri átt á því herrans ári 1973, að það skuli lagt fram fjárlagafrv., þar sem ekki er gert ráð fyrir því, að áfram sé haldið virkjunarrannsóknum í Kröflu. Það er talað um, að það eigi að bora hér og það eigi að bora þar, en borinn á aldrei að komast norður fyrir Holtavörðuheiði. Er þetta byggðastefnan, sem hæstv. fjmrh. boðaði, að stöðva virkjunarrannsóknirnar í Kröflu, sem sýna sig að vera einhverjar hagkvæmustu rannsóknir, sem um getur nú á þessu landi? Og það er fleira í sambandi við jarðhitadeildina, sem mætti minnast á sem mjög þýðingarmikið og gagnleg verkefni. Ég minni aðeins á eitt atriði. Er ekki tími til kominn, að jarðhitadeild láti nú á reyna og skipuleggi jarðboranir og kanni allar leiðir þannig, að fyrir liggi á næsta ári, hvort unnt sé að grípa til jarðhitans í sambandi við upphitun Akureyrar? Við sjáum hvernig fer um olíuna dag frá degi. Í nágrannalöndum okkar er búið að útbýta skömmtunarseðlum fyrir olíu og bensíni. Á sama tíma og ástandið er þannig, treystum við á dísilolíu á Akureyri til upphitunar fyrir fólkið, og í því hefur orðið vel ágengt. Það er nú búið að tengja Raufarhöfn við Norðurl. e. að öðru leyti, svo að hægt er að nota dísilorkuna á Raufarhöfn til upphitunar á Akureyri eða Skagafirði. Mér skilst, að á Skagaströnd sé einhver gömul dampmaskína, sem þeir notuðu á síldarárunum þar til framleiðslu. Kannske það verði næsta skrefið hjá hæstv. orkumálaráðh. að leggja línu þangað, gá, hvort vélin snúist og sé hægt að ná í nokkur kw. þaðan?

Karvel Pálmason: Herra forseti. Ég skal ekki verða langorður í þessum dagskrárlið, og það er að vísu ekki ýkjamargt, sem þyrfti að gera að umtalsefni hér í umr. hv. stjórnarandstæðinga og þá annars stjórnarandstöðuflokksins, sem hér hefur talað í dag. En það eru nokkur atriði, sem væri ástæða til þess að fjalla um.

Ég held nú, að þessir hv. stjórnarandstæðingar og a. m. k. hv. 2. þm. Norðurl. e., held ég sé, og hv. 5. þm. Norðurl. e., þ. e. a. s. þm. Sjálfstfl., hafi gleymt bókstaflega að lesa Morgunblaðið, sitt eigið málgagn, síðari hluta sumars og í haust. Maður opnaði varla svo Morgunblaðið á þessum tíma, að ekki væru viðtöl við forsvarsmenn sveitarfélaga eða forsvarsmenn atvinnufyrirtækja víðs vegar í kringum landið og þeir spurðir álits um þá uppbyggingu, sem átt hefur sér stað að undanförnu. Ég veit ekki um eitt einasta tilfelli, — ég les Morgunblaðið, — og ég veit ekki um eitt einasta tilfelli, þar sem þessir einstaklingar, sem talað var við á þessum tíma og ég hygg, að hafi verið úr öllum stjórnmálaflokkum, hafi ekki einróma litið svo á, að aldrei hafi verið slík uppbygging í gangi á öllum sviðum á landsbyggðinni, eins og verið hefur í tíð núv. ríkisstj.

Hv. 5. þm. Norðurl. e. talaði mikið hér um byggðamál og taldi, að því er mér skilst, að hálfgert svartnætti væri þar fyrir augum í náinni framtíð. Ég held, að þessi hv. þm. hafi ekki heldur kynnt sér það, hvað hefur gerst í hans eigin kjördæmi í tíð núv. ríkisstj. að því er varðar fjármagnsveitingar á fjárl., frá því, sem áður var í tíð viðreisnar. Hann gerði hér að umtalsefni málaflokka eins og hafnamál, skóla- og heilbrigðismál, gleymdi flugmálunum að vísu, sem kannske hvað mesta stökkið hefur verið gert í frá viðreisn. En ég ætla að lofa honum að heyra, til þess að hann glöggvi sig á því, hvort um raunverulegar staðreyndir er að ræða í hans máli.

Á síðustu fjárl. viðreisnar voru veittar til Norðurl. e., þ. e. a. s. kjördæmis þessa hv. þm., í hafnamálum og lendingarbótum 23 millj., eru á fjárl. yfirstandandi árs 44 millj. (**LárJ:** Hvað segirðu? 23, hvenær var það veitt?) Á síðustu fjárl. viðreisnar. Á fjárl. til byggingar sjúkrahúsa, sjúkraskýla og læknamiðstöðva fóru í kjördæmi þessa hv. þm. á síðustu fjárl. viðreisnarstjórnarinnar 14 millj., þær voru tæpar 19 á þessa árs fjárl. Til byggingar barna- og gagnfræðaskóla og skólastjórabústaða fóru í kjördæmi þessa hv. þm. á síðustu fjárl. viðreisnarstjórnarinnar 58 millj., en á fjárl. þessa árs 92 tæpar. Og síðast, en ekki síst er rétt að geta þess hér í sambandi við byggðamálin, að úr atvinnujöfnunarsjóði, sem var starfandi í tíð fyrrv. ríkisstj. og veitt voru lán úr til uppbyggingar atvinnulífsins, voru í heild lánveitingar á árinu 1971 223 millj., en á árinu 1972, en þá var hann nefndur Byggðasjóður, 480 millj. röskar. Þær voru 172 millj. árið 1970, á næstsíðasta ári viðreisnar.

Ég held, að menn úti á landsbyggðinni, sama hvar í flokki þeir standa, séu sammála um, að það hafi verið brotið blað í stefnu frá því, sem var í tíð fyrrv. ríkisstj., til þess, sem er í tíð núv. ríkisstj., að því er byggðamálin almennt áhrærir. Hvorki hv. 2. þm. Norðurl. e. né 5. þm. Norðurl. e. tekst að telja mönnum trú um hér á hv. Alþ., að það sé neitt svartnætti ríkjandi í þeim efnum nú. Þeir fá ekki einu sinni sína eigin flokksbræður víðs vegar í kringum landið til þess að fallast á þá skoðun, sbr. tilvitnanir í þeirra eigin málgagni á undanförnum mánuðum.

Málaflokkur eins og hafnamálin var á síðustu fjárl. fyrrv. ríkisstj. rétt um tæpar 100 millj. í heild. Hann er í fjárlagafrv. því, sem nú er hér til umr., röskar 300 millj. og á, að því er ég vona a. m. k., eftir að hækka allverulega frá því.

Hv. 5. þm. Norðurl. e. sagði hér áðan, að það væru neikvæð fremur en jákvæð þáttaskil í framkvæmd byggðastefnu þær hafnaframkvæmdir, sem fyrirhugaðar væru nú hér á Suðurlandinu. Þarna er ég algerlega ósammála þessum hv. þm. Ég tel, að fyrrv. stjórnvöld, kannske allra tíma, hafi gersamlega vanrækt bennan mikilsverða málaflokk, hafnarframkvæmdir víðs vegar í kringum landið. Þar er um undirstöðuatvinnuvegina að ræða, og stjórnvöldum ber skylda til að sjá svo um, að þessi málaflokkur sé ekki vanræktur. Ákvörðun um þessa uppbyggingu hafna hér á Suðurlandi tel ég, að verði þm. dreifbýlisins, sem ekki hafa hingað til sýnt nógu mikla orku í því að krefjast úrlausnar í þessum málaflokki, tilefni til þess að hamra járnið, meðan heitt er, og krefjast aukinna fjárveitinga til þessa mikilsverða málaflokks víðs vegar í kringum landið. En það skal vissulega undirstrikað hér, að á þessu hefur orðið gerbreyting í tíð núv. ríkisstj.

En á sama tíma og þessir hv. stjórnarandstæðingar telja, að fjárlög þau, sem hér eru til umr., sýni hvað gleggst þá útþenslu, sem hæstv. ríkisstj. stendur nú fyrir í fjármálum og efnahagslífi þjóðarinnar, koma þeir með mýmörg dæmi þess og tölur um, að í allflestum málaflokkum þyrfti að hækka verulega framlög frá því, sem fjárlagafrv. gerir ráð fyrir. Ég sé, að hv. fyrrv. formaður fjvn. brosir, þegar vitnað er til þessa. En hvað um það, ég ætla ekki að ræða það frekar hér. Ég tel og ég fullyrði, að í tíð núv. ríkisstj. hefur í miklu ríkari mæli en gerðist í valdatíð viðreisnarstjórnarinnar farið fjármagn út á landsbyggðina.

Þeim hv. stjórnarandstæðingum, sem hér hafa talað og raunar áður, hefur orðið tíðvitnað til ummæla hv. 3. landsk. þm., Bjarna Guðnasonar. Og í raun og veru má ekki gleyma garminum honum Katli, þegar talað er um þessi mál hér á hv. Alþ. En ákaflega lítið er hægt að standa á því, hvaða hugmyndir eða hvaða stefnu þessi hv. þm. hefur annars vegar í sambandi við fjárl. og hins vegar í þeim málaflokki, sem hann hefur nú básúnað hvað mest út í sínum ræðum, þ. e. í sambandi við skattamálin. Ég ætla ekki að gera að neinu sérstöku umtalsefni málflutning þessa hv. þm. í sambandi við fjárl. Mér þykir sárt, að hann skuli ekki vera hér í salnum, en við því verður ekki gert. En mér finnst kasta tólfunum, þegar þessi hv. þm. er að tala um áþján í sambandi við skattlagningu. Ég

veit ekki betur en þau skattalög, sem nú eru í gildi, séu í raun og veru frumburður þessa hv. þm. í lagasmíði hér á Alþ. Mér er ekki kunnugt um, að á neinu stigi málsins hafi þessi hv. þm. borið fram breytingar á þessari löggjöf, þannig að þarna er þessi hv. þm. í og með að skamma sjálfan sig fyrir það afrek, sem hann sýndi á sínu fyrsta þingi eftir kosningar. Ég tek alveg undir það, sem komið hefur fram, bæði nú í þessum umr. og áður, varðandi þetta mál, að vissulega er full þörf á lagfæringu að því er skattamálin snertir. En það verður jafnframt að krefjast þess, að þeir, sem gagnrýna hvað mest, komi einhvers staðar og á einhverjum tíma með till. til breytinga á því, sem þeir sjálfir eru að gagnrýna. Það hefur þessi hv. þm. ekki gert, a. m. k. hef ég ekki séð hans till. í þeim efnum.

Mig tók það sárt, þegar hv. 6. þm. Sunnl., þessi öðlingur í alla staði, fór að lesa hér upp úr ritstjórnargrein Tímans og vitnaði í ákveðin ummæli, sem þar stóðu, — ég hafði blaðið fyrir framan mig, meðan hann las, — en hann hætti, þegar komið var að því besta kannske. Hann gleymdi alveg að geta þess ójafnaðar, sem átti sér stað í sambandi við byggðaþróun í tíð viðreisnarstjórnarinnar, og þar á ég við Breiðholtsframkvæmdirnar. Þar setti hann punktinn, áður en að því kom. En þar var vissulega um að ræða málaflokk, sem skipti sköpum að verulegu leyti í sambandi við röskun á byggðajafnvægi. Það hefði þessi öðlingur átt að hafa með í sinni upptalningu og sinni tilvitnun í ritstjórnargrein í Tímanum, sem hann vitnaði nér til áðan. (**Gripið fram í:** Hver samdi um Breiðholt? — **LárJ:** Vertu ekki að snupra Hannibal.) Ríkisstj. fyrrv., sem hv. þm., sem greip fram í, studdi hvað manna mest. Það voru nú eingöngu þessi atriði, sem ég vildi hér gera að umtalsefni. Vissulega voru fjöldamörg önnur atriði, sem ástæða væri til að gera að umræðuefni, í máli hv. stjórnarandstæðinga, sem hér hafa talað, þegar þeir eru að bera saman, að því er mér skilst, þann glæsileik, sem ríkti í byggðastefnu viðreisnarstjórnarinnar, og það, sem nú gerist. Ég er þessum hv. þm. algerlega ósammála í þessum efnum, og það eru fleiri, meira að segja fjöldinn allur af þeirra eigin flokksmönnum.

Lárus Jónsson: Herra forseti. Ég skal reyna að vera stuttorður. Það var aðeins út af nokkrum stóryrðum frá hv. 7. landsk., sem ég vildi segja hér nokkur orð.

Hann taldi, að það hefðu orðið mikil umskipti í atvinnulífi strjálbýlisins, og vildi þakka hæstv. ríkisstj. það allt saman. Það er nú svo, að ég veit ekki, hvort hv. þm. gerir sér grein fyrir því, að þessi ríkisstj. stjórnar ekki fiskigöngum eða verði á erlendum mörkuðum frekar en aðrar, og ég hygg nú, að ef vel er að gáð og grandskoðað, þá sé miklu frekar hægt að rekja það blómlega atvinnulíf, sem vissulega er víða úti um byggðir landsins, til þess, að það er einstakt góðæri í landinu um þessar mundir. Við búum núna við verðlag á okkar afurðum, sem er sennilega sexfalt á aðalafurðum okkar, miðað við það, sem var þegar það var lægst.

Það er afskaplega óviðurkvæmilegur málflutningur, finnst mér, oft á tíðum hér á hv. Alþ., þegar núv. stjórnarsinnar eru að tala um það, að fyrrv. ríkisstj. hafi átt sök á því m. a., að svo og svo margt fólk varð að flytja úr landi vegna atvinnuleysis. Það hefði verið sama, hvaða ríkisstj. var við völd, þegar útflutningstekjur okkar lækkuðu um helming á 1—2 árum. Það hefði orðið jafnmikið áfall fyrir þjóðina, hvaða ríkisstj. sem hefði setið, og þetta er þannig nú, að í raun og veru er það að þakka því góðæri, sem við eigum við að búa, bæði í aflabrögðum, t. d. loðnunni og verðlagi á erlendum mörkuðum, að svo mikið og blómlegt atvinnulíf er nú um allt land sem raun ber vitni. En það er einmitt vegna þess, að svo er ástatt, að núv. ríkisstj. gæti, ef það væri ekki algert öngþveiti og stjórnleysi í efnahagsmálum, veitt miklu meira fé til þess að byggja virkilega vel upp fyrir framtíðina, ef vel væri á haldið.

Okkar þjóðartekjur hafa vaxið einmitt af þessum ástæðum. Ég bar saman fjárlög 1971 og fjárlagafrv. 1974. Ég gerði ítarlega grein fyrir því, að á þessu tímabili hefði orðið nokkur vöxtur þjóðartekna, og þakka skyldi ríkisstj. fyrir það, á svipuðum tíma og fimmfaldast verðlag á erlendum mörkuðum og loðnu er ausið upp úr sjónum. Ætli þjóðartekjurnar hafi ekki vaxið um svona 5% á árinu 1972, 1973 sennilega heldur minna, og 1974 veit maður ekki um, en á þessum tíma hefur orðið nokkur vöxtur þjóðartekna. Og það var þetta, sem ég var að gagnrýna, að á sama tíma sem þetta hefur skeð, hefur orðið beinn samdráttur í raunverulegum framlögum til uppbyggingar úti á landsbyggðinni, til skóla, til hafna o. s. frv. Þrátt fyrir öll sín stóryrði hrakti hv. 7. landsk. þetta ekki.

Hann benti á, að það hefði orðið veruleg hækkun til hafna, sjúkrahúsa og skóla á Norðurl. e., og nefndi þar nokkrar tölur. En hann gleymdi að geta þess, að á þessu tímabili, — ég rakti dæmi hér áðan, — hækkaði byggingarkostnaður á landsbyggðinni um 46% á 1½ ári. Byggingarvísitala var í febr. 1971 532 stig. Það er búist við, að hún fari í 1000 stig á næsta ári, jafnvel þótt ekki hækki laun um eina einustu krónu. Og meðal annarra orða, hvernig stendur á því, fyrst það er svona blómlegt atvinnulíf úti um allt land núna eftir tveggja og hálfs árs valdaferil stjórnar hinna vinnandi stétta, að á sama tíma segir þessi ríkisstj.: Nú er ekki tími til kauphækkana? Eftir að hin vonda viðreisnarstjórn var við völd og þegar allt var í kaldakoli, þá var hægt að stytta vinnuvikuna, þá var hægt að lengja orlof, þá var hægt að hækka kaupmátt hinna lægst launuðu um 20% á tveimur árum. Eftir að þessi vonda ríkisstj. hafði verið við völd, var þetta allt hægt. Var það ekki af því, að atvinnulífið var að batna, það var búið að sigrast á erfiðleikunum, að þetta var hægt? En hvaða erfiðleikar eru það, sem núv. ríkisstj. stendur andspænis? Hvers vegna getur hún ekki sagt við launþega núna það sama og áður? Af því að hún hefur gersamlega misst

tökin á efnahagsmálum landsins. Og þó að atvinnulíf sé blómlegt nú, þá er spurning, hversu lengi hægt er að reka það með tapi. Ég held, að hv. 7. landsk. þm. ætti að spyrja útgerðarmenn þeirra glæsilegu skipa, sem hafa verið keypt til landsins og vissulega var unnið að af fyrrv. ríkisstj. líka. Það var búið að semja um togara til Vestfjarða, áður en stjórnarskiptin urðu, og það var búið að kaupa marga togara til landsins, áður en stjórnarskiptin urðu. Það er markleysa, að fyrrv. ríkisstj. hafi látið togaraflotann drabbast niður. Útgerðarhættir voru allt aðrir þá heldur en nú, þá réð síldin útgerðarháttum. Þegar hún hvarf, breyttust auðvitað útgerðarhættirnir. Eða finnst hv. þm., að við ættum að reyna að gera enn út á síld? Það er þetta, sem ég held, að hv. þm. ætti að spyrja sjálfan sig. Hvað er að í dag? Af hverju getum við ekki sagt það sama við launþega í landinu með þetta blómlega atvinnulíf eins og hægt var að segja fyrir 2½ ári?

Karvel Pálmason: Herra forseti. Aðeins örfá orð. — Af hverju getum við ekki sagt það sama í dag? endaði hv. síðasti ræðumaður á, og við sögðum, meðan viðreisn var við stjórn. Hvað sögðu viðreisnarmenn þá um kauphækkanir? Með hverju svöruðu þeir? Man þessi hv. þm. það ekki? Ég man það. Ég man það fyllilega, — ekki bara einu sinni, heldur margoft — hverju svarað var. Mér er ekki kunnugt um, að núv. hæstv. ríkisstj., — án þess að ég ætli að fara að verja ráðh., þeir geta varið sig sjálfir, — hafi gefið út yfirlýsingu um, að það væri ekki hægt að hækka kaup. Ég veit ekki betur en kauphækkanir almennt og þá fyrst og fremst hjá þeim, sem lægst voru launin hjá, og þeim, sem viðreisnarstjórnin á sínum tíma smáði hvað mest, lægst launaða fólkinu, — ég veit ekki betur en kauphækkanir í tíð núv. ríkisstj. til þessara launþega hafi verið þær mestu, sem um getur um áratugi eða kannske frá upphafi baráttu verkalýðshreyfingarinnar hér á Íslandi.

Ég ætlaði að leiðrétta það, sem fram kom í ræðu þessa hv. þm., þegar hann talaði um niðurskurð á hafnarframkvæmdum á fjárl. ársins 1973. Það er ekki fyrir hendi neinn niðurskurður þar á. Það hefur heldur verið bætt við, þannig að það leiðréttist hér með. (**LárJ:** Ég sagði það ekki.) Ótiltekinn niðurskurður, orðrétt. Menn verða að muna, hvað þeir segja. Auk þess ætlaði ég að bæta því við, að því er kjördæmi þessa hv. þm. varðar, að það er ekki búið að taka inn í þessa mynd af uppbyggingunni hina svonefndu Norðurlandsáætlun. Hún kemur auk þessa. Menn verða heldur betur að loka augunum, ef þeir ætla að halda þessu fram við hvern sem er og þá ekki síst þá hv. þm. hér á Alþ., sem ættu að vita og vita a.m.k. allflestir betur en þessi hv. þm., hvað er að gerast í hans eigin kjördæmi.

En ég ætlaði einnig að bæta því við, — ég minntist síðast á það hér áðan, og það skulu vera mín lokaorð í þessum efnum, — ég ætla að bæta því við í sambandi við Breiðholtsframkvæmdirnar, að fyrrv. ríkisstj. sveikst um að fjármagna þá uppbyggingu eins og gert var ráð fyrir á sínum tíma. Það voru hrein svik. Aðeins 50 millj. hafa verið settar í það af því, sem átti að gera í upphafi. En þannig eru hundruð millj., sem búið er að taka út úr almenna byggingarkerfinu til uppbyggingar í Breiðholti. Þarna er um hrein svik að ræða. Þessa ættu þessir hv. stjórnarandstæðingar líka að minnast, þegar þeir tala um algera byggðaröskun í tíð núv. ríkisstj.

Halldór Blöndal: Herra forseti. Ég verð að segja, að mér kom það afskaplega mikið á óvart að heyra, hvernig hv. síðasti ræðumaður, 7. landsk. þm., byrjaði sína ræðu, og ætti hann þó að vera kunnugur í verkalýðshreyfingunni, þegar hann er að halda því hér fram, að kjör þeirra lægst launuðu hafi hækkað svo og svo mikið — rauntekjur þeirra lægst launuðu — í tíð núv. ríkisstj. Verkalýðshreyfingin fer fram á yfir 40% hækkun á lægstu launin. Það segir sína sögu. (Gripið fram í.) Já, það er rétt, plús það, sem krafist er fyrir fiskvinnu. Þetta sýnir, svo að ekki verður um villst, að forustumenn verkalýðshreyfingarinnar meta stöðuna þannig, sem allt það, sem vannst með samningunum 1971, hafi verið étið upp í verðbólgunni. Að öðrum kosti væri það að sjálfsögðu óverjandi af verkalýðshreyfingunni að setja fram kröfur um 40% kauphækkun nú. Þetta gefur að sjálfsögðu auga leið, og ég er þess vegna afskaplega undrandi á því, að þessi maður, sem telur sig verkalýðsleiðtoga og telur sig kunnugan því, hvernig fólkið lifir í þessu landi, skuli ekki vita betur, að hann skuli líta þetta sömu augum og grósséarnir með stórsígarana.

Pálmi Jónsson: Herra forseti. Ég hafði ekki ætlað mér að taka til máls við þessa umr. og skal ekki segja hér mörg orð. Tilefni þess, að ég er hingað kominn, eru nokkur orð, sem féllu af munni hv. 7. landsk. þm.

Meðal þess, sem hann sagði, var það, að hlutdeild landsbyggðarinnar í framkvæmdafé ríkisins á fjárl. hefði tekið stakkaskiptum í tíð núv. ríkisstj. í þá átt að vera miklu meira en áður hefði verið. Ég verð að játa, að ég hef ekki reiknað þetta nákvæmlega út. En vegna þess að þessi hv. þm. fullyrti þetta með slíkum ákafa, verð ég að segja það, að ég hafði ekki tekið eftir þessu, og ég hygg, að við í Norðurl. v. höfum ekki tekið eftir slíkum stakkaskiptum. Því til sönnunar ætla ég að minna þennan hv. þm., sem á sæti í hv. fjvn., á það, að á fjárl. yfirstandandi árs er varið til hafnarframkvæmda, — en hafnarframkvæmdir voru einmitt einn af þeim málaflokkum, sem þessi hv. þm. nefndi, — er varið á fjárl. þessa árs til Norðurl. v. nákvæmlega 7 millj. 250 þús. kr. Sér eru nú hver stakkaskiptin, ef 7 millj. 250 þús. kr. til hafnarframkvæmda í Norðurl. v. sanna það, að hér hafi orðið mikil umskipti, enda þótt ég hafi ekki við höndina að þessu sinni tölur um það fé, sem veitt var til þessa framkvæmdaþáttar í tíð

fyrri ríkisstj. Ég vil einnig minna þennan hv. þm. á það, að til heilbrigðismála í Norðurl. v. er á fjárl. yfirstandandi árs veitt nákvæmlega 3 millj. 640 þús. kr. Það mega hafa verið litlar fjárveitingar á fjárl. ársins 1971, ef hér er um feikileg stakkaskipti að ræða. Í sambandi við það vil ég minna á það, að á þessum sömu fjárl. ársins 1973 er veitt til Borgarspítalans í Reykjavík 35 millj. 230 þús. kr.

Ég fæ ekki séð, að þessi dæmi sanni það, að hlutdeild landsbyggðarinnar í framkvæmdafé ríkisins á fjárl. hafi hækkað stórkostlega í tíð núv. ríkisstj. (Gripið fram í: Hvað um skólamálin í Norðurl. v.?) Það er rétt, að Norðurl. v. heldur nokkurn veginn sínum hlut gagnvart öðrum kjördæmum í landinu í þeim eina lið opinberra framkvæmda. Og það mætti fyrr vera, ef svo væri um eitt kjördæmi landsins, að ekki væri hægt að benda á einhvern þátt opinberra framkvæmda, sem væri nokkurn veginn í samræmi við það, sem gerist annars staðar.

Ég skal ekki ræða þessi mál frekar hér. En ég tók eftir því í ræðu þessa hv. þm., að hann brýndi þm. strjálbýliskjördæma, a. m. k. um vestanvert, norðanvert og líklega austanvert landið, til þess að hefja harða baráttu fyrir því að fá aukið fé til hafnarframkvæmda. Það skal sannarlega ekki standa á mér að beina áskorun til þessa fulltrúa í hv. fjvn. og annarra fulltrúa stjórnarliðsins, sem ráða málum hér á Alþ., til þess, að svo verði farið að sem þessi hv. þm. óskaði eftir í þessu tilliti.

Hv. þm. talaði hér háum rómi, og stundum er það svo, að þegar röksemdir eru veikar og málstaður hæpinn, þá reyna menn að bæta úr með raddstyrk. Ég hygg þó, að þótt raddstyrkur þessa ágæta þm. sé mikill, þá nægi það ekki til þess að almenningur, t. d. í Norðurl. v., láti það verða til þess, að hann trúi þessum fullyrðingum þessa ágæta og hávaðasama þm.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Efri deild, 9. fundur.

Miðvikudaginn 31. okt., kl. 2 miðdegis.

Tilkynningar aðsetursskipta, frv. (þskj. 35, n. 58). — 2. umr.

Of skammt var liðið frá útbýtingu nál. — Afbrigði samþ. með 15 shlj. atkv.

Frsm. (Björn Fr. Björnsson): Herra forseti. Höfuðefni þess frv., sem hér liggur fyrir, eru sérstakar reglur um tilkynningar aðsetursskipta, að því er varðar Vestmanneyinga. Þeir, sem áttu lögheimili í Vestmannaeyjum 22. jan. s. l. og ekki hafa tilkynnt með alveg sérstökum hætti, sem nánar greinir í frv., að þeir séu lögskráðir annars staðar, skulu af sjálfu sér vera skráðir í Vestmannaeyjum. Þetta er í raun og veru höfuðinntak frv. Svo eru tvær smávægilegar breytingar við löggjöfina um tilkynningar aðsetursskipta, sem ég hirði ekki að ræða um, enda er þeirra greinilega getið í athugasemdum við frv. sjálft. Að sjálfsögðu er þetta ákvæði til hægðarauka fyrir Vestmanneyinga, svo að þeir haldi búsetu í Vestmannaeyjum, og einnig er það til að treysta enn betur grundvöll undir þjóðskrána að þessu leyti.

Tel ég ekki ástæðu til að ræða frekar þetta efni. Nefndin hefur haft með það að gera á einum fundi og mælir með samþykkt frv. óbreytts.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 15 shlj. atkv.
2.—4. gr. samþ. með 15 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Gengisskráning, frv. (þskj. 60). — 1. umr.

Sjútvrh. (Lúðvík Jósepsson): Herra forseti. Hér er um að ræða frv. til staðfestingar á brbl., sem út voru gefin í sumar og gera ráð fyrir því að heimila nokkur frávik frá eldri lögum varðandi gengisskráningu.

Eins og kunnugt er, eru ákvæði um það í lögum, að heimilt sé að skrá gengi krónunnar á þann veg, að frávik megi nema 2½% upp eða niður frá hinu ákveðna stofngengi krónunnar. Þetta er hið almenna mark, sem miðað er við hjá Alþjóðagjaldeyrissjóðnum. Hins vegar hefur raunin orðið sú, að margar þjóðir hafa vikið verulega frá þessu marki og heimilað svonefnt flot á sínum gjaldeyri, þannig að þær hafa getað vikið frá sínu stofngengi upp eða niður mun meira en sem þessu almenna marki nemur. Seðlabankinn óskaði eftir því að fá heimild til þess í samráði við ríkisstj. að breyta skráningu ísl. kr. þannig, að hér gæti verið um meiri hækkun að ræða á krónunni en sem næmi 2½% frá stofngengi, en án þess að sjálfu stofngenginu væri breytt. Það mátti því segja, að hér væri verið að opna fyrir þann möguleika að láta verðgildi krónunnar fljóta aðeins á annan veginn, eða upp á við, og þessi brbl. voru því sett til að afla þessarar heimildar. Þessi heimild hefur síðan verið notuð, og gengi ísl. kr. hefur hækkað nokkrum sinnum, eftir því sem ástæður hafa þótt til, og eins og kunnugt er, þá er nú skráð sölugengi krónunnar nokkru hærra gagnvart Bandaríkjadollar en það var fyrir gengislækkunina, sem ákveðin var í desembermánuði 1972.

Ég sé ekki ástæðu til þess að orðlengja um þetta tiltölulega einfalda mál, sem öllum hv. þdm. er vel kunnugt um.

Ég legg til, herra forseti, að að lokinni þessari umr. verði málinu vísað til hv. fjh.- og viðskn. til fyrirgreiðslu.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 15 shlj. atkv. og til fjh.- og viðskn. með 15 shlj. atkv.

Efri deild, 10. fundur.

Miðvikudaginn 31. okt., að loknum 9. fundi.

Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði samþ. með 15 shlj. atkv.

Tilkynningar aðsetursskipta, frv. (þskj. 35). — 3. umr.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 15 shlj. atkv. og afgr. til Nd.

Neðri deild, 8. fundur.

Miðvikudaginn 31. okt. kl. 2 miðdegis.

Hagrannsóknastofnun og Framkvæmdastofnun ríkisins, frv. (þskj. 3). — 1. umr.

Forsrh. (Ólafur Jóhannesson): Herra forseti. Frv. það, sem hér er flutt, gerir ráð fyrir, að sérstakri stofnun, Hagrannsóknastofnun, verði falið það verkefni að fylgjast með árferði og afkomu þjóðarbúsins, vinna að almennum hagrannsóknum og vera ríkisstj. til ráðuneytis í efnahagsmálum. Í reynd felur frv. í sér, að hagrannsóknadeild Framkvæmdastofnunarinnar verði breytt í sérstaka stofnun, og er þá gert ráð fyrir, að starfsaðstaða og starfslið deildarinnar færist til Hagrannsóknastofnunarinnar.

Með l. um Framkvæmdastofnun ríkisins 1971 var hagrannsóknadeild stofnunarinnar ákveðin sérstaða að því leyti, sem segir í 6. gr. l., að hún heyrir beint undir ríkisstj. Ástæðurnar til þess að marka deildinni þessa sérstöðu voru einkum tvær. Annars vegar var talið æskilegt, að almenn hagrannsóknastarfsemi hafi svo óháða stöðu sem kostur er. Hins vegar er sú staðreynd, að verkefni deildarinnar, einkum það að fylgjast með árferði og afkomu þjóðarbúsins, ráðuneyti við ríkisstj. í efnahagsmálum og almenn upplýsingaþjónusta á sviði efnahagsmála, eru afar umfangsmikil og falla að miklu leyti í sjálfstæðan farveg, sem er óháður annarri starfsemi Framkvæmdastofnunarinnar. Reynslan, sem hefur fengist á þeim tíma, sem Framkvæmdastofnunin hefur starfað, hefur staðfest nauðsyn sjálfstæðrar stöðu starfs hagrannsóknadeildar. Er eðlilegt að halda lengra í þá átt, sem mörkuð var fyrir stöðu deildarinnar með l. um Framkvæmdastofnun ríkisins, og í þeim tilgangi er þetta frv. um sérstaka Hagrannsóknastofnun flutt.

Ég vil leyfa mér að minna á það, að í framsögu fyrir frv. til l. um Framkvæmdastofnun á sínum tíma benti ég á, að reynslan kynni að leiða í ljós, að þörf væri á einhverjum endurbótum og breytingum á hinni fyrirhuguðu löggjöf. Það var auðvitað ekkert óeðlilegt við það, að slíkt kæmi í ljós, þar sem farið var þá inn á nýjar brautir að verulegu leyti. Hér er einmitt um slíka breytingu að tefla, sem reynslan hefur að mínum dómi sýnt, að væri æskileg og það er auðvitað alltaf sjálfsagt að aðlaga sig, eftir því sem kostur er, að fenginni reynslu og breyta samkv. því.

Því hagkerfi, sem er háð svo örum sveiflum í náttúrufari og markaðsaðstæðum sem okkar hagkerfi, er mikil nauðsyn að hafa mikla árvekni við árferðisathuganir og hafa fljótt tiltækar upplýsingar og raunsætt mat á því, sem er að gerast í þjóðarbúskapnum. Jafnframt er afar mikilvægt að efla almenna hagskýrslugerð og almennar rannsóknir á samhengislögmálum efnahagslífs. Slíkar rannsóknir þurfa að hafa sjálfstæða stöðu, bæði til þess að þær megi njóta almenns trausts og til þess að fá þeim, sem að þeim vinna, hæfileg starfsskilyrði.

Frv. þetta er flutt til að staðfesta með formlegum hætti þá stöðu, sem hagrannsóknadeildin hefur með starfi sínu áunnið sér. Það er skoðun mín, að með flutningi þessa frv. sé verið að treysta undirstöðu skynsamlegrar hagstjórnar í landinu og jafnframt auðvelda hvers konar áætlunarstarf, því að undirstaða traustrar áætlunargerðar, bæði opinberra aðila og einkaaðila, er traustar almennar hagrannsóknir, sem verða verkefni Hagrannsóknastofnunar.

Ég skal þá aðeins með örfáum orðum víkja að einstökum gr. frv.

Í 1. og 2. gr. eru verkefni og staða stofnunarinnar ákveðin. Ákvæðin um verkefni eru í þessu frv. nokkru ítarlegri en hliðstæð ákvæði í l. um Framkvæmdastofnun ríkisins og þau, sem áður voru, að því er varðaði Efnahagsstofnunina. Einkum eru hér skýrari ákvæði um birtingu skýrslna, auk þess sem almennt þjónustuhlutverk stofnunarinnar við aðila vinnumarkaðarins er hér beinlínis tekið fram, en það er ekki síst á þeim vettvangi, sem þörf er sjálfstæðrar stofnunar, sem allir aðilar geta borið traust til. En ég hygg, að ekki sé ofmælt, að hagrannsóknadeildin og forstöðumaður hennar hafi notið fyllsta trausts aðila vinnumarkaðarins, og á það jafnt við um launþegahliðina, að ég ætla, og atvinnurekendahliðina. Ég hika ekki við að fullyrða, að á því sviði hafi hún þegar unnið mjög gott starf og ég vil segja jafnvel ómetanlegt starf, t. d. í sambandi við kjarasamninga og upplýsingar, sem hún hefur getað látið í té í sambandi við þá. Og það þarf ekki að fara mörgum orðum um það, að hvort sem okkur líkar betur eða verr, skipa nú kjarasamningar hvers konar sinn stóra sess í okkar þjóðfélagi, og það skiptir því miklu máli, hvernig að þeim málum er staðið.

Auk hinnar almennu lýsingar á verksviði stofnunarinnar, sem er í 1. gr. frv. og þegar hefur verið gerð grein fyrir, eru í 2. gr. talin nokkur helstu verkefni stofnunarinnar. Það er:

1) Að færa þjóðhagsreikninga.
2) Að semja þjóðhagsspár og áætlanir.
3) Að semja og birta opinberlega tvisvar á ári, vor og haust, yfirlitsskýrslur um þróun þjóðarbúskaparins og horfur í þeim efnum, þ. á m. um framleiðslu, neyslu, fjárfestingu, viðskipta- og greiðslujöfnuð, verðlag og kaupgjald, atvinnu og tekjur almennings, afkomu atvinnuvega og fjármál hins opinbera. Auk þess skal stofnunin koma niðurstöðum athugana sinna á einstökum þáttum efnahagsmála fyrir almennings sjónir, eftir því sem kostur er.
4) Að annast hagfræðilegar athuganir og skýrslugerð um efnahagsmál fyrir ríkisstj. og alþjóðastofnanir á sviði efnahagsmála, eftir því sem ríkisstj. ákveður, og fyrir Seðlabanka Íslands og Framkvæmdastofnun ríkisins, eftir því sem um semst.
5) Að veita aðilum vinnumarkaðarins upplýsingar um efnahagsmál og annast fyrir þá hagfræðilegar athuganir, eftir því sem um semst.

Reyndar má segja, að hér sé í reynd lýst verk-

efnum hagrannsóknadeildarinnar, eins og þau hafa verið og bróast á starfstíma hennar. Þannig hefur deildin t. d. þegar hafið útgáfu yfirlitsskýrslna tvisvar á ári um þjóðarbúskapinn, og kom hin þriðja út í júlí s. l. og vonir á hinni fjórðu, haustskýrslu ársins 1973, um framvindu efnahagsmála 1973 og horfur 1974, í næsta mánuði. Þá hefur deildin hafið útgáfu fastra skýrslna um sjávarútveg og iðnað. Ég skal ekki fara nánar út í að lýsa starfsemi hagrannsóknadeildarinnar. Hv. alþm. hafa fengið þessi rit, sem nefnd voru og gefin hafa verið út, og ég hygg, að þeir geti um það dæmt, hver styrkur er að því að hafa slík rit og fá þau reglulega. Og í reyndinni hefur það orðið svo, að starfsemi hagrannsóknadeildarinnar hefur orðið að mestu einmitt, eins og ég áðan drap á, fyrir ríkisstj., ráðuneytisstörf fyrir hana og upplýsingastarfsemi fyrir aðila vinnumarkaðarins hvers konar. Að sjálfsögðu hefur hún svo einnig unnið undirstöðustörf fyrir Framkvæmdastofnunina, fyrir áætlanadeild hennar.

Í 3. gr. eru ákvæði um aðgang stofnunarinnar að upplýsingum. Þarna er um að ræða sams konar ákvæði og er að finna í fyrri löggjöf um þessi efni. Ákvæði um byggingarskýrslur er nauðsynlegt vegna skýrslna um fjárfestingu og byggingarstarfsemi.

Í 4. gr. er gert ráð fyrir, að ákveðin verkefni, sem falin voru Efnahagsstofnuninni og síðan Framkvæmdastofnun ríkisins, flytjist til Hagrannsóknastofnunar. Þessi verkefni eru í fyrsta lagi oddamannsstarf í yfirnefnd Verðlagsráðs sjávarútvegsins, forstöðumaður hagrannsóknadeildar gegnir nú þessu hlutverki. Í öðru lagi samkv. 1. mgr. 11. gr. l. nr. 59 1965, 8. gr. l. nr. 60 1965 og 4. gr. og 1. mgr. 62. gr. l. nr. 58 1967: umsagnar- og tillöguhlutverk um rafmagnsverð Landsvirkjunar, Laxárvirkjunar og Rafmagnsveitna ríkisins og sæti í tækninefnd Orkustofnunar. Hér er um að ræða verkefni, sem hagrannsóknadeildin annast í aðalatriðum nú.

Í 5. gr. eru ákvæði um greiðslu kostnaðar, og þar er gert ráð fyrir, að kostnaður af rekstri stofnunarinnar verði borinn sameiginlega af ríkissjóði og Seðlabanka Íslands og að þeir geri með sér samning um fjármál stofnunarinnar. Í þessum samningi verði kveðið á um gerð fjárhagsáætlana og samþykkt þeirra af hálfu kostnaðaraðilans. Svo er nú um fjárhagsmál stofnunarinnar. Ríkissjóður og Seðlabankinn greiða nú ásamt Framkvæmdasjóði og Byggðasjóði kostnað af starfsemi Framkvæmdastofnunar. Með tilliti til meginverkefna Hagrannsóknastofnunarinnar virðist eðlilegt, að ríkissjóður og Seðlabanki í sameiningu standi straum af rekstrarkostnaði hennar. Sú breyting, sem með þessu verður á kostnaði og kostnaðarþátttöku aðila frá því, sem nú gildir um Framkvæmdastofnun, kallar að sjálfsögðu á nokkra endurskoðun á núv. skiptingu kostnaðar af rekstri hennar.

6. gr. felur í sér till. um samræmingu á ákvæðum l. um Framkvæmdastofnun ríkisins og ákvæði þessa frv. Í l. um Framkvæmdastofnun er helstu ákvæðin um hagrannsóknir að finna í II. kafla, þ. e. 6. gr. l. Í 38. gr. l. er að finna almennt ákvæði um, að Framkvæmdastofnun verði falin þau verkefni, sem Efnahagsstofnuninni voru falin með öðrum l., auk sérstaks ákvæðis um, að forstöðumaður hagrannsóknadeildar gegni hlutverki oddamanns í yfirnefnd Verðlagsráðs sjávarútvegsins. Í 1. gr. þessa frv. er skýrt frá, hvaða verkefni skuli falin Hagrannsóknastofnun, en almennt ákvæði í 38. gr. l. um Framkvæmdastofnun stendur áfram. Önnur ákvæði l. um Framkvæmdastofnun ríkisins, sem varða hagrannsóknir og starfsemi hagrannsóknadeildar, en það, sem hér er beinlínis breytt, eru öll þess efnis, að af sjálfu leiðir, hversu skilja skuli, ef þetta frv. verður að lögum, svo sem t. d. ákvæði 1. gr. um hagrannsóknir og deildaskiptingu stofnunarinnar.

Þetta frv. felur í sér skipulagsbreytingu, sem stefnir að því að efla hagrannsóknir og efla ráðgjöf í landinu, yfirsýn yfir viðburði, er varða landsins hag. Vandleg könnun á afleiðingum þeirra er forsenda skynsamlegra ákvarðana á sviði efnahagsmála og undirstaða alls áætlanastarfs. Þetta verður meginviðfangsefni Hagrannsóknastofnunarinnar. Það hefur verið meginverkefni hagrannsóknadeildarinnar að undanförnu, og hún hefur bæði samkv. lögum og í reyndinni fengið mjög verulega sérstöðu innan Framkvæmdastofnunarinnar, þannig að ég lít svo á, að með þessu frv., ef að lögum verður, sé að verulegu leyti verið að staðfesta þá framkvæmd, sem átt hefur sér stað.

Ég leyfi mér að leggja til, að frv. verði vísað til 2. umr. og hv. fjh.- og viðskn.

Gylfi Þ. Gíslason: Herra forseti. Ég tel rétt, að það komi fram þegar við 1. umr. þessa máls, að þingflokkur Alþfl. er málinu fylgjandi og mun greiða því atkv.

Þegar frv. um Framkvæmdastofnun ríkisins var til umr. hér á hinu háa Alþ. fyrir tveim árum, studdi Alþfl. það frv. Það var flutt á fyrsta þingi núv. ríkisstj., og það mun áreiðanlega mega teljast til fremur sjaldgæfari atburða í þingsögunni, eða það var áður reynslan, að stjórnarandstöðuflokkur styddi mikilvægt frv. frá hæstv. ríkisstj. En það var niðurstaða málsins, að Alþfl. studdi frv. um Framkvæmdastofnunina, vegna þess að henni var falið það verkefni að annast íslenska áætlunargerð, sem Alþfl. telur nauðsynlega í íslenskri hagstjórn. Það voru m. ö. o. verkefni Framkvæmdastofnunarinnar, sem gerðu það að verkum, að Alþfl. við lokaafgreiðslu málsins studdi þetta stjfrv.

Að vísu hafði Alþfl. ýmislegt við frv. að athuga, sérstaklega við það stjórnarfyrirkomulag, sem lagt var til, að á stofnuninni yrði. Hann hafði ekkert við það að athuga, að hin æðsta stjórn stofnunarinnar yrði þingkjörin 7 manna n., eins og átt hefur sér stað, og ekki heldur, að forstaða einstakra deilda skyldi vera í höndum sérfróðra manna, eins og líka varð raunin á. Það, sem Alþfl. taldi óeðlilegt, var, að skipaðir skyldu þrír framkvæmdastjórar fyrir stofnunina, auðsjáanlega út frá stjórnmálasjónarmiðum, enda þótti ljóst af ákvæðum frv., að þrír framkvæmdastjórar skyldu starfa yfir stofnuninni eða við hana og til þess væri ætlast, að þeir

væru tilnefndir af stjórnarflokkunum þremur, sem mynduðu þá og mynda nú ríkisstj. Reynslan sýndi, að þetta hugboð Alþfl. var rétt. Það voru skipaðir yfir stofnunina þrír framkvæmdastjórar út frá pólitískum sjónarmiðum. Þessu var Alþfl. andvígur og greiddi atkv. gegn þeim ákvæðum frv., sem að þessu lutu.

Hins vegar var að frumkvæði Alþfl. gerð ein veigamikil breyting á frv. frá því, sem það upphaflega var. Hún var einmitt fólgin í því, að hagrannsóknadeildinni var ætluð nokkur sérstaða innan stofnunarinnar, hún skyldi ekki lúta stjórn hinna þriggja pólitísku framkvæmdastj., heldur heyra beint undir hina þingkjörnu stjórn og þar með ráðh., æðsta yfirmann stofnunarinnar, sem er hæstv. forsrh. Það var Alþfl., sem hafði forgöngu um, að þessi breyting var gerð á frv. Á hana féllust stjórnarflokkarnir, og studdi það að því, að Alþfl. greiddi við lokaafgreiðslu málsins atkv. með frv. Við héldum því fram í málflutningi okkar þá, að í raun og veru væri eðlilegast, að hagrannsóknadeildin, sem gegna á rannsóknarhlutverki einvörðungu, væri alveg sjálfstæð stofnun. Það er nauðsynlegt, að stofnun, sem gegnir hreinum rannsóknarverkefnum og á að vera til ráðuneytis, ekki aðeins fyrir ríkisstj. og opinberar stofnanir, heldur einnig og ekki síður fyrir aðila vinnumarkaðsins, sé sem sjálfstæðust og óháðust í öllum störfum sínum, til þess að hún geti notið sem óskoraðs trausts. Reynslan hefur orðið sú um hagrannsóknadeildina, eins og hæstv. forsrh. tók alveg réttilega fram í framsöguræðu sinni, að hún hefur unnið sér alveg óvenjulegt traust, ekki aðeins allra þeirra opinberu aðila, sem hún hefur annast ráðgjafarþjónustu fyrir, heldur einnig aðila vinnumarkaðsins. Það er áreiðanlega ekki ofmælt, að báðir aðilar vinnumarkaðsins, bæði verkalýðshreyfing og vinnuveitendur, bera fullkomið traust til hlutleysis og starfshæfni forustumanna og starfsmanna hagrannsóknadeildarinnar. Þess vegna tel ég það tvímælalaust vera rétta stefnu, að hún sé gerð að algerlega sjálfstæðri stofnun, hliðstæðri t. d. Hagstofu Íslands, sem einnig gegnir algerlega hlutlægum eða hlutlausum rannsóknarstörfum og upplýsingasöfnun. Slíkt eykur traust á stofnuninni og auðveldar henni að hafa samvinnu við opinbera aðila og aðila vinnumarkaðsins og auðveldar opinberum aðilum og aðilum vinnumarkaðsins að hafa samvinnu við hana. Þess vegna teljum við í þingflokki Alþfl., að sú stefna, sem þetta frv. markar, sé hárrétt og sé í raun og veru í samræmi við það, sem við upphaflega héldum fram við meðferð málsins hér á hinu háa Alþ. fyrir tveimur árum.

Þetta eru í stuttu máli rökin fyrir því, að við Alþfl.-menn hér á Alþ. munum styðja að framgangi þessa máls.

Umr. frestað.

Neðri deild, 9. fundur.

Miðvikudaginn 31. okt., að loknum 8. fundi.

Tilkyningar aðsetursskipta, frv. (þskj. 35). — 1. umr.

Of skammt var liðið frá 3. umr. í Ed. — Afbrigði samþ. með 27 shlj. atkv.

Menntmrh. (Magnús T. Ólafsson): Herra forseti. Frv., sem liggur fyrir á þskj. 35, er flutt vegna fyrirsjáanlegra vandkvæða á því að koma við réttmætri og eðlilegri skráningu Vestmannaeyinga við gerð íbúaskrár á þessu ári að öllu óbreyttu. Þetta meginefni frv. felst í 3. gr. Þar er lagt til, að á eftir 18. gr. l. um tilkynningar aðsetursskipta bætist bráðabirgðaákvæði. Efni þess er, að allir þeir, sem samkv. gögnum þjóðskrár áttu lögheimili í Vestmannaeyjum hinn 22. jan. 1973 og ekki hafa sjálfir með sérstökum hætti, sem kveðið er á um, tilkynnt um búferli í annað byggðarlag fyrir 25. nóv. n. k., skuli skráðir með lögheimili í Vestmannaeyjum 1. des. 1973. Í þessum ákvæðum felst það, að Hagstofan mun gefa út sérstök skráningargögn og auglýsa skráningarfrest fyrir þá, sem kjósa að skjalfesta búferlaflutning frá Vestmannaeyjum. Allir aðrir, sem skráðir voru með lögheimili í Vestmannaeyjum, þegar ósköpin dundu yfir s. l. vetur, teljast áfram skráðir Vestmannaeyingar. Það hefur að mörgum ástæðum þýðingu, að upp sé tekinn að þessu sinni þessi sérstaki skráningarháttur, en ég nefni aðeins eina, en mjög ríka ástæðu: gerð kjörskrár fyrir væntanlegar bæjarstjórnarkosningar á næsta ári.

Auk þess eru í frv. tvær aðrar gr. um efni algjörlega óskyld þessari megingr. þess. Þar er um að ræða fyrirkomulagsatriði, sem Hagstofan hefur haft hug á að koma inn í l., þegar þau þyrfti að endurskoða eða þeim þyrfti að breyta af öðrum og ríkari ástæðum.

Lagt er til í 1. gr. frv., að aftan við 5. gr. l. um tilkynningar aðsetursskipta komi ákvæði, sem kveði skýrt á um tímafrest, sem mönnum er gefinn til að inna af höndum tilkynningarskyldu, sem á þá fellur, þegar þeir eru þannig komnir inn í landið, að tilkynningarskylda kemur ekki til við hingaðkomu frá útlöndum.

Í 2. gr. er till. um breyt. á 17. gr. l. um tilkynningar aðsetursskipta á þá leið, að sektarákvæði fyrir brot gegn ákvæðum l. séu hækkuð til samræmis við breytt peningagildi, frá því að l. voru sett.

En meginákvæði frv. er framhald þeirrar stefnu allra opinberra aðila að stuðla að því, að samfélag Vestmannaeyinga í útlegðinni raskist í engu að óþörfu. Við samningu frv. hefur verið haft samráð við þá aðila, sem málið er skyldast.

Þörf er að hraða afgreiðslu málsins eins og frekast er kostur, svo að unnt sé að kunngera það fyrirkomulag, sem þar er gert ráð fyrir, með sem lengstum fyrirvara. Ég leyfi mér að láta í ljós þá von, að Alþingi framfylgi í þessu máli markaðri stefnu að greiða fyrir því, að Vestmanneyingum sé gert sem hægast um vik

að halda bólfestu í heimabyggð sinni þrátt fyrir röskunina, sem eldsumbrotin ollu.

Ég legg svo til, herra forseti, að að þessari umr. lokinni verði frv. vísað til 2. umr. og hv. allshn.

ATKVGR.:

Frv. vísað til 2. umr. með 25 shlj. atkv. og til allshn. með 26 shlj. atkv.

Neðri deild, 10. fundur.

Miðvikudaginn 31 okt., að loknum 9. fundi.

Hagrannsóknastofnun og Framkvæmdastofnun ríkisins, frv. (þskj. 3). — Frh. 1. umr.

Lárus Jónsson: Herra forseti. Út af frv. því, sem hér er á dagskrá, vildi ég við 1. umr. rifja nokkuð upp aðdraganda að stofnun Framkvæmdastofnunarinnar á sínum tíma og varpa fram nokkrum spurningum í sambandi við þetta mál. Ég get tekið það fram, að mér finnst, að það frv., sem hér er til afgreiðslu, sé út af fyrir sig góðra gjalda vert, og hefði í raunnini átt að vera annað það frv., sem hæstv. ríkisstj. hefði tekið fyrir á sínum tíma við hliðina á frv. um Framkvæmdastofnunina, vegna þess að eðli málsins skv. hlýtur mál, sem eiga að heyra undir Hagrannsóknastofnunina skv. þessu frv., að heyra undir sjálfstæða stofnun, þar sem hér er um rannsóknir að ræða og ráðgjafarstarf, sem þarf að vinna jöfnum höndum daglega, og þessi stofnun á, eins og fram kemur raunar í þessu frv. og viðurkennt nú um síðir af hæstv. ríkisstj., að vera sjálfstæð og ekki sett undir pólitíska „kommissara", eins og hún var hugsuð á sínum tíma.

Ég vil aðeins rifja upp í sambandi við þetta, að eitt af megingagnrýnisefnum okkar sjálfstæðismanna hér á hv. Alþingi var einmitt þetta atriði. Og ég vil minna á í sambandi við það, sem hv. 7. þm. Reykv. sagði, að það hefði verið Alþfl., sem bjargaði því máli í höfn, að hagrannsóknadeildin var þó gerð sjálfstæðari en í frv. var gert ráð fyrir, að það var jafnskýr gagnrýni hjá okkur sjálfstæðismönnum út af þessum þætti málsins.

Í frv. um Framkvæmdastofnunina var svohljóðandi gr. um hagrannsóknadeildina:

„Deildin annast þær hagfræðilegu athuganir fyrir ríkisstj., er hún kann að óska eftir. Deildin annast og hagfræðilegar athuganir fyrir Seðlabankann og aðra opinberlega aðila, eftir því sem um semst."

Svo mörg voru þau orð, og það var sem sagt alls ekki gert ráð fyrir því að halda áfram því starfi, sem Efnahagsstofnunin hafði á sínum tíma, að vera daglegur ráðgjafi ríkisstj. í efnahagsmálum, að vera daglega að kanna efnahagsmálin, hafa höndina á púlsi efnahagsmálanna, ef svo mætti að orði kveða, og ráðleggja ríkisstj. síðan, hvernig tökum efnahagsmálin skyldu tekin á hverjum tíma.

Þessu var bjargað með því á síðustu stundu, að inn í frv. var bætt breytingu, sem hljóðaði einhvern veginn á þann veg: Deildin er ríkisstj. til ráðuneytis í efnahagsmálum og heyrir beint undir ríkisstj. — Henni var sem sagt komið undan því í fyrsta lagi að vera bara afgreiðslustofnun fyrir ríkisstj., og í öðru lagi var hún þó felld undan hinum pólitísku „kommissörum", sem áttu að stjórna Framkvæmdastofnuninni. Þetta frv. er bein viðurkenning á því, að hér var unnið nánast hlægilega, eins og ég orðaði það í ræðu, sem ég hélt á hv. Alþingi, í þessari hv. d., um þetta mál, að það væri nánast hlægilegt, að það var ætlun ríkisstj. í upphafi að hneppa hagrannsóknadeildina í þessa fjötra, ef ég mætti svo að orði kveða, með því að láta setja hana undir pólitíska „kommissara" og gera hann að eins konar afgreiðslustofnun fyrir sig, eða þá að enginn skildi í raun og veru, undir hvern þessi deild átti að heyra.

Þetta frv. er að þessu leyti viðurknening á, að þessi gagnrýni var rétt frá fyrstu, og er það góðra gjalda vert. En það, sem ég vil fyrst og fremst hér gera að umtalsefni, er, hvað er orðið eftir af Framkvæmdastofnun ríkisins. Nú er undan henni tekin hagrannsóknadeildin með þessu frv. Hæstv. fjmrh. hefur mikið látið af því þessa dagana hér í sölum Alþingis og í fjölmiðlum, að hann hafi breytt vinnubrögðum í fjárlagagerð með því að taka inn framkvæmda- og fjáröflunaráætlun ríkisstj. í fjárlagagerðina. Nú heyrði þetta áður undir Framkvæmdastofnunina og var í rauninni kannske eina ástæðan fyrir því, að það var hægt að kalla þessa stofnun Framkvæmdastofnun, að hún annaðist gerð framkvæmda- og fjáröflunaráætlunar ríkisstj. Nú er þetta verkefni í raun og veru með þessari breytingu á fjárlagagerðinni tekið af Framkvæmdastofnuninni og fellt undir fjárlaga- og hagsýslustofnunina. Það er vitað líka, að margir hæstv. ráðh. sniðganga þessa stofnun algerlega. Stofnunin hefur meira að segja sjálf kvartað yfir því. Í skýrslu stofnunarinnar fyrir 1972 er t. d. komist þannig að orði um togaraáætlunina, að það hafi verið gefnir út almennir skilmálar um togarakaup, og síðan segir: „Var að svo komnu fremur um að ræða að gera heildarúttekt á togarakaupum og fjárhagslegum skuldbindingum þeirra vegna heldur en beina áætlun eða stefnumótun." — Hér er kveðið það skýrt að orði, að enginn þarf um að villast, að fram hjá Framkvæmdastofnuninni var gengið, þegar átti að gera áætlun um togarakaup. Á öðrum stað í þessari skýrslu er þannig komist að orði: „Meðan enginn einn aðili hefur sterkari aðstöðu til heildarsamræmingar en nú er, hlýtur sú heildarstjórn (þ. e. a. s. fjárfestingarinnar) hins vegar jafnan að vera veik, nema mjög náin samvinna takist milli hlutaðeigandi stjórnsýsluaðila." — Hér kvartar sem sagt Framkvæmdastofnunin yfir því, að ýmsir stjórnsýsluaðilar séu ósamvinnuþýðir og vilji raunar ekkert við hana tala um heildarstjórn fjárfestingarinnar, sem átti að vera eitt aðalverkefni þessarar stofnunar.

Nú má enginn skilja orð mín svo, að ég sé með þessu fylgjandi því, að tekin sé upp einhver

hörð stefna í að skipuleggja alla fjárfestingarstarfsemi á einum stað í landinu, þannig að allir framkvæmdaaðilar þurfi undir slíkt farg að ganga að fara á fund slíkra aðila, ef eitthvað þarf að framkvæma í landinu. En ég er með þessum orðum að vekja athygli á því, að stofnunin sjálf hefur kvartað yfir því mjög, að fram hjá henni sé gengið. Ég hef nefnt hér þrjú dæmi. Hæstv. fjmrh. hefur tekið undan stofnuninni framkvæmda- og fjáröflunaráætlun ríkisstj., sem er kannske veigamesti þátturinn, sem búið er að plokka af þessari stofnun, frá því hún var sett á fót. Stofnunin sjálf kvartar undan því, að hæstv. sjútvrh. hafi ekkert viljað við hana tala, þegar um var að ræða togarakaup, fyrr en eftir á, og hún kvartar yfir því, að ýmsar ríkisstofnanir vilji ekki við hana tala um heildarstjórn fjárfestingarmálanna. Dettur manni þá í hug Seðlabankinn og það mál allt saman. En það var nú að vísu eftir að þessi orð voru skrifuð, sem það kom á dagskrá, svo að menn gætu ímyndað sér, hvað ætti að standa í þessari skýrslu frá stofnuninni, ef sú mikla misklíð milli Seðlabankans og hennar, sem upp kom um fjárfestingarmál Seðlabankans, hefði verið komið á dagskrá, áður en þessi skýrsla var gefin.

Spurning mín er: Hvað er eftir af Framkvæmdastofnuninni? Er enn þá hægt að kalla þessa stofnun Framkvæmdastofnun?

Ingólfur Jónsson: Herra forseti. Ég vil við þessa 1. umr. segja örfá orð um þetta merkilega frv., sem hér er um að ræða, þ. e. frv. til l. um Hagrannsóknastofnun ríkisins.

Hv. 7. þm. Reykv. lýsti því yfir, að hann væri fylgjandi þessu frv. Út af fyrir sig er það ekkert óeðlilegt. En ég var alltaf að bíða eftir því, að hv. þm. óskaði eftir, að frv. yrði breytt í það horf, að það gæti leyst Framkvæmdastofnunina algerlega af hólmi. Þetta frv., svo langt sem það nær, er ekki nema gott og blessað, en það er bara of lítið. Það þarf að bæta inn í frv. fleiri atriðum, þannig að það verði hægt að leggja Framkvæmdastofnunina niður í þeirri mynd, sem hún er.

Hv. síðasti ræðumaður spurði að því, hvað ætti að gera við Framkvæmdastofnunina og hvað væri eftir af Framkvæmdastofnuninni, eftir að Hagrannsóknastofnunin hefur verið tekin þaðan í burt. Það er eðlilegt, að spurt sé á þennan veg. En ég held, að það sé eðlilegt að losa ríkið við þann kostnað, sem það hefur af þessu dýra bákni, — bákni, sem ekki svarar þeim kröfum, sem til var ætlast af hæstv. ríkisstj. og stuðningsmönnum hennar.

Framkvæmdastofnunin er fósturbarn hæstv. ríkisstj., en hæstv. ríkisstj. hefur komist að raun um, að þetta fósturbarn hefur brugðist hlutverki sínu. Þess vegna er sagt í aths. með frv.: „Reynslan, sem fengist hefur á þeim tíma, sem Framkvæmdastofnunin hefur starfað, hefur staðfest nauðsyn sjálfstæðrar stöðu starfs hagrannsóknadeildar.“ — M. ö. o. reynslan er ekki góð af því að hafa hagrannsóknastofnunina nokkuð í tengslum við Framkvæmdastofnunina, og mig undrar ekki, þótt hæstv. forsrh. hafi fundið, að reynslan er ekki góð. Reynslan er raunaleg af þessari stofnun, ekki af því að þar vanti góða starfskrafta, heldur vegna þess að þeir starfskraftar, sem þar eru og margir ágætir menn, fá ekki notið sín. Þessi stofnun átti að vera byggð á miklu skipulagi, og hún átti að starfa að því að skipuleggja flestalla hluti í landinu. En það lítur út fyrir, að þetta hafi verið ofskipulagt, enda kannske ekki að furða, þótt stjórnin hafi orðið erfið á þessum hlutum, þar sem það eru í rauninni 13 menn, sem eiga að stýra fyrirtækinu. Það eru 7 alþm. kjörnir af Alþ., og það eru 3 í framkvæmdaráði skipaðir af ríkisstj. og svo deildarstjórarnir þrír, sem reyndar fá ekki notið sín vegna boða ofan að. Framkvæmdastofnunin hefur orðið dýr beinlínis í útlögðum peningum fyrir ríkið, en hún hefur þó orðið dýrari á óbeinan hátt með því að svara ekki því hlutverki, sem henni var ætlað að inna af hendi.

Ég efast ekkert um, að hæstv. forsrh., sem talaði fyrir þessu frv. hér áðan, hefur gert sér grein fyrir þeirri bitru reynslu, sem af þessari stofnun hefur fengist. Það er ekki aðeins það, að stofnunin hafi brugðist á hagrannsóknasviðinu, eins og greinilega kemur fram með flutningi þessa frv., heldur einnig á öðrum sviðum. Það hefur verið fjölgað þarna fólki, það hefur verið fengið dýrt húsnæði og stofnkostnaður mikill, en afköstin hafa ekki aukist frá því, sem var. Það var áætlunargerð hér áður, sem Efnahagsstofnunin hafði með að gera og vann vel og skipulega að þeim málum. Þá fengu starfsmennirnir í stofnuninni að njóta sín, og þá var miklu áorkað í áætlunargerð. Atvinnujöfnunarsjóður var starfandi og Framkvæmdasjóður ríkisins. Þessar þrjár stofnanir voru lagðar inn í Framkvæmdastofnunina. Framkvæmdastofnunin átti að vinna það, sem þessar þrjár stofnanir höfðu gert. Og það hefði mátt ætla, að Framkvæmdastofnuninni hefði nægt að mestu það starfslið, sem hún fékk með þessum stofnunum, að kostnaðurinn hefði ekki þurft að aukast úr hófi fram frá því, sem var. En raunin hefur orðið allt önnur. Kostnaður við Efnahagsstofnunina 1971 var 13.2 millj. kr., rekstur Framkvæmdasjóðs ríkisins 4.8 millj., rekstrarkostnaður Atvinnujöfnunarsjóðs 2.9 millj. Kostnaður alls 20.9 millj. 1971. En 1972 er kostnaður við Framkvæmdastofnunina, sem ekki starfaði þó, að ég ætla, nema 9 eða jafnvel ekki nema 8 mánuði ársins, var 32.8 millj. plús 7 millj., sama sem 38.9 millj., m. ö. o. nærri 100% hækkun frá árinu áður. Það ber ábyggilega öllum saman um það, að vinnuafköstin í Framkvæmdastofnuninni jukust lítillega frá því sem var árið áður. Þetta er ekki sagt til þess að gera lítið úr starfsfólkinu þarna, heldur virðist það vera svo, að skipulagið og stjórnsemin í stofnuninni hafi verið þannig, að þessir ágætu starfskraftar fengu ekki að njóta sín eins og áður var. Áætlaður kostnaður 1973 var í fyrstu áætlun 43 millj., en endurskoðuð áætlun 49.8 millj. eða nær 150% hækkun frá árinu 1971. Þá hefur verið gerð kostnaðaráætlun fyrir árið 1974, og það er frumáætlun, 55.3 millj. kr., en hvað skyldi endurskoðuð kostnaðaráætlun verða há? Það liggur ekki fyrir, en hefur verið

giskað á, að það muni verða a. m. k. 65—70 millj. kr., eftir að búið er að taka hagrannsóknadeildina í burtu. Að sjálfsögðu hlýtur að verða mikill kostnaður við hagrannsóknadeildina, og ef við segðum, að hagrannsóknadeildin ætti að vera hjá Framkvæmdastofnuninni áfram, þá er ekki fjarri lagi að ætla, að kostnaður við Framkvæmdastofnunina 1974 gæti orðið allt að 80 milljónir kr., en var 20.9 millj. 1971. Þetta er á undan hækkun fjárl., vegna þess að þau hafa ekki nema þrefaldast síðan 1971, og má segja, að það sé vel af sér vikið.

Ég ætla ekki að fara að endurtaka það, sem hv. síðasti ræðumaður sagði áðan í sambandi við það, sem talað var, þegar löggjöf um Framkvæmdastofnunina var sett. Þær viðvaranir, sem við sjálfstæðismenn viðhöfðum þá, er óþarfi að endurtaka, enda munu flestir hv. þm. muna það, þar sem ekki eru nema tvö ár síðan þetta var. Mér finnst það fagnaðarefni, að hæstv. forsrh. og væntanlega ríkisstj. öll, þar sem hér er um stjfrv. að ræða, hafa komið auga á það, að þetta fósturbarn hefur brugðist, að hæstv. ríkisstj. er nú farin að reyta fjaðrirnar af þessu fósturbarni. En hún hefur bara ekki stigið sporið til fulls með því að leggja Framkvæmdastofnunina niður og flytja frv. um aðra stofnun, sem vinni að áætlunargerð, sem vinni það, sem Efnahagsstofnunin, Atvinnujöfnunarsjóður og Framkvæmdasjóður ríkisins höfðu áður með höndum, koma því aftur í eðlilegt horf, sem ekki þarf að vera eins kostnaðarsamt og það, sem nú er, — koma því í það horf, að þessar stofnanir vinni að raunverulegri áætlunargerð, verði hæstv. ríkisstj. til aðstoðar í efnahags- og fjármálum, aðstoði hæstv. ríkisstj. til þess að koma í veg fyrir, að allt fari úr böndunum í fjármálum og efnahagsmálum, eins og nú virðist vera að gerast. Það er þetta, sem þarf að gera. Verður að vænta þess, að hv. n., sem fær þetta frv. til athugunar, stuðli að því, að sporið verði stigið til fulls. Þetta frv. er aðeins hluti af málinu, því að það er rétt, sem hér hefur verið sagt, að þegar búið er að taka hagrannsóknastofnunina frá Framkvæmdastofnuninni, þá er búið að taka allt það vandasamasta frá stofnuninni. Nær þá ekki nokkurri átt að láta stofnunina starfa áfram með fjölda manns og miklum kostnaði, sem nemur allt að 65—70 millj. kr. á næsta ári. Allir þurfa nú að taka höndum saman um hagkvæm vinnubrögð, hvort sem þeir eru stuðningsmenn ríkisstj. eða í stjórnarandstöðu, og reyna að fara að hafa stjórn á málunum og gæta meiri sparsemi og hagsýni en verið hefur síðustu tvö árin.

Benedikt Gröndal: Herra forseti. Ég ætla aðeins að bæta nokkrum orðum við umr. um þetta mál, vegna þess að það gengur gersamlega fram af mér að hlusta á það íhaldsrugl, sem síðustu ræðumenn Sjálfstfl. hafa látið út úr sér um Framkvæmdastofnunina. Ég vil byrja á því að benda á, að þeir sjálfstæðismenn, sem eiga sæti í stjórn hennar og þekkja til hennar, hafa vit á því að vera ekki í salnum í dag og tala ekki. En það eru þessir úrvals íhaldsmenn, sem ekki hafa komið nálægt stjórn stofnunarinnar og sjálfsagt þekkja lítið til hennar, sem vitrastir eru og gefa heilræðin. Og heilræðið í dag er, að það eigi að afnema þessa stofnun, og þá er sjálfsagt að setja upp nýtt „apparat" fyrir Byggðasjóð, sem var til áður, setja upp nýtt „apparat" fyrir Framkvæmdasjóð, sem var til áður, og það verður sjálfsagt að setja upp nýtt „apparat" fyrir áætlunardeild, því að áætlun er ekki partur af því hlutverki, sem sú stofnun á að hafa, er nú verður skilin frá Framkvæmdastofnuninni.

Það kann að standa í grg. þess frv., sem hér er til umr., að reynslan hafi sýnt, að það sé skynsamlegra að skilja þá deild frá, sem frv. greinir um. Ég er í sjálfu sér, eins og fram hefur komið frá mínum flokki, samþykkur frv. og tel það út af fyrir sig ekki óeðlilegt, að þessi deild starfi sjálfstætt. En ég hef ekki orðið var við neina reynslu í Framkvæmdastofnuninni hvað þetta snertir. Ég hef ekki orðið var við það, þó að ég hafi átt sæti í stjórn þar, að það hafi orðið þessari deild að nokkru leyti til erfiðleika eða hamlað störfum hennar, að hún var hluti af Framkvæmdastofnuninni. Eina reynslan, sem hefur fengist, er sú, að það hefur komið í ljós, að þessi deild starfar sjálfstætt og í beinu sambandi við ríkisstj., eins og ákveðið var af Alþ., að hún skyldi gera, m.a. fyrir frumkvæði og baráttu fulltrúa Alþfl. í n. og till. þeirra, sem hæstv. ríkisstj. tók til greina á sínum tíma. Það er engin reynsla um neitt annað.

Ég skil ekki, hversu fávísir menn geta verið að standa hér upp og spyrja: Hvað er eftir af Framkvæmdastofnuninni, þegar þessi deild er frá skilin? Hvað er eftir? (**LárJ:** Hvað er eftir?) Ja, hvað er eftir? Hefur ekki hv. þm., sem grípur fram í, sjálfur verið að reyna að gera sig að talsmanni dreifbýlisins á Íslandi? Hefur hann aldrei heyrt Byggðasjóð nefndan? Byggðasjóður einn er nægileg réttlæting fyrir því, að það, sem eftir er, starfi áfram .... (Gripið fram í.) Ég hygg, að ef kjósendur í kjördæmi hv. þm., sem er svona viss í sinni sök, fengju að segja eitthvað um þá aðstoð, sem þeir hafa fengið frá Framkvæmdastofnun ríkisins á öllu Norðurlandi, þá mundi eitthvað annað koma upp úr þeim, en fullyrðingar eins og hv. þm. var með. Ég skora á hv. þm. að koma fram á fundum á Norðurlandi og láta í ljós fullyrðingar eins og þær, sem hann hefur hér látið út úr sér.

Tilgangurinn með Framkvæmdastofnuninni og meginástæðan fyrir því, að Alþfl. studdi hana, var að efla og auka áætlanagerð í landinu. Ég hef áður, þegar Framkvæmdastofnunina hefur borið hér á góma, látið í ljós gagnrýni á því, að þessu áætlunarhlutverki hafi e. t. v. ekki verið gegnt eins vel og upphafleg ætlun var. Ef það á að gagnrýna Framkvæmdastofnunina, sem sjálfsagt má eins og allar aðrar stofnanir, er það fyrst og fremst fyrir það, að hún skuli ekki hafa lagt miklu meiri áherslu á áætlunarhlutverkið en hún hefur gert. Það er alveg rétt, sem komið hefur fram í skjölum, er hér hafa verið lesin, að sumir aðilar í ríkisstj. hafa algerlega

gengið fram hjá áætlunargerð stofnunarinnar og satt að segja þeir aðilar, sem ætla mætti, eftir því sem pólitísk skoðun þeirra og almennar stefnuskrár flokka þeirra herma, að hefðu mestan áhuga á raunhæfri áætlanagerð. Togaraáætlunin var að sjálfsögðu hlægileg, en hún var gerð, þegar togarakaupin voru að mestu leyti um garð gengin, en þau hófust mörgum missirum áður en Framkvæmdastofnunin var sett á fót. Það hafa gert vart við sig margir vaxtarverkir í stofnuninni, sem eru skyldir þessum. Við höfum ekki náð valdi á raunhæfri áætlanagerð enn þá, það er alveg rétt. En Efnahagsstofnunin, sem áður var til og var eitt af einkafyrirtækjunum undir stjórn „apparatsins“ í Seðlabankanum og fjmrn. o. s. frv. og Alþ. hafði ekkert með að gera, var þar ekki til neinnar fyrirmyndar. Síðustu hugmyndir, sem þaðan komu um áætlanagerð, voru, að það ætti að dreifa henni, allt að því afnema hana, nema bara hvað hverju ráðuneyti þóknaðist að gera út af fyrir sig.

Ég held, að vangaveltur um kostnað í sambandi við þessa stofnun geti flokkast sem almennar vangaveltur um opinberan fjárhag á þessu tímabili. Eins og hv. 1. þm. Sunnl. benti á, hafa fjárlög hækkað allmikið, og þessi stofnun sver sig í ætt við þá þróun, sem hefur verið í opinberum fjármálum. Ég skal ekki réttlæta þá þróun á nokkurn hátt og hef gagnrýnt hana á öðrum vettvangi. En það er til umhugsunar fyrir þá, sem harðastri gagnrýni hreyfa á Framkvæmdastofnunina, sjálfstæðismenn, að tveir af flokksbræðrum þeirra hér á Alþ. eiga sæti í stjórn þessarar stofnunar, ágætir menn, glöggir, annar þeirra fyrrv. fjmrh., hvorki meira né minna, sem gegndi því starfi með miklum ágætum á sínum tíma. Þeir hafa setið í stjórn þessarar stofnunar, síðan hún tók til starfa. Og ég hef aldrei heyrt úr þeirra munni neina einustu till. um sparnað í rekstri eða annað slíkt. Þeir hafa ekki haft neinum ráðum að miðla í þeim efnum, sem hefðu getað gert þróun fjárhags stofnunarinnar aðra en hin almenna þróun í fjármálum ríkisins hefur verið.

Ég tel þess vegna, svo að ég endurtaki kjarnann í því, sem ég vildi segja, að það, sem eftir er af Framkvæmdastofnuninni, er dreifbýlis- og áætlunarhlutverkið: Byggðasjóður, Framkvæmdasjóður og áætlanadeild, sem enn hefur ekki náð fullu valdi á þeirri áætlunargerð, sem við þurfum, en hefur þó tekið miklum framförum. Ég hef ekki orðið var við, að það hafi orðið mikil fjölgun á starfsliði. Að vísu hefur stofnunin komið sér fyrir í nýju húsnæði, en hún var áður dreifð á þremur stöðum: í Landsbankanum, Seðlabankanum og skrifstofuhúsnæði við Laugaveg. Ég held, að það hafi verið teppi á öllum þeim gólfum og ágæt húsgögn og allt það plúss, sem losnaði, þegar stofnunin fór þaðan, hafi fyllst þegjandi og hljóðalaust af öðrum opinberum stofnunum, svo að það er ekki um það að sakast. Ekki yrði mér það sárt, þó að kostnaði yrði haldið niðri, en ég vil ekki sitja undir því, að slíkur andróður sé hafður uppi gegn þessari stofnun, síst af öllu af hálfu sjálfstæðismanna, því að eftir hálfs annars áratugs stjórnarsamstarfs við þá veit ég af reynslunni, að þeir eru ekki tregari heldur en aðrir menn í þessu landi til að setja upp opinberar stofnanir, nefndir, skrifstofur með teppum, húsnæði, málverkum, gardínum, skrifborðum og öllu, sem til þarf. Ríkisbáknið hefur ekki í annan tíma blómgast meira en þegar þeir sátu sjálfir í stjórn. Þess vegna þykir mér nóg um, þegar þeir býsnast svo mjög yfir þessari einu stofnun, sem sett var upp til þess að vinna verk, sem þrjú skrifstofu-„apparöt“ unnu, meðan sjálfstæðismenn réðu þessu landi.

Lárus Jónsson: Herra forseti. Ég býð hv. 7. þm. Reykv. velkominn í tölu úrvals íhaldsmnana. Hann talaði hér og fór með afskaplega svipað mál og við hv. 1. þm. Sunnl., að því er varðaði málið, sem hér er á dagskrá. Hann benti á, að það væri rétt, að þessi stofnun, þ. e. Hagrannsóknastofnunin, starfaði sér, eins og gert er ráð fyrir í þessu frv., sem hér er. Hann var viðskrh., þegar privatfyrirtækið Efnahagsstofnunin var við lýði. Hann var þá í ríkisstj., studdur af hv. þm. Benedikt Gröndal, sem kannske finnur einhverja hvöt hjá sér til þess að koma einhverjum skammaryrðum til hv. 7. þm. Reykv. hér á hv. Alþ. undir rós, þegar hann er að skamma okkur hv. 1. þm. Sunnl.

Ég skal láta nóg sagt um þetta mál, en ég vil aðeins víkja efnislega að því, sem hv. þm. Benedikt Gröndal sagði hér. Að vísu gagnrýndi hann ekki mitt mál með neinum rökum. Ég hafði bent á, hvað hefði verið tekið af Framkvæmdastofnuninni. Það hefði verið tekið af henni hagrannsóknadeildin, eða ætti að taka af henni með þessu frv. Það væri yfirlýst stefna hæstv. fjmrh. að taka af henni framkvæmda- og fjáröflunaráætlun ríkisstj., og það hefðu einhvern tíma þótt tíðindi, að það hefði verið gert og fært í aðra stofnun. Ég benti á það með rökum, að stofnunin sjálf kvartaði yfir því, að einstakir ráðherrar gengju fram hjá henni, og spurði: Hvað er eftir? Hv. þm. hellir sér hér yfir mig og segir, að byggðamálin séu eftir. Ég vil benda þessum hv. þm. á það, að hv. 1. þm. Vestf. — hann situr í stjórn þessarar stofnunar — flutti á síðasta þingi till. til þál. um byggðamál. Í grg. þeirrar till. er bent á það, að Framkvæmdastofnunin hafi einungis einstaka þætti byggðamálanna á sinni könnu, og sú till. gekk út á það að setja á laggir sérstaka nefnd, vegna þess að það væri ekkert „apparat“ til í þjóðfélaginu, sem hefði „byggðamálin í heild“ á sinni könnu. Ég var ekki með því að spyrja, hvað sé orðið eftir af Framkvæmdastofnuninni, að tala um, að allir þeir þættir, sem hún hefði núna, yrðu lagðir niður. Hvernig var hægt að leggja þann skilning í mitt mál? Á hinn bóginn er mikil spurning, þegar búið er að plokka allar þessar fjaðrir af þessari stofnun, eins og ég hef hér bent á með rökum, að gert hafi verið, hvort ekki þurfi þar verulegar skipulagsbreytingar. Ég á bágt með að skilja, þegar menn halda fram málflutningi eins og þessum. Það er búið að sýna fram á, hvað búið er að

breyta þessu „apparati" mikið, Framkvæmdastofnun ríkisins. Það er búið að sýna fram á það með rökum, og þá koma menn hér og líta á þetta eins og einhverja heilaga kú, þarna sé um að ræða hlut, sem sé gersamlega heilagur og megi ekkert hrófla við, og það sé spurning um það, hvort menn séu íhaldssamir eða ekki, hvort slíkri stofnun sé breytt, eftir að búið er í framkvæmd að plokka þessar fjaðrir af henni.

Ég get vel tekið undir það með hv. þm. Benedikt Gröndal, að ýmsir sjálfstæðismenn — og flestir sjálfstæðismanna sjálfsagt — vilja vinna af raunsæi að áætlanagerð, og það vil ég líka. Ég tel mig kannske fremstan í flokki af þessum mönnum. En ég kannast ekki við það, að gagnrýni sú, sem ég hef hér borið fram, sé í neinni mótsögn við það, hún sé þannig, að það sé hægt að bendla við hreina íhaldsmennsku. A. m. k. hef ég aldrei skilið orðið íhaldssamur þannig í íslensku, að það séu þeir menn, sem vilja breyta. En ef þeir, sem ekki vilja breyta neinu og líta á ástandið eins og það er gott og blessað, eru kallaðir róttækir, þá er ég farinn að skilja íslenskt mál eitthvað skakt.

Matthías Bjarnason: Herra forseti. Ég hafði hugsað mér að taka til máls fyrr í þessum umræðum, en eftir að hv. 7. þm. Reykv. og hv. 5. þm. Norðurl. e. höfðu talað, féll ég frá orðinu. En út af orðum, sem hér hafa átt sér stað síðan, sérstaklega frá hv. 8. landsk. þm., gat ég ekki lengur staðist freistinguna að koma hér í ræðustólinn, því að hann vitnaði hér í okkur fulltrúa Sjálfstfl. í stjórn Framkvæmdastofnunar ríkisins á þann veg, að við hefðum aldrei gert neinar athugasemdir við þann kostnað, sem væri af rekstri þessarar stofnunar, og lét að því liggja, að við værum í raun og sannleika ánægðir með allan þennan rekstur í einu og öllu. Það er tvennt ólíkt, hvort menn eru ánægðir með eitthvað eða hvort þeir tönnlast á því á hverjum stjórnarfundi. Ég hygg, að ég megi mæla bæði fyrir mig og Magnús Jónsson, þegar ég segi, að við vorum báðir þeirrar skoðunar, að þegar þessi lög um Framkvæmdastofnun ríkisins tóku gildi, hafi verið hagkvæmara að láta afgreiðslu mála vera á þeim stöðum, þar sem hún var fyrir, — þá á ég við Framkvæmdasjóð í Seðlabankanum og Atvinnujöfnunarsjóð, sem nú heitir Byggðasjóður og var til húsa í Landsbanka Íslands á Laugavegi 77, — við vorum þeirrar skoðunar, að hér væri verið að fara út í dýrari rekstur með því að setja þetta allt á eina stóra og mikla skrifstofu, og ég sný ekki frá því. Ég tel, að þessar stofnanir, sem áður gegndu sama hlutverki og Framkvæmdastofnunin, hafi notið alveg sérstakra vildarkjara hjá Seðlabanka og Landsbanka, þ. e. a. s. Framkvæmdasjóður og Atvinnujöfnunarsjóður. Hitt er svo annað mál, að menn telja ekki þörf á að rífast um það vikum, mánuðum og jafnvel árum saman, að slík breyting skuli hafa verið gerð, og það er í sjálfu sér lítið skemmtilegt hlutverk að sitja í stjórn jafnviðamikillar stofnunar og þessi stofnun er og vera alltaf að rífast um sama hlutinn, sem búið er að framkvæma. Ég vildi aðeins, að þetta kæmi fram, að það lýsir ekki og sannar ekki á nokkurn hátt, að við þessir tveir stjórnarmenn höfum verið ánægðir með þessa breytingu.

Hv. 7. þm. Reykv. lét orð falla á þá leið, að lokinni ræðu hæstv. forsrh., að Alþfl. hefði haft frumkvæði að því, að frv. um Framkvæmdastofnun ríkisins hefði verið breytt á þann veg, að hagrannsóknadeildin var gerð að sjálfstæðum aðila samkv. 6. gr. laganna. Það kemur mér og raunar engum á óvart, þegar talsmenn Alþfl. telja sig eiginlega alltaf eiga öll mál, sem eitthvað horfa til bóta, og er þetta að verða skemmtilegur þáttur í ræðum flokksmanna Alþfl., að eiga allt, sem betur hefur farið í þjóðfélaginu. Það er í raun og veru ljótt, eins og málefnum og högum þess flokks er komið, að vera að hryggja þessa forustumenn með því að segja, að þetta sé ekki alls kostar rétt allt saman. En ég verð, þótt mér þyki leitt að hryggja þessa ágætu menn, bæði 7. þm. Reykv. og hv. 8. landsk. þm., að segja þeim, að þegar núv. ríkisstj. lagði fram frv. um Framkvæmdastofnun ríkisins, þá mætti það harðri andstöðu Sjálfstfl., þó ekki að öllu leyti. Sjálfstfl. viðurkenndi eðlilega það, sem áður hafði verið gert í þessum efnum, bæði með stofnun og starfsemi Efnahagsstofnunarinnar, sem var framkvæmd með ágætum vilja Alþfl., og núv. varaform. Alþfl. er nú farinn að tala illa um, því að það er búið að leggja hana niður sem slíka, og sömuleiðis með stofnun Atvinnujöfnunarsjóðs, sem er ekkert annað en það, sem Byggðasjóður nú er.

Skoðun okkar var sú, að það þyrfti að mörgu leyti að efla áætlunarstarfsemi, og Sjálfstfl. er ekki fjær áætlanagerð en það, að hann beitti sér ásamt Alþfl., — ég lofa Alþfl. auðvitað að vera með, því að ekki má maður gleyma því, — fyrir því, að Efnahagsstofnunin var sett á fót með það fyrir augum að taka upp skipulegri vinnubrögð við áætlanagerð og við framkvæmdir. En þegar menn tala um áætlanagerð, hvar sem þeir eru í flokki, verða þeir að taka áætlanagerð með nokkurri varúð. Það er ekki nóg að hafa tugi manna við áætlanagerð í þjóðfélaginu við þetta og hitt. Það verður að hugsa um það jafnhliða að framkvæma áætlanir, sem verið er að gera, þær verði ekki orðnar svo gamlar, þegar röðin kemur að þeim og fjármagn til að framkvæma þær hefur verið útvegað, að þær verði ekki orðnar svo úreltar, að það þurfi að setjast aftur niður til þess að semja nýja áætlanagerð, vegna þess að sú fyrri er orðin úrelt, vegna þess að hún þurfti að bíða svo lengi eftir fjármagni. Þetta held ég að hver maður og hver stjórnmálaflokkur verði að gera sér ljóst.

Framkvæmdastofnunin átti að vera stórt og mikið bákn í þjóðfélaginu frá hendi núv. hæstv. ríkisstjórnar. Við bentum á það, stjórnarandstöðuflokkarnir báðir — þeir eru víst orðnir þrír núna, þá voru þeir tveir, — að það næði ekki nokkurri átt að setja hagrannsóknastarfsemi undir pólitíska stjórn, hún ætti eðlilega að vera eins óháð og hægt er. Við vildum ganga lengra, þegar við ræddum þetta mál í fjhn. Nd., og þó að hv. 7. þm. Reykv. hafi sagt, að hann og

Alþfl. hafi átt allt frumkvæði að því, — hann var ekki í salnum, þegar ég nefndi þetta áðan, en ég sé að hann er nú kominn í salinn, — þá vil ég nú minna hann á, að það stóð ekki á sjálfstmönnum, og þeir höfðu orð á því alveg til jafns við hann, að það næði ekki nokkurri átt að ganga þannig frá þessu frv. Það var gert hlé á störfum nefndanna tvo fundi í röð, á meðan verið var að ná samkomulagi við ríkisstj. um breytingu í þessa átt. Við vildum þá ganga lengra, við vildum ganga nokkurn veginn eins langt og hæstv. forsrh. gengur nú, að gera hagrannsóknastofnunina algjörlega sjálfstæða, en hann þurfti þennan tíma til að átta sig. Menn eru auðvitað misjafnlega fljótir að að átta sig, og er ekkert við því að segja.

Ég tel fyrir mitt leyti, að þetta frv. gangi mjög í þá átt, sem við lögðum þá til, og í meginatriðum er ég fyrir mitt leyti sammála þessu frv. Auðvitað koma kannske til greina smábreytingar á því, sem verður að skoða í nefnd, en í heild tel ég, að við getum verið sammála hæstv. forsrh. í því, sem hann sagði um þetta atriði hér áðan.

En það er eitt að lokum, sem ég vil gera nokkuð að umræðuefni, eftir að hafa hlustað á jafnsterka talsmenn þessarar stofnunar og hv. 8. landsk. þm., því að hann gekk lengra en sjálft stjórnarliðið í að vegsema það fyrirkomulag, sem nú er ríkjandi, en ég tel, að þeirri starfsemi, sem þar á sér stað, sé að mörgu leyti þröngur stakkur sniðinn, því að ákveðnir ráðh. í núv. ríkisstjórn taka ekki nema mjög takmarkað tillit til þessarar stofnunar og starfsemi hennar. Er ekki víða verið að vinna sama verkið eða hliðstætt verkefni? Þarf ekki að kippa þessu í lag? Ég held, að það þurfi að samræma betur þessi vinnubrögð heldur en gert hefur verið. Og svo hitt, þó að við viljum fá áætlun um allt mögulegt, þá verður líka að fylgjast að nokkurn veginn áætlun um, hvernig eigi að afla fjár til hlutanna, og það eru líka takmörk fyrir því sett, svo sem áður hefur verið oft minnst á, og ráðamenn í þessu þjóðfélagi þurfa að hægja svolítið á sér á sprettinum. Það sjá allir menn, að það er kapphlaup í þessu þjóðfélagi. Það verður að draga úr þeirri spennu, sem er ríkjandi, en það verður ekki gert með því að bæta fleiri og fleiri við áætlanagerð í hinum ýmsu stofnunum. Það verður að taka upp skipulegri vinnubrögð en nú eiga sér stað. Það er ekki nóg að tala um að setja á laggirnar stofnanir til að taka upp skipuleg vinnubrögð, ef þeim er það þröngur stakkur sniðinn, að þær geti engan veginn fengið að ráða ferðinni, og ef gripið er fram fyrir hendurnar á þeim í tíma og ótíma af þeim mönnum, sem sjálfir hafa lagt á það höfuðáherslu að koma þessari stofnun upp með því sniði, sem hún nú starfar.

Forsrh. (Ólafur Jóhannesson): Herra forseti. Ég vil leyfa mér að þakka hv. 7. þm. Reykv. og reyndar öðrum ræðumönnum, sem hér hafa talað, fyrir það, hve vel þeir hafa tekið þessu frv. út af fyrir sig. Mér sýnist, að það komi fram, í þeim umr., að þeir séu sammála um það, þó að þá greini á um sitthvað, að svona, einmitt svona, hefðu þeir viljað hafa þetta í öndverðu. Þá geri ég ráð fyrir, að allir geti orðið ásáttir um að breyta því í þessa átt, sem hér er gert ráð fyrir, enda komu ekki fram andstæð sjónarmið. Þó að það kæmu svo í leiðinni frá einstökum þm. ýmsar athugasemdir varðandi Framkvæmdastofnunina, þá tek ég þær athugasemdir ekki mjög hátíðlega. Mér fannst þær minna svolítið á eftirhreytur af umræðunum, sem fram fóru um Framkvæmdastofnunina hér á sínum tíma.

Ég þarf ekki að eyða hér tíma í að útskýra það, hvað sé eftir af Framkvæmdastofnuninni. Hv. þm. Benedikt Gröndal hefur þar tekið af mér ómakið. Það eru sem sagt tvær höfuðdeildir, lánadeild og áætlanadeild. Og auðvitað var það alltaf svo, að í Framkvæmdastofnuninni var eitt höfuðatriðið það að koma upp áætlunum og færa það starf allt í fastara form en það hafði verið. Það hefur reyndar líka sýnt sig á stuttum starfstíma Framkvæmdastofnunarinnar, að það hefur ekki staðið á verkefnum henni til handa á því sviði. Hv. alþm. hafa m.a. verið ósparir á að gera samþykktir, þar sem þeir hafa falið Framkvæmdastofnuninni að gera áætlanir um þetta eða hitt. Ég held, að það fari ekki langt frá hinu rétta, þó að ég segi, að það hafi a.m.k. verið samþ. einar sex eða sjö ályktanir hér á hv. Alþingi um byggðaáætlanir, þar sem því hefur verið beint til Framkvæmdastofnunarinnar að gera þær. Og Framkvæmdastofnunin, áætlanadeildin, hefur verið og er að vinna að þessum verkefnum. En þrátt fyrir það, að mönnum þyki kostnaður við þessar deildir hafa farið vaxandi, þá er það svo, að hæfir starfskraftar, sem þær hafa yfir að ráða, eru of takmarkaðir, til þess að þær geti sinnt þessum verkefnum með þeim hraða, sem óskað er eftir, t.d. byggðarlögin óska eftir og bíða eftir. Ég er ekki í nokkrum vafa um það, að þessar áætlanir, sem Framkvæmdastofnunin eða áætlanadeildin vinnur að, eiga eftir að verða mjög mikilvægar, og ég held, að þeir starfshættir, sem hafa tíðkast við þessar áætlanagerðir, séu eðlilegir og heilbrigðir. Það hefur ekki bara verið skrifstofuvinna hér í Reykjavík, heldur hafa bæði starfsmenn stofnunarinnar og framkvæmdastjórarnir til skiptis farið út um landið og í hina einstöku landshluta, þar sem þegar hefur verið áætlað um, og heimsótt þessa landshluta við mikla ánægju, er mér óhætt að segja, allra heimamanna, sem hafa tekið því fegins hendi að fá að skýra út fyrir þeim vandamál sín. Þetta er mjög stórt verkefni, sem áætlanadeildin hefur, og þarf vissulega ekki að vera neitt að spyrja um það, hvað sé eiginlega eftir af Framkvæmdastofnuninni, þó að hagrannsóknadeildin sé tekin þar frá.

Um lánadeildina hélt ég, að mönnum væri líka kunnugt, og ég hélt satt að segja, að margir hv. þm. hefðu góða sögu að segja af viðskiptum sínum við lánadeildina, Byggðasjóð m.a., því að það eru ekki svo fá verkefnin, sem þeir hafa leitað með til þessarar stofnunar og fengið úrlausn, eftir því sem kostur hefur verið. Og það

er áreiðanlegt, að fólk víða úti um land, alveg sama hvaða pólitískum flokki kjördæmið tilheyrir, kann að meta þessa starfsemi Framkvæmdastofnunarinnar.

Það er enn verið að tala um, að það hafi verið settir þarna pólitískir framkvæmdastjórar. Ég skal ekki fara að elta ólar við það, en yfir er stjórn sjö manna, skipuð fulltrúum allra flokka, sem geta fylgst með, og ég verð að segja það, að ég, sem fæ fundargerðir af þeim stjórnarfundum, fæ ekki séð, að það beri mikið á því, að þar séu mál afgreidd með ágreiningi, þó að auðvitað komi slíkt fyrir. Ég hefði líka gaman af að heyra nefnd dæmi um það, að framkvæmdastjórarnir hefðu í sinni tillögugerð beytt pólitiskri misnotkun. Ég efast um, að það sé nokkur hér á hv. Alþingi, sem verður til þess að bera þeim það á brýn. Ég hygg, að þessar raddir séu þagnaðar að mestu, og þær ættu að þagna alveg.

Viðvíkjandi því, sem minnst var á hér, að fjárfestingarstjórnin væri of veik, þá vil ég segja það, að því var marglýst yfir af mér, þegar ég mælti fyrir þessu frv., að það væri ekki meiningin með því að vera að innleiða hér nokkra sérstaka fjárfestingarstjórn, neinar fjárfestingarhömlur. Það var alveg sama, hvað oft ég sagði þetta, andstæðingarnir stóðu upp og sögðu alltaf: Jú, það á að innleiða hér fjárfestingarhöft og fjárfestingarhömlur. Það er ekkert í lögunum um það. Það segir í l., að Framkvæmdastofnunin fari með stjórn fjárfestingarmála, eftir því sem fyrir er mælt í l. þessum, og þar er tekið fram hvernig fjárfestingarstjórninni er háttað, og Framkvæmdastofnunin hefur aðeins heimild til þess að setja almennar reglur um að banna tilteknar framkvæmdir um sinn eftir almennum reglum. Að öðru leyti hefur hún fjárfestingarstjórn á hendi með því að leita samkomulags við banka og samræma útlánastefnuna. Það er engri valdboðsstefnu fylgt þar, heldur einmitt gert ráð fyrir því, að árangri sé náð með samkomulagi þessara stofnana, sem um er að ræða. Svona er þetta í reyndinni, í veruleikanum. Hitt geta menn svo deilt um, hvort þetta sé rétt eða ekki, hvort það eigi ekki að veita þessari stofnun meiri völd. En eftir l. hefur hún ekki nema mjög takmörkuð völd í þessu efni, og miðað við þann málflutning, sem uppi var hafður á sínum tíma af hv. stjórnarandstæðingum, þá ættu þeir út af fyrir sig ekki að vera óánægðir með, að reynslan hefur staðfest það, sem sagt var, að ekki ætti að taka upp nein fjárfestingarhöft eða önnur höft með þessari stofnun.

Viðvíkjandi því, sem hér var sagt um einstakar áætlanir, þá þarf ég ekki að fara út í það, eins og togarakaupin. Það er sjálfgert, að þau voru að talsverðu leyti a.m.k. um garð gengin, þegar Framkvæmdastofnunin tók til starfa, og þess vegna gat áætlun um þau ekki komið til greina.

Ég held, að það sé þess vegna alveg fjarri sanni, að það leiði af þessu frv., að það þurfi að leggja og eigi að leggja Framkvæmdastofnunina niður. Hún hefur alveg nægileg verkefni eftir sem áður. Og sannleikurinn er sá, að stjórn Framkvæmdastofnunarinnar og framkvæmdastjórar hennar hafa í reyndinni haft lítil afskipti af hagrannsóknadeildinni. Þess vegna er þetta í reyndinni ekki svo mikil breyting, heldur er verið að setja þetta í ákveðnara form vegna fenginnar reynslu.

Hv. þm. Benedikt Gröndal minntist á áðan, að reynslan hefði ekki sýnt, að þetta þyrfti að skilja frá. En reynslan hefur einmitt sýnt, að þessir aðilar, bæði stjórn og framkvæmdastjórar, hafa haft lítil afskipti af hagrannsóknadeildinni, hún þarf að starfa sjálfstætt og hún þarf umfram allt, eins og hún hefur verið, að hafa traust margra aðila, og þess vegna er sjálfsagt að búa að henni á þennan veg. Auðvitað gat komið til mála annað form á þessu. Það hefði mátt hugsa sér t.d. að setja upp sérstakt efnahagsmálaráðuneyti, eins og tíðkast víða um lönd. En sannleikurinn er sá, að ég held, að það sé heppilegra að hafa þetta form á, hafa þannig sjálfstæða stofnun, henni verði betur treyst en sérstöku rn., sem starfar í nánari tengslum við ráðherra og heyrir beint undir hann.

Þetta frv. er ekki flutt af því, að hagrannsóknastarfsemin hafi brugðist á nokkurn hátt, né vegna þess, að starfsemi Framkvæmdastofnunarinnar hafi brugðist á hagrannsóknasviðinu, því fer fjarri. Ég held, að það starf, sem hefur verið unnið þar, sé með ágætum. En menn verða að gæta að því, að það þarf sérfræðinga til að vinna þessi störf, og þeir eru ekki alltaf tiltækir, og það getur tekið sinn tíma að byggja svona stofnanir upp. Auðvitað verða þær dýrar, og sjálfsagt má benda á, að kostnaður við svona stofnun hafi aukist. Ég geri ráð fyrir því, að menn hafi ætlast til þess og ætlist til þess, að þessi stofnun hafi hæfum starfskröftum á að skipa, og þá verðum við að horfast í augu við, að það kostar nokkuð. Ég held, að starfsfólki hafi þarna verið fjölgað eitthvað, en það hygg ég þó vera mjög í hófi, og hefði raunar þurft að fjölga starfsmönnum meir, til þess að stofnunin hefði getað sinnt þeim hlutverkum, sem henni voru ætluð, t.d. á áætlunarsviðinu. En ég held, að það hafi ekki verið kostur þeirra starfskrafta, því miður.

Hvort kostnaður við þessa stofnun hefur farið eitthvað fram úr þeirri almennu kostnaðarhækkun, sem hefur átt sér stað á milli ára, það finnst mér ekki stórt atriði og ekkert óeðlilegt, þó að það komi til um nýja stofnun, sem er að þróast og fær mikilvæg verkefni til að vinna við.

Ég geri að sjálfsögðu ráð fyrir því, að n., sem frv. fær til meðferðar, kalli fyrir sig forstöðumann hagrannsóknadeildar og eins aðila frá Framkvæmdastofnuninni og fái frá þeim þær upplýsingar, sem hún kann að óska eftir, og auðvitað má þá athuga, hvort hægt er að færa eitthvað til betri áttar í þessu frv. Ég hygg, að í höfuðatriðum sé þetta þannig úr garði gert, að þar megi vel við una, en Framkvæmdastofnunin verður auðvitað að standa eftir sem áður. Hitt er annað mál, að hún er ekki neitt eilífðarfyrirbæri frekar en önnur mannanna verk, og reynslan getur kannske sýnt fyrr eða síðar, að ein-

hverju þurfi að breyta, og auðvitað eigum við þá að gera það. Það er skortur á skynsemi að víkja ekki, ef reynslan sýnir, að eitthvað megi betur fara, gera nauðsynlegar breytingar. Ég a. m. k. fyrirverð mig ekkert fyrir að breyta um skoðun, ef ég tel, að nú sé ný skoðun betri, og ég fæ sönnun fyrir því.

Ég skal, herra forseti, ekki hafa þessi orð fleiri. Aðalatriðið er það að þakka þm. undirtektir við þetta frv., sem voru út af fyrir sig vinsamlegar og gefa mér von um, að það fái nægilega greiðan gang í gegnum Alþ., þannig að það geti tekið gildi á þeim tíma, sem tiltekinn er í því.

Ingólfur Jónsson: Herra forseti. Ég skal verða við ósk um það að verða ekki langorður og tefja ekki fyrir því máli, sem hér er á eftir. En mig langar aðeins að segja nokkur orð, sérstaklega í tilefni af því, sem hv. 8. landsk. sagði hér áðan.

Hann kom upp í pontuna og virtist ætla að tala eins og sá, sem valdið hefði. Ég býst við, að ýmsum, sem hlustuðu á ræðu hans, hafi dottið í hug, hvort hann væri að koma í stað hv. 3. landsk. þm. og styðja hæstv. ríkisstj. Reynslan sker úr um það. Sumir segja, að hv. þm. langi jafnvel í skiprúmið, þótt aðrir hv. flokksmenn hans hafi ekki augastað á því.

Hv. þm. ætti ekki að tala í þessum tón, sem hann gerði í sambandi við Framkvæmdastofnunina. Ég heyrði ekki vel, hvað hann sagði, en ég held, að hann hafi getið um, að hann væri í stjórn stofnunarinnar. Einhver var að hvísla því áðan, að hann hefði gaman af því að vera í stjórn stofnunarinnar. Það var einnig verið að spyrja að því, hvaða stjórnum hv. þm. hefði verið í eða hvaða stjórnunarhæfileika hv. þm. hefði. Mér er ekki kunnugt um, að hann hafi afrekað þar mikið.

Hv. þm. sagði, að þeir sjálfstæðismenn, sem væru í stjórn Framkvæmdastofnunar, væru ekki inni, þeir vildu ekki taka þátt í þessum umr., sennilega þá af því, að þeir væru svo ánægðir með stofnunina. Þetta reyndist ekki rétt. Við hlustuðum á annan þessara manna, sem eru í stjórn stofnunarinnar af hálfu Sjálfstfl., og hann hafði þar tækifæri til þess að lýsa ánægju sinni, sem hann þó gerði ekki. En hann gerði alveg rökrétta grein fyrir eðlilegri afstöðu sjálfstæðismanna í þessari 7 manna stjórn. Ég held, að allir hv. þm., hvort sem þeir eru í stjórn þessarar stofnunar eða ekki, reyni að gera sér grein fyrir gildi hennar, göllum hennar og fyrir kostum. Ég held, að margir hv. þm. geri sér grein fyrir því, að það, sem eftir verður af Framkvæmdastofnuninni, sé allt of dýrt fyrir þjóðina, miðað við þau verk, sem hún vinnur í því formi, sem hún er í. Þess vegna hlýtur að verða athugað í sambandi við þetta frv., hvort ekki beri að stiga sporið lengra og gera ráðstafanir til þess að fá vinnubrögð við áætlanagerð, láneveitingar og framkvæmd byggðastefnu, sem bera árangur. Það er of mikið að borga 65 millj. kr. á árinu 1974 fyrir rekstur þess, sem eftir verður af Framkvæmdastofnuninni, þegar hagrannsóknadeildin er frá tekin. Hv. 8. landsk. þm. finnst það ekki vera. Hann er ánægður. Og hann er reyndar eini hv. þm., sem hefur látið í það skína, að hann væri hæstánægður með stofnunina. Hæstv. forsrh. lýsti því hér áðan, að það gæti vel verið, að að því kæmi, að það mætti breyta þar miklu til batnaðar, kannske leggja hana niður, kannske tekur það 2 ár fyrir hæstv. forsrh. og ýmsa aðra hv. þm. að komast á þá skoðun. En það er sýnilegt, að hæstv. ríkisstj. er á þeirri leið að leiðrétta sig frá því, sem hún hugsaði og stefndi að, þegar lög voru sett um Framkvæmdastofnunina í því formi, sem þau nú eru.

Það er barnalegt hjá hv. 8. landsk. þm. að tala um það, að þeir, sem vilji leggja Framkvæmdastofnunina niður, vilji í rauninni leggja alla byggðastefnu á hilluna og áætlanagerð um byggðaþróun. Við getum viðurkennt, að nafnið Byggðasjóður sé yfirgripsmeira og láti meira yfir sér en Atvinnujöfnunarsjóður. En Atvinnujöfnunarsjóður hafði nákvæmlega sama verkefni og gerði jafnmikið gagn og Byggðasjóður. Það þurfti ekki að breyta um nafn til þess að ná þeim tilgangi, sem Byggðasjóði var ætlað, þegar hann var stofnaður. Geta sjóðsins fer vitanlega eftir því, hversu fjármagnið er mikið, sem honum er fengið í hendur.

Herra forseti. Ég skal nú ekki tefja meira í þessu máli, en ég vil leggja áherzlu á, að þetta mál verði skoðað betur, að frv., sem hér er um að ræða, verði endurnýjað og við það aukið. Ég er sannfærður um það, þótt hv. 8. landsk. þm. væri svo seinheppinn hér áðan að nota óheppilegt orðalag, sem hann viðhafði um Framkvæmdastofnunina og ágæti hennar, að hann er reiðubúinn að endurskoða hug sinn um þetta og gera sér grein fyrir því, sem aflaga fer og endurbóta þarfnast. Hv. þm. talaði um, að Sjálfstfl. hefði alltaf verið tilbúinn að leggja í kostnað, koma á dýrum stofnunum og nefndum í þann rúman áratug, sem hann var í stjórn samfleytt. Sjálfstfl. var þá í stjórn með Alþfl. Sú ríkisstj. hafði það á stefnuskrá sinni að fá verðmæti fyrir þá fjármuni, sem eytt var úr ríkissjóði. Það var unnið að áætlanagerð þá, og þáv. hæstv. viðskrh. var talsmaður áætlanagerðar. En sú áætlanagerð og þær stofnanir, sem unnu þá að áætlanagerð í árangursríkara mæli en nú, kostuðu 20.9 millj. á árinu 1971, en koma til með að kosta allt að 80 millj. á árinu 1974. Þetta vitnar um, að öðruvísi er á málunum haldið nú en var hjá fyrrv. ríkisstj. Það er ekki hugsað um það nú að gæta hagsýni eða fá verðmæti fyrir þá fjármuni, sem teknir eru úr ríkissjóði, eins og áður var gert.

Benedikt Gröndal: Herra forseti. Ég virðist heldur betur hafa komið við kviku í hv. 1. þm. Sunnl., þegar jafngóður drengur og hann er bregst við með persónulegum svívirðingum eða því sem næst og fer að bera það upp á mig, að ég hafi einhverja sérstaka ánægju af því að vera í stjórn þessarar stofnunar og að það sé þjóðinni með öllu ókunnugt, að ég hafi nokkra stjórnunarhæfileika. Ég skal játa það hvort tveggja, að ég hef haft mjög gaman af að vera

í stjórn þessarar stofnunar og hef bæði lært þar mikið og unnið þar eins og ég hef getað. En ég held, að við ættum ekki að metast um slíka hluti hér á Alþ. við liggjum undir nógu þungu ámæli frá þjóðinni hvað það snertir.

Það, sem gerðist, var ekki annað en að þm. sjálfstæðismanna stóðu hér upp hver á fætur öðrum, fluttu rangfærslur, svívirðingar og skoðanir, sem ég er ósammála, um þessa stofnun. Af þeim ástæðum stóð ég upp og andmælti, gerði það e. t. v. með hörðum orðum, en það verður þá að hafa það, enda hefur verið tekið á móti í sama dúr, og ég skal ekki kvarta undan því.

Ég vil minna á, að þótt ég héldi uppi vörnum fyrir þessa stofnun í grundvallaratriðum, kom líka fram í máli mínu viss gagnrýni. Það var rétt, þegar ég sagði það, að enginn af þm. sjálfstæðismanna, sem eiga sæti í stjórn stofnunarinnar, hefði tekið til máls. Eftir það tók einn þeirra til máls, og ég verð að segja, að því fleiri sjálfstæðismenn sem töluðu, að undanskildum síðasta ræðumanni og annarri ræðu hans, því jákvæðari reyndust þeir vera. Ef menn lesa í góðu tómi þá ræðu, sem hv. 2. þm. Vestf. flutti um stofnunina, held ég, að menn muni finna, að sjónarmið hans og mitt um grundvallaverkefni Framkvæmdastofnunarinnar eru ekkert fjarri hvort öðru, enda höfum við oft staðið saman, stundum á móti stjórnarliðunum, í þessari blessari stofnun.

Það er því, þegar vel er skoðað, augljóst, að það eru góðar artir í sjálfstæðismönnum, enda hefði ég ekki stutt þá til að stjórna landinu í 15 ár, ef svo væri ekki. Ég bendi á, að í þeirra stjórnartíð voru sett upp mörg ríkisbákn, t. d. Seðlabankinn með á annað hundrað starfsmenn og Efnahagsstofnunin, eins og hún var, þó að sömu menn séu óalandi og óferjandi, þegar þeir starfa undir öðru nafni og í öðru húsi. Allt þetta var sett upp og margt fleira. En það er miklu eðlilegra fyrir sósíaldemókrata að styðja eflingu ríkisvaldsins heldur en fyrir sjálfstæðismenn. A. m. k. ætti það að vera svo. Við höfum þá að því leyti til verið trúari okkar hugsjónum og leitt sjálfstæðismenn til betri vegar í þeim efnum á fyrra stjórnartímabili.

Tölurnar um kostnaðinn við stofnunina fóru vaxandi með hverri mínútu, sem hv. ræðumaður talaði. Hann byrjaði með 65 millj., var kominn upp í 80 millj., þegar hann hætti, en hann virðist reikna með því, að þessar kostnaðaráætlanir verði algerlega óbreyttar, þó að þriðjugurinn af starfsliði stofnunarinnar verði settur undir annan hatt.

Ég vil endurtaka það, að ég held ekki uppi vörnum fyrir þróun í fjárhagsmálum þjóðarinnar og þar með kostnaði við opinbera starfsemi. En mér þótti ástæða til þess, að einhver stæði upp og drægi fram það sem jákvætt er við Framkvæmdastofnunina, og ég tel hana í raun og veru hafa fengið verulegan stuðning frá hv. 2. þm. Vestf., því að hann talaði um mörg þau jákvæðu atriði, sem valda því, að við Alþfl.-menn höfum stutt hugmyndina um þessa stofnun frá upphafi, þó að við höfum ekki stutt öll atriði í uppbyggingu hennar, og valda því, að við þorum að standa við það, að við studdum þessa hugmynd.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 24 shlj. atkv. og til fjh.- og viðskn. með 25 shlj. atkv.

Neðri deild, 11. fundur.

Miðvikudaginn 31. okt., að loknum 10. fundi.

Tilkynningar aðsetursskipta, frv. (þskj. 35, n. 67). — 2. umr.

Of skammt var liðið frá útbýtingu nál. — Afbrigði samþ. með 24 shlj. atkv.

Frsm. (Svava Jakobsdóttir): Herra forseti. Svo sem fram kemur í nál. á þskj. 67, er n. sammála um að mæla með því, að frv. verði samþ. óbreytt.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 25 shlj. atkv.
2.—4. gr. samþ. með 25 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 24 shlj. atkv.

Neðri deild, 12. fundur.

Miðvikudaginn 31. okt., að loknum 11. fundi.

Tilkynningar aðsetursskipta, frv. (þskj. 35). — 3. umr.

Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði samþ. með 26 shlj. atkv.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 26 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 68).

Efri deild, 11. fundur.

Fimmtudaginn 1. nóv., kl. 2 miðdegis.

Hjúkrunarlög, frv. (þskj. 64). — 1. umr.

Heilbr.- og trmrh. (Magnús Kjartansson): Herra forseti. Frv. það, sem hér er til 1. umr., er niðurstaða af endurskoðun á hjúkrunarlögum frá 12. maí 1962. Endurskoðunin var gerð í heilbr.- og trmrn. í sumar leið. Eins og fram kemur í aths. þeim, sem frv. fylgja, var aðalástæðan fyrir endurskoðun á eldri l. sú, að í þeim var talið vanta ákvæði um sérnám í

hjúkrun og viðurkenningu á slíku sérnámi. Allmargar hjúkrunarkonur hafa farið utan og lagt stund á kennslufræði, spítalastjórn, heilsuvernd og geðhjúkrunarfræði, en í þessum greinum öllum er engin kennsla hér á landi. Þetta er yfirleitt eins til tveggja ára nám, og hafa hjúkrunarkonurnar flestar stundað það annars staðar á Norðurlöndum og einnig í Bretlandi. Aftur á móti hafa stærstu sjúkrahúsin hérlendis boðið upp á sérnám í röntgenfræðum, svæfingarfræðum og hjúkrun á skurðdeildum. Það nám þyrfti að auka og samræma og bæta síðan við fleiri sérgreinum innan hjúkrunar. Má þar nefna hjúkrun á barnadeildum, lyflækninga- og handlækningadeildum. Nauðsynlegt er að gera ákveðnar kröfur um námsefni og námstíma allra þessara hópa og veita þeim viðurkenningu að námi loknu. Þá þykir rétt, að hjúkrunarleyfi séu veitt af ráðuneytinu. Nú eru hjúkrunarskólarnir orðnir tveir og auk þeirra komin námsbraut í hjúkrunarfræðum í Háskóla Íslands. Þarna þarf því að koma til samræming við leyfisveitingu til annarra heilbrigðisstétta. Sérstök nefnd, þar sem heilbrmrn. á að eiga einn fulltrúa, menntmrn. annan og Hjúkrunarfélag Íslands hinn þriðja, á samkv. frv. að fjalla um hjúkrunarleyfi til útlendinga. Sú nefnd mun einnig fjalla um viðurkenningu á sérnámi hjúkrunarkvenna, og getur Hjúkrunarfélagið nefnt tvær sérfróðar hjúkrunarkonur, er vinna með nefndinni hverju sinni, t. d. heilsuverndarhjúkrunarkonur, röntgenhjúkrunarkonur o. s. frv.

Ég vil að lokum geta þess, að fram hafa komið till. um nýtt samheiti fyrir hjúkrunarkonur og hjúkrunarmenn, en það er óneitanlega dálítið annarlegt að þurfa að nota þarna tvö heiti yfir kynferði. Þau nöfn, sem þegar hefur verið rætt um, eru hjúkrunarfræðingur, hjúkrunarmaður, hjúkrir, sem mundi þá beygjast eins og læknir, hjúkri og hjúkrari. Hjúkrunarfélag Íslands mun á næstunni fjalla um þessar till. að nýju starfsheiti, og vonast er til, að ákveðin till. liggi fyrir frá félaginu, áður en frv. þetta verður afgr. hér í þinginu.

Að öðru leyti leyfi ég mér að vísa til grg. þeirrar, sem fylgir frv., og legg til, herra forseti, að frv. verði að lokinni 1. umr. vísað til 2. umr. og heilbr.- og trn.

Oddur Ólafsson: Herra forseti. Hver sú aðgerð, sem miðar að því að styrkja og efla stöðu hjúkrunarkonunnar innan heilbrigðiskerfisins, er örugglega til bóta. Hjúkrunarstéttin er svo stór þáttur og svo mikill hornsteinn góðrar heilbrigðisþjónustu, að ekki er vafi á því, að hvert það atriði, sem styrkir hennar stöðu, það eflir alla heilbrigðisþjónustuna. Hinn mikli skortur á hjúkrunarkonum, sem hefur verið hjá okkur landlægur nú alllengi, hefur háð okkar heilbrigðisþjónustu, og því er ekki að leyna, að okkar dýrustu og verðmætustu heilbrigðisstofnanir hafa ekki getað starfað með fullum afköstum og ekki getað sinnt hlutverki sínu á fullnægjandi hátt, a. m. k. öðru hverju, vegna hins mikla skorts á hjúkrunarkonum.

Árið 1971 voru samþ. hér lög um nýjan hjúkrunarskóla á Íslandi, hjúkrunarskóla í tengslum við Borgarspítalann, og ég verð að segja, að við væntum okkur allmikils af þeim auknu möguleikum, sem þar sköpuðust. Því miður er ég ekki viss um, að enn þá hafi þetta notið sín svo sem skyldi, og koma þar vafalaust til húsnæðiserfiðleikar og aðrir byrjunarörðugleikar. En ég vona þó, að með þeirri aðstöðu, sem þá skapaðist, og með þeirri aðstöðu, sem er að skapast við Háskóla Íslands í kennslu í hjúkrunarfræðum, megum við eiga von á því, að bætt aðstaða skapist á þessu sviði. Mikils virði er, að staða sjúkraliða er ákveðin í þessari löggjöf. Sjúkraliðar hafa óneitanlega hjálpað mjög mikið upp á sakirnar á undanförnum árum, nám þeirra hefur verið aukið og starfsemi þeirra innan sjúkrastofnananna hefur vaxið. Þetta hefur verið til mikilla bóta og í raun og veru bjargað því, að ýmsar heilbrigðisstofnanir hafi getað starfað eðlilega.

Ekki virðist óeðlilegt, að að því líði fyrr eða síðar, að sérstakur skóli verði stofnaður fyrir heilbrigðisstéttirnar í landinu. Margar þeirra mundu geta notið sameiginlegrar fræðslu á vissu stigi námsins, og að auki yrðu þetta tiltölulega mikil kynni fyrir þessar stéttir, sem eiga að vinna saman í framtíðinni. Mér finnst líklegt, að stefna beri að því, að heilbrigðisstéttirnar fái sinn sérskóla, og mundi ekki af veita, að farið yrði að hugsa rækilega til þess máls. Það er með hjúkrunarkonur eins og aðrar stéttir, að nám þeirra verður sífellt yfirgripsmeira og starf þeirra sérhæfðara og vandasamara. Þess vegna er gleðilegt, að hjúkrunarkonur, sem afla sér náms erlendis, sérhæfa sig erlendis, geta fengið viðurkenningu, þegar þetta frv. er orðið að lögum.

Ég tel, að það sé mikil nauðsyn fyrir okkur, að bætt verði aðstaða til þess, að hjúkrunarkonur geti á fleiri sviðum öðlast hér sérnám en nú er. Ég verð að segja það, að mér finnst þetta frv. til hjúkrunarlaga vera mikils vert framlag í þessu efni og styð það eindregið.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 11 shlj. atkv. og til heilbr.- og trn. með 11 shlj. atkv.

Neðri deild, 13. fundur.

Fimmtudaginn 1. nóv., kl. 2 miðdegis.

Skólakerfi, frv. (þskj. 8). — 1. umr.

Menntmrh. (Magnús T. Ólafsson): Herra forseti. Málin, sem hér liggja fyrir sem dagskrárliðir 1 og 2, frv. um skólakerfi á þskj. 8 og um grunnskóla á þskj. 9, eru nátengd. Þessi mál hafa áður tvívegis komið fyrir Alþ. og í bæði skiptin við 1. umr. verið rædd saman og ekki verið gerðar aths. við, að sá háttur væri á hafður. Ég mun því fara í sama far hér við þessa 1. umr., gera bæði málin að umtalsefni í senn, eftir því sem tilefni gefst til.

Frv. um skólakerfi og um grunnskóla voru

rædd ítarlega við 1. umr. hér í hv. d. 26. febr. í ár, fyrir 8 mánuðum. Frv. dagaði uppi við þingslit í vor. Ég mun af þessum sökum ekki hafa ýkjalanga framsögu fyrir þessum málum að þessu sinni. Það er fyrir mestu að mínu áliti, að hafist geti nákvæm yfirferð yfir þessi mál í n. Hún er á þessu stigi gagnlegri en endurtekning á atriðum, sem áður hafa komið fram í almennum umr. Þó vil ég ekki láta hjá líða að leggja á ný áherslu á meginmarkmiðið, sem sett er með frv. um skólakerfi og um grunnskóla. Þar er um að ræða jöfnun námsaðstöðu og kennsluskilyrði um allt land og að laga skólastarfið, eftir því sem kostur er, að þörfum hvers og eins nemanda. Markmiðið er að færa byggðarlögin, sem nú eru lakast sett hvað varðar aðbúnað að fræðslumálum á skyldustigi, til jafns við þau byggðarlög, þar sem betur er búið að undirstöðunámi. Kveðið er á um framkvæmd þessarar stefnu við hin erfiðu búsetuskilyrði, sem ríkja í okkar stóra og víða strjálbýla landi. Við það er miðað, að allir, sem geta notið almennrar fræðslu, hljóti fyllsta stuðning á námsbrautinni. Þar á að taka tillit til þess, hversu misjafnlega menn eru til náms fallnir, og gera þeim, sem hratt geta farið yfir, fært að fylgja hæfileikum sínum eftir og ljúka skyldunámi á sem skemmstum tíma, en jafnframt búa svo að þeim, sem hægar verða að fara yfir, að þeim sé sinnt eins og þeir eiga kröfu til.

Meginástæðan til, að nú er stórátaks þörf í þessum málum, er fyrirsjáanleg þróun í fræðslumálum og atvinnuháttum. Það er bæði félagsleg nauðsyn og réttlætismál gagnvart einstaklingunum, að svo sé búið um hnúta, að enginn sé vegna búsetu eða efnahags í uppvexti útilokaður frá að afla sér fullgildrar almennrar menntunar og jafnframt aðgangs að sérhæfingu til þess starfs, sem hann kann að kjósa sér. Leiðin til að tengja þetta tvennt, jafna námsaðstöðu án tillits til uppruna og efla almenna fræðslu sem samsvarar kröfum nútímans til sérhæfingar og endurhæfingar að síbreytilegum störfum, er að gera ráðstafanir til, að allir, sem almennrar kennslu geta notið, eigi kost á námi að því marki, að sérhæfing og framhaldsnám sé þeim opið að hinni almennu undirstöðufræðslu lokinni. Ég veit ekki til, að menn greini á um þetta meginmarkmið, en misjafns mats gætir á, hversu því verði komið í framkvæmd. Það er verkefni Alþingis að fjalla um leiðirnar, sem á er bent í frv. um grunnskóla og um skólakerfi.

Við þessa umr. vil ég benda sérstaklega á, að í jafnmargslungnu máli og hér er um fjallað þarf að gæta þess sérstaklega vel, að meginmarkmiðið, tilgangurinn að jafna námsaðstöðu og efla almennt fræðslukerfi, hverfi ekki í skuggann af einstökum atriðum í framkvæmdinni.

Eins og grein var gerð fyrir á síðasta þingi, þegar þessi mál voru til umr., fór fram mjög rækileg kynning á málunum, áður en og jafnframt því sem þau voru lögð fyrir þing. Haldnir voru hartnær tveir tugir almennra funda um land allt, þar sem nm. úr n., sem undirbjó frv., gerðu grein fyrir þeim, kynntu þau, svöruðu spurningum og greiddu úr þeim atriðum, sem fundarmenn óskuðu frekari skýringa á. Auk þessara almennu funda voru haldnir allmargir fundir með þeim hópum, sem einkum láta sig þessi mál varða. Þar var bæði um að ræða sveitarstjórnarmenn og ýmis kennarasamtök.

Eftir að kynningunni á þessum fundum var lokið, voru menntmn. hv. d. sendar till. til breytinga á nokkrum atriðum frv. Þessar brtt. voru samdar og undirbúnar í ljósi þess, sem fram hafði komið á kynningarfundunum. Þessar brtt. hafa nú verið felldar inn í frv. um grunnskóla. Ég vil víkja sérstaklega að þeim þessara till., sem ég tel þýðingarmestar.

Í 4. gr. frv. um grunnskóla er rætt um útibú frá stærri skólum fyrir yngstu árganga grunnskólans. Í frv., eins og það var lagt fyrir, er gert ráð fyrir, að þessi útibú geti sótt 7 og 8 ára börn. Því hefur verið breytt í þeirri gerð frv., sem nú er lögð fyrir, í 7, 8 og 9 ára börn. Óskir hafa komið fram um, að þessi útibú nái einnig til 10 ára barna, en það er álit okkar, sem undirbúið höfum frv., að við 10 ára aldur verði kennsla að fara að greinast svo í grunnskólanum, að ekki sé fært að ætlast til, að börn, sem sækja lítil útibú með fámennu kennaraliði til 10 ára aldurs, geti þar hlotið jafna fræðslu og þau, sem sækja stærri skólana, þar sem kennslugreiningin getur hafist vegna betri aðstöðu og meira kennaraliðs.

5. gr. er breytt í þýðingarmiklu atriði, sem er í samræmi við þann höfuðtilgang frv. að létta undir með þeim fræðsluhéruðum, sem erfiðast eiga uppdráttar fjárhagslega. Þar er lagt til, að á fjárl. sé ár hvert veitt sérstök fjárhæð, er nemi 5% af árlegu framlagi ríkissjóðs til byggingar mannvirkja vegna grunnskólanna. Þessi tuttugasti hluti af árlegu framlagi skal ganga til þess að veita lán þeim sveitarfélögum, sem standa að byggingarframkvæmdum, en eiga við verulega fjárhagsörðugleika að etja vegna fólksfæðar, sérlega lágra tekjustofna eða annarra gildra orsaka. Þessu fé skal úthlutað af samstarfsnefnd menntmrn. og Sambands ísl. sveitarfélaga að fengnu samþykki fjvn. Alþ. Í umr. um þessi mál hefur þess allmjög gætt, að fólk í strjálbýli hefur óttast, að þrátt fyrir framgang frv. væri ekki nægilega fyrir því séð, að fræðsluhéruðin þar gætu risið að sínum hluta undir framkvæmd þess fræðslukerfis, sem ráð er fyrir gert. Með þessu ákvæði um lánasjóð í þágu sveitarfélaga, sem verst eru á vegi stödd fjárhagslega, er leitast við að tryggja, svo sem kostur er, að þessi agnúi verði ekki til þess að framlengja mismunun í skólahaldi milli strjálbýlis og þéttbýlis.

Í 11. gr. frv., eins og það kom fyrir síðasta þing, var ákveðið, að fræðsluráð skuli skipað 5 mönnum. Í þessari gerð frv. er sú breyting gerð á, að fræðsluráð skuli skipað 5 eða 7 mönnum, kjörnum af viðkomandi landshlutasamtökum. Hér er einnig komið til móts við óskir úr dreifbýlinu. Á það hefur verið bent, að í sumum fyrirhuguðum fræðsluhéruðum standi svo á, að þéttbýlisstaðir séu í svo yfirgnæfandi meiri hl., að í 5 manna fræðsluráði mætti búast við, að þeir ættu alla fulltrúana. Með því að opna fyrir fjölgun er greitt fyrir því, að þar geti einnig komið inn fulltrúar frá fámennari sveitarfélögum.

Í 22. gr. frv., eins og það var lagt fram á síðasta þingi, var gert ráð fyrir nemendaráði, sem starfaði í grunnskóla og væri fulltrúi nemenda gagnvart skólastjóra og skólastjórn. Í þessu frv., sem hér er lagt fyrir, er bætt við ákvæði um, að formaður nemendaráðs eigi rétt til setu á fundum skólastjóra og kennararáðs svo og á kennarafundum með málfrelsi og tillögurétti. Gert er ráð fyrir, að nemendaráð sé kjörið af þrem elstu bekkjum grunnskólans.

Á svipaðan hátt er gerð breyting á gr. um foreldrafélög, 21. gr. Þar er nú ákvæði um, að fulltrúi foreldrafélags eigi rétt til setu á kennarafundum með málfrelsi og tillögurétti.

Við 37. gr. er bætt því ákvæði, að heimilt sé að ráða í einni eða fleiri kennslugreinum kennara fyrir tvo eða fleiri grunnskóla samtímis til þess að fullnægja kennsluþörf, ef ekki er fullt verkefni fyrir kennara í þeirri grein við annan hvorn skólann. Hér er um að ræða hagkvæmnisatriði og jafnframt við það miðað að efla kennslu skólanna með því, að þeir geti skipst á um sérhæfða kennara, ef hvor um sig hefur ekki fullt verkefni fyrir þá. Í sömu gr. er einnig ráð fyrir því gert, að við sérstakar aðstæður megi ráða sérstakan heimavistarstjóra við heimavistargrunnskóla, en ella er gert ráð fyrir, að almenna reglan sé sú, að skólastjóri sé jafnframt heimavistarstjóri.

42. gr., sem fjallar um árlegan starfstíma grunnskólans, hefur verið breytt verulega, enda var hún ein af þeim gr., sem mest voru ræddar á kynningarfundunum úti um landið. Eftir sem áður er miðað við, að reglulegur starfstími grunnskóla sé 9 mánuðir að jafnaði, frá 1. sept. til loka maímánaðar. En í skólahverfum, þar sem svo stendur á, að helmingur nemenda eða meira verður að aka til eða frá skóla eða dveljast í heimavist, er skólanefnd að fengnum meðmælum fræðsluráðs og fræðslustjóra heimilað að stytta árlegan starfstíma skólans allt að því lágmarki, sem sett er í gr. Meginbreytingin á gr. er sú, að svigrúmið til að stytta skólatímann á ári hverju er aukið. Þó er ekki gert ráð fyrir, að grunnskóli geti staðið skemur en í 7 mánuði. En heimild til 7 mánaða skólahalds er í þessu frv. veitt í 1.—3. bekk. Í frv., sem kom fyrir síðasta þing, var miðað við, að sú stytting gæti aðeins átt sér stað í 1. og 2. bekk. Þá er lagt til, að heimild til að stytta árlegan skólatíma í 7½ mánuð skuli ná til 4., 5. og 6. bekkjar. Í fyrra frv. var sú stytting miðuð við 3. og 4. bekk, en 5. og 6. bekkur höfðu þar heimild til styttingar árlegs skólatíma í 7¾ úr mánuði. Loks er heimiluð stytting á skólastarfinu í 7.—9. bekk í 8¼ úr mánuði, en í fyrra frv. var heimiluð stytting í 7. bekk í 7¾, en í 8½ mánuð í 8. og 9. bekk. Þessi heimild er ekki alfarið bundin við skóla, þar sem meira en helmingur nemenda sætir heimanakstri eða dvelur í heimavist. Jafnframt er tekið fram, að í öðrum skólahverfum, sem eiga við erfiðar umhverfisaðstæður að búa, er teljast verulega tálma 9 mánaða skólahaldi, geti menntmrn. að ósk skólanefndar heimilað styttingu árlegs skólatíma allt að því lágmarki, sem ég áður greindi frá.

Þá er tekið fram í 42. gr., að fræðsluráð geti, ef skólanefnd óskar, heimilað 5 daga kennsluviku. Eins og mönnum mun kunnugt, er það mjög misjafnt nú þegar, hvort skólastarf stendur 5 eða 6 daga á viku hverri, og er nokkuð umdeilt mál á sumum stöðum a. m. k. Frv. gerir ráð fyrir, að fræðsluráð í hverju fræðsluumdæmi kveði endanlega á um, hvort stytting í 5 daga skólaviku skuli eiga sér stað.

Þá er í 42. gr. þýðingarmikið ákvæði og nýmæli um, að hluta af námsskyldu nemenda grunnskóla megi fullnægja með sumarskóla. Í frv., sem lagt var fyrir síðasta þing, var gert ráð fyrir, að sumarskólahald að hluta næði til 1.—3. bekkjar. Eins og ég tók fram í framsögu fyrir málinu í vetur, tel ég, að þarna megi gjarnan lengra ganga, ef vilji er fyrir hendi. Að kynningarfundunum loknum og fenginni þeirri vitneskju, sem þar kom fram, var ákveðið að heimila sumarskólahaldið ekki aðeins fyrir 1.—3. bekk, heldur fyrir 1.—6. bekk grunnskólans. Gert er ráð fyrir, að sumarskóli nái yfir helmingi stærra aldursvið en í fyrra frv.

Þá hefur gr., sem fjalla um sérkennslu þeirra barna, sem víkja frá eðlilegum þroskaferli, 51. —53. gr., verið breytt allverulega. Þar er ekki um stórkostlegar efnisbreytingar að ræða, en að öllu leyti við það miðað að búa sem rækilegast um hnútana, svo að þeir, sem ekki geta fylgt jafnöldrum sínum með góðu móti í grunnskóla, hljóti þá sérkennslu, sem þekking og mannafli gera fært að veita þeim. Í því efni er eins og áður viðmiðunin, að skert námsgeta, af hverju sem hún stafar, nýtist nemendanum eins og kostur er, annaðhvort í grunnskólanum sjálfum, ef ekki er um mjög mikla líkamlega eða andlega bæklun að ræða, eða þá í sérstofnunum, sem sniðnar eru sérstaklega fyrir þá nemendur, sem alls ekki geta grunnskóla sótt.

Í 86. gr. er bætt ákvæði um, að heimilt sé menntmrn. að greiða sinn hluta viðhaldskostnaðar skólahúsa jafnóðum og hann fellur á, eftir því sem fjárveitingar leyfa. Hér er um það að ræða, að viðhaldskostnaður getur verið geysimisjafn hjá skólahéruðum og getur orðið sveitarstjórnum afar þung byrði, þegar viðhaldið er umfangsmest, ef ekki er heimild til að greiða kostnaðarhluta ríkisins jafnóðum og á fellur, þegar sérstök ástæða er til.

Loks er bætt við 91. gr. þýðingarmiklu ákvæði. Eins og ég gat um áðan, hefur gætt nokkurs uggs um það hjá fólki í strjálbýlinu vegna reynslu, sem það hefur hlotið af fyrri fræðslulöggjöf, að þótt sett verði lög um grunnskóla og skólakerfi, sem veki vonir og gefi fyrirheit um miklar umbætur í skólamálum dreifbýlisins, þá verði framkvæmdin svo dræm, að þeir, sem verst eru á vegi staddir, þurfi að bíða miklu lengur eftir umbótunum en nokkurt hóf er á. Því er bætt við 91. gr. því ákvæði, að að því skuli stefnt, að ákvæði l. um síðasta ár skólaskyldu komi til framkvæmda samtímis á landinu öllu 6 árum eftir gildistöku l. En í fyrri gerð frv. var við það miðað, að fyrirkomulag, sem kveðið er á um í frv. um grunnskóla og skólakerfi, geti komið á að fullu að 10 árum liðum.

Hvert sem álit manna er á einstökum atriðum frv., held ég, að ekki geti farið milli mála, að

þau hafi hlotið óvenju vandaðan undirbúning. Ég vil því láta í ljós þá ósk, að n., sem fær þau til meðferðar, taki til óspilltra málanna, svo að þetta þýðingarmikla mál hljóti loks þinglega afgreiðslu eins skjótt og efni standa til.

Ég legg svo til, herra forseti, að að þessari umr. lokinni verði málunum vísað til 2. umr. og menntmn.

Gunnar Thoroddsen: Herra forseti. Ég tek undir þá ósk hæstv. menntmrh., að þetta frv. og það, sem næst er á dagskránni, um grunnskóla, fái nákvæma yfirferð og athugun í n., og eru fulltrúar Sjálfstfl. í menntmn. að sjálfsögðu reiðubúnir og undirbúnir til slíkra starfa.

Þessi frv. um skólamál fela í sér ýmsar endurbætur, sem vert er að gefa gaum, m. a. þau tvö meginatriði, sem hæstv. ráðherra gerði hér að umtalsefni í upphafi síns máls, að jafna aðstöðu ungs fólks, bæði að því er varðar búsetu og efnahag, svo að allir sitji þar við sama borð. Af öðrum nýmælum í þessu frv. vil ég á þessu stigi benda m. a. á ákvæði um bókasöfn, um aðstoð við afbrigðileg börn, um námsstjórn, um forskóla, um fræðslustjóra. Þau ákvæði eru til bóta í meginatriðum, og skal ég ekki fara frekar út í þau atriði hér.

Ýmsar aðrar breyt. frv. orka hins vegar meira tvímælis, og er þá fyrst að geta lengingar á skólaskyldunni, sem miklum ágreiningi og deilum hefur valdið. Í frv. er gert ráð fyrir því, að skólaskylda verði lengd um eitt ár, verði 7—16 ára. Ég held, að það sé mjög til athugunar, hvort ekki á að greina sundur meira en gert er og gert hefur verið annars vegar skólaskylduna og hins vegar fræðsluskylduna, — skólaskylduna, sem felur í sér skyldu allra unglinga til að sækja skóla á þessum árum, og hins vegar fræðsluskylduna, sem venjulega er skilin og túlkuð þannig, að það sé skylda hins opinbera til þess að sjá fyrir skólahúsnæði og annarri nauðsynlegri aðstöðu handa unglingunum til fræðslu. Ég held, að það komi mjög til greina, að fræðsluskyldan verði miðuð við 7—16 ára, eins og gert er ráð fyrir, þ. e. a. s. miðuð við 9 ár, en hins vegar nokkru vafasamara, hvort á að lögbjóða nú þegar níu ára skólaskyldu fyrir alla unglinga. Til athugunar gæti verið að halda sér við 8 ára skólaskyldu, 7—15 ára, en sveitarfélögum væri heimilt að ákveða í sínu umdæmi einnig skólaskyldu fyrir síðasta árið, ef þær sveitarstjórnir teldu það æskilegt eða nauðsynlegt. En jafnvel þó að slíkt væri ekki ákveðið og slík skylda því ekki öllum unglingum lögboðin, væri hið opinbera skyldugt til að veita þá aðstöðu, að allir unglingar, hvar sem þeir væru búsettir, gætu einnig notið þessarar fræðslu hið níunda árið.

Annað atriði, sem ég vil nefna hér, er samband skólaæskunnar og atvinnulífsins. Ég held það væri æskilegt að setja bein og skýr ákvæði um það í frv., að þar sem nemendur eru virkir þátttakendur í atvinnulífinu, megi meta það til jafns við a. m. k. verklegt nám, eftir því sem nánar yrði tiltekið.

Í þriðja lagi vil ég nefna 2. gr. frv., þar sem stefnumótun grunnskólans er ákveðin. Þar segir: „Hlutverk grunnskólans er, í samvinnu við heimilin, að búa nemendur undir líf og starf í lýðræðisþjóðfélagi, sem er í sífelldri þróun. Starfshættir skólans skulu því mótast af umburðarlyndi og lýðræðislegu starfi.“ Ég tel nauðsynlegt, að það sé skýrt tekið fram, að skólastarfið skuli byggjast á því að innræta nemendum einnig kristilegt siðgæði. Það er mjög mikilsvert atriði, að slíkt sé ekki látið undan falla í þeim gr., þar sem meginverkefni skólans er markað.

Í fjórða lagi vil ég nefna það, að ég tel mjög vafasamt, hversu frv. rýrir valdsvið skólastjóranna, sem ég tel mjög varhugavert og þurfa að athuga miklu nánar, áður en frv. verður endanlega afgreitt.

Loks vil ég nefna kostnaðarhliðina. Mér sýnist, að henni hafi verið of lítill gaumur gefinn. Það er augljóst, að samþykkt grunnskólafrv. mun leiða til mjög aukins kostnaðar, bæði að því er stofnkostnað snertir og rekstrarkostnað, og hefur það atriði ekki verið mjög ofarlega í umr. manna um grunnskólafrv., en ég held að því þurfi að gefa miklu meiri gaum.

Með frv. er að mínu áliti stefnt að því að auka enn vald ríkisins yfir skólamálum frá því, sem verið hefur. Mönnum kann að virðast þetta einkennileg staðhæfing, þar sem svo kann að virðast eftir frv. og grg. þess, að einmitt sé verið að flytja vald frá ríkinu til héraðanna.

Í grg. grunnskólafrv., á bls. 30, segir í 1. lið: „Nokkur hluti af valdi menntmrn. verður fluttur út í 8 fræðsluumdæmi, þar sem fræðslustjórar starfi.“ Þetta lítur ákaflega fallega út á pappírnum. En það er alger misskilningur að halda, að með þessu sé verið að auka vald héraðanna eða sjálfsforræði þeirra í skólamálum, svo að nokkru skipti, vegna þess að fræðslustjórarnir eiga að vera fulltrúar og erindrekar menntmrn. Það er ekki leiðin til þess að dreifa valdinu eða til þess að auka sjálfstæði héraðanna og verkefni þeirra að hafa þennan háttinn á. Enda er það svo, þegar nánar er skoðað í frv., að fræðslustjórinn er í flestum greinum háður menntmrn. og verður að hlíta valdi þess.

Í fyrsta lagi þótti höfundum frv. eða hæstv. ríkisstj. ekki fært að ákveða, að sveitarstjórnir eða landshlutasamtök skipuðu þennan fræðslustjóra, heldur er það ráðherra, sem á að skipa hann. Og yfirleitt er það svo, að úrskurðarvaldið er hjá ráðuneytinu. Það er ákaflega oft í frv. og einstökum gr. þess, þar sem rætt er um störf fræðslustjóra eða fræðsluráðs, að setningu eða málsgrein lýkur þannig, að þetta sé „háð samþykki manntmrn.“ eða „enda komi samþykki menntmrn. til“.

Það er að vísu í einu tilviki, sem fræðslustjóra er fengið endanlegt úrskurðarvald. Það er samkv. 14. gr. frv., ef ágreiningur kemur upp milli skólastjóra og kennararáðs. Þá kærir menntmrn. sig ekki um að fá það mál til sín. Þá er fræðslustjórinn nógu góður til að skera úr því máli.

Þessi yfirlýsing í grg. frv. um, að verið sé að færa vald menntmrn. út til héraðanna, fær því ekki staðist í reynd, heldur er hér um það að ræða, að menntmrn. sendir fulltrúa eða erindreka út í héruðin, sem rn. sjálft skipar og

ræður hver verður, og hann er í flestum eða nær öllum greinum starfsins háður menntmrn. Með þessu er að mínu viti ekki verið að ganga til móts við þær óskir sveitarstjórnarmanna, sem mjög hafa verið uppi um margra ára skeið að auka vald héraðanna.

En það er fyrst og fremst eitt grundvallaratriði, sem ég vil gera hér að umtalsefni nú við 1. umr. Nú er ástandið þannig og hefur lengi verið, að ríkið og sveitarfélögin fara með skólamálin sameiginlega. Þetta skipulag er að mörgu leyti ákaflega flókið og óheppilegt. Þó að sveitarfélögin hafi komið þarna verulega við sögu, er það þó í flestum efnum þannig, að ríkið hefur úrskurðarvaldið. Þingflokkur sjálfstæðismanna hefur rætt þessi mál mjög rækilega, bæði almennt og í einstökum atriðum, og hann hefur komist að þeirri niðurstöðu, að rétt sé að leggja til, að gagnger, róttæk breyting verði gerð í þessum efnum, — róttæk breyting á þá lund, að skólamálin, a. m. k. á skyldunámsstigi, séu fyrst og fremst verkefni sveitarfélaganna og samtaka þeirra, en ekki ríkisvaldsins. Hér á landi hefur mikið verið rætt um dreifingu valds, og hér er ákaflega mikil þörf á gagngerri endurskoðun á verkaskiptingu ríkis og sveitafélaga. Hæstv. ríkisstj. hefur tekið það mál upp í stefnuskrá sína og hæstv. félmrh. hefur fyrir nokkru skipað nefnd manna til að endurskoða sveitarstjórnarlögin með þetta verkefni sérstaklega í huga, og svo hefur verið frá skýrt, að ætlast sé til að n. skili störfum það tímanlega, að frv. um þetta efni verði lagt fyrir yfirstandandi þing.

Um verkaskiptingu ríkis og sveitarfélaga er margt nú á annan veg, en æskilegt væri. Um sum sameiginleg verkefni er það svo, að það er í rauninni ákaflega óljóst, á hverjum skyldan hvílir t. d. um frumkvæði í þeim efnum. Fjármál eru meira og minna í samkrulli hjá báðum aðilum. Að vísu er reynt að leysa úr þeim vanda með oft og tíðum flóknum reglum. En stefnan í þessum málum á að vera sú, að áliti okkar sjálfstæðismanna, að miklu fleiri verkefni en nú er séu fengin sveitarfélögunum og samtökum þeirra, og í annan stað, að reynt verði, eftir því sem föng eru á, að láta annan hvorn aðilann, ríkið eða sveitarfélögin, fara með ákveðna málaflokka, en miklu síður báða saman, eins og nú er í allt of ríkum mæli. Það er grundvallarsjónarmiðið, eins og samband sveitarfélaganna hefur hvað eftir annað orðað það, — það er grundvallarsjónarmið í þessu efni, að saman fari á einni hendi frumkvæði, framkvæmd og fjármálaábyrgð.

Tilgangurinn með þessari endurskoðun á verkaskiptingu verður auðvitað einnig að vera sá að gera hana alla einfaldari og gleggri. Ríkið á að hafa með höndum verkefni, sem varða alla landsmenn nokkurn veginn jafnt án tillits til búsetu, og verkefni, sem fela í sér jöfnun á aðstöðu sérstakra byggðarlaga. Sveitarfélögin eiga að annast staðbundin verkefni, sem fyrst og fremst snerta íbúa sveitarfélagsins og varða daglegt líf þeirra meira og minna. Auðvitað verða sveitarfélögin að hafa samvinnu um að leysa tiltekin verkefni, það sem það þætti henta, t. d. í einstökum landshlutum. Landshlutasamtök hafa verið stofnuð, og væntanlega verður sett löggjöf á þessu þingi um starfsemi þeirra, þannig að þau fái stöðu í stjórnkerfinu.

Þau almennu rök, sem liggja til endurskoðunar á verkefnaskiptingu ríkis og sveitarfélaga, eiga í rauninni hvergi meiri rétt á sér en í skólamálum. Eins og ég gat um, hafa ríkið og sveitarfélögin annast sameiginlega skólamál á skyldunámsstigi og allt til loka gagnfræðanáms, enn fremur iðnnám, húsmæðranám, framhaldsdeildir gagnfræðaskóla. Samskiptin eru bæði varðandi stofnkostnað skóla og rekstur þeirra, og skólamálin eru einn stærsti samskiptavettvangur ríkisins og sveitarfélaganna, og kostnaðarhliðin er með þeim hætti, að þessi viðskipti eru flókin og margslungin. Grunnskólafrv., sem hér liggur fyrir, er byggt á gildandi lögum um verkefnaskiptingu og kostnaðarsamskipti ríkisins og sveitarfélaganna.

Við teljum, að hér sé brýnt verkefni og þurfi að gerbreyta skipan skólamálanna að þessu leyti, það þurfi að auka hlut sveitarfélaganna svo verulega, að sveitarfélögin og samtök þeirra annist ein ákveðinn hluta fræðslumálanna og þá fyrst og fremst stofnkostnað og rekstur skóla á skyldunámsstigi, ríkið hins vegar greiði kennaralaun, kostnað vegna skólaaksturs og vegna heimavistar til að jafna aðstöðu milli sveitarfélaga. Enn fremur mun trúlega eðlilegt, að ríkið hafi með höndum ákvörðun námsefnis og námseftirlits.

Varðandi framhaldsskólana ætti svipað að gilda um skóla á framhaldsskólastigi, sem eru í nánum tengslum við skyldunámið, svo sem gagnfræðaskóla og fjölbrautarskóla, hins vegar reki ríkið skóla á háskólastigi og ýmsa sérskóla.

Ég ætla, að það, sem ég nú hef verið að rekja, sé mjög í samræmi við þær óskir og till. og álitsgerðir, sem fram hafa komið og verið til umr. hjá Sambandi ísl. sveitarfélaga.

Til þess að þetta megi verða, þurfa sveitarfélögin og samtök þeirra að sjálfsögðu að fá miklar viðbótartekjur. Það þarf að efla tekjustofna sveitarfélaganna, svo að um munar, og fá þeim fleiri tekjustofna. Ég minntist á þá stjórnskipuðu n., sem hefur það verkefni að endurskoða sveitarstjórnarlögin. Í því felst endurskoðun á hlutverkaskiptingu og tekjuskiptingu á milli ríkis og sveitarfélaga. Með tilliti til þessa er einsýnt, að hagkvæmustu vinnubrögðin eru þau, að unnið sé að afgreiðslu grunnskólafrv. með hliðsjón af störfum þeirrar n., sem vinnur að þeirri endurskoðun.

Ég vil taka fram, að ekki er nauðsyn að leysa öll vandamál á sviði verkaskiptingar ríkis og sveitarfélaga í einu. Ég ætla, að ef eigi að leysa öll þau vandamál í einu, þá þýði það óæskilega bið og taki allt of langan tíma. Hér er hins vegar um að ræða afmarkað verkefni, þar sem er skyldunámsstigið, sem tiltölulega auðvelt ætti að vera að taka ákvörðun um nú á þessu þingi og miða þá afgreiðslu þessara skólafrv. við það nýja skipulag. Fyrir þessari umbót mun Sjálfstfl. beita sér á þessu þingi og telur æskilegt, að skólafrv. verði afgreidd með þeirri breyt. Slík breyt., að sveitarfélögin og samtök þeirra hefðu skólamálin á skyldunámsstigi með höndum, mundi færa skólamálin,

sem snerta svo náið hverja fjölskyldu í landinu, nær fólkinu. Þau yrðu ekki eins fjarstýrð og nú er. Sveitarstjórnirnar þekkja miklu betur þarfirnar á hverjum stað. Viðhorfin eru ekki alls staðar þau sömu um allt land. Það yrði meiri sveigjanleiki í framkvæmd. Málin gengju síður eftir köldum línum og valdboðum frá ríkisvaldhöfum, sem stundum telja allt kerfið í voða, ef einhverja undanþágu þarf að veita eða tillit að taka til sérstöðu.

Ég hef þá trú, að ein merkasta og þarfasta umbótin varðandi aukið sjálfsforræði sveitarfélaganna sé einmitt þessi, að þau fái skólamálin sem mest í sínar hendur. Ég tel líklegt, — ég vil segja: ég tel nærri víst, að sú breyt. verði ein sú fyrsta á verkaskiptingu ríkis og sveitarfélaga og að þessi breyting hljóti að verða gerð alveg á næstunni. Það eru því að okkar dómi ekki hyggileg vinnubrögð að afgreiða skólamálin svo, að byggt sé á hinum gamla grunni og hinu úrelta skipulagi, sem hefur lifað sitt fegursta. Hitt væri vitlegra, að fella þau nú þegar á þessu þingi í þann farveg, sem samtök sveitarstjórna og fjölmargir skólamenn óska eftir, og gefa þeim málum nú þá mynd, sem koma skal.

Bjarni Guðnason: Herra forseti. Grunnskólafrv. er nú lagt fram í þriðja sinn fyrir hv. þd., þannig að mikil vinna hefur legið að baki undirbúnings frv. og miklar umr. hafa farið fram um það. Ég sé því ekki ástæðu til þess að fara að ræða einstök atriði, sem snerta þetta frv., en ég tel þó rétt að minnast á nokkur atriði, sem mér hafa komið í hug nú þegar frv. er flutt í þriðja sinn.

Það, sem maður rekur strax augun í við lesturs þessa frv., er, hversu það er langdregið og erfitt yfirlestrar, og sumt í frv. virðist mér vera af þeim toga, að það ætti annaðhvort að fella það niður eða færa það yfir í reglugerð. Ég vil minna á, að hæstv. menntmrh. hefur orðið fyrir svipuðum hughrifum a. m. k. á einhverju stigi þessa máls, því að þegar hann tók við menntmrn., fól hann nýrri n. að endurskoða frv., og komst hann þannig að orði: „að athuga hvort ekki mætti stytta frv.“ Ég hef ekki kannað rækilega, í hverju þessi stytting hefur verið fólgin. En mér sýnist enn, að ekki hafi verið nóg að gert. Ég vil þessu til stuðnings benda á eitt, tvö atriði.

Við skulum taka t. d. 55. gr., sem fjallar um agamál í skólum. Nú er spurningin, hvaða erindi slíkt eigi inn í lög. Er ekki miklu skynsamlegra að hafa þetta í reglugerð, sem skapar sveigjanleik fyrir ráðuneytið, enda mun viðhorf manna til agamála vera mjög breytilegt? Sumt í frv. er af þeim toga, að það eru sjálfsagðir hlutir. Við skulum taka t. d. þessi orð í 55. gr.: „Ef nemanda reynist verulega áfátt í hegðun, ber kennara að leita orsaka þess. Í ljósi fenginna upplýsinga skal hann í viðtali við nemanda og forráðamenn hans, ef við á, leitast við að fá bætt úr því, sem áfátt er.“ Þetta eru allt sjálfsagðir hlutir. Ef gengið er að því vísu, að kennari og skólastjóri hafi þá kennaramenntun, sem lög gera ráð fyrir, hafi nokkra þekkingu í uppeldisfræði og sálarfræði, þá segir það sig sjálft, að það er óþarfi að vera að færa þetta inn í lög. Þetta eru sjálfsagðir hlutir, ef skólinn á annað borð býr við hæfa starfsmenn, svo sem gera verður ráð fyrir.

Margt er af svipuðum toga. Í 6. gr. er talað um misbrest á skólasókn skólaskylds barns og síðan segir: „Fræðslustjóri kynnir sér málsatvik og ástæður á heimili og í skóla og beitir sér fyrir úrbótum“ o. s. frv. Ég hygg, að þetta megi stytta verulega og jafnvel fella úr. Þetta er að mínu viti mælgi.

Þá tel ég ekki óeðlilegt, að t. d. efni 43. gr., þar sem fjallað er um einstakar námsgreinar, — það má kannske deila um, hvort þetta eigi að vera í lögum, — ég tel ekki óeðlilegt, að þetta væru reglugerðarákvæði, því að það er nú mjög breytilegt.

En það, sem ég er nú að vega að, er t. d., að í 43. gr. segir: „Við setningu námskrár og skipulagningu námsefnis fyrir grunnskóla skal þess sérstaklega gætt í samræmi við markmið skólans, sbr. 2. gr., að öllum nemendum séu gefin sem jöfnust tækifæri til náms, jafnframt því sem skólinn komi til móts við og viðurkenni mismunandi persónugerð, þroska, getu og áhugasvið nemenda.“ Þetta eru allt sjálfsagðir hlutir. Þetta er í samræmi við hlutverk grunnskólans, og ég tel, að allt slíkt eigi að fara út úr frv. Þetta eru að mínu viti klausur, sem valda því, að menn hafa síður nenning í því að komast yfir öll lögin.

Ég man nú ekki nákvæmlega, hvernig norsku grunnskólafrv. líta út, en einhvern veginn rámar mig í það, að þau séu miklum mun styttri. Og þó að ég hafi alltaf dálítið horn í síðu lögfræðinga, þá er stundum gott að leita til þeirra. Ég hugsa, að hér hefði með dálítilli kunnáttu í vinnubrögðum við lagagerð mátt gera þetta frv. betur úr garði og taka dálítið öðruvísi á þessu. Ég tel, að ýmsar greinarnar mættu fara inn í reglugerð, það er miklu þægilegra fyrir ráðuneytið, og strika út ýmsar klausur, sem ég vil telja, að séu óþarfar.

En nú vík ég að öðru atriði. Eins og fram hefur komið, er tilgangur grunnskólafrv. tvíþættur: annars vegar að jafna menntunaraðstöðu æskufólks og hins vegar að leiða sérhvern Íslending til nokkurs þroska og fræðslu. Megininntakið eða meginnýjungin í frv. er að sjálfsögðu 9 ára skólaskylda og lenging skólaársins í 9 mánuði. Annað í frv. er frekast umbúnaður til þess að tryggja, að þessi ákvæði nái fram að ganga. Nú vaknar sú mikla spurning: Næst jöfnuður í námsaðstöðu með þessu ákvæði um 9 ára skólaskyldu? Enginn vafi er á því, að allir þm. eru á þeirri skoðun, að fullur jöfnuður eigi að ríkja. En næst þessi jöfnuður með frv.? Það er sú mikla spurning. Ég vil strax benda á, að í sjálfu frv. er í raun og veru í tveimur ákvæðum stuðlað að því, að ekki náist jöfnun í námsaðstöðu, og á ég þar við ákvæðið um, að það megi stytta skólaárið, og það verður að sjálfsögðu í dreifbýlinu, og í öðru lagi að kosta forskóla, þ. e. a. s. fyrir 6 ára börn, og það verður að sjálfsögðu í þéttbýlinu, en ekki í dreifbýlinu, ef að líkum lætur.

Það, sem ég á við, er þetta, að það eru þegar í raun og veru smugur til þess að viðhalda mismunun í námsaðstöðu eftir búsetu. Það er enginn vafi á því, að hér er ekki aðeins um menningarlegt atriði að ræða, heldur líka félagslegt. Og hin mikla spurning er: Hvaða félagsleg áhrif hefur þetta frv. á uppbyggingu landsbyggðarinnar. Það hefði verið æskilegt að mínu viti, að fram hefði farið einhver félagsleg könnun á því, hvaða áhrif þessi skólalenging hefði á dreifbýlið. Eins og þm. er kunnugt, eru um það mjög skiptar skoðanir, og sumir, sem hafa mikla reynslu af þessum málum og bera sérstaklega fyrir brjósti hag dreifbýlisins, telja, að með þessu sé uppbygging dreifbýlisins beinlínis stefnt í voða. Og þetta væri alvarlegt, ef rétt væri. Þess vegna tel ég, að félagsleg könnun, sem hygði einmitt að þessu, hvaða áhrif 9 ára skólaskylda og 9 mánaða skólaár hefðu á dreifbýlið, hefði verið mjög æskileg. Við stöndum frammi fyrir þeim vanda, að Stór-Reykjavík er að sjúga til sín ekki aðeins allan þorra landsmanna, heldur oft mesta mannvalið eða öllu heldur þá, sem hafa einhverja sérkunnáttu í ýmsum greinum. Spurningin er sú, hvort þetta frv., ef að lögum verður, geti leitt til þess að flýta fyrir því, að það fólk, sem gengur betur að læra, slitni frá sínum heimahögum og stundi langskólanám og skili sér ekki til sinna heimahaga. Þetta er meginvandinn. Þess vegna hygg ég, að það sé alveg bráðnauðsynlegt að reyna að búa þannig að dreifbýlinu og þeim héruðum, sem verst eru sett, þannig, að æskufólkið leiti aftur til heimahaganna að loknu námi og að þau skilyrði verði sköpuð fyrir þetta unga fólk, að það uni sér í heimahögum. Þetta er grundvallaratriðið. Þess vegna hefði verið mjög æskilegt að gera einhverja smáathugun einmitt á hinu félagslega vandamáli í sambandi við þetta frv.

Og nú kem ég að öðru, þ. e. a. s. hinu verklega námi. Ég vil taka undir orð síðasta ræðumanns, sem laut að því, að verklegt nám er í of lausum tengslum við þetta frv. Það er of óljóst, hvernig þessi uppbygging skólakerfisins, þessi leið til langskólanáms, tengist atvinnuháttum þjóðarinnar. Ég er þeirrar skoðunar, að e. t. v. hefði verið réttara að taka öðruvísi á skólamálunum. Ef ég hefði haft þar nokkra íhlutun um gang mála, hefði ég fyrst og fremst viljað leggja áherslu á hið verklega nám, á tækninámið, á iðnaðarnámið, sem nú býr við þröngan kost. Ég er ekki sannfærður um, að það sé rétt stefna að veita 3 millj. til Tækniskólans til húsbyggingar, á meðan menntaskólarnir þjóta upp. Ég hygg, að það sé nauðsynlegt, að við leggjum meiri áherslu um þessar mundir á hið verklega nám, iðnaðarnámið, fræðslu í atvinnugreinum þjóðarinnar, þannig að við missum ekki það fólk, sem kann að vera hæfast, út í langskólanámið. Þetta hygg ég, að sé mikill vandi. Við verðum að skapa meiri virðingu fyrir verklegri vinnu, fyrir vinnu við íslenskar atvinnugreinar, og reyna að gera hana jafngilda á allan hátt við langskólanámið. Þess vegna vaknar sú spurning, hvort grunnskólafrv. kunni að flýta fyrir þeirri þróun að viðhalda virðingu langskólanámsins, reyna að færa sem flest á skrifstofur í Reykjavík, eða hvort ekki hefði verið réttara að takast á við verklega námið og iðnnámið, áður en styrktar væru undirstöður langskólanámsins. Með því að efla verknámið, iðnnámið, kennslu í atvinnugreinum þjóðarinnar, hefði mátt fá traustar stoðir úti í sveitinni og í fiskiplássum á landsbyggðinni við atvinnugreinarnar og fá þannig undirstöðu, í stað þess að með einhliða uppbyggingu langskólanámsins fer þetta fólk hér í sérfræðigreinar og langskólanám og skrifstofur í Reykjavík. Ég ætla ekki að segja, að þróunin verði svona. Ég er aðeins að láta í ljós, að mig grunar, að það hefði verið réttara og heppilegra að beita sér af alefli í uppbyggingu verklega námsins í greinum, sem snerta atvinnuhætti þjóðarinnar, og láta heldur uppbyggingu grunnskólakerfisins e. t. v. bíða um stund. Ekki síst stafar þessi hugmynd mín af því, að við höfum fyrir fræðslulög frá 1946, þar sem er heimild fyrir sveitarfélög að taka upp 9 ára skólaskyldu, þannig að þau lög eru fyrir hendi. Það hlýtur líka að vekja nokkra furðu að búa við fræðslulög, sem ekki hefur verið unnt að framfylgja um skólasetu unglinga úti á landsbyggðinni, og menn skuli ekki heldur kappkosta að reyna að fullnægja skólaskyldunni úti á landsbyggðinni, áður en þeir fara að setja lög um enn meiri lengingu hennar. Eg hygg, að það hljóti að vera eðlilegur gangur mála að tryggja framkvæmd fræðslulaganna frá 1946, áður en menn fara í skólalengingu sem er óskrifað blað.

Grunnskólafrv. er að sjálfsögðu fyrst og fremst form, og það veltur á öllu, að framkvæmdin sé góð. Ég vil strax víkja að kennaramenntuninni. Ég hygg, að eitt undirstöðuatriðið sé kennaramenntunin, og ég vil þá benda á, að Kennaraháskólinn var settur á laggirnar árið 1971 og átti að endurskoða lög um hann eftir 2 ár. Sú endurskoðun hefur ekki farið fram, og mér sýnist, að samskipti Háskólans og Kennaraháskólans séu alveg óleyst mál, sem þurfi að glíma við.

Forseti hefur óskað eftir því að fresta fundi, og ég skal ekki bregðast því, en það er aðeins eitt, sem ég vil segja að lokum. Mér virðist á sumum sviðum móta þetta frv. óraunverulegur blær, einhver „útopiskur“ blær, einhver framtíðardraumur fjarri veruleikanum. Ég skal nefna eitt dæmi. Menntmrn. á að hafa heimild til þess að veita kennurum ársleyfi eftir 5 ára starf. Spurningin er: Hvaða vit er í því að setja þetta inn í lög? Menntmrn. getur ekki einu sinni veitt þeim kennurum, sem hafa lokið 10 ára kennslu, orlof frá vinnu, nema brotabroti. Að setja svona ákvæði inn í lög tel ég fjarri lagi, enda tel ég það rangt. Til hvers á að fara að veita ársleyfi kennurum, sem búnir eru að vinna 5 ár? Ýmis önnur ákvæði sýnast mér þannig, að það sé óskhyggja og einhver framtíðardraumur, sem mótar þetta frv. Engu að síður vonast ég til eins og aðrir ræðumenn hér, að þetta grunnskólafrv. verði þjóðinni til heilla og æskulýðnum til blessunar.

Pálmi Jónsson: Herra forseti. Frv. um skólakerfi og frv. til l. um grunnskóla eru nú lögð

fram hér á hv. Alþ. í þriðja sinn. Þrátt fyrir það að ég ræddi þessi frv. nokkuð hér á Alþingi í fyrravetur og lýsti þar skoðunum mínum á ýmsum þáttum þessara mála, langar mig enn til að segja örfá orð.

Hæstv. menntmrh. ræddi í sinni framsöguræðu þær breytingar, sem orðið hafa á frv. frá því á síðasta Alþingi, og vil ég segja um þær breytingar í heild, að þær eru ekki veigamiklar. Þær horfa a. m. k. sumar hverjar til bóta, en í þeim er ekki að finna neitt það, er hefur verulega áhrif á meginuppbyggingu eða meginstefnu þessara frv.

Það kom fram í máli hæstv. ráðh., að frv. eru byggð á þeirri meginhugsun í fyrsta lagi að jafna aðstöðu nemenda til náms með tilliti til fjárhagslegra aðstæðna og landfræðilegra aðstæðna. Í annan stað miða þau að því að auka menntun og þroska skólafólks. Þessi markmið eru að mínu mati sjálfsögð, og fram hjá þeim verður ekki gengið, þegar sett er löggjöf um undirstöðumenntun þjóðarinnar. Hitt má aftur mjög um deila, hvort þessum markmiðum verði best náð með þeim aðferðum, sem nánar eru útfærðar í þessum frv., eða hvort þar sé rangt að farið og aðrar leiðir megi velja. Það kom fram á síðasta Alþ., að ég er andvígur þeim stefnuatriðum þessa frv., sem boða það að lengja skólaskyldu og lengja árlegan skólatíma nemenda. Þessi afstaða mín er óbreytt, og vil ég leggja enn á hana aukna áherslu, enda þótt það hafi komið fram í ræðum mínum um þetta efni á síðasta Alþ.

Hér var af hv. 5. þm. Reykv. og hv. 3. landsk. þm. nokkuð vikið að þessu efni hvort heillavænlegra væri að lengja skólaskyldu eða ekki Ég legg þann skilning í orðið „skólaskylda“, að þar sé átt við skyldu nemenda á ákveðnu aldursstigi til þess að sækja skóla, en í orðið „fræðsluskylda“ legg ég aftur þann skilning, að með því sé átt við skyldu opinberra aðila, ríkis og sveitarfélaga, til að halda uppi aðstöðu til þess, að nemendur geti sótt sér fræðslu og aflað sér þekkingar í skólum og valið þar þær námsbrautir, sem þeir telja mest við sitt hæfi. Á þessu er þannig nokkur munur. Ég vil taka fram, að það er eindregin skoðun mín, að það sé hyggilegra að lengja skólaskylduna frá því, sem þegar er orðið, en þess í stað að sinna því betur að halda uppi fræðsluskyldu þannig, að hún sé virk hvarvetna um landið.

Í grg. þessa frv. er vikið að þeim höfuðforsendum, sem höfundar þess telja, að liggi til þess, að þeir leggja til, að skólaskyldan sé lengd. Þar er frá því greint, að um 82% unglinga hafi stundað nám í 3. bekk gagnfræðastigs skólaárið 1968—1969, og athyglin beinist einkum að þeim 18% nemenda, sem hætt hafa skólasókn, eftir að skyldunámi lýkur eftir annan bekk gagnfræðastigs, enn fremur, að það hafi komið í ljós, að mjög verulegur hluti þessara 18% nemenda hafi verið úr strjálbýli og minni sjávarplássum. Þetta er svo aftur túlkað sem sönnun þess, að nauðsynlegt sé að lengja skólaskylduna um eitt ár til þess að tryggja, að þessir nemendur haldi áfram námi, og með því er sagt, að verið sé að jafna aðstöðu skólafólks til menntunar um landið.

Ég vil enn á ný ítreka það, sem fram kom hjá mér á síðasta Alþ., að ég lít á þetta sem mjög veigalítil rök, ef ekki hrein falsrök. Það er vegna þess, að þrátt fyrir það að ríki og sveitarfélög hafi unnið í rauninni stórvirki á undanförnum árum í því að byggja upp skólamannvirki víðs vegar um landið, þá er þó enn mikið ógert og sú aðstaða hefur ekki verið sköpuð hvarvetna um landsbyggðina, sem þarf til þess, að nemendur geti aflað sér þekkingar og sótt nám á miðskólastigi, eins og þeir kjósa, í sinni heimabyggð eða nálægt sinni heimabyggð. Þetta er að mínum dómi orsökin til þess, að mikill munur á skólasókn nemenda í strjálbýli og þéttbýli kemur fram í þessum skýrslum. Hér er miðað við skólaárið 1968—1969, og gefur það vitaskuld rétta mynd af því skólaári, en ég hygg, að þessi munur sé nokkuð að minnka, eftir því sem tímar hafa liðið. Ég lít því svo á, að það sé fallin sú forsenda, sem sterkust er talin liggja til þess, að nauðsyn hafi borið til að lengja skólaskylduna um eitt ár, eins og er lagt til í þessu frv. að verði gert.

Um muninn á skólaskyldu og fræðsluskyldu að öðru leyti vil ég láta það koma fram, að meginrök mín fyrir því, að ég tel fræðsluskylduna heppilegri, eru þau, að með því móti sækja nemendur skóla af frjálsum vilja, en eru ekki þar að boði ríkisvaldsins. Það er öllum kunnugt, sem fengist hafa við uppeldismál, hvað verkar mjög á hugi unglinga, hvort þeir vinna tiltekið verk eftir ákveðnu valdboði eða þeir starfa að slíku verkefni að eigin frumkvæði og í samræmi við eigin ákvarðanir. Hefur komið mjög glöggt í ljós, að þessi skilningur er ríkjandi hjá fjölmörgum skólamönnum landsins, og þessi skilningur á því, hvað það hefur mikla þýðingu í sambandi við allt skólastarf, að nemendur séu í skólanum af frjálsum vilja, er, held ég ríkasta ástæðan til þess, að mjög margir kennarar og skólastjórar eru andvígir lengingu skólaskyldunnar, eins og komið hefur fram í fjölmörgum samþykktum þessara aðila. Á sama hátt verkar það mjög á hegðun skólafólks, hvort það sækir skóla eðar valdboði, þ. e. á skyldunámsstigi, eða eftir að skyldunámi sleppir. Skólanemendur, sem eru í skyldunámsskóla, eru yfirleitt ódælli viðfangs. Skyldukvöðin gerir þá örari við að brjóta af sér agareglur skóla, og það eru mikil brögð að því, að á skyldunámsstiginu eru meiri vandkvæði á því að halda uppi aga og halda nemendum að nægilega ötulu skólastarfi. Hins vegar verða í flestum tilvikum mjög mikil umskipti, eftir að skólaskyldu sleppir og nemendur sækja skóla eftir eigin ákvörðun. Þá vita þeir, hvað er í húfi. Þeir rækja sitt nám betur, og þeir gera sér ljóst, að ef þeir brjóta verulega í bága við þær reglur, sem í skólunum skal virða, þá eiga þeir á hættu, að þeim verði vísað burt frá námi og þverbrestur komi í þeirra námsbraut. Ég skal ekki fara fleiri orðum um þetta, en ég hygg, eftir því sem ég hef rætt við skólamenn um þessi atriði, að þarna sé mjög veigamikið atriði, sem ekki

megi ganga fram hjá, þegar hugsað er til þess, að setja ný lög um það, sem hér er kallað grunnskóli og skólakerfi.

Í sambandi við skólakerfið allt og skólafólk hefur það valdið vaxandi áhyggjum á undanförnum árum, hversu tilteknir hópar námsmanna eða námsfólks hafa virst fjarlægjast atvinnuhætti þjóðarinnar. Slík þróun er óheppileg í hæsta máta og háskaleg, svo sem ekki þarf að eyða orðum að. Ef sá háttur er upp tekinn að lögbjóða 9 mánaða skólaskyldu á ári á aldrinum 9—16 ára, gengi löggjafinn í þá átt, sem búast mætti við að hefði áhrif á, að unga fólkið fjarlægðist atvinnulíf þjóðarinnar meira en gert hefur verið á undanförnum árum. Þarna hygg ég, að sé stefnt í öfuga átt, auk þess að í sumum byggðarlögum, bæði til sjávar og sveita, er það til mjög mikils óhagræðis fyrir atvinnulíf þessara byggðarlaga, ef unglingar eru bundnir í skóla 9 mánuði ársins.

Ég vil taka undir það í þessu sambandi, sem fram kom í ræðu hv. 3. landsk. og raunar einnig í ræðu hv. 5. þm. Reykv., hver nauðsyn er á því að hefja til meiri vegs og virðingar en nú er í þjóðfélaginu verkmenntun og störf á sviði verklegra efna. Þar á ég bæði við iðnfræðslu og nám, sem bundið er öðrum atvinnugreinum þjóðarinnar. Það hefur komið fram hjá fólki, sem er t. d. í iðnnámi, að því finnst eins og aðrir námshópar líti niður á þá, sem velja sér þessar námsbrautir. Slíkt er algerlega óviðunandi ástand. Alþ. þarf með öllum ráðum að koma til liðs við þá hugsun, sem iðnnemar og aðrir nemendur í verklegum greinum hafa, að hrinda þurfi þessu ástandi og vinna að því, að iðnnám og önnur verkmenntun njóti a. m. k. til jafns við aðrar námsbrautir virðingar í þjóðfélaginu. Ég hygg, að ef svo fer, að Alþ. samþykki nú lög, sem vinna gegn því, að unga fólkið sé tengt atvinnuháttum þjóðarinnar í sama mæli og það þó er í dag, þá sé þar gengið í öfuga átt. Þar er enn ein orsökin til þess, að ég er andvígur því, að árlegur skólatími sé lengdur frá því sem nú er, og er hann þó ærinn fyrir.

Ég skal ekki fara út í mörg fleiri atriði, sem þessu eru samfara, eða rökstyðja þessa skoðun mína miklu nánar um langa skólaskyldu og langan skólatíma. Þess gerist ekki þörf að þessu sinni og næg tækifæri til þess síðar, ef ástæða þykir til. En út af því, sem getið er um í grg. með þessu frv., að við Íslendingar megum ekki verða eftirbátar annarra nágrannaþjóða í því að halda uppi menntun þjóðarinnar, vil ég aðeins minnast á það, að ég hef í höndum úrklippur úr norsku dagblaði, þar sem fimm námsstjórar norskir ræða þau vandamál, sem af hinni löngu skólaskyldu í Noregi hefur leitt, en 9 ára skólaskylda var lögfest í Noregi á árinu 1969. Einnig er sagt, að Danir vinni nú að nýrri grunnskólalöggjöf, sem geri ráð fyrir 9 eða jafnvel 10 ára skólaskyldu. Mér þykir rétt að tilgreina hér nokkrar setningar úr áliti þessara 5 norsku skólafrömuða, vegna þess að það hefur harla lítið borið á því í umr. um þessi mál hér á landi, að vitnað hafi verið til þess, að Norðurlandaþjóðirnar og þá fyrst og fremst Norðmenn hafi fundið, að við einhver vandamál væri að stríða samfara þessari löngu skólaskyldu. Þessir 5 námsstjórar rituðu grein í síðasta tölublað Norsk skoleblad og láta þar í ljós þá skoðun, að koma eigi á fót náinni samvinnu milli athafnalífs og skóla, það eigi að gefa nemendum á 9. skólaári kost á að velja á milli vinnunnar og skólans segja þessir 5 námsstjórar, og þeir leggja til, að komið verði á fót sérstakri stofnun, sem komi á nánum tengslum milli skóla, heimila og athafnalífs. Enn fremur er í þessari grein því haldið fram, að í mörgum tilfellum sé það sóun á fjármunum, kröftum og tíma að þvinga hinni hefðbundnu skólagöngu upp á unglinga, sem alls ekki óska eftir slíkum afskiptum hins opinbera, þannig séum við að vinna að því að eyðileggja þessa einstaklinga. Hluti af 15—16 ára unglingum á að fá að velja um aðra kosti en okkar venjulegu skólagöngu, þeir eiga kröfu á því. Við vitum, að hluti af nemendum tekur skólagönguna sem refsingu, fullyrða þessir 5 norsku námsstjórar.

Enn segir í útdrætti úr þessari blaðagrein, að eftir gagnrýnina um skólann leggi þessir 5 námsstjórar til, að leitað verði nýrra leiða. Nemendur á 9. skólaári eiga að fá tækifæri til að vinna í stað þess að ganga í skólann. Samtímis verður fullorðinsfræðsla að þróast þannig, að þeir, sem kjósa að vinna, missi ekki sambandið við skólann. Þeir verða að fá tækifæri til þess að halda menntun sinni áfram, þegar löngun og þörf krefst þess. Látum skólann fá að vera með í að bera ábyrðina af hinum ungu, skrifa námsstjórarnir. Skiptið ábyrgðinni í meiri mæli með heimilum og athafnalífinu. Athafnalífið verður að fá sem verkefni að skapa hæfilegan starfsgrundvöll fyrir unglinga á 15—16 ára aldri.

Í þessum tilvitnuðu orðum í grein þessara forsvarsmanna skólamála í Noregi kemur í ljós, eins og hér hefur stundum verið bent á, að hluti nemenda á 15—16 ára aldri á naumast erindi í skóla á því aldursstigi. Svo kann að fara, ef þeim er gefið færi á því að sinna öðrum þroskandi störfum um ákveðið tímabil, að þeir kjósi að hefja nám að nýju og afla sér þekkingar, sem skólarnir geta veitt, þegar þeir hafa sinnt öðrum störfum um takmarkaðan tíma. Þessu þarf að sinna betur en áætlað er að gera með þessu frv. Það þarf að gefa því gaum, að enda þótt fólk hverfi út úr námi og falli út úr skólakerfinu á einhverjum stigum þess, þá séu því brautirnar opnar, þegra hugur þeirra stendur til að sækja sérskólanám. Og markmiðið með því að gera fræðsluskylduna virka í raun er það, að námsbrautir séu öllum opnar, án þess að þvingunum sé beitt lengur en góðu hófi gegnir, til þess að allir sæki skólavist. Höfuðáherslu ber að leggja á, að hver unglingur geti sótt sér nám og fræðslu í skóla við sitt hæfi og hlotið þá menntun, sem hugur hans stendur til.

Í hinum tilvitnuðu orðum hinna norsku skólamanna er lagt til, að komið sé á fót sérstakri stofnun, sem hafi með það að gera að efla tengsl skóla, heimila og athafnalífs, og að fá verði atvinnuvegunum það verkefni í hendur að

tryggja atvinnu fyrir unglinga á 15—16 ára aldri. Ég hygg, að betra sé að fara hægar í sakir og flana ekki að því að lengja skólagönguna allt upp í 16 ára aldur og allt upp í 9 mánuði á ári heldur en að þurfa svo, ef farið væri að því, sem hinir norsku skólamenn minnast hér á, að setja á fót sérstaka stofnun eftir 2—3 ár til þess að vinna gegn þeim ákvæðum, sem þarna væri búið að lögfesta.

Svo virðist sem í menntmrn. sé ærið starfslið, og kostnaður við það starfslið vex nokkuð hraðfara, enda þótt þar verði ekki komið á fót nýrri og sérstakri stofnun til þess að sinna þessu verkefni, sem, ef dæma má af hugleiðingum Norðmanna um þessi efni, kæmu væntanlega fram kröfur um að að nokkrum árum liðnum, yrði hin langa skólaskylda hér tekin upp.

Ég vildi láta þessi atriði koma fram um þá reynslu, sem a. m. k. hluti norskra skólamanna telur sig hafa orðið fyrir í sambandi við löggjöf, sem ég hygg, að þetta frv. sé að verulegu leyti sniðið eftir, vegna þess að því er einatt haldið fram, að við Íslendingar megum ekki verða eftirbátar annarra þjóða í þessari grein eða annarri. Það er hyggilegt að vega og meta þá reynslu, sem fengist hefur af nýbreytni hjá öðrum þjóðum, bæði á sviði skólamála og annarra efna, og taka það upp, sem hefur sýnt sig, að vel hentar og getur hentað vel við íslenskar aðstæður.

Ég gagnrýndi það nokkuð hér í fyrra, hve ákaflega lausleg grein væri gerð fyrir þeim kostnaðarauka, sem ætlað væri, að stafaði af löggildingu þessa frv., ef af yrði. Ég sé, að enn er sama talan tilgreind um þann kostnaðarauka, sem ætlað er, að verði í rekstri skólakerfisins, ef þessi frv. verða að lögum, en það eru tæplega 290 millj. kr. Ég lít svo á, að a. m. k. fullar líkur séu til, að þarna sé mjög vægilega í áætlanir farið, og hefði verið ekki einasta æskilegt, heldur og skylt að reyna að gera nánari grein fyrir því hér á hv. Alþ., hver kostnaður hlytist af samþykkt þessara frv. nú, þegar þau eru lögð fram hér í þriðja sinn. Þó að þessi tala sé nefnd í sambandi við rekstrarkostnað skóla, er engin tilraun gerð til þess að leggja hér fram neinar áætlanir um stofnkostnað, sem af því mundi leiða að lengja skólaskylduna um eitt ár og skólaárið upp í 9 mánuði.

Ég tel, að nauðsynlegt sé að herða róðurinn í sambandi við uppbyggingu skólamannvirkja, því að þrátt fyrir það að fræðslulögin frá 1946 séu svo gömul sem raun ber vitni, skortir mjög á, að þau séu framkvæmd í sumum skólahverfum landsins, og er í því fólgið mikið misrétti, — misrétti, sem að mestu stafar af því, að ríki og að hluta sveitarfélög hafa ekki komið í framkvæmd, eftir því sem þörf er á að koma byggingu skólamannvirkja áfram. Út þessu er nauðsynlegt að bæta og til þess þarf fjármagn. Það fjármagn er ábyggilega svo mikið, að þröngt verður fyrir dyrum að bæta við þeim kostnaðarauka, sem felst í þeirri skipulagsbreytingu, sem þetta lagafrv. felur í sér. Ég lít svo á, að það hefði verið skyldara og nauðsynlegra að búa svo um hnúta, að unnt hefði verið að framfylgja hinum rúmlega aldarfjórðungs gömlu lögum, sem eru í gildi í dag, og haga því þannig, að jafnrétti gæti gilt til náms og því hamlaði ekki, að framkvæmdir við skólamannvirki væru látnar sitja á hakanum.

Hv. 3. landsk. gerði nokkuð grein fyrir þeirri skoðun sinni, að þetta frv. væri flókið og það væru í því óþarfar gr., sem mætti gjarnan fella í reglugerð. Ég er einnig þeirrar skoðunar, að frv. sé flókið að uppbyggingu, og skal aðeins nefna einn þátt þess, en það er veigamikill þáttur, er varðar uppbyggingu stjórnkerfisins í skólamálum allt frá grunni til hæstv. menntmrh. Ég fæ ekki betur séð en þarna séu níu þrep frá nemandanum og til ráðh. Í þeirri uppbyggingu nefnda og ráða og embætta, sem upp er sett með þessu frv., og skal ég reyna að telja þau upp. Má vel vera, að mér hafi skotist yfir nokkur, því að eins og ég sagði er frv. það flókið, að það þarf vandlegan lestur til þess að hlaupa ekki yfir eitthvað af þeim atriðum, sem þar koma fram.

Það er í fyrsta lagi nemendaráð, síðan kennararáð, foreldrafélög, skólanefnd, það er fræðsluráð, það er fræðslustjóri, það er grunnskólaráð, það er samstarfsnefnd rn. og Sambands ísl. sveitarfélaga, það er menntmrn. og það er menntmrh. Þessi ráð hafa svo aftur sinar stjórnir, sinn formann, og er það allt ærið kerfi. Til þess að reyna að glöggva sig á því, hvernig þetta kerfi vinnur, má t. d. taka það, hvaða aðferð er viðhöfð, ef kennarastaða losnar við tiltekinn skóla. Þá ber í fyrsta lagi skólanefnd að tilkynna fræðslustjóra það tafarlaust, sbr. 33. gr. Fræðslustjóri sendir tilkynningu til menntmrn., sem auglýsir stöðuna. Skólanefnd veitir viðtöku umsóknum um skólastjóra- og kennarastöður, skólanefnd sendir fræðslustjóra till. sínar og umsagnir. Skylt er skólanefnd að leita álits skólastjóra um umsækjendur, ef velja á kennara, en fræðslustjóra, ef velja skal skólastjóra. Verði ágreiningur um umsækjendur milli skólastjóra og skólanefndar, gerir hvor aðili um sig till. til fræðslustjóra. Að þessu loknu sendir fræðslustjóri till. og umsagnir um stöðuveitingar til menntmrn. ásamt umsögn sinni. Eftir allar þessar umsagnir og eftir að gengið hefur verið milli allra þessara aðila, tekur menntmrn. ákvörðun og setur eða skipar kennara eða skólastjóra í tiltekna stöðu.

Enda þótt því sé haldið á lofti, að með þessu frv. sé stefnt mjög í þá átt að færa valdsvið eða ákvarðanir um tiltekin efni út á landsbyggðina, er þar að mínum dómi harla skammt gengið og jafnvel í þveröfuga átt, eins og hv. 5. þm. Reykv. gerði grein fyrir. Þess í stað er byggt upp kerfi, sem er svo flókið, að það hlýtur að reynast torvelt í framkvæmd og lengja a. m. k. mjög þá göngu, sem þarf að fara til þess að fá fram ákvörðun í tilteknum atriðum, eins og ég þegar hef nefnt, t. d. um skipun eða setningu kennara og skólastjóra. Á því hefur margsinnis verið vakin athygli, hve stjórnkerfið íslenska væri orðið flókið og hlæði utan á sig, enda þótt aldrei hafi verið starfað svo ötullega að því að bæta þar við og útbreiða ríkisbáknið, sem kallað er, eins og nú á síðustu tveim árum eða í valdatíð núv. hæstv. ríkisstj., en ég lít

svo á, að í þessu frv. sé það flækt svo, að það sé algerlega óviðunandi og ætti að takast til gagngerðrar endurskoðunar.

Ef farið væri að þeim till., sem fram komu í ræðu hv. 5. þm. Reykv. og hann lýsti sem till. Sjálfstfl., mætti breyta þarna verulega um og gera þetta kerfi allt einfaldara í sniðum og um leið færa valdsviðið í raun heim í byggðirnar, þar sem fólkið er. Það getur þá sjálft með milligöngu þeirra fulltrúa, sem því standa næst, haft bein áhrif á framkvæmd þessara mála. Ég vil aðeins taka það fram, að í sambandi við stóraukningu á verkefnum sveitarfélaga í landinu og þar með þörf á auknum tekjustofnum þeim til handa tel ég, að a. m. k. fullar líkur bendi til, að þurfi að efla Jöfnunarsjóð sveitarfélaga til að koma til móts við í ríkari mæli en nú er gert þann aðstöðumun, sem ríkir á milli einstakra sveitarfélaga á því sviði að afla sér tekna, og gildir raunar nokkuð sama, hvaða tekjustofnar þeim yrðu fengnir. Það má vænta þess, að aðstöðumunur þeirra sé slíkur, að þörf sé á, að Jöfnunarsjóðurinn verði efldur.

Þetta vildi ég láta koma fram í sambandi við þær till., sem við sjálfstæðismenn tölum oft um í sambandi við þessi mál.

Að lokum læt ég þá ósk í ljós, að ekki verði svo hrapað að afgreiðslu þessa frv., að það verði ekki athugað af fullri alvöru, og að menn láti ekki stjórnast af því, að t. d. nágrannar okkar á Norðurlöndum hafi stefnt í þessa átt og tekið í lög hjá sér langa skólaskyldu. Við skulum einnig hafa hliðsjón af þeim annmörkum, sem þegar hafa komið í ljós þar við framkvæmd slíkra laga og hætt er við, að mundu einnig láta fljótt á sér bera hér hjá okkur.

Menntmrh. (Magnús T. Ólafsson): Herra forseti. Hv. 5. þm. Norðurl. v. flutti hér ræðu, sem efnislega er endurtekning á þeirri, sem hann flutti, þegar þetta mál kom til umr. s. l. vetur. Að svo miklu leyti sem þar er um sömu röksemdir að ræða, ætla ég ekki að lengja fund með því að rekja gagnrök mín á ný, heldur vísa til þeirra orðaskipta, sem þá áttu sér stað. En mér virtist gæta hjá hv. þm. tilhneigingar til að sjá draug í hverju horni grunnskólans og það marga í senn. T. a. m. þegar hann rakti hér hið nífalda stjórnkerfi, er hann taldi vera, þá felldi hann þar inn í samtök ýmissa starfshópa eða aðstandendahópa, sem ekki eru nein þrep í stjórnkerfi, eins og foreldrafélag, nemendaráð eða grunnskólaráð og samstarfsnefnd menntmrn. og sveitarfélaga. Þarna er annars vegar um að ræða sjálfstæða aðila, sem ekki hafa stjórnskipulega stöðu, eins og foreldrafélag, og hins vegar ráðgjafanefndir, sem dagleg úrlausnarefni varða síður en svo, eins og samstarfsnefndina og grunnskólaráðið.

Bæði hv. 5. þm. Norðurl. v. og hv. 5. þm. Reykv. vísuðu um afstöðu sína til þessa máls til væntanlegra till. af hálfu Sjálfstfl. um gerbreytta verkaskiptingu milli ríkis og sveitarfélaga um skólahald. Ég fyrir mitt leyti treysti mér ekki til að átta mig á þeim till. af þeirri stuttu frásögn, sem kom fram í ræðu hv. 5. þm. Reykv. Þar virðist mér vera um að ræða lítt eða jafnvel ómótaðar hugmyndir, sem ekki er unnt að taka afstöðu til, en munu væntanlega sjá dagsins ljós í meðförum þessa máls. Ég vil þó aðeins benda á það, að til eru bæði kerfin, þar sem skólakerfið er að meginhluta ríkiskerfi, svipað og hér er og er í næstu nágrannalöndum okkar, og hins vegar kerfi, þar sem skólakerfi er alfarið, a. m. k. á hinum lægri stigum skólahalds, á vegum fylkja eða jafnvel smærri eininga. Og áður en menn hverfa að því ráði í okkar smáa þjóðfélagi að búta sundur ábyrgðarhlutverkið til margra aðila, sem búa við misjafna aðstöðu, þá held ég, að menn ættu t. d. að líta til reynslunnar í löndum eins og Vestur-Þýskalandi og Bandaríkjunum, þar sem skólakerfi eru mjög sundurlaus, þar sem uppi eru sífelldar erjur einmitt vegna þess, hve ábyrgðinni er dreift á meginþáttum skólastarfsins.

Hv. 5. þm. Reykv. vildi gera lítið úr því, að valddreifing ætti sér stað frá miðstöð í Reykjavík til landsbyggðarinnar með þeim till., sem gerðar eru í grunnskólafrv., og hélt því fram, að það eitt, að ætlast er til, að menntmrh. skipi fræðslustjóra, geri það að verkum, að valddreifing eigi sér ekki stað með tilkomu hans. Ég vil benda á, að fræðslustjóri verður samkv. þessu frv. tengiliður, bæði háður menntmrn., sem hefur með höndum framkvæmd hinnar mótuðu stefnu, sem löggjöfin markar, og fræðsluráðunum, sem kjörin eru af sveitarstjórnum. Hann er skipaður af ráðh., en starfslið hans á fræðsluskrifstofu er ráðið af fræðsluráði. Og þessi aðstaða, þar sem fræðslustjórinn er bæði háður sveitarstjórnaraðilum og rn., sprettur eðlilega af því, að hann fer með tvenns konar umboð, tvenns konar vald. Hann hefur annars vegar úrskurðarvald í ýmsum framkvæmdaatriðum fyrir hönd beggja þessara umbjóðenda sinna, og hins vegar á hann að annast það, að hin markaða stefna sé framkvæmd eins og til er ætlast.

Ræða hv. 3. landsk. þm. var nokkuð á aðra lund en þeirra tveggja annarra, sem hér tóku til máls. Hann ræddi mun meira um framsetningu á frv., sérstaklega á grunnskólafrv., heldur en um innihald þess. T. d. taldi hann gersamlegan óþarfa ýmis ákvæði, þar væri verið að kveða á um sjálfsagða hluti, t. a. m. í 43. gr. um, að öllum nemendum séu gefin sem jöfnust tækifæri til náms, jafnframt því sem skólinn komi til móts við og viðurkenni mismunandi persónugerð, þroskagetu og áhugasvið nemenda. Ég fellst alls ekki á, að hér sé um óþarfa mælgi að ræða. Hér er einmitt um að ræða ákvæði, sem markar stefnu, sem á að bæta úr einum helsta annmarka skólakerfis okkar, eins og það er í dag. Því miður er það allt of víða í skólum enn, að þar eru allt of lítil skilyrði, of lítið gert að því að sinna þörfum og áhugasviðum hvers einstaks. Það er einmitt eitt meginmarkmið þessa frv. að tryggja, svo sem kostur er, að þar sé ekki gengið að verki eftir einhverri fyrirfram ákveðinni og afmarkaðri skömmtunarstefnu í námsefni og kennsluháttum, heldur sé þar gefið aukið svigrúm til þess að sinna þörfum einstakra nemenda og einstakra nemendahópa.

Hér er tæpast tóm til að víkja að öllum atrið-

um, sem ástæða væri til, í ræðu hv. 3. landsk. þm. T.d. hélt hann því fram, að skort hefði lögfræðing við samningu frv. Ég mótmæli algerlega því vantrausti, sem þar kom fram á hinn ágæta lögfræðing, Pál Lindal borgarlögmann í Reykjavík. En það, sem mér þótti alvarlegast við ræðu hv. þm., var, að hann virðist hafa gersamlega misskilið ýmis meginatriði í því máli, sem til umr. er. T.a.m. hélt hann því fram, að umbætur í skólastofnunum og skólahaldi í dreifbýlinu yrðu líklega til þess að draga bestu nemendurna úr sinni heimabyggð á skrifstofustóla í Reykjavík. Ég sé ekki, hvernig þm. getur haldið því fram í alvöru, að öflugri og fullkomnari skólastofnanir úti í hinum dreifðu byggðum séu líklegri til að draga nemendur heiman frá sér heldur en það ástand, sem nú ríkir, að nemendur verða að leita út fyrir heimabyggð sína til þess að komast á þau skólastig, sem þarna er ætlunin að flytja út um landið. Sama máli gegnir um það, sem hv. þm. sagði um verkmenntun. Ráðið til þess að leggja grundvöll að raunverulegri verkmenntun í hinum almenna skóla er það að koma á fót stærri, öflugri og fullkomnari skólastofnunum en nú eru víðast hvar úti á landsbyggðinni. Það er aldrei unnt að koma við þeim tækjum og því kennaraliði, sem þarf til þess að rækja verkmenntun af nokkurri alvöru, ef skólastofnanirnar eru svo smáar, að þær veita ekki grundvöll fyrir slíkt starf. Sama máli gegnir um umbætur í tækninámi og iðnnámi. Einn meginannmarkinn á því að koma fram umbótum á iðnnáminu, eins og er, er einmitt, að þó nokkur hluti nemendanna kemur í þetta nám án þeirrar almennu fræðslu, sem þeir þurfa sem undirstöðu fyrir sérnámið. Þess vegna er nokkuð af starfi iðnskólanna endurtekning á þeirri kennslu, sem sumir nemendur, sem búið hafa við lengri skólagöngu en aðrir, hafa þegar hlotið. Það, sem skortir m.a. til þess að hefja verknámið til aukins vegs og virðingar, er, að allir nemendur, sem lokið hafa almennu námi, hafi hlotið þá almennu þekkingu, sem þarf til þess, að þeir geti snúið sér beint og alfarið að sérnáminu, að verknáminu. Þessu á að reyna að kippa í lag með grunnskólanum. Hér er í rauninni um það að ræða, hvort hægt er að setja yfirbyggingu, áður en undirstaðan er lögð. Það hefur verið tekið fram og það skal ítrekað hér, að í kjölfar afgreiðslu þessa máls hlýtur að fara endurskoðun á framhaldsnáminu í heild, hverjum og einum þætti þess.

Ég skal svo, herra forseti, ekki lengja þessar umr. meira en orðið er, en vil ítreka ósk mína, að sú n., sem fær málið til meðferðar, viðhafi þann hraða, sem efni standa til, við meðferð málsins.

Gunnar Thoroddsen: Herra forseti. Það eru aðeins tvö atriði úr ræðu hæstv. menntmrh., sem ég vildi gera að umtalsefni. Hann lét þau orð falla, að þær till., sem ég hefði lýst hér, að sveitarfélögin og samtök þeirra fengju skólamálin í sínar hendur og verulegu leyti, væru lítt eða ómótaðar hugmyndir, sem hann gæti ekki látið í ljós skoðun sína um. Mér kemur þetta nokkuð á óvart, vegna þess að þetta mál hefur allmikið verið til umr. að undanförnu. M.a. hefur komið fram í álitsgerðum Sambands ísl. sveitarfélaga í mjög vel rökstuddu máli einmitt þetta sama, sem ég ræddi hér um. Á fulltrúafundi Sambands ísl. sveitarfélaga í sept. s.l. í Hornafirði var þetta mál rækilega rætt. Þar kom fram í ítarlegri álitsgerð, sem ég vænti, að hæstv. ríkisstj. hafi séð, að sveitarfélögin tækju ein að sér alla fræðslu á skyldunámsstigi að öðru leyti en því, að ríkið sæi um aukakostnað í dreifbýli vegna heimavistar og aksturs nemenda og ríkið hefði ákvörðun námsefnis og námseftirlit með höndum. Það eru einmitt þessi atriði öll, sem ég rakti í minni ræðu. Ég held, að hér sé ekki um lítt mótaðar eða ómótaðar hugmyndir að ræða, heldur hugmyndir, sem hafa tekið á sig nokkuð glögga og skýra mynd, og ætti þess vegna ekkert að vera því til fyrirstöðu að taka þær upp.

Hitt atriðið er það, að hæstv. ráðh. taldi athugavert að búta með þessum hætti sundur ábyrgðina eða ábyrgðarhlutverkið, eins og ég held, að hann hafi komist að orði, og vitnaði þá til Vestur-Þýskalands, að þar mundu vera uppi sífelldar erjur vegna þess, hve ábyrgðinni væri dreift í skólamálum. Ég held, að hér sé um misskilning að ræða. Með því skipulagi, sem nú er í mörgum málefnum, að þau heyra bæði undir ríki og sveitarfélög, er það einmitt oft óljóst, á hverjum ábyrgðin hvílir, bæði um frumkvæði og framkvæmdir. Það er þetta, sem er stefnt að því að laga og lækna. Með þeim hugmyndum, sem Samband ísl. sveitarfélaga og margir aðrir hafa haft og hafa. Tilgangurinn er að draga hér skýrari línur á milli og stefna að því, að ábyrgðin á hverjum málaflokki verði aðallega eða eingöngu annaðhvort hjá ríkinu eða hjá sveitarfélögunum. Þessar till., sem hér var lýst, miða því ekki að því að búta sundur ábyrgðarhlutverkið, þannig að ekki sé hægt að vita, hver ber ábyrgðina, heldur þvert á móti að gera það skýrt og greinilegt, hvor aðilinn hafi ábyrgðina, og í því tilviki, sem hér er um að ræða, að sveitarfélögin taki að sér skólamálin og beri ábyrgðina á þeim.

Bjarni Guðnason: Herra forseti. Út af ræðu hæstv. menntamrh. vil ég koma með örfáar aths.

Ein megingagnrýni mín á þetta frv., eins og það liggur fyrir, er sú, hversu mér þykir það of ítarlegt, það sé sums staðar mælgi í frv. og sumt af þessu væri betur komið í reglugerð. Hæstv. menntamrh. benti sérstaklega á eitt dæmi, sem ég hafði tekið, í 43. gr., til þess að sýna, hvað ég færi með rangt mál í þessu efni. Í þessum hluta 43. gr. segir, að þess skuli sérstaklega gætt við setningu námsskrár og skipulagningar námsefnis fyrir grunnskóla, að það skuli vera í samráði við markmið skólans. Sama er í annarri grein, þetta hefði nægt. Síðan kemur: „Að öllum sé nemendum gefin sem jöfnust tækifæri til náms, jafnframt því sem skólinn komi til móts og viðurkenni mismunandi persónugerð, þroskagetu og áhugasemi nemenda! Þetta stendur meira og minna allt saman í 2. gr. í frv.

Þetta tel ég mælgi. Á mörgum öðrum stöðum mætti stytta þetta og lagfæra og koma í betra horf. Það breytir engu um það, þó að Páll Líndal hafi verið í lokanefndinni eða síðari n. Það hefði þurft að beita þar meiri lögfræðilegum tökum. En nóg um þetta.

Annað, sem ég hygg, að sé vert íhugunar, er það, hversu mér virðist þetta skólafrv. í lausum tengslum við verknám þjóðarinnar, hvort ekki væri unnt að binda það fastar við það. Það með vakti ég sérstaklega máls á því, að hættan væri sú, að flestir nemenda þeirra, sem væru vel fallnir til náms, færu langskólaleiðina, en hið verklega nám þjóðarinnar, hvort sem það er tækninám, iðnnám eða annað nám, sem lýtur að atvinnuvegum þjóðarinnar, yrði þá út undan. Ég hygg, að það megi finna einhverjar leiðir í frv. til að bæta þetta. Ég hygg, að það sé meginatriði, eins og reyndar hv. 5. þm. Norðurl. v., Pálmi Jónsson, kom inn á, að auka virðingu fyrir verkmenningu og reyna að sporna gegn því, að ofurstreymi nemenda verði á háskólaleiðina, sem lendir meira og minna í skrifstofuhaldinu í Reykjavík. Þetta verður að íhuga. Það er sama, þótt ráðh. vilji komast hjá þessu eða læða því að, að ég fari þarna með rangt mál, þá hygg ég, að svo sé ekki. Þetta er vandamál. Skapa þarf virðingu fyrir verknáminu, auka það, byggja upp skólakerfi verknámsins og tækniskólans. Það er brýnasta verkefnið í skólamálum í dag.

En svo að ég bæti við tveimur atriðum, áður en ég fer frá þessu: Ég tel það dálítið varhugavert að leggja alla ábyrgðina á hendur skólanum. Það virðist ekkert koma fram í frv. um ábyrgð nemandans og ábyrgð foreldranna. Þessi stefna í uppeldismálum, sem núna fer um löndin, að leggja alla ábyrgð á hendur skólanum og nemendurnir séu eitthvað brotagler, sem þurfi að fara afskaplega vel með, megi ekki hasta á, ekki skamma, ekki tala til, — þetta er afskaplega undarleg aðferð í uppeldismálum. Og mér sýnist, að sú grundvallarhugmynd, sem er í frv., spegli þessa vitleysisstefnu í uppeldismálum.

Og í öðru lagi: Yfirbyggingin í þessu er dálítið varhugaverð. Ég skal lesa eina gr. þm. til skemmtunar og ráðh. til lærdóms. Í 8. gr. segir:

„Nú sækir forráðamaður skólaskylds barns um tímabundna undanþágu þess frá skólasókn hluta úr skólaári og færir fram knýjandi ástæður. Skal þá leitað umsagnar skólastjóra og skólanefndar, og mæli þeir aðilar samhljóða með umsókninni, getur fræðslustjóri veitt undanþágu, en skólanefnd og skólastjóri skulu fylgjast með því, að barnið stundi nám.“

Hvaða bréfaskriftir fylgja þessu og erfiðleikar? Þarna eru knýjandi ástæður að fá nokkurn tíma leyfi frá skólanum, þá fer allt báknið í gang: Skólastjóri, skólanefnd, fræðslustjóri fylgjast með. Svona hlutir eru náttúrlega ekki til þess að vekja traust á þessu kerfi.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 23 shlj. atkv. og til menntmn. með 23 shlj. atkv.

Grunnskóli, frv. (þskj. 9). — 1. umr.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 23 shlj. atkv. og til menntmn. með 23 shlj. atkv.

Sameinað þing, 11. fundur.

Fimmtudaginn 1. nóv., að loknum deildafundum.

Fjárlög 1974, frv. (þskj. 1). — Frh. 1. umr.

ATKVGR.
Frv. vísað til fjvn. með 32 shlj. atkv. og umr. frestað.

Varanleg gatnagerð í þéttbýli, þáltill. (þskj. 5). — Frh. fyrri umr.

ATKVGR.
Till. vísað til síðari umr. með 33 shlj. atkv. og til atvmn. með 33 shlj. atkv.

Útbreiðsla sjónvarps, þáltill. (þskj. 13). — Frh. einnar umr.

ATKVGR.
Till. vísað til fjvn. með 33 shlj. atkv. og umr. frestað.

Sjónvarp á sveitabæi, þáltill. (þskj. 19). — Frh. einnar umr.

ATKVGR.
Till. vísað til fjvn. með 33 shlj. atkv. og umr. frestað.

Fiskeldi í sjó, þáltill. (þskj. 37). — Hvernig ræða skuli.

Að till. forseta var ákveðin ein umr.

Bættar vetrarsamgöngur, þáltill. (þskj. 50). — Hvernig ræða skuli.

Að till. forseta var ákveðin ein umr.

Oliukaup, þáltill. (þskj. 54). — Hvernig ræða skuli.

Að till. forseta var ákveðin ein umr.

Bygging sögualdarbæjar, þáltill. (þskj. 62). — Hvernig ræða skuli.

Að till. forseta var ákveðin ein umr.

Sjóminjasafn, þáltill. (þskj. 4). — Ein umr.

Flm. (Gils Guðmundsson): Herra forseti. Full 27 ár eru nú liðin síðan ég gekk í fyrsta sinn um sali sjóminjasafns. Þá átti ég þess kost að skoða allrækilega sjóminjasafn Dana í Krónborgarkastala, svo og hið glæsilega skipa- og siglingasafn Svía í Gautaborg. Það var svo ekki fyrr en löngu síðar, sem mér gafst tækifæri til að skoða bátahöfn Færeyinga í Þórshöfn og enn síðar sjávarútvegs-, siglinga- og skipasöfnin í Osló, þar sem ýmsir viðfrægir farkostir, fornir og nýir, eru varðveittir. En allt frá þeirri stundu, er ég sumarið 1946 horfði á danskan og sænskan æskulýð virða fyrir sér skip og skipslíkön og spyrja um margvíslega hluti af brennandi áhuga, hef ég verið sannfærður um, að það væri bæði skylda okkar Íslendinga af sögulegum ástæðum og nauðsyn vegna samtíðar og framtíðar að koma hér upp veglegu sjóminjasafni. Fyrst slík söfn voru Dönum og Svíum mikils virði og sjálfsagður liður í varðveislu menningarsögulegra heimilda, hversu mikilvægara væri það ekki Íslendingum að efna til sjóminjasafns, — þjóð, sem byggði tilveru sína fyrst og fremst á sjónum og auðlindum hans. Og sé einhver í vafa um fjárhagslega getu okkar til þess að reisa slíkt safnhús, liggur beinast við að benda á frændur okkar í Færeyjum, sem fyrir allmörgum árum komu sér upp einkar snyrtilegu og fallegu safni, þar sem öllu er prýðilega fyrir komið.

Hugmyndin um íslenskt sjóminjasafn er orðin gömul, a. m. k. 75 ára, eins og frá er sagt í grg. þessarar þáltill. Í grg. er einnig rakið í stórum dráttum, hvað gerst hefur í málinu fram til þessa, og skal það ekki endurtekið.

Þegar ég ritaði um sjóminjasafnshugmyndina árið 1946, komst ég m. a. svo að orði:

„Það, sem einkum er aðkallandi og vinda þarf að bráðan bug, er þetta: Leita þarf vandlega og skipulega í verstöðvum landsins að gömlum sjóminjum og bjarga því frá glötun, sem gildi hefur fyrir sjóminjasafn. Einnig þarf að athuga, hvað horfið er með öllu af gömlum áhöldum og tækjum, og kynna sér, hvort ekki séu tök á að gera af þeim eftirmyndir. Enn kunna að vera til menn, sem gætu sagt fyrir um það með öruggri vissu, hvernig slíkir hlutir ættu að vera, en allir þeir menn eru gamlir orðnir og ekki líklegt, að þeirra njóti lengi við. Þess er því að vænta, að mál þetta dragist ekki öllu lengur úr hömlu. Hvert ár, sem líður, getur orðið dýrt og grafið margt merkilegt í sand gleymskunnar."

Þegar þessar línur voru ritaðar að heimsstyrjöldinni síðari nýlokinni, reyndist ekki nægur áhugi fyrir hendi til að gera sjóminjasafnshugmyndina að veruleika. Menn höfðu þá í mörg horn að líta, og svo fór, að aðrar framkvæmdir sátu í fyrirrúmi. Óneitanlega hefur margt glatast á þessum árum, sem mikil eftirsjón er í og sómt hefði sér vel í sjóminjasafni. En þess ber að geta, sem gert hefur verið, og þrátt fyrir allt hefur mikið verk verið unnið undanfarna áratugi á söfnunar- og varðveiðslusviði. Þjóðminjasafni hefur miðað við aðstæður orðið býsna gott til fanga. Það á nú allmarga báta og töluvert stórt sýnishorn gamalla veiðarfæra og áhalda. Þá hafa byggðasöfnin mörg, sem upp hafa risið á síðari tímum, unnið ómetanlegt söfnunarstarf og eiga sum hver mikið af sjóminjum. Og þau munu að sjálfsögðu halda áfram sínu björgunar- og sýningarstarfi, enda þótt upp rísi stórt og sjálfstætt sjóminjasafn fyrir þjóðina alla.

Þá vil ég ekki láta þess ógetið, sem hvað merkilegast hefur gerst á varðveiðslusviði sjóminja undanfarna áratugi. Ég á þar við hið mikla ævistarf Lúðvíks Kristjánssonar rithöfundar í Hafnarfirði, sem hefur af óbrotlegri elju og vandvirkni safnað efni í mikið rit um íslenska þjóðhætti til sjávar. Þar er um að ræða söfnun og skráningu hvers kyns vitneskju, sem snertir sjóferðir og fiskveiðar á liðnum öldum, jöfnum höndum um farkostina sjálfa, seglabúnað, veiðarfæri og allt annað, sem skipum og bátum átti að fylgja, sem og um verbúðir, vinnubrögð á sjó og við nýtingu afla. Má óhætt fullyrða, að með starfi sínu hefur Lúðvík Kristjánsson bjargað frá tortímingu margvíslegri vitneskju og fróðleik, sem annars væri nú með öllu glataður. Ég er ekki í vafa um, að hið mikla eljuverk hans á eftir að koma íslensku sjóminjasafni að ómetanlegum notum, hvenær svo sem það verður stofnað. Og þar sem ég hef að sjálfsögðu vikið hér að verki Lúðvíks Kristjánssonar, sem einnig hefur samið ágætt rit á öðrum sviðum íslenskrar sögu og menningarsögu, langar mig til að bæta þessu við: Svo merkilegt hygg ég lífsstarf þessa ágæta vísindamanns, að það væri Háskóla Íslands mikill heiður, ef Lúðvík Kristjánsson vildi þiggja þaðan doktorsgráðu fyrir fágætlega mikið og gott framlag í þágu íslenskra sagnvísinda.

Þáltill. okkar Geirs Gunnarssonar, hv. 10. landsk. þm., sem hér er til umr., felur í sér stefnumörkun í þessu máli, og í till. sjálfri er lögð áhersla á tvö atriði. Hið fyrra og það, sem meginmáli skiptir, er að taka ákvörðun um, að Alþ. feli ríkisstj. í samráði við þjóðminjavörð að hefja nú þegar undirbúning að stofnun sjóminjasafns. Síðara atriðið, sem við flm. teljum einnig skipta verulegu máli, er að fela stjórnvöldum að leita samvinnu við Hafnarfjarðarkaupstað um hentugt land fyrir slíkt safn, svo og um byggingu þess og rekstur. Yrði þá, ef samningar tækjust, gerður sérstakur samningur milli ríkisins annars vegar og Hafnarfjarðarbæjar hins vegar um öll þessi atriði og skiptingu kostnaðar í því sambandi, þar sem meginþunginn hlyti eðli málsins samkv. að hvíla á ríkisvaldinu, því að hér er um safn allrar þjóðarinnar að ræða.

Ástæðurnar til þess, að við flm. bendum á Hafnarfjörð sem æskilegan stað fyrir safnið, eru einkum þrjár:

Í fyrsta lagi virðist okkur Hafnarfjörður eiga yfir að ráða einkar hentugu landssvæði undir slíkt safn, og kynnu jafnvel fleiri en einn staður að koma til greina, þótt einna álitlegast sé um að litast í þessu skyni við sjóinn vestarlega í bæjarlandinu, skammt þar frá, sem dvalarheimili aldraðra sjómanna mun væntanlega rísa bráðlega af grunni. Þykir okkur flm. fara einkar vel á slíku sambýli, og mætti vænta þess, að báðir aðilar gætu notið þess í ýmsu. Virðist

einkar hentugt og æskilegt, að aldraðir sjómenn af dvalarheimilinu, sem góða heilsu hefðu, ættu þess kost að starfa að einhverju leyti sem eftirlits- og leiðsögumenn við safnið þann tíma, sem það væri opið almenningi.

Í öðru lagi teljum við Hafnarfjörð vel að því kominn sem gamlan siglinga- og útgerðarstað, að Sjóminjasafn Íslands rísi þar af grunni. Hafnarfjörður skipar veglegan sess í útgerðarsögu þjóðarinnar. Þaðan hófust þorskanetaveiðar um miðja 18. öld. Þar hófust íslenskar þilskipasmíðar að marki með skipasmíðastöð, sem Bjarni riddari Sívertsen kom þar á fót um aldamótin 1800. Siglingar íslenskra skipa til annarra landa hófust ekki heldur á nýjan leik fyrr en með tilkomu Bjarna Sívertsen, og þá frá Hafnarfirði. Frá Hafnarfirði var gerður út fyrsti togarinn í eigu Íslendinga. Þar er og að finna elsta starfandi útgerðarfyrirtæki á landinu, útgerð Einars Þorgilssonar, sem stofnuð var 1906. Og enn er þess að geta, sem að vísu var áður nefnt, að búsettur er í Hafnarfirði sá maður, sem aflað hefur sér meiri vitneskju um íslenskar sjóminjar, fornar og nýjar, en nokkur annar fyrr og síðar. Ég á þar að sjálfsögðu við Lúðvík Kristjánsson, og teldi ég ómetanlegt, að safnið fengi að njóta ráðgjafar hans og forsagna um ýmsa hluti, einkum meðan það væri í mótun.

Þriðja og mikilvægasta ástæðan til þess, að við flm. bendum á Hafnarfjörð sem æskilegan stað fyrir Sjóminjasafn Íslands, er sú, að þar í bæ er nú vaknaður verulegur og að því er virðist almennur áhugi á því, að slíkt safn megi rísa þar, enda þótt það yrði eign þjóðarinnar allrar. Um staðarvalið hef ég rætt við þjóðminjavörð, og telur hann því ekkert til fyrirstöðu og jafnvel að mörgu leyti æskilegt, að safnið rísi í Hafnarfirði. En verði till. okkar samþ., er það mjög undir Hafnfirðingum sjálfum komið, bæði áhuga bæjaryfirvalda og almennra borgara, hvort samningar við ríkisvaldið takast, svo að Hafnarfjörður verði fyrir valinu.

Eins og að er vikið í grg. þessarar till., átti Ólafur Þ. Kristjánsson, fyrrv. skólastjóri Flensborgarskóla, viðtöl við allmarga áhugamenn um sjóminjasafnsbyggingu, og birtust þau í des. s.l. í Alþýðublaði Hafnarfjarðar. Þar kemur m.a. fram, að eitt þeirra mála, sem ýtt hefur undir umr. um sjóminjasafnshús í Hafnarfirði, er hugmyndin um smíði knarrar, sem væri í öllu sem líkastur þeim farkostum, er íslenskir landnámsmenn komu á hingað til lands í öndverðu og notaðir voru til siglinga landa á milli á þjóðveldistímanum. Eins og kunnugt er, fannst fyrir nokkrum árum víkingaaldarknörr í Hróaskeldufirði í Danmörku. Hafa danskir fornleifafræðingar unnið mikið og vandasamt þolinmæðisverk við að ná knerrinum upp af botni og setja hann saman á ný, ekki borð fyrir borð eða spýtur fyrir spýtu, heldur ef svo mætti segja flís fyrir flís. Telja þeir sig nú geta látið í té nákvæm mál af skipi þessu, svo og gefið upplýsingar um, hvers konar viður var í það notaður, og hafa tjáð sig reiðubúna að láta þessa vitneskju íslenskum aðilum í té gegn því skilyrði fyrst og fremst, að ef til smíði eftirmyndar kæmi, yrði hún að vera sem allra nákvæmust og háð eftirliti kunnáttumanna. Knörrinn í Hróaskeldu er talinn frá því um árið 1000, en vísindamenn telja, að á 200—300 ára bili, þ.e. frá því um 800 og fram á 11. öld, hafi skip norrænna víkinga verið af þessari gerð og litlum breytingum tekið allan þann tíma. Er Hróarskelduknörrinn eina varðveitta skip sinnar tegundar í heiminum, og hefur enn sem komið er ekkert skip verið smíðað í líkingu við hann. Knörr þessi er talinn gefa fullkomlega rétta hugmynd um skip þau, sem landnámsmenn sigldu á til Íslands og Íslendingar einni öld síðar til Grænlands og Vínlands. Samkv. mælingum telja skipaverkfræðingar, að hér sé um að ræða skip, sem eru um það bil 30 smálestir að stærð.

Ýmsir menn undir forustu nokkurra áhugasamra Hafnfirðinga hafa nú bundist samtökum um að kanna þetta knarrarmál nánar á þeim grundvelli, að aðilar, sem áhuga kynnu að hafa á smíði slíks skips, legðu fram þá fjármuni, sem þarf til smíðinnar. Hins vegar er þetta mál ekki í beinum tengslum við sjóminjasafnshugmyndina sjálfa að öðru leyti en því, að reynist áhuginn nægur og verði knörrinn smíðaður, þykir mönnum einsætt, að honum verði valinn staður í víkinga- og sögualdardeild væntanlegs sjóminjasafns og setti þá hvað mestan svip á hana. En eins og ég áður sagði, er það ætlun þeirra, sem að framgangi þessa máls vinna, að framkvæmdir standi og falli með því, hvort nægur reynist áhugi einstaklinga og fyrirtækja, sem tengd eru sjávarútvegi og siglingum, til að fjármagn fáist til smíðinnar. Hefur og verið á það bent, að einstaklingum verði ekki skotaskuld úr að láta smíða 30 smálesta bát og þótt stærri sé, svo að hér er ekki um fjárhagslegt stórvirki að ræða, enda þótt ljóst sé, að smíði slíks knarrar hlýtur að vera mun seinlegri og trúlega allmiklu kostnaðarsamari en smíði venjulegs 30 smálesta báts.

Ég hef gert hér grein fyrir þessu, þar eð áhugi manna á knarrarmálinu hefur átt sinn ríka þátt í því að vekja upp sjóminjasafnshugmyndina enn á ný og tengja hana Hafnarfirði. En hitt vil ég endurtaka, að þarna er ekki að öðru leyti samband á milli, og þeir, sem kynnu að hugsa sem svo, að knarrarsmíðin megi vel farast fyrir eða bíða, ættu ekki að láta það mál aftra sér frá því að taka jákvæða afstöðu til stofnunar sjóminjasafns. Ég get hins vegar lýst því yfir sem minni skoðun, að ég styð knarrarhugmyndina, ef hægt er að leysa málið á áhugaaðilagrundvelli, og tel, að varðveisla slíks skips yrði góður stuðningur og mikill fengur fyrir nýtt sjóminjasafn.

Herra forseti. Fyrir nokkrum dögum átti ég þess kost ásamt þjóðminjaverði og fleirum að sitja fund áhugamanna í Hafnarfirði um stofnun sjóminjasafns. Á þeim fundi ríkti mikill áhugi og einhugur um framgang málsins. Þar gerði þjóðminjavörður einkar glögga grein fyrir afstöðu sinni og eggjaði menn til skeleggrar framgöngu. Í ræðu hans kom fram, að hann telur Hafnarfjörð einkar vel til þess fallinn að

hýsa slíkt safn, sem yrði þó í þess orð fyllstu merkingu safn þjóðarinnar allrar, en ekki Hafnfirðinga sérstaklega. Þá lét hann og þá skoðun í ljós, að auðvelt ætti að vera að byggja Sjóminjasafn Íslands í áföngum. Að lokum benti hann á, að árið 1944 hefði ákvörðun verið tekin um byggingu þjóðminjasafnshúss og það orðið vegleg gjöf þjóðarinnar til hins unga lýðveldis. Færi vissulega vel á því, sagði þjóðminjavörður, að stofnun sjóminjasafns yrði ákveðin afmælisárið 1974 og undirbúningur hafinn að framkvæmdum. Undir þessi orð vil ég heils hugar taka.

Við flm. væntum þess, að til. okkar njóti öflugs stuðnings hér á hv. Alþ. og fái góðan og skjótan framgang. Ég legg til, herra forseti, að till. verði vísað til allshn.

Jón Skaftason: Herra forseti. Mig langar til þess að bæta orfáum orðum við það, sem hv. fyrri flm. þeirrar þáltill., sem hér er verið að ræða, kom með áðan.

Það er rétt hjá honum, að í Hafnarfirði hefur að undanförnu verið mikill áhugi á að byggja sjóminjasafn, og sá áhugi hefur ekki verið bundinn við menn af einum einstökum flokki, heldur hafa þar menn úr öllum flokkum staðið að. Því tel ég, að um flutning þessa máls hefði ekki verið óeðlilegt, að nokkurt samráð hefði verið haft á milli þm. Reykn. til þess að gera líklegra, að það kæmist fram, því að hér er um þó nokkurt fjárhagsatriði að ræða. En ég stend ekki upp til að benda á þetta sérstaklega, þó að mér finnist það eiga rétt á sér í umr. um þetta mál, heldur hitt, sem kom fram hjá hv. ræðumanni, að hann taldi, að bygging knarrar væri ekki nauðsynlegur þáttur í að koma upp sjóminjasafni í Hafnarfirði. Ég hef talað við nokkra Hafnfirðinga um þetta mál, sem fylgst hafa með því og unnið að því af áhuga, og ég hef fundið það sama hjá þeim öllum, að þeir hafa talið, að veglegasti hluturinn, sem slíkt safn sem þetta gæti geymt, væri einmitt knörr. Ég hef hér í höndunum örstutta lýsingu á málavöxtum í sambandi við þær hugmyndir, sem uppi hafa verið um byggingu knarrar, sem mig langar til — með leyfi hæstv. forseta — að fá að skýra frá. Þær eru stuttar og taka ekki langan tíma hv. Sþ.

Í sambandi við þáltill. á þskj. 4 um Sjóminjasafn Íslands er ekki úr vegi að rifja upp ýmsar staðreyndir um smíði knarrar, en hugmyndir um þá smíð hafa verið uppi hjá áhugamönnum í Hafnarfirði í nokkurn tíma og óneitanlega verið tengdar hugmyndum um sjóminjasafn.

Þorbergur Ólafsson framkvstj. skipasmíðastöðvarinnar Bátalóns í Hafnarfirði fór á árinu 1972 til Hróarskeldu í Danmörku til að afla upplýsinga um smíði knarrar eins og þeirra, sem siglt var á til Íslands á landnámsöld. Leifar af slíkum knerri fundust í Hróarskeldu, og er verið að ná þeim leifum upp um þessar mundir, ef því er ekki lokið. Þær sýna glögglega, hvernig gerð þessara skipa var, en aldursgreining hefur gert auðvelt að ákvarða, að skip þetta hefur verið smíðað á tímum landnámsferða til Íslands. Knörrinn er um margt mjög frábrugðinn víkingaskipum þeim, sem varðveitt eru í Noregi, enda var honum ætluð úthafssigling, en víkingaskipum meira beint í hernað, og voru þau því bæði hraðskreiðari og lengri. Þorbergur Ólafsson fékk góðar móttökur í Hróarskeldu og honum heitið þar allri fyrirgreiðslu varðandi uppdrætti að knerrinum og jafnvel lofað nokkrum forgangi vegna væntanlegs 1100 ára afmælis Íslandsbyggðar. Aðrar þjóðir höfðu sýnt þessu máli áhuga. M.a. höfðu Kanadamenn spurst fyrir um knörrinn með það fyrir augum að smíða slíkt skip. Þá mun Jón Kr. Gunnarsson framkvstj. í Hafnarfirði hafa athugað efnivið í knörr á ferð um Noreg nýverið, en sérstök tré þarf við knörrinn, þar sem heil tré eru til smíðin.

Knörr sá, sem verið er að grafa upp í Hróarskeldu, mun hafa verið smíðaður í Noregi, og eðlilegt er, að knörr, sem smíðaður yrði á Íslandi, fengi efnivið sinn þaðan. Erfitt er að segja til um kostnaðarverð við smíði skipsins, en talað hefur verið um, að það muni kosta um 7 millj. kr. Ekki hefur fengist nægilegur byr fyrir smíði knarrarins, þótt ekki sé enn þá fullreynt, hver mundu verða viðbrögð ýmissa stofnana á sjávarútvegs- og siglingasviðinu, ef leitað yrði til þeirra um fyrirgreiðslu. Slíkt er ókannað mál að mestu. En heiðri Alþ. einhverja forustu um þetta, mundi líklegt að það reyna, hvort fyrirgreiðslustofnanir mundu ekki vilja taka þátt í kostnaði.

Það, sem gerir brýnt nú, að teknar séu ákvarðanir um smíði knarrar, er sú staðreynd, að Sjóminjasafn Íslands og knörrinn hafa undanfarið átt samleið í hugum þeirra, sem mestan áhuga hafa sýnt þessum málum. Liggur raunar í augum uppi, að eftirlíking af knerri mundi verða forvitnilegasti gripurinn, sem Sjóminjasafn Íslands gæti boðið upp á. Það er enginn vafi á því, að samkv. þeim upplýsingum, sem fengist hafa við uppgröftinn í Hróarskeldu, er hægt að gera mjög nákvæma eftirlíkingu af knerri. Vegna 11 alda afmælisins mundum við njóta sérstakrar fyrirgreiðslu frá Danmörku og Noregi hvað upplýsingar og efnisútvegun snertir. Það er því sjálfsagt að nota það tækifæri, sem nú gefst, að hefja undirbúning að stofnun Sjóminjasafns Íslands og jafnframt hefja smíði knarrar, sem auk þess að verða höfuðprýði sjóminjasafnsins yrði verðugur minnisvarði um mikla siglingaþrótt Íslendinga í upphafi landnáms, sem ekki einasta sigldu hingað, heldur fóru á þessum skipum og námu Grænland og fundu ný lönd í vesturvegi. Það væri því mjög misráðið, ef fiskveiði- og siglingaþjóðin léti 11 alda afmælið líða svo, að ekki yrði sjósóknar, siglinga og landafunda minnst á viðeigandi hátt. Þess vegna á að reisa Sjóminjasafn Íslands þar, sem hinn farsæli farkostur, er flutti hingað fólk og fénað, situr í öndvegi.

Ég hef samkv. beiðni áhugamanna komið þessu áliti hér á framfæri á hv. Alþ. í sambandi við þá þáltill., sem hér er til umr.

Matthías Á. Mathiesen: Herra forseti. Ég lýsi fylgi mínu við þá till., sem hér er flutt. Ég tel það mjög vel við eigandi, að á 1100 ára

afmæli Íslandsbyggðar verði stofnað sjóminjasafn, og ég tel líka mjög vel til fallið, að það verði staðsett í Hafnarfirði.

Flm. (Gils Guðmundsson): Herra forseti. Það er aðeins í sambandi við þá aths. hv. 2. þm. Reykn., að það hefði átt að hafa sérstakt samráð við þm. Reykn. um þetta mál. Þá vil ég aðeins segja það, að ég lít alls ekki á þetta mál sérstaklega sem mál Reykjaneskjördæmis og raunar ekki sem sérmál Hafnarfjarðar. Hér er fyrst og fremst um það að ræða, hvort á nú að hefjast handa um að stofna til sjóminjasafns. Það, sem snerti þm. Reykn., væri þá aðeins sú staðsetning, sem nefnd er sem æskileg og líkleg í frv., og ég á ekki von á því, að hv. þm. sé andvígur henni.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Bygging skips til Vestmannaeyjaferða, þáltill. (þskj. 26). — Ein umr.

Flm. (Guðlaugur Gíslason): Herra forseti. Þm. Sunnl. hafa leyft sér að flytja hér á þskj. 26 till. til þál. um byggingu skips til Vestmannaeyjaferða til samgöngubóta. Samgöngumál Vestmannaeyinga hafa áður verið hér til umr. í hv. Sþ. Á haustþinginu 1971 lögðu 3 af þm. Sunnl. fram till. til þál. um samgöngumál Vestmannaeyinga. Fjallaði till. að meginefni til um nauðsyn þess, að byggt yrði nýtt og hentugt skip til flutnings á farþegum, vörum og bifreiðum milli Vestmannaeyja og Þorlákshafnar og/eða Reykjavíkur, ef svo bæri undir. Till. fékk góðar undirtektir og var vísað til fjvn. til athugunar, og afgr. n. málið frá sér hinn 22. mars það sama ár með svo hljóðandi ályktun, með leyfi forseta:

„Alþingi ályktar að fela samgrh. að skipa 5 manna n., er gera skal till. um það, með hverjum hætti samgöngur við Vestmannaeyjar verði best tryggðar. Skulu tveir nm. tilnefndir af bæjarstjórn Vestmannaeyja, einn af Skipaútgerð ríkisins, einn af flugmálastjóra og einn af samgrn., og skal hann vera formaður n."

Till. var samþ. með shlj. atkv. á fundi Sþ. hinn 18. apríl 1972, og skipaði samgrh. n. í samræmi við ályktun Alþ. með bréfi, sem dags. var 24. maí það sama ár. N. þessi, sem samgrh. skipaði, starfaði þá um sumarið og haustið og aflaði sér víðtækara upplýsinga um aðstöðu Vestmannaeyinga í sambandi við samgöngur, bæði á sjó og í lofti. Einnig aflaði n. ítarlegra upplýsinga um farþega-, vöru- og bifreiðaflutninga á milli lands og Eyja um alllangt árabil á undanförnum árum. Skilaði n. samgrn. grg. um málið með bréfi, sem dags. er 4. des. 1972, og er till. n. varðandi samgöngur á sjó milli Vestmannaeyja og meginlandsins svo hljóðandi:

„Að athuguðum þeim skjölum og upplýsingum, sem n. hefur aflað sér, og með hliðsjón af félagslegum og vistfræðilegum athugunum málsins samþykktir n. að leggja til, að nýtt skip verði byggt fyrir Vestmannaeyjaferðir til farþega- og vöruflutninga og jafnframt sérhæft til bifreiðaflutninga, en telur það hins vegar vera ákvörðunarefni ríkisstj. og Alþ. að taka afstöðu til þess, hvenær það verður gert."

Þetta var niðurstaðan í áliti, sem n. afhenti samgrn. að loknu starfi sínu. Var till. samþ. með 4 shlj. atkv. Einn nm. taldi þá ekki tímabært að taka afstöðu til byggingar skips til Vestmannaeyjaferða.

Í sambandi við fyrirhugaða smíði Vestmannaeyjaskips fékk n. fyrir milligöngu siglingamálastjóra, Hjálmars R. Bárðarsonar, norskt ráðgefandi fyrirtæki, Ankerkonsult A.S., til að teikna og semja smíðalýsingu að skipi af þeirri stærð og gerð, sem n. varð sammála um, að uppfyllti þær kröfur, sem eðlilegt væri að gera í sambandi við skip til siglinga milli lands og Eyja, en þær voru í aðalatriðum þessar:

1. Að í skipinu verði 20 tveggja rúma farþegaklefar.
2. 60 sæta salur með léttu, færanlegu milliþili, þannig að hægt væri að koma við hvílurúmi í hluta salarins, ef með þyrfti.
3. Veitingaaðstaða fyrir farþega, þó ekki miðað við framleiðslu fullkominna máltíða.
4. Vörulestarúm allt að 75 tonnum, miðað við flutninga í gámum að því marki, sem við verður komið.
5. Lestin verði með milligólfi til flutnings á bifreiðum neðanþilja fyrir allt að 15—20 bifreiðar í ferð.
6. 25 tonna kæligeymsla til flutninga á mjólk og öðrum vörum, sem geyma þarf í kæli.
7. Gert verði ráð fyrir opnanlegum hlerum á annarri síðu skipsins, þannig að hægt verði að aka bifreiðum inn og út úr skipinu og koma við gaffallyfturum við losun og lestun á hinum svokölluðu gámum og öðrum flutningi.
8. Ganghraði skipsins verði 15—16 sjómílur á klst.

Sést á þessu, að hér er um nokkuð sérbyggt skip að ræða að því leyti, að gert er ráð fyrir, að hægt verði að aka bifreiðum inn og út úr því og koma við gaffallyfturum við losun og hleðslu, þar sem aðstæður í landi gera slíkt mögulegt. Þetta byggist á því, að Vestmannaeyingar stefna ákveðið að því að koma á daglegum ferðum milli Eyja og Þorlákshafnar, bæði til farþega-, vöru- og bifreiðaflutninga, og verður því að vera aðstaða til losunar og lestunar á eins fljótvirkan hátt og kostur er. En daglegum ferðum verður ekki komið við, ef sigla á fyrir Reykjanes til Reykjavíkur. Af þeirri ástæðu hefur verið stefnt að föstum ferðum milli Eyja og Þorlákshafnar, enda mun þægilegri ferð fyrir farþega, þar sem vegalengdin milli Vestmannaeyja og Þorlákshafnar er aðeins rúmlega þriðji hluti af leiðinni milli Eyja og Reykjavíkur auk þess sem öllum er kunnugt, að sigling fyrir Reykjanes að haustinu og vetrinum til er með erfiðustu siglingaleiðum við strendur landsins, og því eðlilegt, að fólk vilji losna við að fara þá leið, ef annarra betri kosta er völ.

Því er ekki að neita, að forráðamenn Ríkisskips, sem annast hafa flutninga til Eyja á undanförnum árum, hafa talið nokkur tormerki á vöruflutningum til Vestmannaeyja yfir Þorláks-

höfn. En á það skal bent í þessu sambandi, að aðstæður allar til vöruflutninga hér á landi sem annars staðar eru að breytast í þá átt, að alls staðar, þar sem því verður við komið, er farið að flytja allar almennar vörur í hinum svokölluðu gámum. Þegar þannig er komið, er lítill vafi á því, að fjárhagslega er jafnvel hagkvæmara að flytja vörur til Eyja yfir Þorlákshöfn heldur en láta skipið sigla eftir þeim alla leið til Reykjavíkur. Siglingaleiðin milli Vestmannaeyja og Reykjavíkur er 220 sjómílur fram og til baka, en aðeins 80 sjómílur milli Vestmannaeyja og Þorlákshafnar. Verður að telja, að hin styttri siglingaleið spari það mikið í rekstri skipsins, að það vegi upp á móti auknum kostnaði við að aka vörum til Þorlákshafnar, ef rétt er að þeim flutningum staðið og þeir vel skipulagðir, auk þess sem það er óneitanlega til mikilla þæginda fyrir Vestmannaeyinga, að um daglega vöruflutninga til Eyja sé einnig að ræða, í stað þess að þurfa oft og tíðum að bíða nokkra daga með að fá bæði mjólk og aðrar aðkallandi nauðsynjar fluttar þangað, eins og nú á sér stað.

Þá vil ég víkja nokkrum orðum að þeirri till. hinnar stjórnskipuðu n. um samgöngumál Vestmannaeyja, að gert verði ráð fyrir við byggingu skipsins, að hægt verði að aka bifreiðum inn og út úr því við lestun og losun og koma fyrir lyfturum, þegar vörur eru fermdar og affermdar. Þetta er óneitanlega mjög mikill kostur við afgreiðslu skipsins, hvort heldur er í Vestmannaeyjum eða Þorlákshöfn. En til þess að þessu verði við komið, þarf alveg sérstaka aðstöðu í höfnum beggja þessara staða. Slíkri aðstöðu verður mjög vel við komið í höfninni í Vestmannaeyjum, og yrði þar alls ekki um kostnaðarsama framkvæmd að ræða. Hins vegar mun nokkuð erfiðara að búa slíka aðstöðu til í höfninni í Þorlákshöfn. En ef gert verður ráð fyrir tilteknum afgreiðslustað fyrir Vestmannaeyjaskip nú, þegar verið er að hanna stækkun Þorlákshafnar, ætti þetta að vera auðleyst mál á þeim stað einnig. Verða að sjálfsögðu teknar upp viðræður við Hafnamálastofnunina um þetta atriði.

Hin áður umrædda n., sem áliti skilaði um samgöngumál Vestmanneyinga, gerði ráð fyrir, að skip til Vestmannaeyjaferða yrði að vera nokkuð sérbyggt, en af þeirri stærð og styrkleika, að það fengi kvaðalaus skilríki til úthafssiglinga, þar sem gera verður ráð fyrir, að svo geti borið að, að það verði að sigla fyrir Reykjanes til Reykjavíkur, kannske þegar veður eru verst, ef innsigling í Þorlákshöfn verður ófær vegna veðurs. Þá er gert ráð fyrir, að skipið verði einnig búið venjulegum losunar- og lestunarkrönum, ef til þess þyrfti að grípa við afgreiðslu skipsins, t. d. í Reykjavík. Til alls þessa verður að sjálfsögðu að taka tillit, þegar ákvörðun verður tekin um byggingu skipsins og tilboða leitað í smíði þess.

Varðandi fjárhagshlið málsins gera flm. ráð fyrir, að taka verði lán, erlent eða innlent, fyrir verulegum hluta af byggingarkostnaði skipsins, sem síðar yrði greitt niður, eftir því sem fé yrði veitt á fjárl. og þá reiknað með að dreifa byggingarkostnaðinum á tiltekið árabil. Þetta er sú leið, sem undir öllum venjulegum kringumstæðum væri eðlilegast, að farin yrði. Hins vegar stendur nú svo á, að vegna náttúruhamfaranna í Vestmannaeyjum hefur borist til Viðlagasjóðs allverulegt fé til uppbyggingar í Eyjum og til þess að flýta fyrir, að þar gæti byggð hafist á ný í sem ríkustum mæli og aðstæður skapaðar til, að fólk gæti unað búsetu þar í framtíðinni. Munar þar mestu um hið stórkostlega framlag ríkisstjórna Norðurlandanna, eins og kunnugt er. Stjórn Viðlagasjóðs hefur fengið Framkvæmdastofnun ríkisins til þess að gera áætlun um endurreisn byggðar og atvinnulífs í Vestmannaeyjum nú, eftir að fólk er farið að flytja þangað út aftur. Ekki hefur áætlun þessi í heild borist stjórn sjóðsins, en aðeins það, sem Framkvæmdastofnunin nefnir tímasamræmda vinnurás fyrir Vestmannaeyjaáætlun. Er þar vitnað í skýrslu hinnar stjórnskipuðu n. um samgöngumál Vestmannaeyja, en tekið fram, að hér sé um að ræða pólitísk mál um framkvæmdir og/eða tímasetningu, eins og þar segir.

Á fundi, sem fulltrúar Framkvæmdastofnunarinnar héldu úti í Vestmannaeyjum hinn 8. sept. s. l., lögðu ráðamenn byggðarlagsins ákveðið til, að Vestmannaeyjaáætlun verði falið það verkefni að flýta sem verða má fyrir framkvæmdum við kaup eða gerð bíla- og flutningaferju í anda meirihlutasamþykktar þeirrar n., sem skilaði áliti til Alþ. í des. 1972 um samgöngumál Vestmannaeyja, eins og orðrétt segir í fundargerð fulltrúa Framkvæmdastofnunar frá þessum fundi. Það liggur því ljóst fyrir, að forráðamenn Vestmannaeyjakaupstaðar leggja á það áherslu, að málið verði einnig skoðað frá þessum sjónarhóli, ef það mætti verða til þess að flýta fyrir og tryggja framgang þess.

Ég vil að lokum undirstrika það, sem fram kemur í grg. með till. þeirri, sem ég hef hér leyft mér að mæla fyrir, að það er samdóma álit þeirra, sem til þekkja, að uppbygging Vestmannaeyja á nýjan leik geti beinlínis oltið á því, að tryggðar verði daglegar ferðir sjóleiðis á milli lands og Eyja. Þetta er ofurskiljanlegt. Það var mjög farið að bera á því fyrir gosið í Eyjum, að hið ótrygga ástand í samgöngumálum hamlaði búsetu í Eyjum. Þessum þröskuldi verður að víkja úr vegi, og verður það að dómi flm. ekki gert á annan eða fljótvirkari hátt en lagt er til í þessari till., að byggt verði nýtt skip, sem einvörðungu er ætlað það hlutverk að halda uppi daglegum ferðum milli Vestmannaeyja og meginlandsins. Og áhersla er á það lögð, að heimahöfn skipsins verði í Eyjum og að því verði stjórnað þaðan.

Leyfi ég mér svo að leggja til, herra forseti, að umr. um till. verði frestað og henni vísað til hv. fjvn.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Sameinað þing, 12. fundur.

Mánudaginn 5. nóv., kl. 1.50 miðdegis.

Minnst látins alþingismanns.

Forseti (Eysteinn Jónsson): Í morgun barst sú harmafregn, að Gísli Guðmundsson alþingismaður væri látinn, tæplega sjötugur að aldri. Hann hafði að undanförnu átt við mikla vanheilsu að stríða, kom af þeim ástæðum ekki til þings í haust og andaðist í gærkvöld.

Gísli Guðmundsson var fæddur 2. desember 1903 á Hóli á Langanesi. Foreldrar hans voru Guðmundur bóndi þar Gunnarsson bónda á Djúpalæk Péturssonar og kona hans, Kristín Gísladóttir bónda í Kverkártungu í Skeggjastaðahreppi Árnasonar. Hann hóf nám í Gagnfræðaskólanum á Akureyri haustið 1919 og lauk þaðan gagnfræðaprófi vorið 1921. Veturinn 1923—1924 var hann í menntaskólanm í Reykjavík og lauk þaðan stúdentsprófi utanskóla 1926. Nám í íslenskum fræðum við Háskóla Íslands stundaði hann á árunum 1926—1929 og fór síðan hálfs árs námsferð um Norðurlönd, Þýskaland, Sviss og Ítalíu 1929. Jafnframt námi var hann barna- og unglingakennari á Langanesi öðru hverju 1921—1925. Þingskrifari var hann á Alþingi 1928 og 1929, stundakennari við Samvinnuskólann 1928—1929 og 1930—1934, skólastjóri í forföllum 1930—1931. Hann var ritstjóri Ingólfs 1929—1930, ritstjóri Tímans 1930—1940 og jafnframt ritstjóri Nýja dagblaðsins 1934—1936. Alþingismaður Norður-Þingeyinga var hann 1934—1945 og 1949—1959, síðan alþingismaður Norðurlandskjördæmis eystra, sat á 41 þingi alls.

Gísli Guðmundsson var kjörinn til ýmissa annara trúnaðarstarfa en hér hafa verið talin. Hann var í miðstjórn Framsóknarflokksins 1933—1946 og frá 1950, í fulltrúaráði Útvegsbanka Íslands 1936—1957 og í bankaráði Útvegsbankans frá 1957. Hann átti sæti 1936—1938 í stjórnskipaðri nefnd, er samdi frumvarp til laga um stéttarfélög og vinnudeilur, og var kosinn 1937 í milliþinganefnd til að gera tillögur um hlutdeildar- og arðskiptifyrirkomulag í atvinnurekstri. Í stjórn Skuldaskilasjóðs útvegsmanna var hann 1949—1951, í bankamálanefnd 1951—1954, í fjárhagsráði 1952—1953, í endurskoðunarnefnd almannatryggingalaga 1954—1956, í byggðajafnvægisnefnd 1954—1956, var formaður atvinnutækjanefndar 1956—1961 og formaður staðsetningarnefndar ríkisstofnana 1958—1960. Hann var forseti Rímnafélagsins 1961—1965 og í stjórn Hins íslenska þjóðvinafélags 1962—1970.

Gísli Guðmundsson ólst upp við sveitastörf og hélt alla ævi nánum tengslum við æskustöðvar sínar, átti síðustu árin heimili á föðurleifð sinni og dvaldist þar löngum, þegar færi gafst vegna starfa þeirra, sem hann hlaut að vinna annars staðar. Hann var vel að sér um sögu þjóðarinnar og atvinnuhætti til lands og sjávar, ritfær og málhagur. Auk fjölmargra greina í blöðum og tímaritum liggja eftir hann frumsamin rit og þýðingar erlendra bóka. Gísli Guðmundsson var hæglátur og hlédrægur, en áhugi hans var mikill. Hann átti um nokkurt skeið við heilsuleysi að stríða, en viðtæk þekking hans á landshögum, glöggskyggni og gjörhygli, leiddu til þess, að til hans var leitað til ráðuneytis og forustu um marga mikilvæga þætti þjóðmála. Gísli Guðmundsson var samvinnuþýður og tillögugóður í samstarfi innan þings og utan, fastur fyrir og fylginn sér í baráttu fyrir hugðarmálum sínum, þrautseigur og úrræðagóður í hverri raun. Gísli Guðmundsson var langa hríð einn af áhrifamestu stjórnmálamönnum landsins. Störf hans á sviði löggjafar og þjóðmála marka víða spor. Lengst mun þó Gísla Guðmundssonar verða minnst fyrir þrautseiga og hetjulega baráttu hans og forustu innan þings og utan fyrir ráðstöfunum til þess að vinna að jafnvægi í byggð landsins, sem nú orðið á sterkan hljómgrunn með þjóðinni. Hiklaust má fullyrða, að enginn einstaklingur á jafnríkan þátt og hann í þeim heillavænlegu breytingum, sem nú eru að verða almennt á viðhorfi til þeirra mála.

Ég vil biðja háttvirta alþingismenn að minnast Gísla Guðmundssonar með því að rísa úr sætum. — [Þm. risu úr sætum.]

Efri deild, 12. fundur.

Mánudaginn 5. nóv., kl. 2 miðdegis.

Umræður utan dagskrár.

Oddur Ólafsson: Herra forseti. Ég hef kvatt mér hljóðs hér utan dagskrár vegna málefna læknanema, er nú hafa gripið til örþrifaráða til þess að vekja athygli á þeirri óviðunandi aðstöðu, er þeir búa við. Mig langar í því tilefni að beina nokkrum spurningum til hæstv. menntmrh., einkum varðandi byggingarmál Háskóla Íslands og Landsspítalans.

Málefni læknanema eru að sjálfsögðu engin sérmálefni þeirra. Þeirra vandkvæði eru vandkvæði allrar þjóðarinnar. Á undanförnum árum höfum við hér á Alþ. hvað eftir annað rætt læknaskortinn í dreifbýlinu og læknaskort allra landsmanna. Ég held, að menn hafi verið ásáttir um það, að byggð í landinu væri háð því skilyrði, að þar gæti verið sómasamleg heilbrigðisþjónusta og meðan læknaskortur ríkti í svo ríkum mæli sem hefur verið undanfarin ár, væri stórhætta á því, að byggðaröskun yrði enn þá alvarlegri og geigvænlegri en verið hefur. Eitt af þeim úrræðum, sem komu til umr. hér á Alþ. fyrir alllöngu, var stórfjölgun í læknadeild, og ég held, að þm. hafi allir fallist á, að þar væri gripið rétt á málunum, að fjölgun í læknadeild mundi verða með tímanum til þess að bæta úr þeim læknaskorti, sem er í landinu. En að sjálfsögðu fylgdi því það, að skapa varð aðstöðu fyrir þá nýju nemendur, sem inn kæmu, til þess að geta starfað.

Það gleðilega gerðist, að fjölgun nemenda varð í læknadeild, svo stórfelld, að nú hefur allt lent í miklum vanda. Það hefur láðst að sjá læknanemum fyrir kennslurými, það hefur láðst að sjá læknanemum fyrir hæfilegum fjölda kennara, og það hefur láðst að sjá læknanemum fyrir hæfilegri og nægilegri kennsluaðstöðu á sjúkrahúsum landsins. Þetta er svo alvarlegt, að læknanemar hafa ekki séð sér annað úrkosta en að grípa til þeirra örþrifaráða að mótmæla þeirri takmörkun á fjölgun, sem Háskólinn hef-

ur nú gipið til eða hyggst grípa til á þeim grundvelli, að engin aðstaða sé til að kenna læknanemum, svo að viðunandi sé.

Undirrót þessa máls er að sjálfsögðu byggingarmál Háskólans. 1958 réð Háskólinn sérstakan arkitekt, Gunnlaug Halldórsson, til þess að teikna læknadeild Háskólans, læknadeildarhús. Hann vann að þessu verkefni árum saman, hann hafði teiknað 11 þús. rúmmetra læknadeildarhús, er skyldi byggjast á Landsspítalalóðinni. Svo datt málið niður, læknadeildarhúsið var flutt yfir á háskólalóðina. Þar var gerður skipulagsuppdráttur, er sýndi stöðu þess. Nú síðustu árin er aftur búið að flytja læknadeildarhúsið inn á Landsspítalalóðina, en það eru ekki til nema kubbarnir. Og enn mun þannig vera ástatt í dag, að ekki er byrjað að endurteikna læknadeildarhús og þess vegna hefur verið gripið til þess ráðs að leigja kjallaraíbúðir sem aðstöðu fyrir læknanema, að kaupa hús úti í bæ handa þeim til að lesa í og leigja húsnæði til kennslu þeirra hér og hvar um bæinn við algerlega ófullnægjandi aðstöðu.

Fjöldatakmörkun er að sjálfsögðu hreint neyðarúrræði, og ég veit, að það er algerlega gegn vilja Háskólans að fara inn á slíkar brautir. Við höfum reynt þessa leið í menntaskólanum fyrir mörgum árum. Það gafst illa, olli óánægju og mismunun, og ég vona, að hæstv. menntmrh. sjái sér fært að finna aðrar leiðir til úrlausnar á þessum vanda en að grípa til þess að takmarka fjölda nemenda á þessu sviði, þar sem þörfin er brýn, og í raun og veru bíður öll þjóðin eftir lausn á læknaskortinum.

Varla getur verið fjárskorti um að kenna, vegna þess að á undanförnum árum hefur háskólahappdrættið haft tugi millj. kr. í tekjur. Þessum tugmillj. kr. tekjum árlega hefur verið varið til ýmissar byggingarstarfsemi innan Háskólans. Það hefur verið byggt yfir lögfræðideildina, það er verið að byggja yfir verkfræðideildina, það hefur verið byggð raunvísindadeild, það hefur verið keypt húsnæði undir náttúrugripasafn og ýmsar aðrar ráðstafanir gerðar, en læknadeildin virðist hafa farið gersamlega varhluta af þessum framkvæmdum. Og nú vildi ég gjarnan fá upplýst, hvernig á þessu stendur. Það getur varla verið, að deildin hafi ekki verið tilbúin til byggingar, vegna þess að það eru 15 ár síðan læknadeildarhús var í raun og veru teiknað, og ég fæ ekki séð neinar eðlilegar ástæður fyrir þessu, hve gífurleg hornreka læknadeildin virðist hafa verið innan Háskólans.

Hvað ástandið er alvarlegt í þessum efnum, kemur kannski best fram í áliti, sem háskólaráð hefur látið frá sér fara og með leyfi hæstv. forseta langar mig til að lesa hér skýrslu frá fundi háskólaráðs, er haldinn var 1. nóv. 1973, þar sem hann beinir þeim tilmælum til menntmrn. og læknadeildar, að kannaðar verði til hlítar hugsanlegar leiðir til þess að komast hjá að beita heimildum um takmörkun á tölu stúdenta, sem halda áfram námi í læknadeild að afloknu prófi fyrsta árs 1974.

„Háskólaráði er ljóst, að til þess að komast hjá takmörkunum, er brýn nauðsyn, að eftirfarandi ráðstafanir verði gerðar:

a. Hinn bráði húsnæðisskortur pre- og paraklínískra greina verði leystur með verksmiðjuframleiddum einingahúsum, sem notuð verði sem rannsóknarstofur og kennsluhúsnæði fyrir áðurnefndar greinar, þannig að þeim séu sköpuð nokkur þróunarskilyrði og kennurum greinanna starfsaðstaða, á meðan undirbúningur og framkvæmdir nýbygginga standa yfir. Nauðsynlegt er að taka í notkun fyrsta húsrými af þessu tagi fyrir rannsóknarstarfsemi og kennslu haustið 1974.

b. Nauðsynlegt er, að klínísk kennsla á Borgarspítala og St. Jósefsspítala komist á fastan grundvöll, en frumskilyrði þess er, að læknadeild fái allar þær 8 hlutadósentsstöður við sjúkrahúsin, sem um var beðið á þessu ári. Einnig er nauðsynlegt, að eftirtaldar kennarastöður, sem synjað hefur verið um, fáist inn á fjárl. fyrir árið 1974:

1. Tveir lektorar í heimilislækningum, að öðrum kosti verður ekki unnt að hefja kennslu í heimilislækningum eins og fyrirhugað er, og mundi þá kennsla í læknadeild á 5. ári að líkindum stöðvast um áramótin 1974—1975.
2. Prófessorsembætti í félagslækningum. Samkv. þróunaráætlunum læknadeildar á kennsla í þeirri grein að hefjast árið 1975. Minnsti undirbúningstími fyrir þetta starf er eitt ár.
3. Einn dósent í hálfu starfi í lífeðlisfræði. Staða þessi er óhjákvæmileg vegna breyttra kennsluhátta á 1. námsári.

Aðrar kennarastöður og fjárveitingar, sem synjað hefur verið um, þola aðeins skamma bið. Niðurskurður á fé til tækjakaupa læknadeildar á s. l. árum háir nú kennslu og rannsóknargetu læknadeildar. Þá er brýn nauðsyn að fá nú þegar deildarfulltrúa og ritara í hálfu starfi fyrir læknadeild. Við núv. aðstæður er óhæfilega mikill starfstími kennara bundinn við stjórnunarstörf.

c. Gengið verði nú þegar frá byggingaráætlun og endanlegu skipulagi á sameiginlegri lóð Landsspítala og læknadeildar og verði ákvarðanir í þessum efnum teknar í samráði við Háskóla Íslands.

d. Gerð verði framkvæmda- og fjármögnunaráætlun fyrir næstu 5—10 árin. Fjárveitingar verði veittar til bygginga í heild og stofnaður verði framkvæmdasjóður fyrir allar byggingar á nefndri lóð. Þetta fyrirkomulag mun tryggja best hagkvæma nýtingu fjármagns og samfelldar framkvæmdir með eðlilegum hraða, þannig að áætlunin geti staðist. Allar framkvæmdir verði undir einni yfirstjórn mannvirkjagerðar á sameiginlegri lóð Landsspítala og Háskóla, því að ætla má, að þetta fyrirkomulag sé öruggasta leiðin til þess að fá samfellda og skipulega uppbyggingu, er tryggi samfellda nýtingu mannvirkja.

f. Ráðnir verði arkitektar á frjálsum markaði og skipaðar nú þegar hönnunarnefndir til byggingar A og C. Undirbúningi öllum að byggingum þessum verði flýtt svo sem unnt er, svo að unnt verði að hefja framkvæmdir í lok næsta árs eða byrjun ársins 1975.“

Af þessu sést, að ekki einungis hefur verið sleifarlag á byggingarframkvæmdum Háskólans

eða læknadeildar Háskólans, heldur kemur hér einnig greinilega fram, að neita þurfi um bráðnauðsynlega útfærslu og aukna starfsemi við kennsluna. Neitað hefur verið um ýmsar þær fjárveitingar, sem læknadeildin hefur farið fram á til síns rekstrar, og þar með tafið t. d. það mikilvæga hlutverk Háskólans að stofna sérkennslu í heimilislækningum, sem öllum ber þó saman um, að sé mikil nauðsyn vegna dreifbýlisins. Í þessu skjali kemur greinilega fram, að það er bæði rekstur læknadeildarinnar og byggingarstarfsemi hennar, sem er hörmulega vanrækt, og vænti ég, að hæstv. menntmrh. *geti gefið okkur þm. einhverja skýringu á* þessu háttalagi.

Menntmrh. (Magnús T. Ólafsson): Herra forseti. Mergur þess máls, sem hv. 3. þm. Reykn. hefur vakið hér utan dagskrár, er sá, hvort beitt verður eða ekki þeim stórfelldu fjöldatakmörkunum á tölu nema á síðari námsárum í læknadeild, sem samþ. hafa verið í deildarráði, eða ekki. Svar mitt við því atriði er hið sama og ég gaf sendinefnd læknadeildar á föstudaginn. Slík fjöldatakmörkun er óviðunandi, og afstaða mín er sú, að það, sem gera þarf til að afstýra slíkri fjöldatakmörkun, verður að framkvæma.

Þetta er meginatriði þess máls, sem nú er á döfinni, en úrræðin til að framfylgja þeirri afstöðu, sem ég nú hef lýst, eru að sjálfsögðu miklu margbrotnari og ekki gefið, að í hverju tilviki sé þar unnt að gefa tæmandi svör á þessari stundu.

Eins og hv. fyrirspyrjandi tók fram, er þetta mál ekki nýtilkomið. Það á sér langan aðdraganda. Leitað hefur verið ýmissa úrræða, en þau hafa ekki reynst viðhlítandi, eða frá úrræðum, sem ósýnt er, hvort hefðu reynst viðhlítandi, hefðu þau verið framkvæmd, hefur verið horfið.

Ég ætla ekki að fara að tefja tíma hv. d. með því að leitast við að gefa sögulegt yfirlit yfir það, hvers vegna læknadeild hefur orðið hornreka í byggingarmálum Háskólans. En ég tek undir það hjá fyrirspyrjanda, að það hefur hún orðið. En ég mun leitast við að svara spurningum hans í tvennu lagi: annars vegar gera grein fyrir þeim bráðabirgðaráðstöfunum, sem hafðar voru uppi á síðasta ári og þessu til þess að leitast við að leysa yfirvofandi vanda, hins vegar láta í ljós álit á, hver tök eru á að verða við þeim ábendingum, sem komu fram í samþykkt háskólaráðs frá 1. nóv.

Varðandi bráðabirgðaráðstafanir vegna húsnæðisskorts pre- og paraklínískra deilda er það að segja, að haustið 1971 voru með samþykki menntmrn. og fjmrn. gerðir samningar um leigu af hálfu Háskóla Íslands á umfangsmiklu húsnæði á tveimur stöðum í borginni til afnota fyrir kennslu inngangsgreina í læknadeild. Hér var um að ræða um það bil 1100 fermetra húsnæði að Ármúla 30, sem tekið var á leigu til 10 ára, og um það bil 400 fermetra húsnæði að Grensásvegi 12, tekið á leigu til ársins 1975, en í því húsi hafði Háskólinn þegar nokkurt húsnæði til afnota. Húsnæðið að Ármúla 30 var ætlað til kennslu í líffærafræði og lífefnafræði, svo og fyrirlestrakennslu í efnafræði og eðlisfræði. Einnig var ráðgert, að læknanemar á fyrri stigum náms fengju þar lestraraðstöðu. Að Grensásvegi 12 var ætlaður staður fyrir kennslu í lífeðlisfræði, en í sama húsi fer einnig fram kennsla í þeirri grein ásamt líffræði á vegum verkfræði- og raunvísindadeildar. Hvort tveggja húsnæðið var innréttað sérstaklega vegna afnota Háskólans og kostnaður við það greiddur úr byggingarsjóði hans. Þetta húsnæði var tekið í notkun á s. l. háskólaári.

Með þessum ráðstöfunum var á sínum tíma talið, að húsnæðisþörf umræddra greina yrði að verulegu leyti leyst fyrir næstu ár, jafnvel allt þar til nýbyggingar fyrir læknadeild kæmu til skjalanna. Á þessu ári hefur hins vegar komið í ljós, að læknadeild telur þörf frekari bráðabirgðaráðstafana, m. a. vegna líffærafræðikennslunnar. Er í því sambandi þess að geta, að óvenjulegur fjöldi stúdenta innritaðist í læknadeild haustið 1972 og mun meiri en gert hafði verið ráð fyrir. Þessi mál eru til meðferðar hjá stjórnvöldum Háskólans. Í ályktun háskólaráðs 1. nóv. s. l. er bent á þá leið, að húsnæðisskortur hinna svonefndu pre- og paraklínísku deilda verði leystur með verksmiðjuframleiddum einingarhúsum, sem notuð verði sem rannsóknarstofur og kennsluhúsnæði, meðan undirbúningur og framkvæmdir nýbygginga standa yfir. Rn. telur sjálfsagt, að þessi leið verði könnuð á grundvelli ítarlegrar athugunar á umræddum húsnæðisþörfum.

Um klíniska kennslu á Borgarspítala og Landakotsspítala, sem um er rætt í b-lið samþykktar háskólaráðs, er þetta að segja:

Í bréfi til deildarforseta læknadeildar Háskóla Íslands 14. júní s. l. lýsti menntmrn. þeirri stefnu, að við menntun lækna beri að leitast við að nýta sem best aðstöðu í öllum sjúkrahúsum í Reykjavík og öðrum heilbrigðisstofnunum. Var talið æskilegt, að læknadeild gerði í samráði við formenn viðkomandi stofnana áætlun um, hvernig slíku samstarfi milli stofnananna og Háskólans yrði með hagkvæmum hætti á komið. Um sama leyti beitti rn. sér fyrir því, að fengin var heimild til að stofna tvær hlutastöður dósenta tengdar sérfræðingastöðum við handlækningadeild og lyflækningadeild Borgarspítalans. Eftir viðræður milli forráðamanna Borgarspítalans og læknadeildar óskuðu þessir aðilar eftir því í bréfi til menntmrn. 17. sept. s. l., að þessar tvær dósentstöður yrðu auglýstar lausar til umsóknar, og hefur það verið gert. Í framangreindu erindi var tekið fram, að samkomulag um stöður þessar væri bundið því skilyrði, að Háskóli Íslands og menntmrn. skuldbyndu sig til að sjá fyrir viðunandi kennsluaðstöðu, bæði hvað snertir húsnæði og tækjabúnað, umfram það, sem Borgarspítalinn gæti þegar látið í té. Í tilefni af því óskaði rn. eftir því með bréfi 26. sept. s. l., að forráðamenn læknadeildar Háskóla Íslands og Borgarspítalans hefðu samstarf við samantekt grg. um það, hvaða úrbætur væru taldar nauðsynlegar til þess, að kennsluaðstaðan yrði talin viðunandi.

Í fjárl. 1973 var veitt fé til að koma á fót nýjum kennarastöðum í læknadeild, sem hér segir: Prófessorsembætti í heimilislækningum, hlutastöðu dósents í stað hlutastöðu lektors í líffæra- meinafræði, þremur hlutastöðum dósenta í stað fullrar lektorsstöðu í lífefnafræði, fullri lektorsstöðu í lífeðlisfræði, fullri lektorsstöðu í lyfjafræði, hálfri lektorsstöðu í lífefnafræði, tveimur öðrum hlutastöðum lektora og loks aðjúnktstarfi

í lyfjafræði. Hafa allar þessar stöður verið auglýstar lausar til umsóknar nema prófessorsembættið í heimilislækningum, sem læknadeild taldi ekki tímabært að stofna á þessu ári.

Í frv. til fjárl. fyrir árið 1974 er gert ráð fyrir fjárveitingum til nýrra kennslustarfa í læknadeild sem hér segir: Prófessor í taugasjúkdómum, sem kemur í stað hlutastöðu dósents í þeirri grein, fullt dósentstarf í bæklunarlækningum, fjórar hlutastöður dósenta í lyflæknis- og handlæknisfræði og aðjúnktstarf í verklegri lífeðlisfræði. Menntmrn. hafði við undirbúning fjárlagafrv. lagt til, að til viðbótar yrði veitt fé til prófessorsembættis í félagslækningum, hálfrar dósentsstöðu í lífeðlisfræði, tveggja hlutastaða dósenta í lyflæknis- og handlæknisfræði og annars aðjúnktstarf í verklegri lífeðlisfræði. Þá hafði menntmrn. gert tillögu um stöðu ritara fyrir læknadeild í skrifstofu Háskólans, en sú fjárveiting er ekki í fjárlagafrv. Hins vegar telur rn. brýna nauðsyn á, að leiðrétting verði gerð í því efni, og hefur gert ráðstafanir til þess, að það mál verði upp tekið við meðferð fjárlagafrv. á Alþingi.

Varðandi aðra liði í till. háskólaráðs, en gerðir hafa verið að umtalsefni hér á undan, vil ég segja þetta:

Till. háskólaráðs um bráðabirgðalausn á húsnæðisskorti pre- og paraklíniskra deilda eru mjög athyglisverðar og falla að hugmyndum, sem fram hafa komið hjá heilbrrn. og yfirstjórn byggingarframkvæmda á Landsspítalalóð um verksmiðjuframleidd rannsóknar- og kennsluhús á Landsspítalalóðinni. Til athugunar er að fela yfirstjórn mannvirkjagerðar á Landsspítalalóðinni að taka málið upp og gefa rn. báðum skýrslu um þessi mál. En það vil ég taka fram, að þessar till. hafa ekki komið frá Háskólanum fyrr en í þeirri samþykkt, sem gerð var 1. nóv.

Varðandi c-liðinn í till. háskólaráðs um, að gengið verði nú þegar frá byggingaráætlun og endanlegu skipulagi á sameiginlegri lóð Landsspítalans og læknadeildar og verði ákvarðanir í þessum efnum teknar í samráði við Háskóla Íslands, vil ég sérstaklega segja þetta:

Hér er gerð að nokkru leyti óraunhæf krafa, vegna þess að enn er óleystur sá skipulagslegi vandi, sem fyrirhuguð geðdeildarbygging á Landsspítalalóðinni veldur. Eins og kunnugt er, kom upp í vor alvarlegur ágreiningur innan yfirstjórnarinnar um þessi mál. Unnið er nú að kappi að því að leysa þann ágreining á grundvelli ábendingar frá Mr. Weeks, hinum breska sérfræðingi, sem fjallað hefur um byggingar í þágu læknakennslunnar á lóð Landsspítalans og verið hefur skipulagslegur ráðunautur ráðuneytanna beggja um þessi mál. Vonir standa til, að úr því fáist skorið innan tveggja til þriggja vikna, hvort um sameiginlega ákvörðun ráðuneytanna getur verið um að ræða í þessu erfiða máli.

Varðandi b-liðinn um framkvæmd á fjármögnunaráætlunum fyrir næstu 5-10 ár vil ég segja þetta:

Háskólaráð ber fram þá hugmynd, að fjárveitingar verði veittar til fyrirhugaðra bygginga á Landsspítalalóðinni í heild, þ. e. að ráðstöfun byggingarfjár á einstök ár og einstakar byggingar sé með samþykki ráðuneytanna ákvörðuð af yfirstjórninni. Þessi hugmynd er athyglisverð. Hefur hún verið rædd hjá yfirstjórn byggingarframkvæmdanna og mundi án efa, kæmi hún til framkvæmda, bæði hafa í för með sér, að auðveldara væri að gera fjárveitingaryfirvöldum grein fyrir því, sem þyrfti við afgreiðslu hverra fjárlaga, og eins að auðvelda gerð langtímaáætlana.

Varðandi f-liðinn um ráðningu arkitekta við hönnun tiltekinna bygginga í þágu læknakennslunnar á Landsspítalalóð er þetta að segja:

Mjög er sennilegt, að rétt sé að fara þá leið, sem hér er bent á. Þó þykir ástæða til þess að benda á, að skýlausar kröfur Háskóla Íslands um forgang vissra bygginga geta komið fjárveitingaryfirvöldum og yfirstjórninni í sömu vandkvæði hvað viðkemur þessum byggingum og voru í sumar, þegar krafan um skýlausan forgang geðdeildarbyggingar var sett fram.

Þetta eru, herra forseti, þau svör, sem ég hef á þessu stigi á takteinum við fsp. hv. þm.

Oddur Ólafsson: Herra forseti. Ég þakka hæstv. menntmrh. fyrir svör hans, og ekki síst vil ég þakka honum að hafa lýst því yfir, að fjöldatakmörkun væri algert neyðarúrræði, og sé ég þá ekki annað en að hann hafi aðstöðu til að fyrirbyggja, að slíkt neyðarástand skapist. Það kom fram í ræðu hans, að niðurskurður hefði verið gerður á stöðuveitingum og fjárframlögum til læknadeildar Háskólans. Og það kom einnig fram, að sjálft menntamrn. hafi lagt til frekari fjárveitingar og frekari stöðuveitingar en orðið var við. Með tilliti til þess ástands, sem ríkir nú í þessum málum hér, og með tilliti til þess, hve áhugi er ríkur fyrir því, að heilbrigðisþjónustunni verði sköpuð betri skilyrði út um landið, vonast ég til þess, að sameiginlega verði fundið ráð til þess að bæta úr því og að deildin fái þær nauðsynjar, sem hún þarf á að halda. En því er ekki að neita, að þegar nemendafjöldinn tvöfaldast skyndilega, skapast gífurleg vandamál, og að sjálfsögðu verður að grípa til bráðabirgðaráðstafana. En ég held, að það hljóti að vera möguleiki á að nýta betur sjúkrahúsin í Reykjavík til kennsluaðstöðu heldur en gert hefur verið hingað til a. m. k. Jafnvel þótt leyfi hafi fengist til þess að stúdentarnir kæmu til náms á þessum sjúkrahúsum, þá er það ekki nóg, það þarf einnig að ráða kennara til þess að kenna þeim og skapa þeim húsakost og tæki til þess að njóta námsins. Þetta er það, sem ekki hefur verið gert í nógu ríkulegum mæli, og vona ég, að úr því verði bætt.

Um geðdeildina og hennar aðstöðu vil ég segja þetta:

Ég lít svo á, að geðdeildin þurfi ekki að verða á nokkurn hátt til þess að tefja byggingarframkvæmdir læknadeildar. Geðdeildin er byggð á vegum ríkisspítalanna, hún er byggð með fjárframlögum úr ríkissjóði.

Háskólahappdrættið hefur nú milli 50 og 70 millj. kr. nettótekjur árlega, og mér finnst, að það sé mál til komið, að forráðamenn þess fari að ranka við sér og fari að leggja fé til læknadeildar. Að vísu viðurkenni ég, að vafalaust er nauðsynlegt, að gerð verði frekari bráðabirgðaúrræði til þess að leysa húsnæðisvandamál læknadeildarinnar, en bráðabirgðaúrræði eru líka neyðarúrræði, og það, sem mér finnst mest virði af öllu, fyrir utan það

að kveða niður drauginn um takmarkanir, er í fyrsta lagi, að nú verði gerð gangskör að því að hanna upp á nýtt læknadeildarhúsið og hefja byggingu þess og þar verði það ekki síst háskólahappdrættið, sem leggur fram féð.

Norðurlandasamningur um skrifstofur ráðherranefndar og skrifstofu Norðurlandaráðs, frv. (þskj. 72). — 1. umr.

Of skammt var liðið frá útbýtingu frv. — Afbrigði samþ. með 11 shlj. atkv.

Utanrrh. (Einar Ágústsson): Herra forseti. Hinn 12. apríl s. l. var undirritaður í Osló samningur milli Íslands, Danmerkur, Finnlands, Noregs og Svíþjóðar um skrifstofur ráðherranefndar Norðurlanda og réttarstöðu þeirra ásamt viðbótarbókunum skrifstofu stjórnarnefndar Norðurlandaráðs og réttarstöðu hennar. Þessar skrifstofur eru stofnaðar til að efla norrænt samstarf, og skal í því skyni koma á fót skrifstofu fyrir norræn samstarfsmál með aðsetri í Osló, og áður hefur verið stofnsett skrifstofa fyrir norrænt menningarmálasamstarf í Kaupmannahöfn í þeim tilgangi að aðstoða ráðherranefnd Norðurlanda. Samningurinn fjallar um gildissvið, réttarstöðu skrifstofanna, friðhelgi og sérréttindi þeirra, réttarstöðu starfsfólksins og um það, hvað gera skuli til að segja samningnum upp. Frv. þetta er flutt til þess að afla heimildar fyrir ríkisstj. til að fullgilda samning þennan fyrir Íslands hönd. Því fylgja þessar aths.:

„Ráðherranefnd Norðurlanda samþykkti á fundi sínum í Helsinki 18. febr. 1972 að stofna fasta skrifstofu fyrir norræn samstarfsmálefni, og skyldu starfa þar embættismenn, sem óháðir væru ríkisstj. heimaríkja sinna. Ráðherranefndin setti eftirfarandi rammaákvæði um starfsemi skrifstofanna. Þær skulu aðstoða Ráðherranefndina um meðferð norrænna samstarfsmálefna. Þær skulu vera til aðstoðar við framkvæmd á þeim rannsóknum, sem Ráðherranefndin óskar eftir að gerðar séu, og framkvæma þær umfangsminni athuganir, sem liggja þurfa til grundvallar við ákvarðanatökur Ráðherranefndarinnar.

Á fundi sínum í Osló hinn 17. og 18. febr. 1973 samþykkti Ráðherranefndin reglur um starfssvið skrifstofanna, sem eru í samræmi við framangreind rammaákvæði. Auk þess veita þessar reglur skrifstofunum svigrúm til að eiga sjálfar frumkvæði að nýjum samstarfsverkefnum.

Samningur þessi tekur til skrifstofu Ráðherranefndarinnar í Osló, sem hóf starfsemi sína til bráðabirgða hinn 1. júní 1972 með einum starfsmanni frá hverju Norðurlandanna. Ennfremur tekur hann til skrifstofunnar í Kaupmannahöfn fyrir norrænt menningarmálasamstarf, sem áður hafði verið komið á fót, og öðlast þessar skrifstofur þar með báðar sömu réttarstöðu. Svipar henni að mörgu leyti til þeirrar réttarstöðu, sem alþjóðastofnanir njóta. Að því er starfsfólk skrifstofanna varðar hefur þessi skipan þau áhrif, að launagreiðslur og skattgreiðslur fara eftir sérstökum reglum, þar sem m. a. gjald það, sem starfsfólk greiðir í stað venjulegra skatta, rennur í sjóði Ráðherraráðsins og myndar sérstakan tekjulið á fjárhagsáætlun þess.

Á grundvelli fjárhagsáætlunar, sem staðgenglanefnd Ráðherranefndar Norðurlanda hefur gert, má áætla, að stofn- og rekstrarkostnaður skrifstofunnar í Osló verði alls 3.4 millj. norskra kr. á fjárhagsárinu 1973-74, þar af verði kostnaður við bráðabirgðaskrifstofuna u. þ. b. 0,3 millj. kr. Skv. ákvörðun Ráðherranefndarinnar er útgjöldum skipt með hliðsjón af vergri þjóðarframleiðslu hvers ríkis og verða hlutfallstölur þá sem hér segir: Ísland 1%, Danmörk 22%, Finnland 16%, Noregur 16% og Svíþjóð 45%. Skv. þessu verður hlutur Íslands 34 þús. norskar kr. á fjárhagsárinu 1973-1974. Gert er ráð fyrir, að skrifstofan fái aukið starfslið um áramótin 1974-1975, og verður hlutur Íslands þá u. þ. b. 41 þús. norskar kr. á ári auk launa- og verðlagshækkana.

Breyting á stöðu skrifstofunnar fyrir norrænt menningarmálasamband við Khöfn í líkingu við alþjóðastofnanir mun ekki hafa í för með sér aukin útgjöld. Árið 1973 er rekstrarkostnaður áætlaður 3 millj. 480 þús. danskar kr., og er hluti Íslands skv. framansögðu því 34800 d. kr. Þar eð starfsmenn munu eftir þessa breytingu greiða gjald til skrifstofunnar í stað venjulegra skatta, er áætlað, að útgjöld skrifstofunnar lækki í 3 millj. 210 þús. d. kr. árið 1974. Næstu árin má síðan gera ráð fyrir 5-10% árlegri útgjaldaaukningu auk launa- og verðlagshækkana. Ráðherranefndin hefur ekki enn tekið afstöðu til þess, hvort auka þurfi starfsemi skrifstofunnar umfram það, sem hér er áætlað, en varlega reiknað er varla unnt að áætla árlega aukningu minna en 10%.

Að beiðni stjórnarnefndar Norðurlandaráðs hafa ríkisstj. Norðurlanda gert viðbótarbókun um skrifstofu stjórnarnefndar Norðurlandaráðs og réttarstöðu hennar. Var sú bókun undirrituð í Osló hinn 15. maí 1973. Af henni leiðir, að skrifstofa stjórnarnefndarinnar í Stokkhólmi hlýtur sömu réttarstöðu og framangreindar skrifstofur í Osló og Kaupmannahöfn.

Ég legg til, herra forseti, að frv. verði vísað til 2. umr. og hv. allshn.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 11 shlj. atkv. og til allshn. með 11 shlj. atkv.

Neðri deild, 14. fundur.

Mánudaginn 5. nóv., kl. 2 miðdegis.

Niðurfærsla verðlags o. fl., frv. (þskj. 59). — 1. umr.

Sjútvrh. (Lúðvík Jósepsson): Herra forseti. Hér er um að ræða frv. til staðfestingar á brbl., sem út voru gefin á s. l. sumri. Efni þessa frv. er það, að talið var nauðsynlegt að setja brbl. til þess að tryggja tiltekna verðlækkun á vörum og þjónustu til samræmis við þá hækkun á verðgildi íslenskrar krónu, sem ákveðin var 30. apríl s. l. Þótti rétt að tryggja það, að áhrif þessarar gengishækkunar

kæmu sem allra fyrst til skila í verðlagið, og því er í frv. ákvæði um, að allt almennt verðlag og þjónusta skuli færast niður um 2%, nema þar sem sérstakar undanþágur væru veittar, einnig, að verð á þjónustu, sem reiknað er í erlendum gjaldeyri, skyldi taka breytingum þá þegar, og einnig um það, að verð á landbúnaðarvöru skyldi færast niður um sambærilega upphæð.

Þessi lög hafa þegar komið til framkvæmda og hafa ekki praktískt gildi lengur í sjálfu sér, en frv. er hér flutt til staðfestingar á brbl., eins og skylt er að gera.

Þar sem öllum hv. þm. er fullkunnugt um ástæður til þess, að þessi brbl. voru sett og um efni frv., sé ég ekki ástæðu til að orðlengja frekar um það, en legg til, herra forseti, að að lokinni þessari umr. verði frv. vísað til hv. fjh. og viðskn.

Gylfi Þ. Gíslason: Herra forseti. Ég á að vísu sæti í þeirri hv. n., sem hæstv. viðskrh. hefur gert till. um, að þessu frv. verði vísað til. Engu að síður þykir mér rétt að freista þess að fá hjá hæstv. ráðh. nokkrar upplýsingar varðandi þetta mjög svo mikilvæga mál, sem hér er um að ræða, áður en n. hefur störf sín eða a.m.k. fyrirheit hans um, að hann muni stuðla að því, að upplýsingar verði veittar um þau atriði, sem ég kem til með að nefna, meðan málið er til meðferðar í nefnd.

Aðalefni þessara brbl. er annars vegar í 1. gr. og hins vegar í 9. gr. En í 1. gr. var kveðið svo á, að heildsöluverð og smásöluverð á hvers konar vörum og þjónustu skuli við gildistöku l. lækka um 2% eða í síðasta lagi hinn 7. maí s.l. Hitt meginákvæði frv. er að finna í 9. gr., en þar segir, að við ákvörðun á kaupgreiðsluvísitölu fyrir júní-ágúst 1973, skuli miðað við 2% lægra verð á vöru og þjónustu en tekið var á skýrslu í maíbyrjun s.l. til útreiknings á vísitölu framfærslukostnaðar í þeim mánuði. M. ö. o.: Með brbl. er fyrirskipuð almenn 2% verðlækkun í landinu. Í sömu brbl. er kauplagsnefnd síðan gert skylt að miða við það, að þessi verðlækkun hafi komið til framkvæmda á einni viku.

Nú er það kunnara en frá þurfi að segja, að erfitt er að tryggja framgang lagafyrirmæla um verðlækkun. Að vísu er til hér á Íslandi stofnun, Verðlagseftirlitið, sem hefur það verkefni að tryggja í fyrsta lagi, að hennar eigin ákvörðunum sé hlýtt og að fylgjast með því, ef löggjafinn setur ákvæði um breytingar á verðlagi, að þau komi raunverulega til framkvæmda. Ég undirstrika og veit, að ekki síst öllum hv. þm. er ljóst, hversu vandasamt er að hafa öruggt og tryggt eftirlit með því, að slík almenn fyrirmæli um verðlækkun komi til framkvæmda. Þess vegna leyfi ég mér að spyrja hæstv. viðskrh., hvort einhverjar sérstakar ráðstafanir hafi verið til þess gerðar að hafa eftirlit með því, að þessi 2% verðlækkun hafi í raun og veru komið til framkvæmda. Það gefur auga leið, að verðlagseftirlitið með sínu venjulega starfsliði hlýtur að hafa verið allsendis ófært um að fylgjast með því, hvort þessum verðlækkunarfyrirmælum var raunverulega hlýtt eða ekki eða að hversu miklu leyti þeim hefur verið hlýtt. Þess vegna væri æskilegt að fá upplýsingar um, hvort rétt er, að gerðar hafi verið sérstakar ráðstafanir með mannafla eða einhverjum öðrum hætti til þess að ganga úr skugga um, að l. hafi verið meira en pappírsgagn, þ.e. þau hafi verið raunveruleg verðlækkunarlög. En þess vegna er svo mikilvægt að fá úr þessu skorið, að kaupgjaldsvísitalan í júní-ágúst 1973 miðaðist við það, að þessi verðlækkunarfyrirmæli l. hafi orðið raunveruleg. Í þessa þrjá mánuði fengu launþegar greidda verðlagsuppbót, sem var mun lægri en sem svarar til þess, að 2% verðlækkun hafi raunverulega komið til framkvæmda í maí s.l. Þess vegna er mjög mikilvægt að fá að vita um það, í fyrsta lagi, hvaða ráðstafanir voru gerðar til þess að tryggja, að verðlækkun kæmi til framkvæmda, og í öðru lagi, hvort seinna hefur verið gerð nokkur athugun á því, hvort um raunverulega verðlækkun var að ræða á þessum fyrstu dögum maímánaðar eða ekki.

Það væri æskilegt, ef hæstv. ráðh. gæti gefið um þetta einhverjar upplýsingar þegar við 1. umr. Ef hann getur það ekki eða ekki nægilega ítarlega, þá treysti ég á samvinnu hans, rn. hans og verðlagsyfirvalda og kauplagsnefndar til þess að fá úr því skorið, hvort þessi verðlækkun var raunveruleg eða ekki, og hafi hún ekki verið það, þá að hversu miklu leyti hún var ekki raunveruleg. Launþegar eiga heimtingu á því að fá að vita, hvað gert hefur verið af hálfu hins opinbera til að tryggja, að ekki væri beinlínis verið að hafa af þeim kaupuppbót vegna l., sem hafa e.t.v. ekki komið til fullra framkvæmda. Ég skal ekki fullyrða neitt um á þessu stigi, að svo hafi verið. En það verður að koma í ljós við athugun n. á málinu, í fyrsta lagi, hvað ríkisstj. hefur gert til að tryggja framkvæmd l. og hvort upplýsingar eru til um það, að hversu miklu leyti verðlækkun hefur verið raunveruleg. Hafi slík athugun ekki verið gerð, þá er enn hægt að efna til hennar, og ég treysti því, að hæstv. ráðh. hafi jafnmikinn áhuga á því og ég og margir aðrir, að sannleikurinn komi í ljós um þetta efni.

Sjútvrh. (Lúðvík Jósepsson): Herra forseti. Varðandi það atriði, sem hér kom fram hjá hv. 7. þm. Reykv., hvernig hafi í rauninni verið staðið að framkvæmd þessara l., vil ég taka fram, að það var haft mjög náið samráð við hagstofustjóra, sem fyrst og fremst ber ábyrgð á útreikningi kauplagsvísitölunnar og framfærsluvísitölunnar, um það, hvernig þýðingarmiklum atriðum þessa máls yrði beitt, þannig að undanþágur voru veittar strax í upphafi fyrir þá vöruflokka og vörutegundir, sem nokkur vafi lék á, að verðlækkunin kæmi fram á. Sem sagt, það voru ekki alveg allar vörur og þjónusta, sem voru færðar niður um 2%, og í þeim tilvikum, þegar það þótti vera nokkuð vafasamt að hans áliti, að verðlækkunin kæmi fram, var það ekki talið með í þeirri lækkun á vísitölunni, sem annars var heimil samkv. l., og undanþágur veittar frá niðurfærslu verðlags í þessum greinum.

En varðandi önnur atriði, þar sem framkvæmdin átti að geta verið álíka örugg og skýr og almennt er um þessi mál, er það að segja, að þar voru ekki veittar undanþágur, og þar var auðvitað reiknað með lækkuninni í vísitölunni eins og lög gera ráð fyrir. En Verðlagseftirlitinu var jafnframt falið að fylgjast með því, eins og því

ber skylda til, að þessi niðurfærsla á verðlagi ætti sér stað, eftir því sem það hefur getu og mannafla til, og það hygg ég, að það hafi gert. Mjög þýðingarmiklar vörur í þessum efnum, eins og landbúnaðarvörurnar, liggja hér afar skýrt fyrir, og ég vil ætla, að þeir aðilar, sem verða að fara eftir verðlagsákvæðum og l. um verðlagningu sinnar vöru og þjónustu, hafi farið eftir l. í öllum meginatriðum.

Mér er líka kunnugt, að fulltrúar launþega ýmsir kynntu sér allvel á sínum tíma, hvernig að þessu yrði staðið, og ég held, að það hafi ekki verið látið halla á þá, nema síður sé, í sambandi við þessa útreikninga. Það er enginn vafi á því, að nokkrar verðlækkanir áttu sér stað, sem ekki var tekið tillit til við útreikning vísitölunnar, vegna þess að það var ekki hægt að fullnægja þeim ákvæðum þessara laga að sanna fyrir tiltekinn mánaðardag, að verðlækkunin kæmi fram.

Ég get ekki gefið hér frekari upplýsingar um þetta atriði, en tel sjálfsagt að veita allar þær upplýsingar, sem unnt er að fá um framkvæmd málsins, í n., og að þeir veiti þær upplýsingar, sem besta hafa aðstöðu til þess. Þannig getur t. d. komið þar nákvæmlega fram, hvað var um mikla lækkun á framfærsluvísitölunni að ræða vegna þessara ráðstafana og hvernig hefur síðan verið staðið að því að framfylgja þessu þá mánuði, sem hér var um að ræða.

Sem sagt, ég skal veita mína aðstoð til þess, að upplýsingar liggi fyrir um þessi atriði hjá n. þeirri, sem fær málið til meðferðar.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 26 shlj. atkv. og til fjh.- og viðskn. með 25 shlj. atkv.

Tannlækningar, frv. (þskj. 65). — 1. umr.

Heilbr.- og trmrh. (Magnús Kjartansson): Herra forseti. Frv. það til nýrra l. um tannlækningar, sem er hér lagt fram, hefur að mestu leyti verið undirbúið af samstarfsnefnd heilbrrn., Tannlæknafélags Íslands og tannlæknadeildar Háskóla Íslands, en n. frá þessum aðilum skipaði ég 25. maí 1972 undir forustu fulltrúa rn. N. var falið að endurskoða gildandi lög og reglur um tannlækningar og um þær stéttir, sem starfa saman á þessu sviði, fyrst og fremst tannlækna og tannsmíði. Skömmu áður hafði Tannlæknafélag Íslands ritað rn. og óskað eftir skipun slíkrar n. og sent nokkrar till. um breytingar á gildandi löggjöf.

Ég taldi sjálfsagt að verða við þessari beiðni, enda eru gildandi lög löngu orðin úrelt. Þau eru að stofni til frá árinu 1929, með óverulegum síðari breytingum og viðaukum, og alls ekki í samræmi við aðstæður, eins og þær eru núna. Ég taldi því eðlilegt, að löggjöf á þessu sviði yrði færð í nútímalegra horf og þá tekið mið annars vegar af íslenskum aðstæðum og annarri síðari tíma lagasetningu um lækningastarf hér á landi, fyrst og fremst af læknal., nr. 80 frá 1969, og hins vegar af nýjustu löggjöf nágrannaþjóða, einkum Dana og Norðmanna, sem nýverið hafa endurskoðað ýmis ákvæði á þessu sviði og sett nýjar reglur.

Í samræmi við þetta gerir frv. ráð fyrir því, að sams konar reglur gildi um veitingu tannlækningaleyfis og nú gilda um veitingu almenns lækningaleyfis. Fimm fyrstu gr. frv. fjalla um þetta, og eru þær efnislega shlj. 4 fyrstu gr. læknal. Frv. gerir enn fremur ráð fyrir, að ýmis ákvæði læknal. gildi áfram um tannlækna, svo sem verið hefur. Þetta eru ýmist ákvæði, þar sem tannlæknar eru nefndir beinlínis, eða almenn ákvæði, sem gilda um alla, sem einhvers konar lækningaleyfi hafa fengið.

Veigamesta nýmæli l. er að finna í 9. gr., þar sem er heimilað, að tannlæknar hafi sérhæft aðstoðarfólk sér til hjálpar. Skýr ákvæði um efni þessarar gr. hefur vantað í núgildandi lög, og var það eitt með öðru ástæðan til þess, að brýna nauðsyn bar til, að tannlæknalög yrðu nú endurskoðuð.

Hér er gert ráð fyrir því, að það fyrirkomulag við vinnu á tannlæknastofum, sem nú orðið tíðkast, bæði hér og í nágrannalöndum okkar, verði heimilað berum orðum. Auk tannlækna starfa nú á tannlæknastofum yfirleitt tannsmiðir og aðstoðarfólk, ýmist við afgreiðslu eða við aðstoð við tannlækninn að störfum. Í nágrannalöndum okkar, t. d. í Danmörku, eru sérstök ákvæði um þetta aðstoðarfólk. Í Danmörku eru t. d. nýsettar reglur um „tandplejere", og eru þær frá 31. ágúst 1972, en frá sama degi eru einnig reglur um „klinikassistenter for tandleger". Ég tel rétt, að kannað verði, hvort og að hve miklu leyti nauðsynlegt er að setja slíkar sérreglur um nám og menntunarskilyrði og þá réttindi þessara stétta hér á landi. Um tannsmiði gilda þær sérreglur, að þeir hafa hingað til verið menntaðir af tannlæknum sjálfum, sem hafa rekið nokkurs konar tannsmíðaskóla, og þar hafa viðkomandi lokið prófi og fengið skírteini sín og réttindi. Hvernig svo sem ákveðið verður í framtíðinni að haga menntun þessara stétta, taldi n. eðlilegt, að endanlegt starfsleyfi eða löggildingu fengju þessar stéttir eins og aðrar heilbrigðisstéttir hjá heilbrrh., enda sanni þær fyrir honum, að menntun hvers og eins uppfylli þau skilyrði, sem lög setja fyrir slíku starfsleyfi.

Að öðru leyti, held ég, að ekki sé þörf á því að rekja frekar ákvæði þessa lagafrv. Ég leyfi mér að vísa í grg. þá, sem frv. fylgir, og legg til, herra forseti, að frv. verði að lokinni 1. umr. vísað til 2. umr. og hv. heilbr.- og trn.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 25 shlj. atkv. og til heilbr.- og trn. með 26 shlj. atkv.

Landhelgisgæsla Íslands, frv. (þskj. 38). — 1. umr.

Flm. (Jóhann Hafstein): Herra forseti. Við sjálfstæðismenn höfum freistað þess á öllum þingum þessa kjörtímabils að koma fram breytingum á l. um Landhelgisgæslu Íslands, sem fyrst og fremst hafa haft það markmið að efla

Landhelgissjóðinn. En þessar tilraunir okkar hafa ekki borið árangur. Ýmist hafa till. dagað uppi eða þá hlotið afgreiðslu, sem ekki hefur í raun og veru orðið raunhæf. Við höfum þess vegna nú í þriðja sinn freistað þess að flytja þetta frv., og aðalefnið er þá það, að ríkissjóður leggi Landhelgissjóði árlegt framlag, sem nú er ákveðið 100 millj. kr. Það er önnur upphæð en áður var, en aðallega í sambandi við breytt peningagildi. Einnig leggjum við til, að heimilt sé að verja fé úr Landhelgissjóði til þess að búa Landhelgisgæslunni aðstöðu í landi miðað við framtíðarhlutverk hennar.

Eins og fram kemur af fskj. með þessu frv., hafa tekjur Landhelgissjóðsins verið nokkuð misjafnar frá ári til árs. Hins vegar er þetta gömul og virðuleg stofnun, sem sett var á laggirnar með lögum 1913, en í fskj. sést, hverjar tekjur sjóðsins hafa verið um 10 ára bil, frá 1962—1972, og hafa þær verið misjafnar, eins og ég sagði áðan. Hér er einkum um að ræða sektir og upptöku fyrir landhelgisbrot, björgunarlaun og síðan vexti. Sá háttur hefur svo verið hafður á, að framlög hafa komið til Landhelgissjóðs úr ríkissjóði, eftir því sem á hefur skort, að sjóðurinn hefði nægjanlegt fjármagn til að sinna þeim verkefnum, sem honum hefur verið ætlað, fyrst og fremst tækjakaupum fyrir Landhelgisgæsluna, þ. e. a. s. kaupum á varðskipum, flugvélum og öðru svipuðu. Við sjáum við lauslega athugun, að þessir tekjuliðir eru mjög misjafnir. Þannig sjáum við, að sektir og upptaka fyrir landhelgisbrot eru árið 1963 um 2 millj. kr., en tæpar 6 millj. kr. árið 1969, svo misjafnt er þetta, og björgunarlaunin eru aðeins rúm 100 þús. árið 1964, en hins vegar liðlega 7 millj. kr. árið 1971. Þannig mun þetta sjálfsagt halda áfram, og skal ég ekki frekar út í það fara.

Ég minnist þess, að hæstv. forsrh. tók því mjög vel í fyrra, þegar svipað frv. var flutt, og taldi mjög nauðsynlegt að ætla Landhelgissjóði ákveðinn og fastan árlegan tekjustofn. Við sjálfstæðismenn fluttum einnig á fyrsta þingi þessa kjörtímabils till. um byggingu varðskips og áætlunargerð um eflingu Landhelgisgæslunnar, sem ekki náði fram að ganga, því miður, því að eflaust hefur það kostað ríkið milljónatugi, að ekki var þegar hafist handa þá um byggingu varðskips, og það átti í raun og veru öllum að mega vera ljós sú mikla þörf, sem var á því að efla varðskipastólinn og önnur tæki Landhelgisgæslunnar. Nú er sem betur fer búið að ákveða kaup á nýju varðskipi, sem ég hygg, að sé áætlað, að kosti eitthvað um 450 millj. kr., og er það töluvert miklu meira en helmingi hærra en kostnaður við byggingu Ægis, og þó hafa sparast milljónatugir við það, að hægt hefur verið að notast að verulegu leyti við teikningar að byggingu varðskipsins Ægis, en það skip hefur hlotið mjög góða reynslu, og við höfum í alla staði notið góðs af landhelgisgæslu þess.

Eins og kunnugt er, hefur Landhelgisgæslan verið nokkuð á hrakhólum varðandi aðstöðu í landi, og skal ég ekki á þessu stigi málsins fara frekar út í það. En þess vegna eru sérstök ákvæði um það í 2. gr., að heimilt sé að verja fé úr Landhelgissjóði — en um það voru ekki ákvæði áður, — til þess að efla aðstöðuna í landi. Var búið að gera ráð fyrir því á sínum tíma að búa Landhelgisgæslunni aðstöðu í landi, en frá því var horfið, eins og kunnugt er, og skal hér ekki frekar út í það farið.

Það er augljóst mál, að Landhelgisgæslan verður okkur nú kostnaðarsamari en áður. En við þurfum einnig að hafa í huga, að eftir því sem landhelgin stækkar, fiskveiðilögsagan rýmkast og auðlindalögsagan verður meiri, því meiri arð ætti þjóðin að hafa af sinni íslensku landhelgi, fiskveiðilögsögu og auðlindalögsögu. Það hefur einnig margt annað verið gert en að efla Landhelgisgæsluna á undanförnum árum með nýjum skipastóli og nýjum flugvélum, þó að það beinlínis sé ekki talið til Landhelgisgæslunnar, en það tilheyrir — skulum við segja — hagnýtingu íslensku auðlindalögsögunnar, og þar á ég sérstaklega við byggingu vísindalegra rannsóknaskipa eins og síldarleitarskipsins Árna Friðrikssonar, hafrannsóknaskipsins Bjarna Sæmundssonar, og Hafþór, eins og kunnugt er, hefur einnig verið í hafrannsóknum fyrir Íslendinga með verulegum árangri, þótt því hafi að sjálfsögðu fylgt mikill kostnaður.

Ég vil mega vona, að það þurfi ekki að verða deilur um þetta mál og ekki vífilengjur nú í þriðja sinn á þingi. Ekki skiptir máli, þó að einhverjar breyt. verði á frv., minni háttar breyt., en aðalatriðið er, að málið nái í höfn og fáist lögfestar fastar tekjur til eflingar Landhelgissjóði, og annað er okkur í raun og veru ekki sæmandi eins og nú standa sakir, svo mikið verkefni sem framundan er í þessu sambandi.

Ég legg svo til, herra forseti, að þessu máli verði að þessari umr. lokinni vísað til 2. umr. og hv. allshn.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 23 shlj. atkv. og til allshn. með 25 shlj. atkv.

Umræður utan dagskrár.

Bjarni Guðnason: Herra forseti. Það hefur vakið óskipta athygli, að nemendur við læknadeild Háskóla Íslands ákváðu að sækja ekki kennslustundir sl. föstudag í deildinni og sáu sig tilknúna að fara í kröfugöngu og ganga á fund 2 ráðherra, heilbrrh. og menntmrh., til þess m. a. að láta í ljós óánægju sína með ályktun læknadeildar frá því í maí s. l., þar sem gert er ráð fyrir að beita takmörkunarheimild um inntöku stúdenta, nema til komi ákveðnar ráðstafanir af hálfu yfirvalda. Af þessu tilefni þykir mér rétt að lesa hér þá ályktun, sem gerð var í læknadeild 23. maí s. l. Svo segir orðrétt, með leyfi hæstv. forseta:

„Þar sem aðstaða til rannsókna og kennslu, bæði í grunngreinum og klínískum greinum, er með þeim hætti, að ókleift er að veita stúdentum í deildinni viðunandi menntun eftir 1. námsár, þá ályktar deildin, að óhjákvæmilegt verði

að beita takmörkunarheimild, nema eftirfarandi ráðstafanir verði gerðar nú þegar.“

Síðan kemur:

„a) Hinn bráði húsnæðisskortur líffærafræði, líffærameinafræði og sýklafræði verði leystur með bráðabirgðaráðstöfunum til skamms tíma.

b) Klínískri kennslu á Borgarspítala, ásamt St. Jósefsspítala verði komið á fastan grundvöll.

c) Gengið verði nú þegar endanlega frá skipulagi lóða Landsspítalans og læknadeildar, útveguð nauðsynleg byggingarleyfi og skipaðar hönnunarnefndir, svo framkvæmdir við byggingar pre- og paraklínískra deilda, blokk A og blokk C, geti hafist á árinu 1974.“

Þessi ályktun læknadeildar ber með sér, að hún telur sér ekki fært annað en takmarka inntöku nemenda við læknadeild, nema yfirvöld geri gangskör að því að bæta aðbúnað deildarinnar, þannig að læknadeildin telji, að unnt verði að sinna kennslunni með þeim gæðum, sem læknadeildin hlýtur að krefjast af nemendum sínum. Þessi afstaða læknadeildar er réttmæt og eðlileg. Læknadeild verður að gera kröfu til þess, að nemendur fái eðlilega gæðakennslu og tilsögn í deildinni. Hins vegar leynir sér ekki, að þetta bitnar að sjálfsögðu fyrst og fremst á nemendum deildarinnar, og því eðlilegt, að þeir taki þessu ekki með þegjandi þögninni. Af þessu leiddi þessa fyrrnefndu kröfugöngu, sem nýtur bersýnilega stuðnings ekki aðeins læknadeildar, heldur og Læknafélags Íslands og háskólaráðs, a. m. k. hvað efniskröfur varðar.

Ég vil leyfa mér, með leyfi hæstv. forseta, að lesa upp allmerkilega ályktun, sem háskólaráð samþykkti í þessari viku. Megininntak þeirrar ályktunar var að beina þeim tilmælum til menntmrn. og læknadeildar að kannaðar verði til hlítar leiðir til þess að komast hjá því að beita heimild um takmörkun á tölu stúdenta, sem halda áfram námi að afloknu prófi 1. árs 1974. Í ályktun háskólaráðs kemur fram, hvaða úrbætur það telur nauðsynlegar málefnum læknadeildarinnar, til þess að ekki þurfi að koma til takmörkunar stúdenta í deildinni. Ályktunin hljóðar svo:

„Hinn bráði húsnæðisskortur pre- og paraklínískra greina verði leystur með verksmiðjuframleiddum einingahúsum, sem notuð verði sem rannsóknarstofur og kennsluhúsnæði fyrir áður nefndar greinar, þannig að þeim séu sköpuð nokkur þróunarskilyrði og kennurum greinanna starfsaðstaða, á meðan undirbúningur og framkvæmdir nýbygginga standa yfir. Nauðsynlegt er að taka í notkun fyrsta húsrými af þessu tagi fyrir rannsóknarstarfsemi og kennslu haustið 1974.

Nauðsynlegt er, að klínísk kennsla á Borgarspítala og St. Jósefsspítala komist á fastan grundvöll, en frumskilyrði þess er, að læknadeild fái allar þær 8 hlutadósentsstöður við sjúkrahúsin, sem um var beðið á þessu ári. Einnig er nauðsynlegt, að eftirtaldar kennarastöður, sem synjað hefur verið um, fáist inn í fjárlög fyrir árið 1974.

1) Tveir lektorar í heimilislækningum, hlutastarf. Að öðrum kosti verður ekki unnt að hefja kennslu í heimilislækningum, eins og fyrirhugað er, og mundi þá kennsla læknadeildar á 5. ári að líkindum stöðvast um áramótin 1974—75.

2) Prófessorsembætti í félagslækningum. Samkvæmt þróunaráætlun læknadeildar á kennsla í greininni að hefjast árið 1975. Minnsti undirbúningstími fyrir þetta starf er eitt ár.

3) Einn dósent í hálfu starfi í líffræðilisfræði. Staða þessi er óhjákvæmileg vegna breyttra kennsluhátta á 1. námsári.

Aðrar kennarastöður og fjárveitingar, sem synjað hefur verið um, þola aðeins skamma bið. Niðurskurður á fé til tækjakaupa læknadeildar á s. l. árum háir nú kennslu og rannsóknargetu læknadeildar. Þá er brýn nauðsyn að fá nú þegar deildarfulltrúa og ritara í hálfu starfi fyrir læknadeild. Við núverandi aðstæður er óhæfilega mikill starfstími kennara bundinn við stjórnunarstörf.

Gengið verði nú þegar frá byggingaráætlun og endanlegu skipulagi á sameiginlegri lóð Landsspítalans og læknadeildar og verði ákvarðanir í þessum efnum teknar í samráði við Háskóla Íslands.

Gerð verði framkvæmda- og fjármögnunaráætlun fyrir næstu 5—10 ár. Fjárveitingar verði veittar til bygginga í heild, og stofnaður verði framkvæmdasjóður fyrir allar byggingar á nefndri lóð. Þetta fyrirkomulag mun tryggja best hagkvæma nýtingu fjármagns og samfelldar framkvæmdir með eðlilegum hraða, þannig að áætlanir geti staðist. Allar framkvæmdir verði undir einni yfirstjórn mannvirkjagerðar á sameiginlegri lóð Landsspítala og Háskóla, því að ætla má, að þetta fyrirkomulag sé öruggasta leiðin til þess að fá samfellda og skipulega uppbyggingu, er tryggi samtengda nýtingu mannvirkja.

Ráðnir verði arkitektar á frjálsum markaði og skipaðar nú þegar hönnunarnefndir fyrir byggingar A og C. Undirbúningi öllum að byggingum þessum verði flýtt, svo að unnt verði að hefja framkvæmdir í lok næsta árs eða byrjun ársins 1974.

Háskólaráð heitir læknadeild fullum stuðningi við framkvæmd ofangreindra atriða.“

Kjarni málsins er þessi: Læknadeild telur sig ekki geta sinnt eðlilegri kennslu við deildina og þess vegna verði ekki komist hjá því að beita því takmörkunarákvæði, sem til er í reglugerð deildarinnar. Þetta bitnar á stúdentum, og þess vegna hafa þeir andmælt. Takmörkunarheimildin er í alla staði óeðlileg. Þessi takmörkun beinist ekki aðeins gegn nemendunum sjálfum, því að þar með er komið í veg fyrir, að þeir geti stundað það nám, sem þeir hafa áhuga á. Þessi takmörkun er ekki gerð á faglegum grundvelli, heldur eingöngu á tölulegum grundvelli. Í öðru lagi beinist takmörkunin að þjóðfélaginu sjálfu, því að skortur er á læknum, ekki síst í dreifbýlinu, og slík takmörkun mundi koma í veg fyrir eðlilega byggingu og þróun þess heilbrigðisstöðvakerfis, sem Alþ. hefur þegar ákveðið að koma á laggirnar. Í þriðja lagi beinist þessi ákvörðun líka gegn öðrum deildum Háskólans, því að það leiðir til þess, að þá verða þar enn meiri þrengsli.

Af þessum ástæðum hef ég leyft mér að bera fram þrjár spurningar til hæstv. menntmrh.:

1) Hvaða ráðstafanir hyggst ráðherra gera til þess, að ekki komi til takmörkunar á inntöku nemenda í læknadeild?

2) Væri ekki athugandi fyrir hæstv. ráðh., að nema úr gildi heimildarákvæði í reglugerð Háskólans, læknadeildar, um það að takmarka inntöku nemenda í læknadeild?

3) Með hvaða ráðum hyggst menntmrh. sjá til þess, að eðlileg þróun læknadeildar verði tryggð á næstu árum?

Menntmrh. (Magnús T. Ólafsson): Herra forseti. Ég er nú svo lítt þingvanur, að ég treysti mér ekki til að segja um, hvort það teljist þingleg vinnubrögð, að borin sé upp í d. til skiptis sama fsp., samdægurs og næstum á sömu mínútu. Þeim spurningum, sem bornar eru fram hér, var ég að enda við að svara í hv. Ed., þar sem hv. 3. þm. Reykn. bar þær fram. Það er skylt að geta þess, að bæði hann og 3. landsk. þm. höfðu gert mér viðvart fyrir fram, að þeir hygðust spyrjast fyrir um þetta mál, en þar sem 3. þm. Reykn. gaf sig fram á undan, lét ég það ganga fyrir að svara hans fsp. í hv. Ed.

Svar við þeim kjarna málsins, sem vakið hefur hreyfingu meðal læknanema og orðið tilefni til þessarar fsp., sem sé ákvörðun læknadeildar um að beita heimild til fjöldatakmörkunar, er í stuttu máli hið sama og ég veitti fulltrúum læknadeildar, þegar þeir ræddu við mig á föstudag. Það er afstaða mín, að fjöldatakmörkun af því tagi, sem ákvæðin hafði verið af læknadeild, sé óviðunandi, bæði, eins og fyrirspyrjandinn tók fram, gagnvart nemunum, sem í hlut eiga, og gagnvart því þjóðfélagi, sem á að njóta starfa þeirra að námi loknu. Þetta er mín afstaða í þessu máli.

Þá kemur að sjálfsögðu til álita, hverjar ráðstafanir unnt sé að gera til þess að bæta úr því, sem sérstaklega er áfátt í starfsaðstæðum læknadeildar og hefur orðið þess valdandi, að þar hefur verið tekin sú ákvörðun um fjöldatakmörkun, sem til umr. er. Um það vil ég í stuttu máli segja þetta:

Bráðabirgðaráðstafanir vegna húsnæðisskorts pre- og paraklíniskra deilda hafa verið gerðar þessar á síðustu árum: Haustið 1971 voru með samþykki menntmrn.- og fjmrn. gerðir samningar um leigu af hálfu Háskóla Íslands á umfangsmiklu húsnæði á tveimur stöðum í borginni til afnota fyrir kennslu inngangsgreina í læknadeild. Var þar um að ræða um það bil 1100 m² húsnæði í Ármúla 30, sem tekið var á leigu til 10 ára, og u. þ. b. 400 m² húsn. að Grensásvegi 12, tekið á leigu til ársins 1975. Húsnæðið í Ármúla 30 var ætlað til kennslu í líffærafræði og lífefnafræði, svo og fyrirlestrakennslu í efnafræði og eðlisfræði. Einnig var ráðgert, að læknanemar á fyrri stigum náms fengju þar lestraraðstöðu. Að Grensásv. 12 var ætlaður staður fyrir kennslu í lífeðlisfræði, en í sama húsi fer einnig fram kennsla í þeirri grein ásamt líffræði á vegum verkfræði- og raunvísindadeildar. Hvort tveggja húsnæðið var innréttað sérstaklega vegna afnota Háskólans og kostnaður við það greiddur úr byggingarsjóði hans. Þetta húsnæði var tekið í notkun á sl. háskólaári. Með þessum ráðstöfunum var á sínum tíma talið, að húsnæðisþörf umræddrar greinar yrði að verulegu leyti leyst fyrir næstu ár, jafnvel allt þar til nýbyggingar fyrir læknadeild kæmu til skjalanna.

Á þessu ári hefur hins vegar komið í ljós, að læknadeild telur þörf frekari bráðabirgðaráðstafana, m. a. vegna líffærafræðikennslu. Er í því sambandi þess að geta, að óvenjulegur fjöldi stúdenta innritaðist í læknadeild haustið 1972 og mun meiri en gert hafði verið ráð fyrir. Þessi mál eru til meðferðar hjá stjórnvöldum Háskólans. Í ályktun háskólaráðs 1. nóv. s. l. er bent á þá leið, að húsnæðisskortur hinna svonefndu pre- og paraklínisku greina verði leystur með verksmiðjuframleiddum einingahúsum, er notuð verði sem rannsóknarstofur og kennsluhúsnæði, meðan undirbúningur og framkvæmdir nýbygginga standa yfir. Rn. telur sjálfsagt, að þessi leið verði könnuð á grundvelli ítarlegrar athugunar á umræddum húsnæðisþörfum. En það skal skýrt tekið fram, að sú samþykkt háskólaráðs frá 1. nóv., sem hv. fyrirspyrjandi greindi frá og hér er tekin afstaða til, er fyrsta ótvíræða afstaðan, sem háskólayfirvöld hafa beint til menntmrn. um það, hver nú sé þörf bráðabirgðaráðstafana á þessu sviði.

Um klíniska kennslu á Borgarspítala og Landakotsspítala má segja, að í bréfi til deildarforseta læknadeildar Háskóla Íslands 14. júní s. l. lýsti menntmrn. þeirri stefnu, að við menntun lækna bæri að leitast við að nýta sem best aðstöðu í öllum sjúkrahúsum í Reykjavík og öðrum heilbrigðisstofnunum. Var talið æskilegt, að læknadeild gerði í samráði við forráðamenn viðkomandi stofnana áætlun um, hvernig slíku samstarfi milli stofnananna og Háskólans yrði með hagkvæmum hætti á komið. Um sama leyti beitti rn. sér fyrir því, að fengin var heimild til að stofna tvær hlutastöður dósenta, tengdar sérfræðistörfum við handlækningadeild og lyflækningadeild Borgarspítalans. Eftir viðræður milli forráðamanna Borgarspítalans og læknad. óskuðu þessir aðilar eftir því í bréfi til menntmrn. 17. sept. s. l., að þessar tvær dósentsstöður yrðu auglýstar lausar til umsóknar, og hefur það verið gert. Í framangreindu erindi var tekið fram, að samkomulag um stöður þessar væri bundið því skilyrði, að Háskóli Íslands og menntmrn. skuldbyndu sig til að sjá fyrir viðunandi kennsluaðstöðu, bæði hvað snertir húsnæði og tækjabúnað, umfram það, sem Borgarspítalinn gæti þegar látið í té. Í tilefni af því óskaði rn. eftir því með bréfi 26. sept. s. l., að forráðamenn læknadeildar Háskóla Íslands og Borgarspítalans hefðu samstarf um samantekt grg. um, hvaða úrbætur væru taldar nauðsynlegar, til þess að kennsluaðstaðan yrði talin viðunandi.

Í fjárl. 1973 var veitt fé til að koma á nýjum kennarastöðum í læknadeild sem hér segir: Prófessorsembætti í heimilislækningum, hlutastöðu dósents í stað hlutastöðu lektors í líffærameinafræði, þremur hlutastöðum dósenta í stað fullrar lektorsstöðu í lífefnafræði, fullri lektorsstöðu í lífeðlisfræði, fullri lektorsstöðu í lyfjafræði, hálfri lektorsstöðu í lífefnafræði, tveimur öðrum hlutastöðum lektora og loks aðjúnktstarfi í lyfjafræði. Hafa allar þessar stöður verið auglýstar lausar til umsóknar nema prófessors-

embættið í heimilislækningum, sem læknadeild taldi ekki tímabært að stofna á þessu ári.

Í frv. til fjárl. fyrir árið 1974 er gert ráð fyrir fjárveitingum til nýrra kennslustarfa í læknadeild sem hér segir: Prófessor í taugasjúkdómum, sem kemur í stað hlutastöðu dósents í þeirri grein. Fullt dósentsstarf í bæklunarlækningum, 4 hlutastöður dósenta í lyflæknis- og handlæknisfræði og aðjúnktstarfi í verklegi lífeðlisfræði. Menntmrn. hafði við undirbúning fjárlagafrv. lagt til, að til viðbótar yrði veitt til prófessorsembættis í félagslækningum, hálfrar dósentsstöðu í lífeðlisfræði, tveggja hlutastaða dósenta í lyflæknis- og handlæknisfræði og annars aðjúnktstarfs í verklegri lífeðlisfræði. Þá hafði menntmrn. og lagt til, að veitt yrði fé til stöðu deildarritara fyrir læknadeild, en sú fjárveiting er ekki í fjárlagafrv. Hins vegar telur rn. brýna nauðsyn á, að leiðrétting verði gerð í því efni, og hefur gert ráðstafanir til, að það mál verði tekið upp við meðferð fjárlagafrv. á Alþ.

Þetta tel ég þau svör, sem ég get sem stendur gefið við fyrstu spurningu fyrirspyrjanda.

Önnur spurningin er sú, hvort ég telji ekki athugandi að nema úr gildi ákvæði í reglugerð um takmörkun á aðgangi að læknanámi. Þar er til að svara, að telji ég, að þess gæti nokkru sinni, meðan ég fjalla um þessi mál, að læknadeild sýni óbilgirni og misnoti þetta ákvæði, þá mun ég ekki hika við að nema það úr gildi.

Þá er þriðja spurningin, hversu tryggja beri eðlilega þróun læknadeildar og kennslu læknanema á næstu árum. Ég vil vekja athygli á því, að það er ekki nýtilkomið, að erfiðleika gæti í læknadeild vegna kennsluaðstöðu. Það eru nú liðin, að ég held 15 ár síðan í fyrsta skipti var teiknað læknadeildarhús. Það hús er órisið enn, og byggingarmál læknadeildar hafa verið á hrakhólum, ég vil segja áratugum saman. Ég ætla mér ekki að rekja á þessum stað, — mig brestur bæði tíma og nákvæma þekkingu til þess, — að lýsa því með vissu, hverjir beri þar ábyrgð á, en mín afstaða er sú, að eins og nú er komið sé úrræðið, þegar fram í tímann er litið, eitt og aðeins eitt: að knýja á með, að framkvæmd verði sú áælun, sem þegar liggur fyrir um byggingu yfir kennsluspítala á lóð Landsspítalans.

Forseti (Gils Guðmundsson): Í tilefni þeirra orða, sem hæstv. menntmrh. lét falla hér áðan þess efnis, hvort þess mundu dæmi, að sama málið sé til umr. utan dagskrár í báðum deildum þings, þá er því til að svara, að ég hygg, að það sé að vísu heldur óalgengt, og ég man ekki sérstakt tilvik þess efnis. En ég taldi að athuguðu máli — enda þótt ég vissi, að fsp. um þetta sérstaka mál mundi borin fram utan dagskrár í byrjun fundar í Ed. — rétt að gefa hv. landsk. þm. kost á að hreyfa sama máli hér í d., þar sem hann hafði farið fram á það, og þá ekki síst eftir að hæstv. menntmrh. hafði fengið upplýsingar um, að svo mundi gert, og hann hafði ekkert við það að athuga og gerði ekki aths. þar við.

En í sambandi við þessa umr. og raunar umr. utan dagskrár vil ég til viðbótar aðeins segja það, að á meðan ekki eru í gildi sérstakar reglur um slíkar umr. tel ég algerlega óeðlilegt, að þær fari að því er til lengdar tekur fram úr því, sem gildir um þær umr. um fsp., sem gert er ráð fyrir í þingsköpum. Ég mun framvegis leitast við að fylgja þeirri reglu að því er varðar umr. utan dagskrár, að þær fari ekki fram úr því, sem þar er ákveðið, en vil aðeins hv. þm. til upprifjunar lesa það, sem þar um segir í 32. gr. þingskapa. Þar segir:

„Ráðh. má að jafnaði ekki tala oftar en tvisvar og þm. ekki nema tvisvar. Ráðh. má eigi tala lengur en 10 mínútur í senn og fyrirspyrjandi eða framsögumaður fyrirspyrjanda 5 mínútur í senn, en aðrir þm. eða ráðh. tvær mínútur í senn."

Mér þykir eðlilegt að fylgja þessum reglum, þegar fram koma fsp. utan dagskrár, meðan ekki eru sérstakar reglur þar um.

Stefán Gunnlaugsson: Herra forseti. Mér finnst, að þær umr., sem hér hafa farið fram, undirstriki þá staðreynd mjög rækilega, hvílíkt ófermdarástand er ríkjandi í landi voru að því er snertir læknamálin almennt. Núv. hæstv. ríkisstj. hefur fengið því framgengt, að læknum er boðið upp á hlunnindi og kjör, sem eru úr öllum tengslum við það, sem þekkist hjá öðrum stéttum launamanna hér á okkar landi. Og við það bætist nú það, að núv. hæstv. ríkisstj. virðist láta viðgangast, að fjöldi nemenda í læknadeild Háskólans er takmarkaður. Yfirlýsing hæstv. ráðh. er góðra gjalda verð, og vonandi tekur hann sig nú til og kippir þessu í lag og afnemur þá fásinnu, sem takmörkun fjölda nemenda í læknadeild Háskóla Íslands er.

Ég hjó eftir því, að hv. 3. landsk. þm., Bjarni Guðnason, taldi eðlilegt í alla staði, að læknadeildin tæki þá ákvörðun að takmarka fjölda nemenda til þess að tryggja eðlilega gæðakennslu og tilsögn í deildinni, eins og hann orðaði það. Það má vel vera, að út frá slíku sjónarmiði kunni að vera hægt að færa fyrir því rök, að takmörkun í læknadeild sé eðlileg. En það ríkir hreint ófremdarástand í þessum málum í dag. Það er ekki aðeins, að skortur sé á læknum í dreifbýli nú til dags, heldur einnig hér í þéttbýli á suðvesturhorni landsins, það þekki ég úr mínu byggðarlagi, svo að það er satt að segja furðulegt, að á sama tíma og ráðamenn þessa lands hafa á undanförnum árum sagst vera að gera ráðstafanir til þess að tryggja bætta læknaþjónustu úti um landsbyggðina, þá skuli annað eins og þetta eiga sér stað, að fjöldi nemenda í læknadeild Háskóla Íslands er takmarkaður.

Bjarni Guðnason: Herra forseti. Ég vil endurtaka það, sem ég sagði í fyrri ræðu minni, að það er fullkomlega eðlilegt af hálfu læknadeildar að takmarka fjölda nemenda, ef hún þykist sjá fyrir, að ekki sé hægt að veita nemendum þau gæði í kennslu og þá tilsögn, sem nauðsynleg er til þess að halda uppi réttum „standard" læknakennslu. Þetta er skylda kennara. Það, sem hér vantar, er hin pólitíska ákvörðun. Og það

á með hinni pólitísku ákvörðun að veita kennurum aðbúnað og fjármagn, til þess að ekki þurfi að koma til takmörkunar. Þess vegna er ábyrgðin ekki hjá læknadeild, heldur fyrst og fremst hinu pólitíska valdi. Og ég vil taka þetta fram, til þess að menn átti sig á, hvað um er að ræða.

En hvað um það, ég þakka hæstv. menntmrh. fyrir svörin. Ég skildi svar hans þannig, að hann mundi sjá til þess, að ekki kæmi til neinnar takmörkunar, tölulegrar takmörkunar á þessu hausti, og þá er náttúrlega megintilganginum náð. Svo vil ég aðeins segja að lokum, að ég vænti þess, að það verði staðið að einhvers konar heildaráætlun, bæði af hæstv. heilbrrh. og menntmrh., um framtíðarbúnað og kennslu hætti í læknadeild, þannig að hún fái að þróast eðlilega og eins og þjóðfélagið þarf á að halda.

Neðri deild, 15. fundur.

Mánudaginn 5. nóv., að loknum 14. fundi.

Háskóli Íslands, frv. (þskj. 78). — 1. umr.

Of skammt var liðið frá útbýtingu frv. — Afbrigði samþ. með 23 shlj. atkv.

Menntmrh. (Magnús T. Ólafsson): Herra forseti. Fyrir nokkrum dögum bar svo til, að rektor Háskóla Íslands lét af embætti. Þarf því að koma til nýs rektorskjörs. Skiptir verulegu máli að allra dómi, sem til þekkja, að kjörið geti farið sem fyrst fram, svo að þetta þýðingarmikla embætti sé skipað að fullum lögum sem allra fyrst.

Þegar farið var að undirbúa rektorskjör að nýju, kom í ljós, að einn þáttur í kjörmannatölu rektors hafði breyst verulega, frá því að lög voru sett um rektorskjör 1969. Þar var svo um hnúta búið, að fulltrúar stúdenta fóru með 16% atkvæðamagns við rektorskjör. Hins vegar hefur kennurum í fullu starfi fjölgað svo, síðan þetta var, jafnframt fjölgun stúdenta, að nú eru þeir stúdentafulltrúar, sem 1969 fylltu 16% kjörmannatölunnar, komnir niður í tæp 10%. Sem sagt, hlutdeild fulltrúa stúdenta við rektorskjör hefur rýrnað um rúman þriðjung á þessum 4 árum. Þetta er tvímælalaust ófyrirséð afleiðing af þeirri útþenslu, sem orðið hefur í Háskóla Íslands, jöfnum höndum fjölgun kennara í fullu starfi og fjölgun stúdenta. Því hefur háskólaráð lagt til, að einni gr. í háskólalögum verði af þessum sökum breytt, eins og fram kemur í 1. gr. þess frv., sem hér er lagt fyrir. Þar er kveðið á um það, að fulltrúar stúdenta við rektorskjör skuli vera fulltrúar stúdenta í háskólaráði og tveir fulltrúar stúdenta á fundum háskóladeilda og námsbrautar í almennum þjóðfélagsfræðum, svo og formaður og varaformaður stúdentaráðs Háskóla Íslands. Fjölgunin, sem hér á sér stað, er sú, að báðum fulltrúum stúdenta á fundum háskóladeilda og námsbrautar í almennum þjóðfélagsfræðum er veittur kostningarréttur við rektorskjör, þar sem samkv. gildandi ákvæðum hefur aðeins annar þessara fulltrúa atkvæðisrétt. Sömuleiðis fá með ákvæði frv. bæði formaður og varaformaður stúdentaráðs kosningarrétt við rektorskjör. Eftir gildandi ákvæðum er það aðeins formaðurinn, sem hefur kosningarréttinn.

Með þeirri breytingu, sem hér er lögð til, er hlutdeild fulltrúa stúdenta við atkvgr. um rektorskjör færð í næstum sama hlutfall og lögin frá 1969 mæltu fyrir, 16% atkvæðamagns. Þess er ekki að dyljast, að innan Háskólans, bæði meðal stúdenta og háskólakennara, eru uppi hugmyndir um miklu umfangsmeiri breytingar á kjöri rektors. Þær hugmyndir hafa ekki verið skoðanir, bornar saman og vegnar í stofnunum Háskólans, en kunna síðar að koma fram. Það, sem hér er um að ræða, er rektorskjör, sem ber að með skjótum hætti, og þetta frv. fjallar um það eitt að færa hlutdeild fulltrúa stúdenta í rektorskjöri til sama hlutfalls og Alþ. gerði ráð fyrir við lagasetninguna 1969.

Ég leyfi mér, herra forseti, að láta þá von í ljós, að þetta frv. hljóti skjóta afgreiðslu Alþ., legg til, að því verði að þessari umr. lokinni vísað til 2. umr. og hv. menntmn.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 25 shlj. atkv. og til menntmn. með 24 shlj. atkv.

Orkulög, frv. (þskj. 45). — 1. umr.

Flm. (Lárus Jónsson): Herra forseti. Ég hef leyft mér á þskj. 45 að flytja frv. til l. um breyt. á orkul. nr. 58 frá 29. apríl 1967. Hér er um að ræða frv. til þess að auðvelda sveitarfélögum jarðhitaleit og auka stuðning ríkisins við jarðhitaleit sveitarfélaga.

1. gr. frv. er þannig:

„Á eftir 5. tölul. 71. gr. l. komi nýr tölul., svo hljóðandi:

Að veita einstaklingum og opinberum aðilum allt að 80% styrk til leitar að jarðhita með jarðborunum eða á annan hátt af eigin fé sjóðsins eða fjárveitingum, er hann hlýtur í því skyni, þar sem aðstæður eru erfiðar til leitar, en nokkrar líkur eru á árangri að mati jarðhitadeildar eða nýtanleg hitaorka er lítil í hlutfalli við kostnað að jarðhitaleitinni. Ráðh. er heimilt að beita ákvæðum þessarar gr. til stuðnings sveitarfélögum, sem þegar hafa lagt í mikinn kostnað við jarðhitaleit, sem lítinn árangur hefur borið, enda sé fé til þess veitt á fjárlögum."

2. gr. er þannig:

„2. málsgrein 72. gr. laganna orðist svo:

Lán vegna jarðhitaleitar nema a. m. k. helmingi af kostnaði við leitina og endurgreiðast á 8 árum."

Í aths. um 1. gr. segir svo:

„Hér er lagt til, að Orkusjóði sé heimilt að veita allt að 80% styrk til jarðhitaleitar við þau skilyrði, sem nefnd eru í gr. Samkv. núgildandi l. er sjóðnum ekki heimilt að veita styrki.

Hann veitir allt að 40% lán til jarðhitaleitar, sem greiðast að fullu, ef hitaorka er nýtt „af svæðinu“. Verði hins vegar enginn árangur á viðkomandi jarðhitasvæði (hugtak, sem er skilgreint af Orkustofnuninni hverju sinni), endurgreiðist lánið ekki.“

Við þetta er aðeins því að bæta, að það fer oft svo, að sveitarfélög, sem leggja mikið í kostnað við jarðhitaleit, þurfa að endurgreiða Orkusjóði öll lán, þau 40% lán, sem þau hafa fengið, þótt aðeins hafi orðið árangur af hluta af leitinni, ef talið er af Orkustofnun, að um sama svæði sé að ræða.

Við 2. gr. er sú aths. í grg. með þessu frv., að „í stað þess að Orkusjóði er nú heimilt að lána 40% af kostnaði við jarðhitaleit til 5 ára, er hér lagt til, að sjóðnum sé heimilað að veita 50% lán til 8 ára.“

Hér er sem sagt í fáum orðum sagt um frv. að ræða, sem gerir ráð fyrir auknum fjárhagslegum stuðningi ríkisins við sveitarfélög til jarðhitaleitar.

Það þarf ekki að rökstyðja, af hverju þetta frv. er borið fram einmitt nú. Hv. þdm. er kunnugt um, að nú fer innflutt orkuverð, þ. e. a. s. verð á olíu og bensíni, mjög hækkandi og það er búist við því, að sú þróun haldi áfram um ófyrirsjáanlegan tíma. Þegar svo er háttað, tel ég ekki áhorfsmál, að það verði reynt með ýmsum hætti að leita innlendra orkugjafa, og hér er um að ræða eina leiðina til þess, þ. e. a. s. að gera sveitarfélögunum auðveldara en áður að leita að jarðhita. Þarna er bæði átt við að leita að jarðhita á svæðum, sem annars hafa kannske ekki verið talin alls kostar hagstæð, og eins að létta undir með sveitarfélögum, sem hafa þegar lagt í mikinn kostnað við jarðhitaleit. Ég skal taka dæmi um þetta efni, að Dalvíkingar hafa lagt í tæplega 10 millj. kr. kostnað við jarðhitaleit, fengið til þess lán úr Orkusjóði, — 40% lán af þeirri upphæð, — sem þeir þurfa að greiða að fullu, vegna þess að ein borholan af 6 eða 7 er virk á þessu svæði, þannig að í reynd fá þeir ekki neinn stuðning frá ríkisvaldinu, hvorki til frekari jarðhitaleitar á þessu svæði né stuðning við að standast þennan kostnað, nema þetta 40% lán, sem þeir þurfa að endurgreiða að fullu. Nú hafa þeir hins vegar ekki nægjanlegt heitt vatn til þess að fullnægja vaxandi byggðarlagi og þurfa að halda jarðhitaleitinni áfram, ef vel ætti að vera. Hins vegar er þetta mjög erfitt, þar sem svo þungur kostnaðarbaggi er þegar kominn af þessu verki, og er augljóst, að á þeim tíma, sem orkuverð fer mjög hækkandi, þarf að standa að þessum málum á annan hátt.

Ég held, að ég þurfi ekki að gera frekari grein fyrir þessu máli. Mér finnst það auðskilið, og ég held, að öllum hv. þdm. sé ljós þýðing þess, þannig að ég skal ekki fjölyrða um þetta að sinni, en legg til, herra forseti, að að lokinni umr. verði málinu vísað til 2. umr. og hv. iðnn.

Benedikt Gröndal: Herra forseti. Ég vil mjög eindregið taka undir það efni, sem felst í því máli, sem nú hefur verið mælt fyrir.

Það hefur lengi verið ljóst, að hitaveitur eru einhverjar nauðsynlegustu og um leið þjóðhagslega hagkvæmustu framkvæmdir, sem Íslendingar geta ráðist í, og mönnum verður það nú betur ljóst með hverjum mánuði sem líður, það má næstum því segja hverri viku sem líður, hversu hættulegt og dýrt það er að vera um of háður olíu eða öðru innfluttu brennsluefni. Ég tel því sjálfsagt, að ríkisvaldið geri eins mikið og því framast er unnt til þess að greiða fyrir þeim sveitarfélögum, sem verða að kosta miklu fé til að fá heitt vatn til upphitunar og koma upp hitaveitum.

Í þessu sambandi vil ég leyfa mér að benda á, að ýmsir fleiri þm. hafa hreyft svipuðum málum og að Bragi Sigurjónsson og tveir aðrir hv. þm. Alþfl. hafa nýlega lagt fram till. til þál., sem er á þá lund, að reynt verði að gera heildarskýrslu um alla þá möguleika, sem eru á skjótum nýframkvæmdum til hitunar húsa með jarðvarma eða á annan hátt, þannig að Íslendingar hagnýti sér betur þá miklu orku, sem við eigum í landinu.

Þær þjóðir, sem nú verða að draga úr orkunotkun sinni, byrja að sjálfsögðu á samgöngum, ónauðsynlegum flutningum eða ónauðsynlegri notkun farartækja, en þjóðir verða e. t. v. að skammta eldsneyti til húsahitunar. Þær mundu telja það sjálfsagðan hlut fyrir þjóð eins og Íslendinga, sem á jafngífurlega mikla ónotaða orku, að það yrði gert eitt af forgangsverkefnum í öllum opinberum framkvæmdum að reyna að hagnýta þessa orku til hins ítrasta á hvern þann hátt, sem hentugast kann að reynast hverju sinni.

Ég tel, að sveitarfélögunum sjálfum sé kannske allra aðila best treystandi til þess að hafa frumkvæði hvert á sínum stað, láta jafnvel leita þar, sem örugg vissa er ekki fyrir hendi um nægjanlegt vatn, og það væri því mjög vel til fundið með öðrum ráðstöfunum og innan víðtækara kerfis, sem nær yfir landið allt, að styðja þau eins og framast er unnt, til þess að þau geti leitað að þessari orku og hagnýtt hana, þar sem hún finnst nægileg.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 22 shlj. atkv. og til iðnn. með 22 shlj. atkv.

Laxárvirkjun, frv. (þskj. 56). — 1. umr.

Flm. (Bragi Sigurjónsson): Herra forseti. Þetta frv. til l. um Laxárvirkjun flutti ég á síðasta þingi, þ. e. a. s. s. l. vetur og flyt það nú óbreytt. Í því felast tvær breytingar sérstaklega frá gildandi lögum. Í fyrsta lagi það, að Laxárvirkjun, sem nú er sameign Akureyrarbæjar og ríkis, verði gerð að sameign ríkis og kaupstaðanna í Norðurl. e., Akureyrar og Húsavíkur, svo og sýslnanna beggja, Þingeyjar- og Eyjafjarðarsýslna, þannig að Laxárvirkjunarsvæðið allt sé í eigu ríkis og þeirra aðila, sem virkjunarinnar njóta.

Í öðru lagi er lagt til í frv., að heimilað verði að fullljúka Laxárvirkjun III, þ. e. a. s. að í staðinn fyrir þau 6.5 megawött, sem nú hafa verið virkjuð alveg nýverið og tekin í gagnið í haust, verði leyft að bæta við virkjun-

ina þannig, að hún geti framleitt 19 megawött, og með því móti yrði hægt að bæta úr sárasta orkuskortinum, sem er á þessu svæði, með fljótvirkri og ódýrri framkvæmd, því að við þá virkjun, sem framkvæmd var með 1. áfanga Laxárvirkjunar III og framleiðir nú 6.5 megawött, eins og áður segir, þarf að bæta stíflu, 23 metra hárri, og það er svo ódýr framkvæmd miðað við það, sem þegar er búið að leggja þarna af mörkum, að það er að allra skynsamra manna mati og sérfróðra langódýrasta aðferðin til þess að bæta úr þeim raforkuskorti, sem er fyrir hendi í Norðurl. e.

Mig langar að geta þess, að í haust var verið að athuga um almannavarnir á þessu svæði og þá ráku þeir sérfræðingar, sem kvaddir voru þangað, sig á, að eitt erfiðasta viðfangsefnið í þeim málum var einmitt það, hvað orkan var takmörkuð og óviss á svæðinu. Í öðru lagi þekkja allir, að t. d. á Akureyri er einn undirstöðuatvinnuvegur bæjarbúa iðnaður, og þegar orkan er óviss og getur truflast svo og svo mikið og svo og svo lengi, þá er auðvitað þessum dýrmæta atvinnuvegi hætta búin. Þegar þannig stendur, að við þurfum að framleiða verulega orku með dísilvélum og olían er orðin jafndýr og allir þekkja og jafnvel óvíst, hve auðvelt verður að fá hana, eins og hér var verið að ræða um áðan, má öllum vera ljóst, að þarna þarf hið allra fyrsta úr að bæta. Menn geta gert sér í hugarlund, að hér er nokkur vandi á ferðum, ef þeir hafa tekið eftir fréttum, sem nýverið bárust úr þessu kjördæmi, að t. d. heilsugæslustöð og elliheimili, eins og heimilið í Skjaldarvík, hefur talið sig til knúið að kaupa vararafstöð upp á ½ millj. kr. til þess að eiga það ekki á hættu, að aldrað fólk, um 100 talsins, í þessu elliheimili þurfi kannske einn góðan veðurdag að sitja í kulda og myrkri.

Ég fylgdi þessu máli nokkuð úr hlaði á síðasta þingi með allítarlegri ræðu, sem var prentuð í Alþingistíðindum, og leyfi ég mér að vísa til þess. Þó vil ég taka fram hér nokkur atriði, sem mér þykir rétt að telja enn frekar en ég hef þegar gert.

Ein ástæðan, sem ég hef fyrir þessum frv.-flutningi, er sú, að ég get ekki orða- og athafnalaust horft á, að svo herfilega sé fleygt í súginn almannafé sem verður, ef nú er hætt við Laxárvirkjun, nánast á því stigi, sem verst gegnir. Ég vil rifja þetta upp:

1. Með lögum um Laxárvirkjun frá 1965 var heimilað að virkja í Laxá við Brúar í Aðaldal 12.5 megawött fram yfir þau 12 megawött áður virkjuð. Af þessum 12.5 megawöttum hafa nú 6.5 megawött verið virkjuð eða svokallaður I. áfangi Laxárvirkjunar III og verið tekinn í gagnið í haust, eins og fyrr segir. En ráðh. orkumála hefur samið við Landeigendafélag Laxár og Mývatns að hætta virkjun þar með. Þó á ríkið eða átti og Laxárvirkjun allt það land, sem virkjunin fer fram á, og þar með fullan rétt á virkjunaraðstöðunni samkv. vatnalögum. Svo er að sjá sem ríkið hafi aldrei áttað sig á þessari réttarstöðu sinni og Laxárvirkjunar.

2. Vegna heimildar laga um 12.5 megawatta virkjun og trú af líkum á nokkuð stærri virkjun hafa vatnsgöng og stöðvarhús, sem og vélakaup orðið kostnaðarhærri en þurft hefði fyrir 6.5 megawattaáfangann einan, svo að fullyrt er, að nemi 250—300 millj. kr., sem nú eru gerðar óvirkar með öllu með framkvæmdabanni ráðh., en koma að fullu til gagns, ef fengist að reisa hina 23 metra háu stíflu í Laxárgljúfrum samkv. hönnun Laxárvirkjunar III. Rétt er að benda á, að á hinni umdeildu Laxárvirkjun hefði aldrei verið byrjað, hefði grunur leikið á, að henni fengist ekki lokið til sæmilegs gagns. Og í þessu sambandi endurtek ég enn, að það eru til heimildarlög, þar sem mátti þó a. m. k. virkja 12.5 megawött, en hefur verið staðnæmst við 6.5 og bannað að fara lengra af ráðh.

3. 100 millj. kr. raflína hefur verið reist undir forsjá núv. orkumálaráðh. frá Akureyri til Skagafjarðar, og er henni ætlað að flytja rafmagn frá Laxársvæði til orkuvana Skagafjarðar- og Húnavatnssýslusvæða. Þessi lína stendur nú ótengd, opin í báða enda, þar eða enga orku er að flytja að óbreyttri virkjun. Eru þá millj. orðnar 400, sem bíða ónýttar norður þar, en mæti fullnýta með fullgerðri Laxárvirkjun III.

4. Laxárvirkjun, sem á gufuvirkjun, 3 megawött að stærð, í Bjarnarflagi í Mývatnssveit, hefur óskað eftir leyfi til að auka þá virkjun. Stjórn virkjunarinnar hefur ekki fengið svar við umleitun sinni.

5. Laxárvirkjunarstjórn hefur spurst fyrir um leyfi til gufuvirkjunar við Kröflu í Mývatnsfjöllum. Hún er ekki virt svars. En frést hefur eftir krókaleiðum, að Orkustofnuninni hafi verið synjað um fjárveitingu til rannsóknarborana þar. Sú synjun talar að sjálfsögðu sínu máli.

6. Landbrh. selur kirkjujörðina Birningsstaði fyrir spottprís 15. des. 1972, meðan enn er óútkljáð Laxárdeila. Ég fæ kannske tækifæri til þess alveg næstu daga að rekja það mál nánar og fer ekki lengra að sinni í það.

Nú er ákaft veifað framan í okkur Norðlendinga raflínu frá Sigöldu og svo Dettifossvirkjun. Að sjálfsögðu eru þetta framkvæmdir, sem eiga að koma, og vel sé þeim, sem vinna að þeim. En þessar framkvæmdir eiga að gerast með skynsamlegum hætti og í hagkvæmri röð. Meðan hægt er að veita okkur Norðlendingum það rafmagn, sem okkur skortir nú, ódýrast og hagkvæmast með fullbyggingu Laxárvirkjun III, þá er sjálfsagt að gera svo. Þarna á vísast að koma næst virkjun í Blöndu eða Jökulsá í Skagafirði eða gufuvirkjun við Kröflu, þá samlína við Búrfell og Sigöldu og þá Dettifossvirkjun, nema áður hafi okkar hugkvæmi orkumálaráðh. náð snjöllum sameignarsamningi við Gambíumenn, sem ég skal fyrir mitt leyti fylgja honum til af minni fátæklegu getu, ef skynsamlegt þykir. En mig langar að skjóta því fram, að ekki alls fyrir löngu las ég einhvers staðar, að slíkri framleiðslu, sem þar hefur verið stungið upp á, fylgi talsvert mikil mengun, og einhvern tíma hlustaði ég á það, að þessum hæstv. orkumálaráðh., sem nú er, hafi þótt óskynsamlegt að koma á stóriðnaði hér á Íslandi, sem mikil mengun fylgdi, svo að ég vona, að hann kanni það mál vel, áður en nokkuð er gert alvarlegt í því. En í dag bið ég þess eins, að hann taki sönsum í Laxárvirkjunarmálinu og að-

stoði okkur Norðlendinga til að komast úr sárasta orkuskortinum. Því leyfi ég mér að vænta þess, að hann stuðli nú að því, að þetta frv. mitt um Laxárvirkjun verði samþ., og í trausti þess, að svo megi verða með atfylgi annarra viturra sannsýnna manna á Alþ., legg ég til, að frv. þessu verði að lokinni þessari umr. vísað til 2. umr. og til iðnn.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 23 shlj. atkv. og til iðnn. með 23 shlj. atkv.

Sameinað þing, 13. fundur.

Þriðjudaginn 6. nóv., kl. 2 miðdegis.

Almenningsbókasöfn, fsp. (þskj. 10). — Ein umr.

Fyrirspyrjandi (Gils Guðmundsson): Herra forseti. Ég tel óþarft að fara mörgum orðum um gildi almenningsbókasafna. Ég hygg, að öllum sé það gildi ljóst. Ég vil einungis benda á, að slík söfn gegna eða þurfa a. m. k. að gegna æ mikilvægara og fjölþættara hlutverki í þjóðlífinu.

Endurskoðun gildandi l. um almenningsbókasöfn munu hafa farið fram árið 1971, og þá var, að því er mér er skýrt frá, samið nýtt frv. um þetta mikilvæga málefni, þar sem gildandi lögum var allverulega breytt. Of langur dráttur hefur að mínu viti orðið á flutningi þessa frv. Nú mun frv. nýlega hafa fengið nýja endurskoðun. Í stefnuræðu hæstv. forsrh. var hið nýja frv. eða hið endurskoðaða frv. um almenningsbókasöfn talið meðal þeirra mála, sem hæstv. ríkisstj. mun leggja fyrir þetta þing. Því ber vissulega að fagna. Allt um það tel ég, að fsp. mín, sem var komin fram áður, sé ekki að ófyrirsynju fram borin, þar eð á miklu veltur, að frv. komi fljótlega fram og hægt verði að taka tillit til þess við endanlega afgreiðslu fjárl. fyrir næsta ár. Vitanlega kostar það ríkissjóð nokkurt fé að efla almenningsbókasöfn í landinu myndarlega, en ég fullyrði, að naumast verði þeim fjármunum betur varið í þágu fræðslu- og menningarmála en með því móti.

Fsp. *mín á þskj. 10 þarf ekki að mínum dómi* frekari skýringar við.

Menntmrh. (Magnús T. Ólafsson): Herra forseti. Fsp. hv. 4. þm. Reykn. svara ég á þessa leið:

Hinn 18. sept. 1970 skipaði þáv. menntmrh., dr. Gylfi Þ. Gíslason, n. til þess að endurskoða gildandi l. um almenningsbókasöfn, nr. 22 frá 1963. N. var einnig falið að athuga um möguleika á framkvæmd hugmyndar um kaup á vissum fjölda eintaka íslenskra bóka til handa almenningsbókasöfnum. Í n. áttu sæti Stefán Júlíusson bókafulltrúi, formaður, Eiríkur Hreinn Finnbogason borgarbókavörður skipaður samkv. tilnefningu Sambands ísl. sveitarfélaga, Hilmar Jónsson bókavörður, tilnefndur af Bókavarðafélagi Íslands, Matthías Jóhannessen rithöfundur, tilnefndur af Rithöfundasambandi Íslands og Örn Marinósson deildarstjóri, tilnefndur af fjmrn. N. lauk störfum í lok aprílmánaðar 1971 og sendi menntmrn. frv. til nýrra l. um almenningsbókasöfn.

Lög um almenningsbókasöfn voru sett árið 1955 og endurskoðuð árið 1963. Guðmundur Gíslason Hagalín rithöfundur bar hita og þunga skipulagningar þessara mála, og hefur verið búið að þeirri gerð til þessa dags. En að því er varðar frv., sem n. frá 1970 samdi, má segja, að meginbreytingar þær, sem í hinu nýja frv. felast, séu fjárhagslegs eðlis, þótt fleiri séu þær, þ. á. m. að komið sé á fót embætti bókasafnsstjóra ríkisins og bókasafnadeild í menntmrn., sem þessi nýi embættismaður á að veita forstöðu samkv. frv.

Ég vil strax taka það fram, að því er þessa skipan varðar, að bókafulltrúi er nú einn af fulltrúum rn. og heyrir undir þá deild, sem fjallar um safnamál, þ. á m. málefni bókasafna, og verður ekki séð, að nauðsyn sé eða æskilegt að efna til annarrar og umfangsmeiri og kostnaðarsamari stjórnar þessara mála.

Menntmrn. sendi Sambandi ísl. sveitarfélaga og Bókavarðafélagi Íslands frv. til umsagnar. Umsagnir bárust frá báðum þessum aðilum, frá Sambandi ísl. sveitarfélaga 8. febr. 1972 og frá Bókavarðafélagi Íslands 11. febr. 1972. Báðir hafa aðilar þessir sitthvað við frv. að athuga, og m. a. segir í bréfi frá Sambandi ísl. sveitarfélaga, að stjórn sambandsins telji mikilsvert, að lög, sem snerta samskipti ríkis og sveitarfélaga, séu sem auðveldust í framkvæmd, en stjórnin telji, að nokkuð skorti á slíkt í frv., ákvæði þess séu óþarflega margbrotin og falli ekki að öllu leyti vel að stjórnkerfi landsins, og síðan eru rakin nokkur dæmi um þetta, svo sem að bókasafnshverfi samkv. 3. gr. frv. séu mörg hver óháð öllum öðrum stjórnsýsluumdæmum landsins og engan veginn fastmótaðar reglur um stjórn þeirra, sbr. 15. gr. frv. Þá er talað um óljós hlutverkaskipti milli bæjarbókasafna og héraðsbókasafna, og reglur um fjárframlög ríkis og sveitarfélaga virðist nokkuð handahófskenndar. Einnig er talið ástæðulaust að kveða svo náið á um bókavarðastöður og ætla bókavörðum fríðindi umfram aðra starfsmenn sveitarfélaga. sbr. 13. gr. frv. Einnig telur stjórn Sambands ísl. sveitarfélaga ástæðulaust að blanda sveitarfélögum í hagsmunamál rithöfunda, eins og t. d. með ákvæðum um framlög til ákveðinna bókakaupa og í tiltekna sjóði. Segir stjórn Sambands ísl. sveitarfélaga, að eðlilegra virðist, að ríkið leysi þau mál og yrðu framlög til bókasafna lækkuð sem því nemur, og virðist sú tilhögun, sem gert er ráð fyrir í frv., leiða til óþarfa skriffinnsku. Þá segir enn fremur, að ástæða virðist til að haga fjárframlögum ríkisins til bókasafnsbygginga með svipuðum hætti og sé um framlög ríkisins til skólabygginga, en í frv. er gert ráð fyrir því í 9 gr., að bæir og sýslur sjái söfnunum fyrir viðunandi húsnæði, en fái sem nemur ⅓ hluta byggingarkostnaðar úr ríkissjóði. Þá telur stjórn Sambands ísl. sveitarfélaga óeðlilegt að fastskorða svo mjög fjárframlög sveitarfélaga eins og frv. gerir ráð fyrir. Enn fremur er bent á,

að nauðsynlegt sé að kanna, hvernig tengslum skólabókasafna og héraðsbókasafna verði best fyrir komið. Að lokum leggur stjórn Sambands ísl. sveitarfélaga til, að frv. verði tekið til endurskoðunar með hliðsjón af framangreindum ábendingum.

Þá hefur stjórn Bókavarðafélags Íslands sitthvað við frv. að athuga og telur, að misráðið hafi verið að fela n. þeirri, er samdi frv., að fjalla einnig um þann vanda íslenskra rithöfunda og útgefanda, sem bókakaupatillaga rithöfundaþings haustið 1969 var sprottin af. Sé það afar óaðgengilegt fyrir almenningsbókasöfn í landinu, að vandi íslenskra rithöfunda og útgefenda sé leystur á þann hátt, að á söfnin sé lögð þröng bókakaupakvöð með auknum fjárframlögum, er söfnin sjálf teldu e. t. v. betur varið öðruvísi. Telur stjórn Bókavarðafélagsins grundvallaratriði, að bókaval sé í höndum safnanna sjálfra og miðað við þarfir þeirra á hverjum stað. Sé það meginviðmiðun í rekstri góðs bókasafns, að það skuli sinna þörfum notenda og engra annarra, og megi minna á, að þau söfn, sem vel séu rekin, veigri sér meira að segja við því að taka við bókagjöfum, ef þær eiga ekki erindi við safnnotendur.

Telur stjórn Bókavarðafélagsins veigamesta atriði frv. miðað við gildandi lög, að frv. geri ráð fyrir verulegri aukningu fjárframlags frá ríki og sveitarfélögum til almenningsbókasafna. Heyrist þess oft getið, að það, sem einkum standi almenningsbókasöfnum fyrir þrifum hér á landi, sé fjárskortur. Þetta sé rétt, eins langt og það nái, en þó varla sannleikurinn allur. Einnig þurfum við að gefa gaum að því, hvernig aukinni fjárveitingu verði varið af sem mestri kunnáttu, svo að hún megi koma að sem bestum notum og verða til að auka verulega þjónustu safnanna. Telur stjórn Bókavarðafélagsins, að þurft hefði að hyggja sérstaklega að þessu við endurskoðun l., og til þess að tryggja gagnsemi aukinna fjárveitinga telur stjórnin, að tvenns þurfi einkum við:

1. Að söfnin verði betur tengd í samvirkt kerfi, þar sem stærri söfnin, miðbókasöfnin, hefðu mun ríkari þjónustuskyldu við hin smærri en nú er, og fælist þetta bæði í miðlun á starfsþekkingu, upplýsingaþjónustu og láni á farandsöfnum til tímabundinna nota.

2. Að til miðbókasafna geti ráðist bókaverðir með staðgóða kunnáttu til safnstarfa. Þeir gætu öðrum fremur stuðlað að því, að söfnin yrðu ekki rykfallnar bókageymslur, heldur lifandi þjónustustofnanir.

Telur stjórn Bókavarðafélagsins, að fyrrgreindar ábendingar gætu gefið tilefni til þess, að gerðar yrðu meiri háttar breytingar á frv., en beina tillögugerð í þá átt ekki vera í sínum verkahring að sinni, þótt hún sé fús til viðræðna um það, ef til komi.

Af framansögðu má greina, að þessum tveimur umsagnaraðilum, sem báðir áttu þó fulltrúa í n., sem frv. samdi, virðist ýmissa breytinga þurfa við, og er að sjálfsögðu rétt og nauðsynlegt að hlusta á þær raddir. Enn bætist eitt við, og það er í rauninni meginástæðan fyrir því, að ég hef ekki látið hraða vinnu við þetta frv., en það er, að æskilegt er að sjá, hvaða ákvæði verða samþ. um skólabókasöfn í frv. til l. um grunnskóla, sem liggur fyrir hv. Alþ., en í X. kafla þess frv. er fjallað um bókasöfn og lesstofur fyrir nemendur og kennara og einnig heimildarákvæði um sameiningu almenningsbókasafna og skólabókasafna, ef forráðamenn beggja safna telja slíkt æskilegt og menntmrn. samþykkir. Í umræddu frv. um almenningsbókasöfn er hins vegar ekki fjallað um skólabókasöfn, sem segja má, að sé ekki nauðsynlegt, ef ákvæði grunnskólafrv., er að þessu lúta, verða samþ. Verði það hins vegar ekki gert, er óhjákvæmilegt að fjalla um þau efni, annaðhvort í frv. um almenningsbókasöfn eða í sérstöku frv. Ég taldi því hyggilegt að bíða með frv. um almenningsbókasöfn, þar til skýrar lægi fyrir um skólabókasöfnin, sem er afar þýðingarmikið mál, eins og gerð er grein fyrir í umsögn um 75. gr. grunnskólafrv., og eru opnaðar leiðir til samvinnu milli almennra bókasafna og skólabókasafna. Ég tel rétt, að frv. um almenningsbókasöfn verði fyrst endurskoðað og komi síðan fyrir Alþ. og verði frv. athugað m. a. í ljósi þeirra aths., sem stjórn Sambands ísl. sveitarfélaga og stjórn Bókavarðafélags Íslands hafa gert og með tilliti til sameiningar eða samvinnu almenningsbókasafna og skólabókasafna.

Friðjón Þórðarson: Herra forseti. Seint á síðasta Alþ. bar ég fram fsp. sama efnis og hér er rædd. Sú fsp. var tekin nokkrum sinnum á dagskrá, en kom aldrei til umr. Því fagna ég þeirri fsp., sem hér er fram borin og hefur nú verið svarað.

Það er kunnugt, að lög um almenningsbókasöfn voru fyrst sett árið 1955. Síðan voru l. endurskoðuð, og nú gilda um þau efni l. frá 1963.

Það er óþarfi að fara mörgum orðum um gildi almenningsbókasafna fyrir allan almenning í landinu og þjóðina í heild. En vegna þess að l. eru orðin þetta gömul, má geta nærri, að fjárveitingar eru orðnar langt á eftir tímanum. Ég man, að um svipað leyti og ég bar fram fsp. á síðasta þingi, komu út bókasafnstíðindi. Ég ætla að leyfa mér að lesa upp örfáar setningar úr grein á forsíðu þeirra til að sýna, hvað þessi mál eru talin komin í illt efni. Þar segir svo, með leyfi hæstv. forseta:

„Enginn ráðh. hreyfir legg eða lið þessu til leiðréttingar. Enginn alþm. lætur sig þetta skipta. Enginn í stjórn Sambands ísl. sveitarfélaga beinir hug að þessum efnum. Væru ekki enn til atorkusamir áhugamenn, sem líta á almenningsbókasöfn sem þýðingarmiklar menningarstofnanir, yrðu vafalaust fleiri eða færri þeirra að leggja upp laupana með ári hverju. Raunar má segja, að allvíða sé þess skammt að bíða, ef svo fer sem horfir.“

Í þessu efni má geta þess, að framlag til húsabóta hefur verið á fjárl. mörg undanfarin ár 727 þús. kr., og má geta nærri, hversu lítið fé það er, miðað við það, að mörg almenningsbókasöfn hafa lagt í gífurlegan kostnað við að koma upp dýrum byggingum.

Ég hef þessi orð ekki fleiri, en fagna því einungis, að þessari fsp. hefur nú verið svarað og frv. er væntanlegt um þetta efni.

Fyrirspyrjandi (Gils Guðmundsson): Herra forseti. Ég þakka hæstv. ráðh. svör hans. Mér þykir að vísu miður, að svo virðist hafa til tekist um þá endurskoðun, sem fram fór árið 1971, að veigamiklar aths. hafa komið fram einmitt frá þeim aðilum, sem áttu þó fulltrúa í þeirri n., sem endurskoðaði frv. Ég hef ekki tækifæri til þess að fara öllu fleiri orðum um þetta mál nú í fsp.-tíma, en vil aðeins leggja á það áherslu, að hvað sem líður ágreiningi um einstök ákvæði frv. og þörf á að endurskoða það, þá held ég, að aðalatriðið nú sé að fá aukin fjárframlög til bókakaupa og þau þurfi að koma þegar á næsta ári, hvað sem endurskoðun frv. að öðru leyti líður.

Störf Alþingis, fsp. (þskj. 10). — Frh. einnar umr.

Forsrh. (Ólafur Jóhannesson): Herra forseti. Það er mín sök, að svör við þessum fsp. voru ekki flutt í beinu framhaldi af grg. hv. fyrirspyrjanda, en spurningarnar höfðu af einhverjum ástæðum farið fram hjá mér. Það er spurt:

„1. Telur forsrh. það í samræmi við stjórnskipun Íslands, að Alþingi sé frá störfum 6 mánuði á ári?

2. Telur forsrh., að Alþ. geti sinnt því eftirlitshlutverki, sem því er ætlað, með svo stuttu þinghaldi?“

Þarna er fyrst og fremst spurt um skoðanir mínar, og mér er að sjálfsögðu ljúft að láta uppi persónulegt álit mitt á þessum atriðum, en það er í sjálfu sér ekki meira virði en álit hvers annars þm.

Viðvíkjandi fyrri spurningunni er þetta að segja:

Í stjórnarskrá Íslands eru engin ákvæði um það, hversu lengi Alþ. skuli sitja ár hvert. Síðustu 2—3 áratugina, hygg ég, að starfstími Alþ. hafi verið frá 6 og upp í 8 mánuði ár hvert. Ég tel persónulega 7—8 mánuði hæfilegan tíma við venjulegar aðstæður. Ég get ekki séð, að það sé andstætt núgildandi stjórnarskrá, að Alþ. sitji aðeins 6 mánuði, ef það getur lokið störfum sínum á þeim tíma. Hins vegar, eins og ég sagði, geta menn að sjálfsögðu haft mismunandi persónulegar skoðanir á því, hver sé heppilegur starfstími Alþingis ár hvert.

Síðari spurningin hljóðar svona: „Telur forsrh., að Alþ. geti sinnt því eftirlitshlutverki, sem því er ætlað, með svo stuttu þinghaldi?“

Svar mitt við þessari spurningu er það, að ég persónulega tel, að Alþ. geti rækt það hlutverk á þeim tíma, sem ég taldi hæfilegan þingtíma, 7—8 mánuði, en tek um leið fram, að aðalhlutverk Alþ. er auðvitað löggjafarstarf. Annað aðalstarf þess er fjárveitingavaldið. Hið svonefnda eftirlitshlutverk, ef menn vilja kalla það svo, kemur fyrst í þriðja sæti að mínum dómi. Það birtist í ýmsum myndum, bæði beint og óbeint, en þó aðallega í ábyrgð ráðh. gagnvart Alþ. og í fyrirspurnarétti þm. og kjöri ýmissa stjórnsýslunefnda. Það, hvort Alþ. getur rækt þetta hlutverk, er ekki að mínu viti undir því komið, nema þá að litlu leyti, hversu lengi Alþ. situr að störfum ár hvert.

Um báðar þessar fsp. gildir það annars, að

það yrði allt of langt mál að fara út í þær fræðilegu hugleiðingar, sem þær gætu gefið tilefni til, og á ekki við í fsp.-tíma á Alþ. En í reyndinni er það auðvitað sá meiri hl., sem stjórn styðst við á hverjum tíma, sem ræður því, hve Alþ. situr lengi ár hvert.

Fyrirspyrjandi (Bjarni Guðnason): Herra forseti. Ég vil fyrst láta í ljós nokkra undrun á þeim drætti, sem orðið hefur á svari við þessari fsp. minni, en ég mælti fyrir henni fyrir hálfum mánuði, og mér virðist vel fara á því, að forseti biðji mig afsökunar á þessum vinnubrögðum.

Ég skal ekki fara mörgum orðum um þetta. Ég þakka hæstv. forsrh. fyrir þessi svör. Ég hygg, að við báðir og raunar þingheimur allur geti verið sammála um það, að hlutur Alþ., eins og nú háttar í stjórnkerfi þjóðarinnar, er lítill og fer stöðugt minnkandi. Það segir sig sjálft, að þegar þingið starfar ekki 6 mánuði á ári, þá færist valdið yfir á framkvæmdavaldið og embættismennina, og það er því miður orðið þannig, að Alþ. er að verða einhvers konar afgreiðslustofnun. Ég tel, að þingheimur allur þurfi að fara að gera upp við sig, hvort ekki sé orðin þörf á að auka dálítið veg Alþ., finna til þess leiðir. Ég er ekki að segja, að forsenda þess sé að lengja starfstíma Alþingis. Það má kannske finna aðrar leiðir, t. d. að auka vald þm. En ég hygg, að það hljóti að vera kominn tími til þess, þannig að valdið sé ekki stöðugt fært til annarra aðila, sem taka því báðum höndum til þess að þurfa ekki að leita til Alþ. eða a. m. k. komast hjá því. Tilgangurinn var einmitt með þessum fsp. að vekja athygli á þessu, hvort ekki væri unnt, — og ég vil nú beina því sérstaklega til hæstv. forsrh., því að ég treysti honum vel í þessu efni, — hvort ekki væri athugandi að finna leiðir til þess að gera hlut Alþ. meiri en nú háttar í dag.

Forseti (Eysteinn Jónsson): Út af ósk hv. þm. um það, að ég biðji hann afsökunar, vil ég taka það fram til að skýra, hvað gerðist hér á dögunum, að ég gaf honum orðið þegar að málinu kom á dagskránni, en rannsakaði ekki, hvort hæstv. forsrh. væri viðstaddur eða ekki. Ég veit ekki, hvort það telst skylda forseta, að hann láti fara fram rannsókn í hvert skipti á því, hvort viðkomandi ráðh. er viðstaddur. Ég tel það nokkuð vafasamt að taka slíka skyldu á mig, og skorast því undan að biðja afsökunar, því að ef ég gerði það, tel ég, að ég tæki á mig slíka skyldu, og það vil ég ekki gera.

Hafrannsóknir o. fl., fsp. (þskj. 30). — Ein umr.

Fyrirspyrjandi (Eysteinn Jónsson): Herra forseti. Til þess að vernda og nýta skynsamlega auðlindir hafsins og hafbotnsins þarf án efa að afla miklu meiri vitneskju um hafsbotninn og hafið og fiskistofnana og lífið í sjónum yfirleitt en við Íslendingar höfum yfir að ráða eða getum aflað okkur þeim búnaði, sem til umráða er í þessu skyni.

Hér við bætist svo sú þjónusta við fiskiskipaflotann, sem þarf að koma til í vaxandi mæli, svo að vel geti tekist til um nýtingu fiskimiðanna. Fyrir þessum skoðunum gerði ég nokkra grein, þegar ég flutti þáltill. 1971, sem er undirrót þessarar fsp. minnar nú. Eru engin tök á því að rekja hér nánar en með þessu móti þær ástæður, sem þá voru færðar fram, en þáltill. var samþ. að efni til árið 1971, og er svo hljóðandi, með leyfi hæstv. forseta:

„Alþingi ályktar að fela ríkisstj. að láta gera þriggja ára áætlun um haf- og fiskirannsóknir við Ísland, enn fremur um fiskileit, veiðitilraunir og aðra slíka þjónustu við fiskiveiðiflotann. Áætlunin sé gerð af Hafrannsóknastofnuninni í nánu samstarfi við samtök sjómanna og útvegsmanna. Áætlunina skal leggja fyrir Alþ. svo fljótt sem verða má."

Ég gerði fsp. um það í fyrra, hvernig vinnan við þetta mál gengi, og var hún alveg orðrétt, eins og hún er nú. Henni var svarað í nóv. í fyrra, og þá kom í ljós, að þáltill. hafði þá ekki enn verið framkvæmd. Leikur mér nú hugur á, að vitneskja fáist um það, hvernig til hefur tekist síðan með framkvæmd till.

Sjútvrh. (Lúðvík Jósepsson): Herra forseti. Svar Hafrannsóknastofnunarinnar við þessari fsp. er á þessa leið:

„Vegna fsp. rn. um ofangreint málefni vil ég taka fram eftirfarandi:

Sérfræðingar stofnunarinnar eru nú í þann veginn að ljúka við grg. sínar hver á sínu sviði. Liggja þegar fyrir nokkrar álitsgerðir, en aðrar eru rétt ókomnar. Ég gat um það í bréfi mínu til rn., dags. 21. sept. s. l., að þessari áætlun mundi verða lokið fyrir næstu áramót í seinasta lagi. Eftir er að samræma hin einstöku sjónarmið og ræða málið endanlega í stjórn og ráðgjafarnefnd stofnunarinnar.

Virðingarfyllst,
Jón Jónsson
forstöðumaður Hafrannsóknastofnunar."

Til viðbótar við þetta svar vil ég taka það fram, að þegar eftir þá fsp., sem fram kom frá hv. fyrirspyrjanda um þetta mál á síðasta þingi, ræddi ég ítarlega við forstöðumenn Hafrannsóknastofnunarinnar, — en í því starfi var ekki alltaf sami maðurinn, — um það, að unnið yrði að þessari áætlunargerð, og nokkrum sinnum síðan hefur verið gengið eftir því, að áætlunin yrði samin. Niðurstöðurnar eru sem sagt þær, sem hér er greint frá og ég geri mér vonir um, að hægt verði að afhenda alþm. þessa áætlunargerð nú um áramótin.

Fyrirspyrjandi (Eysteinn Jónsson): Herra forseti. Ég þakka hæstv. ráðh. fyrir svörin. Ég heyri, að þetta er byrjað að mjakast, og tel það mikinn ávinning. Ég vil aðeins í sambandi við það minna á þau orð þáltill., að „þessi áætlun sé gerð af Hafrannsóknastofnuninni í nánu samstarfi við samtök sjómanna og útvegsmanna". Vil ég nú biðja hæstv. ráðh. að ganga í það, að haft verði samráð við samtök sjómanna og útvegsmanna um þessi mál, áður en sérfræðingar stofnunarinnar festa sig á einhverjum uppástungum. Hér er sem sé m. a. um það að ræða, hvaða þjónustu skuli ráðgera við fiskiflotann, og þá er vitaskuld ákaflega þýðingarmikið, að sjómenn og útvegsmenn fái að koma fram með sín sjónarmið í tæka tíð. Heldur vildi ég fá þessa áætlun einum eða tveimur mánuðum síðar og fá hana vandlega skoðaða með samtökum sjómanna og útvegsmanna en hún yrði þannig, að einvörðungu fjölluðu um hana sérfræðingar Hafrannsóknastofnunarinnar, þó að þeir séu ágætir og ég treysti þeim fyllilega í sínu fagi. Það er gert sterklega ráð fyrir því í ályktuninni, að höfð séu náin samráð við þessi samtök. Mér finnst persónulega, að það hefði þurft að gefa þessum samtökum, eins og LÍÚ, eins og Farmanna- og fiskimannasambandinu og Sjómannasambandinu og e. t. v. fleiri slíkum félögum, beinlínis kost á því að tilnefna sérstaka fulltrúa, sem skoðuðu þau drög, sem sérfræðingar Hafrannsóknastofnunarinnar eru að vinna að, áður en á álitið kemur nokkurt verulegt sköpulag. Það er að mínu viti afar þýðingarmikið, að það séu strax hæfilega snemma í málinu höfð samráð við þessi samtök.

Geðdeild Landsspítalans, fsp. (þskj. 30). — Ein umr.

Fyrirspyrjandi (Oddur Ólafsson): Herra forseti. Á þskj. 30 hef ég leyft mér að bera fram, svo hljóðandi fsp. til hæstv. heilbrrh.:

„1) Hefur áætlun um rúmafjölda væntanlegrar geðdeildar verið breytt á þessu ári?

2) Hvenær má ætla, að deildin verði tekin í notkun?

3) Verður bætt úr rúmaskorti geðsjúkra með bráðabirgðaráðstöfunum uns deildin tekur til starfa?"

Nýlega var þess getið í blöðum, að senn yrði bygging geðdeildar við Landsspítalann boðin út. Þetta eru miklar gleðifregnir. Undanfarin ár hefur aðstaða geðsjúkra gjarnan verið umræðuefni fjölmiðla og stjórmálamanna vegna þess örðuga ástands, sem ríkt hefur. Ástæðan fyrir 1. lið fsp. er hins vegar sú, að á s. l. ári upphófust harðvítugar deilur um stærð og gerð deildarinnar. Ýmsir læknar, bæði íslenskir læknar í útlöndum og læknar við Landsspítalann, töldu deildina óhæfilega stóra og reista á skökkum stað. Og þótt ég geti ekki fallist á þau sjónarmið, finnst mér fróðlegt að fá nú upplýst, u. þ. b. sem framkvæmdir eru að hefjast, hvort rúmafjöldi og gerð deildarinnar eru hin sömu og fyrirhuguð var í fyrra.

2. liður fsp. minnar um það, hvenær deildin verði tekin í notkun, er nú augljóst áhugaefni. Rúmaskortur geðsjúkra er óhugnanlegur, og er því vonandi, að unnt verði að hafa hraðann á með byggingar, og þá fyrst má vænta viðunandi aðstöðu fyrir lækningar geðsjúkra, þegar þessi deild er fullbyggð. Þar er ekki eingöngu um byggingu sjúkrarýmis að ræða, heldur verður þarna glæsileg aðstaða til fyrirbyggjandi aðgerða, endurhæfingaraðstaða og ýmiss konar önnur aðstaða, sem nú er nálega óþekkt hér á landi.

Varðandi 3. lið fsp. minnar um það, hvort vænta mætti bráðabirgðaúrræða, meðan á byggingartímanum stendur, þá virðist næstum nauðsynlegt að leita slíkra úrræða, þar sem deildin hlýtur að vera nokkurn tíma í byggingu.

Heilbr.- og trmrh. (Magnús Kjartansson): Herra forseti. Áætlun um stærð geðdeildar við Landsspítalann hefur ekki verið breytt á þessu ári. Nokkrar umræður hafa orðið um nauðsynlegan fjölda sjúkrarúma fyrir geðsjúklinga, og byggist það fyrst og fremst á því, að allmismunandi skoðanir ríkja erlendis á þessu máli. Í þeim áætlunum, sem gerðar hafa verið hér á landi, hefur verið reynt að taka mið af reynslu annarra og lagt til grundvallar, að hér komi 2.1 sjúkrarúm fyrir bráða sjúkdóma miðað við 1000 íbúa og er þá gert ráð fyrir, að með séu reiknaðir áfengissjúklingar og eiturlyfjasjúklingar. Þetta er mun lægri tala en aðrir Norðurlandabúar hafa miðað við til þessa, en lítið eitt hærri en Bretar miða við nú. Þess má þó geta, að Bretar hafa um þessar mundir fleiri sjúkrarúm en þetta fyrir bráða geðsjúkdóma.

Hvað viðvíkur áfangaskiptum við byggingu geðdeildar Landsspítalans, var fljótlega ákveðið að byggja deildina í tveimur áföngum. Í fyrri áfanganum skyldi vera helmingur þeirra sjúkrarúma, sem þar eiga að vera til frambúðar, eða 60 sjúkrarúm, og nær allt sameiginlegt húsrými, þ. e. a. s. það húsrými, sem ætlað er til göngudeildarstarfsemi, kennslu, endurhæfingarstarfsemi og til ýmiss konar annarra sameiginlegra nota. Það, að deildin er byggð með þessu móti, gerir að verkum, að áður en síðari áfangi verður byggður, verður til afnota í húsinu allmikið húsrými til sameiginlegra nota fyrir Landsspítalann, og einmitt þessa dagana situr á rökstólum nefnd, sem í eiga sæti aðilar frá byggingarnefnd geðdeildar og læknar frá Landsspítala, þ. á m. formaður læknaráðs, sem eiga að gera tillögur til byggingarstjórnar Landsspítalalóðarinnar um, hvernig nýtingu þess verði best háttað. Í *því sambandi er vert að vekja athygli á umr.*, sem hér urðu í gær um erfiða aðstöðu til kennslu læknanema. Ég hygg, að þarna komi til kennslurými, sem muni nýtast fleirum en þeim, sem þarf að kenna sérstaklega í geðdeildinni.

Um það, hvenær deildin verður tekin í notkun, er að sjálfsögðu ekkert hægt að fullyrða, það veit jafnbyggingavanur maður og Oddur Ólafsson miklu betur en ég. *Byggingarframkvæmdir* eru ekki hafnar, en öllum undirbúningi vegna byggingar 1. áfanga er lokið, og hafa fullgerðar teikningar verið til athugunar hjá hagsýslustofnun og framkvæmdadeild Innkaupastofnunar ríkisins síðustu vikurnar. Skv. verkáætlun, sem samin var í sept., var gert ráð fyrir, að byggingarframkvæmdir gætu hafist á þessu ári og þá var gert ráð fyrir að ljúka byggingunni á 3 árum eða hún gæti orðið tilbúin til notkunar í árslok 1976. Til þess að þessi framkvæmd geti orðið, þarf að ætla til byggingarinnar um 350 millj. kr. á þessum tíma, og þá þarf jafnframt að gera ráð fyrir því, að þær framkvæmdir, sem áætlaðar voru í ár, færist yfir og þeim ljúki á árinu 1974 jafnframt þeim framkvæmdum, sem þá voru áætlaðar. Það kemur til kasta þingmanna að taka ákvörðun um það, hvort þeir vilji hraða byggingu geðdeildar Landsspítalans, svo að hún geti komist í not í árslok 1976. Til þess þarf að hækka verulega þá fjárveitingu, sem áformuð er til byggingarinnar á árinu 1974. Í fjárlagafrv. eru áætlaðar 60 millj. til byggingarinnar, en þyrftu skv. áætlun að vera um 90 millj. á árinu 1974, til þess að hægt verði að standa við fyrrgreinda áætlun. Þetta mál mun m. ö. o. koma til afgreiðslu Alþingis við afgreiðslu fjárlaga.

Um það, hvaða bráðabirgðaráðstafanir hafa verið gerðar til að bæta úr rúmaskorti fyrir geðsjúka, þá er ekki um að ræða neinar beinar bráðabirgðaráðstafanir um þessar mundir. Á hitt hefur verið lögð meiri áhersla, í stað þess að fjölga sjúkrarúmum, að bæta þá aðstöðu, sem fyrir hendi er. Þannig var tekin ákvörðun um að leggja gamla Kleppsspítalann niður sem sjúkrahús á þessu ári, og var sannarlega ekki vanþörf á. Í því skyni hafa verið teknar á leigu tvær hæðir í byggingu Öryrkjabandalagsins við Hátún 10 og auk þess á s. l. ári keypt stórt einbýlihús, sem þessir sjúklingar verða fluttir í. Auk þess hefur aðstaða fyrir göngudeildarþjónustu Kleppsspítalans verið stórlega bætt, svo og aðstaða spítalans til þess að hafa dagsjúklinga. Hins vegar hefur ekki fengist fram á s. l. tveimur árum sú starfsmannaaukning, sem talin hefur verið nægileg til þess að geta nýtt betur húsnæði Kleppsspítalans fyrir geðsjúklinga. Það mun því einnig koma til kasta Alþ. við gerð fjárlaga nú að taka afstöðu til þess, hvort starfsmannaaukning verði leyfð á Kleppsspítala, þannig að hann geti orðið að fullu nýttur sem spítala fyrir bráða geðsjúkdóma, meðan önnur geðdeild fyrir þá geðsjúkdóma er ekki til við ríkisspítalana.

Það er á sviði geðsjúkdóma, eins og annarra sjúkd., að nýting sjúkrarúma fyrir bráða geðsjúkdóma fer mjög eftir því, hvaða möguleikar eru til þess að færa sjúklinga til til annarra sjúkrahúsa, ef um langvarandi veikindi er að ræða, og því er það svo, að *geðhjúkrunarheimili eru ekki síður* nauðsynleg fyrir geðsjúklinga en aðra. Reykjavíkurborg hefur um árabil rekið í Arnarholti hjúkrunarheimili fyrir geðsjúklinga, og nú eru fyrirhugaðar viðbyggingar í Arnarholti. Hefur verið gert samkomulag milli ríkisins og Reykjavíkurborgar um það, hvernig að þessum byggingarmálum er staðið, og er gert ráð fyrir, að byggingarframkvæmdir hefjist þar á þessu ári. Auk þess *mun fyrir tilstuðlan Geðverndarfélags* Íslands fjölga nokkuð geðsjúkrarúmum á Reykjalundi, og er hvort tveggja þetta að sjálfsögðu liður í því að bæta úr rúmskorti vegna geðsjúkra.

Það, sem þó mun skipta mestu máli á næstunni í sambandi við það að bæta úr rúmaskorti geðsjúkra, eru byggingarframkvæmdir ríkisins á Vífilsstöðum fyrir drykkjusjúklinga. Þar er ekki um bráðabirgðaráðstafanir að ræða, heldur miklu varanlegri úrbætur. Þar mun á næsta ári koma vistunarrými fyrir 23 drykkjusjúklinga, og mun það tvímælalaust létta mjög verulega á Kleppsspítala. Mjög stórt hlutfall sjúklinga á Kleppsspítala, þeirra sem lagðir eru inn vegna bráðra geðsjúkdóma, eru drykkjusjúklingar, og mundu þeir því færast yfir á slíka stofnun sem verið er að reisa á Vífilsstöðum mjög fljótlega, eftir að áfengiseitrunarhættu er lokið.

Að því er varðar bráðabirgðaráðstafanir vegna sjúkrarúmaskorts almennt, þá hefur ráðuneytið haft til athugunar hagkvæmni þess að flytja inn tilbúin hús frá Norðurlöndum til vistunar hjúkrunarsjúklinga. Slík hús verða sennilega flutt inn

og greidd af söfnunarfé til Vestmannaeyja og annaðhvort reist hér í Rvík eða Vestmannaeyjum, og ætti þá fljótlega að liggja fyrir reynsla um það, hvort innflutningur slíkra húsa þykir hagkvæmur í þessu skyni. Það kemur því vel til álita, þegar vitað verður betur en nú, hve langan tíma tekur að byggja geðdeild Landsspítalans, að leysa sjúkrarúmaskortinn á þessu sviði með innfluttum bráðabirgðahúsum, þar til varanleg lausn með nýbyggingum er fengin.

Áður en skilist er við þetta mál, má minna á, að óvenjuleg þröng hefur verið á sjúkrastofnunum Reykjavíkursvæðisins á þessu ári vegna Vestmannaeyjagossins. Sjúkrahúsin á þessu svæði urðu að taka við þeim sjúklingum fyrirvaralaust, sem voru á sjúkrahúsum Vestmannaeyja, og hjúkrunarstofnanir og dvalarstofnanir urðu að taka við því fólki, sem var á elliheimili Vestmannaeyja, og fjölmörgu öðru öldruðu og sjúku fólki, sem áður hafði getað hafist við í heimahúsum, en varð við hinar breyttu aðstæður að koma fyrir á stofnunum. Ég tel, að þegar á allt er litið hafi sjúkrastofnanir á Reykjavíkursvæðinu staðist þessa raun með mikilli prýði. Hinu má þó ekki gleyma, að á þessum tíma hafa verið mikil vandkvæði á því að halda stofnunum í fullri nýtingu vegna starfsfólksskorts, einkum hjúkrunarkvennaskorts, og nýjar deildir, sem staðið hafa tilbúnar lengi, hafa ekki verið teknar í notkun, svo sem deildarhluti á Landsspítalanum og heil deild á Grensásdeild Borgarspítala, alls um 45 sjúkrarúm. Væri starfsfólk fyrir hendi, væri m. ö. o. hægt að bæta við 45 sjúkrarúmum á Reykjavíkursvæðinu í dag, auk þeirra 15-20 sjúkrarúma, sem verið er að fjölga um á Reykjalundi þessa dagana. Það er eins og fyrr fyrst og fremst starfsfólksskortur, þ. e. a. s. skortur á sérmenntuðu hjúkrunarliði, sem stendur í vegi fyrir því, að því er virðist, að við getum fullnýtt sjúkrastofnanir okkar. Á þessu ári hafa einnig komist í not 45 rúm á vinnu- og dvalarheimili Sjálfsbjargar að Hátúni 12. Mjög margt af því fólki, sem þangað flytst, hefur áður dvalist á öðrum hjúkrunarstofnunum og sjúkrahúsum, svo að stækkun sjúkrahúsakerfisins á þessu ári hefur orðið veruleg, enda þótt sjúkrahúsið í Vestmannaeyjum hafi verið lagt niður.

Fyrirspyrjandi (Oddur Ólafsson): Herra forseti. Ég þakka hæstv. heilbrrh. fyrir hans ágætu svör, og ég gleðst mikið yfir því að heyra, eins og hann orðaði það, að stærð og gerð geðdeildarinnar skuli ekki hafa verið breytt. Deilan um stærð geðdeildarinnar byggist m. a. mjög á því, að þar var allmikið rými ætlað, eins og hæstv. ráðh. tók fram, til endurhæfingaraðstöðu, til kennslu o. s. frv., og er sýnilegt, að fyrir þetta húsrými er mikil þörf einmitt nú. Ég hafði gert mér grein fyrir því, að rúmafjöldinn mundi koma í tveim byggingaráföngum, og vil leggja áherslu á, að reynt verði að koma því til leiðar, að bygging á 2. áfanga verði hafin þegar er 1. áfanga er lokið. Það er augljóst, að til þessa þarf mikið fjármagn, vafalaust ekki þær 350 millj., sem gerð var áætlun um í vor, heldur miklu frekar 400-500 millj. Þess vegna skora ég á þm. að skilja þörfina, skilja aðstöðuna, sem er í dag, og sjá nauðsynina á því að auka framlag til byggingar geðdeildarinnar.

Ég vona, að hægt verði að standa við þá áætlun að taka þessa deild í notkun á árinu 1976, og ég vil taka það fram, að enda þótt nokkuð hafi áunnist í öflun ýmis bráðabirgðahúsnæðis til lausnar á vandamálum geðsjúkra, fer verulegur hluti af þeim rúmafjölda einmitt til þess að geta lagt niður gamla Kleppspítalann.

Þetta var nú meginatriðið, að fá fram, hvernig horfir í þessum málum. Mér er ljóst, að það er komið undir fjármögnun, hvernig tekst með byggingu þessa og hvenær hægt verður að taka hana í notkun.

Hitaveita á Suðurnesjum, fsp. (þskj. 30). — Ein umr.

Fyrirspyrjandi (Oddur Ólafsson): Herra forseti. Ég hef á þskj. 30 leyft mér að bera fram svohljóðandi fsp. til hæstv. iðnrh. um hitaveitu á Suðurnesjum:

„1) Hvað líður rannsóknum orkustofnunar á jarðhitasvæðum á Suðurnesjum?

2) Liggur fyrir samanburður á hagkvæmni virkjana á þeim hitasvæðum, er til greina koma?“

Íbúar Suðurnesja hafa lengi haft áhuga á hagnýtingu þess hita, sem þar er í jörðu. Lengst af beindist athyglin að Reykjanesinu sjálfu, enda mikill yfirborðshiti þar. Fjarlægð frá þéttbýli og seltan í gufunni, sem þar kemur upp úr jörðu, var þess þó valdandi, að ekki var talið ráðlegt að nýta það svæði. Árið 1971 var boruð hola í Svartsengi, aðeins 5 km frá Grindavík og um 12 km frá Keflavík. Sú hola og önnur, er boruð var 1972, gefa næga orku, að því er mér skilst, til þess að hita upp nálægt þéttbýli.

Á s. l. ári gaf Orkustofnunin út rit, sem var frumáætlun um varmaveitu til þéttbýlis á Suðurnesjum. Þar kemur fram, að öruggt má telja, að nægur varmi, sem hagkvæmt er að virkja, er í Svartsengi, en vegna seltu í gufunni þurfa að fara fram sérstakar rannsóknir til að komast að því, hvaða millihitun er hagkvæmust. Vegna öryggisleysis í orkumálum heims og síhækkandi olíuverðs er áhugi íbúanna þar syðra vaxandi fyrir því að fá sem fyrst heitt vatn til húshitunar. Sveitarfélögin þar eru nú að bindast samtökum um rekstur hitaveitu, og þess vegna er fróðlegt að fá upplýsingar um, hve langt á veg rannsóknir séu komnar í Svartsengi og hvenær líklegt sé, að framkvæmd við gerð hitaveitu geti hafist.

Um 2. lið fsp. minnar: „Liggur fyrir samanburður á hagkvæmni virkjana á þeim hitasvæðum, er til greina koma?“ er þetta að segja:

Það er talið mjög líklegt, að fá megi jarðvarmann með því að bora í Keflavík sjálfri eða í Njarðvíkum. 43 m hola, sem boruð var í Keflavík, bendir til þess og einnig 500 m hola, sem boruð var á Njarðvíkurheiði fyrir nokkrum árum. Því er ekki að neita, að það væri mjög fróðlegt að bora tilraunaholu á þessu svæði, þar sem þetta liggur inn í þéttbýliskjörnunum sjálfum.

Heilbr.- og trmrh. (Magnús Kjartansson): Herra forseti. Fsp. hv. þm. Odds Ólafssonar vísaði ég til Orkustofnunar, og hún samdi síðan þá grg., sem hér fer á eftir:

Á undanförnum árum hefur Orkustofnunin

unnið að Rannsókn þriggja háhitasvæða á Reykjanesskaga, en þau eru Krýsuvíkursvæði, Reykjanessvæði og Svartsengissvæði. Rannsóknin skiptist í frumrannsókn á yfirborði, þar sem beitt er öllum tiltækum aðferðum í jarðfræði, jarðefnafræði og jarðeðlisfræði, og djúprannsókn með rannsóknarborunum, sem ætti að vera sannprófuð niðurstöðumæling á yfirborði og styrkja þá heildarmynd af svæðinu, sem frumrannsóknin leiddi til.

Skýrsla um Krýsuvíkursvæðið er nú í undirbúningi og mun birtast næsta vor. Fyrstu niðurstöður benda til þess, að á svæðinu sé mikill forði af 100-200° heitu vatni, sem best yrði nýttur til hitaveitu og iðnaðar á höfuðborgarsvæðinu í framtíðinni. Á nokkrum stöðum hefur fundist vatn með hærra hitastigi, en í svo litlu mæli, að ekki þykir ráðlegt að mæla með notkun þess til raforkuvinnslu. Þessar heitari vatnsæðar benda þó til þess, að dýpra undir svæðinu, á 2-3 km dýpi, kunni að vera vatn með hærri hita, en svo djúpt hafa rannsóknarborarnir enn ekki náð. Rannsókn þessi var gerð á árinu 1970-1972 og til hennar varið 28 millj. kr.

Jarðhitasvæðið á Reykjanesi, þ.e.a.s. svæðið við Reykjanesvita, var sérstaklega kannað vegna áætlana um sjóefnavinnslu. Niðurstöður þessara rannsókna voru birtar í skýrslu Orkustofnunar í febr. 1971. Meginniðurstöður voru þær, að þarna megi fá nægan jarðsjó fyrir sjóefnavinnslu. Hiti jarðsjávarins er um 270 stig, og fæst af honum næg gufa til saltverksmiðju. Í lok rannsóknarinnar var boruð ein vinnsluhola til reynslu, og hefur hún blásið stöðugt í 3 ár, án þess að dregið hafi úr afli hennar eða breyting hafi orðið á seltu jarðsjávarins. Kostnaður við öflun gufu og jarðsjávar er talinn liggja innan þeirra marka, sem notuð eru í áætlun um sjóefnavinnslu. Nauðsynlegt er þó talið að bora fleiri vinnsluholur og reyna á svæðið í áföngum til þess að fá öruggara mat á vinnslukostnaði, áður en endanlega yrði ráðist í byggingu sjóefnaiðju. Rannsókn þessi fór fram á árunum 1968—1971 og kostaði 30 millj. kr.

Jarðhitasvæðið við Svartsengi norðan Grindavíkur er hulið nýlegum hraunum og merki um jarðhita á yfirborði aðeins gufa, sem stígur upp um sprungur í hrauni. Haustið 1971 voru boraðar tvær holur, 240 og 400 m djúpar, við gufuaugu á svæðinu, og gáfu þær mjög góðan árangur. Reynist hitinn vera 220° og vatnsæðar góðar, en vatnið salt. Er selta þessi um 2/3 af seltu í sjó. Sumarið 1971-1973 voru gerðar ítarlegar mælingar á svæðinu, og benda niðurstöður þeirra til þess, að stærð Svartsengissvæðisins sé sambærileg við stærð Reykjanessvæðisins, en hiti sé líklega lægri og selta vatnsins heldur minni. Álitlegasti virkjunarstaður innan svæðisins er norðan við Þorbjarnarfell og vestan við Svartsengisfell.

Í jan. 1973 kom út hjá Orkustofnun skýrsla: Varmaveita frá Svartsengi, þar sem fjallað er um orkuöflun fyrir hitaveitu á Suðurnesjum. Niðurstöður þessarar skýrslu, sem gerð er af sérfræðingum Orkustofnunar, eru, að hagkvæmast sé að afla heits vatns í Svartsengi og leiða það til byggðarinnar. Áætlunin leiðir í ljós, að verð á heita vatninu við byggðamörk er aðeins um helmingur af því, sem það mætti vera, til þess að upphitun væri jafndýr og með olíu, og er þá ekki tekið tillit til þeirrar miklu hækkunar á olíuverði, sem nú er fram undan. Þar sem vatn úr jarðhitasvæðinu við Svartsengi er salt og mettað kísil, er það ónothæft beint til hitaveitu. Verður að afla neysluvatns með borunum í hrauni utan jarðhitasvæðisins og leiða það inn á svæðið að varmaskiptastöð, þar sem vatnið yrði hitað með jarðsjónum. Frá varmaskiptastöð færi ferska vatnið um 95° heitt og kæmi um 80° heitt til byggða.

Orkustofnunin hefur unnið að því s.l. sumar að koma upp lítilli varmaskiptastöð á jarðhitasvæðinu, þar sem rannsakað verði, með hvaða aðferðum og fyrirkomulagi sé hagkvæmast að reka slíka stöð. Rannsókn þessi miðast aðallega við skeljun kísils í varmaskiptum og hve langt hagkvæmt sé að ganga við nýtingu varmans í jarðsjónum. Vegna þessarar rannsóknar hefur Orkustofnun með samkomulagi við Grindavíkurhrepp fengið afnot af annarri borholu hreppsins, og einnig er tekið kalt, ferskt vatn frá Vatnsveitu Grindavíkur. Ráðgert er, að niðurstöður þessarar rannsóknar liggi fyrir á næsta ári.

Á þessu hausti er ráðgert að bora 1000 m djúpa holu til þess að kanna norðvesturmörk svæðisins og hita- og vatnsæðar á meira dýpi en áður. Á næsta ári er áætlað að bora vinnsluholur til reynslu, og ætti svæðið síðan að vera tilbúið til virkjunar.

Til jarðhitarannsókna í Svartsengi verður varið á árinu 1973 um 15 millj. kr., og í fjárlagafrv. fyrir næsta ár er gert ráð fyrir að verja 18 millj. kr. Þess ber þó að geta, að mikill hluti rannsóknarkostnaðarins er vegna borunar borhola, en þær gætu nýst sem vinnsluholur fyrir virkjunina, þegar í hana yrði ráðist.

Fsp. var um það, hvort lægi fyrir samanburður á hagkvæmni virkjana á þeim hitasvæðum, sem til greina koma. Það má vel vera, að ég hafi misskilið spurningu hv. fyrirspyrjanda, og mér virtist það nú eiginlega af því, sem hann sagði áðan til skýringar á fsp. Ég gerði ráð fyrir því, að hann ætti við háhitasvæðin á Reykjanesskaga, þ.e.a.s. svæðin við Reykjanesvita annars vegar og Svartsengi hins vegar. Um það atriði er það að segja, að eins og fram kemur í skýrslu Orkustofnunar hafa verið áform uppi um nýtingu tveggja þessara háhitasvæða á þá lund, að svæðið út við vitann verði notað í sambandi við væntanlega sjóefnavinnslu, og virðist það svæði vera mjög vel til þess fallið. Hitt svæðið, Svartsengi, hefur verið hugsað sem virkjun fyrir hitaveitu um alla nærlæga byggð, og hefur Orkustofnun gert, eins og fram hefur komið, áætlun um slíka veitu. Það er ekki beinlínis ástæða til að gera sérstakan samanburð á hagkvæmni virkjana frá þessum hitasvæðum vegna þess að nýting þeirra er með ólíku móti, þ.e.a.s. Svartsengi aðallega til húshitunar, en Reykjanestáin aðallega til iðnaðar og framleiðslu.

Fyrirspyrjandi (Oddur Ólafsson): Herra forseti. Ég þakka hæstv. iðnrh. fyrir fróðlega skýrslu og mikilvægar upplýsingar. Það kemur sannarlega í ljós, að þessir þýðingarmiklu framleiðslustaðir við Reykjanesið hafa næga möguleika til þess að afla sér upphitunar í sín hús með jarðvarma, og spursmálið verður því héðan í frá, hvenær rannsóknum verði lokið og einkum þá hvenær fáist niðurstaða um, hvernig

millihitun sé hagkvæmust, og í þriðja lagi, hvernig fyrirtækið verði fjármagnað. Ég skal viðurkenna, að mér datt það í hug, þegar ég fór að hugsa um þessi mál, að það kynni að vera hagkvæmt að leita eftir því vatni, sem vitað er um í kaupstöðunum sjálfum. Hins vegar getur það, eins og segir í skýrslu Orkustofnunar, verið framtíðarmál, og enda þótt lögnin frá Svartsengi til Keflavíkur kosti nokkur hundruð millj. kr., er ekki vafi á því, að þetta er mjög hagstæð leið til öflunar á heitu vatni fyrir þessa kaupstaði, einkum í Grindavík, sem er aðeins í 5 km fjarlægð. Það er von mín, að allt verði gert til þess að hraða svo sem unnt er þeim rannsóknum, sem nú eru í gangi, og í öðru lagi, að þeir aðilar, sem þar um fjalla, aðstoði þessi byggðarlög í hvívetna með öflun fjár til þessara mjög nauðsynlegu mannvirkja, ekki síst þegar litið er til bæði síhækkandi verðlags á orku í heiminum og jafnvel umtals um alvarlegan orkuskort.

Lánamál húsbyggjenda, fsp. (þskj. 34). — Ein umr.

Fyrirspyrjandi (Sverrir Hermannsson): Herra forseti. Ég var nú nýverið, aldrei þessu vant, að glugga í málefnasamning hæstv. ríkisstj., og mér hefur ekki fyrr orðið það ljóst og má teljast blátt áfram aðdáunarvert, hversu skamman tíma hæstv. ríkisstj. hefur þurft til þess að gera þetta kver að öfugmælapésa — með kannske einni undantekningu þó en það varðar landhelgismálið. Í 4. kapítula þessa rits, einu loforðaversinu, segir svo, með leyfi hæstv. forseta:

„Ríkisstj. hefur sett sér það höfuðmarkmið í félags- og menningarmálum (m. a. þetta): Að gera ráðstafanir til að lækka óhóflegan húsnæðiskostnað almennings, m. a. með lækkun byggingarkostnaðar, hagstæðari lánum og afnámi vísitölubindingar húsnæðislána.“

Nú skal það strax tekið fram, að við það var staðið að afnema vísitölubindingar á húsnæðislánum, en hvað hin atriðin snertir, þá hefur allt farið á aðra leið og heldur betur á aðra leið. Ég hygg, að það sé rétt, að visitala byggingarkostnaðar hafi verið 538 stig, þegar núv. hæstv. ríkisstj. tók við völdum. Hinn 1. nóv. s. l. reyndist hún 913 stig. Þegar lög um Húsnæðismálastofnunina 1970 voru sett, var talið, að allvel væri fyrir tekjustofnum Byggingarsjóðs séð, og samkv. þeim l. var upphæð húsnæðislána 600 þús. kr. Síðan í maí 1970 hefur visitala byggingarkostnaðar hækkað um 108%, þannig að ef byggja á á grundvelli byggingarvísitölunnar, þyrftu húsnæðismálalánin að vera nú 1248 þús. kr. til þess að hafa sama framkvæmdaafl og 600 þús. kr. höfðu í maí 1970. Samkv. l. frá í fyrra voru lánin hækkuð úr 600 þús. kr. í 800 þús. kr., og allir fá séð, hversu því fer fjarri, að í dag séu þessi lán nokkuð sambærileg við það, sem ætla varð hæfilegt til húsbyggingar árið 1970, við setningu l. þá. Hvernig hefur svo verið að því unnið, að húsbyggjendur ættu kost á hagstæðari lánum? Ef við lítum á Byggingarsjóðinn sjálfan, þá má segja, að hagur hans hafi verið skertur í 4 atriðum:

1. Með afnámi vísitölubindingarinnar á húsnæðislánunum, og út af fyrir sig lasta ég það ekki, ég var því fylgjandi, en allt að einu bitnar það nokkuð á Byggingarsjóði.

2. Þá hefur verið tekið allvænt lán hjá lífeyrissjóðum með þeim kjörum, sem koma til með innan tíðar að stórskerða lánamöguleika Byggingarsjóðs vegna fullrar verðtryggingar, sem á þessum lánum er.

3. Þá var hækkað um 30 millj. það fjármagn, sem ætla varð til kaupa eldra húsnæðis, og út af fyrir sig er þetta góðra gjalda vert, en þó verður að geta þess, að grunur leikur á, að sér í lagi hér á Stór-Reykjavíkursvæðinu hafi þetta fjármagn að mestu valdið því, að hækkuð hafi verið útborgun vegna kaupa á eldra húsnæði. Þar af leiðandi hefur þessi ráðstöfun haft þveröfug áhrif við það, sem henni var ætlað.

4. Þá var tekjustofn Byggingarsjóðs skertur um 45 millj. kr. eða þar um bil, að því áætlað er, vegna niðurfellingar launaskatts á sjávarútveginum við síðustu áramót.

Ég hef þá lokið máli mínu, en það er ekki að ófyrirsynju, að ég hef lagt fram fsp. á þskj. 34, sem þar má lesa.

Félmrh. (Björn Jónsson): Herra forseti. Ég hélt satt að segja, að fsp.-tímar væru til þess að fá ákveðnar upplýsingar, en ekki til þess að upphefja sérstakan eldhúsdag um málefni, sem betur ættu heima annars staðar. En hv. fyrirspyrjanda var svo mikið niðri fyrir að ásaka núv. ríkisstj., að hann var næstum búinn að gleyma, hvað hann var að spyrja um, og varð að sæta náð forseta til þess að geta minnt á það, að hann hefði verið að gera fsp.

Ég ætla ekki að fara langt út í það að gera þetta að einhverjum eldhúsdegi um húsnæðismálin, það er sjálfsagt hægt að finna á því betra form. En það undarlega var, þegar hann fór að tala um t. d., að hagur Byggingarsjóðs hefði verið skertur, þá var hann eigin lega með öllum þeim aðgerðum, sem til skerðingarinnar höfðu horft. Og ég vil líka minna þennan hv. þm. á það, að núv. ríkisstj. hefur átt við ýmsar gamlar syndir að stríða, sem hún hefur orðið að taka við af þeirri fyrrv. og voru vanefndir, eins og t. d. sérstök fjármögnun á Breiðholti. En ekkert sérstakt atriði hefur gert byggingarstarfseminni almennt í landinu erfiðara fyrir eða a. m. k. ekki Byggingarsjóðnum en einmitt það, að við þann samning skyldi ekki vera staðið, þó að margt sé gott um þá framkvæmd að segja, það er svo aftur talsvert annað mál. En sem sagt, ég mun reyna, eftir því sem ég get, að svara þeim spurningum, sem til mín hefur verið beint frá hv. 4. þm. Austf., en láta skæting hans bíða til síðari og betri tíma.

Það er þá fyrsta spurningin: „Hvernig mun Húsnæðismálastofnunin anna lánsfjárþörf húsbyggjenda fram til áramóta?“ Um þetta er það að segja, að það hefur verið gert hreint borð nú fyrir alla, sem byrjað hafa byggingar á þessu og síðasta ári og hafa gert hús sín fokheld fyrir 15. ágúst, þannig að annar þátturinn, sem snýr að þessari spurningu, er sá, að

veita fyrrihlutalán þeim, sem gera fokhelt fyrir síðasta eindagann á árinu, 15. nóv. Hinn 19. okt. s. l. voru 127 þessara íbúða orðnar fokheldar, og má gera ráð fyrir eða leiða líkur að því, að þær geti orðið um 300 a. m. k. Þó er þetta nokkurri óvissu háð, þær gætu eins orðið eitthvað fleiri. Og það er þegar ljóst af þeim aðgerðum, sem hafa verið gerðar í fjármálum Byggingarsjóðs, að unnt er að veita þessi lán fyrir áramót.

Hitt, sem einnig þyrfti að gera, til þess að ekki væri miklu verr gert við húsbyggjendur hvað biðtíma eftir lánum snertir, er svo að veita framhaldslán þeim, sem fengu frumlán sín útborguð í maímánuði s. l. En ef þar kemur allt til, sem gera verður ráð fyrir, þá getur þar verið um að ræða um 140 millj. kr., eða samkv. áætlun Húsnæðismálastofnunar 141.2 millj. kr. Er nú unnið að útvegun þess fjármagns, sem mundi nægja til þess, að þessar greiðslur gætu farið fram, og það er sterk von mín, að þessi lán muni geta orðið afgreidd um eða a. m. k. ekki síðar en rétt í upphafi næsta árs. Það tel ég ekki höfuðatriði, hvort það er síðast í des. eða í byrjun jan., og ég tel, að það séu góðar vonir til þess, að við það verði hægt að standa. Er þá um afgreiðslu Byggingarsjóðs á sínum skuldbindingum á þessu ári að segja, að biðtími er ekki lengri en hann hefur að jafnaði verið, og þannig verið unnið eðlilega.

2. liður spurningarinnar: "Hverjar eru áætlanir næsta árs um lánsfjárþörf og lánsfé?" Það skal játað, að við þessu er erfitt að gefa nokkur nákvæm svör á þessu stigi málsins. Í reglugerð um lánveitingar til húsnæðismála úr Byggingarsjóði ríkisins segir, að stofnunin skuli gera í nóv. áætlun um tekjur næsta árs og skiptingu þess á lánveitingar. Nú er ekki langt liðið á nóv. og þessu verki er ekki lokið að öðru leyti en því, að ekki hefur verið gerð áætlun um, hversu mikið fé Byggingarsjóður hefði til ráðstöfunar á næsta ári að óbreyttum l. um tekjustofna. En það er í þeirri greiðsluáætlun, sem gerð hefur verið um þetta, gert ráð fyrir, að það verði 1290 millj. kr. Sjálfur tel ég, að þessi upphæð sé of lág, sérstaklega með tilliti til nýrrar reynslu af breyttu fyrirkomulagi á innheimtu skyldusparnaðar, þannig að gera megi ráð fyrir, að þetta verði a. m. k. 1350 millj. kr. Nú í ár hefur sjóðurinn til útlána um 1400—1450 millj. kr. á móti, held ég, eitthvað um 1100 millj. á árinu 1972. Að öðru leyti er þessi áætlun ekki fullgerð. Þessi mál eru mjög í deiglunni, og ýmsar leiðir eru til athugunar, en ég get þó sagt til upplýsingar fyrir hv. fyrirspyrjanda, að það eru engar líkur á því, að almenn byggingarstarfsemi verði öllu meiri á næsta ári en hún verður núna, þannig að fjárþörfin ætti ekki að verða til fleiri íbúða en á þessu ári. Samkv. ágiskun hagrannsóknadeildar mundi verða byrjað á árinu 1974 á 1700—1800 nýjum íbúðum móti 2000 íbúðum, sem byrjað var á á þessu ári, og að fokheldar verði á árinu 1750—1900 íbúðir á móti 2060 á árinu 1973. Þetta á auðvitað rætur sínar að rekja til þess, að byggingarstarfsemi hefur á þessu ári verið í algeru hámarki. Fjárfesting í íbúðabyggingum er gert ráð fyrir að vaxi úr ca. 4 milljörðum á s. l. ári í 6 milljarða á þessu ári, og það er ekki að sjá, að þó að verðlag hafi farið hækkandi, hafi getan ekki aukist að sama skapi, samkv. þeim tölum. En svo að ég geri langt mál stutt, þá er það ágiskun mín, sem ég get í raun og veru ekki borið neinn fyrir, því að ég hef heyrt mismunandi hugmyndir um þetta frá þeim, sem gerst ættu að vita, að gera ráð fyrir því, að veita þyrfti byggingarlán að óbreyttum l. til smíði 1700—1800 íbúða á næsta ári, en enn þá hefur ekki verið tekin nein ákvörðun um, hversu há lánin skyldu verða. Ég álít, að þetta þýði, þegar aðrar skyldur Byggingarsjóðsins og einnig laga um byggingu leiguíbúða koma með inn í dæmið, að á næsta ári þurfi einhvers staðar nálægt 2½ milljarði til að halda byggingarstarfseminni í horfinu og standa við þær skuldbindingar, sem lög um byggingu leiguíbúða hafa í för með sér. Ég álít, að það sé ekki sérstakt þrekvirki að afla þessa fjár, þó að það sé stórkostlega miklu meira en hefur verið á undanförnum árum. Ég er bjartsýnn á, að það geti tekist samkomulag við lífeyrissjóðina í landinu, sem munu hafa samtals til ráðstöfunar á næsta ári um 4 þús. millj. kr., en umfram það þarf verulegt fjármagn, og ég teldi það ekki neina ofrausn af fjárveitingavaldinu, m. a. til að auðvelda fjármagn lífeyrissjóðanna, því að sjálfsagt verða þau lán að vera verðtryggð að einhverju leyti og þannig um leið komið til móts við verkalýðssamtökin a. m. k. að hluta með verðtryggingu sjóðanna, þó að afla þyrfti til Byggingarsjóðsins sérstaks fjár með lagabreytingum, sem næmi 400—600 millj. kr. en með því móti mundi dæmið verða leyst.

Þá er að geta þess, að starfandi er Byggingarsjóður verkamanna, og í fyrirliggjandi fjárlagafrv. er gert ráð fyrir 100 millj. kr. framlagi til þess sjóðs. Byggingarsjóðinn hefur ekki skort fé, frá því að hann var, sem kallað hefur verið, endurreistur með l. frá því í maí 1970, og það er ekki útlit fyrir, að þar verði sérstakur fjárskortur. Einnig er eins og undanfarin ár gert ráð fyrir í fjárlagafrv., að veittar verði 18 millj. kr. til nýsmíði íbúða í stað heilsuspillandi húsnæðis, sem lagt er niður. Þetta hefur verið fullnægjandi á undanförnum árum og engar líkur til annars en það verði það einnig á þessu og næsta ári.

Fyrirspyrjandi (Sverrir Hermannsson): Herra forseti. Hæstv. ráðh. áleit, að mér hefði verið svo mikið niðri fyrir að gagnrýna stjórnina, hæstv. ríkisstj., að ég hefði verið búinn að gleyma því, að ég hefði borið fram fsp. Á leið í sæti mitt gaukaði hæstv. heilbrrh. því að mér, að ég hefði sleppt að lesa upp fsp. í trausti þess, að þm. væru — og ráðh. líka — læsir, og þetta er rétt.

Hæstv. félmrh. núv. má ekki skoða mitt mál sem gagnrýni á hann, þar sem hann hefur setið örskamma hríð í ráðherrastól, umfram það, sem hann ber ábyrgð á stjórnarstefnunni sem þm. þáv. og að vísu dálitla aukaábyrgð sem einkavinur og lóðs fyrrv. félmrh., og er

það út af fyrir sig töluverð ábyrgð að axla. En það, sem fram kom í ræðu hæstv. ráðh., — og ég þakka hans svör, þótt innihaldið væri frekar magurt, — var t. d. að varðandi þá, sem hefðu fengið fyrrihlutalán í maíbyrjun, hafi staðið vonir til þess, að þeir gætu fengið síðari hluta — e. t. v. í byrjun næsta árs, og vildi ekki gera mikið úr því, hvorum megin áramóta það væri. En ég vil benda á, að það er töluvert atriði vegna þeirrar útlánastarfsemi, sem viðskiptabankar yfirleitt tíðka. Hann tók það fram, að hann áliti þetta of lága upphæð, málin væru í deiglu, þau væru til athugunar, engar líkur taldar á því, að almenn byggingarstarfsemi yrði meiri á næsta ári. Það er auðvitað hrein ágiskun. Ég hef frá Byggingarsjóði ríkisins upplýsingar um, að til ráðstöfunar til útlána á næsta ári muni verða um 1290 millj. kr. Ég heyrði það áreiðanlega rétt, að hæstv. ráðh. hefði talið, að mundi þurfa í lánakerfið um 2.5 milljarða á næsta ári, þannig að hér er allmikið bil og ekkert smáræðis bil að brúa. Ég vil enn fremur leggja áherslu á það, að verði leitað á mið lífeyrissjóðanna, sem ég tel sjálfsagt, þá er óviðunandi með öllu, að þær lánareglur verði í sambandi við þau lán, að þau verði bundin með þeim hætti, sem átti sér stað við þá lántöku, sem fram hefur farið nú þegar.

Nei, það voru sterkar vonir um, að úr þessu mundi rætast, en mér sýnist á öllu, að hér sé mjög langt í land, og kem reyndar að því í sambandi við aðra fsp., sem er þessu tengd og væntanlega kemur hér á dagskrá næst á eftir.

Lánsfé til byggingar leiguhúsnæðis, fsp. (þskj 34). — Ein umr.

Fyrirspyrjandi (Sverrir Hermannsson): Herra forseti. Ég ætla þá að leyfa mér að byrja á því að lesa upp fsp. mína, svo að ekki fari milli mála, hver hún er. Hún hljóðar svo:

„Hverjar eru áætlanir um fjármögnun byggingar leiguhúsnæðis samkv. l. nr. 58 frá 30. apríl 1973?“

Það atriði l., sem ég einkum beini fsp. minni að, er svo hljóðandi, með leyfi hæstv. forseta:

„Heimilt er að veita lán til byggingar leiguíbúða á vegum sveitarfélaga, er nemi allt að 80% af byggingarkostnaði, enda hafi hlutaðeigandi sveitarfélag ekki byggt íbúðir samkv. 1. gr. l. nr. 97 frá 22. des. 1965, og íbúar þess ekki átt kost á íbúðum, sem þar um ræðir. Lán þessi skulu vera til 33 ára, afborgunarlaus fyrstu 3 árin, en endurgreiðast síðan á 30 árum. Að öðru leyti eru lánakjörin þau sömu og lánakjör Byggingarsjóðs ríkisins. Á næstu 5 árum er heimilt að veita slík lán út á allt að 1000 íbúðir. Ráðh. getur með reglugerð sett nánari ákvæði um úthlutun þessara lána.“

Ef við gerum ráð fyrir því, að byggðar verði 200 íbúðir á næsta ári, þá er e. t. v. ekki of í lagt, miðað við það að lána allt að 80% af byggingarkostnaði, að gera ráð fyrir því, að á hverja íbúð þyrfti að lána um 2.5 millj. kr. Ef byggðar verða 200 íbúðir, þá er þetta fjármagn 500 millj. Nú hef ég spurt, að hæstv. félmrh. hafi lýst því yfir, á fundi á Dalvík raunar, að byggingar þessara íbúða mundu njóta forgangs hjá Byggingarsjóði, ennfremur er mér kunnugt um það, að allmargar lánsbeiðnir liggja fyrir óafgreiddar hjá Byggingarsjóði frá ýmsum framkvæmdaaðilum, og enn er þess að geta, að óljóst er, um hvaða framkvæmdir verður að tefla í verkamannabústaðakerfinu. Þess vegna er það, að í framhaldi af fyrri fsp. minni þykir mér nauðsyn bera til að fá um það sem gleggstar upplýsingar, með hvaða hætti fjármögnun til byggingar þessa leiguhúsnæðis, svo mikil þörf sem vissulega er á slíkum byggingum, muni geta átt sér stað.

Félmrh. (Björn Jónsson): Herra forseti. Ég vil byrja á því að óska hv. 4. þm. Austf. til hamingju með að hafa fengið nýjan ráðgjafa, sem ég veit, að mun duga honum vel í blíðu og stríðu.

En um þessa fsp., sem er svo hljóðandi: „Hverjar eru áætlanir um lánsfé til byggingar leiguhúsnæðis samkv. l. nr. 58 frá 30. apríl 1973?“ — er það að segja um útvegun fjármagns samkv. þessum l., að þar er í raun og veru um sama heildarmálið að ræða og ég ræddi í mínu fyrra svari, og ég get í raun og veru litið annað gert en vísa til þess. Ég vil taka þennan vanda, sem er í húsnæðismálunum, sem einn vanda, bæði hvað viðkemur fé til þessarar sérstöku starfsemi og annarrar byggingarstarfsemi, sem fram fer á vegum húsnæðismálastjórnar. Þessi heildarvandi er að minni ágiskun, og er þar stuðst nokkuð við álit sérfræðinga, sú upphæð, sem ég nefndi áðan og ég álít ekkert sérstakt þrekvirki að ná inn. En ég tel víst, að varðandi fjáröflun til Byggingarsjóðsins, m. a. í sambandi við byggingu þessara leiguíbúða, verði að leita til fjárveitingavaldsins, og munu verða lagðar innan tíðar till. þar að lútandi fyrir Alþ. Hitt þarf ekkert að undrast, að þegar verkalýðshreyfingin hefur óskað sérstaklega eftir því, að húsnæðismálin væru tekin til umr. í sambandi við núv. samninga, þá sé haft samráð við hana af hálfu ríkisstj., m. a. um fjáröflunina, og einnig vegna þess, að þar er um þann aðilann að ræða, sem hefur yfir stórkostlegu fjármagni að ráða, ef hann vill beita því í þágu þessa málefnis.

Ég vil segja það, þar sem hv. fyrirspyrjandi vitnar í mig, að ég hafi sagt á húsnæðismálaráðstefnu á Dalvík, að bygging leiguíbúða mundi hafa forgang, að við það stend ég. Þetta mál mun hafa forgang fram yfir annað. Og það verður byggður a. m. k. fimmti hlutinn af þessum íbúðum á næsta ári og ég vona meira en 200 íbúðir. En það er rétt, að ef um 200 íbúðir væri að ræða sem þyrfti að lána til, og lánuð eru 80% og heimildin notuð að fullu, sem ég tel sjálfsagt, þá er þar um að ræða upphæð, sem nemur 400-500 millj. kr., og hlutfallslega hærra, eftir því sem lengra væri gengið í framkvæmd l. En ég tel á því brýna nauðsyn, að það sé gert meira en að skipta þessu niður í 5 jafna parta. Og ég væri tæplega ánægður með framgang þess máls, ef ekki væru byggðar a. m. k. 250-300 íbúðir á þessu ári.

Um þetta mál er svo þess að geta, sem ekki er beinlínis spurt um, en ekki sakar að komi fram, að það hefur í sumar af húsnæðismálastjórn verið unnið kappsamlega að því að ganga frá gagna-

öflun frá sveitarfélögunum um vilja þeirra og getu til þessara bygginga. Hvort tveggja virðist vera töluvert, og mun ekki stranda á því. Er nú verið að vinna úr þeim gögnum. Sömuleiðis skal þess getið, að verið er að leggja síðustu hönd á reglugerð íbúðarbyggingar, og hún verður gefin út innan skamms.

Aðeins örlítið varðandi það, sem hv. fyrirspyrjandi sagði í lok fyrri ræðu sinnar, að það sé auðvitað hrein ágiskun, að byggingarstarfsemin verði ekki meiri á næsta ári en hún hefur verið á þessu. En sú ágiskun mín er nokkuð sterkum rökum studd, vegna þess að öll byggingariðnaðarmannastéttin hefur haft meiri verkefni en hún hefur raunverulega getað annað á þessu ári, og það eru engin líkindi til þess, að við höfum vinnuafl í landinu til þess að festa meira í byggingu hlutfallslega miðað við verðlag, en við höfum gert á sl. l. ári, þótt ekki væri um neinn fjárskort að ræða. Það þarf líka vinnandi hendur til þess að byggja hús og mannvirki.

Fyrirspyrjandi (Sverrir Hermannsson): Herra forseti. Ég þakka hæstv. félmrh. svör hans. Ég hef undir höndum álit t. d. eins af fulltrúum í Húsnæðismálastofnun ríkisins um, hverja hann álítur fjárþörf Byggingarsjóðs ríkisins. Þetta er Hannes Pálsson, sem hefur setið, að ég hygg í þessari stjórn frá upphafi, gamalreyndur í þessum sökum, og hann álítur, að fjárþörf Byggingarsjóðs ríkisins umfram þá tekjustofna, er sjóðurinn hefur nú samkv. gildandi l., sé á árunum 1973 og 1974 2000 millj. kr.

Hæstv. félmrh. tók fram, að hann ætlaði að standa við þá yfirlýsingu sína, að bygging leiguhúsnæðis á vegum sveitarfélaga hefði forgang. Þá hygg ég, að hann megi taka á honum stóra sínum til þess að auka og efla Byggingarsjóð ríkisins, til þess að ekki dragi ský fyrir sólu hjá öllum almennum húsbyggjendum í landinu. Lengst af þessu ári báru húsbyggjendur allmikinn ugg í brjósti vegna afgreiðslu húsnæðismálalánanna. Úr þessu hefur nokkuð ræst nú. En eftir því ráðstöfunarfé, sem Byggingarsjóður hefur samkv. núgildandi tekjustofnum, er fullkomin ástæða til að óttast mjög um vangetu hans í þessum efnum á næsta ári, svo að ekki sé meira sagt. Þess vegna vænti ég þess, að hinn nýi hæstv. félmrh. taki nú hressilega til höndum, þannig að úr þessu verði bætt. Ég hygg, að það þurfi allmiklu meira fé í Byggingarsjóð ríkisins, eigi hann að standast eðlilegar skuldbindingar, en fram kom hjá honum hér áðan.

Ellert B. Schram: Herra forseti. Það voru tvö atriði, sem ég vildi vekja athygli á í sambandi við þessar umr. Ég hef ekki mikinn tíma til þess að fjalla um þetta mál, en það var tvennt, sem ég vildi undirstrika, sem fram hefur komið í þessum umr. Annað er, að þar sem augljóst er, að Byggingarsjóður er greinilega í mikilli fjárþörf og hæstv. ráðh. hefur nú tíundað hugleiðingar sínar og áætlanir um það, hvernig hann hyggst auka tekjur Byggingarsjóðsins, án þess þó að auðvelt sé að grípa á því nákvæmlega, hvernig það skuli gert, en segir um leið, að bygging leiguhúsnæðis eigi að hafa algjöran forgang, þá er það í samræmi við þáltill., sem samþ. var hér á síðasta þingi og ekkert er í sjálfu sér við að athuga annað en það, að í þessari þáltill. var jafnframt tekið fram, að bygging þessa leiguhúsnæðis og tekjuöflun til þess átaks kæmi ekki niður á lánveitingum til hinna almennu byggjenda. Þetta var alger forsenda þess, að þessi till. var samþykkt, og þess vegna finnst mér, að það stangist á, ef það er markmið og ákvörðun hæstv. ráðherra, að þetta átak verði á þann veg, að það komi niður á almennri tekjuöflun og fjárþörf Byggingarsjóðs.

Hitt atriðið, sem ég vildi fá fram frekari skýringar á hjá hæstv. ráðh., ef unnt er að gefa þau svör, þegar hann nú rekur fjárþörf Byggingarsjóðs fyrir næsta ár og telur hér upp tölur um hugsanlega fjárþörf og áætlun í því sambandi, sem erfitt er að skrifa hjá sér í einu vettvangi, hvort þá sé miðað við sömu hámarkslaun og nú er gert ráð fyrir. Það var vakin athygli á því hér af hæstv. fyrirspyrjanda, að vísitalan hafi hækkað úr rúmlega 530 stigum í 913 stig á tímabili núv. stjórnar. Lánin voru þá um 600 þús. kr., en eru nú komin upp í 800 þús. kr. og langt frá því, að það nái sama hlutfalli. Því er spurningin: Er miðað við 800 þús. kr. lán eða þá einhverja sérstaka hækkun?

Félmrh. (Björn Jónsson): Herra forseti. Varðandi fsp. hv. 9. landsk. þm. vil ég segja það, að ég tel eðlilegt og æskilegt, að lán verði hækkuð á næsta ári. Hins vegar hafa engar endanlegar ákvarðanir verið teknar um það, hvað verði gert í þeim efnum. Það hlýtur auðvitað m. a. að byggjast á því, hvernig fjárveitingavaldið bregst við vandamálum Byggingarsjóðs. Þau verða ekki hækkuð, ef ekki fæst nægilegt fé til þess. Ég hefði átt von á því, að ég heyrði það einhvers annars staðar frá en frá 4. þm. austf., vegna þess að ég veit, að Austfirðingar hafa alveg sérstakan áhuga á byggingu leiguíbúða, að það mundi draga sérstaklega ský fyrir sólu hjá almenningi í landinu, ef þessar íbúðir yrðu byggðar. Ég held, að það sé einmitt krafa úti um allt land, að þessar íbúðir hafi forgang umfram aðrar.

Til hv. 9. landsk. þm. vil ég beina því, hvort hann áliti ekki, að einhverjir hafi fengið svolítið minna úti á landi, vegna þess að Breiðholtsframkvæmdirnar hafa haft algeran forgang á undanförnum árum, sem hans flokkur átti að fjármagna, en sveikst um.

Þorvaldur Garðar Kristjánsson: Herra forseti. Það er ekki tími til nú að fara út í almennar umr. um þessi þýðingarmiklu mál. Ég tek undir það eins og aðrir, sem hér hafa tekið til máls, að æskilegt er, að það sé unnið sem best að því að að koma upp leiguíbúðum. Ég tek líka undir það, sem hæstv. ráðh. sagði, að á þetta mál verður að líta sem heild. Það þarf að taka tillit til ekki einungis sérstakra félagsmálalegra ráðstafana, eins og leiguíbúðanna, heldur og ekki síst hinna almennu íbúðalána Byggingarsjóðs ríkisins.

Þegar l. um húsnæðismálastjórn voru sett árið 1970, var byggingavísitalan 439 stig. Hún er nú 913 stig. Þegar l. voru sett 1970, var upphæð almennra íbúðalána 600 þús. kr. en þau eru nú 800 þús. kr. Byggingarvísitalan hefur hækkað um 108%, en lánin um 33%. Þetta er hinn alvarlegi hlutur í sambandi við þróun málanna.

Hæstv. ráðh. sagði, að það væri æskilegt og eðlilegt að hækka lánin. Auðvitað er það æskilegt og eðlilegt. En er ekki hægt að gera þær kröfur til þessarar hæstv. ríkisstj., að hún standi að því, að hin almennu íbúðalán séu jafnhá að notagildi og ákveðið var af fyrrv. ríkisstj. árið 1970. Ég held, að það megi ekki slá af þeirri kröfu til núv. ríkisstj. Þess vegna mun ég bera fram þáltill. um hækkun íbúðalána úr 800 þús. kr. í 1200 þús. kr., og ég veit ekki betur en þeirri þáltill. verði útbýtt hér í dag.

Eggert G. Þorsteinsson: Herra forseti. Ég skal ekki blanda mér inn í hinar almennu umr. um húsnæðismál, sem hér hafa farið fram. En það er eitt atriði, sem ég tel nauðsynlegt að verði upplýst fyrir hv. þingheimi, vegna þess að hér hefur verið bryddað á því og einnig í útvarpsumr. nú fyrir skömmu. Var sérstaklega deilt á fyrrv. ríkisstj. fyrir það, að umræddar Breiðholtsíbúðir hefðu verið byggðar hér í Reykjavík. Nú vita allir þm. betur, hver tók þá ákvörðun. Þetta voru samningar milli verkalýðssamtaka og vinnuveitenda, og þeim óskum var beint til ríkisstj. Það var því hér spursmálið um það að standa við gerða samninga verkalýðssamtaka og vinnuveitenda, hvort í þessar framkvæmdir yrði ráðist. Þetta er nauðsynlegt, að þingheimur viti.

Karvel Pálmason: Herra forseti. Ég skal ekki tefja tímann, en ég held, að það sé nauðsynlegt að leiðrétta það, sem hv. síðasti ræðumaður var að segja hér áðan. Þetta voru samningar við ríkisstj., ekki við atvinnurekendur. Það ætti þessi hv. þm. að vita. Ef hann veit það ekki nú þegar, þá ætti hann að afla sér upplýsinga um það. En ég veit, að hann veit það. Það er hins vegar nokkuð athyglisvert, hvað hv. stjórnarandstöðuþm. og þá fyrst og fremst sjálfstæðisþm., — ég tala nú ekki um þeirra spekinga í húsnæðismálum, sem verið hafa undanfarna áratugi, — hvað þeir eru allt í einu orðnir ákafir í sambandi við húsnæðismálin nú til dags. Þeim hefði verið sæmra að hugsa betur um þessi mál, meðan þeir fóru með völd í 12 eða 13 ár. Það er fyrst og fremst þeirra sök, hvernig húsnæðismálum úti á landsbyggðinni er nú komið. Það ætti hv. 5. þm. Vestf. að taka fyrst og fremst til sín.

Sala Birningsstaða í Laxárdal, fsp. (þskj. 34). — Ein umr.

Fyrirspyrjandi (Bragi Sigurjónsson): — Herra forseti. Fsp. sú, sem ég ber hér fram, er til landbrh. og fjallar um sölu ríkisjarðarinnar Birningsstaða í Laxárdal. Ástæðan til þess, að þessi fsp. er borin fram, er fyrst og fremst sú, að eins og Alþ. veit, þá fer yfirleitt ekki fram sala á ríkisjörðum, nema það komi fyrir Alþ. En nú er mér kunnugt um, þó að ég spyrjist svona fyrir, að þessi sala hefur þegar farið fram. Og nú langar mig að vita hjá hæstv. landbrh., um hvaða bakdyr þessi sala hefur farið fram, fyrir hvaða verð og hvernig það verð hefur verið fundið.

Birningsstaðir hafa mjög komið við sögu svokallaðrar Laxárdeilu. Þeir eru neðsta jörð í Laxárdal, hafa lengi verið í ríkiseign og eru sú jörð, sem kynni að hafa spillst, hefði stíflan verið gerð í Laxárgljúfrum, sem lengi var fyrirhuguð og kannske verður enn gerð. Þess vegna er það ekkert smámál að vera að selja þessa jörð undan ríkinu, meðan enn er óvíst nema ríkið þurfi á þessari jörð að halda í sambandi við virkjun þar norður frá.

Mig langar að spyrja, eins og ég hef gert, um verðið, því að hér kom einmitt einhvern tíma fram í sambandi við Laxárdeiluna, þegar verið var að áætla, hvílíkt tjón væri að setja Laxárdal að einhverju leyti undir vatn, að hver bújörð í Laxárdal var metin samkvæmt áætlun þeirra, sem töldu sig á móti virkjuninni, á ca. 60 millj. kr. Nú hefði verið gaman að vita, fyrir hvað ríkið seldi þessa jörð, og væri þá gott að bera saman verðið, sem þá var nefnt, og verðið, sem nú var notað.

Einnig kom fram á þinginu fyrir fáum dögum, að einn fyrirspyrjandinn spurði um það, hvort satt væri, að sumir bændur gætu átt ½ millj. kr. hjá ríkinu í skaðabætur fyrir vegagerðir gegnum lönd sín. Til gamans vil ég upplýsa það, að ef einhvern tíma verður lagður vegur niður um allan Laxárdal, sem ekki er ólíklegt, þá liggur vegarstæðið auðvitað eftir endilöngu Birningsstaðalandi, og kannske verður ríkið þá að borga það dýrum dómum, þegar búið verður að leggja þennan veg, til þess að alþýða manna hér á landi geti ferðast um þennan fræga dal og séð svart á hvítu stórfeldasta minnismerki um andlega kreppu og heimsku á 20. öldinni.

Fjmrh. (Halldór E. Sigurðsson): Herra forseti. Ég mun nú ekki í svari mínu verða eins skáldlegur og hv. fyrirspyrjandi, enda er langt á milli okkar í skáldskapnum. Ég mun því halda mig við raunveruleikann, og svarið er á þessa leið:

Jörðin Birningsstaðir í Laxárdal, Suður-Þingeyjarsýslu, var seld ábúanda jarðarinnar, Þormóði Torfasyni, með afsali 15. des. 1972. Söluverðið var ákveðið samkv. 49. gr. l. nr. 102 1962 155 þús. og 500 kr. Það er fasteignamatsverð, að frádregnum eignum ábúandans í húsakosti á jörðinni. Sala jarðarinnar fór fram samkv. l. nr. 102 1962 um ættaróðul, ættarjarðir, erfðaábúð og sölu þjóð- og kirkjujarða. Námur og námaréttindi, hvers konar efnistaka, svo og vatns- og jarðhitaréttindi umfram heimilisþarfir eru undanskilin við sölu jarðarinnar. Eigi að selja jörðina aftur, á ríkissjóður forkaupsrétt á henni á fasteignamatsverði.

Þetta er svar mitt við þessari fsp., og það kemur fram í henni, að undanskilin eru þarna námur og námaréttindi, hvers konar efnistaka, þ. á m. til vegagerðar, svo og vatns- og hitaréttindi umfram heimilisþarfir.

Ég sé ekki ástæðu til að bæta neinu frekar hér við.

Fyrirspyrjandi (Bragi Sigurjónsson): Herra forseti. Ég þakka hæstv. landbrh. upplýsingarnar, sem ég hafði raunar fyrir mér á skjali. En mig langar að láta eitt koma hér fram, að hinn nýi óðalseigandi að Birningsstöðum er 73 ára gamall. Hann hefur aldrei kvænst og aldrei átt neinn afkomanda. Hvers vegna er hann að kaupa þetta sem óðal? Það væri umhugsunarefni.

Annað, sem mér finnst ekkert fjarri því að láta koma fram, er, að örfáum dögum eftir að kaupin fóru fram, fékk þessi ungi, blómlegi óðalseigandi, 73 ára gamall, sem hafði aldrei kvænst, aldrei átt börn, lán úr veðdeild Búnaðarbankans út á þessa nýju óðalsjörð, 200 þús. kr., þ. e. a. s. hann fær töluvert hærra lán en hann þarf að kaupa jörðina á. Góður vasapeningur fyrir óðalseigandann.

Fjmrh. (Halldór E. Sigurðsson): Herra forseti. Ég vil taka það fram út af upplýsingum frá hv. þm. Braga Sigurjónssyni, að varðandi þær fáu jarðir, sem ég hef selt, — sem því miður eru of margar, og þess vegna höfum við lagt fram frv. til jarðalaga til þess að draga úr þessum sölum, — hef ég ekki haft þá reglu að spyrjast fyrir um það, hvað marga afkomendur viðkomandi bóndi kynni að eiga. Hann er nú ekki það gamall, að hann gæti ekki bætt ráð sitt. Ef jarðasalan eða jarðakaupin frá hans hendi hefðu þau ágætu áhrif, mundi ég nú verða ánægður með að standa að henni.

Um það, að hann hafi fengið lán úr veðdeild Búnaðarbankans, þarf ég engu til að svara, því að það hefur verið gert eftir reglum þess banka.

Framkvæmdir Vegagerðar ríkisins, (fsp. þskj. 34). — Ein umr.

Fyrirspyrjandi (Helgi Fr. Seljan): Herra forseti. Ég hef leyft mér að bera fram fsp. til hæstv. samgrh., er varðar Vegagerð ríkisins og framkvæmdir hennar. Oft heyrist, að Vegagerð ríkisins hafi ekki yfir að ráða nógu góðum og hentugum vélakosti, og gildir það jafnt um tæki til venjulegs viðhalds vega og til stærri verkefna. Geta vissulega ýmsar ástæður legið til þessa ástands, ef rétt er. Vegagerðin hefur við það mörg ólík verkefni að glíma, að það eitt hlýtur að kalla á fjölbreytni í vinnuvélum. Verksviðið eykst stöðugt, ný tækni ryður sér til rúms, umfang framkvæmda verður meira með ári hverju. Því er von, að ýmsum leiki forvitni á að vita, hvernig Vegagerð ríkisins er í stakk búin til að sinna æ fjölþættari og umfangsmeiri verkefnum, og þá eins hitt, hvort hlutur ýmissa verktaka fari vaxandi í framkvæmdunum. Ég hef ekkert við það að athuga, að ýmis stórverkefni séu boðin út, m. a. ef vera mætti að þau fengjust þá unnin á hagkvæmari og e. t. v. ódýrari hátt en annars væri og það þá tryggt, að útboðsaðili yrði að standa við tilboð sitt í hverju eðlilegu tilfelli. Hins vegar álít ég rétt, að Vegagerð ríkisins eigi á hverjum tíma að hafa möguleika til þess að sjá um velflest verkefni sín og hafa yfir tækjakosti að ráða, sem sé í sem fyllstu samræmi við þau fjölbreyttu viðfangsefni, sem Vegagerð ríkisins fæst við. Einnig langar mig að vita nokkru nánar um þau hlutföll, sem í dag eru ríkjandi varðandi hin einstöku verkefni Vegagerðar ríkisins, og eins hvort ekki sé stefnt að því að auka sem mest eigin tækjastofn Vegagerðar ríkisins, svo að hún verði sem best fær um að leysa sitt mikilvæga hlutverk á sem hagkvæmastan hátt.

Því er spurt:

„Hve mikill hluti af heildarframkvæmdum Vegagerðar ríkisins er unninn: a) af Vegagerðinni með eigin vélakosti, b) af Vegagerðinni með leigðum vélakosti, c) af verktökum?“

Og í öðru lagi: „Er stefnt að aukinni vélvæðingu Vegagerðarinnar sjálfrar til að annast meiri háttar verkefni?“

Félmrh. (Björn Jónsson): Herra forseti. Fyrri liður fsp. hv. 6. landsk. þm. er um það, hve mikill hluti af heildarframkvæmdum Vegagerðar ríkisins sé unninn: a) af Vegagerðinni með eigin vélakosti, b) af Vegagerðinni með leigðum vélakosti, c) af verktökum.

Svar mitt við þessu, sem ég hef samið með aðstoð vegamálastjóra, er í fyrsta lagi varðandi a- og b-lið fsp.: Á árinu 1972 var hlutur vinnuvéla í allri vegagerð, sem unnin var af Vegagerð ríkisins, um 325 millj. kr. Skiptist þessi upphæð þannig, að 53% hennar voru greiddar fyrir leiguvélar, en 47% fyrir eigin vélar. Verði bifreiðanotkun tekin með, en eins og kunnugt er er fyrst og fremst um leigubifreiðar að ræða, verða hlutföllin 69% og 31% í sömu röð. Þessi hlutföll verða allt önnur, ef athuguð er skipting milli einstakra hópa vinnuvéla. Kemur þá t. d. í ljós, að 90% af jarðýtuvinnu eru unnin af leiguvélum, en 30% af ámokstri, en um 85% af öllum akstri fara fram á leigubifreiðum.

Varðandi c-lið fsp.: Á árinu 1972 var hlutur verktaka í vegagerð 362.6 millj. kr. og álíka árið áður. Sé þessi upphæð borin saman við alla vegavinnu á árinu 1972, og er þá átt við nýbyggingar, brúargerðir og viðhald á þjóðvegum, sýsluvegum og fjallvegum, sést, að hér er um 26% allrar vinnu að ræða, sem unnin er af verktökum. Sú vegagerð, sem unnin er af verktökum, var á Suðurlandsvegi milli Reykjavíkur og Selfoss, Vesturlandsvegi á leiðinni Reykjavík-Kollafjörður, Norðurlandsvegi sunnan Akureyrar, Ólafsfjarðarvegi um og norðan Fagraskógar, Austurlandsvegi í Jökuldal og Berufjarðarströnd og á Norðfjarðarvegi í Oddsskarði, auk smærri verka.

Í öðru lagi er spurt: „Er stefnt að aukinni vélvæðingu Vegagerðarinnar sjálfrar til að annast meiri háttar verkefni?“ Svar við því er, að það hefur verið stefna Vegagerðarinnar í vélakaupum að eignast fyrst og fremst þær vinnuvélar, sem ekki fást leigðar á frjálsum markaði, og þá helst tæki, sem nauðsynleg eru til viðhalds vega, svo sem veghefla, mulningsvélar, ámokstursvélar, snjómoksturstæki o. s. frv. Tæki þessi fullnýtast flest við nýbyggingavinnu. Um önnur tæki hefur síður verið að ræða af því takmarkaða fé, sem Vegagerðin hefur fengið og fjárveitingavaldið hefur veitt til þessara hluta.

Gert er ráð fyrir að fylgja svipaðri stefnu,

fyrst og fremst að auka við þann tækjakost, sem er nauðsynlegur til viðhalds vega, eftir því sem sú þjónusta vex, en láta kaup þeirra tækja fremur sitja á hakanum, sem fást leigð af ræktunarsamböndum og öðrum vinnuvélaeigendum, meðan það þykir hagkvæmt og að svo miklu leyti sem hægt er. Verktakar, sem hafa unnið að stórum verkefnum fyrir Vegagerðina á undanförnum árum, hafa aflað sér kunnáttu og tækjakosts, sem er eðlilegt að nota eftir föngum og eftir því sem hagkvæmt er, og hefur ekki verið talið eðlilegt að hálfu Vegagerðarinnar að bæta við sig starfsfólki og vélum, sem þeirri vinnu nemur, eins og á stendur.

Fyrirspyrjandi (Helgi F. Seljan): Herra forseti. Ég vil þakka hæstv. samgrh. svörin. Ég lagði áðan á það áherslu, að Vegagerðin hefði á því möguleika á hverjum tíma að sinna sem flestum af þeim verkefnum, sem fyrir henni lægju, og vil endurtaka það og eins, að vélakostur Vegagerðarinnar sé á hverjum tíma við það miðaður, að hvort tveggja, bæði smærri verkefni og viðhald, svo og stærri verkefni, sé auðleysanlegt fyrir Vegagerðina. Ég lýsi yfir ánægju minni með það, ef Vegagerðin stefnir mjög eindregið að því að hafa til staðar tæki til nauðsynlegs viðhalds og til snjóruðnings. Það er svo annað mál, og þar kann að hafa valdið einhver óeðlilegur fjárskortur. Svo mikið er víst, að í þeim landshluta, þar sem ég þekki best til, hefur mjög á skort einmitt, að þessi tæki væru nægileg til þess að sinna þeim verkefnum, sem þar hafa á knúið.

Áhugaleikfélög, fsp. (þskj. 34). — Ein umr.

Fyrirspyrjandi (Helgi F. Seljan): Herra forseti. Hinn 8. febr. 1972 var samþ. á Alþ. svo hljóðandi þáltill. frá okkur hv. 7. landsk. þm., Karvel Pálmasyni:

„Þál. um endurskoðun laga um stuðning við leikfélög áhugamanna.

Alþ. ályktar að skora á ríkisstj. að taka til endurskoðunar lög nr. 15 frá 15. mars 1965, um fjárhagslegan stuðning við leiklistarstarfsemi áhugamanna."

Vegna siendurtekinna spurninga leikfélaganna um framkvæmd þessa máls, ákvað ég að bera fram svo hljóðandi fsp. til hæstv. menntmrh.: „Hvenær má vænta þess, að fram verði lagt frv. til nýrra laga „um fjárhagslegan stuðning við áhugaleikfélög?"

Sjálfum er mér að vísu kunnugt um nefndarskipun ráðh. í þessu máli. Einnig er mér kunnugt um drög að frv. til almennra leikhúslaga, sem mikið voru rædd s. l. vetur. Með tilliti til þessarar vitneskju þykir mér einmitt hlýða að spyrjast nú fyrir um það, hvenær megi vænta framlagningar frv. í anda þál.

Það, sem knýr aðallega á um ný lög fyrir leikfélögin, er það, að upphæðir styrkja skv. lögum 1965 eru nú orðnar alls ófullnægjandi, og er það mjög að vonum sakir verðlagsþróunarinnar. Nærri lagi er, að hámarksupphæð þeirra sé nú aðeins ⅓ af verðgildi hins upphaflega. Annað kemur og til. Eitt áhugafélagið er nú að breytast í atvinnuleikhús og krefst orðið sérstakrar fjárveitingar, — fjárveitingar, sem síðast nam jafnhárri upphæð og öll áhugaleikfélögin fengu samtals, og þóttust þeir Akureyringar þó ekki ofhaldnir. Með stórauknu starfi áhugafélaganna og viðameiri verkefnum leiðir og af sjálfu sér, að ný viðhorf koma upp gagnvart stuðningi ríkisins við þessa mikilvægu menningarstarfsemi.

Sérlega gagnlegt væri t. d., ef leggja mætti frv. fram svo snemma, að freista mætti þess að hafa af því nokkra hliðsjón við endanlega gerð fjárlaga nú. Því vil ég spyrja hæstv. ráðh., hvenær þessa frv. sé að vænta.

Menntmrh. (Magnús T. Ólafsson): Herra forseti. Svar mitt við fsp. hv. 6. landsk. þm. um viðbrögð við þál. frá 8. febr. 1972 er svolátandi:

Í október 1972 var fullskipuð nefnd til þess að endurskoða lög um fjárhagslegan stuðning við leiklistarstarfsemi áhugamanna. N. hóf störf í nóvembermánuði sama ár. Í n. eiga sæti Sveinbjörn Jónsson framkvæmdastjóri, tilnefndur af Sambandi íslenskra leikfélaga, Eyvindur Erlendsson leikstjóri og Knútur Hallsson skrifstofustjóri í menntmrn., og hinn síðastnefndi er form. nefndarinnar.

Mér er tjáð, að n. hafi nýlokið við að semja nýtt lagafrv. um framangreint efni. Er nú unnið að því að ljúka við að semja grg. með frv. og aths. við einstakar gr. Því er þess að vænta, að unnt verði að leggja lagafrv. fram innan skamms tíma. Einnig er í ráði að leggja fram hið fyrsta endurskoðað lagafrv. um Þjóðleikhús, og teldi ég vel fara á því, ef kleift reynist að leggja bæði frv. fram samtímis, þar sem efni þeirra er svo náskylt og samanlagt hafa frv. að geyma ákvæði um heildarskipan íslenskra leiklistarmála.

Fyrirspyrjandi (Helgi F. Seljan): Herra forseti Ég vil þakka hæstv. menntmrh. svörin um það, að þessa frv. sé að vænta mjög bráðlega. Það er orðið mjög brýnt, að ný lög komi um þetta efni. Sannleikurinn er sá, að starfsemi leikfélaganna s. l. ár var það mikil og það vaxandi, að hún hreinlega sprengir þann fjárhagsramma í rauninni, sem henni var ákveðinn lögum samkvæmt. Ég bendi á það, að hæsta möguleg styrkveiting mun nú sennilega verða 90 þús. til einstaks leikfélags, sem er veitt fyrir tvö fullgild verkefni. Samanborið við Akureyri með sín 5 fullgildu verkefni og 1½ millj. í styrk, segir þetta sína sögu um það, hversu alls ófullnægjandi þessi lægri upphæð er. Akureyringum veitir sannarlega ekki af sinni upphæð. Það er svo annað mál, að Leikfélag Akureyrar er þarna komið út fyrir lagarammann algerlega, og segir það líka sína sögu.

Ég fagna því líka, ef það mætti verða svo, að endurskoðuð lög um Þjóðleikhúsið, og þessi lög um áhugaleikfélögin, eða almenn leikhúslög, verði lögð fram nokkuð samhliða. Ég benti á

það við umr. í Ed. um Þjóðleikhúsfrv. á sínum tíma, að mér þætti það eðlilegur og sjálfsagður háttur, að þessi tvö mál yrðu tengd nokkuð saman, og vænti mér þess vegna hins besta af þessu.

Svava Jakobsdóttir: Herra forseti. Ég vil lýsa sérstakri ánægju minni yfir yfirlýsingu hæstv. menntmrh. um, að fyrirhugað sé að leggja fram frv. um Þjóðleikhúsið að nýju. Það er sjálfsagt rétt að tengja saman þessi tvö umræddu frv., enda þótt það hafi orðið til þess, því miður, að dregist hefur að afgreiða nýtt frv. um Þjóðleikhús. Um það þýðir ekki að sakast nú, en vonandi tekst á þessu þingi að afgreiða frv. um Þjóðleikhús. Í því voru ákvæði, sem tvímælalaust horfðu til bóta, og get ég þar nefnt, að gert var ráð fyrir mannaskiptum í yfirstjórn leikhússins og nýja ráðningarhætti varðandi leikhússtjóra.

Einnig vil ég minna á, að í Ed. kom fram till. um heimild leikhúsinu til handa að ráða leikritahöfund til að skrifa verk fyrir leikhúsið. Menn gera sér miklar vonir um, að slík skipan geti orðið innlendri leikritun og leikhússtarfi mikil lyftistöng. Ég vona því, að sú till. hafi verið tekin inn í hið endurskoðaða frv.

Það var tekið fram fyrr í dag, að fyrirspurnatími ætti ekki að vera tilefni almennra eldhúsdagsumr., en ég vil samt leyfa mér að nota þetta tækifæri til að minna hæstv. menntmrh. á, að enn vantar leiklistarskóla hér í landi, og vil eindregið mælast til þess, að á því ófremdarástandi verði ráðin bót.

Rafvæðing sveitanna, fsp. (þskj. 34). — Ein umr.

Fyrirspyrjandi (Vilhjálmur Hjálmarsson): Herra forseti. Til skýringar fsp. minni vil ég segja þetta:

Samkvæmt 3 ára áætluninni lýkur rafvæðingu sveitanna og þar með að fullu rafvæðingu Íslands á næsta ári, þó þannig, að um 150 heimili verða eftir. Augljóst er, að Íslendingar hefðu varla fengið raforku með viðráðanlegum kostnaði án samhjálpar, þ. e. a. s. án skipulagðra þjóðfélagslegra aðgerða. Hvað er þá að segja um þau 150 heimili, sem eftir verða? Er ekki rétt að skoða það mál örlítið betur? Fyrst mætti t. d. taka til nánari skoðunar tengingu enn fleiri býla við samveitukerfið. Hlýtur það að teljast heppilegasta lausnin hvarvetna, sem henni verður við komið. Skynsamlegt væri þá að meta fleiri þætti en vegalengdina eina, svo sem línustæðið, aðstöðu til bjargræðis á býlinu, félagslega þýðingu þess og þýðingu þess fyrir öryggi ferðamanna. Í annan stað kæmi til mála að gera áætlun um skipulega tækni- og fjárhagsaðstoð við þá, sem enn stæðu útundan. Yrði þá stefnt að því, að þeir fengju sömu eða svipaða fyrirgreiðslu og aðrir rafmagnsnotendur, að svo miklu leyti sem framkvæmanlegt reyndist.

Fsp. mín á þskj. 34 ber ég fram til þess að fá upplýst hjá hv. Alþ., hvort hæstv. ríkisstj. eða hæstv. iðnrh. hefur þetta sérstaka atriði til athugunar eða hyggst taka það til meðferðar samhliða eða í beinu framhaldi af lúkningu 3 ára áætlunarinnar.

Heilbr.- og trmrh. (Magnús Kjartansson): Herra forseti. Í tilefni af þessari fsp. frá hv. alþm. Vilhjálmi Hjálmarssyni vil ég fyrst fara nokkrum orðum um málið í heild.

Í málefnasamningi ríkisstj. segir, að ljúka eigi innan 3 ára rafvæðingu allra þeirra bújarða í sveitum, sem hagkvæmt er talið að fái raforku frá samveitum. Hinum, sem tryggja verður raforku með einkavatnsaflsstöðvum eða dísilstöðvum, verði veitt aukin opinber aðstoð.

Í samræmi við þetta gerði iðnrn. í samvinnu við Orkustofnun till. að 3 ára áætlun um lúkningu sveitarafvæðingar, og var sú áætlun samþ. af ríkisstj. í sept 1971. Þá var talið, að um 930 bújarðir í sveitum væru utan samveitna. Um 730 höfðu rafmagn frá mótorstöðvum eða einkavatnsaflsstöðvum, en tæplega 200 býli voru órafvædd með öllu. 3 ára áætlunin hafði sem viðmiðun, að ekki væri meira en 3 km meðalfjarlægð á milli býla og að kostnaður við tengingu hvers býlis væri ekki yfir 600 þús. kr. miðað við verðlag ársins 1971. Í ljós kom við könnun, að með meðalfjarlægð 1½—2 km voru ca. 350 býli, meðalfjarlægð 2—3 km um það bil 330 býli, en meira en 3 km um 260 býli.

Á fyrsta ári 3 ára áætlunarinnar voru tengd alls 260 býli, og nam kostnaður tæpum 100 millj. kr. Á árinu 1973, þessu ári, er gert ráð fyrir, að 240 býli verði tengd og kostnaðurinn væntanlega um 140 millj. kr. Á síðasta ári áætlunarinnar verður þá að tengja rúmlega 200 býli, og er kostnaður áætlaður um 160 millj. kr.

Á þessum þremur árum er þannig verið að vinna ákaflega mikið stórvirki, svo mikið stórvirki, að framkvæmdirnar á þessum þremur árum er hægt að bera saman við það, sem gert var áður á heilum aldarfjórðungi. En þegar þessari áætlun lýkur í árslok 1974, er talið, að á landinu séu milli 150 og 160 býli, sem ekki eru tengd samveitum. Könnun, sem var gerð á árinu 1971, sýndi, að á milli 80 og 90 af þessum býlum höfðu mótorrafstöðvar, 27 höfðu vatnsaflsstöðvar og tæplega 50 sveitabýli voru rafmagnslaus. Gera má ráð fyrir, að þessar tölur séu ekki nákvæmar í dag, og kemur þar margt til. Ugglaust eru einhver af þessum afskekktu býlum ekki lengur í ábúð, og auk þess má gera ráð fyrir því, að einhverju af þeim lánum til vatnsaflsstöðva og mótorstöðva, sem veitt hafa verið á þessu tímabili, hafi verið varið til nýbygginga. Það eru 6 lán til vatnsaflsstöðva og 26 lán til mótorrafstöðva.

Hv. fyrirspyrjandi spyr, hvort gerðar hafi verið sérstakar athuganir varðandi rafvæðingu þeirra býla, sem ekki eru á þriggja ára áætluninni. Því er til að svara, að ráðgert er, að slík athugun fari fram á vegum iðnrn. og Orkustofnunar nú í vetur, þannig að henni verði lokið í tæka tíð, áður en kemur að tillögugerð um fjárlög fyrir árið 1975. Í því sambandi verður án efa reynt að gera sér grein fyrir því til hverra félagslegra ráðstafana er unnt að grípa í þeim tilgangi að greiða fyrir rafvæðingu þeirra

býla, sem eru nú utan þriggja ára áætlunarinnar, eins og hv. fyrirspyrjandi vék að í ræðu sinni áðan, og ég hygg, að ég sé honum alveg sammála um þau viðhorf, sem hann lýsti þar. Í þessu sambandi vil ég einnig minna á, að á síðasta þingi var gerð sú breyting á orkul., að rýmkaðar voru heimildir til lána úr Orkusjóði fyrir þau býli, sem vildu koma sér upp mótorrafstöðvum og ekki áttu annarra kosta völ.

Fyrirspyrjandi (Vilhjálmur Hjálmarsson): Herra forseti. Ég vil þakka hæstv. ráðh. fyrir svör hans. Það kemur í ljós af svörunum, að það er þegar undirbúin athugun á stöðu þeirra býla, sem eftir verða, þegar þriggja ára áætluninni lýkur. Ég tel það mjög mikilsvert og vil þakka það, að stefnt er að því að hraða þeirri athugun, þannig að það, sem gert kann að vera til viðbótar þriggja ára áætluninni, á að vera hægt að gera í beinum tengslum við lok hennar.

Steingrímur Hermannsson: Herra forseti. Um leið og ég lýsi ánægju minni með það mikla átak, sem verið er að gera í rafvæðingu dreifbýlisins, vil ég leyfa mér að koma á framfæri tveimur örstuttum aths.

Því miður hefur svo farið víða, þar sem þessi mál eru í gangi, að áætlun hefur hvergi nærri staðist. Ég get t. d. nefnt einn hrepp, sem átti von á því að fá rafmagn á síðasta sumri, en þar var fyrst verið að keyra út staura, þegar ég fór þar um í lok sept., og er mér ekki kunnugt um, að meira hafi verið gert. Annan hrepp í Vestfirðingafjórðungi get ég einnig nefnt, þar sem framkvæmd er ekki hálfnuð. En ég er ekki að álasa neinum fyrir þetta. Það eru eflaust ástæður þarna til, bæði vinnuaflsskortur og mér er tjáð einnig efnisskortur. Hins vegar sýnist mér ljóst, að ef ná á upp þeim slakka, sem þarna hefur orðið á, á næsta sumri, eins og hæstv. ráðh. gaf til kynna, þá þarf að halda mjög vel á málum. Þessi aths. er borin fram fyrst og fremst til þess að leggja áherslu á, að svo verði gert. Framkvæmdir á næsta ári verður að skipuleggja sem allra best og ekki láta dragast að panta efni eða tryggja mannskap til þeirra, eins og því miður hefur gerst.

Önnur aths. mín er sú, að því miður hefur víða orðið vart við það, að hin myndarlegustu og bestu býli hafa verið skilin út undan við slíka framkvæmd á þeirri forsendu, að fjarlægð til þeirra sé nokkuð mikil, þrátt fyrir það að hefðu þau verið tekin með, hefðu þau ekki fært meðalfjarlægð í viðkomandi sveitarfélagi yfir 3 km. Mér skilst, að þarna sé skotist á bak við þá reglu, að kostnaður við þessi einstöku býli færi yfir 600 þús. kr. á býli. Hinu er þá til að svara, að ég leyfi mér að fullyrða, að í svona tilfellum hefði samt meðalkostnaður orðið þarna undir. Ég tel ákaflega vafasamt að binda sig við svona reglu. Þarna verður að horfa gegnum fingur sér við framkvæmd, því að nú blasir við sú hætta, að slík einstök býli verði talin sérstaklega hér eftir og fái aldrei raforku frá samveitu. Ég held, að það sé alveg nauðsynlegt, að við frekari framkvæmdir á þessu sviði sé haft í huga að leiðrétta þetta.

Friðjón Þórðarson: Herra forseti. Ég vil aðeins lýsa því yfir, að ég fagna því gífurlega mikla átaki, sem unnið hefur verið í þessum málum á undanförnum árum og áratugum, og jafnframt þeim upplýsingum, sem hér hafa komið fram um, að áfram verði unnið að rafvæðingu allra býla eða a. m. k. athugaðir fyllstu möguleikar á því að rafvæða öll býli landsins, þannig að ekkert verði skilið eftir í myrkrinu.

Verkfallsréttur opinberra starfsmanna, fsp. (þskj. 52). — Ein umr.

Fyrirspyrjandi (Halldór Blöndal): Herra forseti. Í málefnasamningi ríkisstj. segir svo, með leyfi hæstv. forseta:

„Ríkisstj. vill, að opinberir starfsmenn fái fullan samningsrétt um kjör sín, enda hverfi þá öll sjálfvirk tengsl milli launasamninga þeirra og annars launafólks."

Síðan þetta var ritað 14. júlí 1971, hefur það gerst, að vísu 7 mánuðum síðar, að fjmrh. skipaði n. til þess að endurskoða gildandi lög um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins, um kjarasamninga opinberra starfsmanna og um verkfall opinberra starfsmanna. Eins og vænta mátti, vannst n. ekki tími til að ljúka þessu mikla verkefni, þessari heildarendurskoðun, nógu snemma, til þess að nýjum reglum yrði að öllu leyti við komið við gerð kjarasamninganna nú. Niðurstaðan varð svo sú, að lagt var fyrir Alþ. frv. til l. um kjarasamninga opinberra starfsmanna, sem varð að lögum hinn 14. apríl s. l. Eins og þau lög bera með sér, er þar hvergi vikið að því, að opinberum starfsmönnum eigi að veita fullan verkfallsrétt, og hefur það raunar valdið því, — og sá dráttur, sem orðið hefur á þessu máli, — að á opinberum vettvangi hafa af hálfu forustumanna opinberra starfsmanna komið fram getsakir um, að ekki sé samstaða um það innan ríkisstj., að opinberum starfsmönnum verði veittur verkfallsréttur og staðið við ákvæði stjórnarsáttmálans þar um. Ég vil minna á í þessu sambandi, að samtök opinberra starfsmanna telja verkfallsréttinn þýðingarmesta atriðið í sambandi við samningsréttinn, eins og margsinnis hefur verið ítrekað og m. a. kom fram í bréfi fulltrúa Bandalags starfsmanna ríkis og bæja og Bandalags háskólamanna til formanns samningsréttarnefndar 28. okt. 1972.

Ég vil enn fremur leyfa mér að minna á svo hljóðandi ályktun 29. þings BSRB, en þar segir svo, með leyfi hæstv. forseta:

„29. þing BSRB ítrekar fyrri ályktanir um fullan samningsrétt til handa samtökum opinberra starfsmanna. Þingið lítur á kjarasamningalögin, er samþ. voru á Alþ. s. l. vor, sem algera bráðabirgðalausn. Leggur þingið áherslu á, að störfum samningsréttarnefndar að heildarendurskoðun kjarasamningalaganna og laga um réttindi og skyldur opinberra starfsmanna verði hraðað. 29. þing BSRB skorar á ríkisstj. að standa við yfirlýsingu í stjórnarsáttmálanum

um fullan samningsrétt handa opinberum starfsmönnum og krefst þess, að sú yfirlýsing verði framkvæmd með lagasetningu á næsta Alþ. í samráði við BSRB.“

Samkv. framansögðu leyfi ég mér að bera upp svohljóðandi fsp. til fjmrh.:

„1. Hvað líður heildarendurskoðun laga um kjarasamninga opinberra starfsmanna?

2. Hefur fjmrh. í hyggju að leggja fram frv. um fullan samningsrétt og verkfallsrétt opinberra starfsmanna á þessu þingi?“

Fjmrh. (Halldór E Sigurðsson): Herra forseti. Á þskj. 52 eru fsp. þær, sem hv. 2. þm. Norðurl. e. gerði grein fyrir í framsöguræðu sinni. Sú fyrri er svo hljóðandi:

„Hvað líður heildarendurskoðun laga um kjarasamninga opinberra starfsmanna?“

Hinn 7. mars 1972 var skipuð n. til þess að endurskoða lög nr. 38 frá 1954, um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins, með síðari breytingum, lög nr. 55 1962, um kjarasamninga opinberra starfsmanna, með síðari breytingum, svo og lög nr. 33 1915, um verkfall opinberra starfsmanna. Í n. áttu sæti Benedikt Sigurjónsson hæstaréttardómari, sem var formaður, Arnmundur Bachmann lögfræðingur, Björgvin Vilmundarson bankastjóri, dr. Gunnar Thoroddsen prófessor, Ingólfur A. Þorkelsson kennari, Vilhjálmur Hjálmarsson alþm., Kristján Thorlacius deildarstjóri, er var tilnefndur af Bandalagi starfsmanna ríkis og bæja, Albert Kristinsson deildarstjóri, sem einnig var tilnefndur af Bandalagi starfsmanna ríkis og bæja, og dr. Ragnar Ingimarsson dósent, sem var tilnefndur af Bandalagi háskólamanna. Þá voru skipaðir sem varamenn í þessa n. Ingi Kristinsson skólastjóri frá Bandalagi starfsmanna ríkis og bæja og Þór Vilhjálmsson prófessor, sem var tilnefndur af Bandalagi háskólamanna. Varamenn þessir hafa tekið þátt í störfum n. Dr. Ragnar Ingimarsson hætti störfum í n., og í hans stað kom Hrafn Bragason borgardómari.

Nefndin hóf störf nokkru eftir að hún var skipuð, og á s. l. vori lagði svo fjmrh. fram frv. til l. um kjarasamninga opinberra starfsmanna, sem n. hafði samið. Voru þau lög síðan samþ. á Alþ. og eru nr. 46 1973, en í grg. fyrir því frv. sagði m. a. svo, með leyfi hæstv. forseta:

„N. hóf þegar störf og hefur haldið marga fundi. Kom í ljós, að skoðanir manna voru mjög skiptar um, hvernig skyldi haga heildarlausn þessara mála. Gildandi kjarasamningar renna út 31. des. 1973. Er kom fram á árið 1973, varð ljóst, að útilokað var að ljúka þeirri heildarendurskoðun, sem fyrirhuguð var, það snemma, að nýjum reglum yrði beitt um samninga þá, sem taka gildi 1. jan. 1974. Var horfið að því ráði að taka fram einn þátt málsins til bráðabirgða, lög um kjarasamninga opinberra starfsmanna, í því trausti, að breytingar á þeim lögum fengjust samþ. á því þingi, er nú situr (1972—1973), og unnt yrði að beita hinum nýju reglum við samningagerð þá, sem hefjast skal á þessu ári.“

Síðan lög nr. 46 1973, um kjarasamninga opinberra starfsmanna, voru samþ., hefur n. ekki mikið starfað að heildarendurskoðun, að því er ég best veit, og hún hefur ekki skilað neinu áliti. Hins vegar hefur formaður n., Benedikt Sigurjónsson hæstaréttardómari, unnið mikið starf að undirbúningi að heildarlöggjöf til þess að gera starf n. síðar auðveldara, m. a. þann þáttinn, sem fjallar um samningsrétt og réttindi og skyldur opinberra starfsmanna.

Síðari liður fsp. er svo hljóðandi:

„Hefur fjmrh. í hyggju að leggja fram frv. um fullan samningsrétt og verkfallsrétt opinberra starfsmanna á þessu þingi?“

Eins og fram kom í svari við fyrri fsp.-lið, hefur n. enn eigi skilað nýju áliti eða frv. um samningsrétt og verkfallsrétt opinberra starfsmanna. Komist n. að niðurstöðu um frv. um þessi efni fyrir lok yfirstandandi þings, mun ég leggja frv. fram, a. m. k. til kynningar, á þessu þingi, ef það verður þá tilbúið.

Að því er varðar efnislega afstöðu ríkisstj. til fulls samningsréttar opinberra starfsmanna, vil ég ítreka þau ákvæði stjórnarsáttmálans, sem um þessi efni fjallar, en þar segir svo m. a., með leyfi hæstv. forseta:

„Ríkisstj. vill, að opinberir starfsmenn fái fullan samningsrétt um kjör sín, enda hverfi þá öll sjálfvirk tengsl á milli launasamninga þeirra og annars launafólks.“

Þar er átt við endurskoðunarrétt samkv. 7. gr. kjarasamningalaganna.

Þá vil ég minna á, að ríkisstjórnin telur eðlilegt, að æviráðning sé tengd því, hvort opinberir starfsmenn fái verkfallsrétt eða ei. Ég vil enn fremur minna á það, að ýmis vandamál, er snúa að hinum almenna borgara, þarf að leysa í tengslum við það, að opinberir starfsmenn fái verkfallsrétt, t. d. vegna heilbrigðisþjónustu og öryggisgæslu.

Samningsréttur opinberra starfsmanna er að flestra mati mjög viðkvæmt mál. Slíku máli má ekki flaustra af. Mestu máli skiptir, að sá árangur, sem stefnt er að, náist, en ekki endilega í mánuðinum, sem löggjöfin tekur gildi í. Ég vona, að ríkisstj. beri gæfu til að leysa þetta mál á þann hátt, að það verði bæði opinberum starfsmönnum og þjóðfélaginu í heild til hagsbóta.

Frekar hef ég ekki um málið að segja.

Fyrirspyrjandi (Halldór Blöndal): Herra forseti. Ég vil þakka hæstv. fjmrh. þau skýru svör, sem hann gaf við þessari fsp. En eins og lesa mátti út úr ræðu hans, liggur fyrir í fyrsta lagi, að síðan samningsréttarlögin voru sett í apríl s. l., hefur ekki, svo að teljandi sé a. m. k., verið af hálfu n. unnið að áframhaldandi rannsókn þessa máls. En með því álít ég, að á vissan hátt séu svikin þau fyrirheit, sem hafa verið gefin opinberum starfsmönnum í þessu sambandi.

Í öðru lagi kemur það fram hjá hæstv. fjmrh., að innan ríkisstj. er ekki samstaða um að veita opinberum starfsmönnum þann rétt, sem þeim var heitið í málefnasamningi ríkisstj. Ólafs Jóhannessonar. Í samtökum opinberra starfsmanna hefur, svo langt sem ég veit, ævinlega verið litið á það sem sjálfsagðan rétt opinberra starfsmanna, að ekki sé gengið á rétt

þeirra í sambandi við launakjör og annað því um líkt, eins og verið hefur, og að þeir fái að hafa sömu aðstöðu og aðrir til þess að semja um laun sín og kjör. Það hefur komið fram, síðan þessi ríkisstj. tók við völdum, að opinberir starfsmenn þurfa á því að halda að hafa einhverja svipu á ríkisvaldið, þannig að ríkisvaldið verði þá viðmælandi og níðist ekki á þeim, eftir því sem því kann að detta í hug í það og það skiptið. Ég vek athygli á því, að í málefnasamningi ríkisstj. Ólafs Jóhannessonar, hæstv. forsrh., er talað um sjálfvirk tengsl á milli launasamninga opinberra starfsmanna og annars launafólks. Þótt svo sé að orði komist í málefnasamningnum, fer því víðs fjarri, að ríkisstj. hafi litið svo á í des. 1971, að um einhver sjálfvirk tengsl hafi verið þar að ræða, og hafnaði hún algerlega öllum kröfum opinberra starfsmanna um, að slíkt væri viðurkennt. 14. gr. kjarasamningal., málskotsgr. til kjaradóms, hefur reynst opinberum starfsmönnum afskaplega haldlítil vegna margs konar fyrirvara, sem felast í lögunum. Opinberir starfsmenn líta nánast svo á sem kjaradómur í þessu tilfelli sé algerlega gagnslaus.

Ég vil enn fremur vekja athygli á því, að opinberum starfsmönnum er nauðsynlegt að hafa betri aðstöðu, einhvers konar rétt til þess að knýja ríkisvaldið til viðræðna, t. d. í sambandi við vísitölumálið. En sá háttur hefur verið hafður á, að ekki hefur einu sinni verið rætt við opinbera starfsmenn um það, hvernig og hvort eigi að breyta vísitölugrundvellinum. Opinberum starfsmönnum er hins vegar ætlað að una kjörum sínum þannig, að þau breytist í samræmi við vísitöluna, þótt þeir eigi ekki að fá að fylgjast með því né hafa tillögurétt um það, hvernig vísitölugrundvellinum sé beitt. Til þess að gera ríkisstj. viðmælandi við opinbera starfsmenn í þessu efni þarf áreiðanlega á því að halda, að opinberir starfsmenn hafi verkfallsrétt eða eitthvað því um líkt.

Ég vil að lokum aðeins ítreka þakkir mínar til fjmrh. Það kom fram, eins og ég bjóst við raunar, að ríkisstj. er ekki reiðubúin til þess að veita opinberum starfsmönnum verkfallsrétt núna, þegar hún ætlar að semja við opinbera starfsmenn. Það má vera, að þeir menn, sem standa að þessu stjórnarsamstarfi, verði reiðubúnir til þess einhvern tíma síðar, þegar einhverjir aðrir eiga að semja við opinbera starfsmenn, að leggja til verkfallsréttinn, en þeir eru það ekki núna.

Ég sé, að hæstv. iðnrh. hlær. Það getur vel verið, að hann hafi nú þegar uppi á prjónunum ráðagerðir um að skjóta sér úr ríkisstj. og ætli þá að standa þar, sem ég stend nú, og bera fram einhverjar slíkar till. A. m. k. hefur það heyrst, að hann sé farinn að ókyrrast í stólnum. En hann kann vel við sig, eins og sést á því, að hann vill ekki sleppa völdunum, og það getur dregist, að hann standi upp.

Ég efast ekki um, að opinberir starfsmenn muni fylgjast vel með því og taka eftir því, hvað gerist í þessum málum, og skora á ríkisstj. að verða við þeim sjálfsögðu tilmælum og standa við sín fyrirheit um, að opinberir starfsmenn fái raunverulegan samningsrétt, þegar þeir semja innan sérgreinafélaganna á fyrri hluta næsta árs. En núna er tækifærið að sýna, hvað ríkisstj. vill gera í þessu efni. Samkv. kjarasamningal. eiga samningar að standa langt fram á næsta ár, svo að tíminn er nægur til þess að semja frv.

Fjmrh. (Halldór E. Sigurðsson): Herra forseti. Ég skal ekki fara að ræða við hv. þm. um hans kröfupólitík. Hitt held ég, að sá, sem ætlar sér að hafa við honum í þeim efnum, þurfi að fylgja nokkuð fast eftir, ef hann ætlar að standa honum jafnfætis, hvað þá komast fram fyrir. Ég vil aðeins taka fram, að ég tel, að það hafi ekkert komið fram í því, sem ég sagði hér áðan, sem gæfi tilefni til þess, að ekki væru menn ósammála innan ríkisstj. um þetta mál. Á það hefur ekkert reynt í þessum efnum. Ég tel það ekki heldur nein firn, þó að þessu máli hafi ekki skilað áfram nú, því að hvort tveggja var, að þegar þingi lauk, var farið að líða að vori, og síðan vori og sumri lauk hafa viðsemjendur og starfsmenn í þeirri n., sem vinnur að þessu máli, haft mörgum störfum að sinna, og er ekki eðlilegt, að þeir hafi getað lagt mikla vinnu í þetta verk. Hins vegar hefur formaðurinn lagt í það verulega vinnu, til þess að málið verði sem best undirbúið, þegar n. tekur til starfa af fullum krafti á nýjan leik.

Sjúkra- og iðjuþjálfun, fsp. (þskj. 66). — Ein umr.

Fyrirspyrjandi (Oddur Ólafsson): Herra forseti Á þskj. 66 hef ég leyft mér að flytja eftirfarandi fsp. til hæstv. menntmrh.:

„Hvað líður undirbúningi að námsbraut í sjúkraþjálfun við Háskóla Íslands?“

Sjúkraþjálfun er ört vaxandi starfsgrein innan heilbrigðisþjónustu og endurhæfingar. Þar kemur margt til, hækkandi tíðni slysa, hækkandi meðalaldur og vaxandi skilningur lækna á gildi sjúkraþjálfunar. Hver sæmilega búin heilbrigðisstofnun þarf á sjúkraþjálfara að halda, sömuleiðis elliheimili og dvalarheimili öryrkja. Við læknisfræðilega endurhæfingu eru þeir aðalstarfskraftur. Árum saman hefur heilbrigðisþjónusta okkar liðið vegna skorts á sjúkraþjálfurum, þrátt fyrir það að við höfum jafnan haft nokkra erlenda menn við störf. Þeim, sem sárast urðu fyrir barðinu á þessum skorti, var það snemma ljóst, að ekki mundi úr rætast, fyrr en þeir fengju skóla fyrir sjúkraþjálfara. Ákveðið var að leita eftir því við Háskóla Íslands, að stofnuð yrði námsbraut í sjúkraþjálfun við læknadeildina. Þetta var eðlilegt, þegar það er haft í huga, að flest undirstöðufög sjúkraþjálfunar eru kennd í læknadeildinni og þar eru því kennslukraftar og tæki fyrir hendi. Lengi höfðu menn áhyggjur af möguleikum á verklegri kennslu sjúkraþjálfara hér. Nú hefur þetta breyst. Fullkomnar endurhæfingarstöðvar, vel tækjum búnar, eru fyrir hendi, en vafalítið munu að vísu verða erfiðleikar með kennara, en þó ekki svo, að það afsaki þennan sífellda drátt á byrjunarstarfinu. Læknadeildin hefur ákveðið að

hefja kennslu í sjúkraþjálfun. Sérfræðingur frá Alþjóðaheilbrigðismálastofnuninni, sem kom hingað til athugunar á málinu, hefur lagt til, að skólinn komist á fót. Vonast var til þess, að kennsla gæti hafist nú í haust, en málið virðist sitja fast í menntmrn., og því spyr ég, hvað undirbúningi líði.

Menntmrh. (Magnús T. Ólafsson): Herra forseti. Á síðasta þingi bar hv. 3. þm. Reykn. fram fsp. varðandi horfur á því, að kennsla í sjúkraþjálfun yrði hafin við Háskóla Íslands haustið 1973. Í svari við fsp. var greint frá því, að menntmrn. undirbyggi skipun n. til þess að fjalla um menntunarmál sjúkraþjálfa og iðjuþjálfa. Hafði verið óskað tilnefningar fulltrúa í slíka n. af hálfu heilbr.- og trmrh., Háskóla Íslands, Félags ísl. sjúkraþjálfara og Læknafélags Íslands. N. var svo skipuð 3. júlí s. l., og eiga sæti í henni Þórður Einarsson stjórnarráðsfulltrúi, sem er formaður n., skipaður af menntmrn. án tilnefningar, Guðlaug Sigtryggsdóttir sjúkraþjálfi, tilnefnd af heilbr.- og trmrn., Hannes Blöndal prófessor, tilnefndur af læknadeild Háskóla Íslands, varamaður hans er Haukur Kristjánsson dósent, Haukur Þórðarson yfirlæknir, tilnefndur af Læknafélagi Íslands, og María Þorsteinsdóttir sjúkraþjálfi, tilnefnd af Félagi ísl. sjúkraþjálfara. Í skipunarbréfi er n. falið að athuga möguleika á, að stofnað verði hér á landi til menntunar sjúkraþjálfa og iðjuþjálfa, og hvernig slíku námi verði fyrir komið. N. hefur verið falið að hraða störfum eftir föngum.

Fyrirspyrjandi (Oddur Ólafsson): Herra forseti Ég þakka svör hæstv. menntmrh., en því miður virðist þetta mál vera mjög örðugt viðfangs. Eftir því sem ég best veit, hefur formaður n. hætt störfum og enginn verið skipaður í hans stað, og allt virðist standa fast. Ástandið er þó þannig, að þetta er margra ára gamalt mál, sem þolir varla miklu lengri bið. Hér vantar um 50—60 sjúkraþjálfara. Fjölgun á undanförnum árum er einn á ári, og þá sjáum við, hvílíkan tíma það mundi taka að fullnægja þörfinni. Hér bíða að jafnaði sjúklingar mánuðum saman eftir því að komast í sjúkraþjálfun, og þeir skipta ekki tugum, heldur jafnvel hundruðum, sem þyrftu á sjúkraþjálfun að halda, en geta ekki fengið hana vegna skorts á þessu starfsfólki. Við eigum í raun og veru nóg húsnæði og nóg tæki, og það er ekkert annað, sem vantar til að geta fullnægt þessari þörf, heldur en þessa starfskrafta. Það hefur reyndar verið nokkuð deilt um það, hvort við höfum gert rangt í því að setja þetta nám á háskólastig. Ýmsir telja, að málið hefði gengið fyrr fyrir sig, ef við hefðum tekið það ráð, sem margar aðrar þjóðir hafa gert, að hafa þetta innan sjúkrahúsanna og undir þeirra stjórn. Hins vegar er því ekki að leyna, að Norðurlöndin, Bandaríkin og Kanada ýmist hafa eða eru að setja þetta nám á háskólastig, og þess vegna þótti rétt að fara þessa leið. Enda er það svo, að undirstöðufög þessa náms eru fög, sem kennd eru í læknadeildinni. Kennarar eru því þar fyrir hendi, og tæki eru þar fyrir hendi, og hlýtur að vera að mestu skipulagsatriði að koma þessu á laggirnar.

Bygging læknisbústaðar á Hólmavík, fsp. (þskj. 52). — Ein umr.

Fyrirspyrjandi (Steingrímur Hermannsson): *Herra forseti.* Sumum hv. þm. kann að þykja undarlegt, að spurt skuli vera um það, hvað líði byggingu læknisbústaðar á Hólmavík, a. m. k. þeim hv. þm., sem minnast þess, að Alþ. hefur nú samþ. þrisvar sinnum fjárveitingu til þessa læknisbústaðar, *og e. t. v. eru einhverjir, sem* þykir þetta mál ekki það stórt, að þurfi að hreyfa því hér. Strandamenn eru hins vegar ekki sömu skoðunar. Þetta kemur m. a. fram í athugun, sem mþn. í byggðamálum hefur nýlega látið gera á byggðaröskun á Hólmavík *og nágrenni.* Þar var önnur eða þriðja hver fjölskylda spurð að því, hvað hún teldi alvarlegast í byggðamálum þar. 80% svöruðu, að læknismálin væru hin alvarlegustu, en þarna hefur annað slagið verið læknislaust upp á síðkastið, og er svo nú. Flogið er með lækni þangað norður annað slagið, en betur hefur ekki verið unnt að gera.

Á sama tíma og svo hefur verið ástatt, hefur ekki tekist að hrinda í framkvæmd byggingu læknisbústaðar þrátt fyrir ítrekaðar tilraunir, fyrst á sumrinu 1971, síðan 1972 og 1973, og enn situr við hið sama. Ekki hefur verið tekin ein einasta skóflustunga að þessum læknisbústað. Það er því satt að segja alls ekki að ástæðulausu, að þessu máli er hreyft hér, og ég hreyfi því ekki síst í þeirri von, að fjórða sumarið þurfi ekki að líða, án þess að þessi bústaður rísi. Spurningin er í þremur liðum:

„Hvað hefur tafið byggingu læknabústaðar á Hólmavík?

Hvenær má gera ráð fyrir því, að bygging hefjist og henni ljúki?

Hver verður hlutur ríkissjóðs í kostnaði við byggingu þessa læknisbústaðar?“

Síðasta spurningin á að sjálfsögðu rætur sínar að rekja til þeirrar staðreyndar, að ný heilbrigðislöggjöf mun koma til framkvæmda um næstu áramót, þar sem hlutur ríkissjóðs er aukinn, og má segja, að verið sé að grennslast eftir því, hvort þarna sannist hið fornkveðna, að „fátt sé svo með öllu illt, að ekki boði nokkuð gott“.

Heilbr.- og trmrh. (Magnús Kjartansson): Herra forseti. Hv. fyrirspyrjandi spyr fyrst, hvað tafið hafi byggingu læknisbústaðar á Hólmavík, og verð ég þá að rekja heldur óskemmtilega sögu.

Hólmavíkurlæknishérað samþykkti í *júlí* 1970 byggingu nýs læknisbústaðar. Meðmæli landlæknis fengust að þessari ákvörðun, og var leyfi rn. veitt hinn 5. ágúst 1970 til þess, að undirbúningur byggingarinnar hæfist. Ekkert fé var á fjárl. ársins 1970 til þessara framkvæmda. Í marsmánuði voru send til rn. gögn varðandi byggingu læknisbústaðarins, og framsendi rn. þau til Fjárlaga- og hagsýslustofnunar, sem fór yfir gögnin og samþykkti þau í maí 1971. Eftir það var unnið að næsta hluta framkvæmdarinnar, þ. e. a. s. áætlunargerð, og var því verki lokið sumarið 1971, og útboð fór fram á vegum framkvæmdadeildar Innkaupastofnunar ríkisins síðsumars. Aðeins eitt tilboð kom í þann byggingaráfanga, sem boðinn var út, og var tilboðið talið *mjög óhagstætt og* eindregið ráðið frá að taka því.

Í sambandi við umr., sem fóru fram á þessu stigi málsins, kom mjög ákveðið fram frá samstarfsnefnd um opinberar framkvæmdir, að fyrirhugaður bústaður væri allt of stór og yrði að gera ráðstafanir til að endurteikna bústaðinn og minnka hann. En ekkert var gert í málinu að sinni. Heimamenn óskuðu eindregið eftir að byggja bústaðinn eftir þeim teikningum, sem gerðar höfðu verið, en útboð var ekki reiknað að nýju, þar eð framkvæmdadeild Innkaupastofnunar ríkisins áleit, að slíkt væri tilgangslaust.

Miklar viðræður og bréfaskriftir fóru fram milli byggingarnefndar læknisbústaðar á Hólmavík og heilbrrn. annars vegar og Fjárlaga- og hagsýslustofnunar hins vegar haustið 1972, og leiddu þær viðræður til ákvörðunar fjmrh. og heilbrrh. um, að í framtíð skyldi miða hönnun læknisbústaða við, að þeir væru 200 fermetrar brúttó, þ.e.a.s. íbúð, bílskúr og geymslur, og að í læknisbústöðum skyldi ekki vera annað húsrými en það, sem fyrr er talið.

Að fenginni þessari ákvörðun skrifaði rn. formanni byggingarnefndar læknisbústaðar á Hólmavík 5. febr. á þessu ári og skýrði frá þessum ákvörðunum og óskaði eftir, að byggingarnefnd tæki málið upp að nýju og hefði samráð við arkitekt, sem teiknaði læknisbústaðinn, og óskaði eftir því, að nýjar teikningar yrðu gerðar þannig, að bústaðurinn yrði innan fyrrgreindra marka, og því hraðað og ný frumathugun send rn. Með bréfi formanns byggingarnefndar 13. mars á þessu ári tilkynnti byggingarnefndin, að hún hefði orðið sammála um að notfæra sér teikningar Húsnæðismálastofnunar ríkisins og byggja eftir þeim væntanlegan læknisbústað, og taldi, að með þessu móti mætti flýta undirbúningi verksins. Rn. sendi þessar till. byggingarnefndar inn sem frumathugun til Fjárlaga- og hagsýslustofnunar 23. mars í ár og mælti með því, að sú leið yrði farin, sem byggingarnefndin hafði ákveðið, og óskaði eftir staðfestingu hagsýslustofnunar á frumathuguninni. Með bréfi 5. apríl 1973 samþykkti Fjárlaga- og hagsýslustofnunin þessa ákvörðun og féllst á, að undirbúningi yrði haldið áfram á þeim grundvelli, sem hafði verið markaður. Þetta tilkynnti rn. formanni byggingarnefndar með bréfi 12. apríl á þessu ári og óskaði eftir, að byggingarnefndin legði fyrir rn. hið fyrsta fullnaðarteikningar ásamt kostnaðar- og greiðsluáætlun vegna þessara framkvæmda. Þessu síðasta bréfi rn. frá 12. apríl á þessu ári, þar sem óskað er eftir, að fullgengið verði frá teikningum, þannig að útboð geti farið fram, hefur byggingarnefndin ekki svarað, og þrátt fyrir eftirgrennslun liggur ekki ljóst fyrir nú, á hverju áframhaldandi undirbúningsvinna stendur. Það liggur hins vegar fyrir, að rn. hefur ekki fengið frá byggingarnefndinni gögn til þess að senda sem fullnaðargögn til Fjárlaga- og hagsýslustofnunar, þannig að til nýs útboðs hefur ekki komið, og án þessara gagna getur rn. ekki gert þetta.

Önnur spurning er um það, hvenær gera megi ráð fyrir, að bygging hefjist og henni ljúki. Með vísun til þess, sem nú hefur verið sagt, er ekki hægt að svara því, hvenær bygging hefjist eða hvenær henni ljúki. Rn. hafði sannarlega vonast til þess, að undirbúningi yrði lokið það snemma, að byggingin yrði boðin út á þessu sumri, og slíkt hefði að sjálfsögðu verið hægt, ef byggingarnefndin hefði getað lokið sínum verkefnum á s. l. vori og komið þeim á lokaundirbúningsstig.

Þriðja spurningin er sú, hver verði hlutur ríkissjóðs í kostnaði við byggingu þessa læknisbústaðar. Til þessa bústaðar hafa verið veittar úr ríkissjóði 3.2 millj. kr., þannig að heildarframlag ríkis og sveitarfélags ætti nú að nema 4.8 millj. kr. Af þeirri upphæð hafa verið greiddar um 200 þús. kr. vegna undirbúnings, svo að nú ætti að vera til framlag ríkis og sveitarfélags að upphæð um 4.6 millj. kr. Hefjist bygging bústaðar á næsta ári, tel ég, að gera verði ráð fyrir þessari upphæð sem sameiginlegu framlagi ríkis og sveitarfélags, en mismunur þess og heildarkostnaður verði síðan greiddur samkv. lögum sem taka gildi 1. jan. n.k., þ.e.a.s. að ríkið greiði 85%, en sveitarfélagið 15%

Fyrirspyrjandi (Steingrímur Hermannsson): Herra forseti. Ég vil þakka hæstv. ráðh. svör hans, sem voru skýr, eins langt og þau náðu. Ég held þó, að sagan sé ekki þar með öll sögð í raun og veru.

Hæstv. ráðh. vísaði iðulega til framkvæmdadeildar Innkaupastofnunar ríkisins. Er þar átt við deild, sem sett var upp samkv. l. um skipan opinberra framkvæmda frá 30. apríl 1970. Samkv. þeim l. eru sett mjög ströng ákvæði um allan undirbúning og framkvæmd opinberra framkvæmda. Þar eru sett í 4 framgangsliði, þ.e.a.s. frumathugun, áætlanagerð, verklegar framkvæmdir og skilamat.

Hér vinnst ekki tími til að rekja þann framgangsmáta, en í fáum orðum sagt er það þannig, að byggjandi sendir till. sínar til viðkomandi rn., það sendir þær til fjmrn., það til hagsýslunnar, hún til framkvæmdastjóra framkvæmdadeildar Innkaupastofnunar, og hann tekur þær til sérstakrar samstarfsnefndar. Á allri þessari leið tekst iðulega að finna ýmislegt að, og þá þarf að senda þetta til baka nokkurn veginn sömu leið.

Það er ekki að ástæðulausu, að einn manna í byggingarnefnd læknisbústaðar á Hólmavík sagði við mig nýlega, að hann væri uppgefinn og þyldi ekki meira. Þegar hann kæmist fram hjá einum spaðanum á þessari vindmyllu, þá lenti hann bara á þeim næsta. Mér hefur stundum hugkvæmst, að satt að segja væri algerlega óþarft fyrir okkur alþm. að vera að samþykkja 15% niðurskurð á fjárl. Ég held, að hann hljóti að fást og meira til með slíkum framgangsmáta.

Ég vil taka það skýrt fram, að ég er ekki að áfellast þá embættismenn, sem eiga hlut að máli. Þetta kerfi er svo flókið, að það er ekki á nokkurs manns færi að ráða fram úr því. Og öllum má a.m.k. vera ljóst, að fyrir þá, íbúa dreifbýlisins, sem eiga erfiðar samgöngur til þéttbýlisins og geta ekki setið dag eftir dag á biðstofum í Reykjavík, er þetta algerlega óframkvæmanlegt. Það er ekki síst þessi lærdómur, sem ég held að við eigum að draga af því máli, sem hér er til umr. Staðreyndin er sú, að þetta kerfi virkar eins og drápsklyfjar á allar framkvæmdir í dreifbýlinu, og því verður að fá breytt.

Ég lýsi nokkurri undrun minni yfir því, að það skuli standa á teikningum heimamanna eða frá

byggingarnefnd. Þessi síðasta teikning, sem var valin, er frá Húsnæðismálastofnun ríkisins, og eftir því sem ég best veit fylgdu með henni nokkrar teikningar, en hins vegar mun einhvers staðar í kerfinu þess hafa verið krafist, líklega hjá nefndinni, að verkið skyldi boðið út, og þá kom í ljós, að Húsnæðismálastofnunin átti ekki teikningar, til þess að unnt væri að bjóða út þessa byggingu. Og í því hefur verið staðið síðan, að því er ég best veit, að reyna að útvega slík gögn. Hins vegar vekur það athygli mína, að í 13. gr. laga um skipan opinberra framkvæmda segir svo, með leyfi hæstv. forseta:

„Ef tilboð eru óhæfilega há eða að öðru leyti ekki aðgengileg, skal verkinu ráðstafað á grundvelli fasts samningsverðs eða eftir reikningi."

Í þessu tilfelli hefur aldrei fengist hlustað á það, að þetta verk yrði unnið samkv. reikningi. Þó vita allir menn, að í þessu rúmlega 300 manna þorpi er alveg útilokað að bjóða verkið út. Það er alveg eins hægt að segja mönnum, að á Hólmavík verði enginn læknisbústaður byggður.

Og það veldur enn meiri gremju hlutaðeigandi í þessu máli, að í sumar valdi einn af ríkisbönkunum nákvæmlega þessa sömu teikningu fyrir sinn útibústjóra á Hólmavík. Og það var ekki vika liðin, þegar ágætir fagmenn á staðnum, sem bankinn veit að má treysta, höfðu fengið verkið í sínar hendur og framkvæmdir voru hafnar. Þarna er opinber stofnun, sem ekki þarf að búa undir kerfinu. En læknislaus smástaður úti á landi þarf að þola kerfið og vera læknislaus á meðan.

Þorv. Garðar Kristjánsson: Herra forseti. Ég vil taka undir hvert einasta orð, sem síðasti hv. ræðumaður sagði um það mál, sem hér er fjallað um. Öll meðferð þessa máls er óhæfa. Það er ekki tími fyrir mig að rekja það frekar, en ég vil aðeins geta þess, að ég hef hér í höndum útdrátt úr 16 fundargerðum samstarfsnefndar um opinberar framkvæmdir, þar sem rætt er um þetta mál. Það get ég sagt hv. þm., að þetta er fróðlegur lestur, og hann staðfestir allt, sem hv. 1. þm. Vestf. sagði um málið.

Ég vil aðeins leyfa mér í tilefni af því, sem hæstv. ráðh. sagði, hvernig málum væri komið, með leyfi forseta, að lesa upp nokkrar línur úr tveim síðustu fundargerðunum. Það er 30. mars 1972:

„Lagt fram bréf heilbrrn., dags 23. mars s. l., um byggingu læknisbústaðarins. Meðfylgjandi var bréf byggingarnefndar hússins ásamt nýjum teikningum, gerðum af teiknistofu Húsnæðimálastofnunar ríkisins. Brúttóflatarmál hússins með bílskúr var 200 fermetrar, en það er veruleg minnkun frá fyrri teikningu. N. samþykkti eftir atvikum teikninguna, en benti á að kostnaðar- og greiðsluáætlun vantaði."

Í fundargerð 25. maí 1973 segir:

„Skúli Guðmundsson greindi frá, að undirbúningi að teikningum væri mjög áfátt. Var Skúla falið að ýta á málið og aðstoða byggingarnefndina."

Þetta er lokaorðið. Það er alveg rétt, sem hv. 1. þm. Vestf. sagði, að þetta mál hefur allt kafnað í skriffinnsku og í kerfinu. En það er eitt, sem hv. þm. sagði ekki, að til þess að leysa þetta mál — og það hefði verið einfalt — hefði þurft einfalda pólitíska ákvörðun. Ég vænti þess, að hv. 1. þm. Vestf. standi með mér og öðrum þm. Vestf. um það að knýja fram pólitíska ákvörðun í þessu máli.

Vilhjálmur Hjálmarsson: Herra forseti. Ég vil aðeins koma á framfæri örlitið nánari upplýsingum um meðferð málsins.

Fyrsti fundurinn af þessum 16, þar sem hefur verið fjallað um þetta mál í n., var haldinn í apríl 1971 og sá síðasti í maí 1973, þannig að á 16 fundum í rúm 2 ár hefur verið fjallað um þetta mál í samstarfsnefndinni. Ég vil enn fremur láta það koma fram, að nálægt miðju þessa tímabils var samþ. sú teikning, sem heimamenn börðust fyrir, að tekin yrði gild, og ákveðið að bjóða út verkið samkv. henni. En þegar tilboðin voru nokkru hærri en samstarfsnefndin hugsaði sér, að eðlilegt væri, var leyfi fyrir þeim teikningum afturkallað og óskað eftir nýjum teikningum. Að lokum endaði þetta svo, eins og fram kom hjá hv. síðasta ræðumanni, með því, að einum nm. var á fundi í maí 1973 falið að aðstoða byggingarnefndina á Hólmavík. En þá virðist byggingarnefndin og þeir þar heima hafa verið orðnir svo dasaðir, að þeir hafa ekki hreyft legg eða lið síðan.

Ég vil bæta því við hv. þm. til athugunar, af því að verið er að tala um kerfið, að þeir kynni sér eyðublöð, sem gefin hafa verið út hjá Húsnæðismálastofnun ríkisins varðandi umsóknir um lán vegna leiguíbúða í kaupstöðum. Það eru skýrslur á 9 bls. með mjög mörgum línum og dálkum. Upplýsingar, sem óskað er eftir, eru hinar ótrúlegustu, m. a. um það, hvenær hugsað sé að rífa tiltekin hús! Eru eyðublöð þessi öll hin athyglisverðustu.

Sjómannastofur, fsp. (þskj. 34). — Ein umr.

Fyrirspyrjandi (Vilhjálmur Hjálmarsson): Herra forseti. Til skýringar á þessari fsp. minni vil ég segja þetta. Á fjárl. undanfarin ár hefur verið lítilsháttar fjárveiting til rekstrar sjómannastofa. Þessa fjárveitingu þyrfti vitanlega að hækka. En hvað sem því líður, tel ég skynsamlegt að setja löggjöf um skipulegan og aukinn stuðning hins opinbera við áhugafólk, sem starfar að þessum málum heima fyrir.

Á síðasta þingi flutti ég ásamt hv. þm. Karvel Pálmasyni og Geir Gunnarssyni till. til þál. um að fela hæstv. ríkisstj. að láta undirbúa löggjöf um þetta efni. Þessi till. var nokkuð seint á ferðinni og fékk ekki afgreiðslu.

Flm. till. rituðu þá bréf til hæstv. sjútvrh. og báðu hann að taka til athugunar, hvort ekki væri rétt að vinna að undirbúningi þessarar löggjafar, þótt till. hefði ekki náð fram að ganga.

Ég hef leyft mér að bera fram þessa fsp. núna til þess að minna á þetta mál að nýju og til þess að fá það upplýst hér á hv. Alþingi, hvort málið er nú í vinnslu hjá hæstv. ríkisstj.

Sjútvrh. (Lúðvík Jósepsson): Herra forseti. Svar mitt við þessari fsp. er, að það hefur verið skipuð

n. til þess að semja frv. til l. um rekstur sjómannastofa. Í þessari n. er fulltrúi frá sjútvrn. og frá félmrn., en raunverulega er það svo, að þessi mál falla undir félmrn., og auk þess eru svo fulltrúar frá Sjómannasambandinu og Farmannasambandinu í þessari n. Það hefur verið lagt fyrir n. að vinna að því að hraða málinu, þannig að unnt væri að leggja fram frv. á yfirstandandi þingi, ef þess væri nokkur kostur.

En sem sagt, n. hefur verið skipuð til að semja frv. um það, sem farið var fram á í þáltill., og það stendur yfir vinna í þessum efnum. Ég vænti, að hægt verði að leggja frv. fyrir þetta þing.

Fyrirspyrjandi (Vilhjálmur Hjálmarsson): Herra forseti. Ég vil leyfa mér að þakka hæstv. ráðh. fyrir svörin og fyrir það, að þetta mál hefur verið tekið til meðferðar á vegum ríkisstj. Ég leyfi mér að vona, að málið sjáist svo í frv.-formi á þessu þingi eða í byrjun þess næsta. Meginatriðið er þó auðvitað, að það er komið í gang, og svo hitt, að það er fengið til athugunar þeim mönnum, sem eru líklegir til að gera því góð skil. Ég vil aðeins láta það koma fram hér, að það er mín skoðun, að löggjöf um sjómannastofur eigi fyrst og fremst að byggjast þannig upp, að efldur verði stuðningur og hvatning frá hinu opinbera við áhugafólkið á hafnarstöðunum.

Hafnaáætlun, fsp. (þskj. 52). — Ein umr.

Fyrirspyrjandi (Steingrímur Hermannsson): Herra forseti. Ég vona, að ég sé ekki eini þm., sem farið er að lengja eftir hafnaáætlun. Þann tíma, sem ég hef setið á Alþ., sem er að vísu ekki langur, hef ég á hverju ári heyrt því fleygt, að nú ætti að fara að leggja fram hafnaáætlun og vinna skipulega að gerð hafna og taka upp svipaða vinnuhætti og tíðkast með vegáætlun, sem að mínu viti er til fyrirmyndar. Ég held, að við séum raunar allir sammála um, að þannig, á skipulegan hátt, ber að vinna að þessum mikilvægu málum.

Það er rétt, að fjármagn til hafnarframkvæmda hefur verið aukið verulega upp á síðkastið. En þó hygg ég, að staðreyndin sé sú, að þörfin hafi aukist enn hraðar. Þörfin hefur aukist m. a. vegna þess, að til landsins hafa komið stærri og stærri skip, fjöldinn allur af skuttogurum og öðrum stórum skipum, sem raunar er illkleift að veita aðstöðu við fjölmargar af mikilvægustu fiskihöfnum þessa lands. Dæmin eru alls staðar í kringum okkur. Af þessari ástæðu held ég, að það sé orðið enn meira aðkallandi en áður var að vinna skipulega að þessum málum og tengja framkvæmdir í hafnamálum kaupum á stórum skipum og eflingu fiskiskipaflotans, sem ég hef nefnt.

Með tilvísun til þessa þótti mér ástæða til þess að ýta nokkuð við þessu máli og hef leyft mér að gera það með því að leggja fram fsp. til hæstv. samgrh., sem hljóðar þannig:

„1. Hvenær má gera ráð fyrir því, að áætlun um framkvæmdir við hafnir landsins verði lögð fyrir Alþ.?

2. Hvað tefur gerð umræddrar áætlunar?“

Félmrh. (Björn Jónsson): Herra forseti. Ég get undirstrikað margt, sem hv. 1. þm. Vestf., fyrirspyrjandi, sagði um hafnamálin almennt. Hitt er kannski ekki alveg nákvæmt hjá honum, að á síðari árum hafi algerlega skort áætlanir um hafnarframkvæmdir, því að við höfum haft þær allt frá árinu 1968, en þá var gerð áætlun um hafnarframkvæmdir, sem átti að gilda frá því ári til 1972, að báðum árum meðtöldum. Ýmislegar ráðstafanir urðu til þess, að sú áætlun var ekki framkvæmd fullkomlega og ekki nándar nærri, en aðalástæðuna verður þó að telja, að með mjög versnandi hag þjóðarbúsins á árunum 1968 og '69 hafði þáv. ríkisstj. forgöngu um mjög mikinn samdrátt í öllum verklegum framkvæmdum. Þess vegna er það svo, að ennþá á því ári, sem nú er að líða, árinu 1973, hefur að verulegu leyti verið unnið eftir þessari gömlu fjögurra ára áætlun. Að sjálfsögðu hafa orðið ýmsar breytingar á viðhorfum, sem tekið hefur verið tillit til jafnóðum, utan þessarar áætlunar.

Á árinu 1972 hefði átt að leggja fram nýja áætlun fyrir tímabilið 1973-1976, en á sama tíma kom fram frv. að nýjum hafnalögum, sem hafði í för með sér verulegar breytingar á þátttöku ríkisins í kostnaði og nokkrar aðrar mjög þýðingarmiklar breytingar, ef að lögum hefði þá orðið, og sjálfsagt þótti að taka tillit til þess við nýja áætlunargerð. Var þess vegna frestað að setja fram áætlun fyrir tímabilið 1973-1976, en unnið var á Hafnamálastofnun ríkisins að öllum undirbúningi og öflun gagna í því sambandi. Hafnalagafrv. var ekki samþ. á því þingi, 1972, og var því fyrst á yfirstandandi ári, að það náði fram að ganga. Á grundvelli þeirra gagna, sem safnað hafði verið, og eldri áætlana, voru gerðar till. um fjárveitingar árið 1973, og hefur að mestu verið unnið samkv. þeim á yfirstandandi ári.

Eftir samþykkt hafnalaganna var tekið til óspilltra mála, vil ég segja, við gerð fjögurra ára áætlunar, og nær hin nýja áætlun yfir árin 1973, 1974, 1975 og 1976. Áætlun þessi verður ekki tilbúin í endanlegu formi nú fyrir gerð fjárl. fyrir árið 1974, en í öllum verulegum atriðum munu liggja fyrir helstu till, og helstu þarfir næstu ára. Verður við gerð fjárl. höfð hliðsjón af þeim drögum að áætlun, sem nú þegar liggja fyrir. Vonast er til, að áætlunin verði tilbúin að leggjast fyrir Alþ. seinni part vetrar í endanlegu formi og þá þannig, að fastáætlaðar verði framkvæmdir ársins 1974, en framkvæmdir áranna 1975 og 1976 verði e. t. v. lausari í reipum og teknar saman undir eitt. Er síðan gert ráð fyrir, að sú áætlun verði endurskoðuð fyrir fjárlagagerð fyrir árið 1975 og þá sundurliðuð til tveggja ára. Jafnframt verði aukið við áætlunina, þannig að árin 1977 og 1978 verði tekin með, og þannig haldið áfram endurskoðun á tveggja ára fresti.

Þá er spurt, hvað hafi tafið áætlanir. Væri þar sjálfsagt margt hægt að tína til, en ég vil segja, að meðal þeirra vandamála, sem þar hefur verið við að etja, hefur verið m. a. mannaflaskortur á hafnamálaskrifstofunni, sem nú hefur að nokkru leyti verið bætt úr og ég vona, að beri árangur. En kannski er ekki síst um það að ræða, að í raun og veru hefur ekki verið til nein fullkomlega samræmd byggðastefna. Hún hefur ekki verið fyrir

hendi og þar með ekki neinar fastar áætlanir um uppbyggingu eða verkaskiptingu byggðarlaga nema í pörtum.

Loks er svo þess að geta, að fjárveitingavaldið hefur skammtað framkvæmdahraðann, eins og ég kom að nokkru leyti inn á áður. Í samræmi við það, sem hv. fyrirspyrjandi sagði, hefur þeirri spurningu, hvað mikið þjóðarbúið geti lagt til hafnarframkvæmda, ekki verið svarað fullkomlega í samræmi við þarfirnar, eins og þær hafa verið. Allra síst nú á seinni árum, með tilkomu hins nýja flota, sem er að koma til landsins, hafa hafnarframkvæmdir verið nálægt því samstiga þeirri framför og þeirri byltingu, sem hefur orðið í útgerðinni. En sannleikurinn er sá, að Hafnamálastofnun ríkisins hefur nægar upplýsingar um þarfir hafnanna, en vegna þess, hve fjármagn hefur verði takmarkað, er oftast nær mjög erfitt verk, — og það veit ég, að þeir vita best, sem í fjvn. starfa, — að hraða framkvæmdum þannig, að allir uni sæmilega við, vegna þess að yfirleitt eru ekki óskir um annað en það, sem á nokkurn og venjulegast fullan rétt á sér.

Fyrirspyrjandi (Steingrímur Hermannsson): Herra forseti. Ég vil þakka hæstv. ráðh. greinargóð svör. Sérstaklega vil ég fagna því, að nú virðist kominn nokkur skriður á þessa áætlunargerð, jafnvel svo, að við fáum að sjá hana á þessu þingi. Ég veit, að hæstv. ráðh. er allur af vilja gerður *til þess, að svo megi verða, og ég treysti því,* að honum megi takast það. Ég geri mér grein fyrir því, að eitt sinn var lögð fram áætlun. Mér hafði hins vegar skilist, eins og reyndar kom fram hjá hæstv. ráðh., að eftir henni hefði lítið verið unnið. Ég leit því svo á, að hún hefði raunar aldrei komið til framkvæmda.

Eitt er það atriði, sem ég vil minnast á, sem gerir kröfur manna um landið um slíka áætlun háværari í dag en áður var. Það eru hin stóru lán, sem tekin hafa verið til hafnarframkvæmda á Suðurlandi. Ég er út af fyrir sig alls ekki að að áfellast þá lántöku, þótt ég geti ekki annað en tekið undir með manninum í sjónvarpinu í gærkvöld, sem taldi það furðulegt, ef þetta lán væri tekið vegna Vestmannaeyja, sem búa nú við einhverja bestu höfn á landinu. Eflaust hefur verið rík ástæða til þess að þiggja lánið. Þetta eru hagstæð lán, og þeim er varið til framkvæmda, sem við erum allir sammála um, að eru ákaflega mikilvægar. En hins vegar verður það eðlileg spurning við fiskihafnir um land allt, sem búa við gífurlega erfiðleika og þar sem ekki er síður borið á land stórkostlegt aflaverðmæti, hvenær röðin komi að þeim. Ég hygg því, að m. a. af þessari ástæðu, auk þess, sem ég hef áður nefnt um endurnýjun fiskiskipaflotans og þá aðstöðu, sem í því sambandi þarf að skapast, verði það ófrávíkjanleg krafa landsmanna við fiskihafnir landsins, að þeir fái að sjá, hvenær röðin komi að þeim.

Sameinað þing, 14. fundur.

Þriðjudaginn 6. nóv., að loknum 13. fundi.

Öll dagskrármálin voru tekin af dagskrá.

Efri deild, 13. fundur.

Miðvikudaginn 7. nóv., kl. 2 miðdegis.

Löndun á loðnu til bræðslu, frv. (þskj. 75). — 1. umr.

Sjútvrh. (Lúðvík Jósepsson): Herra forseti. Eins og kunnugt er, voru sett lög á s. l. ári um löndun á loðnu til bræðslu. Þar var ákveðið skipulag tekið upp á því, hvernig löndun á loðnu skyldi háttað á loðnuvertíðinni. En þau lög, sem þá voru sett, giltu aðeins í eitt ár, og verður því að setja ný l. fyrir næstu áramót, ef ætlunin er að halda áfram svipuðu skipulagi og haft var á loðnulöndun til bræðslu á síðustu loðnuvertíð. Það var alltaf gert ráð fyrir því, að það skipulag, sem ákveðið var með lögum á síðasta þingi, yrði til reynslu og síðan yrðu lögin tekin til endurskoðunar og reynt að draga ályktanir af reynslunni og gera þá breytingar, eftir því sem þörf þætti vera á.

Í rauninni er það svo með þetta fyrirkomulag, að það byggist fyrst og fremst á samstarfi þeirra aðila, sem hér eiga mestan hlut að, þeirra, sem veiða og selja loðnuna til bræðslu, og hinna, sem kaupa. En síðan hafa einnig verið menn frá sjútvrn. í þeirri nefnd, sem með skipulagninguna á þessu máli hefur haft að gera.

Nú er lagt fram frv., sem samið er af þeim aðilum, sem höfðu með framkvæmdina að gera, eða þeim aðilum, sem hér áttu mestra hagsmuna að gæta og höfðu allan tímann náið samstarf sín á milli um framkv. í þessum efnum. Það var haft samráð við þá á ný og skipuð sérstök 5 manna n. til þess að endurskoða l. og semja nýtt frv. Það frv., sem hér liggur fyrir, er sem sagt samið af þessari samstarfsnefnd aðila, og það er flutt hér eins og það kom frá þessari nefnd.

Það má segja, að í þessu frv. sé ekki gert ráð *fyrir miklum efnisbreytingum frá því skipulagi,* sem ákveðið var á síðustu vertíð og ég hygg, að flestir eða allir viðurkenni, að hafi skilað góðum árangri, þegar litið er á heildina. Þó er hér um nokkur atriði að ræða, eins og segir í grg. frv.

Fellt er niður úr 2. gr. l. ákvæði, sem sett hafði verið inn af þinginu, þegar lögin voru sett um þetta efni, og atriðið, sem fellt er niður, hljóðar þannig: „Eigi er heimilt að stöðva löndun í verksmiðju, meðan móttökuskilyrði eru fyrir hendi.“ Það var álit manna, þegar löggjöf var sett um þetta efni, að rétt væri að taka af allan vafa um það, að löndun í verksmiðju væri heimil, ef fyrir hendi væru tvímælalaus skilyrði til þess að taka við loðnunni, sem sagt, að vald n. næði ekki svo langt, að hún gæti ákveðið stöðvun á móttöku, þar sem móttökuskilyrði væru fyrir hendi. Nú virðist það vera till. þessara aðila, að þessar hömlur, sem var að finna í l. verði felldar niður, þannig að n. fái einnig vald til þess að stöðva löndun, þó að svo standi á, að móttökuskilyrði séu fyrir hendi á viðkomandi stað. Vænti ég, að sú n., sem fær málið til athugunar, athugi þetta gaumgæfilega. Ég fyrir mitt leyti dreg í efa, að svona langt eigi að ganga í skipulagningunni, að þetta vald eigi að nota. Þó kann það að vera í einstökum tilfellum, að það geti verið réttlætanlegt, að n. hafi þetta vald. En hér er samt sem áður verið að gera ráð fyrir valdbeitingu, sem að mínum dómi er fremur hæpin.

Þá segir einnig í grg. frá þessari n., að í þessu frv. sé gert ráð fyrir skýrari ákvæðum en í gildandi l. um ýmis framkvæmdaatriði og einnig varðandi sektarákvæði eða refsiákvæði, þegar um brot á l. er að ræða. Það tel ég fyrir mitt leyti allt vera til bóta og er því út af fyrir sig samþykkur.

Ég held, að það hafi sýnt sig á síðustu loðnuvertíð, að það skipulag, sem ákveðið var þá, hafi gefist mjög vel, hafi hreinlega orðið til þess, að veiðiflotinn nýttist betur en ella hefði orðið, og bæði útgerðarmenn og sjómenn hafi verið ánægðir, þegar á heildina er litið, með framkvæmdina á l. Ég held líka, að það sé samdóma álit verksmiðjueigenda, að hér hafi vel tekist til, þó að nokkrir árekstrar hafi að sjálfsögðu orðið, en ég held, að þetta sé almennt viðurkennt. Það er mín skoðun, að það sé brýn þörf á því að fá löggjöf um þetta atriði fyrir næstu áramót. Ég legg því áherslu á, að þetta frv. geti fengið greiða afgreiðslu, og vona, að svo geti orðið.

Herra forseti. Ég sé ekki ástæðu til að ræða hér málið frekar á þessu stigi, en legg til, að að lokinni þessari umr. verði frv. vísað til sjútvn. til fyrirgreiðslu.

Oddur Ólafsson: Herra forseti. Ekki er vafi á því, að l. þau, sem sett voru á þinginu í fyrra, urðu til þess að auka nýtingu loðnuflotans og bæta afkomu margra loðnuverksmiðja. Í umr. um það mál gat ég þess, að það væri ástæða til að rannsaka, hvort ekki væri hægt að auka nýtingu flotans í enn ríkari mæli með því að greiða fyrir loðnuflutningum með bifreiðum, þegar loðnan væri komin vestur með landi. Um það bil sem loðnan er komin það vestarlega, að þrengjast fer í Vestmannaeyjum og Þorlákshöfn, eru næstu möguleikar að sigla með loðnuna fyrir Reykjanes, þar eð bræðsluskilyrði eru mjög lítil í Grindavík, og þarna er um langa og erfiða sjóferð að ræða, sem tekur langan tíma. Aftur á móti er kostnaðarauki við flutninga með stórum vöruflutningabifreiðum frá Þorlákshöfn til Faxaflóahafnanna alls ekki geigvænlegur, og þess vegna eru það tilmæli mín til hæstv. sjútvn., að hún athugi gaumgæfilega, hvort ekki væri rétt að setja það ákvæði inn, að heimilað væri að greiða niður flutninga með bifreiðum. En þar sem svo er, að verð á loðnu er bundið við löndunarhöfn, yrðu líklega að koma til ákvæði um þetta atriði og taka það með í verðákvörðun. Ég held, að hér gæti verið um aukna nýtingu fiskskipaflotans að ræða, ef loðnan heldur sig lengi og í stórum mæli á þessum slóðum, kringum Vestmannaeyjar og þar fyrir vestan, og enn fremur, ef bræðslurnar hér við sunnanverðan Faxaflóa gætu hafið vinnslu, þótt ekki væri nema nokkrum dögum eða viku fyrr en ella, þá mundi nýting á allan hátt verða betri, þannig að hér sé mál, sem vert sé að athuga.

Að öðru leyti vil ég segja það, að ég tel, að þessi l. hafi reynst mjög nauðsynleg og mjög heppileg. Annað mál er það, hvort með þeirri breytingu, sem sett var inn á Alþingi og nú á að taka til baka, hafi ekki verið heldur hart í sakirnar farið, og verður það vafalaust rannsakað frekar af hv. sjútvn.

Sjútvrh. (Lúðvík Jósepsson): Herra forseti. Ég vil aðeins í tilefni af þeim athugasemdum, sem hér koma fram, taka undir það, að sjútvn. deildarinnar, sem fær málið til athugunar, íhugi það, hvort ekki geti komið til mála að greiða einnig styrki úr flutningasjóði, þegar um landflutninga er að ræða, því að vissulega getur staðið svo á, að slíkir flutningar gætu greitt verulega fyrir. En mér er ljóst, að hér er líka um nokkurt viðkvæmnismál að ræða, því að loðnuflutningasjóður er byggður upp þannig, að tiltekið verð er raunverulega tekið bæði af þeim, sem selja loðnuna, þ. e. a. s. skipum og sjómönnum, og einnig af hinum, sem kaupa hana, og lagt í þennan sjóð, og þá hefur í aðalatriðum verið gengið út frá því, að þetta fé rynni til þessara aðila aftur í formi aukinna flutningastyrkja til skipanna. En hér er um slíkt hagsmunamál þessara aðila að ræða, að mestu máli skiptir þó að greiða fyrir veiðimöguleikum skipanna og ekki sé verið að knýja þau til þess að vera að fara lengri leið hverju sinni en þörf er á, heldur að koma verðmætinu til skila með sem bestum hætti. Ég tek undir það, að þetta verði athugað, en að sjálfsögðu verður að taka ákvarðanir um þetta í nánu samráði við þá, sem hér eiga nánanstan hlut að.

ATKVGR.

Frv vísað til 2. umr. með 11 shlj. atkv. og til sjútvn með 11 shlj. atkv.

Almenn hegningarlög, frv. (þskj. 79). — 1. umr.

Forsrh. (Ólafur Jóhannesson): Herra forseti. Frv., sem hér liggur til umr., fjallar um vernd manna gegn því, að veist sé að þeim á opinberum vettvangi vegna þjóðernis þeirra, litarháttar, kynþáttar eða trúarbragða. Tilefni þess, að lagt er til, að sett verði sérákvæði í almennum hegningarlögum um þetta efni, er það, að Ísland hefur gerst aðili að samningi Sameinuðu þjóðanna frá 21. des. 1965 um útrýmingu alls kynþáttamisréttis. Samningur þessi var fullgiltur af Íslands hálfu 13. mars 1967, en hann tók gildi 4. jan. 1969. Vegna aðildar Íslands að samningnum var hegningarlaganefnd svokallaðri falið að gera könnun á, hverra breytinga væri þörf á íslenskum refsilögum, og er frv., sem hér liggur fyrir, árangur af þeirri athugun.

Samkv. 4. gr. áðurnefnds samnings skuldbindur aðildarríkið sig til þess að lýsa refsiverða hvers konar starfsemi, sem útbreiðir skoðanir um yfirburði eins kynþáttar yfir öðrum, svo og starfsemi, sem hvetur til kynþáttamismunar eða til ofbeldisverka gagnvart kynþætti eða tilteknum hópi manna vegna litarháttar eða þjóðernis. Þetta lagafrv. er fram borið til að fullnægja þessari samningsskyldu, og er ekki talið, að þörf sé frekari lagasetningar vegna aðildar að samningnum. Samkv. frv.-textanum varðar einungis háttsemi, sem beinist að hópi manna, refsingu, en ummæli, myndagerð eða því um líkt, sem beint er að einstaklingi, varðar við ákvæðið, ef með því er gefið til kynna háð, smánun eða rógur um ákveðinn hóp eða flokk manna. Til brota gagnvart einstaklingum tekur þetta út af fyrir sig ekki, nema þá einstaklingurinn væri skoðaður sem tákn hóps eða

fjölda, en eftir atvikum gæti auðvitað þvílík brot sem þessi gegn einstaklingum varðað við ákvæði um ærumeiðingar eða um röskun einkalífs.

Sem betur fer, hefur ekki hér á landi verið mikið um háttsemi, sem undir þetta lagaboð mundi falla. Samt sem áður er, eins og þegar hefur verið tekið fram, talið rétt og sjálfsagt að breyta hegningarlögunum svo sem skylt er í samræmi við þennan samning, sem við höfum gerst aðilar að.

Einnig er þess að geta, að tekið er upp í þennan frv.-texta, sem er efnislega ein gr., ákvæði, sem ekki snertir þann samning, sem hér hefur verið nefndur.

Í norrænum refsilögum hafa um nokkurt skeið verið refsiákvæði um atlögur að hópi manna vegna trúarbragða. Slíkt ákvæði hefur skort í íslensk hegningarlög. Hefur því þótt ástæða til að fella inn í frv.-textann „atlögur vegna trúarbragða".

Ég sé, herra forseti, ekki ástæðu til að hafa fleiri orð um þetta í sjálfu sér litla frv., sem hér liggur fyrir, og til þess er þeim mun minni ástæða frá minni hendi, þar sem frv. fylgir mjög ítarleg greinargerð. Sú greinargerð, sem hefur verið prentuð með frv., er þó ekki nema hluti af þeirri greinargerð, sem fylgdi frv. frá hegningalaganefndinni, og var það af hagkvæmisástæðum, að ekki var lagt í að prenta hana í heild. En nefnd sú, sem frv. fær til athugunar, getur að sjálfsögðu fengið þá greinargerð frá rn.

Ég leyfi mér svo að óska þess, að frv. verði vísað til 2. umr. og hv. allshn.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 14 shlj. atkv. og til allshn. með 14 shlj. atkv.

Neðri deild, 16. fundur.

Miðvikudagur 7. nóv., kl. 2 síðdegis.

Varamaður tekur þingsæti.

Forseti (Gils Guðmundsson): Mér hefur borist svo hljóðandi bréf:

„Þar sem ég er á förum til útlanda í opinberum erindum og mun því ekki geta sótt þingfundi á næstunni, leyfi ég mér að biðja um fjarvistarleyfi og með skírskotun til 138. gr. l. um kosningar til Alþingis að óska þess, að 1. varamaður Framsfl. í Norðurl. e., Ingi Tryggvason bóndi á Kárhóli, taki sæti á Alþ. í fjarveru minni.

Jónas Jónsson,
4. þm. Norðurl. e."

Ingi Tryggvason hefur áður tekið sæti á þingi á þessu kjörtímabili, og þarf því ekki að rannsaka kjörbréf hans. Býð ég hann velkominn til starfa.

Öll dagskrármálin voru tekin af dagskrá.

Neðri deild, 17. fundur.

Miðvikudagurinn 7. nóv., að loknum 16. fundi.

Háskóli Íslands, frv. (þskj. 78, n. 89). — 2. umr.

Of skammt var liðið frá útbýtingu nál. — Afbrigði samþ. með 25 shlj. atkv.

Frsm. (Svava Jakobsdóttir): Herra forseti. Svo sem fram kemur í nál. á þskj. 89, er menntmn. sammála um að mæla með því, að frv. verði samþ. óbreytt. Einn nm., hv. 9. landsk. þm., var fjarverandi, þegar málið var afgreitt.

ATKVGR.

1. gr. samþ. með 26 shlj. atkv.
2. gr. samþ. með 25 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 22 shlj. atkv.

Neðri deild, 18. fundur.

Miðvikudaginn 7. nóv., að loknum 17. fundi.

Háskóli Íslands, frv. (þskj. 78). — 3. umr.

Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði samþ. með 27 shlj. atkv.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 25 shlj. atkv. og afgr. til Ed.

Húsnæðismálastofnun ríkisins, frv. (þskj. 55). — 1. umr.

Flm. (Stefán Valgeirsson): Herra forseti. Á þskj. 55 höfum við þrír þm. leyft okkur að flytja frv. Meðflm. mínir eru þeir hv. þm. Jónas Jónsson og Ágúst Þorvaldsson. 1. gr. frv. er þannig:

„29. gr. laganna orðist svo:

Íbúðir, sem byggðar eru í því skyni að útrýma heilsuspillandi íbúðum, skulu geta notið lána samkv. l. um Stofnlánadeild landbúnaðarins og II. kafla þessara laga."

Ástæðan fyrir því, að þetta frv. er nú flutt, er úrskurður, sem félmrn. gaf hinn 8. maí s. l., en úrskurðurinn er þannig, með leyfi forseta:

„Með bréfi, dags. 16. þ. m., hefur stofnunin leitað umsagnar rn. um það, hvort unnt sé að veita C-lán til útrýmingar heilsuspillandi íbúða í sveitum, samkv. V. kafla l. nr. 30 frá 12. maí 1970. Rn. er ekki kunnugt um, að fé, sem varið hefur verið til útrýmingar heilsuspillandi íbúða, hafi nokkurn tíma verið veitt til íbúðabygginga í sveitum. Í raun og veru sýnist það heldur ekki samrýmanlegt sumum ákvæðum laganna. Í 29.

gr. l. segir t. d., að íbúðir, sem byggðar eru í því skyni að útrýma heilsuspillandi íbúðum, skuli geta notið lána samkv. II. kafla l. Í upphafi þess kafla segir hins vegar, að hlutverk Byggingarsjóðs ríkisins skuli vera að annast lánveitingar til íbúðabygginga annarra en þeirra, sem Stofnlánadeild landbúnaðarins lánar fé til, sbr. 4. gr. l. Samkv. þessu virðist skorta lagaheimild til þess að verja fé samkv. V. kafla l. nr. 30 frá 1970 til útrýmingar heilsuspillandi íbúðum í sveitum."

Ég held, að þessi lög um útrýmingu heilsuspillandi íbúða séu frá árinu 1955, og munu hafa liðið um 15 ár, þangað til fyrst var farið að spyrja um það frá hreppsnefnd sveitahrepps, hvort kæmi til greina að fá fé til þess að útrýma heilsuspillandi íbúðum í sveitum. Og það mun ekki hafa verið lögð fram formleg umsókn um þetta fyrr en á síðasta ári. Þess vegna hefur ekki reynt á það fyrr en nú, hvort þetta yrði veitt. En samkv. þessum úrskurði, eins og ég hef þegar lesið, er það álit þeirra, sem hafa gefið hann út, að það samrýmist ekki lögum að veita slík lán til útrýmingar heilsuspillandi íbúða í sveitum. Það er auðvitað fráleitt, að menn eigi að gjalda búsetu sinnar á þennan hátt. Af þeim ástæðum er þetta frv. flutt. Ég tel, eins og kemur fram í grg., að það sé alls ekki í anda laganna að mismuna mönnum á þennan hátt, hvernig sem stendur á því, að t. d. 29. gr. er orðuð þannig, að félmrn. telur sig til knúið að gefa út slíkan úrskurð.

Ég geri ekki ráð fyrir, að það verði neinar deilur um þetta mál hér í hv. d., vegna þess að þetta er réttlætismál og sjálfsagt mál. Ég orðlengi þetta því ekki, en legg til, herra forseti, að að lokinni þessari umr. verði málinu vísað til 2. umr. og hv. félmn.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 25 shlj. atkv. og til félmn. með 25 shlj. atkv.

Happdrættislán ríkissjóðs til að fullgera Djúpveg, frv. (þskj. 73). — 1. umr.

Flm. (Hannibal Valdimarsson): Herra forseti. Ég hef leyft mér að flytja frv. til l. um happdrættislán ríkissjóðs til þess að fullgera Djúpveg og opna þannig hringveg um Vestfirði. Meðflm. mínir að þessu frv. eru hv. 7. landsk. þm., Karvel Pálmason, og hv. 2. þm. Vestf., Matthías Bjarnason, en málið er flutt í fullu samráði við aðra þm. Vestf., sem sæti eiga í hv. Ed., og má því raunar segja, að þeir standi einnig að flutningi frv., þ. e. a. s. um það standa allir Vestfjarðaþm.

Það er sennilega komið á annan áratug síðan farið var að vinna að svökölluðum Djúpvegi, þ. e. a. s. að tengja saman akvegi um sunnanvert Ísafjarðardjúp, um byggðirnar þar. En fjárveitingar hafa verið smáar og verkið hefur sóst seint, svo að sumir Vestfirðingar hafa verið að tala um þessa vegagerð eins og Reykvíkingar um Miklubrautarframkvæmdirnar, að þetta mundi verða í tölu eilífðarmálanna. En á seinustu tveimur árum hafa fjárveitingar verið nokkru meiri en áður, 25 millj. kr. hvort árið um sig, og standa framkvæmdir þannig, — þær hafa sóst vel tvö s. l. ár með fullkomnum tækjum og nokkru hærri fjárveitingum en áður, — núna í haust, þegar vinnu var lokið við Djúpveg, var talið, að um 105 millj. kr. þyrfti til þess að ljúka þessari vegagerð og tengja saman enda Djúpvegar, en þar er nú unnið í Skötufirði og Hestfirði. Á vegáætluninni er hins vegar á tveimur árum varið 50 millj. kr. til verksins, og má því segja, að miðað við verðlag í ár vanti 55 millj. kr. til þess að geta lokið þessari vegagerð. Má því búast við, að við notkun framkvæmdafjárins á næsta ári sé fjárvöntunin ekki minni en 60 millj. kr. Og við þá upphæð miðum við í frv. Við viljum sem sé, að rekinn sé endahnútur á þessa vegagerð með því móti, að ríkissjóður gefi út til sölu innanlands happdrættisskuldabréf, sem nemi samtals 60 millj. kr, og verði þessi happdrættisskuldabréf gefin út fyrir marslok á næsta ári, 1974.

Öll lánskjör eru nákvæmlega shlj. ákvæðum í l. um vega- og brúagerð á Skeiðarársandi, og þarf ég ekki að fara nánar út í það. En við gerum ekki kröfu til þess, að þessi fjáröflunaraðferð sé talin frumleg. Hins vegar má segja, að þegar Jónas Pétursson, fyrrv. alþm., kom fyrst fram með hugmynd á þessa lund, um fjáröflun til þess að ljúka hringvegi um landið, þá var það snjöll hugmynd, og hún var gripin á lofti og þingið lögfesti hana, og það fé, sem heimilað var að afla með þessum hætti, sölu slíkra skuldabréfa, hefur gefist vel og þokað þeirri framkvæmd langt fram á við. Er nú sýnilegt, að hringveginum um landið verður lokið á næsta sumri, næsta vori sennilega.

En við Vestfirðingar teljum ekki lokið hringvegi um landið, ef sá hringur liggur á bak við Vestfjarðakjálkann, en hann er þó hluti af Íslandi, því má ekki gleyma. Við teljum, að hringvegurinn um landið sé ekki kominn að fullu, fyrr en lykkjan hefur verið lögð um byggðir Vestfjarða og þar sé kominn hringvegur í tengslum við hinn hringinn um meginhluta landsins. Það voru lengi vonir Vestfirðinga, að gerð þessara vega lyki samtímis, það sæi fyrir endann á vegagerð í Djúpvegi um líkt leyti og lokið væri hringveginum. En þær vonir eru nú nálega brostnar, jafnvel þó að fjár sé aflað til rösklegrar framkvæmdar á lokasprettinum. Samt sem áður er ekki útilokað, að hægt verði að taka þennan veg í notkun á næsta ári, síðsumars, ef fjár væri aflað. Að öðrum kosti kæmi til með að vanta a. m. k. 60 millj. kr. til þess að fullgera hringveginn um Vestfirði, Djúpveginn.

Það er vitanlega erfitt við að búa í öllum byggðarlögum að vera ekki í akvegasambandi. En þannig standa sakir með hluta Ögurhrepps og Reykjarfjarðarhrepps, að enn þá getur ekki heitið, að þeir séu í sambandi við akvegakerfi landsins, fyrr en endar Djúpvegar hafa náð saman. En meginþýðingu hefur þessi vegur að sjálfsögðu fyrir Ísafjarðarkaupstað annars vegar, sem þarf að vera í beinu akvegasambandi við sitt viðskiptasvæði, byggðirnar við Ísafjarðardjúp, og á sama hátt þurfa Djúpmenn að vera í beinu

akvegasambandi við aðalviðskiptamiðstöð sína, Ísafjarðarkaupstað. Auk þess hefur þessi vegagerð mjög mikla almenna þýðingu þannig að tengja saman Vestfjarðahringveg og hringveginn um landið að öðru leyti.

Ég tel það ekki draumórakennt að hugsa sér þessa fjáröflunarleið, þegar um það er að ræða að ljúka merkum áfanga í vegagerð og þegar um það er einnig að ræða, að ekki er farið fram á hærri upphæð en svo, að hugsanlegt er, að brennandi áhugi Vestfirðinga fyrir þessu máli endist til þess að afla þessara tuga millj., sem þarna er farið fram á. Ef farið er fram á mörg hundruð millj. fjáröflun með slíkum hætti, fer ég að efast um, að það sé raunhæft, en ég tel þetta innan marka hins raunhæfa. Að vísu vona ég, að það verði margir fleiri en Vestfirðingar, sem hafi áhuga á því, að Djúpvegi ljúki og hringvegur myndist þannig um Vestfirði, og styðji þannig að málinu, a. m. k. út frá því, að þarna er um að ræða góða ávöxtun fjár, sem hefur vakið almennan áhuga landsmanna varðandi sölu bréfanna um brúagerð og vegagerð á Skeiðarársandi.

Ég þarf ekki að hafa fleiri orð um málið. Frv. er að efni til byggt upp á nákvæmlega sama hátt og lög um happdrættislán vegna vegagerðar og brúagerðar á Skeiðarársandi og gefur sömu möguleika þeim, sem fjármunum verja til að kaupa þessi bréf. Og það er verið að leysa lokaáfanga í merkum þætti samgöngumála Vestfirðinga. Fyrst og fremst vænti ég þess, að áhugi Vestfirðinga segi til sín um það að afla fjár með þessum hætti, svo að hinn langþráði draumur þeirra um Djúpveg nái fram að ganga, jafnvel á næsta ári.

Ég legg til, herra forseti, að frv. verði að lokinni þessari umr. vísað til 2. umr. og hv. samgn.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 24 shlj. atkv. og til samgn. með 25 shlj. atkv.

Efri deild, 14. fundur.

Miðvikudaginn 7. nóv., að loknum 13. fundi.

Háskóli Íslands, frv. (þskj. 78). — 1. umr.

Of skammt var liðið frá 3. umr. í Nd. — Afbrigði samþ. með 14. shlj. atkv.

Menntmrh. (Magnús T. Ólafsson): Herra forseti. Svo hefur skipast í Háskóla Íslands, að rektor hefur látið af störfum og þarf að kjósa nýjan með skömmum fyrirvara. Þegar stúdentar eða fulltrúar þeirra fengu aðild að rektorskjöri á árinu 1969, voru ákvæði sett um tiltekna tölu fulltrúa stúdenta, sem kosningarrétt hefðu við rektorskjör. Hins vegar eru, eins og kunnugt er, ákvæði um kosningarrétt kennara við Háskólann almenn. Kosningarrétt hafa prófessorar og aðrir, sem fastráðnir eru til fulls kennslustarfs. Vegna mikillar fjölgunar í Háskólanum, jöfnum höndum nemenda og kennara, hefur kjörmannahópurinn, sem kennarar skipa, stækkað mjög síðan 1969. Þetta veldur því, að hlutdeild stúdenta í rektorskjöri að óbreyttum lögum, mundi rýrna úr 16%, eins og hún var miðað við 1969, niður í 10%, eins og nú er.

Þetta mál hafa stúdentar tekið upp innan Háskólans, og út af þeim málatilbúnaði hefur háskólaráð gert samþykkt, þar sem lagt er til, að l. um Háskóla Íslands sé breytt á þann veg, sem til er tekið í 1. gr. frv. á þskj. 78. Breytingin er sú og sú ein, að þar sem fulltrúar stúdenta, sem nú hafa rétt til að taka þátt í rektorskjöri, eru fulltrúarnir tveir, er sæti eiga á háskólaráðsfundum, og annar af tveim fulltrúum stúdenta á deildarráðafundum og formaður stúdentaráðs, er gert ráð fyrir að fjölga í stúdentahópnum, sem þátt tekur í rektorskjöri, þannig, að kosningarrétt hafi báðir fulltrúarnir á deildarráðafundum, og sömuleiðis fulltrúar stúdenta, sem sæti eiga í stjórn námsbrautar í almennum þjóðfélagsfræðum, og formaður og varaformaður stúdentaráðs. Að þessari breytingu gerðri er hlutdeild stúdenta í kjörmannatölunni við rektorskjör orðin nánast hin sama og var 1969 eða 16%.

Þetta mál ber allbrátt að. Eins og ég sagði áðan, er knýjandi, að rektorskjöri sé hraðað sem mest. Frv. hefur þegar hlotið afgreiðslu frá Nd. Var þar um það fjallað í menntmn. og var hún sammála um að leggja til, að það yrði samþ. óbreytt.

Þar sem hér er um tiltölulega einfalt mál að ræða, og ég held, að allir geti samsinnt því, að það sé líka sanngirnismál, mun ég ekki gera till. um nefndarmeðferð á málinu í hv. deild, en legg til, herra forseti, að því sé vísað til 2. umr.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 14 shlj. atkv.

Efri deild, 15. fundur.

Miðvikudaginn 7. nóv., að loknum 14. fundi.

Háskóli Íslands, frv. (þskj. 78). — 2. umr.

Of skammt var liðið frá 1. umr. — Afbrigði samþ. með 14 shlj. atkv.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

1. gr. samþ. með 13 shlj. atkv.
2. gr. samþ. með 13 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 14 shlj. atkv.

Efri deild, 16. fundur.

Miðvikudaginn 7. nóv., að loknum 15. fundi.

Háskóli Íslands, frv. (þskj. 78). — 3. umr.

Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði samþ. með 15 shlj. atkv.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 15 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 95).

Efri deild, 17. fundur.

Fimmtudaginn 8. nóv., kl. 2 miðdegis.

Jarðalög, frv. (þskj. 48). — 1. umr.

Fjmrh. (Halldór E. Sigurðsson): Herra forseti. Á þskj. 48 er frv. til jarðalaga. Þetta frv. var til orðið með þeim hætti, að á Búnaðarþingi árið 1971 var samþykkt ályktun til stjórnar Búnaðarþings og búnaðarmálastjóra um að hlutast til um það við landbrh., að hann skipaði nefnd til að endurskoða eftirtalin lög: Lög um kauprétt á jörðum, nr. 40 frá 5. apríl 1948, ábúðarlög, nr. 36 frá 29. mars 1961, í þriðja lagi lög um ættaróðul, ættarjarðir, erfðaábúð og sölu þjóð- og kirkjujarða, nr. 102 frá 21. des. 1962 og í fjórða lagi lög um jarðeignasjóð ríkisins, nr. 54 frá 27. apríl 1967.

Hlutverk þeirrar nefndar, sem skipa átti, var að gera frv. til nýrra l. um framangreint efni eða breyt. á gildandi lögum. Tilgangur með þessari endurskoðun var, að aðstaða sveitarfélaga og einstaklinga, sem búsettir eru innan þeirra, við að ná og halda landi, verði tryggð með sem bestum hætti og að ábúðarlög yrðu gerð einföld og réttlát í framkvæmd.

Hinn 18. ágúst 1971 skipaði landbrh. nefnd til að endurskoða þessa löggjöf, sem um var rætt í till. Búnaðarþings. Voru nefndarmenn þeir, er hér greinir: Ásgeir Bjarnason alþm., form. Búnaðarfélags Íslands, tilnefndur af Búnaðarfélagi Íslands, var hann skipaður formaður nefndarinnar, Árni Jónasson erindreki Stéttarsambands bænda, tilnefndur af Stéttarsambandi bænda, og Sveinbjörn Dagfinnsson núv. ráðuneytisstjóri, þá skrifstofustjóri, sem skipaður var án tilnefningar.

Nefnd þessi tók þegar til starfa, og hefur hún skilað áliti og samið 2 lagafrv., annað það, sem lagt hefur verið fram í Nd. og kynnt þar, frv. að ábúðarlögum, og hitt, sem er hér til umr. í dag, frv. um jarðalög.

Þessi frv. voru bæði lögð fram á síðasta þingi, en þá voru þau aðeins lögð fram til þess að kynna þau hv. alþm. Áður en frv. voru lögð fram á Alþingi s. l. vor, höfðu þau verið kynnt Búnaðarþingi, og Búnaðarþing hafði mælt með þeim. Enn fremur hafa þau síðan verið lögð fyrir aðalfund Stéttarsambands bænda, og hefur Stéttarsambandið mælt með frv. báðum. Búnaðarþing gerði till. um lítils háttar breytingar á frv., sem hafa verið felldar inn í frv., þegar það er nú lagt hér fram á hv. Alþ.

Í það frv. til jarðalaga, sem hér er nú til 1. umr., er tekið saman efni, sem er að finna í fernum lögum, en auk þess eru í þessu frv. mörg nýmæli, sem ekki hafa áður verið í íslenskri löggjöf.

Á undanförnum árum hefur eftirspurn eftir landi til annarra nota en landbúnaðar farið stórvaxandi. Einkum hafa jarðir verið keyptar á háu verði, þar sem góð aðstaða er til að setja niður sumarbústaði eða eftirsóknarverð hlunnindi fylgja jörðum, svo sem veiði. Verð slíkra jarða er þegar orðið svo hátt, að sjaldnast er viðráðanlegt fyrir bændur að kaupa þær og reynist oft fullerfitt fyrir sveitarfélög, þrátt fyrir það að þau eiga lögboðinn forkaupsrétt. Afleiðingin er því sú, að margar vildisbújarðir hafa verið skákaðar niður, en það hefur torveldað eðlilegan búrekstur og á mörgum hefur föst búseta lagst niður vegna jarðakaupa til félagssamtaka eða manna, sem hafa ekki búskap í huga. Ég vil taka það fram við þessa umr., að ég tel rétt að gefa þéttbýlisbúum og öðrum, sem sækjast eftir, kost á landspildum til ræktunar og til útivistarmöguleika og til að reisa þar sumardvalarhús. Reynslan hefur hins vegar sýnt, að brýn þörf er á að fylgjast með slíkum ráðstöfunum lands og hafa áhrif á, hvar og hvernig landi er ráðstafað á þann hátt. Að öðrum kosti vofir yfir stórfelld röskun á búsetu fólks á dreifbýlissvæðum umfram það, sem þegar er orðið, og óeðlilegar verðhækkanir lands.

Frv. þessu, ef að lögum verður, er ætlað að veita byggðarlögum aukið áhrifavald í þessu efni, styrkja aðstöðu bænda, bændaefna og sveitarfélaga til jarðakaupa, skapa aðstöðu til að fylgjast með öllum ráðstöfunum fasteigna og fasteignaréttinda utan skipulagðra þéttbýlissvæða og hafa áhrif á verðlag þeirra. Þau ákvæði, sem eru í þessu lagafrv. og hafa viss hamlandi áhrif á ráðstöfun á jörðum umfram það, sem verið hefur, eiga sér hliðstæður í löggjöf nágrannaþjóða okkar og hafa verið sett lög og reglur um þetta efni hjá þeim.

Í Noregi hefur allt frá því árið 1909 verið samkv. lögum visst eftirlit og aðhald varðandi eigendaskipti að jörðum og landi utan skipulagðra svæða. M. a. þarf leyfi landbrn. hverju sinni, þegar kaup eru áformuð. Tilgangurinn með slíkum lögum er að hafa hamlandi áhrif á verðhækkanir lands. Norska landbrn. hefur margsinnis neitað um leyfi til sölu, ef því þykir söluverð lands of hátt eða ef ætla má, að land eigi að kaupa í hagnaðarskyni, t. d. að ávaxta fjármagn á þann hátt að skáka landið niður og selja sem lóðir.

Í Svíþjóð gilda að mörgu leyti svipaðar reglur og í Noregi að því leyti, að óheimilt er að selja bújarðir og lönd án heimildar frá landbr. og lögð er áhersla á, að eignarréttarskipti eigi sér stað fyrst og fremst þannig, að kaupandi jarðar muni stunda landbúnað sem aðalstarf. Um sölu á landi er að jafnaði neitað, ef ástæða þykir til að ætla, að hún sé einkum áformuð til þess að hafa af henni fjárhagslegan ávinning.

Danir hafa á síðustu tveimur árum endurskoðað löggjöf um bújarðir og land utan þéttbýlissvæða. M. a. hefur þar haft áhrif á Dani aðild þeirra að Efnahagsbandalaginu, sem þeir telja að muni hafa mjög mikil áhrif á verð lands og eftirsókn eftir landi hjá þeim. Samkv. lögum frá þessu ári um bújarðir er skilyrði fyrir því að geta fengið jörð til eignar eða umráða samkv. leigusamningi án leyfis landbrn. m. a., að viðkomandi sé a. m. k. 20 ára gamall, taki sér fasta búsetu á eigninni og hafi búrekstur að aðalatvinnu. Að öðrum kosti þarf sérstakt leyfi landbrn. Í l. er tekið fram, að slíkt leyfi skuli ekki veitt, ef ástæða er til að ætla, að stefnt sé að því að ná umráðum yfir eign til þess að ávaxta á þann hátt fé, ef mikið ósamræmi er

á milli kaupverðs eignar og raunverðs, ef eignin telst óheppileg til sjálfstæðs búrekstrar og jörðinni yrði betur ráðstafað til bætts rekstrar, sem þegar er fyrir hendi á svæðinu. Félagssamtök, stofnanir, jafnt opinberar sem einkastofnanir, geta ekki fengið ráð á jörðum eða jarðahlutum nema að fengnu samþykki landbrn. Danski landbrh., sem ræddi þetta á fundi í Svíþjóð nú fyrir nokkrum dögum, gat þess, að Danir settu þessi lög til þess að skapa bændum og bændaefnum vissan forgangsrétt að landi og yfirleitt til þess að draga úr verðhækkunum á landi.

Nýmæli í frv. þessu eru fyrst og fremst í II. kafla þess, og er tilgangurinn með þeim að koma fastari skipan á en verið hefur um eigendaskipti og aðrar ráðstafanir bújarða og lands utan þéttbýlissvæða í því skyni að hagsmuna bænda og annarra dreifbýlisbúa verði betur gætt en verið hefur, auk þess sem með lagafrv. þessu er stigið skref í þá átt að halda landverði niðri og hindra brask með land. En til þess að slíkt verði sem mest hindrað, þarf auk þess, sem mælt er fyrir í þessu frv., að setja ákvæði í skattalög, ákvæði um, hvernig gróði, annar en sá, sem fæst með eðlilegum verðlagsbreytingum, skuli skattlagður, og hef ég vikið að því í öðru tilfelli.

Með frv. þessu er verið að færa út í byggðarlögin visst vald, sem þau hafa alls ekki haft til þessa, þ. e. að hafa áhrif á, hvernig landið er notað, hafa áhrif á verðlag eigna og umráðarétt þess. Til þess að framkvæma þetta vald úti í byggðarlögunum er gert ráð fyrir að skipa byggðaráð í hverri sýslu, og í því mega aðeins starfa menn, sem búsettir eru í viðkomandi sýslu. Þykir einhverjum mörg ráð sett á fót samkvæmt frv. þessu, er rétt að benda á það, að jafnmargar n. eru samtímis lagðar niður, því að í 27. gr. l. nr. 45 frá 1971, um Landnám ríkisins, skal landnámsnefnd, skipuð þremur mönnum, starfa í hverri sýslu. Verði frv. þetta að l., eru dagar þeirra n. taldir.

Auk þess að fylgjast með og hafa áhrif á eigendaskipti lands og verð þess, mundi, verði frv. að l., verða meiri aðgát höfð en verið hefur um skiptingu jarða, sem mörg dæmi eru um að hafi verið gerð án nægilegrar forsjár. Þá er gert ráð fyrir í frv., að hægt sé að sameina að nýju jarðarhluta, sem skipt hefur verið út úr jörðum, sé bú ekki rekið á þeim. Dæmi eru þess um sameign á jörðum, þar sem einn sameigenda situr jörðina, að slíkt hafi skapað erfiðleika fyrir bónda við rekstur og framkvæmdir á jörð. Í frv. þessu er opnuð leið út úr slíkum vandræðum. Ráðh. getur heimilað honum að leysa til sín eignarhluta meðeigenda sinna samkvæmt 16. gr. þessa frv.

III. kafli frv. þessa fjallar um forkaupsrétt að jörðum og jarðarhlutum. Um það gilda nú lög nr. 40 1948. Þýðingarmikil breyting frá þeim l. er, að leiguliði öðlast fyrst eftir 10 ára búsetu forkaupsrétt á undan sveitarstjórn, en samkv. núgildandi l. nægir 3 ára búseta leiguliða til að öðlast forkaupsrétt á undan sveitarstjórn. Sé vilji til að sniðganga forkaupsrétt sveitarstjórnar, er hægt að skrá væntanlegan kaupanda ábúanda í 3 ár og selja honum síðan. Slíkt verður síður, þegar búseta leiguliða þarf að vera 10 ár, svo að hann öðlist kauparétt á undan sveitarstjórn, auk þess sem hann hafði þar búsetu og búrekstur.

Nýmæli felst í 27. gr. frv. og er hugsað til þess, að seljandi og aðili, sem vill kaupa, setji ekki mjög hátt verð á eign í því skyni að skáka sveitarstjórn frá, en geri síðan e. t. v. kaup á annan hátt en sveitarstjórn var kynnt, þegar forkaupsréttur var boðinn.

Þá er frestur sá, sem sveitarstjórn hefur til að svara forkaupsréttartilboði, lengdur úr 15 dögum í 4 vikur. Byggist þetta á því, að nokkurn tíma getur þurft fyrir sveitarstjórn til þess að athuga kauptilboð og huga að fjármagnsútvegun og fleira vegna áformaðra kaupa. Hygg ég rétt að gefa rýmri frest í þessu skyni en nú er.

Í 1. málsgr. 30. gr. er hugsað að létta þeirri vinnu af þm. og hv. Alþ. að þurfa að fjalla hverju sinni um heimild til þess að selja sveitarfélögum land. 30. gr. frv. er nýmæli, en áratuga venja er fyrir því, að ríkið leigi jarðir, lóðir og lendur án sérstakra lagaheimilda. Af þeirri ástæðu hefur tímalengd samninga og ýmis kjör verið mjög mismunandi. Ákvæði 2. málsgr. 30. gr. er um hámark þess tíma, sem leigusamningar mega gilda hverju sinni.

Samkv. núgildandi lögum eiga ábúendur rétt á að fá ábúðarjarðir sínar keyptar að uppfylltum vissum skilyrðum. Þessi réttur er þrengdur í 31. gr. frv., þannig að væntanlegur kaupandi þarf að hafa setið jörð í 10 ár í stað 3 áður, auk þess sem byggðaráð og náttúruverndarráð geta stöðvað sölu.

V. kafli frv. er um Jarðasjóð. Í frv. er að finna verulegar breytingar frá því, sem nú er í l. nr. 54 frá 1967, um Jarðeignasjóð ríkisins. Sumar af þeim breyt. hafa verið í gildi frá því að lög nr. 11 frá 1972, um breyt. á l. nr. 54 1967, voru samþykkt. Jarðasjóður hefur nú rýmri heimildir til að kaupa jarðir en áður. M. a. hefur sjóðurinn samkv. lagaheimild frá 1972 keypt um 20 jarðir af bændum, sem ekkert annað blasti við en að yfirgefa jarðir sínar vegna fjárhagserfiðleika, þrátt fyrir að vilji þeirra stóð til áframhaldandi búsetu. Þessa dagana er verið að vinna að kaupum á jörð, sem búið er að auglýsa nauðungaruppboð á og yfirvofandi, að fjársterkir aðilar keyptu og bóndinn og allt hans fólk hefði orðið að hverfa frá, ef ekki hefði verið brugðið við.

Í frv. er Jarðasjóði veitt skýr heimild til að lána sveitarfélögum, sem neyta forkauparéttar að jörð. Gert er ráð fyrir að hækka árlega fjárveitingu til sjóðsins úr 6 millj. í 12 millj. kr. Það er gert til þess, að hann verði betur fær um að gegna hlutverki sínu, einkum með lánum til sveitarfélaga.

VI. kafli frv. fjallar um óðalsjarðir. Um það efni gilda nú l. nr. 102 1962 með breyt. samkvæmt l. nr. 18 1968. Ekki er um neinar meiri háttar efnisbreytingar að ræða frá því, sem er í gildandi l., í þessum kafla frv.

Herra forseti. Ég hef nú í stuttu máli gert grein fyrir þessu frv., sem ég held, að sé hið gagnmerkasta og hafi sýnt framsýni Búnaðarþings að leggja til, að það yrði samið, því að svo örar eru nú breytingar í þá átt að ná lóð-

um og lendum hér á landi, að til vandræða horfir, ef ekkert verður að gert. Ég treysti því, að hv. d. taki þessu máli vel, og legg til, að að lokinni þessari umr. verði málinu vísað til 2. umr. og hv. landbn.

Ragnar Arnalds: Herra forseti. Það er tilgangur þessara laga, eins og kemur fram í 1. gr. frv., að tryggja nýtingu lands utan skipulagðra þéttbýlisstaða, sem sagt að nýting landsins sé eðlileg og hagkvæm frá þjóðhagslegu sjónarmiði. Ég tel engan vafa leika á því, að mikil nauðsyn sé að setja löggjöf af þessu tagi, því að hér er um mikið vandamál að ræða.

Jarðir á Íslandi hafa ekki í seinni tíð verið á ýkjaháu verði miðað við önnur verðmæti í þjóðfélaginu, og stafar það af þjóðfélagsþróuninni. Straumur fólks og fjármagns hefur legið frá landbúnaðarhéruðunum, úr strjálbýlinu í þéttbýlið, og þessu hefur fylgt hlutfallsleg verðlækkun lands. Nú er þetta aftur á móti mjög að breytast og uppi er vaxandi áhugi þeirra, sem í þéttbýlinu búa, að eignast land í sveitum landsins, og það er þá einkum ýmiss konar veiði, lönd fyrir sumarbústaði og svo jafnvel eignabrask af ýmsu tagi, sem veldur því, að þessi áhugi er upp kominn.

Ég tel, að um sé að ræða mjög varasama þróun, ef mikil verðhækkun verður á landi, sem fram að þessu hefur verið notað til landbúnaðar, af þeim ástæðum, sem ég hef hér rakið. Það er enginn vafi á því, að ef þessi nýi áhugi manna fyrir löndum veldur því, að raunveruleg bændabyggð verður miklu gisnari en áður, þá er búskapur á stórum svæðum í verulegri hættu. Ég held þess vegna, að gera verði ráðstafanir til þess að vernda búnaðarhéruðin fyrir braski, sem fyrst og fremst stafar af því, að menn eru að vonast eftir miklum verðhækkunum.

Í frv., sem hér liggur fyrir, er gert ráð fyrir, að unnið verði gegn þessari þróun með stofnun svokallaðra byggðaráða. Ég verð að vísu að játa, að mér er ekki alveg ljóst enn, hvort er um ráð að ræða, sem dugi, og óneitanlega eru þessi byggðaráð nokkuð þunglamaleg, þegar þannig er komið, að í hvert skipti sem fyrirhuguð eru aðilaskipti að réttindum yfir fasteign, hvort heldur er með kaupum eða gjöf, við skipti eða nauðungarsölu, skuli ævinlega þurfa að leita til þessara byggðaráða og afla samþykkis þeirra. Ég skal ekki ræða nánar um þetta framkvæmdaratriði. Ég er hins vegar samþykkur því, að gerðar séu ráðstafanir í þá átt að hindra það, sem frv. er ætlað að hindra. Þær eru nauðsynlegar.

Við Alþb.menn höfum talið rétt, að þetta frv. verði flutt, en að sjálfsögðu áskiljum við okkur rétt il þess að skoða nánar framkvæmdaratriði eins og þetta. En þetta frv. er flutt með í huga landbúnaðarhéruðin utan skipulagðra þéttbýlisstaða. Ég vil nefna vandamál, sem er náskylt þessu, en er þó á mörkum þess að falla undir viðfangsefni þessa frv., en þó er þar um að ræða vandamál, sem er svo náskylt, að mér sýnist, að úrlausn þess eigi að nokkru leyti heima í þessari löggjöf. Þar á ég við vandamál, sem upp koma, þar sem mætist þéttbýli annars vegar og landbúnaðarsvæði hins vegar. Þegar þéttbýli nálgast landbúnaðarhérað, verður þar á mörkunum yfirleitt gífurleg verðhækkun á tiltölulega fáum árum, og þar verður um að ræða meira brask, meiri verðhækkanir á landi en nokkurs staðar annars staðar. Nýjasta dæmi þessa er það, sem gerðist nú fyrir skömmu á Selfossi, þar sem jörð skyldi seld sveitarfélagi fyrir 30 millj. kr. Þessi verðhækkun var, eins og oft vill vera, án nokkurra tengsla við aðgerðir eigenda þessarar jarðar. Það eina, sem þeir höfðu til unnið, var að eiga landið, sem átti fyrir að liggja e. t. v. einhvern tíma í framtíðinni að lenda undir þéttbýli, og var þó þar um að ræða óvissa framtíð.

Í öllum slíkum tilvikum eru fórnarlömbin, sem fyrir þessu verða, fólkið á mölinni, sem er að koma yfir sig húsnæði og verður að borga hundruð þúsunda, hver einasti húsbyggjandi, fyrir lóðirnar, og þetta fé lendir sem sagt ekki í höndum bænda, heldur í höndum eignabraskara. Ég tel, að það þurfi að koma í veg fyrir, að atburðir eins og þessir eigi sér stað, og ég tel, að eina leiðin til að hindra þetta sé að koma í veg fyrir hækkun mats á slíkum jörðum. Samkvæmt lögum um eignarnám er matsverð eigna miðað við söluverð þeirra eða líklegt markaðsverð. Nú það er út af fyrir sig ekki óeðlilegt sjónarmið, því að yfirleitt er óhjákvæmilegt að hafa einhverja viðmiðun, og þá verður auðvitað viðmiðunin að vera sú, hvað menn vilja gefa fyrir viðkomandi eignir. En ég tel, að það eigi að gera undantekningu með lönd, sem vegna þróunar í búsetu lenda undir þéttbýli og er úthlutað í húsalóðir, eins og í því dæmi, sem ég hef hér nefnt. Ég tel, að eigi að stemma á að ósi með því að setja ákvæði um það, bæði í jarðalögin, sem hér liggja fyrir til umr., og þá einkum í kaflann, sem fjallar þar um forkaupsrétt sveitarfélaga, og í lögin um framkvæmd eignarnáms, að við mat á verði jarða skuli ekki taka tillit til þeirra verðhækkana, sem stafa af því, að skipulagt þéttbýlissvæði er að byggjast upp í næsta nágrenni.

Af þessum ástæðum vil ég leyfa mér að flytja hér skriflega brtt. Ég vil fyrst leyfa mér að lesa upp 27. gr. Hún er svo hljóðandi, með leyfi forseta:

„Sé söluverð eignar óeðlilega hátt, miðað við líklegt raunverð, að áliti byggðaráðs, getur forkaupsréttarhafi krafist mats dómkvaddra manna á eigninni, og gildir það þá sem söluverð."

Ég leyfi mér að flytja skriflega brtt. um það, að aftan við 27. gr., þá gr., sem ég nú las, komi:

„Við matið skal ekki taka tillit til verðhækkunar, sem stafar af því, að skipulegt þéttbýlissvæði, sbr. 4. gr. þessara l., er að byggjast upp í næsta nágrenni og veldur óeðlilegri eftirspurn eftir landi, heldur ber að miða við verðmæti hliðstæðra eigna fjarri skipulagsskyldum þéttbýlisstöðum."

Ég sé ekki ástæðu til að rökstyðja þessa till. öllu frekar, en vona, að hv. landbn. taki till. til velviljaðrar athugunar. Ég tel, að atburðir eins og þeir, sem hafa verið að gerast víðs vegar um land og núna seinast á Selfossi, þar sem litlu munaði, að venjuleg jörð, illa húsuð, væri seld á 30 millj. kr., eigi ekki að líðast. Atburðir af þessu tagi eru stöðugt að gerast allt í kringum okkur. Ég get nefnt það sem dæmi, að mér er

sagt, að jörðina Blikastaði hér í grennd við Reykjavíkurborg eigi að selja eða hafi þegar verið seld Reykjavíkurborg á 500 millj. kr. Þetta er að sjálfsögðu stórhneyksli, en þó aðeins eitt af mörgum. Ég tel, að Alþ. eigi að sjálfsögðu að stöðva tafarlaust allt brask af þessu tagi með því m. a. að samþykkja þá brtt., sem ég hef hér lagt fram, en til þess að hindra þetta með öllu, þá kann að vera að gera þurfi leiðréttingar og breyt. á fleiri lögum en þeim, sem hér eru til umr.

Umr. frestað.

Neðri deild, 19. fundur.

Fimmtudaginn 8. nóv., kl. 2 miðdegis.

Kaupstaðarréttindi til handa Seltjarnarneshreppi, frv. þskj. 25). — 1. umr.

Flm. (Matthías Á. Mathiesen): Herra forseti. Þm. Reykjaneskjördæmis, sem sæti eiga í þessari hv. d., flytja á þskj. 25 frv. til laga um kaupstaðarréttindi til handa Seltjarnarneshreppi. Frv. er flutt, eins og grg. ber með sér, skv. beiðni hreppsnefndar Seljarnarneshrepps, en á fundi hreppsnefndar 8. júní s. l. var samþ. með atkv. allra hreppsnefndarmanna till. um breytingu á stöðu Seltjarnarneshrepps sem sveitarfélags.

Það sýnist eðlilegt, að svo ört vaxandi byggðarlag sem Seltjarnarneshreppur, er hefur 1. des. s. l. 2393 íbúa og á næstu árum stefnir í 6—8 þús. manna byggðarlag, óski eftir því, að stöðu þess verði breytt og það gert að bæjarfélagi, sem þá hefði innan marka lögsagnarumdæmisins alla þá starfsemi, sem bæjarfélag getur veitt þegnum sínum, jafnframt því sem sveitarfélagið mundi við það styrkjast mjög út á við. Það sýnist því óeðlilegt og getur beinlínis staðið í vegi fyrir eðlilegri þróun byggðarlagsins, að íbúar þess séu ekki aðnjótandi allrar þeirrar þjónustu, er ríkið lætur íbúum bæjarfélags í té. Það er hins vegar kunnugt, að ríkið veitir íbúum bæjarfélaga betri þjónustu en hreppsfélaga. Meðal þeirrar þjónustuaukningar, sem felst í stofnun kaupstaðar, er, að í sveitarfélaginu verður staðsett innheimta ríkissjóðs, stjórn dóms- og löggæslumála, varðveisla veðmálabóka, skrásetning bifreiða, umboð Tryggingastofnunar ríkisins og sjúkrasamlag. Nú sækja íbúar Seltjarnarneshrepps þessa þjónustu til Hafnarfjarðar, og má gera sér grein fyrir annmörkum þess, þegar 8 þús. manna byggðarlag þarf að sækja alla slíka þjónustu 15 km vegalengd, og sýnist því beiðni þeirra í alla staði mjög sanngjörn.

Á síðasta þingi voru samþ. lög um breytingu á lögsagnarumdæmi Gullbringu- og Kjósarsýslu til leiðréttingar fyrir íbúa Suðurnesja og þá gert ráð fyrir því, að aðsetur sýslumannsembættis Gullbringusýslu yrði flutt til Keflavíkur. Það frv., sem hér er flutt, gengur í sömu átt, flutt til þess að auka þægindi þeirra fjölmörgu íbúa, sem búa í Seltjarnarneshreppi.

Í frv. eru ákvæði, sem segja til um það, með hvaða hætti skuli fara með ýmis vafaatriði, sem af eðlilegum ástæðum koma upp við þá lögsagnarumdæmisbreytingu, sem hér er gert ráð fyrir. Er gert ráð fyrir því í 6. gr. frv., að ef frv. verði samþ., öðlist það lagagildi frá 1. jan. 1974. Er hér um hagkvæmnisatriði að ræða, þar sem öll reikningsskil og uppgjör embætta eru miðuð við áramót. Til þess að komast hjá aukabæjarstjórnarkosningum er í ákvæði til bráðabirgða gert ráð fyrir því, að núverandi hreppsnefnd fari með stjórn kaupstaðarins, þar til almennar sveitarstjórnarkosningar hafa farið fram hinn síðasta sunnudag í maímánuði n. k. Frá Seltjarnarneshreppi hafa byggst tvö sveitarfélög, annars vegar Reykjavík 1784 og Kópavogur 1946. Það væri því mjög vel viðeigandi, að á 1100 ára afmæli Íslandsbyggðar verði það, sem eftir er af þessu elsta sveitarfélagi, gert að kaupstað.

Það er von þm. Reykn., að þetta frv. fái góðar undirtektir og fáist samþ. fyrir jólaleyfi.

Ég leyfi mér svo, herra forseti, að leggja til, að þessu máli verði að lokinni 1. umr. vísað til félmn.

Forsrh. (Ólafur Jóhannesson): Herra forseti. Ég stend hér upp fyrst og fremst til þess að beina þeim tilmælum til þeirrar n., sem þetta frv. fær til meðferðar og eftir till. hv. flm. verður félmn., að hún hafi samráð við dómsmrn. eða leiti umsagnar þess, áður en þetta mál verður afgreitt. Sú er ástæðan fyrir þeirri ósk, að þetta frv. lýtur öðrum þræði að þeim málefnum, sem lúta að dómsmálastjórn, þar sem gert er ráð fyrir því, að Seltjarnarneshreppur verði, jafnframt því sem hann verður gerður að kaupstað, sérstakt lögsagnarumdæmi. Er það í samræmi við þá almennu reglu, sem hér hefur gilt. En þegar um er að ræða stofnun lögsagnarumdæmis, leiðir af því, að þar verður að setja á stofn bæjarfógetaembætti, og því fylgir óneitanlega talsverður kostnaður. Ég hygg, að kostnaður við stofnsetningu bæjarfógetaembættis sé ekki fjarri lagi áætlaður um 10 millj., eins og nú er, og rekstrarkostnaður þeirra bæjarfógetaembætta, sem eru ódýrust, er, að ég ætla, um 4 millj. kr. Má þó vera, að það sé heldur vægt áætlað. Hér er því um talsvert kostnaðaratriði að ræða, og þess vegna finnst mér, að í sambandi við þetta mál og óskir, sem ég veit að eru fyrir hendi víðar að, jafnvel um sérstök kaupstaðarréttindi til handa vissum þéttbýlissvæðum, þurfi að athuga, hvort á alveg fortakslaust að halda fast við þá reglu, sem gilt hefur, að það skuli, jafnframt því að kaupstaður er settur á stofn, vera um að ræða sérstakt lögsagnarumdæmi.

Það má vel taka undir það, að það geti verið dálítið úrhendis fyrir íbúa Seltjarnarneshrepps, eftir að þeir væru orðnir kaupstaður, að sækja þjónustu eins og dómsmálameðferð, lögreglustjórn, tollheimtu o. fl. til Hafnarfjarðar. Hins vegar hygg ég, að það ætti ekki að vera örðugra fyrir þá heldur en er fyrir íbúa t. d. að taka í Árbæjarhverfi að sækja þessa þjónustu til embætta þeirra, sem hér í Rvík eru.

Þessu vildi ég aðeins skjóta fram til athugunar, vegna þess að mér sýnist, að það sé vert að athuga, hvort það geti ekki farið saman, að þarna

verði um sjálfstæðan kaupstað að ræða, sem fari með stjórn sinna málefna með þeim hætti, sem kaupstaðir gera, en jafnframt hugsanlegt, að t. d. dómsmálameðferð, tollheimta, lögreglustjórn o. s. frv. lyti undir þau embætti, sem fara með þessi mál í Rvík. Ég held, að það sé enginn vafi á því, að það mundi vera mikill sparnaður af því, í stað þess að setja þarna upp alveg nýtt embætti, *nýja embættisstofnun*. Ég er ekki að gera till. um þetta á þessu stigi, en vil aðeins orða þetta, og eins og ég sagði, aðallega mælast til þess við hv. n., sem málið fær til meðferðar, að hún hugi að því, að frv. hefur einnig að geyma þessa hlið á málinu, og hafi samráð við dómsmrn. og leiti till. þess um það, sem að þessum málum lýtur.

Stefán Valgeirsson: Herra forseti. Á síðasta þingi fluttum við þm. Norðurl. e. frv. um kaupstaðarréttindi fyrir Dalvíkurhrepp. Þetta frv. varð ekki útrætt á þingi í fyrra, en við munum endurflytja frv. nú á næstu dögum.

Ég vil taka undir það, sem hæstv. forsrh. sagði hér áðan, að þessi mál þarf að athuga öll í samhengi, og það eru fleiri þéttbýlisstaðir en Seltjarnarnes og Dalvík, sem munu óska eftir því á næstunni að fá kaupstaðarréttindi. Í þessu sambandi er líka vert að athuga, að sveitarstjórnarmenn hafa bent á þá leið, að þessi mismunur á hreppum og kaupstöðum ætti í raun og veru að hverfa og ætti að samræma þetta tvennt með einhverjum hætti. Ég held, að þessi mál séu nú í athugun, hvernig úr þessu væri skynsamlegast að leysa. Það er t. d. svo á Dalvík, að þeim þykir illt að hafa yfirvald sitt á Akureyri og vilja fá það í kaupstað sinn eða hrepp, og það mun vera höfuðástæðan fyrir því, að þeir óska eftir, að við endurflytjum þetta frv. nú. En sem sagt, ég vil taka undir það, sem kom fram hjá hæstv. forsrh., að þessi mál þarf að skoða öll í samhengi.

Flm. (Matthías Á. Mathiesen): Herra forseti. Mér finnst mjög eðlilegt, að sú n., sem fær þetta mál til meðferðar, athugi það í samráði við dómsmrn. svo og félmrn., því að þegar um er að ræða breytingar á lögsagnarumdæmi, kemur að sjálfsögðu dómsmrn. þar til og hefur e. t. v. einhverjar meiningar um það, með hvaða hætti þeir hlutir skuli gerast.

Ég er sannfærður um það út frá því atriði, sem hæstv. forsrh. minntist á, þeim kostnaðarauka, sem því væri samfara, að þarna yrði sérstakt lögsagnarumdæmi, að þá er sveitarstjórnin á Seltjarnarnesi fús til viðræðna um það, að sá kostnaður verði sem allra minnstur, og er tilbúin með sinar eigin hugmyndir, hvernig hægt væri að leysa þessi mál, þannig að það hefði sem minnstan kostnað í för með sér.

Ég vonast til þess, að hv. félmn. þessarar d. taki þetta mál til athugunar hið allra fyrsta, í samráði við þau rn., sem hér eiga hlut að máli, og svo sveitarstjórnina á Seltjarnarnesi. Ég get mjög vel skilið hv. 3. þm. Norðurl. e., að hann endurflytji frv. sitt frá síðasta þingi, og ég vona, að þau tvö frv. gætu þá farið samhliða í gegnum þingið á dögunum fyrir jól.

ATKVGR.

Frv. visað til 2. umr. með 29 shlj. atkv. og til félmn. með 28 shlj. atkv.

Sameinað þing, 15. fundur.

Fimmtudaginn 8. nóv., kl. 4 síðdegis.

Samningur við Belgíu, Noreg og landsstjórn Færeyja um veiðar innan fiskveiðilögsögu Íslands, þáltill. (þskj. 99). —Hvernig ræða skuli.

Of skammt var liðið frá útbýtingu till. — Afbrigði samþ. með 48 shlj. atkv.

Að till. forseta var ákveðin ein umr.

Bráðabirgðasamkomulag við Bretland um veiðar breskra togara, þáltill. (þskj. 100). — Hvernig ræða skuli.

Of skammt var liðið frá útbýtingu till. — Afbrigði samþ. með 48 shlj. atkv.

Að till. forseta var ákveðin ein umr.

Sameinað þing, 16. fundur.

Fimmtudaginn 8. nóv., að loknum 15. fundi.

Samningur við Belgíu, Noreg og landsstjórn Færeyja um veiðar innan fiskveiðilögsögu Íslands, þáltill. (þskj. 99). — Ein umr.

Of skammt var liðið frá ákvörðun umr. — Afbrigði samþ. með 48 shlj. atkv.

Utanrrh. (Einar Ágústsson): Herra forseti. Till. sú til þál., sem hér liggur fyrir á þskj. 99, staðfestir, ef samþ. verður, samninga þá, sem ríkisstj. hefur gert við ríkisstj. Belgíu og Noregs og landstjórn Færeyja varðandi heimildir til að veiða innan fiskveiðilögsögu Íslands.

Um till. er ekki ástæða til að fara mörgum orðum, þar eð samningar þeir, sem hér um ræðir, eru almennt kunnir. En hér er um þrjá samninga að ræða:

1. Samningur við Belgíu, dags. 7. sept. 1972, er gildir fyrir 19 skip, sem fiski samkv. leyfum á tilteknum svæðum, sem nánar er gerð grein fyrir í fskj. I með þáltill. á þskj. 99.

2. Samkomulag við Noreg, dags. 10. júlí 1973, um leyfi fyrir um það bil 45 skip, er stunda línuveiðar, allt að 125 fet að stærð, enda er á því byggt, að ekki séu fleiri en um það bil 30 skip, er stundi veiðar samtímis samkv. reglum, sem nánar eru tilgreindar á fskj. II með till. til þál. á þskj. 99.

3. Samkomulag við Færeyjar í tvennu lagi. Fyrst samkomulag, dags. 16. ágúst 1972, um heimild til línu- og handfæraveiða á svæðinu milli 12 og 50 mílna, eins og nánar er ákveðið á fskj. III á þskj. 99. Og í öðru lagi bréf frá utanrrh.

til Atla Dam lögmanns Færeyja, dags. 19. sept. 1972, um leyfi fyrir 10 færeysk togveiðiskip til veiða í íslenskri fiskveiðilögsögu, enda fylgi þau í hvívetna íslenskum lögum og sömu reglum varðandi veiðarnar og gilda fyrir íslensk skip við sams konar veiðar. Nöfn skipanna eru talin upp á sérstökum fskj. á þskj. 99.

Ég sé ekki ástæðu til að fara um till. fleiri orðum. Hún skýrir sig sjálf, enda hafa ákvæði hennar verið í gildi nú um nokkurn tíma, eins og ég hef áður greint frá. Ég mun leitast við að svara fsp., ef fram koma, en að öðru leyti legg ég til, herra forseti, að till. verði vísað til hv. utanrmn. til meðferðar.

ATKVGR.

Till. vísað til utanrmn. með 48 shlj. atkv. og umr. frestað.

Bráðabirgðasamkomulag við Bretland um veiðar breskra togara, þáltill. (þskj. 100). Ein umr. Ef leyft verður.

Of skammt var liðið frá ákvörðun umr. — Afbrigði samþ. með 50 shlj. atkv.

Utanrrh. (Einar Ágústsson): Herra forseti. Till. sú til þál., sem hér er til umr., fjallar um það, að Alþ. veiti ríkisstj. heimild að ganga frá bráðabirgðasamkomulagi við ríkisstjórn Bretlands um veiðar breskra togara í samræmi við orðsendingu, sem prentuð er með ályktun á þskj. 100.

Í ályktun Alþ. frá 15. febr. 1972 segir, að haldið verði áfram samkomulagstilraunum við ríkisstj. Bretlands og Sambandslýðveldisins Þýskalands um þau vandamál, sem skapast vegna útfærslunnar.

Ríkisstj. hefur síðan hafið viðræður við bresku ríksstj. um takmörkun á veiðum breskra togara hér við land. Af hálfu Breta var á það fallist, að veiðarnar skyldu takmarkaðar, enda þótt þeir séu ekki reiðubúnir til að viðurkenna lögmæti útfærslunnar og hafi vísað því atriði til Alþjóðadómstólsins. Ýmsar aðferðir til takmörkunar voru ræddar, og töldu Bretar eðlilegast, að takmörkun kæmi fram í ákvörðun hámarksafla eða fjölda veiðidaga þeirra á Íslandsmiðum. Af hálfu Íslands var hins vegar lögð áhersla á, að takmörkunin kæmi fram í fjölda, stærð og gerð veiðiskipa, ákvörðun friðunarsvæða og bátasvæða, svo og lokun svæða til skiptis kringum landið.

Eftir langvarandi samningaviðræður fór forsrh. til London til viðræðna við breska forsrh., og var þar og í framhaldsviðræðum samkv. samþykkt ríkisstj. þrautreynt, hversu langt málum yrði þokað til samkomulags. Í framhaldi af þeim viðræðum liggur nú fyrir, að samkomulag geti tekist svo sem segir í hjálögðu fskj. Er þar um að ræða útilokun breskra frystiskipa og verksmiðjuskipa og fækkun annarra skipa. Jafngildir þessi skerðing 25% niðurskurði á fjölda breskra veiðiskipa á Íslandsmiðum, miðað við samsetningu flotans á árinu 1971, en 36% minnkun að tonnatölu. Þá er og miðað við lokun þýðingarmikilla bátasvæða og friðunarsvæða og loks lokun svæða til skiptis umhverfis landið. Við ákvörðun ofangreindra skerðinga var miðað við, að Bretar hefðu möguleika á að ná 130 þús. tonnum á ársgrundvelli. Er það mat sérfróðra manna, að líklegt sé, að verið geti um 110—130 þús. tonna afla að ræða.

Með samkomulagi þessu yrði endir bundinn á það hættuástand, sem undanfarið hefur verið á Íslandsmiðum. Með till. þessari fer ríkisstj. fram á heimild Alþ. til þess, að gengið verði frá málum svo sem segir í fskj.

Þessi samningur, sem hér er lagður fyrir Alþ. í formi heimildar ríkisstj., er í 7 liðum. Eins og ég hef áður vikið að, er það í fyrsta lagi, að draga skuli að mun úr fjölda breskra togara, sem veiða í ís og sækja á svæðið, þannig að 15 af stærstu togurunum og 15 aðrir togarar, miðað við upplýsingar um fjölda skipa að veiðum árið 1971, séu útilokaðir og verði því í togaraflotanum eigi fleiri en 68 skip yfir 180 fet að lengd og 71 skip minna en 180 fet, enda stundi engir frystitogarar eða verksmiðjuskip veiðar á svæðinu.

Í öðru lagi segir, að breskir togarar muni ekki stunda veiðar á friðunarsvæðum, sem nánar eru tiltekin, þ. e. a. s. fyrir Norðvesturlandi allt árið á afmörkuðu svæði, sem sést á korti, sem fylgir með, fyrir Suðurlandi á tímabilinu 20. mars til 20. apríl á afmörkuðu svæði og fyrir Norðausturlandi á tímabilinu 1. apríl til 1. júní á svæði, sem einnig er afmarkað á meðfylgjandi korti.

Í þriðja lagi segir, að breskir togarar muni ekki stunda veiðar á tilteknum bátasvæðum, nánar tiltekið fyrir Vestfjörðum á svæði, sem þar er teiknað inn á kort, fyrir Austfjörðum á svæði, sem einnig er teiknað inn á kort, og fyrir Norðurlandi á svæði, sem afmarkast af línu, sem dregin er á korti.

Í fjórða lagi er í samkomulagi þessu gert ráð fyrir því að skipta miðunum umhverfis landið í 6 hólf og sé eitt þeirra lokað breskum togurum í senn, þannig að ávallt sé eitt hólf lokað. Þessi hólf eru fyrir Vestfjörðum, og það verður lokað í september og október, fyrir Suðvesturlandi verður lokað nóv. og des., fyrir Suðurlandi verður lokað maí og júní, fyrir Suðausturlandi verður lokað jan. og febr., fyrir Norðausturlandi verður lokað júlí og ágúst og fyrir Norðurlandi verður lokað mars og apríl.

Í fimmta lagi segir, að tilhögun sú, sem sett er fram í tölul. 2—4 hér að ofan á þskj., sé sýnd á meðfylgjandi korti, eins og ég hef leyft mér að vísa til til þess að spara hér upplestur.

Í sjötta lagi segir, að aðilar komi sér saman um lista yfir þau skip, sem veiðar megi stunda samkv. bráðabirgðasamkomulagi þessu. Ríkisstj. Íslands mun ekki hindra veiðar þessara skipa umhverfis Ísland, meðan þau fara eftir ákvæðum bráðabirgðasamkomulagsins. Sé skip staðið að veiðum í bága við samkomulagið, getur íslenskt varðskip stöðvað það, en skal kveðja til breskt aðstoðarskip, sem næst er, til að sannreyna málsatvik. Togari, sem rofið hefur samkomulagið, verður strikaður út af listanum. Þessi listi er enn ekki tilbúinn af hálfu Breta, en

samkomulagið verður ekki undirritað fyrr en hann liggur fyrir.

Um refsingu í þessu atriði vísa ég til þess, sem dómsmrh., hæstv. forsrh., mun segja hér síðar.

Í sjöunda lagi er svo í þessu samkomulagi gert ráð fyrir því, að það gildi í tvö ár frá undirritun þess og hafi brottfall þess ekki áhrif á lagaskoðanir aðila varðandi efnisatriði deilunnar.

Ég sé ekki ástæðu til þess, herra forseti, að hafa langa framsögu fyrir þessu máli. Málið er það kunnugt þm., að ég tel, að ég mundi aðeins tefja tíma hv. Alþ. með því að fara að ræða það í einstökum atriðum. En ég tel, að þetta samkomulag sé mjög vel viðunandi eftir öllum atvikum, og vonast til, að það fái góðar undirtektir hv. alþm.

Ég legg svo til, að þáltill. verði vísað til hv. utanrmn.

Sjútvrh. (Lúðvík Jósepsson): Herra forseti. Eins og skýrt hefur komið fram að undanförnu, höfum við Alþb.menn ekki verið ánægðir með samkomulagsdrögin, sem fyrir hafa legið í landhelgisdeilunni við Breta. Við höfum bent á, að í þeim drögum að samkomulagi, sem forsrh. kom með heim frá London, sé vikið í allveigamiklum atriðum frá áður markaðri stefnu okkar í landhelgisviðræðunum við Breta. Drögin gera ráð fyrir tilslökun frá síðustu till. Íslendinga varðandi sókn Breta á miðin og varðandi rétt þeirra til að veiða á miðunum. Við Alþb.-menn töldum, að þessum drögum að samkomulagi ætti að hafna og láta síðan reyna á það, hvort Bretar féllust ekki á hagstæðari samninga fyrir okkur. Ríkisstj. féllst á það við athugun á málinu, að rétt væri að leita eftir nokkrum lagfæringum á samkomulagsgrundvelli. Það var síðan reynt, en því miður varð niðurstaðan sú, að Bretar töldu sig hafa orðið stöðu til að neita um svo að segja allar breytingar. Það var skoðun okkar Alþb.-manna, að engin ástæða væri til þess, að Íslendingar beygðu sig fyrir þessari afstöðu Breta. Af þeim ástæðum fluttum við ráðherrar Alþb. enn tillögur í ríkisstj. um að hafna samkomulagsdrögunum og knýja fram nokkrar lágmarksbreytingar. Till. okkar um þetta efni var á þessa leið:

„Ríkisstj. getur ekki fallist á fyrirliggjandi samkomulagsgrundvöll við Breta. Hún samþykkir, að reynt skuli til þrautar að fá fram breytingar á eftirtöldum atriðum:

1) Að skýrt sé, að Íslendingar geti ákveðið ný friðunarsvæði og breytt friðunartíma á þeim svæðum, sem nú eru í gildi.
2) Að lokuð veiðihólf verði 2, en ekki 1.
3) Að lokunartími veiðihólfa verði Íslendingum hagkvæmari, en gert er ráð fyrir í samkomulagsdrögunum.
4) Að fram verði tekið, að komi í ljós, að skip hafi brotið reglur um útbúnað veiðarfæra, þá jafngildi það brotum á samkomulagi.
5) Að samkomulagið gangi ekki í gildi, fyrr en EBE hefur samþykkt, að þau réttindi, sem Íslendingar sömdu um í viðskiptasamningi við bandalagið, gangi öll í gildi."

Um þessa tillögu náðist ekki samkomulag í ríkisstj.

Það atriði í upphaflegu samkomulagsdrögunum, sem við Alþb.-menn töldum alvarlegast, var orðalag þeirrar gr., sem fjallaði um, hvernig fara skyldi með brot, sem kynnu að verða á samkomulaginu, þ. e. a. s. hver skyldi fara með lögsöguvaldið. Það hefur nú gerst varðandi þetta atriði, að hæstv. forsrh. hefur opinberlega skýrt skoðun sína á þessu orðalagi samkomulagsdraganna. Hann telur, að samkomulagið feli það í sér, að íslensk yfirvöld ein eigi að skera úr um það, hvort skip hefur gerst brotlegt við samkomulagið, og þau ein geti því fellt niður veiðiheimild þeirra, sem brjóta samkomulagið. Þessi túlkun forsrh. er vissulega mikils virði. Nú liggur einnig fyrir, að ríkisstj. mun flytja frv. á Alþ. til þess að lögfesta ákvæði um, að framkvæmd samkomulagsins verði með þessum hætti, sem forsrh. hefur skýrt með túlkun sinni á þessu ákvæði.

Það er ljóst af því, sem fram hefur komið í umræðum um þetta mál, að sá ágreiningur, sem uppi hefur verið, hefur fyrst og fremst snúist um það, að við höfum talið, að of lítið væri með þessu samkomulagi dregið úr sókn Breta á fiskimið okkar. Við höfum einnig talið, að hér væri um að ræða samkomulag til lengri tíma en æskilegt væri fyrir okkur Íslendinga. Auk þess höfum við talið, að ýmis allmikilsverð atriði, sem þetta mál snerta, kæmu ekki nægilega fram í samkomulaginu, eins og t. d. varðandi möguleika okkar til almennra friðunarráðstafana og eins varðandi refsingar við því, að notuð séu ólögleg veiðarfæri innan okkar 50 mílna fiskveiðilandhelgi. Það er hins vegar ekki neinn ágreiningur um það, að vissulega felast í þessu samkomulagi allþýðingarmikil ákvæði varðandi minnkun á sókn Breta á okkar fiskimið og allmikil viðurkenning felst í samkomulaginu okkur til handa. Það er líka mjög mikilvægt að mínum dómi, að Bretar hafa með öllu fallið frá því við gerð að þessum drögum að krefjast þess, að um framlengingu yrði að ræða að samkomulagstímanum loknum, hafi Hafréttarráðstefnan þá ekki lokið störfum. En það var ein meginkrafa Breta, þó að samið yrði til stutts tíma, að þá vildu þeir fá nokkra tryggingu fyrir því, hvað við tæki að samningstímanum loknum, ef ekki hefði náðst samkomulag um þessi mál á alþjóðavettvangi. En við höfðum allan tímann neitað að semja á nokkurn hátt nema til hins takmarkaða tíma. Þetta atriði hefur í rauninni fengist fram í þeim samkomulagsdrögum, sem hér liggja nú fyrir.

Annað mjög mikilvægt atriði að mínum dómi hefur einnig fengist hér fram, en það er, að ekki er gert ráð fyrir í þessum samkomulagsdrögum neinum yfirdómi, neinum gerðardómi til þess að skera úr um ágreining, sem upp kynni að koma.

Það er því ljóst af því, sem ég hef sagt, að sá ágreiningur, sem uppi hefur verið, hefur ekki verið um meginatriðin í landhelgismálinu. Innan ríkisstj. hefur verið fullt samkomulag um þá stefnu, að við þyrftum að halda fast við það, að landhelgissamningarnir frá 1961 væru úr gildi og gætu ekki bundið okkur, að við

héldum fast við það, að enginn erlendur dómstóll, eins og Alþjóðadómstóllinn, gæti haft lögsöguvald til úrskurðar í sambandi við okkar landhelgisdeilumál, og að við héldum fast við þá stefnu, sem við höfum markað okkur í sókn á alþjóðavettvangi, þ. e. a. s. í sambandi við undirbúning Hafréttarráðstefnunnar. Í þessum efnum, sem ég hef minnst á, er fjallað um grundvallaratriði og meginefni málsins. En það hefur sem sagt verið uppi ágreiningur um það, hversu langt við gætum gengið í kröfum okkar til Breta og annarra með að draga úr hinni miklu veiðisókn á okkar miðum.

Nú liggur sem sagt ljóst fyrir, að ekki er samstaða innan ríkisstj. um að halda áfram frekari samningaviðræðum við Breta og knýja þá til að samþykkja tilteknar breytingar hér til viðbótar, sem við Alþb.-menn hefðum talið æskilegt. Þegar svo var komið, var ljóst, að það varð að taka afstöðu til þess, hvort ríkisstj. sem heild gæti staðið saman um þessa afgreiðslu málsins eða ekki. Við Alþb.-menn höfum því tekið þá ákvörðun, að þó að við séum ekki ánægðir með þessi efnisatriði samkomulagsins, sem ég hef hér gert grein fyrir, þá teldum við svo þýðingarmikið að halda ríkisstjórnarsamstarfinu áfram, ekki síst fyrir landhelgismálið, fyrir framhald landhelgismálsins, og einnig varðandi önnur stórmál, sem ríkisstj. hefur með höndum, að við vildum fallast á þau drög, sem hér liggja fyrir að samkomulagi, þó að þau uppfylli ekki óskir okkar í öllum greinum.

Af þeim ástæðum, sem ég hef hér greint, munum við Alþb.-menn standa að samþykkt þess samkomulags, sem hér er óskað eftir heimild til þess að staðfesta, á þeim grundvelli, sem það liggur hér fyrir.

Geir Hallgrímsson: Herra forseti. Á fundi utanrmn. s. l. föstudag, 2. nóv., gerði hæstv. utanrrh. munnlega grein fyrir innihaldi að samningsuppkasti því, er honum hafði verið falið að undirbúa vikuna áður. Hann tók fram, að samningsuppkastið væri ekki fullbúið, og því gætu nm. ekki fengið það í hendur. Nefndarmönnum var hins vegar lofað, að þeir skyldu fá það sent, þegar væri endanlega frá því gengið. Ég hef síðan oft gengið eftir því, en ávallt fengið þau svör, að það væri ekki tilbúið. Það er fyrst nú um hádegið, að nm. Sjálfstfl. og raunar aðrir hv. þm. fengu till. að samningi þeim, sem hér um ræðir, í hendur, og tími hefur því ekki unnist til að ræða hann í einstökum atriðum eða hafa endanlegt samráð við samflokksmenn. Við munum því ekki gera grein fyrir afstöðu okkar nú, en fulltrúar okkar í utanrmn. munu að sjálfsögðu fjalla um málið og gera grein fyrir afstöðu sinni, og við framhaldsumræður mun frekari grein verða gerð fyrir afstöðu sjálfstæðismanna til máls þess, er hér um ræðir.

Á þessu stigi skal ég aðeins við þetta bæta, að við sjálfstæðismenn teljum meðferð hæstv. ríkisstj. á málinu á margan hátt ámælisverða. Hæstv. ríkisstj. hefur verið reikul í ráði, sjálfri sér ósamkvæm. Henni hafa verið mislagðar hendur, svo að ekki sé meira sagt.

Af yfirlýsingu hæstv. sjútvrh., er þingheimur nú hefur heyrt, má marka, að þm. Alþb. hafa tekið afstöðu til þessa máls með nokkuð sérstökum hætti. Vegna ummæla ráðh., skal að sinni aðeins bent á, að daginn, sem hæstv. forsrh. gerði grein fyrir viðræðum sínum í London og samningsgrundvelli þeim, er var árangur þeirra viðræðna, samþykkti þingflokkur Alþb.: „Þingflokkurinn hafnar till. Breta algerlega sem óaðgengilegum“, og enn fremur: „Þingflokkur Alþb. lýsir yfir því, að hann getur ekki staðið að neinu samkomulagi við Breta á grundvelli þeirra tillagna, sem þeir hafa nú sett fram“.

Af yfirlýsingu hæstv. sjútvrh., sem við heyrðum áðan, má marka, eins og ég sagði áðan, að þm. Alþb. hafa ákveðið að gleypa öll stóru orðin og greiða atkv. með óaðgengilegum samningum að þeirra eigin áliti. Svo dýru verði er áframhaldandi seta í ráðherrastólum keypt. En hæstv. sjútvrh. beit höfuðið af skömminni, þegar hann í raun sagði ástæðu þessarar afstöðu þá, að nauðsynlegt væri, að Alþ. gætti þess með áframhaldandi setu í ríkisstj., að komið yrði í veg fyrir, að samstarfsflokkar hans sætu á svikráðum við lífshagsmuni Íslendinga í landhelgismálinu.

Framkoma Alþb. og samskipti þess og annarra stjórnarflokka í máli þessu eru einstök í sinni röð, ekki eingöngu hér á landi, heldur og þótt einnig sé litið til annarra þingræðislanda. Gefst væntanlega tækifæri til að ræða það sérstaklega síðar.

Herra forseti. Með tilvísun til þess, sem ég sagði í upphafi máls míns, tel ég ekki ástæðu til að fara fleiri orðum um mál þetta, áður en utanrmn. hefur fjallað um málið.

Gylfi Þ. Gíslason: Herra forseti. Þingflokkur Alþfl. hefur lagt á það meginálherslu, að þing og þjóð hefðu samstöðu varðandi sérhvert skref, sem stigið væri í baráttunni fyrir sjauknum yfirráðum yfir fiskimiðunum umhverfis landið og rétti þjóðarinnar til þess að hagnýta þau. Alþfl. markaði þá stefnu fyrir síðustu kosningar, að næsta skref Íslendinga í landhelgismálinu ætti að vera útfærsla að 400 m dýpi á landgrunninu, þó hvergi minni útfærsla en 50 mílur. Engu að síður stóð hann að samþykkt Alþingis um 50 mílna fiskveiðilögsögu, enda var eining allra alþm. aðeins möguleg um þá ákvörðun. Alþfl. hefur einhuga stutt ríkisstj. í því að framfylgja þeirri stefnu.

Þingflokkur Alþfl. telur, að vinna eigi að því, að fyrirhuguð alþjóðaráðstefna um hafréttarmál setji alþjóðalög um 200 mílna auðlindalögsögu. Hann mun styðja sérhverja viðleitni, sem miðar í þá átt.

Reynsla sýnir, að sigrar í jafnmikilvægum og viðtækum málum eins og baráttu fyrir stækkun fiskveiðilögsögu vinnast yfirleitt í áföngum. Síðasti fundur fullskipaðrar flokksstjórnar Alþfl., sem haldinn var 20. og 21. okt. s. l., ræddi viðhorfin í landhelgismálinu ítarlega og gerði um þau svofellda ályktun:

„Flokksstjórn Alþfl. ítrekar þá staðföstu stefnu flokksins að vinna að fullnaðarsigri í baráttunni fyrir 50 mílna fiskveiðilandhelginni, svo og að stuðla að 200 mílna auðlindalögsögu.

Flokksstjórnin telur því aðeins rétt að gera

bráðabirgðasamninga við Breta og Vestur-Þjóðverja, að með þeim sé tryggt, að sókn þeirra á mið okkar minnki verulega. Þá verður að tryggja friðun uppeldisstöðva og bátamiða fyrir veiðum togara, útiloka verksmiðju- og frystitogara og varðveita umfram allt íslenska lögsögu.

Flokksstjórnin telur, að bráðabirgðasamningur á slíkum grundvelli gæti orðið þýðingarmikill áfangasigur fyrir Íslendinga í landhelgisbaráttunni".

Nú hefur hæstv. utanrrh. lagt fyrir Alþingi till. til þál., sem heimilar ríkisstj. að gera samning við Breta um rétt þeirra til veiða á svæðinu milli 12 og 50 mílna upp að vissu marki með tilteknum skipum og á vissum svæðum við landið á tilteknum tímum, og er skv. yfirlýsingum ríkisstj. tryggt, að Íslendingar haldi rétti sínum til óskoraðrar lögsögu innan 50 mílna fiskveiðilögsögunnar. Skal samningurinn gilda í 2 ár. Jafnframt er komið fram, að ríkisstj. öll og stuðningsflokkar hennar mæla með slíkri samningsgerð.

Þingflokkur Alþfl. telur, að æskilegt hefði verið, að ýmis ákvæði samningsins hefðu verið öðruvísi en raun ber vitni. Sérstaklega telur hann, að tvö hinna sex hólfa, sem svæðinu á milli 12 og 50 mílna er skipt í, hefðu átt að vera Bretum lokuð samtímis. Þá hefði þingflokkurinn óskað þess, að tímabil þau, sem svæðin eru ýmist lokuð eða opin, hefðu þurft að vera önnur en ákveðin eru í samningunum. Og síðast, en ekki síst telur hann nauðsynlegt, að Íslendingar hefðu haldið rétti sínum til þess að auka friðlýsingu veiðisvæða, en það er eitt brýnasta hagsmunamál íslensks sjávarútvegs og þar með íslensku þjóðarinnar.

Þegar annars vegar er um það að velja, að deilan við Breta haldi áfram með þeim afleiðingum, að breskir togarar stundi veiðar með svipuðum hætti og átt hefur sér stað, stofni mannslífum í hættu og skerði fiskistofna, bæði með of mikilli veiði og þó einkum með veiði ungfisks, og hins vegar, að friðun komist á, þannig að afli Breta minnki verulega og tryggt sé, að þeir haldi sér frá mikilvægustu uppeldisstöðvunum, þá getur þingflokkur Alþfl. fallist á að styðja slíka samningsgerð. Með því móti telur hann hagsmuni Íslendinga betur tryggða en vera mundi, ef deilan héldi áfram. Þessa afstöðu telur þingflokkurinn vera í samræmi við fyrrgreinda ályktun flokksstjórnarinnar.

Þingflokkur Alþfl. telur, að þótt hann hefði kosið samkomulagið öðruvísi en það er í ýmsum atriðum, þá beri að fallast á þá stefnu ríkisstj. að gera slíkan samning, bæði vegna þess, að það tryggi hagsmuni Íslendinga betur en orðið hefði, ef deilan héldi áfram, en einkum þó vegna hins, að þingflokkurinn telur, að í samkomulaginu felist viðurkenning Breta í reynd á rétti Íslendinga til umráða yfir fiskimiðunum umhverfis landið á 50 mílna svæði.

Þótt samkomulagið sé ekki eins og þingflokkur Alþfl. hefði óskað að það væri, mun hann styðja heimild til ríkisstj. um að gera það. Þingflokkurinn telur nauðsynlegt, að sú eining, sem hefur ríkt um meðferð landhelgismálsins á Alþingi, geti haldist, og telur hana styrkja þjóðina í áframhaldandi baráttu hennar.

Bjarni Guðnason: Herra forseti. Ég vil strax taka það fram, svo að ekki fari á milli mála, að ég er andvígur þessu samkomulagi og mun greiða atkv. gegn því, þegar þar að kemur.

Nú er það svo, að ég tel, að sáttfýsi og skilningur eigi að ríkja á milli einstaklinga og umburðarlyndi og ekki síður þjóða á milli. Þess vegna hefur alltaf verið hin eina rétta stefna að leita að samkomulagi við Breta. Hins vegar, þegar reyndin er sú, að samkomulagið sjálft, efni samkomulagsins, er á þá lund, að ekki er hægt að sætta sig við niðurstöðuna, þá er ekki um nema eitt að ræða: að bregðast gegn þessu.

Ég skildi málið þannig, að þetta mikla lífshagsmunamál þjóðarinnar ætti ekki að koma hér til umr. í dag, enda var haft eftir hæstv. forsrh., að málið kæmi til umr. líklega á mánudaginn, þannig að ég var alls óundirbúinn að kafa mjög djúpt í umr. að þessu sinni. Engu að síður vil ég minnast á örfá atriði, til þess að ekki fari á milli mála, hvað veldur því, að ég get ekki fallist á þetta samkomulag.

Það skal strax tekið fram, að öðru sjónarmiðinu, þ. e. a. s. verndunarsjónarmiðinu, tilraun til þess að vernda fiskimiðin hér við land, því sjónarmiði er sinnt sæmilega í samningunum. Það er vissulega kostur að fá þarna takmarkanir á aflamagni Breta, friða ákveðin fiskisvæði. Engu að síður nær þessi friðun ekki langt, því að aðeins eitt hólf er lokað hverju sinni. Íslendingar kröfðust upphaflega, að 3 hólf af 6 væru lokuð, en niðurstaðan hefur orðið sú, að aðeins eitt er lokað hverju sinni, og það er mjög ófullnægjandi niðurstaða.

En það, sem veldur því, að ég get ekki fellt mig við þetta, er fyrst og fremst framkvæmdin og eftirlitið. Ég vil benda á, að í till. til þál. segir svo:

„Sé skip staðið að veiðum í bága við samkomulagið, getur íslenskt varðskip stöðvað það, en skal kveðja til það aðstoðarskip breskt, sem næst er, til að sannreyna málsatvik."

Í fyrsta lagi er ákaflega óviðfelldið að leggja þá kvöð á íslenska varðskipið að kalla til breskt eftirlitsskip, — Íslendingar séu skyldugir að kalla á breskt eftirlitsskip. Ég fæ ekki annað séð en Bretinn sé þar með orðinn að háyfirdómara. Miklu viðfeldnara hefði verið, að þessi kvöð hefði verið lögð á sjálfan landhelgisbrjótinn, eða a. m. k., að honum hefði verið gefin heimild til að kalla á breska eftirlitsskipið. En að skylda Íslendinga til að kalla á Breta til þess að ganga úr skugga um það, að niðurstaða og vinnubrögð íslenskra varðskipa séu lögum samkvæm og rétt, það er náttúrlega ekki sæmandi í svona samkomulagi.

Hæstv. forsrh. telur, að eftirlitið, eins og gengið er frá því í þessum lið, nr. 6, feli í sér, að Íslendingar hafi alger yfirráð út að 50 mílum. Mér er þetta með öllu óskiljanlegt. Það er boðuð lögfesting á frv., sem eigi að tryggja, að svo sé. Í fyrsta lagi vil ég benda á, að það skiptir engu máli, hvað hv. Alþ. lögfestir í þessu efni, því að þetta er samkomulag á milli tveggja þjóða, og það er ekkert gagn að því, nema Bretar viðurkenni þennan skilning. Við höfum þá reynslu af viðskiptum við Breta, að það þarf allt að vera svart á hvítu, til þess að

unnt sé að treysta þeim í einu eða neinu í þessum málum.

Það er ekki aðeins þetta, sem veldur því, að ég er andvígur þessu samkomulagi, heldur líka það ranglæti, sem beitt verður þá gegn togurum annarra þjóða. Hvers eiga togarar annarra þjóða að gjalda, þeir sem hafa virt okkar lögsögu, farið út fyrir 50 mílur. Togarar þeirra verða teknir, færðir til hafnar og sektaðir, en það má ekki snerta við breskum togurum. M. ö. o.: sú þjóð, sem beitir okkur vopnavaldi, sem kúgar okkur til þessara samninga, hún hefur rétt, hún kemst hjá því, að togarar hennar séu teknir og refsað eins og öðrum landhelgisbrjótum. Og hvaða áhrif hefur þetta á aðrar þjóðir? Nú standa yfir samningar við Vestur-Þjóðverja. Hvaða áhrif hefur þetta á þá og þeirra samningagerð? Þeir hljóta að gera svipaðar kröfur. Og koma ekki Pólverjar t. d. og vilja fá svipuð hlunnindi? Ég get ekki séð, að það sé neinn eðlilegur grundvöllur til þess að neita þessum þjóðum um sams konar fríðindi innan fiskveiðilögsögunnar. Hitt er svo annað mál, að ég er sannfærður um, að það hvarflar ekki að Pólverjum, Vestur-Þjóðverjum og Austur-Þjóðverjum að beita okkur vopnavaldi til þess að kúga okkur til samninga af þessu tagi.

Ég vil líka benda á það, að Bretar fórna mjög litlu fyrir þetta samkomulag. Þeir telja sig geta veitt allt að 130 þús. tonn hér við land, en mundu veiða að líkindum 155 þús. tonn, ef gert væri ráð fyrir svipuðum afla. M. ö. o.: Breta skiptir sáralitlu máli, hvort 2—3 svæði séu friðuð í einn eða tvo mánuði. Það, sem Bretar vilja, er að tryggja sér ákveðið aflamagn upp úr sjó, og það, sem Bretar fórna í þessu samkomulagi, er fyrst og fremst það, að þeir veiða um 18—19% minna en þeir hefðu gert að ógerðum samningum. Þetta er það, sem þeir færa. Það er ekki einu sinni í þessum samningi gert ráð fyrir því, að samningurinn frá 1961 falli niður. Það er beinlínis gert ráð fyrir því, að Bretar geti haldið áfram málsókn í Haag eftir 2 ár. Það er algerlega ósæmilegt fullveðja þjóð í baráttu af þessu tagi að krefjast þess ekki, að samningurinn frá 1961 falli niður. Hér inni eru forustumenn, sem fluttu vantraust á ríkisstj. 1961 fyrir undanlátssemi við erlent vald. Nú eru þessir sömu forustumenn í ráðherrastólum og eru að gera nákvæmlega það sama og þeir deildu á 1961.

Framkvæmdin er með svo aumingjalegum hætti, að það þarf að leita víða til slíks samkomulags milli tveggja þjóða. Brasilía og Bandaríkin gerðu samkomulag með sér, þegar Brasilía færði út í 200 sjómílur. Samkomulagið er á þá lund, að Brasilíu er heimilt að taka bandarísku skipin og færa til hafnar. Við höfum státað okkur af því að vera forustuþjóð í sambandi við útfærslu fiskveiðilögsögunnar. Við höfum vissulega verið það og vakið athygli á erlendum vettvangi. En við erum nú að hlaupast frá þeirri stefnu. Við erum að bregðast þeim þjóðum, sem standa í þessari baráttu. Við erum að skapa slæm fordæmi.

Hvað tekur við eftir tvö ár? Hefði ekki verið eðlilegt að fá inn í þennan samning, að tekið yrði tillit til þeirrar niðurstöðu, sem Hafréttarráðstefnan kæmist að? Hin íslenska þjóð, þessi litla þjóð, er svo múlbundin. Þetta er eins og gamall klár, sem bundinn er á hlaðinu. Hún gerir samning, og það er hvergi ljós í myrkrinu. Hvar í ósköpunum stöndum við á Hafréttarráðstefnunni? Það eru komnar 30—40 þjóðir með 200 mílur, og svo á að vera hafréttarráðstefna. Svo kemur Sjálfstfl. og flytur till. um 200 mílur fyrir árslok 1974. Og svo er verið að semja hér upp á það að láta Breta veiða upp að 12 mílum hér um bil kringum allt landið næstu 2 ár. Hvernig hefði verið að taka inn í þessi drög, að niðurstaða Hafréttarráðstefnunnar eða skoðun yfirgnæfandi meiri hluta þjóða á hafréttarráðstefnunni ylli því, að þetta yrði tekið til endurskoðunar? Við erum með þessum samningi að neita að taka tillit til þeirra atvika, sem eru að gerast í þessu máli.

Hvað átti að gera í landhelgismálinu? Þetta átti bara að bíða. Sigurinn var okkar, hann var framundan. Og það var einmitt á þeirri forsendu, að ég hygg, sem Sjálfstfl. flutti till. um 200 mílur á næsta ári. Það var af því, að Sjálfstfl. taldi sig sjá þetta fyrir. Það voru yfirgnæfandi líkur á því, að 200 mílur væru orðnar viðurkenndar að verulegu leyti næsta ár, og ég hygg, að þetta sé ekki rangt. Það, sem átti að gera, var auðvitað að bíða, bara bíða. Og hver hefði staðan orðið næsta sumar, þegar kannske 90 þjóðir af 140 hefðu samþykkt 200 mílur, um mitt sumarið? Ætli það hefði ekki verið önnur staða í landhelgismálinu en nú, virðist ætla að verða? En Bretar urðu að semja, vegna þess að þeir voru að tapa málinu. Bæði er þrýstingur frá bandalagsþjóðunum í NATO og líka þrýstingur frá hinum mörgu nýfrjálsu ríkjum í Afríku með sínar 200 mílur. Sigurinn var okkar. Það var algerlega óviðunandi að fara að hlaupa nú til samninga á þessum grundvelli.

Ég skal segja það alveg eins og er, að þessi samningur er litlu betri en samningurinn frá 1961, hann er litlu betri. Og af hverju er þá rokið í að semja? Ástæðan er hreinlega sú, að það eru sterk öfl í aðalflokkunum á Íslandi, sem hugsa meira um það, sem þeir kalla vestræna samvinnu, heldur en að standa á kröfu um fiskveiðilögsögu handa Íslendingum. Hermann Jónasson flutti ræðu hér, þegar borið var fram vantraust á vinnubrögð Guðmundar Í. Guðmundssonar og Bjarna heitins Benediktssonar, og það voru meginrök hjá Hermanni Jónassyni, að þessir menn hugsuðu miklu meira um NATO heldur en að tryggja fiskveiðilögsögu handa Íslendingum. Og það er sama sagan núna. Nú er bara skipt um, nú eru þessir menn í ráðherrastólum. Og það er mjög fróðlegt að lesa Alþingistíðindin frá 1961. Nú eru rökin bara komin yfir í ráðherrastólana. Þau fluttust með Guðmundi Í. Guðmundssyni yfir í ráðherrastólana, og ég hugsa, að margir séu ekki mjög kátir yfir því.

Ég ætla ekki að skemmta hæstv. ráðh. og forustumönnum í Framsfl. með því að lesa ummæli ýmissa framsóknarmanna frá þessum tíma. En það er mjög lærdómsríkt að lesa það, sem Hermann Jónasson sagði í sambandi við samningana 1961. Og það er mjög lærdómsríkt að finna það, að þau rök, sem beitt er núna, t. d.

þessi gífurlega áhætta, sem allt í einu kemur upp, líf íslenskra sjómanna er í hættu, forðumst árekstra, við erum að semja frið, frið, — þetta er nákvæmlega það, sem Guðmundur Í. Guðmundsson sagði og var sótbölvað fyrir, jafnvel af núv. forseta sameinaðs þings. Það er nefnilega ágætt að semja frið, en friðurinn verður að vera slíkur, að hann sé sæmandi fyrir íslenska þjóð.

Ég endurtek: sá hraði á samningum, sem átti sér stað, var vegna þess, að þeir menn, sem leggja aðaláherslu á vestræna samvinnu, setja traust sitt á NATO, voru orðnir varir við það, að NATO-tengslin þoldu ekki þessi átök. Íslenska þjóðin var að missa trúna á NATO, og það varð að bjarga málinu. Þetta er grundvallarástæðan fyrir því, að allt í einu er hlaupið til samninga, og ég endurtek: Hér skiptir ekki máli, hvort menn séu með eða móti NATO, heldur hitt, að íslenskir stjórnmálamenn skuli vera svo miklir labbakútar að meta meira að lafa í NATO heldur en að fylgja eftir kröfum íslensku þjóðarinnar um 50 mílna óskoruð yfirráð. Það er sá dæmalausasti labbakútsháttur, sem ég veit um.

Ég veit ekki betur en hæstv. ráðh. og fleiri menn hafi talað um það, að samningurinn frá 1961 hafi verið nauðungarsamningur. Hann var nauðungarsamningur. En þessi samningur núna, er hann ekki nauðungarsamningur? Ég veit ekki betur en að Bretar hafi rofið viðræður í sumar. Það stóðu samningar yfir til 4. maí, en 19. maí eru þeir allt í einu komnir inn í landhelgina með herskip, og síðan þróuðust málin eins og allir vita, árekstrar og upplausn í NATO-liðinu, og Bretar, loks þegar þeir fóru út fyrir, þá segja þeir sem svo: Ef íslensku varðskipin stugga við landhelgisbrjótunum, þá komum við aftur með herskipin. Við bíðum bara hérna fyrir utan 50 mílurnar, og ef þið eruð nokkuð að stugga við okkar togurum, þá komum við. — Er þetta ekki nauðungarsamningur, að hafa hér vopnað stórveldi fyrir utan 50 mílurnar með byssukjaftana á þessari smáþjóð?

En núna minnist þið ekki á, að þetta sé nauðungarsamningur, þó að þið hafið malað 1961. Það er af því, að nú eruð þið að gera samninganna.

Og annað: Það er ekki aðeins vopnakúgun, sem þessi þjóð beitir okkur, heldur líka viðskiptakúgun, eins og sýnir með fisktollinn hjá Efnahagsbandalaginu. Nú segja þeir: Elskurnar mínar, þið getið fengið tollinn strax á morgun, ef þið semjið, meira að segja 1. jan., allur tollur niðurfelldur. — Þetta er okkar ástkæra vinaþjóð í NATO, Bretar. En ég segi það, ef menn halda því fram, að samningurinn frá 1961 sé nauðungarsamningur, og ég er á því, þá er þessi það ekki síður.

Hér er um að ræða, að smáþjóð, vopnlaus, er að semja við stórþjóð, vopnaða. Íslendingar höfðu ekki þrek til þess að endast nema rúmt árið í baráttu við Breta. Þegar komið var að sigrinum, þá var hlaupið frá þessu, af því að vestræna samvinnan í NATO var meginatriðið. Þess vegna tel ég, að menn hafi hagað sér með heldur miklum ólíkindum, að bregðast þjóðinni á þennan hátt, ég tala nú ekki um þá blástursseli, sem óku hér um annes og firði og töluðu um full yfirráð yfir 50 mílum, aldrei að hvika. Svo koma þessir sömu menn og fara að semja.

Ég lít svo á, að þessi samningur sé undansláttur í landhelgismálinu. Þetta er uppgjöf, þetta er frestun, enda geta breskir togarar veitt hér við nær allt landið upp að 12 mílum næstu tvö ár. Og svo eftir tvö ár koma Bretar aftur með sín herskip, og þeir fara kannske fyrir dómstólinn í Haag, og þá koma Haag-dúfurnar hér í þinginu og vilja líka setja málið fyrir Haag. Það er enginn endir á vitleysunni. En hitt er meginatriðið, að þm. skuli láta kúga sig á þessa lund. Þeir sjá ekki aðalatriðið í málinu, og þegar sigurinn er að koma í höndina, þá er hlaupið frá þessu og gerður þessi dúfusamningur.

Ég ætla aðeins að segja örfá orð í viðbót. Ég tel, að enn ríki gamla undanhaldsleiðin, sem leiddi til nýlendustöðu okkar, þ. e. a. s. utanstefnu ráðamanna, dómsvaldið flutt úr landi, sbr. álsamninginn, og erlend lögsaga þegin innan landhelginnar. Þetta er minnimáttarkennd og skerðing á sjálfstæði þjóðarinnar. Og forustumennirnir átta sig ekki á því, að tíminn er breyttur, stórveldi geta ekki kúgað Íslendinga lengur, ef þeir standa saman. En það skilja ekki allir.

Ég vil segja það, að vinnubrögð ríkisstj. í þessu máli síðustu daga hafa verið með ólíkindum. Ég efast ekki um, að það hefur verið mikill vilji hjá stjórninni að leysa þetta mál eins og vera bar. En ég get ekki annað en sagt þau orð hér, af því að ekki hefur verið á það minnst, að ég skildi það svo, þegar hæstv. forsrh. fór til Lundúna, að ætlunin hefði verið að koma á samningaviðræðum að nýju, án samninga, taka upp samningaviðræður að nýju, án þess að semja. Síðan kemur hæstv. forsrh. með samkomulag, með samning, sem varð síðan ekki breytt. Síðan gerði Alþb. þá pólitísku skyssu að rjúka upp til handa og fóta, áður en menn voru búnir að sjá þetta og meira að segja lesa þetta sums staðar, og segja strax: Úrslitakostir. — Og þetta setti forsrh. upp við vegg, hann hafði ekki annars úrkosta en segja: Ég stend og fell með þessu. — Svona var hinn pólitíski leikur í kringum þetta. Svo láta menn sér detta í hug, eftir að hæstv. forsrh. er búinn að lýsa því yfir í fjölmiðlum, að hann standi og falli með þessu smkomulagi, að það sé leið til þess að fá Breta til að breyta samkomulaginu. Hví skyldu Bretar gera það? Það er ekki nokkur von til þess að breyta samkomulaginu, eftir að forsrh. er búinn að lýsa því yfir, að hann standi og falli með því.

Þannig verð ég að segja, að þessi keðjurás atburða, frá því að hæstv. forsrh. fór til Lundúna, hafi verið með miklum ólíkindum í íslenskri pólitík. Við höfum eiginlega misst þá samningsaðstöðu, sem við í raun og veru höfðum, á meðan allt var með felldu. En ég vil taka það skýrt fram, að ég er ekki að væna hæstv. forsrh. um nein óheilindi af nokkru tagi. Hins vegar er munurinn sá, að ég hef aðra skoðun á þessu en hann. Þó verð ég að minnast á eitt atriði. Hæstv. forsrh. tók berlega fram og skýrt, að það yrði ekki slakað á landhelgisgæslunni. Nú hafa staðið yfir í 3 vikur eða svo sífelldar

kvartanir, t. d. úti fyrir Vestfjörðum. Það hefur ekki verið klippt á vír eins einasta togara, það hefur ekkert gerst. Það er eins og landhelgisgæslan sé að hvíla sig. En þetta er óskýranlegt. Ég væni ekki forsrh. um það, að hann hafi ekki viljað, en einhvers staðar í kerfinu hlýtur þetta að bila, og þetta hefur náttúrlega vakið upp alls konar grunsemdir og aðdróttanir í garð forsrh. Ég er alveg sannfærður um, að hann hefur staðið á sínu máli, að reyna að halda uppi reglum á miðunum. En það er þá bara einhvers staðar í kerfinu hjá honum, sem bilar. Og ég verð að segja það, að þróunin í landhelgismálinu frá Lundúnaförinni hefur verið fremur óskemmtileg.

Ég ætla nú að láta þetta nægja í bili. Ég tel, að þessi þáltill. stangist á við orð stjórnmálamannanna. Hún stangast á við stefnu ríkisstj., hún er í andstöðu við þann kosningasigur, sem flokkarnir unnu. Mér skilst, að 50 mílna útfærslan hafi verið eitt helsta baráttumál þjóðarinnar, og ég tel, að þetta sé ekki af því tagi, að hægt sé að hlaupast frá því. Þess vegna hef ég komið hér með viðbótartill., sem hljóðar svo:

„Ályktun þessi öðlast aðeins gildi að undangenginni þjóðaratkvgr. um bráðabirgðasamkomulagið, enda hljóti það stuðning meiri hluta kjósenda.“

Ég hygg, að það væri ágætt fyrir ráðamenn þjóðarinnar að fá vitneskju um, hvað þjóðin vill í þessu efni, og hlíta dómi þjóðarinnar um þetta.

Að þessu sinni mun ég ljúka máli mínu.

Hannibal Valdimarsson: Herra forseti. Ég hef við þessa umr. orðið eins vísari, sem ég vissi ekki áður í náttúrufræði. Það er það, að nú veit ég, hvernig blástursselur lítur út.

Hér er mikið og alvarlegt mál á ferðinni, og mun ég samt hafa þann hátt á, sem formenn stjórnmálaflokkanna hafa haft við þessa umr., að tala stutt um málið, en aðeins, og það er tilgangur þessarar umr., lýsa afstöðu þingflokks míns til þess.

Ég tel það til mikilla kosta við það samkomulag, sem okkur stendur nú til boða og hér er verið að ræða, að framkvæmdin á þessu samkomulagi verður í höndum Íslendinga sjálfra. Í annan stað tel ég það mikilsvert, að hér er um tímabundið bráðabirgðasamkomulag að ræða, sem gildir aðeins í tvö ár. Í þriðja lagi, og það skiptir mestu, er um það að ræða í samkomulaginu, sem nú skal greina, nefnilega að með því fáum við meiri veiðitakmörkun breskra togara en ég tel nokkrar líkur til, að við hefðum fengið með áframhaldandi þrotlausu stríði, og þar með slæ ég því föstu, að þessi friðsamlega lausn samkomulagsins sé hinn betri kostur, sem íslenska þjóðin eigi völ á, og því sé einsætt að velja þann kostinn heldur en áframhaldandi stríð með minni vernd fyrir okkar aðþrengda þorskstofn og með meiri ágengni á Íslandsmiðum af breskum veiðiskipum. Stríð vill þingflokkur SF ekki heyja stríðsins eins vegna, síst ef um verri kost er að ræða heldur en með annarri lausn málsins. Þm. SF greiða því atkv. með því samkomulagi, sem hér liggur fyrir.

Forsrh. (Ólafur Jóhannesson): Herra forseti. Ég get um aðdraganda þessa samkomulags, sem hér liggur fyrir, vísað til framsöguræðu hæstv. utanrrh. Ég vil þó minna á og endurtaka, að með 60 uppréttum höndum á Alþ. 15. febrúar 1972 var samþykkt, að haldið skyldi áfram samningaumleitunum við tilteknar þjóðir, sem þá voru byrjaðar. Þessum samningaumleitunum hefur síðan verið haldið áfram með vitund Alþ. og vilja, án þess að ég hafi heyrt eina einustu rödd á Alþ., sem hafi mælt gegn því. Þessum samningaviðræðum hefur verið haldið áfram um nokkurt skeið, án þess að árangur næðist. Það má segja, að þær héldu áfram með eðlilegum hætti þangað til 4. maí þetta ár. Þá settu bæði Íslendingar og Bretar fram sín sjónarmið í þessu máli á glöggan hátt, mótuðu þær kröfur, sem ætla verður, að hafi verið taldar þá hinar ítrustu. Þetta liggur fyrir bókað, og hv. utanrmn., sem fær málið til meðferðar hér á eftir, getur kynnt sér það og borið saman, hvað á milli ber, hvað vantar á annars vegar, að í þessu samkomulagi hafi því verið náð, sem Íslendingar ýtrast settu fram, og svo hins vegar, hvað hefur fengist frá því, sem Bretar töldu mögulegt að ganga að. Og báðir skildu þá samningsaðilar með þeim ummælum, að þeir vildu taka till. hvors um sig til athugunar, og í því fólst vitaskuld það og allir gengu út frá því, að þarna væri í raun og veru ekki um endanleg orð að tefla, heldur gæti verið um að ræða, að slakað yrði á báða bóga.

Hvað er það þá, sem á milli ber í þeim samkomulagsdrögum, sem nú liggja fyrir, frá þeim ýtrustu kröfum, sem Íslendingar settu fram 4. maí 1973. Ég segi: það er eitt meginatriði. Það er, að það er eitt hólf aðeins, sem á að vera lokað eftir þessum samkomulagsdrögum, en eftir till. frá 4. maí áttu þau að vera tvö. Og annað líka, sem skiptir miklu minna máli að mínum dómi, er það, að samkv. till. Íslendinga átti að strika út 30 stærstu togarana, sem stundað höfðu hér veiðar 1971, en í staðinn er komið í þessi samkomulagsdrög, að 15 þeir stærstu skuli útstrikaðir og svo 15 af minni gerðinni. Þetta er í raun og veru það, sem á milli ber, vegna þess að um samningstímann er það að segja, að það hafði alltaf verið talað um, að hann gæti orðið allt að tveimur árum. Og í öllum samningaviðræðunum, það fullyrði ég, gengur það í gegn eins og rauður þráður, að engum datt í hug að miða þann gildistíma við upphaf deilunnar, heldur við undirritun samninga. Ég vil bæta því við, að í þessum sjónarmiðum sem sett voru fram af hálfu Íslendinga, var aðeins talað um tvö friðunarsvæði, þau, sem þá höfðu verið lögboðin. Í þessum samningsdrögum er bætt einu við til viðbótar, sem síðar hefur komið til. Það var aldrei minnst á það í þessu uppgjöri, sem þá fór fram og lagt var fram sem endanlegt af Íslendinga hálfu sem þeirra ýtrustu sjónarmið, að það ætti að taka til athug-

unar einhverjar meiri friðanir. Það má segja, og það er alltaf auðvelt að vera vitur eftir á, að það hefði átt að gera þetta. En það var ekki gert.

En hvað er það þá, sem ber á milli á hinn bóginn? Hvað er það, sem fengist hefur fram í þessum samningsdrögum, sem Bretar léðu ekki máls á að tala um 4. maí? Jú, það er hreint ekki svo lítið. Þeir léðu ekki máls á því að tala um smábátasvæði, en samkv. þessum samkomulagsdrögum er um þrjú smábátasvæði að ræða: fyrir Vesturlandi, Norðurlandi og Austurlandi, og þau eru af fróðum mönnum talin jafngilda allt að 20 þús. tonna aflatakmörkun. Ég efast ekki um, að það hefði verið hægt að semja um það og væri hægt að semja um það við Breta að sleppa þessum smábátasvæðum og fá í þess stað tvö hólf lokuð. Er nokkur hv. alþm., sem mundi vilja gera slíka breytingu? Ég vil það ekki, hef aldrei viljað það. Þá voru Bretar aðeins tilleiðanlegir að tala um að fækka togurum um 20, ekki þeim stærstu, nei, bara togurum upp og ofan, og þó því aðeins, að þeir fengju til þess samþykki hjá útgerðarmönnum. Ekki voru þeir ákveðnari í því en það. Þá áttu, sem sagt eftir þeirra sjónarmiðum, að hafa rétt til að veiða 155 togarar. Eftir þeim samkomulagsdrögum, sem hér liggja fyrir, verða þeir þó ekki nema 139. Og þá voru þeir með það að hafa í samningi, að það yrði kveðið svo á, að þegar samningstíminn rynni út, skyldu teknar upp aftur viðræður um það, hvað við tæki. Frá þessu hafa þeir nú fallið.

Ég skal ekki fara nánar út í þennan samanburð, en bendi á það, að hv. utanrmn. getur gert það. Hún fær þessi gögn í hendur og getur metið þetta.

Hv. þm. Bjarni Guðnason var að tala um, að þetta samkomulag, sem hér væri fyrir hendi, væri andstætt orðum, sem sjórnmálamenn hefðu látið falla. Ég leyfi mér að draga það í efa. Ég minnist þess einmitt, að í umr. um landhelgismál hafa sí og æ verið látin falla þau orð hér á Alþ., að menn teldu það sanngjarnt að veita þeim útgerðarbæjum, sem hefðu stundað hér veiðar um langan tíma, umþóttunartíma, og það var í því skyni, sem viðræður um þetta fóru fram. Ég held, að þetta sé ekki í andstöðu við nein orð, sem stjórnmálamenn hafa látið falla. En samningsviðræðunum var slitið í maí vegna þess, að Bretar sendu inn sín herskip, og þá var því lýst yfir að hálfu stjórnmálamanna, að það kæmi ekki til mála að semja við Breta, meðan bresk herskip væru í ísleskri landhelgi. Og hv. þm. veit, að það var gripið til vissra ráða, sem lýstu engu sérstöku trausti á NATO, til þess að fá Breta til að kalla herskipin út úr íslenskri landhelgi. Það tókst. Þá skapaðist nýtt viðhorf í þessu máli. Þá var kominn grundvöllur til að taka upp viðræður við Breta á nýjan leik og það var gert, og það var eðlilegt framhald af því, sem hafði gerst í þeim samningaviðræðum, sem áður höfðu átt sér stað.

Hitt er svo auðvitað mál, að um þetta samkomulag, hvort sem það er gott eða slæmt, geta verið skiptar skoðanir, og er afskaplega eðlilegt, að skiptar skoðanir séu um það. Og auðvitað dreg ég það ekki í efa, að allir hv. alþm hefðu viljað fá fram betra samkomulag en þetta, þ. e. a. s. Íslendingum hagstæðara. En nú hefur það verið reynt nokkuð til þrautar, og mín skoðun er sú, að lengra en þetta verði ekki komist. Og það hefur enginn nauðungarsamningur verið gerður. Það hefur enginn samningur verið gerður enn þá. Það er höfð sú eðlilega málsmeðferð á þessu að leggja þessa niðurstöðu, þennan kost, sem ég tel skástan fáanlegan nú, fyrir Alþ. og þá er það Alþingis að segja til um, hvort það vill láta gera þetta bráðabirgðasamkomulag eða ekki. Hendur þess hafa ekki á neinn hátt verið bundnar. Ég tók það skýrt fram, og það var tekið fram í þeirri fréttatilkynningu, sem gefin var út eftir þann fund, sem ég átti með forsrh. Breta, að ég tæki aðeins þessa skýrslu og gæfi hana minni ríkisstj. Ég hef ekki með einum eða öðrum hætti bundið hvorki ríkisstj. né Alþ. Og íslenskir alþm. eru algerlega frjálsir að því að hafna þessu, ef þeir að skoðaðri sinni samvisku telja þá leið skynsamlega. Þeir eru spurðir, áður en samningurinn er gerður.

Ég hefði vissulega kosið, að þetta samkomulag hefði verið Íslendingum hagstæðara og þá fyrst og fremst að því leyti til, að ég hefði auðvitað kosið, að tvö hólf hefðu verið lokuð. Það er meginmunurinn, meginatriðið, sem hér er um að ræða. En ég tel samt sem áður, þrátt fyrir þennan annmarka, mjög mikið fengið fram. Ég tel það langsamlega stærsta, sem fengið er með þessum samningi, það, að útilokaðir eru að fullu og öllu allir frystitogarar og verksmiðjutogarar. Það, sem um er að ræða, ef haldið hefði verið áfram óbreyttu ástandi og við óbreyttar aðstæður, er ekki það einungis að útiloka þá 25 frysti togarar, sem hér stunduðu veiðar 1971. Nei, Englendingar eiga ekki aðeins 25 frystitogara í dag, þeir eru 46, og þeir smíða þá sem óðast, og það, sem meira er, þeir eru, eins og kunnugt er af fréttum, að fara einmitt út í það í vaxandi mæli að smíða verksmiðjutogara.

Ég held, að ein aðalrökin fyrir því, að við, sem stóðum að því, að landhelgisútfærslan mætti alls ekki bíða, hafi verið þau, að það hafi verið hættan á því, að það yrði komið í vaxandi mæli með þessi verksmiðjuskip og farið yfir íslensk mið með þeim og þau notuð eins og ryksugur til þess að þurrka upp okkar fiskimið. Það var þessi aðsteðjandi hætta, sem var aðalógnvaldurinn. Og fyrir hana er girt með þessum samningum. Þess vegna er ég alveg á öndverðum meiði við hv. þm. Bjarna Guðnason, að hér sé gefið hættulegt fordæmi. Ég held einmitt, að hér sé gefið gott fordæmi að því leyti til, að í samningum við Vestur-Þjóðverja og hverja sem væri er auðvelt, eftir að þetta hefur verið bókfest, að standa á því og halda því fram, að verksmiðjutogara tökum við aldrei inn fyrir 50 mílna mörkin, vegna þess að við höfum staðið á því í samningum okkar við Breta og þar höfum við fengið þetta viðurkennt, og þeir yrðu að viðurkenna það líka, ef þeir vildu gera samninga við okkur. Ég held, að þetta sé kannske stærsta friðunarsjónarmiðið, sem liggur í þessum samkomulagsdrögum.

Auðvitað hefur landhelgismálið verið mikið tilfinningamál. Það er ekki nema eðlilegt. En þegar alþm. eiga að gera það upp við sig, hvort þeir eiga að gera svona samkomulag eða ekki, þá mega þeir ekki láta tilfinningarnar ráða, heldur verða þeir að líta á það með kaldri skynsemi

og rökhyggju og meta það, hvort betri árangur fæst fyrir íslenska þjóð og fyrir íslensk fiskimið með því, að haldið sé áfram að óbreyttum aðstæðum að stunda veiðiskap með þeim hætti, sem gert hefur verið, eða fá samkomulag um þá takmörkun á aflamöguleikum, sem hér liggur fyrir.

Það hefur verið deilt um það, hvað Bretar hafi fiskað mikið undir herskipavernd og við þær aðstæður, sem hér ríktu. En margir hafa haldið því fram og það er kannske ekki svo gott að vefengja það, að þeir hafi náð um 160 þús. lestum. Hitt er víst, að illa hafa þeir veitt, en enn þá verr gætu þeir veitt, og ef þeir tækju þann háttinn upp og kæmu hér í vaxandi mæli með verksmiðjutogara og stærri togara og héldu þeim veiðum áfram undir herskipavernd, þá gætu þeir sennilega önglað saman talsvert meira en 160 þús. tonnum. Það verða menn svo að bera saman við þann hugsanlega möguleika, sem þeir hafa eftir þessu bráðabirgðasamkomulagi, 130 þús. tonn. Fróðustu menn íslenskir í þessum efnum hafa þó reiknað út, að öllu líklegra væri, að möguleikarnir gæfu þeim ekki nema 110 þús. tonn. Ég vil taka fram, að sá útreikningur er einmitt miðaður við þann lokunartíma á svæðunum, sem er í þessum samkomulagsdrögum. En það er líka rétt, að við höfðum kosið lokunartímann nokkurn annan, og Landssambandið gerði um það till. Þær till. sendum við út og reyndum að fá því framgengt, að lokunartímanum væri breytt í þá veru, en því fékkst því miður ekki framgengt. En það er sjálfsagt rétt, að ef tekist hefði að fá það fram, þá hefði það minnkað aflamöguleika Breta talsvert frá því, sem þeir eru þó nú.

Ég hef skilið það svo og hef haft fulla ástæðu til að skilja það svo, að allir hv. alþm. væru á því máli, að það ætti að freista þess að gera bráðabirgðasamkomulag, svo að að því geta menn, held ég, ekki fundið, að það hefur verið reynt. Hitt er svo auðvitað mál, að þegar samkomulagið liggur fyrir, geta menn endalaust deilt um, hvort það sé eins gott og það þyrfti að vera eða ekki. Og ég skil ákaflega vel, að það geti verið skiptar skoðanir um efni þessara samkomulagsdraga. En þá eru menn, eins og ég hef áður sagt, alveg frjálsir og geta hafnað því, ef þeir vilja taka á sig ábyrgðina af því. Ég hef sagt það eitt, að ég vildi ekki taka á mig ábyrgðina af því að hafna þessum samkomulagsdrögum. Það er hægt að tala kuldalega og kannske dálítið glannalega um þá hættu á mannslífum, sem geti komið til greina í sambandi við áframhald þessarar deilu. Ég geri það ekki. Ég held, að menn ættu að hugsa til þeirrar hættu, sem varðskipsmenn hafa lagt sig í og leggja sig í. Ég held, að menn ættu að hugsa til fjölskyldna þeirra, áður en þeir hefðu of stór orð um það, að litlu væri hættandi til þess að skapa frið. Ég held þvert á móti, að það sé talsvert vinnandi og gefandi fyrir friðinn. Það getur aldrei orðið hvort sem er keppikefli okkar Íslendinga að standa í ófriði við okkar nágrannaþjóðir og það þjóðir, sem við höfum átt samskipti við, stundum vinsamleg, stundum óvinsamleg, ég vil nú segja: oftar vinsamleg, eins og ég veit, að sögufróður maður eins og hv. þm. Bjarni Guðnason kannast við úr Íslandssögunni. Og e. t. v. hefðu Íslendingar orðið hungurmorða einhvern tíma, ef Bretar hefðu þá ekki rétt hjálparhönd. Það veit ég, að hann kannast líka við. Og það má muna líka, þegar reikningarnir eru gerðir upp við Breta.

Það hefur verið talað um, að það atriði, sem er í 6. lið þáltill. um framkvæmd samkomulagsins, væri ekki ljóst og að Íslendingar væru þar eitthvað að láta af því valdi, sem þeir eðlilega hefðu. Ég er þessu ekki sammála. Ég viðurkenni að vísu, að þarna er eitt ákvæði, sem leggur band á Íslendinga, og það er þetta, að það á að kalla til aðstoðarskip breskt, ekki herskip, til þess að sannreyna málsatvik. En Íslendingar hafa tekið sér 50 sjómílna fiskveiðilögsögu. Hún er gildandi samkv. íslenskum lögum. Hún heldur áfram að gilda samkv. íslenskum lögum. Það verða engin frávik gerð frá því, nema ber ákvæði séu þar um sett og undantekningar gerðar í samningum, og þetta er eina undantekningin, sem er að finna þarna. Þess vegna hef ég lýst yfir þeirri skoðun minni, að það væru íslensk yfirvöld, sem auðvitað tækju ákvörðun um það, hvort þau strikuðu skip út af skrá eða ekki. En hitt er aðeins gert til þess að gefa hinum samningsaðilanum færi á því, eins og segir, að kanna málsatvik, og þá má segja; búa hann betur í stakk að því leyti til, ef hann vill eftir á koma fram andmælum gegn ákvörðun íslenkra yfirvalda. Þessum skilningi mínum, sem ég tel, að sé óumdeilanlegur, verður fylgt eftir með setningu laga. Ég mun leggja fram frv. um það efni, sem ríkisstj. hefur samþ., og ég vænti, að það verði komið á borð þm. á mánudaginn, þegar þetta mál verður hér endanlega afgreitt. Og það er frv. til l. um breyt. á l. nr. 62 1967, um bann gegn veiðum með botnvörpu og flotvörpu. Efni þess verður það, að í lögin bætist svo hljóðandi bráðabirgðaákvæði:

„Meðan í gildi er samkomulag um lausn á fiskveiðideilu milli Íslands og Bretlands frá (þarna vantar enn þá dagsetninguna inn í, því að samningurinn hefur ekki enn verið gerður), skulu brot gegn ákvæðum samkomulagsins af hálfu þeirra bresku veiðiskipa, sem tilgreind eru á skrá, sem er fskj. með samkomulaginu og heimilaðar eru botnvörpuveiðar á umsömdum svæðum í fiskveiðilandhelginni milli 50 og 12 mílna frá grunnlínu, varða þeim viðurlögum, að veiðiskip, sem brotlegt hefur orðið við ákvæði samkomulagsins, skal fellt niður af fyrrnefndri skrá og missir þar með rétt til að stunda veiðar samkv. ákvæðum samkomulagsins. Dómsmrn. tekur ákvörðun um þetta efni, er það hefur fengið gögn í hendur frá Landhelgisgæslunni. Aðila er heimilt að bera ákvörðunina undir dómstóla, en dómsmeðferð frestar þó ekki leyfissviptingu."

Ég held, að að þessu samþykktu geti enginn vafi leikið á því, í höndum hvers aðila það sé að fella skip af skrá. Og ég vona, að með því séu fjarlægðar efasemdir, sem í hugum sumra manna hafa verið varðandi þetta atriði, af því að það er rétt, að orðalagið á sjálfu ákvæðinu í samkomulaginu er ekki eins og það gæti verið skýrast, það skal viðurkennt, þó að ég telji, að ekki verði það skilið á annan veg en þann, sem ég hef gert grein fyrir.

Herra forseti. Ég skal svo ekki tefja þessar umr. meir, en vil að lokum leyfa mér að minna á það, að þjóðareining hefur verið meginstyrkur Íslendinga í landhelgismálinu út á við og inn á við. Alþ. er eðlilegur oddviti í þeirri þjóðarsamstöðu. Einróma samþykkt allra alþm. 15. febr. 1972 mun lengi í minnum höfð og verða óbrotgjarn minnisvarði í sögu Alþ. Ef gera á þetta bráðabirgðasamkomulag, sem hér liggur fyrir um lausn landhelgisdeilunnar við Breta um tiltekinn tíma, er að mínum dómi mjög æskilegt og nauðsynlegt, að um það sé sem víðtækust samstaða á Alþ. og hjá þjóðinni. Ég er ekki í nokkrum vafa um, að það verður okkur mikill styrkur í okkar landhelgisbaráttu. En það skyldi enginn vaða í þeirri villu, að á hana sé endir bundinn með því samkomulagi, sem hér liggur fyrir. Sú barátta mun halda áfram, og þá er ég ekki í nokkrum vafa um, að það, sem verður okkur langbesti stuðningurinn í okkar málflutningi, hvar sem er, er, að við getum bent á, að þrátt fyrir allan ágreining, þrátt fyrir alla stjórnmálaflokka, þá standa Íslendingar saman í þessu máli, þeir eiga eitt mál, sem er hafið yfir flokkabáttu og dægurríg. Ég held, að það sé óþarft verk og ekki gott að stuðla að því, að þessi þjóðareining sé rofin, að þessi einróma eining á Alþ. sé rofin. Og ég vona, að okkur auðnist að standa svo að þessu máli, að það sjáist út á við og inn á við líka gagnvart þjóðinni, að við erum menn til þess að taka ákvarðanir, sem kosta okkur líka kannske eitthvað í bili. Hitt þarf svo ekki að taka fram, að það verður ekkert samkomulag gert, nema fyrir liggi skýr og afdráttarlaus vilji meiri hl. Alþ., að það skuli gert.

Karvel Pálmason: Herra forseti. Ég ætla ekki að gera hér að umræðuefni efnisatriði þess máls, sem hér er til meðferðar, formaður þingflokks míns hefur lýst yfir afstöðu þingflokksins til þess. En mér finnst í raun og veru ófyrirgefanlegt að nota ekki þetta tækifæri til að gera að umræðuefni það gegndarlausa myrkviði og dómgreindarleysi, sem mér virtist ríkja hjá hv. 3. landsk. þm. hér áðan í ræðu hans. Hafi nokkur stjórnmálamaður íslenskur á nokkrum tíma rasskellt sjálfan sig í ræðustól, þá var það þessi hv. þm. Ég skrifaði hjá mér, að ég held nokkuð orðrétt, nokkur gullkorn úr hans máli og ætla að leyfa mér að fara um þau nokkrum orðum.

Hann byrjaði á því að segja: Það var allt að því hin eina rétta stefna að ná samkomulagi við Breta, en nú vil ég það ekki. — Hann sagði í öðru lagi: Verndunarsjónarmiðinu er mjög vel borgið, en ekki nógu mikið. — Hann sagði í þriðja lagi: Framkvæmdina og eftirlitið get ég ekki fellt mig við, — þ. e. a. s. að það sé í höndum Íslendinga sjálfra. Það er staðreynd, sem hæstv. forsrh. og meira að segja stjórnarandstæðingar virðast telja, að sé atriði, sem hafi verið fullnægt. Og það er það, sem þessi hv. þm. vill ekki. Og hann sagði: Það er verið að gera nákvæmlega það sama og gerðist 1961. — Ekki einu sinni þeim hv. stjórnarandstæðingum, sem nú eru hér, virðist detta í hug að gera samanburð á þessu. Þó stóðu þeir að þessum samningi, sem þá var talinn landráðasamningur. Og hann sagði og leit, að því er mér virtist, þá fyrst og fremst til ráðh. Alþb., að það virtist sem stefna ríkisstj. í landhelgismálinu síðustu daga væri fyrst og fremst að þjóna NATO. Ég veit ekki, hvort ráðh. Alþb. taka gott og gilt, að slíkur áburður sé á þá borinn. En fjarri er mér að halda það. Ég held, að þeir hafi ekki verið neinir sérstakir erindrekar, ef svo mætti segja, NATOs innan ríkisstj. Og hann sagði: Þessi íslenska þjóð er eins og gamall klár bundinn á hlaði. (Gripið fram í.) Það er rétt. Ekki er nú samlíkingin ljót. Og hann bætti fleiru við. (Gripið fram í.) Hann vill greinilega ekki hlusta. Hann sagði: Blástursselir, sem óku með ströndum og sögðu: full yfirráð yfir landhelginni. — Hann á kannske við sjálfan sig þessa einu ferð, sem hann fór með ströndinni í kosningunum 1971. Og svo sagði hann: Mér skilst, — ekki var nú fastar að orði kveðið, — mér skilst, að 50 mílurnar hafi verið kosningamál núv. stjórnarflokka. Ekki hefur þessi skoðun verið föst í sessi hjá þessum hv. þm., þegar hann taldi sig á þeim tíma vera að berjast fyrir þessu lífshagsmunamáli íslensku þjóðarinnar. Hann bara hélt þetta.

Mér finnst það furðu gegna, þegar til umr. er hér á Alþ. slíkt alvörumál eins og ég tel landhelgismálið vera, að málflutningur þm. sé með þeim hætti, sem þessi hv. þm. leyfði sér að hafa hér um hönd í ræðustól. Menn getur greint á um það, a. m. k. menn, sem eru vanir samningamálum, sem ég held nú, að þessi hv. prófessor sé ekki vanur, — menn getur greint á um það, hvort hér er um að ræða gott eða vont samkomulag. Þar er um málefnalega afstöðu að ræða. En slíkur málflutningur sem þessi hv. þm. leyfði sér að hafa um hönd hér á Alþ. er ekki sæmandi einum eða neinum íslenskum stjórnmálamanni, ekki einu sinni hv. 3. landsk. þm.

ATKVGR.

Till. vísað til utanrmn. með 52 shlj. atkv. og umr. frestað

Sameinað þing, 17. fundur.

Mánudaginn 12. nóv., kl. 2 miðdegis.

Varamenn taka þingsæti.

Forseti (Eysteinn Jónsson): Mér hefur borist svo hljóðandi bréf:

„Reykjavík, 9. nóv. 1973.

Oddur Ólafsson, 3 þm. Reykn., hefur í dag ritað á þessa leið:

„Þar sem ég er á förum til útlanda til þess að sitja þing Sameinuðu þjóðanna og mun ekki geta sótt þingfundi næstu vikur, leyfi ég mér að biðja um fjarvistarleyfi og með skírskotun til 138. gr. l. um kosningar til Alþingis að óska þess, að 1. varamaður Sjálfstfl. í Reykn., Axel Jónsson bæjarfulltrúi, taki sæti á Alþ. í fjarveru minni."

Þetta er yður, herra forseti, hér með tilkynnt.

Ásgeir Bjarnason,
forseti Ed."

Axel Jónsson hefur áður setið þingbekk á þessu þingi og skilað kjörbréfi, sem samþ. hefur verið, og býð ég hann velkominn til starfa.

Þá hefur borist annað bréf, svo hljóðandi:

„Reykjavík, 12. nóvember 1973.

Jón Ármann Héðinsson, 5. þm. Reykn., hefur í dag ritað mér á þessa leið.

„Þar sem ég er á förum til útlanda vegna sérstaks verkefnis fyrir Sölusamband ísl. fiskframleiðenda, leyfi ég mér hér með að biðja um fjarvistarleyfi og með skírskotun til 138. gr. l. um kosningar til Alþingis að óska þess, að 1. varamaður Alþfl. í Reykn., Karl Steinar Guðnason kennari, taki sæti á Alþ. í fjarveru minni."

Þetta er yður, herra forseti, hér með tilkynnt.

Ásgeir Bjarnason,
forseti Ed."

Karl Steinar Guðnason hefur setið á þingi á þessu kjörtímabili og kjörbréf hans verið samþ., og býð ég hann velkominn til starfa.

Samningur við Belgíu, Noreg og landsstjórn Færeyja um veiðar innan fiskveiðilögsögu Íslands, þáltill. (þskj. 99, n. 111). — Frh. einnar umr.

Of skammt var liðið frá útbýtingu nál. — Afbrigði samþ. með 50 samhlj. atkv.

Frsm. (Gils Guðmundsson): Herra forseti. Till. sú til þál., sem hér liggur fyrir, staðfestir, ef samþ. verður, samninga þá, sem ríkisstj. hefur gert við ríkisstj. Belgíu og Noregs og landsstjórn Færeyja um heimildir til veiða innan íslenskrar fiskveiðilögsögu. Efni samninga þessara er hv. alþm. gerkunnugt, enda eru þeir allir komnir til framkvæmda.

Utanrmn. hefur fjallað um þáltill. Eins og fram kemur á þskj. 111, sem verið er að útbýta, leggu n. einróma til, að till. verði samþ. óbreytt.

ATKVGR.

Tillgr samþ. með 50 shlj. atkv.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Till. samþ. með 50 shlj. atkv. og afgr. sem ályktun Alþingis (þskj. 114).

Bráðabirgðasamkomulag við Bretland um veiðar breskra togara, þáltill. (þskj. 100, n. 109 og 110, 101, 112). — Frh. einnar umr.

Of skammt var liðið frá útbýtingu nál. — Afbrigði samþ. með 44 shlj. atkv.

Afbrigði um brtt. 112, sem var og seint fram komin, samþ. með 48 shlj. atkv.

Frsm. meiri hl. (Eysteinn Jónsson): Herra forseti. Mér hefur verið falið að mæla hér fyrir nál. meiri hl. utanrmn. á þskj. 110, en að þessum meiri hl. standa fulltrúar fjögurra flokka í utanrmn., þ. e. a. s. Alþb., Alþfl., Framsfl. og SF.

Íslendingar heyja mikla baráttu fyrir því að öðlast full og óskoruð umráð yfir landgrunni sínu og auðæfum hafsins yfir því. Sú barátta hófst í rauninni fyrir alvöru, þegar hinni stjórnarfarslegu frelsisbaráttu landsmanna lauk með stofnun lýðveldisins 1944. Við eigum gott land, sem teygir sig talsvert langt út í hafið, og það köllum við landgrunn. Öll erum við sannfærð um, að þjóðin á þess engan kost að lifa hér viðunandi menningarlífi með þeim kostnaði, sem sjálfstæðu þjóðfélagi við okkar skilyrði fylgir, nema saman geti farið skynsamleg nýting landins og hafsins umhverfis í þágu hennar. Þessi nýja frelsisbarátta landsmanna hefur nú staðið áratugum saman, og þýðingu hennar má nokkuð marka af því, að enginn, sem vel þekkir til, efast um, að byggjum við enn þá við sömu fiskveiðilandhelgi og við höfðum, þegar hún hófst, þ. e. a. s. þrjár mílur og allir flóar og stórfirðir opnir erlendum fiskveiðiflotum, eins og þeir eru nú orðnir, væri hagur landsmanna ömurlegur orðinn.

Hér verður engin saga rakin, en áfanga má nefna: landgrunnslögin, 4 mílur og nýjar grunnlínur, sem færðu okkur flóa og stórfirði inn í landhelgina, þá 12 mílur, 50 mílur og stefnan tekin að 200 mílna markinu. Við gerum okkur það sjálfsagt ljóst, sumpart að fenginni reynslu, að það er löng leið frá 3 í 200 og að ýmsar torfærur eru á þeirri leið sem taka verður tillit til, og því ekki alltaf hægt að fara þráðbeint. Vandinn er á hinn bóginn að finna ætíð færa leið og missa aldrei sjónar af markinu né glata stefnunni.

Við gerðum ráð fyrir því við útfærsluna í 50 mílur, að erfiðastir yrðu sem fyrr árekstrarnir við þá útlendinga, sem mest hafa notfært sér fiskimiðin, sem við af lífsnauðsyn verðum að tryggja okkur einum framvegis. Áreiðanlega höfum við einnig gert okkur ljóst, að í þeim sviptingum yrðum við stundum að gera fleira en gott þætti og fara öðruvísi að en við mundum

gera, ef við þyrftum ekkert tillit að taka til annarra.

Þegar Alþ. ákvað 15. febr. 1972 með 60 shlj. atkv. að færa fiskveiðilandhelgina út í 50 mílur, var þess vegna jafnframt ályktað, að halda skyldi áfram samkomulagstilraunum við ríkisstj. Bretlands og Sambandslýðveldisins Þýskalands um þau vandamál, sem skapast vegna útfærslunnar. Hér voru höfð í huga tímabundin og takmörkuð veiðiréttindi innan 50 mílnanna. Þessi tillit þótti Alþ. óhjákvæmilegt að taka, ekki bara vegna erlendra útgerðafélaga, heldur einnig vegna erlendra fiskimanna, sem höfðu lífsviðurværi sitt af þessum veiðum. Hér var hafður í huga sanngjarn umþóttunartími. Þannig mótaði Alþ. stefnuna 15. febr. 1972.

Eftir mikil átök við Breta, sem ég ætla ekki að lýsa hér nú, og eftir erfiða samninga liggur fyrir, hvað hægt er að semja við þá um. Menn greinir á um einstök atriði þessara samninga, sem nú er hægt að gera. En ekki mun því haldið fram, að samningurinn marki stefnubreytingu í landhelgismálinu né frávik frá þáltill. frá 15. febr. 1972 um útfærslu landhelginnar. Öll erum við áreiðanlega á einu máli um það, að hefðum við haft full tök á, mundum við hafa ætlað og ætla Bretum að haga bráðabirgðaveiðum sínum á umþóttunartímanum hér í landhelginni öðruvísi og okkur á hagfelldari hátt en ráð er fyrir gert í þessum samningi. Hér verður á hinn bóginn ýmis tillit að taka, og sýnist þá einmitt sitt hverjum, eins og oft vill verða, þegar þannig stendur á.

Þegar á allt er litið telur meiri hl. utanrmn. ávinning að því að gera þennan samning og leggur því til, að þáltill. verði samþ. Rétt er að leggja áherslu á þýðingu þess, að með þessum samningi eru útilokaðar veiðar Breta hér á frysti- og verksmiðjutogurum, en óttinn við vaxandi sókn á þess háttar skipum var ein veigamesta ástæða þess, að útfærslan í 50 mílur mátti ekki dragast og gat ekki dregist. Ástæða er til að benda á, að hvað sem öllum formum og orðalagi á lagaformúlum líður, þá felst mikil raunveruleg viðurkenning á umráðarétti okkar út að 50 mílum í samningi eins og þessum og að samningur af þessari gerð færir okkur miklu nær því, en ekki fjær, að fá fulla formlega viðurkenningu á 50 mílna fiskveiðilandhelginni.

Á þskj. 101 er að finna till. frá hv. 3. landsk. þm. þess efnis, að þjóðaratkvgr. fari fram um bráðabirgðasamkomulag það, sem nú er ráðgert við Breta. Eins og ég hef þegar komið að, er ekki með samningi þessum vikið frá stefnu Alþ. í landhelgismálinu, eins og hún var mótuð 15. febr. 1972 og fullyrða má, að þjóðin hafi fylgt sér um. Sér meiri hl. utanrmn. ekki ástæðu til að efna nú til þjóðaratkvgr. um framkvæmd þess stefnuatriðis, sem ráðgerð er með þessum samningi. Meiri hl. utanrmn. leggur því til, að þáltill. verði samþ. óbreytt.

Sterkast höfum við staðið í þessu merka máli okkar, landhelgismálinu, þegar alger samstaða hefur náðst. Það er því sérstakt ánægjuefni, að hv. minni hl. utanrmn., sem gefur út sérstakt nál., mælir einnig með því, að þáltill. verði samþ. Vona ég, að þetta boði, að mjög víðtæk samstaða náist um þetta mikilsverða mál.

Frsm. minni hl. (Geir Hallgrímsson): Herra forseti. Ég mæli hér fyrir hönd minni hl. utanrmn., fulltrúa Sjálfstæðisfl. í utanrmn., okkar Matthíasar Á Mathiesen. Eins og fram kom af máli frsm. meiri hl. utanrmn., leggjum við til og mælum með fyrir okkar leyti, að þáltill. sú, sem á dagskrá er, verði samþ. En þótt við séum að þessu leyti sammála orðum nm. í utanrmn., höfum við kosið að skila séráliti til þess að koma sérstaklega sjónarmiðum okkar í máli þessu á framfæri. Mér skilst, að nál. liggi ekki fyrir, og ég mun því víkja með nokkrum orðum að því, sem í því stendur.

Sjálfstæðismenn áttu frumkvæði að því með undirbúningi og setningu landsgrunnsl. 1948 að leggja grundvöllinn að baráttunni fyrir réttindum Íslendinga á landgrunninu öllu. Ávallt síðan hafa sjálfstæðismenn lagt áherslu á samstöðu þjóðarinnar í landhelgismálinu og miðað aðgerðir sínar við það.

Núv. stjórnarflokkar kusu að efna til deilna um landhelgismálið sérstaklega í síðustu kosningum. Þegar Alþ. kom saman haustið 1971, var í gildi þál. frá 10. apríl það ár, sem gerði ráð fyrir, að frv. til l. yrði lagt fyrir Alþ., er kvæði á um útfærslu fiskveiðilögsögunnar og hún yrði minnst 50 mílur, en á mikilvægum fiskimiðum mun víðáttumeiri. Núv. ríkisstj. flutti óbreytta þátill. stuðningsflokka sinna frá því fyrir kosningar, en ekki síst fyrir atbeina stjórnarandstöðunnar varð samkomulag í utanrmn. um að flytja enn nýja þáltill., sem allir þm. greiddu síðan atkv., eftir að brtt. sjálfstæðismanna og Alþfl.-manna um víðáttumeiri fiskveiðilögsögu var felld.

Í þessari þál. frá 15. febr. 1972 segir í 3. tölul.: „Að haldið verði áfram samkomulagstilraunum við ríkisstj. Bretlands og Sambandslýðveldisins Þýskalands um þau vandamál, sem skapast vegna útfærslunnar.“ Í kosningabaráttunni 1971 höfðu núv. stjórnarflokkar að vísu haldið því fram, að óþarfi væri að ræða við aðra vegna útfærslu. Sjálfstæðismenn voru það raunsæir að segja fyrir um, að rétt væri að hefja slíkar viðræður strax, svo að útfærslan yrði virk og næði tilgangi sínum, enda þótt við hefðum auðvitað fullkominn lagalegan rétt til einhliða útfærslu.

Þessar samningaviðræður hafa nú staðið yfir í einu eða öðru formi á þriðja ár, án þess að gengið hafi eða rekið fyrr en nú með þeim samningi við Breta, sem óskað er heimildar Alþingis að gera.

Það er skoðun okkar, að full ástæða sé til að ætla, að unnt hefði verið að ná jafngóðum samningi eða betri fyrir meira en heilu ári og a. m. k. s. l. vor í samningaviðræðunum í maí, en eftir þær gripu Bretar til fordæmanlegra ofbeldisaðgerða, sem sköpuðu hættuástand á miðunum. Mun ég rökstyðja þessa skoðun okkar nánar hér í máli mínu á eftir, og væntanlega mun meðnm. minn einnig víkja að því síðar í þessum umr.

Í þessu nál., sem útbýtt verður væntanlega bráðlega, bendum við á samanburð á tilboði Íslendinga í maí og samningnum, sem nú liggur fyrir, skoðun okkar til staðfestingar.

Ríkisstj. hefur að okkar áliti haldið illa á samn-

ingaviðræðum, verið reikul í ráði og sjálfri sér ósamkvæm, eins og atburðir síðustu vikna leiða glögglega í ljós. Hefur slík ósamkvæmni og stefnuleysi verið til þess fallið, að ekki náðist sá árangur, sem unnt hefði verið að ná, ef öðruvísi hefði verið að málinu staðið. Þá verður og sérstaklega að minnast á það, að einsdæmi er, að þingflokkur stjórnarliðs lýsi fyrst milliríkjasamningi gersamlega óaðgengilegan, en síðan að þm. hans muni greiða honum atkv. til þess að vera áfram í stjórn.

Ég vil þessu næst rekja nokkuð aðdraganda að þessum samningi, sem nú er til umr.

Bráðabirgðasamkomulag það, sem hér ræðir um, er árangur af viðræðum forsrh. Íslands, Ólafs Jóhannessonar, og forsrh. Bretlands, Edwards Heaths. Það er því ástæða til þess að minna á, að þessar viðræður fóru fram eftir að breski forsrh. hafði sent bréf til starfsbróður síns hér og óskað eftir viðræðum til lausnar fiskveiðideilunni. Þetta bréf barst inn á fund utanrmn. 26. sept. s. l., þar sem fyrir n. lá að gefa álit sitt um, hvort slíta skyldi stjórnmálasambandi við Bretland þá strax. Allir nm. nema fulltrúar Sjálfstfl. voru þeirrar skoðunar, að slíta bæri stjórnmálasambandi við Breta þegar í stað og ekki kæmi til greina neinn frestur á því þrátt fyrir bréf breska forsrh. Fulltrúar Sjálfstfl. í utanrmn., Jóhann Hafstein og Matthías Á. Mathiesen, létu þá bóka eftirfarandi:

„Út af orðsendingu þeirri, sem borist hefur á fund utanrmn. frá breska forsrh. til forsrh. Íslands, dags. í dag, þar sem látinn er í ljós vilji breska forsrh. til þess að leysa nú deilumál þjóðanna, teljum við rétt, að kannað verði til hlítar, hvað fyrir breska forsrh. vaki nánar og forsrh. Íslands ákveði stuttan frest til þessarar athugunar."

Þótt allir nm. í utanrmn. væru á móti því, að tekinn væri frekari frestur í málinu, fór forsrh. þó eftir ábendingu fulltrúa Sjálfstfl., og ríkisstj. ákvað á fundi sínum daginn eftir, að til stjórnmálasambandsslita kæmi ekki, ef Bretar færu burt með herskip sín innan tiltekins, aukins frests. Ég vek athygli á þessu hér og nú vegna þess, að hefði ekki verið farið eftir ábendingu fulltrúa Sjálfstfl. í utanrmn., þá væru stjórnmálasambandsslit við Breta staðreynd, engar viðræður hefðu þá farið fram og því væri sama óviðunandi hættuástandið á miðunum nú og hefur verið, einkum frá því í vor.

Það var ljóst, að fulltrúar Alþb. í ríkisstj. samþykktu nauðugir viljugir, að Ólafur Jóhannesson forsrh. færi til viðræðna við forsrh. Breta. Þannig lét Lúðvík Jósepsson sér um munn fara, að af þeirra hálfu væri það samþykkt, að forsrh. Íslands hitti forsrh. Breta til að ræða almennt um málið og með slíkum fundi verði kannað, hvort grundvöllur sé fyrir hendi til að taka upp formlegar samningaviðræður á ný um efnisatriði málsins.13. okt. sagði Þjóðviljinn í forustugrein orðrétt:

„En vert er að leggja á það áherslu, að samningar við Breta á þessu stigi málsins eru alls ekki á döfinni. Forsrh. fer ekki utan til efnislegra samningaviðræðna."

Öllum má hins vegar vera ljóst eftir það, sem síðar hefur drifið á dagana, að Ólafur Jóhannesson fór einmitt til Bretlands til efnislegra samningaviðræðna og í raun og veru hafa engar samningaviðræður farið fram, eftir að hann kom frá London. Sá samningur, sem hér liggur til grundvallar, var í rauninni fyrir hendi í London eftir viðræður þeirra forsætisráðherranna í öllum atriðum, sem máli skipta.

Eftir að forsrh. kom aftur úr ferðalagi sínu, gaf hann ríkisstj. skýrslu um viðræðurnar fyrir hádegi miðvikudaginn 17. okt. og utanrmn. sama dag kl. 15. Forsrh. tók fram, að hann skýrði frá málinu í trúnaði, bæði í ríkisstj. og utanrmn., og hafði enginn við það að athuga.

Áður en til fundar utanrmn. kom, en án þess að láta þess getið á þeim fundi, hafði Alþb. gert ályktun í málinu, sem var allitarleg og fól í sér algera synjun á þeim samkomulagsgrundvelli sem forsrh. kom með frá London. Efni þessarar ályktunar er að vísu kunnugt, en þó verður ekki hjá því komist að geta nokkurra atriða. Þar segir í upphafi: „Þingflokkurinn hafnar till. Breta algerlega sem óaðgengilegum." Og eftir að hafa tekið fram nokkur atriði í 4 liðum, sem svo athugaverð séu, að leiði til þessarar niðurstöðu, er í fimmta lagi sagt: „Till. Breta eru settar fram sem úrslitakostir, þ. e. a. s. tilkynnt er, að samþykkja verði till. eins og þær eru eða hafna þeim. Mótmæla verður slíkum úrslitakostum Breta sem gersamlega óaðgengilegum, þar sem þeir hafa auk þess beitt okkur hernaðarlegu ofbeldi og hóta enn að grípa til þess, ef haldið verður uppi eðlilegri landhelgisgæslu." Og loks er sagt: „Þingflokkur Alþb. lýsir yfir því, að hann getur ekki staðið að neinu samkomulagi við Breta á grundvelli þeirra tillagna, sem þeir hafa nú sett fram."

Ályktun Alþb. var afhent samstarfsflokkum í ríkisstj. í byrjun þingflokksfundar þeirra.

Ekki er ljóst, hvað olli flýti þeirra Alþb.-manna, en sennilegt er, að Alþb.-menn ætluðu sér að beita kommúnistískri ógnunaraðferð. Þeir töldu vist, að samstarfsflokkarnir yrðu smeykir og leiðitamir sem fyrr. En nú brást þeim bogalistin. Mælirinn var fullur. Framsóknarmenn, jafnvel þeir sem lengst höfðu fylgt kommúnistum og veitt eigin forsrh. veikan stuðning, tóku nú upp hanskann fyrir hann.

Þm. Alþb. létu ekki við það sitja að samþykkja þessa ályktun, heldur birtu þeir aðalefni hennar yfir þvera forsíðu Þjóðviljans næsta dag og brutu þannig algerlega þann trúnað, sem þeir höfðu sjálfir samþykkt að halda.

Forsrh. átti auðvitað að biðjast lausnar fyrir hönd ráðherra Alþb. þá þegar sama dag eftir slíka framkomu, þar sem vonlaust var, að þeir hefðu þá sómatilfinningu að gera það sjálfir. Forsrh. svaraði þó trúnaðarbroti kommúnista með því að halda blaðamannafund 19. okt., daginn eftir að Þjóðviljinn hafði birt samþykkt þingflokks Alþb. Á þessum blaðamannafundi tilkynnti forsrh., að hann mundi standa og falla með þeim samkomulagsgrundvelli, sem varð árangurinn af viðræðunum í London. Hugleiða má, hver þróun mála hefði orðið, ef forsrh. hefði ekki gefið þá yfirlýsingu á þessum blaðamannafundi, sem var afleiðing af samþykkt þingflokks Alþb. Ef þingflokkur Alþb. hefði ekki verið svo bráður í ógnunaraðgerðum og flýtt sér svona

mikið að gera formlega samþykkt, er ekki alveg útilokað að hugsa sér, að Alþb. hefði getað komið því til leiðar að hafa áhrif á nægilega marga þm. Framsfl. og Samtaka Frjálslyndra og vinstri manna, að ekki hefði verið gengið til þeirra samninga, sem hér um ræðir.

Ef þessar hugleiðingar hafa við rök að styðjast, má draga þá ályktun, að tilviljanir og innri valdabarátta fremur en ákveðin stefnumótun ráði ferðinni hjá ríkisstj., sem Íslendingar verða nú að þola. Það er gersamlega óþolandi í svo mikilvægu máli sem hér um ræðir. Alþb.-menn mega því e. t. v. kenna sjálfum sér og ógnunaraðferðum sínum um, ef þeir hafa yfir nokkru að kvarta, hvernig komið er.

Eftir að þm. Alþb. hafa verið svo beygðir sem raun ber vitni, fer ekki milli mála, að reiði þeirra og Þjóðviljans hefur beinst að hæstv. forsrh., og skal ég aðeins nefna tvö dæmi þar um, sem raunar eru einstök.

Í forustugrein Þjóðviljans 3. nóv. er rætt um landhelgisgæsluna og minnt á, að forsrh. Ólafur Jóhannesson hafi svarað spurningum Þjóðviljans, hvort fyrirskipaðar hafi verið mildari aðgerðir gegn breskum landhelgisbrjótum, og sagt þá skýrt og skorinort: „Það er bara bull.“ En þessi forustugrein dregur í efa, að þetta sé rétt, miðað við starfsemi landhelgisgæslunnar, og lýkur ummælunum með því að segja: „Er ekki rétt, að komi í dagsljósið, hver það er, sem bullar?“ Það fer ekki milli mála, að þetta svokallaða stuðningsblað ríkisstj. gefur lesendum sínum til kynna, að það sé forsrh. Íslands, sem bullar.

Annað dæmi: Þjóðviljinn segir í forustugrein 4. nóv. sl.: „Það er full ástæða til, að menn velti því fyrir sér, hvers vegna Ólafur Jóhannesson gaf þá yfirlýsingu aðeins þremur dögum eftir heimkomuna og án samráðs við samráðherra sína, að hann gæti fyrir sitt leyti fallist á breska tilboðið óbreytt, — tilboð, sem hann hafði tekið að sér að leggja fyrir ríkisstj. Íslands og lýst yfir, að hann væri óbundinn af.“ Þjóðviljinn heldur áfram og segir: „Hitt liggur svo auðvitað í augum uppi, að eftir yfirlýsingu íslenska forsrh. um sitt persónulega samþykki, hlaut það að vera æðiveik von, að hægt yrði að fá Breta til að fallast á einhverjar lagfæringar, enda þótt sjálfsagt væri að reyna þær til þrautar.“

Hæstv. sjútvrh. Lúðvík Jósepsson var ekki heldur myrkur í máli um forsrh. á flokksráðsfundi Alþb., þar sem hann sagði: „Við höfum nokkuð almennt hér í Alþb. orðið býsna reiðir yfir því, hvernig hér var haldið á málum. Við teljum, að við höfum að vissu leyti verið svikin. Vinnubrögðin hafa ekki verið eðlileg og þar að auki verið leikið niður fyrir okkur góðri stöðu í þýðingarmiklu máli.“ Þetta voru orð sjútvrh., sem segja í raun, að forsrh. hafi svikið, ekki viðhaft eðlileg vinnubrögð og leikið niður fyrir okkur góðri stöðu í þýðingarmiklu máli. Það er vandséð, hvernig unnt er að taka upp heilshugar samstarf í ríkisstj. eftir slík orðaskipti eða hvernig forsrh. getur látið sér það lynda.

En eftir öll stóru orðin samþykkti flokksráð Alþb. að fela miðstjórn að taka afstöðu til málsins og gaf þetta vegarnesti: „Flokksráð Alþb. telur ástæðulaust að hvika frá þessari stefnu (þ. e. a. s. í landhelgismálinu) og veita tilslakanir á borð við þær, sem ráð er fyrir gert í fyrirliggjandi drögum að samkomulagi við Breta.“ Miðstjórnin samþykkti síðan, að þm. samþ. samninginn með einu skilyrði þó: „enda komi ljóslega fram á Alþ. afstaða Alþb. til málsins.“

Fyrst er sem sagt samþykkt, að samningurinn sé óaðgengilegur, síðan er sagt, að ástæðulaust sé að gera óaðgengilegan samning, og loks er veitt heimild til að gera óaðgengilegan samning að ástæðulausu. Þetta eru furðuleg vinnubrögð hjá stjórnmálaflokki, sem telur sig vera ábyrgan. Og hér er lík ný kenning á ferðinni. Á Alþ. skal tala á móti málinu, en greiða atkvæði með því. Segir ekki í stjórnarskránni, að þm. séu bundnir af sannfæringu sinni.

Herra forseti. Ég skal þá víkja að efni sjálfrar orðsendingar utanrrh. Íslands til sendiherra Bretlands, sem í raun er efni þeirra samninga, sem á dagskrá er. Í formála þessarar orðsendingar segir: „Er miðað við, að ársafli breskra skipa verið um 130 þús. smálestir.“ Af því, sem áður er tekið fram í formálanum, er ljóst, að átt er við hið umdeilda svæði, þ. e. milli 12 og 50 mílna. Á fundinum í vor féllust Íslendingar á að bjóða Bretum 117 þús. tonna hámarksafla á ári. Bretar voru formlega búnir að lofa að takmarka ársafla sinn við 145 þús. tonn, en það vissu allir samningamenn og miklu fleiri, að Bretar mundu verða reiðubúnir að fara niður í 130 þús. tonna hámarksafla, ef Íslendingar hefðu hreyft sig og samþykkt það.

Í till. forsrh. í London er rætt um 130 þús. tonna ársafla, en í lokasamkomulagstill. frá Bretum er ákvörðun um hámarksafla sleppt. Forsrh. gaf þó þá skýrslu frá viðræðunum í London, að Bretar hefðu ekkert á móti því, að þessi hámarksafli yrði tilgreindur. Við sjálfstæðismenn lögðum á það áherslu í utanrmn., að hámarksaflinn yrði tilgreindur. Menn geta að vísu haft skiptar skoðanir á því, hvort unnt sé að fylgjast með heildarafla breskra togara hér við land nógu nákvæmlega. En engum blöðum er um að fletta, að hér er um viðbótartryggingu að ræða fyrir okkur Íslendinga, að heildarafli breskra togara fari ekki yfir ákveðið mark, hvað sem líður öðrum ákvæðum samningsins og takmörkunum. Auk þess er það skoðun þeirra, sem fjalla um aflaskýrslur hér á Íslandi, svo sem starfsmanna Fiskifélagsins og L. Í. Ú., að mjög erfitt sé að breyta, hvað þá heldur að falsa aflaskýrslur. Bent er á í því sambandi, að raunar ætti að vera lítil hvöt til þess hjá Bretum að draga úr afla á Íslandsmiðum í skýrslum, þar sem nú er komið á kvótakerfi í fiskveiðum bæði við Grænland, Nýfundnaland og Færeyjar, en einmitt á þeim miðum væri helst unnt að víxla á afla milli þeirra miða og Íslandsmiða. Þannig eru ekki líkur til, að þeir vildu nýta fiskikvóta sinn við þessi lönd til þess að draga úr afla samkvæmt skýrslum frá Íslandsmiðum, svo að maður ætli þeim allt hið versta.

Hæstv. sjútvrh. og ýmsir aðrir stjórnarsinnar hafa lítið lagt upp úr því að hafa ákvörðun um hámarksafla í samningunum, og kom í ljós, þegar við Íslendingar vildum aftur setja hámark inn í samningana, og fyrirstaða varð á því hjá Bretum. Þetta er skýringin á því, að ákvæðið er ekki ákveðnara orðað en svo, að miðað er við, að

ársafli breskra skipa verði um 130 þús. tonn á hinu umdeilda svæði.

Þá tel ég miður, að hámarksaflinn er eingöngu miðaður við hið umdeilda svæði, þ. e. a. s. fiskimiðin milli 12 mílna og 50 mílna, en ekki allt svæðið, sem Norðaustur-Atlantshafsnefndin, sem samstarfsnefnd um fiskveiðimál, nefnir 5A, en það er 75% stærra en 50 mílna lögsagan. Að vísu munu Bretar veiða mjög lítinn hluta afla síns utan 50 mílnanna, en ljóst er, að eftirlit með þessum hámarksafla er langtum erfiðara, ef veiðisvæðið er annað en í venju- og samningsbundnum skýrslum veiðiskipa. Auk þess gæti þetta haft þýðingu, þegar við færum út fiskveiðilögsögu okkar í 200 mílur, en að því kem ég síðar.

Í 1. tölulið orðsendingarinnar er getið um fjölda breskra togara, sem eiga að vera að veiðum hér við land, og er þar gengið út frá því, að fylgt verði till. forsrh. Íslands í London. Í vor var tilboð Íslendinga, að engir frystitogarar eða verksmiðjuskip væru á veiðum á svæðinu, en auk þess fengju ekki 30 af stærstu togurum Breta að veiða hér við land, og var þá miðað við samsetningu togaraflotans eins og hann var 1971. En Bretar voru í vor komnir að því að viðurkenna, að 20 breskir togarar auk frysti- og verksmiðjuskipa yrðu útilokaðir frá veiðum. Eins og ég gat um áðan, gerði forsrh. það að till. sinni í London, að 15 stærstu og 15 aðrir togarar yrðu útilokaðir auk verksmiðju- og frystiskipa, og hafa Bretar gengið að því, þannig að ljóst er, að ekki hefur borið mikið á milli að þessu leyti heldur, ef miðað er við stöðuna frá því í vor og tilboð forsrh. í London.

Í 2. tölulið er rætt um friðunarsvæðin, sem breskir togarar munu virða. Hæstv. sjútvrh. Lúðvík Jósepsson hefur í viðtali við Þjóðviljann 24. okt. sagt, að ein af þeim lagfæringum, sem ríkisstj. vildi fá á samningnum, væri, að það standi opið fyrir íslensk stjórnvöld að ákveða friðunarsvæði og friðunartíma.

Í þessu sambandi er rétt að geta þess, að friðunarsvæðin tvö: á Selvogsbanka og fyrir Norðausturlandi, voru fyrst ákveðin eftir útfærslu fiskveiðilögsögunnar í 50 mílur samkvæmt reglugerðinni, er tók gildi 1. sept. 1972. Lúðvík Jósepsson var sem sagt búinn að vera sjútvrh. nokkuð á annað ár, áður en hann gaf út reglur um friðunarsvæði, og þá gerði hann ekki meiri ráðstafanir en að loka Selvogsbankasvæðinu í einn mánuð og Norðausturlandssvæðinu í tvo mánuði á ári. Það er fyrst nú í sumar, sem þriðja friðunarsvæðið er ákveðið, eftir viðræðurnar við Breta í maí. En Bretar hafa, að því er virðist, orðalaust eða orðalítið viðurkennt það svæði einnig.

Það er því fyrst og fremst sjútvrh. sjálfum að kenna að vera ekki búinn fyrir löngu að ákveða fleiri friðunarsvæði, að þeirra er ekki fleiri getið í samkomulaginu.

En vegna þessa látalætis sjútvrh., að hann hafi í raun áhuga á fleiri friðunarsvæðum, er e. t. v. rétt að íhuga, hvort Íslendingar og samningamenn þeirra, þ. á m. Lúðvík Jósepsson, hafi gert um það kröfu í samningnum í maímánuði. Í yfirliti yfir kröfur Íslendinga í maí kemur ekki fram annað en að virða skyldi þau tvö friðunarsvæði, sem þá voru í gildi og fyrr eru nefnd.

Þess skal þó getið, að út frá því hefur í raun verið gengið í samningaviðræðunum, að friðunarsvæði, sem Íslendingar ákvæðu og tækju eins til þeirra og annarra þjóða, mundu Bretar virða. Þetta er mjög mikilvægt, ef það er réttur skilningur. Hinu skulum við ekki loka augunum fyrir, að ætlunin var, að í samkomulaginu yrði nánar greint frá þessu. En Bretar töldu þá nauðsynlegt að tilgreina, að slík ákvörðun yrði að eiga sér stað á grundvelli vísindalegra rannsókna og með samþykki samningsaðila. Þótt við Íslendingar viðurkennum ekki slíka aðild Breta og eigum að taka einhliða ákvarðanir í þessum efnum, verður að treysta því, að ekki leiði til ágreinings að þessu leyti á samningstímabilinu.

Í 3. tölul. samningsins er getið um smábátasvæðin fyrir Vestfjörðum og Austfjörðum milli 12 og 20 mílna og fyrir Norðurlandi. Eru þau ákvæði í samræmi við afstöðu Íslendinga í maímánuði s. l.

Í 4. tölul. er getið um skiptingu fiskimiðanna við landið í 6 veiðisvæði, og skal eitt þeirra vera lokað 2 mánuði í senn. Í tilboði Ólafs Jóhannessonar forsrh. í London tekur hann í samræmi við afstöðu Íslendinga í maímánuði s. l. fram, að tvö svæði af 6 skuli lokuð. Afstaða Breta var, eins og kunnugt er, í maímánuði s. l., að þeir vildu annaðhvort viðurkenna smábátasvæðin eða lokun tveggja af sex veiðisvæðum, en ekki hvort tveggja. Í lokatilboði Breta í London gengu þeir inn á, auk smábátasvæða og friðunarsvæða, að hafa eitt af sex svæðum lokað. Þegar grein var gerð fyrir þessu við heimkomu forsrh., var tekið fram, að ákvörðun um, hvenær þetta eina svæði ætti að vera lokað, yrði að vera bundin frekari samningum milli aðila. Það kom og fram síðar í fréttum af fundi forsrh. með forsvarsmönnum L. Í. Ú., að hann teldi, að tímaákvörðunin yrði í höndum Íslendinga og gæti farið að vild þeirra. Hins vegar lagði forsrh. fram á fundi utanrmn. þegar 18. okt., að mig minnir, útreikning um aflamagn Breta á grundvelli þess samkomulags, sem varð niðurstaða Lundúnaumræðnanna, gerðan af fiskimálastjóra, Má Elísyni, sem byggði á ákveðnum forsendum, hvenær hin einstöku svæði væru lokuð, — forsendum, sem voru hagstæðari Bretum en Íslendingum, og hafði sú tímaákvörðun verið rædd í London.

Hér er því ástæða til að gera athugasemd um málsmeðferð. Í ljós hefur komið, að það, sem talið var opið og eigi búið að semja um, var í raun fastmælum bundið og varð ekki breytt. Þótt sagt sé, að með annarri tímaákvörðun en þeirri, sem nú er gert ráð fyrir, væri vonlaust fyrir Breta að ná þeim afla, sem samningurinn er byggður á, þá er hér um að ræða ámælisverð vinnubrögð.

Í 6. tölul. er rætt um framkvæmd samkomulagsins og lögsögu. Um þetta atriði hafa verið allmiklar umræður, og sérstaklega hefur sjútvrh. og Alþb.-menn gert sér tíðrætt um það. Þannig er þetta eitt af þeim atriðum, sem ráðh. segir í viðtali við Þjóðviljann 24. okt. s. l. að lagfæra þurfi.

Það er því forvitnilegt, að kanna, hvernig þessi ráðh. vildi haga þessu í samningaviðræðunum í maímánuði í vor. Í frásögn af þeim viðræðum er fyrst sagt: „Íslensk yfirvöld verða að hafa rétt og möguleika til að hafa eftirlit með framkvæmd samningsins". Og þetta er síðan skilgreint þannig: „Það verður að vera ljóst, að íslensk varðskip geti í framkvæmd stöðvað breska togara og litið eftir veiðarfærum þeirra, stöðvað veiðar þeirra, ef þeir brjóta í bága við samkomulagið". Annað er ekki sagt af hálfu hæstv. sjútvrh. í maímánuði s. l.

6. liður samkomulagsins er fremur hagstæðari okkur Íslendingum en Lúðvík lagði til í maí, þótt ég sé þeirrar skoðunar, að æskilegra hefði verið, að ákvæðin um lögsöguna samkv. 6. lið hefðu verið skýrari, og m. a. eðlilegra, að breskur togari, sem staðinn er að veiðum í bága við samkomulagið, hefði rétt til þess að kalla á breskt eftirlitsskip til að sannreyna málsatvik, í stað þess að leggja þá skyldu á íslensk varðskip. Ég tel hins vegar, að þótt lögsöguákvæðið í 6. tölul. eins og ég hef greint frá, sé viðunandi, þá sýnir það best, að um sérreglu er að ræða, að forsrh. hefur gert það fyrir sjútvrh. að flytja sérstakt frv. um breyt. á íslenskum l. til þess að skýra einmitt þetta ákvæði. Með engum öðrum hætti gat hæstv. sjútvrh. viðurkennt, að hér væri í raun um sérreglur að ræða varðandi lögsöguna. Hitt er svo allt annað mál, hvaða þýðingu það lagafrv. hefur gagnvart gagnaðila. Ég vænti þess hins vegar, að lögsöguákvæði samkomulagsins sé það skýrt, að við Íslendingar höfum það í hendi okkar, hvernig það verður framkvæmt, þótt frábrugðið sé venjulegri lögsögu í landhelgismálum.

Af því, sem ég hef rakið sérstaklega um samkomulag það, sem hér er til umræðu og Alþ. á að fjalla um, hygg ég, að það sé ljóst, að unnt hefði verið að ná jafngóðu eða betra samkomulagi í s. l. maímánuði og jafnvel fyrir meira en ári. Ég hygg, að samdóma og sammála mér í þessu efni séu flestir þeir menn, sem hafa farið með samninga af hálfu Íslendinga við Breta. Og þá er auðvitað spurningin, hvað valdi. Ég held, að það sé misskilið sjálfsálit, ef hæstv. sjútvrh. túlkar það, að hann hafi persónulega staðið í vegi fyrir samningum, vegna þess að hann vildi betri samninga, að því er deiluna við Breta varðar. Nei, því miður. Þótt ég eftist ekki um, að hæstv. sjútvrh. vilji tryggja Íslendingum sem víðáttumesta fiskveiðilögsögu, hefur hann og annað sjónarmið, annað takmark, sem hann sýnist álíta mikilvægara, og það er að slíta þau samstarfsbönd, sem við Íslendingar höfum við vestrænar þjóðir í öryggis- og varnarmálum okkar. Það er e. t. v. skýringin á því, hvernig framkoma hæstv. sjútvrh. hefur verið háttað, og skal ég ekki fara fleiri orðum um það.

Tilefni hefur gefist til að fara nokkrum orðum um þennan samning og landhelgissamninginn við Breta 1961, sem stjórnarsinnar ávallt síðan hafa jafnvel jafnað til landráðasamnings. Í umr. um þetta mál s. l. fimmtudag vék hv. 3. landsk., Bjarni Guðnason, og að þessu máli.

Fyrst og fremst er rétt að vekja athygli á því, að hvorki varð útfærslan 1958 virk né útfærslan 1972, fyrr en búið var að gera samkomulag við Breta, annars vegar með samningnum 1961 og nú væntanlega með þessum samningi. En þó blandast mönnum væntanlega ekki hugur um, að samningurinn 1961 var mun hagstæðari. Hann hefur, eins og kunnugt er, verið kallaður mesti stjórnmálasigur Íslendinga, og því getur sá samningur, sem hér er til umr. verið viðunandi, þótt hann komist ekki í samjöfnuð við samninginn 1961. Ég vil benda á nokkur atriði máli mínu til sönnunar.

Í fyrsta lagi fékkst með samningnum 1961 full viðurkenning Breta á útfærslu landhelginnar í 12 mílur. Með þeim samningi, sem nú er til umr., er beinlínis tekið fram, bæði í formála og lokaorðum, að hann hafi ekki áhrif á lagaskoðanir aðila eða réttindi varðandi efnisatriði deilunnar. Eftir tvö ár getur því sama ástand upphafist aftur og verið hefur nú í sumar, með þeim hættum, sem því hafa fylgt. Að vísu erum við sjálfstæðismenn svo bjartsýnir að álíta, að Hafréttarráðstefnan hafi þá leitt í ljós, ekki eingöngu rétt okkar yfir 50 sjómílna landhelgi, heldur og yfir 200 mílna auðlindalögsögu. Við höfum líka að okkar leyti með þáltill. okkar á þingi um útfærslu fiskveiðilögsögunnar í 200 sjómílur fyrir árslok 1974 gert ljóst, hvert við stefnum. Sömuleiðis er til bóta frv. ríkisstj., þar sem kveður svo á um, að landgrunn samkv. l. frá 1948, sem sjálfstæðismenn áttu frumkvæðið að því að setja, skuli miðast við 200 mílur. Þá er ekki heldur fjarri lagi, þótt merkilegt kunni að virðast, að telja töluverða möguleika á því, að Bretar muni á samningstímanum snúast jafnvel á sveif með þeim þjóðum, sem styðja 200 mílna fiskveiðilögsögu, þótt það þurfi að *eiga sinn aðdraganda. Þeir geta haft töluverða* hagsmuni af því. En hvað sem því líður, ætti sigur okkar að vera öruggur. Það, sem úrslitum ræður um það, er Hafréttarráðstefnan, sem nú er ákveðið að haldin verði í Venezúela á næsta ári eftir samhljóða samþykkt stjórnmálanefndar Sameinuðu þjóðanna, sem ekki verður dregið í efa að staðfest verði á Allsherjarþinginu sjálfu, og á næsta ári er strax búist við ákveðinni stefnuyfirlýsingu af hálfu ráðstefnunnar. Sá annmarki þessa samnings, að ekki er greint frá, hvað við taki eftir 2 ár, hefur þannig vonandi ekki neikvæðar afleiðingar.

Í öðru lagi var það alveg ljóst samkvæmt samningnum 1961, að engin sérregla gilti um lögsögu íslenskrar landhelgisgæslu, að því er varðaði framkvæmd samningsins eða viðurlög við brotum á honum, eins og óneitanlega var um að ræða samkvæmt þeim samningi, sem nú er til umræðu. Leiddi þetta þegar af því, að samningurinn frá 1961 fól í sér fulla viðurkenningu gagnaðila á útfærslu fiskveiðilögsögunnar, sem núgildandi samningur gerir ekki, eins og áður er sagt.

Í þriðja lagi vil ég benda á það, að samkvæmt samningnum frá 1961 voru grunnlínur leiðréttar okkur í hag, og jók það fiskveiðilögsögu okkar mjög verulega. Sú aukning var í raun og veru mun meira virði heldur en þær takmörkuðu veiðiheimildir, sem gert var ráð fyrir í samningnum og að verður vikið síðar. Samkvæmt *þessum samningi er ekki um neina aukningu* íslenskrar fiskveiðilögsögu að ræða, og ekki hef-

ur heldur verið eftir slíkri aukningu leitað í samningaviðræðunum.

Í fjórða lagi er rétt, að það komi fram, að þær veiðiheimildir, sem veittar voru samkvæmt samningnum 1961, voru hlutfallslega mun takmarkaðri en þær veiðiheimildir, sem nú eru veittar. Þá var hvergi farið inn að gömlu fiskveiðimörkunum, en nú er aðalreglan að fara nær alls staðar inn að 12 mílunum. Þá var um mjög miklu tímabundnari veiðiheimildir að ræða en nú, þar sem aðeins eitt svæði er í senn lokað 2 mánuði í einu.

Í fimmta lagi skal þess getið, að þá var bein yfirlýsing um það, að við mundum færa út fiskveiðilögsögu okkar frekar í framtíðinni, en ekki er á það minnst einu orði í þessum samningi, að til þess skuli koma. Þetta verður þó vonandi ekki ásteytingarsteinn síðar, vegna þess að við sjálfstæðismenn höfum, eins og áður er sagt flutt þáltill. um útfærslu í 200 mílur og ríkisstj. frv. um breyt. á landgrunnsl., sem hnígur í svipaða átt. Þess vegna má viðsemjendum okkar vera ljóst, að hverju við stefnum, og kann raunar að vera, eins og um var getið áðan, að við eigum í þeim efnum samleið í framtíðinni.

Í sjötta lagi var samkv. samningnum 1961 ákvæði um, að ef ágreiningur yrði um útfærslu, skyldi þeim ágreiningi vera skotið fyrir Alþjóðadómstólinn. Um þetta ákvæði hefur staðið mikill styrr, eins og kunnugt er, og skal ég út af fyrir sig ekki rifja þær deilur upp. En þar sem talið hefur verið þessum samningi til gildis, að ekki væri gert ráð fyrir neinum yfirdómi eða gerðardómi, er rétt að geta þess, að hæstv. sjútvrh. hefur ekki verið fráhverfur gerðardómi. Á Genfarráðstefnunni fyrri, 1958, þegar Lúðvík Jósepsson var sjútvrh., var lögð fram till. um rétt strandríkis til ráðstafana utan við sjálfa fiskveiðilögsöguna af hálfu íslensku ríkisstj., þar sem hann átti sæti. Í þeirri till. var það eitt meginatriðið, að gerðardómur skyldi skera úr, ef ágreiningur yrði. Sú till. náði þó ekki samþykki, en var á ný flutt á ráðstefnunni 1960, að tilhlutan viðreisnarstjórnarinnar þá, en með samþykki allra íslensku fulltrúanna, þ. á m. Lúðvíks Jósepssonar. Þannig hefur það verið tvívegis gert að beinni till. af Íslands hálfu á alþjóðavettvangi, að ráðstafanir utan 12 mílna yrðu ekki gerðar, nema ágreiningur út af þeim væri borinn undir dóm.

Ég hef aldrei talið það annmarka á samningnum frá 1961 að skjóta málum okkar fyrir Alþjóðadómstólinn og vitna í því sambandi til víðfrægra orða hæstv. forsrh. um það, að við ættum að undirbúa hvert það skref, sem við tækjum í landhelgismálinu, svo vel, að það stæðist fyrir alþjóðadómstóli. Ég tel, að réttur okkar sé svo ótvíræður, að engin hætta sé á ferð, ef við höfum trú á málstað okkar og erum þeir menn að þora að standa fyrir máli okkar á þeim vettvangi, þannig að dómstóllinn kveði upp úrskurð sinn á réttum forsendum.

Hæstv. sjútvrh. ræðir þetta mál töluvert í ræðu sinni á flokksstjórnarfundi Alþb. og segir um þetta: „Það var síður en svo fýsilegt fyrir okkur að eiga nokkuð á hættu í sambandi við álit dómaranna í Haag, vegna þess að það lá alveg skýrt fyrir, að það væri uppi mikill ágreiningur milli þjóðréttarfræðinga um það, hvað teldist vera alþjóðalög varðandi víðáttu landhelgi. Við vissum það líka, að þeir höfðu m. a. í sínum höndum yfirlýsingar frá háttsettum manni hér úr okkar röðum, sem voru okkur síður en svo hagstæðar um það það efni, hvað væru lög í þessum efnum.“ Vantrúin á hinn íslenska málstað kemur þarna berlega í ljós hjá sjútvrh. Hann er að gefa í skyn, að það sé vafamál, að alþjóðalög heimili okkur útfærslu fiskveiðilögsögunnar. Og það væri æskilegt, að hann upplýsti, hvaða yfirlýsingar frá háttsettum manni á Íslandi gætu verið hagstæðar andstæðingum að þessu leyti og okkur til dómsáfellis fyrir Alþjóðadómstólum. Það væru þá e. t. v. helst ummæli hans sjálfs og vissra stjórnarsinna, sem hafa gert því skóna og talið, að aðgerðir okkar í landhelgismálinu stæðust ekki fyrir Alþjóðadómstólnum.

Hitt er svo annað mál, að leggi stjórnarsinnar sjálfir svona mikla áherslu á, að samningurinn frá 1961 sé að þessu leyti Íslendingum óhagstæður, þá er furðulegt, að þeir skuli ekki hafa fengið inn í þennan samning viðurkenningu Breta á því, að samningurinn frá 1961 sé niður fallinn, eða a. m. k. loforð Breta um að fella niður málarekstur fyrir Haag-dómstólnum. Í því sambandi kemur það eitt fram í viðræðunum í London, að Ólafur Jóhannesson hefur sagt: Ef við getum útkljáð deilu okkar, sem ég vona að við getum, þá mætti e. t. v. hætta málaferlunum í Haag. Hér er kurteislega farið að hlutunum, ekki vantar það. En furðulegt er, að það skuli ekki vera nánar skilgreint, ekki nákvæmar gengið eftir svörum við þessu hjá Bretum.

Eins og áður segir, er ég ekki smeykur við málaferli fyrir Alþjóðadómstólnum, ef við sækjum og verjum mál okkar þar. En miðað við þá fyrirætlan stjórnarinnar, ef hún breytist ekki, að taka þar ekki til andsvara, þá er óneitanlega hætta á því, að dómur geti gengið okkur á móti og hann væri jafnvel kveðinn upp fyrir Hafréttarráðstefnuna. Við höfum því sameiginlegra hagsmuna að gæta, bæði þeir, sem telja, að flytja skuli mál okkar fyrir Haag-dómstólnum, og hinir, sem telja, að það komi ekki til greina. Við ættum þá að geta sameinast í því, að æskilegt væri, að það væri gengið svo frá málum, að Alþjóðadómstóllinn alla vega kveði ekki upp úrskurð sinn fyrir Hafréttarráðstefnuna, og það hefði verið tækifæri og tilefni til þess í þessum samningum og samningsgerð að ganga svo frá. Það er því að mínu viti sjálfskaparvíti, ef dómur gengur okkur á móti, því að það stafar af því, að við höfum ekki sinnu á því að mæta eða sjá um, að dómsúrskurði verði frestað, þar til Hafréttarráðstefnan verður haldin, með þeim samningum, sem hér liggja fyrir.

Ég tel þessu næst alveg nauðsynlegt að víkja að þeirri skoðun, sem óneitanlega hefur komið fram mjög oft í sambandi við samninga við Breta og V.-Þjóðverja, að í kjölfar þeirra hlytu að fylgja samningar við aðrar fiskveiðiþjóðir. Þessar raddir hafa komið sérstaklega fram úr hópi Alþb.-manna. Ég vil eindregið mótmæla þessari skoðun og leggja áherslu á það, að við Íslendingar erum í engu skuldbundnir að ganga

til samninga við aðrar þjóðir, þótt samningar takist við Breta og V.-Þjóðverja. Hæstv. sjútvrh. hefur á stúdentafundi sérstaklega hrósað ýmsum þjóðum fyrir það að hafa haldið sér utan við 50 sjómílna fiskveiðilögsöguna, síðan henni var lýst yfir. Ég tel, að það sé lítið hrósvert, ef þessar þjóðir hafa aðeins gert það í því skyni að geta síðar í skjóli hervalds Breta náð samningum við Íslendinga um forréttindi innan 50 sjómílna lögsögunnar. Ég vil enn fremur benda á það, að samningarnir við Breta og V.-Þjóðverja byggjast á því, að við viljum veita þessum þjóðum umþóttunartíma vegna þess, að þær hafa haft verulega hagsmuni um langt tímabil af veiðum hér við land, og sérstaklega höfum við í því sambandi viljað líta á vandamál ákveðinna staða og íbúa ákveðinna borga í öðrum löndum, sem þurfa tíma til að skipta um atvinnu og sjá sér fyrir lífsafkomu. En engu slíku er til að dreifa varðandi þær þjóðir, sem Alþb.-menn hafa sérstaklega nefnt í þessu sambandi og verið umhugað um, að fengju þá einhverja samninga, en það eru t. d. Sovétríkin, en þau hafa veitt skv. skýrslum mest 1967 og 1968 22 þús. tonn og 17 þús. tonn, en 1970 1400 tonn og 1971 700 tonn. Pólland er flest árin ekki á blaði, en hefur veitt hér 1970 3000 tonn og 1971 1300 tonn. A.-Þýskaland hefur ekki gefið miklar skýrslur um sín aflabrögð, en eftir því sem best er vitað, veiddi það 1969 10900 tonn og 1970 26200 tonn, en 1963, 1964 og 1965, 2000 tonn hvert ár um sig. Þess vegna er alveg ljóst, að það er engin ástæða til að gera sérstaka samninga við erlendar þjóðir, sem hafa haft í hyggju í framtíðinni að auka sókn sína á Íslandsmið.

Við getum um það í nál. okkar, að ein af þeim ástæðum, sem liggja til þess, að við teljum rétt að gera þennan samning, er, að meiri líkur séu þá til þess, að við njótum fullrar hagkvæmni af samningum okkar við EBE, en slík hagkvæmni felst í senn í tollalækkunum skv. viðskiptasamningi okkar við það, svo og að markaðir nýtast okkur betur þar fyrir sjávarafurðir okkar. Í því sambandi er rétt að geta þess, skv. þeim samningi mun tollur af sjávarafurðum lækka úr 15% og væntanlega í 9% af ísfiski í Þýskalandi og í Bretlandi úr 10% í 7%. Þetta getur munað allt að ½millj. kr af togarasölu í Þýskalandi, ef vel selst, og það er ekki ástæðulaust að ætla, að það sé þjóðhagslega hagkvæmt að skapa skilyrði fyrir slíkri sölu ísfisks vegna vinnslu loðnu í frystihúsunum, þegar loðnuvertíðin hefst og afkastageta frystihúsanna kann að vera takmörkuð. Tollalækkanirnar á freðfiski eru sömuleiðis umtalsverðar, og við getum átt von á því, að tollar muni hækka, ef samningar takast ekki, eins og t. d. á rækju, en umtalsverður útflutningur er á rækju til Bretlands.

Ég vil, áður en ég lýk máli mínu, taka það fram, að þrátt fyrir þá annmarka, sem ég hef hér getið um, að við nm. Sjálfstfl. í utanríkismn. teljum vera á þeim samningi, sem lagður er nú fyrir Alþingi, þá teljum við þó margar ástæður mæla með því að gera þennan samning.

Fyrst og fremst er sú meginástæða, að með honum er bundinn endir á hættulega deilu og friði komið á.

Í öðru lagi viljum við treysta því, að Bretar taki hér minna en 130 þús. tonna ársafla í stað 160—170 þús. tonna ársafla, eins og þeir hafa gert fyrsta árið eftir útfærsluna, en það telur forsrh. erfitt að vefengja, að þeir hafi gert, eins og fram kom í ræðu hans á Alþingi á fimmtudaginn var.

Í þriðja lagi teljum við lífsnauðsyn að stemma stigu við smáfiskadrápi hér við land og gera eftirlit með veiðarfærum og veiðum Breta skv. samningum, sem eiga að vera í gildi þar um, virkt. Þeir samningar, sem gilda meðal aðildarríkja Norðaustur-Atlantshafsnefndarinnar að þessu leyti, hafa engan veginn verið virkir gagnvart þeim þjóðum, sem við höfum átt í deilu við vegna útfærslu fiskveiðilögsögunnar. Með samningum við þær geta þessir samningar orðið virkir á ný. Og á það verður að leggja áherslu, að framkvæmd þeirra af okkar hálfu sé haldið fram óhikað og í því efni efldur aðbúnaður annað tveggja landhelgisgæslunnar eða þá hafrannsóknarskipa okkar í þeim tilgangi, að þessir aðilar geti í raun sinnt þessu eftirliti og komið í veg fyrir smáfiskadrápið, sem hér hefur tíðkast í stórum stíl og mestum mæli nú síðustu mánuði, meðan þessi deila hefur átt sér stað.

Ég vil ekki ljúka máli mínu svo, að geta ekki um afstöðu okkar nm. Sjálfstfl. í utanrmn. til till. Bjarna Guðnasonar um þjóðaratkvgr. Við erum þeirrar skoðunar, að það sé skylda Alþingis og Alþingismanna að taka ákvörðun í því máli, sem hér um ræðir. Alveg eins og við voru þeirrar skoðunar, þegar sams konar tillaga kom fram varðandi samningana við Breta 1961, að það væri skylda alþingismanna að bera ábyrgð á þeirri samningagerð, þá erum við sama sinnis nú. Og ég vænti þess, að þm. stjórnarliðsins, sem þá greiddu till. um þjóðaratkvgr. atkvæði sitt, hafi nú séð sig um hönd og gert sér grein fyrir skyldum alþingismanna að þessu leyti.

Ég vil þó ekki ljúka máli mínu án þess að geta um e. t. v. aðalástæðuna fyrir því, að ég tel nauðsynlegt að koma á samningum og friði í deilum okkar við Breta, og það er sú ástæða, að við Íslendingar verðum núna að einbeita kröftum að því að vinna sigur á Hafréttarráðstefnunni, sigur í því máli að tryggja Íslandi og Íslendingum 200 mílna fiskveiðilögsögu. Það liggur í augum uppi, að meðan færustu menn okkar á þessu sviði eru uppteknir af því að ræða um lausn þessarar deilu, sem hefur að því leyti til takmarkaða þýðingu, að hún tekur aðeins til 50 mílna fiskveiðilögsögu, þótt ég vilji ekki gera lítið úr því út af fyrir sig, þá geta þeir ekki einbeitt sér sem skyldi og hafa ekki samstöðu þjóðarinnar eins og þeir eiga skilið að baki sér til þess að vinna að sigri 200 mílnanna á Hafrétarráðstefnunni, sem fyrir höndum er. Það er brýnasta mál okkar Íslendinga nú á næstunni, og að því takmarki eigum við að einbeita okkur og sameinast, svo að sigur vinnist, öldnum og óbornum til gæfu í þessu landi.

Bjarni Guðnason: Herra forseti. Ég skal reyna að koma umbúðalaust að kjarna þessa máls, þar sem ég talaði nokkuð rækilega um þetta efni s. l. fimmtudag.

Frá mínum bæjardyrum séð liggur þetta mál þannig fyrir: Samkomulag tveggja aðila hlýtur að miðast við það, að báðir aðilar hljóta að slaka nokkuð á. Ef við lítum á þetta frá sjónarmiði Breta, á hverju hafa þeir slakað? Það liggur nokkuð ljóst fyrir, að þeir mundu veiða hér næsta ár, árið 1974, um 150 þús. tonn, það er gert ráð fyrir því í samningnum, eða í fylgiskjali með honum, að Bretar hyggist veiða um 130 þús. tonn. Það, sem Bretar fórna í deilunni eða slaka á, er, að þeir gefa eftir veiði um 20 þús. tonna. Ég hygg, að þetta sé milli 18% og 19% af heildarmagninu. En hver er þá hlutur Íslendinga í samkomulaginu? Markmið þeirra eru tvö! Annars vegar verndun fiskistofnanna og hins vegar útfærsla lögsögunnar í 50 mílur. Þá er hlutur Íslendinga þannig, að veiði Breta minnkar aðeins um 18-19% og varðandi fiskveiðilögsöguna veiða Bretar enn næstu tvö ár nálega kringum allt landið upp að 12 mílum. Þetta er hin ömurlega staðreynd, og það fer ekki á milli mála, að ef menn vega þetta með nokkurri sanngirni, blasir við, hvað hlutur Íslendinga er slæmur í þessu samkomulagi.

Eitt hefur þó vakið sérstaka athygli mína. Það eru þau orð, sem forustumenn þjóðarinnar hafa látið falla um framkvæmd samkomulagsins. Ég tel mjög óheiðarlegt að halda því að þingmönnum og þjóðinni, að Íslendingar fari með eftirlit eða framkvæmd samkomulagsins. Ég vil leyfa mér að vísa til 6. tölul. í samkomulaginu, þar sem segir orðrétt: „Sé skip staðið að veiðum í bága við samkomulagið, getur íslenskt varðskip stöðvað það, en skal kveðja til það aðstoðarskip breskt, sem næst er, til að sannreyna málsatvik". Hvað merkir þetta frá sjónarmiði Breta? Bretar eru með þessu ákvæði að tryggja sér aðild að eftirlitinu, að framkvæmdinni. Og þeir þurfa að sannreyna málsatvik, þ. e. að sannreyna, á hvern hátt íslenska varðskipið hefur tekið á málum breska togarans. Svo á sér stað sá óheiðarlegi málflutningur manna á meðal að halda því fram, að með þessu hafi Íslendingar tryggt sér framkvæmd samkomulagsins. Gengið er frá þessu á þá lund, að það er ekkert sagt frá því í samningnum hvað gerist, ef Bretar eru á annarri skoðun en Íslendingar varðandi þrot togarans. Það er ekkert sagt um það. Það er beinlínis hlaupið fram hjá vandanum. Þetta er haft svo óljóst og loðið sem verða má. En hitt nær ekki nokkurri átt, að bjóða þm. og þjóðinni upp á þá fullyrðingu, að Íslendingar fari einir með framkvæmdina. Þetta er óleyfilegur málflutningur. Eða hvers vegna skyldu Bretar leggja áherslu á það að skylda íslenska varðskipið að kveðja til breskt aðstoðarskip? Það liggur í augum uppi. Þeir vilja hafa aðild að framkvæmdinni og hafa hana skv. textanum.

Hæstv. forsrh. kveðst hafa sérstakan skilning á þessu, og fer vel á því, og er boðað núna að leggja fram frv. til að lögfesta þennan skilning. Og Alþbl. ætlar nú að styðja samkomulagið á skilningi Ólafs. Er í raun og veru verið að hafa þm. að fíflum hér með því að bjóða upp á þessi vinnubrögð? Hvaða gildi hefur það, þó að við samþykkjum eitt eða annað um skilning einhvers manns hér í þinginu? Það skiptir ekki nokkru máli. Ef hins vegar sá háttur hefði verið á að lögfesta þennan ágæta skilning hæstv. forsrh. og leggja hann fram með þessu bráðabirgðasamkomulagi og senda það samtímis til Lundúna, þá væri það annað mál. Þá yrðu Bretar að fallast á þann skilning, sem fram kemur. En það er ekkert gagn að gera einhverja ályktun um stuðning hæstv. forsrh. á þessu. Þetta er hlægilegt og gagnslaust.

En þarna er náttúrlega verið að reyna að brúa það bil, sem erfiðast er í samningunum. Þetta liggur ljóst fyrir. En ég er ekki viss um, að það hafi tekist vel. Það fer eftir því, hve mikið Íslendingar vilja gefa eftir. Með þessu eru þeir að hlaupast frá meginatriðinu, þ. e. a. s. að þeir ráði framkvæmdinni og lögsögunni að 50 mílum. Þetta er meginatriðið. Og höfum við nú ekki þá reynslu af viðskiptunum við Breta hér á miðunum, að við ættum að hafa lært af þeirri reynslu að hafa allt á hreinu í samkomulagi af þessu tagi? Ég hygg, að það væri óskemmtilegur vitnisburður fyrir ráðamenn þjóðarinnar, ef hér hæfust von bráðar einhver átök út af skilningi á meintum veiðiþjófnaði bresks togara.

Þó að það kæmi ekki til annað en þetta eina atriði, er ég andvígur þessum samningi. Ég tel, að Íslendingar hafi hvikað svo verulega frá málstað sínum, að þetta sé ótækt. Og ég tek undir það, aldrei þessu vant, því miður, það sem sjálfstæðismenn segja í þessu máli, að þessi samningur er skrattakornið litlu betri en samningurinn frá 1961, því miður. Það var þó í þeim samningi, að lögsagan út að 12 mílum var viðurkennd. En eins og ég sagði s. l. fimmtudag, er ástæðan sú, að nú eru þeir menn, sem gagnrýndu mest samninginn frá 1961, í ráðherrastólunum. Það er ekkert að marka, þó að minn gamli samherji, Hannibal Valdimarsson, segi um þennan samning: „Framkvæmdin er tryggð, ég vil heldur frið en stríð". Þetta eru stórkostleg rök, sérstaklega hjá þeim manni, sem barðist af einurð gegn samningnum frá 1961. Nú, Karvel Pálmason, minn gamli samherji, lýsti því yfir í Alþýðublaðinu, að hann gæti ómögulega samþykkt þetta samkomulag. Svo réðst hann á mig s. l. fimmtudag fyrir það, að ég skyldi vera gegn þessu, en sjálfur er hann búinn að gefa yfirlýsingu í blaði, að hann sé andvígur samkomulaginu. En það er nú eðlilegt hjá SF, að þetta sé óljóst, hjá þeim, því að þeir berjast bara fyrir einum málstað, þ. e. að leggja sig niður. Það er því ástæðulaust að hafa nokkra trausta skoðun í einu máli eða öðru. Þetta er ólífisflokkur. Sérstaklega er ég undrandi á því að þeir menn, sem börðust heiftúðlegast gegn samningnum frá 1961, skuli ekki hafa reynt að krefjast þess, að Bretar viðurkenndu, að sá samningur væri úr gildi fallinn. Hér er verið að semja ofan í þann samning, sem þessir menn kölluðu landráðasamning 1961. Þetta er reisnin á köppunum.

Ég skal nú ekki að vera að orðlengja þetta, en ég tel, að þetta sé afsláttur. Þetta er frestun, undansláttur, uppgjöf, niðurlæging. Og ég tel þennan samning nauðungarsamning, ég sagði það á fimmtudaginn s. l., saminn með byssukjafta breskra herskipa fyrir utan 50 mílur. Ég tel, að það sé rokið í þennan samning til þess að verðveita aðild að NATO. Forustumenn þjóðarinnar meta meira vestræna samvinnu, eins og þeir kalla það, og aðild að NATO heldur en að standa á rétti

þjóðarinnar til þess að koma á 50 mílum, og þá er rokið til í ofvæni, jafnvel þó að Bretar sjálfir, helstu blöð þeirra, eins og Manchester Guardian, The Times o. fl. blöð, hafa viðurkennt, að málstaður þeirra sé tapaður. Ástralíumenn, Ný-Sjálendingar, Kanadamenn o. s. frv. eru að færa út í 200 mílur á næstu árum. Svo voru þessir kappar hér í þinginu, sem töluðu um lögsögu út af 50 mílum, aldrei að hvika, einkamál Íslendinga, lífshagsmunamál Íslendinga. Eftir eitt ár og tveimur mánuðum betur gáfust þeir upp, þegar sigurinn var kominn í greipina. Ekki er vel á málum haldið.

Ég hef leyft mér til þess að reyna að taka fyrir mesta ósómann í þessu samkomulagi með því að bera fram brtt. á þskj. 112, sem hljóðar svo: „Aftan við tillgr. komi: Þó með þeirri breytingu, að í stað orðanna í fskj. I, 6. tölul.: „Sé skip staðið að veiðum í bága við samkomulagið, getur íslenskt varðskip stöðvað það, en skal kveðja til það aðstoðarskip breskt, sem næst er, til að sannreyna málsatvik". komi: Íslendingar hafi fulla og óskoraða lögsögu að 50 mílna fiskveiðitakmörkunum". Ég sé ekki betur, en þessi till. mín komi alveg heim við álit forsrh. og Hannibals Valdimarssonar og annarra forustumanna um það, að við höfum alveg eftirlit og framkvæmd að 50 mílum, svo að það er ágætt að staðfesta þetta. Að sjálfsögðu geri ég ráð fyrir, að þetta verði samþykkt.

Matthías Á. Mathiesen: Herra forseti. Í ræðu þeirri, er hæstv. forsrh. hélt hér á Alþ. s. l. fimmtudag, er till. ríkisstj. til þál. um heimild fyrir ríkisstj. til að ganga frá bráðabirgðasamkomulagi við ríkisstj. Bretlands um veiðar breskra togara var lögð fram, lagði hann áherslu á víðtæka samstöðu þm. í þessu máli og taldi, sem rétt er, landhelgismálið hafa algera sérstöðu þeirra mála, sem Alþ. fjallar um, landhelgismálið væri mál þjóðarinnar allrar, er hafið væri yfir flokkspólitískar deilur, og út frá því sjónarmiði yrðu alþm. að skoða málið. Reyndar hefur hæstv. forsrh. áður haldið þessu fram, og hann komst að raun um þetta er þingheimur allur, 60 alþm., greiddi atk. með till. utanrmn. Alþ. 15. febr. 1972 um útfærslu landhelginnar í 50 mílur, enda þótt minni hl. utanrmn. fengi ekki samþykktar brtt. sínar, sem, eins og kunnugt er, gerðu ráð fyrir meiri stækkun landhelginnar. Þá greiddi núv. stjórnarandstaða atkv. með málinu og tók á Alþ. ábyrga og málefnalega afstöðu.

Skoðanir um nauðsyn samstöðu í þýðingarmiklum málum eru fyrir mér ekki ný sannindi. Hitt er óvenjulegra og alveg nýtt, þegar hæstv. forsrh. í s. l. rúm 2 ár heldur slíku fram og sýnist þá gersamlega hafa skipt um skoðun miðað við orð hans og athafnir á Alþ. þau 12 ár, sem hann sat í stjórnarandstöðu. Reyndar á þetta ekki við hæstv. forsrh. einan, heldur og um þá samflokksmenn hans og þm. SF, sem sæti áttu á Al.þ. fyrir síðustu kosningar. Það er hins vegar ljóst, hvernig Alþb.-menn hafa reynt að notfæra sér þetta lífshagsmunamál okkar Íslendinga, og því er ekki hægt að búast við afstöðu úr þeirri átt, sem þjónar íslenskum hagsmunum, en því mun ég víkja síðar.

Þess vegna vek ég athygli á orðræðum hæstv. forsrh., að honum var öðrum fremur teflt fram sem talsmanni flokks síns í stjórnarandstöðu, virtum kennara í lögfræði við Háskóla Íslands, sem búast mátti við, að ekki léti pólitíska stundarhugsmuni Framsfl. ná yfirtökum á málflutningi sínum, þannig að hann kærði sig kollóttan um, hvað þjóðinni væri fyrir bestu, svo og fyrri skoðanir sínar á grundvallaratriðum alþjóðarréttar. Ekki til að gagnrýna hæstv. forsrh. fyrir skoðanir hans í dag, heldur miklu fremur til að sýna fram á það breytta hugarfar, sem er hjá hæstv. forsrh., breyttar skoðanir hans, langar mig til að vekja athygli á ummælum hans og afstöðu, þegar á Alþ. 1960 og 1961 þáv. landhelgisdeila var til umr. Þá gagnrýndi núv. hæstv. forsrh. þáv. ríkisstj. fyrir undanlátsemi við Breta, fyrir að gera samninga við Breta og veita þeim heimildir til þess að veiða innan þeirrar landhelgi, sem Íslendingar þá höfðu tekið sér, 12 mílna landhelginnar. Hæstv. forsrh. sagði í ræðu á Alþ. 14. nóv. 1960, með leyfi hæstv. forseta:

„En þó að ég ámæli ekki ríkisstj. og áfellist það ekki út af fyrir sig, að hún hefur tekið upp viðræður við Breta um þetta mál, þá var annað, sem ég tel fulla ástæðu til að átelja í sambandi við þær viðræður, sem ríkisstj. hefur tekið upp. Ég tel, að ríkisstj. hefði um leið og hún féllst á að taka upp viðræður við Breta um landhelgismálið, átt að lýsa því yfir, að ekki kæmi til mála nein minnkun fiskveiðilandhelginnar, að það kæmi ekki til mála nein innfærsla á landhelgislínunum, hvorki almennt né gagnvart neinni, einstakri þjóð. Hún átti að lýsa því yfir, að enginn undanskáttur frá landhelgislínunni kæmi til greina í samningaviðræðum."

Þetta sagði hæstv. núv. forsrh., áður en landhelgissamningurinn var lagður fyrir Alþ. og áður en honum varð ljóst, að með samningnum 1961 fékkst landhelgi Íslands stækkuð um rúma 5 þús. ferkm, auk þess sem hún var viðurkennd. Þegar svo samningurinn var til umr. á Alþ., sagði hæstv. forsrh. 2. mars 1961, með leyfi forseta:

„Það hefur til þessa verið stefna íslenskra stjórnvalda, að landhelgina ætti að færa út með einhliða ákvörðun Íslendinga, en ekki með samningum við aðrar þjóðir, nema þá alþjóðasamþykkt. Þess vegna var margendurteknum tilmælum frá NATO- þjóðunum um að taka upp samninga um landhelgismálið vísað á bug. Slíkum tilmælum var einmitt hafnað með orðsendingunni 20. ágúst 1958.

Nú eru hins vegar teknir upp samningar við Breta um stærð landhelginnar og um réttindi Bretum til handa í fiskveiðilandhelginni. Það eru ný og hættuleg vinnubrögð í þessu lífshagsmunamáli þjóðarinnar. Hvenær hefðu Íslendingar getað fært fiskveiðilandhelgina út í 12 mílur, ef sú útfærsla hefði verið háð samningum við aðrar þjóðir."

Þegar þessi ummæli hæstv. forsrh. eru borin saman við gerð ríkisstj. hans nú, verður ekki með sanni sagt, að þar hafi verið farið að hans ráðum samkv. fyrrgreindum ummælum. Nú er líka öldin önnur hjá Ólafi Jóhannessyni. Nú veitir hann ríkisstj. Íslands forsæti. Hegðun hans hefur líka verið með allt öðrum og skynsamlegri hætti en hann taldi 1960 og 1961, að hegðun forsrh. ætti

að vera í slíku lífshagsmunamáli, eins og hann orðaði það þá. Nú telur hæstv. forsrh. eðlilegt að semja við Breta. Nú telur hann rétt að veita þeim réttindi til að veiða innan landhelginnar, meira að segja án þess, að þeir viðurkenni þá landhelgi, sem við höfum tekið okkur, hvað Bretar gerðu þó með samningnum 1961. Hæstv. forsrh. hugsaði þá ekki um nauðsyn á samstöðu í þessu lífshagsmunamáli. Það gerði enginn þáv. stjórnarandstæðingur. Þeir hugsuðu ekki heldur um samstöðu og þjóðareiningu í landhelgismálinu vorið 1971, þegar ríkisstj. Jóhanns Hafsteins beitti sér fyrir ákvörðun Alþ. um stækkun landhelginnar í minnst 50 mílur og ákvörðun um réttindi Íslendinga á hafinu umhverfis Ísland. Það var e. t. v. ekki hægt að ætlast til þess af hæstv. núv. forsrh., þá formanni stærsta stjórnarandstöðuflokksins, að hann þá hugsaði um samstöðu. Hann hafði þá verið í stjórnarandstöðu í 12 ár og gerði því allt hvað hann gat til þess að komast til valda. Þá var ekki nauðsynlegt að varðveita samstöðuna í landhelgismálinu, þá var sjálfsagt að búa til ágreining, ágreining um útfærsludag, en ekki víðáttu, og gera landhelgismálið að harðvítugu kosningamáli.

Þannig er málflutningur framsóknarmanna í dag alger andstæða við málflutning þeirra 1961. Málflutningur þeirra í dag lýsir allt, sem þeir sögðu þá, sem óábyrgt tal manna, sem ekki höfðu þjóðarhagsmuni að leiðarljósi. En batnandi mönnum er best að lifa, og vonandi hættir Ólafur Jóhannesson ekki að hafa þá skoðun og beita sér fyrir henni, að sem víðtækust samstaða megi takast í mikilvægum málefnum þjóðar okkar, enda þótt ráðherrastólarnir á Íslandi verði honum þá ekki lengur falir.

Á meðan hæstv. forsrh. leggur hart að sér og leggur ríka áherslu á samstöðu í þessu þýðingarmikla máli, hriktir í innviðum ríkisstj. Móttökurnar, sem hæstv. forsrh. fékk hjá tveimur ráðherrum sínum, er hann kom úr Bretlandsreisu sinni, eru með eindæmum. Ekki hafði ríkisstj. fyrr verið skýrt frá gangi mála en skotið var á fundi í þingflokki Alþb. og þar samþ. að hafna úrslitakostunum og dæma samningsdrögin óhæf, eins og Þjóðviljinn gerði. Sá trúnaður, sem forsrh. veitti ríkisstj., utanrmn. og þingflokkum Alþ. var rofinn af einum stjórnarflokkanna.

Hvað var að gerast? Var samkomulagsgrundvöllur sá, sem forsrh. hafði meðferðis heim, svona slæmur? Voru þetta virkilega úrslitakostir? Þegar málið var skoðað ofan í kjölinn, kom í ljós, að forsrh. hafði lagt fram till. fyrir breska forsrh., sem hann gekk að svo til óbreyttum. Gátu það talist úrslitakostir, er gengið var að nær óbreyttum till. forsrh. Íslands? Eftir þingflokksfund Alþb. lýsir forsrh. því yfir, að hann mæli með samningsdrögunum og muni ekki vilja bera ábyrgð á því, ef þeim yrði hafnað, og gerði samþykkt þeirra þar með að fráfararatriði. Formaður Alþb., hv. þm. Ragnar Arnalds, gaf þá mjög snögglega út tilkynningu um, að hér hefði verið um misskilning að ræða. Auðvitað geta menn misskilið, ég tala nú ekki um, þegar skjöl eru birt á erlendri tungu.

Þegar hér var komið, leggur forsrh. síðan til, að utanrrh. verði falið að gera uppkast að samningi og sjálfsagt sé að reyna að fá fram breytingar frá samningsdrögunum.

Allt gerist þetta fyrir opnum tjöldum, allt með þeim hætti, að bresk stjórnvöld geta fylgst með. Hverjum dettur svo í hug, að hægt hafi verið að ná fram breytingum á samningsdrögunum eftir háttalag ráðh. og þm. Alþb. svo og yfirlýsingu forsrh? Ég vek athygli á þessu hér, til þess að öllum sé ljóst, hverjir beri ábyrgðina á því, að ekki náðist fram breyting á samningsgrundvellinum, sem forsrh. kom með heim frá Bretlandi. Það er þingflokkur Alþb. með ráðh. sína í farabroddi, sem ber þar á alla ábyrgð. Utanrrh. gekk síðan frá samningsuppkastinu. Það var óbreytt, það tókst ekki að fá inn hámarksafla, eins og þó hafði verið gert ráð fyrir. Það er aðeins í innganginum að samningnum, og þar stendur, að hámarksaflinn megi vera um 130 þús. tonn.

Þegar utanrrh. hafði lokið samningsuppkastinu og í ljós kom, að engum breytingum hafði verið fram komið, héldu Alþb.-menn flokksráðsfund. Nú var mikill vandi á höndum. Nú skyldu flokksráðsmenn þeirra sjá, hversu snjallir ráðh. þeirra væru. Nú skyldi flokksráðsfundinum tilkynnt, að þeir yrðu að samþykkja þegjandi og hljóðalaust samningsuppdrögin óbreytt og kyngja öllum þeim stóru orðum, sem sögð höfðu verið um samningsdrög forsrh., þá fengju Alþb.-menn fulltrúa í samninganefnd þá, sem fjallar um endurskoðun varnarsamningsins og aðild Íslands að NATO. Þar með opinberuðu þeir Alþb.-menn það, sem reyndar hafði verið öllum ljóst, að landhelgismálið höfðu þeir alltaf hugsað sér að nota til þess að skapa sér betri áhrifastöðu í öryggis- og varnarmálum þjóðarinnar. Þegar þeir sáu fram á, að landhelgisdeilan við Breta yrði til lykta leidd og þeir yrðu að taka þátt í því að leysa hana og ekki væri lengur hægt að nota ofbeldisaðgerðir Breta á fiskimiðunum gegn Atlantshafsbandalaginu, skyldi stuðningur við lausn málsins notaður sem verslunarvara. Munu þeir hafa farið fram á það við forsrh. og utanrrh., að fyrir stuðning sinn við þá till., er hér liggur fyrir, fengju þeir fulltrúa í þá n., sem ég áður gat um.

Í sjónvarpsviðtali nú fyrir skömmu neitaði hæstv. forsrh. því, að þessum málum hafi nokkuð verið blandað saman. Ekki að ég efist um hans svör, heldur hitt, að ég vildi gjarnan, að hæstv. forsrh. svaraði þessu hér á Alþ. Því langar mig til þess að spyrja hann, en ég sé, að hann er ekki hér inni í þingsölunum, hann er ekki langt fjarri, — mig langar til þess að spyrja hæstv. forsrh.: Voru Alþb.-mönnum í sambandi við afgreiðslu þessa máls gefnar einhverjar yfirlýsingar varðandi öryggis- og varnarmál þjóðarinnar?

Það hefur alltaf komið fram af hálfu okkar sjálfstæðismanna, að við höfum viljað freista þess að leysa þá deilu, sem við höfum staðið í við Breta. Við lögðum á það áherslu, að í till. þeirri, sem Alþ. samþykkti 15. febr. 1972, væri kveðið á um samkomulagstilraunir við ríkisstjórnir Bretlands og Sambandslýðveldisins Þýskalands um þau vandamál, sem sköpuðust vegna útfærslu landhelginnar, og það var samþ. Afstaða fulltrúa Sjálfstfl. í utanrmn. hefur verið í samræmi við

það. Við höfum í skýrum bókunum þar gert grein fyrir sjónarmiðum okkar, eftir því sem mál þetta hefur þróast, og jafnan aðvarað ríkisstj. og meiri hl. utanrmn., þegar okkur hefur sýnst út í ófæru stefnt. Það er ekki hægt að segja, að meiri hl. utanrmn. hafi hagað vinnubrögðum sínum út frá sama sjónarmiði, ef borin er saman afstaða meiri hl. utanrmn. til þeirrar till., sem hér er til umr., og afstaða meiri hl. á utanrmn.-fundi 26. sept. s. l., þegar fyrir lá forsenda niðurstöðunnar, sem nú liggur fyrir. Það er vissulega ástæða til að rifja upp utanrmn.-fund og afstöðu manna þar.

Það er rétt, að það komi fram í þessum umr., hversu óviturlega meiri hl. utanrmn. vildi bregðast við, þegar landhelgismálið var á því stigi, að um slit á stjórnmálasambandi var að ræða, eða hyggja að bréfi því, er forsrh. Íslands hafði borist frá forsrh. Bretlands. Jafnframt því hafði forsrh. Íslands óskað eftir því við utanrmn., að hún léti álit sitt í ljós á því, hvort hyggja ætti að bréfinu og fresta stjórnmálaslitum eða hvort nm. teldu rétt að slíta stjórnmálasambandinu þá þegar. Hvernig brást utanrmn. við? Hverjar voru skoðanir utanrmn.-manna? Jú, það voru aðeins við Jóhann Hafstein, fulltrúar Sjálfstfl., sem töldum rétt að athuga betur, hvað fyrir forsrh. Bretlands vekti, og forsrh. Íslands ákvæði til þess stuttan frest. Aðrir nm. töldu ekki ómaksins vert að skoða málið, heldur lögðu til, að stjórnmálasambandi við Breta yrði slitið þá þegar næsta dag, og við það hafði utanrrh., er sat fundinn, ekkert að athuga.

Það gerðist hins vegar næsta dag sem sjálfsagt var, að hæstv. forsrh. fór ekki að ráðum meiri hl. utanrmn., heldur till. minni hl. n., okkar Jóhanns Hafsteins. Hefði forsrh. farið að till. meiri hl. utanrmn., hefðu þeir ekki haft tækifæri til þess að mæla með þáltill. þeirri, sem hér er til umr. Tillagan hefði þá ekki verið á dagskrá, heldur slit á stjórnmálasambandi við Breta orðin og málið í enn verri hnút en áður.

Ég hef hér stuttlega vikið að því, hvernig að þessum málum hefur verið staðið af hálfu sundurleitrar ríkisstj. og ríkisstjórnar meiri hl., enda má sjá það af verkum hennar. Ég er þeirrar skoðunar, að unnt hefði verið að ná mun hagstæðari samningum en hér eru lagðir fyrir. Að það hefur ekki tekist, er því að kenna, hverjir hafa haldið á málunum og hvernig. Ég mun þó greiða atkv. með till., sbr. nál. okkar í minni hl. utanrmn.

Heilbr.- og trmrh. (Magnús Kjartansson): Herra forseti. Hv. utanrmn. hefur fjallað um till. þá til þál., sem hér liggur fyrir um heimild fyrir ríkisstj. til að ganga frá bráðabirgðasamkomulagi við ríkisstj. Breta um veiðar breskra togara, og reynist vera algerlega á einu máli um að samþykkja þessa till. Engu að síður gerast þeir furðulegu atburðir, að n. skilar tvískiptu nál. Minni hl. n., fulltrúar Sjálfstfl. skila sérstöku nál., þó að þeir komist að nákvæmlega sömu niðurstöðu og aðrir nm., og það hefur nú þegar komið í ljós, af hverju þetta undarlega háttalag stafar. Það stafar af því, að þessum fulltrúum Sjálfstfl. er mikið í mun að koma á framfæri árásum á ríkisstj., ekki síst árásum á Alþb.

Hér hefur verið vitnað mikið í það, að við ráðh. og þm. Alþb. og stofnanir okkar flokks höfum lýst óánægju okkar og andstöðu við þann samning, sem gera á við bresku ríkisstj., og menn hafa talið þetta vera með eindæmum, þessi framkoma hafi verið yfirgengileg, slíkt hafi aldrei gerst fyrr í íslenskum stjórnmálum. Ég held, að formaður Sjálfstfl. hafi komist svo að orði, að við Alþb.-menn höfum beitt kommúnistískri ógnaraðferð, og við höfum fengið að heyra margt annað af þessu tagi. Ekki hef ég neitt á móti því, að hv. þm. Sjálfstæðisfl. haldi áfram að vitna í það, sem við ráðh. höfum sagt, eða það, sem Þjóðviljinn kann að hafa skrifað um þessi mál. Þeim er heimilt að vitna í allt það, sem ég hef um þetta sagt, eins og þeir vilja. En ég hef í sjálfu sér engan áhuga á því að skattyrðast við þá um þá atburðarás, sem hér hefur verið að gerast að undanförnu. Hún á að vera mönnum í fersku minni. Hins vegar finnst mér dálítið athyglisvert þetta sjónarmið, sem kemur fram hjá þeim, að það sé óeðlilegt að gera opinberlega grein fyrir ágreiningi, sem upp kann að koma innan ríkisstj. eða innan flokks. Þeir telja það annarlegt, óeðlilegt, óskynsamleg vinnubrögð.

Þarna er komið að ákaflega veigamiklu atriði, ekki aðeins hér á Íslandi, heldur í öllum þingræðisríkjum, — atriði, sem hefur orðið æ meira vandamál að undanförnu. Og það er það, hvernig á að taka ákvarðanir, hvernig á að gera grein fyrir afstöðu til stórmála og hvernig á að ræða þau á opinberum vettvangi? Það er uppi krafa meðal almennings um það að opna stjórnmálaumræður miklu meira en gert hefur verið. Fólk er orðið ákaflega þreytt á því háttalagi, að það sé tekist á bak við luktar dyr, en fólkið í landinu fái ekkert að vita um það, sem gerist. En það hefur verið háttur í flestum þingræðisþjóðfélögum að vinna þannig að málum. Þegar flokkar hafa verið saman í ríkisstj., hafa þeir tekist á að tjaldabaki og ekki sagt fólkinu í landinu neitt um það, um hvað er deilt, um hvað er að ræða, en síðan komið fram með einhverja gervieiningu á eftir og sagt: Nú er allt í besta lagi. — Andstaða gegn þessu hefur verið að vaxa um allan heim, eins og menn hafa væntanlega tekið eftir, þeir sem eitthvað hafa fylgst með stjórnmálaþróun, því að afleiðing af þessu háttalagi, þessari leynd, þessari hræðslu við að ræða hlutina opinskátt við almenning, — afleiðing af því hefur orðið sú, að það hefur komið upp vaxandi gjá á milli stjórnmálamanna og almennings. Fólk telur sig verða fjarlægara og fjarlægara stjórnmálamönnunum, og það myndast þarna sívaxandi glufa á milli. Við sjáum þessa þróun, við þekkjum hana hér hjá okkur og við sjáum hana í löndunum umhverfis okkur. Ég þarf ekki annað en minna á ástandið í Bandaríkjunum um þessar mundir, hversu óhemjuleg gjá þar hefur myndast á milli fólksins í landinu og á milli þeirra manna, sem þar eiga að hafa pólitíska forustu, einmitt vegna þess að þessir pólitísku forustumenn hvorki vildu né þorðu að gera opinberlega grein fyrir sínum málum. Þeir töldu sér henta að taka ákvarðanir sínar að tjaldabaki og í leynum. Og einmitt þetta pukur hefur svo leitt þá til hinna furðu-

legustu hluta, eins og allir vita, til beinna lögbrota og til þess, að í Bandaríkjunum er komið upp ástand, sem á naumast nokkurn sinn líka.

Hið sama hefur verið að gerast t. a. m. á Norðurlöndum. Menn hafa tekið eftir því, hvað hefur verið að gerast í Danmörku nú að undanförnu. Þar er hreinlega um að ræða pólitíska upplausn. Og þessi pólitíska upplausn stafar alveg tvímælalaust af þessu, að það er orðið of langt bil á milli stjórnmálamannanna og fólksins. Stjórnmálamennirnir eru ekki nógu hreinskilnir. Þeir þora ekki að segja frá því, hvað þeir eru að takast á um. Þeir kjósa heldur að fela sig á bak við luktar dyr. Held ég, að það sé einhver mesta hætta, sem steðjar að þingræðisskipulaginu, ef þetta á að ganga svona áfram. Þá er mjög hætt við því, að þar gætu gerst mjög alvarlegir atburðir.

Við Alþb.-menn erum fylgjandi opnum stjórnmálaumr. og við höfum reynt að miða okkar stjórnmálastarfsemi við það, að stjórnmálaumr. séu opnar og ákvarðanataka fari fram fyrir opnum tjöldum. Við höfum reynt að skipuleggja flokk okkar með tilliti til þessa. Við höfum gert hér sérstakar ráðstafanir til þess, að þar endurnýist menn í áhrifastöðum, við höfum reynt að dreifa valdinu og við höfum reynt að tryggja sem mest samband við óbreytta flokksmenn. Við viljum, að skoðanahópar eigi aðild að stofnunum flokksins, og við viljum hafa þennan sama hátt á í samskiptum við aðra flokka.

Sjálfstfl. er hins vegar ákaflega lokaður flokkur. Þar takast valdaklíkur á bak við luktar dyr án þess að sjá ástæðu til þess að gera fólki grein fyrir því, um hvað er tekist á. Um þetta þekkjum við eitt ákaflega skýrt og einfalt dæmi. Við vitum, að nú um tveggja ára skeið eða lengur hafa tveir af helstu forustumönnum Sjálfstfl., hv. þm. Gunnar Thoroddsen og hv. þm. Geir Hallgrímsson, tekist harkalega á um það, hvor eigi að hafa forustu fyirr þessum flokki. En hvar hefur komið fram ágreiningur þessara tveggja manna? Hafa þeir gert grein fyrir því í Morgunblaðinu eða annars staðar, hvaða málefni það eru, sem þeir beita sér fyrir? Hafa menn séð það nokkurs staðar? Það er síður en svo. Þessi átök fara fram að tjaldabaki, þau eru falin, almenningur má ekki vita um þau, almenningur má ekki taka þátt í þeim átökum. Og hvers vegna er Sjálfstfl. svona lokaður flokkur? Hvers vegna verður hann svona hneykslaður, þegar aðrir leyfa sér að koma fram á opinberum vettvangi og gera grein fyrir ágreiningi um einstök mál? Það er vegna þess, að Sjálfstfl. er tvískiptur í eðli sínu. Hann hefur uppi lýðræðislegt kerfi, hann heldur sína landsfundi, það er kosið þar á eðlilegan hátt í áhrifastöður o. s. frv. En það er einnig annað kerfi í Sjálfstfl., og það er peningakerfið. Ég vænti þess, að margir þm. hafi hlustað á form. Sjálfstfl., hv. þm. Geir Hallgrímsson í beinni línu hér á dögunum. Hann var þar með getsakir um fjármál Alþb., sem lýstu betur drengskap þessa hv. þm., en því málefni, sem hann var að tala um. En hann sagði um fjármál Sjálfstfl., að Sjálfstfl. hefði styrktarmannakerfi. Það er rétt, Sjálfstfl. hefur styrktarmannakerfi. Það gerðist hér í tíð viðreisnarstjórnarinnar, að það var haldin einu sinni á ári vegleg samkoma í ráðherrabústaðnum, þar sem styrktarmönnunum var boðið til veislu til að þakka þeim fyrir þá fjármuni, sem þeir höfðu lagt til flokksins. Þarna komu helstu gróðamenn þjóðfélagsins, ýmsir helstu fjárplógsmenn þjóðfélagsins, og mannvirðingar þeirra voru metnar eftir því, hversu mikið þeir hefðu lagt fram til flokksins. Þarna voru efstir á blaði fulltrúar frá verktakafyrirtæki, sem heitir Sameinaðir verktakar og hefur m. a. það verkefni að tryggja ágóða af hernámsframkvæmdum á Keflavíkurflugvelli handa einkaaðilum og handa Sjálfstfl. Þessir menn greiða ekki styrki til Sjálfstfl. skv. þessu styrktarmannakerfi af hugsjón, heldur er þetta greiðsla fyrir veitta umbun af hálfu flokksins og trygging fyrir því, að þeir geti haldið áfram gróðaiðju sinni. Og í Sjálfstfl. er þetta peningakerfi miklu sterkara en lýðræðiskerfið. Þess vegna er unnið bak við luktar dyr í Sjálfstfl. Það, sem þar er ákveðið, þolir ekki dagsins ljós, og þess vegna verða forustumenn Sjálfstfl. ákaflega undrandi, þegar aðrir hafa djörfung til þess að skýra frá því fyrir opnum tjöldum, að þá greini á um eitt og annað.

Þetta á ekki aðeins við um Sjálfstfl., heldur einnig um ríkisstj., sem Sjálfstfl. á aðild að. Það var dæmigert, hvernig staðið var að málum í tíð viðreisnarstjórnarinnar. Þar unnu saman tveir flokkar, Sjálfstfl. og, Alþfl. Þetta eru ákaflega ólíkir flokkar, ekki aðeins að upphaflegri lífsskoðun, heldur einnig voru þeir það, þegar þeir byrjuðu samstarf sitt. Þeir reyndu að halda því fram, að í þeirri ríkisstj., gerðist ekki neitt nema í fullri einingu. Við, sem fylgdumst með, vissum miklu betur. Við vissum, að það kom ákaflega oft upp mjög harkalegur ágreiningur í þessari ríkisstj. En stefnan var sú, að um þetta mátti þjóðin ekkert fá að vita, þetta átti allt saman að gerast að tjaldabaki. Fólkið, sem kaus Alþfl., og fólkið, sem kaus Sjálfstfl., mátti ekkert vita um þessi vandamál, og hvernig úr þeim yrði leyst. Þetta er að sjálfsögðu fyrirlitning á lýðræðislegum vinnubrögðum. Þeir héldu, þessir tveir flokkar, að þeir mundu styrkjast á þessu, og kannske styrktust þeir á þessu fyrst í stað. En síðan urðu þessi vinnubrögð að alvarlegum veikleika, og það bitnaði sérstaklega á minni flokknum, Alþfl., sem aldrei mátti skýra frá því, hvers vegna hann hefði látið undan, og aldrei mátti skýra frá því, hvernig honum tókst þrátt fyrir allt að ná málum fram. Afleiðingarnar komu skýrt fram í síðustu kosningum. Það kom greinilega í ljós, að fólkið í landinu leit orðið á Alþfl. og ekki síst formann hans, hv. þm. Gylfa Þ. Gíslason, sem halaklepp af Sjálfstfl., og hann galt meira afhroð en nokkur íslenskur flokkur hefur goldið í kosningum.

Núverandi ríkisstj. hefur tekið upp önnur vinnubrögð á þessu sviði. Það kom þegar fram í málefnasamningi ríkisstj. Í honum var t. a. m. tekið fram, að þeir flokkar sem að stjórninni stæðu, hefðu mismunandi afstöðu til aðildar Íslands að Atlantshafsbandalaginu. Og það voru rekin upp mikil hróp af forustumönnum Sjálfstfl. og Morgunblaðinu, þegar þeir sáu þetta. Þeir töldu þetta firn mikil, að menn skyldu viðurkenna það opinberlega, að þeir væru ósammála

um jafnveigamikið atriði og þetta, og það væri ekki hægt að standa saman að ríkisstj., ef menn hefðu ekki hreina skoðun á þessu máli. Við höfum rætt ýmis ágreiningarefni fyrir opnum tjöldum, síðan þessi ríkisstj. var mynduð. Við höfum gert grein fyrir þeim ágreiningi, sem upp kom í okkar röðum í sambandi við gengislækkunina á s. l. ári. Við höfum gert grein fyrir ágreiningi, sem upp kom hjá okkur um það, hvernig við skyldi brugðist, þegar hin miklu áföll dundu á í Vestmannaeyjum. Og það hefur verið ágreiningur um meðferð landhelgismálsins, ekki aðeins nú að undanförnu, heldur einnig áður, m. a. skiptar skoðanir um það, hvernig ætti að bregðast við hugmyndum að senda fulltrúa til Haag. Um þetta hefur þjóðin öll fengið að vita.

Að mínu mati er þetta ekki veikleiki, heldur mikill styrkur. Vissulega hefur þetta gefið Sjálfstfl. og Morgunblaðinu tækifæri til þess að henda þennan ágreining á lofti og nota hann á þann hátt, sem þessir aðilar beita í stjórnmálabaráttunni. Ég held, að menn eigi ekki að gleyma því, að haustið 1971 birtist boðarðalisti frá ungum sjálfst.-mönnum um baráttuaðferðir Sjálfstfl. 15. boðorðið hljóðaði svo orðrétt: „Ala jafnt og þétt á innbyrðis tortryggni vinstristjórnarflokka og stuðningsmanna þeirra.“ Þetta eru þau vinnubrögð, sem farið hefur verið eftir af Sjálfstfl. Og Sjálfstfl. hefur ímyndað sér, að þegar við höfum verið það hreinskilnir að gera grein fyrir ágreiningi í okkar röðum, þá væri hægt að nota þetta til að egna okkur, stuðningsmenn stjórnarinnar, upp hvern gegn öðrum. Aðferðin hefur verið vinnubrögð rógsins, sem Íslendingar hafa alltaf fyrirlitið hvað mest, eins og bókmenntir okkar eru gleggst sönnun um. Þessu verður að taka. Og það þarf raunar ekki mikla mannsparta til þess að taka vinnubrögðum af þessu tagi. Ef við, sem að núv. ríkisstj. stöndum, ættum að framkvæma þau ætlunarverk, sem við höfum tekið að okkur, þá hljótum við að hafa manndóm og drengskap til þess að standa af okkur þær árásir, sem lágkúrulegastar eru, ögranir, skjall og níð til skiptis um tiltekna forustumenn, þær Leitis-Gróu aðferðir, sem Sjálfstfl. og Morgunbl. beita dag hvern.

En í þessu sambandi er þetta algert meginatriði og til skýringar á þeim umr., sem hér hafa farið fram í dag, að hér er um að ræða grundvallarágreining um það, hvernig á að haga stjórnmálastarfsemi, hvernig á að taka pólitískar ákvarðanir, hvort það á að vera frammi fyrir fólkinu í landinu með þátttöku þess eða bak við luktar dyr.

Ég þarf ekki að endurtaka það, sem sagt hefur verið um afstöðu okkar Alþb.-manna til landhelgissamninganna, sem hér eru til umræðu. Þá afstöðu þekkja allir, og skoðanir mínar á þeim samningi, hafa ekki breyst vitundarögn. Hitt skulum við muna í því sambandi, að ef núv. sjórnarflokkar hefðu ekki unnið sigur sinn 1971, hefði landhelgin ekki verið stækkuð, þá væri landhelgin enn 12 mílur, og þá væri ekki um það að deila að semja um eitt eða neitt af veiðum utan 12 mílnanna.

Við getum einnig fagnað því, að það var ekki Sjálfstfl., sem átti kost á því að gera samning við Breta. Ég hygg, að margir muni eftir því, að 4 dögum eftir að landhelgin var stækkuð kom grein í Morgunblaðinu eftir formann Sjálfstfl., þar sem hann bar fram þá kröfu, að samið yrði tafarlaust við Breta, vegna þess að það bæri sáralítið á milli. Því var sem sagt lýst yfir í Morgunblaðinu, að það væri hægt að fallast á kröfur Breta um veiðar innan 50 mílna landhelginnar með sáralitlum breytingum, eins og þær voru þá. Og hvers konar samningar hefðu það orðið í samanburði við þann, sem nú er verið að gera? Þessi afstaða Sjálfstfl. hefur auðvitað veikt aðstöðu okkar til allrar samningsgerðar við Breta í þessari deilu. Og það er fleira, sem hefur veikt samningsaðstöðu okkar, þ. á m. hinar sífelldu ferðir forustumanna Sjálfstfl. og þ. á m. formanns Sjálfstfl. til aðalstöðva NATO í leyniviðræður, sem aldrei hafa verið gefnar neinar skýrslur um.

En sem sagt, um þennan samning sjálfan þarf ég ekki að ræða, það hefur verið gerð ítarleg grein fyrir afstöðu okkar til hans, og er óþarfi að endurtaka það. Engu að síður langar mig til að víkja að einu grundvallaratriði, sem fram kom í ræðu hv. þm. Bjarna Guðnasonar og raunar hefur komið fram í öðrum ræðum, og dagblaðinu Vísi, þegar borinn er saman þessi samningur og samningurinn frá 1961. Mér finnst röksemdafærsla hv. þm. Bjarna Guðnasonar um það atriði vera eitt með því afglapalegasta, sem ég hef heyrt hér á Alþingi. Við skulum muna eftir því, að landgrunnslögin frá 1948, sem samþykkt voru einróma hér á Alþingi, hafa til þessa verið grundvöllur okkar í allri landhelgisbaráttunni. Með þeim l. þá tókum við okkur rétt, lýstum yfir rétti okkar til alls landgrunnshafsins. Við vissum vel, að við voru ekki menn til að ná þeim rétti í raun þá, en við lýstum yfir, að þetta væri réttur okkar, og þá var það grundvallaratriði, að frá þessum rétti yrði ekki hvikað.

Þegar samningarnir voru gerðir 1961, voru þeir í tveimur hlutum. Það var gerður samningur um veiðiheimild til Breta innan 12 mílna, og það var vel hægt að fella sig við þann samning. En það var gerður viðbótarsamningur. Og viðbótarsamningurinn kvað svo á, að Íslendingar mættu ekki stækka landhelgina út fyrir 12 mílur nema með leyfi Breta og V.-Þjóðverja eða eftir úrskurði Alþjóðadómstólsins í Haag. Með þessum samningi var verið að rjúfa lögin frá 1948. Það var verið að svíkja ákvæði þeirra. Það var verið að lýsa yfir því, að landgrunnshafið utan 12 mílna væri ekki eign Íslendinga, eins og áður hafði verið tiltekið í íslenskum lögum, heldur orðið alþjóðahaf. Þarna var um að ræða mjög alvarlegt afsal landsréttinda, sem við beittum okkur réttilega mjög harkalega á móti. Og þetta var meginásæðan til þess, að við snerumst þannig við þeim samningum, að við heimtuðum m. a. um þá þjóðaratkvgr., vegna þess að þegar verið er að gera samninga, sem skerða réttargrundvöll þjóðarinnar, þá á þjóðin heimtingu á að fá að greiða um það atkvæði í almennri atkvgr.

Í þeim samningum, sem nú verða gerðir, er ekki um neitt slíkt að ræða, heldur algerlega gagnstætt. Við eigum mjög auðvelt með að gagnrýna ákvæði þessara samninga og benda á, að

Bretar fá þarna miklu meiri réttindi en við höfum kosið. En við skulum einnig líta á þessa samninga frá dálitið stærri sjónarhóli. Hvað er að gerast með þessum samningum? Það er að gerast, að breska ríkisstj. sér sig til knúna til að semja um það við Íslendinga, hvernig bresk skip megi haga veiðum sínum innan 50 mílna umhverfis Ísland. Breska ríkisstj. verður að undanskilja frystiskip og verksmiðjutogara. Breska ríkisstj. verður að skera niður 30 togara af öðru tagi, þ. á m. 15 þá stærstu. Breska ríkisstj. verður að virða ekki aðeins friðunarsvæði, heldur viss bátasvæði. Og breska ríkisstj. verður að fallast á að haga veiðum sínum eftir hólfum, sem að vísu aðeins eitt er lokað í senn, en engu að síður, hún verður að færa sig eftir tilteknum dagsetningum.

Hvað merkir samningur af þessu tagi? Auðvitað merkir hann raunverulega, de facto, viðurkenningu Breta á landhelgi okkar. Bretar mundu aldrei láta sér til hugar koma að gera slíkan samning, ef þeir teldu, að um alþjóðahaf væri að ræða. Með þessum samningi eru þeir að lýsa yfir, að þeir virði landhelgi okkar í raun. Þegar þeir segja, að þetta sé ekki lögfræðileg viðurkenning, þá er það náttúrlega rétt. En það er ekki annað en gaspur. Með því að semja við okkur um það, hvernig þeir megi veiða innan 50 mílnanna, eru þeir að viðurkenna landhelgina. (Gripið fram í). Þetta er tveggja ára samningur, þar sem þeir semja um það við Íslendinga, hvernig þeir megi veiða innan 50 mílna. Eftir tvö árin höfum við sjálfsagt einir allan rétt á þessu svæði, nema Sjálfstfl. komist að völdum, þá breytast náttúrlega viðhorfin á svipstundu, af því við höfum stórfellda reynslu. Þá fáum við svipaðan samning og 1961, þar sem Bretum verður afhentur lögsöguréttur yfir svæði, sem við teljum okkur hafa einkarétt á.

Þetta er vitanlega meginatriði þessara samninga, að í þeim er fólgin mjög stórfelld, raunveruleg viðurkenning á landhelgi okkar. Í samanburði við það eru þau atriði, sem ágreiningur er um, minni háttar, — í samanburði við þetta stórfellda atriði. Ég var að sjálfsögðu samþykkur þjóðaratkvgr. um samninga 1961, vegna þess að þeir fólu í sér skerðingu á sjálfstæði okkar. En það er móðgun við heilbrigða skynsemi og dómgreind að telja þennan samning slíka skerðingu. Hann er það ekki, heldur er hann aukning á yfirráðarétti okkar. Og ég á þess vegna ákaflega auðvelt með að greiða atkv. gegn þessari brtt. hv. þm. Bjarna Guðnasonar.

Ég mun að sjálfsögðu greiða atkv. með þessari till., sem ríkisstj. flytur, og ég vil taka það skýrt fram í tilefni af því, sem menn hafa sagt hér, að með því að greiða atkv. er ég að taka á mig nákvæmlega sömu ábyrgð og hæstv. forsrh. Ólafur Jóhannesson og aðrir ráðh. Ágreiningur um málið hefur verið skýr, og við höfum verið hreinskiptnir í samskiptum um þetta, en í þeim deildum felst engin tilraun til þess að firra mig þeirri ábyrgð, sem ég hef á mig tekið.

Hv. þm. Matthías Á. Mathiesen hélt því fram í ræðu sinni hér áðan, að við Alþb-menn hefðum gert landhelgismálið og hernámsmálið að einhverjum verslunarvarningi. Ég vil taka það skýrt fram, að þetta er uppspuni með öllu. Við höfum alltaf lagt á það mikla áherslu, að hér er um tvö aðskilin mál að ræða og verður ekki samið um annað á kostnað hins. Við Alþb.-menn höfum aldrei litið á landsréttindi sem verslunarvöru, hvorki pólitíska verslunarvöru né verslunarvöru, þar sem hægt er að reikna andvirðið í dollurum eða krónum. Þessi mál eru algerlega aðskilin.

Út af fsp., sem þessi hv. þm. Matthías Á. Mathiesen, beindi til hæstv. forsrh., — ég ætla að vísu ekki að fara að taka ómakið af hæstv. forsrh., — vil ég mjög gjarnan taka skýrt fram, að það hefur ekki af okkar hálfu verið farið fram á neinar yfirlýsingar frá hæstv. forsrh., hvorki nú né áður, um neitt annað en það, sem öll þjóðin þekkir og hefur verið gert fyrir opnum tjöldum. Ákvæði málefnasamningsins um það, að herinn eigi að fara burt af Íslandi í áföngum og að því skuli stefnt, að þeim brottflutningi verði lokið á kjörtímabilinu, — þetta ákvæði þekkja allir. Þetta ákvæði hafa menn heyrt, frá því að stjórnin var mynduð og það hefur ekki verið um að ræða neinar aðrar yfirlýsingar um það alla tíð, sem við höfum rætt þetta mál, en að við þetta verði staðið. Og ég vil mjög gjarna lýsa yfir því, að ég er ekki í neinum vafa um það, að allir þm. stjórnarflokkanna munu líta á það sem drengskaparskyldu sína að standa við þetta fyrirheit.

Það hefur komið fram í ræðum manna, að ágreiningur um bráðabirgðasamninginn hafi veikt ríkisstj. Ég held, að þessu sé öfugt farið. Ég held, að við höfum gengið í gegnum talsverða eldraun þessa daga, og ég held, að við höfum styrkst við þessa eldraun. Ég hef a. m. k. orðið ákaflega áþreifanlega var við, að það er mjög einhuga afstaða vinstri manna um allt land — og raunar ekki aðeins vinstri manna, heldur einnig manna, sem kosið hafa Alþfl. og Sjálfstfl., að þeir óska mjög eftir því, að þessi ríkisstj. haldi áfram störfum. Ég er þeirrar skoðunar, að við komum út úr þessari eldraun samstæðari og traustari en við höfum verið áður, einmitt vegna þess, að við höfum haft djörfung og manndóm til þess að ræða vandamál okkar fyrir opnum tjöldum. En mér er forvitni á að vita, hvernig Sjálfstfl. kemur út úr þeirri eldraun, sem hann er nú búinn að standa í meir en tvö ár.

Matthías Bjarnason: Herra forseti. Ég held, að það megi leita lengi að jafnundarlegri ræðu og þeirri, sem verið var að ljúka hér áðan. Ég held, að þó að sami maðurinn hafi flutt þessa ræðu, hafi þurft a. m. k. fjóra persónuleika til þess að leggja efni til í ræðuna, svo oft fór hann í gegnum sjálfan sig. Ég get ósköp vel skilið eftir alla þá eldraun, sem átt hefur sér stað í heimilislífi Alþb. að undanförnu, að taugar þessa hæstv. ráðh. séu ekki upp á það allra besta. Og hann getur ekkert að því gert. Maður verður auðvitað að finna til með mönnum, sem eru lasnir, hvort sem það er til líkama eða sálar. Langur kafli þessarar ræðu fjallaði um það, á hvern hátt Sjálfstfl. efndi til veisluhalda. Og hann hreinlega laug því, þessi hæstv. ráðh., að

Sjálfstfl. hefði á viðreisnarárunum haldið veislu fyrir styrktarmenn sína í ráðherrabústaðnum. Ég hef oft komið í þessa tveggja tíma veislu, sem haldin hefur verið. Hún hefur aldrei verið haldin í ráðherrabústað, og hún hefur ekki endilega verið miðuð við það, að flokkurinn væri í stjórnaraðstöðu, hún hefur alveg jafnt verið haldin, þótt flokkurinn hafi verið í stjórnarandstöðu. Hitt get ég skilið, að Alþb. og þessi hæstv. ráðh. sé kannske nokkuð öfundsjúkur yfir því, að sjálfstæðismenn skuli koma saman einu sinni á ári, en þeir í Alþb. ná ekki til sinna stuðningsmanna af þeirri einföldu ástæðu, að þeir munu flestir hverjir vera erlendis og erfitt til þeirra að ná.

Það er gömul saga um mann, sem hafði framið afbrot og þurfti að beina athyglinni í aðra átt, — mann, sem varð á að stela smávegis, það var ekki stórt, og var farið að elta hann. Hann hljóp í aðra átt og kallaði: Grípið þjófinn. — Og auðvitað litu allir í þá átt, sem hann benti. Það er þannig með suma menn, þegar þeir eru komnir í mikla erfiðleika, þegar þeir hafa gersamlega orðið að snúa öllum staðreyndum við og standa uppi málefnasnauðir og allsberir, ekki spjör til þess að skýla þeirra málefnafátækt, þá grípa þeir til þessa sama ráðs, eins og pörupilturinn gerði, sem ég nefndi hér áðan.

Þessi hæstv. ráðh. sagði: Það vita allir, hver afstaða mín er, og hún er óbreytt. — Það vita allir, hver afstaða Magnúsar Kjartanssonar og Alþb. var í októbermánuði, eftir að forsrh. kom heim. Hún var sú, að um tillögur Breta, sem hæstv. forsrh. Ólafur Jóhannesson flutti hingað heim frá þeim fræga íhaldsmanni Mr. Heath, sögðu Þjóðviljinn og hv. síðasti ræðumaður: Tillögur Breta reyndust vera úrslitakostir. — Ég er með úrklippu hér úr Þjóðviljanum. Og þetta er 18. okt. Svo segir hann: Það vita allir, hverjar mínar skoðanir hafa verið í þessu máli, og mín afstaða er óbreytt. — Og svo rétt áður en hann lýkur máli sínu segir hann: Ég ætla að greiða atkv. með úrslitakostum Mr. Heaths. Ég ætla að liggja hundflatur fyrir breska íhaldinu og breska ljóninu. — Svo segist hann vera með alveg óbreytta afstöðu til málsins. Það er orðið erfitt að skilja suma menn og þ. á m. þennan hæstv. ráðh. Þetta er greindur og gegn maður, en greindir menn geta líka orðið óskiljanlegir. Skal ég svo ekki eyða lengri tíma að þessari ræðu.

Hér liggja fyrir tvö nál. í þessu máli. Annars vegar er nál., sem er ákaflega stutt. Ég verð að segja það, að stuðningsflokkar stjórnarinnar og Alþfl., sem hefur, frá því að þessi ríkisstj. var mynduð, verið oftast nær á rúmstokknum hjá þessari stjórn, þeir skila hér nál., sem er hálf önnur lína: „Undirritaðir nm. mæla með því að till. verði samþ. óbreytt.“ Ég hefði nú talið, að í stórmáli eins og þessu hefði átt að vera í þingsögunni eitthvað skráð um þetta mál, um gang málsins, annað eins hefur komið fram í þskj. þeirra manna, sem undir þetta nál. skrifa. Þeir hafa margir hverjir verið ósparir fyrr á árum að tala og skrifa, og þá á ég síst við frsm. n. og þó jafnvel allra helst form. n., sem talaði hér meira en flestir aðrir þm., til samans í 12 ár, en hefur eiginlega ekki látið heyra í sér, síðan núv. ríkisstj. var mynduð. En til þess að ekki valdi neinum misskilningi, tek ég fram, að ég á hér við Þórarin Þórarinsson aðalritstjóra Tímans. Hann hefur verið algerlega méllaus, síðan þessi ríkisstj. kom að völdum.

Nál. fulltrúa Sjálfstfl. í utanrmn. hefur verið gert að umræðuefni af hv. 2 þm. Reykv. og sömuleiðis af hinum nm. flokksins í utanrmn. hv. 1. þm. Reykn. Ég get verið sammála þeim um margt í því nál., en þó kemst ég ekki að sömu niðurstöðu og þeir í sambandi við afstöðu til þessa máls. Að vísu segir í nál., að einstakir þm. Sjálfstæðisfl. geti ekki fellt sig við þessa till., eins og hún liggur hér fyrir, og er mér bæði mjög ljúft og skylt að segja í upphafi, áður en ég fer að ræða það, að ég tel mér heiður að því að vera einn í þeim hópi, sem mun greiða atkv. á móti þeim vanskapnaði, sem hér liggur fyrir. Skal ég síðar koma að þessu.

Í hinum margumtalaða stjórnarsáttmála, sem hæstv. forsrh. hvatti okkur þm. til þess að lesa bæði kvölds og morgna, — ég hugsa, að það séu nú flestir hættir að lesa hann bæði kvölds og morgna og kannske sumir lesi hann ekki einu sinni í viku og kannske sjaldnar, — en í þessum stjórnarsáttmála segir um landhelgismálið, að ríkisstj. muni um landhelgismálið hafa samráð við stjórnarandstöðuna og gefa henni kost á að fylgjast með allri framvindu málsins. Ég ætla ekki að þreyta menn á því að fara að rifja í öllum smáatriðum upp hvað gerst hefur í landhelgismálinu, það hafa aðrir gert á undan mér, en hins vegar get ég ekki látið hjá líða að stikla aðeins á því helsta.

Þegar náðist samkomulag hér á Alþingi um till. um útfærslu landhelginnar í 50 mílur, sem samþ. var með 60 shlj. atkv., var því lýst yfir af ríkisstj. eða talsmönnum stjórnarliðsins, að náið samstarf skyldi verða haft við stjórnarandstöðuna um framkvæmd þessa máls. Ég fyrir mitt leyti, hef ekki orðið var við, að það hafi verið staðið við þetta fyrirheit. Ég veit ekki annað en að 3 ráðh. hafi talað hvað eftir annað við lafði Tweedsmuir og hennar föruneyti, án þess að stjórnarandstaðan hafi nokkuð verið þar höfð með í ráðum. Ég veit ekki til, að þau sáttaboð, sem Íslendingar hafa boðið, hafi verið borin undir stjórnarandstöðuna. A. m. k. veit ég ekki til þess, að það hafi verið borið undir Sjálfstfl. Alþfl. getur vel svarað fyrir sig. Í öll þessi skipti, sem hér hefur verið rætt við erlendar þjóðir, hefur stjórnarandstöðunni ekki verið tilkynnt, fyrr en kannske hálfum mánuði eða þremur vikum eftir á, hvernig málin hafa staðið. Þetta er ekki að standa við stjórnarsáttmálann frekar en svo margt annað. Svo kemur hæstv. forsrh. hér á fimmtudaginn og segir, að það hafi verið einróma eining Alþ. um málið, síðan Alþ. ákvað útfærsluna í 50 mílur með 60 atkv., þeir, sem þá einingu ryfu, ynnu ekki gott verk. Við ætlum nú að rjúfa þá einingu. Þá er ég sennilega einn í þeirra hópi, sem eru að vinna mjög slæmt verk, af því að ég vil ekki taka og éta ofan í mig þá till., sem forsrh. Íslands kemur með frá forsrh. Bretlands. Þá vinnur maður ekki gott verk. En það eru aðrir, sem eru kokviðari og hafa sporðrennt stærri bitum en ég treysti mér til.

Það hefur ekki staðið á núv. hæstv. stjórnarsinnum að ræða um samninginn frá 1961 og láta að því liggja, að þá hafi verið framin landráð. Ég minnist þess, að boðberar frelsis, sem héldu hæst kyndli frelsisins, töluðu ekki þannig fyrir síðustu kosningar eins og þessi samningur segir til um. Ég man bara eftir úr minu eigin kjördæmi, hvað þeir héldu frelsiskyndlinum hátt á loft. Þá hefði ekki verið sagt, að það ætti eftir að ske friðarins vegna að liggja hundflatir fyrir Bretum. Og þar gekk enginn lengra en fyrrv. sálufélagi og flokksbróðir Bjarna Guðnasonar, Hannibal Valdimarsson. Skal ég koma nánar að því síðar.

Við skulum líta aðeins á samninginn frá 1961, á þennan landráðasamning, sem þeir hafa mest talað um í öll þessi ár. Hvað gerðist þar? Það var vinstri stjórn, sem færði landhelgina út 1. sept., en hún var hlaupin frá í des. Þarna er einn af þeim, sem köstuðu sér fyrir borð, hlupu frá öllu saman. Af hverju? Það var ekki út af landhelgismálinu, það var vegna þess, að efnahagsmálin voru komin í mestu óreiðu, þau voru komin í sjálfheldu, alveg eins og þau eru komin núna. Það er ekkert eftir nema hlaupa frá núna, þau eru komin þannig. Það má aldrei hleypa sumum mönnum að því, sem heita peningar. Þess vegna er komið sem komið er. Og það er þetta, sem greindir menn í þessu stjórnarliði sjá og vita, hvað er fram undan, þó að séu þar menn, sem ekkert skilja. Hvað gerðist, þegar þessi samningur var gerður? Þá var gerð sú breyting frá útfærslunni 1. sept. 1958, að landhelgin var með samningi við Breta stækkuð um hvorki meira né minna en 5065 ferkm. Um það náðist samkomulag. Það hafði mikið að segja á svæðinu út af Húnaflóa að stækka landhelgina vegna breytinga á grunnlínupunktum um rúmlega 970 ferkm. Það hefur líka mikið að segja út af Vestfjörðum að stækka landhelgina um 1030 ferkm. Það hafði líka mikið að segja að gera breytingu hér í Faxaflóa og stækka landhelgina um 860 ferkm. Og það hafði mjög mikið að segja að stækka landhelgina í nánd við Vestmannaeyjar um 2200 ferkm. Þetta skiptir verulegu máli.

Svo ætla ég að koma að veiðiheimildum Breta, sem voru samkv. þessum samningi í 3 ár. Þegar ákvæðið um heimild Breta til veiða milli 6 og 12 mílna er athugað, verður að taka tillit til þriggja atriða, sem þá skiptu meginmáli.

1) Grunnlínubreytingarnar, sem ég hef áður getið um.

2) Þau svæði, sem algerlega eru undanskilin og bresk skip gátu aldrei stundað veiðar á.

3) Hinn takmarkaði tími á hverju ári, sem veiðarnar voru leyfðar.

Þetta er töluvert annað eða það, sem er boðið upp á nú í þessum samningi.

Á svæðinu frá Horni að Langanesi var gerð mikilvæg grunnlínubreyting á Húnaflóa, og enn fremur var svæðinu milli Grímseyjar og lands öllu lokað. Sama gilti um svæðið umhverfis Kolbeinsey, en þar var oft mikið magn af smáfiski. Um þriggja ára skeið eða meðan samningstímabilið stóð var breskum skipum hins vegar leyft að stunda veiðar annars staðar á þessu svæði á milli 6 og 12 mílna, en þó aðeins 4 mánuði á ári hverju á tímabilinu júní-september, þannig að samanlagður tími þeirra innan 12 mílna markanna var eitt ár, þó að samningstímabilið tæki þrjú ár. En nú í þessum samningi, sem um er að ræða, eru veiðar breskra togara leyfðar umhverfis allt landið upp að 12 mílum, að undanskildu hafsvæðinu frá Bjargtöngum að Horni, þar að 20 mílum og á meginhluta Austfjarðasvæðisins að 20 mílum, að undanskildum tveimur mánuðum. M. ö. o.: það eru öll svæði opin í 10 mánuði á ári eða samtals 20 mánuði, á móti einu ári, eins og þessi svæði, sem ég var að nefna hér áðan á samningstímabili, sem tók 3 ár.

Á veiðisvæði Austfjarðabáta frá Langanesi að Meðallandssandi hafði grunnlínubreytingin sunnan Langaness mikla þýðingu. Fyrir Austfjörðum og Suðausturlandi voru veiðar breskra skipa leyfðar milli 6 og 12 mílna misjafnlega langan tíma á tímabilinu maí til desember. Samanlagt var þessi tími 2 ár. En vegna grunnlínubreytingarinnar var verulegur hluti svæðisins á milli 6 og 12 mílna utan við núverandi 12 mílna mörk. Á miðsvæðinu milli Glettinganess og Setuskers við Reyðarfjörð voru veiðar breskra skipa leyfðar á milli 6 og 12 mílna í 6 mánuði á ári hverju, mánuðina janúar til apríl og júlí og ágúst. Og samanlagður tími á þessu svæði var 1½ ár. Á syðsta svæðinu, sem nær frá Setuskeri að Meðallandsbug, var breskum skipum heimilað að veiða milli 6 og 12 mílna í 5 mánumi, mars til júní.

Þegar komið var að svæðinu frá Mýrnatanga austan við Vestmannaeyjar, var breskum skipum heimilað að veiða í 5 mánuði á ári, apríl til ágúst. En þegar komið var að miðunum umhverfis Vestmannaeyjar og Selvogsbanka, þá gætti fyrst hinnar stórkostlegu breytingar, sem gerð var á grunnlínunum. Fengust við það 2200 ferkm, og var breskum skipum heimilað að veiða á þessu svæði á tímabilinu mars til maí á ári hverju um 3 ára bil. Samanlagður tími á því svæði nam því samtals 9 mánuðum á þessum þremur árum.

Frá Geirfugladrangi að Bjargtöngum hafði grunnlínubreytingin mikið að segja fyrir veiðar í Faxaflóa og á Breiðafirði. Þar voru þrjú svæði algerlega lokuð til verndar þorsknetaveiðum: í fyrsta lagi út af sunnanverðum Faxaflóa, í öðru lagi út af Snæfellsnesi og í þriðja lagi út af Breiðafirði. Öll voru þessi svæði og eru þýðingarmikil vegna þorskanetaveiða. Utan þessara lokuðu svæða var breskum skipum heimilað að stunda veiðar á milli 6 og 12 mílna um 3 ára skeið á tímabilinu mars til maí eða samanlagt í 9 mánuði.

Svo kemur loks svæðið undan Vestfjörðum frá Bjargtöngum að Horni. Þar var breskum skipum bannað að veiða innan 12 mílna marka. Því svæði var algerlega lokað með þessum landráðasamningi, sem oft hefur verið kallaður svo.

En hvað er aftur nú með þessi hólf? Hvernig er því varið nú í sambandi við afgreiðslu á þessu máli, sem hér liggur fyrir til umr? Jú, Lúðvík Jósepsson og Einar Ágústsson og Magnús Torfi lögðu fram síðast í vor samkomulagsgrundvöll við „lafðina“ margumtöluðu, þar sem þeir skiptu veiðum í 6 svæði

umhverfis Ísland, og ég hef alltaf furðað mig á því, hvernig þessi svæði urðu til. Í raun og sannleika er eitt svæðið svo lítils virði, að það tók ekki að kalla það svæði. Það svæðið, sem þeir merktu E, þegar þeir fóru með þetta á fund lafðinnar. Það er svæðið frá Melrakkasléttu og austur fyrir Vopnafjörð. Stærsti hlutinn af þessu svæði er friðað svæði í mánuðunum apríl til júní, en lítill hluti er aftur opinn. Þeir lögðu til, að öll þessi svæði yrðu opin í 8 mánuði á ári, en lokuð í 4. Þetta eina svæði ætti í raun og veru að vera annað hvort með Austfjarða- eða Norðurlandssvæðinu, því að hér er ekki um nema sáralitla veiði breskra togara að ræða. En það kannske fer betur á því, þegar sagt er, að nú skuli loka í tvo mánuði, að mega loka þessu litla svæði, sem litla sem enga þýðingu hefur. Það má því segja, að allt sé opið fyrir Breta, — opið í báða enda eins og stjórnin.

En ef við lítum nánar á þessi svæði, þessi hólf, sem kölluð eru, þá vitum við það og þekkjum það vel, og það veit hæstv. sjútvrh. vel, að þar kemur fyrst og fremst ágengni breskra togara á tvö svæði. Í fyrsta lagi er svæðið, sem merkt er A, svæðið frá Bjargtöngum að Horni, svæðið, sem í samningnum 1961 var undanskilið, þar sem Bretum var ekki leyft að veiða, ekki einn einasta fisk innan 12 mílna. Þangað á nú að hleypa togurunum í 10 mánuði á ári í tvö ár. Það á að undanskilja 2 mánuði eins og önnur svæði að 20 mílum. Ríkisstj., sem stóð að samningunum 1961, viðurkenndi fullkomlega sérstöðu þessa svæðis.

Við vitum það, að við þá þróun, sem hefur orðið í landhelgismálunum, þegar landhelgin var færð út úr 3 mílum í 4 mílur, þegar lokað var fjörðum og flóum hér syðra, þegar landhelgin var færð út í 12 mílur, þá fengu fiskimenn á þessu svæði, þegar fært var út úr 3 mílum í fjórar, aðeins þessa 1 mílu, þegar fært var úr 4 mílum í 12, þá fengu þeir aðeins 2 mílur. Grunnlínupunktar breyttust ekki, það gerir legan á þessum skaga. Þess vegna var tekið fullt tillit til þess við þessa samninga, sem nú hefur ekki verið gert. En í vaxandi mæli er nú stefnt að því, að Bretar veiði sem mest á þessu tiltekna svæði. Ég þori að ábyrgjast, að það er ekki fjarri sanni að segja það, eftir að þessi samningur er orðinn að veruleika, að þá muni breskir togarar sækja um 50—55% af þeim afla, sem þeir veiða innan 50 mílna, á þetta svæði. Ég þori að fullyrða það. Mér þætti gaman að sjá hæstv. sjútvrh. koma með kenningu, sem afsannaði það, að þetta væri nærri sanni.

Svæði, sem fer næstverst út úr þessu, er Austfjarðasvæðið, D-svæðið, en það er ekkert nálægt því jafnstórt eða vegur jafnmikið og þetta svæði, sem ég var að nefna hér áðan.

B-svæðið frá Bjargtöngum og suður að Vestmannaeyjum hefur nokkuð að segja á tilteknu tímabili, sérstaklega fyrir mánuðina mars og apríl, þá er það mjög illt, að breskum togurum sé hleypt inn á þetta svæði.

Á árinu 1959 var aflamagn á Vestfjörðum komið niður í 12,2% af heildaraflamagni á landinu, þá var útgerðin þar algerlega að gefast upp. Bátarnir voru seldir í burtu hver af öðrum vegna þess, að við þær aðgerðir, sem áður voru gerðar í landhelgismálinu af eðlilegum ástæðum við það að loka fjörðum og flóum, þá sóttu erlend veiðiskip mest á þetta svæði og hreinlega skröpuðu upp fiskinn á miðum bátanna. En þannig hagar til á þessu svæði, að flest fiskimiðanna eru utan við 40 mílur á vetrarvertíð hjá stóru bátunum, svo að það kemur að litlu gagni, þó að útfærslan sé 20 mílur, nema þá á tilteknum tímum árs fyrir hina smærri báta, og þarf auðvitað að meta það.

En hvað hefur svo skeð síðan 1959? Það fer að lagast, þegar svæðið var friðað innan 12 mílna fyrir erlendum veiðiskipum. Það fer að byggjast upp aftur útgerð á öllu þessu svæði. Og á síðustu vetrarvertíð var landað á Vestfjörðum 21800 lestum af fiski, bæði af togurum og bátum, og um 98% af þessum afla var í 1. flokki og frystur að stærstum hluta í neytendapakkningar fyrir Ameríkumarkað, enda eru Vestfirðingar, sem eru um 4,7% af þjóðinni, nú með 26% af heildarframleiðslunni miðað við magn, en hærri, ef miðað er við verðmæti, að undanskildum loðnuafla. Hvað verður, þegar togurunum verður aftur hleypt inn 10 mánuði á ári? Ætla þm. Vestf. virkilega að gleypa þetta í einu lagi? Ætla þeir að svíkja það fyrirheit, sem þeir gáfu fyrir síðustu kosningar, þegar þeir þá voru að biðla til kjósenda um að kjósa sig, því að engir menn væru harðari í landhelgismálinu og mundu standa betur og fastar á rétti vestfirskra sjómanna en þeir? Það væri ekki hægt að treysta frambjóðendum Sjálfstfl. til þess, þeir mundu engan veginn standa sig. Hvað ætla þeir að gera nú? Ætla þeir að kyngja þessum bita? Hvað sagðirðu, Hannibal? (Gripið fram í.) Þú hefur alltaf talið þig gera rétt, þó að þú hafir ekkert farið nema kollsteypur.

Það var samtal við einn af þm. Vestfj., honum var gert svo hátt undir höfði í Alþýðublaðinu að birta við hann samtal á forsíðu 23. okt. Ég held, að fæstir af þm. kratanna komist á forsíðuna, nema þá ef það er Gylfi. Það var breytt út af vananum við þennan þm. Og hann segir, í þessu samtali: „Ég lít ekki á till. Heaths, sem nefndar hafa verið grundvöllur að lausn landhelgismálsins, sem úrslitakosti, eins og sumir hafa nefnt það.“ Þetta var Karvel Pálmason, Vestfirðinga þm. SF. Hann segir: „Aftur á móti hef ég ekki tekið endanlega afstöðu til þessa máls, en eins og grundvöllurinn liggur fyrir í dag, þá tel ég ekki rétt að samþykkja hann óbreyttan.“ Það er alveg eins og Magnús Kjartansson, það er óbreytt skoðun auðvitað. Þetta fara nú að verða kúnstugir karlar, þessir stjórnendur.

Ég held, að það sé útilokað annað en að segja, að á þennan samning, sem hér liggur fyrir, vanti bæði upphaf og endi, m. ö. o.: hann er opinn í báða enda, og ég harma það, að allir fulltrúar Alþingis í utanrmn. skuli mæla með samþykkt þessa samnings.

Ég er þeirrar skoðunar, að það hefði verið auðvelt að ná þessum samningi og betri samningi fyrir tæpu ári, og það hefði aldrei þurft til þess að koma, að herskipafloti hennar hátignar hefði siglt inn í íslenska landhelgi, ef rétt hefði verið á málum haldið og ef tekið hefði verið á málunum af festu frá hendi ríkisstj.,

en það hefur ekki verið gert. Það hefur ekki enn þá verið skýrt frá því, hvort Bretar ætla að viðurkenna 50 sjómílna fiskveiðilögsögu að samningstíma loknum, eða má búast við, að floti hennar hátignar sigli aftur inn fyrir 50 sjómílur og verndi breska veiðiþjófa, eins og hann hefur gert nú undanfarna mánuði? Ég vænti þess, að hæstv. forsrh. eða einhverjir undirsátar hans svari þessu. Og ég spyr einnig: Hvað verður gert við þá togara, sem brotið hafa íslenska fiskveiðilögsögu, frá því að hún var færð út 1. sept. 1972, og sagt er, að allir séu skráðir hjá Landhelgisgæslunni? Var gert um þetta raunverulegt samkomulag á einhvern hátt? Ef ekki, hver er þá skoðun hæstv. dómsmrh.? Á að taka í djöfsa, þegar þeir koma, og sekta þá eða á að sleppa þeim og láta eins og ekkert hafi í skorist? Ég vil fá að vita það. Við þm. eigum kröfu til að fá að vita hreinskilnislega og undanbragðalaust, hver er skoðun hæstv. forsrh. og ríkisstj. á þessu máli. Hvað um frekari friðunarsvæði? Hæstv. núv. sjútvrh. er ósköp lítill friðunarmaður. Hann hefur staðið sig illa í þeim efnum. Ég er ekki að segja, að hann standi sig illa í öllum efnum, en hann hefur staðið sig illa þar. Hvað er búið að gera núna með þessum samningum? Verður ekki að leita á náðir Breta, ef það á að fara út í frekari friðunaraðgerðir innan 50 mílna? Verður ekki að fara þá aftur og spyrja þá, hvort það megi, hvort þeir ætli að virða nýjar friðunaraðgerðir eða ekki? Hvað er með lokuðu hólfin? Ég á sæti í stjórn L. Í. Ú., sem samþykkti með yfirgnæfandi meiri hluta, því miður, að mæla með þessum samningi. Var sagt, að Landssambandið ætti að gera till. um það, hvaða hólf skyldu vera opin á hverjum tíma þessa tvo mánuði. Svo kemur það á daginn, að þetta er allt ákveðið úti í London. Þetta er eitt af því, sem hæstv. forsrh. kemur heim með í bréfinu frá Mr. Heath. Hver bar fram þetta tilboð um hólfin 6 lokuð í 2 mánuði í maí í vor? Voru allir ráðh. í samninganefndinni sammála um það boð? Voru þessi hólf búin til að frumkvæði hæstv. sjútvrh., eða átti einhver annar aðild að því?

Það er líka furðulegt, finnst mér, þegar slíkur samningur er gerður sem þessi, að það er ekki minnst á, að Bretar falli frá mótmælum sínum varðandi tollaívilanir innan EBE. Það er þó gert í sambandi við samninginn við Belgíu. Það var um það talað, að Belgíumenn hreyfðu ekki mótmælum við beiðni Íslendinga. Það er ekkert um það hér gagnvart Bretum. Ég segi fyrir mitt leyti, að ég tel mig einn í þeirra hópi, sem hefðu viljað semja við Breta, en ekki hlíta afarkostum. Ég tel þennan samning vera afarkosti. Ég tel hér vera komið með samning, sem sé engan veginn hægt að ganga að. Hann teflir lífi og starfi manna á ákveðnum svæðum í hreinan voða. Hæstv. forsrh. segir í Landshorninu í sjónvarpinu, að 4 af hverjum 5 á Vestfjörðum séu samþykkir þessum samningi. Ég efast ekkert um, að hæstv. forsrh. getur fundið 4 taglhnýtinga, sem séu sammála því, að þessi samningur sé gerður, en ekki, að 80% Vestfirðinga séu með samningnum. Þá vil ég segja. Ef hæstv. forsrh. hefur verið jafnauðtrúa úti í London og hann er á þessar sögusagnir, þá skil ég vel, hvers vegna ekki er um betri samning að ræða en hér liggur fyrir.

Hæstv. sjútvrh. er sennilega hraustasti maður, sem situr í ráðherrastól, ekki aðeins á Íslandi, heldur sennilega í allri veröldinni. Maður, sem er búinn að tala jafndigurbarkalega, frá því að hann kom í ráðherrastól og raunar áður, maður, sem búinn er að gefa jafnmargar yfirlýsingar og hann hefur gefið, — ég skil ekki það ofboðslega kok að geta komið þessu öllu niður. Þetta kok er alveg einstakt fyrirbrigði.

Ég hygg, að það fari ekki á milli mála, af hverju það er, að *ég er á móti þessum samningi*. Það er sérstaklega fyrir það, að ég tel það mikla vanvirðu fyrir Ísland og Íslendinga, að þegar íslenskt varðskip tekur breskan togara innan 50 mílnanna, þá á íslenski lögreglumaðurinn að kalla á breskt eftirlitsskip til þess að láta það sannprófa, að þeir kunni að stinga út á korti. Þetta finnst mér vera mesta óhæfan af öllu. Og hvað sem líður túlkun hæstv. forsrh. á því, tek ég alveg undir orð Bjarna Guðnasonar hér áðan um þessi efni. Ég tel það fráleitt og í rauninni til skammar að bjóða Alþ. Íslendinga upp á það að samþykkja slíkt ákvæði. Hitt er svo stórt mál og mikið, hvernig á að haga veiðum innan þessarar margumtöluðu fiskveiðihólfa. Hvað sem líður störfum byggðanefndar og öðrum verkefnum til þess að efla byggð landsins, þá má mikið gera á móti til þess að vega upp á móti þeim ósóma, sem á nú að framkvæma sérstaklega gagnvart þeim byggðarlögum, sem verst eru sett hvað það snertir að halda fólkinu þar heima og hafa goldið mest afhroður á liðnum árum. Þetta er ekki sú byggðastefna, sem var lofað, þegar þessi ríkisstj. var mynduð, að horfa engan veginn á það, sem kemur til með að gerast á þessum svæðum. Þrátt fyrir allt, sem þið hafið sagt um samninginn frá 1961, þá hefðuð þið átt að taka hann þó til fyrirmyndar hvað þetta snertir.

Guðlaugur Gíslason: Herra forseti. Till. sú, sem hér er til umr., er sannarlega þess eðlis. að eðlilegt er, að um hana verði nokkrar umr. Eðli *málsins samkv. ætti að mínum dómi fyrirsögn* hennar alls ekki að vera: Till. til þál. um bráðabirgðasamkomulag við ríkisstj. Bretlands, heldur miklu fremur: Till. til þál. um áframhaldandi undanhald ríkisstj. í landhelgismálinu eða uppgjöf, því að það er hið raunverulega efni till.

Ekki aðeins alþm., heldur þjóðin öll minnist án efa kokhreysti hinna stóru orða, sem núv. stjórnarliðar viðhöfðu í landhelgismálinu, þegar þeir í síðustu kosningum voru að blekkja kjósendur til fylgis við sig. Við minnumst öll staðhæfingaþeirra og fullyrðinga og hinna stóru orða, svo sem: 50 mílurnar eru fyrir Íslendinga eina, ekkert að gefa eftir, samningar eru svik og loks margendurteknar fullyrðingar hæstv. sjútvrh., bæði hér á Alþ. og í fjölmiðlum, um, að landhelgismálið væri algert innanríkismál og kæmi engum öðrum við. Það væri án efa hægt að standa í þessum ræðustól í marga klukkutíma og rifja upp öll hin stóru orð stjórnarliða í sambandi við landhelgismálið og fletta ofan af blekk-

ingum þeirra. En ég vil ekki tefja störf alþ. á því, þar sem ég tel, að það liggi alveg ljóst fyrir, að stjórnarliðið allt er með þeirri þáltil., sem hér liggur fyrir, á einu bretti að éta ofan í sig öll sín stóru orð og fullyrðingar í sambandi við landhelgismálið.

Ég tel alveg tvímælalaust, að hér sé um svik að ræða hjá stuðningsmönnum stjórnarliðsins gagnvart því fólki, sem þeir fengu til þess að greiða sér atkv. í síðustu kosningum, og þá ekki síst þm. kommúnista, og ætla ég ekki að ræða frekar í bili hina pólitísku hlið málsins, en snúa mér að efni till. og aðdragandanum að því samningsuppkasti, sem fyrir Alþ. er lagt.

Um aðdragandann að samningsuppkastinu vita raunar allir. Allt frá fyrsta degi útfærslunnar hefur ríkisstj. verið á undanhaldi í landhelgismálinu. Allar tilraunir hæstv. utanrrh. til þess að ná heiðarlegum og viðunandi samningum við Breta og Þjóðverja hafa runnið út í sandinn vegna undirferlis og lævísi kommúnista, sem allir vita, að jafnt nú eins og árið 1958 hafa stefnt markvisst að því að nota landhelgismálið að yfirskyni til þess að koma á harðsnúnum ágreiningi á milli Íslendinga og Breta, og sennilega hefur aldrei verið skálað með meiri hrifningu fyrir þessum herrum uppi í Garðastræti heldur en þegar þeim hafði tekist að láta ríkisstj. Íslands halda þannig á málinu, að Bretar töldu sér stætt á því að senda herskip sín í annað sinn inn í íslenska fiskveiðilögsögu.

Það, sem ég tel, að hafi verið veikleiki hæstv. forsrh. í sambandi við landhelgismálið alla tíð, er, að hann hefur alls ekki gert sér grein fyrir, hvað raunverulega var að gerast í málinu í hans eigin herbúðum, í stjórnarráðinu. Hefði hann fyrr tekið á sig rögg og sett ráðh. kommúnista útúr málinu, tekið það í sínar eigin hendur, hefði hann að mínum dómi alveg án efa getað lagt miklu hagstæðari samningsgrundvöll fyrir Alþ. heldur en hann nú gerir. Loksins þegar hann gerði sér þetta ljóst, og hann sem forustumaður ríkisstj. kominn á undanhald, jafnvel beinan flótta í málinu, getur hver sagt sér það sjálfur, í hvaða samningsaðstöðu sá aðili er, sem þannig er ástatt fyrir. Og það, sem verra var og gerði forsrh. Íslands enn veikari í viðræðum við forsrh. Breta, var, að hann virðist hafa einblínt of mikið á undanhald íslensku ríkisstj., en ekki gert sér grein fyrir, að þrátt fyrir þetta, þrátt fyrir allt undanhald íslensku ríkisstj. áttu Bretar í nokkrum erfiðleikum og voru að koma sér í sjálfheldu, bæði vegna þrýstings frá vinaþjóðum sínum, sem þeir urðu að hafa góð samskipti við, og einnig og ekki síður vegna þess, að þeirra eigin skipstjórar voru í vaxandi mæli að slá slöku við og leita á önnur mið en hér við land. Þetta kemur berlega í ljós, ef skoðuð er skýrsla Landhelgisgæslunnar um tölu breskra togara hér við land á undanförnum árum. Ég hef fengið útdrátt úr þessum skýrslum fyrir árið 1971, 1972 og 1973 og tekið þar út tölur breskra togara miðað við talningu í mars, júní og nóv. ár hvert, og samkv. skýrslunni var tala breskra togara hér við land á þessu tímabili sem hér segir:

1971 er á þessum mánuðum, sem ég gat um, um 7 talningar að ræða. 2. mars eru við Íslandsstrendur 35 breskir togarar, 10. mars 45, 20. mars 47, 31. marz 71, 8.-9. júní 53, 23. júní 83 og 5.-8. nóv. 47. Meðaltal breskra togara að veiðum hér við land á þessu tímabili samkv. þessum talningum eru 55 skip. Ef teknar eru nákvæmlega sömu tölur 1972, þar er um 6 talningar að ræða, kemur út, að þá er tala breskra togara hér við land komin niður í 48 skip. Ef við tökum út talninguna 1973 yfir þessa sömu mánuði, þá er tala breskra togara hér við land komin niður í 43 skip. Þetta sýnir glögglega, að Bretar voru á beinu undanhaldi hér við land vegna afstöðu og aðgerða Landhelgisgæslunnar. Eins og þarna kemur fram, hefur breskum togurum hér við land á undanförnum árum fækkað, eins og ég sagði, úr 55 árið 1971 að meðaltali, meðan veiðar voru óhindraðar og í 43 nú á þessu ári, þrátt fyrir herskipaverndina. Þetta hefði hæstv. forsrh. svo sannarlega átt að gera sér ljóst fyrir viðræðurnar við Breta og marka afstöðu sína við þetta sjónarmið einnig, en ekki einvörðungu að einblína á undanhald og þá sjálfheldu, sem íslenska ríkisstj. var búin að koma málinu í.

Ég tel nú rétt að snúa mér að efnishlið þeirrar till., sem hér liggur fyrir, og samanburði á samkomulaginu frá 1961 við það samningsuppkast, sem við nú erum að ræða. Áður en einstakar greinar orðsendingar utanrrh. til sendiherra Bretlands eru teknar til athugunar, verður ekki hjá því komist að benda á, að eitt grundvallaratriði vantar inn í samningsuppkastið. Það er viðurkenning Breta á 50 mílna útfærslunni. Þetta var grundvallaratriði í samkomulaginu frá 1961, en vantar í þennan samning, og má segja, að þetta atriði eitt út af fyrir sig hefði átt að nægja til þess, að Íslendingar hefðu ekki verið til viðtals um neinar tilslakanir Bretum til handa, og geri þetta samningsuppkastið raunverulega að hálfgerðu eintali Breta við Íslendinga, þar sem þeir setja fram óskalista sinn. Skal ég þó á þessu stigi ekki fara nánar út í þetta, en geri ráð fyrir, að ég komi að því síðar, þegar gerður verður samanburður á samningsuppkastinu nú og samningnum frá 1961.

Í formála orðsendingarinnar er talað um hugsanlegan ársafla breskra skipa á hinu umdeilda svæði, þ. e. a. s. á svæðinu milli 12 og 50 mílna, og gert ráð fyrir, að hann verði um 130 þús tonn, eins og segir í formálanum. Þetta er alveg furðulega óljóst orðalag um jafnmikilvægt atriði að dómi íslensku ríkisstj., og eftir venjulegum skilningi mundi þetta þýða 10% of eða van, og gæti þá aflinn farið upp í 143 þús. tonn. Ég minnist þess í þessu sambandi, að á borgarfundi, sem haldinn var í haust um landhelgismálið á Hótel Sögu, sagði hæstv. sjútvrh., að tölur Breta um veiðar hér við land væru hreint ekkert að marka, þeir gætu hagrætt þessu, eftir því sem þeim þóknaðist. Og hæstv. ráðh. sagði enn fremur á þessum sama fundi, að eftir þeim gögnum, sem hann hefði undir höndum, og eftir því, sem hann gæti gert sér grein fyrir, hefði ársafli Breta á Íslandsmiðum á ársgrundvelli miðað við 1. sept. s. l. alls ekki numið meiru en 126 þús. tonnum. Honum passaði betur á þeirri stundu að hafa afla Breta á Íslandsmiðum sem allra minnstan. En ef niðurstaða hans er rétt, er hann nú að leggja til, að aflamagn Breta á 12-50 mílna svæðinu megi hækka um allt að 17 þús. tonn eða upp í 143 þús.

tonn, eins og áður er sagt, ef almennur skilningur er lagður í töluna um 130 þús. tonn í formála orðsendingarinnar. Þetta er þá sú skerðing, sem hæstv. forsrh. er að tala um, að fyrirhugaður samningur við Breta hafi í för með sér.

Sannleikurinn er sá, að þó að þetta 130 þús. tonna mark sé sett í samningsuppkastið, munu Íslendingar aldrei fá að vita, hve mikið aflamagn hinir bresku togarar taka á hinu umdeilda svæði. Breskir togaraskipstjórar hafa alveg í hendi sér að gefa upp þær tölur í þessu sambandi, sem þeim sjálfum sýnist. Þeir geta í sömu veiðiferðinni byrjað eða endað á Færeyjarmiðum, farið á Íslandsmið og veitt þar bæði innan og utan 50 mílna markanna og jafnvel skotist í sömu veiðarferðinni á Grænlandsmið. Nú þarf enginn að halda annað en þeir muni hagræða skýrslum sínum um afla á Íslandsmiðum eins og þeim sjálfum best kann að henta, og það mun án efa eiga eftir að koma í ljós, að þeir munu samkv. skýrslum sínum aldrei ná þeim 130 þús. tonna afla, sem talað er um í samningnum, ef samningur verður gerður, hvað mikið sem þeir annars kunna að veiða á hinu umdeilda svæði. Það mun ávallt verða þeirra eigið leyndarmál.

Þá kem ég að 1. tölul. orðsendingarinnar, þar sem rætt er um leyfilega tölu breskra togara á hinu umdeilda svæði og gert er ráð fyrir 68 skipum yfir 180 fet og 71 skipi undir 180 fetum eða samtals 139 skipum. Einnig er í þessari grein gert ráð fyrir, að breskum frysti- og verksmiðjutogurum verði bannaðar veiðar á hinu umdeilda svæði. Ég skal geta þess, þar sem talað er um breska verksmiðjutogara, að mér var sagt í dag, ég hef ekki haft aðstöðu til þess að sannreyna það, en mér var sagt í dag, að Bretar mundu enga verksmiðjutogara eiga. Þeir munu eiga frystitogara, sem heilfrysta fisk, og frystitogara, sem frysta fiskinn um borð, en verksmiðjutogara sem slíka, þar sem allt er unnið, smátt og stórt, fyrir gúanó, það sem ekki er fryst, — mér var tjáð, að þá mundu þeir ekki eiga. En þetta er auðvitað hægt að sannreyna.

Í sambandi við hið fyrra atriði, tölu breskra skipa, hljóta að vakna upp ýmsar spurningar og jafnvel efasemdir, hvort hæstv. forsrh. hefur ekki látið hlunnfara sig í viðræðunum sínum við forsrh. Breta. Hæstv. forsrh. taldi þessi ákvæði orðsendingarinnar einna veigamest og mér skilst næstum einu ákvæðin, sem Bretar töldu sér í óhag, miðað við það, sem áður hafði verið rætt um. Ég hlýt að spyrja í þessu sambandi: Fær þetta staðist, og er það Bretum eins í óhag og hæstv. forsrh. vill vera láta. Í mínum augum vakna upp bæði spurningar og jafnvel efasemdir um, að svo sé.

Í sambandi við hið fyrra atriði, tölu breskra skipa, vil ég vitna til þeirrar skýrslu Landhelgisgæslunnar, sem ég las hér upp áðan, og tölu breskra skipa við veiðar hér við land árið 1971, meðan þeir enn gátu óhindrað stundað veiðar utan 12 mílna markanna. Þar kemur fram, eins og ég sagði, að tala breskra skipa hér við land var á þeim tíma, sem skýrslan nær yfir, frá 35 skipum lægst hinn 2. mars upp í 83 skip hæst hinn 23. júní, að meðaltali 55 skip að veiðum á þessu tímabili, sem skýrslan nær yfir. Ef við sýnum Bretum fulla sanngirni og áætlum, að jafnlangur tími fari í útsiglingu, heimsiglingu og löndun eins og skipið er að veiðum, sem telja verður mjög ríflega áætlun, ber að margfalda meðaltöluna í skýrslum Landhelgisgæslunnar með tveimur, og kemur þá út, að Bretar hafa á þessum tíma stundað veiðar hér við land með um 110 skipum. Ef þetta er rétt, verður ekki annað séð en við með þessu ákvæði 1. tölul. séum að auka sókn Breta á Íslandsmið í stað þess að draga úr henni, eins og hæstv ráðh. heldur án efa, að við séum að gera með þessu ákvæði orðsendingarinnar, þar sem annars vegar er rætt um 139 skip, en hins vegar tölur Landhelgisgæslunnar sýna, að á Íslandsmiðum hafa aðeins 110 skip verið að veiðum.

Eins og ég sagði áðan, byggi ég tölur mínar á talningu Landhelgisgæslunnar á þremur tilteknum mánuðum, þ. e. mars, júní og nóv. 1971. Ég tel alveg sjálfsagt, ef hæstv. forsrh. hefur ekki í fórum sínum talningu Landhelgisgæslunnar á breskum skipum hér við land allt árið 1971, að hann afli sér þeirra upplýsinga, ef það kynni í einhverju að breyta þeim niðurstöðum, sem ég hef hér bent á, því að auðvitað vil ég eins og aðrir hv. þm. hafa það, sem sannast reynist. En hvað þá um töluna 139, hljóta menn að spyrja. Ekki efa ég það, að Bretar mundu geta látið í té lista yfir 139 skip, sem einhvern tíma á árinu 1971 hafa komið á Íslandsmið, en sum kannske aðeins part úr veiðiferð á leið sinni til eða frá Grænlandi eða Færeyjamiðum. En við megum ekki láta það blekkja okkur, því að gera verður alveg ákveðið ráð fyrir því, að ef við opnum landhelgina til veiða aðeins fyrir Breta og Íslendinga, munu Bretar sjá sér hag í því að stunda veiðar með enn meiri þunga á Íslandsmiðum en þeir gera nú í dag, þar sem aðeins 43 skip þeirra hafa verið að veiðum í einu að meðaltali það sem af er þessu ári samkv. áður áminnstum upplýsingum Landhelgisgæslunnar. Og það hlýtur í þessu sambandi að vakna upp sú spurning: Hvað um skip annarra þjóða, ef samningur við Breta verður gerður? Munu ekki aðrar þjóðir, sem hér hafa áður stundað veiðar, bæði Pólverjar, Austur-Þjóðverjar og Hollendingar, fara fram á sömu aðstöðu og Bretar fá, en vitað er, að skip þessara þjóða hafa á undanförnum áratugum stundað veiðar hér við land, þó að ekki sé nema í tiltölulega litlum mæli. En ef liggur ekki alveg ljóst fyrir, að hæstv. ríkistj. og Alþ. muni neita öllum þjóðum, sem hér hafa þó stundað veiðar á undanförnum árum, um sömu aðstöðu og Bretum er ætlað með orðsendingunni, fer ekki hjá því, að við með fyrirhuguðum samningi við Breta erum að auka sóknina á Íslandsmið, og er það alveg þveröfugt við það, sem ég er alveg sannfærður um, að alþm. ætlast til. Ég tel ekki, að hæstv. forsrh. komist hjá því að gefa yfirlýsingu nú þegar, áður en þessum umr. lýkur, hvað ríkisstj. hyggist fyrir, ef aðrar þjóðir sæki um sömu aðstöðu til fiskveiða hér við land og Bretar fá með samningnum, ef hann verður staðfestur.

Þá kem ég að síðari atriði í 1. tölul. orðsendingarinnar, en það er útilokun breskra frysti- og verksmiðjutogara. Hæstv. forsrh. taldi þetta einna mikilvægasta ákvæði orðsendingarinnar og Bretum mest í óhag. Taldi hann, að Bretar hefðu árið 1971 átt um 25 slík skip, en tala þeirra mundi

nú vera komin upp í 46 og mundu þessi skip, ef ekki yrði samið, fara eins og ryksugur um fiskimiðin á hinu umdeilda svæði. Hefur málgagn hæstv. forsrh., Tíminn, tekið þessi ummæli hans upp í leiðara hjá sér og talið þetta aðalatriði fyrirhugaðs samkomulags, og hefur þetta satt að segja verið notað sem hálfgerð grýla á landsmenn til þess að fá þá til fylgis við samninginn.

Ekki skal það vefengt, að frysti- og verksmiðjutogarar eru stórvirk og skaðleg tæki á fiskimiðum, hér við land sem annars staðar. En einnig þetta atriði þarf að gera aths. við, þó að ég vefengi ekki þær tölur um *fjölda breskra* skipa af þessari gerð, sem hæstv. forsrh. hefur nefnt. En það er annað í þessu sambandi, sem hæstv. forsrh. hefði átt að láta koma fram alþm. og alþjóð til glöggvunar, en það er, að þessi skip Breta, frysti- og verksmiðjutogarar, hafa á undanförnum árum ekki stundað veiðar á Íslandsmiðum nema að mjög takmörkuðu og kannske sáralitlu leyti. Þeim hefur verið beitt á enn fjarlægari mið, bæði við Nýfundnaland, Barentshaf, Labrador, Hvítahafið og við Grænland. Það sést ekki af talningum Landhelgisgæslunnar, hve mörg skip þessarar tegundar hverju sinni hafa verið við Íslandsstrendur, en mér hefur verið tjáð, að það hafi nær heyrt undantekningum til. En samkv. opinberum skýrslum er afli þeirra hér við land árið 1971 talinn vera aðeins milli 10 og 20 þús. tonn. Þetta hefði hæstv. forsrh. vissulega einnig átt að láta koma fram, *er hann* reifaði þessi ákvæði orðsendingarinnar mjög svo ákveðið frammi fyrir þingheimi og taldi það vera eitt hið allra mikilvægasta ákvæði samningsins og Bretum mest í óhag. Hitt skal viðurkennt, að þetta ákvæði getur vissulega haft sína þýðingu, ef öðrum þjóðum verða veitt sömu fríðindi og gert er ráð fyrir að veita Bretum, því að margar aðrar þjóðir, sem stundað hafa fiskveiðar *hér við land, eiga bæði frysti- og verk*smiðjutogara í mun stærri stíl en Bretar, og er þar um að ræða bæði Sovétríkin, Austur- og Vestur-Þjóðverja. Og enn eitt atriði skal bent á í þessu sambandi, að verksmiðjutogararnir sérstaklega og reyndar frystitogararnir einnig munu sennilega ná sama árangri, geta veitt á Íslandsmiðum, þó að þeir séu settir út fyrir 50 mílurnar, og eru það ein rökin enn fyrir nauðsyn þess fyrir Íslendinga, að fiskveiðitakmörkin verði færð sem allra fyrst út í 200 mílur. En um það atriði skal ég ekki fjalla frekar að þessu sinni.

Ég taldi rétt að benda á þessi atriði í sambandi við aths. mínar við 1. tölul. væntanlegrar orðsendingar utanrrh. til sendiherra Breta.

Þá kem ég að 2. lið orðsendingarinnar, sem fjallar um hin friðuðu svæði hér við land. En þar er um að ræða bæði hin friðuðu svæði, þar sem eru uppeldisstöðvar ungfisks, svo og hrygningarsvæði á Selvogsbanka. Í orðsendingunni eru þau sömu tímamörk og nú er að finna í þeim reglugerðum, sem sjútvrn. hefur gefið út varðandi þessi atriði. Í þessu sambandi hlýtur að vakna sú spurning, hvort Íslendingar séu bundnir af þeim dagsetningum, sem í orðsendingunni standa, eða þurfum við samþykki Breta til frekari aðgerða í þessum efnum, eins og efni orðsendingarinnar *gefur því miður tilefni til* að ætla. Og ef svo er, hvar eru þá allar fullyrðingar hæstv. sjútvrh. um, að landhelgismálið sé algert innanríkismál okkar Íslendinga, ef við þurfum að leita samþykkis ráðamanna í London til frekari aðgerða í þessu einhverju þýðingarmesta atriði í sambandi við hagnýtingu fiskimiða okkar? Þá má einnig benda á í þessu sambandi, að önnur aðalrök okkar og kannske þau veigamestu fyrir útfærslu fiskveiðimarkanna eru og hafa verið, að við viljum sjálfir og einir, alveg óhindraðir öðrum, ráða og meta, hvaða svæði innan fiskveiðimarkanna við viljum annaðhvort alfriða eða friða fyrir tilteknum veiðarfærum.

Ég tel ákvæði 2. töluliðs um friðunina svo mikilvægt, að nú við umr. verði að koma fram alveg ótvíræð útskýring hæstv. forsrh. á því, hvernig beri að skilja þetta ákvæði samningsins, og ég vil ekki trúa því, að nokkur hv. þm. vilji á annað fallast en Íslendingar einir hafi fullt og óskorað vald í þessum efnum.

3. tölul. umræddrar orðsendingar er um lokun *bátasvæða og tiltekinna hólfa, sem Bretum eru* bannaðar veiðar í um tiltekinn tíma eða tvo mánuði í einu í hverju hólfi. Lokun bátasvæðanna er Íslendingum að sjálfsögðu í vil. Um það geta ekki verið skiptar skoðanir. Allt öðru máli gegnir um lokun hinna sex hólfa með þeim tímamörkum, sem í orðsendingunni er að finna. Er ekki annað sjáanlegt en að Bretar hafi einir verið látnir ráða tímasetningunni við lokun hólfanna og hæstv. forsrh. hvergi komið þar nærri. Svo vill til, að einnig er til talning Landhelgisgæslunnar á tölu breskra skipa á árinu 1971 í hverju hólfi fyrir sig á þeim tíma, sem þau eiga að vera lokuð, og hljóðar sú skýrsla þannig, með leyfi hæstv. forseta:

Hólf A, fyrir Vestfjörðum, sem lokað á að vera sept.-okt. Þar fór fram talning 14.-15. sept., og reyndust þá vera 7 breskir togarar þar að veiðum, 2. og 3. okt. voru þar 15 *breskir togarar* eða að meðaltali við þessar talningar 11 togarar.

Hólf B. Látrabjarg-Vestmannaeyjar, lokað nóv.-des. Talning þar 8. og 9. nóv. sýndi 8 togara út af Breiðafirði og 1 togara út af Grindavík og 2. og 4. des. 1 togara út af Snæfellsjökli. Meðaltal togara í þessu hólfi við talninguna er 5.

Hólf C, Vestmannaeyjar-Stokksnes, lokað maí-júní, talning 13. maí. Þar voru 4 togarar þessa tvo daga, 28. maí var enginn togari, 8. og 9. júní var enginn togari þar og 23. júní var enginn togari.

Hólf D, Austurland, lokað í jan.-febr. Talning 15. jan. sýndi, að í því hólfi var enginn togari að veiðum á þessu tímabili, 30. jan. eru komnir 10 togarar, 5. og 6. febr. voru þar 10 togarar og 18.—19. febr. voru þar 25 togarar, eða meðaltal 11 togarar í 4. talningum.

Hólf E, Norðausturland, lokað í júlí-ágúst. Talning 12.—15. júlí 1 togari, 26. júlí 2 togarar, 10.—11. ágúst enginn togari.

Loks hólf F, þ. e. a. s. Norðurland, lokað mars-apríl. 10. mars var enginn togari í því hólfi, 20. mars var enginn togari í því hólfi, 31. mars var enginn togari í því hólfi, 15.—16. apríl voru komnir inn tveir togarar, en 26. apríl, 4 dögum áður en hólfinu er lokað, eru komnir þar inn 25 togarar.

Hér er í öllum tilfellum að sjálfsögðu átt við breska togara. Eina lokun, sem hægt er að segja, að komi eitthvað við Breta, er lokunin fyrir Austurlandi. Liggur við að ætla, að tímasetningu þar hafi verið hagað þannig til að þóknast hæstv. sjútvrh. og gera honum þar með hægara að kyngja samningunum. Að öðru leyti er ekki hægt að sjá annað en lokunartími hólfanna sé hreinn óskalisti Breta, sem lítið eða ekki tefji fyrir veiðum þeirra hér við land, því að auðvitað geta hinir sárafáu bresku togarar, sem stundað hafa veiðar á lokaða tímanum í hinum einstöku hólfum, fært sig annað með sennilega lítið lakari árgangi.

Sannleikurinn er sá, að þegar tímasetning hólfanna er athuguð, verður ekki séð, að hún skipti Breta nokkru máli sem heitið getur, og er þá að mínum dómi raunar verið að opna Bretum með samkomulaginu næstum óhindraðar veiðar á hinu umdeilda svæði næstu tvö árin. Verður ekki annað ályktað af þessu en útfærslan 1. sept 1972 sé að mestu leyti úr sögunni næstu tvö árin gagnvart Bretum. Má vel vera, að ríkisstj. telji þetta góðan árangur. Margir hljóta þó að vera þar á allt öðru máli.

Aðra liði orðsendingarinnar ætla ég ekki að ræða efnislega, en mun láta mér lögfróðari mönnum eftir að deila um túlkun 6. liðar varðandi ákvæðin um sjálfa lögsöguna. Hins vegar hlýtur að vekja eftirtekt og nokkra furðu sá boðskapur hæstv. forsrh., að hann muni beita sér fyrir að fá lögfestan skilning sinn og túlkun á efnislið þessarar gr. Hæstv. forsrh. er, eins og allir vita, prófessor í lögum við Háskóla Íslands eða gegndi a. m. k. því starfi, þar til hann varð ráðh. Og ég held, að ég fari með rétt mál, að enginn annar ráðh. sé lögfróður í ríkisstj. að undanskildum hæstv. utanrrh. Það getur því ekki skoðast annað en hreint vantraust á hæstv. forsrh., að meðráðh. hans skuli ekki treysta honum betur en svo, að þeir krefjist þess, að Alþ. lögfesti lögskýringar hans og túlkun á tiltekinni grein samningsuppkastsins. Og sú spurning hlýtur að vakna, hvort lögfesting á túlkun hæstv. forsrh. hafi raunar nokkuð að segja, ef mótaðilinn, Bretar, leggur í hana annan skilning. Er nokkur trygging fyrir því eða líkindi til, að Bretar í þessu tilfelli frekar en öðrum fari að íslenskum lögum, ef þeir telja annað henta sér betur? Satt að segja tel ég hæpið, að hægt sé að bjóða Alþ. upp á slíkt. Orð og skýringar forsrh. landsins, hver svo sem hann er, eiga að standa, án þess að Alþ. þurfi að lögfesta þær.

Ég skal svo láta útrætt um efnishlið orðsendingar þeirrar, sem fylgir þeirri þáltill., sem hér er til umr. en snúa mér að efnislegum samanburði hennar við þá till., sem lögfest var árið 1961, er samkomulag var gert við Breta um lausn þeirrar deilu, sem þá stóð yfir.

Í fyrsta lagi er sá grundvallarmismunur á samningnum frá 1961 og samningsuppkasti því, sem hér liggur fyrir, að með samkomulaginu frá 1961 viðurkenndu Bretar 12 mílna útfærslu, en í samningsuppkasti nú er um enga slíka viðurkenningu að ræða. Ég tel alveg hiklaust, að ef svo væri, væri hægt að líta ýmis ákvæði uppkastsins allt öðrum augum, þótt óhagstæð séu. En eins og nú er komið, er varla hægt að líta á uppkastið nema sem forskrift Breta, sem Íslendingar verða annaðhvort að hafna eða samþykkja, án þess þó í rauninni að færast nokkuð nær lausn deilunnar, og nálgast samningsuppkastið því að vera frestun á útfærslunni í næstu tvö árin hvað Bretum viðvíkur, eins og ég sagði áðan.

Í öðru lagi er ekki í samningsuppkastinu að finna neina yfirlýsingu um áframhaldandi útfærslu fiskveiðimarkanna í 200 mílur, eins og Íslendingar þó ákveðið stefna að. Í samningnum frá 1961 var alveg skýr og skorinorð yfirlýsing frá Íslands hálfu um þetta atriði.

Í þriðja lagi var fiskveiðilögsagan stækkuð um að mig minnir rúmlega 5 þús. ferkm með samningnum frá 1961 eða nærfellt jafnstórt svæði og Bretar fengu tímabundna heimild til að veiða á innan þáverandi fiskveiðimarka. Ekkert slíkt ákvæði er að finna í því samningsuppkasti, sem hér liggur fyrir.

Þegar þetta allt er athugað, kemur alveg greinilega í ljós, að samningurinn 1961 var efnislega miklum mun hagstæðari en það samningsuppkast, sem nú liggur fyrir, og ættu því þeir, sem á sínum tíma börðust gegn samningsuppkastinu frá 1961, þ. e. núv. stjórnarflokkar, að skoða hug sinn vel, áður en þeir greiða atkv. með fyrirliggjandi samningsuppkasti. En því miður verður vart neinu þar um þokað. Stuðningsmenn ríkisstj. munu standa að því að staðfesta samningsuppkastið, sem hér liggur fyrir, og má segja, að það sé í nokkru samræmi við undanhald stjórnarinnar og stjórnarliðsins í landhelgismálinu á undanförnum mánuðum að lögfesta nú hér á Alþ. samning við Breta, sem jaðrar við að vera hrein uppgjöf í málinu. Ég held, að það fari ekkert á milli mála, að stjórnarliðið, eins og ég sagði áðan, sé með tölu með samningsuppkastinu að éta ofan í sig öll stóryrði sín um samningana frá 1961 og öll stóryrði sín og glamur í sambandi við útfærsluna 1972.

Ég var einn þeirra þm., sem 15. febr. 1972 samþykkti útfærslu landhelginnar og þar með einnig, að leitað yrði samkomulags við Breta. Ég var þá með það eitt í huga, að ekki kæmi til mála, að af samningum gæti orðið öðruvísi en þeir gerðust á heiðarlegum og eðlilegum grundvelli, og var það forsenda mín fyrir samþykkt þess ákvæðis.

Ég held, að það fari ekki á milli mála, að þm. sé nú ljóst, að ég mun greiða atkv. gegn þessari till., en ég vil, áður en ég lýk máli mínu, leyfa mér að leggja fjórar spurningar fyrir hæstv. forsrh.:

1. Ef samningar verða gerðir við Breta, verða þá öðrum fiskveiðiþjóðum, sem áður hafa stundað hér veiðar, veitt sömu friðindi innan 50 mílna markanna eða á svæðinu 12—50 mílur?

2. Telur forsrh., að ef Íslendingar gefa út reglugerð um ný friðunarsvæði eða víkkun núv. friðunarsvæða eða lengingu tímamarka, sem þar eru tilgreind, muni það einnig ná til Breta þrátt fyrir ákvæði samningsuppkastsins?

3. Telur forsrh. ákvæði samningsins við Breta, ef gerður verður, hindra Íslendinga á nokkurn

hátt að færa fiskveiðimörkin út í 200 mílur, ef Alþ. tekur ákvörðun um það, áður en samningstímabilið er útrunnið?

4. Telur forsrh., að þau fríðindi, sem Bretum og öðrum þjóðum kunna að verða veitt til að veiða á milli 12 og 50 mílna, nái einnig til svæðis milli 50 og 200 mílna, ef útfærsla í 200 mílur hefur hátt sér stað, áður en samningstímabilið er útrunnið?

Ég leyfi mér að vænta þess, að hæstv. forsrh. verði við ósk minni um að veita svör við þessum spurningum, sem ég hef hér lagt fram.

Gunnar Thoroddsen: Herra forseti. Áður en ég vík að því málefni, sem hér liggur fyrir til umr., vil ég aðeins segja örfá orð út af ræðu hæstv. iðn.- og orkumrh., sem fór upp í stólinn og fór mikinn og kom víða við. Minnst ræddi hann landhelgismálið, en þeim mun meira um Sameinaða verktaka, síðdegisboð hjá Sjálfstfl. og stjórnmálabaráttu fyrir opnum tjöldum. Hann taldi, að Alþb. hefði fyrst og eitt flokka á Íslandi tekið upp stjórnmálabaráttu fyrir opnum tjöldum, þar sem öll mál, innanflokksmál sem önnur, væru rædd svo, að allur almenningur mætti heyra. Það var fyrir rúmri viku flokksráðsfundur hjá þessum flokki. Hann var haldinn suður í Kópavogi, og eftir því sem hlerast hefur, hafa verið þar töluverð átök og skiptar skoðanir, og ekki hefur okkur alþm. eða alþýðu manna í landinu verið skýrt frá því, sem þar gerðist innan veggja. Ætla sumir, að þar hafi verið átök mikil og mjög skiptar skoðanir. Að lokum voru þar unnir Kópavogseiðar hinir nýju, og ætla sumir, að eins og gerðist fyrir röskum 300 árum, þá hafi nú sumir látið grátandi undan hótunum höfuðsmannsins. Nú væri ákaflega fróðlegt að heyra eitthvað nánar af þessum fundi, og má ætla, að á svo merkum fundi hjá svo merku bandalagi hafi ræður manna verið teknar upp á segulband, og ég býst við, að það yrði ákaflega vinsælt útvarpsefni, ef eitthvað af því yrði birt í útvarpinu.

En þó að hæstv. ráðh. segi, að allt sé nú fyrir opnum tjöldum um skoðanamyndun og þá líka um skoðanaskipti í þeirri merkingu að skipta um skoðun, tókst okkur ekki að fá vitneskju um, hvað hafi valdið breyttri afstöðu hæstv. orkumrh. Hann lýsir því yfir aðeins, að hann styðji þennan samning eindregið og af heilum hug, og það efa ég ekki, alveg eins og hann fyrir 3—4 vikum eindregið og af jafnheilum hug krafðist þess, að hafnað yrði þessum gersamlega óaðgengilegu úrslitakostum.

Hæstv. sjútvrh. hefur einnig reynt að skýra þetta. M. a. í fjölmiðlum ekki alls fyrir löngu var hann að skýra, hvers vegna hann ákvað að greiða atkv. með og flytja þennan undanhaldssamning, og skýringin var sú, að hann yrði og þeir ráðh. bandalagsins að styðja og flytja undanhaldssamninginn til þess að hindra, að undanhaldsmenn kæmust í stjórn. Já, mikil er nú rökvísin og „dialektiken“ í lagi enda hefur hann verið þar í fræðslu frá unga aldri, allt frá því hann var fyrst 1937 frambjóðandi fyrir Kommúnistaflokk Íslands og síðan raunar fyrir tvo aðra flokka, Sameiningaraflokk alþýðu-sósíalistaflokkinn og svo Alþýðubandalagið. En kannske er þetta allt sami grauturinn í sömu skál.

Það er aðeins eitt atriði enn, sem ég vildi minnast á í ræðu hæstv. iðn.- og orkumrh. Hann sagði, að ef viðreisnarstjórnin hefði sigrað og Sjálfstfl. og Alþfl. hefðu farið áfram með stjórn, þá byggjum við Íslendingar enn við 12 mílna landhelgi. Hér fór hæstv. ráðh. fullgeyst fram hjá sannleikanum. Sannleikurinn er auðvitað sá, að ef Sjálfstfl. og Alþfl. hefðu verið í stjórn tvö síðustu ár, þá liggur fyrir, að við hefðum nú stærri landhelgi en í dag, þ. e. a. s. miðað við 400 m dýptarlínu, en þó hvergi nær en 50 mílur, eins og báðir þessir flokkar lögðu til á sínum tíma. Í annan stað væri nú hafinn undirbúningur að útfærslu í 200 mílur, en ekki á þá lund, sem hæstv. sjútvrh. vill þar við hafa og hefur lýst því yfir, að 200 mílur komi ekki til greina fyrr en einhvern tíma í framtíðinni, þegar að breyttum alþjóðalögum sé heimilt að gera það.

En svo að ég víki að þeirri till., sem hér liggur fyrir, þá er ljóst, að við mat á kostum og ókostum þessa samnings er rétt aðeins í örfáum orðum að gera grein fyrir efni hans í aðalatriðum. Það er í fyrsta lagi, að Bretar fá veiðirétt milli 12 og 50 mílna, með þremur undantekningum þó, þannig að það er bannað að veiða í einu hólfi af sex tvo mánuði á ári, en 5 hólf eru opin í senn. Enn fremur er bönnuð veiði á bátasvæðum fyrir Vestur-, Norður- og Austurlandi. Í þriðja lagi heita Bretar því að virða hin 3 friðunarsvæði, sem nú eru í gildi. Í fjórða lagi fækkar breskum togurum, skv. samningnum um 30 frá 1971. Verða þá 139 skip, sem mega fá heimild til að veiða hér, en engir frystitogarar eða verksmiðjuskip, og gerður listi yfir þessi skip, og verði skip staðið að veiðum í bága við samkomulagið, getur íslenskt varðskip stöðvað það og ríkisstj. eða dómsmrn. strikað það skip út af lista. Loks er miðað við, að ársafli verði um 130 þús. tonn og samningurinn gildi í tvö ár. — Þetta eru meginatriði samningsins.

Ég skal þá fyrst ræða, hvað það er, sem mælir með þessum samningi í mínum augum.

Það er í fyrsta lagi, að ég tel ákaflega mikilvægt að leysa alvarlega deilu við gamla og nýja viðskiptaþjóð og nágranna, ef það getur gerst með þolanlegum hætti, þannig að eðlileg viðskipti og menningartengsl geti hafist að nýju.

Það er í öðru lagi ljóst, að ef ekki verður samið, er viðbúið, að skapist að nýju það hættuástand, sem verið hefur hér að undanförnu á miðunum og því miður hefur þegar kostað mannslíf. Það er mikið að sjálfsögðu gefandi fyrir að koma í veg fyrir eða afstýra slíku hættuástandi. Ef ekki verður samið, skal ég ekkert fullyrða um það, hvort freigátur kæmu inn í landhelgina að nýju, það er vel hugsanlegt. En jafnvel áður en freigáturnar komu 19. maí s. l., var engu að síður hættuástand hér og óþolandi, þar sem varðskipum okkar hafði ekki tekist að taka neina brotlega togara og færa þá til hafnar til að refsa þeim. Það er einnig ljóst, að ef ekki yrði samið og ef herskipin kæmu inn að nýju, má búast við því eftir viðhorfi hæstv. ríkisstj., að slit á stjórn-

málasambandi væru óhjákvæmileg, og að minu mati mundi það hafa hinar alvarlegustu afleiðingar á marga lund.

Meðal þess, sem mælir með þessum samningi, er það, að talið er, að hann muni draga úr sókn á miðin. Meðalafli s. l. 10 árin mun hafa verið um 185 þús. tonn. Sá afli, sem Bretar fengu hér á fyrsta ári eftir að fært var út í 50 mílur, mun hafa verið milli 160 og 170 þús. tonn, eftir því sem Bretar hafa gefið upp. Sumir hafa dregið í efa, að þær tölur séu alls konar réttar, en bæði hæstv. forsrh. og utanrrh. hafa, að því er virst hefur, byggt á þeim tölum eða tekið þær trúanlegar. Hvað sem um það er, virðist, að með þeim takmörkunum, sem eru í samningnum, og fækkun og útilokun skipa séu allar líkur til þess, að afli Breta á Íslandsmiðum minnki verulega, ef samningurinn er gerður.

Þá er það nokkurs virði, að markaður fyrir okkar afurðir í Bretlandi mundi opnast að nýju. Ég er ekki sammála því, sem komið hefur fram hér stundum, sérstaklega frá hæstv. sjútvrh., að markaður fyrir afurðir okkar í Bretlandi og Þýskalandi skipti engu, það sé auðvelt að fá jafngóða markaði annars staðar fyrir þær afurðir. Ég tel, að það sé mikilvægt, og ég held, að útgerðin íslenska og fiskiðnaðurinn meti það nokkurs.

Enn fremur er það mikils virði, að allar líkur eru til þess, að ef samið verður, muni þær tollalækkanir, sem fyrirheit eru gefin um hjá Efnahagsbandalaginu, koma til framkvæmda um næstu áramót, og er það mikill hagur fyrir íslenskan útveg og íslenskan iðnað.

Enn má nefna það, að íslenskir bátar hafa aflað vel að undanförnu í Norðursjó, veitt síld, sem er mjög mikils virði og hefur fært okkur mikinn gjaldeyri. Fram undan munu vera samningar og kannske allerfiðir samningar um Norðursjávarsíldina.

Allt þetta beinist í þá átt, að æskilegt sé að reyna að ná samkomulagi um þessi mál.

Loks vil ég nefna það, að ný átök milli okkar og Breta, ef þau yrðu svipuð því, sem verið hefur undanfarna mánuði eða síðan í vor, eða kynnu að magnast, gætu haft mjög skaðleg áhrif á ýmis stórmál, sem fram undan eru. Er enginn vafi á því og ástæða til að nefna það, sérstaklega þar sem óskað er eftir, að allt sé nú gert fyrir opnum tjöldum og ekki töluð nein tæpitunga, að ný átök mundu auðvitað hafa að minu viti skaðleg áhrif varðandi varnarmálin og á viðhorf landsmanna til Norður-Atlantshafsbandalagsins.

Hins vegar þarf að virða fyrir sér, hvaða ókostir eru við þennan samning, og þeir eru ýmsir, eins og hér hefur komið fram.

Ég tel, að fyrsti ókosturinn sé sá, að við þurfum að láta fullmikið í staðinn. Það er hvorki meira né minna en að jafnaði 5/6 hlutar landhelginnar, sem eru opnir til veiða fyrir Breta á næstu tveimur árum, að sjálfsögðu að undanteknum bátasvæðum og friðunarsvæðum. Einnig hefur það valdið vonbrigðum, að lokunartími hólfanna hefur orðið annar en útvegsmenn óskuðu eftir, og kemur það sér allilla fyrir suma landshluta, eins og hér hefur komið fram. Æskilegt hefði verið t. d. að því er Suðvesturlandið snertir, að það hólf yrði lokað fyrir Bretum, eins og gert var ráð fyrir í upphafi, í mars og apríl, á aðalvertíðinni, en ekki eins og samningarnir gera ráð fyrir, að það sé opið þá, en lokað í nóv.-des., sem skiptir minna máli.

Það er ókostur við þennan samning, að lögsagan yfir 50 milunum er skert m. a. á tvo vegu. Annars vegar er ekki heimilt að taka brotleg skip og færa til hafnar, sækja þau til sakar og fá þau dæmd, skipstjórann sektaðan, afla og veiðarfæri gerð upptæk, eins og íslensk lög gera ráð fyrir. Þetta er ekki heimilt. Enn fremur má segja, að það sé óviðfelldið a. m. k., ef maður vill kalla það beina skerðingu á lögsögunni, að íslensk varðskip skuli eiga að kalla til erlent eftirlitsskip til þess að sannreyna það, sem þar fer fram.

Hins vegar kemur þarna á móti, að heimilt er að svipta hinn brotlega togara veiðirétti, strika hann af skrá, og er það vissulega alvarleg hegning. Hæstv. forsrh. hefur látið í ljós, að hann teldi, að það sé kannske jafnalvarleg refsing fyrir togara eða togaraskipstjóra eins og hitt, þó að hann væri sóttur til saka og dæmdur að venjulegum hætti.

Út af sviptingu veiðiheimilda, þá er ég alveg sammála hæstv. forsrh. um, að auðvitað er það eftir samningnum rétt skilið, að íslensk stjórnvöld, dómsmrn. íslenska tekur ákvörðun um, hvort togari skuli strikaður af skrá, og tek ég hæstv. forsrh. fyllilega trúanlegan í því efni. Er það meira en sumir samráðh. hans gera, sem segjast hafa knúið fram, að skilningur ráðh. yrði staðfestur með lagafrv., sem nú yrði lagt fyrir þingið, en er út af fyrir sig óþarft.

Þá hefði auðvitað verið æskilegt, eins og 12 mílurnar voru viðurkenndar af Bretum í samningnum 1961, að fá nú viðurkenningu á 50 mílunum. Um það liggur ekkert fyrir. Enn fremur hefði verið æskilegt, að fram hefði komið skýlaus yfirlýsing í samningnum um það, að Íslendingar stefndu lengra en 50 milurnar, ætluðu sér að taka allt landgrunnið, eins og lýst var yfir 1961, og/eða við stefndum að 200 mílum á næstunni.

Í samningnum er ekkert minnst á málareksturinn fyrir Haag, og væntanlega heldur hann þá áfram og dómstóllinn kveður upp dóm í því máli, hvort sem okkur líkar betur eða verr. Ef við vinnum það mál, — sem við gerum, ef rétt er á haldið af Íslands hálfu, það er ég sannfærður um, — þá er spurningin, hvað gerist. Ég veit ekki, hvort hæstv. ríkisstj. gerir þá ráð fyrir, að engu að síður haldi Bretar öllum sínum veiðirétti innan 50 mílna samningstímann út. Það er enn fremur athugandi, ef við sigrum á hafréttarráðstefnunni, áður en samningstíminn er á enda, þannig að 200 mílur verði að veruleika, hvort þá er ætlunin, að Bretar haldi einnig veiðiheimildum sínum innan 50 mílna eftir sem áður.

Ég kem svo að lokum að tveimur meginatriðum í þessu sambandi. Annað er friðunarmálin og hitt er framtíðin, þ. e. a. s. hvert við stefnum í landhelgismálunum framvegis. Nú er það svo, að með útfærslu landhelginnar er tvenns konar tilgangur: annars vegar, að Íslendingar sitji einir að fiskimiðum okkar, og hins vegar,

að við verndum og friðum og gætum fiskstofna, þannig að ekki sé um ofveiði eða rányrkju að ræða. Eru talin í samningnum þrjú svæði, sem nú eru friðuð og Bretar lofa að veiða ekki á. Það er Selvogsbanki, það er Þistilfjörður og það er svæðið norður af Vestfjörðum.

Nú er það þannig, að það hefur verið brýn þörf á því undanfarin ár að hafa friðunar- og verndaraðgerðir miklu meiri og róttækari en gert hefur verið, og hefur með réttu verið deilt harðlega á hæstv. sjútvrh. fyrir deyfð og framtaksleysi í þeim efnum. Það er t. d. fráleitt, að svæðið, sem friðað er á Selvogsbanka, þessar þýðingarmiklu hrygningarstöðvar, skuli aðeins friðaðar í einn mánuð eða frá 20. mars til 20. apríl, þá er hrygningu ekki lokið og hefði auðvitað þurft að vera lengri friðun. Í upphafi var ekki einu sinni friðað fyrir öllum veiðarfærum, og lýsti Hafrannsóknastofnunin því yfir í skjali til Alþingis eða fiskveiðilaganefndar, að þessar ráðstafanir varðandi Selvogsbanka væru sýndarmennskan ein. Eins er það með friðun ungfisks út af Þistilfirði eða Norðausturlandi, hún stendur í tvo mánuði og hefði þurft að vera miklu lengri tíma til að koma að fullu gagni. Það hefur verið brýn þörf á því að hafa víðtækari og róttækari friðunar- og verndaraðgerðir en verið hefur, og það er brýn þörf á því einnig á næstu tveimur árum, sem samningurinn á að standa, að aukin sé friðun og vernd. Það kemur til af mörgum ástæðum og m. a. af þeirri, að fiskstofnarnir eru á hreyfingu, ungviðið er ekki alltaf á sama stað, smáfiskurinn færir sig til. Þegar af þeirri ástæðu getur verið nauðsynlegt að breyta til. En jafnvel þótt svo væri ekki, er brýn nauðsyn að stækka svæðin, fjölga þeim, lengja tímann.

Nú er það mikill galli á þessum samningi, að ekkert er á það minnst, hvort Íslendingar hafi heimild eða ekki heimild til þess að auka friðun frá því, sem nú er. Það hefði verið æskilegt, að það kæmi skýrt fram. Nú skil ég samninginn þannig, að hann geti ekki, þó að hann þegi um þetta, útilokað okkur frá því að fara í frekari friðunaraðgerðir, og ég vil ekki fallast á annan skilning. Ég tel víst, að ef önnur stjórn kemur eða t. d. annar sjútvrh., — og sem betur fer er ekki samið um það í þessum samningi, að hæstv. sjútvrh. skuli vera tímabilið út, — en ef skipt er um stjórn og ef a. m. k. sjálfstæðismenn fá aðstöðu til þess að ráða einhverju, þá munum við að sjálfsögðu auka friðunar- og verndaraðgerðir á þessum tveimur árum. Ég lít svo á, að við hljótum að hafa rétt til þess, og þjóðarnauðsyn, held ég, að krefjist þess.

Í sambandi við friðunar- og verndarmálin er nauðsynlegt að minnast á eftirlit með veiðarfærum. Nú hefur það komið upp hér á undanförnum mánuðum oftar en einu sinni, að freklega hafi verið brotnar alþjóðareglur um veiðarfæri, möskvastærð o. fl. Hefur af hálfu hæstv. ríkisstj., að því er virðist, ekkert verið í þessu gert eða hún ekki talið sig hafa aðstöðu til þess. En á þetta atriði er ekki minnst í samningnum, hvort íslensk varðskip megi hafa og geti haft eftirlit með og skoðun á veiðarfærum hinna erlendu togara. Þetta er þeim mun bagalegra vegna þess, að í þeim drögum, sem Íslendingar skiluðu í maímánuði, var sérstaklega á þetta minnst, en það er fellt niður nú. Engu að síður lít ég svo á, að Íslendingar hafi tvímælalausan rétt til þess að stöðva skip innan 50 mílnanna og láta eftirlitsmenn sína fara þar um borð og skoða veiðarfærin. Í alþjóðasamningi um fiskveiðar á Norðaustur-Atlantshafi frá 1959 er lagður grundvöllur að þessu, við settum síðan lög um þetta og núgildandi reglugerð er frá 1970, þar sem beinlínis segir í samræmi við þennan alþjóðlega samning, að varðskipsmenn geti krafist þess að fara um borð í veiðiskip og skipstjóri sé skyldur til þess að gera þeim kleift að framkvæma skoðun bæði á afla, netum og öðrum veiðarfærum. Og þetta á ekki aðeins við um sjálfa fiskveiðilögsöguna, heldur einnig utan hennar, þannig að jafnvel þótt Bretar hafi ekki viðurkennt lögsögu okkar innan 50 mílna, þá er tvímælalaus réttur fyrir eftirlitsmenn frá Landhelgisgæslunni til að krefjast þess að fara um borð í hina bresku togara og skoða þar veiðarfæri. Ég tek þetta fram vegna þess, að ég tel alveg nauðsynlegt, að þessi skilningur komi glögglega fram, sérstaklega þar sem ekkert er á þetta minnst í samningnum. Má vera, að ýmsir þeir, sem eru enn þá gagnrýnni á samninginn en ég er, vilji telja, að jafnvel þetta hvort tveggja, auknar friðunaraðgerðir og skoðun veiðarfæra, sé ekki heimilt samkv. samningnum, verði að gagnálykta svo vegna þess, að ekkert er á þetta minnst. En ég held, að það verði hiklaust að halda fram þeim skilningi, sem ég hef hér nefnt, byggja á honum og framkvæma hann.

Ég vil þá að lokum minnast á það, sem framundan er, og þá fyrst og fremst 200 mílurnar. Vonandi er nú svo komið, að Íslendingar eru allir sammála um það, að stefnan skuli vera 200 mílur. Spurningin er hins vegar hvenær. Við sjálfstæðismenn höfum lagt til, að fært verði út í 200 mílur fyrir lok ársins 1974. Við höfum fært fyrir því rök, sem ég tel ekki ástæðu til að rekja hér, en við teljum þetta aðkallandi mál vegna þeirrar hættu á ofveiði og rányrkju, sem mörg mikilvæg fiskimið milli 50 og 200 mílna eru í. Við teljum líka, að pólitískur og lagalegur grundvöllur sé fyrir hendi til að gera þetta á næsta ári. Þá er spurningin: Er nokkuð í þessum samningi, sem kemur í veg fyrir, að fært verði út í 200 mílur á samningstímabilinu? Ég svara því hiklaust neitandi. Ég lít svo á, að þessi samningur fjalli aðeins um svæðið milli 12 og 50 mílna, en segi ekkert um það og sé á engan hátt því til fyrirstöðu, að við tökum okkur lögsögu, fiskveiði- eða auðlindalögsögu, yfir svæðinu milli 50 og 200 mílna. Þessi samningur getur ekki komið í veg fyrir það. Ef og þegar það verður gert, þá auðvitað stendur þessi samningur áfram í gildi, þannig að á þessu tveggja ára tímabili hafa Bretar heimild til þess að veiða milli 12 og 50 mílna, en engar veiðiheimildir milli 50 og 200 mílna, eftir að við höfum fært út, nema til komi nýir samningar eða nýjar veiðiheimildir þeim til handa.

Ég skal svo aðeins draga saman niðurstöðuna af máli mínu. Ég tel mikilsvert, að hæstv. forsrh. skyldi taka málið í sínar hendur og gera tilraun til að leysa það. Og við mat á því, sem mælir með og móti, er niðurstaða mín sú að greiða

atkv. með samningnum. Ég geri það m. a. á þeim forsendum, sem ég greindi um friðun og útfærslu í 200 mílur.

Frsm. meiri hl. (Eysteinn Jónsson): Herra forseti. Það eru nokkur orð í tilefni af þeim umr., sem orðið hafa. Ég mun ræða mörg atriði, en drepa aðeins á þrjú atriði eða svo.

Hv. talsmenn minni hl. utanrmn. hafa rætt nokkuð fortíðina í þessu sambandi. M. a. hafa þeir látið orð falla um það, að núv. stjórnarflokkar hafi rofið eininguna um landhelgismálið fyrir kosningarnar 1971. Hvaða eining var það, sem rofin var? Málið stóð þannig, að núv. stjórnarflokkar vildu ákveða það fyrir kosningarnar að færa landhelgina út í 50 mílur. En núv. stjórnarandstæðingar vildu ekki ákveða neitt um þetta. Af þessari einföldu ástæðu gat ekki orðið um neina einingu að ræða. Núv. stjórnarflokkar áttu sem sé ekki samleið um það fyrir alþingiskosningarnar að ákveða það eitt í landhelgismálinu að bíða átekta, eins og í raun og veru var afstaða núv. stjórnarandstæðinga.

Hv. talsmenn minni hl. utanrmn. hafa nokkuð borið saman samninginn frá 1961 og þennan samning, sem nú er verið að gera, og hafa jafnvel látið að því liggja, að þessi samningur væri Íslandi óhagstæðari en sá frá 1961. Ekki er ég þessarar skoðunar, og svo mun um fleiri. Í þessum samningi er ekkert réttindaafsal. Ísland afsalar sér engum rétti með þessum samningi. En með samningnum frá 1961 var afsalað réttinum til einhliða útfærslu landhelginnar, og í stað þess sett í samning, að ef Bretar vildu, þá skyldi ákvörðun um útfærslu ganga fyrir Haagdóminn. Þetta var vitaskuld afsal á réttindum, skuldbinding, sem gekk í þá átt að afsala einhliða útfærsluréttinum.

Nú eru engin alþjóðalög til um stærð landhelginnar, og hér var því í raun og veru ákveðið, að Íslendingar skyldu ganga með þetta lífshagsmunamál sitt undir gerðardóm, ef Bretar vildu. Samningur, sem innihélt þetta, verður ekki með neinum rökum borinn saman við það, sem hér er verið að ráðgera, sem sé samning um takmarkaðar og tímabundnar veiðar innan landhelginnar. Það er ekkert skylt með þessum samningum, þegar þessi kjarni samninganna frá 1961 er skoðaður. Enda er reynslan ólygnust, því að það var ekki hægt að færa út landhelgina nema losa sig fyrst við samninginn frá 1961. Það varð að segja honum upp, til þess að einhliða útfærsla gæti átt sér stað.

Hv. talsmenn minni hl. utanrmn. hafa sagt í þessum umr., að bresku herskipin hafi farið út fyrir 50 mílurnar og samningsaðstaða skapast við Breta, af því að hæstv. forsrh. hafi farið að þeirra ráðum í utanrmn., en ekki ráðum okkar, fulltrúa stjórnarflokkanna. Skylt er, að það komi fram, að þetta er ekki rétt túlkun á því, sem gerðist. Fyrir utanrmn. lá 26. sept. að segja skoðun sína á því, hvort slíta skyldi stjórnmálasambandi við Breta, eins og búið var að lýsa yfir af ríkisstj., að gert yrði, ef þeir héldu áfram ásiglingum. Og þá lá einnig fyrir, hvort hætta skyldi við þau áform vegna bréfsins frá Mr. Heath, sem þá var komið fram og fyrst og fremst var um það að draga út freigáturnar, ef við hættum gæslunni í nýju landhelginni.

Stjórnarflokkamenn í utanrmn. tóku þá afstöðu, að taka ætti strax ákvörðun um stjórnmálaslit, eins og áður var raunar búið að ákveða, enda ný ásigling komin til, en svara Mr. Heath í þá átt, að samningar eða viðræður við hann eða aðra Breta um efni málsins kæmu ekki til greina, nema freigáturnar færu út fyrir fyrst, en löggæsla Íslendinga héldi áfram. Þetta var afstaða okkar í n., og fulltrúi Alþfl. í utanrmn. hafði sömu afstöðu í þessu efni.

En fulltrúar Sjálfstfl. létu á hinn bóginn bóka það, sem upplýst hefur verið í þeirra blöðum og þessum umr., að þeir vildu láta fara að ræða við Mr. Heath og grennslast eftir því, hvað fyrir honum vekti, þ. e. a. s., fulltrúar stjórnarandstæðinganna vildu ekki taka ákvörðun um stjórnmálaslit, en þess í stað taka upp viðræður við Mr. Heath um það, hvað fyrir honum vekti, þótt freigáturnar væru í landhelginni.

Mergurinn málsins er þá sá, að hv. fulltrúar Sjálfstfl. tóku sem sé aldrei afstöðu með stjórnmálaslitum við Breta.

En hvað gerði svo ríkisstj.? Hún ákvað stjórnmálaslit við Breta þvert ofan í afstöðu sjálfstæðismannanna, sem kæmu til framkvæmda án nýrrar ákvörðunar, ef freigáturnar væru ekki komnar út fyrir innan örfárra daga. Og Mr. Heath var svarað í samræmi við það.

Það var þessi ákvörðun um stjórnmálaslit, sem kom freigátunum út fyrir og opnaði samningaleiðina, en ekki afstaða sjálfstæðismannanna í utanrmn., sem ekki vildu taka afstöðu með stjórnmálaslitum. Og þessi ákvörðun hæstv. ríkisstj. var í samræmi við álit stjórnarflokkafulltrúanna. Þetta vildi ég, að kæmi hér skýrt fram, vegna þess að ég tel, að skýringar hv. minnihl.-manna í utanrmn. gefi alveg ranga mynd af því, hvað það var, sem raunverulega gerðist og varð til þess, að hægt var að ná freigátunum út úr landhelginni.

Þá vil ég aðeins minnast örfáum orðum á brtt. á þskj. 112 frá hv. 3. landsk. þm. Frá löggæsluatriðum og refsingum fyrir brot á samningunum er gengið með sérstökum hætti, eins og greinir í sjálfu samningsuppkastinu. Með þeim skýringum, sem hæstv. forsrh. hefur gefið, og þegar við hefur verið bætt þeirri löggjöf, sem ætlunin er að setja um sérstakar refsingar, sem komi til í þessu sambandi, hlýtur þetta ákvæði að teljast algerlega fullnægjandi fyrir Ísland. Og allir þeir, sem vilja raunverulega, að þessir samningar komist á, hljóta því að greiða atkv. á móti brtt.

Þorv. Garðar Kristjánsson: Herra forseti. Ég hef margt að athuga við þá bráðabirgðalausn á fiskveiðideilunni við Breta, sem hér er nú til umr.

Það hefur verið lögð áhersla á það af formælendum þessa samkomulags, að það leiði til samdráttar í aflamagni Breta hér við land, og manni skilst, að til þess sé leikurinn gerður. Til að tryggja slíkt, eftir því sem unnt er, hefði þurft að vera í samkomulaginu ákvæði um ákveðið aflahámark. Viðmiðunarreglan í inngangi samkomulagsins er óljós, enda segir það,

að miðað sé við, að ársafli breskra skipa verði um 130 þús. lestir. Hvað merkir þetta „um“? Er það brot á samkomulaginu, ef Bretar veiddu t. d. um 140 þús. lestir á ári? Ætli það fari ekki eftir atvikum? Eða kemur nokkrum í hug, að núv. hæstv. ríkisstj. í þjónkun sinni við Breta rifti samkomulaginu af þessum sökum? Þessi viðmiðunarregla, um 130 þús. lestir, á eftir að verða gagnslítil eða gagnslaus. Möguleikar á takmörkunum á aflamagni Breta fara eftir því, hvaða áhrif efnisliðir samkomulagsins hafa, þ. e. fækkun breskra togara, lokun smábátasvæða, sérstök friðunarsvæði og skipting miðanna í sex hólf. Ég mun víkja að þessum atriðum síðar.

Þegar talað er um takmörkun á aflamagni Breta, gengur hæstv. ríkisstj. út frá því, að aflamagn þeirra hafi áður verið 185 þús. lestir. Eru þá lagðar til grundvallar aflatölur Alþjóðahafrannsóknaráðsins að meðaltali 10 s. l. ár. Svo reikna menn út, að árangurinn af þessu samkomulagi verði minnkun á ársafla Breta sem svarar mismuninum á 185 þús. lestum og 130 þús. lestum eða um 55 þús. lesta. Ég hef þegar vikið að, hve áreiðanleg 130 þús. talan er. En það er ekki nóg með það, heldur verður að taka líka 185 þús. töluna með fyrirvara, því að hún er miðuð við ársafla breskra skipa bæði fyrir innan og utan 50 mílna mörkin, þ. e. a. s. á öllu hafsvæðinu umhverfis Ísland, svonefndu 5 A svæði, sem samkv. reglum Alþjóðahafrannsóknaráðsins takmarkast af línum, sem eru alls staðar utan við 50 mílna mörkin og mundu sums staðar verða utan 200 mílna fiskveiðilögsögu, þegar við höfum tekið okkur hana. Vegna þess er ekki hægt að taka töluna 185 þús. til viðmiðunar, þegar reiknað er út, hvað aflamagn Breta dregist saman við hið fyrirhugaða samkomulag. Það verður að draga frá það aflamagn, sem fengið er utan við 50 mílna mörkin. Ekki get ég fullyrt, hve þetta nemur miklu, og þykir raunar líklegt, að engar tölur séu til um það. En hins vegar er augljóst, að um nokkurt aflamagn er að ræða og að ekki þurfi raunar að vera ýkjamikið til þess að lítið sem ekkert mark verði tekið á þeim fullyrðingum hæstv. ríkisstj., að samkomulagið feli í sér skerðingu á ársafla Breta innan íslenskrar landhelgi. Er þá einnig haft í huga það, sem ég áður hef sagt um haldleysi viðmiðunarreglunnar um 130 þús. lestir. Sannleikurinn er sá, að samkomulagið tryggir ekki, að ársafli Breta minnki frá því, sem hann var áður fyrr. Mestar líkur eru fyrir því, að ársafli þeirra minnki hverfandi lítið eða jafnvel ekkert.

Hvað er þá unnið við þetta samkomulag, ef við vinnum lítið sem ekkert í þessu efni? Kannske er rétt að spyrja, hvers vegna hæstv. ríkisstj. vilji bjóða upp á slíkt samkomulag við Breta, sem hér er um að ræða. Jú, þá segja þeir náttúrlega, að hvað sem líði öllum útreikningum, þá hafi það sýnt sig, að ársafli Breta hafi numið 165 þús. lestum, eftir að fiskveiðideilan hófst. Ef við semjum ekki upp á þau býti, sem hér um ræðir, þá séum við að gefa Bretunum 35 þús. lestir á ársgrundvelli. En hér er um staðleysu að ræða. Hæstv. ríkisstj. veit, að afli Breta á Íslandsmiðum er ekki allur fenginn innan 50 mílna markanna. Eða heldur hæstv. ríkisstj., að í aflaskýrslum Breta á Íslandsmiðum sé einungis það meðtalið, sem veitt er innan fiskveiðilögsögu okkar? Heldur ríkisstj. kannske, að Bretar hafi það eins og tíðkaðist á skakinu í gamla daga, að aflanum sé skipt í fjöru og sé kastað í eina kös því, sem tilheyrir landhelginni, og í aðra kös því, sem tilheyrir ekki landhelginni, síðan sé þetta sett á vigt? Nei, hæstv. ríkisstj. veit, að sú tala, sem Bretinn gefur nú upp um aflamagn á Íslandsmiðum, á jafnt við fiskinn, sem veiddur er utan sem innan landhelgismarkanna. Hæstv. ríkisstj. veit, að hluti af aflanum er fenginn utan landhelgi. Ekki getum við svo til viðbótar útilokað, að eitthvað sé innifalið í 165 þús. lesta ársaflanum frá öðrum miðum en Íslandsmiðum, svo sem Færeyjamiðum eða Grænlandsmiðum. Það er augljóst, að hæstv. ríkisstj. stoðar ekki að halda fram, að við gefum Bretum 35 þús. lesta ársafla umfram 130 þús. lestir, ef við samþykkjum ekki samkomulagið.

Sannleikurinn er sá, að hvernig sem við veltum fyrir okkur þessu máli, þá hefur viðmiðunarreglan, sem sett er fram í inngangi samkomulagsins um 130 þús. lesta ársafla Breta, enga eða sáralitla þýðingu til að takmarka aflamagn breskra skipa innan landhelginnar. Eftir hverju er þá verið að slægjast með þessu samkomulagi, sem ríkisstj. vill troða upp á okkur? (**Gripið fram í:** Það er verið að þóknast NATO.)

Hér er svo furðulega að farið, að maður hlýtur að spyrja, hvort ríkisstj. hafi þá ekki vaðið fyrir neðan sig í ákvæðunum í hinu fyrirhugaða samkomulagi um fjölda veiðiskipa samkv. 1. tölul. og skiptingu veiðisvæða og tímasetningu samkv. 4. tölul. Þar segir, að í togaraafla Breta verði eigi fleiri en 68 skip yfir 180 fet að lengd og 71 skip minna en 180 fet. Hér er samtals um að ræða 139 skip, sem er greinilega nægur fjöldi skipa til að gera Bretum kleift að ná eins miklum afla og viðmiðunarreglan um 130 þús. lestir á ári gerir ráð fyrir. Í þessu ákvæði um leyfilega tölu skipa þurfa því ekki að felast neinar frekari takmarkanir á aflamagninu. Það er greinilegt, að í þessum efnum hefur ríkisstj. séð svo um, að Bretum er ekkert að vanbúnaði til að ná 130 þús. lesta ársafla eða meira.

En enn þá greinilegra er, hvernig látið hefur verið undan kröfum Breta, þegar litið er á 4. tölul. samkomulagsins, sem fjallar um veiðisvæðin og lokunardagsetningarnar. Er þar fyrst til að taka, að það hafði verið krafa Íslendinga, að tvö svæði af hinum sex veiðisvæðum væru lokuð samtímis. Frá þessu er nú fallið, þannig að samkomulagið gerir ráð fyrir, að eitt svæði af 6 svæðum verði lokað í einu, eins og fram hefur verið tekið hér margoft áður. Hér er um meir en stigmun að ræða, eins og hæstv. ríkisstj. virðist ætla. Í raun og veru er hér um grundvallarmun að ræða. Það hefur grundvallarþýðingu, hvort hvert veiðihólf er lokað aðeins tvo mánuði á ári eða í helmingi lengri tíma, þ. e. a. s. í 4 mánuði. En ekki er nóg með, að um fullkomna uppgjöf sé að ræða gagnvart Bretum í sambandi við lokun veiðisvæðanna, heldur virðist greinilegt, að Bretum sé gefið algert sjálfræði um allt, er viðkemur veiðihólfunum. Þegar hæstv.

forsrh. kemur heim frá fundinum í Downing Street 10, segir hann eða gefur a. m. k. í skyn, að Íslendingar hafi það í eigin hendi að ráða tímasetningu á lokun hvers veiðihólfs. Á grundvelli þessa ritar Landssamband ísl. útvegsmanna forsrh. bréf, þar sem settar eru fram till. Landssambandsins um þessa tímasetningu miðað við það hvað hagkvæmast væri fyrir Íslendinga. Boðað er einnig til stjórnarfundar Landssambandsins, þar sem hið fyrirhugaða samkomulag eða samningsgrundvöllur frá Downing Street er lagður fyrir fundarmenn með þeim dagsetningum á lokunartíma veiðihólfa, sem gerð hafði verið till. um til forsrh. Á þessari forsendu, — ég endurtek: á þessari forsendu féllst meiri hl. stjórnarmanna á fundi þessum á að mæla með samþykkt samningsgrundvallarins.

Lokunartími hólfanna er eitt af veigamestu atriðum þessa máls. En hvað kemur nú í ljós? Þegar hæstv. ríkisstj. leggur hinn fyrirhugaða samning fyrir hv. Alþ., stendur ekki steinn yfir steini varðandi lokunartíma veiðihólfanna, — ekki steinn yfir steini. Öllu er umturnað frá því, sem útvegsmenn gerðu ráð fyrir. Lokunartíma veiðihólfanna er gerbreytt. Öll veiðihólfin eru nú með öðrum lokunartíma en Íslendingar töldu hagkvæmast, nema eitt veiðihólf, sem er með sama lokunartíma, og það er veiðihólfið úti fyrir kjördæmi hæstv. sjútvrh. Tilviljun eða ekki tilviljun. Og hvers vegna er þessi breyting orðin hér á? (Gripið fram í.) Ég sagði tilviljun eða ekki tilviljun. Auðvitað hefur hæstv. sjútvrh. ekki ráðið þessu, ég meinti það ekki. Það var tilviljun bara hjá Bretunum, auðvitað höfðu þeir ráðið því. Og hvers vegna er þessi breyting orðin hér á? Hér er um að ræða enn eitt dæmið um þjónkun hæstv. ríkisstj. við Breta. Þessar breytingar, sem hér eru gerðar, eru miðaðar við hagsmuni Breta. Þetta þýðir, að svæðaskiptingin í veiðihólf, sem var alltaf hugsuð Íslendingum til varnar gegn hættulegustu afleiðingum af því að hleypa Bretum inn í landhelgina, er nú orðin að heita einskis nýt. Bretum má vera nokkurn veginn sama, hvort þeir hafa svæðaskiptingu sem þeir mæla fyrir um, eða er hleypt inn í landhelgina lausum af allri svæðaskiptingu.

Þessi ósvinna, sem hér hefur skeð, keyrir um þverbak, þegar haft er í huga, hvenær þetta hefur átt sér stað. Þessi þjónkun hæstv. ríkisstj. við Breta á sér stað, eftir að hæstv. forsrh. kemur heim frá London, eftir að Alþb. lýsir andstöðu við samningsgrundvöllinn sem óaðgengilegum úrslitakostum og á meðan ríkisstj. þykist vera að leita hófanna hjá Bretum um að bæta hlut Íslendinga. M. ö. o., í staðinn fyrir, að ríkisstj. tækist að vinna hagsbætur Íslendingum til handa á þeim festi, sem hún tók sér til afgreiðslu málsins, tókst henni að ganga enn eitt óheillasporið í þjónkun sinni við Breta. Hverju breytir þetta fyrir þá, sem lýstu samningsgrundvellinum í upphafi sem óaðgengilegum úrslitakostum? Hverju breytir það? Engu. Alls engu. Hæstv. sjútvrh. virðist hugsa sem svo: Ja, lengi getur vont versnað.

En víkjum þá að fleiri atriðum samningsins. Samkv. 2. tölul. samningsins er að sjálfsögðu tekið fram, að breskir togarar muni ekki stunda veiðar á tilgreindum tímabilum á friðunarsvæðunum fyrir Norðurvesturlandi, Suðurlandi og Norðausturlandi. Hins vegar eru engin ákvæði um það að finna í samningnum, að sama gildi um önnur friðunarsvæði, sem Íslendingar kynnu að telja nauðsynlegt að setja á samningstímabilinu. Hér er um að ræða einn af alvarlegustu ágöllum samningsins. Í raun og veru er það algerlega óviðunandi, að þessi samningur við Breta geti hindrað aðgerðir Íslendinga á samningstímabilinu til að gera þær ráðstafanir í friðunarmálunum, sem kunna að reynast óumflýjanlegar til verndar fiskstofnunum. Slíkar ráðstafanir verða ekki gerðar, nema þær nái til allra þjóða, en samkv. samningnum eru Bretar ekki skuldbundnir til að hlíta slíkum aðgerðum í fiskveiðilögsögu Íslands. Jafnvel rétti okkar til að vernda það, sem okkur er dýrmætast, sjálfa fiskstofnana, skal fórnað á altari Breta.

Í 6. tölul. samningsins eru ákvæði um framkvæmd hans. Þar er að finna eitt það alvarlegasta í þessu samkomulagi. Það er lögð sú kvöð á íslenskt varðskip sem stöðvar breskan landhelgisbrjót, að það skuli kveðja til það aðstoðarskip breskt, sem næst er, til að sannreyna málsatvik. Ýmsar spurningar rísa út af framkvæmd þessa ákvæðis. En það alvarlega við þetta er, að hér er skertur réttur fullvalda ríkis til að fara eitt með óskoraða löggæslu á sínu yfirráðasvæði.

Það héldu sumir, að okkur Íslendingum stoðaði ekki á sínum tíma að flytja æðsta dómsvaldið inn í landið með stofnun hæstaréttar, vegna þess að Bretar mundu ekki vilja hlíta dómsniðurstöðum í landhelgismálum, ef réttargæslan væri algerlega í höndum þjóðar, sem var að kasta nýlendufjötrunum, og án þátttöku herraþjóðar. En Bretum til verðugs hróss beittu þeir ekki Íslendinga slíkri rangsleitni og lítilsvirðingu. Þeir viðurkenndu dómsvald hins íslenska hæstaréttar og óhlutdrægni og réttsýni íslenskrar réttargæslu. Hins vegar eru Bretar kunnir fyrir að hafa leikið sínar eigin nýlenduþjóðir grátt í þessum efnum; hafa ekki talið þær hafa náð nægum þroska til að fara óskorað með dóms- og réttargæslu í landi sínu og talið sig, herraþjóðina, þurfa að hafa íhlutun í þeim efnum. Það er kaldhæðni örlaganna, að einmitt nú, þegar nýlenduveldi Breta er komið að fótum fram, þá skuli þeir vilja bjóða Íslendingum forsjá herraþjóðarinnar í þessum efnum. Nú treysta þeir ekki íslenskri löggæslu til að gera staðarákvörðun á landhelgisbrjóti, en það hafa þeir aldrei áður vogað sér að bera á borð.

En svo furðulegt sem þetta er, þá er hitt furðulegra að engu er líkara en formælendur þessa samnings telji þetta frekar Íslendingum til vinnings en Bretum. Hvernig á að skýra þetta fyrirbæri? Ég held, að það verði best með því að gefa hv. formanni utanrmn., Þórarni Þórarinssyni, sem snöggvast orðið. Hann segir, með leyfi hæstv. forseta:

„Ráðherrarnir hafa hreykt sér mjög af því, að Bretar telji samkomulagið óhagstætt fyrir sig. Þekkja þeir ekki þá grundvallarreglu enskra utanríkismála, að Bretar reyna jafnan að tefla þannig, að andstæðingurinn álíti sig vera að vinna, þegar hann er raunverulega að tapa. Ríkisstjórn Elísabetar leikur nú sömu listina við

íslensku ríkisstj. og Viktoríu lék við negrahöfðingjana í Afríku á öldinni sem leið. Bretar töldu negrahöfðingjunum trú um, að Viktoría væri þeim undirgefin, á sama tíma og stjórn hennar hátignar var að hneppa þá í nauðungarfjötra.“

Þetta voru orð hv. formanns utanrmn.,Þórarins Þórarinssonar. Við þetta þarf engu að bæta. Að vísu eru þessi orð mælt á hinu háa Alþ. í umr. 2. mars 1961 um þáltill. til lausnar fiskveiðideilunnar þá við Breta. Það er huggun harmi gegn fyrir hv. formann utanrmn., að þótt þessi orð hans féllu þá dauð og ómerk og enginn hafi munað raunar eftir þeim síðan, hefur hann reynst hafa forsagnargáfu til að gefa trúverðuga lýsingu á því, sem nú er að gerast. Verður framferði hv. formanns utanrmn. og auðvitað hæstv. ráðh. nú naumast betur lýst en að jafna því við undirgefni negrahöfðingja í Afríku á öldinni sem leið gagnvart Bretum.

Ég hef hér vikið að atriðum, sem samningurinn kveður á um. En hvað er um þau efni, sem samningurinn fjallar ekki um? Hvað verður að loknu samningstímabilinu eftir tvö ár? Gera Bretar þá enn á ný herskipainnrás í íslenska landhelgi, ef þeim þykir þurfa við. Var þess krafist af hálfu Íslands, að Bretar létu framvegis af slíkum ofbeldisaðgerðum, hvað sem líði lagaskoðunum aðila varðandi efnisatriði deilunnar? Þýðir þögn samkomulagsins um þetta örlagaríka atriði, að Bretar hafi neitað að gefa tryggingu fyrir því, að ekki yrði aftur gripið til hernaðaraðgerða gegn Íslendingum vegna 50 mílna landhelginnar og síðar vegna 200 mílna landhelginnar, sem vonandi er ekki langt í land að tekin verði? Komu þessi mikilsverðu atriði til álita, þegar ákveðið var að gera það samkomulag, sem hér er til umræðu? Þessum spurningum er beint til hæstv. forsrh. Ég þykist vita, að hann heyrir orð mín. Þetta mikilvæga mál er ekki lagt með eðlilegum hætti fyrir hv. Alþ., fyrr en spurningum þessum er svarað.

Ég ræddi hér áðan um veiðihólfin. Ég vil víkja lítið eitt að einu þeirra, því, sem er úti fyrir Vestfjörðum, veiðihólfi A, en ég get verið stuttorður um þetta, því að hv. 2. þm. Vestf., Matthías Bjarnason, hefur þegar gert þessu atriði skil. En ég vil minna á, að Vestfirðingar hafa landfræðilega sérstöðu varðandi þetta mál. Þeir eru eini landshlutinn, sem ekki hefur stóra flóa og eyjar, þannig að þeim nýtast ekki reglur um grunnlínupunkta og grunnlínur eins og öðrum landshlutum, sem fá stór hafsvæði innan fiskveiðilögsögunnar vegna sinna flóa og eyja. Þessi sérstaða Vestfjarða var viðurkennd í samningunum við Breta árið 1961 um lausn fiskveiðideilunnar þá. Bretum voru þá ekki leyfðar neinar undanþágur til veiða innan landhelginnar út af Vestfjörðum. Nú er öldin önnur. Nú gengur sama yfir Vestfirði og aðra landshluta, þó að landfræðileg aðstaða Vestfjarða hafi að sjálfsögðu ekkert breyst. Ég verð að mótmæla þessu framferði gagnvart Vestfirðingum harðlega. Ég minni á, að Vestfirðir eru sá landshluti, sem er með einhæfustu atvinnuuppbygginguna og byggir hlutfallslega langmest allra á útgerð og fiskvinnslu. Ég minni á, að fiskútflutningur frá Vestfjörðum nálgast nú um 30% af heildarfiskútflutningi landsmanna, að undanskilinni loðnu. Það fer því saman, að bæði er um að ræða hróplegt ranglæti gegn Vestfirðingum og þjóðhagsleg mistök að opna Vestfjarðamiðin fyrir Bretum. Það er svo bætt gráu ofan á svart að ákveða lokunartíma Vestfjarðahólfsins í september og október, sem er sennilega óhagkvæmasti tími ársins með tilliti til fiskigangna.

Af þeirri gagnrýni, sem ég hef hér borið fram, getur ekki annað leitt en að ég verði á móti þáltill. þeirri, sem hér er til umr. Ég mun greiða atkv. gegn fyrirhuguðu samkomulagi við Breta, vegna þess að það felur í sér enga tryggingu fyrir því, að dragi úr ársafla þeirra, svo að nokkru nemi. Það hindrar, að Íslendingar geti á samningstímabilinu gert ráðstafanir til aukinnar friðunar fiskstofnanna. Það felur í sér skerðingu á íslenskri lögsögu.

Herra forseti. Ég hef verið fylgjandi því, að leitað væri samkomulags í fiskveiðideilu okkar við Breta. Ég tel, að við eigum að kappkosta að leysa öll okkar deilumál við aðrar þjóðir með friðsamlegum hætti. Það hvorki sæmir okkur sem þjóð né höfum við til þess bolmagn að fara með ofbeldi gegn nokkurri erlendri þjóð. Hins vegar höfum við Íslendingar orðið nú enn á ný að þola hernaðar- og ofbeldisaðgerðir Breta í landhelgismálinu. Í þessu lífshagsmunamáli okkar, landhelgismálinu, verðum við á hverjum tíma að fara bæði að með gát og með festu. Þess vegna lagði ég áherslu á, eins og aðrir þm. Sjálfstfl. gerðu á sínum tíma, að einskis yrði látið ófreistað til að ná samkomulagi við Breta, áður en fiskveiðilögsagan yrði færð út í 50 mílur. Mér hefur alltaf fundist, að nokkuð skorti á, að núv. ríkisstj. færi að með fullri gát í landhelgismálinu, og þá fyrst og fremst að því leyti, að hún hafi ekki lagt nægilega áherslu á að ná samkomulagi við Breta, áður en landhelgin var færð út. Aftur á móti hef ég viljað gera mér vonir um, að ríkisstj. sýndi festu í málinu, og mér virðist, að hún hafi viljað skapa það almenningsálit, að svo væri. Nú hefur það samt komið á daginn, að þeir, sem hafa haldið slíkt, hafa farið villir vegar. Það kemur nú í ljós, að ríkisstj. hefur hvorki sýnt af sér aðgát né festu í þessu mesta lífshagsmunamáli íslensku þjóðarinnar. Þegar hún hefur svo stefnt málum í mikinn vanda, fallast henni raunverulega hendur, og hún eygir enga aðra leið en að gefast upp fyrir Bretum. Skárri er það nú festan! Ég kalla þetta samkomulag, sem hér er boðið upp á, uppgjöf af hálfu Íslendinga. Þetta er ósamboðið Íslendingum. Okkur rekur ekki nauðir til að gera þetta, og þetta er hættulegt fyrir framgang landhelgismálsins í þeim áföngum, sem eftir eru og á ég þá ekki síst við 200 mílna landhelgina, því að þetta sannar Bretum, að það borgi sig að beita Íslendinga bolabrögðum og ofbeldi.

Sjútvrh. (Lúðvík Jósepsson): Herra forseti. Það hafa nú þegar farið hér fram alllangar og miklar umræður um þetta dagskrármál. Þær umr. hafa þó að allverulegu leyti orðið um landhelgismálið almennt, en minni hluti umr. hefur í rauninni verið um þá samningagerð, sem hér liggur fyrir til umræðu. Nokkuð hefur þó verið rætt um einstök efnisatriði þessa væntan-

lega samkomulags. Afstaða stjórnmálaflokkanna hefur þegar komið nokkuð skýrt fram til málsins. Hún kom í rauninni að mestu leyti fram, þegar till. var lögð hér fram s. l. fimmtudag, þá gerðu stjórnarfl. grein fyrir afstöðu sinni til málsins, þá gerði Alþfl. einnig grein fyrir sinni afstöðu og svo Bjarni Guðnason fyrir sinni. En einn stjórnmálaflokkanna á Alþ. hann hafði ekki gert upp hug sinn og gat ekki gert grein hér fyrir afstöðu sinni. Það var Sjálfstfl.

Í þessum umr. í dag hafa menn fengið að heyra afstöðu Sjálfstfl., og þó hygg ég, að þa sé svo um fleiri en mig, að þeir efist nokkuð um, að öll afstaða flokksins hafi komið fram enn. Það liggur þó alveg ljóst fyrir, að flokkurinn er klofinn í málinu. Fulltrúar flokksins í utanrmn., form. flokksins, Geir Hallgrímsson, og Matthías Á. Mathiesen, þeir eru með samkomulaginu eins og það liggur fyrir. Formaður þingfl. Sjálfstfl., Gunnar Thoroddsen, hefur einnig talað hér, og hann er eindregið með samkomulaginu. Þetta eru framámenn flokksins, sem sennilega hafa ráðið mestu um skrif Morgunblaðsins og blaða flokksins um langan tíma. En svo kemur eitthvað af hinu óbreytta liði flokksins. Þar koma m. a. Matthías Bjarnason, hv. þm. frá Vestfjörðum, Guðlaugur Gíslason, hv. þm. úr Suðurlandskjördæmi, og hv. þm., Þorvaldur Garðar Kristjánsson, þm. af Vestfjörðum. Þessir þm. eru allir á móti samkomulaginu og segja, að þetta samkomulag þýði raunverulega uppgjöf fyrir Bretum, algjöran undanslátt. Nú liggja menn hundflatir fyrir Bretum, sagði Matthías Bjarnason. Sóknin á miðin verður aukin, sagði Guðlaugur Gíslason. Jaðrar við uppgjöf í málinu. — Þetta voru sýnilega orðsendingar frá þessum þm. Sjálfstfl. til forustu flokksins, sem vill þetta allt saman: uppgjöf fyrir Bretum og algjöran undanslátt. Það á kannske eftir að koma eitthvað meira fram frá Sjálfstfl. um afstöðu hans í þessum málum

Þegar maður reynir að gera sér grein fyrir því eftir þessum umræðum, hvað það er, sem markar afstöðu Sjálfstfl., þá er það býsna einkennilegt. Það, sem helst kom fram í ræðu Geirs Hallgrímssonar, formanns flokksins, var það, að hann sagði, að þessi samningur gæti nú verið góður, þó að hann væri ekki alveg eins góður og samningurinn frá 1961. Svo sagði form. Sjálfstfl., að í rauninni munaði litlu, mjög litlu, á þessum till., sem hér lægu fyrir til samkomulags, og þeim till., sem Íslendingar hefðu sett fram í samningaviðræðunum við Breta 4. maí á þessu ári. Enn fremur fullyrti form. Sjálfstfl., að það hefði verið hægt að semja löngu fyrr við Breta, — það virtist hann vita nákvæmlega, — það hefði verið hægt að semja við þá löngu fyrr og ná við þá jafngóðum samningum. Ég fann ekki mikið af öðrum rökum, ef þetta skyldi flokkast undir rök hjá formanni Sjálfstfl. fyrir því, að hann væri með þeim samningsdrögum, sem hér liggja fyrir, en hann sagði eigi að síður ýmislegt annað um málið, sem ég ætla mér að víkja að.

Af því að það hafði m. a. komið hér fram hjá form. Sjálfstfl., Geir Hallgrímssyni, og fleirum, sem hér hafa rætt um þetta mál, að þeir vildu gjarnan ræða um landhelgismálið á breiðum grundvelli, þá langar mig nú einnig til þess að fara um það nokkrum orðum, hver hefur í raun og veru verið afstaða Sjálfstfl. til landhelgismálsins, þegar maður lítur á það almennt.

Það, sem liggur fyrir alveg óumdeilanlega, er, að á meðan Sjálfstfl. fór hér með völd í landinu fram að síðustu kosningum, þá stóð hann gegn því hér á Alþ., að ákvarðanir yrðu teknar um útfærslu landhelgismarkanna. Þá voru m. a. kempur hér á borð við hv. þm. Vestf., Matthías Bjarnason, þá voru þeir ekki tilbúnir til þess að samþ. till. hér um að færa út fiskveiðilandhelgina við Ísland. Þá stóðu hann og aðrir þm. Sjálfstfl. að því hér á Alþ. að fella till. um þetta, og samþ. till. um að vísa málinu í n. Þegar síðan ákvörðun hafði verið tekin með myndun nýrrar ríkisstj. um útfærslu fiskveiðimarkanna í 50 mílur, komu þeir fram á sviðið, sem höfðu verið alls óviðbúnir fram að þeim tíma að standa að nokkrum mótuðum og ákveðnum till., — því komu þeir með yfirboðstill. og þóttust vilja gera meira. Að vísu voru þessar yfirboðstill. svo illa úr garði gerðar, að allir sáu í gegnum þær strax. Þegar þeir lögðu fram hér á Alþ. till. um, að við skyldum færa okkar fiskveiðimörk út að 400 metra dýptarlínu umhverfis landið og þannig skyldu mörkin færð nokkuð lengra út sums staðar við landið en út í 50 mílur, þá tóku þessir herrar þó fram í till. sinni jafnframt, að erlend skip mættu veiða upp að 50 mílna mörkunum þrátt fyrir þetta næstu 3 ár á eftir. Þá máttu auðvitað allir sjá, að þeir voru með þessu bakaskrefi sínu, með því að stíga svona aftur á bak um leið, fyrst að færa út aðeins meira en ríkisstj. hafið gert ákvörðun um, svo að draga allt til baka aftur í næstu setningu, a. m. k. í næstu 3 ár. Þá var þetta auðvitað orðið hlægilegt.

En þetta var þó alveg nóg handa þeim sjálfstæðismönnum til að klifa á, því að þeir vildu meira en aðrir í útfærslu fiskveiðilandhelginnar við landið. Já, og hvað gerðist svo, þegar kom að virkilegum framkvæmdum í sambandi við útfærsluna, þegar t. d. þurfti að takast á við það vandamál að losa Íslendinga við landhelgissamningana við Breta og V.-Þjóðverja frá 1961? Hvar stóðu þeir þá? Þá stóðu þeir raunverulega, eða a. m. k. forustumenn flokksins, þeir sem töluðu fyrir hann, þeir stóðu gegn því, að þessum samningum væri sagt upp og að við fengjum á raunverulegan hátt frjálsar hendur til að færa landhelgismörkin út. Og þeir sjálfstæðismenn eru svo for hertir enn í dag, eftir allt það, sem á undan er gengið í þessum efnum, að þeir eru enn að tala um það, að samningarnir frá 1961 hafi verið góðir og hinn nýi form. flokksins, Geir Hallgrímsson, gerir sig að algjöru viðundri með því að endurtaka það hér, að með þessum samningi hafi Íslendingar unnið sinn stærsta stjórnmálasigur. Þetta gat verið gott á einum tíma, að segja þessa fjarstæðu á Heimdallarfundi, en ekki gengur neins staðar lengur að segja annað eins og þetta. Að þessu verður hlegið um allt landið. Og það er næsta hastarlegt, að maður eins og hv. þm. Matthías Bjarnason skuli enn í dag reyna að réttlæta samningana frá 1961 og gera samanburð á þeim og þeim samningsdrögum, sem hér liggja fyrir. (Gripið fram í:

Drögum?) Já, enn eru þetta bara drög, verður kannske eitthvað meira, þegar verður búið að samþykkja það hér.

Já, ég kannast vel við það, að þeir sjálfstæðismenn, sem stóðu að því að gera samningana við Breta og V.-Þjóðverja árið 1961, hafa verið að reyna að hanga í því, að þrátt fyrir þá samninga hefðum við getað staðið að útfærslu landhelginnar. En þeir vita miklu betur, þeir vita það, að ef þeir samningar hefðu verið í gildi, þá hefðum við ekki getað staðið að útfærslunni nú. Í þessum efnum hafa þeir stundum verið að vitna í ákveðin ummæli, sem féllu á Alþ. hjá Bjarna heitnum Benediktssyni um þessi mál. Ég skal hafa þessi ummæli eftir, vegna þess að þau sýna það alveg svart á hvítu, að það er rangt, sem sjálfstæðismenn eru að halda fram nú í dag, að það hafi verið einhverjir möguleikar hjá okkur til að halda útfærslunni áfram, ef við hefðum verið bundnir af samningunum frá 1961. Hvað var það, sem Bjarni heitinn Benediktsson sagði í umr. hér á Alþ. um þetta mál? Hann sagði þetta orðrétt:

„Það, sem ákveðið er skv. samkomulaginu," — hann var að ræða um samkomulagið frá 1961, — „er hitt, að við tilkynnum Bretum og þar með öðrum þjóðum um okkar einhliða útfærslu, sem tekur gildi að þeim 6 mánuðum liðnum, ef ekki áður er búið að hnekkja henni með úrskurði alþjóðadómstólsins. Þá tekur hin einhliða ráðstöfun íslensku ríkisstj. gildi, þegar þessir 6 mánuðir eru liðnir".

M. ö. o.: Bjarni heitinn Benediktsson viðurkennir, að ef ekki er á 6 mánaða tilkynningartímanum búið að hnekkja því af hálfu Alþjóðadómstólsins, að við getum fært út, taki útfærslan gildi. Hvað hefur gerst nú? Á 6 mánaða tilkynningartímanum notuðu Bretar þetta ákvæði og fengu Alþjóðadómstólinn til þess að úrskurða, að útfærsla okkar skyldi ekki vera gild. Án efa lægi málið enn þá fyrir dómstólnum til meðferðar, og hann úrskurðaði Bretum og V.-Þjóðverjum ákveðinn rétt til þess að halda hér áfram veiðum skv. þessum samningi. Þetta eru þær staðreyndir, sem liggja fyrir.

En það liggja líka enn þá skýrari staðreyndir fyrir um það, hvernig þessi mál voru raunverulega gerð með samningunum frá 1961. Alþjóðadómstóllinn hefur nú þegar fjallað um þetta mál að vissu leyti. Hann hefur þegar sent frá sér álit sitt og greinargerð um það, hvað þessi samningur þýddi í raun og veru, hvernig hann batt okkur Íslendinga. Í grg. frá Alþjóðadómstólnum segir m. a. orðrétt, eins og ég skal nú hér lesa upp um þetta atriði, — þar segir dómstóllinn:

„Saga samningsviðræðnanna sýnir ekki einungis tilgang aðila, en skýrir einnig þýðingu þess, að ríkisstj. Íslands átti að senda ríkisstj. Hins sameinaða konungsríkis tilkynningu með 6 mán. fyrirvara, því að fyrirsvarsmenn Hins sameinaða konungsríkis lýstu því yfir 2. des. 1960, að trygging sú, sem þeir leituðu eftir, skyldi meðal annarra atriða kveða á um," — svo er tekið orðrétt upp í gæsalöppum: „að engar aðgerðir, sem beitt yrði til framkvæmdar slíkri reglu, skyldu taka til breskra skipa, meðan málið væri til meðferðar fyrir dómstólnum."

Þetta hafa Brear lagt fram sem sönnunargagn fyrir því, að svona hafi verið staðið að samningunum, um þetta hafi verið samið, og Alþjóðadómstóllinn hefur fallist á þessa skoðun: að ef Bretar hreyfðu sig á 6 mánaða tilkynningartímanum, þá gætu þeir látið dóminn stöðva okkur með útfærslu. Þetta vita þeir sjálfstæðismenn fullkomlega. Þetta liggur allt fyrir. En enn reyna þeir að lemja höfðinu við steininn og réttlæta samningana frá 1961, sem hefðu þannig bundið Íslendinga gersamlega í landhelgismálinu (Gripið fram í.) Nei, ég er einmitt að benda á það, hvernig þessi þm. hefur m. a. staðið að þessu máli. En ég á eftir að tala meira við hv. þm.

Hv. þm. Matthías Bjarnason talar mikið um það, hvað menn geti verið kokvíðir, og kannast ekki við kokvíðari menn en m. a. mig, sem ætla að kyngja þessum samningi. Ég ætla nú samt, að mér takist að kyngja þessum samningi með álíka viðu koki og form. Sjálfstfl., um leið og hann samþykkir þetta. En það er meira. Það kok, sem gleypti samningana frá 1961, hlýtur að vera miklu stærra en það, sem kemur niður þessum samningi, því að ekki ætla ég það, að nokkuð sambærilegt verði í þessum samningi. Það væri ekki úr vegi, að hv. þm. léti slá máli á þessa tvo samninga.

Ég hafði látið orð falla um það fyrr í umr., að vísu ekki í sambandi við þetta mál, að það hefði ekki verið fýsilegt fyrir okkur Íslendinga að eiga úrslit okkar í landhelgismálinu undir niðurstöðum dómstólsins í Haag, þegar þannig hefði verið staðið að málunum. Ég hafði þá m. a. sagt, að það færi ekkert á milli mála, að skoðanir ýmissa alþjóðalögfræðinga hefðu verið mjög misjafnar á því, hvað alþjóðalög raunverulega segðu um víðáttu landhelgi. Það var að heyra hér á formanni Sjálfstfl. hinum nýja, sem nú hefur tekið við, Geir Hallgrímssyni, að hann áttaði sig ekkert á þessu. Hann fór að spyrja, hvað ég meinti. Jú, ég get bent honum á það, að því miður kom það fram hjá einum þekktum íslenskum lögfræðingi í alþjóðalögum, alþjóðarétti, Hans G. Andersen. — Hann lét í ljós álit sitt í þessum efnum. Og Morgunblaðið, blað hv. form. Sjálfstfl., birti þessa ræðu og álit Hans G. Andersens í þessum efnum og hafði engar athugasemdir við þetta að gera af sinni hálfu. En þessi ræða var flutt 1. des. 1970 og birt í Morgunblaðinu löngu síðar. Þar segir m. a. þessi kunni lögfræðingur um þetta atriði það, sem hér skal lesið upp, hann var að tala um lög varðandi víðáttu landhelginnar, — hann sagði orðrétt:

„Þetta er tvímælalaust rangt. Alþjóðalög eru fyrir hendi, og ættu Íslendingar að vera þakklátir fyrir að hafa átt þátt í þróun þeirra. Enginn vafi er á því, að eins og er er hámark víðáttu landhelgi og fiskveiðilögsögu að alþjóðalögum miðað við 12 mílur."

Þetta vissum við margir, að Hans G. Andersen hafði látið frá sér fara og Morgunblaðið hafði prentað það eftir honum. Vissum það auðvitað líka, sem ég ætla að form. Sjálfstfl. viti, að margir aðrir lögfræðingar, heimskunnir menn, m. a. í Bretlandi og V.-Þýskalandi og víðar, þeir hafa miskunnarlaust haldið því fram, að það

væru til alþjóðalög um víðáttu landhelgi, þó að það hafi verið afstaða okkar Íslendinga og margra annarra og líka mjög þekktra, heimsþekktra lögfræðinga, að það væru engin lagaákvæði, sem byndu okkur í þessum efnum. En miðað við þessar aðstæður, landhelgissamningana frá 1961, eins og þeir voru úr garði gerðir, og miðað við þennan ágreining, sem við vissum að var uppi meðal lögfræðinga um það, hvernig líta skyldi á einhliða útfærslu landhelgi, þá var það vitanlega algert glapræði að ætla að láta þetta mál í hendur erlends og íhaldssams dómstóls og með öllu þýðingarlaust, hversu oft sem Gunnar Thoroddsen eða aðrir endurtaka það, að hann vilji fara til Haag til þess að vinna þar málið. Hann hefur ekki nokkurt minnsta vald á því að lofa neinu um það, að hann geti unnið neitt mál, þó að hann yrði sendur til Haag. Hér var aðeins um það að ræða, hvort menn vildu taka á sig þá áhættu að tapa niður sókn okkar í landhelgismálinu með öllu, eða hvort við ættum að fara þá leið, sem við höfum farið áður og ýmsir aðrir höfðu farið, að neita því, að erlendur dómstóll ætti úrskurðarvald í þessum efnum. Ég hef bent á þetta til þess að sýna, að Sjálfstfl. hefur ekki af miklu að státa í sambandi við aðgerðir sínar í landhelgismálinu, þegar það er rætt á breiðum grundvelli.

Komi maður svo að seinni hluta málsins, en hann varðar aftur það, hvernig staðið hefur verið að samningaviðræðunum við Breta og V.-Þjóðverja í þessu máli, síðan þær viðræður hófust, liggur það fyrir, þannig að allir vita og þekkja, að aðalmálgögn Sjálfstfl. hafa blátt áfram klifað á því allan tímann, alveg til hins síðasta, að við ættum að semja við Breta, það væri vel hægt að semja við Breta, það munaði svo að segja engu, þetta væri alveg að koma saman, og og þeir hafa verið í rauninni alltaf með öllum undansláttartillögum, sem fram hafa komið. Já, það hefur svo ekki verið sparað að gera tilheyrandi árásir á þá menn, sem af hálfu okkar Íslendinga hafa farið með okkar samningamál. Ég hef fengið ríflegan skammt af þessu allan tímann. Það hefur ekki borið mikið á milli Breta og þeirra forustumanna Sjálfstfl., þar hafa þeir þó verið á einu máli, að það þyrfti að losa sig við einn úr samningunum, sem sagt Lúðvík. (Gripið fram í.) Ætlar þú að samþykkja samkomulagið, Pétur, má ég spyrja? Ertu ekki búinn að gera upp hug þinn enn þá? — En það kom líka skýrt fram hér í umr. hjá form. Sjálfstfl., Geir Hallgrímssyni, að hann hélt því fram alveg eins og Bretar, að það hafi verið afstaða mín allan tímann að reyna að slíta Íslendinga frá vestrænni samvinnu. Þó að ég hafi staðið að tillögugerð um að bjóða samninga æ ofan í æ í fullu samráði við fulltrúa Sjálfstfl., bæði í landhelgisnefnd og utanrmn., því að þeim hefur svo sannarlega verið gerð grein fyrir þeim tillögum, sem fram hafa verið lagðar, — þó að ég hafi boðið það að standa að samningagerð miðað við ákveðið tilboð, þá hafa þessir aðilar kosið sér þá stöðu með Bretum að baknaga mig allan tímann og segja, að ég kæmi í veg fyrir samninga. Hvað hafa þeir meint með því? Auðvitað, að við hefðum átt að gefa meira eftir en við höfðum sett fram tillögur um. (Gripið fram í.) Jæja, hefur þú lesið það einhvers staðar? Blessaður, gefðu mér nú þetta blað. (**Forseti:** Þm. eiga að muna, að það á að segja: hv. þm.) Já, ég verð víst að bæta því við, en það kalla svo margir fram í hjá mér, að ég hef ekki við. Og svo er ég þar að auki að spara mér tíma. (**Forseti:** Það er mælt til þeirra líka.)

Mig langar svo að víkja að nokkrum atriðum, sem hér hafa komið fram í ræðu hv. þm. um viss efnisatriði málsins. Þá hef ég alveg sérstaka löngun til að víkja að hv. 2. þm. Vestf., Matthíasi Bjarnasyni. Þessi hv. þm. geystist hér allmikið. Jafnhliða því, að hann var að hæla landhelgissamningunum frá 1961, þessum ágætu samningum, sem hefðu bundið okkur alveg fasta, reiknaði hann það út, sem ég hefði búist við, að aðrir kæmu með en hann, en hann hefur samt fallið fyrir þessu, — hann reiknar út eins og sumir menn, sem lítið þekkja til fiskveiða og sjósóknar, hvað samningarnir frá 1961 hefðu stækkað landhelgina mikið í ferkm. Þessi ferkm útreikningur minnir mig alltaf á það, að menn séu farnir að reikna út íslenska fiskveiðilandhelgi í dagsláttum. En það er lítill mælikvarði á landhelgina, þótt menn finni það út, hversu margar dagsláttur hún sé. Sannleikurinn er auðvitað sá, að það eru viss svæði við landið og þá sérstaklega þau, sem eru næst landinu, sem hér hafa margfalda þýðingu fyrir okkur. Og allur ferkm reikningur er auðvitað fjas út í loftið. Jú, það er alveg rétt: með samkomulaginu, sem gert var 1961 var nokkuð breytt grunnlínum í kringum landið. En við þurftum ekki að gera neinn sérstakan samning við Breta þá og allra síst um það, að þeir gætu haft hér áhrif á útfærslu fiskveiðilandhelginnar við Ísland, jafnvel um ókomin ár, til þess að breyta okkar grunnlínum. Til þess höfum við alveg tvímælalausan rétt að lögum. Við þurftum ekki að gera neitt samkomulag og þurfum ekki að þakka Bretum eða einum né neinum neitt fyrir það. Það var aðeins okkar eigið ákvörðunarvald.

En hv. 2. þm. Vestf., Matthías Bjarnason, og reyndar fleiri þm. Sjálfstfl., sem hér hafa talað í kvöld, hafa verið býsna stórorðir um eftirgjöf fyrir Bretum nú eða algjöra uppgjöf. En ég vildi þá mega spyrja þessa hv. þm. um það, hvar þeir voru eiginlega staddir í landinu síðustu 3 vikur, á meðan þeir vissu mætavel hvaða tilboð lágu fyrir um hugsanlega samningagerð við Breta, og meðan þeir vissu, að það var ekki samstaða innan stjórnarflokkanna um það, hvernig ætti að standa að vissum atriðum í samkomulaginu. Við Alþb.-menn höfðum gert opinberlega grein fyrir því, hverju við vildum breyta og hvernig ætti að reyna að standa að því. Við töldum, að það ætti frekar að hafna samkomulaginu til þess að knýja fram betri samninga en að hverfa að þessu ráði. Það hefur ekki farið fram hjá neinum manni í landinu, að það var tekist meira og minna á um það, hvernig að þessum málum ætti að standa. Það fór m. a. ekki fram hjá Morgunblaðinu og Vísi. Þar var því lýst yfir daglega svo að segja, að Morgunblaðið, sem var þó að hafa ýmis orð um hv. forsrh., styddi nú forsrh. og nú það mætti þó treysta á stuðning þeirra sjálfstæðis-

manna í baráttunni við kommúnista, og annað eftir þessu. En hvar voru þeir, þessir glöðu baráttumenn á móti þessu samkomulagi, hv. 2. þm. Vestf. og hv. þm. Sunnl. hvar voru þeir staddir og af hverju létu þeir aldrei til sín heyra? Af hverju tóku þeir engan þátt í því að hafa áhrif á það, hvað væri að gerast? Og hvar var m. a. hv. 2. þm. Vestf., Matthías Bjarnason, stjórnarmaður í L. Í. Ú.? Hvar var hann staddur, þegar stjórn þess sambands var boðuð til fundar og samþykkti undireins fyrirliggjandi samningsgrundvöll? Hafði hann ekki áhuga á að mæta? Eða gleymdi Matthías Bjarnason sér og greiddi kannske atkv. með samkomulaginu þar, eins og L. Í. Ú. gerði? (Gripið fram í.) Nú, jæja. (Gripið fram í.) Hvað er hv. þm. að tala um? Veit hann ekki, að forsrh. hélt almennan blaðamannafund og það var skýrt frá öllum gangi málsins opinberlega í öllum blöðum. Og hvað hefur hv. þm. sagt síðan, þangað til nú? Hvað hefur hann sagt? Hann hefur steinþagað um áhuga sinn á málinu.

Já þessi hv. þm., sem hér greip fram í, Pétur Sigurðsson, hann er í stjórn, að ég ætla, hvort tveggja Sjómannafélags Reykjavíkur, sem samþykkir grundvöllinn, og líklega líka í stjórn Sjómannasambandsins, sem líka samþykkir grundvöllinn. Mætti hann hvergi? Er hann alveg hættur að hafa nokkur áhrif, þar sem hann er? Nei, það er ekki vitað annað en að þessir hv. þm. hafi dyggilega tekið undir þá afstöðu, sem kom fram í Morgunblaðinu og Vísi, og stutt það mjög dyggilega, að það þyrfti að víkja Lúðvík Jósepssyni til hliðar, hann mætti ekki koma nærri því að tala við Breta, úr því sem nú væri komið. Hann mætti ekki hafa neitt um það að segja, hvaða tíma þessi sérstöku veiðisvæði yrðu lokuð. En þessir menn geta svo komið fram hér á eftir og þóst vera á móti því samkomulagi, sem hér stendur til að gera. Það verður auðvitað ekki litið á afstöðu eins og þessa öðruvísi en svo, að hér er um grátbroslega tilburði að ræða. Það vita það nánast allir, að hv. 2. þm. Vestf., Matthías Bjarnason, og hv. þm. Þorv. Garðar Kristjánsson, þeir hafa haft það lengi í sigti, að þeir gætu náð vissum mönnum vel í skotfæri í sambandi við þessa samningagerð, og hafa eigi að síður stutt sinn flokk í því að vera með öllum undanslætti, þar sem tillögur hafa komið upp í landhelgismálinu. — Ég sé, að hv. þm. líður ekki vel, þegar þessi sannleikur er sagður um hann.

En hv. 2. þm. Vestf., Matthías Bjarnason, sagði hér ýmislegt um viss efnisatriði málsins, þar sem hann hallaði mjög réttu máli. Hann hélt því m. a. fram, þegar hann ræddi um veiðihólfin við landið, að Vestfjarðahólfið væri langsamlega þýðingarmest fyrir Breta. Það er rangt. Opinberar tölur sýna, að það er Austfjarðahólfið, en Vestfjarðahólfið kemur þar næst á eftir. Já, bara lemja hausnum við steininn, það er eina leiðin auðvitað, þegar menn verða fyrir óþægilegum staðreyndum. En það er ekki aðalatriðið. Það er ekki um það að villast, að langsamlega þýðingarmestu veiðisvæðin fyrir erlenda togara hér við land eru Austfjarðahólfið og eins Vestfjarðahólfið. Það eru þessi tvö hólf, sem eru langsamlega mest stunduð og langþýðingarmest. En í þeim till., sem fyrir liggja, er líka tekið langmest tillit til þessara svæða, en ekki eins og hv. þm. sagði, minnst tillit til þeirra. Á Vestfjarðasvæðinu er gert ráð fyrir sérstöku bátasvæði, sem breskum togurum er algerlega óheimilt að koma inn á allan tímann, þar mega þeir aldrei veiða nær landi en upp að 20 mílum. Það er ekkert veiðihólf, sem hefur slíka allsherjarvernd eins og Vestfjarðahólfið, þar sem 20 mílna reglan gildir fyrir þessu hólfi öllu allan tímann. Austfjarðahólfið kemur þarna næst með verndun af þessu tagi, en sú verndun nær þó ekki nánda nærri eins langt. Mjög þýðingarmikill hluti af veiðisvæði Austfirðinga er opinn fyrir hinum erlendu aðilum alveg upp að 12 mílum. En það er enginn vafi á því, að þessar friðunarreglur, sem þarna er gengið út frá fyrir Vestfirðinga, eru þeim mjög dýrmætar.

Ég efast ekkert um það fyrir mitt leyti og hef látið uppi þá skoðun oft áður, að auðvitað hefði verið æskilegt, að tvö hólf hefðu verið lokuð hverju sinni allt í kringum landið, en ekki eitt. Það hefði auðvitað verið gífurlega mikill munur fyrir Vestfjarðamiðin og önnur mið í kringum landið, ef Bretar hefðu verið með öllu útilokaðir frá veiðum þar út að 50 mílum í 4 mánuði, sem hefðu síðan verið valdir með tilliti til hagsmuna okkar Íslendinga, en ekki að hér væri aðeins lokað svæði í tvo mánuði og það að verulegu leyti skv. reglum, sem Bretar virðast hafa sett fram kröfur um. Auðvitað hefði þetta verið þýðingarmikið. En það hefur sem sagt komið í ljós, að það hefur ekki náðst fram, þrátt fyrir það, að við Alþb.-menn börðumst fyrir því að fá þessar breytingar fram, eins og við höfðum aðstöðu til.

Það er auðvitað líka eins og hver önnur fjarstæða hjá hv. 2. þm. Vestf., Matthíasi Bjarnasyni, að halda því fram, að þær reglur, sem hér er um að ræða, hafi ekkert að segja fyrir Vestfjarðamiðin. Auðvitað hefur það allmikið að segja fyrir þessi mið, sem lágu undir miklum ágangi útlendinga, þegar þeir geta ekki sent á miðin neina frystitogara, sem þeir hafa oftsinnis sent hingað á miðin áður. Og það hefur líka vitanlega mikið að segja fyrir miðin þar, að 30 skip af þeim skipastóli, sem Bretar hafa sent hingað á miðin, skuli þó vera útilokuð frá því að mega taka þátt í veiðunum. Auðvitað er hér um talsvert verulegan niðurskurð að ræða á sókn. Hitt er svo allt annað mál, að ég hef verið á þeirri skoðun og er á þeirri skoðun enn, að það hefði verið mjög nauðsynlegt að fá hér fram meira en gert er ráð fyrir í þessum samningi. En ég tel mig, og við Alþb.-menn, teljum, að við höfum gert það, sem í okkar valdi stóð, til þess að reyna að fá hér fram betri samning. En það verður ekki hægt að segja, að Sjálfstfl. hafi stutt við bakið á okkur í þeim efnum.

Ég held, að það hljóti að fara fyrir fleirum svipað og mér, sem hlusta á þessar aðfinnslur hjá hv. 2. þm. Vestf. og hv. 2. þm. Sunnl., Guðlaugi Gíslasyni, og hv. þm. Þorv. Garðari Kristjánssyni, þegar þeir ryðjast nú fram á völlinn og tala jafnvel háfleygt um það, eins og hv. þm. Þorvaldur Garðar, að það sé ömurlegt og hastarlegt, eins og hann sagði, að við skulum gefa svona eftir fyrir Bretum, um það leyti sem,

eins og hann sagði, breska nýlenduveldið er alveg komið að fótum fram. Ja, maður hefði nú kannske mátt heyra það fyrr, að þetta væri skoðun þeirra í Sjálfstfl., að nú væri breska nýlenduveldið komið að fótum fram og ekki væri ástæða til að gefa neitt eftir fyrir þeim. Hvernig í ósköpunum stóð á því, að þessir hv. þm. komu ekki fram fyrr og létu til sín taka (Gripið fram í.) Nú, var þá allt gott?

En það, sem hér er um að ræða og er aðalatriði þessa máls, er, að við Íslendingar erum nú búnir að takast á við Breta í 2 ár í rauninni um okkar landhelgismál. Hafa verið okkur einna örðugastir í þeim átökum þeir samningar, sem við vorum að vissu leyti bundnir við lengi vel, frá tíð viðreisnarstjórnarinnar gömlu, samningarnir frá 1961. Það liggur alveg ótvírætt fyrir, að málsvarar Sjálfstfl., þeir sem ráðið hafa m. a. penna Morgunblaðsins og Vísi, hafa verið úrtölumenn allan tímann. Og það hefur verið algengt að helstu talsmenn Breta hafi veifað Morgunblaðinu einnig úti í Englandi til rökstuðnings sínu máli. Þetta hefur vitanlega ekki styrkt okkar aðstöðu í átökunum við Breta. Það er enginn vafi á því, að sérstaklega eftir að deilan tók að harðna við Breta, þá þurftum við á öllu okkar að halda. Við þurftum m. a. á því að halda, að við kæmum svo einarðlega fram við þá, að við segðum þeim það á þann hátt, sem þeir skildu, að við mundum slíta við þá stjórnmálasambandi, þegar þar að kæmi. Og það hefði gjarnan mátt senda þeim fleiri orðsendingar, sem þeir hefðu kannske veitt athygli. En þá var því ekki að heilsa, að Sjálfstfl. veitti mikinn stuðning til þess. Það voru fulltrúar hans í utanrmn., sem voru þeir einu, sem hikuðu og vildu ekki grípa til neinna frekari hótana gagnvart Bretum.

Þetta dró auðvitað allt til þess, að Bretar töldu, að þeir hefðu efni á því að berjast við okkur, þó með nokkuð hörðum átökum væri, og berjast við okkur lengi. Þeir heyrðu, að hér voru fulltrúar stórs flokks í landinu, sem trúðu áróðri þeirra. Þeir áttu meira að segja sína málpípu hér á Alþingi, formann stærsta stjórnmálaflokksins, Geir Hallgrímsson, sem hér flutti áróður þeirra um það, hvað þeim vegnaði vel á miðunum, bresku skipunum, og hvað þau fiskuðu þar mikið. Og hann flutti hér hreinar áróðurstill. þeirra um ástandið á miðunum. Þegar gripið var til nokkuð róttækra aðgerða í sambandi við landhelgisgæsluna, var það formaður stærsta stjórnmálaflokksins, sem nú er orðinn, sem m. a. beitti mestum úrtölum. Það var athyglisvert, að á meðan við stóðum í þessum hörðu átökum við Breta, var þannig staðið að málum hér, að menn voru að rífast um það á Alþingi við hv. þm. Geir Hallgrímsson, hversu Bretum liði nú vel á miðunum og hvað þeir hefðu fiskað mikið. Það var verið að rífast um þetta allt fram undir það svo að segja, að bresku togaraskipstjórarnir gáfust upp og fóru út úr landhelginni, af því að þeir þoldu ekki við lengur. En þannig var þetta, að ýmsir höfðu léð þessu eyra hér, og menn voru farnir að trúa því, að e. t. v. gætu Bretar hér mikið, en þeir gátu ekki meir en þetta, að þeir voru að gefast upp. Svo kom áróðurinn um það, hvað þeim liði afskaplega vel undir herskipaverndinni, þó að þeir hefðu getað haft hér herskip yfir hásumarmánuðina, á meðan auðveldast var að stunda veiðar hér við Ísland og auðveldast var fyrir herskipin að vera hér. Þá var því haldið fram, að Bretar hefðu veitt hér mun meira en þeir hafa veitt, til þess að sýna fram á það, hvað ráðstafanir Íslendinga væru þýðingarlítlar, og Morgunblaðið sló því upp dag eftir dag, að útfærsla okkar hefði gersamlega mistekist.

Þetta var sú aðstaða, sem við bjuggum við í átökunum við Breta. Það var því í rauninni ekkert óeðlilegt, að til þess kynni að draga, að við gætum ekki haldið út af fullum krafti í átökum okkar við Breta, það mundu einhverjir linast. Ég segi það fyrir mitt leyti, að ég hefði kosið að halda þessum átökum áfram. Ég hefði gjarnan viljað, að bresku herskipin hefðu fengið að halda hér til á miðunum næsta vetur og mæta þeim erfiðleikum, sem þau mundu mæta hér á Íslandsmiðum yfir háveturinn, og sjá, að hvað miklu gagni þau hefðu komið.

En málið þróaðist þannig, eins og allir vita, að það var horfið að því ráði að reyna að fá það út úr samningunum við Breta, sem mögulegt var á þessu stigi málsins. Ég viðurkenni, að með þeim samningsdrögum, sem hér liggja fyrir, fáum við í okkar hlut allþýðingarmikla hluti. Niðurskurðurinn á flotanum hefur sitt að segja, og bátasvæðin hafa líka talsvert að segja. Þó að ekki sé nema eitt hólf lokað hverju sinni, þá hefur það einnig nokkra þýðingu. Ég efast ekkert um það, að hér eru Bretar að draga talsvert mikið úr sínum veiðimöguleikum frá því, sem þeir voru, á meðan hér var allt óheft, á því leikur enginn vafi. Og það er líka rétt, sem hér hefur verið sagt, að í þessu samkomulagi liggur viss almenn viðurkenning Breta á rétti okkar yfir 50 mílna landhelgissvæðinu. Ég hefði hins vegar talið, eins og ég hef sagt, að við hefðum átt að halda þessari deilu áfram og ná hér betri kosti. En það lá alveg skýrt fyrir, að það gat ekki orðið samstaða um það. Við Alþb.-menn gerðum því samkomulag við okkar samstarfsflokka um að standa að því samkomulagi, sem hér liggur fyrir, eins og við höfum gert grein fyrir, og ég tek alveg undir það, sem hæstv. heilbrrh. Magnús Kjartansson sagði hér, mín afstaða er nákvæmlega sú sama og hans.

Ég ætla mér ekki að skorast á neinn hátt undan því að bera ábyrgð á því að samþykkja þetta samkomulag, sem hér liggur fyrir. En ég hef áskilið mér rétt til þess að gera fulla grein fyrir því, eins og ég hef gert hér, hvert mat mitt var á stöðunni og hvernig ég leit á þessi mál og hvernig ég hefði frekar kosið að staðið væri að málinu. En þetta var, úr því sem komið var, tvímælalaust besti kosturinn, því að sá kostur hefði að mínum dómi verið hryllilegasti af öllum, ef Bretar höfðu fengið þennan samning, sem hér er um að ræða, og svo íhaldsstjórn á Íslandi daginn eftir. Þá hefðu þeir haldið sameiginlega hátíð, þeir í Morgunblaðshöllinni og hinir þarna suður í Downing Street, sem þar eru nú. Þá hefði verið sameiginlegur gleðskapur á báðum þessum stöðum.

Já, það er rétt, að ein meginástæðan til þess, að ég álít, að við hefðum þurft að fá meira út úr

samningunum við Breta, er einmitt sú, að ég tel, að staða fiskstofnanna hér við landið sé orðin það veik, að við þurfum á meiri friðun að halda en við fáum út úr þessu samkomulagi. (Gripið fram í.) Það hefur ekki staðið á mér að vera með aukinni friðun, en ég hef bara gert mér grein fyrir því, að ástandið er þannig, að skv. opinberum skýrslum veiða Bretar meira en annan hvern fisk, sem veiddur er á Íslandsmiðum, meira en helminginn að fiskatölu til. Og á meðan ekki eru gerðar nægilega sterkar ráðstafanir til þess að færa niður sóknina hjá þessum aðila, sem tekur rúmlega helminginn af öllum fiskinum, þá er meira og minna gagnslítið, að hinn aðilinn dragi að sér höndina. Því verða vitanlega allar friðunarráðstafanir að taka mið af þessu.

Ég vil svo aðeins að lokum endurtaka það, að ég tel þessa tilburði hjá þeim, sem hér tala af hálfu Sjálfstæðisfl. á móti þessum drögum, nánast grátbroslega, þegar tekið er tillit til þess, sér, að það liggi afskaplega lítil alvara á bak hvernig málin hefur borið að. Ég held nú í sjálfu við ræður þessara hv. þm., af því að þeir hafa stutt sinn flokk í því, sem ég hef hér verið að lýsa, að hefur verið þeirra stefna í framkvæmd.

Ég tel, að besti kosturinn, úr því sem komið er, sé að samþykkja þá till., sem hér liggur fyrir. Ég geri mér vonir um það, að við getum haldið áfram nauðsynlegustu friðunarráðstöfunum eigi að síður, þó að það komi ekki skýrt fram í þessum samningum, þannig að þær allra nauðsynlegustu nái fram að ganga, og verður a. m. k. við það að miða. En ég sem sagt reyni ekki að skjóta mér undan því á neinn hátt — og læt ekki undan neinum frýjunarorðum neinna varðandi þessi mál — að standa með því samkomulagi, sem ég hef gert, og tek að mér á borð við alla aðra að bera ábyrgð á því sem því skásta, sem um var að velja, eins og komið var.

Ellert B. Schram: Herra forseti. Hæstv. ráðh. Alþb. hafa flutt hér all einkennilegar ræður við þessa umræðu. Þið hafið nú heyrt í hæstv. sjútvrh., þar sem hann fjallaði aðeins að óverulegu leyti málefnalega um þá till., sem hér liggur fyrir. Í stað þess eys hann skömmum og svívirðingum yfir sjálfstæðismenn rétt eins og þeir beri ábyrgð á þeirri till., sem hér er lögð fram. Maður gæti ímyndað sér, að fólk, sem ekki hefur fylgst með þessum umr. og gangi mála og hlustaði á þennan málflutning, stæði í þeirri trú, að það væru sjálfstæðismenn, sem væru að flytja þessa till., en ekki hæstv. sjútvrh.

En í lok ræðu sinnar sér hann þó ástæðu til þess, þessi hæstv. ráðh., sem ber fram þessa till., að lýsa því yfir, að hann ætli ekki á neinn hátt að skorast undan að bera ábyrgð á þessari till. Það hefðu einhvern tíma þótt tíðindi, að ráðherrar og tillögumenn þurftu að lýsa því yfir í ræðum, að þeir ætluðu ekki að skorast undan því að standa við sínar eigin tillögur.

Hæstv. iðnrh. flutti líka mjög einkennilega ræðu fyrr í þessari umr. Auk þess sem hann fjallaði í löngu máli um innanflokksmál Sjálfstfl., flutti hann heimspekilegar vangaveltur um viðhorf almennings til stjórnmálamanna. Það vekur alltaf undrun mína, hvernig þessi hæstv. ráðh. talar alltaf um stjórnmálamenn í annarri og þriðju persónu, rétt eins og hann sé þeim hópi algerlega óviðkomandi og afneiti honum. Niðurstaða hans af þessum hugleiðingum var sú, að Alþb. vildi nú taka tillit til hins nýja tíðaranda og þess vegna ræddi Alþb. sín mál fyrir opnum tjöldum og gerði ágreining sinn við meðstjórnarflokka sína opinberan. Nú er ég ekki á móti opnari stjórnmálaumr., en auðvitað er þetta mál ekki svona einfalt. Það, sem Alþb. hefur gert, hefur verið að brjóta trúnað, virða óskir hæstv. forsrh. nánast að engu og lýsa till. hans gersamlega óaðgengilegar. Og Alþb. hefur gert meira í þessu máli. Það hefur svikið sín loforð við sína kjósendur og gengið til samninga við Breta vitandi um það, að þeir væru úrslitakostir. Alþb. hefur ákveðið að taka afstöðu í máli þessu þvert gegn vilja sínum og yfirlýsingum. Ég veit ekki, hvernig hæstv. iðnrh. lítur á hlutverk sitt í stjórnmálum, en ég þykist þó geta sagt honum, að það er sannarlega ekki í samræmi við tíðarandann að gefa út yfirlýsingar og taka svo ákvarðanir þvert gegn þeim.

Hins vegar er það mjög athyglisvert að heyra þá kenningu hjá þessum hæstv. ráðh. og forustumanni Alþb., að staða flokks hans hafi styrkst við þessi vinnubrögð. Það vita þá væntanlega allir nú, að ef Alþb. fylgir eftir þessum kenningum sínum að fara í gegnum sjálft sig og vega að samstarfsmönnum sínum, þá er ljóst, hver vinnubrögðin verða og hverjar skýringarnar verða, þegar kemur að næsta stórmáli.

Ég vil í þessu sambandi, þó að það sé nánast aukaatriði, ekki láta hjá líða að mótmæla enn einu sinni tilvitnun þessa hæstv. ráðh. í einhverjar ímyndaðar ályktanir ungra sjálfstæðismanna. Ég hef áður bent hæstv. ráðh. á, að þetta sé á einhverjum misskilningi byggt, en hann hefur látið sér sæma að endurtaka þessi ósannindi við þessa umr. Hér hefur þessi hæstv. ráðh. talað sem hinn syndlausi. Hann hefur gert aðkast að Sjálfstfl. og upphefur sjálfan sig á kostnað þess flokks. Og það er ómerkilegur málflutningur og lítilmannlegur, þegar þessi ráðh. er að vitna í ályktanir og ummæli, sem eiga sér enga stoð í veruleikanum. Ábyrgur stjórnmálamaður og hæstv. ráðh. ætti að skammast sín fyrir slíkan málflutning.

Þá ætla ég að víkja nokkrum orðum að því máli, sem hér er á dagskrá. Allt frá árinu 1961 hafa átt sér stað í þessu landi hatrammar deilur um þá samninga, sem gerðir voru við Breta og Vestur-Þjóðverja um lausn landhelgisdeilunnar á þeim tíma. Þessar deilur hafa verið óvenjulegar að því leyti, að þar hefur ágreiningur virst mun djúpstæðari og skoðanir manna fjarlægari en í flestum öðrum málum. Jafnvel í deilum um varnarmálin, sem þó eru mjög heitar hér, hafa menn virt skoðanir hver annarra og viðurkennt a. m. k. í raun, að sá ágreiningur stafaði ekki af öðru en málefnalegum skoðanamun, þar sem það eitt vekti fyrir mönnum, sem þjóðernistilfinning þeirra byði þeim.

Á hinn bóginn hafa ásakanir varðandi samkomulagið frá 1961 verið miklu heiftugri. Þar hefur þeim mönnum, sem stóðu fyrir samkomulaginu, verið brigslað hvað eftir annað um landráð og glæpsamlegt athæfi gagnvart íslenskum hagsmunum. Við höfum heyrt þessar yfirlýsingar og aðdróttanir endurteknar í þessum umr., þeg-

ar hæstv. iðnrh. talaði um alvarlegt afsal landsréttinda og átti þá við samkomulagið frá 1961.

Nú þegar sá atburður á sér stað, að lagður er fram samningur eða till. að samningi, sem í eðli sínu er sambærilegur við hið fyrra samkomulag, þá er fyllilega eðlilegt og óhjákvæmilegt að rifja upp umr. og skoðanaskipti um þetta umdeilda mál, ekki síst þegar það er hald manna, að einmitt afstaða flokka og einstakra stjórnmálamanna hafi mjög ráðið úrslitum um þá stjórnmálaþróun, sem átt hefur sér stað í þessu landi hin síðari árin.

Það er mín skoðun, að nú þegar við ræðum um þetta samkomulag eða tillögur til samkomulags, séum við ekki aðeins að ræða um, hvort við eigum að samþykkja það eða fella það, heldur séu hér ráðin örlög þess málflutnings, sem hafður hefur verið uppi allan síðasta áratug, og jafnframt lagður dómur á samkomulagið frá 1961.

Ég mun stikla á stóru, þegar ég geri þennan samanburð á þessum tveimur samningsdrögum, en ég geri það vegna þess, að ég er einn þeirra, sem fullyrða, að samningurinn frá 1961 hafi verið góður og alla vega hafi hann verið góður í samanburði við þann samning, sem nú er lagður fram. Ég mun reyna að halda mig við málefnalegan samanburð.

Það hefur verið fullyrt af andstæðingum samkomulagsins frá 1961, að þar sé um að ræða réttindafsal. Hv. 1. þm. Austf. notaði þetta orð sömuleiðis hér við þessar umr. Hann talaði um réttindaafsal, og þegar maður skoðar umr. frá þinginu frá 1960, eða áður en samkomulagið var gert 1961, þá er það athyglisvert, að því var mjög haldið fram, að samkomulagið mundi binda hendur okkar Íslendinga um aldur og ævi, það mundi svipta okkur þessum réttindum til að færa út. Því var jafnvel haldið fram, að slíkir samningar væru einsdæmi í sögu fullvalda ríkja. Nú er það mitt mat, að á s. l. tveimur árum hafi það sannast, að þetta hafi ekki átt við rök að styðjast. Samkomulagið frá 1961 hefur ekki komið í veg fyrir einhliða útfærslu, og ég veit, að enginn hv. þm., enginn Íslendingur, dregur það í efa, að við höfum gert það í fullum rétti. Okkur hefur greint á um, hvort segja ætti upp samningnum frá 1961. Við sjálfstæðismenn höfum bent á, að samkvæmt því samkomulagi væri tekið beinlínis fram, að Íslendingar hygðust færa frekar út og tilvist samningsins væri því engin hindrun í þeim efnum. Núv. stjórnarsinnar hafa hafnað þessum skilningi og töldu uppsögn samningsins forsendur frekari útfærslu. En þessi ágreiningur breytir ekki þeirri staðreynd, að tilurð og tilvist samningsins frá 1961 hefur ekki bundið hendur okkar, hvað þá að þar hafi verið um að ræða réttindaafsal um aldur og ævi. Ella stæðum við ekki hér í þessum sporum nú. Ella hefðum við ekki fært okkar landhelgi út í 50 mílur, hvort heldur við segjum þrátt fyrir eða vegna samkomulagsins frá 1961.

Einhver kann nú að segja, að einmitt vegna ágreiningsins um það, hvort samningurinn væri í gildi eða ekki, hefðu Bretar og Vestur-Þjóðverjar getað skotið máli sínu til Haag og hans vegna, þ. e. a. s. samningsins, væri enn óvissa um rétt okkar og viðurkenningu annarra þjóða. En ég spyr þá: Dettur einhverjum í hug, að Bretar, Vestur-Þjóðverjar eða yfirleitt aðrar þjóðir hefðu frekar viðurkennt útfærsluna, enda þótt samningurinn frá 1961 hefði ekki verið í gildi og ekki væri hægt að vísa til málskots til Haag? Réttur okkar til útfærslu er eitt, en viðurkenning er annað. Við erum allir sammála um rétt okkar, og í því efni orkar samningurinn frá 1961 ekki heldur tvímælis. Hér er hins vegar deilt um viðurkenninguna, og að því leyti er landhelgisútfærslan ekki komin í heila höfn, og ég leyfi mér að fullyrða að aðrar þjóðir hefðu ekki orðið fyrri til, nema þá síður væri, að veita okkur viðurkenningu, og vitaskuld væri sama óvissan ríkjandi um afstöðu þeirra, hvort heldur sem samningurinn frá 1961 hefði verið gerður eða ekki.

Allt þetta ber að sama brunni: Samkomulagið frá 1961 hefur ekki orðið okkur til trafala og hefur ekki bundið hendur okkar við útfærslu landhelginnar í 50 mílur. Að þessu leyti er ljóst, að ásakanir um réttindaafsal um aldur og ævi hefur ekki átt við rök að styðjast. Sjálfstæðismenn héldu því fram 1961 samkomulaginu til gildis á þeim tíma, að það kæmi í veg fyrir vopnaða íhlutun Breta, að það forðaði frá árekstrum og hættuástandi á miðunum, þá og þegar við færðum út. Á þetta var ekki hlustað. Nú hefur atburðarásinn orðið sú, að við höfum fært út og til árekstrar hefur komið. Til þess að forðast frekari átök leggur nú hæstv. ríkisstj. fram till. til bráðabirgðasamkomulags, og eins og í ljós hefur komið, er samningurinn svo gallaður, að hann hefur þann eina tilgang, og það er það eina, sem réttlætir hann, að við öðlumst með því frið, við forðumst þessa árekstra. Þann frið kaupum við með því að slá á frest frekari framkvæmdum og endanlegum ákvörðunum. M. ö o.: það, sem blasir við okkur núna, er þetta:

Fyrst er einskis metið af núv. stjórnarsinnum það ákv., sem var í samkomulaginu frá 1961, því er hafnað. Síðan er boðið heim þeim orsökum, sem nú valda því, að það er gerð tilraun til samkomulags, sem bindur hendur okkar í næstu tvö ár. Öllum aðgerðum er nú slegið á frest, og við verðum að bíða og vona, að mér skilst helst að bíða eftir því, að upp úr verði kveðið á Hafréttarráðstefnunni.

Ein þyngstu og veigamestu ámælin á fráfarandi ríkisstj. voru þau, að hún vildi ekkert gera, en frestaði öllum aðgerðum fram yfir Hafréttarráðstefnuna. Að vísu var það rangt að mínu mati, að fráfarandi ríkisstj. hefði viljað fresta öllum aðgerðum. En hitt er rétt, að núv. stjórnarandstaða taldi óhjákvæmilegt að taka tillit til niðurstöðu Hafréttarráðstefnunnar og vildi haga svo sínum aðgerðum, að málstaður okkar fengi stuðning á þeirri ráðstefnu. Nú er málum svo komið, að raunverulega er hæstv. ríkisstj. að leggja til, að við sláum aðgerðum á frest, þangað til úrslit fást á þessari ráðstefnu, og þó er það raunverulega ekki svo gott, því að ég get ekki betur séð en að þetta samkomulag, sem á að gilda til tveggja ára, gæti þýtt það, að Bretar fengju að halda hér áfram veiðum, jafnvel þótt Hafréttarráðstefnan tæki ákvarðanir okkur í hag í millitíðinni. Hér er því ekki aðeins um það að ræða, að ríkisstj. hefur í reynd fallist á þau sjónarmið, að Hafréttarráðstefnan hafi hér þýðingu, heldur hefur orðið um beinan undanslátt að ræða.

Þessi samningur eða drög að samningi, sem hér

liggja fyrir, gera ráð fyrir því, að Bretar veiði innan 50 mílna í tvö ár. Í umr. frá 1960-1961 gerðu þáv. stjórnarandstæðingar sér mikinn mat úr því ákvæði, sem heimilaði Bretum að stunda veiðar innan 12 mílna landhelginnar um tiltekinn tíma á tilteknum svæðum í 3 ár. Þetta þóttu alger svik og undansláttur, og gefið var í skyn, að síðan yrði samið við Breta um áframhaldandi veiðar að þessum tíma loknum, eða jafnvel, að þeir mundu ekkert um það spyrja, heldur halda sínum veiðum áfram eftir sem áður. Þetta muna þeir vel, sem sátu á þingi á þeim tíma. Og þetta muna þeir vel, sem fylgdust með þeim umr. utan þings. Þetta sannaðist að vísu að vera ómerkilegur áróður, en ég get ekki látið hjá líða að vitna til ummæla hæstv. félmrh. Björns Jónssonar um þetta atriði, en hann sagði, með leyfi forseta: „Þó að ekkert annað né meira réttindaafsal fælist í þessari þáltill., sem hér er rædd, þá væri slíkt afsal glæpur gagnvart íslenskum hagsmunum.“ Hvorki meira né minna en glæpur gagnvart íslenskum hagsmunum. Hvað skyldi hæstv. ráðh. segja nú, þegar hann stendur að því að leggja fyrir Alþ. nákvæmlega sams konar samkomulagstill. en án þess þó, að nokkur viðurkenning fáist í staðinn, eins og samningurinn frá 1961 gerði þó ráð fyrir? Hverjir eru nú glæpamenn og þjóðsvikarar?

Ólafur Jóhannesson forsrh. sagði um þetta atriði í umr. 1960, með leyfi forseta: „En með því að opna landhelgina fyrir veiðiskipum annarra þjóða er landhelgin raunverulega minnkuð, og hvernig sem menn annars líta á efni samningsins, þá verður aldrei komist fram hjá þessum staðreyndum, heitrofum og umboðsskorti íslensku ríkisstj.“

Báðir töldu þessir menn, sem nú eru orðnir hæstv. ráðherrar, Björn og Ólafur Jóhannesson, að ríkisstj. hefði skort umboð til að semja um slíkan undanslátt í landhelgismálinu eins og þann að semja við Breta um tímabundnar veiðar innan 12 mílnanna. Skyldu þessir menn hafa haft umboð nú til þess að semja um sams konar undanþágur og raunar miklum mun verri undanþágur? Léðu þeir máls á því, þegar þeir sóttust eftir umboði kjósenda, að þeir undirskrifuðu samkomulag, sem er engu betra en samkomulagið frá 1961, svo að ekki sé meira sagt? Þetta eru spurningar, sem samviska þeirra hlýtur að svara. Annaðhvort hefur opinberast, að þeir hafi brigslað stjórnmálaandstæðingum sínum um landráð að ósekju eða þeir gerast nú sekir um sams konar glæpi og þeir hafa ásakað aðra um að fremja. Hvorugur kosturinn er góður, og raunar er allt þetta mál með svo einstökum hætti, að sögu-skýrendur munu furða sig mjög á. Það er ég viss um.

Þá var það ein fullyrðingin enn, að samkomulagið frá 1961 hefði verið nauðungarsamningur, því hefði hann ekkert gildi. Um þetta atriði hefur verið fjallað hér í umr. Auðvitað er það rétt, sem á hefur verið bent, að þeir samningar, sem nú er verið að gera, eru nákvæmlega jafnmiklir eða jafnlitlir nauðungarsamningar og hið fyrra samkomulag. 1960 voru herskipin að vísu enn innan landhelginnar, en nú var samið undir þeirri hótun, að Bretar sendu aftur inn herskip sín, ef ekki yrði gengið að samkomulaginu, og það sem meira er, hér er um úrslitakosti, afarkosti að ræða af hálfu Breta. Íslendingum er stillt upp við vegg og við þá sagt: Annaðhvort þetta samkomulag eða ekkert samkomulag. Annaðhvort þetta samkomulag eða við komum aftur með herskipin. — Hvað er þetta annað en sams konar nauðung, ef menn vilja kalla þetta nauðung, eins og 1961?

Hv. þm. Steingrímur Hermannsson hefur jafnvel gengið enn lengra en ýmsir aðrir í þessu sambandi, því að hann sagði í útvarpsumr. fyrir síðustu kosningar, með leyfi forseta: „Þessi samningur,“ þ. e. a. s. samningurinn frá 1961, „hefur verið nefndur nauðungarsamningur. Satt að segja felli ég mig ekki sem best við þá skýringu. Þjóðin veit, að sigur hafði unnist í deilunni, því getur varla verið um nauðung að ræða. Hitt þykir mér líklegra, að þarna komi fram undirlægjuháttur viðreisnarstjórnarinnar við erlent vald.“

Þetta voru orð hv. þm. Steingríms Hermannssonar í útvarpsumr. fyrir síðustu kosningar.

Nú er það spurning, hvort það sé álit þessa sama hv. þm., að deilan við Breta hafi staðið betur 1961, eftir að viðreisnarstjórnin hafði haldið um stjórnartaumana um nokkurt skeið, heldur en nú, þegar vinstri stjórnin hefur haft alla forustu á hendi í rúm tvö ár. Ef sigur hafði raunverulega unnist, þegar samningarnir voru gerðir 1961, hvar stendur deilan þá nú. Er hv. þm. þeirrar skoðunar, að staðan sé verri á þessum tíma? eða er hv. þm. þeirrar skoðunar, að nú sé hæstv. ríkisstj. að sýna undirlægjuhátt sinn gagnvart erlendu valdi? Það væri fróðlegt að fá skýringar á þessu.

Að mati annarra enn þá róttækari stjórnarandstæðinga á þeim tíma var þessi undirlægjuháttur túlkaður með öðrum hætti. Hv. þm. Gils Guðmundsson komst svo að orði, með leyfi forseta: „Ég tel enga hugsanlega skýringu á smánarsamningnum við Breta frá 1961 aðra en undanlátssemi gagnvart NATO. Þá var þjóðareiningu um landhelgismálið fórnað á altari Atlantshafsbandalagsins, þegar samkomulagið var gert árið 1961“ Þetta sagði hv. þm. Gils Guðmundsson.

Nú skulum við gera ráð fyrir því, að Alþb. sé enn andsnúið NATO, þó að varlegt sé að fullyrða slíkt á tímum hringsnúninga og kollsteypna þessa stjórnmálaflokks. En ef gengið er út frá því, að Alþb. vilji viðhalda þjóðareiningu, án þess að það sé gert af velvilja gagnvart NATO, hefur þá ekki fengist staðfesting á því, svo að óyggjandi sé, hversu fráleitt og lágkúrulegt það hefur verið að halda því fram, að samningurinn hafi verið gerður vegna undanlátssemi við NATO. Sá samningur, sem nú er verið að gera, er sprottinn af sömu hvötum, og ég læt að vísu Alþb. og hv. þm. Gils Guðmundssyni eftir að draga sínar ályktanir, en ef hann er enn sömu skoðunar og fram kemur í fyrrgreindum orðum hans, þá er hringsnúningur þeirra Alþb-manna meiri og stórbrotnari en ég hef gert mér í hugarlund. Þá er ekki nóg með það, að þeir kyngi óaðgengilegum smánarsamningi nú, heldur eru þeir farnir að taka sjálfsmorðskollsteypur af einskærri tillitssemi við Atlantshafsbandalagið.

Hæstv. sjútvrh. hefur gert tilraun til að réttlæta fyrir sér og þjóðinni þetta samkomulag, sem nú liggur hér fyrir, á þeirri forsendu, að nú væri

ekki gert ráð fyrir neinum yfirdómi, engum gerðardómi, eins og gert hefði verið 1961, eins og hann kemst að orði.

Nú er rétt að vekja athygli á því, að þessi hæstv. ráðh. hefur ekki treyst sér til þess að rifja upp röksemdir sínar frá umr. fyrir heilum áratug. Hann hefur ekki treyst sér til þess einfaldlega vegna þess, að þær hafa allar fallið um sjálfar sig. Og það væri einfalt að sýna fram á það, ef með þarf. Hann hefur gert lítið úr gerðardómnum, og í þeim tilgangi hefur hann rangtúlkað ummæli látinna manna. Ráðherrann gefur í skyn, að engin alþjóðalög séu til og því sé það fásinna mikil að vísa slíku máli til alþjóðadómstóls. Hann hefur að vísu verið spurður um það áður, en ég spyr hann enn um það, þegar hann talar um, að engin alþjóðalög séu til: Vill hann þá meina, að útfærslan 1958 og útfærslan 1972 hafi ekki byggst á lögum, hafi ekki byggst á rétti? Vill hann viðurkenna, að hans aðgerðir í þessu máli hafi ekki verið bundnar við lagalegan grundvöll?

Ég er þeirrar skoðunar, hvaða álit sem ég annars hef á þessum hæstv. ráðh., að hann hafi haft réttinn með sér í þessu máli. Og þegar menn hafa réttinn með sér, þá eiga þeir ekki að hika við að leggja málstað sinn undir úrskurð dómstóla. Þeirrar skoðunar er ég, og þeirrar skoðunar er hæstv. forsrh. sbr. margtilvitnuð og margfræg ummæli hans frá umr. í nóv. 1960.

En við skulum skoða aðeins gerðardóminn betur. Í hvaða efnum átti samkvæmt samningnum frá 1961 að vísa máli til gerðardóms? Það var ekki vegna hugsanlegs ágreinings um 12 mílna útfærsluna. Bretar lýstu því yfir í þessum samningi sjálfum, að þeir féllu frá frekari kröfum og viðurkenndu, eins og síðar hefur verið staðfest, 12 mílna lögsöguna. Það var ekki vegna framkvæmdar á samningnum, sem þurfti að vísa málinu til gerðardómsins, vegna þess að í samningnum var að fullu og öllu viðurkennt, að Íslendingar hefðu full yfirráð yfir sinni eigin lögsögu, og það er meira en nú er gert. Nú fæst engin viðurkenning á okkar rétti til 50 mílnanna. Og nú sjást engin óyggjandi ákvæði um það í þessum samningi, hvernig með skuli fara, þegar brot eiga sér stað innan okkar eigin lögsögu. Það verður að setja sérstök lög um það til að lögfesta skoðanir hæstv. forsrh. um það, hvernig eigi að skýra þessi ákvæði samningsins. Þetta er mikil háðung. Nei, gerðardómurinn 1961 átti ekki að fjalla um þetta. Hann átti aðeins að koma til, ef ágreiningur risi um frekari útfærslu landhelginnar, um það, hvort Bretar ættu að viðurkenna útfærsluna eða ekki. Og það er auðvitað eins og hver önnur fjarstæða, að það sé réttindaafsal að viðurkenna að leggja mál sín undir dómstóla, ef ágreiningur kemur upp, rétt eins og það væri réttindaafsal, þó að einstaklingar undirgengjust dómstólaleiðina í samskiptum sínum við aðra einstaklinga, þegar ágreiningur kemur upp. Um þetta mun ég ekki frekar orðlengja, enda margoft áður rætt um það hér á hv. Alþ.

En þetta var sem sagt eina ákvæðið í samningnum frá 1961 um gerðardóm, og sagan hefur sannað, að það hefur ekkert skert okkar rétt til útfærslu, og það var til þess gert að koma í veg fyrir, réttara sagt til að tryggja, að við næðum fram rétti okkar fyrir tilstilli raka og laga. Á því höfum við byggt í þessu máli okkar, og við skulum ekki vera feimnir við að halda okkar málstað fram með rökum og með lögum.

En hvað þá um þetta samkomulag, sem nú er gert hér? Það gerir ekki ráð fyrir gerðardómi, og hæstv. ráðherra hælist um af því. En er það nú betri kostur? Hver á t. d. að skera úr um ágreining, sem upp kæmi um túlkun á þessum samningi? Hver segir, að túlkun okkar á framkvæmd við töku togara sé rétt? Hvað verður, ef Bretar óhlýðnast fyrirmælum okkar í landhelgisgæslunni, o. s. frv., o. s. frv.? Hvernig á að útkljá þennan ágreining? Það ríkir alger óvissa um framkvæmd á þessum samningi, og það er að mínu mati enginn sigur fyrir okkur, að ekki skuli kveðið á um málsmeðferð, ef upp kemur ágreiningur. Það er ekki til að stæra sig af, að sjútvrh. þurfi að krefjast þess, að skoðanir forsrh. um túlkun á samningnum þurfi að lögfesta, án þess þó að það hafi minnstu þýðingu um framkvæmd samkomulagsins. Og það er hrein blekking að halda því fram, að það hafi einhverja þýðingu, þó að við séum að lögfesta hér einhverjar skoðanir forsrh. Við erum hér með samning við Breta, sem meiningin er að staðfesta í kvöld, fella eða samþykkja, og sá samningur stendur, í samskiptum okkar við Breta, og það fá engin lög breytt þeim ákvæðum. Annað er blekking og fjarstæða.

Hér hef ég rakið að litlu leyti, hversu núv. stjórnarsinnar hafa gleypt ofan í sig öll fyrri ummæli, öll meiri háttar ummæli og allar fyrri yfirlýsingar, án þess þó að samningurinn, sem nú er lagður fram, sé að neinu leyti hagkvæmari fyrir okkur en samningurinn frá 1961. Þar er engin viðurkenning um rétt okkar, aðeins stundarfriður, keyptur því verði, sem er hálfu lítilfjörlegra en það, sem greitt var við samningana 1961.

Hæstv. sjútvrh. Lúðvík Jósepsson hefur sagt um samningana frá 1961, með leyfi forseta: „Grundvöllurinn fyrir því, að það átti að veita Bretum viss friðindi innan landhelginnar, átti að vera sá, að þeir viðurkenndu formlega og óumdeilanlega landhelgina.“ Og hæstv. forsrh. hefur sagt, með leyfi forseta: „Hér er um að tefla hreinan nauðungarsamning, sem felur í sér tvennt: að opna landhelgina fyrir Bretum og torvelda frekari útfærslu fiskveiðilögsögunnar um ófyrirsjáanlegan tíma eða loka þar jafnvel leiðum. Þess vegna er stundarfriðurinn of dýru verði keyptur að mínum dómi.“ Þetta voru ummæli þessara hæstv. ráðherra, þegar samkomulagið frá 1961 var hér til umræðu.

Nú hafa þessir menn kjark til þess að standa hér frammi fyrir þjóðinni og skora á þm. og þjóðina að standa saman í þessu máli, þetta mál sé hafið yfir alla flokkadrætti, og það væri slæmt, ef þjóðareining brygðist, það sé því alveg undarlegt, ef menn þurfi að deila um þetta. Hvað skyldu nú þessir menn hafa sagt, ef þeir hefðu setið í stjórnarandstöðu? Menn geta rétt ímyndað sér yfirlýsingarnar úr herbúðum Alþb.

Hér hefði ekki linnt látunum fyrir brigslum um glæpsamlegt athæfi, undirlægjuhátt, smánarsamning og heitrof.

Herra forseti. Það er eðlilegt, að menn velti

fyrir sér, hvað sé raunverulega að ske með þessum skoðanaskiptum. Það, sem hefur átt sér stað, er sá blákaldi veruleiki, að þegar menn standa frammi fyrir vandanum sjálfir með ábyrgðina á sínum herðum, þegar þeir þurfa að gera upp við sig kosti og galla þeirra valkosta að semja eða ekki að semja, þá verður að gera fleira en gott þykir. Þeir hafa þurft að ganga í gegnum sams konar eldskírn og viðreisnarstjórnin frá 1961 þurfti að gera og allir þurfa að gera, sem bera ábyrgð og verða að taka ákvarðanir. Þeir hafa rekið sig óþyrmilega á þá staðreynd, að við erum ekki einir í heiminum, Íslendingar. Þess vegna þurfa núv. stjórnarsinnar, þjóðhetjurnar frá 1961 og frá síðustu kosningum, að leggja fyrir þjóðina sams konar „smánar og nauðungarsamning" sem aðrir hafa þurft að gera á undan þeim. Og þeir hafa uppgötvað og verða að játa það frammi fyrir þjóðinni, að slíkir samningar eru ekki gerðir með hugarfari glæpamannsins eða þjóðsvikarans, heldur að yfirsýn þeirra manna, sem vilja landi sínu og þjóð vel. Að því leyti efast ég ekki um heilindi þeirra manna, sem standa að þessari samningagerð, frekar en ég hef nokkru sinni efast um þjóðarmetnað þeirra, sem beittu sér fyrir samkomulaginu 1961.

Þessi samningur, sem hér er lagður fram, er staðfesting, ótvíræð kvittun fyrir því, að samkomulagið frá 1961 var farsæl lausn og í samræmi við hagsmuni þjóðarinnar, og þeir samningar voru jafnvel enn merkari fyrir þá sök, að 12 mílur voru harðsóttari þá en 50 mílurnar eru nú. Á þeim tíma mátti engu muna, að 12 mílurnar yrðu samþykktar sem alþjóðalög á Hafréttarráðstefnunni. En nú er svo komið, að þjóðin hefur þegar tekið ákvörðun um það að færa út í 200 mílur á sama tíma og við erum að ná þessum áfanga út í 50 mílurnar. Þess vegna er þarna ólíku saman að jafna, ástandinu frá 1961 og ástandinu nú, og væri stjórnarsinnum sæmandi að viðurkenna, að þeir hafi haft þá stjórnmálaflokka, sem stóðu að samningunum frá 1961 fyrir rangri sök. Þeir hafa gert það að vísu með þessari tillögugerð, og að því leyti er hún sögulegur atburður.

Ég vil taka fram í lok máls míns, að ég hef ætíð verið eindregið meðmæltur því, að einhverju samkomulagi yrði náð við þær þjóðir, sem við er að etja í þessu máli. Hæstv. sjútvrh. virtist vera að væna Sjálfstæðisfl. um það að hafa ekki viljað samninga. En ég get fullvissað hann um það, að Sjálfstæðisfl. þarf ekki á neinum brigslum að halda í því efni, vegna þess að hann stendur vel undir því og stendur vel við það að vilja slíka leið, eins og hæstv. ráðherra hefur reyndar nú lagt til sjálfur. Sjálfstæðisfl. hefur viljað, að um þetta næðist mannsæmandi samkomulag, og við hér einstakir þm. Sjálfstæðisfl. höfum, held ég, allir verið á þeirri skoðun líka. Hitt er annað mál, að enda þótt við viljum samninga, þá auðvitað höfum við áskilið okkur allan rétt til þess að gera athugasemdir við það samkomulag eða drög að samkomulagi, sem lagt er fram. Það er allt annað að vilja samninga og gleypa hvaða samkomulag sem er. Á því er mikill munur. Og auðvitað er það staðreynd, að á þessum samkomulagsdrögum, sem hér eru lögð fram, eru margir og stórir gallar. Í mínum huga eru þeir einkum fólgnir í eftirfarandi:

Í fyrsta lagi virðist algerlega hafa verið farið eftir till. Breta varðandi hólfaskiptinguna. Þar hafa okkar till. verið nánast virtar að vettugi og Bretar í því sambandi farið með fullan sigur af hólmi. Þetta tel ég ákaflega slæmt, enda hefur það komið fram hjá talsmönnum þeirra kjördæma, sem eiga sérstaklega hagsmuna að gæta, að þetta er nánast óaðgengilegt.

Í öðru lagi hafa þessir samningar verið túlkaðir svo, að þeir gæfu okkur ekki heimild eða aðstöðu til þess að halda áfram áframhaldandi friðunaraðgerðum. Ég vil vona, að þessi túlkun sé röng, en ef hún er rétt, er það mjög miður og er stór galli á þessu samkomulagi.

Í þriðja lagi hefur ekki verið kveðið á um ótvíræðan rétt yfir lögsögu okkar. Allir alþm., bæði fyrr og nú, hafa lamið í borðið og sett þá kröfu mjög skýrt fram, að þeir mundu aldrei standa að samningum, sem ekki fælu í sér ótvíræðan rétt okkar Íslendinga yfir lögsögunni. En nú stöndum við hins vegar frammi fyrir því, að Alþ. á að fara að samþykkja slíkt samkomulag, sem gerir ekki ráð fyrir því, að okkar réttur sé ótvíræður innan okkar eigin lögsögu.

Í fjórða lagi er ekki minnst á það, hvaða áhrif það hefði, ef Hafréttarráðstefnan kæmist að niðurstöðu í millitíðinni. Ég hefði talið fullkomlega eðlilegt, að sá fyrirvari hefði verið í þessu samkomulagi, að ef úrslit yrðu okkur jákvæð, mundi þetta samkomulag ganga úr gildi.

Í fimmta lagi hefur ekki verið minnst á Haagdómstólinn eða hvernig með það mál skuli fara, og kemur það manni mjög spánskt fyrir sjónir, þegar haft er í huga, að núv. stjórnarsinnum hefur málsmeðferðin fyrir Haag og málskotið þangað verið mikill þyrnir í augum. Ég hefði talið eðlilegra hvaða skoðun sem ég hef annars á því, hvort það eigi að vísa málinu til Haag eða ekki og flytja mál okkar þar — að taka afstöðu til þess í þessum samningum.

Í sjötta og síðasta lagi þykir mér það mjög miður, að ekki skuli vera tekið fram, að Íslendingar áskilji sér rétt til frekari útfærslu. Ég hef skrifað undir till. þm. Sjálfstæðisfl. um það, að Íslendingar færðu sína lögsögu — fiskveiðilandhelgi — út í 200 mílur eigi síðar en í árslok 1974, og sá tími er á því tímabili, sem þessi samningur gildir um. Ég er ekki reiðubúinn til þess að skrifa undir samkomulag nú, sem kemur í veg fyrir, að við getum fært út okkar landhelgi í 200 mílur á þessu tímabili. Hins vegar hafa menn viljað túlka þetta samkomulag svo, að það gerði þrátt fyrir allt mögulegt, að við færðum út í 200 mílur. Mér þætti vera æskilegt, að hæstv. forsrh. og jafnvel fleiri úr hæstv. ríkisstj. tjáðu sig um þetta, vegna þess að það er forsenda fyrir afstöðu minni til þessa máls.

Það má ætíð gera athugasemdir við slíka samninga, endalaust finna að einu og öðru. Ég er, eins og ég hef tekið fram, almennt hlynntur samkomulagi og vil ekki leggja stein í götu þess, að friður skapaðist, og því mun ég ekki greiða atkvæði gegn þessari þáltill. Ég mun gera grein fyrir atkvæði mínu, þegar til afgreiðslu málsins kemur.

Forsrh. (Ólafur Jóhannesson): Herra forseti. Þegar ég hlustaði á hástemmdan lofsöng hv. síðasta ræðumanns um samninginn árið 1961, flaug mér í hug gamalkunn vísa:

Vakri-Skjóni *hann skal heita,*
honum skal ég nafnið veita,
þó að meri það sé brún.

Góður skal hann vera, góðan mun ég telja hann, sagði hv. síðasti ræðumaður. Það er gott að hafa svona barnatrú. En annars er ég dálítið hissa á því, hvað þessi samningur frá 1961 blandast inn í þessar umr. Um hann er ekki að ræða hér, og ég veit satt að segja ekki betur en það væri samþ. af öllum hv. alþm., að sá samningur hefði náð sínum tilgangi og hann væri þar með úr sögunni og honum skyldi sagt upp. Og honum hefur verið sagt upp.

Ég skal nú ekki fara mjög út í almennar deilur, sem hér hafa verið um hönd hafðar, en það hafa verið bornar hér fram nokkrar fsp. og ég vil leitast við að svara þeim. Ég geri ekki ráð fyrir, að það komi að sök, þótt allmargir séu enn eftir á mælendaskrá. Ég býst við, að þær fsp. séu fram komnar, sem máli skipta, og geri naumast ráð fyrir því, að það bætist við fsp., sem sérlega þýðingu hafa. án ef svo fer, þá er auðvitað sjálfsagt að reyna að leysa úr þeim eftir getu.

En áður en ég vík að fsp., sem hér hafa komið fram, vil ég þó enn einu sinni taka fram og undirstrika, að hér hefur enn enginn samningur verið gerður. Ríkisstj. hefur ekki á neinn hátt farið út fyrir sitt umboð. Hún hafði umboð til þess að leita eftir og halda áfram samningatilraunum. Það hefur hún gert, og nú liggur niðurstaðan fyrir. En það er ekki samningur, heldur er einmitt hafður sá háttur á, sem ekki hefur alltaf verið hafður á, því miður, að leita samþykkis Alþingis fyrir fram, áður en samningar eru gerðir, svo sem auðvitað á að gera. Fyrr í dag vorum við að samþykkja samninga alveg mótatkvæðalaust, í einu hljóði, sem höfðu verið gerðir við þrjár þjóðir og hafa verið í framkvæmd. Það sá enginn neitt athugavert við þá. En þetta er einmitt rétti hátturinn, að leggja málið fyrir þingið, áður en ákvörðun er tekin.

Það er rangt að kenna þessa samninga sérstaklega við mig. Ég hef ekkert samþykkt. Það kom skýrt fram á Lundúnafundinum, að ég samþykkti ekki þau samningsdrög, sem þar voru lögð fram, en voru talin geta orðið grundvöllur að samkomulagi, heldur aðeins sagðist ég skyldu fara með þau til íslenskra stjórnvalda. Þeirri skyldu hef ég fullnægt, lagt þau fyrir ríkisstj. Þar hafa þau verið samþ. Síðan koma þau hér til Alþ. Þegar menn sjá þessi samningsdrög, er ósköp eðlilegt, að menn sjái, að það vantar ýmislegt í þau, sem þeir hefðu talið æskilegt, að þar stæði. Og þá standa hv. alþm. einfaldlega frammi fyrir þeirri staðreynd að gera það upp við sig og meta, hvort þeir telja þetta, sem þeir hefðu kosið að væri í samningnum, svo mikilvægt, að það eigi að hafna þessu samkomulagi. Og heimurinn ferst ekki, þótt við höfnum þessu samkomulagi. Ef það er sannfæring meiri hl. þm., að það séu svo miklir ókostir samfara þessu samkomulagi, þá eiga þeir vissulega að fara eftir sinni sannfæringu og hafna því og taka þá því á eftir, sem að höndum ber og má gera ráð fyrir að verði svipað ástand og ríkt hefur á Íslandsmiðum að undanförnu, og þó auðvitað verra, því að vitað mál er, að eftir því sem slík barátta stendur lengur, þá hlýtur hún samkv. eðli málsins að harðna. Þetta er það, sem menn þurfa að gera upp, og ég hef auðvitað ekkert við það að athuga, þó að hér séu ýmsir menn, sem séu þeirrar skoðunar, að það séu ókostir á þessum samkomulagsdrögum, sem hér liggja fyrir, að þeir segjast vilja hafna þeim. Ég fellst að vísu persónulega ekki á þeirra mat, og ég held, að þeir mættu að ósekju spara nokkuð gífuryrðin um þau. Ég held raunar, að þeir mundu hafa talað talsvert öðruvísi um þetta mál og haft færri stóryrði, ef þeir hefðu ekki verið hér um bil öruggir um það, áður en þeir töluðu, að þeir væru í minnihl. og þyrftu ekki að bera ábyrgð og gætu leyft sér að leika lausum hala.

Það er tvítekið fram í þessum drögum og undirstrikað, að báðir aðilar að þessu samkomulagi halda fast við sínar lagaskoðanir í þessu máli. Hver heldur við sitt. Við Íslendingar gefum ekkert eftir af okkar skoðun um það, að við eigum og höfum tekið okkur 50 sjómílna fiskveiðilandhelgi. Og Englendingar á hinn bóginn gefa ekkert eftir af sínu sjónarmiði um það, að þeir viðurkenna ekki 50 sjómílurnar, hvorki eftir þennan samning né heldur áður. Og meira get ég ekki sagt um þetta og vil ekki hafa önnur orð um þetta, að hver aðili heldur fast við sína lagaskoðun. En þrátt fyrir það held ég, að enginn sæmilega skyniborinn maður geti verið í vafa um efni þessa samnings og hvað í honum felst í raun og veru. Með þessum samningi veitum við Íslendingar tilteknum fjölda fiskveiðiskipa annarrar þjóðar rétt til veiða á ákveðnum svæðum í íslenskri landhelgi um tiltekinn tíma. Ég held, að viðast hvar í umheiminum muni verða litið svo á, að í þessu felist talsverð viðurkenning á okkar rétti, þótt ekki sé með orðum. En það er enginn vafi á því, að þetta er höfuðatriði samningsins, að við veitum rétt þessum skipum í þessum hólfum í tiltekinn tíma. En báðir hafa að vísu fyrirvara, halda fast við sínar lagaskoðanir.

Það hefur verið spurt hér um lokun svæðanna. Að sjálfsögðu hélt ég því fram í mínum till. í London, að svæðin ættu að vera tvö, sem lokuð væru. Á það vildu Bretar ekki fallast. En um það, á hvaða tíma svæðin væru lokuð, var ekki samið, eins og menn geta sannfært sig um, ef þeir lesa þann grundvöll, sem birtur er í skýrslu þeirri, sem ég hef gefið um viðræðurnar, og er þar orðrétt tekið upp. Hitt er annað mál, að Bretar höfðu bæði í viðræðum sínum hér og eins í viðræðum sínum úti í London sett fram sjónarmið um það og till., á hvaða tíma svæðin ættu að vera lokuð. En það var ekkert samþykki goldið við því. Þess vegna var það vissulega eitt af þeim atriðum, sem var samningsatriði, sem eftir var að útkljá, og það sagði ég auðvitað hreint og skýrt, bæði Landssambandinu og öðrum þeim, sem ég ræddi þessi mál við. En jafnframt taldi ég öruggara, þegar reiknaðir væru út aflamöguleikar Breta, að miða við einmitt þær till., sem þeir höfðu gert og sem væru þeim hagstæðastar, og við það voru útreikningarnir miðaðir. Þeir sýna að okkar bestu manna yfirsýn í þessum efn-

um, að þetta geti verið frá 110-130 þús. tonn og þó sennilega nær lægri tölunni. Ég ræddi við Landssamband ísl. útvegsmanna 19. okt. og svarbréf þeirra er svohljóðandi, með leyfi hæstv. forseta:

„Vér leyfum oss að tjá yður herra forsrh., að eftirfarandi ályktun var samþykkt á fundi stjórnar og varastjórnar L. Í. Ú. og formanna útvegsmannafélaga víðs vegar um land, sem haldinn var í Reykjavík laugardaginn 20. okt.:

Fundurinn samþykkir að mæla með því við ríkisstj., að hún geri samning um lausn fiskveiðideilunnar við Breta á þeim grundvelli, sem nú er fáanlegur og forsrh. Ólafur Jóhannesson kynnti fulltrúum L. Í. Ú. á fundi 19. okt. s. l. Ályktun þessi var samþ. með 21:1 atkv.

Ég veit ekki, hvort þetta eina atkv. hefur verið atkv. hans Matthíasar. Nei, það hefur sjálfsagt ekki verið það, hann hefur ekki verið búinn að gera upp hug sinn þá, ekki verið búinn að taka afstöðu. Ég trúi því vel. Hann hefur setið hjá.

„Vér munum einhvern næstu daga leyfa oss að senda yður ábendingar vorar um, hvenær er talið heppilegast, að veiðihólf verði lokað, sem lokað á að vera á hverjum tíma."

Þær till. frá Landssambandi ísl. útvegsmanna fékk ég svo reyndar ekki fyrr en 31. okt. En þá lagði ég þær fyrir sendiherra Breta og lagði ríka áherslu á, hve áríðandi það væri, að óskir okkar í þessu efni væru teknar til greina. Og hann hét því að koma þeim sjónarmiðum til skila við yfirmenn sína í Lundúnum, og ég efast ekki um, að hann hefur gert það. En svarið var því miður neikvætt, og af hverju? Ja, ég hugsa af því, að Bretar kunna að reikna eins og Íslendingar. Það er engin ástæða til að dylja það, að tillögur þær, sem Landssambandið gerði, hefðu verið allmiklu hagstæðari fyrir okkur. Það hefði að dómi reikningsfróðra manna kannske getað munað 10-11 þús. tonnum. Og þegar þeir sjá fram á þá reikninga og gera sér grein fyrir því, þá telja þeir litlar líkur á því, að þeir geti náð 130 þús. tonnum. Þetta er sjálfsagt sú efnislega ástæða fyrir því, að þeir gátu ekki á þetta fallist. En ég tel mig í þessu efni hafa gert mína skyldu að koma þessum till. á framfæri og reyna að gera það, sem hægt var, til þess að fá þær breytingar fram.

Sama dag og ég talaði við Landssamband ísl. útvegsmanna ræddi ég líka við Félag ísl. botnvörpuskipaeigenda, sem ætti að hafa nokkuð góða kunnugleika á þessum málum. Og frá þeim fékk ég svohljóðandi svar:

„Í framhaldi og tilefni af viðræðum, sem þér, hæstv. forsrh., efnduð til föstudaginn 19. þ. m. með nokkrum fulltrúum félags vors og Landssambands ísl. útvegsmanna, þar sem þér gerðuð grein fyrir grundvelli, sem nú væri fyrir lausn á fiskveiðilögsögunni við Breta, var haldinn fundur í félagi voru 20. þ. m. og þar var samþ. svofelld ályktun:

Almennur fundur í Félagi ísl. botnvörpuskipaeigenda haldinn í Hafnarhvoli í Reykjavík laugardaginn 20. okt., 1973 lýsir eindregnum stuðningi við till. þær, sem forsætisráðherrar Íslands og Bretlands hafa orðið ásáttir um "— þetta er að vísu ekki alveg rétt — " að bera fram sem bráðabirgðalausn í fiskveiðideilunni um tveggja ára skeið. Telur fundurinn, að með samþykkt till. þessara sé afstýrt hættuástandi, sem gæti, ef það heldur áfram, leitt til mannskaða og fjárhagstjóns, sem aldrei yrði bætt. Skorar fundurinn á Alþ. að samþykkja tillögurnar."

Þess skal getið, að allir meðlimir félagsins áttu aðild að afgreiðslu málsins, og var ályktunin samþ. einróma.

Ég skal ekki þreyta hv. alþm. á því að lesa upp fleiri ályktanir, en þær hafa borist frá Sjómannafélagi Reykjavíkur og Sjómannasambandinu (**Gripið fram í:** Lesa hana til enda.) Ég gæti gert það, en hv. þm. hefur sennilega ekki verið þar við eða ekki tekið afstöðu frekar en Matthías. Þeir hafa verið á ferðalagi að undanförnu, veit ég. Það er kannske ástæðan til þess, að þeir hafa ekki, eins og sjútvrh. bjóst við, ritað skeleggar greinar í Morgunblaðið á móti. Þeir hafa verið á ferðalagi, en sjálfsagt hefur hvorugur þeirra verið sá sjálfstæðismaður, sem í veislu einni góðri úti í Noregi stóð upp og sagði þau tíðindi, að stjórnin á Íslandi væri fallin. En þar var ekkert talað um eða látið í ljós álit á samningsdrögunum.

Með þessu tel ég mig hafa nokkuð svarað því, sem hv. 2. þm. Reykv. spurði um og reyndar fleiri varðandi tilhögun um lokun og svæðaskiptinguna.

Hv. þm. Bjarni Guðnason, — ég man ekki númerið á honum í bili og vil ekki vera svo óþinglegur að nota þá nafngift eða það nýyrði, sem hann gaf þm., þó að handhægt væri í notkun, — hann talaði nokkuð geyst, eins og hann hefur áður gert í þessu máli, og talaði ekki vel um samninginn frá 1961, og látum það nú vera. En hann sagði, að það væri verið að semja ofan í hann. Ég held, að þessi hv. þm. verði að rifja betur upp, hvað hefur gerst á Alþ. Það hefur verið samþ., líka með hans atkv., að þessi samningur hefði, eins og ég sagði áðan, þjónað sínum tilgangi, hann væri úr sögunni. Ætla menn að fara að éta það ofan í sig? Og svo eru menn að lá mér, að ég skuli ekki í Lundúnum hafa lagt meiri áherslu á það að málaferli fyrir Haag-dómi, sem eingöngu eru byggð á þessum samningi, skyldu ekki verða lögð niður, frá þeim horfið. Hefði það ekki verið svolítið spaugilegt eftir margítrekaðar yfirlýsingar af hálfu Íslendinga, að þessi samningur væri ekki neitt neitt, ef ég hefði farið að leggja á það áherslu þar að fá menn til að falla frá honum? Hefði það ekki getað litið út af minni hálfu svo sem viðurkenning á því, að hann væri í gildi eitthvað ennþá, þessi samningur? Nei, ég held, að ég hafi ekki getað sagt meira um það efni en ég sagði. Og ég held, að það hefði litið ákaflega einkennilega út, ef við, eftir þær yfirlýsingar, sem við höfðum gefið hér á hv. Alþ., og þær orðsendingar, sem við höfum sent Haagdómstólnum, hefðum farið á hnjánum að biðja um það úti í Lundúnum, að það væri horfið frá þessum málaferlum. Ég vona, að hv. þm. átti sig á því, að það hefði verið lítil rökvísi í því að haga sér á þann veg. Hitt er annað mál, að það er ágætt, ef það yrði hætt við þetta allt. Hver veit hvað skeður?

Svo var hv. þm. Bjarni Guðnason að tala um 6. liðinn í samkomulagsdrögunum, sem engan veginn fullnægja honum, og hann segir: Það er ekki nokkur mynd á þessu, við hefðum átt að

semja um óskoraða lögsögu yfir okkar íslenska yfirráðasvæði. — Já, og hann hefur lagt fram brtt. í þá átt. Ég vil nú vona, að sú till. sé flutt í fljótfærni og hv. þm. hafi sést yfir, hvílík mótsögn felst í slíkum tillöguflutningi. Við Íslendingar höfum lýst yfir yfirráðasvæði okkar yfir 50 sjómílum. Við semjum ekki við neinn um það, að við eigum þann rétt, og við tökum það skýrt og ótvírætt fram í þessum samkomulagsdrögum tvívegis, að þau hafi engin áhrif á okkar lagaskoðanir. Eftir sem áður höldum við fast við þann rétt, að við eigum lögsögu yfir okkar 50 sjómílum. Og svo hefði átt að fara að semja um það við Breta, að við ættum að fá að hafa óskoraða lögsögu yfir okkar 50 mílum, ja, þvílík firn! Það voru viðhöfð af þessum þm. stór orð og talað um háðung og smán. Ætli mætti ekki heimfæra þau upp á þetta? Ef við ætluðum að fara að leggjast svo lágt að fara að semja um svona atriði, þá værum við að játa, að við hefðum ekki haft og hefðum ekki lögsögu á þessu yfirráðasvæði okkar. Það væri viðurkenning á því. Ég skora á hv. þm. að játa fljótfærni sína og taka þessa till. aftur og láta ekki þennan minnisvarða standa í þingtíðindunum eftir sig.

Hv. þm. Guðlaugur Gíslason og reyndar fleiri þm. voru að ræða um, að það fælist hálfgert vantraust í því á forsrh., að það þyrfti að vera að lögfesta túlkun hans á samningsatriði, þessum 6. lið. Og hv. síðasti ræðumaður tók undir það, það ætti ekki að þurfa að vera að lögfesta slíkt. Hann ætti þó að vita betur. Það hefur þegar verið lagt fram lagafrv., og það er nauðsynlegt og óhjákvæmilegt, vegna þess að í samningsdrögunum er mælt fyrir um sérstök viðurlög fyrir brot á þessu samkomulagi. Ef ekki er sett ákvæði um það í íslensk lög, sem væri samhljóða þessu ákvæði í samningnum, þá yrðu íslensk yfirvöld að fara eftir íslenskum lögum, því að íslensk lög gilda framar samningi. Þessi samningur verður ekki lög. Hér er ekki um það að ræða að lögfesta þennan samning, hér er aðeins um að ræða um þál., sem heimilar ríkisstj. að gera þennan samning. Ef það væri ekki sett í lög, að brot á þessum samningsákvæðum varðandi sviptingu leyfis eða því, að skipið væri tekið út af skrá, þá mundu íslensk yfirvöld vera skyld til þess að framfylgja íslenskum lögum, koma við þeim refsingum við breska skipstjóra, sem fyrirskipuð eru í íslenskum lögum um bann við botnvörpuveiðar. Af þeirri ástæðu er alveg óhjákvæmilegt að taka ákvæði um það fyrst í íslensk lög, sem verður nánast undantekningarákvæði frá almennu reglunum í lögum um bann við botnvörpuveiðum, en er sett þarna sem bráðabirgðaákvæði, sem eðlilegt er, vegna þess að þetta á aðeins að gilda um tvö ár. Sömuleiðis var auðvitað alveg óhjákvæmilegt og er óhjákvæmilegt að taka það fram, hvaða íslenskur aðili, hvaða íslensk yfirvöld eigi að fara með þetta ákvörðunarvald. Þó að ég náttúrlega meti ákaflega mikils álit þessara hv. þm. á mér, er það samt ekki svo, að mín orð eða mín túlkun sé lög, heldur verður að fá lagaheimild fyrir þessu, og þess vegna er það gert. En um það, hver fari með ákvörðunarvaldið í þessu efni, ætla ég, að geti ekki verið neinn vafi, eftir að þetta frv., sem hér hefur verið lagt fram á borð hv. þm., hefur verið afgr. og samþ.

Sami hv þm., Guðlaugur Gíslason, spurði: Verður samið við aðra? — Umboð ríkisstj. var bundið við það að halda áfram samningaumleitunum við Breta og Vestu-Þjóðverja um umþóttunartímabil. Það er þess vegna algerlega undir Alþ. komið, hvort það verða teknir upp einhverjir samningar við aðra, ef eftir því verður óskað.

Viðvíkjandi þeim spurningum, sem hann spurði um varðandi það, hvort þetta samkomulag, sem staðfest verður, ef Alþ. samþykkir það, — það er engin þörf á því ennþá, það getur hafnað því, þeir sem vilja taka ábyrgð á því, — hvort það stæði í vegi fyrir útfærslu í 200 sjómílur. Ég get raunar algerlega, bæði um þá spurningu og síðari spurninguna, sem þar fór á eftir, vísað til þeirra skýringa, sem hv. 5. þm. Reykv. gaf. Ég er algerlega sammála um það. Það er augljóst mál, að það stendur ekki í vegi. Það stendur skýrt í þessum samkomulagsdrögum, að þau eru um þetta umdeilda svæði, þau taka til þessa umdeilda svæðis, sem er svæðið á milli 50 og 12 sjómílna, og annars ekki. Hitt er annað mál, að auðvitað eru ekki Bretar skuldbundnir út af fyrir sig frekar til að viðurkenna 200 mílna útfærslu en þeir hafa nú viljað viðurkenna 50. En samkomulagið stendur út af fyrir sig ekkert í vegi fyrir því, enda hefur sú stefna verið mörkuð með frv., sem lagt hefur verið fram af ríkisstj., að það er fullur möguleiki til þess, ef mönnum sýnist svo, og sem sagt, samkomulagið breytir þar engu um.

Ég er hv. 5. þm. Reykv. alveg sammála um, að það er alveg óþarft út af fyrir sig, — það hefði ekki sakað, en það er algerlega óþarft út af fyrir sig að taka upp í þetta samkomulag ákvæði um heimild til skoðunar á veiðarfærum. Það eru, að mér er sagt af mínum sérkunnáttumönnum, alveg fullnægjandi ákvæði um það í alþjóðasamningi um Norður-Atlantshafssvæðið. Landhelgisgæslunni hefur að vísu verið falið að fara með það eftirlit, en það er út af fyrir sig ekki bundið við það, heldur getum við falið það t. d. rannsóknarskipunum. Landhelgisgæslan framkvæmdi þetta eftirlit og fór oft um borð í erlend skip og athugaði þetta, áður en þessi deila reis. Hitt er svo annað mál, að eftir að þetta stríð var hafið, hefur því ekki verið við komið. En þetta samkomulag breytir engu um það.

Ég sagði í upphafi, að ég ætlaði ekki að fara út í neinar deilur hér. Það er orðið alláliðið og margir á mælendaskrá. En ég vil þó segja það út af ummælum hv. þm. Þorvalds Garðars Kristjánssonar, þegar hann var að tala um þjónkun ríkisstj. við Breta, að þeir ættu ekki að kasta grjóti, sem í glerhúsi búa. Get ég þar vísað til þess, sem hæstv. sjútvrh. minnti á varðandi skrif Morgunblaðsins æ ofan í æ, meðan á þessari deilu hefur staðið. Og það er sannarlega víst, að þau skrif hafa komist til skila á viðeigandi stöðum, og þeim hefur verið veitt athygli.

Menn spyrja: Hvað tekur við, þegar þessu samkomulagi lýkur? Sumir eru svo bjartsýnir að halda, að Hafréttarráðstefnan verði þá búin að leysa vandann. Ég er ekki einn í þeirra hópi. Ég held, að það verði miklu lengri tími, þangað til hafréttarráðstefnan verður búin að ganga fullkomlega frá sínum málum. En ég er svo bjartsýnn, að það muni að tveimur árum liðnum verða svo, að þá hafi Bretar fengið þann umþóttunar-

tíma, sem þeir geti sætt sig við, og verði þá búnir að breyta sínum skipastóli þannig, að hann verði ekki eins háður veiðum á Íslandsmiðum og hann hefur verið að undanförnu. Og það er einmitt stærsta atriðið við þennan samning eða samkomulagsdrög, eins og ég hef margtekið fram. Það er þetta, að það eru útilokaðir frystitogarar og verksmiðjutogarar. Það er ekki rétt, að það séu bara útilokaðir 30 togarar með þessu samkomulagi, það eru til viðbótar útilokaðir 25 frystitogarar, sem stunduðu hér veiðar 1971. Og þetta er auðvitað langstærsta málið og auðvitað það, sem menn verða að miða við, ef þeir ætla að kjósa hina leiðin, hafna þessum samkomulagsdrögum og reyna að þrauka áfram í stríðinu. Þá mega þeir búast við miklu meiri sókn en áður, með miklu stærri og betur útbúnum skipum en áður, frystitogurum og verksmiðjutogurum. Það er það, sem þeir ættu að íhuga, sem eru á móti þessu.

Vitaskuld má segja eins og kempan hv. 2. þm. Vestf. sagði, að það hefði svo sem verið auðvelt að ná þessu samkomulagi fyrir ári eða meir og þetta væri ekki gott, það ætti að vera hægt að ná betra samkomulagi. Já, samkomulagið er ekki eins gott og við viljum. Alþ. hefur málið nú í höndum sér. Hvers vegna þá ekki, ef menn hafa trú á því, að kempur eins og hv. 2. þm. Vestf. og t. d. hv. þm. Bjarni Guðnason mundu sækja gull í greipar Mr. Heaths, hvers vegna þá ekki að láta þingið setja n. og senda til Lundúna á fund forsrh. breska og freista þess að ná betra samkomulagi? Allir lýsa þeir því yfir, hv. þm. Matthías Bjarnason, hv. þm. Bjarni Guðnason, hv. þm. Ellert B. Schram og allir þessir, sem hafa tjáð sig á móti samkomulagi, — hann var að vísu aðeins hálfur ennþá, ég vona, að það sé villa, sem leiðréttist, — þeir hafa allir lýst því yfir, að þeir vildu samkomulag. Samkomulag vilja þeir. En þetta er bara ekki nógu gott samkomulag. Hvi þá ekki að gera eina tilraunina enn og senda þessa menn, sem treysta sér til þess að ná betra samkomulagi? **(Gripið fram í:** Sagði ekki ráðh. um daginn, að það sé ekki hægt að fá betra samkomulag?) Jú, ég vil fá betra samkomulag, og þegar þið komið með það frá Bretlandi, þá skal ég glaður greiða atkv. með því. Allir eru sammála um það að vilja betur.

Svo var það að lokum fsp. frá Matthíasi Á. Mathiesen, sem ég vil ekki láta hjá líða að svara. Hann spurði um það, hvort í sambandi við þetta mál hefðu verið gefnar í ríkisstj. einhverjar upplýsingar um öryggis- og varnarmál. Þessu er fljótsvarað. Það hefur aldrei staðið til að versla á neinn hátt með landhelgismálið, og það hafa engar yfirlýsingar verið gefnar í því sambandi. Það hefur heldur engin þörf verið á því. Við höfum okkar málefnasamning, og þar er kveðið á um meðferð í varnarmálum. Og ég er sannfærður um, að það þarf engan stjórnarsinna að kaupa til þess að standa við og reyna að framkvæma þau fyrirheit, sem þar eru gefin. Það stendur nú einmitt þannig á, að á morgðun eiga að hefjast viðræður um varnarsamninginn, og markmið þeirra viðræðna verður að reyna að sameina það tvennt, að við getum haldið áfram að vera í NATO og standa við okkar skuldbindingar gagnvart því, en losnað við að hafa erlent herlið hér, sem sé að reyna að endurskapa það ástand, sem hér ríkti á árunum 1949-1951. Þegar niðurstöður liggja fyrir af þeim samningaviðræðum, þá verða þær niðurstöður, eins og hæstv. utanrrh. hefur marglýst yfir, lagðar fyrir Alþ., hvernig svo sem þær verða í raun og veru. Ef tekst að ná samningi, sem við teljum ná þeim markmiðum, sem við höfum sett okkur, og vera þannig úr garði gerðan, að við getum sætt okkur við hann, þá verður hann lagður fyrir Alþ. til samþykkis. Ef aftur á móti þessar viðræður verða með öllu árangurslausar og ekki finnast leiðir til samkomulags, sem miða að þeim markmiðum, sem við höfum sett okkur, þá geri ég ráð fyrir, að það verði lögð fram á síðari hluta Alþ. í vetur, — en þá ætti þetta að vera farið að sjást, — þáltill. um heimild fyrir ríkisstj. til þess að segja varnarsamningnum upp. Þetta er í samræmi við málefnasamninginn, og þetta stendur ekki í neinu sambandi við landhelgismálið.

Benedikt Gröndal: Herra forseti. Ekki kæmi mér á óvart, ef það birtist í blöðum og útvarpi á morgun andlátsfrétt, sem hljóðaði eitthvað á þá leið: Þjóðareining Íslendinga í landhelgismálinu andaðist í Sameinuðu þingi 12. nóv. **(MÁM:** Hver á að skrifa undir?) Það áttu að verða mín næstu orð, að ég væri ekki viss um það, hver skrifaði undir, en ég vona að Fjallkonan fengist til þess, ef enginn annar vildi gera það.

Við höfum talað mikið um þjóðareiningu undanfarna mánuði og höfum flest trúað því, að í raun og veru væri hún fyrir hendi og væri mikils virði fyrir okkur í landhelgisbaráttunni. Heilir stjórnmálaflokkar ekki síður en hópar manna og einstaklinga hafa tekið tillit til þessarar þarfar á einingu og hagrætt nokkuð skoðunum sínum til þess að samræma þær því, sem samkomulag virtist vera hugsanlegt um. En nú hefur farið svo, að það verður erfitt fyrir nokkurn okkar, sem hér hafa verið í dag, að tala mikið eða hátt um einingu þjóðarinnar í þessu máli eftir þær umr., sem hér hafa farið fram.

Enda þótt við séum ýmsu vanir á Alþ. Íslendinga og stjórnmálin í landi okkar, bæði flokkar og menn, geti gert ýmsar töfrakúnstir, þannig að stundum virðist maður frekar vera í hringleikahúsi en á löggjafarsamkomu, þá hygg ég, að sjaldan hafi farið fram aðrar eins umr. og hér hafa orðið í dag. Hver hefði trúað því fyrir örfáum dögum, að þeir hæstv. ráðh., sjútvrh. og iðnrh., mundu standa uppi í ræðustól á Alþ. og halda uppi vörnum fyrir samning við Breta um landhelgismálið? Og hver hefði trúað því, að þeir hefðu þurft að verja sig fyrir þm., sem réðust á þá eins og grimmir úlfar og voru gallharðir sjálfstæðismenn? Það má mikið vera, ef eitthvað af fyrrv. leiðtogum Sjálfstæðisfl. hefur ekki snúið sér við í gröfinni í dag.

Það mætti halda áfram að gera sér grein fyrir því, hvers konar umr. þetta hafa verið. Hv. 3. landsk. þm., Bjarni Guðnason, hefur haldið hér uppi skemmtun öðru hverju og stundum gert það vel. En innan um allan vaðalinn og alla vitleysuna, sem hann hefur flutt, hafa stundum verið sannleiksperlur, eins og þegar hann benti á, að ein megin breytingin, sem hefði orðið hér hjá okkur, væri sú, — er við ræðum nú landhelgissamningana við Breta og berum saman við aðra

slíka samninga, sem voru gerðir fyrir rúmum áratug, — að þeir, sem þá voru stjórnarandstæðingar, sitja nú í ráðherrastólum. Við þetta er allt saman gjörbreytt.

Samningarnir eru náskyldir, þó að einstök atriði beri á milli. Það er ekki óeðlilegt, að þeir séu ræddir saman og eldri samningarnir dragist inn í umr. En ég verð að segja, að það er ekki hátt risið á mönnum, þegar hver einasta sál í þessu húsi veit, að ef sjálfstæðismenn hefðu verið í ríkisstj., hefðu gert þennan samning eða lagt hann fram, þá er það öruggt, að stjórnarflokkarnir þrír hefðu barist eins og hetjur á móti því. En nóg um það.

Svona eru íslensk stjórnmál. Vegna þess að Alþb.-menn telja sér nauðsyn að halda í þetta skiptið völdum meira en í 2 1/2 ár og láta ekki hrekja sig úr stólunum, hafa þeir látið það yfir sig ganga, sem þjóðin hefur séð og við þurfum ekki að lýsa með frekari orðum, en það er einhver hörmulegasta útreið, sem nokkur stjórnmálaflokkur og nokkrir stjórnmálamenn hafa fengið. En við vitum, hvað að þeim er.

Íslenskir kommúnistar, hvaða nafni sem þeir hafa siglt undir hverju sinni, hafa þrisvar sinnum komist í samsteypustjórnir á Íslandi, og þeir hafa venjulega enst í þessum stjórnum dálítið yfir tvö ár. Þá hefur það komið í ljós aftur og aftur, að þeir eru ekki hæfir í samsteypustjórnum, þeir eru ekki samstarfshæfir á íslenskum, lýðræðislegum grundvelli, og þeir hafa hrakist út. Það hefur venjulega tekið þjóðina svona 10 ár að gleyma þessari reynslu, þangað til hún hefur veitt þeim þá náð að hleypa þeim í ríkisstj. á nýjan leik. Og nú eru þeir staðráðnir í því að gera ekki aftur mistök, eins og þeir telja í sinni flokkssögu, að Brynjólfur Bjarnason hafi gert, þegar hann sprengdi stjórn Ólafs Thors út af Keflavíkursamningnum, eða þá vitleysu, sem þeir gerðu haustið 1958. Nú ætla þeir að halda í völdin, sitja á meðan sætt er.

Það mætti raunar benda á fjöldamörg önnur mál, sem hafa þróast á sama hátt og landhelgismálið. Fyrrv. ríkisstj. þurfti oft að taka erfiðar ákvarðanir og leysa erfið mál á óvinsælan hátt. Þá stóð ekki á núv. stjórnarflokkum, sem þá voru í andstöðu, að ráðast á ríkisstj. En á þessum stutta tíma, sem ríkisstj. hefur setið, höfum við, sem studdum fyrrv. ríkisstj. fengið að upplifa það, að hún hefur gleypt ofan í sig stóryrðin í hverju málinu á fætur öðru, hvort sem varðar gengislækkanir, afskipti af vinnudeilum, kukl með vísitöluna, verðbólgufjárlög, almenna verðbólgu eða hvað annað. En kórónan á þessu öllu saman er, hvernig þeir hafa gleypt ofan í sig fyrri afstöðu í sambandi við samningana við Breta. Og það er ekki að furða, þó að mönnum verði tíðrætt um kokvídd í þessum umr.

Báðir ráðh. Alþb., hæstv. iðnrh. Magnús Kjartansson og hæstv. sjútvrh. Lúðvík Jósepsson, hafa lýst því yfir afdráttarlaust í dag, að þeir beri fulla ábyrgð á þessum samningum, og þeir munu aldrei geta þurrkað það af sér eða flokki sínum héðan í frá, að þeir hafi staðið að slíkum samningum. Verða þeir fyrir það ómerkari hvað snertir fyrri baráttu þeirra gegn öðrum, sem þurftu að leysa svipuð vandamál og gerðu það á ekki ósvipaðan hátt.

Ég endurtek, að það er óhjákvæmilegt að gera samanburð á samningnum frá 1961 og þeim, sem nú hafa verið gerðir. Ég held því fram, að mörg atriði samninganna frá 1961 séu augljóslega miklu hagkvæmari fyrir Íslendinga en samningarnir, sem nú hafa verið gerðir, enda var þar um víðtækari samninga að ræða. Það hét „till. um lausn á landhelgisdeilunni“ þá, en nú er það „till. um bráðabirgðasamninga.“ Þá fékkst bein viðurkenning, nú aðeins óbein. Bein viðurkenning er mun betri, þó að óbein viðurkenning sé góð. Þá var grunnlínupunktum breytt. Má vel vera, að við hefðum getað það sjálfir, en það var mikils virði að fá þá staðfesta í því samkomulagi. Grunnlínupunktar voru þá mikið deilumál, m.a. í deilunum milli Norðmanna og Breta, og ákvarðanir um þá voru grundvöllur undir einni mestu útfærslunni, sem var frá þremur í 4 mílur, þegar dregnar voru línur fyrir flóa og firði. Í samningnum 1961 fengu Bretar aðeins hlunnindi á veiðisvæðunum milli 6 og 12 mílna, en nú eru þeir, eins og margir hafa bent á, mestallt árið allt inn að 12 mílum. Í fyrri samningunum var tekin inn yfirlýsing um grundvallarstefnu Íslendinga um áframhaldandi starf að útfærslu, og hafa ýmsir glöggir menn í þessum efnum bent á, að með því að fallast á að taka þá yfirlýsingu inn í samninganna 1961 hafi Bretar í raun og veru fyrir fram viðurkennt, að það yrði að reikna með því sem eðlilegum hlut, að Íslendingar færðu út á nýjan leik. Allt er þetta augljóslega betra í samningunum 1961 en nú.

Þá er eftir það eina atriði, sem mest er um deilt, sem er málskotið til dómstólsins í Haag. Matið fer þá eftir því, hvernig menn líta á það atriði. Sumir hafa hatast við þetta atriði og talið, að það hafi verið réttindaafsal. Aðrir hafa talið, að þetta atriði samninganna hafi einnig verið réttur til handa Íslendingum, og að það sé ekki undir neinum kringumstæðum hægt að segja, að málskot til alþjóðadómstóls sé neitt réttindaafsal. Ég skal láta það kyrrt liggja, en þessi upptalning ætti einu sinni enn að minna á, að fyrri samningarnir voru mun betri en þeir, sem nú eru til boða.

Í sambandi við afstöðu til samninganna nú þurfa menn að gera upp við sig, hvort þeir telja hagkvæmara fyrir Íslendinga að gera slíkan samning eða að gera engan samning. Þingflokkur Alþfl. fékk fréttir af fundi í utanrmn. fyrir rúmlega 10 dögum með upplýsingum um endanlegt útlit á því plaggi, sem nú er til umr. Við höfðum því rúmlega vikutíma til að skoða málið, ræða um það og taka afstöðu til þess. Okkur var ekkert að vanbúnaði að lýsa þeirri afstöðu, sem við höfðum orðið sammála um, við fyrrihluta þessarar umr., og það gerði formaður Alþfl. s.l. fimmtudag, þegar hann sagði, að Alþf. mundi styðja till. um að heimila ríkisstj. að gera þessa samninga. En hann tók einnig fram, að þrátt fyrir þessa lokaniðurstöðu værum við mjög óánægðir með ýmis atriði, sem í samningunum eru, og ég skal í stuttu máli nefna nokkur þeirra.

Okkur þótti það súr biti, að aðeins eitt svæði skyldi vera lokað af 6 hverju sinni. Okkur þótti það einnig súr biti, og kannske enn þá súrari, að friðunarsvæðin skuli vera bundin og að því er menn telja takmarkaðir möguleikar á, að við

getum komið við frekari friðun eða breytt friðunarsvæðunum með breyttum fiskigöngum á næstu tveimur árum. Nú hefur að vísu komið fram í umr. í kvöld frá mönnum, sem vel þekkja til laga, að þrátt fyrir þennan samning ættum við að geta gert frekari friðunarráðstafanir, og vil ég mjög fagna því, ef það reynist rétt. Þar á eftir talaði hæstv. sjútvrh., sem er annálaður útúrlumaður í öllum friðunarmálum íslensks sjávarútvegs og hefur þvælst fyrir því, er jafnvel Alþ., sem þykir ekki of fljótvirkt á stundum, hefur verið að því komið að gera. En hæstv. ráðh. kom samt hér upp og lofaði öllu fögru um það, að hann mundi vinna að áframhaldandi friðun og frekari friðunaraðgerðum. Ég vil láta í ljós sterka von um, að ef Íslendingar taka fyrir ákveðin verkefni, sem sannarlega eru nauðsynleg á þessu sviði, þá verði hægt að koma við slíkri viðbótarfriðun eða breytingu á friðunarreglum þrátt fyrir samninginn eða innan ramma hans, ef menn líta svo á.

Mikið hefur verið rætt um ákvæðin um lögsögu, og skal ég litlu við það bæta öðru en því, að við Alþfl.-menn höfum tekið orð forsrh. í þeim efnum trúanleg og teljum okkur ekki eiga annars úrkosta. Ég skal ekki segja neitt um það, hvort ástæða er til þess að festa þau frekar í lög, en varla getur það sakað.

Þá er okkur nokkur þyrnir í augum, hver tímasetningin er til veiða í hinum ýmsu hólfum, og hefur það raunar valdið allmiklum deilum í kvöld. Forsrh. hefur lýst gangi þess máls, og er ekkert við því að segja. Hann hefur sjálfsagt reynt það, sem hann gat, en ekki náð neinum árangri. Það er e.t.v. ekki von, að hann næði miklum árangri við að fá fram breytingar á samningnum, eftir að hann var búinn að lýsa því yfir, að hann ætlaði að standa og falla með því, sem fyrir lá.

Hér hefur einnig verið minnst á það, að ekkert væri nefnt um möskvastærð eða veiðarfæri. Það er að sjálfsögðu rétt, að um það gilda önnur laga-ákvæði, sem gefa okkur í raun og veru heimildir til þess að fylgjast með þeim hlutum. En ástandið hefur verið þannig, eins og hæstv. forsrh. lýsti, að við höfum ekki getað fylgst með þessum hlutum. Við vitum, að bæði sjómenn og útvegsmenn hér á landi hafa af þessu vaxandi áhyggjur. Það er líka ástæða til að ætla, að það sé meira en nokkru sinni fyrr um brot á þessum ákvæðum af hálfu erlendra togara, sem hér eru, þ. á m. breskra.

Þá er að nefna sitthvað, sem jákvætt er við samninginn og vegur á móti því, sem menn hafa ástæðu til að vera óánægðir með. Ég vil telja þar fyrst af öllu, að með gerð þessa samnings tel ég, að Bretar hafi á óbeinan hátt í reynd viðurkennt 50 mílurnar. Þeir hafa viðurkennt, að þeir þurfi að semja við okkur um það, hvernig þeir megi haga fiskveiðum sínum á þessu svæði, og ég hygg, að það sé ekki nokkur maður, sem efast um, að þetta sé stórt skref niður á við fyrir Breta í baráttu þeirra í þessum efnum fyrir sínum gamla og úrelta hugsunarhætti.

Ég legg mjög mikið upp úr ákvæðunum um verksmiðjuskip. Það hefur að vísu verið bent á, að Bretar sjálfir eigi ekki mörg verksmiðjuskip, þó að þeir eigi allmarga frystitogara og séu að byggja fleiri. En með því að fá ákvæðið um verksmiðjuskipin inn í samning við Breta, styrkjum við málstað okkar á þessum viðkvæma punkti í samningunum við Þjóðverja, og ég vænti þess, að með því að móta þessa stefnu um að útiloka verksmiðjuskip frá veiðum í kringum þennan verksmiðjuhólma, sem við búum á, höfum við algerlega komist fram hjá því að þurfa að hugsa um samninga við hinar nýju fiskveiðiþjóðir, Austur-Þjóðverja, Pólverja, Rússa og kannske fleiri, sem veiða fyrst og fremst með verksmiðjuskipum. Þetta er mjög mikils virði.

Það verður ekki um það deilt, að sókn Breta á Íslandsmið mun minnka, skipum þeirra fækka. Veiðar eru takmarkaðar, tíminn er takmarkaður, og hvort sem um er að ræða 20, 30 eða 40-50 þús. tonn, þá er það allt í rétta átt fyrir okkur og mikils virði. Að lokum vil ég nefna það á hinni jákvæðu hlið varðandi samningana, að friðsamleg lausn deilumála hlýtur ávallt að vera keppikefli þjóðar eins og Íslendinga. Allar deilur verða að enda í einhvers konar samkomulagi. Þær geta að vísu tekið langan tíma margar hverjar, en samkomulag verður að koma að lokum. Hvað það snertir, tel ég, að þessir samningar séu tvímælalaust jákvæðir og nokkur áfangasigur fyrir Íslendinga.

Á þessum grundvelli höfum við Alþfl.-menn tekið þá afstöðu að fylgja því, að ríkisstj. fái heimild til að framfylgja þeirri stefnu sinni að gera umræddan samning við Breta. Enda þótt eitthvað hljóðni á miðunum í kringum Ísland á næstunni, er landhelgismálið svo sannarlega ekki úr sögunni. Það mun halda áfram, og verður um næg verkefni að ræða. Hafréttarráðstefnan hefst á næsta ári, og þar hefst baráttan fyrir 200 mílunum. Undanfarna mánuði hefur verið talað um 200 mílur hér á Íslandi meira en nokkru sinni fyrr, ekki síst vegna þess að Sjálfstæðisfl. hefur tekið það mál upp og hafið fyrir því mikinn áróður, eins og öllum er kunnugt. Alþfl. er eindregið fylgjandi því, að við eigum að vinna að 200 mílna auðlindalögsögu, þar með talið 200 mílna fiskveiðilögsögu, á hvern þann hátt sem við eigum kost á. En í sambandi við hinn mikla áróður sjálfstæðismanna út af þessu máli vil ég vara þá við því að sýna ekki of mikla bjartsýni um horfur á þessu sviði. Ég vil vara þá við því að fylgja sínu máli fram af þeim áhuga, að þeir fari að telja þjóðinni trú um, að málið sé svo gott sem unnið, það sé öruggur meiri hluti o.s.frv. og þetta verði tvímælalaust komið í höfn í lok ársins 1974. Ég vildi, að svo væri, en því miður hef ég ekki trú á því, en ég hef haft aðstöðu til að fylgjast nokkuð með þessu máli. Ég vil benda mönnum á, að það er ekki nóg að hrópa 200 mílur. Við getum ekki fært út í 200 mílur nema á sumum stöðum við ströndina, þegar þar að kemur. Þar sem minna en 400 mílur eru til næsta lands, verður málið að vera samningsatriði. Þá erum við komnir út í allt aðra tegund af útfærslu en þegar við færðum beint út á opið haf. Ég vil einnig benda á það, sem er e.t.v. alvarlegast í þessu máli, en það er veruleg hætta á, að það verði sett einhver skilyrði fyrir alþjóðasamþykkt um 200 mílur. Segjum nú svo, að 200 mílur yrðu samþykktar af meira en 2/3 þeirra þjóða, sem sitja Hafréttarráðstefnuna. Segjum svo, að það gerist

innan tveggja ára. Ef það skilyrði væri samþykkt um leið, að þær þjóðir, sem taka sér 200 mílur, verði að virða sögulegan rétt annarra fiskveiðiþjóða, hvað gerum við Íslendingar þá? Náttúrlega pökkum saman pjönkum okkar og förum heim af ráðstefnunni. En það getur vel verið, að öll þessi mál standi þá galopin með ný viðhorf hér á miðunum í kringum okkur. Við skulum sýna raunhæft mat á þessu og reyna að forðast að vekja tyllivonir hjá þjóðinni, því að það getur líka verið hættulegt.

Herra forseti. Við höfum heyrt margar furðulegar ræður hér í dag, þ. á. m. um eldraun ríkisstj., sem hafi gert hana sterkari en nokkru sinni, að því er hæstv. iðnrh. sagði okkur. Ég er ekki trúaður á, að stjórnin sé sterkari eftir þessa eldraun. Ég hef miklu frekar trú á því, að þessi eldraun sé byrjunin á endinum. Ég trúi því, að ríkisstj. hafi lifað þessa eldraun af fyrir náð stjórnarandstöðunnar. Stjórnarandstöðuflokkarnir gátu hæglega sýnt sama ábyrgðarleysi og núv. stjórnarflokkar sýndu, þegar fyrri samningarnir voru gerðir, slegið málinu upp í pólitískt kæruleysi og ráðist allir með fulltingi hv. 3. landsk. Bjarna Guðnasonar á ríkisstj. Ég er ekki viss um, að hún hefði staðist það áhlaup. Ég er ekki viss um, að hæstv. iðnrh. hefði hlotið slíkan pólitískan og heimspekilegan þroska af málinu, ef það hefði farið á þá lund. En í yfirgnæfandi meirihl. stjórnarandstöðuflokkanna ríkir það mikil ábyrgðartilfinning, að þessi kostur var ekki valinn, og stjórnin situr því áfram. En hún hefur nóg verkefni til að snúa sér að, þó að annir hennar við landhelgismálið verði örlítið minni á næstunni. Við sjáum til, hvenær endirinn kemur og hvar.

Jónas Árnason: Herra forseti. Ég hef kvatt mér hljóðs til þess að beina fáeinum orðum persónulega til hv. þm. Bjarna Guðnasonar. Þessi þm. hefur oft barist hetjulega í flokkslegri einsemd sinni hér á Alþ., og það skal hann vita, að fyrir það hefur hann oft vakið aðdáun mína, þó Benedikt Gröndal telji sig að sjálfsögðu það æfðan stjórnmálamann, snjallan og reyndan, að hann geti kallað málflutning Bjarna Guðnasonar vaðal og vitleysu.

Bjarni Guðnason hefur talað tvisvar í því máli sem hér er til umr., og öðru fremur til þess að frýja okkur Alþb.-mönnum hugar. Bjarni Guðnason veit það áreiðanlega, að núv. stjórnarsamstarf veltur á því, hvernig við Alþb.-menn greiðum atkv. um það samkomulag, sem hér liggur fyrir, — samkomulag, sem við teljum eins og hann að ýmsu leyti meingallað og að sumu leyti gráðölvað. Hann veit það líka áreiðanlega, Bjarni Guðnason, að það er ekki bara stjórnarandstaðan íslenska, sem að undanförnu hefur beðið þess málþola, að núv. stjórnarsamstarf rofnaði. Hjá breska útgerðarauðvaldinu hefur ríkt sams konar eftirvænting, einnig hjá fulltrúum þess í bresku ríkisstj. og í aðalstöðvum NATO og víðar. Allir þessir aðilar mundu verða því fegnastir að sjá núv. ríkistj. velta úr sessi, þessa vinstri stjórn okkar, og hægri stjórn setjast í órokin sætin, því að þannig yrði þetta, það veit Bjarni Guðnason líka. Það yrðu ekki neinar kosningar.

Þess vegna vil ég beina þessari spurningu til Bjarna Guðnasonar. Hvernig stendur á því, að í ræðu hans, þegar hann er að frýja okkur Alþb.-mönnum hugar, vantar alltaf eitt, hreinskilna játningu hans þess efnis, að hann vilji fella vinstri stjórnina? Hvers vegna segir hann það ekki berum orðum, að hann ætlist til þess, að við Alþb.-menn styðjum hann í því að koma þessari stjórn frá og gefa þá upp á bátinn ýmis þau stóru mál, sem óafgreidd eru?

Bjarni Guðnason: Herra forseti. Áður en ég vík máli mínu til andsvara við ræðu hv. síðasta ræðumanns, vil ég segja nokkur orð viðvíkjandi þeirri beiðni hæstv. forsrh., að ég dragi til baka brtt. mína á þskj. 112, þar sem svo er kveðið á, að Íslendingar hafi fulla og óskoraða lögsögu að 50 mílna fiskveiðimörkunum. Lét hæstv. forsrh. orð falla á þá lund, að það væri nánast smán fyrir mig að bera slíkt fram og væri nánast óþekkt í þingsögunni, það væri með öllu óviðunandi, að ég gerði slíkt, og ég ætti að forða mér frá slíkum voða.

Þetta kemur mér dálítið undarlega fyrir sjónir. Í fyrsta lagi vil ég benda á, að svipað ákvæði var einmitt í samningnum frá 1961. Þar er tekið inn í samninginn við Breta, að þeir viðurkenna 12 mílna lögsögu. Og ég vil spyrja, hvort ekki sé betra að tryggja fulla lögsögu eða rétt til 50 mílna í þessu plaggi, fá viðurkenningu á 50 mílunum hjá Bretum, því að um það stendur deilan, heldur en hitt að semja af sér. Ég fæ ekki betur skilið en að í 6. gr., þar sem gert er ráð fyrir því, að eigi að kalla á breskt aðstoðarskip til þess að ganga úr skugga um og sannreyna málsatvik, þegar breskur togari er staðinn að veiðum, þá séu Íslendingar beinlínis að viðurkenna aðild Breta að 50 mílna lögsögunni. Og þá er spurningin, hvort í slíku ákvæði felist ekki undansláttur. Er ekki miklu skynsamlegra að taka upp í samkomulagið viðurkenningu á 50 mílunum en að semja af sér? Þar að auki hafa þau orð fallið, að ég hygg bæði hjá hæstv. forsrh. og öðrum, að sá skilningur ríkti á samkomulaginu af Íslendinga hálfu, að þeir hefðu fullt eftirlit á miðunum. Hvers vegna þá ekki að taka það beinlínis inn í samkomulagið, að Íslendingar hefðu óskoruð yfirráð yfir 50 mílna lögsögunni? Ég sé því ekki ástæðu til þess að draga þetta til baka og vænti þess, að þetta komi til afgreiðslu.

Varðandi það, sem síðasti ræðumaður sagði, vil ég taka þetta fram. Alþb. átti um tvo kosti að ræða: annars vegar að standa á einhverju „prinsipi“, þ. e. a. s. standa á sannfæringu sinni eða hverfa úr ráðherrastólum. Þetta er alltaf mikið mál að vega. Ef ég stæði í sporum Alþb. og reyndi að hugsa þetta mál, þá hefði ég tekið tillit til, að þetta væri lífshagsmunamál þjóðarinnar, og ef menn eiga ekki að fylgja sannfæringu sinni í máli af þessu tagi, þá er ekki lengur um neinar hugsjónir eða „prinsip“ að ræða í pólitískum vinnubrögðum. Mig minnir, að hæstv. iðnrh. hafi minnst á Watergate-málið fyrr í kvöld, og var það í sambandi við opin vinnubrögð, þau hefðu ekki tíðkast fyrir vestan, þess vegna væri illa komið fyrir Nixon forseta. En það er líka annað. Það stafar af því, að mér virðist Nixon og hans félagar ekki hafa haft

nein „prinsip“ í pólitík nema það eitt að tryggja valdastöðu sína. Og þegar menn eru komnir út á það svið, að engin meiri háttar mál eru það mikilvæg, að það sé unnt að láta af valdastöðu til þess að fylgja þeim eftir, þá er mikill vandi kominn upp í íslenskum stjórnmálum. Og ég spyr: Þegar flokkar þykjast hafa unnið stórsigur með því að berjast fyrir 50 mílna lögsögu, hvers eiga þá kjósendur að gjalda, þegar stjórnmálamennirnir bregðast fólkinu? Ég hygg, að það sé einmitt sá vandi uppi í íslenskum stjórnmálum, að fólkið er hætt að treysta íslenskum stjórnmálamönnum og íslenskum stjórnmálaflokkum, þegar ekki einu sinni í helsta hagsmuna- og lífsbaráttumáli þjóðarinnar er hægt að fylgja sannfæringu sinni. Hér gerist það beinlínis, að einn flokkur, Alþb.„ lýsir því yfir, að samkomulagið sé gersamlega óaðgengilegt, og síðan gerist það, að ráðh. þess standa upp og verjað það í blóð og merg. Þetta er dálítið hart aðgöngu, sérstaklega fyrir kjósendur þessa flokks. Og ég vil minnast líka á það, að hæstv. sjútvrh. vék þeim orðum að formanni Sjálfstfl. hér áðan, að hann hefði verið að gagnrýna samkomulagið, en þrátt fyrir það ætlaði formaður Sjálfstfl. að fylgja samkomulaginu, og var hæstv. sjútvrh. undrandi á því. En er ekki dálítið athugandi fyrir hæstv. sjútvrh., þegar hann segir, að Sjálfstfl. hafi allt frá upphafi rekið undansláttastefnu í landhelgismálinu, að nú allt í einu standi þeir reyrðir saman, formaður Sjálfstfl. og sjútvrh., og skilur þá ekkert að. Og er það ekki dálítið hættumerki, hversu komið er fyrir félagshyggjuflokknum?

Í raun og veru er það alveg nöturlegt að hlýða á mál manna hér í kvöld, og ég á sérstaklega við það, þegar allir stjórnmálaflokkarnir hérna eru eiginlega runnir í eitt. Þetta er einn og sami flokkur hér, því miður. Og vinstri flokkarnir eru farnir að vinna alveg eins og íhaldið. Nú er bara það, að þessir félagshyggjuflokkar vinna verkin fyrir íhaldið, og það er von, að flestir þm. standi nú saman. Það er ekkert eftir nema 2—3 villtir sauðir í Sjálfstfl. og svo þessi vesalings utanflokka þm. 3. hv. landsk., svo að það er ekki gott í efni. En ég er uggandi yfir þróun stjórnmálanna hér á Íslandi. (**Jónas Á.**: Vill þm. eða vill hann ekki, að stjórnin falli?) Ég svara þessu á þá lund, að samkv. stjórnarskránni eiga þm. að fylgja sannfæringu sinni og greiða atkv. í málum eins og sannfæringin býður þeim.

Pétur Sigurðsson: Það má reyndar segja, að með orðum hv. þm. Jónasar Árnasonar hafi verið hraktar allar þær fullyrðingar, sem hafa komið fram í ræðu hæstv. ráðh. í kvöld, þegar þeir hafa ráðist, — mér liggur við að segja froðufellandi, eins og hæstv. sjútvrh. gerði, — að þeim þm. Sjálfstfl., sem fylgja sannfæringu sinni og telja sig ekki geta fylgt þessu fyrirkomulagi hæstv. forsrh. og stóra bróður í Downing Street. Það má segja, að þau orð, sem hann notaði, þessi hv. þm., um þetta samkomulag, sem er meingallað og að sumu leyti grábölvað, séu rétta lýsingin á því. Ég vil ekki taka jafndjúpt í árinni og hann um þetta samkomulag. Eins og hér hefur þegar verið drepið á af hv. þm. Benedikt Gröndal, hafa furðulegar ræður verið fluttar hér í kvöld af mörgum hv. þm., en þó allra frekast hæstv. ráðh., að það hefur verið farið fram hjá meginefni málsins ítrekað af ræðumönnum og ráðh. og ekki komið inn á efnispunkta samkomulagsins sjálfs, þótt við þá sé margt að athuga.

En áður en ég kem að því að ræða þetta efnislega, get ég ekki stillt mig um að vikja aðeins að orðum hæstv. forsrh., sem hann viðhafði hér um hv. 2. þm. Vestf., sem ekki var í salnum, og ég tel, að hafi nú nálgast það að slá undir beltisstað. Að vísu veit hæstv. forsrh., að þótt einhver reyndi slíkt dónabragð við hann, þá gæti hinn sami alveg eins átt það á hættu að hitta hæstv. ráðh. á barkakýlið, og það er jafnólöglegt. En hann vitnaði til samþykkta, sem gerðar voru hjá L. Í. Ú. og Félagi ísl. botnvörpuskipaeigenda sínu máli og ágæti samkomulagsins til stuðnings. En ég get skýrt honum frá því, að eftir að þessar samþykktir voru gerðar kom formaður L. Í. Ú. á fund, þar sem ég var, og skýrði bæði mér og fleirum þm. Sjálfstfl. frá því, að í þessu samkomulagi, eftir upplýsingum hæstv. forsrh., ættu Íslendingar að ráða dagsetningum, hvenær hólfin væru opin. Þetta voru orð formanns L. Í. Ú. við okkur, og voru þau byggð á upplýsingum frá hæstv. forsrh. Er ég ekki viss um nema þær samþykktir, sem fengust frá þessum hagsmunasamtökum, hafi m. a. fengist vegna þessara blekkinga, sem komu fram í máli hans, hvort sem þarna hefur verið um vísvitandi blekkingar að ræða eða ekki.

Hann gat réttilega um það, og inn á það kom hæstv. sjútvrh. líka, að ýmis samtök sjómanna hefðu látið fara frá sér samþykktir um það og á þann veg, að þau öll óskuðu þess, að samkomulagið gæti tekist. Sjálfur hef ég gengið kannske lengst fram í því á undanförnum árum í mínum samtökum, bæði Sjómannafélagi Reykjavíkur og Sjómannasambandinu, að mæla með því, að samkomulag gæti tekist. Ég var líka samþykkur því, að halda yrði áfram, þegar forsrh. kom heim, að leita samkomulags, sem báðir gætu unað við. Ég taldi, að það vantaði ekki svo mikið á, við fyrstu skoðun á þessum samkomulagsdrögum, enda boðið upp á, að það mætti fá fram breytingar, það væri ekki, eins og Þjóðviljinn og hæstv. ráðh. Alþb. héldu fram, um úrslitakosti að ræða, heldur væri hér samkomulagsgrundvöllur, sem mætti fá nokkrar leiðréttingar á, ef óskir kæmu þar fram um. Ég kom m. a. fram með slíkar óskir og lét bóka fyrirvara í mínum hagsmunasamtökum um fylgi mitt við þetta samkomulag, ef slíkar breytingar fengjust fram. Formaður Sjálfstfl. lofaði mér því, að þegar hæstv. utanrrh. færi af stað til svokallaðs frekara samkomulags við bresku stjórnina, þá skyldi komið á framfæri vissum óskum, sem m. a. komu fram frá mér. Ég tek eftir því í nál. sjálfstæðismanna í utanrmn., sem hér var útbýtt í kvöld, að þar minnast þeir m. a. á þrjú þessara atriða sem æskilegar breytingar á samkomulaginu. En það kemur réttilega fram í því jafnframt, að það eru nokkrir þm. Sjálfstfl. sem munu ekki geta fylgt þessu samkomulagi í atkvgr. hér á Alþ., og hafa 3 þegar lýst yfir, að þeir muni ekki gera það, máske koma fleiri á eftir.

Það er eftirtektarvert, að þegar hæstv. sjútvrh. talar hér langt mál, eyðir hann ¾ hlutum ræðutíma síns til að tala um samninginn frá 1961. Og ég vil leyfa mér að taka undir þau orð hæstv. forsrh., sem hann viðhafði, eftir að sjútvrh. hafði talað, að þetta mál væri auðvitað búið og gert fyrir löngu. Sá samningur hefði fyrir löngu náð tilgangi sínum. M. a. á honum, — það eru ekki orð forsrh., ég tek það fram, — m. a. á gerð hans og viðurkenningunni, sem við fengum með þeim samningum, var hægt að fara út í þá útfærslu, sem farið var af hæstv. núv. ríkisstj.

En það er hlægilegt, að um leið og verið er að tala um þá framkvæmd, vill hæstv. sjútvrh. láta liggja að því, að tillöguflutningur hans á þeim árum, þegar 12 mílna reglan var að ná fótfestu í okkar nágrannalöndum í Vestur-Evrópu og víðar, hafi mótað þá þróun, sem síðar hefur orðið á alþjóðavettvangi í landhelgismálum. Ég nenni ekki að eyða orðum og rekja alla þá sögu allt frá því að fastafulltrúi Möltu hjá Sameinuðu þjóðunum flutti till. sína um rannsókn og hagnýtingu auðæfa hafsbotnsins, sem samþ. var, eða þá sögu, sem fylgir skoðunum mannkyns á mengunar- og umhverfismálum o. s. frv., að ég tali ekki um, til þess að við förum í okkar næsta nágrenni, þegar skipt er upp hafsbotninum í Norðursjónum af þeim þjóðum, sem eiga land að Norðursjó, sem ég held að kannske hafi styrkt okkar málstað í þessu máli hvað frekast, a. m. k. í Englandi. Og ég held, að það hafi frekar styrkt okkar mál heldur en aðgerðir „Den farende svend", sem hæstv. sjútvrh. sendi nokkrum sinnum á þær vígstöðvar.

En það, sem ég er óánægður með hjá flokksbræðrum mínum og svokölluðu flokksmálgagni, er það, að hæstv. forsrh. skuli vera gerður að einhverjum þjóðardýrlingi, þó að hann reyni í fyrsta skipti á forsætisráðherraferli sínum að standa nokkuð í ístaðinu og gegna skyldu sinni. (Sv.H.: Þetta er reginhneyksli.) Það er reginhneyksli, Sverrir Hermannsson. Ég hef aldrei vitað það, að skipstjóra, sem strandar ekki skipi bæri eitthvert sérstakt hrós. Og því síður tel ég það honum til nokkurs hróss, þótt hann hafi reynt að leiða ríkisstj. sína og þjóðina út af þessum eyðimerkurvegi, sem sjútvrh. hæstv. var bersýnilega búinn að koma henni inn á í sambandi við alla þessa samningagerð. Og það þýðir auðvitað ekkert fyrir Lúðvík Jósepsson hæstv. að standa hér uppi í pontu á Alþ. og halda öðru fram en því, að hann vildi aldrei semja í landhelgismálinu við lafðina vinkonu sína, þótt vel færi á með þeim.

Ég skal verða við þeirri áskorun, sem óbeint kom fram í orðum hæstv. forsrh., að fara frekar efnislega í till. þær, sem hér liggja fyrir, heldur en vera að stíga einhvern darraðardans við þá um það, sem liðið er fyrir löngu og faktískt kemur ekki þessu máli við, sem hér er verið að tala um. En ég held samt sem áður, áður en ég kem að mínum efnislegu aðfinnslum, að grunur minn sé nokkuð réttur í því, að þeir þm., sem nú eftir öll stóru orðin, eftir landráða- og svikabrigslin gagnvart okkur, sem stóðum í þessum sporum fyrir nokkrum árum, þá megi þeir hinir sömu, sem nú standa að slíku samkomulagi, en gagnrýndu þá, búast við sama stimplinum, eftir að samningar hafa verið gerðir. Og það er líka trú mín, að margir af þeim, sem nú rétta upp hönd sína með þessum samningum, muni ekki ganga hlæjandi til sængur, þegar talningu lýkur eftir næstu alþingiskosningar.

Í aths. við þáltill. segir m. a. og hefur verið talið þessu samkomulagi einna helst til gildis, að þar sé um að ræða útilokun breskra frystiskipa og verksmiðjuskipa og fækkun annarra skipa. Síðan kemur sú fullyrðing, sem ég fæ ekki séð, að standist á nokkurn hátt, að þessi skerðing jafngildi 25% niðurskurði á fjölda breskra veiðiskipa á Íslandsmiðum, miðað við samsetningu flotans á árinu 1971, en 36% minnkun að tonnatölu. Þá er gengið út frá þeirri vissu eða þeirri trú, að frystiskipin og hin stærri skip muni algerlega hverfa af Íslandsmiðum. Ég held, að það sé ákaflega mikil bjartsýni að ætla, að svo verði. Ég hef miklu frekar trú á því, að er þau hafa verið hrakin af miðum, sem þau hafa nýtt, ekki mjög oft, eins og hæstv. sjútvrh. orðaði það, heldur þó nokkrum sinnum, þegar þau hafa verið hrakin út fyrir 50 mílurnar af sínum fyrri miðum, þá muni þau sækja á ný mið, sem þau geta nýtt hér við Íslandsstrendur. Og hvar eru þessi mið? Þau eru að sjálfsögðu undan vesturströnd landsins og suðvesturströnd og reyndar víðar í kringum landið. Verksmiðjuskipin geta togað á miklu meira dýpi en bekktist fyrir nokkrum árum jafnvel. Og við þekkjum það vel, að vestur af landinu eru okkar þýðingarmestu og dýrmætustu togaramið, sem við Íslendingar eigum og höfum nytjað um áratugaskeið. Þegar þessi floti kemur þangað, er ég hræddur um, að þröngt verði fyrir dyrum a. m. k. hjá einhverjum Auðunsbróðurnum, sem þar stundar veiðar, ef ekki fleiri íslenskum togaraskipstjórum. Auk þess skulum við ekki gleyma því, að af 24 mánuðum, sem samkomulag þetta á að standa, er leyfilegt að hleypa jafnvel öllum flotanum án nokkurrar skerðingar inn á takmarkað svæði í jafnvel takmörkuðum hluta eins hólfsins. Ef fiskur er þar fyrir hendi, geta þeir tæknilega sótt þangað. Þeir mundu kannske ekki allir vera að í einu, en það er ekki heldur getið um það, að þeir geti aukið nýtingarmöguleika sinna togara eftir þessa fækkun gífurlega mikið, t. d. þegar gott veður er, með því að umskipa úr einu skipinu í annað, úr togurunum í flutningaskip, á svæðinu milli 12 og 50 mílnanna. Þetta er náttúrlega ekki alltaf hægt, en er tæknilega mögulegt, og í þessu samkomulagi segir ekkert um, að það megi ekki.

Þar sem um er talað viðmiðun við 130 þús. tonn, harma ég það, að þar skyldi ekki vera föst og ákveðin tala, því að auðvitað getur þessi tala farið langt upp úr þessu marki. Mér kæmi ekkert á óvart, þó að hún gæti farið upp í 140 eða 150 þús. tonn. Það er ekkert, sem getur stöðvað það samkv. samkomulaginu. Það er ekkert annað en trú manna, að þetta muni ekki nást. En í sjálfu sér hef ég aldrei haft sem einhverja aðaltrúarskoðun þennan svokallaða hámarksafla. Ég hef miklu frekar haft þá trú, að við ættum að reyna að sjá svo um, að samsetning aflans væri af hinni heppilegustu stærð fyrir okkur Íslendinga. Við vitum, að 130 þús.

tonn af smáfiski geta verið eftir nokkur ár eða nokkur misseri 150 þús. tonn af fullvöxnum fiski. Og það er dálitill munur á, hvort við getum fyrirbyggt það, að sótt verði í hinn smærri fisk enn þá frekar, beint skipum bæði okkar og þeim, sem eru samningsbundin, á hinn fullvaxna fisk. Eins má reyndar tala um annan dýran fisk eins og flatfiskinn hér fyrir Vesturlandinu, sem gengur út á haustin, bæði úr Faxaflóa og Breiðafirði, og eins má reyndar tala um marga firði og uppeldisstöðvar fyrir flatfisk fyrir Norðurlandi.

Nú hefur því verið haldið fram af sérfræðingum, að einmitt þessar aðgerðir mundu fyrirbyggja ásóknina í smáfiskinn. En þegar við horfum á það, sem er auðvitað fyrst og fremst vanræksla sjútvrh., þá sorglegu staðreynd, sem kemur fram í friðunarsvæðum og við getum séð á kortinu, sem fylgir þskj. þessu, sem við erum að ræða efnislega, þá kemur í ljós þar, að það er eitt friðarsvæði, tiltölulega lítið svæði við Suðurlandið, sem er til friðunar hrygningarfiskinum yfir háhrygningartímann, og er þar um fullorðinn fisk að ræða, og kemur ekki inn í sambandi við þetta mál.

Það, sem nýtt er, er að sjálfsögðu 8 mílna beltið í hólfi A fyrir Vestfjörðum og í hólfi B fyrir Austfjörðum. Hólfið við Norðausturland er aðeins lokað í tvo mánuði einnig. Segi ég hiklaust, að mér þykir það eitt það alversta í sambandi við þetta samkomulag og gerir það að verkum, að ég get ekki fylgt því, að það er algerlega lokað fyrir frekari friðunaraðgerðir, þótt íslensku þjóðinni væri það lífsnauðsynlegt. Við eigum, ef við teljum, að við þurfum að friða frekari svæði, allt undir Bretum þar um. Þeir verða að samþykkja það. Við verðum að koma til þeirra á hnjánum og biðja þá: Viljið þið friða þessi svæði, sem við þurfum lífsnauðsynlega að friða til þess að viðhalda fiskstofninum, sem íslenska þjóðin á að lifa af, ekki á næstu tveimur árum, heldur um alla ókomna framtíð? — Við skulum ekki heldur gleyma því, að smáfiskurinn finnst ekki endilega nærri landi. Ég held, að allir, sem hér eru inni, þekki þessi mörgu dæmi, allt frá sinni bernsku og til dagsins í dag, að allt uppi í landssteinum fáum við fullvaxinn bolfisk, bæði þorsk og ýsu, en smáfiskurinn getur verið djúpt úti, hann getur verið langt fyrir utan 50 mílna mörkin. Haldið þið virkilega, að smáfiskurinn á friðaða svæðinu norður af Kögri viti nokkuð um þetta samkomulag, sem Ólafur Jóhannesson hæstv. hefur verið að gera við stóra bróður í Downing Street? Haldið þið virkilega, að það sé ekki hægt að toga meðfram þessari línu, og haldið þið, að fiskurinn sé ekki alveg eins þar? Enda kom það á daginn nú fyrir skömmu, þegar erlendir togarar höfðu hamast á þessu svæði í nokkra daga, án þess að Landhelgisgæslan skipti sér þar af, þá var litli fiskurinn horfinn undan. Hann hafði fært sig um set, farið kannske langt austur með landinu. Það hefði kannske þurft að fylgja honum eftir og friða þau svæði, sem hann kannske stöðvaðist aftur á. En á þetta sama svæði glæptust því miður nokkrir Íslendingar á skipum sínum til þess að fara yfir, jafnbrotlegir og ekki síður en hinir, en þá bara var enginn smáfiskur þar, heldur fullvaxinn fiskur. Og það er ekkert einhlítt að setja í samkomulag og festa um tveggja ára skeið: Þarna skal vera smáfiskur, og því friðum við þetta svæði. — Ég endurtek það, að þessi blessaður fiskur veit ekkert um það, hvað okkar forsrh. er skynsamur.

Fleiri atriði eru auðvitað í þessu samkomulagi, sem full ástæða er til að gera aðfinnslur við. Ég skal ekki endurtaka það, sem hefur þegar komið fram í gagnrýni á hólfin. Í sjálfu sér er rétt, sem fram hefur komið, að skipting þeirra er furðuleg, og það hefur ekki enn þá komið svar við því, hver fann upp þessa Salómonslausn. Ég held, að hæstv. sjútvrh. hafi ekki tekið þetta afkvæmi á sig, þótt það hafi orðið til í innilegum viðræðum hans og lafði Tweedsmuir. En einhver á þetta, og má segja, að við hefði mátt notast, ef tímasetningin hefði verið þannig, að að gagni hefði komið fyrir okkur Íslendinga. Því miður er ekki svo.

En það er eitt atriði til viðbótar, sem ég get ekki annað en staldrað aðeins við og haft nokkur orð um. Hagsmunasamtök sjómanna og útgerðarmanna, Alþ. Íslendinga, ríkisstj. Íslands og einstakir ráðh. hafa keppst við um það á undanförnum misserum að hrósa Landhelgisgæslu okkar að verðleikum fyrir hennar starf. En með þessu samkomulagi er þeim rétt það kjaftshögg, með kærri þökk fyrir síðast að sjálfsögðu, sem er á þann veg, að starf þeirra er einskis metið. Þessir okkar glæstustu og bestu löggæslumenn, sem við eigum hér á landi, verða að una því, ef þessi samkomulagsgrundvöllur verður að samningi, að kalla á erlendan aðila inn í íslenska landhelgi til þess að láta hann dæma um það, hvort þeir hafi farið rétt að í sínum mælingum. Enn þá á ég eftir að fá frekari skýringu á tæknilegri framkvæmd þessa. Sjálfur var ég með till. um það, af því að ég vissi, að á þessu stigi mundu Bretar aldrei fást til að viðurkenna þá lögsögu, sem við vildum helst hafa innan þessara marka, en til að firra þetta löggæslulið okkar þessari smán, var ég með þá till., að í staðinn skyldi hinn breski sökudólgur, sem staðinn væri að broti, hafa heimild til þess að kalla sjálfur á eftirlitsskip til þess að staðfesta sína mælingu, en að varðskipið þyrfti ekki að vera sett í þetta. Þetta taldi ég svo lítið atriði, að ég taldi sjálfsagt, að þetta mundi fást fram. En þegar það fékkst ekki fram, kom auðvitað enn berlegar í ljós, um hvers konar úrslitakosti var að ræða, sem reyndar eru ekki úrslitakostir, eins og Alþb.-menn sögðu, heldur skýr krafa um skilyrðislausa uppgjöf.

Það hefur ekki enn þá komið fram, ekki að mér áheyrandi, — og breytir þá engu um það, þótt ég hafi lent í veislu í Noregi með uppgjafaframsóknarþm. og ráherra bróður og farið með upplýsingar þar í ræðu, sem ég hélt, sem ég fékk frá fyrrv. þm. Framsfl., — að ráðherrabróðirinn grét strax við stekkinn, þegar hann heyrði þessa frétt, að ríkisstj. væri fallin, og sneri sér strax til Matthíasar Bjarnasonar og bað hann um hjálpa sér að kaupa það skip, sem á að kaupa. En ég fæ ekki enn þá skilið, til hvers er ætlast af varðskipinu, þegar það

hefur staðið breskan togara að broti. Það á að kalla á breskt eftirlitsskip. En á það að bíða eftir um ómældan tíma að breska eftirlitsskipið komi? Á að taka það úr leik við eftirlitið innan lögsögunnar, á það að bíða, þangað til eftirlitsskipið kemur, þar sem það er statt, og er alveg sama hvar það er statt og hvar varðskipið er statt? Við vitum, að það er þýðingarlaust fyrir varðskipið okkar íslenska, þar sem slíkir fantar eiga í hlut, að setja út baujur, þeir hafa verið staðnir að því að taka þær upp og flytja þær um langa vegalengd. Þetta er eitt atriði. En meginatriðið í sambandi við þetta er að okkar varðskip eigi að þurfa að kalla á erlendan aðila til þess að sannprófa gerðir þeirra. Þetta finnst mér vera hin freklegasta móðgun, sem einni ágætustu stétt okkar lands hefur verið sýnd, og þar á ég að sjálfsögðu við okkar íslensku landhelgisgæslu. Er þetta önnur meginástæðan fyrir því, þótt ég sé mjög fylgjandi því, að samkomulag takist, að ég mun ekki greiða þessum samkomulagsgrundvelli atkv.

Nú hefur því verið haldið fram, og það hefur komið fram sem hótun, ekki aðeins hér hjá hæstv. ráðh., heldur og hjá fleiri aðilum, að slíkt ástand mundi skapast á miðunum, ef þetta yrði ekki samþykkt, að voðinn sjálfur væri vís. Ég hef allt aðra skoðun á þessu máli, og þótt reynt hafi verið að hræða menn til fylgis við þetta samkomulag með því að segja, að flotinn komi strax inn aftur, hef ég enga trú á því, að hann mundi gera það, enda mundi hann þá ekki gera það fyrr en eftir að okkar landhelgisgæsla hefði á ný tekið eiginlega landhelgisgæslu, en ekki þetta sportframhjáhlaup, sem þeim hefur auðsjáanlega verið fyrirskipað, að öllum líkindum af æðsta manni landhelgisgæslunnar, sjálfum hæstv. dómsmrh. En þeir halda nokkuð að sér höndum í líkindum við það, þá þurfum við auðvitað ekki að óttast, að flotinn kom inn aftur.

Það liggur nú þegar fyrir, að síðasti undirbúningsfundur að Hafréttarráðstefnunni verður í des. í New York, og að öllum líkindum mun sjálf Hafréttarráðstefnan hefjast á næsta ári, næsta sumar, jafnvel þegar í mars. Ég held, að það hefði verið miklu betra, að bíða. Jafnvel þótt við stöndum frammi fyrir því að þurfa að fara í nauðsynlega samninga vegna Norðursjávarveiðanna, þá sé ég ekki enn þá, hvað kallar á um þá rétt núna. Það má vel vera, að svo sé, þótt ég sé ekki kunnugur því. Ég tel þó, að það hefði verið betra að fara út í þá samninga, ef það hefði verið hægt að fresta þeim, um það leyti sem Hafréttarráðstefnan væri komin í gang, og ég óttast ekki, þótt hv. þm. Benedikt Gröndal geri það, um niðurstöðu Hafréttarráðstefnunnar. Ég er það trúaður á, að 200 mílna efnahagslögsagan muni sigra, að ég er satt að segja farinn að reikna með henni. Ég skal þó taka til greina alla þá fyrirvara og aðvaranir, sem hann hafði til okkar bjartsýnismannanna þar um.

En sem sagt, ég hef ekki trú á, ef skynslega er á haldið, að flotinn komi inn aftur og valdi þeim voða, sem sumir óttast. En auðvitað verður þá að hafa nokkuð tögl og hagldir á því, hvernig gæslan vinnur sín störf á þessu tímabili. Það er spurningin um það, hvort við getum staðið af okkur 1—1½ ár í viðbót. Ég trúi, að það sé hámarkið. En hitt er spurningin um það að vera bundinn Bretum í næstu tvö ár með þessum afarkostum, að hafa allan flota þeirra inn að 12 mílna mörkunum með örfáum undantekningum, bæði tímanlegum og mælanlegum í sjómílum.

Hannibal Valdimarsson: Herra forseti. Í morgun var ég að gera mér það í hugarlund, að dagurinn 12. nóv. mundi verða álíka gleðidagur í sögu Íslands og 15. febrúar 1972, þegar sá gleðilegi atburður gerðist, að allir 60 alþm. réttu upp höndina með samstöðu í landhelgismálinu. En þegar hv. 1. þm. Austf., Eysteinn Jónsson, hóf mál sitt á þingfundi í dag og skýrði frá því, að hann hefði verið beðinn að hafa framsögu fyrir meiri hl. hv. utanrmn., varð mér ljóst, að það hlyti að hafa orðið klofningur í sjálfri utanrmn. um afgreiðslu landhelgismálsins, sem við erum nú að ræða um. Ég taldi þetta vera harmafregn. En þegar hv. formaður Sjálfstfl., Geir Hallgrímsson, hóf sitt mál, þá lýsti hann því strax yfir, að þó að sjálfstæðismenn í utanrmn. hefðu kosið að skila sérstöku nál., væri þó niðurstaða þeirra sú, að þeir mæltu með samkomulaginu við Breta í landhelgismálinu. Þá varð ég glaður. Þá var það nánast formsatriði, að þeir höfðu kosið að skila sérstöku nál., en voru lausn málsins samþykkir.

Hv. 1. þm. Austf., Eysteinn Jónsson, lýsti því yfir, að hann mælti með samþykkt samkomulagsgrundvallarins, sem fyrir lægi, fyrir hönd Alþfl., fyrir hönd Framsfl. og fyrir hönd SF, og svo kom formaður Sjálfstæðisfl. og lýsti yfir samstöðu um þetta fyrir hönd Sjálfstæðisfl. Þar með höfðu allir stjórnmálaflokkarnir á Alþ. lýst yfir, að þeir styddu samkomulagið, eins og það lægi fyrir. Þetta var því orðinn gleðidagur. Hv. 2. þm. Reykv., formaður Sjálfstæðisfl., rökstuddi þeirra stuðning við samkomulagið rækilega, bæði í ræðu sinni og í nál., þegar það kom síðar á fundinum. Hann sagði m. a., að allir þm. Sjálfstfl. hefðu viljað leita samkomulags við Breta og koma á friði á miðunum til að bægja frá hættum. Í öðru lagi vilja þeir treysta því, að Bretar taki hér minna en 130 þús. tonna ársafla í stað 160-170 þús. tonna ársafla, sem talið er, að þeir hafi náð. Þetta var önnur röksemdin, að Bretar tækju með slíku samkomulagi minni afla á Íslandsmiðum en þeir hafa tekið á árinu liðna, síðan við færðum út landhelgina. „Í þriðja lagi teljum við," segir í nál., „lífsnauðsyn að stemma stigu við smáfiskadrápi hér við land og gera eftirlit með veiðarfærum og veiðum Breta samkv. samningnum virkt. Í fjórða lagi, teljum við miklu máli skipta, að tollalækkanir samkv. viðskiptasamningi okkar við Efnahagsbandalagið geti komið til framkvæmda og markaðir fyrir sjávarafurðir í löndum þess nýtist okkur".

Niður staðan varð því sú samkv. orðalagi nál. og alveg í samræmi við það, sem kom fram í upphafsorðum í ræðu hv. 2. þm. Reykv., formanns Sjálfstæðisfl., en þar segir: „Með tilvísun til þess, sem hér hefur verið sagt, munum við undirritaðir fulltrúar Sjálfstæðisfl. í utanrmn. greiða atkv. með till. til þál. um heimild fyrir ríkisstj. til að

ganga frá bráðabirgðasamkomulagi við ríkisstj. Bretlands um veiðar breskra togara.“ Og það voru Geir Hallgrímsson og Matthías Á. Mathiesen, sem undirrituðu þetta nál. fyrir hönd sjálfstæðismanna.

Þarna höfum við það svart á hvítu, að allir stjórnmálaflokkarnir á Alþ. hafa tjáð sig samþykka því að staðfesta bráðabirgðasamkomulagið, sem fyrir liggur við Breta. En það er dálítið, sem skyggir á, og það er, að það hefur komið í ljós, að það eru nokkrir undanvillingar í Sjálfstfl. Við höfum orðið varir við þrjá, 3½ kannske. (Gripið fram í.) Það ber nú ekki mikið á milli í þessu tilfelli a. m. k. Ég held, að það sé ekki tilviljun ein, að undanvillingarnir eru hv. 2. þm. Vestf., Matthías Bjarnason, hv. 3. þm. Sunnl. Guðlaugur Gíslason, og hv. 5. þm. Vestf., Þorvaldur Garðar Kristjánsson. Þetta er úr sjálfstæðisliðinu. Og svo er maðurinn, sem ekki má gleyma, hv. 3. landsk. (**Gripið fram í:** Hann er ekki í Sjálfstfl.) Hann er ekki í Sjálfstfl., nei, nei, hann skal ekki hafa neina skömm af því. (Gripið fram í). Ég ætla að segja örfá orð um þá, svo að þér verði rórra. Ég skil það, að hv. 3. landsk. reyni að slá pólitískar keilur á þessu máli. Honum veitir ekkert af því að grípa í hvert einasta hálmstrá, sem hann heldur sig sjá, til þess að reyna að halda sér uppi á, og verður honum þó vart hugað pólitískt líf, þótt hann reyni að slá pólitískar keilur á landhelgismálinu. Ég held, að það yrði ekki svo vænlegt til fanga. Þó að hv. þm., sem hér talaði seinast, væri farinn að telja upp úr kössunum í næstu kosningum, þá held ég, að það geti skeikað einhverju.

Nei, ég vil segja það um undanvillinga Sjálfstfl., að það er engin tilviljun, að það eru þessir menn, sem skera sig úr leik og neita nú að fylgja forustu síns flokks í þessu máli. Guðlaugur Gíslason, hv. 3. þm. Sunnl., vill ná höggi á hv. 5. þm. Sunnl., Garðari Sigurðssyni, heldur sig geta plokkað einhver atkv. af honum, ef hann greiði atkv. á móti samkomulaginu, sem Garðar sé bundinn af. Hv. þm. Matthías Bjarnason, 2. þm. Vestf., og góðvinur hans, Þorvaldur Garðar Kristjánsson, 5. þm. Vestf., halda, að þeir geti plokkað einhver atkv. af hv. 1. þm. Vestf. Steingrími Hermannssyni, hv. 7. landsk., Karvel Pálmasyni, og e. t. v. af mér líka, sem hef nú ekki af miklu að má, — með því að hlaupa undan merkjum Sjálfstfl. í þessu máli. Matthías Bjarnason er ekki á neinum nástráum í pólitíkinni, hann þarf ekki að vera með nein atkvæðasnöp, svo að ég skil ekkert í honum. Þorvaldur Garðar Kristjánsson stendur að vísu nokkru tæpar sem 5. þm. Vestf., hann er í neðstu tröppu og gæti dottið úr henni kannske. En ég held, að hann bjargi sér ekki upp í 4. eða 3. tröppu með þessu. Vestfirðingar eru drengskaparmenn og þeir launa ekki lubbaskap með atkv. (**Gripið fram í:** Við höfum aðra reynslu af þeim.) Nei, við höfum einmitt þessa reynslu. Vestfirðingar launa ekki lubbaskap með atkv. sínum.

Ég minnist þess, að hv. 5. þm. Vestf. Þorvaldur Garðar Kristjánsson, sagði meðal margs annars, að þessi samningsgerð væri þjónkun við Breta með afstöðu sinni? Er formaður þingflokks Sjálfstfl., Gunnar Thoroddsen, sem hélt hér ágæta, rökfasta ræðu og endaði með því að lýsa yfir stuðningi við samkomulagið, að sýna þjónkun við Breta? Þau högg, sem okkur stjórnarsinnum eru greidd með svona forsendum, eru líka greidd forustu Sjálfstfl. Hv. 5. þm. Vestf., Þorvaldur Garðar Kristjánsson, sagði líka, að það væri verið að níðast á Vestfirðingum með þessu samkomulagi. Er þá forusta Sjálfstfl. að níðast á Vestfirðingum? Líklega. (**Gripið fram í:** Hefur hún gert þetta samkomulag?) Hún er samþykk þessu samkomulagi. Það hefur væntanlega ekki farið fram hjá hv. 2. þm. Vestf.

Hv. 5. þm. Vestf., Þorvaldur Garðar Kristjánsson, sagði líka, að með þessu samkomulagi væri verið að opna Vestfjarðamiðin fyrir Bretum. Hafa Vestfjarðamiðin verið lokuð fyrir Bretum á því ári, sem við höfum staðið í stríði við Breta? Hafa breskir togarar ekki sést þar? Ef hv. þm. heldur því fram, þá hefur hann fylgst heldur illa með eins og oft áður.

Nei, hv. undanvillingar Sjálfstfl. í þessu máli hefðu vel haft efni á því að standa í báðar lappir uppréttir frammi fyrir sínum kjósendum, hvort sem var í Sunnlendinga- eða Vestfirðingafjórðungi, og segja: Við erum samþykkir rökum forustumanna Sjálfstfl. um það, að þetta samkomulag sé betra en áframhaldandi stríð, þeim rökum, sem þeir fluttu fram. — Ég held, að þeir hefðu mátt gera sér betri vonir um atkv. upp úr kössunum í næstu kosningum, ef þeir hefðu staðið þannig í báða fætur með forustu síns flokks.

Það hefur verið sagt, og ég held, að það sé rétt, að það mundi enginn flokkur slá sér upp á því að rjúfa eininguna í landhelgismálinu, og ég held, að það sé enn fjær sanni, að nokkur þm. slái sér upp á því að rjúfa þessa samstöðu. Það er ekki stórmannlegt að reyna að snapa atkv. út á svona lítið karlmannlega afstöðu.

Mig rak í rogastans hérna um daginn, fyrir helgina, þegar hv. 3. landsk. þm. fræddi okkur um, að það væri til skrýtin skepna núna í dýraríkinu. Ekki nefndi hann hana blöðrusel, hann hef ég heyrt nefndan, og ekki nefndi hann hvalablástur í sambandi við þá lýsingu, sem hann gaf þá, en hann sagði, að þessi skepna héti blástursselur. Ég sló því föstu þá, að ég hefði þá séð þessa skepnu og vissi hvernig hún liti út. En ég var farinn að halda, að þetta hefði verið skynvilla og skepnan væri alls ekki til. En í dag kom allt í einu þessi feiknablástur hér í hv. d., og það var ekki hvalablástur. En það var sá sami hv. þm., sem hafði sagt okkur frá blástursselnum, sem var þá að blása. Ég slæ því föstu, að dýraríkið hefur eignast nýja tegund, skepnan er til.

Þessi hv. þm., 3. landsk., vildi, að þetta samkomulag við Breta væri miklu víðtækara en það er, og hann sagði, að það vantaði margt í það, m. a. vantaði það í, að það hefði verið farið fram það við Breta, að þeir viðurkenndu að vildu ganga inn á það við okkur í samkomulaginu, að við segðum upp samningnum frá 1961. Að þessu vék hæstv. forsrh. M. ó. o.: hv. þm. vissi ekki um það, að Alþ. var búið að lýsa því yfir, að þessi samningur væri úr gildi fallinn (**BGuðn:** Þetta er bull.) Er þetta bull? (**BGuðn:** Þetta er bull í þér.) Ja, enn þá blæs selurinn. Hv. þm. hefur sjálfur tekið þátt í því að senda orðsendingu út í lönd um það, að þessi samningur sé þegar framkvæmdur og

hafi ekki lengur gildi. En svo átti núna að semja um það við Breta, að hann skyldi falla úr gildi. (Gripið fram í). Þetta er alveg nákvæmlega sams konar fásinna og þegar hv. þm. hefur lagt til, að þjóðaratkvgr. fari fram um þetta mál og Alþ. vísi þannig frá sér efnislegri afgreiðslu þess, en síðan ber hv. sami þm. fram till. um það, að Alþ. skuli afgreiða málið og krefjast þess af Bretum, að þeir viðurkenni fiskveiðilögsögu Íslendinga innan 50 mílna. Það hefur hv. þm. ekki gert kröfu um gagnvart neinum þeim þjóðum, sem við höfum gert samning við hingað til. Það er tekið fram, að hvorugur aðilinn breyti afstöðu sinni um lagalega afstöðu. Og það hefur hv þm. líka samþ., þá samninga. Hann veit sem sé ekkert í sinn haus, hvað hefur gerst í málinu, og er að tala um, að það eigi nú að gera það, sem búið er að gera fyrir löngu. Það væri ekki hægt að verða sér meira til vanvirðu fyrir Alþingi Íslendinga heldur en með því að taka mark á orðum þessa hv. þm.

Það hafa margir hv. alþm. vikið að því, að umr. hér í dag hafi að miklu leyti verið um önnur atriði en um það mál, sem hér er til umr., mikið fjas, mikil brigsl varðandi samninginn 1961 og mjög langar umr., þó að allir flokkar séu sammála um málið og aðeins örfáir þm. ætli að notfæra sér aðstöðu sína til þess að reyna að snapa atkv. með því að vera á móti. En hvað er hér um að ræða? Það er aðein um það að ræða að meta, hvort sé betra að halda áfram stríði við Breta um veiðar þeirra á Íslandsmiðum eða gera við þá það samkomulag, sem hér liggur fyrir. Þetta mat og ekkert annað liggur hér raunverulega fyrir. Þjóðin á um tvo kosti að velja, hafna samkomulaginu og halda áfram stríðinu við Breta og Þjóðverja eða gera samkomulagið, sem hér liggur fyrir. Og hvort er betra? Þeir hv. þm., sem vilja fella samkomulagið og greiða atkv. á móti því, telja auðvitað áframhaldandi stríð betra.

Ég skal enn einu sinni rifja upp, hvað í samkomulaginu felst.

Samkv. þskj. er það í fyrsta lagi, að allir verksmiðjutogarar og frystitogarar verða útilokaðir frá Íslandsmiðum, ef samkomulagið fær samningsgildi. Þessir verksmiðjutogarar og frystitogarar voru á viðmiðunarárinu 1971 25, að mér er tjáð. En Bretar hamast nú við að byggja slík skip, og nú innan skamms verða þau miklu fleiri en 25 og ættu þannig greiða leið á Íslandsmið, ef samkomulagið er ekki gert. Ég slæ því þess vegna föstu, að lágmarkstala frystiskipa og verksmiðjutogara er 25, en þau gætu líka á tveggja ára tímabilinu orðið miklu fleiri. En þessi skip eru öll útilokuð frá Íslandsmiðum. Við hvert eitt skip, sem við gætum gert samkomulag um að fækka á Íslandsmiðum, væri það ávinningur, og þau eru í þessu tilfelli a. m. k. 25, e. t. v. á tveggja ára tímabilinu miklu fleiri, enn fremur 15 stærstu togararnir, sem þá eru eftir, og aðrir 15 af minni gerðum, 30 skip í viðbót við þetta, sem ekki eiga að koma á Íslandsmið, ef samkomulagið er gert, samtals a. m. k. 55 skip.

Enn fremur segir í samkomulaginu, að breskir togarar megi ekki stunda veiðar á eftirtöldum friðunarsvæðum á þeim tímum, sem þar greinir: fyrir Norðvesturlandi, Suðurlandi og Norðausturlandi. Það er annað atriði samkomulagsins, friðunarsvæði á þremur stöðum, sem þeir mega ekki fara inn á, mega ekki veiða á, og má geta nærri, hvort ekki dregur eitthvað úr aflamöguleikum þeirra, að viðbættum 55 skipum, sem dragast frá.

Þriðja atriðið í samkomulaginu er svo, að breskir togarar mega ekki stunda veiðar á bátasvæðum fyrir Vestfjörðum, fyrir Austfjörðum og fyrir Norðurlandi. Mundi það ekki eitthvað takmarka þeirra veiðimöguleika að mega ekki fara inn á þessi bátasvæði? Þau eru þó valin af Íslendingum og sýnd á uppdráttum frá því í vor.

Fjórða atriðið er það, að breskir togarar munu ekki stunda veiðar á þeim tímum, sem hér segir, á svæðum bæði fyrir Vestfjörðum, fyrir Suðurlandi, fyrir Suðausturlandi, fyrir Norðausturlandi og fyrir Norðurlandi.

Þeir menn, sem vilja hafna þessu tilboði, sem fyrir liggur og við erum að ræða, segja auðvitað: Áframhaldandi stríð við Breta er betra. M. ö o.: þeirra niðurstaða er, að það sé betra, að hér skarki verksmiðjutogarar og frystitogarar Breta á Íslandsmiðum, heldur en þeir séu hér ekki. Það sé betra, að 15 aðrir stærstu togarar Breta séu hér áfram næstu tvö árin, heldur en þeir séu útilokaðir. Það sé betra, að aðrir 15 af minni togurum Breta herji hér, heldur en þeir séu hér ekki. Það sé sem sé samanlagt betra, að a. m. k. 55 togarar, stærri og smærri, séu hér að veiðum, heldur en þeir séu útilokaðir. En við hinir, sem viljum standa að þessu samkomulagi, blygðumst okkar ekki fyrir það, að við teljum betra, að Bretar séu útilokaðir á þennan hátt frá ákveðnum fiskimiðum og frá veiðum mikils fjölda skipa.

Þeir, sem vilja greiða atkv. á móti samkomulaginu, bæta nú ýmsu við þetta. Þeir komast að þeirri niðurstöðu, að það sé betra, að togararnir bresku eigi aðgang að friðunarsvæðunum fyrir Norðurlandi, Suðurlandi og Norðausturlandi, betra, að þeir fái aðgang að bátasvæðunum fyrir Vestfjörðum, Norðurlandi og Austfjörðum, betra að Bretar moki upp smáfiski á afmörkuðum alfriðuðum svæðum við Vestfirði, á Selvogsbanka og við Norðausturlandið, það sé betra að vera áfram í stríði við Breta en hafa það umsamið við þá, að íslensk varðskip megi stöðva breskan togara, sem brýtur samkomulagið. Á þessu atriði hneykslast þeir ákaflega. Samkomulagið heimilar okkur þó að stöðva sérhvert það breskt veiðiskip, sem brýtur samkomulagið. Það er bölvað sjálfsagt að mati þessara manna. Við teljum það betra. Það getur kostað það að þurfa að skjóta á breskan togara til þess að stöðva hann. Við höfum samkv. þessu samkomulagi heimild Breta til þess að skjóta á þá, ef þeir brjóta samkomulagið, stöðva þá með hverjum þeim hætti, sem nauðsynlegt er. Hv. undanvillingar Sjálfstfl. eru sjálfsagt á móti því. Þeir segja: Það er nú það versta við þetta, að það á að kalla þarna til aðstoðarskip. Til hvers? Til að sannreyna málsatvik. Til að sannreyna það, að staðarákvörðun varðskips sé rétt, sé óvefengjanleg, þó að Bretar séu leiddir til. Ég hefði talið það veikleika í samkomulaginu, ef það hefði ekki verið tryggt með einhverjum hætti, að Bretar gengju úr skugga um það, að staðarákvörðun væri rétt. Ég játa það að vísu, að ég hefði talið eðlilegra, að breski togarinn brotlegi hefði haft umsaminn rétt til þess að kalla eftirlitsskipið til. En ég veit það

fyrir víst, að íslenskur varðskipstjóri mundi að þessu samkomulagi gerðu alls ekki taka breskan togara, nema það væri alveg öruggt og óumdeilanlegt, að hann væri að brjóta samkomulagið. Á mörkum mundi varðskipið ekki taka slíkt breskt veiðiskip.

Nú vita það allir, að staðarákvörðun fer fram með nákvæmum mekaniskum tækjum, og það verður þess vegna ekki um það deilt, hvort hér sé um að ræða brot á samkomulaginu eða ekki. Tækin skera þar úr. Auðvitað höfum við ekkert að fela fyrir Bretum, ef varðskip tekur breskan togara. Það væri veikleikamerki, ef við segðum: Við tökum hann, en þurfum ekki að hafa neinn Breta þar við. — Að kalla Breta til, það er að bjóða þeim: Komið og sjáið, hvort hér er ekki um staðreynd að ræða, að hér er rofið samkomulagið. — Ég álít einmitt, þó að ég hefði heldur viljað, að Bretar hefðu samið um það sér til handa, að þeirra brotlegi togari mætti kalla eftirlitsskipið til, að þá sé það þó í raun og veru öryggisráðstöfun fyrir okkur, að breskt skip skuli kallað til.

En í þessu liggur ekki framkvæmdin. Framkvæmdin liggur í næstu mgr. eða setningu, þar sem segir, að togari, sem rofið hafi samkomulagið, verði strikaður út af listanum, strikaður út af þeirri skipaskrá, sem Íslendingar hafa samið um, að hafi veiðileyfi hér við land. Hver fer með þá framkvæmd? Íslenski dómsmrh. fer með hana. Til þess að vera öruggur um, að hann hafi öruggan, fastan grundvöll undir fótum með þessa aðgerð sína, liggur nú fyrir þinginu frv. til l., þar sem verður lagalega ákveðið, að breskur togarinn, sem brýtur samkomulagið, eigi ekki veiðirétt hér lengur, hann sé máður út af skránni yfir þau skip, sem hér hafi veiðirétt. Þar með fækkar um hvern einn, sem hér hafi veiðirétt. Þar með fækkar um hvern einn, sem gerist brotlegur við þetta samkomulag, í viðbót við þau önnur skip, sem útilokuð eru samkv. samkomulaginu. Ég tel það miklu þyngri refsingu á breskt skip að missa veiðiréttindin hér með öllu heldur en þótt hann væri tekinn til hafnar og sektaður, tekin af honum veiðarfæri, og svo færi hann út á veiðar aftur, eins og þeir hafa gert. Framkvæmdin er því í höndum Íslendinga, framkvæmdin á þessu samkomulagi. Það stendur fast. Dómsmrh. tekur þau skip af skrá, sem gerast brotleg við samkomulagið.

Kannske er það svo mikilvægast við þetta samkomulag, að með því að gera það viðurkenna Bretar umráðarétt okkar yfir fiskimiðunum í kringum Ísland. Það gerir enginn samkomulag við aðila öðruvísi en það sé forsendan, að viðkomandi aðili, sem samkomulagið er gert við, viðurkennist að hafa þann rétt, sem um er samið. Matthíasi Bjarnasyni dytti ekki í hug að koma til mín og biðja um að fá að veiða upp við landsteina á Selárdalsbót, svo að ég bregði á gaman, nema því aðeins að hann teldi mig vera umráðamann yfir Selárdalsbót. Hann semdi svo um það við mig, að hann mætti veiða þar hörpudisk eða kúfisk eða þann afla, sem fáanlegur væri. En hann viðurkenndi fyrst og fremst, að ég ætti umráðaréttinn, hann gerði ekki við mig samkomulag að öðrum kosti. Það er viðurkenning de facto af Bretum á rétti Íslendinga yfir sinni landhelgi, þegar þeir gera slíkt samkomulag við íslensk stjórnvöld. Og það er kannske meira virði en allt annað, sem í samkomulaginu stendur, þó að ég vilji á engan hátt vanmeta það.

Niðurstaða mín og þingflokks SF í þessu máli er því sú, sem ég lýsti hér fyrir helgina. Við viljum ekki heyja stríð stríðsins eins vegna. Við teljum, að samkomulagið feli í sér meiri veiðitakmörkun breskra togara og þar með meiri hlífð við okkar aðþrengda þorskstofn en reynslan á s. l. ári bendir til, að við gætum náð með áframhaldandi stríði. Við veljum því hina friðsamlegu lausn samkomulagsins og teljum hana hinn betri kost, sem þjóðin eigi völ á. Þess vegna mun þingflokkur SF greiða samkomulagi því, sem fyrir liggur atkv. sitt. (**Gripið fram í:** Hefur Karvel breytt um skoðun? — **KP:** Ég skal svara því.) Spurðu hann um það. Ég held, að ég verði að segja það að lokum, að miklu held ég, að það væri sæmra fyrir hv. 3. landsk að blása minna, en taka skoðanaskiptum og hlaupa frá þeim till., sem hann hefur lagt fram.

Jón Árnason: Herra forseti. Ég held, að það fari vart á milli mála, að við þá afgreiðslu, sem nú fer fram um till. til þál. um heimild fyrir ríkisstj. til að ganga frá bráðabirgðasamkomulagi við ríkisstj. Bretlands um veiðar breskra togara hér við land, verði það lýðskrum og ábyrgðarleysi, sem þm. stjórnarflokkanna og þá sérstaklega þm. Alþb. hafa leikið á undanförnum árum í sambandi við landhelgismálið í heild, að fullu afhjúpað. Það var vissulega tími til kominn, að þjóðin fengi að sjá, hvernig þessir menn hafa leyft sér að nota eitt mesta lífshagsmunamál hennar ábyrgðarlaust sjálfum sér til framdráttar í pólitískum tilgangi.

Þau verða nú að litlu, öll stóru orðin frá þeim tíma, sem landhelgissamningurinn frá 1961 var gerður. Hver hefði trúað því, að sá eldheiti baráttumaður landhelgismálsins, hæstv. sjútvrh. mundi eftir aðeins rúmlega eins árs baráttu rétta upp höndina og samþykkja það samkomulag við bresku ríkisstj., sem nú stendur til boða? Ég segi þetta með sérstöku tilliti til þeirra ummæla, sem þessi hæstv. ráðh. hefur haft varðandi samkomulagið frá 1961, og svo aftur þeirra yfirlýsinga, sem bæði hann og aðrir þm. Alþb. og aðalmálgagn flokksins, Þjóðviljinn, hafa oft gefið varðandi það samkomulag, sem hér stendur til boða. Þeir hafa marglýst því yfir, að í þessu bráðabirgðasamkomulagi sé um slíka úrslitakosti að ræða, að þeir muni aldrei taka þátt í að samþykkja það. Þetta eru staðreyndir, að þessar yfirlýsingar hafa þeir margsinnis gefið.

Öll þessi stóru orð og svo ótalmargt fleira, sem hér yrði of langt upp að telja, eru þessir strangheiðarlegu fulltrúar íslensku þjóðarinnar nú tilbúnir að éta ofan í sig og kasta fyrir róða til þess eins að fá í staðinn að sitja áfram í ríkisstj., til þess að geta haldið áfram að svíkja þjóðina og fórna hverju sem er, bara ef þeir fá að halda ráðherrastólunum.

Ég hygg, að þessi afstaða þingflokks Alþb. og ráðh. þess sé algert einsdæmi í allri þingsögunni, að þegar um er að ræða það stórmál, sem allir eru sammála um, að sé eitt stærsta lífshags-

munamál íslensku þjóðarinnar, og því höfum við vissulega haldið fram í sambandi við rök okkar fyrir útfærslunni, þá skuli þessi stjórnmálaflokkur, eftir að hafa lýst yfir, að þetta samkomulag, sem hér um ræðir, sé gersamlega óaðgengilegt og óviðunandi, þrátt fyrir það greiða atkv. með samþykkt till. til þess eins að geta setið áfram í ríkisstj. og ráðherrastólum.

Hv. þm. Jónas Árnason gaf þá yfirlýsingu eina um þetta mál, þegar hann tók til máls hér áðan, að þessi till., sem hér væri til lausnar í þessu máli, væri bæði meingölluð og gráðölvuð. Þetta var það eina, sem þessi hv. þm. hafði að segja um þetta þýðingarmikla mál. Hann kom ekki að því einu einasta orði öðru en hann beindi fsp. til hv. 3. landsk. þm., um það hvort hann mundi virkilega vilja fella ríkisstj. Það er það eina sem hann hafði að segja, þessi sendiherra hæstv. sjútvrh., sem var búinn að fara land úr landi og margar ferðir til þess að reyna að koma Bretum í skilning um það, hvaða villigötur þeir væru komnir á í sambandi við kröfu sína um að fá að veiða hér áfram í íslenskri landhelgi. Maður hefði getað trúað því, að hann hefði eitthvað meira að segja um þetta mál, þegar hann loksins kemur hér í ræðustól til þess að ræða um endanlega lausn í þessu máli. Nei, yfirlýsingin var einföld. Hann sagði: Till. er meingölluð og gráðölvuð. — Samt sem áður ætlar þessi hv. þm. að greiða atkv. með till., enda þótt hann tæki það ekki fram, hvaða afstöðu hann mundi endanlega hafa, þegar till. kæmi til afgreiðslu. En aðrir af forustumönnum flokksins hafa lýst því yfir, að flokkur þeirra muni standa sem ein hjörð við endanlega afgreiðslu þessa máls.

Hæstv. iðnrh. talaði hér alllangt mál um fjölmargt, sem ekkert kemur máli þessu við. Það er sýnilegt, að nú er verið að reyna að draga athygli þjóðarinnar frá þeim vinnubrögðum, sem þeir Alþb.-menn eru orðnir uppvísir að, en það er að gleypa öll stóru orðin, og allur sá áróður, sem þeir hafa haft í frammi á undanförnum árum um frv. ríkisstj. í sambandi við samkomulagið frá 1961, var ekkert annað en ábyrgðarlaus rógur í líkingu við þá iðju, sem landsfræg kvenpersóna er kennd við, þ. e. Gróa, Leitis-Gróa eins og reyndar ráðh. vitnaði til og vakti sérstaka athygli á í ræðu sinni.

Nú er það Watergate-málið og annað því um líkt, sem hæstv. ráðh. grípur til til þess að reyna að draga athygli þjóðarinnar frá þeirri afhjúpun, sem hann og hans flokkur stendur nú frammi fyrir alstrípaður og á engrar undankomu auðið frá þeirri staðreynd, að allt, sem þeir hafa sagt þjóðinni um heilindi sín í landhelgismálinu og um ótrúmennsku annarra, hefur verið einber rógur og áróður settur fram í því augnamiði að blekkja kjósendur og þjóðina til fylgis við flokk sinn.

Ég vil þá víkja nokkuð að því samkomulagi, sem hér er til umr. og vissulega hefur bæði sína kosti og galla. Það hefur fyrr í þessum umr. verið gerður samanburður á því bráðabirgðasamkomulagi, sem gert var 1961, og því bráðabirgðasamkomulagi, sem nú stendur til boða. Það er auðvelt að benda á ýmsa liði í samkomulaginu frá 1961, sem eru okkur hagstæðari en það, sem er um að ræða að þessu sinni. En ég vil í sambandi við samningana frá 1961, sem ýmsir hafa borið fyrir sig að hafi verið til trafala í sambandi við samningagerðina nú, spyrja hæstv. sjútvrh. að því, hvað það hafi verið, sem kom í veg fyrir það 1958, þegar landhelgin var færð út í 12 sjómílur, — þá voru engir slíkir samningar til þess að koma í veg fyrir útfærslu, — að við gætum fært út landhelgina í 12 sjómílur. Samt sem áður var það nú svo, að það stóð í hæstv. sjútvrh. að koma málinu fram og að útfærsla landhelginnar yrði að veruleika og gildandi. Ég vil benda á, að með samkomulaginu frá 1961 viðurkenndu Bretar okkar 12 mílna fiskveiðilögsögu. Nú er ekki um neina slíka viðurkenningu að ræða. Í 7. lið segir, að samkomulag þetta gildi „í tvö ár frá undirritun þess, og hefur brottfall þess ekki áhrif á lagaskoðanir aðila varðandi efnisatriði deilunnar.“ Hvað halda hv. alþm., að fulltrúar Alþb. hefðu sagt um þetta atriði samkomulagsins, ef þeir hefðu í dag staðið utan stjórnar og getað leikið sitt óábyrga hlutverk, sem þeir hafa ætið leikið varðandi landhelgismálið? Ég er ekki í neinum vafa um það orðaval, sem þeir hefðu haft á reiðum höndum til að ófrægja þá, sem að slíku samningsatriði hefðu staðið. Það hefði verið kallað landráð og ekkert annað að semja um veiðiheimildir í íslenskri landhelgi við þá aðila, hverjir sem svo það hefðu verið, Bretar eða aðrir, sem ekki vildu um leið viðurkenna okkar landhelgi. Um lögsögueftirlitið segir undir 6. lið samkomulagsins, að sé skip staðið að veiðum í *bága* við samkomulagið, geti íslenskt varðskip stöðva það, en skuli kveðja til það aðstoðarskip breskt, sem næst sé til að sannreyna málsatvik. Þennan fyrirvara er ég viss um, að þeir Alþb.-menn hefðu einnig kallað undirlægjuhátt við Breta og ekkert annað, ef það væru ekki þeir, sem í ráðherrastólunum væru. Sá er nú munurinn að geta leikið ábyrgðarlaus lausum hala og brigslað öðrum um landráð og annað verra eða verða að bera ábyrgðina sjálfur og taka afleiðingum gerða sinna.

Ég var satt að segja undrandi áðan yfir þeirri yfirlýsingu, sem hv. þm. Hannibal Valdimarsson gaf, og þeirri skýringu, sem hann gaf í sambandi við þetta mál. Hann sagði, að hann hefði kallað það galla á samkomulaginu, ef ekki hefði verið ákvæði um, að íslenskt varðskip skyldi kalla breskt eftirlitsskip til þess að athuga, hvort mælingar væru réttar. Ætli þessi hv. þm. vildi þá ekki koma með till. um það að setja inn í íslenskt lagasafn, að í framtíðinni skuli vera hafður sá háttur á að kalla jafnan til athugunar eftirlitsskip frá þeim þjóðum, sem eiga skip, sem stunda fiskveiðar hér við land og brjóta okkar íslensku fiskveiðilögsögu?

Í sambandi við þær undanþágur og kvótaskiptingu, sem í þessu bráðabirgðasamkomulagi felst, verður að segjast, að það er engu líkara en Bretar hafi haft þar algert sjálfdæmi, hvað viðkemur þeirri tímasetningu, sem um er að ræða. Hæstv. forsrh. gaf hér nokkra skýringu á því, hvernig þetta mál hefði farið, þegar það kom til umr. við Breta, og hvernig gengið hefði að fá nokkru um þokað varðandi þau tilmæli, sem komu frá Landssambandi ísl. útvegsmanna. Hann

sagðist hafa sent beiðnina með milligöngu breska sendiherrans í Reykjavík, og hann sagðist vera viss um, að hann hefði komið tilmælunum á framfæri. En það er kannske engin ástæða til þess, að það fengist nokkru um þokað í þessum efnum, sagði hæstv. forsrh., vegna þess að Bretar kunna að reikna. Íslendingar kunna víst ekki að reikna. (**Forsrh.**: Jú, jú.) Jú, jú, segir hæstv. forsrh. En reikningur hans hefur þá ekki komið að gagni, a. m. k. ekki í þessum efnum, fyrir íslenska hagsmuni. Til viðbótar því verður að harma, að ekki skuli vera utan 12 mílnanna nein friðunarsvæði fyrir minni báta á öllu svæðinu frá Látrabjargi að Austurhorni, þegar frá er tekið óverulegt veiðisvæði á Selvogsbanka um mjög takmarkaðan tíma, aðeins einn mánuð, sem vitað er, að ekki kemur að þeim notum, sem til er ætlast, þar sem aðalhrygningu þorskfisksins er alls ekki lokið um 20. apríl, en þá er gert ráð fyrir að opna þetta veiðisvæði á ný fyrir öllum veiðum. Vitanlega hefði það þurft að vera stærra, þetta svæði, sem þarna er um að ræða og einnig hefði tímalengdin þurft að verða meiri, a. m. k. út aprílmánuð, til þess að það næði verulegum árangri í sambandi við það að friða þessar aðalhrygningarstöðvar þorskfisksins, sem allir eru sammála um, að eru hvergi þýðingarmeiri en á þessu veiðisvæði.

Það ákvæði samkomulagsins, að ekki skuli loka nema einu hólfi í einu, er að sjálfsögðu veigamikið atriði, sem kemur til með að auðvelda Bretum að ná því heildarfiskimagni, sem þeim er ætlað með þessu samkomulagi.

Eins og fiskveiðideilan þróaðist á síðustu mánuðum, áður en Bretar tóku þá ákvörðun að kalla herskip sín út úr fiskveiðilandhelginni, um leið og ákveðið var, að forsrh. landanna mundu hittast og gera lokatilraun til þess að ná bráðabirgðasamkomulagi um lausn deilunnar, þá var öllum ljóst, að framkoma bresku herskipanna var með þeim hætti, að hvenær sem var gat komið til þess, að hinar alvarlegustu afleiðingar hlytust af. Við höfum þegar fórnað einu mannslífi, og sýnilegt var, að þær fórnir gátu hvenær sem var orðið enn meiri og hinar afdrifaríkustu fyrir íslensk sjómannaheimili og íslensku þjóðina í heild. Það er m. a. með þetta í huga, sem ég, þrátt fyrir margvíslega annmarka, sem ég sé á þessu samkomulagi, og einnig með tilliti til þess, að hér er um tímabundið samkomulag að ræða og möguleikar okkar til þess að gera enn stærra átak varðandi fiskveiðilandhelgina virðast *nú skammt undan, að ég mun greiða atkv.* með þessari till. um bráðabirgðasamkomulag til lausnar landhelgisdeilunni. Með því verður endir bundinn á það hættuástand, sem að öðrum kosti yrði viðvarandi á íslenskum fiskimiðum.

Frsm. minni hl. (Geir Hallgrímsson): Herra forseti. Þótt það sé orðið nokkuð áliðið, tel ég ekki fært annað en drepa á nokkur atriði, sem fram hafa komið í þeim umr., sem hér hafa farið fram.

Hv. aldursforseti þingsins, Hannibal Valdimarsson, lýsti því yfir og vitnaði í því sambandi til nál. minni hl. utanrmn., að ég hefði skýrt þingheimi frá fylgi Sjálfstfl. við till. þá, sem hér liggur fyrir til umr., án þess að geta um það, að nokkrir þm. Sjálfstfl. hefðu þar um sérstöðu. Hv. þm. vitnaði til nál. með þessum orðum: „Þá viljum við taka fram, að allir þm. Sjálfstfl. hafa viljað leita samkomulags við Breta og koma á friði á miðunum til að bægja frá hættum.“ Síðan hljóp hann yfir nokkrar línur, sem ég tel rétt að lesa hér. „Allir þm. Sjálfstfl. eru þeirrar skoðunar, að unnt hefði verið að ná betri samningum en raun ber vitni, ef betur hefði verið staðið að málum, og nokkrir þeirra telja ágalla samningsins svo mikla, að þeir telja sig ekki geta fallist á hann, eins og hann liggur fyrir.“ Þessar línur sleppti þm. að lesa og hélt síðan áfram að gera grein fyrir, af hverju við nm. og aðrir þm. Sjálfstfl. greiddum samningnum atkv. Ég verð að segja það eins og er, að það eru mér vonbrigði, að þessi hv. þm. og heiðursmaður lætur sér sæma slík vinnubrögð.

Hæstv. iðnrh. hélt hér nokkuð langa ræðu, sem fjallaði um allt annað en þann samning, sem hér er á dagskrá, og von er raunar til þess, að hann sneiði hjá málefnalegum umr. um aðdraganda þeirrar samningagerðar, afstöðu Alþb. og efni samningsins, miðað við þá fortíð, sem *hann hefur í þessum málum. Hann talaði helst* um það, að í Sjálfstfl. tíðkaðist lokuð stjórnmálastarfsemi gagnstætt því, sem væri í Alþb., þar sem opinn ágreiningur væri lýðum ljós og ekkert við það að athuga. Það væri fróðlegt að sjá á prenti óbreyttar ræður þm. Svövu Jakobsdóttur, Jónasar Árnasonar og Magnúsar Kjartanssonar á flokksstjórnarfundi Alþb. fyrir skömmu, þar sem fjallað var um stóriðjumálin. Það væri líka fróðlegt að fá birtar í Þjóðviljanum frásagnir af þingflokksfundunum í Alþb., þegar verið var að reyna að handjárna þm. til fylgis við þennan samning, sem nú á að fara að greiða atkv. um. Allir vita, að staðhæfing ráðh. á ekki við rök að styðjast.

Þessu er þveröfugt farið um starfshætti Sjálfstfl. og Alþb. við það, sem hann vildi vera láta. Enda voru þeir alveg undrandi, ráðh. Alþb., Magnús Kjartansson sjálfur, undrandi á því, að tvö nál. væru birt með sömu níðurstöðu, eins og á sér stað um nál. meiri hl. og minni hl. utanrmn. Hann vildi auðvitað hafa þetta eins og meirihlutanál. sagði til um, að afgreiða málið með einni línu. Hann þoldi ekki, að málið væri málefnalega rætt og frá efni þess skýrt, annmörkum þess og þeim kostum, sem það hefur einnig til að bera. Þetta er, þegar til kastanna kemur í raun, sannfæring þm. um æskilega starfshætti, og ber ekki vitni um opnar stjórnmálaumr.

Hinn ráðh. Alþb., Lúðvík Jósepsson var líka alveg undrandi á því, að allir sjálfstæðisþm. væru ekki sammála um að greiða samningnum atkv. og menn greiddu atkv. samkv. sannfæringu sinni.

Hæstv. iðnrh., Magnús Kjartansson, kvað mig vera hissa á því, að menn gæti greint á. Það er mikill misskilningur. Það, sem ég er ekki eingöngu undrandi yfir, heldur ávíta harðlega, er, að menn tali á móti máli og greiði síðan atvk. með því, að menn greiði ekki atkv. samkv. sannfæringu sinni.

Hv. 1. þm. Austf., Eysteinn Jónsson, og hv. 2. þm. Austf., Lúðvík Jósepsson, töldu enga þjóðar-

einingu hafa verið rofna með kosningabaráttu þáv. stjórnarandstöðuflokka í landhelgismálinu. Ég vil minna á, að á þingi 1969—1970 var skipuð n. af þáv. forsrh. Bjarna Benediktssyni með fulltrúum allra stjórnmálaflokkanna til að leita samstöðu um næsta skref, sem stigið væri í landhelgismálinu. Það var viðreisnarstjórnin, sem átti frumkvæði að aðgerðum í landhelgismálinu þá, og það var sú n., sem klofnaði um, hvert næsta skref skyldi verða, og það var sá klofningur, sem um var deilt í kosningunum. Ég held, að það sé óhætt að fullyrða, að við Íslendingar værum betur staddir nú í dag, ef farið hefði verið eftir tillögu sjálfstæðismanna og Alþfl.-manna. Ekki meir um það, en nú vík ég að samningunum 1961 og því, sem þarf að leiðrétta í því sambandi.

Hv. þm. Eysteinn Jónsson sagði, að það hefði ekki verið hægt að færa út landhelgina nema losa sig við samninginn, og hæstv. forsrh. sagði, að uppsögn samningsins hefði verið samþ. með atkv. allra þm., 60 talsins. Þetta er algerlega rangt. Þm. Sjálfstfl. stóðu ekki að uppsögn samningsins. Fulltrúar Sjálfstfl. í utanrmn. tóku það fram, að þeir litu ekki á þál. sem uppsögn samningsins, og tóku það enn fremur skýrt fram, að það væri á ábyrgð ríkisstj., ef hún á grundvelli þál. segði samningnum upp. Það voru ekki ráð Sjálfstfl. Þvert á móti taldi Sjálfstfl. þá og telur nú illa farið, að samningnum var sagt upp. Sannleikurinn er sá, að það er ekkert afsal á réttindum að eiga þess kost að skjóta deilumálum sínum fyrir dómstól. Ef menn eiga í deilum, þá er ekki hægt að leysa þær deilur nema í 1. lagi, með samningum, í 2. lagi með dómsúrskurði og í 3. lagi með valdbeitingu.

Hvað er það, sem menn hafa rekið sig á í sambandi við útfærslu fiskveiðilögsögunnar bæði 1958 og 1972? Það er staðreynd, að útfærslan var í hvorugt skiptið virk, fyrr en samið var með deiluaðilum um lausn deilunnar. Það var gert 1961 með samningnum þá, og það er verið að gera slíkt hið sama nú, með þeim samningi, sem hér er til umræðu.

Hæstv. sjútvrh. Lúðvík Jósepsson var á öndverðum meiði við hæstv. forsrh., sem taldi, að við sjálfstæðismenn hefðum staðið að uppsögn samningsins frá 1961. Hann sagði þvert á móti, að sjálfstæðismenn hefðu staðið gegn uppsögninni, og aldrei þessu vant, þá hefur hæstv. sjútvrh. á réttu að standa. Hann vitnaði nokkuð í Alþjóðadómstólinn, og greinargerð dómstólsins fyrir bráðabirgðaleiðbeiningu, er dómstóllinn kvað upp í ágústmánuði 1972, og las upp málsástæður, sem teknar voru úr skjölum og málflutningi Breta. Þetta kallar maður nú að reka erindi Breta á Íslandi. Sannleikurinn er sá, að við Íslendingar getum sjálfum okkur um kennt, og sérstaklega núv. ríkisstj., að við fluttum ekki mál okkar þá fyrir Alþjóðadómstólnum, vegna þess að allar líkur hefðu þá bent til þess, að leiðbeining dómstólsins hefði fallið á aðra lund en raun bar vitni.

Þá svaraði hæstv. sjútvrh. fsp. minni vegna ummæla hans á fundi flokksstjórnar Alþb., þar sem hann taldi m. a. hættulegt að flytja mál okkar fyrir Alþjóðadómstólnum, vegna þess að Alþjóðadómstóllinn hefði í fórum sínum yfirlýsingar frá háttsettum mönnum úr okkar röðum, sem væru okkur síður en svo hagstæðar um það, hvað væru lög í þessum efnum. Ég spurði hann, hverjir þessir háttsettu menn væru, og svarið var, að það væri Hans G. Andersen, ráðunautur allra ríkisstjórna, frá því að undirbúningur hófst um setningu landgrunnslaganna, sem væri þessi háttsetti maður. Hann notaði að vísu í ræðunni „háttsettir menn“ í fleirtölu, en gat aðeins um þennan eina ágæta sérfræðing okkar í landhelgismálinu, sem hefði gefið þær upplýsingar, sem Alþjóðadómstóllinn gæti notað gegn okkur og okkar hagsmunum. Hans G. Andersen átti að hafa sagt, að alþjóðalög væru fyrir hendi, sem miðuðust við 12 mílur. En hann gat ekki um það, að á þessum sama fundi, sem mun hafa verið haldinn 1. des. 1970, gat Hans G. Andersen um, að það væri ör þróun í þessum efnum og mætti búast við því, að á undirbúningsfundi Hafréttarráðstefnunnar, sem þá var ákveðinn, og á Hafréttarráðstefnunni sjálfri mundi þetta taka stórstígum breytingum okkur í vil, þannig að við gætum notfært okkur þá þróun til þess að færa út landhelgina. Hér er illa farið að ráði sínu af hálfu hæstv. sjútvrh., og spurningin er, hvernig í ósköpunum hann getur fallist á, að slíkur maður, sem færir andstæðingum okkar vopn í hendur, þannig að við þorum ekki að bera upp málstað okkar fyrir dómstóli, er áfram í þjónustu ríkisins sem aðalráðunautur núv. ríkisstj. í landhelgismálinu. Ég er ekkert undrandi yfir því, að núv. hæstv. ríkisstj. hefur óskað eftir starfskröftum Hans G. Andersens í þessum málum. Sannleikurinn er sá, að hann hefur lagt á ráðin, alltaf þegar vel hefur tekist til, og hann hefur bætt úr verstu axarsköftunum, þegar verr hefur tekist til hjá stjórnarvöldum, eins og því miður eru dæmi til hjá núv. hæstv. ríkisstj.

Það kom fram bæði í máli hæstv. sjútvrh. og hv. 1. þm. Austf. reyndar, að þeir voru þeirrar skoðunar, að engin alþjóðalög væru fyrir hendi um landhelgina. Spurningin er: Á að túlka þetta á þá lund, að við séum að brjóta rétt á öðrum með því að færa út landhelgina, eða á að túlka þetta þannig, að engin lög banni okkur að færa út landhelgina? Ég vil fremur leggja þeim þá túlkun í hug, að það séu engin alþjóðalög, sem banni okkur útfærsluna, og ef svo er, þá ætti enginn alþjóðadómstóll heldur að geta dæmt slíka útfærslu ógilda.

Hæstv. sjútvrh. er vanur því að brigsla okkur sjálfstæðismönnum um landráð og telja okkur mikla úrtölumenn. Við kippum okkur ekki upp við slíkar nafngiftir. En hann er farinn að velja samstarfsmönnum sínum slíkar nafngiftir einnig, og yfirlæti hans og steigurlæti er gengið út í miklar öfgar. Reyndar var það hálfgerð afsökunarræða, sem hann flutti á fundi flokksstjórnar Alþb., þegar hann rakti sögu landhelgismálsins. Þar kom líka fram, hver var hetjan í sögu landhelgismálsins og hverjir þeir voru, sem sátu á svikráðum eða hikuðu, eins og hann orðaði það gjarnan. Hann segir á fjórum stöðum í þessari ræðu með stuttu millibili, í fyrsta þætti: „Þegar á þessu stigi kom í ljós nokkurt hik hjá sumum aðilum í ríkisstj. um það, hvort rétt væri að taka þessa ákvörðun, en það tókst að

fá hana fram.“ Í öðrum þætti: „Nokkur deila þróaðist um þetta, og nokkurt hik kom á samstarfsaðila okkar, en það varð ofan á, það sem við lögðum til“. Í þriðja þætti: „Stundum varð nokkurt hik á fulltrúum Framsóknar, en forsrh. tók af skarið og studdi okkar sjónarmið“. Og í fjórða þætti: „Varð okkar stefna ofan á þrátt fyrir andóf hjá forustumönnum gömlu viðreisnarflokkanna og nokkurt hik hjá vissum aðilum *innan samstarfsflokka ríkisstj.*“ *Það er nú meira* hikið hjá samstarfsflokkum Alþb. í ríkisstj. En það er ekki hik, það er stefnufesta hjá hæstv. sjútvrh. Það er von, að hann gleypi það með glöðu geði, og yrði mjög upp með sér, þegar hann var nefndur „súperstar Jósepsson“ á opinberum fundi hér um daginn.

En það má halda áfram og spyrja: Hefur hæstv. sjútvrh. byrjað að hika? Hann sagði í ræðu sinni, niðurlaginu, eitthvað á þá leið, að hann vildi helst halda átökunum áfram. Það komu síðan ekki nema tvær eða þrjár setningar, þar til hann sagði: „Besti kosturinn er að gera þennan samning.“ Það er von, að það verði um einhvers konar geðklofa að ræða hjá mönnum, sem eru settir í þá spennitreyju og ganga í gegnum þá eldraun, eins og hæstv. iðnrh. sagði, að Alþb.-menn hefðu gengið í gegnum síðustu þrengingardaga. Og því get ég vel skilið það, að hæstv. sjútvrh. *er svona fljótur* að skipta um skoðun. Í einni setningunni vill hann helst halda átökunum áfram, en í næstu setningu er besti kosturinn að gera þennan samning.

Vegna hvers er besti kosturinn að gera þennan samning að áliti hæstv. sjútvrh? Jú, hann rökstuddi það, besti kosturinn er að gera þennan samning, vegna þess að Bretar veiða nú meira en helminginn af öllum þorskum á Íslandsmiðum. Nú verð ég að minna hæstv. sjútvrh. á það, að hann nefndi mig málpípu Breta fyrir þá sök, að ég hafði sagt, að þeim liði vel hér á miðunum eftir útfærsluna, þeir fiskuðu mikið og útfærslan hefði að þessu leyti mistekist. Af þessum sökum var ég málpípa Breta. Látum það vera. Ég er sennilega kominn í sæmilega góðan félagsskap að áliti hæstv. sjútvrh. Í fyrsta lagi er í félagsskapnum hæstv. forsrh., sem sagði í umr. á fimmtudaginn var, að það væri ekki hægt að draga í efa, að Bretar hefðu fiskað fyrstu 12 mánuði eftir útfærsluna í 50 mílur 160—170 þús. tonn af fiski. Þegar meðalafli Breta s. l. 10 ár fyrir útfærsluna er 184 þús. tonn, er ekki af miklu að státa varðandi árangur af útfærslunni í 50 mílur fyrsta árið. Hæstv. forsrh. er þannig orðinn málpípa Breta. En það er önnur málpípa Breta hér í þessum sal, eða sú þriðja, og það er, að því er virðist, hæstv. sjútvrh. sjálfur, Lúðvík Jósepsson, sem rökstyður það, að besti kosturinn sé að gera þennan samning, með því að Bretar veiði meira en helming af öllum þorski hér á Íslandsmiðum. Þetta er alveg rétt hjá hæstv. sjútvrh. Það er þess vegna, sem við hljótum að leysa þessa deilu með þessum samningi. Því er ég honum sammála.

Ég vonast til þess, að þeir annmarkar og óneitanlega miklu gallar, sem eru á þeim samningi, sem nú mun væntanlega verða gerður, ef dæma má af undirtektum hv. alþm., verði ekki eins alvarlegir og þeir gætu verið, og að samningurinn leiði til þess, að friður ríki á fiskimiðunum, og nýta megi þennan frið til þess að undirbúa nýja sókn Íslendinga í landhelgismálinu og tryggja okkur 200 mílna fiskveiðilögsögu.

Matthías Bjarnason: Herra forseti. Það hafa talað hér tveir hæstv. ráðherrar í þessari ríkisstj., síðan ég talaði hér í kvöld, og einn fyrrv. ráðh. *Ég held nú, að sá hefði átt að fara heim að sofa,* og ekki flytja þessa ræðu. En það er ekki hægt við því að gera, þessi ræða var flutt, og mun ég koma síðar að henni.

Hæstv. sjútvrh. gerði margumræddan samning við Breta frá 1961 að umræðuefni og fór að reyna að svara þeim röksemdum, sem fram hafa komið, bæði í fyrri ræðu minni í kvöld og ræðum nokkurra annarra þm. Hann taldi einskis virði breytingu á grunnlínum í samningnum frá 1961. Hann taldi það lítilsvirði, þó að það hefði stækkað íslenska fiskveiðilögsögu á 6. þús. km², taldi, að það hefði miklu frekar mátt mæla það í dagsláttum. Þannig var málflutningur þessa hæstv. ráðherra, þetta var efnishlið málsins. Það er kannske ekki undir eigandi að halda öllu lengur áfram að ræða við þessa hæstv. ráðherra Alþb., því að þeir eru gersamlega farnir á taugum eftir allt það stríð, sem hefur verið hjá Alþb. að undanförnu.

Svo segir þessi hæstv. ráðherra, og hæstv. forsrh. tók undir það, því það hefur ekki staðið í honum, þó að hann fari heldur vægilega í sakirnar, að við, þessir menn, sem núna hefðum á móti samningnum í þessum umr., hefðum ekkert látið í okkur heyra. Þeir létu að því liggja, að ég hefði eiginlega flúið stjórnarfund í Landssambandi ísl. útvegsmanna, vegna þess að ég hefði ekki þorað að taka afstöðu til þessa máls. Ég mætti á þessum stjórnarfundi, og ég var svo heiðarlegur, heiðarlegri en samstarfsmenn Ólafs Jóhannessonar, Lúðvík Jósepsson og Magnús Kjartansson, að ég sagði á þessum fundi, að ég vildi ekki taka þátt í afgreiðslu þessa máls, vegna þess að þetta mál væri trúnaðarmál í þingflokkunum og þar tæki ég afstöðu til málsins. Ef litið er á þessa afstöðu mína sem neikvæða, þá skil ég það frá hendi Lúðvíks Jósepssonar, hæstv. sjútvrh., og einnig hæstv. iðnrh., en mér þætti gaman að spyrja hæstv. forsrh. að því, hvort hann teldi þetta óeðlilegt, hvort þetta hefði ekki verið samkvæmt þeim skilaboðum, sem fulltrúar Sjálfstfl. í utanrmn. báru fram við þingflokk Sjálfstfl. og við tókum allir þm. Sjálfstfl. fyllilega til greina. (**Forsrh.:** Ég var búinn að birta þetta allt.) Já, en það var ekki búið að afgreiða málið í þingflokki Sjálfstfl. En hér eftir á maður að muna það, ef Ólafur Jóhannesson biður menn fyrir eitthvað sem trúnaðarmál, þá á að segja frá því, eins og félagar hans í ríkisstj. gera. Ég mun meta þennan hæstv. forsrh. hér eftir á þann hátt.

En það var annar maður, sem heitir Lúðvík Jósepsson og er sjútvrh., sem gat ekki beðið eftir fundi utanrmn., eftir að ríkisstj. hafði rætt þennan samkomulagsgrundvöll um morguninn, heldur flýtti Alþb. sér að boða til fundar, áður en aðrir flokkar boðuðu sína þingflokksfundi, áður en fundur í utanrmn. var haldinn. Til þess að sanna þessa frásögn mína er ekki til ómerkara sönnun-

argagn en sjálfur Þjóðviljinn, málgagn sjútvrh. og iðnrh., en hann segir: „Að loknum fundi utanrmn. voru haldnir fundir í þingflokkunum nema Alþb., sem áður hafði haldið þingflokksfund um till. Bretanna og samþykkt einróma að hafna þeim sem óaðgengilegum. Tilkynnti Alþb. samstarfsfl. sínum í ríkisstj. niðurstöður þingflokksins þegar síðdegis í gærdag.“ Liggur þetta ekki alveg hreint og klárt fyrir? Alþb. braut trúnaðinn við forsrh. og flýtti sér að halda fund og hafna með öllu þessum till. Og bréfið, sem Alþb. sendi samstarfsflokkum sínum í ríkisstj. er á þá leið, að Alþb. eða þingfl. þess hafi fjallað um skýrslu forsrh. frá viðræðunum í London og um till. Breta í landhelgismálinu. Það var skýrsla forsrh. og till. Breta. Það er þetta, sem nú er hér á borðinu, það eru till. Breta. Þingfl. hefur gert eftirfarandi samþykkt um málið: „Þingfl. hafnar till. Breta algjörlega sem óaðgengilegum. Till. Breta fela í sér eftirfarandi breytingar frá áður samþykktum lokatill. Íslendinga í viðræðunum, sem fram fóru í Reykjavík 3. og 4. maí s. l.“ Svo er talað um fækkun skipanna, um lokun veiðisvæðanna, og Alþb. fordæmir alveg þennan samningsgrundvöll og hafnar honum afdráttarlaust á fyrsta degi. Og pólitískur fóstursonur 3. þm. Vestf., gamla Selárdalsbóndans, segir: „Aftur á móti hef ég ekki tekið endanlega afstöðu til þessa máls, en eins og grundvöllurinn liggur fyrir í dag, tel ég ekki rétt að samþykkja hann óbreyttan.“ Svona er gamli maðurinn í Selárdalnum alveg gáttaður á því, að það skuli leyfa sér að vera til menn, sem samþykkja ekki samningsgrundvöllinn. Hann, þessi friðarins engill, taldi, að annað kæmi ekki til greina, þegar hann vaknaði í morgun, en hann mundi sjá um miðjan dag 60 hendur alþm. á lofti með þessum samningi, og ég sá, að það hrukku tár af hvörmum, þegar hann sagði þetta, því að hann er viðkvæmur, eins og allir vita.

Hæstv. sjútvrh. sagði, að við hefðum farið vel með skoðanir okkar. Ég var á fundi með hæstv. sjútvrh. í sumar, eftir að slitnaði upp úr viðræðunum milli Breta og Íslendinga, og það var farið þá að tala mjög um að semja við Þjóðverja og þá e. t. v. taldar miklar líkur á því, að samningar við V.-Þjóðverja mundu takast innan ekki langs tíma. Ég held, að ég hafi á þeim fundi talað mjög umbúðalaust og í fullri vinsemd við hæstv. sjútvrh. um samninga við Breta, og það gerðum við fleiri. Það var engin pólitík í þeim umr., heldur eingöngu málefnaleg röksemdafærsla, sem allir báru þar fram. Ég man ekki betur og heyrði ekki betur en hæstv. sjútvrh. væri ánægður með þær umræður og þær hreinskilnislegu yfirlýsingar, sem þar áttu sér stað, bæði frá mér og öðrum mönnum, sem á þessum fundi voru. Og þessum fundi var stjórnað af hæstv. sjútvrh.

Tókuð þið eftir því áðan, þegar 3. þm. Vestf. talaði um, hvað togurunum mundi fækka mikið. Hann sagði: Eru þessir menn á móti því að fækka þetta mörgum verksmiðjutogurum, þetta mörgum frystitogurum, þetta mörgum stórum togurum, þetta mörgum enn stærri togurum. — Þegar menn lögðu þá saman, held ég, að það hafi verið 75, sem fækkaði um. Þetta er bara talað fyrir þá, sem ekkert hugsa. En ég ætla þm. og almenningi það að hugsa og sé löngu liðin tíð að tala á þennan hátt, eins og þessi hv. þm. gerði.

Hæstv. sjútvrh. sagðist vera búinn að takast á við Breta í tvö ár. Það hafa nú verið átök í lagi, eða hitt þó heldur. Hann hefur tekist á við lafðina í tvö ár, og hefur aldrei komið henni á annað hnéð, hvað þá meira, og hafa þó verið þrír um það stundum. Og hvernig hefur verið með landhelgisgæsluna? Hvað var sagt eftir útfærsluna um landhelgisgæsluna? Lúðvík Jósepsson, hæstv. sjútvrh., brá sér til síns heimabæjar til fundar við skipherra varðskips til að ræða við hann, sennilega um hernaðarmál, hvernig skyldi taka togara, og hann lýsti því yfir á eftir, að það yrði tekinn togari eftir nokkra daga. Og það stóð auðvitað ekki á vini hans Hannibal að lýsa líka yfir, að fljótlega yrði tekinn togari, því að ekki hefur hann viljað vera minni en Lúðvík, eins og allir vita. En það var bara enginn togari tekinn allt þetta tímabil. Það var látið liggja að því oft á tíðum, að þetta væri bara landhelgisgæslan. Það vita auðvitað allir menn, að ef landhelgisgæslan hefði fengið fyrirmæli um að taka erlenda togara, þá efast ég ekki um, að íslenskir varðskipsmenn hefðu ráðið við það, áður en hennar hátign sendi herskip inn í íslenska fiskveiðilandhelgi.

Í raun og veru þarf ég ekki að svara hæstv. forsrh. miklu, því að hann kom inn á þetta sama og sjútvrh., að því viðbættu, að hann talaði um þessa veislu, sem ég ásamt 10. þm. Reykv. var boðinn til í Tromsö í Noregi eina kvöldstund. Ég skal segja hæstv. forsrh. það, að þetta var í tilefni þess, að þar voru sjómenn að taka á móti skipi, sem er á leiðinni til landsins. Ég veit ekki, hvernig á þessu stóð, við vorum staddir þarna og okkur var boðið að borða með þessum mönnum. Það voru þar allmargir Norðmenn og svo áhöfn þessa skips, ásamt þeim, sem önnuðust kaupin fyrir útgerðina. Við vorum þarna um kvöldið, en þurftum því miður að fara snemma, við áttum að mæta á flugvelli kl. 5 um morguninn. En eins og 10 þm. Reykv. sagði, þá barst sú fregn, að ríkisstj. væri fallin, og þessi fregn kom frá ágætum framsóknarmanni, og hann var ekkert grátandi, þó að hann tilkynnti þetta, og ég get vel skilið það. En ég var nú ekki glaðari en það, að ég sagði: „Fjandans ólán er þetta, að þeir fengu ekki að afgreiða fjárl. og kaupgjaldssamningana a. m. k.“ Þeir mega gjarnan fá það fyrir mér, og ég meina það sannarlega. Það fóru engar tilkynningar fram í ræðuhöldum þarna. Svo skal ég ekki svara hæstv. forsrh. meira.

En mér þykir leitt til þess að vita, að hæstv. forsrh. hefur ekki svarað nokkrum fsp., sem ég lagði fram hérna áðan. Ég spurði hann: Ætla Bretar að viðurkenna 50 mílna fiskveiðilögsögu að samningstímanum loknum, eða má búast við því, að aftur komi herskip inn í íslenska fiskveiðilandhelgi til þess að vernda breska veiðiþjófa, eins og þau hafa gert undanfarna mánuði? Ég spurði einnig: Hvað verður gert við þá togara, sem brotið hafa íslenska fiskveiðilögsögu, frá því að hún var færð út 1. sept. 1972, og sagt er, að allir séu skráðir hjá landhelgisgæslunni?

Var gert um þetta nokkurt samkomulag, munnlegt samkomulag, ef ekki, hver er þá skoðun dómsmrh.? Þessi spurning er nú endurtekin, og báðar þessar spurningar. Okkur leikur forvitni á að heyra, hvaða svar hæstv. dómsmrh. og forsrh. gefur við þessu.

Í sannleika sagt, þegar ég heyrði ræðu 3. þm. Vestf. hér áðan, þá komu mér í hug þessar hendingar úr kvæði Tómasar: „Og svo er mikill ljóssins undrakraftur, að jafnvel gamlir símastaurar syngja í sólskininu og verða grænir aftur.“ Mér finnst þetta eiga ákaflega vel við, að heyra aftur þennan gamla símastaur syngja í sólskininu, í bjarmanum frá þessum ágæta samningi, sem forsrh. kom með frá Mr. Heath. Hann sagði það, að við værum undanvillingar, sem ekki vildum samþ. samninginn. Þeir eru sko ekki undanvillingar, kommarnir hans núna, því að nú eru þeir alveg komnir á rétta línu, og félagi hans og stórvinur, 7. landsk. þm., var bara undanvillingur örstuttan tíma, meðan hann var á forsíðunni í Alþýðublaðinu. Nú er hann ekki lengur undanvillingur. Nú erum það við. Og hann segir, að við séum svo voðalegir, að við séum að ráðast á forustu okkar flokks, sem standi að þessum samningi alveg eins og stjórnarliðið, því að sjáandi sér hann ekki og heyrandi heyrir hann ekki. Hefur það gjörsamlega farið fram hjá þessum gamla manni í dag, að stjórnarliðið, að viðbættum Alþfl., hefur skilað hér nál. upp á eina og hálfa línu, en fulltrúar Sjálfstæðisfl. í utanrmn., sem báðir hverjir lýsa yfir stuðningi við þessa þáltill., gera fjölmargar athugasemdir bæði við efni samkomulagsins, en þó sérstaklega við alla málsmeðferð? Þetta þýðir ekki, að þeir hafi haft forustu eða að þeir hafi samið þetta samkomulag. Það, sem okkur greinir á, mig og þessa, sem hv. 3. þm. Vestf. — enda hefur hann helst efni á því — kallar undanvillinga, við aðra okkar flokksbræður, er það, að við teljum galla samningsins vera það mikla og hafa það alvarlegar afleiðingar, ef samningurinn verður samþykktur, að við getum ekki fellt okkur við að samþykkja þessa þáltill., en þeir, þrátt fyrir þær athugasemdir, sem þeir gera, bæði efnislega við samninginn og alla málsmeðferð, telja sig heldur vilja samþykkja till., þó þeir telji sig vera fjarri því að vera ánægðir með samninginn.

Ég verð að segja það, að mér finnst koma úr hörðustu átt, þegar 3. þm. Vestf. er að kalla þm undanvillinga. Hver hefur oftar verið undanvillingur í íslenskum stjórnmálum á liðnum áratugum en núverandi hv. 3. þm. Vestf.? Hann hefur verið undanvillingur úr Alþfl. Lengi var hann erfiður þar. Þegar kratar lágu svona, þá vildi hann liggja hinsegin, og það endaði með því að hann fór, og hann fór með marga úr Alþfl. með sér. Þá voru kommúnistar einangraðir, og þeim fannst gott að fá liðsauka, jafnvel að fá undanvilling, og þeir tóku við þessum undanvillingi fegins hendi, af því að það kom dálitið með honum úr Alþfl. En Alþb. hélt ekki þessum manni mjög lengi, hann varð aftur undanvillingur þar, og hann hefur verið hálfgerður undanvillingur alltaf síðan. Hann gerðist forustumaður í samtökum frjálslyndra og vinstri manna, sem nú eru talin mistök almennt, sem er eðlilegt, enda hefur einn af þessum mönnum lýst þeim flokki og vinnubrögðum þar með þeim hætti. Þar drap hann strax af sér 1/5 af þingliðinu, það tók ekki langan tíma, og ef karl heldur lengi áfram, þá veit ég, að það fer ekki hjá því, að hann verður einu sinni enn undanvillingur. Hvaða íslenskur stjórnmálamaður á frekar skilið þá nafnbót að vera kallaður undanvillingur en Hannibal Valdimarsson? Ekki einn einasti.

Ég furða mig á því, að menn skuli leyfa sér að segja það, að ef menn eru ekki með einhverju máli og menn hafa sannfæringu í máli og vilja berjast fyrir þeirri sannfæringu, þá geri þeir það af einhverjum illum hug til þeirra manna, sem sitja með þeim á þingi. Þetta sagði hv. 3. þm. Vestf. um okkur þm. Sjálfstfl. í Vestfjarðakjördæmi og 3. þm Sunnl., að það væri gert eingöngu af illgirni til kollega okkar þm. úr þessu kjördæmi. Svona geta þeir talað, sem þannig eru innrættir, hinir ekki. Ég er ekki á móti þessum samningi af því, að Hannibal Valdimarsson og Karvel Pálmason, Steingrímur Hermannsson og Bjarni Guðbjörnsson ætla að greiða honum atkvæði. Ég harma það, að þið skulið greiða honum atkvæði. Ég hefði óskað helst eftir því, að þeir greiddu líka atkvæði á móti, því að það fer ekkert kjördæmi jafnilla út úr þessum samningi og Vestfjarðakjördæmið.

Hannibal Valdimarsson var sá maður, sem vildi taka mikið tillit til verkalýðshreyfingarinnar. Hann var form. verkalýðsfélagsins Baldurs á Ísafirði. Hann var form. Alþýðusambands Vestfjarða í mörg ár. Hann var forseti Alþýðusambands Íslands. Er Alþýðusamband Vestfjarða að gera Hannibal bölvun, Karvel, sem þar á sæti, Steingrími eða Bjarna með því að samþykkja till. í landhelgismálinu nú nýlega á 21. þingi þess, en þar segir m.a. um þessa till., að 21. þing Alþýðusambands Vestfjarða skori á ríkisstj og Alþ. að víkja hvergi frá markaðri stefnu í landhelgismálinu og vari við öllum samningum þar um við þá, sem hafa beitt herskipavaldi til að torvelda framkvæmd landhelgisgæslunnar innan 50 mílnanna á s.l. sumri. Það er ekkert verið að draga þar neitt úr vilja Alþýðusambands Vestfjarða. Er það af illgirni við Hannibal Valdimarsson, að Alþýðusamband Vestfjarða er að samþykkja þessar tillögur? Hvað á svona málflutningur eiginlega að þýða? Hvernig talaði þessi maður 1961, bæði hér á Alþ. og utan þings? Hvernig talaði hann þá um þennan samning? Þá kom hann ekki hér með tárvot augu og sagðist ekki trúa því, að nokkur maður mundi berjast gegn þeim samningi, sem þá var til umr. á hv. Alþ. Hvernig talaði þessi maður fyrir kosningarnar 1971? Þá bar hann kyndil frelsisins eins hátt og höndin leyfði. Þá lýsti hann því yfir, að það væri ekki hægt að trúa stjórnarliðinu, sem þá var, fyrir framvindu landhelgismálsins. Það mundi bregðast, það mundi svíkja. Það er nú komið á daginn, hverjir eru fyrst og fremst að svíkja. Hann sagði þá: En við erum öruggir með að koma þessu máli í höfn. Við ætlum ekki að leyfa erlendum skipum að veiða innan íslenskrar fiskveiðilögsögu. Við ætlum ekki að gera niðurlægjandi samninga við ofbeldisöflin og leyfa þeim að veiða innan íslenskrar fiskveiðilandhelgi. — Þá var ekki ræðan, sem hann flutti hér áðan, flutt fyrir kjósendum vestur á fjörðum, alls ekki. Það var

eitthvað annað. Þá bar hann kyndil frelsisins, þá var hann boðberi stjálfstæðis og frelsis. En núna er hann boðberi þess að samþykkja samning, sem er hvorki byrjun né endir á, samning, sem er opinn í báða enda, samning, sem markar þau tímamót í sumum byggðarlögum, að það er vá fyrir dyrum, þegar á að hleypa þessum erlendu skipum öllum á þau svæði.

Það skiptir miklu máli, sérstaklega fyrir okkur, sem eigum von á því, að fá flest af þessum skipum inn á þau svæði, sem við eigum heima við, að við hefðum farið betur út úr þessum samningi. Og það var sjónarmið, sem var virt 1961, hvað sem hver segir. Þá var það virt, að Vestfirðir hefðu sérstöðu. Það var virt, og það var ekki gerður samningur um það, að Bretar fengju minnstu veiðiheimild á milli 6 og 12 mílna, eins og víða annars staðar, frá Bjargtöngum að Horni. En nú er fyrst og fremst ráðist á þetta svæði. Og það er alger misskilningur og sagt á móti betri vitund af hæstv. sjútvrh., að Vestfirðir séu ekki langstærsta veiðihólfið, hólfið, sem Bretar hafa langmest veitt í á undanförnum árum og koma til með að gera. Þar næst koma Austf., en eru mun neðar. Þetta veit Lúðvík Jósepsson vel og þarf ekki að halda öðru fram. Þess vegna segi ég það, að ef hæstv. forsrh. hefði staðið mjög fast á því að fá till. um hólfið frá því í maí í vor og hvika ekki frá því, þá hefði kannske verið möguleiki á því, að þessi samningur hefði verið samþykktur með 60 atkv. En þetta gerir út um það, hvað mig snertir, hvernig fyrirkomulagið er með hólfin, að veiða í 5 hólfum og hafa eitt lokað í senn, og svo aftur hitt, sem ég lít á sem móðgun við íslenskt réttarfar og íslenska þjóð, að þegar íslenskir löggæslumenn taka þá sem brjóta lög, eigi að kalla á vini þeirra, sem eru brotlegir, og spyrja þá: Höfum við nú ekki gert alveg rétt í okkar mælingum? Ef breskur þegn eða þegn annarrar þjóðar fremdi afbrot hér á Íslandi, þætti mér það niðurlægjandi, ef þyrfti að kalla á lögregluþjón frá því ríki, sem sá maður væri frá. Ég er hræddur um, að það hefði sungið í Hannibal Valdimarssyni, ef hann hefði verið í stjórnarandstöðu og stjórnarflokkar hefðu staðið að slíkum samningi og slíku ákvæði sem þessu. Og það er ég viss um, að Lúðvík Jósepsson, ég tala nú ekki um Þórarinn Þórarinsson, sem heyrist aldrei í, — að þeir væru ekki búnir að tala kl. 3 eða 4, ef þessi ákvæði hefðu skeð og þessir menn væru í stjórnarandstöðu. Svo mikið höfum við heyrt og séð til þeirra á liðnum árum.

Ég ætla svo að síðustu að segja það, að andstaða mín við þennan samning er fyrst og fremst og eingöngu vegna þess, að það er gengið freklega á rétt þess fólks, sem hefur kosið mig til þess að fara með umboð á Alþ., og það er í fullu samræmi við óskir þess og kröfur, bæði útgerðarmanna og launþega, sbr. þá ályktun, sem ég las frá Alþýðusambandi Vestfjarða. Það er líka álit fjölmargra annarra manna í því byggðarlagi sem víða annars staðar, að þessir samningar séu óaðgengilegir og það hefði ekki verið hægt að ganga svo langt sem gert hefur verið.

Ég skal svo ekki hafa þessi orð fleiri, en ég harma sérstaklega ræðu hv. 3. þm. Vestf. og þær ómaklegu og ódrengilegu árásir, sem hann gerði á okkur hér áðan.

Matthías Á. Mathiesen: Herra forseti. Það kom berlega í ljós og staðfestist í umræðunum hér í dag og í kvöld, að varnar- og öryggismálin hafa verið til umræðu í sambandi við samninga innan ríkisstj. um framgang þess máls, sem hér er til umræðu. Án þess að ég beindi fsp. til hæstv. iðnrh., sagði hann í ræðu sinni í dag að eigin hvötum, að ekki hefði verið farið fram á yfirlýsingu um neitt annað í varnarmálunum en það, sem í stjórnarsáttmálanum stæði. Hann staðfesti með þessum orðum sínum, að um yfirlýsingu hafði verið beðið af hálfu Alþb.-ráðherranna.

Hæstv. forsrh. kom svo hér í kvöld og svaraði fsp. minni. Hann vildi hins vegar sem minnst úr þessu gera. Hann bætti því þó við, að næðist ekki samkomulag í þeim samningsumræðum, sem nú fara fram varðandi varnarsamninginn, samkvæmt stjórnarsáttmálanum, þá yrði flutt till. á Alþ. í vor um uppsögn samningsins. Ég vil vekja athygli á þessari yfirlýsingu forsrh. og benda á, að hér er enn ein ný yfirlýsing ráðh. í varnarmálum, og er ekki nokkur vafi á því, að hún hefur verið gefin til þess að friða Alþb.-ráðherranna, þegar þeim var neitað um fulltrúa í samninganefnd um varnarmálin. Er hér vissulega um alvarlegt mál að ræða.

Þá mátti mjög vel heyra á ræðu hv. 1. þm. Austf., frsm. meiri hl. utanrmn., að það fer nú mjög í fínu taugar þeirra sú óviturlega afstaða, sem meiri hl. utanrmn. tók á fundinum 26. sept., er þeir lögðu til, að slitið yrði stjórnmálasambandi við Breta þá þegar, eins og ég gerði að umtalsefni í ræðu minni hér í dag. Vildi hv. þm. mjög gjarnan gefa hagstæðari skýringar á afstöðu þeirra en raunin varð á. Ég vil þess vegna í mjög fáum orðum rifja upp það, sem gerðist á fundinum. Þegar fram höfðu verið lögð gögnin frá sjóprófum þeim, sem haldin voru vegna árekstra, sem átt höfðu sér stað 26. sept. milli breskrar freigátu og íslensks varðskips, skýrði utanrrh., sem sat fundinn, frá því, að forsrh. hefði borist bréf frá forsrh. Bretlands, og hann las upp bréfið. Utanrrh. bætti því svo við, að forsrh. áliti það koma til greina að fresta slitum á stjórnmálasamskiptum, en þó ekki nema í örfáa daga og einnig með því skilyrði, að utanrn. samþykkti það einróma. Það voru hreinar línur um vilja n. Aðeins við fulltrúar Sjálfstfl., Jóhann Hafstein og ég, töldum rétt að athuga nánar, hvað fyrir forsrh. Breta vekti. Meiri hl. vildi láta slíta stjórnmálasambandinu strax, og eins og það var orðað af einum nm. meiri hl.: „Ef við frestum slitunum, mundi enginn botna í okkur.“ Sem betur fer fór hæstv. forsrh. ekki að till. meiri hl. utanrmn., og einmitt þess vegna sjáum við e. t. v. fram á lausn deilunnar við Breta, enda þótt hún hefði getað verið mun hagstæðari.

Stefán Gunnlaugsson: Herra forseti. Í dag og í kvöld eða réttara sagt í gær, því að nýr dagur er nú að renna upp, hefur átt sér stað hér á hinu háa Alþ. mikið orðaskak, ef ég má nota það orð, um ýmis atriði, þó aðallega aukaatriði, hefur mér fundist, þess máls, sem hér er á dagskrá. Menn hafa reynt að koma höggi á hvor annars flokk í sambandi við meðferð landhelgis-

málsins á liðnum árum. Menn hafa leitast við að sýna fram á, hversu illa eða vel eftir atvikum hefur verið haldið á landhelgismálinu á þessu kjörtímabili eða árið 1961, allt eftir því, hver talað hefur í það og það skiptið. Ég er ekki kominn hér í ræðustól til þess að taka þátt í þessu karpi við þetta tækifæri, enda búið að segja flest, sem segja þarf um þessi efni hér í kvöld, heldur til að gera grein fyrir afstöðu minni til þeirrar þáltill., sem hér er til afgreiðslu, í örstuttu máli.

Það hefur komið hér berlega fram, að fjarri fer því, að hv. alþm. séu allir alls kostar ánægðir með það samkomulag, sem hæstv. forsrh. Ólafur Jóhannesson og forsrh. Breta gerðu og hér er óskað eftir, að Alþ. heimili ríkisstj. að staðfesta. Hér hafa verið rakin ýmis atriði, sem mæla gegn því, að slíkt samkomulag verði gert, út frá sjónarmiðum okkar Íslendinga. Ég get tekið undir margt af því, sem um þá hlið málsins hefur verið sagt. Mér finnst t. d. ákaflega erfitt að una því, að aðeins 1 af hinum 6 hólfum, sem svæðunum milli 12 og 50 mílna er skipt í, skuli lokað samtímis því, að hin 5 eru opin. Þá er ég ákaflega óánægður með þau tímabil sem svæðin eru ýmist lokuð eða opin, og alveg sérstaklega get ég illa sætt mig við, að fiskimiðin á 12—50 mílna svæðinu úti fyrir Suðvesturlandi skuli vera opin erlendum togurum yfir vetrarvertíðarmánuðina. Þá vil ég leggja ríka áherslu á nauðsyn þess, að Íslendingar gætu haldið fullum rétti til að auka friðlýsingu veiðisvæða. Ýmislegt fleira hefði mátt betur fara í þessu samkomulagi að mínum dómi, en fleira skal ekki upp talið.

Á hinn bóginn hefur komið greinilega fram hér í umr. hjá ýmsum ræðumönnum, að þótt vissulega hefði verið æskilegt, að ýmis atriði í samkomulaginu væru okkur hagstæðari en raun er á, þá sé það, sem mælir með því, að samkomulagið verði gert, þyngra á metaskálunum en hitt, sem því er andstætt. Ég er í hópi þeirra, sem eru þeirrar skoðunar. Málið hefur þannig verið lagt fyrir hér, að verði ekki samkomulag á þeim grundvelli, sem fyrir liggur, blasir við, að Bretar muni halda áfram veiðum innan 50 mílna markanna, kannske undir herskipavernd og að öðru leyti með svipuðum hætti og átt hefur sér stað. Mannslífum yrði þá áfram stofnað í hættu og skerðing fiskstofna yrði áfram lík og verið hefur og miklu meiri en verður, ef samkomulagið nær staðfestingu, ef að líkum lætur. En með því er, eins og kunnugt er, m. a. tryggt, að breskum togurum er haldið frá mikilvægustu uppeldisstöðvunum vissan tíma á ári. Það er svo mikilvægt að mínum dómi, að takast megi að semja frið við Breta í því hættulega og óæskilega stríði, sem við höfum átt í við þessa gömlu viðskiptaþjóð okkar, að ég vil fyrir mitt leyti fallast á þær óæskilegu ívilanir þeim til handa innan 50 mílnanna til tveggja ára, sem samkomulagið gerir ráð fyrir, þó að ég eigi erfitt með að kyngja ýmsu af því, sem það gerir ráð fyrir Bretum til handa.

Deila má endalaust um það, hvort betri samningum við Breta hefði verið náð, ef öðruvísi hefði verið staðið að samningamálunum en hæstv. ríkisstj. hefur gert. Ég mun láta það liggja á milli hluta að svo komnu máli. En því er ekki að leyna, og það hefur raunar komið fram í þessum umr„ að það er skoðun margra, að skjótari og hagstæðari lausn þessa máls hefði fengist fram, ef staðið hefði verið að samningaviðræðunum við Breta í landhelgismálinu á annan veg en raun hefur á orðið, allt frá því að landhelgin var færð út í 50 mílur.

Kjarni þessa máls í mínum huga, eins og það liggur nú fyrir, er sá, að um áframhaldandi stríð er að ræða um ófyrirsjáanlegan tíma með öllum þeim hættulegu afleiðingum, sem því eru samfara, ef ekki verður gengið frá þessu samkomulagi, sem hér er til umræðu. Hins vegar getum við nú samið frið á þeim grundvelli, sem hér hefur verið gerð grein fyrir. Hagsmunum Íslands er betur borgið með slíkum friði en vera mundi, ef deilan héldi áfram. Þess vegna greiði ég þáltill. atkv. mitt, þótt ég sjái mikla annmarka á samkomulaginu.

Frsm. meiri hl. (Eysteinn Jónsson): Herra forseti. Þetta mál er nú vafalaust útrætt orðið í raun og veru. Það er aðeins eitt atriði, sem ég vildi koma inn á örfáum orðum til að gera enn skýrara, hvernig mér sýnist það hafa horft við.

Það er misskilningur hjá hv. 1. þm. Reykn., að það hafi farið nokkuð í mínar fínu taugar, það sem hann sagði um það, sem gerðist á utanrmn.-fundi 26. sept. En mér fannst ekki koma fram rétt mynd af því, sem þar gerðist. Það var í stuttu máli þetta: Við fulltrúar stjórnarflokkanna og fulltrúar Alþfl. vildum taka ákvörðun strax um slit stjórnmálasambandsins við Breta, eins og búið var að segja, að gert yrði eftir nýja ásiglingu. Þetta var sá stuðningur, sem okkur fannst ríkisstj. eiga að fá á þessum fundi utanrmn., og þennan stuðning fékk ríkisstj. frá okkur fulltrúum stjórnarflokkanna og Alþfl., en ekki frá fulltrúum Sjálfstfl., sem vildu byrja viðræður við Mr. Heath.

Ríkisstj. tók síðan strax ákvörðun um stjórnmálaslitin og tilkynnti Bretum þau, en jafnframt gerði hún þá viturlegu ráðstöfun að mínum dómi um leið að segja við Bretana, að þessi ákvörðun ríkisstj. kæmi ekki til framkvæmdar, ef freigáturnar yrðu komnar út fyrir eftir vissan tíma. En það var þessi ákvörðun hæstv. ríkisstj. um stjórnmálasambandsslitin, sem kom freigátunum út úr landhelginni, en sú ákvörðun var ekki í samræmi við afstöðu hv. sjálfstæðismanna í utanrmn.

Þetta fannst mér nauðsynlegt að kæmi fram, þegar hv. 1. þm. Reykn. tók meira að segja þannig til orða, að forsrh. hefði farið að till. minni hl. utanrmn. og þess vegna hefðu freigáturnar náðst út. Þessi ummæli hv. þm. gefa að mínu viti alveg ranga mynd af því, sem raunverulega fór fram. Það var þetta, sem ég vildi koma á framfæri og árétta með þessum örfáu orðum.

Sverrir Hermannsson: Herra forseti. Hv. 1. þm. Austf. kom hér að sinni grg. í sambandi við stjórnmálaslit. Það kann að vera rétt, að þau hafi haft þau áhrif, að til þess dró, að samningar tókust milli Breta og Íslendinga. Allt um það, þegar

sú ákvörðun var tekin um slitin, þá var það að *mínum dómi heimskan einber. Úr því sem komið* er, er of seint um það að ræða. Ég hygg þó, að það hafi ekki haft slík úrslitaáhrif sem kom fram í máli hv. síðasta ræðumanns.

Ég hef ekki átt þess kost að hlýða á ræður manna hér í kvöld um þessi mál, þar sem ég var veðurtepptur austur á landi. En alla tíð, frá því að þessi hæstv. ríkisstj. tók við þessu máli, hefur það verið mín skoðun, að hún hafi haldið heldur slaklega á því. Héðan af er of seint að halda því fram, enda fást engar sönnur á því, að við hefðum getað fengið betri samninga eða jafngóða í upphafi þrætunnar, en mér er nær að halda það.

Þessi samningur, sem hér liggur fyrir, er afar slakur, þótt ekki sé meira sagt. Í honum felast engin réttindi okkur til handa, engin viðurkenning á réttindum. Þó vil ég álíta, að þessi samningur feli það í sér, sem okkur má verða um hríð til góða, og þess vegna er það, að ég mun greiða honum atkvæði.

Ég varð fyrir stórkostlegum vonbrigðum, sér í lagi vegna þess, sem komið hefur í ljós um tímaákvarðanir um veiðisvæði. Fyrst, þegar okkur voru kynnt þessi samningsdrög, stóð ég í þeirri trú, að við ættum valkosti, — ef við féllumst á 5 opin og 1 lokað svæði, þá væri okkur nokkurn veginn í sjálfsvald sett, hvernig tímamörk um veiðitíma yrðu ákvörðuð í þeim 5, sem opin væru. Útvegsm. og forustumenn þeirra héldu því fram, að ef á þetta yrði fallist, ættum við valkosti um þetta og sjálfsákvörðunarvald. En þetta reyndist með allt öðrum hætti. Það má segja, að tímamörk um veiðisvæði séu næstum því eftir því, sem maður skyldi halda að kæmi breskum veiðimönnum best að gagni. Þetta virðist mér eftir íhugun, að komi í ljós.

Marga fleiri galla má á þessu finna. Mér er ekki ljóst, að lögsagan nái þeim tilgangi og því, sem við ætlum okkur. Því fer víðs fjarri.

En eitt er alveg ljóst og varð mér ljóst þegar í upphafi, þegar þessi samningsdrög voru lögð fyrir, það var, að Bretar gengu að íslensku tilboði. Á lokastigi umr. í London 15. okt. bar hæstv. forsrh. fram málamiðlunartill., sem Bretar og forsrh. þeirra gengu nákvæmlega að. (Gripið fram í.) Utan þess, að hæstv. forsrh. setti fram tvö hólf lokuð. (**Forsrh.**: Engin ákvæði um tímalengd samningsins.) Utan þess, að hæstv. forsrh. hafði í sínu lokatilboði það ákvæði, að 2 hólf yrðu lokuð og 4 opin, og sem hann segir nú, að ekkert hafi verið ákveðið um tímalengd samningsins. Ég verð að segja, að Bretar hafi gengið að lokatilboði okkar hæstv. forsrh. (**Forsrh.**: Er þá *eitt hólf til viðbótar einskis virði?*) Ekki hef ég sagt það.

Eigum við að líta á hólfin sérstaklega. Ég hef heyrt þá skilgreiningu, að 5 opin og 1 lokað væru gjarnan hagstæðari fyrir okkur, af því að minni áníðsla yrði á þau, sem opin yrðu. Þetta finnast mér öfug rök. Af hverju ekki þá að hafa öll opin? Og ég þykist hafa séð á einhverjum stað, að það, að fá þessu framgengt, að eitt sé lokað, þýði aðeins 3% veiðiminnkun til handa breskum veiðimönnum.

Um tímalengdina skal ég ekkert segja, en ég hlýt að rifja það upp, sem ég lagði mest upp úr. Á fyrsta stigi þessa máls, eftir að hæstv. forsrh. kom frá Bretaveldi, þá skildist mér málið standa þann veginn, að gegn því, að við féllumst á 5 opin og 1 lokað, þá hefðum við nokkurt sjálfdæmi um það, hvaða tímamörk yrðu á veiðihólfunum. Þetta reyndist alrangt. Það hafði þegar verið um það samið. (Gripið fram í.) Það hafði þegar verið um það samið. (**Forsrh.**: Þetta er rangt.) Hafði ekki verið um það samið? (**Forsrh.**: Nei, nei.) Hv. forsrh. kom til landsins 16. okt. *Fiskimálastjóri skilaði 18. okt. álitsgerð um það,* hvernig veiði Breta yrði háttað, hvaða afla þeir mundu ná í 5 hólfum opnum og 1 lokuðu. Þetta hef ég séð. Hvaðan fékk hann þá skilmála, fiskimálastjóri, að reikna út, hvernig veiði Breta yrði háttað, þannig að hann gæti skilað því tveimur dögum seinna? Hvernig má það vera? (Gripið fram í.) Ég bið þá um, að þær skýringar verði endurteknar. (Gripið fram í.) Þessi þm. gat ekki sótt *þingfund af ástæðum, sem eru löglegar.*

Hæstv. forsrh., að því er útvegsmönnum skildist á fundi með honum, fullyrti, að við hefðum nokkurt sjálfdæmi um það, hvernig veiðsvæðin yrðu opin. Þeir sögðu á fundi með mér, að þeir hefðu ítrekað spurt hæstv. forsrh. um þetta og hann hefði fullyrt þetta. Ég dró þetta þá í efa, þar sem ég var staddur á þessum fundi. En á þingflokksfundi Sjálfstfl. var fullyrt, að embættismenn ættu eftir að ræða þessi mál og ganga frá því, hvaða tímamörk yrðu sett um veiðihólfin og hvaða veiðihólf yrðu í senn opin.

Sannleikurinn er sá, hæstv. forsrh., að það, sem mér er ógeðfelldast í þessum samningi, er, með hvaða hætti tímamörkun og veiðisvæði eru ákveðin, af því að mér sýnist af þeirri þekkingu, sem ég hef og þeirra manna, sem mér standa næstir, að það sé næstum því nákvæmlega eins og Bretar sjálfir gætu óskað sér. Þann veginn er þetta, og dreg ég enga dul á það. Fylgi við sættir og frið í þessu máli byggðist í upphafinu, eftir að hæstv. forsrh. kom frá Bretlandi, sér í lagi á þessari von, að við kynnum að hafa um þetta atkvæði, hvernig veiði og sókn Breta yrði háttað á okkar miðum.

Ég skal ekkert um það fullyrða, hvernig til tekst um lögsöguna. Þau lagaákvæði, sem hafa verið borin hér fram, tel ég óþörf. Við höfum í okkar lögum þegar öll ákvæði, sem duga í þessu máli. Það fer eftir því, hvernig þessi samningur reynist og samskipti okkar við breska þjóð, hvernig okkar lögsögu fleytir fram. Þó liggur alveg ljóst fyrir, að þeir hafa ekki okkur til handa gefið neinn rétt. Þeir halda því fram, að þeir hafi jafnan rétt. Ég verð að segja, að mér er óskaplega óskapfellilegt þetta ákvæði, að íslenskt lögregluskip skuli verða til þess skyldað að kalla fulltrúa bresks veiðiþjófs á vettvang til þess að staðreyna, að lögregluvaldið fari með rétt mál.

Ég hef gagnrýnt nú og hér ákvæði þessa samnings, en hlýt þó að draga fram það, sem að mínum dómi horfir til rétts vegar, t. a. m. það, að ég hygg, að í þessum samningi felist meiri vernd fyrir íslensk fiskimið en verið hefur í boði nú um hríð, vegna þess að svo má segja, að a. m. k. frá því að landhelgin var færð út í 50 mílur höfum við enga vernd haft. Þeir hafa farið sínu fram, niðst á íslenskum fiskimiðum án eftirlits,

drepið ungfisk að sínum vilja. Ég álít, að í þessu samkomulagi felist mikilsverð vernd, alveg ný og nauðsynleg fyrir okkar fiskimið. Einnig álít ég, eins og virðist liggja ljóst fyrir, að bægt sé lífsháska frá íslenskum sjómönnum, um það hljóta allir menn að vera sammála.

Einnig er til viðbótar þessu eitt atriði, sem ég hlýt að meta nokkurs. Þegar hæstv. forsrh. er mættur í London, og á lokastigi málsins, eins og hann hefur lýst sjálfur, ber fram sáttaboð, sem gengið er að af hálfu Breta, — sem gengið er að, — þessi samningur, sem hér liggur fyrir, er sáttaboð, lokatilboð hæstv. forsrh. okkar, næstum því nákvæmlega, — þá hlutu, þegar hann er mættur, okkar forsrh., — þá hlutu Bretar, eftir það sem áður hafði fram farið, að geta reiknað með því, að hann væri fulltrúi allrar íslensku þjóðarinnar, einhuga þjóðar í þessu máli. Þeir höfðu leyfi til að álykta svo. Þeir gengu að boði hans utan þessa, 5:1 og 4:2. Það skiptir engu máli héðan í frá, betra væri að hafa allt opið, allt hitt er fáfengilegheit og skiptir engu máli. Þeir gengu að hans lokaboði í þeirri góðu trú, að hann væri fulltrúi samhuga þjóðar. Þess vegna er það fyrir mig mál, að við stöndum við orð okkar. Það varðar næstum því heiður íslensku þjóðarinnar, að við stöndum við það tilboð, sem hæstv. forsrh. gaf og gengið var að í London 15. okt. s. l. Það stendur: „Icelandic proposal 15th oktober 1973." Að því var gengið af Bretum. Og spurningin er næstum því orðin sú, hvort við erum menn til þess að standa við okkar orð, úr því að Bretar hlutu að líta svo á, að einhuga þjóð stæði að baki þeim fulltrúa, sem mætti og hefði leyfi til að bjóða þessi boð. Hæstv. sjútvrh. hefur dregið það í efa, að hæstv. forsrh. hafi haft leyfi til þess að bjóða þetta. Þetta hefur hæstv. forsrh. hrakið og sýnt með manndómi sínum, að ekki á sér stað, rekið þetta öfugt ofan í hann, þannig að hann á sér engrar hjálpar von. Við hæstv sjútvrh. eigum eftir að tala um þetta, þótt síðar verði. En ég átti ekki á því von, að hæstv. sjútvrh. ætti eftir að bíða slíkan ósigur sem dæmin sanna í þessu máli. Á öllu öðru átti ég von, og þess vegna mun ég í þessu máli hafa töluvert hlýjar taugar til hæstv. forsrh. Það hafa ekki aðrir gert nösklegar en hann.

Á þessu máli hefur verið haldið með þeim hætti, sem mér hefur ekki verið skapfelldur lengstum. En þegar ég met þá galla, sem á þessu eru, og þá kosti, sem þetta ber í skauti sínu, þá hlýt ég að greiða þessu samkomulagi atkv.

Forsrh. (Ólafur Jóhannesson): Herra forseti. Það eru aðeins örfá orð til skýringa, vegna þess að hv. síðasti ræðumaður hefur ekki sótt fund í dag, eða gat ekki sótt fund og hefur þess vegna ekki fylgst nægilega vel með því, sem fram hefur komið.

Ég vil fyrst leiðrétta það, þar sem hann segir, að ég hafi gefið í skyn, að Íslendingum væri í sjálfsvald sett, hvenær hólf væru lokuð. (**SvH:** Ég skildi það svo). Ég sagði það og tók skýrt fram, að um þetta væri ósamið, en um þetta ættu Íslendingar akvæði. (**SvH:** Þú varst búinn að segja það.) Nei. (**SvH.:** Víst). Það er rangt. Það er rangt. (**SvH:** Hvernig fórstu að því að reikna út þá?) Ég skal skýra það líka. Það er alrangt, það var algerlega ósamið um þetta, og þess vegna var það rétt, sem var borið til Sjálfstfl. um þetta og hv. þm. skýrði frá, að embættismenn ættu eftir að fjalla um þetta. Fyrir þessu gerði ég grein í ríkisstj. á sínum tíma. Hins vegar var það svo, að Bretar höfðu bæði á fundum hér í Reykjavík og gerðu það líka á Lundúnafundinum, sett fram till. um lokunartíma. En ég féllst aldrei á þann lokunartíma, einfaldlega af þeirri ástæðu, að hann gat ekki fallið saman, vegna þess að ég var með till. um tvö hólf, en Bretar með eitt, þannig að um það gat ekki verið að ræða, að um það væri neitt samkomulag. Þegar fiskimálastjóri reiknar þetta út, gerir hann það, get ég sagt, í samráði við mig. Hann tekur það, sem talið var, að Bretum væri hagstæðast, út úr þessu. (**SvH:** Hvernig fengu þeir það?) Til þess að sýna ekki myndina of glæsilega eða vera með neina gyllimynd, þá fékk hann þetta út, að þeir gætu náð 110—130 þús. tonnum. En það var ekki um það að ræða, að það væri neitt um þetta samið. Landssambandið gerði sínar till. um lokunartíma, og eins og ég skýrði frá hér í kvöld, reyndi ég það sem ég gat, þegar ég var löngu hingað heim kominn af fundi þeirra, að fá till. þeirra teknar til greina, en það fékkst ekki. (**SvH:** Af því að það var búið að semja um það áður.) Það eru hrein ósannindi, verð ég að segja, hjá hv. þm. að halda því fram. Það liggur alveg skýrt fyrir í skýrslunni, að það var ekki samið um það, að það var ekki samið um neitt.

Enn fremur er það misskilningur hjá hv. þm., að það hafi verið gengið að þeim till., sem ég gerði. Meginatriðið var náttúrlega það, að tvö hólf væru lokuð, og það er það, sem ég tel fyrst og fremst ábótavant í þessari till., að það skuli ekki hafa fengist fram. Þess vegna kom það ekki til mála, að ég samþykkti þann grundvöll, sem þeir settu fram sem hugsanlegan. Þetta er alveg skýrt tekið fram í skýrslu minni, ef hv. þm. hefur haft fyrir því að lesa hana. (**SvH:** Ég hef gert það.) Já, og þá getur hv. þm. líka lesið þá fréttatilkynningu, sem gefin var út eftir fundinn sameiginlega af mér og forsrh. Breta. Þar var skýrt tekið fram, að þetta væri ekki samkomulag, heldur að ég mundi gefa skýrslu um þetta til ríkisstj. (Gripið fram í.) Ég hef þetta hérna og get lánað hv. þm., svo að hann geti lesið það í rólegheitum, ef hann er eitthvað þreyttur eftir ferðalagið og á erfitt með að átta sig á hlutunum.

Þegar ég fór frá Bretlandi, var líka haft sjónvarpsviðtal við mig, og það liggur fyrir. Þá lýsti ég því yfir, að ég væri ekki ánægður með þennan grundvöll. Ég lýsti því yfir, að enn gæti hæglega komið til stjórnmálaslita við Bretland.

Allt þetta er skjalfest, þannig að það þýðir ekkert fyrir þennan hv. þm. að vera að halda fram staðhæfingum, sem stangast alveg á við staðreyndir, sem hægt er að upplýsa um. Og ég skil ekki, hvaða taugaæsingur er í honum út af því.

Það er alrangt, sem hann sagði, að það hefði verið samið um þetta í London. Ég hef marg-

lýst yfir, að þm. eru algerlega frjálsir að því að hafna þessu, ef þeim sýnist það (SvH: Þm?) Já. Og þá er það líka misskilningur hjá hv. þm., að það sé óþarft að setja ákvæði í lög um sviptingu leyfis. Það eru engin ákvæði í íslenskum lögum um það efni. Þess vegna er nauðsynlegt að setja heimild um það í íslensk lög. Þetta frv. verður nú rætt á morgun, og þá get ég gert nánari grein fyrir því.

Ég skal ekki fara að ræða um fleira við hv. þm., enda held ég, að það sé eins gott að fara að hugsa til heimferðar og fara að sofa.

Karvel Pálmason: Herra forseti. Svo er að sjá á þingbekkjum, að þm. almennt séu gengnir til náða, en eigi að síður er ástæðulaust að hlífa mönnum neitt við því að vaka a. m. k. eina nótt á ári.

Eitt er mér ljóst eftir þær umr., sem hér hafa farið fram í dag, sem sé það, að afstaða stærsta stjórnmálaflokksins í landinu, Sjálfstfl., er, ef marka má það, sem fram hefur komið hér í umr., í þrennu lagi. Afstaða stærsta stjórnmálaflokksins í landinu til landhelgismálsins er í þrennu lagi. (Gripið fram í.) Það kemur á daginn. Og er það heldur ófögur lýsing fyrir hv. 2. þm. Reykv., nýviðtekinn formann þess flokks, að slík sé niðurstaða fyrsta stórmálsins, sem honum er ætlað að leysa innan Sjálfstfl. Heldur er það óhöndulegt. Og ég tek undir það, sem sagt var hér í dag, að það má mikið vera, ef fyrrv. leiðtogar Sjálfstfl., merkismenn á margan hátt, eins og ég held, að 8. landsk. þm. orðaði það, sneru sér ekki við í gröfunum.

Það má segja um afstöðu hv. þm. Sjálfstfl., að manni kæmi í hug undir ýmsum ræðum þeirra, að þeir litu svo á, að fjarlægðin gerði fjöllin blá og mennina mikla. Það er engu líkara en a. m. k. hluti þessara hv. þm. Sjálfstfl. líti svo á, að almenningur í landinu sé búinn að gleyma því, sem gerðist 1961. Það var sagt hér áðan, ekki bara af einum, heldur mörgum þessara hv. þm., að núv. þm. stjórnarflokkanna væru kokvíðir. Þetta var m. a. sagt af hv 2. þm. Vestf., að ýmsir stjórnarþm. núv. væru kokvíðari en hann. Það má vera, að hans kok hafi skroppið saman síðustu rúm tvö árin, en æðimörgum fannst það kok vítt þau 12 ár, sem hann sat undir viðreisn. Og ég er ekkert hissa á því um mann með skapferli hv. 2. þm. Vestf., þó að það væri ýmsum örðugleikum háð fyrir hann að sitja undir því fargi, sem á hann var lagt í tíð fyrrv. ríkisstj. Hann er ábyggilega þannig skapi farinn, sá hv. þm., að hann vill a. m. k. hafa uppi tilburði til þess að vera með sjálfum sér, ef svo má segja, og fylgja sinni sannfæringu. En því miður kom það æðioft fyrir á því 12 ára tímabili, sem hans flokkur fór með völd hér á landi, að litið bæri á þeirri sannfæringu, sem hann er nú að tala um hjá öðrum.

Hið sama mætti í raun og veru segja um hv. 5. þm. Vestf. Og það er raunar tímanna tákn, þegar það gerist nú, sem ekki hefur gerst um árabil, að einstaka þm. innan þingliðs Sjálfstfl. virðast hafa fengið leyfi til þess að vera á annarri skoðun en forustan í flokknum. Og það er tímanna tákn, sem tekið verður eftir, þegar þeir koma hér upp, þessir hv. þm., og deila ekki bara á núv. ríkisstj. og hennar stuðningsflokka, heldur ekki síður á forustumenn síns eigin flokks, bæði núv. formann flokksins og formann þingflokksins.

Ég þarf ekki að taka það fram, að ég er sjálfsagt í þeim hópi þm., sem hefðu kosið, að það samkomulag, sem hér er verið að ræða, væri að nokkru á annan veg en það liggur fyrir. Ég hygg, að allir hv. þm. hefðu óskað þess, að Íslendingar fengju meira út úr því samkomulagi en raun ber vitni. Eigi að síður tel ég, að þeir hv. þm. stjórnarandstöðunnar og þá Sjálfstfl., þegar þeir bera saman samkomulagið frá 1961 og það, sem nú er til umr., og meira að segja taka svo stórt upp í sig og segja, að það samkomulag hafi þó verið mun betra en það, sem nú er til umr., — þeir ættu, þessir hv. þm., að fara 12 ár aftur í tímann og hugleiða viðbrögð íslensku þjóðarinnar, bæði útvegsmanna, sjómannasamtaka og annarra launþegasamtaka, til þess samkomulags, sem þá var gert. Ég er ekki í neinum vafa um það, þó að ýmsa galla megi finna á þeim samkomulagsgrundvelli, sem hér liggur fyrir, þá er hann í meginatriðum mun hagstæðari en sá, sem var gerður 1961. Og það, sem sköpum skiptir að því er þennan samanburð varðar, er það, að í þeim samningi, sem oft hefur verið kallaður nauðungarsamningur, var um það að ræða, að Íslendingar afsöluðu sér landsréttindum. Það er í raun inni aðeins eitt, sem hefur komið í veg fyrir það, að við höfum getað haldið á eðlilegan hátt á landhelgismálinu, það er samningurinn frá 1961 og málskotið til Haag-dómstólsins.

Því hefur talsvert verið velt fyrir sér hér af sumum hv. þm. og þá sem eðlilegt er ekki síst af hv. þm. Vestf., þeim hv. 2. þm. og hv. 5. þm. Vestf., hver afstaða vestfirskra kjósenda til þessa samkomulags væri. Og það gengur svo langt, að báðir þessir hv. þm. fullyrða, að samningurinn frá 1961 hafi verið mun hagstæðari Vestfirðingum heldur en sá grundvöllur, sem hér er nú til umr. Ég er viss um það, að báðir þessara hv. þm. heyrðu þá og hafa heyrt það æ síðan, að sá samningur var Vestfirðingum og Íslendingum í heild ekki hagstæður. Menn segja nú: Þá fengust viðurkenndar 12 sjómílur úti fyrir Vestfjörðum. — Og það er rétt. En nú er einskis metið af báðum þessum hv. þm. 20 sjómílna landhelgi úti fyrir Vestfjörðum og auk þess opinn möguleiki á því, ef menn vilja því beita, að friða ákveðin svæði fyrir línuveiðum úti fyrir Vestfjörðum, sem á er að meginstofni a. m. k. og hefur verið á ákveðnum tímum vertíðarinnar mikil útgerð á línu.

Hv. 2. þm. Vestf. og hv. 3. landsk. þm. viku að því í ræðum hér í dag, hver afstaða mín hafi á sínum tíma verið til þess grundvallar, sem fyrir lá, og vitnuðu þar í og með til viðtals, sem Alþýðublaðið átti við mig. Það var ekki annað að skilja á þessum hv. þm. en að ég hefði a. m. k. að einhverju eða jafnvel verulegu leyti skipt um skoðun frá þeim tíma. Ég man vel, hver orð mín voru í þessu viðtali. Ég lýsti því yfir, að ég liti ekki á þann grundvöll, sem þá lá fyrir, sem úrslitakosti og ég vildi sjá heildarmyndina

af samkomulagsgrundvellinum, áður en ég tæki afstöðu. Ég vil m. a. benda á það, að þá var ekki vitað um tímasetningu lokunarsvæðanna, þá var hámarksaflamagnið ekki inni, og það var ekki komin nánari skilgreining á lögsagnaratriðinu af hálfu Íslendinga. Allt þetta vantaði þá inn í myndina. Ég tel því, að ég hafi á engan hátt breytt gegn því, sem ég þá sagði, þó að ég vildi ekki taka endanlega afstöðu, fyrr en heildarmyndin á dæminu lægi fyrir. Og mér er það til efs, að það sé rétt, sem hv. 5. þm. Vestf. fullyrti hér áðan, að sú tímasetning, sem sett er á svæðið úti fyrir Vestfjörðum, sé sú lakasta, sem hugsast gat. Mér er tjáð, að þær till., sem uppi voru af hálfu Landssambands ísl. útvegsmanna um lokunartíma hólfsins úti fyrir Vestfjörðum, væru nóv. og des. Sé það rétt, að svo hafi verið, þá dreg ég í efa stórlega, að rétt sé sú fullyrðing hv. 5. þm. Vestf., að sú tímasetning, sem nú er á því svæði, sé sú lakasta, sem hægt var að fá. Sannleikurinn er sá, að ef við lítum til fyrri ára, þá hefur það verið svo, — að vísu fer það eftir tíðarfari, — að a. m. k. des., jan. og febr. eru lokaðir mánuðir fyrir breska togaraflotann á Vestfjarðamiðunum og jafnvel nóv. líka. Komi síðan sept. og okt. til viðbótar, þá má segja, að það sé tiltölulega mikil friðun á miðunum úti fyrir Vestfjörðum af Breta hálfu á sex mánaða tímabili. Með þessu fullyrði ég ekki neitt um það, að ekki hefði mátt finna hagstæðari dagsetningar á Vestfjarðahólfið en raun ber vitni. En mér sýnist eftir þeim tölum, sem ég hef fengið af talningu Landhelgisgæslunnar á Vestfjarðamiðum síðustu 3 árin einmitt á þessu fjögurra mánaða tímabili, að það sé ekki hægt að slá neinu ákveðnu eða föstu um, hvað af þessu væri tiltölulega verst eða best.

Mér finnst það hálfhlálegt, að nú skuli heyrast enn einu sinni hér í þingsölum tal um ágæti samningsins frá 1961, þegar þessir hv þm., sem þannig tala, eru búnir að heyra dynja á sér allt annað álit en þeir nú halda fram á þeim samningi. Ég minnist þess a. m. k., og ég hygg að það geri fleiri, ef þeir rifja upp, að það voru ekkert síður sjálfstæðismenn, sem gagnrýndu harkalega samninginn frá 1961, og það fengu frambjóðendur Sjálfstfl. á Vestfjörðum vissulega að heyra á framboðsfundum í Vestfjarðakjördæmi sumarið 1971, og því eru þeir áreiðanlega ekki búnir að gleyma.

Í minum augum er samningurinn frá 1961, samanborið við þann, sem nú er talað um að gera, þó að ég sé ekki alls kostar ánægður með hann, eins og svart og hvítt. Hér er ekki um nein afsláttaratriði eða afsölu lands að ræða, og það er í raun og veru meginmunurinn.

Skyldu þeir hv. þm. Sjálfstfl. á Vestfjörðum hafa haft það að leiðarljósi, þegar þeir tóku sína ákvörðun með samningnum 1961, að sú afstaða byggðist á vitund og vilja þeirra kjósenda þar? Ég hygg, að fæstir kjósendur þm. Sjálfstfl. á Vestf. hafi lýst yfir ágæti þess samnings, sem þeir greiddu atkv. með á þeim tíma. Og með tilliti til þess getur það einnig verið spurning nú, sem hv. 2. þm. Vestf. lýsti hér yfir áðan. Hann sagði, að sín afstaða byggðist á sínum vilja og vilja þeirra kjósenda, sem hann færi með umboð fyrir, þ. e. a. s. andstaða hans við það samkomulag, sem nú liggur fyrir.

Ég skal ekkert um það segja, hver almennur vilji kjósenda á Vestfjörðum er í þessu máli. En hitt þykist ég vita, að ættu þeir að velja á milli þess samnings, sem gerður var 1961, og þess, sem nú er talað um að gera, þá væri yfirgnæfandi meiri hl. vestfirskra kjósenda og ekki síður kjósenda Sjálfstfl., sem veldu þann samning, sem nú er umtalaður. Ég hygg nefnilega, að þegar menn tala um viðhorf Vestfirðinga til þessa máls, verði þeir að hafa í huga það, sem verið hefur að gerast á Vestfjarðamiðum að undanförnu, og það er að mínu viti óeðlilegt ástand, sem þar hefur átt sér stað, og hefur ekki orðið til þess, að menn væru jákvæðir í afstöðunni til samninga við Breta. Og það er skiljanlegt. En ég er ekki viss um, að það sé yfirgnæfandi vilji Vestfirðinga, að ekki verði samið. Minn grunur er sá, að sú andúð, sem kann að heyrast gegn þessu samkomulagi við Breta, sé fyrst og fremst runnin frá því, sem verið hefur að gerast á Vestfjarðamiðum undanfarinn mánuð. Og það er mál, sem sérstaklega verður rætt hér síðar og ég ætla ekki að fara út í að ræða nú.

Hv. 2. þm. Vestf. vitnaði til yfirlýsingar eða samþykktar, sem Alþýðusamband Vestfjarðar gerði á nýafstöðnu þingi sínu, og lét í það skína, að a. m. k. hann vildi ekki ganga gegn þeirri samþykkt, sem þar var gerð. Það hefði farið betur, að bæði þessi hv. þm. og hv. 5. þm. Vestf. hefðu tekið til greina þau kröftugu mótmæli, sem komu ekki bara frá Alþýðusambandi Vestfjarða, heldur fjöldanum öllum af samtökum sjómanna, sjómannafélaga og verkalýðsfélaga á Vestfjöðum, svo og útvegsmanna, gegn samningunum 1961. Þá var þetta ekki haft að leiðarljósi af þessum hv. þm., óskir þessa fólks. En það vill nú svo til, að í þeirri samþykkt, sem hér var vitnað til frá Alþýðusambandi Vestfjarða, er ekki kveðið fastar að orði en það, að varað er við samningunum, það er varað við þeim. Þeim var mótmælt kröftuglega 1961, og þá voru þau mótmæli ekki tekin til greina af þessum hv. þm.

Það væri vissulega full ástæða til þess að gera fleiri aths. við það, sem fram hefur komið í ræðum manna í dag. Ég held þó, að hvað sem menn segja eða hvað sem menn greinir á um samkomulagið út af fyrir sig, þá verði menn, hvort sem þeim líkar betur eða verr, að gera það upp við sig, hvort með samkomulaginu eru líkur á því, að það verði tryggð frekari minnkandi sókn á tiltekin svæði heldur en ef við byggjum við áframhaldandi óbreytt ástand.

Hv. 3. landsk. þm. hóf ræðu sína á því hér s. l. fimmtudag að lýsa því yfir, að hann væri lítt undir það búinn að ræða þetta mikilsverða mál, vegna þess að hann hefði ekki kafað djúpt í það mál á þeim tíma, sem hann hefði haft til þeirra hluta. Mér sýnist nú, að á þeim tíma, sem liðinn er síðan, frá fimmtudegi, sé þessi hv. þm. kominn lítið dýpra í sínu köfunarstarfi, að því er þetta mál varðar. Ég heyrði ekki betur en í báðum þeim ræðum, sem hann flutti hér í kvöld, væru gegnumgangandi slagorð, — slagorð, sem ég tel, að ekki sæmi þm. á löggjafarsamkomu Ís-

lendinga, ekki einu sinni, eins og ég sagði hér síðast, hv. 3. landsk. þm., og er þá mikið sagt. Það er því ekki ástæða til þess að fara út í að gera aths. eða svara því, sem hann var með í dag frekar en raunar var ástæða til þess s. l. fimmtudag, þó að það væri þá gert.

En ég vil að síðustu minna menn á það, eins og raunar hefur verið rakið í umr. í dag og kvöld, hver ferill Sjálfstfl. í landhelgismálinu er. Sá ferill er hvorki fagur né mikill, hvað sem hv. 2. þm. Vestf. og hv. 5. þm. Vestf. segja nú um það mál. Þeir voru ekki reiðubúnir til þess vestur á Ísafirði fyrir kosningarnar 1971, á fundum þar, að lýsa yfir einu eða neinu, sem þeir vildu standa að í sambandi við landhelgismálið að kosningum loknum. Þeir voru þá með sömu undansláttarstefnuna og þeir voru með, meðan þeir áttu aðild að ríkisstj. Og ég er ekki í neinum vafa um það, að vestfirskir kjósendur ekki síður en kjósendur annarra landshluta á Íslandi, treysta kannske hvað síst Sjálfstfl. til þess að ráða farsællega fram úr landhelgismálinu, og ég er sammála vestfirskum kjósendum í því.

Þorvaldur Garðar Kristjánsson: Herra forseti. Það er nú langt liðið nætur, svo að ég ætla að vera stuttorður. Ég vona, að hv. alþm. misvirði það ekki við mig.

Það var engu öðru líkara en við værum komnir á framboðsfund í Vestfjarðakjördæmi undir ræðu hv. síðasta ræðumanns. Hann sagði okkur, að hann væri nú búinn að komast að þeirri niðurstöðu, að hann ætlaði að fylgja samkomulaginu við Breta, sem hér er til umr. En hann hefur fengið mikinn taugaskjálfta af einhverjum ástæðum, um leið og hann komst að þessari niðurstöðu. Það sýndi öll ræða hans. Og hann sagði náttúrlega margar markleysur. Ég ætla ekki að hirða um það að fara að svara þeim. Í raun og veru kom svo til ekkert nýtt fram, sem ekki hefur verið þaulrætt hér í umr. í allan dag og í nótt fram að þessu.

En það er næstum, að manni fallist hendur, þegar maður heyrir fullyrðingar eins og þær, sem þessi hv. þm. lét sér um munn fara, þegar hann sagði, að við hv. 2. þm. Vestf. gengjum svo langt jafnvel að halda því fram, að samningurinn 1961 hafi verið hagstæðari fyrir Vestfirðinga en samningurinn nú. Ég þarf ekki að segja það, hvers vegna slíkar fullyrðingar eru fjarstæða, það er svo augljóst mál. Og mig undrar líka fákunnátta þessa hv. þm. um atvinnuhætti og aðstæður á Vestfjörðum, þegar hann hneykslast á því, að ég hefði sagt, að tímabilið sept.-okt. væri lakasti lokunartíminn fyrir Vestfjarðahólfið. Ég sagði: sennilega lakasti. En ég hneykslast á því, þegar þessi hv. þm. telur þetta fjarstæðu. Það er eins og hann viti ekki neitt um fiskigöngur fyrir Vestfjörðum.

Ég hirði ekki að svara marklausu dangli þessa hv. þm. í garð okkar hv. 2. þm. Vestf. Við stöndum jafnréttir fyrir því.

En fyrst ég er staðinn hér upp, er kannske ekki úr vegi að segja nokkur orð í tilefni af hinni lubbalegu ræðu, sem hv. 3. þm. Vestf. hélt hér í kvöld. Og þó er kannske ekki gustuk að gera slíkt, eftir að hv. 2. þm. Vestf. hefur svo kirfilega lagt hann til.

Þessi maður, hv. 3. þm. Vestfj., hafði mörg orð um það hvílík óhæfa það væri, að utanrmn. hefði skilað tveim nál. og klofnað, eins og hann orðaði það, í þessu máli. Þetta hljómar einkennilega úr munni hvers sem er, en sérstaklega þegar þetta kemur úr munni hv. 3. þm. Vestf., sem allt klýfur, sem hann kemur nálægt. Þessi maður hefur verið formaður í þrem stjórnmálaflokkum og hefur klofið þá alla. Það er sama, hve einingin er lítil, hann skal hafa það af að kljúfa. Hann hneykslast nú á því, að utanrmn. hafi klofnað í þessu máli. Hvers konar tal er þetta? Auðvitað er þetta ekki svaravert. Við brosum allir að þessu. Það er líka hægt að brosa að mörgu fleiru, sem þessi hv. þm. sagði í ræðu sinni í kvöld, en ég ætla að hlífa honum við því.

En það var margt furðulegt, sem hann sagði. Hann er eini alþm., sem er ánægður fullkomlega með samninginn, sem nú liggur fyrir. Allir aðrir ræðumenn hafa bent á galla eða sagt, að auðvitað hefðu þeir viljað, að samningurinn væri betri. Og það eru orð hæstv. forsrh. sjálfs. En hv. 3. þm. Vestf. er harðánægður og hann hafði þá smekkvísi til að bera að leggja sérstaka áherslu á þá skoðun sína, að hann teldi öryggi í því, að breskt skip verði kallað til, þegar varðskip stendur landhelgisbrjót að verki. Hann telur sérstakt öryggi í því, ef við deilum löggæsluvaldi okkar með öðrum þjóðum. Þetta minnir mig á hina ömurlegu staðreynd, þegar þessi hv. alþm. varð á sínum tíma frægur að endemum fyrir andóf sitt og baráttu gegn því, að við tækjum að fullu og öllu öll mál okkar í eigin hendur með lýðveldisstofnuninni á sínum tíma.

Já, þessi hv. þm. er óútreiknanlegur. Og þó er hann kannske á vissan hátt alltaf samur við sig. Síðla kvölds 6. mars 1961 voru hér á hv. Alþ. umr. um þáltill um lausn fiskveiðideilunnar þá við Breta. Þá kom hann upp í þennan ræðustól til þess að halda ræðu. En menn vildu ekki hlusta á hann, töldu það ekki ómaksins vert, svo að þingbekkir voru hér auðir. Þá heimtaði hann af forseta Sþ., að mönnum yrði smalað hér í þinghúsinu til þess að hlýða á hann. Enginn vildi koma til þess að hlýða á hann. En hv. þm. sagði: Ég byrja ekki að tala, fyrr en einhverjir koma inn. — En engir vildu koma inn, svo að úr þessu varð mesti vandi. Þrisvar sinnum var þingfundi frestað til þess að reyna að koma vitinu fyrir þennan hv. þm. — Þrisvar sinnum, en það tókst ekki. Hann stóð eins og staður klár hér í þessum ræðustól og bifaðist ekki, fyrr en það varð að slíta umr. og fresta þeim til næsta dags. Þetta var framlag þessa hv. þm. þá til þjóðareiningar. En nú er þetta ekki svona. Nú gerir hv. þm. ekki kröfu til þess, að það sé hlustað á hann. Auðvitað gerir hann það ekki lengur vegna þess, að honum má líka vera orðið ljóst, að það tekur enginn mark á slíkum málflutningi sem hann viðhafði hér fyrr á þessum fundi.

Karvel Pálmason: Herra forseti. Það er eins og það séu álög á hv. 5. þm. Vestf., að hann stendur uppi eins og berskjaldaður, ef hann hefur ekki sinn elskulega vin, hv. 2. þm. Vestf., til þess að taka af sér fallið. Hygg ég, að þeir

hv. þm., sem hér hlustuðu á hans mál áðan, séu reynslunni ríkari um það. Það er ósköp auðvelt að afgreiða menn með því að segja: Það tekur ekki að svara því. En það er í raun og veru of auðvelt að láta þennan hv. þm. sleppa með slíkt. Hans frammistaða á þingi þau fáu þing, sem hann hefur setið, er ekki slík, að ástæða sé til þess. En ég ætla ekki frekar að fara að skattyrðast við þennan þm. Það gefast væntanlega nóg tækifæri til þess, þótt síðar verði, og ég kvíði ekki þeim viðskiptum, hvað sem viðkemur þeirra skyldleika, hv. 5. þm. Vestf. og hv. 3. þm. Vestf., því að þeir eru, að mér skilst, náskyldir. Og þá má kannske vera, að margt sé líkt með skyldum.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Sameinað þing, 18. fundur.

Þriðjudaginn 13. nóv., kl. 2 miðdegis.

Bráðabirgðasamkomulag við Bretland um veiðar breskra togara, þáltill. (þskj. 100, n. 109, 110, 101, 112). — Frh. einnar umr.

ATKVGR.

Brtt. 112 felld með 54:6 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: MB, PJ, PS, ÞK, BGuðn, GuðlG.

nei: MK, MÓ, MÁM, AJ, ÓE, ÓlJ, PÞ, BrS, RA, RH, StefG, SV, StH, SteinG, SvJ, SvH, VH, ÞÞ, AuA, ÁÞ, ÁB, BGr, BGuðbj, BFB, BJ, BP, EðS, EggÞ, EÁ, EBS, FÞ, GS, GeirG, GH, GilsG, GunnG, GTh, GÞG, HES, HV, HFS, IngJ, IG, JóhH, JónÁ, KSG, JSk, JónasÁ, IT, KP, LárJ, LJós, MJ, EystJ.

Brtt. 101 felld með 59:1 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: BGuðn.

nei: MB, MÁM, AJ, ÓE, ÓlJ, PÞ, PJ, BrS, PS, RA, RH, StefG, SV, StH, SteinG, SvJ, SvH, VH, ÞK, ÞÞ, AuA, ÁÞ, ÁB, BGr, BGuðbj, BFB, BJ, BP, EðS, EggÞ, EÁ, EBS, FÞ, GS, GeirG, GH, GilsG, GuðlG, GunnG, GTh, GÞG, HES, HV, HFS, IngJ, IG, JóhH, JónÁ, KSG, JSk, JónasÁ, IT, KP, LárJ, LJós, MJ, MK, MÓ, EystJ.

Tilgr. samþ. með 54:6 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: MK, MÓ, MÁM, AJ, ÓE, ÓlJ, PÞ, BrS, RA, RH, StefG, SV, StH, SteinG, SvJ, SvH, VH, ÞÞ, AuA, ÁÞ, ÁB, BGr, BFB, BGuðbj, BJ, BP, EðS, EggÞ, EÁ, EBS, FÞ, GS, GeirG, GH, GilsG, GunnG, GTh, GÞG, HES, HV, HFS, IngJ, IG, JóhH, JónÁ, KSG, JSk, JónasÁ, IT, KP, LárJ, LJós, MJ, EystJ.

nei: MB, PJ, PS, ÞK, BGuðn, GuðlG.

12 þm. gerðu svofellda grein fyrir atkv. sínu:

Ólafur G. Einarsson: Herra forseti. Þar sem ég tók ekki þátt í umr. um þetta mál, vil ég gera þessa grein fyrir atkv. mínu:

Það er ljóst orðið, að betri samningur næst ekki við Breta undir forustu hæstv. núv. ríkisstj. Það er einnig ljóst, að ef samningur verður ekki gerður nú, verður sama eða verra ástand á miðunum eftir en áður og Bretar munu halda áfram rányrkju sinni í ríkari mæli. Með hliðsjón af þessum staðreyndum styð ég þessa þáltill. Þannig er stuðningur minn byggður á allt öðrum forsendum en stuðningur hv. þm. Alþb. Þetta þótti mér nauðsynlegt að láta koma fram. Ég segi því já.

Pálmi Jónsson: Herra forseti. Að mínum dómi er samkomulagsgrundvöllur þessi á mörkum þess, sem hugsanlegt er að samþykkja, og þess, sem er með öllu óaðgengilegt. Kostir samkomulagsins eru fólgnir í eftirfarandi:

1) Útilokun á hluta af afkastamestu fiskiskipum Breta og þar með nokkurri minnkun á afla þeirra.

2) Óbeinni viðurkenningu Breta með samningsgerð þessari.

3) Friði á miðunum og eðlilegum samskiptum milli þjóðanna.

Ókostirnir eru aftur á móti þeir að mínum dómi:

1) Dagsetningar varðandi hólfaskiptingu virðast sniðnar við hæfi Breta.

2) Lítillækkandi framkvæmd á lögsögu innan íslenskrar fiskveiðilandhelgi.

3) Ekki er að finna neinar yfirlýsingar eða fyrirvara um framhald aðgerða okkar Íslendinga í landhelgismálinu, hvorki á samningstímabilinu né að því loknu.

Samkomulag þetta er eins konar vopnahlé, sem að ýmsu má kalla uppgjöf. Nærri lægi að sitja hjá við slíka atkvgr., en ég kýs ekki þann hlut að taka ekki afstöðu í slíku máli, og í mínum huga vega ókostirnir þyngra heldur en kostirnir, og segi ég því nei.

Pétur Sigurðsson: Herra forseti. Það kom fram í ræðu hv. þm. Jónasar Árnasonar í nótt, að hann taldi samkomulag þetta meingallað og að sumu leyti grábölvað. Undir þessa skoðun tók ég í ræðu minni og hafði mörg rök þar um. Viðvíkjandi þeirri þáltill., sem hér er til atkvgr., um staðfestingu á svokölluðu samkomulagi, sem hæstv. forsrh. gerði við fulltrúa hennar hátignar, þá tel ég galla samkomulagsins vera þyngri en kostina, og því segi ég nei.

Ragnhildur Helgadóttir: Herra forseti. Ég tel, að það samkomulag, sem fyrir liggur til afgreiðslu, sé mun óhagstæðara Íslendingum en samkomulag, sem unnt hefði verið að ná á fyrra stigi málsins. Af því varð þó ekki vegna sundurlyndis og undandráttar ríkisstj. Ég legg áherslu á þá skoðun mína, að samþykkt till. komi engan veginn í veg fyrir áframhaldandi útfærslu fiskveiðilögsögunnar í 200 mílur. Ég tel, að samþykkt till. muni tryggja frið á miðunum í tvö ár og bægja þar með lífshættu frá mönnum á sjónum. Ég segi já.

Sverrir Hermannsson: Herra forseti. Í samkomulagi þessu er vernd til handa fiskimiðum okkar. Þessi samningur er vopnahlé, sem bægir lífsháska frá sæfarendum. Gengið var nokkurn veginn að tilboði fulltrúa Íslands í London, hæstv. forsrh. Fyrir því og af þessum málsástæðum,

enda þótt vonbrigði mín séu mikil með samkomulag þetta, segi ég já.

Ellert B. Schram: Herra forseti. Ég hef lýst í umr. skoðunum mínum á þessari þáltill. Þar kom fram, að ég tel samninginn gallaðan, óljósan og að mörgu leyti óhagkvæman Íslendingum. Ég tel, að unnt hefði verið að ná betri samningi, ef ekki hefði komið til innbyrðis sundurlyndi og óheppileg vinnubrögð ríkisstj. Ég hefði talið eðlilegt, að ríkisstj. bæri ein ábyrgð á þessu samkomulagi.

Ég er hins vegar þeirrar skoðunar, að nú, þegar þm. standa frammi fyrir tveim kostum: annars vegar áframhaldandi hættuástandi, rányrkju og lögbrotum, hins vegar bráðabirgðafriði á Íslandsmiðum, þá sé valið aðeins eitt. Á þeirri forsendu, að samningurinn hindri engan veginn útfærslu í 200 mílur eigi síðar en fyrir árslok 1974, segi ég já.

Garðar Sigurðsson: Herra forseti. Samningarnir eru að mínum dómi verri en efni stóðu til, en aðfarirnar enn þá verri. Hæstv. forsrh. fer utan sérfræðingalaus og segist ekki ætla að semja, mætir öllum sérfræðingum Breta og kemur heim með úrslitakosti, sem hann segist vilja staðfesta án þess að bera þá undir samstarfsmenn sína, sem eru fleiri en ráðh. Með því gerir forsrh. samninginn að fráfararatriði og beitir þar vopni, sem forsrh. samsteypustjórnar á að beita af fullri varúð og eins sjaldan og við verður komið. Samkomulag innanlands er ekki síður nauðsynlegt en samkomulag við útlendinga.

Þá vil ég treysta því, að næst þegar semja þarf um stórmál þjóðarinnar, verði sýnd meiri reisn án hroka, styrkur án ofbeldis og samningsvilji án undirgefni. Samkomulagið er þó ekki verra en það, að það er snöggt um betra en að fela íhaldinu völdin og stefna þar með mörgum góðum málum í hættu, og á þessum forsendum segi ég já.

Gylfi Þ. Gíslason: Herra forseti. Þótt þingflokkur Alþfl. hefði kosið samkomulagið hagstæðara en það er í ýmsum atriðum, telur hann, að fallast beri á að gera þennan samning, bæði vegna þess, að það tryggi hagsmuni Íslendinga betur en verða mundi, ef deilan héldi áfram, og vegna hins, að í samkomulaginu felist viðurkenning Breta í reynd á rétti Íslendinga til umráða yfir fiskimiðunum umhverfis landið á 50 mílna svæði. Þess vegna segi ég já.

Jóhann Hafstein: Herra forseti. Ég vil leyfa mér að gera grein fyrir atkv. mínu með eftirfarandi hætti:

Sjálfstæðismenn lögðu grundvöllinn að baráttunni fyrir réttindum Íslendinga á landgrunninu öllu, sbr. setningu landsgrunnsl. frá 1948, sem síðari útfærslur fiskveiðilögsögunnar hafa ætíð verið grundvallaðar á. Þeir hafa alla tíð lagt megináherslu á samstöðu þjóðarinnar í þessu lífshagsmunamáli hennar og miðað aðgerðir sínar við það. Hið sama verður ekki sagt um núv. stjórnarflokka í stjórnarandstöðu fyrir alþingiskosningarnar á árinu 1971 né eftir þær, er þeir hafa haft uppi siendurtekinn svika- og landráðabrigsl í garð sjálfstæðimanna, þegar þeir hafa reynt að leiða landhelgismálið til sátta og fram á við á þeirri grundvallarstefnu, sem samstaða hefur ríkt um meðal þjóðarinnar.

Það var einróma álit alþm. 15. febr. 1972, að þess skyldi freistað að leita áfram samkomulags við deiluaðila í málinu, Breta og Vestur-Þjóðverja. Því miður hefur ríkisstj. verið sjálfri sér sundurþykk í þessu máli eins og mörgum öðrum. Málið hefur dregist á langinn til mikils tjóns fyrir Íslendinga. Hitt er svo jafnaugljóst, að sérstaklega Bretar hafa sýnt sérstaka óbilgirni, og er framkoma þeirra á Íslandsmiðum með öllu óafsakanleg.

Þegar borin er saman fyrirhuguð samningsgerð við Breta nú varðandi landhelgismálið og samningsgerðin frá 1961, er augljóst, hversu samningsgerðin er á marga lund óhagstæðari Íslendingum nú. Kemur þar að sjálfsögðu fyrst af öllu til álita sjálft deiluatriðið, að viðátta fiskveiðilögsögunnar er ekki viðurkennd afdráttarlaust af hálfu Breta, svo sem raunin varð á 1961. Enn fremur eru engar yfirlýsingar í fyrirhuguðu samkomulagi nú um áframhaldandi ráðagerðir Íslendinga um útfærslu fiskveiðilögsögunnar á landgrunninu öllu. Ágalla slíkrar yfirsjónar er nú bægt frá með því, að fyrir Alþ. liggur till. til þál. frá sjálfstæðismönnum um rétt Íslendinga til að færa út auðlindalögsöguna allt að 200 mílum frá grunnlínum, og einnig till. ríkisstj. um heimild Íslendinga til þess. Hvort tveggja er byggt á þróun mála á alþjóðavettvangi Íslendingum í vil að loknum undirbúningsfundum Hafréttarráðstefnu Sameinuðu þjóðanna, sem nú er fram undan. En fyrir liggur, að mikill meiri hluti þjóða muni á ráðstefnunni fylgja þeirri stefnu, að sérstakur réttur strandríkjanna sé viðurkenndur. Þegar svo horfir, munu sjálf deiluatriðin í landhelgismálinu milli Íslendinga og annarra þjóða leysast á sjálfri Hafréttarráðstefnunni og innan vébanda Sameinuðu þjóðanna. Á þetta var ætíð lögð megináhersla af hálfu sjálfstæðismanna.

Ég tel það liggja í hlutarins eðli, að deilur milli þjóðanna fyrir Alþjóðadómstóli Sameinuðu þjóðanna hljóta að frestast, og verður að sjá til þess, að dómur verði á þeim vettvangi eigi upp kveðinn um deilur þjóðanna, meðan sáttagerðir standa milli þeirra. Þetta er þeim mun þýðingarmeira þar sem því hefur verið lýst yfir af íslensku ríkisstj., að hún muni ekki taka þátt í málflutningi fyrir Alþjóðadómstólnum, og þar með koma ekki að svo stöddu fram þau rök, sem Íslendingum er nauðsynlegt að fram komi og fyrir liggi í málinu. Síðan þurfa Íslendingar einskis að óttast að eiga málsúrslit sín og endanlega lausn landhelgismálsins undir þeirri þróun, sem nú blasir við á alþjóðavettvangi, en Íslendingar voru einmitt meðal þeirra þjóða, sem lögðu á það áherslu, að auðlindalögsagan yrði ákveðin á fyrirhugaðri Hafréttarráðstefnu.

Þótt gagnrýna megi ýmis ákvæði þessarar samningsgerðar harðlega, einkum frá sjónarmiði þeirra, sem harðast fordæmdu samningsgerðina við Breta árið 1961, er að mínum dómi ótvíræður vinningur að samningsgerðinni frá því, sem ella mundi vera. Ég er því eindregið hlynntur því, að bundinn sé endir á hina hættulegu deilu, sem þróast hefur á Íslandsmiðum, og af þeim sökum er ég samþykkur því að veita ríkisstj.

umbeðna heimild til bráðabirgðasamkomulags við Breta og segi já.

Jónas Árnason: Herra forseti. Eins og fram kom í ræðu eins hv. þm. áðan, var ég ekki ánægður með það samkomulag, sem hér liggur fyrir. Hins vegar liggur í augum uppi, að það er ekki aðeins stjórnarandstaðan íslenska, sem að undanförnu hefur beðið þess málþola að sjá þessa ríkisstj. hrökklast frá völdum. Sú eftirvænting hefur líka ríkt í aðalstöðvum NATO og hjá breska togaraauðvaldinu og hjá fulltrúum þess í bresku ríkisstj. Ég vil ekki gera hér margfaldan óvinafagnað með því að segja nei við þessu samkomulagi, sem hér liggur fyrir, og verða þannig valdur að því, að þessi ríkisstj. hrökklist frá. Ég vil, að þessi ríkisstj. fái tækifæri til að hrinda í framkvæmd þeim stórmálum mörgum, sem hún hefur á stefnuskrá sinni til hagsbóta fyrir íslenska alþýðu, og segi þess vegna já.

Karvel Pálmason: Herra forseti. Ég gerði grein fyrir afstöðu minni til þess máls, sem nú er til atkvgr., á þessum stað um kl. 4 í nótt. En með tilliti til þess, að þá sváfu, að ég hygg, allflestir hv. þm. og að ég vona a. m. k. svefni hinna réttlátu, þá tel ég rétt að koma á framfæri skoðun minni varðandi þetta mál.

Ég er í þeirra hópi, sem telja ýmislega ágalla samfara þessu samkomulagi, hef ég ekki dregið neina dul á það og geri það ekki nú. Ég er þó þeirrar skoðunar, að eins og málum er háttað í dag, þá sé affarasælla að ganga til samninga, stíga þetta skref í átt til fullra umráða yfir íslenskri landhelgi, því að ég tel og raunar veit, að það, sem nú er gert, er aðeins skref í þeim áfanga, að við náum fullum réttindum yfir íslenska landgrunninu, og með tilliti til þess segi ég já.

Lárus Jónsson: Herra forseti. Ég vil gera eftirfarandi grein fyrir atkv. mínu í þessu máli:

Vegna þess, hvernig hæstv. ríkisstj. hefur haldið á samningaumleitunum við Breta um bráðabirgðalausn í fiskveiðideilunni, tel ég, eins og málin hafa þróast, útilokað, að um sé að tefla á næstunni aðra og hagkvæmari samninga en hér er leitað heimildar Alþ. til að gera. Hér er því í raun að mínu mati um að ræða val milli þess, hvort samið skuli við Breta á þeim grundvelli, sem hér liggur fyrir, eða að óbreytt hættuástand ríki á miðunum, sókn Breta fari jafnvel vaxandi og útilokað verði að koma í veg fyrir smáfiskadráp með eftirliti veiðarfæra, eins og verið hefur frá upphafi deilunnar. Þrátt fyrir margvíslega og verulega annmarka samkomulagsins vel ég því að svo komnu máli þann kost að fara samningaleiðina og segi já.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Till. samþ. með 53:1 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: BrS, RA, RH, StefG, SV, StH, SteinG, SvJ, SvH, VH, ÞÞ, AuA, ÁÞ, ÁB, BGr, BGuðbj, BFB, BJ, BP, EðS, EggÞ, EBS, FÞ, GS, GeirG, GH, GilsG, GunnG, GTh, GÞG, HES, HV, HFS, IngJ, IG, JóhH, JónÁ, KSG, JSk, JónasÁ, ÍT, KP, LárJ, LJós, MJ, MK, MÓ, MÁM, AJ, ÓE, ÓlJ, PÞ, EystJ.

nei: PS, ÞK, BGuðn, GuðlG, MB, PJ.

Einn þm. (EÁ) fjarstaddur.

Till. afgr. sem ályktun Alþingis (þskj. 124).

Sameinað þing, 19. fundur.

Þriðjudaginn 13. nóv., að loknum 18. fundi.

Varamaður tekur þingsæti.

Forseti (Eysteinn Jónsson): Mér hefur borist svohljóðandi bréf:

„Reykjavík, 12. nóv. 1973.

Stefán Valgeirsson, 3. þm. Norðurl. e., hefur í dag ritað mér á þessa leið:

„Þar sem ég vegna veikinda mun ekki geta sótt þingfundi á næstunni, leyfi ég mér að biðja um fjarvistarleyfi og með skírskotun til 138. gr. l. um kosningar til Alþingis að óska þess, að 2. varamaður Framsfl. í Norðurl. e., Heimir Hannesson héraðsdómslögmaður, taki sæti á Alþ. í forföllum mínum. Þetta er yður, herra forseti, hér með tilkynnt með ósk um, að þér látið fram fara í Sþ. rannsókn á kjörbréfi varamannsins."

Heimir Hannesson hefur ekki setið þingbekk áður á þessu þingi, og þarf því að athuga kjörbréf hans, eins og greinir í bréfinu, og verður nú 5 mín. fundarhlé til þess." — (Fundarhlé.)

Frsm. (Björn Fr. Björnsson): Herra forseti. Kjörbréfanefnd hefur athugað kjörbréf Heimis Hannessonar héraðsdómslögmanns, sem nú tekur sæti á Alþ. í veikindaforföllum Stefáns Valgeirssonar, 3. þm. Norðurl. e. N. hefur íhugað þau skjöl, sem hafa fylgt í sambandi við kosningu þessa varamanns, telur ekkert við þau að athuga, og mælir með því, að kosning varamannsins verði metin gild og kjörbréf hans samþykkt.

ATKVGR.

Till. kjörbréfanefndar samþ. með 40 shlj. atkv.

Heimili drykkjusjúkra á Vífilsstöðum, fsp. (þskj. 34). — Ein umr.

Fyrirspyrjandi (Pétur Sigurðsson): Herra forseti. Fsp. mín til hæstv. heilbrrh. er í tveim liðum og er á þessa leið:

„1. Hver er áætlaður rúmmetrafjöldi í hinu fyrirhugaða heimili drykkjusjúklinga á Vífilsstöðum, og hve marga sjúklinga mun það rúma?

2. Hver er áætlaður kostnaður pr. m^3?"

Heilbr.- og trmrh. (Magnús Kjartansson): Herra forseti. Rúmmetrafjöldinn er 3216 rúmmetrar, sjúklingarnir 23 og kostnaður á rúmmetra 10138 kr. samkv. samþykktu tilboði verktakans.

Fyrirspyrjandi (Pétur Sigurðsson): Herra forseti. Ég leyfi mér að þakka hæstv. ráðh. fyrir svör hans.

Bygging Seðlabankans, fsp. (þskj. 34). — Ein umr.

Fyrirspyrjandi (Pétur Sigurðsson): Herra forseti. Ég hef leyft mér að leggja fsp. fram til hæstv. viðskrh. um byggingu Seðlabankans. Hafa orðið nokkrar deilur á opinberum vettvangi um byggingu þessa bankahúss á undanförnum mánuðum, og þótt núv. ríkisstj. hafi í upphafi ferils síns sett á stofn allviðamikla stofnun, sem átti að hafa með að gera röðun stórra verkefna í okkar þjóðfélagi, hefur sú stofnun, Framkvæmdastofnunin, ekki getað látið fresta byggingu þessa banka, og hæstv. viðskrh. hefur ekki talið sig hafa vald til þess að stöðva bygginguna heldur. Hins vegar mun að frjálsri ákvörðun bankastjórnar nokkurt lát hafa orðið á byggingarframkvæmdum. En til þess að gera okkur þm. nokkra grein fyrir, í hvað er þarna verið að ráðast og hve margir starfsmenn eru, hef ég leyft mér að leggja þær tvær fsp. fram, sem eru á þskj. 34. Ég vil þó taka fram, að það er ekki vegna þess, að ég sé, ef Seðlabankinn telur nauðsynlegt að byggja hús yfir starfsemi sína, að amast við því. Hins vegar er ég sammála mörgum aðilum um það, að slíkar byggingarframkvæmdir megi bíða á tímum sem þessum og aðrar nauðsynlegar byggingar ganga fyrir. En fsp. mínar til hæstv. viðskrh. eru á þessa leið:

„Hver er áætlaður rúmmetrafjöldi í fyrirhugaðri byggingu Seðlabankans norðan Arnarhóls, og hver er fjöldi starfsmanna þessa banka nú?

2. Hver er áætlaður kostnaður þessarar bankabyggingar pr. m³?“

Sjútvrh. (Lúðvík Jósepsson): Herra forseti. Svör við þessari fsp. hefur rn. fengið frá Seðlabankanum, og þau eru á þessa lund:

1. Rúmmetrafjöldi í fyrirhugaðri byggingu Seðlabankans er áætlaður þannig: Rúmmál byggingar ofanjarðar 10 þús. rúmmetrar og rúmmál kjallara undir aðalbyggingu 8 þús. rúmmetrar. Auk þess er kjallari, sem ætlaður er fyrir bílageymslur, áætlaður 12 þús. rúmmetrar.

Nýting á þessu húsrými er hugsuð þannig, að í kjallara undir aðalbyggingu verða verðmætageymslur bankans og allt, er tilheyrir öryggisvörslu, svo og ýmis þjónustuaðstaða fyrir starfsfólk. Enn fremur verður í kjallara vélasalur fyrir sameiginlega rafreiknimiðstöð bankanna, en samstarf er hafið milli allra bankanna um að koma upp slíkri miðstöð. Í aðalbyggingunni ofanjarðar verða skrifstofur allra deilda bankans og þeirra sjóða, sem hann hefur umsjón með eða eru tengdir honum, og enn fremur skrifstofur hinnar sameiginlegu rafreiknimiðstöðvar bankanna. Í kjallara þeim, sem ætlaður er fyrir bílageymslur, og á lóð hússins er gert ráð fyrir um 160 bílastæðum, og verða þar af um 150 til afnota fyrir almenning. Hefur Reykjavíkurborg óskað eftir að fá til umráða allt að 100 bílastæði umfram þær kvaðir, sem hvíla á byggingunni í því tilliti, og mun borgin standa straum af þeim kostnaði, sem af því leiðir.

Ekki er gert ráð fyrir fullri nýtingu alls húsrýmis hinnar nýju byggingar bankans þegar í upphafi, og verður því hluta húsrýmisins ráðstafað til annarra þarfa fyrst í stað, en endanlegar áætlanir hafa ekki verið gerðar um það. Starfsmannafjöldi Seðlabankans er nú 103.

2. Á s. l. sumri, er áætlun var gerð um kostnað við bygginguna, var gert ráð fyrir, að heildarkostnaður mundi nema um 328 millj. kr., og eru þar innifaldar allar bílageymslur. Samsvarar þetta því, að kostnaður á hvern rúmmetra yrði 10900 kr.

Þetta voru sem sagt þær upplýsingar, sem rn. bárust frá Seðlabankanum.

Fyrirspyrjandi (Pétur Sigurðsson): Herra forseti Ég vil þakka hæstv. ráðh. fyrir mjög greinargóðar upplýsingar. Það er athyglisvert, sem kemur fram í svari hans og svari hæstv. ráðh. við minni fyrri fsp., að kostnaður pr. rúmmetra við heimili drykkjusjúkra á Vífilsstöðum er kr. 10130 á rúmmetra, en við Seðlabankann 10900 kr. á rúmmetra.

Stytting vinnutímans, fsp. (þskj. 52). — Ein umr.

Fyrirspyrjandi (Pétur Sigurðsson): Herra forseti. Fsp. mín til hæstv. félmrh. um styttingu vinnutímans er í tveim liðum:

„1. Hvað er áætlað, að stór hluti launþega hafi fengið raunverulega (effektiva) vinnutímastyttingu með setningu laga 1971 um styttingu vinnutímans?

2. Hver er áætluð kaupmáttaraukning hjá þeim launþegum, sem notið hafa vinnutímastyttingarinnar að fullu á því tímabili, sem liðið er frá setningu umræddra l., og um hvaða launþegahópa er hér helst að ræða?“

Ég geri mér fulla grein fyrir því og átti reyndar viðtal um það við hæstv. ráðh., að erfitt er að svara þessari spurningu á svo skömmum tíma, svo að vel sé, en það er í fullu samráði við mig, að kannske vanti þar eitthvað á, en hann tjáði mér, að það mundi verða reynt að svara þessu, enda mun það mjög forvitnilegt fyrir marga aðila um þessar mundir, þegar kjarasamningar standa yfir.

Félmrh. (Björn Jónsson): Herra forseti. Það er rétt, sem hv. fyrirspyrjandi sagði, að þessi spurning er ekki alveg eins einföld til að svara henni og hún kannske kann að virðast í fljótu bragði. En ég hef fengið hagrannsóknadeild Framkvæmdastofnunarinnar og Kjararannsóknarnefnd til þess að aðstoða mig við það að svara þessu, og að þeim upplýsingum fengnum, sem ég hef getað fengið frá þessum stofnunum, er svar mitt á þessa leið:

Með l. nr. 88 frá 1971 er vinnuvikan stytt úr 44 dagvinnustundum í 40 stundir, en þá höfðu nokkrar starfsstéttir þegar samið um styttingu vinnutíma, sem ýmist var komin til framkvæmda eða skyldi koma til framkvæmda í áföngum á næstu árum. Þannig hafa opinberir starfsmenn og skrifstofufólk þegar náð 40 stunda vinnuviku, og nokkur iðnaðarmannafélög, sennilega um helmingur iðnaðarmanna, höfðu samið um

einhverja styttingu í áföngum. Samkv. þessu höfðu l. formlega einhver áhrif á vinnutíma alls verkafólks, afgreiðslufólks og nær allra iðnaðarmanna, eða samtals yfir 60% allra launþega, þar af eru 53%, sem höfðu fullra 44 stunda dagvinnu fyrir, en aðrir skemmri.

Ekki liggja fyrir nákvæmar upplýsingar um raunverulega breytingu heildarvinnutíma að meðtalinni yfirvinnu á árinu 1972 eftir setningu l. um styttingu vinnuvikunnar. Það hlýtur að ráðast mjög af hinu almenna efnahags- og atvinnuástandi á hverjum tíma, að hve miklu leyti stytting vinnuvikunnar veldur raunverulegri fækkun unninna stunda eða fjölgun eftirvinnustunda, að sama skapi og dagvinnustundum fækkar. Þetta getur einnig verið mjög misjafnt í hinum einstöku atvinnugreinum. Við setningu l. var lauslega áætlað, að vinnutímabreytingin kæmi að hálfu fram í fækkun unninna stunda og að hálfu í aukinni yfirvinnu, og var þá einkum miðað við ríkjandi atvinnuástand og að nokkru leyti reynslu frá fyrri vinnutímabreytingum.

Kjararannsóknarnefnd hefur gert úrtaksathugun á vinnutíma verkamanna í Reykjavík á fyrsta ársfjórðungi 1971 og 1972. Niðurstöður þessara athugana benda til þess, að í flestum atvinnugreinum hafi orðið nokkur stytting heildarvinnutíma verkamanna á þessu tímabili, en í heild hafi orðið heldur minni stytting vinnutíma hjá verslununum í Reykjavík en gert var ráð fyrir í upphafi. Um aðra launþegahópa liggja ekki fyrir neinar tölulegar upplýsingar, en miðað við það atvinnuástand, sem ríkt hefur að undanförnu, má telja víst, að t. d. iðnaðarmenn hafi frekar notið áhrifa l. um styttingu vinnuvikunnar í formi hærri tekna heldur en styttri vinnutíma.

Frá 1. nóv. 1971, þ. e. a. s. fyrir gildistöku síðustu samninga, til 1. sept. s. l. hefur kaupmáttur tímakaupstaxta verkamanna aukist um 27% miðað við vísitölu framfærslukostnaðar, en um 20%, sé miðað við vísitölu vöru og þjónustu, þ. e. a. s. a-lið framfærsluvísitölu. Aukning kaupmáttartekna launþega ræðst hins vegar mjög af því, hver hefur orðið raunveruleg breyting vinnutíma á tímabilinu, bæði vegna áhrifa l. um styttingu vinnuviku og eins vegna ríkjandi atvinnuástands, og þarf því ekki að vera hin sama og kaupmáttur tímakaupstaxtanna. Miðað við, að verkamaður hafi eingöngu unnið dagvinnu og notið styttingar vinnuviku að fullu í styttri vinnutíma og þar með lengri frítíma, er kaupmáttur atvinnutekna alls 14% hærri nú en haustið 1971, miðað við vísitölu framfærslukostnaðar, en 7½% miðað við vísitölu vöru og þjónustu. En miðað við óbreytta yfirvinnu, eins og hún var að meðaltali árið 1971, styttingu vinnuviku og lengri frítíma, er kaupmáttaraukning 18% miðað við vísitölu framfærslukostnaðar, en 11% miðað við vísitölu vöru og þjónustu. Á þeirri forsendu, að stytting vinnuviku hafi að hálfu komið fram í fækkun vinnustunda í heild og að hálfu í fjölgun yfirvinnustunda, hefur kaupmáttur tekna verkafólks aukist að meðaltali um 23—24% miðað við framfærsluvísitölu, en 16—17% miðað við vísitölu vöru og þjónustu frá haustinu 1971.

Eins og ég sagði áðan, liggja ekki fyrir nákvæmar upplýsingar um breytingu vinnutíma hjá einstökum launþegahópum. Hins vegar liggja fyrir hjá Kjararannsóknarnefnd fullkomin frumgögn til þess að svara því, um hvaða breytingar hefur þar verið að ræða, en til þess að fá það upplýst fullkomlega og óyggjandi þarf að gera svokallað „prógram“, sem hægt er að keyra gegnum skýrsluvélar, og það tekur verulegan tíma, a. m. k. allmargar vikur, en ég hef gert ráðstafanir til þess, að þetta verk verði unnið, og mundi þá vera fært að svara þeirri fsp., sem til mín hefur verið beint, svo vel sem okkar upplýsingasöfnun leyfir. En hins vegar er þó það að segja, þó að ekki sé hægt að fullyrða um einstaka launþegahópa, að það má telja víst með tilliti til ríkjandi atvinnuástands, að í langflestum tilfellum hafi áhrif lagasetningar um styttingu vinnuviku að einhverju leyti komið fram í hærri tekjum launþega.

Ég vil svo þessu aðeins til viðbótar geta þess til þess að gera einhverja úrlausn frekari á þeirri spurningu, sem fram var borin, að þá hefur verið hjá Kjararannsóknarnefnd í tilefni af fsp. gerð úrtaksrannsókn, sem á að gefa nokkuð rétta mynd um verkamenn í Reykjavík, og þar hefur komið í ljós, að vinnutíminn breytist sem hér segir: Dagvinnutíminn hefur styst um 7.5%, eftirvinna aukist um 1.1% og næturvinna aukist um 27.2%, þ. e. a. s. meðalvinnutímastyttingin hefur þá orðið hjá þessu úrtaki 3.65%. Það svarar nokkurn veginn nákvæmlega til þeirrar ágiskunar, sem áður var gerð, að almennt mundi þessi lagabreyting hafa í för með sér, að hún fengist að hálfu leyti fram í styttri vinnutíma og að hálfu leyti í aukinni yfirvinnu, svo að það fellur alveg saman, þetta úrtak, við þær ágiskanir, sem hagrannsóknadeildin hefur yfirleitt byggt á í þessu efni.

Ég bið fyrirspyrjanda velvirðingar á því, að ég get ekki svarað þessu enn greinilegar, en vona, að innan tíðar verði unnt að veita honum frekari upplýsingar og enn þá nákvæmari en ég hef hér getað veitt.

Fyrirspyrjandi (Pétur Sigurðsson): Herra forseti. Ég þakka hæstv. ráðh. fyrir svör hans, og eins og ég tók fram í upphafi minnar fsp., tek ég fyllilega til greina þá erfiðleika, sem við er að etja til þess að fá fullnaðarsvar við fsp. Ég vil jafnframt þakka hæstv. ráðh. fyrir að hafa gert ráðstafanir til þess, að slíkar upplýsingar geti legið fyrir í framtíðinni.

Landhelgissjóður og innheimtumenn hans, fsp. (þskj. 52). — Ein umr.

Fyrirspyrjandi (Pétur Sigurðsson): Herra forseti. Fsp. mín til hæstv. dómsmrh. er í tveim liðum á þessa leið:

„1. Hvað á Landhelgissjóður mikið óinnheimt
   a. af sektarfé íslenskra skipa,
   b. af sektarfé erlendra skipa?
2. Hvaða embætti sýslumanna og fógeta eiga þessar skuldir óinnheimtar, og hver er upphæðin hjá viðkomandi embættum hverju fyrir sig?“

Forsrh. (Ólafur Jóhannesson): Herra forseti. Af sektarfé íslenskra skipa á Landhelgissjóður óinnheimtar 6 millj. 77 þús. kr. Af sektarfé erlendra skipa á Landhelgissjóður ekkert óinnheimt. Framangreindar sektir eru til innheimtu hjá eftirtöldum embættum:

Yfirsakadómari í Reykjavík, 7 mál, 315 þús.
Bæjarfógetinn, Akranesi, 4. mál, 175 þús.
Sýslumaður Snæfellsnes- og Hnappadalssýslu, 1 mál, 60 þús.
Sýslumaður Barðastrandarsýslu, 2 mál, 640 þús.
Lögreglustjórinn, Bolungarvík, 1 mál, 600 þús.
Bæjarfógetinn, Ísafirði, 2 mál, 640 þús.
Sýslumaður Húnavatnssýslu, 1 mál, 40 þús.
Bæjarfógetinn, Siglufirði, 1 mál, 600 þús.
Bæjarfógetinn, Ólafsfirði, 1 mál, 45 þús.
Bæjarfógetinn, Akureyri, 1 mál, 250 þús.
Bæjarfógetinn, Húsavík, 3 mál, 697 þús.
Bæjarfógetinn, Seyðisfirði, 1 mál, 40 þús.
Sýslumaður Skaftafellssýslu, 5 mál, 225 þús.
Bæjarfógetinn, Vestmannaeyjum, 2 mál, 100 þús.
Sýslumaður Árnessýslu, 3 mál, 120 þús.
Bæjarfógetinn, Keflavík, 2 mál, 100 þús.
Bæjarfógetinn, Hafnarfirði, 1 mál, 40 þús.

Til innheimtu hjá rn. sjálfu og ósent til embætta, eru 5 mál, 1 millj. 390 þús.

Samtals eru þetta 6 millj. 77 þús., eins og ég áður sagði.

Það er kannske rétt að láta aðeins fylgja til skýringar þessu þá aths., að af þessari fjárhæð, sem ég nefndi sem óinnheimtar sektir í Landhelgissjóð, eru 3 millj. 260 þús. kr. vegna töku 14 skipa í einu á veiðisvæði í Miðnessjó 29. apríl 1971. Á tímabilinu frá 1969 til dagsins í dag hefur verið lokið til fullnustu 44 málum innlendra skipa, og sektarfjárhæð er á því tímabili 1.8 millj. Á sama tímabili hefur verið lokið til fullnustu 12 málum erlendra skipa, og er sektarfjárhæð 5 millj. 885 þús.

Þetta voru margar tölur. Hv. fyrirspyrjandi getur að sjálfsögðu, ef hann óskar eftir, fengið afrit af þessu í rn.

Fyrirspyrjandi (Pétur Sigurðsson): Herra forseti. Ég vil þakka hæstv. forsrh. fyrir þessar upplýsingar, sem hann gaf mér við fsp. mínum, og uppfylla þær alveg það, sem ég bað um. Ég þakka fyrir.

Rekstrargrundvöllur skuttogara, fsp. (þskj. 52). — Ein umr.

Magnús Jónsson: Herra forseti. Fsp. þessi er borin fram af varaþm. mínum, sem átti sæti á Alþ., meðan ég sat þing Sameinuðu þjóðanna. Ég tel mér engu að síður skylt að gera grein fyrir henni, sem að vísu þarf ekki í löngu máli að gera, því að hún skýrir sig sjálf. Hún er í tveimur liðum.

Það er fsp. til hæstv. sjútvrh. Annars vegar er spurt um það, hve miklu tap togaraútgerðarinnar nam 1972, og í öðru lagi er spurt að því, hvaða ráðstafanir ríkisstj. hyggist gera til þess að tryggja rekstur hinna nýju skuttogara. Báðar eru fsp. þessar um hin mikilvægustu atriði varðandi útgerðina og áreiðanlega mjög fróðlegt að fá við þeim svar.

Sjútvrh. (Lúðvík Jósepsson): Herra forseti. Það eru í rauninni á dagskrá tvær fsp. mikið til um sama atriði, varðandi rekstur togara og afkomu þeirra, og þetta fléttast nokkuð saman. Ég skal samt reyna að svara þessari fsp., eftir því sem hægt er, aðgreindri, og koma þá þær upplýsingar sem umfram eru og hér liggja fyrir, fram, þegar hin fsp. verður rædd.

Spurt er um, hvað miklu tap togaraútgerðinnar nam árið 1972. Það hefur farið fram athugun á því í sjútvrn. og eins í hagrannsóknadeild Framkvæmdastofnunar ríkisins, og er talið, að tap togaraútgerðarinnar hafi numið á árinu 1972, þegar afskriftir eru taldar með, eða endurmetnar afskriftir, 141 millj. kr. Þar af eru afskriftir 37.3 millj. kr. Til þess að greiða upp í þetta tap hefur togaraútgerðinni verið greitt vegna rekstrarins á árinu 1972 samtals 101 millj. kr., eða úr Aflatryggingasjóði um 36 millj. kr., ríkissjóði um 45 millj. kr. og af gengishagnaði um 20 millj. kr., svo að það má segja, að þetta útreiknaða tap hafi verið greitt að mestu leyti af opinberum aðilum á þennan hátt, nema afskriftarfjárhæðir.

Þá er í öðru lagi spurt um það, hvaða ráðstafanir ríkisstj. hyggist gera til þess að tryggja rekstur hinna nýju skuttogara. Það hafa engar ákvarðanir verið teknar í þeim efnum enn. Málið hefur verið til athugunar, enda er hér um reynslurekstur að ræða, og reksturinn hefur á flestum skipunum staðið enn í stuttan tíma og varla hægt að tala um, að fengist hafi fullnægjandi yfirlit um rekstrarafkomuna enn sem komið er. En sem sagt, svarið við þessu er, að engar ákvarðanir hafa verið teknar í þessum efnum enn.

Þá er í rauninni þessum fsp. svarað, sem hér liggja fyrir og eru nú til umr. Viðbótarupplýsingar um afkomu og útlit á hinum nýju skuttogurum verða þá gefnar undir næsta dagskrárlið, þar sem spurt er um mjög svipað efni. Ég vænti sem sagt, að þessum fsp. sé svarað á fullnægjandi hátt.

Magnús Jónsson: Herra forseti. Ég þakka hæstv. sjútvrh. fyrir svör hans. Fyrra svarið virðist benda til þess, eftir þeim tölum að dæma, sem þar eru nefndar, að halli togaraútgerðarinnar það ár hafi verið allgeigvænlegur miðað við þann fjölda togara, sem í gangi var, og miðað við, að þá eru ekki komnir til nema sárafáir, ef þá nokkrir, hinna nýju og dýru togara, en afskriftir af þeim eru a. m. k., hvað sem rekstrinum líður, miklum mun hærri en hér er um að ræða. Og þrátt fyrir það, að orðið hafi að mæta hallanum með styrk úr ríkissjóði og úr öðrum áttum, svo sem ráðh. gerði grein fyrir, hefur ekki verið neitt til afskrifta, sem að sjálfsögðu er til langframa mjög erfitt og vandasamt og raunar óviðunandi mál.

Varðandi aðra fsp. er kannske erfitt að ræða hana miklu nánar, vegna þess, eins og hæstv. ráðh. sagði, að hér er önnur fsp., þar sem vikið er að sama máli. En ég veit ekki, hvort hæstv. ráðh. sér sér fært að svara því nú í sambandi við þá fsp. eða yfir höfuð að svara því, — það hefur verið áður rætt um það hér á Alþ., — hvort ekki megi ganga út frá því, að hæstv. ríkis-

stj. líti á málefni þeirra fjölmörgu skuttogara, sem eru að koma til landsins og því miður eru ekki glæsilegar horfur um útkomu á, og mæti þeim vanda með einhverjum hætti af opinberri hálfu, svo sem vanda hinna eldri togara. Ég spyr að þessu vegna þess, að þegar þetta hefur verið rætt hér áður, hefur komið fram, að ég hygg hjá þessum hæstv. ráðh., að hann teldi mjög vafasamt a. m. k., að hægt væri að ganga út frá því, að til álita kæmi að veita þessum togurum aðstoð, því væri ástæða til þess að fá að vita, hvort ráðh. hefur þá skoðun eða hvort hann vill, þegar þessar niðurstöður liggja fyrir, beita sér fyrir því, ef nauðsynlegt reynist, að veita þeim aðilum, sem eiga skuttogarana og eru fjölmargir og margir þeirra ekki mikils megnugir, aðstöðu til þess að reka þá togara með eðlilegum hætti.

Sjútvrh. (Lúðvík Jósepsson): Herra forseti. Ég vil aðeins í tilefni af þessu segja það, að það leikur auðvitað enginn vafi á því, að það verður fylgst með því, hvað er nauðsynlegt að gera til þess að tryggja rekstur þessara þýðingarmiklu atvinnutækja. En rekstur þeirra er nú yfirleitt í höndum einstaklinga eða einkafyrirtækja, slíkir aðilar verða að sækja sjálfir um styrk til ríkisins, áður en við förum að gefa nokkrar yfirlýsingar um það, hvað við ætlum að greiða mikið af væntanlegu tapi þeirra, og efast ég ekki um, að hv. fyrirspyrjandi þekkir mætavel, að það er eðlilegt. En sem sagt, það hafa ekki verið teknar neinar ákvarðanir um það, hvað gera skuli og að hve miklu leyti þurfi að hlaupa undir bagga með þessum aðilum. Það er fylgst með rekstrarútkomu þessara skipa, eins og tök eru á, eins og ég segi er aðalatriðið, að reynt verður að sjá til þess, að rekstur þeirra geti haldið áfram með eðlilegum hætti, þannig að það þurfi ekki frekar að verða stöðvun þar á heldur en í sambandi við annan rekstur.

Ýmsar upplýsingar væri hægt að gefa hér almennt um þá reynslu, sem fengin er af rekstri þessara skipa, en það vinnst ekki tími til þess í þessum fyrirspurnatíma, en það kemur að því, að hin fsp. um sama efni verður hér rædd, og þá koma þær upplýsingar fram.

Fiskileit úti fyrir Austfjörðum, fsp. (þskj. 61). — Ein umr.

Fyrirspyrjandi (Sverrir Hermannsson): Herra forseti. Á þskj. 61 hef ég leyft mér að beina þeirri fsp. til hæstv. sjútvrh., hvernig líði framkvæmd á þál. um fiskileit fyrir Austfjörðum, sem samþ. var á Alþ. hinn 5. mars 1971. Hún hljóðar svo, með leyfi hæstv. forseta:

„Alþingi ályktar að skora á ríkisstj. að láta hið fyrsta fram fara ítarlega fiskileit úti fyrir Austfjörðum, og verði sérstök áhersla lögð á leit að rækju, humar og skelfiski. Fiskileit þessi verði gerð í samráði við Hafrannsóknastofnunina og samtök sjómanna og útvegsmanna á Austurlandi."

Nú þarf ekki að setja á tölur um nauðsyn þess, að aukin sé fiskileit og rannsóknir á göngu fiskstofna. Ég hygg, að það sé jafnvel hið mesta mál, sem okkar bíður, að auka það sem mest við megum. Og sannleikurinn er sá, að okkur vantar enn allan grundvöll til þess að taka ákvarðanir um fiskifriðun, meðan á skortir allar rannsóknir á fiskgöngum og fiskstofnum, eins og raun ber vitni nú. Menn hafa uppi stórar tölur um fiskvernd, um friðun fiskimiða, án þess að hafa nokkurn grundvöll til að byggja á. Við erum svo skammt á veg komin í þessum sökum, að segja má, að ákvörðun í þessu efni sé ekki undirbyggð með þeim hætti, sem vera skyldi. Lögð er fram hér í þingi till. til þál. um nýtingu landhelginnar til fiskveiða, án þess að þar liggi til grundvallar nokkur fræðileg athugun eða grundvöllur, hvernig að því máli skuli yfirleitt staðið. En það hefur komið í ljós á undanförnum árum, að möguleikar okkar eru ótrúlegir í sambandi við nýtingu sjávarafla. Ný fiskimið hafa fundist, skelfiskmið í Breiðafirði og við Djúp vestur, nýr atvinnuvegur, sem hefur veitt fólki atvinnu og gefið hinn besta arð. Þess vegna ber að leggja áherslu á rannsóknir í þessum efnum. Og ég hygg, að fyrir Austurlandi hafi ekki verið lögð sú áhersla á rannsóknir sem vera skyldi, og fyrir því hef ég beint þessari fsp. til hæstv. sjútvrh. Vænti ég, að hann muni geta upplýst, með hvaða hætti staðið hefur verið að rannsóknum í þessu efni.

Sjútvrh. (Lúðvík Jósepsson): Herra forseti. Svar það, sem sjútvrn. hefur borist við þessari fsp. frá Hafrannsóknastofnuninni, er á þessa leið:

„Forstjóri Hafrannsóknastofnunarinnar hefur beðið mig að svara bréfi rn. frá 31. f. m. um ofangreint mál." — Það er Ingvar Hallgrímsson fiskifræðingur, sem skrifar undir bréfið. — „Leiðangrar Hafrannsóknastofnunarinnar fyrir Austfjörðum síðan 1971 eru sem hér greinir:

Botnfiskar, skeldýr og rækja:

1971, í maí var í leiðangri rannsóknaskipsins Hafþórs unnið að þorskrannsóknum á Þistilfirði og Bakkaflóa og á grunnum þar fyrir utan, Þistilfjarðargrunni og Vopnafjarðargrunni. Var sérstaklega athugað um magn smáfisks á þessum slóðum. Í júní og júlí var leitað að hörpudiski við Norður- og Austurland, og fannst nokkurt magn á Bakkaflóa og Vopnafirði. Þess má einnig geta, að í byrjun árs 1971 fann rannsóknaskipið Hafþór rækjumið í Berufirði, sem síðan hafa verið nýtt af bátum frá Djúpavogi, en rækjan er þarna smá og magn virðist frekar lítið og miður stöðugt. Þó hafa þessar veiðar gefið nokkra búbót á vissum tímum.

Árið 1972, í maí og júní, er rannsóknaskipið Hafþór í rækjuleit við Suðaustur- og Austurland, og fundust ný mið í Berufjarðarál og Lónsdýpi. Í júlí var fylgst með magni smáfisks af togurum á Austfjarðarmiðum og farinn leiðangur með einum Austfjarðatogaranna, botnvörpungnum Hólmatindi. Í okt.-nóv. voru athuguð grálúðumið út af Austfjörðum á rannsóknaskipinu Bjarna Sæmundssyni og einnig gerðar athuganir á þorski. Í nóv. var þorskathugunum þessum haldið áfram á sama skipi og togað víða út af Austfjörðum, bæði grunnt og djúpt.

Árið 1973, í mars og apríl, var rannsóknaskipið Hafþór við Austfirði, aðallega við athuganir á þorski og kola. Í júlí var rannsóknaskipið Bjarni Sæmundsson við þorsk- og ýsurannsóknir við Suðaustur- og Austurland. M. a. var kannað, hvers konar afla breskir togarar fengju á þessum slóðum. Humars hefur ekki verið leitað út af Austfjörðum, enda er hann bundinn hlýja sjónum hér við land.

Uppsjávarfiskar, loðna:

Árin 1971—1973 hefur verið leitað að og fylgst með loðnugöngum á svæðinu frá Melrakkasléttu austur og suður um að Dyrhólaey frá áramótum fram í miðjan apríl. Í þessum leiðöngrum hefur m. a. verið safnað upplýsingum um magn loðnu, hegðun og veiðimöguleika, kynþroska og stærð og fylgst með göngum upp að sunnanverðum Austfjörðum. Öllum upplýsingum, sem máli hafa skipt hverju sinni, að því er varðar gang veiðanna, hefur verið komið á framfæri jafnóðum, annaðhvort með talstöðvarviðskiptum við skipstjóra eða í gegnum fjölmiðla.

Í öðru lagi eru síld og kolmunni. Á tímabilinu frá 20. maí til 25. júní 1971—1973 hefur verið leitað síldar og kolmunna á djúpmiðum austanlands. Kannaðar voru síldar- og kolmunnagöngur á þessu hafsvæði, gerðar veiðitilraunir með flotvörpu og umhverfisrannsóknir. Upplýsingum um árangur hefur verið komið á framfæri um fjölmiðla og við sjómenn jafnóðum og í rit Hafrannsóknastofnunarinnar.

Árin 1972—1973 voru gerðar nokkrar framhaldsathuganir á kolmunnagöngum og veiðitilraunir í Austurdjúpi, aðallega í júlímánuði. Þá var Eldborg GK-13 fengin til kolmunnaleitar og veiðitilrauna með hringnót í um einn mánuð seinast í maí og í júní 1972. En þess utan hefur rannsóknaskipið Árni Friðriksson verið eitt við verk, sem að framan greinir.

Virðingarfyllst,
Ingvar Hallgrímsson fiskifræðingur."

Þetta eru sem sagt þær upplýsingar, sem rn. hefur fengið sem svör við fsp. hv. þm. Ég vil taka undir það, sem kom fram hjá honum, að það er vissulega mikil þörf á því, að hægt sé að efla fiskileit við landið og fiskirannsóknir, þannig að við höfum þar á meiri vitneskju að byggja en við höfum í dag. En þrátt fyrir góðan vilja er þessu allþröngur stakkur skorinn. Rannsóknaskipin eru kannske ekki nægilega mörg. Við eigum orðið 5 rannsóknaskip, sem Hafrannsóknastofnunin hefur með að gera og dreifir þeim til margvíslegra rannsókna allt í kringum landið. Einnig er það, að hér kemur ekki aðeins til skipakostur, heldur einnig starfslið, og allt er þetta býsna dýrt, þó að vissulega sé hér um brýnt verkefni að ræða.

Ég vil geta þess, að rn. hefur tekið ákvörðun um það að koma upp á vegum Hafrannsóknastofnunarinnar sérstökum útibúum, sem hafi fasta aðstöðu í öllum landshlutum. Gert er ráð fyrir því, að á vegum Hafrannsóknastofnunarinnar verði fjögur slík útibú, og hugmyndin með þeim er sú að tengja enn þá betur saman fiskifræðingana og starfslið Hafrannsóknastofnunarinnar hér í Reykjavík í gegnum þessi útibú og hina starfandi menn við sjávarútveginn úti á landi, þ. e. a. s. sjómenn og útvegsmenn. Það er skoðun okkar í sjútvrn., að þetta gæti orðið til þess, að betur væri á margan hátt staðið að rannsóknum í þessum efnum en verið hefur, og að því er vissulega stefnt.

Ég vænti svo, að þetta svar sé fullnægjandi fyrir hv. fyrirspyrjanda.

Fyrirspyrjandi (Sverrir Hermannsson): Herra forseti. Ég þakka hæstv. ráðh. svör hans, en átti að vísu von á vænni niðurstöðu úr því, sem hann gerir nú sjálfur í þessu sambandi. Svar hans fjallaði að mestu um almenna fiskileit og fiskrannsóknir, en sú þál., sem hann bar fram og fékk samþykkta á sinni tíð, beindist eingöngu að rannsóknum við Austfirði. Að vísu er það rétt, að rækjumið fundust í Berufirði. Ég hygg, að það hafi að vísu ekki verið á vegum Hafrannsóknastofnunar, sem þau voru uppgötvuð fyrst, en það skiptir ekki höfuðmáli. En eftir þeirri samþykkt, sem gerð var á hv. þingi 5. mars 1971, þá er það skoðun mín, og ég vísa til svars hæstv. ráðh., að ekki hafi beinlínis verið unnið eftir henni varðandi rannsóknir við Austfirði. Nú er það rétt, að hér er feiknalega viðamikið mál og framkvæmdaafl skortir víða í þessum sökum. Við þurfum að leggja stóraukna áherslu á rannsóknir í þessu efni um land allt, en ég hefði vænst þess eftir þessa ályktun, sem þingið gerði 1971, að beinlínis hefði afli verið beint að því, að rannsakað yrði nákvæmar um Austfirði, hvernig hagar til um t. d. rækjugöngur og humar einnig, þótt því sé haldið fram, að hann sæki ekki þangað, og sér í lagi skelfisk.

Ég tek það fram, að mér sýnist ekki, að framkvæmd þessarar þál. sé með þeim hætti, sem maður hefði getað vænst eftir orðanna hljóðan í samþykktinni sjálfri.

Sjútvrh. (Lúðvík Jósepsson): Herra forseti. Ég vil aðeins undirstrika það, ef það hefur farið fram hjá hv. fyrirspyrjanda, að það, sem ég las upp hér frá Hafrannsóknastofnuninni, varðaði allt saman fiskileit og fiskirannsóknir fyrir Austurlandi. Þetta var engin almenn skýrsla um allar þær rannsóknir, sem stofnunin hefur haft með höndum, heldur eingöngu varðandi Austurland. Þar var um að ræða skeldýrarannsóknir, rækjurannsóknir, loðnurannsóknir, síldarrannsóknir, flatfiskrannsóknir, þorskrannsóknir, grálúðurannsóknir og ýsurannsóknir á þessu árabili. Ég efast ekkert um, að það eru uppi á Austurlandi og víðar óskir um, að gert verði meira að, en mér sýnist, að það hafi verið unnið að þessum málum, og ég ætla, að það verði gert, eftir því sem tök eru á. En rannsóknaverkefnin eru mörg, eins og ég sagði. Sem sagt, ég get ekki séð annað en það hafi verið af hálfu stofnunarinnar unnið í meginatriðum að því, sem henni hafði verið falið.

Fiskiðnaðarnámskeið, fsp. (þskj. 80). — Ein umr.

Fyrirspyrjandi (Pétur Sigurðsson): Herra forseti. Ég hef leyft mér að spyrja hæstv. sjútvrh.

þriggja spurninga varðandi fiskiðnaðarnámskeið sjútvrn.

Fyrsta spurningin hljóðar svo:

„Hvað veldur auglýsingu Fiskmats ríkisins um fiskiðnaðarnámskeið í sömu greinum og kenndar eru í Fiskvinnsluskólanum og á sama tíma og hann starfar?“

Í öðru lagi: „Munu þeir, sem námskeiði þessu ljúka á 2—4 vikum, njóta sömu réttinda, t. d. við mat á frystum og ferskum fiski, og þeir, sem námi ljúka frá Fiskvinnsluskólanum eftir 3 vetra nám?“

Og í þriðja lagi: „Telur ráðh. slíka ráðstöfun æskilega fyrir hinn unga Fiskvinnsluskóla og íslenskan fiskiðnað í heild?“

Ég held, að allir hljóti að gera sér grein fyrir því, ef t. d. annari spurningunni væri svarað játandi, að þá mundi það þýða dauðadóm yfir skóla þessum, því að að sjálfsögðu mundu nemendur skólans þá leita á námskeið þetta til þess að hljóta þau réttindi, sem þeir eru annars að leita eftir í skólanámi sínu.

Ég skal taka það fram, að ég hef heyrt þess getið og heyrt haft eftir hæstv. ráðh. að gefnu tilefni vegna fsp. nemendanna sjálfra, að hann hafi tekið vel undir fsp. þeirra og gefið þeim fyrirheit um, að mál þeirra yrði athugað og hagsmunir þeirra. En ég hef talið rétt að fylgja þessum fsp. eftir hér á hv. Alþ., til þess að Alþ. fái að heyra svör hæstv. ráðh. við þessum fsp. og þau séu þá skjalfest hér á hæstv. Alþ.

Sjútvrh. (Lúðvík Jósepsson): Herra forseti. Svör við þessum spurningum hafa mér borist í hendur frá sjútvrn. og frá Fiskmati ríkisins, og er rétt, að ég lesi þau hér upp fyrst.

Það er í fyrsta lagi: Ástæður fyrir auglýsingu Fiskmats ríkisins um fiskiðnaðarnámskeið eru eingöngu þær, að samkv. könnun, sem gerð var í sumar, vantar nú þegar 35-45 manns til þess að vinna við fiskmat og gæðaflokkun fisks í hinum ýmsu hraðfrystihúsum eða öðrum fiskvinnslustöðvum landsins. Fiskvinnsluskólinn mun ekki alveg á næstunni útskrifa einn einasta nemanda, sem bætt gæti úr þessari fyrirliggjandi þörf á hæfum matsmönnum á vegum Fiskmatsins, og þess vegna þurfti Fiskmatið sjálft að gera þessar ráðstafanir. Þess má geta, að Fiskmat ríkisins hefur haldið slík námskeið í meira en tvo áratugi og þannig leyst úr brýnni þörf með því að veita mörg hundruð matsmönnum nauðsynlega þekkingu

Í öðru lagi: Fiskvinnsluskólinn er nú að hefja sitt 3 starfsár og mun útskrifa sína fyrstu nemendur næsta vor. Ekki hefur enn verið tekin ákvörðun um það, hvaða réttindi þetta fólk muni hljóta að loknu námi né heldur hvaða réttindi menn munu geta aflað sér með því að sækja námskeið líkt og það, sem nýlega var auglýst á vegum Fiskmats ríkisins. Í þessu sambandi skal þó upplýst, að á sameiginlegum fundi, sem starfsmenn sjútvrn. hafa haldið með skólastjóra og skólanefndarform. Fiskvinnsluskólans, ásamt fiskmatsstjóra og yfirmönnum Fiskmatsins, varð samkomulag um eftirtalin 3 atriði:

a) Líklegt er eða næstum fullvíst, að í náinni framtíð muni þörfin á fræðslu fólks, sem veljast mun til fiskmatsstarfa, verða meiri en Fiskvinnsluskólinn getur veitt samkv. kennsluskrá.

b) Námskeið lík því, sem nýlega var auglýst, verða þess vegna nauðsynleg í nokkur ár til viðbótar. Verður höfð samvinna milli Fiskmatsins og Fiskvinnsluskólans um að meta þörfina á slíkum námskeiðum og um tilhögun og framkvæmd þeirra.

c) Fiskmatið og Fiskvinnsluskólinn munu gera till. til sjútvrn. um það, hvaða réttindi fiskmatsmenn skuli hafa með tilliti til menntunar og hvernig skuli haga löggildingu þeirra. Ráðuneytið mun síðan, að fengnum þessum till., hlutast til um, að endurskoðaðar verði gildandi reglugerðir um þessi atriði.

Að lokum skal þess getið, að forsvarsmenn Fiskmatsins og Fiskvinnsluskólans töldu einnig æskilegt, að lög um Fiskvinnsluskólann verði endurskoðuð með tilliti til þeirrar reynslu, sem fengist hefur á þeim rúmu tveimur árum, sem skólinn hefur starfað, og þá verði athugað, hvort ekki sé sjálfsagt, að Fiskmatið eigi fulltrúa í skólanefnd, til þess að tryggja nánara samband milli skólans og þeirra greina sjávarútvegsins, sem hann á einkum að þjóna. En skólinn heyrir, eins og kunnugt er, ekki undir sjútvrn., heldur menntmrn.

Þessar upplýsingar, sem ég hef nú lesið, eru undirritaðar af Þórði Ásgeirssyni skrifstofustjóra í sjútvrn.

Til viðbótar við þetta vil ég lesa hér nokkrar upplýsingar úr bréfi frá fiskmatsstjóra, en bréfið er það langt, að varla vinnst tími til að lesa það hér allt, enda sé ég ekki, að sumt af því, sem kemur fram í bréfinu eigi endilega erindi hingað inn á Alþ. Fiskmatsstjóri segir þetta m. a. í bréfi sínu:

„Ein meginforsendan fyrir þeim margþættu þjónustustörfum, sem Fiskmati ríkisins er skylt að framkvæma, er að kanna starfshæfni fiskmatsmanna, sem framkvæma undir stjórn þess gæðaflokkun, hreinlætis- og búnaðareftirlit, bæði í veiðiskipum og í landi, ásamt mörgum eftirlits- og trúnaðarstörfum, er heyra til gæðamati fisks og fiskafurða. Samkv. þessu hvílir jafnan sú skylda á yfirmönnum Fiskmats ríkisins að fullvissa sig eins og unnt er um starfsreynslu og hæfni þeirra, er þeir fela gæðaflokkun fisks og fiskafurða og önnur skyldustörf í því sambandi.

Samkv. framansögðu hefur í rúma tvo áratugi verið haldið uppi námskeiðum á vegum sjútvrn. og Fiskmats ríkisins og Fiskmati ríkisins jafnan verið falin framkvæmd þeirra námskeiða. Við námskeiðin hefur Fiskmat ríkisins jafnan notið góðrar aðstoðar ýmissa aðila, t. d. Rannsóknastofnunar fiskiðnaðarins og aðila frá sölusamtökum fiskframleiðenda og einstökum framleiðendum, vegna húsnæðis og fleira.

Skilyrði eru um starfsreynslu nemenda fyrir þátttöku í námskeiði, til þess að ná fram eins hæfum starfskröftum og unnt er með námskeiðum, og hefur í aðalatriðum eftirfarandi aðferðum verið beitt:

1) Að umsækjendur hafi mikla starfsþjálfun í viðkomandi framleiðslugrein, sem námskeiðið snýst um, áður en þeir eru innritaðir á námskeið. — Það er því væntanlega byggt á þekkingarskorti,

þegar menn gera mjög villandi fsp. um 3 vikna námskeið. Nemendur hafa áður mikla starfsþjálfun.

2) Að veita með námskeiðunum alla mögulega fræðslu, verklega og bóklega, og taka jafnan inn í þá fræðslu allar nýjungar um fiskframleiðslu, gæðamat, hreinlætismál, búnað í framleiðslu og fleira.

3) Að kanna verkhæfni, framkomu og umgengnishæfileika nemenda meðan námskeiðið stendur yfir.

4) Eftir námskeiðið starfa nemendur á reynslutíma undir stjórn þar til hæfra manna, þar til hæfni þeirra alhliða séð telst reynd. Með þeirri öru aukningu og fjölbreytni í sjávarútvegi og framleiðslu síðustu ára hefur sérhæfni til hvers konar starfa aldrei verið meira krefjandi en nú. Samkv. könnun s. l. sumar kom í ljós, að þörfin á sérhæfðu starfsfólki vegna gæðaflokkunar fisks og fiskafurða svo og margvíslegra trúnaðarstarfa í því sambandi var varlega áætluð 35-45 manns nú þegar eða í síðasta lagi í ársbyrjun 1974."

Þetta eru nokkrar helstu upplýsingarnar, sem koma hér fram í bréfi Fiskmats ríkisins. En til viðbótar við þetta vil ég segja það, að ég hef fyrir mitt leyti tekið ákvarðanir um nokkur atriði varðandi þetta mál, þar sem mín afstaða kemur skýrt fram.

Það er í fyrsta lagi, að ég vil, að þegar augl. fiskmatsmannanámskeið verði haldið á vegum Fiskvinnsluskólans og Fiskmats ríkisins sameiginlega og í fullu samstarfi þeirra á milli. Hef ég óskað eftir, að þetta yrði framkvæmt. Starfsmenn mínir hafa hins vegar upplýst mig nú í morgun um, að það virðist vera fullt samkomulag á milli skólastjóra Fiskvinnsluskólans og form. skólan. þar og fiskmatsstjóra um, að að þessu sinni verði það Fiskmat ríkisins, sem reki þetta námskeið. Séu þessir aðilar fullkomlega sammála, mun ég ekki grípa fram fyrir þeirra hendur. En ég hefði óskað eftir hinu.

Í öðru lagi hef ég óskað eftir upplýsingum um það, í hvers valdi það sé að ákveða tiltekin réttindi fyrir þá menn, sem ljúka þessu auglýsta námskeiði, og eins fyrir þá, sem ljúka prófum frá Fiskvinnsluskólanum. Það er ákvörðun mín að standa þannig að málum, að það sé ljóst, að það verði viðurkennt, að próf frá Fiskvinnsluskólanum veiti meiri réttindi en frá námskeiðinu og veiti próf skólans forgangsrétt til starfa umfram þau réttindi, sem það námskeið, sem t. d. nú hefur verið auglýst, getur veitt. Ég tel, að það námskeið, sem nú stendur til að halda, og þau önnur, sem kynnu að verða haldin, verði að veita takmarkaðri réttindi, borið saman við þau réttindi, sem próf frá skólanum eiga að veita, og verður staðið að því að framkvæma það á þessa lund.

Þá hef ég einnig ákveðið að beita mér fyrir því, eftir því sem mitt vald nær til, að nemendur í Fiskvinnsluskólanum verði aðnjótandi sams konar námsstyrkja og námslána og nemendur hliðstæðra framhaldsskóla fá nú úr Lánasjóði íslenskra námsmanna.

Þá er í fjórða lagi það, að ég tel brýna þörf vera á því að sjá um, að lög um Fiskvinnsluskóla ríkisins verði framkvæmd eins og þau eru eða þær ákvarðanir, sem í þeim er að finna. Í 6. gr. l. segir alveg skýrum orðum, að á árunum 1972-1975 skuli enn fremur undirbúa stofnun fiskvinnsluskóla 1. og 2. stigs á Suðurnesjum, Akranesi og í stærstu fiskiðnaðarstöðum í öðrum landshlutum. Það var skoðun þeirrar n., sem fjallaði um setningu l. um fiskvinnsluskóla á sínum tíma, og það myndaðist fullkomin samstaða í n., þegar þau lög voru sett, að til þess að það mætti heppnast að byggja hér upp nægilega fjölmennan og myndarlegan fiskvinnsluskóla, þyrfti að koma upp í helstu landshlutunum 1. og 2. stigs námi skólans og síðan yrði aðalskólinn hér í Reykjavík.

Tími minn er búinn, og ég get ekki gefið hér frekari upplýsingar um þetta mál en ég er búinn á þessum takmarkaða tíma.

Fyrirspyrjandi (Pétur Sigurðsson): Herra forseti. Ég verð að lýsa undrun minni yfir því, að hér inn á Alþ. skuli hæstv. ráðh. koma með bréf frá einum af embættismönnum ríkisins, þar sem hann er hálfgert að kallsa okkur þm. fyrir að leggja fram fsp. og vogar sér að tala um, að þær séu villandi. Ég spyr hv. þm.: Hvað er villandi í fsp. þeim, sem eru á þskj. 80? Svona framkoma embættismanna er þess fyllilega virði, að í rass þeirra verði rekið, og það mun verða gert.

Það kemur fram hjá þessum embættismanni, að vegna þess að skólinn í Reykjavík er ekki nægur, þá ætlar hann að halda áfram að halda námskeið til þess að mennta fólk í þessari grundvallarframleiðslu- og atvinnugrein okkar Íslendinga, þvert ofan í vilja Alþingis, sem ákvað stofnun þessa skóla og svo annarra skóla víðs vegar um land til þess að koma á móti þessari þörf. Ég held, að eins og kom fram hjá hæstv. ráðh., — og ég þakka honum fyrir að taka þannig á málinu, — verði að sjá um, að lögum um Fiskvinnsluskólann verði framfylgt og nú þegar verði gengið að því að stofna skóla á þeim stöðum, sem Alþ. ákvað að stofna þessa skóla á, og þannig munum við á nokkrum árum fá þann fjölda vel menntaðra manna og kvenna til að gegna þessum störfum, sem Alþ. taldi, að þjóðin þyrfti á að halda.

Ég vil leyfa mér að þakka ráðh. fyrir svar hans við þessari fsp. og þó sérstaklega fyrir hans persónulegu skoðanir, sem komu fram, og jafnframt ákvarðanir, sem hann hefur tekið í sambandi við þetta mál. Ég er fyllilega sammála honum um, að það er ekki hægt að snúa til baka nú með þetta námskeið, sem yfir stendur. Hins vegar vil ég mjög eindregið skora á hann að fylgjast vel með því, að réttur þessa skóla og annarra væntanlegra skóla á þessu sviði verði ekki fyrir borð borinn, og ég fæ ekki séð annað en hann hafi fullan hug á því að hafa í huga þá nemendur, sem við skólann stunda nám nú. Hann hefur ákveðið, að þeir skuli fá sömu námslán og námsstyrki og nemendur í sambærilegum skólum. Ég geri ráð fyrir því, að hann eigi þá við t. d. sjómannaskólana, Stýrimannaskólann og Vélskólann, og ég veit, að mér er óhætt að þakka honum fyrir þá ákvörðun fyrir hönd þeirra nemenda, sem í þessum skóla stunda nám.

Ég vil að lokum, um leið og ég þakka honum svör hans og þær ákvarðanir, sem hann hefur tekið vegna skólans, harma og fordæma slík svör og framkomu, eins og hefur komið fram frá embættismanni íslenska embættismannakerfisins.

Jón Árnason: Herra forseti. Eins og kunnugt er, þá er Fiskvinnsluskólinn ung stofnun, hefur starfað aðeins í tvö ár, og segir sig sjálft, að hann er enn þá á byrjunarstigi og á eftir að skila árangri út í atvinnulífið. Þegar til Fiskvinnsluskólans var stofnað og gengið frá löggjöf um hann, var einnig gert ráð fyrir því að setja á, eins og fram kom hjá hæstv. sjútvrh., fiskvinnsluskóla á öðru stigi úti um landið. Þetta átti að gerast á ákveðnu árabili. En mér er ekki kunnugt um, að farið sé að vinna að undirbúningi að stofnun þessara skóla á þeim stöðum, þar sem var sérstaklega kveðið á um, að þeir skyldu vera. Væntanlega verður nú farið að sinna því betur en gert hefur verið.

Í sambandi við það mál, sem hér er til umr., varðandi þessi námskeið, sem haldin hafa verið, og Fiskvinnsluskólann og stöðu þeirra manna, sem stunda þar nám, þá segir það sig sjálft, að menn geta ekki farið að leggja á sig margra ára nám án þess að fá einhver viss réttindi út úr því umfram það, sem menn geta aflað sér á 2-4 vikum. Og það verður að taka skýlausa ákvörðun um það, að þeir hljóti þessi réttindi. Ég veit ekki, hvort er búið að ákveða það í sambandi við útskrift frá þessum skóla, hvort þeir nemendur, sem þaðan útskrifast, verða með allhliða réttindi í fiskmati, sem ég tel, að væri nauðsynlegt, ekki aðeins við frystan fisk, heldur einnig varðandi skreið og saltfisk og aðra sjávarútvegsframleiðslu slíka, því að við rekum okkur á það í sambandi við starfsmenn í fiskmatinu úti um allt land, að það er einn maður, t. d. á vegum ríkisins, í freðfiski, annar í saltfiski og þriðji í skreið, og það eltir hver maðurinn annan. Það háir vitanlega. Verkefnin eru ekki stór víða í smærri sjávarþorpum úti um land, og að því ber að stefna að hafa fullmenntaðan mann, sem getur tekið allt þetta að sér. Þeir menn, sem stunda þetta nám í Fiskvinnsluskólanum, eiga að vera með þá menntun, þegar þeir útskrifast frá þessari skólastofnun, að þeir geti tekið þau störf að sér.

Fjórðungssjúkrahús á Akureyri, fsp. (þskj 90). — Ein umr.

Fyrirspyrjandi (Lárus Jónsson): Herra forseti. Ég hef leyft mér á þskj. 90 að bera fram eftirgreindar fsp. til hæstv. heilbrrh.:

„Hvers vegna fékkst ekki leyfi til að hefja framkvæmdir við grunn nýbyggingar Fjórðungssjúkrahússins á Akureyri snemma í haust, svo sem óskað var eftir af hálfu heimaaðila?

Hverjar eru till. rn. um fjárveitingar til byggingarinnar á næsta ári.

Verður fé framvegis veitt sérstaklega á fjárlögum til Fjórðungssjúkrahússins á Akureyri eins og til ríkisspítala vegna sérstöðu sjúkrahússins?

Verður unnt að standa með eðlilegum hætti að byggingu I. áfanga sjúkrahússins á næsta ári?

1. Sjúkrahúsið verði deildaskipt sjúkrahús húsið verði fullbyggt?“

Út af þessum fsp. er rétt að minna á, að byggingarmál Fjórðungssjúkrahússins á Akureyri hafa verið alllengi á dagskrá. Fyrrv. ríkisstj. hafði m. a. haft þetta mál til meðferðar og 14. maí 1971 setti heilbr.- og trmrn. fram meginstefnu sína varðandi nýbyggingu sjúkrahússins. Í bréfinu segir svo, með leyfi hæstv. forseta:

„Heilbr.- og trmrn. hefur í samráði við fjmrn. gert eftirgreindar framtíðaráætlanir um Fjórðungssjúkrahúsið á Akureyri:

1. Sjúkrahúsið verði deildaskipt sjúkrahús með ákveðinni sérdeildaaðstöðu og með nauðsynlegum stoðdeildum. Gert skal ráð fyrir, að sjúkrahúsið verði þannig búið tækjakosti og sérmenntuðu starfsliði, að það geti leyst af hendi flestöll þau verkefni, sem nú eru unnin á sjúkrahúsum hér á landi.

2. Fjórðungssjúkrahúsið á Akureyri gegnir fyrst og fremst þessu tvíþætta hlutverki: a) Að vera almennt sjúkrahús fyrir Akureyri og nærsveitir. b) Að vera sérdeildasjúkrahús fyrir Norðurland, Norðausturland og Austfirði að hluta. c) Að vera aðalvarasjúkrahús landsins utan höfuðborgarsvæðisins með tilliti til almannavarna.

3. Á næstu 8 árum, 1972-1980, verði sjúkrahúsið stækkað, svo að í því verði alls 240-250 legurúm. Viðbygging verði reist í tveim áföngum, sem áætlað er að taki um 4 ár að fullgera hvora fyrir sig.“

Síðan þessar ákvarðanir voru teknar hafa nú liðið um 2 1/2 ár, og eins og hv. þm. er kunnugt, var á þessu tímabili til umr. hér á hv. Alþ. ný heilbrigðislöggjöf, sem m. a. gerði ráð fyrir aukinni þátttöku ríkissjóðs í nýbyggingu sjúkrahúsa. Verulegur dráttur varð á afgreiðslu þessarar löggjafar, en þó kom svo á síðasta þingi, eftir að fjárlög voru afgreidd, að lögin voru samþ. hér á hv. Alþ. Af þessum sökum og einnig vegna þess, að mér er tjáð, að undirbúningur byggingarinnar hafi dregist úr hömlu hjá ríkisstofnunum, fékkst ekki eðlileg byrjunarfjárveiting til framkvæmdanna á yfirstandandi ári, heldur einungis til hönnunar. Þó var í veðri látið vaka af stjórnvöldum, að ekki skyldi standa á peningum, ef unnt væri vegna undirbúningsvinnu að hefja framkvæmdir á þessu hausti. Mikil áhersla hefur verið lögð á það að hálfu heimaaðila að hefja framkvæmdir við nýbyggingu sjúkrahússins á yfirstandandi hausti til þess að hraða byggingunni á næsta ári, þar sem hreint öngþveiti ríkir vegna pláss- og aðstöðuleysis á sjúkrahúsinu. Þrátt fyrir margítrekaðar óskir hefur enn ekki, þegar þessi fsp. var borin fram, fengist leyfi ráðh. til framkvæmda. Af þessum sökum er 1. liður fsp. fram kominn.

Í 2. liðnum er um það spurt, hvort fyrirhugað sé að veita sérstaklega fé á fjárlögum til Fjórðungssjúkrahússins á Akureyri. Ég vil rökstyðja þessa spurningu með örfáum orðum. Eins og ég las upp áðan, á þetta sjúkrahús að gegna margþættu hlutverki. Það á í senn að verða svæðissjúkrahús og aðalvarasjúkrahús landsins með tilliti til almannavarna. Það hefur því algera sérstöðu, þegar frá eru talin ríkissjúkrahúsin. Hér

er því um að ræða gífurlega þýðingarmikla, en jafnframt kostnaðarsama framkvæmd. Þetta hlýtur að vekja til umhugsunar um, hvort rétt sé, að kostnaðarhlutverk ríkissjóðs sé sama í þessu sjúkrahúsi og öðrum, sem einungis er ætlað að vera svæðissjúkrahús. En jafnvel þótt svo sé, að kostnaðarhlutdeildin verði sú sama, er einsýnt, að rétt væri að veita fé til þessara umfangsmiklu og sérstæðu framkvæmda á sérstökum fjárlagalið hliðstætt því, sem gert er um ríkisspítala.

Ég tel ekki þörf á því, herra forseti, að rökstyðja frekar þessar fsp., en vænti þess, að hæstv. ráðh. svari þeim.

Heilbr.- og trmrh. (Magnús Kjartansson): Herra forseti. Hv. þm. spyr í fyrsta lagi, hvers vegna ekki hafi fengist leyfi til að hefja framkvæmdir við grunn nýbyggingar Fjórðungssjúkrahússins á Akureyri snemma í haust, eins og óskað var eftir af hálfu heimaaðila. Þarna hefur ekki staðið á neinum leyfum frá heilbr.- og trmrn. Frumgögnum vegna viðbyggingar við Fjórðungssjúkrahúsið á Akureyri var skilað inn til fjárlaga- og hagsýslustofnunarinnar 9. ágúst s.l. Fjárlaga- og hagsýslustofnun hefur ekki enn afgreitt málið, svo að byggingin er ekki enn komin á framkv.stig. Þrátt fyrir þetta heimilaði fjárlaga- og hagsýslustofnunin í samráði við framkvæmdadeild Innkaupastofnunar ríkisins, að framkvæmdir við grunn hæfust um síðustu helgi, og var þá tekið fullt tillit til þeirra óska heimamanna, að framkvæmd þessarar nýju byggingar yrði tengd við eitt hundrað ára afmæli sjúkrahússins, sem var hinn 11. nóvember.

Í öðru lagi spyr hv. þm., hverjar séu till. rn. um fjárveitingar til byggingarinnar á næsta ári. Rn. hefur látið gera framkvæmdaáætlun og fjármögnunaráætlun fyrir bygginguna, og er þar gert ráð fyrir, að framkvæmdinni ljúki allri á þessum áratug. Við þetta eru till. um fjárveitingar á næsta ári miðaðar, og eigi að fylgja áætlun, þarf 34 millj. miðað við verðlag í júlí s.l. og 85% þátttöku ríkisins, eins og gert hefur verið ráð fyrir samkv. nýjum lögum.

Í þriðja lagi er spurt: „Verður fé framvegis veitt sérstaklega á fjárlögum til Fjórðungssjúkrahússins á Akureyri eins og til ríkisspítala vegna sérstöðu sjúkrahússins?“ — Þegar byrjað var að ræða um stækkun Fjórðungssjúkrahússins á Akureyri, var rætt við heimamenn sérstaklega um það atriði, hvort áhugi væri á því, að Fjórðungssjúkrahúsið yrði ríkissjúkrahús, en heimamenn vildu ákveðið, að ekki yrði breytt um það réttarform, sem verið hefur. Því var ákveðið, að sjúkrahúsið yrði áfram í eign og rekstri Akureyrarbæjar, og því hafa fjárveitingar til þess verið ákveðnar á sama hátt og lög um heilbrigðisþjónustu gera ráð fyrir, þ.e.a.s. ríkið greiði 85%, sveitarfélög 15%, og er ekki annað vitað en þetta sé í fullu samræmi við vilja Akureyringa.

Í fjórða lagi er spurt: „Verður unnt að standa með eðlilegum hætti að byggingu I. áfanga sjúkrahússins á næsta ári?“ — Áætlanir miðast við það, að undirbúningi I. áfanga verði lokið þannig tímanlega, að hægt verði að bjóða hana út á næsta vori, og verði svo, verður hægt að fylgja fram áætlunum um I. áfanga.

Í fimmta lagi er spurt: „Hvenær gerir rn. ráð fyrir, að sjúkrahúsið verði fullbyggt?“ — Í tilefni af þeirri spurningu vil ég fara nokkrum orðum um þetta stóra verkefni. Á árunum 1970 og 1971 tók ríkisstj. ákvörðun um, að á Akureyri skyldi byggja sjúkrahús, þar sem séð yrði fyrir allri sjúkraþjónustu nærsveita Akureyrar, en einnig allri sérfræðiþjónustu Norðurlands, Norðausturlands og hluta Austurlands, og gert yrði ráð fyrir, að á Akureyri risi sjúkrahús, sem ásamt með sjúkrahúsinu í Reykjavík sæi landinu fyrir sérfræðilegri læknisþjónustu. Undirbúningsvinna að þessari byggingu hefur verið mjög viðamikil og vönduð, og er nú svo komið, að áætlanir liggja fyrir um byggingu sjúkrahússins og byggingarforsögn í smáatriðum.

Ég vil stuttlega gera grein fyrir því, hvernig framkvæmdum verður háttað. Gert er ráð fyrir, að byggingin verði gerð í 6-8 áföngum, þannig að byrjað verði á þjónustukjarna, síðan verði byggðar samgönguleiðir og tengiálmur, þar á eftir verði byggð legudeildarálma, síðan eldhús og borðstofa og loks tengiálma ásamt síðari legudeildarálmu. Fyrsti hluti þessa verks, þjónustukjarni, er tveggja hæða bygging með kjallara, samtals 4745 m² eða um 16700 m³. Í kjallara er gert ráð fyrir ýmiss konar þjónustustarfsemi sjúkrahússins alls, en á 1. hæð er gert ráð fyrir röntgendeild, slysavarðstofu og göngudeild, en á 2. hæð skurðdeild og gjörgæsludeild. Í tengiálmu, þ.e.a.s. byggingu, sem tengir saman gamla sjúkrahúsið og nýbyggingar, er auk ganga gert ráð fyrir skrifstofum lækna, skrifstofu sjúkrahússins, kennsluaðstöðu, bókasafni o.fl. Gert er ráð fyrir, að legudeildarálmur verði tvær, 5 hæðir alls. Í þeirri, sem fyrr verður byggð, er gert ráð fyrir rannsóknadeild á 1. hæð, en legudeildum á 2.-5. hæð. En í þeirri síðari er gert ráð fyrir endurhæfingardeild á 1. hæð, en á 2.-5. hæð verði legudeildir. Gert er ráð fyrir eldhúsi og borðstofu í tveggja hæða byggingu, sem tengist legudeildarálmum og tengiálmu. Gert er ráð fyrir, að eldhús verði á 1. hæð, en borðstofa á 2. hæð.

Samtals er gert ráð fyrir, að spítalinn allur verði 22670 m² eða 77886 m³ fullbyggður. Í þeirri byggingaráætlun og kostnaðaráætlun, sem rn. og byggingarnefnd hafa látið gera í sameiningu, er gert ráð fyrir að byggja sjúkrahúsið á þessum áratug, og miðað við kostnað 1. júlí s.l. var kostnaðaráætlun sjúkrahússins alls 915 millj. kr., þar af byggingarkostnaður 754 millj. og búnaður 161 millj. kr.

Þessi áætlun gerir ráð fyrir því, að byggt verði með nokkuð jöfnum hraða, að þjónustukjarni verði fullbyggður í árslok 1975, en fyrsta legudeildarálma verði tekin í notkun árið 1977, eldhús og borðstofa verði síðan tekin í notkun í ársbyrjun 1978, en síðari legudeildarálma í árslok 1979 eða ársbyrjun 1980. Þessar áætlanir miðast við mjög hraðan byggingartíma, og er að vísu vafasamt, að hægt verði að framfylgja þeim eins og strangasta áætlun gerir ráð fyrir. Ýmsir telja raunsærra að gera ráð fyrir, að sjúkrahúsið verði ekki fullbyggt fyrr en 1984 eða 1985. Þó væri tvímælalaust mjög æskilegt, að hægt væri að flýta þessari framkvæmd eins og unnt er, og í áætlunum rn. um framkvæmdahraða og fjármögnun er fylgt þeim tölum, sem ég nefndi hér áðan, að þessu verki verði lokið á þessum áratug. Þess-

ar till. heilbrrn. liggja nú til athugunar hjá fjárlaga- og hagsýslustofnun.

Það er von okkar, sem að þessu máli stöndum, að hægt verði af fullum krafti að halda áfram á næsta ári þeirri byggingu, sem framkvæmdir hófust við á sunnudaginn var og hægt verði að fylgja sem mest fram þeirri áætlun, sem ég hef nú gert grein fyrir.

Fyrirspyrjandi (Lárus Jónsson): Herra forseti. Ég þakka hæstv. ráðh. svörin. Í svari hans kom m. a. fram, að enn hefur ekki fengist framkvæmdaleyfi fyrir þessari brýnu framkvæmd, sem hér um ræðir, heldur eins konar undanþága, vegna þess að sjúkrahúsið átti merkisafmæli 11. nóv. s. l., og þá var tekin þar fyrsta skóflustungan, án þess að það væri enn komið leyfi frá þar til settum yfirvöldum til þess að hefja í rauninni framkvæmdir. Það kom fram í svari hæstv. ráðh. að málið hefur legið fyrir hjá fjárlaga- og hagsýslustofnuninni síðan 9. ágúst s. l., og má vera, að fleirum en mér þyki tími til kominn, að sú valdamikla stofnun fari að afgreiða þetta mál, þannig að það þurfi ekki að verða frekari dráttur á framkvæmdum en orðið er.

Ég vil aðeins leiðrétta hér misskilning, sem mér virtist koma fram í svari hæstv. ráðh. um það, að ég ætti við, að sjúkrahúsið yrði að öllu leyti meðhöndlað á fjárlögum eins og um ríkisspítala væri að ræða. Það var ekki það, heldur að ég vildi leggja áherslu á sérstöðu þessa sjúkrahúss, bæði hvað hér er um mikla framkvæmd að ræða og eins það hlutverk, sem þessu sjúkrahúsi er ætlað umfram önnur sjúkrahús á landsbyggðinni, og þess vegna spurði ég, hvort ekki væri eðlilegt, að sérstaklega yrði veitt til sjúkrahússins á fjárlögum, og átti þá við, að það yrði gert innan ramma núgildandi laga um sjúkrahús, þ. e. a. s. með 85% þátttöku ríkissjóðs.

Mér finnst, að hér verði um svo umfangsmiklar fjárhæðir að ræða á fjárlögum, þegar um er að ræða 915 millj. kr., sem að vísu dreifast yfir nokkur ár, að ekki væri óraunsætt að taka þetta út úr með sérstökum fjárlagalið, þannig að árlega þyrftu ekki að koma til nokkrar deilur um það, hve mikinn og stóran bita ætti að leggja í þetta sjúkrahús frá öðrum, sem þurfa vissulega fjárveitingar til brýnna framkvæmda, en rökstuðningur minn fyrir þessu er, hversu sjúkrahúsið er sérstaks eðlis. Ég vildi aðeins, að þetta kæmi hér skýrt fram.

Ég vil að lokum leggja áherslu á það, sem þarf kannske hér á hv. Alþ., að í sjúkrahúsmálum þar nyrðra er hreint öngþveiti fyrir dyrum. Þarna er um að ræða 20 ára gamla byggingu, sem Fjórðungssjúkrahúsið á Akureyri er nú starfandi í, og menn geta gert sér í hugarlund, hvaða ástand er þar, þegar höfð er í huga þróun þessara mála á undangengnum 20 árum, enda er það svo nú, að það blasir víðast við í sjúkrahúsinu hreint öngþveiti, ef ekki verður bætt úr hið allra bráðasta.

Ég vil enda mál mitt með því að skora á hæstv. ráðh. að beita öllum þeim tiltæku áhrifum, sem hann hefur, til þess að fá umrædda stofnun, sem enn lúrir á þessu máli, til þess að afgreiða það.

Efri deild, 18. fundur.

Miðvikudaginn 14. nóv., kl. 2 miðdegis.

Bann gegn veiðum með botnvörpu og flotvörpu, frv. (þskj. 115). — 1. umr.

Forsrh. (Ólafur Jóhannesson): Herra forseti. Lögfesting þess frv., sem hér liggur fyrir, er nauðsynleg vegna þess bráðabirgðasamkomulags, sem gert hefur verið í fiskveiðideilunni við Breta. Eins og kunnugt er og hér þarf ekki að rekja, er það samkomulag með þeim hætti, að tilteknum skipum, sem eru á skrá, sem Ísland hefur samþ., er veittur réttur til veiða á tilteknum svæðum á svæðinu á milli 12 og 50 sjómílna frá grunnlínum, með þeim undantekningum, sem í samkomulaginu segir, og þetta gildir meðan samkomulagið stendur, þ. e. a. s. í tvö ár. Veiðar af hálfu þeirra veiðiskipa, sem fara í bága við ákvæði samkomulagsins, varða þeim viðurlögum, að það skip eða þau skip sem það brjóta, verða felld niður af skránni og missa þar með að fullu og öllu réttinn til þess að stunda fiskveiðar á þessu svæði.

Þessi viðurlög, sem þarna er mælt fyrir í samningnum, eru undantekning frá íslenskum lögum, sem gilda um viðurlög við brotum á l. um bann við botnvörpuveiðum, þar sem slík brot almennt varða þeim viðurlögum, eins og kunnugt er, að skipstjóri er sektaður, afli og veiðarfæri eru gerð upptæk. Þeim viðurlögum á ekki að beita fyrir brot á þessu samkomulagi, heldur á að svipta skip leyfi til þess að stunda veiðarnar.

Ég held, að það þurfi ekkert um það að ræða, hvort eru þyngri viðurlög. Það er engum blöðum um það að fletta, að slík réttindasvipting sem hér er um að tefla er margfalt þyngri sem viðurlög heldur en þau viðurlög, sem almennt eru lögð við þessum brotum, þó að þau séu í sjálfu sér mjög veruleg. En til þess að megi beita þessum — ég vil segja: ströngu viðurlögum, sem hér er gert ráð fyrir til bráðabirgða, er nauðsynlegt að taka heimild til þess upp í íslensk lög, sem að sjálfsögðu kveða á um það, hvaða viðurlögum skuli beitt fyrir brot á íslensku yfirráðasvæði, einhliða og án þess að þar komi annað til.

Annað, sem nauðsynlegt er að ákveða í þessu sambandi, er það, hvaða aðili íslenskur skuli svipta skipin leyfinu. Auðvitað væri það í samræmi við almennar reglur íslenskra laga, að það væru dómstólar. En þar sem hér er um bráðabirgðaskipun að ræða og undantekningu að öðru leyti frá almennum reglum, er líka horfið frá því í þessu frv. Ástæðan er sú, að meðferð fyrir dómstólum tekur alllangan tíma, en það er æskilegt, að hér sé skjótt skorið úr og það liggi fyrir án tafar, að skip skuli missa réttinn. Þess vegna er mælt svo fyrir í þessu frv., að það sé framkvæmdavaldshafi, dómsmrn., sem fer með þetta ákvörðunarvald og ákveður leyfissviptingu, eftir að það hefur fengið í hendur gögn Landhelgisgæslunnar. Með þessum hætti á að vera unnt að fá mjög skjóta úrlausn um þetta atriði.

Það var aðeins hugleitt að taka jafnframt

upp í frv. heimild til þess, að ákvörðun rn. mætti bera undir dómstóla. En að athuguðu máli var horfið frá því, m. a. af því að mönnum virtist, að þá gæti komið til greina, að það yrði þá að byrja á því að hafa sjópróf, sjódóm, ef gert væri ráð fyrir því í lögum, að málið gæti komið til dómstóla, og þá gæti það orðið til þess að tefja heldur afgreiðslu málsins, þannig að horfið var frá því að setja nokkuð um þetta í lög. Þrátt fyrir það býst ég við því, að eftir almennum íslenskum reglum geti sá aðili, sem ekki vill við þetta una, borið mál sitt undir íslenska dómstóla, vegna þess að það er einu sinni almenn regla, að þeir eru opnir mönnum, ef svo má segja.

Ég held, herra forseti, að ég þurfi ekki að fara fleiri orðum um efnisatriði þessa frv. Þau eru alveg skýr. Efni þess bar líka á góma í sambandi við umr. um þáltill. Ég held, að það geti ekki nokkur lifandi maður deilt um það, eftir að þetta frv. hefur verið samþ. og er orðið að l., hvaða aðili það sé, sem fer með ákvörðunarvaldið í þessum efnum. Og ég held, að því verði ekki heldur haldið fram, að það sé hætta á því, að það dragist úr hömlu, að ákvörðun verði tekin um þessi efni, sem þarna er um að ræða. Ég fyrir mitt leyti er sannfærður um, að það hefði verið vandfundið annað skipulag, sem hefði veitt þeim skipum, sem hér eiga hlut að máli, styrkara og öruggara aðhald heldur en þetta. Ég býst satt að segja við, að ef einhverjum skyldi detta í hug að setja hliðstæð lög varðandi íslensk skip, þá mundi það vera nokkuð sterkt aðhald að þeim um að gæta sín vel í þessum efnum. En slíkt kemur auðvitað ekki til mála, að kveða þannig á gagnvart þeim.

Þetta samkomulag, sem gert hefur verið, er í raun og veru ekki hægt að framkvæma fullkomlega, fyrr en þessi ákvæði eru komin í íslensk lög. Það er ekki hægt að fara að beita þeim ákvæðum fyrr. Dómsmrn. hefur ekki heimild til þess að beita þessum aðgerðum fyrr en búið er að fá þessa heimild í íslenskum lögum. Þar sem nú er búið að undirrita samninginn, liggur auðvitað á því að fá þetta frv. afgreitt. Með tilliti til þess, að það hefur nú legið fyrir og verið gerð grein fyrir því í þeim almennu umr., sem fram fóru um þáltill., og ég vona, að öllm þm. sé nokkuð ljóst efni þess, um hvað það fjallar, þá vil ég nú leyfa mér að fara fram á það við hæstv. forseta og hv. þd., að hún hraði þessu máli svo, að það sé hægt að afgreiða það í gegnum þessa d. á þremur fundum nú í dag. Ég vil gera það að till. minni, að að lokinni þessari umr. verði frv. vísað til allshn. Þar sem hér er um að ræða ákvæði um viðurlög og um það, hver ákveði þau viðurlög, þá sýnist mér það helst eiga heima í þeirri n., og að hæstv. forseti gæfi þá, ef hann vildi fallast á það, stutt hlé, til þess að n. gæti athugað frv. Ég vil vonast til þess, að það taki ekki langan tíma fyrir hana að komast að niðurstöðu um það.

Jón Árnason: Herra forseti. Hér er að sjálfsögðu um frv. að ræða, sem er í beinu framhaldi af afgreiðslu þess bráðabirgðasamkomulags, sem gert hefur verið við Breta og þegar er búið að undirrita. Ég fyrir mitt leyti er þeirrar skoðunar um þau viðurlög, sem hér er ákveðið að eigi að koma varðandi hugsanleg brot breskra togara, að það geti varla verið um þyngri viðurlög að ræða en þetta. Það er mitt mat, að það sé ekki hægt að hafa þyngri viðurlög en þetta, að hann sé þar með útilokaður frá fiskveiðum hér við Íslandsstrendur. Hér er um bráðabirgðaákvæði að ræða að sjálfsögðu, sem gildir aðeins samningstímabilið, þessi tvö ár.

Það, sem ég vil gera að umræðuefni í sambandi við þetta mál, er, hvernig staðið er að því að ákvarða sekt þess, sem í hlut á. Þetta mál var rætt allítarlega undir afgreiðslu bráðabirgðasamkomulagsins, sem nú hefur nýlega farið fram hér á Alþ., og það voru almennt gerðar aths. við það af þm. að hafa þann hátt á, sem gert er ráð fyrir í samkomulaginu, að íslenskt varðskip þurfi að tilkynna bresku eftirlitsskipi og fá það til að sannreyna, hvort sökudólguriinn er brotlegur eða ekki. Ég fyrir mitt leyti álít, að það sé stórgalli á þessu samkomulagi, að það skyldi vera þannig ákveðið, í stað þess að það væri heimild fyrir sökudólginn eða breska togarann, sem staðinn væri að ólöglegum fiskveiðum í landhelgi, hann hefði rétt til þess að fá breskt eftirlitsskip til þess að sannreyna ef hann sjálfur vildi halda því fram, að hann væri rangindum beittur. Það hefði verið óneitanlega betra að hafa þann hátt á í sambandi við þetta, úr því að á annað borð þurfti að gangast undir þetta í samkomulaginu. Hitt var að sjálfsögðu eðlilegast, að það væri úrskurður varðskipsins, sem réði í þessum efnum, en síðan gætu aðilar sótt sitt mál og varið fyrir íslenskum sjódómi, eins og gerist og gengur. Ég sé ekki, að það hafi verið ástæða til þess frekar í þessu sambandi að taka upp þetta samkomulag að heimila Bretum þannig aðstöðu til þess að taka þátt í þessu, varðandi mælingar varðskipanna, heldur en hefur verið í sambandi við það, þegar landhelgisbrjótur hefur verið staðinn að ólöglegum veiðum, því að vitanlega hefur það alltaf verið þannig, að sökudólguriinn hefur haft aðstöðu til þess að láta gæta réttar síns, þegar sjódómur eða íslensk lögregla hefur tekið málið til afgreiðslu og meðferðar.

Það er þetta, sem ég vildi taka fram í sambandi við þetta lagafrv., sem hér er til umr., en ég endurtek, að ég tel, að það, sem hér er kveðið á um þá sekt, sem viðkomandi á að hljóta samkv. þessu bráðabirgðaákvæði, þá sé það út af fyrir sig, að það sé ekki hægt að koma við þingri dómi á landhelgisbrjótana heldur en hér er lagt til og ákveðið um, að þeir skuli missa öll réttindi til fiskveiða hér við land.

Forsrh. (Ólafur Jóhannesson): Herra forseti. Ég er satt að segja hálfhissa á því, að sá misskilningur, sem kom fram hjá hv. síðasta ræðumanni, skuli enn þá skjóta hér upp kollinum eftir allar þær umr., sem fram hafa farið um þetta mál, og eftir allar þær skýringar, sem hafa verið gefnar á þessu máli. Það er alger misskilningur hjá honum, að dómsmrn. þurfi að bíða eftir því með sína ákvörðun, að það liggi fyrir

eitthvað frá þessu breska aðstoðarskipi, sem kallað hefur verið til. Það er alger misskilningur, að það sé skilyrði fyrir leyfissviptingu, að hann sé sekur fundinn af báðum þessum aðilum. Það er landhelgisgæslan, sem sker úr því, hvort hún telur hann sekan, hún sendir gögn sín til dómsmrn., þarf ekki að hafa þann hátt á, sem venjulega er nú á hafður, að hún leggur fram kæru fyrir dómi og þeir verða að staðfesta hana þar, eftir atvikum með eiði. Fyrir slíku er hér ekki gert ráð. Það stendur ekki í samkomulaginu, að breska aðstoðarskipið sé kallað til til þess að sannreyna, hvort hlutaðeigandi skip sé sekt. Það er kallað aðeins til, til þess að sannreyna málsatvik, til þess að gefa því kost á að sjá og vita, hvað þarna er um að ræða. Það getur ekki á neinn hátt komið í veg fyrir það, að dómsmrn. svipti skipið leyfi, þótt svo færi, að það sé á annarri skoðun, t. d. um staðarákvörðun, heldur en íslenska varðskipið. Það er því úrskurður varðskipsins, sem hér ræður. Og það er ekki fyrir hendi önnur leið en sú, sem hv. þm. taldi þá eðlilegu leið, ef breska skipið er óánægt eða telur sig rangindum beitt, að leita á eftir réttar síns efir diplómatískum leiðum, eða þá ef það vildi leita réttar síns fyrir íslenskum dómstólum, þá er það sjálfsagt heimilt. Ég held, að þessar yfirlýsingar mínar um þetta séu alveg skýrar og ótvíræðar, og ég vænti þess, að með þeim hafi ég fjarlægt úr huga hv. síðasta ræðumanns þær aths., sem hann gerði og ég tel, að hafi byggst á því, að hann hefur ekki áttað sig á því, hvernig þetta hefur verið hugsað. Þannig á þetta að vera, og þannig verður þetta framkvæmt, á meðan ég er dómsmrh. a. m. k., það er mér óhætt að segja.

Jón Árnason: Herra forseti. Ég tel, að í því, sem fram kom hjá mér í sambandi við þetta mál, hafi ekki verið um neinn misskilning að ræða, enda segir hæstv. ráðh., að það sé meiningin með því að kalla breskt eftirlitsskip að sannreyna málsatvik. Til hvers á að sannreyna málsatvik? Og síðan segir hæstv. ráðh., að þessir aðilar geti sótt það eftir diplómatískum leiðum að fá leiðréttingu mála sinna. Segjum nú svo, að það komi fyrir, sem er ekkert nýtt í landhelgissögunni, það hefur átt sér stað, að varðskip hefur tekið togara og komið hefur í ljós, að það hafi ekki reynst réttar mælingar, og togari, sem hefur verið tekinn, verði sýknaður. Þetta hefur átt sér stað áður, og þetta getur vitanlega átt sér stað aftur í sambandi við þau málsatvik, sem þarna er um að ræða. Þess vegna getur það vitanlega komið upp, að það verði tekið skip, sem að nánar athuguðu máli er ekki brotlegt. Það er hugsanlegt, að slíkt eigi sér stað, eins og dæmi eru til um áður varðandi töku togara, sem hafði verið staðinn að meintu broti. En ég var alls ekki að halda því fram, að mér dytti í hug, að það gilti ekki, sem okkar varðskip ákveða í þessum efnum, og það þyrfti að bíða neitt eftir því. Þeir tilkynna töku umræddra togara vitanlega í land til dómsmrn., og það gefur út úrskurð um, að þetta skip verði strikað út. Mér er ljóst, að sú ákvörðun hlýtur að standa, nema því aðeins að því verði hnekkt. Mér er það fyllilega ljóst. En það, sem ég meinti og endurtek og kom greinilega fram hjá fjölmörgum ræðumönnum undir afgreiðslu þessa bráðabirgðasamkomulags í Sþ., er sá háttur, sem mönnum þykir miður, að skuli hafa verið settur inn í samkomulagið, að þessi kvöð er sett á íslensku varðskipin.

Eggert G. Þorsteinsson: Herra forseti. Ég er hæstv. ráðh. alveg sammála um það, að nauðsynlegt sé að lögfesta það ákvæði, sem hér er um að ræða, og vil veita mitt lið til þess, að það fái sem hraðasta afgreiðslu í gegnum þessa hv. þd.

En í framhaldi af umr., sem átt hafa sér stað hér á Alþ. undanfarna daga um þetta bráðabirgðasamkomulag og á meðal almennings, eins og eðlilegt er í slíku stórmáli, þá hafa komið upp efasemdir, sem ég hugsa, að sé nauðsynlegt að hreinsa til um einnig í framhaldi af þeim umr., sem hér hafa nú farið fram. Það er, hve löng er hugsanleg biðskylda íslensks varðskips eftir hinu breska til þess að kynna sér aðstæður. Nú vitum við ósköp vel, að veðurfar á Íslandi og aðstæður eru hér ákaflega misjafnar, sérstaklega um vetrartímann, og það getur verið vissum erfiðleikum bundið að halda sjó úti í misjöfnum veðrum einungis til þess að bíða eftir því, að skip, sem er statt á gagnstæðum hluta landsins komi til að kynna sér aðstæður á tökustaðnum. Ég held, að það sé ákaflega nauðsynlegt, ekki síst vegna almenningsálitsins, að það sé gert um það eitthvert samkomulag, hve löng þessi biðskilda skuli vera. Meira að segja geta verið gerbreyttar aðstæður frá því, að skipið er tekið, og þangað til hið hugsanlega gæsluskip breska flotans væri komið á staðinn. Og þá er það ástand, sem þá ríkir, sem hinn breski mundi væntanlega standa á eða telja vera óbreytt ástand frá því, að hann var tekinn. Um þetta gætu verið endalausar deilur, það þekkjum við frá sögu undanfarinna ára, hvað þá heldur eftir þau átök, sem átt hafa sér stað á miðunum að undanförnu. Ef hæstv. ráðh. gæti með einhverju móti gefið upp, hve löng sú biðskylda er, tel ég málsins vegna og bráðabirgðasamkomulagsins vegna mjög nauðsynlegt, að það verði upplýst.

Forsrh. (Ólafur Jóhannesson): Herra forseti. Ég held, að það sé nú upplýst, að það sé ekki misskilningur á milli mín og hv. þm. Jóns Árnasonar og við séum sammála um það meginatriði að ákvörðunarvaldið í þessu efni er í höndum dómsmrn. og að það þarf ekki að bíða eftir öðru en gögnum Landhelgisgæslunnar til þess að kveða upp úrskurð. Enda fer best á því a. m. k., að á Alþ. Íslendinga sé ekki haldið fram öðrum skilningi.

En viðvíkjandi því, að það geti komið til, að mistök eigi sér stað og varðskipi geti yfirsést, þá er auðvitað alveg rétt, að það er hugsanlegt. Það hefur átt sér stað, og ef það hefur verið upplýst fyrir dómstólum og dómstólar hafa kom-

ist að þeirri niðurstöðu, að sekt togara eða skips væri ekki sönnuð, þá hefur það leitt til þess, að það skip hefur verið sýknað, og jafnvel vafi orðið því til góða, eins og almennt er í þessum málum. Þess vegna er það alveg eins í þessu tilfelli, að þó að skipið verði að vísu strikað út af skránni samkv. ákvörðun dómsmrn., þá er það svo, að ef Bretar koma á eftir með sín gögn eftir diplómatískum leiðum og rannsókn á þeim gögnum leiðir í ljós, að þarna hafi mistök átt sér stað, þá er sjálfsagt, að leiðrétting verður gerð og skipið verður þá tekið aftur upp á skrá. Það er sjálfsagt mál. Það er einmitt þessi trygging, má segja, sem samið er um og Bretunum veitt, að þeir fá með þessu betri möguleika til þess að fylgjast með og kanna þetta og koma þá við efir á sínum aths., ef þeir telja ástæðu til.

Viðvíkjandi því, sem hv. þm. Eggert G. Þorsteinsson spurði um, hve löng ætti að vera biðskylda varðskips, þá get ég ekki svarað því þannig að tiltaka einhverjar klukkustundir. En það er mælt svo fyrir um, að það skuli kvatt til næsta aðstoðarskip eða hjálparskip. Ég mundi þá álita, að það væri eðlilegt að miða við, að slíkt astoðarskip brygði við og héldi viðstöðulaust áfram ferð sinni á staðinn og það yrði a. m. k. ekki talin skylda varðskips að bíða lengur.

Að öðru leyti vil ég segja það, að ég tel ekki vera neina beina skyldu fyrir varðskip að bíða. Mér er sagt, að það geti haft þann hátt á að setja út merki. Það er að vísu sú hætta, að þau geti haggast í sjó. En a. m. k. ef um óeðlilegan drátt væri að ræða, þá ætti það að vera á kostnað þess skips, sem kemur ekki til að kanna atburðinn viðstöðulaust, þannig að ég tel, að það sé ekki endilega skilyrðislaus skylda fyrir varðskipið að dvelja á staðnum og ekki þá heldur kannske að halda togaranum kyrrum, heldur megi setja út þau merki, sem duga til þess að sýna, hver staðarákvörðunin er.

Það þarf svo ekki að taka fram, það liggur ljóst fyrir, að ef togari hlýðir ekki varðskipi og stöðvar, þá má varðskipið beita hverjum þeim aðferðum, sem það annars má beita til að stöðva togara. Og þá er hann með því einu að hlýða ekki boði varðskipsins að stöðva orðinn sekur um brot á þessu samkomulagi.

Þorvaldur Garðar Kristjánsson: Herra forseti Ég var einn af þeim þm., sem greiddu atkv. gegn þáltill. um bráðabirgðalausn á fiskveiðideilunni við Breta. Ein af höfuðástæðum mínum var sú, að það skyldi vera kveðið svo á, að íslenskt varðskip þyrfti að kveðja til breskt eftirlitsskip, þegar landhelgisbrjótur væri staðinn að verki. Ég tel, að þetta sé óviðunandi skerðing á rétti og framkvæmd íslenskrar lögsögu. Þetta var ein af höfuðástæðunum fyrir því, að ég vildi hafna þessu samkomulagi, sem gert hefur verið.

Nú er þetta samkomulag gert. Það er búið að samþykkja þáltill. um bráðabirgðalausn á fiskveiðideilunni við Breta. Ég sé ekki betur en að þegar svo er komið, þá sé eðlilegt að lögfesta það, sem lagt er til í því frv., sem hér liggur fyrir, og ég hef ekkert við það að athuga út af fyrir sig og mun gera mitt til þess, að frv. þetta fái sem skjótasta afgreiðslu.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 17 shlj. atkv. og til allshn. með 17 shlj. atkv.

Efri deild, 19. fundur.

Miðvikudaginn 14. nóv., kl. 2.50 miðdegis.

Bann gegn veiðum með botnvörpu og flotvörpu, frv. (þskj. 115, n. 125). — 2. umr.

Of skammt var liðið frá 1. umr. og útbýtingu nál. — Afbrigði samþ. með 15 shlj. atkv.

Frsm. (Björn Fr. Björnsson): Herra forseti. Allshn. hefur athugað frv. það, sem hér er til 2. umr. Um efni þess og undanfara frv. hefur verið mjög rætt, bæði hér í hv. d. og eins í Sþ., og tel ég þess vegna óþarft að fjalla frekar um það. N. samþykkir að mæla með framgangi þessa frv., en einn nm. var fjarverandi afgreiðsluna, hv. þm. Geir Gunnarsson.

ATKVGR.

1. gr. samþ. með 16 shlj. atkv.
2. gr. samþ. með 16 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 16 shlj. atkv.

Efri deild, 20. fundur.

Miðvikudaginn 14. nóv., að loknum 19. fundi.

Bann gegn veiðum með botnvörpu og flotvörpu, frv. (þskj. 115). — 3. umr.

Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði samþ. með 16 shlj. atkv.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 17. shlj. atkv. og afgr til Nd.

Starfskjör launþega, frv. (þskj. 76). — 1. umr.

Félmrh. (Björn Jónsson): Herra forseti. Það hefur verið almenn skoðun ríkjandi, að kjarasamningar stéttarfélaga og samtaka vinnuveitenda væru algerlega bindandi fyrir alla vinnuveitendur og launþega í viðkomandi starfsgrein á því svæði, sem samningarnir ná til, án alls tillits til þess, hvort þeir vinnuveitendur og launþegar, sem um er að ræða, séu aðilar að þeim samtökum, sem undirrita samninga, eða ekki. Þetta ríkjandi álit hefur þó beðið nokkurn hnekki í forsendum og að nokkru leyti í dóms-

orðum allmargra hæstaréttardóma frá síðari árum, m. a. tveggja frá árinu 1971, sem sérstaklega er vísað til í grg. sem frv. fylgir. Er raunar auðsætt, að þessir dómar skapa verulega réttaróvissu, að því er varðar rétt verkafólks og verkalýðsfélaga gagnvart þeim vinnuveitendum, sem standa utan vinnuveitendasamtaka, en þar er um að ræða mikinn fjölda, sérstaklega smáatvinnurekenda. Enn meiri óvissa leiðir af þessum dómum fyrir launafólk, þegar svo vill til, að hinir síðarnefndu eru ekki í viðeigandi stéttarfélagi, en slíkt er nokkuð algengt, bæði sem tímabundið ástand og þó e. t. v. sérstaklega þegar um aukavinnu er að ræða eða vinnu hluta úr degi. Af þessu leiðir, að möguleikar eru fyrir hendi fyrir einstaka vinnuveitendur að nota sér aðstöðu sína til að skammta verkafólki naumari rétt en kjarasamningar segja til um. 7. gr. l. nr. 80 frá 1938, þ. e. vinnulöggjafarinnar, er að vísu ætlað að girða fyrir slíkar hættur, en svo virðist sem sú lagagr. tryggi ekki fullan rétt launþega í öllum tilvikum, og þykir því réttmætt og eðlilegt að taka hér af allan hugsanlega vafa, eins og gert er með ákvæðum 1. gr. þessa frv.

Með 2. gr. frv. er svo ákveðið, að öllum launþegum sé rétt og skylt að eiga aðild að lífeyrissjóði viðkomandi starfsstéttar eða starfshóps, og enn fremur, að vinnuveitendum sé skylt að halda eftir af launum starfsfólks síns iðgjaldahluta þess og standa réttum lífeyrissjóði skil á honum ásamt mótframlagi sínu.

Með 3. gr. er síðan ætlað að tryggja viðkomandi stéttarfélagi á sama hátt greiðslur í sjúkra- og orlofssjóði.

Loks er í 4. gr. frv. ákvæði, sem kveða skýlaust á um stöðu framangetinna iðgjalda til sjóðanna í skuldaröð í hugsanlegum þrotabúum atvinnurekenda.

Ákvæði þessa frv. eru hvorki svo mörg né flókin, að ég telji nauðsyn að hafa um þau öllu fleiri orð. Ég vil þó geta þess, að frv. er upphaflega samið að tilhlutan Verkamannafélagsins Dagsbrúnar, og hefur miðstjórn Alþýðusambands Íslands gert samþykkt, sem mælir eindregið með því, að það verði að lögum. Ég tel einnig fullvíst, að samtök vinnuveitenda, — en ég tel eðlilegt, að þeim verði sent frv. til umsagnar, — verði meðmælt frv., þar sem auðsætt er, að möguleg misnotkun einstakra óskipulagðra vinnuveitenda sé fyrir hendi í skjóli réttaróvissu um skyldukjör launþega. Og það gæti hæglega skapað slíkum mönnum óheiðarlega og óeðlilega samkeppnisaðstöðu gagnvart félögum vinnuveitendasamtakanna, t. d. með því, að þeir gætu sparað sér yfir 7% viðbót við útborguð laun verkafólks. Er þess vegna harla ólíklegt, að vinnuveitendasamtökin mundu vilja una slíku.

Herra forseti. Ég vænti greiðrar afgreiðslu hv. þd. á þessu frv., sem ég tel innihalda sjálfsagt réttlætismál, og legg til, að því verði að lokinni þessari umr. vísað til 2. umr. og hv. félmn.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 14 shlj. atkv. og til félmn. með 16 shlj. atkv.

Þörungavinnsla við Breiðafjörð, frv. (þskj. 119). — 1. umr.

Heilbr.- og trmrh. (Magnús Kjartansson): Herra forseti. Fyrir um það bil einu ári fékk ríkisstj. í hendur till. frá Rannsóknaráði ríkisins um, að athuga bæri möguleika á stofnun þangþurrkstöðvar á Reykhólum við Breiðafjörð. Till. fylgdi áætlun um stofnkostnað og rekstur verksmiðju til framleiðslu á 4 þús. tonnum af þurrkuðu þangmjöli. Mál þetta hlaut þær undirtektir, að nokkrum vikum síðar lagði ég fyrir hönd ríkisstj. fram frv. til l. um stofnun undirbúningsfélags til að kanna málið nánar og undirbúa byggingu slíkrar verksmiðju eftir föngum. Félag þetta var formlega stofnað 14. febr. s. l. vetur, og hófst það strax handa við undirbúningsstarfið. Af hálfu iðnrh. voru skipaðir í stjórn undirbúningsfélagsins þeir dr. Vilhjálmur Lúðvíksson efnaverkfræðingur, Þorsteinn Vilhjálmsson eðlisfræðingur, og aðrir hluthafar kusu úr sínum hópi Ólaf E. Ólafsson kaupfélagsstjóra. Þessi stjórn hefur unnið ákaflega myndarlega að minni hyggju, og ég vil nota þetta tækifæri til að koma á framfæri sérstökum þökkum til hennar.

Undirbúningsstarfið lét ganga frá hönnun allra mannvirkja og tækja í væntanlega þangþurrkstöð, og jafnframt voru gerðar ýmsar undirbúningsrannsóknir á þess vegum, svo sem á þangmagni og útbreiðslu þangfjöru við Breiðafjörð og eiginleikum þangsins. Hugsanleg umhverfisáhrif af starfsemi fyrirtækisins voru athuguð og gerð drög að samkomulagi við flesta landeigendur um þangtökuréttindi. Þá hefur tæknin við þangskurð verið reynd með einu slíku tæki, sem ætlunin er að nota við rekstur, og einnig hafa verið reyndar aðferðir til að flytja þangið frá þangmiðum til verksmiðju á Reykhólum.

Á grundvelli þessa starfs hefur nú verið gerð áætlun um stofnun og rekstur verksmiðju til framleiðslu á 6700 tonnum af þurrkuðu þangmjöli, og liggur skýrsla undirbúningsfélagsins um það mál nú fullbúin hér, henni var dreift til allra hv. þm. fyrr á þessum fundi. Niðurstöður stjórnar undirbúningsfélagsins eru í öllum megindráttum jákvæðar, og telur ríkisstj. rétt á grundvelli till. stjórnar undirbúningsfélagsins að óska eftir heimild til að gangast fyrir stofnun endanlegs rekstrarfélags til að sjá um byggingu og rekstur þangþurrkunarstöðvar á Reykhólum. Til þess er þetta frv. lagt hér fram.

Með fyrirtæki því, sem frv. gerir ráð fyrir, væri stigið merkilegt spor í iðnþróun á Íslandi. Í fyrsta lagi er hér um að ræða áform um nýjan útflutningsiðnað með óvenju hagstæðan, hreinan viðskiptajöfnuð, þar sem fáar rekstrarvörur yrðu innfluttar. Óþarft er að rekja á þessum stað þýðingu slíkrar starfsemi fyrir verðmætasköpun og atvinnumargföldun í þjóðfélaginu.

Í öðru lagi er ætlunin að hefja nýtingu nýrrar náttúruauðlindar, þ. e. sjávarþörunga, sem ekki hafa verið nýttir, svo að neinu nemi, til þessa. Er sú auðlind að líkindum það traustari en margar aðrar hráefnalindir, að hún er staðbundin og endurnýjanleg og ekki virðast sömu sveiflur á henni og öðrum jarðargróðri, sem meira er háður veðurfari.

Í þriðja lagi er ætlunin að nýta aðra íslenska auðlind, jarðhitann, sem allmikilvægan orkugjafa við þurrkunina. Þýðing þessa atriðis er e. t. v. að verða mönnum ljós einmitt nú síðustu dagana, þegar velferð nágrannaþjóða okkar er algerlega komin undir þeim pólitísku vindum, sem blása við botn Miðjarðarhafs, og verð á olíu, svo og annarri orku, rýkur nú upp úr öllu valdi og gerbreytir afkomu heilla iðnaðarvelda. Í þeirri þróun á hráefnisverði og orkuverði, sem gert hefur vart við sig á síðustu mánuðum og e. t. v. má túlka sem viðbrögð heimsins við þeirri yfirvofandi rýrnun eða þurrð mikilvægra auðlinda, sem margir þjóðfélagsspámenn hafa bent á að á undanförnu, verður það að teljast óeðlileg gæfa fyrir þjóð að ráða, eins og í þessu dæmi, bæði hráefnis- og orkuauðlind þeirri, sem nýta á, og hvort tveggja sé aðgengilegt innan sama landsvæðis. Það ætti að vera nóg til að tryggja rekstrargrundvöll fyrirtækisins um langan tíma, svo framarlega sem markaðir eru fyrir hendi og rétt er að framkvæmd málsins staðið. Á næstu árum mun rekstararaðstaða fyrirtækisins eflast mjög, eftir því sem ofangreind þróun heldur áfram erlendis.

Í fjórða lagi er okkur það nokkurt kappsmál að þróa aðferðir til að nýta jarðhitann og aðrar auðlindir á sem hagkvæmastan hátt. Aðferð sú, sem hér yrði notuð við þurrkun þangs, gæti allt eins orðið notuð við grasþurrkun og heykögglagerð, og má því teljast merkilegur áfangi og tímamót í nýtingu jarðhitans á Íslandi. Líklegt er, að heykögglagerð með jarðhita fylgi á eftir, þar sem það á við, t. d. við Deildatunguhver í Borgarfirði, Laugardæli, í Biskupstungum og víðar, þar sem jarðhiti finnst.

Í fimmta lagi er með fyrirtæki þessu efnt til framleiðslustarfsemi og hagnýtingar auðlinda á þann hátt, sem hvorki leiði til rányrkju og útrýmingar náttúruauðlegðar né spillingar þess náttúrulega og samfélagslega umhverfis, sem ríkjandi er við Breiðafjörð. Má telja þessa starfsemi eins konar útvíkkun á þeirri fornu hefð hlunnindanytja, sjávarsóknar og landbúnaðar, sem þarna hefur tíðkast og áður stóð undir ríkidæmi þeirra Breiðfirðinga. Að vísu hefur þróunin nú um skeið verið þessum landshluta heldur óhliðholl, en með þessu fyrirtæki gæti henni verið snúið við.

Í sjötta lagi er hér um að ræða fyrirtæki af þeirri stærð, sem við getum sjálfir ráðið við, þótt uppbygging þess grundvallist á náinni samvinnu við erlendan viðskiptaaðila og langtímaábyrgð hans og afurðakaupum.

Í ræðu þeirri, sem ég flutti með frv. um undirbúningsfélagið í fyrra, fór ég nokkrum orðum um þýðingu þörungavinnslunnar fyrir þróun byggðar á þessu landssvæði, sem öðrum fremur hefur orðið út undan um efnahagslega og atvinnulega þróun hér á landi. Því er haldið fram af ýmsum hugsjónamönnum byggðaþróunar, að slík uppbygging eigi ekki að byggjast einvörðungu á fáum stórum byggðakjörnum, heldur eigi að gera fólki hvar sem er kleift að nýta þau náttúrugæði, sem landið hefur að bjóða á hverjum stað, án stórfelldra tilflutninga, samþjöppunar og þjóðfélagslegrar röskunar, sem af því getur leitt. Hið dreifða skipulag þangöflunar gæti orðið til þess að efla búsetu víðar en á Reykhólum, og mætti vel hugsa sér hluta af þeirri starfsemi rekna frá Breiðafjarðareyjum, Skarðsströnd og e. t. v. víðar eftir ástæðum. Opinberar framkvæmdir á sviði rafvæðingar, vegagerðar og hafnagerðar verða án efa til að styrkja samgöngur á þessu svæði og auðvelda tengsl raforkunets Vestfjarðakjálkans við almennt orkunet landsins, sem nú er ætlunin að tengja saman í heild smátt og smátt. Bygging hafnar og aðrar opinberar framkvæmdir verða óhjákvæmilegar til að ýta undir uppbyggingu Reykhóla, og eru þeir ekki illa fallnir til þess. Staðurinn er nokkuð miðsvæðis við austan- og norðvestanverðan Breiðafjörð á svæði, þar sem ekkert þéttbýli hefur enn myndast. Þar er jarðhiti nægur, og gefur hann e. t. v. tækifæri til annarrar starfsemi en þangþurrkunar. Þar er nýlega lokið við fyrsta áfanga veglegrar skólabyggingar, sem vissulega yrði betur nýtt í fjölmennari byggð en þar er nú.

Eins og fram kemur í aths. með frv., hefur stjórn undirbúningsfélags þörungavinnslu látið gera áætlun um byggingu verksmiðju til framleiðslu á 6685 tonnum á ári af þurrkuðu þangmjöli. Stofnkostnaður er áætlaður um 211 millj. kr. og söluverðmæti nálægt 98 millj. kr. í upphafi. Rekstraráætlunin yfir 18 ára rekstrartímabil gefur til kynna nálægt 9.5% endurheimtu af stofnfé, áður en skattar og vextir fyrirtækisins eru reiknaðir. Í ljósi þeirrar reikningslegu arðsemi, sem tíðkast hjá atvinnuvegunum almennt, verður þetta að teljast allgott, þótt stjórn undirbúningsfélagsins telji arðsemina við lægri mörk og segist ætla að fá verðið hækkað til að tryggja hærri lágmarksendurheimtu, eins og fram kemur í aths. með frv.

Í þessu sambandi er mér sérstök ánægja að skýra frá því, að í gær tókust samningar milli stjórnar undirbúningsfélags þörungavinnslu og Alginate Industries Ltd. um hækkun á lágmarksverði þangmjöls úr 72 pundum á tonn upp í 76 pund á tonn, miðað við verðlag 1. jan. 1974. Samkv. þessu verða heildsölutekjur fyrirtækisins við full afköst rúmlega 103 millj. kr. og meðalendurheimta á upphaflegan stofnkostnað 12.1% í stað 9.5%. Endurgreiðslutími fjárfestingarinnar verður með þessu 6.3 ár samkv. áætlun félagsins. Ef þessi nýja niðurstaða er borin saman við reikningslega afkomu iðnaðarins 1971, sem fram kemur af skýrslum hagrannsóknadeildar Framkvæmdastofnunar, kemur í ljós, að hreinn hagnaður þörungavinnslunnar fyrir skatta og án vaxtagreiðslu yrði 21.4 millj. kr. á ári, en það er um 20.6% af söluverðmæti. Sambærileg tala fyrir iðnaðinn í heild fyrir árið 1971 var hins vegar 810 millj. kr. beinn hagnaður fyrir vexti og skatta af um 12897 millj. kr. sölu, þ. e. 6.2%.

Nú er því ekki að leyna, að iðnaðurinn og sérstaklega útflutningsiðnaðurinn á í nokkrum erfiðleikum um þessar mundir, m. a. vegna gengishækkana, sem orðið hafa nýlega. Þeim mun meiri ástæða er til að ætla, að hér sé um fjárhagslega traust fyrirtæki að ræða, sem hafi góða möguleika á að eflast með tímanum, ekki síst ef viðskiptakjör iðnaðarins í heild fari batnandi. Viðskiptalegur grundvöllur þörungavinnslunnar byggist á tilboði frá skoska fyrirtækinu Alginate

Industries Ltd., þar sem fyrirtækið skuldbindur sig til kaupa á a.m.k. 5 þús. tonnum árlega í 10 ár við lágmarksverði, sem árið 1974 reiknast vera 76 pund á tonn, eins og ég sagði áðan, en hækkar með visitölu heildsöluverðs á breskum efnaiðnaði. Hér er aðeins um lágmarksverðtryggingu að ræða, og raunverulegt verð byggist á samningum hverju sinni, þar sem tekið er tillit til gengis, framleiðslukostnaðar og fleiri atriða. Fyrirtækið gerir ráð fyrir að þurfa allt að 10 þús. tonn af þangmjöli árið 1977, og væri því möguleiki til stækkunar fljótlega, ef aðstæður leyfðu. Slík viðbót hlyti að verða mun hagkvæmari en byrjunarfjárfestingin.

Það mun nú liggja fyrir, að nýtanlegt þangmagn á Breiðafirði, sem skera mætti árlega, er a.m.k. þrefalt það, sem áætlun er gerð um. Auk þess eru auðug þaramið víða á grunnsævi Breiðafjarðar. Auðlindir þessar má án efa nýta í framtíðinni í margföldum mæli á við það, sem hér er gert ráð fyrir. Þörungar til manneldis, þörungasafi sem áburðarefni til notkunar í garðrækt og landbúnaði eru möguleikar, sem bíða framtíðarinnar. Nýtingarmörk jarðhitasvæðisins eru að vísu ókunn enn þá og koma varla í ljós nema með langvarandi vinnslu og stigvaxandi nýtingu þess. Áætlanir um frekari uppbyggingu starfsemi á þessum grundvelli verða því að byggjast á reynslu tímans og vaxandi trú manna á svæðinu og möguleikum þess.

Hjá mörgum vaknar eflaust spurningin um það, hvort framleiðsla á alginefnum, sem unnin eru úr þanginu, geti ekki farið fram á Íslandi. Athugun hefur þó leitt í ljós, að slíkt er enn sem komið er verulegum annmörkum háð. Annars vegar byggist framleiðslan á leyndarverndduðum aðferðum, og jafnframt þarf mikinn fjölda mismunandi hráefna til að framleiða þá fjölbreytni í afurðum, sem nauðsynleg er í samkeppnisfærri framleiðslu. Vegna hins gífurlega fjölda viðskiptavina, sem kaupa mjög sérhæfða vöru í litlu magni, er dreifingakerfið mjög flókið, og er þjónustan, sem fyrirtækið Alginate Industries veitir viðsk.vinum sínum, undirstaðan að árangursríkri sölustarfsemi. Þetta fyrirtæki hefur tugi sérfræðinga í sinni þjónustu, sem einvörðungu hafa það verkefni að leysa vandamál viðskiptavinanna í sambandi við val og notkun á réttum alginötum og þróa ný notkunarsvið fyrir efnin. Á slíku hefðum við Íslendingar litla möguleika einir. Ekki er þó alveg loku fyrir það skotið, að framleiðsla á hálfunnum alginefnum úr íslenskum hráefnum færi fram hér, að því tilskyldu, að endanleg úrvinnsla, blöndun og sölustarfsemi færi fram hjá hinu skoska fyrirtæki. Tilkoma sjóefnavinnslu á Reykjanesi gæti mjög styrkt þann möguleika, þar sem kalsíumklóríð og sódi yrðu ein aðaluppistaðan í framleiðslu hráalingnata, en auk þess þarf mikið magn af vatni, sem senn er á þrotum við verksmiðju Alignate Industries Ltd. í Skotlandi.

Hvernig sem þróunin verður, er þó ljóst, að tækifæri þetta til að hefja nýtingu sæþörunga við Ísland er ákaflega mikilvægt, þar sem tilboð skoska fyrirtækisins gerir kleift að hefja starfrækslu í það stórum stíl, að réttlætanlegar eru allstórfelldar aðstöðubreytingar til að koma á nauðsynlegri rekstrarhagkvæmni í öflun hráefnis og útskipun afurða. Þannig eru þessi viðskipti og það fyrirtæki, sem á þeim byggist, stökkpallur til víðtækari verkefna á þessu sviði, ef bjartsýni og hugvitssemi fær að njóta sín. Til þess að tryggja þessari starfsemi grundvöll þarf að koma upp þeirri aðstöðu og opinberri þjónustu, sem sveitarfélög veita annars staðar. Vegna vanmáttar sveitarfélagsins á þessum stað verður ríkið þó að veita hér sérstaka aðstoð. Þannig verður nauðsynlegt að leggja veg frá Reykhólum og að fyrirhuguðu verksmiðjusvæði í Karlsey undir Reykhólum. Þá þarf að gera bryggju við Karlsey, leggja þriggja fasa raflínu, sem annast getur orkuþörf fyrirtækisins, og bora eftir heitu vatni og veita því til verksmiðjunnar. Lausleg áætlun bendir til þess, að þessar framkvæmdir kosti um 142 millj. kr.

Nú kann að vera álitamál, hvernig líta beri á hagkvæmni svona framkvæmda af hálfu hins opinbera. Reiknað er með því, að fyrirtækið greiði jarðvarmaveitunni að fullu aftur samkv. reikningi fyrir varmanotkun og not af raflínu samkv. smásölugjaldskrá Rafmagnsveitna ríkisins. Not af höfn og vegi að henni yrðu hins vegar að teljast svo almenn, að ríkisstj. telur verjanlegt, að í slíkar framkvæmdir verði ráðist á þeim grundvelli, að hér verði um venjulega sveitarfélagshöfn að ræða, er studd verði samkv. reglum nýju hafnal. Gert er ráð fyrir, að fyrirtækið standi undir kostnaði væntanlegs hafnarsjóðs með greiðslum fyrir afnot af höfn í formi venjulegra hafnargjalda. Þau gjöld mundu greiða vexti og afborganir hafnarsjóðs, svo og venjulegan viðhaldskostnað hafnarinnar. Það skal tekið fram, að ríkisstj. hefur komið sér saman um, að stuðningur við þetta mál komi ekki af hinum almennu fjárveitingum til framkvæmda á vegum ríkisins, heldur er í frv. leitað heimildar til sérstakrar lántöku til að standa straum bæði af kostnaði við þessar opinberu framkvæmdir svo og framlagi ríkissjóðs í hlutafélagið sjálft, ef reiknað er með, að það verði um 60 millj. kr. Því er leitað lánsheimildar að upphæð 200 millj. kr. fyrir árið 1974.

Eins og áður hefur komið fram, eru þau tímamörk, sem skoska fyrirtækið setur um byrjun viðskipta, mjög þröng, þar sem framleiðslan verður að hefjast vorið 1975. Að vísu hefur fengist frestun á málinu um eitt ár frá því, sem upphaflega var gert ráð fyrir, en frekari dráttur gæti þó eyðilagt þær viðskiptalegu forsendur, sem nú hafa skapast til framgangs þessa máls. Hefur ríkisstj. því ákveðið að hraða meðferð málsins eftir föngum, m.a. með því frv., sem hér er lagt fram um stofnun rekstrarfyrirtækisins og öflun heimildar til opinberra framkvæmda og lántöku í því sambandi. Strax upp úr áramótum eða þegar fyrirtækið er komið á laggirnar verður að hefjast handa um framkvæmdir, ef standa skal við þau tímamörk, sem nefnd eru hér að ofan. Að öðru leyti vil ég vísa til frv. sjálfs og þeirrar ítarlegu grg., sem því fylgir, og einnig til þeirrar skýrslu, sem hv. þm. fengu hér í dag. En ég geri mér vonir um það, að með tilliti til þeirra aðstæðna allra, sem ég hef rakið megi búast við jákvæðum undirtektum og skjótri afgreiðslu þingsins.

Ég legg svo til, herra forseti, að frv. verði að lokinni 1. umr. vísað til 2. umr. og hv. iðnn.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 14 samhlj. atkv. og til iðnn. með 14 shlj. atkv.

Skipti á dánarbúum og félagsbúum, frv. (þskj. 28, n. 106). — 2. umr.

Frsm. (Björn Fr. Björnsson): Herra forseti. Frv. það, sem hér liggur fyrir, varðar skipti á dánar- og félagsbúum. Fyrir mun liggja að endurskoða íslenska löggjöf að því er varðar búskipti, skiptalög okkar. Hinn almennu skiptalög eru orðin nokkuð gömul að stofni, þau eru frá 1878, og með óverulegum breytingum síðan. Gjaldþrotaskiptalögin eru frá árinu 1929. Hvort tveggja er, að þessi löggjöf á um veigamikil atriði ekki lengur við, en hins vegar er endurskoðun á henni mjög erfitt og vandasamt verk, alveg sérstaklega þó frá lögfræðilegu sjónarmiði. Engu að síður þarf að koma fram nauðsynlegri breytingu, og endurskoðunin taka sem skemmstan tíma.

Ákvæði þessa frv. hafa verið sérstaklega tekin út úr til endurskoðunar, og þau fjalla um eitt einstakt efni, þ. e. a. s. röð þeirra skulda, sem koma fram við skipti búa. Allshn. hefur ekki talið sér fært að hrófla við því niðurröðunarkerfi, sem lagt er til að koma upp í frv. Margar þær breytingar, sem frv. gerir ráð fyrir, eru að sjálfsögðu til bóta og til samræmingar við nútíma viðhorf. T. d. eru skattakröfur samkv. frv. eigi lengur forgangskröfur, heldur almennar. Þá er aukinn réttur krafna, t. d. að taka, sem tryggðar eru með sjálfsvörsluveði í lausafé, og þær settar í flokk með venjulegum samningsveðtryggðum kröfum. En einmitt nú á dögum er ákaflega mikið um það, að veðsett sé lausafé, og um það eru mjög strangar kröfur, hvernig að því skuli farið að formi til. Er þá næst til að taka, þar sem eru bifreiðar, því að yfirleitt eru þær orðnar grundvöllur að lánum meira en flest allt annað lausafé. Í frv. eru líka launakröfur færðar sem forgangskröfur. Að vísu hefur sú trygging verið í lögum, en með annarri löggjöf. Þó er orðalag almennara í þessu frv. en í hinum lögunum, sem fjalla um forgangsrétt launakrafna, enda hefur tilhneiging verið til þess að skýra núgildandi lagaákvæði um launakröfur rýmra en ástæða sýnist til.

Ítarleg grg. fylgir þessu frv., sem er samið af prófessor í skiptarétti hvort tveggja, grg. og frv., en eins og ég sagði, er hér um mjög sérfræðilegt efni að ræða. Reglur á þessu tiltölulega þrönga sviði réttar hafa lengi verið svipaðar því, sem er á hinum Norðurlöndunum, og í þessu frv. er að sjálfsögðu höfð hliðsjón af því, sem þar hefur gerst í nýrri löggjöf og fram hefur komið í álitsgerð sérfræðinga um þetta efni. Þeirri viðmiðun verður að sjálfsögðu haldið áfram, þegar endurskoðun á sér stað um frekara efni á sviði skiptaréttar.

Ég sé ekki ástæðu til að ræða frekar um efni frv., því eru gerð skil í ítarlegri greinargerð, og nefndin hún hefur ekki séð ástæðu til þess að koma fram með neinar breytingar. Hins vegar vil ég geta, að það hefði kannske verið eðlilegt, þó að ekki væri munað eftir því, þegar nefndin var að starfi, að senda frv. í öryggisskyni til þess embættismanns, sem mjög hefur fjallað um skiptamál, þ. e. a. s. yfirborgarfógetans í Reykjavík og hans manna. Ég tel, að það gæti gerst milli 2. og 3. umr. þessa máls. Væri sennilega að minni hyggju rétt að gera það, eins og ég sagði, í öryggisskyni. Að öðru leyti mælir allshn. með samþykkt þessa frv.

ATKVGR.

1. gr. samþ. með 11 shlj. atkv.
2.—9. gr. samþ. með 13 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 13 shlj. atkv.

Samningur milli Íslands, Danmerkur, Finnlands, Noregs og Svíþjóðar um skrifstofur Ráð herranefndar Norðurlanda og skrifstofu stjórnarnefndar Norðurlandaráðs, frv. (þskj. 72, n. 107). — 2. umr.

Frsm. (Björn Fr. Björnsson): Herra forseti Frv. það, sem hér er til afgreiðslu, felur í sér heimild fyrir ríkisstj. til að fullgilda fyrir Íslands hönd samning, sem allar Norðurlandaþjóðirnar hafa gert með sér. Efni þessa samnings varðar skrifstofur svokallaðrar Ráðherranefndar Norðurlanda og réttarstöðu þeirra. Skal komið á fót skrifstofu fyrir norræn samstarfsmál með aðsetri í Osló, en áður hefur verið stofnuð og starfrækt skrifstofa fyrir norrænt menningarmálasamstarf. Sú skrifstofa er í Kaupmannahöfn. Allshn. hefur íhugað þetta frv. og mælir með samþykkt þess óbreytts.

ATKVGR.

1. gr. samþ. með 11 shlj. atkv.
2.—3. gr. samþ. með 11 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 11 shlj. atkv.

Almenn hegningarlög, frv. (þskj. 79, n. 108). — 2. umr.

Frsm. (Björn Fr. Björnsson): Herra forseti. Frv. það, sem hér um ræðir, er til breytinga á hinum almennu hegningarlögum okkar. Ég leyfi mér að lesa hér upp efnisgrein frv., með leyfi hæstv. forseta:

„Hver sem með háði, rógi, smánun, ógnun eða á annan hátt ræðst opinberlega á hóp manna vegna þjóðernis þeirra, litarháttar, kynþáttar eða trúarbragða, sæti sektum, varðhaldi eða fangelsi allt að 2 árum.“

Þetta frv. er fram komið til þess að fullnægja alþjóðasamningi, sem Ísland er aðili að, — samningi, sem fjallar um skyldu aðildarríkjanna að fordæma hvers konar kynþáttamismunun og vinna gegn henni með öllum tiltækum ráðum. Hegningarlaganefnd okkar hefur samið frv. og einnig

þá grg. með því, mjög ítarlega, eða aths. Er mér óhætt að vísa til þeirrar grg. um nánara efni máls.

Þess vil ég geta, að um eitt atriði hefur hegningarlaganefnd farið fram úr því, sem ákvæði segja um í nefndum samningi. Í nefndum samningi er ekki sérstaklega rætt um atlögu að hópi manna vegna trúarbragða, en hegningarlaganefnd hefur þótt rétt að taka trúarbrögðin inn í þessa grein, enda munu ákvæði að því er slíkt ákvæði varðar verða í hinum norrænu refsilögum.

Tel ég svo óþarft að ræða frekar frv., grg. gefur því mjög gildi og skýrir það, að mér skilst, til fulls. Allshn. mælir með samþykkt frv.

ATKVGR.

1. gr. samþ. með 12 shlj. atkv.
2. gr. samþ. með 11 shlj atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 11 shlj. atkv.

Lyfjaframleiðsla, frv. (*þskj. 103*). — *1. umr.*

Heilbr.- og trmrh. (Magnús Kjartansson): Herra forseti. Frv. þetta til laga um lyfjaframleiðslu er að meginstefnu óbreytt frá samnefndu frv., sem lagt var fram á síðasta þingi. Það var lagt fram í Nd. þá, en hv. þingnefnd vannst þá ekki tími til að afgreiða það. Það kann að virðast dálítið óeðlilegt, að ég legg það fram hér í Ed., þar sem vinna að því var hafin í Nd., en það stafar af því einu, að ég vildi koma til móts við mjög réttmæta gagnrýni hv. Ed. á síðasta ári um, að frv. væri ekki réttilega skipt á milli þd., og ég vænti þess, að þau gögn, sem n. í Nd. hafði fengið, séu auðfengin fyrir hv. n. í Ed.

Frá því að frv. var lagt fram í fyrra, hefur efnisskipan þess nokkuð verið breytt, og nokkur efnisatriði hafa verið skýrð nánar. Í þessu sambandi hefur verið farið yfir þær aths., sem fram komu við frv. í fyrra. Jafnframt hafa fulltrúar Apótekarafélags Íslands skýrt aths. sínar í viðræðum við heilbr.- og trmrn. Hefur frv. verið lagfært með tilliti til nokkurra þeirra ábendinga, sem fram komu í þeim aths., og önnur atriði um það, sem betur mætti fara, hafa verið tekin til greina. Jafnframt er rétt að skýra frá því, að nokkrar undirbúningsviðræður hafa farið fram við Pharmaco hf. um sameiginlegt framleiðslufyrirtæki í því formi, sem gert er ráð fyrir í II kafla þessa frv. Of snemmt er að fullyrða um hugsanlegar niðurstöður þessara viðræðna, en ekki verður betur séð en vilji sé fyrir hendi af hálfu Pharmaco hf. til að gera sameiginlegt átak með ríkisvaldinu til að efla lyfjaframleiðslu innanlands. Slík *sameining* gæti þó orðið með þeirri tilhögun, að tveir eða fleiri framleiðslustaðir yrðu sameinaðir undir einni yfirstjórn.

Í 5. gr. frv., þar sem fjallað er um sameiginleg fyrirtæki um lyfjaframleiðslu, er talað um, að aðildin sé bundin við lyfsala og lyfjafræðinga. Ástæðan fyrir því var sú ein, að þessir aðilar einir hafa fram að þessu sýnt slíku áhuga. Hins vegar er rn. nú kunnugt um, að eitt fyrirtæki a. m. k., sem ekki uppfyllir þessi skilyrði gr., hefur gefið til kynna nokkurn áhuga á aðild að sameiginlegu fyrirtæki. Virðist því rétt að taka þetta atriði til athugunar, ef fram kemur staðfesting þess í meðförum þn.

Þegar þetta frv. var lagt fram í fyrra, var lagt fram á sama tíma frv. um Lyfjastofnun ríkisins, og það olli þeim misskilningi í Nd., að þessi frv. væru á einhvern hátt samtengd, en svo er ekki. Þetta frv. er algerlega óháð frv. um Lyfjastofnun ríkisins, en það frv. er nú til endurskoðunar í rn. og verður trúlega lagt fyrir Alþ. innan tíðar.

Veigamesta efnisbreytingin, sem gerð hefur verið á frv. til laga um lyfjaframleiðslu frá því í fyrra, er í sambandi við eignarhluta ríkisins í sameiginlegu fyrirtæki. Nú er gert ráð fyrir því samkv. þessu frv., að ríkið eigi a. m. k. helming fyrirtækisins, en í fyrri gerð frv. var ákvæðið fastbundið við helmingaskipti, að því er eignaraðild snertir. Rökin fyrir þessari breytingu eru m. a. þau, að aðila kann að skorta bolmagn eða vilja til að standa til helminga að fyrirtækinu á móti ríkinu. Á hinn bóginn er einnig fráleitt, að ríkið afsali sér fyrir fram meiri hl. í slíku framleiðslufyrirtæki, enda eru beinir hagsmunir ríkisins mjög miklir, t. d. í formi viðskipta og þjónustu við sjúkrahús.

Aðrar efnisbreytingar, frá því að frv. var lagt fram í fyrra, eru litlar og hníga einkum að auknum skýringum á skyldum lyfjaframleiðslufyrirtækja almennt, en þau ákvæði er að finna í I. kafla frv. Þá hafa ákvæði um verðlagningu lyfjaframleiðslu verið sett fram almennt í III. kafla frv. Verði ekki að svo stöddu samkomulag um stofnun sameiginlegs fyrirtækis, ber ríkinu samt skylda til að sinna lyfjaframleiðslu af megni, enda ráð fyrir því gert í 15. gr. frv. Í því tilviki er þess og að gæta, að Lyfjaverslun ríkisins, sem starfar samkv. l. nr. 63 28. maí 1969, um verslun ríkisins með áfengi, tóbak og lyf, hefur gegnt mikilvægu hlutverki um áratugaskeið. Þetta verkefni verður sífellt mikilvægara, og ber því að efla þá starfsemi, sem Lyfjaverslun ríkisins hefur innt af hendi, enda er hún sá stofn, sem þjóðfélagið styðst við í þessum efnum.

Með því frv., sem hér liggur fyrir, eru auk fyrrgreindra heimilda ríkisins til að stofna framleiðslufyrirtæki með einkaaðilum skilgreindar ákveðnar faglegar kröfur um framleiðslu lyfja, og eru þær í sjálfu sér ekki ýkja frábrugðnar þeim kröfum, sem gerðar hafa verið. Þó er þess að geta, að vísað er í kröfur alþjóðasamþykkta um framleiðsluhætti, og er það nýmæli, enda er það tiltölulega nýtilkomið, að íslenska ríkið gerist aðili að slíkri samþykkt. Er þar um að ræða samþykkt EFTA-ríkja frá 1970 um gagnkvæmt lyfjaframleiðslueftirlit. Í framhaldi af því hafa þessi ríki komið sér saman um ákveðna grundvallarstaðla um góða framleiðsluhætti. Þeir staðlar eru aftur byggðir á ályktun Alþjóðaheilbrigðismálastofnunarinnar. Á síðustu árum hefur alþjóðleg samvinna og samræming á kröfum til lyfjaframleiðslu og eftirlit með henni farið mjög vaxandi, og er það vel, því að ýmiss konar glundroði hefur verið á þessum vettvangi. Þjóðir hafa gert misjafnar kröfur um gæði lyfja og um skráningarskyldu. Einna nánust er þó sam-

vinna á milli Norðurlanda, og er nú ljóst, að komið verður á næstunni á fót norrænni lyfjanefnd, sem stuðla skal að samræmingu á sem flestum sviðum lyfjamála. Enginn vafi er á því, að við Íslendingar munum ekki hvað síst njóta góðs af þessu samstarfi.

Sú viðleitni að framleiða lyf hér innanlands úr innfluttum hráefnum er vissulega ákaflega þýðingarmikil, enda miðar þetta frv. fyrst og fremst að eflingu þeirrar starfsemi. Íslenskir vísindamenn hafa hins vegar að undanförnu vakið athygli á því, að raunhæft sé að ætla, að framleiðsla fúkkalyfja og einangrun virkra efna úr fiskúrgangi gæti orðið mjög mikilvægur iðnaður hér á landi. Í því sambandi er vert að muna þá staðreynd, að lyfjaefni eru mjög verðmæt miðað við þyngdareiningu og flutningsgjöld skipta litlu máli. Þar sem hér er um að ræða mjög athyglisverðar hugmyndir að minni hyggju, hef ég nýlega skipað fjögurra manna n., sem kanna á grundvöll fyrir framleiðslu lyfjaefna hérlendis úr innlendum hráefnum. Meðal nm. eru tveir vísindamenn, sem einkum hafa vakið athygli á þeim möguleikum, sem í þessum efnum felast.

Ég læt í ljós þá von, að þau framfaraspor, sem felast í frv. þessu, hljóti góðar viðtökur hv. þm., þannig að frv. þetta geti orðið að lögum á þessu þingi.

Ég legg svo til, herra forseti, að frv. verði að lokinni 1. umr. vísað til 2. umr. og hv. heilbr.- og trn.

Auður Auðuns: Herra forseti. Frv. til l. um lyfjaframleiðslu var á síðasta þingi lagt fram í hv. Nd. Alþingis. Eins og þm. vita, hlaut það þá ekki afgreiðslu. Nú er frv. lagt fram í þessari hv. þd. Því var vísað til heilbr.- og trn. í Nd. í fyrra, og ég mætti e. t. v. hér úr ræðustól spyrja ráðh., hvort n. þar hafi verið farin að fjalla um málið. (**Heilbr.- og trmrh.:** Ég held, að það hafi verið tiltölulega lítið.) Já, einhverra hluta vegna er frv. lagt fram í þessari hv. d. nú á þessu þingi. Þetta var einungis fsp. af minni hálfu til hæstv. ráðh.

Það er sagt í aths. við frv., að teknar hafi verið til athugunar í rn. umsagnir, sem bárust um frv. á s. l. vori, og rn. hafi átt viðræður við fulltrúa Apótekarafélagsins og ýmsar aths. félagsins, sem verið hafi til bóta, hafi verið teknar inn í frv. Nú skal ég viðurkenna, að ég hef ekki gert neinn verulegan samanburð á frv. frá í fyrra og því, sem hér liggur fyrir. En hæstv. ráðh. lét þess getið áðan í framsöguræðu sinni, að aðalbreytingin og sú eina, sem skipti, að mér skildist, máli, væri sú, að í frv. í fyrra var eignarhluti ríkisins í því fyrirtæki, sem heimilað er að stofna með frv., helmingur eða 50%, en nú hefur þetta tekið þeim breytingum í því frv., sem hér liggur fyrir, að eignarhlutinn sé ekki minni en 50%. Ég held, að ég hafi tekið rétt eftir því, að hæstv. ráðh. hafi sagt, að þetta hafi verið gert til hagræðis fyrir meðeigendur ríkisins, sem e. t. v. hefðu ekki bolmagn til að leggja fram svo mikið, að næmi helmingi í þessu fyrirtæki. Nú sé ég, þegar ég lít á frv. frá í fyrra, að þá kemur fram í aths., að það hefur orðið verulegur ágreiningur við forsvarsmenn Apótekarafélagsins um eignarhlutföllin. Ég skal ekki fara lengra út í það. Ég vil þó aðeins vitna til þess, sem segir í aths. við frv. á bls. 7, en þar segir, með leyfi forseta: „Ekki verður fullyrt, að aðilar geti náð samstöðu um þá hugmynd, sem felst í þessari till.“ — sem sé helmingaskipti ríkisins og meðeigendanna. Ég hef tækifæri til að fjalla um þetta frv. í heilbr.- og trn., sem það væntanlega fer til. Mig langar einungis á þessu stigi til þess að spyrja hæstv. ráðh., hvort í viðræðum síðan í fyrra við Apótekarafélagið hafi dregið eitthvað frekar til samkomulags um ákvæðin um eignarhlutföllin.

Heilbr.- og trmrh. (Magnús Kjartansson): Herra forseti. Ég gerði áðan grein fyrir því, hvers vegna ég hefði lagt málið fram hér í hv. Ed. Það er vegna þeirrar gagnrýni, sem fram kom hér í fyrra, og vona, að það verði mér ekki til ámælis. Ég hygg, að þau gögn, sem n. í Nd. aflaði sér, séu auðveldlega tiltæk, og að sjálfsögðu munu fulltrúar frá rn. verða n. innan handar að greina frá öllum þeim breytingum, sem gerðar hafa verið á frv. frá því í fyrra. Sú aðstaða verður að sjálfsögðu látin greiðlega í té.

Ég kannast ekki við verulegan ágreining í sambandi við eignarhlutföll. Ég varð ekki var við neinn verulegan ágreining um þetta frv. í fyrra. Ágreiningurinn var fyrst og fremst um annað frv., um lyfjastofnun ríkisins. Um það kom fram verulegur ágreiningur, og af því að þessi frv. voru lögð fram samtímis, blönduðu menn þeim saman í umr. í Nd., þó að það sé, eins og ég gat um áðan, algerlega óþarft.

Ég væri því mjög hlynntur, ef hægt væri að stofna fyrirtæki, þar sem væri um að ræða helmingseign ríkisins á móti helmingseign einkaaðila. Einkaaðilar hafa starfrækt a. m. k. mjög myndarlegt fyrirtæki í þessari grein, Pharmaco hf., við höfum átt mjög vinsamlegar viðræður við það fyrirtæki, og þar hefur einmitt komið fram þetta atriði, að þessir aðilar hafi dregið í efa, að þeir hafi bolmagn til þess að leggja fram helming hlutafjár í þessu fyrirtæki. Og sú breyting, sem þarna er gerð, er einvörðungu gerð í þessum tilgangi. Ef það liggur fyrir, að einkaaðilar vilja leggja fram eða geta lagt fram helming í þessu fyrirtæki, mun ég fúslega stuðla að því, að sú skipan verði, meðan ég gegni þeim störfum, sem ég gegni í ríkisstj. En ég hygg, að um þetta sé ekki neinn verulegur ágreiningur. Ef það er misskilningur minn, þá kemur það væntanlega fram í sambandi við störf hv. n.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 11 shlj. atkv. og til heilbr.- og trn. með 13 shlj. atkv.

Neðri deild, 20. fundur.

Miðvikudaginn 14. nóv., kl. 2 miðdegis.

Rannsóknarnefnd vegna landhelgisgæslu, þáltill. (þskj. 93). — Hvernig ræða skuli.

Að till. forseta var ákveðin ein umr.

Vísindaleg verndun fiskimiða landgrunnsins, frv. (þskj. 92). — 1. umr.

Sjútvrh. (Lúðvík Jósepsson): Herra forseti. Frv. það, sem hér liggur fyrir, felur í sér tvær breytingar á gildandi l. um vísindalega verndun fiskimiða landsgrunnsins frá árinu 1948. Fyrri breytingin er fólgin í því, að viðbót komi við 1. gr. l., þar sem miðað er við það, að setja megi reglur um fiskveiðar og eftirlit með þeim, eins og þar segir, innan endimarka landsgrunnsins, að til viðbótar við það komi: „eða á hafsvæði allt að 200 sjómílum utan við grunnlínur."

Hin breytingin, sem felst í þessu frv., varðar sektarákvæði, en það er sem sagt gert ráð fyrir því að heimila allmikla hækkun á sektum frá því, sem segir í gildandi lögum.

Það er fyrri breytingin af þessum tveimur, sem hér skiptir aðalmáli. Eins og öllum hv. þm. er kunnugt, höfum við Íslendingar stuðst við þessi lög, svonefnd landgrunnslög, frá árinu 1948 varðandi ráðstafanir okkar, sem snerta fiskveiðilögsögu eða stækkun okkar fiskveiðilandhelgi, og allar ákvarðanir í þeim efnum, sem teknar hafa verið á undanförnum árum, hafa verið byggðar á þessum grunnlögum okkar. Samkv. þeim hafa íslensk stjórnvöld haft heimild til að gefa út reglugerðir um stækkun fiskveiðilögsögunnar við landið eða um aðrar ráðstafanir, sem réttmætt væri að gera varðandi fiskvernd og fiskveiðireglur á landsgrunnshafinu í kringum landið. Nú liggur það ljóst fyrir, að þessi viðmiðun, sem hér er gengið út frá í l. frá 1948, þar sem miðað er við landgrunnshafið, er óljóst. Að vísu er það svo, að þegar l. voru sett á sínum tíma, var talið, að landgrunnið væri nokkuð greinilega afmarkað við 100 faðma dýptarmörkin eða sem samsvarar 200 metra dýpi, og sú skilgreining kom fram, bæði í grg. og umr. um málið á sínum tíma, enda hefur það í alllangan tíma verið svo, að það hefur verið hin algengasta viðmiðun, þegar rætt hefur verið um landgrunn. En þessi skilgreining á landgrunni hefur verið að taka breytingum í seinni tíð, og það hafa komið fram margar mismunandi till. um það, við hvað landgrunn skuli í raun og veru vera miðað.

Þegar alþjóðasamþykktin var sett um landgrunn og nýtingu landgrunnsins árið 1958 í kjölfar alþjóðahafréttarráðstefnunnar þá, var þar einnig miðað við 200 metra dýpi sem skilgreiningu á landgrunni, en þó tekið fram, að varðandi hagnýtingu auðæfa á eða í landgrunninu eða landgrunnsbotninum, þá gæti slíkur hagnýtingarréttur náð lengra út, en að 200 metra dýptarlínunni, ef unnt væri að vinna verðmæti úr botninum, — ef það reyndist vera framkvæmanlegt.

Árið 1969 voru síðan sett lög hér um rétt Íslendinga til hagnýtingar á landgrunninu við landið, og þá var tekin upp þessi víðari merking og þá miðað við svo langt út frá landi, sem hagnýtingarmöguleikar leyfðu. Eigi að síður hefur því verið haldið fram af ýmsum aðilum, að það væri vafasamt, að við gætum túlkað svo l. frá 1948, okkar gömlu landgrunnslög, sem veita okkur rétt til þess að setja fiskveiðitakmarkanir á þessu hafsvæði, að þau gæfu okkur rétt til þess að miða við frekara hafsvæði en það, sem væri innan endimarka þess landgrunns, sem miðaðist við 200 metra dýpi.

Nú hefur það einnig komið fram hér á Alþ. nokkrum sinnum síðar, að það hefur verið talið rétt, að við færum að setja nánari lagareglur um skilgreiningu okkar á landgrunni. En af því að þessi mál hafa verið æði óljós og margar till. hafa verið uppi um það, við hvað landgrunnið skuli miðað, hefur ekki orðið úr því, að við fyrir okkar leyti teldum tímabært að skilgreina það með fastri lagasetningu, við hvað við vildum miða okkar landgrunn. Enda er nú komið svo, að á alþjóðavettvangi eru þegar komnar fram till. um það, að landgrunn geti jafnvel miðast við allt upp í 3000 metra dýpi. En mjög er algengt, að aðilar hafi viljað halda fram mörkum, sem væru allt upp í 1000 metra dýpi, sem skilgreiningu á landgrunni.

Vegna þess og einnig vegna hins, að nú er augljóst, að þær þjóðir, sem vilja tryggja sér víðáttumikinn lögsögurétt yfir fiskimiðum út frá ströndum, miða ekki lengur orðið kröfur sínar við landgrunn, heldur gjarnan við mílulengd frá landi, og eins og hér hefur oftsinnis komið fram í umr. að undanförnu, þá er það nú orðið svo, að fjöldamargar þjóðir hafa tekið undir kröfuna um það, að strandríki skuli hafa rétt til fiskveiðilögsögu til fjarlægðar frá landi, sem nemur allt að 200 sjómílum.

Með hliðsjón af þessum nýju sjónarmiðum, sem eru fram komin, og svo því, sem ég hef áður sagt varðandi skilgreininguna á landgrunni og við hvað við séum bundnir í þeim efnum, er þetta frv. flutt og til þess að undirstrika af hálfu okkar Íslendinga, að við styðjum af fullu afli þær till., sem fram eru komnar um rétt strandríkis til allt að 200 sjómílna fiskveiðilögsögu. Það er tvímælalaust hagstætt fyrir okkur að hafa lagaákvæði um þetta á svipaðan hátt og við höfum haft ákvæði í landgrunnsl. frá 1948, þ. e. a. s. með þeim hætti, að það sé þá á valdi stjórnvalda að gefa út reglugerðir varðandi allt það, sem snertir fiskveiðar á þessu tilgreinda hafsvæði, þannig að hægt sé þá að setja þær reglur, eftir því sem aðstæður leyfa, en miklu hæpnara að slá því föstu við núv. aðstæður, að þetta sé sú lögsaga, sem við viljum hafa í framkvæmd í öllum greinum frá þessari lagasetningu eða frá þessu tímatali.

Það gefur auga leið, að með þessu erum við að slá því föstu, að við ætlum okkur að taka okkur 200 mílna fiskveiðilandhelgi. Við erum hér að slá því föstu, að þetta sé okkar réttur og þar séum við ekki takmarkaðir við eina eða aðra skilgreiningu á landgrunnsmörkum, heldur séu þetta hin ytri mörk, þar sem við teljum, að okkar réttur nái til, og með þessu erum við að lýsa því yfir, að við munum taka þennan rétt og gera hann gildandi hjá okkur, eftir því sem aðstæður leyfa.

Það er að vísu alveg ljóst, að enn stendur yfir barátta okkar fyrir því að fá fulla viðurkenningu á 50 mílna fiskveiðilögsögu við landið. Þá viðurkenningu höfum við ekki fengið enn, þó að við höfum fengið nokkra viðurkenningu í þeim efnum, m.a. með samningi við þrjár þjóðir, sem raunverulega viðurkenna rétt okkar í þessum efnum með þeirri samningagerð, og segja megi einnig, að nokkur óbein viðurkenning liggi fyrir hendi af hálfu Breta með því samkomulagi, sem nú hefur verið gert við þá, en þar skortir allmikið á fulla viðurkenningu. Við höfum vissulega einnig fengið nokkra óbeina viðurkenningu frá ýmsum öðrum þjóðum, sem hér hafa stundað veiðar við landið, með því að þær virða í reynd okkar lögsögurétt á þessu svæði. Barátta okkar fyrir viðurkenningu á fullum lögsögurétti á 50 mílna svæðinu mun auðvitað halda áfram, og þeirri viðurkenningu verðum við að ná til þess síðan að geta haldið áfram að auka okkar lögsögurétt yfir hafsvæðinu í kringum landið. Það væri vissulega þýðingarmikið fyrir okkur Íslendinga að geta gert gildandi lögsögurétt okkar yfir fiskimiðum einnig utan 50 mílna markanna. Það geta vissulega komið upp aðstæður, sem gerðu það mjög aðkallandi fyrir okkur að lýsa þar yfir sérstökum veiðireglum, t.d. varðandi síldveiðar, loðnuveiðar, kolmunnaveiðar, karfaveiðar og ýmsar aðrar veiðar, sem stundaðar eru á því hafsvæði, misjafnlega mikið eftir aðstæðum, eins og menn þekkja. En verði landsgrunnsl. frá 1948 breytt á þann veg, sem hér er lagt til, hefðum við Íslendingar rétt til þess að ákveða með reglugerðarútgáfu skipan veiða á þessu hafsvæði einnig utan 50 mílna markanna.

Eins og orðalagið er á 1. gr. þessa frv., þá er gert ráð fyrir því, að ytri mörk þessa hafsvæðis miðist við 200 sjómílur frá grunnlínu. Nú er vitað, að svo langt verður þó ekki farið í reynd vegna legu landsins og afstöðu til annarra landa. Þannig má búast við því, að í reynd verði ekki farið lengra með lögsögurétt okkar en miðja vegu t.d. á milli Íslands og Grænlands og á milli Íslands og Færeyja, en slíkt yrði að sjálfsögðu ákveðið, þegar þar að kemur, með samkomulagi eða samningum við viðkomandi þjóðir. En það er almennt gert ráð fyrir því, þegar um jafnvíðáttumikinn lögsögurétt er að ræða og hér er um rætt, þá verði að koma til samkomulag á milli þjóða, þegar svo stendur á, að vegalengd á milli landa er minni en sem nemur 400 sjómílum, m.ö.o. að fara þá eftir svonefndri miðlínureglu.

Vegna þess, sem þegar hefur komið fram í umr. um landhelgimálið á þessu þingi, vil ég vænta þess, að frv. þetta geti fengið stuðning allra flokka hér á hv. Alþ., og þó að vissulega hefði mátt ná því marki, sem hér er um að ræða, eftir öðrum leiðum en hér er lagt til, þá getur það ekki verið neitt höfuðatriði. Aðalatriðið er það, að lög séu sett um þennan rétt okkar og við höfum í okkar l. tvímælalausan rétt til að skipa okkar fiskveiðiréttarmálum samkv. þessu. Eins og ég hef sagt, tel ég, að það sé hagkvæmast fyrir okkur að hafa ákvæði um þetta efni í okkar landgrunnsl. og halda síðan á málinu á svipaðan hátt og við höfum gert áður varðandi stækkun á okkar fiskveiðilögsögu, — það verði sem sagt tekin ákvörðun um það, að hve miklu leyti og hvenær heimildir samkv. þessum 1. eru notaðar, þegar þetta kemur til framkvæmda.

Herra forseti. Ég sé ekki ástæðu til þess að ræða frekar um málið að sinni. Þetta mál er tiltölulega einfalt og skýrt, og ég vona, að hér geti skapast samstaða um afgreiðslu málsins. Ég legg svo til, að að lokinni þessari umr. verði frv. vísað til 2. umr. og hv. sjútvrn. til fyrirgreiðslu.

Benedikt Gröndal: Herra forseti. Alþfl. hefur gert nokkrar samþykktir þess efnis, að hann sé fylgjandi því, að Íslendingar stefni að 200 mílna auðlindalögsögu, og felst að sjálfsögðu í því, að flokkurinn fylgir þeirri skilgreiningu á landgrunninu, sem nemur ekki minna en 200 mílum.

Eins og hæstv. sjútvrh. hefur þegar nefnt, stendur ekki í l. um vísindalega verndun fiskimiða landgrunnsins, hvað Íslendingar telja, að landgrunnið sé eða hversu langt það nái. Hins vegar kom fram í grg. með frv. á sínum tíma sú skýring, að þá væri algengast að miða við 200 mílur, en höfundar frv. og ríkisstj., sem flutti það, bættu við í grg., að það mál þyrfti að athuga frekar.

Nú er vissulega tímabært að athuga þetta mál frekar, því að á vettvangi Sameinuðu þjóðanna er það til meðferðar í hafsbotnsnefnd og á væntanlegri Hafréttarráðstefnu, og eru uppi um það margar mismunandi skoðanir. Ég get nefnt það sem dæmi, að Mexikó, Kólumbía og Venezúela hafa gert till. um, að landgrunnið skuli ná út að neðri mörkum landgrunnshallans, þar sem botn hafdjúpsins byrjar. Það kann að reynast erfitt í raun að draga slíka línu, en ég hygg, að menn skilji, hver hugmyndin er, og mundi þetta verða allmerkileg landgrunnsskýring, ef t.d. ætti að framfylgja henni hér við Ísland, vegna þess, hvernig grunni er háttað. Svo að ég nefni aðrar hugmyndir, þá hafa Sovétríkin flutt formlega till. um það, að landgrunn skuli miðast við 500 metra dýpi, en þó aldrei minna en 100 mílur frá strönd. Þessari till. hefur ekki verið vel tekið í hafbotnsnefnd Sameinuðu þjóðanna, því að hún þykir ganga styttra en aðrar till., en mér virðist fljótt á litið, að það sé alls ekki víst, að hún mundi verða mjög óhagstæð fyrir íslenskar aðstæður, og væri fróðlegt að fá það athugað, enda þótt litlar líkur séu á því, að þessi till. verði samþ.

Enn eina till. get ég nefnt, sem fram kom í hafsbotnsnefndinni. Hún er frá Argentínu. Argentínumenn leggja til, að strandríki hafi yfirráð yfir landgrunni, sem nái 200 mílur út, eins og efnahagslögsagan, sem þeir vilja samþykkja, en þar fyrir utan öllum þeim hafsbotni, sem er á 200 metra dýpi eða minna. Úti fyrir Argentínu er eitthvert stærsta landgrunn jarðarinnar, og ég hygg, að þessi regla mundi þar ná mörg hundruð mílur út á stórum svæðum út af sunnanverðri Suður-Ameríku.

Fleiri slíkar till. hafa komið fram og mætti telja upp, en ítarlegar umr., sem hafa orðið um málið í hafbotnsnefndinni, hafa þó þegar leitt í ljós, að langflestar þjóðir virðast telja, að það sé miklum erfiðleikum háð að miða skilgreiningu landgrunns við dýpi og því hyggilegra, raunhæfara og auðveldara í framkvæmd að miða landgrunnsyfirráð hvers strandríkis við ákveðna fjar-

lægð frá landi eða frá grunnlínum. Í því sambandi hafa langflest ríki, sem látið hafa í ljós skoðanir um þetta mál, nefnt 200 mílur. Mér þykir líklegt, að afgreiðsla á þessu máli muni fylgja afgreiðslu á hugmyndum manna um auðlindalögsögu og að niðurstaðan verði sú, sem lögð er til í þessu frv. ríkisstj., að landgrunn verði talið ná 200 mílur út, hvernig sem botninum háttar og hvað sem dýpi líður. Þó er rétt að geta þess, að á síðustu fundum hafsbotnsráðstefnunnar kom fram vaxandi hreyfing frá ýmsum þjóðum um það, að þetta væri þeim ekki nóg, og tilgreindu þær ástæður að þetta væri minna en gildandi lög, þ. e. a. s. sú regla, sem hæstv. ráðh. lýsti, að landgrunnið nái út að 200 metra dýpi og svo langt út fyrir sem hægt er að hagnýta botninn. Þetta þýðir með núverandi tækni: eins langt út og menn kæra sig um að fara, af því að það er vitað, að stórfyrirtæki í tveimur eða þremur ríkjum eru nú þegar tilbúin að senda út skip til þess að grafa málma upp af hafsbotni á mörg þúsund metra dýpi. Í trausti þessarar reglu, sem gilt hefur, hafa ýmis ríki selt eða veitt fyrirtækjum rétt til þess að leita málma og olíu á meira en 200 metra dýpi og lengra út en 200 mílur. Þessi ríki segja, að það sé ekki hægt að taka af þeim þennan rétt með einu pennastriki og þau muni þá verða fyrir miklum skaðabótakröfum frá þeim, sem þau hafa veitt leyfi til olíuborunar eða málmleitar utan 200 mílna. Í hópi þessara ríkja eru t. d. Kanada, Ástralía, Nýja-Sjáland og ýmis fleiri, og má vel vera, að þau komi einhverju fram á Hafréttarráðstefnunni. Þetta mun þó ekki hafa neina þýðingu fyrir okkur, því að ég tel víst, að verði að einhverju leyti farið út fyrir 200 mílur með yfirráð yfir hafsbotninum, þá verði yfirráð yfir hafinu ekki látin fylgja, heldur verði yfirráðin yfir sjálfu hafinu og lifandi endurnýjanlegum auðlindum þess takmarkað við 200 mílur.

Ég vil benda á einn annmarka við það, að við lögleiðum 200 mílna skilgreiningu á landgrunninu. Ég minni menn á, að þetta eru lög, sem fyrirskipa, að allar veiðar skuli háðar íslenskum reglum og eftirliti. Það er hægt að setja slíkar reglur með reglugerð. Annmarkinn við þetta er sá, að 200 mílur frá Íslandi ná langt upp á landgrunn Grænlands og inn á land. Finnst okkur, að við getum sett íslensk lög, sem þýða, að íslensk ríkisstj. geti með reglugerð skipað fiskveiðum töluvert upp á landgrunn Grænlands? Hæstv. ráðh. minntist á þetta og er rétt hjá honum, að í þessum efnum, þar sem minna en 400 mílur eru á milli landa, verður að fara um þessi mál eftir samkomulagi. Ég óttast því ekki, að það muni verða árekstrar. En spurningin er, hvort við teljum það kurteislegt og viðeigandi að setja slík lög.

Hið sama á við gagnvart Færeyingum. Við mundum með þessari breytingu á l. gefa íslenskri ríkisstj. rétt til þess að gefa út reglugerðir um fiskveiðar miklu lengur heldur en hálfa leið til Færeyja. Þó hefur engum manni dottið í hug, að við teygðum yfirráð okkar svo langt.

Ég varpa fram til umhugsunar fyrir viðkomandi n., hvort við teljum rétt að hafa einhverja fyrirvara í l. að þessu leyti, hvort það verður talið nægjanlegt, að þeir fyrirvarar komi fram í skýringum, þannig að til þeirra mætti vísa, þegar um þessi mál er rætt við Grænlendinga og Færeyinga.

Í sambandi við þetta mál vil ég einnig benda á, að eyjar eru mikið vandamál á vettvangi Hafréttarráðstefnunnar, sem hefst á næsta ári. Spurningin er sú, ef ákveðin verður 200 mílna auðlindalögsaga, hvort óbyggðir klettar eða smáeyjar, þar sem engir íbúar eru, sem lifa á auðlindum eyjarinnar, fá 200 mílna belti umhverfis sig. Ef þetta er gert, fer verulegur hluti af heimshöfunum inn fyrir landamæri einstakra ríkja, með því að alls konar sker og hólmar fá þessi réttindi. Í hafsbotnsnefndinni hafa Afríkuríki fyrir tilstuðlan Túnis tekið upp þá stefnu, að þetta nái ekki nokkurri átt og réttindi 200 mílna lögsögunnar eigi ekki að ná til smáeyja, hólma og skerja, m. ö. o. ekki til eyja, þar sem ekki er einhver hópur íbúa, sem lifir af gæðum lands og sjávar. Ástæðan til þess, að Túnismenn tóku þetta upp, er sú, að Ítalir eiga nokkrar smáeyjar alveg upp undir strönd Túnis.

Grikkir risu til harðvítugrar mótspyrnu gegn þessari hugmynd og sögðu: Eyja eða sker er land, svo framarlega sem það stendur upp úr sjó á háflæði. Landið nýtur fullveldisréttinda þess ríkis, sem það heyrir undir, og það er ekki hægt að skilja fullveldið í sundur. Það er ekki hægt að segja, að sumar eyjar eigi að njóta þessara hlunninda, en aðrar ekki. Hvar á þá að draga línuna? Á þá að flokka ríki eftir stærð, og ef það verður gert í þessu efni, í hvaða efni verður það þá gert næst? Er algerlega óljóst, hvernig þetta mikla deilumál muni enda.

Ég vil taka fram, að það dettur engum manni í hug að láta svona hugleiðingar ná til sjálfstæðra eyríkja, svo að hér er um að ræða miklu minni eyjar og fámennari en okkar land. Við þurfum því ekki að hafa áhyggjur. Ég vil minna á, að við eigum Kolbeinsey, sem er grunnlínupunktur í íslensku landhelginni, og hún kann að hafa einhver áhrif á það, hvaða afstöðu við tökum í málinu, þegar þar að kemur.

Ég nefni þetta mál hér vegna þess, að verði niðurstaðan sú, að smáeyjar, sem ekki hafa íbúa, sem lifa af gæðum þeirra, fái 200 mílna lögsögu, þá rekast á 200 mílur Jan Mayen og 200 mílur Íslendinga, einmitt á því svæði, þar sem loðnugöngur eru hvað mestar, þegar loðnuvertíð er að byrja út af Norðausturlandi. Sjálfstfl. hefur skrifað mikið um 200 mílna málið og barist fyrir því í seinni tíð, og Morgunblaðið hefur í því sambandi birt kort. Á því korti slær Morgunblaðið því föstu, að Jan Mayen muni fá 200 mílna efnahagslögsögu. Ég gerði tilraun til þess að spyrja norska fulltrúa um þetta á síðasta fundi hafsbotnsnefndar, en þeir virtust lítið hafa um þetta hugsað og fannst í fyrstu, að það væri mjög vafasamt, að þessi klettur með einu eldfjalli og einni veðurathuganastöð, þar sem engir menn hafa fasta varanlega búsetu, geti fengið 200 mílna svæði til einkanota hvað botn og hafsauðæfi snertir. Þetta atriði þarf því líka að athuga, því að fái eyjan Jan Mayen 200 mílur, verður þar annar árekstur, sem útheimtir samninga af okkar hálfu við annað ríki.

Herra forseti. Ég taldi rétt, að þessi sjónarmið

kæmu fram á þessu stigi málsins, því að ég tel, að hér sé um viðkvæm mál að ræða. Ég tel, að við höfum slíka stöðu í landhelgismálinu og höfum barist þannig fyrir okkar eigin rétti og málstað, að okkur beri að sýna öðrum þjóðum fyllsta tillit og fyllsta réttlæti. Þess vegna vefst það dálítið fyrir mér að lögleiða að ríkisstj. Íslands geti með því að gefa út reglugerð teygt íslensk yfirráð upp á landgrunn Grænlands, töluvert meira en hálfa leið til Færeyja og e. t. v. meira en hálfa leið til Jan Mayen. Sannleikurinn er sá, að raunveruleg 200 mílna fiskveiðilögsaga verður ekki nema á tveim geirum út frá landinu. Yfirgnæfandi meiri hluti 200 mílna hringsins umhverfis landið snýr að öðrum löndum, þar sem minna en 400 mílur eru á milli.

Ég ítreka það, að Alþfl. styður grundvallarhugmyndir þessa máls og mun leggja sitt fram til þess, að það fái greiða afgreiðslu. En ég vænti þess, að þau atriði, sem ég hef bent á, verði íhuguð, áður en málið heldur áfram í gegnum deildina.

Gunnar Thoroddsen: Herra forseti. Fyrir 4 vikum fluttu sjálfstæðismenn á Alþ. till. í SÞ. um útfærslu fiskveiðilandhelgi Íslands í 200 sjómílur. Till. hefur ekki komið enn til umr. á fundi Sþ. Í þessari till. segir, að Alþ. álykti, að fiskveiðilandhelgi Íslands verði stækkuð þannig, að hún verði 200 sjómílur frá grunnlínu allt í kringum landið og komi stækkunin til framkvæmda eigi síðar en 31. des. 1974. Enn fremur segir, að Alþ. feli ríkisstj. að leggja fyrir þingið frv. um þær breytingar á l., sem nauðsynlegar eru vegna útfærslu í 200 sjómílur.

Að sjálfsögðu verður gerð ítarleg grein fyrir þessari till., þegar hún kemur til umr. í Sþ., en ég vil taka fram nú í sambandi við þetta stjfrv., að til þess liggja ákaflega sterk rök, ekki aðeins að Íslendingar marki þá stefnu að taka sér 200 sjómílna fiskveiðilandhelgi, heldur einnig að gera það mjög skjótlega. Rökin eru fyrst og fremst þau, að það er lífsnauðsyn íslensku þjóðarinnar að vernda þau fiskimið, sem tilvera hennar byggist á, og að utan 50 mílna, milli 50 og 200 mílna, eru mörg dýrmæt, mikilvæg fiskimið, sem hafa verið og eru í verulegri hættu fyrir ofveiði og rányrkju. Þess vegna teljum við ábyrgðarhluta að bíða mjög lengi enn með frekari útfærslu. Við teljum einnig, að kominn sé all traustur stjórnmálalegur og lagalegur grundvöllur undir slíka útfærslu á næsta ári. Má m. a. nefna þá viðurkenndu þjóðréttarreglu, að strandríki eigi allar auðlindir í hafsbotni á landgrunni sínu, og full rök liggja til þess, að hið sama skuli gilda um verðmæti í sjónum yfir hafsbotninum. Má benda á samþykkt Allsherjarþings Sameinuðu þjóðanna frá 18. des. 1972, að strandríki skuli eiga rétt til náttúruauðæfa einnig í hafinu yfir landgrunninu. Þá er einnig vitneskja um það, að meiri hluti þjóða heims muni á Hafréttarráðstefnunni styðja 200 mílna auðlinda- og efnahagslögsögu, sem innifelur í sér fiskveiðilögsögu.

Það er vafalaust nauðsynlegt, eins og getið er í till., að gera vissar lagabreytingar, til þess að útfærsla í 200 mílur verði að veruleika. Það stjfrv., sem hér liggur nú fyrir, stefnir í þessa átt. Við þetta stjfrv., sem að sjálfsögðu ber að athuga mjög vandlega í n., vil ég aðeins gera örfáar aths. á þessu stigi. Í fyrsta lagi eru til lög frá 1969 um yfirráðarétt íslenska ríkisins yfir landgrunninu umhverfis Ísland. Í þeim l. segir, að íslenska ríkið eigi fullan og óskoraðan yfirráðarétt yfir landgrunni Íslands að því er tekur til rannsókna á auðæfum landgrunnsins og vinnslu og nýtingar þeirra. Og í 3. gr. l. segir: „Íslenska landgrunnið telst í merkingu þessara laga ná svo langt út frá ströndum landsins sem unnt reynist að nýta auðæfi þess."

Skýring þessara laga frá 1969 um yfirráðarétt Íslenska ríkisins yfir landgrunninu er því sú að miða við hagnýtingarmörkin. Nú má vera, að í sambandi við fiskveiðilögsöguna sé rétt að lögfesta það, eins og gert er ráð fyrir í stjfrv., að miða við 200 sjómílur. En mér finnst brýn nauðsyn að athuga þetta hvort tveggja í samhengi.

Í annan stað er það atriði, sem hv. 8. landskþm. nefndi, þegar skemmra er milli landa en 400 sjómílur, hversu þá skuli með fara. Í þáltill. sjálfstæðismanna er þetta orðað svo, að þar sem skemmra er milli Íslands og annarra landa en 400 sjómílur, skal í samræmi við alþjóðlegar venjur miðað við miðlínu milli landa. Það er auðvitað atriði, sem þarf mjög að hafa í huga, að við göngum ekki lengra en eðlilegt er, t. d. ekki inn á strendur Grænlands eða mjög nærri Færeyjum, það eru að sjálfsögðu fyrst og fremst Færeyjar og Grænland, sem höfð eru í huga í þessu tilliti.

Hv. 8. landsk. þm. nefndi Jan Mayen. Það þarf sérstakrar athugunar við, hvort að sjálfstæð 200 mílna landhelgi, þegar þar að kemur, eigi að fylgja þeirri eyju eða eyjum. Þegar hv. þm. vitnaði í kort, sem birt hafði verið í sambandi við till. sjálfstæðismanna, þar sem gert væri ráð fyrir miðlínu milli Íslands og Jan Mayen, þá er það kort gert af Sjómælingum Íslands til þess að sýna það, hvernig hugsanlegar miðlínur yrðu milli þessara landa. En ég vil taka það alveg skýrt fram, að vitanlega er engu slegið föstu um það í till., hvort gagnvart Jan Mayen ætti að vera um slíka miðlínu að ræða. Í till. okkar er aðeins gert ráð fyrir, að þetta yrði í samræmi við alþjóðlegar venjur, og má vel vera, að til þurfi að koma sérstakir samningar við þau lönd, sem hlut eiga að máli.

Það er einnig athugandi í sambandi við þetta frv., hvort ákvæði ætti að setja inn í það samsvarandi því, sem er í þáltill okkar, um miðlínur, þar sem skemmra er milli Íslands og annarra landa en 400 sjómílur.

Ég skal ekki ræða á þessu stigi að öðru leyti um 200 mílna fiskveiðilögsögu. Til þess gefst tækifæri, þegar till. okkar sjálfstæðismanna kemur til umr. í Sþ. Ég vildi aðeins beina þessum aths. til þeirrar n., sem fær málið til meðferðar.

Sjútvrh. (Lúðvík Jósepsson): Herra forseti. Ég vil aðeins segja hér nokkur orð í sambandi við þær aths., sem hafa komið fram, um leið og ég þakka fyrir góðar undirtektir undir frv., enda vil ég vænta, þess, að full samstaða geti orðið um afgreiðslu málsins.

Hér hefur nokkuð verið minnst á það, hvort taka ætti fram í l., hvernig haga skuli ytri

mörkum þessa lögsögusvæðis, þar sem um er að ræða minni fjarlægð á milli landa en sem nemur 400 mílum, þ. e. a. s. þegar þarf að koma við einhvers konar miðlínureglum. Þetta atriði var að sjálfsögðu talsvert athugað af þeim, sem sömdu frv., og ég get sagt það, að fram komu frá minni hálfu nokkuð svipaðar aths. við þetta og hafa komið fram hjá þeim hv. tveimur þm., sem hér hafa talað. En niðurstaða þeirra lögfræðinga, sem fjölluðu um gerð frv., eftir að þeir höfðu m. a. haft náið samráð við prófessora í lögum um þetta atriði, var sú, að þeir vildu mjög halda sig við það að hafa ákvæði eins og það er í frv., en sjálfsagt er að taka það til nánari athugunar.

Hér er um það að ræða, að réttur okkar er miðaður við það að fara allt að 200 mílum, og síðan kemur skýrt fram í grg., að beinlínis er gert ráð fyrir því, að til samkomulags þurfi að koma við aðrar þjóðir í þeim tilvikum, þegar þessi regla verður að teljast óeðlileg í framkvæmd, að fara alveg út í 200 mílur, og vitnað til þess að fara þá samkv. þeim reglum, sem verða að teljast alþjóðlegar reglur í slíkum tilfellum. En eins og kom hér fram hjá hv. þm. Benedikt Gröndal, liggja nú fyrir athuganir á alþjóðavettvangi einmitt um það, hvernig með þessi mál skuli fara, hvaða reglur skuli um þetta gilda. Það getur verið varasamt að ákveða í lögum hjá okkur, að það skuli gilda miðlínuregla gagnvart öðrum löndum, því að ekki verður því neitað út af fyrir sig, að Jan Mayen er land, þó að mikill vafi sé á því, að til þess geti komið, að miðlínuregla eigi að gilda á milli Íslands og Jan Mayen, þegar til þess þarf að taka að setja reglur um það.

Niðurstaðan hefur því orðið sú, að rétt væri að hafa orðalagið eins og það er í frvgr., miðað við rétt allt að þessari fjarlægð, en taka hins vegar skýrt fram, að það er gengið út frá því, að í þessum tilvikum hljótum við að fara samkv. þeim reglum, sem þá verða að teljast alþjóðlegar varðandi atriði eins og þetta, og að leitað verði samninga við viðkomandi þjóðir. En það er sjálfsagt að taka þetta til nánari athugunar í þeirri n., sem málið fer til.

Það verður að vera alveg skýrt, að það er einnig samkv. okkar lögum um tvennt að ræða: Annars vegar eru landgrunnsréttindi okkar, þ. e. a. s. samkv. l. frá 1969, sem eingöngu varða rétt okkar til nýtingar á landgrunnsbotninum eftir hinum almennu skýringum á landgrunni og rétti strandríkja til nýtingar á botni. Þau takmörk, sem þar gilda samkv. okkar l., eru aðeins hagnýtingarmörkin. Við höfum samkv. þeim l. rétt til landgrunnsbotnsins svo langt út sem hagnýtingarmöguleikar okkar leyfa. En ákvæði þeirra l. snerta ekki á neinn hátt landgrunnsl., sem varða fiskveiðar, sem varða réttinn yfir hafinu, frá árinu 1948, okkar gömlu landgrunnslög, sem varða aðeins rétt okkar til lögsögu á hafsvæði því, sem markast af landgrunninu, eða eins og segir: innan endimarka landgrunnsins.

Ég hygg, að allir geti verið sammála um, að það sé vægast sagt hæpið af okkur að ætla að gera ráðstafanir í fiskveiðiréttarmálum með tilvísun til landgrunnsl. frá 1948 og telja, að það, sem þar er talað um innan endimarka landgrunnsins, heimili okkur t. d. að setja fiskveiðireglur 100 mílur frá landi eða svo. Um þetta atriði hafa ýmsir aðilar fjallað áður, og það hefur verið niðurstaða þeirra, að það væri meira að segja mjög vafasamt, að íslenskir dómstólar litu svo á, að réttur okkar samkv. landgrunnsl. næði langt út fyrir 50 mílur. Í allítarlegri grg. um landgrunnið, sem samin var af sérstakri n. og einum íslenskum haffræðingi, sem í þeirri n. starfaði, var einmitt komist þannig að orði, að þar var talið, að samkv. þessari skilgreiningu ætti Íslendingum að vera stætt á því að færa landhelgismörk sín út í 50 mílur samkv. þessari gömlu skýringu, sem sú lagasetning hvíldi á. En hér er vikið út frá því að binda sig við landgrunnsmörk og því bætt við, að það geti einnig verið um að ræða rétt til þess að setja fiskveiðireglur á hafsvæðinu allt að 200 sjómílum frá landi.

Ég vil svo aðeins taka undir það, sem hér hefur komið fram í þessum umr., að hv. sjútvn., sem fær málið til athugunar, athugi það, sem hér hefur verið bent á í þessum efnum, þannig að eins vel verði gengið frá öllu orðalagi varðandi málið og tök eru á. Og ég vænti þess, að þegar n. síðan hefur fjallað um málið á þeim grundvelli, þá geti hér orðið fullkomin samstaða um afgreiðslu málsins.

Þórarinn Þórarinsson: Herra forseti. Ég sé ástæðu til að fagna því frv., sem hér liggur fyrir. Ég hafði orð á því, þegar ég kom heim af fundi hafsbotnsnefndar í sumar, að það mundi vera orðið tímabært fyrir okkur að setja mjög fljótlega löggjöf um 200 mílna efnahagslögsögu, og færði þá sérstök rök fyrir því, sem ég sé ekki ástæðu til að endurtaka hér. Ég taldi, að það mundi veita okkur sterkari aðstöðu til þess að berjast fyrir málinu á alþjóðlegum vettvangi að hafa áhrif á aðra, ef við setjum slíka löggjöf. Nú er með því frv., sem hér liggur fyrir, stigið veigamikið spor í þá átt, þar sem heimilað er að koma hér á 200 mílna fiskveiðilögsögu, þó að það verði ekki gert í einum áfanga. Og það má vel vera, að það sé rétt og skynsamleg aðferð að fara þannig að, að breyta þeirri löggjöf, sem fyrir er um það efni, í þetta horf. Ég mundi hins vegar, a. m. k. fljótt á litið, hafa talið heppilegar, að þetta yrði gert í öðru formi eða það yrðu sett ný og sérstök lög um 200 mílna efnahagslögsögu. Það byggi ég á því, að á alþjóðlegum vettvangi hefur staðið mikil deila annars vegar um auðæfin, sem eru í hafsbotninum, og hins vegar auðæfin, sem eru yfir hafsbotninum, þ. e. hinar lifandi verur, fiskinn. Það er þegar komin viðurkenning fyrir því hjá mörgum þjóðum, að þær vilja ganga mjög langt hvað það snertir, að lögsagan yfir auðæfunum í hafsbotninum sé sem víðust. Þannig lýstu Bretar því yfir á síðasta hafsbotnsnefndarfundi, að þeir væru fylgjandi 200 mílna lögsögu hvað snertir auðæfin í hafsbotninum, og þar til viðbótar, ef það væri landgrunn fyrir utan 200 mílurnar, þá ættu auðæfin þar einnig að tilheyra strandríkinu hvað botninn snertir. Hins vegar vilja Bretar

ekki viðurkenna nema 12 mílna fiskveiðilögsögu. Þetta hefur sem sagt verið stefna þeirra ríkja, sem eru okkur andstæðust í landhelgismálinu. Þau geta vel fallist á víða hafsbotnslögsögu, sem snertir auðæfin í hafsbotninum, en þrönga fiskveiðilögsögu.

Barátta okkar Íslendinga á alþjóðlegum vettvangi hefur framar öðru verið fólgin í því að láta sömu reglu gilda um auðæfi yfir hafsbotni, þ. e. a. s. um fiskinn, og um auðæfin í hafsbotninum. Og t. d. þær till., sem við fluttum á þingi Sameinuðu þjóðanna á síðasta ári, beindust fyrst og fremst að því að tengja saman réttinn til auðæfanna í hafsbotninum og auðæfanna, sem eru yfir hafsbotninum. En eins og ég sagði áðan, hefur af hálfu andstæðinga okkar stefnan verið sú að aðskilja þessi auðæfi í sundur, þannig að það verði víðari lögsaga, sem snertir hasfbotninn, heldur en sú, sem snertir yfirráðin yfir auðæfunum yfir hafsbotninum. Þess vegna held ég, að það hefði verið hyggilegra að farið af okkur að setja um þetta sérstök lög, þar sem rétturinn yfir auðæfunum bæði í hafsbotninum og yfir honum væru tengd saman.

Í framhaldi af því tek ég undir það, sem kom hér fram hjá hv. 5. þm. Reykv., að mér finnst það mjög athugandi, ef við afgreiðum þetta mál í því formi, sem það er nú, þ. e. sérstök lög um fiskveiðilögsöguna, að þá verði ákvæðunum um þau lög, sem gilda um auðæfin í hafsbotninum, breytt í sama form, þannig að við höfum sams konar ákvæði hvað snertir auðæfin í hafsbotninum og auðæfin yfir hafsbotninum. Ég held, að það sé sú stefna, sem við verðum að leggja megináherslu á á alþjóðlegum vettvangi, eins og við höfum gert hingað til, að rétturinn yfir þessu hvoru tveggja verði tengdur saman, en ekki aðskilinn, því að hættan er sú, ef hann verður aðskilinn, að það styrki þær þjóðir, sem berjast fyrir þrengri fiskveiðilögsögu.

Ég vil þess vegna beina því til þeirrar n., sem fær þetta mál til athugunar, að gefa því verulegan gaum, hvort við eigum ekki að haga okkar löggjöf þannig og það sé sterkast fyrir okkar baráttu á alþjóðlegum vettvangi, að það gildi sömu ákvæði um auðæfin í hafsbotninum og auðæfin yfir honum, en þetta sé ekki aðskilið í íslenskum lögum, því að það verður áreiðanlega eins og hingað til eitt aðalmarkmið okkar eða aðalbaráttumál okkar á Hafréttarráðstefnunni, að þessi auðæfi séu ekki skilin sundur og það gildi það sama um þau hvor tveggja.

Hannibal Valdimarsson: Herra forseti. Ég held, það sé fyllilega tímabært að breyta landgrunnsl. í þá átt, sem gert er í þessu frv., og ég felli mig vel við þá aðferð. Ég held, að það sé jafnvel réttara að hafa heimildir í þeim lögum varðandi allt það, sem snertir okkar rétt til fiskveiða. Nýtingarmörkin í l. frá 1969 eiga hins vegar miklu betur við um það, sem sú löggjöf fjallar um, og ég held þess vegna, að það eigi að vera í sérstakri löggjöf.

Mér fannst líka athyglisvert það, sem hv. 8. landsk. þm. upplýsti í ræðu sinni, og er á sama máli og hann um það, að viðfelldnara væri, að ákvæði okkar um skilgreiningu á landgrunnssvæðinu væru ekki fortaklaust á þann veg sett, að hægt væri að segja, að við gengjum á rétti annarra aðila, eins og Færeyinga og Grænlendinga, með okkar lagasetningu. Þó að hæstv. ráðh. segi, að þegar þar að kæmi, væri hægt að leysa slíka árekstra með samkomulagi, er það varla unnt með samkomulagi andstæðusettri löggjöf Íslands, nema með því að breyta henni, og mér fyndist óskemmtilegt að þurfa að þoka lagaákvæðum til baka, vegna þess að aðrar þjóðir segðu, að við hefðum gengið á rétt sinn með lagasetningunni, með of fortakslausri lagasetningu um landgrunnsskilgreiningu, sem alls staðar væri 200 sjómílur frá grunnlínum. Enda held ég, að auðvelt sé að komast hjá þessu strax með lagasetningunni nú, t. d. með svohljóðandi viðbót: „Þó telst landgrunn Íslands aðeins að jafnlengdarlínu milli Íslands og Grænlands og Íslands og Færeyja. Mörkin væru að öllu öðru leyti 200 sjómílur frá grunnlínum, með þessari undantekningu. Mér fyndist skemmtilegra að setja það strax, til þess að þurfa ekki að þoka neitt til baka með það síðar vegna réttar annarra aðila. Ég mun a. m. k. óska þess, að hv. n., sem málið fær til meðferðar, athugi, hvort við ættum ekki strax að setja þau takmörkunarákvæði, sem við getum búist við að þurfa að setja síðar vegna réttar annarra ríkja varðandi fiskveiðilögsögu.

Að öðru leyti skal ég lýsa því yfir, að ég er fylgjandi þessu frv. og tel fyllilega tímabært, að lagaákvæðum sé breytt á þann veg, sem þetta frv. stefnir að.

Sjútvrh. (Lúðvík Jósepsson): Herra forseti. Ég skal segja það, að ég fyrir mitt leyti mundi fella mig vel við, að það kæmi fram á alveg ótvíræðan hátt, að hér væri ekki um að ræða frekari heimild en sem næmi miðja vegu milli Íslands og Grænlands og Íslands og Færeyja. Um það er ábyggilega enginn ágreiningur og sjálfsagt að athuga það, hvort ekki sé rétt að taka það skýrt fram í l. sjálfum. En það þyrfti auðvitað ekki, þótt um samkomulag væri að ræða, að breyta l., því að hér er aðeins heimilt að fara allt að 200 mílum, það skyldar okkur enginn til þess að fara alls staðar út í 200 mílur samkv. þessum l., svo að við þyrftum auðvitað ekki að breyta þeim, þó að um samkomulag væri að ræða. En ef það væri á einhvern hátt hægt að túlka það þannig, að við værum að ganga á rétt annarra, er vitanlega sjálfsagt að forðast allt slíkt.

En varðandi þá hugmynd, sem hér kom fram hjá hv. þm. Þórarni Þórarinssyni, vil ég segja það, að ég tel heldur hæpið, en sjálfsagt er að hugleiða, hvort rétt væri að fara inn á þá braut. Ég held, að það sé þýsna hæpið af okkur að slengja hér saman í eina löggjöf ákvæðum varðandi auðlindalögsögu almennt á þessu stigi. Það er að vísu rétt, sem hann sagði, að helstu andstæðingar okkar í landhelgismálinu, í fiskveiðiréttarmálum, berjast mjög fyrir því að hafa sem allra víðáttumesta heimild til hagnýtingar á landgrunnsbotni, og það stendur ekki á þeim

að samþykkja botnsákvæði út í 200 mílur eða jafnvel enn lengra frá landi, því að það eru þeir, sem hafa mesta möguleika á því sviði. En það eru margir samherjar okkar, sem við verðum vissulega að styðjast við í okkar landhelgismálabaráttu, sem eru ekki jafnhrifnir af þessari reglu. Þar koma fjöldamargir aðilar, einkum fulltrúar frá hinum fátækari þjóðum, sem eiga mjög erfitt með að taka undir þá reglu, að eitt og hið sama eigi að gilda um réttinn varðandi hafsbotninn, til nýtingar hans, eins og rétt til auðæfanna í sjónum. Ég held, að það sé ekkert, sem kalli á það á þessu stigi málsins hjá okkur að fara að tvinna þetta tvennt saman og gæti aðeins orðið til þess að valda óánægju í hópi sumra þeirra, sem við viljum vissulega vinna með í okkar landhelgismálum. Ef við setjum hér lagaákvæði, sem ætla okkur á skýran hátt réttindi varðandi fiskveiðar allt út í 200 mílur, því að það er það, sem okkur varðar, þá hefur það náð tilgangi á því sviði, en svo höfum við aðra löggjöf, sem ætlar okkur í rauninni ótakmarkaðan rétt til nýtingar hafsbotnsins eða svo langt út sem botninn verður hagnýttur, þá sé ég ekki endilega nauðsyn á því, að við förum á þessu stigi að tvinna þetta saman og setja sérstök lög í þessu formi. Ég segi þó í þessu máli, eins og sagt hefur verið: ég áskil mér rétt til að snúast í málinu, ef ég fæ nýjar upplýsingar, og sjálfsagt er að skoða það, ef eitthvað annað kemur fram, sem upplýsir frekar í málinu. Um þetta hefur auðvitað verið hugsað talsvert, og niðurstaðan er sú, að það sé ekki hentugt að tvinna þetta saman að svo komnu máli. Við náum því, sem við stefnum að í þessum efnum, best á þennan hátt, sem hér er lagt til með þessu frv.

Ég mæli sem sagt með því, að sjútvn. taki til athugunar þá hugmynd, sem kom fram hjá hv. þm. Þórarni Þórarinssyni um þetta atriði.

Benedikt Gröndal: Herra forseti. Ég hallast að þeirri skoðun, sem hv. formaður utanrmn. hefur lýst í þessu máli. Ég held, að það sé mikilvægt okkur Íslendingum að halda okkur við það sjónarmið, að við teljum réttindi til hafsbotnsins og réttindi til auðæfa hafsins yfir hafsbotninum eiga að vera ein og hins sömu. Ég vil aðeins nefna það sem dæmi, að við höfum í baráttunni við Breta notað oft og mikið ábendingar um það, hvaða reglur þeir hafi um olíuvinnslu í Norðursjó. Við höfum reynslu af því, að þetta eru rök, sem hafa áhrif. Almennir skynsamir borgara sjá ekki, hvers vegna aðrar reglur eigi að gilda fyrir botninn heldur en hafið fyrir ofan.

Það er ekki þar með sagt, að þetta þurfi allt að vera í einni löggjöf. Ég get fallist á það með hæstv. ráðh., að það séu ýmis rök fyrir því, að það sé sérstök löggjöf um botninn og önnur um auðæfi sjávarins. En það þarf að vera samræmi þarna á milli. Það er rétt, sem bent var á, að þjóðir hafa mjög mismunandi hagsmuna að gæta. Það er tiltölulega lítill hópur og yfirleitt smáar þjóðir, en sjaldan mikil stórveldi, sem hafa fiskveiðihagsmuna að gæta. Aftur á móti eru þau fleiri og miklu meiri auðæfi í veði, þar sem eru hagsmunir varðandi olíu og málma. Ekki man ég tölurnar, en veltan í fiski hjá Bretum, miðað við veltuna í olíu og gasi á botni Norðursjávar, er ekki nema nokkrir aurar í samanburði við margar krónur.

Ég held, að samræmi í þessu efni af okkar hálfu muni ekki valda neinum vandræðum gagnvart samherjum okkar í þróunarlöndunum. Það er alveg rétt, að þeir hafa margir hverjir, að undanteknum ríkjunum á Kyrrahafsströnd Suður-Ameríku megináhuga á hafsbotninum. Og allt þetta mál, sem hefur sett Hafsbotnsráðstefnu Sameinuðu þjóðanna af stað, byggist á þeirri hugsjón, að það eigi að gera hafsbotninn utan landhelgi að sameign mannkynsins og það eigi að vinna þau auðæfi, sem þar eru, og láta arðinn ganga til vanþróuðu ríkjanna. Þess vegna hafa þau mikinn áhuga á, að réttindi yfir hafsbotninum nái ekki of langt út. Því meira af hafsbotninum sem einstakar þjóðir fá, því minna verður eftir fyrir hina alþjóðlegu stofnun, sem á að vinna fyrir vanþróuðu ríkin. Hins vegar hafa Afríku- og Asíuríkin, að því er virðist, langflest fallist á 200 mílna hugtakið, og það verður því að minni hyggju enginn árekstur, þó að við höldum okkur við sömu reglu um hvort tveggja.

Ég hafði að sjálfsögðu tekið eftir því, að í orðalaginu á breytingunni, sem frv. gerir ráð fyrir, er sagt „allt að". Við gætum að sjálfsögðu hengt hatt okkar á þessi tvö litlu orð og sagt, að við ætlum ekki að móðga neinn. En engu að síður er heimildin allt að 200 mílum og þar með 200 mílur. Það er mikil hætta á, að alltaf sé litið á hámarkið. Ég vil því taka undir hugmyndir hv. 3. þm. Vestf. Mér kemur í hug að segja: „að 200 mílum eða samkv. samkomulagi, þegar minna en 400 mílur eru til næstu landa," eða eitthvað svoleiðis. Það eru þarna möguleikar á örlítilli viðbót, og ég tel æskilegt, að sú n., sem fær þetta mál, ræði það við lögfræðinga og aðra sérfræðinga ríkisstj., sem hafa veitt henni aðstoð við að semja þetta frv.

Þórarinn Þórarinsson: Herra forseti. Ég get verið miklu stuttorðari en ég hefði annars þurft að vera, vegna þess að hv. síðasti ræðumaður tók fram margt af því, sem ég hafði ætlað að vekja athygli á. Ég tek undir það með honum, sem ég var reyndar búinn að segja áður, að ég tel það mjög mikilsvert, að við leggjum alls staðar sem ríkasta áherslu á það, að rétturinn til auðæfanna í hafsbotninum og rétturinn til auðæfanna yfir hafsbotninum haldist í hendur, hvort sem við högum þessu þannig að hafa ein lög eða fleiri, og með tilliti til þess væru lögin um hafsbotninn frá 1969 endurskoðuð og samræmt orðalagið á þeim og því frv., sem hér liggur fyrir.

Mér finnst rétt að láta það koma hér fram, vegna þess að það hefur verið rætt um það, hver er afstaða ríkra og fátækra þjóða í þessum efnum, að það hefur fyrst og fremst verið stefna þróunarríkjanna að binda þetta saman. Það eru Suður-Ameríkuríkin og Afríkuríkin, sem hafa forustu um að tengja saman réttinn til auðæfanna í hafsbotninum og auðæfanna í hafinu

yfir hafsbotninum. Sú till., sem kom fram í hafsbotnsnefndinni og er að mínum dómi tvímælalaust hagstæðust fyrir okkur, er flutt af Afríkuríkjum eða studd af bandalagi Afríkuríkja, þar sem lögð er megináhersla á að tengja þetta tvennt saman, að ríkin hafi jafnan rétt til auðæfanna í hafsbotninum og auðæfanna, sem eru í sjónum yfir honum. Aftur á móti kom þar fram till. frá ríkjum, sem að vísu fylgja 200 mílum, en hafa betri efnahagsaðstöðu, eins og t. d. Kanada, um að hafa sérstök ákvæði um fiskveiðilögsögu og svo sérstök ákvæði um hafsbotnslögsöguna. Sú till. er í stuttu máli mjög varhugaverð að mínum dómi, vegna þess að þótt þar sé gert ráð fyrir 200 mílum í sambandi við fiskveiðarnar, þá er þar opnuð leið fyrir hinn svokallaða sögulega rétt. Þegar búið er að slíta fiskveiðilögsöguna frá hinni almennu efnahagslögsögu, er hægt að koma þar inn ýmsum ákvæðum, sem ekki gilda um hafsbotninn, vegna þess að þar er t. d. um sögulegan rétt að ræða. En í þessari tillögu, sem Kanadamenn og fleiri þjóðir fluttu, er opnaður möguleiki fyrir það, að þjóðir, sem hafa fiskað áður í tiltekinni landhelgi, geti eignast þar viss sögulegan réttindi. Og þetta er eitthvað það hættulegasta, sem við getum átt eftir að glíma við á þingi Sameinuðu þjóðanna eða á Hafréttarráðstefnunni, að ríki eins og Bretar og jafnvel Rússar og Ameríkumenn segi þar: Við skulum fallast á 200 mílur, ef þið fylgið, að við fáum vissan sögulegan rétt innan þessa svæðis, kannske einhvern ákveðinn tíma, eins og átti sér stað á Hafréttarráðstefnunni 1958. — Þess vegna er það, sem við höfum lagt megináherslu á í hafsbotnsnefndinni, og verðum að gera á Hafréttarráðstefnunni, að tengja saman, hafa sama kafla um lögsöguna, sem snertir hafsbotninn og hafið yfir honum, en slíta þetta ekki í sundur, því að ef það verður slitið í sundur, þá verður reynt að koma inn í fiskveiðilögsöguna ýmsum undanþágum, sem ekki er hægt að koma inn í kaflann, sem fjallar um hafsbotninn, því að í sambandi við hafsbotninn er, eins og menn vita, ekki um neinn sögulegan rétt að ræða. Þar hefur engin slík nýting átt sér stað af hálfu þjóða í nágrenni annarra ríkja, vegna þess að hafsbotninn hefur ekki verið nýttur. Fleira kemur til athugunar í þessu sambandi.

Svo er eitt atriði, sem við eigum eftir að taka afstöðu til og verðum að taka afstöðu til mjög fljótlega í sambandi við víðáttu lögsögunnar, og það snertir sérstaklega hafsbotninn. Það er, hvort við viljum 200 mílna hafsbotnslögsögu og svo rétt til landgrunnsins þar fyrir utan. Um þetta atriði kemur til með að standa mikil deila á milli þróunarríkjanna annars vegar og auðugu ríkjanna hins vegar. Þróunarríkin, eins og Afríkuríkin og Suður-Ameríkuríkin mörg, leggja áherslu á, að þessi lögsaga nái ekki nema 200 mílur vegna þess að þau vilja, að sú alþjóðastofnun, sem á að rísa upp, eigi auðæfin, sem eru þar fyrir utan. Aftur á móti þjóðir eins og Kanadamenn, Ástralíumenn og jafnvel Ný-Sjálendingar, sem fylgja okkur að vísu í öðrum efnum, vilja ekki aðeins 200 mílur í þessum efnum, heldur líka landgrunn, sem er þar fyrir utan, og það eru nokkrar þjóðir, sem eiga talsvert landgrunn fyrir utan 200 mílur. Ef tekst ekki að ná samkomulagi um þetta atriði, getur það orðið til þess að sigla þessum málum í strand. Það var af hálfu Íslands og fleiri ríkja reynt nú í sambandi við hafsbotnsnefndarfundinn að koma á samkomulagi á milli 200 mílna ríkjanna, að þau flyttu nokkuð mörg till. um 200 mílur. En það strandaði á þessu, það strandaði þar á Kanadamönnum og Ástralíumönnum, að þeir vildu ekki flytja till. um 200 mílur, nema þar kæmi til viðbótar réttur til landgrunnsins fyrir utan 200 mílur, a. m. k. í sambandi við hafsbotninn. Það liggur kannske ekki á því, að við gerum það upp, hvar við stöndum í þessum efnum, en fyrr eða síðar á Hafréttarráðstefnunni verðum við að gera upp um það, hvort við stöndum hér með þróunarríkjunum ellegar hinum auðugu ríkjum, sem vilja meira en 200 mílur hvað snertir hafsbotninn. Ég hygg, að við séum raunar allir sammála um, hvernig við eigum að halda á þessum málum, að það á að tengja saman réttinn til hafsbotnsins og auðæfanna, sem eru í sjónum yfir honum. Og það er eiginlega fræðileg eða formleg spurning, hvernig á að haga þessu í löggjöf. Persónulega held ég, að það komi mjög til athugunar að setja nýja löggjöf um auðlindalögsögu, en ég geri það ekki að neinu aðalatriði. Mér finnst hins vegar skipta verulegu máli, að við höfum samræmd ákvæði um þetta í þeim l., sem um þetta fjalla, þannig að það sjáist alveg svart á hvítu, að við teljum, að rétturinn yfir auðæfunum í hafsbotninum og rétturinn til auðæfanna í sjónum yfir hafsbotninum eigi að fara saman.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 23 shlj. atkv. og til sjútvn. með 25 shlj. atkv.

Neðri deild, 21. fundur.

Miðvikudaginn 14. nóv., að loknum 20. fundi.

Bann gegn veiðum með botnvörpu og flotvörpu, frv. (þskj. 115). — 1. umr.

Of skammt var liðið frá 3. umr. í Ed. — Afbrigði samþ. með 24. shlj. atkv.

Forsrh. (Ólafur Jóhannesson): Herra forseti. Sú lagasetning, sem hér er óskað eftir samkv. frv. á þskj. 115, er nauðsynleg vegna þess bráðabirgðasamkomulags, sem gert hefur verið við Breta um lausn á fiskveiðideilunni. Í frv. er kveðið á um viðurlög fyrir brot á því samkomulagi, og samkv. því varðar brot á samkomulaginu þeim viðurlögum, að þau skip, sem sett hafa verið á skrá og samþ. hefur verið af Íslands hálfu, að mættu veiða á tilteknum svæðum og ákveðnum tímabilum á hafsvæðinu á milli 12 sjómílna frá grunnlínum og út að 50 sjómílum, þó með vissum undantekningum, skuli tekin út af skrá og svipt leyfi til þess að stunda veiðar

á samningstímabilinu. Það skip, sem tekið hefur verið af skrá, verður ekki aftur á hana tekið, og ef það væri svo staðið hér að ólöglegum veiðum, munu almennar reglur koma til greina um það, en almennu reglurnar um viðurlög fyrir brot á l. um bann við botnvörpuveiðum eru, eins og mönnum er kunnugt, sekt skipstjóra og afli og veiðarfæri upptæk. Ef ákvæði sem þetta um leyfissviptinguna væri ekki tekið í íslensk lög, mundu almennu reglurnar gilda um bresk skip eins og önnur.

Ég þarf ekki að segja það, sem ég hef sagt áður, að ég álít, að hér sé um miklu þyngri viðurlög að ræða heldur en samkv. almennu reglunni, þar sem skip, sem tekið er af skrá, missir algerlega réttinn til veiða. Ég hygg, að slík viðurlög séu besta tryggingin fyrir því og sterkasta aðhaldið um það, að ekki verði um brot að ræða á þessu samkomulagi. Þó er auðvitað aldrei hægt að tryggja slíkt með neinum viðurlögum. Brot geta alltaf átt sér stað.

Þá er það annað efni þessa frv. að ákveða, hvaða íslenskt yfirvald ákveði þessi viðurlög. Það er skýrt tekið fram og ákveðið í þessu frv., að dómsmrn. geri það að fengnum skýrslum Landhelgisgæslunnar. Þetta er undantekning frá almennum reglum, vegna þess að refsiviðurlög eru almennt ekki ákveðin af öðrum en dómstólum. En dómstólaleiðin er seinvirk og mundi ekki henta í þessu tilfelli, vegna þess að þá mundi það dragast of lengi, að skip væru tekin út af skrá. Þess vegna er þessi leið farin. Dómsmrn. þarf ekki að bíða nema eftir því að fá gögn frá Landhelgisgæslunni. Hvað sem líður skoðun þess breska hjálparskips, sem kynni að koma á vettvang samkv. kvaðningu, verður úrskurður dómsmrn. upp kveðinn eftir gögnum Landhelgisgæslunnar. En telji sá togari, sem fyrir þessu verður, eða hið breska aðstoðarskip, að þarna hafi réttu máli verið hallað eða einhver mistök átt sér stað, eins og fræðilega geta að vísu komið til og hafa komið til við töku á togurum við venjulegar aðstæður og leiða þá til sýknu togarans, — ef svo stendur á í þessu tilfelli, að þarna beri á milli, þá verða Bretar að fara þá leið að reyna að fá hlut sinn réttan eftir diplómatískum leiðum. Dreg ég ekki í efa, að ef þeir leggja fram gögn með þeim hætti, sem eftir athugun og rannsókn hjá íslenskum aðilum verða metin á þá lund, að þarna hafi mistök átt sér stað hjá íslensku varðskipi, þá mundi auðvitað leiðrétting verða gerð.

Það var aðeins hugað að því, hvort ætti að taka fram í þessum l., að aðili ætti að eiga rétt til að bera málið undir íslenska dómstóla. En að athuguðu máli var fallið frá því að taka það sérstaklega fram í l., m. a. með það sjónarmið í huga, að þá hefði verið talið eðlilegra að byrja málsmeðferðina með þeim hætti, sem nú tíðkast við landhelgisbrot, að leiða varðskipsforingja fyrir sjódóm og láta þá staðfesta skýrslu sína, eftir atvikum með eiði eða drengskaparheiti. En sá háttur mundi verða til þess að tefja endanlegan úrskurð í málinu, og þess vegna er þessi háttur hafður á, að það er bara skýrsla Landhelgisgæslunnar, án þess að kveðið sé nokkuð á um það, í hvaða formi hún sé, sem verður að vera komin til dómsmrn., og dómsmrn. metur það svo á grundvelli hennar, hvort leyfissvipting skuli eiga sér stað eða ekki.

Um þetta mál hefur annars verið rætt svo mikið í hinum almennu umr., sem fram fóru hér um þáltill., að ég tel ekki ástæðu til að fjölyrða um þetta mál út af fyrir sig né efni þessa frv. Ég geri ráð fyrir því, að hvað sem skoðun manna hefur liðið á bráðabirgðasamkomulaginu, séu þeir sammála um, að þessi lög séu sett, þegar þetta samkomulag hefur nú verið gert. Þetta frv. hefur verið afgreitt í hv. Ed. í dag með shlj. atkv.

Ég vil nú leyfa mér, herra forseti, að fara fram á það, ef unnt væri, að meðferð málsins hér væri hraðað á þá lund, að það væri hægt að afgreiða það hér í dag, vegna þess að það er ekki hægt að beita þessum viðurlögum, fyrr en þau eru komin í íslensk lög. Væri æskilegt, að það yrði sem styst bil, frá því að samningurinn hefur verið staðfestur og þangað til viðurlögin væru komin inn í íslensk lög. Þess vegna vil ég nú mælast til þess, ef hæstv. forseta þættu tök á því, að fundarhlé væri gert og n. gefinn kostur á að líta á málið.

Ég sé ekki ástæðu til að fara fleiri orðum um frv. út af fyrir sig, en legg til, að því sé vísað til 2. umr. og hv. allshn.

Guðlaugur Gíslason: Herra forseti. Þegar hæstv. forsrh. boðaði það hér s. l. fimmtudag, að hann mundi flytja sérstakt lagafrv. í sambandi við þann skilning, sem hann lagði í 6. gr. þeirra orðsendinga, sem á milli Íslendinga eða utanrrh. Íslands og Breta hafa farið varðandi lausn landhelgisdeilunnar, þá skildi ég það a. m. k. svo, að innan ríkisstj. væri verulegur ágreiningur um það, hvernig raunverulega bæri að skilja þessa grein orðsendingarinnar, frá Alþb., sem vildi túlka þetta nokkuð á annan veg en hæstv. forsrh. hafði áður gert, hefði verið sett fram krafa um það, að slíkt lagafrv. væri borið fram. Þess vegna benti ég á það í umr. um samninginn, að mér fyndust slík vinnubrögð hæstv. forsrh. þess eðlis, að ég teldi varla sæmandi fyrir Alþ. að þurfa að fara að skera úr ágreiningi um skilning hans og annarra hæstv. ráðh. á því, hvernig bæri að túlka tiltekna grein í samkomulaginu.

Nú, þegar þetta frv. kemur hér fram, sýnist mér það ekki vera annað en bein afleiðing af því, sem hlaut að verða að gera, og þurfti enga fyrirframyfirlýsingu að gefa um það, sem hlaut að verða að gera í sambandi við samninginn, ef hann yrði samþykktur. Í sjálfu samkomulaginu er tekið fram, hvaða viðurlög skuli vera, ef breskur togari brýtur af sér í sambandi við samninginn og veiðir í hinum lokuðu hólfum á þeim tíma, sem hann hefur ekki til þess heimild, og því eðlileg afleiðing af því, að sú lagabreyting verði gerð hér á Alþ., sem geri nauðsynlegt að lögleiða þau viðurlög, sem þar er um getið. Varðandi síðari mgr. þessarar gr., hef ég alltaf talið, að það hlyti að liggja ljóst fyrir, að þessi lög, eins og botnvörpulögin almennt, heyrðu undir dómsmrn., ef til slíkra hluta þyrfti að koma, að þyrfti að kveða upp einhvern úrskurð.

Ég vil taka það fram, að hefði ég verið búinn að sjá þetta frv., — það getur vel verið, að það hafi verið búið að leggja það á borðið hjá mér, ég hafi ekki lesið það, þegar ég talaði hér í málinu í gær, — þá hefði ég vissulega hvorki farið að ómaka mig né þingheim á því að vera að koma fram með þá ábendingu, sem ég gerði. En það, sem hlýtur að vekja athygli og nokkra furðu, er, að ef þetta, sem hér er lagt fyrir, hefur valdið ágreiningi innan ríkisstj., ef hæstv. ráðh. Alþb. hafa þurft að setja einhver skilyrði til þess, að hæstv. forsrh. bæri fram slíkt lagafrv., þá er það ein sönnun þess enn, hvaða skrípaleik hæstv. ráðh. Alþb. hafa verið að leika innan ríkisstj., þegar þeir voru að reyna að setja fæturna fyrir það, að samningurinn yrði lögfestur.

Forsrh. (Ólafur Jóhannesson): Herra forseti. Ég vil aðeins segja hv. síðasta ræðumanni það, að því fer fjarri, að þetta frv. sé flutt samkv. nokkurri sérstakri kröfu frá Alþb.-mönnum. Það var frá upphafi og er fullt samkomulag um frv. í ríkisstj. Það hefur aldrei verið neinn ágreiningur um það. Það hefur öllum verið ljóst, sem um þetta hafa fjallað, og auðvitað öllum lögfræðingum, sem hafa komið nálægt því, að það þyrfti að setja ákvæði samningsins um viðurlög inn í lög, vegna þess að það er ekki hægt fyrir framkvæmdavaldshafa og enn síður dómstóla, ef því væri að skipta, að ákveða viðurlögin samkv. ákvæðum samningsins. Þegar um slíkt er að ræða í milliríkjasamningum, verður annaðhvort að hafa þann háttinn á, sem stundum hefur verið, að milliríkjasamningurinn er beinlínis lögfestur, — það hefur oft verið gert, — eða þá það verður að taka þau ákvæði úr honum, sem telja verður, að þurfi að fá staðfestingu í íslenskum lögum, upp í sérstök íslensk lög. Var talið sjálfsagt að hafa þann háttinn á hér, m. a. vegna þess, að jafnframt þurfti að kveða alveg skýrt á um það, hvaða íslenskur aðili, hvaða íslenskt yfirvald eða dómstóll, ef menn hefðu viljað fara þá leiðina, — en ég skýrði það áðan, hvers vegna menn hefðu ekki viljað binda sig við dómstól í þessu sambandi, — þá þurfti líka að taka ákvæði um það upp í íslensk lög.

Sem sagt, ég get huggað hv. þm. að því leyti til, að það hefur ekki verið neinn ágreiningur í ríkisstj. um þetta.

Skrípaleik, held ég, að sumir hv. þm. ættu að fara varlega í að tala um, af því að það gæti orðið áhorfsmál, hverjir hefðu verið bestir leikarar á því sviði.

Ég tek það fram, ef menn skyldu ekki átta sig á því, að auðvitað er neitun togara á því að stöðvast samkv. boði varðskips brot á þessu samkomulagi. Það eitt út af fyrir sig er ástæða fyrir því, að hann yrði strikaður út af skrá.

Ég held, að ég þurfi ekki að gefa fleiri skýringar vegna ummæla hv. síðasta ræðumanns, og það er alls ekki meining mín að fara að efna til neinna almennra umr. í sambandi við þetta frv., því að það má, eins og hann sagði, líta á þetta sem sjálfsagt eftir það, sem búið er að gera, og þess vegna ekki ástæða til að fjölyrða um það. Ég held, að frv. sé í sjálfu sér alveg skýrt.

Guðlaugur Gíslason: Herra forseti. Ég held, að hæstv. forsrh. ætti ekki að fara að gera tilraun til þess að rifja upp og vekja upp deilur um það mál, sem hér var afgreitt í gær. Ég leyfi mér að benda honum á það, að þegar hann lagði þáltill. fyrir Alþ. á fimmtudaginn, sagði hann, að það væri Alþingis að segja til um, hvort það vildi ganga að samkomulaginu eða ekki, og þm. yrðu að hafa á því sína skoðun, hvort þeir vildu samþykkja frv. eða ekki. Nú leyfir hæstv. forsrh. sér það hér, þegar búið er að samþykkja frv., að brigsla mér og öðrum, sem höfðum aðra skoðun en hann á málinu, um það, að við höfum verið að leika skrípaleik. Ég segi: Hví í ósköpunum var hæstv. ráðh. með þessa ábendingu til okkar þm., að við yrðum að meta málið og hafa á því einhverja skoðun, ef hann á þeirri stundu hefur fyrir fram talið, það vera skrípaleik, ef einhver leyfði sér að mótmæla því, sem hann sagði. Ég segi: Það er óleyfilegur skrípaleikur af forsrh. Íslands að haga sér eins og hann gerir hér. Ég get sagt hæstv. forsrh., að hann á eftir að bíta úr nálinni með þær blekkingar, sem ég tel, að hann hafi haft í frammi í ýmsum tilfellum, þegar hann var að túlka málið, fyrst fyrir alþjóð og síðan hér á Alþ. Það liggur ljóst fyrir, að hann sagði annað við fulltrúa frá Landssambandi ísl. útvegsmanna og kannske fleiri heldur en hann síðan gat staðið við. Hann telur sér það kannske sæmandi, en ég tel hæpið, að hæstv. ráðh. geti verið að gefa mönnum eitthvað í skyn og jafnvel fullyrða eitthvað við hagsmunasamtök, sem er mjög mikilvægt atriði fyrir þau, en geta síðan ekki staðið við það, þegar til kastanna kemur.

Björn Pálsson: Herra forseti. Ég veit ekki, hvort þessu frv. verður vísað til n., mér skilst, að það eigi að hraða því svo mikið, en mig langaði til að fá ofurlitlar upplýsingar viðvíkjandi þessu.

Það er talað um, að ef skip verður brotlegt samkv. þessum samningi, sem gerður hefur verið milli Bretlands og Íslands, þ. e. á þessu leyfða veiðisvæði á milli 12 og 50 mílna, þá missi það réttinn til að veiða samkv. samningnum. En það er ekki talað um, hvort nokkur önnur viðurlög liggi við, hvort það er hægt að fara með skipið til hafnar og sekta það eins og venjulegan landhelgisbrjót. Það er ekki tekið fram hér. Ég veit ekki, hvernig það er, hvort Bretar hafa viðurkennt, að það væri leyfilegt. Þeir hafa eigi viðurkennt þessa landhelgi hjá okkur.

Annað er það, að ekkert er talað um það, ef togari endurtekur brotið, sem ekkert er ólíklegt, að hann geri, því að sá, sem brýtur einu sinni, heldur sennilega áfram að veiða, skipinu verður ekki lagt, og hann getur orðið brotlegur í annað skipti og þriðja skipti, og hvaða viðurlög eiga að liggja við því, ef það kemur fyrir? Að sjálfsögðu er heimilt að sekta hann samkv. viðurkenndum reglum, ef hann fer inn fyrir 12 mílurnar, en mér er ekki alveg ljóst, hvort

íslenskri löggæslu er heimilt að fara með hann í land og sekta hann eins og venjulegan landhelgisbrjót, ef hann brýtur þetta og eins ef um endurtekin brot er að ræða.

Forsrh. (Ólafur Jóhannesson): Herra forseti. Ég vildi aðeins svara þessum fsp. Það liggja ekki önnur viðurlög við en leyfissviptingin. Þegar skip hefur í eitt skipti verið svipt leyfi, er það komið út af skrá, og eftir það verður farið með það eins og skip, sem aldrei hefur verið á skrá. Þess vegna gilda almennar reglur um það. Ef slíkt skip yrði staðið hér að veiðum, yrði það tekið og fært til hafnar, ef unnt er, og dæmt samkv. þeim almennu ákvæðum íslenskra laga þar um.

Garðar Sigurðsson: Herra forseti. Mig langar að leggja eina litla spurningu fyrir hæstv. forsrh. Það segir í 6. lið: „Sé skip staðið að veiðum í bága við samkomulagið, getur íslenskt varðskip stöðva það, en skal kveðja til það aðstoðarskip breskt, sem næst er til að sannreyna málsatvik.“ Hvað nú, ef flugvél Landhelgisgæslunnar kemur að landhelgisbrjót, hvernig er þá hægt að standa að þessu?

Forsrh. (Ólafur Jóhannesson): Herra forseti. Það er í lögum um þessi efni ekki talað um flugvélar yfirleitt, en samkv. dómapraksis hefur verið talið jafngilt, að ég ætla, ef flugvél hefur sannreynt, að skip hefur reynst brotlegt gegn l. um bann við botnvörpuveiðar. Það er enginn efi í mínum huga, að eftir sem áður og e. t. v. í ríkara mæli en áður verða flugvélar notaðar við þetta eftirlit.

ATKVR.

Frv. vísað til 2. umr. með 24 shlj. atkv. og til allshn. með 26 shlj. atkv.

Neðri deild, 22. fundur.

Miðvikudaginn 14. nóv., kl. 16.40 síðdegis.

Bann gegn veiðum með botnvörpu og flotvörpu, frv. (þskj. 115, n. 125 og 126). — 2. umr.

Of skammt var liðið frá 1. umr. og útbýtingu nál. — Afbrigði samþ. með 29 shlj. atkv.

Frsm. (Svava Jakobsdóttir): Herra forseti Allshn. hefur fjallað um frv. N. er sammála um að mæla með því, að frv. verði samþ. óbreytt. Einn nm., Ólafur G. Einarsson, var fjarstaddur afgreiðslu málsins.

Pétur Sigurðsson: Herra forseti. Í sambandi við það frv., sem hér liggur fyrir til umr., um staðfestingu Alþ. á skilningi hæstv. forsrh. á túlkun eigin samkomulags, hljóta að koma upp aftur nokkrar spurningar, sem komu fram í sambandi við umr. um samkomulagsmálið sjálft hér á Alþ. fyrir skömmu og einmitt í sambandi við hluta þessa máls. Þá var spurt, m. a.: Eftir að Alþ. hefði samþykkt þá lítillækkandi meðferð, sem Landhelgisgæslan, okkar löggæslumenn þurfa nú að hlíta í starfi sínu að kalla á erlenda aðila til þess að staðfesta, hvort þeir hafi gert sín störf rétt, þá koma fram spurningar um það, hvernig framkvæmdin verður á þessu atriði, þegar íslensk varðskip kalla á bresk eftirlitsskip. Á íslenska varðskipið að vera á staðnum og bíða eftir því, að eftirlitsskipið erlenda komi á staðinn? Eru einhver tímatakmörk fyrir því, hve lengi það á að bíða á staðnum? Á að kalla á annað íslenskt varðskip til þess að vernda bauju, sem sett yrði út á staðnum? Má sökudólgurinn fara brott af staðnum og halda áfram veiðum utan þess svæðis, sem bannað er að vera á? Og á íslenska varðskipið að vera á staðnum á meðan? Má breski þjóturinn fara burt, þótt eftirlitsskipið sé ekki komið, eða á það skip að bíða líka? Og hvaða tími er til þess gefinn? Getur einn togari breskur haldið varðskipi í ómældan tíma á staðnum, meðan breska eftirlitsskipið kemur ekki til mælinga?

Þessar spurningar hljóta að koma upp, þegar verið er að ræða þetta mál, og nú vil ég enn beina þessum fsp. til hæstv. dómsrh. Í sjálfu sér er ég ekki á móti því, að þetta frv. nái fram að ganga, en ég teldi það rétt allra vegna, fyrst þetta samkomulag hefur verið samþ. með miklum meiri hl. hér á Alþ., að skilningur hæstv. dómsmrh. á þessum atriðum lægi fyrir, áður en frv. þetta fer frá Alþ. sem lög.

Ellert B. Schram: *Herra forseti. Sem nm. í allshn. hef ég skrifað undir það nál., sem hér hefur verið kynnt, en ég vil leyfa mér að taka fram eftirfarandi:*

Í umr. um samkomulag um lausn á fiskveiðideilu Breta og Íslendinga gagnrýndi ég nokkuð það samkomulag og m. a. það ákvæði, sem þetta frv. er tilefni af. Gagnrýni mín beindist að því, að með þessu ákvæði viðurkenndum við ákveðna skerðingu á einhliða rétti okkar í íslenskri lögsögu. Við setjum okkar löggæslu þau takmörk, að hún verði að kalla til erlent eftirlitsskip til að staðfesta, að um brot sé að ræða. Enn fremur tel ég margt óljóst, hvernig þessum l. verður fylgt í framkvæmd.

Hitt er annað, að ég hef greitt atkv. með því að veita ríkisstj. heimild til að staðfesta bráðabirgðasamkomulagið, og þetta frv. er eðlileg og óhjákvæmileg afleiðing af því. Því er það í eðlilegu samræmi við fyrri afstöðu mína, að ég er samþykkur þessu frv.

Forsrh. (Ólafur Jóhannesson): Herra forseti. Það frv., sem hér liggur nú fyrir, er bráðabirgðaákvæði og viðbót við önnur lög. Ég geri ráð fyrir því, að það megi finna það út, að í hinum almennu l., sem þetta mál er bráðabirgðaákvæði við, sé svarað ýmsum spurningum, sem í hug manna koma viðvíkjandi framkvæmd á þessu. Hitt getur vel verið, að það komi í ljós við reynslu, að gera þurfi einhverjar breytingar á þessum l., það er ekkert nýtt. Ég skal játa, að

þetta eru mjög stutt ákvæði, og það getur vel verið, að þeir, sem hafa samið frv., hafi ekki séð fyrir eða getað haft í huga öll þau tilvik, sem upp geta komið, svo að það er ekkert óeðlilegt við það, sem hv. síðasti mæðumaður sagði, og það getur verið, að framkvæmdin sýni, að það þurfi einhver fyllri ákvæði um einhver atriði.

Viðvíkjandi því, sem hv. þm. Pétur Sigurðsson var að spyrja um, þá er ég nú margbúinn að svara mörgu af þessu, og sumt af því kom fram í minni stuttu framsöguræðu áðan, en hann hefur ekki verið við kannske þá. Ég get rifjað upp sumt af því enn einu sinni.

Það er gert ráð fyrir því, að þegar varðskip stendur togara að meintu broti á þessu samkomulagi, kveðji það næsta hjálparskip eða aðstoðarskip til. Að vísu er rétt að taka það fram áður, að það er beinlínis tekið fram í þessu samkomulagi, að það sé skylda togarans að stöðva eftir fyrirmælum varðskipsins, svo að það eitt, ef togari hlýðir ekki stöðvunarmerki varðskips, er brot á þessu samkomulagi og varðar því, að hann verður felldur niður af skrá. En það á að kalla næsta hjálparskip til. Ég get að sjálfsögðu ekki svarað því, hve langan tíma það tekur fyrir það skip að koma á staðinn. Það fer eftir því, hvar það er statt. En ég geri ráð fyrir, að það sé eðlilegt að gera þá kröfu til þess, að það komi viðstöðulaust, ef það vill sinna þessu. Það hvílir ekki nein skylda á því að koma. Ef það kærir sig ekkert um að líta á þetta, þá ber því engin skylda til þess.

Hv. fyrirspyrjandi er mér náttúrlega miklu fróðari í öllu, sem lýtur að sjómennsku. Mér er sagt, að það þurfi ekki að vera nein nauðsyn, að varðskip bíði á staðnum eftir komu þessa eftirlitsskip, heldur geti það sett út merki eða bauju, sem kallað er, eða hvað sem það nú er, og þurfi það ekki að vera þar frekar en það vill. Þó að það bíði á staðnum, getur það líka sent sín gögn, sína skýrslu til dómmrn. strax, á meðan það er á staðnum. Það þarf ekki að bíða endilega eftir því að koma í land. Það er ekki gert ráð fyrir því sem sagt, að hér sé hafður sá háttur á, sem venjulegur er við landhelgismál, að varðskipsforingjar komi fyrir dóm og staðfesti skýrslu sína með eiði eða drengskaparheiti, heldur gefa þeir sína skýrslu beint til dómmrn., og það er ekki lögboðið neitt form á henni. Hvort togarinn á að vera kyrr eða ekki, það býst ég að fari eftir ákvörðun varðskipsins. Ef togarinn viðurkennir staðarákvörðun varðskipsins, er ástæðulaust, að hann sé að bíða þar. Ef deilt er um það, þá gæti verið, að varðskipið skipaði honum að bíða.

Um nánari framkvæmd á þessu verður auðvitað reynslan að leiða í ljós, og þeir menn, sem hafa daglega stjórn á þessum málum, forstjóri Landhelgisgæslunnar og hans aðstoðarmenn, eru nú að vinna í því að athuga, hvernig þessu verður háttað.

Það er ekki hægt að neita því, að þetta samkomulag kallar á verulega starfsemi af hálfu Landhelgisgæslunnar fram yfir það, sem hefur verið áður. Það eru m. a. þessi smábátasvæði og friðunarsvæði, sem þarf alveg sérstaklega að gæta að, og svo auðvitað það hólf, sem lokað er hverju sinni, fyrir utan það almenna eftirlit, sem verður alltaf að hafa á öllu svæðinu gagnvart útlendingum og reyndar gagnvart Íslendingum líka, þannig að það má gera ráð fyrir því, að þetta geti kallað á það, að Landhelgisgæslan þurfi að fá meiri kost til að fylgjast með þessu. En það er mjög í hugum þeirra manna, sem þessi mál eru að athuga nú, að það verði hægt að nota flugvélar í enn ríkara mæli en gert hefur verið við þetta eftirlit. Varðskipakosturinn er nú þessi, sem menn þekkja. Týr er kominn af stað og Hvalur 2 er í undirbúningi. Ég skal ekkert fullyrða um það á þessu stigi, hvort þetta reynist nægilegt, en það er mjög nauðsynlegt, að Landhelgisgæslan verði þannig í stakk búin, að hún geti haft fullkomið eftirlit, alveg sérstaklega með þeim svæðum, sem friðuð eru, ýmist alfriðuð eða friðuð fyrir togurum.

Það voru að vísu fleiri spurningar, í orði a. m. k., sem hv. þm. bar fram, en ég vona, að ég hafi nú með almennum orðum gert nokkra grein fyrir því samt, sem fyrir honum vakti. Ég tek það enn fram, að það getur vel verið, að framkvæmdin sýni, að hér þurfi eitthvað að færa til betri vegar og lagfæra í þessari lagasetningu, sem verður að setja nú með skjótum hætti, vegna þess að við getum ekki farið að framkvæma samkomulagið, fyrr en við erum búnir að fá þessi lög.

Guðlaugur Gíslason: Herra forseti. Ég tel, að að hæstv. forsrh. hafi komið með mjög merkilega yfirlýsingu, þegar hann sagði, að hann teldi, að það varðaði því, ef togarinn gerðist brotlegur, að hann mundi verða strikaður út af listanum, ef ég hef skilið það rétt. Spurningin er: Viðurkenna Bretar þetta sjónarmið, eða verður þetta eitt af hinum óendanlegu þrætueplum, sem án efa eiga eftir að koma í ljós í sambandi við framkvæmd samningsins?

Þeir, sem nokkuð þekkja inn á þau mál, vita, hvernig taka togara eða taka togskipa fer yfirleitt fram. Það gerist á tvennan veg, annaðhvort með einhverju varðskipanna eða skipin eru staðin að ólöglegum veiðum úr flugvél. Ef varðskip tekur togara, þá vita það allir, að tæknin er orðin þannig í dag, að varðskipið sér togarann í 40-60 mílna fjarlægð. Það getur staðsett hann úr þessari fjarlægð, hvort hann er utan eða innan við vissar markalínur. Nákvæmlega sama getur togarinn, sem er að veiðum, gert. Hann er með radar, sem tekur 48-62 mílur. Þetta eru orðin algengustu tæki í fiskiskipunum. Yfirleitt er það svo, að þegar þannig ber að, að togarar eru að ólöglegum veiðum og sjá, að varðskip kemur siglandi í áttina til sín, þá auðvitað forða þeir sér eins og þeir mögulega geta með fullri ferð af miðunum. Spurningin verður þá sú, þegar varðskipið er búið að sigla kannske 40-60 mílur eða 2-3 klukkutíma á 20 mílna hraða, hefur séð togara og telur hann vera innan vissra marka, þá auðvitað setur það út bauju og segir: Þarna var togarinn, — tilkynnir það formlega til dómsmrn., sem síðan á að taka við málinu. Samkv. þeim upplýsingum, sem hér liggja fyrir, er þetta nægilegt fyrir hæstv. dómsmrh. til að taka hinn seka breska togara út af skrá. En ef varðskipið á að fara á staðinn, setja út bauju, þá vaknar spurningin: Hver var hinn breski togari, því að nafn skipsins sér það ekki í 40 eða 60 mílna fjarlægð, þó það geti stað-

sett skipið. Þá kemur að því, að varðskipið þarf að keyra á fullri ferð á eftir skipinu, þegar það er búið að setja út baujuna, og ef það er 60 mílna millibil á milli skipanna, annað gengur kannske 15 mílur, hitt upp í 20, þarna er 5 mílna hraði á milli, skilst mér, að það geti tekið allmarga klukkutíma, þangað til varðskipið nær togaranum. Hann er þá kominn alla leið kannske til Færeyja eða lengra, eins og átt hefur sér stað. (**Gripið fram í:** Ég vil benda þm. á það, að jörðin er kúla og skip sést ekki í radar í 40-60 mílna fjarlægð.) Ég sé, að fyrir þessum ágæta fyrrv. gagnfræðaskólakennara hafa runnið upp þau sannindi, sem hann hefur kannske ekki vitað áður, að jörðin er hnöttótt. Það er gott, að hann áttar sig á hlutunum.

Sannleikurinn er sá, að þegar maður fer að skoða þetta mál, er eðlilegt, að ýmsar spurningar vakni og ýmsar deilur eða ýmiss skilningur á málinu, eins og reyndar hefur komið fram.

Það er einnig annað, að hæstv. forsrh. sagði hér áðan, að taka togaranna mundi fara jafnt fram úr flugvélum og með skipum. Spurningin er sú, ef flugvél kemur að togaranum og getur lesið nafnið á honum, hefur hún enga aðstöðu til þess að setja út neitt staðarmerki, hún getur ekki sett út bauju, sem verður kyrr á sama stað, þannig að þá hlýtur að vakna annað vandamál. Togarinn segir: Ég var alls ekki á þessum stað, — og það er engin sönnun fyrir því, ekki hægt að sanna það, ekki með því að setja út bauju eða merkja staðinn á nokkurn hátt, heldur eru það aðeins orð áhafnir flugvélarinnar sem lögregluaðila og hefur sterkari aðstöðu, ég skal viðurkenna það. En ég hygg, að það sé rétt, sem sagt hefur verið, að einmitt þetta ákvæði l. hlýtur að vekja upp óendanlegar deilur og deiluefni í sambandi við samskiptin við Breta.

En ég tel það til mikilla bóta, að hæstv. forsrh. skuli hafa lýst því sem sínum skilningi, að það varði útstrikun af listanum, ef íslensk stjórnvöld úrskurða, að togari hafi verið að ólöglegum veiðum, hvort sem það er gert eftir vitnisburði varðskipsmanna eða vitnisburði flugvélaáhafna.

Pétur Sigurðsson: Herra forseti. Vegna ummæla í ræðu síðasta ræðumanns verð ég að segja, að ég skildi ekki svar hæstv. forsrh. á þann veg, að það þyrfti að leita til neinna yfirvalda í landi, ef þannig stæði á, að brotlegur breskur togari reyndi að koma sér undan varðskipi, heldur væri einmitt sú gerð hans sama sem hans sekt gagnvart útstrikun af listanum. Þannig skil ég það, og þar sé þó úrslitavald í því tilfelli hjá þeim mönnum varðskipsins, sem mælinguna framkvæma.

Kannske er nú ekki rétt af mér að vera neitt að ræða mælingar hér, þegar kennarinn úr Vestmannaeyjum er búinn að upplýsa okkur um það, að jörðin sé kringlótt, og er ekki dónalegt að fá að vita um það.

Það kemur hins vegar í ljós í svari hæstv. forsrh. við minni fsp., að það eru einmitt mörg slík atriði, sem hafa alls ekki verið rædd, þegar þetta samkomulag var gert í London. Og það, sem ég óttaðist strax, þegar þetta var lagt fyrir okkur í þingflokki Sjálfstfl., voru m.a. slíkir agnúar, sem gætu stofnað til stórkostlegra átaka á milli aðila á miðunum hér heima, þannig að þeir, sem hafa haldið, að þeir væru að losa okkur undan slíkum átökum, gætu átt von á þeim enn þá magnaðri á eftir, vegna þess að það er oft og tíðum, að árekstrar vegna hinna minni, þýðingarminni atriða valda þeim. Það eru ekki eingöngu hin stærri brot, hvort þeir séu fyrir innan línu eða ekki. Þegar ég benti í minum þingflokki á nauðsyn á eftirliti veiðarfæra, og það var farið með það fyrir forsrh. og utanrrh., þá vissi ég auðvitað og veit, að það er til samkomulag um þetta, að það er heimilt að skoða veiðarfæri hjá hvorum öðrum. En það hefur ekki verið hægt að framkv. þetta gagnvart Bretum og Vestur-Þjóðverjum vegna átakanna við þessar þjóðir á undanförnu ári. Þar að auki er mjög lítið gert að því gagnvart öðrum aðilum, kannske vegna þess, að við höfum ekki haft skip og menn til þess að framkvæma þetta. En ég er alveg sannfærður um það, eftir að þetta samkomulag hefur verið gert og Bretar koma inn fyrir og fara að veiða, ef okkar varðskip, — við skulum segja okkar rannsóknaskip, sem ég hélt, að hefðu ærið nóg að gera, þótt þau væru ekki sett í þetta líka, sem er þó kannske ekki minnsta verkefnið fyrir þau í framtíðinni, — þegar þau koma að og stöðva breskan togara, sem hefur tekið sín veiðarfæri upp og áður en því er kastað aftur og krefjast þess að skoða vörpuna, ég er alveg viss um, að þetta á eftir að kosta átök á miðunum. Þess vegna óskaði ég eftir því og hefði ekki talið, að það væri nein breyting á samkomulaginu sjálfu, þótt sameiginleg yfirlýsing væri gefin frá þjóðunum um það, að jafnframt yrði þessi samningur virkur á milli þeirra um virkt veiðafæraeftirlit, sem forðaði því, að viðkomandi aðilar, og þá okkar ekki síður en þeirra, því að þeir fá þá sömu réttindi til þess að skoða hjá okkar skipum. Og guði sé lof, að það kemst á, því að því miður eigum við enn þá aðila, sem ekki fylgja þessum l. Þetta eru atriði, sem ekki er ástæða til þess að ræða núna. En aðeins það, sem hæstv. forsrh. sagði, að Landhelgisgæslan er nú að athuga með ýmsa framkvæmd þessara atriða, sýnir, að um þessi atriði hefur ekki verið rætt, þegar samkomulagið var gert.

Hæstv. forsrh. minntist á það, að varðskip gætu sett út bauju á staðnum, til þess, að það tefðist ekki og þyrfti ekki að vera þar kyrrt. Ég benti á, þegar samkomulagið var til umr., að þetta virðist vera útilokað að gera, því að í kjölfar varðskipsins kemur breskt skip og tekur baujuna upp eða klippir á vírinn, þetta hefur verið gert hér á miðunum einmitt í yfirstandandi deilu, þannig að þetta er alveg hreint þýðingarlaust.

Það er rétt hjá hæstv. forsrh. og ég er sammála um það, að friðunarsvæðin, bátasvæðin sérstaklega fyrir Vestfjörðum og Austurlandi, þetta kallar auðvitað á það, að við þurfum í vaxandi mæli að nota flugvélar. Það er enginn vafi á því, að það kemur að því, að bæði á Austfjörðum og eins á Ísafirði þarf að vera staðsett vél frá Landhelgisgæslunni, vegna þess að yfir vetrarmánuðina geta komið þeir tímar á degi hverjum, að það sé hægt að skjótast þaðan í eftirlitsflug, þótt ekki sé hægt að fljúga frá Reykjavík upp á það að ná aftur þangað með fullu öryggi.

Ég skal ekki hafa fleiri orð um þetta. Ég sagði frá því í minni fyrri ræðu, að ég mun fylgja

málinu að sjálfsögðu. En að lokum þetta: Það hefur komið fram áður og kemur fram enn, að það hafi verið full ástæða til þess, að forustumaður breska togaraauðvaldsins, sem hefur nokkrum sinnum komið hér upp í umr. um samkomulagið, og reyndar forustumaður yfirmanna á togurum í Bretlandi líka, þeir létu hafa eftir sér í viðtali, sem blaðamaður Morgunblaðsins átti við þá, aðeins þetta ásamt nokkrum ómerkilegum orðum: „Bless you, my friends". Og vinirnir voru að sjálfsögðu þeir, sem að samkomulaginu stóðu. Því segi ég að lokum: Í þetta vantaði aðeins, að nokkur nöfn hefðu verið nefnd, eins og t. d.: Bless you my friend Mr. Árnason, bless you, my friend Mrs. Jakobsdóttir, bless you, my friends, your exellences Lúlli & Maggi.

ATKVGR.

1. gr. samþ. með 29 shlj. atkv.
2. gr. samþ. með 29 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 29 shlj. atkv.

Neðri deild, 23. fundur.

Miðvikudaginn 14. nóv., að loknum 22. fundi.

Bann gegn veiðum með botnvörpu og flotvörpu, frv. (þskj. 115). — 3. umr.

Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði samþ. með 29 shlj. atkv.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 31 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 128).

Efri deild, 21. fundur.

Fimmtudaginn 15. nóv., kl. 2 miðdegis.

Lögheimili, frv. (þskj. 77).— 1. umr.

Félmrh. (Björn Jónsson): Herra forseti. Þetta frv. er í tengslum við og í raun og veru í beinu framhaldi af því frv., sem nú er orðið að l. og hér var til meðferðar í hv. þd., um breyt. á l. um tilkynningar aðsetursskipta. Aðalefni þess varðar fyrst og fremst Vestmanneyinga og afleiðingar þeirra náttúruhamfara, sem dundu yfir á s. l. vetri. Meginefni frv. felst í fyrri mgr. 2. gr., þar sem segir, með leyfi hæstv. forseta:

„Þrátt fyrir ákvæði laga þessara er þeim, er lögheimili áttu í Vestmannaeyjum að kvöldi dags 22. jan. 1973, leyft að telja sig til heimilis í Vesmannaeyjum fram til 1. júní 1974, þótt þeir dveljist utan Vestmannaeyja nema þeir tilkynni dvalarstað sinn sem lögheimili með sérstakri tilkynningu."

Eins og menn heyra, er þetta fullkomlega í samræmi við áður umgetna löggjöf, sem ég nefndi. En í þessu felast fyrst og fremst tvö atriði.

Hið fyrra varðar álagningu útsvara á árinu 1974, og hefur þótt rétt og nauðsynlegt fyrir Vestmanneyjakaupstað að njóta gjalda þess fólks, sem í land hefur flúið, þótt það teljist þar til bráðabirgða, og mun ekki af veita til þess uppbyggingarstarfs, sem í Eyjum þarf að framkvæma. Það kann að virðast, að þetta gerist að sumu leyti á kostnað annarra sveitarfélaga, þar sem Vestmanneyingar hafa fyrst og fremst sest að í verulegu mæli, en á það er þá líka að líta, að því hafa fylgt ýmsir kostir fyrir viðkomandi byggðarlög, m. a. bygging viðlagasjóðshúsa, sem væntanlega leysa þeirra húsnæðisþarfir og verða jafnvel strax gjaldstofn að einhverju leyti til viðkomandi sveitarfélags.

Í öðru lagi er hér um að ræða afleiðingu þess ákvæðis, sem ég las upp, að Vesmanneyingar, þótt þeir dvelji til bráðabirgða í landi, ef þeir hafa ekki tilkynnt aðsetursskipti, munu þeir hafa kosningarrétt í Vestmannaeyjum í næstu sveitarstjórnarkosningum, sem fram eiga að fara í maí, á næsta ári. Verður að telja eðlilegt, að það sé ekki hindrað af löggjafans hálfu, að þeir njóti þessa réttar, þó að þeir dvelji í landi til bráðabirgða. Meginhluti þessa fólks mun að öllum líkindum flytjast aftur til Eyja, og ekkert virðist vera eðlilegra en að það geti með kosningarrétti sínum haft áhrif á það, hvernig bæjarfélaginu verður stjórnað næstu 4 árin.

Enn er svo þess að geta í sambandi við þetta, eins og minnst er á í grg., að verði þetta frv. að l., verður minna um röskun á högum Jöfnunarsjóðs. Það verður að vísu svo, að það má reikna með allmiklu framlagi úr Jöfnunarsjóði vegna fólksfækkunar í Vestmannaeyjum, þ. e. a. s. vegna þeirra, sem hafa tilkynnt aðsetursskiptin með sérstakri tilkynningu, eins og ákveðið var í l. um tilkynningar aðsetursskipta. En ef lögheimili væru eingöngu í þessum tilfellum látin ráðast af dvalarstað, mundi það leiða til þess, að í þeim sveitarfélögum, sem fyrst og fremst hafa hýst Vestmanneyinga, mundi verða um fólksfækkun að ræða, þegar þeir flyttu til baka. Allt þetta mundi valda óeðlilegri og óæskilegri röskun á greiðslum úr Jöfnunarsjóðnum, a. m. k. næstu tvö árin, þannig að allt virðist bera að sama brunni, að þessi ákvæði, sem ég hef nefnt, og það, sem þau þýða í sambandi við hag Vestmanneyinga og stöðu þeirra, sé fullkomlega eðlilegt og sjálfsagt, og vona ég, að ekki verði um það neinar deilur.

Þetta eru sem sagt aðalatriði frv. En í leiðinni hefur þótt rétt að gera ofurlitla leiðréttingu á 3. gr. l., og felst hún í 1. gr. frv. Það efni, sem þar um ræðir, er, að menn, sem hafa húsnæði til sumardvalar eða annarrar tímabundinnar dvalar í öðru sveitarfélagi, en dveljast þar ekki að jafnaði, geti aldrei talist eiga heimili í fleiri sveitarfélögum en einu samkv. ákvæðum fyrri mgr. Þetta er raunverulega árétting á anda þessara l. um það, að lögheimili skuli vera þar, sem menn búa að jafnaði, en geti ekki af annarlegum ástæðum fært heimilisföng sín í sambandi við eyðibýli, sumarbústaði eða annað slíkt og þá gjarnan til

þess að geta komist undan eðlilegum gjöldum eða öðru líku. Það hefur þótt rétt, fyrst þessi lög voru opnuð, að þessi leiðrétting yrði gerð, og tel ég víst, að hún muni ekki valda miklum ágreiningi hér á hv. Alþ.

Ég sé ekki ástæðu til, herra forseti, að fara nánar út í þessi atriði. Ég held, að hér sé um það auðskilið mál að ræða, að það sé í raun og veru fullskýrt í grg. og þeim fáu orðum, sem ég hef hér sagt. En legg til, að að lokinni þessari umr. verði frv. vísað til 2. umr. og hv. félmn.

Steinþór Gestsson: Herra forseti. Èg vil lýsa ánægju minni yfir því, að þetta frv. er hér fram komið. Eins og fram kom í ræðu hæstv. félmrh., er það mjög nauðsynlegt í þessu falli að koma á þeim frestum, sem gert er ráð fyrir í þessu lagafrv. Ég tel einnig, að það sé eðlilegt, að Vestmannaeyjakaupstaður fái að njóta skatta Vestmanneyinga, eftir því sem föng eru á, á þeim tíma, sem líður til þess, að séð er með nokkurri vissu, hversu margir flytjast út til Vestmannaeyja aftur. Ég vil leggja á það áherslu, að það er mjög mikilvægt, að sem minnst röskun verði samfara þeim búferlaflutningi, sem varð, þegar eldgosið kom upp í Vestmannaeyjum, og til þess tíma, að byggðin þar hefur náð sér nokkurn veginn á nýjan leik. Mér sýnist, að það frv., sem hér er lagt fram, eigi og muni stuðla að því, að svo verði. Eigi að síður langar mig til að koma því á framfæri, að ég er þeirrar skoðunar, að eðlilegra væri og rétt að hafa þennan frest ívið lengri heldur en gert er ráð fyrir í frv., þar sem gert er ráð fyrir, að hann sé til 1. júní 1974.Èg hygg, að það væri heppilegra og eðlil. að lengja þann frest, t. d. til 1. nóv., og það mundi ekki í neinu falli þurfa að skaða, því að uppbygging þjóðskrárinnar er miðuð við 1. des. og nóvembermánuður ætti að verða nægilegur tími til þess, að þær tilkynningar um dvalarskipti, sem menn hefðu af sjálfsdáðum ekki hirt um að tilkynna, gætu komist til þjóðskrárinnar í tíma. Ég held, að það sé eðlilegt að kanna, hvort ekki megi lengja þennan frest með sérstöku tilliti til þess, að það er erfitt að segja til um á þessu stigi, hversu langan tíma það tekur að gera aðstöðuna þannig úr garði í Vestmannaeyjum fyrir íbúana, að þeir geti flust út. Það er erfitt að segja til um það eins og er, en því lengri sem fresturinn er, því öruggari vissu hefur fólkið um það, hvort það hefur aðstöðu til þess að flytjast út aftur eða ekki. Ég sé ekki, að þó að fresturinn yrði framlengdur til 1. nóv., mundi það skaða á neinn hátt. Ég vildi óska eftir því, að félmrn. tæki þetta til athugunar við meðferð málsins.

Félmrh. (Björn Jónsson): Herra forseti. Það eru aðeins örfá orð. Ég vil þakka hv. 6. þm. Sunnl. fyrir góðar undirtektir hans undir þetta frv. Varðandi tímamörkin, sem sett eru í 2. gr. frv., er það að segja, að þegar þetta mál var til athugunar í félmrn., sýndist mönnum það vera nokkurt álitamál, hvað þessi frestur ætti að vera langur, og ég vil engan veginn segja, að í mínum augum eða rn. sé það nein heilög dagsetning að segja 1. júní, og hef síst á móti því, að hv. félmn. athugi gaumgæfilega, hvort réttara er að hafa þennan frest eithvað lengri. En það, sem kannske hvarflar að manni, er það, ef þessi frestur væri gerður óhæfilega langur, þá gætu farið að koma fram kröfur frá sveitarfélögunum í sambandi við ýmsa fyrirgreiðslu, þar sem viðkomandi sveitarfélag fer að lengja eftir ákvörðun um, hvort þeir ætla að ílengjast þar eða ekki, verða þar lögskyldir borgarar og greiðendur útsvara og annarra gjalda. Það kemur til álita, hvort mjög langur frestur eða mikið lengdur frá því, sem er í frv., gæti haft slík áhrif. En ég tel, að ekki séu horfur á, að uppi verði miklar kröfur um þetta af hálfu einstakra sveitarfélaga. Sem sagt, hér er ekki um neitt úrslitaatriði að ræða, og ég vænti þess aðeins, að hv. félmrn. íhugi það vel, hvort önnur dagsetning væri þarna betur við hæfi, og mundi fyllilega geta fellt mig við það, ef það yrði samkomulag um breytingu í þá átt, sem hv. 6. þm. Sunnl. minntist á.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 11 shlj. atkv. og til félmn. með 11 shlj. atkv.

Sjálfskuldarábyrgð á lánum til kaupa á fiskiskipum, frv. (þskj. 102). — 1. umr.

Fjmrh. (Halldór E. Sigurðsson): Herra forseti. Á þskj. 102 er frv. til l. um heimild fyrir ríkisstj. til að veita sjálfskuldarábyrgð á lánum til kaupa á 10 fiskiskipum yfir 300 lestir. Þetta frv. var rætt við flokkana, áður en það var lagt fram hér á hv. Alþ., og virtist yfirleitt vera samstaða um það. Lög nr. 28/1972 um ótakmarkaða heimild til sams konar ábyrgðar og hér er farið fram á á vegum kaupa á skuttogurum hafa hins vegar ekki þótt nægileg heimild til þess að ganga í ábyrgð fyrir skip af því tagi, sem hér um ræðir. Ríkisstj. er hins vegar sammála um, að styðja beri að kaupum á 10 fiskiskipum til nóta- og togveiða með því að veita sjálfskuldarábyrgð á lánum fyrir allt að því 80% af kaupverði skipanna.

Ég sé ekki ástæðu til að gera frekari grein fyrir þessu máli. Hér er fyrst og fremst verið að greiða fyrir kaupum á skipum vegna loðnuveiða. Og vegna þess að hraða þurfti málinu vegna þeirra, sem í kaupsamningum stóðu, var þetta, eins og ég sagði áðan, borið undir flokkana, áður en málið var lagt fram.

Ég legg til, herra forseti, að málinu verði að lokinni þessari umr. vísað til 2. umr. og hv. fjh. og viðskn.

Þorv. Garðar Kristjánsson: Herra forseti. Ég stend ekki hér upp til þess að mæla á móti samþykkt þessa frv., en vildi gjarnan fá nánari upplýsingar.

Það er talað um að veita sjálfskuldarábyrgð á láni til kaupa á 10 nýjum fiskiskipum yfir 300 lestir. Ég vil leyfa mér að spyrja hæstv. ráðh. um það, hvort það liggi fyrir, hvaða fiskiskip þetta eru eða hvaða kaupendur það eru, sem um er að ræða að þessum skipum, og hvort

þeim hefur verið ráðstafað. Ég geri þetta með tilliti til þess, að mér sýnist, að það geti verið, að það séu ekki allir, sem eru að hugsa um að kaupa ný fiskiskip, komnir jafnlangt í undirbúningi, og það kynni að vera, að fleiri þurfi slíka sjálfskuldarábyrgð fyrir lánum en þeir, sem kunna að vera nú í sigtinu, og ef svo væri, hvort það muni þá vera vilji fyrir því að hækka þessa tölu, ef á þarf að halda.

Fjmrh. (Halldór E. Sigurðsson): Herra forseti. Út af fsp. hv. 5. þm. Vestf. vil ég geta þess, að að því er ég best veit eru 7 skip, sem var nokkurn veginn talið öruggt, að mundu klára sig af þeim skilyrðum, sem sett voru. Ég gat þess í fsp., sem hv. þm. Gunnar Thoroddsen, formaður þingflokks Sjálfstfl., gerði til mín í sambandi við þetta mál, að það mundi verða séð um, að útgerðarmönnum yrði ekki mismunað í þessu, ef þetta rækist á, og það yrði þá athugað á síðara stigi málsins, ef til kæmi.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 11 shlj. atkv. og til fjh.- og viðskn. með 11 shlj. atkv.

Samningur milli Íslands, Danmerkur, Finnlands, Noregs og Svíþjóðar um skrifstofur Ráðherranefndar Norðurlanda og skrifstofu stjórnarnefndar Norðurlandaráðs, frv. (þskj. 72). — 3. umr.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 13 shlj. atkv. og afgr. til Nd.

Almenn hegningarlög, frv. (þskj. 79). — 3. umr.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 13 shlj. atkv og afgr. til Nd.

Jarðalög, frv. (þskj. 48). — Frv. 1. umr.

Steinþór Gestsson: Herra forseti. Það er nú orðið nokkuð um liðið, síðan þetta frv. var hér til meðferðar og hæstv. landbrh. mælti fyrir því hér í þessari hv. deild. Ég hafði þá kvatt mér hljóðs, en það hefur dregist nokkuð, að málið kæmist að til framhaldsumræðu, en ég hef óskað að segja um það nokkur orð.

Eins og fram kemur í grg. þeirri, sem frv. fylgir var það upphaf þess, að lagafrv. er fram komið, að Búnaðarþing mun hafa haft um það frumkvæði að óska eftir, að ýmsir lagabálkar varðandi landbúnaðinn yrðu endurskoðaðir. Með tilliti til þess skipaði landbrh., eins og kemur fram í grg., n. til að endurskoða þessi lög, og urðu það fjórir lagabálkar, sem hún fékk fyrirmæli um að taka til meðferðar í því sambandi.

Það má einnig sjá á grg., að n. hefur kynnt sér, hvernig staða þessara mála er í nálægum löndum, og er sagt frá því hér með frv.

Þetta frv., ef að l. verður, felur í sér æði mikl-

ar breytingar frá þeim lagafyrirmælum, sem í gildi eru nú, en sú breyting er gagngerust, sem viðkemur því, á hvern hátt staðið er að skipulagningu á jörðum í strjábýlinu. Eins og málum er nú háttað, er það fyrst og fremst landnámsstjórn, sem hefur þessi mál með höndum, og hirði ég ekki að rekja það sérstaklega, hvernig hún hefur staðið að því. Þess gerist ekki þörf. Það hefur komið fram í ræðum manna varðandi önnur mál hér í þingi, hvernig því hefur verið háttað. En það er annað, sem ég tel eðlilegt og rétt að láta koma hér skýrt fram, og það er það, að skipulagsmál, hvort sem þau eru í þéttbýli eða strjálbýli, eru skv. lögum til endanlegrar ákvörðunar hjá sveitarstjórn, og ég hygg, að það sé mjög eðlilegt og réttmætt, að því ráði sé haldið, að það séu fulltrúar, sem kosnir eru af almenningi, sem að síðustu segja til um það, hvernig skipulagi er háttað, hvort sem er í dreifbýli eða þéttbýli.

Ég verð að segja það, að í þessu lagafrv., sem hér liggur fyrir, þá sýnist mér, að þessi skipulagsmál í strjábýlinu séu ekki tekin nægilega föstum tökum, ekki nægilega skýrt og greinilega, og hefði ég vænst þess, að það yrði þó gert, þegar þessi lög kæmu til endurskoðunar, ekki síst fyrir þá sök, að það má heita, að það sé sama, hvers konar fundir eru haldnir, þar sem annaðhvort sveitarstjórnarmenn eða bændur eru saman komnir, þá hníga allar ræður að því, að nauðsynlegt sé að koma á ákveðnara og fastara skipulagi í þeim málum heldur en verið hefur til þessa. Og mér sýnist, eins og ég sagði áðan, að það lagafrv., sem hér er til umr., taki þessi mál allt of lausum tökum.

Í 3. gr. frv. er gert ráð fyrir því, að landbrn. sé eins konar yfirskipulagsstofnun fyrir strjálbýlið, þar sem því er ætlað að halda skrá yfir allar jarðir og ábúendur jarða og það á að sjá um, að gerðir verði, eftir því sem aðstæður leyfa, uppdrættir að sveitum landsins, þar sem m. a. verði mörkuð landamerki jarða og land greint eftir notagildi landbúnaðar. Þetta er eins konar skipulagning á landinu, sem rn. er ætlað að sjá um, en ákaflega er þetta losaralegt að mínum dómi.

Þá er komið inn á skipulagsmálin einnig í 6. gr. frv., þar sem ætlast er til, um að byggðaráðin geri till. um úthlutun landssvæða til ræktunar, byggingar sumarbústaða og almennra útilífsnota, þar sem þörf er talin fyrir land í því skyni. Þar er gert ráð fyrir, að byggðaráðin hafi tillögurétt í þessum efnum. Án tillits til þess, hvaða verkefni byggðaráðin hafa að öðru leyti, þá sýnist mér, að þarna sé um lausatök að ræða og aðeins gert ráð fyrir því, að till. séu gerðar um þetta, en ekki nefnt til hvaða aðila sú tillögugerð á að vera.

Þá er einnig í 13. gr. talað um skipulagsmál í sveit. Þegar byggðaráð till. um skipulagsmál í sveit, skal það gert í samráði við Búnaðarfélag Íslands og hlutaðeigandi náttúruverndarnefnd.

Í þessum gr., sem ég hef hér minnst á, er komið inn á skipulagsmálin, og þau eru, að því er mér sýnist, í allt of lausu formi. Mig furðar á því, að það skuli ekki vera ákveðin fyrirmæli um það, að hvergi skuli vera um það getið sérstaklega, að að lokum séu skipulagsmálin þó til

ákvörðunar hjá sveitarstjórn. Það teldi ég, að væri mjög eðlilegt. Hins vegar tel ég eðlilegt, að t. d. Búnaðarfélag Íslands eða einhver hliðstæð stofnun hafi sitt að segja um skipulagsmálin á bújörðum, en ég tel aftur á móti vafasamara, að þörf sé á því að bera slíka hluti undir náttúruverndarnefnd. Ég held það væri eðlilegra, að náttúrverndarnefndir öfluðu sér upplýsinga um það, hvernig skipulagsmálum væri háttað á hinum einstöku stöðum.

Ég tel, að í frv. þyrfti að ganga miklu betur frá þessum hlutum, eins og ég hef lítils háttar vikið að.

Ég furða mig ekki svo mjög á því, þó að ekki séu ákveðnari fyrirmæli um skipulagsmálin í þessu frv. en hér er vikið að, þar sem mér sýnist, að sú n., sem hefur samið það, þótt hún hafi átt viðræður við ýmsa aðila varðandi þetta viðfangsefni sitt, hafi ekki haft neitt samráð við landnámsstjórn um þetta atriði, og tel ég það gegna furðu, þar sem landnámsstjórn eða landnámsstjóri er sá eini aðili, sem einhverju verulegu ráði hefur fengist við að kryfja það til mergjar, á hvern hátt eigi að skipuleggja jarðeignir utan þéttbýlisstaða. Þetta þykir mér vera furðuleg afgreiðsla hjá n., og að sjálfsögðu verður ekki gengið þannig frá þessu lagafrv., að ekki verði leitað til þess aðila um umsögn um þetta atriði

Gert er ráð fyrir því í þessu frv., að það þurfi að setja reglur um sumarbústaði, og það er alveg rétt. Það hefur margsinnis verið á það bent, að þess þurfi við, og það er fyllilega kominn tími til að gera það. Ég tel, að þá þurfi að setja miklu ákveðnari fyrirmæli um sumarbústaði í lög en nú er, og ég er ekki frá því, að þetta sé einmitt sá lagabálkur, þar sem þau ættu fyrst og fremst að koma inn í.

Ég er þeirrar skoðunar, að þar sem sumarbústaðir hafa komið upp skipulagslaust, hafi þeir og þau hverfi, sem þannig hafa myndast, víða orðið til þess að torvelda búskap á nærliggjandi jörðum og torvelda búskap á ótrúlega stóru svæði í kring. Ég hefði þess vegna talið mjög athugandi, hvort ekki hefði átt einmitt að setja ákveðnari fyrirmæli inn í þessi lög, þar sem þau virðast eiga að þjóna að verulegu leyti því að vera eins konar skipulagslög fyrir þéttbýlið einnig. En eins og ég hef þegar sagt, eru þessi fyrirmæli allt of losaraleg, að mér sýnist í þessu lagafrv.

Þá er gert ráð fyrir því í þessu frv., að sett verði á stofn byggðaráð, sem svo eru kölluð, og er II. kafli frv. um byggðaráðin. Byggðaráðunum er ætlað viðamikið verkefni, sem nánar er skilgreint í þessum kafla, og tel ég ekki ástæðu til þess að fara út í það í einstökum atriðum að þessu sinni. Ég mun aftur á móti nota mér þann rétt, sem ég hef til þess að kryfja þetta mál allt til mergjar í þeirri n., sem lagt er til, að málið gangi til, og mun þess vegna spara mér tíma að þessu sinni. Ég get þó ekki komist hjá því að benda á það, að í aths. með frv. er sagt, að hliðstæð byggðaráð séu í Noregi, og er það rétt. Í Noregi eru byggðaráð í hverju fylki. Í Svíþjóð eru einnig byggðaráð í hverju léni, en til þess ber þó að líta, að fylkin í Noregi og lénin í Svíþjóð eru harla stór. Ég veit ekki vel, hvað þau eru stór eða hvað innan þeirra eru margir bændur, en ég hygg, að þar séu ólíku saman að jafna og í sýslum hér á Íslandi, a. m. k. sumum þeirra.

Að vísu er ekkert í frv., sem bannar það, ef samkomulag er um, að láta byggðaráð ná yfir nokkru stærra svæði.

Einnig er bent á það í þessu lagafrv., að um leið og byggðaráð eru sett í sýslunum eftir þessum l., þá séu lagðar niður jafnmargar landnámsnefndir í landinu. Þetta er að sjálfsögðu rétt. En þarna er mjög ólíku saman að jafna, þar sem byggðaráðum er ætlað að vera mjög virk og hafa mikið starfssvið, og þau munu koma til með að vera með fingurinn á æði mörgum málum á hverju ári á sínum svæðum. Til þess er ætlast í frv., að kostnaður við störf þessara byggðaráða greiðist að hálfu af viðkomandi sýslu og búnaðarsambandi og að hálfu af ríkissjóði, og er gert ráð fyrir því, að landbrh. ákveði þóknun til byggðaráðsmanna.

Ég hygg, að það væri alveg andstætt þeirri reynslu, sem menn hafa af störfum nefnda og ráða, ef þarna verður ekki um verulegan kostnað að ræða. Aftur á móti er það svo, að landnámsn., sem fyrir eru á sams konar svæðum, hafa haft til þess að gera mjög lítil verkefni. Þær hafa aðeins verið ráðgefandi gagnvart landnámsstjórn um vissa, takmarkaða þætti skipulagsmálanna og verið, að ég hygg, að mestu eða öllu leyti ólaunaðar.

Ég hygg, að það sé líka með öllu óþarft að byggja upp byggðaráðin úti um allt land og það sé einnig óeðlilegt að fá þeim í hendur jafnmikið vald og ráð er fyrir gert í þessu frv. Það er meira en það, að það eigi að bera undir þau öll skipulagsmál í sveitum og ráðstöfun lands að því leyti til. Þau eiga einnig að gefa leyfi sitt til ráðstöfunar fasteigna, eins og það er nefnt í frv., og virðist mér, að það eigi jafnt við um leigu og ráðstöfun við eignaskipti. Eins og atvinnuháttum er nú komið, er tilflutningur fólks örari en áður. Það er á meiri hreyfingu en verið hefur, og ég hygg að hér verði um miklu fleiri mál að ræða en menn órar fyrir, þegar litið er fljótt yfir þetta sakleysislega frv. Verkefni þeirra er svo viðamikið, að t. d. í 11. gr. er gert ráð fyrir, að óheimilt sé að þinglýsa skjölum varðandi ráðstöfun eignar, sem lög þessi taka til, nema þau séu árituð af byggðaráði, og ég hygg, að það, sem hér hefur verið bent á, nægi til að sýna, hversu viðamikið og viðkvæmt það starf er, sem byggðaráðunum er ætlað að inna af hendi.

Ég er ekki að leggja til, að algert eftirlitsleysi sé með þessum hlutum. En ég hygg, að það séu fyrir í landinu þær stofnanir, sem séu fullfærar um að gefa yfirstjórn þessara mála fullkomnar upplýsingar og hollar ráðleggingar, og á ég þá sérstaklega við sveitarstjórnirnar, sýslunefndirnar og búnaðarsamböndin.

Ég verð að segja það, að ég tek till. um byggðaráðin með mjög mikilli varúð, svo að ekki sé meira sagt. Ég tel, að þau séu óþörf, og ég tel, að þeim sé ætlað að vera með fingurinn á allt of mörgum málum og margvíslegum, til þess að ég sé tilbúinn að samþykkja þeirra erindisbréf í því formi sem frv. segir til um.

Þá langar mig aðeins að koma hér að öðrum

hlutum í þessu sambandi. Það er um forkaupsrétt jarðeigna eða fasteigna, sem þessi lög eiga að ná til. Það er í 23 gr., sem gert er ráð fyrir því, að sveitarstjórn hvers sveitarfélags, sem eign er í, sem boðin er til sölu, eigi að henni forkaupsrétt, nema í vissum tilvikum, sem eðlileg eru. Þetta ákvæði er í l., og undan því hefur verið kvartað, að það hafi verið erfitt fyrir sveitarfélögin að hagnýta sér þennan kauparétt, og þannig mun það nú vera, að í æðimörgum tilfellum er það erfiðleikum bundið. En ég sé ekki, að það frv., sem hér liggur fyrir til umr., leysi þann vanda að neinu marki. Það er að vísu gert ráð fyrir því, að Jarðasjóður, sem gert er ráð fyrir að efla, hafi heimild til þess að aðstoða sveitarfélög við að ná eignarhaldi á jörðum, og er út af fyrir sig ekki nema gott um það að segja og mikilvægt, að sveitarfélögin geti snúið sér til einhvers ákveðins aðila um fyrirgreiðslu til þessara hluta. En ég sé ekki betur en að hann sé alls ófær um að veita þarna nokkra aðstoð, sem talandi er um, eins og ætlast er til að byggja Jarðasjóð upp. Jarðasjóði er ætlað að kaupa jarðir fyrir ríkissjóð, og honum er einnig ætlað að vera sveitarfélögunum til aðstoðar í þessu efni. En það fjármagn, sem Jarðasjóði er ætlað, sýnist mér ekki vera nema 12. millj. kr. á ári, og með þeirri verðþenslu, sem er, og því verði, sem almennt er á jörðum, hygg ég, að þessi upphæð muni ná skammt. Það er því enginn vafi á því, að þetta atriði þarfnast nánari athugunar.

Þá er gert ráð fyrir því, að ákvæði frv. þessa um forkaupsrétt komi ekki til framkvæmda í vissum tilvikum, eins og ég gat um áðan. Ég hygg, að það sé röng stefna, sem kemur fram í 28. gr. frv., þar sem segir í 2. lið, að ákvæði þess um forkaupsrétt komi ekki til framkvæmda, þegar ríkissjóður ráðstafar fasteignaréttindum. Mér finnst, að það þyrfti að athuga, hvort ekki ætti að vera í l. eitthvað um það, að sveitarfélögin ættu forkaupsrétt, jafnvel þó að það sé ríkissjóður, sem selur, ef hann ætlar á annað borð að fara að selja fasteign. Alla vega ættu þau að gefa umsögn um slíkar sölur. Ég tel, að þetta atriði þurfi að athuga nánar.

Það er gert ráð fyrir því í 31. gr. frv., að ábúendur ríkisjarða og jarða í eigu opinberra stofnana og sjóða hafi rétt til að fá ábúðarjarðir sínar keyptar, ef þeir fullnægja tilteknum skilyrðum. Þar er m. a., að þeir hafi búið minnst 10 ár á jörðinni og þeir ætli að gera jörð sína að óðali og þar fram eftir götunum. Ég hef ekkert við þetta að athuga. En í þessari lagagr. segir svo á einum stað, „að námaréttindi og réttur til efnistöku skulu undanskilin sölu, sömuleiðis vatns- og jarðhitaréttindi umfram heimilisþörf, ásamt nauðsynlegri aðstöðu til að hagnýta þau réttindi".

31. gr. sem sagt gerir ráð fyrir því, að það sé heimilt að halda eftir ýmsum hlunnindum, sem jörðinni fylgja. Ég sé ekki, að þetta sé eðlilegt, og ég sé ekki heldur, að þetta sé í samræmi við aðrar gr. í þessu frv., og vil ég þá sérstaklega benda á 42. gr., sem fjallar um óðalsjarðir, en þar segir svo, með leyfi forseta:

„Þegar jörð er gerð að ættaróðali, skal skylt að láta fylgja henni hlunnindi og annað það, er jörðinni hefur fylgt og jarðeigandi á, enn fremur afurðir, sem framleiddar eru á jörðinni" o. s. frv.

Þarna sýnist mér að stangist algerlega á þessar tvær greinar, og ég fyrir mitt leyti er ekki í vafa um það, að ég tel sjálfsagt að halda ákvæði 42. gr., en fella niður það, sem um þetta er sagt í 31. gr.

Ég þarf ekki að vera ýkja margorður um þetta lagafrv. umfram það, sem ég hef þegar sagt um það, og þá með sérstöku tilliti til þess, að ég hef tækifæri til þess að ræða þessi mál frekar og koma að sjónarmiðum í þeirri n., sem frv. fær til athugunar.

En þó eru hér eitt eða tvö atriði enn, sem ég vil koma lauslega að, og það er enn um sölu á jarðeignum. Það er sagt t. d., að við ákvörðun kaupverðs skuli af hálfu kaupanda höfð hliðsjón af gangverði hliðstæðra jarða, sé þess kostur, og fjármunum þeim, sem eigandi hefur lagt í jörðina. Náist ekki samkomulag um kaupverð, er hvorum aðila um sig heimilt að óska mats á jörðinni samkvæmt ákvæðum 39. gr. Þetta er að því er varðar sölu til Jarðasjóðs. Enn fremur er gert ráð fyrir í 37. gr., að ef ekki náist samkomulag um verð milli Jarðasjóðs og kaupanda, sé hvorum aðila um sig heimilt að óska mats n. þeirrar, sem starfar samkv. 39. gr., en þar er gert ráð fyrir því, að landbrh. skipi 3 menn í n. til fjögurra ára í senn til að meta kaupverð jarða, sem Jarðasjóður áformar að kaupa og mats er óskað á.

Á fleiri stöðum í frv., þar sem fjallað er um kaup og sölu, er gert ráð fyrir því, að það megi krefjast mats og að matið megi jafnvel ekki taka mið af gangverði á fasteignum, þótt vitanlegt sé að hægt sé að fá það fyrir þær við sölu. Ég tel, að þetta ákvæði sé mjög varhugavert og vafasamt sé, að það geti staðist. Það er getið um það í 37. gr., að sé söluverð eignar óeðlilega hátt miðað við líklegt raunverð að áliti byggðaráðs, geti forkaupsréttarhafi krafist mats dómkvaddra manna á eigninni, og gildir það þá sem söluverð. Það er öllum vitanlegt, að mikil þensla í þessum efnum getur verið hættuleg og afdrifarík, en þó eru takmörk fyrir því, hvað langt á að ganga í því að mínum dómi að taka fyrir sjálfsforræði þeirra, sem eignir eiga. Ég hygg t. d., að það þætti ekki eðlilegt um eign, sem stendur í þéttbýli, að það yrði sett í lög, að verð hennar skyldi fært niður svo og svo mikið, ef það þætti óeðlilegt, að hún gæti hækkað svo í verði fyrir tilverknað þess, sem eignina á. Ég lít til þess, að í ýmsu þéttbýli hafa verið seldar gamlar húseignir, en ef húsin standa á lóðum, sem eru taldar vera mikilvægar, þá hafa þessar eignir gjarnan margfaldast í verði á fáum árum, og ég hef aldrei heyrt því fleygt, að það væri nauðsynlegt að setja um það lög, sem ganga á móti þessari þróun. Ég vil þess vegna vara við því, að þetta verði gert í sambandi við bújarðir.

Í þessu frv. er gert ráð fyrir því einnig, að til þess að fá að kaupa jörð eða búa á henni þurfi viss skilyrði, og það er ekki nema eðlilegt, að svo sé. Í Danmörku eru um þetta ákveðin skilyrði. Ég man, að hæstv. landbrh. minntist á þau

í sinni ræðu, og hér eru sett fram nokkur slík. Ég held, að það þyrfti að skoðast, hvort ekki væri ástæða til að koma þar inn í einhverju formi einu skilyrði, sem er mér mjög mikið áhugaefni, að gæti orðið virkt, og það er, að hver sá maður, sem vill stunda búskap á Íslandi, hefði til þess tilhlýðilega menntun. Ég veit, að þetta er dálítið erfitt og viðkvæmt að taka á, en ég tel, að sé mjög nauðsynlegt, og það verður því nauðsynlegra sem landbúnaðurinn verður margslungnari, sem hann óhjákvæmilega verður eins og aðrar atvinnugreinar í landinu.

Herra forseti. Ég ætla nú að fara að stytta mál mitt. En ég vil að lokum aðeins segja það, að ég sé ekki, að ég geti mælt með því, að frv. gangi fram í þeirri mynd, sem það er hér sett fram. Ég hef reynt að skýra það í nokkru í þessum orðum, sem ég hef hér látið falla um það. Ég sé ekki, að það sé nein knýjandi ástæða til þess að fella úr gildi þau lög, sem gilda um landnámsstjórn og landnám ríkisins, sem er sá eini aðili, sem til þessa hefur verið falið að sjá um skipulagsmálin í strjálbýlinu. Ég sé ekki heldur, að það sé nein ástæða til þess — og það er áreiðanlega rangt — að ganga fram hjá sveitarstjórnunum í þessu efni, sem eru og eiga að vera hinn endanlegi ákvörðunaraðili um skipulagningu á landi. Ég sé ekki, að það fyrirkomulag, sem hér er gert ráð fyrir að leggja niður, landnámsstjórn og Landnám ríkisins, en fella verkefni þess undir eitt rn., verði til hagsbóta fyrir strjálbýlið í landinu.

Ég mun beita mér fyrir því í landbn., að þetta frv. verði sent til umsagnar til margra aðila, m. a. til sveitarstjórna í landinu, því að svo mjög sem þetta tekur inn á verksvið þeirra, þá er nauðsynlegt, að álit þeirra liggi fyrir um það, hvernig þær vilja ráðstafa þessum málum, svo mikilvæg sem þau eru fyrir þau.

Helgi F. Seljan: Herra forseti. Hér er á ferð mikill lagabálkur, og án efa er hann um margt mjög til bóta frá eldri l. um þetta efni. Ég vil strax taka það fram, að ég tel, að hér um hafi fjallað þeir menn, sem ég treysti mætavel til þeirra verka gagnvart íslenskum landbúnaði að fjalla um þessi mál, sem eru að mörgu leyti viðkvæm fyrir bændastéttina. Sjálfur er ég ekki nógu vel að mér í ýmsum þeim greinum, sem þarna er á minnst, til þess að ég geti við þessa umr. farið náið út í þau atriði. En ég get verið stuttorður vegna þess líka, að ég fæ tækifæri til að fjalla um málið í hv. landbn.

Það hefur blandast mjög inn í umr. um þessi jarðalög nú þau jarðakaup, sem hafa verið mjög á dagskrá að undanförnu, og það hlýtur auðvitað að vera svo, að þeir atburðir, sem mest hafa verið ræddir undanfarið, blandist nokkuð hér inn í. Ég vil taka það fram út af því máli, að það er sannarlega nauðsynlegt, að bændur fái réttlátt verð fyrir sínar jarðir. En því miður hefur það verið svo, að það hefur verið miklu algengara, að þeir hafi ekki fengið sannvirði fyrir jarðir sínar. Og allt of mörg dæmi hafa verið um það, að bændur hafi hreinlega orðið að skilja jarðir sínar eftir í eyði, án allra möguleika til þess að hafa af þeim minnsta afrakstur, hvað þá sanngjarnt verð fyrir oft áratuga strit. Það er alveg rétt, að þessir aðilar vilja oft gleymast í öllu talinu um hina, sem vegna alls konar hlunninda eða t. d. nálægðar við þétt býli hafa grætt ómældar fúlgur án allrar verðskuldunar. Það er líka rétt að taka það fram, að slík auðsöfnun er óveruleg hjá bændastéttinni eða hefur verið svo. Þar hafa aðrir aðilar verið stórtækari. Fasteignabraskarar höfuðborgarsvæðisins eiga þar skráð og óskráð met í illa fengnum auði. Ég vil hins vegar taka fram, að það hlýtur að vera sjálfsagt einnig hér að stemma stigu við óeðlilegri eignamyndun, og því get ég stutt að sjálfsögðu till. hv. 4. þm. Norðurl. v. um hömlur við því, að jarðeignir geti farið upp úr öllu valdi, enda tel ég, að sá tillöguflutningur hans sé mjög í samræmi við þann tillöguflutning hans á Alþ. í fyrra, sem náði því miður ekki fram að ganga, þar sem hann lagði til lagasetningu, sem legði hömlur á óeðlilega hækkun fasteigna yfirleitt.

Ég vildi aðeins varpa nokkrum atriðum hér fram í sambandi við byggðaráðin, sem hér er lagt til, að séu stofnuð. Ég get út af fyrir sig fagnað því, að þau séu stofnuð. Valddreifing út á landsbyggðina hlýtur að vera okkur öllum, sem þar búum, fagnaðarefni, í hverju svo sem hún er fólgin. En þegar um mikið valdssvið er að ræða, eins og mér skilst að þessum byggðaráðum sé ætlað, þá hlýtur að vera mikil spurning um það, bæði hvað margir skuli sitja í þessum byggðaráðum, hverjir skuli tilnefna þá og hve langur starfstími þeirra skuli vera. Það kæmi t. d. mjög til álita, þó að það kynni að þykja þyngri í vöfum, að hafa þarna ekki 3 menn, heldur 5 menn. Þá kæmust að fleiri sjónarmið. Eins er ég mjög efins um, að rétt sé, að sýslunefndir tilnefni þarna menn, þó að ég sé ekki reiðubúinn á þessari stund til að nefna þar til aðra aðila. Ég tel t. d. fullkomlega jafneðlilegt, að búnaðarsamböndin tilnefndu báða mennina, alveg eins og sýslunefndirnar, vegna þess að sýslunefndirnar eru í mörgum tilfellum hrörnandi fyrirbæri, meira að segja ýmsir sýslunefndarmenn telja sjálfir, að þær séu orðnar til lítils gagns og hafi lítið hlutverk í þjóðfélaginu. Þarna koma einnig inn í möguleikar á því, að Landshlutasamtök sveitarfélaga ættu þarna í staðinn að nefna til fulltrúa. Það kæmi einnig vel til álita. En vegna þess að þetta er miðað við sýslur, er kannske eðlilegt, meðan sýslunefndir eru, að þær tilnefni fulltrúa. Engu að síður verð ég að segja það, að þarna hlýtur að verða breyting á, og því vil ég gjalda nokkurn varhug við því, að þessar á margan hátt hálfdauðu nefndir séu að tilnefna menn í byggðaráð.

Ég vil líka víkja að því varðandi 7. gr. í sambandi við byggðaráðin, þar sem er verið að tala um þau atriði, þar sem ekki þarf að afla samþykkis byggðaráðsins, að í 4. tölulið er um að ræða mjög stóran og veigamikinn þátt í hlunnindum ýmissa jarða, þegar veiðifélög ráðstafa veiðiréttindum. Ég tel það vel athugandi einmitt, að byggðaráðin hafi einhver afskipti af þessu einnig. Hér er um mjög verðaukandi hlunnindi að ræða, sem alls ekki er nein sérstök ástæða til, að mér finnst, að kippa

undan valdsviði byggðaráðs, eins og reiknað er með að það verði víðtækt að öðru leyti.

Ég hef ekki farið *nákvæmlega yfir* þetta frv., en ég rak mig fljótt á það, þegar ég fór að lesa það, að þá kom enn upp í mér gamall mótþrói, sem á skylt við VI. kaflann um hinar svokölluðu óðalsjarðir. Nú er mér sagt það af fróðum mönnum, að l. um þessar óðalsjarðir hafi verið sett m. a. til þess að hindra brask með þessar jarðir og annað því um líkt, og hefur þá sjálfsagt verið um góðan og göfugan tilgang að ræða. Hitt verð ég að segja, að út af fyrir sig hef ég mestan vilja til að fella þennan kafla um óðalsjarðirnar algerlega niður. Mér finnst í þessu gæta einhverrar fordildar, einhverra forréttinda. Ég hef *yfirleitt aldrei skilið það nógu vel. Vænti ég* þess þá, að þeir bændur, sem e. t. v. eru jafnvel einnig óðalsbændur, sem eiga með mér sæti í hv. landbn., geti þá útskýrt það fyrir mér, hvaða aðstaða veldur því, að einhver ástæða er til þess að vera skipta bændum í óðalsbændur og almenna bændur. Það minnir mig nefnilega alltaf á óðalsbóndann, sem flutti ræðu austur á landi einu sinni, og sagði í frægri ræðu austur þar, að óðalsbændurnir væru afkomendur hinna fornu norrænu víkinga, en hinir væru afkomendur írsku þrælanna. Ég skal játa, að ég dreg auðvitað mismuninn á ættgöfgi í sambandi við þetta mjög í efa. En það leyndi sér ekki meining þessa ágæta manns, þegar hann var að tala um þann gífurlega mismun, sem þarna væri á ættgöfgi. En nóg um það. Ég fæ tækifæri til að fjalla um þetta mál allt í n., og þar er m. a. sá maður, sem vann mest að samningu þessa frv., og ég efast ekki um, að ég fái þar fullnægjandi skýringar bæði á þessu atriði og fleirum, sem vissulega þarf að fá skýringu á.

Fjmrh. (Halldór E. Sigurðsson): Herra forseti. Ég vil leyfa mér að byrja mál mitt á því að þakka þær undirtektir, sem þetta frv. hefur fengið hér í hv. d., og vona, að það spái góðu, að það komi út úr d. betra en það fór til hennar, því að vafalaust má betrumbæta það frá því, er það var lagt fram, enda þótt ég áliti, að það hafi verið vel unnið, sem ekki er að undra, þar sem fengnir voru til þess hinir færustu menn. Yfirleitt hefur frv. verið lagt fram eins og þeir og þeir aðilar aðrir, eins og Búnaðarþing og Stéttarsamband bænda, hafa lagt til, að gert yrði. Af hálfu landbrn. hafa ekki verið gerðar þær breytingar, sem hafi ekki fallið saman við tillögugerð þessara aðila. Ég mun því ekki fara að fara hér út í neinar kappræður í sambandi við það, sem fram hefur komið í ræðum þeirra tveggja hv. þm., sem hér hafa talað. Ég vil aðeins gefa skýringar á því, hvernig ég skil sum atriði, sem þar var drepið á, og snúa mér þá fyrst að ræðu hv. 6. þm. Sunnl., Steinþórs Gestssonar.

Hann benti á það, að honum fyndist ekki, hvað skipulagsmál varðaði, að tekið væri nóg tillit til sveitarstjórna við tillögugerð þar að lútandi frá hendi byggðaráðs. Ég lít svo á, að í 2. tölulið í 6. gr. frv. sé nú tekið fram eða þar komi ábending um, það, í hvaða átt byggðaráðin eigi að stefna sínum tillögum, þegar þau gera till. um skipulagsmál. Þar segir svo, með leyfi hæstv. forseta: „Stuðla að skipulagi í dreifbýli, m. a. með ábendingum og tillögugerð til sveitarstjórna. Ég sé ekki annað en að hér sé verið að benda til þess, sem á að fylgja eftir í þessu frv., þó að það sé ekki tekið fram í einstökum gr. þess. Það er sveitastjórnin, sem á að fá þessa tillögugerð. Og eðlilegasti mátinn finnst mér vera sá, að samráð sé haft bæði við Búnaðarfélagið og sveitarstjórn viðkomandi byggðarlags um þau skipulagsatriði, sem þarna verður um fjallað.

Hv. 6. þm. Sunnl. taldi, að um þetta væri ekki nógu ákveðin ákvæði, og að hans dómi var ekki heldur nógu ákveðið, hvernig með skyldi fara *skipulag í sambandi* við sumarbústaði. Mér sýnist, ef hv. n. finnst, að svo sé, að hér þurfi að vera ákveðnari fyrirmæli en þarna kemur fram, þá sé auðvelt að leysa það. En ég skil atriðin þannig, að það sé samstarfið á milli byggðaráðanna, sveitarstjórnanna, Búnaðarfélagsins, náttúruverndarnefnda, sem eigi að ráða um niðurstöður skipulagsgerðartillögum.

Þá er það rétt hjá hv. 6. þm. Sunnl., að auðvitað er ólíku saman að jafna um fólksfjölda hjá okkur hér í sýslufélögunum eða lénunum og fylkjum í Noregi og Svíþjóð. En það má margt um okkar þjóðfélag segja, og ef við ætluðum að miða við það, þá mundi vera auðvelt að halda því fram, að 200 þús. manna þjóð gæti ekki heldur verið sjálfstæð þjóð. Þess vegna verðum við að halda okkur við það, sem er, og við byggjum okkar skipulag á því, að 200 þús. manns hafa hér stjálfstætt þjóðfélag og reyna að fylgja eftir kröfum tímans eins og stórþjóðirnar gera í verulegu mæli.

Fyrirkomulagið við skipun þessara byggðaráða kom hv. þm. inn á, og einnig kom það fram í ræðu hv. þm. Helga Seljan, að hann taldi, að ekki væri rétt, að sýslunefndir kysu í þetta ráð, þar sem þær væru það veldi, sem sennilega væri nú að *ganga sér til húðar*. Nú skal ég engu um það spá, hvernig það gerist, að sú breyting verði á, þó að nokkuð hafi verið um það rætt að breyta því skipulagi og megi með réttu segja, að það sé víða orðið nokkuð úrelt. Hér er hins vegar, að minni hyggju, sýslunefndin látin koma fram sem sveitarstjórnaraðili. Það er líka lögð nú kvöð á sýlusjóðina að greiða ¼ af kostnaði við byggðaráð, *og þá er eðlilegt, að þeir eigi* að hafa þar ráð líka, en ekki bara kostnað. Ef ætti að breyta þessu, hefði mér litist langbest á þá breytingu, að tveir mennirnir, þ. e. búnaðarsambandsmaðurinn og sá, sem væri skipaður af rn., væru fastir í þessu, hins vegar gæti þar komið inn frá viðkomandi sveitarfélagi 3. aðilinn, þegar um málið væri fjallað í því byggðarlagi. Ég er ekki að segja, að þessi aðferð þurfi að vera betri, en mér fyndist, að það væri raunverulega eina breytingin, sem gæti verið hugsanleg, ef ætti að fella sýslurnar út. Það verður að segja eins og er, að það getur hljómað mjög illa. Ég álít t. d., að sýslunefnd Árnessýslu hafi leyst mjög vel og myndarlega ákvörðun sína um dagsinn í sambandi við það deilumál, sem kom upp á Selfossi, með því að skjóta því heim til Selfyssinga sjálfra. Ég tel það miklu hyggilegra en

að fulltrúi úr Grafningnum eða Þingvallasveit, Hreppunum og hvaðan það er nú, sem þeir eru, úr þeim ágætu sveitum, hefði farið að fjalla sérstaklega um málefni Selfoss, eins og var í þessu tilfelli. Þess vegna fyndist mér, að það væri atriði, sem hv. n. gæti skoðað, hvort henni litist á, að betur mætti fara. Ég segi fyrir mig, að frá mínum bæjardyrum séð skiptir mestu máli, ef þetta frv. verður að lögum, sem ég vona að verði, að það verði sem best úr garði gert og komi sem best frá þinginu, en ekki, að það sé hangið í einhverjum formsatriðum, sem kannske skipta ekki verulegu máli.

Þá gat hv. 6. þm. Sunnl. þess, að framlagið til Jarðasjóðs ríkisins væri lítið, eða hækkun þess væri lítil, miðað við þau verkefni, sem sjóðurinn ætti að inna af hendi. Það er svo með fleiri hækkanir í sambandi við fjárlagaafgreiðslur, að mönnum finnst lítið, þegar þeir taka eitt og eitt mál, þótt það hækki um 100%, eins og gert er ráð fyrir í þessu tilfelli. Hins vegar þegar summan er lögð saman, þá er þetta orðin veruleg hækkun. Ég verð nú að segja það, að mér finnst, að 100% hækkun í einu stökki sé verulega mikið, jafnvel þótt ég viðurkenni, að það sé ekki víst, að það nægi til þeirra verkefna, sem á að vinna að. Það er út af fyrir sig, að það getur verið rétt, að það þurfi meira til, og mér finnst, að síðari tímar geti þá leyst það verkefni.

Þá gerði hv. þm. einnig athugasemd við umfjöllun byggðaráðs, þegar ríkissjóður ráðstafaði fasteignum. Ég lít svo á, að þær ráðstafanir ríkissjóðs á fasteignum mundu vera bundnar fyrst og fremst við forkaupsrétt þess, sem á jörðinni sæti, því að það væri hæpið, að ríkissjóður léti landið eða jörðina af hendi, nema annaðhvort til þess, sem á forkaupsréttinn, eða til sveitarfélagsins. Af þeirri ástæðu tel ég, að þetta sé þannig orðað, að það sé hugsað út á þeirri forsendu.

Þá gerði hv. þm. einnig athugasemd við það, að halda eftir náma- og hitaréttindum og vatnsréttindum. Þetta er út af fyrir sig atriði, sem ríkissjóður hefur yfirleitt gert. Það hefur ekki verið talið fært að láta af hendi jörð með slíkum réttindum eins og jarðhita umfram það, sem þarf að nota til jarðarinnar, eða t. d. raforkuréttindum, sem gæti verið, að þyrfti að nýta í almenningsþágu, eða ef um námuréttindi væri að ræða. Það er hins vegar ekki verið með þessu að taka það af viðkomandi jörð, ef þessi hlunnindi eru eingöngu nýtanleg á jörðinni sjálfri, heldur er bara um það að ræða, þegar þetta er orðið meira magn en svo og gæti þurft að nýta það í þágu almennings.

Ég er hv. þm. alveg sammála um, að það beri að láta fylgja jörðunum yfirleitt það, sem þeim fylgir, eins og venjuleg hlunnindi og annað því um líkt. Ég tel mjög fráleitt að aðskilja þetta frá jörð og eigi ekki að gera, en þegar um er að ræða verðmæti, sem gæti þurft að nota vegna almennings, eins og malartekjur vegna vegagerðar, vatnsréttindi vegna raforku og jarðhita vegna varmaveitu eða hitaveitu í nágrenni, þá sé um annað mál að ræða.

Það er alveg rétt hjá hv. 6. þm. Sunnl., að það verður auðvitað að gæta varúðar við, hvað langt á að ganga í því að halda verði í skefjum. Það kom einnig fram hjá hv. þm. Helga Seljan, að bændur hafa yfirleitt fengið of lítið verð fyrir sínar jarðir, heldur en hið gagnstæða. Á þessu hefur orðið veruleg breyting nú upp á síðkastið. Og það, sem er megintilgangur þessa frv., er að tryggja landið fyrst og fremst til landbúnaðar. Þess vegna getur verið nauðsynlegt að setja á þær takmarkanir, sem þetta frv. gerir ráð fyrir, og nágrannar okkar, í Noregi, Svíþjóð og Danmörku, hafa allir talið sér það hina mestu nauðsyn að setja takmarkanir á slíkar sölur. Meira að segja er það svo í Noregi, að það er engin skylda á ríkinu að kaupa jarðirnar, þó að það synji viðkomandi bónda um að selja, af því að því þykir verðið of hátt. Hér er hins vegar gert ráð fyrir því, að keypt verði, og þá er um mat að ræða. Það er ákveðið, að matsmennirnir séu tilnefndir einn af Hæstarétti, annar af Stéttarsambandi bænda og þriðji af landbúnrn. og sá, sem sé tilnefndur af Hæstarétti, sé formaður nefndarinnar.

Ég held, að það orki ekki tvímælis, að það sé reynt að stilla hér mjög í hóf til þess að ná því takmarki, sem er aðalatriði frv., að halda jörð í ábúð og koma í veg fyrir brask með jarðir og halda uppi skipulegri nýtingu á jörðum fyrst og fremst og landi, bæði til búskapar og eins til útivistar og sumarbústaða. Frv. er þannig, að gegnum allt gengur að reyna að ná þessu takmarki, og ég vona, að við athugun muni menn sannfærast um, að það er stefnt með hófsemi í þá átt, og ef betur má fara, þá takist að lagfæra það.

Það er alveg rétt hjá hv. 6. þm. Sunnl., að það ber nauðsyn til að setja inn í lög einhver ákvæði um það, hvaða þekkingu menn þyrftu til að bera til þess að stunda búskap. Það er enginn vafi á því, að svo fjölbreyttur atvinnurekstur sem búskapur er verður ekki rekinn alveg án þekkingar, þegar farið er að setja í lög ákvæði um þekkingu á flestum öðrum sviðum. Og það hlýtur að koma að því fyrr en seinna, að slíkt ákvæði komi í lög.

Ég skal svo ekki orðlengja fleira um það, sem hv. 6. þm. Sunnl. drap hér á, og vona ég, að ég hafi haft hans vinnulag að fara að þessu með hófsemi.

Út af því, sem hv. þm. Helgi Seljan sagði áðan um óðalsréttinn og muninn á venjulegum bændum og óðalsbændum, þá er ég af Írum kominn skv. hans skýringu, — þá er ég ekki viss um, að ég kunni vel skil á því. Hitt veit ég, að ákvæðið um ættaróðul og óðalsjarðir hefur orðið mörgum til trafala í raun og veru og á margan hátt orðið til þess, að jarðir hafa ekki verið nýttar á eðlilegan hátt, og eigendur margra jarða, sem eitt sinn voru undir þetta ákvæði settar, hafa óskað eftir því að losa sig undan þessum réttindum. En þeir eru svo orðhagir á Austurlandi, að ég treysti mér ekki í það, og ætla nú að enda þessi orð mín með sögu, sem ég heyrði af einum sýslunefndarmanni, sem byrjaði ræðu sína á því að segja, þegar hann kom í ræðustólinn: Ég ætla nú að hugsa um þetta mál, en hef ekki haft tíma til þess, — svo flutti hann sína ræðu, og þá varð öðrum að orði, sem einnig var sýslunefndarmaður og sat úti í sal:

„Skyldi ég eiga að leggja honum lið
eða lofa honum bara að mala?
Hann ætlaði að hugsa, en hætti við
og hélt svo áfram að tala.“

Og ég ætla að ljúka máli mínu með þessu.

Steinþór Gestsson: Herra forseti. Ég þarf ekki að lengja þessar umr. neitt verulega, en ég sé ástæðu til að minnast hér á 3-4 atriði í tilefni af orðum hæstv. landbrh.

Hann telur, að með þessum lögum sé engin breyting á orðin, að skipulag á strjálbýlinu muni vera hjá sveitarstjórnunum eins og áður, og vitnaði þar til 6. gr. Það er alveg rétt, að í 6. gr. er gert ráð fyrir því, að byggðaráðin komi með ábendingar og tillögugerð til sveitarstjórna. Aftur á móti er ekkert um það, að sveitarstjórn sé þar ákvörðunaraðili. Ég sé ekki betur en að á sama hátt sé byggðaráðinu gert að hafa samstarf við ýmsa aðra aðila, svo sem Búnaðarfélag Íslands og náttúruverndarnefnd. Ég tel, að með þessum hætti séu skipulagsmálin gerð mjög þung í vöfum og erfiðara og seinlegra að komast að niðurstöðu um þau heldur en vera ætti, og ég tel, að það standi óhaggað, sem ég gerði hér áður, að skipulagsmálin í þessu frv. eru tekin langtum lausari tökum en ég teldi æskilegt og eðlilegt, að verið hefði.

Í öðru lagi hafði hæstv. ráðh. orð á því, að mér hefði ekki þótt nægilega vel að málum staðið að hækka framlag til Jarðasjóðs um 100%. Það er rétt, að ég viðhafi þau orð. Það væri mjög myndarlega og meira en ég get vænst, ef verksviðið væri óbreytt. En ég vil halda því fram, að það sé þýðingarlaust að setja l. um það, að ríki eða einstökum sjóðum sé ætlað eitt og annað verkefni, og ekki séð fyrir þörfum um leið. Þá er sá lagabókstafur, sem verið er að setja, dauður og ómerkur. Og það kann að vera, að Jarðasjóður geti með einhverjum hætti stutt að sveitarstjórnunum, þó að hann hafi ekki meiri fjárráð en þetta, en ég dreg það þó mjög í efa.

Í þriðja lagi langar mig aðeins til að koma inn á það, sem ég minntist á hér um ósamræmið á milli 31. og 42. gr. um hlunnindi af námurétt-indum, þar sem Jarðasjóður má halda eftir, þegar hann selur jörð. Ég gagnrýndi þetta og geri það enn. Það, sem ég lagði sérstaka áherslu á, er ósamræmið, sem er í frv., því að í 42. gr. er tekið fram, að það megi ekki skilja hlunnindi undan jörð, þegar hún er gerð að óðali, svo og annað það, er jörðinni hefur fylgt og jarðeigandi á. Það er ekki síst þetta, sem ég var að gagnrýna. Hitt einnig, að ég tel, að það sé alveg höfuðnauðsyn, að þessi hlunnindi eins og önnur fylgi, sem og 31. gr. gerir ráð fyrir.

Að lokum vil ég benda á, að það kom fram hjá hæstv. ráðh., að það þyrfti fyrst og fremst að tryggja það, að landið þjónaði landbúnaðarframleiðslunni. Það er alveg rétt. En ég dreg mjög í efa, að það sé gert fyrst og fremst með því að hafa miklar hömlur á verðlagsþróun landbúnaðarvara umfram það, sem gerist í öðrum atvinnugreinum. Ég hygg, að ef ekki verður viðurkenndur á sama hátt og í öðrum atvinnugreinum fjármagnskostnaður og fjármagnsþörf þessa atvinnuvegar, þá eigi hann skemmri framtíð fyrir sér en bæði ég og hæstv. ráðh. viljum að verði.

Ég held, að ég þurfi svo ekki að hafa um þetta fleiri orð, en mig langar aðeins í lokin að geta þess út af orðum hv. þm. Helga Seljan, að þó að við hittumst í landbn., þá mun hann ekki hitta fyrir óðalsbónda, þar sem ég er. Það hef ég ekki verið, þrátt fyrir það að mín ætt, hvort sem hún er frá Írum eða víkingum komin, hafi átt heimili á sömu jörð í á þriðja hundrað ár.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 11 shlj. atkv. og til landbn. með 12 shlj. atkv.

Neðri deild, 24. fundur.

Fimmtudaginn 15. nóv., kl. 2 miðdegis.

Umræður utan dagskrár.

Gylfi Þ. Gíslason: Herra forseti. Svo sem kunnugt er af fréttum fjölmiðla, sækja nemendur Fiskvinnsluskólans ekki kennslu þessa dagana. Fundur nemenda Fiskvinnsluskólans hefur samþykkt, að þeir skuli ganga frá námi um óákveðinn tíma til að fylgja eftir kröfum sínum um, að námskeið í fiskiðnaði á vegum Fiskmats ríkisins verði lögð niður, og var till. einróma samþ. og henni framfylgt.

Þessi mál voru til umr. í Sþ. í fyrradag í tilefni af fsp. frá einum hv. þm. Reykv., Pétri Sigurðssyni, og beindi hann fsp. sinni til hæstv. sjútvrh. Þar eð ég tel að athuguðu máli, að upplýsingar, sem fram komu í svörum hæstv. sjútvrh., séu ekki réttar eða a. m. k. mjög villandi, tel ég rétt að beina fsp. um þetta atriði til æðsta manns Fiskvinnsluskólans, hæstv. menntmrh.

Fiskvinnsluskólanum var komið á fót síðasta árið, sem ég veitti menntmrn. forstöðu. Lagasetningin átti sér alllangan aðdraganda, sem ég að sjálfsögðu var nákunnugur sem sá aðili, sem flutti frv. á sínum tíma, en kennsla hófst í skólanum haustið 1971, þ. e. eftir kosningarnar, og samkv. lögum, sem þingið hafði samþ. um vorið, á námið að vera þriggja ára nám.

Ég get upplýst, að það var tilætlunin, þegar l. voru sett, skólastjóri við skólann skipaður, sem var í minni tíð, og störf skólans undirbúin, námskeið í fiskiðnaði á vegum Fiskmats ríkisins yrðu lögð niður. Þess vegna þykir mér mjög ósennilegt, að þessum fisknámskeiðum á vegum Fiskmats ríkisins hafi verið haldið áfram með samþykki og vilja hæstv. núv. menntamrh., þá er eins og skilja mátti af orðum hæstv. sjútvrh. Ef þessum námskeiðum er haldið áfram með samþykki og vilja hæstv. núv. menntmrh., þá er um breytingu að ræða frá þeirri stefnu, sem áður var mörkuð og hafði verið mótuð, þegar l. um Fiskvinnsluskólann voru sett. Þess vegna er fsp. mín til hæstv. menntmrh. þess efnis, hvort við hann hafi verið haft samráð um áfram-

hald námskeiðanna á vegum Fiskmats ríkisins og hvort hann hafi samþykkt það. Sé svo, vil ég vekja athygli á því, að um stefnubreytingu er að ræða frá því, sem talið var rétt vorið 1971, þegar l. um Fiskvinnsluskólann voru sett.

Ástæðan, sem nemendurnir í samþykkt sinni greina fyrir því, að þeir hafa gert hana, er sú, að Fiskmat ríkisins hafi ekki lagalega heimild til að halda slík námskeið sem nú virðast vera haldin. Þeir telja þar gengið á hlut nemenda að halda þriggja vikna námskeið á vegum Fiskmats ríkisins, sem virðast eiga að veita sömu möguleika og þriggja ára strangt nám við Fiskvinnsluskólann. Þeir benda á, að nemendur Fiskvinnsluskólans séu frá öllum landshornum og þurfi ýmist að sækja nám utan af landi allan veturinn eða hafa húsnæði á leigu á Reykjavíkursvæðinu og því sé augljóst, að námið sé mjög kostnaðarsamt. Þeir telja, að áframhaldandi námskeið á vegum Fiskmats ríkisins hafi þá afleiðingu, að skólinn verði ætíð fámennur, það sé ekki eðlilegt, að þriggja ára nám og þriggja vikna námskeið veiti sömu möguleika á réttindum og geti því auðvitað ekki þrifist hlið við hlið.

Þær óskir, sem nemendur Fiskvinnsluskólans hafa sett fram í þessu sambandi og þarf að ræða og taka afstöðu til, áður en skólinn getur aftur hafið störf sín með eðlilegum hætti, er að fá því svarað, hvort áframhald eigi að verða á námskeiðum Fiskmats ríkisins. Ef hægt sé að sýna fram á þörf á verkstjórum og matsmönnum, sé meiri en svo, að nemendur skólans geti sinnt þeim, og námskeið séu því óhjákvæmileg, þá eigi að halda þau á vegum Fiskvinnsluskólans, virðist gefa auga leið, að þetta sjónarmið sé rétt og skynsamlegt. Ef þessi námskeið eiga að veita réttindi, þá eigi þau að vera tímabundin, og virðist þar líka vera um réttmætt og skynsamlegt sjónarmið að ræða.

Ég tel, að nauðsynlegt sé að bina endi á þá leiðu deilu, sem hér er upp komin, og vil því leyfa mér að beina þeirri fsp. til hæstv. menntmrh., hver afskipti hans hafi verið af þessu námskeiðshaldi og hverjar fyrirætlanir ráðh. hafi í því sambandi að setja þessa deilu niður, eins og allir þm. hljóta að vera sammála um, að nauðsynlegt sé.

Menntmrh. (Magnús T. Ólafsson): Herra forseti. Fsp. hv. 7. þm. Reykv. mun ég leitast við að svara og tel þá rétt að rekja í nokkrum orðum aðdraganda þess ástands, sem nú hefur skapast.

Lög um Fiskvinnsluskóla eru frá 15. apríl 1971. Skólanefnd var komið á fót í júlímánuði það ár og skólastjóri settur. Tók skólinn til starfa þá um haustið, er þriggja ára skóli með hugsanlegri tveggja ára viðbót og á að útskrifa fyrstu nemendur sína árið 1974. Fyrstu tvö árin var skólinn í bráðabirgðahúsnæði að Skúlagötu 4, á þessu ári hefur skólinn fengið húsnæði að Trönuhrauni 8 í Hafnarfirði, og er það húsnæði talið henta vel starfsemi skólans.

31. okt. kom skólastjóri Fiskvinnsluskólans, Sigurður Haraldsson, formaður skólanefndar, Guðmundur Magnússon prófessor, og Guðlaugur Hannesson gerlafræðingur, skólanefndarmaður, í menntmrn. og skýrðu frá því, að sjútvrn. eða Fiskmat ríkisins í umboði þess hefði birt svofellda auglýsingu í Ríkisútvarpinu 26. okt.:

„Tilkynning frá Fiskmati ríkisins um námskeið.

Fiskiðnaðarnámskeið sjútvrn. um mats- og gæðaeftirlit á frystum og ferskum fiski og í hreinlætistækni við fiskvinnslu verður haldið í Reykjavík og hefst um miðjan nóv., ef næg þátttaka kemur fram. Þeir, sem óska eftir að sækja námskeiðið, skulu útfylla umsókn á þar til gerð eyðublöð, sem er að fá á skrifstofu Fiskmats ríkisins í Reykjavík og hjá yfirfiskmatsmönnum úti á landi. Eyðublöðin bera með sér, hvaða upplýsinga og gagna er óskað af umsækjendum. Umsóknir þurfa að hafa borist skrifstofu Fiskmats ríkisins eigi síðar en 7. nóv., en eftir þann tíma verður umsækjanda tilkynnt nánar um ákvarðanir í þessu sambandi.

Fiskmat ríkisins“.

Skólastjóri og skólanefndarmenn skýrðu frá því, að nemendur Fiskvinnsluskólans væru mjög áhyggjufullir vegna þessa boðaða námskeiðs, þar sem í 3. gr. l. nr. 55 frá 1971, um Fiskvinnsluskóla, segir svo:

„Skólinn skal starfrækja námskeið fyrir starfsfólk í ýmsum greinum fiskiðnaðarins, og miði þau einkum að því að veita þeim starfsmönnum fiskiðjuvera, er vinna við móttöku og verkun sjávarafla, hagnýta fræðslu um meðferð og vinnslu aflans. Námskeið þessi skulu haldin í verstöðum landsins, eftir því sem við verður komið.“

Fiskmat ríkisins hefur haldið hliðstæð námskeið áður, síðast árið 1971. En með setningu l. um Fiskvinnsluskóla töldu menn eðlilegt, að námskeiðshaldi Fiskmatsins væri lokið og námskeið á þessu sviði mundu verða á vegum Fiskvinnsluskólans, eins og 3. gr. l. um skólann mælir fyrir um. Nú hefur það hins vegar gerst, að sjútvrn. eða Fiskmat ríkisins í samráði við það hyggst efna til námskeiðs, eins og að framan greinir, án alls samráðs við Fiskvinnsluskólann. Ef þörf er fyrir slíkt námskeið, ber tvímælalaust samkv. gildandi l. um Fiskvinnsluskóla að fela honum námskeiðshaldið, en forráðamönnum skólans hafa engar óskir borist um það, hvorki frá sjútvrn., Fiskmati ríkisins né öðrum. Skýring á því hins vegar, að skólinn hefur ekki af sjálfsdáðum efnt til námskeiða hingað til, er sú, að kröftunum hefur verið beint að því að koma skólanum sjálfum á fastan grundvöll. Hann hefur að undanförnu, eins og áður segir, verið í bráðabirgðahúsnæði og búið við þröngan húsakost, en nú er búið að ráða bót á því með húsnæði því, sem fengist hefur í Hafnarfirði.

Í haust heyrði skólastjóri Fiskvinnsluskólans ávæning af því, að fyrirhugað mundi að efna til slíks námskeiðs sem áður getur, og sneri hann sér þá til ráðuneytisstjórans í sjútvrn. og lýsti óánægju sinni með þessa fyrirætlan. Ráðuneytisstjórinn ræddi síðan málið við sjútvrh., að því er skólastjóra Fiskvinnsluskólans var tjáð, og lét skólastjóri síðan í té að beiðni sjútvrn. upplýsingar um skólann í bréfi, dags. í sept. 1973. Eftir að sjútvrn. fékk fyrrgreinda

skýrslu skólastjóra Fiskvinnsluskólans, var ekkert samband við hann haft, og það næsta, sem skólastjóri heyrir um málið, er auglýsing um fyrirhugað námskeið, sem birt var í Ríkisútvarpinu, eins og áður segir, föstudaginn 26. okt. s. l. Þess má einnig geta, að hvorki sjútvrn. né Fiskmat ríkisins hafa haft samband við menntmrn. um þetta mál.

Forráðamenn og nemendur Fiskvinnsluskólans hafa miklar áhyggjur af, hvaða áhrif þetta námskeiðshald kann að hafa á framtíð skólans, þar sem svo virðist sem þriggja vikna námskeið Fiskmatsins geti veitt svipaða starfsmöguleika og þriggja ára strangt nám í Fiskvinnsluskólanum. Nú er það samt svo, að hvorki er ákveðið í l. um Fiskvinnsluskóla né í sambandi við fyrirhugað námskeið, hver réttindi hvort um sig veitir nemendum. En hætta gæti verið á því, að þeir, sem ljúka þriggja vikna námskeiðinu, eigi leið til matsmannsstarfa og verkstjórnar, fremur en nemendur Fiskvinnsluskólans. Mundi þannig vera búið að binda ýmsar stöður, þegar fyrstu nemendur Fiskvinnsluskólans ljúka sínu þriggja ára námi sumarið 1974.

Vegna þess alvarlega ástands, sem skapaðist við aðgerðir Fiskmatsins og sjútvrn., leituðu fulltrúar nemenda Fiskvinnsluskólans á fund sjútvrh. 31. okt., að því er skólastjóri Fiskvinnsluskólans hefur tjáð menntmrn.

Skólanefnd Fiskvinnsluskólans fjallaði um þetta mál fyrir sitt leyti á fundi 29. okt., og þar ályktaði skólanefndin, að námskeiðið í greinum fiskiðnaðarins eigi samkv. l. skólans að halda á hans vegum og því óeðlilegt, að aðrar ríkisstofnanir haldi slík námskeið. Tilgangur með stofnun skólans var að auka og bæta menntun starfsmanna í fiskiðnaði, en fyrirhugað námskeið sjútvrn. gengur í berhögg við þann tilgang skólans. Skólanefnt telur, að eðlilegt hefði verið að hafa samband við skólann um framangreint námskeið, enda hafði skólastjóri vakið athygli sjútvrn. á því.

Sjútvrn. óskaði eftir því við forráðamenn Fiskvinnsluskólans, að þeir kæmu til fundar við ráðuneytismenn og aðila frá Fiskmati ríkisins 12. nóv. s. l. Óskuðu forsvarsmenn skólans eftir fundi með ráðuneytismönnum fyrir þennan fund. Voru sjónarmið skólanefndar þar kynnt og eftirfarandi samþykkt frá fundi hennar 9. nóv.:

„Skólanefnd Fiskvinnsluskólans telur, að nýlega auglýst námskeið á vegum Fiskmats ríkisins eigi að vera á vegum skólans, svo og önnur námskeið af þessu tagi í framtíðinni. Sömuleiðis fer skólanefndin fram á það við hlutaðeigandi rn., að endurskoðuð verði lög og reglugerðir, sem snerta menntun og starfsréttindi í fiskiðnaði, með tilliti til laga Fiskvinnsluskólans, stofnunar hans og tilgangs."

Ályktun þessi var send menntmrn. og sjútvrn. Umræddan fund í sjútvrn. sátu af hálfu Fiskvinnsluskólans skólastjóri og formaður skólanefndar. Lýstu þeir því yfir, að þeir litu á fundinn sem kynningarfund. Af hálfu rn. var því lýst yfir, að umrætt námskeið yrði haldið. Aðilar Fiskvinnsluskólans létu þá skoðun í ljós, að e. t. v. væri of seint að afturkalla auglýst námskeið á vegum Fiskmats ríkisins. Öll slík námskeið yrðu þó á vegum skólans í framtíðinni. Yrði skólinn að hafa frumkvæðið varðandi framkvæmdina, en þetta útilokaði ekki samvinnu við aðrar stofnanir, eins og fiskmat ríkisins, Rannsóknastofnun fiskiðnaðarins, sölusamtökin o. fl. Með því móti yrði yfirumsjón með menntuninni á einni hendi, og væri þörf sérstakra námskeiða til að fullnægja þörfum fiskiðnaðarins, gæti skólinn gengist fyrir slíkum námskeiðum. Það segir sig sjálft, segir í yfirlýsingu frá skólastjórn og skólanefnd Fiskvinnsluskólans, að fiskvinnsluskólinn getur hvorki yfirtekið né gengið inn í námskeið Fiskmats ríkisins með nokkurra daga fyrirvara, ef það á að vera annað en nafnið tómt.

Ef unnt á að vera að tala um einhverja niðurstöðu á fundinum, var það sérstaklega tekið fram af hálfu aðila Fiskvinnsluskólans, að þeir skyldu gera till. um skipan þessara mála í framtíðinni. Fiskmat ríkisins ætlaði að gera slíkt hið sama. Af hálfu rn. var því lýst yfir, að það mundi beita sér fyrir breytingu á reglugerðum varðandi starfsréttindin.

Þess má geta, að 54 nemendur samtals eru nú í Fiskvinnsluskólanum, 18 á fyrsta námsári, 11 á öðru námsári og 25 á þriðja námsári, og eiga þessir 25 að ljúka prófi í vor. Þess er því skammt að bíða, að 25 nemendur Fiskvinnsluskólans komi til starfa.

Nú hafa aðgerðir Fiskmatsins haft í för með sér, að nemendur Fiskvinnsluskólans telja hag sinn algerlega fyrir borð borinn og hafa í gær hætt námi, þ. e. a. s. nemendur 1. og 2. bekkjar skólans. Sést af þessu, í hvert óefni er komið vegna fyrirhugaðs námskeiðshalds.

Í framhaldi af þessu vil ég geta þess, að ég hef í dag ritað sjútvrn. eftirfarandi bréf:

„Auglýsing, sem Fiskmat ríkisins hefur birt um fiskiðnaðarnámskeið sjútvrn., hefur valdið miklum erfiðleikum í starfi Fiskvinnsluskólans, sem starfar samkv. l. nr. 55 frá 1971. Telja forráðamenn skólans og nemendur, að með námskeiði þessu sé farið inn á verksvið skólans, og telja með öllu óviðunandi, að þriggja vikna námskeið kunni að leiða til sömu eða svipaðra starfsmöguleika eða starfsréttinda og þriggja ára nám í Fiskvinnsluskólanum. Menntmrn. mælist því eindregið til þess, að sjútvrn. hætti við fyrirhugað námskeið og leiti samstarfs við menntmrn. og Fiskvinnsluskólann um námskeiðshald á þessu sviði, ef nauðsyn þykir bera til að halda slíkt námskeið."

Ingólfur Jónsson: Herra forseti. Ég held, að það blandist engum hugur um, að það er mikið öngþveiti í sambandi við þetta fiskiðnaðarskólamál. Einn nemandi úr skólanum hringdi í mig í morgun og spurði mig, hvaða afstöðu ég hefði til þessa máls. Hann sagði, eins og rétt er, að þarna væru 54 nemendur, þeir væru búnir að eyða tíma og fjármunum í það að vera í skólanum. En þeir sæju ekki fram á það, að þeir ynnu neitt við það að eyða tíma og fjármunum í þetta, ef hægt væri að útskrifa menn til þeirra starfa, sem nemendur Fiskiðnskólans væru ætluð eftir eftir lokna skólavist, eftir 3-4 vikur til þess að gegna vandasömustu störfum. Það er út af fyrir sig ekki nema eðlilegt, að nemendur séu gramir.

Mér heyrðist hæstv. menntmrh. gera sér grein fyrir því, að hér væri vandamál á ferðinni, en ég saknaði þess, að hann gæfi þingheimi yfirlýsingu um það, hvernig hann ætlaði að leysa málið. Hæstv. ráðh. hefur skrifað sjútvrn. og óskað eftir því, að þetta námskeiðshald falli niður. En ég er ekki viss um, að það sé heppilegasta lausnin, úr því sem komið er. Mér skilst, að það vanti menn í Fiskmatið víða úti um land og til eftirlits í frystihúsum. Það má því vel vera, að það sé nauðsynlegt að leysa þessi mál til bráðabirgða með námskeiðshaldi. En það er á valdi hæstv. ráðh., menntmrh. og sjútvrh., að gefa út reglugerð um starfssvið þessara manna. Það þarf ekki að vera rétt, sem hæstv. ráðh. sagði hér áðan, að þegar fyrstu nemendurnir koma úr Fiskvinnsluskólanum, þá verði búið að skipa þessa þriggja vikna námskeiðsmenn í þær stöður, sem þeir hefðu átt að fá. Það er á valdi hæstv. ráðh. að ákveða verksviðið með reglugerð, að þessir námskeiðsmenn, sem nú búa sig undir starfið með litlum tilkostnaði, verði ekki skipaðir í stöður, heldur verði þeim gert það ljóst, að ætlast sé til að þeir leysi aðkallandi verkefni til bráðabirgða, þangað til nemendur útskrifaðir úr Fiskvinnsluskólanum, sem hafi meiri menntun og þá væntanlega meiri starfshæfni, geti tekið við þessum verkefnum. Ég vænti þess, að hæstv. ráðh. hugleiði það, að unnt sé að leysa þetta mál með því að hafa reglugerðina þannig, að þeir, sem útskrifast úr skólanum, fái starfsréttindi, en hinir, sem hafa verið á námskeiðunum, verði ráðnir til bráðabirgða í stöðurnar og þeim verði gefinn kostur á að mennta sig þá meira síðar meir til þess að geta fengið stöður til frambúðar.

Sjútvrh. (Lúðvík Jósepsson): Herra forseti. Það gerist nú margt einkennilegt í sambandi við Fiskvinnsluskólann og allt það, sem kemur hér fram á Alþ. í sambandi við hann. Hér kemur hv. 7. þm. Reykv., Gylfi Þ. Gíslason, og segir, að ég hafi ekki gefið réttar upplýsingar á Alþ. um þetta mál í fsp.-tíma í gær, færði auðvitað ekki fyrir því nein rök, en segir þetta eigi að síður. Það liggur ljóst fyrir, hvað ég sagði. Ég las upp tvö bréf frá embættismönnum og gat þess, hvaða embættismenn höfðu skrifað bréfin. Síðan gaf ég yfirlýsingu frá mér sjálfum í 4 liðum, og það er býsna athyglisvert að hugleiða, um hvað þessar yfirlýsingar voru, sem ég gaf og liggja fyrir bókaðar. Ég sagði, að ég vildi, að þetta auglýsta námskeið fyrir fiskmatsmenn yrði haldið að þessu sinni sameiginlega á vegum skólans og Fiskmats ríkisins. Hins vegar, þar sem fyrir lægju upplýsingar um, að skólinn óskaði ekki eftir að standa að þessu nú og það væri samkomulag á milli þessara aðila, að svo væri ekki, væri ég ekki að grípa þar fram í. Þetta tók ég fram.

Nú virðist vera einhver ágreiningur um það, þó að það sé erfitt að henda reiður á því, hvað þeim starfsmönnum sjútvrn. og öðrum, sem tóku þátt í þessum fundi, skólastjóra Fiskvinnsluskólans og formanni skólanefndar skólans, fór á milli. Ég hef aðeins flutt það, sem mér var sagt af mínum starfsmönnum og hér lá fyrir frá þeim. Ég hef hins vegar lagt fyrir þá nú að kalla fyrir sig skólastjóra Fiskvinnsluskólans og skólanefndarformann og leggja fyrir þá alveg ákveðið þá spurningu: Vilja þeir standa að þessu námskeiðshaldi nú með Fiskmati ríkisins eða ekki? Ég fyrir mitt leyti er reiðubúinn að fyrirskipa Fiskmati ríkisins að hafa þetta form á, eins og kom fram í mínum upplýsingum um málið í gær. En ég tel það ekki á mínu valdsviði að leggja fyrir Fiskvinnsluskólann eða forstöðumenn hans, að þeir standi að tilteknu námskeiði. Þessi skóli heyrir ekki undir mig. Ég hef ekkert valdssvið yfir skólanum, svo að það er enginn ágreiningur um það, að það námskeið, sem hér hefur verið auglýst, verði haldið á vegum beggja þessara aðila að þessu sinni, ef þeir geta komið sér saman um það eða réttara sagt, ef skólinn vill taka þátt í því.

Þá sagði ég í öðru lagi í minni yfirlýsingu, að ég hefði leitað eftir úrskurði um, hvort það væri í mínu valdi að ákveða, hvaða starfsréttindi fylgdu þessum námskeiðum, og hvort hægt væri að tryggja það með reglugerð frú sjútvrn., að nemendur úr Fiskvinnsluskólanum hefðu forgangsrétt, hefðu meiri rétt til starfa en þeir, sem koma frá fiskvinnslunámskeiðum. Ég lýsti því einnig yfir, að það væri ákveðin skoðun mín, að ef það væri í okkar valdi að gefa út reglugerð um þetta, þá skyldu nemendur úr skólanum hafa forgangsrétt til starfa fram yfir þá, sem væru á þessu námskeiði, svo að það er vitanlega alveg óþarft að tönnlast á því hér sí og æ, að hér standi til að halda námskeið og veita mönnum þar jafnmikil réttindi eftir þriggja vikna nám og aðrir eigi að fá eftir þriggja ára nám eða tveggja ára nám, eftir því, úr hvaða bekk prófin eru. Slíkt liggur ekki fyrir. Ef það er á valdi okkar að gefa út slíka reglugerð, þá verður þessu svona fyrir komið. Mér hefur nú verið sagt, að það sé sjútvrn., sem geti sett ákvæði um þetta í reglugerð, hvaða nám skuli þurfa til þess að vera gildur fiskmatsmaður við hin ýmsu störf. En forstöðumenn þessa skóla og þeir, sem hafa byggt hann upp, hafa ekki til þessa dags óskað eftir einu eða neinu um réttindi handa þeim nemendum, sem eru í skólanum. Þeir gátu farið í skólann, þeir gátu verið þar allan tímann, og það hefur ekki verið farið fram á nein sérstök réttindi þeim til handa. Það er fyrst nú, þegar nemendur skólans minnast á þetta við mig og ég svara þeim á þessa leið, sem ég sagði frá á Alþ., að til þess kemur, að það kemur glögg yfirlýsing fram um það, að við viljum tryggja nemendum þessa skóla forgangsréttindi fram yfir þau réttindi, sem námskeiðsmenn hafa, svo að ég sé ekki, að það sé mikið tilefni til þess að tala um það dag eftir dag, að það leiki einhver vafi á þessu.

Þetta var önnur yfirlýsing mín, sem ég gaf hér varðandi réttindin. Það var skýrt þannig, að það voru þau réttindi, sem þetta námskeið eða önnur námskeið hér eftir kynnu að geta veitt. Það er vitanlega ekki hægt að breyta þeim réttindum, sem menn eru búnir að fá á umliðnum árum, það verður varla gert með reglugerð.

Þá lýsti ég einnig yfir því, að nemendur skólans hefðu farið fram á við mig að hafa áhrif á það, að þeir gætu fengið hliðstæð námslán

og aðrir nemendur í framhaldsskólum, sem mættu teljast sambærileg. Ég lýsti yfir, að ég mundi beita mér fyrir þessu, lengra næði vald mitt ekki í þeim efnum.

Þá var fjórða yfirlýsing mín sú, að ég mundi reyna að hafa áhrif á það, að Fiskvinnsluskólinn starfaði samkv. settum l., sem ég tel, að hann hafi ekki gert, af því að þar er alveg tvímælalaust mælt fyrir, að það skuli á tilteknu árabili koma upp ákveðnum skólum á allmörgum stöðum á landinu, sem ég tel alveg nauðsynlegt, ef úr þessum skóla á eitthvað að verða, að verði staðið við þetta. En það hefur því miður ekki veri gert enn þá, og því hefur þessum málum öllum þokað skemmra áleiðis en hefði átt að vera.

Svona liggja þessi mál fyrir. Það eina, sem eftir er sérstaklega, er það, sem ég fyrir mitt leyti hef ekki treyst mér til að fallast á, og ég tók eftir því, að hv. 1. þm. Sunnl. leist heldur ekkert á það, að námskeið Fiskmats ríkisins yrði ekki haldið að þessu sinni, — námskeið, sem búið er að halda hér í um 20 ár, þar sem Fiskmat ríkisins telur sig ekki með neinu móti geta fengið menn til nauðsynlegustu matsstarfa við okkar þýðingarmesta útflutning, eins og nú standa sakir, nema það fái að hafa námskeið af þessu tagi, vegna þess að það liggur ekki heldur fyrir, að skólinn sé að útskrifa nemendur fyrr en á næsta ári. Það er þá aðeins spurning um, hvort á að loka fyrir það, að þetta námskeið sé haldið nú í framhaldi af þeim námskeiðum, sem hér hafa verið haldin í 20 ár, svo eigum við að fallast á það líklega í staðinn að láta alls konar menn, sem ekki einu sinni hafa verið á námskeiðunum, taka að sér eftirlitsstörf á meðan. Ég skil ekki, að neinn verði sælli við þetta eða við komum betur út úr því í sambandi við mat á okkar útflutningsvöru. Ég fyrir mitt leyti hef ekki treyst mér til að taka undir þetta. Og ég tel það eins og hverja aðra fjarstæðu að tala um, að þessi námskeið séu sett til höfuðs skólanum. Það ætti frekar að gera ýmislegt annað til að efla þennan skóla, sem vissulega þarf að efla, og framkvæma það, sem fyrir er mælt í lögum, en ekki aðeins að reyna að binda þetta með því að loka fyrir það litla nám, sem þó hefur þarna verið í gangi.

Satt að segja þykir mér alveg furðulegt að heyra það frá forstöðumönnum skólans, að þeir skuli nota það orðalag, að þetta og önnur svona námskeið séu haldin í berhögg við tilgang skólans, og segja svo, að það virðist vera, að þau eigi að veita sömu réttindi. Þannig er þessu ekki varið.

Ég vil taka það fram, að málin standa nú þannig: Ég hef leitað eftir því enn á ný, þegar ég heyrði, að það virtist fara eitthvað á milli mála milli þeirra aðila, sem þennan fund sóttu, að það verði leitað skýrt eftir því: Vill skólinn standa að þessu námskeiði að þessu sinni? Ég fyrir mitt leyti er líka reiðubúinn til að standa að því, að það verði framvegis skólinn, sem stendur einn að þessum námskeiðum. En það er engin leið út úr svona vanda að horfast ekki í augu við vandann og loka fyrir öll námskeið og setja allt þannig í alger vandræði. Og svo þetta: Það liggur líka fyrir, að reglugerðum, sem í gildi hafa verið um réttindi frá þessum námskeiðum, verði breytt á þá lund, að fólk með próf frá skólanum hafi forgangsrétt til starfa. En próf frá þessu námskeiði og öðrum, sem síðar verða haldin, verði með minni réttindi. Menn verða að sætta sig við að vikja fyrir hinum, sem meiri réttindi hafa. Þetta eru auðvitað aðalatriði málsins, og skal ég svo ekki fara frekar út í að ræða um það, sem mér þykir áfátt í sambandi við það að byggja upp þennan skóla, sem vissulega hefði þurft að standa að á allt annan hátt en gert hefur verið.

Gylfi Þ. Gíslason: Herra forseti. Ég þakka hæstv. menntmrh. svör hans og tel þau fullnægjandi. Það kom fram í svari hans, að stefna menntmrn. í þessum málum er óbreytt frá því, sem hún var, þegar l. voru sett um Fiskvinnsluskólann vorið 1971, m. ö. o. sú stefna, að væntanleg námskeið, sem nauðsynlegt teldist að halda fyrir væntanlega fiskmatsmenn og aðra starfsmenn í þágu fiskiðnaðarins, skyldu haldin á á vegum skólans. Um þetta var samkomulag vorið 1971 á milli menntmrn. og sjútvrn., gert með vitund og vilja ríkisstj. allrar, enda helgaðist þetta fyrirkomulag af beinum lagaákvæðum, eins og kom fram í svari hæstv. menntmrh. Það hefði raunar ekki þurft að taka um það sérstaka ákvörðun, að námskeið Fiskmats ríkisins skyldu falla niður. Eftir að Alþ. var einum rómi búið að samþykkja það lagaákvæði, að námskeið skyldu vera á vegum skólans, hefði átt að vera sjálfgert, að námskeið Fiskmatsins féllu niður. Auk þess var sérstaklega um það rætt milli rn. þá, að svo skyldi vera. Mér er að vísu í fersku minni afstaða einstakra embættismanna í sambandi við undirbúning löggjafarinnar um fiskvinnsluskólann, þó að ég geri hana ekki að nánara umtalsefni hér.

Það, sem nú hefur gerst, er það, að sjútvrn. hefur breytt um stefnu frá því, sem var vorið 1971. Nú hefur það samþykkt ósk Fiskmats ríkisins um að halda slík námskeið. Það er breytt stefna í sjútvrn. frá því, sem samkomulag varð um fyrir tveimur árum, vorið 1971.

Ástæður til þess, að ég sagði, að ég teldi, að hæstv. sjútvrh. hefði gefið rangar eða a. m. k. villandi upplýsingar í svörum sínum, voru tvær.

Í fyrsta lagi var ráðh. ekki skilinn öðruvísi en svo, að samkomulag hefði orðið um, að Fiskmat ríkisins skyldi að þessu sinni auglýsa þetta námskeið. Það er komið fram í svari hæstv. menntmrh., að um það varð ekkert samkomulag. Það hefur meira að segja komið fram í svörum hæstv. menntmrh., að ráðh. töluðu aldrei saman, þeir höfðu ekki skipst á einu orði um málið, áður en sjútvrn. varð við ósk Fiskmats ríkisins um að auglýsa slíkt námskeið. Það taldi ég villandi, að þetta skyldi ekki koma skýrt fram. Það er hægt að misskilja ráðh. á þann hátt, að um þetta mál hefði verið samkomulag. Þótt samkomulag hafi orðið um það á milli einhverra embættismanna að hafa þann hátt á, sem hér hefur því miður verið hafður, jafngildir það ekki samkomulagi á milli ráðh., sem auðvitað hafa úrslitavald í málum. En það er upplýst, að um slíkt samkomulag var ekki að

ræða. Námskeiðið er auglýst án nokkurs samráðs við hæstv. menntmrh. eða menntmrn.

Hitt atriðið var, að ég saknaði þess og taldi það villandi, að ekki skyldi koma fram í svari hæstv. sjútvrh. í fyrradag, að það hafði orðið samkomulag um það milli menntmrn. og sjútvrn., að þetta námskeið skyldi falla niður, að Fiskmat ríkisins hætti að halda slík námskeið. Þetta hefðu embættismenn hæstv. ráðh. átt að geta sagt honum, og það hefði átt að koma fram í svari hans, enda er það sannleikurinn í málinu. En það, sem gerst hefur í málinu, því miður, ber vott um, að býsna lítið samband muni vera milli einstakra ráðh. í ríkisstj. Þetta er ekki fyrsta dæmið um það. Hér er dæmi um það, að lítið samband hefur verið milli hæstv. sjútvrh. og hæstv. menntmrh. Hæstv. sjútvrh. tekur ákvörðun, sem breytir stefnu rn. hans frá því, sem hún var fyrir tveimur árum, án samráðs við þann ráðh., sem málið snertir þó aðallega, hæstv. menntmrh., því að mergur málsins er sá, að fyrirhugað námskeið er auglýst án nokkurs samráðs við menntmrn., og það er mergur málsins.

Ég er ekki sammála hæstv. sjútvrh. og hv. þm. Ingólfi Jónssyni um, að lausnin á þessu máli sé sú, að þetta námskeið verði að þessu sinni haldið og síðan ákveðið, hvaða réttindi námskeiðsmenn skuli hafa og hvaða réttindi þeir, sem brautskrást úr Fiskvinnsluskólanum. Skoðanir mínar í þessu efni eru í öllum atriðum þær sömu og mér virtist koma fram í svari hæstv. menntmrh., að þetta námskeið, sem nú hefur verið auglýst, eigi ekki að halda á vegum Fiskmats ríkisins, heldur, ef þörf er á námskeiði, sem ég skal ekki draga í efa, skuli Fiskvinnsluskólinn halda það námskeið.

Ég tel sjálfsagt og vona, að það verði niðurstaða þeirra umr., sem hér hafa orðið, — það er tími til kominn, — að ráðh. sjálfir taki lokskins upp nánara samráð um, hvernig á málinu skuli haldið, en láti það ekki vera í höndum embættismanna og skólamanna, heldur komi sér saman um skynsamlega niðurstöðu í málinu. Málið er komið í algert óefni, og það geta engir tveir menn leyst það nema hæstv. menntmrh. og hæstv. sjútvrh. Og ég lýk þessum orðum mínum með því að óska þess, að þeir komi sér saman um skynsamlega lausn á málinu með viðræðum, sem hingað til hafa verið vanræktar.

Sjútvrh. (Lúðvík Jósepsson): Herra forseti. Það var nú aðeins vegna þess, að hv. þm. talaði hér um merg málsins. Mergurinn var sá, að það hafði orðið samkomulag um alveg nýja stefnu, og það var svo sem auðskilið, að sú stefna hafði átt að vera tekin fyrir minn dag á milli sjútvrn. og menntmrn. En þessi voðalega stefnubreyting og allur þessi mergur málsins er sá, að það hefur verið haldið slíkt námskeið, annað en þetta, síðan skólinn kom.

Veiðar með botnvörpu, flotvörpu og dragnót í fiskveiðilandhelgi, frv. (þskj. 120). — 1. umr.

Sjútvrh. (Lúðvík Jósepsson): Herra forseti. Frv. það, sem hér liggur fyrir um veiðar með botnvörpu, flotvörpu og dragnót í fiskveiðilandhelginni, hefur verið samið af sérstakri þingmannanefnd, fiskveiðilaganefnd, sem kölluð hefur verið. Frv. þetta er í öllum aðalatriðum shlj. frv., sem lagt var fram á síðasta þingi og einnig var samið af fiskveiðilaganefnd, en þá vannst ekki tími til þess að afgreiða málið hér á hv. Alþ. Þá var málinu fylgt úr hlaði af formanni fiskveiðilaganefndar, hv. þm. Gils Guðmundssyni, og allmiklar umr. urðu þá um málið hér í Nd. Alþ.

Eins og fram kemur í grg. þessa frv., þá er hér að þessu sinni flutt svo til shlj. frv. hinu fyrra frv., en þó gerðar nokkrar minni háttar breytingar, sem sérstök grein er gerð fyrir í grg. frv., en segja má, að þær breytingar séu ekki mjög veigamiklar eða breyti ekki á neinn hátt um meginstefnuna í því frv., sem hér var til umr. á síðasta þingi.

Fiskveiðilaganefndin hefur, eins og öllum hv. þm. er kunnugt, starfað alllengi að gerð þessa frv. Í n. voru fulltrúar allra stjórnmálaflokka á Alþ. eða nánar tiltekið Gils Guðmundsson, formaður, Guðlaugur Gíslason, fyrri hlutann af starfi n. Ingvar Gíslason og síðan tók við af honum Steingrímur Hermannsson, Jón Árm. Héðinsson og Karvel Pálmason. Þessi n. byrjaði að vinna að þessu máli strax í okt. 1971, en hún komst þá að raun um, að undirbúningur málsins yrði svo tímafrekur, að óhjákvæmilegt yrði að framlengja þær veiðiheimildir, sem þá voru í l., en áttu að falla úr gildi um næstu áramót. Það varð síðan að ráði að framlengja eldri ákvæði um togveiðiheimildir í fiskveiðilandhelginni til ársloka 1972, þannig að n. fengi nægan tíma til sinna starfa. Á árinu 1972 vann n. síðan allmikið starf. Eins og hefur komið fram í umr. á Alþ., ferðuðust nm. til margra staða á landinu, héldu marga almenna fundi um málið, ræddu við ýmis félagssamtök eða forustumenn þeirra, og allitarlega var einnig rætt við flestalla þm., svo að það er enginn vafi á því, að mál þetta hefur verið undirbúið allvel og rækilega og lögð í þann undirbúning óvenjumikil vinna. En þrátt fyrir allan þennan mikla undirbúning fór svo, eins og allir hv. þm. muna, að það þótti ekki fært að ganga frá l. um málið á s.l. vori, vegna þess að ýmsir þm. óskuðu eftir því að fá málinu enn frestað til frekari athugunar og samþykktir bárust úr ýmsum landshlutum, þar sem óskað var eftir því, að þeim gæfist frekari tími til að skoða málið í þeim búningi, sem það lá orðið fyrir, þegar frv. hafði verið flutt um málið á Alþ.

Nú stendur svo á, að það þarf í rauninni að ljúka lagasetningu um þetta mál fyrir næstu áramót, því að það eru næstu tímamörk. Þá renna út gildandi lagaákvæði varðandi þetta efni. Það er því ekki of langur tími til starfa til þess að ljúka þessu verkefni fyrir þennan tíma, því að hér er um slíkt mál að ræða, að það er eðlilegt, að þm. vilji hafa fullan tíma til að skoða málið og ræða það sín á milli, og eðlilega þurfa nú n. þær, sem fjalla um málið af þingsins hálfu, að hafa einnig tækifæri til að kalla fyrir sig ýmsa aðila og ræða við þá. En það verður að gera ráð fyrir því, að þegar hafi bæði þm. og þeir aðilar í þjóðfélaginu, sem þetta mál varðar alveg

sérstaklega, haft alllangan tíma til að kynna sér málið, og því ætti að vera hægt að afgreiða málið á þingi fyrir áramót.

Ég tel í rauninni ekki þörf á að ræða hér í ítarlegu máli um efni þessa frv., því að það er búið að tala hér fyrir frv. áður á Alþ., eins og ég hef sagt, en vil þó segja það, að meginstefnan í þessu frv. er sú, að gert er ráð fyrir allmiklu minni heimildum til togveiða í fiskveiðilandhelginni en verið hefur til þessa. Þær heimildir, sem veittar hafa verið, eru nú þrengdar til muna. Enn er haldið áfram þeirri stefnu að skipa veiðiflotanum í þrjá stærðarhópa. Fyrst eru fiskibátar undir 105 rúmlestum að stærð. Veiðiheimildum þeirra er ekki breytt mikið frá gildandi reglum, en þó eru þær veiðiheimildir þrengdar talsvert, m. a. tekin upp sú regla að heimila slíkum bátum hvergi veiðar innan við þriggja mílna mörkin frá landi. En í núgildandi heimildum mega skip af þessari stærð veiða alveg upp að landssteinum á nokkrum stöðum við landið á tilteknum tímum.

Annar stærðarflokkur skipa eru svo skip frá 106 rúmlestum og upp í 350 rúmlestir. Veiðiheimildir þessara skipa eru takmarkaðar talsvert *mikið frá núgildandi reglum, svo að segja* allt í kringum landið á flestum veiðisvæðum, og það hefur auðvitað komið fram í sambandi við þessar till., að ýmsir aðilar, sem eiga skip af þessari stærð, kveinka sér nokkuð undan þeim þrengingum veiðiheimilda, sem gert er ráð fyrir í frv. fyrir þessi skip.

Þá er þriðji stærðarflokkur skipa. Það eru 350 rúmlesta skip og stærri. Það er yfirleitt togaraflotinn. Er einnig gert ráð fyrir verulega minnkuðum heimildum þessara skipa til veiða innan gömlu 12 mílna markanna. Þær veiðiheimildir, sem í gildi voru, eru nú minnkaðar, og má segja, að aðalreglan sé sú, að skip af þessari stærð verði að veiða fyrir utan 12 mílna mörkin. Þó eru heimildir á nokkrum stöðum við landið upp að 9 mílna mörkum. En það er ekkert um að villast, að það er dregið mjög verulega úr veiðiheimildum innan fiskveiðilandhelginnar fyrir þessi skip.

Þá er einnig að finna í frv. ýmsar almennar heimildir fyrir sjútvrn. til að fyrirskipa friðun, eftir því sem þörf reynist, og allt miðað við það, að samráð hafi verið haft við okkar vísindamenn á þessu sviði eða við Hafrannsóknastofnunina.

Það má lengi um það deila að sjálfsögðu, hvað langt er talið fært að ganga í fiskverndareða fiskfriðunarmálum og hvort nægilega langt er gengið í þessu frv. eða hvort of langt er gengið í vissum tilvikum. Um þetta sýnist sitt hverjum, eins og við þekkjum, og það verður auðvitað að vera hlutverk Alþ. að ákveða endanlega, hvaða reglur skuli gilda í þessum efnum. En á hitt verður auðvitað að leggja áherslu, að það er erfitt að koma við fullnægjandi stjórn á veiðunum við landið, á meðan við höfum ekki losað okkur að fullu og öllu við hina miklu sókn útlendinga á fiskimið okkar. Þó að nokkuð hafi náðst fram í þeim efnum, vitum við þó hitt, að enn er um að ræða og verður um að ræða næstu árin allmikla sókn af hendi útlendinga á miðin. Það vitanlega torveldar okkur að gera ráðstafanir til verulegrar fiskfriðunar, þegar svo standa sakir, að sú friðun getur orðið að verulegu leyti til þess aðeins að bæta stöðu útlendinganna, sem hingað sækja, og meira að segja nokkur vafi leikur á því, hvað hægt er að láta slíkar friðunarráðstafanir mikið ná til þeirra. Auðvitað væri langsamlega þýðingarmesta friðunin fyrir okkur á okkar fiskimiðum að losa okkur að fullu og öllu við ásókn hinna erlendu veiðiskipa. Það liggur fyrir alveg óumdeilanlega samkv. opinberum skýrslum, að erlendu veiðiskipin veiða á okkar fiskimiðum mun fleiri fiska, séu þeir taldir, en við Íslendingar gerum, þegar við ræðum um botnfiska. Við veiðum að vísu álíka mikið og kannske meira að þunga til, en þeir veiða hér fleiri fiska, og það er það, sem skiptir í rauninni öllu máli, þegar um er að ræða fiskverndunarmál. Við þessar aðstæður er auðvitað miklu erfiðara að taka róttækt á fiskfriðunarmálum en ef við byggjum hér einir að þessum miðum og nýtingu fiskstofnanna. Eigi að síður verðum við að reyna að skipa veiðunum á þann hátt, sem við sjáum, að er viturlegast og kemur okkur að mestu *gagni, þegar á heildina* er litið og til lengri tíma.

Eins og ég sagði fyrr, sé ég ekki ástæðu til að ræða um þetta mál í löngu máli að þessu sinni. Málið hefur verið ítarlega rætt á Alþ. áður. Ég vil því mega vænta þess, að það gæti orðið um það samkomulag, að það þyrfti ekki að fara fram mjög miklar umr. hér um þetta mál nú við 1. umr. málsins. Það er nauðsynlegt að koma þessu frv. sem allra fyrst í þn., sem síðan fær sinn tíma til að fjalla um málið og hafa samráð við þá aðila, bæði einstaka þm. og forsvarsmenn sjávarútvegsins á ýmsum sviðum. Að sjálfsögðu geri ég ráð fyrir því, að ítarlegar umr. fari fram um málið við 2. umr., þegar það kemur úr n. En vegna þess, hvernig málið ber nú að, það er unnið á þennan hátt, af þm.-nefnd í nánu samráði svo að segja við alla þm., það hefur verið lagt hér fyrir þingið áður og fyrir því verið talað, þá vil ég sem sagt mega vænta þess, að það verði a. m. k. hægt að koma málinu í dag til n., þannig að tíminn verði nýttur eins og tök eru á til þess að koma málinu á raunhæfan hátt áfram í þinginu og stefna að því að afgreiða það fyrir jól.

Herra forseti. Ég vil svo leggja til, að að lokinni þessari umr. verði málinu vísað til 2. umr. og hv. sjútvn. til fyrirgreiðslu.

Gils Guðmundsson: Herra forseti. Ég skal gjarnan verða við þeim tilmælum hæstv. ráðh. að verða ekki langorður um málið að þessu sinni og get að *ýmsu leyti skírskotað til* þess, sem ég sagði um þetta frv. s. l. vor, þegar það var lagt hér fram á Alþ. Þó þykir mér hlýða nú þegar við 1. umr. málsins að taka fram nokkur atriði, bæði af hálfu þeirrar n., sem hefur undirbúið málið, og sömuleiðis vil ég gjarnan, að fram komi skoðanir mínar á ein-

stökum atriðum, sem sérstaklega hafa verið gagnrýnd, að því er varðar það frv., sem hér liggur nú fyrir.

Ég vil þá fyrst geta þess, að með bréfi sjútvrn. 18. sept. s. l. var n., sem undirbjó frv., sem lagt var fyrir síðasta Alþ., falið að endurskoða það frv. og athuga í fyrsta lagi þær aths., sem fram höfðu komið frá ýmsum aðilum við frv., og taka afstöðu til þeirra, í öðru lagi að ræða við alþm. hinna einstöku kjördæma um þær hugmyndir, sem þeir hefðu í sambandi við breytingar á frv., í þriðja lagi að ræða við Landssamband ísl. útvegsmanna og aðra þá aðila, sem þetta mál snertir sérstaklega, svo sem Hafrannsóknastofnunina, sem við töldum sjálfsagt að fjallaði enn um málið og segði álit sitt um það frv., sem lagt var fyrir s. l. vor. Þetta starf innti n. af höndum og árangur þeirrar endurskoðunar eru þær 12 brtt. við frv., sem nokkur grein er gerð fyrir á bls. 7 neðarlega og ofarlega á bls. 8 í þessu frv. Ég ætla ekki að fara að rekja þær brtt. lið fyrir lið, en vil aðeins á þær benda og geta þess, að ýmsar þeirra eru till., sem byggjast á því áliti, sem Hafrannsóknastofnunin eða fiskifræðingar hennar gáfu um málið, þegar þeir ræddu við n. nú í haust.

Ég tel rétt, að það komi fram nú, að Hafrannsóknastofnunin eða fiskifræðingar þeir, sem komu á fund n., höfðu ýmsar aðrar brtt. að gera við frv., sem n. sá sér ekki fært að taka upp sem sínar og var yfirleitt andvíg, að teknar yrðu upp í frv. Ég tel rétt, þar sem vitanlega verður að taka verulegt tillit til þess, sem fiskifræðingar okkar segja um þessi mál, að það liggi nokkuð ljóst fyrir, að í ýmsum allveigamiklum atriðum tók n. upp annaðhvort að öllu leyti till. fiskifræðinganna, eins og sést á bls. 7 og 8 í þessu frv., ellegar kom til móts við till. þeirra og óskir. Í nokkrum tilvikum var ekki um það að ræða, að n. sæi sér fært að gera þeirra till. að sínum, en í megindráttum má segja, að allar þeirra till. væru í átt til aukinnar friðunar. Þeir töldu, að ekki væri í vissum tilvikum nægilega langt gengið hjá n. að því er friðunaraðgerðir snertir, og það kemur raunar ekki á óvart, þar sem þeir höfðu á sínum tíma gert mjög róttækar till. um bann við togveiðum, þar sem þeir vildu banna allar togveiðar fyrir Norður- og Austurlandi innan 12 mílna, og fyrir Suður- og Vesturlandi höfðu þeir einnig mjög róttækar till. uppi, m. a. að banna þar allar togveiðar innan 6 mílna. Ég skal aðeins nefna helstu till. frá Hafrannsóknastofnuninni, sem n. taldi sér ekki fært að mæla með, að teknar yrðu upp í frv.

Það er í fyrsta lagi, að fiskifræðingar lögðu til, að landhelgi Kolbeinseyjar yrði breytt úr 3 í 9 sjómílur, en n. féllst á að mæla með, að sú breyt. yrði gerð, að landhelgi Kolbeinseyjar yrði færð úr 3 í 4 sjómílur.

Þá lögðu fiskifræðingar til, að landhelgi Hvalbaks yrði breytt úr 3 í 12 sjómílur, en n. féllst aðeins á að mæla með breytingu úr 3 í 6 sjómílur, eins og kemur fram í frv.

Þá lögðu fiskifræðingar til, að togveiðar verði bannaðar innan 6 sjómílna frá fjörumarki Eldeyjar, en eftir nokkra athugun taldi n. ekki sérstaka ástæðu til að taka þessa brtt. upp, m. a. með hliðsjón af þeim ákvæðum, sem nú þegar eru í l. um það, að hægt sé að stöðva fyrirvaralaust veiðar, þar sem veruleg hætta er á ferðum í sambandi við seiða- eða smáfiskadráp. Það liggur fyrir, að óvíða, ef nokkurs staðar, er eins vel fylgst með veiðum og á þessu svæði og með tilliti til þessa taldi n. ekki þörf á að festa þettta ákvæði í lög, en leggur hins vegar áherslu á, að þarna eins og víðar þarf að fylgjast vel með og stöðva veiðar, ef hættuástand skapast.

Þá lögðu fiskifræðingar einnig til, að togveiðar verði bannaðar í júlímánuði innan 6 sjómílna frá Skarðsfjöruvita að Ingólfshöfða og í kringum Vestmannaeyjar, en innan 12 sjómílna frá Ingólfshöfða að Stokksnesi í þessum sama mánuði, júlímánuði. Rök fiskifræðinga eða Hafrannsóknastofnunar voru einkum þau, að á þessum svæðum væru blettir, þar sem væru mjög viðkvæmar hrygningarstöðvar síldar. N. þótti þó að athuguðu máli og eftir að hafa rætt þetta nánar við fiskifræðinga sem þessi hrygningarsvæði væru ekki nægilega skýrt tilgreind til þess að réttlæta að setja svo víðtækt bann á í sambandi við togveiðar sem þarna var gert ráð fyrir. Hins vegar vill n. leggja á það sérstaka áherslu, að strax og hægt yrði að afmarka þá hrygningarbletti nánar, sem þarna er um að ræða, beri að friða þá þann tíma, sem viðkvæmastir eru í sambandi við hrygningu síldar.

Annars vill n. yfirleitt í sambandi við friðunarmál ítreka og leggja sérstaka áherslu á þýðingu 5. og 6. gr. þessa frv., þar sem gert er ráð fyrir því, að hægt sé að stöðva veiðar á tilteknum stöðum um tiltekinn tíma, hvenær sem hættuástand hefur skapast, þ. e. a. s. þegar um er að ræða svo mikið seiða- eða smáfiskadráp, að veruleg hætta getur verið á ferðum. Þá er í þessum till. gr. rætt um setningu nýrra friðunarsvæða, sem einnig er ástæða til að vekja athygli á.

Eins og fram hefur komið í þessum orðum og þeim till., sem ég hef nú lýst og komu frá Hafrannsóknastofnun eða fiskifræðingum þeirrar stofnunar, telja þessir aðilar, að sist sé of langt gengið í friðunarátt í þessu frv., og hafa raunar lýst því bæði fyrr og síðar, að helst til skammt sé þar gengið, a. m. k. í vissum tilvikum. En af n. hálfu var það svo, að hún taldi hins vegar óhjákvæmilegt að taka þarna verulegt tillit til þess, hver röskun getur orðið hjá heilum byggðarlögum, ef róttækar friðunaraðgerðir eiga sér stað skyndilega og tekið er til að mynda fyrir allar togveiðar innan 6 mílna við alla suður- og vesturströnd landsins og innan 12 mílna við norður- og austurströndina. Þetta mundi að sjálfsögðu hafa í för með sér mjög verulega röskun veiða í ýmsum byggðarlögum, og segja má, að sé slíku banni skellt á skyndilega, þá sé grundvellinum kippt undan útgerð fjölmargra hinna smærri skipa og báta, sem stundað hafa þessar veiðar undanfarin ár. Þarna á að dómi n. að reyna að gera sem allra virkust ákvæðin, sem um ræðir í 5. og 6. gr., þ. e. a. s. um skyndilokun ákveðinna svæða tiltekna tíma, þegar hættuástand ríkir.

Það er svo rétt, að því aðeins er hægt að framkvæma slíka skyndilokun, að þeir aðilar, sem eftirlitið eiga að hafa með höndum, séu þannig í stakk búnir, að þeir geti framkvæmt þetta eftirlit, hafi þann skipakost og mannafla, sem til þarf, að hér verði um raunhæft eftirlit að ræða. Til þess að fyrirbyggja misskilning, sem mér virðist að hafi skotið upp kollinum á ákveðnum stöðum, vil ég láta þess getið, að þar sem talað er um í frv. þessu, að Hafrannsóknastofnuninni sé falið eftirlit með hinum og öðrum veiðum, þá er hér um að ræða hið fiskifræðilega eða vísindalega eftirlit með veiðunum, þ. e. a. s. að Hafrannsóknastofnuninni sé gert kleift að fylgjast með veiðunum og láta til sín taka, þegar hættuástand skapast á einum eða öðrum stað. Það er hins vegar alls ekki ætlun n., sem undirbjó þetta frv., að Hafrannsóknastofnunin taki að sér hina raunverulegu löggæslu í sambandi við fiskveiðar. Það hljóta aðrir aðilar og þá fyrst og fremst þeir, sem fara með hina almennu löggæslu á hafinu, að hafa með höndum, en ekki fiskifræðingar eða Hafrannsóknastofnunin. Þegar talað er um eftirlit af hennar hálfu, þá er eingöngu um að ræða hið fiskifræðilega eftirlit, en ekki löggæsluna, eins og ég hef áður tekið fram.

Í sambandi við þá endurskoðun frv., sem átti sér stað í haust, komu fram nokkrar ábendingar, þó tiltölulega fáar, frá þm. hinna einstöku kjördæma, og hefur verið leitast við að taka tillit til þeirra ábendinga eða taka upp rökstuddar till., sem þar hafa fram komið um breytingar.

Að því er varðar aðrar brtt. eða aðrar hugmyndir, sem ganga allverulega í aðra átt en þær, sem liggja til grundvallar þessu frv., vil ég aðeins með nokkrum orðum víkja að þeim till., sem fram hafa komið frá Fiskifélagi Íslands og deildir þess í einstökum landshlutum hafa allmjög tekið undir nú á þessu hausti.

Sú stefna, sem Fiskifélag Íslands hefur mótað í sambandi við löggjöf um fiskveiðar innan 50 mílnanna, er í stuttu máli sú, að þar eigi að vera um að ræða rammalög, sem hafi að geyma heimildarákvæði til ýmissa aðgerða, annaðhvort skyndiaðgerða eða aðgerða, sem vara um langan tíma, fremur en um fastar lögbundnar reglur eða ákveðin boð og bönn. Fiskifélagið leggur til, að í staðinn fyrir flest meginákvæði þessa frv. komi ákvæði um það, að skipa skuli n., sem í eigi sæti fulltrúar frá Fiskifélagi Íslands og sjútvrn., og þessi n. skuli hafa heimild til að setja mjög margvíslegar reglur um veiðar, gerð veiðarfæra o. s. frv. Þessi n. hefði einnig víðtækt vald til að ákveða eða takmarka sókn í sambandi við hinar ýmsu veiðar. Þessi n. eigi að geta ákveðið lokun svæða, skiptingu þeirra milli einstakra tegunda veiðarfæra og fleira þar fram eftir götunum. Fiskveiðilaganefndin, sem undirbjó þetta frv., tók þessar ábendingar og aths. vissulega til athugunar og umr., en komst að þeirri niðurstöðu, að ekki væri tímabært og ekki rétt, eins og nú standa sakir, að hafa þennan hátt á og fela slíkri n. jafnvíðtækt vald og hér er um að ræða, hvað sem síðar kynni að verða talið heppilegt og eðlilegt í þessum efnum. Fiskveiðilaganefndin leit svo á, að enn skortir mjög mikilvæg skilyrði, til þess að hægt væri að hafa þessi mál svo laus í reipunum eins og yrði, ef ein framkvæmdanefnd ætti að taka eins víðtækar ákvarðanir og Fiskifélagið leggur til, og skilyrðin hlytu að vera þau fyrst og fremst, að aðstaða til eftirlits með veiðunum, hið fiskifræðilega eða vísindalega eftirlit yrði stórbætt frá því, sem nú er, það yrði hægt með auknum skipakosti og mannafla að fylgjast miklu nákvæmar og betur með veiðunum, bæði fiskifræðilega og að því er til sjálfrar löggæslunnar tekur. Þegar þessi mál væru komin í annað og fullkomnara horf en þau eru nú í, gæti vissulega komið til mála að gera hér breytingar á, fækka hinum föstu ákvæðum í l., en hafa hreyfanlegra fyrirkomulag á þessum málum, og fela þá ákveðnum aðilum að framkvæma slík skyndibönn og slíkar ákvarðanir, sem tækju þá yfir takmarkað svæði um takmarkaðan tíma.

Af hálfu þeirra, sem telja, að í þessu frv. sé of langt gengið í friðunarátt, hafa komið fram ýmsar aths., sem ég skal ekki fara nákvæmar út í á þessu stigi málsins, en það kann að vera, að tækifæri og tilefni gefist til að ræða þau atriði við 2. umr. þessa máls. Eitt atriði, sem sérstaklega hefur verið gagnrýnt í þessu sambandi, vil ég þó nefna. Það hefur komið fram hjá þeim aðilum, sem standa að útgerð togara eða stórra togskipa, að ekki séu nægar ástæður fyrir því að skipta íslenskum togskipum í þrjá flokka, eins og gert er ráð fyrir, að enn verði skv. þessu frv., þ. e. a. s. þar er um að ræða stærðarmörk svo sem hér segir: Togskip, sem eru 105 smálestir og smærri hafa mest réttindi, þ. e. réttindi næst landi, síðan kemur millistærðin, skip, sem eru 106—350 smálestir, og loks skip yfir 350 smálestir. Ýmsir segja: Það eru engin fullnægjandi rök fyrir því að skipta togskipum á þennan hátt, öll togskip ættu að hafa sama rétt. — Því er til að svara, að ætti að fara út á þessa braut, virðist ljóst, miðað við þann skipakost, sem nú er fyrir hendi, að hagnýting fiskimiða okkar yrði með öðrum og lakari hætti en hægt er að viðhafa með þessari skiptingu, a. m. k. svo lengi sem fiskiskipaflotinn er jafnbreytilegur og skipastærðirnar eins mismunandi og þær eru nú. Ef sett væri í lög skyndilega, að öll togskip ættu að hafa sama rétt og mættu fiska, segjum til að mynda upp að 6 mílum, svo að við tækjum nokkurt meðaltal, þá tel ég, að kippt væri að verulegu leyti og í sumum tilvikum að öllu leyti fótum undan útgerð hinna minni togskipa, þau væru þá í rauninni þegar afskrifuð, þeirra tímabil væri liðið. Ég geri mér ljóst, að með þeim breytingum, sem nú eru að verða á skipakosti landsmanna, hinum myndarlegu skuttogurum af miðlungsstærð og stóru togurunum, koma upp vaxandi erfiðleikar og mikil vandamál fyrir hin smærri skip, sem stunda þessar veiðar. Þau munu eiga í verulegum erfiðleikum með að fá góða sjómenn og í ýmsum rekstrarerfiðleikum vafalaust. En jafnframt yrði tekin sú ákvörðun, að þau hefðu engan frekari rétt til togveiða en hin stærri skipin, þá held ég, að þeirra dagar væru þegar taldir. Ég býst við, að í þessu efni verði sú þróun, sem ekki verður við spornað , að skipin fari stækkandi og verði fullkomnari, enda er sú þróun að ýmsu leyti æskileg.

En ég efast um, að við höfum ráð á að flýta þeirri þróun allt of mikið með opinberum ráðstöfunum með því að kippa gersamlega fótunum undan ýmsum þeim hinum minni skipum, sem þó ættu enn um sinn að geta sótt verulegan feng í sjó, ef þau hefðu aðstöðu til. Ég er ekki meiri byltingarseggur, hvorki í þessum efnum né öðrum, en það, að ég tel að hér sé þróun betri en bylting.

Herra forseti. Ég skal ekki hafa þessi orð öllu fleiri nú við 1. umr. Eins og hæstv. sjútvrh. gerði grein fyrir, er þetta mál þegar nokkuð rætt. Í fyrsta lagi var það rætt á undirbúningsstigi, áður en frv. var lagt fyrir á síðasta Alþ. Það hefur einnig verið tækifæri til þess að ræða það síðan, bæði við hv. alþm. og aðra, sem þetta mál skiptir sérstaklega. Nú er vissulega orðið það á tímann liðið, þangað til ákvæðin um togveiðar falla úr gildi um næstu áramót, að ekki er aðeins æskilegt, heldur má telja nauðsynlegt, að hv. Alþ. taki nú afstöðu til þessa máls og afgreiði það í einhverri mynd, áður en þingið fer heim í jólaleyfi. Síðustu orð mín að þessu sinni skulu vera þessi: Við verðum að hafa það í huga, sem undirbúningsnefndin reyndi að gera að sínu markmiði, að fara hér meðalveginn, leggja til allverulega friðun, bæði með hliðsjón af því, hversu ýmsir helstu fiskstofnar okkar standa tæpt nú, og einnig með hliðsjón af þeirri nauðsyn, sem það er okkur á alþjóðavettvangi að geta sagt: Við erum friðunarmenn, við erum að færa út okkar fiskveiðilögsögu til þess að hafa vald á því, að fiskstofnarnir verði ekki ofnýttir. — Þetta hvort tveggja fer saman, þannig að það er nauðsyn að hafa þessi friðarsjónarmið í huga, en jafnframt ber vissulega að muna eftir því, að við lifum nú fyrst og fremst á fiskveiðum og hagnýtingarsjónarmiðið, að svo miklu leyti sem hægt er að samrýma það verndunarsjónarmiðunum, á vissulega rétt á sér. Það verður einnig að hafa í huga, að ekki sé með of róttækum ákvörðunum gerðar af opinberri hálfu ráðstafanir, sem kippa að meira eða minna leyti fótunum undan því, að einstök mikilvæg byggðarlög geti þróast með eðlilegum hætti og haft sitt uppihald af því að stunda sjóinn, að svo miklu leyti sem möguleikar eru á, án þess að fiskstofnunum sé stefnt í bráða hættu.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 21 shlj. atkv. og til sjútvn. með 21 shlj. atkv.

Sameinað þing, 20. fundur.

Fimmtudaginn 15. náv., að loknum deildarfundum.

Staðarval stóriðju á Norðurlandi, þáltill. (þskj. 69). — Hvernig ræða skuli.

Að till. forseta var ákveðin ein umr.

Farþegaskip milli Íslands, Færeyja, Noregs, Svíþjóðar og Danmerkur, þáltill. (þskj. 74). — Hvernig ræða skuli.

Að till. forseta var ákveðin ein umr.

Bætt póst- og símaþjónusta, þáltill. (þskj. 81). — Hvernig ræða skuli.

Að till. forseta var ákveðin ein umr.

Hækkun íbúðarlána úr Byggingarsjóði, þáltill. (þskj. 83). — Hvernig ræða skuli.

Að till. forseta var ákveðin ein umr.

Útfærsla fiskveiðilandhelgi í 200 sjómílur, þáltill. (þskj. 12). — Ein umr.

Flm. (Gunnar Thoroddsen): Herra forseti. Þessi till. til þál., sem flutt var 16. okt. í Sþ., felur það í sér, að fiskveiðilandhelgi Íslands skuli stækkuð þannig, að hún verði 200 sjómílur frá grunnlínum allt í kringum landið og komi stækkunin til framkvæmda eigi síðar en 31. des. 1974.

Frá því að landgrunnslögin voru sett 1948, hefur markmiðið í landhelgismálinu verði landgrunnið allt, með öllum þess fiskimiðum umhverfis landið. Þetta er okkur þjóðarnauðsyn, og þetta er hinn sögulegi réttur okkar. Allt frá byggingu Íslands og langt fram eftir öldum áttu Íslendingar einir öll þessi fiskimið. Sá réttur var viðurkenndur af öðrum þjóðum öldum saman. Þegar erlendir fiskibátar fóru fyrst að sækja á Íslandsmið, mótmæltu landsmenn því fastlega, og það hreif. Fiskibátarnir hurfu á brott. Síðan tóku útlend skip að veiða hér við land og stunda rányrkju, sumpart í skjóli hervalds þeirra ríkja, sem hlut áttu að máli, og sumpart vegna undanlátssemi danskra yfirvalda, en alltaf í óþökk landsmanna og gegn þeirra mótmælum.

Landgrunnið með öllum auðlindum þess, í hafsbotni og yfir honum, er og á að vera eign Íslendinga og þeirra einna. Það er hluti af landinu og lífgjafi landsmanna.

5. maí 1959 samþykkti Alþ. þál. um landhelgismál. Með henni lýsti Alþ. yfir að afla beri viðurkenningar á rétti Íslands til landgrunnsins alls, svo sem stefnt var að með l. um vísindalega verndun fiskimiða landsgrunnsins frá 1948. Þó að grundvöllur væri að þessu lagður með landsgrunnsl., þá er það í fyrsta skipti með þessari þál. frá 1959, sem Alþ. lýsir berum orðum og ótvírætt yfir þeirri stefnu, að allt landgrunnið skuli verða undir yfirráðum Íslendinga. Tveim árum síðar, 1961, þegar samið var við Breta um lausn fiskveiðideilunnar, var svo ákveðið í þeim samningi: „Ríkisstj. Íslands mun halda áfram að vinna að framkvæmd ályktunar Alþingis frá 5. maí 1959 varðandi útfærslu fiskveiðilögsögunnar við Ísland.“

Landgrunnið er því mörkuð stefna okkar, en spurningin er: Hvernig á að ákveða, hversu langt það nær á haf út? Í alþjóðlegum umr. er oft miðað við dýpi og dýptarlínur, t. d. fyrir all-

löngu við 200 metra dýpi, síðar við 400 metra dýpi og nú upp á síðkastið 800-1000 metra. En einnig er oft talað um svokölluð hagnýtingarmörk, og er þá átt við, hversu langt er hægt að ná til nýtingar, t.d. til vinnslu olíu eða til þess að veiða fisk. Hagnýtingarmörkin að því er fiskveiðar varðar ná með núverandi tækni á 1000 metra dýpi og jafnvel dýpra. Fyrir Íslendinga væri æskilegt að miða fiskveiðilögsöguna annaðhvort við hagnýtingarmörk eða a.m.k. 1000 metra dýpi, og viðmiðun við landgrunnið hefur af mörgum ástæðum verið talin eðlilegust frá sjónarmiði Íslands. Landgrunnið er jarðfræðilegur hluti af landinu, stöpullinn, sem það stendur á. Þar eru fiskimiðin, sem afkoma og líf fólksins byggist á.

Við umr. til undirbúnings Hafréttarráðstefnu Sameinuðu þjóðanna hefur komið í ljós, að erfitt muni að sameina þær þjóðir, sem vilja víða landhelgi, um alþjóðlega reglu, sem byggist á landgrunninu einu. Til þess liggja einkum tvær ástæður. Hin fyrri er sú, að mörg ríki, sem þegar hafa tekið sér 200 mílur, hafa sjálf lítið landgrunn. Þær hafa því lítinn áhuga og takmarkaðan skilning á landgrunnssjónarmiðum. Hin ástæðan er sú, að hjá sumum ríkjum, sem berjast fyrir landgrunnsreglunni, t.d. Kanada, nær landgrunnið svo langt á haf út, langt út fyrir 200 mílur, að vonlítið þykir að fá nægilegt fylgi við svo víðáttumikla landhelgi. Þjóðir í þessari aðstöðu hafa því valið þann kostinn að styðja 200 mílur sem meginreglu, að vísu í von um að fá einhver forréttindi á landgrunni sínu utan þeirra. Frá sjónarmiði Íslands fullnægir 200 mílna reglan hagsmunum okkar vel að því leyti, að innan þeirra verður allt landgrunnið út á 1000 metra dýpi og sums staðar miklu meira dýpi. Aðeins á einum stað til suðvesturs gengur 1000 metra dýptarlínan út fyrir 200 mílna mörkin. Landgrunn Íslands fellur því í meginatriðum undir 200 mílna regluna.

Ef Íslendingar tækju sér 200 mílna landhelgi, mundi stærð hennar verða um 750 þús. ferkm. Til samanburðar má geta þess, að eftir útfærsluna 1958 var landhelgin um 70 þús. ferkm., eftir samningana 1961 75 þús. ferkm., eftir 50 mílna útfærsluna 1972 fór hún í 216 þús. ferkm. og mundi með 200 mílum verða um eða yfir 750 þús. ferkm. Það fer nokkuð eftir því, hvernig dregnar verða línur milli landa, þar sem skemmra er milli en 400 sjómílur.

Í þáltill. á þskj. 12 segir, að þar sem skemmra er á milli Íslands og annarra landa en 400 sjómílur, skuli í samræmi við alþjóðlegar venjur miðað við miðlínur milli landa. Hér er það einkum tvö lönd, sem til greina koma, þ.e. Grænland og Færeyjar. Frá Íslandi til Grænlands eru um 160 sjómílur og frá Íslandi til Færeyja um 210 sjómílur. Þegar að því kemur, að við ákveðum að taka okkur 200 mílur, verður það væntanlega samningsmál við nágrannaþjóðir okkar. E.t.v. verður búið að koma sér saman um ákveðna alþjóðareglu um þetta efni. Eins og málin horfa við nú, mun það talið algengast í milliþjóðaviðskiptum, að miðað sé við miðlínur.

Það kemur svo að sjálfsögðu til athugunar, hvernig skuli miða mörkin gagnvart Jan Mayen. Það er engan veginn víst, að talið verði, að sú eyja eða þær eyjar eigi sama rétt á víðáttumikilli landhelgi og önnur lönd. En þetta verður að skoðast allt á sínum tíma. Hins vegar þótti rétt að benda nú þegar í þessari till. á það, að gagnvart vissum löndum væri helst hugsað að miða við miðlínu, sérstaklega, eins og í grg. er tekið fram, varðandi Færeyjar og Grænland, því að ekki kemur til mála, að Ísland fari að sælast til landhelgi þessara landa, ég tala nú ekki um, ef ætti að beita 200 mílum gagnvart Grænlandi, þá værum við komnir upp á Grænlandsjökla.

Það er í rauninni svo komið nú, að spurningin er ekki um það, **hvort** við Íslendingar förum út í 200 mílur, heldur **hvenær**. Flestir, ef ekki allir Íslendingar virðast því fylgjandi, að stefnt sé að 200 mílum. Það er margt, sem mælir með því, að ekki verði látið bíða að færa út í 200 mílur, heldur er gert áður en langt um líður. Við sjálfstæðismenn höfum að vandlega athuguðu máli lagt til, að það verði gert eigi síðar en fyrir árslok næsta árs.

Ég skal þá leiða að því nokkur rök hvers vegna við teljum, að ekki megi bíða.

Í fyrsta lagi teljum við, að hér sé um lífsnauðsyn íslensku þjóðarinnar að ræða, vegna þess að utan 50 mílna markanna eru auðug, verðmæt fiskimið í verulegri hættu. Eftir upplýsingum frá Hafrannsóknarstofnununni eru m.a. eftirtaldar fiskitegundir á þessu hafsvæði milli 50 og 200 mílna: Þorskur, grálúða, karfi, lúða, langhali, kolmunni, langa, loðna, síld. Sumar þessara fisktegunda eru í hættu, t.d. þorskurinn, sömuleiðis karfinn. Um grálúðuna má geta þess, að utan við 50 mílur eru grálúðumið bæði fyrir Norðurlandi, Austfjörðum og Vestfjörðum; fyrir nokkrum árum var þar uppgripaafli, þá komu þangað erlendir togarar í stórum stíl og aflinn dróst saman vegna ofveiði, stofninn þoldi ekki þennan gífurlega ágang. Það má einnig nefna síldveiðarnar. Við þekkjum þá hörmungarsögu, þegar síldin hvarf. Síldin hefur verið friðuð í nokkur ár. Menn vonast til þess, að hún nái sér upp að nýju og hér hefjist síldargöngur og síldveiðar aftur, en í sambandi við þær væntanlegu síldveiðar er okkur lífsnauðsyn, að landhelgin verði sem fyrst færð út í 200 mílur.

Þessi ástæða er hin fyrsta, sem við viljum nefna: lífsnauðsyn þjóðarinnar að vernda mikilvæg fiskimið á milli 50 og 200 mílna, sem þegar eru í yfirvofandi hættu.

Önnur ástæðan er sú, að það er fyrir alllöngu orðin viðurkennd þjóðréttarregla, að strandríki eigi allar auðlindir í hafsbotni á landgrunni sínu. Liggja full rök til þess, að hið sama skuli gilda um verðmæti í sjónum yfir hafsbotninum. Mörg eru þau lönd, sem eiga mikil verðmæti í hafsbotninum. Önnur eiga verðmæti yfir hafsbotninum í sjónum, en ekki vitað hins vegar, eins og t.d. hjá okkur, hvort um veruleg verðmæti í sjálfum hafsbotninum er að ræða. Telja sumir það ólíklegt vegna þess, hve landið er jarðfræðilega ungt. Hvað sem þessu líður, þá virðist sem öll efnisrök hnígi í þá átt, að sama regla eigi að gilda um verðmætin í sjónum yfir hafsbotninum og landgrunninu og um þær auðlindir, sem í hafsbotninum eru.

Í þessu sambandi má benda á ályktun Sam-

einuðu þjóðanna frá 18. des. s.l., þar sem samþykkt var einróma sú stefnuyfirlýsing, að strandríki skuli eiga rétt til náttúruauðæfa í hafinu yfir landgrunninu.

Þegar undirbúningsfundum Hafréttarráðstefnunnar lauk í ágúst s.l., var gerð á því rækileg könnun, hver væri stefna og vilji þeirra þjóða, sem þar tóku þátt. Sú könnun fór fram þannig, að skoðaðar voru m.a. till., sem einstakar þjóðir höfðu gert, ræður manna, önnur vitneskja um skoðanir fulltrúanna og litið á hagsmuni hvers ríkis fyrir sig. Niðurstaðan af þessari víðtæku athugun var sú, að á Hafréttarráðstefnunni yrði öruggur meirihl. fyrir 200 mílum. Um 150 þjóðir eiga rétt á að sækja hina væntanlegu Hafréttarráðstefnu, og gert er ráð fyrir, að milli 130 og 140 muni sækja hana. Eftir þessa skoðun á viðhorfi ríkja er talið, að 80 ríki hið fæsta og jafnvel allt að 100 ríkjum muni styðja 200 mílur.

Hafréttarráðstefnan sjálf, sem hefur verið vandlega undirbúin, kemur saman til efnismeðferðar þessa máls á næsta ári, e.t.v. á fyrri hluta þess árs. Þó að ráðstefnan sjálf taki kannske alllangan tíma, er líklegt, að snemma á ráðstefnunni verði samþykkt stefnuyfirlýsing um fylgi við 200 mílurnar, sem öruggur meirihl. þjóða virðist þegar fylgja.

Þegar allt þetta er skoðað, lífsnauðsyn okkar Íslendinga að færa landhelgina sem fyrst út í 200 mílur, í öðru lagi hin viðurkennda þjóðréttarregla um, að strandríki eigi auðlindir í hafsbotninum, og við teljum, að hið sama eigi að gilda um verðmætin yfir hafsbotninum, í þriðja lagi stefnuyfirlýsing Sameinuðu þjóðanna frá því í des. 1972, í fjórða lagi vitneskjan um, að meirihl. þjóða heims muni styðja 200 mílna efnahags- og auðlindalögsögu, sem felur í sér fiskveiðilögsögu, og loks, að líkur eru taldar til þess, að snemma á Hafréttarráðstefnunni muni slík stefnuyfirlýsing samþykkt, þegar allt þetta er skoðað, virðist fenginn nægilega traustur grundvöllur, bæði pólitískur og lagalegur, fyrir okkur til þess að færa út á næsta ári.

Spurningin er þá sú: Er eitthvað, sem mælir sérstaklega á móti því að ákveða þessa útfærslu svo að hún komi til framkvæmda fyrir lok næsta árs? Er eitthvað sem mælir sérstaklega með því að bíða? Ég tel ekki. Ég tel, að það sé ábyrgðarhluti að bíða eftir því, að Hafréttarráðstefnunni ljúki og hún hafi afgreitt þetta mál endanlega. Við skulum í fyrsta lagi hafa það í huga, að tvær hafréttarráðstefnur hafa verið haldnar á undan, báðar með þeim tilgangi að leysa vandamálið um víðáttu landhelginnar og setja um hana fastar reglur. Þessar hafréttarráðstefnur voru haldnar á vegum Sameinuðu þjóðanna 1958 og 1960. Báðar mistókust þær að þessu leyti, að ekki tókst að setja reglur um víðáttu fiskveiðilögsögu. Hvort það tekst á þessari ráðstefnu, skal ég ekki segja. Þó að meirihl. sé fylgjandi 200 mílna lögsögu, þá er svo ráð fyrir gert og í samræmi við þær reglur, sem gilt hafa áður á slíkum ráðstefnum, að ⅔ atkv. þurfi til þess, að slík samþykkt fái gildi sem alþjóðalög. En það nægir ekki, heldur þarf auk þess tiltekinn fjöldi ríkja sem að þessu standa, að staðfesta eða fullgilda slíkan alþjóðasamning á eftir, til þess að þetta sé orðið bindandi að þjóðarétti. Slíkt getur tekið mörg ár. Hafréttarráðstefnunni sjálfri er engan veginn víst að ljúki á næsta ári, hún getur tekið 2-3 ár, og óvíst, að þessir ⅔ hlutar náist, og ómögulegt að segja, hversu langan tíma það tekur að fá fullgildingu þeirra ríkja, sem með þarf. Ég tel því, að það sé ekki unnt fyrir okkur Íslendinga að bíða eftir því, að Hafréttarráðstefnunni ljúki og hún hafi endanlega afgreitt þetta mál.

Í þessari till. er gert ráð fyrir því að fela ríkisstj. að leggja fyrir þingið frv. um þær breytingar á l., sem nauðsynlegar eru vegna útfærslu í 200 sjómílur. Hæstv. ríkisstj. hefur nú lagt fram frv. um breytingu á landgrunnsl., og verður það mál, sem er vandasamt meðferðar, skoðað í sjútvn. Nd. nú á næstunni.

Loks segir í till., að Alþ. leggi nú sem fyrr áherslu á nauðsyn þess, að settar séu strangar reglur um verndun fiskstofna til þess að tryggja sem best hagnýtingu þeirra og koma í veg fyrir ofveiði og þeim reglum verði fylgt eftir með festu.

Það er eindregin ósk og von flm. þessarar þáltill., að samstaða náist á Alþ. og með þjóðinni um þetta stórmál.

Friðjón Þórðarson: Herra forseti. Þó að till. þessari hafi nú þegar verið gerð mjög góð skil af hv. frsm., formanni þingflokks Sjálfstfl., ætla ég að leyfa mér að fara um hana nokkrum orðum.

Það er í sjálfu sér undrunarefni, en eigi að síður söguleg staðreynd, að samningur sá, sem Danir gerðu við Breta árið 1901 um þriggja mílna landhelgi við strendur Íslands, skyldu gilda í hálfa öld. Er þó talið, að Íslendingar hafi öðlast rétt til þess að segja honum upp, þegar fullveldi landsins var viðurkennt árið 1918. Það var ekki fyrr en seint á fimmta tug aldarinnar, að hafist var handa um gagngeran undirbúning að sókn til útfærslu fiskveiðilandhelginnar að frumkvæði Ólafs Thors og annarra forustumanna Sjálfstfl. Samningi þessum var síðan sagt upp haustið 1949, og samkv. því gekk hann úr gildi í okt. 1951.

Svo sem alkunnugt er, voru lög um vísindalega verndun landgrunnsins sett árið 1948. Þetta er ekki mikill lagabálkur, aðeins 4 gr. En þarna var lagður grundvöllur til sóknar. Allt landgrunnið var haft í sjónmáli sem framtíðartakmark, þar sem allar veiðar skyldu háðar íslenskum reglum og eftirliti, tekið fram, að sjútvrn. skuli ákveða allar þær reglur, sem nauðsynlegar eru til verndar fiskimiðum, jafnframt skuli rn., eftir því sem unnt er, taka þátt í alþjóðlegum vísindarannsóknum, er miða að verndun fiskimiða.

Segja má, að landgrunnsl. frá 1948 leggi sérstaka áherslu á þrjú meginatriði:

1. stækkun íslenskrar fiskveiðilandhelgi, þar sem takmarkið er landgrunnið allt.
2. Friðun og vernd fiskstofna.
3. Alþjóðasamvinnu um vísindarannsóknir til verndar auðæfum hafsins.

Þessa höfuðþætti hefur jafnan verið talið nauðsynlegt að hafa í huga, þegar stefna hefur verið mörkuð í þessu stórmáli, er svo mjög snertir allan hag og velferð Íslendinga.

Það var frá upphafi öllum ljóst, að takmarkinu

í þessu máli yrði ekki náð nema í áföngum, svo sem gert hefur verið. Skrefin hafa verið tekin eitt af öðru í átt að settu marki. Í áfangastað hefur oftast verið minnt á, hvert ferðinni er heitið. Þannig var tekið fram í hinni stefnumarkandi ályktun Alþ. frá 5. maí 1959 og minnt sérstaklega á, að afla beri viðurkenningar á rétti Íslands til landgrunnsins alls, svo sem stefnt var að með l. um vísindalega verndun fiskimiða landgrunnsins frá 1948. Og eitt af 4 meginatriðum, sem fólst í lausn fiskveiðideilunnar við Breta 1961, var, að ríkisstj. Íslands lýsti því yfir, að hún mun halda áfram að vinna að framkv. ályktunar Alþ. frá 5. maí 1959 varðandi útfærslu fiskveiðilögsögunnar. Í ályktun Alþ. frá 7. apríl 1971 um réttindi Íslendinga á hafinu umhverfis landið var ákveðið, að Alþ. kysi 5 manna n., einn frá hverjum þingflokki, til að semja frv. um þessi efni. Upp í það frv. átti m.a. að taka ákvæði um óskertan rétt Íslendinga til fiskveiða í hafinu yfir landgrunninu, eins og réttur til hafsbotnsins hefur þegar verið tryggður með l. frá 24. mars 1969 um yfirráðarétt Íslendinga yfir landgrunninu umhverfis landið. Þáltill. sjálfstæðismanna frá haustinu 1971 hófst á þessum orðum: „Fiskveiðilögsaga Íslands nær yfir allt landgrunnið umhverfis landið.“

Að sjálfsögðu er mönnum löngu orðið ljóst, að fiskistofnar verða að njóta nægilegrar verndar og friðunar. Rányrkja og ofveiði enda ekki *nema á einn veg, í örtröð og veiðileysi.* Ýmsar ráðstafanir hafa því verið gerðar til verndar lífinu í sjónum við strendur landsins, þó að misjafnlega hafi tekist til um farsæla framkvæmd og eftirlit. Um þessi efni mörg hver er auðvitað óhjákvæmilegt að hafa víðtækt og náið samstarf við aðrar þjóðir, svo sem gert hefur verið eftir föngum.

Þó að Íslendingar hafi jafnan haldið fram fullum rétti til einhliða útfærslu, er þeim að sjálfsögðu jafnljóst, hversu rík nauðsyn er á því að afla alþjóðaviðurkenningar á slíkri útfærslu. Þeir hafa því tekið vaxandi þátt í samvinnu þjóða heims um þessi mál og haft augun opin fyrir hverri hreyfingu í framþróun á þessu sviði. Alkunna er, að dómur sá, er Alþjóðadómstóllinn í Haag kvað upp í des. 1951 í máli Breta og Norðmanna, varð þeim bæði hvatning og fyrirmynd. Norðmenn unnu það mál í öllum meginatriðum. En dómur þessi hafði líka mikla almenna þýðingu á sviði þjóðaréttar. Á síðustu árum hefur framþróun mála, er lúta að víðáttu landhelginnar verið mjö.g hröð, svo sem allir vita. Nú er ákveðið, að Hafréttarráðstefna Sameinuðu þjóðanna hefjist í New York í des., en haldi áfram í Venezúela á næsta ári.

Með samþykkt ályktunar þeirrar, sem gerð var hér á hv. Alþ. í byrjun vikunnar um bráðabirgðasamkomulag um veiðar breskra togara hér við land, er bundinn endir á langa og hættulega fiskveiðideilu, a.m.k. um stundarsakir. Það bráðabirgðasamkoulag, sem gert hefur verið, er þó við fljóta athugun *mjög* ófullkomið og laust í reipunum. Það hefur á sér blæ vopnahléssamninga, ef svo má segja. Þar er margt ósagt látið, sem þörf hefði verið á að taka fram, og það, sem skrifað stendur og mótað er á blað, er auðvelt að gagnrýna á margvíslegan hátt. Hitt er annað mál, að flestir vilja ná friði í þessu efni sem öðru, þegar til lengdar lætur. En stundum má líka segja að sjálfsögðu, að friður verði of dýru verði keyptur, en það kemur oftast nær ekki í ljós fyrr en síðar. Verður því að horfast í augu við þá staðreynd, að flest orkar tvímælis þá gert er. En þegar friður hefur nú verið saminn, — friður, sem menn vissulega vona, að verði til góðs og langvarandi, þá gefst tóm til að hugsa um næsta áfanga, tími til orða og athafna.

Enn bíður takmarkið frá 1948, að ná yfirráðum yfir öllu landgrunninu. En hvað er þá landgrunn? Það er fyrst og fremst stöpull sá í hafinu, sem landið hvílir á og við teljum okkur eiga með jafnmiklum rétti og landið sjálft, en nánar hefur það aldrei verið skilgreint. Eyríki og strandríki *hafa mjög misstórt landgrunn.* Sums staðar eru víðir flákar undan ströndum, en annars staðar eru hafdjúp skammt frá landi. Þessar ólíku aðstæður og sjónarmið verður að samræma á einhvern hátt. Því fjölgar nú óðum í fylkingu þeirra þjóða, sem viðurkenna brýna nauðsyn á samstöðu í þessum efnum og keppa að því sameiginlega markmiði að vinna að 200 sjómílna efnahagslögsögu. Miðað við langa og stranga baráttu liðinna ára og samkv. meginrökum landgrunnsl. hljóta Íslendingar að skipa sér í þessa sveit. Allir hv. þm. Sjálfstfl. eru flm. að þeirri till., sem hér er til umr., og ég leyfi mér að *enda þessi fáu orð á niðurlagsorðum grg.,* en þar segir svo: „Sjálfstfl. óskar nú sem fyrr þjóðareiningar um landhelgismálið og mun leita samstöðu Alþ. um útfærsluna í 200 mílur.“

Guðlaugur Gíslason: Herra forseti. Þm. eru án efa sammála um það, að eitt af stærstu málum Alþ. sé á hverjum tíma stækkun landhelginnar, þegar það er til meðferðar hér í þingsölum. Frsm. hefur gert þessu máli allýtarleg skil, og mun ég því ekki verða margorður í þessu sambandi. En öllum mun okkur vera ljóst, að þróun mála á alþjóðavettvangi í sambandi við hagnýtingu hafsvæðis yfir landgrunni strandríkja er öll á þann veg, að mjög er eðlilegt, að Íslendingar stígi það skref, sem lagt er til í þeirri till., sem hér er til umr.

Í þessu sambandi er eðlilegt, að við í stórum dráttum gerum okkur grein fyrir þeirri þróun, sem orðið hefur í fiskveiðimálum okkar á undanförnum árum og kannske áratugum.

Lengst af hefur það verið svo, að Íslendingar hafa byggt sjávarútveg sinn á bátaflota, misjafnlega stórum, þó að þeir síðan laust eftir aldamót hafi einnig alltaf haft togaraútgerð með. Sú breyting er nú að verða á hjá okkur, að óðfluga er stefnt að stærri skipum, stærri bátum, þar sem þeir eiga við, og stærri togurum og nýrri gerð togara. Þetta þýðir auðvitað það, að Íslendingar verða að taka sér stærra hafsvæði til eigin afnota, ef fiskiðnaður og útgerð á að geta þróast hér á landi, eins og stefnir annars staðar og við verðum að telja eðlilegt að stefnt sé einnig að hjá okkur. Þó að margir sjái fram á það, að sú þróun, sem nú er að verða, svo ör sem hún er, kunni í bili að skapa vandamál, — á ég þar helst við vandamál fisk-

iðnaðarins í landi, ef bátaflotinn hverfur mjög snögglega af sjónarsviðinu og aðeins verður um útgerð stærri skipa að ræða, þá hygg ég, að við stöndum, e. t. v. áður en við gerum okkur grein fyrir, frammi fyrir því vandamáli, að fiskiðnaðurinn hafi ekki eins stöðugt og jafnt hráefni og hann hefur haft, meðan bátaflotinn hefur verið aðaluppistaðan í hráefnisöflun. Ég segi þetta vegna þess, að okkur hlýtur að vera það ljóst, að hin nýju og dýru skip, sem við erum að flytja inn í landið og stefnum að því að gera í auknum mæli, verða auðvitað á hverjum tíma að selja afla sinn þar, sem þau fá fyrir hann hæst verð. Jafnvel þó að stjórnvöld og eigendur skipa, útgerðarmenn, vildu hafa á þessu nokkurn annan hátt, þá ber að líta á það einnig, að það eru áhafnir skipanna, sem eiga verulegan hluta af aflaverðmætinu á hverjum tíma, og auðvitað hljóta þeir aðilar að krefjast þess að fá eins mikið út úr sinni vinnu og þeir sjá fram á, að hægt er að fá, hvort sem um er að ræða að selja afla skipanna innanlands eða erlendis. Ég er því nokkuð uggandi yfir því, að svo geti farið, að Íslendingar lendi þarna e. t. v. í nokkrum vanda, tímabundið, meðan skiptin ganga yfir, og að fiskiðnaðurinn fái ekki til vinnslu hráefni á þeim tíma, sem hann kannske helst þyrfti á að halda, yfir haustmánuðina og fyrri part vetrar, það hráefni, sem hann þyrfti á að halda til að halda uppi nægilegri atvinnu í hinum ýmsu sjávarplássum víðs vegar um landið. Það mun koma í ljós þegar á næstu vertíð, hvort vandamál af þessu tagi verða fyrir hendi eða ekki.

Margir bátaeigendur eru mjög uggandi um að svo geti fari, að útgerð báta, sem fram að þessu hafa verið taldir mjög góðir, heimanróðrarbáta eða báta, sem leggja úr landi að nóttu eða morgni til og koma aftur inn daginn eftir, muni ekki geta átt sér stað í vetur, vegna þess að ekki fáist sjómenn á flotann. Ég skal viðurkenna, að þetta sjónarmið hefur áður verið fyrir hendi, menn hafa verið uggandi í þessu sambandi. En fram að þessu hefur þetta sem betur fer ekki farið eins illa og menn óttuðust. En til kemur aftur nú þegar á næstu vetrarvertíð, að til landsins eru komin mun fleiri ný skip en áður hafa verið, og verkar það sjálfsagt á aðstöðu bátanna.

Þetta er auðvitað þróun, sem ekki þýðir annað en horfast í augu við. Þetta er sá tími, sem koma skal, að sjómenn af eðlilegum ástæðum og útgerðarmenn einnig vilja fá stærri, fullkomnari og betri atvinnutæki og fylgja þeir þar aðeins eftir þróun, sem annars staðar er að gerast.

Þegar við stöndum frammi fyrir því, að skipastóll landsmanna er að taka þessum breytingum, þá auðvitað hljótum við að gera okkur jafnhliða grein fyrir því, að hann þarf mun stærra svigrúm en bátaflotinn hefur áður þurft á að halda. Kemur þá auðvitað þar fyrst til, að Íslendingar verða að taka sér enn stærri fiskveiðilögsögu en við nú höfum ákveðið, þó að við vissulega höfum stigið þar stórt skref. Liggja til þess margar ástæður, og rakti hv. 1. flm. þessarar till. þær áðan. En það kemur þar til viðbótar einnig, að um það er vitað, að aðrar þjóðir eiga mjög stórvirk atvinnutæki, sem þær fram að þessu hafa ekki beitt hér við Íslandsstrendur. Á ég þar við hinn stóra flota t. d. Sovétríkjanna og Japans og fleiri þjóða, sem slík skip eiga. Þær hafa fram að þessu til þess að gera lítið stundað fiskveiðar hér við land. En verði sú breyting á, að þau fiskimið, sem þær áður hafa sótt, gefi ekki þann afla, sem þau áður hafa gefið, þá er auðvitað sú hætta fyrir hendi, að þessi floti sæki hingað á Íslandsmið. Þar er um það stórvirk tæki að ræða, að 50 mílurnar duga hvergi nærri til að hefta veiðar þeirra. Þeir geta með sama árangri stundað veiðar hér í kringum landið, jafnt utan 50 mílna sem innan, og það á vissum stöðum á svæðum langt fyrir utan 50 mílurnar, kannske allt að 200 mílna mörkunum. Það ber því allt að sama brunni með það, að Íslendingar hljóta að verða, strax og talinn er nokkur hugsanlegur möguleiki á, að stíga það skref, sem lagt er til í þessari till.

Það hefur einnig orðið sú þróun í fiskveiðum hér á landi á undanförnum árum og fer vaxand, að farið er að veiða nýjar fisktegundir, sem áður hafa ekki verið veiddar hér. Þannig vill til, að þær fisktegundir, sem hér hefur verið getið um, bæði loðna, kolmunni og fleiri fisktegundir, haldi sig í mjög ríkum mæli á vissum tímum utan við 50 mílurnar og þá á beltinu milli 50 og 200 mílnanna. Einnig þetta kallar á það, að Íslendingar hljóti að stíga það skref, sem lagt er til í þeirri till., sem til umr. er. Spurningin er þá, hvaða mat hv. alþm. hafa á því, hvenær beri að tíga skrefið og lögfesta fiskveiðilögsöguna í 200 mílur? Hv. frms., sem mælti fyrir till., og síðasti ræðumaður röktu þetta mál nokkuð ítarlega hér. En okkur er öllum ljóst, að sú gleðilega staðreynd liggur fyrir, að hver sem niðurstaðan kann að verða, þá horfir allt í dag í þá átt, að víðtækt samkomulag muni vera fram undan um, að 200 mílurnar verði það mark, sem samkomulag næst um, að strandríki hafi rétt til að helga sér til fiskveiða. Þegar á það er litið, eins og hér var bent á af ræðumanni á undan mér, að fram undan er mikilvæg og sennilega og vonandi stefnumarkandi ráðstefna, þá verður að teljast mjög eðlilegt og sjálfsagt, að Alþ. notfæri sér alla þá möguleika til hins ítrasta, eða þau sjónarmið, sem þar kunna að koma fram og stígi það skref, sem hér er um að ræða. Það er einnig annað, sem er mjög mikilvægt í sambandi við útfærslu landhelginnar í 200 sjómílur, en það er, að Íslendingar verða á hverjum tíma einir og sjálfir að ráða þeim friðunaraðgerðum, sem þeir telja nauðsynlegar á hverjum tíma gagnvart hverri fisktegund fyrir sig. Nú er það svo, t. d. með síldveiðar, að ef við ekki ráðum hafsvæðinu kringum landið nema að 50 mílunum, þá getur vel svo farið, að síldarstofninum, þegar hann kann að koma upp á ný, verði gereytt á skömmum tíma og við fáum þar ekkert við ráðið, því að í sambandi við síldveiðar vita allir, að við erum þar mjög smáir miðað við bæði t. d. Sovétríkin og Norðmenn, þannig að veiðar þeirra skera úr um það, hvort síldarstofninum ef hann nær sér upp aftur, verður eytt á skömmum tíma eða ekki. Það má sennilega mjög það sama

segja um bæði loðnu og kolmunna, að ef aðrar þjóðir, stórar fiskveiðiþjóðir, eins og Sovétríkin, Japan og Norðmenn, fá að ganga lausbeislaðar á miðunum kringum landið, þá getur vel svo farið, að einnig þessum fisktegundum verði eytt gersamlega hér á Íslandsmiðum.

Allt þetta ber að sjálfsögðu að hafa í huga, og Íslendingar hljóta að miða allar framtíðaraðgerðir sínar í landhelgismálinu og fiskveiðimálum okkar í samræmi við þetta. Hljótum við því að stíga það skref, sem hér er lagt til, eigi síðar en sagt er í till., en þau tímamörk eru sett fram í trausti þess, sem við trúum öll í dag, að það muni koma í ljós þegar á miðju þessu ári, að viðtækt samkomulag náist um þennan rétt til handa strandríkjum almennt.

Umr. frestað.

Vinna framhaldsskólanemenda við framleiðslustörf, þáltill. (þskj. 18). — Ein umr.

Flm. (Stefán Gunnlaugsson): Herra forseti. Á þskj. 18 er till. til þál. um vinnu framhaldsskólanemenda við framleiðslustörf á vetrarvertíð, sem við hv. 1. landsk. þm. og 5. þm. Reykn. stöndum að. Till. er svo hljóðandi:

„Alþingi ályktar að fela ríkisstj. að láta athuga, hvort unnt reynist að haga árlegum kennslutíma í framhaldsskólum í verstöðvum á Suðvesturlandi og annars staðar, þar sem skortur er á mannafla til framleiðslustarfa á vetrarvertíð, þannig, að elstu nemendurnir, sem áhuga hefðu á að sinna framleiðslustörfum í mars og apríl, gætu fengið sig lausa frá skólanámi þann tíma. Verði við það miðað, að námstími þeirra flytjist til á árinu sem því nemur. Þessi athugun fari fram með það fyrir augum, að reynt verði að leysa úr þeim vanda, sem sjávarútvegurinn hefur átt við að etja yfir helstu vertíðarmánuðina vegna skorts á vinnuafli. Jafnframt verði leitast við, að fjölbrautaskólar geti hið allra fyrsta boðið nemendum upp á námsbrautir, þar sem virk þátttaka í atvinnulífinu, svo sem við fiskveiðar og fiskverkun á vetrarvertíð, sé mikilvægur liður í námi þeirra."

Í upphafi grg. með till. er bent á, að miklum erfiðleikum hefur verið bundið að fá nægjanlegt vinnuafl til framleiðslustarfa, til fiskveiða og vinnslu sjávarafla á Suðvesturlandi á hávetrarvertíð hin síðari árin. Skortur á fólki til þessara starfa hefur haft í för með sér, að full nýting framleiðslutækjanna hefur ekki fengist og aflinn ekki ávallt farið í þá verkun, sem gefur þjóðarbúinu mest í aðra hönd. Mörgum er ljóst, að hér er á ferðinni ákaflega alvarlegt mál og raunar óviðunandi ástand, sem ekki hefur tekist að finna úrlausn á, svo að viðunandi geti talist.

Þarflaust er að fara um það mörgum orðum, að sjávarútvegur og vinnsla sjávarafla í landi er aðalundirstöðuatvinnuvegur Íslendinga. Á því byggjast lífskjör fólksins í landinu á hverjum tíma öðru fremur, hvernig tekst til um aflabrögð, vinnslu sjávarafla og sölu fiskafurðanna á erlendum mörkuðum. Þessi þáltill., sem hér er til umr., miðar að því, að reynt sé að tryggja, svo sem frekast er kostur, að framleiðslutækin á sjó og landi, sem rekin eru í sambandi við sjávarútveg og vinnslu sjávarafla, séu nýtt til hins ítrasta og hagnýting fiskaflans geti jafnan verið með sem hagkvæmustum hætti, en svo hefur því miður ekki verið á hávetrarvertíð á suðvesturhorni landsins um skeið.

Sennilegt er, að nokkrar samverkandi ráðstafanir verði að gera, til þess að þessum málum verði komið í viðunandi horf. Í því sambandi mætti nefna aðgerðir, sem leiddu til þess, að fólk sækti frekar í störf við fiskverkun og fiskveiðar en verði hefur til þessa og þá úr vinnu, sem er þjóðhagslega ekki eins nauðsynleg og þau störf, sem ég geri hér að umtalsefni. Slíkar ráðstafanir gætu m. a. verið fólgnar í bættum launakjörum verkafólks, betri starfsaðstöðu, meiri kynningu á þessum mikilvægu starfsgreinum í skólum, svo og að virkja með skipulegum hætti til starfa við fiskveiðar og fiskvinnslu í landi nemendur úr framhaldsskólum yfir hávetrarvertíðina, sem hug hefðu á að sinna fiskvinnu á þeim tíma.

Um þennan síðarnefnda þátt þessa vandamáls fjallar þáltill., sem hér er til umr. Það er skoðun okkar flm., að sú leið, sem þar er bent á, mundi draga verulega úr þeim erfiðleikum, sem við er að etja í þessum efnum hjá sjávarútveginum.

Það er kunnara en frá þurfi að segja, að leitað hefur verið til forráðamanna skólanna á vetrarvertíð hér á Suðvesturlandi og víðar um, að þeir gefi nemendum frí frá námi dag og dag til að vinna við uppskipun og fiskverkun til að bjarga verðmætum frá skemmdum, þegar þannig hefur staðið á. Ég hygg, að yfirleitt hafi skólastjórar reynt að verða við slíkum óskum, þegar þær hafa komið fram, þótt það hafi haft í för með sér vissa truflun og óhagræði fyrir nemendur eða kennara og raunar haft að ýmsu öðru leyti óæskileg áhrif á störf skólanna að þeirra áliti. Enginn vafi er á því, að það vinnuafl, sem komið hefur með þessum hætti að framleiðslustörfum við sjávarsíðuna, þegar vöntun á verkafólki hefur verið hvað tilfinnanlegust, hefur bjargað miklum verðmætum og haft ómetanlega þýðingu. Þessu til staðfestingar væri hægt að nefna ýmis dæmi. Nærtækast er það, þegar rektorar menntaskóla í Reykjavík og á Laugarvatni urðu góðfúslega við þeim óskum að gefa nemendum úr yngstu bekkjum þessara framhaldsskóla frí í heila viku síðari hluta aprílmánaðar í ár. Milli 400 og 500 nemendur úr þessum skólum komu á vinnumarkaðinn þessa viku til fiskvinnu. Augljóst er, hversu geysiþýðingarmikið það hefur verið að fá þennan viðbótarvinnukraft til framleiðslustarfa, þegar hvað mest berst af afla. Auk þess hef ég fregnir af því frá þeim, sem best þekkja til, að þetta unga fólk hafi staðið sig með mikilli prýði við þessi störf og því orðið hin besta reynsla.

Af því, sem hér hefur verið rakið, sýnist einsætt, að leggja beri ríka áherslu á, að þannig verði búið um hnútana, að ungt fólk í framhaldsskólum, sem til þess hefur áhuga, geti stundað fiskvinnu eða sjómennsku á fiskiskipum á vetrarvertíð nokkrar vikur í mars og apríl. Slíkt er ekki einungis æskilegt og nauðsynlegt þjóðhagslega séð, heldur er það bæði þroskandi og lærdómsríkt fyrir nemendur að

kynnast undirstöðuatvinnuvegi þjóðarinnar með þeim hætti, sem hér um ræðir, ekki hvað síst fólk, sem hyggur á langskólanám og á e. t. v. fyrir höndum ævistarf, sem ekki er í beinum tengslum við sjávarútveginn. Við það kynnist ungt fólk, sem komið er til nokkurs þroska, þeirri erfiðisvinnu, sem fiskveiðar og fiskvinnsla í landinu getur verið, og ætti með því að öðlast betri og gleggri skilning á gildi sjávarútvegs fyrir þjóðina og þjóðfélagið í heild og nauðsyn þess, að því fólki, sem slík störf vinnur, sé sómasamlega launað og vinnuskilyrði þess svo góð sem frekast er kostur á hverjum tíma.

Það er svo í okkar landi, að sjálfsagt þykir, að framhaldsskólanemendur verði sér úti um einhver launuð störf í sumarleyfum frá skólanámi. Ég efa ekki, að mörgum nemendanna í framhaldsskólum er það kærkomið að geta orðið sér úti um tekjur með fiskvinnu nokkrar vikur að vetrinum. Fjárráð skólanemenda eru yfirleitt mjög takmörkuð. Tekjuviðbót með þeim hætti, sem hér um ræðir, gæti því komið þeim að góðu gagni.

Þótt sú vinna, sem nemendur framhaldsskólanna hafa látið í té við framleiðslustarfsemina í sjávarplássum á vetrarvertíð, hafi verið mikilsverð, hefur það hvergi nærri verið fullnægjandi til þess að leysa úr þeim vanda, sem við hefur verið að etja í þessum efnum árlega. Þá er það staðreynd, að skólamenn hafa bent á, að skólafrí, sem veitt eru fyrirvaralítið til að verða framleiðslustarfseminni að liði dag og dag, valda röskun á skólanámi og skólastarfi yfirleitt, sem æskilegt er að komast hjá, ef kostur er. Það er því knýjandi að þessum málum verði þannig fyrir komið, að sem allra minnst truflun verði á skólanámi viðkomandi nemenda og komið verði í veg fyrir, að verulegt óhagræði hljótist af fyrir kennara og skólastarfsemina yfirleitt.

Ég vil leggja áherslu á, að ekki er lagt til í þessari till., að skólanám þeirra nemenda, sem hér um ræðir, minnki við það, að þeir vinni fiskvinnu nokkrar vikur í mars og apríl, heldur að námstími þeirra verði fluttur til á árinu, sem þeim dögum nemur, sem þeir yrðu frá námi í þessum mánuðum.

Það liggur í hlutarins eðli, að farsæl lausn þessa máls, sem fullnægjandi og viðunandi getur talist fyrir þá, sem hér eiga hlut að máli, fæst því aðeins, að haft verði fullt samráð við rétta aðila um fyrirkomulag. Er þar fyrst að nefna kennara og skólastjóra framhaldsskólanna. Heppilegri og jákvæðari niðurstöðu í þessu máli verður ekki náð, nema til komi vilji og áhugi hjá þeim til að verða að liði í þessu máli. Við þá verður að hafa fullt samráð.

Á síðasta þingi voru afgreidd lög um fjölbrautaskóla, sem heimila sveitarfélögum og ríki að setja á stofn eins konar sameinaða framhaldsskóla. Undirbúningur að starfsemi slíkra skóla er þegar hafinn á nokkrum stöðum. Gert er ráð fyrir, eins og kunnugt er, að fjölbrautaskólarnir sameini allt framhaldsnám í einni kennslustofnun og fjölgi námsbrautum á framhaldsskólastigi. Þeir hafa m. a. á námsskrá undirbúning undir störf í hinum ýmsu atvinnugreinum. Í till. þeirri, sem hér er til umr., er einnig lögð áhersla á, að fjölbrautaskólar geti hið allra fyrsta boðið nemendum upp á námsbrautir, þar sem virk þátttaka í atvinnulífinu, svo sem við fiskiðnað og fiskverkun á vetrarvertíð, sé mikilvægur liður í námi þeirra. Ég er þeirrar skoðunar, að það þurfi að hraða því, svo sem unnt er, að fyrirhugaðir fjölbrautaskólar hefji starfsemi sína og hafi á boðstólum námsbrautir, áður en langt um líður, sem tengdar séu atvinnulífinu við sjávarsíðuna. Þar ættu að vera ákjósanleg skilyrði til að efla áhuga og virðingu hjá ungu fólki fyrir vinnu og starfi við undirstöðuatvinnuvegi þjóðarinnar, ef rétt er á málum haldið. Raunar má segja, að allir skólar í landinu ættu að gera meira að því, en verið hefur hingað til að rækta með nemendum skilning á gildi umræddra atvinnugreina fyrir velfarnað þjóðarinnar í þessu landi og mikilvægi þess starfs, sem þar er unnið. Með þessum orðum er ég á engan hátt að gera lítið úr því, sem ýmsir skólar hafa gert í þeim efnum á liðnum árum. En fjölbrautaskólarnir ættu að hafa sérstakt verkefni að þessu leyti að mínum dómi. Fyrirsjáanleg er vaxandi þörf fyrir fólk með ýmiss konar sérþekkingu til starfa við sjávarútveg og aðrar atvinnugreinar á þessum tímum aukinnar tækniþróunnar og vélvæðingar í allri framleiðslustarfsemi. Skólarnir hafa þarna í vaxandi mæli mikilsverðu hlutverki að gegna og alveg sérstaklega fjölbrautaskólarnir, ef að líkum lætur.

Herra forseti. Í upphafi máls míns vakti ég athygli á því, að vandi sjávarútvegsins vegna skorts á vinnuafli á hávetrarvertíð á Suðvesturlandi hefði verið meira og minna viðloðandi nokkur undanfarin ár. Óhætt er að fullyrða, að ekki dregur úr þessum vanda í náinni framtíð, ef svo heldur fram sem nú horfir. A. m. k. er allt útlit fyrir mjög alvarlega fólkseklu í verstöðvum og á fiskiskipaflotanum á næstu vetrarvertíð, ef ekkert verður að gert. Það á auðvitað rætur að rekja til hins mikla og alvarlega þensluástands, sem ríkjandi er í efnahagskerfi landsmanna. Eftirspurn er víða miklu meiri eftir vinnuafli til hvers konar framkvæmda, nauðsynlegra og ónauðsynlegra, en framboð, svo sem kunnugt er. Þetta hefur leitt til þess, að þeir, sem rúmust hafa auraráðin, yfirbjóða á hinum almenna vinnumarkaði til þess að tryggja sér vinnuafl. Hið gegndarlausa kapphlaup og yfirboð braskara og annarra, sem yfir miklu fjármagni ráða, til misjafnlega nauðsynlegra framkvæmda, kemur illa niður á sjávarútveginum, sem getur ekki tekið þátt í þessu æðisgengna kapphlaupi. Við þetta bætist svo stærri fiskiskipastóll, sem kallar á aukinn fjölda sjómanna til að manna skipin, og ef vel tekst til með aflabrögð á næstu vertíð aukinn fiskafli og um leið ennfleira verkafólk til að koma aflanum í sem verðmætast ástand til útflutnings á erlenda markaði.

Það er augljóst mál, að brýna nauðsyn ber til þess að sú athugun, sem lagt er til, að fari til að tryggja sjávarútveginum vinnuafl úr framhaldsskólum til framleiðslustarfa, verði gerð hið allra fyrsta, svo að jákvæð niðurstaða slíkrar athugunar, sem ég leyfi mér að vona, að komi fram, geti legið fyrir hið allra fyrsta og orðið að raunhæfu gagni á næstu vetrarvertíð.

Að svo mæltu leyfi ég mér að leggja til, herra forseti, að þessari till. til þál. verði vísað til allshn.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Kennsla í haffræði við Háskóla Íslands, þáltill. (þskj. 31) — Ein umr.

Flm. (Ingvar Gíslason): Herra forseti. Þetta mál, sem hér er til umr., er ekki alveg nýtt. Það var flutt hér í fyrra, en kom heldur seint fram á þinginu og varð þess vegna ekki lokið. En málið er nú flutt alveg óbreytt og af sömu flm., sem eru ásamt mér hv. þm. Jón Árnason, Geir Gunnarsson, Jón Árm. Héðinsson, Karvel Pálmason og Vilhjálmur Hjálmarsson. Tillgr. hljóðar þannig:

„Alþingi ályktar að skora á ríkisstj. að láta kanna, svo fljótt sem verða má, hvort ekki sé tímabært að hefja kennslu í haffræði og skyldum greinum við Háskóla Íslands."

Við teljum, flm., að hér sé um afar mikilvægt mál að ræða, sem eðlilegt sé, að Alþ. fjalli nokkuð um. Við teljum, að það geti orðið til þess að flýta fyrir nauðsynlegri athugun á þessu máli, ef Alþ. fjallar um það, og það kunni að vera mjög mikilvægt fyrir framgang þessa máls, að Alþ. álykti, eins og við leggjum til, að ríkisstj. láti kanna þetta mál til fullrar hlítar. En ég vil taka það fram, að í till. er ekki slegið neinu föstu um það, að það skuli hefja haffræðikennslu við Háskóla Íslands, heldur aðeins, að þetta mál verði kannað.

Kveikjan að því, að þetta mál er nú flutt og var flutt í fyrra, er sú, að flm. höfðu undir höndum grg. frá dr. Unnsteini Stefánssyni haffræðingi, sem er kunnur maður hér á landi fyrir störf sín að haffræði, en hefur undanfarin ár unnið á vegum Menningar- og fræðslustofnunar Sameinuðu þjóðanna sem ráðgjafi um þessi efni og fyrst og fremst um það, hvernig haga skuli kennslu í haffræðigreinum við háskóla erlendis. En dr. Unnsteinn hefur einmitt sent frá sér grg., sem fjallar um þessi efni, hvernig haga mætti kennslu í haffræði við Háskóla Íslands.

Nú er það að vísu rétt, að þessi grg. hefur verið til meðferðar í háskólanum, því að háskólanum var send grg. Hins vegar virðist miða mjög hægt um það, að þetta mál fái þar jákvæðar viðtökur, og þess vegna virðist okkur flm. eðlilegt, að nokkuð sé ýtt á eftir þessu hér á hv. Alþ.

Það er kannske eðlilegt, að menn spyrji að því, hvað haffræði sé, því að þetta er grein, sem lítið hefur verið stunduð hér og tiltölulega fáir menn, sem hafa lagt stund á hana af Íslendingum, og hún hefur ekki verið kennd hér, hvorki við Háskólann né aðra skóla. En haffræði er mjög víðtækt hugtak og felur í sér í rauninni allt það, sem hafið snertir. Þar er bæði um að ræða hafeðlisfræði, hafefnafræði og hafliffræði og svo jarðfræði hafsins og hafsbotnsins, þannig að hér er um mjög alhliða fræðigrein að ræða og ærið mikilvæga fyrir Íslendinga. Íslendingar hafa lengi lagt verulega stund á fiskifræði, sem segja má, að sé ein grein haffræðinnar, þó að nú sé almennt ekki svo á litið a. m. k. má segja, að hún heyri undir hafliffræðina, og þar hafi Íslendingar unnið gott verk. En hin almenna haffræði hefur hins vegar orðið nokkuð útundan. En ef við lítum á land okkar, þá vitum við og sjáum, að hafið er hluti af náttúru landsins. Við leggjum mikið á okkur til þess að kanna náttúru landsins yfirleitt, jarðfræði þess og alla náttúru landsins. En það er augljóst, að við hljótum að leggja aukið kapp á að kynna okkur líka allt það, sem fjallar um hafið, því að eins og ég segi, þá er hafið hluti af náttúru Íslands.

Svo að ég víki aftur að því, sem dr. Unnsteinn leggur til í sínum till., þá er það í stórum dráttum það, að hann leggur til, að það verði tekin upp kennsla í haffræði við Háskólann, sem miðist við fjögurra ára háskólanám, og sú menntagráða, sem menn öðlist, verði BSc-próf eða Bachelor Science próf. Og tilgangurinn, sem hann telur fyrst og fremst vera með þessum till. sínum, sem við viljum gjarnan gera að okkar till., er sá að efla m. a. menntun náttúrufræðikennara í skólum landsins og að undirbúa stúdenta undir fullkomið haffræðipróf erlendis, þannig að hér gætu þeir þá með þessu lokið a. m. k. fyrrihluta prófi, og auk þess mundi þetta próf verða til þess, að útskrifaðir væru hæfir aðstoðarsérfræðingar í haffræði hér innanlands.

Þetta er í megindráttum það, sem dr. Unnsteinn leggur til í þessu sambandi.

Hann fjallar einnig nokkuð um það, hver kennaraþörfin muni verða, og telur, að það muni nægja að þessu sinni einn prófessor og einn dósent, og auk þess yrði að grípa til að einhverju leyti aukakennara eða tímakennara, sem tækju að sér tilteknar greinar, sem kenndar yrðu. Ef litið er á mannahaldið eitt og kennaraliðið, er því ekki um ákaflega stórt mál að ræða, þar sem hér er aðeins um tvo fastakennara að ræða, einn prófessor og einn dósent, og svo aukakennara, sem náttúrlega er hægt að grípa til úr starfsliði Háskólans eða annars staðar eftir atvikum. Hitt er annað mál, að ef hér á að verða fullkomin kennsla í Háskólanum í þessari fræðigrein, þá þarf auðvitað fleira til að koma en aðeins fastir kennarar. Það er einnig nauðsynlegt að hafa ýmsa kennsluaðstöðu, og það fyrsta, sem nauðsynlegt er að afla, er að kaupa inn til Háskólans almennar kennslubækur og ýmis uppsláttarrit í þeim greinum, sem þarna verða kenndar. En þetta er ekki heldur nóg, heldur er nauðsynlegt, að stúdentar hafi aðstöðu til þess að sinna verklegum greinum og stunda verklegt nám í þessari fræðigrein, og þess vegna þurfa þeir að fá aðstöðu til þess að vinna í rannsóknarstofum og á rannsóknaskipum.

Í till. sínum gerir dr. Unnsteinn ráð fyrir því, að tekin yrði upp samvinna milli Hafrannsóknastofnunnarinnar og Háskólans um þessi atriði, þannig að stúdentar fengju aðstöðu til að fara út á rannsóknarskipum Hafrannsóknastofnunarinnar og einnig að þeir fengju aðgang að rannsóknarstofum, sem til eru í stofnuninni eða jafnvel annars staðar í landinu. Miðað við þetta, ef þessi samvinna kæmist á, verður ekki séð, að þarna sé um neinn verulegan kostnað að ræða, sem þarf að fæla menn frá því að leggja til, að að þessi grein verði tekin upp sem háskólagrein hér á landi. En þarna verður auðvitað að vinna

að því, að Háskólinn og Hafrannsóknastofnunin vinni eðlilega saman á þessu sviði.

Ég skal nú ekki hafa fleiri orð um þetta, herra forseti. Sem fskj. með till. okkar er að finna þessa ýtarlegu grg. dr. Unnsteinn Stefánssonar. Hún er allmargar prentaðar bls. og ekki ástæða til að fara að rekja hana nánar hér eða lesa hana upp frá orði til orðs í ræðustól, menn geta kynnt sér hana. En ég vil leyfa mér nú í lok máls míns að óska þess, að þessari umr. verði frestað og málinu vísað til fjvn.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Efri deild, 22. fundur.

Mánudaginn 19. nóv., kl. 2 miðdegis.

Verðlagsráð sjávarútvegsins, frv. (þskj. 97). — 1. umr.

Sjútvrh. (Lúðvík Jósepsson): Herra forseti. Hér er um lítið frv. að ræða, sem samið er af Verðlagsráði sjávarútvegsins og flutt hér samkv. beiðni þess. Með frv. er gert ráð fyrir minni háttar skipulagsbreytingu varðandi störf verðlagsráðsins, þar sem gert er ráð fyrir því að gera viss ákvæði gildandi l. nokkru skýrari, eins og nú er komið, heldur en þau eru. Sem dæmi um það er í gildandi l. ákvæði um sérstaka verðlagningu á síld til bræðslu, en nú er um að ræða ýmsan annan fisk, sem gengur til bræðslu, heldur en aðeins síld, og þykir því rétt að ákveða, að verðlagning á fiski, sem gengur í bræðslu eða til mjölframleiðslu og lýsisframleiðslu, sé í einni og sömu deild. Eins er það, að nú orðið þykir rétt að gera breytingar á því fyrirkomulagi, sem í gildi var varðandi þá tviskiptingu, sem lengi hefur verið hjá okkur í verðlagningu á síld eftir því, hvort hún væri söltuð fyrir sunnan eða austan land. Hér er því um minni háttar skipulagsbreytingu að ræða frá því, sem verið hefur, og miðar í rauninni allt að því að einfalda verðlagningarreglurnar, og eins og verðlagsráðið segir, þá eru þessar tillögur gerðar vegna þeirrar reynslu, sem fengist hefur við framkvæmd laganna s.l. 12 ár.

Ég sé ekki ástæðu til að orðlengja frekar um þetta, en óska eftir því, að að lokinni þessari umr. verði málinu vísað til hv. sjútvn. til fyrirgreiðslu.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 13 shlj. atkv. og til hv. sjútvn. með 12 shlj. atkv.

Lax- og silungsveiði, frv. (þskj. 94). — 1. umr.

Flm. (Geir Hallgrímsson): Herra forseti. Við flytjum hér 4 þdm. frv. til l. um breyt. á l. nr. 76 frá 1970, um lax- og silungsveiði. Ástæðan fyrir flutningi frv. er ákvæði 3. og 4. tölul. 14. gr. l., en þar er sagt í 3. tölul.:

„Nú hefur laxveiði í sjó verið metin sérstaklega til dýrleika í fasteignamati því, er öðlaðist gildi árið 1932, eða tillit hefur verið tekið til hennar við ákvörðun fasteignaverðs í því mati, og er þá sú veiði leyfileg."

Markmið þessa frv., en það flytja auk mín Steingrímur Hermannsson, Jón Árm. Héðinsson og Helgi F. Seljan, er, að þær undanþágur, sem nú tíðkast varðandi laxveiði í sjó, falli niður.

Samkv. l. frá 1932 er laxveiði í sjó bönnuð, en eins og fram kemur í ofangreindum tölul., eru undantekningar þar á samkv. því, sem þar segir. Þá er og í 4. tölul. tekið fram með svofelldum orðum:

„Veiði lax og göngusilungs í sjó skal hlíta sömu reglum sem veiði í ósöltu vatni, eftir því sem unnt er. Ráðherra setur reglur um þessa veiði."

Hvort tveggja þetta vildum við fella niður, þar sem við teljum, að algerlega eigi að útiloka laxveiðar í sjó. Áður fyrr munu slíkar veiðar hafa verið stundaðar hér við land, og raunar hefur verið veruleg laxveiði í sjó, t.d. hér í nágrenni Reykjavíkur og víðar, en víðast hvað hefur þetta nú verið afnumið, oftast nær með því, að þessi veiðiréttindi hafa verið keypt upp. Eins og horfir eru aðeins 3—4 staðir á landinu, þar sem laxveiði í sjó er leyfð, en því miður hefur verið mjög erfitt að hafa eftirlit með slíkri veiði vegna óljósra ákvæða l., eins og sjá má af orðalagi 4. tölul. 14. gr.

Það er að vísu svo, að laxveiði í sjó er stunduð í mörgum löndum. Svíar, Finnar, Danir, Rússar, Pólverjar o.fl. stunda slíkar veiðar í Eystrasalti, og jafnvel er talið, að verulegur hluti af laxveiði Norðmanna sé sjávarveiði við ströndina, en það hefur einnig haft þær afleiðingar, að árnar eru að verða laxlausar.

Það hefur ekki farið fram hjá neinum, að á síðari árum hafa umræður um laxveiði í sjó verið miklar, m.a. vegna þess, að í kjölfar rannsókna hafa stöðvarnar fundist, þar sem laxinn heldur sig á úthafinu, fremur en áður var. Þessar stöðvar eru aðallega við Grænland, einnig við Færeyjar og Noreg, eins og áður segir, og í kjölfar þessa hafa hafist miklar netaveiðar í hafinu við Grænland og orðið af harðvítugar milliríkjadeilur, eins og t.d. milli Danmerkur og Bandaríkjanna. Við Íslendingar höfum stutt þær þjóðir, sem berjast gegn laxveiði í sjó, og því er það miður, að undanþágur skulu enn vera í gildi hér á landi, sem heimila slíkar veiðar.

Þá er einnig á það að líta, að mikil ræktun laxveiðiánna hefur verið framkvæmd á síðustu árum. Þannig hafa verið sett seiði í árnar í laxastigar í fossa, vatnsmiðlanir gerðar og ýmislegt annað því um líkt. Það er ósanngjarnt, að seiði, sem sett hafa verið í á og alast þar upp, séu síðan hirt sem laxar úti í sjó, áður en þeir leita í árnar til þess að hrygna. En einmitt vegna laxaræktunar okkar hefur Íslandi tekist það, sem óvíða hefur tekist annars staðar, að auka laxveiðar í landinu.

Ég sé ekki ástæðu til að orðlengja mjög um þetta frv., það var flutt hér síðast á s.l. þingi, og vannst þá ekki tími til að afgreiða það. Ég vil aðeins að lokum taka það fram, að ætlunin er, að fullar bætur komi fyrir þær undanþágur, sem nú eru við lýði, og fjallar 2. gr. frv. um það, hvernig mati þar að lútandi skuli háttað, en að öðru leyti mundi það fara eftir 94. og 95. gr. núgildandi laga.

Herra forseti. Ég vil gera það að tillögu minni, að frv. verði vísað til 2. umr. og eftir atvikum til sjútvn. eða landbn. eftir frekari ákvörðun forseta.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 11 shlj. atkv., og til landbn. með 12 shlj. atkv.

Neðri deild, 25. fundur.

Mánudaginn 19. nóv., kl. 2 miðdegis.

Fóstureyðingar, frv. (þskj. 104). — 1. umr.

Heilbr.- og trmrh. (Magnús Kjartansson): Herra forseti. Það frv., sem hér er lagt fram, á sér alllangan aðdraganda. Fyrrv. landlæknir, Sigurður Sigurðsson, lagði til við þáv. heilbrrh., Eggert G. Þorsteinsson, með bréfi 13. nóv. 1969, að tekin yrðu til endurskoðunar lög um fóstureyðingar, afkynjanir og vananir, þ. e. a. s. annars vegar lög nr. 38 frá 28. jan. 1935 og hins vegar lög nr. 16 frá 13. jan. 1938. Það var reynsla þáv. landlæknis af framkvæmd l., sem olli því, að hann taldi þessarar endurskoðunar þörf. Í samræmi við þetta skipaði ráðh. n. hinn 5. mars 1970 til að endurskoða þessi lög, og voru í n. Pétur Jakobsson prófessor, formaður, Tómas Helgason prófessor og Sigurður Samúelsson prófessor.

Nokkur gagnrýni kom fram á þessa nefndarskipun, ekki síst frá konum, sem töldu að vísu, að þetta væru hinir mætustu menn og ekki skorti neitt á um þekkingu þeirra, en þeim þótti að vonum eðlilegt, að kona eða konur ættu aðild að n., sem fjallaði um þessi mál, og þessi afstaða breyttist smátt og smátt. Í jan. 1971 óskaði Sigurður Samúelsson prófessor eftir því að verða leystur undan starfi í n., og var þá skipuð í hans sæti Guðrún Erlendsdóttir hrl., og haustið 1971 skipaði ég Vilborgu Harðardóttur blaðamann í n., þannig að jafnt yrði þar karla og kvenna. Svava Stefánsdóttir félagsráðgjafi var ráðin ritari og starfsmaður n. frá 1. jan. 1971.

N. vann starf sitt mjög rækilega, safnaði ýmsum gögnum og lét starfsmann sinn framkvæma ýmsar athugunir á framkvæmd núgildandi löggjafar. N. skilaði af sér störfum á síðasta vori og lagði þá fram það frv., sem hér liggur fyrir, til heilbrn. ásamt nál. og grg., sem rn. gaf út í júní 1973 til almennrar kynningar. Öllum alþm., svo og fjölmiðlum og mörgum fleiri aðilum, var sent þetta rit á s. l. sumri. Óskaði ég sérstaklega eftir því við fjölmiðla, að þeir kynntu efni frv. og stuðluðu jafnframt að sem víðtækustum umr., vegna þess að ég tel þetta mál þess eðlis, að nauðsynlegt sé, að um það fari fram umr. meðal landsmanna allra, svo að þeir geti haft áhrif á afgreiðslu málsins.

Þau lög, sem n. var falið að endurskoða, voru annars vegar l. nr. 38 frá 1935, um leiðbeiningar fyrir konur um varnir gegn því að verða barnshafandi og um fóstureyðingar, og lög nr. 16 frá 1938, um að heimila í viðeigandi tilvikum aðgerðir á fólki, er koma í veg fyrir, að það auki kyn sitt. Fyrir setningu l. nr. 38 frá 1935 voru ekki til í íslenskri löggjöf nein lagaákvæði, sem heimiluðu læknum fóstureyðingar, jafnvel þótt lífi eða heilsu konu væri hætta búin af barnsburði. Samkv. ákvæðum hegningarl. frá 1869 varðaði það móðurina og hlutdeildarmenn hennar allt að 8 ára hegningarvinnu að eyða burði. Þótt engin sérákvæði væri að finna í l., var samt sem áður almennt viðurkennt fyrir setningu l. frá 1935, að læknum væri heimilt og skylt að framkvæma þessa aðgerð í lífsnauðsyn mæðranna. Var þar stuðst við kenninguna um svokallaðan neyðarrétt í almennum hegningarlögum, þ. e. að verkið skyldi vitalaust, ef ekki væri annað úrræði til bjargar.

Efni l. nr. 38 frá 1935 er í meginatriðum það, að í fyrsta lagi er lækni skylt, ef hættulegt er fyrir konu vegna sjúkdóms að vera barnshafandi og ala barn, að vara hana við og láta henni í té leiðbeiningar til að koma í veg fyrir, að hún verði barnshafandi. Öðrum en læknum er bannað að hafa þessar leiðbeiningar með höndum. Í öðru lagi er lækni heimilt, ef heilbrigðisnauðsyn krefur, að gera konu ófrjóa, ef hún óskar þess, og hann má taka tillit til félagslegra ástæðna við mat á þessari aðgerð. Í þriðja lagi er fóstureyðing heimil lækni, ef augljóst þykir, að konu sé mikil hætta búin, ef hún á að gagna svo lengi með, að barn geti fæðst og haldið lífi. Við þetta mat má taka tillit til félagslegra aðstæðna, þ. e. a. s. til þess, ef konan hefur alið mörg börn með stuttu millibili, ef stutt er frá síðasta barnsburði, ef bágar heimilisástæður eru vegna ómegðar, fátæktar eða heilsuleysis annarra á heimilinu. Félagslegar ástæður einar út af fyrir sig eru ekki nægileg ástæða fyrir fóstureyðingu samkv. gildandi l. Heilbrigðisástæður verða ævinlega að vera fyrir hendi sem aðalástæða.

Þess má geta, að þegar l. voru sett árið 1935, var Ísland fyrsta landið í heimi, sem tók slík ákvæði inn í löggjöf, þ. e. að til viðbótar læknisfræðilegum ástæðum, ef einar út af fyrir sig væru ekki nægilegar, mætti taka tillit til félagslegra ástæðna við ákvörðun á fóstureyðingu. L. frá 1935 voru því um margt frjálslegri og viðsýnni en löggjöf nágrannaþjóðanna á þeim tíma.

Efni l. nr. 16 frá 1938 er eftirfarandi:

Þar er í fyrsta lagi fjallað um afkynjanir, en með afkynjun er átt við það, þegar kynkirtlar eru numdir burt í þeim tilgangi að svipta viðkomandi óeðlilegum kynhvötum, einkum ef þeir eru taldir geta valdið glæpum. — Í öðru lagi er fjallað um vananir, en þar er um að ræða aðgerðir til að gera viðkomandi ófrjóan, en breyta ekki eðli hans að öðru leyti. Tilgangur vananaaðgerða er tvenns konar: að koma í veg fyrir fæðingu gallaðs afkvæmis og í annan stað að létta fávitum og sjúklingum lífsbaráttu án tillits til þess, hvort um sé að ræða erfðir. — Í þriðja lagi fjalla l. frá 1938 um fóstureyðingar, en þær eru heimilar samkv. þessum l., og miðast þá fóstureyðingin fyrst og fremst við ástand afkvæmisins, þ. e. ef hætta er á, að það sé vanskapað eða skaddað. Þá heimila l. einnig fóstureyðingu, ef um nauðgun hefur verið að ræða.

Reglur um framkvæmd þessara tvennra laga hafa verið mjög mismunandi. Annars vegar eru reglur um framkvæmd fóstureyðingarlaga þannig, að þær hafa heimilað fóstureyðingu, ef rökstudd grg. tveggja lækna um nauðsyn aðgerðarinnar hefur legið fyrir, og annar þeirra hefur orðið að vera yfirlæknir þess sjúkrahúss, þar sem aðgerðin var fyrirhuguð. Hins vegar er framkvæmd l. nr. 16 frá 1938 þannig, að viðkomandi hefur óskað eftir aðgerðinni sjálfur og lagt fram gögn þar að lútandi, þ. e. a. s. um-

sókn og læknisvottorð. Þessi gögn hafa síðan gengið til n. þriggja sérfróðra manna, sem hafa átt að vera landlækni til aðstoðar við framkvæmd l., en landlæknir hefur að því loknu gefið út fyrir hönd sína og n. leyfi til aðgerðar, hafi hún verið samþ. — Það ætti að vera augljóst af þessari frásögn, að þessi tvenn lög hafa skarast í nokkrum tilvikum, og endurskoðunarn. hefur talið eðlilegt að sameina ákvæði l. beggja í einn lagabálk. og það er frv. að þeim lagabálki, sem hér liggur nú fyrir til umr.

Það frv., sem hér liggur fyrir, skiptist í fjóra kafla, en þeir eru: ráðgjöf og fræðsla, um fóstureyðingar, um ófrjósemisaðgerðir og loks almenn ákvæði. Ég mun nú ræða hvern kafla um sig lítillega og vík þá fyrst að ráðgjöf og fræðslu.

Till. n. um það efni byggjast á þeirri meginhugsun, að hver einstaklingur eigi að hafa næga þekkingu til þess að geta stjórnað viðkomu sinni.

Hver einstaklingur þurfi að vita og skilja, hvernig þungun á sér stað, og honum eigi að vera ljóst, hvernig beita megi frjóvgunarvörnum. Fóstureyðing sé hins vegar neyðarvörn, sem tiltæk verði að vera, ef þungun hefur átt sér stað og framhald meðgöngu eða barnsfæðing leiðir til vandræða, sem ekki verður úr bætt. Fræðsla og ráðgjöf eru í samræmi við þetta sjónarmið algert grundvallaratriði í frv. Sú fræðsla, sem um er að ræða, verður að byrja í skólum skyldufræðslustigs, og ber þar jafnt að fjalla um líkamlega, siðfræðilega og félagsl. þætti. Ábyrgð og hamingja foreldrahlutverks þeirra einstaklinga, sem eru undir það búnir að geta annast börn, á að vera unglingum jafnljóst og þeir erfiðleikar, sem ótímabærar barneignir kalla yfir þá foreldra, sem eru þess vanbúnir að sjá fyrir barni, og ekki síður erfiðleikar þeirra barna, sem þannig eru í heiminn borin.

Í skólakerfi okkar eru nú engar ákveðnar reglur um fræðslu um kynferðismál. Námskrá skyldunámsstigs, sem er frá 1960, leggur engar sérstakar skyldur á herðar kennara í þessum efnum. Það er undir einstökum kennurum komið, hversu langt þeir kjósa að fara út í slík mál. Námskráin ýtir síður en svo undir það viðhorf, að fræðslan sé nauðsynleg og mikilvæg. Þar er sagt, að í 1. og 2. bekk unglingastigs skuli ræða við nemendur um nokkur atriði varðandi kynþroskaskeiðið, en tekið fram, að ekki muni þörf á að eyða mörgum kennslustundum til þessarar fræðslu. Fræðsla um aðgerðir til þess að koma í veg fyrir frjóvgun liggur yfirleitt ekki á lausu. Þar setja gildandi lög þær hömlur, eins og ég gat um áðan, að læknum einum er heimilt að láta í té leiðbeiningar um takmörkun barneigna. Þessi takmörkun stuðlar að því að halda við hinni almennu og oft furðulegu fáfræði, sem ríkir í þessum efnum, ekki síst meðal unglinga. Óræk sönnun fáfræðinnar er sú staðreynd, sem kemur fram í könnun n., að 52% þeirra kvenna, sem fæddu börn hér á landi á árunum 1966-70, voru 16-19 ára Síðasta skýrsla Alþjóðaheilbrigðismálastofnunarinnar um fjölda fæðinga í Evrópu bendir ennig til þess, að Íslendingar beiti frjóvgunarvörnum í furðu litlum mæli, miðað við almenna menntun og viðhorf þjóðarinnar. Fæðingar á hverja þúsund íbúa voru hér samkv. skýrslunni 21 og aðeins hærri í Albaníu, Írlandi, Rúmeníu og Tyrklandi.

Um hina nauðsynlegu fræðslu og ráðgjöf fjalla fyrstu 5 gr. frv. Þessa ráðgjöf og fræðslu verður að veita undanbragðalaust og búa m. a. svo um hnútana í framkvæmd, að unglingar í framhaldsskólum mæti til viðtals hjá ráðgjafarþjónustunni í upphafi skólagöngu. Með markvissri beitingu þeirrar fræðslu, sem hér um ræðir, á að vera hægt að fækka verulega þeim hópi, sem kemst á það stig að íhuga fóstureyðingu. En einnig þá á ráðgjöf og fræðsla um hugsanlegar aðrar og æskilegri leiðir að geta haft sín áhrif, en um þá fræðslu fjallar 6. gr. frv. Þau áhrif, sem hægt er að hafa á því stigi málsins, takmarkast af þeim úrræðum, sem samfélagið í reynd býður einstæðum mæðrum eða hjónum, sem eru í félagslegum örðugleikum. Þau úrræði eru því miður allt of smá í sniðum enn sem komið er. Ráðgjafarþjónusta mun þó koma að gagni, jafnvel miðað við óbreytta aðstoð samfélagsins, því að margir vita ekki um þá aðstoð, sem þrátt fyrir allt kann að reynast tiltæk. Auk þessarar beinu einstaklingsbundnu ráðgjafarþjónustu gerir frv. í 7. gr. ráð fyrir, að í skólum á skyldunámsstigi verði komið fastri skipan á fræðslu um kynlíf, en sú fræðsla er nú algerlega í molum, eins og ég vék að áðan.

Ég kem þá að þeim kafla frv., sem fjallar um fóstureyðingar, en það er sá kafli, sem hingað til hefur valdið mestum deilum í almennum umr. hérlendis. Ég tel rétt að lesa upp í heild 9. gr., sem fjallar um þær forsendur, sem gera fóstureyðingar heimilar, en hún hljóðar svo, með leyfi hæstv. forseta:

„Fóstureyðing er heimil:

1. Að ósk konu, sem búsett er hér á landi eða hefur íslenskan ríkisborgararétt, ef aðgerðin er framkvæmd fyrir lok 12. viku meðgöngu og ef engar læknisfræðilegar ástæður mæla á móti aðgerð. Skilyrði er, að konan hafi verið frædd um áhættu samfara aðgerð og hafi hlotið fræðslu um, hvaða félagslega aðstoð standi til boða í þjóðfélaginu fyrir þungaða konu og við barnsburð.

2. Að læknisráði og í viðeigandi tilfellum að undangenginni félagslegri ráðgjöf:

a. Þegar ætla má, að heilsu konu, líkamlegri eða andlegri, sé hætta búin af áframhaldandi meðgöngu og fæðingu.

b. Þegar ætla má, að barn, sem kona gengur með, eigi á hættu að fæðast vanskapað eða haldið alvarlegum sjúkdómi, vegna erfða eða sköddunar í fósturlífi.

c. Þegar sjúkdómur, líkamlegur eða geðrænn, dregur alvarlega úr getu konu eða barnsföður til að annast og ala upp barn.

d. Þegar ætla má, að þessi þungun og tilkoma barns verði konunni og hennar nánustu erfið vegna félagslegra ástæðna, sem ekki verður ráðin bót á.

e. Þegar konan getur ekki vegna æsku eða þroskaleysis, þegar þungun á sér stað, annast barnið á fullnægjandi hátt.

f. Ef konu hefur verið nauðgað eða hún orðið þunguð sem afleiðing af öðru refsiverðu atferli."

Í síðari hluta þessarar gr. eru skilgreindar

nákvæmar en áður þær forsendur, sem verið hafa í l. á Íslandi, og þær að nokkru leyti auknar. Nýjungarnar felast í d- og e-lið, þar sem heimilaðar eru félagslegar forsendur einvörðungu, í fyrra tilvikinu, ef ætla má, að þungun og tilkoma barns verði konunni og aðstandendum hennar erfið vegna félagslegra aðstæðna, sem ekki verður ráðin bót á. Og í því síðara, ef kona getur ekki vegna æsku eða þroskaleysis annast barnið á fullnægjandi hátt.

Hins vegar hygg ég, að það sé fyrri hluti þessarar gr., sem mestum ágreiningi veldur. En hann gefur þungaðri konu endanlegt úrskurðavald, eftir að uppfyllt hafa verið þau skilyrði, sem sett eru í gr. Um þessi deilumál langar mig að fara nokkrum almennum orðum. Þetta eru ekki deilur, sem einskorðaðar eru við Ísland, heldur eru þær alþjóðlegt viðfangsefni. Þær eiga sér mjög djúpar, sögulegar rætur og eru á órjúfanlegan hátt tvinnaðar hugmyndum manna um siðgæði og trúmál.

Lögmálið um getnað og fæðingu barns er eitt þeirra náttúrulögmála, sem eru forsenda að tilveru okkar á jörðinni, eitt af þeim lögmálum, sem eru jafnframt eilíft undur hverri nýrri kynslóð. Ég hygg, að ekkert náttúrulögmál sé jafnnákomið hverjum manni, vegna þess að það færir svo til hverjum einstaklingi persónulega reynslu, sem þroskar hann og stækkar, flestum ljúfa reynslu, sem betur fer, en sumum sára og myrka. Það er þetta einkenni lögmálsins, sem hefur tengt það svo mjög siðgæðishugmyndum manna og trúarbrögðum ásamt félagslegum aðstæðum í heiminum, ekki síst stöðu konunnar. Það er lengri og flóknari saga en svo, að ég beri við að fara frekari orðum um hana.

Hitt skiptir öllu, að menn átti sig á, að hér er um að ræða náttúrulögmál. Öll framþróun mannkynsins hefur verið bundin vaxandi þekkingu á náttúrulögmálum. Menn hafa ekki reynt að berjast gegn náttúrulögmálum, enda fánýt iðja, heldur viðurkennt þau, beygt sig fyrir þeim og reynt að hagnýta þau í sína þágu. Þekking á náttúrulögmálum og viðurkenning á þeim er forsenda allra vísinda og þess aukna frelsis, þeirra nýju valkosta, sem þau hafa fært og færa mannkyninu í sífellu. Frelsi er ekki fólgið í því að berjast gegn óhjákvæmilegum staðreyndum, heldur í hinu að hagnýta sér þær. Það er grundvallaratriði í öllum viðbrögðum manna við náttúrulögmálunum, að frelsi er viðurkenning á nauðsyn. Taki menn hins vegar ekki tillit til einhvers af þeim náttúrulögmálum, sem eru forsenda tilveru okkar á jörðinni, vex það okkur yfir höfuð, veldur sívaxandi örðugleikum og tortímir okkur að lokum. Þetta á við um getnað og fæðingu barna ekki síður en önnur náttúrulögmál. Allir kannast við þær kenningar kaþólsku kirkjunnar að taka þetta náttúrulögmál út úr, telja það hafa guðlegan uppruna umfram önnur lögmál og banna öll viðbrögð manna við því, ekki aðeins fóstureyðingar, heldur og allar getnaðarvarnir. Nú blasir það við öllu mannkyni, hvert slík stefna mundi leiða.

Íbúar jarðar eru hálfur fjórði milljarður eða eitthvað þar um bil. Haldi sama fólksfjölgun áfram og nú verða íbúar jarðar 7 milljarðar um næstu aldamót. Og vilji menn enn halda áfram að reikna þetta dæmi, yrðu íbúar hnattarins 30 milljarðar árið 2075. Að þeirri tölu mun þó aldrei koma, vegna þess að löngu fyrr mundi mannkynið hafa breyst í frumskóg villidýra, þar sem hundruð milljónir manna brytust um og berðust um síðustu matarleifarnar. Hin óbilgjörnu náttúrulögmál, sem gera tiltekið jafnvægisástand óhjákvæmilegt, mundu þá grisja mannkynið af miskunnarlausri hörku, stráfella þúsundir milljónir manna. Ég kann ekki að gera mér í hugarlund það mannkyn, sem lifði af slíka eldraun. Hitt fæ ég ekki heldur skilið, hvernig kaþólskir menn telja sig þjóna guði sínum með því að stefna að slíkum ragnarökum vitandi vits, eins og hver skyni borinn maður sér nú þegar fyrir.

Trúlega eru ekki margir Íslendingar, sem aðhyllast kenningar kaþólsku kirkjunnar á þessu sviði. Þó fannst mér ég heyra bergmál þeirra í ályktun, sem íslenska þjóðkirkjan sendi frá sér fyrir skömmu um þetta frv. Þar var rætt um helgi mannlegs lífs, og undir það sjónarmið get ég fullkomlega tekið. En sú helgi verður þá að vera ein og óskipt. Henni lýkur ekki um leið og barn fæðist í heiminn. Það er ekki liðin nema rúm öld síðan barnadauði á Íslandi komst upp í 70%. Þannig er enn ástatt hjá meiri hluta mannkyns, að 7 börn af hverjum 10 deyja og að meðalaldur er um 30 ár. Allt að því helmingur mannkyns þjáist af næringarskorti, sem bitnar ekki síst á börnum. Á hverjum einasta degi deyja um 10 þús. manna af næringarskorti eða heilu hungri, fleiri en nokkru sinni fyrr í sögu mannkynsins. Í Indlandi einu saman munu á næsta áratug deyja um 50 millj. barna af hungri eða farsóttum. Allt stafar þetta af þeirri efnahagslegu staðreynd, að meiri hluti mannkyns hefur meðaltekjur á mann, sem jafngilda 50-60 dollurum á ári. Þeir menn, sem segja, að ekki megi framkvæma fóstureyðingar af virðingu fyrir helgi mannlegs lífs, hljóta að eiga við eitthvert annað líf en það, sem mannkynið býr við um þessar mundir. Þeir verða einnig að muna eftir rétti og mannhelgi þeirra 7 barna af 10, sem deyja skömmu eftir fæðingu hjá meirihl. mannkynsins. Þeir verða að muna eftir mannhelgi þeirra þjóða, sem heyja svo grimmilega og vonlausa lífsbaráttu, að meðalaldur þeirra nær aðeins 30 árum.

Ég þykist þess fullviss, að fulltrúar íslensku þjóðkirkjunnar séu mér sammála um það, að hér sé um órofa samhengi að ræða, að mannhelgin verði að vera ein og óskipt, að taka verði á þessum hrikalegu vandamálum og leysa þau. En ein meginforsenda þess, að takist að leysa þau, er, að mannkynið læri að stjórna viðkomu sinni með getnaðarvörnum og fóstureyðingum. Tíminn til að læra þetta er svo naumur, að bandarísku vísindamennirnir frægu, sem sömdu skýrsluna um takmörk vaxtarins: „The limits of the growth“, telja nauðsynlegt, að fjölgun mannkynsins nái núllmarki frá og með árinu 1975, þ. e. a. s. að fæðingar og dauðsföll verði sama talan.

Menn kunna að segja, að þetta komi lítið við íslensku frv. um fóstureyðingar og ófrjósemisaðgerðir, að hér á landi séu engan veginn þær aðstæður, sem ég hef verið að lýsa. Það er vissulega rétt. En ef við erum að reyna að búa til almennar og algildandi siðareglur, eins og

mér virðist menn hafa verið að reyna að orða, verðum við að taka mið af mannkyninu öllu, en ekki einvörðungu okkur, þessum litla hópi, sem nýtur þeirra einstæðu forréttinda að búa á Íslandi. Ef sú þróun yrði, sem ég var að lýsa, mundu þau forréttindi ekki standa langa hríð.

Í frv. er gert ráð fyrir því, að sjálfsákvörðunarréttur konu nái til fósturs, sem ekki hefur vaxið í meira en 12 vikur. Þau mörk eru ákveðin með tilliti til þess, að fyrir þann tíma er fóstureyðing talin mjög svo áhættulítil aðgerð, mun áhættuminni en barnsburður. Þessi tímamörk hafa hins vegar leitt til þess, að menn hafa farið að búa til kenningar um það, hvenær telja megi í raun og veru, að líf verði til, og eru a. m. k. þrjár kenningar á lofti, allar hugvitsamlegar og vel studdar rökum. Ég verð hins vegar að viðurkenna, að slík skólaspeki hefur afar takmörkuð áhrif á mig. Hún minnir mig á aðrar kenningar um það, hvenær lífi sé lokið, en þær kenningar hafa leitt til þess, að læknavísindin hafa á undanförnum árum varið óhemju fjármagni og enn meiri snilli til að halda svokölluðu lífi í fólki, sem er í raun og veru dáið. En að mínu mati er þessi iðja ekkert annað en mannúðarleysi og grimmd, sem ævinlega fylgir skólaspeki. Mér finnst deilurnar um það, hvenær líf kvikni, bera nákvæmlega sömu einkenni. Úrslitaatriðið er hitt, að mannkynið verður að læra að stjórna viðkomu sinni, og vilji menn ekki fallast á þá staðreynd með fortölum og rökum, verður hún kennd af harðari húsbændum.

Ýmsir kunna að vera mér sammála að þessu marki, en draga í efa, að rétt sé að gefa konum sjálfsákvörðunarrétt í þessu efni, hér sé um að ræða siðgæðisvandamál, erfiðari og margþættari en svo, að hverri einustu konu sé treystandi til að beita réttinum. Ég er sammála því, að hér er um að ræða stórfelld siðgæðisvandamál. Ég sagði áðan, að getnaður og barneign væru undir, sem færðu svo til hverjum einasta einstaklingi persónulega reynslu, sem þroskaði hann og stækkaði, flestum ljúfa reynslu, en sumum sára og myrka. En hvernig á að leysa siðgæðisvandamál af þessu tagi? Ég held, að allt fólk, sem lifir, lendi margsinnis á ævi sinni í siðgæðislegum vanda. Og þegar til úrslitanna kemur, stendur hver einstaklingur alltaf einn, þrátt fyrir alla hjálp og alla ráðgjöf. Siðgæðishugmyndir okkar og samviska eru vissulega afleiðing af því umhverfi, sem við ölumst upp í, en þó verða þessi viðhorf persónubundin. Hinn svokallaði frjálsi vilji er að vísu ekki ýkja frjáls, en þó er til vottur af honum, sem betur fer, og rétturinn til þess að taka ákvarðanir í samræmi við siðgæðishugmyndir sínar og samvisku er hluti af þeirri vegsemd og þeim vanda að lifa, að vera maður. Sá réttur verður ekki tekinn af hverjum einstaklingi um sig, án þess að skerða frelsi hans, án þess að beita hann andlegri kúgun.

Ýmsir óttast, að einhverjar konur muni nota réttinn til fóstureyðingar af léttúð, og það má svo sem vel vera. En þar sem ákvörðunarvaldið yfir þessum rétti er í fárra manna höndum, hefur því oft verið beitt af engu minni siðferðislegri léttúð, þótt hún kunni að hafa verið annars háttar. Um hitt er ég sannfærður, að allur þorri íslenskra kvenna mundi beita þessum rétti af mikilli siðferðislegri alvöru og eftir það hugarstríð, sem ævinlega er aðdragandi örðugra ákvarðana. Það eitt er í samræmi við hugmyndir mínar um frelsi einstaklingsins, að persónubundnar ákvarðanir eins og þessar verði að vera hjá einstaklingunum sjálfum. Ég hef heyrt lækna og presta bjóða sig fram sem yfirdómara um slík mál, — menn, sem vilja velja, leyfa og banna, og ég undrast siðgæðishroka þeirra manna, sem telja sig þess umkomna að fara með þvílíkt vald.

Ég hef hér tilgreint ýmsar almennar hugmyndir mínar um grundvallarviðhorf í þessum efnum. Hægt væri að tíunda mörg rök önnur, en ég tel ekki ástæðu til að endurtaka þau viðhorf, sem felast í grg. sjálfri, í riti n., sem frv. samdi, eða í þeim almennu umr., sem fram hafa farið hérlendis. Þó vil ég minna á eitt atriði, sem ýmsir aðrir hafa bent á.

Í löndunum umhverfis okkur hefur réttur kvenna í þessu efni víðast hvar verið tryggður með löggjöf á síðustu árum. Nú er ég ekki að halda því fram, að við getum ekki haft sérstöðu um löggjöf í samræmi við aðstæður okkar og viðhorf. En hver yrði afleiðingin, ef löggjöf okkar yrði þrengri á þessu sviði en í nágrannalöndunum. Hún yrði sú, að konur mundu fara utan til fóstureyðinga í miklu ríkara mæli en nú tíðkast. Það yrði komið upp sérstökum fyrirtækjum til að skipuleggja slíkar ferðir í gróðaskyni, eins og raun varð á í Svíþjóð árum saman, meðan löggjöf þar var þrengri en t. a. m. í Póllandi. Þessa aðstöðu gætu þær konur hagnýtt sér, sem hefðu fjárráð og sambönd. Hinar yrðu eftir, sem fátækastar eru og umkomulausastar í þjóðfélaginu, — þær, sem öðrum fremur þyrftu á hjálp að halda. Og við stæðum upp í þjóðfélagi, sem einkenndist af tvöföldu siðgæði, hræsnisfullum varajátningum, en allt annarri framkvæmd í verki. Ég held við þurfum á flestu öðru frekar að halda en að siðgæðishugmyndir okkar sýkist meir en orðið er.

Ég læt þessar hugleiðingar nægja um II. kafla frv., kaflann um fóstureyðingar. Aðrar gr. þess kafla skýra sig sjálfar og eru raunar skýrðar í grg.

III. kafli frv. fjallar um ófrjósemisaðgerðir, en hér er tekið upp nafnið ófrjósemisaðgerð á því, sem í fyrri l. var kallað vönun. Í frv. er gert ráð fyrir rýmkun gildandi l. Gert er ráð fyrir, að ófrjósemisaðgerð verði heimiluð, þegar viðkomandi óskar eftir því að vel íhuguðu máli, og þegar um hjón er að ræða, þá sé tekið tillit til þess, hvorn makann sé æskilegra að gera ófrjóan.

Í 17. gr. er rætt um skilyrði þess, að aðgerðin sé heimiluð, og eins og fyrr sagði, eru þessi ákvæði mjög rúm, því að fyrir utan sérstök tilefni, þá segir svo í 17. gr. 2, að aðgerðin sé heimil, ef kona eða karl eindregið og að vel íhuguðu máli óska eftir því, að komið verði varanlega í veg fyrir, að hann eða hún auki kyn sitt. Hins vegar er gert ráð fyrir því í 21. gr., að það sé óleyfilegt að gera slíkar aðgerðir á þeim, sem ekki eru fullra 18 ára, nema gild rök hnígi að því, og tilgreinir n. þar sérstaklega mjög mikinn greindarskort samkv. áreiðanlegum greindarmælingum. 22. gr. gerir ráð fyrir því, að ófrjósem-

isaðgerðir skuli eingöngu gerðar á sjúkrahúsum, sem heilbrigðisyfirvöld heimila slíkar aðgerðir, og að þær séu gerðar af sérfræðingum í almennum skurðlækningum eða kvensjúkdómafræðingi.

Í IV kafla frv. eru svo almenn ákvæði. Þar er fjallað um almenna framkvæmd l., og er þar að finna ákvæði um skýrslugerðir um þessar aðgerðir. Htilbrigðisyfirvöldum ber að hafa eftirlit með framkvæmd l. og ber að stuðla að því, að það verði samræmi í framkvæmd þeirra eftir landshlutum.

27. gr. l. gerir ráð fyrir því, að rísi ágreiningur um, hvort framkvæma skuli fóstureyðingu eða ófrjósemisaðgerð, þá skuli málinu tafarlaust skotið til heilbrigðisyfirvalda, og er þá gert ráð fyrir, að n., sem skipuð er sérstaklega í þeim tilgangi að hafa eftirlit með framkvæmd l., skeri úr málinu. Þessi n. skal skipuð þannig, að í henni sitji 3 menn skipaðir af heilbrrh., þar af 1 læknir og 1 lögfræðingur. Gert er ráð fyrir, að n. úrskurði mál innna viku, frá því að henni berst það í hendur.

Þá er í 28. gr. ákvæði um, að sjúkratryggingar almannatrygginga greiði sjúkrakostnað vegna aðgerða þeirra, sem fjallað er um í l., og einnig er gert ráð fyrir því, að allur kostnaður vegna fræðslu og ráðgjafar greiðist af almannafé.

Í 29 gr. er tekið fram, að ákvæði l. gildi ekki, ef um er að ræða nauðsynlegar lækningsaðgerðir á æxlunarfærum vegna sjúkdóma, enda þótt af þeim hljótist fósturlát eða ófrjósemi.

Í 30. gr. er síðan rætt um viðurlög, ef framkvæmdar eru fóstureyðingar eða ófrjósemisaðgerðir utan við ramma laganna.

Ég læt hér lokið skýringum mínum og athugasemdum um þetta frv. Ég þykist hafa orðið var smávægilegra tilburða til þess að hafa þetta mál í flimtingum eða fjalla um það í æsingatón. Ég vil vara mjög eindregið við öllum slíkum viðbrögðum. Hér er að minni hyggju um að ræða mjög veigamikið mál, og ég tel, að í frv. sé á því tekið af raunsæi í samræmi við breytt viðhorf. Ég tel, að þær úrlausnir, sem í frv. felast, muni með tímanum stuðla að aukinni ábyrgðartilfinningu og auknu persónulegu siðgæði.

Ég vil að lokum láta þess getið, að enda þótt frv. sé flutt sem stjfrv., hef ég ekki gert neinar tilraunir til þess að tryggja fylgi einstakra þm. stjórnarflokkanna við það fyrir fram. Ég fer fram á það eitt, að þm. allra flokka fjalli um það í samræmi við samvisku sína og siðgæðisviðhorf, — þær sömu forsendur og frv. er ætlað að tryggja íslenskum konum, þegar þær standa andspænis hinum örlagaríkustu ákvörðunum.

Ég legg til, herra forseti, að frv. verði að lokinni 1. umr. vísað til 2. umr. og hv. heilbr.- og trn.

Gunnar Gíslason: Herra forseti. Hér er á dagskrá í dag og til umr. viðamikið mál, sem er einnig í senn bæði viðkvæmt og vandmeðfarið, og Alþ. hlýtur að gefa sér nægan tíma til þess að gaumgæfa þetta frv. rækilega og senda ýmsum aðilum það til umsagnar. N., sem samdi frv., segir í grg. sinni, að hún líti svo á, að fóstureyðing sé alltaf neyðarúrræði, og því leggur hún ríka áherslu á það, sem hún nefnir varnaðarstarf, sem hún telur, að allt of lítill gaumur hafi verið gefinn að hér á landi, bæði hvað snertir kynlífsfræðslu í skólum og ráðgjöf fyrir fullorðna. Og þegar við ræðum nú þetta frv., þá hlýtur sú spurning að koma upp í hugann, hvort við búum við þær aðstæður, að unnt sé að inna af hendi þetta svokallaða varnaðarstarf, sem ég er n., sem samdi frv., mjög svo sammála um, að sé næsta nauðsynlegt.

Í upphafi þessa þings barst okkur alþm. umsögn um þetta frv. Umsögn þessi var gerð af n., sem biskupinn yfir Íslandi, herra Sigurbjörn Einarsson, skipaði til þess að semja álitsgerð um frv. og grg. þess. Enda þótt umsögn þessi sé í höndum okkar alþm., vil ég samt, með leyfi yðar, herra forseti, rekja í stórum dráttum það, sem sagt er um varnaðarstarfið í þessari álitsgerð. En ég bendi á það, að þessi n., sem biskupinn skipaði og þessa álitsgerð samdi, hefur stuðst við hina viðameiri grg., sem höfundar frv. létu frá sér fara á s. l. sumri og átti að senda okkur öllum alþm., en einhverra hluta vegna hefur ekki borist mér í hendur, þar hafa orðið einhver mistök.

Í I. kafla þessarar grg. segir svo: „Till. n hafa mótast af því grundvallarsjónarmiði, að brýn nauðsyn sé; 1, Að gefa öllum kost á ráðgjöf og fræðslu um kynlíf og barneignir og ábyrgð foreldrahlutverks. 2) Að veita öllum fræðslu og ráðgjöf um notkun getnaðarvarna og útvegun þeirra. 3) Að veita aðstoð þeim, sem íhuga fóstureyðingu eða ófrjósemisaðgerð. 4) Að auka félagslega aðstoð í sambandi við þungun og barnsburð. Till, n. miðast við aðstæður eins og þær eru í dag."

Enn fremur segir í grg. undir fyrirsögninni Varnaðarstarf: „N. leggur höfuðáherslu á nauðsyn þess að fyrirbyggja ótímabæra þungun, sem leiðir til þess, að farið er fram á fóstureyðingu. N. lítur svo á, að fóstureyðing sé alltaf neyðarúrræði, vegna þess, að um er að ræða læknisaðgerð, sem getur haft áhættu í för með sér og krefst sérhæfðs starfsfólks og fullkomins útbúnaðar til sérhæfðrar læknismeðferðar, ef eitthvað ber út af. Aðgerðin verður þess vegna að fara fram á sjúkrahúsum og verður allkostnaðarsöm getnaðarvörn fyrir þjóðfélagið."

Hin mjög svo eindregna afstaða um varnaðarstarf eru orð mjög í tíma töluð, — og ég vil mjög taka undir það. — Af þessu tilefni er eðlilegt að huga að því, hvaða aðstæður við búum við hér á landi. Um þessa mikilvægu hlið málsins segir í grg. höfunda frv.: „Til þessa hefur varnaðarstarfi verið of lítill gaumur gefinn hér á landi, bæði hvað snertir kynlífsfræðslu í skólum og ráðgjöf fyrir fullorðna."

Í grg. er gerð ítarleg grein fyrir ástandinu, eins og það horfir við frá sjónarmiði höfunda frv. Þar segir t. d.:

„Heilbrigðisþjónustu og félagslegri aðstoð hefur verið mjög ábótavant hér á landi til þessa, og er brýn nauðsyn að bæta þjónustu við almenning á þessu sviði."

Við lestur á kafla, sem fjallar um kennslu um kynferðismál, má ráða, að n. sé þeirrar skoðunar, — þ. e. a. s. höfundar frv., — að þessi

þáttur sé algerlega vanræktur innan skólakerfisins. Þeir segja að vísu:

„Að sjálfsögðu gerir frv. ráð fyrir, að kennsla í skólum í þessum efnum sé mótuð í samráði við fræðsluyfirvöld og tiltekin í námsskrá grunnskólastigsins, en á þessi atriði er bent sérstaklega hér með tilliti til núverandi ástands kennslu um kynferðismál í skólum landsins, en hún er svo til engin í raun, þótt gert sé ráð fyrir smávegis umfjöllun um kynþroskaskeiðið í námsskrá. Hefur þetta komið fram bæði í samtölum við nemendur á framhaldsskólastigi og við athugun á námsskrá með samanburði við kennslubækur á skyldunámsstiginu.

Samkv. námsskrá skyldunámsstigsins útgefinni 1960, er ekki gert ráð fyrir kennslu um kynferðismál almennt svo sem um samfarir, hvernig barn verður til, getnaðarvarnir né kynsjúkdóma. Samkvæmt upplýsingum fulltrúa á fræðsludeild menntmrn. er það undir viðkomandi kennara eða kennurum barnanna komið, hve langt þeir kjósa að fara út í slík mál eða hvort þeir gera það yfirleitt."

Þá má að lokum, þegar grennslast er fyrir um mat n. á núverandi ástandi, benda á nokkur atriði grg., sem fjalla um félagslega aðstoð.

„Í ársskýrslu Félagsmálastofnunar Reykjavíkurborgar frá árinu 1971 segir, að megináhersla sé lögð á fjölskylduvernd, varnaðarstarf og endurhæfingu fjölskyldna og einstaklinga. — Breyting á félagsmálalöggjöf og ráðning sérmenntaðs starfsfólks (félagsráðgjafa) er forsenda fyrir framgangi þessarar stefnu."

Þeir, sem sömdu þessa álitsgerð, sem ég er hér að vitna til, segja, að það beri að hafa í huga í þessu sambandi, að n. taki einvörðungu mið af því ástandi, sem ríkir í Reykjavík, en vitað er, að ástandið í dreifbýlinu er síst betra, sbr. þessi orð n.:

„Í dreifbýlinu er raunhæft félagsmálastarf skammt á veg komið, og engir félagsráðgjafar eru starfandi utan Reykjavíkur og Kópavogs. Í því yfirliti, sem hér fer á eftir varðandi nokkur atriði félagslegrar aðstoðar, sem snertir hag einstæðra foreldra og barnafjölskyldna, verður því miðað við aðstæður í þéttbýlinu.

Útvegun leiguhúsnæðis í þéttbýlinu fyrir húsnæðislausa eða þá, sem búa í lélegu og heilsuspillandi húsnæði, er miklum erfiðleikum háð, þar eð húsnæðisskortur er ríkjandi hjá húsnæðisdeild borgarinnar, en langur biðlisti. Mikill skortur er á dagvistunarrýmí í Reykjavík, einstæðir foreldrar njóta forgangs við úthlutun plássa á dagheimilum Sumargjafar, en það er langt frá því, að þörf þessa hóps sé fullnægt."

Þá er sérstök ástæða til að vekja athygli á þessum orðum grg.:

„Í því skyni að bæta afkomu einstæðra foreldra og barnmargra fjölskyldna og fyrirbyggja þörf fóstureyðingar af félagslegum ástæðum leggur n. til: að félagsleg aðstoð við einstæða foreldra og barnmargar fjölskyldur verði aukin og bætt á öllu landinu, einnig í dreifbýlinu; að hið opinbera byggi og kaupi í auknum mæli sölu- og leiguíbúðir til þess að leysa húsnæðisvanda einstæðra foreldra og barnmargra fjölskyldna, sem ekki hafa bolmagn til að byggja sjálfir; að ríki og sveitarfélög auki fjárframlög til byggingar, kaupa og rekstrar dagvistunarstofnana, svo og til einkafósturs, en kostur á dagvistun er skilyrði þess, að einstætt foreldri geti séð sér farborða."

„Eins og fram kemur hér," segja þeir, sem þessa umsögn hafa samið, „leggur n. megináherslu á varnaðarstarfsemi, en telur mikið skorta á í því sambandi. Erum vér n. fyllilega sammála í því efni" — og eins og ég hef tekið fram, þá er ég það einnig. Og þeir, sem umsögnina gáfu, og einnig ég telja ástandið jafnvel enn verra en höfundar frv. gera ráð fyrir. Mjög mikill skortur er á sérhæfðu starfsliði, og mun taka árabil að bæta úr þeim skorti, að ógleymdum heilsugæslustöðvum og sérhæfðu starfsliði þeirra um allt land. Mun taka langan tíma að framkvæma allra úrbótatill. höfundar frv. Það er því óhætt að ganga út frá því, að alllangur tími líði, áður en varnaðarstarf það, sem forsenda n., verði virt. Í þessu sambandi er rétt að benda á þessi varnaðarorð n.:

„Það er reynsla annarra þjóða t.d. frændþjóða okkar, að einmitt varnaðarstarfið hafi verið stórlega vanrækt. Þess er getið, að auðveldara sé orðið að fá framkvæmda fóstureyðingu, þar sem löggjöf hefur verið rýmkuð, en að fá leiðbeiningar um getnaðarvarnir."

„Meðan ekki hefur verið komið á slíku varnaðarstarfi, virðist skorta forsendur fyrir rýmkun fóstureyðingarlöggjafar. Enn fremur ber að hafa í huga, að þær félagslegu aðstæður, sem væru forsendur fóstureyðingar, hverfa ekki, þótt fóstri sé eytt. Það er því höfuðverkefni þjóðfélagsins að leitast við að leysa hin félagslegu vandamál, sem konan býr við áfram, þrátt fyrir fóstureyðingu".

Það skortir ekki að nefndin, „þ.e.a.s. höfundar frv.," beri fram frómar óskir um úrbætur. En sár reynsla hefur kennt oss, að meira þarf til en góðan vilja. Það eru mörg dæmi þess, að sett hafi verið lög, sem ekki hafa komist í framkvæmd.

Fyrsta skrefið í úrbótaátt varðandi það varnaðarstarf, sem hér um ræðir, er að beita sér fyrir sérstakri lagasetningu. Það er hins vegar ljóst, að slík lagasetning, sem grípur til svo margra þátta, er mjög vandasamt og flókið verk. Taka þarf tillit til nauðsynjar á úrbótum á ráðgjöf, fræðslumálum og félagslegri aðstoð, þar sem gætt er jafnt hagsmuna dreifbýlis — eða strjálbýlis, vildi ég heldur nefna það — sem þéttbýlis. En það ber að undirstrika, að þótt undirbúningur slíkrar lagasetningar sé bæði tímafrekur og vandasamur, þá reynir fyrst á, þegar til framkvæmdanna kemur og útvega þarf mikið fjármagn til að standa undir kostnaði við framkvæmd slíkra laga. Þegar vér leiðum hugann að kostnaði vegna uppbyggingar öflugs varnaðarstarfs, er ekki óeðlilegt, að spurt sé um kostnað vegna framkvæmdar á till. n., verði þær að l. En um þann kostnað er ekki rætt í nál.

„Reynslan sýnir, að þar sem fóstureyðingalöggjöf hefur verið rýmkuð í minna mæli en hér er gert ráð fyrir, hefur fóstureyðingum fjölgað mjög. Í Svíþjóð, skv. upplýsingum n., eru fóstureyðingar ¼ hluti af tölu lifandi fæddra

barna þar í landi. Sama hlutfall fóstureyðinga hér á landi hefði þýtt um það bil 1100 fóstureyðingar á árinu 1972.

Hvað hefði það kostað þjóðina í beinum og óbeinum útgjöldum, þegar höfð er hliðsjón af stórkostlegri fjölgun legudaga á sjúkrahúsum (daggjöld á Landsspítalanum eru ekki undir 5 þús. kr. á dag), fjölgun kvensjúkdómalækna og annars hjúkrunarliðs, félagsráðgjafa og annar starfsliðs, samkv. skilgreiningu n. á nauðsynlegri aðstöðu til að framkvæma slíkar aðgerðir?

Það má því ekki síður spyrja, hvort því gífurlega fjármagni, sem varið væri til fóstureyðinga samkv. till. n., væri ekki betur varið til uppbyggingar á öflugu varnaðarstarfi, sem betur væri fallið til að leysa þann félagslega vanda, sem leiðir til fóstureyðinga. Í þessu sambandi skal enn ítrekuð ábending n., er þegar hefur verið vitnað í hér að framan, „í því skyni að bæta afkomu einstæðra foreldra og barnmargra fjölskyldna og fyrirbyggja þörf fyrir fóstureyðingar af félagslegum ástæðum ...“ N virðist því vera sammála því, sem vér — þ.e. þeir, sem gefa út þetta álit, sem ég er að vitna hér til, — „leggjum höfuðáherslu á“ — og gerir líka — „að leggja skuli hina ríkustu áherslu á það, sem er kallað hér varnaðarstarf, það sé hið eina raunhæfa í þessum málum. Það starf er fyrirbyggjandi og miðar að því að leysa þann félagslega vanda, sem kona býr við þrátt fyrir fóstureyðingu. Rýmkun fóstureyðingarlöggjafar getur því ekki talist eðlileg ráðstöfun, meðan hin félagslegi vandi er óleystur. Byggjum vér þá skoðun á því grundvallarsjónarmiði, að á þjóðfélaginu hvíli sú skylda að koma á fót öflugu varnaðarstarfi, til þess að fóstureyðing sé ætíð í raun algert neyðarúrræði. Eins og bent hefur verið á áður samkv. reynslu annarra þjóða, er hætta á, að rýmkun fóstureyðingarlöggjafar við núverandi aðstæður leiði til þess, að varnaðarstarfið vilji gleymast, þar sem fóstureyðingin er nærtækasta leiðin til lausnar á vandanum.“

Ég hef nú, herra forseti, rakið í stuttu máli það, sem segir í álitsgerð n. þeirrar, sem biskup skipaði, um þann þátt í álitsgerðinni, sem fjallar um varnaðarstarf. Mér virðist, að þeir, sem þetta álit sömdu, hafi rök að mæla, og ég fyrir minn hlut geti gert orð þeirra að verulegu leyti að mínum orðum. Mér finnst eins og þeim, að vart séu forsendur fyrir hendi um rýmkun á fóstureyðingarlöggjöfinni, meðan það starf, sem hefur verið nefnt varnaðarstarf í þessum skrifum og tali, er ekki innt af hendi sem skyldi og framkvæmd þess hefur ekki verið tryggð.

Hannibal Valdimarsson: Herra forseti. Meðan ég átti sæti í ríkisstj. var það ófrávíkjanleg regla, þegar til tals kom að flytja stjfrv., að um þau væri rætt í ríkisstj. og afstaða tekin til þess, hvort allir flokkar, sem að ríkisstj. stóðu, styddu flutning málsins.

Varðandi þetta mál hafa ráðh. SF tjáð mér og okkur í þingflokknum, að þetta mál hafi ekki verið tekið til umr. í hæstv. ríkisstj. og þannig aldrei verið lagt á það samþykki af þeirra hendi, að málið væri flutt sem stjfrv. Ég tók þó eftir því, að hæstv. heilbrmrh. mælti fyrir málinu sem stjfrv. En ef þessar upplýsingar ráðh. SF eru réttar, tel ég, að það sé mjög hæpið, að þetta frv. geti kallast stjfrv., og er a. m. k. þá vitað, að það er ekki stutt af ráðh. SF. Við höfum samt rætt málið í þingflokknum og fjallað um efni þess, og vissulega er það svo, að við erum samþykkir mörgum ákvæðum í þessu frv. og viljum styðja að því, að lögfest verði sérhver þau ákvæði, sem lúta að nauðsynlegu varnaðarstarfi og uppfræðslu í þessum alvarlegu og viðkvæmu málum mannlegs lífs, sem frv. fjallar um. En það er niðurstaða umr. okkar í þingflokki SF, að þær víðtæku heimildir, sem í þessu frv. felast um eyðingu lífs, getum við ekki stutt, og tel ég vera nægilegt á þessu stigi máls að upplýsa þetta.

Það er að sjálfsögðu rétt, að sú löggjöf, sem gildir um þessi mál í okkar landi og var á sínum tíma mjög frjálsleg, er á margan hátt vafalaust orðin úrelt, þar sem svo langur tími er liðinn síðan hún var sett. Ég hygg því, að það væri tímabært að breyta þeirri löggjöf á þann veg að leggja þá skyldu á herðar samfélaginu, að allir eigi kost á ráðgjöf og fræðslu um kynlíf og barneignir og ábyrgð foreldrahlutverks. Sá kafli þessa frv., held ég því, að ætti fullan rétt á sér, væri tímabær sem breytingar og viðbót við núgildandi löggjöf. Einnig virðist vera sjálfsagt að setja lagaákvæði um að veita öllum fræðslu og ráðgjöf um notkun getnaðarvarna og útvegun þeirra og að leggja þjóðfélaginu, samfélaginu, á herðar ríkar skyldur um félagslega aðstoð í sambandi við þungun og barnsburð, og í raun og veru virðist auðsætt, að ef svo er ástatt, að verðandi móðir sjái fram á neyð af félagslegum orsökum, beri samfélaginu að koma í veg fyrir hina félagslegu neyð þannig að bæði verði lífi barns og móður borgið, en ekki með hinni aðferðinni, ég vil segja nálega villimannlegri aðferð, að tortíma lífi annaðhvort móður eða barns. Ég held, að þessar fyrirbyggjandi aðferðir verði að reyna fyrst og síðan verði að horfast í augu við þau tilfelli, neyðartilfelli, sem þrátt fyrir það gæti að dyrum borið.

Ég tel, margt það, sem fram kemur í þeirri grg., sem hv. síðasti ræðumaður vitnaði til, eigi erindi til okkar þm. og beri af þeirri n., sem fær málið til meðferðar, að taka bæði þá grg. og umsagnir annarra aðila, sem málið verður sent til, til gaumgæfilegrar íhugunar, áður en þetta mál verður afgreitt frá Alþ. Málið er vissulega mikilsvert og vandmeðfarið, og það er ástæða til þess, að það verði hlýtt á flesta þá aðila, sem um þetta mál eiga rétt á að fjalla.

En það, sem ég upplýsti í upphafi míns máls, er sem sé þetta, og ég vík að því aftur: Mér er ekki kunnugt um, að málið hafi verið rætt í ríkisstj., og því síður, að það hafi verið tekin ákvörðun um að flytja það sem stjfrv. Og svo mikið er víst, að þeirri aðferð hefur ekki verið beitt í þessu tilfelli að leita umsagnar þingflokks SF um þetta viðkvæma og vandasama mál, áður en ákvörðun var tekin um að flytja það, því að það var fyrst eftir að málið var komið fram, sem við inntum eftir því, hvort að þessu stæðu einnig ráðherrar okkar flokks, og var þá sagt, að málið hefði ekki verið rætt í ríkisstj. og þannig ekki tekin sameiginleg ábyrgð um flutning þess.

Heilbr.- og trmrh. (Magnús Kjartansson): Herra forseti. Aðeins örfá orð til að leiðrétta þá missögn, sem fram kom hjá hv. þm. Hannibal Valdimarssyni. Að sjálfsögðu hafði ég þann hátt á með þetta frv. eins og önnur frv. sem ég flyt sem frv., að ég lagði það fyrir ríkisstj. og óskaði heimildar eftir því að fá að flytja þetta mál sem stjfrv. Ég tók það hins vegar skýrt fram, að ég væri ekki að fara fram á, að reynt yrði að binda afstöðu einstakra stjórnarþingmanna. Á þetta féllst ríkisstj., og það var bókað á fundi ríkisstj., að mér væri heimilað að leggja málið fram sem stjfrv.

Stefán Gunnlaugsson: Herra forseti. Það segir nú sína sögu um samkomulagið á stjórnarheimilinu, að hv. þm. Hannibal Valdimarsson skuli finna sig knúinn til þess að koma hér upp í ræðustól til að segja, að það sé rangt hjá hæstv. heilbr.- og trmrh., að frv., sem hann hafi hér haft framsögu fyrir, sé á vegum ríkisstj. En nóg um það.

Það er ástæða til þess að fagna því, að mínum dómi, að frv. til l. um löggjöf og fræðslu varðandi kynlíf og barneignir og um fóstureyðingar og ófrjósemisaðgerðir skuli sjá dagsins ljós. Svo sem segir í grg. með frv., mun aðdragandi þessa máls vera sá, að fyrrv. heilbr.- og trmrh., Eggert G. Þorsteinsson, skipaði í mars 1970 n. til endurskoðunar l. um fóstureyðingar o. fl. Það virðist augljóst, að mikið starf liggur að baki samningu þessa frv. og hliðsjón hefur verið höfð af erlendri löggjöf um þetta efni, svo sem sjálfsagt er, en miklar breytingar hafa átt sé stað á þessu sviði á síðustu árum.

Þótt það út af fyrir sig sé fagnaðarefni og mjög tímabært, að þessi mál séu tekin til endurskoðunar og athugunar hér hjá okkur, hefur komið fram á opinberum vettvangi, að ekki eru allir á eitt sáttir um einstök atriði frv. Virðist svo sem ákaflega skiptar skoðanir séu meðal almennings um einstök atriði þess. Og það út af fyrir sig ætti ekki að vera mönnum undrunarefni, því að hér er um ákaflega vandasamt og viðkvæmt mál að ræða. Nokkrir aðilar hafa þegar sagt álit sitt á efni frv. og einstökum atriðum þess. Má þar telja Rauðsokkahreyfinguna, sem vill, að frv. verði samþykkt í óbreyttri mynd. Hins vegar eru læknar á öðru máli.

Á aðalfundi Læknafélags Íslands, sem haldinn var í Reykjavík 6.—8. sept. s. l., var samþykkt eftirfarandi ályktun, með leyfi hæstv. forseta:

„Aðalfundur Læknafélags Íslands 1973 fagnar fyrirhugaðri endurskoðun á núgildandi löggjöf um fóstureyðingar og ófrjósemisaðgerðir.

Fundurinn lýsir stuðningi við fram komnar tillögur um aukna fræðslu varðandi kynlíf og barneignir og vill, að félagslegar ástæður einar saman séu nægjanlegar til þess að heimila fóstureyðingu.

Fundurinn lýsir eindreginni andstöðu við tillögu hinnar stjórnskipuðu n., að fóstureyðingar skuli heimilaðar að ósk konunnar eingöngu. Með slíku ákvæði er ákvörðun um aðgerð, sem valdið getur varanlegu heilsutjóni, tekin úr hendi læknisins og öryggi sjúklingsins þannig stefnt í óþarfa hættu.

Alþt. 1973. B. (94. löggjafarþing).

Fundurinn lýsir stuðningi við þá hugmynd, að ófrjósemisaðgerðir verði gerðar frjálsar, en telur þó nauðsynlegt, að sett séu viss ákvæði til þess að fyrirbyggja og vernda fólk gagnvart litt hugsuðum og ótímabærum ófrjósemisaðgerðum.“

Svo mörg eru þau orð. Og í grg., sem sérstök n. hafði samið fyrir þennan fund, segir svo um þetta mál, orðrétt, með leyfi hæstv. forseta:

„Það er tvímælalaust mjög tímabær breyting og til bóta að fella inn í lög sem þessi ákvæði um ráðgjöf og fræðslu varðandi kynlíf og barneignir. Ákvæðin um þessa ráðgjöf og fræðslu eru hins vegar svo óákveðin, að þau binda ekki ríkisvaldið til aðgerða í þessu mjög svo aðkallandi máli. Til þess að eitthvað raunhæft verði gert í þessu efni, er nauðsynlegt, að skipaður verði ákveðinn aðili, einstaklingur eða n., sem sjái um framkvæmd þessa þáttar fræðslumála og hefði það verkefni að byggja upp þetta fræðslustarf, sem vissulega hlýtur að taka langan tíma að koma í viðunandi horf.

Sú breyting, að félagslegar ástæður einar saman heimili fóstureyðingu, er nægileg til þess að eyða vanda flestra þeirra kvenna, sem ekki fengju fóstureyðingu skv. núgildandi löggjöf.

Í tillögum hinnar stjórnskipuðu n., er gert ráð fyrir, að fóstureyðing sé heimiluð að ósk konunnar, ef gerð er fyrir lok 12. viku meðgöngutímans. Hér er í rauninni verið að heimila fóstureyðingu, án þess að fyrir hendi séu nokkrar félagslegar eða læknisfræðilegar ástæður. Verður að telja, að þetta ákvæði stangist á við það grundvallarsjónarmið, er þessi sama stjórnskipaða n. setur fram, að ávallt beri að líta á fóstureyðingu sem neyðarráðstöfun.

Ekki má gleyma því, að aðgerðir þær, sem af frjálsum fóstureyðingum mundi leiða, stangast ósjaldan á við siðgæðisvitund þess starfsfólks, sem við aðgerðirnar vinnur.“

Að lokum er bent á í þessari grg., að samþykkt ákvæðanna um frjálsar fóstureyðingar gæti haft í för með sér erfiðleika vegna sjúkrarúmsskorts, þannig að þessi ákvæði væru litt framkvæmanleg við núverandi aðstæður.

Íslenska þjóðkirkjan hefur látið frá sér fara umsögn um grg. með þessu frv., og hefur hv. þm. Gunnar Gíslason gert ítarlega grein fyrir því viðhorfi, sem þar kemur fram.

Af því, sem ég hef hér stuttlega drepið á, er augljóst, að mismunandi skoðanir eru uppi um veigamikil atriði þessa frv. Þau rök, sem fram hafa komið varðandi ýmis atriði frv., sem deilu valda, verður að sjálfsögðu að athuga mjög vel og vandlega.

Ég á sæti í þeirri n., heilbr.- og trn., sem fær þetta frv. til athugunar, ef að líkum lætur, og gefst mér þar og öðrum nm. þá vonandi tækifæri til þess að kanna gaumgæfilega sem flestar hliðar þessa máls.

Svava Jakobsdóttir: Herra forseti. Ég tel ekki ástæðu til þess nú við 1. umr. þessa máls að gerast mjög langorð um frv. það, sem hér er til umr. og ég vil fyllilega taka undir þau orð hæstv. heilbrrh., að frv. sé rætt æsingalaust og af fullri skynsemi og rökvísi.

Ég vil í upphafi máls míns fyllilega lýsa stuðningi mínum við þetta frv. og leyfi mér að vona að það verði samþykkt óbreytt eða a. m. k. að meginstefna þess, sem ég tel fólgna í 9. gr., nái fram að ganga hér á hinu háa Alþingi. Þetta ákvæði er tvímælalaust það, sem skiptir sköpum og gerir þetta frv. svo áhugavert meðal almennings sem raun ber vitni. 1. tölul. þeirrar gr. fjallar um það, að fóstureyðing sé heimil að ósk konu, ef aðgerðin er framkvæmd fyrir lok 12. viku meðgöngu og ef engar læknisfræðilegar ástæður mæla móti aðgerð. Ég vil þó vara við því, að þessi setning úr 9. gr. sé tekin úr samhengi. Ég hygg, að hv. þm. geti ekki tekið afstöðu til hennar án þess að líta á hana í ljósi I. kaflans, sem fjallar um getnaðarvarnir, ráðgjöf og fræðslu, og í ljósi þess, sem segir í sömu gr., áframhaldi 9. gr., en þar segir með leyfi hæstv. forseta: „Skilyrði er, að konan hafi verið frædd um áhættu samfara aðgerð og hafi hlotið fræðslu um, hvaða félagsleg aðstoð stendur til boða í þjóðfélaginu fyrir þungaða konu og við barnsburð.“ Ég legg sérstaka áherslu á þetta og I. kaflann, vegna þess að mér þykja umsagnir lækna og presta, sem liggja fyrir, ekki hafa tekið nægjanlega tillit til þessara atriða.

Hv. 3. þm. Vestf. notaði ákaflega sterk orð áðan, þegar hann sagði, að þingflokkur SF gæti ekki lagt blessun sína yfir þá eyðingu lífs, sem gert væri ráð fyrir í þessu frv. Ég get ekki látið það átölulaust, að fólkið, sem samdi þetta frv., liggi undir því ámæli, að það standi að frv., sem fjalli um eyðingu lífs. Konurnar í n. þekki ég ekki nema að góðu, en auk þeirra eru læknar í n., og form. nefndarinnar er prófessor Pétur Jakobsson. Óhætt er að fullyrða, að margar íslenskar konur þekkja hann af öðru en því að vera talsmaður þess, að lífi sé eytt. Þvert á móti, að ég hygg.

Ég hef hins vegar aldrei skilið, hvers vegna atriði sem það, hvenær líf kvikni, er til umræðu nú. Það er ekkert í þessu frv., sem gefur tilefni til þess, að menn séu að eyða tíma í svo tilgangslausar umræður. Ef þetta væri í fyrsta skipti, sem frv. um fóstureyðingu væri lagt fram, ef við hefðum enga löggjöf um fóstureyðingu, væri kannske skiljanlegt, að menn ræddu það. En nú höfum við löggjöf um fóstureyðingu, sem gerir ráð fyrir, að eyða megi fóstri innan 8 vikna og innan lengri tíma, ef þörf krefur. Ef menn vilja hins vegar halda því fram, að eitthvert líf kvikni á tímabilinu á milli 8 vikna og 12 vikna, eins og þetta frv. gerir ráð fyrir, þá er hugsanlegt, að þeir vilji velta vöngum yfir þessu atriði. En ég get ekki ímyndað mér, að nokkrum finnist grundvöllur fyrir því að fara að hugleiða þetta 4 vikna tímabil, sem er eina breytingin frá núgildandi löggjöf, hvað þetta snertir.

Ég vil ræða nokkuð enn þá 9. gr. 1. tölul., einkum og sér í lagi vegna þeirrar álitsgerðar, sem nokkrir prestar hafa sent frá sér. Ég vil leggja áherslu á, að það er ekki kirkjan í heild, sem hefur sent þetta frá sér. Það eru nokkrir menn, sem biskupinn einn hefur skipað, sem hafa samið þessa álitsgerð. Prestastefnan hefur aldrei fjallað um álitsgerðina eða samþykktina, og ég hygg, að hv. 2 þm. Norðurl. v. muni votta það með mér. Prestarnir lýsa sig andvíga því, að konan sjálf hafi endanlegt úrskurðarvald um það, hvort fóstureyðing skuli framkvæmd. Eins og hæstv. heilbrrh. kom inn á í framsöguræðu sinni, er hér um ákaflega viðamikið atriði að ræða, sem er ekki nokkur grundvöllur eða tök á að ræða til hlítar hér. En ég vil þó fara um þetta nokkrum orðum.

Prestar og læknar tilheyra stéttum, sem eru þannig í eðli sínu, að þeir geta mjög auðveldlega fallið í þá freistni að gerast siðferðislegir háyfirdómarar annarra. Þetta er þó það meginatriði, sem Lúther hafnaði hjá kaþólsku kirkjunni. Þetta finnst mér, að prestar þjóðkirkjunnar, hinnar evangelísk-lúthersku kirkju hér á Íslandi, ættu að hugleiða. Þetta er í raun og veru spurningin um það, hvort einstaklingur á sjálfur að bera siðferðislega ábyrgð á gerðum sínum eða hvort einhver annar á að gera það fyrir hann og þá einhver, sem er svo voldugur, að hann getur tekið sér það vald. Þegar siðferðilegur yfirdómur hefur getað tekið sér slíkt vald, sýnir sagan gegnum aldir, að það hefur ætíð leitt til tvöfalds siðgæðis og hræsni. Kaþólska kirkjan er dæmi þess út allar miðaldir. Við slíkar aðstæður verður siðferðilegur grundvöllur og siðferðilegt gildismat einstaklingsins ótraust, og það hlýtur að vera ótraust, meðan einstaklingurinn getur ekki tekið þessar ákvarðanir sjálfur í samræmi við sinn eigin þroska og tilfinningalíf. Hann ber ekki sjálfur ábyrgð á þeim ákvörðunum, sem aðrir taka fyrir hann. Afleiðing af þessari tilhögun eða þessu lífsviðhorfi er vitanlega sú, að siðferðisþroski einstaklingsins er vanræktur. Og það er í rauninni verið að koma í veg fyrir, að einstaklingurinn öðlist siðferðislegan þroska. Þjóðfélag, sem gerir einstaklinginn að þessu leyti ómyndugan, heyrir til liðnum tíma og er í engu samræmi við þær hugmyndir, sem uppi eru í dag.

Það hefur verið talað um rétt fósturs í þessu sambandi. Ég bið hv. þm., sem hér eru inni, að hugleiða það, að þegar kona tekur afstöðu í þessu máli, þá gerir hún það engan veginn eingöngu með sjálfa sig í huga. Eðli málsins samkvæmt er það gersamlega ómögulegt. Hún hlýtur að öllu eðlilegu að hugleiða tilvist og rétt fóstursins um leið.

Kirkjan hefur mikið rætt mannhelgi, og það er auðvitað allt rétt, sem þessir 5 eða 6 prestar segja í sinni grg., að það beri að leggja áherslu á félagslegar umbætur. Þó er eitt afar undarlegt í þeirri grg., og mig minnir, að það hafi komið fram hjá læknunum líka, að fóstureyðing sé allkostnaðarsöm getnaðarvörn fyrir þjóðfélagið. Ég veit nú ekki, við hverju menn búast, eftir að kona er orðin þunguð, en ég vil benda þeim á það, að fæðing kostar líka sitt, og ég fæ nú ekki annað séð, en dæmið ætti í stórum dráttum að ganga upp, nema þeir reikni þá með, að fóstureyðingar verði margfalt fleiri en fæðingar, en ég hef enga trú á því. Ég get sem sagt fyllilega tekið undir það, að félagslegar úrbætur séu nauðsynlegar og það sé þörf á að koma á fót öflugu varnaðarstarfi. En ég fæ ekki séð neina skynsemd í rökum kirkjunnar manna, þegar þeir segja, að vegna þess að varnaðarstarfi og félagslegum umbótum sé svo

ábótavant sem raun ber vitni, sé ekki þörf á rýmkun fóstureyðingarlöggjafar. Ég hefði þvert á móti talið, að þessu væri öfugt farið. Í fullkomnu þjóðfélagi, þar sem enginn þarf að óttast um hag sinn og annarra, er síður þörf á fóstureyðingum. a. m. k. ekki af félagslegum ástæðum.

Um álit læknanna eða læknafundarins vil ég aðeins segja þetta: Mér skildist á því, sem lesið var hér upp áðan, — það verður leiðrétt, ef ég fer rangt með, — að þeir teldu, að ábyrgðin sem konunni væri fengin, væri læknisfræðilegt atriði, henni væri fengið úrskurðarvald í máli, sem heyrði undir þeirra svið sem lækna. Þessu vil ég mótmæla. Það er ekki hið læknisfræðilega vald þeirra, sem verður vefengt, því að þeir geta synjað um fóstureyðingu af læknisfræðilegum ástæðum. En það er hið siðferðilega vald þeirra, sem er verið að vefengja. Það er heldur sárt að vita til þess, ef rétt er, að þeim sé annara um siðferðilega valdið en hitt.

Ég ætla þá ekki að hafa þessi orð fleiri, en ég vil eindregið hvetja hv. þm. til þess að reyna að skoða þetta frv. og meta það sjálfir, en falla ekki í gryfju miðaldahugarfars og halla sér upp að samþykktum örfárra manna, þó að þeir heiti prestar eða læknar.

Ragnhildur Helgadóttir: Herra forseti. Þar sem ég á sæti í þeirri n., þar sem þetta mál verður athugað og rætt, mun ég aðeins hafa fá orð um það. Ég vil þó í örstuttu máli og algerum aðalatriðum gera grein fyrir afstöðu minni í sambandi við viss atriði þessa frv.

Í fyrsta lagi vil ég segja, að ég tel, að I. kafli þessa frv. horfi til mikilla framfara á þessu sviði á okkar landi. Ég held, að þarna sé um svið að ræða, sem hefur verið vanrækt svo stórlega af einhverjum ástæðum. Einhvern veginn hefur mönnum vaxið í augum það verkefni, sem hér er um að ræða, og of lítið hefur verið til af fólki, sem fært hefur verið um að annast þessa fræðslu fyrir unglinga. Þessi I. kafli ætti að stuðla að því, að síður yrði þörf á því, sem þetta frv. fjallar að öðru leyti um, að konur þurfi að leita fóstureyðinga, og síður komi til þess, að lífi ungmenna verði stefnt í ógæfu vegna fáfræði um kynlíf og barneignir.

Það er aðeins eitt atriði í sambandi við þennan I. kafla, sem mig langar til að vekja athygli á og ég held, að gæti verið til mjög mikilla bóta. Og það varðar hlutverk foreldra barna og unglinga. Þannig er með okkar kynslóð, sem er að ala upp börn og unglinga, að það er ákaflega algengt, að það vefjist fyrir foreldrum, hvernig þeir eigi að fræða sín eigin börn um kynlíf, barneignir, getnað og hlutverk foreldra. Það er svo ótrúlega algengt, að fólk getur ekki horfst af hreinskilni í augu við staðreyndir á þessu sviði og túlkað þessar staðreyndir fyrir börnum sínum. Að mínu viti felst stærsti vandinn þarna. Fræðsla í skólum af hendi barnakennara, sem eru algerlega óvandabundnir börnunum, er góðra gjalda verð og vissulega nauðsynleg í sambandi við ýmsar námsgreinar í skólunum, t. d. heilsufræði, náttúrufræði og ekki síst kristinfræði. En ég held, að jafnvel enn meiri nauðsyn sé, að þeir foreldrar, sem eiga börn á þeim aldri, að þeir standi andspænis spurningum um kynlíf og barneignir, þurfi að eiga kost á ráðgjöf um, hvernig þeir eigi að túlka vandann fyrir sínum eigin börnum. Kynslóð foreldrannna í dag er kynslóð, sem sjálf fékk afskaplega takmarkaða fræðslu á þessu sviði í skólum. Þá var rétt svo, að fólk hefði í þá daga uppburði í sér til að minnast á kynlífsfræðslu án þess að roðna. Nú þykir þetta orðinn sjálfsagður hlutur. En ef þið bara spyrjið ýmsa foreldra, spyrjið feður, hvort þeir ræði þessi mál af hreinskilni við syni sína, og spyrjið mæður, hvort þær tali af hreinskilni við dætur sínar, kannske 14 eða 15 ára gamlar, fáið þið áreiðanlega svör á þessa leið: Jú, við getum talað undan og ofan af þessum hlutum við þau, en einhvern veginn ekki algerlega af hreinskilni.“ Ég held, að það þyrfti að koma inn í þetta frv., að í fræðsluhlutverkinu af hendi hins opinbera væri kostur á námskeiðum fyrir foreldra um það, hvernig þeir ættu að fræða sín eigin börn, því að þar er sannarlega þá fræðslu að fá, sem mest er virði fyrir hvern einstakling, á sínu eigin heimili, hjá sínum foreldrum.

Ég mun ekki hafa fleiri orð um þetta atriði. Ég mun næst snúa mér að því ákvæði frv., sem valdið hefur mestum deilum, og það er 9. gr., 1. tölul., um, að konan hafi sjálf endanlegt úrskurðarvald um það, hvort fóstri sé eytt eða ekki. Menn hafa hneigst til að halda því fram, að þarna sé um að ræða algert frumréttaratriði fyrir konuna og þetta sé sjálfsagt mannréttindamál. Ég sé ekki ástæðu til að þegja yfir því, að ég er þessu ósammála. Ég held, að það sé mikill misskilningur, að konur telji þarna um réttindamál fyrir sig að ræða. Þannig er, að kona, sem tekur ákvörðun sjálf og ein um það, að fóstri, sem hún gengur með, sé eytt, getur átt við hörmulegar sjálfsásakanir að stríða síðar á ævinni. Hún hefur ekki haft við neitt að styðjast um það, þegar þessi ákvörðun var tekin, nema sjálfa sig. Þær ástæður, sem til greina koma, geta verið mjög veigamiklar. Menn vilja viðurkenna, að ýmsar ástæður geti réttlætt fóstureyðingu, fleiri en þær, sem nú eru í lögum. Ég held, að sú rýmkun, sem að öðru leyti felst í þessu frv., sé nægileg. Þau tilfelli, sem verulega eru vandasöm frá heilsufræðilegu sjónarmiði, félagslegu sjónarmiði eða siðferðilegu sjónarmiði, mundu veita fulla heimild til fóstureyðingar samkv. þessari löggjöf, ef samþ. yrði. Ég sé því ekki, að þessi 1. liður sé nauðsynlegur. Hann getur vissulega haft ýmiss konar hættu í för með sér fyrir þá konu, sem sjálf tekur þessa ákvörðun, náttúrlega þá hættu, sem alltaf felst í fóstureyðingu, og svo einnig hættu á mikilli óhamingju síðar á ævinni, sem ég held, að kæmi síður til, ef um væri að ræða, að konan hefði látið framkvæma aðgerðina að læknisráði eða með samþykki tveggja lækna, eins og nú er.

Ég hef líka það við þennan l. lið að athuga, þar sem konan hefur ein og endanlegt úrskurðarvald, að þar er ekki rætt um hlut föðurins að þessu máli. Ef við lítum á 9. gr., 2. tölul. d, þá stendur þar, að fóstureyðing skuli heimil að læknisráði og í viðeigandi tilfellum að undangenginni félagslegri ráðgjöf, þegar ætla má, að þessi þungun og tilkoma barns verði konunni og hennar

nánustu erfið vegna félagslegra ástæðna, sem ekki verður ráðin bót á. Þarna er tillit tekið til vandamanna konunnar af einhverjum ástæðum. Ég veit ekki alveg, hvernig hugsað er, að þetta sé í framkvæmdinni, hvort þarna felst hugsanleg réttarskerðing gagnvart konunni að einhverju leyti, hvort það eru vandamenn, sem standa að, ákvörðun eða hvaða vandamenn konunnar það eru, sem hér er átt við. Það getur skipt máli.

Í 1. lið, þar sem rætt er um það, að konan geti fengið fóstureyðingu eftir eigin ósk, er ekki einu sinni talað um, að samþykki föðurins þurfi að liggja fyrir. Þegar um ákvörðun konu skv. 1. lið er að ræða, reikna ég með, að svo standi á, að konan telji sig ekki geta fengið fóstureyðingu eftir 2. lið þessarar gr., þannig að eftir skilningi flestra væri þá kannske ekki að finna almenna félagslega eða heilsufarslega ástæðu fyrir aðgerðinni. Þegar svo stendur á, finnst mér harla undarlegt, að ekki sé tekið tillit til óska föður barnsins. Að mínu viti er gallinn á þessu ákvæði ekki sprottinn af því, að talið sé, að konunni sé ekki trúandi til að taka þessa ákvörðun, eins og ég held, að hæstv. ráðh. hafi orðað það áðan, og ekki heldur spurningin um það, hvort hún tæki slíka ákvörðun af siðferðilegri alvöru. Hún gæti tekið þessa ákvörðun fyllilega af siðferðilegri alvöru og miðað við gildandi lög, ef þetta frv. væri samþ. óbreytt, því að tilvist þessa ákvæðis ein saman getur falið í sér það, að menn fari að hneigjast til að líta á fóstureyðingu á sama hátt og þungunarvörn. Það tel ég mjög alvarlegt og illa farið.

Ég sé ekki, jafnvel þó að þessi 1. tölul. 9. gr. hyrfi úr frv., að þar með værum við að stefna í nein ragnarök, eins og hæstv. ráðh. útlistaði hér við okkur, er hann talaði um framþróun mannkynsins. Ég held sem sagt, að sú röksemd, að offjölgun sé á jörðinni, sé ekki þung á metunum í því máli, hvort við viljum innleiða algerlega frjálsar fóstureyðingar á Íslandi. Við skulum umfram allt stuðla að því hvar sem við getum, að sem víðast um jarðarhvelið verði vaxandi fræðsla um þungunarvarnir. Það er sjálfsagður hlutur, og ekki aðeins það, heldur að fólki sé gerður greiðari og feimnislausari aðgangur að þungunarvörnum. Það er afskaplega flókið mál fyrir unga stúlku í dag að afla sér þungunarvarna. Hún þarf að ganga í gegnum eldraun, að henni finnst, til þess. Þessu þarf að breyta. Það þarf að vera unnt fyrir ungt fólk að geta gengið að því vísu, að það fullorðna fólk, sem það á að eiga trúnað hjá, geti rætt þessi mál og leiðbeint því af meira hispursleysi en nú er, og það held ég, að sé veigamesta atriðið, sem þetta frv. stefnir að.

Ég vil ekki skiljast svo við þetta mál, að ég nefni ekki eitt atriði, sem ýmsir undrast, hve lítið hefur verið rætt í þessu frv., og það er kaflinn um ófrjósemisaðgerðir. Mörgum finnst einkennilegt, að lítið skuli hafa verið um það rætt, að fólk geti fengið ófrjósemisaðgerð að eigin ósk, og finnst þar með, að það sé verið að fást við alvarlegri hlut í lífinu en svo, að menn geti gengið að því ráði án mikilla hugleiðinga. En að mínu viti er þessi kafli ekki nærri eins alvarlegur og sá, sem fjallar um eyðingu lífs, sem eitt sinn er kviknað. Ég er því sammála, að fólk, sem er komið til vits og ára, geti ráðið því sjálft, hvort það er gert ófrjótt eða ekki, svo að ég sé ekki, að það sé neitt hneykslanlegt við III. kafla þessa frv. og vil gjarnan taka það fram.

Ég mun ekki hafa fleiri orð um þetta mál á þessu stigi. Ég geri ráð fyrir, að það verði vandlega athugað í n. og þar komi fram ýmsar upplýsingar, sem skipta máli fyrir hv. þm. á síðara stigi málsins.

Ólafur G. Einarsson: Herra forseti. Það voru aðeins örfá orð, sem ég vildi segja við þessa 1. umr. um þetta mál. Ekki ætla ég að blanda mér í orðahnippingar þeirra hæstv. heilbrrh. og hv. þm. Hannibals Valdimarssonar um það, hvort þetta sé stjfrv. eða ekki. Sannleikurinn er sá, að mér finnst það ekki vera aðalatriðið, og ég held, það hafi verið skynsamlegt hjá hæstv. heilbrrh. að hafa enga tilburði frammi í þá átt að binda hendur stjórnarliða í þessu máli. Það er nefnilega ekki um slíkt mál hér að ræða, að það sé nokkur skynsemi í því að binda menn flokksböndum, þ. e. að láta meiri hl. í þingflokki ráða afstöðu allra til þessa máls.

Það eru vafalaust allir sammála um það, að hér er um mjög mikilvægt mál að ræða, og þarf að athuga það ítarlega í n. og senda það til umsagnar vafalaust margra aðila. Skoðanir manna eru vissulega mjög skiptar, en ég held þó, að allt of margir séu haldnir ákveðnum hleypidómum, þegar þeir ræða þetta mál.

Eins og hér hefur þegar komið fram, er það II. kafli frv., sem mestum ágreiningi kemur til með að valda. En ég vil sérstaklega taka undir orð hv. þm. Svövu Jakobsdóttur, sem lagði áherslu á það, að menn skoðuðu þann kafla með hliðsjón af þeirri áherslu, sem lögð er á fræðslu, áður en ákvörðun er tekin um fóstureyðingu. Á þetta legg ég mikla áherslu líka.

Það kom fram í máli hv. 5. landsk. þm., Stefáns Gunnlaugssonar, að læknar hefðu á aðalfundi sínum mótmælt þessu frv. Mér er kunnugt um þetta líka, að þar var samþykkt ályktun, sem gengur gegn þessu máli. En það, sem mér finnst vanta upplýsingar um, er, hvaða læknar tóku þessa ákvörðun. Sannleikurinn er sá, að ég held, að það skipti miklu máli, hvaða læknar eru að ályktа um þetta mál. Ég veit ekki, — svo að ég taki dæmi, með allri virðingu fyrir ákveðnum sérfræðingum í læknastétt, við skulum segja augnlæknar eða beinalæknar eða eitthvað slíkt, hvort mikið sé leggjandi upp úr þeirra áliti umfram álit ýmissa annarra hópa í þjóðfélaginu. Ég hef ástæðu til að ætla, að það séu geðlæknar og heimilislæknar, sem fyrst og fremst vita, hvað þarna er um að ræða, þekkja aðstæður, og ég legg miklu meira upp úr áliti þessara manna heldur en annarra. Og ég held, að ég fari ekki með rangt mál, þegar ég segi, að a. m. k. meiri hl. geðlækna er meðmæltur þessu frv., og ég hygg einnig meiri hl. heimilislækna. Þetta finnst mér skipta miklu máli.

Ég ætla ekki að fara að ræða það, hvort við fóstureyðingu sé verið að eyða lífi, en í því sambandi vil ég lýsa sérstakri furðu minni á orðum hv. þm. Hannibals Valdimarssonar, hvern-

ig hann komst þar að orði. Það fannst mér ekki sæmilegt. En ég vildi lýsa stuðningi mínum við meginstefnu þessa frv., og ég vil aðeins segja það, að hin langa og óhuganlega lesning um synjanir við beiðnum um fóstureyðingar nægir mér ein til þess að fullvissa mig um augljósa nauðsyn lagabreytingar.

Bjarni Guðnason: Herra forseti. Ég hafði alls ekki hugsað mér að taka til máls um þetta frv., þar sem ég á sæti í þeirri n., sem mun fjalla um það. En ég get þó ekki orða bundist vegna ummæla ýmissa þm. varðandi þetta mál, og hefur mér komið á óvart, hversu dræmar undirtektir þetta frv. hefur fengið hjá einstaka þm. Mín skoðun er einfaldlega sú, að þetta sé með merkari löggjöf, sem lögð er fram á haustþinginu og e. t. v. á öllu þessu þingári. Ég styð þetta frv. því í öllum meginatriðum, ekki síst hina merkilegu 9. gr., þar sem ósk konunnar ræður mestu um fóstureyðingu.

Þar sem þetta er mjög viðkvæmt mál, nota menn ýmislegt orðfæri, sem á ekki heima í þessum umr. T. d. var talað hér áðan um, að þetta frv. fæli í sér frjálsar fóstureyðingar. Þetta er alls ekki rétt að öllu leyti, því að frjáls fóstureyðing svonefnd miðast eingöngu við það, að fóstureyðingin eigi sér stað fyrir lok 12. viku meðgöngu og ef engar læknisfræðiástæður mótmæla aðgerð, þannig að hér er ekki hægt að tala alfarið um frjálsar fóstureyðingar. Það er algerlega villandi.

Þá minntist einn þm. á það, að barnsfaðirinn væri með öllu sniðgenginn. Þetta er ekki heldur rétt, því að í 4. tölul. 12 gr. er beinlínis sagt orðrétt, með leyfi hæstv. forseta:

„Ef mögulegt er, skal barnsfaðir taka þátt í umsókn konunnar, nema sérstakar ástæður mæli gegn því.“

Þannig er misskilningur að halda fram, að barnsfaðirinn sé sniðgenginn.

Í núgildandi l. er ekki tekið tillit til félagslegra ástæðna konunnar, þegar hún sækir um fóstureyðingu. Af þessu hefur sprottið, eins og hv. síðasti ræðumaður tók fram, gífurlegt misrétti og ég vil segja ótrúleg meðferð á einstaklingnum. Þegar maður les einmitt umsóknir einstakra kvenna út frá félagslegum aðstæðum og þeim hefur verið hafnað, þá blöskrar manni slíkur lestur, og það er einmitt tilraun með þessu frv. ekki síst að koma til móts við félagslegar aðstæður þeirra kvenna, sem í hlut eiga. Mér kemur mjög á óvart og kannske ekki síst hjá konum það vantraust, sem þær bera til kynsystra sinna. Sækir í raun og veru nokkur kona um fóstureyðingu, nema hún telji sig hafa fulla ástæðu til þess? Sérhver kona, sem er heilbrigð, hlýtur að vilja ala sitt barn. Þetta hlýtur að vera grundvallaratriði. Það liggur í munni manna hér, að flestar konur muni þá sækja um fóstureyðingu innan þessa ákveðna tíma, þetta verði landlæg plága og allt í voða, en þetta hlýtur að vera reginmisskilningur. Og ég endurtek, að sérhver kona vill ala sitt barn og eiga það. Það er grundvallaratriðið. Þess vegna er undarlegt þetta vantraust, sem kemur fram á einstaklingnum og er auðvitað bara tilbúin röksemd til þess að andmæla þessari merkilegu nýjung.

Varðandi læknana skal ég ekki hafa mörg orð, en vil þó benda á eitt. Ég hygg, að þarna sé það sjónarmið hjá læknum, að þeir eigi að ráða algerlega yfir líkama manna, — þetta er sérfræðingasjónarmið, — þeir einir séu fullkomlega færir um að dæma um slíka hluti og einstaklingurinn eigi ekki að hafa neinn rétt þar um. Þetta er sú árátta hjá sérfræðingastéttum, sem er mjög vaxandi í þjóðfélaginu. Ég skal til gamans minna á arkitekta. Þeir vilja ráða, hvers konar hús þeir teikna fyrir húsbyggjendur, o. s. frv., og læknarnir telja, að verið sé að skerða þeirra sérfræðigrein, ef konan fær sjálf að ráða þessu. Ég hygg, að þarna sé fyrst og fremst um stéttarleg sjónarmið að ræða og læknarnir séu þarna að taka sér það vald, sem kirkjan hafði fyrr á öldum, það sé læknanna að ákveða þessa hluti. En á svona afstöðu tek ég ekki mark.

Ég vil ljúka máli mínu með því að segja, að fóstureyðingar eru alltaf neyðarúrræði. En ég treysti því, að sérhver kona muni í síðustu lög eyða fóstri, og það er mér nóg, því að það er það, sem skiptir máli, og konurnar hljóta að vera sá aðili, sem hefur úrskurðarvald í þessu efni. Þetta læt ég nægja að sinni, en ég styð þetta frv. í öllum meginatriðum.

Karvel Pálmason: Herra forseti. Það eru aðeins örfá orð að þessu sinni. Það hefur komið hér fram, að þingflokkur SF stendur ekki að þessu frv., eins og það er fram borið. Eigi að síður er það mitt álit, að ýmislegt í þessu frv. sé til bóta frá núverandi löggjöf. En það er þó eitt meginákvæði þessa frv., sem a. m. k. stendur í mér og á sennilega eftir að koma til með að standa í fleiri hv. þm., en það er hin margumtalaða 9. gr. um fóstureyðingar.

Ég ætla ekki að fara út í að fjalla ítarlega eða að neinu marki um þetta atriði, en ég held, að hv. þm. verði, þegar til þess kemur, að þeir taki ákvörðun um þetta atriði, að hugleiða, hvaða þróun hefur átt sér stað og hvernig að málum er staðið í þeim löndum, sem hvað lengst eru komin á þessu sviði, þ. e. a. s. þar sem eru frjálsust fóstureyðingarlöggjög, eins og t. d. í Svíþjóð. Ég las ekki alls fyrir löngu í Morgunblaðinu grein um þessi efni einmitt, hvernig þessi mál hafa þróast þar, og ég er ekki í neinum vafa um, að það skref, ef stigið verður, sem þetta frv. gerir ráð fyrir, með frjálsari fóstureyðingum, verður ekki lokaskref í þessum efnum, það verður aðeins upphafið á enn stærra skrefi til aukins frjálsræðis í þessum efnum. Ég tek þess vegna undir það, sem hér hefur komið fram hjá hv. þm., að leggja beri höfuðáherslu á þær varnaðaraðgerðir, sem um er rætt, frekar en að auka að miklum mun frjálsræði í þessum málum.

Ég hirði ekki um, a. m. k. ekki á þessu stigi, að lesa kafla úr þessari tilvitnuðu grein í Morgunblaðinu, sem fjallar um fóstureyðingar og tilraunir á fóstrum. Hún er svo ógeðsleg að mínum mati, að ég held, að ég hafi aldrei lesið á prenti álíka eins og þarna stóð (**BGuðn.:** Trúir þú Moggganum?) Það kemur fyrir, já. Ég hef ekki alltaf lokuð augu, eins og sumir. En ég læt þetta nægja að sinni. Ég vil sem sagt ítreka það, að margt

í þessu frv., eins og það nú er, horfir að mínu mati til bóta, en ég er ekki reiðubúinn til þess að standa að samþykkt II. kaflans, eða 8., 9. og 10. gr., eins og þar er gert ráð fyrir.

Ég vil að lokum að gefnu tilefni spyrja hæstv. heilbrrh. um það, hvort ráðh. SF, hafi setið þann ríkisstj.-fund, sem hann vitnaði til áðan og þessi bókun var gerð á, sem hann einnig greindi frá. Ég hygg, að svo hafi ekki verið. En mér þætti vænt um, ef hæstv. ráðh. vildi upplýsa, hvort þeir ráðh. voru staddir á þeim fundi, þar sem þetta var samþykkt.

Heilbr.- og trmrh. (Magnús Kjartansson): Herra forseti. Út af síðustu fsp., man ég það að vísu ekki, hvort rh. SF voru staddir á þessum fundi, en ég hygg, að það hljóti að vera. Ég minnist þess ekki, að þeir hafi báðir verið fjarverandi á neinum ríkisstj.-fundi, sem ég hef setið á þessu ári. Hitt skiptir þó meginmáli, að ég lagði þetta frv. fyrir og fékk heimild til að flytja það sem stjfrv., eins og ég greindi frá áðan, en með þeim fyrirvara, að ég hefði engan áhuga á því, að þingflokkar reyndu að taka þar sameiginlega afstöðu og binda minni hl. við ákveðinn meiri hl. í þessu máli. Þetta mál er þess eðlis, að hver einstaklingur verður að gera það upp við sjálfan sig.

Ég vil þakka hv. þm. fyrir þátttöku þeirra í þessum umr. Umr. hafa yfirleitt verið málefnalegar og fjallað um þetta mikilvæga mál af fullri alvöru. Það er ekki ýkjamargt, sem ég þarf að gera aths. við. Ég skýrði frá viðhorfum mínum eins ljóslega og ég gat í framsöguræðu minni, og við hana hafa ekki komið fram neinar aths., þannig að ég þarf ekki að standa í neinum deilum út af því.

Hv. þm. Gunnar Gíslason vitnaði í allmikið plagg, sem allir þm. hafa fengið og samið er af n. presta, sem biskup skipaði á sínum tíma. Hv. þm. las þann kafla úr þessu nál., sem ég tel vera þann skynsamlegasta, sem þar er að finna, um nauðsyn á varnaðarstarfi og fræðslu og félagslegri aðstoð, og um þessi atriði erum við áreiðanlega mjög sammála. I. kaflinn, sem er undirstaða sjálfs frv., fjallar einmitt um þetta, og eins og ég tók fram áðan, tel ég, að félagslegar ráðstafanir þjóðfélagsins til að aðstoða til að mynda ógiftar mæður og aðrar mæður, sem í vanda kunna að vera, séu enn af allt of skornum skammti, þær þurfi að auka. Og um þetta hygg ég að samkomulag sé í sjálfu sér. Hitt skulum við gera okkur ljóst, að slíku kerfi komum við ekki á, nema það kosti ærna fjálmuni. Þess verða menn að minnast á þessum tímum, þegar það er í tísku að tala um þunga skattabyrði, á sama tíma og menn eru með eðlilegar óskir um félagslegar aðgerðir. Þetta hvort tveggja fer ekki saman. Við getum ekki haldið uppi myndarlegu félagslegu kerfi án þess að taka á okkur þann kostnað, sem af því leiðir.

Eitt atriði hefur komið fram í þessum umr., sem hv. þm. Svava Jakobsdóttir vék að vísu að áðan, en ég held, að þurfi að koma ákaflega skýrt fram. Þar á ég við hið undarlega tal manna um, að fóstureyðingar, eins og gert er ráð fyrir í 9. gr. frv., kunni að leiða til þess, að aðstreymi að sjúkrahúsum muni vaxa feiknarlega og þar þurfi einhverja geysilega aukna aðstöðu til að sinna öllum fóstureyðingarumsóknum. Ég held, að öllum mætti vera það ljóst, að ef um getnað er að ræða, þá er ekki nema tvennt til: fósturlát eða fóstureyðing annars vegar og hins vegar, að barnið fæðist. Hér á Íslandi er það sem betur fer orðin svo til algild regla, að konur fæði börn á sjúkrahúsum, þannig að þetta tvennt fer saman. Það er að vísu dálítið öðruvísi aðgerð að framkvæma fóstureyðingu en fæðingu, en það þarf ekki fleiri sjúkrarúm til þess.

Hv. þm. Ragnhildur Helgadóttir dró það í efa, að tímabært væri að veita konum þann rétt, sem í frv. felst. Og hún sagði, að þetta gæti leitt til sárra sjálfsásakana eftir á. Þetta er vafalaust rétt hjá hv. þm. Þannig er það með líf okkar manna, við þurfum oft að taka erfiðar ákvarðanir, og við kunnum að draga það í efa eftir á, að það, sem við ákváðum, hafi verið rétt. Engu að síður er þetta sá vandi, sem við verðum að standa í. Þetta er sá vandi að lifa, og menn geta ásakað sjálfa sig fyrir margt annað en þetta. Spurningin er hin, hvort menn eigi að hafa frelsi til að taka persónulegar ákvarðanir af þessu tagi, en því skulum við ekki gleyma, að öllu frelsi fylgir samsvarandi ábyrgð.

Það hefur þegar verið vikið að því hér, að hv. þm. Ragnhildur Helgadóttir hafi ekki lesið frv. nægilega vel, þegar hún sagði, að hlutur föðurins væri þar enginn. Gert er ráð fyrir því, að faðir sæki um fóstureyðingu, ef því verður við komið, ásamt móðurinni. Ég tel ekki neina hættu á því, að þetta muni leiða til þess, að litið verði á fóstureyðingu á sama hátt og þungunarvörn. Ég held, að með þessu sé verið að búa sér til mjög ólíkleg tilvik, raunin mun auðvitað ekki verða þessi, heldur mun hún verða hin, að aðgangur að getnaðarvörnum verði miklu greiðari og eðlilegri og vitneskja manna meiri en verið hefur, því að fáfræðin á þessu sviði á okkar landi hefur verið með ólíkindum mikil.

Hv. þm. Ragnhildur Helgadóttir sagði líka, að þau orð, sem ég hafði hér áðan um mannfjölgun í heiminum öllum, væru ekki röksemd fyrir frjálsum fóstureyðingum á Íslandi. Ég vék að þessu vandamáli vegna þess, að ég hef tekið eftir því, að menn eru að reyna að búa sér til algild siðferðileg lögmál, sem ekki gilda á Íslandi einvörðungu, heldur um heim allan. Ég var að benda mönnum á, hvað af því leiddi, af menn reyndu að halda slíkum viðhorfum til streitu. Með því væru menn að ganga í berhögg við náttúrulögmál, sem hlyti að leiða til þess, að náttúrulögmálin yxu mönnum yfir höfuð og refsuðu þeim þunglega, sem ekki skildu grundvallarstaðreyndir.

Menn hafa hér talað um, að það kynnu að verða mikil brögð að því, að konur óskuðu eftir fóstureyðingu af þessum sökum, og hafa vísað til annarra landa í því sambandi. Ég er ekki ýkjahræddur um þetta. Við skulum muna eftir því, að það eru mjög mismunandi siðgæðisviðhorf í ýmsum löndum. Víða erlendis þykir það til að mynda vera allt að því smánarblettur, ef stúlka verður barnshafandi utan hjónabands, og í slíkum tilvikum er lagt ákaflega þungt farg á þessar stúlkur að láta eyða fóstri. Fóstureyðingar eru framkvæmdar í ýmsum löndum af

fólki, sem kann ekki til verka, og það getur haft hinar háskalegustu afleiðingar. Hér á landi eru siðgæðisviðhorf manna, sem betur fer, allt önnur. Hér er ákaflega algengt, að stúlkur eigi börn utan hjónabands. Það er allt upp í fjórðungur af fæðingum á Íslandi þannig til kominn, og þykir engin minnkun að, sem betur fer, þannig að þetta farg, sem liggur þungt á ungu fólki með öðrum þjóðum, er ekki hér á Íslandi. Því ætti að vera miklu minni hætta á því hér en annars staðar, að sá réttur, sem frv. gerir ráð fyrir, að konur fái, verði misnotaður af þessum ástæðum.

Hv. þm. Karvel Pálmason minntist á greinar í Morgunblaðinu, sem ég las einnig, og ég kannaðist við þessar greinar. Ég hafði séð þær áður í erlendum blöðum. Þarna er um að ræða ábyrgðarlaus æsingaskrif. Þessum greinum var svarað erlendis, þar sem þessi skrif birtust upphaflega, og þar var borinn til baka allur þessi æsingakeimur, sem var af þessum skrifum.

Ég vil að lokum bera fram þá ósk, að hv. heilbr.- og trn. og þm. allir íhugi þetta mál mjög gaumgæfilega og af fullri alvöru, eins og ég sagði hér áðan. Hins vegar tel ég miklu máli skipta, að þetta mál verði afgreitt á þessu þingi. Ég hafði þann hátt á að senda öllum hv. þm. þetta frv. á miðju þessu sumri og beita mér fyrir því, að um það yrðu sem víðtækastar umr. í fjölmiðlum, þannig að ég hygg, að aðdragandinn sé slíkur, að þm. eigi að geta gert upp hug sinn á þessu þingi.

Ég tel þetta mál vera þess eðlis, að það væri ekki sæmandi að láta það liggja hér óafgreitt eftir, og vil því óska mjög eindregið eftir því við hv. n., að hún hagi vinnubrögðum sínum þannig, að Ed. hefði nægan tíma til að fjalla um málið einnig, þannig að þetta gætu orðið lög á þessu þingi, ef meiri hl. hv. þm. er því fylgjandi.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 21 shlj. atkv. og til heilbr.- og trn. með 23 shlj. atkv.

Sameinað þing, 19. nóv.

Vanskil hafna.

Skriflegt svar samgrh. við fyrirspurn Steingríms Hermannssonar um vanskil hafna á þskj. 91, afhent þm. 19. nóv.

A. ALMENNAR HAFNIR.

1. liður fyrirspurnar (skuldir):

	Árslok 1972 M. kr.
1. Áhvílandi föst lán með ríkisábyrgð	565.0
2. Stutt lán, bráðab.lán og lausaskuldir, án ríkisábyrgðar	40.0
3. Stutt lán hjá Byggðasjóði tekin 1969 — Norðurlandsáætlun og Atvinnumálanefnd 62.3 ÷ fært undir vanskil kr 56.1	6.2
4. Framlag frá sveitarsjóðum til hafnasjóða með kröfu um endurgreiðslu frá hafnasjóðunum, þegar gjaldþol leyfir	60.0
5. Bráðabirgðalán frá Hafnabótasjóði, sem sem endurgreiðist með fjárveitingu 1973	8.5
	679.7

2. liður fyrirspurnar (vanskil):

1. Hafnarbótasjóður — ríkisáb.lán	13.2
2. Ríkisábyrgðasjóður —	38.2
3. Ríkislán (Ríkisáb.sj.) —	8.8
4. Byggðasjóður, sbr. lið 1. 3., án ríkisáb.	56.1
5. Hafnamálastofnunin — út á fjárv. '73 ..	43.6
	160.9

Heildarskuld:

Almennar hafnir skv. lið 1	679.7
— — — — 2	160.9
	840.6
Landshafnir sjá síðar, liður B 174.0	
— m/aths. um vísit. 100.0	274.0
	1114.6

3. liður fyrirspurnar:

1. Erlend lán háð gengisbreytingu, talin undir lið 1.1., 150.3 m. kr. Enn fremur lán talin undir lið 1.3. og vanskil undir 2.4.
2. Lán til almennra hafna eru engin háð vísitölu.

4. liður fyrirspurnar:

1. Á fjárlögum yfirstandandi árs, liður 10.333.03, eru veittar 206.8 m. kr. til hafnarmannvirkja og lendingarbóta, þar af til greiðslu vangreidds hluta ríkissjóðs við árslok 1972 ..... 64.0
2. Á fjárlögum yfirstandandi árs eru einnig veittar eftirstöðvar ríkisstyrks, miðað við uppgjör á milli ríkissjóðs og sveitarsjóða við árslok 1967, með nokkrum breytingum síðan, og til greiðslu gengistaps vegna erlendra hafnalána, fjárl.liður 10.333.06 ..... 25.2
3. Samkvæmt heimild í fjárlögum 1973 (liður LIII) veitir ríkissjóður (Hafnabótasjóður) höfnunum 40.0 m. kr. aðstoð í formi lána „til að létta greiðslubyrði þeirra, sem verst eru settir vegna langra lána“, eins og í heimildagrein fjárlaganna segir.
   Fjárveitingar taldar undir lið 41. og 42. eru því ráðgerðar til skuldaskila, eftir því sem á þarf að halda vegna ríkisábyrgðalána, og til skuldaskila við Hafnamálaskrifstofuna og til annarra aðila, eftir því sem fjárveitingar hrökkva til, en 40.0 m. kr. aðstoðin til að létta greiðslubyrði hafnasjóðanna í formi lánabreytinga.

B. LANDSHAFNIR.

	Árslok 1972 M. kr.
Áhvílandi lán landshafna eru samtals 174.0 m. kr. og sundurliðast þannig:	
Innlend lán	15.0
Innlend lán — vísitölutryggð	100.0
Erlend lán	58.7
	174.0

Vísitölulánin eru færð hér að ofan miðað við nafnverð við lántöku. Með vísitöluhækkun pr. 31/12 1972 eru þau um 200.0 m. kr. Engin vanskil eru á lánum landshafnanna, enda heldur ríkissjóður þeim í fullum skilum með sérstökum fjárveitingum í því skyni (fjárv. 1973 55.51 m. kr.).

GREINARGERÐ
um lánamál almennra hafna.

Samkvæmt hafnalögum, 48/1967, er ríkissjóði heimilt að veita almennum höfnum ríkisábyrgð á lánum, sem tekin eru til hafnaframkvæmda, að upphæð sem nemur mismun heildarframkvæmda og þess framlags, sem ríkissjóði er gert að greiða sem styrk. Skv. lögunum geta því lántökur með ríkisábyrgð numið allt að 25% eða 60% af framkvæmdaupphæðinni hverju sinni, og hefur ríkisábyrgðarhluti (sveitarsjóðshluti) hin síðari ár numið að meðaltali 33—37% heildarkostnaðar. Notkun ábyrgðarheimildar hefur hins vegar ekki numið þessu hlutfalli, með því að lánamöguleikar hafa verið takmarkaðir. Samgönguráðuneytinu er falið, með milligöngu Hafnamálastofnunar ríkisins, að veita meðmæli með ríkisábyrgð af þessu tagi og fylgjast þannig með föstum lánveitingum — að nafnverð þeirra sé innan þeirra marka, sem lög heimila.

Annar þáttur þessara lánamála er svo vitneskja um stöðu lánanna á hverjum tíma, sem er háð bókhaldsmeðferð hafnasjóðanna, þ. e. upplýsingum, sem á að mega finna í ársreikningum þeirra og skila ber Hafnamálastofnunni.

Hafnamálastofnuninni er því aðeins óbeint falið að fylgjast með stöðu lánanna og þess vegna nákvæmni í því sambandi undir glöggum reikningsskilum hafnasjóðanna komin, svo og upplýsingar um vanskil, bráðabirgðalán og lausaskuldir, og fjárhagssamband á milli hafnarsjóðs og sveitarsjóðs, þegar gjaldþol hafnarsjóðs kann að bresta og sveitarsjóðurinn þarf að hlaupa undir bagga með hafnarsjóðnum, annaðhvort með afturkræfu eða óafturkræfu framlagi, sem oft er ekki greint á milli í reikningum, hvorki í hafnarsjóðsreikningum né sveitarsjóðsreikningum. Hins vegar reynir stofnunin að bæta úr ágöllum í þessu efni með viðbótarupplýsingum frá viðkomandi lánastofnunum, eftir því sem þær kunna að liggja fyrir.

Þrátt fyrir þá óvissu, sem af þessu getur leitt, er árlega leitast við að fá sem réttasta mynd af fjárhagsstöðu hafnanna, byggða á reikningum hafnarsjóðanna, en með þeim breytingum, sem Hafnamálastofnunin kann að gera við athugun og endurskoðun hafnarsjóðsreikninganna, sem eru undirstaða þeirra upplýsinga, sem hér að framan eru birtar.

Sameinað þing, 21. fundur.

Þriðjudaginn 20. nóv., kl. 2 miðdegis.

Trúarsöfnuður Ásatrúarmanna, fsp. (þskj. 90). — Ein umr

Magnús Jónsson: Herra forseti. Varaþm. minn hafði, þegar ég kom aftur hér til þings, skilið mér eftir fsp. til hæstv. kirkjumrh. þess efnis, af hverju Ásatrúarmönnum hafi verið veitt löggilding sem trúarsöfnuði. Ég hef ekkert á móti því að taka undir þessa fsp., því að sannast sagna hefur sú frétt vakið allmikla furðu, að þessum svokallaða söfnuði hafi verið veitt viðurkenning samkv. stjórnarskránni, þar sem gert er ráð fyrir, að heimilt sé að veita trúarsöfnuðum viðurkenningu með sérstökum hætti, þó að það sé lögboðið þar, að hin evangelísk-lútherska þjóðkirkja skuli vera þjóðkirkja á Íslandi og ríkisvaldið skuli styðja hana og vernda.

Það er einn merkasti atburður Íslandssögunnar, þegar það var ákveðið á Alþingi árið 1000 að ráði heiðinna manna, Ásatrúarmanna, en þá var sú trú ríkjandi á Íslandi, og kristinna manna, en kristin trú hafði þá borist til landsins, að til þess að forðast vandræði í landinu skyldi landslýður allur upp taka kristna trú. Þetta hygg ég óhætt að fullyrða, að sagan telji einn hinn merkasta atburð, ekki síst fyrir það, með hverjum hætti þetta bar að. Ég þarf ekki að rekja þá sögu, hana kunna allir hv. þm. sem einn þekktasta atburð Íslandssögunnar, en í elstu lögbók Íslendinga, Grágás, var upphaf hennar það, að þar segir:

„Það er upphaf laga vorra, að allir menn skulu kristnir vera á landi hér og trúa á einn föður, son og helgan anda."

Nú er það fjarri mér að halda því fram, að alla tíð hafi allir menn verið sérstaklega kristnir í andanum a. m. k., þó að hér hafi ekki aftur upp risið Ásatrú fyrr en með þeim hætti, að sá söfnuður eða sá heiðindómur hefur aftur haldið innreið sína hér, að vísu kannske ekki með stórbrotnum hætti, en þó nokkrum, og sumum þykir nú kannske leiðast, að þeir hafa valið sér að höfuðsmanni mann, sem þeir kalla allsherjargoða, og það er mætur maður út af fyrir sig, en mönnum þykir nokkuð stórt að leggja það nafn, sem þótti mjög veglegt á sínum tíma, við þennan söfnuð eða félagsskap réttara sagt. Hvað sem því líður, er það ekki það, sem máli skiptir, heldur hitt, að það er æðimerkilegt, að þegar liðin eru 900 ár frá því, að kristin trú var lögleidd hér á Íslandi, þá skuli það gerast, að sá flokkur, sem nú hefur verið myndaður, og ég vil ekki kalla trúflokk, heldur félagsskap, því að ég hef út af fyrir sig ekkert á móti því, að hann starfi hér, en tel fráleitt með öllu, að hann fái viðurkenningu samkv. þessu stjórnarskrárákvæði, enda skil ég það á þann veg, að slíkt sé ekki heimilt, heldur sé þar aðeins átt við guðs-

trú. Er full ástæða til að spyrja hæstv. ráðh., sem með þessi mál hefur að gera og hefur til þess heimild samkv. stjórnarskrá að veita þessa undanþágu, með hverjum hætti þetta hafi gerst og hvaða rök liggi því til grundvallar.

Forsrh. (Ólafur Jóhannesson): Herra forseti. Fsp. sú á þskj. 90, sem hér er til umr., er orðuð þannig, að leitað er upplýsinga um, hvers vegna söfnuður Ásatrúarmanna hafi fengið löggildingu. Svo sem fram kemur af þeim upplýsingum, sem forvera þess hv. þm., sem hér talaði áðan, hv. fyrirspyrjanda, voru veittar í dóms- og kirkjumrn. samkv. beiðni hans, eftir að fsp. var borin fram, ætti fsp. að vera um aðdraganda að löggildingu á forstöðumanni fyrir söfnuð Ásatrúarmanna, en það er skýrari orðun á því, sem hér er um að ræða en orðalag fsp., því að lög gera ekki ráð fyrir löggildingu á trúfélögum sem slíkum. Stofnun þeirra og starfsemi er frjáls eins og hver önnur félagastarfsemi í þessu landi, og þarf ekki til þess neina staðfestingu stjórnvalda. Samkv. stjórnarskránni er mótað frelsi til að stofna trúfélög, en það er líka mótað frelsi til þess að stofna félög almennt í hverjum löglegum tilgangi. En því er slegið föstu í stjórnarskránni út af fyrir sig, að það sé í eitt skipti fyrir öll talinn löglegur tilgangur félags að þjóna guði. Ég tel annars ekki ástæðu til að fara hér að neinu ráði út í lögskýringar á þessu sviði, en um það efni hef ég og fleiri lögfræðingar fjallað í kennslubókum á undanförnum áratugum. Slíkar hugleiðingar verða aldrei tæmandi. En hafa verður alla vega í huga, að lagatúlkun hlýtur í slíku efni að fylgja sínum samtíma.

Í lögum um utanþjóðkirkjumenn frá 1886, sbr. lög frá 1904, er greint frá heimild til staðfestingar prests eða forstöðumanns fyrir slíkan söfnuð. Hvorki í lögunum né stjórnarskrárákvæðunum eru rakin skilyrði slíkrar löggildingar, og verður því stjórnvaldið að meta, hvort sú starfsemi, sem um er að ræða, sé svo félagslega mótuð, að eðlilegt sé, að þær heimildir, sem fylgja löggildingu prests eða forstöðumanns, þ.e. til að framkvæma embættisverk og til að veita viðtöku gjöldum, sem annars gengju til þjóðkirkjunnar eða Háskólans, verði veittar hlutaðeigendum. Augljóst er, að mat slíkt sem þetta er erfitt, og hefur reynslan verið sú á undanförnum árum, að ekki er hægt að segja, að könnun hafi verið gerð að neinu ráði á starfsemi þeirri, sem um hefur verið að ræða. Taldi rn. eftir atvikum ekki rétt að hafna löggildingu forstöðumanns fyrir þessi samtök, en lýsti því þá jafnframt, að hin gömlu lög um utanþjóðkirkjumenn yrðu tekin til endurskoðunar og yrðu þeir aðilar, sem hlut ættu að máli, að vera við því búnir að sæta slíkum ítarlegri reglum og skilyrðum, er sett yrðu. Er þess vænst, svo sem ég hef áður getið á Alþ., að lagafrv. um þetta efni verði lagt fram síðar á þessu þingi, þar sem settar verði skýrari reglur um þetta til að fara eftir.

Mér þykir rétt að geta þess einnig í þessu sambandi, að ég hef nýlega, að nokkru vegna ábendingar Kirkjuþings, stofnað til heildarendurskoðunar á löggjöfinni um þjóðkirkjuna, en sú löggjöf er orðin mjög í molum og sundurleit og vissir þættir aldagamlir. Sú endurskoðun er hins vegar mjög umfangsmikið verk, sem ætla má, að taki alllangan tíma. En ekki er ósennilegt, að löggjöfin um utanþjóðkirkjumenn komi einnig þar til frekari skoðunar, þótt síðar verði.

Þessi atriði, sem ég tók fram hér áðan, eru undirstrikuð í bréfi því, sem skrifað var og stílað til Sveinbjarnar Beinteinssonar, þar sem honum var veitt löggilding, sem forstöðumaður þessa safnaðar. Og ef tíminn leyfir, ætla ég að lesa aðeins upp úr því bréfi:

„Í þessu sambandi skal athygli yðar vakin á því, að samkv. 14. gr. l. um utanþjóðkirkjumenn ber yður, áður en þér framkvæmið embættisverk í söfnuðinum, að sýna sakadómaranum í Reykjavík, sýslumanni eða borgarfógeta, er í hlut á, staðfestingu þessa valds yðar, svo og afhenda honum skriflegan eiðstaf eða yfirlýsingu yðar um að hegða yður í þessari stöðu samkv. lögum. Er í því sambandi enn fremur vakin athygli á fyrirmælum 63. gr. stjórnarskrárinnar, þar sem segir, að heimilt sé mönnum að stofna félög til að þjóna guði með þeim hætti, sem best á við sannfæringu hvers eins, en þó megi ekki kenna að fremja neitt, sem er gagnstætt góðu siðferði og allsherjarreglu. Það skal tekið fram, að þess má vænta, að reglur framangreindra laga um utanþjóðkirkjumenn verði teknar til endurskoðunar, annaðhvort lögin sjálf eða framkvæmdarreglurnar samkv. þeim. Mega því þeir aðilar, sem eru í fyrirsvari fyrir utanþjóðkirkjusöfnuðina, vera við því búnir að sæta slíkum ítarlegri reglum, sem settar yrðu um grg. fyrir starfsemi og framkvæmd þeirra verkefna, sem þeim eru heimiluð í umboði almannavaldsins, og sæta því, að framhald löggildingar, slíkrar sem þeirrar, sem staðfest er með bréfi þessu, verði háð því, að þeim reglum verði fullnægt."

Ef menn skyldu halda, að hér væri farið inn á einhverjar nýjar brautir með því, að hér væri í fyrsta skipti söfnuði, sem ekki játar kristna trú, veitt löggilding á forstöðumanni, — eða söfnuði, sem ekki aðhyllist guðstrú í venjulegri merkingu, er kannske rétt að orða það, — þá er það misskilningur. Slíkt skref var a.m.k. stigið fyrir 7 árum, þegar slík og þvílík löggilding, sem hér er um að tefla, var veitt forstöðumanni Bahaítrúarbragðanna hér á landi.

Það er mikið vatn runnið til sjávar, frá því að Grágásarlög voru sett, og reglan nú að mínum dómi, höfuðreglan í trúmálakafla stjórnarskrárinnar, er reglan um trúfrelsi í 64. gr., sem segir það skýrum orðum, að enginn skuli neins í missa af réttindum sínum, þjóðlegum eða borgaralegum réttindum sínum, sakir trúarbragða sinna. Það er reglan, að hér er trúfrelsi og alls engin trúarnauðung, og það er langt síðan horfið var frá því hér á landi, að hér skyldi vera trúarnauðung, en svo var lengi, jafnvel þó að þeir væru svo frjálslyndir árið 1000, að þeir leyfðu að blóta goðin á laun. Hitt er svo annað mál, að einu trúfélagi eru veitt forréttindi og sérstaða umfram önnur trúfélög. Það er ákveðið í 62. gr. stjórnarskrárinnar, sem segir, að hin evangelísk-lútherska kirkja skuli vera þjóðkirkja og ríkið skuli að því leyti styðja hana og vernda. En

hitt ákvæðið, ákvæðið í 64. gr., er að mínum dómi miklu stærri grundvallarregla íslenskra stjórnskipunarlaga.

Magnús Jónsson: Herra forseti. Ég vil þakka hæstv. forsrh. fyrir svar hans. Hér er að sjálfsögðu enginn tími til að gera það að umtalsefni. Ég verð hins vegar að taka fram, að ég er honum allsendis ósammála um þær lögskýringar, sem hann hefur hér gefið. Um það í fyrsta lagi að löggilda forstöðumenn safnaða, þá sýndi það, sem hann las þar upp, glöggt, að þar er um að ræða að sjálfsögðu að löggilda söfnuð. Það leiðir af sjálfu sér, að það er aðeins formsatriði að tala um formanninn og forstöðumanninn einan saman. Mér skilst, eftir því sem hann las hér upp, að Ásatrúarmönnum sé veittur réttur eftir sinni gömlu, heiðnu trú að framkvæma hér þær athafnir, sem almennastar eru, þ. e. a. s. bæði skírn og greftrun og hjónaband. Og mér er spurn, hvort gert sé ráð fyrir, að þeir fái önnur þau réttindi, sem áður voru venja hjá þessum söfnuði, — ég býst að vísu ekki við, að hann muni framkvæma mannblót, það er nú hindrað af öðrum ástæðum, — en þær athafnir, sem hafa lögverkanir, svo sem hjónabandið, — hvort það sé heimilt þessum heiðna söfnuði, ef söfnuð skyldi kalla, að framkvæma þessar athafnir.

Ég er aðallega ósammála hæstv. forsrh. um skilning á stjórnarskrárákvæðinu, ég er honum sammála um, að þar er viðurkennt trúfrelsi, — að því leyti, að um skuli vera að ræða trú á guð, og undantekningarákvæðið, sem hér er verið um að tala, er einmitt að menn geti þjónað guði sínum með þeim hætti. Ekki er um neinn guð að ræða hjá Ásatrúarmönnum. Þar er skurðgoðadýrkun, og þar er þjónað ýmiss konar persónum, sem hafa nú hæpið orð á sér. Meira að segja þeirra aðalhöfðingi þykir ekki vera alveg syndlaus eftir fræðum og kenningum þeirra Ásatrúarmanna úr fornum sögnum.

Ég leyfi mér því að mótmæla því algerlega, að þeir, sem hafa samið stjórnskrá okkar, hafi látið sér til hugar koma, að með þessu væri átt við að innleiða hér aftur heiðindóm, heldur er við það átt, sem þá var vitað, þegar stjórnarskráin var samin, þá eru komnar ýmsar tegundir kristindóms, og jafnvel þótt það sé ekki kristindómur í venjulegri merkingu, þá viðurkenni ég, að það sé rétt, að þetta ákvæði geti náð til þeirra félaga eða þeirra safnaða, sem stofnaðir eru til að þjóna guði, þ. e. a. s. hafa eingyðistrú, þó að það kunni að vera í mismunandi formi. Þetta er algerlega í ósamræmi við slíkt. Það er verið að innleiða á ný heiðna lífsskoðun og með þeim hætti, að ég tel, að það geti ekki rúmast undir ákvæði stjórnarskrárinnar og að því leyti hafi verið óheimilt að veita þá viðurkenningu, sem hæstv. kirkjumrh. hefur veitt.

Forsrh. (Ólafur Jóhannesson): Herra forseti. Félag Ásatrúarmanna var búið að starfa hér um alllangt skeið, áður en forstöðumanni þess væri veitt löggilding. Það þurfti ekkert leyfi til þess að starfa sem félag. Það er heimilt samkv. 73. gr. stjórnarskrárinnar. Stjórnvöld höfðu enga heimild til að banna þennan félagsskap og gerðu enga tilraun til þess. En það var aðeins þegar varð spurning um það, hvort ætti að löggilda forstöðumann fyrir þetta félag til þess að framkvæma vissar embættisathafnir, sem hafa lögverkanir samkv. íslenskum lögum, sem spurningin kom til stjórnvalda. (Gripið fram í.) Gjöld þessara manna renna til þessa safnaðar, löggildingin hefur þá þýðingu. Án þess að ég ætli nú að fara út í skýringu á 63. gr. stjórnarskrárinnar, þá held ég, að það sé mjög mikill ágreiningur á á meðal fræðimanna um, hvort þar sé átt við gyðistrú eða fleirgyðistrú. Sumir hafa jafnvel deilt um það, hvort okkar ágætu trúarbrögð væru eingyðistrúarbrögð eða ekki.

Gunnar Thoroddsen: Herra forseti. Það hefur vakið nokkra furðu, að forstöðumaður Ásatrúarmanna er kallaður allsherjargoði. Allsherjargoði er tignarheiti, sem afkomendur Ingólfs Arnarsonar báru. Mun þess fyrst getið í sambandi við Þormóð goða, sem var sonur Þorkels mána, en Þorkell var sonur Þorsteins Ingólfssonar. Og Þormóður mun hafa verið. — (**Forsrh.:** Má ég skjóta inn í til að spara mér að standa upp, að það heiti er ekki í löggildingarbréfi dómsmrn.) Þormóður goði var allsherjargoði, þegar kristni kom hér á land, og síðan mun þetta heiti hafa gengið í ætt Ingólfs lengi, því að þess er m. a. getið í Sturlungu, að Magnús goði Guðmundarson, sem var uppi um 1200, átti allsherjarbúð á Þingvöllum og mun hafa verið allsherjargoði. Þessi allsherjargoði hafði það starf m. a. að helga Alþ. eða setja Alþ., og mætti því segja, ef einhver ætti að bera það heiti nú, að þá væri nær sanni, að það væri hæstv. forseti Sþ., enda leiði hann þá sönnur að því, að hann sé af Ingólfi kominn. Ég veit ekki til þess, að á seinni öldum hafi þetta tignarheiti afkomenda Ingólfs verið notað um aðra, að öðru leyti en því, að Matthías Jochumsson mun einhvern tíma í kvæði hafa notað það um sjálfan Jón Sigurðsson. En ég held, að það séu fleiri en ég, sem hafa orðið nokkuð undrandi á því, að þetta gamla tignarheiti skuli notað um forstöðumanninn, og ég fyrir mitt leyti tel það í rauninni ekki getað komið til mála og þykir vænt um að heyra frá hæstv. forsrh., að dómsmrn. eða kirkjumrn. á þar engan hlut að.

Ferðir hermanna af Keflavíkurflugvelli, fsp. (þskj. 96). — Ein umr.

Fyrirspyrjandi (Jónas Árnason): Herra forseti. Einhver kynni að spyrja út af þessari fsp. minni á þskj. 96: „Hvaða reglur gilda um ferðir hermanna út af Keflavíkurflugv. til annarra staða á Íslandi.“ — hvers vegna ég sé að ónáða hæstv. utanrrh. með því að beina þessu til hans, af hverju ég hafi ekki leitað beint til þess aðila, sem hlýtur að vera kunnugastur því efni, sem þarna er spurt um, þ. e. a. s. til svonefndrar varnarmálanefndar. Því er til að svara, að sú n. neitar að veita nokkrar upplýsingar um þetta. Formaður hennar hefur lýst því yfir við eitt af dagblöðunum, að gert hafi verið samkomulag við bandarísku herstjórn-

ina á Keflavíkurflugvelli þess efnis, að ekki skuli skýrt frá því opinberlega, hvaða reglur gildi um ferðir hermanna út af herstöðinni. Þetta eru leynireglur, sem íslenskt dagblað getur ekki fengið. Nú reynir á, hvort hið sama skuli gilda um sjálft Alþ. Íslendinga, að því sé einnig synjað um upplýsingar um þessar reglur. Ég trúi því ekki, að sú verði raunin, enda þykist ég vita, að hið furðulega samkomulag, sem formaður varnarmálanefndar talar um, hafi verið gert, áður en núv. hæstv. utanrrh. tók við embætti.

En hvað þá um þær reglur, sem sá mæti maður, Kristinn Guðmundsson, setti í utanrrh.-tíð sinni? Einhver kann nú að spyrja um það og þá um leið, hvort þær reglur hafi verið felldar úr gildi. Samkv. þeim reglum voru ferðaleyfi hermanna út af Keflavíkurflugvelli einskorðuð við einn dag í viku, þ.e.a.s. miðvikudag, og annaðhvort hafa þær reglur verið numdar úr gildi eða það er alla daga miðvikudagur samkv. almanaki bandarískra hersins. Bandarískir hermenn, í borgaralegum klæðum að vísu, fara alla daga vikunnar út af herstöðinni og leggja einkum leið sína um Suðurland og Vesturland. Þeir gista þar oft eina nótt eða fleiri, og ber stundum mikið á þeim gististöðum og í vissum samkomuhúsum. Í Reykjavík ber hins vegar lítið sem ekkert á þeim, svo að maður gæti spurt, hvort það sé e.t.v. í reglunum, að hermennirnir skuli sneiða hjá höfuðstaðnum, en leita sér þeim mun frekar frílistunar t.d. uppi á Akranesi eða á Selfossi. (Gripið fram í.) Ég er nú reyndar ekki viss um, að það sé alltaf til frílistunar, sem þeir fara út af Keflavíkurflugvelli. Það er full ástæða til þess að ætla, að drjúgur hluti þeirra eiturlyfja, sem íslenskur æskulýður neytir, sé einmitt kominn af Keflavíkurflugvelli, enda mun tolleftirlitið vera harla lítið og stundum alls ekki neitt, þegar hermenn koma á Keflavíkurflugvöll. Væri raunar fróðlegt að vita einnig, hvaða reglur gilda í því efni. Það er a.m.k. víst, að það sýnist fátt því til fyrirstöðu, að hermenn geti stundað eiturlyfjasmygl í stórum stíl utanlands frá og inn á Keflavíkurflugvöll, og það virðist ekki heldur mikið því til fyrirstöðu, að þeir komi eitrinu út af Keflavíkurflugvelli til hugsanlegra viðskiptavina sinna í hópi íslensks æskulýðs. Svo frjálslegar virðast reglurnar.

Ég gæti, ef tíminn leyfði, nefnt margar fleiri ástæður til þess, að ég hef leyft mér að beina þessari fsp. til hæstv. utanrrh., en látum þetta nægja að sinni.

Utanrrh. (Einar Ágústsson): Herra forseti. Hv. 5. þm. Vesturl. hefur beint til mín fsp. um það, hvaða reglur gildi um ferðir hermanna út af Keflavíkurflugvelli til annarra staða á Íslandi. Svo hljóðandi svar hefur mér borist frá varnarmáladeild utanrrn.:

Höfuðreglan er sú, að þegar ókvæntir hermenn fá leyfi til þess að heimsækja þéttbýlið í nágrenni NATO-stöðvarinnar, er þeim gert að skyldu að hlíta útivistartakmörkunum. Þessar takmarkanir fela það í sér, að innan ákveðinna tímamarka er hinum ókvæntu hermönnum gert að skyldu að halda sig utan opinberra samkomustaða og mega heldur ekki vera á götum úti, nema þeir séu beinlínis á leiðinni til stöðvarinnar. Undantekningar eru þó gerðar, þegar sóttar eru samkomur, sem menningarlegt gildi hafa, eða íþróttaviðburðir. Litlar sem engar hömlur eru á ferðum kvæntra hermanna og fjölskyldna þeirra.

Reglur þessar hafa gilt síðan árið 1954 og hafa aldrei verið birtar í einstökum atriðum, enda samkomulag við varnarliðið, að svo skuli ekki gert, — eins og hv. fyrirspyrjandi raunar drap hér á. — Samkv. upplýsingum lögreglustjórans á Keflavíkurflugvelli hefur ferðum varnarliðsmanna út fyrir varnarsvæðin farið fækkandi.

Þetta eru þau svör, sem ég get gefið.

Svava Jakobsdóttir: Herra forseti. Mér þótti svar hæstv. utanrrh. ekki alveg fullnægjandi. Ég geri ráð fyrir því, að þegar hann talar um ókvænta hermenn eða kvænta hermenn, eigi hann við það, að eiginkonan sé hér á landi. Nú vitum við, að margir hermenn hér eru kvæntir án þess að hafa eiginkonur sínar með sér hér á landi. Hvaða reglur gilda um þessa menn? Ég spyr einkum vegna þess, að í sumar átti ég leið upp á Vatnajökul, komst m.a. á Bárðarbungu og að Grímsvötnum. Með í þessari ferð Ferðafélags Íslands voru hermenn af Vellinum. Einn þeirra var með konu sína með sér, annar var kvæntur, en án konu sinnar. Þessi ferð tók nokkra daga. Ég tek þetta fram vegna þess, að ég fæ ekki séð, að ferðalag þessa manns falli undir þær skilgreiningar, sem hæstv. utanrrh. gaf okkur hér áðan.

Fyrirspyrjandi (Jónas Árnason): Herra forseti. Ég þakka hæstv. ráðh. svör hans. Hann ítrekar það, sem formaður varnarmálanefndar segir, að það hafi verið gert samkomulag við bandarísku herstjórnina um að birta ekki opinberlega reglur um ferðir hermanna. Ég verð að lýsa furðu minni yfir þessu, og ég álít, að Alþ., ef það krefðist þess að fá gerða grein fyrir þessum reglum í smáatriðum, þá eigi það að sjálfsögðu fullan rétt á því.

En það er reyndar fleira, sem hér hefur verið talað um í sambandi við eftirlit á Keflavíkurflugvelli yfirleitt, t.d. að því er varðar flutninga á matvælum út af Vellinum. Það er tiltekinn tími á hverjum degi, sem Bandaríkjamenn mega flytja matvæli út af Vellinum út um svokallað „Meat Gate“, eins og þeir kalla það sjálfir, eða „Matarhlið“, sem Íslendingar kalla. Þarna flytja þeir út ýmsar kjöttegundir, sem bannað er að flytja inn til Íslands, og menn sem kunnugir eru þarna, vita ekki til þess, að nokkurt eftirlit sé með því, að sjálfsögðu ekki neitt sótthreinsunareftirlit. En ákvæðin varðandi bann á innflutningi ýmissa kjöttegunda eru einmitt sprottið af því, að menn vilja verjast ýmsum hættulegum kvikfjársjúkdómum. Þetta er yfirleitt allt saman mjög svo losaralegt þarna á Vellinum, og ég vil leyfa mér að beina því til hæstv. utanrrh., að hann taki betur til hendinni, að því er þetta varðar, og setji ákveðnari og gleggri reglur um þetta og afnemi umfram allt það leynibauk, sem á sér stað um reglurnar, og gangi einnig ríkar

eftir því, að eftirlit sé hert, að því er varðar toll og ýmislegt, sem hermenn geta flutt inn, og einnig það, sem þeir geta farið með út af Vellinum.

Endurskoðun laga um almannatryggingar, fsp. (þskj. 98). — Ein umr.

Fyrirspyrjandi (Ragnhildur Helgadóttir): Herra forseti. Ég hef leyft mér að bera fram fsp. til hæstv. heilbr.- og trmrh. um endurskoðun l. um almannatryggingar. Fsp. er prentuð á þskj. 98, 90. mál, og hljóðar svo: „Hvað líður endurskoðun l. um almannatryggingar?“ Og í öðru lagi: „Verða ný ákvæði um tekjutryggingar aldraðra og öryrkja í samræmi við frv., sem sjálfstæðismenn fluttu á síðasta þingi og vísað var til ríkisstj. hinn 18. apríl 1973, tekin upp í hið endurskoðaða frv.“

Í frv. því, sem vitnað er til í síðara hluta fsp. og flutt var of okkur Lárusi Jónssyni, Matthíasi Á Mathiesen og Sverri Hermannssyni í fyrra, voru gerðar till. um nýtt fyrirkomulag á greiðslu tekjutryggingar til aldraðra og öryrkja. Okkar till. fólst í því, að sú skipan skyldi tekin upp, að elli- og örorkulífeyrisþegar skyldu fá greitt úr almannatryggingum það, sem á vantaði, ef samanlögð upphæð lágmarkslífeyris og þriðjungs annarra tekna lífeyrisþegans væri innan við tekjutryggingarupphæð. Til að skýra nánar, við hvaða upphæðir er átt, vil ég minna á, að núna er lágmarkslífeyrir einhleypings 9133 kr., en með tekjutryggingu 14120 kr. á mánuði.

Ég bið hæstv. forseta velvirðingar á því, að ég nota orðið einhleypingur. Það stendur í l., að um sé að ræða lífeyri einstaklings, en ég get einhvern veginn ekki fengið af mér að nota orðið einstaklingur aðeins um þá, sem eru ógiftir.

Viðbótargreiðslan vegna tekjutryggingar fyrir tekjulausan einhleyping er nú tæpar 5 þús. kr. eða 4997 kr. Ef um hjón er að ræða, er lágmarkslífeyririnn 90% af lífeyri tveggja einhleypinga eða 16439 kr. og með tekjutryggingu 25416 kr. Viðbótargreiðslan vegna tekjutryggingar fyrir tekjulaus hjón er því 8977 kr.

Ef einhleypingur hefur 4997 kr. í tekjur eða minna eða hjón 8977 kr. eða minna, verka núgildandi ákvæði tryggingal. eins og 100% skattlagning þessara lágu tekna. Það liggja augljós rök til þess, að hér er brýn þörf á breytingu. Kröfur um leiðréttingu á þessari skipun mála hafa orðið æ háværari, sérstaklega í þeim hópum, sem tryggt hafa sér lífeyrisréttindi úr lífeyrissjóðum stéttarfélaga samkv. kjarasamningum. Félögum þessara sjóða finnst að vonum, að samkv. núgildandi reglum sé hið opinbera að hafa af þeim fé ranglega. Í samræmi við þær skoðanir gerði Alþýðusambandsþing í fyrra ályktanir um breytingar, og nú í haust koma fram í almennum kröfum Alþýðusambandsins m. a. krafa um það, að reglur um tekjutryggingu aldraðra skertu ekki að fullu hlut lífeyrisþega.

Þegar litið er til þess, að þessar kröfur hafa verið settar fram og knúið er á af ýmsum hópum um breytingar á þessu ákvæði, og hins, að frv. um þetta efni var vísað til ríkisstj. með einróma samþykkt Alþ. í apríl í vor, með þeirri grg. n., sem um málið fjallaði, að málið fengi vonandi jákvæðar undirtektir í endurskoðunarn. almannatryggingalaga hef ég leyft mér að bera fram þessa fsp. og vænti svara hæstv. ráðherra.

Heilbr.- og trmrh. (Magnús Kjartansson): Herra forseti. Hv. þm. Ragnhildur Helgadóttir spyr fyrst, hvað líði endurskoðun l. um almannatryggingar.

Tryggingalöggjöf okkar er á því stigi, að eðlilegt er, að umbætur á henni séu viðfangsefni, sem að staðaldri þarf að sinna, og í samræmi við það hefur verið starfað að undanförnu. N. sú, sem skipuð var til að endurskoða tryggingakerfið sumarið 1971, hefur lagt áherslu á að koma vissum umbótum fljótt fram, jafnhliða því sem unnið er að verkefnum, sem lengri tíma tekur að leysa.

N. hefur þegar samið tvö frv. um breyt. á tryggingal., sem lögð hafa verið fyrir Alþ. Hið fyrra var lagt fram haustið 1971 og afgreitt sem lög fyrir lok þess árs. Meginatriði þess frv. var veruleg hækkun tekjutryggingarmarks, úr 84 þús. kr. á ári í 120 þús. kr. á ári, eins og verðlagi var þá háttað. Jafnframt voru lögð niður persónugjöld til tryggingganna og framlög sveitarfélaga að mestu. Auk þess var um að ræða ýmis ákvæði í þessum l., sem lutu að því að gera karla og konur jöfn fyrir lögunum.

Síðan frv. var lagt fyrir Alþ. haustið 1972, en í því frv. var skipulag sjúkrasamlaga og tryggingaumboða aðalatriðið.

N. hefur nú í haust m. a. fjallað um skipulag og greiðslu tannlæknaþjónustu, einkum fyrir börn og unglinga, breytingar á fjölskyldubótum og tekjutryggingargreiðslum. Enn fremur hefur n. látið gera athugun á leiðum til þess að gera alla landsmenn að þátttakendum í lífeyrissjóðum. N. mun bráðlega skila till. um þær lagabreytingar, sem hún telur eðlilegt, að lagðar verði fyrir þing nú í haust.

Í annan stað spyr hv. þm. sérstaklega um ákvæði um tekjutryggingu, hvort þau verði tekin upp í hið endurskoðaða frv., og vísar í spurningunni sérstaklega til frv., sem nokkrir sjálfstæðismenn fluttu á síðasta þingi. Þetta er mál, sem við höfum oft rætt um hér á þingi, ég og þessi hv. þm., og raunar áður en þetta frv. kom til, og ég hef áður gert grein fyrir skoðunum mínum um þetta efni, að þarna sé um visst vandamál að ræða. N. hefur vissulega fjallað um þetta mál, og umr. hennar um tekjutryggingarákvæðið hafa hnigið í þá átt að láta aðrar tekjur bótaþega ekki dragast að fullu frá þeirri uppbót, sem tekjutryggingarákvæðið gerir ráð fyrir, og till. hennar um þetta efni, hygg ég, að séu væntanlegar mjög fljótlega.

Ég get, eins og ég hef áður greint frá hér á þingi, fallist á, að þessi breyting sé réttlætanleg, þar sem tekjutryggingarmarkið er ekki enn nægilega hátt til þess að tryggja viðunanleg lífskjör. En ég tel, að samhliða þessari breytingu væri eðlilegt að skerða ellilífeyrisgreiðslur til þeirra, sem hafa miklar tekjur auk lífeyris almannatrygginga og þurfa í rauninni ekki á neinum slíkum greiðslum frá almannatryggingum að halda. Þessi breyting tekjutryggingarákvæða

mundi hafa í för með sér rýmkuð kjör fyrir þá, sem eiga lífeyrisréttindi, sem nema lágum upphæðum, í lífeyrissjóðum, og þá sem geta haft tiltölulega lágar tekjur af eigin vinnu.

Ég tel þó enn sem fyrr brýnast að koma til hjálpar þeim, sem ekki eiga neinn annan rétt en rétt almannatrygginga og ekki geta aflað neinna tekna með vinnu. Kjör þess fólks, sem ekki hafði annað en tryggingabætur sér til lífsviðurværis, voru til mikillar vansæmdar fyrir þjóðfélagið, þegar stjórnarskipti urðu á Íslandi 1971. Þá átti aldrað fólk og öryrkjar ekki rétt á hærri upphæð en 4900 kr. á mánuði. Á þessu hefur nú orðið veruleg breyting til batnaðar, þannig að þeir, sem ekki hafa aðrar tekjur, eiga nú rétt á 14120 kr. á mánuði. Framfærslueyrir þessa fólks hefur þannig hækkað um 188%, en á sama tíma hefur vísitala framfærslukostnaðar hækkað um 35½%. Ég tel þessa miklu breytingu vera ærið umhugsunarefni fyrir þá hv. þm., sem í 12 ár studdu ríkisstj. án þess að gera nokkrar ráðstafanir til að ráða bót á þessari smán. Hins vegar er það fagnaðarefni, að þessi áhugi skuli nú allt í einu hafa kviknað hjá þessum ágætu þm. En þrátt fyrir þessa breyt., sem ég var hér að tala um, þá eru kjör þessa fólks ekki viðunanleg fremur en kjör annarra láglaunahópa í þjóðfélaginu. Verkefnið fram undan er því að bæta hag þessara hópa og tryggja því þannig meiri jöfnuð í þjóðfélaginu en nú ríkir.

Fyrirspyrjandi (Ragnhildur Helgadóttir): Herra forseti. Ég vil þakka svör hæstv. ráðh. Mér fannst þau að vísu nokkuð óglögg. Svar við fyrri hluta fsp. minnar, hvað líði endurskoðun l. um almannatryggingar, var í raun og veru, að bráðlega mætti vænta þess, að frv. yrði lagt fram. Þetta var sagt fyrir nokkrum mánuðum, að bráðlega yrði lagt fram nýtt, endurskoðað frv. Ég geri ráð fyrir, að alla vega hljóti tíminn að styttast í það, að við sjáum hið nýja endurskoðaða frv.

Hæstv. ráðh. rakti hér nokkuð breytingar, sem fram hafa komið á þeim almannatryggingal., sem nú gilda og samþ. voru hér á Alþ. fyrir tveimur árum. Ég get ekki séð, að það skipti út af fyrir sig máli í sambandi við mína fsp., en er að sjálfsögðu ágætt til upprifjunar.

Ég vík að því, sem ég tel að hafi verið svar við síðari hluta fsp. minnar, og ég lýsi ánægju yfir því, að hæstv. ráðh. sagði, að nú yrði væntanlega horfið að því ráði að breyta ákvæðum um tekjutryggingu í þá átt, að nú kæmu einhverjar lítilsháttar tekjur bótaþega ekki að öllu leyti til skerðingar á þeim rétti, sem þeir annars eiga til tekjutryggingargreiðslu, en að hve miklu leyti lá ekki fyrir í svörum ráðh., og vildi ég því ítreka þá spurningu, ef svar við því er fyrir hendi, en að sjálfsögðu skil ég mætavel, að ekki sé hægt að svara því, ef till. endurskoðunarn. eru ekki enn þá tilbúnar um það efni.

Ég vil víkja sérstaklega að því, sem hæstv. ráðh. sagði í þessu sambandi, að ef að þessu ráði yrði horfið, teldi hann, að nauðsynlegt yrði eða réttlætanlegt að skerða lífeyri til sumra annarra ellilífeyrisþega. Ástæða er til að vara sérstaklega við þessu viðhorfi. Sá tími er löngu liðinn, að við getum í okkar þjóðfélagi verið að bera fram þau sjónarmið í tryggingal., sem voru á sínum tíma sveitarþegasjónarmið, ef svo má segja, og miðuðust við það, að það yrði að hjálpa fólki til að hafa til hnífs og skeiðar. Það er að sjálfsögðu ævinlega verkefni hins opinbera og þá sérstaklega sveitarfélaganna, að koma fólki til hjálpar, ef um algeran skort af einhverjum ástæðum er að ræða. En almennt tryggingakerfi hefur allt annað hlutverk. Í þeim þjóðfélögum nútímans, sem lengst eru komin á þessu sviði, er þessu sjónarmiði algerlega varpað fyrir róða, og nú ríkja þar önnur sjónarmið. Ég tel það tvímælalaust vera framtíðarstefnu í trygginamálum, að við förum að hugsa til þess að miða hag bótaþega við það, að aðstæður þeirra skerðist sem minnst við þann atburð, sem veldur bótaréttinum, m. ö. o. að afkoma bótþeganna verði í sem nánustu hlutfalli við fyrri kjör þeirra, og að þessu miða einmitt þær hugmyndir, sem menn ræða mjög um, um lífeyrissjóð fyrir alla landsmenn ellegar að lífeyrissjóðagreiðslur komi til viðbótar hinum almennu ellilífeyrisbótum eða örorkulífeyrisbótum úr trygginakerfi ríkisins. Þarna tel ég vera um meginstefnu að ræða, sem vert er að hafa í huga við löggjöf um þessi efni í framtíðinni, og vil ítreka, að ég er eindregið mótfallin því, að við hverfum til baka til fortíðarinnar í þessu efni með því að taka upp þau illræmdu, ég vil segja ranglátu og kostnaðarsömu skerðingarákvæði, sem hér voru numin úr l. 1960, öllum til mikils léttis og til einföldunar á öllu kerfinu.

Heilbr.- og trmrh. (Magnús Kjartansson): Herra forseti. Aðeins örfá orð út af aths. hv. þm. Ragnhildar Helgadóttur um þá hugmynd mína, að það gæti verið ástæða til þess að hætta að greiða ellilífeyri frá almannatryggingum til fólks, sem hefur mjög háar tekjur. Þar var ég ekki að hugsa um fólk, sem hefur til hnífs og skeiðar. Ég var að hugsa um þann hóp, sem fer sífellt vaxandi, sem hefur mjög há eftirlaun úr mörgum sjóðum, meira að segja úr mörgum sjóðum á vegum ríkisins, sjóðum, sem hafa verið verðtryggðir af almanna fé allan tímann. Ég veit dæmi um slíkt fólk, sem hefur hærri tekjur, eftir að það hættir að vinna, en það hefur nokkurn tíma haft áður. Mér finnst furðulegt, að þetta fólk skuli yfirleitt hirða bætur almannatrygginga, og mér finnst það ekki eiga neinn rétt á því. Það er fólk í tekjustiga af þessu tagi, sem ég var að hugsa um.

Lárus Jónsson: Herra forseti. Ég vil leyfa mér að gera hér enn einu sinni nokkra athugasemd við það, að hæstv. heilbr.- og trmrh. telur sér sæma í hvert skipti, sem við nokkrir sjálfstæðismenn viljum freista þess að fá nokkra leiðréttingu á almannatryggingal., að vera með skítkast í okkar garð út af stuðningi okkar við fyrrv. ríkisstj. og að hún hafi staðið svo illa að þessum málum, að við ættum raunar að skammast okkar og fara í felur og ekki að tala um þessi mál, það séu algerlega hans privatmál. — Ég vil aðeins út af þessu vísa því til föður-

húsanna, að við megum ekki fást við þessi mál, og minni á, að fyrrv. ríkisstj. gerði þær lagabreyt., sem í meginatriðum er stuðst við í dag í þessum efnum. Við höfum hins vegar séð, að í framkvæmd væru nokkrir gallar á þessu og viljað freista þess að fá leiðréttingar þar á. Hæstv. ráðh. hefur í rauninni viðurkennt það í aðalatriðum, að við hefðum á réttu að standa í þessum efnum. En af því að hæstv. rh. er alltaf að tala um þetta við okkur, að við séum þarna í glerhúsi, vil ég gjarnan spyrja hæstv. ráðh.: Hefur það nokkurn tíma komið fyrir hann, að hann hafi stutt ríkisstj., sem hann að öllu leyti hefur ekki verið ánægður með, m. a. í lífshagsmunamáli þjóðarinnar?

Hitaveituframkvæmdir í Hafnarfirði, Kópavogi og Garðahreppi, fsp. (þskj. 117). — Ein umr.

Fyrirspyrjandi (Stefán Gunnlaugsson): Herra forseti. Tilefni fsp. minnar er það, að borgarstjórinn í Reykjavík hefur gefið í skyn á opinberum vettvangi, þ. e. á fundi Sambands sveitarfélaga í Reykjaneskjördæmi 10. þ. m. og í blaðaviðtali 14. þ. m., að framkvæmdir við lagningu hitaveitu í Hafnarfjörð, Kópavog og Garðahrepp á vegum Hitaveitu Reykjavíkur muni frestast, vegna þess að ríkisstj. hafi synjað Hitaveitu Reykjavíkur um leyfi til gjaldskrárhækkunar, en ákvæði eru í samningum, sem Hafnarfjörður og Kópavogur hafa gert við Hitaveitu Reykjavíkur um lagningu hitaveitu í þessi sveitarfélög, að Hitaveita Reykjavíkur geti endurskoðað framkvæmdahraða, ef ekki er tryggt, að árlegur rekstrararður Hitaveitu Reykjavíkur verði a. m. k. 7% af endurmetnum eignum Hitaveitunnar, en það ákvæði mun byggt á lánaskilmálum Alþjóðabankans.

Hér er á ferðinni ákaflega alvarlegt mál fyrir íbúa þeirra sveitarfélaga, sem hlut eiga að máli og eru nú samtals nálægt 27 þús. talsins. Þeir hafa lengi gert sér vonir um að geta hitað húsakynni sín með jarðvarma og tryggt sér með því húsahitun á svipuðu eða sama verði og Reykvíkingar. Þegar við blasir, að sá draumur ætti að geta orðið að veruleika á næstu 3-4 árum, þá virðist sem deilan milli ríkisvaldsins og Reykjavíkurborgar geti orðið til þess að tefja eða koma í veg fyrir, að þetta stórkostlega hagsmunamál um 27 þús. íbúa á Reykjanessvæðingu nái fram að ganga. Þegar svo bætast við gífurlegar hækkanir á olíuverði þessa dagana og óvissa um öflun hennar á komandi árum og um leið fyrirsjáanleg enn stóraukið misrétti milli þeirra, sem búa við hitaveitu, og hinna, sem þurfa að nota olíu til upphitunar húsa, getur engum blandast hugur um, að þetta deilumál verði að leysa tafarlaust og þannig, að hitaveita verði lögð í umrædd byggðarlög með ekki minni hraða en um hefur verið talað og samningar gera ráð fyrir.

Nú skal það skýrt tekið fram, að ég get ekki um það dæmt eins og sakir standa, til þess skortir mig nauðsynleg gögn, hvort synjun ríkisstj. á gjaldskrárhækkun Hitaveitu Reykjavíkur er á rökum reist. En kjarni þessa máls í mínum huga er sá, að þetta deilumál ríkisstj. og Reykjavíkurborgar verði að leysa, og því spyr ég hæstv. iðnrh.: Hver er afstaða ríkisstj. til óska Hitaveitu Reykjavíkur um gjaldskrárhækkanir?

Heilbr.- og trmrh. (Magnús Kjartansson): Herra forseti. Fsp., eins og hv. þm. orðaði hana í máli sínu hér áðan, er ákaflega einföld og auðskilin. Hins vegar fylgir henni á þskj. aukasetning, sem er dálítið torskilin, þar sem sagt er, að ákveðin arðsemi af rekstri Hitaveitu Reykjavíkur sé háð því, að framkvæmdahraði geti orðið svo sem ráð er fyrir gert í samningnum. Ég geri ráð fyrir því, að hv. þm. orði þetta á öfugan hátt og hann eigi við, að framkvæmdahraðinn sé háður arðseminni, að það sé arðsemin, sem er forsendan, og í samræmi við það hef ég hagað mínu svari.

Þessi fsp. gefur tilefni til að rifja upp með örfáum orðum forsögu þessa máls. Viðræður forráðamanna Kópavogs og Hafnarfjarðar annars vegar og fulltrúa Reykjavíkurborgar og Hitaveitu Reykjavíkur hins vegar, um, að Hitaveita Reykjavíkur taki að sér lögn og rekstur hitaveitu á þessum stöðum, munu hafa hafist fyrir alvöru á árinu 1971 og lauk, svo sem kunnugt er, með samningi milli bæjarstjórnar Kópavogs og Reykjavíkurborgar 30. nóvember 1972 og síðan sams konar samningi milli bæjarstjórnar Hafnarfjarðar og Reykjavíkurborgar, sem dagsettur var í október í haust. Í báðum þessum samningum er í 2. gr. þeirra ákvæði um tímamörk framkvæmda þeirra, er Hitaveita Reykjavíkur tekur að sér, þ. e. lögn dreifikerfis í Kópavogi á árunum 1973—1976 og lögn aðfærsluæðar og dreifikerfis í Hafnarfirði á árunum 1974—1978. Í báðum tilvikum eru skuldbindingar Hitaveitu Reykjavíkur með þeim fyrirvara, að gjaldskrá Hitaveitu Reykjavíkur verði á ofangreindum tímabilum ákveðin þannig, að árlegur rekstrararður verði a. m. k. 7% af endurmetinni fjárfestingu veitunnar. Verði því skilyrði ekki fullnægt, áskilur Hitaveita Reykjavíkur sér rétt til endurskoðunar á framkvæmdahraða og lengingar á tímaáætlun framkvæmda, og skal um þær breytingar haft samráð við hlutaðeigandi bæjarstjórnir.

Ástæða er til að vekja athygli á því, að hér áskilur Hitaveita Reykjavíkur sér einungis rétt til að draga úr framkvæmdahraða og þá eftir nánara samkomulagi við viðsemjendur. Hér er sem sé um að ræða skilyrta heimild, sem að sjálfsögðu er enn ekki vitað, hvort notuð kann að verða.

Þá er rétt að víkja nokkuð að beiðnum Hitaveitu Reykjavíkur um hækkun á gjaldskrá, sem taldar eru koma þessu máli mjög svo við.

Með bréfi borgarstjórans í Reykjavík dags. 6. des. 1972, var óskað eftir gjaldskrárhækkun, sem næmi 13%. Hinn 28. s. m. eða 3 vikum seinna er þessi hækkunarbeiðni talin nauðsynleg 17,9%. Og loks er með bréfi borgarstjórans í Reykjav. 28. febr. óskað eftir hækkun, sem nemi 29,6%. Við erum vanir mikilli verðhækkanagleði hjá ráðamönnum Reykjavíkurborgar, en þetta held ég sé engu að síður mesta hrotan.

Í samræmi við umsögn Framkvæmdastofnunar, dags. 8. mars 1973, var leyfð 20% hækkun

og ný gjaldskrá staðfest hinn 12. mars 1973, sem fól þessa hækkun í sér. Var þá að sjálfsögðu reiknað með því að sú afgreiðsla entist árið út. Með bréfi borgarstjórans í Reykjavík, dags. 22. ágúst í haust, var þó enn óskað eftir hækkun, sem næmi 12%. Í öllum þessum beiðnum eru umbeðnar hækkanir rökstuddar með ákvæðunum um 7% lágmarksarðgjöld fyrirtækisins, sem gert er að skilyrði frá Alþjóðabankanum vegna lána.

Þetta skilyrði hefur Hitaveita Reykjavíkur, eins og ég gat um áðan, tengt samningum sínum við Kópavog og Hafnarfjörð, enda hafa ráðamenn þeirra bæjarfélaga sýnt mikinn áhuga á því, að hitaveitugjöld í Reykjavík yrðu hækkuð af þessum ástæðum. Hér er þó einvörðungu um að ræða einhliða fyrirvara frá Hitaveitu Reykjavíkur, og skuldbindur sá fyrirvari hvorki Alþ. né ríkisstj. né nokkurn annan aðila. Þótt Hitaveita Reykjavíkur hafi á sínum tíma fengið lán hjá Alþjóðabankanum til tiltekinna verkefna með skuldbindingum um 7% arðgjöf, merkir það auðvitað engan veginn, að ekki sé unnt að ráðast í aðrar framkvæmdir á öðrum forsendum, þ. á m. lagningu hitaveitu til Kópavogs og Hafnarfjarðar. Fæstir þeir, sem ráðast í fjárfestingu á Íslandi, eiga þess nokkurn kost að gera slíkar kröfur fyrirfram, og hafa Hitaveita Reykjavíkur og Landsvirkjun notið mikilla forréttinda með því að geta í sífellu vitnað í skilyrði frá erlendum banka. Með þessu er ég þó engan veginn að segja, að ég telji þessar forsendur rangar. Ég er þvert á móti þeirrar skoðunar, að við Íslendingar eigum enn eftir að læra þau sannindi, að mikilvæg fyrirtæki í félagseign verða að skila lágmarksarði og geta þannig lagt fram af eigin aflafé til aukinna framkvæmda.

Mér er engin launung á því, að ég var fyrir mitt leyti hlynntur því, að fallist yrði á umsókn Hitaveitu Reykjavíkur nú í haust, enda þótt sú skoðun mín ætti ekki byr innan ríkisstj. Var umsókninni að lokum hafnað með bréfi 8. þ. m. Á þeirri afgreiðslu ber ég að sjálfsögðu fulla ábyrgð ásamt samráðherrum mínum. Ástæðan fyrir þessari neitun er sú ein, að ríkisstj. er í sífellu að reyna að hamla gegn hinni öru verðbólguþróun á Íslandi. Við höfum ekki áhuga á því að hækka hitunarkostnað allra Reykvíkinga tvisvar á ári. Við höfum ekki heldur áhuga á því, að slík hækkun spenni upp vísitöluna og þar með tilkostnað atvinnuveganna, og þar komum við að staðreynd, sem vert er að menn muni eftir: Vísitölufjölskyldan á sem sé heima í Reykjavík. Hækkun á raforku og heitu vatni í Reykjavík hefur áhrif á vísitöluna. Hitt kemur vísitölunni ekkert við, þótt almenningur í Hafnarfirði og raunar hvarvetna um land, þar sem olía er notuð, verði að greiða meira en tvöfalt meira fyrir húshitun en þeir, sem í höfuðborginni búa. Hér er um að ræða eina afleiðinguna af því furðulega vísitölukerfi, sem við búum við. Nú er rætt um það í fullri alvöru að breyta því kerfi eitthvað í skynsamlegra horf, og vil ég í því sambandi bera fram þá till., að vísitölufjölskyldan fái sér nýja íbúð og setjist t. d. að í Hafnarfirði, þá mundu ýmis gjaldskrármál leysast og snúa öðruvísi við en þau gera núna. Hins vegar er ég þeirrar skoðunar, að eins ör og hækkunin hefur verið á olíuverðinu nú að undanförnu, hljóti þessi umsókn Hitaveitu Reykjavíkur um breytta gjaldskrá að koma til nýrrar athugunar nú mjög fljótlega.

Loks skal vikið nokkuð að sjálfum samningnum milli bæjarstjórnar Hafnarfjarðar og borgarstjórnar Reykjavíkur um hitaveitu í Hafnarfirði. Þessi samningur hefur verið staðfestur af bæjarstjórn og borgarstjórn, og hinn 18. okt. s. l. fór bæjarstjórinn í Hafnarfirði fram á það við iðnrn., að heimilað sé framsal einkaleyfis til Hitaveitu Reykjavíkur til að starfrækja hitaveitu í Hafnarfirði með þeim skilmálum, sem nánar er frá greint í samningunum. Rn hefur haft þennan samning til athugunar og óskað umsagnar Orkustofnunar um hann. Orkustofnun telur, að nokkuð þurfi að athuga þennan samning með tilliti til orkulaga og skuli þá nefnd aðallega þrjú atriði:

Í 11. gr. samningsins er gert ráð fyrir einkarétti Hitaveitu Reykjavíkur til jarðhitaleitar. Einkaréttur þessi hlýtur að takmarkast af ákvæðum 15. gr. orkulaga um rétt ríkisins til að láta rannsaka jarðhita hvar sem er á landi hér og skyldur landeiganda til að þola óhindraðan aðgang þess vegna að landareigninni.

Í öðru lagi takmarkast réttindaafsal á jarðhitaréttindum í Krýsuvík af ákvæðum í afsali ríkissjóðs til Hafnarfjarðar á Krýsuvíkurréttindum, dags. 20. febr. 1941, sbr. heimildalög afsalsins nr. 101/1940 og nr. 11/1936. Hafnarfjarðarkaupstaður sem landeigandi, samkv. 16 gr. orkulaga veitir ráðherra rétt til að skilja jarðhitaréttindi frá jörð sinni Krýsuvík, en í 11. gr. 2. málsgr. samningsins virðist vera um um slíkan aðskilnað að ræða.

Samningsaðilum verður nú gerð nánari grein fyrir þessum lögfræðilegu atriðum, en að þeim leiðréttum sér rn. ekkert því til fyrirstöðu, að samningur þessi verði staðfestur, ef báðir aðilar óska, og þá væntanlega í því formi, að gefið verði út heildarleyfi fyrir Hitaveitu Reykjavíkur, sem spanni yfir Reykjavík, Kópavog og Hafnarfjörð — og Garðahrepp, ef þess verður óskað. Rn. er það fullkomlega ljóst, að hér er um að ræða ákaflega stórfellt hagsmunamál fyrir íbúa þessara byggðalaga, og mun að sínu leyti reyna að stuðla að því, að hitaveitufframkvæmdir þarna geti gengið eins hratt og unnt er.

Ólafur G. Einarsson: Herra forseti. Hér gefst að sjálfsögðu ekki tími til að ræða þessi mál ítarlega, en ég vil aðeins segja þetta: Aðalatriðin eru þau, að samningar milli Hitaveitu Reykjavíkur annars vegar og Hafnarfjarðar, Kópavogs og Garðahrepps hins vegar takist og verði að veruleika. Þeir hafa þegar verið gerðir milli Hafnarfjarðar og Kópavogs og hitaveitunnar. Þeir standa til boða Garðahreppi og væru sennilega þegar undirritaðir, ef ekki hefði verið synjað um umbeðna gjaldskrárhækkun.

Það er augljóst mál, um hvern sparnað er þarna að ræða fyrir íbúa þessara þriggja sveitarfélaga. Hann skiptir tugum, ef ekki hundruðum millj. á ári.

Hæstv. ráðh. sagði áðan, að ríkisstj. reyndi að sjálfsögðu að gera það, sem hún gæti, til þess að hamla gegn verðbólgu. Ég minnist fundar, sem fulltrúar þessara þriggja sveitarstjórna áttu fyrir tæpu ári annars vegar með hæstv. iðnrh. og hins vegar með hæstv. forsrh. Hæstv. forsrh. sagði þar, að hann mundi standa gegn öllum verðhækkunum og þ. á m. þessari. Það skal engan undra, þótt sumir hafi brosað, þegar hann talaði þessi orð. Ég minnist þess líka, að hæstv. iðnrh. var með hártoganir í garð sinna fyrri samborgara, Hafnfirðinga, um það, að þeir hefðu ekki einu sinni sótt um leyfi til þess að reka hitaveitu. Þannig eiga ekki hæstv. ráðh. að afgreiða þessi mál. Hér er allt of mikið í húfi til þess að vera með slíkan málflutning. Það er skylda ríkisstj. að styðja þessi sveitarfélög í baráttu þeirra fyrir því að koma á hitaveitu innan sinna marka, og þarna standa þeim til boða hagfelldustu samningar, sem hægt er að ná, og hafa það í för með sér, að hitaveita gæti komist í öll þessi sveitarfélög á árinu 1976 eða yrði að mestu leyti tengd 1976.

Geir Hallgrímsson: Herra forseti. Nokkrar athugasemdir vegna ummæla hæstv. iðnrh. áðan. Hann taldi það mikla verðhækkunargleði hjá borgaryfirvöldum Reykjavíkur að fara fram á frá því í desembermánuði 1972 og fram í febrúar 1973 þrjár verðhækkanir, stighækkandi. Þetta er aðeins vísbending um dýrtíðarþróunina undir stjórn þessa hæstv. ráðh., og það er ekki von, að 20% hækkun, sem gefin er heimild fyrir 12. mars og nemur aðeins ⅝ af umbeðinni hækkun, vel rökstuddri, dugi síðan árið út, eins og verðhækkanir hafa verið á þessu ári. Ráðh. veit, að á einu ári hefur dýrtíðaraukningin verið á milli 20 og 25%.

Hæstv. ráðh. taldi, að 7% arðsemisskilyrði Alþjóðabankans gagnvart Hitaveitunni mundi ekki skuldbinda ríkisstjórnina. Ég er á öndverðum meiði við ráðherrann, vegna þess að ríkisstj. ábyrgist lán Hitaveitunnar gagnvart Alþjóðabankanum og að einstök skilyrði þess lánssamnings séu haldin. Þess vegna er ríkisstj. skuldbundin til að sjá um, að þessu arðsemisskilyrði sé fullnægt, enda hefur ráðh. viðurkennt það gagnvart Landsvirkjun og yfirleitt veitt þær hækkunarbeiðnir, sem Landsvirkjun hefur farið fram á, en þó þannig, að dregist hefur kannske einn mánuð að veita þá verðhækkun, þ. e. a. s. eftir því, hvort búið var að reikna vísitöluna út eða ekki. Slík er umhyggja ráðh. gagnvart launþegum í landinu.

Það er svo með sérstökum hætti, sem ríkisstj. bendir þessum fyrirtækjum á að mæta fjárskorti, vegna þess að þau fá ekki að hækka verð á þjónustu sinni. Það er með erlendum lántökum. Erlendar lántökur eiga að bera uppi rekstrartap, eiga að auka spennuna innanlands, eiga að mynda eftirspurn eftir vöru og þjónustu, en síðan verða auðvitað launþegar að greiða þessi lán með vöxtum og vaxtavöxtum í enn þá dýrara verði á þjónustu á hverjum tíma.

En auðvitað var hæstv. ráðh. fylgjandi verðhækkun, það voru bara hinir ráðh., sem voru ekki jafnskynsamir og hann að fylgja verðhækkunarbeiðninni.

Fyrirspyrjandi (Stefán Gunnlaugsson): Herra forseti. Ég vil þakka hæstv. iðnrh. hans jákvæðu undirtektir varðandi það mál, sem ég hef hér gert að umtalsefni og hef mikinn áhuga fyrir að fái framgang, þ. e. að unnt verði að leggja hitaveitu í Hafnarfjörð, Kópavog og Garðahrepp, svo sem samningar gera ráð fyrir. Hann hefur heitið því hér, að þetta gjaldskrármál, sem málið virtist ætla að stranda á, verði tekið á ný til athugunar hjá rn. En ég vil jafnframt undirstrika, að ég er ekki með þessum óskum og minum málflutningi að kveða á neitt um það, hvort þessar hækkunarbeiðnir eigi við rök að styðjast eða ekki. Það, sem fyrir mér vakir, er, að þetta mál fái eðlilegan framgang og stífni milli yfirvalda verði ekki látin ráða úrslitum um það, hvort íbúar, sem eiga heima í þessum sveitarfélögum, eigi það undir henni komið, hvort hús þeirra verði upphituð með jarðvarma eftir 3 eða 4 ár eða ekki.

Við höfum orðið þess varir í dagblöðum í morgun, hversu ógnvekjandi blikur eru á lofti varðandi þróun verðlags á olíu í heiminum. Það var upplýst, eins og hv. alþm. sjálfsagt hafa tekið eftir, í blaðaviðtali í morgun, að allar líkur væru til þess, að verð á olíu til húshitunar kynni að hækka á næstunni um hvorki meira né minna en 90%. Það er ljóst, hversu gífurlega stórir hagsmunir hér eru á ferðinni fyrir þá íbúa í Hafnarfirði, Kópavogi, Garðahreppi og raunar víðar á landinu, sem hér um ræðir.

Matthías Á. Mathiesen: Herra forseti. Mig langar aðeins til að vekja athygli á því, sem hæstv. iðnrh. sagði hér, þegar hann svaraði fsp. frá hv. 5. landsk. þm. varðandi hitaveitusamninga og verð á heitu vatni hjá Reykjavíkurborg. Hann gaf í skyn, að það hefði ekki náðst samstaða innan ríkisstj. um þá hækkun, sem Reykjavíkurborg fór fram á, hann sjálfur hefði verið því hlynntur, en mér skildist, að allir hinir ráðh. hefðu verið á móti. Ástæðan var sú, að vísitölufjölskyldan á heima í Rvík, en hann lagði til, að hún yrði látin flytja suður til Hafnarfjarðar.

Ég vek athygli á þessu hér vegna þess, að í Reykjavíkurborg búa 85 þús. manns, og hækkun á kostnaði við hita og rafmagn í sambandi við vísitöluna er miðuð við Reykjavíkurborg, en aðrir landsmenn, þ. e. a. s. rúm 115 þús. manns, verða að taka á sig þá hækkun, sem verður á eldsneyti og rafmagni, án þess að nokkurt tillit sé tekið til þess við útreikning vísitölunnar.

Hæstv. ráðh. gaf fyllilega í skyn, að ákvörðun ríkisstj. í sambandi við þetta mál stafaði af því, að það væri verið að fyrirbyggja ákveðna hækkun á vísitölunni, sem hækkun á gjaldskrá Hitaveitu Reykjavíkur hefði þýtt. Þetta er yfirlýsing, sem vegna íbúa Rvíkur er ástæða til að vekja athygli á.

Breytingar á skattalögum, fsp. (þskj. 117). — Ein umr.

Fyrirspyrjandi (Karl St. Guðnason): Herra forseti. Nú þessa daga standa yfir viðræður Vinnuveitendasambands Íslands og Alþýðusambands

Íslands um gerð næstu kjarasamninga. Viðræður þessar hafa verið þunglamalegar, og er staðan nánast óbreytt frá því er viðræður hófust. Síðustu kjarasamningar runnu út 1. nóv. s. l., svo að ljóst má vera, að komist ekki skriður á þessar viðræður, hlýtur að draga til stórtíðinda innan skamms.

Er verkalýðsfélögin voru að móta kröfur sínar, kom sú skoðun fram hjá hverju einasta verkalýðsfélagi, að skattar þyrftu að lækka verulega hjá þeim lægst launuðu. Einkum horfðu menn til þess fólks, er vinnur í fiski, vinnur við að bjarga dýrmætum sjávarafla frá skemmdum. Nú er ástandið þannig í þessum höfuðatvinnuvegi, að fólk vill helst ekki nálægt fiskvinnu koma. Ástandið á s. l. vetrarvertíð var með versta móti. Þrátt fyrir auglýsingar og hvatningar var víðast of lítill mannskapur við þessi störf. Þetta ástand hefur það í för með sér, að óeðlilega mikil vinna hleðst á fáar hendur, sem aftur verkar þannig, að mestur hluti yfir- og næturvinnu lendir í hæsta skattstiga.

Ljóst er, að auk lélegra launa á skattabyrðin verulegan þátt í vinnuaflsskorti fiskiðnaðarins. Það er nöturleg staðreynd, að þjóðfélagið skuli búa þannig að þeim lægst launuðu, að þeir lifi í vítahring yfirvinnu og skatta, að skattstiginn skuli vera þannig, að einstaklingur með 300—400 þús. kr. árstekjur skuli lenda í sama skattstiga og sá, er hefur 3—4 millj. kr. í tekjur.

Nú hafa verkalýðssamtökin gert sérstakar ályktanir um þessi mál, þar sem gerðar eru kröfur um, að skattar hinna lægst launuðu verði lækkaðir verulega, auk sérstakrar lækkunar fyrir fólk, sem vinnur við fiskiðnaðinn. Má því ljóst vera, að leiðréttingar í þessum efnum koma til með að hafa mikil áhrif á komandi samninga.

Vegna þess, hve samningar hafa dregist á langinn, hef ég lagt fram fsp. mína, og vona ég, að ríkisstj. gefi brátt tóninn í þessum efnum, ef það mætti verða til að auðvelda samningagerð þá, er nú stendur yfir. Því spyr ég í fyrsta lagi: „Hefur ríkisstj. í hyggju að veita fólki, er starfar við fiskvinnslu, sérstaka skattalækkun?“ Og í öðru lagi: „Eru aðrar skattalækkanir fyrirhugaðar í því skyni að koma til móts við kröfur verkalýðssamtakanna í þessum efnum?“

Fjmrh. (Halldór E. Sigurðsson): Herra forseti. Út af fsp. á þskj. 117 frá Karli St. Guðnasyni, hv. þm., vil ég segja það, að í fjárlagaræðu minni gerði ég grein fyrir því, að ég væri algerlega mótfallinn undanþágum á sköttum og teldi, að undanþágur á sköttum væru mikill þáttur í skattsvindli. Þess vegna get ég svarað fyrri hluta fsp. neitandi. Það er ekki ætlan mín að fara að gefa fleiri undanþágur frá sköttum en orðið er.

Síðari hluta fsp. get ég hins vegar svarað játandi. Það hefur verið unnið að endurskoðun á skattamálum síðan þessi ríkisstj. kom til valda, og það er verið að athuga skattamálin m. a. út frá þeim óskum, sem fram hafa komið frá verkalýðsfélögunum, og verða af hálfu ríkisstj. athugaðir möguleikar til þess að ná samstöðu um breytingu þar að lútandi.

Ragnhildur Helgadóttir: Herra forseti. Ég bið velvirðingar á því, að ég kveð mér hér hljóðs. Það er ekki beinlínis í sambandi við efni þessa máls, sem hér er rætt, heldur tvenn ummæli, sem ég heyrði, önnur í ræðu fyrirspyrjanda og hin í ræðu ráðherra. Fyrirspyrjandi spyr, hvenær ríkisstj. ætli að gefa tóninn. Ég vil leggja áherslu á þá skoðun, bæði mína og ég vona sem flestra annarra þm., að það verði ekki ríkisstj., sem gefi tóninn, heldur verði það Alþingi, sem a. m. k. ræður tóninum. Í svari hæstv. fjmrh. féllu þessi ummæli: „Það er ekki mín ætlan að fara að gefa fleiri undanþágur frá sköttum en orðið er.“ Ég vil leggja áherslu á það, sem ég sagði áðan, að það verði Alþingi, sem ræður þessu. Hæstv. fjmrh. tekur ekki ákvörðun um það til eða frá, hvort undanþágur eru veittar frá skattlagningu. Það er gert með lögum frá Alþingi.

Fyrirspyrjandi (Karl St. Guðnason): Herra forseti. Ég vil þakka hæstv. fjmrh. hans svör, þó að ég verði að segja, að mér þyki lítið koma út úr þeim. Hins vegar vil ég óska eftir því, að verði eitthvað gert í þessum málum, þá verði það gert myndarlega, og ég hygg, að það sé rétt af ríkisstj. að gefa tóninn í þessum efnum. Við vitum það í gegnum árin, að það hefur verið ríkisvaldið, sem hefur haft meiri og minni áhrif á samninga, og hygg ég, að það hafi verið með hvað mestu móti nú í síðustu samningum, þar sem vissulega var gefinn tónninn.

Það er nú svo komið, að samningar ganga ekki neitt, og þeir ganga sjálfsagt ekki neitt, fyrr en ríkisstj. hefur gefið út, hvað hún getur gert í sambandi við þær kröfur, sem verkalýðshreyfingin hefur sett fram. Því legg ég áherslu á það, að ríkisstj. flýti sér í þessum efnum og geri þessa hluti þá myndarlega. Ég vil benda á í sambandi við undanþágur, að það, sem Alþýðusambandið hefur samþykkt í þeim efnum, er til komið vegna þess gífurlega ranglætis, sem viðgengst í þjóðfélaginu við álagningu skatta. Það má segja, að allir séu að forminu til jafnréttháir gagnvart skattalögunum, en við vitum það a. m. k, sem störfum fyrir verkalýðssamtökin, að svo er ekki í reynd.

Fjmrh. (Halldór E. Sigurðsson): Herra forseti. Út af móðurlegri áminningu hv. 12. þm. Reykv. vil ég segja það, að ég hlýt eins og aðrir hv. þm. að geta haft mínar skoðanir á málunum. Ég lýsti þeim í fjárlagaræðunni um daginn og endurtók þær hér áðan, og þurfti engar sérstakar áminningar til þess vegna. Stundum hefur nú heyrst, að ríkisstj. ætti að hafa forustu um mál, og fsp. beindist að því.

Staðsetning opinberra stofnana, fsp. (þskj. 123). — Ein umr.

Fyrirspyrjandi (Magnús Jónsson): Herra forseti. Í Ólafskveri var það eitt höfuðatriði, að unnið skyldi markvisst og af festu að því að dreifa ríkisstofnunum um landið og væri þá þáttur byggðastefnu hæstv. núv. ríkisstj. Mér skilst, að n. hafi verið sett á laggirnar undir mjög merkri forustu til þess að koma með heildaráætlanir um þessa dreifingu stofnana, og

að því var enda vikið á síðasta þingi, þegar þar var til meðferðar mál um staðsetningu einnar stofnunar, að rétt væri að bíða tillagna þessarar dreifingar- eða staðsetningarnefndar og gera sér þá grein fyrir því, hvernig tekið yrði á þessum málum, eftir þeirri heildaráætlun.

Ég þarf ekki að orðlengja frekar um það, að frá þessari n. hefur ekkert heyrst og ekkert verið birt um þessa athugun né nokkrar tillögur fram lagðar. Nú er ég ekki með því að gefa í skyn, að þær kunni ekki að vera í undirbúningi, en ég veit, að það muni vera áhugi, ekki aðeins hjá hv. þm., heldur víða um land, að heyra, hvernig þessum málum er háttað, hvar verkefnið *er á vegi statt og hvort vænta megi heildartillagna innan tíðar.*

Forsrh. (Ólafur Jóhannesson): Herra forseti. Það er rétt munað hjá hv. fyrirspyrjanda, að forsrh. skipaði í apríl 1972 n. til að kanna staðarval ríkisstofnana og athuga, hverjar breytingar koma helst til greina í því efni, eins og þar segir. Form. n. er dr. Ólafur Ragnar Grímsson, prófessor, og það, sem ég les upp hér á eftir, er svar frá honum, grg. um störf þessarar n. Segir þar svo:

„N. hefur hagað störfum sínum á eftirfarandi hátt: Í fyrsta lagi hefur n. rætt tilgang og eðli stofnanaflutnings og þá erfiðleika, sem honum *eru samfara, og hvaða skilyrði þurfi* að vera fyrir hendi, til þess að hann beri tilætlaðan árangur. Á grundvelli þessarar umræðu hefur n. komið sér saman um ákveðin atriði, sem sérstaklega verður að taka tillit til við ákvörðun um, hvort flytja eigi opinbera stofnun eða ekki. Meðal þessara atriða eru: a) Skipulag stofnunarinnar og helstu einkenni starfseminnar. b) Tengsl stofnunarinnar við aðrar stofnanir og hlutfallslegt sjálfstæði hennar í starfi. c) Möguleikar á skiptingu stofnunar í deildir eða útibú. d) Starfsmannafjöldi stofnunar og sérhæfni starfsfólks. e) Húsakostur stofnunar, hvort hún býr í varanlegu húsnæði eða leiguhúsnæði, hverjar eru húsnæðisþarfir hennar á næstu árum. f) Líkleg áhrif *af flutningi stofnunarinnar á atvinnulíf*, þjónustustarfsemi, vaxtarmöguleika og fleiri þætti almennrar byggðaþróunar.

Í öðru lagi hefur n. tekið til meðferðar um 150 opinberar stofnanir. N. hefur aflað margvíslegra gagna um starfsemi þeirra og nú þegar rætt sérstaklega við forstöðumenn um 100 stofnana til þess að kanna nánar möguleika á flutningi stofnana. Á grundvelli gagna og viðtala tekur n. afstöðu til þess, hvort og þá á hvern hátt eigi að flytja viðkomandi stofnun. N. hefur nú þegar tekið slíka afstöðu til tæplega 50 stofnana. Á næstu tveimur mánuðum mun n. ljúka viðtölum sínum við forstöðumenn ríkisstofnana og taka afstöðu til flutnings þeirra stofnana, sem eftir er að meta.

Í þriðja lagi hefur n. kynnt sér umr. og skýrslur um stofnanaflutning í nágrannalöndum. Störf n. af þessu tagi hafa erlendis tekið 3—5 ár.

Í fjórða lagi hefur n. aflað sér gagna um líklega framtíðarskipan nokkurra þjóðfélagsþátta, sem móta mjög skilyrði til stofnanaflutnings, og má sem dæmi nefna framtíðarþróun samgangna.

N. áformar að skila áliti í febrúar n. k.“

Þetta, sem ég las, var grg. frá form. þessarar n., og ég held, að fsp. gefi ekki tilefni til, að *ég fari ítarlegar út í þessi mál.* Vitaskuld er það svo, að bæði af stjórnvöldum og í lagafrv. er gert ráð fyrir því, að vissar stofnanir eða útibú frá þeim verði staðsettar úti um land, en ég skildi hv. fyrirspyrjanda svo, að það væri þessi heildaráætlun, sem hann væri að spyrja um.

Helgi F. Seljan: Herra forseti. Þar sem ég á sæti í umræddri n., skil ég mætavel, að menn sé farið að lengja nokkuð eftir því að heyra frá *henni álit. En ég vil taka* það fram, að ég held, að það hafi verið tvímælalaust rétt að taka verkefnið einmitt svo nákvæmlega og vel fyrir eins og gert hefur verið og að dr. Ólafur Ragnar Grímsson hafi þarna einmitt gefið hinn eina og sanna tón, til þess að nokkurs árangurs mætti af þessu starfi n. vænta. Ég held, að slíkur flutningur stofnana sé svo vandasamur og viðkvæmur í eðli sínu, að það þurfi að styðja hann sterkum rökum, ef takast á að bifa sumum stofnunum héðan frá þéttbýlinu. Það hefur t. d. verið býsna lærdómsríkt að kynnast viðbrögðum sumra forustumanna þessara stofnana við spurningu um það, hvað þeir álita um það að flytja stofnanir þeirra út á landsbyggðina. Það hefur jafnvel verið svo að sjá, að stundum færi um þá hrollur skelfingar og kvíða, þegar á þetta hefur verið minnst, líkt og þeir ættu þá yfir höfði sér einhverja Síberíuvist eða eitthvað þaðan af verra. Aðrir hafa tekið þessu með meiri karlmennsku, og sumir stungu jafnvel að fyrra bragði upp á því, að komið yrði upp útibúum og deildum, svona til að hafa vaðið fyrir neðan sig. Enda verð ég að segja það, að í mörgum tilfellum hljóti það að vera eðlileg vinnubrögð, þ. e. a. s. með því fororði, að þá fylgi eitthvert vald og einhver ákvarðanataka þessum sömu útibúum. En vitanlega verður það ekki nál., sem hér sker úr, á hvern veg það hljóðar. Ég reikna með, að það þyki nokkuð róttækt, þegar það kemur fram. Aðalatriðið er svo hitt, hvernig að framkvæmd á þessu nál. verður staðið á eftir.

Fyrirspyrjandi (Magnús Jónsson): Herra forseti. Ég hef enga ástæðu til þess að lengja þessar umr., enda lítil heimild til þess, og það gleður mig að heyra hjá hæstv. síðasta ræðumanni, að form. n. hafi gefið þarna hinn eina sanna tón. Ég veit nú ekki, hvort allir hér mundu nú taka undir það á öðrum sviðum. Það er nú önnur saga, og við skulum ekki blanda því hér saman við, en það er þó gott, að hann hefur gert það þarna.

Ég þakka hæstv. forsrh. fyrir svar hans sem raunar mun vera svar tóngefandans. Mér leist ekki á blikuna að vísu, þegar upptalningin hófst um það, hvað þyrfti að athuga í öllum þessum efnum, vegna þess að ég held, að öllum hv. þm. hafi nú verið ljóst, að þetta þyrfti allt að athuga. En niðurlagið var harla gott. Það var búið að tala við ótal forstjóra, og hvað sem því líður, hvort um þá fer hrollur, eins og hv. 6. landsk. þm. sagði, þá kemur mér það ekkert á óvart, en

það er nú annað mál. Ég er sammála um, að það sé rétt að taka þetta kerfisbundið og þurfi að ýta þessu áleiðis svo sem verða má, og það gleður mig að heyra, að niðurstaðna frá n. sé að vænta nú skömmu eftir áramótin.

Ég er í engum efa um það og get tekið undir það, að áreiðanlega verður ekkert auðvelt mál að ýta úr sessi mönnum þannig, að þeir vilji færa sig úr þéttbýlinu og út um landsbyggðina. Ég man, að það var eitt mitt fyrsta mál hér á Alþingi að flytja till. um, að einn skóli yrði færður norður til Akureyrar, af því að hann var húsrýmislaus hér í Rvík, en þar stóð nýtt og ágætt húsnæði. En þetta þótti ekki tilhlýðilegt. Að vísu var því miður útkoman úr því máli sú, að það var hið háa Alþingi, sem felldi þá hugmynd, sem þar kom fram. Það var kannske von, vegna þess að það voru fallegar og mætar konur, sem áttu að fara að flytja hér úr höfuðborginni og norður í land, en sleppum því. Ég nefni þetta aðeins sem dæmi um, hvað auðvelt er við þetta að fást, jafnvel þó að til staðar séu allar aðstæður, sem voru í þessu tilfelli, til þess að þetta mætti verða. Með þessu er ég ekki að draga úr, að þetta verði gert, síður en svo, heldur aðeins, að við gerum okkur grein fyrir, hvern vanda er við að fást, en vona, að verði tekið á þessu með festu og myndarskap, þegar þar að kemur.

Áætlunagerð, fsp. (þskj. 123). — Ein umr. (þskj. 123, tl. 2)

Fyrirspyrjandi (Ellert B. Schram): Herra forseti. Þegar núv. hæstv. ríkisstj. boðaði nýja stefnu við valdatöku sína, var það einkum undir kjörorðunum: skipulagshyggja og áætlanabúskapur. Í framhaldi af því var það eitt af fyrstu verkum hennar að setja á fót Framkvæmdastofnun ríkisins, sem hafði það ætlunarverk að hrinda þessum boðorðum í framkvæmd. Nú hefur það vakið athygli alls þorra manna, að í öllum meiri háttar áætlunargerðum og viðameiri málum hefur Framkvæmdastofnun ríkisins virst sniðgengin, og reyndar hefur skipulagsleysið verið svo allsráðandi í allri stjórn ríkisvaldsins á framkvæmdum og efnahagsmálum, að hin boðaða stefna um áætlunarbúskap er orðin að hrópandi öfugmæli. Engu að síður er ekki að efast um, að Framkvæmdastofnun ríkisins vinni að ýmissi áætlanagerð, og jafnframt því, sem ég ber fram þessa fsp. hafði ég hugsað mér að spyrjast fyrir um, hvernig þessari áætlanagerð ætti að hrinda í framkvæmd, og lék mér reyndar meiri hugur á að vita, hvernig með þær áætlanagerðir ætti að fara, þar sem mér býður í grun, að áætlanagerð sú, sem unnið er að hjá Framkvæmdastofnun ríkisins í ýmsum málum, sé unnin eftir lítilli áætlun. En engu að síður er fróðlegt að fá upplýsingar um það, að hvaða áætlunargerð sé unnið nú, og ég mun þá væntanlega síðar freista þess að fá upplýsingar um, hvernig framkvæma eigi þá áætlanagerð.

Forsrh. (Ólafur Jóhannesson): Herra forseti. Ég mun svara þessari fsp. eftir orðanna hljóðan, en ekki fara út í neinar deilur, eins og orð hv. fyrirspyrjanda gefa tilefni til. Svar við þessari fsp. hef ég fengið frá forstöðumanni áætlanadeildar, Bjarna Braga Jónssyni, og ég vil lesa það. Það er að vísu í lengsta lagi upp á tímann, en ég skal reyna að lesa það:

„Í lögum um Framkvæmdastofnun ríkisins, nr. 93 24. des. 1971, segir í 11. gr.: „Ríkisstj. skal gefa Alþingi árlega skýrslu um starfsemi Framkvæmdastofnunar ríkisins.“ Fyrsta ársskýrsla stofnunarinnar þ.e. fyrir árið 1972, kom út í maímánuði s.l. Var skýrslunni þá dreift til alþm., og fylgdi forsrh. henni úr hlaði með ræðu, þar sem yfirlit var gefið um helstu efnisatriðin. Sérstakur kafli ársskýrslunnar fjallar um sjálfa starfsemi stofnunarinnar, og skiptist sá kafli eftir deildum og sjóðum stofnunarinnar. Er þar annars vegar greint frá þeim þjóðhagsspám og þjóðhagsáætlunum, sem unnar eru á vegum hagrannsóknadeildar, og hins vegar frá starfi að hvers konar áætlunum á vegum áætlanadeildar. Er til þess skýrslukafla vísað hér, þar sem alþm. hafa fengið hann. Og þar sem hér er svo ný um liðið, er enn að mestu unnið að sömu áætlunum, þótt einstök verkefni hafi bæst við. Ef menn skyldu hafa glatað þessari skýrslu, þá er það auðvitað sjálfsagt, að Framkvæmdastofnunin sendi mönnum afrit af því, ef óskað er eftir.

Hér verða áætlunarverkefni áætlanadeildar rakin stuttlega til yfirlits, svo sem málin standa nú, og verður stuðst við flokkun áætlana í þrennt skv. skilningi laganna:

1) Áætlanir um uppbyggingu mikilvægustu atvinnugreina, um heildarþróun atvinnulífs, sbr. 7. gr. Fiskiskipaáætlun, skýrsla um skuttogaraáætlun, sérstaklega birt í júní 1972. Í framhaldi af því hafa verið unnar umsagnir um einstök skipakaupaáform. Nú hefur áætlunargerð þessi verið færð út til fiskiskipaflotans almennt, og verður unnið að henni sem slíkri framvegis í samvinnu við hlutaðeigandi stofnanir og samtök.

2) Hraðfrystihúsaáætlun. Skýrsla um framkvæmdaáform frystihúsanna kom fram í jan. s.l. Hefur síðan verið unnið að mati áformanna og nánari úrvinnslu, forgangsröðun framkvæmdanna og skiptingu í ársáfanga. Nú liggja fyrir áætlunardrög um áfanga 1974 og 1975 til umræðu milli hlutaðeigandi stofnana, en í framhaldi þeirra umræðna er stefnt að því að ljúka áætluninni í heild.

3) Landbúnaðaráætlun. Fyrstu skýrslu um þetta áætlunarverk hefur nýlega verið dreift á Alþingi. Það er um þróun hins innlenda markaðar og stefnumörkun á þeim grundvelli. Ýmsir aðrir þættir áætlunarinnar eru komnir vel á veg.

4) Iðnþróunaráætlun. Að áætlunargerð á sviði iðnaðarins hefur fram til þessa verið unnið aðallega á vegum iðnrn. og stofnana, sem undir það heyra. Nú hefur verið óskað aukinnar þátttöku stofnunarinnar í því starfi, og hefur verið ráðinn starfsmaður til að anna því verkefni.

5) Almennar atvinnuvegaáætlanir. Árlega eru unnar áætlanir um fjármunamyndun atvinnuveganna næstu árin, og vinna deildar stofnunarinnar að því, hver með sínum hætti. Skýrslur og spár um mannfjölda og mannafla atvinnuvega

og landshluta eru unnar í áætlanadeild, og er gerð langtímaspár í þeim efnum langt á veg komin. Enn fremur hefur verið unnin áætlun um nýtingu tækniaðstoðar Sþ. til undirbúnings ákvörðunar ríkisstj. í þeim efnum.

Þá eru í öðru lagi áætlanir um þróun byggða og atvinnulífs víðs vegar um land, sbr. 8. gr. l. Landshlutaáætlanir eða byggðaþróunaráætlanir, almennar og sérgreindar, eru samtímis í gangi fyrir ýmis svæði. Er reynt að hafa not af því starfi jafnharðan við athuganir á og ákvarðanir um fyrirgreiðslu vegna framkvæmda atvinnuvega og hins opinbera, jafnframt því að stefnt er að heilstæðri áætlun í hverju tilviki.

Unnið er að eftirtöldum byggðaáætlunum:

1) Samgönguáætlun Norðurlands er nú á lokastigi, en ársáfangar 1972 og 1973 hafa þegar komið til framkvæmda samkv. bráðabirgðatillögum.

2) Atvinnu- og byggðaþróunaráætlun fyrir Norðurland vestra. Sérstök Skagastrandaráætlun telst upphaf þess áætlunarverks, og lá hún fyrir í tillöguformi í upphafi ársins, en síðan hefur verið unnið að almennum athugunum á svæðinu.

3) Byggðaþróunaráætlun fyrir Norður-Þingeyjarsýslu er svipað eðlis, og hefur verið unnið að henni frá s. l. vori.

4) Atvinnu- og byggðaþróunaráætlun Austurlands. Unnið hefur verið að þessari áætlun frá því í mars s. l. Starfið að þessum þrem síðast töldu áætlunum fylgir í meginatriðum leiðbeiningum, sem áætlanadeild gaf út í mars s. l. um undirbúning og gerð slíkra áætlana.

5) Byggðaþróunaráætlun Vestfjarða og Vesturlands. Ákvörðun hefur verið tekin um gerð hliðstæðra byggðaþróunaráætlana um Vestfirði og Vesturland strax og tök verða á. Hefur nokkur undirbúningur þessara verka farið fram, og er áætlunarstarf fyrir Vestfirði í þann veginn að hefjast.

6) Endurreisnaráætlun Vestmannaeyja. Að beiðni stjórnar Viðlagasjóðs hefur áætlanadeild unnið að endurreisnaráætlun Vestmannaeyja, en í því felst öflun tæknilegra ráðgjafar, hönnunar og kostnaðaráætlana um staðsetningu og endurreisn mannvirkja, auk könnunar á högum og áformum Vestmannaeyinga.

7) Áætlun um leiguíbúðir sveitarfélaga og almenn húsnæðismálaáætlun. Að beiðni húsnæðismálastjórnar og í samvinnu við hana er að hefjast starf að áætlunargerð um byggingu 1000 leiguíbúða á vegum sveitarfélaga. Er ætlunin, að því verki verði fram haldið í mynd almennrar húsnæðismálaáætlunar.

Þá er það þriðja tegund áætlana, áætlanir um opinberar framkvæmdir, sbr. 9. gr. l. Á þessum vettvangi er hlutverk Framkvæmdastofnunarinnar háð sérstökum samningum við einstök rn. og þá fyrst og fremst fjmrn. Fellur verkefnið einkum í tvo hluta:

1) Árlegar framkvæmda- og fjáröflunaráætlanir ríkisins. Árið 1972 var unnið ásamt fjárlaga- og hagsýslustofnun að áætlun fyrir árið 1972 og áætlun 1973 undirbúin. En þeirri áætlun var lokið í apríl þessa árs. Í báðum tilvikunum var fjölrituð skýrsla fjmrh. unnin í áætlanadeild, og náðu skýrslurnar jafnframt til starfsemi fjárfestingarlánasjóðanna. Í ár hefur mun takmarkaðri þjónustu við gerð framkvæmdaáætlunarinnar verið óskað, einkum í sambandi við orkuframkvæmdir og að sjálfsögðu samgönguáætlun Norðurlands.

2) Langtímaáætlanir opinberra framkvæmda. Af samgönguáætlunum landshluta hefur sprottið allnáið samstarf um ýmsa þætti samgönguáætlana til nokkurra ára í senn. Hefur verið rætt um nauðsyn aukins kerfisbundins starfs að mati opinberra framkvæmda og heildstæðri áætlanagerð um þær."

Ég hef þá lesið þessa grg. frá forstöðumanni áætlanadeildar og hef engu við hana að bæta.

Fyrirspyrjandi (Ellert B. Schram): Herra forseti. Um leið og ég nota aðeins tækifærið til að þakka fyrir svarið, vil ég vekja athygli hæstv. forsrh. á því, að það þarf hvorki honum né öðrum að koma á óvart, að það geti vakið deilur, þegar minnst er á Framkvæmdastofnun ríkisins. Og þó að ekki hafi vakað fyrir mér að vekja slíkar deilur í fsp.-tíma, þá er það vissulega eðlilegt, að upp vakni ýmsar spurningar, þegar Framkvæmdastofnunina ber á góma og þegar skoðað er hlutverk þeirrar stofnunar, ekki síst með hliðsjón af þeim störfum, sem unnin eru þar.

Nú skal ég ekki gera lítið úr áætlanagerð og þeim áætlunum, sem unnið er að nú. En hitt er ljóst og vekur athygli af þessari upptalningu hæstv. ráðh., að allar þessar áætlanagerðir eru enn þá í deiglunni og ekki sjáanlegt, að niðurstöður liggi — nema þá í örfáum þeirra — fyrir innan skamms. Ég vil leggja á það áherslu, um leið og ég lýk máli mínu, að auðvitað þurfa áætlanir og áætlanagerð að vera með þeim hætti, að eitthvert gagn sé að þeim, að þær hafi eitthvert hagnýtt gildi, en ekki að það sé aðeins áætlað til þess eins að áætla.

Þorv. Garðar Kristjánsson: Herra forseti. Hæstv. forsrh. taldi upp þær landshlutaáætlanir, sem kvað nú vera unnið að, og síðast í þeirri upptalningu voru Vestfirðir ásamt Vesturlandi. Mér skildist, að það ætti að fara að byrja á áætlunargerð fyrir Vestfirði.

Mér kemur þetta nokkuð ókunnuglega fyrir sjónir. Þarna eru teknar og nefndar á undan sumar byggðaáætlanir, sem ég hygg, að hafi ekki verið farið að nefna — og engar farið að nefna sérstaklega — þegar hafin var áætlunargerð fyrir Vestfirði.

Í nóv. 1971 svaraði hæstv. forsrh. fsp. frá mér um það, hvað liði framhaldi Vestfjarðaáætlunarinnar. Ég spurði að því, hvað væri gert ráð fyrir, að áætlunargerðin sjálf tæki langan tíma, annars vegar og hins vegar, hvað væri gert ráð fyrir, að framkvæmd verksins tæki langan tíma. Hæstv. ráðh. sagði, að Efnahagsstofnuninni hefði verið falið að vinna að framhaldi Vestfjarðaáætlunarinnar og hin væntanlega Framkvæmdastofnun mundi halda áfram með það verk. Það var svo að skilja á orðum hans, að það væri eitt af fyrstu verkefnum Framkvæmdastofnunarinnar að vinna þetta verk. Ráðh. tók einnig fram, að hann gerði ráð fyrir, að það tæki 5-6 ár að framkvæma framhald Vestfjarðaáætlunar, eftir að áætlanagerð væri lokið.

Í apríl s.l., 1973, gerði ég enn á ný fsp. til hæstv. ráðh. um sama efni í umr. um skýrslu um starfsemi Framkvæmdastofnunarinnar. Þá kvað nokkuð annað við, því að þá sagði hæstv. ráðh., að það mundi taka 5-6 ár að gera Vestfjarðaáætlunina, svo tæki við framkvæmdatímabilið. Ég leyfði mér að efast um, að hæstv. ráðh. meinti þetta og hann myndi ekki, hvað hann áður var búinn að segja, en ég hef ekki fengið svar við þessu hjá hæstv. ráðh. Ég ítreka það, hvort það er óbifanleg stefna hæstv. ríkisstj. að setja framkvæmd Vestfjarðaáætlunar aftur fyrir allt annað, sem Framkvæmdastofnun ríkisins á að gera.

Sameinað þing, 22. fundur.

Þriðjudaginn 20. nóv., að loknum 21. fundi.

Breyting á fasteignamatslögum og lögum um sambýli í fjölbýlishúsum, þáltill. (þskj. 113). — Hvernig ræða skuli.

Að till. forseta var ákveðin ein umr.

Raforkumál, þáltill. (þskj. 116). — Hvernig ræða skuli.

Að till. forseta var ákveðin ein umr.

Þjónusta hjá héraðsdómstólum við neytendur, þáltill. (þskj. 121). — Hvernig ræða skuli.

Að till. forseta var ákveðin ein umr.

Aðild að háskóla Sameinuðu þjóðanna, þáltill. (þskj. 131). — Hvernig ræða skuli.

Að till. forseta var ákveðin ein umr.

Húsnæðismál, þáltill. (þskj. 132). — Hvernig ræða skuli.

Að till. forseta var ákveðin ein umr.

Sjóminjasafn, þáltill. (þskj. 4). — Frh. einnar umr.

ATKVGR.

Till. vísað til allshn. með 34 shlj. atkv. og umr. frestað.

Vinna framhaldsskólanemenda við framleiðslustörf, þáltill. (þskj. 18). — Frh. einnar umr.

ATKVGR.

Till. vísað til allshn. með 35 shlj. atkv. og umr. frestað.

Bygging skips til Vestmannaeyjaferða, þáltill. (þskj. 26). — Frh. einnar umr.

ATKVGR.

Till. vísað til fjvn. með 35 shlj. atkv. og umr. frestað.

Kennsla í haffræði við Háskóla Íslands, þáltill. (þskj. 31). — Frh. einnar umr.

ATKVGR.

Till. vísað til fjvn. með 35 shlj. atkv. og umr. frestað.

Öryggismál Íslands, þáltill. (þskj. 6). — Ein umr.

Flm. (Benedikt Gröndal): Herra forseti. Þm. Alþfl. hafa öðru sinni lagt fram till. til þál. um öryggismál Íslands. Þær hugmyndir, sem hreyft er með þessari till., komu fyrst fram innan raða flokksins á þingi hans fyrir liðlega ári og voru skömmu síðar fluttar inn á Alþ. Hlutu þær nokkra meðferð á síðasta þingi, var vísað til utanrmn., en náði ekki fullnaðarafgreiðslu í n. Með leyfi hæstv. forseta, vil ég rifja upp efni till. með því að lesa hana upp:

„Þar eð tæknibreytingar síðustu ára hafa valdið því, að hernaðarleg þýðing Íslands felst nú að langmestu leyti í eftirliti með siglingum í og á hafinu milli Grænlands, Íslands og Færeyja, ályktar Alþ. að fela ríkisstj.:

1. að láta rannsaka, hvort Ísland geti verið óvopnuð eftirlitsstöð í sambandi við það öryggisbandalag, sem landið er aðili að, en síðar meir á vegum Sameinuðu þjóðanna, og

2. að rannsaka, hvort Íslendingar geti með fjárhagslegri þátttöku bandalagsins komið upp sveit fullkominna, en óvopnaðra eftirlitsflugvéla, svo og nauðsynlegum björgunarflugvélum, og tekið við þessum þýðingarmesta hluta af verkefni varnarliðsins og stjórn varnarsvæðanna."

Till. þessi gengur ekki lengra en að leggja til, að rannsakað verði, hvort þær hugmyndir, sem í henni felast, eru líklegar til að geta orðið lausn á öryggisvandamálum Íslands um nokkra framtíð eða hvort þær verða taldar óraunhæfar eða ólíklegar til að gegna því hlutverki. Allmiklar umr. hafa orðið um þessa till. síðan hún kom fyrst fram, og má á þeim heyra, að áhugi á þessum málum er mikill í landinu og menn velta fyrir sér, hvernig rétt verði að haga þessum málum á næstunni. Hefur raunar gefist ærið tilefni til umr. um öryggismálin í sambandi við stefnu núv. ríkisstj., eins og henni var lýst, þegar stjórnin kom til valda, og það, sem gerst hefur á þessu sviði síðan.

Í umr. till. hafa smám saman komið í ljós hópar, sem eru henni að verulegu leyti andsnúnir, svo og aðrir, sem telja hana líklega til að verða grundvöllur undir lausn öryggismálanna. Þeir, sem andsnúnir eru till., eru það að vísu af mjög mismunandi ástæðum. Svo virðist sem hugmyndir Íslendinga um öryggismál landsins falli aðallega í þrjá meginflokka. Í fyrsta flokknum eru þeir, sem vilja, að Ísland verði áfram í

Atlantshafsbandalaginu og að Varnarlið Íslands, sem svo heitir, verði fyrst um sinn áfram í landinu. Í öðru lagi eru þeir, sem vilja, að varnarliðið fari úr landinu, og skiptast þeir aftur í minni hópa eftir því, hvort þeir vilja, að Ísland verði áfram í bandalaginu eða ekki, svo og eftir því, hverjar forsendur þeirra fyrir þessari afstöðu eru. Í þriðja lagi eru þeir, sem hafa, eins og Alþfl.-menn, leitað að einhverri leið, sem gæti sameinað það, að Íslendingar héldu áfram nánu samstarfi við nágranna sína um öryggis- og varnarmál, að Ísland yrði fyrst um sinn, þangað til betri skipan kemst á friðarmál í Evrópu og Norður-Atlantshafi, hluti af því varnarkerfi, sem það hefur verið í, en jafnframt þessu, að fullnægt verði þeirri vaxandi kröfu Íslendinga, og þá sérstaklega yngri kynslóðarinnar, að erlent herlið verði hér ekki um ófyrirsjáanlega framtíð.

Um fyrstu leiðina, að varnarliðið skuli vera hér um kyrrt vegna þess, hvernig ástand er í heimsmálum, hversu víða er ófriðlegt og hversu mikill vopnabúnaður er á hafinu í kringum okkur, er það að segja, að ýmsa er farið að gruna, að þær skoðanir kunni að leiða til þess, að varnarliðið verði hér um ófyrirsjáanlega framtíð. Það þarf mikinn bjartsýnismann til að búast við svo friðvænlegu ástandi, að ekki megi draga einhver stríð einhvers staðar á heimskriglunni fram sem rök fyrir því, að varnarlið þurfi að vera hér áfram. Það er þessi hætta á, að við venjumst slíku ástandi og förum að telja það eðlilegt, sem veldur því, að ýmsir, sem hafa stutt dvöl varnarliðsins hér, leita í huga sínum eftir því, hvort aðrar leiðir séu ekki finnanlegar.

Þegar rætt er um varnarliðið, sem hér er, virðast flestir gera ráð fyrir, að það sé fyrst og fremst samansett til að verja Ísland eitt gegn hugsanlegri árás, sem kynni að verða gerð á landið. Í grg. með till. þeirri til þál., sem Alþfl.-menn hafa flutt, er rakin sú þróun, sem hefur orðið á samsetningu varnarliðsins og hvernig það hefur breyst frá því að vera upphaflega herlið búið til þess að verja strendur landsins yfir í það, sem það er í dag: fyrst og fremst eftirlitssveitir, sem fylgjast með höfunum umhverfis landið . Ég leyfi mér að halda því fram, að lítill hluti af varnarliðinu, sem staðsett er hér á Íslandi í dag, sé beinlínis ætlaður til þess að verja landið í þeim bókstaflega skilningi að beita vopnum gegn hugsanlegum innrásaraðilila.

Gerðar eru samþykktir um, að eftirlitsstöð sé ekki nóg, hér verði að vera varnarlið. Með þessum samþykktum er gerður greinarmunur á eftirlitsstöð með og án varnarliðs. Þá kemur til hugar, hvort raunverulegt efni slíkrar samþykktar sé það að krefjast stóraukinna varna Íslands, því að beint varnarlið er hér svo lítið.

Samkv. prentuðum heimildum, sem komið hafa fyrir sjónir manna hér á Íslandi, er samsetning varnarliðsins í dag þannig, að til þess teljast 3147 menn. Af þessum mönnum eru 2000 í bandaríska flotanum. Verulegur hluti þeirra annast almenn störf, sem mætti kalla heimilisrekstur, samgöngur og annað slíkt á flugvellinum. Annar hluti þessara sjóliða flýgur sumum af þeim eftirlits- og björgunarflugvélum, sem eru á flugvellinum. Þær eru ekki miklum vopnum búnar. Þessir 200 liðsmenn úr flotanum eru því ekki beinlínis varnarhermenn, heldur eru þeir það óbeinlínis, með því að í eftirlitinu sjálfu er kjarni varnanna fólginn. Þá er sagt, að hér séu um 1000 menn úr bandarískra flughernum, og þeir annast líka flug eftirlitsflugvéla, þ. á. m. nokkurra orrustuflugvéla, sem sendar hafa verið til að leita uppi sovéskar flugvélar og hafa tekið myndir af þeim. Það er nokkur vörn í þessum örfáu orrustuflugflugvélum, en varla svo, að það eitt mætti sín mikils. Hins vegar er það eftirlitshlutverk þessara aðila, sem veitir Íslandi þá vörn, sem það hefur.

Þá kem ég að þeim hluta varnarliðsins, sem er hermenn, þjálfaðir í vopnaburði daglega og beinlínis er ætlað til þess að beita vopnum gegn hugsanlegum árásaraðila. Þetta eru menn úr hinum annáluðu landgöngusveitum bandarískra flotans og eru 130 talsins, að sjálfsögðu notaðir fyrst og fremst sem öryggisverðir eða lögreglumenn. Í upphafi var varnarliðið að langmestu leyti skipað mönnum úr bandarískra landhernum. Þeir skiptu þá þúsundum. Þeir höfðu þau vopn, sem venjuleg eru til strandvarna. Nú eru aðeins tveir menn úr bandarískra hernum í varnarliðinu.

Við þetta bætast 15 menn úr strandgæsluliði, sem munu hafa með loranstöðvar að gera, ef réttar eru þær heimildir, sem ég gat um, að væru birtar, ég hef ekki fengið þessar tölur hjá opinberum aðilum.

Til fróðleiks get ég bætt því við, að við þessi 3 þús. manns bætast 2 þús. úr fjölskyldum þeirra, 68 kennarar og um 700 bandarískir og íslenskir borgarar, sem ekki eru einkennisklæddir, en búa á bækistöðinni. Alls eru þetta rétt yfir 5900 manns.

Það er augljóst af samsetningu þessa liðs og því, sem hún gefur til kynna, að varnir Íslands eru fólgnar í því, að landið er hluti af víðtækri varnarkeðju og að þetta lið heldur bækistöðvunum hér tilbúnum, ef á þeim þyrfti að halda. Það ætti að vera tiltölulega auðvelt mál að fá liðsauka, ef þess gerðist brýn þörf. Þetta lið ber þess engan vott, að það eigi von á beinum árásum, heldur er það allt sniðið við eftirlitsstörf.

Þá vil ég víkja örlítið að þeim hugmyndum, að varnarliðið eigi að hverfa úr landi. Ég tel, að þeir, sem hafa þær skoðanir, skiptist í stórum dráttum í tvo flokka. Annars vegar sá hópur manna, sem vísvitandi berst fyrir því að gerbreyta utanríkisstefnu Íslands, og er í stystu máli hægt að einkenna þá menn svo, að þá dreymir um að Ísland fái svipaða pólitíska stöðu og t. d. Kúba, bæði hvað innanlands- og utanríkismál snertir. Mikill meiri hluti þeirra, sem hafa krafist þess, að varnarliðið fari, munu þó ekki vera í þessum hóp, heldur eingöngu íslenskir þjóðernissinnar, sem geta ekki sætt sig við, að hér sé erlent lið. Býst ég við, að langflest af æskufólkinu teljist til þess hóps.

Í grg. með till. okkar er sagt berum orðum, að við teljum, að það sé óhugsandi að láta varnarliðið fara skyndilega, án þess að eitthvað annað komi í staðinn. Ég hygg, að þeir, sem vilja, að

varnarliðið fari, án þess að hafa gert sér grein fyrir nýrri pólitiskri stöðu, sem Ísland kæmist þá í, hafi litið hugsað um, hvað geti tekið við, ef varnarliðið færi.

Ástæðan til þess, að við teljum, að það verði eitthvað að koma í staðinn fyrir varnarliðið, er sú, að flugvöllurinn verður í Miðnesheiði áfram, ekki er ætlun okkar að eyðileggja hann, því að við þurfum sjálfir á honum að halda til annarra nota. Landfræðileg staða Reykjaness og landsins alls verður óbreytt, þýðing þessara staða og svæðisins alls verður eftir sem áður hin sama, jafnvel þó að varnarliðið verði tekið í burtu. Það er ekki hægt að stinga hausnum í sandinn hvað allt þetta varðar og láta eins og menn viti ekki af því.

Það fékkst dálítil reynsla af þessu í lok síðasta heimsófriðar 1946, þó að aðstæður væru þá að ýmsu leyti ólíkar því, sem nú er. Þegar Bandaríkin báðu Íslendinga um að veita sér herbækistöðvar til 99 ára, sameinuðust allir stjórnmálaflokkarnir í landinu um að svara þeirri ósk neitandi. Hygg ég, að aldrei hafi verið meiri eining í íslenskum utanríkismálum en þá var. Af þessu leiddi, að bandarískt herlið, hvaða nafni sem það nefnist, var kallað heim frá landi okkar. Þegar það ástand blasti við, varð þáv. forsrh. og öðrum, sem reyndust svipaðrar skoðunar og hann, ljóst, að það varð eitthvað að taka við, það varð eitthvað að gera við þessar stöðvar, það var ekki hægt að skilja þær eftir mannlausar, það var ekki hægt að sprengja þær í loft upp eða fjarlægja þær. Því gerðist það, að þáv. forsrh. Ólafur Thors hafði forustu um að gera samninginn, sem þá var gerður við Bandaríkjamenn, Keflavíkursamninginn. Ég hygg, að enginn maður muni ætla honum það látnum að það hafi verið um nokkur svikráð að ræða, því að hann var engin undantekning frá öðrum alþm. um að vilja, að bandaríska herliðið, sem hafði verið hér á stríðsárunum, hyrfi heim. Þegar horfst var í augu við staðreyndir málsins, var ekki hægt að ganga fram hjá því, að eitthvað varð að taka við af því liði, sem farið var, það varð að gera eitthvað við þau mannvirki, sem búið var að reisa í landinu.

Af þessum staðreyndum hefur sprottið það, sem kalla mætti þriðju leiðina í varnarmálum og þessi till. hallast að, sem sagt viðleitni til að gera sér grein fyrir því, hvort Íslendingar geti ekki smám saman tekið við stjórn þessara mannvirkja og tekið við mörgum af þeim störfum, sem talið er nauðsynlegt, að gegnt sé í sambandi við varnarmannvirkin, án þess þó að taka upp herþjónustu eða vopnabúnað. Það er eitt meginatriði í þeim hugmyndum, sem till. fjallar um, að breyttar aðstæður kunni að gera þetta kleift, þar sem þýðing stöðvanna á Íslandi felist nú í eftirliti, sem útheimti í sjálfu sér ekki vopnaburð. Mér er fullkomlega ljóst, að allar slíkar stöðvar þurfa að hafa öryggisgæslu, alveg eins og við þurfum vafalaust, Íslendingar að hafa einhverja gæslu til þess að tryggja, að 25 Arabar komi ekki fljúgandi um eina helgi og taki lýðveldið Ísland. Það væri hægt að taka alla ríkisstj. og forseta Íslands í einu litlu húsi í miðbænum í Reykjavík. Sem betur fer hefur þeim ekki dottið þetta í hug, en ég er ekki frá því, að þetta gæti gerst, og við hljótum að hugsa eitthvað fyrir slíkum hættum. Ég efast ekki um, að íslensk yfirvöld hafi gert það, enda hefur íslensk lögregla verið viðbúin ýmsu slíku allt frá árum síðari heimsstyrjaldarinnar.

Þegar litið er á till. okkar Alþfl.-manna og hún íhuguð, hlýtur að verða ljóst, að hana má framkvæma á margvíslegan hátt, og í öðru lagi, að það hlýtur að taka töluverðan tíma og verður að gerast í áföngum. Mikið af þeim störfum, sem um er að ræða, er þess eðlis, að það þarf að þjálfa fólk til þeirra, og mundi taka nokkurn tíma, bæði að fá fólk, sem vill sinna slíkum störfum, og þjálfa það. Þetta getur ekki gerst á einni nóttu og er það að því leyti til miklu flóknari lausn á málinu en að segja varnarliðinu hreinlega að hypja sig fyrir einhvern ákveðinn dag.

Ég tel, að það mundi verða nauðsynlegt að framkvæma þessa till. í áföngum. Mætti hugsa sér sem áfanga að taka við sjálfri yfirstjórn flugvallarins. Þar á ég ekki við neina herstjórn, heldur stjórn vallarins eins og einni borg er stjórnað, en hann er 6. þús. manna bær. Það mætti í öðru lagi hugsa sér sem áfanga, að nokkrir tugir eða jafnvel hundruð Íslendinga tækju við ýmsum störfum, sem menn yrðu sammála um, að þyrftu að verða varanleg, til þess að þessi bækistöð yrði áfram til í því formi, sem við viljum hafa hana. Þá er hugsanlegt, að Landhelgisgæslan taki algerlega við björgunarflugi, og gæti það byrjað á þann hátt, að Atlantshafsbandalagið legði til flugvélar og greiddi einhvern hluta af kostnaði. Efast ég ekki um, að á nokkrum tíma gætu Íslendingar tekið við því starfi. Mér er tjáð, að það séu til tæplega 100 íslenskir flugmenn, sem ekki hafa getað fengið störf hjá íslenskum flugfélögum og eru víðs vegar um veröldina. Það gefur nokkurt hugboð bæði um áhuga, sem er á slíkum störfum, og getu. Mér finnst, að það væri ekki illa viðeigandi, að Landhelgisgæslan okkar annaðist allt björgunarflug á þessu svæði og gæti þá haft þar með ýmislegt eftirlitsflug, bæði með landhelgi okkar og mengunarhættu, og annað slíkt.

Varla þarf að nefna þá framkvæmd, að farþegaflugsafgreiðsla verði algerlega aðskilin frá öllu öðru á flugvellinum og að vel verði yfir hana byggt, svo að hún sómi okkur sem anddyri þessa lands fyrir þá, sem hingað koma. Það mál hefur þegar hlotið nokkurn undirbúning, og ég vona, að það haldi áfram.

Á síðara stigi virðist hugsanlegt, að Íslendingar gætu tekið við stjórn radarstöðvanna og þeirrar einu loranstöðvar, sem við stjórnum ekki nú þegar. Þá væri í raun og veru ekki mikið eftir annað en sjálft eftirlitsflugið, og gæti það síðar, þegar fyrri áfangar hafa komist í höfn, orðið ákvörðun íslenskra stjórnvalda, hvort því yrði breytt og það rekið frá öðrum löndum eða Íslendingar kærðu sig um að taka á einhvern hátt óvopnaðan þátt í því.

Ég vil leggja ríka áherslu á, að framkvæmd slíkra hugmynda hlyti að verða í áföngum og hún hlyti að taka nokkurn tíma, enda væri verið að leggja grunn að því, að við gætum síðan varanlega annast stjórn þessara stöðva á hvern þann hátt, sem ríkisstjórnir Íslands í framtíð-

inni kjósa. Það er talið nauðsynlegt fyrir stjórnir landa, ekki síst í öryggismálum, að eiga jafnan valkosti. Ég tel það fram sem einn meginkost þessara hugmynda, ef framkvæmdar væru, að ríkisstjórnir Íslands á komandi árum mundu jafnan eiga mismunandi kosti, sem þær gætu valið eftir því, hvernig þær meta öryggi landsins og stöðu þess gagnvart öðrum löndum, svo og alþjóðaástand. Ef íslensk ríkisstj. metur ástandið svo, að hætta sé á ferðum, getur hún kallað til aðila, sem hún kann að hafa bandalag við, hvort sem það er Atlantshafsbandalagið eða eitthvað, sem kynni að taka við af því eða koma fram á næstu áratugum. Ef ríkisstjórnir Íslands á hinn bóginn meta ástand heimsmála svo, að það sé orðið nægilega friðvænlegt, til þess að allt þetta eftirlitsflug og annað, sem því fylgir, geti farið héðan, verðum við búnir að byggja upp mannafla og skipuleggja starfsemi þannig, að við getum látið þessa aðila fara, en haldið þó jafnframt við þeim mannvirkjum, sem ástæða er talin til. Þessi lausn er því byggð á þeirri grundvallarhugmynd, að Ísland verði fyrst um sinn áfram í Atlantshafsbandalaginu. Þær skoðanir eru ríkjandi innan Alþfl., að svo þurfi að vera, þangað til núv. samningaviðleitni, sem stendur yfir í Evrópu leiðir til þess, að komið verður upp öðru öryggiskerfi, sem við teljum betra.

Í öðru lagi tel ég, að með þessu móti yrði ekki á stundinni raskað þeirri staðreynd, að Ísland er hluti af varnarkerfi, sem nágrannaþjóðir, eins og t.d. Norðmenn, hafa miklar áhyggjur af og telja sér nauðsynlegt. Ísland þarf því ekki að verða neins konar tómarúm eða valda þessum nágrönnum okkar sérstökum áhyggjum með því að sú þróun, sem hér er um að ræða, mundi taka tíma. Til viðbótar mundi hún opna möguleika á því, að íslensk yfirvöld gætu leitað aðstoðar frá þjóðum eins og Norðmönnum eða Dönum ekki síður en frá stórveldunum, ef mönnum sýndist svo og það reyndist vera nauðsynlegt.

Herra forseti. Ég vil leggja áherslu á það, sem ég benti á í upphafi með því að lesa till., að hún fjallar um að láta rannsaka þessar leiðir. Okkur er ljóst, að við höfum sem lítill stjórnarandstöðuflokkur mjög takmarkaða aðstöðu til að meta þessi mál að fullu, og við höfum því ekki viljað stíga skref til fulls með því að leggja til þá stefnubreytingu, sem ég hef gert að umræðuefni, heldur er þetta lagt fram sem hugmynd til athugunar. Er ánægjulegt að heyra, að aðrir flokkar og einstaklingar hafa íhugað þessi mál, sumir komist að öðrum niðurstöðum, en margir að þeirri niðurstöðu, að þetta sé leið, sem rík ástæða sé til þess að kanna vandlega.

Með þessum tillöguflutningi er það ásetningur okkar Alþfl.-manna að reyna að koma öryggismálum Íslands út úr þeirri sjálfheldu, að þar sé ekki um neitt að velja annað en varnarlið um ófyrirsjáanlega framtíð eða að varnarliðið hypji sig innan nokkra mánaða. Við teljum, að hvort tveggja sé þetta óraunhæft eða óviðunandi, og erum við að leita að leiðum, sem gætu orðið til þess, að við leystum þetta vandamál, sem hefur vafist fyrir íslenskum stjórnmálamönnum frá því fyrir aldamót, á þann hátt, að við höfum sjálfir af því fulla sæmd og fullt öryggi, að við verðum taldir góðir nágrannar meðal þeirra þjóða, sem búa næst okkur, og að við getum sjálfir af veikum mætti stuðlað að því, að það verði friður og öryggi á því svæði, sem við búum á.

Herra forseti. Ég legg til, að till. verði vísað til utanrmn.

Utanrrh. (Einar Ágústsson): Herra forseti. Ég vil leyfa mér að segja hér aðeins örfá orð við 1. umr. um þáltill. á þskj. 6.

Þessi till. Alþfl.-manna er nú hér öðru sinni til meðferðar á hv. Alþ. Hún var hér til umr. í fyrra, en varð ekki útrædd, kom aldrei úr utanrmn.

Eins og fram hefur komið hjá hv. 1. flm., er till. um það í fyrsta lagi að láta rannsaka, hvort Ísland geti verið óvopnuð eftirlitsstöð í sambandi við það öryggisbandalag, sem landið er aðili að, þ.e.a.s. Atlantshafsbandalagið, en síðar meir á vegum Sameinuðu þjóðanna, og í öðru lagi að rannsaka, hvort Íslendingar geti með fjárhagslegri þátttöku bandalagsins komið upp sveit fullkominna, en óvopnaðra eftirlitsflugvéla, svo og nauðsynlegum björgunarflugvélum og tekið við þessum þýðingarmesta hluta af verkefni varnarliðsins og stjórn varnarsvæðanna.

Þegar þessi till. var til umr. hér í fyrra, sagði ég, að ég teldi hana góðra gjalda verða og að ég liti á hana sem tilraun í þá átt að hrinda í framkvæmd því ákvæði málefnasamnings ríkisstj., er um öryggismálin fjallar. Tilhögun sú, sem hér er gert ráð fyrir, að rannsökuð verði, hlýtur vissulega að verða eitt af þeim atriðum, sem til greina kemur og verður athugað í sambandi við þá endurskoðun, sem yfir stendur. Ég sagði jafnframt, að ég teldi sjálfsagt, að þessi till. fái gaumgæfilega athugun í hv. utanrmn. og að ég gæti fyrir mitt leyti lofað henni atkv. mínu, þegar hún kæmi þaðan. Það má kannske út af fyrir sig segja, að hennar sé ekki bein þörf, þar eð hvort eð er verður nokkuð könnuð sú leið, sem þar er bent á, en engu að síður vil ég segja það hér nú, að ég er sama sinnis og ég var í fyrra og vil láta það koma fram.

Nú stendur yfir endurskoðun varnarsamningsins. Hinn 25. júní s.l. ritaði ég Atlantshafsráðinu bréf og bað um álitsgerð þess um málið, eins og skylt er samkv. 7. gr. varnarsamningsins, og tilkynnti jafnframt, að 6 mánaða frestur sá, er gr. gerir ráð fyrir til endurskoðunarinnar, hæfist þá um leið. Það er því 25. des. n.k., sem sá frestur er liðinn, og þá verður hægt að segja til um það, hvort til uppsagnar kemur eður eigi. Þegar NATO-ráðið fékk þetta bréf, bað það um frest til þess að láta herfræðinganefnd sína fjalla um málið. Sá frestur stóð þangað til Josep Luns framkvæmdastjóri kom hingað hinn 16. sept. s.l. og kynnti okkur sjálfur efni skýrslunnar, eins og menn muna. Í þessari skýrslu var, eins og fram hefur komið, þung áhersla lögð á mikilvægi varnarstöðvarinnar, bæði fyrir Ísland og fyrir aðrar bandalagsþjóðir og bandalagið í heild, en efni hennar að öðru leyti get ég ekki rakið, þar sem skýrslan er leyndarskjal NATO, og þann trúnað vil ég ekki brjóta.

Ekki var talið fært að hefja samningaviðræður

við Bandaríkin fyrr en umrædd NATO-skýrsla lægi fyrir. Var því lítið gert framan af sumri í þessum málum. Ég fékk þó lögfræðing, Sigurð Gizurarson, til að vera mér hjálplegur við ýmsar athuganir í þessu sambandi, og fór hann m. a. til Bandaríkjanna til upplýsingar- og kynningarferðar í sept. s. l., og hefur skýrsla hans um þá ferð ásamt skýrslu Haralds Kröyers sendiherra, sem með honum var, verið afhent utanrmn., Alþ. og ríkisstj. Það varð svo að samkomulagi milli mín og Bandaríkjamanna, að ég skyldi í sambandi við dvöl mína á Allsherjarþingi Sameinuðu þjóðanna fara til Washington til viðræðna við ráðamenn þar, og það gerði ég hinn 3. og 4. okt. s. l. Ég hitti þar að máli ýmsa málsmetandi menn, bæði í varnarmálaráðuneytinu og utanríkisráðuneytinu, en það varð að ráði, að allar samningaviðræður, sem fram kynnu að fara um endurskoðun varnarsamningsins, yrðu á vegum utanrrn. Bandaríkjanna undir forustu aðstoðarráðherra að nafni Willian Porter.

Á fundunum í Washington komu fram ýmsar hugmyndir Bandaríkjamanna um breytt fyrirkomulag herstöðvarinnar, sem ég get ekki greint hér frá í einstökum atriðum, enda hvergi um endanlegar till. að ræða, heldur aðeins hugmyndir á þróunarstigi, sem eflaust eiga eftir að taka miklum breytingum, áður en þær komast í endanlegt horf. Ég hef þegar gert ríkisstj. og utanrmn. Alþ. grein fyrir þessum viðræðum, en allt er þetta trúnaðarmál á þessu stigi, og ég get ekki greint frá neinu, sem þarna fór fram, nema því, að rætt var um það, að ameríski hervörðurinn hyrfi úr hliðinu á Keflavíkurflugvelli og svo var gert hinn 1. þ. m. Er þar auðvitað um algert smáatriði að ræða og aukaatriði. En það hefur þó angrað margan manninn, sem leið hefur átt þarna um, að þurfa að fá leyfi erlends hermanns til að koma eða fara frá íslenskri flugstöð.

Í s. l. viku fóru svo fram í Reykjavík viðræður um þessi mál, en hingað kom sendinefnd frá Bandaríkjunum undir forsæti áðurnefnds Williams Porters. Voru hugmyndir Bandaríkjamanna um breytingar á herstöðinni þar útfærðar nánar og skipst á skoðunum um það, hvernig koma mætti þessum málum fyrir í framtíðinni. Ég mun gera bæði ríkisstj. og utanrmn. Alþ. grein fyrir efni þessara viðræðna alveg á næstunni, en vegna veikinda formanns utanrmn. hefur ekki verið unnt að kalla saman fund þar, en að öðru leyti get ég því miður ekki greint frá efni viðræðnanna. Ég get þó sagt það, sem auðvitað er augljóst mál, að um þrjá valkosti er að ræða:

1. Að allt verði óbreytt. Sá valkostur kemur ekki til greina frá sjónarmiði íslensku ríkisstj.

2. Að herinn fari algerlega burtu á kjörtímabilinu. Sá valkostur er mjög óaðgengilegur frá Bandaríkjanna hálfu.

3. Að finna leið, sem gæti farið þarna einhvers staðar á milli og þá fyrst og fremst yrði fólgin í því, að starfseminni yrði haldið uppi frá öðrum stöðum.

Ég skal engu spá um það, til hvers þessar viðræður kunna að leiða, en aðeins segja, að enn er þó ekki fullreynt, hvort Bandaríkjamenn fást til þess að fallast á það, sem við gætum sætt okkur við, án þess að til uppsagnar þurfi að koma. Ákveðið hefur verið, að næstu viðræðufundir fari fram um eða upp úr miðjum des., og verða þeir þá væntanlega hér í Reykjavík. Ef þessar samningaviðræður, sem ég hef hér gert að umtalsefni, leiða ekki til niðurstöðu, verður á framhaldsþinginu lögð fyrir Alþ. till. um að segja varnarsamningnum upp.

Ég sé ekki, herra forseti, ástæðu til þess að ræða þessi mál frekar á þessu stigi. En ég vildi láta það koma fram nú við 1. umr., að ég er því fylgjandi, að till. þessi fái þinglega meðferð og að hún verði rækilega skoðuð í utanrmn. Alþ. Markmið okkar með endurskoðun varnarsamningsins er m. a. að koma málum svo fyrir, að Íslendingar geti uppfyllt skyldur sínar við Norður-Atlantshafsbandalagið án þess að hafa hér erlendan her. Mér virðist þess vegna, að sú rannsókn, sem till. Alþfl. gerir ráð fyrir, að eigi að fara fram, og sú leið, sem þar er bent á, geti verið spor í þá átt, sem að er stefnt.

Geir Hallgrímsson: Herra forseti. Till. þessi var flutt hér á síðasta þingi, eins og fram hefur komið í þeim umr., sem þegar hafa átt sér stað nú í dag. Þá var gerð grein fyrir afstöðu sjálfstæðismanna í ýtarlegri ræðu hv. 1. þm. Reykv., Jóhanns Hafsteins, og get ég tekið undir þau orð, sem hann flutti þá. Aðstæður hafa ekki breyst svo mjög, frá því að till. var þá til umr. Við höfum þó þá skoðun, sjálfstæðismenn, að öryggismál landsins séu þess eðlis, að þau þurfi sífellt að vera í endurskoðun og endurmati og fylgjast verði með aðstæðum hverju sinni, ástandi heimsmála og horfum í þeim efnum. Á slíkum grundvelli verði síðan að taka ákvörðun um, hvaða ráðstafanir Íslendingar þurfi að gera til þess að tryggja öryggi landsins og sjálfsákvörðunarrétt þjóðarinnar. Við viljum leggja áherslu á það, að við Íslendingar þurfum, eins og allar fullvalda sjálfstæðar þjóðir, að tryggja öryggi lands vors og sjálfsákvörðunarrétt okkar.

Ég hygg, að afstaða okkar í þessum málum, — og þ. á m. er vikið að till. þeirri, sem hér er til umr., — komi fram í ályktun, er gerð var á flokksráðsfundi Sjálfstfl. um síðustu helgi. Þess vegna vil ég leyfa mér að greina frá þeirri ályktun, að því er öryggismálin snertir. Með leyfi forseta hljóðar ályktunin á þessa leið:

„Það er brýnasta mál íslensku þjóðarinnar að tryggja áfram öryggi landsins og sjálfstæði þjóðarinnar. Þar til samkomulag næst milli ríkja austurs og vesturs um afvopnun og viðunandi öryggi í Evrópu, er það nauðsynlegt vegna öryggis Íslands og hagsmuna bandalagsþjóða okkar, einkum Norðurlanda, að áfram verði um sinn varnir í landinu, þar sem ástand í alþjóðamálum er svo ótryggt sem raun ber vitni. Vegna hinna miklu og vaxandi umsvifa herskipaflota Sovétríkjanna á hafsvæðunum umhverfis Íslands er yfirvofandi hætta á, að Ísland lenti innan sovésks áhrifasvæðis, ef Íslendingar drægju sig út úr varnarkeðju vestrænna ríkja. Ísland hefur vegna legu sinnar svo mikla hernaðarþýðingu, að landið hlyti að verða í verulegi hættu, ef spenna ykist í þessum heimshluta og hér

væru engar varnir. Því fullnægir það ekki hagsmunum Íslendinga nú, að í landinu sé aðeins eftirlitsstöð án nokkurs varnarliðs. Varnarþörf landsins og tilhögun varnanna verður að meta með hliðsjón af ástandi heimsmála á hverjum tíma. Kanna ber til hlítar, hvort hagkvæmt sé að auka þátttöku Íslendinga í þeim störfum, sem unnin eru hér á landi vegna öryggis Íslands og annarra Atlantshafsbandalagsríkja."

Eins og fram kemur í þessari ályktun, er það skoðun Sjálfstfl., að nú eins og stendur sé ekki aðeins nauðsyn á eftirliti frá Íslandi í þágu Atlantshafsbandalagsins, heldur og á vörnum. Með þessu er ekki sagt, að hér eigi að vera varnarlið um ófyrirsjáanlega framtíð, heldur hlýtur það að skoðast í ljósi ástandsins á hverjum tíma, hvort þörf er fyrir slíkt varnarlið eða ekki. Við byggjum vonir á því, að viðræður austurs og vesturs um gagnkvæma og samhliða afvopnun beri árangur. Að vísu eru þær viðræður aðeins um slíkan samdrátt í her í Mið-Evrópu og viðræðurnar um samdráttinn og afvopnun að hluta taka ekki á þessu stigi til norður- eða suðurhluta Evrópu. Í því er fólgin ákveðin hætta, ef þær viðræður bera árangur að því er Mið-Evrópu snertir, að enn frekari áhersla verði lögð á herbúnað í suðri eða í norðri. Við væntum, að sú verði ekki þróunin, heldur haldi hins vegar jákvæð þróun áfram og eftir samhliða samdrátt herafla í Mið-Evrópu takist viðræður um áframhaldadi samdrátt herafla, bæði í norðri og suðri. Ef slíkar viðræður bera árangur, þá teljum við vissulega tíma til kominn að endurmeta stöðuna og kanna, hvort hér sé þörf á varnarliði.

Ég er ekki sáttur við þá skilgreiningu hv. 8. landsk. þm., Benedikts Gröndal, að menn skiptist í brjá flokka um afstöðuna til varnarmála, eins og hann þar greindi frá. A. m. k. felli ég mig ekki við þá skilgreiningu að öllu leyti, án þess að ég endurtaki orð hans þar um. Ég held, að fyrst og fremst greini okkur á um það, bæði hér í þingsölum og meðal þjóðarinnar, hvort unnt sé að tryggja öryggi Íslands með hlutleysi eða hvort við verðum að taka afstöðu og vera þátttakendur í varnarbandalaginu. Þetta er höfuðmunur á afstöðu Íslendinga og þm., að því er ég tel. Síðan má til sanns vegar færa, að þeir, sem vilja taka þátt í varnarsamtökum og telja, að hlutleysi komi Íslandi ekki að liði til að tryggja öryggi landsins, hafi mismunandi skoðanir á því, í hverju þátttaka í varnarbandalagi skuli vera fólgin.

Hlutleysi var einu sinni sú stefna, sem Íslendingar sameinuðust um til að tryggja öryggi sitt. Þegar Ísland varð fullvalda 1918, var ævarandi hlutleysi lýst yfir, eins og kunnugt er. En reynsla okkar síðan og lega landsins hefur sýnt fram á, að hlutleysið kemur okkur ekki að liði. Við erum ekki spurð um það, hvort við fáum í friði að lifa hér einir á þessu landi, ef til átaka kemur.

Táknræn um þennan ágreining eru e. t. v. orðin, sem birtust í leiðara Þjóðviljans 30. okt. s. l. og ég vil leyfa mér að vitna til, herra forseti, en þau eru svo hljóðandi:

„Það sér hvert mannsbarn, að þá fyrst yrði ráðist á eitthvert land í stríði, að það væri hernaðarlega mikilvægt, og það verður eitt land, um leið og það hefur her og herstöðvar."

Þetta er tilvitnunin. Ég er alveg sammála Þjóðviljanum, að ráðist verður á land í stríði, sem er hernaðarlega mikilvægt, en ósammála Þjóðviljanum um það, að Ísland verði þá fyrst hernaðarlega mikilvægt, þegar hér dvelst her eða herstöðvar eru í landinu. Ísland er hernaðarlega mikilvægt„ hvort sem okkur líkar betur eða verr, alveg burt séð frá því, hvort hér er her eða herstöðvar. Lega landsins veldur því.

Þegar rætt er um tilhögun varna á Íslandi, er auðvitað sjálfsagt að íhuga, með hvaða hætti við Íslendingar getum tekið þátt í því starfi, sem hér fer fram í þágu varnanna, í þágu varnarsamtaka Atlantshafsbandalagsins. Spurningunni um það hlýtur að verða svarað með tilliti til okkar eigin hagsmuna, bæði okkar öryggishagsmuna og annarra hagsmuna.

Ef við lítum á það, hve mikinn þátt við sjálfir viljum taka í þessum störfum, koma margar spurningar fram í hugann, sem sjálfsagt er að kanna og rannsaka til að finna bestu svörin.

Í fyrsta lagi t. d., hvort við Íslendingar viljum láta í té þann mannafla, sem nauðsynlegur er í þessu skyni, og draga þá þann mannafla frá öðrum störfum í þjóðfélaginu. Þetta kann e. t. v. að *fara eftir atvikum, hvernig* háttað er atvinnulífi landsmanna, og í spennuástandi, eins og nú er, kann að vera erfiðleikum bundið. Ég tel þó alveg sjálfsagt að hafa um það ákveðna áætlun, hvaða störf það eru, sem Íslendingar geta innt af hendi og vilja inna af hendi í þágu varna landsins. Ég er líka þeirrar skoðunar, að þetta sé til þess fallið, að Íslendingar geri sér grein fyrir því, að til þess að vernda sjálfstæði sitt og öryggi þurfa þeir að gæta þess og leggja eitthvað í sölurnar fyrir það, eins og aðrar þjóðir gera.

Í öðru lagi er það spurning, hvort og að hve miklu leyti við Íslendingar viljum þjálfa mannafla úr okkar eigin hópi til starfa, sem eru sérstaks eðlis og ekki er þörf fyrir í þjóðlífinu, atvinnulífinu almennt. Við vonumst til þess, að sum þessi störf séu ekki ævarandi og þess vegna séu e. t. v. aðeins tímabundin not fyrir þau. Ef svo skyldi fara, væri æskilegt, að þeir menn, sem veldust til slíkrar þjálfunar, ættu möguleika á því að notfæra sér þá þjálfun í almennum störfum í þágu landsins, eftir að þörfum fyrir hin sérstöku störf er lokið. Það er ekki víst, að svo geti verið um öll þessi störf, og að því ber að hyggja.

Í þriðja lagi er svo á það að líta, að allir þeir, sem teljast til varnarliðs á Íslandi í dag, að svo miklu leyti sem mér er kunnugt um, en það getur vel verið, að ég hafi ekki nægilega kunnáttu í þessum efnum, sem ég vonast þó til, — allir þeir, sem teljast til varnarliðsins, eru meira eða minna þjálfaðir sem hermenn og í því skyni að geta tekið þátt í fyrstu vörnum hér á landi, ef þörf krefur, sem við vonumst til, að komi aldrei til.

Þá er ég einmitt kominn að því, sem ég tel mjög mikilvægt atriði og mér finnst till. þeirra þm. Alþfl. e. t. v. líta fram hjá, og það er sú aðvörun, sem felst í veru varnarliðsins á Íslandi gagnvart þeim þjóðum, sem ásælast vilja landið,

mundu vilja reyna að hafa áhrif á það eða beita okkur Íslendinga þrýstingi í einu eða öðru formi til þess að beina ákvörðunum okkar á annan veg en við mundum vilja, ef við þyrftum ekki að búa við slíkan þrýsting.

Í þeirri till., sem 34. þing Alþfl. gerði 22. okt. 1972 og er upphaf þessarar þáltill., er komist svo að orði, með leyfi forseta:

„Öryggi Íslands hefur verið og mun verða best tryggt með aðild að varnarsamtökum, en vopnað varnarlið hefur verið hér aðallega til eftirlits og aðvörunar."

Ég er mjög sammála þessum orðum í þessari till. Með því að Íslendingar taki að sér eftirlitsstörfin, skulum við segja, að eftirlitsþörf sé fullnægt, en þá er eftir að fullnægja hlutverki aðvörunar, sem varnarliðið óneitanlega gegnir og nauðsynlegt er, meðan viðsjár eru eins miklar í heiminum og raun ber vitni. Hv. 8. landsk. þm. nefndi það sem dæmi, að auðvitað þyrftum við Íslendingar að gæta öryggis okkar, t. d. þyrftum við sjálfir að vera þess umkomnir að koma í veg fyrir það, að Arabar sendi hingað flugvél eða flugvélar með landgöngusveitir og tækju landið. Þessu er ég alveg sammála. Og í ljósi síðustu atburða, átakanna fyrir botni Miðjarðarhafs, getum við líka vel hugsað okkur, að þau átök hefðu leitt til víðtækari spennu og áframhaldandi hernaðaraðgerða en raun varð á, sem betur fer. Það er vel hugsanlegt í framhaldi af bréfi Bresnevs um það, að Sovétríkin ætluðu sér að senda herlið til landanna fyrir botni Miðjarðarhafs, hefði því áformi verið haldið til streitu og komist til framkvæmda, að Sovétríkin hefðu talið sér ávinning í því, ef ekkert varnarlið hefði verið hér til staðar, að tryggja sér fótfestu á norðurslóðum í leiðinni. Þetta er sagt sem hugleiðing undir ákveðnum kringumstæðum, sem ég hygg, að hafi ekki verið mjög fjarlægar um nokkurra daga bil fyrir örfáum dögum eða vikum.

Ég tók eftir því, að hv. 8. landsk. þm., Benedikt Gröndal, taldi sjálfsagt, að sú þróun, sem að væri stefnt með tillöguflutningi þeirra Alþfl.-manna, mundi taka langan tíma, a. m. k. rúman tíma, og sömuleiðis minntist hann á, að nauðsynlegt væri, að íslensk yfirvöld gætu í framtíðinni leitað aðstoðar í varnar- og öryggismálum sínum hjá Dönum og Norðmönnum eins og stórveldunum. Ég er sammála því, að það er ekkert sjálfsagðara en að við höfum tengsl við önnur aðildarríki Atlantshafsbandalagsins en Bandaríkin í sambandi við öryggismál okkar og eflum sérstaklega nána samvinnu í þeim efnum við Norðurlönd. Og ég vil eindregið beina því til hæstv. utanrrh., að sérstakar viðræður fari fram einmitt við Norðurlöndin og fulltrúa þeirra, sem þátt taka í Atlantshafsbandalaginu, um nánara samstarf Norðurlanda innan Atlantshafsbandalagsins til þess að tryggja öryggi hvert annars. Við Íslendingar ætlumst til mikils af öðrum þjóðum, þegar við teljum hagsmuni okkar í húfi. Þessi tilætlunarsemi til aðgerða og áhrifa Norðurlanda er sérstaklega mikil af okkar hálfu, og því er ekki óeðlilegt, að við tökum einnig tillit til þeirra, þegar þeirra hagsmunir eru í veði.

Ég vil svo aðeins, herra forseti, víkja nokkrum orðum að ræðu hæstv. utanrrh. Hann gat réttilega um það, að 25. des. n. k. verði liðinn sá 6 mánaða frestur, sem Atlantshafsbandalagið hefur og raunar aðilar að varnarsamningnum, Ísland og Bandaríkin, til þess að kanna, hvort rétt sé að endurnýja samninginn og þá í hvaða formi. A. m. k. er möguleiki eftir þann tíma fyrir hvorn aðilann sem er að segja varnarsamningnum upp. Ég vil skilja orð hæstv. utanrrh. þannig, að hann hafi aðeins átt við þetta, þegar hann sagði, ég hygg orðrétt, að „25. des. n. k. verður hægt að segja til um, hvort til uppsagnar kemur eða ekki". Það er búið að lofa okkur alþm., að þessi ákvörðun verði ákvörðun Alþ. og alþm., en ekki tekin án þess, að málið sé fyrst rætt hér í þingi. Þá gat hann nokkuð um þær skýrslur, sem liggja fyrir hjá utanrmn. og hann hefur greint þar frá. Ég verð að segja það eins og er, að þessar skýrslur eru mjög fátæklegar að flestu leyti, þær sem ég hef séð. Það getur verið, að ég hafi ekki séð þær allar. Það er helst sú skýrsla, sem sænski hermálasérfræðingurinn lét í té og ég hygg vera opinbera, sem nokkuð er á að byggja. Ég á von á því, að viðræðurnar í síðustu viku hafi leitt í ljós frekari upplýsingar, sem unnt er að byggja á, og fagna því, að utanrmn. fær skýrslu um þær viðræður.

Ég verð að leggja áherslu á það, að nauðsynlegt er að ætla bæði utanrmn. og Alþ. nægan tíma til þess að fjalla um þessi mál, svo örlagarík sem þau kunna að verða. Og ég tel nauðsynlegt, að málið sé tekið fyrir í utanrmn. hið allra fyrsta.. Eðlilegt er og sjálfsagt, að þessari till. verði vísað til utanrmn., og að því leyti vil ég taka undir orð hv. 8. landsk. þm., Benedikts Gröndals, að ég tel nauðsynlegt, að íslensk stjórnvöld hafi frumkvæði sjálf að mismunandi áætlunargerð um, hvernig haga skuli vörnum landsins, tryggja öryggi þess, miðað við mismunandi aðstæður. Ég tel óviðunandi, að við séum sjálf óvirk í því helsta viðfangsefni sjálfstæðra þjóða að tryggja öryggi landsins og sjálfsákvörðunarrétt þjóðarinnar. Við þurfum að eiga sjálf frumkvæði í þessum efnum og á hverjum tíma meta stöðu okkar eftir ástandi heimsmála.

Eins og stendur er það skoðun Sjálfstfl., að það væri mikið ábyrgðarleysi, ef hér væru ekki varnir í landinu. Við teljum eftirlitsstörf ein ekki fullnægjandi. En vonandi verður þróun heimsmála þannig, að gagnkvæmur skilningur vaxi og tortryggni eyðist á tryggum grundvelli, þannig að engin þjóð geti hneppt aðrar þjóðir í fjötra.

Jónas Árnason: Herra forseti. Þar sem talað er um það í till. þessari, að Ísland gæti einhvern tíma „síðar meir", eins og það er orðað, orðið eftirlitsstöð á vegum Sameinuðu þjóðanna, virðist mér, að tekið sé undir þá hugmynd, að Sameinuðu þjóðirnar friðlýsi Norðaustur-Atlantshafið eða a. m. k. nokkurn hluta þess næst Íslandi, banni þar allar herstöðvar, allt hernaðarbrölt og þar með taldar að sjálfsögðu hernæfingar hvers konar og flotaæfingar. Enda væri slíkt eftirlit að sjálfsögðu ekki í verkahring Sameinuðu þjóðanna, nema því aðeins að þær hefðu áður tekið á sig ábyrgð á þessu sviði og þá

væntanlega með einhvers konar friðlýsingu, reglum, sem Sameinuðu þjóðirnar hefðu sett gegn hernaði á þessum slóðum. Flm. till. veigra sér hins vegar við að gera nánari grein fyrir þessu atriði. Á þessu stigi treysta þeir sér ekki til að taka berum orðum undir friðlýsingarhugmyndina. Enn sem komið er treysta þeir sér ekki til að ganga í berhögg við hina úreltu NATO-pólitík, sem forustumenn Alþfl. áttu á sínum tíma ásamt öðrum frumkvæðið að og hafa jafnan stutt, þá NATO-pólitík, sem glögglega var túlkuð hér í ræðu hv. síðasta ræðumanns, þá blindu NATO-dýrkun, þessa gagnrýnilausu dýrkun, þennan gagnrýnilausa halelújasöng áratug eftir áratug.

Þetta virðist mér sem sagt skýringin á þeirri tæpitungu, sem flm. till. viðhafa að því er varðar hlutverk Sameinuðu þjóðanna á þessu sviði. Flm. er auðsæilega orðið það ljóst, eða a. m. k. 1. flm., það er ég viss um, enda er hann glöggskyggn maður og fylgist vel með gangi mála í heiminum, að kröfunni um friðlýsingu Norður-Austur-Atlantshafs mun aukast mjög í náinni framtíð. Dæmi um þá þróun er m. a. friðlýsingartill., sem borin hefur verið fram af fulltrúum fimm Norðurlandaþjóða og rædd verður í Norðurlandaráði í febr. n. k. Forustumenn ungra jafnaðarmanna í Noregi hafa látið í ljós áhuga á því máli, og kannske hefur einhver flm. haft af því spurnir eins og ég, að innan breska Verkamannaflokksins er þegar farið að vinna að því að afla þessari hugmynd fylgis. En hvað um það, flm. telja, að þeir séu enn of bundnir af fortíð flokksins til þess að slíta af sér NATO-haftið og stíga fram til eindregins stuðnings við friðlýsingarhugmyndina. Þeir bíða átekta. En þegar friðlýsingarhugmyndin hefði öðlast þann styrk í vitund þjóðanna við Norðaustur-Atlantshaf, að sigur hennar gæti talist tryggður, þá kæmi mér ekki á óvart,, þó að þeir Alþfl.-menn vísuðu hreyknir til þessarar till. sinnar sem sönnunar þess, að þeir hafi snemma haft skilning á því góða máli. Allt er þetta að sjálfsögðu gott og blessað. Hver minnsti vottur þess, að forustumenn Alþfl. séu að ná áttunum í svonefndum öryggismálum Íslands, hlýtur að vera fagnaðarefni. Þetta er hin jákvæða hlið þessarar þáltill. Að þessu leyti get ég tekið undir með hæstv. utanrrh., það sem hann sagði áðan, að þessi till. sé góðra gjalda verð.

Hins vegar verð ég að segja það, að hún þarf að taka æðimiklum breytingum, áður en ég get gert það sama og utanrrh. lýsti yfir, að hann mundi gera, ef hún kæmi aftur úr n., að greiða henni atkv. Hún þarf að mínum dómi að taka æðimiklum breytingum til þess — já og til þess að utanrrh. geti greitt henni atkv., án þess að það verði talið brot á málefnasamningi ríkisstj. (GH: Er þm. að segja ráðh. fyrir verkum?) Ég er að lýsa skoðun minni hér. Það er algengt í stjórnarherbúðunum, að einstaklingar láti í ljós skoðanir sínar, án þess að það teljist sérstök móðgun við ráðh. eða forustumenn. (Gripið fram í: Svo á það að vera líka.) Svo á það líka að vera, já.

Nú ætla ég að snúa mér að hinni neikvæðu hlið þessarar till., ráðagerðum, sem eru tengdar því, að Ísland verði svo og svo lengi enn í NATO, þeirri grundvallarhugmynd, sem hv. 1. flm. nefndi. Það er skoðun mín í stuttu máli, að þær ráðagerðir valda því, að þetta er að meginefni til vond till. og hættuleg, og skal ég nú rökstyðja þessa fullyrðingu mína.

Persónunjósnir, þ. e. njósnir um skoðanir einkalíf manna, eru eitt óhugnalegasta fyrirbærið í mörgum þjóðfélögum nútímans, bæði í austri og vestri. Við Íslendingar höfum fram til þessa haft blessunarlega lítið af þeim ófögnuði að segja. Hann sýkti að vísu þjóðfélag okkar talsvert á því tímabili, þegar slæmt atvinnuástand neyddi menn hópum saman til að leita sér atvinnu á Keflavíkurflugvelli, þar sem svonefndar öryggisreglur hinna bandarísku hernaðaryfirvalda réðu öllu um það, hverjir þar töldust hæfir til starfa. En með batnandi atvinnuástandi minnkaði þörf manna fyrir störf í herstöðinni, og að sama skapi dró úr ófögnuðinum. Og þjóðfélag okkar varð að sama skapi heilbrigðara á ný.

Allir sæmilegir Íslendingar hljóta að hafa fagnað þeirri þróun, og fáir mundu hafa búist við því, að af hálfu Íslendinga sjálfra yrðu hafðir í frammi tilburðir til að magna aftur ófögnuðinn. Samt hefur þetta nú gerst og m. a. með þeirri till., sem hér er til umr.

Ef sú hugmynd nær fram að ganga, að Íslendingar taki að sér svonefnt eftirlitsflug og önnur skyld störf á vegum Atlantshafsbandalagsins, þá munu upp vekjast í þessu þjóðfélagi miklu óhugnalegri persónunjósnir en við höfum áður þekkt. Það stoðar lítt, þótt í till. þessari séu notuð sakleysisleg orð eins og „óvopnuð eftirlitsstöð“ og „óvopnaðar eftirlitsflugvélar“. Sú óumdeilanlega staðreynd blasir við engu að síður, að hér er verið að tala um njósnastöð og njósnaflugvélar hernaðarbandalagsins NATO. Það eru herforingjar í NATO, sem í dag ráða öllu um rekstur þessarar stöðvar og þessara flugvéla, og þeir mundu auðvitað eftir sem áður öllu ráða, þó að Íslendingar yrðu fram boðnir til einhverra þeirra starfa, sem snerta þennnan rekstur,, hvort sem þessir foringjar kynnu nú að sitja á Keflavíkurflugvelli sjálfum, vestur í Pentagon, í Brüssel eða einhvers staðar annars.

Þessi till. felur sem sé í sér þá hugmynd, sem íslenska þjóðin hefur jafnan talið og telur enn með öllu forkastanlega, þá hugmynd, að Íslendingar taki upp hernaðarstörf, og þau störf yrðu að sjálfsögðu unnin undir stjórn og ströngu eftirliti ráðamanna NATO. Og hvernig yrði svo hagað vali þeirra ungu Íslendinga, sem til gætu komið að rækja þessi störf? Mundu NATO-foringjarnir ekki telja sig þurfa að vita nokkur deili á þeim mönnum? Að sjálfsögðu. Að sjálfsögðu yrði engum Íslendingi treyst til þeirra starfa, fyrr en nákvæm rannsókn hefði leitt í ljós, að í fari hans og fortíð reyndist ekkert það, sem grunsamlegt gæti talist samkv. öryggisformúlum hernaðarbandalagsins. Það yrði njósnað. Það yrði njósnað ekki aðeins um persónulegar skoðanir og einkalíf umsækjenda, það yrði líka njósnað um skoðanir og einkalíf ættingja þeirra, vina þeirra og kunningja.

„Segðu mér, hverja þú umgengst, og ég skal segja þér, hver þú ert.“ Eflaust yrðu kvaddir til sérfræðingar af hálfu bandalagsins að skipuleggja þessar njósnir. Það er ekki ósennilegt, að heil stofnun slíkra sérfræðinga kæmi þar til skjalanna. Hugsast gæti líka, að einhverjir íslenskir menn veldust til þessara njósnastarfa samkv. því fornkveðna, að hæg eru heimatökin. Ekki mundi það gera málið geðslegra fyrir okkur Íslendinga.

Fyrst og síðast yrði að sjálfsögðu leitað vitneskju um stjórnmálaskoðanir umsækjenda, en einkum og sér í lagi um viðhorf þeirra til Atlantshafsbandalagsins. Stuðningsmenn Atlantshafsbandalagsins einir kæmu þarna til greina, og þar mætti ekkert fara á milli mála, stuðningurinn yrði að vera alveg ótvíræður. Flm. þessarar till., þm. Alþfl., allir 6 með tölu, hafa að vísu lýst yfir stuðningi við Atlantshafsbandalagið. Að því leyti yrðu kannske ekki taldir neinir meinbugir á, ef það dytti í þá að sækja um einhver svonefnd eftirlitsstörf, sem gert er ráð fyrir í þessari till. En hvað um aðra Alþfl.-menn? Hafa þeir hugleitt það, hv. flm. þessarar till.? Hvað t. d. um unga Alþfl.-menn? Þeir hafa hvað eftir annað lýst yfir andstöðu sinni við Atlantshafsbandalagið og hvað eftir annað krafist þess, að Ísland segði sig úr NATO, nú síðast á sambandsþingi sínu í lok sept. Það eru ekki beinlínis meðmæli með mönnum, sem sinni við Atlantshafsbandalagið og hvað eftir kynnu að sækja um svonefnt eftirlitsstörf á vegum NATO. Auðvitað kæmi ekki einn einasti ungur Alþfl.-maður til greina í þau störf. Sama mundi að sjálfsögðu gilda um unga framsóknarmenn. Ekki hefur Samband ungra framsóknarmanna verið vægara í gagnrýni sinni á NATO og kröfuna um það, að Ísland segi sig úr því. Um Alþb.-menn þarf auðvitað ekki að ræða í þessu sambandi. Ég held nú reyndar, að vandfundinn sé sá ungur Alþfl.-maður eða ungur framsóknarmaður, hvað þá heldur Alþb.-maður, sem mundi hafa hug á að komast í margnefnd eftirlitsstörf á vegum NATO og gangast þar með undir heraga. En það er gert ráð fyrir fleiru en eftirlitsstörfunum í þessari till. Það er meira blóð í kúnni. Í beinum tengslum við eftirlitsflugvélar er talað um „nauðsynlegar björgunarflugvélar“, og sú hugmynd, sem þarna liggur til grundvallar, er nánar útfærð í grg., þar sem segir, með leyfi hæstv. forseta:

„Nú krefst meginhlutverk varnarliðsins, eftirlitsflugið, ekki vopnabúnaðar. Þess vegna er varpað hér fram þeim spurningum, hvort ekki nægi að hafa hér vopnlausa eftirlitsstöð, en Íslendingar taki að sér eftirlitið. Landhelgisgæslan“ — takið eftir — „eða annar aðili mundi koma á fót eftirlits- og björgunarsveit, sem gæti fylgst vandlega með öllum siglingum, fiskveiðum og annarri hagnýtingu á auðæfum hafsins, hættu á mengun og öðru, er máli skiptir. Á nokkrum árum mundu Íslendingar taka alveg við rekstri og stjórn varnarliðsstöðvanna. Meðan Atlantshafsbandalagið starfar og Íslendingar eru í því, hlyti þessi starfsemi að vera í nánum tengslum við það.“

Svo mörg voru þau orð. Hér virðist sem sagt ætlunin að setja allt í einn pott, allt í NATO-pottinn: eftirlitsstörfin svonefndu, björgunarstörf ýmiss konar, jafnvel sjálfa landhelgisgæsluna, hræra þessu öllu saman. Og þetta táknar ósköp einfaldlega það, að allir andstæðingar NATO á Íslandi yrðu ekki aðeins útilokaðir frá eftirlitsstörfunum svonefndu, heldur líka björgunarstörfum ýmiss konar og sjálfri landhelgisgæslunni.

En eftir að björgunarstörf og jafnvel sjálf landhelgisgæslan hefði verið tengd eftirlitsstörfunum og þar með ofurseld öryggisformúlum hernaðarbandalagsins, hverjir kæmu þá til greina í þessi störf? Lítum aftur á stjórnmálasamtök ungra manna. Heimdallur eða Samband ungra sjálfstæðismanna er einu pólitísku æskulýðssamtökin, sem styðja Atlantshafsbandalagið og þátttöku Íslands í því, þó að ýmsir í þeim röðum geri þetta með nokkrum semingi að vísu. Mér dettur ekki í hug, að forustumenn þeirra samtaka mundu vilja beita áhrifum sínum til þess, að liðsmenn þeirra fengju einhver sérstök forréttindi í sambandi við þessi störf, því síður, að þeir mundu á nokkurn hátt vilja bendla sig við þann ófögnuð persónunjósna, sem ég tel, að mundi orsakast af því ástandi, sem stefnt er að með þessari till. En hitt ætti að vera deginum ljósara, að félagsskírteini í Heimdalli eða Sambandi ungra sjálfstæðismanna mundu a. m. k. ekki spilla fyrir ungum manni, sem kynni að hafa hug á að komast í umrædd störf. Ef þessi till. Alþfl. næði fram að ganga, þá kynni sú að verða raunin, að ungir sjálfstæðismenn yrðu þeir einu, sem teldust hæfir til að gegn aðeins margnefndum eftirlitsstörfum, heldur líka björgunarstörfum ýmiss konar og landhelgisgæslu.

Það felst sem sagt í þessari till. Alþfl., að eftir reynsluna af breska flotanum nú að undanförnu skuli hann og íslenska landhelgisgæslan sett undir yfirstjórn NATO, sameiginlega yfirstjórn NATO. Og svo gæti hin alkunna tilkynning frá Slysavarnarfélagi Íslands: „Björgunarþyrla varnarliðsins var send á vettvang“, að breytast eitthvað í þá átt, að nú væri björgunarþyrla ungra sjálfstæðismanna tekin við.

Að lokum þetta: Ég ætlaði ekki að fjalla hér ítarlega um NATO og herinn, en ég vildi aðeins í þessu sambandi koma á framfæri þessum viðvörunum mínum. Ég vænti þess, að hv. flm. þessarar till. og allir aðrir hv. alþm. hugleiði þessar viðvaranir vandlega, sérstaklega að því er varðar persónunjósnaófögnuðinn.

Ég las fyrir skömmu grein um persónunjósnir eftir mætan mann bandarískan. Hann líkti persónunjósnum í Bandaríkjunum við kolkrabba, sem grúfði yfir Washington og gæti óðar en varði verið búinn að teygja sína slímugu arma um allt hið bandaríska þjóðfélag.

Slíkur kolkrabbi grúfir líka yfir herstöðinni á Miðnesheiði — og slímugir einnig hans armar. Við skulum umfram allt varast það, Íslendingar, að gera nokkuð, sem gæti veitt krabba þessum tækifæri til þess að teygja arma sína lengra þaðan og út í þjóðfélag okkar.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Efri deild, 23. fundur.

Miðvikudaginn 21. nóv., kl. 2 miðdegis.

Skipulag ferðamála, frv. (þskj. 136). — 1. umr.

Félmrh. (Björn Jónsson): Herra forseti. Frv. það til l. um ferðamál, sem hér liggur fyrir til 1. umr. var lagt fyrir síðasta Alþ., en var þá ekki útrætt. Frv. er nú lagt fram að nýju óbreytt að öðru leyti en því, að gildistökuákvæði í 34. gr. er breytt, einnig ákvæði til bráðabirgða 2, um boðun til ferðamálaþings.

Frv. þetta er samið af nefnd, sem rn. skipaði 2. febr. 1972 til að endurskoða núgildandi lög um ferðamál, sem eru frá 1969, og skyldi nefndin taka sérstakt tillit í tillögum sínum til endurskipulagningar á uppbyggingu og starfsemi ferðamálaráðs og Ferðaskrifstofu ríkisins. Í þessari nefnd áttu sæti Brynjólfur Ingólfsson ráðuneytisstjóri, sem var formaður nefndarinnar, Heimir Hannesson lögfræðingur og Lúðvík Hjálmtýsson framkvæmdastjóri, en starfsmaður nefndarinnar var Ólafur Steinar Valdimarsson skrifstofustjóri.

Megintilgangur frv. er að koma á skipulegri vinnubrögðum en áður í íslenskum ferðamálum, bæði vegna ferðalaga Íslendinga sjálfra og útlendinga, sem hingað koma. Jafnframt er tilgangurinn með frv. sá, að hlutdeild okkar í alþjóðlegum ferðamálum verði aukinn, að svo miklu leyti sem þjóðhagsleg hagkvæmni og umhverfisverndarsjónarmið leyfa. Með þeirri byltingu, sem orðið hefur síðasta aldarfjórðung í flutningamálum, hafa ferðalög aukist mjög ört og eru enn í hröðum vexti. Í kjölfar batnandi lífskjara, svo og aukins frítíma, svo og með skipulagningu ferðamála, sérfargjöldum og hópdvölum, hefur almenningi orðið fjárhagslega kleift að ferðast miklu lengra og miklu meira en áður var unnt. Jafnframt þessu hefur skapast markaður með geysilegu fjármagni. Það er orðinn þýðingarmikill þáttur í efnahagslífi margra þjóða að fullnægja hinni miklu og sívaxandi eftirspurn eftir ferðamannaþjónustu. Sem dæmi um aukningu hennar í heiminum undanfarna tvo áratugi má geta þess, að ef litið er á hana sem útflutning, hefur ferðaþjónusta aukist undanfarin 20 ár að meðaltali um 12% á ári, meðan annar útflutningur hefur aukist um 7.7%. Ferðamannastraumurinn hefur hin víðtækustu áhrif í efnahags- og atvinnulífi hvers lands. Þar er ekki einungis um bein áhrif að ræða, svo sem auknar tekjur flugfélaga og gisti- og veitingastaða, heldur einnig óbein áhrif, svo sem á framleiðslu matvæla, á framleiðslu og sölu minjagripa og fatnaðar, á þjónustu, eins og leigubifreiðastjóra, sérleyfis- og hópferðabifreiðastjóra, eigendur veiðiréttar o. s. frv. Frá sjónarmiði okkar Íslendinga hefur e. t. v. sérstaka þýðingu, að erlent ferðafólk, sem fer um Ísland, gerir okkur kleift að halda uppi betra og fullkomnara samgöngukerfi en nokkur kostur væri á, ef einungis væri um íslenskan heimamarkað að ræða.

Frv. það, sem hér er til umr., byggist á þeirri meginskoðun, að jafnframt því sem Íslendingum verði tryggð eðlileg aukning í alþjóðlegum ferðamannamarkaði, sé að því stefnt, að sú aukning sé undir eðlilegu eftirliti og aðhaldi og þá ekki síst með tilliti til umhverfisverndar. Þetta aðhald og eftirlit gildir að sjálfsögðu einnig um ferðalög Íslendinga sjálfra um eigið land.

Á árinu 1972 kom hingað 68 þús. erlendir ferðamenn, og var þar um að ræða 12% aukningu frá árinu 1971. Á þessu ári eru horfur á, að fjöldi erlendra ferðamanna verði um eða yfir 72 þús., eða 6—7% aukning frá fyrra ári. Er hér um að ræða allmiklu minni aukningu en verið hefur undanfarin ár, en meðaltal þeirra er sem næst 15%. Beinar eða óbeinar gjaldeyristekjur af ferðamannaþjónustu námu árið 1972 1325 millj. kr., sem er um 7.9% af heildarútflutningsverðmæti landsmanna á árinu 1972. Árið 1971 var þessi prósenta 9.3%. Hefur því verið um nokkra hlutfallslega lækkun að ræða, og er ekki ólíklegt, að svo verði einnig á þessu ári. Þrátt fyrir þennan samdrátt fer ekki hjá því, að ferðamál eru verulegur þáttur í efnahagslífi okkar.

Eins og kunnugt er, veitti Þróunarsjóður Sameinuðu þjóðanna árið 1971 fjárhagslega aðstoð til gerðar ferðamannaáætlunar fyrir Ísland, og nemur aðstoðin 140 þús. Bandaríkjadala. Fyrri hluti þessarar áætlunargerðar var unninn af bandarísku fyrirtækinu Checchi & Co. á s. l. ári og skilaði það skýrslu sinni til Sameinuðu þjóðanna og ríkisstj. í sumar. Með skýrslunni er m. a. stefnt að því að lengja ferðamannatímabilið á Íslandi, og eru fjórar leiðir eða þróunarsvið valin til sérstakrar athugunar í skýrslunni. Það eru skíðasvæði, vötn, ár og sjór til fiskveiða, ráðstefnu- og fundaaðstaða og jarðhiti til heilsuræktar. Niðurstöður bandarísku fyrirtækisins varðandi aukningu erlendra ferðamanna til Íslands eru þær, að hæfilegt sé að stefna að 12% aukningu fram til 1980, en 8% eftir það fram til 1990. Með þessu móti mundu ferðamálin öðlast nokkuð aukinn hlut í þjóðarbúskapnum, en jafnframt væri hægt að halda ferðamannastraumnum innan æskilegra marka með tilliti til landverndar og þarfa okkar sjálfra. Bandarísku fyrirtækið bendir á, að verði hins vegar ekkert gert í ferðamálum, muni aukning erlendra ferðamanna stöðvast af sjálfu sér strax á árinu 1976. Sú aukning, sem orðið hefur í ár, 6—7%, bendir til þess, að þessi fullyrðing sé á rökum reist.

Bandarísku fyrirtækið leggur til, að á næstu árum sé lagt í ákveðnar framkvæmdir, sem jafnframt því að laða að erlenda ferðamenn komi að fullum notum fyrir landsmenn sjálfa. Er ekki ástæða til að rekja hér, í hverju þessar framkvæmdir eru fólgnar, en heildarkostnaður við þær er áætlaður rúmlega 2 milljarðar kr. Ríkisstj. hefur ekki tekið ákvörðun um, hvort eða að hve miklu leyti ráðist verði í þessar framkvæmdir, en samþ. fyrir sitt leyti, að síðari hluti áætlanagerðarinnar fari fram, en í henni verður m. a. kannaður rekstrargrundvöllur fyrir þessum framkvæmdum og annað, sem máli skiptir í því sambandi. Þessum áætlunum mun verða lokið á árinu 1975, og þá, en ekki fyrr, verður ákvörðun tekin um framkvæmdir.

Frv. þessu, sem hér liggur fyrir, er skipt í 6 kafla, auk þess sem þar eru ákvæði til bráðabirgða.

I. kaflinn er um tilgang og yfirstjórn, og kem-

ur þar m. a. fram, að við þróun og skipulagningu ferðamála skuli bæði hafa hliðsjón af þjóðhagslegri hagkvæmni og umhverfisvernd.

Í II. kafla frv. er fjallað um ferðamálastofnun Íslands, en hún á að fara með stjórn ferðamála undir yfirstjórn samgrn. Ferðamálastofnunin verður til við sameiningu Ferðaskrifstofu ríkisins og ferðamálaráðs, þess sem nú starfar. Með sameiningu þessara tveggja stofnana er stuðlað að aukinni hagkvæmni, auk þess sem verkefnaskipting milli þeirra er ekki nægilega skýr samkv. gildandi l. Auk þessara verkefna, sem þessum tveimur stofnunum eru nú falin, er gert ráð fyrir ýmsum verkefnum varðandi skipulagningu ferðamála, þjónustustarfsemi, eftirliti og umhverfisvernd, sölustarfsemi, svo og ýmiss konar öðrum óskilgreindum verkefnum.

Í frv. er lagt til, að Ferðamálastofnuninni verði sett sérstök 5 manna stjórn og jafnframt sérstakur framkvæmdastjóri eða ferðamálastjóri, en hann mundi taka við verkefnum núverandi forstjóra Ferðaskrifstofu ríkisins og framkvæmdastjóra ferðamálaráðs, auk nýrra verkefna, sem honum yrðu falin.

III. kafli frv. fjallar um ferðamálafélög, ferðamálaþing og ferðamálaráð. Á síðari árum hafa víða risið upp sérstök ferðamálafélög, sem eru samtök einstaklinga, sveitarfélaga og annarra aðila, sem vinna að ferðamálum á því svæði, sem undir hvert félag heyrir. Þar sem fyrirsjáanlegt er, að þessum félögum á eftir að fjölga verulega á næstu árum, þykir rétt að hafa um þau sérstök ákvæði í l. Í stað ferðamálaráðstefna þeirra, sem haldnar hafa verið undanfarin ár á vegum ferðamálaráðs, er gert ráð fyrir, að haldin séu ferðamálaþing. Á þessum þingum eiga sæti ákveðnir fulltrúar þeirra félaga, stofnana og annarra aðila, sem ferðamál snerta á einhvern hátt. Í fskj. með frv. eru taldir upp nokkrir aðilar, sem rétt þykir, að eigi rétt til að tilnefna fulltrúa á ferðamálaþing. Þessi upptalning er þó engan veginn tæmandi.

Í 9. gr frv. er gert ráð fyrir, að ferðamálaþing kjósi til eins árs í senn 7 fulltrúa til setu í ferðamálaráði og jafnmarga til vara. Þetta er veruleg breyting á skipun ferðamálaráðs frá því, sem nú er. Samkvæmt frv. er ferðamálaráð ekki beint ráðgefandi fyrir yfirstjórn ferðamála, eins og nú er, heldur gætir skoðana þess og áhrifa fyrir atbeina þeirra tveggja fulltrúa, sem lagt er til, að ráðið eigi af þeim 5, sem sitja í stjórn Ferðamálastofnunar Íslands. Telja verður, að skipun ferðamálaráðs, eins og það er nú, sé of einhliða bundin við tiltölulega lítinn hluta þeirra aðila, sem hlut eiga að máli, og auk þess eiga neytendur engan fulltrúa í ráðinu. Það er því nauðsynlegt annaðhvort að fjölga mikið í ráðinu eða fara þá leið, sem frv. gerir ráð fyrir.

Í IV. kafla frv. er fjallað um almennar ferðaskrifstofur. Aðalbreytingarnar á þessum kafla frá gildandi l. eru þær, að tryggingarfé ferðaskrifstofa er hækkað nokkuð og möguleikar samgrn. til að stöðva rekstur ferðaskrifstofa eru rýmkaðir. Opinber afskipti af þessari starfsgrein umfram aðrar eru nauðsynleg og fyrst og fremst byggð á eðli starfseminnar.

Í V. kafla frv. er fjallað um Ferðamálasjóð. Þau ár, sem Ferðamálasjóður hefur starfað, mun hann hafa lánað til gisti- og veitingahúsa milli 90 og 100 millj. kr. Samkv. l. nú eru útlán Ferðamálasjóðs eingöngu bundin við gisti- og veitingastaði, og er hann því í rauninni fyrst og fremst hótellánasjóður. Með því frv., sem hér liggur fyrir, er gert ráð fyrir víðtækara starfssviði Ferðamálasjóðs en verið hefur, en í ljós hefur komið, að vissir þættir ferðamála hafa orðið útundan, þar sem Ferðamálasjóður hefur ekki heimild til að lána til þeirra, en aðrir aðilar hafa ekki talið sér það skylt. Einnig er gert ráð fyrir því í frv., að Ferðamálasjóður geti lagt óafturkræft fjármagn fram til endurbóta á hreinlætis- og snyrtiaðstöðu á fjölsóttum ferðamannastöðum utan alfaraleiða, svo og til annarrar umhverfisverndar, vegna umferðar ferðafólks. Þetta óafturkræfa framlag hefur hins vegar þótt rétt að takmarka við 10% af árlegum tekjum sjóðsins. Sjóðurinn hefur alla tíð haft lítið fé úr að spila til lána. Gert er ráð fyrir, að tekjuöflun sjóðsins aukist verulega, fái hann í sinn hluta tekna af aðgöngumiðagjaldi að vinveitingahúsum. Hins vegar er ekki gert ráð fyrir neinni hækkun á beinu framlagi ríkissjóðs til sjóðsins frá því, sem gert er ráð fyrir á fjárlögum næsta árs.

Loks eru ýmis ákvæði í VI. kafla. Þar er m. a. kveðið á um heimild handa ráðh. til að innheimta aðgangseyri af fjölsóttum ferðamannastöðum, sem eru í eign ríkisins, enda sé því fé, sem þannig aflast, varið til fegrunar og snyrtingar á viðkomandi stað.

Ég vil svo að lokum, herra forseti, aðeins segja það, að ég legg áherslu á það, að brýna nauðsyn ber til, að þetta frv. nái fram að ganga á yfirstandandi þingi, og það yrðu þeim, sem að ferðamálum vinna, mikil vonbrigði, ef svo yrði ekki, og til mikils tjóns fyrir æskilega þróun þessarar mikilvægu atvinnugreinar, en einnig fyrir íslenska umhverfisvernd, því hvort tveggja verður að haldast í hendur, ef vel á að fara. Þetta þýðir þó engan veginn, að ég telji ekki koma til greina að gera einhverjar breyt. á frv., á einstökum ákvæðum þess, sem kynnu að horfa til bóta að bestu manna yfirsýn.

Ég legg svo til, herra forseti, að málinu verði nú vísað til 2. umr. og hv. samgn. og vil treysta því, að hún taki það til meðferðar og afgreiðslu án mikillar tafar.

Helgi F. Seljan: Herra forseti. Það eru nokkrar almennar hugleiðingar um ferðamál, sem mig langar til að koma hér að við 1. umr. þessa máls. Um frv. sjálft fæ ég tækifæri til að fjalla ítarlega í hv. n., sem fær það til umsagnar, svo að ég mun ekki víkja mikið að einstökum atriðum þess.

Ísland sem ferðamannaland hefur lengi verið nokkuð almenn upphrópun ýmissa aðila hér á landi, og síst skal ég neita möguleikunum á því. Þessar hugmyndir hafa þó, að ég held, af allt of mörgum verið tengdar möguleikum til skjótfengins og auðfengins gróða og því um málið í heild, kosti þess og galla lítt verið hugsað af þeim sömu aðilum. Mikið kapp hefur verið lagt á það að laða hingað erlenda ferðamenn og með töluverðum árangri. Á sama tíma hafa ferð-

ir Íslendinga út í lönd stóraukist, og má nú svo heita, að sá þyki maður að minni, sem ekki hefur gist einhverja sólskinsparadísina í Suðurlöndum og það helst sem oftast, jafnvel árlega. Ferðir um landið sjálft hafa auðvitað aukist *einnig, en þær tilheyra þó hiklaust hinum lægri* stiga ferðalaga að áliti manna yfirleitt. Við hvoru tveggja þessara atriða, ferðamannastraum inn í landið og út úr því, vil ég gjalda nokkurn varhug. Í fyrsta lagi held ég, að við verðum að fara ákaflega varlega í því að laða hingað erlenda ferðamenn um of, þótt af því megi hafa gróða í augnablikinu. Í öðru *lagi held ég*, að Íslendingum væri hollt og raunar skylt að kynnast landi sínu og margrómuðum töfrum þess og fegurð, áður en þeir heimsækja Miðjarðarhafssæluna, sem reyndar kvað oft vera fólgin fyrst og fremst í öðru en náttúruskoðun og raunverulegri ferðaþrá.

Þetta tvennt vildi ég leyfa mér að segja að ætti að vera þau mottó að öllu skipulagi ferðamála, sem hér væri á komið, og sannarlega má sjá þess merki í þessu frv., sem hér liggur fyrir, að til þeirra sé tillit tekið.

Náttúruvernd, landgræðsla og varðveisla einstakra staða koma hér mjög inn í alla myndina. Öll þessi atriði þurfa að vera í fyrirrúmi, þegar um ferðamál og aukningu ferðalaga er rætt. Mér sýnist frv. þetta einnig taka tillit til þess, þó að e. t. v. mætti þar í sumu kveða fastar að orði.

Ég skal ekki vanmeta þær tekjur, beinar og óbeinar, sem við höfum og kunnum að geta haft af erlendum ferðamönnum. En því fylgja ýmis meiri háttar vandkvæði einnig. Aðstaðan til móttöku ferðamanna og þjónustu við þá víðs vegar um landið er hér alger sérkapituli, og að honum vík ég nánar síðar.

Eitt atriði er mér sérstaklega ofarlega í huga, en það er sú þjónusta við ferðamenn, sem oft virðist ærið hátt skrifuð, en þar á ég við möguleika þeirra til að eiga vinskap við Bakkus á sem fjölbreytilegastan og auðveldastan máta. Áfengisvandamál okkar Íslendinga eru nógu risavaxin, þótt ekki komi til sífelldur þrýstingur skammsýnna gróðamanna um rýmkanir og undanþágur frá gildandi áfengislögum í þjónustu þyrstra útlendinga. Ég hef kynnst lítils háttar einu slíku dæmi úti á landsbyggðinni, þar sem þjónusta við erlenda ferðamenn var höfð að yfirvarpi fyrir vínveitingaleyfi. Hafi einhverjum dottið í hug minni drykkja og siðfágaðri í því sambandi, þá hygg ég, að sá hinn sami hafi orðið fyrir verulegum vonbrigðum, enda staðreynd, að auknu frelsi í áfengismálum fylgir hvarvetna enn meiri drykkja, en líka meiri vandamál. En nóg um þetta, þótt um það mætti vissulega hafa mörg orð.

Ég minnti áðan á það, hve gersamlega óviðbúin við værum til að taka á móti auknum ferðamannastraumi, í raun ófær um það í dag að veita ferðafólki viðunandi þjónustu. Hér á ég ekki við lúxushótel með tilheyrandi börum og fleiru í þeim dúr. Ég á aðeins við þá undirstöðuþjónustu varðandi t. d. hreinlætisaðstöðu, sem víða er af skornum skammti eða alls engin. Oft hefur verið á það minnt, að engin slík aðstaða væri t. d. fyrir ferðafólk á leiðinni Mývatnssveit — Egilsstaðir, en víða mun svipuð dæmi vera að finna. Mér finnst einhvern veginn, að í öllu talinu um ferðamál hjá forsvarsmönnum þessara mála hafi hinn venjulegi ferðalangur gleymst um of, en meir verið að hinum hugað, sem kæmi hingað til að eiga rólega hóteldvöl, svolítið í átt við Mallorcaferðir okkar sjálfra.

Skynsamlegustu ábendingar um þjónustu, jafnt á ferðaleiðum sem einstökum eftirsóttum stöðum, sem ég hef heyrt, komu fram í umr. á Alþ. í fyrra um þetta frv. einmitt, þá frá hv. 1. þm. *Austf., þar sem hann ræddi einnig um fjölgun* þeirra staða, sem ferðafólk ætti greiðan aðgang að, og þykir mér einsýnt, að til þeirra ábendinga verði tekið fullt tillit við athugun frv. þessa í n., enda talar hér bæði mikill ferðagarpur og forustumaður um náttúruvernd, sem fyllsta ástæða er til að taka mikið mark á.

Ég held, að ýmis varnaðarorð ágætra manna um þá hættu af örtröð ferðamanna, sem gæti orðið hlutskipti okkar í framtíðinni, eigi fyllsta rétt á sér. Við eigum hins vegar að hlynna að þeim ferðalöngum, sem koma hingað beinlínis til að ferðast, skoða og fræðast, og það þarf að gera sem víðast, jafnhliða því sem það ætti að vera stolt okkar sjálfra að láta ferðalög hér innanlands sitja í fyrirrúmi fyrir sólarferðum til Suðurlanda, sem ég álít reyndar, að þyrfti blátt áfram að skattleggja í þágu innlendra heilbrigðra ferðamála, t. d. með því að greiða söluskatt af slíkum fargjöldum, sem ætti raunar að vera sjálfsagt hvað sem öllum ákvæðum líður í alþjóðasamningum. Þeim þarf þá hreinlega að fá breytt.

Ég skal ekki tala hér öllu lengra mál, enda er hér um svo viðamikið mál að ræða, að efni væri í margar ræður slíkar sem þessa. Aðeins hlýt ég að láta í ljós vonbrigði mín með þær fréttir, sem ég hef haft af ferðamálatillögum þeim, sem einhverjir erlendir sérfræðingar frá Sameinuðu þjóðunum kváðu hafa lagt fram. Þær eru í fljótu bragði miðaðar við allt önnur sjónarmið en þau, sem ég hefði viljað og tel að eigi að sitja í öndvegi í íslenskum ferðamálum. Mér þótti vænt um að heyra hæstv. ráðh. lýsa því hér yfir, að hæstv. ríkisstj. hefði ekki tekið neina afstöðu til þessara till. út af fyrir sig.

Ég hefði einnig viljað fá um það ótvíræð ákvæði í þetta frv., að þeir menn, sem gerst þekkja til náttúruverndar og annarra skyldra mála, ættu í ferðamálaráði sinn fasta fulltrúa, þótt ég hafi á því þá trú, að fram hjá þeim aðilum verði ekki gengið í vali ráðh. á mönnum í ráðið. Svo mikil áhersla er á þetta atriði lögð í frv. Þó væri e. t. v. betra að hafa hér um ótvíræð ákvæði.

Ég skal svo taka skýrt fram að lokum, að í flestum greinum tel ég frv. þetta þarft og gott, þó að ég áskilji mér allan rétt til brtt. við það.

Félmrh. (Björn Jónsson): Herra forseti. Það eru ekki mörg orð, sem ég hef ástæðu til að segja hér í framhaldi af ræðu hv. 6. landsk. þm. Ég er honum að miklu leyti sammála um flest af því, sem máli skipti í hans málflutningi. Ég

vil taka það fram, að ég tel, að aukinn ferðamannastraumur og raunar öll ferðamannaþjónusta verði að haldast í hendur við náttúruvernd og einmitt vernd þeirra verðmæta, sem ég álít á hinn bóginn, að við eigum að vera stoltir af að geta sýnt útlendingum með mannsæmandi hætti og aukið kynni þeirra af landi og þjóð og aukið eðlileg samskipti við umheiminn. Ég get líka verið honum sammála um það, að kannske væru sumar af þeim ferðum, sem farnar eru til sólarlanda, betur ófarnar. En ég held þó, að þar sem við búum á eylandi, gyrtu sjó, þar sem við eigum mjög erfitt og höfum engar leiðir aðrar en yfir hafið að sækja til þess að kynnast erlendum þjóðum, þá hljóti okkur öllum útþráin að vera meira og minna í blóð borin. Þess vegna vil ég ekki fordæma það, þótt menn stytti sér langan norðurheimskautsvetur með því að skjótast í nokkurra klukkutíma ferð til Mallorca, því að heimurinn er nú einu sinni þannig, að hann er alltaf að minnka, og fólk gerir auðvitað kröfu til að nota þá ferðatækni, sem fyrir hendi er.

Þó er aðeins eitt atriði, sem ég vil gera örlitla aths. við í máli hv. 6. landsk. þm. Ég er honum að vísu alveg sammála um, að það, sem hann kallar örtröð ferðamanna, er hlutur, sem er sjálfsagt og verður sjálfsagt að gjalda varhug við. Sannast mála er það, að okkar ferðamannaþjónustu hefur verið þannig farið að undanförnu, að það hefur verið um raunverulega örtröð að ræða á vissum stöðum, og þarf úr að bæta. Má t. d. nefna það, að örugglega meiri hluti af þeim erlendu ferðamönnum, sem koma til Íslands, fer til Gullfoss, og þar hefur til skamms tíma verið algert ófremdarástand fyrir þetta fólk til þess að geta komist á snyrtingar og annað því um líkt, sem hlýtur að fylgja heimsóknum á slíkan stað. Í undirbúningi er nú að bæta úr þessu, og ég vænti þess, að hv. fjvn. verði samgrn. innan handar um að fá nauðsynlegt fjármagn, til þess að hægt verði að koma þarna upp eðlilegri aðstöðu og einnig á nokkrum, tiltölulega fáum stöðum þó, þar sem orðið er mjög brýnt að gera hliðstæðar ráðstafanir á öræfum landsins. Hins vegar er ég þeirrar skoðunar, að hæfileg aukning ferðamanna og hæfilegur ferðam.straumur um landið og kannske ekki síst um hálendið eigi fyllilega samleið með eðlilegri náttúruvernd. Ég teldi það vera til mikilla bóta t. d. að opna öræfin, ekki aðeins fyrir útlendingum, heldur kannske fyrst og fremst fyrir okkur sjálfum, til þess að gera öllum almenningi auðveldara að njóta þeirrar dýrðar, sem þar er að sjá. En jafnframt því að opna t. d. allgreiðfærar bílaslóðir, sumarslóðir, um öræfin, þyrfti að setja mjög strangar reglur um það, að ekki mætti aka út fyrir þessar tilteknu leiðir, svo að það gæti ekki átt sér stað, sem nú á sér stað og hefur átt sér stað, að menn brjótist um á torfærubílum, hvert sem þeir eiginlega girnast að fara, og skilja eftir sig á öræfum landsins opin sár, sem eru lengi að gróa.

Eins og ég sagði áðan, eru einnig móttökuskilyrði ferðamanna, bæði innlendra og útlendra, á sumum stöðum þannig, að það verður ekki við það unað frá neinu sjónarmiði, hvorki frá sjónarmiði ferðamannanna sjálfra né almennri náttúruvernd, og þ. á m. eru sumir okkar þekktustu og frægustu ferðamannastaðir. En ég held, að einmitt eðlileg aðsókn erlendra ferðamanna muni frekar ýta á það, að úr þessu sé bætt, heldur en það sé hindrað.

Ég er ekki sömu skoðunar eins og hv. síðasti ræðumaður sagði, að nokkrir menn væru, að það sé hægt að taka sérstaklega auðtekinn og fljóttekinn gróða í sambandi við ferðamál. Ég held, að þau séu ekki þannig vaxin, að það sé auðgert. En hitt tel ég alveg eðlilegt, að ferðamannaþjónustan skili þeim arði til þjóðarinnar, að hægt sé að gera vissa hluti, bæði til þess að bæta fyrir aðstöðu ferðamannanna og til þess að auka náttúruvernd í landinu.

Að lokum svo aðeins vegna þess, sem hv. 6. landsk. þm. sagði, að hann hefði orðið fyrir miklum vonbrigðum með till. hins bandaríska fyrirtækis. Ég hef heyrt ýmiss konar gagnrýni á þær till. og ætla ekki á þessu stigi að dæma þær. Ég held, að það sé ýmislegt í þeim, sem við getum lært af og haft hliðsjón af í sambandi við okkar aðgerðir. Ég tek þær ekki sem neinn úrslitadóm um það, hvað við eigum að gera í þessum málum. En fyrst og fremst hef ég heyrt þá gagnrýni á till. þess bandaríska fyrirtækis, sem vann þetta verk á vegum Sameinuðu þjóðanna, að þar væru of miklar framkvæmdir á höfuðborgarsvæðinu, en of litlar um landið, og þetta á vafalaust við nokkur rök að styðjast. Hitt er svo annað mál, að í því sambandi verðum við að gæta þess, að við aukum ekki ferðamannastrauminn og tæplega höldum honum við, nema við höfum aðstöðu til þess að hýsa flesta erlenda gesti, sem hingað koma til landsins, á höfuðborgarsvæðinu. Samgöngum okkar við útlönd er þannig háttað, a. m. k. nú og verður þannig trúlega um einhverja verulega ófyrirséða framtíð, að þær eru við Reykjanes- og Reykjavíkursvæðið. Hingað koma menn, og héðan fara menn, þegar þeir eru að ferðast til og frá landinu, og ef við eigum að fá aukna ferðamannaþjónustu út um landið, sem ég veit, að margir hafa áhuga á, þá verður auðvitað ekki hjá því komist að víkka þann flöskuháls, sem er í ferðamannaþjónustunni, en hann er kannske ekki hvað síst hótelrými hér í höfuðborginni. Ég er ekki þeirrar skoðunar, að hægt sé að jafna því saman við Mallorcadvöl, þó að hér væri sköpuð gistiaðstaða til að hýsa almennt erlenda ferðamenn, sem hingað koma, í 2—3 nætur hvern að meðaltali, kannske enn þá minna. En til þess er tæpast aðstaða, eins og nú standa sakir.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 12 shlj. atkv. og til samgn. með 12 shlj. atkv.

Skipti á dánarbúum og félagsbúum, frv. (þskj. 28). — 3. umr.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 14 shlj. atkv. og afgr. til Nd.

Vegalög, frv. (þskj. 135). — 1. umr.

Flm. (Ásgeir Bjarnason): Herra forseti. Ég flyt hér frv. um breyt. á vegal. ásamt þeim hv. 4. þm. Sunnl., hv. 4. þm. Vestf. og hv. 3. þm. Austf. Frv. þetta fjallar einkum um fjáröflun til sýsluvega.

Það má segja, að 1. og 2. gr. þessa frv. sé til leiðréttingar á því misræmi, sem hefur komið í ljós við framkvæmd vegal., en það er, að einstaka bændur verða að kosta vegi heim til sín, sem eru allt að því 399 metra langir, þótt aðalreglan sé sú, að þeir kosti fyrstu 200 metrana. Ákvæði þessi í vegal. hafa orðið þannig í framkvæmd, að sýsluvegum hafa tilheyrt 200 m langir vegir, þ. e. a. s. hafi vegurinn verið það langur umfram það, sem tilheyrir bóndanum, en ef hann hefur ekki náð 200 m hefur það, sem er innan við 400 m, fallið í hlut bóndans að kosta til viðbótar við sína 200 metra, og hefur það getað þýtt tvöföldun á kostnaði við vegarlagningu hjá hlutaðeigandi aðila, ef aðstæður hafa verið þannig. Ég hygg, að það hafi ekki verið meiningin í upphafi, þegar vegalög voru sett, að þetta misræmi félli á hlutaðeigandi bændur, og því eru þessar breytingar gerðar á 19. og 20. gr. vegal. til leiðréttingar á þeim misskilningi, sem orðið hefur á þessum málum í framkvæmdinni. Ég hygg, að hér sé ekki um stórar upphæðir að ræða fyrir vegagerðina sem slíka, en einstaka bændur getur munað þetta allmiklu.

Aðalbreytingin, sem í frv. þessu felst, er í 3. og 4. gr. frv., um að efla sýsluvegasjóðina. Sýslunefndir þær, sem þess óska, geta hækkað framlög sín um allt að 100% umfram það, sem gert er ráð fyrir í vegal., en þar er ákveðið, að framlag til sýsluvegasjóða skuli bundið við andvirði þriggja stunda dagvinnutaxta 1. des., áður en gjöldin eru á lögð, af hverjum íbúa í hlutaðeigandi sýslu. Það er þriggja stunda dagvinnufjöldi og íbúatalan, sem ræður framlagi sýslnanna. En á móti kemur í heild framlag ríkisins, sem skal eigi vera lægra en tvöfalt framlag það, er frá sýslunum kemur.

Ef við lítum á þær skýrslur, sem fylgja með grg. þessa frv., er eftirtektarvert, að sýsluvegakerfi landsins tilheyra 2820 km, og lætur nærri, að það sé fjórði hlutinn af öllu vegakerfi landsins. En þó er það svo í reynd, að sýsluvegasjóðir ráða ekki yfir fjármagni nema sem svarar ⅛ hluta af því fjármagni, sem til vegaframkvæmda fer. Það þarf því engan að undra, þótt allvíða gangi seint að byggja upp sýsluvegi, þegar þau mál eru skoðuð niður í kjölinn.

Ef við lítum á einstakar sýslur og tökum þær, þar sem andstæðurnar eru mestar, kemur í ljós, að Gullbringusýsla hefur aðeins 23 km langa sýsluvegi, en sú sýslan, sem hefur lengsta sýsluvegi að sjá um, Norður-Múlasýsla, hefur 251 km. Á þessu er mikill munur og ekki síst ef við höfum það í huga, að í Norður-Múlasýslu eru íbúar rúmlega 2000 á móti nær 9000 í Gullbringusýslu.

Eins og ég gat um áðan, eru tekjur sýsluvegasjóða byggðar á fólksfjölda, andvirði þriggja stunda dagvinnutaxta á íbúa, og auk þess nokkur fasteignaskattur, sem í flestum sýslum landsins er tiltölulega lítill. Gefur því auga leið, að það veitist íbúum Gullbringusýslu mun léttara að standa vel að vegagerð á rúmum 23 km, jafnframt því sem það hlýtur að vera mjög erfitt fyrir Norður-Mýlinga að standa að vegagerð á 251 km, og á milli þessa eru öll önnur sýslufélög landsins með mjög misjafna íbúatölu og þar af leiðandi, þótt ekki sé annað haft í huga, mjög misjafna aðstöðu til þess að byggja upp sitt vegakerfi. En tilgangur þessa frv. er sá, að þau sýslufélög, sem þess þurfa með og vilja leggja meira á sig í vegagerð, fái heimild til þess samkv. þessu frv., samhliða því sem ríkinu er lögð sú skylda á herðar að veita aldrei minna á móti þessu aukaframlagi, sem heimildin nær til, en sem nemur tvöföldu framlagi hlutaðeigandi sýslu. Það mun ekki af þessu framlagi veita, þegar það er haft í huga, að bæði uppbygging þessara vega og viðhald veganna sjálfra er geysimikið og erfitt fyrir sýsluvegasjóðina að rísa undir.

Sjálfsagt má fara ýmsar aðrar leiðir til þess að leiðrétta það misræmi, sem hér er annars vegar á milli sýsluvega og hins vegar á milli þjóðvegakerfis landsins. Það mætti hugsa sér þá leið, að þjóðvegakerfið tæki að sér sýsluvegina. En ég held, að það yrði ekki alls staðar til frádráttar sýsluvegakerfinu, ekki síst þegar það er haft í huga, að þjóðvegakerfið er misjafnlega á sig komið í hinum einstöku landshlutum. En sá hlutinn, sem hæstu upphæðirnar fara til á vegum landsins, eru svokallaðar hraðbrautir. Má segja, að þær taki megnið af því fjármagni, sem fer til nýbygginga vega í landinu. Um það er að sjálfsögðu ekki nema gott eitt að segja. En það má þó ekki verða um of á kostnað hinna vondu vega víðs vegar úti á landsbyggðinni.

Það eru margar sýslunefndir, sem hafa rætt þessi mál á sýslufundum og gert um þau ályktanir, og vil ég þar nefna sýslunefnd Dalasýslu, sýslunefnd Snæfellsnessýslu, sýslunefndir Múlasýslna, sýslunefnd Rangárvallasýslu og margar fleiri.

Ég vonast til þess, að hv. alþm. geti stutt þetta frv. eða þá einhverjar aðrar leiðir, sem stefna í svipaða átt og geta orðið til framdráttar sýsluvegakerfi landsins. Að öðru leyti ætla ég ekki að ræða um þetta frv. nú, nema sérstakt tilefni gefist til, en vísa til grg. frv.

Ég legg til, herra forseti, að frv. verði vísað til 2. umr. að þessari umr. lokinni og til hv. samgn.

Björn Fr. Björnsson: Herra forseti. Ég hef ekki miklu við að bæta ræðu 1. flm þess frv., sem hér liggur fyrir til umr. Þó vildi ég taka fram örfá atriði.

Það verður að segja, eins og síðasti ræðumaður drap á, að í algjört óefni er víða komið í sýsluvegamálum. Sýsluvegir eru að sjálfsögðu ekki síður notaðir af stærri og minni farartækjum heldur en þjóðvegirnir. Þar fara um hinir þyngstu bílar, mjólkurbílar, olíuflutningabílar og sitthvað fleira af þyngri ökutækjum, fyrir utan aðra minni bíla, og þessi umferð er allan ársins hring. Og það er alveg víst, að ef ekki verður

bætt stórlega við tekjustofna til sýsluvegasjóðs, þá fer svo, að sýsluvegakerfið getur gjörsamlega brotnað niður. Eins og er, og fram hefur verið tekið, eru hreppaframlögin langt undir skynsamlegu og eðlilegu lágmarki. Og ef þau verða ekki hækkuð, þá þarf ekki að búast við því, að tekið verði til hækkunar það framlag, sem frá ríkissjóði kemur. Og því frv., sem hér liggur fyrir, er einmitt ætlað að koma á nokkurri lagfæringu, þótt hún sé að minni hyggju og sjálfsagt okkar allra flm. frv. hvergi nærri nóg, en þó skref til réttrar áttar. En hinn höfuðtekjustofn sýsluvegasjóða er svo ríkisframlagið, og það er í flestum tilfellum svo naumt, að það tekur varla tali. Þar þarf líka að ráða stórtæka bót á, ef sæmilega á að fara. Það er að sjálfsögðu algert lágmark, verði þetta frv. að lögum, að ríkissjóðsframlagið verði a. m. k. hlutfallslega hækkað.

Í minni sýslu, Rangárvallasýslu, eru 155 sýsluvegir, og lengd þeirra er um 250 km, eða réttir 248 km. Framlög 11 hreppa, sem standa að sýsluvegasjóði í þessu héraði, á árinu 1972 910 þús. kr. og ríkisframlagið 1 millj. 965 þús. kr., þannig að sýsluvegasjóður hefur fjármagn til þess að deila út til allra þessara vega á árinu 1972 samtals 2 millj. 800 þús. kr. rúmlega. Þetta er að sjálfsögðu upphæð, sem öllum þm. hlýtur að liggja í augum uppi, að er allt of lág. Upphæðin samanlögð nær ekki kaupverði meðalvörubíls. Í annarri sýslu, Árnessýslu, er vegalengd sýsluvega sennilega öllu meiri en í Rangárvallasýslu. Þar er tillag hreppa, sem eru 18 talsins, 1 millj. 833 þús. kr., en ríkisframlagið þar á móti 2 millj. 138 þús. kr., og er þá miðað við árið 1972. Í raun og veru segja þessar tölur, sem ég hef drepið hér á, sína sögu og að hér verður að bæta úr og það fyrr en seinna.

Um aðra tekjustofna er í raun og veru ekki að ræða en þetta hreppaframlag annars vegar og ríkisframlagið hins vegar. Þessir tveir tekjustofnar eiga að standa undir öllu vegaviðhaldinu og endurbyggingu sýsluvega, sem víðast hvar er mikil þörf fyrir. Þriðji tekjustofninn er til í löggjöfinni, fasteignaskattur til sýsluvegasjóðs, en um hann þarf varla að tala. Í Árnessýslu t. d., þar sem mikið er um sumarbústaði og önnur hýsi, sem eiga að greiða til sýsluvegasjóðs fasteignaskatt, er það svo, að það þykir ekki ómaksins vert að innheimta þennan fasteignaskatt. En hann mun vera á áætlun Árnessýslu fyrir árið 1973 um 200 þús. kr. alls, en þar eru um 1000 fasteignagjaldendur, eða 200 kr. á hvern gjaldanda að meðaltali.

Er alveg auðsætt, að hér þarf að stinga við fæti og bjarga þessum hluta vegakerfisins úr mjög alvarlegri hættu. Og með frv., eins og ég sagði áðan, er stigið spor í þá átt, þó að skammt nái að minni hyggju, ef ríkið kemur þá ekki að sínu leyti á móti og sýnir áþreifanlega viðleitni í því efni að leggja af sinni hálfu margfalt meira fjármagn fram en verið hefur. Og þess er að vænta, að þegar vegaáætlun verður tekin til endurskoðunar, verði vikið að þessum þætti vegamála. Og þm. verða að taka til mjög alvarlegrar yfirvegunar, í hverju horfi þessi hluti vega í okkar landi er, og þá er ég viss um, að augu þm. almennt munu opnast fyrir því, að hér þurfi að leggja fram framlag, sem nemur verulega hárri fjárhæð. Ég er í engum vafa um það, og ég vænti þess, að þegar að því kemur, að vegaáætlun verður endurskoðuð, þá komi sýsluvegir til íhugunar. Ég vildi því aðeins láta þessi fáu orð fylgja, þegar um svo veigamikið mál ræðir sem þetta er í raun og veru.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 14 shlj. atkv. og til samgn. með 14. shlj. atkv.

Neðri deild, 26. fundur.

Miðvikudaginn 21. nóv., kl. 2. miðdegis.

Samningur milli Íslands, Danmerkur, Finnlands, Noregs og Svíþjóðar um skrifstofur Ráðherranefndar Norðurlanda og skrifstofu stjórnarnefndar Norðurlandaráðs, frv. (þskj. 72). — 1. umr.

Utanrrh. (Einar Ágústsson): Herra forseti. Ráðherranefnd Norðurlanda samþykkti á fundi sínum í Helsinki hinn 18. febr. 1972 að stofna fasta skrifstofu fyrir norræn samstarfsmálefni, og skyldu starfa þar embættismenn, sem óháðir væru ríkisstjórnum heimaríkja sinna. Ráðherranefndin setti eftirfarandi rammaákvæði um starfsemi skrifstofanna: Þær skulu aðstoða ráðherranefndina við meðferð norrænna samstarfsmálefna. Þær skulu vera til aðstoðar við framkvæmd á þeim rannsóknum, sem ráðherranefndin óskar eftir, að gerðar séu, og framkvæma þær umfangsminni athuganir, sem liggja þurfa til grundvallar við ákvarðanatöku ráðherranefndarinnar. Á fundi sínum í Osló hinn 17. og 18. febr. 1973 samþykkti ráðherranefndin reglur um starfssvið skrifstofanna, sem eru í samræmi við framangreind rammaákvæði. Auk þess veita þessar reglur skrifstofunum svigrúm til þess að eiga sjálfar frumkvæði að þessum samstarfsverkefnum.

Samningur þessi tekur til skrifstofu ráðherranefndarinnar í Osló, sem hóf starfsemi sína til bráðabirgða 1. júní 1972 með einum starfsmanni frá hverju Norðurlanda. Enn fremur tekur hann til skrifstofanna í Kaupmannahöfn fyrir norrænt menningarmálasamstarf, sem áður hafði verið komið á fót, og öðlast þessar skrifstofur þar með báðar sömu réttarstöðu. Svipar henni að mörgu leyti til þeirrar réttarstöðu, sem alþjóðastofnanir njóta.

Þetta frv. er flutt til þess að afla ríkisstj. heimildar til að fullgilda þennan samning, sem ég hef nú gert grein fyrir í örstuttu máli. Frv. er komið frá hv. Ed., þar sem það fékk skjóta og samhljóða afgreiðslu, og vona ég, að svo geti einnig farið í þessari hv. d. Ég legg til, herra forseti, að frv. verði vísað til 2. umr., og hv. allshn.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 24 shlj. atkv. og til allshn. með 24 shlj. atkv.

Verslunarbanki Íslands, frv. (þskj. 39, n. 133). — 2. umr.

Frsm. (Vilhjálmur Hjálmarsson): Herra forsetj. Fjh.- og viðskn. hefur athugað þetta frv. Það var kynnt hér við 1. umr. í hv. d., og þarf ekki að rifja það upp, sem þá var sagt. N. leggur til, að frv. verði samþ.

ATKVGR.

1. gr. samþ. með 24 shlj. atkv.
2. gr. samþ. með 25 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 25. shlj. atkv.

Lántökuheimild vegna framkvæmda- og fjáröflunaráætlunar 1973, frv. (þskj. 129). — 1. umr.

Fjmrh. (Halldór E. Sigurðsson): Herra forseti. Frv. á þskj. 127 er um lántökuheimild vegna framkvæmda- og fjáröflunaráætlunarinnar. Frv. er flutt til staðfestingar á brbl., sem sett voru í sept., um heimild fyrir erlenda lántöku allt að 1400 millj. kr. eða jafnvirði þess í erlendri mynt. Brbl. voru sett, þegar útlit var fyrir, að ná mætti hagstæðu láni í frönskum bönkum á markaði þar í landi. Svo fór, að hreyfing, sem varð á gengi frankans á markaði um þessar mundir, kom í veg fyrir þá lántöku. Síðan fékkst lán, rúmlega 1300 millj. kr., með vernduðu gengi nokkurra Evrópumynta. Heimildir til þessarar lántöku voru í raun og veru til: í l. um Framkvæmdastofnunina, um lántöku vegna framkvæmda- og fjáröflunaráætlunar og heimildarlögum um togarakaup. Hins vegar þótti óæskilegt, að lán, sem boðið væri út á almennum markaði, eins og þetta, byggðist á slíku safni heimilda, og því var þeim steypt saman með þessum hætti. Af fjárhæðinni rennur um 800 millj. kr. til Framkvæmdasjóðs í samræmi við framkvæmdaáætlun, 273 millj. kr. til ríkisframkvæmda, sömuleiðis samkv. framkvæmdaáætlun, og um 150 millj. kr. til að fjármagna síðasta japanska togarann. Ætlunin er að nota síðan óráðstafaða hluta lánsins til að fjármagna útgjöld ríkissjóðs vegna togarakaupa samkv. l. nr. 40 1970 sbr. lög nr. 78 1972, um kaup á skuttogurum.

Áður en þessi brbl. voru gefin út í sumar, hafði ég m. a. samband við formenn stjórnarandandstöðuflokkanna, þingflokkanna, um þessa brbl.-útgáfu, og var það álit þeirra að við hana hefðu þeir ekkert að athuga, enda voru, eins og ég hef áður tekið fram, til þær heimildir, sem hér er um að ræða. Var aðeins verið að safna þeim saman í eina heild til þess að gera útboðið aðgengilegt.

Ég legg til, herra forseti, að að lokinni þessari umr. verði frv. vísað til 2. umr. og hv. fjh.- og viðskn.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 25 shlj. atkv. og til fjh.- og viðskn. með 25 shlj. atkv.

Almenn hegningarlög, frv. (þskj. 79). — 1. umr.

Forsrh. (Ólafur Jóhannesson): Herra forseti. Það frv., sem hér liggur fyrir á þskj. 79, fjallar um vernd manna gegn því, að veist sé að þeim á opinberum vettvangi vegna þjóðernis þeirra, litarháttar, kynþáttar eða trúarbragða.

Tilefni þess, að hér er lagt til, að sett verði sérákvæði í almennum hegningarl. um þetta efni, er, að Ísland hefur gerst aðili að samningi Sameinuðu þjóðanna frá 21. des. 1965 um útrýmingu alls Kynþáttamisréttis. Samningur þessi var fullgiltur af Íslands hálfu 13. mars 1967, en hann tók gildi 4. jan. 1969. Vegna aðildar Íslands að samningnum var hegningarlaganefnd svokallaðri falið að gera könnun á hverra breytinga væri þörf á íslenskum refsilögum, og er frv. það, sem hér liggur fyrir, árangur af þeirri athugun.

Samkv. 4. gr. samningsins skuldbindur aðildarríki sig til að lýsa refsiverða hvers konar starfsemi, sem útbreiðir skoðanir um yfirburði eins kynþáttar yfir annan, svo og starfsemi, sem hvetur til kynþáttamismunar eða til ofbeldisverka gagnvart kynþætti eða tilteknum hópi manna vegna litarháttar þeirra eða þjóðernis.

Þó að það hafi, sem betur fer, ekki kveðið mikið að því hér á landi, að veist hafi verið að mönnum vegna kynþáttar, litarháttar eða þjóðernis, þykir sjálfsagt og er skylda að fullnægja þeim samningi, sem Ísland hefur gerst aðili að, með því að taka ákvæði um þetta í lög. En það er ekki talin þörf á frekari lagasetningu en þeirri, sem hér liggur fyrir, um þetta efni til þess að fullnægja ákvæðum þessa samnings, sem ég nefndi.

Samkv. frv.-textanum varðar einungis háttsemi, sem beinist að hópi manna, refsingu, en ummæli, myndagerð eða því um líkt, sem beint er að einstaklingi, varðar við ákvæðið, ef með því er gefið til kynna háð, smánun eða rógur um ákveðinn hóp eða flokk manna. Þá er í leiðinni tekið upp í frv.-textann ákvæði, sem ekki snertir framangreindan samning. Í norrænum refsilögum hafa um nokkurt skeið verið refsiákvæði um atlögur að hópi manna vegna trúarbragða. Slíkt ákvæði hefur skort í íslensk hegningarlög, og hefur hegningarlaganefnd talið ástæðu þess vegna til að fella ákvæði um þetta efni inn í frv.-textann, enda þótt ég telji, að það megi segja, að Íslendingar, sem betur fer, séu svo frjálslyndir í trúarefnum, að það hafi ekki heldur kveðið að neins konar ofbeldisárásum út af þeim hér á landi á síðari árum, þó að slíkt þekktist og ekki þurfi að fara óskaplega mörg ár aftur í tímann, en sem betur fer er það úr sögunni. Samt sem áður hefur þótt rétt að taka þetta upp í frv., og ég hef auðvitað í því efni farið eftir till. hegningarlaganefndar .

Herra forseti. Ég sé ekki ástæðu til að fara fleiri orðum um þetta frv. Það skýrir sig sjálft. Þar að auki fylgir því alveg sérlega ítarleg grg., sem samin er af hegningarlaganefndinni, og raunar fylgir ennþá ítarlegri grg., sem ekki þótti fært af hagkvæmnisástæðum og sparnaðar að prenta alveg óstytta með frv. Er sú grg., sem hér fylgir með, eins og ég sagði, aðeins útdráttur úr þeirri fyllri grg., sem fylgdi þessu stutta

frv. Frv. hefur gengið í gegnum Ed. og verið samþ. þar óbreytt. Ég leyfi mér að óska eftir því, að því verði vísað til 2. umr. hér og hv. allshn.

Guðlaugur Gíslason: Herra forseti. Ég ætla ekki að ræða efni þess frv., sem hér liggur fyrir, en mig langaði í sambandi við fyrirhugaða breytingu á almennum hegningarl. að beina fsp. til hæstv. forsrh., en það er í sambandi við, hvort ekki þurfi enn frekar að endurskoða hegningarl. að því er varðar sölu og dreifingu eiturlyfja. Ég verð að viðurkenna, að ég er ekki það fróður um hegningarl, að ég muni, hver þau viðurlög eru, en mér hefur skilist af skrifum, sem um þetta hafa orðið, að það þyrfti án efa frekari endurskoðunar við en gerð hefur verið, ef menn gerast brotlegir að þessu leyti. Ég hygg, að þm. almennt séu um það sammála, að þetta sé kannske eitt hið alvarlegasta brot á hegningarl. eða eitt af þeim alvarlegustu, sem hægt er að fremja. Þess vegna vil ég leyfa mér að spyrjast fyrir um það hjá hæstv. forsrh., hvort hann teldi ekki, að frekari breytingar þyrftu að verða á þeim l. en nú eru.

Forsrh. (Ólafur Jóhannesson): Herra forseti. Um það efni, sem hv. þm. Guðlaugur Gíslason minntist á, gilda sérlög, en það kann að vera, þó að ég hafi það ekki alveg í huga samt, að einhver brot viðvíkjandi þeim verknaði, sem hann minntist á, geti fallið undir almenn hegningarlög. Hvað sem því líður, má sjálfsagt athuga, hvort ekki sé rétt að fela það undir almenn hegningarlög. Ég skal koma því á framfæri við þá hegningarlaganefnd, sem er að starfi. Ég endurtek, að það er sérstök löggjöf fyrst og fremst, sem fjallar um eiturlyf og meðferð þeirra, og svo var auk þess, eins og menn minnast, settur á fót sérstakur og sérstæður dómstóll, til bráðabirgða a. m. k., til þess að fjalla um þessi mál. Reynslan virðist sýna, að þess hafi verið full þörf, þar sem verkefni hafa hlaðist mjög að þessum dómi að undanförnu, og það virðist vera svo, að misferli, sem um er að tefla í sambandi við þessi mál, sé miklu meira og alvarlegra en menn höfðu gert ráð fyrir. En ég held, að það sé rétt að taka fram, að þó að það geti um sum tilvikin og suma þá þátttakendur, sem þar er um að tefla, verið full ástæða til þess að beita mjög ströngum refsiákvæðum, þá held ég, að vandamálið sjálft, sem þarna er um að ræða, þurfi fyrst og fremst annarrar lækningar við og annarra viðbragða við en beint refsingar, þó að, eins og ég sagði, það sé sjálfsagt, að hún eigi hinn fyllsta rétt á sér og eigi auðvitað að beita henni gagnvart sumum þeim, sem fást við þetta, eins og t. d. sumum þeim, sem gera sér það að atvinnu að selja þessi efni og útbreiða.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 24 shlj. atkv. og til allshn. með 24 shlj. atkv.

Félagsmálaskóli launþegasamtakanna, frv. (þskj. 63). — 1. umr.

Flm. (Pétur Sigurðsson): Herra forseti. Frv. það, sem hér er til umr. og ég hef leyft mér að flytja ásamt hv. 2. landsk. þm. og hv. 4. þm. Austf., er gamall kunningi okkar hér í Nd. Alþ. En það má segja, að allt frá árinu 1960 hafi það verið flutt öðru hverju í litið breyttri mynd, en á því ári minnist ég þess, að það var flutt fyrst í minni þingmannstíð af hv. þm. Hannibal Valdimarssyni, 3. þm. Vestf., sem þá var forseti Alþýðusambands Íslands. Frv. var svo flutt með nokkrum hléum allt fram að 1970, og síðustu árin var ég meðflm. að frv. með þeim virðulega þm., sem hafði flutt það áður fyrr.

Á þinginu 1971-1972 flutti ég þetta frv., með nokkrum breytingum þó, og voru breytingarnar helstar þær, að í stjórnina, sem að skólanum átti að standa, og í tölu aðila að skólanum voru tekin önnur launþegasamtök í landinu hin helstu, önnur en Alþýðusamband Íslands, og á ég þá að sjálfsögðu við svo sem kemur fram í frv. sjálfu, Farmanna- og fiskimannasamband Íslands og Bandalag starfsmanna ríkis og bæja.

Með hliðsjón af því, sem ég hef þegar sagt, að þetta frv. sé gamall kunningi okkar hér í d., sé ég ekki ástæðu til að fylgja því itarlega úr hlaði, enda hefur það margoft verið gert. Hins vegar bendi ég á það, sem segir í grg., að tilgangurinn er auðvitað hinn sami og var frá byrjun, allt frá því að hv. 3. þm. Vestf., Hannibal Valdimarsson, flutti þetta frv., að skapa starfandi og verðandi forustumönnum verkalýðshreyfingarinnar, áhugamönnum um störf hennar og hverjum félaga hennar, sem njóta vill, möguleika til haldgóðrar fræðslu í þeim greinum, sem tengdastar eru starfi alþýðusamtakanna. Ég held, eins og áður kom fram í sambandi við þetta hið sama frv., að það sé skylda þjóðfélagsins við verkalýðsstéttina að veita henni tækifæri til þessarar fræðslu, sem henni er nauðsynleg og þjóðfélaginu líka, til þess að hægt sé fyrir hana að rækja sitt félagslega hlutverk, um leið og samtökin eru efld og þroskuð.

Ég hef áður minnst á það hér á hv. Alþ. í sambandi við annað mál, sem hér var þá til umr., en það var Háskóli Íslands og hans starf, að í sjálfu sér hefur Háskóli Íslands algerlega brugðist okkar þjóð í því að koma til hennar. Þeir, sem þar hafa stjórnað, hafa alltaf talið, að þjóðin ætti að koma til þess skóla, en við, sem þekkjum nokkuð til starfsemi verkalýðssamtaka í okkar nágrannalöndum, bæði austan hafs og vestan, vitum, að æðstu menntastofnanir þjóða hafa lagt mikið af mörkum til að uppfræða þá menn, sem vissulega bera mikla ábyrgð í þjóðfélaginu og þjóðfélagsstörfum öllum, og á ég þar að sjálfsögðu við þá, sem takast á hendur að vera í forsvari í hinum almennu verkalýðsfélögum. Þetta hefur verið gert í æðstu menntastofnunum okkar nágrannaþjóða, en hér hefur þetta algerlega brugðist hvað viðvíkur Háskóla Íslands.

Vera má, að slíkur skóli, þótt ekki verði í öðru formi en lagt er til í þessu frv., megi verða til þess, að starf þeirra manna, sem þarna eiga að njóta kennslu, geti orðið eftir á þjóðinni til frekara gagns en kannske talið er, að sé oft nú á

tímum, og ef það gæti orðið, þá veit ég, að vel er að verið að samþykkt þessa frv.

Ég tel ekki, herra forseti, ástæðu til þess að hafa fleiri orð um frv. Eins og ég tók fram áðan, hefur það verið margrætt hér áður, og margir hafa haft góð orð um að koma slíkum skóla á stofn, þótt ekki hafi orðið enn. Ég vil leyfa mér að leggja til, að að lokinni þessari umr. verði frv. vísað til 2. umr. og menntmn.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 22 shlj. atkv. og til menntmn. með 23 shlj. atkv.

Orlof, frv. (þskj. 71). — 1. umr.

Flm. (Pétur Sigurðsson): Herra forseti. Frv. þetta, sem ég flyt og er á þskj. 71, er um lítils háttar breyt. á l. um orlof. Hún er á þá leið efnislega, að skólafólki, sem stundar nám við viðurkennda skóla, verði heimilt að taka orlof sitt utan hins lögbundna orlofstímabils.

Frv. þetta er flutt að beiðni Sjómannafélags Reykjavíkur, en ástæða þess, að það félag óskaði eftir þessari breytingu, var ósk nemenda úr Stýrimannaskólanum hér í Reykjavík og reyndar Stýrimannaskólanum í Vestmannaeyjum, sem nú er staðsettur í Reykjavík, en eins og kemur fram í grg., þá eru þessir menn að fara til vinnu og vinna stuttan tíma á hverju sumri, en falla ekki undir það, sem verður að teljast meginsjónarmið orlofslaganna, að veita hvíld því verkafólki, sem vinnur hörðum höndum allt árið. Legg ég til, að gerð verði breyting á löggjöf um orlof sem var samþ. fyrir tæpum tveimur árum. Reglugerðin er það ný, að hún er aðeins síðan um mitt ár í fyrra. Hvorki í l. né reglugerðinni eru ákvæði um skólafólk. Og eins og ég bendi á í grg., þá er þetta ekki rétt. Ég er ekki að sakast við þá, sem sömdu þessi lög. Það er kannske miklu frekar um að sakast við okkur alþm., sem höfðum þetta mál til umr. í báðum d., vegna þess að það er kannske á fáum stöðum, sem oftar er haft á orði, hvað þessi hluti okkar vinnuafls sé þýðingarmikill fyrir okkar atvinnuvegi skólafólkið.

Ég hef tekið það fram margoft, bæði hér á Alþingi, þegar þessi lög voru til umr., og reyndar víðar, að ég hafi verið mjög fylgjandi því meginsjónarmiði, sem kom fram í þessum nýju orlofslögum, því sjónarmiði, að vegna hins mjög langa vinnudags hjá öllu verkafólki þyrfti að sjá svo um, að ekki væri aðeins réttur hjá verkafólki til þess að taka sér frí, heldur þyrfti líka að sjá svo um, að þetta fólk tæki sér frí og færi í frí og fengi þar af leiðandi nauðsynlega hvíld og hressingu í sínu fríi. Þegar þetta er haft í huga, er augljóst, að hagsmunir skólafólks, sem vinnur aðeins kannske um þrjá mánuði á ári hverju, fara ekki saman við hagsmuni þess fólks, sem vinnur allt árið utan síns lögboðna orlofs. Þessir nemendur, — og ég t. d. hef tekið sem dæmi í grg. með frv. þessu nemendur úr Stýrimannaskólanum og reyndar líka Vélskólanum, — eru margir hverjir fjölskyldufeður, og þeir eru að keppast við að ljúka sínu námi á sem skemmstum tíma. Þeir þurfa að nota tímann á milli hins eiginlega skólanáms í sitt verklega nám, en samkv. gildandi l. þurfa þeir að skila ákveðnum tíma við verklegt nám á skipum. Þeir þurfa að vera lögskráðir á skipin til þess að hljóta þau réttindi, sem þeir stefna að, og þeir eru ekki aðeins að stuðla að því, að okkar floti geti gengið, heldur líka að leysa vandamál, sem við höfum margoft rætt hér á Alþ., og þar á ég við hið hvimleiða undanþáguvandamál, þar sem réttindalausum og kunnáttulausum mönnum oft og tíðum eru gefin með einum ráðherraúrskurði, eða ráðuneytisbréfi leyfi til þess að fara með störf þeirra manna, sem að öllu venjulegu þurfa á löngu skólanámi að halda til þess að öðlast þá þekkingu og kunnáttu, sem talin er þörf á, og um leið þurfa langan tíma í starfi til að öðlast hina verklegu þekkingu og menntun.

Ég er sannfærður um, að þetta kemur ekki aðeins þessum mönnum til góða sem einstaklingum í þessum skólum, sem ég hef minnst á, þetta mun auðvitað vera til góðs öllum öðrum skólanemendum. Ég vænti þess, að hv. alþm. viðurkenni það sjónarmið með mér, að þessir menn hafa nokkra sérstöðu sem hluti af vinnuafli þessarar þjóðar. Það er hins vegar rétt, að það er hægt fyrir þá á næsta ári á eftir að fá þessar orlofsgreiðslur sínar, en það er þó ekki fyrr en eftir á, á næsta ári, eftir að kannske langur og harður vetur í lífi skólanemandans er liðinn, og því til viðbótar má geta þess, að þeir verða þá að fara í óskylda vinnu. Ef þetta á að gilda áfram um þá, sem eru í þessum sérskólum sjávarútvegsins, þýðir það, að sjávarútvegurinn, bæði fiskiskip okkar og verslunarskip, mun tapa af þessu fólki þann tíma, sem það er að leita sér vinnu í öðrum starfsgreinum, meðan það er að ná þessum réttindum sínum.

Ég vil, herra forseti, eftir að þessari umr. lýkur, leyfa mér að leggja til, að frv. þessu verði vísað til 2. umr. og félmn.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 24 shlj. atkv. og til félmn. með 24 shlj. atkv.

Seðlabanki Íslands, frv. (þskj. 84). — 1. umr.

Flm. (Bjarni Guðnason): Herra forseti. Ég hef leyft mér að flytja hér 4 frv. um breyt. á l. um 4 ríkisbanka, og til þess að stytta mál mitt, þá hygg ég, að sé ekki óeðlilegt, að ég fylgi þessum 4 frv. úr hlaði undir sama dagskrárliðnum. Ber það þá til, að þessi frv. snerta ríkisbankana, og gert er ráð fyrir sams konar breytingum á l. þeirra allra.

Sú breyting, sem þessi frv. gera ráð fyrir á l. þessara ríkisbanka, hljóðar svo: „Allar meiri háttar framkvæmdir á vegum bankans eru háðar sérstöku samþykki beggja, ráðherra og bankaráðs".

Tilefni þess, að ég flyt þessi frv. öll, eru þingheimi vafalaust kunn. Upphaf þessa máls var hið svokallaða Seðlabankamál frá því í sumar, þar sem í ljós kom, að hæstv. bankamrh. hafði ekki tök á eða völd til að stöðva þá byggingu,

eins og fram kom í svari hæstv. forsrh., þegar ég flutti fsp. um þetta mál hér á hæstv. Alþingi. Hæstv. forsrh. tók af skarið um þetta mál með svofelldu svari, með leyfi hæstv. forseta: „Mitt svar er það, að ráðh., í þessu tilfelli viðskrh., sem fer með bankamál, hefur hvorki með óbreyttum l. né samkvæmt venju um starfshætti banka og bankaráðs heimild til þess að stöðva byggingarframkvæmdir ríkisbanka, hvorki Seðlabankans né annarra banka.“ Þó að ég persónulega dragi í efa þessa túlkun hæstv. forsrh., þá skiptir það ekki meginmáli, heldur hitt, að það sé búið þannig um hnútana, að ljóst sé, að ráðh., viðkomandi rn., geti stjórnað þessum málum út frá þeirri efnahagsstefnu, sem ríkjandi er á hverjum tíma. Ég hef látið nokkur orð falla þessu til röksemdar í grg. minni með frv. um Seðlabanka Íslands, og ég vil leyfa mér að lesa þá grg., með leyfi hæstv. forseta:

„Óþarft mun að fara mörgum orðum um það, að ekki verður við það unað, að ríkisbankar geti ráðist í stórfelldar fjárfestingar og framkvæmdir, án þess að heimild framkvæmdavaldsins komi til. Ella væru bankarnir ríki í ríkinu. Löggjafarvaldið getur ekki látið afskiptalaust, að ríkisbankarnir geti ráðist í byggingarframkvæmdir, sem kosta mörg hundruð millj. kr., eins og höll Seðlabankans við Arnarhól vitnar um, á meðan opinberar stofnanir þurfa að sækja um hverja krónu til 60 manna þings til þess að fá einhverja úrlausn. Sumar stofnanir bíða áratugum saman eftir því að eignast þak yfir höfuðið og mæta litlum skilningi. Má minna á Ríkisútvarpið (hljóðvarp) í þessu sambandi. Af þessu eftirlitsleysi Alþingis og framkvæmdavalds hefur leitt óeðlileg þensla bankakerfisins og byggingar fjölmargra bankahýsa. Þar hefur skort stefnumótun. Allt tal um áætlunarbúskap og forgangsröðum verkefna verður nánast orðin tóm, hafi ríkisstj. ekki tök á þessu. Þess vegna rekur nauður til endurskoðunar á löggjöf Seðlabankans og annara ríkisbanka, svo að ekki verði um það villst, að bankakerfið og þróun þess falli inn í þá heildarstjórn, sem verður að hafa á efnahagsmálum þjóðarinnar.“

Ég leyfi mér að tala um eftirlitsleysi Alþingis, þótt það sé vitað, að Alþingi kýs bankaráð ríkisbankanna. Ég hygg, að reynslan verði sú, að bankaráð lítur fyrst og fremst á hagsmuni þess banka, sem það stjórnar, og hefur ekki heildarsýn yfir allt bankakerfið, og sé því eðlilegt, að það sé einhver aðili, sem hafi slíka heildarsýn og heildarstjórn á bankakerfinu.

Þótt ég telji, að í lögum 3 ríkisbanka, þ. e. a. s., Seðlabanka Íslands, Landsbanka Íslands og Útvegsbanka Íslands, sé í raun og veru ljóst, að bankamrh. fari þar með æðstu stjórn, þá er öðruvísi farið um Búnaðarbanka Íslands. Í l. um Búnaðarbanka Íslands er aðeins sagt, að ráðh. hafi „umsjón“ bankans, og það er þá nokkuð óljóst, hvað í því felst. Hins vegar er í l. um hina 3 bankana talað um „yfirstjórn“ bankans, og það virðist mér augljósrar merkingar. Þess vegna er ljóst, að það þarf að fella inn í l. allra þessara banka sams konar ákvæði, þannig að ekki geti leikið nokkur vafi á því, að ríkisvaldið geti haft yfirstjórn og markað stefnu varðandi bankakerfið í heild.

Nú er það svo, að boðuð hefur verið endurskoðun bankakerfisins, og hæstv. bankamrh. sagði fyrir áramót, að lagafrv. þess efnis væri á næsta leyti, en ekki virðast miklar horfur á því. En fari svo, að fram komi einhver endurskoðun á löggjöf ríkisbankanna, þá tel ég nauðsynlegt, að ákvæði af þessum toga verði tekin upp í þá löggjöf, sem þá verður samin. A. m. k. er ljóst, að ekki er, að ég hygg, boðuð nein breyting á l. Seðlabankans, hvað sem segja má um viðskiptabankana, þannig að það fer ekki milli mála, að hér muni vera mikil þörf á að fella þetta inn í lög Seðlabankans.

Ég hefði kannske látið mér nægja að bíða með þetta, þar til nýtt frv. um viðskiptabanka ríkisins kæmi fram, en ég tel, að þannig hafi verið haldið á endurskoðun bankalöggjafarinnar, að það sé með öllu óljóst, hvað af verður og hvernig það muni líta út, þannig að ég tel, að þetta mál þoli ekki lengri bið.

Ég skal nú ekki hafa um þetta fleiri orð að sinni, en mælist til þess, að þessum frv. öllum 4 verði vísað til 2. umr. og hv. fjh.- og viðskn.

Ingólfur Jónsson: Herra forseti. Mér finnst hlíða að segja nokkur orð, þegar um það er að ræða að breyta l. allra ríkisbankanna fjögurra, og aðeins hugleiða, hvort þörf er á þeim frv., sem hér er um að ræða.

Það er vitað mál, að bankaráð bankanna eru kosin af Alþingi, það eru 7 manna bankaráð, og allir þingflokkar eiga fulltrúa í bankaráðunum. Bankaráðin eru hinar réttu stjórnir ríkisbankanna, og sýnist vera, að bankaráðin hafi og geti ráðið flestu, sem fram fer í bönkunum. Þó hygg ég, að bankaráðin skipti sér ekki af daglegum rekstri. En þegar um framkvæmdir er að ræða, fjárfestingu, þá mun það vera borið undir bankaráð, hvort í framkvæmdirnar skuli ráðist eða ekki.

Ég geri ráð fyrir því, að þessi frv. öll séu flutt vegna Seðlabankans, vegna þess að Seðlabankinn ætlaði að fara að byggja stórhýsi hér í Rvík og er reyndar byrjaður á því. Ég hygg þó, að mótmælin gagnvart Seðlabankabyggingunni hafi ekki verið aðallega vegna hússins sjálfs, heldur vegna þess, hvar átti að byggja húsið. Þau mótmæli, sem ég heyrði helst um það, voru vegna staðsetningar hússins. Það voru margir, sem ekki vildu skemma Arnarhól, eins og sagt var, eða spilla útsýninu af Arnarhóli.

Mér hefur verið tjáð, að bankaráð Seðlabankans allt hafi samþykkt samhljóða að ráðast í þessa byggingu, fulltrúar allra stjórnmálaflokka. Og þá er spurningin, hvort ríkisstj. hefði getað stöðvað þessa byggingu. Það er eðlilegt, að menn spyrji að því. Hæstv. forsrh. hefur svarað fsp. frá hv. 3. landsk. um það. Og hæstv. forsrh. — eins og fram kemur í grg. fyrir frv. — komst svo að orði: „Mitt svar er það, að ráðh., í þessu tilfelli viðskrh., sem fer með bankamál, hefur hvorki að óbreyttum l. né samkv. venju um starfshætti banka og bankaráða heimild til að stöðva byggingarframkvæmdir ríkisbanka.“ Ég hygg, að þetta sé alveg rétt, að skv. venju

hafi hæstv. ráðh. ekki skipt sér af slíku og látið þetta gott heita. Ég geri ekki ráð fyrir því, að ráðh. hafi komið við sögu, þegar Búnaðarbankinn ákvað að byggja í Austurstræti, og ekki heldur, þegar ákveðið var að byggja stórhýsi við Hlemm. Ég geri ráð fyrir, að hæstv. viðskrh. hafi heldur komið við sögu, þegar Landsbankinn byggði í Austurstræti og í Hafnarstræti og stórhýsi inn á Laugavegi. Og ég geri ekki heldur ráð fyrir, að hæstv. viðskrh. hafi komið við sögu, þegar Útvegsbankinn byggði stórhýsi sitt eða viðbygginguna miklu hér við Austurstræti. Nú er enginn í vafa um, að í dag eru þessar framkvæmdir allar álitnar góðar, og þær hafa verið nauðsynlegar fyrir þessa banka. Þess vegna er ekki um það rætt, og varð lítill hvellur út af þessum framkvæmdum, þótt oft hafi verið talað um mikla þenslu í bankakerfinu. En það hefur ekki verið sérstaklega vegna þessara stórhýsa, sem byggð hafa verið hér í Rvík, heldur einnig og ekki síður vegna útibúanna, sem hafa verið sett á stofn víðs vegar, bæði hér á Reykjavíkursvæðinu og úti um land. En útibú er tvímælalaust ekki hægt að stofna nema með samþykki ráðherra, þess ráðherra, sem fer með bankamál. Þótt oft hafi verið rætt um mörg útibú og þenslu í bankakerfinu hvað það snertir, þá hygg ég, að bankaútibúin séu þannig, að þau auki sjálfstæði og reisn þeirra byggðarlaga, sem þau eru í. Ég er alveg sannfærður um, að það vill ekkert hérað missa það útibú, sem það hefur fengið til sín. Það er enginn vafi á því, að bankaútibúin úti á landi eru lyftistöng fyrir héruðin. Það er byggðamál að flytja starfsemi bankanna út í sveitir og út í héruðin. Þess vegna er það, að stofnun útibúa hefur verið stórt og mikið framfaraspor og aukið fjármagn úti í byggðum landsins.

En það var þetta með Seðlabankann, sem er tilefni að flutningi þessa frv. Ég verð að segja, að ég er samþykkur hv. 3. landsk. um að ég tel ekki heppilegt nú á þensluslutímum, þegar slegist er um hvern mann, bæði verkamenn og iðnaðarmenn, að þá ráðist sú stofnun, sem á að vera ráðgefandi í fjármálum og efnahagsmálum, í að byggja það stórhýsi, sem búið er að forma hér í Rvík. Það er áreiðanlega ekki rétt stefna. Það er vitanlega heilbrigðara að bíða með slíkar framkvæmdir, þangað til dregur úr spennunni og þangað til atvinna er annað hvort ekki allt of mikil eða kannske of lítil, eins og hún hefur stundum orðið, þegar árferði versnar. Þess vegna er það, að ég tel, að hæstv. ríkisstj. hefði átt að fylgjast með í máli þessu. Ég vil ekkert fullyrða um það, að einn ráðh. hefði getað stöðvað þessa framkvæmd, t. d. bankamrh. En ég vil fullyrða það, að ríkisstj. í heild hefði getað gert það. Fulltrúar stjórnarflokkanna eru í meiri hl. í bankaráðinu, og það væri mikill klaufaskapur af hæstv. ráðh. þriggja flokka í ríkisstj., ef þeir gætu ekki haft áhrif á fulltrúa stjórnarflokkanna í bankaráðinu, ef þeir hafa leitast eftir því og viljað það. Það trúir því vitanlega enginn, að ef ríkisstj. í heild hefði lagst á eitt til þess að stöðva þetta mál og frestað því, að hún hefði ekki getað það. Það er hægt að segja það hér í hv. Alþingi, en það trúir því enginn maður, vegna þess að það er á valdi ríkisstj. í heild. Það er sennilega ekki á valdi eins ráðh., eins og l. nú eru. Einn ráðh. getur talað við fulltrúa síns flokks og áreiðanlega fengið hann á sitt band, en það er ekki á valdi ráðh. að hafa áhrif á fulltrúa hinna stjórnarflokkanna.

En svo veit ég, að margir hafa haldið, að það væri önnur bremsa á ónauðsynlegar framkvæmdir, sem hefði verið hægt að grípa til, úr því að hæstv. ríkisstj. brást, því að allt fram undir þetta hafa það verið hv. þm., sem hafa trúað því, að það væri eitthvað hægt að byggja á Framkvæmdastofnuninni og að hún reyndi að grípa til þeirra heimilda, sem henni eru gefnar í lögum. En hvernig var það með þessa stofnun, Framkvæmdastofnunina? Þeir vöknuðu af svefni og kipptust við, eftir að bankaráðið hafði samið við verktaka um framkvæmdir, og þremur vikum eftir að verktakinn hafði byrjað á framkvæmdum lét Framkvæmdastofnunin í sér heyra. Það mun nú margur hafa sagt: Þetta var henni líkt. Það var það, sem búast mátti við. — En það er ástæðulaust að fjölyrða öllu meira um þetta.

Ég tók til máls, vegna þess að ég vildi taka undir það, sem 3. hv. landsk. þm. hefur sagt, að það var ekki rétt að ráðast í Seðlabankabygginguna á þessu ári, þegar spennan er jafnmikil og hún nú er. Það er ekki rétt, að Seðlabankinn fari í kapphlaup við íbúðarhúsbyggjendur og framleiðslufyrirtæki og kannske yfirborgi beint eða óbeint verktökunum, vegna þess að það er slegist um þá. Ég veit, að allir hv. þdm. eru á sama máli og skilja þetta. Ríkisstj. áttaði sig of seint á málinu og að hún hefði alveg örugglega getað stöðvað málið, ef hún í heild hefði lagst á eitt til þess að gera það. Það má vera, að ríkisstj. hafi eitthvað byggt á fósturbarninu, óskabarninu, sem átti að vera, Framkvæmdastofnuninni, og verið andvaralaus þess vegna. Það má vera, að einhverjir hæstv. ráðh. hafi hugsað sem svo, að framkvæmdastofnunin léti málið til sín taka, stofnunin átti að vera á verðinum, og þeir hafi ætlað henni að grípa í taumana. Það má vera, að frv., sem hér liggur fyrir og hæstv. ríkisstj. hefur lagt fram, um Hagrannsóknastofnunina, sé til orðið vegna vonbrigða um Framkvæmdastofnunina, vegna þess að hæstv. ráðh. hafi talið, að stofnunin hafi brugðist og það sé þess vegna mál til komið að fara að reyta fjaðrirnar af henni og undirbúa það, að hún verði lögð niður og annað sett í staðinn, sem verði nothæft hjálpartæki í efnahags- og fjárhagsmálum. Mér finnst ekki ósennilegt, að þetta geti verið ástæðan fyrir því, að hæstv. ríkisstj. gerði sér grein fyrir því, að Framkvæmdastofnunin, eins og hún nú er, dugir ekki, þess vegna þurfi að setja á stofn annað apparat, sem væri hægt að treysta betur.

Gylfi Þ. Gíslason: Herra forseti. Fyrst umr. eru hafnar um þessi frv. á annað borð, tel ég rétt að leggja hér nokkur orð í belg, í tilefni af því sérstaklega, að hæstv. dómsrh. gaf lögskýringu varðandi Seðlabankalögin og bankalögin yfir höfuð að tala í fyrirspurnatíma hér á hinu háa Alþingi fyrir fáeinum vikum, einmitt varð-

andi það mál, er tilefni til flutnings þessara frv. Hæstv. dómsmrh. sagði, eins og hv. síðasti ræðumaður vitnaði til, að lögum skv. og venju hefði ráðh. bankamála ekki rétt til afskipta af byggingarmálum bankanna. Ég tel, að fyrst umr. eru hafnar á annað borð, verði að koma fram hér, að um þessa lögskýringu hæstv. dómsmrh., sem er fyrrv. prófessor í stjórnskipunarrétti, eru starfsbræður hans mjög ósammála. Það er uppi önnur og gerólík skoðun í lögfræðingastéttinni í þessum efnum. Og það hefur komið fram opinberlega, að einn af núv. prófessorum Háskólans túlkar lagaákvæði um Seðlabankann og þá væntanlega um hina bankana líka með allt öðrum hætti en hæstv. dómsmrh. Mér er kunnugt um, að fleiri lögfræðingar, mikilsmetnir lögfræðingar bæði í stétt fræðimanna og lögmanna, eru á annarri skoðun en fram kom í skýringu hæstv. dómsmrh. Þeir eru þeirrar skoðunar, að túlka beri gildandi lagaákvæði um valdaskiptingu bankamrh., bankaráða og bankastjórna þannig, að ef um ágreining sé að ræða milli bankamrh. annars vegar og bankastjórnar, þ. e. a. s. bankaráðs og bankastjóra, hins vegar, þá ráði vilji ráðh., m. ö. o. ef skiptar skoðanir séu milli þessara tveggja aðila, þá sé það vilji ráðh., úrskurður hans, sem eigi að hafa gildi.

Ég er ekki lögfræðingur og skal engan dóm á það leggja, hvor lögskýringin sé réttari. Ég tel það verða að koma fram við þessa umr., fyrst umr. hefur orðið á annað borð, að það eru tvær skoðanir uppi meðal lögfræðinga um þetta efni. Í rauninni er það ekkert einsdæmi, að ólíkar skoðanir séu uppi meðal lögfræðinga eins og annarra fræðimanna. En það má ekki halda áfram umr. hér á hinu háa Alþingi á þeim grundvelli, að sú lögskýring, sem kom fram af hálfu hæstv. dómsmrh., sé sú eina, sem til greina komi, ekki hvað síst þegar hv. síðasti ræðumaður, fyrrverandi ráðh. Búnaðarbankans, virtist taka undir eða trúa þeirri lögskýrngu, sem hæstv. dómsmrh. hafði gefið hér fyrir nokkrum vikum.

Ég vil vekja athygli á því, að ákvæði Seðlabankalaganna annars vegar og laganna um hina ríkisbankana hins vegar um valdaskiptingu milli bankaráðs annars vegar og bankastjórnar hins vegar eru ekki hin sömu, ákvæðin eru óðruvísi. Vald bankastjórnar Seðlabankans er mun meira en vald bankastjórna viðskiptabankanna, og vald bankaráðs Seðlabankans er mun minna, en vald bankaráða viðskiptabankanna. Þetta er með ráðnum hug gert með þessum hætti, þó að ég reki ekki ástæðuna fyrir því, en bæði löggjöfin um Seðlabankann og gildandi löggjöf um ríkisviðskiptabankana voru settar, meðan ég gegndi embætti bankamrh.

Það er rétt, sem kom fram í ræðu hv. síðasta ræðumanns, hv. þm. Ingólfs Jónssonar, að það hefur ekki verið venja, a. m. k. ekki í minni bankamálaráðherratíð, viðskiptabankanna að hafa samráð um byggingarframkvæmdir við ráðherra. Þó var mér ávallt kunnugt um þær framkvæmdir, sem á döfinni voru. Ég taldi aldrei ástæðu til að hafa nokkur afskipti af þeim. Ef ég hefði haft það, þá hefði kannske reynt á, hvor lögskýringin væri réttari. Ef mig hefði greint á við t. d. Landsbankann um byggingaframkvæmdir hans, hefði reynt á, hvor lögskýringin væri réttari, hæstv. dómsmrh. eða þess prófessors í lögum við Háskólann, sem nú þegar hefur sagt skoðun sína opinberlega á málinu og mun eiga eftir að gera það rækilega í grein eða greinum.

En samstarf bankastjóra og bankaráðs, ríkisviðskiptabankanna við ráðh. hefur verið og er og á að vera með allt öðrum hætti en samstarf milli hans og bankastjórnar og bankaráðs Seðlabankans, vegna þess að hlutverk viðskiptabankanna er allt annað en hlutverk Seðlabankans. Viðskiptabankarnir eru útlánastofnanir, og það er ekki ástæða til þess, að þeir hafi náin, vikuleg, hvað þá dagleg, jafnvel ekki mánaðarleg samráð við sína ráðherra um vandamál, sem á döfinni eru. Þó geta slík mál og voru oft í þau 10-11 ár, sem ég gegndi starfi bankamrh. á döfinni í ríkisviðskiptabönkunum, að stjórnir þeirra töldu ástæðu til þess að hafa samráð um þau við sinn ráðherra. En öðru máli gegnir um Seðlabankann. Starfssvið Seðlabankans og verkefni hans í heild eru þess eðlis, að mjög náið samstarf er eðlilegt milli stjórnar Seðlabankans annars vegar og bankamrh. hins vegar. Enda var það svo í öll þau ár frá því að Seðlabankanum var komið á fót 1961 og meðan ég hafði kynni af þessum málum, — ég hafði með þau að gera til ársins 1971, — að mjög náin samráð og mjög náið samstarf var á milli viðskrn. annars vegar og bankastjórnar Seðlabankans hins vegar. Um allt þetta árabil var um að ræða svo að segja vikulega fundi með fulltrúum frá viðskrn., þar voru ráðh. og ráðuneytisstjórar annars vegar og stjórn Seðlabankans hins vegar. Þetta var eðlilegt, vegna þess að Seðlabankinn er ríkisstofnun, sem falið er að móta framkvæmd á mjög veigamiklum sviðum varðandi efnahagsstefnu og fjármálastefnu ríkisins. Viðskiptabankarnir fjalla ekki um stefnumál á sviði efnahagsmála, heldur beina framkvæmd, þ. e. útlánastarfsemi. Seðlabankinn er stefnumótandi ríkisstofnun á mjög mikilvægu sviði, og þá er ekkert eðlilegra en að mjög náið samstarf sé á milli stjórnar hans annars vegar og ríkisstj. hins vegar, þ. e. þess aðila í ríkisstj., sem falin er yfirstjórn bankamála, enda var það svo allan þann rúma áratug, sem ég hafði með þessi mál að gera. Þess vegna er mér kunnugt um, hvernig stjórn Seðlabankans hefur unnið að fyrirhuguðum byggingarframkvæmdum sínum.

Þegar efnt var til teikninga á nýrri Seðlabankabyggingu á sínum tíma, var það gert í fullu samráði við mig, sem var þáv. bankamrh. Þær hugmyndir bankastjórnarinnar um byggingarframkvæmdir voru ræddar við okkur fulltrúa ríkisvaldsins á fundum. Ástæðan til þess, að ekki var hafist handa um framkvæmdir skv. teikningum, var sú, að það var sannmæli bankastjórnarinnar annars vegar og mín sem bankamálaráðherra hins vegar, að í þær skyldi ekki ráðist. Nú fyrir nokkru varð hins vegar breyting á, þ. e. eftir að núv. hæstv. ríkisstj. tók við völdum. Mér kemur það mjög á óvart, og ég leyfi mér hreinlega að draga í efa, að stjórn Seðlabankans hafi tekið ákvörðun um að hefja framkvæmd mörg hundruð milljóna kr. byggingar á þeirri lóð, sem búið var að úthluta, án samráðs við sinn ráðh., þ. e. án samráðs við ríkisstj. Hafi bankastjórn Seðlabankans gert það, þá er um gerbreytt vinnubrögð að ræða frá því, sem þau voru mótuð fyrir

meira en áratug og var haldið í meira en áratug. Ég fullyrði, að það hefði verið óhugsandi frá stofnun Seðlabankans og þangað til stjórnarskipti urðu, að stjórn Seðlabankans, bankastjórn í samráði við bankaráð, hefði tekið ákvörðun um stórkostlega nýbyggingu fyrir 300-400 millj. kr. án samráðs við sinn ráðh. Ég tek vísvitandi svo til orða til þess að leggja ekkert orð í belg um það, hvor lögskýringin sé réttari, — ég segi viljandi og legg áherslu á það: ég tel óhugsandi, að bankastjórinn hafi tekið slíka ákvörðun án samráðs við sinn ráðh. Ég vil líka endurtaka, að ef svo er, þá er um nýja siði að ræða við stjórn þessara mikilvægu mála. En þess vegna segi ég þetta, að hæstv. núv. bankamrh. hefur talað þannig í fjölmiðlum, í sjónvarpi og útvarpi og látið hafa það eftir sér í blöðum, að sér sé þetta bankabyggingarmál algerlega óviðkomandi, hann hafi hvorki rétt né skyldu til að hafa af því nokkur afskipti.

Ég skal ekkert blanda mér í þær umr., sem fram hafa farið um það, hvort byggingin sé æskileg eða óæskileg. Um það er búið að segja margt og mikið, og ég vil ekki blanda því inn í þetta mál, enda gefur frv. ekki beint tilefni til þess. En ég vil leyfa mér í allri vinsemd að beina þeirri fsp. til hæstv. bankamrh., hvort honum hafi virkilega verið ókunnugt um það, þegar bankastjórnin ákvað að hefja bygginguna, hvort honum hafi virkilega verið ókunnugt um það, þegar byggingin var í raun og veru hafin. Ég tel mjög mikilvægt að fá um þetta svar, vegna þess að þá kemur í ljós, hvort haldið hefur verið áður viðteknum starfsháttum í samstarfi Seðlabankans annars vegar og viðskrn. hins vegar eða hvort nýir siðir eru hér komnir til skjalanna. Ég mundi mjög harma, ef svo væri. Ég hef gengið út frá því sem vísu, að Seðlabankinn hafi haft samráð við sinn ráðh., áður en hann hóf bygginguna. Þess vegna hafa mér komið á óvart yfirlýsingar hæstv. ráðh. um hið gagnstæða í fjölmiðlum. Ég hef ekki viljað skipta mér af þessu fram til þessa, en fyrst umr. um þessi frv. eru hafnar í tilefni af einmitt þessu atriði, þá sé ég ástæðu til þess, að þessari mjög mikilvægu spurningu sé komið á framfæri og við henni fengið skýrt svar, og ég tel mjög mikilvægt, hvert það verður. Ef svarið er, að Seðlabankinn hafi hafið þessar framkvæmdir án nokkurs samráðs við sinn ráðh., tel ég það mjög vítavert. Ef svarið er hitt, að ráðh. hafi fengið að vita um fyrirhugaðar byggingarframkvæmdir Seðlabankans og segi samt sem áður á eftir, að honum komi málið ekki við, þá kemur mér það mjög á óvart og tel það algerlega ranga afstöðu.

Ég er þeirrar skoðunar, að ef ráðh. hefur fengið að vita um byggingarframkvæmdirnar og ef hann hefði sagt við Seðlabankann: Ég er þeim andvígur, — þá hefði Seðlabankinn farið eftir orðum hans. Hann hefði viðurkennt í reynd, að síðasta orðið í þessum efnum er hjá ráðh., sem hefði þá auðvitað ekki sagt sitt síðasta orð nema að höfðu samráði við sína samráðh. í ríkisstj. Þannig hefði ég a. m. k. hagað mér, ekki sagt mitt síðasta orð í svo mikilvægu máli án samráðs við ríkisstj. alla. En ég segi það enn og aftur: Ef ráðh. hefur vitað um framkvæmdirnar og ef hann hefði sagt: Ég er á móti byggingunni — þá er ég sannfærður um, að Seðlabankinn hefði ekki ráðist í hana, ekki vegna þess að ég sé að andmæla lögskýringum hæstv. dómsmrh. og taka undir lögskýringar þess prófessors, sem ég nefndi áðan, heldur vegna þess, að ég tel það eðli málsins, að stofnun eins og Seðlabankinn eigi ekki að ráðast í að taka jafnmikilvæga ákvörðun og bygging 300—400 millj. kr. húss er, án þess að hann áður gefi yfirmanni sínum kost á að segja skoðun sína á málinu. Ef til þess hefði komið, að ráðh. hefði sagt nei og bankastjórarnir haldið við sitt já, ef ráðh. hefði sagt: Ég vil ekki, að ráðist sé í bygginguna, — en bankastjórnin hefði sagt: Ég vil byggja, — þá hefði reynt á það, hvor lögskýringin er réttari. En mér vitanlega hefur ekki til þess komið. Þetta tel ég mjög mikilvægt, að upplýst verði, og endurtek því spurningu mína til hæstv. viðskrh.: Vissi hann ekki um það, þegar bankastjórn Seðlabankans tók ákvörðun um að hefja byggingarframkvæmdir? Vissi hann ekki um það, þegar byggingarframkvæmdirnar voru hafnar í reynd?

Sjútvrh. (Lúðvík Jósepsson): Herra forseti. Ég tek nú í rauninni aðeins til máls til þess að svara þeim sérkennilegu fsp., sem komu fram frá hv. 7. þm. Reykv., þó að ég verði að ætla, að hann hefði átt að vita miklu betur en hann þóttist þurfa að spyrja hér um. Ég man a. m. k. eftir því, að það kom fram, — ég hygg, að það hafi verið í sjónvarpi fremur en útvarpi, — að aðalbankastjóri Seðlabankans upplýsti þar, að bankinn hefði ekki leitað til ráðh. með beiðni í þessu máli, heldur tekið ákvörðun sína samkv. því, sem hann teldi, að væri lögum samkv., þ. e. a. s. það hefði verið bankaráð, sem hefði samþykkt framkvæmdirnar, og það væri skoðun hans, að bankanum bæri ekki skylda til þess að leita til ráðh. í slíku tilfelli. Ég hafði gefið nokkrum sinnum yfirlýsingar um það skriflega, — sem þessi hv. þm. veit, og breytir víst litlu, þótt ég endurtaki það hér, því að hann heldur áfram sínum sérkennilegu fsp. eftir sem áður, — að mér var alls ókunnugt um það, þegar bankaráðið tók sína ákvörðun, af því að það var ekki til mín leitað. Mér var alls ókunnugt um það, þegar bankinn samdi við verktaka um framkvæmdina, af því að það var ekki til mín leitað. Og þetta var ekkert nýtt. Hér var farið í rauninni nákvæmlega eftir því, sem gerst hefur, þar sem eru nákvæmlega eins orðuð fyrirmæli í l. varðandi Landsbankann og hefur verið í tíð fyrrv. ráðh. í þessum efnum, að það hefur ekki verið leitað til hans með samþykki eða synjun um byggingarframkvæmdir. Orðalagið er nákvæmlega eins.

Auðvitað hefur það líka komið fram, — ég vissi um það, áður en ég varð ráðh., — að Seðlabankinn ætlaði að byggja. Hann er búinn að vera að bauka við þetta í mörg ár. Mér var auðvitað vel kunnugt um, að þetta stóð til. Hins vegar var hvort tveggja, að ég leit þannig á, að þetta væri ekki mitt mál sérstaklega, heldur væri þetta málefni þeirrar stjórnar, sem Alþingi kaus fyrir þessa stofnun, sem segir í lögum, að sé sjálfstæð stofnun undir þeirri stjórn, og þar sem ekki var til mín leitað, þá

taldi ég líka alveg einsýnt, að það væri ekki mitt að skera úr um það, hvort hafist væri handa um byggingarframkvæmdir eða hvort bankinn gerði einn eða annan samning varðandi þessar byggingarframkvæmdir eða ekki.

Ég vil taka það fram í tilefni af því, sem hér hefur verið sagt, að það hefur verið hið besta samstarf milli mín og bankastjóra Seðlabankans, mjög náið samstarf þar um marga þá hluti, sem varða almennt stjórn peningamála og efnahagsmála, að því leyti til sem bankinn hefur með þau að gera, og ég kvarta ekki undan því á neinn hátt. Hins vegar hefur það verið skoðun þeirra, sem með þessi mál hafa haft að gera, að það væri ekki skylda þeirra að leita eftir samþykki í þessum efnum, og það hefur verið skoðun mín og þeirra, sem ég hef stuðst við ráð frá, að það væri ekki heldur mitt að grípa inn í í sambandi við þessi mál. Þegar kom fyrst upp spurning um það, hvort ég hefði vald til þess sem bankamrh. að stöðva bygginguna, þá ráðlögðu allir þeir, sem ég leitaði til, mér frá því og töldu, að ég hefði ekki til þess vald, enda auðvitað hægara sagt en gert. Þegar þingkjörin stjórn er búin að samþykkja tiltekna framkvæmd og hún hefur starfsvenjur með sér, búið er að semja um framkvæmdir og verk er hafið, þá er annað en auðvelt, jafnvel þó að öll ríkisstj. vilji þar standa að baki, að skerast í leikinn og svipta því í sundur, sem búið er að semja um og búið er að ákveða, e. t. v., af þeim aðilum, sem hafa lögum samkv. einir vald til þess að ákveða þetta. Með því er ég ekki að segja það, að ef málið hefði legið fyrir í tæka tíð og spurt hefði verið um álit ríkisstj., að bankaráð hefði þá ekki farið að vilja ríkisstj., ef málið hefði þannig borið að, en um það var ekki að ræða.

Það er að sjálfsögðu ágætt að taka af öll tvímæli um það, hvort bankaráði beri skylda til þess, þegar t. d. um húsbyggingar er að ræða, að leita eftir samþykkt ráðh. Það er sjálfsagt að fá alveg úr því skorið, hvort það er dómur ráðh., sem þar skuli ráða, fremur en dómur þess þingkjörna ráðs, sem Alþ. sjálft hefur kosið. En það vil ég líka segja í sambandi við það, sem hér hefur komið fram, að þó að það sé ágætt, að ráðh. hafi vald í þá átt varðandi ríkisbankana, þá finnst mér líka, að ráðh. hefði þá einnig þurft að hafa slíkt vald yfir framkvæmdum annarra banka. Hér eru allmargir einkabanka. Í sumum hverjum á ríkið nokkra hlutdeild. Eins og við vitum, hefur verið haldið þannig á málum hér á Alþ., að hér hafa ekki verið sett lagaákvæði um fjárfestingareftirlit. Það var meira að segja tekið skýrt fram, þegar lög voru sett um Framkvæmdastofnun ríkisins, að í þeim l. fælist ekki ákvæði um fjárfestingarhömlur.

Að öðru leyti skal ég svo ekki ræða um þetta mál. Það verður innan skamms lagt hér fyrir Alþ. frv. til l. um viðskiptabanka ríkisins, og þá verður eflaust auðvelt að koma inn í það lagafrv. skýrum ákvæðum um það, — ef Alþ. vill taka þar af allan vafa, — að vald í þessum efnum skuli vera hjá ráðh. Auðvelt er að setja það inn, og ekki stendur á mér að vera með slíku ákvæði, ef það er vilji manna, að ráðh. skuli ráða um byggingarmál bankanna í staðinn fyrir að það sé í höndum bankaráðanna.

Ellert B. Schram: Herra forseti. Hv. 1. þm. Sunnl. gat þess réttilega áðan, að ákvörðun um nýbyggingu Seðlabankans hefði verið samþ. einróma í stjórn Seðlabanka Íslands á sínum tíma, og það mun líka rétt vera að ákvörðun um að staðsetja bygginguna á þessum stað og ákvörðun um að heimila byggingarframkvæmdir var líka einróma tekin í borgarstjórn og byggingarnefnd Reykjavíkur. Þessar staðreyndir breyta að sjálfsögðu ekki því, að staðsetning byggingarinnar og þessar framkvæmdir orka mjög tvímælis, og nú hefur reyndar líka komið í ljós, að þessir aðilar, þ. e. a. s. stjórn Seðlabankans og borgarstjórn Reykjavíkur, eru reiðubúnar til að endurskoða fyrri ákvarðanir sínar, fyrri afstöðu. Og það sýnir, sem betur fer, að ákvarðanir Seðlabankans eru ekki hafnar yfir gagnrýni, og það er vel.

Hæstv. bankamrh. gat þess hér áðan, að það væri erfitt fyrir sig að beita sér gegn ákvörðunum stjórnar Seðlabankans, sem væri þingkjörin stjórn og hefði á bak við sig starfsvenjur. Ég vil leyfa mér að mótmæla þessari skoðun hæstv. ráðh. Ég held, að einmitt þær ákvarðanir Seðlabankans og borgarstjórnar að endurskoða afstöðu sína sýna það, að enda þótt ákvarðanir séu teknar einróma á slíkum stöðum, þá auðvitað eru þær til endurskoðunar og umdeilanlegar eins og annað og ekkert því til fyrirstöðu, hvorki fyrir hæstv. ráðh. eða þm. né almenning, að gagnrýna þær ákvarðanir og reyna að hafa áhrif á það, að þeim verði breytt, ef þessum aðilum sýnist svo.

Hv. 1. þm. Sunnl. vakti líka athygli á því, að ráðh. hefðu ekki allajafna haft afskipti af einstökum byggingarframkvæmdum á vegum hinna ýmsu banka, og það er mikið rétt. Hins vegar finnst mér ekki þessi mál snúast um það, hvort þeir eigi, viðkomandi ráðh., að hafa afskipti af hverju einstöku máli, heldur hitt, hvort þeir hafi vald til þess að hafa afskipti, ef þeim sýnist svo.

Hæstv. bankamrh. sagði hér áðan, að til sín hefði ekki verið leitað, þegar þessi ákvörðun var tekin. En spurningin snýst ekk um það, hvort til hans sé leitað, heldur hvort hann, þegar honum sýnist einhver ákvörðun orka tvímælis og hann er í andstöðu við hana, hafi þá vald til þess að breyta henni eða ekki. Það er um þetta, sem málið snýst, að því leyti sem það hefur verið rætt við þessa umr., og það er að þessu leyti sem nauðsynlegt er að mínu áliti, að frv. hv. þm. Bjarna Guðnasonar á þskj. 84 komi til samþykkis, og ég er þess vegna því frv. samþykkur.

Hæstv. ráðh. gat þess, að ef hann ætti að fá slíkt vald eins og hér um ræðir, þá væri eðlilegt, að hann hefði líka yfirstjórn yfir öðrum bönkum og framkvæmdum á þeirra vegum og talaði í því sambandi um fjárfestingareftirlit. Þetta finnst mér fráleit skoðun og vitaskuld úr lagi að ræða í þessu sambandi um allsherjar yfirstjórn viðkomandi ráðh. á fjárfestingu í land-

inu, enda þótt um það sé talað, að hann hafi einhverja yfirstjórn yfir þeim stofnunum og þeim embættum, sem honum hefur verið falin umsjón yfir. Þetta tvennt er gerólíkt að mínu áliti.

Menn hafa við þessar umr. rætt nokkuð um tittnefnda byggingu Seðlabankans út frá einni ákveðinni forsendu, þ. e. a. s. að þetta orkaði tvímælis vegna þenslunnar í þjóðfélaginu og hvort ekki væri eðlilegt, að ríkisstj., sem vildi hafa hemil á verðbólgu og hafa stjórn á efnahagsmálum, reyndi að stemma stigu við slíkum framkvæmdum, sem fram færu á vegum stofnana, sem heyra undir ríkisstj. Þetta sjónarmið á vissulega rétt á sér. En ég vil þó vekja athygli á því við þessa umr., að það eru aðrar mikilvægar ástæður fyrir því, að bygging Seðlabankans hefur verið umdeild. Og mér er nær að halda, að þær ástæður hafi öllu frekar valdið því, hversu almenningur hefur snúist öndverður gegn þessum byggingarframkvæmdum, og þar á ég við sjónarmið þeirra, sem vilja taka tillit til umhverfisins. Þessa byggingu Seðlabankans á að reisa hér í gamla miðbænum í Reykjavík og menn hafa í vaxandi mæli haft þau sjónarmið uppi, að við það að reisa nýjar hallir og stórar byggingar og rífa þær gömlu eyðileggist mjög svipur og yfirbragð gamla miðbæjarins. Ekki eru allir á eitt sáttir um þetta og vilja halda því fram, að það eigi að vernda þennan gamla miðbæ og hans yfirbragð og halda hinum manneskjulegu tengslum þessa gamla miðbæjarkjarna hér í Reykjavík við íbúa borgarinnar og reyndar alla landsmenn.

Mér er kunnugt um það, og geri reyndar ráð fyrir, að hv. þm. sé öllum kunnugt um það, að á sínum tíma var ráðgert að reisa þessa byggingu Seðlabankans við Fríkirkjuveg. Það reis upp alda mótmæla, sem varð til þess, að sú ákvörðun var endurskoðuð, og upp úr þeirri endurskoðun varð að ráði á milli borgarstjónar og Seðlabankans að staðsetja bygginguna við Arnarhól, norðvestanmegin. Þegar — sennilega of seint — byggingarframkvæmdir hófust, risu aftur upp mótmælaöldur, og þá réðu aftur sömu sjónarmið. Ég hef verið stuðningsmaður þessara sjónarmiða. Ég hef flutt þær skoðanir hér inn á Alþ. í sambandi við önnur mál, og mér finnst mjög eðlilegt, að nú, þegar almenningur og Reykvíkingar sérstaklega hafa áhuga á því, að staðsetning Seðlabankans sé endurskoðuð, sé tekið tillit til þess, vegna þess að slíka byggingu er með góðu móti hægt að staðsetja niður á öðrum stöðum en á svo viðkvæmum og umdeildum stöðum sem á Arnarhóli.

Þetta á við um stjórnarráðsbygginguna líka. Ég get ekki látið hjá líða að minnast á það við þessa umr., að þetta á við um stjórnarráðsbygginguna líka. Og nú vil ég mælast til þess, ef hæstv. ríkisstj. ber umhyggju fyrir þeim umhverfissjónarmiðum, sem ég hef hér gert að umtalsefni, að hún sýni þann sama manndóm og stjórn Seðlabankans og borgarstjórn Reykjavíkur hafa sýnt með því að vilja taka upp til athugunar og endurskoðunar sínar fyrri ákvarðanir. Hæstv. ríkisstj., sem hefur í hendi sinni, hvar stjórnarráðsbyggingin á að vera staðsett, á nú að sýna þann manndóm að taka endanlega ákvörðun um það, að stjórnarráðsbyggingin verði flutt af þeim stað, sem henni hefur verið ákvarðaður, þ. e. a. s. við Bankastræti. Ég held, að þeirri ákvörðun yrði fagnað og hún yrði í samræmi við þann tíðaranda, sem nú er.

Gylfi Þ. Gíslason: Herra forseti. Hæstv. viðskrh. sagði, að spurningar mínar til hans væru sérkennilegar. Því fer víðs fjarri, að þær séu sérkennilegar, og enn síður voru þær ástæðulausar. Það kom greinilega fram í svörum hans. Ég vek athygli hv. þm. á því, að ég spurði ekki um það, hvort Seðlabankinn hafi leitað til hans um leyfi til byggingarinnar. Ég spurði ekki um það, hvort Seðlabankinn hefði skrifað viðskrh. bréf og beðið um heimild hans til þess að hefja byggingarframkvæmdir. Ég vissi auðvitað, að þetta hafði Seðlabankinn ekki gert. Það kom m. a. fram í svari formanns bankastjórnar Seðlabankans, Jóhannesar Nordals, í sjónvarpi við spurningu um þetta. Þar var hann spurður: Leitaði Seðlabankinn til viðskrh. um samþykki fyrir byggingarframkvæmdum? Og auðvitað svaraði bankastjórinn nei og sagði satt. Það var satt og rétt. Þetta þurfti ég ekki að spyrja um. En ráðh. svaraði eins og ég hefði spurt um þetta, svo mér virðist í raun og veru, að hann hafi ekki áttað sig á, hvað hér hangir á spýtunni, um hvað er í raun og veru að ræða. — Ég spurði um það, hvort hann hefði vitað um ákvörðun bankastjórnarinnar um að byggja á sínum tíma, hvort hann hefði vitað um það, að til stóð að hefja framkvæmdir, áður en þær hófust. Þessu svaraði hæstv. ráðh. ekki. En hann hefur talað í fjölmiðlum eins og hann hafi ekkert um þetta vitað. Það var tilefni spurningar minnar, að hann hefur talað um þetta í fjölmiðlum eins og hann hafi ekkert um þetta vitað.

Ég verð að segja, að það hefði verið gersamlega óhugsandi í tíð fyrrv. ríkisstj., að Seðlabankinn hefði tekið ákvörðun sem þessa og hafið framkvæmdir án vitneskju síns ráðh. og þar með vitneskju ríkisstj. Ef þeir síðir eru virkilega komnir á, að Seðlabankinn hefur framkvæmd mörg hundruð millj. kr. byggingar, án þess að hans ráðh. og þar með ríkisstj. hafi hugmynd um, þá er hér um varhugaverða hluti að ræða, og þetta var ástæða til fsp. minnar. Þá eru komnir hér algerlega nýir stjórnhættir, sem ég tel vera mjög varhugaverða, — og er það kannske ein skýringin á því, hve illa tekst til um stjórn efnahagsmála, — þá ber það vott um vægast sagt mjög lítið samband á milli viðskrn., þ. e. ríkisstj., annars vegar og stjórnar Seðlabankans hins vegar. Hafi slíkt getað gerst í þessu efni, í hvaða efni getur það þá ekki gerst, með leyfi að spyrja?

Þetta var ástæðan til þess, að ég spurði eins og ég spurði. Það væri algerlega einstætt og óhæfa, ef þessar framkvæmdir hafa verið ákveðnar og hafnar, án þess að ráðh. stofnunarinnar hafi haft hugmynd um það. Ég skal ekki segja, að þetta sé raunverulega svona. En hitt fullyrði ég og endurtek og legg áherslu á, að slíkt hefði aldrei getað gerst, það hefði verið óhugsandi, frá því að Seðlabankinn var stofnaður og meðan

fyrrv. ríkisstj. sat að völdum. Og ef sambandið eða sambandsleysið er með þessum hætti, þá hlýtur það að teljast alvarlegt vandamál í íslenskri stjórnsýslu.

Annars fannst mér ýmislegt fleira í svari ráðh. bera vott um, að hann sé ekki algerlega með á nótunum í þessum efnum, því að hann talaði hvað eftir annað um þingkjörna stjórn Seðlabankans, — hann hefði ekki viljað breyta því, sem þingkjörin stjórn Seðlabankans var búin að ákveða. Á ég að trúa því, að sjálfum bankamrh. sé ekki kunnugt um, að æðsta stjórn Seðlabankans er bankastjórnin, en ekki bankaráðið. Bankastjórnin er skipuð af ráðh., en bankaráðið er kosið af Alþ. Æðsta stjórn Seðlabankans er í höndum bankastjórnarinnar, sem er ráðherraskipuð, en til ráðuneytis þeim er þingkjörið bankaráð. Valdskiptingin er þannig önnur í Seðlabankanum að þessu leyti heldur en hún er í viðskiptabönkunum, en ráðh. svarar eins og honum sé þetta ókunnugt.

Mergurinn málsins í þessu efni er m. ö. o. sá, og því er enn þá ósvarað, hvort ráðh. vissi um ákvörðunina, hvort ráðh. vissi um framkvæmdirnar, áður en þær hófust. Með því að svara þessu ekki heldur hann við sín fyrri svör að láta eins og hann hafi ekkert um þetta vitað. En sé þetta rétt, þá endurtek ég, að þar er um varhugaverðan hlut að ræða. Ég get líka látið það fylgja, að ég veit, að skoðun bankastjórnar Seðlabankans á hinni lögfræðilegu hlið málsins er sú sama og hæstv. dómsmrh. Bankastjórnin taldi sér og telur sér ekki skylt að leita lögformlega til bankamrh. um leyfi til slíkra athafna eins og bankabyggingarinnar. Í þessu efni vísa ég bara til hinnar lögfræðiskoðunarinnar og skal engan dóm á það mál leggja.

Ég vil ljúka þessum orðum mínum með því að segja, að ég hefði ekki ætlast til þess, ef bankinn hefði viljað byggja í tíð fyrrv. ríkisstj., að hann sækti um leyfi til slíks. En til hins hefði ég ætlast, enda var sú alltaf raunin á, að þegar byggingarframkvæmdirnar voru á döfinni, þá hafði bankastjórnin samráð við viðskrn. og þar með ríkisstj. um málið. Við vorum sammála um það alla tíð að fresta framkvæmdum. En ef hefði komið til ágreinings á milli mín og bankastjórnarinnar um, hvort hefja ætti ákveðna framkvæmd eða ekki, þá hefði ég lagt málið fyrir ríkisstj. Ef ég hefði verið byggingunni andvígur, en stjórn Seðlabankans með bankaráðið á bak við sig hefði verið henni samþykkt og ef ríkisstj. hefði haft sömu skoðun og ég, þá hefði ég látið á það reyna, hver hefði raunverulega valdið. Þá hefði ég verið þeirrar skoðunar, að endanlega valdið ætti að vera í höndum ráðh., sem hefði ríkisstj. á bak við sig, en ekki bankastjórnarinnar, þó að hún hefði ráðgefandi bankaráð á bak við sig. Þetta hefði verið mín skoðun, og ég er sannfærður um, að hún hefði, ef á hefði reynt fyrir dómstólum, dæmst vera rétt. En ég er líka viss um, að á það hefði aldrei þurft að reyna. Ef bankastjórnin hefði fengið að vita skýlausan vilja síns ráðh. og hans ríkisstj. um mál eins og byggingarframkvæmdir, þá hefði hún aldrei hafist handa um framkvæmdirnar. Þess vegna er ég sannfærður um það líka núna, og það skulu vera síðustu orð mín, að bankastjórnin hefur tekið ákvarðanir um framkvæmdirnar og hafið þær í góðri trú, í þeirri trú, að ráðh. og ríkisstj. væru þeim samþykk. Um þetta er ég fullkomlega sannfærður eftir 10 ára nána samvinnu við bankastjórn og bankaráð Seðlabankans. Þeir hafa tekið sínar ákvarðanir í þeirri trú, að ráðh. og ríkisstj. væru þeim samþykk. Samt sem áður verður bankastjórnin að láta það yfir sig ganga eftir á, að ráðh. hafi ekkert vitað um málið, og því má hver trúa, sem trúa vill.

Flm. (Bjarni Guðnason): Herra forseti. Ég skal vera stuttorður, en því er ekki að leyna, að margt athyglisvert hefur komið fram í þessum umr., sem hér hafa farið fram, og stundum hafa þessar umr. jafnvel fjarlægst kjarna málsins. Hann er sá, hvort það sé vilji þm., að bankakerfið leiki lausum hala í fjárfestingum, eða það sé höfð einhver samræmd heildarstjórn á fjárfestingu bankanna. Þetta er grundvallaratriðið. En mér hefur blöskrað það, að flokkar, sem tala um áætlunargerð, forgangsröðun verkefna með miklum fjálgleik skuli, standa svo uppi gersamlega ábyrgðarlausir, þegar Seðlabanki Íslands er að fjárfesta hér upp á mörg hundruð millj. kr. Þetta er algert ábyrgðarleysi. Og þeir leyfa sér að koma svo fram hér og láta eins og ekkert sé að. Slíkur málflutningur og slíkt ábyrgðarleysi hjá þeim flokkum, sem þykjast vilja hafa forgangsröðun verkefna, er vítavert.

Hv. 7. þm. Reykv. benti réttilega á, að það væru tvær lögskýringar um það, hver væru raunverulega völd bankamrh. yfir ríkisbönkunum. Þar sem þessi frv. koma nú til fjh.- og viðskn., þar sem hv. þm. situr, þá vil ég beina því mjög sterklega til hans, að hann geri gangskör að því í n. að fá úr því skorið, hvor lögskýringin muni vera réttari, því að það leiðir af sjálfu sér, að ef reynist svo sem ég hef haldið fram og ýmsir aðrir, að bankamrh. hafi í raun og veru völd til þess að ráða slíkum stórframkvæmdum á vegum bankanna, þá er óþarfi að breyta l. bankanna, þannig að ég hygg, að það hljóti að verða fyrsta verkefni þessarar þn. að kanna, hver eru raunverulega völd bankamrh.

Hv. 1. þm. Sunnl. virtist vera andvígur því, að bankamrh. hefði víðtæk völd yfir bönkunum, og lét þess getið, að bankaráð mundu sennilega nægja. En sannleikurinn er sá, að það vantar heildarstjórn yfir bankana, og bankaráðin eru fyrst og fremst málsvari einstakra banka, enda væri ágætt fyrir hv. þm. á góðviðrisdegi að ganga niður Laugaveginn og síðan Bankastrætið og þá kæmi í ljós, að það eru víst töluvert á annan tug bankaútibúa á götuhornum hér niður eftir Laugavegi og Bankastræti. Og þá er spurningin: Er þetta þjóðhagslega æskilegt? Það, sem veldur þessu, er fyrst og fremst samkeppni bankanna, og tilgangurinn með heildarstjórn er að koma í veg fyrir óeðlilega samkeppni bankanna. En það gera bankaráðin ekki. Ég vil að sjálfsögðu taka það fram, að það er mikil lyftistöng fyrir atvinnulífið úti á landi, í fiskiþorpunum og annars staðar, að fá bankaútibú. Fyrir því hef ég ekkert nema fyllsta skilning og er meðmæltur. En ég er að andmæla því, að verið sé að dreifa skipulagslítið bankaútibúum hingað og þangað,

án þess að nokkur heildarstjórn sé á hlutunum. Þetta er grundvallaratriði málsins.

Að lokum vænti ég þess, að þingheimur muni sjá til þess, að þessi frv. mín fái brautargengi, enda þykist ég vita, að hæstv. bankamrh. muni stuðla mjög að því.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 23 shlj. atkv. og til fjh.- og viðskn. með 23 shlj. atkv.

Landsbanki Íslands, frv. (þskj. 85). — 1. umr.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 23 shlj. atkv. og til fjh.- og viðskn. með 23 shlj. atkv.

Útvegsbanki Íslands, frv. (þskj. 86). — 1. umr.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 22 shlj. atkv. og til fjh.- og viðskn. með 22 shlj. atkv.

Búnaðarbanki Íslands, frv. (þskj. 87). — 1. umr.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 23 shlj. atkv. og til fjh.- og viðskn. með 23 shlj. atkv.

Neðri deild, 27. fundur.

Miðvikudaginn 21. nóv., að loknum 26. fundi.

Verslunarbanki Íslands, frv. (þskj. 39). — 3. umr.

Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði samþ. með 22 shlj. atkv.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 23 shlj. atkv. og afgr. til Ed.

Efri deild, 24. fundur.

Fimmtudaginn 22. nóv., kl. 2 miðdegis.

Gjaldaviðauki, frv. (þskj. 41, n. 138). — 2. umr.

Frsm. (Ragnar Arnalds): Herra forseti. Frv. það, sem hér um ræðir, hefur verið árlegur gestur á borðum þm. Það hefur verið til athugunar hjá fjh.- og viðskn., og hún mælir einróma með samþykkt þess að venju.

ATKVGR.

1. gr. samþ. með 14 shlj. atkv.
2.—3. gr. samþ. með 13. shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 13. shlj. atkv.

Bann gegn veiðum með botnvörpu og flotvörpu, frv. (þskj. 11, n. 142). — 2. umr.

Frsm. (Bjarni Guðbjörnsson): Herra forseti. Frv. það, sem hér um ræðir, er flutt til staðfestingar á brbl. frá 26. júní s.l., en lög um bann gegn veiði með botnvörpu og flotvörpu gengu úr gildi 1. júlí s.l. Var því nauðsynlegt að framlengja gildistíma l. til ársloka 1973. Á síðasta Alþingi var flutt frv. varðandi fiskveiðilandhelgina, en það frv. náði ekki fram að ganga. Sjútvn. d. hefur athugað frv. og mælir einum rómi með, að það verði samþ. óbreytt.

ATKVGR.

1.—2. gr. samþ. með 13 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 13 shlj. atkv.

Verðlagsráð sjávarútvegsins, frv. (þskj. 97, n. 143). — 2. umr.

Frsm. (Bjarni Guðbjörnsson): Herra forseti. Frv. það, sem hér liggur fyrir, er samið af Verðlagsráði sjávarútvegsins og flutt samkv. ósk þess. Í því felast nokkrar breytingar, sem eru byggðar á 12 ára reynslu ráðsins í störfum og eiga að vera til hagræðingar.

Helstu breytingarnar eru þær, að lagt er til, að síldardeildir ráðsins verði lagðar niður í því formi sem nú er, en í staðinn komi tvær deildir. Önnur er síldarsöltunardeild, sem annist um alla verðlagningu á síld til söltunar, hvort sem síldin veiðist við Suður-, Vestur-, Norður- eða Austurland eða á fjarlægum miðum og er landað hérlendis. En undanfarið hefur það verið svo í framkvæmd, að báðar deildir verðlagsráðsins hafa verið kallaðar til verðlagningar, þegar um hefur verið að ræða síld frá fjarlægum miðum. Þetta hefur þótt nokkuð þungt í vöfum, og hefur því verið horfið að því ráði að færa þetta í þá átt, sem gert er ráð fyrir í frv. Í öðru lagi er bræðsludeild, sem á að annast alla verðlagningu á þeim fiski, sem fer til bræðslu, eða til mjöl- og lýsisvinnslu, og að verðlagning sé ákveðin í einni og sömu deildinni. Áður var hér aðeins um síld að ræða í þessu sambandi, en síðan lög um verðlagsráð voru sett á, hafa ýmsar fleiri fisktegundir komið til, svo sem spærlingur, kolmunni, makríll og loðna, svo að nokkuð sé nefnt.

Frá því að lög um verðlagsráð voru sett, hafa þessar veiðar hafist, og hefur því þótt þurfa að breyta ákvæðunum, vegna þess að ekki er talað um aðrar fisktegundir en síld í sambandi við verðlagningu í gildandi l. Þessar breytingar eru því, eins og ég sagði áðan, byggðar á þeirri reynslu, sem ráðið hefur fengið í störfum á undanförnum árum.

Það má gera ráð fyrir, að einhver sparnaður verði af þeim breytingum, sem frv. gerir ráð fyrir.

Einni breytingu enn er gert ráð fyrir í frv., og það er, að verðlagning á síld til frystingar fari fram í fiskdeildinni en ekki síldardeildinni, sem leiðir af því að fulltrúar frystiiðnaðarins eiga ekki aðild að síldarsöltunar- eða bræðsludeildinni.

Sjútvn. d. hefur athugað þetta frv. og mælir einróma með samþykkt þess óbreytts.

ATKVGR.

1. gr. samþ. með 12 shlj. atkv.
2.—7. gr. samþ. með 13 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 13 shlj. atkv.

Verslunarbanki Íslands, frv. (þskj. 39). — 1. umr.

Sjútvrh. (Lúðvík Jósepsson): Herra forseti. Mál þetta hefur þegar verið afgr. í hv. Nd. Frv. var flutt samkv. beiðni stjórnar Verslunarbanka Íslands. Það gerir ráð fyrir minni háttar breytingum varðandi kosningu á stjórn bankans, gerir m.a. ráð fyrir því, að hægt sé að kjósa formanninn sérstaklega og ekki þurfi að kjósa alla stjórnarmenn á hverjum aðalfundi, heldur geti verið um sérstaka úrfellingarreglu að ræða, eins og þekkist í ýmsum félagssamtökum. Hér er í rauninni um slíkt innra mál að ræða varðandi bankann, að rn. þótti einsýnt að verða við þessari ósk Verslunarbankans, og er því meðmælt því, að þetta frv. nái fram að ganga.

Ég vænti þess, að sú n., sem fjallar um málið í þessari d., geti fallist á þessa skoðun rn. og þá skoðun, sem hefur verið ofan á í Nd., að réttmætt sé að verða við þessum óskum forustumanna Verslunarbankans, þar sem hér er um minni háttar breytingu á l. um bankann að ræða.

Herra forseti. Ég legg til, að að lokinni þessari umr. verði málinu vísað til fjh.- og viðskn. til fyrirgreiðslu.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 13 shlj. atkv. og til fjh.- og viðskn. með 14 shlj. atkv.

Neðri deild, 28. fundur.

Fimmtudaginn 22. nóv., kl. 2 miðdegis.

Skipti á dánarbúum og félagsbúum, frv. (þskj. 28). — 1. umr.

Forsrh. (Ólafur Jóhannesson): Herra forseti. Það frv. um breyt. á l. um skipti á dánarbúum og félagsbúum, sem hér er til umr., var lagt fram á síðasta þingi, en svo seint, að það fékk ekki afgreiðslu þá, enda ekki til þess ætlast.

Eins og greint er frá í aths. við frv., var Þór Vilhjálmssyni prófessor falið á miðju ári 1972 að vinna að endurskoðun á löggjöfinni um búskipti. Að höfuðstofni til er þessi löggjöf nú 100 ára gömul, en efni hennar var þá algerlega sótt í hina nýju dönsku löggjöf þeirra ára, en eins og kunnugt er, þá fylgdi umfangsmikil endurnýjun á hinni almennu löggjöf í Danmörku í kjölfar dönsku stjórnarskrárinnar frá 1849, þ.á m. endurskoðun á réttarfarslöggjöf og endurskoðun á skiptalöggjöf, og af þeirri dönsku löggjöf, sem þá var sett og að mörgu leyti var mjög vönduð, höfðum við Íslendingar góð not, og á það ekki hvað síst við um skiptalöggjöfina, sem var mjög vandað verk. Það er hins vegar löngu ljóst, að sú löggjöf þarfnast endurskoðunar, sem engan þarf að undra eftir svo langan tíma.

Að því hefur verið horfið eftir fyrstu athugun á þessu verkefni og í samráði við rn. að taka fyrst fyrir það efni, sem þetta frv. hefur að geyma, en það eru lagareglurnar um greiðsluröð krafna við skipti. Eru að þessu leyti viðhöfð hér sömu vinnubrögð og í Danmörku, Noregi og Svíþjóð, en þar hefur við endurskoðun samsvarandi löggjafar á síðasta áratug verið fyrst og fremst unnið að breytingum á lagareglunum um skuldaröð. Til þess liggja augljósar hagkvæmnisástæður. Þetta verkefni er nokkuð afmarkað, en hins vegar mjög brýnt, þar sem þeim reglum tengjast mjög mikilvæg félagsleg sjónarmið, sem æskilegt er, að komið verði fljótlega fram með breytingum á löggjöfinni á þessu takmarkaða sviði. Heildarverkefnið, reglurnar um búskipti almennt, er hins vegar bæði mjög umfangsmikið og vandasamt, og tekur óhjákvæmilega lengri tíma að ljúka þeirri endurskoðun, eins og reynslan frá hinum Norðurlöndunum líka sýnir. Ætlunin er, að næsta verkefni, sem tekið verður fyrir, verði nýtt frv. að gjaldþrotaskiptalögum, en síðan hin almennu skiptalög, þ.e.a.s. lög um skipti á dánarbúum og félagsbúum.

Ég vék hér áðan aðeins að hinum mikilsverðu félagslegu sjónarmiðum, sem einkum hafa ráðið því, að hér eins og á öðrum Norðurlöndum hefur þótt rétt að taka þennan þátt efnisins sérstaklega til meðferðar. Breytingarnar eru fyrst og fremst í því fólgnar að fella niður úr röð forgangskrafna ýmsar kröfur opinberra aðila, sem rík tilhneiging var til að tryggja sem best á sínum tíma, þegar núgildandi löggjöf var sett, eins og t.d. skattakröfur og aðrar gjaldkröfur opinberra aðila. Hin breyttu félagslegu viðhorf hafa valdið því, að nú er lagt enn meira upp úr því að tryggja hagsmuni þeirra aðila, sem síður mega við því að verða fyrir skakkaföllum í sambandi við skipti vegna óhagstæðrar skuldaraðar, svo sem launþegar vegna launakrafna, svo sem kröfuhafar að ýmsum félagslegum framlögum, svo sem lífeyri og meðlögum.

Það raskar ekki út af fyrir sig þörf fyrir þessar breytingar, þótt til hafi komið aðrar félagslegar ráðstafanir í löggjöf síðari ára, fyrst og fremst með almannatryggingunum og nú síðast með fyrirhugaðri löggjöf um tryggingar launakrafna í sambandi við gjaldþrot atvinnurekstrar. Hinar nýju reglur þessa lagafrv. eiga að sjálfsögðu að haldast í hendur við samsvarandi þróun í margs konar félagslegri löggjöf.

Herra forseti. Ég mun ekki við þessa umr. fara að rekja eða lesa upp einstakar gr. þessa lagafrv. Með frv. fylgja mjög ítarlegar skýringar og þ. á m. skýringar á einstökum gr., og ég vil leyfa mér að vísa til grg., sem fylgir þessu frv. frá höfundi þess.

Frv. hefur gengið í gegnum Ed. og verið afgr. þar shlj., og ég vil leyfa mér að leggja til, að því verði vísað til 2. umr. og hv. allshn.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 21 shlj. atkv. og til allshn. með 21 shlj. atkv.

Kaupstaðarréttindi til handa Dalvíkurkauptúni, frv. (þskj. 118). — 1. umr.

Ingvar Gíslason: Herra forseti. Ég mun nú ekki hafa langa framsögu fyrir þessu máli, því að það var flutt hér í fyrra og þá gerð grein fyrir því. Frv. er flutt samkv. sérstakri beiðni hreppsnefndar Dalvíkurhrepps og á sér nokkurn aðdraganda. Það hefur verið rætt alllengi, í allmörg ár, í hreppsnefnd Dalvíkur, að æskilegt væri, að Dalvík fengi kaupstaðarréttindi. Að mínum dómi er höfuðatriðið nú, að þetta mál fái ítarlega skoðun í þn. Ég legg því til, herra forseti, að málinu verði vísað til félmn. eins og fleiri málum, sem fjallað hefur verið um hér í hv. deild og varða kaupstaðarréttindi.

Ég sé ekki ástæðu til þess að hafa um þetta öllu fleiri orð, en vænti þess, að hv. félmn. taki það til gaumgæfilegrar skoðunar.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 29 shlj. atkv. og til félmn. með 24 shlj. atkv.

Eftirlit með einokun, hringamyndun og samkeppnishömlum, frv. (þskj. 122). — 1. umr.

Flm. (Ellert B. Schram): Herra forseti. Þótt undravert megi virðast, hefur verslunin sem atvinnuvegur aldrei hlotið fulla viðurkenningu hér á landi og lengst af verið skotspónn í pólitískum illdeilum. Nú á það að vera hafið yfir gagnrýni, að þegar verslunin komst í hendur Íslendinga sjálfra, var stigið eitt þýðingarmesta sporið í sjálfstæðisbaráttu landsmanna og innlend verslun þjónaði mikilvægu hlutverki í efnahagslegri uppbyggingu þjóðarinnar. Það má vera skýring að einhverju leyti, að eftir að stjórnmálakenningar síðustu og þessarar aldar héldu innreið sína með stofnun þeirra flokka, sem enn eru við lýði, hófust hatrammar deilur um afstöðu manna til eignaraðildar á framleiðslu- og atvinnutækjum. Af þeim stjórnmálaflokkum, sem lengst vildu og vilja ganga í átt til ríkisrekstrar og þjóðnýtingar atvinnufyrirtækja, hefur verið gerð hörð atlaga og þeim einstaklingum og aðilum, sem hafa stundað sjálfstæðan verslunarrekstur. Hinir síðarnefndu aðilar hafa á hinn bóginn hvergi látið deigan síga og krafist aukins frelsis í verslunarrekstri. Um þetta hefur staðið látlaus pólitískur styr í heilan mannsaldur. Þau átök náðu hámarki, þegar skömmtun, verðlagshöft og innflutningsleyfi voru í algleymingi á fyrri hluta þessarar aldar og aftur í tíð fyrri vinstri stjórnar. Með valdatöku viðreisnarstjórnar var mjög rýmkað til í þessum efnum með þeim afleiðingum, að umsvif verslunaraðila jukust stórlega, bæði í fjárfestingu og veltu. Andstæðingum svokallaðrar frjálsrar verslunar, bæði þá og áður, hefur mjög vaxið í augum viðgangur verslunarinnar sem slíkrar og gert sér ýktar hugmyndir um hagnað af viðskiptum og talið, að með ástandinu í verslunarmálum endurspegluðust í hnotskurn gallar hins kapítalíska kerfis. Af þessum ástæðum m.a. hefur frjáls innlend verslun aldrei notið sannmælis, hvorki sögulega né pólitískt.

Vegna hinna sjálfvirku tengsla, sem á milli kaupgjalds og verðlags hafa verið, hefur verkalýðshreyfingin í kjarabaráttu sinni mjög beint athygli sinni og sinna umbjóðenda að verðlagsþróuninni og í áróðri sínum lagt áherslu á þá kenningu, að kaupgjald þurfi óhjákvæmilega að hækka svo og svo mikið vegna fyrri hækkana verðlags. Því dæmi hefur sjaldnast verið snúið við, enda þótt þessir sömu aðilar neyðist nú til að viðurkenna og samþykkja ýmiss konar verðlagshækkanir, sem séu óhjákvæmilega afleiðingar kaupgjaldshækkana. Ég skal ekki gera þetta frekar að umtalsefni, en ég minni aðeins á þetta til þess að draga fram, að meðal vissra stétta í þjóðfélaginu, einkum á meðal launþega, því miður, hefur verið sáð frækornum tortryggni og andúðar í garð verslunarstéttar og alið á þeirri hugsun, að þar græði menn í skjóli óheiðarleikans og þrífist á illa fengnum milliliðagróða. Sú rótgróna tortryggni og íhaldssami hugsunarháttur, sem því miður á sér, eins og fyrr segir, nokkuð sterk ítök í ýmsum launþegafélögum, einkum þó í hinni pólitísku forustu þeirra, átti stærsta þáttinn í því, þegar meiri hl. þingheims snerist gegn frv., sem gerði ráð fyrir rýmkun í verðgæslu og eftirliti með samkeppnishömlum. Frv. þessa efnis var borið fram á þinginu 1969—1970, og miðaði það tvímælalaust til mikilla bóta fyrir verslunarstéttina sem slíka, en þó ekki síður fyrir neytendur og þar með launþega. Það frv. var að mínu mati spor í þá átt að skapa hér eðlilegt, tiltölulega frjálsara ástand í verðlags- og viðskiptamálum í samræmi við það, sem fyrir löngu þykir sjálfsagt á Vesturlöndum. En með því að fella nefnt frv. situr enn við það sama: áframhaldandi taugastríð milli eigenda og starfsmanna, óeðlileg og misskilin afskipti verðlagsnefndar, skertir möguleikar viðskiptafyrirtækja til bættrar þjónustu, óánægja viðskiptavina og einskis virt sjónarmið neytenda. Ákvarðanir um verðlag eru enn notaðir sem bitbein í alls óskyldum vopnaleik aðila vinnumarkaðarins, án þess þó að það hafi raunverulegt gildi fyrir hvorugan aðilann, auk þess sem sjónarmið neytenda eru þannig fyrir borð borin af fullkominni óskammfeilni.

Af orðum mínum má nú ljóst vera, hvaða afstöðu ég hef til núverandi verðlagskerfis. Mér hefur verið og er það áhugamál, ef takast mætti að gera þar breytingar á. Mér er engu að síður nokkuð ljóst, að þeir flokkar, sem nú sitja að völdum, eru ekki reiðubúnir til þess að beita sér fyrir þessum breytingum. Pólitísk skilyrði virðast ekki vera fyrir hendi, illu heilli, til endurbóta í verðlags- og verðgæslumálum. Ég hef af þessum sökum ekki gerst talsmaður þess að svo stöddu að endurflytja frv. frá 1969 um verðgæslu og eftirlit með samkeppnishömlum, en ég hef hins vegar freistað þess að bera fram frv., er lýtur að eftirliti með einokun, hringamyndun og samkeppnishömlum. Ég tel, að sá þáttur málsins gæti átt fullt erindi í sérstöku frv., enda víða erlendis svo, að um eftirlit með einokun o.fl. gilda sérlög og sérreglur.

Þegar ég nú flyt þetta frv., vildi ég vekja athygli á því, að hér er fyrst og fremst gerð tilraun til þess að koma til móts við neytendur og hagsmuni þeirra. Í þessu frv. á að felast aukin vernd fyrir neytendur. Þetta er neytendafrv. Á síðari árum hefur skilningur farið vaxandi á þörfum og kröfum neytenda. Fram til skamms tíma höfðu menn einblínt á hina fjárhagslegu eignaraðild verslunarrekstrarins og velt fyrir sér mismunandi álagningu og rekstrarformi með hliðsjón af arðsemi. Það gleymdist of oft, að verslun er þjónusta, sem ekki er rekin vegna eigandans, heldur fyrir viðskiptavininn. Það er í þágu neytandans, sem þjónustan er bætt, ef samkeppni þrífst með eðlilegum hætti og aðhald skapast af þeim sökum. Einokunarfyrirtæki þurfa ekki að hafa áhyggjur af því, hvort þjónusta sé góð eða varan aðgengileg. Neytandinn neyðist til þess að kaupa, hvort sem honum líkar betur eða verr. Einokunarfyrirtækið þarf ekki að velta fyrir sér, hvort verðlag vörunnar sé hærra eða lægra, ef önnur vörutegund eða önnur þjónusta er ekki til samanburðar. Samkeppni á heilbrigðum grundvelli leysir slíkt af sjálfu sér.

Í nálægum löndum hefur samtökum neytenda vaxið mjög fiskur um hrygg. Þau samtök veita fyrirtækjum sterkt aðhald um gæði, verð og vöruúrval. Þau eru sterkasta eftirlitið með vöruverði og álagningu, og heilbrigð samkeppni markaðarins hefur skapað neytendum aðstöðu til að beita áhrifum sínum þannig, að þjónustufyrirtækin þurfa að taka þar fullt tillit til. Slíkt er þó ekki unnt, nema löggjöfin standi með neytandanum og verndi hann gegn samkeppnishömlum, einokun og hringamyndun.

Með vaxandi fjármagni og umsvifum stórra fyrirtækja hefur skapast aukin hætta á einokunaraðstöðu slíkra fyrirtækja. Hér er einkum um að ræða fjölþjóðleg fyrirtæki, sem teygja út anga sína í ýmsum myndum í skjóli markaðsbandalaga og fríverslunar. En sama hætta er auðvitað fyrir hendi, þótt í smærri stíl sé, innan landamæra hvers ríkis og jafnvel á einangruðum markaði. Slík einokunaraðstaða stríðir gegn lögmáli samkeppninnar og þeim sjónarmiðum, sem liggja þar til grundvallar. Þeim, sem berjast fyrir frjálsri verslun, á að vera ljóst og þeir eiga að átta sig á þeirri hættu, sem þessu er samfara. Verslunarfrelsi stafar jafnt hætta af hringamyndun og duldum samkeppnishömlum kapítalískra stórfyrirtækja sem óeðlilegum afskiptum hins opinbera. Með flutningi þessa frv. hef ég viljað leggja áherslu á þá skoðun mína, að frjáls verslun geti því aðeins þrifist, að menn séu á varðbergi gagnvart þessu hvoru tveggja. Einokun er jafnóæskileg, hvort heldur hún er í nafni ríkis eða auðhrings.

Þetta frv. ber með sér, að við samningu þess hefur verið höfð hliðsjón af frv. um verðgæslu og samkeppnishömlur, sem lagt var fram sem stjfrv. 1969. Sömuleiðis hefur frv. að einhverju leyti verið sniðið eftir frv. um neytendavernd, sem á sínum tíma var samið á vegum viðskrn. Má jafnvel vera, að einhver ákvæði þessa frv. hafi verið fengin nánast orðrétt að láni úr þessum fyrrnefndu frv., og eru þá höfundar þeirra beðnir velvirðingar á því.

Frv. þetta mun ekki valda neinum umbrotum. Það kveður ekki á um blátt bann við einokun eða hringamyndunum, heldur gerir ráð fyrir eftirliti með slíkri starfsemi. Frv., ef að lögum verður, á að stuðla að sanngjörnum samkeppnisháttum og koma í veg fyrir skaðleg áhrif óæskilegra viðskiptahátta. Gert er ráð fyrir, að sett verði á fót sérstök n., sem kölluð er viðskiptaháttanefnd, sem hafi nefnt eftirlit með höndum. N. samkv. frv. skal vera skipuð þrem mönnum, en ég vil taka fram, að bæði fjöldi og tilnefningar í n. er umdeilanlegt og gæti verið til athugunar, ef frv. verður skoðað ofan í kjölinn. N. skal halda skrá yfir fyrirtæki, sem geta kallast mikilsráðandi eða markaðsráðandi, og eru þessi fyrirtæki tilkynningarskyld um allar ákvarðanir og viðskiptaskilmála. Ef þessi tilkynningaskylda er ekki virt, eru allir slíkir skilmálar og ákvarðanir ógildar. N. hefur ekki dómsvald, en hún hefur frestunarvald, og með fyrirmælum getur n. breytt eða ógilt að nokkru eða öllu samninga, samþykktir eða aðrar ákvarðanir, sem teljast hafa skaðleg áhrif á samkeppni. Fyrirmæli n., eins og fyrr segir, hafa í för með sér frestun á framkvæmd samninga, en aðili getur skotið málinu til dómstóla, ef hann vill ekki una niðurstöðu n. Fram er tekið í frv., að samkeppnishömlur teljist skaðlegar, þegar þær hafa ósanngjörn áhrif á verðmyndun og atvinnustarfsemi frá þjóðfélagslegu sjónarmiði eða koma í veg fyrir bestu hagnýtingu í framleiðslu, vörudreifingu eða þjónustu.

Herra forseti. Mér er ljóst, að þetta frv. hefur á sér vissa annmarka. Annars vegar má gagnrýna frv. vegna þess, að það gangi of skammt í þá átt að refsa fyrirtækjum og koma í veg fyrir einokunarstarfsemi. Hins vegar má finna því til foráttu, að hér sé enn einn opinber aðili, sem sé með nefið ofan í rekstri fyrirtækja. Hvort tveggja má til sanns vegar færa. Ég er þó þeirrar skoðunar, að hér sé um að ræða mál, sem tekið verði mun fastari tökum og verði að taka fastari tökum innan mjög fárra ára, ef ekki á að stefna í hreint óefni. Slík löggjöf er óhjákvæmileg til verndar heilbrigðri samkeppni og hagsmunum neytenda. Til þess þarf eftirlit, og það eftirlit á einmitt að vera í höndum verslunar- og neytendasamtakanna sjálfra. Á þeim brennur eldurinn. Þeim er málið skyldast, og þar er skilningurinn ríkastur. Þetta frv., ef að lögum verður, gæti verið fyrsta skrefið í þessa átt. Það spor verður að stíga varlega, það verður að njóta skilnings viðkomandi aðila og vera sameiginlegt áhugamál allra þeirra, sem hafa hagsmuna að gæta. Af þeirri reynslu, sem fengist af þessum fyrsta áfanga, verum við betur undirbúin fyrir þann næsta.

Ég legg svo til, herra forseti, að að lokinni 1. umr. verði málinu vísað til 2. umr. og fjh.- og viðskn.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 25 shlj. atkv. og til fjh.- og viðskn. með 27 shlj. atkv.

Rannsóknarnefnd vegna landhelgisgæslu, þáltill. (þskj. 93). — Ein umr.

Flm. (Karvel Pálmason): Herra forseti. Við hv. 3. þm. Vestf. höfum leyft okkur að bera fram till. til þál. um rannsóknarnefnd vegna landhelgisgæslu. Till. þessari var útbýtt hér á Alþ. hinn 9. nóv., að ég held, og er því nokkur tími liðinn frá því og þar til nú, að hún kemur hér til umr. Einnig hefur það gerst síðan þessari till. var útbýtt hér á Alþ., að gert hefur verið bráðabirgðasamkomulag við Breta í landhelgisdeilunni. Hvorugt þessara atriða, sem hér hefur verið minnst á, breytir í neinu þeirri nauðsyn, að mál það, sem till. fjallar um, verði rannsakað ofan í kjölinn.

Till., sem er á þskj. 93, hljóðar svo, með leyfi forseta:

„Nd. Alþ. ályktar að skipa n. skv. 39. gr. stjórnarskrárinnar til að rannsaka framkvæmd landhelgisgæslu frá 15. okt. s. l. og kanna, hvort ásakanir, sem fram hafa verið bornar um, að gæsla landhelginnar á Vestfjarðamiðum hafi ekki verið með eðlilegum hætti, hafi við rök að styðjast. Skulu nm. vera 5, einn tilnefndur af hverjum þingflokki. N. skal hafa rétt til að heimta skýrslur, munnlegar og bréflegar, bæði af embættismönnum og einstökum mönnum. Að loknum störfum skal n. gefa Nd. skýrslu um niðurstöður sínar."

Það mun heldur fátítt, að till. til þál. séu bornar fram í deildum Alþingis. Þó munu þess nokkur dæmi, enda er ráð fyrir því gert, eins og fram kemur í till., í 39. gr. stjórnarskrárinnar, að hvor þd. geti skipað n. innan þdm. til að rannsaka mikilvæg mál, er almenning varða. Og að áliti okkar flm. þessarar till. er hér um svo mikilvægt mál að ræða, sem tvímælalaust varðar þjóðarheildina, að fyllsta þörf er á, að rannsókn fari fram, svo að hið rétta komi í ljós.

Ég tel víst, að öllum hv. þdm. sé ljóst, að allt frá því um miðjan okt. s. l. hefur gætt mikillar og vaxandi gremju og óánægju meðal skipstjórnarmanna og sjómanna almennt á Vestfjörðum, vegna mjög slakrar framkvæmdar landhelgisgæslu á fiskimiðum úti fyrir Vestfjörðum. Birst höfðu svo til daglega í fjölmiðlum viðtöl og yfirlýsingar skipstjórnarmanna á vestfirska skipaflotanum, þar sem þeir létu í ljós megnustu óánægju með gæslu landhelginnar. Þessir aðilar hafa ekki verið myrkir í máli, og ekki verður annað séð á því, sem birst hefur frá þeim, en að þeim beri saman í svo til öllum atriðum. Einnig hefur Útvegsmannafélag Vestfjarða samþykkt ályktun, þar sem mótmælt er augljósu afskiptaleysi Landhelgisgæslunnar. Hins vegar virðist, að því er best verður séð á því, sem heyrst hefur frá talsmönnum Landhelgisgæslunnar, að þar kveði við annan tón. Yfirstjórn landhelgisgæslu virðist ekki kannast við, að það ástand, sem skipstjórnarmennirnir vestfirsku munu hafa lýst, hafi ríkt á miðunum úti fyrir Vestfjörðum á umræddum tíma.

Hinn 22. okt. s. l. kvaddi ég mér hljóðs utan dagskrár í Sþ. ásamt hv. 2. þm. Vestf. og gerði að umræðuefni það ástand, sem ríkt hefði á Vestfjarðamiðum að sögn skipstjóra þar vestra. Ég vitnaði þá til yfirlýsingar, sem hæstv. dómsmrh. hafði gefið, áður en hann hélt til London, um, að engin breyting yrði á framkvæmd landhelgisgæslunnar, meðan viðræður hans við breska forsrh. stæðu yfir. Einnig spurði ég hæstv. dómsmrh. um það, hvort Landhelgisgæslunni hefði verið gefin fyrirmæli um að hafast ekkert að. Dómsmrh. greindi frá því, að fyrirmæli sín til Landhelgisgæslunnar væru þau sömu og verið hefðu. Ég vil taka það sérstaklega fram hér og nú, að ég hef ekki ástæðu til að ætla annað en að hæstv. ráðh. hafi þarna farið með rétt mál. Einnig gerði ráðh. grein fyrir því áliti gæslunnar, að eðlileg gæsla landhelginnar ætti sér stað.

Síðan þetta var, hefur óánægja mjög magnast, og síður en svo hefur dregið úr ásökunum skipstjórnarmanna þar vestra á hendur Landhelgisgæslunni. Dómsmrn. hefur nú óskað skýrslugerðar um þessa atburði, og hafa skýrslur verið teknar af skipstjórnarmönnum vestra hjá bæjarfógetaembættinu á Ísafirði, og eftir því sem ég best veit, hafa þeir þar staðfest framburð sinn og ásakanir á hendur gæslunni. En flm. þessarar þáltill. þykir svo mikið í milli bera í ásökunum skipstjórnarmanna annars vegar og umsögn talsmanna Landhelgisgæslunnar hins vegar, að ekki verði hjá því komist, að alhliða rannsókn fari fram, enda hér um alvarlegt mál að ræða, sem allan almenning varðar.

Að sjálfsögðu mætti miklu fleiri orðum fara um ýmis atriði, sem þetta mál varðar, en því skal sleppt að sinni. En með þetta eitt í huga, að sannleikurinn í þessu máli komi í ljós, er þáltill. þessi flutt, og ég vona, að hv. þdm. séu okkur flm. sammála um, að öllum sé fyrir bestu, að málið verði til mergjar krufið á þann hátt, sem þáltill. gerir ráð fyrir.

Ég vil taka það skýrt fram, að þessari till. er ekki beint að einum eða neinum ákveðnum aðila. En það virðist vera ljóst af því annars vegar, sem skipstjórnarmenn hafa haldið fram og hafa nú staðfest fyrir rétti, og hins vegar af því áliti, sem talsmenn Landhelgisgæslunnar hafa látið í ljós, að þar greinir svo mikið í milli, að vart verði hjá því komist, að hið rétta í málinu komi í ljós.

Ég sé ekki ástæðu til, herra forseti, að þessu sinni að fara fleiri orðum um þessa till. Ég hygg, að hv. þdm. sé öllum ljóst, af hvaða ástæðum hún er flutt. Ég vil svo leyfa mér að leggja til, að umr. verði frestað og málinu vísað til hv. allshn.

Pétur Sigurðsson: Herra forseti. Gamalt íslenskt máltæki segir: „Bragð er að, þá barnið finnur", og er það eftirtektarvert, að meðflm. hv. 1. flm. þessarar till. er fyrrv. ráðh. í hæstv. ríkisstj., nýskriðinn úr náðarfaðmi hæstv. forsrh., — maðurinn, sem eftir að hafa verið samgrh. í tvö ár, lætur sitt fyrsta verk hér á hv. Alþ. vera að flytja frv. um, að það verði tekið nokkurra tuga millj. kr. lán eða gefin út skuldabréf til þess að ljúka Djúpvegi svokölluðum.

Hv. frsm. sagði í sinni framsöguræðu hér áðan:

Ég hef ekki ástæðu til annars en að ætla, að forsrh. fari með rétt mál.

Í sambandi við þessa till. hljóta auðvitað allir að sjá, að það er farið fram hjá máli málanna, sem er að vega fyrir sér orð og skýringar æðsta manns Landhelgisgæslunnar, hæstv. dómsmrh. Það fer náttúrlega ekki fram hjá neinum, þótt hv. frsm. sé nú að reyna að komast fram hjá þeirri staðreynd, að það er dómsmrh., sem á að svara fyrir það, sem gerst hefur hjá Landhelgisgæslunni, ef eitthvað hefur þar gerst, sem við höfum ekki enn þá sannreynt, þótt ég hins vegar vilji ekki enn átelja þá skipstjórnarmenn hina íslensku, sem hafa ákært gæsluna og yfirstjórn hennar fyrir það að hafa ekki gætt sinnar skyldu. Ég vil þess vegna strax taka það fram, að ég mun heils hugar fylgja þessari till., en þó með nokkrum breytingum.

Áður en ég held áfram með mál mitt, mun ég efnislega skýra frá því nú þegar, hvað ég teldi, að deildin þyrfti að gera, til þess að þessi till. næði tilgangi sínum og uppfyllti sjálfsagðar óskir þeirra, sem hafa sömu skoðun og ég. Ég sé enga ástæðu t. d. til þess, að það eigi að vera aðeins 5 menn í þessari n. Við skulum láta vera jafnmarga í þessari n. eins og þingstyrkur þingflokkanna segir til um og hafa hana 7 manna n. og kjósa þá að sjálfsögðu hlutfallskosningu. Það gæti þá verið, að við gætum komið þar inn litla þingflokknum okkar með Bjarna Guðnason hv. þm. þar í fararbroddi, enda ekki margir á eftir honum í þeim þingflokki. En ég gæti trúað því, að hann hefði líka áhuga á því að fylgjast með slíkri rannsókn og komast til botns í þessu máli.

Þá tel ég alveg óhæft að vera að miða við þessa rannsókn við tímann frá 15. okt. s. l. og aðeins við Vestfjarðamið. Minnast engir orða íslenskra sjómanna og skipstjórnarmanna við Austurland á yfirstandandi ári? Eigum við ekki að láta þessa rannsókn ná yfir allt yfirstandandi ár og þá t. d. yfir Austfjarða- og Vestfjarðamið? Hæstv. forsrh. hefur gefið yfirlýsingar og skýringar á framkomu og starfi Landhelgisgæslunnar við Austurland á yfirstandandi ári, og ég tel alveg nauðsynlegt, að þessi rannsókn nái yfir starf gæslunnar allt þetta ár, ef út í rannsókn á að fara á annað borð.

Í till. segir, að n. eigi að hafa rétt, — hún auðvitað hefur það samkv. stjórnarskránni, — til þess að heimta skýrslur, munnlegar og bréflegar, bæði af embættismönnum og einstökum mönnum. Af hverju er verið að fara í kringum þetta eins og köttur í kringum heitan graut? Af hverju ekki að orða það á þann veg, að n. skuli hafa rétt til þess að krefjast skýrslna, munnlega og bréflega, bæði af embættismönnum og ráðherra, dómsmála, svo og starfsmönnum Landhelgisgæslunnar og öðrum einstaklingum, og þar koma að sjálfsögðu til þeir einstaklingar úr stétt og röðum sjómanna, sem hafa borið þessar þungu ákærur á yfirstjórn Landhelgisgæslunnar.

Það vakti mikla athygli mína, þegar umr. stóðu yfir hér fyrir nokkrum dögum á hv. Alþ. um samkomulagið við Breta, hve margir þm. í ræðum sínum og fyrirsvörum voru áfjáðir í að telja afstöðu þeirra hinna sömu byggða á því, að þeir væru að gæta öryggis sæfarenda hér við Ísland, og þá geri ég ráð fyrir, að átt hafi verið við íslenska sjómenn og ekki aðeins fiskimenn, heldur og sjómenn á skipum Landhelgisgæslunnar. Við vitum, að það hefur verið talað um, að einn sjómaður hafi látið lífið og orsök þess slyss hafi verið óbeinn árekstur á milli eins af okkar varðskipum og breskra lögbrjóta, sem ég kalla í þessu tilfelli. Það virðist gleymast um leið og hafa gleymst þeim hinum sömu, sem hafa haft þetta á vörunum, að þeir væru að gæta öryggis íslenskra sjómanna hér í kringum landið, að fyrir utan þennan eina sjómann, sem hefur látið lífið, við skulum segja beint vegna árekstra í deilunni við Breta og Vestur-Þjóðverja, eru 32 sjómenn aðrir íslenskir, sem hafa látið lífið frá 1. sept. s. l., þegar landhelgin var færð út, og þeirra dauði verður ekki rakinn til þessa. En ég minnist þess, að um leið og hæstv. dómsmrh. og hæstv. ríkisstj. tók leigunámi *eitt af skipum Hvals hf., þá* varaði útgerðarmaður og aðaleigandi þeirra skipa mjög við því, að þessi skip væru ákaflega hættuleg, þau væru mjög hættuleg til þessara starfa, sérstaklega yfir vetrartímann. Ég hafði spurnir af því nú í gær, að stórt og mikið fiskiskip, tiltölulega nýlegt, sem var að koma frá Noregi, — var keypt þaðan til Vestfjarða, — sneri við út af Austfjörðum og fór suður fyrir land vegna mikillar ísingarhættu, sem skipstjórinn á skipinu taldi vera, og vildi þess vegna ekki stofna skipshöfn sinni í hættu með því að sigla norður fyrir land. Við verðum þess vör nú í fréttum og það er engin dul dregin þar á, að nú í fyrsta skipti um langan tíma eru okkar varðskip látin draga fiskiskip til hafnar, ekki aðeins íslensk, heldur og erlenda báta norðan úr hafi, þó að mörg önnur skip hefðu getað dregið þann hinn sama bát til hafnar án þess að stofna lífi skipshafnar eða hagsmunum útgerðar í hættu á þeim bát. Tvö af þrem aðalvarðskipum okkar eru bundin í þessu, en skipið, sem eigandinn taldi vera hættulegt að vetrarlagi, er látið vera úti fyrir Vestfjörðum við landhelgisgæslu. Og þarna er komin umhyggja sömu manna fyrir lífi og öryggi íslenskra sjómanna. Hræsnin í þessu máli dylst auðvitað engum, sem til þekkir, og ég vil leyfa mér að skora á hv. þd. að samþykkja þessar till., þó með nokkrum breytingum, sem ég mun koma síðar að, ef ástæða gefst til í ræðu, en annars með brtt.

Jónas Árnason: Herra forseti. Ég styð þá till., sem hér er til umr., en ég hef við hana að athuga hið sama og hv. síðasti ræðumaður, að hún sé ekki nógu víðtæk. Ég tel, að hún ætti að taka til landhelgisgæslunnar ekki aðeins frá 15. okt. s. l., heldur alveg frá því að landhelgin var færð út í 50 mílur. Ég leyfi mér að beina því til þeirrar n., sem fær till. til athugunar, að það má auðveldlega breyta henni í það horf, sem ég er hér að tala um, með því að setja í stað orðanna „15. okt. s. l.“ orðin: „1. sept. 1972“ og fella brott í 3. og 4. línu orðin „á Vestfjarðamiðum“. Þá tekur till. til alls þessa tímabils og allrar landhelginnar.

Ég vona sem sagt, að till. hljóti samþykki og það sem allra fyrst. Það er kominn tími til

þess, að upp létti þeirri þoku, sem grúft hefur yfir þeim málum, sem varða stjórn Landhelgisgæslunnar. Óánægjan með þau mál hefur oft bitnað á þeim, sem síst skyldi, þ. e. a. s. áhöfnum varðskipanna og sérstaklega yfirmönnum þeirra. Hún hefur bitnað á þeim mönnum, sem hv. síðasti ræðumaður, Pétur Sigurðsson, nefndi hér í ræðu okkar „bestu löggæslumenn". Það er fullkomin ástæða til þess að ætla, að þeim hafi hvað eftir annað verið settar hömlur í störfum og jafnvel bannað að gera það, sem þeir hefðu sjálfir viljað gera og talið réttast að gera. Þessir menn eiga að mínum dómi ótvíræðan rétt til þess, að þjóðin fái vitneskju um það, hverjir þessu hafa ráðið. Þeir eiga allt annað skilið heldur en að verða að liggja undir ámæli fyrir dugleysi og jafnvel hugleysi. Og ég er sannfærður um það, að þeir fagna allir innilega þessari till., því að ef sett verður rannsóknarnefnd í þessi mál, þá leiðir af sjálfu sér, að yfirmenn varðskipanna verða kallaðir fyrir, og þá gefst þeim kærkomið tækifæri til þess að gera þjóðinni grein fyrir því hlutskipti, sem þeir hafa orðið að sæta í störfum sínum.

Til þess að fyrirbyggja hugsanlegan misskilning, þann misskilning, að í þessum orðum mínum felist einhver sérstök ásökun í garð hæstv. dómsmrh. persónulega, þá vil ég taka það fram, að þrátt fyrir allt er það einróma álit yfirmanna Landhelgisgæslunnar, — það veit ég, — það er einróma álit þeirra, að þeir eigi nú að mæta meiri skilningi af hálfu viðkomandi yfirvalda en verið hefur um langt árabil.

Hv. síðasti ræðumaður taldi, að þessi till. beindist fyrst og fremst að hæstv. forsrh. og dómsmrh. Nú er það að vísu rétt, að þegar þessi mál hefur borið á góma, þá hefur hæstv. dómsmrh. í yfirlýsingum sínum aldrei dregið neitt úr varðandi sína eigin ábyrgð. Í þessu kemur að mínum dómi fram drengskapur mannsins. Hann telur sér siðferðilega skylt að bera blak af yfirmönnum Landhelgisgæslunnar, þ. e. a. s. þeim, sem hafa með hendi hinn daglega rekstur, miklu meira en hæstv. dómsmrh. Og ég virði ráðh. fyrir drengskap hans. En ég hef fullkomna ástæðu til þess að ætla, að það, sem okkur ýmsum finnst að miður hafi farið í gæslu Landhelgisgæslunnar, hafi oft og kannske oftast gerst á ábyrgð annarra yfirmanna gæslunnar heldur en hæstv. ráðh. þrátt fyrir hans háa embætti. Ég hef fullkomna ástæðu til þess að ætla, að hann hafi oft vegna anna eða af öðrum ástæðum ekki haft aðstöðu til afskipta, þegar fyrirmæli hafa verið gefin, og jafnvel, að hæstv. ráðh. hafi á stundum verið gefnar rangar eða jafnvel villandi upplýsingar.

En m. ö. o.: ég styð þessa till., vegna þess að ég er sannfærður um það, að rannsóknarnefnd í þessum málum mundi leiða í ljós, að ekki aðeins yfirmenn varðskipanna hafa verið hafðir fyrir rangri sök, heldur einnig hæstv. ráðh. oft á tíðum.

Úr því að ég er farinn að tala hér sérstaklega um hæstv. ráðh., vil ég nota tækifærið til þess að óska honum til hamingju með það, að sá alkunni landhelgisbrjótur, sá argi þrjótur Northern Sky hefur verið strikaður út af skrá þeirra skipa, sem leyfi fengu til veiða innan 50 mílna markanna við undirskrift samninganna við Breta, — að fyrsti breski togarinn eftir undirskrift samninganna hefur verið settur úr leik. Og það er einmitt Northern Sky, en skipstjórinn á þeim togara hafði sig jafnan mest í frammi, þegar bresku togaraskipstjórarnir voru að heimta, að breski flotinn yrði sendur inn fyrir landhelgismörkin til þess að kenna okkur Íslendingum „mannasiði", eins og þeir kumpánar orðuðu það, „good manners". Mér er þeim mun ljúfara að flytja hæstv. ráðh. þessar hamingjuóskir sem ég hef fundið samkomulaginu margt til foráttu, einkum ákvæðinu um eftirlitið. Hæstv. ráðh. hefur haldið því fram, að ákvæðið tryggði nægilega rétt okkar. Það höfum við hins vegar ekki talið ýmsir. En ég læt í ljós þá von, að þetta fyrsta próf í því efni sé fyrirboði þess, að hæstv. ráðh. hafi haft þar lög að mæla, en að grunsemdir mínar og annarra gagnrýnenda umrædds ákvæðis eigi eftir að reynast hafa verið ástæðulausar.

En víkjum svo aftur að þeim vægast sagt takmarkaða skilningi, sem okkar bestu löggæslumenn hafa nú um langt árabil orðið að sæta af hálfu viðkomandi yfirvalda. Ég vil nefna aðeins örfá dæmi.

Á varðskipunum íslensku eru aðeins gúmmíbátar. Þessir bátar voru settir um borð í skipin jafnóðum og úr sér gengu trébátar, sem áður voru á skipunum. Ef til stæði að taka landhelgisbrjót, sem sýndi einhvern mótþróa, þá yrðu viðkomandi varðskipsmenn að freista þess að komast um borð í hann í einhverjum þessara gúmmíbáta. Og því liði, sem til varnar kynni að búast um borð í landhelgisbrjótunum, yrði sennilega ekki skotaskuld úr því að sökkva þessum bátum og þyrfti e. t. v. ekki til þess annað en venjulegar hausningasveðju eða sting eða stjaka, verkfæri, sem eru til taks meðfram lunningum á hverju einasta skipi, a. m. k. hverjum einasta togara. Það virðist sannarlega ekki til of mikils mælst, sýnist mér, að varðskipunum séu fengnar einhverjir öflugri bátar en þessir, bátar, sem líklegir væru til þess að haldast á floti, ef til átaka kæmi.

Annað dæmi: Götulögreglan hér í Reykjavík hefur til afnota sterka og vel útbúna stálhjálma, sem notaðir eru, þegar einhverjir þeir atburðir gerast, sem talið er, að geti valdið því, að höfuðin á lögreglunni verði fyrir hnjaski. Landhelgisgæslumenn okkar hafa hins vegar ekki fengið til afnota aðra hjálma en þá, sem notaðir eru á vinnustöðum víða og eru gerðir úr plasti, einhver ómerkilegasta tegund hjálma. Stálhjálmarnir munu vera allmiklu dýrari en plasthjálmarnir. Skyldi það vera ástæðan til þess, að löggæslumenn okkar úti á sjónum hafa orðið að sætta sig við svona miklu ófullkomnari höfuðbúnað en löggæslumenn á götum Reykjavíkur?

Það er talið sjálfsagt að veita löggæslumönnum í landi sérstaka þjálfun til þess að gera þá hæfari að fást við óeirðamenn, kenna þeim réttu aðferðirnar við að handtaka menn o. s. frv. Löggæslumenn okkar úti á sjónum, að undanteknum kannske yfirmönnum varðskipanna, — ég veit það ekki, en löggæslumenn okkar allir aðrir á skipunum, allar áhafnir, hafa enga slíka þjálfun fengið. Skyldi það vera vegna þess, að talið

sé, að slíkrar kunnáttu yrði síður þörf, þegar við væri að eiga t. d. breska landhelgisbrjóta, heldur en skulum við segja ungt fólk, sem efnir til mótmælaaðgerða hér í Reykjavík?

Mörg dæmi þessu svipuð mætti nefna um það, hversu hraklega hefur verið búið að þeim mönnum, sem íslenska þjóðin sendir í fremstu víglínu til varnar lífshagsmunum sínum. Og margra fleiri svipaðra spurninga mætti spyrja í þessu sambandi. Og það er kominn tími til, að svör fáist við þessum spurningum. Með því að samþykkja þá till., sem hér er til umr., munum við alþm. stuðla að því að knýja fram þessi svör, svo og þær endurbætur, sem nauðsynlegar eru til þess, að þessum málum verði þann veg skipað, að landhelgisgæslumönnum okkar, já, og hæstv. forsrh.- og dómsmrh. verði fullur sómi að.

Matthías Bjarnason: Herra forseti. Þessi till., sem hér liggur fyrir og flutt er af tveimur stjórnarþm., er auðvitað ekkert annað en beint og óbeint vantraust á hæstv. forsrh., hvað svo sem 1. flm. till. er að reyna að að draga í land í framsöguræðu sinni fyrir þessari till. Það er sagt í till., að skipa skuli n. samkv. 39. gr. stjórnarskrárinnar til að rannsaka framkvæmd landhelgisgæslu frá 15. okt. s. l., en í 39. gr. stjórnarskrárinnar segir, að hvor þd. geti skipað nefndir innandeildarþm. til að rannsaka mikilvæg mál, er almenning varða. Þd. getur veitt nefndum þessum rétt til að heimta skýrslur, munnlegar og bréflegar, bæði af embættismönnum og einstökum mönnum.

Ég veit ekki til, að stjórnarþm. hafi flutt till. um að skipa n. samkv. 39. gr. stjórnarskrárinnar fyrr en nú. Hins vegar hafa sumir stjórnarandstæðingar gert nokkuð að því á undanförnum árum að flytja till. um kosningu n. til þess að rannsaka tiltekin atriði, sem þeir hafa gert að umræðuefni hér í þingi áður eða í blöðum og allar eru á þann veg að gera tortryggilegar aðgerðir einstakra ráðh. í viðkomandi málum. Þannig minnist ég þess, að 1961 fluttu tveir þm. Alþb. till. um skipun rannsóknarnefndar til þess að rannsaka viðskipti fjmrn. við hf. Ásfjall og tiltekinn einstakling. 1963 var flutt sams konar till. til rannsóknar á verðbréfa- og víxlakaupum banka og annarra lánastofnana, einnig flutt af þm. Alþb. Þegar hér var komið máli, þurftu þm. Framsfl. að láta einnig til sín heyra, og ekki ómerkari maður en formaður þingflokksins flutti till. um rannsókn á ásökunum um trúnaðarbrot utanrmn., og nokkrir þm. Alþb. fluttu till. um n. til að rannsaka ýmis atriði herstöðvamálsins, og þar var meðal flm. hv. síðasti ræðumaður. Tveir þm. Alþb., annar nú hæstv. ráðh., fluttu till. um rannsóknarnefnd vegna kaupa á Sjálfstæðishúsinu í Reykjavík, fannst það mjög tortryggileg ráðstöfun. Sami maður flutti ásamt formanni þingflokks Framsfl., — nú eru þeir loksins komnir saman, en þá er ég kominn til ársins 1969, — þeir fluttu till. um rannsóknarnefnd vegna Búrfellsvirkjunar. Enn fremur var löngu áður flutt till. um að rannsaka fjárfestingu Sölumiðstöðvar hraðfrystihúsanna erlendis. Þá var einnig flutt till. um rannsókn á aðdraganda verðstöðvunar út af blaðafregnum. Og svo flutti núv. hæstv. fjmrh. ásamt tveimur flokksbræðrum sínum till. um rannsókn á verðhækkunum. — Það væri rannsóknarefni núna, fyndist mér.

En ég er ekki svo ósanngjarn að fara fram á það, að formaður þingflokks Framsfl., þó að hann hafi verið tillöguglaður maður, meðan hann var í stjórnarandstöðu, sé að flytja hér till. um rannsókn á hendur ráðh. sínum eða ráðh. samstarfsflokka sinna í ríkisstj. Ég vil því segja, að frá sjónarmiði þeirra þm., sem ekki standa að ríkisstj., þá verð ég að láta í ljós, að mér finnst þessi vinnubrögð ákaflega undarleg, vægast sagt. Og þá kem ég að því: Hafa ekki stjórnarsinnar í raun og veru annan aðgang að ráðh., ef koma upp tiltekin mál, þar sem þeir hafa grun um, að eitthvað sé óhreint í pokahorninu? Hafa þeir ekki alveg sérstaklega góðan aðgang að ráðh. og þeirri ríkisstj., sem þeir styðja, til þess að leita að því sanna í þessum málum? Mig langar til þess að spyrja hv. flm. þessarar till. að því, hvort þeir hafi, áður en þeir flytja þessa till., reynt að fá upplýsingar um þessi efni hjá hæstv. dómsmrh., og ef svo er, hvort hann hafi neitað að gefa þeim upplýsingar og sagt þeim, að þeir fengju ekkert að vita. Þá getur maður skilið, að þeim hafi hitnað í hamsi og skrifað þessa till. og flutt hana. Væntanlega talar hæstv. dómsmrh. í þessum umr. og að þá koma vonandi einhverjar upplýsingar fram um það.

Hv. fyrri flm. þessarar till. sagði, að till. væri ekki beint að neinum ákveðnum aðila eða aðilum, og dró þá í raun og veru úr frá því, sem till. sjálf segir til um. Auðvitað eru hér mjög ákveðnar ásakanir uppi, ásakanir frá skipstjórnarmönnum um það, að Landhelgisgæslan hafi ekki sinnt sínum skyldum, og ef það kemur í ljós, að þeir hafa farið með rétt mál, þá liggur það fyrir, að Landhelgisgæslan hefur ekki sinnt sínum skyldum. Og þá kemur að því, að einhver hlýtur að vera sekur. Eru það skipherrar varðskipanna, sem eru sekir? Eða eru það einhverjir skrifstofumenn á skrifstofu Landhelgisgæslunnar eða forstjóri Landhelgisgæslunnar, sem hefur gefið fyrirskipun um að hafa mjög lélega gæslu, a. m. k. á þessum tíma? Ef svo er, hefur þá hæstv. dómsmrh. ekki gefið þessum mönnum áminningu? Hann er yfirmaður þessara mála. Ef það er ekki, telur hann þá, að þessir starfsmenn, þessir undirmenn sínir, hafi farið eftir skipunum? Hafa skipanirnar komið ofan frá?

Hv. 5. þm. Vesturl. var sérstaklega hógvær og prúður í sínum málflutningi. Hann tók undir orð 10. þm. Reykv., að þessi till. væri engan veginn nógu viðtæk. Ég tek alveg undir þau orð hjá þessum þm. báðum. Auðvitað á þessi rannsókn að ná til gæslu landhelgisgæslunnar umhverfis landið, en ekki á einhverjum tilteknum miðum, þó að athyglin hafi aðallega beinst þessa dagana að Vestfjarðamiðum. Sömuleiðis tek ég undir það, að auðvitað á slík rannsóknarnefnd, ef kosin verður og þetta mál nær fram að ganga, að vera kjörin eftir þingstyrk flokkanna, og jafnvel ganga lengra, þannig að sjónarmið allra þingflokka fái að koma fram, og gæti ég vel fallist á slíka breytingu. — Hins vegar fannst mér á hv. 5. þm. Vesturl., að hann væri óvenju-

lega bljúgur í málflutningi núna. Hann var afskaplega sætur og „penn“ við hæstv. forsrh. Ég ætla nú ekki að taka undir hamingjuóskir til ráðh. í sambandi við togara, það hefur 5. þm. Vesturl. svo rækilega gert. En ég vil alveg sérstaklega óska hæstv. forsrh. til hamingju, hvað honum hefur vel tekist að aga hv. 5. þm. Vesturl. og það er út af fyrir sig töluvert mikið afrek, sem verður að hafa í huga.

Það liggur fyrir í þessu máli, eins og hv. flm. þessarar till. vék réttilega að, að 22. okt. báðum við, hann og ég, um orðið utan dagskrár og gerðum að umræðuefni þær ásakanir, sem þá voru bornar á Landhelgisgæsluna. Þá skýrði hæstv. dómsmrh. frá því, að það hefði verið allan þennan tíma eitt stórt varðskip við gæslu við Vestfirði og síðustu dagana á undan annað minna. „*Og eftir daginn í dag*,“ *sagði hann*, „verða á þessum slóðum 2 stór varðskip til eftirlits.“ Og hann bætti svo við: „Það stendur auðvitað, sem ég hef sagt, að landhelgisgæslan verður með eðlilegum hætti og hefur verið með eðlilegum hætti. Það hefur verið reynt að stugga togurum út fyrir. Það má vera, að þeir hafi misjafnlega hlýtt fyrirmælum, en ég hygg þó, að í flestum tilfellum hafi þeir hift upp, þegar þeir sáu varðskip eða þegar varðskip skipaði *þeim að gera það. En það er mjög mikilsvert* um svona kvartanir, að þær séu fyllilega rökstuddar. Og ég vil mælast til þess við hv. þm., að þeir kynni sér þetta betur og safni gögnum um þetta, svo að sé hægt að ganga úr skugga um, hvað rétt sé í þessu efni.“

Og hann bætir síðan við: „Ég hef auðvitað enga ástæðu til að vefengja orð þessara skipstjóra. En hitt veit ég, að við höfum áður fengið fregnir frá skipstjórnarmönnum, m. a. gegnum útvarp, en þegar þeir hafa verið teknir fyrir sakadóm og átt að gera nánari grein fyrir þessu, þá hefur reynslan a. m. k. stundum verið sú, að þeir hafa farið eftir sögusögnum annarra í þessu efni, en ekki sjálfir séð þá hluti, sem þeir voru að segja frá.“

Hæstv. dómsmrh. beitti sér svo fyrir því, að það voru teknar skýrslur af þó nokkuð mörgum skipstjórum á þessu svæði, og vafalaust kemur hann til með að skýra frá því, sem þar kom fram. En ég get ekki látið hjá líða að skýra frá því, sem sá skipstjóri sagði og tilefni varð til þeirra umræðna, sem ég var hér að vitna í frá 22. okt., en það var skipstjórinn á Páli Pálssyni frá Hnífsdal, en hann segir ásamt Hermanni Skúlasyni, sem er skipstjóri á öðrum skuttogara þar vestra, — eftir að þessar umr. fóru fram, — þeir segja:

„Við verðum að láta í ljós undrun okkar á þessum ummælum hæstv. forsrh., sem sýnilega eru byggð á alröngum upplýsingum. Viljum við af þessu tilefni taka fram eftirfarandi: 16. okt., eða 6 dögum áður en þessar umr. fóru fram hér á hv. Alþingi, voru nokkrir breskir togarar byrjaðir veiðar í friðaða hólfinu norður af Kögri og tilkynnti Guðjón A. Kristjánsson Landhelgisgæslunni strax um það. Ekkert var gert. Dagana 18. og 19. okt. voru svo 35—40 breskir togarar að veiðum á áðurnefndu friðlýstu svæði, en ekkert varðskip virtist þá vera á svæðinu. Kl. 15 þann 19. október tilkynnir svo Björgúlfur frá Dalvík Landhelgisgæslunni, hvernig ástandið sé á miðunum, en varðskipsmaðurinn svarar, að fyrir okkur sé ekkert að gera annað en að koma þessu á framfæri við fjölmiðla, því að þeir megi ekkert gera. Síðar kom í ljós, að varðskipið var að fara með 103 lesta togbát til hafnar, þar sem honum höfðu orðið á mistök að setja veiðihólfið út af Barða ranglega út í kortið hjá sér. Var það greinilega álitið þýðingarmeira en að stugga við 35—40 breskum togurum, sem voru á veiðum á friðlýstu svæði innan íslenskrar fiskveiðilandhelgi.“

Og þeir segja enn fremur: „Síðustu viku höfum við verið að veiðum á Strandagrunni innan um fjölda breskra togara, án þess að verða varir við, að varðskip kæmi á þetta veiðisvæði.“

Og þeir enda svo þessa yfirlýsingu sína með *því að segja*:

„Við undirritaðir skipstjórnarmenn staðfestum hér með, að þær upplýsingar, sem hafðar voru eftir áðurnefndum skipstjórum, voru síst af öllu orðum auknar, og teljum, að ráðamenn geri sér alls ekki grein fyrir, hvernig ástandið á miðunum er raunverulega.“

Þessi ummæli eru mjög ákveðið sýnishorn um það ástand, sem var ríkjandi. Nú hafa þessir menn verið látnir staðfesta þessar skýrslur sínar, og þá er ekki óeðlilegt, að enn fremur komi skýrsla frá þeim aðilum, sem er verið að sakast við. Hitt er svo annað mál, hvort það hefði ekki mátt fá þá skýrslu og þær upplýsingar með friðsamlegri hætti en þessi stríðsyfirlýsing gefur tilefni til, þar sem hér er lagt til, eins og áður hefur komið fram, að skipa sérstaka rannsóknarnefnd samkv. 39. gr. stjórnarskrárinnar. Það er kannske ekkert við því að segja, þó að stjórnarandstæðingar flytji slíka till., en hitt er nokkuð öðruvísi og hlýtur að vera hvaða ráðh. sem er sársaukafyllra, þegar stuðningsmenn ríkisstj. flytja slíka till. En þetta er mál, sem ég ætla ekki að skipta mér af. Þessi till. er fram komin frá tveimur þm. úr stjórnarliðinu, sem eru 50% af einum stjórnarflokknum, og er auðvitað algert fjölskyldumál stjórnarliðsins, hvaða hátt þeir telja að eigi að hafa á til þess að fá upplýsingar frá þeim ráðh., sem þeir styðja.

Forsrh. (Ólafur Jóhannesson): Herra forseti. Það er samkv. íslenskum stjórnarvenjum og stjórnarháttum mjög fátítt, að skipaðar hafi verið rannsóknarnefndir samkv. 39. gr. stjórnarskrárinnar eða samkv. þeirri gr., sem samsvaraði henni áður. Ég man ekki í svipinn eftir nema tveimur eða þremur tilvikum. Og það má vel vera rétt hjá hv. 2. þm. Vestf., að þær till. hafi aðallega verið fluttar af stjórnarandstæðingum. Þó hygg ég, að í fyrsta skipti sem samþ. var till. af þessu tagi, þ. e. um svokölluð Landsbankamál á sínum tíma, þá hafi verið komið dálítið los á flokkaskipunina og þeir verið orðnir nokkuð lausir í rásinni, sem áður voru fylgismenn þess ráðh., sem þeir fluttu nú till. um rannsókn á.

Hitt er rétt, að það hafa nokkrum sinnum komið fram á Alþ. till. um slíkar rannsóknarnefndir, en þær hafa yfirleitt verið felldar. Það má vel vera, að þeir stjórnarhættir, sem við höfum farið

eftir hér, verið gallaðir. Það getur vel verið, að við hefðum átt að grípa til og nota meira sérstakar rannsóknarnefndir í ýmsum tilfellum en átt hefur sér stað. Fyrirmyndina að þessum rannsóknarnefndum þekkjum við. Hún er komin úr bandarísku stjórnarfari. Þar hefur sá háttur komist á að nota mikið rannsóknarn. og þykir ekki tiltökumál þar í landi, þó að rannsóknarn. sé skipuð, og sjálfsagt má margt gott um þær rannsóknarn. segja. Samt verð ég að draga í efa, að reynslan af þeim sýni, að það yrði til bóta fyrir íslenskt stjórnarfar að fara að innleiða þær hér í stórum stíl. Ég held, að við með okkar rannsóknaraðferðum, okkar hlutlausu dómstólum höfum yfirleitt betri aðstöðu til þess að leiða hið sanna í ljós og með minni auglýsingablæ en á sér stað um rannsóknarn. þær, sem tíðkast í Bandaríkjunum. Ég efast satt að segja um, að þegar menn hugsa það mál til hlítar, þá óski þeir eftir því að taka hér upp svipaða stjórnarhætti í þessum efnum og þar tíðkast. En allt má þó athuga, og e.t.v. er rétt að breyta til og taka upp aðra hætti í þessu efni en tíðkast hafa og fara að gera það oftar en gert hefur verið að skipa rannsóknarn. af Alþ. sjálfu til þess að fylgjast með því, sem gerist í opinberri sýslan.

Einhver hv. ræðumaður sagði áðan, að það væri mörg þokan yfir opinberri stjórnsýslu, og vel má vera, að svo sé, og vel má vera, að það hafi oft verið ýmisleg þoka þar yfir og það hefði getað greitt eitthvað úr og verið hægt að sjá í gegnum skýjaflóka, ef rannsóknarn. hefði verið skipuð og látin kanna það allt.

Ég er í sjálfu sér ekki svo mjög andstæður því að breyta til um stjórnarhætti í þessum efnum, og ég hef látið í ljós áður á Alþ., og ég hef látið það í ljós utan Alþingis, að það gæti verið ástæða til þess að nota rannsóknarn. meira en gert hefur verið. En ég verð þó að segja, að ég held það væri skynsamlegt að gera það í hófi og ganga ekki eins langt í því efni og t.d. Bandaríkjamenn hafa gengið, sem ég held að hafi farið þar út á hálan ís og orðið til þess, að hróður þeirra hafi ekki aukist svo mjög af.

Þáltill., sem hér liggur fyrir, er um rannsóknarn. á framkvæmd landhelgisgæslu út af Vestfjörðum á tímabilinu frá 15. okt., og hefur verið talað nokkuð um landhelgisgæslu almennt af þeim hv. ræðumönnum, sem hér hafa talað áður og vikið að því, að það væri ástæða til að láta fara fram rannsókn á framkvæmd gæslunnar allt s.l. ár, — ekki hafa þeir nú viljað fara lengra aftur í tímann en s.l. ár, — og í kringum landið allt, og hafa látið að því liggja, svo að ekki sé of sterklega til orða tekið, að slælega hafi verið haldið á þeim málum.

Ég ætla að víkja svolítið að því síðar, hvort slík orð séu réttmæt í garð þeirra manna, sem einn hv. ræðumaður áðan nefndi okkar bestu löggæslumenn. Það er nú önnur saga, en ég ætla fyrst, af því að það hefur verið talað dálítið almennt um Landhelgisgæsluna, að rifja það upp, hver verkefni hennar eru. Ég held nefnilega, að menn geri sér ekki ávallt grein fyrir því, hve víðtæk verkefni Landhelgisgæslunnar eru, og ég held, að þeir einblíni stundum um of, — og það er kannske skiljanlegt, að þeir hafi gert það s.l. ár, — á það hlutverk hennar, sem er vitaskuld nr 1, að gæta landhelginnar. En jafnvel þetta ár hefðu menn átt að minnast þess, að annað hlutverk hefur hún einnig. Menn hefðu átt að minnast atburðanna við Vestmannaeyjar a.m.k. og minnast þess starfs, sem hún vann í því sambandi samkv. því,sem henni var skylt eftir lögum. Og það gæti kannske orðið skiljanlegt einhverjum mönnum, að á því tímabili a.m.k. ef rannsóknin ætti að ná til ársins alls, hefði slaknað á vörslunni.

En það eru til lög um Landhelgisgæslu Íslands, nr. 25 frá 1967, og í 1. gr. þeirra laga eru talin upp verkefni Landhelgisgæslunnar. Það er reyndar sagt þar, sem allir vita, að Landhelgisgæslan er sérstök ríkisstofnun og sjálfstæð ríkisstofnun með sínum forstjóra, þó hún lúti eins og aðrar ríkisstofnanir að sjálfsögðu undir tiltekinn ráðh. Og þarna eru talin verkefni hennar, þau eru:

a) Að hafa með höndum almenna löggæslu á hafinu umhverfis Ísland, jafnt innan sem utan landhelgi.

b) Að veita hjálp við björgun manna úr sjávarháska eða á landi, svo og að annast aðkallandi sjúkraflutninga, ýmist á eigin spýtur eða í samvinnu við Slysavarnafélag Íslands eða aðra aðila, sem að björgunarstörfum vinna.

c) Að aðstoða eða bjarga bátum eða skipum, sem kunna að vera strönduð eða eiga í erfiðleikum á sjó við Ísland, ef þess er óskað.

d) Að veita afskekktum stöðum eða byggðarlögum nauðsynlega hjálp og aðstoð, þegar eðlilegar samgöngur bregðast af ófyrirsjáanlegum orsökum, svo sem vegna hafíss, snjóalaga, ofviðra eða annarra náttúruhamfara.

e) Að sjá um sjómælingar og taka þátt í hafrannsóknum og fiskirannsóknum, botnrannsóknum svo og öðrum vísindastörfum, eftir því sem ákveðið kann að vera hverju sinni.

f) Að tilkynna, fjarlægja eða gera skaðlaus reköld, tundurdufl, sprengjur eða aðra hluti, sem sjófarendum eða almenningi getur stafað hætta af.

g) Að aðstoða við framkvæmd almannavarna, almennrar löggæslu, lækna-, toll- og vitaþjónustu, eftir því sem aðstæður leyfa eða ákveðið kann að verða sérstaklega.

h) Að tilkynna tafarlaust Skipaskoðun ríkisins, ef vart verður við, að brotin eru lög um eftirlit með skipum eða brotnar eru reglur, sem settar eru samkv. þeim, eða telji hún ástæðu til að ætla, að skip sé ekki haffært.

Eins og menn sjá af þessari upptalningu, eru það engin smáræðisverkefni, sem Landhelgisgæslunni eru ætluð. Og þegar menn jafnframt hafa það í huga, hversu mörg skip og margar flugvélar henni hafa verið fengnar til umráða, geta menn nú kannske afsakað það, ef velvilja er þeitt, að stundum verði því ekki við komið að rækja öll þessi störf alveg eftir strangasta lagaboði, því að þarna er í mörg horn að líta. Og ég held, að það sé alveg ástæðulaust að fárast yfir því, þó að varslan sé verkefni Landhelgisgæslunnar nr. 1, að hún dragi bjargbrota skip til hafnar, að hún bjargi mönnum úr sjávarháska, að hún aðstoði bát, sem er með bilaða vél, til að komast til hafnar. Ég held jafnvel,

að eftir hugsunarhætti okkar Íslendinga mundum við flestir hverjir telja þetta verkefni, sem ætti að setja ofar öllum öðrum, að bjarga, og hvað sem því líður, að einhverjir sjómenn tali kuldalega um Landhelgisgæsluna, þá hygg ég, að það yrði almennara, ef til þeirra yrði leitað, að þeir skildu og vildu viðurkenna og meta einmitt þessa hliðina í starfsemi Landhelgisgæslunnar. Ég er ekki í neinum vafa um það, að margir eiga henni nokkra skuld að gjalda í þessu efni, og ég er sannfærður um, að langflestir sjómenn viðurkenna þetta og meta. En það er auðvitað mál, að eitt varðskip getur ekki sinnt í einu mörgum störfum, og þegar það þarf að sinna starfi eins og þessu, getur það þurft að hvarfla frá vörslunni.

Eins og ég sagði áðan, var það auðvitað og vita allir, að Landhelgisgæslan og varðskipin voru mjög upptekin á sínum tíma í sambandi við ósköpin í Vestmannaeyjum, og það var ekki nema eðlilegt, að þau teföust þá nokkuð frá vörslustörfum, og ég held, að allir landsmenn hafi skilið það eða langsamlega flestir. En miðað við það, hve verkefnin eru mörg og við hvílíkt ofurefli Landhelgisgæslunni hefur verið ætlað að fást á þessu liðna ári, þá held ég, að það þyrfti ekki að undra neinn, þó að það hefðu komið fyrir einhver mistök, — já, mannleg mistök, — hjá þeim mönnum, sem að landhelgisgæslunni vinna, og hjá þeim mönnum, sem þessum málum eiga að stjórna Ég get búist við því, að þau hefðu getað átt sér stað hjá flestum hv. alþm., ef þeir hefðu átt að standa í sporum þessara manna á þessu liðna ári.

Ég get vikið að því, af því að það er sérstaklega miðað í till. við ákveðið tímabil, þ. e. a. s. tímabilið frá 15. okt., að í einni blaðafregninni sá ég, að það var heldur sneitt að Landhelgisgæslunni fyrir það, að eitt varðskipið lægi á Þingeyri við að ferma einhvern flutning þar, það væri ekki að sinna gæslustörfum, og hitt var víst að draga eitthvert skip til lands. (Gripið fram í.) Já, það var á Þingeyri, og það var þar samkv. tilmælum frá mér, tilmælum um að taka 12 lestir af fóðurbæti og flytja til bónda á Hrafnabjörgum við Arnarfjörð, sem býr við þá staðhætti, að hann hefur engar samgöngur nema á sjó. Ég veit, að hv. 3. þm. Vestf. kannast við þessa aðstöðu og skilur hana. (Gripið fram í.) Já, og satt að segja býst ég við, að það séu býsna margir hv. alþm. hér í salnum, sem hafi endrum og eins leitað til Landhelgisgæslunnar um ýmiss konar fyrirgreiðslu, jafnvel um flutning á sjálfum sér. Og það hefur verið reynt að verða við slíkum tilmælum, a. m. k. í minni tíð og ég efast ekki um í tíð fyrirrennara minna, eftir því sem aðstæður hafa leyft og fært hefur þótt. Þetta kalla menn snatt, en þetta er nú fyrirgreiðsla samt, sem menn ætlast til, að Landhelgisgæslan inni af höndum og hún hefur innt af höndum áratugum saman, hlotið þakkir og ævilanga vináttu, veit ég, manna, sem hafa búið á hinum afskekktu býlum, sem varðskipin hafa haft samband við.

Þessi till. fjallar sérstaklega um rannsókn á framkvæmd Landhelgisgæslunnar á ákveðnu tímabili, frá 15. okt. Nú má vel vera, að þessa till. mætti skilja svo, að henni væri beint að Landhelgisgæslunni, sem venjulega er svo kölluð, þ. e. a. s. starfsliði Landhelgisgæslunnar, fyrst og fremst forstjóra hennar og öðru starfsliði í landi og svo skipshöfnum og áhöfnum flugvélanna, en að ég og dómsmrn. væru þar undanskilin, vegna þess að að mér er ekki þarna sérstaklega vikið né dómsmrn., og það er a. m. k. ekki í daglegu tali tíðkað að telja þessa aðila til Landhelgisgæslunnar. Ég hefði skilið það vel, ef menn hefðu talið, að einhver mistök hefðu átt sér stað hjá mér, að þeir hefðu viljað láta fara fram rannsókn á því. Hitt finnst mér, — og ég verð að segja það alveg eins og er, — dálítið köld kveðja, helst til köld kveðja til þessara Íslands bestu löggæslumanna, eftir að þeir hafa átt við ofurefli að etja um ár og meira þó og gengið svo vel fram að mínum dómi, að það hefur sýnt sig, að það hefur verið valinn maður í hverju rúmi, og komið þannig fram í starfi, að ég tel og hika ekki við að halda því fram, að þjóðin öll standi í þakkarskuld við þessa menn, sem hafa dag hvern og nótt lagt líf sitt í hættu og hafa getað átt von á því, að slys yrði á þeim, hvenær sem væri, og við þetta og þessa áhættu hafa þeir og þeirra fjölskyldur mátt búa. Èg hugsa, að það geri ekki allir hv. alþm. sér grein fyrir því, hvernig þetta ár hefur verið, sem átökin hafa staðið. Það hefur líka sjálfsagt reynt talsvert á forstjóra Landhelgisgæslunnar. Hann hefur þurft að hafa síma við rúmið sitt bæði dag og nótt, hann hefur átt von á því og mátt eiga von á því, hvenær sem er, að vera vakinn upp við váleg tíðindi. Ég hef af sömu reynslu að segja. Ég hef haft síma við rúmið mitt dag og nótt, og ég hef alltaf mátt eiga von á því að vera vakinn upp við það, að eitthvert slys hafi átt sér stað. Ég held þess vegna, að þegar þessari alvarlegu sennu, sem hefur staðið á Íslandsmiðum s. l. ár og vel það, er þó að ljúka með vopnahléi, þá hefði verið ástæða til þess fyrir hv. Alþ. að senda frá sér ályktun með sérstöku þakklæti til þessara hermanna okkar, sem hafa staðið í fremstu víglínu í þessari örlagaríku baráttu okkar. Ég held, að þá kveðju hefðu þeir skilið og metið. Ég held, að þá kveðju hefði þjóðin skilið og metið.

En hvað um það. Þó að ég kunni ekki að falla undir þessa till. samkv. orðanna hljóðan, þá hef ég ekki það geð, að ég ætli að skjóta mér á bak við mína undirmenn. Ég mun reyna að bera ábyrgð á því, sem mér er ætlað að bera ábyrgð á, og ekki biðjast undan því og ekki leita skjóls með því að ætla að fara að varpa yfir á aðra einhverjum mistökum, sem kunna að hafa átt sér stað, kunna að eiga rætur sínar hjá mér, kunna að eiga rætur sínar hjá undirmönnum. Hver getur ábyrgst það, og hver vill segja það og fullyrða það, að engin mistök hafi átt sér stað í þessu efni? Mér dettur ekki í hug að gera það. Ég mun aldrei skjóta mér á bak við aðra. Ég veit, að hv. 3. þm. Vestf. skilur þann hugsunarhátt. Þess vegna tel ég sjálfsagt, að sú rannsókn, sem hér er um að tefla, ef fram verður látin fara, beinist að afskiptum dómsmrn. og dómsmrh. af þessum málum. Og að sjálfsögðu hef ég ekkert á móti því, þó að till. verði gerð víðtækari, eins og sumir hv. þm. hafa

verið að bera fram óskir um, og hún látin ná til ársins alls og allra þeirra atburða, sem hér hafa átt sér stað á miðunum, ef mönnum sýnist viðeigandi að hafa þann háttinn á að setja þessa starfsmenn íslenska ríkisins eina, en ekki aðra, undir slíka sérstaka rannsókn. Það er áreiðanlega víða pottur brotinn í stjórnkerfinu íslenska. Það gæti verið ástæða til þess að skipa fleiri rannsóknarn., og er kannske full ástæða til þess að athuga ýmis slík atriði. En mér finnst það skjóta skökku við að ætla að taka þetta fyrst, það verð ég að segja.

Ég hef haft þann háttinn á, sem ég taldi eðlilegan, eftir að þessar ásakanir bárust, sérstaklega frá Vestfjörðum, að láta rannsaka það svo vel og á þann hátt, sem ég taldi bestan, hvað hæft væri í þessum ásökunum og við hvað þær hefðu að styðjast, og það hafa verið teknar skýrslur af allmörgum skipstjórum á Ísafirði og Patreksfirði. Þær skýrslur liggja nú fyrir, og þær skýrslur verða að sjálfsögðu afhentar hv. allshn., sem þetta mál fær til meðferðar. Í þessum skýrslum er ekki nafngreint eitt einasta varðskip, það geta þessir skipstjórnarmenn ekki gert, en samt er það svo, að af því að Landhelgisgæslan hefur reiður á því, hvar skipin eru á hverjum tíma, er hægt að finna það út, hvaða varðskip hafi verið stödd við Vestfirði á þessum tíma, og er ætlunin að taka skýrslur með sama hætti af varðskipsmönnunum, varðskipsforingjunum. Það hefur ekki verið hægt enn þá, nema þá að litlu leyti, vegna þess að þeir hafa verið bundnir við sín störf, og það verður þess vegna að sæta lagi, þegar þeir koma til hafnar og taka þá af þeim skýrslurnar. Þegar hv. allshn. hefur fengið þessi gögn til meðferðar og lítur yfir þau og les þau og kynnir sér þau rækilega, kynnir sér, hver, t. d. samdi það plagg, sem hv. 2. þm. Vestf. las hér upp áðan, kynnir sér tengslin á milli þeirra manna tveggja, sem undir það hafa skrifað, og stöðu þeirra að öðru leyti og hvaða kynni hafi verið á milli a. m. k. annars þeirra og Landhelgisgæslunnar, og þegar allshn. hefur einnig kynnt sér þau gögn, sem koma frá Landhelgisgæslunni, þá hygg ég, að henni reynist ekki erfitt að rekja þræðina og sjá söguna, sem þarna er.

Landhelgisgæslumennirnir eru okkar bestu löggæslumenn, var sagt. Við eigum marga góða löggæslumenn, en látum svo vera, að þeir séu þeir bestu. En jafnvel bestu löggæslumennirnir komast ekki hjá því að taka stundum á ýmsum mönnum, koma hart við þá, og það er nú svo, að því er ekki alltaf svarað af sérstöku vinarþeli, a. m. k. ekki fyrst í stað, þannig að það er ekki af öllum alltaf borið jafnhlýtt hugarfar til löggæslumanna, sem rækja skyldu sína vægðarlaust. Þetta verðum við líka að hafa í huga, þegar þessi mál eru skoðuð.

Ég ætla ekki að fara að lesa þessi plögg upp hér, og ég ætla ekki að fara að hafa út af þeim neinn málflutning, vegna þess að ég tel það algeran óþarfa. Ég tel, að þau skýri sig algerlega sjálf, ef þau eru athuguð af nægilegri gaumgæfni, og ég vona, að hv. allshn. komist að þeirri niðurstöðu, eftir að hún hefur athugað þessi gögn og þau önnur gögn, sem hún mun fá hjá Landhelgisgæslunni, að það sé ekki nein ástæða til sérstakrar rannsóknar á því, sem hér er um að ræða, og ekki ástæða til skipunar neinnar sérstakrar rannsóknarnefndar.

Ég vil taka það fram, að það skal ekkert á skorta af hálfu dómsmrh. og dómsmrn., að hv. allshn. fái þau gögn í hendur í þessu sambandi, sem hún óskar eftir. Og ég efast ekki um, að bæði starfsmenn rn. og starfsmenn Landhelgisgæslunnar séu þess albúnir að mæta hjá hv. allshn., hvenær sem er, og gefa henni þær upplýsingar, sem hún kynni að óska eftir.

En ef hv. allshn. telur sig ekki geta gengið úr skugga um, hvað rétt er í þessu efni, og telur þörf á sérstakri rannsókn til þess að leiða sannleikann hér í ljós, þá er sjálfsagt, að hún geri till. um það, og ef meiri hl. hv. Alþ. er sömu skoðunar, þá er sjálfsagt, að það geri það. Ég mun ekki taka það illa upp að gangast undir slíka rannsókn, og mín vegna má rannsóknin ná til ársins alls og taka til þess, sem gerst hefur hvarvetna á miðum í kringum landið. Ég tel, að ég hafi hér ekkert að fela, og ég tel, að starfsmenn Landhelgisgæslunnar, jafnt forstjóri og skipherrar, geti gengið kinnroðalaust fyrir hvern sem er, hvaða rannsóknarn. sem er og skýrt þar frá og þurfi engu að leyna, og ef meiri hl. Alþ. hefur þá tortryggni í garð þessara manna eða til okkar, sem höfum farið með æðstu stjórn þessara mála, þá er sjálfsagt að skipa slíka rannsóknarn., en þá vil ég bæta við, að þá vona ég, að hv. Alþ. verði sjálfu sér samkvæmt og skipi fleiri rannsóknarnefndir á eftir.

Hannibal Valdimarsson: Herra forseti. Það hafa orðið allmiklar umr. um þessa till. á þskj. 93, sem ég er meðflm. að. Ég vil í tilefni af þessum umr. og ýmsu, sem þar hefur hrotið mönnum af vörum um tilganginn með flutningi þessarar till., taka skýrt fram, að tilgangurinn með flutningi þessarar till. er einn og aðeins einn, sá að leiða hið sanna í ljós um það, hvernig hafi verið háttað landhelgisgæslu við Vestfirði frá því tímabili, sem í till. segir, og ekkert annað, ekki til að fá höggstað á einum eða neinum, bara til þess að fá hið sanna leitt í ljós. Það er þess vegna algerlega út í loftið sagt, þegar fullyrt er, að hún sé flutt sem beint og óbeint vantraust á forsrh. og dómsmrh. (Gripið fram í.) Það er enginn hafður fyrir sökum í þessari till. og enginn sýknaður. (Gripið fram í.) Það væri nú gott, ef þingflokkurinn gæti þagað. Það er líka list að kunna að þegja.

Till. er ekki á neinu dulmáli. Hún er um, að það fari fram rannsókn samkv. ákvæðum stjórnarskrárinnar um, hvernig háttað var landhelgisgæslunni fyrir Vestfjörðum frá 15. okt. s. l. og hvort ásakanir þær, sem fram hafa verið bornar um, að landhelgisgæslan fyrir Vestfjörðum hafi þá ekki verið með eðlilegum hætti, eigi við rök að styðjast. Þessi orð eru skýr, og þau segja allan tilganginn með flutningi till. Ég tel því, að tillöguflutningurinn sé með öllu eðlilegur.

Það vita allir um tilefnið. Skipstjórar á Vestfjarðamiðum gáfu upplýsingar og skýrslur um það, að breskir togarar, — og að því er virtist síðar verða upplýst, að íslenskir togarar hefðu verið þar í hópi, því miður, — hefðu skarkað

á Vestfjarðamiðunum, einnig á friðlýstum svæðum, á þessu tímabili, sem í till. getur. Landhelgisgæslan eða talsmaður hennar bar þetta til baka, og það virtust ekki fáanlegar upplýsingar um það, í hverju þessar missagnir lægju. Hvað var þá annað nær hendi en að óska eftir því, að það yrði farið ofan í þessi mál og það rannsakað til hlítar, hvað væri satt í málinu. (**BGuðn.**: Þetta er vantraust.) Bágt á hann.

Það er rétt, sem hæstv. dómmrh. sagði hér áðan, Landhelgisgæslan hefur mjög margvíslegum, ekki aðeins þýðingarmiklum, heldur mjög margvíslegum verkum að sinna lögum samkv. Það bæri t. d. að upplýsa í þessu sambandi, hvort Landhelgisgæslan var á þessu tímabili við önnur lögbundin skyldustörf. Og það er alveg hárrétt, sem dómsmrh. sagði áðan, að það er ástæða til þess, að þessi rannsóknarn., ef hún verður skipuð, reki alla þræði þessa máls, hvernig sem þeir eru, hverjir sem þeir eru. Hann sagði ekki skýrt frá því, hvaða þræði þarna mætti rekja, en ég tel það alveg sjálfsagt, að rannsóknarn. reki alla þræði þessa máls, hver sem í hlut á. Í till. er auðvitað enginn sýknaður og enginn sakfelldur. Rannsóknin á að leiða hið sanna í ljós.

Ég skal taka það fram, að ég hefði ekki talið óeðlilegt, þó að landhelgisgæslan væri ekki með harkalegar aðgerðir þá daga, þegar var verið að leita lausnar og sátta í málinu. En mér hefði aldrei dottið í hug og það er í mótsögn við þær yfirlýsingar, sem gefnar voru, að Landhelgisgæslan sinnti engu á Vestfjarðasvæðinu, þegar bresku togararnir yfir þetta tímabil skörkuðu þar á friðlýstum svæðum, og léti þá vera þar afskiptalausa. Það þarf að rannsaka, hvort það er satt.

Ég skal taka það fram af gefnu tilefni, að ég hef enga minnstu ástæðu til að ætla, að hæstv. dómsmrh. hafi gefið fyrirmæli um það, að bresku landhelgisbrjótarnir skyldu vera friðlýstir, á meðan hann var að leita sáttanna. (Gripið fram í.) Ég vil fá það sanna í ljós, en það kærir hv. þingflokkur sig sjálfsagt ekkert um fremur nú en endranær.

Ég vil vænta þess, að hv. allshn., sem málið fær til meðferðar, fari vandlega í gegnum öll þau gögn, sem hæstv. dómsmrh. hefur látið afla í þessu máli, og komist hún að þeirri niðurstöðu, að málið sé þar að fullu upplýst, þá á till. sjálfsagt ekki neinum öðrum tilgangi að þjóna en að hafa fengið málið upplýst, en ef n. sýnist svo, að málið sé ekki að fullu upplýst og enn þá sé vafi um það, hverjir hafi haft réttar fregnir að færa af landhelgisgæslunni á þessu tímabili, sem till. fjallar um, þá á auðvitað að samþ. till.

Ég taldi alveg óviðurkvæmilegt að láta það vera óupplýst, hvort vestfirsku sjómennirnir væru að ljúga í þessu máli eða hvort þeir væru að segja satt og hvort þeir væru að bera fram eðlilegar og sjálfsagðar umkvartanir. Ef þeir hafa verið að gera það, þá eiga þeir heimtingu á því, að það sé sannað. Ef þeir hafa farið með rangt mál, þá á það líka að sannast á þá, að þeir hafi farið með rangt mál.

Í till. er eingöngu farið fram á, að málið sé upplýst til fulls, og það var ekki hægt að gera með öðru móti en að nota sér heimild stjórnarskrárinnar til þess að láta slíka rannsókn fara fram, með heimild til að taka skýrslur af hverjum einum, sem málið snertir, en það heimilar stjórnarskráin. (Gripið fram í.) — Ég gæti nú best trúað, að hv. þingflokkur væri oftast í kosningabuxum og atkvæðabuxunum líka og vildi fá atkv., ef hann gæti.

Ég þarf ekki að segja meira um þetta mál. Till. er að engum beint til þess að sakfella hann. Það er beðið um víðtæka rannsókn, eins og stjórnarskrá Íslands heimilar, að fram fari, og það á einungis að leita hins rétta og fá það upplýst, hvað rétt er í þeim ósamhljóða vitnisburðum, sem um þetta mál hafa gengið að undanförnu.

Ég vil svo, að málið fari sinn þinglega rétta gang.

Umr. frestað.

Sameinað þing, 23. fundur.

Fimmtudaginn 22. nóv., að loknum deildafundum.

Umræður utan dagskrár.

Guðlaugur Gíslason: Herra forseti. Ég hef leyft mér að kveðja mér hljóðs utan dagskrár í þeim tilgangi að koma á framfæri fsp. til hæstv. forsrh. Þarf ég í því sambandi að hafa þar um stuttan formála. Mér var þó ekki kunnugt um þær nýju reglur, sem hæstv. forseti Sþ. hefur sett um utandagskrárumr., en ég vona, að ég þurfi ekki að brjóta neitt verulega af mér í því sambandi og skal vera eins stuttorður og ég mögulega kemst af með.

Fyrir nokkru leitaði hæstv. fjmrh. eftir stuðningi þingflokkanna allra, að ég held, við frv., sem hann taldi sig þurfa að leggja fram um lántöku eða ábyrgðarheimild vegna fyrirhugaðra kaupa á allt að 10 skipum af ýmsum stærðum, sem jafnmargir útgerðarmenn höfðu hug á að kaupa frá Noregi. Í þessum hópi var að finna landsþekkta skipstjórnarmenn á fiskiskipaflota okkar Íslendinga. Alllangur aðdragandi hafði verið að undirbúningi þessa máls og mikla vinnu búið að leggja í undirbúninginn. Teikni- og smíðalýsingar af skipunum voru fyrir hendi og bráðabirgðasamningar höfðu verið undirritaðir með fyrirvara í ágúst s. l. Ríkisstj. hafði haft málið hjá sér til athugunar, og eftir að hæstv. fjmrh. hafði fengið vilyrði þingflokkanna fyrir stuðningi við ábyrgðarheimildina, veitti hún vilyrði fyrir ríkisábyrgð fyrir 13% af kaupverði skipanna, og mun þá hafa verið reiknað með, að Fiskveiðasjóður lánaði 67% og Byggðasjóður 5%, en kaupendur legðu fram hjá viðskiptabanka sínum í reiðufé 15% af heildarandvirði skipanna, og var það skilyrði fyrir ríkisábyrgð og getur ekki talist neitt óeðlilegt.

Þegar málið að þessu leyti var búið að fá grænt ljós hjá ríkisstj., eins og kallað er, sóttu þeir útgerðarmenn, sem hér áttu hlut að máli, um lán hjá Byggðasjóði, 5% af andvirði skipanna, sem er í samræmi við fyrirgreiðslu, sem Byggðasjóður hafði áður veitt, jafnvel þó að um væri að ræða kaup á notuðum skipum erlendis frá.

Hér var hins vegar um nýsmíði að ræða, auk þess sem allir skuttogararnir, sem keyptir hafa verið til landsins, munu hafa fengið þessa fyrirgreiðslu.

Lánsbeiðni útvegsmanna var tekin fyrir á fundi hjá stjórn Byggðasjóðs 6. þ. m., og var framkvæmdaráði stofnunarinnar veitt heimild til þess að verða við óskum viðkomandi aðila um 5% fyrirgreiðslu. Munu fordæmi fyrir því, að slíkt orðalag er viðhaft að veita framkvæmdaráði heimild til lánveitinga, ef mál eru afgreidd milli reglulegra funda, og mun slík afgreiðsla varla vera skilin á annan veg en um jákvæða afgreiðslu sé að ræða, enda vandséð, til hvers stjórn stofnunarinnar væri að veita framkvæmdastjórum sínum slíka heimild, ef ekki væri ætlast til, að málið væri afgreitt í samræmi við vilja meiri hl. stjórnarinnar.

Lánsumsækjendur tóku þetta af eðlilegum ástæðum sem endanlega og eðlilega afgreiðslu á máli sínu, þannig að stjórn stofnunarinnar hefði orðið við umsókn þeirra, og eru þegar a. m. k. nokkrir af þeim útgerðarmönnum, sem hér eiga hlut að máli, búnir að uppfylla þau skilyrði, sem sett voru, að þeir legðu inn til viðskiptabanka síns 15% af kaupverði skipanna, og mun hér vera um að ræða sem svarar 18 millj. kr. á minnstu skipin.

Nú skeður það, að á fundi sínum 20. þ. m., eða s. l. þriðjudag, breytir stjórn Byggðasjóðs fyrri samþykktinni þannig, að í stað 5% lána er upphæðin lækkuð niður í 2%, sem þýðir, að kaupendur umræddra skipa verða að lágmarki til að bæta 3.6 millj. kr. við framlag sitt, sem fyrir flesta, ef ekki alla, þýðir, að þeir munu missa af kaupunum.

Fsp. mín til hæstv. forsrh. í þessu sambandi er því:

1. Geta þeir útgerðarmenn, sem hér eiga hlut að máli, væntanlegir kaupendur hinna norsku skipa, ekki treyst því, að hæstv. ríkisstj. muni sjá um, að 5% lánið, sem stjórn Byggðasjóðs hafði áður gefið fyrirheit um, verði þeim veitt, annað hvort úr þeim sjóði eða öðrum?

2. Geta þeir útgerðarmenn, sem eftirleiðis vilja standa að endurnýjun bátaflotans, ekki vænst þess að fá sömu fyrirgreiðslu frá hendi stjórnvalda og opinberra stofnana og veitt hefur verið og veitt er til endurnýjunar togaraflotans?

Ég vil benda á, að Íslendingar standa nú á nokkrum vegamótum í útgerðarmálum í sambandi við útfærslu landhelginnar og að endurnýjun bátaflotans hlýtur að verða að eiga sér stað í einhverjum mæli, og er alveg nauðsynlegt fyrir þá, sem þar eiga hlut að máli, að vita, hvar þeir standa með fyrirgreiðslu frá því opinbera, ekki síður en þeir, sem í byggingu skuttogara vilja ráðast. Á ég við, ef um smíði báta er að ræða hjá erlendum skipasmíðastöðvum.

Ég vænti þess, að hæstv. forsrh. geti veitt svör við þeim tveimur fsp., sem ég hef hér leyft mér að bera fram.

Forsrh. (Ólafur Jóhannesson): Herra forseti. Hv. fyrirspyrjandi hefur rakið gang þessa máls, og það er rétt, sem hann sagði, að ríkisstj. gerði á sínum tíma samþykkt um tiltekin skip og með þeim skilyrðum, sem hann gat um, að það væru greidd inn 15% af kaupverði. Áður en ríkisstj. gerði samþykkt sína hafði hún fengið umsögn frá framkvæmdastjórum Framkvæmdastofnunarinnar. Þeir voru að vísu ekki sammála, en eftir að umsögn þeirra lá fyrir, var þessi ákvörðun tekin í ríkisstj. Og eftir það lögðu þessir aðilar, 8 að tölu, fram umsóknir til kaupa á fiskiskipum frá Noregi að stærð 350-500 lestir, eitt skipanna þó 800 lestir. Lánsumsækjendurnir eru Sigurður h/f, Akranesi, Skarðsvík h/f, Hellissandi, Hilmir s/f, Fáskrúðsfirði, Varðarútgerðin h/f, Stöðvarfirði, Álftafell h/f, Stöðvarfirði, Huginn h/f, Vestmannaeyjum, Ufsafell h/f, Vestmannaeyjum, og Gunnar h/f, Reyðarfirði. Það er svo rétt, eins og hv. fyrirspyrjandi sagði, að á fundi stjórnar Framkvæmdastofnunar ríkisins 6. nóv. s. l. var gerð svohljóðandi samþykkt:

„Framkvæmdaráði verði heimilað að veita 5% lán til ofangreindra aðila, merkt 1-7.“ 8. var af einhverjum ástæðum undanskilinn. „Lánveitingar þessar verði háðar því skilyrði, að Ríkisábyrgðasjóður og Fiskveiðasjóður samþykki ábyrgð á lánveitingu fyrir sitt leyti.“

Heimild þessi var veitt vegna upplýsinga um, að tími til að gera kaupsamninga um skipin gæti runnið út, áður en næsti stjórnarfundur yrði haldinn í Framkvæmdastofnuninni.

Það er svo rétt, sem hv. fyrirspyrjandi rakti um afskipti fjmrh. af ríkisábyrgð, þannig að hún á að vera fyrir hendi eða er leitað lagaheimildar fyrir henni.

En á næsta stjórnarfundi, sem haldinn var í Framkvæmdastofnuninni 20. nóv. s. l., var samþ. till. um þetta efni, og hún er svo hljóðandi:

„Stjórn Framkvæmdastofnunar ríkisins samþykkir, að heimild til lánveitinga til kaupa á loðnuskipum samkv. fundargerð seinasta fundar verði miðuð við 2% lán, lánaprósenta miðuð við matsgerð Fiskveiðasjóðs Íslands á skipunum.“

Ég hygg, að þegar þessi samþykkt var gerð, sem sagt 20. nóv., hafi ekki legið fyrir samþykkt frá Fiskveiðasjóði um lánveitingar. En til skýringar á þessari stefnubreytingu hjá stjórn Framkvæmdastofnunarinnar get ég það eitt sagt, að 25. jan. 1973 var gerð samþykkt um afnám svokallaðra sjálfvirkra lánareglna úr Byggðasjóði til skipasmíða innanlands, skipakaupa erlendis og innanlands og skipaviðgerða, en áður mun það hafa gilt, að það voru sjálfvirk 5% lán veitt til þessa, þannig að eftir að þessi samþykkt er gerð, er það á valdi stjórnar Framkvæmdastofnunarinnar, hvort og hve mikil viðbótarlán hún veitir í þessu skyni.

Þeim beinu fsp., sem fyrirspyrjandi beindi til mín, verð ég að svara því, að það er alveg ljóst, að ríkisstj. hefur ekkert skipunarvald gagnvart stjórn Framkvæmdastofnunarinnar. Stjórn Framkvæmdastofnunarinnar er þingkjörin stjórn, og ríkisstj. getur ekki gefið henni nein fyrirmæli og hefur aldrei gefið henni nein fyrirmæli um lánveitingar. Það er stjórn Framkvæmdastofnunarinnar, sem tekur þær og hefur síðasta orð um það, þannig af ríkisstj. hálfu getur í þessu tilfelli ekki verið um annað að ræða en þá tilmæli til stjórnarinnar. Þetta efni hefur ekki, eftir að það kom til, verið rætt í ríkisstj., og þess vegna get ég ekki gefið hér

neinar yfirlýsingar um það, eftir hverju ríkisstj. mundi vilja óska við stjórn Framkvæmdastofnunarinnar. En annað getur hún ekki gert í þessu efni heldur en þá sett fram frómar óskir. Og við síðari spurningunni er í rauninni sama svarið, að ríkisstj. getur ekki tryggt þessi viðbótarlán hjá Framkvæmdastofnuninni til síðari hugsanlegra kaupenda eða byggjenda skipa. Þetta er algerlega á valdi stjórnar Byggðasjóðs. Ég hef satt að segja ekki í höndum skýringu á þeirri stefnubreytingu, sem þarna hefur átt sér stað á milli funda hjá stjórn Framkvæmdastofnunarinnar, en hér á hv. Alþ. sitja menn úr stjórn stofnunarinnar, sem geta svarað þessu frekar en ég, hvaða ástæður liggja til þess, að þarna hefur verið skipt um skoðun. En ég get bara sagt, að það hefur verið eindreginn vilji hjá ríkisstj. að greiða fyrir því, að þessir aðilar gætu byggt þessi skip, sem þeir hafa ætlað til loðnuveiða, og þess vegna gerði ríkisstj. þá samþykkt um það á sínum tíma, sem hún gerði.

Benedikt Gröndal: Herra forseti. Út af máli þessu vil ég taka fram, að ég á sæti í stjórn Framkvæmdastofnunar, en greiddi ekki atkv. með þeirri ákvörðun, sem hér hefur verið spurt um. Ég taldi og tel mjög hæpið að gera skyndilegar breytingar í þessum efnum, jafnviðtækar að áhrifum og hér um ræðir. Ákvarðanir, sem eiga að hafa veruleg áhrif á skipakaup til landsins, þurfa auðvitað að takast af öðrum yfirvöldum eða fleiri aðilum sameiginlega.

Annað mál verð ég að nefna, sem er eiginlega hluti af þessu sama. Síðustu daga hafa tveir aðilar komið til tals við þm. Vesturl. í þessu húsi og sagt sínar farir ekki sléttar. Þetta eru sjómenn vestan af Snæfellsnesi, sem hafa hug á að kaupa sér nýja báta. Þeir hafa rætt það undanfarna mánuði við viðskiptabanka sína og fengið þar eins og ávallt góðar móttökur, því að ég hygg, að þetta séu skilamenn, sem geta vel staðið fyrir sínu og hafa gert. En nú segja þeir, er þeir koma með ákveðin tilboð um innflutning á skipum frá Noregi, að þá hafi skyndilega breyst hljóðið, og það er eins og viðskiptabankar þeirra séu algerlega lokaðir, fáist ekki til þess að tala um neitt. Af þessu er ekki hægt að draga aðra ályktun en að það hljóti að hafa orðið skyndileg stefnubreyting í viðskiptabönkunum varðandi innflutning á fiskibátum. Um þetta vil ég einnig segja, að svona hluti er ekki hægt að gera skyndilega. Hér er um stórákvörðun að ræða, en það er langur aðdragandi að slíkum kaupum og mikil fjárfesting, sem um er að ræða, þannig að menn eiga ekki að fá yfir sig neitun á síðustu stundu. Viðskiptabankarnir virðast hafa lokað fyrir það að tala við menn um bátakaup, og ef forsrh. getur gefið einhverja skýringu á því, þá þætti mér vænt um það. Ég sé, að hann hristir höfuðið, svo að það virðist ekki vera. Ég vil þá fara fram á við hann, að hann kynni sér þessa hlið málsins líka. Ef það er verið að stöðva skyndilega innflutning á fiskibátum, þá finnst mér, að aðdragandinn hefði átt að vera annar, menn átt að fá að vita það með nokkrum fyrirvara og það ekki koma eins og köld gusa yfir sjómenn, sem hafa farið frá störfum sínum til þess að reyna að komast yfir betri skip. Þeir eru þó frá byggðarlögum, sem ekki hafa fengið mikið af þeim stærri skipum eða skuttogurum, sem flutt hafa verið inn nú undanfarið.

Ingólfur Jónsson: Herra forseti. Ég get tekið undir það, sem hv. 8. landsk. sagði hér áðan, að það er dálítið hættulegt að gera svo skyndilegar breytingar eins og hér hefur verið lýst. Hæstv. forsrh. sagði áðan, að ríkisstj. hefði gert samþykkt um tiltekin skip, að þau fengju fyrirgreiðslu gegn því, að kaupendur legðu fram 15%. Og áður en frv. var lagt fram um heimild fyrir ríkisstj. til þess að ábyrgjast þessi skipakaup, var það rætt í þingflokkunum. Það var rætt í þingflokki sjálfstæðismanna og það var gengið út frá því, a. m. k. af flestum þar, að þeir menn, sem keyptu skipin, fengju sömu fyrir greiðslu og verið hefur, þ. e. að þeir legðu sjálfir fram 15%, 5% lán fengist úr Byggðasjóði, 67% úr Fiskveiðasjóði og 13% að öðrum leiðum.

Tveir Vestmanneyingar hafa gert kaupsamning í Noregi um stór skip, ekki aðeins loðnuskip, heldur skip til þess að stunda alls konar veiðar, síldveiði, þorskveiði og loðnu, ef hún kemur. Þeir hafa lagt í viðskiptabanka 15% vegna skipakaupanna. Meira fé hafa þeir ekki. Þetta eru duglegir skipstjórar, miklir aflamenn. Vestmannaeyjaflotinn hefur rýrnað, það hafa margir bátar úr Vestmannaeyjum strandað og brotnað, m. a. vegna þess, sem gerðist á s. l. vetri vegna hafnleysis. Þess vegna er það m. a. að nauðsynlegt er að fá þessa báta til Vestmannaeyja.

Ég vænti þess, að ríkisstj. hlutist til um, að það verði staðið við samþykkt hennar, þótt hún hafi ekki vald, eins og hæstv. forsrh. sagði áðan, að fyrirskipa Framkvæmdastofnuninni að koma með fé, þá hefur hæstv. ríkisstj. vald til að gera ráðstafanir til, að hún geti staðið við fyrri samþykktir sínar. Ef fé er ekki til í Byggðasjóði, verður hæstv. ríkisstj. að útvega fé til þess að endurlána þessi 3%, sem vantar. Ég sé ekki, að hæstv. forsrh. geti verið hér í ræðustólnum kinnroðalaust, ef það upplýsist, að ríkisstj. hefur gert ákveðna samþykkt og svo er það Stofnunin, sem ætlar að gera ríkisstj. ómerka af þeirri samþykkt, sem hún hefur gert. Og það eru ekki góð vinnubrögð hjá Framkvæmdastofnuninni að gera fyrst samþykkt, sem heimilar 5% lán, og síðan að halda annan fund nokkrum dögum seinna og breyta fyrri ályktun og blekkja þannig menn, sem leggja allt sitt fram til þess að ná skipum til landsins, sem vantar í margar verstöðvar.

Herra forseti. Ég skal ekki misnota tímann. En ég beini því alvarlega til hæstv. forsrh., að hann beiti sér fyrir því, að lánið verði útvegað. Það eru 3-3.6 millj. á bát, og þetta eru ekki 10 bátar, sem hér er um að ræða, sennilega ekki nema 7 bátar.

Ragnar Arnalds: Herra forseti. Ég stend hér einkum upp vegna villandi aths., sem fram komu hjá hv. fyrirspyrjanda, 3. þm. Sunnl., Guðlaugi Gíslasyni.

Eins og fram hefur komið í þessum umr., var gerð samþykkt hinn 6. nóv. s. l. í stjórn Framkvæmdastofnunar ríkisins, þar sem framkvæmdaráði var heimilað að veita allt að 5% lán til

þessara skipakaupa. En eins og ævinlega, þegar þannig stendur á, eru slíkar ákvarðanir teknar miðað við það, að málið verði nánar athugað, áður en endanleg ákvörðun sé tekin, og þetta var því alls ekki endanleg afgreiðsla málsins. Það er því alrangt, að kaupendur hafi getað reiknað með þessum lánum. Þetta var raunverulega innanhúsákvörðun, sem alls ekki var til birtingar, og kaupendum var ekki ætlað að vita það, að framkvæmdaráðið hefði fengið heimild til að athuga málið enn frekar og taka endanlega afstöðu til þess. Framkvæmdaráðið átti m. a. að kynna sér, hver hefði verið afstaða ríkisstj. til málsins, hvort hún hefði beinlínis óskað eftir því, að þessi lán yrðu veitt eða ekki, því að fullnægjandi upplýsingar lágu ekki fyrir á viðkomandi fundi. Framkvæmdaráðið athugaði síðan þetta mál í millitíðinni, og milli funda gafst stjórnarmönnum kostur á að skoða málið nánar.

Það er rétt að rifja upp, að í byrjun þessa árs var tekin ákvörðun um það að hætta við sjálfvirkar lánveitingar til fiskiskipakaupa, eins og áður höfðu verið, vegna þess að þær tóku allt of stóran hluta af ráðstöfunarfé sjóðsins. Á s. l. ári voru veittar 480 millj. til ýmissa nota af hálfu sjóðsins og þar af runnu 337 millj. til fiskiskipakaupa, og menn voru sammála um, að á þessu sviði yrði að verða stefnubreyting og að ekki yrði lengur um sjálfvirk lán að ræða, alls ekki nein sjálfkrafa 5% lán og ekki lánað inn á höfuðborgarsvæðið eða nánar tiltekið til Reykjavíkur eða Reykjaneskjördæmis.

Það lá einnig fyrir, að þarna mundi verða um allmörg skip að ræða, í þessu tilviki væntanlega 8-9 skip. Miðað við 8 skip hefðu þetta orðið um 50 millj. kr. og margt bendir til, að í kjölfarið fylgdu kannske önnur 8 skip eða jafnvel önnur 16 skip, þannig að þarna yrði um mjög stóra upphæð að ræða fyrir Byggðasjóð. Niðurstaðan varð sú, að í þessu tilviki væri ekki um jafnríkt byggðamál að ræða og þegar um er að ræða t. d. kaup á skuttogurum og af því ætti ekki að lána nema 2% lán. Þetta er hin endanlega afstaða Framkvæmdastofnunarinnar til málsins.

Ég vil taka það fram að lokum, — ég skal ljúka máli mínu herra forseti, — að ég hef persónulega ekkert á móti því, að keypt séu mörg loðnu- og síldarskip til landsins, og tel það ágætt, ef þeir gera það, sem til þess hafa fjármagn. En ég er þeirrar skoðunar, eins og margir aðrir, að það sé ekki til of mikils mælst, að þeir, sem kaupa slík skip, útvegi sjálfir 18% þess fjármagns, sem þarf til skipakaupanna, og að fyrirgreiðsla hins opinbera sé hreint ekki lítil, þegar hún er 82% af kaupverði.

Forsrh. (Ólafur Jóhannesson): Herra forseti. Það er aðeins út af orðum hv. 1. þm. Sunnl., að málaleitun til ríkisstj. og sú samþykkt, sem þar er gerð, er auðvitað fyrst og fremst um ríkisábyrgðina og formlega er þar ekki í sjálfu sér annað afgreitt. En auðvitað þýðir sú afgreiðsla ríkisstj., — það hika ég ekki við að segja, — að þar með gefur hún fyrir sitt leyti grænt ljós til annarra lánastofnana, og það var og er vilji ríkisstj., að það sé greitt fyrir því, að þessi skip geti komið til landsins. Ég veit vel, að hafi framkvæmdastjórarnir haft samband við ríkisstj. í millitíðinni, þá hafi þeir ekki getað fengið önnur svör þar en á þessa leið.

Ég sagði áðan, að ég gæti ekki gefið skýringu á þessum sinnaskiptum hjá stjórn stofnunarinnar. Það var kannske fullmikið sagt. Skýringin er að nokkru leyti a. m. k. sú, að það mættu á fyrri fundinum varamenn tiltekins flokks, en á seinni fundinum aðalmenn, og ég hygg, að þeir hafi haft aðra skoðun á þessu en varamennirnir höfðu.

Guðlaugur Gíslason: Herra forseti. Ég vil ákveðið mótmæla því, sem hv. 4. þm. Norðl. v. sagði hér, að ég hefði ekki farið með rétt mál, þegar ég greindi frá viðskiptum við Framkvæmdastofnun. Ég var með þetta skrifað, og það kemur þar allt fram, saga málsins er þar rakin alveg rétt eins og hann sagði. Ég tók fram, að hér hefði verið um heimild til framkvæmdaráðsins að ræða. En þegar stjórnin er búin að veita framkvæmdaráðinu heimild, hvernig á að skilja það? Er nokkur leið að skilja það á annan veg en að það séu meðmæli stjórnarinnar um, að lánið verði veitt? Getur nokkur maður skilið það öðruvísi? Ef bankastjórn mælir með því við forstöðumann víxladeildar, að hann kaupi tiltekinn víxil, þó að jafnvel einhver fýla væri í forstöðumanni víxladeildar, er þá hægt að efast um, að bankastjórnin hafi ætlast til þess, að hann keypti víxilinn. Þetta er hreinn útúrsnúningur og blekking, og hv. 4. þm. Norðurl. v. má vara sig á því að vera með svona fullyrðingar í sambandi við störf stofnunarinnar. Það getur verið, að það komi að því, að þau verði rakin. Ég veit þar um fyrirgreiðslu, sem hann hefur komið í gegn, sem ég hygg, að hann ætti kannske ekki gott með að ræða hér á Alþ., en ég skal ekki fara út í það núna.

Það, sem hér hefur skeð, eru mistök. Það er búið að veita þessa fyrirgreiðslu, 5% lán til þessara aðila. Þeir gera sínar ráðstafanir til þess að fullnægja þeim skilyrðum, sem þeim eru sett um að útvega sitt mótframlag, sín 15%, og eru sumir þegar búnir að því, búnir að leggja inn í sinn viðskiptabanka. Ég held, eins og hv. 1. þm. Sunnl. sagði, að það verði að leiðrétta þessi mistök. Ef það á að vera stefnubreyting frá því, sem áður hefur verið, þurfa menn að vita það, og þá haga menn sér í samræmi við það. En svona snöggleg breyting, án þess að nokkur fái um það að vita, er óafsakanleg og óframbærileg hjá Framkvæmdastofnuninni.

Ég spurðist fyrir um það áðan, hver framtíðarstefnan mundi verða hjá hæstv. ríkisstj. í þessu sambandi. Það er ekki eðlilegt kannske, að hæstv. forsrh. geti svarað því fyrirvaralaust. En auðvitað þarf að marka þarna ákveðna stefnu, þannig að menn séu ekki að gera ráðstafanir og síðan sé komið í bakið á þeim, eins og gert hefur verið í þessu tilfelli, því að hvaða leyfi hefur t. d. Framkvæmdastofnunin til þess að mismuna mönnum? Það voru flutt inn loðnuskip eftir áramótin á þessu ári. Þau fengu 5% fyrirgreiðslu. Og það voru notuð skip, eldri

skip. Annað þeirra fór til Austfjarða og hitt, að ég hygg, hér á Reykjavíkursvæðið. Hvaða leyfi hefur ein opinber stofnun til að mismuna mönnum svona? Það virðist vera undir duttlungum þeirra, sem þar stjórna, komið, hvort mönnum er veitt aðstaða til að kaupa ný atvinnutæki. Ég held, að það verði að gilda þar um alveg ákveðin regla, og ef stofnunina vantar fjármagn, hlýtur stjórn Framkvæmdastofnunar að ræða það við ríkisstj. og hún þá í samráði við stjórnvöld og ráðamenn að gefa út einhverjar ákveðnar reglur, hvernig eftirleiðis verði hagað sér í þessum málum. En slíkt sem þetta má ekki að mínum dómi koma fyrir. Og það er alveg óforsvaranlegt, að stjórnin geri svona samþykkt eins og hún gerði 6. nóv., komi síðan á annan fund og afturkalli það að miklum hluta, sem áður var búið að samþykkja. Þetta er að blekkja menn, þetta er að koma að baki mönnum og valda þeim stórkostlegu tjóni, eins og gerist nú, ef mennirnir verða af þessum skipakaupum.

Ég held því, að það væri best fyrir alla, að menn sameinuðust um það eitt að reyna að ráða fram úr þessu máli, þannig að allir gætu vel við unað, hver svo sem stefnan verður mörkuð eftirleiðis. Það er á valdi ríkisstj. að marka stefnu, ef einhver stefna á að ríkja, eins og ég tel, að verði að ríkja, því að fram undan er uppbygging bátaflotans. Það segir sig sjálft, að bátaflotann verður að endurnýja að vissu marki, og það eru margir fleiri útgerðarmenn en þessir, sem þarna er um að ræða, sem hafa það í huga. Þeir eru að undirbúa sín mál og þurfa auðvitað langan tíma til þess, en þeir verða að vita, hvar þeir standa í þessum efnum.

Jón Árnason: Herra forseti. Ég sé ástæðu til þess að taka til máls í sambandi við þetta mál, ekki síst vegna þeirra ummæla, sem hæstv. forsrh. viðhafði áðan varðandi afgreiðslu málsins í Framkvæmdastofnuninni, þar sem hefðu verið mættir varamenn í þetta skipti. Ég vil segja hæstv. forsrh., að það voru fleiri en varamennirnir, sem greiddu atkv. á sama hátt. Hv. þm. Ingvar Gíslason er enginn varamaður. Hv. þm. Benedikt Gröndal er heldur enginn varamaður, og þessir menn tóku sömu afstöðu og varamenn, sem mættir voru, svo að það er ekki til neins fyrir þá, sem vilja reyna að bera blak af þessari afgreiðslu, að ætla að skjóta sér undir það, að það hafi byggst á því, að hér hafi verið eingöngu um varamenn að ræða, sem afgreiddu málið í Framkvæmdastofnuninni.

Hitt vil ég segja, að hér er vitanlega um mikið leiðindamál að ræða, og það er, að ég hygg, algert einsdæmi undir svona kringumstæðum, að slík afgreiðsla eigi sér stað, hvort sem það eru aðalmenn eða varamenn í stjórn Framkvæmdastofnunar, sem samþykkja að veita ákveðna fyrirgreiðslu, þá sé á næsta fundi kippt til baka því, sem lofað var fyrir hálfum mánuði. Ég hygg, að það sé algert einsdæmi, og ég tel, eins og hv. 1. þm. Sunnl. sagði hér áðan, að ríkisstj. verði að láta þetta mál til sín taka og sjá til þess, að þessir menn fái á einhvern hátt þá fyrirgreiðslu, sem þeir gátu vænst eftir þá samþykkt, sem var búið að gera hjá stofnuninni.

Ég vil aftur á móti segja í sambandi við málið almennt, að ég get vel skilið, að Byggðasjóður hefur ekki ótakmarkaða peninga til þess að veita í þessu eða öðru skyni, og það verður að horfast í augu við þær staðreyndir. En það er mál út af fyrir sig. Það var samþykkt, eins og hér er búið að vitna til, í jan. s. l., að það skyldi hætta að veita þessi lán sjálfkrafa, eins og talað hefur verið um. En það hefur ekki verið framkvæmt fyrr en nú. Og ég sé ekki það byggðasjónarmið, sem felst í því, í hvert skipti sem beðið er um þessa fyrirgreiðslu í sambandi við skuttogara, að veita hana, að það eigi að ganga fyrir þessum skipum um fyrirgreiðslu, því að vitanlega eru margir staðir úti á landi, sem þurfa á því að halda að geta haldið uppi atvinnulífi, en geta ekki notað skuttogara. Það er hafnaraðstaða og ýmislegt annað. Ef ætti að setja þá út af sakramentinu í þessum efnum bara fyrir það, að þeir geta ekki notað skuttogara, þá er lítið gefandi fyrir byggðasjónarmiðið, sem þessir hv. þm. eru þó að halda fram, að sé þeirra stefna. (**Forseti:** Tíminn er búinn.) Ég verð að segja það, að það er einkennilegt, ef allt í einu á að taka þetta fyrirkomulag upp hér í Alþ. Hér hafa sumir þm. fengið að vaða með ræðuflutning tímunum saman utan dagskrár. (**Forseti:** Það er ekki meiningin, að svo verði framvegis.) Það er nákvæmlega sama um þetta og á sér stað hjá stofnuninni. Það er allt í einu klippt þar af og sagt: Nú skal það vera 2%, en var 5% áður. Það var hér í hálftíma áður, en nú skal það vera í tvær mínútur eða þrjár. Þetta eru sömu vinnubrögðin, nákvæmlega sömu vinnubrögðin.

Það er ýmislegt fleira, sem þyrfti vissulega að segja varðandi þessa afgreiðslu og störf stofnunarinnar, og ef hún ætlar að taka upp þann hátt í sambandi við afgreiðslu mála fyrir dreifbýlið úti um allt land, að það megi engir fá þessi 5%, nema þeir byggi skuttogara, þá gef ég lítið fyrir þá byggðastefnu, sem þessi ríkisstj. ætlar að beita sér fyrir.

Ég vil segja varðandi það, sem hv. 4. þm. Norðurl. v. var að tala um hér áðan um byggðasjónarmið, að ég veit ekki annað en fyrir örskömmum tíma sé búið að veita þessa fyrirgreiðslu á Reykjanesi fyrirtæki, sem heitir Sjöstjarnan. Hún er nýbúin að fá þessa fyrirgreiðslu á skuttogara, en Hellissandur, sem getur ekki notað skuttogara hjá sér og hefur ekki áhuga á því, sá skipstjóri, sem þar er um að ræða, sem hefur í mörg skipti verið aflahæsti skipstjóri um land allt í margar vertíðir, hann á ekki að fá að kaupa skip, sem hann telur, að passi fyrir sig, og hann ætlar vitanlega ekki að nota eingöngu á loðnu í einn og hálfan mánuð á árinu, eins og loðnuveiðarnar standa yfirleitt yfir, heldur ætlar hann að gera skipið út á aðrar veiðar, eins og hann hefur verið maður til um mörg undanfarin ár.

Forseti (Eysteinn Jónsson): Ég vil biðja hv. þm. að hafa góða samvinnu um þetta, því að það er öllum fyrir bestu að reyna að koma umr. utan dagskrár skaplega fyrir og skaplegar en hér hefur verið tíska, og ég vænti góðrar samvinnu um það. Það er engin ástæða til þess eða

rök fyrir því, að umr., sem ekki er gert ráð fyrir í þingsköpum, hafi rétt umfram þær umr. um fsp., sem hafa ákveðinn rétt í þingsköpunum sjálfum. Það er óvenja, sem hefur tíðkast og verður að breytast, og ég vona, að hv. þm. sjái það. Það eru 5 menn á mælendaskrá, svo að það mun ekki af veita, að menn haldi sig við skynsamlega reglu.

Sverrir Hermannsson: Herra forseti. Af nokkrum kunnugleika tel ég mig geta fullyrt, að afgreiðsla hæstv. ríkisstj. á máli þessu sé með allsérkennilegum hætti, að ekki sé meira sagt. Ég hygg, að það muni hafa verið fyrri partinn í okt., sem ríkisstj. tók ákvörðun um það fyrir sitt leyti, að þessi skipakaup skyldu leyfð og þá með þeim hætti, að tekin yrði ábyrgð á lánum allt að 13%, miðað við það, að Fiskveiðasjóður lánaði 67%. Skipakaupendurnir voru í þeirri góðu trú, að þessari ákvörðun ríkisstj. yrði skilað áfram til Ríkisábyrgðasjóðs með þeim hætti, að Ríkisábyrgðasjóði yrði gert að ábyrgjast þessi umtöluðu 13%. Þeir voru látnir hafa hitann í haldinu um þetta mál vikum saman án þess að fá neina niðurstöðu, og við borð lá, að þeir misstu af mjög hagstæðum samningum, miðað við það, sem gerist í dag, af þessum sökum. Svo dró að því, að ríkisstj. eða hæstv. fjmrh. sneri sér til þingflokkanna með beiðni eða athugun um, hvernig þeir mundu snúast við þeim tilmælum að fylgja frv., þar sem ríkisstj. yrði veitt heimild til þess að ganga í umrædda ábyrgð. Í mínum flokki var þessu tekið þann veginn, að alfarið og einróma var samþykkt að verða við þessum tilmælum. Af þessum ástæðum, strax held ég daginn eftir eða tveim dögum síðar, á fundi í Framkvæmdastofnun ríkisins hlaut ég að fylgja því eindregið, að fyrirgreiðsla í þeirri stofnun yrði veitt við þetta mál, eins og hafði gerst um önnur skipakaup.

Annað mál er það, hvort hér þurfi ekki meiri aðgát við um skipakaup yfirleitt. En maður hlýtur að hafa leyfi til að líta svo á, að hæstv. ríkisstj. hafi verið búin að gera sér grein fyrir því, hvort þessi skipakaup væru réttlætanleg í alla staði. Og ég verð að segja það, að ég sé ekki betur en í þessum kaupum geti falist fullkomin byggðastefna. Má ég benda á það, að þetta eru þau skip, a. m. k. í rysjóttri tíð, sem ein hafa þá kosti til að bera að geta flutt loðnu eða annan fisk til bræðslu um langan veg, t. d. til Norðurlandshafna og Vestfjarðahafna.

Það er alveg út í hött hjá hæstv. forsrh. að víkja að því, að afgreiðslan hafi verið mismunandi eftir því, hvaða menn voru mættir á viðkomandi fundum í stofnuninni. Að vísu er það rétt, að við Jón Árnason, hv. 2. þm. Vesturl. og ég, vorum mættir á fyrri fundinum, þar sem þessi sjálfsagða ákvörðun var tekin, en á síðari fundinum hv. bankastjóri Magnús Jónsson og hv. 2. þm. Vestf. Matthías Bjarnason. En þessir menn ráða engum úrslitum um það, hvaða ákvarðanir eru teknar í Framkvæmdastofnuninni, auk þess frábiðja þeir sér alveg að bera ábyrgð á stofnuninni, þannig að þetta réð auðvitað engum úrslitum. Þetta er hringlandaháttur, sem tekur auðvitað engu tali. Mér er rétt sama, þó að flokksbræður mínir eigi í hlut, þetta er vitanlega forkastanleg aðferð í alla staði. Auðvitað hlutu skipakaupendur að geta reiknað með því, eftir þá afgreiðslu, sem fram fór á fundinum 6. nóv., að þeir fengju þessa fyrirgreiðslu, og alveg út í hött hjá hv. 4. þm. Norðurl. v. að halda öðru fram.

Það mætti margt meira segja um þetta mál, en nú óskapast forseti út af umr., og hlýt ég að beygja mig fyrir því.

Ingólfur Jónsson: Herra forseti. Ég býst ekki við, að ég noti tvær mínútur. Ég tel, að það sé tilgangslaust að vera að pexa um þetta mál hér í hv. Alþ. Ég talaði við hæstv. forsrh. áðan, meðan umr. stóðu yfir, og hann lofaði mér því, að þetta mál yrði tekið fyrir í ríkisstj. og athugað þar nánar. Ég efast ekkert um, að úr því að hæstv. ráðh. ætlar að taka þetta mál fyrir í ríkisstj., þá leiði það til þess, að hann útvegi það fé, sem vantar. Ég efast ekkert um, að hæstv. forsrh. og ríkisstj. öll mun útvega 15—20 millj. til að lána í þessa báta, svo að hún geti staðið við þá samþykkt, sem hún gerði í okt. s. l. Því verður ekki trúað, að ríkisstjórnarsamþykktin verði gerð ónýt. Þótt ég beri takmarkað traust til hæstv. ríkisstj., er ég alveg viss um, að hæstv. forsrh. setur metnað sinn í það að leysa þetta mál.

Ragnar Arnalds: Herra forseti. Ég vil taka það skýrt fram, að það byggist á vanþekkingu og misskilningi, að í þessu efni hafi orðið einhver snögg stefnubreyting hjá Framkvæmdastofnuninni. Sú stefnubreyting, sem hefur orðið varðandi fiskiskipalánin, átti sér stað í ársbyrjun, en þá voru þessi sjálfvirku fiskiskipalán afnumin og ákveðið að meta hvert lán út af fyrir sig út frá byggðasjónarmiðum.

Ég vil taka það fram, að varðandi þau skip, sem nefnd voru hér áðan og fengu 5% lán, um þau var sótt, áður en sjálfvirka reglan var afnumin, og hið sama gilti um skip, sem kom til Reykjaness, eins og hér var nefnt áðan, að umsóknin var fram komin, áður en reglan var afnumin. Það er svo með síldar- og loðnuskip, að þau landa hér og hvar um landið og oft eru þau gerð út til þess að landa erlendis, og það gildir ekki alveg það sama um þessi skip og t. d. um skuttogarana, sem eru aðaluppistaðan í hráefnisöflun einstakra byggðarlaga. Við höfum ekki ætlað okkur að mismuna mönnum, eins og hér var tekið fram áðan. En við höfum fyllsta rétt til þess að meta það, hvenær veita skuli lán og hvenær ekki, og hér er ekki um neinar sjálfvirkar reglur að ræða lengur.

Ég vil taka það fram, að ég var flm. að þeirri till., sem samþ. var í stjórn stofnunarinnar, en ég greiddi ekki atkv. með þeirri afgreiðslu, sem átti sér stað hálfum mánuði áður, og ég tel ekki, að afstaða mín beri vott um neinn hringlandahátt í þessum efnum. En ég skildi aldrei þá samþykkt svo, að það væri meðmæli um að veita lán, heldur aðeins heimild til þess að athuga málið frekar, það var ekkert annað. Málið var síðan athugað frekar, en engin endanleg ákvörðun tekin, og tekið svo til lokaafgreiðslu á síðasta fundi.

Ég vil svo aðeins segja að lokum um dylgjur hv. þm. Sunnl., Guðlaugs Gíslasonar, um störf mín hjá Framkvæmdastofnun ríkisins, að ég tel, að þær dylgjur hafi verið fyrir neðan allt velsæmi, fyrst og fremst vegna þess, að þær voru algerlega órökstuddar, og ég tel, að slíkt eigi ekki að eiga sér stað, að menn komi með slíkan málflutning án þess að gera nokkra grein fyrir sínu máli.

Matthías Bjarnason: Herra forseti. Það er mikið rætt um Framkvæmdastofnunina og hennar afgreiðslu á þessu máli. Ég vil aðeins láta það koma fram, þar sem varamenn í stjórn stofnunarinnar hafa nú vitnað í þessum umr., að þá sé nú komin röðin að aðalmönnum að vitna einnig. Ég vil minna á, að í 29. gr. l. um Framkvæmdastofnun ríkisins er hlutverk Byggðasjóðs að stuðla að jafnvægi í byggð landsins með því að veita fjárhagslegan stuðning til framkvæmda og eflingar atvinnulífs með hliðsjón af landshlutaáætlunum og til að bæta aðstöðu til búsetu í einstökum byggðalögum og koma í veg fyrir, að lífvænlegar byggðir fari í eyði.

Framlög eða lán til skipabygginga hafa farið svo óðfluga hækkandi, að stjórn Byggðasjóðs sá sig til neydda að breyta þessum sjálfvirku reglum um síðustu áramót. Þróunin hefur verið sú, að allt það fé, sem Byggðasjóður hefur yfir að ráða, fer til skipabygginga og skipakaupa. Þess vegna segi ég fyrir mitt leyti, að ég vil endurskoða enn þessa áætlun, og ég get tekið fyllilega undir með hv. 2. þm. Vesturl., að ég vil endurskoða um leið lán til skuttogara. Við eigum að sinna viðtækum störfum, sem stjórnum Byggðasjóði, og við eigum ekki að láta allt fara í einn þátt mála, og ég vil vekja athygli manna á því, að þegar sótt er um leyfi til byggingar eða kaupa á innfluttum skipum, þá geti þeir ekki litið á það sem sjálfvirka reglu, að Byggðasjóður láni til slíkra skipakaupa. Hitt er svo annað mál, að ef ríkisstj. vill beita sér fyrir því að brúa þetta bil og telur, að það sé eðlilegt, að Byggðasjóður afgreiði lánið og komi með fjármagn til þess, þá skal ég samþykkja það með ljúfu geði.

Ég vil líka taka fram til þess að sýna hv. þm. fram á, að ráðstöfunarfé Byggðasjóðs fer ört minnkandi, en ekki vaxandi, að ef við lítum á fjárlagafrv., eins og það liggur fyrir, og ef ekki verður komið til móts við óskir þeirra, sem að byggðamálum helst vinna, þá verður a. m. k. 40% rýrnun á framkvæmdamætti fyrir þetta lánsfé Byggðasjóðs vegna hinna öru breytinga, sem eru á verðgildi peninga. Við vitum, að byggingarkostnaðurinn hefur hækkað um 33% frá 1. nóv. í fyrra til 1. nóv. s. l. Þetta gerir það að verkum, að með óbreyttri krónutölu, eins og gert er ráð fyrir, að framlög til Byggðasjóðs verði, þá er um verulegan samdrátt að ræða. Og hvað segja þá allir þeir, sem vinna að öðrum atvinnugreinum, ef stjórn Byggðasjóðs ætlar að ráðstafa eingöngu til skipabygginga eða skipakaupa öllu því fé, sem hún hefur yfir að ráða?

Ingvar Gíslason: Herra forseti. Þessi mál ber nú alleinkennilega að, satt að segja, og það er auðvitað engin leið til þess að gera hér grein fyrir öllu því, sem Byggðasjóður og Framkvæmdastofnunin hafa með höndum. En ég ætla að nota þennan örstutta tíma til þess að gera örlitla grein fyrir afstöðu minni til þessa máls sem stjórnarmaður í stjórn Framkvæmdastofnunar og Byggðasjóðs.

Ég stóð að því á fundinum, sem mun hafa verið haldinn 6. nóv., að framkvæmdaráðinu yrði veitt heimild til þess að afgreiða þessar lánsbeiðnir með 5% lánsheimild, og gerði það vegna þess, að ég taldi það eðlilegt eins og þá hafði verið unnið að þessu máli. Hins vegar gerist það svo á milli fundanna, að það tekst ekki að koma þessu lánadæmi saman, og þessarar heimildar var ekki neytt af hálfu framkvæmdaráðsins. Þessi mál bar þá aftur á góma á síðasta fundi, sem haldinn var síðasta þriðjudag, að ég held 20. þ. m., og þá voru þessi mál rædd allmikið. Það kom í ljós, sem raunar var vitað áður, að stjórnarmenn hafa verulegar áhyggjur af því, hvernig fer um ráðstöfunarfé Byggðasjóðsins. Það var þannig fyrsta starfsár Byggðasjóðs, eins og hér hefur komið fram, að af 480 millj. kr. heildarútlánum fóru 337 millj. til skipkaupa. Mönnum þykir þetta of mikið og hafa áhuga á því, að þetta megi breytast. Þess vegna kom fram sú till. á síðasta fundi af hálfu formanns stjórnarinnar, sem er hv. þm. Ragnar Arnalds, 4. þm. Norðurl. v., um það, að þessi heimild til lána út á loðnuskipin skyldi ekki vera 5%, heldur 2%. Afstaða mín á fundinum var sú, að mér fannst ekki rétt að fara að taka neina skjóta ákvörðun um þetta, sem e. t. v. yrði síðar kölluð vanhugsuð, þannig að ég lagði það til á fundinum og bar upp sérstaka till. um það, sem felld var þó, að þessu máli yrði frestað til frekari skoðunar. En því miður var sú till. ekki samþ., heldur var samþ. till. frá formanni í þessa veru, að lánað skyldi 2%. Að samþykkt þessarar till. stóðu, ef ég man rétt, 4 af stjórnarmönnum, en líklega 3 á móti. Og þeir, sem á móti voru ásamt mér, voru Guttormur Óskarsson, sem er varafulltrúi Steingríms Hermannssonar í stjórninni og sat þennan fund, og Benedikt Gröndal, að ég ætla. (**Gripið fram í:** Hann sat hjá.) Það má vera, en aftur á móti þeir, sem stóðu að þessari samþykkt, voru hv. 2. þm. Vestf., Matthías Bjarnason, og hv. 2. þm. Norðurl. e., Magnús Jónsson, Halldór S. Magnússon og hv. þm. Ragnar Arnalds.

Jón Árnason: Herra forseti. Ég skal ekki lengja þessar umr., en ég vildi þó að gefnu tilefni hjá hv. formanni stjórnar Framkvæmdastofnunarinnar upplýsa það, sem ég tel rétt vera í sambandi við afgeiðsluna um þann fyrirvara, sem um var að ræða til handa forstjórunum. Fyrirvarinn var aðeins sá, að þeir skyldu kynna sér, að fjármagn og önnur fyrirgreiðsla, sem þessir aðilar þyrftu, væri fyrir hendi, ríkisábyrgð og afgreiðsla í Fiskveiðasjóð og önnur sú fyrirgreiðsla, sem þessir menn þyrftu að hafa til þess að geta gengið frá sínum málum. Það var aðeins þessi fyrirvari, sem ég tel, að þeir ættu að kanna, áður en málið væri afgreitt.

Garðar Sigurðsson: Herra forseti. Aðeins örfá orð. Við þm. höfum ekki áður fengið tækifæri

til að skyggnast inn í vinnubrögð þeirrar ágætu og margumræddu stofnunar, og er það kannske vel. En í þessu tilfelli höfum við fengið að gægjast þar aðeins inn fyrir stafinn, og ég tel, að ef öll vinnubrögð stofnunarinnar eru með þessum hætti, þá sé þar um einstök vinnubrögð að ræða. Fyrir hálfum mánuði var samþ. að lána þessum aðilum 5%, þar voru að vísu nokkrir varamenn til staðar, en hálfum mánuði síðar er þessari prósentu fírað niður í 2%. Þá getur vaknað sú spurning, hvort varamenn í stjórn stofnunarinnar, þeir hv. þm. Jón Árnason og hv. þm. Sverrir Hermannsson, séu ómerkir og ekki hæfir til starfa. Ég vil lýsa því strax yfir, að það er mitt álit, að þeir séu það ekki.

Það hefur verið sagt, að þessi loðnuskip landi hingað og þangað um landið, stundum erlendis, og það sé ekki verið að ýta undir byggðastefnu með því. Hv. þm. Matthías Bjarnason las hér fallega rollu um það, hve göfugt hlutverk Byggðasjóðs væri í byggðastefnunni, og skuttogararnir hefðu verið keyptir til þess að geta fengið heimahafnir úti um land, í hinni dreifðu byggð. Ég vil geta þess í þessu sambandi, að togarinn, sem átti að fara til Raufarhafnar, hefur síðan landað í Hafnarfirði, svo að ekki er það byggðastefnusjónarmið.

Tveir af þeim mönnum, sem hafa sótt um að fá að kaupa sér skip, eru úr Vestmannaeyjum. Báðir eru þeir afburðaduglegir formenn og hafa getað lagt sinn hluta inn í banka, eins og krafist er. Og hv. þm. Jón Árnason minntist á aflamanninn á Hellissandi, sem hefur verið aflakóngur á Skarðsvíkinni árum saman. Ég tel, að þarna hafi verið farið aftan að hlutunum og þessu sé sjálfsagt að breyta, ef hægt er.

Útfærsla fiskveiðilandhelgi í 200 sjómílur, þáltill. (þskj. 12). — Frh. einnar umr.

Flm. (Gunnar Thoroddsen): Herra forseti. Þessi till. til þál., sem hér liggur fyrir, felur það í sér, að Alþ. ákveði að færa út fiskveiðilögsöguna í 200 mílur eigi síðar en í árslok 1974. Hér er um slíkt stórmál að ræða fyrir íslensku þjóðina, að við því hefði mátt búast, að eitthvert orð heyrðist frá ríkisstj. eða stjórnarflokkunum um þetta mál. Það hefur nú ekki orðið, heldur hafa bæði hæstv. ráðh. og aðrir stuðningsmenn hennar kosið að segja ekkert um málið. M. a. hafði formaður utanrmn., hv. 4. þm. Reykv., Þórarinn Þórarinsson kvatt sér hljóðs um daginn, þegar umr. stóðu, en hefur fallið frá orðinu. Ég verð að segja, að mig undrar nokkuð þessi framkoma, þegar um slíkt stórmál er að ræða. Það væri auðvitað vel, ef mætti skoða þessa þögn hv. stjórnarliða sem samþykki við málið. Hins vegar er ýmislegt í þessu máli, sem bendir til þess, að svo sé ekki. Sérstaklega hefði ég getað búist við því, að hæstv. sjútvrh. sýndi málinu þann sóma að vera viðstaddur, þegar umr. fara fram, en svo er ekki, og hefði þó verið sérstök ástæða af hans hendi, vegna þess að fyrir liggja frá honum yfirlýsingar um þetta mál, sem eru harla undarlegar og í litlu samræmi við hagsmuni þjóðarinnar.

Ég vil taka það skýrt fram, að í framsöguræðu minni fyrir þessu máli forðaðist ég að viðhafa nokkrar ádeilur í nokkra átt og sagði ekki eitt orð í slíka átt, hvorki varðandi hæstv. sjútvrh. né aðra. Ég lagði málið þannig fyrir, að það væri sem hlutlausast og áreitnislaust með öllu, í því trausti, að samstaða gæti um það náðst.

Fyrst hæstv. ráðh. og stuðningsmenn stjórnarinnar sjá ekki ástæðu til að segja eitt einasta orð um þetta stórmál, verður ekki hjá því komist að minnast á það eina, sem heyrst hefur frá hæstv. sjútvrh. um málið, en það er í viðtali, sem hann átti við blað sitt, Þjóðviljann, 1. sept. s. l. Fyrir skömmu hafði þá verið gerð ályktun af hálfu þingflokks og miðstjórnar Sjálfstfl í þá átt, sem þessi till. fer fram á, um útfærslu í 200 mílur fyrir árslok 1974. Í þessu viðtali ráðh. við Þjóðviljann segir svo m. a. með leyfi hæstv. forseta:

„Í dag stöndum við í baráttu um 50 mílna landhelgi. Þessi barátta skiptir nú öllu máli. Hitt er allt annað mál, hvort við Íslendingar tökum okkur 200 mílna landhelgi einhvern tíma í framtíðinni, þegar slíkt er heimilt samkv. breyttum alþjóðalögum eða að aflokinni Hafréttarráðstefnu Sameinuðu þjóðanna".

Þessi yfirlýsing er furðuleg. Það hefur verið skorað áður af minni hálfu á hæstv. sjútvrh. að afturkalla þessa yfirlýsingu eða a. m. k. skýra hana nánar. Hann hefur engu sinnt þeirri áskorun. En í þessari yfirlýsingu hæstv. ráðh. felst, að hann sé ekki sammála um, að Íslendingar taki sér 200 mílna lögsögu á næsta ári. Hann getur hugsað sér það einhvern tíma í framtíðinni. En alvarlegast er, að út úr þessum ummælum hans má lesa, að ekki sé heimilt fyrir Ísland samkv. þjóðarétti að taka sér 200 mílna landhelgi, því að hann segir: Það er allt annað mál, hvort við Íslendingar tökum okkur 200 mílna landhelgi einhvern tíma í framtíðinni, þegar slíkt verður heimilt að breyttum alþjóðalögum. M. ö. o.: hæstv. ráðh. lýsir yfir, að það sé okkur Íslendingum óheimilt að óbreyttum alþjóðalögum og ef við gerðum það, þá væri það brot á alþjóðalögum. Þetta er vissulega mjög alvarleg yfirlýsing af hálfu þess ráðh., sem fer með landhelgismál í hæstv. ríkisstj., og ég vil enn bera fram þá áskorun til hæstv. ráðh., að hann afturkalli þessa yfirlýsingu.

Hæstv. ráðh. telur, fyrir utan það, að slíkt sé ekki heimilt að þjóðarétti, að eigi að bíða eftir Hafréttarráðstefnu Sameinuðu þjóðanna. Nú er öllum vitanlegt, eins og ég rakti í framsöguræðu minni, að slíkt getur tekið nokkur ár, kannske mörg ár, og enginn veit um niðurstöðu þar.

Ég tel alveg nauðsynlegt vegna þagnar hæstv. ríkisstj., sérstaklega þessa ráðh. um málið að benda á, að hér er um mjög alvarlega yfirlýsingu að ræða af hálfu hæstv. ráðh., sem ég tel rétt að vekja athygli þingheims á.

Ég geri ráð fyrir því, að þessari till. verði vísað til hv. utanrmn., og ég vænti þess, að till. fái þar góðar undirtektir og að viðbrögð hv. þm., einnig úr stjórnarliðinu, verði á aðra lund en afstaða hæstv. sjútvrh. bendir til. Ég vil treysta því, að sú skoðun, sem hæstv. sjútvrh. lýsti 1. sept. í Þjóðviljanum varðandi 200 mílurnar, eigi

sér ekki hljómgrunn hjá öðrum hæstv. ráðh. og hann hafi ekki í þessu máli talað fyrir hönd hæstv. ríkisstj.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Afnám vínveitinga á vegum ríkisins, þáltill. (þskj. 36). — Ein umr.

Flm. (Vilhjálmur Hjálmarsson): Herra forseti. Þessi till. var áður flutt hér á Alþ. s. l. vetur. Flm. hennar voru þá allir þeir sömu og nú. Till. hlaut þá góðar undirtektir á þinginu að því leyti, að enginn mælti henni gegn og nokkrir hv. þm. lýstu stuðningi við hana við fyrri hluta umr. Aftur á móti lagðist hv. allshn. á málið og skilaði aldrei áliti um það. Mér þykir þó varla líklegt, að hv. n. hafi tafið sig á því að bíða eftir umsögnum um svo einfalt mál sem þetta.

Augljóst er, að þessi till., flutningur hennar hefur vakið nokkra athygli utan Alþ. Hefur hennar víða verið getið, og töluvert mörg erindi hafa borist Alþ. varðandi þessa till. Eru þau öll á eina leið, eindregnar áskoranir til þingsins um að samþykkja till. Frá hverjum skyldu þær svo vera, þessar samþykktir, þessar áskoranir til Alþ? Margar þeirra eru vitanlega frá aðilum, sem hafa helgað sig baráttunni gegn áfengisbölinu sem sérstöku viðfangsefni. En slíkar ályktanir hafa líka komið víðar að. Þar má nefna t. d. hreppsn. Hafnarhrepps í Hornafirði og félagsskap óháðra borgara í Hafnarfirði, en það hygg ég, að séu allfjölmenn samtök þar í bæ, sem einkum láta sig sveitarstjórnarmálefni miklu varða. Einnig hefur slík áskorun komið frá bæjarstjórn Neskaupstaðar, sem jafnframt skoraði á aðrar sveitarstjórnir að veita ekki vín í sínum boðum. Bæjarstjórnin í Neskaupstað hefur ekki veitt vín áratugum saman, og m. a. hefur hún minnst merkisafmælis kaupstaðarins með veglegu boði, vínlausu. Á þetta vildi ég minna nú, þegar þáltill. þessi er fram borin öðru sinni. Einnig hitt, að hvergi munu hafa komið fram andmæli gegn till., hvorki innan þings né utan, á því ári, sem liðið er frá því að hún var flutt hið fyrra sinni, ekki opinberlega, svo að ég viti til.

Þá vil ég með örfáum orðum gera grein fyrir þeim meginforsendum, sem flutningur till. byggist á.

Það er á hvers manns vörum a. m. k., að víndrykkja valdi miklum og vaxandi erfiðleikum í íslensku þjóðfélagi, svo á vinnustöðum og á vegum úti sem innan fjögurra veggja heimilanna. Smátt og smátt hefur sá siður breiðst út, að fólk hefur vín um hönd nálega hvar sem komið er saman til mannfagnaðar, konur jafnt og karlar, og þeir gerast æ yngri, sem telja sér bæði rétt og nánast skylt að fylgja þessari siðvenju. Í því felst að mínum dómi mikil þversögn að örva þessa þróun með fordæmi, en ræða svo með áhyggjusvip og vandlætingar um áfengisbölið, eins og það er gjarnan kallað. En það er einmitt þetta, sem hendir og hefur hent allt of marga ráðamenn þjóðarinnar bæði fyrr og síðar. Með þessari till. er lagt til að snúa blaðinu við að þessu leyti. Í stað þess, að ríkisstjórnir hafa til þessa alið á þeirri trú, að vín væri ómissandi hvarvetna þar sem menn kæmu saman til að skemmta sér, með því að bera gestum sínum áfenga drykki við líkleg og ólíkleg tækifæri, þá yrðu nú teknir upp aðrir hættir þar, sem sagt að ríkisvaldið sjálft gæfi þegnum sínum gott fordæmi að þessu leyti. Í mínum huga er þetta mergurinn málsins í sambandi við flutning þessarar till.

Ég er stundum spurður að því í tilefni af þessum tillöguflutningi, hvort ég hafi orðið var við einhver stórhneyksli í boðum hins opinbera. Ég svara því neitandi. Hitt er svo annað mál, að ég undrast þann skort á háttvísi að bjóða mönnum til víndrykkju, þegar þeir eru önnum kafnir, t. d. við fundarstörf, og halda óspart að þeim áfengi. Og mér þykir það hart aðgöngu, að enda þótt forsvarsmenn félaga mælist undan vínveitingum undir þessum kringumstæðum, sem ég nefndi, þá skuli áfengi engu að síður fram borið, en ég hef orðið vitni að því.

Þegar till. þessi kom fyrst fram, voru ýmsir að gera því skóna, að hún væri flutt í því skyni að spara útgjöld við veisluhald. Ég man ekki betur en eitt dagblaðanna birti einhverja verðútreikninga í því sambandi. En ég held, að ég hafi tekið það fram í fyrra, þegar ég talaði fyrir till., og ég árétta það enn, að ég hef ákaflega lítinn áhuga á þess háttar sparnaði. Ég hef nefnilega aldrei vanist því, að það væri knifað við gest eða gangandi. Og ef stjórnarvöld vilja efna til fagnaðar, þá gott og vel kostnaðarins vegna, á meðan þar eru einhverjar skynsamlegar takmarkanir. En þegar háir og lágir tala um víndrykkju sem vandamál, jafnvel sem stórkostlegt böl, þá finnst mér töluvert mikið bogið við það t. d., að á meðan fjölmenn félags- og menningarsamtök leggja sig í líma við að halda vínlaus mót og samkomur, þá skuli ríkisstj. beri áfengi fyrir hvern mann, sem kemur á hennar fund til einhvers fagnaðar, á meðan áfengisauglýsingar eru t. d. bannaðar með lögum, þá heldur ríkisstj. og einstakir ráðh. uppi sýnikennslu í áfengisdrykkju, og meðan félög bindindismanna og samtök alkóhólista inna af höndum stórkostlega menningar- og hjálparstarf til að forða mönnum frá áfenginu, þá lætur hið opinbera þjónalið sitt í veislusölum í mörgum tilvikum gera allt, sem hægt er, til þess að koma áfengi ofan í gesti sína — og sem allra mestu. Þetta finnst mér vera fáránlegar andstæður og mikil þversögn í því fólgin.

Till. þessi er sem sagt fyrst og fremst flutt í þeim tilgangi að binda endi á það, að ríkisvaldið berjist gegn raunverulegum áfengisvörnum með þeirri sýnikennslu í áfengisdrykkju, sem haldið hefur verið uppi til þessa frammi fyrir þjóðinni allri í raun og veru.

Ég verð svo að leggja til, herra forseti, að till. verði vísað til allshn.

Helgi F. Seljan: Herra forseti. Þetta verða ekki mörg orð hér hjá mér. Ég vil aðeins taka það fram, að þessi till, er ekki flutt af neinni sérvisku einni saman, heldur ekki til þess að sýnast, hún er flutt í fullri alvöru. Það má um það deila, hvað hér sé gripið á þýðingarmiklum þætti áfengisvandamálsins, en þó virðist eftir öllum undirtektum að dæma, að fólki þyki hér komið að einum þeim þætti, sem ekki eigi að láta afskiptalausan.

Það er staðreynd, að áfengismálin í dag eru svartur blettur í þjóðlífinu. Þar blasa augljósar staðreyndir við allra augum en svo, að um þær sé þörf að ræða ítarlega. En mestu veldur tvennt: Tíðarandi þeirrar drykkjutísku, sem hvarvetna ríður húsum, andvaralaust eða spillt almenningsálit. Þau ráð, sem ég tel ein til úrbóta, standast ekki í slíku andrúmslofti drykkjugleðinnar sem hér ríkir. Ég vil því segja, að ég er að mestu ráðalaus gegn þessum ófögnuði. Tapaðar vinnustundir, heimili í rúst, glötuð mannsefni, slys, mannslíf, hvað stoðar að benda á allt þetta, þegar þetta þykja sjálfsagðar aukaverkanir þeirrar marglofuðu vínmenningar þess almenningsálits, sem allt afsakar, allt fyrirgefur í skjóli þeirrar rangsnúnu lífsskoðunar, sem kallast frelsi til að velja og hafna? Ég spyr: Er ekki menning vínbaranna ótvíræð? Er ekki frelsi ofdrykkjumannsins algert? Svör eru nánast óþörf.

Öll prédikun er mér víðs fjarri, en málið stendur mínu hjarta og huga nærri, og ég held, að það sé ekki sjálfselska sérvitringsins, sem ekki kann að meta hinar svokölluðu guðaveigar, sem ræður afstöðu okkar. Ég held, að einmitt mannleg samkennd sé þar efst á blaði. Sem kennari í nær tvo áratugi þekki ég vel þá tilfinningu að sjá á eftir ágætum nemanda sínum og vini beint í klær áfengisnautnar og jafnvel taumlausrar ofdrykkju. Kannske stendur þetta vandamál enn nær þeim, sem fást við svokallað uppeldi æskunnar og lækningu mannlegra meina, en jafnvel öðrum. Svo eyðileggjandi, svo tortímandi getur þessi bölvaldur verið, að maður spyr sjálfan sig: Til hvers er öll góð barátta gegn vandanum? Á þeim stundum eru frelsi og menning fjarri, svo að ekki sé meira sagt, og ljómi gullinna veiga vægast sagt upplitaður orðinn.

En hvað koma þessar blásaklausu og íburðarlausu veitingar ríkisstj. þessu stóra máli við? Enginn verður drykkjuræfill af þeim einum saman eða drepur sjálfan sig eða aðra af þeirra völdum. En betur skal að gáð. Ég læt mér ekkert annað til hugar koma en stjórnvöld hafi áhyggjur af áfangisvnadamálunum. Ég tel fullvíst, að þau telji skyldu sína að draga úr því böli, sem því fylgir, þrátt fyrir þá hálfgerðu blóðpeninga, sem áfengissalan færir ríkinu. Ég þykist vita, að ráðh. vilji sannarlega annað ástand mála en við blasir í dag, og fyrst og síðast vil ég trúa því, að þeir ágætu menn vilji vinna að því að skapa annað almenningsálit en nú ríkir. Og þar er komið að þeirra hlut. Stjórnvöld eiga að sýna og sanna, að vinamót og gleðifundir kalla ekki á áfengi sem nauðsynlegt hjálpartæki. Með því taka þau afstöðu gegn áfenginu sem hinum eina sanna gleðigjafa, eins og flestir vilja líta á í dag.

Mótun almenningsálits fer eftir ýmsu, og ekker er þar algilt. Sveiflur geta þar orðið á, eins og menn þekkja. En enginn efast um gildi hins forna orðtaks: „Eftir höfðinu dansa limirnir.“ Því er fordæmi stjórnvalda ærið mikilsvert þjóð, sem er ofurseld einhverri dýrðargloriu vínmenningarkjaftæðis mitt í allri eymdinni og vesaldómnum, sem af áfenginu leiðir. Því er þessi till. nú endurflutt, og skal ekki öðru trúað en hæstv. ráðh. fagni í sínu landsföðurlega hjarta að fá sitt gullna tækifæri í þessu einnig að vera þjóð sinni lýsandi fordæmi, svo sem í öllu öðru tilliti, andlegu og veraldlegu.

Samþykkt þessarar till. yrði stærra skref en marga grunar í þá átt að draga úr ágengisbölinu. Gott fordæmi er reyndar sjálfsagt, hvort sem reiknað er með, að upp verði skorið svo sem til var sáð, eða ekki. Því getur enginn neitað, að fordæmið er gott, því ber að samþykkja þessa till. okkar. A. m. k. ætla ég nú að biðja hv. allshn. að hrista af sér slen s. l. vetrar og leyfa mönnum að taka afstöðu með eða móta. Ég held, að fólk almennt eigi töluverða heimtingu á að vita afstöðu manna til þessa máls, þó að e. t. v. væri það enn meira virði að vita hug þm. yfirleitt til áfengismálanna í heild. En hver veit nema til þess komi einnig, þó síðar verði.

Karvel Pálmason: Herra forseti. Það eru aðeins örfá orð. Ég bjóst við því, að það mundu heyrast hér einhver andmæli hjá einhverjum hv. þm. gegn þessu máli. Ég hinkraði því við með að biðja um orðið og bjóst við, að þeir létu í sér heyra, sem væru hugsanlega á móti þessu máli. Það gerðist ekki núna. Það gerðist ekki heldur á síðasta Alþ., þegar þessi till. var flutt. Það komu engin mótmæli fram í umr. í sambandi við þetta mál. Allir, sem töluðu í þeim umr., voru meðmæltir þáltill. En ég æski þess mjög gjarnan, að kunni einhverjir hv. þm. að vera á móti þessu máli, þá komi þeir fram og láti í sér heyra. Ég vildi það mjög gjarnan. En verði það ekki, þá lít ég svo á, að menn séu almennt samþykkir henni. En það er vissulega og hefur verið til aðferð til þess að koma málum fyrir kattarnef, og þá er gjarnan talað um að þegja mál í hel. Það virtist hafa gerst á síðasta Alþ. með þetta mál, a. m. k. virtist sú hv. n., sem málið fékk til meðferðar, sofa værum svefni á því allt til þingloka. Ég vænti þess og vil beina því til hæstv. forseta, að hann hlutist til um það, að sú hv. n., sem málið fær til meðferðar nú, skili því til þingsins aftur, þannig að það fái þinglega meðferð. Ég tel það ekki sæmandi Alþ., að mál, sem flutt eru hér, fái ekki þinglega meðferð, ekki síst þegar um er að ræða svo geigvænlegt vandamál, sem íslenskt þjóðfélag á við að stríða, þar sem áfengisvandamálið er.

Það var sagt hér áðan, að hvergi hefðu komið fram andmæli. En það hafa allvíða komið fram meðmæli víðs vegar að af landinu, frá einstaklingum og frá félagasamtökum og sveitar- og bæjarstjórnum með þessu máli, svo að ég tel, að það sé illt við að búa, komi það fyrir aftur nú á þessu þingi, að málið fáist ekki afgreitt. (Gripið fram í.) Ég ætlaði að koma að hv. utanflokkaþm. hér síðar, en það er best að taka hann strax.

Þegar þessi þáltill. var flutt hér á síðasta Alþ., stóðu að henni þm. úr öllum flokkum. Nú hefur þetta viðhorf breyst. Nú er kominn einn, a. m. k. í munnmælum manna talað um einn þingflokkinn til viðbótar, og ég hefði gjarnan viljað æskja þess sérstaklega, að einhver rödd, þótt ekki væri nema ein, úr þessum þingflokki léti í sér heyra, hvaða afstöðu sá þingflokkur hefur til þessa máls. (**Gripið fram í:** Má veita sherry eða...) Hefur þm. mestan áhuga á því? Ég sem

sagt óska eindregið eftir því að fá að heyra afstöðu þessa hv. þm. og þess þingflokks, sem ekki er með í flutningi till. Hann hefur bæst við, síðan hún var fyrst flutt. Ég hygg, að það verði kannske meira eftir því tekið, hvaða afstöðu sá þingflokkur hefur til málsins, heldur en margri þeirri afstöðu, sem hann hefur haft uppi hér á hv. Alþ.

En það þurfti raunar engu við að bæta þær ræður, sem 1. flm. og frsm. flutti hér áðan og síðasti ræðumaður, og ég skal ekki lengja umr. frekar. En ég vil ítreka að koma því á framfæri, að séu einhverjir hv. þm. andvígir þessu máli, þá láti þeir í sér heyra og komi fram í dagsljósið og standi við sína sannfæringu, ef það er þeirra sannfæring, að hér sé um vont mál að ræða.

Pétur Sigurðsson: Herra forseti. Ég er mjög ánægður með, að þessi till. skuli komin fram, og ég tek heils hugar undir með hv. flm., að þessi till. verði samþ. En einkennileg eru þau örlög hæstv. ríkisstj., að annað málið, sem ég hef fylgst með hér í dag, skuli koma hér fram, vera á dagskrá og rætt, þar sem beinlínis er ráðist að ríkisstj., og liggur í öllum flutningi og ræðum manna, að það er verið að gagnrýna og lýsa vantrausti á ríkisstj., — það er verið að lýsa vantrausti á ríkisstj. með þessu máli, brennivínsmálum núv. hæstv. ríkisstj. Og hv. þm. Vilhjálmur Hjálmarsson sagði, að hæstv. ráðh., hæstv. ríkisstj. væru með sýnikennslu í brennivínsdrykkju fyrir almenning hér á landi. Mér finnst þetta vera svo óguðlegt, að ég legg til, að við samþykkjum þessa till. hið fyrsta. Og auðvitað tökum við undir með þessum stóra manni með sterku, miklu röddina, íþróttakennaranum á Bolungarvík, eins og togaraskipstjórinn kallaði hann, og samþykkjum þessa till. Og við eigum að samþykkja líka um leið, að það sé bannað að syngja: „Hvað er svo glatt sem góðra vina fundur.“

En vegna þess, sem hefur komið hér fram hjá sumum þm., það hefur verið gripið fram í og talað um, hvaða afstöðu hv. þm. hafa til sherrydrykkju á vegum ríkisstj., mætti auðvitað spyrja um það um leið, hvaða skoðanir hæstv. ráðh. hafa á því að bera fram pönnukökur í konjaki, sem kveikt er í. Þetta fer að verða mjög alvarlegt mál í veislum hæstv. ráðh., þegar þeim verður svona skammtað, hvað þeir megi bera fram til sinna gesta. En ég get ekki ímyndað mér, að það sé nokkur maður, sem verði á móti þessari till., svo að öllu grini sé hætt. Auðvitað samþykkja allir þetta. Ég held, að hv. stjórnarþm. muni sérstaklega samþykkja þetta. Auðvitað eru engir aðrir, sem hafa stöðvað þessa till. Það eru engir, sem eru á móti málinu, það eru ríkisstj.-flokkarnir sjálfir, sem stöðvuðu till. á síðasta þingi, þeir vildu þetta ekki. Það þýðir ekkert fyrir manninn með miklu röddina að vera að horfa út yfir salinn og lýsa eftir einhverjum andmælendum gegn till. Það eru stjórnarflokkarnir sjálfir. Ég held, að hann hefði miklu meiri áhuga á því, að þessi till. næði fram, ef hann fylgdist með þeirri sýndarmennsku, sem átt hefur sér stað hjá hæstv. ríkisstj. og hæstv. ráðh., þegar þeir hér á Alþ. létu fella niður þann möguleika forseta þingsins og annarra til að kaupa áfengi án tolla, þegar þeir sjá, hvað brennivínsreikningar ráðuneytanna eru orðnir á síðasta fjárhagsári.

Karvel Pálmason: Herra forseti. Ég vænti þess nú ekki, að forseti sé þess sinnis, að það sé ekki ástæða til þess að ræða málið hér á hv. Alþ. Ég hygg, að það sé full ástæða til þess. En ég skal tala aðeins örfá orð.

Ég er ekki í neinum vafa um, að ef hv. þm., sem hér var að ljúka máli sínu, mælti af fullri hreinskilni þau orð, sem hann mælti, þ. e. a. s. um vantraust á ríkisstj., þá hefði hann ábyggilega lagt sína krafta, sem miklir eru, í það, að málið fengist afgreitt á síðasta þingi. Það þarf enginn mér að segja, að hv. þm. Pétur Sigurðsson hefði séð eftir sér til þess að greiða atkv. um vantraust á ríkisstj. Það hefði hann gert, hefði málið verið þess eðlis. En það er ekki um það að ræða. Það er miklu meira vandamál, sem við erum hér að tala um, heldur en það sé ástæða til þess að vera með grín eða gáskafull ummæli í einu og öðru um þetta vandamál. Það er viðurkennt af þessum hv. þm., að vandamálið sé til staðar, og hann er búinn að lýsa yfir stuðningi sínum við till., og ég þakka honum fyrir það sérstaklega. Ég vænti þess, að það verði fleiri, sem sýna stuðninginn í atkvgr., þegar að því kemur, að n. skilar málinu frá sér. Ég ætla henni ekki annað en hún hafi tíma til, vilja og getu á þessu þingi.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Fiskeldi í sjó, þáltill. (þskj. 37). — Ein umr.

Flm. (Sverrir Hermannsson): Herra forseti. Á þskj. 37 hef ég ásamt þremur öðrum hv. þm. leyft mér að flytja till. til þál. um fiskeldi í sjó. Till. sama eðlis flutti ég ásamt hv. þm. á síðasta þingi, en hún hlaut þá ekki afgreiðslu. Tillögugerðin er nákvæmlega hin sama, en grg. að nokkru breytt, fyrir því að þm. snerust gegn þessu máli eða alla vega notuðu það sem tylliástæðu til að svæfa þetta mál, að þar var nokkuð orðfært um eldi lax í söltu vatni eða sjó, og töldu, að með þeirri tillögugerð væri verið að skerða hlut landbúnaðar. Röksemdafærslan var á þá leið, að þar sem laxeldi heyrði undir verksvið Veiðimálastofnunarinnar og Veiðimálastofnunin heyrði undir landbrn., þá mætti af því marka, að verið væri að skerða hlut landbúnaðarins með því að gera till um, að Fiskifélagi Íslands yrði veittur nauðsynlegur fjárhagslegur stuðningur til þess að hafa forgöngu í þessu stórmikilvæga máli, sem fiskeldi í sjó eða söltu vatni er.

Nú er þessi vankantur, sem menn á málinu fundu, sniðinn af, og vænti ég þess nú, að þessi till. sé með þeim hætti, að allir hv. þm. geti sameinast um samþykkt hennar.

Það fer ekki milli mála, enda er þeim það kunnugt, sem áhuga hafa á málinu, að í þeim löndum, — sér í lagi í þeim löndum, sem fiskveiðar stunda, hefur verið lögð stóraukin áhersla á fiskeldi hvers konar. Þar til má nefna ná-

grannaþjóðir okkar, eins og Norðmenn og Breta, Kanadamenn, Sovétmenn og alveg sér í lagi Japani. Þó er það svo, að upplýsingar um framgang þessara mála hjá þessum þjóðum eru af allskornum skammti. Hingað til hefur málið að vísu verið á tilraunastigi, en allt um það hygg ég, að það hafi ekki verið laust fyrir hjá Japönum að fá upplýsingar, hvernig að þessum málum væri staðið. Það er vafalaust, að auknar rannsóknir í þessu efni og tilraunir mundu veita okkur að öllum líkindum mjög mikilsverðar upplýsingar um lífið í sjónum almennt, t. a. m. fiskigöngur og annað, sem að sjávarlífi og sjávargróðri lýtur. Ég verð að lýsa þeim vonbrigðum mínum, að mér finnst, að í þessu máli hafi verið talað fyrir of daufum eyrum. En ég ætla nú að vænta þess, að á því verði breyting.

Um nokkurra ára bil hefur Fiskifélag Íslands beitt sér fyrir rannsóknum í þessu skyni og haft að hluta í sinni þjónustu sérmenntaðan mann á þessu sviði. En mjög hefur það allt verið af vanefnum og þessu máli allt of lítill gaumur gefinn. Þeir, sem áhuga hafa haft í þessu efni, hafa ekki fengið nálægt því þann stuðning, sem vert væri.

Það er skoðun þeirra, sem gleggst vita og vit hafa á, að hér á landi séu margvíslegir möguleikar til eldis fiska í sjó, að við strendur landsins víða, um Austfirði, Vestfirði, Vesturland og víðar, séu ákjósanleg skilyrði til fiskeldis. Á þessu hafa engar grundvallarrannsóknir farið fram. Ég vil nefna sem dæmi, að Kanadamenn hafa í tilraunum sínum komist að raun um, að flýta má mjög, jafnvel tífalda vaxtarhraða fisks með því að hita sjóinn upp eða salta vatnið, sem ræktunin fer fram í, og þetta gera þeir með olíu eða hafa gert.

Nú búum við þannig hér í þessu landi, að mjög víða eru ákjósanleg skilyrði til þess, að hitagjafi bjóðist á mjög ákjósanlegum stöðum fyrir fiskeldi. Vil ég þar tilnefna t. d. Reykjanesskagann allan og svo t. d. í Axarfirði og miklu víðar. Jarðhitarannsóknum okkar hefur enn eigi skilað svo fram á veg, að menn geti fullyrt um það, hvar jarðhiti til þessara nota og annarra kunni að finnast enn víðar en upplýsingar liggja fyrir um í dag.

Þessum rannsóknum á aðstöðunni og ákjósanlegum stöðum í landinu til þess arna þarf að hraða, og mér skilst af kunnugleikamönnum, að það sé tiltölulega lítið verk að kortleggja þá staði, sem þættu vera ákjósanlegastir í þessu efni. En til þess arna hefur ekkert fjármagn verið veitt og allt ónunið í þessum sökum. Reynsla annarra þjóða, að svo miklu leyti sem upplýsingar liggja fyrir í málinu, bendir ótvírætt til, að stórkostlegum árangri megi ná á þessu sviði. Bretum hefur t. d. tekist nú hin síðustu árin að ná umtalsverðum árangri í ræktun sólkola og sandhverfu. Af skrifum, sem ég hef nýlega séð, má marka, að þeir binda mjög miklar vonir við þetta. Nýlega sá ég í tímariti, að Japanir hafa hafið ræktun í rúmsjó með sérstökum stálbúrum, sem þeir fjarstýra þannig, að þegar rysjótt veður er og öldugangur, sem gæti tortímt tilraunabúrunum eða fiskabúrunum, þá sökkva þeir þeim niður á allt að 30 metra dýpi og stjórna með radíósendingum.

Það er hægt að setja á langar tölur um mikilvægi þessa máls, og allt má heita ónunið í þessum efnum hér á landi. Undir því hygg ég, að sé mest komið nú til að byrja með, að við kynnum okkur sem rækilegast þann árangur, sem aðrar þjóðir hafa náð í þessum efnum, og jafnhliða rannsökum, hvar í landinu er heppilegast að hefja slíkar tilraunir. Við megum gera ráð fyrir því, að það muni kosta okkur ár, jafnvel áratugi að ná umtalsverðum árangri, en í þessu efni má ekkert til spara og síst ættum við Íslendingar að liggja á liði okkar. Fyrir utan þá aðstöðu, sem við kunnum að hafa í landinu sjálfu umfram það, sem er í boði hjá öðrum þjóðum, þá búum við enn sem betur fer við að kalla ómengaða náttúru. Sér í lagi hygg ég, að telja verði, að sjórinn við strendur landsins sé lítt mengaður, enda þótt í því efni þurfi að hafa allan vara á.

Þetta er ekki í fyrsta skiptið, sem hér á hinu háa Alþ. er hreyft þessu máli. Ég vil minna á, að árið 1968 var samþ. þáltill., sem gekk mjög í sömu átt og þessi till., sem ég er nú hér að fjalla um. Núv. sendiherra í Kaupmannahöfn, Sigurður Bjarnason, flutti þá og fékk samþykkta tillögu um, að fram færi vísindaleg athugun og tilraunastarfsemi í fiskrækt og uppeldi nytjafiska í einstökum fjörðum og á þeim stöðum við landið, þar sem heppilegast reyndist, og var þar ákveðið að fela það verkefni Hafrannsóknastofnun og Fiskifélagi Íslands. Enda þótt ljóst liggi fyrir, að sjálfsagt megi hafa af því skjótan og mikinn hag að rækta t. d. lax í söltu vatni, liggur alveg ljóst fyrir, að fjölmörg önnur verkefni bíða, bæði með eldi sjávarfiska almennt og ræktun skeldýra. Mikill árangur hefur náðst í ræktun ostru og kræklings, sem, eins og við vitum, eru orðin mikilsverð fæðutegund sums staðar í heiminum og þegar nokkuð verið athugað um það hér og kræklingur nýttur, þótt í mjög litlum mæli sé.

Sannleikurinn er sá, að við erum alltaf að uppgötva nýjar og nýjar auðlindir við strendur landsins, í sjónum og á hafsbotninum. Það er ekki langt síðan hörpudiskur var uppgötvaður sem mikilvæg búgrein hér í landi. Sama má segja um rækjuna. Það er aðeins áratugur eða svo, síðan við uppgötvuðum, að þarna væri um mjög mikilsverðan atvinnuveg að tefla, humar einnig, og enn fleira mætti nefna.

Ég vænti þess nú, að þessi till. okkar fái það fylgi, sem þarf til þess að ná samþykki, og að nú verði ekki lengur haldið að sér höndum, heldur afli beitt til þess að ná árangri í þessum efnum. Við Íslendingar þurfum að geta sýnt það og sannað, að við viljum margt á okkur leggja og öllu til kosta, að lífið í sjónum verði ekki eingöngu verndað, heldur aukið og eflt. Það veit enginn, til hvers þessar tilraunir og rannsóknir kunna að leiða. Jafnvel kunna þær að geta leitt til þess, að við gætum aðstoðað klak þorskfiska okkar. Um það getur enginn sagt í dag. Orð eru til alls fyrst, og það má næstum því segja, að þessum málum hafi svo lítið skilað fram hjá okkur á undanförnum árum, að þau séu enn einvörðungu á umræðustigi.

Úr því að það kann að valda einhverjum hugaræsingi hjá einstaka mönnum, þá ætla ég

að ræða það sérstaklega hér, hve gífurlegir möguleikar kunna að vera í boði hjá landbúnaðinum að hafa sem aukabúgrein og jafnvel aðalbúgrein fiskrækt í hinum fjölmörgu vötnum, sem alls staðar eru fyrir hendi í landinu. Þetta er lítt rannsakað mál enn. Við höfum náð umtalsverðum árangri í ræktun lax. En að öðru leyti má segja, að okkur hafi skilað lítt fram á veg.

Ég ætla ekki að setja fram lengri tölu um nauðsyn þessa máls, en ég vænti þess, að þessi till. fái nú nægjanlegt fylgi og öfluglega verði að málinu unnið alveg á næstunni.

Ég vil svo, herra forseti, leyfa mér að leggja til, að þessari umr. verði frestað og till. vísað til hv. atvmn.

Umr. frestað um stund.

Olíukaup, þáltill. (þskj. 54). — Ein umr.

Flm. (Bragi Sigurjónsson): Herra forseti. Till. sú, sem hér er flutt á þskj. 54 og fjallar um úrræði til að minnka olíukaup erlendis frá, er flutt ásamt mér af Benedikt Gröndal og Stefáni Gunnlaugssyni, hv. alþm. Hún fjallar um það, að ríkisstj. láti semja grg. og till. í orkumálum og sé verkefnið tvíþætt, en liðirnir hljóða svo:

„1) Að gefa yfirstandandi Alþ. skýrslu um þá möguleika, sem eru á skjótum nýframkvæmdum til hitunar húsa með jarðvarma og raforku, miðað við það, að slíkar framkvæmdir geti þegar á næsta ári dregið úr olíuþörf landsmanna, enda hafi þær forgang um fjármögnun frá opinberum sjóðum.

2) Að gera till. um orkumálastefnu næstu tveggja áratuga, er nái til virkjunar vatnsfalla og jarðhita, notkunar raforku m. a. til iðnaðar, hitunar og samgangna, notkunar jarðhita m. a. til hitunar, landbúnaðar og iðnaðar, og hugsanlegrar olíuvinnslu úr landgrunni Íslands."

Þjóðarbúskap okkar Íslendinga er þann veg háttað, að við þurfum margs og mikils að afla erlendis frá, og hefur sú þörf sífellt farið vaxandi, eftir því sem tækniþróun hefur hér fleygt fram og þægindakröfur almennings hafa aukist. Að sjálfsögðu hefur verið reynt að draga nokkuð úr innflutningsþörfinni með eflingu landbúnaðar annars vegar og iðnaðar hins vegar, en tækniþróun beggja atvinnugreinanna hefur kallað á mikinn innflutning þeim til handa, svo að gjaldeyrissparnaður hefur ekki alltaf orðið sem skyldi. Það hefur því alltaf mætt að meginhluta á sjávarútveginum að standa undir innflutningsþörf okkar, og af því að sjórinn hefur verið okkur löngum gjöfull, þjóðin kunnað næsta vel á það fjárnám og sífellt klifað á því, að við hefðum nánast einungis í þann handraðann að leita, hefur ekki verið gætt eins vel og skyldi að þeirri hliðinni, hvernig við getum sparað gjaldeyri án þess að missa nokkurs í af lífsgæðum eða hvað við gætum átt annað verðmætt til gjaldeyrisöflunar en fiskinn einan.

Síðastur skal ég verða til þess að lasta þann stórhug og myndarskap, sem þjóðin hefur sýnt oft og iðulega í skipakaupum og byggingu vinnslustöðva. Hitt dylst alþjóð tæpast, að þar hefur löngum verið farið meira að kappi en forsjá og þar hafa stórar fjárfúlgur mátt koma að betra gagni, ef meiri og betri yfirsýn og yfirstjórn hefði verið á hlutunum.

Á seinni árum hefur athygli landsmanna beinst nokkuð að öðrum möguleikum landsins en framleiðslu sjávarafurða. Tekjum af erlendum ferðamönnum hefur af mörgum verið haldið á loft sem stórum lið. Skoðaður hefur verið útflutningur ýmissa jarðefna, kannaðir hafa verið möguleikar til ýmiss konar stóriðju, að ekki sé talað um meiri gjörvinnslu matvæla úr sjávar- og landbúnaðarhráefnum. En allt hefur þetta, samfara því að líf nútíðarmannsins er síháðara orku í einhverri mynd, leitt meir og meir til þess, að hugur landsmanna hefur í æ ríkari mæli beinst að orkulindum landsins, vatnsaflinu og jarðhitanum. Sumt af þessari orku er tiltölulega auðbeislað og ódýrt í framleiðslu, enda þegar komið í gagnið. Annað er torsóttara og dýrara og þarf verulega tæknikunnáttu og mikið fé til að beisla. Og af því að olía hefur evrið fram að þessu auðfengin sem orkugjafi og komið jafnar við þjóðarpyngjuna, hefur ríkisvaldið ekki svo mjög hugleitt að fella í áætlunar- og framkvæmdakerfi að taka þessi auðæfi fortakslaust í gagnið, þannig að olíukaup landsmanna gætu stórlega minnkað og gífurlegur gjaldeyrissparnaður hlotis af, — sparnaður gjaldeyris, sem þá mætti verja til annar, svo sem véla og tækja til beislunar hinnar innlendu orku.

Við Íslendingar eigum margt ágætlega menntaðra verkfræðinga, sem sumir hverjir hafa mjög hvatt þjóðina til dáða í þessum efnum, og vissulega hefur þeim og þeirra liðsnautum orðið verulega ágengt. Sogsvirkjun, Laxárvirkjun, Andakílsvirkjun, Búrfellsvirkjun og bráðum Sigölduvirkjun eru t. d. umtalsverðir marksteinar að fullvirkjun allra hagnýtanlegrar vatnsorku í landinu og Hitaveita Reykjavíkur, Selfoss, Húsavíkur og ýmissa annarra staða að fullnýtingu alls nýtanlegs jarðvarma. En við þurfum að vinda okkur að þessum verkefnum af miklu meiri ákveðni og marksækni en fram að þessu, því að hér er um geysileg verðmæti að ræða og geysilegt lífsöryggi fyrir þjóðina að tefla.

Við skulum líta hér á örfáar tölur til staðfestingar þessu. Í Sveitarstjórnarmálum, tímariti Sambands ísl. veitarfélaga, getur að lesa, að orkuframleiðsla allra hitaveitna á landinu hafi á s. l. ári numið 1350 gígawattstundum og söluverðmæti þeirra numið um 430 millj. kr. Ef hitað væri upp með gasolíu á þessum stöðum, hefði kostnaðurinn numið einum milljarði kr., þar af gjaldeyrir 660 millj. Láta mun nærri, að um 45% landsmanna njóti upphitunar húsa með jarðhita, og sjá þá allir, um hvílíka fjármuni er hér að tefla. Enn má geta þess, að samkv. upplýsingum í grein, sem Jóhannes Zoëga hitaveitustjóri í Reykjavík ritar í Sveitarstjórnarmál á þessu ári, reyndist orkuverð gasolíu til upphitunar í Reykjavík rúmlega helmingi hærra en orkuverð Hitaveitunnar á s. l. ári, að ekki sé hugleiddur þrifnaðurinn og svo öryggi íbúanna, sem njóta hins innlenda hitagjafa.

Evrópuþjóðir og fjöldi annarra þjóða skjálfa þessa dagana af kvíða við olíuskort, sem Araba-

löndin ógna nú með. Þessi vá blasir einnig við okkur Íslendingum og hvetur okkur til aukinna dáða í orkumálum okkar, vitandi það, að auk skorts á olíu muni hún og hækka verulega í verði næstu ár.

Enn notum við mikið magn af olíu til rafmagnsframleiðslu og húsahitunar, til iðnaðar ýmiss konar og að sjálfsögðu til að knýja skip okkar, samgöngutæki og alls konar vélar. Vafalaust bíður það verulegs tíma enn, að skipafloti okkar geti sparað við sig olíu, fullvíst raunar, að þar muni þörfin aukast. Sama má segja um samgöngutækin á landi, og má þó vera skemmra í, að þar geti raforkan a. m. k. létt innan tíðar á. Hitt er nánast óverjandi, að við framleiðum ekki allt rafmagn með vatnsafli og hitum öll hús með jarðvarma eða rafmagni, þegar þessar guðagjafir landsins bíða aðeins eftir framtaki okkar, skipulagshæfileikum og fjármálaviti. Við eigum ekki að vera þekkt fyrir að sitja með hendur í skauti, þegar Vestfirðir, eitt af mestu framleiðslusvæðum sjávarafurða lands, kveina ár eftir ár af rafmagnsskorti eða Norðurl. v., Norðurl. e. og Austfirðir verða enda að reka dísilrafstöðvar í stórum stíl til að bjarga stórverðmætum í land fyrir þjóðarheildina. Hvar er byggðastefnan hér? Og við eigum heils hugar, hvar sem við búum, að ýta eftir því af öllum mætti, að Kópavogur, Hafnarfjörður, Keflavík og aðrir þéttbýlisstaðir á Suðurnesjum sem og Akranes séu jarðhitavædd hið allra fyrsta. En þá munu um 65—70% þjóðarinnar hafa hlotið jarðhita til húsahitunar, og hefur það ekki lítið gildi fyrir þjóðarheildina.

Enn mætti fleira nefna, sem athuga ber í þessu sambandi. Við flytjum feikn inn af smurolíum. Mikið af þessu fer sem affall til mengunar í þéttbýlisstöðum, en mætti nota aftur, ef hreinsað væri, og spara þar einnig gjaldeyri.

Hér verður ekki við mál þetta skilið, svo að ekki sé minnst á tvo stórdrauma varðandi vatnsorkuna, iðnvæðingu á stórstigi og/eða beinan útflutning raforku. Jakob Gíslason, áður orkumálastjóri, ritaði fyrir nokkrum árum hugleiðingar um hugsanlegan raforkuflutning t. d. til Stóra-Bretlands. Ef ég man niðurstöður hans rétt, var alls ekki um ósigrandi tæknivanda að ræða þar, en hagkvæmnin umdeilanleg þá. En hvað verður innan skamms í orkuhungruðum heimi með olíuskort á lofti? Hver veit nema við getum innan skamms flutt út raforku í stórum stíl? Við höfum hins vegar meira hugsað til hins, að reisa hér á landi verksmiðjur til ýmiss konar iðnaðarframleiðslu, sem kallar á mikla orkuþörf. Sementsverksmiðjan, Áburðarverksmiðjan, Álverksmiðjan, Kísilgúrverksmiðjan og fleira er í skoðun.

Að öllu þessu athuguðu, sem nú hefur verið talið, teljum við flm. þeirrar till., sem hér er flutt, fullkomlega tímabært og raunar bráðnauðsynlegt að athuga annars vegar með skjótum hætti, hvernig draga megi verulega úr olíunotkun landsmanna án þess að vandi skapist af, en hins vegar að búa orkumálastefnu ríkisins í skynsamlegan framkvæmdastakk í næstu framtíð, — stefnu, sem á að okkar dómi að mótast af stórhug, víðsýni og kjarki, þar sem horft er langt til vegar, en þó gætt að öllum næstu kennileitum, þar sem landsheildin öll er höfð inni í dæminu. Hér situr Orkustofnunin inni með mesta þekkingu til að vinna þetta verk fljótt og vel, en ríkisvaldinu ber að sjálfsögðu að mæla fyrir.

Að svo mæltu legg ég til, þegar umr. þessari verður frestað, að till. verði vísað til hv. allshn.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Fiskeldi í sjó, þáltill. (þskj. 37). — Frh. einnar umr.

Jónas Jónsson: Herra forseti. Ég vil byrja á því að taka undir það, að ég er því algerlega fylgjandi, að samþykkt verði till. í þá átt, að veitt verði fé til þess að gera nauðsynlegar rannsóknir á fiskeldi í sjó. En ég vil fara um það aðeins örfáum orðum og þá fyrst segja það, að það er misskilningur hjá hv. frsm., að orðalagsbreyting á till. frá því, sem var er hún var flutt hið fyrra sinn, breytti því, að það sé eðlilegt, að Fiskifélagi Íslands sé falið þetta verkefni. Að þessu mætti færa mörg rök, og ég vil þá taka það fram, að það er síður en svo, að ég telji þá virðulegu stofnun, Fiskifélag Íslands, ekki geta sinnt þessu, en það er eðlilegra, að þetta verði falið annarri stofnun.

Það mun svo vera, að rannsóknir á fiskistofnum okkar eiga lögum samkv. að vera hjá Hafrannsóknastofnuninni, og er þá sjálfsagt átt við nytjafiskana í sjónum. Væri því, ef við litum á þetta sem sjávarútvegsmál, eðlilegra, að það væri Hafrannsóknastofnunin, sem fengist við þetta. En nú er það svo, eins og reyndar hv. frsm. nefndi, að fiskeldi í sjó er enn sem komið er og mun í fyrirsjáanlegri framtíð eingöngu hugsanlegt að verði arðvænlegt á svokölluðum dýrum fisktegundum, og þar er fyrst og fremst um laxfiska að ræða. Það má að vísu hugsa sér nokkuð annars konar eldi í sjó eða ræktun, eins og t. d. á kræklingi og ostru, og það má líka hugsa sér einhvers konar eldi án fóðrunar í sjó, þ. e. a. s. að fiskurinn eða dýrin séu geymd í sjónum og látin fæða sig af því, sem sjórinn gefur. — Þetta er hugsanlegt um ýmsar aðrar dýrategundir, eins og krækling o. fl. En þar sem fóðra þarf fiskinn, þá er það einfalt lögmál, að fiskurinn, sem alinn er, þarf að vera mörgum sinnum dýrari heldur en sá, sem fóðrað er með, því að fóðrið kemur venjulega þannig fengið, að það eru aðrir fiskar, og þarf ca. sex sinnum fleiri kg af fóðri til að gefa eitt kg af fiski, sem kemur til nytja, og sér þá hver maður, að þarna er fyrst og fremst hugsanlegt, ef hægt er að ala mjög dýrar fisktegundir, og það eru náttúrlega laxfiskarnir.

Það er rétt, að það hafa verið gerðar tilraunir með eldi sjávarfiska, t. d. í Bretlandi, með upphituðu vatni eða affallsvatni, sem mun vera frá kjarnorkustöðvum, og þar hefur tekist að ala með viðunandi árangri, ekki kannske hafræðilega viðunandi árangri, en mjög góðum vaxtarárangri flatfiskategundir, eins og frsm. nefndi. Tilraunir hafa verið gerðar í Noregi, Kanada og Bandaríkjunum með eldi laxfiska. Enn sem komið er hefur það þó ekki gengið

betur en svo, að það er á mörkum þess að vera hagkvæmt, en það er annað mál. Við eigum jafnt fyrir því að fylgjast með í þessu efni.

En staðreyndin er, að við munum fyrst og fremst líta til laxfiskanna, og án þess að það þurfi að koma hér nokkur metingur eða deila á milli sjávarútvegs og landbúnaðar eða sjútvrn. og landbrn., þá er það nú svo, að laxinn blessaður tilheyrir landbúnaðinum og við höfum þar stofnun, sem heitir Veiðimálastofnun, og sú stofnun hefur yfir að ráða mestri þekkingu á þessum ágætu fiskum og starfskröftum til þessara rannsókna, og það er nú einu sinni svo, að laxinn klekst út í ánum, en elst upp í sjó. Eitt það mikilvægasta er uppeldi seiðanna, og þar er Veiðimálastofnunin með alla þekkinguna, og það væri því beinn tvíverknaður og sóun á fjármunum, ef önnur stofnun færi að eiga við rannsóknir á þessu sama efni. Eins og ég tók fram áðan, þá er síður en svo nokkur metingur þarna á milli, þetta er einföld hagfræði. Það er miklu eðlilegra, að þessum fjármunum yrði beint til Veiðimálastofnunarinnar og hún fengist við þessar rannsóknir. Áhugi Fiskifélagsins er eðlilegur og virðingarverður, en það er mín till., að n. sú, sem fjallar um þessa till., athugi nú vel, hvernig best mundi nýtast fjármagnið, og þá er tæknilega ákaflega einfalt að breyta till. þannig, að Alþ. ályktaði að fela ríkisstj. að veita Veiðimálastofnuninni nauðsynlegan fjárhagslegan stuðning til þessara hluta.

Flm. (Sverrir Hermannsson): Herra forseti. Ég ætla litlu við framsögu mína að bæta og ekki að hætta mér út í langar umr. um fiskeldi í sjó af þeirri ástæðu eingöngu, að um það skortir mig alla fræðilega þekkingu að ræða það, og sama hygg ég, að sé uppi á teningnum hjá hv. 4. þ m. Norðurl. e., sem talaði áðan. Okkur skortir allar upplýsingar, að ég ekki tali um reynslu í þessum efnum. Fyrir því er það, að ég get ekki blandað mér í umr. um það, með hvaða hætti þetta getur orðið arðbært, hvort fóður, sem til þarf að ala fisk í sjó á, verður of dýrt, til þess að það borgi sig. Um það liggur ekkert fyrir enn í dag. Þó hefur reynsla annarra þjóða, eftir því sem lesa má í fræðiritum og tímaritum, orðið sú, að þeir telja, að það sé ómaksins vert að halda þessum tilraunum áfram og rannsaka málið til hlítar, enda hefur þetta gefið hina bestu raun.

Hv. þm., sem hér talaði áðan, hv. 4. þm. Norðl. e., tók fram, að um þetta mál ætti ekki að verða metingur, og ég er honum sammála. Hann áleit, að e. t. v. væri eðlilegra, að þetta heyrði undir Hafrannsóknastofnunina. Ég vil aðeins benda á, að hún hefur ærnu verkefni að sinna. Hana þarf að stórefla. Enn fremur er hið nánasta samstarf á milli Fiskifélags Íslands og Hafrannsóknastofnunar, og mætti mín vegna breyta till. í þá veru, að Fiskifélagi og Hafrannsóknastofnun yrði falið þetta verkefni.

En hv. þm. gat réttilega um það, að Veiðimálastofnunin hefur að vísu mikilvægu hlutverki að gegna, og þá ræddi hann sérstaklega um laxfiskinn. Ég gerði það af ráðnum hug, eins og ég þóttist hafa tekið fram í minni framsögu, að hafa laxfiskinn ekki sem sérstakt dæmi um sjávarbúskapinn, heldur einvörðungu að fjalla um þá möguleika, sem kynnu að vera á ræktun annarra fisktegunda og sjávardýra almennt. Ég hygg, að Veiðimálastofnunin hafi ærið á sinni könnu einnig, og ætla ekki að orðfæra það hér, enda brestur mig þekkingu til þess, hver árangur hefur orðið af hennar starfi í gegnum tíðina. Ýmsum markverðum árangri hefur hún náð, og sjálfsagt er að efla hana til sinna verka, sérstaklega með það í huga, og það er sannfæring mín, að miklu meira mætti gera. Við eigum ótrúlega möguleika á sviði eldis vatnafiska. Fróðir menn álíta, að þeir séu ómælanlegir, þeir möguleikar, sem við eigum hér á landi í ræktun nytjafiska í okkar fjölmörgu vötnum. Og því hefur verið haldið fram við mig, að mjög víða hátti þann veg til, að bændur gætu stundað þetta sem aukabúgrein til búdrýginda sér.

Ég held, að við ættum nú að sameinast um það, að þessi till. nái fram að ganga, og ég hvika ekki frá því, að það sé rétt málsmeðferð, að framkvæmd þessarar till. eða þál., ef samþykkt verður, verði í höndum þessa aðila, þar sem hér er eingöngu verið að fjalla um fiskeldi í sjó. Ég þykist þess fullviss, að ef við berum gæfu til að stuðla að slíkum framkvæmdum, eftir því sem efni standa til, þá muni það óðar en líður gefa hinn besta arð í aðra hönd.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Notagildi einfasa og þriggja fasa rafmagns, þáltill. — Ein umr.

Flm. (Jónas Jónsson): Herra forseti. Það er í mörgu tilliti, sem landsbúar sitja ekki allir við sama borð og njóta ekki hliðstæðrar þjónustu frá hendi þjóðfélagsins. Menntunaraðstaða, heilbrigðisþjónusta, sími, sjónvarp og fleira mætti telja, allt er þetta miklu dýrara og ófullkomnara þeim, sem á landsbyggðinni búa, en hinum, sem í þéttbýlinu eru. Það er þó yfirlýst stefna stjórnarinnar, og líklega má eitthvað um það finna í stefnuskrám allra stjórnmálaflokka, að stefnt skuli að því, að allir þegnar þjóðfélagsins búi við sem jafnasta aðstöðu og jöfnust kjör af hálfu samfélagsins.

Það mál, sem hér er hreyft, er vissulega ekki eitt af þeim stærstu ójafnræðismálum, sem sveitir landsins búa við, borið saman við þéttbýlið. Þar fyrir þarf það ekki að vera smátt í augum þeirra, sem við þetta búa. En það eru langir vegir frá því, að sveitirnar almennt búi við jafngilt rafmagn og þéttbýlið. Það er ekki aðeins, að sveitirnar greiði rafmagnið á hæstu töxtum, þar sem eru taxtar rafmagnsveitna ríkisins. Það rafmagn, sem flestir sveitarbæir fá, er ekki jafngilt til margra nota. Þessu er lýst í grg. með þáltill., sem ég ásamt fleirum hef leyfi mér að flytja á þskj. 43 og fjallar um könnun á notagildi einfasa rafmagns borið saman við 3 fasa rafmagn og um það, að gerð verði áætlun, hvernig megi dreifa 3 fasa rafmagni um sveitir landsins.

Það var tekið upp til þess að flýta fyrir dreifingu rafmagns um landið að leggja það

með svonefndum einfasa lögnum. Til að byrja með var það gert á þann hátt, að aðeins voru lagðar 2 strengja raflínur, en síðar og með nýrri tækni tókst að koma rafmagninu með aðeins einum streng, þar sem jörð er notuð til að flytja annan fasann á móti. Þessar lagnir eru miklu ódýrari en hinar. Ætla má, að lína fyrir 3 fasa rafmagn væri nú um þriðjungi dýrari en fyrir einn fasa. Hver kílómetri kostar um 270 þús. kr. á móti um 180 þús. kr., sem einfasa lína kostar. Spennustöðvar fyrir 3 fasa línu munu líka vera um helmingi dýrari.

Ég tel ekki nokkurn vafa á því, að það hafi verið rétt stefnt að taka hér upp dreifingu rafmagns með einfasa línum. Með því móti ætti með sama fjármagni koma rafmagninu til miklu fleiri bæja. Það, sem meint er með þessari till., er einfaldlega, að það óhagræði, sem bændur og annað sveitafólk býr við af þessum sökum, verði kannað og hvað mikið muni kosta að bæta úr því, og í þriðja lagi, að gerð verði áætlun um, hvernig megi koma fullgildu rafmagni um sveitirnar að lokinni þeirri áætlun, sem nú er verið að vinna að í sveitarafvæðingu.

Það er, eins og ég hef sagt, ljóst, að einfasa rafmagn er bændum og iðnaðarmönnum í sveitum eða iðjuverum í sveitum á margan hátt mjög miklu óhagstæðara.

Í fyrsta lagi má benda á verð rafmótoranna. Sem dæmi má nefna það, að 5 hestafla mótor fyrir 3 fasa rafmagn kostar nú um 19 þús. kr., en 39 þús. kr. fyrir einfasa rafmagn. 10 hestafla mótor kostar samsvarandi 29 þús. kr. fyrir 3 fasa, en 53 þús. kr. fyrir einfasa rafmagn. Og 15 hestafla mótor fyrir 3 fasa rafmagn kostar aðeins 37 þús. kr., en ekki er hægt að fá stærri mótora en 13 hestöfl fyrir einfasa, og þeir kosta um 59 þús. kr. Þar sem ekki fást stærri mótorar en þetta, er það algerlega ófullnægjandi fyrir stærri býli, sem hafa t. d. stórar hlöður og þurfa aflmikla súgþurrkunarmótora.

Í þriðja lagi er ending einfasa mótora mjög miklu minni og þeir gefa ekki sama afl með sömu orkunotkun. Þeir eru orkufrekari til þess að skila sama afli.

Í fjórða lagi er ekki hægt að fá einfasa mótora fyrir mörg þau tæki, sem nú tíðkast við búskap, og reyndar fleira, t. d. ýmsan tæknibúnað í gripahús, svo sem rafknúnar viftur, lyftur o. fl., sem nauðsynlegt er við nútíma tæknibúskap.

Ég vil leggja á það sérstaka áherslu, að koma þarf af sveitarafvæðingunni, eins og við köllum það, áður en hafist er handa um að breyta þessum einfasa lögnum í 3 fasa lagnir. En þar sem tveir vírar liggja um sveitir og einfasa rafmagn er, mun þetta vera hægt með tiltölulega auðveldu og nokkru ódýrara móti. Nú, þegar hillir hins vegar undir lúkingu sveitarafvæðingarinnar, er ekki of snemmt, að farið sé að huga að þessu, og því er eðlilegt, að þessi mál verði nú tekin til könnunar og gerð um þau áætlun, eins og þáltill. þessi gerir ráð fyrir.

Ég vil svo, herra forseti, leggja til, að þessari umr. verði frestað og málinu vísað til hv. atvmn.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Efri deild, 25. fundur.

Mánudaginn 26. nóv., kl. 2 miðdegis.

Bann gegn veiðum með botnvörpu og flotvörpu, frv. (þskj. 11). — 3. umr.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 14 shlj. atkv. og afgr. til Nd.

Gjaldaviðauki, frv. (þskj. 41). — 3. umr.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 13 shlj. atkv. og afgr. til Nd.

Verðlagsráð sjávarútvegsins, frv. (þskj. 97). — 3. umr.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 13 shlj. atkv. og afgr. til Nd.

Efri deild, 26. fundur.

Mánudaginn 26. nóv., að loknum 25. fundi.

Verslunarbanki Íslands, frv. (þskj. 39, n. 149). — 2. umr.

Of skammt var liðið frá útbýtingu nál. — Afbrigði samþ. með 12 shlj. atkv.

Frsm. (Bjarni Guðbjörnsson): Herra forseti. Frv. það, sem hér liggur fyrir, er flutt að beiðni bankaráðs Verslunarbanka Íslands. Það var lagt fram í Nd. og hefur farið í gegnum þá deild með samhljóða atkvæðum. Fjh.- og viðskn. þessarar deildar tók málið fyrir á fundi sínum og samþykkti samhljóða að mæla með því.

Þær breyt., sem frv. gerir ráð fyrir, eru, að fjölgað verði í bankaráði Verslunarbankans um tvo aðalmenn og tvo varamenn, og jafnframt er heimilt að breyta kosningu bankaráðsmanna á aðalfundi, þannig að það verði alltaf kosnir tveir aðalmenn og jafnmargir til vara á hverjum aðalfundi ráðsins. Jafnframt er heimilt að kjósa formann bankaráðs sérstaklega til eins árs eða fleiri ára, ef svo vill verkast.

Ástæðan til þess, að frv. þetta ber svo brátt að hér, er sú, að aðalfundur Verslunarbankans hefur þegar verið auglýstur fyrir löngu nú í lok þessarar viku, og þótti því þurfa að hraða þessu máli í gegnum deildina, og þar sem enginn ágreiningur hefur verið um það í þinginu, þótti sjálfsagt að verða við þeim óskum. Fjh.- og viðskn. deildarinnar leggur einróma til, að frv. verði samþykkt óbreytt.

ATKVGR.

1. gr. samþ. með 12 shlj. atkv.
2. gr. samþ. með 13 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 14 shlj. atkv.

Efri deild, 27. fundur.

Mánudaginn 26. nóv., að loknum 26. fundi.

Verslunarbanki Íslands, frv. (þskj. 39). — 3. umr.

Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði samþ. með 15 shlj. atkv.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 15 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 153).

Neðri deild, 29. fundur.

Mánudaginn 26. nóv., kl. 2 miðdegis.

Varamaður tekur þingsæti.

Forseti (Gils Guðmundsson): Mér hefur borist svo hljóðandi bréf:

„Reykjavík, 23. nóv. 1973.

Þar sem ég er á förum til útlanda í opinberum erindum og mun því ekki geta sótt þingfundi á næstunni, leyfi ég mér að biðja um fjarvistarleyfi og með skírskotun til 138. gr. l. um kosningar til Alþingis að óska þess, að vegna forfalla 1. varamanns Alþb. í Vesturl. taki 2. varamaður, Bjarnfríður Leósdóttir húsfrú á Akranesi, sæti á Alþ. í fjarveru minni.

Jónas Árnason,
5. þm. Vesturl."

Einnig hefur mér borist svo hljóðandi bréf:

„Staddur í Reykjavík, 21. nóv. 1973.

Vegna sérstakra anna get ég ekki tekið sæti Jónasar Árnasonar, 5. þm. Vesturl., á Alþ. nú á næstunni.

Skúli Alexandersson."

Bjarnfríður Leósdóttir hefur áður tekið sæti á Alþ. á þessu kjörtímabili, og hefur rannsókn kjörbréfs hennar farið fram.

Sveitarstjórnarlög, frv. (þskj. 134). — 1. umr.

Flm. (Lárus Jónsson): Herra forseti. Ég hef ásamt hv. þm. Ágúst Þorvaldssyni, Karvel Pálmasyni, Stefáni Gunnlaugssyni og Ólafi G. Einarssyni leyft mér að flytja á þskj. 134 frv. til l. um breyt. á sveitarstjórnarlögum. Hér er í raun um að ræða, að inn í sveitarstjórnarlög verði felldur kafli um landshlutasamtök sveitarfélaga, sem stofnuð hafa verið um land allt vegna forgöngu og frumkvæðis sveitarstjórnarmanna hvarvetna á landsbyggðinni. Frv. var flutt á síðasta þingi að ósk stjórnar Sambands ísl. sveitarfélaga, en varð ekki útrætt. Það er nú endurflutt óbreytt að ósk stjórnar Sambands

ísl. sveitarfélaga og vegna margítrekaðra og einróma áskorana þeirra sveitarstjórnarmanna í landinu, sem starfa í landshlutasamtökunum.

Á s.l. sumri var frv. til athugunar í mþn. um byggðamál, sem kosin var á síðasta þingi og skipuð þm. úr öllum þingflokkum. N. telur frv. mikilsverðan áfanga á þeirri leið að fastmóta stöðu landshlutasamtakanna í stjórnkerfinu. Hún er sammála forráðamönnum landshlutasamtaka og Sambands ísl. sveitarfélaga um, að það megi ekki dragast eða bíða eftir heildarendurskoðun sveitarstjórnarlaga, að landshlutasamtökin fái þá viðurkenningu löggjafans, sem felst í frv. Því er n. þess mjög hvetjandi, að frv. nái að meginstefnu til fram að ganga á þessu þingi, þótt einstakir nm., eins og raunar flm. frv. einnig, hafi fyrirvara á um flutning á eða fylgi við brtt., sem fram kunna að koma við þinglega meðferð málsins. Um afstöðu mþn. um byggðamál til frv. vil ég vísa í grg. þess, en þar segir, svo með leyfi hæstv. forseta:

„N. hefur gert forsrh. grein fyrir afstöðu sinni til lagasetningar um landshlutasamtökin. Í þeirri skýrslu segir svo orðrétt um þetta efni:

Eins og yður hefur verið áður gerð grein fyrir bréflega, telur n. mikla nauðsyn á því, að lög verði sett um landshlutasamtökin. N. er jafnframt að sjálfsögðu kunnugt um þá almennu endurskoðun, sem fram fer á sveitarstjórnarlögum. Hins vegar virðist ástæða til að óttast, að sú yfirgripsmikla endurskoðun taki langan tíma og verði a.m.k. ekki lokið fyrir það þing, sem nú situr. N. hefur því orðið sammála um að leggja til, að rammalög verði sett um landshlutasamtökin, sem síðar verði felld inn í hina almennu endurskoðun. Sýnist n. rétt, að frv. það, sem lagt var fram á síðasta þingi, verði lagt fram óbreytt."

Hv. félmn. þessarar hv. d. hafði fjallað um frv. á síðasta þingi. Allir nm. að undanskildum hv. nm. Garðari Sigurðssyni, 5. þm. Sunnl., mæltu með frv. með ákveðinni breytingu. Tvær aðrar brtt. komu fram við frv. frá þm. Norðurl. v. og e., þ.e.a.s. hv. þm. Pétri Péturssyni og Birni Pálssyni, og eins kom fram brtt. frá mér við þetta frv. á síðasta þingi. Með tilliti til þess, að ágreiningur var uppi um það milli þm. Norðlendinga og einnig nokkurra sveitarstjórna á Norðurl. v., hvort fjórðungssamtök Norðlendinga skuli ná yfir bæði kjördæmin eða skiptast eftir kjördæmum, þótti rétt að breyta orðalagi 1. gr. frv., sem yrði 110. gr. sveitarstjórnarl.

Um orðalagsbreytinguna voru hins vegar skiptar skoðanir, eins og áður segir, og fram kom í þeim brtt., sem ég ræddi, að fram hefðu komið á síðasta þingi. Þar sem hér er um að **ræða einn mesta ágreininginn og áþreifanlegasta** ágreininginn, sem varð um frv. á síðasta þingi, vil ég gera örstutta grein fyrir framangreindum þrem brtt.

Ég rifja þá fyrst upp hvernig 110 gr. hljóðaði óbreytt, en hún er svo í frv.:

„Ákvæði kafla þessa gilda um landshlutasamtök sveitarfélaga, þ.e.a.s. Samtök sveitarfélaga í **Reykjaneskjördæmi, Samtök sveitarfélaga** í Vesturlandskjördæmi, Fjórðungssamband Vestfirðinga, Fjórðungssamband Norðlendinga, Samband sveitarfélaga í Austurlandskjördæmi og Samband sveitarfélaga í Suðurlandskjördæmi. Ákvæði þessa kafla gilda um Reykjavíkurborg, eftir því sem við á, sbr. einkum b-lið 112 gr., en ákvæði kaflans hagga ekki gildandi reglum um stjórn borgarinnar."

Við þessa gr. kom fram svofelld brtt. frá meiri hl. hv. félmn.:

„1. gr. 110 gr. orðist svo:

Ákvæði þessa kafla gilda um landshlutasamtök sveitarfélaga, sem hvert um sig nær yfir eitt eða fleiri kjördæmi, og um Reykjavíkurborg, eftir því sem við á, sbr. einkum b-lið 112. gr. **Um svæðisskipan landshlutasamtakanna** skal nánar kveðið á í reglugerð, er félmrh. setur að höfðu samráði við Samband ísl. sveitarfélaga."

Með þessari till. hv. félmn. var vandi svæðisskipunar lagður í raun á herðar ráðh., án þess að kveðið væri á um, að farið skuli að óskum heimamanna. Frá mínum bæjardyrum séð tel ég þetta ákvæði því ófullnægjandi og ekki leysa þann vanda, sem hér er í fólginn.

Önnur brtt. kom fram frá hv. þm. Pétri Péturssyni og Birni Pálssyni. Hún orðaðist svo að meginefni til: „Ákvæði þessa kafla gilda um landshlutasamtök sveitarfélaga, þ.e.a.s samtök sveitarfélaga í hverju kjördæmi landsins. Heimilt er tveimur landshlutasamtökum að hafa sameiginlega fundi og framkvæmdastjórn, álíti þau það hagkvæmt."

Með þessari brtt., ef samþ. yrði, er með l. ákveðið að kljúfa samtök, sem heimamenn sambykktu einróma að stofna til og starfa enn, án samráðs við þá. Með tilliti til þess, að flestir sveitarstjórnarmenn í Norðurl. e. og verulegur fjöldi sveitarstjórnarmanna í Norðurl. v. eru þeirrar skoðunar enn þá, að hagkvæmara sé, að Fjórðungssamband Norðlendinga starfi fyrir bæði kjördæmin, tel ég slíka till. alls ekki ná þeim tilgangi heldur að styðja stefnu heimamanna í þessum efnum, sem ég tel tvímælalaust, að stefna beri að með þessari lagasetningu.

Ég leyfði mér á síðasta þingi, eins og ég sagði áðan, að leggja fram þriðju brtt. um þetta ágreiningsatriði í frv. Hún er svo hljóðandi með leyfi hæstv. forseta:

„Nú kemur fram almennur áhugi sveitarstjórnarmanna á ákveðnu landssvæði fyrir stofnun landshlutasamtaka, og er þá ráðh. heimilt að staðfesta samþykktir fyrir slík samtök í samráði við Samband ísl. sveitarfélaga. Þrátt fyrir ákvæði þessarar mgr. má ekki staðfesta samþykktir fyrir landshlutasamtök á minna svæði en sem nær yfir eitt kjördæmi."

Eins og fram kemur í till., er hér gerð tilraun til þess að fella niður þann annmarka, sem ýmsir fundu á frv., þ.e.a.s. að lögbundið væri, ef það yrði samþ., að Fjórðungssamband Norðlendinga starfaði áfram fyrir bæði Norðurlandskjördæmin, en í þess stað, að þau geti bæði stofnað sín eigin samtök, ef almennur áhugi sveitarstjórnarmanna í öðru hvoru kjördæmanna kemur fram um, að svo skuli gert. Ég viðurkenni hins vegar, að í till. er ekki nánar skilgreint, hvað almennur áhugi sveitarstjórnarmanna á ákveðnu landssvæði merkir,

t. d. hvort rúman helming eða ⅔ sveitarstjórnarmanna í öðru hvoru kjördæminu eða sveitarstjórna þurfi til, svo að talist geti, að almennur áhugi komi fram. Þetta er á hinn bóginn mjög auðvelt að orða nákvæmlega, ef menn á annað borð geta orðið sammála um, að það sé eðlilegt og sjálfsagt að lúta leiðsögn heimamanna sjálfra í grundvallarefnum, hvernig þeir skipi sínum eigin samtökum. Ég vona, að hv. þm. séu allir sammála í þessu og því séu menn einnig sammála um, að lausn á þessum ágreiningi sé að orða till. frá í fyrra nákvæmar og skýrt sé, hvað felist í því, sem þar er nefnt almennur áhugi sveitarstjórnarmanna, brtt. við frv. gæti þá t. d. orðast á þessa leið:

Nú kemur fram, að ⅔ hlutar sveitarstjórna á ákveðnu landssvæði — eða: nú kemur fram, að meira en helmingur sveitarstjórna á ákveðnu landssvæði óskar eftir stofnun sérstakra landshlutasamtaka á því svæði, og er þá ráðh. heimilt að staðfesta samþykktir fyrir slík samtök í samráði við Samband ísl. sveitarfélaga o. s. frv.

Ég vil skjóta því að hv. félmn., sem fær þetta mál til athugunar, að skoða rækilega, hvort hér sé ekki fundin eðlileg lausn á þessum vanda, sem nokkrum ágreiningi virtist valda á s. l. þingi, eins og ég nefndi áðan, og svo sé búið **um hnúta, að heimamenn geti á lýðræðislegan hátt útkljáð það sjálfir, hvernig þeir skipi sínum samtökum, á sama hátt og stefnt** er að því að selja þeim meira sjálfdæmi á öðrum sviðum um meginframfaramál.

Að svo mæltu tel ég óþarft að fjölyrða meira að sinni um innra skipulag Fjórðungssambands **Norðlendinga, nema ný tilefni gefist til í umr.** En með *tilliti til þess verulega ágreinings*, sem upp kom leynt og ljóst í umr. á síðasta þingi um þetta ákvæði frv., taldi ég óhjákvæmilegt að ræða þetta atriði nokkru ítarlegar nú í framsögu, þegar málið er endurflutt.

Nokkrar umr. urðu um það á síðasta þingi, að rétt væri e. t. v. að láta setningu laga um landshlutasamtök sveitarfélaga bíða allsherjarendurskoðunar sveitarstjórnarlaga. Hér er að mínum dómi um misskilning að ræða. Landshlutasamtök sveitarfélaga eru orðin staðreynd. Þau eru til orðin vegna mikils og eindregins samstarfsvilja sveitarstjórnarmanna í öllum landshlutum til þess að taka í auknum mæli í sínar hendur stjórn eigin mála, sérstaklega sameiginlegra hagsmunamála heilla landshluta. Um þetta er þrátt fyrir allt svo mikil pólitísk samstaða á landsbyggðinni, að engu stjórnvaldi mun takast að afmá landshlutasamtök sveitarfélaga úr þessu. Þegar einhverjar niðurstöður um hlutverkaskiptingu sveitarfélaga, sýslufélaga og landshlutasamtaka og heildarsamtaka sveitarfélaga og ríkis liggja fyrir eftir umfangsmiklar athuganir og umr., er því engu glatað, þótt löggjafinn hafi viðurkennt áður landshlutasamtök sveitarfélaga með rammalöggjöf, eins og hér er lagt til. Fram hjá því verður aldrei gengið úr þessu að viðurkenna þessi samtök og fela þeim ákveðin og aukin verkefni, hvað sem heildarendurskoðun sveitarstjórnarlaga líður.

Þótt nú sé unnið að allsherjarendurskoðun á sveitarstjórnarl., virðist mér það af framangreindum ástæðum vera m. a. hárrétt niðurstaða, sem flestir þeir hv. þm. hafa komist að, sem hugleitt hafa þessi mál, sbr. álit byggðanefndar, sem ég vitnaði til áðan, að stefna eigi að því þegar í stað að setja þá rammalöggjöf **í megindráttum um landshlutasamtökin, sem hér** er lagt til, en staða þeirra og hlutverk í stjórnkerfinu komi til nánari skoðunar, þegar niðurstöður liggja fyrir um heildarúttekt á sveitarstjórnarlöggjöfinni. Slík úttekt er svo flókin og tímafrek, að niðurstöður hennar liggja áreiðanlega ekki fyrir á næstunni þrátt fyrir góðan vilja.

Ýmsir kunna að spyrja, hver séu rökin fyrir því að samþykkja nú þegar þá *rammalöggjöf*, sem frv. gerir ráð fyrir, þar sem fá ákvæði sé að finna í því fram yfir þær reglur, sem landshlutasamtökin starfi í raun eftir. Slíkar spurningar eiga vissulega fullan rétt á sér. Hér er að sjálfsögðu um að ræða fyrsta skref, sem mörgum kann að þykja stutt, í þá átt, að löggjafinn virki það afl, sem býr í samtakamætti sveitarstjórnarmanna í hinum ýmsu landshlutum. Ég vil leitast við að rökstyðja, hvers vegna hefði átt að samþykkja þetta frv. þegar á síðasta þingi.

Meginatriðið er, að með samþykkt frv. réttir löggjafinn þessum samtökum örvandi hönd. Þeir embættismenn ríkiskerfisins, sem skilja lagabókstaf best, verða a. m. k. að viðurkenna tilveru samtakanna, þótt þeir taki e. t. v. ekki að beygja sig fyrir þeim fyrir alvöru fyrr en hlutverki þeirra verður skipað nánar með lögum.

Þá er með ákvæðum frv. stefnt að samræmingu á vali fulltrúa *sveitarfélaga á þing* samtakanna og því, að einstök sveitarfélög verði ekki utan þeirra. Hér er um að ræða lágmarkskröfur um form á samtökum, sem ríkisvaldið hyggst fela ákveðin verkefni, eins og t. d. er stefnt að með l. um skólakerfi og grunnskóla, enda benti hæstv. menntmrh. á, að setja þyrfti þessum samtökum lagaramma, áður en grunnskólafrv. yrði að lögum. Sama mætti segja um önnur verkefni, sem ríkisvaldið hefur þegar falið landshlutasamtökunum eða hyggst fela þeim, að auðvitað er það eðlilegt skilyrði, að settar séu samræmdar lágmarksreglur um starfsemi slíkra samtaka af hálfu löggjafans, svo sem lagt er til með þessu frv., ef slíkt er gert. Ég held m. ö. o., að frestun á þessu frv. þýði óumflýjanlega frestun á því, að þessum samtökum verði falið með lögum aukið vald af hálfu ríkisvaldsins, og er það í rauninni kjarni málsins í rökstuðningi fyrir því, að hraða þurfi þessari lagasetningu.

Í framsögu minni fyrir þessu frv. á síðasta þingi gerði ég nokkra grein fyrir aðdraganda að stofnun landshlutasamtaka sveitarfélaga. Ég skal ekki endurtaka það, sem ég sagði þá, að**eins undirstrika, að sú viðleitni að taka málefni** hvers landshluta kerfisbundnum tökum með umfangsmikilli könnun og úrlausn á sérstökum vandamálum héraðanna innan hans sýndi mönnum ljóslega hina brýnu þörf fyrir samstarf heimamanna, sem næði út fyrir hreppa- og sýslumörk. Þegar byggðaáætlunargerð hófst hér

á landi að marki, opnuðust augu sveitarstjórnarmanna fyrir því, að hagsmunir þeirra eigin sveitarfélaga fólust m. a. í því, að þeir tækju höndum saman við sveitarstjórnarmenn í öðrum byggðarlögum um heildarlausn samgöngumála í viðkomandi landshluta, atvinnu-, skóla-, heilbrigðis-, raforkumála o. s. frv. Menn vöknuðu upp af þeim vonda draumi, að ósamkomulag og hrepparígur hafi oft og tíðum dugað fjarlægu ríkisvaldi til að deila og drottna og skella skollaeyrum við lágmarkskröfum um umbætur, ekki síst vegna þess að sveitarfélögin eru mörg, smá og lítils megnug í samanburði við ríkisvaldið.

Þótt enn sé það svo, að sveitarstjórnarmenn beri hag síns sveitarfélags fyrst og fremst fyrir brjósti, svo sem eðlilegt er, held ég, að telja megi þá sveitarstjórnarmenn hér á landi á fingrum sér, sem ekki sjái og finni, að samvinna þeirra innan landshlutasamtakanna hefur markað drjúg heillaspor fyrir þróun byggðarlaga þeirra og viðkomandi landshluta. Þeir finna, að með þessu móti hafi þeir getað efnt til alveg nýrrar og áhrifaríkrar samvinnu við ríkisvaldið um samræmdar aðgerðir einmitt á þeim sviðum, þar sem heimamenn hafa talið, að skórinn kreppti mest, í uppbyggingu viðkomandi byggðarlaga, þ. e. a. s. þegar ríkisvaldið hefur á annað borð verið til viðtals um að hlýða á raddir heimamanna, sem því miður hefur ekki alltaf verið að heilsa.

Annars er kjarni málsins í sambandi við þetta frv. að gera sér grein fyrir því, að sá jarðvegur, sem landshlutasamtök sveitarfélaga eru sprottin upp úr, er nýr og gerbreyttur skilningur sveitarstjórnarmanna á landsbyggðinni á nauðsyn samvinnu um sameiginleg hagsmunamál viðkomandi landshluta til þess að geta mótað heildarstefnu heimamanna gagnvart ríkisvaldinu og tekið upp sameiginlega tillögu- og kröfugerð gagnvart því eða samvinnu eftir skilningi stjórnvalda hverju sinni. Þegar þetta er haft í huga, er alveg ljóst, að viðurkenning á þeirri staðreynd, að þessi samtök væru til, táknar ekki afsal löggjafans á neinum rétti til heildarendurskoðunar sveitarstjórnarmála. Löggjafinn kemst ekki hjá því að viðurkenna þessa viðhorfsbreytingu sveitarstjórnarmanna úr öllum stjórnmálaflokkum fyrr eða síðar, en því fyrr, því betra fyrir þjóðarbúskapinn í heild. Á þessu stigi skiptir minna máli að tíunda ný og aukin verkefni landshlutasamtakanna í löggjöf, en margt af því er eðlilegt, að bíði heildarendurskoðunar sveitarstjórnarlaga. Nú skiptir mestu máli að stíga áfangaskref og samþykkja í meginatriðum það frv., sem hér liggur fyrir, til þess að auðvelda landshlutasamtökunum að fastmóta frekar og samhæfa starfsemi sína.

Í þessu sambandi er e. t. v. rétt að minna í örfáum orðum á stöðu sýslufélaganna. Sé haft í huga, að landshlutasamtök sveitarfélaga eru fyrst og fremst til orðin vegna þarfar á samtökum sveitarstjórnarmanna í heilum landsfjórðungum til að takast á við vandamál viðkomandi landshluta í heild, rýrir sú staðreynd, að þessi samtök eru nú þegar til, alls ekki gildi sýslufélaganna. Það er einnig alveg ljóst, að löggjöfin hefur algerlega óbundnar hendur um endurskipulagningu sýslufélaganna og hreppanna, þótt þetta frv. verði samþ., þegar heildarendurskoðun sveitarstjórnarlaga liggur fyrir.

Ég vil að síðustu leggja þunga áherslu á, að algert grundvallaratriði er, að landshlutasamtökin haldi áfram að vera þannig uppbyggð að innra skipulagi svo sem verið hefur frá stofnun þeirra og stefnt er að með þessu frv., þ. e. a. s. samstarfsvettvangur sveitarstjórnarmanna í viðkomandi landshluta. Í meginatriðum er hlutverk þeirra að taka að sér stjórn á málefnum heimamanna, er varða hag fólks á stórum landssvæðum, af ríkisvaldinu, en ekki draga vald úr höndum einstakra sveitar- eða héraðsstjórna. Þau eiga að draga úr skrifstofuvaldi miðveldisins í Reykjavík. En um leið er óhjákvæmilegt að efla starfsemi þeirra á ýmsan hátt, þegar fram í sækir. Af þessu leiðir, þ. e. a. s. að landshlutasamtökin eru og eiga að verða samstarfsvettvangur sveitarstjórnarmanna í viðkomandi landshluta, að kjósa verður sveitarstjórnarmenn á þing samtakanna og sveitarstjórnarmenn í stjórnir þeirra. Þetta þykir mér rétt að undirstrika, þar sem einstaka raddir hafa heyrst um beinar kosningar á þing slíkra samtaka. Á hinn bóginn eru sveitarstjórnarmenn kosnir lýðræðislegum kosningum hver til sinnar sveitarstjórnar. Í vitund almennings á það að vera eitt af verkefnum sveitarstjórnarmanna að horfa á hag sinna sveitarfélaga, þótt viðkomandi þurfi að líta út fyrir hrepps- eða bæjarmörk í því skyni.

Herra forseti. Í framsögu á síðasta þingi gerði ég allítarlega grein fyrir efni þessa frv., hvað felst í ákvæðum hverrar gr. þess. Ég sé ekki ástæðu til að fjölyrða frekar um það hér, enda nákvæm grein gerð fyrir því í aths. við frv., sem stjórn Sambands ísl. sveitarfélaga hefur samið. Þar sem frv. kom fram á síðasta þingi og var þá rækilega rætt hér í þessari hv. d. og athugað í hv. félmn., vil ég mega vænta þess, að frv. fái góðar viðtökur og skjóta afgreiðslu á þessu þingi og verði að lögum til hagsbóta fyrir þá fjölmörgu sveitarstjórnarmenn, sem vinna að framfaramálum sinna landshluta innan vébanda landshlutasamtaka sveitarfélaganna.

Ég legg svo til, að frv. verði að lokinni þessari umr. vísað til 2. umr. og hv. félmn.

Friðjón Þórðarson: Herra forseti. Samkv. 76. gr. stjórnarskrárinnar skal rétti sveitarfélaganna til að ráða sjálf málum sínum með umsjón stjórnarinnar skipað með lögum. Það er viðurkennt, að sveitarfélögin eru mjög mikilvægar einingar í allri byggingu og skipulagi þjóðfélagsins. Þess vegna þarf að styrkja sjálfstæði þeirra hvers um sig og efla samtök þeirra. Athuga verður gaumgæfilega verkefnaskiptingu ríkisins og sveitarfélaganna. Þess verður sérstaklega að gæta, að réttur hinna fámennari sveitarfélaga sé ekki fyrir borð borinn.

Frv. það, sem hér er rætt, fjallar um breytingu á sveitarstjórnarl., nr. 58 frá 1961. Gerir það ráð fyrir, að nýjum kafla verði bætt í þau lög, þ. e. a. s. ákvæðum um landshlutasamtök sveitarfélaga. Þessi samtök hafa sprottið upp og starfað í nokkur ár utan Reykjavíkur, og má segja í meginatriðum, að hér sé um að ræða kjör-

dæmasamtök sveitarfélaga. Í grg. með frv. er sagt, að ákvæði þess haggi í engu ákvæðum gildandi laga um einstök sveitarfélög og sýslufélög, og í nýrri gr., sem ætlað er að verði 111. gr. í sveitarstjórnarlögum, segir, að samtökunum sé heimilt að veita sýslufélögunum aðild að landshlutasamtökunum.

Vitað er, að sýslur innan sama kjördæmis eða byggðasvæðis hafa oft unnið saman að ýmsum ákveðnum málum. Fer að sjálfsögðu mjög vel á því, að sveitarfélög vinni saman í einni eða annarri mynd á ýmsum vettvangi að hinum mikilvægustu héraðs- og byggðamálum í frjálsri samvinnu. Vandinn er aðeins sá, hvernig málum þessum verður öllum best skipað með lögum og hvaða tekjustofnum hinum ýmsu samtökum er úthlutað úr hendi ríkisins, úr hendi hins opinbera.

Án þess að ræða þessi mál nánar að sinni finnst mér ástæða til að vekja athygli þeirrar n., sem þetta mál fer til, hvort ekki sé full ástæða til að senda það til umsagnar út í sýslufélög landsins, sem samkv. sveitarstjórnarlögum þeim, er nú gilda, er m.a. falið að annast till. um hvað eina, sem verða má byggðum sýslufélaganna til gagns og heilla.

Pétur Pétursson: Herra forseti. Èg mun hafa tekið nokkurn þátt í umr. um þetta mál í vor, þegar það var hér í hv. d. til meðferðar, og eins og ég mun hafa sagt þá, er ég að efni til algerlega sammála því, að nauðsynlegt sé að koma upp rammalöggjöf um landshlutasamtök sveitarfélaga. Það var þá eitt atriði, sem ég hafði sérstakar áhyggjur af, og það var, hvort ekki væri rétt að skipta landshlutasamtökunum eftir kjördæmum landsins, og er þá fyrst og fremst átt við, að tvö landshlutasamtök séu á Norðurlandi, sitt fyrir hvort kjördæmi. Mín skoðun í þessu efni er algerlega óbreytt, og ég hef ekki orðið var við neina sérstaka hugarfarsbreytingu í því efni, þó að það kunni að hafa komið eitthvað nýtt upp á Fjórðungsþingi Norðlendinga, sem var haldið fyrir skömmu og ég gat því miður ekki verið á.

Hv. frsm., Lárus Jónsson, var með einskonar málamiðlun í þessu efni, sem má vel vera að sé hægt að leysa þetta mál með, en það vildi ég gjarna kynna mér betur. En það, sem mig langar til að leggja mesta áherslu á, er að sú hv. n., sem tekur þetta mál nú til meðferðar, kynni sér rækilega vilja sveitarstjórna í Norðurl. v., til þessa efnis og það ætti að vera tiltölulega auðvelt mál. En ég er sem sé efnislega sammála því, að brýna nauðsyn beri til að setja þessa rammalöggjöf, og er að því leyti algerlega sammála hv. frsm.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 23 shlj. atkv. og til félmn. með 24 shlj. atkv.

Heimilishjálp í viðlögum, frv. (þskj. 139). — 1. umr.

Flm. (Svava Jakobsdóttir): Herra forseti. Èg hef leyft mér að flytja hér frv. til l. um breyt. á l. nr. 10 frá 25. jan. 1952, um heimilishjálp í viðlögum. Frv. er á þskj. 139. Þetta frv. flutti ég á síðasta þingi, en það hlaut þá ekki afgreiðslu, enda var nokkuð langt liðið á þing, er frv. var lagt fram.

Efnislega er frv. á þá leið, að hjálp megi einnig veita, samkv. þessum l. vegna veikinda barna eða fullorðinna, er þeir, sem veita heimilunum forstöðu, eru bundnir af atvinnu utan heimilis.

Nú er 1. gr. í l. orðuð svo, að það gat orkað tvímælis, hvort lagabreyt. væri þörf til þess að koma þessari heimilishjálp á fót. Um hlutverk heimilishjálpar stendur svo í 1. gr. l., með leyfi hæstv. forseta:

„Hlutverk hennar er að veita hjálp á heimilum, þegar sannað er með vottorði læknis eða ljósmóður eða á annan hátt, sem aðilar taka gilt, að hjálparinnar sé þörf um stundarsakir vegna sjúkdóma, barnsburðar, slysa, dauðsfalla eða af öðrum ástæðum.“

Í umr. hér á hinu háa Alþ. á sínum tíma er hins vegar enga vísbendingu að finna um það, hvað átt var við með orðunum „öðrum ástæðum“. Eftir upplýsingum, sem ég hef aflað mér í félmrn., mun skilningur laganna ekki tryggja heimilishjálp samkv. þeim, þegar börn eða aðrir, t. d. aldraðir, sem eru á framfæri á heimili, veikjast og þurfa umönnunar við og húsráðendur eru bundnir af atvinnu sinni. Félagsmálastofnun Reykjavíkurborgar mun vera sama sinnis, að lagabreytingar sé þörf.

Þegar lög um heimilishjálp í viðlögum voru sett, kom fram í umr. á Alþ., að slík hjálp ætti að tryggja, að heimilishættir röskuðust sem minnst, þótt húsmóður nyti ekki við um stundarsakir. Hún átti að tryggja, að börn, aldraðir og sjúklingar, sem á heimilinu væru, fengju eftir sem áður nauðsynlega umönnun, og hún átti að tryggja það jafnframt, að fyrirvinna heimilisins þyrfti ekki að leggja niður vinnu til þess að taka að sér heimilisstörfin. Móðir, sem sér sjálfri sér og börnum sínum farborða með starfi sínu utan heimilis, stendur oft frammi fyrir því að þurfa að biðja um leyfi frá störfum vegna veikinda barna sinna. Hún er af þeim ástæðum oft dæmdur lélegur vinnukraftur og býr af þeim sökum við skert atvinnuöryggi. Einstæðum feðrum, sem halda heimili fyrir börn sín, fer einnig fjölgandi, og ætti réttur til heimilishjálpar að standa þeim til boða, ef veikindi steðja að. Þörfin fyrir slíka hjálp er mjög brýn. Á s. l. vori auglýsti Félag einstæðra foreldra eftir fólki til aðstoðar í þessu skyni. Þá buðu sig fram til starfans um það bil 10 konur, en vitanlega hlýtur vinnuaflið nokkuð að fara eftir atvinnuframboði hverju sinni.

Það er skoðun mín, að tímabært sé að breyta l. um heimilishjálp á þann veg, sem ég hef nú greint frá, og að rétt sé að veita heimilishjálp með tilliti til þarfa heimilisins, án tillits til hjúskaparstéttar eða kynferðis fyrirvinnunnar.

Þegar spurt er um kostnað, þá er þess að geta, að hér er um að ræða heimildarlög. Ég hef þó reynt að afla mér nokkurrar vitneskju um það hjá Félagsmálastofnun Reykjavíkurborgar, hver útgjöld hafi verið vegna þeirrar heimilishjálpar, sem borgin hefur veitt samkv. núgildandi lögum. Þess má geta, að á árinu 1972, voru útgjöld

rúmlega 12 millj. Af þeim innheimtust um það bil 10% frá þeim, sem hjálparinnar nutu. Hins vegar endurgreiðir ríkissjóður, samkv. lögum ⅓ hluta af halla þeim, sem sveitarsjóðir og sýslusjóðir kunna að verða fyrir af starfsemi heimilishjálpar.

Það er á valdi sveitarstjórna eða sýslunefnda að setja gjaldskrá, og hún hefur einnig heimild til þess að fella niður gjaldið að fullu, ef sérstakar ástæður eru fyrir hendi.

Herra forseti. Ég sé ekki ástæðu til að hafa þetta mál lengra að sinni. Ég legg til, að málinu verði vísað til 2. umr. og félmn.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 22 shlj. atkv. og til félmn. með 23 shlj. atkv.

Sameinað þing, 24. fundur.

Þriðjudaginn 27. nóv., kl. 2 miðdegis.

Varamaður tekur þingsæti.

Forseti (Eysteinn Jónsson): Mér hefur borist svo hljóðandi bréf:

„Reykjavík, 27. nóv. 1973.

Þorvaldur Garðar Kristjánsson, ritari þingflokks sjálfstæðismanna, 5. þm. Vestf., hefur í dag ritað mér á þessa leið:

„Samkv. beiðni Jóhanns Hafsteins, 1. þm. Reykv., sem þarf að fara til útlanda í erindagerðum, leyfi ég mér með skírskotun til 138. gr. l. um kosningar til Alþingis að óska þess, að 1. varamaður hans, Birgir Kjaran, taki á meðan sæti hans á Alþ.“

Þetta er yður, herra forseti, hér með tilkynnt.

Gils Guðmundsson,
forseti Nd.“

Birgir Kjaran hefur áður setið þing á þessu kjörtímabili og kjörbréf hans verið samþ., og býð ég hann velkominn til starfa.

Rekstur skuttogara, fsp. (þskj. 52). — Ein umr.

Fyrirspyrjandi (Jón Árm. Héðinsson): Herra forseti Ég hef leyft mér hér að beina til hæstv. sjútvrh. fsp. í 4 liðum um afkomu hinna nýrri skuttogara af minni gerð:

„1. Hvaða athuganir hafa átt sér stað um afkomu hinna nýju skuttogara á yfirstandandi ári?

2. Má gera ráð fyrir, að meiri hluti þeirra geti staðið í skilum með greiðslur af vöxtum og afborgunum?

3. Er einhver aðili, sem fylgist skipulega með þeim göllum eða bilunum, sem koma á fyrsta ári?

4. Hvað má gera ráð fyrir miklu meðalaflamagni og verðmæti á ári hjá 500 brt. skuttogara?“

Umr. um afkomu hinna nýju skuttogara hafa orðið nokkrar manna á meðal og einnig í blöðum, og er nauðsynlegt, tel ég, að fá fram, hvernig þessi mál standa í dag, þó að ár sé ekki liðið síðan þeir fyrstu komu. Einhver athugun mun hafa átt sér stað, en hún hefur ekki verið birt opinberlega og kannske ekki mögulegt að birta allt opinberlega, en þess verður að vænta, að einhverju megi segja frá í því efni. Einnig hafa miklar umr. átt sér stað um ýmsar bilanir eða galla, sem fram hafa komið í skipunum, og var reyndar vitað, að þegar svona skyndilega yrði í kaup slíks fjölda skipa ráðist, þá hlyti eitthvað að misfarast. Spurningin er því: Er fylgst skipulega með og það skráð til þess að fyrirbyggja, að sömu mistök eigi sér ekki stað aftur og aftur? Síðan er fróðlegt að vita, hvert aflamagn þessara skipa kann að vera eftir reynslu liðinna mánuða, og þess vegna er 4. liður settur hér fram.

Það er mál þeirra, sem við reksturinn fást og eiga að sjá um peningagreiðslur þessara togara, að það sé erfitt að hafa nokkuð eftir í heftinu, m. a. vegna þess, að hátt í 50% fer beint í áhöfn á þessum skipum, 10 + 10% fara beint í vexti og afborganir, 8—10% lenda í veiðarfærakostnaði og mega þá lítil afföll verða. Síðan er olía að nálgast 10%, fer sennilega yfir það. Þá hafa menn í allar aðrar þarfir um 10%, og segja mér kunnugir menn, að þetta sé vonlaus barátta.

Ég fyrir mitt leyti tel dæmið horfa þannig við í dag, að 10 + 10% í vexti og afborganir séu of há tala. Við verðum að horfast í augu við það, að ríkissjóður verði að hlaupa undir bagga til að létta stofnkostnað skipanna. Þetta þykir kannske hart sagt þegar í stað með ný skip. En það er röng stefna frá mínu sjónarmiði að draga þessa hjálp, ef nauðsynleg er, um of, þannig að rekstur þessara skipa, sérstaklega úti um land, lendi í vandræðum. Það er ekki heldur lausn að tengja þessi skip einhliða við afkomu frystihúsanna, því að þótt sum geti lagt nokkuð af mörkum, er það hvergi nærri mögulegt hjá öllum frystihúsunum. Ég tel heilbrigt og eðlilegt, að útgerð þessara togara fái þann möguleika, að þeir geti skilað heilbrigðum rekstri og staðið í skilum. 20% kvóðin er mjög há, og það var reyndar talið fyrir fram af fjölda manna, sem í þessa útgerð réðust, að þetta yrði þeim um megn. En ég vænti þess, að nokkuð muni koma í ljós í svari hæstv. ráðh. varðandi þessa þætti.

Sjútvrh. (Lúðvík Jósepsson): Herra forseti. Spurt er um, eins og hefur þegar komið fram, í fyrsta lagi, hvaða athuganir hafi átt sér stað um afkomu hinna nýju skuttogara á yfirstandandi ári. Það hefur verið fylgst með afla skipanna og leitað eftir upplýsingum hjá útgerðarfélögum um afkomuna. Það er ljóst á þeim tiltölulega litlu upplýsingum, sem liggja fyrir, að afkoman er mjög misjöfn, eins og vill verða, en þar sem rekstur flestra skipanna hefur aðeins staðið yfir stuttan tíma, jafnvel nokkra mánuði, er vitanlega ekki hægt að segja með neinni vissu um það, hvernig útkoman verður. En það verður sem sagt fylgst með þessu og er verið að leita eftir frekari upplýsingum frá eigendum skipanna.

Í öðru lagi er svo spurt: Má gera ráð fyrir, að meiri hluti þeirra geti staðið í skilum með

greiðslur á vöxtum og afborgunum? Þessu verður að svara neitandi. Það verður að telja nokkurn veginn augljóst, að meiri hluti skipanna getur ekki staðið undir greiðslum á afborgunum og vöxtum, ekki a. m. k. á þessu ári, þó að líkur bendi að vísu til þess, að næsta ár ætti að verða þeim hagstæðara.

Í þriðja lagi er spurt. Er einhver aðili, sem fylgist skipulega með þeim göllum eða bilunum, sem fram hafa komið á fyrsta ári? Ekki er mér kunnugt um, að það sé neinn sameiginlegur aðili, sem það geri. Hér er um rekstur einstakra útgerðarfélaga að ræða. Sum þeirra, eins og t. d. þeir, sem stóðu að kaupum á japönskum togurum, þar sem voru keyptir 10 togarar frá einum aðila, hafa myndað með sér sérstakt félag og hafa samvinnu sín á milli um marga hluti, einnig varðandi þá galla, sem fram hafa komið. Annars hygg ég, að það megi segja um þessa skuttogara af minni gerð, að þeir hafi reynst sérstaklega vel samkv. þeim upplýsingum, sem sjútvrn. hefur fengið, og bilanir hafi verið óvenjulitlar, miðað við það, sem vill verða á nýjum skipum.

Í fjórða lagi er svo spurt: Hvað má gera ráð fyrir miklu meðalaflamagni og verðmæti á ári hjá 500 brúttótonna skuttogara? Það virðist vera, að meðalafli þessara skipa muni verða á milli 3 og 4 þúsund tonn á ári. Aflaverðmætið er að sjálfsögðu nokkuð mismunandi eftir því, að hve miklu leyti er siglt á erlendan markað, en það mun þá vera í kringum 50-65 millj. kr. á skip og jafnvel yfir það í einstaka tilfellum. Til enn frekari upplýsingar vil ég lesa hér, eftir því sem tími vinnst, upp úr bréfum frá Landssambandi ísl. útvegsmanna og Félagi ísl. botnvörpuskipaeigenda, en til þeirra var leitað, ef þeir gætu gefið svör um þennan rekstur í sambandi við þessa fsp. Í svari Landssambands ísl. útvegsmanna kemur þetta m. a. fram:

„Vér höfum móttekið heiðrað bréf hins háa rn., dags. 6. nóv. s. l., þar sem óskað er eftir áliti voru á afkomu hinna nýju skuttogara. Umsögn vor mun miðast við afkomu þeirra skipa, sem eru minni en 500 rúmlestir, en Félag ísl. botnvörpuskipaeigenda mun gefa umsögn um afkomu stærri skipa. Vér höfum safnað upplýsingum um afla skipanna og aflaverðmæti, og fylgir það yfirlit hjálagt.

Meðalafli skipanna er að meðaltali um 9 lestir á úthaldsdag og meðalskiptaverðmæti kr. 156 þús. á úthaldsdag. Þetta merkir, að ársafli muni verða að meðaltali um 3000 lestir á skip og meðalverðmæti að meðtöldum stofnfjársjóði og með hliðsjón af gildandi fiskverði um 65 millj. kr. Þrátt fyrir þennan mikla afla er afkoma útgerðar skipanna mjög slæm. Vér höfum safnað bráðabirgðauppgjörum um rekstur margra skipanna til 1. okt. s. l., og eru niðurstöður þeirra mjög óhagstæðar. Ef miðað er við ársrekstur, má ætla, að beint rekstrartap að meðtöldum afskriftum nemi 15-18 millj. kr. á skip. Eru þá afskriftir reiknaðar með sama hætti og hagrannsóknadeild Framkvæmdastofnunarinnar reiknar í mati sínu á afkomu fiskveiðanna, þ. e. 7½% afskrift af vátryggingarverði, en það jafngildir um helmingsafskrift miðað við lögleyfðar afskriftir til skatts.“

Þessar afskriftir munu vera langalgengastar í kringum 12 millj. kr á skip af þessari tegund, og er þá sýnilegt, að þetta meðaltal, sem Landssamband ísl. útvegsmanna miðar við, getur verið 3—6 millj. kr., sem er beinn rekstrarhalli fyrir utan afskriftir, ef þetta reynist verða útkoman. En okkur sýnist af þeim upplýsingum, sem við höfum fengið, að afkoman sé allmiklu betri hjá mörgum skipanna a. m. k.

Í svari frá Félagi ísl. botnvörpuskipaeigenda segir:

„Landssambandi ísl. útvegsmanna hefur borist bréf hins háa rn., dags. 6. þ. m., þar sem óskað er eftir áliti þess á afkomu hinna nýju skuttogara á yfirstandandi ári. L. Í. Ú. óskaði þess, að vér létum í ljós álit vort um þetta efni varðandi skuttogara af stærri gerð.

Eins og hinu háa rn. er kunnugt, eru komnir til landsins 6 nýir og nýlegir skuttogarar af stærri gerð og auk þess botnvörpungurinn Sólbakur, sem er 461 brt. að stærð og telst til hinna minni skuttogara, en er þó í félagi voru, þar sem skipverjar á honum starfa með sömu kjörum og skipverjar á öðrum skuttogurum í félagi voru. 3 ofangreindra skuttogara hafa svo nýlega hafið veiðar, að erfitt er að gera sér grein fyrir afkomuhorfum þeirra. Þeir eru Bjarni Benediktsson, Júní og Snorri Sturluson. Þessir togarar eru um 940 brt. hver og eru taldir kosta um 200 millj. hver, og er líklegt, að vátryggingarverð þeirra verði hið sama.

Þá eru eftir auk b. v. Sólbaks Karlefni, 5 ára gamall, vátryggingarverð 120 millj. kr., Ögri og Vigri, ný skip, sem hafin var útgerð á á síðari hluta ársins 1972, en útgerð b. v. Karlsefnis og Sólbaks hófst fyrr á því ári. Vátryggingarverð Vigra og Ögra er 160 millj. kr. hvors um sig. Þessi fjögur skip hafa því verið gerð út allt þetta ár að fráteknu verkfalli, sem stóð frá 22. jan. til 26. mars. Loks eru nýkomin til landsins tvö skip, Sléttbakur og Svalbakur, eign Útgerðarfélags Akureyringa, sem enn er ekki hafin útgerð á.

Þegar fyrrgreind beiðni hins háa rn. barst, snerum við oss strax til eigenda fyrrgreindra fjögurra togara, Karlsefnis, Sólbaks, Vigra og Ögra, eða þeirra, sem höfðu verið reknir mest allt árið, og báðum um yfirlit yfir afkomu þeirra miðað við 1. okt. s. l. Það sýndist raunar ljóst og hefur ásannast, að frestur var svo stuttur, að ekki var auðið að vinna þetta verk innan hans.“

Ég veit ekki, hvort ástæða er til að lesa hér miklu meira en þetta. En það, sem hefur komið í ljós, er, að það liggja ekki fyrir fullnægjandi upplýsingar um rekstrarafkomu þessara skipa, þar sem þau hafa mörg hver ekki verið rekin í nokkra mánuði á árinu. Það er hins vegar fylgst með afkomu skipanna, og hægt verður eflaust að gefa frekari upplýsingar um afkomuhorfur þeirra síðar, en eins og sakir standa, er ekki hægt að veita frekari upplýsingar en hér koma fram.

Fyrirspyrjandi (Jón Árm. Héðinsson): Herra forseti. Ég vil þakka hæstv. sjútvrh. fyrir upplýsingarnar. Þær bera með sér, eins og hefur komið fram í blöðum og umr. manna á milli, að reksturinn hefur gengið misjafnlega og því miður heldur þunglega, svo að hægt sé að standa

í skilum, og þeim þætti um, að þessi skip hafi möguleika á að standa í skilum, svaraði hann afdráttarlaust neitandi vaxandi vexti og afborganir, og það er auðvitað illt. Þetta yfirlit sýnir tap, að meðtöldum afskriftum, upp á 15—18 millj., og er þá aðeins tekið 7½% í það af vátryggingarverði, sem er lágt. Ef að líkum lætur, miðað við þessar upplýsingar, er þegar um beint tap á rekstri hvers skips að ræða, sem nemur nokkrum millj., og vita allir hv. alþm., að vissir staðir úti á landi hafa ekkert bolmagn til þess að mæta þessu tapi. Þegar útgerðin er að nokkru á bæjarsjóði eða með hjálp bæjarfélagsins og í sumum tilfellum eins konar almenningshlutafélag, þá verður þetta útgerðarform og rekstur þessara skipa strax í vandræðum, og má ekki til þess koma. Þess vegna vil ég undirstrika það, þó að það sé nokkuð erfitt að segja það strax, að við verðum að gera okkur grein fyrir því, að ríkissjóður er til neyddur að hjálpa um fjármagn fljótlega, því að það er óhæfa, að þessi skip, svo afkastamikil sem þau eru, afla 3—4 þús. tonn á ári, fari að liggja bundin við bryggju. Framleiðsluverðmæti þeirra er það mikið, að þegar allt er komið um kring, þá verður að hjálpa þeim, svo að reksturinn geti gengið. Það er líka óhæfa, að það eigi að draga það að halda skipunum við, það eigi að draga það að borga þjónustu, því að þá stöðvast allt um leið. Og enn meiri óhæfa er það, ef skipshöfnin fær ekki gerð upp laun sín reglulega, þá er allt um hvolf þegar í stað. Ég vil þess vegna vekja athygli á því, að nauðsynlegt er að fylgjast mjög náið með því, hvernig framvinda þessara mála verður, og þessi skip lendi ekki í óviðráðanlegum rekstrarörðugleikum.

Ráðstafanir til þess að fyrirbyggja raforkuskort á Vestfjörðum, fsp. (þskj. 117). — Ein umr.

Fyrirspyrjandi (Steingrímur Hermannsson): Herra forseti. Raforkumál Vestfjarða hafa verið nokkuð í sviðsljósinu, því miður, vil ég segja, nú í haust. Þar hafa orðið alvarlegar bilanir og orðið dráttur á viðgerð, sem valdið hefur orkuskorti. Þetta er raunar ekki í fyrsta sinn, sem slíkar bilanir hafa átt sér stað, og fyrr hefur það tekið nokkurn tíma að fá nauðsynlegar viðgerðir.

Raforkukerfi Vestfjarða er í raun og veru ákaflega veikt. Aðalorkuframleiðslan, orkustöðin, er á miðju svæðinu, Mjólká. Þaðan liggur síðan strengur nokkuð út með Arnarfirðinum og greinist síðan í tvær áttir, þ.e. í suður og norður, og liggur yfir fjöll og firði. Á þessu svæði eru bilanir nokkuð tíðar, eins og ég sagði áðan. Við síðustu bilun kom í ljós, að varastöðvar á svæðinu norðan Arnarfjarðar eru ekki nægilegar til að fullnægja því álagi, sem þar er, og var því nauðsynlegt að skammta rafmagn á toppunum, þ. e. a. s. um hádegið og að kvöldi til, sem að sjálfsögðu var ákaflega erfitt fyrir frystihúsin á þessu svæði og þeirra mikilvægu framleiðslu.

Mér sýnist ljóst, að þarna þurfi að bæta úr. Það er tvennt, sem kemur til greina. Það er í fyrsta lagi og að því verður vitanlega að stefna að styrkja þetta kerfi með nýjum og öðrum dreifilínum, en til bráðabirgða er nauðsynlegt að staðsetja þarna dísilstöðvar, sem geta séð fyrir því álagi, sem svæðið krefst.

Þetta ástand hefur valdið íbúum svæðisins verulegum áhyggjum, og því hef ég leyft mér að leggja fram á þskj. 117 fsp. til raforkuráðh. um ráðstafanir til þess að fyrirbyggja raforkuskort á Vestfjörðum.

Heilbr.- og trmrh. (Magnús Kjartansson): Herra forseti. Hv. þm. Steingrímur Hermannsson spyr, hvaða ráðstafanir séu ráðgerðar til þess að koma í veg fyrir rafmagnsskort á Vestfjörðum í vetur. Samkv. vitneskju, sem Rafmagnsveitur ríkisins hafa látið mér í té, er afl í vatnsorkuverum á Vestfjörðum samtals 3960 kw., og afl í dísilorkuverum 3037 kw., eða samtals 6997 kw. Vatnsaflsstöðvarnar eru í þremur orkuverum, en varmaaflsstöðvarnar í 8 orkuverum, sem dreifð eru um svæðið. Mesta álag á Vestfjörðum veturinn 1972—1973 var 5600— 5700 kw., og er áætlað, að mesta álag 1973—1974 verði rúmlega 6000 kw. Vélaafl umfram áætlaða mestu aflþörf á vetri komanda er því 700—800 kw. Verður því ekki séð, að um aflsskort verði að ræða á Vestfjörðum í vetur, nema til komi meiri háttar bilanir á orkuverum eða aðalorkuflutningslínum. Það virðist því ekki ástæða til að gera neinar sérstakar ráðstafanir innan Vestfjarðasvæðisins fyrir þennan vetur. Hins vegar er ljóst, að nauðsynlegt er að gera ráð fyrir auknu afli veturinn 1974—1975, og í því sambandi hafa Rafmagnsveitur ríkisins í fjárfestingartillögu sinni lagt til, að keypt verði 500 kw. dísilvél til Vestfjarða, og ef af því verður, mundi sú vél væntanlega geta komið í notkun fyrir mitt ár 1974. Þá hafa Rafmagnsveiturnar gert ráðstafanir til að eignast a. m. k. eina færanlega dísilrafstöð til þess að verða betur viðbúnar, þegar bilanir á línum eða orkuverum ber að höndum. Enn fremur hafa nýlega verið fest kaup á færanlegri gastúrbínu, 1150 kw., í sama skyni, en í vetur verður henni valinn staður á samtengisvæðinu á Austfjörðum vegna væntanlegrar loðnuvertíðar og meðan beðið er eftir Lagarfossvirkjun.

Svo sem þingheimi er kunnugt, er nú unnið að mikilli stækkun Mjólkárstöðvarinnar í Arnarfirði. Er gert ráð fyrir því, að sú stækkun, sem nemur 5.6 megawöttum, verði tekin í notkun á árinu 1975, og verður þá vel séð fyrir raforkuöflun um Vestfirði í bráð.

Fyrirspyrjandi (Steingrímur Hermannsson): Herra forseti. Ég vil þakka hæstv. ráðh. svörin. Hins vegar get ég ekki tjáð mig sammála þeirri niðurstöðu Rafmagnsveitna ríkisins, að raforkumál Vestfjarða séu raunar í besta lagi. Það kom fram ein setning hjá hæstv. ráðh., sem er mikilvæg. Hann sagði: „nema til komi meiri háttar bilanir“. Og það er einmitt við þetta, sem við höfum átt að stríða, ekki einu sinni og ekki tvisvar, heldur æðioft. Ég geri mér grein fyrir því, að þrátt fyrir stóraukna raforkunotkun og þörf á Vestfjörðum má fullnægja

henni nú með keyrslu dísilstöðva til viðbótar þeim vatnsaflsstöðvum, sem þar eru til staðar. En það er einmitt þegar slíkar bilanir verða, sem nú hafa orðið æðitíðar, sem í ljós kemur, að varaafl er hvergi nærri fullnægjandi.

Ég vil einnig leggja áherslu á, að það er villandi að líta á aflstöðvar Vestfjarða í einu lagi, eins og Rafmagnsveiturnar gera í svari sínu. Nauðsynlegt er að greina þetta í tvennt. Eftir þeim upplýsingum, sem ég hef, eru dísilstöðvar á norðurhluta svæðisins, þ.e.a.s. sem tengdar eru þeirri línu, sem liggur frá Arnarfirðinum norður, með 1907 kw. aflgetu, en vatnsaflsstöðvar hins vegar 1560 kw. Við síðustu bilun var mjög dregið á vatnsforða vatnsaflsstöðvanna á norðurhluta svæðisins, sem von er, og er það þá mjög háð veðráttu, hver orkuframleiðslugeta þeirra verður á þessum vetri. Ég leyfi mér því að fullyrða, að þarna sé teflt á tæpasta vaðið, og tel raunar ekki annað forsvaranlegt en þegar sé bætt við dísilstöðvum á þessu svæði, ekki bara á einum stað, heldur er nauðsynlegt að bæta við bæði á norðurhluta svæðisins og á suðurhluta svæðisins, því að eins og ég sagði áðan er nauðsynlegt að líta á þetta í tvennu lagi.

Ég vil vekja athygli á því, að framleiðsla Vestfjarða hefur stóraukist upp á síðkastið. Þar eru nú framleiddar um 27—28% af frystum sjávarafurðum allra landsmanna. Þetta er því ekki aðeins stórkostlegt mál og mikilvægt fyrir Vestfirðina sem slíka, heldur fyrir landið í heild. Það má ekki draga úr þessari framleiðslu, okkur veitir ekki af henni, og það á ekki að þurfa eldgos til þess að grípa til nauðsynlegra ráðstafana.

Karvel Pálmason: Herra forseti. Ég vil leyfa mér að draga í efa réttmæti þeirrar niðurstöðu, sem hæstv. ráðh. gerði hér grein fyrir af hálfu yfirstjórnar Rafmagnsveitna ríkisins varðandi aflskort á Vestfjörðum. Ég held, að það þurfi engar bilanir að eiga sér stað, til þess að raforkuskortur á þeim stað sé staðreynd. Það er þegar vöntun þar á rafmagni, hefur verið um nokkurn tíma og fer að sjálfsögðu mjög vaxandi, þannig að ég held, að það sé full ástæða til þess, að það komi hér fram, að það er mjög í efa dregið, a.m.k. af minni hálfu, að þessar niðurstöður yfirstjórnar Rafmagnsveitna ríkisins fái við rök að styðjast, að því er það varðar, að það sé ekki raforkuskortur á Vestfjörðum. Ég vil þess vegna beina því sérstaklega til hæstv. ráðh., að hann kanni þetta frekar og gangi úr skugga um, hvort þessar fullyrðingar yfirstjórnar Rafmagnsveitnanna hafa við rök að styðjast.

Móttökutæki, sem fundust í Kleifarvatni, fsp. (þskj. 123). — Ein umr.

Fyrirspyrjandi (Ellert B. Schram): Herra forseti. Hún er oft undarleg, pólitíkin á Íslandi. Undanfarna daga hefur allt ætlað af göflunum að ganga vegna lesturs sænskrar barnasögu í útvarpinu, og ekki er annað að heyra en örlög íslenskra stjórnmála og pólitísk framtíð barna okkar verði ráðin af flutningi þessarar barnasögu. Nú skal ég viðurkenna, að í fyrstu stóð ég í þeirri trú, að allt væri það meira og minna í gamni, sem um þennan sögulestur var sagt. En ég er löngu búinn að átta mig á því og hygg, að flestir séu búnir að átta sig á því, að formælendum og andmælendum þessarar sögu er enginn húmor í huga. Alvaran í hinni pólitísku umr. hefur náð hámarki, og allt sprettur þetta af því, að blessaða stúlkan, sem les söguna, skorti skotsilfur í utanreisu. Í dagvaxandi undrun minni get ég ekki fundið aðra skýringu á þessari barnasöguumr. en þetta sé ein ósvikin sönnun þess, að skammdegið ráði meiru í íslenskri þjóðfélagsgerð en sagnfræðingar hafa gert sér grein fyrir, a.m.k. eru svona historíur árvissir atburðir á haustdögum.

Ég get ekki stillt mig um að minnast á þessar séríslensku þjóðfélagsumr. til samanburðar þeim atburði og umr. um hann, sem ég hef leyft mér að bera fram þessa fsp. um, sem hér er nú á dagskrá.

Dagana 8. og 13. sept. s.l. fundust í Kleifarvatni allmörg og forvitnileg móttökutæki. Morgunblaðið sagði rétt sæmilega frá þessum atburði, sennilega vegna þess að tækin voru talin rússnesk. En Þjóðviljinn sló þessu upp í grín og hélt fram þeirri kenningu, að líklega hefðu Bandaríkjamenn kastað tækjunum í vatnið til að draga athyglina frá Watergate. Önnur blöð sögðu frá þessum atburði með sama jafnaðargeðinu og aflafréttum og veðurfari. Meira var ekki gert úr þessum tíðindum, sem meðal annarra þjóða hefðu áreiðanlega þótt gefa tilefni til alvarlegra ályktana um stórtæka njósnastarfsemi.

Nú má vel vera, að það eigi að taka því með jafnaðargeði, þegar erlend móttökutæki finnast af tilviljun í miklu mæli í Kleifarvatni á Íslandi, og ég skal játa, að það hefur ekki haldið fyrir mér vöku. E.t.v. eigum við að láta okkur það í léttu rúmi liggja, enda þótt hér á landi séu stundaðar umfangsmiklar njósnir af erlendum aðilum. Ég hef hins vegar verið þeirrar skoðunar, að ástæðulaust sé, að málið liggi í kyrrþey eða það gleymist í skúffum dómsmrn. Ef allt er svo undursaklaust á Íslandi sem menn vilja vera láta og Íslendingar telja sjálfum sér trú um, hvað er þá eðlilegra en að upplýsa það, sem fram hefur komið við rannsókn þessa máls? Það ætti vart að meiða neinn, ef tilurð þessara tækja er hvort sem er öll af hinu ómerkilegra taginu. Það ætti a.m.k. að vera lágmarkskrafa okkar Íslendinga að fá að fylgjast með því, hverjir njósna og hverjir ekki, ég tala nú ekki um, ef ætlast er til, að við sættum okkur við, að hér séu starfræktar alþjóðlegar njósnastöðvar.

Í þessu sambandi er auðvitað hægt að varpa fram ótal spurningum: Hvers lensk eru þessi tæki? Hvert voru þau seld af framleiðendunum? Til hvers eru þau brúkleg? Voru þau búin að liggja lengi í vatninu? Var þeim hent þar vegna þess, að notandinn var hættur að nota þau, eða var hann að endurnýja tæki sín og fá sér önnur betri og nýrri? Er líklegt, að slík tæki séu í fórum innlendra einstaklinga eða á vegum erlendra sendiráða? Hafa erlendir sendiráðsmenn verið spurðir að því eða eru þeir reiðubúnir til þess að veita umbeðnar upplýsingar um þessi tæki? Hefur verið leitað hinna erlendu framleiðenda og þeir spurðir, hvert tækin hafi verið send? Og

áfram mætti spyrja: Hafa innlendir aðilar ekki möguleika á því að miða slík fjarskiptatæki út, ef þau eru í notkun hér á landi? Hversu langt draga slík tæki, og hverjir hafa möguleika á að koma svo stórkostlegum tækjum inn í landið án leyfis? Eða fékkst ekki leyfi fyrir þessum tækjum? Þetta eru spurningar, sem vakna við slíka atburði.

Nú má það vel vera, að í samræmi við tíðarandann eigi að meta málið í öfugu hlutfalli við mikilvægi þess og ég ætti frekar að bera fram till. um að rannsaka skotsilfrið, sem þeir hafa til ráðstöfunar hjá útvarpinu. En ef talað er í fullri alvöru, þá er óneitanlega forvitnilegt að fá svör við þeim fjölmörgu spurningum, sem vakna vegna tækjafundarins í Kleifarvatni, og það á að vera metnaður okkar Íslendinga að fá svör við þeim og skýra opinberlega frá niðurstöðum þeirrar rannsóknar.

Herra forseti. Fsp. mín er því þessi: Hvað líður þessari rannsókn?

Forsrh. (Ólafur Jóhannesson): Herra forseti. Á þskj. 123,3. lið, er borin fram fsp. um rannsókn vegna móttökutækja, sem fundust í Kleifarvatni fyrri hluta septembermánaðar s. l.

Er tilkynnt hafði verið um þennan tækjafund til lögreglunnar, fór fram lögregluranns6kn um þetta efni við bæjarfógetaembættið í Hafnarfirði, og voru teknar skýrslur af allmörgum aðilum, sem tekið höfðu þátt í fundi tækjanna og flutningi. En svo sem fram hefur komið í blaðafrásögnum, voru það menn að æfingum í svonefndum froskmannabúningum, sem fundu tækin á allmiklu dýpi í Kleifarvatni. Enn fremur sendi bæjarfógetaembættið tækin til skoðunar hjá Landssíma Íslands og fékk skýrslu sérfræðinga Landssímans um tækin.

Ekki kom fram við rannsóknina, með hverjum hætti tækin hefðu komist á þennan stað, er þau fundust, né heldur hverjir hefðu haft þau undir höndum.

Skýrslur þessar voru sendar saksóknara ríkisins og bæjarfógetanum í Hafnarfirði, en voru þaðan sendar dómsmrn., sem síðan sendi þær til skoðunar í utanrrn., og eru þær þar enn í athugun.

Segja má, að tilefni þess, að rn. hafa fengið skýrslurnar til skoðunar, séu blaðaskrif, þar sem fram hafa komið grunsemdir um það eða látið að því liggja, að tækin hafi komið úr vörslu erlends sendiráðs. Minna má á í þessu sambandi, að starfsmenn erlendra sendiráða verða samkv. alþjóðlegum reglum ekki kallaðir fyrir rétt í því ríki, þar sem þeir eru starfandi.

Eins og ég áðan sagði, voru tækin send til sérfræðinga Landssímans til skoðunar, og hafa þeir látið í té álitsgerð um þau, sem ég hef undir höndum. Þar kemur fram, að ætla megi, að flest tækin séu af rússneskri gerð, en þó einstök tæki frá Vestur-Evrópu. Um eitt þeirra tækja mun vera upplýst frá framleiðanda, að það hafi verið selt til Rússlands frá framleiðandanum. Letur hefur verið máð af ýmsum tækjunum, en þau eru ýmist viðtæki fyrir ýmis tíðnisvið, örbylgjumóttökutæki eða segulbandstæki. Póstur og sími hefur ekki fjallað um innflutning tækjanna.

Það er rétt að taka fram, að það hefur til þessa ekkert verið leitt í ljós, sem tengir þetta neinu tilteknu sendiráði. Eins og sagt hefur verið, eru skýrslur þessar enn til skoðunar hjá dómsmálayfirvöldum og utanrrn., og tel ég ekki ástæðu til að ræða málið frekar, eins og það nú liggur fyrir.

Fyrirspyrjandi (Ellert B. Schram): Herra forseti. Ég þakka hæstv. dómsmrh. svarið. Að vísu verð ég að taka fram, að mér finnst þetta svar vera nokkuð ófullnægjandi, kannske ekki svarið sjálft, heldur það, hvernig rannsóknin sjálf hefur farið fram. A. m. k. er ekki að heyra í svarinu, hverjir hafi verið spurðir né heldur hvort eftir því hafi verið gengið, að slík tæki hafi verið í notkun hjá einhverjum sérstökum sendiráðum. Á hinn bóginn kemur fram í svarinu sú athyglisverða staðreynd, að eitt tækjanna hafi verið framleitt í Vestur-Evrópu, hin hafi verið rússnesk, að mér skilst, og samkv. upplýsingum frá hinum vestur-evrópska framleiðanda hafi þetta tæki verið selt til Rússlands. Auðvitað gefur það auga leið, að böndin berast þá að þeim vinum okkar í sovéska sendiráðinu, og ef þeir vildu losa sig við þá margfrægu Rússagrýlu, væri ekkert eðlilegra og sjálfsagðra en þeir gæfu sig fram fyrir hinum íslensku rannsóknaraðilum og upplýstu þetta atriði öllu nánar. Enn fremur kemur fram í svarinu, að letur á tækjunum hafi verið máð af þeim, og verður að halda því fram, að það atriði ásamt mörgu fleira sé með dularfyllsta hætti, svo að ekki sé meira sagt.

Nú ég skal ekki vera hér með neinar getgátur í þessu sambandi. Ég hefði hins vegar haldið og vil leyfa mér að fullyrða, að málið sé ekki endanlega rannsakað á þessu stig málsins og þess sé þörf, að það sé skoðað miklu frekar. Ég held, að það sé metnaður okkar Íslendinga, ef við viljum láta taka okkur alvarlega, að það sé krufið til mergjar og niðurstöður þeirrar rannsóknar séu birtar opinberlega, og ég treysti hæstv. dómsmrh. til þess, að það verði gert.

Símamál Suðurnesja, fsp. (þskj. 127). — Ein umr.

Jón Árm. Héðinsson: Herra forseti. Ég mæli hér fyrir fsp., sem var sett fram af varamanni mínum, meðan hann sat hér á þingi, en hann býr í Keflavík, og þeir Suðurnesjamenn hafa oft á tíðum haft áhuga á því að fá úrbætur á símamálum sínum, sem hafa verið í langan tíma mjög erfið. Þetta er gamalt og nýtt mál, og er svo komið, að oft tekur mjög langan tíma að ná sambandi á milli svæða á Suðurnesjum og til annarra svæða. Margsinnis hafa menn ályktað um úrbætur í þessu efni, en það gengur seinlega að fá það fram, og ég veit, að það er áhugamál allra þarna á Suðurnesjum að ýta við þessu, ef unnt er að flýta framkvæmdum. Ég veit, að það hefur verið tilgangur þm. að fá þetta upplýst og vita nánar, hvernig þessum málum er háttað í dag.

Fsp. er stutt. Hún er þannig: „Hafa verið gerðar einhverjar ráðstafanir til að bæta símakerfið á Suðurnesjum, einkum með tilliti til landssímaafgreiðslu til Reykjavíkur og út á land.?

Félmrh. (Björn Jónsson): Herra forseti. Fsp. hv. 5. þm. Reykn. er um það, hvort hafi verið gerðar einhverjar ráðstafanir til að bæta símakerfið á Suðurnesjum, einkum með tilliti til landssímaafgreiðslu til Reykjavíkur út á land.

Ég hef leitað upplýsinga pósts-og símamálastjórnarinnar varðandi þessa fsp., og eru svör hennar á þessa leið:

„Með tilvísun til fsp. á þskj. 127 um ráðstafanir til að bæta símakerfið á Suðurnesjum, skal hér með upplýst eftirfarandi:

1. Í okt. s.l. var bætt við tveim raflínum milli Keflavíkur og Reykjavíkur og enn fremur bætt við 4 raflínum milli Grindavíkur og Keflavíkur. Eru þar með fullnýttir þeir möguleikar, sem nú eru fyrir hendi í Keflavík og Reykjavík, að því er snertir sjálfvirku langlínustöðvarnar. Stækkun þessarar stöðvar verður fyrirsjáanlega ekki komin í notkun fyrr en í byrjun ársins 1975.

2. Vegna línuskorts í sjálfvirka kerfinu hefur verið ráðgert að tengja handvirka skiptiborðið í Keflavík í samband við venjuleg númer í Reykjavík og þar með létta á sjálfvirku línunum. Enn fremur er hugsanlegt að veita einstökum símnotendum hliðstæða aðstöðu.

3. Verið er að stækka sjálfvirku símstöðina í Keflavík um 1000 númer, og mun því verki verða lokið í byrjun næsta árs.

4. Símakerfið í Grindavík hefur vaxið svo ört, að nauðsynlegt er að panta nýja stöð. Tilboð í þessa stöð hefur nýlega borist og er að upphæð 13 millj. kr. fob., en tollar og söluskattur nema 7 millj. kr. Afgreiðslutími er 13 mánuðir.

5. Efnið, sem losnar í Grindavík, verður notað til stækkunar á símstöðinni í Sandgerði og öðrum stöðvum á þessu svæði.

6. Hinn mikli skortur á langlínum alls staðar í landinu stafar af of naumum fjárhag og niðurskurði í framkvæmdum miðað við tillögur stofnunarinnar."

Við þetta svar hef ég að svo komnu ekki miklu að bæta. Ég get vísað hv. þm. í gögn, sem honum ættu að vera tiltæk sem einum af nm. í hv. fjvn., þar sem fyrir liggja till. samgrn. og póst- og símamálastjórnarinnar um framkvæmdir á næsta ári, og vil ég vona, að þau mál fái það jákvæða afgreiðslu í hv. fjvn. og á hv. Alþ. og verulegt átak verði gert í þessum efnum.

Það er kunnara en frá þurfi að segja, að það er mikill línuskortur í landinu, og ég veit, að það er ekkert ofsagt um það, sem hv. þm. sagði um ástandið á Suðurnesjum. En þannig er það víða um landið og stafar, eins og póst- og símamálastjórnin tekur fram, af því, að ekki hafa verið leyfðar þær fjárfestingar, sem nauðsynlegar hafa verið. Sjálfur þekki ég það, að tekið getur allt að 1½ klst. að ná sambandi frá Akureyri til Reykjavíkur, og kannske má nefna hliðstæð dæmi á Suðurnesjum.

En ég vil fullyrða, að gert verður það, sem í valdi samgrn. og póst- og símamálastjórnarinnar stendur, til að bæta þetta ástand, en það hlýtur þó alltaf að takmarkast af þeirri fjárhagslega getu, sem fjárveitingavaldið markar fjárfestingu og framkvæmdum hjá stofnuninni.

Jón Árm. Héðinsson: Herra forseti. Ég vil þakka hæstv. samgrh. fyrir upplýsingarnar. Eins og hann drap á, hafði þetta borist að hluta til fjvn., og vandamálið er jafnan hið sama, það er að fá nægilegt fjármagn, svo að hægt sé að fullnægja eftirspurn. En einmitt á Suðurnesjum og raunar líka í Mosfellssveit hefur skapast óvenjulega mikil eftirspurn eftir nýjum númerum vegna áhrifanna frá Vestmannaeyjagosinu og mikilla íbúðarbygginga, og m.a. bara í Mosfellssveit eru yfir 300 íbúðir, sem reiknað er með, að verði teknar í notkun á næsta ári, og mun það kerfi, sem þar er, gersamlega springa. Það tekur 13 mánuði að útvega stöðinni í Grindavík ný tæki, þannig að það þarf langan aðdraganda að þessu og nauðsynlegt er að gera víðtæka áætlun um þörfina og hvar þörfin er mest.

Ég vil undirstrika það, sem kom fram í orðum hæstv. ráðh., að þetta mál er þannig vaxið, vegna erfiðleikanna að ná víða á landinu sambandi við Reykjavík, að það er nauðsynlegt að taka hér stórt á og leysa úr þeim vandræðum, sem koma fram víða á landinu. En þau hafa verið sérstaklega mikil á Suðurnesjum í mörg ár.

Fjármál hafnarsjóða, fsp. (þskj. 130). — Ein umr.

Fyrirspyrjandi (Lárus Jónsson): Herra forseti. Ég hef á þskj. 130 leyft mér að óska upplýsinga hæstv. fjmrh. um fjármál hafnarsjóða. Á þskj. er fsp. í 5 liðum, og fjalla spurningarnar um skiptingu á endurlánum til hafnarsjóða á 40 millj. kr., sem heimilað var að veita til þeirra samkv. fjárlögum yfirstandandi árs til þess að létta greiðslubyrði þeirra, sem verst eru settir. Spurt er einnig um, með hvaða kjörum ríkissjóður hafi aflað þess fjár, og jafnframt, með hvaða kjörum hann hefur endurlánað þessa upphæð til hafnarsjóðanna. Þá er spurt, hvort ráðh. telji hér um fullnægjandi aðstoð að ræða, hvort viðkomandi hafnarsjóðir hafi sumir fengið synjun á ríkisábyrgð til þess að notfæra sér þessa fyrirgreiðslu og hvort tekið hafi verið tillit til lausaskulda hafnarsjóðanna við úthlutun lánanna.

Eins og hv. þm. er kunnugt, skipaði ráðh. hafnamála í fyrrv. ríkisstj. n. til að endurskoða lög um hafnir. N. skilaði áliti á árinu 1972, og lagði núv. ríkisstj. fram frv. til hafnalaga á fyrsta þingi eftir stjórnarskipti, sem var svo til óbreytt eins og hafnalaganefnd hafði frá því gengið. Þótt meginstefnu frv. væri vel tekið hér á hv. Alþ., hlaut frv. ekki samþykki fyrr en á yfirstandandi ári, eftir að fjárlagagerð lauk. Aukin þáttaka ríkissjóðs í kostnaði við nýbyggingar hafna samkv. lögunum hefur því enn ekki komið til framkvæmda.

Í l. er svofellt ákvæði til bráðabirgða: „Gera skal sérstakar ráðstafanir til að létta greiðslubyrði þeirra hafnarsjóða af lánum, sem verst eru settir, og skal þá miða við lánin, eins og þau eru, er lög þessi taka gildi. Við fjárlagagerð fyrir árið 1974 skal samgrn. gera Alþ. sérstaka grein fyrir fjárþörf í þessu efni. „Í grg. með hafnalagafrv. var rækilega rökstutt, hversu brýn nauðsyn væri á þessu ákvæði, og lýsti þáv.

hafnamrh. þessari nauðsyn með litrikum orðum í framsögu sinni fyrir frv. Hann gat þess m. a., að skuldir hafnarsjóða væru allt að 5 þús. kr. á hvert mannsbarn í sumum byggðarlögum. Orðrétt segir svo í grg. frv. um þetta efni:

„Eins og áður hefur komið fram í þessari grg., er greiðslubyrði fjölmargra hafnarsjóða af lánum til hafnarframkvæmda óhæfilega þung. Gerir n. till. um, að þessari byrði verði létt, eftir því sem eðlilegt getur talist, af þeim hafnarsjóðum, sem verst eru settir. Miðar n. við, að ríkissjóður yfirtaki að fullu hluta af skuldum þessara hafnarsjóða eftir reglum, sem samgrn. gerir til um til fjvn. og Alþ.“

Þegar sýnt var, að frv. mundi ekki verða að lögum fyrir síðustu áramót, var horfið að því ráði að veita á heimildagrein fjárlaga ríkisstj. heimild til að útvega 40 millj. kr., er veita skyldi hafnarsjóðum í þessu skyni. Hér var hins vegar um lánafyrirgreiðslu að ræða, en ekki að ríkissjóður yfirtæki að fullu hluta af skuldum hafnarsjóðanna, eins og hafnalagan. hafði stefnt að með ákvæðum til bráðabirgða. Einnig er á það að líta, að ekkert virðist benda til þess, að hæstv. ríkisstj. ætli að framfylgja þessu lagaboði á fjárlögum ársins 1974, þ. e. a. s. að lagt verði fram óafturkræft framlag úr ríkissjóði til að létta þessa miklu byrði einstakra fiskihafna. Þetta gerist samtímis því, sem veita á hundruð millj. kr. í framkvæmdir við 3 hafnir á landinu.

Spurningar minar til hæstv. fjmrh. eru fram bornar til þess að fá úr því skorið, hvort hér sé um algera stefnubreytingu að ræða frá því, sem gert var ráð fyrir í hafnal., sem sett voru á síðasta þingi, og til glöggvunar fyrir þingheim á því, hversu raunhæfar þær ráðstafanir eru, sem gerðar voru á yfirstandandi ári til þess að létta geigvænlegar greiðslubyrðar hafnarsjóða í landinu.

Fjmrh. (Halldór E. Sigurðsson): Herra forseti. Enda þótt mér sýnist, að fsp. á þskj. 130 orki nokkuð tvímælis, hvort eigi að beina henni til mín eða samgrh., þá hef ég orðið við því að svara henni, eins og hún liggur fyrir.

Í fyrsta lagi er spurt: „Hvernig skiptast á milli einstakra hafnarsjóða og kjördæma endurlán fjármagns, sem ríkisstj. tók að láni samkv. 6. gr. fjárlaga 1973, að upphæð 40 millj.?“ Þessu vil ég svara þannig:

Vesturlandskjördæmi: Akraneshöfn 1½ millj., Ólafsvíkurhöfn 0.5 millj., Stykkishólmshöfn 1 millj. Vesturlandskjördæmi 3 millj.

Norðurlandskjördæmi eystra: Dalvík 0.5 millj., Grímsey 1½ millj., Ólafsfjörður 1½ millj., Raufarhöfn 0.5 millj., Þórshöfn 3 millj. Norðurlandskjördæmi eystra 7 millj.

Vestfjarðakjördæmi: Bíldudalur 1 millj., Bolungarvík 7½ millj., Flateyri 1 millj., Hólmavík 0,5 millj., Patreksfjörður 1,5 millj., Súðavík 1 millj., Suðureyri 1,5 millj., Þingeyri 0,5 millj., eða samtals Vestfjarðakjördæmi 14½ millj.

Austurlandskjördæmi: Neskaupsstaður 4 millj., Vopnafjörður 4 millj. Austurlandskjördæmi 8 millj.

Suðurlandskjördæmi: Eyrarbakki 1.5 millj., Stokkseyri 1 millj. Suðurlandskjördæmi 2.5 millj.

Reykjaneskjördæmi: Sandgerði 1½ millj. Reykjaneskjördæmi 1.5 millj. kr.

Norðurlandskjördæmi vestra: Hofsós 0.5 millj., Sauðárkrókur 2 millj., Skagaströnd 1 millj. Samtals Norðurlandskjördæmi vestra 3.5 millj. kr.

Þetta er að segja um skiptinguna á lánunum, og svo er spurt áfram: „Með hvaða kjörum og til hve langs tíma, er þetta lán tekið?“ Lánið er tekið til 15 ára. Endurlán eru afborgunarlaus 2 fyrstu árin, en greiðast síðan á 13 árum með jöfnum afborgunum. Vextir eru 11½% á ári, en breytilegir. Endurlánað er með sömu kjörum.

Um 3. töluliðinn, að því er varðar, hvort ráðh. telji fullnægjandi að létta greiðslubyrði umræddra hafnarsjóða með slíkum lánum í stað óafturkræfra framlaga, er því til að svara, að það kom greinilega fram hjá hv. fyrirspyrjanda, að ekki væri mikið fyrir ríkissjóð að bæta á sig 40 millj. kr., eins og venja er til, þegar rætt er um einstök málefni. En ég vil segja það, að ég tel ekki verjandi að veita styrki til þeirra aðila, sem ekki hafa greitt af lánum sínum vegna hafnagerða, á sama tíma, sem sveitarfélög, sem stunda ábyrga fjármálapólitík, hafa greitt af sínum lánum eftir ítrustu getu og hafa staðið í skilum. Ég tel, að með þessu hafi þessum sveitarfélögum verið veitt veruleg aðstoð, og vonandi nægir það þeim til þess að komast yfir örðugan hjalla.

Þá er fjórða atriðið: „Er það rétt, að sumir hafnarsjóðirnir hafi ekki getað tekið þessi lán vegna synjunar á ríkisábyrgð í því skyni?“ Þeirri spurningu, hvort rétt sé, að sumir hafnarsjóðir hafi ekki tekið lánið vegna synjunar ríkisábyrgðar í því skyni, er því til að svara, að lánin eru veitt án ríkisábyrgðar. Heildarlánið er á ábyrgð ríkissjóðs, eins og Hafnabótasjóður er. Það er við þessa aðferð að athuga, að strangt tekið ber Hafnabótasjóði, sem annast þessar lánafyrirgreiðslur, að lána út gegn ríkisábyrgð eingöngu. Hins vegar hefur þessi aðferð verið notuð með hliðsjón af heimild sjóðsins til þess að veita styrki.

Í 5. tölulið er spurt: „Var tekið tillit til lausaskulda?“ — Vil ég svara því til, þar að allur undirbúningur að þessari aðgerð var í höndum samgrn. og undirnefndar fjvn. og mér var ekki kunnugt um vinnubrögðin, en tel, að það hafi verið gert.

Fyrirspyrjandi (Lárus Jónsson): Herra forseti. Ég þakka hæstv. ráðh. svörin. Í svörum hans kom fram, að hér væri, eins og ég gat um í inngangsorðum mínum að þessari fsp., um að ræða breytta stefnu hæstv. ríkisstj., frá því að sett voru ný hafnalög á síðasta Alþ., þ. e. a. s. að á nokkrum mánuðum hefur hæstv. ríkisstj. breytt um stefnu í þessum efnum. Og það er alveg glöggt af svörum hæstv. ráðh., að hæstv. ríkisstj. ætlar ekki að fara að lögum og ekki að virða Alþ. þess að fara að till. þess í þessum efnum.

Í því bráðabirðaákvæði, sem ég las upp áðan, er það alveg skýrt, að ætlunin var frá upphafi, að þessum stöðum, sem verst eru settir í þessum efnum, yrði komið til aðstoðar með óafturkræfum framlögum frá ríkissjóði. Það má nátt-

úrlega lengi segja, að það sé ekki hægt að bæta meiru á ríkissjóð, og það er óendanlegt umræðuefni, sem ég skal ekki fara út í hér. En það liggur alveg skýrt fyrir, hvað Alþ. vildi í þessum efnum. Og það, sem hæstv. ráðh. minntist á, að ekki væri verjandi að hjálpa þeim, sem væru í vanskilum, hjá Ríkisábyrgðasjóði væntanlega, en taka ekki þá, sem hefðu reynt að standa í skilum, þarna er ekki um nein rök að ræða, vegna þess að það má auðvitað meta vanda hafnarsjóðanna alveg án tillits til þess, hvort þeir hafa reynt að standa í skilum með **súrum sveita eða hvort þeir eru í vanskilum.** Það þarf ekkert að koma inn í myndina. Fyrst og fremst er um það að ræða, að sé um dráps klyfjar á viðkomandi hafnarsjóði að ræða, hvort sem hann hefur staðið í skilum eða ekki, þá var það vilji Alþ., að það yrði komið með sérstökum hætti til aðstoðar í þessum efnum. En það hefur sem sagt ekki verið gert, og vita þá hv. alþm. það.

Jón Árnason: Herra forseti. Í sambandi við þessa fsp. varðandi framkvæmd þess bráðabirgðaákvæðis, sem var afgr. með síðustu fjárlögum, þ. e. a. s. fjárlögum yfirstandandi árs, þá var það, eins og kunnugt er, tekið inn vegna þess, að vitað var, að fjölmargir hafnarsjóðir áttu við mikla erfiðleika að stríða í sambandi við greiðslur á áhvílandi lánum. Það var einnig gert ráð fyrir því í þessu bráðabirgðaákvæði, að fjvn. yrði höfð með í ráðum, þegar gengið yrði frá þessu máli. Hér var um 40 millj. kr. upphæð að ræða, sem átti að nota til þess að létta undir með þeim hafnarsjóðum, sem ættu við mesta erfiðleika að etja. Það var líka ýmislegt annað, sem átti að taka til athugunar í sambandi við afgreiðslu málsins og þess vegna þurfti að leita ýmissa upplýsinga, og m. a. var það, að það átti að gera sér grein fyrir því, hvað ýmis sveitarfélög hefðu lagt af mörkum í sambandi við uppbyggingu hafnanna. Það kom í ljós, eftir að búið var að kanna málið, að það var ákaflega mismunandi, sem sveitarsjóðirnir höfðu staðið að uppbyggingu hafna á hinum ýmsu stöðum. Í sumum tilfellum höfðu sveitarsjóðirnir ekki lagt fram neinar fjárhæðir til **hafnarframkvæmda, en á öðrum stöðum var um** verulegar upphæðir að ræða. Allt þetta hlaut fjvn. að meta sérstaklega, ef til þess átti að **koma að veita þetta sem styrktarfé.** Það var ekki nóg, að höfnin væri í vanskilum, ef það kom svo í ljós, að það væri m. a. vegna þess, að íbúar byggðarlagsins hefðu ekki lagt á sig sambærilega byrði við það, sem gert var í öðrum sveitarfélögum. Þegar till. komu um ráðstöfun á fjárupphæðum og upplýsingar um það aftur á móti frá hafnamálaskrifstofunni, hvernig verja skyldi þessu fé, þá var allt annað, sem kom þá í ljós, heldur en gert er ráð fyrir varðandi framkvæmd þessa bráðabirgðaákvæðis. Það var sýnilegt, að meginhlutinn af þessu fjármagni átti að fara til framkvæmda við hafnir án tillits til þess, hvernig þessi mál að öðru leyti stæðu.

Ég skal ekki orðlengja frekar um málið, tími minn er búinn, en ég tel, að það þurfi ýmislegt að athuga frekar í sambandi við þetta mál og það sé augljóst, að það verður að halda **áfram í 2—3 ár enn þá að veita verulega upp**hæð í fjárlögum til þess að standa við bakið á þeim hafnarsjóðum, sem erfiðast eiga.

Fjmrh. (Halldór E. Sigurðsson): Herra forseti. Út af því, sem hv. 5. þm. Norðurl. e. sagði áðan, nægir mér í raun og veru að vísa til þess, sem hv. 2. þm. Vesturl. sagði, að það, sem nauðsyn bar til að gera, var að athuga þetta mál mjög gaumgæfilega, áður en það væri afgreitt. Ég hafði ekki afskipti af undirbúningi málsins, nema ég tók það fram, þegar lánið var útvegað, sem var snemma sumars, — mun hafa verið í júnímánuði, sem fyrirheit fékkst um þessa lánsútvegun, — að þetta yrði eingöngu að nota í sambandi við eldri skuldir, en ekki til framkvæmda.

Hins vegar vil ég taka það fram, eins og kom líka fram hjá hv. 2. þm. Vesturl., að þessi aðferð lokar engri leið til þess að veita þeim höfnum styrk, sem á styrk þurfa að halda. Þegar verður farið að borga af þessu láni og endurgreiða þetta, verður hægt að meta þær hafnir, sem í mestum erfiðleikum eiga. Hafnabótasjóður hefur þá möguleika til að styrkja og ríkissjóður getur þá hlaupið undir bagga í því tilfelli, ef þess er talin þörf. Þess vegna er engri leið lokað til styrktar, heldur er málinu komið fyrir á þann hátt, að leyst er úr brýnustu þörfum þeirra hafna, sem njóta þessa fjár, og síðar meir er hægt að ákveða það, hvort um beinan styrk þarf að vera að ræða.

Fjórðungssjúkrahús á Akureyri, fsp. (þskj. 130). — Ein umr.

Fyrirspyrjandi (Lárus Jónsson): Herra forseti. Ég lagði hér fyrir nokkrum dögum fram fsp. til hæstv. heilbrrh. um málefni Fjórðungssjúkrahússins á Akureyri. Svör hæstv. heilbrrh. hafa vakið óskipta athygli þeirra manna, sem standa að nýbyggingu Fjórðungssjúkrahússins á Akureyri. Hann vísaði í rauninni til þess, að heilbrrn. hefði gert allar sínar till. í þessu máli, og sagði orðrétt: „Þarna hefur ekki staðið á neinum leyfum frá heilbr.- og trmrn. Frumgögnum vegna viðbyggingar við Fjórðungssjúkrahússins á Akureyri var skilað inn til fjárlaga- og hagsýslustofnunarinnar 9. ágúst s. l.“ Hann sagði enn fremur orðrétt: „Fjárlaga- og hagsýslustofnun hefur enn ekki afgreitt málið, svo að byggingin er ekki enn komin á framkvæmdastig. Þrátt fyrir þetta heimilaði fjárlaga- og hagsýslustofnunin í samráði við framkvæmdadeild Innkaupastofnunar ríkisins, að framkvæmdir við grunn hæfust um síðustu helgi, og var þá tekið fullt tillit til þeirra óska heimamanna, að framkvæmd þessarar nýju byggingar yrði tengd við 100 ára afmæli sjúkrahússins, sem var hinn 11. nóv.“ Þá mun hafa verið leyft að taka fyrstu skóflustunguna að þessari byggingu.

Samkv. þessu skil ég það svo, að enn þá sé ekki veitt frá réttum yfirvöldum leyfi til þess að gera frekar í þessu mikla máli.

Hæstv. heilbrh. sagði einnig orðrétt: „Ýmsir telja raunsærra að gera ráð fyrir, að sjúkrahúsið verði ekki fullbyggt fyrr en 1984 eða 1985.“ En samkv. áætlun heilbrrn. ætti þetta að gerast fyrir 1980. Af þessum sökum hafa menn gerst ókyrrir og óttast, að leggjast ætti á þetta mál af fjármálavaldinu. Í orðum hæstv. heilbrrh. fólst, að við værum að fara í geitarhús að leita ullar með því að spyrja hann um þetta mál, heldur ættum við að spyrja hæstv. fjmrh. Ég vil því spyrja hæstv. fjmrh. þeirrar spurningar, sem er á þskj. 130 og ég þarf ekki að lesa hér upp.

Fjmrh. (Halldór E. Sigurðsson): Herra forseti. Út af fyrir sig er það ekki nema ánægjulegt fyrir mig, að hv. 5. þm. Norðurl. e. skuli telja það heppilegra að spyrja mig en aðra ráðherra, jafnvel þótt um efni sé að ræða, sem snýr ekki að mér. Ég verð að segja eins og er, að vafalaust hefur þessi fsp. verið send í ráðuneytið, en mér var hún ekki ljós, fyrr en ég sá hana á borðinu hér áðan. Hins vegar vil ég segja nokkur orð um það, sem spurt er um á þskj. 130 Þar segir svo:

„1) Hvers vegna hefur fjmrn. ekki veitt endanlegt framkvæmdaleyfi til nýbyggingar Fjórðungsskjúkrahússins á Akureyri fyrr í haust, svo sem heimaaðilar hafa óskað eftir og heilbr.-rn. hefur lagt til?“

Eins og kom fram í ræðu hv. 5. þm. Norðurl. e., kom þetta mál í hendur byggingardeildar Innkaupastofnunar ríkisins í ágústmánuði s.l. Ég held, að það þurfi engan að undra, þó það taki þá menn, sem þar vinna, einhvern tíma að vinna verk, sem er gert ráð fyrir, að muni kosta á annan milljarð. Ég get ekki séð, að neinn aðili þurfi að vera hissa á því, þó að það taki 1—2 mánuði að vinna á þann veg. Mér var kunnugt um það, að þeir í byggingardeildinni unnu af fullu kappi að því að reyna að undirbúa þetta mál, þannig að hægt væri að hefja jarðvinnslu í sambandi við 100 ára afmæli sjúkrahússins, og það var gert. Ýmislegt er þar norður frá, sem á eftir að vinna að undirbúningi, áður en fullur framkvæmdahraði getur átt sér stað.

Þá spyr hv. þm.: „Verður veitt nægilegt fjármagn á fjárl. næsta árs til þess að standa við framkvæmdaáætlun heilbrrn. á því ári?“

Ef fjmrn. ætti að samþ. allar till., sem koma frá rn. yfirleitt, þá yrði ekki um að ræða fjárlög upp á 27 milljarða, heldur sennilega 54. Ég held þess vegna, að hv. þm. verði að gera sér grein fyrir því, að auðvitað leggja öll rn. málin fyrir eins og þau liggja fyrir, en þau gera hins vegar ekki ráð fyrir því, að þau verði framkvæmd með þeim hraða, sem þar er gert ráð fyrir. Ég get hins vegar fullyrt, að svo mikið fjármagn verður til þessa máls á næsta ári og næstu árum, að um eðlilegan uppbyggingarhraða verður að ræða. Hitt er það, hvort það verða 200—300 millj. til þess að vinna úr við þetta sjúkrahús á ári. Dreg ég í efa, að Akureyringum væri nokkur greiði gerður með að ætlast til þess, að það sé unnið fyrir yfir 200 millj. kr. við sjúkrahúsið á einu ári. Held ég, að það sé ekki raunhæft og ekki heppilegt.

Ég þori ekki að slá því föstu, hvenær þetta verk verður búið, en ég held, að a.m.k. ef sá andi svífur yfir vötnum í framkvæmdahraða og yfirleitt í framkvæmdum á næstu árum, eins og gerir hjá núv. ríkisstj., þá verði haldið áfram uppbyggingu þessa sjúkrahúss, þangað til því verki verður lokið, og það verður gert með skynsamlegum hraða.

Fyrirspyrjandi (Lárus Jónsson): Herra forseti. Ég vil þakka hæstv. ráðh. fyrir svörin, þó að þau hafi verið afslöpp að ýmsu leyti í sambandi við þessar spurningar, og vera má, að þær hafi verið klaufalega orðaðar að sumu leyti. Ég vil þó aðeins segja í sambandi við það, að hann bendir á, að ég seilist til þess að spyrja hann um það, sem aðrir ráðh. ættu frekar að svara, að þá kom til nokkurra orðahnippinga hér á milli okkar hæstv. heilbrrh. út af þessu máli í fsp.-tíma, þegar hann var ekki við hér. Mér var ómögulegt að skilja annað á þeim hæstv. ráðh. en að ég ætti að spyrja þann, sem réði fjármálum ríkisins, að ýmsu því, sem ég var þá að spyrja hann, þannig að það fer að verða vandi fyrir hv. þm., ef ráðh. vísa hver á annan, þegar verið er að ræða mál þeirra hér á hv. Alþ.

Ég vil taka undir þau orð hæstv. fjmrh., að auðvitað verður að vinna að þessu verki á skynsamlegan hátt og eðlilegan. En ég vil enn ítreka það, hvað hér er brýn þörf. Á Akureyri er sjúkrahús, sem hefur búið við sama húsakost um 20 ár. Starfsemi þessa sjúkrahúss hefur gerbreyst, eins og auðvitað öll heilbrigðisþjónusta í landinu, á svo löngum tíma. Það hefur verið bætt við tækjakosti, það hefur verið komið á stofn nýjum deildum, og það hefur verið reynt að vinna eins og mögulegt er innan veggja þessarar gömu byggingar og þröngu. En nú er svo komið, ekki síst vegna þess að vöxtur í þessum efnum hefur verið mjög mikill á allra síðustu árum, að stefnir í hreint öngþveiti, og ég vil vænta þess, að hæstv. ráðh., hvor á sínu sviði, fjármála og heilbrigðismála, geri sér grein fyrir því, hvað hér er mikil vá fyrir dyrum og hve mikil nauðsyn er á því a.m.k. að hraða fyrstu áföngum þessarar byggingar. Ég er ekki með þessum fsp. hér á hv. Alþ. að reyna að koma þessum ágætu mönnum í klípu hér í pólitískum tilgangi, heldur að reyna að vekja athygli þeirra og hv. þm. á því, hvað hér er um mikið mál að ræða og hvað verður að reyna að stíga vel í ístaðið, a.m.k. á næstu árum, til þess að leysa brýnan vanda, sem steðjar að Fjórðungssjúkrahúsinu á Akureyri.

Olíuleit á hafsbotni umhverfis Ísland, fsp. (þskj. 130). — Ein umr.

Fyrirspyrjandi (Stefán Gunnlaugsson): Herra forseti. Olíuskorturinn í heiminum og gífurlegar verðhækkanir á olíu undanfarið eru mörgum mikið áhyggjuefni. Menn velta því nú mikið fyrir sér, hvernig megi leysa þennan vanda, ekki hvað síst hér á Vesturlöndum. Í skrifum um

þessi mál hefur komið fram, m.a. í breska vikuritinu "The Economist" 10. nóv. s.l., að hugsanlegt sé, að Vestur-Evrópuþjóðir kunni að geta leyst olíuskort sinn, ef rétt sé á málum haldið, fyrir árið 1980 og verða óháðar olíuinnflutningi annars staðar frá úr heiminum, þar sem ýmislegt bendi til, að nægjanlegar olíubirgðir séu í iðrum jarðar í hafsbotni úti fyrir ströndum Vestur-Evrópulanda. Í því sambandi er tekið fram, að þessi hafsvæði nái m.a. frá meginlandi Evrópu allt til hafsvæðanna fyrir ströndum Íslands, um þetta sé að vísu engin óyggjandi vissa, eins og sakir standi, en bergmálsdýptarmælingar og bráðabirgðakannanir hafi gefið til kynna, að svo geti verið. Því er fróðlegt að fá upplýsingar um, hvernig olíuleitarmál standa hjá okkur, og hef ég því lagt fram svofelldar fsp. til hæstv. orkurh.:

„Hvers konar rannsóknir og leit eftir olíu í jarðlögum í hafsbotni úti fyrir ströndum Íslands hafa farið fram á undanförnum árum, og hvaða aðilar hafa að því staðið?

Eru nú fyrirliggjandi umsóknir eða fsp. frá erlendum aðilum um leyfi til olíuleitar í hafsbotni umhverfis Ísland, og ef svo er, þá frá hverjum?

Hafa verið teknar ákvarðanir um frekari olíuleit eða veitingu leyfa til slíkrar leitar eða rannsókna við Ísland, og ef svo er, hvers eðlis eru þær ákvarðanir?"

Heilbr.- og trmrh. (Magnús Kjartansson): Herra forseti. Hv. þm. Stefán Gunnlaugsson spyr í fyrsta lagi, hvers konar rannsóknir og leit eftir olíu í jarðlögum og hafsbotni úti fyrir ströndum Íslands hafi farið fram á undanförnum árum og hvaða aðilar hafi að því staðið."

Árið 1970 og 1971 spurðust nokkrir aðilar fyrir um það, hvort ríkisstj. Íslands mundi leyfa leit að olíu og gasi á hafsbotninum á landgrunni Íslands. Í febr. 1971 veittu íslensk stjórnvöld Shell-olíufélaginu í Hollandi leyfi til takmarkaðrar rannsóknar á landgrunninu með því skilyrði, að niðurstöður yrðu sendar íslenskum stjórnvöldum og að íslenskur vísindamaður væri um borð í skipinu, meðan á rannsókn stæði, og fylgdist með öllu. Niðurstöður urðu þær, að ekki fundust nein þau setlög, sem gætu gefið vísbendingu um olíu eða gas.

Á árunum 1971—1972 fóru fram á vegum landgrunnsnefndar margháttaðar rannsóknir og mælingar á íslenska landgrunninu í samvinnu við bandaríska landmælingastofnun. Niðurstöður voru á sömu leið, þ.e. að ekki væru á sjálfu landgrunninu nein þau setlög, sem hefðu olíu og gas að geyma. En þegar hér er rætt um landgrunn, er átt við hina gömlu skilgreiningu þess.

Í öðru lagi spyr hv. þm., hvort nú liggi fyrir umsóknir eða fsp. frá erlendum aðilum um leyfi til olíuleitar í hafsbotni umhverfis Ísland, og ef svo sé, þá frá hverjum. Um þetta er það að segja, að um mánaðamótin ágúst—sept. s.l. var statt hér í Reykjavíkurhöfn sovéska rannsóknarskipið Kurasjoff. Við það tækifæri hélt formaður rannsóknarleiðangursins blaðamannafund um borð í skipi sínu. Greindi hann frá því, að leiðangursmenn teldu sig hafa fundið mjög þykk setlög norðaustur af Íslandi. Voru að þeirra áliti mjög mikil líkindi á því, að setlög þessi hefðu að geyma olíu og gas. Svæði það, sem leiðangurinn rannsakaði, lá á 67° n. br. og 9.4° v.l. Töldu vísindamennirnir, að á þessu svæði væru setlög, sem væru allt að 3 km að þykkt, og væru veruleg líkindi fyrir því, að olíu og gas væri að finna á svæði, sem takmarkaðist frá 66° 40′ n. br. að 67° 20′ og frá 8° v. l. að 11°. Á því svæði, sem vísindamennirnir rannsökuðu helst, töldu þeir sig hafa fundið gastegundina bútan í sýnishorni af botni, en það benti til þess, að þar væri jarðgas að finna.

Þessar niðurstöður komu mönnum hérlendis nokkuð á óvart. Að vísu var vitað, að í setlagakvosinni milli Íslands og Jan Mayens væri um þykk setlög að ræða, en ekki var talið, að þau væru nema um 1000 metra þykk. Svæði það, sem hér um ræðir, er rúma 200 km eða um 110 sjómílur norðaustur af Langanesi, og þar er dýpið 800—900 metrar.

Eftir að skýrslur um þennan fund voru birtar í fjölmiðlum, bæði hérlendis og erlendis, beindist athygli áhugamanna á þessu sviði mjög að Íslandi. Formlegar umsóknir um olíuleit á hafsbotninum umhverfis landið hafa engar borist enn sem komið er. Hins vegar hafa ýmsir aðilar beint fsp. hingað og raunar komið hingað til þess að fá frekari vitneskju um málið. Þessir aðilar eru tveir frá Bandaríkjunum, tveir frá Noregi, einn frá Bretlandi og tveir frá Kanada. Svo virðist sem þessi fyrirtæki hafi mestan áhuga á frumathugunum fremur en beinum aðgerðum vegna vinnslu, enda er dýpi á þessu svæði það mikið, að líklegt er talið, að með núv. tækniþekkingu muni ekki gerlegt að vinna olíu á þessum slóðum. Það kann hins vegar að breytast mjög skjótt, eins og ástatt er nú í orkumálum í heiminum.

Í þriðja lagi spyr hv. þm., hvort teknar hafi verið ákvarðanir um frekari olíuleit eða veitingu leyfa til slíkrar leitar eða rannsókna við Ísland, og ef svo sé, hvers eðlis þær ákvarðanir séu. Ríkisstj. hefur hvorki tekið neinar ákvarðanir um frekari olíuleit né veitingu leyfa til slíkrar leitar og hefur ekki enn markað stefnu í þessum málum, m.a. vegna þess, að skýrsla frá sovéska leiðangrinum hefur ekki borist enn þá, en búist er við henni innan skamms. Hér gæti verið um mál að ræða, sem yrðu erfið viðfangs, og vegna þess að Norðmenn hafa þegar aflað sér mikillar reynslu á þessu sviði, orðaði ég það við norska iðnrh. á fundi iðnrh. Norðurlanda í Stokkhólmi 25. okt. s.l., hvort ríkisstj. Íslands mætti snúa sér til norsku ríkisstj. um aðstoð í þessum málum. Var þeirri málaleitan mjög vel tekið, og nú hefur rn. þegar skrifað norska iðnrn. um þessi mál og farið formlega fram á það að fá hingað til lands tvo sérfræðinga frá norsku olíuskrifstofunni til skrafs og ráðagerða við viðkomandi aðila hérlendis.

Þess er því ekki að vænta, að teknar verði neinar frekari ákvarðanir um olíuleit eða veitingu leyfa til leitar eða rannsókna hérlendis í

nánustu framtíð. Þessi mál þurfa öll gaumgæfilegrar athugunar við, og þar munum við tvímælalaust, eins og ég gat um áðan, geta haft sérstakt gagn af reynslu Norðmanna. Sagði iðnrh. þeirra mér, að hann teldi, að Norðmenn hefðu samið af sér í viðskiptum við erlenda auðhringi með því að afsala sér meirihlutayfirráðum yfir verulegum hlutum olíusvæðanna við Noreg. Kvaðst hann þegar í stað geta lagt mér þau ráð að tryggja meirihlutayfirráð Íslendinga og óskoruð völd, ef olía fyndist, en gera engan samning ella. Hér kunna því að blasa við vandamál, sem verða mjög mikilvæg, og það, sem úrslitum ræður, er að marka rétta stefnu þegar í upphafi.

Fyrirspyrjandi (Stefán Gunnlaugsson): Herra forseti. Ég þakka hæstv. ráðh. svör hans. Þótt við Íslendingar höfum höfum næga olíu fyrir okkur, eins og sakir standa, hefur olíukreppan í heiminum vissulega bitnað á Íslendingum í sívaxandi mæli í verðhækkunum á olíu og bensíni undanfarið og gerir það áreiðanleg áfram í vaxandi mæli, ef svo heldur fram sem nú horfir í þessum efnum. Það ástand, sem nú ríkir í orku- og eldsneytismálum í heiminum, hlýtur að reka á eftir því, að gangskör verði að því gerð að kanna til hlítar, hvort olíu sé að finna í botni í hafinu umhverfis Ísland og hvort hagkvæmt reynist að ná henni á því dýpi, sem hana er að finna. Ég vona, að hæstv. ríkisstj. sinni þessum málum á þann veg, sem best kemur þjóðinni í bráð og lengd. Í því sambandi skiptir að sjálfsögðu miklu máli, við hvaða aðila haft er samráð um þessi efni erlendis og hvaða aðilar það eru, sem verða fengnir til aðstoðar og ráðleggingar í þessum efnum. Það liggur í hlutarins eðli, að til slíkra verður að leita, því að hér á landi er ekki sú sérfræðiþekking og tækni, sem þarf til þess að rannsaka þessi mál svo sem nauðsynlegt er. Og ég fagna því alveg sérstaklega, sem hér hefur komið fram hjá hæstv. ráðh., að hann hyggst hafa náið samráð við Norðmenn um þessi mál.

Steingrímur Hermannsson: Herra forseti. Mér sýnist, að það mætti koma fram í sambandi við þessa fsp. í fyrsta lagi, hvað líði landgrunnsrannsóknum þeim, sem Alþ. hefur veitt sérstaka fjárveitingu til og farið hafa fram undir umsjón Rannsóknaráðs ríkisins, en þeim er lokið að því leyti, að það er búið að fara yfir allt landgrunnið með þeim tækjum, sem við höfum til ráðstöfunar. Það er verið að vinna úr þeim upplýsingum, en þegar er ljóst, að þar er ekkert, sem bendir til, að olíu sé að finna á landgrunninu sjálfu. Og að sjálfsögðu eru það einnig mikilvægar upplýsingar. Ég vil einnig geta þess, að hinir rússnesku vísindamenn hafa verið í nánu sambandi við Rannsóknaráð, og við höfum fengið upplýsingar um þennan fund þeirra oftar en einu sinni, bæði í fyrra og aftur nú. Við höfum fengið kort af því svæði, þar sem þeir hafa fundið þessi lög, og eins og kom fram hjá hæstv. ráðh., hefur þeim verið skrifað, og það er væntanleg skýrsla frá þeim mjög fljótlega. Hins vegar er þetta á svo miklu dýpi og gengur að öllum líkindum undir þá hellu, sem einkennir okkar landgrunn, að með núverandi tækni eru að mínu mati ákaflega litlar líkur til, að þetta verði nýtt í náinni framtíð.

Ferðamál, fsp. (þskj. 130). — Ein umr.

Fyrirspyrjandi (Helmir Hannesson): Herra forseti. Ferðamál eru nú mjög á dagskrá í þessu landi og verða vafalaust í þinginu á næstunni. Í framhaldi af því hef ég leyft mér að leggja fram nokkrar fsp. til hæstv. samgrh. um þau mál. Þær eru:

„1. Hvað líður framhaldsathugunum á vegum Sameinuðu þjóðanna um þróun íslenskra ferðamála?

2. Hafa ráðstafanir verið gerðar til að tryggja fé til þeirra, og hver yrði hlutur Íslands í því sambandi?

3. Hafa verið gerðar ráðstafanir af opinberri hálfu til að leysa hreinlætisvandamál á fjölförnum ferðamannastöðum?

4. Hafa ráðstafanir verið gerðar til að kynna alþjóðlegum fjármálastofnunum umræddar áætlanir og hugsanlega þörf á lánveitingum vegna framkvæmda í ferðamálum?“

Áður en hæstv. ráðh. svarar þessum fsp., vil ég leyfa mér að hafa örfá orð um stöðu þessara mála í dag og framtíðarviðhorf. Segjum, að íslensk ferðamál séu nú að ýmsu leyti á nokkrum tímamótum vegna nýrra viðhorfa, þannig að ekki verði hjá því komist að hefja stefnumörkun sem fyrst í málefnum þessa tiltölulega nýja atvinnuvegar, og á það bæði við lagasetningu, mikilvæg framkvæmdaatriði og ráðstöfun og öflun á fjármagni. Við búum enn við ferðamálalöggjöf, sem þarfnast brýnnar endurskoðunar með tilliti til þessara nýju viðhorfa, og segja má, að íslensk ferðamál hafi þróast á þann veg, er þau hafa gert, þrátt fyrir gildandi löggjöf, en ekki vegna hennar. Nú hefur hæstv. ráðh. lagt fram nýtt frv. að ferðamannalöggjöf, og verður það vafalaust rætt nánar hér í þingsölum, og skal ég ekki ræða það nánar.

Það er alkunna, að fáar atvinnugreinar í heiminum hafa vaxið jafnört á síðustu árum og margvísleg ferðaþjónusta. Orsakirnar eru margvíslegar, m. a. aukinn frítími, bylting í samgöngum og batnandi lífskjör, og þar að auki sívaxandi alþjóðleg samvinna á mörgum sviðum. Alþjóðlegar fjármálastofnanir hafa látið sig þetta miklu skipta, sérstaklega á síðari árum, og þó einkum Alþjóðabankinn og stofnanir hans, og hafa þær ýmist lánað eða lagt fram í ýmsu formi mikið fjármagn til margra þátta ferðamála. M. a. er svo langt gengið, að vegamál hafa verið einn þáttur í slíkri lánastarfsemi. Býr þar að baki sú skoðun, að fátt sé líklegra til að skapa gjaldeyrissnauðum löndum með einhæfa atvinnuvegi vaxandi gjaldeyristekjur, og ekki síður sú staðreynd, sem okkur hættir stundum að taka of oft sem sjálfgefna, að þróun ferðamála færir menn og þjóðir nær hvort öðru, þar sem oft skapast tengsl og vinátta og aukinn skilningur á milli þjóða og

einstaklinga. Hvað er líklegra en slík samskipti til að stuðla að þeim friði og skilningi í heiminum, sem allir eru sammála um að vinna að?

En víkjum þá örlítið að stöðunni hjá okkur sjálfum. Hjá okkur tengjast ferðamál á einn eða annan hátt við flest svið í þjóðlífi okkar og e. t. v. í ríkari mæli en við gerum okkur sjálf ljóst daglega. Ég vil nefna aðeins örfá grundvallaratriði, sem hafa ber í huga.

Hinir beinu viðskiptahagsmunir eru fjölþættari en í nokkurri annarri atvinnugrein. Hin óbeinu áhrif eru margvísleg, m. a. þau, að samkv. alþjóðlegum rannsóknum eru margfeldisáhrif þess fjár, er ferðamaðurinn skilur eftir, sjöföld í efnahagskerfinu miðað við aðrar atvinnugreinar. Frá sjónarmiði byggðastefnu er ferðamannaþróun æskileg, m. a. vegna fjármagnsdreifingar og valddreifingar. En þar er þó ekki sama, hvernig á er haldið. Loks mega menn ekki gleyma því, að þróun ferðamála er í rauninni forsenda þess, að við Íslendingar getum rekið og stjórnað sjálfir okkar eigin samgöngukerfi, og er það fyrst og fremst átt við flugmálin.

Þetta var hluti af kostunum. En vissulega getur líka verið viss hætta á ferðum, ef — og ég segi aftur: ef við kunnum ekki að sýna hófsemi og varkárni, þar sem það á við. Ég á hér við þá hættu, sem fólgin er í því, að ört vaxandi ferðamannastraumur geri umhverfisvandamál okkar alvarlegri en þau nú eru. Þetta er margfalt stærra vandamál en svo, að hægt sé að ræða það hér. En ég vil leggja áherslu á tvennt.

Að sjálfsögðu eigum við aldrei að stíga neitt skref í þessum málum nema skoða umhverfis- og náttúruverndarmálin rækilega. En það er um leið þjargföst skoðun mín, að í þessum málum sem öðrum sé stefnumarkandi skipulag líklegra til árangurs en skipulagsleysi mótað af einangrunarhugmyndum. Ég held, að við varðveitum aldrei óspillta náttúru þessa lands með því að girða hana af. Meginmarkmiðið hlýtur því að vera að tryggja eðlilega þróun þess atvinnuvegar með það í huga að styrkja grundvöll þjóðarbúsins, auka valddreifingu og virka byggðastefnu, um leið og við tökum fullt tillit til umhverfisverndar og þeirrar framtíðarstefnu að varðveita landið og kosti þess, jafnt til hags og ánægju fyrir landsmenn sjálfa og þá gesti, er vilja sækja okkur heim. Ég treysti því, að hæstv. samgrh., ríkisstj. og Alþ. muni hafa þar góða forustu og sú stefnumörkum verði tekin, er hér hefur verið reynt að lýsa.

Félmrh. (Björn Jónsson): Herra forseti. Hv. 3. þm. Norðurl. e. spyr í fyrsta lagi, hvað líði framhaldsathugunum á vegum Sameinuðu þjóðanna um þróun íslenskra ferðamála. Um það vil ég segja þetta, að eins og kunnugt er veitti Þróunarsjóður Sameinuðu þjóðanna árið 1971 fjárhagslega aðstoð til gerðar ferðamálaáætlunar fyrir Ísland, og nemur aðstoðin 140 þús. Bandaríkjadölum. Fyrri hluti þessarar áætlunargerðar var unnin af bandarísku fyrirtæki, Checchy & Co., á s. l. ári og þessu ári, og skilaði það skýrslu sinni til Sameinuðu þjóðanna og ríkisstj. í sumar. Með skýrslunni er m. a. stefnt að því að lengja ferðamannatímabilið á Íslandi, og eru fjórar leiðir eða þróunarsvið valin til sérstakrar athugunar í skýrslunni. Það eru skíðasvæði, vötn, ár og sjór til fiskveiða, ráðstefnu — og fundaaðstaða og jarðhiti til heilsuræktar. Niðurstöður bandarísku fyrirtækisins varðandi aukningu erlendra ferðamanna til Íslands eru þær, að hæfilegt sé að stefna að 12% aukningu fram til 1980, 8% eftir það fram til 1990. Með þessu móti mundu ferðamálin öðlast aðeins aukinn hlut í þjóðarbúskapnum, en jafnframt væri unnt að halda ferðamannastraumnum innan æskilegra marka með tilliti til landverndar og þarfa okkar sjálfra. Bandarísku fyrirtækið bendir á, að verði hins vegar ekkert að gert í ferðamálum, muni aukning erlendra ferðamanna stöðvast af sjálfu sér strax á árinu 1976. Sú aukning, sem hefur orðið í ár, aðeins 6—7%, bendir til þess, að þessi fullyrðing sé á rökum reist. Bandarísku fyrirtækið leggur til, að á næstu árum verði lagt í ákveðnar framkvæmdir, sem jafnframt því að laða erlenda ferðamenn komi að fullum notum fyrir landsmenn sjálfa. Það er ekki ástæða til þess hér að rekja, í hverju þessar framkvæmdir eru fólgnar, en heildarkostnaður við þær er áætlaður rúmlega 2 milljarðar kr. Ríkisstj. hefur ekki tekið ákvörðun um, hvort eða að hve miklu leyti ráðist verði í þessar framkvæmdir, en samþ. fyrir sitt leyti, að síðari hluti áætlunargerðarinnar fari fram, en í henni verður m. a. kannaður rekstrargrundvöllur fyrir þessar framkvæmdir og annað, sem máli skiptir í því sambandi. Þessum áætlunum mun verða lokið á árinu 1975, og þá, en ekki fyrr, mun ákvörðun verða tekin um það, hvort ráðist verði í þessar framkvæmdir.

Í öðru lagi er spurt: „Hafa ráðstafanir verið gerðar til að tryggja fé til þeirra, og hver yrði hlutur Íslands í því sambandi?“ Áætlað er, að greiðslur til erlends fyrirtækis, sem vinni að áætlanagerðinni, þ. e. a. s. þeirri síðari, nemi 135 þús. Bandaríkjadölum. Þar af eru 55 þús. dalir óafturkræft framlag Þróunarsjóðs Sameinuðu þjóðanna, en 40 þús. framlag frá ríkissjóði. Auk þess mun ríkissjóður þurfa að greiða innlendan kostnað við áætlunargerðina, en hann er einkum fólginn í ferðalögum innanlands, vélritunarþjónustu og kostnaðinum við íslenska starfsmenn. Áætla má, að hann verði á bilinu 2—4 millj. kr. Á fjárl. 1974 verða teknar inn í þessu skyni 5 millj. kr.

Í þriðja lagi er spurt: „Hafa verið gerðar ráðstafanir af opinberri hálfu til að leysa hreinlætisvandamál á fjölförnum ferðamannastöðum?“ Samgrn. hefur nú um nokkurra ára skeið haft fjárveitingu á fjárl. til að bæta salernisaðstöðu á fjölförnum ferðamannastöðum. Enda þótt þessi fjárhæð hafi verið lág og raunar allt of lág, hefur þó töluvert miðað í þá átt að koma þessum málum í betra horf. Ríkissjóður stuðlaði á sínum tíma að byggingu snyrtiskálans á Laugarvanti, sem er við tjaldstæðið þar, og var m. a. greitt fyrir þeim framkvæmdum með lánum úr Ferðamálasjóði. Ríkissjóður keypti á s. l. ári veitingaskálann við Gullfoss, en þar hafði þá verið hætt veitingarekstri, og salernisaðstaða, sem

þá var þar fyrir hendi, var algerlega óhæf. Á þessu ári fengust svo 2 millj. kr. í fjárl. til þess að koma upp snyrtiaðstöðu við Gullfoss. Var hluti af því fé notaður til þess að koma upp snyrtiaðstöðu í gamla veitingaskálanum, og er óhætt að segja, að sú aðstaða hafi verið skammlaus í sumar, þó engan veginn til frambúðar, og hefur samgrn. farið fram á að fá 10 millj. kr. framlag á fjárl. ársins 1974 til þess að byggja nýjan snyrtiskála við Gullfoss.

Í fjórða lagi er spurt: „Hafa ráðstafanir verið gerðar til að kynna alþjóðlegum fjármálastofnunum umræddar áætlanir og hugsanlega þörf á lánveitingu vegna framkvæmda á ferðamálum?“ Þessari spurningu get ég raunar ekki svarað nema neitandi. Það hefur ekki farið fram nein formleg könnun á þessu né fjármálastofnunum verið kynntar með formlegum hætti þessar áætlanir, m. a. vegna þess, að ákvörðun hefur ekki enn verið tekin. Hins vegar hefur verið um algerlega óformlegar kynningar að ræða í því sambandi.

Eysteinn Jónsson: Herra forseti. Ég sé ástæðu til að benda á það, sem raunar kom fram af því, sem hæstv. ráðh. sagði, að það, sem stundum er kallað áætlun um ferðamál á Íslandi og gert er af ameríska fyrirtækinu, sem hann greindi frá, er ekki heildaráætlun um ferðamál á Íslandi, heldur eingöngu áætlun um einstaka þætti. Þar er eingöngu fjallað um einstaka þætti og fyrst og fremst miðað við erlenda ferðamenn og ráðstafanir til þess að fá þá til landsins.

Frá mínu sjónarmiði getur ekki komið til greina að ákvarða verkefnaröðun í ferðamálum, fyrr en allir þættir þessara mála hafa verið skoðaðir og þeim raðað upp og þeir bornir saman, þ. á m. aðstaða og möguleikar víðs vegar um landið til þess að koma upp ferðaþjónustu **fyrir innlent ferðafólk og erlent. Ég tel, að** gætilega og hóflega verði að fara í að fjölga erlendum ferðamönnum, en vinna sem allra mest að því, að Íslendingar geti ferðast um sitt eigið land og dreift sér um það.

Ég vil fara þess á leit við hæstv. samgrh., að hann beiti sér fyrir heildarathugun ferðamálanna á þann veg, að sem flest sjónarmið komi þar til, ekki bara þeir þættir, sem ameríska fyrirtækin skoðuðu, heldur einnig t. d. byggðasjónarmið, umhverfissjónarmið og hin mikla nauðsyn þess að dreifa ferðalögunum um landið. Ég skora sem sé á hæstv. ráðh. að beita sér fyrir því, að ferðamálaáætlun verði gerð, þar sem stefnan verði mörkuð, eftir að allir þættir hafa verið raktir. Ég vænti þess og treysti því, að engar meiri háttar ákvarðanir verði teknar í þessum málum án samþykkis Alþ. og án þess að hæstv. ráðh. hafi undirbúið það á þessa lund og að erlendar lántökur verði alls ekki undirbúnar í einstaka þætti þessara mála, fyrr en stefnan hefur verið mótuð af ríkisstj. og Alþ. um það, hvað eigi að sitja fyrir.

Við erum, eins og hér hefur komið fram í umr., mjög sennilega stödd á vegamótum í þessum málum og afar þýðingarmikið, hvað verður tekið fram fyrir. Ég bendi aðeins á það, hvernig farið gæti, ef þetta væri ekki skoðað vel í heild. Í þessari áætlun um einstaka þætti er gert ráð fyrir 2200 millj. kr. fjárfestingu, en þar af eru 2000 millj. í Reykjavík og næsta nágrenni, en aðeins 200 millj. úti um land. Sjá allir, að það þarf að taka þessi mál mjög myndarlegum tökum, og ég treysti samgrh. mjög vel til að gangast fyrir því.

Fyrirspyrjandi (Heimir Hannesson): Herra forseti. Ég vil þakka samgrh. fyrir greinargóð svör og vil fara um þau örfáum orðum.

Í þessari frumskýrslu um fjögur þróunarsvið, sem fyrir liggur, held ég, að sé mjög margt athyglisvert, þó að vissulega megi um margt deila. Ég vil taka undir hluta af því, sem hv. þm. Eysteinn Jónsson sagði. Ég er honum fyllilega sammála um, að við eigum engar þær meiri háttar framkvæmdir að gera í ferðamálum, sem koma ekki heim og saman við okkar eigin hagsmuni, hagsmuni Íslendinga sjálfra. En ég er hins vegar honum ósammála um þá skýrslu, sem hefur verið gerð og ég lít á sem bráðabirgðaskýrslu, en tek undir það, að þar eru vissulega ýmsir hlutir, sem geta komið þjóðinni til góða jafnt sem erlendum ferðamönnum. Ég held, að þessi fjögur svið, sem þarna eru rædd, séu öll athyglisverð, en vissulega verður að kanna þau mun betur. Margar forsendur skortir, m. a. **í sambandi við lax- og silungsveiði í ám og** vötnum. Þá skortir fullkomnari rannsóknir á fiskeldi víða um land. Það er sjálfsagt að halda þessu áfram og kanna möguleika á ákveðnum framkvæmdum og staðarvali þeirra.

Ég fagna því, að ríkisstj. hefur tekið ákvörðun um að kanna þetta mál nánar, þótt að sjálfsögðu hafi engar endanlegar ákvarðanir verið teknar um neitt fyrir framtíðina. Ég get þó ekki hjá því komist, eins og hv. þm. Eysteinn Jónsson, að gagnrýna mjög harðlega þær áætlanir, sem fyrir liggja, að því leyti, að af fjárfestingaráætlunum upp á 2250 millj. kr. er gert ráð fyrir svo að segja öllu — eða yfir 90% af fjárfestingunni — í eða við þéttbýlissvæðið við Faxaflóa. Ég gagnrýni það mjög harðlega, en vil jafnframt leggja þann skilning í það, að hér er um að ræða sérfræðilegar till., sem á eftir að skoða betur, á eftir fylgir pólitískt mat, og ég treysti mjög vel hæstv. samgrh. og ríkisstj. í heild til að draga þar af réttar ályktanir. Mér finnst ekki óeðlilegt, — ef vikið er að þessum till. aftur, sem hafa verið gerðar mikið til opinberar, þó að þeim hafi e. t. v. ekki verið dreift hér á Alþ. nema að hluta, — að ráðstefnuuppbyggingin verði mikið til í tengslum við höfuðstaðinn. En ef af hinum miklu framkvæmdum verður í sambandi þá miðstöð, þar sem á að stunda skíðaiðkanir að vetrarlagi og heilsuræktaraðstöðu árið um kring, auk fjölmargs annars, þá á að setja þá miðstöð á stofn annars staðar á landinu, ekki eingöngu af byggðasjónarmiðum, heldur einnig af hreinum hagkvæmnissjónarmiðum. Mér dettur ekki í hug að koma fram með neinar till. að þessu sinni til hæstv. ráðh., en ég treysti því, að hann og ríkisstj. muni taka fullt tillit til þess byggðasjónarmiðs, ef af verður.

Í sambandi við atriði nr. 2, um hreinlætis-

ástandið, þá þarf ekki að fara um það mörgum orðum. Það er hreint ófremdarástand, og er það því miður ekki í samræmi við nýsamþykkt náttúruverndarlög. En ég vil leggja áherslu á það, að vandamálið er fyrst og fremst til vegna þess, að nánast engar ráðstafanir hafa verið gerðar eða mjög ófullnægjandi. Það er auðvelt að kippa þessu í lag, ef skilningur er fyrir hendi, og annað er ekki mannsæmandi, ekki endilega vegna erlenda ferðafólksins, heldur fyrst og fremst okkar sjálfra vegna.

Að því er varðar kynningu gagnvart alþjóðlegum fjármálastofnunum, þá er það rétt hjá hv. þm. Eysteini Jónssyni, að á þessu stigi er ekki tímabært að leggja fram neinar ákveðnar till., einfaldlega vegna þess, að þær eru ekki fyrir hendi. En ég held, að það mundi ekki saka og það mundi flýta fyrir þróun þessa máls, ef **alþjóðlegum fjármálastofnunum væri gerð grein almennt fyrir hug og framtíðarfyrirætlunum Íslendinga** í þessum málum. Þetta mál er búið að vera á dagskrá síðan 1968, og báknið er víst nægilega þungt til þess, að ekki veiti af a. m. k. að halda þessu máli í gangi.

Félmrh. (Björn Jónsson): Herra forseti. Það er ekki aðstaða til að ræða þetta mál núna, en hins vegar ætti hún að gefast sæmilega í sambandi við það frv. um ferðamál, sem ríkisstj. hefur lagt fram og liggur nú fyrir hv. Ed. En ég vil strax taka það fram til þess að fyrirbyggja allan misskilning, að ég lít ekki á þessa undirbúningsskýrslu hins bandaríska fyrirtækis sem neina heildaráætlun um ferðamál á Íslandi, allra síst heildaráætlun, sem stjórnvöld hafi lagt blessun sína yfir. Vafalaust mun mönnum þykja sem ýmislegt sé þar við að athuga og jafnvel litið á málið dálítið frá einni hlið. Það er þó ekki fullkomlega rétt hjá hv. 1. þm. Austf., að þessi áætlun sé eingöngu fyrir erlenda ferðamenn. Að nokkru leyti er það í áætluninni, að gert er ráð fyrir mikilli fjárfestingu hér í Reykjavík, einmitt vegna þess, að það er gert ráð fyrir, að það þurfi innlenda markaðinn til þess að standa undir þeirri fjárfestingu, sem um er að ræða, eins og t. d. varðandi skíðasvæði og annað því um líkt, og bent er á, að væri það annars staðar á landinu, þá þyrfti það að verða á heimsmælikvarða í samkeppni við bestu skíðaaðstöðu, sem þekkist, og þar er af miklu og góðu að taka, og svipað er að segja um heilsuræktina. Engu að síður er það mín skoðun, að það beri að skoða málið alveg sérstaklega út frá þessu sjónarmiði, út frá byggðasjónarmiði, og ég tel vafalaust, að það verði gert, þegar þessar skýrslur hafa verið fullgerðar og hægt er að hafa þær allar og fullgerðar til hliðsjónar við þá heildaráætlun, sem við hljótum að gera og hv. 1. þm. Austf. ræddi um.

Það er sem sagt kannske höfuðgagnrýnin á það, sem fyrir liggur frá þessu bandaríska fyrirtæki, eins og ég sagði, að fjárfestingin sé of mikil í Reykjavík. En þetta er að sumu leyti eðlilegt, ekki síst þegar hagkvæmnisástæður eru skoðaðar, þó að þær beri auðvitað engan veginn einar að vera ráðandi. Sannleikurinn er sá, að í okkar ferðamálum er mergurinn málsins sá, að ekki er nægilegt gistirými og aðstöðurými hér á Reykjavíkursvæðinu, en það vill nú svo til, að okkar samgöngum við erlendar þjóðir er þannig háttað, að útlendir ferðamenn, sem koma hingað, koma hér á Reykjavíkursvæðið og fara héðan, og hér verður þess vegna að vera einhver aðstaða í einhvern stuttan tíma, a. m. k. 1—2 nætur, fyrir hvern þann erlendan ferðamann, sem til landsins kemur og dvelst hér eitthvað að marki. En að sjálfsögðu, þegar heildarskýrsla frá Sameinuðu þjóðunum liggur fyrir, tel ég fyrst vera tíma kominn til þess að nota hana sem hjálpargagn við heildaráætlun um ferðamál á Íslandi.

Eysteinn Jónsson: Herra forseti. Ég held, að hv. þm. og hæstv. ráðh. hafi misskilið mig. Ég **sagði, að þessi áætlun sem bandariska fyrirtækið** hefur gert, væri fyrst og fremst miðuð við erlenda ferðamenn og ráðstafanir til að fá þá til landsins, og ég held, að það geti ekki orðið um það deilt. Hitt sagði ég aldrei, að þessar framkvæmdir, sem þar eru ráðgerðar, gætu ekki komið Íslendingum til nota einnig. En ég held, að það fari ekkert á milli mála, að grundvöllurinn að henni er þessi.

Frá mínu sjónarmiði liggur mest á að gera heildaráætlun um þessi mál, en ekki hitt, að vinna svo mjög úr þeim hugmyndum, sem þarna eru, fyrr en menn þá eru á því, að þær eigi að koma fljótlega til, en það gæti orðið um eitthvað af þeim. Mest liggur á því að gera heildaráætlun og láta sitja fyrir framkvæmdir víðs vegar um landið í sambandi við ferðamálefnin. Það er sannfæring mín, að þær þyrftu að sitja fyrir, opna beri landið meira en gert hefur verið, búa beri betur í haginn fyrir ferðamenn víðs vegar um landið, og þá getur þetta líka orðið mjög þýðingarmikið mál í sambandi við framkvæmd skynsamlegrar byggðastefnu.

Ég álít, að það eigi ekki að fara með þessi mál fyrir alþjóðafjármálastofnanir, fyrr en við vitum sjálfir, hvað við viljum láta sitja fyrir. Annars eigum við það á hættu, að þær hafi of mikil áhrif á það, hvað hér verður látið sitja fyrir, og þess eru mjög mörg dæmi, að þannig hefur einmitt farið, ef menn fara of snemma á stúfana að hinar og aðrar fjármálastofnanir erlendar segja: Ég skal lána í þetta, en ekki í hitt o. s. frv. — Ég held, að það sé betra, að menn viti, hvað þeir vilja, áður en farið er að leggja fyrir slíkar stofnanir beiðnir um lán. Það er mín reynsla, og það mun sýna sig, að það er skynsamlegt.

Landkynningarstarfsemi, fsp. (þskj. 130). — Ein umr.

Fyrirspyrjandi (Heimir Hannesson): Herra forseti. Það eru tvær viðbótarfsp. til hæstv. samgrh., sem hljóða þannig:

„1. Hversu miklu opinberu fé er áætlað að ráðstafa til landkynningarstarfsemi Ferðaskrifstofu ríkisins á næsta ári?

2. Hversu há er sú upphæð, er lögð hefur verið fram af íslenskri hálfu til að standa straum

af kostnaði við norrænar kynningarskrifstofur í Bandaríkjunum og Þýskalandi á undanförnum þremur árum, og hversu miklu fé er áætlað að ráðstafa í því sambandi á næsta ári?“

Ég mun ekki hafa um það fleiri orð að þessu sinni, fyrr en hæstv. ráðh. hefur skýrt málið.

Félmrh. (Björn Jónsson): Herra forseti. Í fyrsta lagi er spurt, hversu miklu opinberu fé sé áætlað að ráðstafa til landkynningarstarfsemi Ferðaskrifstofu ríkisins á næsta ári. Svar mitt er það, að samkv. fjárlagafrv. 1974 eru það 8 millj. 270 þús. kr.

Í öðru lagi er spurt, hversu há sé sú upphæð, sem lögð hefur verið fram af íslenskri hálfu til að standa straum af kostnaði við norrænar kynningarskrifstofur í Bandaríkjunum og Þýskalandi á undanförnum þremur árum og hversu miklu fé sé áætlað að ráðstafa í því sambandi á næsta ári. Svar mitt er þetta, að árið 1970 var þessi upphæð 603 580 kr. 70 aurar, árið 1971 var þessi upphæð 1 743 962 kr., árið 1972 var upphæðin 3 763 453 kr. og árið 1973 5 millj. kr., en þar af til Bandaríkjanna 4.4 millj. kr. Á árinu 1974 er áætlað, að til þessarar starfsemi fari 5.3 millj. kr., eða um 64% af landkynningarfénu í heild, þar af 4.7 millj. kr. til Bandaríkjanna.

Fé til þessarar sameiginlegu landkynningarskrifstofu í Bandaríkjunum fer fyrst og fremst til norrænnar kynningarskrifstofu, sem Norðurlönd hafa þar sameiginlega, þar sem Íslendingar hafa starfsmann, en nokkurt framlag einnig til kynningarskrifstofu í Los Angeles. Á meginlandi Evrópu tökum við þátt í kynningarskrifstofum í 4 borgum: Hamborg, München og Róm ásamt Dönum og Zürich ásamt Dönum og Svíum. Í sérstakri athugun er nú, hvort eða að hve miklu leyti þessari þátttöku okkar verður haldið áfram.

Fyrirspyrjandi (Heimir Hannesson): Herra forseti. Ég vil þakka hæstv. ráðh. fyrir greinargóð svör. Ég skal ekki ræða starfsemi Ferðaskrifstofu ríkisins á þessu stigi málsins, ég held, að það sé ekki tímabært að fara út í það. Það verður vafalaust gert í sambandi við það lagafrv., sem liggur fyrir þingi um ferðamál. Þó vil ég aðeins vekja athygli á því, að það er lítið samræmi í því að halda uppi lögum um Ferðaskrifstofu ríkisins og ætla henni að standa undir landkynningu og öðrum málefnum án þess að ætla henni nægilegt fé í þeim efnum. Geri ég ráð fyrir, að þau mál eigi eftir að skýrast á næstunni, og mun ekki fara út í það núna.

Ég get hins vegar ekki annað sagt eftir þær upplýsingar, sem hæstv. ráðh. hefur hér veitt, að það sé í meira lagi vafasamur ávinningur og umdeilanleg ráðstöfun á opinberu fé að hafa núna á þremur árum ráðstafað, að því er mér telst til, yfir 12 millj. kr. í starfsemi á vegum norrænna aðila, þar sem ekki er um að ræða neina vöru, sem verið er að selja. Ég held, að það hefði verið nær, að þetta fé hefði runnið til Ferðaskrifstofu ríkisins eða hreinlega til íslensku flugfélaganna, sem hafa háð harða baráttu á þessum sömu mörkuðum. Ég skal við öll möguleg tækifæri lýsa yfir stuðningi mínum við norræna samvinnu og norrænt samstarf, en í þessum málum verða menn að átta sig á því, að við okkar ágætu frændur á Norðurlöndum eigum við í samkeppni í flugmálum og þar með ferðamálum, þannig að þar liggja okkar leiðir alls ekki saman. Ég vil þess vegna halda því fram, að þessi opinbera ráðstöfun á svo miklum upphæðum og enn hærri upphæð fyrir árið 1974 sé hrein mistök og mjög óeðlileg eyðsla á opinberu fé.

Félmrh. (Björn Jónsson): Herra forseti. Ég hefði kannske getað sagt það strax, sem ég ætla að segja nú, að ég er að ýmsu leyti sammála hv. 3. þm. Norðurl. e. um það, hvernig landkynningarfé hefur verið varið. Það þarfnast að mínu viti endurskoðunar. Það er einmitt þess vegna, sem ég hef nú nýlega m.a. sett þrjá hæfa menn í það að athuga alla starfsemi og rekstur Ferðaskrifstofunnar og gera till. um framtíðarskipan þeirra mála. Ég hef enn fremur núna, í tilefni af því, að forstjóri Ferðaskrifstofunnar mun taka þátt í fundi norrænnar samstarfsnefndar um ferðamál, lagt fyrir hann í sambandi við þá ferð að kynna það, að þessi mál væru í endurskoðun og kæmi til greina, að við mundum að einhverju verulegu leyti draga okkur, a.m.k. að hluta, út úr þeirri starfsemi, án þess þó að við vildum slíta þau bönd, sem binda okkur saman í sambandi við það, sem er algerlega á vegum allra Norðurlandaþjóðanna. Þetta er m.a. mín hugsun í sambandi við það, sem hv. fyrirspyrjandi kom inn á, að á þeim skrifstofum, sem við rekum í Evrópu, höfum við ekki starfsfólk, ég held hvergi. Það er enginn vafi á því, að okkar landkynningarstarfsemi væri betur rekin einmitt í samráði og sambandi við skrifstofur og rekstur flugfélaganna heldur en þessar skrifstofur, sem við rekum annars vegar með Dönum og hins vegar með Svíum.

Endurskipulagning utanríkisþjónustunnar, fsp. (þskj. 130). — Ein umr.

Fyrirspyrjandi (Heimir Hannesson): Herra forseti. Ég mun hvorki hafa inngang né eftirmála í sambandi við þessar fsp., sem hér liggja fyrir til hæstv. utanrrh., en þær eru eftirfarandi:

„1. Hvað líður þeirri endurskoðun á starfsemi utanríkisþjónustunnar, er málefnasamningur ríkisstj. kveður á um?

2. Hefur verið leitað álits forsvarsmanna útflutningsaðila í sambandi við þá endurskoðun?“

Utanrrh. (Einar Ágústsson): Herra forseti. Það verður stutt svar hjá mér að þessu sinni við þeim fsp., sem hv. 3. þm. Norðurl. e. hefur flutt hér, en svarið er svona:

Endurskoðun á skipulagi utanríkisþjónustunnar hefur verið til athugunar, og ættu skýrslur um þá athugun að liggja fyrir, áður en langt um líður. Á sínum tíma samdi ég við dr. Ólaf Ragnar Grímsson um að kynna sér starfsemi

utanríkisþjónustunnar með sérstakri hliðsjón af viðskipta- og markaðsmálum og gera till. í því efni. Hvað snertir skipulag utanríkisþjónustunnar að öðru leyti, hef ég óskað eftir till. sendiherra Íslands erlendis, og hafa svör sumra þeirra þegar borist. Einnig hef ég óskað eftir því sérstaklega við einn starfsmann utanrrn., Pétur Eggerz sendiherra, að hann láti mér í té till. varðandi endurskipulagningu utanríkisþjónustunnar og staðsetningu sendiráða.

Hvað snertir síðari spurninguna get ég sagt, að samráð hefur verið haft við ýmsa aðila útflutningsins. Eins og ég sagði, ættu skýrslur um endurskoðunina að liggja fyrir, áður en langt um líður, og verður þá unnið úr þeim og hægt að gefa hv. Alþ. frekari skýrslu um þessa athugun.

Fyrirspyrjandi (Heimir Hannaesson): Herra forseti. Ég held, að þeir, sem áður kunna að hafa efast um gagnsemi utanríkisþjónustunnar, hafi sannfærst um gildi hennar í eitt skipti fyrir öll í þeirri miklu og víðtæku starfsemi og átökum, sem fram hafa farið í sambandi við landhelgismálið, og er vonandi, að ekki þurfi meiri háttar milliríkjadeilur til, að menn átti sig á því og skilji mikilvægi virkrar utanríkisþjónustu fyrir Íslendinga. En það er auðvitað ekki sama, hvernig á málunum er haldið. Ég vil þakka hæstv. utanrrh. fyrir svör hans í sambandi við þessi mál og fagna því, að þau mál eru nú að skýrast og líkur eru á því, að nýjar till. komi fram um breytingu þar á.

Í sambandi við hugsanlega endurskipulagningu, vil ég aðeins vekja athygli á örfáum atriðum.

Ég held, að það sé alveg óhjákvæmilegt og nauðsynlegt að tengja okkar utanríkisþjónustu meira við sölu- og markaðsmál. Við erum fámennir, Íslendingar, og höfum ekki efni á öðru en að hæfir menn reyni að sameina sín störf og sameina störf í þágu þjóðarinnar á sem flestum stöðum og fyrir sem flesta aðila í þágu þjóðarheildarinnar. Vissulega er það þegar gert að nokkru leyti, en sjálfsagt nokkuð mismuandi, hvernig á því er haldið. Þetta þarf að sjálfsögðu að gera í samráði við útflytjendur, og ég fagna því, að hæstv. ráðh. upplýsti, að það væri þegar gert. Það er t. d. spurning, úr því að þessi ferðamál og landkynningarmál voru á dagskrá hér áðan, hvort það væri ekki hugmynd, að sameina þetta að einhverju leyti til þess að spara kostnað. Sviar hafa t. d. gert það. Þeir hafa lagt niður hluta af sínum kynningarskrifstofum og komið verkefni þeirra inn í deildir í sinni utanríkisþjónustu. Hollendingar, Danir og Finnar tengja þetta mjög saman og með góðum árangri.

Ég vil í þessu sambandi minna sérstaklega á, að hjá íslenskum útflytjendum, bæði á sviði iðnaðar og lagmetis, eru verulegir erfiðleikar þessa mánuðina vegna sölutregðu, miðað við það verð, sem verksmiðjurnar þurfa að fá. Þessir erfiðleikar eiga áreiðanlega eftir að koma nánar í ljós. Það væri alveg áreiðanleg gagnlegt, ef utanríkisþjónustan væri á hverjum tíma undir það búin og hefði þannig starfsliði á að skipa, að hún gæti komið þar til hjálpar á slíkum erfiðleikatímum og það helst fyrirvaralítið.

Í framhaldi af þessu vil ég vekja athygli á því, að ég held, að það sé nauðsynlegt að breyta um aðsetursstaði, með tilliti til nýrrar þróunar í heiminum, bæði í sambandi við stjórnmál og markaðsmál. Í Japan er t. d. ört vaxandi markaður fyrir íslenskar útflutningsvörur, svo að ekki sé talað um tengslin við Kína, sem þarf að rækja, bæði stjórnmálalega og viðskiptalega. Utanríkisþjónustan hefur nýlega sent ambassador sinn í fyrsta sinn til Kína. Ég veit ekki, hvort rn. hefur falið honum að kanna markaðsmál. Ef svo hefur ekki verið, þá harma ég það og vona, að það verði gert í næstu ferð.

Ég vil að lokum varpa fram fsp. til ráðh. eða hugmynd, m. a. vegna þess, hversu framtíð þessa lands er yfirleitt tengd þróun og gangi utanríkisviðskipta, hvort ekki kæmi til mála, að einn maður með ambassadorstitil með aðsetri hér í Reykjavík ynni beinlínis að slíkum útflutningsmálum í samráði við útflutningssamtök á hverjum tíma, fyrir utan þau störf, sem hann að öðru leyti kynni að starfa að. Ég held, að að þessu gæti orðið mikið gagn, kannske ekki á skammtímaplani, en með langtímasjónarmið í huga. Ég held, að það sé fyrir löngu kominn tími til þess að sameina okkar raunverulegu hagsmunamál í okkar utanríkisþjónustu. Við höfum þar mikið af mjög góðum og hæfum mönnum, en við þurfum að tengja viðskiptamálin enn nánar við þessa ágætu starfskrafta en fram að þessu hefur verið gert.

Að öðru leyti skal ég ekki segja meira um þetta á þessu stigi málsins.

Bjarni Guðnason: Herra forseti. Ég vil taka undir það, sem síðasti ræðumaður sagði, að nýta utanríkisþjónustuna betur í sambandi við viðskiptalegan erindrekstur. En ég vil líka bæta einu við, sem mér finnst, að megi koma fram. Það má ekki gleyma menningarhliðinni. Ég hugsa til þess með skelfingu, ef í utanríkisþjónustunni væru bara viðskiptafulltrúar og að sjálfsögðu nokkrir lögfræðingar, en kúltúrinn vantaði. Ég mælist til þess, að við endurskoðunina á þessu verði kúltúrnum ekki gleymt.

Sameinað þing, 25. fundur.

Þriðjudaginn 27. nóv., að loknum 24. fundi.

Rannsókn á reki gúmbjörgunarbáta, þáltill. (þskj. 146). — Hvernig ræða skuli.

Að till. forseta var ákveðin ein umr.

Z í ritmáli, þáltill. (þskj. 148). — Hvernig ræða skuli.

Að till. forseta var ákveðin ein umr.

Nýting jarðhita, þáltill. (þskj. 150). — Hvernig ræða skuli.

Að till. forseta var ákveðin ein umr.

Öryggismál Íslands, þáltill. (þskj. 6). — Frh. einnar umr.

ATKVGR.

Till. vísað til utanrmn. með 31 shlj. atkv. og umr. festað

Útfærsla fiskveiðilandhelgi í 200 sjómílur, þáltill. (þskj. 12). — Frh. einnar umr.

ATKVGR.

Till. vísað til utanrmn. með 31 shlj. atkv. og umr. frestað.

Afnám vínveitinga á vegum ríkisins, þáltill. (þskj. 36). — Frh. einnar umr.

ATKVGR.

Till. vísað til allshn. með 32 shlj. atkv. og umr. frestað.

Fiskeldi í sjó, þáltill. (þskj. 37). — Frh. einnar umr.

ATKVGR.

Till. vísað til atvmn. með 33 shlj. atkv. og umr. frestað.

Notagildi einfasa og þriggja fasa rafmagns, þáltill. (þskj. 43). — Frh. einnar umr.

ATKVGR.

Till. vísað til allshn. með 34 shlj. atkv. og umr. frestað.

Olíukaup, þáltill. (þskj. 54). — Frh. einnar umr.

ATKVGR.

Till. vísað til allshn. með 31 shlj. atkv. og umr. frestað.

Lækkun tekjuskatts á einstaklingum, þáltill. (þskj. 32). — Fyrri umr.

Flm. (Gylfi Þ. Gíslason): Í þessari tillögu felst það, að Alþingi marki nýja stefnu í íslenskum skattamálum og feli ríkisstjórninni að skipa nefnd manna til þess að semja frumvarp á grundvelli þeirrar meginstefnu, sem mörkuð er í þáltill. Kjarni hinnar nýju stefnu er sá, að horfið skuli frá því, að meginþorri einstaklinga greiði tekjuskatt til ríkisins af tekjum sínum, heldur greiði gjöld sín til hins opinbera í staðinn í formi óbeins skatts, virðisaukaskatts. Þeim, sem hafa mjög háar tekjur, er þó ætlað að greiða áfram stighækkandi tekjuskatt, og sömuleiðis er ráð fyrir því gert, að áfram verði greiddur stighækkandi tekjuskattur af hagnaði af atvinnurekstri. Á hinn bóginn er gert ráð fyrir sérstakri tekjuöflun, sem verja á til að hækka tekjur þeirra, sem lægstar tekjur hafa og ætla má að greiða mundu meira vegna hækkunar söluskatts og breytingar hans í virðisaukaskatt en þeir hefðu greitt í tekjuskatt.

Meginástæða þess, að þingflokkur Alþfl. setur nú fram tillögur um gagngerar breytingar á skattamálum ríkisins og felast í þessari tillögu, er sú, að komið er út í ógöngur á sviði íslenskra skattamála. Byrði beinna skatta er orðin óbærilenga þung, einkum og sér í lagi eftir þá breytingu, sem núv. ríkisstj. beitti sér fyrir skömmu eftir valdatöku sína. Fólk með venjulegar launatekjur greiðir skatta til hins opinbera af tekjum sínum samkvæmt hæsta skattstiga, eins og um hátekjufólk væri að ræða. Álagningarkerfið er orðið óeðlilega flókið og veitir skilyrði til margháttaðra undanbragða undan skattgreiðslu, bæði löglegra og ólöglegra. Sú staðreynd blasir við hverju mannsbarni, að margir skattgreiðendur greiða ekki þann skatt af tekjum sínum, sem þeim ber, og er þetta nú eitt mesta þjóðfélagsranglæti, sem viðgengst á Íslandi. Hlutfall tekjuskatts af tekjum er orðið svo hátt, að almennir launþegar eru farnir að greiða frá þriðjungi og allt að helmingi tekna sinna í beina skatta, ef tekjurnar fara fram úr lágu lágmarki. Slík óhóflega skattheimta er orðin fjötur á framtakssemi og vinnuvilja og undirrót þess, að menn leggi sig ekki fram eins og þeir vildu í raun og veru, láta undir höfuð leggjast að inna af hendi störf, sem þeir í sjálfu sér hafa áhuga á og væru fúsir til þess að vinna, af því að launin fyrir þau verða óeðlilega lág vegna þess, hve mikill hluti þeirra hverfur í beina skatta til opinberra aðila. Það ranglæti, sem ríkjandi er orðið í skattamálum, og ófremdarástandið í þeim efnum er þannig beinlínis orðinn hemill á heilbrigðan og eðlilegan vöxt þjóðartekna. Þegar þannig er komið, er nauðsyn gagngerra breytinga. Í þessari tillögu kemur fram, hvernig þingflokkur Alþfl. vill, að þær breytingar verði.

Áður en ég lýsi þeirri stefnu, sem þingflokkur Alþfl. markar í þessari tillögu, ætla ég að nefna nokkur dæmi um það, hvers vegna við teljum núverandi tekjuskattskerfi óeðlilegt og ranglátt.

Frá því að fyrst var tekið að innheimta tekjuskatt, hefur það yfirleitt verið talið eðlilegt, að greiðsla tekjuskatts skyldi ekki hefjast, fyrr en tekjur hefðu náð vissu marki eða m. ö. o., að visst tekjulágmark skyldi vera tekjuskattsfrjálst. Á grundvelli gildandi tekjuskattslaga er hægt að gera sér grein fyrir því, hvert þetta tekjulágmark muni verða í ár, þ. e. a. s. hversu háar tekjur menn megi hafa í ár án þess að greiða tekjuskatt, þar eð tilkynnt hefur verið í fjárlagafrumvarpi hver verða muni skattvísitalan á næsta ári, en hún hefur verið ákveðin 154 miðað við 128 í ár. Ríkissjóður mun því aðeins sleppa barnlausum hjónum við greiðslu tekjuskatts, að nettótekjur þeirra séu innan við 338 800 kr. Sem betur fer eru þau barnlausu hjón ekki mörg, sem hafa lægri tekjur en þetta, svo að segja má, að ríkið láti yfirleitt barnlaus hjón greiða sér tekjuskatt. Ef hjónin eiga þrjú börn, sleppir ríkið þeim því aðeins við tekju-

skattsgreiðslu, að tekjur þeirra séu innan við 477.400 kr. Séu tekjur slíkrar fjölskyldu hærri, greiðir hún tekjuskatt af tekjum sínum.

Þá er á hinn bóginn rétt að athuga, hvenær tekjuskattsgreiðendur lenda í hæsta tekjuskattsstiga.

Hæsti tekjuskattur til ríkisins er 44.44% af tekjuskattsskyldum tekjum. Enn fremur verður yfirleitt að greiða 11% tekjuútsvar til sveitarfélags, eða samtals 55.44% af tekjuskattsskyldum tekjum. Hverjar skyldu tekjurnar þurfa að verða í ár, til þess að menn lendi í þessum 55.44% skattsstiga af tekjum sínum? Barnlaus hjón, sem í ár hafa 454.300 kr. í tekjuskattsskyldar tekjur, greiða þessi 55.44% af því, sem þar er umfram. Meðalnettótekjur barnlausra hjóna í ár eru taldar munu nema mun hærri upphæð en þessari. Það þýðir, að venjulegir launþegar munu lenda í hæsta tekjuskattsstiga og greiða yfir 55% af sérhverri viðbótarkrónu, sem þeir afla sér í tekjur umfram tekjumark, sem er verulega undir meðaltekjum barnlausra hjóna. Ef hjónin eiga þrjú börn, lenda þau í hæsta skattsstiga og greiða 55.44% af tekjum sínum, ef þau hafa hærri tekjur en 592.900 kr.

Þegar þessar staðreyndir eru hafðar í huga, þarf engan að undra, þótt kvartað sé undan þungri skattbyrði og staðhæft sé, að hún sé orðin hemill á vinnuvilja og vöxt þjóðarframleiðslu.

Ég gat þess áðan, að barnlaus hjón byrjuðu að greiða tekjuskatt af nettótekjum, ef tekjurnar næmu 338.800 kr. Ef tekjunar hækka um rúmar 100 þús. kr., þ. e. a. s. komast upp í 454.300 kr. eru barnlausu hjónin komin í hámark skattstiga og farin að borga 55.44% af því, sem þar er umfram. Er ekki augljóst, hvílík fjarstæða slíkt er? Ég sagði einnig áðan, að hjón með þrjú börn byrjuðu að greiða tekjuskatt, er þau hafa 477.400 kr. í tekjur. Tekjur þessarar fjölskyldu mega ekki heldur vaxa nema um rúmlega 100 þús. kr. eða upp í 592.900 kr. Þá er fjölskyldan komin í hámarkstekjuskatt af tekjum sínum og farin að greiða 55.44% af því, sem þar er umfram. Slíkt skattkerfi fær augljóslega með engu móti staðist, því verður að breyta. Þess skal getið, að tölur þessar eru miðaðar við skattvísitöluna 154.

Gallar mjög víðtæks og flókins tekjuskattskerfis með mjög háum skattstigum eru ekki aðeins orðið vandamál á Íslandi, heldur einnig í nálægum löndum. Hvarvetna í nágrannalöndum er um að ræða mjög víðtæka og sívaxandi gagnrýni á slíka skattheimtu. Þegar svo er komið, að um eða yfir helmingur viðbótartekna fer til greiðslu tekjuskatta til opinberra aðila, þá hlýtur það að hafa áhrif á allt viðhorf manna til tekjuöflunar. Það hlýtur einnig að hafa grundvallarþýðingu við hvers konar kjarasamninga. Gildi kauphækkunar fyrir launþega fer auðvitað eftir því, hversu mikið af kauphækkuninni hverfur sjálfkrafa til hins opinbera sem aukinn tekjuskattur og hækkað útsvar. Ef venjulegur launþegi er farinn að greiða meira en helming tekjuauka í skatta til opinberra aðila, fær hann ekki nema helming þeirrar kauphækkunar, sem hann semur um við vinnuveitanda sinn. Þess vegna beinist athygli launþegasamtaka í sívaxandi mæli að skattamálum. Raungildi kjarabóta fer eftir því, um hvers konar tekjuskattsheimtu er að ræða.

Þegar stighækkandi tekjuskattur var upphaflega lögfestur, hér og annars staðar, var hann eitt helsta tækið, sem fyrir hendi var til þess að jafna tekjur. Fólki með lágar tekjur var ekki ætlað að greiða tekjuskatt, fólki með miðlungstekjur var ætlað að greiða hóflegan tekjuskatt, en fólki með háar tekjur hærra hlutfall af tekjum sínum og síðan hækkandi hlutfall, eftir því sem tekjurnar hækkuðu. Hér á landi og raunar víðar er svo komið, að svo að segja allir greiða tekjuskatt, jafnvel gamalt fólk og öryrkjar. Fólk með miðlungstekjur greiðir nú ekki hóflegan tekjuskatt í samanburði við hlutfallslega háan tekjuskatt hátekjumanna. Hér greiðir venjulegur launamaður sama hlutfall af viðbótartekjum sínum og hátekjumaðurinn. Venjulegur launamaður greiðir hér tekjuskatta samkv. skattstiga, sem upphaflega var hugsaður sem skattstigi á hæstu tekjum.

Því fer víðs fjarri, að stighækkandi tekjuskattskerfi hafi nú þýðingu til tekjuöflunar að nokkru marki. Á undanförnum áratugum hafa komið til skjalanna önnur tæki, sem hafa miklu meiri þýðingu í því sambandi, þ. e. a. s. hafa miklu meiri tekjuöflunaráhrif, og ber þar fyrst og fremst að nefna almannatryggingarnar, en einnig ýmsa ókeypis eða ódýra þjónustu af hálfu hins opinbera á fjölmörgum sviðum, einkum á sviði heilbrigðismála og skólamála. Í þessu sambandi má enn fremur nefna margs konar niðurgreiðslur á neysluvörum almennings.

Álagning stighækkandi tekjuskatts hefur tvímælalaust miklu minni áhrif til tekjujöfnunar hér á landi en almannatryggingakerfið, ókeypis menntunarskilyrði og niðugreiðslur. Á hinn bóginn er tekjuskattskerfið orðið lamandi afl í þjóðfélaginu, auk þess sem það er ranglátt, þar eð reynslan hefur sýnt, að fjölmargir aðilar koma sér undan að greiða þá skatta, sem þeim ber samkvæmt kerfinu, bæði með því að hagnýta heimildir laganna til frádráttar, svo sem vaxtafrádráttar með vafasömum hætti og með beinum undandrætti tekna, þannig að þeir, sem telja rétt fram tekjur sínar, greiða í rauninni skatta fyrir hina, sem ekki gera það.

Aðalatriði þess nýja tekjuskattskerfis, sem tillaga þessi fjallar um, er að launþegar skuli ekki greiða tekjuskatt af almennum launatekjum. Auðvitað er það álitamál, hvað telja eigi almennar launatekjur. Niðurstaða þingflokks Alþfl. varð sú að leggja til, að miðað yrði við, að hjón með 750 þús. kr. tekjur á árinu 1973 greiði engan tekjuskatt. Þessi fjárhæð á síðan að sjálfsögðu að breytast í hlutfalli við framfærslubyrði. Til launþega ætlumst við til, að séu einnig taldir þeir einstaklingar, sem hafa tekjur sínar af eigin atvinnurekstri, er fyrst og fremst byggist á vinnuframlagi þeirra sjálfra, svo sem sjómenn, er stunda eigin atvinnurekstur, bændur, bifreiðastjórar o. s. frv. Þegar tekjur launþega fara fram úr þessu marki, 750 þús. kr., er gert ráð fyrir því, að af þeim verði greiddur stighækkandi tekjuskattur, sem þó skal aldrei nema hærra hlutfalli af tekjum en á sér stað samkvæmt gildandi lögum. Á hinn bóginn er gert ráð fyrir því, að af öllum atvinnurekstri, hvort sem hann er stund-

aður af einstaklingum, sameignarfélögum, hlutafélögum, samvinnufélögum eða opinberum aðilum, skuli greiddur tekjuskattur eftir sömu reglum og nú gilda.

Í þessu sambandi vill þingflokkur Alþfl. einnig minna á fyrri tillögur sínar um breytingar á reglum um greiðslu tekjuskatts og útsvars hjóna. Tillögur okkar eru þær, að allar konur verði sjálfstæðir skattgreiðendur, hvort sem þær eru giftar eða ógiftar, og hvort sem þær afla sér eigin tekna eða ekki með vinnu utan heimilis, enda sé þá því hjóna, sem vinnur einvörðungu heimilisstörf, ætlaður hluti af tekjum hins samkvæmt nánar ákveðnum reglum. Við gerum okkur ljóst, að hér er um mjög viðamikið og vandasamt mál að ræða. Þess vegna ætlumst við ekki til, að þessar breytingar á skattalögum komi til framkvæmda á næsta ári, þar eð okkur er ljóst, að talsverðan tíma þurfi til þess að undirbúa þær. Þess vegna gerir tillagan ráð fyrir því, að þessar breytingar komi ekki til framkvæmda fyrr en við álagningu tekjuskatts á árinu 1975.

Augljóst er, að jafnstórfelld lækkun á tekjuskatti til ríkisins og hér er gert ráð fyrir mun hafa í för með sér verulegt tekjutap fyrir ríkissjóð. Í gildandi fjárlögum er gert ráð fyrir því, að að einstaklingar greiði 4.1 milljarð kr. í tekjuskatt. Sú lækkun tekjuskatts, sem gert er ráð fyrir í tillögunni, mundi samkvæmt áætlunum, sem gerðar hafa verið lækka þessa eða hliðstæða tekjuskattsinnheimtu um ⅔ hluta, þannig að tekjutap ríkissjóðs mundi verða 2.5—3 milljarðar kr. miðað við fjárlög þessa árs. Þennan tekjumissi þarf að sjálfsögðu að bæta ríkissjóði. Tillögur um tekjuskattslækkun, sem ekki gerðu ráð fyrir því að bæta ríkissjóði tekjutapið, mætti með réttu nefna sýndartillögur. Slíkar tillögur gerir þingflokkur Alþfl. ekki. Þess vegna er í till. einnig um það fjallað, hvernig ætlast sé til, að ríkissjóði sé bættur tekjumissirinn.

Aðalatriðið í því sambandi er, að gerð verði tillaga um, að sú hækkun söluskatts, sem runnið hefur í Viðlagasjóð, skuli haldast, en hún nemur sem kunnugt er 2% og ætti að falla niður 1. mars n. k. að óbreyttum lögum. Ef söluskattinum, sem rennur nú í Viðlagasjóð yrði haldið og söluskatturinn hækkaður um 2—3 stig umfram það, sem hann er nú, yrði ríkissjóði bættur sá tekjumissir, sem hann yrði fyrir vegna lækkunar tekjuskattsins. Jafnframt er bent á það að kanna möguleika á, að söluskattur sé ekki innheimtur af brýnustu nauðsynjum, en hins vegar viðbótarsöluskattur af óhófsvörum. Þá verður gerð tillaga um, að á næsta ári skuli unnið að því að breyta núgildandi söluskatti í virðisaukaskatt, hliðstæðan þeim, sem nú er innheimtur í stað söluskatts á Norðurlöndum og ýmsum löndum Vestur-Evrópu og talinn er réttlátari og innheimtast betur en söluskattur. Gerum ráð fyrir því, að unnt sé að koma þessu í framkvæmd fyrir ársbyrjun 1975.

Að sjálfsögðu má margt um það segja, hvor skatttegundin sé réttlátari og heppilegri, tekjuskattar annars vegar eða virðisaukaskattur hins vegar. Slíkan samanburð hér á landi má þó ekki miða við, að allir greiði hlutfallslega jafnháan söluskatt af neyslu sinni annars vegar og hins vegar, að tekjuskattur sé enginn af lágum tekjum, hóflegur af miðlungstekjum, en hár af háum tekjum. Tekjuskattskerfið hér er orðið þannig, að launþegar með miðlungstekjur eru komnir í hæsta skattstiga og greiða yfir helming viðbótartekna af tekjum sínum eins og hinir tekjuhæstu. Kostir óbeinna skatta eins og söluskatts eru þeir, að þá ræður skattgreiðandinn meiru um það sjálfur, hversu mikið hann greiðir, með því að ákveða, hvað og hversu mikið hann kaupir umfram nauðþurftir. Söluskattur verkar ekki lamandi á vinnuvilja eða framtakssemi. Fremur mætti segja, að hann hvetji til sparnaðar. Þá má nefna, að framkvæmd tekjuskattsinnheimtu er mjög dýr og miklu dýrari en innheimta söluskatts. Hér er kostnaður við tekjuskattsheimtu mjög mikill. Verulegur kostnaður mundi sparast við niðurfellingu þeirrar tekjuskattsheimtu, sem gert er ráð fyrir í tillögunni, en enginn teljandi kostnaður væri því samfara að hækka hundraðstöluhlutfall söluskatts.

Það er hins vegar að sjálfsögðu rétt, að breyting tekjuskatts í söluskatt hefur ólík áhrif á rauntekjur launþega eftir því, hvernig tekjum þeirra og tekjunotkun er háttað. Sumar fjölskyldur spara meira vegna lækkunar tekjuskattsins en sem nemur auknum útgjöldum vegna hækkunar söluskattsins, en aðrar verða fyrir meiri útgjöldum vegna aukningar söluskattsins en nemur sparnaði vegna lækkunar tekjuskattsins. Er þetta auðvitað fyrst og fremst komið undir hæð teknanna og ráðstöfun þeirra. Greiðsla söluskatts fer að sjálfsögðu eftir eyðslu skattgreiðandans, en greiðsla tekjuskatts eftir tekjum hans. Gera má því ráð fyrir, að breyting á skattgreiðslu frá tekjuskatti í söluskatt valdi aukinni skattgreiðslu launþega með mjög lága tekjur. Þess vegna er í tillögunni gert ráð fyrir því, að komið verði á fót sérstökum sjóði, sem Tryggingastofnun ríkisins ráðstafi til þess að auka tekjur slíkra launþega. Í tillögunni er gert ráð fyrir því, að árlegar tekjur slíks sjóðs yrðu, miðað við núverandi ástand, um 600 milljónir kr. á ári. Þeirra tekna er gert ráð fyrir að afla á þann hátt, að í stað þeirrar 30% hækkunar á eignarskatti, sem ákveðið var, að renna skyldi í Viðlagasjóð, skuli koma 50% hækkun. Þá er gerð tillaga um, að ákvæði Viðlagasjóðslaganna um 35% álag á gjaldstofna aðstöðugjalds og 10% álag á landsútsvar skuli haldast, en þessi álög eiga að falla niður að óbreyttum lögum.

Okkur er ljóst, að þessi sjóður muni ekki nægja til þess að tryggja, að hópar launþega verði ekki fyrir auknum útgjöldum vegna skattkerfisbreytingarinnar. En í því sambandi bendum við á, að fyrir dyrum stendur gerð nýrra launasamninga. Við teljum, að í þeim launasamningum ætti það að vera meginatriði að tryggja þess háttar hlutfallslega launahækkun þessara launþegahópa, er jafni metin vegna skattakerfisbreytingarinnar, auk þess sem eðlilegt kann að vera talið, að hækka tekjur þeirra miðað við þá, sem hærri laun hafa, vegna almennra tekjujöfnunarsjónarmiða. Fellur þessi stefna þáltill. alveg saman við þau sjónarmið í launamálum, sem verkalýðshreyfingin hefur mótað og kunngert.

Það er kunnara en frá þurfi að segja, að breytingar á beinum sköttum hafa ekki áhrif á vísitölu framfærslukostnaðar, en breytingar á sölu-

skatti hafa það hins vegar. Þess vegna er ekki óeðlilegt, að ýmsir spyrji, hvort við höfum ekki áhyggjur af því, að slík lækkun söluskatts sem hér er gert ráð fyrir að komi í stað lækkunar tekjuskatts, hafi verðbólguaukandi áhrif. Því er til að svara, að við teljum tengslin milli breytinga á sköttum, hvort sem um breytingu á tekjusköttum eða söluskatti er að ræða, og framfærslukostnaðarvísitölunnar vera sérstakt vandamál, sem í sjálfu sér sé óskylt því, hvort ríkið eigi fremur að afla sér nauðsynlegra tekna með tekjuskatti eða söluskatti. Tengsl opinberrar tekjuöflunar og framfærslukostnaðarvísitölu eru mál, sem lengi hafa verið til umræðu og eru enn. Þau eru eitt þeirra mála og engan veginn hið þýðingarminnsta, sem til umræðu eru í kjarasamningunum, sem yfir standa milli launþega og vinnuveitenda. Það er mál, sem ræða á sérstaklega og leysa á sérstaklega, óháð því, hvernig rétt og réttlátt sé talið, að ríkið afli sér nauðsynlegra tekna. Hér er um að ræða þátt í því vandamáli, hvernig takast skuli á við verðbólguna. Þingflokkur Alþfl. telur eðlilegast og æskilegast, að samtök launþega og atvinnurekenda freisti þess að ná samkomulagi um skynsamlega skipan þessara mála.

Þær tölur, sem ég hef nefnt um tekjutap ríkissjóðs og nýja tekjuöflun honum til handa og í sjóð þann, sem ég nefndi áðan, eru byggðar á gildandi fjárlögum, fyrir yfirstandandi ár, en ekki frv. ríkisstj. um fjárlög fyrir næsta ár. Fjárlagafrv. fyrir næsta ár er byggt á mati á aðstæðum á því ári og fyrirætlunum ríkisstj. Frv. er nú til meðferðar á Alþ. Það þarfnast **gaumgæfilegrar athugunar, sem þingflokkur Alþ**fl. mun að sjálfsögðu eiga aðild að og vera reiðubúinn til viðræðna um, hvernig bregðast eigi við í þeim fjárlagavandamálum, sem við verður að etja á næsta ári. En við teljum eðlilegt og sjálfsagt, að þeim vandamálum sé haldið aðgreindum frá grundvallarspurningunni um það, með hvaða skattheimtuaðferðum ríkissjóður eigi að fullnægja tekjuþörf sinni.

Þá er í tillögunni tekið sérstaklega fram og lögð sérstök áhersla á, að setja skuli ítarleg ákvæði, er miði að því að koma í veg fyrir röng framtöl til söluskatts og skatta af tekjum og eignum. Undanbrögð undan skatti, bæði söluskatti, tekjuskatti, útsvari og eignarskatti, eru eitt alvarlegasta þjóðfélagsmein á Íslandi og valda gífurlegu félagslegu misrétti. Sérhver hækkun söluskatts eykur auðvitað nauðsyn á auknu eftirliti með því, að allur álagður söluskattur komi til skila. En tillögurnar gera ráð fyrir því, að greiðendum tekjuskatts fækki stórlega. Gefur auga leið, að það ætti að bæta skilyrði til þess að auka eftirlit með framtölum þeirra, sem tiltölulega háar tekjur hafa og stunda atvinnurekstur, og enn fremur bæta aðstöðu til þess að hafa eftirlit með framtölum til söluskatts.

Enn fleiri breytingar á skattheimtu ríkisins en þær, sem þessi tillaga fjallar um, væru æskilegar og nauðsynlegar. Í því sambandi ber sérstaklega að nefna nauðsyn þess að skattleggja tekjur þær, sem menn hljóta við eignasölu vegna sérstakrar verðhækkunar á eignum, sem á rót sína að rekja til opinberra aðgerða eða þjóðfélagsbreytinga, sem ekki réttlæta eignaaukningu eða auknar tekjur einstaklinga. Hér er hins vegar um mjög flókið og vandmeðfarið mál að ræða, sem ekki hefur verið talið rétt að blanda saman við nauðsynlegar breytingar á tekjuskattsheimtunni, sem miklu auðveldara er að setja nýjar lagareglur um.

Að því er varðar tekjuöflun sveitarfélaganna, er hins vegar nauðsynlegt að endurskoða þau lagaákvæði með það fyrir augum að auka frjálsræði þeirra til þess að ákveða, á hvern hátt þau afla sér tekna sinna, og er gert ráð fyrir því í tillögunni. Þó er tekið fram, að þau skuli ekki fá heimild til þess að innheimta söluskatt eða virðisaukaskatt.

Þingmönnum Alþfl. er ljóst, að þær tillögur í skattamálum, sem felast í þessari þáltill., eru mjög viðtækar og lagasetning samkvæmt þeim flókið mál og vandmeðfarið. Þess vegna höfum við valið þann kost að flytja hugmyndir okkar um þessar gagngeru breytingar á íslenskum skattamálum í formi till. til þál., sem kveður á um, að fulltrúum stjórnmálaflokka og sérfróðum mönnum sé falið að kanna tillögurnar og færa þær í búning frumvarpa. Megintilgangur þingflokks Alþfl. er að vekja athygli á nauðsyn gagngerrar breytingar í skattamálum og benda á ákveðna stefnu í þeim efnum. Núverandi skattakerfi er orðið ranglátt, það lamar framkvæmdahug og vinnuvilja og stuðlar að óréttlátri tekjuskiptingu með því að mismuna starfsstéttum og einstaklingum. Þessu kerfi viljum við breyta. Og við segjum í till. hvernig við viljum breyta því. Þingflokkur Alþfl. er þeirrar skoðunar, að umbætur í skattamálum séu nú eitt brýnasta verkefni í íslenskum fjárhagsmálum og að réttlátari skattheimta en nú á sér stað sé ein besta leiðin til þess að bæta kjör launþega og auka réttlæti í íslenskum efnahagsmálum.

Að svo mæltu legg ég til, herra forseti, að tillögunni verði að lokinni umræðunni vísað til hv. allshn.

Gunnar Thoroddsen: Herra forseti. Róttækasta breyting og mesta umbót, sem gerð hefur verið í skattamálum á Íslandi, var gerð árið 1960. Þá var svo ákveðið, að almennar launatekjur skyldu verða tekjuskattsfrjálsar. Kom þetta m. a. fram í því, að tala skattgreiðenda lækkaði stórkostlega, niður í um ¼ eða ⅕ part af því, sem áður hafði verið. Til þess að mæta þessum tekjumissi ríkissjóðs var ákv. að leggja á söluskatt, sem þá var 3%, og skyldi hann jafnframt notaður til þess að gera sveitarfélögum kleift að lækka verulega tekjuútsvör. Þessi breyting 1960 markaði djúp spor í skattasögu á Íslandi, og ég ætla, að það sé ekkert ofmælt, að þessari breytingu var mjög vel tekið af öllum almenningi á Íslandi. Það liðu svo nokkur ár, að þessi skipan hélst, en á árinu 1963 gekk hér yfir veruleg verðbólgualda, sem setti þetta kerfi að nokkru leyti úr skorðum. Síðar komu svo kreppuárin, sem urðu þess valdandi, að nokkuð varð að draga í bili úr þeim umbótum, sem þarna höfðu verið gerðar. Hins vegar var að kreppunni lok-

inni stefnt að því að koma aftur á hinum sömu umbótum og gert hafði verið 1960. Var að því stefnt, en hafði ekki verið náð því marki að fullu 1971, en var gert ráð fyrir, að það yrði þá á næsta ári.

Ég sagði, að mesta umbótin, sem gerð hefur verið í skattamálum á Íslandi, væri breytingin 1960. Mestu mistökin, sem átt hafa sér stað í skattamálum á Íslandi, eru hins vegar þær breytingar, sem núv. hæstv. ríkisstj. gerði snemma árs 1972, þau skattalög, sem þá voru sett. Engum aðvörunum frá stjórnarandstöðu var þá sinnt, heldur gífurleg hækkun á tekjuskatti lögfest. Nú hefur hins vegar komið í ljós eftir reynslu tveggja ára, að jafnvel þeir, sem að þessu stóðu, komast ekki hjá því að viðurkenna, að hér hafi alvarlegt axarskaft orðið. Er nú svo komið, að launþegasamtökin öll í landinu, bæði þau, sem standa undir forustu stjórnarsinna og önnur, eru sammála um eitt: að ein meginkjarabótin fyrir íslenska launþega sé stórfelld lækkun á tekjuskattinum. Ég geri ráð fyrir, að ríkisstj. og stjórnarflokkarnir hafi nú sannfærst um, að skattana verði að lækka, og að launþegasamtökin knýi svo fast á, að einhver lagfæring muni koma frá hálfu stjórnarflokkanna, þótt ég sé hræddur um, að hún muni ganga of skammt.

Sjálfstfl. hefur undirbúið rækilega frv. til l. um breyt. á tekjuskattsl. Mikil vinna hefur verið lögð í þá breytingu, og verður það frv. lagt fyrir Alþ. innan fárra daga. Í meginatriðum munu þær breytingar auðvitað fela í sér þá stefnu, sem mótuð var 1960, að almennar launatekjur verði tekjuskattsfrjálsar, en fleiri endurbætur koma þar einnig inn í, og verður nánar skýrt frá því öllu, þegar það frv. verður lagt fram.

Að því er snertir till. Alþfl., sem hér liggur fyrir og hv. 1. flm., 7. þm. Reykv., gerði grein fyrir, vil ég taka fram, að í meginatriðum er hún í fullu samræmi við þá yfirlýstu stefnu viðreisnarstjórnarinnar, sem framkvæmd var 1960, enda sérstaklega tekið fram í 1. tölul. þessarar till., að meginstefnan sé sú, að launþegar skuli ekki greiða tekjuskatt af almennum launatekjum. Ég get tekið undir mjög margt í ræðu hv. 1. flm. Þar var margt vel sagt og réttilega, ekki síst þegar hann lýsti annmörkum hárra beinna skatta og kostum þess að velja heldur leið hinna óbeinu skatta. Mér fannst, að sérstaklega í þeim kafla ræðunnar mæltist honum eins vel og best gerist, þegar sjálfstæðismenn ræða um skattamál.

Það, sem ég tel mjög gott og gagnlegt í þessari till. Alþfl., er m. a. þetta meginatriði, sem ég nefndi og við styðjum að sjálfsögðu af heilum hug, að almennar launatekjur skuli tekjuskattsfrjálsar. Í annan stað tel ég það mjög til bóta, sem greinir í 4. lið um sérsköttun hjóna. Þá tel ég einnig, að sú stefna sé rétt og til bóta, að stefnt sé að virðisaukaskatti hliðstæðum þeim, sem nú er innheimtur í stað söluskatts á Norðurlöndum og ýmsum löndum Vestur-Evrópu. Í fjórða lagi tel ég mjög til bóta, að í 9. lið þessarar þáltill. er lagt til, að lög um tekjustofna sveitarfélaga verði endurskoðuð með það fyrir augum að auka frjálsræði þeirra til að ákveða, á hvern hátt þau afla sér tekna. Í fimmta lagi vil ég nefna og taka undir það, sem greinir í 7. tölul., að ráðstafanir séu gerðar til þess að hækka tekjur þeirra, sem engan eða lágan tekjuskatt hafa greitt. Þetta mál hefur einnig verið til athugunar hjá sjálfstæðismönnum alllengi undanfarið. Það er kunnugt, að sérstakt kerfi, sem stefnir í þessa átt, hefur verið undanfarin ár til meðferðar í Bretlandi, og ætla ég, að þegar sé búið að ræða þar að nokkru leyti það, sem hér er að stefnt. Allt þetta tel ég, að sé til mikilla bóta.

Ég vil svo aðeins nefna örfá atriði, sem ég tel, að þurfi nánari athugunar við eða eru vafasamari.

Það er í fyrsta lagi, að í 2. lið till. er gert ráð fyrir því, að launþegar, sem hafa hærri tekjur en sem nemur því tekjumarki, sem greint er í 1. tölul., þ. e. a. s. almennar launatekjur, skuli greiða stighækkandi tekjuskatt, en þó aldrei hærra hlutfall af tekjum en samkv. gildandi l. Samkv. gildandi l. er það þannig, að tekjuskattur að viðbættu tekjuútsvari fer upp í 55—56% með álagsheimildum, og það er a. m. k. álit okkar sjálfstæðismanna, að með því sé of langt gengið, það eigi aldrei að taka svo mikið af þeim tekjum, sem aflað er, að nemi yfir helmingi eða önnur hver króna sé tekin í skatt, og jafnvel teljum við margir, að æskilegt sé, að hámarkið sé lægra en 50%.

Þá er í 3. lið till. sagt, að af atvinnurekstri skuli greiddur tekjuskattur eftir sömu reglum og nú gilda. Við sjálfstæðismenn teljum, að einnig um tekjuskatt af atvinnurekstri þurfi ýmsu að breyta til bóta frá því, sem nú er, til þess að örva og efla atvinnulífið í landinu.

Í þriðja lagi vil ég nefna Viðlagasjóðsgjöldin, sem ég tel nokkuð varhugavert að ákveða um, eins og gert er ráð fyrir í till. Þegar l. voru sett á s. l. þingi, afgr. hér 7. febr., um neyðarráðstafanir vegna jarðelda á Heimaey, voru ákveðnar ýmiss konar álögur til þess að afla Viðlagasjóði tekna. Þá var gert ráð fyrir því, að fram til 28. febr. 1974 skyldi leggja 2% viðlagasjóðsgjald á söluskatt, enn fremur 30% gjald á álagðan eignarskatt á árinu 1973. Á árinu 1973 skyldi einnig leggja 35% á aðstöðugjald, enn fremur 1% á útsvarsskyldar tekjur og 10% á álagt landsútsvar. Allt þetta, nema söluskattsálagið, var miðað við árið 1973, en söluskattsálagið skyldi gilda til febrúarloka næsta ár. Þegar þessar álögur voru lögfestar, var að sjálfsögðu látið í veðri vaka og yfir lýst, að þessir skattar væru álagðir af þessu sérstaka tilefni, hinum hörmulegu atburðum á Heimaey. Ég ætla, að almenningi hafi verið gefið til kynna eða a. m. k. gefið í skyn, að hér væri um að ræða bráðabirgðaráðstafanir, sem ekki stæðu lengur en Viðlagasjóður þyrfti á að halda. Almennt séð finnst mér varhugavert að ætla sér að framlengja svo allar eða flestar þessar álögur, þó að Viðlagasjóður þurfi ekki á þeim að halda til frambúðar. Það mundi styrkja þá skoðun manna, sem því miður er allútbreidd, að þegar Alþ. ákveði einhverjar álögur eða skatta til bráðabirgða, sé nokkurn veginn öruggt, að þótt það sé kallað til bráðabirgða vegna sér-

Frv. á þskj. 41 er gamall kunningi, sem hefur stakra ástæðna eða til skamms tíma, þá verði þetta alltaf framlengt, þá verði það bara notað til annarra þarfa síðar og almenningur megi ekki treysta því, að þetta sé aðeins til bráðabirgða. M. a. frá því sjónarmiði tel ég vafasamt, þegar lagt er til í þessari till., að flest þessara gjalda skuli haldast, þó að eigi samkv. þeim að nota a. m. k. ýmis þeirra í mjög gagnlegum tilgangi.

Þá er að lokum eitt atriði, sem ég vil minnast á, og það er það, sem sagt er í frv., að þurfi að sjá ríkissjóði fyrir tekjum í staðinn. Þetta er út af fyrir sig ákaflega eðlilegt sjónarmið, að þegar lagt er til að lækka verulega tekjuskattinn, þá sé aflað tekna í staðinn eða bent á **aðra tekjustofna. Þessi röksemd á fullan rétt** á sér, ef allt er með felldu um fjármál ríkisins. En því fer svo fjarri, að svo sé nú. Þegar við lítum á það, að útgjöld fjárl. og þar með skattaálögur vegna ríkissjóðs hafa nær þrefaldast á þrem árum, þ. e. frá fjárl. 1971 til fjárl. eins og þau væntanlega verða 1974, þá er það ekki alveg sjálfsagt mál og gefið, að það sé skylda þeirra, sem leggja til að lækka tekjuskattinn, að benda á jafnháa upphæð í staðinn. Það er gert ráð fyrir því, að þegar fjárlagafrv. nú verði endanlega afgreitt fyrir árið 1974, muni það væntanlega nálgast 30 milljarða, en þegar núv. ríkisstj. tók við, árið 1971, voru útgjöld fjárlaga 11.3 millj., eins og kunnugt er. Þegar það er athugað einnig, að hlutfall það, sem ríkissjóður tekur til sinna þarfa af þjóðarframleiðslunni, hefur aukist stórkostlega að hlutfallstölu eða úr 16—19% á s. l. áratug og upp í nær 30% væntanlega á næsta ári, á sama tíma sem þjóðartekjur og þjóðarframleiðsla hafa aukist stórkostlega vegna hækkaðs verðlags erlendis, þá leiðir það ekki af sjálfu sér, að sé skylt að benda á eða útvega tekjustofna jafnháa að fjárhæð í staðinn ríkissjóði til handa, eins og lagt er til, að sparað sé eða lækkað, að því er tekjuskattinn snertir. Mér virðist, að fyrst eigi að skoða rækilega, hvort þannig er í þjóðfélaginu, að á sama tíma sem ríkisstj. hækkar útgjöldin þrefalt, þá séu engir þeir liðir, sem nokkru verulegu skipti, sem hægt sé að spara eða draga úr.

Ég vil svo ítreka það, að ég vil eindregið taka undir mjög margt af því, sem hv. frsm., 7. þm. Reykv., sagði í sinni ágætu ræðu, þó að ég hafi talið rétt að láta einnig koma fram aths. um viss atriði, sem ég er ekki að fullu sammála.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Bygging sögualdarbæjar, þáltill. (þskj. 62) — Ein umr.

Flm. (Ingólfur Jónsson): Herra forseti. Ég hef ásamt 4 öðrum hv. þm. Sunnl. flutt till. þá, sem hér má sjá á þskj. 62.

Árið 1966 kaus Alþ. n. til þess að undirbúa og standa fyrir þjóðhátíð 1974 í tilefni af 1100 ára afmæli Íslandsbyggðar. Gert er ráð fyrir, að sérstök hátíðarhöld verði í héruðum landsins auk sameiginlegra hátíðarhalda. Á þúsund ára afmæli Íslandsbyggðar 1874 voru mikil hátíðarhöld. Konungur gaf Íslendingum nýja stjórnarskrá, sem kveikti vonir í hugum manna um betri tíma og bætt stjórnarfar. Stjórnarskráin frá 1874 er að verulegu leyti sú sama og Íslendingar búa nú við. Árið 1944 voru gerðar nauðsynlegar breytingar á stjórnarskránni vegna stofnunar lýðveldisins. Stjórnarskráin er nú í endurskoðun hjá þingkjörinni nefnd.

Á 100 árum hafa miklar breytingar orðið í þjóðlífinu á flestum sviðum. Eigi að síður má ætla, að stjórnarskráin muni standa af sér sviptivinda og breytingar og verða í verulegum atriðum óbreytt fyrir komandi ár. Stjórnarskráin er hvort tveggja í senn hornsteinn í þjóðfélagsbyggingunni og leiðarvísir fyrir alla, sem landið erfa í nútíð og framtíð. Endurskoðun á stjórnarskránni þarf að vanda vel og gera því aðeins breytingar, að þær séu nauðsynlegar og til bóta. Ýmsir hafa talið, að endurskoðun stjórnarskrárinnar hefði átt að ljúka nægilega fljótt til þess að geta hlotið samþykki á þjóðhátíðarárinu. Öllum er nú ljóst, að það getur ekki orðið, og verður ekki fjölyrt frekar um það mál að sinni.

Þjóðhátíðarnefnd 1974 hefur unnið mikið starf og gert till. um framkvæmd hátíðarhaldanna. Hafa ýmsar till. verið fram bornar um, hvernig helst mætti minnast afmælisins á verðugan og eftirminnilegan hátt. Flestir munu segja, að 1100 ára afmæli Íslandsbyggðar beri að minnast með hátíð á Þingvöllum. Í fyrstu var talað um tveggja til þriggja daga hátíðarhald á Þingvöllum, en nú er fengið samkomulag um eins dags hátíð. Virðist það vera fullnægjandi, þar sem héraðshátíðir eru einnig fyrirhugaðar.

Þjóðhátíðarnefnd 1974 lagði hugmyndir sínar fyrir Alþ. 1967. Voru þær ræddar á Alþ. það ár. Í þáltill., sem byggð var á till. þjóðhátíðarnefndar, voru 3 atriði sérstaklega tekin til meðferðar. Það var bygging þjóðarbókhlöðu, útgáfa Íslandssögu og bygging sögualdarbæjar. Í framsöguræðu fyrir þeirri till. 17. apríl 1967 lýsti Bjarni Benediktsson fylgi sínu við sögualdarbæ og sagði við það tækifæri:

„Það er mjög fróðlegt fyrir okkur alla t. d. að koma í Þjórsárdal og sjá þá byggð, sem þar hefur verið grafin upp, og það ætti að vera auðvelt, miðað við þær rústir, sem menn hafa þar, og aðrar upplýsingar að gera sannsögulega eftirlíkingu, sem yrði til þess að færa alla þessa atburði okkur nær.“

Till. var vísað til fjvn. N. afgreiddi málið og tók sérstaklega fram, að hún væri fylgjandi till. um byggingu sögualdarbæjar. Þál. var samþ. þannig í heild, að till. þjóðhátíðarnefndar 1974 skuli bornar undir ríkisstj., áður en framkvæmdir hefjist.

Af þeim þremur atriðum, sem voru í umræddri þáltill., liggur fyrir sérstaklega skýr og jákvæð afstaða Alþ. til byggingar á eftirlíkingu sögualdarbæjar. Þau atriði, sem Alþ. hefur ekki tekið jafnákveðna afstöðu til, þjóðarbókhlaða og heildarútgáfa Íslandssögu, hefur verið ákveðið að láta koma til framkvæmda og verða tengd 1100 ára afmælinu. Ekki er vitað annað en að

full samstaða sé um þá ákvörðun. Þjóðarbókhlaðan verður ekki byggð á einu ári, en hún er eigi að síður tengd afmælinu með ákvörðun um byggingu hússins, og byrjað er að veita fé til framkvæmdanna. Sama gildir um sögualdarbæinn. Hann verður ekki byggður á árinu 1974, til þess þarf lengri tíma.

Í till. til þál. á þskj. 62, sem við fimm þm. Sunnl. flytjum, er gert ráð fyrir að skipta fjárveitingu til byggingar sögualdarbæjar á 3 ár. Er gert ráð fyrir, að fyrsta greiðsla af þremur verði tekin á fjárl. fyrir árið 1974. Við flm. erum til viðtals um að skipta fjárveitingunni á 5 ár, ef það þykir nauðsynlegt. Ef Alþ. hefur ákveðið að veita fé í þessu skyni, ætti að vera mögulegt að útvega fjármagn til þess að ljúka framkvæmdunum á 2—3 árum.

Í till. okkar flm. er gert ráð fyrir því, að bærinn verði byggður í Þjórsárdal. Áhugi er mikill fyrir því, að sögualdarbærinn verði reistur á Skeljastöðum, í næsta nágrenni Stangar. Þjóðhátíðarnefnd Árnessýslu hefur látið málið til sín taka, eins og sjá má á bréfi til þjóðhátíðarnefndar 1974, sem prentað er með till. á þskj. 62.

„Á fundi sínum á Selfossi laugardaginn 21. okt. 1972 samþykkti þjóðhátíðarnefnd Árnessýslu að taka að sér byggingu sögualdarbæjar í Þjórsárdal. N. býðst til að annast alla framkvæmd verksins og ábyrgjast greiðslu allt að 6 millj. kr. af áætluðum kostnaði. Jafnframt tekur n. að sér að annast gæslu og umsjón með þessum mannvirkjum að verulegu leyti eftir nánara samkomulagi.“

Ekki verður annað sagt en að þjóðhátíðarnefnd Árnessýslu bjóði fram aðstoð á rausnarlegan og myndarlegan hátt. Með því að þiggja boð þjóðhátíðarnefndar Árnessýslu verður málið miklu auðveldara í framkvæmd. Stofnframlagið, allt að 6 millj. kr., er drjúgur hluti af heildarkostnaðinum. Til viðbótar er gæsla og umsjón með mannvirkjunum, sem boðist er til að annast að verulegu leyti.

Norðmenn munu hafa boðið tæknilega aðstoð við að koma upp sögualdarbæ á Íslandi, en þeir eru reyndir í slíkum framkvæmdum. Er haft eftir Norðmanni, sem hér var á ferð fyrir tveimur árum, að Íslendingar mættu ekki draga það lengur að reisa eftirlíkingu af bæ frá landnáms- eða söguöld. Norðmennirnir virðast ekki vera í vafa um, hvernig byggt var á þeim tíma. Byggingarstíllinn hefur verið svipaður hér og í Noregi, eins og að líkum lætur. Líklegt má telja, að líkan Harðar Ágústssonar að sögualdarbænum sé sannsögulegt í aðalatriðum. Þjórsárdalur fór undir ösku og vikur í Heklugosi árið 1104. Merkilegar rústir af bæjarhúsum og peningahúsum hafa verið grafnar upp í Þjórsárdal. Fer vel á því að reisa sögualdarbæinn þar, sem áður var blómleg byggð og þar sem fornar mannvirkjaleifar gefa glögga innsýn til húsagerðar á fyrstu öldum Íslandsbyggðar.

Áætlun liggur fyrir um byggingarkostnað sögualdarbæjar. Upphafleg áætlun var gerð 1. ágúst 1972, og nam kostnaðaráætlunin 12 millj. kr. Áætlunin er í samræmi við till. Harðar Ágústssonar skólastjóra, sem byggðar eru á rannsóknum á bæjarhúsum frá söguöld. Áætlun um byggingarkostað bæjarins er endurskoðuð af verkfræðistofu Sigurðar Thoroddsens 1. ágúst s. l., og var þá gert ráð fyrir, að kostnaður við framkvæmdirnar næmi 15 millj. kr. Gera má ráð fyrir, að kostnaður verði eitthvað meiri, ef framkvæmdum yrði ekki lokið fyrr en á árinu 1975 eða 1976. Ekki er aðeins um byggingu hússins að ræða, heldur einnig vegagerð til bæjarins og allan frágang umhverfis og fullkomna hreinlætisaðstöðu.

Á s. l. sumri mun ríkisstj. hafa rætt um byggingu sögualdarbæjar, en tilkynnt þjóðhátíðarnefnd, að hún væri horfin frá fyrirhuguðum hugmyndum um byggingu sögualdarbæjar. Hugsanlegt er, að ríkisstj. hafi ekki reiknað með tilboði þjóðhátíðarnefndar Árnessýslu á þeirri stundu, þegar ákveðið var að hætta við byggingu bæjarins. Í öðru lagi má ætla, að ríkisstj. hafi reiknað með því, að byggingarframlagið yrði að taka að mestu leyti á fjárlögum næsta árs, ef í framkvæmdirnar væri ráðist.

Alþ. hefur ekki hafnað því að fylgja þeirri stefnu, sem mörkuð var 1967, þegar fjvn. mælti sérstaklega með byggingu sögualdarbæjar, sbr. nál. á þskj. 555 á því ári. Ástæða er til að ætla, að afstaða Alþ. til málsins sé enn óbreytt. Það er verðugt verkefni að reisa sögualdarbæ í tilefni af 1100 ára afmæli Íslandsbyggðar.

Fjöldi manna, innlendir og erlendir, munu leggja leið sína í Þjórsárdal til þess að skoða sögualdarbæinn og fornar minjar, sem grafnar hafa verið upp þar undan þykku vikurlagi. Það hefur holl uppeldisáhrif og vekur áhuga á fræðslu um þjóðleg málefni að koma á sögustaði og skyggnast inn í fortíðina. Sögualdarbærinn gæti vakið áhuga margra á því, sem þjóðlegt er og rammíslenskt. Talið er, að yngri kynslóðin þekki minna til Íslendingasagna heldur en þeir, sem eldri eru. Sögualdarbærinn gæti vakið áhuga ungu kynslóðarinnar fyrir því að kynna sér Íslendingasögurnar og sögu Íslands allt frá landnámstíð.

Þáltill. okkar þm. Sunnl. er flutt til þess að greiða fyrir því, að sögualdarbærinn verði reistur í tilefni þjóðhátíðarársins. Ástæða er til þess að minna á tilboð þjóðhátíðarnefndar Árnessýslu, sem áður er að vikið. Einnig ber að hafa í huga, að byggingu sögualdarbæjar er unnt að tengja við 1100 ára afmæli Íslandsbyggðar, þótt húsið verði ekki reist á næsta ári. Það, sem máli skiptir er, að tekin verði ákvörðun um, að bærinn verði byggður á tilteknum tíma, og byrjað verði að veita fé á fjárl. til framkvæmdanna. Það er samkomulagsatriði, hvort ríkisframlagið verður greitt á þremur árum eða 5 árum. Ég efast ekkert um, að ríkisstj. er hlynnt því, að sögualdarbær verði byggður þrátt fyrir ákvörðun þá, sem hún tók s. l. sumar. Ég treysti því, að hæstv. forsrh. og aðrir ráðh. verði ekki á móti þeirri till. til þál., sem hér er um að ræða. Flm. vænta þess einnig, að till. fái mikið fylgi meðal hv. alþm.

Með till. er bent á auðveldustu leiðina til þess að koma góðu máli fram með því að dreifa framlagi ríkissjóðs á nokkur ár. Með till. þessari er skorað á ríkisstj. að beita sér fyrir því,

að tekin verði í fjárl. fyrir árið 1974 fjárhæð til greiðslu á ⅛ hluta af heildarframlagi ríkissjóðs vegna kostnaðar við byggingu sögualdarbæjar í Þjórsárdal. Segja má, að þetta mætti gera án þessarar þáltill. En það er vitað mál, að það er auðveldara og betra að koma málinu fram, ef hæstv. ríkisstj. vill hverfa frá ákvörðun sinni frá s. l. sumri og fylgja málinu hér í hv. Alþ.

Herra forseti. Ég legg til, að till. verði vísað til hv. fjvn.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Efri deild, 28. fundur.

Miðvikudaginn 28. nóv., kl. 2 miðdegis.

Læknalög, frv. (þskj. 154). — 1. umr.

Heilbr.- og trmrh. (Magnús Kjartansson): Herra forseti. Gildandi læknalög, nr. 80 frá 1969, eru að stofni til frá árinu 1932, og svo verður enn þrátt fyrir það frv., sem hér er borið fram. Ástæðan til þess, að þetta frv. er fram borið, er fyrst og fremst sú, að samkv. gildandi l. geta þeir einir hlotið lækningaleyfi hér á landi, sem eru íslenskir ríkisborgarar. Þetta ákvæði hefur verið gagnrýnt í vaxandi mæli, og einkum er það orðið mjög frábrugðið því, sem gerist hjá grannþjóðum vorum á Norðurlöndum. Nokkur fjöldi manna frá Norðurlöndum, einkum Noregi, hefur lokið kandídatsprófi í læknisfræði frá Háskóla Íslands undanfarin ár, en það hefur ekki verið heimilt að veita þessum læknum lækningaleyfi á Íslandi og vafalaust á það nokkurn þátt í því, að þessir læknar hafa ekki sest að hér á landi. Tvær konur, önnur norsk, hin finnsk, sem lokið hafa kandídatsprófi frá læknadeild Háskóla Íslands og eru nú búsettar hér á landi, hafa báðar leitað til rn. og Læknafélags Íslands út af þessu máli, og Læknafélagið hefur sent rn. bréf, þar sem það mælir með því, að núgildandi lagaákvæðum verði breytt, og sömuleiðis hefur landlæknir talið, að slíkt væri eðlilegt.

Þetta frv. gerir því ráð fyrir því, að allir, sem ljúka prófi frá læknadeild Háskóla Íslands og framhaldsnámi á sjúkrahúsum eftir þeim reglum, sem um þetta gilda, geti fengið lækningaleyfi á Íslandi, ef ekkert annað mælir á móti. Þá getur ráðherra einnig veitt lækni, sem hefur sambærilegt próf, lækningaleyfi, enda fáist fyrir því meðmæli læknadeildar og landlæknis.

Þær breytingar, sem ég hef hér rætt um, er að finna í 2. og 3. gr. frv., og eru það breytingar á 2. og 3. gr. læknalaga. Í 4. gr. frv. er gert ráð fyrir, að 4. gr. l. sé orðuð um, og er þar um að ræða breytingu þannig, að ótvírætt sé, að ráðherra geti með meðmælum landlæknis falið læknanemum að gegna öllum læknisstörfum um stundarsakir og þeir hafi þá til þess fullt lækningaleyfi þann tíma.

5. gr. hefur að geyma breytingar á 7. gr. læknal., og er þar aðeins um að ræða, að efni þeirrar gr. er fært til nútímalegra horfs en var í l. frá 1932. Sama máli gegnir um 9. gr., þar sem sams konar breytingar eru gerðar á 14. gr. núgildandi læknalaga.

Gert er ráð fyrir, að 13. gr. núgildandi læknal. falli niður. Þessi gr. hefur að geyma ákvæði um greiðslur fyrir héraðslæknisstörf og hefði raunar átt að falla niður, þegar breytingar voru gerðar á l. 1969, því að ákvæði um greiðslu fyrir störf héraðslækna voru tekin inn í læknaskipunarlög, nr. 43 frá 1965, og að nýju inn í lög um heilbrigðisþjónustu, sem taka gildi um næstu áramót. Greinin er því algerlega úrelt og óþörf.

Þá er í 11. gr. gert ráð fyrir breyt. á 18. gr. læknal., þar sem gert er ráð fyrir, að sektarákvæði hækki.

Eins og af þessu sést, er hér einungis um að ræða minni háttar breytingar á gildandi læknal., og af þeim ástæðum, sem ég hef greint hér áður, þ. e. a. s. þeim, að eins og gildandi lög eru, þá er ekki heimilt að veita nokkrum aðilum, sem að öðru leyti uppfylla skilyrði, lækningaleyfi um þessar mundir. Er mjög æskilegt, að afgreiðslu þessa frv. verði hraðað, og vil ég beina þeirri ósk til hv. n., sem málið fær til meðferðar.

Ég legg svo til, herra forseti, að málinu verði að lokinni 1. umr. vísað til 2. umr. og hv. heilbr.- og trn.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 13 shlj. atkv. og til heilbr.- og trn. með 13 shlj. atkv.

Húsbyggingar á vegum Viðlagasjóðs, frv. (þskj. 2, n. 156). — 2. umr.

Frsm. (Björn Fr. Björnsson): Herra forseti. Frv. það, sem hér ræðir um, er lagt fram til staðfestingar á brbl. um húsbyggingar á vegum Viðlagasjóðs eða Vestmannaeyjakaupstaðar. Efni frv. er í stuttu máli að heimila félmrn. að setja reglugerð um nauðsynleg frávik frá ýmsum ákvæðum laga og reglugerða, sem varða byggingarmálefni. Reglugerðin á einungis að eiga við um verksmiðjugerð timburhús, sem flutt voru inn til að mæta húsnæðisþörf Vestmanneyinga. Þessi gerð húsa hefur ekki verið talin að öllu leyti í samræmi við gildandi ákvæði byggingarlöggjafarinnar, og til þess að eigi yrði um ónauðsynlegar tafir að ræða á byggingu þessara húsa, þótti rétt að setja um þetta efni brbl., og var það gert á þessu ári.

Í 2. grein frv. er svo talið upp, hver þau löggjafaratriði eru eða reglugerðar, sem breyta þarf til samræmis.

Ég tel ekki ástæðu til að ræða frekar um efni frv., en félmn. þessarar hv. d. mælir eindregið með samþykkt frv.

ATKVGR.

1. gr. samþ. með 15 shlj. atkv.
2.—5. gr. samþ. með 15 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 15 shlj. atkv.

Starfskjör launþega, frv. (þskj. 76, n. 147). — 2. umr.

Frsm. (Helgi F. Seljan): Herra forseti. Félmn. hefur kannað frv. til l. um starfskjör launþega o. fl. Frv. þetta er samið í fullu samráði við Alþýðusamband Íslands, og Vinnuveitendasamband Íslands mælti með samþykkt þess í umsögn sinni. Frv. er að meginefni annars vegar um það, að samningar aðildarsamtaka vinnumarkaðarins um kaup og kjör séu bindandi fyrir alla vinnuveitendur og launþega án tillits til þess hvort þeir séu aðilar að samtökum þeim, sem undirrita kjarasamninga, eða ekki, og hins vegar, að allir launagreiðendur séu skyldugir til að standa skil á greiðslum í lífeyrissjóði, sjúkrasjóði og orlofssjóði, enda í 2. gr. tekið fram, að öllum launþegum sé skylt að eiga aðild að lífeyrissjóði viðkomandi starfsstéttar eða starfshóps.

Hér er um að ræða réttindamál, jafnt launþega sem vinnuveitenda, þar sem ýmsir aðilar hefðu hag af því að standa utan við vinnuveitendasamtökin og sleppa þannig við gjöld þessi, en launþegar, sem utan við sín samtök standa, ættu á hættu að fá ekki sín réttmætu kjör, m.a. í formi greiðslna til hinna ýmsu sjóða verkalýðsfélaganna.

Félmn. mælir eindregið með samþykkt frv., en fjarverandi afgreiðslu málsins var hv. 1. þm. Vestf.

ATKVGR.

1. gr. samþ. með 15 shlj. atkv.
2.—5. gr. samþ. með 15 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 14 shlj. atkv.

Neðri deild, 30. fundur.

Miðvikudaginn 28. nóv., kl. 2 miðdegis.

Varamaður tekur þingsæti.

Forseti (Gils Guðmundsson): Mér hefur borist svohljóðandi bréf:

„Reykjavík, 27. nóv. 1973.

Þar sem ég er á förum til útlanda í opinberum erindum og mun því ekki geta sótt þingfundi á næstunni, leyfi ég mér að biðja um fjarvistarleyfi og með skírskotun til 138. gr. l. um kosningar til Alþingis að óska þess, að 1. varamaður Framsfl. í Reykjavík, Tómas Karlsson ritstjóri, taki sæti á Alþ. í fjarveru minni.

Þórarinn Þórarinsson,
4. þm. Reykv."

Tómas Karlsson ritstjóri hefur áður setið á Alþ. á þessu kjörtímabili, og hefur rannsókn á kjörbréfi hans farið fram. Býð ég hann velkominn til starfa.

Bann gegn veiðum með botnvörpu og flotvörpu, frv. (þskj. 11). — 1. umr.

Sjútvrh. (Lúðvík Jósepsson): Herra forseti. Hér er um að ræða frv., sem flutt er til staðfestingar á brbl., sem gefin voru út á s.l. sumri og miðuðu aðeins að því að framlengja til ársloka gildistíma laga um botnvörpuveiðiheimildir í fiskveiðilandhelgi. Frv. hefur þegar gengið í gegnum Ed., og ég vil vænta þess, að það fái fljóta afgreiðslu hér. Málið er eins einfalt og hugsast getur, og er í rauninni ekki ástæða til að ræða frekar um það hér af minni hálfu.

Ég legg til, herra forseti, að frv. verði að lokinni þessari umr. vísað til 2. umr. og hv. sjútvn. til fyrirgreiðslu.

Pétur Sigurðsson: Herra forseti. Mér þykir rétt, um leið og þessu frv. verður vísað til hv. sjútvn., að sú ábending komi fram, að hin efnislega hlið þessa frv. eða forsenda hennar er auðvitað algerlega farin veg allrar veraldar eftir samninga þá, sem hæstv. ríkisstj. hefur gert við hennar hátign, vegna þess að það frv., sem um er að ræða og á að taka við af gildandi l., er miðað við skiptingu 50 mílna fiskveiðilögsögunnar fyrir okkur Íslendinga. Við vitum, að það er aðeins lítill hluti þeirrar lögsögu, sem við höfum til ráðstöfunar fyrir okkur og okkar flota á næstu tveimur árum, og því tel ég, að það sé mjög varasamt að samþ. þetta frv. með þessari tímaákvörðun. Væri kannske réttara að láta þessi brbl. gilda næstu tvö ár eða jafnlengi og samningurinn við hennar hátign stendur.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 26 shlj. atkv. og til sjútvn. með 24 shlj. atkv.

Gjaldaviðauki, frv. (þskj. 41). — 1. umr.

Fjmrh. (Halldór E. Sigurðsson): Herra forseti. Frv. á þskj. 41 er gamall kunningi, sem hefur verið flutt a.m.k. á öllum þeim þingum, sem ég hef setið, en það er um heimild til að innheimta gjöld með viðauka. Þetta frv. er alveg shlj. þeim, sem áður hafa verið flutt um slíkar heimildir. Það var lagt fram á sínum tíma í hv. Ed., og varð þar samstaða um að afgreiða það óbreytt, og ég vona, að eins verði hér í þessari hv. d., að það hljóti sama byr og verið hefur. Hygg ég, að svo muni verða, þangað til tekist hefur að koma því í framkvæmd, sem ég og fleiri hafa rætt um, að taka alla tekjuinnheimtu ríkissjóðs til meðferðar og stefna að því að hafa í einum lagabálki, þá gæti slíkt gjald sem þetta fallið niður. En út í það ætla ég ekki að fara, heldur leyfi mér að fara fram á það, að málinu verði vísað að lokinni þessari umr. til 2. umr. og hv. fjh.- og viðskn.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 26 shlj. atkv. og til fjh.- og viðskn. með 30 shlj. atkv.

Verðlagsráð sjávarútvegsins, frv. (þskj. 97). — 1. umr.

Sjútvrh. (Lúðvík Jósepsson): Herra forseti. Hér er um lítið frv. að ræða um breyt. á l. um Verðlagsráð sjávarútvegsins og flutt að beiðni

verðlagsráðsins. Hér er um minni háttar skipulagsbreytingu að ræða, aðallega varðandi verðlagningu á sjávarafurðum. Meginatriðið er, að svonefnd síldardeild er lögð niður í því formi, sem hún var í, og nú er gert ráð fyrir sérstakri síldarsöltunardeild, sem fjalla á um verðlagningu á síld til söltunar, og svo aftur bræðsludeild, sem fjallar ekki aðeins um síld til bræðslu, heldur einnig verðlagningu á öðrum bræðslufiski, þar sem getur verið um að ræða ýmsar aðrar tegundir. Það hefur sem sé komið í ljós, að það er miklu eðlilegra og æskilegra fyrirkomulag, sem hér er lagt til, og þykir sjálfsagt að verða við því.

Frv. hefur þegar fengið afgreiðslu í hv. Ed., og vænti ég, að svo verði hér einnig í þessari hv. d. Ég legg til, að að lokinni þessari umr. verði málinu vísað til sjútvn. til fyrirgreiðslu.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 30 shlj. atkv. og til sjútvn. með 28 shlj. atkv.

Lántökuheimild vegna framkvæmda- og fjáröflunaráætlunar 1973, frv. (þskj. 129, n. 159, 158). — 2. umr.

Of skammt var liðið frá útbýtingu nál. og brtt. — **Afbrigði samþ. með 26 shlj. atkv.**

Frsm. (Vilhjálmur Hjálmarsson): Herra forseti. Fjh.- og viðskn. þessarar hv. deildar hefur fjallað um þetta frv. Efni þess er að heimila ríkisstj. að taka erlent lán að fjárhæð 1400 millj. kr. eða jafnvirði þess í erlendri mynt. Af lánsfjárhæðinni, segir í 2. gr. frv., skulu 800 millj. kr. endurlánaðar Framkvæmdasjóði Íslands í samræmi við framkvæmdaáætlun en að öðru leyti skal henni ráðstafað samkv. gildandi lagaheimildum. N. aflaði sér upplýsinga um það, að hér er annars vegar um að ræða ýmis verkefni, sem samkv. framkvæmda- og fjáröflunaráætlun 1973 var ráðgert að fjármagna með erlendu lánsfé, samtals að upphæð 273 millj. kr., eins og getið er um í nál. Að öðru leyti er þessu fjármagni varið til togarakaupa samkv. áður gefnum heimildum. Hér var því ekki um neinar nýjar lánsheimildir að ræða, þegar brbl. voru gefin út 18. sept. í sumar.

N. varð sammála um að leggja til, að frv. yrði samþ.

Þá er þess að geta, að n. bárust tilmæli og síðar bréf frá fjmrn., en í þessu bréfi segir, að samkv. erindi, sem borist hafi frá samgrn., þurfi að fá heimild Alþ. til þess að taka 7 millj. dollara lán hjá Alþjóðabankanum til hafnarframkvæmda í Grindavík, Þorlákshöfn og Höfn í Hornafirði. Áformað er að ganga frá lántöku þessari um n.k. mánaðamót, fáist lántökuheimild, segir enn fremur í bréfi fjmrn.

N. ræddi þetta atriði allítarlega. Hún kvaddi m.a. til viðtals við sig Davíð Ólafsson seðlabankastjóra, Halldór E. Sigurðsson fjmrh., Björn Jónsson samgrh. og Brynjólf Ingólfsson ráðuneytisstjóra í samgrn. Þeir gáfu n. ýmsar upplýsingar um einstök atriði málsins og um ýmis efni því tengd.

Það kom fram í n., að sumir nm. töldu, að **eðlilegra hefði verið að flytja sérstakt frv. um** þessa lántökuheimild, en skeyta hana ekki við **staðfestingu brbl. á þann hátt, sem hér er lagt** til. En til þess að greiða fyrir afgreiðslu málsins varð niðurstaða n. sú, eins og ég áðan sagði, að hún mælir með frv., og formaður n. flytur brtt., sem hefur verið útbýtt, á þskj. 158, í samræmi við óskir fjmrn. um viðbótarlántökuheimild, eins og fram kemur á þskj. Um þetta atriði hafa nm. hins vegar óbundnar hendur.

Eins og hv. þdm. er kunnugt að sjálfsögðu, gaf Alþjóðabankinn kost í því í sumar að veita nagkvæm lán til hafnarframkvæmda hér á landi vegna Vestmannaeyjagossins, en aðeins vegna þess. Seðlabankastjóri upplýsti í n., að það hefði verið skýrt tekið fram af bankans hálfu, að hann lánaði eingöngu undir þessum kringumstæðum til hafnargerða hér, og þetta lán er veitt til **ákveðinna hafnarframkvæmda, en ákvarðanir um** það, hvað gera skyldi, voru teknar í sumar, eftir að n. frá Alþjóðabankanum hafði verið hér á ferð, og þær ákvarðanir eru að sjálfsögðu teknar af ríkisstj. í samráði við lánveitanda. Þessar ákvarðanir voru eins og ég áður sagði, teknar í sumar. Er fyrirhugað, að lánið skiptist þannig á þá þrjá staði, sem til greina koma, sbr. brtt., að til Þorlákshafnar **gangi** 366 millj. kr., til Grindavíkur 234 millj. og til Hafnar í Hornafirði 14.5 millj. kr.

Ég held, að ég hafi ekki þessa framsögu lengri. Það hefur verið óskað eftir að hraða afgreiðslu málsins, þar sem það tekur alltaf nokkurn tíma, frá því að Alþ. hefur afgreitt það, þangað til endanlega og formlega er hægt að ganga frá lántökunni. En áður hef ég lýst því, hver er raunverulega afgreiðsla nefndarinnar.

Guðlaugur Gíslason: Herra forseti. Ég hafði **gert ráð fyrir, að meira svigrúm mundi gefast til þess að koma fram aths. og brtt. við það nál., sem hér hefur verið útbýtt í dag og nú hefur með afbrigðum verið tekið til 2. umr. Ég vil leyfa mér að fara fram á við forseta, að frv. verði a.m.k. ekki afgreitt úr þessari d. við 3. umr. í dag, því að þetta mál er vissulega þess eðlis, að óhjákvæmilegt er a.m.k. fyrir mig að ræða það nokkru nánar.**

Eins og hv. frsm. greindi frá, er tillagan um lántökuheimild til hafnarframkvæmda, sem nú er lagt til, að komi í frv., umfram þá lántökuheimild, sem er að finna í sjálfu frv. Ber þetta vissulega að með alleinkennilegum hætti, og eins og hann sagði, er það vegna Vestmannaeyjagossins.

Ég verð að rifja það upp, að á Alþ. í vetur fluttu þm. Sunnl. allir till. um, að skipuð yrði n. manna til þess að kanna möguleika á staðsetningu nýrrar hafnar á suðurströnd landsins, ef þannig færi, að höfnin í Vestmannaeyjum færi forgörðum vegna þeirra náttúruhamfara, sem þá stóðu yfir. Einhvern veginn fann hæstv. þáv. samgrh. það út úr þessari samþykkt Alþingis, að þetta gæti einnig náð til áframhaldandi uppbyggingar annarra hafna, bæði á suð-

urströnd landsins og Reykjanesskaganum, þ.e. a.s. í Þorlákshöfn, Grindavík og Höfn í Hornafirði. Mér hefur alltaf verið það ráðgáta, hvernig hægt er að túlka jafnákveðna tillgr. og var að finna í okkar þáltill., þar sem margundirstrikað var í grg., að nefndarskipunin ætti aðeins að ná til staðsetningar nýrrar hafnar á Suðurlandi, að þetta skuli einnig ná til annarra hafna. Þetta hefur mér alltaf verið ráðgáta. En einhvern veginn hefur hæstv. þáv. samgrh. tekist að túlka þetta þannig og fengið n. til að vinna eftir þessari sinni túlkun. Ég hygg, að ef málið er skoðað eins og það raunverulega lá fyrir Alþ. og var samþ. og afgr. héðan úr Sþ. í fyrravetur, þá séu þessi vinnubrögð í engu samræmi við þann yfirlýsta vilja, sem fram kom í nefndri till. okkar þm. Sunnl. Þetta mál hefur af þessum ástæðum valdið bæði vonbrigðum og nokkrum sárindum í Eyjum. Vestmannaeyingar vilja sannarlega stuðla að uppbyggingu á höfnum landsins, á Suðurlandssvæðinu jafnt og annars staðar, en þeir vilja ekki láta misnota nafn sitt og aðstöðu, eins og svo herfilega er gert í till. þeirrar n., sem hæstv. samgrh. skipaði.

Það liggur fyrir, að þrátt fyrir það að svo vel fór, — sem Vestmanneyingar og landsmenn allir geta verið mjög ánægðir yfir, að höfnin í Vestmannaeyjum bjargaðist, fór ekki forgörðum, meðan eldgos geisaði þar á s.l. vetri og fram eftir vori, — og þrátt fyrir það að við fáum hvað innsiglingu snertir jafnvel betri höfn út úr þessum náttúruhamförum, þá er mjög margt, sem þarf að gera innan hafnar. Vitamálastofnunin hefur á undanförnum mánuðum unnið að því skv. beiðni hafnarnefndar Vestmannaeyja, að gera áætlun um skipulag hafnarinnar, og liggur það nú fyrir í stórum dráttum, frumdráttum. Var þetta eitt af þeim málum, sem rædd voru á síðasta bæjarstjórnarfundi í Vestmannaeyjum, sem haldinn var fyrir rúmri viku. Þar var gerð einróma svofelld ályktun, sem ég vil leyfa mér að kynna hér, en hún hljóðar þannig:

„Með vísun til fyrirhugaðrar lántöku hjá Alþjóðabankanum til hafnarframkvæmda samþykkir bæjarstjórn að gera þá kröfu til stjórnvalda, að hluta af þessu fé verði varið til fyrirhugaðra hafnarframkvæmda í Vestmannaeyjum fyrst og fremst, þar sem fyrir liggur, að bátafloti Vestmannaeyja er nú fluttur heim að langmestu leyti og margvíslegar endurbætur á höfninni liggja fyrir."

Ég undirstrika það, sem kom fram hjá hv. frsm. fjhn., að þetta lán er fyrst og fremst fengið vegna náttúruhamfaranna í Eyjum. Ég hygg, að lánveitenda mundi þykja alleinkennilegt, ef hann frétti það, að þrátt fyrir nauðsyn endurbóta á höfninni í Vestmannaeyjum, þá sé það eina höfnin hér sunnanlands af hinum stærri höfnum, sem skilin er eftir, þegar á að fara að úthluta þessu fé. Ég veit alls ekki, hvernig Alþingi Íslendinga væri stætt á því að afgreiða málið á þann veg, sem hér er ætlast til, að sé gert, ef það ætlar að halda virðingu sinni gagnvart Alþjóðabankanum og þeim mönnum, sem þar ráða.

Ég skal nú ekki í þessum umr. tefja þetta mál frekar, en aðeins benda á þessar staðreyndir, að ég tel útilokað, að málið verði afgreitt hér í þessari hv. d. á þann veg, sem hv. form. fjhn. hefur lagt til, þ.e. að það yrðu aðeins tilgreindar þessar 3 hafnir. Mér gafst því miður ekki svigrúm til að koma fram með brtt. á þann veg, sem ég hefði talið eðlilegast og best, en mun þó gera það á þessum fundi nema hæstv. forseti fallist á að fresta þessu máli til næsta fundar.

Forseti (Gils Guðmundsson): Í tilefni af orðum hv. 3. þm. Sunnl. um meðferð á þessu máli eða því, hvernig forseti hyggist haga afgreiðslu þess, vil ég láta þess getið, að ég tel algerlega eðlilegt, að d. taki sér nauðsynlegan tíma til að kanna þetta mál. Það er nýkomið hingað í þeirri mynd, sem það kynni að fá að samþykktri þeirri brtt., sem hér liggur fyrir. En ég vil beina því til hv. þm., hvort ekki væri hægt að fallast á, að 2. umr. um málið héldi áfram og henni yrði hugsanlega lokið í dag, en 3. umr. færi þá ekki fram fyrr en á mánudag. Það eru tilmæli mín, að málsmeðferð yrði á þessa leið og brtt. gæti þá að sjálfsögðu komið fram við 3. umr.

Fjrmrh. (Halldór E. Sigurðsson): Herra forseti. Það segir gamalt máltæki, þegar menn verða undrandi: „Á dauða mínum átti ég von, en ekki þessu." Get ég tekið undir það, því að á honum geta menn alltaf átt von, en ég átti ekki von á, að hv. þm. af Suðurlandi kæmi hér upp til að mótmæla þessu frv. Ég verð að segja það, að ræða hv. þm. Guðlaugs Gíslasonar kom mér sannarlega á óvart.

Eitt af því, sem gerðist á s.l. vetri, var það, að undir vorið leiddi Alþjóðabankinn það í tal við einn af bankastjórum Seðlabankans, að hann væri til viðtals um það eða vildi athuga, hvort hann gæti orðið Íslendingum að liði, vegna eldgossins í Vestmannaeyjum. Og það, sem þeir töldu, að helst væri hægt að gera í þeim efnum, var að styðja við uppbyggingu hafna á Suðurlandi, og þá fyrst og fremst að athuga þær hafnir, sem Vestmannaeyjaflotinn hafði notað í fyrravetur.

Þegar við vorum með afgreiðslu á framkvæmda- og fjáröflunaráætlun fyrir árið 1973, var gengið mjög hart fram af hendi þeirra Sunnlendinga um að fá fjárveitingu eða fjármagnsútvegun til hafnargerðar í Þorlákshöfn. Hún var þá talin sú höfn af þeirra hendi, sem þeir bæru mest fyrir brjósti og nauðsyn bæri til að útvega fé til, og var þá talað um 40 eða 80 millj. kr. til að byrja með til þess að gera þá höfn úr garði þannig, að hún væri sæmileg. Það mun ekki hafa farið fram alllítil umræða um það í fyrravetur, að flotinn, sem landaði í Þorlákshöfn, væri í mikilli hættu vegna þeirra þrengsla, sem væru í höfninni, eftir að Vestmannaeyjaflotinn var þangað kominn. Það var líka vitað, að Grindavíkurhöfn var meingölluð, og þar fórust skip svo sem kunnugt er, og þar voru líka geysileg þrengsli.

Strax eftir að Vestmannaeyjagosið hafði átt sér stað var farið að virða fyrir sér möguleika á því að reyna að bæta úr þessu. Grindavík var að því leyti talin best, að þar var hægt að gera stórátak á stuttum tíma og með tiltölulega hóf-

legum kostnaði. Öllum var ljóst, að hér var um mikinn kostnað að ræða, sem ekki yrði hjá komist að leggja í, en lagfæring Grindavíkurhafnar var talin hentugust, sérstaklega vegna þess, að þar fengist mikið viðlögupláss og væri hægt að framkvæma það á stuttum tíma. Það var því raunverulega í fyrravetur strax ákveðið að taka Grindavík til sérstakrar meðferðar til þess að veita Vestmannaeyjarflotanum aðstöðu.

Seint á þinginu í fyrravetur, þegar var verið að ganga endanlega frá framkvæmdaáætluninni, kom það upp hjá hv. þm. Sunnl. og fleirum að athuga einmitt um stórátak í hafnargerð á Suðurlandi vegna Vestmannaeyja. Það var afgreidd hér báltill. og sett í það sérstök n. Áður en þessi n. hóf störf og ég held áður en hún var kosin, höfðu menn komið frá Alþjóðabankanum og gert sér grein fyrir þessum málum og farið að velta fyrir sér möguleikum á því að koma hér upp bættri aðstöðu í höfnum, sem væru nálægt þeim miðum, sem Vestmannaeyjabátarnir sóttu á. Engir vissu þá um, hvort það færi svo vel, að gosinu lyki eins snemma og það gerði, og var þó þá sannarlega nóg komið. Að þessu máli var svo haldið áfram að vinna, og þegar n. sú, sem hæstv. fyrrv. samgrh. skipaði, tók til starfa, var þetta eitt af því, sem hún vann að ásamt sérfræðingum frá Alþjóðabankanum.

Það er ljóst og þarf engum orðum að því að eyða, að það voru engir möguleikar til fyrir Íslendinga að fá lán úr Alþjóðabankanum til hafnargerða nema vegna þess, að það var bundið við að bjarga Vestmannaeyjaflotanum. Það var líka ljóst á þeim tíma, sem var verið að vinna að þeim málum, að ef hefði átt að gera þá höfn úti í Vestmannaeyjum, þá hefði af þeirra hendi ekki verið um þetta mál að ræða. Þessar aðgerðir voru miðaðar við, að það væri hægt að bjarga Vestmannaeyjaflotanum, án þess að hann kæmi í sína heimahöfn. Það þarf ekki neinum orðum að því að eyða, og þetta mál kom svo fyrir ríkisstj. eftir að n. hafði unnið vel og samviskulega og skilað sama sem samhljóða áliti um það. Þegar það kom þangað, var farið að draga úr eldgosinu, og var það álit sumra manna, sem um þessi mál höfðu fjallað og höfðu kynnt sér, að það gæti verið nokkur vafi á því, hvort Alþjóðabankinn héldi við það að veita þessi lán, ef það væri ljóst, að Vestmannaeyjaflotinn gæti notið sinnar heimahafnar. Það var því ákvörðun ríkisstj. að taka þessu boði, og með þeim hætti taldi hún sig tryggja það, að Vestmannaeyjaflotanum væri borgið, jafnvel þó að svo illa tækist til, að gosið héldi áfram. Hann fengi gott hafnarrými á þeim stöðum, sem næst væru heimahöfninni, og væri ekki hægt að tryggja það betur, en með hafnarbótum í Þorlákshöfn og í Grindavík. Höfuðáherslan í framkvæmd var lögð á Grindavík, vegna þess hvað var fljótvirkt að ná þar verulegum árangri, en Þorlákshöfn var miklu stærra mál. Það var líka ljóst öllum, sem um það fjölluðu, og þarf ekki að ræða um það hér á hv. Alþingi og ætti síst af öllu að þurfa að kynna það fyrir þm. Sunnl. að Þorlákshöfn væri höfn, sem þyrfti uppbyggingu og gæti ekki staðist eins og hún væri. Þess vegna var talið rétt að tengja þetta saman, og ríkisstj. tók þessa ákvörðun, enda þótt hún vissi, að það mundi koma fram gagnrýni á þetta. En það var ekki reiknað með, að gagnrýnin kæmi frá þm. Sunnl. það verð ég að segja, það kemur mér spánskt fyrir sjónir. Ég vil líka endurtaka það, sem ég hef áður sagt á öðrum stað, að þessi aðgerð kemur ekki í veg fyrir uppbyggingu á höfnum landsins. Það þarf enginn að láta sér detta í hug, að Alþingi hefði komist hjá því, að veita verulegar fjárhæðir til uppbyggingar á höfnum eins og Grindavík, Þorlákshöfn og Höfn í Hornafirði. Þó að hv. þm. vilji reyna að halda því fram núna, þá stenst það ekki. Það er heldur enginn að segja, að það eigi ekki að sinna málum Vestmannaeyja, þó að þetta sé gert, heldur er með þessu verið að gera öruggar hafnir í nánd við Vestmannaeyjamiðin út af því ástandi, sem ríkti, þegar ákvörðunin var tekin. Og það er verið að nota þá möguleika, sem voru til þess að bæta úr hafnarmálum á Íslandi, svo sem full þörf var að gera, með þessum hætti, sem þarna gafst tækifæri til. Þess vegna verð ég að segja það, að ég skil ekki, að hv. 3. þm. Sunnl. skuli vera að agnúast út af því, að út í þessar framkvæmdir skuli vera farið.

Það, sem er svo gert til þess að mæta þessu heima fyrir, er ákvæði í heimildagrein fjárl. Það var ekki talið hyggilegt á því stigi málsins, meðan var verið að ganga frá þessu máli við Alþjóðabankann, að bæta Vestmannaeyjum við, ef það ákvæði gæfi meira. En ég vil segja það, að ef það ákvæði gæfi meira en framlagið þarf að vera á móti þessu láni, þá er ekkert eðlilegra en að nota það til Vestmannaeyjahafnar, eftir að það er nú komið á daginn, sem betur fer, að gosið er liðið hjá.

Hinu held ég fram, að þessi aðgerð flýti framkvæmdum í höfnum á Íslandi. Hún var besta ráðið til þess að koma í veg fyrir það, að Vestmannaeyjaflotinn lenti í stórkostlegri hættu vegna hafnleysis, ef gosið hefði haldið áfram eða höfnin orðið ónýt. Það þarf enginn að segja mér, að það hefði verið hægt að bjarga því máli á betri veg. Það var líka vitað, að jafnvel þótt gosið hætti, gæti höfnin verið ónýt í bili. Þess vegna held ég, að hér hafi verið vel og viturlega ráðið, og ég sé ekki, að það eigi að taka hv. alþm. langan tíma að styðja þetta mál til framgangs, því að það hefur verið afgr. hér á Alþingi á styttri tíma mál, sem til minni heilla hefur horft fyrir þjóðina en þetta mál gerir.

Matthías Bjarnason: Herra forseti. Ég hafði að vísu beðið um fjarvistarleyfi í dag af þeirri ástæðu, að ég ætlaði mér að sitja setningarfund L. Í. Ú., af því að ég á sæti í stjórn samtakanna. En einn þm. var svo hugulsamur að hringja til mín á þann fund og segja mér að þetta mál hafi verið tekið hér til umr. með afbrigðum, og ég veit auðvitað ástæðuna fyrir því, og forsetar þingsins áttu úr vöndu að ráða að taka tillit til óska þm. eða verða við frekju ráðh. Í þessu tilfelli hefur frekja ráðh. ráðið, og þess vegna var þetta mál tekið fyrir hér með afbrigðum.

Nefndin, sem um mál þetta hefur fjallað, fjh.- og viðskn. Nd. fjallaði um frv. um lántökuheimild vega framkvæmda- og fjáröflunaráætlunar 1973, og um það var enginn ágreiningur

í fjh.- og viðskn. að greiða fyrir framgangi þess frv., þó að talið hefði verið réttara, að sundurliðun fylgdi, svo sem er í nál. fjh.- og viðskn. En þegar þetta frv., sem er nánast staðfesting á brbl. um lántökuheimild vegna framkvæmda- og fjáröflunaráætlunar á þessu ári, er komið til 2. umr. og n. og búið að vera þar í nokkra daga, fær form. fjh.- og viðskn. tilmæli um að flytja þá till., sem hann hefur orðið við að flytja, eins og hollir og traustir stjórnarþm. vanalega gera. Hann hefur því flutt till. um það, að á eftir 2. gr. komi ný gr., sem orðist þannig: „Ríkisstj. er einnig heimilt að taka 7 millj. dollara lán hjá Alþjóðabankanum til hafnarframkvæmda í Grindavík, Þorlákshöfn og Höfn í Hornarfirði eftir nánari ákvörðun ríkisstj.“

Samgrn. skrifaði fjmrn., — en það skal fram tekið fyrir þá, sem ekki þekkja til, og þá á ég ekki við þm., heldur ýmsa aðra, að þessi tvö rn. eru í sama húsi, en á sitt hvorri hæðinni, — en það tókst ekki, þó að samgrn. ætti hlut að máli, að koma þessu erindi áleiðis, eða réttara sagt: það tókst ekki hjá fjmrn. að koma erindinu út úr húsinu fyrr en 27. nóv., að lögð er á það höfuðáhersla, að fjh.- og viðskn. afgreiði þetta mál á stundinni, án þess að nokkur athugun fari fram, að því að það er að verða ríkur vani hjá ýmsum mönnum, sem setjast í ráðherrastóla, að líta á Alþingi Íslendinga sem mjög simpla afgreiðslustofnun, þar sem hægt er að ganga inn og biðja um ákveðinn hlut, eins og við göngum inn í verzlun og segjumst ætla að fá þetta eða hitt og það er afgreitt yfir búðarborðið samstundis. Þetta hefur hæstv. fjmrh. hugsað sér, og hann hefur komið ár sinni þannig fyrir borð, að það var gert.

Ég var einn af þeim vondu mönnum í þessari n., sem vildu alls ekki gangast inn á það að gleypa við þessari málsmeðferð, um leið og komu fram munnleg tilmæli, þó að þau væru frá þessum hæstv.ráðh. Og ég fór fram á það við formann fjh.- og viðskn. að þessir herrar yrðu kallaðir á fund n. til þess að gefa einhverja skýringar á þessari efnismeðferð málsins. Hann tók af sinni alkunnu prúðmennsku þessa ósk til greina og fór á fund þessara tveggja hæstv. ráðh., og þeir gerðu nú svo lítið að mæta á fundi n. báðir og ræddu við okkur í held ég rúma klst., þar sem við fengum þó leyfi til að bera fram tilteknar aths. út af efnismeðferð þessa máls. Mín skoðun er sú, að þessi till. hafi átt að vera flutt af ráðh. í sérstöku frv. og fylgt úr hlaði hér með venjulegum hætti, en ekki að lauma 7 millj. dollara lántöku inn í frv., sem er í raun og veru óskylt þessu, og afsökunin er sú, að bréfið frá samgrh., sem skrifað er 31. okt., hafi þvælst fyrir í fjmrn. og gleymst. En ég verð að segja, að það eru engir smákarlar, sem gleyma í næstum því mánuð, að þeir eiga von á 7 millj. dollara láni, svo að það er eitthvað tekið af lánum þar, á því skrifborði, sem 7 millj. dollara lán gleymist í næstum því mánuð.

Mér ofbauð áðan að hlusta á málflutning hæstv. fjmrh., þegar hann leyfði sér að bera fram, að þessi mikla lántaka og 40% framkvæmdakostnaðar innanlands, sem þarf að inna af hendi, yrðu til að flýta fyrir öðrum hafnarframkvæmdum í landinu. Ég man eftir því úr barnaleikriti, að þegar Bastían bæjarfógeti var að rugla í Kardímommubænum, þá sagði Soffía frænka um hann: „En sá ruglukollur“. Það er nú kannske allsendis óviðeigandi að líkja hæstv. fjmrh. við Bastían bæjarfógeta, en ég get ekki að því gert, að þetta kom upp í mínum huga, þegar ég heyrði jafnfjarstæðukennda vitleysu og þarna er höfð í frammi.

Þá er komið að því, hvernig afla á fjár innanlands til þess að standa undir þessum tilteknu þremur framkvæmdum, sem aðallega eru þó tvær framkvæmdir: í Grindavík og í Þorlákshöfn, og svo smásletta í Höfn í Hornafirði. Um það segir í 22. lið heimildar fjárlagafrv., að ríkisstj. sé heimilt að ráðstafa því fé, sem inn kemur í aðalflutningsgjöldum og söluskatti af tilbúnum húsum, sem Viðlagasjóður flytur inn til tímabundinna nota fyrir Vestmanneyinga, til greiðslu á hluta ríkissjóðs í framkvæmdakostnaði við hafnir í Grindavík, Þorlákshöfn og Höfn í Hornafirði, sem er mótframlag á móti láni Alþjóðabankans. Þvílíkur höfðingsskapur, — hús, sem flutt eru inn vegna gossins í Vestmannaeyjum og þeirrar óhamingju, sem því fylgdi. Til þess að nota sér þetta ólán á að gefa eftir tolltekjurnar, en nota þær aftur sem mótframlag ríkisins til framkvæmda í Þorlákshöfn, Grindavík og Höfn í Hornafirði fyrir blessaða, elsku Vestmanneyingana, að því er ríkisstj. telur. Það hefði enginn fjmrh. treyst sér til, — mér er sama hvaða kjarkmaður það væri, sem væri í embætti fjmrh., — treyst sér til annars en að fella niður aðflutningsgjöld af öllum húsum Viðlagasjóðs. Það er hrein blekking og niðurlægjandi fyrir ríkisstj. að leggja þetta til. Það átti auðvitað að leggja til að fella þessi aðflutningsgjöld niður, en ekki að nota sér þessa ástæðu til þess að fjármagna innlendan kostnað fyrir þessar tilteknu þrjár hafnarframkvæmdir. Og þetta er allt saman gert í nafni Vestmanneyinga.

Nú vita menn það, að Vestmanneyingar leggja höfuðáherslu á það að byggja upp sína höfn, og fyrir þann tíma, sem þessi ákvörðun er tekin, er sjáanlegt, að það þarf að leggja fram stórfé til Vestmannaeyja. Og við minnumst orða hins þróttmikla forsrh. vors, þegar hann hrópaði að þjóðinni í vetur: „Vestmannaeyjar skulu rísa.“ Við höfum allir trúað því, að Vestmannaeyjar ættu að rísa, en ekki með þessum hætti, að það ætti að taka af Viðlagasjóði til þess að standa undir þessum þremur framkvæmdum. Þetta finnst mér ekki höfðinglegt frá hendi hæstv. ríkisstjórnar, síður en svo.

Þá kem ég að hinum þætti þessa máls, sem er um aðrar hafnir í landinu. Mín skoðun er sú, að eftir því sem þjóðfélagið fórnar meiri framlögum og tekur fleiri lán til tiltekinna hafna, þá sé það ekki til þess að auka framkvæmdir á öðrum stöðum, heldur jafnvel til þess að draga nokkuð úr þeim framkvæmdum, sem annars hefði verið farið í. Þetta held ég, að hver maður, sem eitthvað skilur gang fjármála, telji vera nær sanni en þessar órökstuddu fullyrðingar hæstv. fjmrh. hér áðan. Við skulum líta á fjárlagafrv., eins og það liggur fyrir. Segir í aths. fyrir fjárlagafrv., að framlög til hafnarmála hækki samtals um 488.5 millj. kr., þar af 394 millj. til

hafnarframkvæmda í Þorlákshöfn, Grindavík og Höfn í Hornafirði, en þessar framkvæmdir voru sem kunnugt er ákveðnar með tilliti til náttúruhamfaranna í Vestmannaeyjum, en samkv. bráðabirgðaáætlunum mun heildarkostnaður á árinu 1974 verða um 450 millj., sem skiptist þannig á milli þessara hafna: 225 millj. til Þorlákshafnar, 200 millj. til Grindavíkur og 25 millj. til Hafnar í Hornafirði. Síðan segir í aths. með fjárlagafrv., að fyrir utan þessar tilteknu hafnarframkvæmdir hækka framlög til hafnarmannvirkja og lendingarbóta um 93.2 millj. kr., eða um 45.1%, m. a. af ákvæðum nýrra hafnalaga um aukna hlutdeild ríkissjóðs í byggingarkostnaði.

Ef við lítum á þessa breytingu, sem verður á hækkunum til hafnarframkvæmda, til fiskihafnanna í landinu almennt, þá verðum við að hafa í huga, að nú 1. jan. koma til framkvæmda ný hafnalög, sem gera ráð fyrir því að auka hlutfall þátttöku ríkisins frá því, sem var í gildandi löggjöf. Meginhluti af kostnaði hafnarframkvæmda var greiddur með 40 og 70% þátttöku ríkissj., en hefur reynst vera að meðaltali í kringum 60% nú á síðustu árum. Nú mun þessi upphæð hækka upp í 75% með þessum nýju l., svo að það auðvitað kallar um leið á aukna fjárveitingu til hafnarframkvæmda, án þess þó að gera kröfur um aukningu framkvæmda frá því, sem áður var. Í þessu sambandi skulum við einnig líta á það, að sú breyting hefur orðið á einu ári, eða frá því að við unnum að undirbúningi og afgreiðslu fjárl. fyrir árið 1973, að byggingarkostnaðurinn hefur hækkað um tæplega 33%, og það hefur enginn sannfært mig um það, að framkvæmdakostnaður við hafnargerðir almennt í landinu hafi ekki hækkað rúmlega það eða um 33—34%, sennilega nálægt 40%, á þessu eina ári. Og með aukinni hlutfallsþátttöku ríkisins í hafnarframkvæmdum kemur fram í fjárlagafrv., að framlögin hafi hækkað um hvorki meira eða minna en um 45.1%.

Í raun og veru hefur engin hækkun orðið á framkvæmdamætti við hafnargerðir frá því, sem þær voru fyrir einu ári, vegna þeirra verðbreytinga, sem orðið hafa, og vegna tilkomu hinna nýju hafnalaga, sem taka gildi nú 1. jan. n. k. Þess vegna er sjáanlegt á öllu, að hér er um allt of lágar upphæðir að ræða. Áður en ég lýk því að tala um væntanlegar framkvæmdir við fiskihafnir almennt, vil ég minna á það, að í hinum nýju hafnalögum eru ákvæði til bráðabirgða um, að gera skuli sérstakar ráðstafanir til að létta greiðslubyrði þeirra hafnasjóða af löngum lánum, sem verst eru settir, og þá á að miða við lánin eins og þau eru, þegar l. taka gildi, og við fjárlagagerð fyrir árið 1974 átti samgrn. að gera Alþ. sérstaka grein fyrir fjárþörf í þessu efni. Ráðh. á að gera till. til fjvn. og Alþ. um skiptingu fjárins, og skal við skiptinguna hafa hliðsjón af tekjum og gjöldum hafnarsjóðs, framlagi sveitarfélags til hafnarsjóðs, fólksfjölda og öðrum þeim atriðum, sem hafa áhrif á greiðslugetu hafnarsjóðsins. Þessu frv. til hafnal. var ætlað að taka gildi um síðustu áramót. En það varð ekki, og þegar það var séð fyrir afgreiðslu síðustu fjárl., að það mundi ekki verða, þá varð að samkomulagi, að það var tekið inn í fjárlagafrv. á heimildagr. heimild fyrir ríkisstj. að taka að láni allt að 40 millj. kr. til þess að létta greiðslubyrði þeirra hafnarsjóða, sem verst eru settir. Þetta lán var svo tekið, þegar komið var fram yfir mitt sumar á þessu ári, og í stað þess að úthluta því til þeirra hafna og sveitarfélaga, sem verst eru sett í þessu efni, tók hæstv. fjmrh. þá ákvörðun, að þetta skyldi ekki verða veitt sem styrkur til hafnanna, heldur sem lán. En nú bregður svo við, að þegar fjárlagafrv. er lagt fram og þessi ákvæði til bráðabirgða eru orðin að l., þá er ekki tekin inn króna í fjárlagafrv. í þessu skyni, og nú er afsökunin sú, að hið háa fjmrn. og hæstv. hafi ekki séð stöðu hinna einstöku hafna, eins og þær eru í dag. Nú vitum við það og sennilega hæstv. fjmrh. og hans rn. einnig, að staða fjölmargra fiskihafna og sveitarfélaga í landinu er með þeim hörmungum, að allt að rúmlega fjórðungur af bráttótekjum einstakra sveitarfélaga fer til þess að greiða afborganir og vexti af hafnarlánum. Og það segir sína sögu, að þessi sveitarfélög geta ekki staðið undir eðlilegri félagslegri uppbyggingu og öðrum framkvæmdum, þegar þau þurfa að leggja svo mikið af mörkum í þennan eina málaflokk. Það mundi þykja þungur skerfur hér í höfuðborginni og í stærstu bæjum landsins, ef þyrfti að taka af útsvörunum um fjórðung eða liðlega fjórðung af bráttótekjum til þess að standa undir hafnarlánum og vöxtum af þeim. En svona er ástandið í mörgum fiskihöfnum á landinu, og þetta er kannske ein ástæðan til þess, að fólkið er sífellt að flytjast frá þessum stöðum, þótt atvinnulífið sé þar gott og tekjur miklar. Þegar það sér, að þeirra litla samfélag, sveitarfélagið, getur ekki staðið við sínar skuldbindingar á öðrum sviðum, í félagsmálum og öðrum framkvæmdum, en önnur sveitarfélög standa mun betur að vígi, þá er þetta kannske ein af mörgum ástæðum til þess, að sífellt er verið að flytja frá þessum þróttmiklu athafnastöðum til annarra, sem bjóða betri lífskjör.

Þeir staðir, sem eiga að fá þessar tilteknu framkvæmdir, sem áður hafa verið nefndar, eiga ekki við það vandamál að etja, að fólkið sé að flytjast frá þeim til annarra staða, heldur er það kannske mikið vandamál hjá þeim, hve margt fólk sækir til þeirra staða og krefst margvíslegra nýrra framkvæmda, sérstaklega hjá þeim tveimur höfnum, sem eiga að fá meginhluta af þessu fjármagni. Mér finnst, að hæstv. ríkisstj. eða þessir hæstv. ráðh., sem hafa fjallað um þetta mál, hefðu þegar þeir og ríkisstj. í heild ákváðu að taka lán hjá Alþjóðabankanum til þessara tveggja hafnargerða og þeirrar slettu, sem sú þriðja á að fá, — þá hefðu þeir jafnframt átt að gera sér grein fyrir því mikla vandamáli, sem við er að glíma í velflestum byggðarlögum öðrum á landinu. En þeir hafa verið svo hrifnir af þessu tilboði Alþjóðabankans, að þeir hafa ekki séð annað ráð en taka það á sínum tíma, þó að það hafi eitthvað dofnað yfir því, þegar fjmrh. gleymir bréfinu í mánuð á borðinu hjá sér og að koma því áleiðis hingað niður í þinghús, og hefur hann þó átt nokkrar ferðir niður í þinghús síðan, ef hann hefur ekki viljað nota póstinn.

Sannleikur málsins er sá, að það er takmarkaður áhugi á því, hvað á að gera fyrir aðrar

hafnir á landinu. Annars lægi eitthvað fyrir frá hendi hæstv. ríkisstj. Þetta er byggðastefnan í framkvæmd, sem alltaf er verið að guma af. Hvað segir í málefnasamningnum, sem við áttum að lesa bæði kvölds og morgna, um byggðastefnuna? Hvað er þetta svo aftur í framkvæmdinni? Þetta er eitt af því, sem má kvarta undan. En ég hélt, að kæmi ekki fyrir a. m. k. suma menn í ríkisstj. að láta henda sig að gera þetta.

En ég vil alltaf geta alls og ekki draga neitt undan, og ég vil alls ekki draga það undan, að núv. hæstv. samgrh. hefur nú fyrir nokkru skipað n. til að kanna stöðu hafnanna. Sú n. er tiltölulega nýbyrjuð að vinna sitt starf. En þrátt fyrir það að það starf sé ekki búið og verði ekki búið, þegar afgreiðsla fjárl. fer fram, þá finnst mér skylda hæstv. fjmrh. að taka inn mun hærri upphæð en gert var á heimildagr. fjárl. á þessu ári til þess að bæta stöðu þessara hafna. Það er ekki nóg að tala alltaf um nýjar og nýjar framkvæmdir. Það verður líka að athuga og gera sér grein fyrir því, hvernig fjárhagsleg staða hinna ýmsu sveitafélaga er. Eins og hún er núna á þessum sviðum, þá hygg ég, að mér sé óhætt að fullyrða, að enginn málaflokkur sé verr settur en hafnirnar eru og hafa verið á undanförnum árum.

Ég var ekki alltaf, meðan ég var stjórnarsinni, fyllilega ánægður með fyrri ríkisstj. og hennar aðgerðir, og ég var alls ekki ánægður með verk hennar í hafnamálunum. Ég reyndi nú að ýta undir, fyrst á bak við tjöldin, og þegar ekki gekk, þá leyfði ég mér ásamt fleiri þm. að flytja þáltill. um endurskoðun hafnal. Sú þáltill. varð ekki útrædd, en samgrh. í ríkisstj. á undan skipaði þó n. til þess að endurskoða hafnal., og fyrri samgrh. í núv. ríkisstj. bætti tveimur mönnum við þessa n. Þessi n. lauk sínu starfi og lagði það frv. fyrir ríkisstj., sem ríkisstj. lagði svo fyrir Alþ. tvö ár í röð, en nú er að verða að l. um næstu áramót. En ég vil ekki láta heldur hjá líða út af því, sem hefur gerst í framlögum til hafnamála, að minna hæstv. fjmrh. á það, að þegar gengisbreytingarnar voru gerðar 1967 og 1968, þá kvörtuðu hafnirnar mjög undan því, hvað skuldir þeirra hefðu aukist í krónutölu. Þá tókum við þessi mál fyrir í fjvn., og við vorum harðir á því, að ríkissjóður yrði að taka gengisbreytinguna yfir sig. Meðal þeirra, sem stóðu þá við hlið mína, var hæstv. núv. fjmrh., Halldór E. Sigurðsson, sem þá var bara réttur og sléttur þm. Vesturl. Þá hafði karl hug á því að bæta úr og stóð mjög drengilega og vel með okkur. Og fyrirrennari hans í starfinu, sem var ekki mjög útausandi maður, eins og allir vita, samþykkti að greiða úr ríkissjóði 57.5% af gengisbreytingunni. Nú hefði ég haldið, að sá ágæti maður, núv. hæstv. fjmrh., sem hefur nú verið talinn heldur betur útausandi en fyrirrennarar, skrúfaði ekki alveg fyrir kranann til hafnamála, heldur reyndi að stíga það skref, sem hann sjálfur lagði til 1968, að ríkissjóður greiddi gengisbreytinguna að fullu og öllu. Þar sem Magnús Jónsson greiddi ekki nema 57.5%, þá finnst mér, að Halldór E. Sigurðsson verði að bæta við og greiða að fullu, það sé kominn tími til þess og þótt fyrr hefði verið.

Það er sjáanlegt af öllu, að eins og fjárlagafrv. liggur fyrir, og auðvitað skulum við ekki fara að ræða það ítarlega hér, hvorki þennan málaflokk né aðra, en það verður ekki komist hjá því að gera þessi mál að umræðuefni, þegar á að fara út í jafnstórfelldar framkvæmdir fyrir lánsfé og líka fyrir framlög úr ríkissjóði, eins og hér er stefnt að. Þó að þau séu gerð því miður á kostnað Viðlagasjóðs, er verið að leggja á þjóðina skatta til að greiða til Viðlagasjóðs. Þess vegna finnst mér ástæðulaust, að ríkið sé svo aftur, þar sem það er svo sjálfsagt að létta af Viðlagasjóði, að láta Viðlagasjóð borga. Það finnst mér jafnfráleitt og enn fráleitara. En það sýnir, að þessar miklu framkvæmdir eru auðvitað til þess og verða til þess að draga úr öðrum framkvæmdum í þessum málaflokki, ef ekki verður tekið myndarlega á þessu máli.

Það verður ekki hægt að sætta sig við það, að fiskihafnir almennt í landinu séu látnar bíða eins og verkefnin eru þar mörg og bráðnauðsynlegt að vinna mörg þeirra sem allra fyrst. Ég er ekki svo kröfuharður, að ég fari fram á það, að allt verði byggt og framkvæmt á einu ári. En ég er það kröfuharður, að ég tel, að það þurfi að liggja fyrir skýlausar yfirlýsingar um það, hvað ríkisstj. sjálf ætlar sér að auka framlag til hafnargerða á næsta ári og hvaða markmið og till. Alþ. setur í þessum málum á næstu 3-4 árum á eftir. Það er nauðsynlegt að byggja á ákveðinni framkvæmdaáætlun fyrir þá, sem ekki fá framkvæmdir á árinu 1974, svo að þeir megi vita, að þeir fái framkvæmdir á árinu 1975 eða 1976. Það skiptir töluverðu máli. Og það verður líka að fást á því viðurkenning, að þessi málaflokkur er verr settur en nokkrar aðrar framkvæmdir í landinu. Við skulum ekkert vera að deila eða ræða um það, hver eða hverjir eigi sök á þessu eða hinu, heldur þarf fyrst og fremst að bæta úr því, sem hefur farið miður á undanförnum árum, bæði undir fyrri ríkisstj. og sömuleiðis eftir að þessi ríkisstj. tók við. Það er alveg ljóst, að það þarf fjármagn, mikið fjármagn, til þessara mála, það er ljóst, að það er verið fyrst og fremst að auka fjárfestinguna og framkvæmdirnar í þeim héruðum, sem fólkið er að flykkjast til, en ekki hugsað aftur um þau, sem fólkið er að hverfa frá, og ekki heldur hugsað um það, hvernig ástandið er með mjög örri breytingu á fiskiskipastólnum í fjölmörgum fiskihöfnum úti um land. Þetta verður að liggja fyrir, og ef það er eitthvað meint með byggðastefnu, verður hún að vera með öðrum hætti en að fara með allt fjármagnið til þeirra byggðalaga, sem fólkið er að flykkjast til, á kostnað hinna, sem eru að berjast við að halda fólkinu áfram við framleiðslustörfin, eins og er víðast hvar í sjávarbæjum úti um land.

Forseti (Gils Guðmundsson): Vegna ummæla hv. 2. þm. Vestf. í upphafi ræðu hans vil ég aðeins taka þetta fram: Það var samkv. ósk minni, að honum var gert viðvart um það, að þetta mál væri komið hér á dagskrá, þar sem ég vissi, að hann hafði hug á því að ræða málið. Ég vil svo aðeins ítreka það, sem ég hef áður sagt, að ég tel algerlega eðlilegt, að hv. þd. taki sér þann

tíma, sem nægur má teljast, til þess að afgreiða þetta mál, og mun ekki reka á eftir með neinum óeðlilegum hætti.

Guðlaugur Gíslason: Herra forseti. Ég kvaddi mér hljóðs hér á ný vegna ummæla hæstv. fjmrh., þegar hann staðhæfði, að ég hefði í fyrri ræðu minni verið að mótmæla framlögum til hafna í Þorlákshöfn, Grindavík og á Höfn í Hornafirði. Ég tók það sérstaklega fram í ræðu minni, að ég mundi styðja hafnarframlög, bæði til þessara hafna og annarra hafna á landinu, vegna þess að ég hef ákaflega góða aðstöðu til þess að dæma um það, hversu mikils virði það er fyrir hverja einustu fiskihöfn á landinu að hafa sem besta aðstöðu. Það, sem ég gerði aths. við, var meðferð málsins. Það er haldinn nefndarfundur í fjh.- og viðskn. í dag til þess að afgreiða þetta mál, og á þeim fundi er skotið inn þessu veigamikla atriði um ráðstöfun á því fé, sem Framkvæmdabankinn hyggst lána til hafnarframkvæmda á landinu. Málið er tekið fyrir með afbrigðum og ætlast til þess af hæstv. ráðh. sjáanlega, að það verði afgr. bæði við 2. og 3. umr. Ég vil benda á það, að ég er ekki einn um að gera aths. við meðferð málsins, eins og hana hefur hér borið að, og ég hygg, að það sé nokkuð fátítt, þegar um stjfrv. er að ræða, að þá skrifi allir 7 nm. undir með fyrirvara og áskilji sér rétt til að flytja eða fylgja brtt. Þetta eitt, sem þarna kemur fram í nál. sýnir, að nm. með tölu hafa talið þessa meðferð málsins algerlega óeðlilega og ekki viljað binda sig í afstöðu sinni, þó að þeir væru stjórnarstuðningsmenn.

Af því, sem hæstv. fjmrh. sagði hér áðan varðandi lántökuna sjálfa og hvernig hana bar að, þá taldi hann eðlilegt, að lánum hefði verið þannig ráðstafað, eins og gert hefur verið ráð fyrir, til þeirra þriggja hafna, sem þar um ræðir. Hann taldi það eðlilegast miðað við þær aðstæður, sem hann taldi vera, þegar um þetta mál var endanlega fjallað. Ég vil benda á, að nál. er sent samgrn. með bréfi, sem dags. er 28. júlí. Sem betur fer var gosinu í Vestmannaeyjum lokið og fyrir lá, að höfnin þar hafði ekki farið forgörðum. Ég tel því, að það hafi verið mjög eðlilegt, að hluta af því fé, sem hér er um að ræða, sem fengið er vegna þeirrar aðstöðu, sem skapaðist, hefði fyrst og fremst verið varið til endurbóta á Vestmannaeyjahöfn, sem sannarlega þarf á því að halda, að þar verði gerðar verulegar endurbætur. Það var vitað í júnílok, þegar samgrn. fékk nál. í sínar hendur, og það var sem betur fer enn þá frekar vitað, þegar þetta er lagt fyrir Alþ. nú, að bátaflotinn í Vestmannaeyjum mun komast til heimahafnar og geta stundað róðra þaðan á komandi vertíð. Því undarlegra hlýtur það að vera í okkar augum, sem þar eigum hlut að máli, að þurfa að horfa á það, að þessu mikla fjármagni skuli varið til annarra staða að fullu. Við getum ákaflega vel skilið það, þar sem um þetta mikið fjármagn er að ræða, að verði það notað til uppbyggingar hafna. Ég skal ekki fara inn á að dæma um, hvort hefði átt að dreifa því meira. Það hefur verið tekin ákvörðun um að dreifa því aðeins á þrjár hafnir. En till. mín, sem ég var að boða áðan, er ákaflega einföld. Hún er um það eitt, að inn í brtt. hv. formanns fjh.- og viðskn. verði tekið, að á undan „í Grindavík" komi: „ í Vestmannaeyjum", þannig að hluti af þessu fé fari einnig til uppbyggingar hafnarinnar í Eyjum. Ég tel, að þetta sé mjög eðlilegt, og ég vænti þess fastlega, að þessi hv. d. geti orðið við þessum tilmælum, sem felast í till. minni, að Vestmannaeyjum verði þó ekki alveg sleppt og þær alveg afskiptar í sambandi við úthlutun þess fjármagns, sem gert er ráð fyrir, að varið verði til uppbyggingar hafna á suðurströnd landsins.

Jafnvel þó að bátaflotinn hefði ekki komist heim fyrr en um næstu vertíð, vissu auðvitað Vestmanneyingar betur en allir aðrir um hafnarframkvæmdir a. m. k. í Þorlákshöfn, að þar er um það stóra áætlun að ræða, að það hefði ekki bjargað flotanum á næstu vertíð. En sem betur fer er það mál út úr heiminum að því leyti, að við teljum okkur sjá fram á, að flotinn muni á næstu vertíð geta stundað róðra frá sinni gömlu heimahöfn. En ég undirstrika, að það er rangt með farið hjá hæstv. fjmrh., að ég hafi verið að andmæla fjárframlögum til þeirra hafna, sem hér um ræðir, þó að ég gerði aths. við meðferð málsins, eins og ég taldi mér skylt og sjálfsagt að gera.

Ég ætlaði mér ekki að fara að ræða heimildargr. fjárl., 22. tölul. í 6. gr., þar sem rætt er um ráðstöfun á væntanlegum tollum af hinum innfluttu húsum á vegum Viðlagasjóðs. Ég ætlaði að geyma mér það, þangað til fjárlög yrðu afgreidd. En hæstv. ráðh. kom inn á þetta mál, og þess vegna hlýt ég einnig að gera við það stutta aths.

Ég vil geta þess, að í stjórn Viðlagasjóðs var þetta mál rætt þegar á fyrsta stigi þess, að var farið að flytja inn hús. Ég hélt því fram þar alveg hiklaust, að ríkisstj. Íslands gæti aldrei leyft sér það, það væri henni ekki sæmandi að ætla að taka tolltekjur af hinum innfluttu húsum, eins og það mál bar að. Það vita allir, að Norðurlöndin studdu Íslendinga, Vestmanneyinga og alla þjóðina, mjög rausnarlega í sambandi við náttúruhamfarirnar í Vestmannaeyjum. Ég er sannfærður um það og veit reyndar, að þetta með tolltekjur eða tollheimtu af Viðlagasjóðshúsunum hefur verið rætt í blöðum á Norðurlöndum og hefur komið mönnum þar mjög einkennilega fyrir sjónir, og menn eiga ákaflega erfitt með að skilja, að það ætli að verða ríkisstj. Íslands, einasta ríkisstjórnin á Norðurlöndum, sem ætli beinlínis að taka fé í ríkiskassann í sambandi við náttúruhamfarirnar í Vestmannaeyjum, en það verður gert, ef tolltekjur verða teknar af húsunum. Fulltrúar stjórnarliðsins í stjórn Viðlagasjóðs töldu, að það væri ekki útilokað að innheimta toll af húsunum, en aðeins þá með því eina móti, að sá tollur yrði látinn ganga sem tekjur til handa Viðlagasjóði. Það má segja, að þá skeður raunverulega ekki annað en það varðandi húsin, sem eru flutt inn fyrir gjafafé frá Norðurlöndum, að það, sem þau gæfu við endursölu, rynni til Viðlagasjóðs og uppbyggingarstarfsins í Eyjum. Ég hefði talið, að hitt væri miklu eðlilegra og ég vil ekki trúa því, fyrr en ég sé það, að Alþ. Íslendinga samþykki að taka 43%, eins og almennu gjöldin eru, af gjafafé Norðurlanda, hinu

rausnarlega gjafafé þeirra í sambandi við náttúruhamfarirnar, — taka 43% af því í ríkissjóð Íslands. En þetta mál kemur að sjálfsögðu til enn frekari umr., þegar fjárlög verða afgreidd, og þá þessi liður fjárl. eins og aðrir.

Hæstv. fjmrh. sýndi þó rausn sína í sambandi við þennan lið fjárl. Hann sagði, að það hefði komið til greina við nánari athugun, að Vestmannaeyjahöfn fengi kannske eitthvað af þessum fyrirhuguðu tolltekjum. En það átti ekki að vera, nema afgangur yrði, og yrði hún þá látin sitja fyrir því, sem þar kynni að verða afgangs. Ég segi: Þetta er ekki rausn, eins og aðstæður hafa þróast og eru orðnar í dag. Ef ætti að fara þessa leið, sem ég tel, að eigi ekki að fara, þá væri sjálfsagt, að Vestmannaeyjahöfn sæti þar fyrst og fremst fyrir og framlög til annarra hafna kæmu þá þar á eftir, því að hér er um það mikið fjármagn að ræða, þar sem er lánað upp á 7 millj. dollara og síðan kannske 400-500 millj. í tolltekjur. Ef allt dæmið er reiknað eins og hæstv. ráðh. ætlast til, þá er þar um það mikið fjármagn að ræða, að það mundi aldrei verða nema hluti af því, sem rynni til Vestmannaeyjahafnar til þess að gera þær framkvæmdir, sem Vestmanneyingar sjálfir telja, að nauðsynlegt sé að gera og eru þegar búnir að gera áætlun um, að verði að gera á næstunni.

Ég endurtek til að taka af öll tvímæli, að ég mótmæli því, að það hafi verið hægt að skilja orð mín þannig, að ég væri að hafa á móti hafnaframlögum til þeirra staða, sem tilgreindir eru í till. hv. formanns fjvn. Ég er aðeins að leiðrétta það og boða till. um það, að ég ætlist til þess, að hluti af fjármagninu fari til uppbyggingar hafnarinnar í Vestmannaeyjum.

Fjmrh. (Halldór E. Sigurðsson): Herra forseti. Síðan ég talaði hér áðan hafa verið haldnar tvær ræður, í fyrsta lagi af hv. 2. þm. Vestf., Matthíasi Bjarnasyni, og kenndi margra grasa, svo sem vænta mátti í ræðu þess hv. þm. Ég verð að segja það eins og er, að það er þá orðin æðimikil breyting á okkur báðum tveim, ef það er orðið eitthvert vandræðamál, að við getum átt samtal saman, og ég held, að hv. þm. þurfi ekki að vera með neinar glósur um það, að ég sé að sýna eitthvert lítillæti, þegar ég ræði við hann eða aðra hv. þm. Ég tel mig ekki hafa lagt það inn, að menn þurfi að grípa til þess háttar orðalags, jafnvel þótt þá bresti rök fyrir því, sem þeir vilja mæla fyrir. En það er hans mál, en ekki mitt.

Þetta um frekjuna, — það var nú það, sem gerðist, að það var leitað eftir afbrigðum hjá hv. þm. um að mega láta málið koma fyrir. Voru allir hv. þm., sem viðstaddir voru, sammála um að verða við þeirri frekju. Þetta hefur ekki fallið í hlut eins ráðh. og það þarf ekki ráðh. til að leita eftir því, að mál séu afgr. hér með afbrigðum, enda brugðust hv. alþm vel við, og þakka ég þeim vel fyrir það.

Hv. þm. fór um það mörgum orðum, að þetta mál hefði legið hér fyrir og ég hefði verið að laumast með það og ekki látið það koma hér til umr. fyrr en nú, þegar þetta bréf hefði komið. Ég skal að vísu viðurkenna það, alveg eins og ég gerði í fjh.- og viðskn. í gær, að það varð misbrestur á því, að bréfið bærist hv. n., eins og til var ætlast, og tek ég á mig þá sök ekkert síður en aðrir. Hitt vil ég minna hv. þm. á, að í fjárlagaræðu, sem ég flutti 23. okt. s.l. og ég hélt a.m.k., að hv. þm. hefði hlustað á að einhverju leyti, var þetta mál eitt af því, sem ég ræddi þar, og getur hv. þm. og þeir aðrir, sem vilja tala um laumuspilið, litið í Alþingistíðindin, dálk 103 og þá finna þeir frásögn af þessu máli. Þar er sagt frá málinu í heild og ekkert undan dregið, enda þurfti ekki að hafa neitt laumuspil frá minni hendi í sambandi við þetta mál. Ég tel mér málið til sóma, en ekki til vansæmdar.

Ég vil líka segja það, að það er rétt hjá hv. þm., að það hefði mátt hraða afgreiðslunni meira. En ástæðan til þess, að henni þarf að hraða, er einmitt sú, að það var búið fyrir löngu að ganga frá þessum samningum, þegar ég flutti hér mína fjárlagaræðu, enda skýrði ég frá því þar og skýrði frá því áðan, að það hefði þurft að hraða þessu máli af ótta við, að við töpuðum af því að njóta þeirra kjara og þess að fá lán hjá Alþjóðabankanum til hafnargerðar, því að það hefðum við ekki fengið að öðrum kosti. Ég vil því segja það, að grg. mín í fjárlagaræðunni er fullkomleg um þetta mál og þess vegna þurfti enginn að stökkva upp á nef sér út af því, að það hafi ekki áður verið skýrt, því að það hefur verið gert vel og skilmerkilega, ég leyfi mér að halda því fram.

Þá kom hv. 2. þm. Vestf. að þeim rökum, sem hann taldi ekki rök vera, að þetta flýtti fyrir öðrum hafnargerðum í landinu. Man ekki hv. 2. þm. Vestf., Matthías Bjarnason, eftir tali um Vestfjarðaáætlun. Hvað var talað um að gera í Vestfjarðaáætlun? Það var talað um að byggja hafnir, það var talað um að leggja vegi og gera flugvelli. Hvernig var þetta gert? Var það gert með því að leggja fram fé úr ríkissjóði, sem aflað var samtímis? Nei, það var ekki gert með því. Það voru tekin lán, eins og nú eru tekin hjá Alþjóðabankanum, nema að því leyti, að þetta lán er hagstæðara. Samt var þetta talið gott mál, og hv. 2. þm. Vestf., Matthías Bjarnason, hefur hælt bæði sér og öðrum vegna þessa máls. Enginn dregur í efa, að vegna þess að lánið var tekið, var flýtt fyrir bæði hafnargerð, vegamálum og flugvallagerð á Vestfjörðum. Það hefur enginn dregið það í efa, að svo hafi verið. En man ekki hv. 2. þm. Vestf. eftir því, að það kom til umr. eitt sinn í fjvn. í sambandi við vegaáætlun, þegar átti að fara að endurgreiða af þessum lánum, þá voru það sumir þm., sem héldu því fram, að það ætti að draga úr fjárveitingu til Vestfjarða vegna þessarar afborgunar. Var hv. 2. þm. Vestf. á þeirri skoðun? **(MB:** Nei, alls ekki.) Það er rétt. Hv. 2. þm. Vestf. var ekki á þeirri skoðun. Og hann var ekki á þeirri skoðun að önnur kjördæmi ættu að njóta þess, að það hefði verið sérstaklega vel fyrir Vestfirði gert í þessum efnum. Það var fjarri því.

Nú má halda því fram, að það sé óforsvaranlegt að taka lán til hafnargerða í Þorlákshöfn og Grindavík og Höfn í Hornafirði nema þá að gera sér fullkomlega grein fyrir, hvernig eigi að fjármagna aðrar hafnir. Það hefði einnig

mátt segja þetta um vegina og annað, sem gert var á Vestfjörðum á sínum tíma samkv. framkvæmdaáætlun Vestfjarða.

Ég vil taka annað dæmi. Ég vil minna á veginn hér austur yfir Hellisheiði til Selfoss. Hvað hefði skeð, ef þessi eyðsluhákur, núv. fjmrh., hefði ekki komist í fjmrh.-stól og sagt: Nei, ekki einn eyrir úr ríkissjóði, Vegasjóður greiðir lánið, sem hann er búinn að taka, og enginn annar? — Heldur hv. 2. þm. Vestf., að það hefði gert þm. léttara með að skipta, eða heldur hann, að það hefði verið sagt: Þeir á Suðurlandi eru búnir að fá alveg nóg, þeir ágætu menn, og þeir skulu ekki fá neitt meira, þeir eru búnir að fá teppalagðan veg, eins og hv. þm. orðaði það, austur á Selfoss, og þeir þurfa ekki að fá teppi ofan á teppi, það er fjarri öllu lagi?

Það halda því engir fram, að þetta hafi ekki verið rétt verk. Það er fjarri öllu lagi. Það kostaði peninga, og þeir peningar voru teknir að láni. Þá var hægt að fá hjá Alþjóðabankanum lán til þess að leggja þessa vegi, og það lán var tekið, og við hækkuðum einnig hér á hv. Alþ. bensínskattinn, m. a. vegna þess arna, og ég stóð eins og grjótpáll með hv. 1. þm. Sunnl. í því og var ekki að deila á hann fyrir að leggja þessa vegi. Hitt er annað mál, að það kom ekki mikið í Vesturlandskjördæmi út á þetta, og ég gerði ekki þá kröfu til þáv. ráðh., að hann segði mér, hvenær ég fengi brúna á Borgarfjörð, ef ég stæði með honum að veginum á Suðurlandi. Það er hægt að halda fram núna, að þannig eigi að gera. Það er auðvitað af þessari einföldu ástæðu, eins og hv. 2. þm. Vestf. sagði: Ég geri meiri kröfur til þín heldur en ég gerði til Magnúsar Jónssonar, hv. 2. þm. Norðurl. e. — Það voru orð hv. þm. áðan, hann gerir meiri kröfur til mín en til fyrirrennara míns. Og með þeim hætti er hægt að halda slíku fram og telja það rök. En það er ekki hægt að gera það með öðrum hætti. Staðreyndin er þessi.

Það gleður mig stórlega, að hv. 3. þm. Sunnl. skyldi nú sverja það af sér, að hann væri að mótmæla þessum höfnum, sem hann gerði þó reyndar í fyrri ræðunni. (**Gripið fram í**: Það er röng túlkun hjá hæstv. ráðh.) Það er ekki röng túlkun, það kom ekkert fram annað í ræðu þessa hv. þm. En það er gleðilegt, að hann skuli hafa áttað sig á því og hafa tekið sinnaskiptum, það gleður mig stórlega. En það er ekkert um það að ræða, það er alveg eins með þessi lán og önnur lán, að við flýtum verkum með lántökum, en við verðum að fá síðar meir peninga til þess að greiða þetta, og þannig verður það með þessi lán líka.

Því var haldið fram, að það, sem ég sagði að við værum að flýta fyrir öðrum höfnum með þessu, væri einber vitleysa. Hvernig í ósköpunum er hægt að halda því fram? Það dettur engum í hug, að það væri hægt að komast hjá því að öðrum kosti að taka af því fé, sem við höfum til skipta í hafnir á árinu 1974, til Þorlákshafnar, Grindavíkur og Hafnar í Hornafirði. Það hefði engum hv. þm. dottið það í hug. Þess vegna er ég undrandi, eins og ég sagði áðan, þegar ég heyrði rödd af Suðurlandi, sem fór að gæla við slíkar hugmyndir.

Þá kom hv. þm. að því ákvæði að taka tollana og söluskattinn af Viðlagasjóðshúsunum inn í þetta mál. Nú er það svo, að þegar ákveðið var að flytja Viðlagasjóðshúsin, þá var borið undir mig, hvort það yrðu reiknaðir tollar af þessum húsum þá þegar. Ég gaf þau svör, að það yrði ekki gert, þetta yrði lánað, en það þýddi ekki það, að þetta yrði fellt niður, þessi hús mundu síðar meir verða seld á almennum markaði og þess vegna væri engin ástæða til að fella þetta niður, Hins vegar fannst mér og fleirum það kjörið tækifæri að nota þá fjármuni, sem fengjust af þessu, eins og aðra fjármuni, sem við höfum orðið að taka af þjóðinni vegna gossins, til þess að byggja upp hafnir, sem voru þær einu, sem gátu tekið við fiskiskipum frá heimahöfninni í Vestmannaeyjum, og voru þær þær einu, sem Alþjóðabankinn taldi sig vera reiðubúinn til að lána fé til, ef við hefðum mótframlagið. Þess vegna er í því enginn höfðingsskapur að hafa gert þetta, og það er heldur engin ástæða til annars en að gera þetta, því að þessi hús verða á almennum markaði fyrr en seinna. Ég vona, að sem flestir Vestmannaeyingar flytjist heim til sín, og þá verða húsin seld. Og það er engin ástæða til að gefa þá eftir tolla eða söluskatt af þeim. En hitt, að nota féð til verka, sem eru tengd eldgosinu og afleiðingum þess, finnst mér eðlilegt, og ég verð að segja alveg eins og er, að mér finnst, að það hafi sýnt sig, að Þorlákshöfn og Grindavík hafi leyst fyrir þjóðina svo stóran þátt í þjóðarbúskapnum í vetur, að það sé sæmd að því að meta það og leggja þeim lið með því að leysa þessi verkefni, eins og hér er lagt til að gera.

Ég vil svo segja það út af boðaðri till. hv. 3. þm. Sunnl., að samningurinn um þetta mál er gerður og frágenginn og við höfum hér ekkert um að velja nema þiggja eða hafna. Það var álit allra þeirra, sem um þetta mál fjölluðu, að við gætum ekki dregið þetta lengur, enda óskaði bankinn alveg sérstaklega eftir því, að málið yrði ekki dregið, því að sérfræðingarnir, sem komu hingað til þess að skoða þessi mál, gerðu sér grein fyrir því, að með því að gosið félli niður, gætu einnig möguleikarnir til hafnalánsins fallið niður. Hér er því ekkert um að ræða nema annaðhvort samþykkt eða synjun. Ef hv. þm. vilja hafna þessu, þá er það þeirra mál, en ekki mitt. Ég vil það ekki. Og ég er ekki farinn að trúa því, að hér í hv. Alþ. sé hópur manna, sem vilji hafna því að taka þetta lán með þeim skilyrðum, sem hafi verið boðin. En þessu verður ekki breytt, því að hér er um samninga að ræða, sem ekki verður breytt með neinni ályktun hér á hv. Alþ. (**Gripið fram í**: Eru það úrslitakostir?) Það er gerður samningur, frágenginn og undirskrifaður með fyrirvara um samþykki Alþ. til staðfestingar eða synjunar. Hv. þm. má kalla það úrslitakosti eða ekki, það var samningur, sem við gengum til af frjálsum vilja og gerður var af frjálsum vilja á báðar hendur. Hins vegar varð að gera hann á þeim tíma, sem hann var gerður, ef átti að hugsa um þetta.

Þá kom hv. 2. þm. Vestf. að því, að lítið væri nú hugsað um fiskihafnirnar. Það er nú svo með okkur báða, hv. 2. þm. Vestf. og mig, að við sitjum ekki í fyrsta sinn á Alþ. þessi ár, sem núv. ríkisstj. hefur farið með völd, og fiskihafnirnar

eru ekki nýtt mál á Alþ. Eitt af þeim málum, sem Vestfjarðaáætlun var talið til ágætis og hún átti að leysa, voru hafnirnar, sem hún átti að gera á Vestfjörðum. Nú vil ég leyfa mér að nefna tölur, eins og manni hættir til að gera í slíkum umr. sem þessum, og nefna þá dæmi um breytinguna, sem orðið hefur á þeim upphæðum, sem veittar eru til hafna í tíð núv. ríkisstj. og þeirrar, sem áður var: 1971, sem var það rausnarlegasta, sem þá hafði þekkst, var fjárveitingin til hafnamála 201 millj. Fyrir árið 1972 var hún 273 millj., fyrir árið 1973 var hún 324 millj. og fyrir árið 1974 er hún, eftir að búið er að draga frá framlagið til Þorlákshafnar og Grindavíkur og Hafnar í Hornafirði, 601 millj. Þetta eru samanteknir liðirnir til hafnarframkvæmda og greiðslur til hafnamála vegna landshafnanna og annarra, eins og hv. þm. þekkir ósköp vel. Ef Vestmannaeyjar, eða Þorlákshöfn og þær hafnir eru teknar með, þá eru þetta 813 millj. kr. Það er æðimikið stökk. Þó kemur það fram í fjárlagaræðu minni, að ég geri ráð fyrir því, að þessi liður muni hækka við meðferð Alþingis. Þegar er verið að ferðast út um landið og tala um eyðsluhákinn, þá er þetta gott dæmi, því að þá er bara talað um töluna, sem er niðurstaðan, en það er ekki verið að tala um, að það sé verið að hækka úr 200 millj. í 800 millj. framlagið til hafnanna í landinu. Það var ekki verið að eyða tíma í það í þann tíð. Nei, það er bara talað um, hvað fjárl. hækka hjá þessum fjmrh., sem nú situr. En þetta eru staðreyndir, sem segja sitt, og þetta er nú svona, að hv. 2. þm. Vestf. gekk í það að samþykkja þetta fyrir sína ríkisstj. Ánægður hefur hann vafalaust ekki verið, það efast ég ekkert um, en hann gerði það samt. Það má svo halda því fram, að það sé ekkert gert núna. En þetta eru samt staðreyndir, sem fyrir liggja, og ég held, að hv. þm. geti ekki í raun og veru haldið því fram, að hér hafi ekki verið stórkostlega að staðið, þrátt fyrir það að mér sé ljóst, að þörf er á meiri aðgerðum. Og ég get tekið undir það með hv. 2. þm. Vestf., að hafnirnar eru að mínum dómi það, sem þarf að hafa forgang. Það er m.a. vegna þess dugnaðar og framtakssemi, sem hefur verið hjá núv. ríkisstj. við að auka fiskiskipaflotann. Það knýr auðvitað á hafnir og sýnir hennar dugnað þar eins og á fleiri sviðum.

Þá kom hv. þm. enn þá að þessu með styrkinn frá í sumar. Ég gerði grein fyrir því á hv. Alþ. í gær og sé því ekki ástæðu til að fara að lýsa því yfir aftur, en get þó endurtekið það, að það er alveg eins hægt að styrkja þessar hafnir síðar meir við afgreiðslu á afborgunum og vöxtum af lánum, þegar þau koma til afborgunar, eins og taka um það ákvörðun núna. Og þetta mál er ekki á því stigi nú, að það væri framkvæmanlegt. Það skorti þær upplýsingar, sem þurfti til þess að gera slíkt. En Hafnabótasjóður hefur alltaf möguleika til þess að styrkja hafnir samkv. sínum lögum og getur því gert það, hvenær sem er, ef honum sýnist svo.

Hv. 2. þm. Vestf. lýsti með mörgum og sterkum orðum ástandinu í hafnamálum. Það var ekki fögur lýsing. Það var ekki fögur lýsing eftir 12 ára stjórnarsetu viðreisnar hér á landi. Það var ekki hátt risið á þeirri lýsingu á ástandinu í hafnamálum, eftir að hans eigin menn höfðu setið 12 ár samfleytt í ríkisstj. Ég dreg í efa, að ég hefði komist öllu lengra í að lýsa eymdinni og volæðinu og aðgerðarleysinu í þessum málum heldur en hv. 2. þm. Vestf. gerði með myndarskap hér áðan. Það þarf því enginn um það að efast — (Gripið fram í.) Það þýðir ekki fyrir hv. þm. að halda því fram, að það hafi versnað, vegna þess að tölurnar tala sínu máli. Hins vegar, eins og ég tók fram áðan, hefur þörfin aukist, einnig vegna þess, að dugnaður núv. ríkisstj. er það mikill, að hún byggir upp fiskiskipaflotann fyrir landsmenn alla, en pantar ekki bara togara fyrir Reykjavík, Hafnarfjörð og Akureyri. Það var byggðastefna viðreisnarstjórnarinnar. Það var fyrir þessa þrjá staði, sem togarar voru pantaðir.

Ég vil líka spyrja, þegar hv. þm. fer að tala um byggðastefnu í framkvæmd, hvort það sé einhver voðalegur brestur á byggðastefnu að styðja þorp eins og Grindavík og Þorlákshöfn og Höfn í Hornafirði, staði, sem eru geysilegir framleiðslustaðir og er óskaplega mikils virði fyrir þjóðina að efla, og á svo að halda því fram, að þeir séu ekki verðir þess að búa við sæmileg hafnarskilyrði? Það vita allir, að allir þessir staðir búa við slæm hafnarskilyrði. Sker er í miðri höfninni í Grindavík, sem hefur orðið mörgum bátum að tjóni. Í Höfn í Hornafirði hefur orðið mannskaði við útsiglinguna úr höfninni. Og allir vita, hvernig Þorlákshöfn er. Þar verður ekki stórum flota fyrir komið, ef hann á að vera tryggur. Og er ástæða til að hafa þessa staði í sérflokki, þegar talað er um byggðastefnu? Nei, það er síður en svo, að það sé ástæða til, og það er von, að hv. 1. þm. Sunnl. gangi hér hratt um salinn, þegar hann heyrir, að samherjar hans eru farnir að tala á þennan veg um byggðarlög í hans kjördæmi. Mig skal ekki undra það. (MB: Vill ekki fjmrh. endurtaka þetta.) Ég vil endurtaka það, að hv. 2. þm. Vestf. taldi það fjarri öllu lagi í byggðastefnu að styðja staði eins og Þorlákshöfn, Grindavík og Höfn í Hornafirði. Mér finnst það þáttur í byggðastefnu og get endurtekið það. (**Gripið fram í:** Er þetta heiðarlegur málflutningur?) Það er heiðarlegur málflutningur að segja þetta svona, því að hv. þm. sagði þetta, og þýðir ekkert að vera að smjatta á því nú.

Ég var þegar búinn að gera grein fyrir því, svo að ég sé nú ekki ástæðu til þess að fara út í það, með þessa 6 millj. dollara, — gerði vel grein fyrir því máli í minni fjárlagaræðu og þess vegna hefur engu verið leynt fyrir neinum í því. Þess vegna þarf ég nú ekki að fara öllu lengra út í ræðu hv. þm., nema eitt skemmtilegt kom hann með í lokin, og það var honum líkt, því að honum lætur betur brandarinn heldur en vonda skapið. Hann sagði, þegar hann var að tala um ástandið í hafnamálum, að það væri ekki ástæða til að vera að deila um það, hverjir ættu sökina. Þeir voru jafnsekir, sem höfðu setið á valdastólum í 12 ár, eins og hinir, sem höfðu setið í 27-28 mánuði. Það var ekki ástæða til að vera að deila um það. Og mér fannst það vorkunn, þó að hv. 2. þm. Vestf. vildi ekki fara að rifja það upp. En hann var bara búinn

áður, meðan hann var í hæfilegum ham, að gera það, svo að ekki verður um deilt. Nei, ég get vel skilið það, að svo kappsfullur maður sem hv. 2. þm. Vestf. kæri sig ekki um að rifja það upp, en um það verður ekki deilt, ef um sök er að ræða, hvers sökin er. Því getur enginn hv. þm. leyft sér að halda fram.

Ég vil svo segja það, um leið og ég lýk því, sem ég ætlaði að segja um ræðu hv. 2. þm. Vestf., að framleiðslustaðir eins og Grindavík, Höfn í Hornafirði og Þorlákshöfn, það þýðir ekkert að halda því fram, að það séu ekki framleiðslustaðir af bestu gerð. Það eru margir aðrir góðir líka, og segir það ekkert um það, að þessir staðir standi ekki fullkomlega fyrir sínu. Það er langt frá því, að nokkur hv. þm. geti leyft sér að halda slíku fram.

Það var ekki margt, sem kom fram í ræðu hv. 3. þm. Sunnl., sem ég sé ástæðu til að fara hér út í, því að það var mest endurtekning á því, sem hann hafði áður sagt, nema það, að hann tók skýrt fram, að hann væri ekki á móti málinu. Ég treysti þá því, að það sé ekki verið að tefja þetta mál meira en ástæða er til, því að því, sem hann hafði áður sagt, nema það, að þegar skýrt frá því, að ég get viðurkennt mistök í því, að það skyldi ekki vera fyrr á ferðinni. En nauðsyn ber til, að það fái afgreiðslu nú fljótlega eftir helgina. Hitt er annað mál, að ég get endurtekið það, — ég hef talað um tollana af Viðlagasjóðshúsunum, — ég get endurtekið það, að meðan ég verð fjmrh., verða þessir tollar eða söluskattur ekki notaðir til annarra þarfa en þeirra, sem tengdar eru Vestmannaeyjum eða Vestmannaeyjagosinu, eins og ég tel þessi mál vera, eða skila sér umfram það. Þá munu Vestmanneyingar fyrst og fremst njóta þess. En ég er ekki með þessu að segja, að málefni Vestmannaeyja fái ekki eðlilega afgreiðslu, eins og önnur málefni, það er síður en svo, heldur ef það skilar sér betur en þarna er reiknað með, þá tel ég, að Vestmannaeyjar eigi að njóta þess fyrst og fremst í hafnamálum, og samgöngumálin gætu komið þar einnig til. Þetta mega hv. þm. herma upp á mig, ef með þarf, síðar á hv. Alþ.

Umr. frestað.

Sameinað þing, 26. fundur.

Miðvikudaginn 28. nóv., kl. 2.05 miðdegis.

Rannsókn kjörbréfs.

Forseti (Eysteinn Jónsson): Mér hefur borist svohljóðandi bréf:

„Ragnar Arnalds, formaður þingflokks Alþb., 4. þm. Norðurl. v., hefur í dag ritað mér á þessa leið:

„Þar sem Bjarnfríður Leósdóttir, 2. varamaður Alþb. í Vesturlandskjördæmi, er nú í sjúkrahúsi, leyfi ég mér með skírskotun til 138. gr. l. um kosningar til Alþ. að óska þess, að 3. varamaður Alþb. í Vesturl., Guðmundur Þorsteinsson bóndi, Skálpastöðum, taki sæti á Alþ. í forföllum hennar.“

Þetta er yður, herra forseti, hér með tilkynnt með ósk um, að þér látið fram fara í Sþ. rannsókn á kjörbréfi varamanns.

Gils Guðmundsson,
forseti Nd.“

Ég vil biðja hv. kjörbréfanefnd að skoða kjörbréfið. — (Fundarhlé.)

Frsm. (Ragnar Arnalds): Herra forseti. Kjörbréfanefnd hefur haft til athugunar kjörbréf Guðmundar Þorsteinssonar, en fyrir n. lá skeyti frá Stefáni Sigurðssyni, formanni yfirkjörstjórnar í Vesturl., þar sem hann vottar, að Guðmundur Þorsteinsson sé 3. varamaður Alþb. í Vesturl. Hann tekur sæti í forföllum Bjarnfríðar Leósdóttur, sem nú er á sjúkrahúsi, en þegar Bjarnfríður Leósdóttir tók sæti á Alþ., lá fyrir, að 1. varamaður Skúli Alexandersson, gæti ekki tekið sæti á þingi.

N. mælir með því, að kosning Guðmundar Þorsteinssonar sé metin gild og kjörbréfið samþykkt.

ATKVGR.

Till. kjörbréfanefndar samþ. með 46 shlj. atkv.

Hinn nýi þingmaður, Guðmundur Þorsteinsson, undirritaði drengskaparheit um að halda stjórnarskrá landsins.

Sameinað þing, 27. fundur.

Fimmtudaginn 29. nóv., kl. 2 miðdegis.

Nýting raforku til húsahitunar, þáltill. (þskj. 151). — Hvernig ræða skuli.

Að till. forseta var ákveðin ein umr.

Síldarverksmiðjur ríkisins reisi verksmiðju í Grindavík, þáltill. (þskj. 152). — Hvernig ræða skuli.

Að till. forseta var ákveðin ein umr.

Lækkun tekjuskatts á einstaklingum, þáltill. (þskj. 32). — Frh. fyrri umr.

ATKVGR.

Till. vísað til allshn. með 31 shlj. atkv. og umr. frestað.

Bygging sögualdarbæjar, þáltill. (þskj. 62). — Frh. einnar umr.

ATKVGR.

Till. vísað til allshn. með 32 shlj. atkv. og umr. frestað.

Samgönguáætlun fyrir Norðurland, þáltill. (þskj. 44). — Ein umr.

Flm. (Lárus Jónsson): Herra forseti. Ég hef leyft mér ásamt hv. þm. Gunnari Gíslasyni, Halldóri Blöndal og Eyjólfi K. Jónssyni að flytja á þskj. 44 till. til þál. um að hraða gerð Norðurlandsáætlunar í samgöngumálum. Tillgr. er svo hljóðandi:

„Alþingi ályktar að fela ríkisstj. að hraða gerð samgönguáætlunar fyrir Norðurland. Skal að því stefnt, að sérstök byggðaáætlun um vegi, brýr, hafnir og flugvelli á Norðurlandi fyrir a. m. k. næstu 2 ár verði staðfest af stjórnvöldum eigi síðar en um n. k. áramót."

Till. þessi er flutt hér á hinu háa Alþingi til þess að vekja athygli á, hvernig staðið hefur verið að gerð samgönguáætlunar fyrir Norðurland, og freista þess að hafa áhrif á vinnubrögð til úrbóta í því efni. Samgönguáætlun fyrir Norðurland hefur verið gerð fyrir árið 1972 og 1973, hvort um sig í senn, auk þess sem áætluð hefur verið heildarfjárhæð til vegaframkvæmda samkv. áætluninni 1972—1975, þ. e. a. s. gildistíma núgildandi almennrar vegáætlunar. Bæði framkvæmdaárin 1972 og 1973 hefur komið til stórfelldur niðurskurður framkvæmda, miðað við till. sérfræðinga og heimamanna, auk þess sem áætlunin var einungis gerð fyrir hvort árið í senn og drógst fram á vor í bæði skiptin. T. d. var fundur haldinn með þm. Norðurl. seint í maí s. l. um áætlunina á yfirstandandi ári. Má geta nærri hver heildaryfirsýn fæst þá um verklegar framkvæmdir samkv. áætluninni, þegar svo er staðið að málum, og einnig má geta nærri, hver undirbúningur vegaframkvæmda hefur orðið s. l. sumar, þegar áætlunargerðinni var ekki lokið fyrr en síðast í maí eða byrjun júní. Ég vil taka það skýrt fram, að hér er ekki við viðkomandi starfsmenn að sakast, það er mér persónulega kunnugt um, né heldur við Fjórðungssamband Norðlendinga, sem hefur frá upphafi unnið að áætlanargerðinni ásamt sérfræðingum ríkisvaldsins á hverjum tíma og mótað stefnu heimamanna varðandi áætlunargerðina. Hér er fyrst og fremst um að ræða óhæf vinnubrögð frá hálfu hæstv. ríkisstj.

Í þessu sambandi er rétt að gera nokkra úttekt á því, hvernig staðið var á sínum tíma að gerð samgönguáætlunar fyrir Austurland og bera saman við vinnubrögðin í gerð samgönguþátta Norðurlandsáætlunar. Þessi samanburður er einkar lærdómsríkur fyrir þá, — sem vilja skoða hlutlægt, hvernig staðið hefur verið í raun að áætlanagerð í tíð fyrrv. og núv. ríkisstjórna, en svo sem kunnugt er var vegáætlun fyrir Austurland unnin í tíð fyrrv. ríkisstjórnar, en undirbúningi að Norðurlandsáætlun í samgöngumálum var ekki að fullu lokið fyrir stjórnarskiptin.

Austurlandsáætlunin var gerð fyrir fram fyrir 4 ár, þannig að ætlað var ákveðið fjármagn í hvert og eitt verkefni fyrir öll árin. Þannig fékkst heildaryfirlit yfir áætlunarverkefnið, og það samræmt almennri veg áætlun, fjáröflun tryggð og tæknilegur undirbúningur framkvæmda gerður í tíma. Norðurlandsáætlunin var á hinn bóginn gerð sérstaklega fyrir árið 1972 og aftur einungis fyrir árið 1973. Á yfirstandandi ári var áætlunin svo síðbúin, að þm. fengu hana til athugunar síðast í maí, eins og ég sagði áðan. Enn hefur engin heildaryfirsýn fengist yfir áætlunarverkefnið, sem er einn höfuðtilgangur áætlunargerðar, svo að unnt sé að skipuleggja betur framkvæmdir fyrir fram. Geta má nærri, hvernig tæknilegum undibúningi hefur verið háttað, þegar áætlunin var ekki fullfrágengin fyrr en komið var fram í júní. Þá má einnig geta nærri, hvernig aðstaðan hefur verið til að samræma verkefni Norðurlandsáætlunar öðrum framkvæmdaáætlunum, t. d. almennri vegáætlun. Við gerð Austurlandsáætlunar var tekið mið af ákveðnum grundvallarforsendum, þ. e. a. s. að ljúka skyldi 55% þeirra sérstöku samgöngubóta, sem þörf er á á Austurlandi, á áætlunartímabilinu. Ekkert slíkt markmið eða frumforsenda var lögð til grundvallar Norðurlandsáætluninni. Þessu til rökstuðnings má geta þess, að 11—12 hundruð millj. þyrftu til þess að fullnægja 55% framkvæmdaþarfa í vegagerð á Norðurlandi á áætlunartímabilinu, miðað við sama verðlag og lagt var til grundvallar Austurlandsáætlun. Frá hálfu ríkisvaldsins er á hinn bóginn gert ráð fyrir að verja 620 millj. kr. til þessara framkvæmda, þ. e. a. s. á Norðurlandsáætlun, tímabilið 1972—1975.

Þegar betur er skoðað, hvernig staðið var að samgönguáætlun fyrir Norðurland árin 1972 og 1973, hvort fyrir sig, kemur glöggt í ljós, að hér voru í raun þverbrotnar allar meginreglur í áætlunargerð. Höfuðkostur áætlunargerðar um opinberar framkvæmdir er sá, að með henni er mótuð markviss heildarstefna yfir áætlunartímann. Heildaryfirsýn fæst yfir tímabilið, þannig að unnt er að skipuleggja betur framkvæmdir og fjáröflun fyrir fram, auðveldara að samræma áætlaðar framkvæmdir öðrum þáttum framkvæmda og athafna. Allir, sem hlut eiga að máli, geta miðað starfsemi sína við, að viðkomandi verk séu framkvæmd á fyrir fram ákveðnum tíma. Því miður hefur þessu ekki verið til að dreifa um Norðurlandsáætlun í samgöngumálum, gagnstætt því, sem var um Austurlandsáætlun, því að bæði framkvæmdaárin 1972 og 1973 var ekki nóg með, að Norðurlandsáætlun væri síðbúin, heldur vissi enginn fyrr en síðustu dagana, hvað yrði tekið inn í áætlun viðkomandi árs, því að handahófslegur og stefnulaus niðurskurður var framkvæmdur fram á síðustu stundu bæði árin.

Um vinnubrögðin í þessu efni á árinu 1972 vil ég leyfa mér að vitna í skýrslu framkvæmdastjóra Fjórðungssambands Norðlendinga, en þar segir, með leyfi hæstv. forseta:

„Efnahagsstofnunin lagði til, að 196 millj. kr. væri varið til samgönguáætlunar Norðurlands á árinu 1972. Þessi fjárhæð skyldi skiptast milli greina þannig, að til vega ætti að verja 126 millj. kr., til hafna 56 millj. kr., og til flugvalla 12 millj. kr."

Síðan segir orðrétt í umræddri skýrslu framkvæmdastjóra Fjórðungssambands Norðlendinga:

„Eins og kunnugt er voru framlög til hafna og flugvalla felld niður úr áætlun fyrir 1972. Framlög til vega voru lækkuð í 100 millj. og hækkað síðan í 120 millj. Nú virðist hins vegar að viðbótin, 20 millj. kr., verði skorin niður í ár."

Þetta segir framkvæmdastjóri Fjórðungssambands Norðlendinga um fyrsta framkvæmdaár Norðurlandsáætlunar. Við þennan vitnisburð hef ég því einungis að bæta, að þegar áform ríkisstj. um þennan stórfellda niðurskurð samgönguáætlunar fyrir Norðurland kom fyrir Alþingi seint og síðar meir, mótmæltu allir þm. Norðlendinga sem einn, og fengu því áorkað, að áætlun til vega var hækkuð um þessar 20 millj. kr. Ríkisstj. hefur hins vegar sýnt þá stefnufestu að hunsa algjörlega skýlausan vilja Alþingis í þessu efni, því að þessar 20 millj. hafa mér vitanlega ekki komið til framkvæmda á Norðurlandi.

Að síðustu vík ég að vinnubrögðum við gerð Norðurlandsáætlunar fyrir árið 1973. Áætlanagerðinni fyrir það eina ár var ekki lokið fyrr en mánaðamót maí—júní. Augljóst er, að þegar hér var komið sögu, gilti ekki sú afsökun, sem óspart var haldið á lofti 1972, að of skammur tími hefði gefist til að undirbúa áætlunargerðina fyrir eðlilegt áætlunartímabil. En steininn tók þó úr, þegar ekki var unnt að koma frá sér áætluninni fyrir þetta eina ár, fyrr en komið var fram á sumar. Enn var þessi óhæfilegi dráttur notaður til niðurskurðar fram í rauðan dauðann. Þannig upplýsti forsrh., að nú skyldi tekinn inn hafna- og flugmálaþáttur áætlunarinnar og væri ætlunin að verja 25 millj. kr. til hvors þáttar um sig árið 1973. Á vordögum 1973 kom hins vegar í ljós, að þessi upphæð hafði verið skorin niður, þar sem síst skyldi.

Herra forseti. Ég hef sýnt fram á, að því miður hefur svo til tekist við gerð samgönguáætlunar fyrir Norðurland, að allar meginreglur áætlanagerðar hafa verið brotnar. Tvö ár í röð hefur áætlunin verið gerð fyrir ár í senn og verið afar síðbúin bæði árin. Engin heildarstefna hefur verið mótuð með áætlunargerðinni, og algjör óvissa hefur ríkt með framkvæmd einstakra verkefna. Fyrir dyrum stendur að endurskoða almenna vegáætlun á yfirstandandi þingi. Augljóst er, að nú eru síðustu forvöð að samræma að einhverju leyti almenna vegáætlun og Norðurlandsáætlun fyrir a. m. k. árin 1974 og 1975. Til þess að benda rækilega á þetta hef ég flutt þá till. til þál., sem hér er til umr. Með tilliti til þess, að til endurskoðunar vegáætlunar kemur fljótlega eftir áramót, vil ég leggja áherslu á, að mál þetta fái skjóta afgreiðslu í n. og því verði hraðað í meðförum Alþingis.

Ég legg svo til, að umr. um málið verði frestað og till. vísað til hv. allshn.

Magnús Jónsson: Herra forseti: Ég skal ekki lengja þessar umr. mikið, enda gerist þess ekki þörf. Hv. flm. till. hefur gert ítarlega grein fyrir þeim vanda, sem hér er við að fást og nauðsynlegt er að bæta úr. Hann minntist þess, sem er rétt að leggja hér áherslu á, að þegar samgönguáætlun Austfjarða var unnin, var hún gerð af Efnahagsstofnuninni í náinni samvinnu og samstarfi við alþingismenn Austfirðinga, og náðist um þá áætlun samkomulag, áætlun til 4 ára, og var þegar í upphafi lögð á það áhersla, að menn vissu, hvaða vegaframkvæmdir mundu falla undir þessa áætlun og hvað yrði unnið á ári hverju. Það gekk enginn þess dulinn, hvað það var, sem ætlunin var að félli undir þessa áætlun, og hvenær það skyldi unnið. Þetta er að sjálfsögðu kjarni áætlanagerðar. Áætlun, sem er unnin með þeim hætti, sem Norðurlandsáætlunin hefur verið unnin, þar sem ekki er ákveðið, hvað skuli í rauninni vera markmiðið, hvaða verkefni skuli tekin og hvaða fjármagn skuli vera til ráðstöfunar, er áætlun, sem er í rauninni algjört handahóf og getur leitt til vandræða, mjög verulegra, eins og hv. síðasti ræðumaður gat um. Þetta hefur komið mjög gjörla í ljós, og ég bendi aðeins á það til aðvörunar, hvað þessi vinnubrögð hafa valdið miklum vandræðum, þar sem hvorki hefur verið vitað, hvaða framkvæmdum ætti að vinna að eða hvaða fé væri til ráðstöfunar á ári hverju.

Nú stöndum við andspænis því t. d. síðar á þessu þingi að ákveða almenna vegáætlun fyrir næstu ár, og er auðvitað hin brýnasta nauðsyn að gera sér grein fyrir því, þegar sú áætlun er gerð, hvaða verkefni á Norðurlandi eiga að falla undir Norðurlandsáætlun og hvaða fjármagn verði til ráðstöfunar á ári hverju, það sem eftir er þeirrar áætlunar, og hvað er stefnt að, að þær framkvæmdir taki langan tíma. Ég held, að það sé ekki að ófyrirsynju, að á þessu sé vakin athygli hér, bæði vegna Norðlendinga sjálfra og þeirra sem fara með umboð þeirra hér á Alþingi, og einnig vegna þess, að hér er um að ræða óhæfileg vinnubrögð í sambandi við áætlanagerð almennt.

Ég hef stundum látið í ljós ótta um það, að þau vinnubrögð, sem nú eru tekin upp varðandi áætlanagerð og eru með þeim hætti, að fjöldi áætlana er nú í gangi á vegum Framkvæmdastofnunarinnar, muni leiða til þess, að áætlanir hrúgist upp án nokkurrar hliðsjónar af því hvaða fjármagn ríkisvaldið hefur til ráðstöfunar til þess að fullnægja þessum áætlunum, og að lokum hætti stjórnvöld að líta á áætlanir þessar nema sem verk ákveðinna sérfræðinga og þær verði nánast bókstafurinn einn. Það er mjög illt, ef áætlanagerð leiðist inn á þessar brautir. Hún getur verið til mikils gagns, ef hún er raunsæ, þ. e. a. s. eins og unnið hefur verið til þessa og var gert á undanförnum árum, að miða áætlanir við viðráðanlegar framkvæmdir eða hafa þær af viðráðanlegri stærðargráðu og ekki meira haft í takinu í einu en svo, að við það væri hægt að ráða. Þetta var gert við samgöngumálaþátt Vestfjarðaráætlunar. Það var unnið í samræmi við fjáröflun, sem vitað var um. Þetta var gert við atvinnumálaþátt Norðurlandsáætlunar, til þess var strax aflað fjár. Og eins og gat um áðan, var sömu stefnu fylgt varðandi samgönguáætlun Austfjarða. Þessar áætlanir voru teknar hver á eftir annarri, þannig að það væri ljóst, að fé væri þarna til ráðstöfunar. En við lendum nú í þessu, sem allir þm. Norðlendinga a. m. k. vita mætavel, að olli vandkvæðum, bæði á síðasta ári og hefur gert á þessu ári, að ekki hefur verið gengið endanlega frá einu sinni framkvæmdum þess tiltekna árs fyrr en eftir dúk og disk, þær síðan skornar niður, og við vitum nánast í dag ekki nokkurn skapaðan hlut um, að hvaða marki er stefnt. Hér er því ekki um neina áætlunargerð að ræða, heldur handahófslegar fjárveitingar hverju sinni, eftir því sem tök þykja á að afla fjár, en leiða, eins og ég áðan gat um, til

margvíslegra vandræða, sem snúa bæði að þeim mönnum, sem eiga að fara með umboð Norðlendinga hér á Alþ., og einnig að heimamönnum, sem ekki vita, að hverju í rauninni er stefnt.

Með þessari framkvæmd er í rauninni ekki um neina áætlun að ræða, heldur handahófskenndar aðgerðir. Það má þakka fyrir út af fyrir sig, að fæst eitthvert viðbótarfé. Hitt er þó meira um vert, að menn viti, hvert áætlunartímabil þessara framkvæmda á að vera, hve langt það á að vera, hvaða fé verður til ráðstöfunar hverju sinni og hvaða verkefni eiga að falla undir áætlunina, sem þarf þá ekki að vinna að af hálfu þm. að fá fjárveitingar til á annan hátt.

Ég tel því, að sú till., sem hv. 5. þm. Norðurl. e. hefur hér talað fyrir og flutt, sé mjög nauðsynleg, og vona, að tekin verði alvarlega sú ábending, sem í henni felst. Það er raunhæf ábending, ekki í neinu deiluformi, heldur aðeins til þess að gera mönnum grein fyrir því, að svona er ekki hægt að vinna að framgangi áætlanagerðar.

Pálmi Jónsson: Herra forseti. Ég skal ekki bæta miklu við þær ræður, sem hér hafa þegar verið fluttar og sýna ljóslega, hver nauðsyn er, að breytt verði um vinnubrögð í sambandi við undirbúning og framkvæmd Norðurlandsáætlunar í samgöngumálum. Ég vil bæta því við eða leggja aukna áherslu á það í þessu sambandi, að á þessu þingi á að endurskoða hina almennu vegáætlun, og ég tel það algera nauðsyn, að áður en til þess verks kemur, hafi verið gengið frá samgönguþætti Norðurlandsáætlunar, svo að ljóst sé, hvaða verk þar falla undir, og þurfi ekki að grauta þessum áætlunum saman af handahófi, eins og gert hefur verið til þessa. Á síðasta vori, eins og lýst var af hv. frsm. till., gafst okkur þm. loks færi á því að mæta á fundi til þess að ræða þetta mál með þeim starfsmönnum, sem um þetta fjalla, og var það vonum seinna, en á þeim fundi voru lagðir fram svokallaðir arðsemisútreikningar einstakra framkvæmda. Það verk hygg ég, að hafi verið vel unnið og sé til mikils stuðnings við gerð slíkra áætlana. Nú nær þessi áætlun yfir meira en Norðurland. Hún nær einnig yfir Strandabyggð, og það vakti furðu mína, svo að ekki sé meira sagt, að með tilliti til þess landssvæðis, sem áætlunin nær yfir, skyldi vegarins yfir Holtavörðuheiði, þ. e. a. s. þess hluta hans, sem er í Strandasýslu og tengir þessar byggðir við Vestur- og Suðurland, hvergi getið í þessum arðsemisútreikningum. Nú er þarna um að ræða aðalþröskuldinn á þeirri leið, sem allir vegfarendur þurfa að fara, sem aka milli Norður- og Suðurlands, og er það í rauninni fáránlegt, að úr því að þessi áætlun nær yfir Norðurlandskjördæmin bæði og Strandasýslu, þá skuli þessi vegarkafli ekki tekinn þar inn í.

Ég skal ekki hafa um þetta miklu fleiri orð, en ég tel algera nauðsyn, að nú á næstu vikum verði unnið svo að þessu máli, að áætlunin liggi fyrir, a. m. k. þegar þing kemur saman að nýju eftir jólaleyfið, og að staðið verði við þá áætlun, sem þá verður gerð. Eins og tekið var fram hér áðan, hefur það gerst hvað eftir annað, að skornar hafa verið niður fjárveitingar, sem búið hefur verið að heita Norðlendingum til þessa verkefnis. Og þær kröfur verðum við að gera til áætlanagerða, að ef á að taka eitthvert mark á þeim, þá sé staðið við þær fjárveitingar, sem til þeirra er ætlað að renni. Ef litið er til verðlagsþróunar og annarra slíkra þátta og framkvæmdamáttar fjárins, er augljóst mál, að bara af þeim sökum skerast framkvæmdir niður, enda þótt staðið sé við fjárupphæð. En þegar það bætist við, eins og gerðist 1972, að 20 millj. voru skornar niður eða beinlínis hurfu, þá er ekki von, að öllum líki vel.

Ég skal ekki hafa um þetta fleiri orð. Ég einungis ítreka það mjög ákveðið, að nú verði fast að þessum málum unnið og áætlunargerðinni lokið í tæka tíð, áður en Alþ. þarf að fjalla um endurskoðun hinnar almennu vegáætlunar.

Steingrímur Hermannsson: Herra forseti. Ég vil gjarnan taka undir mest af því, sem kom fram hjá hv. frsm. fyrir þessari þáltill. Það er alveg rétt, að þau vinnubrögð, sem hér hafa verið viðhöfð í sambandi við samgönguáætlun fyrir Norðurland, eru óþolandi. Ég get hins vegar ekki tekið undir með honum, að það sé stjórnvöldum að kenna út af fyrir sig. Ég hygg a. m. k., að hv. 2. þm. Norðurl. e., sem hér talaði áðan, þekki þetta betur. Hann situr, eins og ég, í stjórn Framkvæmdastofnunar ríkisins, en þar hefur verið fjallað um þessar staðreyndir og lögð á það rík áhersla, að úr þyrfti að bæta. Og honum mun vera kunnugt um, að því hefur verið lofað, að þegar næst verður lögð fram áætlun um samgöngur á Norðurlandi, þá verði það fyrir þau tvö ár, sem eftir eru af áætlunartímabilinu.

Ástæðan fyrir þessum drætti, hygg ég, að sé fyrst og fremst sú, að við hér á hinu háa Alþ. höfum keppst við að samþykkja þál. um áætlanir fyrir næstum því hvað sem hugsast getur. Ég hygg, að það sé búið að samþykkja hér áætlanir fyrir alla landshlutana, nema þá kannske Reykjavík, og starfslið áætlanadeildar Framkvæmdastofnunar ríkisins er ekki meira en svo, bæði vegna þess, að fjárveitingar til hennar hafa verið takmarkaðar, og einnig vegna hins, að það hefur alls ekki reynst unnt að fá starfslið, sem reynslu hefur og getur unnið slík verk, eins og þörf væri, ef ætti að sinna öllum þeim áætlunum, sem hér hafa verið samþykktar. Þetta hefur reynst útilokað, og verður að viðurkenna, að þetta hefur valdið verulegum vandræðum. Sú spurning vaknar þá, hvort stofnunin eigi að ýta til hliðar ýmsum verkefnum, sem Alþ. hefur með samþykkt sinni falið áætlanadeildinni. Það er illt, en ljóst er, að svo verður raunar að gera, því að ég er sammála því, sem kom fram hér áðan, að það er ekki hægt að taka fyrir svo mörg verkefni, að ekkert fáist unnið til hlítar á viðunandi tíma. Á þetta vil ég fyrst og fremst leggja áherslu.

Hv. 5. þm. Norðurl. v. gat þess, að Strandasýslan væri þarna með, og gat um arðsemis útreikning í því sambandi. Ég get ekki alveg tekið undir ágæti arðsemisútreikninga, eins og

mér virtist hann gera. Þeir eru góðir til leiðbeiningar, en ákaflega hættulegir til samanburðar. Ég vil geta þess aðeins til gamans, að í arðsemisútreikningum kom fram, að einn spotti á veginum norður á Hólmavík kom út með arðsemina núll, og vakti það nokkra furðu, ef halda á við byggð og samgöngum þangað norður. Ég held, að arðsemisútreikningar verði að vera eingöngu til leiðbeiningar og verði raunar aðeins að vera til samanburðar innan ákveðins svæðis. Það er ekki hægt að gera arðsemisútreikninga á vegi til Hólmavíkur á sömu forsendu og arðsemiútreikninga í kringum Reykjavík eða Akureyri. En ég vil taka undir hitt með honum, að það er að sjálfsögðu ófært, að meginleiðin inn í þennan landshluta allan skuli ekki vera þarna með. Hana á að taka alveg sérstaklega, og ætti að sjálfsögðu að takast af óskiptu fé Norðurlandsáætlunar. Þetta er samgönguæð inn í þennan hluta allan. Þessi hluti er að vísu innan Strandasýslunnar, en kemur að sjálfsögðu öllum svæðum að notum.

Hannibal Valdimarsson: Herra forseti. Hér er til umræðu framkvæmdaáætlun Norðurlands og hafa umr. manna beinst að því, að það sé ótækt, að slíkar áætlanir verði pappírsgagn eitt og ekki sé við þær staðið. Það er áreiðanlega rétt, að það eru skynsamleg vinnubrögð að gera slíkar áætlanir, og vissulega minnkar ágæti þeirra verulega, þegar það verður almennt reynslan, að þær sé lítið að marka og þær séu bara gagnslítil pappírsgögn. En þetta er því miður ekki alveg ný bóla.

Það er hv. alþm. kunnugt, að fyrsta áætlun þessarar gerðar, sem hér var gerð, var hin svokallaða Vestfjarðaáætlun. Lengi var hún dularfullt fyrirbæri og erfitt að fá upplýsingar um það, hvar hún væri eða hvort hún væri yfirleitt til. Að síðustu fór svo, að plaggið reyndist finnanlegt og það kom í leitirnar. Og eftir margítrekaðar tilraunir fékk ég aðstöðu til að ná þessu plaggi í mínar hendur. Þetta var fyrsta áætlunin, sem gerð var. Svo kom þar á eftir Austfjarðaáætlunin, og hún hefur um nokkurra ára skeið verið í framkvæmd, og svo þar á eftir Norðurlandsáætlunin, sem er þó ekki hægt að segja, að sé annað en í sköpun enn þá, en hún er yngst þessara áætlana.

En svo að ég víki að því, sem hv. alþm. hver á fætur öðrum hafa nú rætt um, vanefndum á **þessum áætlunum, þá skal ég síst mæla því** bót. En þá sögu er þó að segja um Vestfjarðaáætlunina, að sá eini þáttur af Vestfjarðaáætluninni, sem varð til, samgöngumálaþátturinn, varðandi vegi um hluta af Vestfjarðasvæðinu og flugvelli á þremur stöðum og nokkrar hafnagerðir, — annað fólst ekki í þessari áætlun, — hefur ekki verið framkvæmdar nema að nokkrum hluta. Það eru þó nokkur atriði, sem alls ekki hafa komið til framkvæmda af þessari takmörkuðu áætlun.

Ég vil, svo að ég fari ekki í neitt af því stærra, nefna bara tvö atriði.

Á Vestfjarðaáætlununni var ákveðið að gera jarðgöng í gegnum Breiðadalsheiði á Vestfjörðum. Sú framkvæmd hefur alveg verið lögð til hliðar og er ekki framkvæmd enn, ekki byrjað á henni, þrátt fyrir það að búið sé að **framkvæma hliðstæða framkvæmd í Austfjarðaáætlun,** sem Oddsskarðsjarðgöngin, sem nú er verið góðu heilli að ljúka. Mér er ekki kunnugt um það, að neinn aðili hafi fengið umboð til þess að skera Vestfjarðaáætlunina að þessu leyti niður. Það hefur alveg farið fram hjá mér, ef nokkur aðili hefur fengið heimild til þess frá Alþ. að **breyta henni á þennan hátt og skera þessar** framkvæmdir niður, en þetta hefur samt aldrei séð dagsins ljós. Það var þó samkvæmt Vestfjarðaáætluninni búið að ákveða fjáröflun til þessa verks sem annarra á áætluninni. Það átti að gerast með erlendri lántöku, og lánið mun hafa verið tekið, svo mikið er víst. Það var úr hinum rómaða flóttamannasjóði Evrópu, sem þetta fé átti að koma, og það kom. En það hefur aldrei farið í jarðgangagerðina í gegnum **Breiðadalsheiði.**

Önnur framkvæmd, sem var ákveðin á Vestfjarðaáætluninni, var malbikun Ísafjarðarflugvallar. Sú framkvæmd er óframkvæmd enn. En nú finnst mér alveg tilvalið, þar sem verið er **að ljúka jarðgöngunum í gegnum Oddsskarð,** að það verði haldið áfram slíkri mannvirkjagerð með því að hefjast nú handa um jarðgöngin í **gegnum Breiðadalsheiði í beinu framhaldi af** hinni framkvæmdinni, þegar henni er lokið. Og nú stendur þannig á líka, að félagsskapur hefur verið myndaður á Vestfjörðum til þess að afla fullkominna og mikilvægra tækja til malbikunar gatna og vega og þau tæki verða til með vordögum, og þá finnst mér, að ætti að nota tækifærið til að nota þau tæki til þess að malbika Ísafjarðarflugvöll, svo og þá vegi út frá Ísafjarðarkaupstað, sem hafa verið á framkvæmdaáætlun liðins árs og þessa árs í leiðinni.

Finnst mér ekki vera nema sanngjarnt úr því að um margfaldar vanefndir er að ræða á áætlunum, að þá sé byrjað á elstu vanefndunum og staðið við þau hátíðlegu loforð og þær fjár**veitingar notaðar, sem til þess voru upphaflega** ætlaðar, en svo aldrei látnar til þess renna, sem þeim var ætlað. Það voru fjárveitingar, bæði útlend lántaka og loforð um mótframlag úr ríkissjóði til þessara mannvirkja, sem er óframkvæmt enn, og er best að ganga á röð vanefndanna og ráðast fyrst í það að fullnægja Vestfjarðaáætluninni, síðan Austfjarðaáætluninni og þá í þriðju röð Norðurlandsáætluninni. Skal ég engum þessum vanefndum mæla bót, en þetta finnst mér sanngjarnt.

Eysteinn Jónsson: Herra forseti. Það er einungis til þess að koma að einni nauðsynlegri leiðréttingu. Flm. þessarar till. bera saman við Austurlandsáætlunina og segja, að miklu verr sé séð fyrir framkvæmdum á Norðurlandi í Norðurlandsáætluninni en gert hafi verið á Austurlandi með Austurlandsáætluninni. Í því sambandi sagði hv. 1. flm. eitthvað á þá leið, að í Austurlandsáætlunina hefðu komið 55% af framkvæmdaþörf í samgöngumálum á Austurlandi. Ég vil leiðrétta þetta, enda hygg ég, að hv. þm. hafi kannske eitthvað mismælt sig í þessu sambandi. Inn í

Austfjarðaáætlunina kom sem sé ekki nema brot af einu verkefni, sem þar er þörf á að leysa í samgöngumálum, og ekkert annað. Af einu verkefni í vegamálum, sem sé því að leggja millibyggðavegi eftir kjördæminu endilöngu, komst aðeins inn í hana brot og ekkert annað af því, sem óleyst er í samgöngumálum Austurlands, þannig að það er ómögulegt að bera saman við hana á þann hátt, sem gert hefur verið.

Flm. (Lárus Jónsson): Herra forseti. Ég vil byrja á því að þakka hv. þm. flestum, sem hér hafa tekið til máls, fyrir jákvæðar undirtektir undir þessa þáltill., enda hygg ég, að málið sé þannig vaxið, að allir, sem það kynna sér, hljóti að vera sammála um nauðsyn málsins.

Ég vil í sambandi við það, sem einstakir þm. ræddu hér, gera nokkrar aths. við sumt af því.

Hv. 1. þm. Vestf. tók mjög jákvætt undir þessa till., og þakka ég honum fyrir það. En hann benti á það, að þarna væri ekki stjórnvöldum um að kenna, heldur værum við að samþykkja hér á hv. Alþ. áætlanagerðir um allt, sem hugsast getur, allt milli himins og jarðar, og þetta væri svo mikið áætlanaflóð, að áætlanadeild Framkvæmdastofnunarinnar réði ekkert við það. Þetta má kannske til sanns vegar færa. En ég held, að það hljóti að liggja í hlutarins eðli í þessum efnum, að það sé verkefni stjórnvalda að meta og vega, hvað sé nauðsynlegast, ekki síst ef stjórnvöld vilja hafa fyrir markmið eðlilega byggðastefnu, sem ég efast ekki um að hv. 1. þm. Vestf. sé mér sammála um, að eigi að vera leiðarljós í þessum efnum, a. m. k. þegar verið er að meta forgangsaðgerðir í þeim efnum, sem horfa til heilla fyrir byggðaþróun í landinu. Mér sýnist, að þarna sé um að ræða, að stjórnvöld þurfi að hafa skipulag á sinni áætlanagerð. Þau þurfa m. ö. o. að skipuleggja skipulagsstörfin hjá sér. Ég hygg, að ég hafi frá upphafi, frá því að lög um Framkvæmdastofnunina voru sett og frá því að þau stóru orð féllu hér um áætlanagerð, einmitt bent á þetta atriði, að þessi stofnun og þeir, sem henni stjórnuðu mundu fljótlega reka sig á nauðsynina í þessum efnum, að skipuleggja sitt eigið skipulagsstarf.

Hv. 3. þm. Vestf. ræddi hér um þetta mál og taldi, að það væri ekki ný bóla, að vanefndir yrðu á samgönguáætlun. Nú er þessi hv. þm. nýstiginn úr ráðherrastóli samgöngumála og viðurkenndi raunar með þessum orðum, að hann hefði vanefnt Norðurlandsáætlun, sem heyrði undir hann sem samgrh. á þessum árum, sem hann sat í því embætti. Svo langt vildi hann seilast til að sýna fram á, að það hefði verið vanefnd samgönguáætlun um Vestfirði á sínum tíma, sérstaklega að því er varðaði jarðgöng gegnum Breiðadalsheiði. Mig minnir, að það hafi staðið þannig af sér um þessa framkvæmd, að þá hafi verið nýlokið gerð jarðganga um Strákagöng, sem kölluð eru, við Siglufjörð og reynslan af þeirri gangagerð hafi orðið mönnum mikið umhugsunarefni, og þá hafi verið horfið að því ráði að leggja þetta fé í aðrar samgöngubætur á Vestfjörðum eftir þessari áætlun. Það má vel vera, að það hafi ekki fengist heimild til þess hér. En ég hygg, að það hafi ekki farið svo á Vestfjörðum, að því fé, sem var aflað til þeirrar áætlunar, hafi ekki verið varið til samgöngubóta á Vestfjörðum, öfugt við það, sem gert var þegar hv. þm. var samgrh. Þá samþ. Alþ. 120 millj. kr. til framkvæmda samkvæmt Norðurlandsáætlun í vegamálum, en 20 millj. sáu aldrei dagsins ljós, það var aldrei framkvæmt fyrir þær á Norðurlandi.

Hv. 1. þm. Austf. leiðrétti mál mitt, og var það að nokkru leyti rétt, sem hann sagði. Ég mun hafa verið ónákvæmur í orðavali, þegar ég talaði um, að það væru 55% af samgönguþörf á Austurlandi, sem áætlunin hefði verið gerð um. Þar var um að ræða, eins og hann réttilega tók fram, 55% af svokölluðum millibyggðavegum, sem slíkar áætlanir ná til. En á hinn bóginn er það alveg sambærilegt, sem ég nefndi hér, að 11—12 hundruð millj. kr. mundi þurfa til samskonar samgöngubóta á Norðurlandi, ef í þær væri ráðist. Þá mundi þurfa 11—12 hundruð millj. kr. til sams konar samgöngubóta og eru í Austfjarðaáætlun, þannig að það stendur óhaggað, sem ég sagði um samanburðinn á þessu, þótt orðaval mitt hafi ekki verið nógu nákvæmt, og bið ég hv. alþm. velvirðingar á því. En það var alveg rétt, sem hann sagði, að þarna er auðvitað miðað við ákveðna vegi, því að þessar áætlanir, bæði Norðurlandsáætlun og Austurlandsáætlun, ná til ákveðinna vega.

Forsrh. (Ólafur Jóhannesson): Herra forseti. Ég skal ekki lengja þessar umr. mikið, enda sýnist mér, að sumt af því megi bíða framboðsfunda á Norðurlandi. Þá verður tækifæri til að ræða þessi mál og taka það til athugunar m. a., hvað hefur verið gert nú á tveimur síðustu árum í samgöngumálum Norðlendinga og hvað var gert áður.

Ég hygg, að hvað sem öllum áætlunum líður, verði því ekki á móti mælt, að það hafi aldrei áður verið gert þvílíkt átak í samgöngumálum, a. m. k. þar sem ég þekki til á Norðurlandi vestra, eins og á þessu kjörtímabili, sem nú er, og það ætla ég þó, að sé aðalatriðið, hvað sem öllum áætlunum líður.

En ég held, að það sé nokkuð stórt orð að tala um vanefndir á samgönguáætlun Norðurlands. Ég held, að það sé einmitt aðalatriðið í sambandi við áætlanir, eins og hér hefur verið viðurkennt, að það sé ekki verið að búa til pappírsáætlanir, án þess að það sé tryggt nokkurt fjármagn til framkvæmda, og það var einmitt eitt af þeim markmiðum, sem stefnt var að með Framkvæmdastofnuninni, að tengja saman áætlanagerð og fjármagnsöflun til framkvæmdanna, þannig að það væri tryggt, að þessar áætlanir yrðu ekki bara pappírsgögn. Það ætla ég að hafi tekist. Ég held einmitt, að það hafi haldist í hendur, að áætlanirnar hafi verið gerðar þannig úr garði, að jafnframt því sem þær voru gefnar endanlega út, hafi verið séð fyrir fjármagni til þeirra, þannig að ekki hafi staðið á því. Ég held þess vegna, að það sé mjög ofmælt að tala um nokkrar vanefndir í þessu sambandi, vanefndir á samgönguáætlun Norðurlands.

Menn verða að gera sér grein fyrir því líka, hvernig áætlanirnar eru unnar. Að þessum áætlunum vinna starfsmenn Framkvæmdastofnunar-

innar. Það er tekið fram, að þeir skuli gera það í samvinnu við heimamenn, og það er gert. En það er bara verið að fjalla um fyrri þáttinn, áætlunina á pappírnum, skulum við segja. Og það er auðvitað ekkert raunsætt í því að taka tölur, sem koma fram í sambandi við slíka undirbúningsvinnu, og telja þær alveg endanlega frágengnar og þar með vera orðnar að áætlun. Áætlunin er fyrst raunverulega orðin áætlun, þegar endanlega hefur verið gengið frá henni af viðkomandi aðilum, hún staðfest af þeim og fjármagn til hennar jafnframt útvegað.

Það getur vel verið, að einmitt vegna þessara vinnubragða, sem höfð eru við þessar áætlanir, hafi vonin kviknað hjá ýmsum um tilteknar framkvæmdir eða meiri framkvæmdir en endanlega var hægt að standa við. En þá vil ég segja, að það, sem þær vonir hafa verið byggðar á, hafi verið uppkast að áætlun, en ekki endanleg áætlun. Ég held því, að það sé óréttmætt algerlega að tala um vanefndir í þessu sambandi, enda hygg **ég, að Norðlendingar yfirleitt sjái, hvað gert hef**ur verið, viti, hvernig að þessu hefur verið unnið, og það er þá a. m. k. alveg eins rétt og hægt að ræða þessi mál við þá, á fundum þar, eins og að eyða dýrmætum tíma hæstv. Alþ. til þess.

Hitt getur svo skeð, að þrátt fyrir fullkomnar áætlanir og þrátt fyrir það, að séð sé fyrir fjár**magni til þeirra, komist þær ekki alveg að fullu í** framkvæmd, af því einfaldlega, að það vantar annað hvort eða hvort tveggja, vinnuafl eða tæki til að koma þeim í framkvæmdir. Það hefur auðvitað sína þýðingu líka við þessar áætlanir og framkvæmdir, hvenær er hægt að byrja á þeim. Við þekkjum það á Norðurlandi, að það getur orðið þannig ástatt, þegar haust er komið og vetur ber að, að það sé ekki hægt að vinna þá vinnu, sem gert hefur verið ráð fyrir. Þess vegna tek ég undir það út af fyrir sig, að það er æskilegt, að áætlanirnar liggi fyrir nægilega tímanlega og það sé hægt að byrja á þessum verkefnum nægilega tímanlega.

Þetta vildi ég aðeins taka fram og skal svo ekki hafa um það miklu fleiri orð, en vil þó endurtaka það, að ég held það sé alveg óþarfi fyrir hv. þm., **a. m. k. þm. Norðurl. v., að kvarta nokkuð í þess**um efnum, og ég ætla, að það sama gildi um hv. **þm. Norðurl. e., að þeir hafi fengið nokkurn veg**inn í sinn hlut það, sem þeim bar.

Nú en það er náttúrlega ágætt og fróðlegt fyrir þingheim að hlusta á fyrirlestur frá hv. þm. Lárusi Jónssyni almennt um áætlanagerðir, vegna þess að hann þekkir vel til þeirra, og þekkir sérstaklega vel til áætlanagerða á Norðurlandi. Hann var fyrsti starfsmaðurinn, sem vann að áætlanagerð, og hann ætti kannske að uppfræða hv. þm. um það, hve mikið af þeim áætlunum, sem hann gerði, hafi orðið pappírsgögnin ein og hve mikið af þeim hafi komist til framkvæmda. Ef menn ætla að fara að rekja sögu, þá er best að rekja hana frá upphafi. Sú áætlanagerð, sem hann gerði, og ég vil ekkert vera að gera lítið úr því ritverki, sem frá honum kom, var að mestu leyti tómar hugleiðingar um það, hvað gera þyrfti, en ekki beinar áætlanir, og ekki áætlanir þannig, að þær væru tengdar neinu fjármagni. Það, sem aðallega kom frá honum, voru skýrslur um mannfjölda og mannflutninga á Norðurlandi vestra og eystra, sem út af fyrir sig var tiltölulega auðvelt að vinna, og í annan stað svonefndur atvinnumálakafli. En ég held, að það hafi verið unnið meira að atvinnumálum á Norðurlandi í tíð núverandi stjórnar, *eftir* að hv. þm. Lárus Jónsson kom á **þing, heldur en á meðan hann sat á Akureyri og** gerði sínar áætlanir um atvinnumál. Það var vissulega margt rétt, sem þar var bent á, en um hreinar áætlanir var þar ekki að ræða. Ég held þess vegna, að þó að það sé engin ástæða til að undrast það, þó að hv. stjórnarandstæðingar reyni að finna eitthvað að, þá gætu þeir, ef þeir leituðu vel, fundið eitthvað, sem þeim hentaði betur að taka til gagnrýni heldur en samgönguáætlun Norðurlands og yfirleitt áætlanagerð á Norðurlandi, sem er unnið nú að, ég vil segja með fullum krafti.

Þorv. Garðar Kristjánsson: Herra forseti. Það virðist vera knappt um tímann. Hæstv. forsrh. talaði um, að menn væru að eyða dýrmætum tíma Alþ. **Ég ætla að leyfa mér að vona, að hæstv.** forsrh. komi ekki til hugar að ætla að beita Alþ. sömu brögðum og dagblaðið Tíminn segir, að hann beiti Möðruvallahreyfinguna, og hindra, að **menn geti látið skoðanir sínar í ljós. (Gripið fram í: Ætlar hv. þm. að ganga í Möðruvalla**hreyfinguna?) Hæstv. forsrh. virðist algjörlega **vera búinn að kúvenda í máli Möðruvallahreyfing**arinnar, því að hann gengur eftir því, að ég gangi í hreyfinguna. En ég get ekki gert hæstv. forsrh. þá ánægju að lýsa því hér yfir.

Það eru nokkur atriði, sem mér finnst ástæða til að benda á eða víkja að, sem fram hafa komið í þessum umr. Og það er einkum þar sem þm. Vestf. hafa komið við sögu, þ. e. a. s. hv. 1. þm. Vestf. og hv. 3. þm. Vestf.

Hv. 1. þm. Vestf. tók undir það, að það væri ýmislegt að athuga í sambandi við framkvæmd áætlunargerða Framkvæmdastofnunar ríkisins. **Aðrir í þessum umr. bentu á það líka. M. a. heyrði ég, að hv. 2. þm. Norðurl. e. gerði það ítarlega.** Því miður var ég ekki hér viðstaddur, þegar frummælandi talaði. En hv. 1. þm. Vestf. segir, að það, sem að er, sé ekki stjórnvöldum að kenna. Hverjum er það að kenna? Er það fólkinu á Norðurlandi að kenna, að einhverju er ábótavant í meðferð þessara mála? Er það Vestfirðingum að kenna? Ef það er einhverjum um að kenna, er það þá ekki þeim að kenna, sem fara með þessi mál? Hvers konar röksemdafærslur eru þetta? Þetta er allt dálítið þokukennt hjá þessum hv. þm., því að hann virðist a. m. k. ekki hafa lagt sér á minni það, sem hv. 2. þm. Norðurl. e. sagði. Hann lagði sérstaka áherslu á, að það væri hlaðið upp alls konar áætlanagerðum og plöggum í Framkvæmdastofnun ríkisins, án þess að það væri séð fyrir fjármagni til þess að koma áætlununum í framkvæmd. En hv. 1. þm. Vestf. kemst ekki lengra í þessu en svo, að hann segir, að ástæður fyrir því, hvað illa gangi, sé, að það vanti meira starfsfólk hjá Framkvæmdastofnun ríkisins. Hann gerir sér ekki grein fyrir því, að það er komið meira en nóg af áætlunum. Það vantar ekki starfsfólk til að gera áætlanir, það vantar skipuleg vinnubrögð og fjárframlög til þess að fram-

kvæma áætlunina. Þetta er meginkjarni málsins.

Ég get nú snúið mér að 3. þm. Vestf., Hannibal Valdimarssyni. Það var margt furðulegt, sem kom fram í ræðu hans. Hann minntist á Vestfjarðaáætlunina, og auðvitað sagði hann, eins og honum er alltaf tamt, þegar hann minnist á Vestfjarðaáætlunina: „Hin svokallaða Vestfjarðaáætlun.“ Svo kom framhaldið, þ. e. talið um áætlunina, **sem hann varð aldrei var við og gat aldrei** fundið og var alltaf að leita að og er ekki búinn að finna enn þá. En hann segir þessa sögu hér, hann er löngu hættur að segja þessa sögu á Vestfjörðum, því að það er hlegið mikið að Hannibal, þegar hann ætlar að segja þessa sögu á Vestfjörðum. Vestfirðingar hafa orðið varir við Vestfjarðaáætlunina.

Vestfjarðaáætlunin, samgönguáætlunin, var ekki í rauninni smásmiði, eins og hv. 3. þm. Vestf. lætur í skína. Hann segir orðrétt: „Það voru tveir flugvellir og nokkrar hafnargerðir, og annað var það ekki.“ Það voru hafnir svo að segja á öllum Vestfjörðum nema í þremur smæstu kauptúnunum. Það voru flugvellirnir. Svo gleymir hann algjörlega vegunum. Hann gleymir líka að geta þess, að þegar Vestfjarðaáætlunin var ákveðin, **en hún hljóðar upp á 200 millj., þá voru ríkisútgjöldin um 2000 millj. Ef nú ætti að vera jafnmyndarlegt framtak í framhaldi Vestfjarðaáætlunarinnar eins og var í fyrsta áfanga, þá ætti, miðað við ríkisútgjöldin, að verja til Vestfjarðaáætlunarinnar á næstu fjórum árum 2000 millj. kr., 2 milljörðum.**

Þetta er það, sem hv. 3. þm. Vestf. gerir lítið úr. Hann gerir lítið úr því, og mér kemur það í raun og veru ekkert á óvart. (**Forseti:** Ég vil benda hv. þm. á, að þetta er þáltill. um samgönguáætlun Norðurlands.) **Ég vil leyfa mér að taka** fram, að ég hóf ekki umræður um Vestfjarðaáætlunina, ég er að svara beinum ummælum hv. 3. þm. Vestf. um Vestfjarðaáætlunina, og ég mun hvergi fara út fyrir það tilefni, sem þessi hv. þm. **hefur gefið mér, og virða að því leyti að fullu** óskir hv. forseta. Ég geri ekki ráð fyrir, að hann fari fram á annað né meira.

Ég held, að hv. 3. þm. Vestf. ætti að tala með **öðrum hætti um** Vestfjarðaáætlunina heldur en **hann gerði hér áðan.** Þó er það ekki aðalatriðið, hvernig þessi hv. þm. talar um Vestfjarðaáætlunina. Auðvitað er það aðalatriðið, hvað þessi hv. þm. gerir, hver eru verk hans og framkvæmdir? Hvað gerði þessi hv. þm., meðan hann sat í ríkisstj., til þess að hindra í framkvæmd framhaldi Vestfjarðaáætlunarinnar? Hann hefði átt að gefa hv. Alþ. **upplýsingar um slíkt.** Ætli hann hafi gert mikið? Ætli það séu ekki vanefndirnar, sem hann var að tala um áðan? Ætli það sé ekki ein af vanefndunum, sem hv. þm. sagði, að nú þyrfti að ganga á, eins og hann orðaði það. „Ganga á röð vanefndanna til þess að bæta úr,“ sagði hann, ganga á röð vanefnda þessa hv. þm., sem er búinn að vera samgrh. í tvö ár. Þetta eru ágæt ráð. Auðvitað göngum við á röð vanefndanna. En ég hygg, að það skipti litlu máli, hvort hv. 3. þm. Vestf. gefur þau ráð eða segir, að það skuli gert. Ég hygg, að það verði gert án hans atbeina, a. m. k. sýna verk hans ekki, að það sé nokkurs að vænta í þessu efni.

Þessi hv. þm. talaði um „flóttamannasjóðinn“, sem er gert í háðungarskyni við það fjármagn, sem fengið var á sínum tíma til Vestfjarðaáætlunarinnar. Það var af hans líkum aldrei kennt við annað en „flóttamannasjóðinn“, aldrei. Nú er það, að meðan þessi hv. þm. var ráðh., hefur það skeð, **að „allir vildu Lilju kveðið hafa“, og nú er búið** að taka lán bæði í Norðurlandsáætlun og Austurlandsáætlun úr Viðreisnarsjóði Evrópuráðsins, þeim lánasjóði, sem þessi hv. þm. hefur haft að athlægi og spéi og spotti, síðan peningarnir komu úr honum til Vestfjarða. En þetta er nú þess eðlis, **að hann hefur ekki séð önnur ráð, þegar hann var í ráðherrastóli, heldur en að leita til þessa sjóðs.**

Hv. 3. þm. Vestf. getur að sjálfsögðu áfram bæði skemmt sér og mönnum hér í sölum Alþ. með þessu ábyrgðarlausa fleipri sínu um Vestfjarðaáætlun og mál, sem henni eru skyld, en ég hygg, að hann muni lítið gera að því á Vestfjörðum.

Umr frestað.

Efri deild, 29. fundur.

Mánudaginn 3. des., kl. 2 miðdegis.

Húsbyggingar á vegum Viðlagasjóðs, frv. (þskj. 2). — 3. umr.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 11 shlj. atkv. og afgr. til Nd.

Starfskjör launþega, frv. (þskj. 76). — 3. umr.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 11 shlj. atkv. og afgr. til Nd.

Neðri deild, 32. fundur.

Mánudaginn 3. des., kl. 2 miðdegis.

Umræður utan dagskrár.

Bjarni Guðnason: Herra forseti. Ég tel það sjálfsagða skyldu mína að skýra hv. þd. frá því, að stofnaður hefur verið nýr stjórnmálaflokkur, sem hlaut nafnið Frjálslyndi flokkurinn, og er ég þm. hans og mun starfa samkv. þeim stefnuskráratriðum og lögum, sem þessi flokkur hefur sett. En um leið þykir mér ástæða til að lesa upp ályktun, sem gerð var á þessu flokksþingi, svo hljóðandi:

„Stofnfundur Frjálslynda flokksins, haldinn á Hótel Esju 1. desember 1973, lýsir því yfir, að hann telur þm. flokksins óbundinn í afstöðu sinni til samstarfs núv. stjórnarflokka."

Mér þykir rétt, að þetta komi fram.

Umræður utan dagskrár.

Gunnar Thoroddsen: Herra forseti. Síðan Alþ. hélt síðustu fundi fyrir helgi, hefur Landssamband ísl. útvegsmanna látið frá sér fara ályktun um eitt mesta vandamál þjóðarinnar, verðbólguna, áhrif hennar og afleiðingar. Það er einn þáttur þeirrar ályktunar, sem ég vil leyfa mér að vekja athygli Alþ. og hæstv. ríkisstj. á utan dagskrár. Í ályktun fundarins segir m. a. svo, með leyfi hæstv. forseta:

„Aðalfundur L. Í. Ú. 1973 lýsir þungum áhyggjum yfir fyrirsjáanlegum vinnuaflsskorti á fiskiskipum og fiskvinnslustöðvum, einkum á næstu vetrarvertíð. Telur fundurinn óhjákvæmilegt, að ríkisvaldið bregðist skjótt og ákveðið við þessum vanda og leiti allra ráða til að leysa hann."

Síðan bendir fundurinn á fjögur úrræði:

1. Sjómönnum og fiskiðnverkafólki verði veitt sérstök, rífleg skattfríðindi og hætt verði þeirri ofsköttun, sem nú tíðkast.

2. Í framhaldsskólum verði einstökum bekkjardeildum gefið frí frá kennslu, þegar upp kemur tímabundinn mannaflaskortur, einkum á vetrarvertíð.

3. Ríkissjóður og sveitarsjóður dragi stórlega úr framkvæmdum sínum frá áramótum til vetrarvertíðarloka.

4. Athugaðir verði möguleikar á að flytja inn erlent vinnuafl fyrir sjávarútveginn til þeirra verkefna, sem mundu leysa af hólmi vinnuafl, sem mundi vinna við sjósókn og fiskvinnslu.

Í annarri ályktun fundarins kemur það einnig fram, að lýst er áhyggjum yfir þensluástandi, sem skapast hefur af allt of miklum umsvifum ríkis og sveitarfélaga, svo að keppt er um vinnuaflið langt úr hófi fram með þeim afleiðingum, að við blasir stórfelldur mannaflaskortur, ekki aðeins til sjósóknar, heldur og fiskvinnslu. Í ræðu formanns Landssambands ísl. útvegsmanna, Kristjáns Ragnarssonar, á þessum fundi segir hann svo m. a., með leyfi hæstv. forseta:

„Þess hefur mjög gætt að undanförnu, að erfitt hefur reynst að fá fólk til að starfa við sjávarútveginn. Ástæðan til þessa er hin mikla spenna, sem er á vinnumarkaðinum. Ekki er svo að sjá sem þeir, sem landinu stjórna, hafi miklar áhyggjur af þessari þróun mála, því að hið opinbera virðist hvergi draga úr umsvifum sínum eða sýna vilja til þess, að hér þurfi að verða breyting á. Er hætta á, að ef svo fer fram sem horfir, muni fljótlega, þegar kemur fram á næstu vetrarvertíð, koma til stórfelldra erfiðleika við mönnun bátaflotans og fiskverkunarstöðva."

Nú er ljóst, að það er ein frumskylda hverrar ríkisstj. að reyna að halda jafnvægi í efnahagsmálum. Ef hætta þykir á vinnuaflsskorti hjá höfuðatvinnuvegi þjóðarinnar, er auðvitað skylt að gera ráðstafanir til að afla þeim atvinnuvegi vinnuafls, m. a. með því, eins og það er orðað í ályktuninni, að draga þá um stund úr umsvifum hins opinbera og slá þá á frest því, sem hugsanlegt væri að fresta um stund. Nú er það svo um ýmsar slíkar aðgerðir, að þær þurfa nokkurn aðdraganda, og einnig tekur það nokkurn tíma, að áhrif þeirra aðgerða komi fram.

Nú er um það bil mánuður, þangað til aðalvertíð hefst. Er því tímabært, virðist mér, að spyrja hæstv. forsrh., hvort hann líti þetta ástand ekki alvarlegum augum, eins og Landssamband ísl. útvegsmanna, hvort ríkisstj. hafi ekki eins og útvegsmenn þungar áhyggjur af þessu ástandi og horfum og hvort ríkisstj. hafi ekki í huga aðgerðir í því skyni að greiða úr þeim mikla vanda, sem vofir yfir þessum atvinnuvegi og þar með þjóðinni allri.

Forsrh. (Ólafur Jóhannesson): Herra forseti. Þær ályktanir Landssambands ísl. útvegsmanna, sem hv. 5. þm. Reykv. gerði að umtalsefni, eru svo nýlegar, að þær hafa út af fyrir sig ekki verið teknar til sérstakrar athugunar af ríkisstj. En þeim mun þar verða rækilegur gaumur gefinn, og þær ábendingar, sem er að finna í þessum ályktunum, munu verða teknar þar til ítarlegrar athugunar. Eins og hann gerði grein fyrir, eru að því er varðar þann vinnuaflsskort, sem talinn er væntanlegur, nefnd fjögur atriði. Ég vil ekki

á þessu stigi fara út í það að ræða þau í einstökum atriðum, en eins og ég sagði, þá eru þau þannig, að það er sjálfsagt að taka þau til skoðunar, en sum hver a. m. k. þannig, að það er margs að gæta í sambandi við þau, t. d. ef ætti að hverfa að því ráði að leita eftir erlendu vinnuafli.

Þó að ríkisstj. hafi ekki tekið þessar ályktanir, sem gerðar hafa verið á nýafstöðnum fundi Landssambands ísl. útvegsmanna, til athugunar sérstaklega, hefur ríkisstj. lengi verið ljóst, að hér gæti verið vandi á höndum. Þess vegna hlutaðist ríkisstj. til um það, að ég hygg fyrir meira en mánuði, að sett var sameiginleg nefnd af hálfu sjútvrn., Fiskifélagsins og Landssambands ísl. útvegsmanna til þess að kanna það og rannsaka, við hvern vanda hér kynni að verða að glíma, þ. e. hver vinnuaflsskorturinn kynni hugsanlega að verða á komandi vetrarvertíð. Mér er ekki kunnugt um, að það liggi enn þá fyrir niðurstöður frá þessari n. og þá auðvitað ekki heldur till. til úrbóta í því efni, sem hún kynni að vilja gera. Annars er hæstv. sjútvrh. fróðari um það en ég, hvað kann að líða starfi þessarar n., og hann getur þá gefið upplýsingar um það hér á eftir.

Það hefur komið fram hjá mér oftar en einu sinni og m. a. í stefnuræðu minni, að ég hefði áhyggjur af þensluástandi hér á landi. Ég hef lagt áherslu á, að við höfum ætlað okkur að gera of margt í einu, og ég hef lagt áherslu á, að það mundi þurfa að hægja eitthvað á ferðinni á næsta ári. Það er mín skoðun. Það hefur verið óvenjulega mikið um framkvæmdir, bæði af hálfu ríkis, sveitarfélaga og einstaklinga. Og það virðist enn ekkert lát vera á þessum framkvæmdavilja, þannig að það þarf enginn að vera í vafa um, að út af fyrir sig hefur ríkisstj. haft áhyggjur af þessu þensluástandi og haft miklar áhyggjur af verðbólgunni, sem ég hika ekki við að segja, að er nú langerfiðasta viðfangsefnið, sem við er að glíma.

En þó að menn treysti ríkisstj. til allra góðra verka, er það nú svo, að hún getur ekki ein öllu ráðið í þessu efni. Þar kemur til kasta hv. alþm. einnig, og á næstu dögum munum við m. a. fara að afgreiða fjárl., og þá vænti ég, að það komi í ljós, hver hugur hv. alþm. er í þessu efni, hverjar lækkunartill. þeir koma fram með við fjárl., úr hvaða framkvæmdum þeir kynnu að vilja draga, — eða máske það geti orðið á hinn veginn, að það komi fram eitthvað af hækkunartill. eins og tíðast hefur verið í sambandi við fjárlög. Þetta mun allt sjást innan tíðar, og þá getur fólk væntanlega gert sér grein fyrir, hversu þungt áhyggjur í þessu efni hvíla á herðum manna hér í þingsölunum. Það er ekki nóg að tala fagurlega um þessi mál, menn verða líka að sýna einhvern lit á því í breytni sinni, að þeir vilji haga þessu á annan hátt en gert hefur verið. Það er ekki nóg að hafa uppi gagnrýni, menn verða einnig að benda á úrbætur.

Ég viðurkenni, að það má eðlilega gera þá kröfu til ríkisstj., að hún gangi á undan og eigi frumkvæði í þá átt að gera vissar ráðstafanir til þess að hamla gegn þeirri verðbólgu, sem flestum ætti nú orðið að vera farið að skiljast, að sárafáir eru þeir, sem græða á henni í raun og veru. Og ég vænti þess, að ríkisstj. muni innan tíðar taka öll þessi mál, dýrtíðar- og verðbólgumálin, til skoðunar. En það má kannske segja, að það sé ekki svo hægt um vik einmitt þessa dagana, því að ég held, að ef nokkuð er hægt að segja um það ástand, sem núna ríkir, þá sé það, að það einkennist af óvissu í öllum áttum. Það einkennist af óvissu hér innanlands, við eigum ógerða kjarasamninga, bæði við opinbera starfsmenn og við allan fjöldann af launþegum í landinu. Og það veit enginn nú, hvenær þeir samningar takast eða hver niðurstaða þeirra verður, og hver áhrif sú niðurstaða kann að hafa á framvinduna í þessum efnum. Þess vegna held ég, að það sé ógerlegt eins og er að koma fram með skýrar till. í þessu efni, og þó alveg sérstaklega þegar þar við bætist, að utanlands er óvissan jafnvel enn þá meira áberandi einkenni. Það veit í raun og veru enginn, hverju þar muni fram vinda á næstunni. Við vitum um einstök atriði, eins og olíubannið eða olíusölutakmörkunina, og við getum sagt okkur sjálf, að það muni innan tíðar fara að hafa mjög tilfinnanleg áhrif í mörgum löndum. Og hver verða þau áhrif? Það er ekki gott að spá um það. En þó virðist það nokkuð liggja á borðinu, að þau áhrif geti orðið til hækkunar á mörgum vörum. Hitt virðist líka liggja nokkuð ljóst fyrir, að það sé varlegra að gera ráð fyrir samdrætti í ýmsum efnum og atvinnugreinum í þessum löndum. Og það gæti svo farið og er farið að bera á því og farið að tala um, að það muni verða sagt upp svo og svo mörgum mönnum og það muni verða atvinnulausir menn í þessum löndum, og þá gefur auga leið, hver áhrif það getur haft innan langs tíma á markað og markaðsástand í þessum löndum. Þess vegna er það, að það er vissulega, eins og sakir standa í dag, hægara að tala um, að það þurfi að gera vissar ráðstafanir í þessum efnum, en að gera sér grein fyrir því, hvernig þær ráðstafanir eigi að vera.

Ég held, að það sé óhjákvæmilegt að bíða aðeins um sinn og átta sig á því, hver framvindan verður í þessum málum. En ég er þeirrar skoðunar, að við komumst ekki hjá því á næsta ári og það fyrr en seinna að taka þessi mál öll til rækilegrar skoðunar.

Það er ekkert undarlegt, þó að sú mikla sveifla, sem verður hér á vinnumarkaði, þegar sá mikli fjöldi vinnufærs fólks, sem sest á skólabekk og situr á skólabekk vetrarlangt, hverfur af honum, hafi sín áhrif. Ég skal ekkert fullyrða um þá staðhæfingu, sem sett var fram í ræðu form. landssambandsins, að hið opinbera virtist ekki draga neitt úr sínum framkvæmdum. Ég hygg, að sannleikurinn sé sá, að opinberar framkvæmdir dragist nokkuð saman með vetrarkomu eða um það bil og það af eðlilegum ástæðum. Um það er auðvitað ekki ágreiningur, að það er heppilegast að reyna að haga opinberum framkvæmdum, bæði ríkis og sveitarfélaga á þá lund, að við þær geti verið sem mest unnið yfir sumartímann, meðan skólafólkið, sem er svo ákaflega fjölmennur hópur hjá okkur, er á vinnumarkaðnum.

Ég skal ekki fara fleiri orðum almennt um þann vanda, sem vissulega er fram undan í þessu efni og Landssamband ísl. útvegsmanna hefur

réttilega bent á og flestir þeir hljóta að sjá, sem um þessi mál hugsa og við þau fást. En það er vissulega ástæða til þess að ræða þau mál ítarlegar í sambandi við dagskrármál hér, og ég geri raunar ráð fyrir því, að þau hljóti að bera á góma í sambandi við fjárlagaafgreiðslu, sem fer nú að koma að. En viðvíkjandi þeim beinu spurningum, sem hv. 5. þm. Reykv. beindi til mín, get ég ekki sagt annað en það, sem ég drap á, að vissulega verða þessar ábendingar teknar til greina, og ríkisstj. hefur fyrir sitt leyti þegar gert vissar ráðstafanir til þess, að könnun færi fram á þessum, — ja, ég vil nú aðeins segja: hugsanlega vanda, svo að ekki sé fullyrt of mikið.

Sjútvrh. (Lúðvík Jósepsson): Herra forseti. Aðeins nokkur orð til þess að gefa frekari upplýsingar en þegar hafa komið fram hjá hæstv. forsrh. um þetta mál. Það er rétt, sem hann skýrði frá, að það mun vera liðinn rúmur mánuður, síðan sjútvrn. skipaði sérstaka 5 manna n. til þess að kanna mannaflamál sjávarútvegsins á komandi vertíð eða hvaða horfur væru þar á. Er unnið að þessari athugun í nánu samráði við samtök sjávarútvegsmanna og með fulltrúum frá þeim. Menn hafa verið sendir til ýmissa verstöðva úti á landi til að kanna þetta og aflað og beðið um skýrslur frá ýmsum stöðum til þess að fá sem nánast yfirlit um málið. En n. hefur ekki enn lokið störfum, og því er í rauninni ekki hægt að skýra frá því á þessu stigi málsins, hversu alvarlegt vandamál hér er um að ræða, borið saman við það, sem við höfum áður haft í hliðstæðum tilfellum.

Á vegum sjútvrn. var gerð skyndikönnun hér á aðalvetrarvertíðarsvæðinu á s. l. vertíð, og þá kom í ljós, að talið var, að það vantaði nokkuð yfir þúsund menn til starfa, bæði á sjó og í landi, svo að vel gæti talist mannað í störfin. Það er því í rauninni ekki nýtt, að það vanti meira eða minna af fólki. Þetta leysist síðan oft, þegar kemur fram á vertíðina. En hér er vissulega um vandamál að ræða, sem við höfum gert okkur grein fyrir. En við þurfum að fá sem skýrasta mynd af því, hvernig þetta er í rauninni.

Það er enginn vafi á því, að þetta vandamál er langsamlega mest á tilteknum stöðum hér suðvestanlands. Það er einmitt á þeim útgerðarbæjum, sem fram til þessa hafa að verulegu leyti byggt á aðkomnu vinnuafli. En sú breyting hefur orðið á nú síðustu árin, að allmikið af því vinnuafli, sem kom til verstöðvanna hér suðvestanlands frá Austfjörðum og Norðurlandi og jafnvel Vestfjörðum, þetta vinnuafl kemur ekki, þar sem það hefur nóg að sýsla heima hjá sér, og þetta bitnar því miklum mun meir á útgerðarrekstrinum á þessum einstöku stöðum suðvestanlands en annars staðar. Auk þess er það svo líka, að á þessu svæði er um miklu stærri og meiri framkvæmdir að ræða, sem taka upp á tiltölulega stuttum tíma mikið vinnuafl og draga vinnuafl til sín, svo að vandamálið er hér tiltölulega mest.

Þá er einnig þess að geta, að á vegum sjávarútvegsins sjálfs eru stórkostlega miklar framkvæmdir í gangi nú, eins og við uppbyggingu og endurnýjun í frystihúsum, og í það fer vitanlega allmikið vinnuafl.

En sem sagt, það er von á því, að myndin af þessu ástandi liggi miklu skýrar fyrir nú innan tíðar. Þessi n. var sett á laggirnar að frumkvæði sjútvrn. og í beinu samráði við L.Í.Ú., sem þarna á fulltrúa og fylgist því alveg með því, hvernig að málinu er unnið.

Þetta vildi ég láta koma fram, en það verður fylgst með því og kannað, til hvaða ráða helst er hægt að grípa í tilfellum eins og þessum.

Gunnar Thoroddsen: Herra forseti. Það hefur nú komið skýrt fram, sem mig og marga aðra grunaði, að hæstv. ríkisstj. hefur engin úrræði tiltæk til að reyna að ráða bót á þessum mikla vanda. Það kemur fram hjá hæstv. ráðherrum, að ríkisstj. muni nú taka öll þessi mál til skoðunar, að væntanlega þurfi eitthvað að hægja á ferðinni á næsta ári, að ríkisstj. hafi verið ljóst, að hér gæti verið vandi á höndum. Þetta er gott og blessað. En þetta er ekkert nýtt, sem kemur fram í þessum ályktunum L.Í.Ú. Það er ljóst hverjum manni, sem hefur haft opin augu, að undanfarin tvö ár hefur verið hér vaxandi verðbólga og mikill skortur á vinnuafli, þó að nú virðist keyra um þverbak. Þess vegna hefði hæstv. ríkisstj. átt að vakna fyrr, standa á verðinum þegar frá upphafi og gera á hverjum tíma þær ráðstafanir, sem nauðsynlegar voru til þess að forðast þessa þenslu eða draga eins mikið úr henni og þjóðfélaginu var nauðsynlegt. Hins vegar kemur fram í ræðu hæstv. forsrh., að um leið og stjórnin virðist ekki hafa nein úrræði, þá setur hún allt sitt traust á stjórnarandstöðuna, því að mér skilst, að hún bíði nú eftir því, að fjárlögin komi til 2. og 3. umr. og þá muni stjórnarandstaðan leggja fram till., sem væntanlega geti leyst málið.

Þetta er ekki sérstaklega skemmtileg mynd af einni ríkisstjórn, að hún gefist upp við eitt aðalvandamál sitt og bíði eftir því, hvað stjórnarandstaðan kunni að vilja leggja til. E. t. v. er það þess vegna, sem hæstv. ríkisstj. hefur lagt svo mikla áherslu á að fá annan stjórnarandstöðuflokkinn inn í stjórnina og gert margítrekaðar tilraunir til þess, þó að það hafi ekki borið árangur enn. Ég vil taka fram, að slíkt bónorð hefur ekki verið borið upp við Sjálfstfl., enda held ég, að því yrði heldur kuldalega tekið.

Nú er það öllum mönnum ljóst, sem fylgst hafa með þróun efnahagsmála, að hér er geysilegur vandi á höndum, og það er augljóst mál, að hin sjálfsögðustu og einföldustu lögmál efnahagslífsins hafa verið þverbrotin nú að undanförnu. Það er lögmál, held ég, í öllum löndum, að þegar þensla er í atvinnulífinu, — ég vil segja, þegar góðæri er, bæði inn á við og út á við, þá er það skylda hins opinbera að hafa heldur minni umsvif í bili til þess að keppa ekki um vinnuaflið við atvinnuvegina, reyna þá heldur að leggja fyrir og safna í sjóði til þess að geta verið tilbúið að grípa inn í, ef þrengist um atvinnu eða atvinnuleysi verður. Þessa hefur, held ég, ekki verið gætt vegna þess, að á undanförnum tveimur árum, síðan hæstv. ríkisstj.

komst til valda, hefur af hendi hins opinbera verið kapphlaup um vinnuaflið við atvinnuvegina með þeim afleiðingum, sem nú blasa við.

Það er vissulega sorglegt, að hæstv. ríkisstj. skuli nú eftir rúmlega tveggja ára feril enn ekki hafa komið auga á nein úrræði til að bæta hér úr. Það er auðvitað gott, ef hún ætlar að fara að reyna að bisa við þetta, eins og hæstv. fjmrh. komst að orði í sjónvarpinu nýlega. Það er gott, ef hún er að vakna til skilnings á því, að hér er sá vandi á höndum. En það hefði þurft að gerast miklu fyrr.

Ég taldi rétt að vekja athygli á þessu mikla vandamáli hér, alveg sérstaklega vegna þess, að hæstv. ríkisstj. virðist hafa sofið á verðinum. Þrátt fyrir þá nefnd, sem hæstv. sjútvrh. skipaði fyrir mánuði til þess að kanna, hve marga menn vantaði til sjávarútvegsins, hefur L.Í.Ú. eða formönnum þess ekki þótt meira um það vert en svo, að á þessari ráðstefnu nú rétt fyrir helgina er komist svo að orði, að ekki sé að sjá, að þeir, sem landinu stjórna, hafi miklar áhyggjur af þessari þróun, hið opinbera virðist hvergi draga úr umsvifum sínum eða sýna vilja til, að hér þurfi að verða breyting á.

Það er ekki nægilegt að setja n. til þess að kanna það í ýmsum verstöðvum, hversu marga starfsmenn kunni að vanta á næstu vertíð. Það, sem hefði þurft að gera fyrir löngu, var að gera nauðsynlegar ráðstafanir til að koma á jafnvægi í efnahagslífi þjóðarinnar.

Forsrh. (Ólafur Jóhannesson): Herra forseti. Það er misskilningur hjá hv. 5. þm. Reykv., að við ætlum að bíða eftir úrræðum af hálfu stjórnarandstöðunnar. Hins vegar fýsir marga að sjá, t. d. í sambandi við afgreiðslu fjárlaga, hversu vel fari saman orð þeirra og athafnir, hversu ákafir þeir verði þá til að fylgja fram lækkunartillögum við fjárlög til þess að létta af sér þeim áhyggjum, sem íþyngja þeim svo mjög, eða hvort þeir þrátt fyrir allar áhyggjur, sem þeir hafa af ofþenslunni og þjaka þá um þessar mundir, leitist kannske við að hækka fjárlögin. Það var þetta, sem ég vildi sagt hafa. En hv. 5. þm. Reykv. lagði það út með frjálslegum hætti. Annars fannst mér undiralda í hans máli vera af öðrum toga spunnin. Mér fannst kenna nokkurrar afbrýðisemi hjá honum, þar sem hann skýrði frá því, að stjórnin hefði leitað til annars stjórnarandstöðuflokksins og verið á biðilsbuxum við hann um að fá hann inn í stjórnina. Nú get ég huggað þennan hv. þm. með því, að stjórnin hefur ekki enn borið upp bónorð við þennan annan stjórnarandstöðuflokk, svo að hann þarf ekki að hafa mjög miklar áhyggjur af því. Það er nú svo samkv. gamalli reynslu, að sú mær, sem lætur einna ólíklegast til að byrja með, getur orðið leiðitöm að lokum. Þess vegna er ekki fyrir það að synja, þrátt fyrir allar fullyrðingar hv. 5. þm. Reykv., að sá stjórnarandstöðuflokkurinn, sem hann er í fyrirsvari fyrir, mundi ganga í sæng, ef boðið væri, hann tæki það til velviljaðrar athugunar, ef formlegt bónorð væri borið upp. En það bíður nú sjálfsagt fram yfir áramótin a. m. k.

Guðlaugur Gíslason: Herra forseti. Ég ætla ekki að fara að ræða væntanlegar bónorðsferðir hæstv. forsrh. Hann verður að mínum dómi að vera þar einn í ráðum, en ekki leita til annarra í því sambandi. En það, sem ég vildi vekja hér athygli á, að það svar, sem hv. 5. þm. Reykv. fékk við ábendingu sinni, að það, hvaða till. við í stjórnarandstöðunni kynnum að flytja við afgreiðslu fjárlaga, mundi verða markandi fyrir efnahagsstefnuna í framtíðinni.

Það liggur fyrir, að núv. hæstv. ríkisstj. hefur hækkað fjárlögin nær þrefalt á röskum tveimur árum. Það er hæstv. ríkisstj., sem markar stefnuna í efnahagsmálum, hækkar þau, eins og ég segi, og svo er okkur í stjórnarandstöðu sagt: Það eruð þið, sem eruð að skapa vandann í efnahagsmálum, ef þið flytjið fleiri tillögur. — Ég spyr: Er þetta það lýðræði, sem Íslendingar eiga að fá að búa við í framtíðinni? Á að fara að marka þá stefnu hér á Alþingi, að ef menn flytja tillögur um áhugamál sín eða áhugamál síns byggðarlags, þá séu þeir að brjóta niður efnahagskerfið? Ég segi: Það er hæstv. ríkisstj., sem hefur skapað öngþveiti í fjármálum þjóðarinnar með þeirri geysilegu hækkun, sem orðið hefur á fjárlögum undanfarinna ára. Það hefur aldrei í sögu Alþingis, að ég hygg, verið stigið eins stórt skref upp á við í hækkun fjárlaga og í tíð núv. hæstv. ríkisstj., svo að það er hún og hún ein, sem ber ábyrgð á efnahagsmálunum. Hún getur ekki á nokkurn hátt komið því þannig fyrir, að það sé stjórnarandstaðan, sem þar verður gerð ábyrg fyrir.

Bjarni Guðnason: Herra forseti. Ég ætla nú ekki að fara að tala mikið um þetta efni, en það er eitt, sem hefur valdið mér nokkurri furðu. Það er, að þegar viðreisnarstjórnin var að völdum, þá beindist mjög gagnrýni að þeirri stjórn fyrir verðbólgu. Nú er verðbólgan enn meiri, en gagnrýnendurnir á dögum viðreisnarstjórnarinnar láta nú eins og lítill voði sé á ferðum. Hvers vegna ekki hafa þann háttinn á að segja þjóðinni frá því, að hér sé um háskalega verðlagsþróun að ræða og stjórnin muni reyna að leysa hana eftir bestu getu? Það eru hin heiðarlegu vinnubrögð að viðurkenna hinn verulega vanda, sem hér er á ferð, og síðan játa það, að því miður hafi ekki tekist að ráða við hann og allt verði reynt að gera. Ég hygg, að þannig eigi að koma fram gagnvart þjóðinni. En að láta eins og ekkert sé og yppta öxlum, það er mjög óábyrg afstaða. Ég segi fyrir mitt leyti, að ég tel, að óðaverðbólgan sé einhver sá mesti háski og hin mestu vandræði, sem þjaka íslenskt þjóðfélag í dag. Þess vegna held ég að sé meginatriði fyrir alla stjórnmálaflokkana að reyna að leysa þetta mál eftir bestu getu, en fyrir alla muni að láta ekki eins og hér sé enginn háski á ferðum. Með sama framhaldi verður ný gengisfelling, ef að líkum lætur.

Umhverfismál, þáltill. (þskj. 157). — Hvernig ræða skuli.

Að till. forseta var ákveðin ein umr.

Samningur milli Íslands, Danmerkur, Finnlands, Noregs og Svíþjóðar um skrifstofur Ráðherranefndar Norðurlanda og skrifstofu stjórnarnefndar Norðurlandaráðs, frv. (þskj. 72, n. 167). — 2. umr.

Of skammt var liðið frá útbýtingu nál. — Afbrigði samþ. með 27 shlj. atkv.

Frsm. (Svava Jakobsdóttir): Herra forseti. Svo sem kemur fram á þskj. 167, mælir allshn. með samþykkt frv., en fjarverandi afgreiðslu málsins voru tveir hv. þm., Heimir Hannesson og Jónas Jónsson. Samningur þessi tekur til tveggja skrifstofa: skrifstofu Ráðherranefndarinnar í Osló, sem hóf starfsemi til bráðabirgða hinn 1. júní 1972, og skrifstofunnar í Kaupmannahöfn fyrir norrænt menningarmálasamstarf, sem áður hafði verið komið á fót, og öðlast þessar skrifstofur þar með báðar sömu réttarstöðu. Viðbótarbókunin tekur til skrifstofu stjórnarnefndar Norðurlandaráðs og réttarstöðu hennar. Það er fyrirhugað, að samningur þessi taki gildi um áramót og hefur því verið óskað eftir, að máli þessu yrði hraðað hér í hv. d., en frv. hefur þegar verið samþ. í Ed.

ATKVGR.

1. gr. samþ. með 27 shlj. atkv.
2.—3. gr. samþ. með 28 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 29 shlj. atkv.

Neðri deild, 33. fundur.

Mánudaginn 3. des., að loknum 32. fundi.

Samningur milli Íslands, Danmerkur, Finnlands, Noregs og Svíþjóðar um skrifstofur Ráðherranefndar Norðurlanda og skrifstofu stjórnarnefndar Norðurlandaráðs, frv. (þskj. 72). — 3. umr.

Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði samþ. með 26 shlj. atkv.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 27 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 176).

Lántökuheimild vegna framkvæmda- og fjáröflunaráætlunar 1973, frv. (þskj. 129, n. 159, 158, 165). — Frh. 2. umr.

Lárus Jónsson: Herra forseti. Ég hafði kvatt mér hljóðs í þessu máli s. l. miðvikudag tiltölulega snemma í umr. og ætlaði að spyrja hæstv. fjmrh. nokkurra spurninga út af þessu máli og þessari heimild til handa ríkisstj. að taka hjá Alþjóðabankanum lán til 3 hafna, en hæstv. ráðh. tók þá til máls og talaði hér það lengi, að aðrir komust ekki að, þannig að hann verður að afsaka, þó að ég komi hér og spyrji enn nánar um þetta mál, sem ég tel vera þess eðlis, að ýmsar upplýsingar varðandi það liggi ekki fyrir.

Það, sem mér liggur aðallega á hjarta í þessu efni, er að fá upplýst, hvernig ástatt sé með almenna hafnaáætlun í landinu. Við vitum, að það hefur verið unnið að slíkri áætlanagerð, en ekkert liggur fyrir um þetta efni mér vitanlega, og væri ekki úr vegi, að hæstv. ríkisstj. sæi til þess, að þessi áætlun yrði gerð núna, þegar á að fara að taka eitt þúsund millj. kr. lán til þriggja hafna í landinu. Við vitum, að það er þröngt fyrir dyrum margra byggðarlaga í þessum efnum, og mönnum hlýtur að vera heldur sárt að sjá tiltölulega lítilvæg vandamál, sem hægt væri að leysa í fiskihöfnum úti á landi, ef fjármagn fengist til, — mönnum hlýtur að vera sárt að sjá slíkt, á sama tíma sem á að fara að gera svo myndarlega sem hér er lagt til fyrir einungis þrjú byggðarlög í landinu. Þess vegna væri þetta mál allt annað og öðruvísi vaxið, ef það lægi fyrir, hvenær aðrir fengju sína úrlausn. Ég vil benda á, að í sambandi við lántökur til hraðbrautarframkvæmda á sínum tíma, urðu allmiklar umr. um það hér á hinu háa Alþ. og bent á, að víða væri pottur brotinn í vegamálum og hér væri lagt í verulegar framkvæmdir, sem kæmu fyrst og fremst þéttbýlinu til góða. En þegar í þessar aðgerðir var ráðist, lágu fyrir áætlanir um uppbyggingu vega úti um land, svo að menn gátu nokkurn veginn séð, hvenær kæmi að þeim um samgöngubætur. Og á þetta vil ég leggja mikla áherslu í þessu máli, að það væri auðvitað allt annað aðgöngu fyrir hv. Alþ., ef menn vissu yfirleitt nokkuð um það, hvernig yrði staðið að öðrum hafnarframkvæmdum í landinu á næstu árum.

Hæstv. fjmrh. ræddi hér nokkuð um hafnamálin í ræðu sinni s. l. miðvikudag og taldi, að myndarlega væri að þeim staðið af núv. hæstv. ríkisstj., miklu myndarlegar en áður af fyrrv. ríkisstj. Hann benti á það, að í fjárlögum væru núna um 600 millj. til framkvæmda í höfnum, en hefðu ekki verið nema um 200 millj., ef ég man rétt, árið 1971. Nú er því til að svara, að á þessu ári er ætlast til þess, að mér skilst, að þessar 600 millj. kr. séu líka vegna ákveðinna framkvæmda, sem jafnan hafa verið utan fjárlaga áður, svo sem til hafna á Norðurlandi samkv. Norðurlandsáætlun, en þær upphæðir hafa ekki verið á fjárlögum fyrr en nú. Þess vegna er þessi tala svolítið villandi. En jafnvel þótt svo væri ekki, þegar tekið er tillit til verðhækkana á þessu tímabili, frá 1971—1974, sem eru örugglega meira en 100%, þegar tekið er tillit til þess, að árið 1974 á ríkissjóður að taka meiri þátt í kostnaði við hafnargerðir en hann gerði 1971, þegar tekið er tillit til þess, að þjóðartekjur okkar hafa hækkað allverulega vegna góðæris í landinu og þegar tekið er tillit til þess, að nú eru ekki tekin 30% af þjóðartekjum í skatta af fólki, heldur 35%, þá held ég, að þessar tölur, sem hæstv. ráðh. gumar svo af um hafnarframkvæmdir í landinu, fari að líta svolítið öðruvísi út. Ég held, að í raun og veru verji þjóðin minna fé árið 1974 til annarra hafna á landinu en þessara þriggja samkv. fjárlfrv. heldur en hún gerði 1971 hlutfallslega af sínum þjóðartekjum.

Þegar þetta er skoðað, þá er ljóst, að stefna ríkisstj. er sú í hafnarmálum, að það liggur engin hafnaáætlun fyrir, það er ekki varið meira

fé af raunverulegum þjóðartekjum, en áður til annarra hafna en þessara þriggja, það hefur verið haft að engu ákvæði í hafnalögum, sem voru samþ. á Alþ. aðeins fyrir nokkrum mánuðum, um að létta skuldabyrðar þeirra hafna, sem verst eru settar vegna langra lána, en á sama tíma sem þetta er gert á að taka þúsund millj. kr. lán til þess að verja í þrjár hafnir á landinu.

Hæstv. ráðh. sagði, að það skorti upplýsingar um stöðu hafnasjóðanna, til þess að hægt væri að taka fé á fjárlög til að létta byrðar þeirra hafnarsjóða, sem verst eru settir. Hvernig má það vera, að það skorti upplýsingar til að gera það, þegar það skorti ekki upplýsingar til að skipta 40 millj., eins og gert var fyrir nokkrum mánuðum, milli þessara hafnarsjóða? Að vísu var það fé veitt sem lán með 11½% vöxtum, þannig að þar var um að ræða allt aðra aðstoð en hafnalögin gera ráð fyrir, en þessu fé var þó væntanlega skipt miðað við þarfir hafnarsjóðanna.

Hvernig má það þá vera, að nokkrum mánuðum seinna sé ekki hægt að taka fé inn á fjárlög til þess að gera hliðstætt? Ég held, að allir, sem þekkja til fjármála hafnarsjóðanna, hljóti að vera sammála um það, að 40 millj. kr. lántaka til að lengja örlítinn hluta af lánum hafnarsjóðanna, sem munu vera um 1100 millj. kr. í heild, — lántaka upp á 40 millj. á 11½% vöxtum til þess að lengja hluta af þessum lánum er sáralítil sem engin aðstoð. Þetta var þó gert, og þessu var jafnað einhvern veginn á milli hafnanna. Það kom fram í svari hæstv. ráðh. í fyrirspurnatíma um daginn, hvernig þetta hefði verið gert, og ef skortir upplýsingar til þess að taka fé inn á fjárlög til að skipta á milli hafnarsjóðanna nú, hvernig var þá hægt að gera þetta með einhverjum sæmilega skynsamlegum hætti?

Ég held það sé margt annað í þessu máli, sem væri vert að athuga hér á hv. Alþ. Hæstv. ráðh. sagði á miðvikudaginn, að það væri ekkert að gera fyrir Alþ. annað en að veita þessa heimild eða, ef henni yrði synjað, þá fengjum við ekkert lán. Það er sem sagt um algera úrslitakosti að ræða, að mér skilst, frá hálfu Alþjóðabankans, ef þetta fé fer ekki í þessar umræddu hafnir, þá fæst ekkert fé.

Ég held, að það sé umhugsunarvert fyrir Alþ. Íslendinga, hvernig það á að taka á svona málum. Á að flytja fjármálavald, verulegt fjármálavald úr höndum Alþ. og ríkisstj. til alþjóðastofnana? Verður ekki a. m. k. að gera ráðstafanir til þess, ef slíkt fé er fengið, að öðrum aðilum sé þá sinnt með einhverjum hætti, t. d. með því að gera heildaráætlun um viðkomandi framkvæmdir, eins og gert var á sínum tíma út af lántöku til hraðbrauta og vegamálum? Það kann að vera nauðsynlegt að taka slík lán, þó að mér finnist þarna vera um afarkosti að ræða, þegar sagt er skýrt og ákveðið: Þú færð þessa peninga, ef þú verð þeim svona, annars færðu þá ekki. — Með þessu er verið að taka gífurlegt fjármálavald úr höndum þeirra aðila, sem eiga að hafa það með höndum, og í rauninni er verið að hlutast til um innanríkismál landa, þegar ríkisstjórnir eiga í hlut.

En við skulum segja sem svo, að þetta sé nauðsynlegt að gera á ýmsum sviðum að einhverju marki, en þá tel ég það algera forsendu fyrir slíku, að það liggi fyrir, hvernig eigi að sinna öðrum aðilum í sama málaflokki, eins og gert var á sínum tíma, þegar lán var tekið til vegaframkvæmda.

Ég var mjög undrandi, þegar ég heyrði hæstv. ráðh. vera að reyna að halda því fram hér á hinu háa Alþingi, að það þyrfti að veita honum þessa heimild til að taka þetta lán til þriggja hafna á landinu, mikilla framleiðslustaða, eins og hann sagði, með þeim rökstuðningi, að þetta sé byggðastefna.

Í fyrsta lagi vil ég gera þá athugasemd við þetta, að ég held, að þarna sé um að ræða ónauðsynleg rök hjá hæstv. ráðh. Að sjálfsögðu þarf hann ekki nein slík rök til þess að taka þetta lán. Ef þarf að taka slík lán til þess að gera þessar aðgerðir, þá er það af allt öðrum ástæðum heldur en vegna byggðastefnu. En ég vil í sambandi við þetta spyrja hæstv. ráðh.: Hvernig skilur hann hugtakið byggðastefna. Hvað er byggðastefna? Hv. þm. framsóknarmanna hafa ýmsir flutt hér till. á Alþingi um byggðamálin, og þegar þeir voru í stjórnarandstöðu, vissu þeir nákvæmlega, hvað byggðastefna var. En svo brá við, að þegar þeir komust í ríkisstj., þá fluttu þeir till. um að skipa n. til þess að móta byggðastefnuna. En hvað er byggðastefna? Ég get ekki, eftir að hafa hlýtt á ræðu hæstv. ráðh., komið því heim og saman, að við höfum sama skilning á hugtakinu byggðastefna. Er það byggðastefna að hjálpa þeim byggðarlögum, sem halda vel sínum hlut í fólki og eru góðir framleiðslustaðir og blómgast og dafna? Er það sérstök byggðastefna? Eða er það byggðastefna að reyna að verja fjármunum og stuðla að framkvæmdum í þeim landshlutum, sem eiga við erfiðleika að stríða og þaðan sem fólk flytur, þar sem fólki fækkar, beint eða hlutfallslega?

Hæstv. ráðh. jafnaði jafnvel þessu láni við Vestfjarðaáætlun á sínum tíma, — áætlun, sem var tekið lánsfé til og varið eftir þeirri áætlun til þess að efla byggð í heilum landshluta, — í landshluta, þar sem hefur oft á tíðum beinlínis fækkað fólki vegna fólksflótta. Er hægt að kalla það sama nafni að verja fé eftir fyrir fram gerðri áætlun til þess að koma á brýnum framkvæmdum í slíkum landshluta og að verja fé, eins og hæstv. ríkisstj. ætlar að gera núna, á 3 stöði á landinu til hafnarmála, án þess að það liggi nokkuð fyrir um það, hvernig eigi að standa að hafnarframkvæmdum á öðrum stöðum á landinu, einmitt á þeim stöðum á landinu, sem hafa við mestan byggðavanda að stríða.

Ég held, að hæstv. ráðh. hafi seilst nokkuð langt, þegar hann fór að tala um, að þarna gætu menn séð byggðastefnu ríkisstj. Vissulega geta menn séð það. En það verður með algerlega öfugu formerki, miðað við það, sem hæstv. ráðh. vildi halda fram, því að aðrar hafnir á landinu, þar sem mestur byggðavandinn er, eiga í miklum erfiðleikum, og það verður ekkert séð á um stefnu ríkisstj. hvað hún hyggst gera fyrir þær, ekki á næsta ári, að ég tali nú ekki um fram í tímann.

Ég vil svo að lokum spyrja hæstv. ráðh. aftur um það, hvernig hafnaáætluninni líði. Fær hv. Alþingi að sjá hafnaáætlun á þessu þingi, sem nær yfir nokkurt árabil og verður tekin hér til afgreiðslu á hv. Alþingi, eða fæst það ekki?

Svo vil ég aðeins fá upplýst í sambandi við þær 600 millj., sem nú munu vera á fjárlögum til annarra hafna en þessara umræddu þriggja hafna, sem eiga að fá þúsund milljónirnar, hvernig þær skiptist á milli sérstakra hafnaáætlana, eins og t. d. Norðurlandsáætlunar, og venjulegra fjárveitinga, sem áður voru? Eins og hv. þm. er kunnugt, var núna meiningin að skella saman framkvæmdaáætlun og fjárlögum. En það hefur þann annmarka, að það sést ekki, hvað mikið fé hefur verið hugsað að láta af þessu fé vegna framkvæmdaáætlana. Það kemur ekki fram í fjárl.frv., en ef hæstv. ráðh. gæti upplýst það, þá hefði ég gjarnan viljað fá eitthvað um það að vita.

Ingólfur Jónsson: Herra forseti. Ég hafði kvatt mér hljóðs, síðast þegar þetta mál var hér til umr. Umræður hafa spunnist út af því, að hæstv. ríkisstj. hyggst fá heimild til þess að taka 7 millj. dollara lán og hnýta því saman við frv. til brbl., sem hér liggur fyrir. Og e. t. v. hafa umr. aðallega spunnist vegna þess, hversu seint þessi till. hæstv. ríkisstj. kom fram. Hv. nm. hafa kvartað undan því, að þeir hafi ekki haft nægilegan tíma til að átta sig á því. En nokkrar athugasemdir hafa einnig verið við það gerðar, að þessu 7 millj. kr. láni skuli varið til þriggja hafna á suðurströndinni.

Það er vitað mál, að trúnaðarmenn frá Alþjóðabankanum voru hér á ferð í fyrravetur og aftur í vor. Þeir ferðuðust um suðurströndina, meðan gosið var enn í Vestmannaeyjum. Þeir gerðu sér grein fyrir þeim vanda, sem við blasti. Og trúnaðarmenn Alþjóðabankans vildu leggja Íslendingum lið, hjálpa þeim í þeim erfiðleikum, sem af gosinu leiddi, og stuðla að því, að Vestmannaeyjar mættu byggjast aftur, ef mögulegt væri. Að vísu var það svo, að á meðan trúnaðarmenn Alþjóðabankans voru hér, var allt í óvissu um, hvort Vestmannaeyjar yrðu byggðar aftur, hvort höfninni yrði bjargað, hvort bæjarfélagið og kaupstaðurinn jafnvel allur færi undir ösku og hraun og höfnin lokaðist með öllu. Ef svo hefði farið, þá dugðu engar 600 millj. eða lán frá Alþjóðabankanum, til þess að endurbyggja í Vestmannaeyjum. En sem betur fer bjargaðist þetta allt saman betur en á horfðist, þó að tjónið sé vitanlega gífurlegt og seint séð, hvernig það verður að fullu bætt. Við getum verið þakklátir Alþjóðabankanum fyrir að vilja aðstoða við endurreisn Vestmannaeyja. Vestmanneyingar minnast þess, að þeim var tekið tveim höndum, hvar sem þeir komu með báta sína í fyrra, þótt aðstaðan væri slæm. Vestmannaeyjabátar voru á Stokkseyri og Eyrarbakka við slæm skilyrði. Þeir voru í Þorlákshöfn, þeir voru í Grindavík, og þeir voru í fleiri höfnum á Suðurnesjum. En hafnaraðstaðan var víða slæm. Grindavíkurhöfn fékk bráðabirgðalán úr Viðlagasjóði í fyrra, til þess að bæta aðstöðuna við höfnina, svo að hægt væri að taka á móti Vestmannaeyjabátunum. Ég tel, að það hafi verið eðlileg ráðstöfun, á meðan Vestmannaeyjabátar þurftu þar að vera.

Það kom í ljós, þegar sérfræðingar frá Alþjóðabankanum ferðuðust hér um Suðurströndina, að þeim leist ekki á hafnirnar. Þeir gerðu sér grein fyrir því, að nauðsynlegt er að bæta þær. En þeir tóku fram, að lánið, sem þeir ætluðu að veita, væri til styrktar Vestmanneyingum, það yrði veitt til þess að hjálpa Vestmanneyingum. Nú er það svo, að útlit er fyrir, að Vestmannaeyjabátar geti flestir verið heima á næstu vetrarvertíð, öfugt við það, sem búist var við, þegar trúnaðarmenn Alþjóðabankans voru hér á ferð. Þá var búist við, að Vestmannaeyjabátar þyrftu að hafa bækistöðvar í höfnum annars staðar, kannske næstu 3—5 ár. En meginhlutinn af Vestmannaeyjabátum mun leitast við að verða heima á næstu vetrarvertíð, enda þótt margt þurfi að gera við Vestmannaeyjahöfn, til þess að hún sé góð og til þess að hún geti tekið við sem flestum Eyjabátum. Það liggur fyrir, að það er margt, sem þarf að gera í Vestmannaeyjahöfn nú. En skv. frv. kemur það ekki fram, að Vestmannaeyjar sjálfar, Vestmannaeyjahöfn, eigi að fá hluta af þessum 7 millj. dollara láni. Það finnst mér nú nauðsynlegt að verði athugað að nýju. Ég er sannfærður um, að Alþjóðabankinn mundi fallast á, að Vestmannaeyjahöfn fengi eitthvað af þessu fjármagni, vegna þess að allt fjármagnið var ætlað Vestmanneyingum til styrktar.

Þorlákshöfn er tvímælalaust á hagsmunasvæði Vestmannaeyja. Hún liggur það nærri Vestmannaeyjum, og Vestmannaeyjaskip, sem væntanlega siglir, áður en mjög langur tími líður, daglega milli lands og eyja, mun fara til Þorlákshafnar. En það er alveg útilokað að hafa daglegar ferðir til Þorlákshafnar að vetri til, nema höfnin í Þorlákshöfn verði stórum bætt, og það er enginn vafi á því, að það fjármagn, sem Þorlákshöfn er ætlað, skv. samningnum við Alþjóðabankann, er ekki of mikið. Það má ábyggilega ekki vera minna, til þess að höfnin verði nothæf til þeirrar starfsemi, sem henni er ætlað.

Ég vil minna á það, að þegar rætt er um Þorlákshöfn, þá er hún ekki aðeins fyrir Suðurlandskjördæmið. Þorlákshöfn er landshöfn, og allt að helmingi þess afla, sem lagður er á land í Þorlákshöfn, hefur verið ekið til Suðurnesja, yfir Þrengslin og til Suðurnesja. Eðlilega vilja Faxaflóabátar leggja upp í Þorlákshöfn, þegar fiskast fyrir sunnan land, frekar en að flytja aflann í bátunum til Keflavíkur eða annarra hafna á Suðurnesjum. Þeir geta fengið helmingi fleiri róðra með því að stytta sér leið og leggja upp aflann í Þorlákshöfn. Það er þess vegna eðlilegt, að Þorlákshöfn sé landshöfn, og það eru margir, sem njóta góðs af því, að sú höfn verði gerð góð. En ég held, að allir séu sammála um það einnig, að Grindavíkurhöfn gegni mikilvægu hlutverki. En það munu fáir hafa búist við því, að Grindavíkurhöfn fengi hluta af því fjármagni, sem Alþjóðabankinn ætlaði til uppbyggingar í Vestmannaeyjum, eftir að Vestmannaeyjabátarnir eru farnir frá Grindavík, eftir að vitað er, að þeir koma þangað ekki aftur.

Það virðist vera einhver meiningamunur, sem komið hefur fram, eftir að gosið hætti, og það hefur ekki skv. frv. eða samningnum við Alþjóðabankann verið leiðrétt, ekki gerðar þær breyting-

ar á samningnum, sem hefði átt að gera í samræmi við breytta staðhætti.

Ég fyrir mitt leyti fagna því, að þetta fjármagn er fengið í Alþjóðabankanum til uppbyggingar hafna á Suðurströndinni. Það veitir sannarlega ekki af. Og mér finnst, að hv. þm. ættu ekki að fara í meting út af því. Það er vitað mál, að þetta fjármagn er fengið vegna sérstakra kringumstæðna, vegna áfallanna, sem Vestmanneyingar urðu fyrir á s. l. vetri. Það er þáttur í því að bæta það tjón. Hér er talað um 1000 millj., 600 millj. erlent lán og 400 millj. innlent fjármagn. Þetta fé verður ekki notað á einu ári. Það verður notað á 2—3 árum, sennilega á þremur árum, þannig að hér er um að ræða rúmlega 300 millj. á ári til þeirra hafna, sem um er að ræða.

Á s. l. vetri ræddi ég við hæstv. fjmrh. nokkuð um Eyrarbakka og Stokkseyri, þar sem Vestmannaeyjabátar höfðu bækistöðvar á síðustu vertíð. Á öðrum staðnum voru 4 bátar og hinum 5 bátar. Mér fannst, að ég og hæstv. ráðh. værum sammála um, að það þyrfti að verja talsverðu fjármagni til Eyrarbakka og Stokkseyrar, einmitt vegna þess, hvernig þar var ástatt. Það var því fengin á síðasta þingi sérstök heimild til lántöku til að gera þetta mögulegt. Ég sakna þess, að Eyrarbakki og Stokkseyri hafa gleymst í þessu tilfelli.

Hæstv. fjmrh. talaði um, að það væri ekki ástæða til að rifja upp, hver eigi mesta sök í hafnamálunum, að hafnir víðs vegar í kringum land eru misjafnlega góðar og allt of margar slæmar. Já, hver á sök á því? Ætli það sé Alþingi Íslendinga, sem hefur veitt minna fjármagn til hafna á undanförnum áratugum heldur en eðlilegt var að gera? Ég geri ráð fyrir, að allir alþm. hafi viljað veita fé til hafna, og það hefur verið gert, eftir því sem fært þykir. En það hefur verið of lítið, vegna þess að fjármagnið sem fyrir hendi hefur verið til þess að skipta, hefur alltaf verið takmarkað, ekki aðeins í hafnir, heldur og í allar framkvæmdir, sem menn hafa viljað fá aukinn hraða á.

Mér finnst það dálítið hjákátlegt, þegar hæstv. fjmrh. var að tala um og vildi, held ég helst, fá rós í hnappagat sins eigin jakka eða frakka fyrir það, að ný hafnalög voru sett, eftir að núv. ríkisstjórn komst til valda. En hvernig eru þessi nýju hafnalög til komin? Þau eru til komin vegna þess, að ég skipaði n. í ársbyrjun 1970 til að semja ný hafnalög. Frv. til nýrra hafnalaga var komið á borðið hjá mér vorið 1971, tilbúið til flutnings. Eftir stjórnarskiptin flutti hæstv. hafnamálaráðherra þetta frv. óbreytt, og frv. var fagnað hér í hv. Alþingi, og það samþykktu, held ég, allir þm. Þess vegna búum við nú við ný hafnalög. Það eru lög, sem fyrrv. ríkisstjórn undirbjó, en entist ekki aldur til að lögfesta. En þessi hafnalög gera ráð fyrir auknu framlagi ríkisins til hafnamála. Í staðinn fyrir 40% af kostnaði við bryggjur og öll innri hafnarmannvirki, eins og áður var, er nú gert ráð fyrir að styrkja mannvirkin með 75% framlagi. Til þess að framkvæmdirnar dragist ekki saman, verður því að hækka framlög ríkisins til hafnamála, og þess vegna held ég að það sé alveg rétt, sem hv. 5. þm. Norðurl. e. sagði áðan, að það er síður en svo, að það fjármagn, sem er lagt til nú að veita á næsta ári til hafnamála, verði til þess að auka framkvæmdir í hafnamálum, vegna þess, hversu framkvæmdakostnaðurinn hefur hækkað, og vegna þess, að hlutur ríkisins í hafnaframkvæmdum hefur aukist samkv. nýju lögunum.

Ég held, að það sé óþarfi að vera að metast um annað eins og þetta. Það hæfir ekki hæstv. fjmrh. að reyna að hrósa sér af því, að ný hafnalög hafi verið sett. Mér hefur alltaf fundist það vera yfirleitt sameiginlegt með hv. þm., hvar í flokki sem þeir eru, að þeir vilja fá sem mest til verklegra framkvæmda. Flestar ríkisstj. hafa gert yfirleitt það, sem í þeirra valdi hefur staðið, til þess að það mætti verða, en núv. hæstv. ríkisstj. hefur ekki tekist vel í þessu efni, ekki vegna þess, að hún hafi ekki viljað fá miklar verklegar framkvæmdir og auka fjármagn til þeirra, heldur vegna stjórnleysis. Það er staðreynd, að framlög til verklegra framkvæmda hafa alls ekki aukist í samræmi við það, sem fjárlögin hafa hækkað síðustu 2—3 ár. Ef tekið er tillit til þess, hversu mikið hefur verið veitt til verklegra framkvæmda á undanförnum árum og hversu fjárlögin hafa hækkað, þá hefur hlutfall verklegra framkvæmda stórum lækkað frá því, sem var á fjárlögum 1971.

Það var verið að tala um þensluna í þjóðfélaginu hér áðan og miklar framkvæmdir hins opinbera. En þenslan er ekki fyrst og fremst til komin vegna framkvæmda hins opinbera, heldur vegna hinna almennu framkvæmda á vegum einstaklinga, ýmiss konar fyrirtækja og félaga. Menn keppast við að framkvæma, vegna þess að það er vitað mál, að alltaf hefur fengist minna fyrir krónuna í næsta mánuði heldur en í þeim mánuði, sem er að líða. Það er þess vegna, sem allir keppast við að framkvæma. Menn keppast við að byggja íbúðarhús, áður en það hækkar meira, menn keppast við að lagfæra fyrir sér fyrirtækin, eftir því sem tök eru á, áður en að það hækkar meira o. s. frv. Þess vegna er þenslan. Það er verðbólguástandið sem stjórnar því.

Ég skal ekki fara lengra út í það að þessu sinni, en ég taldi ástæðu til að láta skoðun mína í ljós í sambandi við þetta frv. og heimild til lántöku vegna hafnamála á Suðurlandi. Ég hef lýst því, að ég tel alveg nauðsynlegt að fá fjármagn til Þorlákshafnar, og ég tel, að það hljóti að hafa verið meining Alþjóðabankans, að það, sem ekki fer til Þorlákshafnar, ætti að fara til Vestmannaeyja, Stokkseyrar og Eyrarbakka til þess að gegna því hlutverki, sem Alþjóðabankinn ætlaðist til að yrði. Ég vil hins vegar taka undir það, sem sagt hefur verið hér, að Grindavíkurhöfn og Höfn í Hornafirði þurfa einnig á hafnarbótum að halda, en það tel ég, að eigi að koma með öðrum hætti.

Hannibal Valdimarsson: Herra forseti. Menn hafa hér verið að deila nokkuð um, hvort það sé byggðastefna eða ekki byggðastefna að verja allmiklu fé, sem íslenska ríkið á kost á að fá að láni hjá Alþjóðabankanum, til þriggja hafna á Suðurlandi. Um það atriði vil ég aðeins segja það, að ástæðulaust er að metast um þetta, því að á þessu fé átti íslenska ríkið engan kost nema

vegna þeirra óskapa, sem yfir dundu í Vestmannaeyjum, og þá til umbóta á þeim höfnum, sem Vestmannaeyjaflotinn þá varð að notast við, þó að aðstaða væri þar ekki góð til þess, að hann gæti stundað þaðan veiðar. Það þarf því enginn nokkurs annars staðar á landinu að sjá ofsjónum yfir því, að þessar hafnir fá þetta fé. Það varð annaðhvort að segja já við fé til þessara hafna, sem sérfræðingar bankans töldu að kæmi sér best, eins og þá horfði við, sem aðstoð við Vestmannaeyjar, eða hafna því. Þó að nú hafi farið betur en á horfðist og Vestmannaeyjahöfn komið fyrr í gagnið en nokkurn óraði fyrir og þó að Vestmannaeyjauppbyggingin sé nú komin lengra á veg en nokkur gat gert sér vonir um, þá var þessu máli slegið föstu á þeim tíma, þegar svartast var útlitið, og var þá ákveðið að taka þessu boði, að Alþjóðabankinn legði fram lánsfé, óvenju háar upphæðir á okkar mælikvarða, til þeirra hafna, sem helst komu að gagni fyrir Vestmannaeyjaflotann, en það voru Grindavíkurhöfn, þar voru margir Vestmannaeyjabátar og höfnin stórhættuleg, a. m. k. ókunnugum, Þorlákshöfn og svo Höfn í Hornafirði. Það var einnig litið á möguleikana á gerð nýrrar hafnar á suðurströndinni og það skoðað af sérfræðingum Alþjóðabankans og íslensku n., sem um þetta fjallaði. Það var álit þeirra, að þó að farið væri í þá framkvæmd, þá kæmi hún ekki að gagni fyrr en eftir a. m. k. 5 ár. En menn gerðu sér vonir um það, að innan 5 ára tímabils væri orðið útséð um það, hvort Vestmannaeyjar yrðu byggðar aftur eða ekki, og sennilegt, eins og nú hefur reynst, að Vestmannaeyjar væru þá búnar að ná sér að mestu eftir þetta áfall.

Að fengnu þessu áliti erlendu sérfræðinganna athuguðu íslensku nefndarmennirnir þann möguleika, að snúa sér að gerð nýrrar hafnar, enda var þál., sem frammi lá, eingöngu um það, að ef Vestmannaeyjahöfn eyðilegðist, þá yrðu kannaðir möguleikar á gerð nýrrar hafnar á suðurströndinni. Það var enginn svo svartsýnn að slá því föstu, að Vestmannaeyjahöfn væri algerlega úr sögunni. Hins vegar var ekki til neins að ráðast í úrbætur vegna óskapanna í Vestmannaeyjum, sem ekki kæmu að gagni fyrr en eftir 5—6 ár. Og þá var enginn kostur annar fyrir hendi en að snúa sér að umbótum á þeim höfnum, sem útlit var fyrir, að Vestmannaeyjaflotinn yrði að halda sér að, ef hann ætti að vera í gangi, stunda veiðar við suðurströndina, og það voru fyrst og fremst þessar hafnir. Ég undirstrika það, að ég er alveg sammála því, að í fremstu röð bar þar að líta á Þorlákshöfn, eins og gert hefur verið með þessum fjárveitingum.

Ég hygg, að það hafi ekki verið á valdi fjmrh.. Íslands eða neinna íslenskra yfirvalda að breyta till. Alþjóðabankans um þetta. Ef við hefðum sagt: Við þurfum ekkert vegna Grindavíkurhafnar, — þá hefði sú upphæð, sem þeir höfðu lagt til að hún fengi, verið skorin af lánsupphæðinni. Þetta var þeirra till.: Þorlákshöfn, Grindavíkurhöfn og Höfn í Hornafirði og eftir þeirri till. hefur verið farið, og það hefði öllum þótt eðlilegt, ef ekki hefði birt eins í lofti og gert hefur nú varðandi Vestmannaeyjamálin, sem betur fer. En það sá enginn fyrir þá.

Það hryggir mig mjög, ef illa staddar hafnarstjórnir á Vestfjörðum, Norðurlandi eða Austfjörðum sjá ofsjónum yfir þessu. Þetta fé hefði ekki komið að gagni neinum öðrum á Íslandi. Og ég hygg, að það spilli ekki heldur fyrir möguleikum neins staðar á Íslandi, að þetta er gert. Ættu þessar 3 hafnir þá að vera léttari á fjárveitingum til hafnamála, a. m. k. eftir að þessi áfangi hefur verið framkvæmdur. Og þá hefðu e. t. v. skapast möguleikar til að sinna meira með íslenskum fjárveitingum öðrum höfnum og hinum miklu þörfum þeirra.

Þetta taldi ég ástæðu til að segja út af þeim umr., sem hér hafa farið fram, og þar með er máli mínu lokið.

Matthías Bjarnason: Herra forseti. Þetta frv. um lántökuheimild vegna framkvæmda- og fjáröflunaráætlunar fyrir árið 1973, sem er staðfesting á brbl., var hér til umr. í s. l. viku, og hefðu sennilega ekki orðið um þetta frv. miklar umr., ef ekki hefði komið fram ósk um að flytja brtt. við frv. þess efnis að heimila ríkisstj. að taka 7 millj. dollara lán hjá Alþjóðabankanum til hafnarframkvæmda í Grindavík, Þorlákshöfn og Höfn í Hornafirði, eftir nánari ákvörðun ríkisstj., og sömuleiðis ef svör hæstv. fjmrh. hefðu verið með nokkuð öðrum hætti en þau voru við þessar umr. Ég vil taka það fram til að fyrirbyggja allan misskilning, leggja á það höfuðáherslu, að ég hef ekki sett mig upp á móti því, að það væri farið í hafnarframkvæmdir á þessum þremur tilteknu stöðum. En það, sem ég hef deilt á, er í fyrsta lagi efnismeðferð þessa máls og í öðru lagi það, að á sama tíma og þetta er gert er látið algerlega liggja á milli hluta, hvað skuli gert í öðrum höfnum á landinu, og jafnframt látið liggja á milli hluta að framkvæma þau hafnalög, sem eiga að taka gildi 1. jan. n. k.

Ég sá í Tímanum á föstudaginn, að hann tekur þessi mál til umræðu í leiðara sínum, og þar segir, að tiltekin atriði hafi komið fram í snjöllum ræðum Halldórs E. Sigurðssonar. Ég verð að segja það, að mikill er skoðanamunur minn t. d. og leiðarahöfundar Tímans, ef hann hefur talið þessar ræður Halldórs E. Sigurðssonar snjallar. Ég hef oft heyrt Halldór E. Sigurðsson fjmrh. flytja góðar og snjallar ræður, en þessar ræður voru þær lökustu, sem ég hef heyrt hann flytja. Það telur leiðarahöfundur Tímans til snjallra ræðna. Ég held, að það sé mjög mikið að athuga við mat leiðarahöfundar, og ég tek það fram til þess að fyrirbyggja misskilning, að það var leiðarahöfundur Tímans, en ekki Möðruvallahreyfingin, sem lagði þetta mat á það.

Hæstv. fjmrh. sagði, að það hefði ekki verið sýnd hér nein frekja í sambandi við þessa málsmeðferð. Ég sagði það í ræðu minni, að þar hefði ráðið frekja ráðh. Ég verð að segja það og ég tek það fram til þess að fyrirbyggja misskilning, að það var leiðarahöfundur Tímans, en ekki Möðruvallahreyfingin, sem lagði þetta mat á það.

Hæstv. fjmrh. sagði, að það hefði ekki verið sýnd hér nein frekja í sambandi við þessa málsmeðferð. Ég sagði það í ræðu minni, að þar hefði ráðið frekja ráðh. Ég verð að segja það og ég tek það atriði alls ekki aftur. Samgrn. skrifaði til fjmrh. 31. okt. 1973, en það kemur ekkert bréf í hendur formanns fjh.- og viðskn. fyrr en 27. nóv., þar sem óskað er eftir því við form. n., að tekin verði inn í þetta frv. um heimild Alþingis til að taka 7 millj. dollara lán hjá Alþjóðabankanum til framkvæmda á þremur tilteknum stöð-

um. Ég sagði, að mér fyndist það vera frekja, í fyrsta lagi að gleyma því í næstum því mánuð að eiga von á 7 millj. dollara láni, ætlast svo til þess, að Alþingi sé aðeins einföld afgreiðslustofnun, sem á samri stundu og um er beðið eigi að afgreiða þetta mál.

Ég skal ekki endurtaka það, sem ég sagði hér áður í sambandi við þetta atriði, en ég vil segja út af því, sem hefur komið fram m. a. hjá síðasta ræðumanni, hv. 3. þm. Vestf., sem var samgrh., **þegar þessi ákvörðun var tekin, að** því er ég best veit, að hann sagði, að það hefði ekki verið um neitt annað að ræða. Ég hef heyrt annað í sambandi við lán Alþjóðabankans. Ég óska eftir því, að hæstv. fjmrh. eða einhver annar ráðh. mótmæli því þá, ef það er ekki rétt. Ég hef heyrt það og var búinn að heyra það fyrir löngu, áður en þetta kom til greina, að Alþjóðabankinn hefði gefið mjög ákveðin fyrirheit um að lána allt að 15—17 millj. dollara til Sigölduvirkjunar. Nú er þessi upphæð komin niður í 10 millj. dollara. Ég spyr hæstv. fjmrh.: Var það Alþjóðabankinn einn, sem ákvað að lækka lánstilboð **sitt til Sigölduvirkjunar úr 15—17 millj.** dollara niður í 10 millj., eða kom fram sérstök beiðni um það héðan frá Íslandi, að þessi upphæð yrði **lækkuð og mismunurinn notaður til** þessara tilteknu hafnarframkvæmda? Kom beiðnin eftir allt saman héðan að heiman? Kom hún frá hæstv. ríkisstj.? Eða er hitt réttara, sem hv. síðasti ræðumaður sagði, að sérfræðingar Alþjóðabankans hefðu sjálfir fundið upp, að það ætti að lána þessar 7 millj. dollara eingöngu til þessara þriggja hafnarframkvæmda á landinu? Bæði mér og öðrum leikur forvitni á að vita, hvort er réttara í þessu efni? Vill hæstv. fjmrh. þá segja það alveg blákalt, að aldrei hafi komið til greina, að Alþjóðabankinn hafi verið búinn að heita eða hafa mjög sterk orð um að lána 15—17 millj. dollara til Sigölduvirkjunar? Hvernig stendur svo á því, að sú upphæð er lækkuð niður í 10 millj. dollara, ef ekkert samband er á milli þessarar lántöku og þeirrar lántöku, sem hér er um að ræða til þessara þriggja tilteknu hafna? Mér finnst, að þetta skipti töluvert miklu máli.

Hæstv. fjmrh. sagði á miðvikudaginn, að hann og ríkisstj. hefðu ekki beitt neinni frekju við að koma þessu máli áfram, því að d. hefði veitt afbrigði fyrir því að taka málið á dagskrá, þótt nál. hafi ekki legið fyrir fyrr en þá á stundinni. Ég spyr: Hvenær neitar d. um afbrigði? Er yfirleitt ekki alltaf orðið við óskum bæði ríkisstj. og þm. um afbrigði? Hitt breytir ekki þeirri fullyrðingu minni, að á það var lagt ofurkapp að **fá þetta mál til afgreiðslu í skyndi, eftir að búið** var að gleyma 7 millj. dollara lántöku í heilan mánuð uppi í fjmrn.

Ég segi líka: Hvers vegna mátti ekki flytja sérstakt sjálfstætt frv. um þessa lántöku? Af hverju þurfti að klína því inn í frv., eftir að **það er komið til n., um staðfestingu á brbl.?** Datt engum í hug, fyrr en frv. var búið að liggja **fyrir n. í þó nokkra daga, að þarna væri best** að klína 7 millj. dollara lántökuheimild? Hver **er sá mikli bakarameistari, sem fann þetta upp, þarna ætti þetta best við, þessar kökur færu best** saman? Svo sagði hæstv. fjmrh., og furðaði ég **mig á, að leiðarahöfundur skyldi kalla það** snjalla ræðu, þegar hann fór út í það að segja frá Vestfjarðaáætluninni, þegar hún var samþ. á sínum tíma, þá hefði ég ekki verið að hugsa um aðrar hafnir, heldur en bara um hafnir á Vestfjörðum. Þetta mál var lagt fyrir Alþ. Það voru allir samþykkir því. Ástandið var það óbjörgulegt í þessum landshluta. Það var síðan tekin upp atvinnumálaáætlun fyrir Norðurland, og það var ekki af því, að við vildum ekki hugsa um atvinnumál annars staðar. Við þm. féllumst allir á það. Það var svo tekin samgöngumálaáætlun Austfjarða. Þá heimtuðu ekki önnur kjördæmi samgöngumálaáætlun. Hins vegar hélt auðvitað framþróunin áfram, sérstaklega í sambandi við hraðbrautirnar hér í nágrenni Reykjavíkur, svo að það má segja, að það hafi verið bæði framlög til strjálbýlis og þéttbýlis jafnhliða, svo að þetta er ekkert nýtt atriði.

Hvernig tók flokkur hæstv. fjmrh. Vestfjarða**áætluninni og þeim lánum, sem tekin voru til** hennar á sínum tíma? Þeir kölluðu þetta flóttamannalán, það væri eiginlega til skammar fyrir ríka þjóð eins og Íslendinga að leyfa sér að taka lán úr Flóttamannasjóði Evrópu. Þetta væri sjóð**ur, sem lánaði eingöngu til fólks, sem væri í nauð**um statt, til vesalinga og aumingja, sem væri ekki nokkur leið að björguðu sér. Þetta fannst Framsfl. höfuðsynd, að leggjast svo lágt að taka slík lán. Svo kemur Framsfl. í ríkisstj. og hefur bæði forsrh. og fjmrh. og utanrrh. Og eitt af því fyrsta, sem hann gerir í sambandi við erlendar lántökur, er að leita til þessa flóttamannasjóðs um lán. Nú er hann aldrei kallaður flóttamannasjóður. Nú er hann kallaður sínu rétta nafni, Viðreisnarsjóður Evrópu. Þar hefur lán verið tekið til Austurlandsáætlunar og Norðurlandsáætlunar. Þetta hefur gengið ágætlega, og nú nýtur þessi ágæti sjóður mikillar virðingar, bæði stjórnar og stjórnarandstöðu. En áður var stjórnarandstaðan mjög mótfallin lántökum í **þessum sjóði, þáv. stjórnarandstaða.**

Hæstv. fjmrh. breiddi mjög úr sér hér í ræðustólnum og sagði, að ég gerði meiri kröfur til hans en fyrirrennara hans, Magnúsar Jónssonar, og virtist vera rígmontinn yfir þessu. Það var a. m. k. ekki að sjá eða heyra annað. Ég gerði þá kröfu til hans, og ég sagði það, að eins og hann hefði haft mikinn áhuga á að rétta hag hafna á sínum tíma, þegar hann var óbreyttur þm. og fjvn.-maður, þá bjóst ég við, að hann yrði ekkert slakari en Magnús Jónsson, þegar hann væri kominn í fjmrh.-stólinn. En reyndin hefur orðið önnur hvað snertir framlag til hafnanna. Magnús Jónsson féllst á það, að ríkissjóður greiddi sem styrk til hafnanna almennt 57.15% af gengisbreytingunni, en Halldór E. Sigurðsson er ekki búinn að fallast á neitt enn þá. Ég var svo bjartsýnn, að ég hélt, að hann mundi gera þetta af fúsum og frjálsum vilja. En það er engin ástæða til þess að verða montinn af því, að einhver geri kröfu til manns um það, að hann standi sig jafnfætis við þann, sem var á undan honum í ráðherrastól. Ég held, að hann ætti þá að sýna það í verki, að hann sýni þessum málaflokki áhuga, og verða við þessum marg endurteknu óskum og kröfum víðs vegar að af landinu.

Þegar hann hefur orðið við þeim og hefur framkvæmt þær, þá má hann fyrir mér vera rigmontinn.

Ég furða mig á því, sem hæstv. fjmrh. sagði hér í þessum umr. Hann var áður ágætur þm. og heiðarlegur í málflutningi. Hann sneri nú við staðreyndum. Hann gerði mér upp, að ég hefði sagt þetta og hitt, sem ég hef aldrei sagt, í þessari „snjöllu ræðu". Hann sagði, að ég hefði verið á móti þeim byggðarlögum, sem ættu að fá þessar framkvæmdir, að þau fengju framkvæmdir, og hann sagði, að ég hefði haldið því fram, að Grindavík og Þorlákshöfn væru ekki framleiðslustaðir. Af því að ég talaði um það, að hafnir á mikilvægum framleiðslustöðum yrðu að bíða eftir hafnarframkvæmdum, þá þýðir það hjá hæstv. fjmrh., að ef maður talar þannig, þá séu Grindavík og Þorlákshöfn ekki framleiðslustaðir, sem eigi að fá fé til hafnarframkvæmda. Ég skil ekki slíkan málflutning sem þennan, og ég skil alls ekki, hverju hann þjónar. Ég held, að hæstv. ráðh. hafi verið í slæmum félagsskap að undanförnu, þegar hann er farinn að temja sér svona hætti í ræðumennsku. Ég held, að hann ætti að leita sér betri félagsskapar. Það er oft óhollt fyrir menn, sem koma til borgarinnar, að lenda í slæmum félagsskap, og það hefur sýnt sig í þessu tilfelli.

Hæstv. fjmrh. sagði, að það hefði ekkert legið fyrir um stöðu hafnanna almennt í landinu. Þess vegna átti það að heita einhver afsökun fyrir því, að hann tekur ekki inn í fjárlagafrv. framlög til að bæta stöðu hafnanna í landinu. Ég vil minna hæstv. fjmrh. á það, að n., sem samdi frv. til nýrra hafnalaga og var skipuð vorið 1971 og bætt í þá n. tveimur mönnum haustið 1971, — þessi n. skilaði áliti snemma árs 1972. Því áliti fylgdu mjög mikilvægar upplýsingar um stöðu hafnanna í landinu, sem voru prentaðar með frv. því, sem ríkisstj. lagði fram rétt fyrir þinglok 1972. Þetta frv. var óbreytt frá því, sem þessi n. gekk frá því, og margvíslegar upplýsingar sýna, hvernig þessum málum er háttað í árslok 1971. Þar kemur fram t. d., hvað afborganir af föstum lánum og vextir á íbúa í tilteknum kauptúnum og kaupstöðum á landinu næmu miklu. Í Neskaupstað var þessi upphæð talin vera á hvern einasta íbúa 4895 kr., á Bakkafirði 4683 kr., á Þingeyri 4577 kr. Þessar upphæðir hafa hækkað og ýmsar aðrar hafnir hafa nú farið upp úr þessu, sem voru með framkvæmdir seinna, sem gerðu það að verkum, að afborganir voru ekki komnar af fullum þunga á þessar hafnir. Það, sem átti að gera og samgrn. bar að gera, var við undirbúning undir fjárlög fyrir árið 1974, að gera till. til fjvn. og Alþ. um skiptingu fjár til þess að létta greiðslubyrði þeirra hafnarsjóða, sem eiga við mesta erfiðleika að etja, og átti að hafa við þessa tillögugerð hliðsjón af skiptingu á tekjum og gjöldum hafnarsjóðs, framlagi sveitarfélagsins til hafnarsjóðsins, fólksfjölda og öðrum þeim atriðum, sem hafa áhrif á greiðslugetu hafnarsjóðsins. Nú mundi ég ætla, að þegar kom til umr. að taka jafnstórt og mikið lán til þriggja hafnargerða á landinu, að í ríkisstj., þar sem búið væri að lýsa jafnoft yfir stuðningi við byggðastefnu, stuðningi við strjálbýlið, að þar hefði ekki verið látið undir höfuð leggjast að undirbúa vandlega framkvæmdaáætlun fyrir aðrar hafnir á landinu, þegar þar við bætist, að skylt var að gera það samkvæmt þeim lögum, sem taka gildi 1. jan. 1974. En þrátt fyrir alla þessa strjálbýlispostula og byggðavini dettur engum í hug að gera neitt, engin upphæð er tekin inn í fjárlagafrv. fyrir árið 1974 og ekkert er vitað enn, og það fer nú að líða að afgreiðslu fjárl., hvort eða hvað verður tekið inn í fjárlagafrv.

Þetta er það, sem ég er fyrst og fremst að átelja og geri það einu sinni enn. Ég lýsi yfir óánægju minni yfir þessum vinnubrögðum og tel fráleitt að falla frá því að hafa verulega upphæð í fjárlagafrv. til þess að rétta greiðslustöðu hafnanna, og það er því furðulegra, þar eð fyrir ári féllst hæstv. fjmrh. á að taka á heimildargrein 40 millj. kr. til að deila á milli þeirra hafna, sem verst voru settar í landinu, en tekur ekkert inn í þetta fjárlagafrv. Þetta tel ég ekki bera vott um það, að menn séu jafntryggir byggðastefnunni og þeir vilja oft vera láta, þegar þeir eru að tala við landsbyggðina.

Hæstv. fjmrh. sagði, að það væru engar smábreytingar, sem hefðu orðið á framlagi til hafnamála frá því, sem var, þegar viðreisnarstjórnin réð ríkjum, nú þegar hann og þeir aðrir sterku menn, sem eiga sæti í þessari ríkisstj., ráða ferðinni. Og hann sagði: Það er nú hvorki meira né minna en 812 millj. kr. varið til hafnarmálanna. Svo tók hann tölurnar úr fjárl. nokkur ár á undan. En honum láðist alveg að geta eins, sem ég held því miður, að hafi ekki verið óviljandi. Hefði það verið óviljandi, þá er það fyrirgefanlegt. En hæstv. fjmrh. er sjálfur í fjárlagaræðu sinni búinn að leggja á það mikla áherslu, að hækkun fjárl. sé líka vegna þess að nokkru leyti, þó að það sé ekki nema að litlu leyti, að framkvæmdaáætlunin til ríkisframkvæmda sé nú í fjárlagafrv. í fyrsta skipti. Samanburður á tölum við fyrri fjárlög, þegar framkvæmdaáætlanir ríkisstj. voru í sérstöku frv. og sérstökum lögum, er algerlega út í hött. Ef hæstv. ráðh. ætlar að gera samanburð á milli ára, verður hann að taka tillit til þeirra lána, sem tekin hafa verið til hafnarframkvæmda, og einnig þeirra upphæða, sem eru í fjárl. hverju sinni, leggja þær tvær tölur saman, þá fær hann þann sama viðjöfnuð og hann er nú að ræða um. En það er alls ekki sæmandi fyrir ráðh. að viðhafa slíkan málflutning sem þennan.

Ég fullyrði, að hafnalöggjöfin reyndist engan veginn vera nógu fullkomin. Það voru sett ný hafnalög á árinu 1966, að ég best man. Þá var mjög breytt framlögum ríkisins til hafnargerða, og þá var gerð nokkur tilraun til að efla Hafnabótasjóð, en þó engan veginn nógu víðtæk. Það kom fljótt í ljós, að þessi löggjöf reyndist ófullnægjandi vegna þess, hvað kröfur jukust ár frá ári um fullkomnari hafnir, dýrari hafnir en áður þekktust. Það hefur oft verið minnst á Vestfjarðaáætlun, og í þeirri áætlun var t. d. gert ráð fyrir trébryggjum á tveimur stöðum, þegar hún var gerð, ekki eldri áætlun en þetta. Áætluninni er ekki lokið, þegar kröfurnar eru orðnar svo ákveðnar, að það komi ekki til greina að byggja

hafnaraðstöðu tveggja kauptúna í því kjördæmi í framtíðinni á trébryggju, og það er farið í hafnargerð á þessum stöðum eins og víðast hvar annars staðar á landinu. Hefur því sýnt sig, að löggjöfin reyndist tiltölulega fljótt ófullnægjandi, og komu fram mjög margar raddir um að endurskoða hafnalögin. Það liðu ekki nema um 5 ár, frá því að löggjöfin var sett þangað til var farið af fullum krafti í endurskoðun hafnal., og það liðu liðlega 7 ár, þangað til ný löggjöf tekur nú gildi. Þetta kallar á auknar fjárveitingar til hafnargerða. Og það er það, sem við erum hér að ræða um, að það er ekki hægt að segja: Einhver stór og mikil stofnun úti í heimi sendi menn hingað vegna gossins í Vestmannaeyjum, og þeir sögðu við okkur í ríkisstj.: Þið byggið hér þrjár tilteknar hafnir, við lánum ykkur 7 millj. dollara til þeirra, en ef þið gerið ekki eins og við segjum ykkur, þá fáið þið ekki neitt. — Tekur þessi stjórn sífellt við úrslitakostum? Taka þessir menn, sem sögðu, að aðrir lægju hundflatir fyrir erlendu valdi, við úrslitakostum, hvaðan sem þeir koma? Ég spyr. Ég vænti þess, að hæstv. fjmrh. sé ekki farinn algerlega. Ég vil gjarnan fá svar við þessu eins og hinum spurningunum, sem ég lagði fyrir hann hér áðan. (**Forseti:** Ég vil spyrja hv. ræðumann, hvort hann eigi mikið eftir af ræðu sinni, og verð ég að óska þess, að hann geri þá senn hlé á máli sínu vegna þingflokksfunda, sem hefjast áður en langt um líður). Ég gæti lokið þessu af á skömmum tíma, ef ég sæi hæstv. fjmrh., ég vil hafa hann hérna í sætinu. Þó að þeir séu góðir, þessir sem eru inni, þá vil ég nú heldur sjá hann í þessu tilfelli. — [Fundarhlé].

Herra forseti. Ég skal ekki vera mjög langorður úr þessu, en vegna þess að hæstv. fjmrh. var farinn úr þingsalnum áðan, kunni ég ekki við að ljúka svo máli mínu, að hann væri ekki viðstaddur, en ég hef nú svarað allflestu af því, sem kom fram í hans ræðu. En þó er eitt atriði, sem ég vil ekki gleyma að svara, þar sem hann var mjög ánægður yfir frammistöðu þeirrar ríkisstj., sem hann á sæti í, en það er hin glæsilega uppbygging fiskiskipastólsins, sem hann sagði, að fyrrv. stjórn hefði vanrækt, og þeir hefðu sýnt alveg einstakan dugnað, sem nú sætu í ráðherrastólum, í sambandi við uppbyggingu togaraflotans, sérstaklega að það hefði verið ákveðið af núv. ríkisstjórn að staðsetja togara víðar en í Reykjavík, Hafnarfirði og á Akureyri. Ég vil nú minna hæstv. fjmrh. á, að það var búið að veita leyfi fyrir 17 togurum, áður en þessi ríkisstj. varð til, og það var hafin smíði sumra þessara skipa. Það voru 6 stórir togarar, sem búið var að semja um og hafin smíði á sumum þeirra og 11 hinum smærri togurum. Leyfi fyrir 11 hinum smærri togurum hafði verið veitt. Þessir smærri togarar voru ekki staðsettir í Reykjavík, Hafnarfirði eða á Akureyri. Ég minnist þess, að það var samið um 5 togara til Vestfjarða og ég held 4 til Austfjarða og 3 aðra af hinum smærri togurum, svo að það er ekki með réttu hægt fyrir núv. ríkisstj. að eigna sér alla uppbyggingu skipastólsins. Þetta finnst mér nú rétt að leiðrétta. Þó að það hafi ekki verið nema um 17 togara að ræða, þá tel ég það allmyndarlegt, þótt núv. stjórn telji það auðvitað einskis virði. En erum við ekki að lokum sammála um að segja og hafa það, sem sannara reynist?

Ég held, að ég geti ekki sleppt því að minnast á það, að í þeim mörgu upplýsingum, sem fylgdu hafnalagafrv., var gert ráð fyrir því samkv. þeim upplýsingum, að afborganir og vextir af hafnaskuldum, eins og var í árslok 1970, næmu 30—40 millj. kr. á ári. Miðað við þetta var greiðslujöfnuður hafnanna neikvæður um 140—150 millj. kr., og það vantaði því þessa upphæð í árlegar tekjur og styrki, til þess að þær gætu staðið við skuldbindingar sínar af því, sem þegar hafði verið framkvæmt, eða í árslok 1970. Þessi upphæð var talin nema tvö- til þreföldum rekstrartekjum að frádregnum beinum rekstrargjöldum, eða nær sömu upphæð og allar rekstrartekjur hafnanna. Ef hefði átt að mæta þessum skuldbindingum öllum af rekstrartekjum hafnanna einna, hefði á þessum tíma þurft að tvöfalda rekstrartekjur allra fiskihafna á landinu utan Reykjavíkur. Og það er líka eftirtektarvert, ef við lítum á það greiðsluyfirlit, sem fylgdi þessu frv., að rekstrartekjur 42 aðalfiskihafna landsins, fyrir utan landshafnirnar og Reykjavík, námu ekki nema 82—83 millj. kr., en rekstrargjöld þessara sömu hafna án vaxta og afborgana námu á sama tíma 45.4 millj. kr. Föst lán á höfnunum þá voru 544 millj. kr., en afborganir á árinu 1970 námu um 40.7 millj. kr., vextir af föstum lánum 37 millj. kr. og vextir af stuttum lánum, dráttarvextir og lántökukostnaður námu um 8.7 millj. kr. Þannig var ástandið, að það vantaði 49.7 millj. kr. á árinu 1970 til þess að ná endum saman. Nú vitum við, að þessar tölur hafa stórhækkað síðan, og það er sjáanlegt, að það þarf mun hærri upphæð.

Á grundvelli þessa yfirlits og þessara talna, sem ég var hér að nefna, voru 40 millj. teknar inn á heimildagr. fjárl. yfirstandandi árs. Það byggðist einmitt á þessum upplýsingum, og því átti alls ekki að standa í vegi fyrir því, ef áhugi og vilji hefði verið fyrir hendi, að taka inn hliðstæða upphæð eða hærri, — hún hefði auðvitað þurft að vera hærri, — inn í fjárlagafrv., sem nú liggur fyrir Alþ. En það var ekki gert. Þetta vildi ég láta koma hér fram.

Ég endurtek það, að ég er ekki að mæla gegn því, að það sé farið í ákveðnar, tilteknar framkvæmdir í höfnum landsins. En ég taldi og tel algerlega óviðunandi að ætla að bjóða öðrum fiskihöfnum þær fjárveitingar, sem gert er ráð fyrir, og jafnframt að vera í algerri óvissu um, hvernig eigi að rétta fjárhagsstöðu þessara hafna og þessara sveitarfélaga, sem nú verða að eyða allt að ¼ af bruttótekjum sínum til að standa undir vöxtum og afborgunum af hafnalánum. Ég tel óeðlilegt í alla staði, að af 812.7 millj. kr., sem fjárlagafrv. gerir ráð fyrir að fari til hafnamála í landinu, þar með talinn fastur kostnaður við stjórn Hafnamálastofnunarinnar, fari 56% til aðeins þriggja hafna, eða að segja má aðeins til tveggja hafna. Það fara til þessara hafna 455 millj. af 812.7 millj. kr. Þetta tel ég óeðlilegt í alla staði, þegar ekkert liggur fyrir um það, á hvern hátt eigi að bæta greiðslustöðu hafnanna, sem nú berjast í bökkum og

hafa barist í bökkum á undanförnum árum. Ef ríkisstj. hefði sýnt áhuga í verki, eins og hún hefur sýnt í orðum og með málefnasamningi sínum, á hagsmunamálum landsbyggðarinnar, þá hefði hún jafnframt þessu átt að láta liggja fyrir áætlun um það, á hvern hátt hún ætlaði að leysa vandræði annarra hafna í landinu. En það hefur hún látið undir höfuð leggjast. Þetta ætla ég ekki að kenna hæstv. fjmrh. einum um, á þessu ber ríkisstj. í heild sök.

Ég ætla að endurtaka spurningu mína til hæstv. fjmrh. um lán Alþjóðabankans, sem ég nefndi hér í upphafi máls míns: Er það rétt, að Alþjóðabankinn hafi verið búinn að gefa ádrátt um að veita 15—17 millj. dollara til Sigölduvirkjunarframkvæmda, og er það rétt, að Alþjóðabankinn hafi kippt að sér hendinni og lækkað þessi lánsloforð niður í 10 millj. dollara, vegna þess að hann taldi rétt, að það yrði farið í þessar þrjár hafnaframkvæmdir á landinu, eða var það ríkisstj., sem óskaði eftir því, að það væri tekið af þessu fjármagni til Sigölduvirkjunar til þess að láta í hafnarmálin? Tel ég, að rétt sé, að hér komi fram skýlaus svör við þessum spurningum, því að það hefur, eins og ég gat um í upphafi máls míns, verið á það minnst mjög víða, að kostur væri á þessu fjármagni frá Alþjóðabankanum.

Þá langar mig einnig að ítreka þá spurningu mína til hæstv. fjmrh., hvort hann ætli að beita sér fyrir því, að það verði hækkuð almennt framlög til hafnargerða í því fjárlagafrv., sem liggur fyrir, og á þann hátt komið til móts við óskir og kröfur fólksins úti um land, sem byggir þá staði, sem þurfa á auknum framkvæmdum í hafnamálum að halda.

Og í þriðja og síðasta lagi: Ætlar hæstv. fjmrh. að beita sér fyrir því að taka inn á fjárlög upphæð til þess að létta greiðslubyrði hafnanna, eins og gert var á s.l. ári, og þá auðvitað mun hærri upphæð en þá var gert?

Ef svör við þessum tveimur síðustu spurningum eru jákvæð, þá lítur málið nokkuð öðruvísi út, ef það á jafnframt að taka fullt tillit til landsbyggðarinnar í þessum efnum, og þá verður hlutur ríkisstj. mun betri. En hann hefði verið enn betri, ef hún hefði tekið þessi mál upp án þess að vera knúin til þess og sýnt það, þegar fjárlagafrv. var lagt fram, að hún hefði áhuga á að efla fiskihafnir úti um landið.

Ég ætla ekki að fara í neinn meting um það, hvaða staðir eru framleiðslustaðir og ekki framleiðslustaðir. En það ætla ég að segja, að margar hafnir, þar sem eru fáir íbúar, hafa skapað það mikla framleiðslu og mikinn gjaldeyri fyrir þjóðarbúið, að það er ekki hægt að láta þær bíða mörg ár enn eftir nauðsynlegustu framkvæmdum. Það verður að gera átak, sem þegar er farið af stað með þessari ákvörðun, fyrir fleiri staði í einu. Ef við ætlum að standa við þau orð okkar að efla byggðir landsins, getum við ekki alltaf boðið þeim upp á það, mörgum byggðarlögum úti um land, að bíða eftir framförum í mörg ár og framkvæmdum, þegar aðrir eru búnir að njóta þeirra. Það verður að vera meiri jöfnuður þarna á milli en oftast hefur verið. Ég skal viðurkenna, að það hafa verið gerð átök í þessum efnum bæði fyrr og síðar, mjög myndarleg. En það vantar mjög á, og ég hef orðið var við það víða úti um land, bæði fyrir vestan, norðan og austan, að það er ætlast til þess og það er reiknað með því, að ríkisstj. og Alþ. sinni í vaxandi mæli þörfum hafnanna og létt sé af þeim sveitarfélögum, sem nú eru að sligast undir þessari byrði, þannig að þau geti staðið að alhliða uppbyggingu í sínum sveitarfélögum og sinnt þeim málum, sem hin ríkari sveitarfélög hafa verið að gera. Þessi sveitarfélög, sem standa uppi með hafnarskuldirnar, hafa lítið sem ekkert getað gert á öðrum sviðum, og úr þessu verður að bæta.

Ég vænti þess, að hæstv. fjmrh. verði við þeirri ósk minni að svara þessum spurningum, og það mundi gleðja mig mikið, ef hann svaraði þeim jákvætt og væri jákvæðari í þeim svörum heldur en hann var s.l. miðvikudag, þegar þessi mál voru til umr. hér í hv. þd.

Guðlaugur Gíslason: Herra forseti. Ég hef leyft mér að flytja brtt. á þskj. 165 við brtt. hv. 5. þm. Austf., sem er að finna á þskj. 158. Sterkustu rök, sem ég gæti fært fyrir þessari brtt., væru þau að lesa upp kafla úr ræðu hæstv. fjmrh., sem hann flutti s.l. miðvikudag, þegar málið var hér til umr., en hann endurtók það þá í hinum tveimur ræðum sínum, að þetta lán frá Alþjóðabankanum væri fyrst og fremst samþykkt og veitt til þess, að það gæti komið Vestmanneyingum og bátaflota Vestmanneyinga að sem bestum notum. Nú liggur það fyrir, að ef ætti að fara eftir því einvörðungu, þá kæmi þetta fjármagn best að notum með því að veita það aðeins á þá tvo staði, sem nú í dag eru og í framtíðinni munu verða þeir staðir, sem bátafloti Vestmanneyinga og Vestmanneyingar hafi mest samskipti við, en það eru auðvitað höfnin í Vestmannaeyjum og svo aftur Þorlákshöfn, sem er endastöð á þeirri siglingaleið, sem Vestmanneyingar hafa tekið upp í vaxandi mæli á milli Eyja og meginlandsins. Einnig er Þorlákshöfn sá staður, sem Vestmannaeyjabátar leita til, ef þeir þurfa að landa afla utan Vestmannaeyja. Ég hygg, að það sé alger undantekning, ef Vestmannaeyjabátar hafa á undanförnum árum og munu á komandi árum landa afla í Grindavíkurhöfn, þannig að framlag til þeirrar hafnar er ekki í neinu samræmi við það, sem hæstv. fjmrh. sagði hér í hinum snjöllu ræðum sínum, að væri ósk lánveitenda. Það, sem ég hygg að sanni þetta þó kannske enn frekar, eru þær niðurstöður, sem sú n., sem hefur fjallað um þessi mál, hin stjórnskipaða nefnd, komst að, — þær niðurstöður, sem er að finna í hennar lokaorðum. Ég vil geta þess í því sambandi, að ég held, að það sé alveg rétt með farið, að n. var búin að hafa mjög ítarlegar viðræður við fulltrúa Alþjóðabankans, áður en hún skilaði nál., þannig að hún hefur a.m.k. talið sig nokkurn veginn vita, hvaða till. mundu verða í samræmi við óskir ráðamanna Alþjóðabankans. En á bls. 12 í ágripi úr lokaorðum segir þannig í upphafi, með leyfi hæstv. forseta:

„Í ábendingum hér að framan er bent á þrjá staði, þar sem nm. telja, að hafnarbætur kæmu

að mestu gagni fyrir bátaflota Vestmanneyinga á næstu árum. Staðirnir eru Þorlákshöfn, Grindavík og Vestmannaeyjahöfn."

Þetta eru þeir staðir, sem hin stjórnskipaða n., sem hafði með þessi mál að gera, leggur til í sínu nál. Þess vegna kemur það mjög undarlega fyrir, að hæstv. ráðh. og hæstv. fyrrv. samgrh. skuli hreinlega stilla Alþ. upp við vegg og segja: annaðhvort þetta eða ekki neitt, annaðhvort skuli lánin veitt til þeirra staða, sem tilgreindir eru í frv. fyrir lántökuheimildinni, eða þá lánið verður ekki veitt af Alþjóðabankanum. Mér er spurn: Hvaðan kemur sá hinn nýi staður, sem n. minnist ekki á í sínu nál.? Er það eftir ábendingu ráðamanna Alþjóðabankans eða einvörðungu ráðstöfun íslensku ríkisstj.? Ef það er einvörðungu ráðstöfun íslensku ríkisstj., þá hefur ríkisstj. sjáanlega heimild til þess að ráðstafa þessu láni á annan veg en hæstv. fjmrh. hefur hér staðhæft, að hún hefði. Og þó að svo væri, að þetta hefði verið viljayfirlýsing ráðamanna Alþjóðabankans á þeim tíma, er þeir voru hér, þá hafa aðstæður allar breyst það mikið síðan, að ég er sannfærður um, að ef þeim væri gert þetta ljóst og það væri ósk íslensku ríkisstj., að Vestmannaeyjahöfn kæmi þar einnig inn í sem aðili um lánveitingu, þá mundu þeir samþykkja það, því að mér er ómögulegt að skilja, að það geti verið rétt og samrýmst því, sem hv. fjmrh. sagði s. l. miðvikudag, að lánið ætti að veitast vegna náttúruhamfaranna í Vestmannaeyjum og til þess að það kæmi Vestmanneyingum að sem bestum notum, að stjórn Alþjóðabankans neitaði að samþykkja beiðni frá íslensku ríkisstj. um, að Vestmannaeyjahöfn kæmi einnig inn í dæmið og að þangað yrði einnig veitt fé til hafnargerðar og samgöngubóta.

Pálmi Jónsson: Herra forseti. Ég skal ekki lengja þessar umr. mikið frá því, sem þegar er orðið. Ég vil þó taka undir það, sem fram hefur komið, að hvort tveggja er, að meðferð þessa máls er með nokkuð sérlegum hætti, þegar við 2. umr. málsins hér í hv. d. er flutt brtt. um heimild til að taka hvorki meira né minna en 7 millj. dollara lán, en það er slíkt stórmál, að ástæða hefði verið til, að það hefði komið fram þegar við 1. umr. þessa máls eða þá að flutt hefði verið um það sérstakt frv. Hitt er svo annar þáttur þessa máls, að nokkuð sýnist sitt hverjum um það, hvernig meiningin er að verja þessu fé. Enginn hefur mælt gegn því, að lán þetta væri tekið. En svo er nú komið með aðstæður í Vestmannaeyjum og við suðurströndina, að nokkur efi er í hug manna, hvort ekki hefði verið ástæða til að verja þessu fé til fleiri hafna en frv. gerir ráð fyrir.

Þegar ósköpin dundu yfir í Vestmannaeyjum á s. l. vetri, var það einhuga þjóð, sem studdi það dyggilega og af fullum drengskap, að þar skyldi brugðist skjótt við og hafin í fyrsta lagi björgun og síðar uppbygging með myndarlegum hætti, svo að þessi þýðingarmikla byggð mætti rísa að nýju. Sem betur fór hefur svo til tekist, að tjón varð minna en ýmsir óttuðust að yrði, og þarf ekki að lýsa því. Það, sem mestu skiptir þó, er það, að það er álit manna, að höfnin, lífæð byggðarlagsins, hafi staðið af sér þessi áföll, svo að hún sé nú jafnvel betri en nokkru sinni fyrr. Það gefur aftur tilefni til þess, að hér á hv. Alþ. sé vakin athygli á því, eins og gert hefur verið í þessum umr., að ástæða kynni að vera að verja þessu fé á annan veg en fyrirhugað er að gera og láta það fjármagn, sem hér um ræðir, renna víðar um landsbyggðina en frv. gerir ráð fyrir. Verði það ekki, þá hlýtur það að leiða til þess, að bæði Alþ. og fólkið víðs vegar um landsbyggðina gerir þær kröfur á hendur núv. ríkisstj., að auknu fé verði varið til hafnarframkvæmda og til þess að létta byrði hafnarsjóða víða og breitt annars staðar um landið en nú virðist gert ráð fyrir.

Í sambandi við þær horfur, sem nú eru við suðurströndina, vil ég aðeins bæta við það, sem sem ég sagði um hafnaraðstöðu í Vestmannaeyjum nú. Í Þjóðviljanum í gær er sagt, að búist sé við því, að allir Eyjabátar muni gera út frá Vestmannaeyjum á komandi vertíð, og að aðalvandinn þar sé fólginn í því, að ekki sé vissa fyrir, að nægilegt fólk fáist þar til starfa, en aðstaða til að taka á móti vertíðarfólki sé jafngóð og fyrr. Það eru því breyttar aðstæður fyrir hendi, miðað við það sem var, þegar það kom á dagskrá að taka þetta lán. Og þær breyttu aðstæður eru fagnaðarefni fyrir þjóðina alla. Þær gefa hins vegar tilefni til þess, að þær umr., sem hér hafa farið fram um þetta efni, hafa snúist nokkuð á þann veg að krefjast þess, að fari svo sem ætlað sýnist vera, að þessu fjármagni verði varið í því skyni, eins og sagt er, að bæta aðstöðu Vestmannaeyjabáta við suðurströndina, þá verði sterklegar unnið en nú sýnist fyrirhugað að bæta einnig aðstöðu þeirra hafna, sem hvarvetna annars staðar á landinu búa við mjög léleg skilyrði.

Ég þarf ekki að ítreka það hér, ég hef minnt á það fyrr hér á hv. Alþ., hversu fjárveitingar hafi verið af skornum skammti til hafna í mínu kjördæmi. Ég ætla ekki að fara í skæklatog um þetta mál, en á það má benda, að bæði þar og ég hygg annars staðar séu aðstæður þannig, að naumast sé legurúm fyrir heimabáta. Það er til, að nýir skuttogarar standi á botni, nema þegar háflóð er, og bæði bátar og mannvirki eru í stórhættu af völdum veðra, ef eitthvað ber út af. Þess vegna vil ég taka undir með hv. 2. þm. Vestf., að við hljótum að krefjast þess, að jafnframt þeim miklu fjármagnsflutningum, sem hér eru fyrirhugaðir í sambandi við þessar miklu framkvæmdir við suðurströndina, verði til mótvægis auknu fjármagni varið til hafnarmannvirkja við Norður-, Vestur- og Austurland. Þetta vildi ég láta koma hér fram, og hæstv. ríkisstj. má vita það, að Norðlendingar, Vestfirðingar og aðrir landsmenn, sem fjær búa þessum stöðum, taka eftir þessu máli. Það þrýstir og enn á um það, að unnið sé að því að fullgera nýja hafnaáætlun, þar sem fólkinu í landinu og Alþ. sé gerð grein fyrir því, hvað ríkisstj. hyggst fyrir í þessum málum.

Fjmrh. (Halldór E. Sigurðsson): Herra forseti. Ég ætla ekki að fara út í ræðuhöld að þessu sinni, heldur aðeins að svara spurningum, sem beint var til mín, og ekki gefa ástæðu til neinna pólitískra umr.

Hv. 5. þm. Norðurl. e. spurði um skiptingu fjárins, og hún mun í aðalatriðum vera á árinu 1974 þannig, að Þorlákshöfn er með 225 millj. kr., en Þorlákshöfn er landshöfn, svo að þar er að öllu leyti fjármagnað, í Grindavík er gert ráð fyrir að verði tæpar 200 millj., en þar af eru um 146 af lánsupphæðinni, og Höfn í Hornafirði 24 millj. Þetta eru tæpar 400 millj. kr. Hins vegar er gert ráð fyrir því, að heildarskiptingin verði þannig, að Þorlákshöfn fái um 400 millj. af láninu, Grindavík 176 og Höfn í Hornafirði 24.

Út af því, sem hv. 2. þm. Vestf. spurði um í sambandi við Sigölduvirkjun og þetta lán, þá vil ég segja það við hv. 2. þm. Vestf., að mér er algerlega ókunnugt um samband þar á milli. Ég hef aldrei um það heyrt eða við mig verið rætt um það, enda hef ég að sjálfsögðu ekki haft nema takmarkað um þetta að segja. En ég hef aldrei heyrt, að það hafi verið gert að skilyrði fyrir því, að þetta lán yrði veitt, að það yrði þá lækkað lánið til Sigölduvirkjunar. Ég hef litið svo á, að ástæðan til þess, að ekki væri meira tekið á næsta ári, sé sú, að það sé ekki búið að taka að fullu það lán, sem á að taka vegna framkvæmdarinnar.

Í öðru lagi spurði hann um hækkun á framlögum til hafna, almennra hafna. Það hefur komið fram oftar en einu sinni hjá mér, bæði við 1. umr. fjárl. og eins hér um daginn, að ég gerði ráð fyrir hækkun á fjárframlögum til hafna frá því, sem gert er ráð fyrir í fjálagafrv. Fjvn. vinnur nú að því máli og það mun að sjálfsögðu nokkuð skila sér, hvernig henni tekst að skipta á milli hafnanna fjárveitingunum, en ég tel, að þar muni verða um verulega hækkun að ræða.

Í þriðja lagi út af greiðslubyrðinni og gömlu lánunum, þá verð ég að segja það og lít svo á, að þar eigi ég ekki sök á. Það hefur aldrei legið fyrir fjmrn. grg. um þetta, áætlanir um þarfir þessara hafna. Hæstv. samgrh. hefur skipað n. til að vinna að því, og ég geri ráð fyrir, að á einhvern hátt verði þessu máli mætt við afgreiðslu fjárl. nú, þau fari ekki út úr þinginu án þess, að það verði hægt að sinna því að einhverju leyti. Hvort það verður fullnægjandi, kann ég ekki skil á, enda geri ég ráð fyrir því, að þessu verði dreift á nokkur ár, því að að sjálfsögðu koma lánin til borgunar á nokkrum tíma.

Þetta vona ég, að nægi til svars við þeim fsp., sem ég var beint spurður um.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Sameinað þing, 28. fundur.

Mánudaginn 3. des., kl. 2.05 miðdegis.

Minnst látins fyrrv. alþingismanns.

Forseti (Eysteinn Jónsson): Halldór Ásgrímsson fyrrv. kaupfélagsstjóri og alþm. andaðist s. l. laugardag, 1. des., 77 ára að aldri.

Halldór Ásgrímsson var fæddur 17. apríl 1896 að Brekku í Hróarstungu í Norður-Múlasýslu. Foreldrar hans voru Ásgrímur bóndi þar, síðar bóndi á Grund í Borgarfirði eystra, Guðmundsson bónda í Snotrunesi í Borgarfirði Ásgrímssonar og kona hans, Katrín Helga Björnsdóttir bónda í Húsey í Hróarstungu Hallasonar.

Halldór Ásgrímsson stundaði nám í Unglingaskóla Borgarfjarðar veturinn 1910—1911, hóf nám í Gagnfræðaskólanum á Akureyri 1914 og lauk gagnfræðaprófi 1916. Hann var kennari við barna- og unglingaskólann á Borgarfirði 1916—1919 og veitti unglingaskólanum forstöðu 1919—1920. Veturinn 1920—1921 var hann í Reykjavík við nám í Samvinnuskólanum. Hann gerðist starfsmaður Kaupfélags Borgarfjarðar á árinu 1920, var kaupfélagsstjóri þess félags 1922—1940 og rak jafnframt bóksölu á Borgarfirði 1922—1940 og búskap á föðurleifð sinni Grund 1923—1932. Kaupfélagsstjóri á Vopnafirði var hann 1940—1959 og veitti jafnframt Kaupfélagi Borgarfjarðar forstöðu 1940—1942. Árið 1960 var hann skipaður útibússtjóri Búnaðarbanka Íslands á Egilsstöðum við stofnun útibúsins, sem hann byggði upp með miklum myndarskap. Hann lét af því starfi sjötugur á árinu 1966.

Halldór Ásgrímsson var kjörinn til ýmissa trúnaðarstarfa í héraði sínu. Hann var sýslunefndarmaður í Norður-Múlasýslu 1923—1940 og 1942—1959, átti sæti í hreppsnefnd Borgarfjarðarhrepps 1928—1940 og í hreppsnefnd Vopnafjarðarhrepps 1942—1946, í sóknarnefnd á Borgarfirði 1922—1940 og var formaður skólanefndar Vopnafjarðar 1950—1959. Halldór Ásgrímsson átti sæti á Alþ. 1946—1967, var þm. Norðmýlinga og síðar þm. Austurlandskjördæmis, sat á 23 þingum alls.

Halldór Ásgrímsson var Norðmýlingur að ætt og uppruna. Hann ólst upp við sveitastörf, aflaði sér menntunar á unglingsárum og átti rúmlega tvítugur mikinn þátt í stofnun samvinnuverslunar í heimabyggð sinni. Þar var hann bráðlega kjörinn til forustu og framkvæmdastjórnar, og næstu fjóra áratugi veitti hann kaupfélögum forstöðu. Hann var áhugasamur, hagsýnn og eljusamur kaupfélagsstjóri, örvaði til framkvæmda í sveitunum, stuðlaði að hafnarbótum og byggingu verksmiðja til fiskvinnslu og bætti með því hag bæði félaga og félagsmanna í sveitum og við sjóinn. Að störfum á Alþ. gekk hann með alúð og elju, eyddi ekki tíma í ræðuhöld um þarfir fram, en vann af röggsemi að afgreiðslu mála. Varaforseti í neðri deild var hann á 9 þingum. Halldór Ásgrímsson átti alla tíð sæti í fjvn., að undanskildu fyrsta þinginu, aukaþinginu 1946. Hann varð fljótlega gjörkunnugur fjármálum ríkisins og verklegum framkvæmdum á vegum þess um landið allt. Hann var löngum áhrifamaður í fjvn., fastur fyrir, ef honum þótti ekki stefnt í rétta átt, og naut trausts samstarfsmanna sinna fyrir hagsýni og glöggskyggni.

Halldór Ásgrímsson var mikilhæfur og áhrifamikill þm. Að loknu farsælu starfi átti Halldór heimili hér í Reykjavík síðustu æviárin.

Ég vil biðja hv. alþm. að minnast Halldórs Ásgrímssonar með því að rísa úr sætum. — [Þingmenn risu úr sætum.]

Neðri deild, 34. fundur.

Þriðjudaginn 4. des., kl. 2 miðdegis.

Lántökuheimild vegna framkvæmda- og fjáröflunaráætlunar 1973, frv. (þskj. 129, n. 159, 158, 165). — Frh. 2. umr.

ATKVGR.

1. gr. samþ. með 28 shlj. atkv.
2. gr. samþ. með 30 shlj. atkv.
Brtt. 165 felld með 25:5 atkv.
— 158 (ný gr., verður 3. gr.) samþ. með 28 shlj. atkv.
3. gr. (verður 4. gr.) samþ. með 30 shlj. atkv.
Brtt. 158. 2 samþ. með 29 shlj. atkv. Fyrirsögn, svo breytt, samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 31 shlj. atkv.

Neðri deild, 35. fundur.

Þriðjudaginn 4. des., að loknum 34. fundi.

Lántökuheimild vegna framkvæmda- og fjáröflunaráætlunar 1973 og hafnarframkvæmda, frv. (þskj. 179). — 3. umr.

Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði samþ. með 33 shlj. atkv.

Forseti (Gils Guðmundsson): Ég vil aðeins geta þess, að vegna funda í Sþ. verður því aðeins hægt að ljúka þessu máli, að það komi í ljós, að hv. þm. séu að mestu leyti búnir að ljúka því, sem þeir hafa um málið að segja, en ella verður afgreiðslunni að sjálfsögðu frestað, þar sem þetta er fyrst og fremst fundardagur sameinaðs Alþingis.

Guðlaugur Gíslason: Herra forseti. Ég ætla síður en svo að taka upp nokkurt málþóf í sambandi við 3. umr. þessa máls. Ég vildi aðeins gera lokatilraun til þess að reyna að fá efni frv. að því er varðar 7 millj. kr. lántökuna í samræmi við það, sem hæstv. fjmrh. lýsti hér í sínum snjöllu ræðum, þegar málið var til 2. umr. s.l. miðvikudag. Ég er með brtt., sem er í samræmi við þá lýsingu, sem hæstv. fjmrh. gaf með lántökunni, en það var, eins og hann sagði, að lántakan væri fengin til þess að bæta aðstöðu Vestmanneyinga og Vestmannaeyjaflotans í þeim höfnum, sem hann kynni að þurfa að hafa not af á næstu vertíð. Vitað er og liggur alveg augljóslega fyrir, að floti Vestmanneyinga muni hvorki landa í Grindavík né Þorlákshöfn umfram það, sem hann kann að hafa gert á undanförnum árum, meðan höfnin í Eyjum var í fullkomlegu lagi. Hins vegar gæti farið svo, ef ekki verður löndunaraðstaða í Eyjum að fullu, að þá þyrfti bátaflotinn að leita til Þorlákshafnar og Eyrarbakka og Stokkseyrar, eins og hann gerði á s.l. vertíð og hefur gert áður. Till. mín er skrifl. og hljóðar þannig, með leyfi forseta:

„3. gr. orðist svo:
Ríkisstj. er einnig heimilt að taka 7 millj. dollara lán hjá Alþjóðabankanum til hafnarframkvæmda í Vestmannaeyjum, Þorlákshöfn, Eyrarbakka og Stokkseyri og til samgöngubóta við Vestmannaeyjar."
Fyrirsögn till. breytist í samræmi við þetta.
Þar sem till. er skrifleg og of seint fram komin, leyfi ég mér að fara fram á, að hæstv. forseti leiti afbrigða fyrir henni.

ATKVGR.

Afbrigði um skrifl. brtt. (sjá þskj. 180) samþ. með 33 shlj. atkv.
Brtt. 180 felld með 23:3 atkv.
Frv. samþ. með 30 shlj. atkv. og afgr til Ed.

Sameinað þing, 29. fundur.

Þriðjudaginn 4. des., að loknum fundi í neðri deild.

Umræður utan dagskrár.

Forseti (Eysteinn Jónsson): Hv. 4. þm. Austf. hefur kvatt sér hljóðs utan dagskrár, en ég vil biðja um samvinnu hans og annarra um það að halda sig við fyrirspurnaþingsköp, því að það hníga engin rök til þess, eins og ég vænti, að allir sjái, að umr. utan dagskrár hafi algeran forgang og alger forréttindi fyrir því efni, sem þm. hafa undirbúið og beðið eftir afgreiðslu á langtímum saman.

Sverrir Hermannsson: Herra forseti. Í dagblöðum s.l. laugardag birtist eftirfarandi frétt frá Húsnæðismálastofnun ríkisins:

„Á fundi húsnæðismálastjórnar föstudaginn 30. nóv. var tekin ákvörðun um lánveitingar Húsnæðismálastofnunar ríkisins á næstu vikum og mánuðum, er nema munu um 420 millj. kr. Er hér um byggingarlán að ræða, er koma munu til greiðslu í þremur áföngum frá 15. des. n.k. til og með 10. febr. n.k. Afgreiðslan á byggingarlánaumsóknum í ofangreindum lánveitingum verður með neðangreindum hætti:

1. Allar umsóknir, sem bárust stofnuninni fyrir 1. febr. 1973, höfðu verið úrskurðaðar fullgildar og lánshæfar hinn 15. nóv. s.l. og fokheldisvottorð höfðu borist út á," eins og þar segir, „fyrir þann tíma, verða í lánveitingu, er kemur til greiðslu eftir 15. des. n.k.

2. Framhaldslánsumsóknir þeirra umsækjenda, er fengu frumlán sín borguð út eftir 7. maí s.l., verða í lánveitingu, er kemur til greiðslu eftir 10. jan. 1974.

3. Allar þær umsóknir um byggingarlán, sem bárust stofnuninni eftir 1. febr. 1973, höfðu verið úrskurðaðar fullgildar og lánshæfar hinn 15. nóv. s.l. og fokheldisvottorð höfðu borist út á fyrir þann tíma, verða með í lánveitingu, er kemur til greiðslu eftir 10. febr. 1974."

Svo mörg eru þau orð og trúlega hefur mörgum húsbyggjanda brugðið illilega í brún við frétt þessa, þeim mun illilegar, sem þeir höfðu fullkomna ástæðu til að halda, að úrlausn lánamála

þeirra yrði með allt öðrum hætti en raun er hér á orðin.

Ef litið er á hinar þrjár upptalningar í fréttatilkynningu húsnæðismálastjórnar, má segja um 1. liðinn, að engum komi hann á óvart, að þeir, sem höfðu sótt um lán fyrir 1. febr. s. l., fengju úrlausn eftir 15. des. n. k.

Um 2. liðinn, þar sem tilkynnt er, að þeir umsækjendur, sem fengu frumlán sín eftir 7. maí s. l., fái framhaldslánveitingu eftir 9. jan. 1974, er það að segja, að hæstv. félmrh. sagði í svari sínu við fsp. minni um þessi mál hinn 6. nóv. s. l., að það væri sterk von sín, að þau lán mundu geta orðið afgreidd um eða a. m. k. ekki síðar en rétt í upphafi næsta árs. Það má segja, að hæstv. ráðh. hafi tekið þar rétt mátulega í árinni. En hitt má öllum ljóst vera, sem þekkja lánareglur viðskiptabanka og annarra sjóða, hversu gífurlegt óhagræði öllum viðkomandi er að því að geta ekki staðið við skuldbindingar sínar fyrir áramót.

Þá er komið að 3. lið fréttatilkynningarinnar, en þar kastar fyrst tólfunum. Þar segir, að allar umsóknir, sem bárust eftir 1. febr. s. l. og urðu fullgildar fyrir 1. nóv. s. l., skuli fá afgreiðslu eftir 10. febr. n. k. Um þennan þátt málsins sagði hæstv. félmrh. á hinu háa Alþ. hinn 6. nóv. s. l. svo orðrétt:

„Og það er þegar ljóst, af þeim aðgerðum, sem hafa verið gerðar í málefnum Byggingarsjóðs, að unnt er að veita þessi lán fyrir áramót."

Frá því að hæstv. ráðh. gefur þessa ótvíræðu yfirlýsingu hér á hinu háa Alþ. líður tæpur mánuður, þangað til hæstv. ríkisstj. tekur ákvörðun um allt annað. Þessi nýja ákvörðun mun bitna á samtals 371 umsækjanda með ófyrirsjáanlegum afleiðingum, seinkun húsbygginga og stórauknum kostnaði. Mér dettur ekki annað í hug en hæstv. félmrh. hafi sjálfur haft hug á að standa við yfirlýsingar sínar. Hann hefur áreiðanlega í þessu efni verið ofurliði borinn af fjármálavaldinu.

Að sjálfsögðu ber hæstv. ríkisstj. öll ábyrgðina. En Alþ. á kröfu á að fá skýringar og upplýsingar um, af hvaða toga þessi fádæmi eru spunnin. Í allri óráðsíunni var ekki hægt að sjá af eins og 120—130 millj. kr. til þess að leysa stórkostlegan vanda nær 400 húsbyggjenda í landinu. Ég spyr: Eru ekki einhver ráð, sem grípa má til þegar í stað, svo að rétta megi hlut þessa fólks? Ég skora á hæstv. ríkisstj. að finna þessi ráð, annað er óhæfa.

Félmrh. (Björn Jónsson): Herra forseti. Ég skal ekki misnota tímann eða tefja hann lengur en brýn þörf er á.

Svar mitt við þeirri fsp., sem beint var til mín um húsnæðismálin og ég svaraði 6. nóv., virðist hafa valdið nokkrum misskilningi, að ekki sé fastar að orði kveðið, því að þar sagði ég, og virðist mér ekki af veita, þótt svarið, eins og það var raunverulega, hafi verið birt tvisvar sinnum í Morgunblaðinu, að það verði lesið einu sinni enn þá, til þess að menn sjái, hvað hér er um að ræða. Ég sagði:

„Hinn 19. okt. s. l. voru 127 þessara íbúða (þ. e. a. s. þær, sem fokheldar eru fyrir 15. nóv.) orðnar fokheldar, og má gera ráð fyrir eða leiða líkur að því, að þær geti orðið um 300 a. m. k. Þó er þetta nokkurri óvissu háð, þær geta eins orðið eitthvað fleiri. Og það er þegar ljóst af þeim aðgerðum, sem hafa verið gerðar í fjármálum Byggingarsjóðs, að unnt er að veita þessi lán fyrir áramót."

Þetta sagði ég. Og ég hygg, að það þurfi ekki mikinn skilning og ekki ýkjamikinn velvilja til þess að sjá það, ef menn lesa þetta svar mitt, að ég á auðvitað við þessar 300 íbúðir eða rúmlega það, sem ég tala þar um, en ekki við eitthvað, sem ófyrirséð kæmi. Það held ég, að öllum hljóti að vera ljóst. Nú er það svo, að í reglum og lögum eru ákvæði um það, að þeir, sem sækja eftir 1. febr. á hverju ári, geti ekki vænst neinnar meðferðar og neinna lánsloforða á því ári. Það segir t. d. í 6. gr. reglugerðar frá 1970, sem hefur þá væntanlega ekki verið sett af þeirri ríkisstj., sem nú situr:

„Þeir aðilar, sem óska eftir láni samkv. a-lið 2. gr. reglugerðar þessarar, skulu sækja um það á þar til gerðu eyðublaði, er húsnæðismálastjórn lætur í té. Umsókn skal berast húsnæðismálastjórn fyrir 1. febr. það ár, sem lánsloforðs er óskað. Umsóknir, sem síðar berast, verða ekki teknar til greina á því ári."

Þessa reglu hefur húsnæðismálastjórn auglýst ævinlega fyrir hver áramót, þ. á m. fyrir áramótin 1972, og þeir, sem sóttu síðar, hafa því vitað það allan tímann, að það var undir því komið, hversu fjármálakerfi húsnæðisbyggingasjóðs væri háttað, hvort hægt væri að veita þessi lán. Það hefur að vísu oft verið gert, þegar þannig hefur árað, en þegar svo hefur ekki verið, þá hefur það verið látið ógert, og gæti ég nefnt dæmi um það og þau af miklu verri enda en það, sem hér er nefnt. Sem aðeins eitt lítið dæmi nefni ég það, að 10. júlí 1968 fór fram veiting frumlána út á íbúðir, sem voru þá orðnar fokheldar fyrir löngu. Svo bágborinn var þá hagur Byggingarsjóðs, að ekki var unnt að láta þessi lán koma til greiðslu fyrr en eftir 1. apríl 1969, þ. e. a. s. 10 mánaða bið, frá því að lánsloforðin voru gefin út. En þeir, sem hér um ræðir og hv. þm. ber fyrir brjósti, og ég er ekki að misvirða það við hann út af fyrir sig, þeir fá biðtíma upp á rúman mánuð fram yfir það, sem ítrast var hægt að gera ráð fyrir, að þeir fengju.

Um þetta mál er það annars að segja, að ég taldi það auðvitað skyldu mína, þegar ég var aðspurður á Alþ., að gefa þær upplýsingar, sem ég bestar vissi, og ég aflaði mér þeirra heimilda um það, sem ég gat, og ég veit, að þær voru gefnar af fullri samviskusemi, því að starfsmenn húsnæðismálastjórnar eru ágætir starfsmenn og gefa áreiðanlega ekki rangar upplýsingar. Ég hef hér fyrir framan mig skýrslu stofnunarinnar frá 1. nóv., þ. e. a. s. 5 dögum áður en fsp. kom til umr., þar sem gert er ráð fyrir, að frumlánin öll, bæði þeirra, sem sóttu fyrir og eftir 1. febr., væru upp á 140 millj. Ég vann að því að útvega fjármagn, til þess að það væri unnt að svara þessari upphæð, og það er einmitt sú upphæð, sem kemur til útborgunar nú fyrir nýár í samræmi við þær upplýsingar, sem ég áður taldi. Hitt er annað mál, að þegar á síðustu stundu og á örfáum dög-

um kemur fram, að þessar íbúðir eru hvorki 300 né 350, heldur rétt 700, þá skapast vandi, sem ekki er auðleystur. Og sannleikurinn er sá, að það var ekki auðvelt að fá þessu þannig fyrir komið, að menn gætu þó fengið alveg lánsloforðin í hendur, allir, sem hér áttu hlut að, og vitað nákvæmlega, hvar þeir stæðu. En þeir höfðu enga ástæðu, hvorki fyrr né síðar, til þess að vonast eftir íbúðalánum á þessu ári. Hitt er annað, að mér þykir mjög miður, að ekki skyldi vera unnt að útvega nægilegt fjármagn til þess, að allir, sem höfðu gert fokhelt fyrir 15. nóv., fengju lán. Ég gerði tilraun til þess og bar niður, þar sem hugmyndaflug mitt bauð mér að gera, og fékk þá fyrirgreiðslu, sem nægði til þess að gera hreint borð að því leyti, að allir, sem hér áttu hlut að máli, vita nákvæmlega, hvar þeir standa. Ég vil ekki trúa á viðskiptabankana eða aðra lánardrottna þessara manna, sem hér eiga hlut að, öðru en þeir taki ekki þennan eins mánaðar frest á sig. Ég vil ekki trúa því, að viðskiptabankakerfið og lánakerfið í landinu sé orðið svo þröngt.

Um það, að ég hafi kannske gjarnan viljað gera hér betur en raun hefur á orðið, en ég hafi verið ofurliði borinn af öðrum, þá er það alger misskilningur. Þessi háttur er algerlega á mína ábyrgð og einskis annars, og þar sem ég hef leitað til annarra, þá hefur því verið mætt af skilningi og kerfinu verið veitt sú fyrirgreiðsla, sem ég gat frekast búist við.

Sverrir Hermannsson: Herra forseti. Ég þakka hæstv. félmrh. svör hans, þótt afar mögur væru. Hann var ákaflega leiður, að svona skyldi hafa tekist til, en í svari hans og orðum lá ekkert vilyrði fyrir því, að reynt yrði til hins ítrasta að ráða bót á þessu ófremdarástandi. Hann ræddi um, að ummæli sín hefðu verið misskilin í svari við fsp. frá mér um þessi mál, hvernig Húsnæðismálastofnunin mundi anna lánsfjárþörf húsbyggjenda fram til áramóta. Menn hefðu misskilið svar sitt. Svar hans misskildist ekki að neinu leyti. Hins vegar fer hann þar með allt aðrar tölur um fjölda umsækjenda og lánshæfra íbúða heldur en raun hefur á orðið, og það verð ég að segja, að tæplega hefur hann afsökun í því efni, því að t. d. í álitsgerð, sem Hannes Pálsson, reyndasti maður í húsnæðismálastjórn, sendi frá sér, þá hygg ég, að hann hafi gert ráð fyrir, að lánshæfar íbúðir yrðu yfir 800, og ég man ekki betur en að í grein, sem einn stjórnarmanna, Gunnar Helgason, ritaði, hafi verið gert ráð fyrir allt að 600. Og það hefði verið betur, að í þessu efni hefði hæstv. ríkisstj. skipað talninganefnd, eins og hún er búin að gera eftir upplýsingum, sem fram komu hér á Alþingi í gær, varðandi þá, sem skortir til starfa í verstöðvum suðvestanlands, og virtist vera eina úrræðið í því mikilvæga máli, sem ríkisstj. hafði á prjónunum. Þetta misskildist ekki neitt. Það var fullyrt þar, að vísu miðað við þessa tölu, að þær aðgerðir hefðu verið hafðar í frammi, að Byggingarsjóður mundi geta veitt lán til þessara aðila.

Ég vil aðeins varpa því fram, vegna þess að ég hef heyrt það á skotspónum, að svo hafi verið ráð fyrir gert, að ríkissjóður greiddi 1 millj. kr. skuld við Atvinnuleysistryggingasjóð, sem hann átti að greiða fyrir árið 1972, en greiddi ekki, og að Avinnuleysistryggingasjóður hefði fallist á fyrir sitt leyti, að þetta rynni til Byggingarsjóðs til útlána. Ég vil nú inna eftir því, hvort ekki sé von til þess, að þessar 100 millj. kr. verði greiddar eins og lög gera ráð fyrir, og að því er ég best veit, hefur því verið vel tekið af stjórn Atvinnuleysistryggingasjóðs, að þetta fjármagn rynni til útlána hjá Byggingarsjóði. Þetta mundi bæta verulega úr, og e. t. v., af því að ekki eru öll lán hafin af þeim, sem lofað er, mundi þetta nægja svo til alveg til þess að bæta úr því neyðarástandi, sem ég fullyrði að ríki hjá mörgum húsbyggjandanum, því að það liggur alveg ljóst fyrir, að allur fjöldi þeirra hefur fengið fyrirgreiðslu hjá lánastofnunum með það loforð eða með þá einlægu von í huga að geta staðið í skilum fyrir áramót. Og vissulega, þrátt fyrir það, sem má lesa úr reglum um Húsnæðismálastofnunina, þá gátu umsækjendurnir gert sér fyllstu vonir um það, að við umsóknum þeirra yrði orðið. Það hafði þannig til tekist á s. l. ári, þannig hafði verið undir allt málið tekið og þannig hafði hæstv. ráðh. bæði á ráðstefnu á Dalvík og eins hér í þingi talað, að umsækjendur mættu gera sér fyllstu vonir um það, að þetta mundi takast. Á þessu hefur verið byggt, og ég er sannfærður um, að þetta muni hafa hinar verstu afleiðingar upp á framtíðina. Að sjálfsögðu liggur það ljóst fyrir, að lánastofnanir fá ekki greitt, en það verður til þess, að miklu meiri tregðu gætir í þessu á næsta ári og á næstu árum.

Þar sem ræðutíma mínum er nú lokið, þá lýk ég máli mínu, en ég endurtek þá einlægu von mína, að þegar í stað verði gripið til einhverra ráða til þess að ráða bót á þessu gífurlega mikla vandamáli.

Forseti (Eysteinn Jónsson): Ég vil biðja hv. þm. að skilja það með mér, að það eru engin rök fyrir því, að almennar umræður um húsnæðismálalán geti gengið fyrir þeim 44 málum, sem eru á dagskránni eftir venjulegri þingreglu. Ég mun gefa hæstv. félmrh. orðið til þess að gera stutta athugasemd, en þar með er þessum umr. lokið.

Félmrh. (Björn Jónsson): Já herra forseti. Hv. 4. þm. Austf. vill endilega misskilja mig, og við því er ekkert að segja. Það er sjálfsagt að hann fái að halda þeim misskilningi. En það þykja mér mikil undur, ef á tímanum frá því að svör mín voru gefin hér 6. nóv. og fram til 15. nóv. hafi menn farið í bankana og skuldbundið sig um greiðslu út á þau loforð, sem hann vill halda fram, að ég hafi gefið hér 6. nóv.

Ég þekki nóg til bankamála á Íslandi til að vita, að peningarnir og þær skuldbindingar, sem menn hafa gert í sambandi við fjármál, þau loforð hafa þeir gefið fyrir 6. nóv., þeir sem voru með fokheldar íbúðir 15. nóv. Það held ég, að allir hljóti að sjá.

Varðandi það, sem hann sagði um, að Atvinnuleysistryggingasjóður kynni að kaupa veðskuldabréf Byggingarsjóðs, þá er það rétt, að ég bar

fram till. í stjórn Atvinnuleysistryggingasjóðs um þetta og upp í þetta gengi upphæð, sem ríkissjóður hefur enn ekki innt af hendi greiðslu á. Það var samþykkt þar og þó ekki með neinum fögnuði, og sumum af flokksbræðrum hans þykir vera alveg nógu miklar framkvæmdir í landinu. Það er sjálfsagt gott að geta brugðið fyrir sig mörgum gervum og mörgum andlitum. En þetta var sem sagt samþykkt þar, og ég hef rætt þetta við fjmrh., og því hefur verið tekið af skilningi. Ég á von á, að af þessum verðbréfakaupum verði eftir áramótin, og ég hef góðar vonir um það, — og ég legg áherslu á vonir, því að endanleg svör hef ég ekki fengið um það.

Viðurkenning á herforingjastjórninni í Chile, fsp. (þskj. 130). — Ein umr.

Fyrirspyrjandi (Svava Jakobsdóttir): Herra forseti. Það hefur vakið eftirtekt og nokkra undrun, að ekkert hefur heyrst frá utanrrn. Íslands um afstöðu þess til herforingjastjórnarinnar í Chile, og þess vegna hef ég leyft mér að bera upp fyrirspurn til hæstv. utanrrh., sem prentuð er á þskj. 130 og hljóðar svo:

„Hefur íslenska ríkisstj. viðurkennt herforingjastjórnina í Chile?"

Þessi spurning brennur enn heitar á vörum manna nú en þegar ég lagði fsp. fram, þar sem fulltrúi andspyrnuhreyfingarinnar í Chile er einmitt staddur hér á Íslandi um þessar mundir til þess að leita samstöðu og vinna baráttu sinni fylgi. Mér og fleirum hefur þótt eðlilegt, að Ísland sliti stjórnmálasambandinu við Chile af ástæðum, sem verða vonandi augljósar af máli mínu hér á eftir.

Mönnum er enn í fersku minni valdarán hersins í Chile þann 11. sept. s. l., er réttkjörinni ríkisstj. landsins var steypt og forseti landsins myrtur. Hér var um að ræða lokaþáttinn í margslungnu og óhugnanlegu samsæri alþjóðlegra auðhringa, bandarískra stjórnvalda og bandarískrar leyniþjónustu. Það komst upp um samsæri þetta af skjölum og bréfaskriftum, sem hafa verið birt og gefin út. Þessi bréfaskipti hafa ekki verið vefengd af þeim aðilum, sem þar koma við sögu. Skjölin hafa m. a. verið gefin út ljósrituð af breska útgáfufélaginu „Spokesman" árið 1972 og ætti hver sá, sem vill mynda sér skoðun um atburðarásina í Chile að kynna sér þessi gögn.

Stjórn Allendes hafði m. a. sett sér það markmið að tryggja yfirráð Chilebúa sjálfra yfir náttúruauðlindum sínum, en þar ber hæst koparnámurnar. Koparútflutningurinn veitir nær 80% af gjaldeyristekjum þjóðarinnar, og eru hæg heimatökin fyrir okkur Íslendinga að bera það saman við verðmæti fiskútflutnings okkar. En Chilebúar sjálfir áttu ekki nema 10% af koparnámunum árið 1970, árið sem Allende komst til valda. Afgangurinn, 90%, var í eigu amerískra auðfélaga, sem hafa flutt úr landi nettóhagnað, sem nemur þúsundum milljóna dala á undanförnum áratugum. Þjóðarauðurinn, sem hélst í landinu sjálfu, var að meginhluta til í höndum 400 þús. Chilebúa, sem er minna en 5% af þjóðinni. Stjórn Allendes vann að jöfnun lífskjara í landinu og þjóðnýtingu auðlinda þess. Hann bauð erlendu auðhringunum bætur. En það er hollt fyrir okkur Íslendinga að minnast þess, að kröfur hans í þeim efnum voru langt frá því að vera jafndjarfar og kröfur Íslendingsins Jóns Sigurðssonar á sínum tíma á hendur Danaveldi.

Hér er ekki tími til að rekja refsiaðgerðir auðhringanna eða aðferðir þær, er amerískt auðvald notaði til að koma stjórn Allendes á kné. Ég ætla frekar að víkja nokkuð að atburðarásinni, eftir að herforingjastjórnin tók völdin. Hafinn er undirbúningur að því að afhenda koparauðhringunum aftur ítök í koparnámunum, enda hefur koparinn stórhækkað aftur í verði, en auðhringarnir ráða nær einir koparmarkaðinum. Lán þau, sem alþjóðlega lánastofnunin neitaði stjórn Allendes um, standa nú herforingjastjórninni til boða, en samtímis hefur herforingjastjórnin numið úr gildi þá tilskipun Allendes, er bauð, að öllum börnum í fátækrahverfum skyldi gefinn ½ lítri af mjólk á dag, auk þess sem nauðsynlegustu matvæli hafa hækkað í verði, sumt um allt að 1500%. Fjöldaaftökur eru daglegt brauð. Um tölur myrtra ber aðilum ekki saman, en fulltrúi Chile, sem hér er staddur, hefur nefnt töluna 30 þús. manns. Ótrúlegur fjöldi manna situr í fangabúðum. Sjálfsögð mannréttindi hafa verið afnumin, öll stjórnmálastarfsemi hefur verið bönnuð, en því mun hafa verið lýst yfir, að stjónmálastarfsemi verði leyfð aftur, þ. e. a s. allra nema sósíalista. Bækur, sem að mati herforingjastjórnarinnar flytja óæskilegan boðskap, eru brenndar á báli, m. a. bækur hins nýlátna Nóbelsverðlaunaskálds, Pablo Neruda. Þjóðþing Chile hefur verið rofið og stjórnarskráin numin úr gildi. Afstaða annarra ríkja til herforingjastjórnarinnar hefur verið misjöfn. Sum ríki hafa slitið stjórnmálasambandi við Chile. Aðrar þjóðir, m. a. Finnar og Svíar, hafa brugðið skjótt við og boðið flóttamönnum landvist og fjárhagsaðstoð. Finnska þingið sendi þingmannanefnd til Chile fljótlega eftir valdaránið til þess að kynna sér ástandið, og finnska ríkisstj. kostaði alþjóðaráðstefnu til stuðnings andspyrnuhreyfingunni.

Það er því fyllsta ástæða til að spyrja nú um afstöðu íslenska utanrrn. til herforingjastjórnarinnar í Chile.

Ég vil að lokum minna hæstv. utanrrh. á það, að utanrrh. í stjórn Allendes situr nú í alræmdum fangabúðum á eyju fyrir utan strönd Chile og leyfi mér að halda því fram, að ef ríkisstj. Íslands hefur viðurkennt herforingjastjórnina, þá er hún að leggja blessun sína yfir slíkt framferði.

Utanrrh. (Einar Ágústsson): Herra forseti. Hv. 4. landsk. hefur spurt um viðurkenningu okkar á herforingjastjórninni í Chile. Ég get svarað þessu afar stutt:

Af Íslandshálfu hefur engin viðurkenning verið gefin núverandi ríkisstj. í Chile. Milli Íslands og Chile var gerður samningur um stjórnmálasamband fyrir 10—12 árum, en við höfum aldrei skipst á sendiherrum, og sú ríkisstj., sem nýkomin er til valda, hefur enga viðurkenningu hlotið af Íslands hálfu.

Fyrirspyrjandi (Svava Jakobsdóttir): Herra forseti. Ég þakka hæstv. utanrrh. svar hans. Ég vil fyrst lýsa yfir ánægju minni yfir því, að sérstök viðurkenning hefur þó ekki verið gefin herforingjastjórninni. En ég skil svar hans samt sem áður svo, að stjórnmálasambandi sé haldið uppi milli landanna. Það er kannske ekki hægt fyrir hæstv. utanrrh. að svara því fyrirvaralaust, en það hefði þó verið fróðlegt, ef það hefði komið fram í máli hans, hvort ríkisstj. hefði í hyggju að slíta stjórnmálasambandi alveg, sem ég hefði talið rétt að gera. Ég vil enn fremur upplýsa það, að fullrúar andspyrnuhreyfingar Chile, sem ferðast nú um lönd og ræða við ríkisstjórnir og þm., leggja mikla áherslu á, að lýðræðisríki geri þetta, og telja það mjög áhrifaríkt, ef önnur ríki einangra herforingjastjórnina alveg. Ég hygg, að slík afstaða, sem hefði verið alveg skýr af okkar hálfu, hefði verið í samhljóðan við það ákvæði málefnasamningsins, að núv. ríkisstj. ætlaði sér að styðja ríki þriðja heimsins í baráttu þeirra fyrir efnahagslegu og stjórnmálalegu sjálfstæði. Hér hefði verið raunverulegur prófsteinn á það ákvæði. Ég hefði gjarnan viljað fá það fram hjá hæstv. utanrrh., ef hann sér ástæðu til að svara, hvort hann hefði í hyggju að taka upp á ríkisstjórnarfundi, hvort slíta ætti algerlega sambandi við herforingjastjórnina.

Félagsráðgjöf, fsp. (þskj. 137). — Ein umr.

Fyrirspyrjandi (Ragnhildur Helgadóttir): Herra forseti. Félagsráðgjöf er ung starfsgrein hér á landi. Hún er hjálpargrein og tengiliður ýmissa annarra starfsgreina, svo sem læknisfræði, sálarfræði, lögfræði, félagsfræði og guðfræði, ef svo ber undir. Starf félagsráðgjafans er fólgið í viðtölum, ráðgjöfum og aðstoð við einstaklinga og fjölskyldur. Má segja, að það verði oft raunar á breiðari grundvelli en hver einstök þessara fyrrnefndra greina. Málefnin, sem félagsráðgjafinn fjallar um, eru oft viðkvæm vandamál einstaklinga eða erfiðleikar í fjölskyldu. Það er því alveg ljóst, að starfið er ábyrgðarmikið og til þess þarf staðgóða menntun. Það gerir kröfur til nokkurrar innsýnar í allar þær fræðigreinar, sem ég nefndi hér áðan, auk staðgóðrar þekkingar á þjóðfélaginu sjálfu og uppbyggingu þess.

Reynslan hefur sýnt, að því flóknari sem þjóðfélögin hafa orðið, því meir hefur vaxið þörfin fyrir félagsráðgjafa. Við þurfum ekki annað en að líta hér á borðin okkar. Þar er að finna stór frv., sem gera ráð fyrir mörgum félagsráðgjöfum, sem eiga að sinna aðkallandi störfum. Í grunnskólafrv. er gert ráð fyrir mörgum nýjum félagsráðgjöfum, og í frv. um fóstureyðingar sömuleiðis. Vandinn er aðeins sá, að okkur vantar fólk með félagsráðgjafamenntun. Nú munu starfa í landinu aðeins 12 eða 13 félagsráðgjafar, sem menntaðir eru til síns starfs. Og þeir eru ekki allir í fullu starfi. Allt það fólk hefur orðið að sækja menntun sína út fyrir landssteinana, og námið tekur að jafnaði 3—4 ár. Það væri augljóslega hagkvæmara, ef unnt væri að veita þessa menntun hérlendis og fleiri íslenskir stúdentar gætu þá átt kost á náminu. Þar við bætist, að veigamiklir hlutar þessa náms eru bundnir við aðstæður, sögu og lög þess lands, sem námið er stundað í. Ég nefni sem dæmi, að í Noregi eru af 749 tímum 552 tímar í greinum, sem með eðlilegum hætti hljóta að vera allmismunandi eftir löndum. Þessir 552 tímar eru í félagsmálapólitík, sem ég nefni svo (sosialpolitik). Sú grein fjallar um tryggingar, barnavernd, vinnumarkaðsmál og margt fleira og er langviðamest af námsgreinunum. Auk þess kemur til námsgreina, sem fjalla um uppbyggingu ríkis og sveitarfélaga í landinu, og svo almenn lögfræði, afbrotafræði og refsiréttur. Allt þetta hlýtur að vera bundið við aðstæður í hverju landi, þar sem námið er stundað.

Nám fyrir íslenska félagsráðgjafa þyrfti að miðast við íslenskar aðstæður, og með tilliti til þess og svo annarra atriða, sem ég hef talið í þessum orðum, hef ég leyft mér að bera upp fsp. á þskj. 137, sem er í 2 liðum og hljóðar svo:

„Er fyrirhugað að taka upp kennslu í félagsráðgjöf við Háskóla Íslands? Ef svo er, hvað líður undirbúningi námsbrautar í félagsráðgjöf við Háskóla Íslands.“

Menntmrh. (Magnús T. Ólafsson): Herra forseti. Svar mitt við fsp. hv. 12. þm. Reykv. er svo hljóðandi:

Hinn 9. júlí 1971 skipaði þáv. menntmrh. skv. till. háskólarektors n., sem falið var að athuga, hvort gerlegt væri að taka upp kennslu í félagsráðgjöf hér á landi og þá í tengslum við námsbrautina í almennum þjóðfélagsfræðum við Háskóla Íslands. Í nefndina voru skipuð dr. Björn Björnsson prófessor, tilnefndur af háskólaráði, Guðrún Jónsdóttir félagsráðgjafi, tilnefnd af Stéttarfélagi ísl. félagsráðgjafa, Hjálmar W. Hannesson M. A., tilnefndur af heilbr.- og trmrn., og Árni Gunnarsson deildarstjóri í menntmrn., sem skipaður var form. nefndarinnar.

N. þessi hefur ekki enn skilað endanlegri álitsgerð en í bréfi til menntmrn. 2. júlí s. l. er gerð grein fyrir hugmyndum n. og nokkrum meginatriðum málsins. Þar segir m. a.:

„Nm. eru sammála um, að eðlilegt og æskilegt sé að koma á laggirnar aðstöðu hérlendis til menntunar félagsráðgjafa. Áhugi fyrir þessu námi virðist talsvert mikill, og könnun, sem n. beitti sér fyrir, benti til, að þörf fyrir félagsráðgjafa og eftirspurn eftir þeim mundi fara vaxandi á næstu árum. Í umr. innan n. hefur verið talið eðlilegt að miða við, að félagsráðgjafanámið taki við af stúdentsprófi eða hliðstæðri undirbúningsmenntun og tæki allt að 3½ ár að meðtöldum samanlagt 10—11 mánaða tíma til verklegs náms.

Varðandi stjórn og skipulag hefur n. hallast að því, að eðlilegt væri, að þetta nám myndaði sérstaka skor innan námsbrautarinnar í almennum þjóðfélagsfræðum við Háskóla Íslands eða þjóðfélagsfræðideildar, ef til hennar yrði stofnað. Leitast yrði við að samnýta eftir föngum námskeið og kennslu innan námsbrautarinnar eða deildarinnar, svo og að koma á hliðstæðu samstarfi við aðrar deildir, eftir því sem henta þætti, m. a. lögfræðideild og heimspekideild

(sálfræði). Jafnframt slíkri samnýtingu yrði stuðst við umræðufundi eða seminör, þar sem fjallað yrði um viðfangsefni greinarinnar frá sjónarmiði félagsráðgjafar. Í ýmsum greinum og greinaþáttum yrði að sjálfsögðu sérstök kennsla fyrir félagsráðgjafarnema.

Nefndin hefur átt bráðabirgðaviðræður við fulltrúa sumra þeirra deilda og þeirra greina, sem leita þyrfti samstarfs við, og verður að telja þau viðhorf, sem fram hafa komið, yfirleitt jákvæð gagnvart samstarfi í einhverri mynd. Á sérstökum fundi með stjórn námsbrautar í almennum þjóðfélagsfræðum var af hálfu stjórnarmanna vel tekið þeirri hugmynd, sem að framan var lýst, um tengsl við námsbrautina. Hins vegar ber að leggja áherslu á, að þörf er frekari kannana á því, hvernig þessum tengslum og samstarfi við aðrar námsbrautir innan háskólans verði best fyrir komið, þannig að báðir aðilar hafi hag af."

Í bréfi sínu til menntmrn. taldi n. æskilegt, að kennsla í félagsráðgjöf gæti hafist haustið 1974. Var skv. því lagt til við rn., að í frv. til fjárlaga fyrir árið 1974 væri farið fram á fjárveitingu í þessu skyni. Var þá m. a. hugsað til þess, að unnt yrði að ráða í byrjun næsta árs einn kennara, er falið yrði að undirbúa nánari tilhögun námsins og framkvæmd, þ. á m. að hafa forgöngu um samningu námsskrár. Menntmrn. gerði við undirbúning fjárlagafrv. till. um fjárveitingu í samræmi við erindi n. Þótt sú fjárveitingartillaga væri ekki tekin upp í fjárlagafrv., hefur menntmrn. fyrir sitt leyti hug á, að tryggð verði nægileg fjárveiting til að hefja mætti kennslu í félagsráðgjöf á háskólaárinu 1974—1975, ef aðrar aðstæður leyfa. Þess skal og getið, að skv. till. félagsráðgjafarnefndarinnar og að fengnu samþykki fjmrn., fjárlaga- og hagsýslustofnunar, auglýsti menntmrn. haustið 1972 styrk handa félagsráðgjafa til þess að afla sér framhaldsmenntunar erlendis í því skyni, að hann gæti tekið að sér kennslu í aðferðarfræði félagsráðgjafa. Var talið ógerlegt að fara af stað með raunverulegan undirbúning félagsráðgjafamenntunar hér á landi, nema tryggðir væru sérhæfðir kennslukraftar í þessum mikilvæga þætti málsins. Í framhaldi af því sótti Guðrún Jónsdóttir félagsráðgjafi 6 mánaða námskeið við sérfræðilega stofnun í London á fyrra hluta þessa árs.

Þá skal þess og getið, að nokkur undanfarin ár hefur verið um það samkomulag við norsk stjórnvöld, að tekið væri við 4—5 Íslendingum á ári hverju til náms í félagsráðgjöf í Noregi, þ. e. a. s. einum nemenda í hvern skóla, sem slíka kennslu veitir þar í landi. Hefur menntmrn. árlega auglýst eftir umsóknum um þessar námsvistir og gert tillögur um ráðstöfun þeirra. Þá hafa íslenskir nemendur einnig átt kost á skólavist að nokkru marki við félagsráðgjafaskóla annars staðar á Norðurlöndum, og enn aðrir hafa farið til náms í öðrum löndum. Aðgangur er hins vegar víða þröngur að námsstofnunum á þessu sviði, og þar sem starfsvettvangur félagsráðgjafa virðist jafnframt fara vaxandi, eins og fyrr var drepið á, virðast flest rök hníga að því, að sem fyrst beri að stofna til menntunar í félagsráðgjöf hér á landi. Menntmrn. hefur fyrir sitt leyti fullan hug á að fylgja því máli fram.

Fyrirspyrjandi (Ragnhildur Helgadóttir): Herra forseti. Ég vil þakka hæstv. menntmrh. fyrir svör hans. Mér þykir það ekki virðast vera nógu skammt undan, að tekin verði upp kennsla í þessari fræðigrein hér á landi. Það liggur að vísu fyrir, að menntmrh. og menntmrn. hafa fullan vilja til að vinna að því að tryggja fjárveitingu, til þess að hægt verði að hefja kennslu 1974—1975, ef aðrar aðstæður leyfa. Þessar „aðrar aðstæður", sýnist mér, að muni vera verkefni hæstv. menntmrh. að tryggja að verði fyrir hendi. Enn þá mun ekki hafa verið tekin inn í fjárlagafrv. tillaga menntmrn. um fjárveitingu, til þess að hægt verði að hefja þessa kennslu. En ég vil hvetja til þess, að svo verði gert. Enn fremur þarf að leggja áherslu á, að öllum undirbúningi að öðru leyti verði hraðað. Það hljóta að vera til þess ráð að fá þá kennara, sem kann að skorta í þessa fræðigrein hér á landi, einfaldlega með því að fá þá lánaða jafnvel frá öðrum löndum. En það breytir ekki því, sem ég tel mjög miklu skipta í sambandi við þetta mál. Það er, að þær fræðigreinar, sem vega mjög þungt innan þessa náms, eru sérstaklega miðaðar við aðstæður hvers lands. Þó að íslenskir félagsráðgjafar læri svo og svo mikið í lögfræði Noregs, Svíþjóðar eða Finnlands, gerir það þá ekki nægilega hæfa til þess að gefa upplýsingar um íslenska lögfræði, þó að margt sé þarna vitanlega líkt. Mér er þó fullkunnugt, að þeir íslensku félagsráðgjafar, sem nú starfa, hafa gert sér far um að kynna sér sem best þá hluta af íslenskri löggjöf, sem þeir fjalla um. Mikil áhersla er lögð á það í þessu námi, að kynnt sé sem best uppbygging og samsetning þjóðfélagsins, saga þess og aðstæður allar. En það upplýsir ekki nægilega mikið um íslenskar aðstæður og viðhorf að þessu leyti, að hafðir séu 326 tímar í sögu félagsmála í Svíþjóð eða Noregi og uppbyggingu ýmiss konar félagslegrar aðstoðar í þessum löndum. Ég held, að það verði æ meira aðkallandi, að komið verði á fót íslenskri námsbraut í þessari fræðigrein. Við sjáum á ýmsu, svo sem grunnskólafrv. og frv. um fóstureyðingar o.fl., að þar kemur fram og raunar víða annars staðar, að fólk hneigist til þess að líta á félagsráðgjafa sem einhvers konar þúsund þjala smiði í lausn mannlegra vandamála. Ef þeir eiga að geta risið undir þeim kröfum, sem gerðar eru til þeirra, hlýtur að verða að bæta aðstöðuna hér á landi, til þess að hægt sé að sinna þörfunum fyrir þétta nám.

Ýmsir stúdentar, sem innrituðust í námsbraut í þjóðfélagsfræðum, þegar hún hóf göngu sína, munu hafa gert það gagngert með það fyrir augum að fara síðar út í félagsráðgjöf. Þá álitu menn, að það væri skammt undan, að hægt væri að taka slíkt nám sem sérgrein eða í framhaldi af einhverju almennu inngangsnámi í námsbraut í þjóðfélagsfræðum. Síðan er liðið hátt á þriðja ár, og ekki virðist enn bóla á neinum framkvæmdum, og þess vegna finnst mér fyllsta ástæða til þess að knýja á um það, að menntmrn. aðhafist eitthvað í þessum efnum.

Íbúðarhúsabyggingar bænda, fsp. (þskj. 137). — Ein umr.

Fyrirspyrjandi (Helgi F. Seljan): Herra forseti. Ég hef leyft mér að bera fram fsp. á þskj. 137 til hæstv. landbrh. um greiðsluhætti hjá Stofnlánadeild landbúnaðarins að því er tekur til lána út á íbúðarhúsabyggingar bænda. Ástæðan til þessarar fsp. er sú, að ég vil fá upplýst, hvort sömu hættir gildi þar um skilyrði fyrir útborgun fyrri og seinni hluta lánanna og gilda hjá húsnæðismálastjórn. Að því er bændur hafa tjáð mér, mun gilda mjög hið sama um fyrri hluta lánanna, en annað um síðari hlutann. En hér greinir menn á um, hver framkvæmdin sé með útborgun á síðari hlutanum. Sumir hafa sagt mér, að þá fyrst fáist síðari hlutinn greiddur, þegar húsbyggingunni væri algerlega lokið og vottorð þar um komið til Stofnlánadeildar, en aðrir segjast ekki hafa þurft að sæta þeim kjörum. Sé hið fyrra rétt, að ekki megi veita síðari hluta lánsins fyrr en frágangi öllum, úti sem inni, er lokið, þá er hér um að ræða óhagstæðari kjör en gilda hjá húsnæðismálastjórn, þar sem síðari hluti láns er greiddur eftir verðhæfni, eins fljótt og unnt er, eða innan 6—8 mánaða frá útborgun fyrri hluta láns. Um þetta er rétt að skýr svör fáist. Einhvern tíma fékk ég reyndar þau svör hjá starfsmanni Stofnlánadeildar varðandi þessi mál, að bændur væru trassar að ljúka frágangi og innréttingum húsa sinna að fullu og því yrði að gæta vel þar að og setja einhverjar reglur, sem tryggðu, að húsin stæðu ekki lengi hálfköruð. Auðvitað er hér um að ræða algengt fyrirbæri, sem gildir jafnt um sveit og þéttbýli, og því skal ekki trúað að bændur séu hér settir undir sérstaka smásjá og lánareglur í einhverju miðaðar við það.

Ég vil að lokum taka fram, að um öll slík lán til bænda þarf að gæta fyllsta samræmis við aðrar sambærilegar stéttir, og þar inn í fléttast t. d. þau sérstöku kjör, sem byggingarfélög verkamanna bjóða, og breytir engu þar um, þótt bændur fái nokkurn óafturkræfan styrk, svo mikil og fjárfrek sem nauðsynleg byggingarstarfsemi þeirra er, sá styrkur er jafnsjálfsagður. Því vil ég spyrja: Hvernig er háttað útborgun íbúðarhúsalána til bænda frá Stofnlánadeild landbúnaðarins, og í hverju eru greiðsluhættir frábrugðnir því, sem er hjá Húsnæðismálastofnun ríkisins?

Fjmrh. (Halldór E. Sigurðsson): Herra forseti. Á þskj. 137 er fsp. frá hv. 6. landsk. þm., sem hann var að lýsa hér áðan. Svar það, sem landbrn. hefur látið mér í té við fsp. hv. þm., er á þessa leið:

„Stofnlánadeild landbúnaðarins: Hámarkslán þar er 800 þús. kr. Út á fokhelt hús eru veittar 375 þús. kr. og fullgert hús 425 þús. kr. Lánin bera 8% vexti og eru veitt til 42 ára út á steinhús, en tímalengd lána til húsa úr öðru efni fer eftir mati Byggingarstofnunar landbúnaðarins. Lánin eru með jöfnum ársgreiðslum."

Þá segja þeir þetta um samanburðinn við Byggingarsjóð ríkisins eða Húsnæðismálastofnunina:

„Byggingarsjóður ríkisins veitir 800 þúsund kr. hámarkslán, helminginn út á fokhelt hús, hinn helminginn 6—8 mánuðum síðar. Þessi lán eru aðeins veitt út á 1. veðrétt. Lánin eru jafngreiðslulán til 26 ára. Fyrsta árið er afborgunarlaust, og eru þá aðeins greiddir vextir af láninu, en síðan er lánið greitt með jöfnum ársgreiðslum vaxta og afborgana á 25 árum. Grunnvextir eru 4.25. Skal meðaltal vaxta og vísitölu allt lánstímabilið aldrei vera hærra en 7.75.

Auk þess veitir Húsnæðismálastofnun lán til byggingar leiguíbúðarhúsa á vegum sveitarfélaga, til kaupa á eldri íbúðum og verkamannabústaða. Um þau lán gilda sérstakar reglur."

Þá er þetta sundurliðað þannig, að útborgunin er á fokhelt hús hjá Stofnlánadeildinni 375 þús. kr. og 425 þús. kr. aftur út á fullgert hús, en hjá hinum aðilanum 400 þús. í báðum tilfellum, og síðari hlutinn 6—8 mánuðum eftir að fokhelt hefur verið gert. Hjá Stofnlánadeildinni er forgangsveðréttur og 1. veðréttur hjá Húsnæðismálastofnuninni. Vextir eru 8%, og vöxtum hinna lýsti ég hér áðan. Lánstími hjá Stofnlánadeildinni er 42 ár á steinhús, en 26 ár hjá Húsnæðismálastofnuninni.

Þetta eru þau svör, sem ég hef að gefa hv. þm., og er ég ekki viss um eftir ræðu hans áðan, hvort þau fullnægi, en vona samt, að svo sé.

Fyrirspyrjandi (Helgi F. Seljan): Herra forseti. Ég vil þakka hæstv. landbrh. þessi svör. Í þeim fólst það, sem mig grunaði, að það væru allmiklu strangari reglur hjá Stofnlánadeild landbúnaðarins en hjá húsnæðismálastjórn varðandi útborgun síðari hluta lánanna. Tel ég, að þetta sé ekki nógu gott. Ég tel, að bændur eigi þarna sömu heimtingu og aðrar stéttir á að fá sín lán greidd. Það leiðir reyndar hugann að því, hvort húsnæðismálastjórnarkerfið ætti ekki einnig að annast þessi lán til bænda, þannig að öll íbúðarhús í landinu féllu undir löggjöfina um húsnæðismálastjórn. Ef þarna er um einhvern mismun eða misrétti að ræða í garð bændastéttarinnar, hygg ég, að það sé fyllilega tímabært að athuga, hvort þetta eigi ekki hreinlega að færast yfir á hið almenna kerfi. Ég tel, að þarna sé um töluverðan mun að ræða í sambandi við það að fá lánin fyrr, og þetta kemur sérstaklega hart niður á þeim mönnum, sem hafa ekki mikil fjárráð og eiga þess vegna í erfiðleikum með að fullgera sín hús. Á hinum bitnar þetta miklu síður, og því er enn meiri ástæða til að óska eftir því, að þarna verði hins fyllsta jafnræðis gætt.

Málefni Vladimirs Ashkenazy, fsp. (þskj. 141). — Ein umr.

Fyrirspyrjandi (Heimir Hannesson): Herra forseti. Eins og hv. þm. er kunnugt, hafa málefni pianóleikarans Vladimirs Ashkenazy verið töluvert á dagskrá, bæði nú nýlega og fyrir nokkuð löngu, og þá einkum í sambandi við þá eðlilegu ósk hans, að faðir hans fái leyfi sovésku stjórnarinnar til að heimsækja þennan íslenska ríkisborgara á Íslandi. Ég veit, að ég þarf ekki að brýna hv. þm. í sambandi við þetta mál, þeir brugðust vel við á sínum tíma í sambandi við

beiðni hans, og með leyfi hæstv. forseta vil ég leyfa mér að minna á opið bréf, er sent var sjálfum Leonid Bresnev formanni sovéska Kommúnistaflokksins, sem hljóðaði þannig:

„Oss undirrituðum ríkisborgurum lýðveldisins Íslands er kunnugt, hversu erfitt það hefur verið fyrir David Ashkenazy pianóleikara í Moskvu að fá leyfi til að heimsækja son sinn, hinn heimsfræga pianósnilling Vladimir Ashkenazy, sem búsettur er í landi voru Íslandi ásamt fjölskyldu sinni. Tregða yfirvalda og embættismanna í Moskvu til að veita David Ashkenazy þetta leyfi er í algjörri andstöðu við hugmyndir vorar um mannréttindi, því að hverjum manni skyldi óhindrað heimilt að heimsækja fjölskyldu sína, enda þótt hún búi í öðru landi. Af þessu tilefni snúum vér oss til yðar og hvetjum yður í nafni mannúðar og réttlætis til að beita sérstökum áhrifum yðar í því skyni, að horfið verði frá þessu ranglæti og David Askhenazy heimilað að heimsækja son sinn á Íslandi."

Þó að það hafi ekki komið fram opinberlega, er nú ljóst, að formaður rússneska kommúnistaflokksins hefur ekki tekið alvarlegar en svo þetta bréf, sem margir og e. t. v. flestir hv. þm. á þeim tíma skrifuðu undir, að pianóleikarinn mun hafa fengið afsvar frá rússneskum stjórnvöldum. Af því tilefni vil ég leyfa mér að beina þeirri fsp. til hæstv. utanrrh., sem hér fer á eftir:

„1) Vilja íslensk stjórnvöld taka upp að nýju við sovésk stjórnvöld þá beiðni Vladimirs Ashkenazy, að hann fái að heimsækja son sinn og fjölskyldu hans á Íslandi?

2) Hver voru svör sovésku stjórnarinnar á sínum tíma við sömu ósk?"

Fram hefur komið opinberlega, að hæstv. utanrrh. hafi af drengskap sínum og áhuga beitt sér fyrir því, að þetta mál yrði tekið upp gagnvart sovésku stjórninni, en ég vil vinsamlegast óska eftir því, að hann skýri hér frá því, hver voru svör rússneskra stjórnvalda í því sambandi. Mér skilst að Leonid Bresnev hafi svarað í gegnum sína stjórnarstofnun. Einnig vildi ég gjarnan fá að heyra, hver er skoðun hæstv. utanrrh. á þessu máli, eins og það stendur núna.

Utanrrh. (Einar Ágústsson): Herra forseti. Um málefni Vladimirs Ashkenazy, þau sem hér er fjallað um, vil ég segja þetta:

David Ashkenazy, faðir Vladimirs, fékk að fara til London í stutta heimsókn til sonar síns árið 1967, síðan hafa þeir feðgar ekki sést. Vladimir Ashkenasy hefur verið að reyna að fá föður sinn í heimsókn hingað til Íslands síðan í ársbyrjun 1970, en ferðaleyfi hefur ekki fengist. Í nóvember 1971 ræddi ég um þetta við sovéska sendiherrann í Reykjavík, þáverandi, Sergei Astavin. Hann lofaði að athuga málið, en engin svör hafa borist frá sovéska sendiráðinu. Í júní 1972, þegar Pétur Thorsteinsson ráðuneytisstjóri var staddur í Moskvu, átti hann viðtal við A. A. Smyrnoff varautanríkisráðherra, og ræddu þeir þá m. a. mál Ashkenazys. Athugun var þá enn lofað. Í des. 1972 var birt í Reykjavík opið bréf til Leonids Bresnev aðalritara Kommúnistaflokks Sovétríkjanna frá 129 Íslendingum, — það er það bréf, sem hv. fyrirspyrjandi vísaði til, — þar sem skorað er á hann í nafni mannúðar og réttlætis að beita áhrifum sínum til þess, að David Ashkenasy verði leyft að heimsækja son sinn. Undir þetta bréf ritaði meiri hl. alþm. og tveir ráðherrar. En David Ashkenasy hefur enn ekki fengið brottfararleyfi, þrátt fyrir ítrekaðar umsóknir hans um leyfið.

Í ársbyrjun 1972 var birt í Moskvu bréf frá David Ashkenasy, dags. 31. des. 1971, þar sem hann segist, hvenær sem hann óski, geta fengið leyfi til að fara til sonar síns, en hann geti það ekki vegna heilsu konu sinnar. Í sovéska sendiráðinu í Reykjavík fékk Vladimir Ashkenazy þau svör í febr. 1972, að faðir hans vildi ekki koma til Íslands. Þetta kemur ekki heim við þau svör, sem Vladimir fær frá föður sínum, er þeir talast við í síma, og auk þess er utanrrn. kunnugt frá manni, sem ræddi við David Ashkenazy í Moskvu í janúar 1972, að hann hafði þá fullan áhuga á því að koma til Íslands og bað fyrir þau skilaboð til sonarins, að hann skyldi endurnýja skriflegt boð til sín um að koma til Íslands.

Svör mín við fyrirspurnum á þskj. 141 eru því svo hljóðandi: Við fyrri spurningunni: Ríkisstj. er eins og áður reiðubúin að taka þetta mál upp, ef eftir verður leitað. Og við síðari spurningunni verða svörin þau, sem ég áðan greindi. Það var tekið vel í málið, en ekkert gerðist.

Fyrirspyrjandi (Heimir Hannesson): Herra forseti. Ég vil þakka utanrrh. svör hans, að því er varðar þau svör sovésku stjórnarinnar, sem ég held að afar fáir taki trúanleg, satt að segja, að minnsti vafi leiki á því, að faðir þessa íslenska ríkisborgara hafi viljað koma hingað. Þá vil ég ítreka það, sem reyndar fram hefur komið opinberlega, að Vladmir Ashkenasy hefur sjálfur ritað bréf til aðila hér, og ég er nú með ljósrit af því fyrir framan mig, dags. 7. nóv. 1973, skrifað í Bandaríkjunum, þar sem hann skýrir frá því, að samkv. símtali við föður sinn var honum að berast sú frétt, að sú skrifstofa í Moskvu, sem fjallar um þessi mál, hefði komið með þessa neitun gagnvart föður hans, svo að ég held, að það fari ekkert á milli mála.

Ég held, að það sé óþarft að fara um þetta mörgum orðum. Ég vil þakka hæstv. utanrrh., hversu vinsamlega hann hefur tekið þessu, og ég veit, að þjóðin kann vel að meta drengskap hæstv. ráðherra. Ég vil æskja þess við hann, að hann geri sovéskum stjórnvöldum ljóst, að það er áreiðanlega skoðun íslensku þjóðarinnar, að hún muni líta það óhýru auga og væntanlega þá um leið hv. alþm., ef sovésk stjórnvöld leyfa sér enn einu sinni að hafna þessari eðlilegu og mannlegu ósk Ashkenazys að fá að hitta föður sinn hér á landi á heimili sínu eftir margra ára samveruslit, og þær samvistir áttu að vera nú um þessi jól.

Íslenska þjóðin skilur ekki og á vonandi aldrei eftir að skilja þá takmarkalausu fyrirlitningu á almennum mannréttindum, sem slík svör endurspegla. Við óskum einskis annars frekar en hinna bestu samskipta við hið mikla stórveldi í austri, en við munum ekki láta átölulausa slíka framkomu gagnvart einum af okkar þegnum og borgurum.

Óskir okkar til sovésku stjórnarinnar eiga ekki að grundvallast af því, að Vladimir Ashkenazy sé heimsfrægur listamaður, og ekki heldur af því, að nafn hans hafi varpað frægð á nafn Íslands. Við berum þessa ósk eingöngu fram af því, að hann er maður, sem á það skilið að njóta þeirra réttinda, er Íslendingar telja sjálfsögð. Ef Sovétstjórnin vill viðhalda einhverjum þeim Berlínarmúr á milli íslensks borgara og fjölskyldu hans í því mikla ríki, þá verður hún a. m. k. að skilja það, að þessi litla þjóð muni draga sínar ályktanir og taka meira mark á gerðum en yfirlýsingum sendimanna hennar við hátíðleg tækifæri. Á þetta viljum við reyna.

Ég vil itreka þakkir mínar til hæstv. utanrrh. fyrir forgöngu hans og góðan skilning.

Fjárlagaáætlanir, fsp. (þskj. 141). — Ein umr.

Fyrirspyrjandi (Magnús Jónsson): Herra forseti. Á síðasta Alþ. lagði ég fram till. til þál. um, að unnið yrði að gerð fjárlagaáætlana nokkur ár fram í tímann, svo sem nú þykir orðið sjálfsagt hjá flestum efnahagslega þróuðum löndum. Hér er um mjög mikilvægt mál að ræða, sem á að gera ráðamönnum og yfirstjórnendum fjármála og efnahagsmála nokkra mynd af því, hvernig líklegt verði, að þróunin reynist næstu ár eftir það fjárlagaár, sem þá er um að ræða. Ég hygg, að hvarvetna hafi þetta reynst mjög skynsamleg vinnubrögð. Það er auðvitað takmarkað, hvað hægt er að komast nærri hinu sanna í þessu efni, ekki síst, þegar er um mikla verðbólguþróun að ræða, en vissar hugmyndir má þó gera sér. Þetta hafði nokkuð verið athugað af sérstökum embættismönnum hér á Íslandi, og umsögn fjárlaga- og hagsýslustofnunarinnar, sem gengur frá fjárlögum fyrir ár hvert, var send þeirri n., sem hafði með þetta mál að gera á síðasta þingi, og var sú umsögn mjög jákvæð, en hins vegar talið, sem mér var fullkomlega ljóst, að það tæki nokkurn tíma að undirbúa slíkar fjárlagaáætlanir, þannig að þær gætu orðið fastur liður í afgreiðslu fjárlaga eða orðið fylgiskjal með fjárlögum hverju sinni, svo sem er t. d. víðast hvar á Norðurlöndum. Þetta mundi vera alþm. til mikillar leiðbeiningar. Þeir gætu þá kannske gert sér nokkra grein fyrir því, hvað þeir eru að gera hverju sinni. Ég hygg, að menn hafi litla yfirsýn yfir það, þegar þingi lýkur, hvað það kostar ríkissjóð, sem hefur verið samþ. á því nýliðna þingi, en það kæmi þá nokkuð í ljós, hverjar afleiðingarnar kynnu að verða næstu árin.

Ég orðlengi þetta ekki frekar. Till. var vísað til ríkisstj., og ég vona, að hún hafi tekið till. með því hugarfari, að þetta yrði framkvæmt, enda þótt menn sæju sér ekki af einhverjum ástæðum fært að samþ. till. Ég vildi því leyfa mér að spyrja hæstv. fjmrh., hvort málið hefði verið tekið til nánari íhugunar og hvort þess mætti vænta, að unnið yrði að gerð slíkra fjárlagaáætlana nokkur ár fram í tímann.

Fjmrh. (Halldór E. Sigurðsson): Herra forseti. Á þskj. 141 er fsp. sú, sem hv. 2. þm. Norðurl. e. var að lýsa hér áðan. Sem svar við þessari fsp., vil ég taka þetta fram:

Mál þetta hefur verið til athugunar hjá fjárlaga- og hagsýslustofnuninni, og hefur m. a. verið safnað nokkrum gögnum um gerð slíkra áætlana í nágrannalöndunum. Hins vegar hefur starfslið stofnunarinnar verið nú eins og áður að miklu leyti bundið við gerð fjárlagafrv. fyrir árið 1974 og ýmissa hagsýsluverkefna, sem mjög hafa verið aukin, síðan málinu var vísað til ríkisstj., þannig að lítill tími hefur gefist til að sinna öðrum málum.

Eins og fram hefur komið við meðferð þessara mála á Alþ., ber þess að gæta, að undirbúningur að gerð langtímafjárlaga mun krefjast mjög aukinna starfskrafta, a. m. k. í byrjun, einkum ef taka á upp gerð langtímafjárlaga á stuttum tíma. Hefur ekki verið tekin ákvörðun um slíka starfsfólksaukningu enn. Hins vegar má einnig nálgast alhliða gerð langtímafjárlaga í áföngum og taka fyrir vissa afmarkaða framkvæmdaflokka í einu, þar til heildarmynd af öllum framkvæmdaráformum væri fengin nokkur ár fram í tímann, síðan mætti taka fyrir rekstrarhliðina á sama hátt. Raunar hefur þegar hafist verk af þessu tagi á vegum fjárlaga- og hagsýslustofnunarinnar og samstarfsnefndar um opinberar framkvæmdir. Er þar um að ræða gerð 5 ára áætlunar um byggingu sjúkrahúsa og skyldra bygginga. Hefur þegar verið sett fram ákveðin hugmynd um þetta efni, sem nú er til athugunar hjá hlutaðeigandi rn. og mun nú þegar hafa verið kynnt fjvn.

Næst munu verða teknar fyrir framkvæmdir í vissum þáttum skólamála og héraðsskóla. Lengra er því verki ekki komið.

Fyrirspyrjandi (Magnús Jónsson): Herra forseti. Ég þakka hæstv. fjmrh. fyrir svar hans. Ég skil það mæta vel, að þetta er töluvert erfitt viðfangsefni, sem hér er rætt um. — Hins vegar er það ekki alveg nýtt af nálinni, að þessu hafi verið gaumur gefinn hjá fjmrn., og vissar kannanir hafa farið fram á því fyrir allmörgum árum eftir ósk rh., hvernig þessu væri háttað í öðrum löndum og hvaða þýðingu þetta gæti haft fyrir okkar þjóðarbúskap. Mér dettur ekki í hug að fara að hvetja til þess að fara að búa til eitthvert óskaplegt fyrirtæki í kringum fjárlaga- og hagsýslustofnunina, þó að ég sjái ekki eftir því, að það verði kannske bætt við 2-3 mönnum, þegar menn sjá, hvað sum rn. önnur þróast, svo sem menntmrn., sem þróast eftir nokkurs konar kjarnorkulögmálum í kjarnorkusprengjum. Það stækkar stórkostlega ár frá ári. Mér skilst hins vegar, að eftir því sem það stækki, þá verði erfiðara fyrir nokkurn mann að fá lausn sinna mála þar, vegna þess að enginn viti, hvert eigi að fara. Ég vonast til þess, að það hendi aldrei fjmrn., að slík skipan mála verði þar upp tekin, — ég hvet ekki til slíkrar mannfjölgunar. Hins vegar vonast ég til, að við hæstv. ráðh. séum sammála um, að það verði æskilegt að framkvæma þetta eins víða og hægt er.

Það er eitt atriði, sem ég að lokum vil leggja áherslu á, sem fyrir mér hefur vakað í sambandi við slíka áætlanagerð, og það er að reyna að gera sér grein fyrir því, hvort þróun ríkisfjármála okkar er með þeim hætti, að hún krefjist

stöðugt aukinna útgjalda og tekjuöflunar frá hinum almennu borgurum, þ. e. a. s. að hin opinberi „sektor“ verði stöðugt stærri og stærri. Þetta er viðfangsefni, sem ég held að menn verði að gera sér grein fyrir í fullri alvöru og það sé þegar orðið tímabært, miðað við þróun undanfarinna ára, að gera sér grein fyrir því, hvað menn treysta sér til að ganga langt í þeim efnum. Þá er ekki nóg að spyrna við fótum, þegar í óefni er komið, heldur þurfa menn nokkurt svigrúm til þess að gera sér grein fyrir, hvort verjandi er að leggja þessi eða hin útgjöld á ríkissjóðinn með hliðsjón af þeim afleiðingum, sem sá útgjaldabaggi eða útþensla muni leiða af sér næstu ár. Þetta er mjög veigamikið atriði, sem ég geri ráð fyrir, að hæstv. fjmrh. sé nokkuð ofarlega í huga einnig, að þróun ríkisútgjalda verði ekki með þeim hætti, að það þurfi sífellt að afla nýrra tekna til þess að standa undir þeim útgjöldum.

Fjmrh. (Halldór E. Sigurðsson): Herra forseti. Ég skal ekki segja mörg orð, en ég vil bara segja það í sambandi við ræðu hv. 2. þm. Norðurl. e., að ég tel störf þau, sem fjárlaga- og hagsýslustofnunin hefur unnið frá upphafi, hin bestu og merkilegustu, og ég tel, að það væri vel þess vert að auka við starfslið þar, þó að ég hafi eins og hann verið hæfilega íhaldssamur um mannaaukningu á þeim vettvangi. Ég er samt sannfærður um það, að sá kostnaður skilar sér aftur í betri vinnubrögðum. En það er eins með þessa stofnun eins og aðra, að það tekur nokkurn tíma, þangað til árangur fer að sjást af hennar verkum, og það er að verða ljósara með hverju árinu sem líður. Eitt af því, sem hefur verið tekið upp núna, er að reyna að gera sér grein fyrir, hvað frv. kosta, sem eru til meðferðar í þinginu. Því miður hefur ekki náðst að gera um það heildarskrá, en það var byrjað að vinna að því í fyrravetur. Það þarf enginn t. d. að vera neitt undrandi á því, þó að lagabálkar eins og heilbrigðislöggjöfin og hafnalöggjöfin, sem samþykktar voru í fyrra, bæti allmiklu við útgjöld fjárlaga á næstu árum. Það er alveg ljóst mál, að svo verður. Ég tel því nauðsyn bera til að efla hagsýsluna og gera meira að því að reyna að byggja upp, svo að hægt verði að sjá svona meira inn í fjárlög framtíðarinnar heldur en við höfum getað gert til þessa.

Fjármagn og fjármagnsöflun til niðursuðuverksmiðja, fsp. (þskj. 141). — Ein umr.

Fyrirspyrjandi (Bjarni Guðnason): Herra forseti. Ég hef leyft mér að bera fram hér einar 3 fsp. til hæstv. iðnrh., sem allar varða lagmetisiðnaðinn. Sú hin fyrsta er í tveimur liðum og hljóðar þannig:

„1. Hvaða fjármagn hafa niðursuðuverksmiðjur í landinu fengið til uppbyggingar og endurbóta á tímabilinu 1972—1973?

2. Hvaða fjárfestingarsjóður á að veita lán til ofangreindra framkvæmda niðursuðuverksmiðjanna?“

M. ö. o. varðar þetta lánamál lagmetisiðnaðarins. Ástæðurnar fyrir því, að ég hef hreyft þessu máli, eru einkum tvær. Samkv. lögum um Sölustofnun lagmetis skal ríkissjóður ábyrgjast 100 millj. kr. lán til uppbyggingar og endurbóta til niðursuðuverksmiðja í landinu, sem Sölustofnun lagmetis á að taka, án frekari skýringa um, hvernig Sölustofnunin eigi að skipta þessari upphæð á milli verksmiðjanna. Nú er mér kunnugt um, að niðursuðuverksmiðjurnar hafa ekki fengið eyri af þessu láni, sem Sölustofnunin hefur trúlega ekki enn tekið. Hin ástæðan er sú, að lagmetisiðnaðurinn virðist hvergi eiga traustan fjárfestingarsjóð, sem hann gæti leitað til vegna uppbyggingar, endurbóta, vinnuhagræðingar, vélakaupa o. s. frv. Mér er sagt, að Byggðasjóður hafi látið eitthvert fé af hendi rakna, einnig Iðnlánasjóður og Iðnþróunarsjóður, en það er eins og fjárfestingarsjóðirnir vilji ekki taka alfarið þessi vandamál lagmetisiðnaðarins að sér.

Það væri því gott að heyra, hvað hæstv. iðnrh. segir um þennan vanda lagmetisiðnaðarins.

Heilbr.- og trmrh. (Magnús Kjartansson): Herra forseti. Hv. þm. Bjarni Guðnason ber hér fram 3 fsp. í 8 undirliðum um málefni lagmetisiðnaðarins, og er mér það vissulega fagnaðarefni, að nýstofnaður frjálslyndur flokkur skuli sýna áhuga á þessum mikilvægu iðngreinum. Þessar spurningar heyra nú raunar að forminu til ekki allar undir mig, en ég mun samt reyna að sýna lit á því að svara þeim, eftir því sem vitneskja mín hrekkur til.

Í fyrstu spurningunum er spurt um það, hvaða fjármagn niðursuðuverksmiðjur í landinu hafi fengið til uppbyggingar og endurbóta á tímabilinu 1972—1973, og í annan stað, hvaða fjárfestingarsjóður eigi að veita lán til slíkra framkvæmda.

Þegar unnið var að undirbúningi frv. til l. um Sölustofnun lagmetisiðnaðarins, var í athugun hjá iðnrn. varanleg lausn á lánamálum iðnaðarins í heild og þessi málaflokkur var því ekki tekinn sérstaklega fyrir við samningu frv.

Það verður að játa, að lánamál lagmetisiðnaðarins hafa að undanförnu verið í æðimiklu ólagi. Á Íslandi er enginn sjóður, sem telur sig hafa beinar skyldur við þessa iðngrein, þótt vissulega hafi tekist að auka lán til þessarar iðngreinar allverulega. Iðnlánasjóður hefur veitt lítilsháttar til lagmetisverksmiðja á undanförnum tveimur árum, en vegna þess að þær hafa ekki greitt iðnlánasjóðsgjald flestar þeirra, þá hefur það yfirleitt verið afstaða sjóðsstjórnarinnar, að Iðnlánasjóði bæri ekki að veita lán til fjárfestingar í lagmetisiðnaði. Aðalfjárfestingarsjóður sjávarútvegsins, Fiskveiðasjóður, hefur einnig vísað frá sér öllum lánbeiðnum niðursuðuverksmiðja. Mér er kunnugt um, að Sölustofnun lagmetisiðnaðarins sneri sér til þessa sjóðs með ósk um fyrirgreiðslu fyrir þessa iðngrein, en hann vísaði öllum málaleitunum frá á þeirri forsendu, að honum bæri ekki að lána til lagmetisiðnaðar.

Allnokkur fyrirgreiðsla hefur fengist hjá Byggðasjóði, þó með þeim takmörkunum, að Byggðasjóður lánar ekki til fyrirtækja á Reykjavíkur- og Reykjanessvæðinu. Einnig hefur feng-

ist fé úr Atvinnuleysistryggingasjóði, og Iðnþróunarsjóður hefur veitt lán til einnar verksmiðju. Mjög nauðsynlegt er að vinna hér á bráða bót, og er unnið að lausn þessa vandamáls innan ramma heildarathugana iðnrn. á lánamálum íslensks iðnaðar.

Það liggur í augum uppi, að lagmetisiðnaðinum ber sama lánafyrirgreiðsla og sama aðstaða og öðrum framleiðslugreinum. Það evrður að tryggja honum lánafyrirgreiðslu til fjárfestingar og sjá svo um, að ákveðin lánastofnun hafi skyldur gagnvart þessari iðngrein. Er það stefna iðnrn., að Iðnlánasjóður annist það hlutverk í framtíðinni, og því hef ég farið þess á leit við stjórn Iðnlánasjóðs, að hún afgreiði umsóknir, sem þar liggja nú fyrir frá lagmetisfyrirtækjum í samræmi við þessa stefnu. En þá verða þau fyrirtæki að sjálfsögðu að standa undir sjóðnum eins og önnur iðnfyrirtæki með greiðslu iðnlánasjóðsgjalds.

Að því er varðar þá heimild, sem er í l. um Sölustofnun lagmetisiðnaðarins og hv. fyrirspyrjandi minntist á, heimild til 100 millj. kr. lántöku, þá er það að sjálfsögðu mál stjórnar þeirrar stofnunar að gera till. um slíka lántöku, ef æskileg væri talin. Engar slíkar till. hafa borist frá stjórninni til mín, en ef þær bærust, þá mundi ég að sjálfsögðu athuga, hvað hægt væri að gera í sambandi við slíkar óskir.

En það er ýmislegt annað, sem þarf að athuga í þessu sambandi. Það nær til að mynda engri átt, að lagmetisiðnaðurinn greiði um 6.5% útflutningsgjald til hinna ýmsu sjóða sjávarútvegsins, sé tekið tillit til þess, að hann nýtur þar engrar fyrirgreiðslu, eins og ég gat um áðan. Þessi gjöld skerða auk þess mjög samkeppnisaðstöðu iðnaðarins á erlendum mörkuðum. Lagmetisiðnaðurinn greiðir, eins og ég sagði áðan 6.5% í útflutningsgjöld, og er það lítil raunabót, þó að hluti af þessum tekjum renni í þróunarsjóð lagmetisiðnaðarins um stundarsakir, eins og í lögunum greinir. Umrædd útflutningsgjöld skiptast í stórum dráttum í eftirfarandi liði:

a) Til greiðslu á vátryggingargjöldum fiskiskipa.
b) Til Fiskveiðasjóðs Íslands.
c) Til Fiskimálasjóðs.
d) Til smíði haf- og fiskirannsóknaskipa.
e) Til Aflatryggingasjóðs.
f) Í fæðiskostnað bátasjómanna.
g) Í ferskfiskmatsgjald.

Hlýtur að vera dálítið torvelt að skilja, hvers vegna lagmetisiðnaðurinn á sérstaklega að standa undir greiðslum til þessara þarfa. En þessi mál eru, eins og ég sagði áðan, í endurskoðun samhliða öðrum þáttum lánamála iðnaðarins.

Það fjármagn, sem lagmetisverksmiðjurnar í landinu hafa þó fengið til uppbyggingar og endurbóta á tímabilinu 1972—1973, skiptist sem hér segir:

Á tímabilinu 1972—1973 hafa niðursuðuverksmiðjurnar fengið lán alls að upphæð 20 millj. og 500 þús. kr., árið 1972 8.8 millj. kr. og árið 1973 11 millj. 250 þús. kr. Lán þessi voru veitt úr eftirtöldum sjóðum: Úr Byggðasjóði 6.1 millj. 1972 og 4.5 millj. 1973, eða alls 10.6 millj. Úr Atvinnuleysistryggingasjóði ekkert árið 1972, 3.5 millj. árið 1973, eða alls 3.5 millj. Úr Iðnlánasjóði 1.5 millj. árið 1972, 3 millj. á árinu 1973 enn sem komið er, eða alls 4.5 millj. Úr Fiskimálasjóði 1.2 millj. 1972, 250 þús. 1973, eða alls 1 millj. og 450 þús. kr.

Þannig er með þessa lánveitingu: á árinu 1972 samtals 8.8 millj., eins og ég sagði áðan, en á árinu 1973 11 millj. 250 þús. kr. Auk þess greiddi Iðnþróunarsjóður út á árinu 1972 helming samþykktra lánveitinga ársins 1973, 6 millj. kr. af 12 millj. kr. lánveitingu, þannig að alls er hér um að ræða 32 millj. kr. þessi tvö ár.

Lánin hafa einkum verið veitt fyrirtækjum til fjárfestingar og endurskipulagningar, en í einstaka tilfellum til greiðslu vanskilaskulda.

Fyrirspyrjandi (Bjarni Guðnason): Herra forseti. Ég vil þakka hæstv. iðnrh. fyrir svörin. Það kom bersýnilega fram, eins og mig grunaði, að lánamál lagmetisiðnaðarins væru í nokkrum ólestri, enda tók hæstv. ráðh. skýrt fram sjálfur, að þessi mál stæðu verulega til bóta. Mér sýnist, að þessi heildarlán til niðursuðuverksmiðja, sem voru rúmar 32 millj. kr. á tveimur s. l. árum, séu ekki ýkja mikið fjármagn, þegar höfð er í huga hin geysilega endurbót, sem nauðsynleg er á flestum, ef ekki öllum sviðum lagmetisiðnaðarins. En ég treysti því, að hæstv. iðnrh. leysi þessi mál eins og þörfin heimtar.

Steingrímur Hermannsson: Herra forseti. Háttv. 3. landsk. þm. tók satt að segja heldur vægt til orða og ég vil segja óvenju vægt, þegar hann sagði, að lánamál lagmetisiðjunnar væru í nokkrum ólestri. Ég held, að þau séu í ákaflega miklum ólestri, eins og fram kom hjá hæstv. ráðherra, og hann lýsti óánægju sinni með.

Hæstv. iðnrh. hafði frumkvæði að því fyrir tveimur árum, að undirbúin var og síðan samþykkt löggjöf um Sölustofnun lagmetis og þar með skapaður algjörlega nýr grundvöllur fyrir þennan mikilvæga atvinnuveg, sem átti að tryggja betri framgang hans með sameiningu eða sameiginlegu átaki, eins og þörf er fyrir margar okkar litlu atvinnugreinar. Lánamálin hafa því miður ekki fylgt á eftir. Þetta er margendurtekin reynsla. Byggðasjóður hefur fengið slíkar umsóknir og hefur lánað til þessara mála, eins og fram kom hjá hæstv. ráðh. Hins vegar eru það verkefni Byggðasjóðs að veita viðbótarlán, þar sem þörf krefur, en það hefur staðið á afgreiðslu hjá öðrum lánasjóðum, sem eiga að veita grundvallarlánin, fyrst og fremst vegna þess, eins og fram kom, að ekki er ljóst, hver á að sinna því verkefni.

En ég vildi ekki síður gera það að umræðuefni í þessari stuttu aths., að fram hefur komið, hygg ég, við flesta, sem leitað hafa til banka þessa lands til fyrirgreiðslu í sambandi við lagmetisiðjuna, ákaflega mikill skilningsskortur hjá bankastjórum á mikilvægi þessarar atvinnugreinar og þeirri endurskipulagningu, sem á hefur orðið, og hafa þar ekki fengist þau lán, sem eðlileg eru.

Heimir Hannesson: Herra forseti. Ég vil þakka þann skilning, sem hæstv. ráðh. sýndi í yfirlýsingu sinni og einnig áhuga hins nýja flokksformanns. Ég held, að það sé ekki of oft á það bent, þegar lánsumsóknir berast frá nýjum aðilum, að í landinu eru 20 niðursuðuverksmiðjur, og það er sannarlega þörf á því, að þær verði fleiri, miðað við þær aðstæður, sem fyrir hendi eru. Mikill hluti þeirra verksmiðja, sem um ræðir, er búinn gömlum og einhliða framleiðslutækjum í ófullkomnum húsakynnum, og væri jafnkostnaðarsamt að endurbyggja þær og að reisa þær frá grunni. Það er því óhjákvæmilegt að fylgja eftir þeirri stefnu, sem mótuð var með lögum um Sölustofnun lagmetis frá síðasta ári.

Eins og kom fram í svari iðnrh. hér áðan, er engin stofnun í landinu né lánasjóður, sem á beinar skyldur við uppbyggingu lagmetisiðnaðarins, og engin lánastofnun, sem hann fellur beint undir. Það er því fyllilega tímabært að átta sig á því, hvort hér er um að ræða sjávarútveg eða iðnað, og er vonandi, að ákveðinnar stefnumörkunar sé að vænta í þeim efnum í framkvæmd. Það nær ekki nokkurri átt, að lagmetið borgi 6½% í sjávarútvegssjóði, en fái engin lán úr þeim sjóðum, og miklu eðlilegra, að lagmetið gangi í heild inn í iðnlánasjóðskerfið og greiði sín iðnlánasjóðsgjöld. Ljóst er, að það er nauðsynlegt að stíga það skref enn lengra en stigið var með l. um Sölustofnun frá síðasta ári.

Erlent hráefni til lagmetis, fsp. (þskj. 141). — Ein umr.

Fyrirspyrjandi (Bjarni Guðnason): Herra forseti. Þessi spurning, sem er í fjórum liðum á þskj. 141, varðar öll eitt og hið sama, þ. e. a. s. erlent hráefni til lagmetis. Það er rétt, að ég lesi þessa liði upp.

„1. Hver hefur haft forustu um hráefniskaup erlendis frá á þessu ári fyrir Siglósíld, Norðurstjörnuna og K. Jónsson & Co., Akureyri?

2. Hvað hefur verið keypt mikið hráefni erlendis, og hvernig skiptist það á milli ofangreindra verksmiðja?

3. Í hvaða gæðaflokki hefur þetta erlenda hráefni verið, og hver hefur eftirlit með innflutningi þess, að því er varðar gæði og hollustu?

4. Er trygging fyrir því, að þetta hráefni gefi okkur samkeppnisaðstöðu á þeim hefðbundnu mörkuðum, þar sem Sölustofnunin er að leita fyrir sér um sölu á íslensku lagmeti?“

Ástæðurnar fyrir þessari spurningu eru í fyrsta lagi hráefnisskortur verksmiðjanna og í öðru lagi, að ljóst er, að þessar verksmiðjur hafa oft og tíðum orðið að sætta sig við að kaupa afar lélegt hráefni erlendis frá.

Vandamálið er slíkt, eins og þingheimur vafalaust veit, að sumar verksmiðjurnar hafa ekki getað haldið uppi árlegri starfsemi sinni vegna hráefnisskorts og orðið að fella hana niður hluta af árinu, og á það bæði við um Siglósíld og Norðurstjörnuna.

Þá hefur mér verið tjáð, að Norðurstjarnan hafi t. d. tekið fryst síldarflök, 600—700 tonn, það sem af er þessu ári, frá norska fyrirtækinu Johan Stangeland í Stavanger, og síðasta sendingin, sem var alls 400 tonn, var mjög lélegt hráefni. Um 20 tonn af því fékk niðursuðuverksmiðja Egils Stefánssonar á Siglufirði og 60 tonn fékk K. Jónsson á Akureyri. Afganginn tók svo Norðurstjarnan. Nýting var mjög slæm hjá öllum verksmiðjunum, þar sem þetta var 2. til 3. flokks hráefni, auk þess, sem beinar skemmdir voru vegna lélegrar frystingar á hráefninu í Noregi.

Siglósíld hefur fest kaup á um 1000 tunnum og K. Jónsson um 2500 tunnum af kryddsíld í Færeyjum. Þetta er víst mjög smá síld og miður góð til niðurlagningar á gaffalbitum eða kryddsíldarflökum í dósir.

Undanþága til síldveiða hér við land var ekki veitt þessum verksmiðjum, og af þeim sökum urðu þær að reyna fyrir sér með kaup á síld erlendis. Einnig var reynt að kaupa kryddsíld í Noregi og Kanada, en tókst ekki, þar sem síldin var of léleg.

Óvíst er samkv. lögum, hver eigi að hafa með höndum hið opinbera eftirlit með innflutningi á kryddsíld í tunnum og hraðfrystri síld. Það hagar svo undarlega til, að við höfum trausta skoðun, þar sem er Síldarmat ríkisins og Fiskmat ríkisins, sem lúta að eftirliti með útflutningi. En þá vaknar spurningin: Hvaða aðili á að tryggja, að það hráefni, sem keypt er erlendis frá, sé að þeim gæðaflokki, að unnt sé að stuðla að heilbrigðri samkeppni á þeim mörkuðum, sem Íslendingar eru að sækja inn á erlendis?

Heilbr.- og trmrh. (Magnús Kjartansson): Herra forseti. Hv. þm. Bjarni Guðnason spyr í fyrsta lagi, hver hafi haft forustu um hráefniskaup erlendis frá á þessu ári fyrir Siglósíld, Norðurstjörnuna og K. Jónsson & Co., Akureyri.

Þegar háskalegur samdráttur varð í síldveiðum hér við land og algert bann sett á síldveiðar við landið, sem framlengt var 1. sept. s. l. um eitt ár, var gripið til þess ráðs að flytja inn hráefni erlendis frá til þess að koma í veg fyrir samdrátt eða jafnvel algera rekstrarstöðvun hjá verksmiðjunum. Hráefni þetta hefur aðallega verið keypt frá Noregi og Færeyjum. Aðallega er um að ræða frosin síldarflök til framleiðslu á Kippers og reyktri síld, brisling og kryddsíld til framleiðslu á gaffalbitum.

Þær verksmiðjur, sem hér hafa átt hlut að máli, eru Norðurstjarnan hf, sem er langstærsti kaupandinn, Niðursuðuverksmiðja K. Jónsson & Co. hf., sem m. a. er kaupandi á brislingi, Lagmetisverksmiðjan Siglósíld, sem nú í fyrsta skipti flytur inn kryddsíld, og Niðursuðuverksmiðja Egils Stefánssonar á Siglufirði.

Hráefniskaup þessi hafa algerlega verið í höndum framleiðenda sjálfra hingað til.

Í öðru lagi er spurt, hvað keypt hafi verið mikið hráefni erlendis og hvernig það skiptist á milli ofangreindra verksmiðja.

Innflutningur á hráefni erlendis frá hefur verið sem hér segir: Norðurstjarnan hefur flutt inn

791 tonn af frystum síldarflökum. K. Jónsson hefur flutt inn 600 tonn af frystum síldarflökum, 230 tonn af brislingi og 2500 tunnur af kryddsíld. Sigló hefur flutt inn 985 tunnur af kryddsíld, og Egill Stefánsson hefur flutt inn 100 tonn af frystum síldarflökum.

Í þriðja lagi er spurt, í hvaða gæðaflokki þetta erlenda hráefni hafi verið og hver hafi eftirlit með innflutningi þess, að því er varðar gæði og hollustu.

Þar sem innflutningur á vöru þessari er ekki háður neinu gæðaeftirliti á Íslandi, hafa framleiðendur sjálfir orðið að meta gæði hráefnisins og reynt að fá besta hráefni, sem í boði var hverju sinni. Mér er kunnugt um, að í sambandi við kryddsíldina hefur verið leitað til íslenskra síldarmatsmanna. Hins vegar tel ég vera brýna nauðsyn á því að setja reglur um innflutning á hráefni og að eðlilegast væri, að innflutningurinn yrði í höndum Sölustofnunar lagmetisiðnaðarins.

Í fjórða lagi er spurt, hvort trygging sé fyrir því, að þetta hráefni gefi okkur samkeppnisaðstöðu á þeim heiðbundnu mörkuðum, þar sem Sölustofnunin er að leita fyrir sér um sölu á íslenzku lagmeti.

Eins og hv. þm. tók fram, er hér um að ræða miklu lakara hráefni en það, sem við höfum áður haft. En það ætti að vera alkunnugt, að að undanförnu hefur verið mjög lítið framboð á síld til niðursuðu, þ. e. a. s. undanfarin 3 ár eða svo, og hvað þetta snertir sitja allar þær þjóðir við Norður-Atlantshaf, sem fullvinna síld, við sama borð. Því hefur samkeppnisaðstaða Íslendinga á hinum heiðbundnu mörkuðum ekki versnað, þar sem keppinautarnir hafa ekki heldur úr betra hráefni að vinna.

Fyrirspyrjandi (Bjarni Guðnason): Herra forseti. Það kom fram mjög svipað í svari hæstv. iðnrh. um hráefnismál lagmetisiðnaðarins og um lánamálin. Þarna eru bersýnilega hlutir, sem þarf að kippa í lag. Ég tel t. d. fráleitt, að framleiðendur skuli ekki þurfa að hlíta einhverju gæðaeftirliti í sambandi við hráefniskaup til niðurlagningar, því að mistök í þeim efnum geta eyðilagt góða markaði erlendis, sem hefur kostað e. t. v. of fjár að komast inn á. Ég treysti því, að hæstv. ráðh. reyni að taka þessi mál sem og lánamálin þeim tökum, sem viðhlítandi eru, þegar um svona mikilvægan þátt iðnaðar er að ræða.

Heimir Hannesson: Herra forseti. Ég vil taka undir það með hæstv. ráðh. og hv. þm. Bjarna Guðnasyni, að hér er vissulega um mjög mikið vandamál að ræða. Af þessum 15 þús. tunnum, sem ætlað var að fá, er eingöngu búið að fá 3500 tunnur af kryddsíld. Og miðað við núverandi aðstæður er eins gott, að menn átti sig á því, að það eru mjög alvarlegir tímar fram undan hjá þeim verksmiðjum, sem ætluðu sér að vinna þessa vöru.

Ég verð að segja það alveg eins og er, að ég hef ekki enn þá heyrt frambærileg rök fyrir því frá opinberum aðilum og viðkomandi rn., að þrátt fyrir eðlileg verndarsjónarmið var ekki a. m. k. athugað betur og skýrt og rökstutt nánar, hvers vegna var ekki mögulegt að veita undanþágu fyrir það sáralitla magn, þetta litla brot, sem hefði þurft til að halda þessum verksmiðjum í gangi til að tryggja þeim áframhaldandi framleiðslu og áframhaldandi sölu á þessu og e. t. v. hluta af næsta ári. Ég hef ekki heyrt þau rök enn þá og hefði gaman af að fá að heyra þau, því að hér er vissulega um mjög alvarlegt mál að ræða, sem þyrfti að ræða og skýra nánar.

Sölustofnun lagmetis, fsp. (þskj. 141). — Ein umr.

Fyrirspyrjandi (Bjarni Guðnason): Herra forseti. Í framhaldi af þessu, hef ég borið fram fsp. varðandi Sölustofnun lagmetis, og er hún tvíliðuð og hljóðar þannig:

„1. Hver hefur söluárangur Sölustofnunar lagmetis orðið á fyrsta starfsári hennar, þ. e. hefur orðið aukning á magni útflutts lagmetis og hafa ný markaðslönd opnast fyrir atbeina Sölustofnunarinnar, frá því að hún hóf starfsemi sína?

2. Hefur afkoma lagmetisiðnaðarins batnað við tilkomu Sölustofnunar lagmetis, þ. e. hafa hagkvæmari sölusamningar fengist?“

Ástæður fyrir þessari fsp. eru af ýmsum toga. Sú fyrsta, þegar maður blaðar í hagskýrslum, kemur í ljós, að útflutningur í tonnum hefur sáralítið vaxið á árunum 1968—1972. Að vísu hefur verðmæti útflutnings lagmetis aukist í millj. kr., en það stafar þá verulega af breyttu gengi og hækkun verðs. Það má segja, að verðmæti útflutts lagmetis hafi á undanförnum árum vaxið lítið miðað við heildarútflutning sjávarafurða, og má í því sambandi nefna t. d. eftirtaldar hlutfallstölur: 1968 er það 1.5% og 1971 er það 1.6%. Það virðist því ekki hafa orðið mikill árangur, þegar litið er á magn í tonnum. Samningar Sölustofnunarinnar við ýmsa aðila virðast ekki benda til þess, að árangur hafi orðið mikill í þessum efnum. Það, sem skiptir kannske mestu, er, að afkoma niðursuðuverksmiðjanna hefur sýnilega ekki batnað frá því, sem áður var, þegar hver verksmiðja seldi framleiðslu sína sjálf.

Það virðist svo sem engin ný markaðslönd hafi opnast enn þá. Sölustofnunin hefur að því er virðist aðallega verið að selja gömlum viðskiptavinum, sem verksmiðjurnar höfðu áður selt til sjálfar.

Ég vænti þess, að hæstv. iðnrh. geri nokkra grein fyrir þessum atriðum varðandi Sölustofnun lagmetis.

Heilbr.- og trmrh. (Magnús Kjartansson): Herra forseti. Áður en ég vík að þessum spurningum, vil ég segja nokkur orð um það, sem hv. þm. Heimir Hannesson sagði hér áðan, að hann skildi ekki, hvers vegna ekki hefði verið mögulegt að veita undanþágu til veiða á síld við Ísland. Hér er um að ræða mat íslenskra fiskifræðinga, eins og allir vita. Þeir hafa einróma lagst gegn því, að nokkrar heimildir yrðu veittar til síldveiða við Ísland.

Ég hélt, að það væri alkunna, að allir síldarstofnar á Norður-Atlantshafi eru svo illa á sig

komnir, að það er hætta á því, að þeir hverfi með öllu. Íslenski síldarstofninn er eini stofninn á Norður-Atlantshafi, sem nú er í vexti, og sá vöxtur á síldarstofninum er afleiðing af þessum hörðu friðunaraðgerðum okkar Íslendinga. Ég hygg, að það sé afstaða fiskifræðinganna, að það megi ekki slaka til á þessu sviði enn sem komið er, en það sé bersýnilega fram undan, að við getum farið að nýta þessa stofna á nýjan leik.

En fsp. hv. þm. er: „Hver hefur orðið söluárangur Sölustofnunar lagmetis á fyrsta starfsári hennar, þ. e. hefur orðið aukning á magni útflutts lagmetis og hafa ný markaðslönd opnast fyrir atbeina Sölustofnunarinnar, síðan hún hóf starfsemi sína."

Ef litið er yfir fyrstu 9 mánuði ársins 1973, er bersýnilegt, að mjög góður árangur hefur orðið af starfsemi Sölustofnunar lagmetisiðnaðarins og það á sama tíma og ytri aðstæður hafa verið með eindæmum óhagstæðar sölustarfi hennar. Tölur sýna, að í septemberlok s. l. var Sölustofnun lagmetisiðnaðarins búin að ná heildarútflutningsverðmæti alls ársins 1972. En þetta segir ekki alla söguna. Á árinu 1972 var flutt út lagmeti til Sovétríkjanna fyrir 151 millj. kr., en heildarútflutningur á lagmeti nam þá 229 millj. kr. Vegna skorts á kryddsíld til gaffalbitaframleiðslu nemur útflutningur til Sovétríkjanna á þessu ári ekki nema 75—80 millj. kr., en það er ekki nema um helmingur af útflutningi ársins 1972. Séu Sovétríkin tekin út úr heildarútflutningstölum, kemur í ljós mun hærri prósentuaukning á sölu til annarra markaðssvæða. Útflutningsskýrslur sýna, að söluaukning á öðrum mörkuðum en Sovétríkjunum fyrstu 9 mánuði ársins 1973, miðað við sama tímabil í fyrra, nemur 250%. Ástæðan fyrir þessum samdrætti á sölu til Sovétríkjanna er ekki í neinum tengslum við Sölustofnun lagmetisiðnaðarins, heldur stafar einfaldlega af hráefnisskorti, og ég þekki ekki nokkurn mannlegan mátt, sem getur vegið þau náttúrlegu áföll upp.

En ástæðan fyrir þeirri aukningu, sem orðið hefur á öðrum mörkuðum, er í sumum tilvikum, að opnast hafa ný markaðssvæði og orðið umtalsverð aukning á öðrum, þótt enn sé mikið markaðsstarf óunnið. Sem dæmi um nýja markaði má nefna Ítalíu og Spán, mikla söluaukningu í Frakklandi, en til þessara landa hefur aðallega verið seldur kavíar og þorsklifur. Í Bretlandi hefur náðst meira en tvöföldun sölu miðað við s. l. ár fyrir tilstilli Sölustofnunarinnar. Til Bretlands eru aðallega seld þorskhrogn. Þá hefur opnast nýr markaður í Bandaríkjunum fyrir rækju, og innflutningur á lagmeti er hafinn til Kanada. Mestur árangur hefur þó náðst í Japan, en þangað hefur verið selt í ár lagmeti fyrir 21 millj. kr., og liggur þegar fyrir pöntun á loðnu á árinu 1974 að upphæð 80 millj. kr., en sala þangað á árinu 1974 gæti orðið mun meiri en þeirri upphæð nemur. Árangur fyrstu 9 mánuði þessa árs sýnir, að ástæða er til að vænta verulegs árangurs af starfi Sölustofnunar lagmetisiðnaðarins í framtíðinni að mínu mati.

Í annan stað spyr hv. þm., hvort afkoma lagmetisiðnaðarins hafi batnað með tilkomu Sölustofnunar lagmetisiðnaðarins, þ. e. a. s. hvort hagkvæmari sölusamningar hafi fengist.

Samkv. l. um Sölustofnun lagmetisiðnaðarins er hlutverk hennar ekki einungis að annast útflutning, heldur veitir hún aðildarverksmiðjum sínum umfangsmikla þjónustu og fyrirgreiðslu. Hún á einnig að gegna forustuhlutverki í þróun lagmetisiðnaðar á Íslandi. Ekki fer á milli mála, að mikil hreyfing er í málum þessarar iðgreinar nú og mjög verulegur áhugi.

Ef fyrirspyrjandi á við það, hvort Sölustofnunin hafi gert hagkvæmari sölusamninga en annars hefðu fengist, er ákaflega erfitt að svara því, eins og að líkum lætur. Sölustofnunin hefur, eins og minnst var á áðan, orðið að glíma við þann efnahagsvanda, sem þróun alþjóðlegra gengismála hefur orsakað, auk þess sem hún vinnur brautryðjendastarf á mörkuðum, en enginn getur krafist bestu kjara við fyrstu samninga á nýjum markaði.

Benda má, að hagstæð sala hefur náðst á ýmsum vörutegundum, svo sem lifur, rækju o. fl., og ekki ástæða til að ætla, að aðrir hefðu náð betri sölusamningum en Sölustofnunin hefur gert. Þá má geta þess, að afstaða framleiðenda til Sölustofnunar lagmetisiðnaðarins virðist yfirleitt vera mjög jákvæð, og eru þeir flestir þeirrar skoðunar, að starf stofnunarinnar hafi nú þegar sannað tilverurétt hennar og mikilvægi fyrir þróun íslensks lagmetisiðnaðar, þótt á þessum sviðum sé vissulega ákaflega margt, sem taka verður betri og fastari tökum á næstunni, eins og fram hefur komið í svörum mínum við öllum fsp. hv. þm.

Jón Árnason: Herra forseti. Það er ekki mikið hægt að segja á tveimur mínútum eða svo. En ég sé ástæðu til þess að taka til máls undir þessum dagskrárlið. Því miður gat ég ekki verið hér, þegar hæstv. iðnrh. gaf svör við fyrri fsp., vegna þess að ég var við skyldustörf í fjvn. Ég get því ekki sagt um, hvað það er, sem kom þá fram í svari hæstv. ráðh. En eitt er víst, að niðursuðuiðnaðurinn á við mjög mikla erfiðleika að etja í dag. Það fer ekki á milli mála, að málin standa þannig nú, að það er tímaspursmál, hvort verksmiðjunum þurfi að loka eða halda áfram starfseminni. Þó að það sé rétt, sem kom fram hjá hæstv. ráðh. áðan, að um verulega aukningu hafi verið að ræða, byggist sú aukning á sölunni á fölskum forsendum. Menn voru fyrst á þessu ári trúaðir á, að þær hefðu starfsgrundvöll, meðan Bandaríkjadollarinn var skráður á 97.60 kr. hver dollar. Þá voru gerðir samningar t. d. við Austur-Þýskaland um sölu á kavíar á verði, sem var miðað við þessa skráningu. Síðan hækkar gengi krónunnar og dollarinn skráður á 83.60, og sjá allir heilvita menn, þegar menn eru bundnir af þessum sölusamningum, hvernig afkoma þeirra, sem gera slíka samninga, er við að framleiða undir slíkum kringumstæðum. En þetta hafa verksmiðjurnar orðið að gera. Þær verða vitanlega að standa við gerða samninga og framleiða, þó að það sé tap á framleiðslunni. Sú aukning, sem hefur orðið í niðursuðuiðnaðinum, það sem af er af þessu ári, byggist m. a. á þessu, að menn hafa verið að fylla upp í samninga og skila vöru, sem þeir fram-

leiða með tapi. Það liggur á borðinu og er hægt að leggja fram, hvenær sem er.

Hitt vil ég taka fram, að ég tel, eins og hæstv. ráðh. sagði hér áðan, að Sölustofnunin út af fyrir sig hafi sýnt, að hún átti tilverurétt, og ég tel, að þeir menn, sem þar starfa, hafi sýnt, að þeir eru þeim vanda vaxnir. Þeir hafa starfað ágætlega fyrir okkur í þessum efnum, það tek ég skýrt fram. En það er síðar á dagskrá þessa fundar önnur fsp., sem gefur frekar tilefni til umr. í sambandi við starfsgrundvöll lagmetisiðnaðarins, og mun ég því geyma mér að ræða frekar um þessi mál, þangað til hún verður tekin til umræðu.

Pétur Pétursson: Herra forseti. Aðeins örfá orð. Ég vil fyrst fagna þeirri yfirlýsingu hæstv. iðnrh., að lánamál iðnaðarins almennt eru nú á dagskrá og komast væntanlega til framkvæmda, áður en langt um líður, því að á því er full þörf. Það var upplýst, að á tveimur árum hefði lagmetisiðnaðurinn fengið 32 millj. í fjárfestingarlán, og þótti lítið, og er gott, ef hægt er að auka það. En mér finnst nú einhvern veginn hálfsnúið að vera að tala um að byggja upp þennan lagmetisiðnað, sem vissulega þarf að gera og á að gera og verður vafalaust gert, ef hráefnið er ekki til, eins og t. d. að því er síldina varðar.

Mér fannst á hv. 3. landsk., Bjarna Guðnasyni, eins og það andaði hálfkalt til Sölustofnunar lagmetisiðnaðarins. Ég satt að segja skil ekki almennilega, hvað hér er verið að fara. Auðvitað er, eins og hv. síðasti ræðumaður tók fram, verðlagið aðalatriðið í þessum efnum. Þessi stofnun þarf að keppa á alþjóðlegum mörkuðum við sams konar vöru eða svipaða vöru, og við erum þó alltaf að reyna að telja okkur trú um, að okkar framleiðsla sé heldur betri. Verksmiðjurnar þurfa, til þess að geta gengið, að hafa stöðuga framleiðslu með einhverjum hætti. Og þá kemur spurningin: Er hægt að selja alla þá framleiðslu, sem þar yrði um að ræða? Til að mæta þeim hækkunum, sem orðið hafa vegna gengisbreytinga og vegna verðlags innanlands ekki síður, verður að gera nauðsynleg hagræðingarstörf á mörgum sviðum. Ég tel, að Sölustofnun lagmetis hafi fyllilega sannað tilverurétt sinn.

Fyrirspyrjandi (Bjarni Guðnason): Herra forseti. Það er rangt mál hjá síðasta ræðumanni, að það hafi andað köldu í garð Sölustofnunar lagmetis, því að það var vissulega góð hugmynd og sjálfsögð framkvæmd að koma skipulagi á markaðsmálin. En kjarni málsins er þessi: Sölustofnun lagmetisiðnaðarins hefur milli 50 og 60 millj. kr. handa á milli í rekstrarkostnað á ári, á meðan allur niðursuðuiðnaðurinn hefur fengið til fjárfestingarlána 32 millj. M. ö. o.: Sölustofnunin hefur hér um bil tvöfalt fjármagn handa á milli á við uppbyggingarfjármagn lagmetisiðnaðarins. Það er þetta, sem mér þykir mjög merkilegt fyrirbæri. Það þýðir ekkert að vera að hrúga fé í Sölustofnun lagmetisiðnaðarins, ef sjálfur grundvöllurinn, framleiðslueiningarnar, er ekki traustur, og það er þess vegna, sem ég hef reynt að vekja sérstaka athygli á þessu. Ég er ekki að ráðast á Sölustofnunina sem slíka, heldur er hér eitthvað að, þ. e. a. s. það þarf að treysta sjálfa undirstöðuna. Mér er kunnugt um það, að í nær öllum tilfellum hefur það söluverð, sem Sölustofnunin hefur fengið fyrir viðkomandi vörutegundir, verið töluvert lægra en beint framleiðsluverð hennar. En ég lít svo á, að allir þessir málaþættir, bæði lánamálin, hráefnismálin og fjármagnshlutfall milli annars vegar Sölustofnunar lagmetis og hins vegar undistöðugreinanna í iðnaðinum, þurfi endurskoðunar við. Það þarf að samræma þessa hluti. Það er ekki nóg að hlaða upp einni stofnun, án þess að heildaryfirsýn sé yfir iðnaðinn. M. ö. o.: ég tel, að hér þurfi að athuga frá grunni stöðu og lánamál, hráefnismál o. s. frv. lagmetisiðnaðarins og gera stórátak í þessum efnum.

Norðurstjarnan, fsp. (þskj. 141). — Ein umr.

Fyrirspyrjandi (Bjarni Guðnason): Herra forseti. Mér kom á óvart, að ég skyldi eiga fjórðu spurninguna eftir, en ég skal nú reyna að koma henni til skila. Hún er til hæstv. fjmrh. og hljóðar svo á þskj.:

„1. Var Norðurstjaranan h/f í Hafnarfirði ríkisfyrirtæki, þegar ríkissjóður breytti gömlum skuldum fyrirtækisins í hlutafé? Ef svo er, hvað er hlutafé ríkissjóðs mikið í Norðurstjörnunni, og hve stór hluti er það af heildarhlutafé?

2. Hve mikið fjármagn hefur ríkissjóður lagt í Sölustofnun lagmetis, lagmetisiðjurnar Siglósíld og Norðurstjörnuna h/f á s. l. ári og árinu 1973?“

Um þetta þarf ég ekki að hafa mörg orð. Þessi fsp. er í beinum tengslum við það, sem ég var að tala um áðan, að það væri eðlilegt hlutfall milli þess fjár, sem Sölustofnun lagmetis á að hafa, og þess fjár, sem fer til undirstöðueininganna í lagmetisiðnaðinum. Þetta er í beinum tengslum.

Fjmrh. (Halldór E. Sigurðsson): Herra forseti. Svar mitt við fsp. hv. 3. landsk., Bjarna Guðnasonar, á þskj. 141 er svo hljóðandi:

Á aðalfundi Norðurstjörnunnar h/f í Hafnarfirði, sem haldinn var í júní s. l., var ákveðið að auka hlutafé fyrirtækisins úr tæpum 16 millj. í 80 millj. Hlutafjáraukningin fór þannig fram, að skuldum fyrri félagsins var breytt í hlutafé, þannig að um eiginlegt innborgað hlutafé var ekki að ræða. Samkv. þessu var ákveðið að breyta skuldum Norðurstjörnunnar við Ríkisábyrgðasjóð að fjárhæð 24 millj. kr. í hlutafé. Jafnframt var skuldum fyrirtækisins við Framkvæmdasjóð að fjárhæð 35 millj. breytt í hlutafé. Bæjarsjóður Hafnarfjarðar á 5 millj. og ýmsir hluthafar 16 millj. í hlutafé. Samkv. þessu er ríkissjóður eigandi að 30% hlutafjárins og Framkvæmdasjóður eigandi að 43.75%, eða samtals ríkissjóður og Framkvæmdasjóður með 73.75% af hlutafé Norðurstjörnunnar. Um það, hvort fyrirtækið hafi orðið ríkisfyrirtæki, sbr. orðalag fsp., við þessar aðgerðir, er það að segja, að auðvitað heldur það áfram að vera hlutafélag, þó að ríkið sé ásamt Framkvæmdasjóði eigandi

að meiri hluta hlutafjárins. Það verður engin formbreyting þar á.

Svar við hinum lið fsp.: 12½ millj. kr. hefur verið lánuð til Norðurstjörnunnar á þessum tíma. Af því hefur 7 millj. kr. verið breytt í hlutafé, en 5.5 millj. kr. standa eftir sem skuld. Þessi lánveiting var aðallega á árinu 1972. Ég man ekki eftir, að það hafi verið um neitt hlutafé að ræða á yfirstandandi ári. En það er innifalið í því, sem ég sagði áðan um hlutafjáraukninguna.

Varðandi Sölustofnun lagmetisiðnaðarins er það að segja, að í lögum um þá stofnun segir, að 25 millj. skuli greiða til hennar á ári næstu 5 árin. Þetta kom fyrst inn á fjárlög 1972. Þá gera lögin um Lagmetisiðjuna ráð fyrir, að ríkissjóður leggi henni til 15 millj. til endurnýjunar vélakosts og fleira og skuli það framlag skiptast á þrjú ár. Kemur fyrsta greiðsla á fjárlög 1974.

Þetta vona ég, að fullnægi fyrirspyrjanda.

Fyrirspyrjandi (Bjarni Guðnason): Herra forseti. Ég þakka fyrir þessi svör. Það þarf dálítið að athuga þessar tölur, hvernig þetta kemur út, til þess að geta tekið afstöðu gagnvart þessum talnalegu breytingum. En ég vildi aðeins vekja athygli á því, að varðandi Lagmetisiðjuna Siglósíld átti hún að fá 15 millj. kr. til uppbyggingar og endurbóta á fyrirtækinu samkv. lögum þess, og þessari upphæð var skipt í þrennt, þannig að fyrstu 5 millj. voru á fjárl. 1973. En hitt verður á fjárl. 1974 og 1975. Þannig verður þetta afar mikil upphæð og nýtist illa, enda virðist þetta fyrirtæki eiga við mjög mikla erfiðleika að etja, eins og reyndar iðnaðurinn allur.

Sameinað þing, 30. fundur.

Þriðjudaginn 4. des., að loknum 29. fundi.

Staðarval stóriðju á Norðurlandi, þáltill. (þskj. 69). — Ein umr.

Flm. (Lárus Jónsson): Herra forseti. Ég hef ásamt hv. þm. Halldóri Blöndal leyft mér að flytja till. til þál. á þskj. 69 um staðarval stóriðju og stórvirkjana á Norðurlandi. Till. er svo hljóðandi, með leyfi hæstv. forseta:

„Alþingi ályktar að fela ríkisstj. að kanna hagkvæmni þess vegna jákvæðrar þróunar byggðar og aukins öryggis í orkuöflun allra landsmanna að velja stórfyrirtæki stað á Norðurlandi, jafnframt því sem lögð verði öflug miðlunarlína norður, virkjuð 55 MW jarðgufuvirkjun við Kröflu og stefnt að virkjun Jökulsár á fjöllum við Dettifoss. Athugun þessi fari fram í samráði við Fjórðungssamband Norðlendinga og forráðamenn orkumála á Norðurlandi og tengist öðrum athugunum á lausn orkumála Norðlendinga."

Í sambandi við þetta mál vil ég strax í upphafi máls míns leggja höfuðáherslu á nokkur meginatriði.

Sú stefna, sem felst í þessari till., hefur verið lengi á dagskrá. M. a. kom hún skýrt fram í Norðurlandsáætlun í atvinnumálum og í skýrslu atvinnumálanefndar Norðurlands til ríkisstj. árið 1969. Forsendur fyrir því að framkvæma þessa stefnu hafa aldrei verið betri en nú. Nú liggja annars vegar fyrir spánýjar upplýsingar um, að 55 MW gufuaflsrafstöð við Námafjall eða Kröflu mundi framleiða raforku á sambærilegu verði og bestu vatnsaflsvirkjanir í landinu að mati Orkustofnunar eða á 39 aura kwst. við stöðvarvegg á verðlagi s. l. sumars, þ. e. a. s. miðað við byggingarvísitölu 853 stig. Jafnframt því, að upplýsingar liggja óyggjandi fyrir um þetta að mati færustu vísindamanna, er í sívaxandi mæli rætt um það af hálfu stjórnvalda að semja við erlenda aðila um að reisa orkufrek stóriðjufyrirtæki í landinu, en þau eru nauðsynleg forsenda fyrir því að virkja raforku, svo að nokkru nemi, í stærri stíl. Þess skal þegar getið, að aðrar tæknilegar forsendur fyrir staðarvali stóriðjufyrirtækja eru fyrir hendi á Norðurlandi, svo sem færð eru rök fyrir í grg. með till., t. d. að því er varðar hugsanlega hafíshættu, og mun ég koma nánar að því síðar. Hið sama er að segja um umhverfismál. Þau virðast öll leysanleg samkv. skýrslu frá Orkustofnun, sem birt er hér í grg., bæði að því er varðar gufuaflsstöðvar og virkjun Jökulsár við Dettifoss, og vísa ég til fskj. með till. í því efni.

Þyngsta áherslu vil ég leggja á, að framkvæmd þeirrar stefnu í orkumálum, sem þessi till. hefur í för með sér, mundi gerbreyta til batnaðar öryggi í orkuöflun allra landsmanna. Í fyrsta lagi yrði horfið frá því að velja stórvirkjunum stað í næsta nágrenni frægasta og virkasta eldfjalls á Íslandi. Í öðru lagi færi veruleg orkuframleiðsla fram á gerólíkum svæðum með tilliti til veðurfars, þannig að minni hætta yrði á, að rennslistruflanir vegna ísmyndunar drægju óhæfilega úr heildarorkuvinnslunni. Í þriðja lagi væri farið inn á þá braut að virkja nýjan aflgjafa, þ. e. a. s. jarðgufu, í stærri stíl, sem er algerlega óháð veðurfarsbreytingum og veitir dýrmæta reynslu á nýtingu stórfelldra orkulinda, sem eru ónytjaðar svo til. Í fjórða lagi kæmu til strax margir fleiri kostir miðlunar milli orkuveitukerfa, sem óþarft er upp að telja. Hér yrði m. ö. o. um að ræða algerlaga ný viðhorf í orkumálum allra landsmanna og eðlilegt skref í þá átt að framkvæma hliðstæða stefnu á Norðurl. v. með virkjun Blöndu, svo og á Austfjörðum, og stefna þannig að auknu öryggi og hagkvæmni í orkubúskap allrar þjóðarinnar.

Þegar hér er komið, er e. t. v. eðlilegt, að spurt sé: Hvers vegna þarf að velja orkufrekum notanda stað á Norðurlandi til þess að koma þessari stefnu í framkvæmd? Er ekki hægt að framkvæma þessa stefnu í orkumálum án þess? Því er fljótsvarað, að það kann að koma til álita að reisa 55 MW gufuaflsstöð við Námafjall eða Kröflu og miðlunarlínu milli Norður- og Suðvesturlands án frekari stóriðju á Norðurlandi. Forsendur fyrir þessu eru þó, að línan verði mjög sterkbyggð, nægur markaður fyrir umframorku frá Norðurlandi sé til staðar á Suðvesturlandi og varaafl sé svo mikið til staðar, að ekki stafi stórhætta af, ef línan milli landshlutanna bilar. Sé þannig eingöngu litið á þá hlið þessa máls, raforkumálin, er ljóst, að dýrari línu þyrfti milli landshlutanna, ef hún ætti

að flytja a.m.k. fyrst í stað aðeins grunnorku til Suðvesturlands, og þar þyrfti meira varaafl, sem merkir dýra fjárfestingu. Þessi mynd gerbreyttist á hinn bóginn, ef orkufrekur iðnaður risi á Norðurlandi. Þá yrði hönnun línunnar milli landshluta miðuð við miðlun, en ekki flutning grunnorku, og varaaflsþörf minni. Að auki kæmu svo til áhrif staðarvals orkufrekrar stóriðju á byggðaþróun, sem ég kem nánar að síðar.

Ég tel ástæðu til að undirstrika rækilega í sambandi við þetta mál, hversu stórfelld viðhorfsbreyting blasir í rauninni við í orkumálum Íslendinga, þegar niðurstöður frumathugunar á jarðgufuaflsstöð við Námafjall eða Kröflu liggja fyrir. Eins og ég sagði áðan er niðurstaða nýútkominnar skýrslu Orkustofnunar um þetta sú, að kwst. mundi kosta frá slíkri virkjun aðeins 39 aura. Til samanburðar má geta þess, að talið er, að kwst. frá Sigölduvirkjun mundi kosta af stærðargráðunni a.m.k. milli 70 og 80 aura. Nú er þess þó að geta, að miklu meira er vitað um kostnað við Sigölduvirkjun en jarðgufuaflsstöð, þannig að þessar tölur eru ekki algerlega á sambærilegum forsendum, en þær benda ótvírætt í þá átt, og er reyndar tekið fram í skýrslu Orkustofnunar, að slíkar 55 MW virkjanir jafnist a.m.k. á við það besta, sem völ er á í vatnsafli, jafnvel þótt vatnsaflsstöðvarnar séu þrisvar sinnum stærri. Þar sem eitt meginvandamálið við stórvirkjanir er að samræma orkuframleiðsluna þörfum markaðarins, er hér um stórkostlegt hagræði að ræða, þegar hægt er að ná sams konar hagræði með minni virkjunum. Fjárútvegunarvandinn verður að sjálfsögðu minni hverju sinni og miklu meiri líkur á, að unnt sé að nýta viðbótarorkuna fyrr en ella, en það gerir orkuvinnsluna hagkvæmari. Þá er einnig á það að líta, að þessi skýrsla sannar, að við getum hagnýtt nýja stórfellda orkulind, sem hefur ekki verið beisluð áður, svo að neinu nemi, og er það ekki lítils virði.

Þá vil ég fara nokkrum orðum um þau gerbreyttu viðhorf í orkubúskap allrar þjóðarinnar, sem felast í framkvæmd þessarar till. Eins og nú er háttað, eru stærstu virkjanir okkar í næsta nágrenni Heklu. Þær geta eyðilagst svo til á einni nóttu, ef illa tekst til og verulegt hraungos yrði á svæðinu. Reynsla síðustu ára hefur sannað okkur áþreifanlega, að það er alger fásinna að standa þannig að svo mikilsverðum málum sem orkuvinnslan er. Ef á hinn bóginn yrði virkjað fyrir norðan, fyrst jarðgufan á Kröflusvæðinu og síðan Jökulsá við Dettifoss, og miðlunarlína reist milli landshlutanna, yrði allt annað upp á teningnum. Bæði er það álit sérfræðinga, að jarðgufuvirkjun sé miklu síður hætt við eyðileggingu sakir eldgosa, og svo er á hitt að líta, að sáralitlar sem engar líkur eru á eldgosum samtímis á Heklusvæðinu og nyrðra við Kröflu eða Dettifoss. Á þetta atriði benti ég á fundi, þar sem orkumálastjóri sat nýlega, og féllst hann á þessar röksemdir, að þótt Þjórsárvirkjanir og væntanleg jarðgufuvirkjun við Kröflu og vatnsaflsvirkjun við Dettifoss séu á sama sprungusvæði jarðfræðilega, þá megi telja fullvíst, að þar yrði ekki eldgos samtímis. Er augljóst, að sú stefna, sem fram kemur í þessari till., mundi gerbreyta til batnaðar öryggi í orkubúskap allra landsmanna, um leið og farið yrði inn á nýjar brautir í orkuöflun, virkjun jarðgufu.

Fyrir nokkrum árum var reist fyrsta jarðgufuaflsstöð á Íslandi. Hún er í Bjarnarflagi við Mývatn, eins og kunnugt er. Þessi stöð er í eigu Laxárvirkjunar og getur aðeins framleitt 3 MW af raforku. Engu að síður hefur hún komið að ómetanlegu gagni og reynslan af henni verið góð. Sérstaklega hefur komið í ljós, að orkuvinnslan með þessum hætti er mjög örugg, þar sem hún er óháð veðurfari. Jarðgufuaflsstöðin í Bjarnarflagi er þannig hönnuð, að hún nýtir mjög lítinn hluta af varmaafli gufunnar. Hún er því ekki mjög hagkvæm, auk þess sem hún er lítil. Samkv. frumathugun Orkustofnunar á 55 MW jarðgufuaflsstöð við Kröflu, er ætlunin að fara nokkuð aðra leið tæknilega, en hún hefði í för með sér betri nýtingu gufunnar og sýnist vera mjög hagkvæm, eins og áður segir. Sú litla reynsla, sem við höfum af rekstri gufuaflsstöðvar hér á landi til raforkuframleiðslu, bendir á hinn bóginn ótvírætt til þess, að það hafi út af fyrir sig verulegt gildi að fá sem fyrst aukna reynslu á þessu sviði með rekstri stórrar stöðvar, sem hagnýtir nýjustu tækniþekkingu á þessu sviði.

Frá þessu sjónarmiði einu, þótt ekki kæmu mörg fleiri til, er að mínu mati einsýnt, að taka þarf nú þegar ákvörðun um að virkja slíka jarðgufuvirkjun á Norðurlandi. Frá mínum bæjardyrum séð er ekkert höfuðatriði, hvort sú virkjun yrði við Kröflu, Námafjall eða á Þeistareykjasvæðinu, en mér skilst, að sérfræðingar hallist frekar að Kröflu á þessu stigi málsins, og því er beinlínis rætt um Kröflusvæðið í till.

Þá vil ég víkja að virkjun við Dettifoss og tengilínu milli Norður- og Suðvesturlands.

Um margra ára skeið hafa verið gerðar rannsóknir á virkjun Jökulsár á Fjöllum við Dettifoss. Ég ætla ekki að fara að rekja þá sögu hér, en mér skilst, að fljótlega hafi komið í ljós, að berglög séu þannig á svæðinu, að óheppilegt sé um neðanjarðarmannvirki, og hefur því verið gengið út frá yfirborðsvirkjun á þessum stað. Í því sambandi er þess að geta, að verktækni við gerð slíkra virkjana hefur aukist meira en við gerð neðanjarðarvirkjana, og mun Dettifossvirkjun því nú vera hagkvæmari í samanburði við aðrar virkjanir af þeim sökum. Í nýlegri skýrslu Orkustofnunar segir svo, með leyfi hæstv. forseta, um rannsóknir við Dettifoss:

„S.l. sumar var unnið við borun í stöðvarhússtæði væntanlegrar Dettifossvirkjunar, en rannsóknir við Dettifoss hafa áður staðið í nokkurn tíma. Boranir gáfu sumpart til kynna heppilegri berglagagerð en búist var við, en sumpart svipaða og vænst var.“

Hér er m.ö.o. sagt, að nýjustu rannsóknir á virkjun við Dettifoss bendi til þess, að virkjun þar sé hagstæðari en áður var gert ráð fyrir. Á þetta vil ég leggja áherslu og einnig á það, að rannsóknir á virkjun við Dettifoss eru lengst komnar af öllum rannsóknum stórvirkjana utan Þjórsársvæðisins, þegar frá er talin jarðgufan. Af þeim ástæðum auk annarra er eðlilegt að stefna að því, að virkjað verði við Dettifoss í framhaldi af Kröfluvirkjun, sem lagt er til í þessari till.

Augljóst er, að til þess að koma framangreindri stefnu í orku- og stóriðjumálum í framkvæmd, yrði að tengja Norður- og Suðvesturland með miðlunarlínu. Sé slík lína reist sem afleiðing þess að stórauka orkuvinnslu á Norðurlandi, m. a. til öryggis fyrir Landsvirkjunarsvæðið, er augljóst, að hún nýttist frá upphafi sem hlekkur í öryggiskerfi og mundi flytja miklu meiri orku en lína, sem lögð væri til þess að flytja fyrstu árin grunnorku til Norðurlands. Það er deginum ljósara, að slík lína, sem þyrfti að nota til þess að fullnægja daglega verulegum hluta orkuþarfar í heilum landshluta, þyrfti að vera mjög vel gerð og þar af leiðandi dýr til þess að fullnægja eðlilegum öryggissjónarmiðum. Nýting línunnar yrði ákaflega lítil miðað við kostnað hennar, þannig að fram til þess dags, sem hún gæti miðlað orku norður eða suður eftir þörfum, yrði fastur kostnaður við rekstur hennar slíkur, að augljóst er, að miklu hagkvæmari leiðir mætti fara til orkuöflunar fyrir Norðlendinga.

Það er ekki ætlun mín að fara nú frekar út í þá sálma að rifja upp skiptar skoðanir í þessum efnum milli mín og flestra Norðlendinga annars vegar og æðstu forustumanna orkumála í landinu hins vegar. En ég vildi aðeins gera grein fyrir þeim reginmun, sem á því er að reisa slíka línu, þegar hún er tímabær, þ. e. a. s. sem afleiðingu af stóraukinni orkuframleiðslu á Norðurlandi, miðað við þau áform, sem stjórnvöld hafa haft um að fresta öllum virkjunum á Norðurlandi og fara með „hund" norður yfir öræfi, sem flytti grunnorku til Norðlendinga um ófyrirsjáanlegan tíma.

Áður en ég skil við þann þátt þessarar till. sem fjallar um orkumálin, vil ég ekki láta hjá líða að minna á það öngþveiti, sem nú blasir við í orkumálum Norðlendinga og á nauðsynlegar skyndiráðstafanir í þeim efnum fram að þeim tíma, sem sú stefna kæmist í framkvæmd, sem mörkuð er með þessari till.

Ástandið er þannig nú í orkumálum Norðlendinga, eftir að ný virkjun í Laxá, 6.5 MW, var tekin í notkun á s. l. hausti, að enn þarf að nota dísilstöðvar daglega til orkuvinnslu. Á yfirstandandi ári er búist við, að orkuframleiðsla með dísilafli þurfi að vera 17.7 gigawattstundir í samanburði við 8.7 gigawattstundir á sl. ári. Búist er við, að enn þurfi að auka verulega olíunotkun til raforkuframleiðslu á Norðurlandi á næsta ári, og er þá ekki miðað við að hleypa neinu rafmagni á háspennulínu frá Norðurl. e. í kjördæmi forsrh., en slík lína mun verða fullbúin þá, og til hennar hefur verið kostað milljónatugum. Af þessum sökum hefur Laxárvirkjunarstjórn það mjög til athugunar að banna frekari sölu til húshitunar með rafmagni, á sama tíma sem Landsvirkjun auglýsir sérstaka og hagstæða taxta til rafhitunar nýbygginga utan hitaveitusvæða. Þegar það er skoðað, að það kostar Laxárvirkjun með núgildandi verði á olíu 2 kr. einungis í olíukaupum að framleiða eina kwst. raforku, sem hún selur á rúmlega eina kr., þá verður ekki annað séð en það sé neyðarúrræði til þess að bjarga fyrirtækinu frá gjaldþroti að banna frekari sölu á raforku til húshitunar, ef ekki koma til sérstakar aðgerðir stjórnvalda. Það sést þó, hvílík neyðarráðstöfun slíkt bann í raun og veru er, að hér er um eina kostinn að ræða til þess að afla innlendrar orku til húshitunar á Akureyri og þar eru 63% af orkusölu rafveitunnar nú seld til húshitunar.

Með þessu er þó ekki öll saga sögð um það öngþveiti, sem blasir við í orkumálum Norðlendinga. Öryggisleysi í orkuvinnslu vatnsaflsstöðvanna í Laxá hefur tvöfaldast með tilkomu nývirkjunarinnar, þegar um krapamyndun og rennslistruflanir er að ræða. Ástæða fyrir þessu er sú, að með tilkomu virkjunarinnar er rennsli árinnar nýtt tvisvar. Ofan í kaupið hefur komið í ljós, að inntaksmannvirki nývirkjunarinnar eru ekki eins og vænst var, þannig að sú staðreynd, að ekki fékkst að gera hóflega stíflu í Laxá, stefnir raforkuöflun á Norðurl. e. í algera tvísýnu, einmitt þegar kaldast er í veðri og mest tjón getur af hlotist. Það er raunar óhugnanlegt, hvað gerst getur á Norðurlandi, ef saman færi bilun í gömlum og ofkeyrðum dísilvélum við óveður og rennslistruflanir eða línubilanir frá Laxá. Þá hugsun er best að forðast að hugsa til enda.

Þegar það óefni er haft í huga, sem orkumál Norðlendinga eru komin í, er ljóst, að gera þarf ráðstafanir á byggingartíma jarðgufuaflsstöðvar við Kröflu til þess að forða frá algerum voða, en samkv. ummælum orkuráðh. væri unnt að gera ráð fyrir, að jarðgufuaflsstöð gæti tekið til starfa árið 1977 á Norðurlandi. Meðal bráðabirgðaaðgerða á byggingartíma gufuvirkjunar má nefna stækkun varaaflsstöðvar og hugsanlega stækkun á jarðgufuaflsstöðinni við Mývatn, svo og að ráðast eins fljótt og auðið er í miðlunarlínu milli Landsvirkjunar og Laxárvirkjunarsvæðisins, en hönnun slíkrar línu og lega hennar ættu að ráðast af því, að hún næði vel tilgangi sínum þegar gufuaflsstöðin kæmi í gagnið. Þessu til viðbótar vil ég ekki láta hjá líða að benda á, að nauðsynlegt er einnig að kanna frá hálfu stjórnvalda, hvort landeigendur við Laxá kynnu að vilja ræða um lagfæringar á inntaksmannvirkjunum í ánni eða gerð hóflegrar stíflu í Laxá í ljósi nýrra viðhorfa um þessi efni og e. t. v. nýrra upplýsinga um hugsanleg áhrif á lífkerfi árinnar. Ég tek skýrt fram, að hér er ég að benda á, að samkv. samningi um lausn Laxárdeilunnar var ekki ákveðið að hætta öllum framkvæmdum við Laxá, heldur að þær skuli háðar samþykki Landeigendafélagsins. Það mundi ekki meiða neinn, þótt þannig yrði á málum haldið af hálfu stjórnvalda, ef það kæmi fram strax í upphafi, að ekki væri fyrirhugað að gera neitt í þessu efni nema með fullu samþykki aðila.

Það fer ekki á milli mála, þegar haft er í huga það öngþveiti í orkumálum Norðlendinga, sem nú er orðið staðreynd, hversu stórfelld umskipti yrðu í þróun Norðurlands vegna raforkumálanna einna saman, ef sú stefna yrði framkvæmd, sem till. þessi markar. Ef auk þess kæmi til orkufrekur stóriðnaður á Norðurlandi, mætti segja, að um byltingu væri að ræða, sem yrði þá líklega hluti þeirrar iðnbyltingar, sem hæstv. núv. iðnrh. sér í hyllingum. Á Norðurlandi er hlutfallslega mjög margt fólk starfandi í frumframleiðslugreinum, landbúnaði og sjávarútvegi. Þótt afköst þessara atvinnugreina vaxi ár frá ári vegna tæknibreytinga og framleiðniaukninga, er þess ekki að vænta, að þessar at-

vinnugreinar veiti mörgu af því unga fólki atvinnu, sem kemur fram á vinnumarkað á næstu árum, en það er fleira og fjölmenntaðra fólk en hafið hefur störf áður í sögu þjóðarinnar. Á Norðurlandi er því enn þá meiri þörf fyrir öran vöxt iðnaðar en í flestum öðrum landshlutum, ef takast á að ná því marki, að mannfjöldaþróun verði þar sem næst sambærileg við meðaltalsfjölgun þjóðarinnar, en slíkt er forsenda ýmiss konar félagslegra framfara í fjórðungnum. Þetta hefur lengi verið ljóst, og kom þessi stefna fram í atvinnumálaþætti Norðurlandsáætlunar og skýrslu atvinnumálanefndar Norðurlands til ríkisstj. á árinu 1969, eins og ég minntist á áðan.

Atvinnumálanefnd Norðurlands gerði tilraun til þess að meta hvað staðarval stóriðjufyrirtækis hefði mikil áhrif á mannfjöldaþróun á Norðurlandi eftir því, hvort því fyrirtæki yrði valinn staður norðanlands eða suðvestanlands. Niðurstaðan varð sú, að yrði því valinn staður á hagkvæmasta stað á Norðurlandi, hefði það í för með sér búsetuval 3000 manna á Norðurlandi, þegar öll áhrif væru komin til skila, en ef sama fyrirtæki væri valinn staður á Suðvesturlandi, mundi það valda brottflutningi allt að 1000 manns að norðan. Mönnum kemur þetta e. t. v. spánskt fyrir sjónir, en þegar betur er að gáð, er þetta dæmi auðskilið. Hér er átt við fyrirtæki, sem veitti sjálft 350—400 manns atvinnu. Tekjur þess fólks, sem þar starfaði, yrðu notaðar til þess að kaupa vörur og þjónustu, sem framleiddar eru innan fjórðungsins. Þannig hefði fyrirtækið víðtæk örvunaráhrif á þessar atvinnugreinar og þar með vöxt þeirra. Augljóst er, að hér yrði um að ræða mjög hagstæð áhrif á þjóðarbúskap okkar í heild. Á Norðurlandi stuðlaði þessi þróunarauki að fjölbreytni í þjónustustarfsemi fyrir atvinnuvegina og vexti margvíslegrar félagslegrar þjónustu, en á aðalþéttbýlissvæði landsins mundi draga úr aðflutningi fólks og þar með spennu í húsnæðismálum og opinberum framkvæmdum. Hvort tveggja þetta er nánar rökstutt í fskj. með till., en þar er birtur hluti af skýrslu atvinnumálanefndar Norðurlands frá 1969. Í henni voru fulltrúar allra þáv. stjórnmálaflokka í landinu víðs vegar að af Norðurlandi.

Að síðustu vil ég minnast á þann draug, sem oftast hefur skotið upp kollinum, þegar rætt hefur verið um orkufreka stóriðju á Norðurlandi, en það er hafíshættan. Um þetta er fjallað nokkuð ítarlega í nefndri skýrslu atvinnumálanefndar Norðurlands frá 1969, en enn þá ítarlegar í skýrslu, sem n. gerði, sem sett var á laggir samkv. ákvæðum í samningi ríkisstj. og Íslenska álfélagsins. Sú n. skyldi kanna hagkvæmni staðarvals hugsanlegrar álverksmiðju á Norðurlandi og áhrif á byggðaþróun. Þessi skýrsla kom út á s. l. ári, og er sá kafli hennar, sem fjallar um hafísvandamálið, birtur sem fskj. með till. á þskj. 69. Niðurstaðan er sú, að með nútímatækni í hafísspám og ýmsum varúðarráðstöfunum, sem unnt yrði að gera vegna hugsanlegrar hættu á siglingatruflunum vegna hafíss, væri ekkert tæknilega til fyrirstöðu um staðarval álbræðslu á Norðurlandi. Í skýrslunni kemur einnig fram, að siglingar hafi einungis truflast lítillega í tvö ár við Norðurland, það sem af er þessari öld.

Herra forseti. Ég vil að lokum leggja enn einu sinni áherslu á, að sú till. til þál., sem ég mæli hér fyrir, mundi hafa í för með sér stóraukið öryggi fyrir orkubúskap allrar þjóðarinnar. Ný viðhorf hafa skapast í orkumálum landsmanna með útkomu skýrslu Orkustofnunar um hagkvæma gufuaflsvirkjun á Norðurlandi, sem fullyrt er, að sé a. m. k. jafnhagstæð og þrefalt stærri vatnsaflsvirkjanir. Þessi till. mundi, ef samþykkt yrði, einnig gerbreyta til frambúðar því ófremdar- og neyðarástandi, sem skapast hefur í orkumálum Norðlendinga. Hún mundi valda byltingu í byggðaþróun landsins. Þar sem svo mikið er í húfi, vænti ég þess fastlega, að hún hljóti góðar undirtektir hér á hinu háa Alþ. og verði samþ. sem fyrst.

Ég legg svo til, herra forseti, að umr. um till. verði frestað og henni vísað til hv. allshn.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Undirbúningur að næstu stórvirkjun, þáltill. (þskj. 49). — Ein umr.

Flm. (Steingrímur Hermannsson): Herra forseti. Ég gæti raunar haft ákaflega svipaðan inngang að máli mínu og hv. síðasti ræðumaður lauk sínu máli á. Till. á þskj. 69 og þessi till. fjalla báðar um svipað efni. Till. á þskj. 49 er lögð fram fyrst og fremst til þess, að Alþ. fái tækifæri til þess að láta í ljós skoðun sína og marka þá stefnu, sem fylgt verði við næstu stórvirkjun.

Við flm. teljum í fyrsta lagi, að það sé vægast sagt ákaflega vafasamt að hrúga öllum stórvirkjunum landsmanna á eitt svæði, sem þar að auki er eldfjallasvæði. Þar gætu slíkar virkjanir þurrkast út nálægt því á einni nóttu. Við teljum jafnframt, að ekki hafi til þessa, sérstaklega síðustu árin, verið unnið jafn markvisst og skyldi að því að undirbúa virkjunarstaði í öðrum hlutum landsins.

Virkjun stórvatna okkar hefur lengi verið draumur Íslendinga, og má segja, að slíkar virkjanir hafi hafist að nokkru leyti með virkjun Sogsins fyrir stríðið. Ekki fer þó að bera á því, að okkur muni takast að virkja hin stærri fallvötn, fyrr en eftir styrjöldina, þegar menn eru farnir að líta hýru auga til vatnsfalla eins og Þjórsár og Dettifoss, og raunar er það ekki fyrr en undir 1960, að farið er að rannsaka þessi meiri háttar fallvötn markvisst með það í huga, að þar geti orðið virkjun fljótlega. Þannig hófust rannsóknir á Þjórsá og Dettifossi um svipað leyti, nokkru fyrir 1960. Niðurstaðan varð sú, að báðir virkjunarstaðirnir væru hagkvæmir, en Búrfell ekki síður a. m. k., og mun það hafa ráðið nokkru um það, að Búrfell var valið, en þó öllu fremur hitt, að Búrfellsvirkjun liggur nær stórum markaði. Þessi niðurstaða var fullkomlega eðlileg. Það var að sjálfsögðu eðlilegra að virkja svo stórt, þar sem þörfin var mest. Virkjun Búrfells hófst því á seinni hluta áratugsins 1960—1970, og var framleiðsla þar hafin í lok ársins 1969.

Við þessa ákvörðun verður hins vegar allörlagarík stefnubreyting í rannsóknum okkar á þessum sviðum. Hætt er við athuganir á Dettifossi, Landsvirkjun er sett á fót, og Landsvirkjun er veitt sú ábyrgð m. a. að undirbúa virkjunarstaði á sínu svæði. Landsvirkjun hefur gert það af miklum dugnaði. Þar eru fleiri staðir nú þegar tilbúnir til virkjunar. Unnið hefur verið markvisst að því, að svo sé, og því ber að fagna. Þar hefur Sigalda verið tilbúin til virkjunar alllengi, Hrauneyjarfoss er tilbúinn til virkjunar, Sultartanga mætti einnig virkja með tiltölulega litlum fyrirvara, og rannsóknum á efri hluta Þjórsár, er alllangt komið. Þar mun því alls ekki standa á virkjunarstöðum, a. m. k. næsta áratuginn og þótt lengra væri litið.

Samfara stofnun Landsvirkjunar var gerð breyting á Raforkumálaskrifstofunni. Orkustofnun var sett á fót og Rafmagnsveitur ríkisins skildar frá. Orkustofnun varð þannig hrein rannsóknarstofnun og hefur fyrst og fremst það verkefni að undirbúa virkjanir um landið vítt og breitt, afla nauðsynlegra upplýsinga og vera ríkisvaldinu til ráðuneytis í virkjunarmálum. Sérfræðingar Orkustofnunar hafa síðan unnið hið ágætasta starf, en því miður, verð ég að segja, hafa þær rannsóknir ekki verið svo markvissar sem rannsóknir Landsvirkjunar. Þetta kemur m. a. fram í áætlunum um forrannsóknir, sem Orkustofnun gaf út 1969 og fjalla um forrannsóknir á vatnsorku Íslands frá 1970—1974. Þar eru veittar mjög athyglisverðar upplýsingar um flesta virkjunarstaði, og þar eru lagðar fram áætlanir um hugsanlegt virkjunarfyrirkomulag á hinum ýmsu stöðum. En þetta eru, eins og nafn skýrslunnar ber með sér, forrannsóknir, en ekki rannsóknir, sem unnt er að byggja á hönnun virkjunarstaðar. Afleiðingin hefur orðið sú, að utan Þjórsársvæðisins, m. a. á Norðurlandi, þar sem virkjunarstaðir eru flestir, er enginn staður það vel rannsakaður, að unnt sé að ákveða þar virkjun á næstu árum.

Aftur á móti blasir nú við virkjun Sigöldu. Sú virkjun er þegar hafin, og er gert ráð fyrir því, að Sigalda hefji framleiðslu um 1976, líklega á miðju ári. Ljóst er jafnframt, að orka frá Sigöldu mun ekki endast þjóðinni lengur en 4—5 ár, þ. e. a. s. fram til 1980 eða í mesta lagi 1981. Því er augljóst, að næsta virkjun þarf að hefjast í kringum 1978 og undirbúningur fyrir útboð slíkrar virkjunar í kringum 1976. Mönnum má því vera ljóst, að ekki er mikill tími til stefnu. Hin staðreyndin er hins vegar, að aðrar stórvirkjanir eru ekki reiðubúnar, nema ef vera skyldi Krafla. Nýlega hafa alþm. fengið í hendur frumáætlun um þá virkjun.

Þegar virkjun Búrfells var ákveðin og sú stóriðja reist, álbræðslan, sem tengd er Búrfellsvirkjun, kepptust menn við að lofa því, að næsta stórvirkjun yrði á Norðurlandi. Við þetta loforð hefur ekki verið staðið, fyrst og fremst vegna þess, að mönnum hefur láðst að beina rannsóknum á orku landsins inn á þá markvissu braut, sem nauðsynleg var, til þess að þetta mætti verða, eins og ég hef þegar rakið.

Nú sýnist mér nauðsynlegt að halda á annan veg á málum í framhaldi af virkjun Sigöldu. Með þessari þáltill. er lögð áherzla á, að valinn verði einn virkjunarstaður utan Þjórsársvæðisins, t. d. á Norðurlandi, og áhersla lögð á að fullrannsaka virkjunaraðstöðu þar, þannig að hanna megi og bjóða út virkjun eins fljótt og frekast er unnt. Eins og komið hefur fram í orðum mínum, er óliklegt, að þetta sé unnt fyrir 1976 eða 1977, eins og nauðsynlegt væri, ef virkja á annars staðar en Hrauneyjarfoss, nema e. t. v. í sambandi við Kröflu.

Við Kröflu er talað um virkjun af ýmsum stærðum, allt frá 8 MW og upp í 55. Ég vil leyfa mér að halda því fram, að 55 MW virkjun við Kröflu sé að ýmsu leyti vafasöm. Það mun ekki vera til í heiminum nema e. t. v. einn svo stór rafall, sem knúinn er af jarðgufu, en við þær aðstæður er ýmislegs að gæta. Jarðgufan er breytileg, tæringareiginleikar hennar mismunandi, og margt fleira mætti til telja. Ég tel því, að ráðlegra muni reynast að virkja Kröflu í smærri stigum, t. d. með tveimur rafölum af hálfri hámarksstærð. En þetta er að sjálfsögðu atriði, sem sérfræðingar hljóta að skoða betur. En því nefni ég þetta, að mér sýnist, að Krafla geti varla orðið undirstaða undir stóriðju, sem stundum er nefnd í þessu sambandi, nema annað komi til.

Raunar er slíkt í undirbúningi. Rætt er um línu norður, og eftir því sem fram hefur komið í blöðum, mun vera ákveðið, að lína verði lögð um byggð norður og þessi tvö orkusvæði, Suðurlandið og Norðurlandið, þannig tengd. Þetta er ákaflega mikilvægt skref og grundvöllur að frekari framkvæmdum á Norðurlandi. Þessi lína gæti verið komin í gagnið 1975, og því ber að fagna. Burðargeta slíkrar línu verður hins vegar aldrei mjög mikil, nema farið verði út í langtum stærri línu en nú mun vera ráðgerð. Rætt er um 50 megawatta línu. Til þess að stóriðju verði komið upp fyrir norðan, er því nauðsynlegt að gera enn frekara átak, annað hvort að virkja t. d. Dettifoss eða Blöndu eða annan stað norðanlands, sem álitlegur reynist, eða virkja Hrauneyjarfoss og leggja aðra línu til Norðurlandsins, sem lægi þá líklega yfir hálendið og hefði meiri burðargetu en byggðalínan. Þarna eru því ýmsir möguleikar, sem athuga þarf, áður en næstu virkjanir eru ákveðnar.

Niðurstaða mín af þessum bollaleggingum verður því sú, að eðlilegast sé að leggja áherslu á virkjun Kröflu, fyrst og fremst vegna þess, að önnur virkjun utan Þjórsársvæðisins er ekki tilbúin. Það er áreiðanlega á mörkum, að Kröfluvirkjun verði tilbúin 1978, eins og talað er um. Jafnframt ber að stefna að fullnaðarrannsókn eins vatnsafls á Norðurlandi, t. d. Dettifoss, Blöndu eða Jökulsár í Skagafirði. Ég held satt að segja, að það skipti litlu máli, hver þessara staða er valinn. Þetta eru allt saman álitlegir staðir og verða eflaust allir einhvern tíma virkjaðir, þannig að það skiptir tiltölulega litlu máli, í hvaða röð þeir eru valdir. Markmiðið með þessari till., sem hér er lögð fram, er, eins og ég sagði í upphafi míns máls, fyrst og fremst að leggja áherslu á, að nú verði staðið við það loforð, sem oft hefur verið gefið, að næsta virkjun verði utan Þjórsársvæðisins, líklega einna helzt

á Norðurlandi. Þetta er gert m. a. með það í huga, að óráðlegt sé að staðsetja allar okkar stórvirkjanir á Þjórsársvæðinu. Þetta er einnig gert með það í huga, að slík virkjun gæti orðið til þess, að stóriðju, sem sannarlega mundi styrkja verulega atvinnulíf á Norðurlandi, megi staðsetja þar, ef heimamenn óska þess. Einnig er ætlunin með þessari till. að leggja áherslu á, að til þess að svo megi verða, þurfi að verða breyting á í rannsóknaráætlunum Orkustofnunar. Nauðsynlegt er að velja einn ákveðinn virkjunarstað og vinna markvisst að því, að sú virkjun verði tilbúin til framkvæmda eins fljótt og frekast er unnt.

Lárus Jónsson: Herra forseti. Ég skal reyna að lengja ekki þessar umr. úr hófi, þó að ég segi hér nokkur orð um þessa till. og ræðu hv. 1. þm. Vestf.

Ég vil þá fyrst taka undir meginatriði hans máls, en það var að benda á nauðsyn þess að haga orkuöflun okkar á annan veg en gert hefur verið, þannig að meira öryggi skapist í þeim efnum. Í hans till. og meðflm. hans er þó ekki, að mér finnst, nægjanlega skýrt mörkuð stefna í þessum efnum, en ég ætla ekki út af fyrir sig að finna að því.

Það, sem hann sagði hér um jarðgufuvirkjun í Kröflu, að það yrði ekki að hans mati hægt að fara þar í framkvæmdir fyrr en að mér skildist á árinu 1977—1978, þá vil ég aðeins upplýsa, að hæstv. iðnrh. var nýlega á Akureyri og þá taldi hann, að sú virkjun gæti verið komin í gagnið á þessum tíma, 1977 eða 1978, og hafði um þetta samráð við sína sérfræðinga, orkumálastjóra og forstöðumann jarðhitadeildar Orkustofnunar.

Í sambandi við þetta vil ég þó segja það, að því miður hefur svo tekist til, að Kröflusvæðið er ekki nægjanlega rannsakað enn, og er ástæðan sú, að síðan 1971 hafa ekki fengist fjárveitingar til þess að gera nauðsynlegar boranir á Kröflusvæðinu. Ég vil taka undir þau orð hv. 1. þm. Vestf., að þetta er auðvitað glöggt dæmi um það, að stefnan í þessum efnum hefur ekki verið nægjanlega markviss. Það var vitað strax á árinu 1972 og raunar á árinu 1971, að gufuaflsvirkjanir mundu vera álitlegar virkjanir. Kom út skýrsla frá Orkustofnuninni á miðju ári 1972 um þau efni, að vísu minni stöðvar, en það var þegar ljóst, að þessar virkjanir væru mjög álitlegar. En það fékkst ekki fjármagn til að rannsaka þessa hluti betur. Á árunum 1972 og 1973 fékkst ekki fjármagn til að rannsaka Kröflusvæðið með jarðborunum. Í þessu sambandi vil ég aðeins minna á, að það hafa orðið nokkuð snarpar orðasennur hér einmitt á milli okkar þm. Norðlendinga og ýmissa framámanna í orkumálum út af þessu efni, og var m. a. felld brtt., sem við vildum fá samþykkta við framkvæmdaáætlun, að ég hygg 1973, þannig að ríkisstj. hefði frjálsar hendur um það, til hvers hún notaði það fjármagn, þ. e. a. s. til að rannsaka orkuöflunarleiðir fyrir Norðlendinga. En það fékkst ekki einu sinni samþ. svo sakleysisleg brtt., sem hefði gefið ríkisstj. kost á því að nota þetta fjármagn eins og henni hefði fundist skynsamlegast, heldur varð upprunalegt orðalag að vera í framkvæmdaáætluninni, að þessu fjármagni skyldi einungis varið til að rannsaka línustæði á milli Norðurlands og Suðvesturlands. Ég ætla ekki að fara hér að hefja upp neinar deilur um þetta, en ég vildi aðeins benda á þessi atriði.

Það er rétt, að á tímabili gætti tregðu til þess að fá rannsóknarfé til virkjana við Dettifoss. Ég vil taka undir það, sem hv. 1. þm. Vestf. sagði í þeim efnum. Ástæðan var sú, að á þeim tíma mændu menn mjög á nokkuð stóra virkjun í Laxá í Aðaldal. Samt sem áður komu fram mjög ákveðnar till. um þetta efni, bæði frá stjórnvöldum og aðilum heima fyrir. M. a. var í Norðurlandsáætlun í atvinnumálum lagt til, að ákveðnu fjármagni yrði varið til þess að flýta þessum rannsóknum. En ég tek undir það, sem hv. 1. þm. Vestf. sagði, að þarna var við ramman reip að draga að vissu marki, og hefði að mínu mati mátt standa betur að því á sínum tíma.

Að síðustu vil ég aðeins gera aths. við það, sem hv. þm. sagði um, að hann væri ekki eins sannfærður og ýmsir aðrir um, að það væri eðlilegt að virkja stórt í einu í Kröflu. Þetta kann að vera rétt hjá honum. Ég er ekki sérfræðingur á þessum sviðum. En stærð stöðvarinnar þarf auðvitað ekki að miðast við stærð rafala. Það er auðvitað hægt að hafa einn, tvo eða þrjá rafala í stöðinni, þannig að þótt ekki sé mikil reynsla af svo stórum rafölum sem hér þyrfti til, ef ætti að vera einn rafall, þá er auðvitað hægt að virkja þarna jafnmikla orku og gert er ráð fyrir í frumathugunum á þessu svæði. Þetta kom einmitt fram á þessum fundi á Norðurlandi um orkumál. Menn ræddu þar einmitt um þennan möguleika og bentu á, að það kynni e. t. v. að vera heppilegra að hafa ekki einn rafal í slíkri virkjun, heldur fleiri.

Ég vil þá að lokum taka undir meginefni það, sem fram kom hér í ræðu hv. 1. þm. Vestf., en vildi aðeins gera þessar lauslegu aths. við sitthvað af því, sem kom fram í ræðu hans.

Flm. (Steingrímur Hermannsson): Herra forseti. Ég vil fyrst og fremst leiðrétta misskilning, sem vel má vera, að stafi af mismælum mínum. Ég átti við, að Krafla yrði ekki komin í framleiðslu fyrr en 1977—1978. Ef ég hef sagt annað, þá var það misskilningur.

En ég vil svo fara örfáum orðum um þessar tvær þáltill. Það er alveg rétt hjá hv. 1. flm. þáltill. á þskj. 69, að sú till. gengur lengra. Hún ákveður, hvar skuli virkjað, og jafnframt ákveður hún, að virkjuð skuli í framhaldi af Kröflu Jökulsá á Fjöllum við Dettifoss. Ég tel ekki rétt að ætla Alþ. að ákveða þannig virkjunarstaði. Ég tel nauðsynlegast að ákveða meginstefnuna.

Ég er starfandi að nokkru leyti við þessi mál, hef starfað í nefndum á vegum tveggja ríkisstjórna, sem fjallað hafa um stóriðju, og þessi mál, þ. e. a. s. virkjunarmálin, hafa að sjálfsögðu komið þar mjög við sögu. Mér hefur því orðið ljóst, að markvisst hefur annars vegar verið stefnt að hverri virkjun eftir aðra á Þjórsársvæðinu, en hins vegar hafa rannsóknir á öðrum virkjunarmöguleikum á landinu einkennst af forrannsóknum og ekki verið markvissar. Ég tel því aðalatriðið, að Alþ. lýsi þeirri skoðun sinni,

að þessum starfsháttum skuli verða breytt og markvisst skuli verða unnið að því að gera aðra virkjunarstaði tilbúna til virkjunar. Mér finnst hins vegar, að það eigi að vera hlutverk ríkisstj. og sérfræðinga ásamt heimamönnum að ákveða, hvaða staður er virkjaður.

Ég held, að ekki liggi fyrir nægilegar upplýsingar nú til að ákveða virkjun Kröflu, þó að, eins og ég sagði áðan, ég telji þá virkjun líklegasta. Og ég tel heldur ekki, að það liggi fyrir nægilegar upplýsingar til þess að ákveða virkjun Dettifoss, því miður, vil ég leyfa mér að segja. Það gæti allt eins orðið, að virkjun Blöndu væri talin skynsamlegri í fyrsta eða öðrum áfanga eða virkjun í Skagafirðinum. Þetta liggur að baki till. á þskj. 49. Ég get hins vegar vel fallist á, að flm. till. á þskj. 69 hafi ekki talið nógu langt gengið og hafi því talið þörf á því að flytja aðra þáltill. um sama efni, sem kveður nánar á um þessi atriði.

Ég vil svo aðeins að lokum taka það fram, að þær forrannsóknir, sem Orkustofnunin hefur haft með höndum, eru að sjálfsögðu mjög þarfar. Það er vitanlega mikil nauðsyn á því, að við eigum sem gleggstar upplýsingar um alla virkjunarstaði þessa lands. Ég er ekki út af fyrir sig að áfellast það, þótt segja megi, að sumir af þeim möguleikum, sem þar hafa verið rannsakaðir og varið til miklu fé, eins og t. d. stórvirkjun á Austurlandi, þar sem rætt hefur verið um að veita þremur stórum fallvötnum saman og virkja um 1000 MW, ættu að hafa vakið upp þær spurningar, til hvers eigi að virkja svo stórt, til hvers eigi að nota orkuna. Þessu hefur ekki verið svarað. Því flutti ég ásamt tveimur þm. á síðasta þingi till., sem var ætlað að benda á það, að nauðsynlegt væri að skoða markmiðið, skoða, til hvers nota eigi svo mikla orku, áður en ráðist er í mjög kostnaðarsamar rannsóknir. En til þeirra rannsókna hefur verið varið, að því er ég best veit, ekki aðeins millj., heldur jafnvel milljónatugum. Engu að síður vil ég, að það komi fram, að almennt er ég því mjög fylgjandi, að almennar forrannsóknir á orkuforða landsins séu efldar, þannig að sem gleggstar upplýsingar liggi fyrir um alla virkjunarmöguleika, enda sé þess gætt að velja og hafa ávallt tilbúna a. m. k. einn eða tvo virkjunarstaði á ýmsum stöðum landsins, þegar á þarf að halda.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Farþegaskip milli Íslands, Færeyja, Noregs, Sviþjóðar og Danmerkur, þáltill. (þskj. 74, 162). — Ein umr.

Flm. (Jón Árm. Héðinsson): Herra forseti. Ég hef leyft mér að flytja á þskj. 74 í Sþ. eftirfarandi till. til þál.:

„Alþ. ályktar að fela ríkisstj. að undirbúa nú þegar kaup á sérsmíðuðu farþegaskipi, er hafi reglubundnar ferðir milli Reyðarfjarðar (Búðareyrar), Þórshafnar í Færeyjum, Noregs, Sviþjóðar og Danmerkur. Stefnt skal að því, að skipið geti hafið ferðir milli landanna að vorlagi 1976.“

Fyrir nokkrum vikum var m/s Gullfoss seldur úr landi, og með þeirri sölu hvarf síðasta sérsmíðaða farþegaskipið úr eigu Íslendinga. Margir munu sakna Gullfoss utan þings sem innan. Ýmsar raddir hafa verið uppi um það á undanförnum árum, að nauðsyn væri á því að endurnýja farþegaskipakost okkar Íslendinga. H/f Eimskipafélag Íslands, einu sinni nefnt óskabarn þjóðarinnar, telur sér það um megn að kaupa nýtt skip og ber við, að allir útreikningar sýni, að ekki geti verið um beinan hagnað að ræða á rekstri slíks skips. Þar er nú uppi sú stefna, að hver einstakur þáttur í rekstrinum verði að bera sig fjárhagslega, ella skal honum hafnað. Ég vil ekki líta þannig á málið einhliða. Ég vil líta á kaup á svona skipi sem lið í samgöngukerfi þjóðarinnar og því beri að athuga um kaupin, þótt beinn rekstrarhagnaður sé ekki tryggður við fyrstu yfirsýn né á fyrstu árunum, þegar vextir eru sem mestir. Arðsemi svona skips kemur á margan hátt fram sem beint framlag til eflingar annarri starfsemi í þjóðfélaginu og það með því fyrirkomulagi, sem ég hugsa mér fyrst og fremst, að verði úti um land. Ekki er nokkur vafi á því, að rekstur á svona skipi yrði mikil lyftistöng fyrir Austfirði og héruðin fyrir norðan og sunnan. Hringvegurinn skapar í raun nýtt viðhorf í samgöngukerfi okkar innanlands, og einmitt hans vegna ber að endurskipuleggja staðsetningu aðalhafna fyrir farþegaskip okkar, er sigli reglubundið til hinna Norðurlandanna. Ég tel, að það eigi að vera metnaðarmál okkar að hafa ákveðið kaup á sérsmíðuðu farþegaskipi á næsta ári og það sem fyrst. Það er ekki sæmandi fyrir Íslendinga að eiga ekki gott farþegaskip. Þótt það sé staðreynd, að yfirgnæfandi meiri hluti farþega fari nú með flugvélum milli Íslands og annarra landa, má ekki gefast upp við að reka hér gott farþegaskip og tryggja með því reglubundnar samgöngur á sjó, einkum á milli eyþjóðanna og svo Noregs og Danmerkur.

Ég geri mér grein fyrir því, að mikill vandi er að velja rétta stærð af skipi og með hentugum útbúnaði, sem tryggi fullt öryggi og jafnframt eins ódýran rekstur og nokkur tök eru á. Þess vegna legg ég til, að sérfróðum og dugleguum mönnum verði falið að rannsaka, hvaða gerð og stærð muni best henta okkur með hliðsjón af því fyrirkomulagi, sem ég legg til, að verði á ferðunum. Ég hef farið með nýju skipi á milli Hirtshals í Danmörku og Kristianssands í Noregi, sem ég tel, að geti verið að mestu eða öllu fyrirmynd að góðu skipi fyrir okkur. Ég tel, að skipið verði að hafa minnst 16 mílna ganghraða að jafnaði, svo að tími á sjónum sé ekki of langur og skipting vegalengda kemur vel út með þessum ganghraða.

Mikilvægt atriði er, að farþegar séu ekki að jafnaði yfir einn sólarhring um borð án þess að koma að landi. Þetta segja reyndir menn í farþegaskiparekstri, að sé afar þungt á metunum, er fólk velur á milli farartækja. Yfirlitið um tíma á milli siglingastaða sýnir, að með 16 mílna hraða á klst. að jafnaði er komið vel til móts við þetta sjónarmið. Sjálfsagt má koma með till. um annað fyrirkomulag ferða eða aðra staði. En n. mun kanna það betur. Ég vil þó

leyfa mér að nefna, að t. d. aðra hvora ferð yfir vissan tíma ársins, að sumarlagi fyrst og fremst, getur komið til greina að sigla þannig: Reyðarfjörður, Þórshöfn, Bergen eða Kristianssand og svo beint til Hirtshals. Það er ekki nema fjögurra tíma sigling frá suðurodda Noregs, Kristianssand, yfir til Hirtshals, þaðan svo með viðkomu í Abardeen, sem yrði rúmlega sólarhrings sigling, svo Þórshöfn og Akureyri. Þetta yrði svipuð leið að tíma til og hin leiðin, sem sýnd er í till., en þessi leið mundi skapa aukna fjölbreytni í siglingu skipsins, og með svona skipulagi mundum við ná miklum fjölda manna frá Mið-Evrópulöndunum, sem nú í stórvaxandi stíl aka norður um Danmörku og taka skipin í Hirtshals eða Skagen og fara yfir til Noregs eða Sviþjóðar, og allmargir taka skip, sem siglir frá Danmörku beint á England.

Miðað við þær upplýsingar, sem ég hef náð til, má ætla, að skip, sem væri þægilegt fyrir okkur, mundi taka 350—400 farþega og að bílarými að vera fyrir allt að 90 fólksbíla. Öllum ber saman um það, að nú þurfi að reikna með því, að einn bíll fylgi að meðaltali á 4—5 farþega, og má vænta þess, að fólk taki bílinn enn meir með sér, ef hentugt skip er til ráðstöfunar. Þar sem flestir farþegar eiga þess kost að koma á land einu sinni á sólarhring, segja mér fróðir menn í þessum efnum, að mun skynsamlegra sé að hafa kaffiteríusnið á matarþjónustu um borð og hætta með mikið þjónalið, sem er dýrt og matföng mikil, en þess í stað verði farþegar að ná í matföng sín sjálfir. Þá eru að jafnaði fáir og léttir réttir til reiðu sem föst regla. Hins vegar sé nauðsyn á því að hafa einn góðan matsal, t. d. fyrir 50—60 manns, þar sem þá þurfi að panta sér mat með nokkrum fyrirvara og yrði þá skuldbundið að mæta á réttum tíma. Í þessum sal verði útbúnaður nokkru vandaðri. Þar megi m. a. hafa dans á kvöldin og fleira gert sér til skemmtunar.

Ég tel einnig, að myndlistarmenn eigi að hafa möguleika til þess að kynna verk sín þarna og aðrir listamenn geti komið þarna fram með verk sín. Hví ekki að koma því svo fyrir, að verk norrænna listamanna verði kynnt í hverri ferð á milli landanna?

Ég geng hér ákveðið út frá því, að heimahöfn þessa skips yrði á Austfjörðum, og hef nefnt Búðareyri. Ég vænti þess, að ekki komi til hrepparígs um staðarvalið. Telji menn hins vegar, að t. d. Eskifjörður sé betur til fallinn, m. a. vegna þess, að þar er nú þegar fyrir hendi ákveðið embættismannalið, set ég mig ekki á móti slíku. Nauðsynlegt er að gera góða aðstöðu fyrir skipið, svo að allt geti gengið greiðlega við afgreiðslu og farþegar þurfi ekki að verða fyrir óþarfa töfum. Þótt skipið sé fyrst og fremst fyrir farþega, er vel hugsanlegt, að nokkurt magn af vörum geti komið í hverri ferð og þá auðvitað í gámum. Það yrði mikill léttir við aðdrætti fyrir Austurland og Norðurland.

Nú munu einhverjir halda því fram, að gersamlega vonlaust sé að reka svona skip til að byrja með, þar sem verkefni séu aðeins í 6—8 mánuði á ári. Nokkuð er til í þessu. En ég vil koma hér með þá hugmynd, að í stað þess, að Íslendingar flykkist inn á hótel hjá Spánverjum eða öðrum Suðurlandaþjóðum að vetrarlagi, þá megi láta skipið hafa samastað í góðri höfn suður frá um veturinn, t. d. frá byrjun nóv. til febrúarloka. Þar gætu Íslendingar dvalið og flugfélögin okkar flutt farþega á milli staða. Nú hefur það verið samþ. á hinu háa Alþ. að hvetja menn til vetrarorlofs, og hví ekki að reyna að hnýta þetta betur saman að hvílast og stuðla jafnframt að hagkvæmum rekstri á eigin farþegaskipi?

Ekki vil ég leggja ákveðið til, hvaða aðili annist rekstur skipsins. Ég tel þó nauðsynlegt, að ríkið eigi sem mest í skipinu, þar sem ríkið mun þurfa að vera í bakábyrgð fyrir greiðslum til seljanda. Það er von mín, að ekki komi til átaka um rekstrarformið, heldur verði samstaða um það og kaupin þar með tryggð. Mér er ekki kunnugt um kaupverð á svona skipi í dag. Verðlag er nú svo breytilegt, að ekki er unnt að spá um það með vissu. Hins vegar tel ég rétt, að útboð á smíði skipsins verði gert á öllum Norðurlöndunum og aðstoð við fjármögnun fengin þar einnig. Norðurlandaráð hefur tekið samgöngumál til sérstakrar meðferðar, og vil ég vænta þess, að frá þeirri stofnun megum við eiga von á liðveislu. Það er þegar fyrir hendi ákveðinn samningur af þessu tilefni, sem of langt mál væri að lesa hér upp, en hann hvetur eindregið til þess, að hér sé komið föstu og betra skipulagi á flutninga á sjó, í lofti og með öðrum flutningatækjum, og fellur þessi hugmynd alveg að ramma þess samnings. Hér liggur nú fyrir brtt. líka, sem mun undirstrika gildi þess starfssviðs, og munu flm. gera grein fyrir henni, svo að ég ætla að sleppa að ræða nánar um hana. En ég minnist þess, að hæstv. iðnrh., sem á sínum tíma var í Norðurlandaráði, stóð að tillöguflutningi um aukið samstarf Norðurlandaþjóðanna á þessu sviði. Sú till. hefur verið samþ., málið hefur haldið áfram, og fyrir liggur nú ákveðinn samningur í þessu efni.

Enginn vafi er á því, að Færeyingar hafa brennandi áhuga á kaupum og rekstri svona skips. Sennilega mundu þeir hvað mest njóta þess, og er það vel. Samskipti okkar við þá mundu gerbreytast til hins betra og verða báðum þjóðunum til ómetanlegs gagns. Það er skoðun mín, að við eigum að standa myndarlega að kaupum á svona skipi og hrinda þeim í framkvæmd sem fyrst. Ég tel það vera þjóðarnauðsyn.

Fyrir hinu háa Alþ. liggur nú frv. um skipan ferðamála. Ferðamálin eru stórmál og munu fá sívaxandi gildi í framtíðinni. Undanfarin ár hefur fjárfesting í ferðamálum borið góðan arð, og ekki er annað fyrirsjáanlegt en að svo verði áfram. Núv. samgrh. hefur jafnan sýnt þessum málum áhuga og liðveislu. Hann var 1. flm. að till. til þál. árið 1968 ásamt núv. forseta Sþ., flm. þessarar till. og Steingrími Pálssyni. Þar var lagt til, að gerð yrði ákveðin þriggja ára áætlun í ferðamálum, og urðu allmiklar umr. um till. á sínum tíma. Fram kom m. a. sú hugmynd, að við þyrftum að hugsa til lengri tíma, t. d. 10 ára, en því tímabili mætti skipta innbyrðis í tvö 5 ára tímabil. Hvað sem um allar áætlanir má segja í þessu efni, verðum við að taka með að mínu mati kaup á svona skipi,

þegar menn eru að ræða um framtíðarskipulag ferðamála hér á landi. Þess vegna er þessi till. flutt. Að svo mæltu legg ég til, herra forseti, að hlé verði gert á umr. og till. vísað til fjvn.

Svava Jakobsdóttir: Herra forseti. Ásamt hv. 4. þm. Reykn. hef ég leyft mér að flytja brtt. við þá þáltill., sem nú er til umr. Brtt. er prentuð á þskj. 162. Við leggjum til, að tillgr. orðist svo:

„Alþingi ályktar að fela ríkisstj. að láta hið fyrsta gera rækilega könnun á rekstrarmöguleikum og hagkvæmu rekstrarformi nýs farþegaskips, sem uppfyllir nútímakröfur í slíkum efnum. Sé við það miðað, að skipið haldi uppi regubundnum ferðum milli Íslands, Færeyja, Noregs, Sviþjóðar og Danmerkur. Skal athuga sérstaklega, hvort ekki reynist kleift að leysa málið með norrænu samstarfi á grundvelli Samstarfssamnings Norðurlanda um samgöngumál, er tók gildi 1. mars 1973."

Ljóst er að þessari brtt. okkar, að við erum í meginatriðum efnislega samþykk till. hv. 5. þm. Reykn., en við viljum taka af öll tvímæli um, að við teljum, að réttur vettvangur fyrir þetta mál sé Norðurlandaráð, eða a. m. k. beri að reyna til þrautar að koma málinu í höfn á grundvelli Samstarfssamnings Norðurlanda um samgöngumál, áður en leitað er annarra leiða. Virtist mér hv. 5. þm. Reykn. reyndar vera á því líka í ræðu sinni, enda þótt það komi ekki fram í till. hans eða grg. Afstöðu okkar 4. þm. Reykn. byggjum við fyrst og fremst á því, að nú þegar hefur verið unnið að því innan samgöngunefndar Norðurlandaráðs að hrinda þessu máli af stað, og þegar hefur verið lögð fram áætlun um rekstur slíks skips sem hér um ræðir. Fulltrúar Íslands í samgöngun. hafa s. l. ár einmitt lagt sérstaka áherslu á að vekja áhuga og skilning annarra nm. á rekstri farþegaskips á samnorrænum grundvelli. Það er óhætt að segja, að nm. hafi allir sýnt málinu skilning frá upphafi og að málið sé nú komið á það stig, að rétt sé að vinna að raunhæfum till. á grundvelli gaumgæfilegra athugana innan ráðherranefndarinnar.

Í ljósi þess, sem ég hef nú sagt, get ég ekki annað en vikið að klausu í grg. hv. 5. þm. Reykn., þar sem segir, með leyfi hæstv. forseta:

„Á nýloknu Norðurlandaráðsþingi voru samgöngumálin mjög á dagskrá, og kom fram í máli manna, að þau snertu nær eingöngu löndin þrjú: Danmörku, Sviþjóð og Noreg. En ber ekki að hafa eyrikin með í myndinni og ráða fram úr þeim vanda, sem lega þeirra skapar í samgöngumálum?"

Þessi ummæli tel ég mjög villandi. Af þeim mætti draga þá ályktun, að aldrei væri minnst á samgöngumál okkar Íslendinga í Norðurlandaráði. Slíka ályktun er vitaskuld ekki unnt að draga af umr. á einu aukaþingi Norðurlandaráðs, þar sem mun hafa borið hæst umr. um Eyrarsundsbrúna, en hún mun hafa verið á dagskrá hjá Norðurlandaráði meira eða minna tvo s. l. áratugi. En nú vill svo til, eins og ég sagði áðan, að smíði og rekstur slíks farþegaskips sem hér er til umr. hafa einmitt verið mjög mikið rædd í samgn. Norðurlandaráðs, og hefði ekki verið nema sjálfsagt að veita hv. 5. þm. Reykn. allar upplýsingar um málið, hefði hann leitað eftir þeim. Ég tel því rétt að rekja nokkuð framvindu þessa máls innan samgn. Norðurlandaráðs, ef það kynni að hjálpa þeirri n., sem fær þetta mál til athugunar, til þess að taka afstöðu til brtt. okkar.

Upphaf málsins má rekja til till., sem núv. hæstv. iðnrh. lagði fram í samgn. Norðurlandaráðs, en hann átti sæti í n. Þetta kom raunar fram í máli hv. 4. þm. Reykn. hér áðan. Till. hæstv. iðnrh. var á þessa leið, með leyfi hæstv. forseta:

„Norðurlandaráð fer þess á leit við norrænu ráðherranefndina, að hún láti kanna, á hvern hátt megi gera samgöngur á milli Íslands, Færeyja, Grænlands og hinna Norðurlandanna sem greiðastar og ódýrastar."

Þessi till. fékk ítarlega athugun í n., sem tók sér m. a. ferð á hendur til Færeyja og Íslands sumarið 1971 til þess að kynna sér samgöngur á milli landanna og aðstæður allar af eigin raun. Till. var síðan samþ. á þingi Norðurlandaráðs í Helsinki árið 1972, og samgn. stóð einhuga að henni. Vilji og einhugur n. kemur fram í ítarlegri álitsgerð, en hana geta hv. þm. lesið í heild í þingtíðindum Norðurlandaráðs frá 1972, en þar kemur skýrt fram það álit n., að þrátt fyrir sívaxandi flugsamgöngur verður þörf á reglubundnum skipsferðum milli landanna og sé nauðsynlegt að efla samgöngur á sjó, m. a. með tilliti til ferðamannastraums. Bendir n. á þann möguleika að skipuleggja orlofs- eða skemmtisiglingar, þar sem farþegar gætu búið um borð á viðkomustöðum. Kæmi þá hugsanlegur hótelskortur ekki að sök. Einnig bendir n. á, að ferðalög með skipi gæfu ferðamönnum kost á að hafa bíl með sér, eins og hv. 5. þm. Reykn. drepur einnig á í grg. sinni. N. tók hins vegar ekki afstöðu til rekstrarforms, hvorki í sambandi við skipasamgöngur né annað, sem till. spannar, en telur það vera verkefni ráðherranefndarinnar að finna lausn á því.

Samkv. venju var einu Norðurlandaríkjanna falið að sjá um framkvæmd samþykktarinnar, og kom það í hlut Danmerkur.

Næst komst þetta mál á dagskrá hjá n. á fundi hennar í Stokkhólmi í jan. s. l. Þann fund sótti ég sem varamaður hv. 4. þm. Reykn., Gils Guðmundsson. Samgrh. Norðurlanda komu á þennan fund n., og notaði ég þá tækifærið til að spyrja samgrh. Danmerkur, hvað þessu máli liði. Í fsp. minni lagði ég áherslu á skipasamgöngur milli landanna og skýrði frá áhuga okkar íslensku fulltrúanna á því, að kannaðar yrðu forsendur fyrir rekstri farþegaskips á samnorrænum grundvelli. Svar ráðh. danska var því miður ekki sérlega uppörvandi fyrir okkur Íslendinga. Hann gerði grein fyrir samgöngum við Grænland og Færeyjar, en sagðist að öðru leyti líta svo á, að réttast væri að vinna að samþykktinni í áföngum. Við höfum þó getað haldið þessu máli vakandi á grundvelli annarrar till., sem liggur fyrir samgn. og fjallar um aukna samvinnu á sviði ferðamála. Ég skal þó ekki teygja lopann með því að rekja umr. um þá till. neitt sérstaklega, en vil aðeins geta þess, að umr. um farþegaskipið hafa tengst umr. um þann vilja n. að beina

ferðalögum Norðurlandabúa frekar innan Norðurlandanna en út fyrir þau.

Ég mun nú víkja að framvindu málsins hér innanlands og samstarfssamningi Norðurlanda um samgöngumál, að svo miklu leyti sem hann skiptir máli í þessu sambandi.

Samstarfssamningur Norðurlanda um samgöngumál gekk í gildi á þessu ári, hinn 1. mars s. l. Menn gera sér miklar vonir um, að samvinna ríkjanna á sviði samgöngumála geti orðið greiðari og auðveldari eftir gildistöku þessa samnings. Með honum er leitast við að skapa festu í vinnubrögðum og koma betra skipulagi á samstarfið og verkefni þau, sem unnið er að. Auk þess hefur verið komið á fót sérstakri deild við skrifstofu ráðherranefndarinnar í Osló, er fjalla skal um samgöngumál. Samkv. 10. gr. samningsins ber ráðherranefndinni að taka ákvarðanir um verkefni, en sérstök embættismannanefnd starfar undir yfirstjórn ráðherranefndarinnar, og henni er ætlað að framkvæma verkefnin eða sjá um framkvæmdir á þeim. Embættismannanefndin á einnig að gera till. um verkefni, sem fallin séu til samstarfs milli tveggja eða fleiri Norðurlandaríkja.

11. gr. samningsins fjallar um stöðu samgn. innan ramma samningsins, og þar segir, að ráðherranefndin skuli veita n. tækifæri til umr. um starfsáætlun, áður en hún sé staðfest. Okkur flm. þessarar brtt. þykir því ekki geta leikið nokkur vafi á því, að nota beri þá aðstöðu og þá möguleika, sem opnast hafa með samningnum, til þess að kanna rækilega alla möguleika, sem til greina kæmu. Áður en samstarfssamningurinn um samgöngumál gekk í gildi, skipaði samgn. sérstaka vinnunefnd til þess að gera úttekt á þeim málum, sem fyrir lágu og leggja fyrir ráðherranefndina eins konar óskalista yfir þau mál, sem n. óskaði eftir, að hefðu forgang. Að beiðni aðalmanns, hv. 4. þm. Reykn., tók ég sæti í þessari vinnunefnd, og á einum fundi hennar lagði ég fram í samráði við aðalmann og samgrn. áætlun fyrir farþega- og vöruflutningaskip, sem gæti annast farþega- og vöruflutninga milli Íslands og annarra Norðurlanda allt árið. Þess má geta, að á þennan óskalista settum við efst þessi tvö mál, sem ég hef þegar gert að umræðuefni, einmitt í því skyni að reyna að hrinda þessu máli í framkvæmd.

Þessi skipaáætlun var komin frá Eimskipafélagi Íslands. En vorið 1972 óskuðu forstjóri Eimskipafélagsins og stjórnarformaður þess eftir fundi með hæstv. iðnrh. vegna þeirrar till., sem hann hafði flutt á sínum tíma, og síðar áttu þessir sömu aðilar fund með hæstv. þáv. samgrh. Munu þeir hafa óskað eftir þessum fundum vegna áhuga Norðurlandaráðs á að efla siglingar milli landanna. Í bréfi, sem þeir rita til hæstv. samgrh., óska þeir eftir, að kannað verði, hvaða vonir Eimskipafélag Íslands geti gert sér um fjárhagslegan stuðning við smíði og rekstur slíks skips, en áætlun þeirra gerir ráð fyrir stærra skipi og fullkomnara en Gullfoss. Í þessari rekstraráætlun er gert ráð fyrir, að skipið haldi uppi stöðugum samgöngum allt árið milli Íslands og hinna Norðurlandanna með viðkomu í Færeyjum og e. t. v. einnig í Bretlandi. Áætlunin er gerð 1972 og sýnir árlegt rekstrartap að upphæð rúmlega 100 millj. Áætlun þessi var send til allra þeirra aðila innan Norðurlandaráðs, sem málið varðar, og ættu því á grundvelli hennar og þeirra till., sem ég hef gert að umtalsefni, að vera nægilegar forsendur fyrir því, að málið sé tekið upp af samgrh.

Nú skal ég ekki dæma um það, hvort unnt yrði að gera út farþegaskip á ódýrari hátt en Eimskipafélag Íslands gerir ráð fyrir, en þó hafði mér virst menn yfirleitt svartsýnir á það, að skip af þessu tagi yrði rekið án verulegs taps. Þó hygg ég, að ef á að vera unnt að reka slíkt skip án taps, þurfi norræn samvinna að koma til, og mér finnst sjálfri ákaflega aðlaðandi sú hugsun, að unnt yrði að reka slíkt skip á sama grundvelli og Norræna húsið er rekið, þ. e. a. s. að skipið sigli milli landanna undir þjóðfánum þeirra allra. Þróunin hefur nú einu sinni orðið sú, að menn ferðast frekar með flugvélum en skipum milli landa. Gegn þessu þarf að finna mótvægi, og er því eðlilegra, að það sé fellt inn í heildarferðaáætlun. Við höfum því ekki talið rétt, bæði af þeim sökum og af öðrum ástæðum einnig, að taka fram sérstaklega hvorki tímamörk né viðkomustaði. Hér hlýtur að þurfa að taka tillit til sjónarmiða, svo sem hvar gistihús séu fyrir hendi og aðstæður til þess að taka á móti ferðamönnum yfirleitt. Þetta höfum við allt viljað skilja eftir opið, til þess að unnt sé að kanna alla möguleika, sem fyrir hendi væru, og finna hagkvæmustu lausnina.

Eysteinn Jónsson: Herra forseti. Áreiðanlega er hreyft í þessari þáltill. mjög merku máli, og athyglisverðar eru þær upplýsingar, sem hv. síðasti ræðumaður gaf um samvinnu þá, sem orðið hefur um athugun á málinu á vegum Norðurlandaráðs, og fullkomlega kemur til mála að sjálfsögðu að reyna einmitt, eins og ræðumaður tók fram, að byggja framkvæmdina á þeim hugmyndum, sem þar hafa verið til meðferðar.

En ég kvaddi mér hljóðs fyrst og fremst til þess með örfáum orðum að láta í ljós þakklæti mitt fyrir þann skarpa skilning, sem fram kemur í þessari þáltill. á þeim gersamlega nýju viðhorfum í samgöngumálum í landinu, sem eru að skapast um þessar mundir með opnun hringvegarins. Það er ánægjulegt að sjá slíkan skilning á þessu máli, eins og fram kemur í þessari þáltill. og er þá komin fram þessi hugmynd í henni að hafa heimilisfang fyrir slík millilandaskip einmitt á Austurlandi, nánar tiltekið á Reyðarfirði. Þetta er augljóslega alveg eðlileg till., eftir að nú er orðið ljóst, að hringvegurinn kemst í framkvæmd.

Sjóleiðin er styst á milli Austurlands og annarra landa í þessa átt, sem ætlunin er, að þetta skip haldi, og með hringveginum skapast ákjósanleg leið til annarra landshluta, og enn fremur er rétt að geta þess í þessu sambandi, að ákveðið er að byggja nýjan flugvöll við Egilsstaði, sem verður einn myndarlegasti flugvöllur landsins. Hann verður tengdur einmitt Reyðarfirði með Fagradalsbrautinni, sem er verið að ljúka við að endurbyggja og að sjálfsögðu mundi þá verða gerð í framtíðinni enn fullkomnari.

Fram að þessu höfum við hugsað þessi mál öll á aðra lund. Hugsunarhátturinn hlýtur að gerbreytast við þær framkvæmdir, sem nú eru að verða að veruleika, og langar mig til að segja það hér, sem ég hef oft sagt áður, að þessar breytingar, sem eru að verða með hringveginum, eru svo stórkostlegar, að þess verður ekki langt að bíða, að menn tali um, að þetta eða hitt hafi gerst fyrir eða eftir hringveg.

Ég er ákaflega ánægður yfir þeim skilningi, sem á þessu kemur fram hjá hv. flm., og vænti þess, að menn glati ekki niður þessu sjónarmiði, sem hann hefur svo myndarlega mótað við meðferð málsins.

Helgi F. Seljan: Herra forseti. Það má víst með nokkrum sanni segja, að þessi till., sem hér er til umr., sé nokkurs konar óskatill. fyrir mig, bæði sem Austfirðing og þá ekki síður sem Reyðfirðing, því að hún er hátt í það eins og töluð út úr mínu hjarta. Ég hef lengi haft mál mjög svipað þessu í huga. Reyndar þegar á þinginu 1957, þegar ég skaust snöggvast hér inn fyrir dyr, flutti ég till. til þál. um fastar skipaferðir milli Austfjarða og útlanda og vék þar m.a. að möguleikanum á farþegaflutningum einnig. Þar var ég ekki stórtækari en það vegna þess margfræga hrepparígs, sem áðan var á minnst, að ég vék aðeins að Reyðarfirði sem heimahöfn í grg., ég þorði ekki að fara lengra. En það er einmitt gott að sjá hlutlausan dóm utanaðkomandi aðila í þessu efni, enda höfum við Reyðfirðingar lengi vitað, að staðurinn sem slíkur er kjörinn til heimahafnar fyrir slíkt skip.

Ég vil fagna þessari till. sérstaklega. Það sýnir, eins og hv. 1. þm. Austf. benti á, að hringvegurinn opnar nýjar leiðir í svo mörgu. Það er ekki aðeins samgöngukerfið sjálft, sem tekur stakkaskiptum við þetta, það eru ekki aðeins samgöngurnar við Austurland, sem stórbreytast, heldur kemur enn til einn þáttur til viðbótar, sem hér er farið inn á: samgöngurnar við útlönd, skipasamgöngurnar eru gerðar auðveldari, og þær eru gerðar um leið skemmtilegri, því að ferð sem þessi væri hvort tveggja í senn skoðunarferð um landið og um nágrannalöndin. Samkeppni við Suðurlandaferðir þarf að koma. Það er ekki vansalaust, að margfaldir flækingar þangað þekki hvorki sitt eigið land né næstu lönd. Ég er líka sannfærður um, að ef þetta verður raunveruleiki, nota æ fleiri sér þessa möguleika, bara að þeir séu fyrir hendi.

Það kann vel að vera, að mörgum þyki, að hér sé í of mikið ráðist og þessi till. sé um margt óraunhæf. En hún er síst óraunhæfari í framkvæmd en ferðir Gullfoss hafa verið til þessa dags. Ég álít einmitt, að hér sé um stórt skref fram á við að ræða. Þó að hraði okkar tíma sé mikill á ferðalögum, jafnvel þótt til skemmtunar séu, vilji menn einnig spara tíma, þá hlýtur hér einnig að fara að verða á breyting. Með opnun möguleika á svo fjölbreytilegri ferð sem till. gerir ráð fyrir á ég vitanlega við það, að menn aki á sínum bílum, t.d. héðan úr þéttbýlinu, þar sem flestir íbúar landsins eru nú saman komnir, austur á Reyðarfjörð, fari svo með sinn bíl með skipinu til Norðurlanda og aki á honum þar og fari svo aftur norðurleiðina til baka. Það hlýtur að vera sú eðlilega og rétta leið, ef menn vilja fá eins mikið út úr ferðalaginu og kostur er, að einmitt með opnum möguleika á svo fjölbreytilegri ferð sé komið til móts við fólk, sem er að ferðast vegna ferðarinnar sjálfrar og þeirra kosta, sem hún hefur að bjóða, bæði í náttúruskoðun sem þægindum, en ekki bara til að geta sagst hafa farið þetta og hitt. Hugmyndin er því mjög góð, og ég er sannfærður um það, að Austfirðingar muni njóta góðs af alveg sérstaklega, ef þetta kemst í framkvæmd. Austfirðingar hafa verið mjög afskiptir í sambandi við öll ferðamál, og þeir eiga sannarlega skilið að fá í sinn hlut aukna hlutdeild þar í. En ég er einnig sannfærður um, að íslenskum ferðamálum í heild verður þetta æskileg lyftistöng. Þetta beinir ferðalögum, jafnt Íslendinga sem útlendinga, á að mínu viti miklu heppilegri og betri braut en í dag. En a.m.k. um mikinn hluta ferðalaga Íslendinga er það að segja, að sumir hverjir muna það eitt úr þessum frægu ferðum sínum, hvað skemmtistaðirnir voru ágætir og vínföngin ótæmandi.

Ég fagna sem sagt till. Ég fagna einkum viðhorfi flm. gagnvart mínum heimastað, sem ég held, að sé byggt á raunhæfu og réttu mati, og vona eindregið, að hún nái fram að ganga.

Varðandi þá brtt., sem hér er fram komin, sakna ég vitanlega þess úr þeirri till., að þar er felldur niður sá staður, sem í aðaltill. er nefndur. Þó að þar kunni að vera um margt imprað á heppilegri málsmeðferð eða raunsærri, þá held ég, að ég muni frekar halla mér að aðaltill. heldur en þeirri brtt., sem fellir þennan ágæta stað niður úr till.

Gils Guðmundsson: Herra forseti. Ég held, að ég þurfi ekki að hafa nema örfá orð um þetta mál, þar sem hv. 4. landsk. þm. hefur þegar gert glögga og prýðilega grein fyrir brtt., sem við flytjum á þskj. 162, og fyrir tilefni þess, að hún er flutt. Ég tel þó rétt, að það komi þegar fram, að ég vil lýsa fullum og eindregnum stuðningi mínum við þá meginhugmynd, sem liggur að baki tillöguflutningi hv. 5. þm. Reykn. um það, að við Íslendingar eignumst á ný farþegaskip eða a.m.k. okkur verði kleift að eignast aðild að slíku skipi. Ég vil aðeins í tilefni þess, hvort rétt sé að halda áfram að vinna að þessu máli á vegum Norðurlandaráðs og með norræna samvinnu í huga, leggja á það áherslu, að ég hef sem fulltrúi í samgn. Norðurlandaráðs orðið þess greinilega var, að meðal fulltrúa í Norðurlandaráði, fyrst og fremst í samgn., en meðal annarra fulltrúa einnig, er mikill áhugi á því, að hægt yrði að sameinast um smíði og útgerð myndarlegs farþegaskips, sem gengi á milli landanna. Með þessum hætti væri hugsanlegt að auka þau tengsl, sem æskileg eru talin milli þessara landa. Ég hef orðið sérstaklega var við áhuga á þessu hjá norsku fulltrúunum, en einnig hjá fulltrúum frá hinum löndunum, svo sem Svíþjóð og Finnlandi. Það verður að vísu að segjast eins og er, að meðal sumra dönsku fulltrúanna hefur ekki verið nægur áhugi á þessu máli, en

þó er einnig fyrir hendi hjá sumum þeirra, og ég held, að það sé alveg rétt, sem flm. þessarar till. sagði, að þegar litið er til Færeyja, sem Danir hljóta að gera, þá er þetta mál, sem hér er hreyft við, e.t.v. engum eins mikils virði og Færeyingum, og hvergi hygg ég, að áhuginn sé eins mikill fyrir hagkvæmri lausn þessa máls eins og þar. Skipasamgöngur milli Færeyja og Danmerkur hafa nú hin síðustu ár verið heldur bágbornar. Þar hefur að vísu verið í förum farþegaskip yfir hásumarið, en ekki allt árið.

Það hefur komið hér fram, sem einnig liggur í hlutarins eðli, að nýtt og stórt farþegaskip, eins og hér þyrfti að vera um að ræða, er dýrt. Það er í fyrsta lagi dýrt að láta smíða slíkt skip, og rekstur þess verður einnig verulegt vandamál. Þess vegna held ég, að það væri skynsamlegt að halda áfram og þá með auknum krafti þeirri athugun, sem þegar hefur farið fram á vegum Norðurlandaráðs á þessu máli, og skynsamlegt væri að athuga til hlítar og láta það ekki dragast lengi, hvort ekki séu tök á að leysa málið á samnorrænum grundvelli, eins og hv. 4. landsk. þm. lýsti, hvernig að hefur verið unnið og hvernig nokkur undirbúningur hefur þegar farið fram í því efni.

Að því er það varðar, að í brtt. okkar hv. 4. landsk. þm. og mín sé ekki nefndur sá staður, þar sem skipið á að hafa aðalviðkomu hér á landi, þ.e.a.s. Reyðarfjörður, vil ég aðeins segja það, að við töldum, að það væri a. m. k. ástæða til að kanna nánar, hvort það væri einmitt Reyðarfjörður eða til að mynda annar staður á Austfjörðum, sem þarna gæti verið um að ræða. En vissulega geri ég það ekki að neinu aðalatriði, hvort Reyðarfjörður er nefndur í sjálfri till. eða ekki. Það er búið að benda rækilega á hann, og það má vel vera og mér þykir jafnvel trúlegt, að hann gæti orðið fyrir valinu, og ef samkomulag gæti orðið um brtt. okkar í meginatriðum, teldi ég mjög vel koma til mála frá minni hálfu að samþykkja það, að bent verði á Reyðarfjörð alveg sérstaklega í þessu efni.

En sem sagt, ég vildi aðeins láta hér koma fram af minni hálfu, að ég hef orðið þess mjög greinilega var, bæði í samgn. Norðurlandaráðs og á ráðsfundunum sjálfum, að það er töluverður áhugi á þessu máli og þá alveg sérstaklega að tengja Ísland og Færeyjar betur samgöngulega séð öðrum Norðurlöndunum með því, að rekið yrði gott og nútímalegt farþegaskip, sem gengi á milli þessara landa.

Flm. (Jón Árm. Héðinsson): Herra forseti. Ég skal ekki verða langorður, en mér finnst ástæða til að þakka undirtektir undir till., því að ég held, að það sé rétt metið hjá mér, að allir ræðumenn hafi efnislega a.m.k. lýst samstöðu um till., þó að aðeins hafi komið fram smáskoðanamunur, eins og eðlilegt er og gott. Það er eins og forseti sagði hér fyrir fáum dögum, að eðlilegur skoðanamunur hér um hugmyndir er nauðsyn, þó að hann taki nú hvað harðast undir hugmyndina. En það er margra manna mál, að hann sé okkar færastur að sjá, hvað er heppilegast í ferðamálum, enda margreyndur á því sviði.

Það var fróðlegt að heyra, hvað hefur verið rætt á Norðurlöndum um þetta. Ég hafði nokkuð kynnt mér gögn í þesu efni. En ekki hafði ég hugmynd um umr. á fundum, og það, sem ég vitna hér til í grg. og virtist fara eilítið í hinar fínu taugar fyrra flm. brtt., var eingöngu fréttatilkynning frá Norðurlandaráði, enda tek ég fram, að það var á nýloknum Norðurlandaráðsfundi, sem umr. snerust, eins og þm. tók fram, fyrst og fremst um þessa stóru samgönguáætlun milli landanna um brúna eða jarðgöng. En auðvitað hefur þessi mál mjög borið á góma, eins og rakið hefur verið hér áður, og mun halda áfram, því að það kemur í ljós, að okkar sjónarmiðs er mjög vel gætt af fulltrúum okkar þar.

Ég vil aðeins láta það koma skýrt fram, að til eru tvö sjónarmið, og hef ég hér myndir af skipum í þessu tilfelli, aðra af svokölluðu línuskipi, sem þá fellur yfirleitt í flokkinn lúxusskip. Varðandi orðalagið í brtt.: „sem uppfyllir nútímakröfur í slíkum efnum". Hvað eru nútímakröfur í slíkum efnum? Því miður er þetta dálitið teygjanlegt. Ég geri engan veginn sömu kröfu til þess að ferðast á milli landa í þessu tilfelli með ákveðnu fyrirkomulagi á skipi, hraðskreiðu áætlunarskipi, — ég geri ekki sömu kröfur og falla undir þjónustu við ferðamenn á svokölluðum línuskipum. Ef við nefnum dæmi og heiti á skipum, þá hef ég ferðast með einu skipi nýlegu, reyndar rúmlega ársgömlu, milli Hirtshals og Kristianssands, sem heitir „Buena vista", spánskt nafn, sem þýðir „Gott útsýni" á íslensku. Það skip er rúmlega 4 þús. tonn og veitir þægilega og góða þjónustu fyrir venjulegan ferðamann án þess að vera með nokkurn íburð, og eftir að ég fór með þessu skipi fyrir nærri tveimur árum, þá festist sú hugmynd í kollinum á mér, að þetta gæti verið lausnin hjá okkur og við slyppum við siglinguna fyrir Reykjanes með suðurströndinni, sem er tvímælalaust langversta siglingin á leiðinni og tekur um 18 tíma frá Reykjavík í línu, sem mundi skerast í námunda við það, ef siglt er frá Austfjörðum á Færeyjar, þannig að við mundum lengja siglinguna Reykjavík-Færeyjar eða Ísland-Færeyjar um helming, auk þess að skapa okkur verstu siglingaraðstöðuna. Þess vegna valdi ég Austfirði að vel athuguðu ráði, og ég tel alveg óraunhæft að vera með annað í huga, þegar við höfum það fyrir okkur, að hringvegur og betra samgöngukerfi, bæði varðandi flugsamgöngur og bílasamgöngur, verða komin hér á 1976. Þá verðum við bara að meta hlutina ósköp raunhæft og skipuleggja samkv. því. Ég vil einmitt taka undir hugmyndina hjá hv. 6. landsk., að fólkið héðan af þéttbýlissvæðinu mun auðvitað aka austur með suðurströndinni í fyrra skiptið eða öfugt og velja svo aðra hvora leiðina auðvitað til baka. Þetta er skemmtiferð, og þessi viðkoma þessa skips mun vera einu sinni á viku hverri með þessu lagi. Ef við siglum á Reykjavík, þá verða ferðirnar miklu lengri og miklu erfiðari og reksturinn allur annar. Og ég undirstrika það mjög ákveðið, að skipið verður að hafa aðstöðu fyrir austan. Það verður þá að vera í alveg sérstökum tilfellum, ef á að fara að sigla hingað. En hugmyndin um, að skipið taki ferð og ferð norður um til Akureyrar, getur byggst á því, að

við siglum frá Noregi til Hirtshals og svo hraðleiðina Aberdeen-Þórshöfn-Akureyri. Það er svipaður tími, sem fer í þá siglingu.

Ég held, að við verðum að gera okkur grein fyrir því, að við megum ekki fara inn á smíði skips, sem uppfyllir, eins og sett er hér fram „nútímakröfur í slíkum efnum“ sem farþegaskip, því að ég skil það svo, að átt sé við það, sem við köllum línuskip, sem eru miklu dýrara, þó að við förum ekki inn á skip eins og það nýjasta hjá Norðmönnum, ég held, að Svíar séu búnir að selja sín dýru línuskip, jafnvel þó að þau væru ekki nema 6—10 þús. tonn. Við eigum heldur að taka hina útgáfuna, sem Norðmenn, Svíar og Finnar eiga mikið af og sigla á milli Norðurlandanna og Þýskalands. Þau eru einfaldari og þægileg þjónusta. Talið er, að skipið sé yfirleitt 10—15 tíma á milli hafna, þó að í einstaka tilfellum sé um lengri leiðir að ræða. En þetta eru örugg og góð skip, stærðin á þeim frá 3 þús. brúttórúmlestum upp í 6—7 þús. brúttórúmlestir.

Ég vildi láta þetta koma hér skýrt fram, þó að við reynum að vinna að lausn málsins á samnorrænum grundvelli. Ég hef ekkert á móti því að reyna það, því að það verður fjárhagslega erfitt að reka skipið, og fjármögnun þess verður að vera sameiginlegt átak, eða a. m. k. verðum við að fá hjálp í stofnfjárframlagi frá Norðurlöndunum. Við höfum ekki bolmagn til þess öðruvísi. Mér er ekkert meginatriði, að eignaraðildin verði eingöngu á höndum Íslendinga. E. t. v. vilja Færeyingar eiga stóran hlut hér að máli. Ég hugsa, að það sé minni áhugi hjá Svíum eða Dönum, en reikna má með ákveðinni þátttöku Norðmanna, eftir því, sem ég best veit. Það, sem skiptir meginmáli í þessu, er, að þetta skip má ekki koma í stað hótels, eins og fyrri flm. brtt. drap á. Þá er rekstur þess alveg dauðvona. Þá erum við að gera kröfu til mikilvægs útbúnaðar og þjónustu í skipinu. Ég hef rætt við einn þeirra manna, sem unnu að áætlun hjá Eimskip um reksturinn á skipinu, og mér er kunnugt um, að Eimskip hafði reiknað með gífurlegu tapi. M. a. var alltaf hjá þeim hin dýra og mikla þjónusta og að fólk gæti fengið toppþjónustu eins og á fínum hótelum. Ég vil hafa þetta ódýrara, en hreinlegt og gott auðvitað, og ætlast til að fólk viti fyrir fram, að þetta er eins konar ferjuskip, sem á að sigla á milli landanna. En þar sem það siglir um úthafið eins og mörg önnur skip, sem sigla á milli Skandinavíu og Danmerkur og Englands og svo aftur Svíþjóðar og Þýskalands, þá eru gerðar miklar kröfur til þessa skips öryggislega séð og varla minni en hinna stærri skipa. En það munar mjög miklu í ýmiss konar öðrum rekstri. Þess vegna er þessi hugmynd sett fram, því að hún verður ódýrari í rekstri. En ég geri mér grein fyrir því, að fyrstu árin muni verða erfitt að láta enda ná saman, þegar allt er reiknað, arðsemi fjárins og afskriftir. En hvað um það, ég vænti þess, að þetta nái nú fram að ganga, og við eigum ekki að deila í löngu máli um, hvað sé best til að tryggja framgang málsins. Ég held, að við séum í grundvallaratriðum öll sammála um, að skipið verði að koma og það sem fyrst, og ef vettvangur Norðurlandaráðs er sá besti, sem við getum sett málið á til að tryggja því framgang, þá auðvitað vil ég, að það sé gert. En ég tel, að forustan verði að vera örugglega héðan að heiman, því að við eigum mest í húfi, og ég býst við, að Færeyingar mundu standa fast við hlið okkar til að fylgja málinu örugglega eftir.

Svava Jakobsdóttir: Herra forseti. Ég held, að það sé nauðsynlegt, að ég geri örstutta aths. út af ummælum hv. síðasta ræðumanns um orðalag á brtt. okkar, þar sem við leggjum til, að skipið „uppfylli nútímakröfur“. Ég verð að játa, að ég bjóst ekki við, að það mundi hlaða svona miklu utan á sig eins og varð í ræðu hv. þm., sem síðast talaði, þar sem hann var búinn að gera þetta að lúxusskipi fyrir burgeisa. Það, sem við eigum einfaldlega við, er, að það sé hraðskreitt, það geti flutt bifreiðar, það geti uppfyllt þær kröfur, sem geri að verkum, að það verði í rauninni eftirsóknarvert fyrir fólk að nota það í sumarleyfisferðir. Ég hygg, að það sé engin ástæða til þess, að þetta eina orð valdi neinum ágreiningi á milli okkar.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Bætt póst- og símaþjónusta, þáltill. (þskj. 81). — Ein umr.

Friðjón Þórðarson: Herra forseti. Á þskj. 81 hef ég leyft mér að flytja till. til þál. um bætta póst- og símaþjónustu í byggðum landsins, ásamt hv. 2. þm. Vesturl. og 6. þm. Sunnl. Till. er þess efnis, að Alþingi álykti að skora á ríkisstj. að gera nú þegar ráðstafanir til að auka og endurbæta þjónustu pósts og síma úti um byggðir landsins, svo að allir landsmenn geti búið við sem jafnasta aðstöðu að þessu leyti.

Á undanförnum þingum hafa nokkrum sinnum verið fluttar till. svipaðs efnis, svo sem till. til þál. um endurskoðun á gjaldskrá Landssímans, um talsímagjöld o. fl. Bent hefur verið á, að með útbreiðslu hins sjálfvirka símakerfis hafi landinu verið skipt í 9 svæði. Hvert svæði hafi hlotið sérstakt svæðisnúmer frá 91 upp í 99. Fyrir símtöl innan hinna nýju svæða gildi hins vegar mismunandi gjaldskrá. Það hefur einnig verið vakin athygli á því, að á Reykjavíkursvæðinu búi símnotendur við mun betra hlutskipti að þessu leyti, þar sem þeir geti hringt í öll númer í Reykjavík, Kópavogi, Garðahreppi, Bessastaðahreppi og Hafnarfirði á einu og lægsta gjaldi. Mun það vera nálægt 40 þús. símanúmera. Auk þess séu á Reykjavíkursvæðinu flestar opinberar stofnanir og fyrirtæki, sem allur þorri landsmanna þurfi að leita til. Á öðrum svæðum gildi hins vegar aðrar reglur. Gjald það, sem mönnum beri að greiða fyrir sambærilega þjónustu, sé mjög breytilegt og víða geti símnotandi aðeins hringt í fáeina tugi númera á lægsta gjaldi, en verði víðast að greiða mun hærra gjald, ef hann hringi í næstu sveit. Einnig hefur verið bent á, að ört hækkandi gjald með fjarlægð valdi íbúum dreifbýlisins miklum útgjöldum. Af þessum ástæðum öllum saman hefur verið bent á með ljósum rökum, að lands-

menn búi við afar mikinn ójöfnuð sem símnotendur. Það hefur einnig verið kvartað yfir því og á það bent, að póstsamgöngum sé mjög ábótavant víða um landið. Bréf og blöð séu lengi á leiðinni milli sendanda og viðtakanda og yfirleitt hafi póstþjónustan alls ekki fylgst með tímanum. Það er um margar kvartanir að ræða af þessu tagi víða að af landinu, en ég ætla aðeins að nefna eina, er varðar símamál. Það er till., sem var samþ. á aðalfundi sýslunefndar Snæfellinga á s.l. vori og hljóðar svo, með leyfi hæstv. forseta:

„Sýslufundur Snæfellsnes- og Hnappadalssýslu skorar á póst- og símamálastjóra að láta framkvæma gagngerðar endurbætur á símakerfi í Breiðvíkurhreppi og öðrum hreppum sýslunnar, sem svipað er ástatt um, svo að það geti fullnægt þörfum íbúa sveitanna á viðunandi hátt. Þá vill fundurinn enn fremur skora á símamálastjóra að láta fjölga símalínum á milli Reykjavíkur og Snæfellsness, svo að fjölsíminn þjóni héraðinu, svo sem til er ætlast. Þá telur fundurinn nauðsynlegt, að lengdur verði þjónustutími símstöðva 2. og 3. flokks, sem eru í sveitunum. Þessi till. var samþykkt samhljóða."

Eins og ég tek fram í grg., er hér ekki um neina ádeilu að ræða á hendur póst- og símamálastjórn. Við vitum það allir, að þessi þjónusta er dýr, ef hún er rækt til fullnustu. Þess vegna veltur það á fjárveitingavaldinu, hvað það lætur af hendi rakna, hversu þessum málum fer.

Að sjálfsögðu var sú till., sem ég nefndi og las upp, send yfirstjórn póst- og símamála. Mér barst fljótlega í hendur svarbréf póst- og símamálastjóra, mjög vinsamlegt. Þar tekur hann fram m.a. og upplýsir, að stofnunin hafi þegar gert áætlanir um fjölgun landssímarása frá Reykjavík til Stykkishólms og lögð hafi verið áhersla á, að þetta mál næði fram að ganga. En það færi að sjálfsögðu, eins og segir í bréfinu, eftir afgreiðslu fjárveitingavaldsins, sem er í höndum þeirra, sem sitja í fjvn. Alþingis. Loks tekur hann fram og upplýsir, að í athugun sé bæði þjónustutími umræddra stöðva svo og opnunartími þeirra. Þetta kunnum við að sjálfsögðu vel að meta sem vinsamlegt bréf, vinsamlegt svar við bréfi. En fleira þarf til að koma.

Það er sjálfsagt að viðurkenna það, að mikið hefur áunnist á undanförnum árum að því er snertir útbreiðslu á sjálfvirku símakerfi og uppbyggingu á þjónustu þess við borgarana. En mikið vantar þó á, að um sambærilega aðstöðu allra landsmanna sé að ræða í þessum efnum.

Ég skal ekki hafa mörg fleiri orð um þessa till. Hún er það mikið rædd og hv. alþm. það mikið kunn, að það ætti að vera óþarfi að rökstyðja þetta í löngu máli. En ég vil að lokum leggja alveg sérstaka áherslu á, að n. sú, sem fær þessa till. til meðferðar, taki hana til rækilegrar skoðunar. Þetta er mál, að vísu kannske ekki stórmál, og þó stórt í augum margra, sem þarna eiga hlut að máli. Það snertir fjölda landsmanna. Þetta er mál, sem reyna ber til hins ítrasta að láta alla sitja við sama borð. Hér er um að ræða réttlætismál í anda þeirrar byggðastefnu, sem nú er svo mjög höfð á orði. Till. þessi er flutt til þess að hvetja alla aðila, sem hún varðar, til ítrustu viðleitni og raunhæfra framkvæmda í þessum málum.

Herra forseti. Þegar hlé verður á máli þeirra hv. þm., sem kunna að vilja leggja orð í belg um þetta mál á þessu kvöldi, legg ég til, að umr. verði frestað og till. vísað til hv. allshn.

Steinþór Gestsson: Herra forseti. Ég þarf að sjálfsögðu ekki að hafa mörg orð um þessa till., sem hér liggur fyrir til umr. Fyrsti flm. hennar, hv. 4. þm. Vesturl., hefur skýrt hana fyrir Alþingi, og ég tel mig ekki þurfa að bæta þar miklu við. Það eru aðeins örfá atriði, sem ég vil þó koma að í þessu sambandi.

Það er athyglisvert um þetta mál, sem spannar bæði yfir póst- og símaþjónustu, að þessi tiltölulega óskyldu mál og málaflokkar heyra undir einn og sama yfirmann. Og ég geri ráð fyrir því, að þegar það er metið, á hvern hátt þjónustan er rækt í hvorum málaflokki fyrir sig, þá verði sú niðurstaðan, að í báðum tilfellunum sé nokkuð ábótavant. Ég hygg, að þó sé það svo, að til símamálanna hafi á undanförnum árum og áratugum verið varið miklu stærri fjárfúlgum til lausnar þeim vanda, sem við var að etja, heldur en póstþjónustunnar, og er það svo að eðlilegum hætti. Þrátt fyrir það, sem gert hefur verið í símamálunum, hefur hinn vaxandi álagsþungi í notkun talsímans orsakað erfiðleika í samskiptum manna, vegna þes að uppbygging símans hefur ekki haft í fullu tré við viðskiptaþörfina.

Hv. 4. þm. Vesturl. kom hér mjög inn á það, sem eðlilegt var, að um ólíka aðstöðu er að ræða hjá þeim, sem búa á höfuðborgarsvæðinu, sérstaklega þó í Reykjavík sjálfri, og þeim, sem búa lengra úti á landi, að því er varðar kostnað við notkun á símanum. Ég ætla ekki að ræða um það frekar. En það er annað í notkun símans, sem mér hefur lengi fundist vera erfiðast fyrir okkur að sætta okkur við, sem lengra búum frá höfuðborginni, þar sem mestu viðskiptastöðvarnar eru og menn þurfa oftast að leita til. Því er svo háttað, eins og drepið var á hér áðan, að stöðvarnar úti á landi hafa yfirleitt ekki opnunartíma nema skamman á hverjum degi, og þannig er því háttað, að minni stöðvarnar munu vera opnar ýmist frá kl. 9—12 f. h. eða 10—12 f. h. og 4—7 e. h. Mér finnst, að það, sem ég hef rekið mig einna tilfinnanlegast á í þessu sambandi, sé, að sá tími er ákaflega skammur, sem maður getur náð í þær skrifstofur og stofnanir, sem mest viðskipti eru við hér í Reykjavík. Á þeim tveim tímum, sem opið er á minni stöðvunum kl. 10—12, er álagið svo mikið, að stundum verður ekki komist áfram, og ótrúlega langan tíma tekur að bíða eftir samtali til höfuðborgarinnar. Allan tímann frá 12 og til 4 nær enginn sambandi, en eftir 4 fara fyrirtækin að loka hvert af öðru og svara ekki í síma, þegar við loksins komumst í samband við stöðvarnar aftur. Þetta er það, sem ég hef átt erfiðast með að sætta mig við, og sú mismunun, sem mér þykir tilfinnanlegust, þegar borið er saman við þá, sem búa nær höfuðborgarsvæðinu ellegar njóta sjálfvirka kerfisins, sem nú breiðist út, sem betur fer. Það er tilfinnanlegt að geta ekki með neinu

móti rekið erindi sitt í síma, þótt full greiðsla komi fyrir. Verður það oft tilfinnanlegra en að þurfa að greiða hærra gjald fyrir sömu þjónustu en náungi manns gerir. Ég tel því, að hér þurfi að verða breyting á og hún veruleg, til þess að viðunandi sé. Ég hef oft orðið fyrir því, að mér hefur reiknast til, og stundum rekið mig á það greinilega, að ég hef verið fljótari að skjótast milli sveita á bíl heldur en að bíða eftir því að ná símasambandi, og það kostar líka peninga.

Í annan stað langar mig til að fara fáeinum orðum um póstþjónustuna. Ég hygg, að það sé svo um mig og alla aðra, sem þurfa á póstþjónustu að halda, að við teljum okkur hafa keypt ákveðna þjónustu og ákveðna fyrirgreiðslu, þegar við höfum keypt frímerki og límt á bréf okkar eða böggul. Maður telur sig hafa keypt með burðargjaldinu tafarlausa ferð bréfanna og annars póstvarnings. En ég vil aðeins leiða hugann að því hér, hvernig póstsamgöngunum er háttað hingað og þangað út um land. Ég þekki þetta ekki víða, en þar, sem ég þekki best til, í minni heimabyggð, hefur það verið svo í langa tíð, að póstþjónustan var falin mjólkurbúinu, og þeir tóku að sér að dreifa póstinum, sem önnuðust mjólkurflutningana. Síðustu árin hefur orðið gagnger breyting á mjólkurflutningunum, þannig að nú er mjólk ekki sótt nema þrisvar í viku á bæina. Það vill svo til, að heim til mín kemur mjólkurbíll á laugardögum, þriðjudögum og fimmtudögum. Vegna þess að hann lendir á þriðjudegi, kemur mjólkurbíllinn aðeins með póst tvisvar í viku, því að póststofurnar hafa á þann merkilega hátt, að þær senda alls ekki póst á þriðjudögum, af því að flest dagblöðin koma ekki út á mánudögum. Ég hygg, að það væri sama, hvað mörg almenn bréf eða bögglar væru á pósthúsinu til þess að senda á þriðjudegi, það færi samt ekki póstur af stað á þeim degi. Ég minnist þess a. m. k. ekki að hafa tekið á móti pósti á þriðjudegi.

Nú í seinni tíð hefur póststjórnin komið þarna nokkuð til bjargar með því móti, að hún hefur sent sérstaka póstbíla tvo daga í viku, á mánudögum og miðvikudögum.

Niðurstaða mín er sú, að póstur berst á flesta bæi á Suðurlandi aðeins fjóra daga í viku, og tel ég það vera alls ófullnægjandi á þeim tímum, sem við lifum á, þegar ekki þarf að kenna því um, að samgöngur séu þannig, að betur sé ekki fært að gera. Ég fór að láta mér detta í hug, að ef til vill væri þessi þjónusta, sem veitt er eins og er, svo kostnaðarsöm, að ekki væri fært að ganga lengra. Ég fór því að líta á rekstraráætlun, sem gerð hefur verið um póstmál fyrir árið 1974, og mér virðist, að tekjur póstsins af seldum frímerkjum og burðargjöldum dagblaða og tímarita muni nema fullum 400 millj. kr. á árinu 1974 eftir þeirri áætlun, sem ég hef séð, en til póstflutninga eru áætlaðar á sama tíma 57 112 þús. kr. Þarna er eytt til póstflutninganna aðeins um sjötta hluta af þeim tekjum, sem pósturinn hefur af viðskiptum við þá, sem hans njóta. Mér fundust þessar tölur það athyglisverðar, að ég álít rétt að benda á þær, áður en þessi till. kemur til meðferðar í n. hér í þinginu. Ég er ekki að ásaka þá, sem þessum málum hafa stjórnað, fyrir að hafa ekki gert einn eða annan hlut í þessu sambandi. Ég hygg, að það sé ekki síður um að kenna því, að við, sem þessarar þjónustu njótum, höfum ekki látið það koma nægilega fram, í hverju ábótavant hefur verið um þjónustuna.

Pálmi Jónsson: Herra forseti. Ég vil segja hér aðeins örfá orð til þess að leggja áherslu á það, að hér er hreyft máli, sem er tímabært og vonum seinna að komist hreyfing á. Ég lít svo á, að póstþjónustan hafi í rauninni staðnað á síðari árum. Í sumum héruðum er póstur vikugamall eða jafnvel meira, þegar hann berst viðtakendum í hendur. Þetta tel ég vera óviðunandi, þegar tillit er tekið til þess, að samgöngur hafa farið batnandi og ferðir örari en áður var. Til þess að bæta úr þessu þarf aukið skipulag og nánari athygli við það, með hvaða hætti má koma á örari og betri þjónustu við viðskiptamenn póstsins. Ég skal ekki fara fleiri orðum um þennan þátt og ekki heldur auka mörgum orðum við þann þáttinn, sem fjallar um símaþjónustuna.

Það er alkunna, að með sjálfvirka kerfinu er að verða erfiðara að ná sambandi á milli einstakra stöðva, einkum þó hingað suður í aðalþéttbýlið utan af landi. Eins og kom fram hjá síðasta ræðumanni, er sú þjónusta, sem veitt er t. d. á 3. flokks stöðvum, ákaflega ófullnægjandi fyrir þá, sem verða að búa við þær aðstæður.

Einn þátt enn vil ég hér láta koma fram, sem sums staðar a. m. k. er algjörlega óviðunandi. Þar á ég við hina svokölluðu neyðarþjónustu Landssímans. Svo hagar til t. d., þar sem sjálfvirkar símstöðvar hafa tekið til starfa, í þorpum eða kaupstöðum, að sveitirnar utan þeirra hafa ekki númer við þessar stöðvar. Ef svo ber við, eftir að stöðvum þeim, sem þjóna þessum sveitum, er lokað, að alvarleg slys verða, veikindi eða jafnvel eldsvoðar brjótast út, þá er þetta fólk bjargarlaust við að ná til þeirra aðila í gegnum síma, sem það þarf mest á að halda, vegna þess að nú er ekki lengur unnt að hringja með gamla laginu í símstjórann, héraðslækni eða annan þann, sem var á hinni svokölluðu neyðarvakt símans. Hér er um atriði að ræða, sem þarf að kippa í lag, því að það er ófyrirséð, hvenær að því getur rekið, að til stórvandræða horfi fyrir einstaka aðila af þessum sökum, og getur það valdið bæði stórtjóni og riðið á lífi eða dauða, ef um alvarleg veikindi eða stórslys er að ræða.

Ég vildi láta þennan þátt málsins koma hér fram, að varðandi þessa neyðarþjónustu, sem í sumum tilvikum getur verið lífsnauðsynleg, hefur með tilkomu sjálfvirku stöðvanna sums staðar orðið um afturför að ræða fremur en hið gagnstæða, og úr þeim þætti málsins þarf að bæta. Að sumu leyti er það tæknilegt vandamál, en að sumu leyti þarf vilja bæði forráðamanna símans og jafnvel forráðamanna heima fyrir til þess að leggja sitt af mörkum til þess, að þarna komist lag á.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Hækkun íbúðarlána úr Byggingarsjóði, þáltill. (þskj. 83). — Ein umr.

Flm. (Þorv. Garðar Kristjánsson): Herra forseti. Ég hef leyft mér að flytja þáltill. þá, sem hér er til umr. Þar er kveðið svo á, að Alþingi ályktar að skora á félmrh. að hlutast til um, að húsnæðismálastjórn breyti hámarki íbúðarlána Byggingarsjóðs ríkisins úr 800 þús. kr. í 1200 þús. kr. til samræmis við breytingar á vísitölu byggingarkostnaðar.

Í l. um Húsnæðismálastofnun ríkisins, nr. 30 frá 1970, var fjárhæð lána úr Byggingarsjóði ríkisins ákveðin 600 þús. kr. Jafnframt var það nýmæli þá tekið upp í lög þessi, að húsnæðismálastjórn geti að fengnu samþykki félmrh. breytt lánsfjárhæð þessari á tveggja ára fresti til samræmis við breytingar á vísitölu byggingarkostnaðar.

Eftir að lög þessi voru sett, hefur orðið, svo sem kunnugt er, mikil hækkun byggingarkostnaðar. Í maí 1970 var vísitala byggingarkostnaðar 439 stig. Tveim árum síðar, eða í maí 1972, var þessi vísitala orðin 603 stig og hafði því hækkað um 37.4%. Enn hækkaði byggingarvísitalan 1. júlí 1972 í 683 stig og var þá orðin 55.6% hærri en í maí 1970. Svo var komið 1. nóv. 1972, að vísitala byggingarkostnaðar var orðin 689 stig, og var þar um að ræða 56.9% hækkun síðan lög um Húsnæðismálastofnun ríkisins voru sett í maí 1970.

Þrátt fyrir þessa miklu hækkun byggingarkostnaðar hafði upphæð íbúðarlána byggingarsjóðs ríkisins verið óbreytt. Augljóst var þá, að við svo búið gat ekki staðið, og þess vegna flutti ég á síðasta þingi þáltill. um hækkun íbúðarlána úr 600 þús. í 900 þús. kr. Till. þessi hlaut ekki afgreiðslu, en hún kom samt hreyfingu á málið. Páv. félmrh. rumskaði af værum blundi, og ríkisstj. lagði fram frv. um hækkun lánanna, sem samþ. var í apríl s.l. á þá leið, að lánsfjárhæðin var hækkuð í 800 þús. kr. í stað 600 þús. kr., sem áður gilti.

En hér var bæði of lítið og of seint að gert. Í apríl s.l. var byggingarvísitalan 708 stig og hafði því hækkað um 61.3% síðan í maí 1970, en lánsfjárupphæðin hækkaði á sama tíma aðeins um 33.3%. En hér er ekki öll sagan sögð. Síðan þetta gerðist hefur komið til mikil hækkun á byggingarkostnaði, svo sem kunnugt er. Nú er vísitala byggingarkostnaðar orðin 913 stig, eða hefur hækkað frá því í maí 1970 um 108%, en lánsfjárupphæðin aðeins um 33.3%.

Af þessu má marka, að það er meira en tímabært að hækka fjárhæð íbúðarlána Byggingarsjóðs ríkisins, svo að þau lækki ekki hlutfallslega miðað við byggingarkostnað frá því sem var, þegar gildandi lög um Húsnæðismálastofnun ríkisins voru sett. Það er augljóst, að hækkun sú, sem nú þarf að ákveða á íbúðarlánum, þarf að nema a.m.k. allt að 100% frá því sem var 1970 eða 50% frá því sem nú gildir, og þess vegna er lagt til í þáltill. þessari, að lánsfjárupphæðin megi nema allt að 1200 þús. kr.

Það væri hægt að halda hér langa ræðu um mikilvægi þessa máls, því að það hljóta allir að sjá, að það er höfuðatriði fyrir húsbyggjendur í landinu, að þeir njóti íbúðarlána, sem séu þeim jafngagnleg og var, þegar núverandi húsnæðislöggjöf var sett, þ.e.a.s. að lánsupphæðin sé eins mikill hluti af byggingarkostnaði og var í maí 1970. Ég hygg, að við getum allir, hv. þm., verið sammála um þetta. Það hlýtur að vera æskilegt, að íbúðarlánin fari ekki hlutfallslega minnkandi frá því, sem var, þegar löggjöfin um Húsnæðismálastofnun ríkisins var sett 1970.

Mér virðist líka, að þessi skilningur hafi komið fram á sinn hátt hjá fyrrv. félmrh. á síðasta þingi, eins og ég gat um áðan. Þegar ég hafði flutt tillögu mína þá um hliðstætt efni, komst hreyfing á málið. En því miður var ekki gengið eins langt og nauðsynlegt var, ef menn vildu ekki una því, að um afturför yrði að ræða í þessu efni.

Ég segi: ef menn vildu ekki una því, að um afturför væri að ræða í þessu efni. Það er kannske ekki sett hátt markið að segja það. Auðvitað þurfum við að setja markið hærra. Við þurfum að setja okkur það mark, að við hækkum íbúðarlánin hlutfallslega miðað við byggingarkostnað, því að við erum hvergi nærri nógu langt komnir í þessu efni. Við stöndum öðrum þjóðum, t.d. nágrannaþjóðum okkar, langt að baki hvað snertir þessa þjónustu. Hér þarf ýmislegt að koma til. Það þarf að lengja lánstíma íbúðarlánanna, það þarf að bæta vaxtakjör íbúðarlánanna, og það þarf að hækka íbúðarlánin.

Hér er fjallað einungis um síðasta atriðið, að hækka íbúðarlánin. Okkur hefur miðað nokkuð í rétta átt í þessum efnum.

Það er fróðlegt að athuga, hvernig ástandið var, þegar fyrrv. ríkisstj., Viðreisnarstjórnin, tók við völdum árið 1959. Þá var byggingarvísitalan 132 stig. En þegar Viðreisnarstjórnin lét af völdum 1971, var byggingarvísitalan orðin 535 stig, eða hafði hækkað um 305.3%. En á sama tíma hafði orðið breyting á lánsfjárhæðinni. Þegar Viðreisnarstjórnin tók við völdum, var hámarkslán Húsnæðismálastofnunar ríkisins 100 þús. kr. Það var 1959. En þegar Viðreisnarstjórnin lét af völdum árið 1971, voru þessi lán orðin að hámarki 600 þús. kr. Þau höfðu sexfaldast eða hækkað um 500%, á sama tíma og vísitala byggingarkostnaðar hafði hækkað aðeins um 305.3%. Ég rek hér þessar staðreyndir til þess að undirstrika, að það er rétt, sem ég sagði hér áður, að okkur hefur miðað nokkuð áfram í þessu efni. Það gerðist einmitt á valdatíma Viðreisnarstjórnarinnar. Hér var um verulega framför að ræða.

Ef við gerðum sömu kröfur til núv. ríkisstj. og sjálfsagt þótti að gera til Viðreisnarstj., þá ættum við að gera þá kröfu, að það yrði framhald á þessari þróun. En það er svo að sjá, að enginn geri slíkar kröfur til núv. ríkisstj. Það reiknar enginn með, að hún sé þess umkomin að bæta það ástand, sem var, þegar hún tók við völdum. Hins vegar er það svo með mig og ýmsa aðra þm., að við viljum gjarnan mega bera það traust til núv. ríkisstj. að ætlast til þess, að hún haldi í horfinu. En svo er að sjá sem stuðningsmenn núv. hæstv. ríkisstj. beri ekki svo mikið traust til hennar. Það er ekki að finna hljómgrunn hjá þeim fyrir stuðningi við till., sem byggir á því, að núv. ríkisstj.

sé ekki lakari í þessum efnum en fyrrv. ríkisstj. Það er svo að sjá sem þessir hv. þm., sem styðja þó ríkisstj., treysti henni ekki til þess að halda í horfinu eins og var í þessum efnum, þegar hún tók við völdum, hvað þá að bæta um.

Þetta hefur verið svo fram að þessu. Ég vildi nú leyfa mér að vona, að stuðningsmenn hæstv. ríkisstj. hefðu nú eitthvað breyst í þessu efni og væru nú fúsir til þess að ljá svo sjálfsögðu máli lið sem farið er fram á með þáltill. þeirri, sem hér er til umr. Í þeirri von, að svo verði, legg ég til, herra forseti, að till. þessari verði vísað til hv. allshn.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Landmælingastjórn ríkisins, þáltill. (þskj. 88). — Fyrri umr.

Flm. (Ólafur G. Einarsson): Herra forseti. Á þskj. 88 flyt ég till. til þál. um Landmælingastjórn ríkisins. Till. gerir ráð fyrir, að ríkisstj. skipi 5 manna n. til þess að semja frv. til l. um þetta efni. Að því skal stefnt, að undir Landmælingastjórn heyri stjórnun þríhyrningamælinga á Íslandi, stjórnun hæðamerkjakerfisins, kortamælingar og kortaútgáfa ríkisstofnana, lóða-, land- og jarðamarkamælingar. Gert er ráð fyrir, að n. hraði þessum störfum og frv. um þetta efni verði lagt fyrir næsta reglulegt Alþingi.

Í grg., sem fylgir till., eru færð fram nokkur rök fyrir því, að rétt sé að setja löggjöf, þar sem kveðið verði á um stjórn landmælinga á Íslandi. Ég mun í sem stystu máli gera nokkru nánari grein fyrir þeim ástæðum, sem að baki till. liggja.

Í fyrsta lagi er það sú staðreynd, að ekki er til nein löggjöf um þetta efni. Landmælingar Íslands eru til sem stofnun, en án löggjafar, án sérstakrar stjórnar og án valds til að segja fyrir um, hverning hinir ýmsu aðilar, sem landmælingar þurfa að nota, skuli starfa. Enginn má þó skilja orð mín svo, að þessi stofnun hafi verið þarflaus, síður en svo. Þar hefur verið haldið áfram því starfi, sem áður var í höndum Dana., þ. e. kortaútgáfunni, sem Danir kostuðu allt til ársins 1959. Auk þess hafa þar verið teiknuð gróðurkort og jarðfræðikort af landinu, kort, sem orðin eru yfir 50 að tölu, ljósmyndun úr lofti til teiknunar tæknilegra korta, sem aðrir hafa unnið o. fl.

Auðvitað verða Landmælingar Íslands eftir sem áður starfandi, ekki síður en Sjómælingar Íslands. Þessar stofnanir eru nauðsynlegar. En með löggjöf um þessi efni og starfsemi þessara og fleiri aðila er að því stefnt að kveða á um réttarstöðu þeirra og vald. Frá Landmælingastjórn mundu þeir, sem fást við landmælingar, fá ákveðna þjónustu, fyrirmæli og vernd. Allar ríkisstofnanir, sem þurfa á mælingum og kortum að halda, yrðu að leita til stjórnarinnar og fá þar fyrirmæli um það, hvernig að verkum skuli staðið. Þessar stofnanir mundu eftir sem áður geta unnið verkin og mundu vafalaust gera það.

Í öðru lagi er það skoðun mín, að það fé, sem varið er til landmælinga, nýtist illa vegna skipulagsleysis. Í dag fara þríhyrningamælingar og kerfisbundnar hæðarmælingar fram á vegum a. m. k. 5 ríkisstofnana. Þær eru: Landmælingar Íslands, Landsvirkjun, Orkustofnun, Skipulag ríkisins og Vegagerð ríkisins.

Eins og ég sagði áðan, eru engin lög til um það, hvernig eigi að framkvæma þessar mælingar, svo að þær komi að sem víðtækustum notum og geti fengið almennt gildi. Reyndar má bæta við þessa upptalningu Landnámi ríkisins, Búnaðarfélagi Íslands og Rafmagnsveitum ríkisins. Eftir því sem næst verður komist, má ætla, að ríkisstofnanir verji nú um 69 millj. kr. til landmælinga á ári, Reykjavíkurborg og önnur sveitarfélög um 41 millj. og verktakar um 50 millj., að samtals sé varið til þessara mála 160 millj. kr. á þessu ári. Segja má, að ekkert samband sé á milli þessara aðila, og verk, sem einn vinnur, getur því ekki nýst öðrum, vegna þess að alla samræmingu vantar.

Við þá áætlun um kostnað við landmælingar, sem ég nefndi, er þó sjálfsagt sitthvað að athuga. Það vantar t. d. mikið á landmælingar, sem gerðar eru vegna hönnunar mannvirkja. Vegna stöðu sinnar í ríkisrekstrinum mundu margar ríkisstofnanir halda því fram, að mælingar þeirra væru gerðar til rannsókna og hannana mannvirkja, þótt stærsta hluta mælinganna megi flokka undir mælingar almenns eðlis. Mælingar vegna hannana eru aðallega þær, sem gerðar eru af einkastofnunum og færast beint inn á kostnað hannananna og verða ekki tilgreindar sérstaklega.

Skv. þessu skiptast landmælingar aðallega í þrjá hluta:

1) Landmælingar vegna rannsókna á landi til skipulagningar lands og til verkfræðilegrar hönnunar. Í þennan kafla er hægt að flokka allar þríhyrningamælingar, kerfisbundnar hæðarmælingar og kortagerð, ásamt sérmælingum vegna hannana að einhverju leyti.

2) Landmælingar til ákvörðunar á mörkum lóða og landa. Stærsti hlutinn af landmælingum sveitarfélaganna er í þessum flokki.

3) Landmælingar við gerð mannvirkja. Í þeim flokki eru allar landmælingar verktakafyrirtækja.

Með löggjöf um þetta efni fengi Landmælingastjórn ákveðið vald til að segja fyrir um hvernig að landmælingum skuli staðið. Hún yrði jafnframt upplýsingamiðlari. Með þessu móti mundi sparast fé og skipulag kæmist á verkin, sem vinna þarf, samræming mælikvarða og fleira þess háttar.

Í þriðja lagi nefni ég kortaútgáfuna. Ég held, að ekki sé ljóst, að hvaða kortaútgáfum er nú unnið eða hvort þær útgáfur séu þær hentugustu. Ég gæti nefnt hér nokkrar þær kortaútgáfur, sem unnið hefur verið að, en ég held, að ég sleppi þeirri upptalningu, hún er nokkuð löng, en sýnir, að þarna er ekkert skipulag á. Þar er um enn eina ábendingu að ræða, sem sannar okkur nauðsyn löggjafar um þessi efni. Landmælingastjórn yrði aðili, sem gæti samræmt aðgerðir, þannig að allar ríkisstofnanir og einstaklingar ynnu að sama markmiði, svo að sem best nýting verði á þeim fjármunum, sem til þessara mála er varið.

Í fjórða lagi má nefna það öryggi, sem krefjast verður við landmælingar. Eins og ég sagði,

er áætlað, að til landmælinga vegna lóðamarka og lóðauppdrátta, svo og landa- og jarðamarka, sé a. m. k. eytt 40 millj. kr. á ári. Þótt auðvitað verði í þessum verkum sem öðrum að gæta fyllstu hagkvæmni, er aðalatriðið fyrst og fremst, að öryggi landa- og jarðaeigenda sé tryggt fyrir því, að þessar landamælingar nái tilætluðum árangri, þ. e. a. s. að mælingarnar séu rétt gerðar, að þær greini rétt frá mörkum, að þær hafi lagalegt gildi og að hægt sé að setja út mörkin bæði á kortum og í landinu án mikillar fyrirhafnar.

Hér á landi eru til lög um lýsingar á landamerkjum. Fyrir einum 60 árum voru samþykkt lög um lóðamælingar í Reykjavík. Þessi lög um mælingu lóða og landa í Rvík, svo og tilsvarandi lög fyrir Akureyri, gera ráð fyrir lóðalýsingu alveg á sama hátt og gert er ráð fyrir lýsingum landamarka eða jarðamarka. Einum 10 árum eftir að Reykjavíkurlögin voru samþykkt, var farið að gera lóðauppdrætti í Rvík. Það hefur verið gert síðan og lóðalýsingar lagðar á hilluna. Þessi siður hefur svo breiðst út til annarra staða, þrátt fyrir það að um lóðauppdrættina eru engin lög til. Í Rvík og víða annars staðar eru málsettir lóðauppdrættir bundnir inn í veðmálabækur þinglýsingastofnana ásamt afsölum, leigusamningum og öðrum skjölum. Það hafa aldrei verið samþykkt nein lög um réttarstöðu lóða- og landauppdrátta, og er það því orðið fyllilega tímabært. Nýtískulegar lóða- og landmælingar þarfnast nákvæmra þríhyrningamælinga í nothæfri vörpun. Aðeins á þann hátt er hægt að varðveita landa- og jarðamörk í framtíðinni. Það er líka ljóst, að eigum við að hafa full not af tölvutækni framtíðarinnar, verður að vinna að því, að öll lóða- og jarðamörk, bæði í þéttbýli og strjálbýli, verði mæld í þríhyrningakerfi landsins. Það gengur ekki lengur að styðjast við lýsingar einar í veðmálabókum, eins og lög gera þó ráð fyrir. Á þessu eru þó ýmsar skemmtilegar hliðar og vafalaust hætt við eftirsjá í ýmsum lýsingunum.

Með leyfi forseta langar mig að lesa hér eina landamerkjalýsingu fyrir hv. þm. Menn reyni svo að gera sér í hugarlund, hvernig væri að setja mörkin á kort eða í landið eftir þessari lýsingu. Hún er frá 1890, en stendur enn í veðmálabókum, eftir því sem ég best veit. Hún er svona: „Landamerki jarðarinnar Norðurkots í Grímsneshreppi innan Árnessýslu eru þessi: Úr Selvík í Álftavatn ræður Álftahólagarðurinn heim að túngarðinum. Svo ræður túngarðurinn til suðurs, allt á móts við þúfu þá, er stendur í móanum útsunnanvert við túnið. Úr þeirri þúfu beina stefnu í þúfu sunnan í móanum á milli túnanna. Þaðan sjónhending um þúfu á flagbakkanum fyrir norðan túnið á heimajörðinni og aðra, er stendur miðmýris. Í þúfu vestanvert við Skógarholtsflagið við svonefnda Kirkjugötu. Þaðan áframhaldandi stefnu í vörðu við áðurnefnda Kirkjugötu á Skógarholti. Þaðan til útnorðurs um vörðu á Sveinkatóftum og aðra á Sveinkahrauni beina stefnu í þúfu á Kolgrafarhól. Þaðan beina stefnu um þúfu í Finnheiði í Farklöpp. Þaðan sjónhending út í Reiðvík í Álftavatni, þar sem Miðlækurinn rennur í það. Þaðan ræður Álftavatn til suðurs, allt fram í Selvík, sem í byrjun þessa bréfs var nefnt.“ Og svo kemur aðalatriðið: „Þessi framanskráð landamerki jarðarinnar Norðurkots skulu vera óraskanleg um aldur og ævi.“

Þá vil ég nefna, hverja þýðingu landmælingar hafa fyrir öryggi við skráningu fasteigna. Ég styðst þar að nokkru við skjal, sem lagt var fram af fasteignamatinu á mælingaráðstefnu, sem Verkfræðingafélag Íslands efndi til árið 1971. Grundvöllur fyrir skráningu fasteigna er, að hver afmarkaður reitur á yfirborði landsins, sem hefur sérgreindan eignar- eða afnotarétt, sé sérskráður ásamt hverri þeirri mannvirkjagerð, sem á eða í landinu hefur verið gerð. Í l. um fasteignamat og fasteignaskráningu frá árinu 1963 er í 26. gr. kveðið svo á m. a., að við aðalmat það, sem í undirbúningi er við gildistöku l., skuli hafist handa að koma upp sem nákvæmastri skráningu fasteigna í landinu (matrikel). Í grg. með lagafrv. var gerð fyllri grein fyrir nauðsyn þess ákvæðis og gildis þess. Með þeirri skráningu, sem hér er að vikið, er átt við sérskráningu hvers sérgreinds lands eftir landfræðilegri legu þess og afstöðu þess til aðliggjandi landa. Markmið slíkrar skráningar er safn upplýsinga um staðreyndir varðandi hverja skráningareiningu. Til að ná fram slíkri heildarskráningu alls landsins er nákvæm kortlagning nauðsyn og óhjákvæmileg án þess. Því fer víðs fjarri, að slík nákvæm kortlagning sé til hér í landi, þannig að unnt sé að byggja á heildarmatrikelskráningu eða staðgreiniskráningu, eins og hún hefur verið nefnd hér.

Fyrsta afmörkun landsvæða hér á landi hófst með komu landnámsmanna. Var þá þegar fylgt ákveðnum reglum um, hvernig helga mætti sér land til eignar og umráða. Við þá afmörkun hefur að sjálfsögðu ráðið mestu landfræðileg lega landsins með tilliti til samfelldra nytja og greinileg afmörkun þess, svo sem fjöll, ár, firðir og flóar. Við þessa frumskiptingu landsins búum við enn í dag í stórum dráttum.

Um aldaraðir urðu breytingar á íslensku þjóðlífi svo undralitlar, að þær knúðu lítt á um breytingar á þessu sviði, þar sem landnot voru mjög einhæf. En með tilkomu þéttbýlismyndana breyttist viðhorfið til þéttbýlisstaðanna, þó að segja megi, að þjóðfélagið sé þar ótrúlega seint til, og virðist sem það hafi ekki enn gert sér að fullu ljósa þá brýnu þörf, sem því er samfara, að landnot breytast og aukast. Sennilega byggist það á því, að landrými er mikið í okkar landi. En það haggar ekki þeirri staðreynd, að nauðsynlegt er að geta greint eignir hvers einstaklings á sem einfaldastan og öruggastan hátt og þannig, að ekki verði um villst. Hlutverk fasteignaskráningar og fasteignamats er slík eignaskráning og eignamat. Til þess að þeir aðilar, sem um þau mál fjalla, geti framkvæmt þau verkefni, þurfa fyrrgreindar stærðarákvarðanir og lega landsins að vera þekkt, svo og notkun eða ráðin nýting í næstu framtíð að liggja fyrir hverju sinni.

Þeir aðilar, sem staðið hafa að fasteignaskráningu og fasteignamati hér á landi undanfarin ár, hafa hvarvetna staðið frammi fyrir þeim vanda, að þessar grundvallarforsendur fyrir starfinu eru ekki fyrir hendi. Með notkun nýrra véltækra skráningarforma hefur hins vegar

verið lagður traustur grunnur að landfræðilegri skráningu fasteigna í landinu, jafnóðum og forsendur slíkrar skráningar eru fyrir hendi. Nákvæmni í kortlagningu vex samhliða aukinni notkun landsins. Þess vegna eru það þétbýlisstaðirnir, sem nákvæmastrar kortlagningar krefjast. Hins vegar má það ljóst vera, að hvergi má hvika frá nákvæmni í landmörkum og landstærðum annarra landa, því að ef svo er, verður skráningin markleysa ein og gildissnauð.

Fullyrða má, að það fasteignamat, sem unnið var fyrir nokkrum árum, sé gott að því er varðar mannvirkin sjálf, en grunninn sjálfan nánast vantar. Í till. minni segir svo m. a., að með samningu frv. skuli að því stefnt, að undir Landmælingastjórn heyri stjórnun þríhyrningamælinga á Íslandi, hæðamerkjakerfisins, kortamælingar og kortaútgáfa ríkisstofnana, lóða-, land- og jarðamarkamælingar. Ég vil gera nokkru nánari grein fyrir hlutverki Landmælingastjórnar, að því er þessi atriði varðar.

Í fyrsta lagi á Landmælingastjórn að hafa umsjón með og stjórnun á áframhaldandi þríhyrningamælingum á Íslandi. Þríhyrningamælingar hafa að vísu ekki algerlega legið niðri síðan Danir hættu þríhyrningamælingum hér á landi árið 1956, en þær mælingar, sem hafa verið gerðar síðustu árin, hafa ekki beinst að ákveðnu markmiði, og kom það greinilega fram á ráðstefnu Verkfræðingafélagsins 1971, sem ég vitnaði til hér áðan. Á þeirri ráðstefnu var bent rækilega á nauðsyn þess að gera vissar grundvallarathuganir og beina síðan öllum þríhyrningamælingum inn í ákveðinn farveg, svo að þríhyrningastöðvar landskerfisins uppfylltu það gæðamat, að þær gætu orðið í fyrsta lagi grundvöllur allrar kortagerðar á landinu, bæði í smærri og stærri mælikvörðum, í öðru lagi grundvöllur verklegra framkvæmda, svo sem vegarlagna, raforkuframkvæmda og annars þess háttar, í þriðja lagi grundvöllur lóða-, landa- og jarðamarka og annarra kennileita eða skilgreininga á þessum mörkum, og í fjórða lagi grundvöllur fyrir nákvæma staðsetningu á sjó og úr lofti. Til þess að ná þessu takmarki þarf að gera þríhyrningastöðvar þéttari en þær eru nú.

Í öðru lagi nefni ég, að á sama hátt og með þríhyrningamælingarnar á Landmælingastjórn að hafa umsjón með gerð og mælingu á hæðarmerkjakerfinu. Hæðarmerkjakerfið er enn þá sundurlausara en þríhyrningakerfið. Nokkur hæðarkerfi hafa verið gerð. T. d. hefur Orkustofnun, áður Raforkumálastofnunin, gert vísi að hæðarkerfi, og einnig hefur Vegagerð ríkisins gert nokkur kerfi. Á höfuðborgarsvæðinu er ráðandi það kerfi, sem Reykjavíkurborg lét gera á árunum 1948—1950.

Þá er í þriðja lagi kortaútgáfa ríkisins. Landmælingastjórn á að hafa umsjón með allri kortaútgáfu hérlendis og endurskoðun og endurútgáfu kortasafnsins. Á ráðstefnu Verkfræðingafélagsins 1971 var rækilega bent á, að það mundi ekki vera til hægðarauka, ef kortaútgáfa stofnana ríkisins héldi áfram að vera eins sundurlaus og hún hefur verið til þessa. Var bent á það, að hér á landi væru gefin út kort í fleiri mælikvörðum en hjá stórþjóðum. Áætlað var þá, að til allra mælinga og kortagerðar væri varið um 80 millj. kr. árið 1970, en nú er þessi upphæð farin að nálgast 200 millj. Þegar það er haft í huga, að mæling og útgáfa korta í ákveðnum mælikvörðum kostar tugi eða hundruð millj. og viðhald þeirra margar millj. á ári, er ljóst, að betra er, að íslenska ríkið einskorði sig við útgáfu korta í sem fæstum mælikvörðum og reynt sé heldur að halda þeim sæmilega við.

Í fjórða lagi á Landmælingastjórn að hafa umsjón með öllum lóða-, landa- og jarðamarkamælingum og gera þær grunnskrásetningar lóða og jarða, sem fullnægja með öllu þeim skrám, sem gerðar eru á landinu í dag. Þessi grunnskráning verði grundvöllur þinglesturs og jafnframt því grundvöllur fasteignamats og annarra skattheimtulegra skrásetninga. Landmælingastjórn þarf að sjá um, að allar slíkar mælingar verði tengdar hinu endurbætta þríhyrninganeti, svo að öryggi skrásetningarinnar verði nægjanlegt. Öllum lögum, sem nú eru í gildi um skrásetningu landa, þarf að sjálfsögðu að breyta í samræmi við þetta, eftir því sem þörf krefur.

Þetta, sem ég hef hér talið, yrðu höfuðverkefni Landmælingastjórnar. Í till. er lagt til, að ríkisstj. skipi 5 manna n. til þess að semja frv. um þetta efni. Þar er kveðið á um, hverjir skuli tilnefna nm., þ. e. a. s. 4, en formaður n. skuli skipaður án tilnefningar. Má að sjálfsögðu um það deila, hverjir eigi að tilnefna menn í n. sem þessa, en ég hef valið þann kostinn, sem segir í till.:

1. Rannsóknaráð ríkisins tilnefni einn mann. Það er vegna þess, að í Rannsóknaráði sitja fulltrúar fyrir þær rannsóknastofnanir, sem af ýmsum ástæðum eiga hagsmuna að gæta varðandi landmælingar. Þar nefni ég sérstaklega stofnanir landbúnaðarins.

2. Ætlast er til, að Dómarafélag Íslands tilnefni einn mann. Það er vegna þess, að þar er um að ræða þinglýsingardómarana, sem þekkja betur en aðrir, hvar skórinn kreppir varðandi hin mjög svo ófullkomnu skjöl, sem komið er með til þinglýsingar. Við þessa aðila er æskilegt að sé sem nánast samband við samningu frv., og þeir þurfa að geta komið að sínum viðhorfum og leiðbeiningum.

3. Gert er ráð fyrir, að Samband ísl. sveitarfélaga tilnefni einn mann. Það er af þeirri eðlilegu ástæðu, að sveitarfélögin í landinu eru það stór aðili í landmælingum og lóðamælingum, að viðhorf þeirra þurfa að koma þarna fram.

4. Lagt er til, að einn nm. verði tilnefndur af Verkfræðingafélagi Íslands. Innan vébanda Verkfræðingafélagsins eru mennirnir með sérþekkinguna.

Kerfisbundnar hæðarmælingar hefjast ekki hér á landi fyrr en árið 1900, og stóð herforingjastjórnin danska fyrir þeim. Þessum mælingum var eingöngu ætlað það hlutverk að vera grundvöllur að kortagerð í mælikvarða 1:100000. Í dag gera menn allt aðrar og miklu meiri kröfur til þríhyrningamælinga. Í dag er krafan sú, fyrir utan að vera grundvöllur að kortagerð, að vera grundvöllur að mannvirkjagerð alls konar. Vegagerðin þarf t. d. á nákvæmum þríhyrningamælingum að halda, þegar nú t. d. hraðbrautarframkvæmdir og önnur vegar-

lagning er betur undirbúin en áður hefur tíðkast. Sjómælingar byggja að miklu leyti mælingar og siglingaákvarðanir á hnattstöðutölum, sem fengnar eru frá þríhyrningamælingum. Og með vaxandi flugumferð og blindflugskerfum er nauðsynlegt, að þríhyrningamælingar séu nákvæmari en nokkru sinni fyrr. Þá má og nefna not þríhyrningamælinga til að ákveða landa- og lóðamerki í hnitkerfi landsins, bæði í þéttbýli og strjálbýli.

Í nágrannalöndum okkar eru áratugir liðnir, síðan komið var fastri skipan á landa- og jarðamarkamælingar. Hjá okkur er nánast ekkert til nema ófullkomnar, en að ýmsu leyti skemmtilegar lýsingar á jarðamörkum. Eiginlegar mælingar á þeim mörkum eru ekki til. Það er því orðið tímabært að koma skipan á þessi mál. Ég vona því, að þessi till. fái góðar undirtektir á hv. Alþ.

Ég legg til, herra forseti, að till. verði vísað til hv. allshn. að lokinni þessari umr.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Breyting á fasteignalögum og lögum um sambýli í fjölbýlishúsum, þáltill. (þskj. 113). — Ein umr.

Flm. (Eggert G. Þorsteinsson): Herra forseti. Till. sú til þál., sem ég hef hér leyft mér að flytja, er ekki mikil að vöxtum, en snertir hins vegar mjög flókið vandamál. Við hina öru framþróun í byggingu íbúðarhúsnæðis hér á landi sem annars staðar hafa nánast í sama mæli aukist vandamál bæjar- og sveitarfélaga með útvegun byggingarlóða. Þessum vanda hafa bæjarfélög, a. m. k. á þéttbýlisstöðum, reynt að mæta með aukinni byggingu sambýlis- og fjölbýlishúsa. Þetta breytta fyrirkomulag veldur aftur því, að margar íbúðir byggðar á sömu lóð við sama húsnúmer eða nafn komast oft í allóþægilega samábyrgð um ýmsa hluti. Reglan; allir fyrir einn og einn fyrir alla — verður oft að gilda í slíku sambýli, svo sem sameiginlegt viðhald slíkra húsa utanhúss og í sameiginlegum afnotum innanhúss. Það, sem þó hefur komið verst við fólk í þessum húsum, er samábyrgðin um greiðslu opinberra gjalda af eignunum. Þess munu dæmi, að hjá öllum eigendum í 6—8 íbúða stigahúsi, sem hefur eitt götunúmer, hefur verið auglýst uppboð vegna ógreiddra fasteignagjalda af aðeins einni íbúð. Að vonum þykir mörgum illt að búa við slík lög eða reglur, og af þeim ástæðum er till. flutt um endurskoðun þeirra. Í slíkum tilfellum, sem till. fjallar um, og þegar um aðför að veði hefur verið að ræða, mun gangur mála oft hafa verið sá, að meðeigendur þess, sem í skuld stendur, hafa innt greiðsluna af hendi og síðan reynt að innheimta skuldina aftur hjá viðkomandi íbúðareiganda.

Allir þessir vafningar og óþægindi bjóða þeirri hættu heim, að um óþarfa árekstra gæti verið að ræða. Persónulega hef ég reynt að afla upplýsinga um, hver sé hin lagalega ástæða fyrir þessari framkvæmd, og svörin, sem ég hef fengið, eru þau, að ákvæði í fasteignamatsl. og lögunum um sambýli í fjölbýlishúsum kveði á um, að framkvæmd l. skuli vera þessi, sem ég hef áður lýst.

Síðan ég flutti þessa þáltill. mína, en nú er liðinn alllangur tími síðan, hefur stjórn Húseigendafélags Reykjavíkur sent Alþ. erindi um álit sitt í þessum efnum, og vil ég, með leyfi hæstv. forseta, mega lesa það upp, það er ekki langt mál:

„Stjórn Húseigendafélags Reykjavíkur vill hér með láta í ljós stuðning við fram komna þáltill. Eggerts G. Þorsteinssonar alþm. um athugun á breytingu á fasteignamatsl. og lögunum um sambýli í fjölbýlishúsum. Svo sem oft hefur áður komið fram, m. a. í ályktun aðalfundar Húseigendafélags Reykjavíkur frá 1971, verður að telja innheimtufyrirkomulag fasteignagjalda í fjölbýlishúsum mjög ósanngjarnt. Ríkjandi fyrirkomulag er á þann veg að hægt er að auglýsa til uppboðs eignir skuldlausra skilamanna vegna vanskila og óreiðu annars íbúðareiganda í sama húsi.

Stjórn Húseigendafélags Reykjavíkur hefur ítrekað rætt þetta mál og gert ályktanir um það, sbr. ályktun aðalfundar Húseigendafélagsins frá 1971, svo hljóðandi:

„Aðalfundur Húseigendafélags Reykjavíkur telur, að sérgreina eigi fasteignamat hvers húshluta, sem þinglýstur er séreigandi að, og sé það gjaldstofn til skattálagningar, en ekki húseignin öll ósundurgreind, svo sem nú er. Gjaldheimtan í Reykjavík gefur þá út fasteignaseðla í samræmi við þá skiptingu."

Stjórn Húseigendafélags lætur í ljós ánægju yfir því, að málið skuli nú loks hafa verið tekið upp hjá hinu virðulega Alþ., og væntir þess, að þáltill. verði samþykkt, svo að fljótlega megi vænta þeirra breytinga á l. um sameign í fjölbýlishúsum og l. um fasteignamatið, sem í þáltill. greinir."

Þetta er erindi Húseigendafélagsins til Alþ. vegna þessarar þáltill.

Til viðbótar þessu vil ég segja aðeins örfá orð. Það er að fróðustu manna yfirsýn ekki talið útilokað, að breyta þurfi fleiri lagabálkum en hér hafa verið nefndir, og það er ástæðan til þess, að málið er flutt í formi þáltill. Ég tel, að það sé lítt frambærilegt að gera snöggsoðna breytingu á þessum tveimur veigamiklu lagabálkum, án þess að fram hafi farið á því vandleg athugun allra þeirra, sem gerst til þekkja.

Herra forseti. Ég legg til, að till. verði að loknum þessum hluta umr. vísað til hv. allshn.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Húsnæðismál, þáltill. (þskj. 132). — Ein umr.

Flm. (Ellert B. Schram): Herra forseti. Það hefur nú svo æxlast, að till. mín til þál. á þskj. 132 hefur verið tekin fyrir á þessum kvöldfundi, sem örfáir hv. þm. hafa séð ástæðu til þess að sækja. Ég vil ekki bregðast þeirri þingskyldu minni að flytja framsögu með till. minni, enda þótt áhugi sé lítill hjá hv. þm. að hlýða hér á umr. að kvöldi dags. Ég verð að segja eins og er, að það hlýtur að vera freistandi fyrir mig og aðra þá, sem hafa flutt framsögu fyrir

málum sínum í kvöld, að biðja um frest á málum okkar og fylgja fordæmi ýmissa annarra hv. þm., sem hafa fengið máli sínu frestað til hentugri tíma. Sér í lagi segi ég þetta, þegar svo virðist sem fjarvera þessara hv. þm. og virðingarleysi fyrir þingfundum sé verðlaunað með því að taka mál þeirra fyrir á reglulegri og heppilegri tíma. (**Forseti**: Má ég biðja hv. þm. að afsaka, hann getur fengið málinu frestað nú á stundinni, ef hann óskar þess, það stendur til boða.) Já, ég þakka hæstv. forseta, en ég hef áður rekið á eftir því, að þetta mál yrði tekið fyrir, enda nær 4 vikur síðan ég lagði málið fram, og ég vildi einmitt koma að því, að flest þau mál, sem á dagskránni eru og hafa verið á undan þessu máli, hafa verið lögð fram fyrr, þ. e. a. s. fyrir allt að mánuði, og mér finnst það engin vorkunn mönnum að mæta, þá loks þegar mál þeirra komast að, til þess að flytja framsögu með þeim, ekki síst þegar hæstv. forseti var búinn að boða til þessa fundar með nokkrum fyrirvara. En ég mun sem sagt ekki bregðast þessari þingskyldu minni og flytja hér framsögu með till., en mun að sjálfsögðu stytta mál mitt mjög verulega.

Þessi till., sem hér er á þskj. 132 og fjallar um húsnæðismál, er allítarleg og gefur tilefni til nokkuð langs máls og nokkurra útskýringa, en ég mun með hliðsjón af aðstæðum öllum stytta þær útskýringar.

Ég hefði í fyrstu viljað vekja athygli á því ákvæði í málefnasamningi ríkisstj., þar sem segir, að hún muni gera það að höfuðmarkmiði í félagsmálum að hafa forgöngu um, að byggt verði leiguhúsnæði, er lúti félagslegri stjórn og sé einkum í þágu frumbýlinga og aldraðs fólks. Ég minni í upphafi á þetta ákvæði málefnasamningsins, ekki vegna þess að ég sé svo samþykkur efni þess né heldur til að rekja sérstaklega vanefndir hæstv. ríkisstj., en ég minni á það til að vekja athygli á, að í þessu ákvæði er talið eðlilegt, að sérstakt átak sé framkvæmt í þágu frumbýlinga, unga fólksins, sem er að reisa sér heimili í fyrsta sinn.

Hér í Sþ. hafa nú í dag verið á dagskrá ein 5 mál, sem snerta húsnæðismál. Þau hafa að vísu ekki öll verið tekin fyrir, en ljóst er þó af þessum till., að þar greinir menn nokkuð á um ástand og horfur, um leiðir og vinnubrögð, um framkvæmd og frammistöðu einstakra stjórnvalda í þessum málaflokki. En þó bera þessi mál öll með sér, að flestum er ljóst mikilvægi þessa málaflokks, að hér sé brýnasta úrlausnarefni samfélagsins á ferðinni. Menn gera sér almennt ljóst, að húsnæði er engin þægindi, heldur nauðþurft eins og fæði og klæði. Það er skylda stjórnvalda á hverjum tíma að gera öllu fólki kleift að koma sér upp íbúðum. Á sama tíma sem stjórn og stjórnarandstaða karpa um framistöðu þeirra stjórnvalda, sem þau fylgja hverju sinni, er augljóst, að það er sameiginlegt áhugamál og sameiginlegur vilji og skoðun bæði stjórnar og stjórnarandstöðu, að gera þurfi átak í húsnæðismálum.

Ég efast þó um, að þeir, sem fjalla um þessi mál, geri sér grein fyrir því, að löggjöfin um húsnæðismálin og lánveitingar til húsbyggjenda er fyrst og fremst haldreipi frumbýlinga, hins unga fólks. Það eru frumbýlingarnir með tómar pyngjur, en fullir af bjartsýni og lífskrafti, sem líta vonaraugum til Byggingarsjóðs ríkisins.

Ef menn gera tilraun til að ná einhverri yfirsýn yfir vettvang húsnæðismálanna, þá ætti að vera unnt fyrir okkur alla í sameiningu að komast að þeirri niðurstöðu, að lánakerfið, húsnæðislöggjöfin, eigi að einbeita sér að því að koma til móts við hið unga fólk, þá, sem byggja í fyrsta skipti, a. m. k. meðan ekki er unnt að tryggja fé í Byggingarsjóð ríkisins, þannig að hægt sé að veita öllum úrlausn, sem þangað sækja. Nauðsynlegt er að veita vissum aðilum forgang, meðan takmarka verður lán og lánþiggjendur, og það er eindregið mín skoðun, að sérstaklega skuli reynt að bæta úr hjá því fólki og þeim umsækjendum, sem eru að hefja byggingu eða festa kaup á íbúð í fyrsta skipti. Ég tel því, að húsnæðislöggjöfin eigi í auknum mæli að taka mið af þessu meginsjónarmiði. Það getur komið fram í því að veita aukin lán til þessa unga fólks eða frumbýlinganna og gera því jafnframt kleift að tjalda til meira en einnar nætur með rýmkun á reglum um lánshæfni og skapa möguleika til, að ungt fólk geti keypt húsnæði og hafið búskap í eldra húsnæði, þurfi ekki alltaf að byrja á því að byggja sér nýtt húsnæði.

Ef allir hv. þm. geta í sjálfu sér, svo sem ég efast ekki um, fallist á þetta sjónarmið, þá er aftur ágreiningur um það, hvernig skuli nálgast þetta markmið. M. a. virðist vera nokkur ágreiningur um, hvort slíka aðstöðu eigi að skapa með stórfelldri byggingu leiguhúsnæðis eða með því að aðstoða fólk við að koma sér upp eigin íbúðarhúsnæði.

Eins og fram kom í ákvæðum málefnasamnings hæstv. ríkisstj., hefur hún markað sér þá stefnu að reyna að bæta úr með því að stórauka byggingu leiguhúsnæðis undir félagslegri stjórn, en enda þótt hún hafi ekki komið því markmiði sínu og ákvæði í framkvæmd, er þó ljóst, að þannig stendur hennar hugur, og m. a. má sjá það af fyrirhuguðum áætlunum ríkisstj. um að byggja 1000 leiguíbúðir víðs vegar um landið. Ég er þeirrar skoðunar, að hér sé ekki rétt að farið og hér sé um ranga leið að ræða.

Í fyrsta lagi verður bygging leiguhúsnæðis engu ódýrari fyrir ríkissjóð, ég tala nú ekki um, ef það húsnæði á að vera áfram í eigu ríkisins, eftir að það er tekið í notkun. Ef ríkissjóður telur óhjákvæmilegt og nauðsynlegt að leggja mikið fé í húsnæðismál, er það skoðun mín, að því sé betur varið með rúmum lánveitingum með þeim aðferðum, sem ég benti á m. a. í minni till. og felur aðallega í sér, að fólk geti sjálft komið sér upp sínu eigin húsnæði. Það verður ekki ódýrt fyrir ríkissjóð að reisa slík leiguíbúðarhús, það verður dýrt að halda þeim við, sjá um rekstur þeirra, innheimta leigu, endurleigja, hafa eftirlit með umgengni o. s. frv., o. s. frv. Veigamesta röksemdin gegn stórfelldum leiguhúsabyggingum er þó sá rótgróni metnaður hverrar íslenskrar fjölskyldu að eiga sitt eigið húsnæði. Þeim hugsunarhætti verður ekki breytt um langa framtíð og á að mínu viti ekki að breyta. Meginkjarni till., sem hér er á dagskrá, gengur út frá þessum forsendum, þ. e. a. s. að

gera eigi ungu fólki kleift að byggja, festa kaup á sínu eigin húsnæði og að það sé sjálft eigendur að þessu húsnæði.

Ef ég kem að einstökum tölul. þessarar þáltill., þá geri ég í fyrsta lagi ráð fyrir því, að það sé vilji fjárveitingavaldsins og stjórnvalda hverju sinni, að lánin dragist ekki óhóflega aftur úr hækkandi byggingarkostnaði, og að því leyti tek ég undir röksemdir hv. 5. þm. Vestf. varðandi þá till., sem hér var á dagskrá áðan og fram kemur á þskj. 83. Ég tel sjálfsagt, að í löggjöfinni um Húsnæðismálastofnun ríkisins, þar sem fjallað er um lánveitingar, sé hlutfallið bundið sem lágmark og lánin hækki í samræmi við hækkun byggingarkostnaðar og byggingarvísitölu. Með því verður og komið í veg fyrir árvisst karp og meting milli stjórnar og stjórnarandstöðu, hvort lánin séu hagstæðari eða lakari en áður.

Í öðru lagi legg ég til, að löggjöfin komi áþreifanlega til móts við það unga fólk, sem ég hef gert hér að umtalsefni, og staðfesti það lagaákvæði, sem nú er í lögum, þannig að það verði meira en bókstafurinn einn. Þá á ég við, að í l. nú er Byggingarsjóði ríkisins heimilað að lána fólki á spariskyldualdri umframlán eftir þar til greindum reglum. En staðreyndin er sú, að sjóðurinn hefur enn ekki séð sér fært að framfylgja þessu ákvæði. Þetta er stórum miður. Spariskylda hefur því ekki haft raunhæft gildi hvað þetta snertir, hvorki fyrir þann, sem sparar, né heldur Byggingarsjóðinn sem tekjustofn. Því er lagt til, að þeir, sem spari samkv. 11. gr. núgildandi l., skuli eiga kost á viðbótarláni, allt að tvöfaldri þeirri upphæð, sem spöruð hefur verið. Það er sannfæring mín, að þetta muni hvetja ungt fólk til raunverulegs sparnaðar og það muni ekki taka fé út úr sjóðnum, eins og nú er, nema í neyð og ungt fólk muni sjá hagkvæmni þess að leggja fé til hliðar. Áfram eiga síðan samkv. minni till. að gilda reglur um skattaundanþágur hvað þetta sparifé snertir.

Í þriðja lagi legg ég til, að rýmka skuli möguleika sjóðsins til útlána á eldri íbúðir. Enginn vafi er á því, að lánareglur Byggingarsjóðsins muni, eins og nú er háttað, mjög stuðla að því, að fólk ráðist í nýbyggingar frekar en kaup á eldra íbúðarhúsnæði. Af síðari kostinum ætti þó að vera augljós þjóðhagsleg hagkvæmni á margvíslegan hátt. Ég tel m. a., að sveitarfélögum ætti að vera að því mikil hagkvæmni að sveigja þróunina nokkuð inn á þessar brautir, að eldra húsnæði nýtist betur. Það kynni að draga úr geysilegri útþenslu þéttbýliskjarna með tilheyrandi kostnaði, skipulagi, götulagningu, skolpræsum o. s. frv., og því mætti vel hugsa sér, að sveitarfélagið væri fúst til að taka þátt í fjármögnun til lána út á eldri íbúðir, og er gert ráð fyrir því í þessari till. Þá er gert ráð fyrir í þessari till., að reglum um lánshæfni verði breytt frá því, sem nú er. Þar er um reglugerðarákvæði að ræða, en l. gætu þó sett ákveðinn ramma, sem hefði það í för með sér, að lítilli fjölskyldu, barnlausum hjónum eða hjónum með eitt barn yrði gert kleift að fá lán út á stærri íbúð en nú er, gert er ráð fyrir einhverri fjölgun í fjölskyldunni. Eins og alkunna er, miðast lánshæfni umsækjenda m. a. við fjölskyldustærð, og hefur þetta valdið því, að lítil fjölskylda, nýgift hjón t. d., eru ekki fyrr búin að koma sér upp íbúð og koma sér fyrir en íbúðin er orðin of lítil, og sama sagan, kaup, innréttingar, flutningar, afborganir o. s. frv. hefst á nýjan leik með nýjum íbúðakaupum. Fólk þarf að fá tækifæri gegnum lánakerfið til að festa kaup á íbúð, sem getur orðið varanlegur íverustaður, og því er gert ráð fyrir því í þessari till., að einstaklingar geti byggt eða keypt allt að 100 ferm. íbúð og tveggja manna fjölskylda og stærri geti byggt og keypt allt að 150 fermetra íbúð. Síðan er það mitt mat, að hversu stór sem fjölskyldan er, þá sé viðkomandi byggjendum eða íbúðarkaupendum í sjálfsvald sett, hvort þeir ráðist í stærri íbúðir eða ekki, og verða þá að standa sjálfir undir þeim kostnaði, sem umfram er.

Tekjuöflun Byggingarsjóðs ríkisins er vissulega stærsti höfuðverkurinn, og því er nokkuð fjallað um þann þátt málsins í þessari till. Þar er ekki um tæmandi upptalningu að ræða, og eflaust má sitthvað finna að þeim hugmyndum. Ég tel þó, að það sé aðeins tímaspursmál, hvenær og hvernig lífeyrissjóðirnir tengjast beint eða óbeint lánakerfi húsnæðismálanna. Þetta þurfa báðir aðilar, bæði ríkissjóður og lífeyrissjóðirnir, og reyndar allir aðrir aðilar að gera sér ljóst. Hér á ekki að þvinga neinu upp á lífeyrissjóðina eða ríkið, en það er eðlilegast og raunhæfast að ná samkomulagi. Og það er enginn vafi á því, að samkomulag er unnt að gera, sem kemur öllum til góða: lífeyrissjóðunum, Byggingarsjóði og byggjendum. Ég vek því athygli á þeirri hugmynd, að tengja megi lífeyrissjóðina lánakerfinu með því að breyta verkamannabústaðakerfinu og gera verkalýðsfélögin eignaraðila að þeim byggingarsjóði, sem þannig yrði stofnaður. Og ég geng lengra og set fram þá skoðun og till., að í nafni slíks byggingarsjóðs eigi að efla húsnæðisbyggingar í dreifbýlinu með þeim hætti eins og segir í 6. tölul. till. Þar er gert ráð fyrir því, að hugsanlegum byggingarsjóði verði sköpuð skilyrði til að byggja eða kaupa ákveðinn fjölda íbúða á hverju ári, sem seldar verða með hagkvæmum kjörum, og gangist sjóðurinn jafnframt undir þá skuldbindingu að endurkaupa viðkomandi íbúðir innan ákveðins árafjölda með byggingarvísitöluálagi á framlag eigenda. Slíka aðstöðu skal þó fyrst og fremst skapa í dreifbýli við framkvæmd byggðastefnu, segir í till. Það er mitt mat, að þessi vinnubrögð mundu gefast miklu betur og verða raunhæfari lausn á íbúðavandanum víðs vegar um landið en þær ráðagerðir, sem nú eru uppi um það að byggja stórfellt leiguhúsnæði, og mun ég ekki fjölyrða frekar um það undir þessum kringumstæðum.

Þá er gert ráð fyrir ýmsum öðrum tekjuöflunarleiðum í þessari till., og er sú veigamest, sem kveður á um, að launaskatturinn skuli óskiptur renna til húsnæðismálanna. Auk þess er gert ráð fyrir því í þessari till., að Húsnæðismálastofnunin geri nokkuð nákvæma áætlun um byggingarþörf hvers árs, að fengnum upplýsingum um lóðaumsóknir, mannfjölgun, skipulag, framkvæmdaáætanir sveitarfélaga o. s. frv., þannig að það geti legið nokkuð ljóst fyrir, hver láns-

fjárþörfin verður fyrir komandi ár, og á grundvelli slíkra áætlana skuli gerð aftur áætlun um lánsfjárþörfina, sem hægt verði óyggjandi að ganga út frá fyrir stjórn Byggingarsjóðs ríkisins. Ef tekjustofnar Byggingarsjóðsins hrökkva ekki til að mæta þessari lánsfjárþörf samkv. nefndum áætlunum, er lagt til í þessari till., að ríkissjóður bæti þann mismun upp með fjárveitingu á fjárl. næsta árs. Hér er að mínu viti ekki um óábyrga till. að ræða, og hér þarf ekki að vera um mjög háar upphæðir að tefla. Framlag ríkissjóðs beint og óbeint til húsnæðismálanna er nú rúmar 600 millj. eða rétt rúmlega 2% af heildarupphæð fjárlagafrv., eins og það liggur nú fyrir, og tek ég þá að sjálfsögðu aðeins til greina og hef í huga þær upphæðir, sem nefndar eru í fjárlagafrv. sjálfu. Ég tel þetta ekki óeðlilegt, enda þótt gert sé ráð fyrir, að þessi upphæð hækki nokkuð með hliðsjón af þeim almenna vilja hv. þm. um það, að ríkissjóður og stjórnvöld komi til móts við þann vanda, sem við er að etja í húsnæðismálum. Ef hv. þm. og stjórnmálamenn meina eitthvað með því að vilja bæta hér úr, þá er ekki of í lagt að koma til móts við þessa till., sem að mínu viti fellur fullkomlega saman við þær hugmyndir, sem m. a. hafa komið fram í umr. hér á þingi.

Lokaatriðið í þessum till. mínum er, að það sé síðar kannað, hvort ekki sé hagræði að því að fela öðrum stofnunum eða þjónustufyrirtækjum flest þau verkefni, sem gert er ráð fyrir að falli í verkahring Húsnæðismálastofnunar ríkisins. Það er alkunn staðreynd, að þessari stofnun hefur ekki reynst mögulegt að framkvæma ýmis þau lagaákvæði, sem falla undir hana og gert er ráð fyrir, að hún inni af hendi. Sjálfsagt kemur þar margt til: fjármagnsskortur, aðstöðuleysi og skilningsleysi yfirvalda á þeim verkefnum, sem Húsnæðismálastofnunin á að taka til meðferðar. Hvað sem veldur, þá er sem sagt staðreyndin sú, að þessum verkefnum hefur ekki verið sinnt. Ég held því, að það sé kominn tími til, að þessi verkefni séu tekin til athugunar og kannað rækilega, hvort ekki sé hægt að fela öðrum stofnunum þau til meðferðar. Þar er gert ráð fyrir alls konar rannsóknum, byggingarrannsóknum og áætlunargerð, og ljóst er, að það eru nú þegar starfandi í þjóðfélaginu margs konar stofnanir, sem einmitt eiga að hafa slík verkefni með höndum, svo sem rannsóknastofnanir og áætlanadeildir.

Herra forseti. Ég hef þá ekki þetta lengra. Till. þessi er borin fram í þeim tilgangi að draga fram þá staðreynd, að obbinn af byggjendum er frumbýlingar, og það er vegna þess, að mín skoðun er sú, þess vegna flyt ég till., að aðstoð hins opinbera eigi að beinast að þessum hópi. Löggjöfin á að einbeita sér að því að koma til móts við unga fólkið. Og meðan takmarkað fé rennur til húsnæðismála og lánakerfisins á þeim vettvangi, þá er það mín skoðun, að þeir, sem hefja byggingar eða festa kaup á íbúðum í fyrsta skipti, eigi að hafa algeran forgang. Ég vænti þess, að Alþ. sé mér sammála um þessa meginskoðun og taki því þessari till. vel, og alla vega, að hún sé þess virði, að hæstv. ráðh. fái hana til athugunar við þá endurskoðun löggjafarinnar um húsnæðismálin, sem hann hefur boðað.

Ég legg svo til, að þessari umr. verði frestað og málinu vísað til hv. allshn.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Gjöf Jóns Sigurðssonar, þáltill. (þskj. 140). — Fyrri umr.

Flm. (Gils Guðmundsson): Herra forseti. Það verður ekki sagt, að það sé þéttsetinn þingbekkurinn þessar mínúturnar, en áheyrendahópurinn, þótt hann sé lítill, er þó þeim mun betri, því að það eru vafalaust þeir áhugasömu, sem hér eru viðstaddir. Ég vil láta nokkur orð fylgja þeirri þáltill., sem hér er nú til umr., þáltill. á þskj. 140.

Svo sem hv. alþm. er kunnugt, kýs Alþ. menn í ýmsar veigamiklar nefndir og ráð, og er þá í flestum tilvikum kosið til nokkurra ára í senn. Ein er sú n., sem svo mikið er viðhaft, að Sþ. kýs hana árlega. Þessi virðulega n. heitir Verðlaunanefnd Gjafar Jóns Sigurðssonar. Sá, sem vitni er að þessari árlegu hátíðlegu nefndarkosningu á fundi Sþ., en ókunnugur málavöxtum að öðru leyti, hlýtur að gera sér í hugarlund, að hér sé um einkar mikilvæga nefndarskipun að ræða og ósmátt það verkefni, sem svo göfugri nefnd er falið. Ekki dregur það úr virðuleikanum, að hin þingkjörna n. á að stýra sjóði, sem tengdur er nafni Jóns Sigurðssonar. Vakna þá eðlilega nokkrar spurningar: Hver er gjöf Jóns Sigurðssonar? Hvert er starf verðlaunanefndarinnar? Á hvern hátt er Alþ. aðili þessa máls?

Gjöf Jóns Sigurðssonar forseta er sjóður, sem ekkja hans, Ingibjörg Einarsdóttir, stofnaði með erfðaskrá á banabeði, og skyldu mestallar eigur þeirra hjóna renna í þennan sjóð. Jafnframt var fram á það farið í erfðaskránni, að Alþ. veitti gjöfinni viðtöku og kvæði á um það, hvaða verkefni í þágu þjóðarinnar sjóðurinn skyldi styðja. Árið 1881 samþykkti Alþ. með þál. að veita viðtöku fyrir hönd þjóðarinnar gjöf þeirri, sem í erfðaskránni greinir. Þá voru og sjóðnum settar starfsreglur og ákveðið, að vöxtunum skyldi varið til verðlauna fyrir vel samin vísindaleg rit viðvíkjandi sögu landsins og bókmenntum, lögum þess, stjórn og framförum. Þá var jafnframt ákveðið, að Alþ. skyldi í hvert skipti sem það kæmi saman, velja þrjá menn til að kveða á um verðlaunaveitingar úr sjóðnum. Að þessari samþykkt stóðu ýmsir þingskörungar þeirra tíma, menn, sem vildu með því móti heiðra minningu Jóns Sigurðssonar, og var þáltill. samþykkt í einu hljóði. Starfsreglur sjóðsins voru svo staðfestar af konungi 27. apríl 1882 og birtar í Stjórnartíðindum sama ár. Þá nam sjóðurinn 5300 kr. Árið 1885 voru í fyrsta skipti kosnir af Sþ þrír menn í n. til þess að dæma um rit þau, sem bærust eða kæmu til álita til verðlauna. Jafnframt setti Alþ. verðlaunanefndinni erindisbréf, þar sem kveðið var á um ýmis framkvæmdaatriði við verðlaunaveitingu úr sjóðnum. Þar með mátti segja, að sjóðurinn væri kominn á legg og undir það búinn að taka til starfa.

Ekki fer það á milli mála, að með því að taka

við sjóði þessum á þann hátt, sem greint hefur verið, með því að setja honum starfsreglur og velja honum stjórn, tók Alþ. á sig verulega ábyrgð á því, að sjóðurinn næði þeim tilgangi, sem gefendur hefðu ætlast til. Enginn annar gjafa- eða minningarsjóður hefur fyrr eða síðar verið tekinn með þessum hætti í beina vörslu Alþingis. Kom það og ljóslega fram við umr. á Alþ., bæði árið 1881 og 1882, að þetta var fyrst og fremst gert í því skyni að heiðra minningu Jóns Sigurðssonar og framkvæma síðasta vilja konu hans, Ingibjargar Einarsdóttur. Með því vildi Alþ. með sérstökum og næsta óvenjulegum hætti þakka stórbrotið ævistarf hins látna stjórnmálaskörungs og leiðtoga í þjóðfrelsisbaráttunni.

Fyrsta úthlutun úr sjóðnum fór fram árið 1889, og hlaut þá verðlaunin viðkunnasti þálifandi vísindamaður Íslendinga, Þorvaldur Thoroddsen. Síðan starfaði sjóðurinn nokkurn veginn óslitið til ársins 1945 eða um nær 60 ára skeið. Á því tímabili hlutu verðlaun úr sjóðnum ýmsir kunnustu vísinda- og fræðimenn þjóðarinnar á þeim sviðum, sem sjóði þessum var ætlað að styðja. Allt er þetta rakið í grg. þáltill. og skal ekki endurtekið. Þess skal þó getið, að í verðlaunanefndinni hafa á hinum ýmsu tímum átt sæti margir þjóðkunnir vísindamenn og nokkrir stjórnmálamenn.

Af sjóði þessum eftir 1945 er það svo skemmst að segja, að hann hefur verið gersamlega lamaður og á engan hátt fær um að gegna hlutverki sínu. Veldur því að sjálfsögðu hið mikla verðfall peninga síðustu áratugi, það verðfall peninga, sem gert hefur nær alla íslenska gjafasjóði lítils eða einskis megnuga. Eftir að kom fram um 1950 gat það að sjálfsögðu ekki komið til mála að bjóða höfundi 1000, 1500 eða í hæsta lagi 2000 kr. í verðlaun fyrir vel samin vísindarit, en ársvextirnir voru eitthvað um það bil á þessum árum. Vegna þess hefur engu fé verið úthlutað úr sjóðnum síðustu 28 árin og er það því fyrir löngu orðið næsta hlálegt, þegar Alþ. er ár hvert að uppfylla þá skyldukvöð sína að kjósa verðlaunanefnd sjóðsins.

Sjóðurinn Gjöf Jóns Sigurðssonar nam nú við árslok 1972 rúmum 75 þús kr.

Það er ljóst og hefur raunar lengi verið, að veiting verðlauna úr sjóði þessum verður ekki tekin upp aftur, nema sjóðurinn verði með einhverjum hætti gerður fær um að gegna því hlutverki á ný, sem honum var ætlað í öndverðu. Málefni sjóðs þessa voru fyrir nokkru að tilhlutan verðlaunanefndar þeirrar, sem kosin var á síðasta Alþ., rædd á fundi forseta og varaforseta Alþingis. Voru menn á einu máli um, að á þann hátt væri til sjóðs þessa stofnað og honum búinn starfsvettvangur, að Alþ. hefði þar sérstökum skyldum að gegna og mætti ekki láta gjöf Jóns Sigurðssonar að engu verða og tilganginn með sjóðsstofnuninni gleymast að fullu og öllu. Varð að ráði að flytja þáltill. þá, sem hér liggur fyrir á þskj. 140. Að því er varðar fyllri rök fyrir þessum tillöguflutningi, vil ég vísa til grg. þeirrar, sem till. fylgir, og benda þar sérstaklega á niðurlag grg. þar sem segir, með leyfi hæstv. forseta:

„Sá háttur hefur haldist, sem reglur sjóðsins gera ráð fyrir, að Sþ. kýs á hverju ári þrjá menn í verðlaunanefnd sjóðs, sem reistur er á dánargjöf Jóns Sigurðssonar og ber nafn hans, en síðan líða ár og áratugir, án þess að fært þyki að veita verðlaun úr sjóðnum. Skylda Alþ. og þjóðarinnar til að halda í heiðri minningu Jóns Sigurðssonar og konu hans er að dómi flm. næg röksemd fyrir því, að sjóðurinn verði reistur við með einhverjum hætti. En auk þess er ekki minni þörf nú en áður að hvetja menn og styrkja til vísindalegra afreka á þeim sviðum, sem sjóðnum er ætlað að sinna. Flm. líta svo á, að skjótvirkasta aðferðin til að tryggja sjóðnum starfsgrundvöll á ný sé að ætla honum nokkurt fé á fjárl. hverju sinni og komi það til úthlutunar eftir þeim reglum, sem um meðferð á vöxtum sjóðsins gilda. Þó þykir rétt að veita verðlaunanefnd heimild til að styrkja vísinda- og fræðimenn, sem eru með rit í smíðum, en ekki eingöngu fullsamin rit, enda væri þá slík fjárveiting jöfnum höndum viðurkenning á viðfangsefninu og hæfni höfundar til að vinna verkið. Sjái sjóðsstjórn eitthvert ár ekki ástæðu til að úthluta fjárlagafénu á viðkomandi ári, er eðlilegt, að það eða eftirstöðvar þess bætist um áramót við höfuðstólinn á sama hátt og ónotaðir vextir. Flm. telja við hæfi, að árleg upphæð sjóðnum til handa á fjárl. hafi þá viðmiðun, að tryggt megi telja, að hún haldi nokkurn veginn gildi sínu, hvað sem verðgildi krónunnar líður. Því segir í tillgr., að miða skuli við upphæð, sem eigi sé lægri en árslaun prófessors við Háskóla Íslands."

Herra forseti. Við flm. væntum þess, að allir hv. alþm. geti orðið okkur sammála um till. þessa og að hún fái því bæði skjótan og góðan framgang. Að fyrri umr. lokinni óska ég þess, að till. verði vísað til fjvn.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Efri deild, 30. fundur.

Miðvikudaginn 5. des., kl. 2 miðdegis.

Lántökuheimild vegna framkvæmda- og fjáröflunaráætlunar 1973 og hafnarframkvæmda, frv. (þskj. 179). — 1. umr.

Of skammt var liðið frá útbýtingu frv. — Afbrigði samþ. með 13 shlj. atkv.

Fjmrh. (Halldór E. Sigurðsson): Herra forseti. Á þskj. 179 er frv. til l. um lántökuheimild vegna framkvæmda- og fjáröflunaráætlunar og til sérstakrar lántökuheimildar vegna hafnarframkvæmda. Meginhluti þessa frv. er staðfesting á brbl., sem út voru gefin á s.l. sumri vegna lántöku, sem þá var tekin eða fram fór á vegum fransks banka. Ástæðan til þess, að þau brbl. voru gefin út, var sú, að fyrir þeirri lántöku var heimild, en hún var í mörgu lagi, og það þótti rétt, þegar kom að því að fara að bjóða lánið út, að sameina þetta í eina löggjöf. Þess vegna voru brbl. sett. Áður en þau voru gefin út, hafði ég samband við formenn stjórnarandstöðuflokkanna um málið og skýrði þeim frá ástæðum

fyrir því, að brbl. væru sett, eða þeirri nauðsyn, er bæri til að setja þau.

Ráðstöfun á þessu fé, sem er 1300 millj. ísl. kr., er í stórum dráttum þannig, að 800 millj. ganga til Framkvæmdasjóðs Íslands til endurlána þar, til framkvæmda samkv. framkvæmdaáætlun 273 millj. og til togarakaupa 233 millj. kr.

Auk þessa, sem fram kemur í þessum brbl., var við 2. umr. í hv. Nd. bætt við frv. heimild til töku á 7 millj. dollara láni hjá Alþjóðabankanum vegna hafnarframkvæmda í Grindavík, Þorlákshöfn og Höfn í Hornafirði.

Á s.l. sumri, hinn 4. júní s.l., skipaði þáv. samgrh. n. til að athuga hafnamálin á Suðurlandi, og var það í samræmi við þáltill., sem samþ. var hér á hv. Alþ. hinn 13. apríl s.l. Í n. voru skipaðir eftirtaldir menn: Jón Sigurðsson hagrannsóknastjóri, sem var formaður n., Aðalsteinn Júlíusson vita- og hafnamálastjóri, sem var tilnefndur af Hafnamálastofnun ríkisins, Karl Guðmundsson útgerðarmaður í Vestmannaeyjum, sem var tilnefndur af Útvegsbændafélagi Vestmannaeyja, Högni Magnússon gjaldkeri Sjómannafélagsins Jötuns í Vestmannaeyjum, sem var tilnefndur af sjómanna- og verkalýðsfélögum í Vestmannaeyjum, séra Ingimar Ingimarsson prestur í Vík, tilnefndur af Sambandi sveitarfélaga á Suðurlandi, Jón Bergsson verkfræðingur í Hafnarfirði, sem var tilnefndur af Skipulagsstjórn ríkisins, og Magnús H. Magnússon bæjarstjóri í Vestmannaeyjum, sem var tilnefndur af bæjarstjórn Vestmannaeyjakaupstaðar.

Það varð niðurstaða þessarar n., eftir að hún hafði athugað málið og það lá fyrir n., að Alþjóðabankinn hefði boðist til þess að lána Íslendingum verulega fjárhæð til að bæta úr hafnaraðstöðu á suðurströndinni í sambandi við það áfall, sem Vestmannaeyjar urðu fyrir í byrjun þessa árs, að mæla með lántökunni. Það er kunnara en frá þurfi að segja, að þetta tilboð Alþjóðabankans var algerlega bundið við Vestvestmannaeyjaáfallið, og var því ekki hægt að fá lán til annarra hafna en þeirra, sem að athuguðu máli væri talið, að bættu úr hafnaraðstöðu fyrir Vestmanneyinga. Í stuttu máli sagt var suðurströndin athuguð, og var m.a. skoðuð Dyrhólaey, en talið var, að það mundi taka svo langan tíma að taka ákvarðanir um framkvæmdir þar og þær mundu komast það seint í verk, að Vestmannaeyjahöfn mundi fyrr, ef að líkum léti, verða komin til fullra nota heldur en þessi nýja höfn. Auk Dyrhólaeyjar voru svo athugaðir möguleikar á Stokkseyri, Eyrarbakka, Þorlákshöfn og Grindavík. Var það álit n., að af þessum fjórum stöðum væri Stokkseyri talin síst til hafnabóta fallin og aðstæður til hafnargerðar slíkar, að útilokað mætti telja, að hún kæmi til greina. Hugsanleg stækkun og endurbætur Eyrarbakkahafnar til þess að ná þar aðstöðu fyrir nokkra tugi báta er að öllu leyti að dómi n. ígildi byggingar nýrrar hafnar og tæki undirbúningur og framkvæmdir, ef fýsilegar teldust, allt að 5—6 ár. Þá eru í raun og veru aðeins tvær hafnir eftir, Þorlákshöfn og Grindavík.

Innsiglingin í Grindavíkurhöfn er þröng og viðsjárverð, sérstaklega í sunnan- og suðvestanveðrum. Þegar inn er komið, er höfnin kyrr, en viðlegurými skortir. Ekkert er því til fyrirstöðu að dómi n., að viðlegurými í höfninni yrði strax á þessu ári aukið þannig, að 20—30 fleiri bátar gætu legið þar heldur en áður hefur verið. Áður en n. var farin að starfa, var farið að vinna að þessum framkvæmdum, og hafði Viðlagasjóður lánað fé til þess. Grindavíkurhöfn býður þannig upp á möguleika til endurbóta, sem kæmu strax að gagni. Hins vegar er það álit Vestmanneyinga, að Grindavík liggi mun verr við fiskimiðum þeirra en Þorlákshöfn, og kom það t.d. fram á s.l. vetri í því, að innan við 10 Eyjabátar höfðu fasta hafnaraðstöðu í Grindavík, en um 40—50 í Þorlákshöfn þrátt fyrir mikil þrengsli.

Möguleikar til skjótra hafnarbóta í Þorlákshöfn eru lakari en í Grindavík, en þó er talið, að þar megi á 18 mánuðum skapa um 30 bátum til viðbótar þolanlega aðstöðu með því að bæta hafnaraðstöðuna í heild, þótt erfitt verði að byggja þar upp á svo skömmum tíma örugga allra veðra höfn. Fulltrúar Vestmannaeyja í n. leggja á það mikla áherslu, að hafnaraðstaðan í Þorlákshöfn verði bætt sem fyrst með það í huga, að þaðan sé heppilegast að sækja á hefðbundin mið Eyjabáta, meðan ekki er hægt að hafa fulla aðstöðu í Eyjum. Þá benda þeir á, að í framtíðinni sé Þorlákshöfn heppileg höfn fyrir ferju milli Eyja og lands.

Í nál. segir, með leyfi hæstv. forseta, orðrétt:

„Nm. eru sammála um, ef tæknilegar aðstæður og kostnaður leyfa, kæmu skjótar hafnarbætur í Þorlákshöfn að beinu gagni fyrir Eyjabáta, en einnig, að hafnarbætur í Grindavík, sem kæmu fljótt í gagnið, gætu beint og óbeint verið þáttur í lausn vandans, einkum með því að létta ásókn á Þorlákshöfn."

Það varð því niðurstaða allra nm. að mæla með því, að farið yrði í framkvæmdir á þessum tveimur höfnum, og auk þess gerði n. till. um það, að farið yrði í framkvæmdir í Höfn í Hornafirði í smáum stíl.

Þegar þessi niðurstaða var fengin og fyrir lá, að möguleikar voru á að fá þetta hafnalán hjá Alþjóðabankanum, og samkv. þeim fregnum, sem þeir höfðu, sem best höfðu athugað málin, var talið heppilegt að bíða ekki með afgreiðslu á því, enda var þá farið að draga úr gosinu í Vestmannaeyjum, og menn ályktuðu sem svo, að Alþjóðabankinn teldi síðar, að ástæðulaust væri að bjarga málinu við á þann veg, sem hér væri lagt til. Þá tók ríkisstj. ákvörðun um það, að þetta lán skyldi tekið til þess að bæta úr fyrir þeim höfnum, sem þarna er ætlast til. Samningar hafa verið gerðir við Alþjóðabankann um lánið, og bíða þeir staðfestingar, þar sem undir þá var skrifað með fyrirvara. Því miður, og má þar stjórnvöldum um kenna, hefur dregist lengur en skyldi að leggja þetta mál fyrir hv. Alþ., og má kannske um það deila, þó að við sjáum ekki mun á því, hvort þetta hefði átt að vera sjálfstætt frv. eða tengjast hinu lántökufrv. Það var að áliti þeirra, sem um það fjölluðu, réttara, að svo yrði gert. En það þýðir það, að ég verð að leyfa mér að fara fram á það við hv. d., að hún hraði þessu máli, þar sem sá tími færist óðfluga nær, að frá því þurfi að ganga til fulln-

ustu. Enda þótt nokkrar umr. yrðu um þetta mál í hv. Nd., var þó d. í heild að segja mátti samhljóða um að veita málinu brautargengi, og ég vona, að það verði eins í þessari hv. d., að brautargengi verði veitt.

Ég leyfi mér svo, herra forseti, að leggja til, að málinu verði að lokinni þessari umr. vísað til 2. umr. og hv. fjh.- og viðskn.

Magnús Jónsson: Herra forseti: Hæstv. fjmrh. lét í ljós þá von, að þessi hv. d. veitti brautargengi því frv., sem hér er um að ræða, og ég hygg, að óhætt muni fyrir hann að treysta því, að svo verði, því að ég hygg, að þessi d. eigi ekki minna langlundargeð en hv. Nd. Það má hins vegar segja, að hæstv. ráðh. hafi tekist að ganga eins langt í því efni að treysta á langlundargeð manna og nokkur kostur var að ganga, því að sannast sagna voru öll vinnubrögð í sambandi við þetta mál af hálfu rn. með þeim hætti, að það gat naumast hvatt til þess, að um það gæti orðið samstaða.

Hæstv. ráðh. sagði, að frv., sem upphaflega var fram lagt og var staðfesting á brbl. um lántökuheimild vegna framkvæmda- og fjáröflunaráætlunar 1973, hefði verið nauðsynlegt vegna þess, að enda þótt allar þessar heimildir hefðu verið í l., þá hefði verið vegna lántökuaðila erlendis, þar sem lánið hefði verið tekið á einuum stað, nauðsynlegt að hafa þessar heimildir allar í einum lögum. Ég þekki það mætavel, að þessi skoðun hæstv. ráðh. er rétt, þannig að við því er út af fyrir sig ekkert að segja. En það er hins vegar af sömu rökum mikil ástæða til þess að telja það vægast sagt hæpna ráðstöfun hjá hæstv. ráðh. að fara að blanda lántökuheimild vegna Vestmannaeyja, — það á víst að heita vegna Vestmannaeyja eða er til komið af þeirri ástæðu, þ. e. a. s. lántökuheimild hjá Alþjóðabankanum vegna hafnarframkvæmda á Suðurlandi, — inn í þessi lög, því að það brýtur auðvitað algerlega í bága við grundvallarrök þau, sem ráðh. réttilega tilgreindi fyrir brbl., að lántökuaðili væri einn. Ég veit, að þegar það þarf að þýða þessi lög og þessar heimildir, þá væri æskilegt að hafa heimildina á einum stað. Með nákvæmlega sömu rökum hefði að sjálfsögðu átt að leggja fram sérstakt frv. Og vegna þess að ég veit, að hæstv. ráðh. er því sammála, að það er ekki þénugt að fara að senda Alþjóðabankanum þýðingar á frv., — þeir óska eftir að fá það, þykist ég vita, eins og áður hefur verið, — þar sem um er að ræða, að heimildin til lántöku hjá bankanum er aðeins ein gr. í frv., sem felur í sér aðrar lántökuheimildir. Hvað sem vinnubrögðum að öðru leyti líður, sem ég skal láta liggja á milli hluta, úr því sem komið er, eru þetta nánast, a. m. k. frá mínum bæjardyrum séð, ákaflega kyndug vinnubrögð og brjóta mjög í bága við þau rök, sem eru fyrir því að sameina hinar lántökuheimildirnar. Þetta hefði því átt að vera í sérstöku frv., sem ég hygg, að hefði ósköp auðveldlega mátt gera, enda var þessi lántaka ákveðin með það löngum fyrirvara, að það var mjög auðvelt að koma því við að hafa þetta í einu frv.

Það má segja og hæstv. ráðh. getur kannske sagt, að ég sé hér að deila um formsatriði. En þetta er þó formsatriði, sem er það mikils virði, að sams konar formsatriði var forsenda þess, að það þótti bera brýna nauðsyn til að setja brbl. með heimild stjórnarskrár milli þinga til að sameina hinar lántökuheimildirnar, svo að þær væru í einum lögum. Þess vegna held ég, að þetta hafi ekk verið hugsað niður í kjölinn, þegar þessi ráðstöfun var gerð. En nóg um það. Ég býst ekki við því, að þessi hv. d. fari að setja fótinn fyrir frv. af þessari formsástæðu. Þetta er ábending til hæstv. ráðh., sem ég er dálitið forviða á, að hann skuli ekki hafa haft í huga, með hliðsjón af hinu fyrra frv.

Varðandi þessa lántöku hjá Alþjóðabankanum, þá er það komið sem komið er. Þetta var hugsað sem aðstoð við Vestmanneyinga, og Alþjóðabankinn nánast, eins og hæstv. ráðh. upplýsti, hafði frumkvæði um, að þetta yrði veitt sem aðstoð til þess að skapa Vestmannaeyjabátum viðleguaðstöðu og upplagningaraðstöðu á afla sínum í þeim höfnum, sem næst lægju heimabyggðinni í Vestmannaeyjum. Síðan þetta gerðist hefur þessu máli verið á allt annan veg háttað og öðruvísi farið, vegna þess að Vestmannaeyjar njóta þess náttúrulega að sáralitlu leyti. Við skulum vona, að a. m. k. meginhluti Vestmannaeyjabáta geti verið heima á vertíð í vetur. En það er komið sem komið er, og skilyrði bankans voru þau, að þessar hafnir fengju umrædd lán, og því skal ég ekki fara að ræða um það, sem liðið er í því efni, og ráðh. er á engan hátt um að saka, nema síður sé, og auðvitað sjálfsagt að þiggja þetta boð bankans, því að það kemur vitanlega að gagni fyrir þessar hafnir.

En það eru tvö atriði, sem ég vildi skjóta hér fram í sambandi við — ekki Vestmannaeyjamálið, það er alveg sérstaks eðlis, heldur við hið upphaflega frv. og þær lántökur, sem þar er um að ræða. Það er sú stefna, sem virðist raunverulega í enn ríkara mæli vera ráðandi heldur en var þó í tíð fyrrv. ríkisstj., að taka erlend lán, og var þó talið, að sú ríkisstj. hefði gengið nokkuð langt í því efni, og getur svo vel verið. Ég man, að hæstv. núv. fjmrh. og fleiri hans flokksbræður átöldu það mjög, hvað tekið hefði verið af erlendum lánum í þann tíma. Með hliðsjón af þeirri gagnrýni hlýtur manni að koma til hugar, hvernig á því geti staðið, að jafnmikið sé tekið af erlendum lánum og raun hefur borið vitni í tíð núv. hæstv. ríkisstj., ekki síst vegna þess, að í hennar tíð hefur tekjuöflun ríkisins farið fram úr öllu því, sem áður hefur þekkst.

Ég ætla hér ekki að fara að ræða fjárlög, en kemst þó ekki hjá að benda á, að fjáröflun ríkissjóðs hefur verið með þeim eindæmum mikil og fer sívaxandi, að við þekkjum þess engin dæmi áður, að slík stökk hafi verið tekin, þannig að til ráðstöfunar hafa verið fyrir hæstv. fjmrh. svo geysilegar fjárhæðir, að því þarf ekki að lýsa hér fyrir hv. þd. Þess vegna hefði mátt ætla, ekki síst vegna þess, að þessari þróun hefur fylgt óskapleg þensla í þjóðfélaginu, sem allir horfa með kvíða á í dag, hversu ofboðsleg er, og fjmrh. sagði að vísu í sjónvarpi fyrir nokkrum dögum, að ríkisstj. væri alltaf að basla við þennan vanda, en einn þáttur í því basli hlýtur að vera sá að halda þenslunni niðri

með öllum tiltækum ráðum. Einn þáttur í því er auðvitað sá að reyna að halda innan hæfilegra marka bæði ríkisframkvæmdum, sem er mál út af fyrir sig, og einnig þá um leið að reyna að lifa sem mest á þeim tekjum, sem ríkissjóði berast upp í hendur, en afla ekki einnig í stórum stíl erlends lánsfjár til framkvæmda. En því miður hefur svo farið, að tekist hefur að koma í lóg öllu þessu fé. Mikið hefur verið talað um það, sem ekki er að undra, að nauðsynlegt væri að sporna gegn hinni geysilegu verðbólgu, sem blasir við allra augum og kannske enginn hefur lýst betur en einn af stuðningsflokkum ríkisstj., Frjálslyndi flokkurinn, hér á þingi og í blaði sínu, en vissulega allir aðrir taka undir. Þá hefði það auðvitað verið einn þátturinn í þeirri viðleitni að sporna gegn þeirri geigvænlegu þróun, sem hver einasti þjóðfélagsborgari horfir á með ugg og kvíða og sannast sagna forundrun, að draga úr þenslu í ríkisbúskapnum. Sú þensla hefur, eins og ég áðan sagði, verið ofboðslegri en nokkru sinni áður, þannig að ríkissjóður var 1971 rekinn með nokkrum halla og 1972 rétt aðeins sléttur eða um 120 millj. kr. afgangur af 22 eða 23 milljörðum, sem hæstv. fjmrh. þá áskotnaðist eða ríkissjóði. A. m. k. blæs ekki byrlega með það, hvernig verði fyrir árið 1974, 1973 vitum við ekki enn um. Það getur verið, að vegna þeirrar geysilegu tekjuöflunar, sem ríkissjóður nú nýtur, raunar langt umfram það, sem gert var ráð fyrir, að fjárl. eða ríkisreikningurinn verði núna hallalaus. Ég veit það ekki. Hagrannsóknadeildin spáði nokkrum halla í skýrslu sinni frá í júlí, en hún er orðin úrelt, tekjuöflunin að sjálfsögðu meiri nú.

Ekki verður hjá því komist, þegar rætt er um lántökur, að benda á það, að öllu þessu fé hefur verið komið í lóg, án þess að hafi verið auðið að fullnægja fjáröflunarþörf hinna opinberu sjóða til nota á innlendum vettvangi, því að hér er um að ræða, að ýmislegt af þessari fjáröflun er bein fjáröflun til Framkvæmdasjóða hér innanlands, sem að öðru jöfnu hefði verið æskilegt, að hefði verið hægt að fjármagna með innlendu fé og þannig bæði draga úr spennu og minnka þörfina á erlendum lántökum á þessum geysilegu þenslutímum.

Þetta, sem sagt, hefur ekki átt sér stað. Það hefur ekkert fé verið til ráðstöfunar til að leggja til hinna opinberu sjóða eða til að leysa þennan fjármálavanda, þannig að lánsfjáröflun til framkvæmda- og fjáröflunaráætlunar á þessum geysilegu þensluárum hefur verið meiri en var áður fyrr, meðan hagur ríkissjóðs var þó þrengri. Sannast sagna, ef átt hefði verið með æskilegum hætti að vera auðið að halda á fjármálunum, þá hefði ríkissjóður þurft að hafa mikinn afgang á 2—3 síðustu árum. Það var allverulegur greiðsluafgangur hjá ríkissjóði 1970, og hann hefði þurft að halda áfram að vera í vaxandi mæli á síðustu árum, þannig að raunverulega hefði verið hægt að leggja til hliðar, — ég vil segja nokkra milljarða, því að varla getum við búist við, að þessi geysilega þensla haldi endalaust áfram. Þetta hefur ekki verið gert, og því þarf enn að afla þessa fjár, sem hér er um að ræða og farið er fram á, og það enda þótt þenslan hafi orðið svo geysileg, að við stöndum nú andspænis því, sem er met, að vísitala vöru og þjónustu, sem miðað er við oftast nær, þegar talað er um vísitölu, hefur hækkað um 30.2% á árinu, frá 1. nóv. 1972 til 1. nóv. 1973, meðan hækkun vísitölunnar í nálægum löndum hefur verið um það bil þriðjungur af þessari tölu í þeim löndum, sem hæst hafa verið, t. d. innan OECD. Og það eru, að því er mér skilst, aðeins tvö dæmi þess áður, að hækkun vísitölu hafi verið meiri. Það var 1941—1942 og 1949—1950, en það ár var ár mikilla gengisbreytinga, og enn fremur kjötstyrkurinn gamli, sem menn muna eftir vafalaust, þá felldur niður, og það kom fram í hækkaðri vísitölu, þannig að hér má segja, að sé um einstakt fyrirbrigði að ræða í verðlagssögu okkar Íslendinga, árið frá 1. nóv. 1972 til 1. nóv. 1973. Þess vegna hefði verið mikil nauðsyn að gera ráðstafanir í þessu efni.

Nú skal ég fúslega játa það, til þess að rétt sé rétt og það sé viðurkennt, sem eru staðreyndir, að þetta er einu sinni komið á þennan veg og fjmrh. hafði ekki yfir að ráða neinu fé til að mæta þeim vanda, sem þetta frv. fjallar um, vegna framkvæmda- og fjáröflunaráætlunarinnar, þar sem fjárlög gerðu ekki ráð fyrir slíku, og ég er þar af leiðandi ekki að deila á hann út af fyrir sig vegna öflunar þessara lána, heldur er ég hér að lýsa því, hversu æskilegt og raunar þjóðarnauðsyn hefði verið, að það hefði verið hægt að fjármagna þessar framkvæmdir með innlendu lánsfé og ríkissjóður hefði haft svigrúm til þess af þessum geysilegu tekjum sínum að leysa þetta fjármögnunarvandamál og raunar einnig hafa nokkurn afgang.

Ég vék áðan að því varðandi hinar erlendu lántökur, að þær hefðu verið gagnrýndar í sinni tíð, og það kann vel að vera rétt. Auðvitað verður að gæta hófs í þeim. En ég vil rétt aðeins til upplýsingar geta þess, að erlendar lántökur munu hafa hækkað í tíð núv. ríkisstj., eða frá ágústmánuði 1971 og til ársloka 1973, úr 13 milljörðum í 20.5 milljarða, eða um rúma 7.5 milljarða. Erlendar skuldir eru sem sagt orðnar 20.5 milljarðar eða gert ráð fyrir, að þær verði það í lok þessa árs. Það hefur því vissulega ekki verið slegið slöku við hinar erlendu lántökur þrátt fyrir hina geysilegu tekjuöflun innanlands og þá miklu möguleika, sem á öllum sviðum hafa verið til þess að afla hér fjár, en vissulega hefur komið af því, að ekki hefur verið lagt til hliðar, sem ber að harma, heldur hefur öllu verið eytt og ekkert fé er nú til þess að mæta vandamálum, sem fram undan kunna að vera, og til þess að jafna þann halla t. d., sem virðist ætla að verða á fjárl. hæstv. ríkisstj. fyrir árið 1974, ef allt fer sem horfir, því að þar mun þegar vanta, — það er að vísu ekki komið álit hv. fjvn. enn, en mér þykir ekki ósennilegt, að þegar það kemur til, mun vanta um tvo milljarða til þess að ná saman endum í fjárlagafrv. Þykir mér þó sýnilegt, að þar séu ekki öll kurl til grafar komin og að einhverjar ráðstafanir þurfi að gera með einhverju móti, sem annaðhvort hljóti að leiða af sér minnkandi tekjur fyrir ríkissjóð eða vaxandi fjárþörf til aðstoðar við atvinnuvegina, ekki hvað síst iðnaðinn, sem nú er meira og minna á heljarþröm, a. m. k. útflutningsiðnaðurinn, og ýmis önnur viðfangsefni

hljóta að blasa við hæstv. ríkisstj., ef vísitalan heldur áfram að hækka með þeim ofsahraða sem hún hefur hækkað nú á þessu síðasta vísitöluári, ef ég má kalla það svo.

Herra forseti. Ég taldi rétt að láta þessar aths. koma hér fram. Það er ekki til að andmæla því frv., sem hér er til meðferðar, — ég hygg, að hæstv. ráðh. þurfi ekki að óttast það, að d. fari að setja fót fyrir það, að hann geti fengið það afgr. með eðlilegum hraða, — heldur voru þetta annars vegar almennar aths., sem ég vona, að hann út af fyrir sig geti fallist á, varðandi formsatriði frv., hins vegar ábendingar, sem ég hygg einnig, að hann hljóti efnislega að geta tekið undir, hversu ískyggileg þróun það er, að það skuli ekki hafa verið auðið þrátt fyrir meira en tvöföldun fjárl. og reyndar næstum þreföldun sennilega, þegar öll kurl koma til grafar varðandi fjárlög 1974, að ná því marki að fjármagna innlendar framkvæmdir að mestu leyti með innlendu fé og einnig að leggja til hliðar fé til þess að mæta erfiðleikaárum á þessum mestu þenslu- og fjáröflunarárum, sem yfir landið og yfir ríkissjóð hafa gengið, heldur hafi þurft að fara í enn stærri og hraðvirkari lántökur erlendis en áður var, og þótti þó sumum þá nóg um.

Fjmrh. (Halldór E. Sigurðsson): Herra forseti. Ég skal ekki út af ræðu hv. 2. þm. Norðurl. e. fara að þreyta hér neinar kappræður. Það er alveg rétt, sem hann hefur sagt, að það mátti flytja þetta mál alveg eins sem sérstakt frv. eins og bæta því hér við, og að forminu til hefði það verið betra, þó að þessi leið væri valin. Ég ber að sjálfsögðu ábyrgð á því, að hún var valin, en önnur ekki. Það segir þó ekki það, að ég telji ekki, að á henni séu vissir gallar. Það skal viðurkennt af minni hálfu.

Um erlendar lántökur skal ég ekki fara að þreyta hér umr. að þessu sinni, það gefst tími til þess síðar. En ég vil vekja athygli á því, að jafnhliða því sem þær hafa vaxið, hefur líka sá sjóður, sem við eigum í erlendum gjaldeyri, vaxið verulega á þessu tímabili, svo að það kemur til frádráttar því, sem vöxtur erlendu skuldanna hefur verið, sem gjaldeyrissjóðurinn hefur vaxið. Við vitum líka, að við höfum átt í stórfelldum kaupum á atvinnutækjum, eins og flotanum, og það hlaut að fara sem fyrr, að það yrði fjármagnað með erlendu lánsfé, svo sem venja hefur verið. Sama er að segja um okkar rafmagnsframkvæmdir. Þær hafa yfirleitt verið fjármagnaðar með þeim hætti, sem gert er hér nú.

Um fjárframlög á vegum ríkisins til þeirra framkvæmda, sem hér er um að ræða í sambandi við þá framkvæmdaáætlun, þá held ég, að ég fari þar rétt með, þegar ég segi, að þau eru þó meiri en verið hefur. Það má hins vegar deila um það, hvort það ætti að vera í enn ríkara mæli. Framlög ríkissjóðs til sjóðanna nema þó á þessu ári og næsta ári nokkrum hundruðum millj. kr. umfram það, sem áður hefur verið. En það er alveg rétt, að verkefni þessara sjóða hafa einnig vaxið meira en þetta, og þess vegna hefur þurft að leita aukins lánsfjár.

Skemmtilegt væri það, ef ríkissjóður hefði milljarða í afgang, sem mig dreymir nú ekki um. Það hefur verið svo fyrr, að ríkissjóður hefur fengið verulegar tekjur umfram fjárlög og hefur samt ekki haft stórar fjárhæðir afgangs. Svo var t. d. á árunum 1964, 1965 og 1966, sérstaklega 1965 varð verulegur afgangur, og aftur 1970 var verulegur afgangur, sem var hins vegar notaður til þess að greiða að hluta skuldir frá fyrri árum. Það held ég, að þessum hv. þm. sé jafnljóst og mér, að það muni bæði honum og mér reynast erfitt hér á hv. Alþ. að afgreiða fjárlög, sem sýndu verulegan greiðsluafgang, því að hv. Alþ. mundi gjarnan vilja skipta sem mestu, svo að ég held, að það muni hvorugum okkar takast að koma þannig út með þau. Hitt væri vissulega ánægjulegt, ef hægt væri að safna í sjóði, og ég tel það brýna nauðsyn, að ríkissjóður komi sér upp rekstrarsjóði til þess að taka af mesta kúfinn í umframeyðslu á fyrri hluta ársins. Að því er stefnt, og ég vona, að það takist og því fyrr, því betra.

Ég skal svo ekki hafa þessi orð mín fleiri, en þakka að öðru leyti undirtektir hv. þm. undir málið.

Magnús Jónsson: Herra forseti. Ég hef ekki ástæðu til þess að vera að taka upp deilur við hæstv. fjmrh., og það var ekki heldur ætlun mín með þeim orðum, sem ég sagði hér áðan, heldur að benda á staðreyndir, sem ég reikna með, að hann efnislega sé mér sammála um, að séu æskileg markmið, miðað við það ástand, sem er í þjóðfélaginu nú og hefur verið síðustu þensluár. Vissulega er það rétt hjá honum, að það hafa áður verið þensluár og erfiðlega gengið að fást við þennan vanda, en þetta taldi ég rétt, að kæmi fram, þannig að menn þyrftu að íhuga, að ef á að vera auðið að halda í hemilinn á verðbólgunni, þá eru ríkisfjármálin einn veigamikill þáttur í því. Það erum við báðir sammála um, við hæstv. ráðh. Þess vegna ber auðvitað brýna nauðsyn til þess, eins og ég var að reyna að lýsa í ræðu minni áðan, að gætt sé hófs í framkvæmdum ríkisins, gætt sé hófs varðandi heildarútgjöld og reynt að safna í sjóð á slíkum þensluárum, sem getur orðið nauðsynlegt að grípa til, ef koma þrengingarár, eins og t. d. urðu 1966 og 1967 og reyndar 1968, eða við skulum segja aðallega 1967 og 1968, á svipaðan hátt og komið var upp Verðjöfnunarsjóði fiskiðnaðarins til að taka af slíkar sveiflur. Þessar sveiflur geta komið í þjóðarbúskapnum og lent harkalega á ríkissjóði, því að þá þarf hann einmitt að vera þess umkominn að geta dælt fé út í atvinnulífið til þess að halda uppi fullri atvinnu, sem að sjálfsögðu er höfuðmarkmiðið.

Því miður hefur hvorki tekist að safna fé né heldur að nota fjármagnið til þess að leysa úr vanda fjárfestingarsjóða og annarra aðila á innlendum vettvangi, sem hefði þó raunar átt að vera hægt að gera, án þess að það þyrfti að lenda í karpi við Alþ. um það.

Ég er hæstv. ráðh. algerlega sammála um, að það er erfitt að afgreiða fjárlög með kannske einn milljarð í tekjuafgang. Það a. m. k. þyrfti

mikinn kraft og hörku til þess að geta staðið af sér þá ásókn, sem hefði orðið hér á hinu háa Alþ. í því efni. Og ég held, að eina ráðið í því efni væri að grípa til ráðstöfunar eins ágæts fyrrv. fjmrh., sem áætlaði alltaf tekjurnar vísvitandi skakkt. Ég segi honum það ekki til lasts, heldur gerði hann það til þess að mæta þeim vanda, að ef þær væru áætlaðar rétt, þá væri ómögulegt að halda í og það yrði öllu ausið út. Við þekkjum báðir þennan ágæta ráðh., og ég er ekki að lasta hann, en ég veit, að hæstv. fjmrh. er vel kunnugt um, að þau vinnubrögð voru þá höfð.

Nú er hins vegar fyrir núv. fjmrh. sá hængur á að fást við þetta, að það eru óháðar rannsóknastofnanir, sem reikna þetta út, þannig að það er ekki hægt að fela nokkurn eyri. Það eina, sem getur kannske hjálpað í því, er, að verðbólgan haldi áfram nógu hratt, svo að þar áskotnist ríkissjóði fé, vegna þess að sannleikurinn er sá, að fyrir ríkissjóðinn er verðbólgan harla hagleg geit, eins og þar segir, þangað til svo langt er komið, að þarf að fara að styrkja atvinnuvegina. Meðan svo hefur farið sem hefur verið að undanförnu, að fjmrh. hefur getað sparað sér þann stuðning, þá hefur auðvitað mokast inn fé, þannig að það er með fádæmum, vegna þess, hversu verðbólgan hefur vaxið, og það er náttúrlega verðbólgunni að þakka eða kenna að slíkur fjármokstur hefur orðið inn í ríkissjóðinn, ekki síst söluskattur, tollar og reyndar öll opinber gjöld.

En hvað sem því líður, þá er þetta viðfangsefni, sem er alveg brýn nauðsyn að taka föstum tökum. Ég segi það ekki í neinu ádeiluskyni, þetta er bara efnisleg staðreynd, sem ég vona, að við hæstv. ráðh. getum verið sammála um. Það er ekki hægt að láta þetta þenjast út með þessum hætti, og það er óverjandi með öllu, að fjárlög á mestu þenslutímum séu afgreidd annaðhvort slétt í þessu tilfelli eða þá með greiðsluhalla. Hvað í ósköpunum gerist þá, þegar þrengist? Það er efnislega einnig rétt hjá hæstv. ráðh., að þrátt fyrir greiðsluhalla undanfarandi ára við útlönd, sem hefur verið geigvænlegur, þá hefur gjaldeyrissjóðurinn vaxið, og það er vissulega að nokkru leyti vegna erlendra lántaka, svo að ég skal játa, að þarna er til staðar nokkur sjóður á móti. En hve fljótt hann rennur út, skal ég ekkert um segja. Það fer eftir því, hvernig ástatt verður um þjóðarbúskapinn á næstunni. Þetta er öryggisventill, sem þarna er til staðar, að hafa þennan sjóð, og einn þátturinn í að viðhalda honum er auðvitað að reyna að viðhalda jafnvægi í þjóðarbúskapnum, annars rennur hann út. Og þó að hann sé um 7 milljarðar, að ég hygg, sá sjóður, þá getur hann runnið út á skömmum tíma, ef þrengir að varðandi tekjuöflun landsmanna.

En það er aðeins eitt atriði að lokum, sem ég vil gera aths. við hjá hæstv. ráðh. Vissulega eru í þessum tölum einnig lán vegna skipa og flugvéla. En þegar það mál er skoðað í heild og flugvélarnar teknar með, þá er ljóst, að þær lántökur eru minnkandi. Þær hafa verið hærri á undanförnum árum, bæði 1971 mun hærri og 1972, heldur en gert er ráð fyrir 1973. Fiskiskipalánin á þessum 4 árum hafa verið með tiltölulega mjög svipuðum hætti. Þau voru 716 millj. kr. 1970, en eru áætluð í ár 955 millj. til fiskiskipakaupa. Önnur skipalán voru 1970 536 millj., en eru áætluð núna 880 millj. Það eru því ekki skipalánin, sem hafa nein áhrif á lántökuaukningu erlendis að þessu leyti.

Ég sé ekki, herra forseti, neina ástæðu til, enda var það ekki ætlun mín að fara að hefja neinar kappræður, heldur komu þessar hugleiðingar upp í huga minn, þegar ég var að athuga frv., sem hér liggur fyrir. Þarna er aðeins drepið á nokkur stefnumarkandi atriði, sem hafa þýðingu, þegar við er að fást þann geigvænlega verðbólguvanda, sem við stöndum nú andspænis og aldrei hefur verið meiri á Íslandi en einmitt nú.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 14 shlj. atkv. og til fjh.- og viðskn. með 14 shlj. atkv.

Hjúkrunarlög, frv. (þskj. 64, n. 169, 170). — 2. umr.

Frsm. (Helgi F. Seljan): Herra forseti. Heilbr.- og trn. hefur fjallað um frv. til hjúkrunarlaga og orðið sammála um jákvæða afgreiðslu þess. Brtt. hefur n. flutt á þskj. 170. Þessar brtt. eru lítið meira en orðalagsbreytingar.

Við 2. gr. eru orðin „í hjúkrunarfræðum“ færð framar í setningunni að ósk Hjúkrunarfélags Íslands, þannig að nú stendur:

„Leyfi samkv. 1. gr. skal veita þeim, sem lokið hefur prófi í hjúkrunarfræðum frá hjúkrunarskóla hér á landi eða frá Háskóla Íslands.“

Áður stóð þetta á undan Háskóla Íslands og er því aðeins tilfærsla.

Þar sem áður var talað um, að n., sem ráðh. skipaði, skyldi fjalla um hjúkrunarleyfi, stendur nú „hjúkrunarráð“. Þetta var einnig gert að ósk sama aðila, Hjúkrunarfélags Íslands.

3. gr. breytist svo í samræmi við það, þ. e. að í stað „nefndar“ í gr. kemur „hjúkrunarráð“. Einnig var breytt um kyn eins orðs, sem á sér eðlilegar skýringar.

Í aths. við 1. gr. frv. var rætt um nýtt samheiti fyrir þá, sem lokið hafa hjúkrunarnámi, og þar var vonast eftir nýjum till. um það frá Hjúkrunarfélagi Íslands. Félagið treystir sér ekki til að mæla með neinu nýyrði, svo að gr. stendur óbreytt.

Ég tel óþarft að rekja aðalefni frv. N. er algerlega sammála um frv. og leggur einróma til, að það verði samþ. með fyrrgreindum breytingum, en fjarverandi afgreiðslu málsins voru hv. þm. Bjarni Guðbjörnsson og Geir Gunnarsson.

ATKVGR.

1. gr. samþ. með 12 shlj. atkv.
Brtt. 170, 1 (ný 2. gr.) samþ. með 12 shlj. atkv.
Brtt. 170, 2 (ný 3. gr.) samþ. með 14 shlj. atkv.
4.—11. gr. samþ. með 14 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 14 shlj. atkv.

Veðdeild Landsbankans, frv. (þskj. 40, n. 182). — 2. umr.

Of skammt var liðið frá útbýtingu nál. — Afbrigði samþ. með 14 shlj. atkv.

Frsm. (Bjarni Guðbjörnsson): Herra forseti. Frv. það, sem hér liggur fyrir, er um heimild til handa veðdeild Landsbanka Íslands til að gefa út nýja flokka af bankavaxtabréfum, sem nemur 100 millj. kr.

Frv. þetta var sent húsnæðismálastjórn og Seðlabanka Íslands til umsagnar. Húsnæðismálastjórn samþykkti einróma að mæla með samþykkt frv. óbreytts, og Seðlabankinn samþykkti einnig að mæla með því. Það kemur fram í umsögn Seðlabankans, að Landsbankinn hefur haft samráð við Seðlabankann um útgáfu þessara lánaflokka og þessi þáttur í starfsemi veðdeildarinnar hafi verið rekinn með gætni og hagsýni, eins og segir í umsögninni, — þá vita hv. þdm. það, — en þessi lán hafa verið veitt af Landsbankanum, en ekki af húsnæðismálastjórn.

Árið 1965 fékk veðdeildin með l. frá 22. maí heimild til þess að gefa út bankavaxtabréf að upphæð 100 millj. kr. Síðar, árið 1971, 7. apríl, fékk veðdeildin heimildina hækkaða upp í 200 millj., en þessar 200 millj. eru nú fullnotaðar og voru það í árslok 1972. Á þessu ári hafa engir nýir lánaflokkar verið út gefnir og því engin lán verið veitt. Þótti því brýna nauðsyn bera til að hækka þessa heimild núna um 100 millj., og fyrir því er þetta frv. fram borið. Hafa þessi lán nær eingöngu verið veitt út á eldri húseignir til lagfæringar og viðhalds á þeim, og hafa þau verið veitt eins og önnur þessi lán út á 1. veðrétt.

Fjh.- og viðskn. þessarar d. hefur einróma orðið ásátt um að mæla með samþykkt frv. óbreytts.

ATKVGR.

1. gr. samþ. með 14 shlj. atkv.
2. gr. samþ. með 14 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 12 shlj. atkv.

Námslán og námsstyrkir, frv. (þskj. 178). — 1. umr.

Flm. (Jón Árnason): Herra forseti. Ég hef á þskj. 178 leyft mér að flytja frv. til l. um breyt. á l. nr. 7 frá 31. mars 1967, um námslán og námsstyrki. Efnislega felst ekki annað í frv. þessu en það, að hliðstæðum innlendum kennslustofnunum er gert jafnhátt undir höfði, að nemendur þeirra eigi rétt til námslána, og gildir um erlendar kennslustofnanir. Eins og fram kemur í grg. með frv., er að þessu sinni sérstaklega haft í huga, að nemendur í Fiskvinnsluskóla Íslands njóti þess réttar, en sá skóli hefur, sem kunnugt er, þriggja ára námsbraut og er því sambærilegur við aðrar þær kennslustofnanir, sem upp eru taldar í 1. gr. laganna.

Ég vænti þess, að frv. þetta geti fengið fljóta afgreiðslu, og vil leyfa mér að óska þess, að frv. verði að lokinni þessari umr. vísað til 2. umr. og hv. fjh.- og viðskn.

Auður Auðuns: Herra forseti. Ég ætla ekki að gera að umræðuefni frv., sem hér er til umr. Ég er í þeirri n., sem væntanlega mun fá það til meðferðar, og hef þar tækifæri til að fjalla um það. En ég vil nota þetta tækifæri til að beina fsp. til hæstv. menntmrh. Heyrst hefur, að frv. til nýrra l. um námslán og námsstyrki hafi verið í smíðum eða sé jafnvel þegar fullsamið, og einnig hafa borist af því einhverjar fregnir, að námsmenn, sem telja sig hafa haft aðstöðu til að vita eitthvað um efni þess frv., muni hafa gagnrýnt einhver atriði, sem ég skal nú ekki fara að tiltaka nánar. En því vildi ég spyrja hæstv. ráðh., hvort ætlunin sé að leggja fram frv. um þetta efni, námslán og námsstyrki, og hvort það muni verða nú á næstunni eða jafnvel fyrir jólahlé.

Menntmrh. (Magnús T. Ólafsson): Herra forseti. Ekki er nema eðlilegt, að á góma beri, þegar fram kemur frv. um breyt. á l. um námslán og námsstyrki, hvað líði þeim undirbúningi, sem opinberlega hefur verið skýrt frá, að gagngerðri endurskoðun þessa lagabálks. Ég get svarað því til við fsp. hv. þm. Auðar Auðuns, að þetta endurskoðunarstarf var unnið s. l. sumar af n., sem skipuð var af mér, og sú n. hafði í starfi sínu samráð við fulltrúa, sem tilnefndir voru af samtökum námsmannahópanna, sem notið hafa námslána og námsstyrkja eftir þessum lögum. Síðan n. skilaði uppkasti sínu að frv., hefur það verið til frekari athugunar, og m. a. var því dreift til námsmannasamtaka. Hafa borist aths. frá þeim við einstaka þætti. En ég held, að mér sé óhætt að fullyrða, að fulltrúar stærstu námsmannahópanna séu jákvæðir gagnvart þeim meginbreytingum, sem felast í því frv., sem n. samdi. Nú er þessu starfi þannig á veg komið, að ég hef ákveðið, að frv. verði lagt fyrir Alþ., og það mun koma fram einhvern næstu daga.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 12 shlj. atkv. og til menntmn. með 12 shlj. atkv.

Neðri deild, 36. fundur.

Miðvikudaginn 5. des., kl. 2 miðdegis.

Byggingar á vegum Viðlagasjóðs, frv. (þskj. 2). — 1. umr.

Félmrh. (Björn Jónsson): Herra forseti. Það frv., sem hér er til 1. umr., er komið frá hv. Ed., þar sem það hefur hlotið einróma samþykki, en er flutt til staðfestingar á brbl., sem gefin voru út hinn 4. maí s. l. Það á sér þá forsögu, að þegar ljóst var, að yfir 400 hús í Vestmannaeyjum höfðu farið forgörðum undir hraun og ösku, var m. a. gripið til þess úrræðis að flytja inn verksmiðjuframleidd timburhús frá Norður-

löndum til að leysa að nokkru hina brýnu húsnæðisþörf Vestmanneyinga. Þar eð augljóst var, að þessi hús uppfylltu ekki að öllu leyti ákvæði byggingarsamþykktar og brunavarnasamþykktar, er gilda í Reykjavík og öðrum skyldum stöðum á landinu, þótti nauðsynlegt að gefa út brbl., sem heimiluðu rn. að gefa út reglugerð, er leyfði ákveðin og nánar tilgreind frávik frá gildandi ákvæðum og samþykktum, að því er snertir þau hús, sem reist yrðu á vegum Viðlagasjóðs og Vestmannaeyjakaupstaðar.

Í samræmi við þessa niðurstöðu voru því gefin út brbl. um þetta efni, þ. e. a. s. lög nr. 70 frá 1973, ásamt reglugerð nr. 103 4. maí 1973, um hús reist á vegum Viðlagasjóðs og Vestmannakaupstaðar. Helsta innihald þessarar reglugerðar er það, að lóðir megi vera allt að 20% minni en reglugerð gerði áður ráð fyrir sem lágmarksstærð, þ. e. allt að 560 fermetrar í stað 700 fermetra. Byggist þetta á því, að þessi innfluttu hús eru 20—30% minni en meðalstór einbýlishús gerast nú orðið og þurfa þess vegna ekki eins stóra lóð. Þá eru í reglugerðinni ýmis ákvæði brunavarnalegs eðlis, svo sem varðandi fjarlægðir milli húsa, fjarlægðir húsa frá lóðamörkum og ákvæði um stærð glugga, er snúa að lóðamörkum. Ákvæði þessi eru allmiklu rýmri en núgildandi ákvæði, en hins vegar eru þau samt mun strangari en t. d. hliðstæð ákvæði á Norðurlöndum. Rýmkun þessi er gerð með hliðsjón af þeim stórauknu umbótum, sem orðið hafa í brunavörnum flestra staða hér á landi á seinni árum, og einnig með hliðsjón af þeim öryggiskröfum, sem er að finna í 6. gr. reglugerðarinnar, en þar er þess krafist, að þannig skuli gengið frá burðarhlutum húss, útveggjum, skilrúmsveggjum, súlum, bitum, lofti og gólfi o. s. frv., að um 30 mínútna eldþol sé að ræða hið skemmsta. Jafnframt er þess krafist, að sé um tveggja hæða hús að ræða eða innréttað ris, skuli klæðning efri hæðar gerð úr óeldnæmu efni. Út frá þessum forsendum eru ákvæðin um hámarksstærðir timburhúsa rýmkaðar mjög verulega eða úr 200 fermetrum í 460 ferm. og jafnframt leyfð tveggja hæða timburhús allt að 340 fermetra, en tveggja hæða timburhús eru alls ekki leyfð í núgildandi byggingarsamþykktum. Með þessum ákvæðum opnast m. a. sá möguleiki að byggja raðhús úr timbri, sem algengt er á Norðurlöndum. Í 8. gr. reglugerðarinnar eru enn frekari ákvarðanir varðandi brunavarnir, þannig að ekki megi nota nema óeldfim efni til hitaeinangrunar. Þá er í 10. gr. ákvæði, er leyfa 2 m og 30 cm lofthæð í stað 2.45, sem er lágmarkslofthæð samkv. núgildandi byggingarsamþykktum. Í 11. og 12. gr. reglugerðarinnar eru loks ákvæði, sem leggja þá ábyrgð á Viðlagasjóð og Vestmannaeyjakaupstað, að þessir aðilar sjái hvarvetna um útvegun nauðsynlegra leyfa, áritun hvers konar uppdrátta og beri yfir höfuð ábyrgð á öllum framkvæmdum í þessu sambandi. Sömu aðilar skulu halda skrá yfir þau hús, sem reist verða samkv. reglugerðinni, og sjá um, að þinglýst verði á hverri húseign yfirlýsingu um, að hún sé reist samkv. l. nr. 70/1973. Skulu þeir láta félmrn. í té afrit af skrá yfir hús þessi ársfjórðungslega.

Í sambandi við þetta mál þykir rétt að benda á, að núgildandi lög um byggingarsamþykktir eru næstum orðin 70 ára, þ. e. a. s. lög nr. 19/1905, og eru þau að sjálfsögðu fyrir löngu orðin úrelt. Árið 1924 var flutt mjög ítarlegt frv. til byggingarlaga á Alþ., en það náði ekki fram að ganga. Sérstök lög voru sett árið 1944 varðandi byggingarmálefni Reykjavíkur, og árið 1945 voru sérstök lög sett um byggingarsamþykktir í sveitum. Árið 1967 var nýtt frv. til byggingarlaga lagt fyrir Alþ., en það náði ekki að verða að lögum.

Fyrir forgöngu Norðurlandaráðs hefur á undanförnum árum verið unnið markvisst að samræmingu tæknilegra byggingarákvæða og staðla á Norðurlöndum, og samræmingu á að verða lokið árið 1975.

Svo sem ég gat um í upphafi, veita lögin frá 1905 rn. ekki heimild til útgáfu reglugerðar, sem þó hlýtur að vera óhjákvæmilegt, svo að unnt verði að innleiða hin fyrirhuguðu samnorrænu byggingarákvæði. Með hliðsjón af þessu og samkv. þál. þeirri, sem samþ. var á Alþ. 16. maí 1972, þar sem Alþ. fól ríkisstj. að skipa n. til að endurskoða lög um byggingarsamþykktir fyrir sveitir og þorp, sem ekki eru löggildir verslunarstaðir, skipaði félmrh. 21. maí 1973 n. manna til að endurskoða öll núgildandi lög varðandi byggingarmál og byggingarsamþykktir, og skal endurskoðunin við það miðuð, að ein lög um byggingarmál og byggingarsamþykktir gildi fyrir allt landið allt á sama hátt og á Norðurlöndum. Mun verða stefnt að því að leggja frv. til byggingarlaga fyrir næsta reglulegt Alþingi.

Herra forseti. Ég hef ekki ástæðu til að fara fleiri orðum um þetta frv., en leyfi mér að leggja til, að því verði að lokinni þessari umr. vísað til 2. umr. og hv. félmn.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 22 shlj. atkv. og til félmn. með 22 shlj. atkv.

Starfskjör launþega, frv. (þskj. 76). — 1. umr.

Félmrh. (Björn Jónsson): Herra forseti. Þetta frv. er einnig eins og hið fyrra, sem ég mælti hér fyrir, komið frá hv. Ed. og hefur verið samþ. þar einróma.

Þetta frv. er þannig til komið, að það hefur verið almenn skoðun og ríkjandi, að kjarasamningar stéttarfélaga og samtaka vinnuveitenda væru algerlega bindandi fyrir alla vinnuveitendur og launþega í viðkomandi starfsgrein og á því svæði, sem samningar ná til, án alls tillits til þess, hvort þeir vinnuveitendur og launþegar, sem um er að ræða, væru aðilar að þeim samtökum, sem undirrita kjarasamninga, eða ekki. Þetta ríkjandi álit hefur þó beðið nokkurn hnekki í forsendum og að nokkru leyti í dómsorðum a. m. k. tveggja hæstaréttardóma frá árinu 1971 og nokkurra dóma, sem fyrr hafa verið upp kveðnir og að sumu leyti er sérstaklega vísað til í grg., sem frv. fylgir. Er raunar auðsætt, að þessir dómar skapa verulega réttaróvissu að því er varðar rétt verkafólks og verkalýðsfélaga gagnvart þeim vinnuveitendum, sem standa utan vinnuveitendasamtakanna. En þar er

um að ræða mikinn fjölda, sérstaklega smáatvinnurekenda. Enn meiri óvissu leiðir af þessum dómum fyrir launafólk, þegar svo vill til, að hinir síðarnefndu eru ekki skipulagðir í viðeigandi stéttarfélagi, en slíkt er nokkuð algengt, bæði sem tímabundið ástand, þegar menn flytjast á milli starfsgreina, og þó e. t. v. sérstaklega þegar um aukavinnu er að ræða eða vinnu hluta úr degi. Af þessu leiðir, að möguleikar eru fyrir hendi fyrir einstaka vinnuveitendur að nota sér aðstöðu sína til að skammta verkafólki naumari rétt heldur en kjarasamningar segja til um.

7. gr. l. nr. 80 1938, vinnulöggjafarinnar, er að vísu ætlað að girða fyrir slíkar hættur, en svo virðist sem sú lagagr. tryggi ekki fullan rétt launþega í öllum tilvikum, og þykir því rétt og eðlilegt að taka af allan hugsanlegan vafa, eins og gert er með ákvæðum 1. gr. þessa frv. Með 2. gr. frv. er svo ákveðið, að öllum launþegum sé rétt og skylt að eiga aðild að lífeyrissjóði viðkomandi starfsstéttar eða starfshóps, og enn fremur, að vinnuveitendum sé skylt að halda eftir af launum starfsfólksins iðgjaldahluta þess og standa réttum lífeyrissjóði skil á honum ásamt mótframlagi sínu. Svo er 3. gr. ætlað að tryggja viðkomandi stéttarfélagi á sama hátt greiðslur í sjúkra- og orlofssjóði. En í 4. gr. eru ákvæði, sem kveða skýlaust á um stöðu framangetinna iðgjalda til sjóðanna í skuldaröð í hugsanlegum þrotabúum atvinnurekenda.

Ákvæði þessa frv. eru hvorki svo mörg né flókin, að ég telji nauðsyn á að hafa um þau öllu fleiri orð. Ég vil þó geta þess, að frv. er upphaflega samið, að tilhlutan Verkamannafélagsins Dagsbrúnar, og hefur miðstjórn Alþýðusambandsins gert samþykkt, sem mælir eindregið með því, að það verði að lögum. Undir meðferð málsins í Ed. var leitað álits Vinnuveitendasambands Íslands um það, og mælti það með samþykkt frv., enda er auðsætt, að sú mögulega misnotkun, sem þarna er fyrir hendi, gæti skapað einnig mismunun í hópi vinnuveitenda og óeðlilega samkeppnisaðstöðu þeirra, sem standa utan vinnuveitendasambandanna, þar sem þeir gætu hugsanlega sparað sér yfir 7% viðbót við útborguð laun verkafólks og þannig öðlast óeðlilega samkeppnisaðstöðu við þá vinnuveitendur, sem skipulagðir eru í sínum stéttarfél. Það er þess vegna ekki nema eðlilegt, að vinnuveitendasamtökin, sem starfandi eru, séu ákvæðum þessa frv. meðmælt.

Ég tel ekki ástæðu, herra forseti, til að fara um þetta frv. fleiri orðum. Ég vænti þess, að í þessari hv. þd. hljóti málið greiða meðferð, eins og það gerði í hv. Ed., og legg til, að því verði að umr. lokinni vísað til hv. félmn.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 24 shlj. atkv. og til félmn. með 24 shlj. atkv.

Almenn hegningarlög, frv. (þskj. 79, n. 172). — 2. umr.

Frsm. (Jón Skaftason): Herra forseti. Á þskj. 79 er frv. til l. um breyt. á almennum hegningarl., nr. 19 frá 1940. Frvgr. eru aðeins tvær og mjög stuttar báðar, og vil ég — með leyfi hæstv. forseta — leyfa mér að lesa þær upp hér:

„1. gr. Ný grein, 233. gr. a, orðist svo: Hver sem með háði, rógi, smánun, ógnun eða á annan hátt ræðst opinberlega á hóp manna vegna þjóðernis þeirra, litarháttar, kynþáttar eða trúarbragða sæti sektum, varðhaldi eða fangelsi allt að 2 árum.

2. gr. Lög þessi taka þegar gildi."

Ástæðurnar fyrir frv. þessu eru þær, að á vegum Sameinuðu þjóðanna var samþykktur samningur 21. des. 1965, sem nefnist United Nations Convention on the Elimination of all forms of Racial Discrimination. Ísland er aðili að þessu samkomulagi, og er talið nauðsynlegt, til þess að Ísland geti uppfyllt skyldur sínar samkv. þessu samkomulagi, að gera þá breytingu á almennum hegningarlögum, sem frv. þetta hefur að geyma og ég var hér að lýsa.

Frv. þetta var samþ. shlj. í Ed., og í nál. á þskj. 172 hafa nm. í allshn. þessarar hv. d. allir orðið sammála um að mæla með því, að frv. verði samþykkt.

ATKVGR.

1. gr. samþ. með 26 shlj. atkv.
2. gr. samþ. með 25 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 25 shlj. atkv.

Bann gegn veiðum með botnvörpu og flotvörpu, frv. (þskj. 11, n. 174). — 2. umr.

Frsm. (Garðar Sigurðsson): Herra forseti. Þetta frv. er flutt til staðfestingar á brbl. varðandi framlengingu gildandi l. um veiðiheimildir með botnvörpu, flotvörpu og dragnót í fiskveiðilandhelginni til n. k. áramóta. Ég vona, að ekki komi til frekari framlengingar þeirra laga með því að þm. verði snarir við að afgreiða frv. um það efni, sem kemur væntanlega fram á næstu dögum.

Sjútvn. samþykkti á fundi sínum að leggja til, að frv. verði samþ. óbreytt.

ATKVGR.

1. gr. samþ. með 24 shlj. atkv.
2. gr. samþ. með 25 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 24 shlj. atkv.

Verðlagsráð sjávarútvegsins, frv. (þskj. 97, n. 175). — 2. umr.

Frsm. (Garðar Sigurðsson): Herra forseti. Á þskj. 97 má lesa í aths. um þetta frv. skýringar á því, en þar er einnig sagt, að tilgangurinn með breytingum þeim á verðlagsráðinu, sem lagðar eru til í frv., komi til með að auka hagkvæmni í störfum verðlagsráðsins. Frv. er samið af Verðlagsráði sjávarútvegsins sjálfu og lagt fram eftir þess ósk. Sjútvn. Nd. hefur rætt þetta mál á fundum sínum og leggur til, að það verði samþ. óbreytt.

ATKVGR.

1. gr. samþ. með 22 shlj. atkv.
2.—7. gr. samþ. með 25 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. visað til 3. umr. með 22 shlj. atkv.

Umhverfismál, þáltill. (þskj. 157). — Ein umr.

Flm. (Heimir Hannesson): Herra forseti. Sú þáltill., sem hér hefur verið lögð fram, hljóðar þannig:

„Alþingi ályktar að fela ríkisstj. að láta semja hið fyrsta heildarlöggjöf um umhverfismál."

Þáltill. varðar málefni, er kemur inn á mjög viðtæk svið í íslensku þjóðfélagi, og verða því engin tæmandi skil gerð með þessari framsögu, enda varla þess að vænta. Skoða þarf vandlega allar hliðar þessa máls, og er það tilgangur hennar, að hæstv. ríkisstj. verði falið að semja hið fyrsta heildarlöggjöf um þessi mál, sem nefnd hafa verið umhverfismál. Þetta ætti að vera hæstv. *ríkisstj. mjög ljúft, og leyfi ég mér* í þessu sambandi, þó að hér sé vissulega fyllilega um ópólitískt mál sem slíkt að ræða, að vísa til eftirfarandi setningar úr málefnasamningi hæstv. ríkisstj., með leyfi forseta. Þar segir:

„Að stuðla að breyttu gildismati á þann veg, að til hinna eftirsóknarverðustu lífsgæða verði talið hreint og ómengað umhverfi og fullnægjandi skilyrði til eflingar frjálsrar hugsunar og andlegs þroska einstaklingsins. Við hagnýtingu íslenskra auðlinda skal kosta kapps um náttúruvernd, svo að hver þjóðfélagsþegn eigi þess kost að njóta heilbrigðra lífshátta."

Þannig lýkur þessum þætti úr fyrrnefndum málefnasamningi.

Frumhugmynd þessarar þáltill. er, eins og segir í grg., sú skoðun flm., sem er um leið skoðun, sem átt hefur vaxandi fylgi að fagna hin síðari ár um allan heim, ekki síst í hinum þróaðri löndum, að lífsgæðin og lífshamingjan væru ekki síst í því fólgin að njóta ánægjulegra samskipta við umhverfi sitt, hvort sem það er í sjálfri náttúrunni eða ekki, og þá ekki síður á vinnustöðum en við heimili, jafnt í þéttbýli sem strjálbýli. Miklar umr. hafa verið hér á landi hin síðustu ár um nauðsyn náttúruverndar, *og hefur mönnum skilist í vaxandi mæli*, bæði hér og erlendis, að þau lífsgæði ber að varðveita. Einhvern veginn er það þó svo, að það hefur farið fram hjá mönnum í of miklum mæli, að jafnsjálfsagt sé að skapa og varðveita ánægjulegt og fagurt umhverfi í byggð, sem er hið næsta og nánasta umhverfi mannsins árið um kring. Hér er því brýn þörf nýrrar lagasetningar, þar sem núgildandi lög, sem varða þessi mál, verði sett inn í heildarlöggjöf, um leið og tekið verði tillit til hinna nýju lífsviðhorfa í þessum efnum.

Þetta mál er það stórt í sniðum, að ég mun ekki koma með neinar tæmandi till. um þau nýju efnisatriði, er taka þyrfti inn í slíka löggjöf, enda varla við því að búast, en vil aðeins varpa fram örfáum hugmyndum, sem má telja ómótaðar á þessu stigi málsins. Um stöðuna í dag þarf ég ekki að fara mörgum orðum. Það er alkunna, að umgengnisvenjur eru því miður ekki alltaf jafngóðar og vera skyldi, og þrátt fyrir lofsverðan áhuga ýmissa áhugamannafélaga, eins og landverndarmanna, náttúruáhugamanna, ferðafélaga og fegrunarfélaga blasir þessi staðreynd of víða við, jafnvel á þeim stöðum, þar sem framleiðsla matvæla er aðalatvinnuvegurinn, eins og reyndar er raunin á flestum stöðum í byggð á Íslandi.

Ég minnti á það í upphafi þessarar framsögu, að umhverfismálin næðu inn á mörg svið. Ég ætla að leyfa mér að nefna nokkur dæmi. Þau varða m.a. mengunarmál, gróðurvernd, landgræðslu, skipulagsmál bæjar- og sveitarfélaga, heilbrigðislöggjöf, hreinlætismál, umgengnismál og að sjálfsögðu hina almennu náttúruvernd og síðast, en ekki síst það, sem kannske hefur farið fram hjá mönnum allmikið í framkvæmd, þ.e. verklegar framkvæmdir á öllum sviðum og þar með talin skipulagsmál þéttbýlis og dreifbýlis. Á öllum þessum málum hefur til þessa verið haldið af of miklu handahófi, svo að ekki sé meira sagt, og vandamálin aukist með vaxandi *verklegum framkvæmdum, svo og auknum* ferðalögum manna bæði um byggðir og óbyggðir. Ég vil aðeins minna á örfá atriði, sem rétt er að staðnæmast við.

Þó að umgengni hafi sennilega að ýmsu leyti batnað, m.a. vegna starfsemi áhugamannasamtaka, er reynt hafa að skapa virkara almenningsálit, er ástandið fjarri því að vera viðunandi. Það er lakast á þeim stöðum, þar sem handahófið er algert og hugtakið umhverfisvernd því miður lítið þekkt. Við þjóðvegina er ástandið víða mjög slæmt, og sjávar- og vatnsfjörur eru víða mengaðar af rusli og óþverra, sem menn skilja eftir sig á yfirreið sinni um landið. Út yfir tekur þó umgengni og ytra útlit ýmissa þeirra staða, er sérstaklega kynna sig sem móttökustaði fyrir innlenda og erlenda gesti, þó að vissulega séu undantekningarnar margar, þar sem snyrtimennska er ríkjandi, en á mörgum stöðum er mikilla lagfæringa þörf. Málefni sumarbústaða eru víða í hinu megnasta ólestri, þar ræður á allt of mörgum stöðum skipulagsleysi og handahóf. Þetta mætti ræða með mörgum fleiri orðum, en það skal ekki gert að sinni.

En þá vil ég víkja að öðrum þætti, þ.e.a.s. byggingarmálunum. Eins og ég nefndi áðan, þá hefur það ekki verið nægilega rætt og ekki nægilega skilið, hversu mikill þáttur af framkvæmd þau eru í hinni svokölluðu umhverfisvernd. Það er rétt að taka það fram, að það er e.t.v. ekki óeðlilegt, að þegar þjóð eins og Íslendingar á í hlut, sem hefur stigið sitt framfaraskeið á skemmri tíma en annars staðar hefur þekkst m.a. í húsabyggingum, að við slíkar aðstæður og við slíkan framkvæmdahraða fari eitt og annað úrskeiðis. Ég er þó þeirrar skoðunar, að þó að rétt sé að hafa þessa staðreynd í huga, sé hún alls ekki að öllu leyti frambærileg afsökun fyrir þeirri ytri flatneskju, sem markar íslenska byggingarlist í dag og framkvæmdir í þeim efnum, og á það bæði við opinberar framkvæmdir og framkvæmdir ýmissa einkaaðila í íbúðarhúsabyggingum, þar sem hið opinbera stofnlánakerfi kemur að sjálfsögðu inn. Þetta á við sjálfa byggingarlistina, hinn svokallaða arkitektúr.

Byggingarframkvæmdir eru, eins og ég sagði áðan, vissulega stór þáttur í umhverfismálum, og við skulum ekki gleyma því, að þegar við erum að reisa öll þessi hús okkar úr járni og steinsteypu og gleri, erum við um leið að reisa okkar eigin minnisvarða fyrir komandi kynslóðir. Nú eru allir sammála um, að gamli íslenski bóndabærinn með burstaþökunum sé fögur byggingarlist, sem falli vel inn í heildarmynd íslenskrar náttúru. Varðveisla þeirra fáu burstabæja, sem eftir eru, er mikið menningarstarf. Þetta á að sjálfsögðu við ýmis önnur menningarverðmæti, sem hafa verið á dagskrá að undanförnu, en vissulega er vafamál, hvar draga eigi línuna, en út í það skal ekki farið.

Því miður verð ég að láta í ljós þá skoðun, að við ýmsar af hinum miklu byggingarframkvæmdum síðari ára hafi mjög mikið á það vantað, svo að mildilega sé til orða tekið, að sjónarmiða umhverfisverndar hafi gætt sem skyldi. Við ýmsar af hinum stærri byggingum hefur fyrst og fremst gætt heldur ófrumlegrar eftiröpunar stórborgarhúsanna, eins konar dúkkuhúsa risaborganna, þar sem ekki hefur vottað fyrir viðleitni til að efla og þróa nýja, þjóðlega íslenska byggingarlist. Og í hinum miklu framkvæmdum, þar sem lánakerfi ríkisins hefur staðið undir, hefur enn fremur mjög á það skort, að nægilega mikil viðleitni væri í þá átt að styðja að fagurfræðilegum og listrænum vinnubrögðum.

Sums staðar í bæjunum og þá einkum í höfuðstaðnum er engu líkara en það hafi verið sérstakt kappsmál í framkvæmd að koma sem flestum íbúum fyrir á sem minnstri fermetrastærð. Ég ætla á þessu stigi ekki að nefna nein sérstök dæmi, en vil leggja á þetta sérstaka áherslu. Hér þarf að verða breyting á. Þeir, sem átt hafa þess kost að sjá tiltölulega nýbyggðar borgir og bæi, þar sem önnur sjónarmið hafa ráðið, harma þessa þróun enn frekar og sjá, í hvers konar óefni er komið. Hér þarf að verða stefnubreyting. Það á að koma þeim skilningi inn við framkvæmd allra bygginga, að það er ekki nóg fyrir manninn að fá þak yfir höfuðið, heldur er það ekki síður mikilvægt fyrir vellíðan og alla lífshamingju fólksins, að menn njóti og hafi ánægjuleg samskipti við umhverfið, hvar sem það er. Þegar rætt er um umgengni og skort á frágangi, kæmi til greina að mínu áliti að gera það að algeru skilyrði við lánveitingar húsnæðismálakerfisins, að öllum frágangi, m.a. við lóðir og opin svæði, verði alveg lokið, áður en endanlegum lánveitingum lýkur. Þetta mundi skapa æskilegt aðhald og verulega breytingu í framkvæmd þessara mála.

Eins og ég sagði áðan, verður hér alls ekki um neina tæmandi upptalningu að ræða, heldur nánast drepið á fáein atriði. En ég get þó ekki að því gert að minnast hér á eitt atriði, sem er býsna athyglisvert og ég held, að flestir þeir hafi tekið eftir, sem koma aftur til Íslands að loknu ferðalagi til útlanda. Það þarf ekki að skýra það nánar, að fyrstu tengsl bæði erlendra og innlendra manna, sem koma til hvers lands, eru flugvöllurinn og næsta nágrenni hans og leiðin til næsta viðkomustaðar, og ég held, að það sé ekki óeðlilegt, að það megi kalla það andlit landsins.

Ég er ekki þeirrar skoðunar, að það eigi að vinna að því að skapa eitthvert gerviandlit fyrir erlenda ferðamenn. En ég vil láta þá skoðun í ljós hér, að aðkoman hér á Keflavíkurflugvelli og reyndar að hluta á leiðinni til Reykjavíkur er mjög fjarri því að vera sæmandi. Það fyrsta, sem blasir við mönnum hér, eru bandarísk flugstöðvaskilti á flugskýlum og kvikmyndahúsum á Keflavíkurflugvelli. Ég ætla ekki að ræða pólitískar hliðar þessara mála. Það verður vafalaust gert á öðrum vettvangi. En að mínu áliti er þetta samkrull á alþjóðlegum flugvelli og flotastöð algerlega óþolandi, og verður að kippa því í lag. Ég vil satt að segja lýsa yfir furðu minni, að það sjónarmið skuli ekki hafa komið fram opinberlega fyrr, að sveitarfélög, sem eiga aðild að þessari leið, þessu andliti landsins, skuli ekki hafa fyrir löngu komið sér saman um samræmdar aðgerðir, til þess að frumþörfum umhverfisverndar sé sinnt sem skyldi á þessu svæði, og á það við bæði um Keflavíkurflugvöll og alla leiðina, án þess ég vilji fara út í sérstakar lýsingar eða smáatriði í því sambandi.

Við flm. segjum í grg., að boð og bönn séu ekki rétta leiðin til að ná æskilegum árangri, en þó vil ég ekki láta hjá líða að láta í ljós þá skoðun, að ég tel, að í þeirri heildarlöggjöf, sem þarf að koma á, þyrftu að vera strangari viðurlög við brotum á umgengnisreglum. Þess eru dæmi frá öðrum löndum, og ég held, að það mál þurfi að skoða vel, að hafa strangari viðurlög við alvarlegum brotum. Ég held, að það líka mundi auka það aðhald, sem þarf að vera. Fleiri rök hníga að því, að heildarlöggjöf er nauðsynleg, en ekki skal farið út í það nánar. Vissulega ræður engin löggjöf neinum úrslitum, nema því aðeins að þjóðin sjálf og almenningsálitið geri slíka löggjöf að staðfestingu á vilja hennar sjálfrar. Sem betur fer bendir ákaflega margt til vaxandi áhuga almennings. Það þarf að stuðla frekar að honum og samstarfi sveitarfélaga og landshlutasamtaka með það markmið í huga að skapa fegurra land fyrir þá kynslóð, sem lifir í landinu, og komandi kynslóðir.

Í grg. leggjum við á það áherslu, að myndarlega sé að þessu unnið á þjóðhátíðarárinu 1974. Ég held, að það verði að ráðast, hvort það tekst að ljúka því frv. á því merkilega ári, en það væru sannarlega tímamót, ef það tækist. Og þó að það drægist fram á næsta ár, þá kannske skiptir það ekki meginmáli, en aðalatriðið er, að að þessu máli sé unnið af festu og farið sé af stað sem fyrst. Við undirbúning þessa mikla máls þarf að hafa nána samvinnu við ýmsa aðila, m.a. náttúruverndarráð, samtök arkitekta, landverndarmenn, og nú er fyrirhugað að stofna nýtt félag listiðnaðarmanna, sem sameinar bæði íslenska teiknara, arkitekta og fleiri hönnuði á sviði listrænnar tjáningar. Ég held, að það kæmi til greina líka að skoða þá hugmynd að stofna sérstakt umhverfisráðuneyti. Það er sjálfsagt að kanna löggjöf og reynslu nágrannaþjóðanna í þessum efnum og að sjálfsögðu þann kostnað, sem því yrði samfara.

Herra forseti. Ég mun ekki hafa um þetta fleiri orð, en legg til, að till. verði vísað til allshn. d. til nánari meðferðar og afgreiðslu.

ATKVGR.

Till. vísað til allshn. með 21 shlj. atkv. og umr. frestað.

Skipulagslög, frv. (þskj. 145). — 1. umr.

Flm. (Stefán Gunnlaugsson): Herra forseti. Á þskj. 145 er frv. til l. um breyt. á skipulagsl., nr. 19 21. maí 1964. Flm. eru auk mín hv. alþm. Ágúst Þorvaldsson, Lárus Jónsson, Gils Guðmundsson, Karvel Pálmason og Ólafur G. Einarsson. Frv. er samið af stjórn Sambands ísl. sveitarfélaga og er flutt að hennar ósk. Frv. er stutt og svo hljóðandi:

„1. gr. Aftan við 35. gr. l. bætist ný mgr., svo hljóðandi:

Auk skipulagsgjalds, sem um ræðir í l. mgr., skal árlega greiða úr ríkissjóði til framkvæmdar skipulagsmála eigi lægri fjárhæð en nemur helmingi skipulagsgjalda liðins árs. Skal til bráðabirgða miða við áætlun fjárl. þess árs, en leiðrétta síðan í samræmi við innheimt skipulagsgjöld, sem renna skulu óskipt til þessara mála. 2. gr. Lög þessi öðlast gildi 1. jan. 1974.“

Óhætt er að fullyrða, að vaxandi skilningur er hjá mörgum fyrir nauðsyn þess, að jafnan sé vel vandað til gerðar skipulags við uppbyggingu sveitarfélaga. Sveitarstjórnarmenn þekkja af reynslu, hversu kostnaðarsamt það getur orðið auk mikilla annarra óþæginda, þegar fyrirhyggju og vandaðan undirbúning hefur skort við töku ákvarðana í sambandi við byggingarframkvæmdir, götulagnir og aðrar skipulagsskyldar framkvæmdir í sveitarfélögunum. Mistök af því tagi hafa sennilega kennt mönnum, sem hafa haft þess háttar verkefni með höndum, betur en ýmislegt annað, hversu ákaflega mikilvægt það er, að rétt og skynsamlega sé að skipulagshönnun byggðarlaga staðið, að þau mál fái ávallt góðan og vandaðan undirbúning og með þau fari sérmenntaðir menn, þannig að tryggt verði, eftir því sem frekast eru tök á, að ákvarðanir, sem teknar eru í þeim efnum á hverjum tíma, fáist staðist tímans tönn, ef svo má segja.

En við lifum á tímum örrar framþróunar á flestum sviðum. Aðstæður á ýmsum sviðum eru sífelldum breytingum undirorpnar. Svo er einnig á vettvangi skipulagsmála. Þrátt fyrir framsýni og þekkingu arkitekta og annarra sérfræðinga á þeim vettvangi er ekki hægt að ætlast til að þeir eða aðrir geti séð fyrir alla óorðna hluti á þessu sviði, þótt vel og vandlega sé að slíkum málum unnið. Því er einnig ákaflega mikilvægt, að skipulag sveitarfélaga sé jafnan í stöðugri endurskoðun og í samræmi við breyttar aðstæður og ný sjónarmið.

Yfirstjórn þessara mála á skipulagsskyldum stöðum er, eins og kunnugt er, í höndum skipulagsstjórnar ríkisins. Sú stofnun hefur á að skipa 7 manna föstu starfsliði, sem hefur með höndum gerð skipulags og endurskoðun á um það bil 100 stöðum. Það liggur því í augum uppi, að þetta fámenna starfslið er gersamlega yfirhlaðið störfum. Skipulagsstjórn ríkisins hefur margsinnis lýst sig fylgjandi því, að sveitarfélögin fái að hafa meiri veg og vanda af skipulagningu en verið hefur. Ýmis sveitarfélög hafa óskað eftir að fá slíka heimild, og hefur hún verið veitt í nokkrum tilfellum. Í þessu sambandi má geta þess, að Reykjavíkurborg hefur farið með sín skipulagsmál sjálf og að mestu leyti á eigin kostnað, en í náinni samvinnu við skipulagsstjórn og áður fyrr við skipulagsnefnd ríkisins.

Það virðist æskilegt og eðlilegt í alla staði, að að því verði stefnt, að fleiri aðilar en til þessa verði virkir aðilar í skipulagsstarfinu. Á ég þar við sveitarfélögin, að þau geti annast þessi mál hvert fyrir sig, eftir því sem þau sjálf kjósa og hafa aðstöðu til, en þó að sjálfsögðu í samvinnu og nánu samstarfi við skipulagsstjórn ríkisins. Við það ætti að fást meiri fjölbreytni og nýjar hugmyndir fremur að geta komið fram en verður, ef svo að segja öll skipulagning fer fram í einni stofnun.

Þá er einnig hægt að hugsa sér, að heppilegt gæti verið, að landshlutasamtök sveitarfélaga tækju að sér með tímanum skipulagsstörf, en bent hefur verið á, að mikla nauðsyn beri til þess að skapa tæknimenntuðum mönnum starfsskilyrði úti um land. Með skipulagsl. frá 1964 var ákveðið, að heimila mætti sveitarfélögum að annast gerð skipulags undir yfirstjórn skipulagsstjórnar. Þessi lög gerðu enn fremur ráð fyrir, að sveitarfélögin gætu vænst hlutdeildar úr ríkissjóði við slíkt. Sú heimild var þó talin óviðunandi, með því að henni voru settar mjög þröngar skorður. En það tókst að fá þessa heimild víkkaða nokkuð með l. nr. 41 24. maí 1972. Samkv. þeim l. er á ýmsan hátt takmarkað, hversu mikil fjárframlög sveitarfélög, sem fá skipulagsmálin í eigin hendur, geti vænst að fá í því skyni, þannig að viðkomandi rn. getur haft hemil á slíku. Gert er ráð fyrir, að gerður sé samningur eða settar reglur um það, hvaða kostnaði við gerð skipulags skipulagsstjórn taki þátt í, hvernig greiðslum skuli hagað og annað þess háttar. Skipulagsstjórn getur gengist fyrir skipun nefnda ýmissa aðila, sem hlut eiga að máli, til að fjalla um þetta efni, sem er, eins og að líkum lætur, oft erfitt úrlausnar, en eigi að síður nauðsynlegt að leysa til að koma í veg fyrir ágreining síðar meir.

Ég hef hér drepið á mikilvægi þess, að jafnan sé vel og vandlega að skipulagsmálum sveitarfélaga unnið. En því miður er það svo, að skortur á fjármunum hefur staðið þessum málum fyrir þrifum á liðnum árum. Skipulagsstjórn ríkisins hefur ekki getað sinnt þessu, svo sem hugur hennar hefur staðið til og þörf hefur verið á. Þó hefur ríkissjóður ekki haft nein bein útgjöld vegna skipulagsmála, þar sem sérstakur tekjustofn, skipulagsgjald, sem er 3% af brunabótaverði nýbygginga, hefur staðið undir kostnaði við þau mál. Þessi tekjustofn var ákveðinn með það fyrir augum, að hann gæti staðið straum af kostnaði vegna skipulagsmála sveitarfélaga. En þannig hefur til tekist með áætlun fjárl., allt frá því að lög voru fyrst sett um þennan tekjustofn árið 1938, hvað innheimt skipulagsgjöld og fjárveitingu til skipulagsmála snertir, að skipu-

lagsgjöldin hafa lengst af reynst hærri en áætlun á fjárl., en greiðslur til skipulagsmála verið miðaðar við þá áætlun. Það, sem umfram varð fram til ársins 1970, rann til almennra þarfa ríkissjóðs, en þá fékkst viðurkenning á því, að skipulagsgjöldin ættu að renna óskipt til skipulagsmála. Ekki hefur það fengist endurgreitt, sem oftekið var fyrir þann tíma, þrátt fyrir ákveðnar óskir um það, bæði frá skipulagsstjóra ríkisins og Sambandi ísl. sveitarfélaga.

Á fskj. með þessu frv. er yfirlit yfir tekjur og gjöld ríkissjóðs vegna skipulagsmála árin 1956—1970 samkv. upplýsingum ríkisbókara og skipulagsstjóra. Hefur skipulagsstjóri ríkisins tekið þessar upplýsingar saman, en þar er gerður samanburður á 15 ára tímabili á áætluðum tekjum og gjöldum til skipulagsmála samkv. fjárl., raunverulegum tekjum ríkissjóðs af skipulagsgjöldum, raunverulegum gjöldum ríkissjóðs vegna skipulagsmála og sýndar tekjur ríkissj. umfram kostnað á þessu tiltekna tímabili. Í ljós kemur af þessum samanburði, að á árunum 1956—1970 hefur ríkissjóður haft tæplega 13 millj. kr. hagnað af skipulagsgjöldum fram yfir kostnað vegna skipulagsmála á sama tíma, fjármagn, sem með réttu hefði átt að renna til skipulagsmála, og er þá miðað við allt annað verðgildi peninga en við búum við í dag.

Frv., sem hér er til umr., miðar að því, að unnt verði að taka skipulagsmál sveitarfélaga fastari og ákveðnari tökum en til þessa með því að auka fjármagn til þeirra hluta. Það er að mínum dómi og okkar flm. bráðnauðsynlegt, ef þessi mál eiga að geta komist í það horf, að viðunandi geti talist. Ber vissulega brýna nauðsyn til þess, að ríkisvaldið sinni skipulagsmálum meira en verið hefur og veiti framvegis nokkurt fé til þeirra á fjárl. umfram það, sem ég hef hér gert grein fyrir og verið hefur á undanförnum árum. Ríkisvaldið á að gjalda þá skuld, sem segja má, að stofnast hafi, vegna þess að það hefur áratugum saman tekið til almennra þarfa sinna fé, sem beinlínis var ætlað til skipulagsmála. Ég vil vekja sérstaka athygli á því, að augu manna eru í vaxandi mæli að opnast fyrir knýjandi nauðsyn þess, að skipulagsmálunum verði sinnt meira en hingað til og að sveitarfélögin sjálf hafi meiri ítök um þau efni en verið hefur til þessa. Einhverjum kynni að finnast, að beinast lægi við, að nauðsynlegt fjármagn til að gera úrbætur í þessum efnum yrði fengið með því að hækka skipulagsgjöldin. Í fljótu bragði má segja, að sú leið virðist álitleg. En þetta gjald er á vissan hátt óheppilegur tekjustofn. Það kemur mjög illa við gjaldendur, því að það fellur í gjalddaga, þegar flestir húsbyggjendur eru í miklum fjárhagsörðugleikum með nýbyggingar sínar. Á hinn bóginn þykir ekki rétt, að það sé afnumið, meðan ekki er fundinn annar heppilegri tekjustofn, sem að gagni mætti koma.

Frv. okkar gerir ráð fyrir, að sú leið verði farin til úrlausnar vandamálum sveitarfélaga í skipulagsmálum, að því er varðar fjáröflun í því skyni, að auk skipulagsgjaldsins, sem er, eins og ég sagði hér áður, 3% af brunabótaverði nýbygginga og rennur óskipt til þeirra mála, greiði ríkissjóður árlega til framkvæmda skipulagsmála eigi lægri fjárhæð en nemur helmingi skipulagsgjalda liðins árs. Þessi leið virðist eðlileg, eins og málum er háttað, því að þótt þróunin verði sú, ef að líkum lætur, að þessi verkefni verði unnin í vaxandi mæli á vegum sveitarfélaganna sjálfra, þá sýnist nauðsynlegt, að yfirstjórn þessara mála verði áframhaldandi í höndum skipulagsstjórnar ríkisins, sem hafi hönd í bagga með öllum undirbúningi og framkvæmd þeirra. Slíkt er nauðsynlegt, m.a. til að tryggja nauðsynlegt samræmi og tengingu á gerð skipulags aðliggjandi sveitarfélaga og yfir höfuð til að hafa eftirlit með, að að þessum vandasömu og viðkvæmu málum sé staðið eins og telja verður, að kröfur samtímans og framtíðarinnar muni gera á hverjum tíma. Þess vegna er það skylda ríkisvaldsins að kosta því fjármagni til, sem þörf er á, til þess að þessi mál geti verið í viðunandi horfi.

Að svo mæltu legg ég til, að þessu frv. verði vísað til 2. umr. og hv. félmn. að lokinni 1. umr.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 22 shlj. atkv. og til félmn. með 23 shlj. atkv.

Efri deild, 31. fundur.

Fimmtudaginn 6. des., kl. 2 miðdegis.

Veðdeild Landsbankans, frv. (þskj. 40). — 3. umr.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 12 shlj. atkv. og afgr. til Nd.

Lántökuheimild vegna framkvæmda- og fjáröflunaráætlunar 1973 og hafnarframkvæmda, frv. (þskj. 179, n. 195). — 2. umr.

Of skammt var liðið frá útbýtingu nál. — Afbrigði samþ. með 13 shlj. atkv.

Frsm. (Ragnar Arnalds): Herra forseti. Fjh.- og viðskn. hefur haft til athugunar frv. til l. um lántökuheimild vegna framkvæmda- og fjáröflunaráætlunar 1973.

Í frv. þessu er gert ráð fyrir því, að ríkisstj. hafi heimild til að taka erlent lán að fjárhæð allt að 1400 millj. kr. eða jafnvirði þess í erlendri mynt. Eins og fram kemur í grg., eru heimildir til slíkrar lántöku í ýmsum lögum, þannig að hér er ekki um nýja heimild að ræða, en vegna lánsútboðs var talið nauðsynlegt að sameina þær heimildir í eina löggjöf og samræma fyrirhuguðu lánsútboði.

Samkvæmt 2. gr. skal endurlána Framkvæmdasjóði Íslands 800 millj. kr. af þessum 1400 millj.

Ég tel það nokkurn galla á frv. þessu, að ekki skuli koma skýrt fram í frv. sjálfu, að hér sé ekki um að ræða nýjar heimildir, því að það er ekkert í frv., sem raunverulega bendir á það, og

ég tel, að grg. sé í raun og veru alls óviðunandi hvað þetta atriði snertir. En það er þá rétt, að það komi skýrt fram hér í framsögu, að þarna er ekki um neinar nýjar heimildir að ræða, heldur verið að safna áður samþ. heimildum á einn stað.

Við meðferð málsins í Nd. var borin fram brtt. við frv. af Vilhjálmi Hjálmarssyni þess efnis, að ríkisstj. skyldi heimilt að taka 7 millj. dollara lán hjá Alþjóðabankanum til hafnarframkvæmda í Grindavík, Þorlákshöfn og Höfn í Hornafirði eftir nánari ákvörðun ríkisstj., og var þessi till. flutt að áeggjan hæstv. fjmrh. Þessi breyting er nokkuð seint fram komin og mun stafa af því, að þetta mál hefur verið að velkjast um nokkurt skeið í rn., en kemur svo hingað á síðustu stundu, og þá er alþm. ætlað á örfáum dögum með sérstökum hraða að afgreiða málið. Þetta er að sjálfsögðu ekki nógu gott, en verður þó að una við, og það er niðurstaða n. að athuguðu máli að mæla með því, að frv. verði samþ. óbreytt eins og það kom frá Nd.

ATKVGR.

1. gr. samþ. með 13 shlj. atkv.
2.—4. gr. samþ. með 13 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 14 shlj. atkv.

Efri deild, 32. fundur.

Fimmtudaginn 6. des., að loknum 31. fundi.

Lántökuheimild vegna framkvæmda- og fjáröflunaráætlunar 1973 og hafnarframkvæmda, frv. (þskj. 179). — 3. umr.

Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði samþ. með 15 shlj. atkv.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 14 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 199).

Sjálfskuldarábyrgð á lánum til kaupa á fiskiskipum, frv. (þskj. 102, n. 187).

Of skammt var liðið frá útbýtingu nál. — Afbrigði samþ. með 14 shlj. atkv.

Frsm. (Ragnar Arnalds): Herra forseti. Fjh.- og viðskn. hefur haft til athugunar frv. til l. um heimild fyrir ríkisstj. að veita sjálfskuldarábyrgð á lánum til kaupa á 10 fiskiskipum yfir 300 lestir.

Hér er um að ræða fiskiskip til nóta- og togveiða, eins og segir í grg., en þessi skip eru fyrst og fremst ætluð til loðnu- og síldveiða. Hér er sem sagt um það að ræða að veita þá fyrirgreiðslu af hálfu ríkisvaldsins, að unnt sé að kaupa þessi skip með 80% lánum, en eins og kunnugt er, þá gildir sú regla hjá Fiskveiðasjóði varðandi önnur skip, að hann lánar 67% af andvirði skipanna, og einnig hefur áður verið í gildi, hvað snertir skutbyggða togara, að unnt hefur verið að fá 80% lán, þ.e.a.s. 13% ríkisábyrgð, til viðbótar láni Fiskveiðasjóðs, þegar um kaup á þeim hefur verið að ræða erlendis frá.

N. hefur athugað þetta frv. og er einróma sammála um að mæla með, að það nái fram að ganga, en tveir nm. voru fjarstaddir afgreiðslu málsins, eins og fram kemur í nál., þeir Jón Árm. Héðinsson og Björn Jónsson.

N. bárust tilmæli frá fjmrn. þess efnis, að tekið yrði inn í þetta frv., sem við erum hér að ræða um, sérstök grein, sem heimili sjálfskuldarábyrgð ríkissjóðs fyrir allt að 80% kaupverðs ferjuskips til siglinga milli Akraness og Reykjavíkur.

Í sjálfu sér er ekki hægt að neita því, að málin, sem hér um ræðir, eru skyld, þar sem um er að ræða í báðum tilvikum sjálfskuldarábyrgð fyrir allt að 80% af kaupverði skipa. En eins og átti við í því máli, sem hér var á dagskrá á hinum fyrra fundi, þá er hér um að ræða bón af hálfu fjmrn., sem er að sjálfsögðu nokkuð seint á ferðinni, og kannske er ekki að öllu leyti eðlilegt, að mál hafi þann ganginn, að verið sé að smeygja þeim inn í frv. um önnur efni, þegar verið er að afgreiða þau hér milli umræðna í þinginu. En stundum verður samt að grípa til slíkra úrræða, og n. er sammála um, að hér sé um nauðsynjamál að ræða, og mælir með því, að frv. verði því samþ. með tiltekinni breytingu, sem prentuð er á þskj. 187, á þann veg, að ný grein bætist við frv. þess efnis, að ríkisstj. sé heimilt að veita sjálfskuldarábyrgð fyrir allt að 80% af kaupverði ferjuskips til siglinga milli Akraness og Reykjavíkur, og að fyrirsögn frv. breytist í samræmi við þetta.

Jón Árm. Héðinsson: Herra forseti. Því miður tókst mér ekki að komast á fund, er n. afgreiddi sitt nál., en fundurinn mun hafa verið haldinn hér í hliðarherbergi og fór fram hjá mér. Ég leyfi mér þess vegna að gera smávegis fsp.

Í fyrsta lagi vil ég forvitnast um kaupverð skipanna. Er um raðsmíði að ræða? Var boðin út smíði á skipunum í fleiru en einu landi, eða var bara leitað til einnar skipasmíðastöðvar? Var leitað fyrir sér innanlands um getu íslenskra skipasmíðastöðva í þessu sambandi? Og hvernig er fyrirkomulagið í skipunum? Er hér um athyglisverðar nýjungar að ræða? Hér er brugðið gersamlega út af þeirri venju, sem hefur ríkt um margra ára bil, því slík skip hafa aldrei fengið slíka fyrirgreiðslu, þannig að það hlýtur eitthvað sérstakt að vera á bak við þessa fyrirgreiðslu núna og sérstakar þarfir, sem ég tel rétt, að komi fram, því að mér segir svo hugur um, að það geti komið ýmsir fleiri á eftir og þeir geti orðið fleiri en 10, sem fari fram á hliðstæða fyrirgreiðslu. Á þá að binda þetta aðeins við 10 menn eða á að taka hér upp nýtt fyrirkomulag í framtíðinni varðandi þessi skip?

Ég styð frv., vil taka það skýrt fram, en ég vil samt sem áður, að það liggi ljóst fyrir, að fleiri eigi möguleika á að njóta slíkra kjara, það

verði ekki farið í að úthluta þessu eins og dýrmætum gjöfum. Þess vegna leyfi ég mér að koma með þetta nú á þessu stigi, ef hægt er að gefa um það upplýsingar. En það kemur fram í nál., að n. hefur athugað frv., og ég vænti þess, að form eða einhver nm. geti sagt mér eitthvað varðandi þessi atriði.

Frsm. (Ragnar Arnalds): Herra forseti. Hv. þm. Jón Árm. Héðinsson bar hér fram allmargar spurningar varðandi þau 10 skip, sem hér um ræðir. Ég verð því að svara því til, að ég þekki ekki nægilega mikið til þessara skipa til þess að geta sagt til um það, hver svör eigi að vera við þessum spurningum, sem hv. þm. bar fram, og vil mælast til þess, úr því að hæstv. fjmrh. er ekki staddur á fundinum, að hann beini þessum fsp. til hans við 3. umr. málsins.

Það var hæstv. ríkisstj., sem hafði frumkvæði að því að veita 80% fyrirgreiðslu til kaupa á þessum skipum, að sjálfsögðu að höfðu samráði við Fiskveiðasjóð, en Framkvæmdastofnun ríkisins átti ekki hlut að því máli, að um var að ræða þessa 80% fyrirgreiðslu. Það var því ekki skoðað neitt sérstaklega af hálfu Framkvæmdastofnunarinnar, og ég held því, að hæstv. fjmrh. verði að svara því til, hvaða rök voru talin fyrir því, að fyrirgreiðslan yrði með þessum hætti í sambandi við þessi skipakaup. En ég vil láta þess getið, að varðandi lán Byggðasjóðs til kaupa á þessum skipum var talið, að þarna væri um nokkuð óvenjulegan hlut að ræða, að þar sem fyrirgreiðsla til kaupa á þessum skipum væri komin upp í 80%, þá væri kannske minni þörf á því, að byggðasjóður hlypi þar undir bagga, einkum líka og sér í lagi með hliðsjón af því, að ekki er hægt að segja, að Byggðasjóður eigi að koma til greina í jafnríkum mæli varðandi kaup á þessum skipum og þegar um er að ræða skip, sem landa bolfiski á hinum ýmsu stöðum úti um landið, og þar af leiðandi var niðurstaðan, að lán til þessara skipa yrðu 2% af kaupverði.

Ég verð að öðru leyti að vísa þessum spurningum frá mér og óska eftir því, að hv. þm. beini þeim til fjmrh. við 3. umr. málsins.

ATKVGR.

1. gr. samþ. með 12 shlj. atkv.
Brtt. 187, 1 (ný gr., verður 2. gr.) samþ. með 14 shlj. atkv.
2. gr. (verður 3. gr.) samþ. með 15 shlj. atkv.
Brtt. 187,2 samþ. með 13 shlj. atkv.
Fyrirsögn, svo breytt, samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 15 shlj. atkv.

Neðri deild, 37. fundur.

Fimmtudaginn 6. des., kl. 2 miðdegis.

Kaupstaðarréttindi til handa Bolungarvíkurkauptúni, frv. (þskj. 161). — 1. umr.

Flm. (Matthías Bjarnason): Herra forseti. Hreppsnefnd Hólshrepps óskaði eftir því við þm. Vestf., að þeir flyttu á þessu þingi frv. til l. kaupstaðarréttindi fyrir Bolungarvíkurkauptún, og töldu þm. Vestf. eðlilegt að verða við þessari beiðni hreppsnefndarinnar, og standa allir þm. Vestf. að flutningi þessa frv. Við þm. Vestf. í Nd. erum flm., en þrír þm. Vestf. í Ed. eru jafnframt stuðningsmenn og hvatamenn þess, að þetta frv. er flutt. Ég tel mjög eðlilegt, að þessi beiðni komi fram frá hreppsnefnd Hólshrepps um það, að Bolungarvíkurkauptún fái kaupstaðarréttindi. Þarna er um kauptún að ræða, sem er með liðlega 1000 íbúa, og það er tiltölulega lítil breyting fyrir ríkisvaldið, þó að þetta frv. verði samþykkt, því að það þarf ekki að stofna þar nýtt bæjarfógetaembætti, eins og víða annars staðar, þar sem fram hafa komið óskir um frá hreppsfélögum að fá kaupstaðarréttindi, því að embætti er fyrir í Bolungarvíkurkauptúni, eða í Hólshreppi, lögreglustjóraembætti, og er því nánast um nafnbreytingu að ræða og annað ekki, því að svo að segja öll sömu mál heyra undir embætti lögreglustjórans í Bolungarvík.

Hins vegar er ekki því að neita, að með samþykkt frv. sem þessa fækkar mjög í sýslufélagi Norður-Ísafjarðarsýslu. Áður hefur það gerst, að Eyrarhreppur í Norður-Ísafjarðarkaupstað, og hann var annar fjölmennasti hreppur sýslunnar, en nú óskar Hólshreppur eftir kaupstaðarréttindum fyrir Bolungarvík, og þá eru ekki eftir nema 5 hreppar í Norður-Ísafjarðarsýslu og þar af 4 mjög fámennir sveitahreppar og eitt lítið kauptún, Súðavík, sem er í Súðavíkurhreppi. Það er svo vandamál út af fyrir sig, þegar þessi breyting verður, sem ég vona, á hvern hátt vandamál þessa litla og fámenna sýslufélags verða leyst. Ef fram kemur ósk um það frá þeim hreppum eða sýslunefndarmönnum þeirra hreppa, sem eftir eru, að sameinast t. d., svo sem eðlilegt væri, V.-Ísafjarðarsýslu, þannig að Ísafjarðarsýslur verði sameinaðar í eitt sýslufélag, þá tel ég eðlilegt, að úr því verði. En til þess þarf auðvitað samþykki beggja sýslunefndanna, sem nú eru.

Það er staðreynd, eins og hreppsnefndin í Hólshreppi segir, að landfræðilega séð eru lítil eða engin samskipti, sem eiga sér stað við önnur sveitarfélög í N.-Ísafjarðarsýslu eða í Inndjúpinu, og þess vegna hefur það oft áður komið til umr. að óska kaupstaðarréttinda fyrir Bolungarvík. Fyrsta fundarsamþykkt þar um var gerð 4. mars 1915, svo að það má því segja, að þetta mál hafi verið lengi á döfinni. Ég vænti þess því, og við flm. þessa frv., að hv. þd. taki því vel og sú n., sem fær það til athugunar, skili sem fyrst nál. Ég legg til, herra forseti, að að lokinni umr. verði þessu frv. vísað til félmn.

Stefán Valgeirsson: Herra forseti. Þegar hér var til umr. frv. um kaupstaðarréttindi fyrir Seltjarnarneshrepp, sagði ég hér nokkur orð og skoraði á þá n., sem fengi þessi mál, og raunar þm. í heild að skoða þessi mál öll í heild.

Eins og hv. 1. flm. þess frv. sagði, skapast ýmis vandamál í sambandi við það, að þessir staðir fá kaupstaðarréttindi, og ég sé ekki betur, ef þeir 3 staðir, sem hafa nú sótt um kaupstaðarréttindi og frv. liggja fyrir um hér í þinginu,

fá kaupstaðarréttindi, en að þá geti það kallað á, að ýmsir aðrir staðir, sem hafa svipaðan fólksfjölda og sumir langtum meiri, sæki einnig um kaupstaðarréttindi, og það væru svipuð rök fyrir því.

En þá er annað, sem er vandamál, sem við skulum ekki horfa alveg fram hjá í þessu sambandi, og það er í sambandi við sýsluvegasjóðina. Eins og hv. þm. vita, borga þessir staðir með sveitahreppunum í sýsluvegasjóð, og er einkennilegt fyrirkomulag eins og er, að t. d. Sauðárkrókur borgar ekki í sýsluvegasjóð, en Egilsstaðir gera það, Dalvík borgar í sýsluvegasjóð, en Ólafsfjörður gerir það ekki, af því að hann er kaupstaður, Selfoss gerir það ekki, en aftur á móti ýmsir aðrir staðir, þó að þeir séu með færra fólk. Ég sé ekki betur en það gæti kallað á, ef að við gengjum svona frá þessu, þetta væri allt samþ., bæði um Seltjarnarnes, Dalvík, Bolungarvík, að Grindvíkingar, sem eru 1245, gætu með alveg sama rétti óskað eftir þessu, Njarðvíkingar, sem eru 1546, Garðahreppur með á 4. þús. íbúa, Borgarnes með 1210 íbúa, Stykkishólmur með rúml. 1000 íbúa, Patreksfjörður með 975, Sandgerði með 940, Eskifjörður með um 930 og Höfn í Hornafirði með um 960—970 íbúa, fyrir utan Selfoss, sem er með um 2500 íbúa. Ef þessir staðir fengju allir kaupstaðarréttindi, þá mundi það þýða það að óbreyttum l., að sýsluvegasjóðir mundu tapa um 9 millj. Og ástandið í þeim málum er nú þannig, að það þyrfti að hyggja að því, hvernig á að afla sýsluvegasjóðinum aukinna tekna, en ekki hið gagnstæða.

Annars finn ég ekkert samhengi í þessu í sjálfu sér, hvernig stendur á því t. d., að Seltjarnarnes hefur borgað þetta, og Garðahreppur, en Kópavogur ekki o. s. frv. Ég held, að það eigi ekki að binda þetta við það, hvort þessir staðir hafi kaupstaðarréttindi eða ekki. Ég sé ekki nein rök fyrir því. Ég vil nú nota tækifærið, af því að þetta er enn á dagskrá og ég sé, að þingheimur hefur ekki í raun og veru myndað sér ákveðnar skoðanir, hvernig á að taka á þessum málum yfirleitt, þá vil ég skora á menn að skoða þetta og skapa hér heildarstefnu. Ef þessir 3 staðir fá t. d. kaupstaðarréttindi, þá hlýtur hver hinna staðanna, sem ég taldi hér upp áðan, að fá þau líka, ef þeir sækja um það á annað borð.

Ólafur G. Einarsson: Herra forseti. Það er aðeins í tilefni af ræðu síðasta ræðumanns, sem ég vil segja örfá orð. Það er vissulega alveg rétt hjá honum, að það geta komið upp ákveðin vandamál hjá sýsluvegasjóðunum, þegar stærstu sveitarfélögin innan hverrar sýslu fá kaupstaðarréttindi. Og ég tek undir það með síðasta ræðumanni, að það er raunverulega engin skynsemi í því kerfi, sem við búum við í dag. Það er engin skynsemi í því t. d., að þm. færu að synja sveitarfélögum um kaupstaðarréttindi vegna þess, að sýsluvegasjóðirnir mundu þá verða illa settir. Miklu skynsamlegra væri þá að breyta reglunum þannig, að kaupstaðirnir í viðkomandi héraði greiddu í sýsluvegasjóðina. Sýsluvegaframkvæmdir eru kostaðar að ⅔ hlutum með framlagi úr vegasjóði, en að ⅓ af sveitarfélögunum í hlutfalli við íbúafjölda.

Mér sýnist hins vegar, að þetta ásamt mörgu öðru, bendi okkur á, hvernig þetta fyrirkomulag allt hjá okkur hefur raunverulega gengið sér til húðar. Ég held, að sýnu skynsamlegra væri, að sveitarfélögin tækju að sér sýsluvegina og gerðu það á vettvangi landshlutasamtakanna. Það er í samræmi við það, sem sveitarstjórnarmenn hafa óskað eftir.

Það mætti benda á ýmis dæmi þess, hvernig getur farið, ef hin stærstu sveitarfélög í vissum sýslum sækja um kaupstaðarréttindi. Athugum t. d. Kjósarsýslu. Við erum hér með frv. um kaupstaðarréttindi til handa Seltjarnarneshreppi. Garðahreppur, sem er stærsti hreppurinn með um 3500 íbúa, hann flyst yfir í Kjósarsýslu um næstu áramót samkv. l., sem samþ. voru á síðasta þingi. Ef hann nú sækir um kaupstaðarréttindi og Mosfellshreppur einnig, sem er með yfir 1000 íbúa og fer mjög ört vaxandi, þá yrðu eftir 3 hreppar í Kjósarsýslu, sem hver um sig er með liðlega 200 íbúða. Sýslufélagið, sem nú er með um 7000 íbúa yrði þá með rúml. 600 íbúa eftir. Hvernig færi þá með sýsluvegasjóðinn? Í þeim 3 hreppum, sem eftir væru í þessu sýslufélagi, eru allir sýsluvegirnir í Kjósarsýslu. Þess vegna er þetta alveg rétt ábending hjá hv. þm. Stefáni Valgeirssyni, og þarf að huga að þessu líka.

Mér sýnist, að þetta megi samt ekki verða til þess, að við frestum afgreiðslu þeirra frv., sem hér liggja fyrir. Það eru mjög ákveðnar óskir frá þessum sveitarfélögum um, að þau hljóti kaupstaðarréttindi. Hér hafa verið tíunduð þeirra rök, og þau eru vissulega mikilvæg. Ég legg þess vegna áherslu á það, að þó að við sjáum, að í þeim sveitarfélögum, sem eftir eru innan sýslufélaganna, komi upp vandamál vegna þessa, þá megum við ekki láta þau sveitarfélög gjalda þess, sem hafa sett fram þessar eindregnu óskir.

Ingólfur Jónsson: Herra forseti. Það eru aðeins örfá orð. Hér hafa verið lögð fram 3 frv. til l. um kaupstaðarréttindi fyrir vissa staði, og það tíðkast nokkuð, að ýmsir staðir leiti eftir að fá kaupstaðarréttindi. Þetta er kannske eðlilegt, þegar staðirnir eru komnir í vissa stærð. Það má vel vera, að hér sé sérstaklega um nokkurs konar sjálfstæðismál að ræða hjá þeim stöðum, sem sækja um réttindin. Það gæti líka verið til þess að létta af sér gjöldunum, sem á þeim hvíla nú, að óbreyttum lögum. Eins og hér hefur verið talað um, greiða þéttbýlisstaðirnir til sýsluvegasjóða, á meðan þeir hafa ekki kaupstaðarréttindi. Sýsluvegasjóðirnir gætu orðið mjög aðþrengdir, ef þeir misstu þessa tekjustofna.

Á undanförnum árum hafa margir sýsluvegir verið teknir í landsbrautatölu. Enn er það svo í flestum eða öllum sýslum, að eðlilegt væri að taka ýmsa vegi, sem eru taldir sýsluvegir, í tölu landsbrauta. Mér finnst það þurfi að gera hvort tveggja: að halda þeirri stefnu áfram, sem ríkt hefur, að létta á sýsluvegasjóðunum að því leyti, og einnig að tryggja, að þeir staðir, sem fá kaupstaðarréttindi, haldi áfram að greiða í sýsluvegasjóðina, til þess að sýsluvegirnir svelti ekki. Ég

held, að það gæti einnig orðið til þess að takmarka áhuga ýmissa staða fyrir því að fá kaupstaðarréttindi, ef fyrir lagi, að þeir léttu ekki af sér gjöldum til sýslnanna með því að fá kaupstaðarréttindi. Ég tel því alveg rétt, sem hér hefur komið fram, að þetta beri að athuga rækilega, annað hvort um leið og kaupstaðarréttindi eru veitt, eða að ákveðið verði, að það skuli gert í framhaldi af því.

Hannibal Valdimarsson: Herra forseti. Fyrir Alþingi liggja nú 3 frv. um sama efni, þ. e. a. s. um kaupstaðarréttindi til handa 3 sveitarfélögum: Seltjarnarneshreppi, Dalvíkurkauptúni og það mál, sem hér er verið að ræða, Bolungarvík, Hólshreppi. Félmn. hefur haft þessi mál til athugunar, og þar hafa komið til athugunar og umr. öll þau atriði, sem hafa dregist inn í þessa umr., um vandkvæði þeirra sveitarfélaga, sem eftir eru í sýslufélögunum, og hvernig byrðar færast til á þau bök, sem þá eru eftir, og mörg fleiri atriði. Það hefur líka verið athugað í n., að ein 10—12 sveitarfélög eru með svipaða íbúatölu og sum miklu hærri íbúatölu en þau sveitarfélög, sem nú sækja um kaupstaðarréttindi, og má því búast við, að hvað af hverju kunni þau að sækja um kaupstaðarréttindi, þau sveitarfélög, sem nú sækja um þann rétt, öðlast hann, svo framarlega sem fólkið þar kærir sig um það. Með þessu létta þau af sér byrðum, eins og hér hefur verið nefnt, og takast á hendur aðrar byrðar, sem fylgja kaupstaðarréttindunum.

Það er líka lítandi á það, að verði þessi 3 sveitarfélög kaupstaðir, þá stofnast ný embætti og nýjar embættisskrifstofur. Bæjarfógetaembættinu fylgir starfslið, sjálfsagt, og þannig skrifstofuhald, og þó að menn tali mikið um, að þeir séu mjög andvígir útvíkkun embættismannakerfisins, ríkisbáknsins, þá myndast þetta nú svona. Það er verið að verða við óskum hinna og þessara um aukna þjónustu, svo sem fylgir t. d. þessu, að sveitarfélag gerist kaupstaður. Þarna yrðu þá 10—12 bæjarfógetaembætti, að vísu Bolungarvík með lögreglustjóraembætti fyrir. Einstöku sveitarfélög, sem hér koma til greina, eru máske þannig sett, en í flestum tilfellunum mundi þessu fylgja stofnun bæjarfógetaembættis, bæjarfógetaskrifstofu og sýnilega margra tuga embættismanna í kerfið í viðbót við það, sem nú er.

Vissulega er rétt, að það er sjálfsagt að taka öll þessi mál til athugunar og einnig það, hvernig sýslufélögin verða stödd að þessari breytingu gerðri.

Mig minnir, að frv. um kaupstaðarréttindi til handa Dalvíkurkauptúni sé flutt af þm. úr því kjördæmi og 1. flm. sé einmitt hv. þm., sem hér talaði áðan, Stefán Valgeirsson, og vil ég því spyrja hann nú, því að það skiptir nokkuð n., sem fjallar um þessi mál, hvort hann sé að mæla gegn þessu frv., sem hann er flm. að. Það getur haft áhrif á okkur í n. um afgreiðslu þessara mála allra.

Jón Skaftason: Herra forseti. Það eru aðeins örfá orð í tilefni þeirra umr., sem hér hafa orðið um frv. um kaupstaðarréttindi fyrir Bolungarvík. Ég hafði ætlað að minnast örfáum orðum á þá, — ég vil segja dálitið skrýtnu ræðu, sem hv. 3. þm. Norðurl. e. flutti áðan, sérstaklega með hliðsjón af því, að hann mun vera 1. flm. að frv. um kaupstaðarréttindi fyrir Dalvík, en síðasti ræðumaður vék að því, svo að ég skal láta það vera.

Ástæðan til þess, að ég kveð mér hljóðs um þetta mál, er sú, að ég vil varpa þeirri spurningu fram til íhugunar fyrir hv. þm., hvort þeir telji það yfirleitt rétta afstöðu, að Alþingi neiti fjölmennum sveitarfélögum um að stofna hjá sér kaupstað, þegar fyrir hendi er alger samstaða heima fyrir hjá þeim, sem búa í viðkomandi sveitarfélagi. T. d. í sambandi við Seltjarnarnesið eru allir flokkar og allir hreppsnefndarfulltrúar sammála um að æskja eftir kaupstaðarréttindum, og ekki einasta það, heldur leggja heimamenn svo mikla áherslu á, að þetta geti orðið, að þeir bjóða það fram, sem ég held, að sé einsdæmi, eða ég þekki ekki dæmi um það, — þeir bjóða það fram að greiða sjálfir mjög verulegan hluta af þeim kostnaði, sem kann að verða fyrir ríkisvaldið við þá breytingu, að á Seltjarnarnesi komi kaupstaður í stað hreppsfélags. Hreppsnefnd Seltjarnarneshrepps hefur skrifað bréf til alþm. Reykn. a. m. k., og ég hygg, að nm. í félmn. Nd. hafi fengið afrit af því bréfi, þar sem þeir taka það fram og bjóða sérstaklega að leggja væntanlegu bæjarfógetaembætti til húsnæði fyrir rekstur bæjarfógetaembættisins á sinn kostnað. (**Gripið fram í:** Um aldur og ævi?) Það er ekkert tímamark í bréfinu, svo að það verður að skilja það þannig væntanlega.

Ég skal viðurkenna, að það geta á sumum stöðum komið upp nokkur vandamál við það, að hreppsfélagi er breytt í kaupstað, og hér hefur verið bent á nokkur þeirra. En ég hygg, að ekkert þessara vandamála sé fyrir hendi í Kjósarsýslu, eins og raunar hv. 11. landsk. þm. vék hér að áðan, þó að sú breyting yrði gerð, að Seltjarnarnes yrði gert að kaupstað. Og af því að sumir ræðumenn hafa vikið að því, að leggja bæri aðaláhersluna á mannfjöldann í viðkomandi sveitarfélagi, þá er augljóst mál, að það eru ekki mörg hreppsfélög í landinu, sem hafa fleiri íbúa en Seltjarnarnes hefur í dag, og fer þeim mjög fjölgandi ár frá ári, þannig að það er ráðgert, að í lok yfirstandandi kjörtímabils verði fast að 4000 íbúar í Seltjarnarnesi.

En aðalatriðið er þetta: Er það skynsamleg afstaða á Alþingi að standa gegn óskum sveitarfélaga, þar sem allir eru sammála um að æskja eftir breytingu? Lög um sveitarstjórnarmál hafa verið mörg ár í endurskoðun, að því er ég best veit, og fyrirkomulag þessara mála í heild þyrfti vafalaust að endurskoða og koma betri skipan á þau mál. En ég teldi það jaðra við það að ráðast á sjálfsákvörðunarrétt íbúa viðkomandi sveitarfélaga, ef Alþingi t. d. neitaði um það, að Seltjarnarneshreppur gæti orðið að kaupstað.

Umr. frestað.

Sameinað þing, 31. fundur.

Fimmtudaginn 6. des., að loknum deildafundum.

Verðlækkun á húsnæði, þáltill. (þskj. 184). — Hvernig ræða skuli.

Að till. forseta var ákveðin ein umr.

Undirbúningur að næstu stórvirkjun, þáltill. (þskj. 49). — Frh. einnar umr.

ATKVGR.

Till. vísað til allshn. með 40 shlj. atkv. og umr. frestað.

Staðarval stóriðju á Norðurlandi, þáltill. (þskj. 69). — Frh. einnar umr.

ATKVGR.

Till. vísað til allshn. með 40 shlj. atkv. og umr. frestað.

Farþegaskip milli Íslands, Færeyja, Noregs, Svíþjóðar og Danmerkur, þáltill. (þskj. 74, 162). — Frh. einnar umr.

ATKVGR.

Till. vísað til fjvn. með 41 shlj. atkv. og umr. frestað.

Bætt póst- og símaþjónusta, þáltill. (þskj. 81). — Frh. einnar umr.

ATKVGR.

Till. vísað til allshn. með 40 shlj. atkv. og umr. frestað.

Hækkun íbúðarlána úr Byggingarsjóði, þáltill. (þskj. 83). — Frh. einnar umr.

ATKVGR.

Till. vísað til allshn. með 39 shlj. atkv. og umr. frestað.

Landmælingastjórn ríkisins, þáltill. (þskj. 88). — Frh. fyrri umr.

ATKVGR.

Till. vísað til síðari umr. með 39 atkv. og til allshn. með 39 shlj. atkv.

Breyting á fasteignalögum og lögum um sambýli í fjölbýlishúsum, þáltill. (þskj. 113). — Frh. einnar umr.

ATKVGR.

Till. vísað til allshn. með 40 shlj. atkv. og umr. frestað.

Húsnæðismál, þáltill. (þskj. 132). — Frh. einnar umr.

ATKVGR.

Till. vísað til allshn. með 40 shlj. atkv. og umr. frestað.

Gjöf Jóns Sigurðssonar, þáltill. (þskj. 140). — Frh. fyrri umr.

ATKVGR.

Till. vísað til síðari umr. með 42 shlj. atkv. og til fjvn. með 42 shlj. atkv.

Fjárreiður stjórnmálaflokka, þáltill. (þskj. 42). — Ein umr.

Flm. (Ragnar Arnalds): Herra forseti. Á þskj. 42 flytjum við þrír þm. Alþb., Jónas Árnason, Helgi F. Seljan og ég, till. til þál. um rannsókn og lagasetningu varðandi fjárreiður stjórnmálaflokka.

Eins og fram kemur í grg., er það tilefni þessarar till., að af hálfu Sjálfstfl. hefur að undanförnu verið kastað mjög alvarlegum aðdróttunum í garð tveggja annarra stjórnmálaflokka, Framsfl. og Alþb. Morgunblaðið, málgagn flokksins, hefur hvað eftir annað að undanförnu rætt um fasteignabrask og dularfullar fjárreiður þessara flokka, og formaður Sjálfstfl. hefur tekið mjög hraustlega undir þessar ásakanir í ríkisútvarpinu og sérstaklega sakað Alþb. eða fyrirtæki í tengslum við það um að hafa komist yfir fasteignir með grunsamlegum hætti. Nú er það að vísu svo, að fyrrnefnt blað, sem kennir sig við morguninn, hefur heldur illt orð á sér hvað varðar umgengni við sannleikann, enda er það öllum kunnugt og varla í frásögur færandi, að blaðið stendur fyrir kraftmikilli fjöldaframleiðslu á ýmiss konar óhróðri og vandlega undirbúnum lygafréttum um athafnir og störf pólitískra andstæðinga. Fáir hefðu því kippt sér upp við þessar órökstuddu, en stóryrtu aðdróttanir, ef þær hefðu aðeins komið fram í hinum venjubundna og nafnlausa ósannindavaðli Morgunblaðsins, sem æ færri taka mark á, sem betur fer. Hitt er að sjálfsögðu miklu alvarlegra, þegar formaður stærsta stjórnmálaflokksins kemur fram fyrir þjóðina í útvarpi og hefur uppi slíkar ásakanir. Þá er gerð krafa um rökstuðning. Það er gerð sú lágmarkskrafa, að einhver grein sé gerð fyrir málavöxtum. Menn ganga út frá því, að stærsti stjórnmálaflokkurinn hafi ekki valið einhvern venjulegan gasprara í formannsstöðu, heldur mann, sem getur gert grein fyrir fullyrðingum sínum og hefur einhverja hugmynd um, hvað hann er að segja. Tilgangurinn með flutningi þessarar till. er því einkum og sér í lagi að gefa Sjálfstfl. og formanni hans tækifæri til þess að færa rök fyrir máli sínu við opinbera rannsókn, sem fram yrði látin fara um fjárreiður og eignir stjórnmálaflokkanna.

Okkur Alþb.-mönnum er það beinlínis ánægjuefni, að fjárreiður flokks okkar séu nákvæmlega

rannsakaðar. Þar höfum við engu að leyna. Hitt kæmi þá berlega í ljós, sem ekki á að vera neitt leyndarmál, að stjórnmálaflokkar, sem ekki hafa til annarra að leita en almennra stuðningsmanna úr hópi íslenskra launamanna, búa raunverulega við þröngan fjárhag.

Morgunblaðinu verður tíðrætt um dularfullar tekjur stjórnmálaflokka. En þá fyrst nálgast menn að sjálfsögðu sannleikann um fjárreiður flokkanna, ef reynt er að kanna útgjöld þeirra og þ. á m. starfsmannafjölda. Hvað Alþb. snertir, þá segir það sína sögu, að ef undan er skilinn starfsmaður þingflokks Alþb., hefur flokkurinn og flokksfélög hans ekki að jafnaði greitt meira í launakostnað en sem nemur launum eins starfsmanns, nema í 1— 2mánuði fyrir hverjar kosningar, þegar fleiri starfsmenn hafa verið ráðnir með launum.

En hver eru svo útgjöld og umsvif annarra stjórnmálaflokka? Sjálfsagt hafa Alþfl. og SF svipaða sögu að segja og við Alþb.-menn, að ég nú tali ekki um nýjasta flokkinn, þann Frjálslynda, en starfsmannafjöldi hjá Framsfl. mun vera aðeins meiri en hjá þeim flokkum, sem minni eru. Aftur á móti er enginn vafi á því, að forvitnilegast af öllu er einmitt að skoða fjárreiður þeirra, sem í glerhúsinu búa og steinunum kasta, fjármál Sjálfstfl., sem bersýnilega ræður yfir margfalt meira fjármagni en nokkur annar íslenskur stjórnmálaflokkur, enda starfsmannafjöldinn etfir því.

Það er einmitt einn megintilgangurinn með flutningi þessarar þáltill., sem vafalaust verður samþ. með atbeina sjálfstæðismanna eftir það, sem á undan er gengið, að tækifæri fáist til þess að kanna tengslin milli Sjálfstfl. og undirheima fjármálalífsins á Íslandi.

Hv. þm. Matthías Bjarnason játaði í umr. á Alþ. hinn 12. nóv. s. l., að Sjálfstfl. hefði árlega haldið mikla veislu fyrir fjárhagslega styrktarmenn sína, og varð nokkuð tíðrætt um þessa veislu. Enginn þarf að efast um, að framlög þessara ágætu styrktarmanna hafa verið býsna há, úr því að ekki dugði minna til sem kvittun fyrir framlagið en ágæt veisla, sem vafalaust hefur kostað þúsundir kr. á hvern boðsgest. En spurningin er: Fyrir hvaða þjónustu af hálfu Sjálfstfl. hafa fjármálamennirnir verið að gjalda með þvílíkum stórgjöfum, að ekki dugði minna til en veisluboð sem kvittun og ofurlítill þakklætisvottur fyrir viðskiptin? Það er einmitt þetta, sem þarf að rannsaka, og það verður að sjálfsögðu að gera með náinni hliðsjón af stjórnmálaferli Sjálfstfl. undangengin ár.

Annað meginatriði till. er, að undirbúið verði frv. til l. um fjárreiður stjórnmálaflokkanna og eftirlit með þeim. Ég vil taka það skýrt fram, að enda þótt þess sé ekki sérstaklega getið í till., er að sjálfsögðu við það miðað, að stjórnmálaflokkarnir allir verði hafðir með í ráðum við undirbúning þessarar löggjafar. Samkv. þáltil. er ráð fyrir því gert, að ríkisstj. leggi fram stjfrv. um þetta efni, en við undirbúning málsins yrði að sjálfsögðu starfandi n. skipuð fulltrúum allra stjórnmálaflokka.

Hið fyrsta, sem skilgreina þyrfti í lögum þessum, er þá að sjálfsögðu það, til hverra lögin eiga að ná og hvað þarf til, að um stjórnmálaflokk sé að ræða samkv. skilningi l. Það er einmitt kominn tími til, að sett sé ítarleg löggjöf um stjórnmálaflokkana, réttindi þeirra og skyldur, enda í rauninni stórfurðulegt, hve íslensk löggjöf er fátæk af ákvæðum um stjórnmálaflokka, jafnveigamiklu hlutverki og þeir gegna í þjóðfélagi okkar. Í stjórnarskrá lýðveldisins er satt að segja hvergi minnst á stjórnmálaflokka, en hins vegar eru þingflokkar einu sinni nefndir á nafn í tengslum við úthlutun uppbótarþingsæta. Í kosningalögum eru aftur á móti nokkur ákvæði, sem snerta stjórnmálaflokka, og í l. um sérfræðilega aðstoð við þingflokka. Þetta eru einu ákvæðin, sem til eru í l. um stjórnmálaflokkana, og sjá allir, sem til þekkja, að þetta eru harla fátækleg ákvæði og brotakennd.

Staðreyndin er sú, að hugtakið stjórnmálaflokkur á sér skemmri sögu í íslenskri löggjöf en margir halda. Í stjórnarskrá og lögum var hvergi minnst yfirleitt einu einasta orði á flokka, hvorki þingflokka né stjórnmálaflokka, fyrr en með setningu stjórnskipunar- og kosningalaga 1934, en þá voru í fyrsta skipti sett ákvæði um uppbótarþingsæti til jöfnunar milli þingflokka. Þá höfðu að vísu verið í l. um 19 ára skeið ákvæði um landskjörna þm., frá 1915, að landskjör 6 þm. var ákveðið, og það kom í staðinn fyrir konungkjörna þm. Var það í fyrsta sinn, sem hlutbundnar kosningar komu inn í löggjöf um kosningar til Alþingis. En landskjör var þó aðeins tengt framlögðum listum, en ekki viðgreindum stjórnmálaflokkum. Landskjörið átti þó áreiðanlega meiri þátt í því en nokkuð annað að grundvalla varanlega flokkaskipan.

Einmitt þetta, hvað löggjafinn hefur verið hirðulaus um að setja ákvæði um réttindi og skyldur stjórnmálaflokka, veldur því, að oft koma upp margs konar vandamál og alvarleg ágreiningsefni, sem valda óþægilegri óvissu. Svo að dæmi séu nefnd, má nefna réttinn til nafns stjórnmálaflokks og það náskylda vandamál, þegar tveir andstæðir aðilar gera tilkall til þess að fara með umboð flokks. Minna má á andstæða úrskurði landskjörstjórnar og yfirkjörstjórnar varðandi atkv. Alþb. í kosningunum 1967 og deilur um flokksfélag SF í Reykjavík fyrir einu ári. Það er einnig staðreynd, að hugtakið þingflokkur hefur tvenns konar merkingu í lögum. Samkv. kosningal. getur einn þm. kjörinn í kjördæmi talist þingflokkur, en samkv. l. um sérfræðilega aðstoð við þingflokka er þingflokkur samkv. 3. gr. l. samtök a. m. k. tveggja eða fleiri þm., sem eru fulltrúar stjórnmálaflokks, sem hér hefur komið á fót landssamtökum, en einn þm. telst utan flokka, þó að hann hafi myndað um sig stjórnmálaflokk. Að sjálfsögðu er þetta augljóst ósamræmi í lagasetningu um stjórnmálaflokka. Eins má nefna opinbera styrki til blaðaútgáfu. Aðeins þau blöð hafa fengið fram að þessu framlög, sem tengd eru stjórnmálastarfsemi með fulltrúa á Alþ. En vegna þess að ekki er við nein lagaákvæði að styðjast í þessu efni, hafa komið upp ýmiss konar álitamál og ágreiningsefni við skiptingu fjárins. Þessi atriði og mörg fleiri þarf að taka afstöðu til með setningu

sérstakrar löggjafar um réttindi og skyldur stjórnmálaflokkanna. En í þessari löggjöf yrði þá jafnframt kveðið sérstaklega á um fjárreiður stjórnmálaflokkanna og eftirlit með þeim og jafnframt fjallað um fjárhagslegan stuðning ríkisins við starfsemi flokkanna.

Í Reykjavíkurbréfi Morgunblaðsins sunnudaginn 4. nóv. s. l. var fjallað um þetta efni með nokkuð óvenjulegum hætti, og þar var m. a. ritað, með leyfi forseta:

„Auðvitað þurfa stjórnmálaflokkar í nútíma þjóðfélagi að hafa talsverðar tekjur. Lýðræðislegri stjórnskipun verður ekki haldið uppi, nema stjórnmálaflokkar starfi. Þeir þurfa á að halda allmiklu starfsliði, og þeir þurfa að kosta margháttaða útbreiðslustarfsemi. Í sumum löndum hefur sá háttur verið upp tekinn, að ríkisvaldið greiði fé til starfsemi stjórnmálaflokkanna. Sá háttur er þó heldur ógeðfelldur, því að vissulega á að mega gera ráð fyrir því, að flokksmenn í hinum ýmsu stjórnmálaflokkum vilji nokkuð á sig leggja til að treysta þær hugsjónir og efla þá baráttu, sem þeir telja, að muni leiða til farsældar. Í stað ríkisstyrkja væri miklu geðfelldara, að stjórnmálaflokkarnir öfluðu alls þess fjár, er þeir þurfa á að halda, með frjálsum samskotum. Virðist ekkert eðlilegra en að slíkar gjafir til stjórnmálaflokka séu skattfrjálsar að vissu marki, með sama hætti og er um gjafir til líknar- og menningarmála. Stjórnmálaflokkarnir gæfu þá upp, hverjir það væru, sem lagt hefðu fram fé til þeirra, og gefandanum væri heimilt að draga fjárframlögin frá tekjum sínum á skattskýrslum."

Hér er sem sagt boðað berum orðum, að stjórnmálaflokkarnir eigi fyrst og fremst að lifa á snikjum. Bréfritari Morgunblaðsins gerir sér grein fyrir því, að stjórnmálaflokkarnir geta ekki haldið uppi þeirri margbrotnu starfsemi, sem nútímaþjóðfélag gerir kröfu til, með almennum félagsgjöldum, eins og venjuleg félög í landinu, a. m. k. ekki almennum félagsgjöldum einum saman, og þá er það till. hans, að flokkarnir lifi fyrst og fremst á gjafmildi skjólstæðinga sinna og umbjóðenda. Og þetta kallar Morgunblaðið geðfelldara skipulag.

Ég vil leyfa mér að varpa fram þeirri spurningu, hvort það sé þá ekki með sömu rökum geðfelldara skipulag, að embættismenn ríkisins hafi lifibrauð sitt af gjöfum frá þeim, sem þeir veita almenna þjónustu, í stað þess að þiggja laun frá ríkinu, sem eru nú orðin býsna há og talsverður baggi á ríkissjóði. Ég skal ekki segja, hverju Morgunblaðið svarar spurningu eins og þessari. En víst er, að ýmsir þeir, sem Morgunblaðið hefur dáð hvað mest, svo sem Agnew, fyrrv. varaforseti Bandaríkjanna, hafa einmitt talið þetta geðfellda lausn á fjárhagsvandræðum embættismanna. Hins vegar láðist Agnew varaforseta algerlega að benda á það snjallræði, sem bréfritari Morgunblaðsins kemur fram með, að gjafir gefnar í stjórnmálalegum tilgangi eigi að vera skattfrjálsar ofan á allt annað fyrir gefandann. Svo langt gekk hann ekki, enda að sjálfsögðu nokkuð óvíst, hvort hugmynd Morgunblaðsins hefði mikið bætt fyrir honum. (Gripið fram í: Ef hann er talinn til líknarfélaga.) Já, e. t. v.

Ég vil þá að lokum spyrja: Hvað felur þessi hugmynd Morgunblaðsins um skattfrelsi gjafa til stjórnmálaflokka raunverulega í sér? Hver á raunverulega að borga brúsann? Ég held, að menn þurfi ekki að velta þessari spurningu lengi fyrir sér. Að sjálfsögðu er það ríkið. Hér er sem sagt ljóslega um að ræða till. um beinan ríkisstuðning við stjórnmálaflokka, að vísu ekki stuðning, sem greiddur er beint úr ríkiskassanum, en minnkar tekjurnar í ríkiskassann, þannig að það kemur nokkuð út á eitt. Munurinn er hins vegar aðeins sá, að samkv. till. Morgunblaðsins á ekki að skipta framlögðu fé til stjórnmálaflokkanna eftir einhverjum lýðræðislegum reglum, heldur eiga fjármálamennirnir í þjóðfélaginu raunverulega að ráða því, hvert þessi ríkisstuðningur rennur. Slíkt skipulag væri ekki aðeins til þess fallið að ýta undir mútugjafir og ýmiss konar spillingu í stjórnmálalífi, heldur væri um leið verið að tryggja, að stuðningur ríkisvaldsins við stjórnmálaflokka yrði framkvæmdur á eins óréttlátan og ólýðræðislegan hátt og nokkur leið er að hugsa sér.

En hver er svo sem hissa á því, að Morgunblaðið og ritstjórar þess komi með till. eins og þessa? Hitt tel ég öruggt, að þessi till. Morgunblaðsins mun ekki fá mikinn hljómgrunn í öðrum flokkum en Sjálfstfl., heldur tel ég talsverðar vonir til þess, að samstaða náist um það, að stuðningur við stjórnmálaflokkana af almannafé verði veittur á eðlilegan og lýðræðislegan hátt, eftir föstum, sanngjörnum reglum.

Herra forseti. Ég þarf ekki að hafa fleiri orð um þessa till. Ég vil leyfa mér að leggja til, að að lokinni þessari umr. verði umræddri till. vísað til hv. allshn.

Magnús Jónsson: Herra forseti. Það var nú ýmislegt næsta broslegt í ræðu hv. þm., sem hér var að ljúka máli sínu, 4. þm. Norðl. v., og ekki trútt um, að manni dytti stundum í hug, að hann ætti í nokkru sálarstríði út af því, sem hann var að ræða um. Ég get hins vegar vel sagt honum það, vegna þess að honum var mjög annt um eina veislu hér í borg, að ég skal gjarnan hlutast til um það, að honum verði boðið þangað, ef hann langar til að líta þar inn. (RA: Það fylgir því skilyrði.) Það fylgir því ekki skilyrði. Það er a. m. k. mjög kyndug röksemdafærsla hv. þm. fyrir þessari veislu, því að annars vegar var hann að tala um, hvernig stæði á því, að eitthvað kostaði þessi veisla og væri verið að leggja fram þetta fé til þess að bjóða þessum hóp manna í veislu, og svo hins vegar var niðurstaðan sú, hvað það væri, sem þessir menn væru að þakka fyrir með því að koma í veisluna. Ég skil ekki almennilega samhengið í þessu. Annars vegar var flokkurinn að þakka fyrir og svo voru þeir að þakka fyrir. Þetta er náttúrlega ágætt, þegar kemur gagnkvæmt þakklæti. Það er alveg rétt, ég er ekki að neita því, að það er haldið smáboð, og er engin leynd yfir því, og fulltrúar frá flokki hv. þm. mega fúslega, ef þeir vilja, fylgjast með því, hverjir sækja þessa veislu, ef þeim er einhver gleði að því. En ég hefði nú haldið, að þetta væri tiltölulega meinlaust og þyrfti ekki að sýna neina spillingu

í neinum flokki, þótt slíkt væri gert. En hvað um það, menn hafa mismunandi skoðanir á því, og er ekkert um það að segja. Ég lít hins vegar ekki á þetta sem hina alvarlegri hlið þessa máls, sem hér er um að ræða, og sennilega hefur nú hv. þm. ekki heldur meint það.

Ég er fús til að ræða efnislega þetta mál, sem hér liggur fyrir. Því miður er formaður Sjálfstfl., sem hann sérstaklega vék máli sínu að, ekki staddur hér nú, og ég get að sjálfsögðu ekki farið að gerast hér einhver útskýrandi á skoðunum, sem hann kann að hafa á þessu máli, umfram það, sem öllum er ljóst og komið hefur fram. Ég ætla ekki heldur að fara sérstaklega að útskýra leiðara eða Reykjavíkurbréf Morgunblaðsins. Ég býst við, að þeir Morgunblaðsmenn fylgist með því, sem hér hefur verið sagt í dag af hv. þm., og væntanlega fær hann næstu daga eitthvað svar úr þeirri átt. Þeir eru alveg færir um það, Morgunblaðsritstjórar, að svara fyrir sig, þannig að ég læt það líka lönd og leið í *máli mínu hér. Hins vegar skal ég fúslega* ræða efnislega það mál, sem er hér til meðferðar, hvort setja beri ákveðnar reglur um fjárreiður stjórnmálaflokka og eftirlit með þeim.

Ég skal taka það fram strax, að Sjálfstfl. hefur ekkert á móti því, að slík löggjöf verði sett. Það er hins vegar mikil spurning, hvernig sú löggjöf á að vera, og sjálfstæðismenn hafa ekkert á móti því að athuga þá till., sem hér liggur fyrir. En eins og hún var, áður en hv. þm. útskýrði hana, var hún auðvitað fjarri öllu lagi, að fela ríkisstj. að fara að setja löggjöf um þessi efni.

Það er að sjálfsögðu eðlilegt, að um þetta mál verði rætt án skætings eða vonsku út af einhverjum ásökunum, sem fram kunna að hafa komið á hendur einum eða öðrum um það, hvernig eigi að haga starfsemi stjórnmálaflokkanna fjárhagslega séð. Ég hygg því, að það ætti ekki að þurfa að vera neitt vandamál að fá samkomulag um að setja þn. eða n. flokkanna til þess að íhuga þetta mál, kynna sér löggjöf um það í öðrum löndum og gera sér grein fyrir því, hvað eðlilegt væri, að í slíkri löggjöf væri, og hvaða reglur hér ættu að koma til greina. Það er til svona löggjöf í ýmsum löndum. Hins vegar hygg ég, að hún takist mjög misjafnlega í framkvæmd. Þar sem hann minntist á Bandaríkin í því efni, meira sem gamanmál, þá held ég, að sannleikur málsins þar sé sá, að þessi löggjöf hafi reynst mjög erfið í framkvæmd og ýmsar krókaleiðir séu til þess að komast fram hjá henni og sannast sagna ýmislegt í henni þar í landi harla hæpið. En það breytir ekki því, að það má vel hugsa sér, að slík löggjöf verði sett, og ég tel sjálfsagt, að athugað verði í þeirri n., sem fær þessa till. til meðferðar, hvort flokkarnir geta orðið sammála um það, hvernig hún skuli sett á laggirnar.

Ég tel það fjarri öllu lagi, að ríkisstj. verði falið að undirbúa slíka löggjöf. Það er óþinglegt með öllu og eðlilegt, að þingflokkarnir sjálfir eða stjórnmálaflokkarnir sem slíkir eigi þar alla aðild að, hverjir svo sem eru í ríkisstj. Enda skildist mér nú á hv. þm., að hann að vísu vildi hafa þetta form, að ríkisstj. undirbyggi það, en það væri þó í huga hans, að allir flokkar ættu að eiga sæti í þeirri n., sem þetta annaðist. Og ég held, að það sé eðlilegast, að Alþ. sjálft ákveði þá um slíka n., ef til kemur.

Ég tel ákaflega hæpinn fyrri lið þessarar till. Ég held, að það ætti að snúa þessari till. við a. m. k. Ég get ekki séð, hvaða grundvöllur er undir því, að Alþ. fari að ákveða opinbera rannsókn í máli sem þessu. Vafalaust geta þeir flokkar, sem hér er bent á, farið í mál eftir eðlilegum hætti og að gildandi lögum, ef þeir telja að sér vikið í þessari blaðagrein, og venjulegt meiðyrðamál, ef þeir vilja. Ef þeir telja, að æra sín sé skert með þessum ásökunum, þá geta þeir gert það. En ég man a. m. k. ekki dæmi þess, að það hafi verið ákveðin slík rannsókn sem hér getur, án þess að það séu nokkur lög fyrir hendi áður um það, hvað sé eðlileg starfsemi stjórnmálaflokka. Ég held, að þessi rannsókn verði að byggjast á einhverjum lögum, og ég held, að jafnvel þó að tiltekinn flokkur sé talinn eiga hér *margar eignir, þá efast ég um*, að það sé út af fyrir sig nokkuð saknæmt, þannig að það réttlæti það, að Alþ. heimti rannsókn á því, hverjar þessar eignir séu eða hverjir leggi fé til flokka, meðan ekki er neitt bann við því, að menn leggi fé til flokka. Ég veit ekki, hvernig á að rökstyðja slíka rannsókn. Ég tala nú ekki um erfiðleikana á mörgu í slíkri rannsókn. Ég á þar ekki síst við flokk hv. þm., að það getur veist erfitt að rannsaka sumt, sem er borið fram, a. m. k. í þessari Morgunblaðsgrein, um einhverjar dularfullar leiðir. Ég er ekki alveg viss um, að þeir aðilar, sem væru á endastöðinni hinum megin á þeirri leið, væru fúsir til þess að gefa slíkar upplýsingar eða jafnvel íslensk þingnefnd fengi þær, þó að væri óskað eftir þeim upplýsingum.

Ég skal svo ekki fara lengra út í þá sálma, en ég held, að við hljótum öll að geta verið sammála um, að þetta er að fara aftan að hlutunum. Fyrst er að setja löggjöf um það, hvað sé eðlilegt, að stjórnmálaflokkar megi gera, og hvernig þeir megi haga sínum fjárreiðum, en ekki byrja á að hefja opinbera rannsókn á því, sem enginn getur fullyrt um, að sé á neinn hátt saknæmt. Það *held ég, að geti ekki þjónað* neinu og vafasamt, að Alþ. geti fyrirskipað slíka rannsókn.

Það sem sagt er niðurstaða mín í þessu efni, að ég sé ekkert athugavert við það og tel æskilegt, eins og kemur raunar fram í þessum margumtalaða leiðara eða Reykjavíkurbréfi Morgunblaðsins, að það verði leitað eftir því að setja ákveðnar reglur um það, hvernig hagað skuli fjárreiðum stjórnmálaflokka. Þetta er ekki síst nauðsynlegt fyrir þá sök, sem hv. flm. þessarar till. vék hér að áðan, að hið opinbera er farið að hefja margvíslega aðstoð við stjórnmálaflokkana og það í vaxandi mæli, án þess að til séu um það nokkrar ákveðnar reglur. Og það eru ekki í rauninni heldur neinar ákveðnar reglur til um það, hvað skuli teljast stjórnmálaflokkur í þessu sambandi. Um þetta er auðvitað alveg óumflýjanlegt að setja reglur. Hér erum við nefnilega komnir inn á þá braut, sem er alveg ný, að hið

opinbera styrki eftir ýmsum leiðum, annars vegar með blaðakaupum, sem er mál út af fyrir sig, að Alþ. eða ríkið eigi að kaupa blöð til þess að geta haldið þeim lifandi, þótt enginn vilji vera raunverulegur kaupandi þeirra með frjálsum hætti. Það er mál út af fyrir sig, sem mér hefur alltaf fundist harla kynlegt, en sleppum því. Þetta hefur verið gert, og það er komið sem komið er. En að það sé eðlilegri ráðstöfun á fé almennings heldur en sú leið, að fólk megi leggja fé til sinna flokka eða stjórnmálasamtaka, það fæ ég ekki séð.

Það hefur hingað til tíðkast með þeim hætti, að áhugamenn innan hinna ýmsu flokka hafa haldið starfsemi þeirra uppi, og ég held, að eins og sakir standa í dag, sé fjarri lagi að halda, að það liggi í augum uppi, að einn tiltekinn flokkur hafi hér miklu betri aðstöðu í reynd heldur en aðrir flokkar. Það er að vísu stærsti flokkurinn, sem hér er talað um, og ég skal játa og tel það enga skömm, að það er mikill fjöldi manna, sem vill gjarnan styðja þann flokk með fjárútlátum. Ég efast ekkert um, að fólk í öðrum flokkum hefur hingað til einnig stutt sína flokka með framlögum, og ég læt alveg ósagt, hver hefur borgað stærstu framlögin til hvaða flokks, ég ætla ekki að vera með neinar aðdróttanir um það. En ég er ekki alveg viss um, að stærstu upphæðirnar í þessu séu, eins og hv. þm. vildi gefa í skyn, í flokkssjóði Sjálfstfl. Það leyfi ég mér að efast stórkostlega um, án þess að vera með nokkrar aðdróttanir í því efni. Og það er vissulega svo, held ég, í dag, að því fer víðs fjarri, að það sé Sjálfstfl., sem búi miklum mun betur varðandi fjárhagslega afkomu heldur en aðrir flokkar í þjóðfélaginu. Og ég vísa alveg frá sem ósæmilegum staðhæfingum orðum hv. ræðumanns um það efni, að þar sé haldið uppi starfsemi með einhverjum alveg óeðlilegum fjárútlátum og ósæmilegum. Þó að honum virtist það hlægilegt og fjarstætt, þá veit ég ekki, hvort það er svo óskaplega fjarstætt að leyfa mönnum að greiða til stjórnmálaflokka innan vissra marka framlög, sem væru undanþegin skatti. Það held ég, að hljómi einkennilega, að telja stjórnmálaflokka mannúðarsamtök. En þó veit ég ekki, hvort það er fjær lagi en um mörg þau samtök, sem njóta slíkra fríðinda. Auðvitað eru það óbein ríkisframlög, sem í þessu mundu felast. En það mundi þá koma á daginn líka, hvað fólk vill á sig leggja fyrir sinn flokk.

Ég veit ekki, hvort það er sjálfsagt, að menn geti bara með því að mynda flokk eftir mjög óljósum reglum eða reyndar engum reglum, þá geti þeir labbað upp í fjmrn. og sagt: Nú vil ég fá peninga, ég er flokkur, — og þá eigi þessi aðili að eiga rétt á því að fá svo og svo stórar summur úr ríkissjóði, þó að það sé kannske ekki vitað, að nokkur maður vilji nokkurn tíma hafa neitt með þennan flokk gera. Ég veit ekki, hvort þetta er nokkuð eðlilegri máti en hitt, sem hv. þm. fannst fjarstætt með öllu, að orða þá hugmynd, að menn mættu að vissu marki leggja fram fé til síns flokks, hver sem hann væri, og fengju jafnvel að draga það frá skatti upp að því marki, sem heimilt er að gera í framlögum til vissra samtaka, sem viðurkennt er í þjóðfélaginu, að megi njóta slíkra fríðinda. Ég leyfi mér að efast um, að það sé nokkuð lýðræðislegri aðferð heldur en að treysta á það, að flokkarnir eigi slíkt fylgi meal almennings og slíka fórnarlund hjá sínum flokksmönnum, að þeir geti byggt að verulegu leyti starf sitt á því. Ég minnist þess a.m.k., að í blaði hv. þm. hefur oft verið talað um þá ríku og sterku fórnarlund, sem ríkti í röðum þeirra Alþb.-manna og gerði þeim kleift að halda úti myndarlegu málgagni. Ég læt ósagt um starfsmannafjöldann, — hann hefur verið fenginn með ýmsum hætti, — og hvaðan starfsmennirnir eru komnir, sem vinna fyrir flokkinn. En út í þá sálma skal ég ekki fara. Ég held, að það yrði jafnan erfitt, þó að löggjöf verði sett, að girða fyrir það, að menn, sem eiga að vinna að öðrum málum, vinni fyrir flokka aðallega.

Ég skal ekki orðlengja, herra forseti, meira um þetta mál á þessu stigi. Eins og ég sagði, ætla ég ekki að fara út í neitt orðaskak í sambandi við fullyrðingar, sem hafa komið í blöðum um þessi efni, og læt blöðin um að kljást um það og þ.á m. Morgunblaðið um að svara því, sem hv. þm. hefur hér kastað fram til svars Reykjavíkurbréfi þess blaðs. En aðeins að lokum endurtek ég það, sem ég áðan sagði: Það er nauðsynlegt að setja fastar reglur um aðstoð ríkisins við stjórnmálaflokkana, úr því að sú aðstoð er hafin, og með hvaða hætti hún eigi að vera, og ég tel einnig sjálfsagt, að það sé athugað af fullkominni alvöru og málefnalega, hvort ekki sé rétt að setja almennar reglur um fjárreiður stjórnmálaflokka. Verði það niðurstaðan við athugun á þessari till., að það sé talið eðlilegt, þá tel ég sjálfsagt, að það gerist með þeim hætti, að stjórnmálaflokkarnir setji n. í það mál, annaðhvort með frjálsu samkomulagi eða þá með einhverri formlegri ályktun héðan frá Alþ., en ríkisstj. sé ekki falið það, hver sem hún kann að vera. Að lokum tel ég, að leið um opinbera rannsókn á fjárreiðum og eignum stjórnmálaflokka sé mjög óeðlileg, mjög hæpið, að hún fái staðist, áður en fyrir liggur einhver löggjöf, sem hægt væri að byggja á í sambandi við þá athugun.

Helgi F. Seljan: Herra forseti. Sem einn af flm. þessarar þáltill. langar mig að leggja hér nokkur orð í belg. Það er hins vegar leitt, að hv. formaður Sjálfstfl. er ekki staddur á þessum fundi, því að að honum er vikið í grg. sérstaklega og orð hans blandast óneitanlega hér inn í. En vitanlega hefur hann hér fritt lið stuðningsmanna, sem taka auðvitað fúslega hans málstað, og þarf sjálfsagt ekki undan því að kvarta, þótt það hefði verið æskilegra og skemmtilegra, að hann væri viðstaddur.

Þegar ég las Reykjavíkurbréf Morgunblaðsins 29. sept. s.l., rifjaðist upp fyrir mér löngu liðinn atburður. Ég les sem sagt þetta umrædda bréf til þess að sannfæra mig um, að ég sé á réttri leið í pólitíkinni. Umrætt bréf er mér sannkallaður áttaviti. Snúi nál. þess í norður, er mér óhætt að halda í suður, ég tala nú ekki um vestur og austur. En atburðurinn, sem rifjað-

ist upp fyrir mér, var málfundur, þar sem ég mætti þeim Heimdellingum í fyrsta sinn. Hann var dýrmæt reynsla, þó að hún reyndi svo sem allhrottalega á hljóðhimnurnar. Ég var þar af veikum mætti að verja það, sem ég hélt og held enn í dag, að sé íslenskur málstaður, gegn öðrum málstað mér að miklu óþekktum þá, vestrænum málstað. Og ég hafði fengið ótvírætt að heyra það, að gagnvart svo göfugum og guðlegum málstað var minn íslenski hreint píp, en það, sem verra var, minn málstaður var hreinlega ekki til í orðabók andmælenda minna. Málstaðirnir voru sem sé aðeins tveir, sá vestræni og austræni, og þrátt fyrir andheitar ræður þeirra var ég enn að burðast með minn einskis nýta málstað, og þá allt í einu var hrópað úr salnum: „Þú ert launaður af Rússum, Rússaþý, Rússaþý.“ Og fagnaðarópin, sem á eftir fylgdu, voru sannarlega vel lukkuð. Mér varð orðfátt, og fögnuðurinn jókst. Ég, sem hafði slegið félaga minn um lán fyrir kaffi á Skálanum fyrr um daginn, átti sem sé að eiga auð fjár austan frá Rússiá, og mér varð litið til andmælenda minna í nýjustu tískufötunum, strokinna og kembdra pabbadrengjanna úr Verslunarskólanum. Og ég gleymdi í framhaldinu hernum og rúblunum og því öllu saman og fór eitthvað að þruma um misrétti þjóðfélagsins, vald auðsins, þess sama auðs og ber uppi Reykjavíkurbréf Morgunblaðsins, og öskrin úr salnum héldu mér heitum og vondum. Á endanum var ég víst farinn að tala um dollara og hermang, og þá baulaði hinn vestræni lýður svo, að ræðu minni var sjálflokið.

Þessi upprifjan þykir e. t. v. mörgum út í hött varðandi þá þáltill., er hér liggur fyrir. En þó er hún eðlileg fyrir mig persónulega hvað þetta mál varðar, sem hér er til umr. Ég man reyndar eftir fleiri svipuðum atvikum, sem öll undirstrikuðu það, hve auðugur ég í raun og veru var og sá flokkur, sem ég aðhylltist. Það var nú eitthvað annað en t. d. blessaður Sjálfstfl., sem alltaf átti í basli eða kröggum, og þurfti ekki annað en líta á opinber gjöld máttarstólpanna sumra til að sjá og sannreyna. Og þó kvað þessi fátæki flokkur alltaf vera á niðurleið fjárhagslega. Opinberir kveinstafir sama Reykjavíkurbréfs sannfærðu mig um það, að hér dygði ekki annað en allsherjarsamskot allra brjóstgóðra manna, og ég veit, að húsmæðurnar í Vesturbænum, þessar sem eru alltaf að skrifa hjartnæmar hugleiðingar í Morgunblaðið, hafa tárfellt og beðið guð að hjálpa sér og Morgunblaðinu og fátæka flokknum sínum og um leið sagt svolítið ljótt um forríkt Alþb. með allt Rússagullið, sem hlaut að vera meira en satt, því að það stóð jú og hafði staðið svo í Morgunblaðinu.

En þótt líta megi á skrif sem þessi með gleraugum nokkurrar gamansemi í bland, er hér á ferð alvarlegri hlutur en svo, að gamanmál ein hæfi. Því var það, að ég gladdist stórlega, þegar ég heyrði formann Sjálfstfl. fá spurningu um nákvæmlega þetta atriði í beinni línu nokkru seinna. Ég efaðist ekki eitt augnablik um það, að hinn prúði og að ég hef haldið hjartahreini formaður mundi nú taka af skarið, lýsa Morgunblaðstalið fleipur eitt, enda nýbúinn af ofurskiljanlegum ástæðum að firra flokkinn allri ábyrgð á því andlega fóðri Morgunblaðsins, sem sjálfstæðismönnum verður bumbult af. En nei og aftur nei. Hinn prúði maður tók undir hvert orð Morgunblaðsins í raun og veru og féll jafnvel í þá gryfju til viðbótar að útskýra þetta nánar og var svo dæmalaust seinheppinn að nefna fasteignir í því sambandi. Grunsamlegar fasteignir, sagði hv. formaður Sjálfstfl. Já, það var og. Mér þótti út af fyrir sig vænt um, að formanni Sjálfstfl. skyldi þykja fasteignir grunsamlegar. Mér hefur nefnilega svo sannarlega þótt ýmsar, já, margar fasteignir hér í borg býsna grunsamlegar, ekki af því að ég héldi, að þeim lægju að baki rúblur eða dollarar eða sterlingspund, heldur af því að ég vissi ekki annað en eigendur flestra þeirra háreistu og stærstu væru bláfátækir menn, menn, sem litu öfundaraugum til jafnvel hafnarverkamannanna, sem velta sér í allsnægtum yfirvinnunnar. Og ég gladdist í augnablikinu. En sú gleði varð skammvinn, því að á næsta augnabliki varð mér ljóst, að fasteignir skiptust í tvo flokka, góðar og vondar, grunsamlegar og ógrunsamlegar. Og það voru aðeins þær fasteignir, sem á einhvern hátt mátti tengja Alþb. og Alþb.-mönnum, sem voru grunsamlegar vegna annarlegs fjárstreymis. Hvers vegna ekki allar hinar? Hvers vegna ekki allar hallir hinna staurblönku heildsala, sem risið hafa á undanförnum áratugum? Fjármögnun þeirra er sem sé eðlileg, þótt hún verði ekki útskýrð með þessa heims sönnunum. Kannske við þurfum að leita til Akureyrar til að fá þær.

En hér hæfir ekki háð né gaman eitt, því að þótt enginn geti né eigi að taka mark á Morgunblaðinu, allra síst pólitískum skrifum þess, þá verður að taka mark á formanni stærsta stjórnmálaflokks á Íslandi, einkanlega þegar hann talar um fasteignir, því að allir vita, að þar talar sá, sem þekkinguna hefur. Hér hlutu því viðbrögð okkar Alþb.-manna að verða á einn veg: þann að flytja um það till., að hér verði svo sem unnt er sannað eða afsannað, hver fer með rétt mál, hver hefur yfir digrum sjóðum að ráða, hver hefur yfir stærstri flokksvél að ráða, mestum mannafla í sinni þjónustu. Allt er þetta mjög forvitnilegt og sjálfsagt, að allir viti. Og svo er það, sem mestu skiptir, hvort hér eru á ferð einhver grunsamleg peningaráð, einhverjar greiðslur til flokka, sem skylt eiga við mútur erlendra stórvelda, í raun hrein landráðastarfsemi samkv. því.

Það hefur verið á það bent, að í fyrirmyndarríki formannsins hefur nú um sinn ríkt nokkur ókyrrð vegna ýmissa vafasamra viðskipta þeirra lýðræðisvarða, sem þar tróna hæst. Þarlent fjármálavald hefur löngum verið æðsta vald í öllum málum, smáum sem stórum. Það verður að vona, að ekkert slíkt sé til hér á landi, því að ekkert veit ég ógeðugra en það, að auður, oft illa fenginn, ráði öllu í þjóðlífinu, og þar vona ég, að hv. formaður Sjálfstfl. sé mér hjartanlega sammála.

Þessi till. hlýtur einnig að koma inn á allar slíkar óeðlilegar greiðslur, þar sem vissir aðilar eða hagsmunahópar kynnu að vilja ráða framvindu og úrslitum mála, t. d. á Alþ. Rannsókn sú og eftirlit, sem hér er fram á farið, er

reyndar sjálfsagt, og þyrfti e. t. v. víðar að taka til hendinni. Við Alþb.-menn höfum engu að leyna og ekkert að fela, og vonandi er svo um aðra einnig, þótt viðbrögð Morgunblaðsins bendi til nokkurs óróa út af tillöguflutningnum. En kannske sjá þeir eftir öllu saman, og væri það sannarlega mikils virði einnig, ef þeir góðu menn færu nú að taka upp á því að skammast sín. Þessi till. væri þá ekki til einskis, ef þeir Morgunblaðsmenn öðluðust þá dýrmætu lífsreynslu. En aðalatriðið er, að sem best megi koma í ljós, hvernig fjárhag og fjáröflun flokkanna er háttað, og það komi í ljós, hver þar er auðugur og hver fátækur. Margendurteknum áburði sjálfstæðismanna verður ekki betur svarað en með þessum hætti, haldleysi hans verður þá lýðum ljóst, og það er vel.

Umr. frestað.

Samgönguáætlun fyrir Norðurland, þáltill. (þskj. 44). — Frh. einnar umr.

Flm. (Lárus Jónsson): Herra forseti. Hæstv. forsrh. talaði í þessu máli, sem hér er til umr., síðast þegar það var hér á dagskrá, og gerði nokkrar aths. við mál þetta og kom þar fram með ýmislegt, sem ég vildi koma fram leiðréttingu við. Hæstv. ráðh. var ekki hér, þegar taka skyldi þetta mál síðast á dagskrá, þannig að ég tel, að þótt ég hefði viljað gjarnan, að hann væri hér viðstaddur, þegar ég gerði þessar aths. við hans mál, þá tel ég, að málið megi ekki dragast öllu lengur, og því vil ég koma hér örstuttum aths. á framfæri, sem verða miklu minni, vegna þess að hæstv. ráðh. er ekki viðstaddur.

Hann taldi, að ýmislegt af því, sem hefði fram komið í máli mínu, hefði heldur mátt bíða framboðsfunda á Norðurlandi en það ætti erindi inn á Alþ. Nú var margt af því, sem ég sagði, í þeim skilningi þingmál, að ég benti þar á m. a., að Alþ. hefði gert ákveðnar samþykktir um samgönguáætlun fyrir Norðurland, sem hefðu ekki verið framkvæmdar af hæstv. ríkisstj., og ég fæ ekki annað séð en það sé mál, sem hreyfa eigi á hv. Alþ. sjálfu. Hér á ég m. a. við það, að 20 millj. kr., sem hið háa Alþ. samþykkti að verja til samgöngubóta á Norðurlandi á árinu 1972, þeim fjármunum var aldrei varið það ár til þessara hluta og ekki heldur á árinu 1973. Hann ræddi um það, að það væri ekki raunhæft að tala um tölur, sem settar væru fram í undirbúningsvinnu áætlanagerðar. Hann talaði um, að þær væru ekki skornar niður. Að vissu leyti er þetta rétt. En samgönguáætlun fyrir Norðurland var þannig unnin, að 1972 og 1973 var áætlunin gerð aðeins fyrir eitt ár í senn og tíminn notaður fram á vor til þess að skera niður einstaka verkþætti áætlunarinnar. Hér er að sjálfsögðu ekki um að ræða eðlileg áætlanavinnubrögð, og það er ekki hægt að verja þetta með því að segja, að það sé eðlilegt að skera niður slíkar framkvæmdir fram í rauðan dauðann, þegar einungis er áætlað eitt ár fyrir fram. Allt annað væri, ef áætlun væri í undirbúningi fyrir 4 eða 5 ár og það kæmu fram ýmsar till. á undirbúningsstigi hennar og endanleg áætlun, sem yrði samþykkt, yrði framkvæmd. Það er allt annað mál en þegar skorið er niður eitt ár í senn af áætlun, sem á að vera til lengri tíma. —

En það, sem ég ætlaði nú fyrst og fremst að leiðrétta hjá hæstv. forsrh., var það, að hann talaði hér um atvinnumálaþátt Norðurlandsáætlunar, og það virtist vera skoðun hans, að þarna væri um þarft og gott ritverk að ræða, en væru tómar hugleiðingar, eins og hann sagði, um það, sem gera þyrfti, en ekki neinar áætlanir, sagði hann orðrétt, þannig að þær væru *tengdar neinu fjármagni*. Hér er um algera misögn að ræða og í rauninni furðulega vanþekkingu af einum þm. Norðlendinga að halda þessu fram, því að í atvinnumálaáætlun fyrir Norðurland er sett fram, hversu miklu fjármagni á að verja á áætlunartímabilinu. Þar var um 483.4 millj. að ræða, og af því voru 176 millj. lánsfé, sem útvegað var sérstaklega í þessu skyni erlendis frá. Einnig var hér um að ræða atvinnumálaáætlun og útilokað að gera annað en það, sem var gert í henni, að leggja til, að ákveðin stefna yrði tekin upp í atvinnumálum, bæði með því, hvernig þessu fjármagni yrði varið, og á annan hátt. Þessi stefna er sett mjög skýrt fram í þessari áætlun og í 12 liðum. Ég tel ekki þess þurfa við að fara að gera mönnum grein fyrir því hér á hinu háa Alþ., hvernig þetta var gert. Menn fengu þessa skýrslu á sínum tíma, og þessu er nákvæmlega lýst í þessari áætlun.

Ég vil svo láta lokið máli mínu um þetta efni, en mér þykir fyrir því, að hæstv. ráðh. skyldi ekki geta verið við hér, þegar þetta mál kom á dagskrá, hvað eftir annað.

Pálmi Jónsson: Herra forseti. Ég hafði kvatt mér hljóðs undir umr. um þetta mál fyrir nokkrum dögum vegna nokkurra ummæla, sem féllu hjá hæstv. forsrh., sem því miður er ekki staddur hér í dag. Hæstv. ráðh. fann að því, að þessar umr. beindust í þann farveg, sem helst mætti líkja við framboðsfund, og taldi, að ýmislegt af því, sem hér væri sagt, mætti bíða framboðsfunda fyrir næstu kosningar á Norðurlandi. Hæstv. ráðh. gerði sig þó sekan um það að tala sjálfur í þeim tón, sem hann vildi ávíta aðra fyrir, og var raunar sá hinn eini af ræðumönnum, sem talaði eins og um framboðsfund væri að ræða.

Hæstv. ráðh. taldi ekki ástæðu til þess fyrir þm. Norðlendinga að finna að því, hvernig staðið hafi verið að þessari áætlun, og mótmælti því, að um vanefndir hefði verið að ræða í sambandi við hana. Hæstv. ráðh. rakti það, að nú væri meira unnið að samgöngubótum á Norðurlandi heldur en oft hefði verið gert áður, og skal því síst mótmælt. Það þarf heldur engan að undra, að svo sé, þegar farið er að vinna að þessum framkvæmdaþætti eftir þeirri áætlun, sem hér er til umr., — áætlun, sem gerir ráð fyrir því, að varið sé til þessara framkvæmda á milli 100 og 200 millj. kr. á ári til viðbótar við fé vegáætlunar. Það kom því engum spánskt fyrir sjónir, þó að nú kæmist meira í verk heldur en áður hefði verið gert í þessu efni.

En þrátt fyrir það vil ég aðeins til þess að orðlengja þetta ekki mjög með hliðsjón af því,

að hæstv. ráðh. er ekki viðstaddur, minna á það, að þegar gildandi vegáætlun var afgreidd á Alþ. 18. maí 1972, þá var það samþykkt hér á hinu háa Alþ., að varið skyldi til samgönguáætlunar Norðurlands 120 millj. kr. á árinu 1972. Þær vanefndir, sem ég talaði um, eru í því fólgnar, að ekki fengust þessar 120 millj. kr., sem Alþ. hafði ákveðið til þessa verks, heldur einungis 100 millj. kr. Ef hæstv. ráðh. vill mótmæla því, að hér sé um vanefndir að ræða, þá hann um það, en þetta tel ég vanefndir.

Ég skal svo ekki lengja þessar umr. frekar, einungis vænta þess, að meðferð þessa máls verði með þeim hætti nú, að áætlun verði samin fyrir allt áætlunartímabilið, að hún liggi fyrir á framhaldsþinginu eftir áramótin og að þm. Norðurlands fái fulla aðstöðu til þess að fylgjast með því, hvernig þessi áætlun verður samin.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Bættar vetrarsamgöngur, þáltill. (þskj. 50). — Ein umr.

Flm. (Lárus Jónsson): Herra forseti. Ég hef ásamt hv. þm. Sverri Hermannssyni, Matthíasi Bjarnasyni, Halldóri Blöndal og Gunnari Gíslasyni leyft mér að flytja till. til þál. á þskj. 50 um bættar vetrarsamgöngur í snjóþungum byggðarlögum. Till. er svo hljóðandi:

„Alþingi ályktar að fela ríkisstj. að endurskoða reglur, sem gilda um snjóruðning af vegum, með það í huga að bæta vetrarsamgöngur í snjóþungum byggðarlögum, auka öryggi sjúkraflutninga, auðvelda flutninga barna í skóla auk mann- og vöruflutninga í þessum byggðarlögum. Ríkisstj. er falið að kanna hagkvæmni þess að afla nýtískulegra og öflugra tækja, sem tiðkast í öðrum löndum, til þess að koma þessari stefnu í framkvæmd."

Reglur um snjóruðning af vegum hafa gilt svo til óbreytt í nær áratug, og litlar breytingar hafa orðið á aðferðum og tækjum til snjóruðnings vega síðustu áratugi. Rétt er að undirstrika strax í upphafi, þegar þessi mál eru rædd, að það er að mörgu leyti eðlilegt, að gætt sé aðhalds, þegar fjármagni er varið til slíkrar þjónustu, sem er snjóruðningur vega. Á því máli eru þó margar hliðar. Það er staðreynd, að vegna legu landsins á hnettinum og staðhátta verður þörf á stórbættri þjónustu í vetrarviðhaldi, þótt vegirnir verði smám saman bættir og byggðir upp, þ. e. a. s. ef viðkomandi byggðarlög eiga að heita byggileg nútímafólki. Enda er það svo, að aðhaldssemi í snjóruðningi vega hefur oft og tíðum orðið þjóðfélaginu óhemju kostnaðarsöm að mínu mati og verður enn þá kostnaðarsamari, eftir því sem tímar líða, ef menn hugsa ekki stefnuna upp á nýtt í þessum efnum og miða hana við þær breyttu þjóðfélagsaðstæður, sem eru augljósar. Þessi misskilda aðhaldssemi hefur nú þegar valdið því að mínu mati, að byggðir hafa verið of margir óhemju dýrir heimavistarskólar, þar sem unnt hefði verið að koma við heimanakstri barna með bættum vetrarsamgöngum. Þá hefur víða skapast af framangreindum sökum öngþveiti í heilsugæslumálum á stórum landssvæðum, og allir vita, að góð heilsa verður ekki metin til fjár. Þessu til viðbótar hafa aðrar félagslegar kröfur fólks farið mjög vaxandi á undangengnum áratug og munu færast stórkostlega í aukana á næstu árum. Til þess að mæta þessum kröfum eru góðar og umfram allt tryggar samgöngur á landi milli byggðarlaga algert grundvallarskilyrði. Þessar vaxandi ófullnægðu kröfur hafa þegar orðið til þess að ýta undir fólksflótta úr heilum landshlutum til þéttbýlisins hér á Suðvesturlandi, en að mínu mati eru þeir fólksflutningar með allra dýrustu fjárfestingu, sem þjóðin ræðst í. Það er því engum blöðum um það að fletta, að það fé, sem nú sparast vegna of mikils og misskilins aðhalds um snjóruðninga vega, þurfum við að gjalda margfalt í öðrum verðmætum og meira að segja í mörgum tilvikum margfalt í krónum og aurum.

Ég hef oft hugleitt það, að kerfi yfirstjórnar fjármála ríkisins sé ekki ósvipað sérfræðingakerfinu í læknamálum. Það er alkunna, að flestir læknar eru orðnir sérfræðingar í að lækna ýmsa líkamshluta okkar, en sárafáir hirða um líkamann sem heild. Í fjármálum ríkisins er sífellt að færast í vöxt, að sérstofnanir á hinum ýmsu sviðum taki áhrifavaldið úr höndum Alþ. í skiptingu framkvæmdafjár: Vegamálaskrifstofan í vegamálum, heilbrrn. í heilbrigðismálum, menntmrn. í menntamálum o. s. frv. Með vaxandi áhrifum þessara aðila á einstakar fjárveitingar til framkvæmda er það minna haft í huga, hvernig viðkomandi byggðarlag stendur sig sem samfélagsleg heild, þegar í viðkomandi framkvæmd hefur verið ráðist. Sem dæmi mætti nefna, að Vegagerð ríkisins tekur ekki mið af því, þegar hún er að gera till. til fjárveitinga til vegaframkvæmda í byggðarlagi eða þegar hún setur reglur um snjómokstur hverju sinni, hvort unnt væri að komast hjá byggingu heimavistar við tiltekinn skóla með bættum samgöngum. Ég er þeirrar skoðunar, að þetta þurfi Alþ. að láta athuga betur, og er í þessari till. gert ráð fyrir, að svo verði gert, að því er þetta mál varðar, sem hér um ræðir.

Reglur um snjóruðning vega, sem nú gilda, munu flestar nálægt áratugs gamlar eins og ég sagði áðan. Þær miðast víðast við, að rutt sé snjó af vegum á ákveðnum fyrirframgerðum tímum. Þó eru mikilvægir vegir hér í þéttbýlinu ruddir eftir þörfum. Á hinn bóginn er það svo sums staðar á mikilvægum millibyggðavegum á landsbyggðinni, að reglurnar kveða svo á að þá vegi skuli ekki ryðja oftar en einu sinni í mánuði, og marga vegi ber einungis að ryðja hálfsmánaðarlega, þ. á m. mætti nefna veginn frá Húsavík til Þórshafnar og milli Vopnafjarðar og Þórshafnar. Veginn milli Húsavíkur og Akureyrar ber að ryðja aðeins einu sinni í viku, og er sömu sögu að segja um veginn fyrir Ólafsfjarðarmúla.

Steininn tekur þó úr, þegar litið er á vegina í sveitum landsins, en þá mokar Vegagerð ríkisins á sinn kostnað einungis haust og vor, en ef þörf er á ruðningi þeirra vega um vetur, þurfa bændur eða viðkomandi sveitarfélög að kosta helming þess verks, þótt þeir aðilar hafi á hinn

bóginn engin úrslitaáhrif á, hvenær eða hvernig framkvæmdinni er háttað.

Þótt slíkar reglur hafi einhvern tíma verið settar af illri nauðsyn, held ég, að engum geti blandast hugur um, að við þær aðstæður og kröfur, sem gerðar eru í dag, verði ekki unnt að komast hjá því að gera á þeim gagngerar breytingar. Byggðir hafa verið fjölmargir skólar í strjálbýlinu, sem mörg sveitarfélög standa að, og eru margir þeirra, sem betur fer heimanaksturssskólar. Ný viðhorf blasa einnig við í heilsugæslumálum. Í stað gamla héraðslæknakerfisins með lækni í hverju byggðarlagi er nú gert ráð fyrir að þjóna heilum héruðum frá heilsugæslustöðvum. Augljóst er, að þessi nýju viðhorf krefjast tryggari samgangna á landi en verið hefur og þar með aukinnar þjónustu við snjóruðning vega. En engar sérreglur gilda um þetta nú.

Í þessu sambandi minnist ég þess, að fyrir nokkrum árum var ég formaður fræðsluráðs í afskekktu byggðarlagi. Ég hringdi þá til Vegagerðar ríkisins og óskaði eftir því, að vegur, sem börn þurftu að komast um til skóla, yrði ruddur. Ég fékk það svar, að viðkomandi vegur yrði ekki ruddur fyrir skólabörn. Samkv. reglum yrði hann aðeins ruddur, væri nauðsyn á vegna mjólkurflutninga. Þetta þótti mér heldur köld svör. En ég veit ekki betur en þessar reglur gildi enn óbreyttar í strjálbýlinu, þrátt fyrir þá þróun, sem átt hefur sér stað í skólamálum og heilbrigðismálum á undangengnum árum.

Auk þessara röksemda, sem ég hef hér tíundað fyrir brýnni nauðsyn á endurskoðun reglna um snjóruðning vega sakir nýrra viðhorfa í skóla- og heilbrigðismálum strjálbýlisins, er það deginum ljósara, að heil héruð, sem búa við þær samgöngur á landi, að einungis sé gert ráð fyrir, að vegir séu færir einu sinni í viku, hálfum mánuði eða mánuði, bjóða hreinlega ekki upp á aðstöðu til nútímabúskaparhátta. Það er því tómt mál að tala um eðlilega þróun þeirra eða jafnrétti þeirra þegna, sem þau byggja, nema til komi bætt þjónusta á þessu sviði. Óruggar og greiðar samgöngur eru slíkar lífæðar nútímamannlífs, og þarf naumast að brýna slíkt fyrir þingheimi.

Ég þykist hér hafa fært óyggjandi rök fyrir því, að bæta þurfi verulega um til þess að tryggja vetrarsamgöngur á landi, þar sem ófærð myndast á vegum sakir snjóa, jafnvel þótt vegirnir séu vel úr garði gerðir. Þar koma til ný viðhorf í skólamálum, heilbrigðismálum og svo önnur félagsleg og efnahagsleg atriði. Engum blöðum er um það að fletta, að verja þarf meira fé til þessarar félagslegu þjónustu en verið hefur. Á hinn bóginn kemur mjög til álita að minni hyggju, hvort ekki væri unnt að auka þessa þjónustu fyrst og fremst með bættu skipulagi og tækjakosti. Nú er snjó rutt af vegum að langmestu leyti með jarðýtum og vegheflum. Nokkrir snjóblásarar eru til í landinu og hafa reynst vel, þar sem þeir hafa verið notaðir. Mér er tjáð, að aðrar þjóðir, t. d. Norðmenn, noti snjóblásara í miklu ríkari mæli en við hér á landi og skipuleggi þessa þjónustu öðruvísi en við. Mestu kostir snjóblásara eru, að þeir eru miklu hraðvirkari en önnur snjóruðningstæki og skilja ekki eftir sig ruðninga á vegköntum, sem mynda gildru fyrir enn þá meira snjómagn á viðkomandi vegi en var fyrir. Það hlýtur því að koma mjög til álita, þegar við blasir, að stórauka þurfi þjónustu á þessu sviði, hvort ekki væri unnt að læra af frændum okkar og nágrönnum í þessum efnum, skipuleggja þessa þjónustu á nýjan leik og draga þannig úr óhjákvæmilega stórauknum kostnaði, sem annars er nauðugur kostur að mínu mati að leggja í á þessu sviði.

Herra forseti. Ég tel óþarft að rökstyðja þessa till. nánar. Öllum þm., a. m. k. sem búa á landsbyggðinni, er eflaust ljóst, að mikil þörf er á efnislegri framkvæmd þessarar till. Ég vænti því þess fastlega, að henni verði vel tekið og legg til, að umr. verði frestað og till. vísað til hv. allshn.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Raforkumál, þáltill. (þskj. 116). — Ein umr.

Flm. (Jón Árnason): Herra forseti. Á þskj. 116 hef ég ásamt 10 hv. þm. Sjálfstfl. leyft mér að flytja till. til þál. um raforkumál. Tillgr. hljóðar svo, með leyfi forseta:

„Alþingi ályktar að fela ríkisstj. í samráði við sveitarfélög og samtök þeirra að vinna að eftirfarandi stefnumörkun í raforkumálum:

1. Raforkuiðnaðurinn verði efldur, svo að tryggð verði næg og sem ódýrust og öruggust raforka til allra notenda með því að:

a. orkubúskapurinn verði rekinn með hag alþjóðar fyrir augum;
b. stærstu verkefnin við orkuvinnsluna verði leyst með sameiginlegu átaki alþjóðar;
c. hagkvæmni og öryggis- og umhverfissjónarmið verði látin ráða við val á mannvirkjagerð til raforkuiðnaðar;
d. fólkið í byggðum landsins fái sem beinust áhrif á stjórn raforkuiðnaðarins;
e. unnið verði að verðjöfnun rafmagns um land allt með því m. a. að veita óafturkræft stofnframlag til framkvæmda og jafna þannig aðstöðu raforkufyrirtækjanna, þar sem aðstæður eru óhagkvæmastar;
f. tryggja eðlilega arðgjöf raforkufyrirtækja miðað við raunhæft endurmat eigna.

2. Stefnt verði að því, að orkuvinnslufyrirtæki séu sameign sveitarfélaga og ríkis eða eign sveitarfélaga, sameignarfélaga þeirra eða hlutafélaga.

3. Stefnt verði að samtengingu raforkuvera og raforkukerfa. Samtengingar komi til framkvæmda, þegar þær eru hagkvæmari en aðrir valkostir til orkuöflunar eða í öryggisskyni.

4. Orkuvinnslufyrirtæki verði sameinuð í landshlutafyrirtæki, sem eftir því sem hagkvæmt er talið, og að því unnið þannig:

a. Samtenging fyrirtækjanna grundvallast á frjálsum samningum, framlögum aðila og mati á gildi markaðarins.
b. Skipting landsins í orkuvinnslusvæði markist af aðstæðum, og tryggt sé, að meiri hluti stjórnar orkuvinnslufyrirtækja sé búsettur á orkuvinnslusvæði viðkomandi fyrirtækis.

5. Komið verði á fót samstarfsnefndum landshlutafyrirtækjanna varðandi orkuvinnslu og samrekstur.

6. Unnið verði að því, að allar dreifiveitur verði eign sveitarfélaga, sameignarfélaga þeirra og/eða hlutafélaga.

7. Stefnt verði að sameiningu dreifiveitna í stærri einingar, þar sem hagkvæmt þykir. Stærð slíkra fyrirtækja fari eftir landfræðilegum og félagslegum mörkum, sem þurfa þó ekki að falla að mörkum orkuvinnslusvæða."

Raforkumálin og framtíðarskipan þeirra hafa að undanförnu verið allmikið til umr. hjá ýmsum aðilum. Það er hvort tveggja, að Samband íslenskra rafveitna hefur tekið málið til sérstakrar meðferðar, m. a. fyrir tveimur árum með nefndarskipun, en sú n. átti að gera till. um ýmsa þætti raforkumálanna, svo sem um hugsanlega svæðaskiptingu, um uppbyggingu raforkuvinnslufyrirtækjanna, þar með talin eignaraðild ríkisins og sveitarfélaga, hver hún skuli vera, um dreifiveitur og rekstur þeirra og athuga hugsanlega möguleika á, að komið verði á viðtækari verðjöfnun á söluverði raforkunnar. Þá hafa samtök sveitarfélaga látið þessi mál til sín taka og rætt þau á fundum sínum. Mér er sérstaklega kunnugt um, að Samtök sveitarfélaga á Vesturlandi samþykktu á aðalfundi sínum, sem haldinn var í nóv. 1971, að kjósa n., er athuga skyldi að gera till. um hagkvæmustu lausn á raforkumálum fyrir Vesturland í heild. N. sú, sem Samband ísl. rafveitna skipaði til þess að athuga og gera till. um skipan raforkumálanna, skilaði áliti í fyrrahaust og var það nál. tekið til umr. og afgreiðslu á sérstakri ráðstefnu sem Samband ísl. rafveitna og Samband ísl. sveitarfélaga efndu til sameiginlega um raforkumál dagana 12.—13. okt. 1972. Að lokinni þeirri ráðstefnu gáfu stjórnir samtakanna út grg. um það, hver verið hafði meginniðurstaða ráðstefnunnar. Sú grg., sem þar um ræðir, fylgir þáltill. sem fskj.

N. sú, sem kosin var af Samtökum sveitarfélaga á Vesturlandi og ég áðan minntist á, skilaði einnig ítarlegu nál., sem tekið var til umr. á aðalfundi samtakanna á s. l. hausti. Fundur sá var haldinn á Akranesi, og var hæstv. raforkumrh. og þm. Vesturl. boðið að sitja þann fund og taka þátt í umr. um málið. Í því nál., sem raforkumálanefnd Vesturlands skilaði, komu fram ítarlegar upplýsingar um flesta þá möguleika, sem fyrir hendi eru á Vesturlandi til raforkuframleiðslu. Þar kemur fram, að Kljáfossvirkjun í Hvítá er tvímælalaust talinn hagkvæmasti valkosturinn til aukinnar raforkuvinnslu fyrir Vesturland. Í sambandi við fyrirhugaða virkjunarframkvæmd við Kljáfoss hefur nú þegar farið fram allítarleg rannsókn á virkjunaraðstöðu og kostnaðaráætlun gerð. Að sjálfsögðu er sú kostnaðaráætlun, þótt ekki sé nema tveggja ára gömul, úrelt í dag eins og annað, sem háð er þeirri verðbólguþróun, sem átt hefur sér stað að undanförnu, og gildir að sjálfsögðu það sama um aðrar hliðstæðar framkvæmdir.

Sú rannsókn, sem ég hef minnst á, sýndi, að hér er um hagkvæma virkjun að ræða í orkuveri, sem er af stærðinni 13.5—15 megawött, en það mun vera talin hæfileg stærð orkuvers til jöfnunar og viðbótar hinum stærri virkjunum. Um framtíðarstefnu í raforkumálum Vesturlands var n. sammála um, að stefna bæri að því, að héraðsbúar sjálfir réðu sem mestu í sínum raforkumálum og að grundvöllurinn í því samstarfi væri, að Andakílsárvirkjunin færði út starfssvið sitt með aðild allra sveitarfélaga í kjördæminu og að öðru jöfnu yrði stefnt að því að nýta þar orkulindir, sem í héraðinu eru.

Ég hef talið rétt að geta þessara tveggja ályktana, annars vegar Samtaka sveitarfélaga á Vesturlandi og hins vegar Sambands íslenskra rafveitna. Mér er einnig kunnugt um, að í öðrum landshlutum, eru mál þessi mikið rædd, enda er hér um eitt stærsta hagsmunamál landsbyggðarinnar að ræða, og veltur á miklu, hver framtíðarstefnan verður varðandi alla þá þætti raforkumálanna.

Með þeirri till. til þál., sem hér er til umr., má segja, að borin sé fram ákveðin stefnumörkun raforkumálanna, bæði að því er snertir sjálfa raforkuvinnsluna og einnig dreifiveitur og aðra þætti rafvæðingarinnar. Það er öllum löngu ljóst, að í vatnsorkunni og jarðvarmanum búa einhverjar mestu auðlindir okkar lands. Með sífelldri tækjaþróun verða þessar auðlindir auðnýttari til hvers konar þjónustu fyrir íbúana og til allra framleiðslustarfa. Af þessu leiðir, ekki síst með tilliti til þeirra gífurlegu verðbreytinga, sem nú eiga sér stað í heiminum á olíu og annarri orku, að eftirspurn eftir raforkunni fer sívaxandi. Þjóðin eygir nú möguleika á nýjum og nýjum verkefnum til framleiðslu, sem miklar vonir eru bundnar við og skapa munu enn breiðari grundvöll og auka alla fjölbreytni í framleiðslugreinum þjóðarinnar. Það segir sig því sjálft, að öll stærstu verkefnin við sjálfa orkuvinnsluna verða ekki leyst nema með sameiginlegu átaki alþjóðar. Kemur m. a. til greina, að ríkið verði eignaraðili á ýmsan hátt. En engan veginn er nauðsynlegt að lögbinda fyrir fram, að hlutur ríkisins skuli vera 50% eða meira. Eðlilegast væri, að hinar ýmsu sveitarafveitur, sem koma til með að kaupa raforkuna, ættu þess kost að vera eignaraðilar og þar með þátttakendur í sjálfri uppbyggingunni á aðalorkuvinnslufyrirtækjunum í landinu.

Varðandi orkuvinnslufyrirtæki, sem byggð verða í hinum ýmsu landshlutum og eru af þeirri stærðargráðu, að orkuframleiðslan verði að miklu leyti hagnýtt á viðkomandi svæði, er eðlilegast, að fyrirtækið eða orkuverið sé að sem mestu leyti í eigu heimamanna og undir þeirra eigin stjórn. Í þeim efnum höfum við fyrir okkur góð fordæmi til fyrirmyndar. Þar eru t. d. Andakílsárvirkjunin, sem er sameign Akraneskaupstaðar og Mýra- og Borgarfjarðarsýslna, Skeiðfossvirkjun, sem er eign Siglufjarðarkaupstaðar, Laxárvirkjun, sem er að meiri hluta eign Akureyrarkaupstaðar, og síðast, en ekki síst orkuverin, sem Reykjavíkurborg hefur reist, bæði hér við Elliðaárnar og Sogið og einnig með þátttöku sinni í hinum stærri virkjunum ásamt með Landsvirkjun.

Til að fullnægja orkuþörf í hinum ýmsu landshlutum, ber að sjálfsögðu að meta þá valkosti, sem um er að ræða í hverju tilfelli, og að sjálfsögðu að velja þá leið, sem tryggir í senn sem

hagkvæmast verð raforkunnar og veitir einnig sem mest öryggi í rekstrinum. Þegar um er að ræða orkufrekan iðnað eins og t. d. álframleiðsluna í Straumsvík, kemur að sjálfsögðu ekki annað til greina en stórvirkjanir í stærstu fallvötnum landsins. Öðru máli gegnir hins vegar um þjónustu og allan almennan og algengan iðnað til heimilisnota. Í þeim tilfellum ber að kanna rækilega alla þá möguleika, sem fyrir hendi eru heima í héraði, og hagnýta síðan að öðru jöfnu þann valkostinn, sem veitir mest öryggi.

Um uppbyggingu orkuframleiðslunnar í landinu má einnig vitna til þess, að skömmu áður en orkul. frá 1964 voru sett, hafði Alþ. sett lög um Landsvirkjun og Laxárvirkjun, tvö raforkufyrirtæki, sem voru í sameign ríkis og sveitarfélaga fyrir tiltekin svæði í landinu. Segja má, að Alþ. hafi þá markað þá stefnu, sem einnig kemur fram í þessari till., varðandi allar meiri háttar framkvæmdir, að skipta landinu í orkusvæði eftir hagkvæmum landfræðilegum mörkum og stjórnunarlegum, t. d. í samræmi við kjördæmaskipunina. Í öllum landshlutum eru nú fyrir hendi orkuver, sem eðlilegt væri, að mynduðu grunninn undir þessa skipan mála.

Segja má, að raforkumálin standi nú á tímamótum. Að því er lýtur að sjálfri raforkudreifingunni, er gert ráð fyrir því, að eftir rúmlega eitt ár verði lokið við að leggja allar dreifiveitur um landið, eða að öll þau býli í landinu, sem gert er ráð fyrir, að fái rafmagn frá samveitum, hafi þá verið tengd við samveitukerfið. Hitt er svo annað mál, að öll efling raforkuiðnaðarins og allt viðhald og aukning dreifilína verða að sjálfsögðu varanleg framtíðarverkefni.

Um vinnubrögð við að koma á þeirri skipan, sem hér er lagt til í sambandi við hinar nýju samveitur, er að sjálfsögðu eðlilegast, að það eigi sér stað með samningum á milli sveitarfélaganna og þau skipi samstarfsnefndir til undirbúnings og sjálf framkvæmdin eigi sér stað í áföngum, eftir því sem um semst og aðrar ástæður leyfa. Um skipun stjórna fyrir hin nýju fyrirtæki ætti að vera auðvelt að finna grundvöll, þar sem gert er ráð fyrir, að stjórn fyrirtækjanna sé að mestu leyti í höndum heimamanna.

Í Danmörku, þar sem þróun af þessu tagi hefur átt sér stað með samruna margra rafveitna í sjálfstætt fyrirtæki, oftast sjálfseignarfyrirtæki, eru stjórnir ýmist kjörnar af notendunum sjálfum eða tilnefndar af sveitarstjórnum eða þá sambland af þessu hvoru tveggja. Á Norðurlöndum hefur þróunin orðið sú, að ríkið annast hvergi dreifingu raforkunnar til notenda, nema lítið eitt í Svíþjóð eða um 8%. Á Íslandi munu Rafmagnsveitur ríkisins hins vegar vera með 20% af dreifingunni, og má segja, að eftir atvikum og með tilliti til þess, á hvern hátt uppbyggingin hefur átt sér stað, hafi verið eðlilegt, að opinber stofnun hafi að nokkru leyti staðið fyrir þeim framkvæmdum. En nú, þegar þessu sameiginlega átaki er að verða lokið, er jafneðlilegt, að heimamenn yfirtaki samveiturnar, eftir því sem við á og svæðaskipan segir til um. Hvergi á Norðurlöndum er talið, að ríkið taki upp frekari afskipti af dreifingunni.

Eins og ég áður hef sagt, eru um þessar mundir þáttaskil í starfsemi Rafmagnsveitna ríkisins. Hinni eiginlegu rafvæðingu er að verða lokið, og það mun nú sýna sig, að hér á Íslandi ekki síður en á hinum Norðurlöndunum verður affarasælast, að raforkudreifingin verði í höndum notendanna sjálfra, því að sjálfs er höndin hollust og sjálfstýringar frá einni allsherjarmiðstöð í Reykjavík er ekki þörf.

Samkv. e-lið 1. tölul. er lagt til, að unnið verði að því að koma á verðjöfnun rafmagns um land allt og það eigi sér stað m. a. með því að veita áfturkræft stofnframlag til þeirra dreifiveitna, sem eiga við óhagkvæmastar aðstæður að búa. Verður að teljast eðlilegt, að reynt sé að koma á verðjöfnun á raforkunni, þannig að landsmenn allir sitji við sama borð í þeim efnum, hvað snertir raforku til sömu nota. Það er ekkert nýtt, að rætt sé um slíka verðjöfnun, enda má segja, að mismunur landsmanna í þessum efnum verði æ meira áberandi með hverju árinu sem líður. Það er því rétt og eðlilegt, að að því verði stefnt, að jafnhliða því, að landsveiturnar taki orkudreifinguna í sínar hendur, verði slíkri verðjöfnun komið á. Að sjálfsögðu getur verið um fleiri en eina leið að ræða í þeim efnum. Það getur komið til greina að fara þá leið, sem hér er lagt til, að veita áfturkræft stofnframlag í þessu skyni. Það getur einnig komið til greina, að verðjöfnun eigi sér stað á síðasta stiginu eða smásöluverðinu og þá með niðurgreiðslum til þeirra notenda, sem eiga við hvað óhagstæðast verðlag að búa. En hver sem niðurstaðan verður, er þess að vænta, að með ítarlegri könnun finnist leið til að leiðrétta það mikla misræmi, sem nú á sér stað í þessum efnum, því að um það munu flestir sammála, að við svo búið verði ekki öllu lengur unað.

Það var eitt, sem vakti sérstaklega athygli mína varðandi þessa hlið málsins, þegar ég las nál., sem skilað var til raforkumrh. í árslok 1969, þar sem starfsemi Rafmagnsveitna ríkisins var gagnrýnd á ýmsan hátt. Þar er því m. a. haldið fram og fullyrt, að fjárhagserfiðleikar og hin háa gjaldskrá Rafmagnsveitna ríkisins stafi fyrst og fremst af óhagkvæmum orkuöflunarkostum og dýrum flutningi raforkunnar, en alls ekki af óhagstæðum rekstri dreifiveitna, hvorki í sveitum né í þéttbýli. Þessar upplýsingar gefa vissulega til kynna, að sú leið, sem hér er lagt til, að farin verði til verðjöfnunar, sé hin rétta og með henni verði unnt að koma á viðunandi úrbótum í þessum efnum.

Einn er sá þáttur þessa máls, sem ég hef enn ekki komið sérstaklega að, en það er að gera sér grein fyrir, með hverjum hætti eignaraðild hinna ýmsu sveitarfélaga, sem engar dreifiveitur eiga nema þær dreifiveitur, sem eru í eign Rafmagnsveitna ríkisins, eigi að eiga sér stað. Ég tel, að hér þurfi ekki að vera um mikið vandamál að ræða. Hvort tveggja er, að stofnkostnaðurinn, að svo miklu leyti sem hann er ekki í skuld, er í ógreiddum lánum. Þá hefur hann verið borinn uppi af notendunum sjálfum með stofnframlagi og orkugjaldi auk þess framlags, sem komið hefur frá ríkissjóði árlega um langt árabil og má vissulega segja, að sé hliðstætt framlögum ríkisins á ýmsum öðrum

sviðum, svo sem til samgöngubóta, bæði vegagerðar og hafnamála og fleiri skyldra málefna. Það er því ekki ástæða til að ætla annað en þessi þáttur málsins verði tiltölulega auðleystur.

Ég hef nú í stórum dráttum vikið að því helsta, sem máli skiptir og snertir einstaka liði þessarar till. um stefnumörkun í raforkumálum. Að sjálfsögðu er margt fleira, sem segja mætti um þetta stórmál, en ég mun nú ljúka máli mínu. Ég vil að lokum leggja áherslu á, að hér er um eitt hið mesta hagsmunamál að ræða, og það getur í sumum tilfellum haft úrslitaáhrif á framtíðarþróun þeirrar margumtöluðu byggðastefnu, sem nú er svo mikið talað um, að þurfi að efla á allan hátt, hvernig farið verður með þau málefni, sem till. þessi fjallar um.

Ég vil svo, herra forseti, leggja til, að umr. verið frestað og málinu vísað til fjvn.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Þjónusta hjá héraðsdómstólum við neytendur, þáltill. (þskj. 121). — Ein umr.

Pétur Pétursson: Herra forseti. Varamaður minn hér í haust á hv. Alþ., Bragi Sigurjónsson, ásamt hv. þm. Eðvarð Sigurðssyni, Hannibal Valdimarssyni og Vilhjálmi Hjálmarssyni, flutti till. til þál. um þjónustu fyrir héraðsdómstólum við neytendur. Till. er svo hljóðandi, með leyfi hæstv. forseta:

„Alþingi ályktar að leggja fyrir ríkisstj., að hún láti nú þegar semja frv. til breytinga á lögum og gera aðrar ráðstafanir til undirbúnings því, að komið verði á fót þjónustu við neytendur hjá héraðsdómstólum landsins. Þjónusta þessi verði í því fólgin, að dómari geti ákveðið, að mál, sem höfðuð eru af viðskiptavini verslunar eða þjónustufyrirtækis vegna viðskipta við fyrirtækið, hljóti skjótari og ódýrari afgreiðslu en nú tíðkast. Meðferð þessari megi beita við mál, sem varða vörur og þjónustu, allt að 50 þús. kr. Við þessar breytingar verði slík þjónusta í öðrum löndum höfð til hliðsjónar, en reglur færðar til íslenskra aðstæðna."

Þessi till. skýrir sig auðvitað að verulegu leyti sjálf. Hér er um það að ræða, að neytendur fái fljótari afgreiðslu tiltekinna mála en nú tíðkast. Mér hefur satt að segja oft fundist, að það sé harla lítið rætt um málefni neytenda hér á hv. Alþ. Neytendasamtökin fá fjölda minni háttar kvartana, og fólki finnst oft hreint ekki taka því að fara að höfða mál út af tilteknum viðskiptum. Þetta er þess vegna fyrst og fremst örlítið spor í þá átt að gera þetta vandamál neytenda dálítið léttara. Þessi aðferð hefur verið reynd í öðrum löndum, eins og í Bandaríkjunum og nú alveg nýlega í Bretlandi, og Svíþjóð og Noregur munu vera að undirbúa löggjöf í þessu efni. Þó að þetta sé lítið spor til þess að létta þennan þátt neytenda, telja flm. þó rétt að freista þess að koma þessu máli áleiðis.

Það er enginn vafi á því varðandi ýmiss konar málefni viðskiptalegs eðlis, sem eru það lítil, að fólki finnst ekki taka því að fara í málaferli með dýrum lögfræðingum og öllu tilheyrandi, að það mundi verða mikill hagur, ef slík séraðstaða kæmist upp hjá dómstólunum, að þessi mál væri hægt að afgreiða án þess, að það þyrfti að standa í löngu og dýru málaþrasi. En hér eru margir lögfræðingar, tveir þeirra sýslumenn, og ég geri ráð fyrir því, að þeir geti sagt sitt álit í þessum efnum. Flm. hafa talið rétt að hreyfa málinu nú og freista þess að fá um það samstöðu hér.

Ég ætla ekki að hafa um þetta fleiri orð að sinni, en legg til, herra forseti, að umr. verði frestað og till. vísað til hv. allshn.

Friðjón Þórðarson: Herra forseti. Þar sem síðasti hv. ræðumaður skírskotaði nokkuð til lögfræðinga og sýslumanna, vil ég leyfa mér að segja um þetta mál örfá orð.

Það er alveg rétt, að meðferð mála hjá dómstólum landsins er í mörgum tilvikum allt of hæggeng. Einmitt þess vegna verður maður oft var við það, að uppi eru hugmyndir um að koma málum manna af með einhvers konar afbrigðilegri og hraðari meðferð. Þetta er eðlilegt. Fólk vill fá skorið úr sínum málum fljótt og vel, og það er á allan hátt æskilegast. Á hinn bóginn vil ég þó vekja athygli á því, að ég held, að það sé almenn skoðun þeirra manna, sem við þessi mál fást, að það sé mjög óæskilegt að velja þá leið út úr þessum málum að koma upp mörgum sérdómstólum, sem fjalla um sérstaka málaflokka. Það er nú svo, að vitanlega hvílir á dómurum leiðbeiningarskylda við allan almenning, sem þarf að fá umsögn um sín mál eða gera reka að sínum málum. Og ég held, að mér sé óhætt að fullyrða, að það sé rétt, sem segir í grg., að það mun mála sannast, að þeir, sem best þekkja til og vinna að dómarastarfinu, séu yfirleitt andvígir sérdómstólum. Þetta vil ég alveg sérstaklega ítreka sem mína skoðun einnig.

Ég geri ráð fyrir, að þessi till. verði send til umsagnar þeirra manna, sem hér er vikið að í grg., og ætla því ekki að hafa um hana fleiri orð á þessu stigi, en aðeins ítreka þessa skoðun mína og benda á, að áhugamönnum um þessi efni væri nær að leggja lóð sitt á vogarskálina, þannig að betur væri búið að hinum almennu dómstólum landsins um starfsfólk og annan aðbúnað en nú er, svo að málum manna megi þess vegna hraða eins og unnt er.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Aðild að háskóla Sameinuðu þjóðanna, þáltill. (þskj. 131). — Ein umr.

Flm. (Magnús Jónsson): Herra forseti. Ástæðan til þess, að ég hef tekið þetta mál upp hér á hinu háa Alþ. ásamt með hv. 9. landsk. þm., er sú, að ég var í haust einn af fulltrúum Íslands á þingi Sameinuðu þjóðanna, fulltrúum þingflokkanna, og kynntist þá máli þessu og sýndist það vera þess eðlis, að nauðsynlegt væri að taka það upp á Alþ., vegna þess að meðferð málsins hefur ekki verið hér heima eins og hefði þurft að vera. Ég skal ekki þreyta hér langt mál, þó að ástæða væri til þess, vegna þess að hér er um mjög merkilegt mál að ræða.

Hugmyndin um háskóla Sameinuðu þjóðanna mun upphaflega hafa verið fram sett af framkvst. þeirra, U Thant, 1969, í skýrslu hans til allsherjarþingsins. Síðan hefur þetta mál verið hugleitt og verið til umr. bæði hjá Sameinuðu þjóðunum sem stofnun og þó ekki síst hjá ýmsum deildum Sameinuðu þjóðanna, sem um þessi mál hafa fjallað, svo sem UNESCO, Menningarmálastofnuninni, og UNITAR, sem er eins konar tækniþróunarstofnun Sameinuðu þjóðanna. Það, sem gerist næst í málinu, er, að á síðasta allsherjarþingi Sameinuðu þjóðanna er samþykkt till. um að undirbúa stofnun þessa háskóla, og með samþykki utanrrn. hér heima stóð Ísland að flutningi þeirrar till. ásamt fleiri löndum. Þar var af hálfu Íslands talað fyrir till. og lýst yfir áhuga Íslands á þessu máli, og það var núv. varafastafulltrúi Íslands hjá Sameinuðu þjóðunum, dr. Gunnar G. Schram, sem flutti þá ræðu. Á þennan hátt var Ísland þegar í upphafi tengt þessari hugmynd.

En menn munu þá spyrja: Hvað er háskóli Sameinuðu þjóðanna, og hvaða ástæða er til þess, að Ísland hafi áhuga á þessu máli?

Háskóli Sameinuðu þjóðanna eða hugmyndin um hann var fyrst í því formi, að þetta yrði alþjóðlegur háskóli, þar sem stúdentar væru við nám í ýmsum alþjóðlegum verkefnum. En við nánari athugun á málinu og í þeirri skýrslu, sem nú var lögð af hálfu framkvæmdastjóra Sameinuðu þjóðanna fyrir stjórnmálanefnd allsherjarþingsins, er orðin sú niðurstaða, að háskólinn verði með öðrum hætti, hann verði á hærra stigi, þ. e. a. s. að þar eigi fyrst og fremst hlut að máli menn, eldri og yngri, sem lengra eru komnir í námi heldur en á sér stað um venjulega háskólastúdenta, það verði sem sagt vísindamenn og menn, sem eru við framhaldsathuganir á viðkomandi sviði, sem eigi sókn í þennan skóla. Í þessu formi mun málið væntanlega verða samþykkt á þingi Sameinuðu þjóðanna nú endanlega, en hins vegar þeirri stjórnarnefnd skólans eða skólaráði, sem kjörið verður, falið að móta ákveðnar þetta starfssvið skólans. Þessi háskóli verður að því leyti sérstæður, að hann mun aðeins fást við alþjóðleg mál, ekki mál, sem snerta einstakar þjóðir, eða vísindastarfsemi, sem snertir einstakar þjóðir, heldur af alþjóðlegum uppruna og eðli. Með þessum háskóla er ætlunin að taka upp þá merkilegu nýbreytni, að aðalstöðvar skólans verði að vísu á ákveðnum stað, en síðar verði deildir skólans staðsettar víða um heim.

Ekki síst þróunarlöndin hafa sýnt mikinn áhuga á þessu máli, vegna þess að með því er vonast til, að hægt verði að koma í veg fyrir þann atgervisflótta eða hvað sem menn vilja kalla þá grein, sem gætir víða, þ. e. a. s. að hinir lærðu menn, sem uppruna eiga í þróunarlöndunum, setjist fremur að heima og síðan komi vísindamenn annarra landa og taki þátt í starfi þeirra háskóladeilda, sem þar eru.

Eins og ég sagði áðan, er ætlunin, að þessi háskóli starfi víðs vegar um heim. Það gerir það að verkum, að við hljótum að gefa gaum að því, Íslendingar, hvort ekki sé einhver sú starfsemi á Íslandi, sem gæti verið fengur að tengja þessum háskóla, þannig að við getum notið góðs af og auk þess að nokkru leyti verið veitendur. Og þá hefur helst komið til greina í því sambandi, að hafrannsóknir, Hafrannsóknadeild eða Rannsóknastofnanir atvinnuveganna, yrðu þáttur í þessum skóla.

Í jan. á þessu ári var sent út bréf til allra þjóða, sem höfðu sýnt áhuga á málinu, og spurst fyrir um það, hvað þessar þjóðir vildu leggja af mörkum eða hvaða háskóladeildir eða stofnanir þær gætu hugsað sér, að yrðu tengdar háskólanum, þannig að fram kæmu nú þegar þær óskir, sem væru um þetta efni, og síðan mundi skólaráðið, sem kosið er nú, og því er þetta mjög tímabært mál, taka ákvarðanir um það, hvar þessar einstöku deildir yrðu staðsettar.

Það kannske skýrir best, hvernig á þessu máli hefur verið tekið af sendinefnd okkar eða fastanefnd hjá Sameinuðu þjóðunum, að ég lesi hér smákafla, sem ég held, að sé ekki trúnaðarmál, og vonast til þess, að hæstv. utanrrh. hafi ekki á móti, að komi fram. Það er skýrsla til hans um þetta mál, að ég hygg frá fastanefndinni. Það er viðtal, sem varafastafulltrúinn átti við forustumenn Sameinuðu þjóðanna á þessu sviði, en þar kemur fram ábending um það, hvernig við gætum orðið aðilar að þessari stofnun. Svo sem ég gat um, kæmu þar aðallega hafrannsóknir til greina. Jafnframt er þar gerð grein fyrir því, hvernig þessi stofnun hyggst starfa.

„Að því er varðar fyrirkomulag á samvinnu aðildarríkjanna," segir í skýrslunni, „og háskólans er þetta helst að segja: Ætlunin er, að ýmist verði nýjar vísindastofnanir stofnaðar í aðildarríkjunum, sem verði hluti hins nýja háskóla, en jafnframt er ráð fyrir því gert, að vísinda- og rannsóknastofnanir, sem nú eru starfandi, geti einnig tengst háskólanum sem deildir hans. Mundu þessar rannsóknastofnanir þá að allnokkru leyti verða að beina starfskröftum sínum að alþjóðlegum verkefnum og einnig opna dyr sínar fyrir vísindamönnum og sérfræðingum frá öðrum þjóðum, sem starfa vilja við hlutaðeigandi stofnanir um skeið. Er gert ráð fyrir því, að því er kostnað varðar, að hlutaðeigandi ríkisstjórnir í þróuðum löndum standi undir kostnaði við slíkar vísindastofnanir. Hins vegar væri gert ráð fyrir því, að alþjóðleg rannsóknarverkefni, sem slíkar vísindastofnanir tækju að sér, væru fjármögnuð sérstaklega úr sjóði háskólans, og einnig, að hinir erlendu vísindamenn fengju styrki úr háskólasjóði, þannig að heimalandið þyrfti ekki að standa straum af kostnaði við dvöl þeirra.

Þá var rætt um hugsanlega samvinnu háskóla Sameinuðu þjóðanna og íslenskra vísindamanna á sviði haf- og fiskifræðirannsókna. Tjáði undirritaður," þ. e. a. s. varafastafulltrúinn, „þeim embættismönnum, sem hann ræddi við, að ekkert væri ákveðið af hálfu íslenskra stjórnvalda í þessu efni fram yfir það, sem áður hafði verið frá greint, og ljóst væri, að kostnaðarhliðin mundi ráða úrslitum um, hvort íslensk stjórnvöld hefðu áhuga á framkvæmdum í þessu efni eða ekki. Þeir félagar bentu á af þessu tilefni, að unnt væri að hugsa sér tvenns konar fyrirkomulag á samvinnu við Ísland í þessum efnum:

1. Að Hafrannsóknastofnunin sem slík yrði vísindastofnun, sem starfaði sem hluti af há-

skólanum á sínu sérsviði. Það mundi hafa í för með sér, að stofnunin yrði að vinna að verkefnum, sem talin væru hafa alþjóðlegt gildi, en væntanlega mundu verkefni þau, sem hún hefur með höndum í dag, að miklu leyti falla innan þess ramma. Þar að auki mundi stofnunin verða að opna dyr sínar fyrir erlendum vísindamönnum, sem kysu að taka þátt í rannsóknum og vísindastörfum á þessu sviði innan ramma háskólans.

2. Þá mætti hugsa sér það fyrirkomulag, að innan vébanda Hafrannsóknastofnunarinnar yrði stofnuð sjálfstæð deild, sem starfaði sem deild við háskólann. Yrði sú deild skipuð bæði íslenskum og erlendum vísindamönnum og léti vinna að verkefnum, sem alþjóðlegt vísindagildi hefðu. Jafnframt mundu þau verkefni vitanlega verða íslenskum fiskirannsóknum í hag, eftir því sem föng væru á. Yrði þá ráð fyrir því gert, að þessi sérstaka deild starfaði á sama grundvelli og íslensku vísindamennirnir, þ. e. a. s. fengi rekstrarfé sitt úr ríkissjóði. Að því er varðaði hins vegar kostnað við einstök rannsóknarverkefni, dvöl og þátttöku erlendra vísindamanna á Íslandi, mundi háskólinn geta veitt til þess sérstakar fjárveitingar. Sama gilti um rannsóknarleiðangra. Deild þessi þyrfti ekki að vera stór í sniðum. Vel væri hægt að hugsa sér, að í fyrstu störfuðu þar aðeins 5—6 vísindamenn, t. d. þriðjungur þeirra erlendu, og væri síðan hægt að auka töluna, eftir því sem verkefni væru og fjárhagsaðstaða leyfði. Mundi vitanlega verða náin samvinna milli Hafrannsóknastofnunarinnar og þessarar alþjóðlegu vísindadeildar, bæði hvað snertir starfslið og verkefnaval. Var minnst á af hálfu fulltrúa Sameinuðu þjóðanna, að Þjóðverjar hefðu lagt fram tilboð um stofnun raunvísindastofnunar í tengslum við háskóla, sem mundi í fyrstu verða skipuð fámennu starfsliði, svipað því, sem hér er gert ráð fyrir."

Ég tel ekki ástæðu til að rekja meira af þessari skýrslu. Hún gefur glögga mynd af því, hvernig þetta gæti orðið, og ég get ekki annað séð en hér sé um mál að ræða, sem er þess eðlis, að það sé æskilegt, enda raunar það skref stigið með því, að Ísland gerðist aðili að flutningi till. um þetta mál, að Ísland haldi í horfinu með það og ákveði raunverulega þátttöku sína og með hverjum hætti hún verður.

Þessu er varpað fram sem hugmynd varðandi Hafrannsóknastofnunina. Mætti hugsa sér, að þetta yrði gert með einhverjum öðrum hætti, en því miður hefur málið ekki verið tekið upp við Sameinuðu þjóðirnar, svo sem gert var ráð fyrir og óskað var eftir í bréfi því frá Sameinuðu þjóðunum, sem sent var út og ég gat um áðan, að hefði verið í byrjun ársins. En það átti einmitt að verða til þess að fá fram óskir og ábendingar frá hinum ýmsu þjóðum, sem áhuga hefðu sýnt, með hverjum hætti þær gætu staðið að málinu.

Skýrsla sú, sem framkvæmdastjóri Sameinuðu þjóðanna lagði nú fram fyrir stjórnmálanefndina, sýndi, að margar þjóðir, bæði hér á Norðurlöndum, í þróunarlöndum og af hálfu stórvelda, — ég er ekki að rekja þau nöfn öll, — hefðu þegar svarað þessu bréfi og bent á ýmsar vísindastofnanir, sem þær hugsuðu sér að geta tengt þessum væntanlega háskóla. Og í skýrslum fulltrúa UNESCO og UNITAR lögðu þeir ríka áherslu á það, að athugun málsins hefði leitt í ljós, að þessi fyrirhugaða stofnun gæti orðið stórkostlega merkileg framfarastofnun á nánast öllum menningarlegum og vísindalegum sviðum, sem hægt væri að vinna að á alþjóðlegum grundvelli.

Það, sem merkast hefur gerst í þessu efni, er, að Japan hefur boðist til að leggja til nægilegan húsakost fyrir aðalháskólann, þ. e. a. s. stofnháskólann, ef svo má segja, sem hinar ýmsu deildir yrðu síðan tengdar, og auk þess að leggja fram 100 millj. dollara í þann sjóð, sem á að vera styrktarsjóður háskólans. Má telja öruggt, að þetta boð, sem er mjög höfðinglegt, verði þegið. En málið er komið á það stig, að það verður ekki lengur dregið að taka ákvörðun um af Íslands hálfu, hvernig að því verði staðið. Eins og ég gat um áðan, stóð Ísland að flutningi till. um að fela framkvæmdastjóranum að ljúka undirbúningi málsins fyrir þetta allsherjarþing. Sú till. var flutt á síðasta allsherjarþingi, og nú fékk íslenska sendinefndin leyfi hæstv. utanrrh. til þess að standa að till. á þessu allsherjarþingi um að ákveða formlega stofnun þessa háskóla. En það, sem er leiðast í málinu, er það, að því miður var bæði bréfum sendinefndarinnar, sem send voru hingað heim, og bréfi framkvæmdastjóra Sameinuðu þjóðanna um þetta mál, sem ég gat um áðan, að hefði verið sent út 31. jan. til allra ríkisstjórna aðildarríkjanna, — þessum bréfum var aldrei formlega svarað, og var þó af hálfu sendinefndarinnar sent heim uppkast að svari, þannig að það hefði ekki einu sinni þurft að hafa fyrir því að semja það svar hér heima, heldur hefði mátt undirrita þetta bréf. Ég þykist nokkurn veginn sannfærður um það, að hæstv. utanrrh. sé þessi málsmeðferð mjög ógeðfelld. En framkvæmd málsins heyrir að sjálfsögðu undir annað rn., sem verður að hafa forgöngu um, hvað gerist.

Eins og ég sagði, var okkur leyft núna að standa að flutningi till., og það sakar ekki, að það komi fram hér, að það var einróma álit fulltrúa þingflokkanna, sem sátu þetta þing Sameinuðu þjóðanna, að þeir vildu skora á hæstv. utanrrh. að beita sér fyrir því, að úr þessu máli yrði, vegna þess að sannast sagna er þetta annars orðið æði hlálegt mál fyrir okkur Íslendinga, að vera að hreyfa okkur nokkuð, ef þetta á svo eftir að deyja út af og verða að engu í höndunum á okkur, auk þess sem það var sannfæring okkar allra, að hér var um að ræða mál, sem Ísland mætti ekki láta fram hjá sér fara. Hér opnuðust möguleikar til þess bæði að láta til sín taka á alþjóðlegum vettvangi á því sviði, þar sem við höfum sérstöðu, og við eigum mjög ágæta vísindamenn á því sviði, og einnig að fá hingað menn og rannsóknarverkefni ekki síst, sem gætu haft mikla þýðingu fyrir íslenskar haf- og fiskirannsóknir. En það sýnist vera einna helst á þessu sviði, sem við gætum haft alþjóðlega stofnun.

Ég skal ekki, herra forseti, orðlengja frekar um þetta mál. Mér þykir mjög leitt, að þetta skuli hafa staðnað með þessum hætti, og ég þykist nokkuð öruggur um það, að hæstv. utan-

rrh. hafi komið þessu máli áleiðis formlega, svo sem vera ber, vegna þess að ella hefði hann ekki leyft okkur að gerast aðili að till. nú. En ég hygg, að allir geti verið sammála um, að þetta sé vægast sagt óeðlilegt, — ég vil segja og held, að það sé ekki ofsagt: vítavert að svara ekki tilmælum Sameinuðu þjóðanna um afstöðu til máls, sem Ísland í þessu tilfelli var sjálft flutningsaðili að. Væri í rauninni fróðlegt og gott að fá upplýst, hvernig á þessu máli stendur. En ég vonast til, hvernig sem fer um þessa till., — að sjálfsögðu er hún flutt til þess, að hún fái samþykki, og ég vonast til, að hún verði athuguð gaumgæfilega, og efast raunar ekki um, að hæstv. utanrrh. a. m. k. fyrir sitt leyti muni vilja styðja hana, þar sem hann hefur gefið leyfi til þess, að að henni verði staðið, — en hvernig sem hún kann að verða meðhöndluð, þá taldi ég rétt að koma þessu máli hér á framfæri. Því miður voru ekki aðrir þm. í þessari nefnd en ég, og ástæðan til þess, að ég hafði þarna annan flm., er, að sá hv. þm. hefur haft mikinn áhuga á þessu máli. Ég efast ekkert um, að aðrir þm. hafa haft það líka, mér var kunnugt um það, og þess vegna hef ég leyft mér að hreyfa þessu, ekki til að gera það að neinu uppsláttarmáli fyrir mig, heldur af þessari ástæðu. Hefðu aðrir þm. átt hér sæti, sem voru hjá Sameinuðu þjóðunum nú í haust, hefðu þeir vafalaust staðið að till., en þess var ekki kostur, og því er hún flutt með þessum hætti, sem ég vona, að verði ekki málinu til tjóns á neinn hátt.

Ég legg svo til, herra forseti, að till. verði vísað til utanrmn., — er það ekki eðlilegast? Þetta er utanríkismál.

Utanrrh. (Einar Ágústsson): Herra forseti. Ég vil leyfa mér að segja hér aðeins örfá orð um það, sem þegar hefur gerst í þessu máli og snertir utanrrn. og fastanefnd Íslands hjá Sameinuðu þjóðunum, þótt flest af því hafi raunar þegar komið fram í máli hv. frsm.

Árið 1969 kom U Thant, framkvæmdastjóri Sameinuðu þjóðanna, fram með þá till., að stofnaður yrði háskóli Sameinuðu þjóðanna. Ekki komst neinn skriður á mál þetta fyrr en í ársbyrjun 1972. Sendinefnd Íslands hjá Sameinuðu þjóðunum sendi þá langa grg. um málið, þar sem lagt var til, að framkvæmdastjóra Sameinuðu þjóðanna yrði tilkynnt, að áhugi væri á því á Íslandi, að ein deild háskólans væri stofnsett þar. Grg. var send menntmrn. og sjútvrn. til umsagnar. Menntmrh. taldi, að hér væri um athyglisvert mál að ræða og sjálfsagt væri að rannsaka það gaumgæfilega. Menntamrn. hafði haft samráð við háskólarektor og Hafrannsóknastofnunina. Einnig höfðu þeir leitað umsagnar Fiskifélags Íslands. Utanrrn. fól fastanefndinni að tilkynna framkvæmdastjóra Sameinuðu þjóðanna, að Íslendingar hefðu áhuga á að kanna, hvaða aðstöðu Íslendingar kynnu að geta látið í té. Sérstök áhersla var lögð á rannsóknir, sem fjölluðu um auðlindir hafsins.

Í nóv. 1972 var fastanefndinni í New York heimilað af utanrrn. að gerast meðflutningsaðili að till. um stofnun háskóla Sameinuðu þjóðanna. Hinn 12. des. 1972 lýsti fulltrúi Íslands yfir við umr. í allsherjarþinginu, að íslenska ríkisstj. hefði áhuga á að bjóða háskólanum aðstöðu á Íslandi fyrir vísinda- og rannsóknastofnun háskólans í haf- og fiskifræðum. Hinn 10. maí s. l. sendi fastanefndin ítarlega skýrslu af samtölum við þá fulltrúa Sameinuðu þjóðanna, sem hafa með málið að gera. Í viðtölum þessum kom fram, að góðar líkur væru taldar á, að Ísland gæti fengið staðsetta hér á landi einhverja vísindadeild úr háskólanum. Skýrsla þessi var send utanrmn., menntmrn. og sjútvrn.

Hinn 5. nóv. s. l. var ályktunartill. um háskóla Sameinuðu þjóðanna lögð fram í 2. nefnd Sameinuðu þjóðanna og var íslenska sendinefndin meðflutningsaðili. Fulltrúi Íslands í nefndinni lýsti áframhaldandi áhuga á því, að vísindastofnun háskóla Sameinuðu þjóðanna eða sú deild, er hefur með haf- og fiskifræðirannsóknir að gera, hefði aðsetur á Íslandi. Íslenski fulltrúinn setti jafnframt fyrirvara vegna kostnaðar og annarra framkvæmdaatriða. Rn. veitti fastafulltrúanum heimild til þess að taka þessa afstöðu, eftir að hafa haft samráð við menntmrh. Fastafulltrúa var einnig falið að afla gleggri upplýsinga um það hjá Sameinuðu þjóðunum, hvers mundi verða krafist fjárhagslega af Íslandi vegna háskóladeildarinnar, ef hún yrði sett á stofn hér á landi.

Málið stendur því þannig, að Ísland er meðflutningsaðili að till. um háskóla Sameinuðu þjóðanna. Fastanefndin er að rannsaka, hvaða kostnað það mundi hafa í för með sér, ef ein deild úr þeim háskóla yrði hér á Íslandi. Við meðferð málsins hefur verið haft samband bæði við menntmrn. og sjútvrn.

Ég vildi láta þessa getið til upplýsinga fyrir n. þá, er fær málið til meðferðar, hæstv. utanrmn., og að sjálfsögðu getur hv. n. hvenær sem er fengið frekari upplýsingar um málið hjá utanrrn.

Ég held, að þetta mál sé mikillar athygli vert og sé sjálfsagt að kanna það til þrautar, hver hlutur Íslands getur orðið, eins og þessi till. fjallar raunar um. Ég fagna því, að þessi till. er fram komin, þannig að Alþ. hafi ástæðu eða aðstöðu til að taka afstöðu til þessa máls öðruvísi en þannig, að utanrmn. einni hafi verið skrifað, og ég vona, að við getum einnig sagt þegar við erum búnir að segja a í þessu máli, því að ég held, að það geti orðið okkur til mikils framdráttar að fá hér eina deild þessa alþjóðlega háskóla, og vona, að kostnaðurinn sé ekki óviðráðanlegur, en um það fást upplýsingar mjög bráðlega.

Ég vildi aðeins láta þetta koma fram, herra forseti.

Flm. (Magnús Jónsson): Herra forseti. Ég þakka hæstv. utanrrh. fyrir svör hans, sem voru ágæt, svo langt sem þau náðu. Ég saknaði þess kannske ekki, vegna þess að ég veit, að rn. eru ógjarnan að vinna að störfum hvors annars, en ég hafði vikið að því í mínu máli áðan, að ég held, að ég verði að leyfa mér að gera þá fsp. til hæstv. utanrrh. vegna upplýsinga, sem ég fékk hjá fastanefndinni í New York, að það

hafi ekki verið svarað umræddu bréfi, sem fastanefndin bað um, að væri svarað, með bréfi til utanrrn., að ég hygg 10. maí 1973, — því bréfi, sem hafði verið sent frá framkvæmdastjóra Sameinuðu þjóðanna, dags. 31. jan. 1973. Með þessu bréfi til utanrrn., hygg ég, að hafi fylgt uppkast, eins og ég gat um, af svarinu við bréfi framkvæmdastjóra Sameinuðu þjóðanna, en þessu bréfi hafi aldrei verið svarað. Fastanefndin a. m. k. tjáði okkur þm.-fulltrúunum, að það ylli henni miklum vandræðum, eftir að hafa flutt þetta mál í umboði íslensku ríkisstj. eða eftir heimild frá hæstv. utanrrh., sem hann réttilega gat um í svari sínu áðan, að málið skyldi hafa verið meðhöndlað á þennan hátt hér heima og þeir fyrst og fremst standa andspænis því við ráðamenn Sameinuðu þjóðanna, eftir að hafa verið meðflutningsaðilar að þessari till., að slíku bréfi hefði ekki verið svarað, og það enda þótt sent hefði verið hingað heim uppkast að svari, þannig að það hefði átt að kosta viðkomandi rn. ákaflega litla vinnu, þótt rn. séu önnum kafin, að láta umrita þetta bréf á sinn bréfhaus og senda þetta svar. Og ég vil nú leyfa mér að spyrja hæstv. utanrrh., hvort hér sé ekki rétt með farið af minni hálfu, því að ég vil ógjarnan vera með aðfinnslur, ef þær eiga ekki við rök að styðjast. Þess vegna þætti mér vænt um, af því að ég var búinn að segja það í frumræðu minni, að hann láti okkur í té upplýsingar um það, hvort hér sé ekki rétt með farið hjá mér að þessu leyti, að þessu bréfi hafi ekki verið svarað.

Utanrrh. (Einar Ágústsson): Herra forseti. Ég hygg, að hv. 2. þm. Norðurl. e. fari hér með algerlega rétt mál, og ég hygg, að ástæðan fyrir því, að bréfinu hefur ekki verið svarað, sé sú, að menn hafi verið að velta fyrir sér kostnaðarhliðinni og eru að bíða eftir því að fá upplýst, hvað þetta muni kosta. Ég vænti þess, að þessar upplýsingar geti legið fyrir mjög fljótlega og þá verði hægt að svara bréfinu. Það er að sjálfsögðu til hægðarauka að fá svörin samin fyrir sig, en þó held ég, að málið hefði ekki strandað, þó að uppkast að svari hefði ekki fylgt. En ég veit ekki betur en það, sem ég var að segja núna, að tregðan stafi af því, að menn hafi verið hræddir við kostnaðarhliðina og viljað afla sér frekari upplýsinga um hana. (**MJ:** Það hefði verið hægt að svara því þá á þann hátt, þótt það hefði kostað að umsemja bréfið.) Ég skal taka þessa ábendingu til vinsamlegrar athugunar.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Rannsókn á reki gúmbjörgunarbáta, þáltill. (þskj. 146). — Ein umr.

Flm. (Pétur Sigurðsson): Herra forseti. Ég hef á þskj. 146 leyft mér að endurflytja þáltill. um rannsókn á reki gúmbjörgunarbáta. Till. þessi er endurflutt, hún var flutt seint á síðasta þingi, en varð þá ekki útrædd. Þessi till. var þá flutt að gefnu tilefni og reyndar fleiri en einu. Og enn hefur liðið tímabil sannað gildi þessara björgunartækja, þótt þau séu ekki einhlít, enda slys á sjó af margvíslegum tilefnum.

Ég hef hér á hv. þingi bent á fyrir nokkrum dögum, að frá því að við færðum út okkar fiskveiðilögsögu í 50 mílur 1. sept. í fyrra, hafa samkv. upplýsingum Slysavarnafélags Íslands 33 íslenskir sjómenn látið líf sitt í starfi, og síðan má bæta við a. m. k. einum, sem fórst austur á Norðfirði í gær, 5. des., er bát hans hvolfdi.

Yfirleitt má segja, að á hverju reglulegu þingi, eða a. m. k. síðan ég var kjörinn á þing, hafi komið fram till. og frv., sem varða bæði tryggingar- og öryggismál sjómanna, og eru mörg góð mál þar á meðal. Má segja, að yfirleitt hafi Alþ. tekið vel í þær till., sem fram hafa komið á þessu sviði. Það hefur hins vegar komið fram gagnrýni frá eigendum skipa, útgerðarmönnum, vegna mikils kostnaðar, sem þessu hefur fylgt. En það eru líka til þeir útgerðarmenn, sem ekki hafa kvartað, en hafa hins vegar gengið á undan með góðu fordæmi og jafnvel verið framar áhugamönnum í þessum málum og betrumbætt skip sín og og búnað á þessu sviði, þannig að til fyrirmyndar er. Hins vegar skal því ekki leynt, að útgerðinni eru bundnir ýmsir baggar, ekki aðeins á sviði tryggingar- og öryggismála sjómanna, heldur og á öðrum sviðum. Ég hef oftar en einu sinni lýst yfir hér á Alþ. þeirri skoðun minni, að í sambandi við öryggi sjómannastéttarinnar, sem skilar árlega nær hinni sömu ákveðnu prósentutölu sjómanna í hafið, væri sá kostnaður greiddur af almannafé, sem fylgir því að halda uppi mannsæmandi tryggingum — eða sá kostnaður væri greiddur af almannafé, sem fylgir því að halda uppi mannsæmandi tryggingum og öryggi, sem a. m. k. fylgir því besta, sem þekkist hjá öðrum útgerðar- og siglingaþjóðum.

Það er enginn vafi, að gúmbjörgunarbátarnir eru ein þörfustu björgunartæki, sem tekin hafa verið í notkun á okkar íslenska flota, og reyndar á flota annarra þjóða líka, og þeir hafa þegar bjargað fjölda mannslífa. Þeir hafa verið mikið endurbættir, frá því að notkun þeirra hófst hér á landi. Þetta hefur verið gert samkv. ráðleggingum sjómannanna sjálfra, en fyrst og fremst þeirra aðila, sem vinna að slysavarna- og öryggismálum, viðgerðarmanna og eftirlitsmanna þessara björgunartækja, sem hafa átt góða samvinnu við bæði innflytjendur bátanna og framleiðendur. Þessir bátar hafa verið styrktir á margan hátt. Það hafa verið festar í þá sterkari taugar og festingar í þeim sjálfum, þannig að þeir hafa betur haldist við skipshlið í sjávarróti, það hefur verið settur þakbúnaður á þá, það hafa verið settar í þá dælur og margbættur búnaður, sem við kemur hlífðarfötum í kulda og vosbúð, auk annars búnaðar, og fleira mætti að sjálfsögðu telja. En það er samdóma álit þeirra, sem að slysavarnamálum vinna hér við land, að það þurfi að halda áfram þessum endurbótum með frekara öryggi sjófarenda í huga.

Það, sem kemur fyrst upp í hug þeirra, sem hafa mælst til þess, að áfram verði haldið á þeirri braut, eru erfiðleikarnir á því að finna

þessa báta, þegar hafrót er. Það hefur ekki tekist enn þá að yfirvinna vandamálið um að koma fyrir á þeim ratsjárendurskinsmerki svokölluðu, sem gerir skipum, sem þannig eru búin, kleift að sjá bátana á haffletinum. Það hafa ýmsar till. komið upp um þetta, en þær hafa ekki komist í framkvæmd og reyndar engar tilraunir farið fram hér við land, eins og t. d. að búa bátana sjálfa eða þak þeirra slíku endurskinsmerki, þannig að það verði alltaf til staðar, um leið og þak þeirra og þeir sjálfir blásast upp.

Þá er auðvitað sjálfsagt að huga að radíótækjum. Það er nokkuð langt síðan hér á landi komu fram till., sem voru framkvæmdir af nokkrum útgerðarmönnum og skipstjórum, þeir tóku sig til af sjálfsdáðum án nokkurra fyrirmæla um að vera með hreyfanlegar neyðartalstöðvar í skipum sínum. Og stuttu síðar var sett í reglugerð ákvæði um, að hin stærri skip skyldu búin þessum stöðvum. Það kom samt sem áður fram á þinginu í fyrra í sambandi við þáltill., sem flutt var í Sþ., að bátarnir skyldu útbúnir með mjög handhægum neyðarsenditækjum, sjálfvirkum, sem taka ætti með, þegar farið væri í björgunarbátana. Það kom fram, að bátarnir hefðu ekki enn verið búnir þessu tæki vegna kostnaðar. Þessi tæki eru þannig, að það þarf enga kunnáttumenn til að fara með þær, það þarf ekki annað en draga út loftnet þessara stöðva, til þess að þær fari í gang og hefji útsendingar á neyðarbylgju. En því miður er oft svo um þessi tæki og öryggisútbúnað skipanna, að hann kemur alls ekki að notum vegna kunnáttuleysis þeirra, sem um borð eru, og er enginn vafi á því, að undanþágufarganið svokallaða á fiskiskipaflotanum á stóran þátt í því. Ætti auðvitað að gera þá lágmarkskröfu til þeirra skipstjórnenda, sem á undanþágu eru, að þeir kunni að fara með lögboðin öryggistæki, sem í skipunum eru. Það er ekki alltaf nóg að geta veitt fisk.

Hinu er auðvitað ekki að leyna, að þetta leysir ekki allan vanda. Svo getur staðið á, ef slys verður um borð í skipi, að þar sem þessari talstöð sé komið fyrir, sé útilokað fyrir áhöfn að ná til hennar og taka hana með sér, auk þess sem menn geta þurft að hugsa um annað en brjóta sér kannske leið aftur í brú eða stýrishús báts til þess að ná í hana, ef t. d. eldur geisar, eða þá hún sé hreinlega farin fyrir borð, ef brotsjór hefur tekið yfirbyggingu báts.

Menn, sem ég hef rætt við, hafa hins vegar fest hugann við þá till., að hægt verði að koma fyrir í bátunum sjálfum sjálfvirkum radíósendi, sem fari í gang, um leið og báturinn fyllist af lofti eða blæs út. Þetta mundi vera byggt á sama fyrirkomulagi og sjódælur, sem eru í þessum bátum og fara í gang, ef sjór hefur komist í bátana, þegar þeir eru blásnir út. Ég hef þá trú, að ef ekki verður lagt út í að útbúa flotann með fyrrnefndu talstöðvunum, komi þessar síðarnefndu stöðvar að gagni og langdrægi þeirra geti verið allt að 50—80 sjómílur, en það fer að sjálfsögðu nokkuð eftir kringumstæðum og aðstæðum. Þessar stövar yrðu stöðugt í gúmbjörgunarbátunum og yrðu aldrei teknar úr þeim, en yrðu skoðaðar árlega eins og önnur björgunartæki skipsins.

Þá er auðvitað fleira, sem getur komið til greina í sambandi við útbúnað þessara báta. Ef menn eru slasaðir í þeim eða illa farnir og hrjáðir, þá geta bátarnir verið á hvolfi langtímunum saman. Það vantar á bátana, bæði á botn þeirra og að ég held á þak flestra þeirra, sjálflýsandi gjarðir eða merki, þannig að ef skip er í sjónmáli, þá sjást þeir í myrkri. Þessi atriði og mörg önnur koma auðvitað til álita hjá þeim mönnum, sem mundu að þessu vinna, ef till. þessi verður samþykkt.

Ég tók það fram, þegar till. þessi var flutt hér á síðasta þingi, að hún hefði verið flutt af sérstöku tilefni eða þess slyss, þegar vélskipið Sjöstjarnan fórst, og þeirrar umfangsmiklu leitar, sem þá átti sér stað með innlendum og erlendum skipum og flugvélum. Það kom þá í ljós, að jafnvel þeir, sem fróðastir eru um þessi mál, telja sjálfir, að það sé ábótavant um þá vitneskju, sem þurfi að vera fyrir hendi, þegar til slíkrar leitar er gengið, þeir vita ekki með fullri vissu, hvaða áhrif vindar og straumar hafa á rek gúmbjörgunarbáta, auk þess sem þetta eru óþekkt öfl að miklu leyti, þegar kemur að því að reikna þau út. Það má segja, að niðurstöður breytist, bæði með stærð björgunarbátanna og eins með þyngd þeirra eða lestun. Að vísu er skylt að taka það fram, að á síðustu árum hefur Hafrannsóknastofnunin miðlað íslenskum sjófarendum mikilli þekkingu um strauma hér við land, hraða þeirra og styrkleika. En samt vantar mikið á, að nægilegt sé gert fyrir skipstjórnarmenn hér við land á þessu sviði. Það, sem vantar á í sambandi við þetta, er um áhrif vinda og hafróts og hvernig þessi öfl vinna saman, þegar slíkt farartæki eða björgunartæki, ef svo mætti orða það, þegar slíkur bátur er á reki við þessar aðstæður. Það er þetta, sem ég er að leggja til, að verði kannað hér við land. Það hefur líka verið kannað og er hægt að kanna það, hvaða áhrif kuldi hefur á menn í slíkum bátum að vetrarlagi. En líklegast eru rannsóknir á því sviði í sambandi við þessi björgunarmál lengst komnar, og er það að sjálfsögðu byggt á rannsóknum, sem áttu sér stað í og eftir síðustu heimsstyrjöld.

Það var stórt átak gert á sínum tíma, þegar konur í björgunarsveitum víðsvegar um land, sérstaklega í nokkuð mörgum sjávarplássum, tóku sig til og bjuggu þessa gúmbjörgunarbáta með íslenskum ullarfatnaði og öðru, sem mátti verða til þess að bjarga frá þeim hræðilega kulda, sem hlýtur að hrjá menn, er þeir komast í björgunarbátana, þegar sjór er kannske við frostmark eða undir frostmarki og lofthiti langt undir frostmarki, auk hafróts, og þeir koma kannske votir eða blautir í bátana. Um það leyti sem þessi till. var flutt í fyrsta sinn, fengum við ábendingu úr heimsfréttunum, sem varðaði einmitt þessa till., en þá var sagt frá slysi, sem margir munu minnast, við austurströnd Bandaríkjanna, þegar skip fórst þar og eftir 4 sólarhringa fannst einn maður á lífi af þessu skipi, en hann hafði verið á lestarhlera allan þennan tíma, ofurseldur bæði stórviðri, miklum sjó og

vindi. En það var talið þá í fréttum, að hann mundi ná fullri heilsu eftir þetta álag. Að vísu er þarna um allt önnur skilyrði að ræða en hér við Ísland. Þetta hefur gerst þar sem Golfstraumurinn gengur norður með Bandaríkjunum og þar sem hann er sterkastur, þannig að sjór hefur verið heitur, en hins vegar hefur loft verið kalt um þetta leyti. En það er auðvitað sjálfsagt fyrir aðila, sem koma til, ef till. þessi verður samþ., að skoða slík dæmi, enda veit ég, að það hefur þegar verið gert og allar þær staðreyndir, sem koma í ljós í sambandi við það.

Till. *mín var og er á þá leið*, að ríkisstj. verði falið að láta fara fram hið fyrsta ítarlega rannsókn á reki gúmbjörgunarbáta við mismunandi veðurskilyrði á hafinu umhverfis Ísland, enn fremur á búnaði bátanna, þ. á m. radíósenditæki, sem staðsett væri í þeim. Og í niðurlagi till. legg ég til, að það sé sjóslysanefnd, sem hafi forgöngu um rannsókn þessa, en kostnaður allur greiðist úr ríkissjóði. Að sjóslysanefnd standa allir þeir aðilar, sem að okkar fiskiflota standa, að ég tel. Þar eiga aðild bæði útgerðarmenn og sjómenn, bæði yfir- og undirmenn, Siglingamálastofnunin og svo sá aðilinn, sem hefur hugsað mest um öryggi sæfara, Slysavarnafélag Íslands. Ég held, að mér sé óhætt að segja, að það sé fullt traust borið til allra þessara aðila, sem ætlað er að starfa að þessu máli.

Um það leyti sem síðasta þingi lauk, bárust fréttir af því, að Raunvísindastofnun háskólans eða einn af starfsmönnum hennar, Þorbjörn Karlsson vélaverkfræðingur, hefði tekið sig til og reynt að reikna út á sama hátt og gert hefur verið í Bandaríkjunum og samkv. bandarískum reglum þau áhrif, sem straumar og vindar hefðu á rek þessara báta hér við land. Nú er enginn vafi á því, að þetta er það, sem koma skal, og ég skal verða fyrstur til þess hér að lýsa sérstökum fögnuði yfir því, að einn af okkar vísindamönnum skuli leggja starf fram til að vinna að þessu. Hins vegar verður að játa, að það næst ekki fullkominn árangur af því, fyrr en þær staðreyndir, sem þarf að setja í tölvuna, eru byggðar á íslenskum aðstæðum og það helst ekki aðeins á einum stað við landið, heldur víðs vegar í kringum land. Hann gerði sína reikninga og byggði þá á staðreyndum, sem fundnar höfðu verið út af strandgæslu Bandaríkjanna með rannsóknum, *sem hún hafði látið fara fram. Ég held*, að það sé óhætt að segja fyrir hönd þeirra, sem til þekkja, að það sé ákaflega mikill munur á sjávarróti, a. m. k. víða, þar sem þær rannsóknir fóru fram, fyrir utan það, að ég held, að aldrei hafi verið og ekki reiknað með fleiri vindstigum en 8, sem ég held, að sumir íslenskir sjómenn mundu nú kalla nafni tíkargjólunnar, en allavega ekki rok eða storm. En þetta þarf auðvitað að liggja fyrir hér og það þarf einmitt að liggja fyrir um erfiðustu svæðin, sem okkar fiskimenn þurfa að fara um, þar sem bæði sterkir straumar og kannske gagnstæður vindur eða kannske vindar úr tveimur áttum, eins og þekkist, eða straumar úr fleiri en einni átt mætast. Þetta er jafnframt ósk Slysavarnafélags Íslands, en ég hef átt um þetta viðræður við framkvæmdastjóra þess. Það er ósk Slysavarnafélags Íslands, að að þessu verði unninn bráður bugur, til þess að þetta geti legið sem fyrst fyrir og það verði hægt að vinna að þessu fulkomlega nú á yfirstandandi vetri. Sá misskilningur komst inn í málgagn *yfirmanna, sjómannablaðið Víking*, að þessi till. hefði verið samþ. á s. l. þingi, en það var því miður ekki, enda hún þá seint fram borin.

Ég tel eðlilegt, eins og lagt var til af hæstv. forseta á síðasta þingi, að um málið verði tvær umr., því að ég legg til í niðurlagi till., að kostnaður greiðist úr ríkissjóði, ef hún verður samþ., og það er kannske meginmál till. gr. og það sést best á því, sem ég hef þegar sagt, af því, sem þegar hefur verið unnið að þessu máli, að það er meginmál gr. að fá fé til þess að standa undir þessum tilraunum. Ég vil hins vegar benda hv. þm. á það, að ég sjálfur óttast ekki kostnaðinn svo mjög. Ríkissjóður á stóran skipaflota, sem hefur farið vaxandi að undanförnu, bæði skip, sem vinna að rannsóknum og við landhelgisgæslu, og þarf hvorki að taka upp mikinn tíma fyrir þeim né vera mikill kostnaður af. Og ég veit, að einstök útgerðarfyrirtæki í eigu einstaklinga og annarra mundu verða fús til þess að leggja hönd á plóginn, og ég vænti þess, að samtök sjómanna verði það jafnframt.

Herra forseti. Ég legg til, að þegar umr. þessari er lokið, verði málinu vísað til síðari umr. og hv. fjvn.

Steingrímur Hermannsson: Herra forseti. Ég vil aðeins með örfáum orðum taka undir það, sem frsm. hefur sagt um mikilvægi þessa máls, og sérstaklega leggja áherslu á, að það starf, sem hefur verið unnið af sérfræðingi hjá Raunvísindastofnun háskólans, er mjög mikilvægur grundvöllur í þessu máli öllu. Eins og kom fram hjá frsm., er gert ráð fyrir því, að unnt verði að reikna með tölvu háskólans líklegt rek björgunarbáta við hinar ýmsu aðstæður. Ég held, að prógrammið sé æðilangt komið, og sömuleiðis, að því er ég best veit, eru þegar fyrirliggjandi mikilvægar upplýsingar, bæði um strauma hér við land frá rannsóknum Hafrannsóknastofnunarinnar og einnig að sjálfsögðu um vinda, eins og þeir gerast tíðastir, frá Veðurstofu Íslands. Ætlunin er, að þessa þætti og jafnvel fleiri verði unnt að setja inn í umrætt prógramm og þá þannig áætlað í tölvunni, hvert líklegt megi telja, að björgunarbát reki við aðstæður á þeim stað og þeirri stundu. Ég held því, að í raun og veru sé það mikilvægasta í þessu að reikna út slíkt dæmi og sannprófa það með tilraunum. Vitanlega er það dálítið erfitt við að eiga, því að útreikningarnir verða að byggjast á ákveðinni aðstöðu á ákveðnum tíma og ákveðinni stundu. Ég held, að það sé hægt að gera það þegar í dag að vissu leyti, þó að prógrammið hljóti stöðugt að verða nákvæmara og betra, eftir því sem meiri reynsla fæst. Það er skoðun mín, að sú n., sem fær þetta til meðferðar, ætti að kynna sér vandlega það, sem hefur verið gert, m. a. ræða við þann sérfræðing, sem nefndur var hér áðan, Þorbjörn Karlsson, um málið

og athuga, hvort með þessari till. megi ekki hraða framgangi þessa máls á þeim grundvelli, sem hefur verið lagður hjá Raunvísindastofnun háskólans.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Nýting raforku til húsahitunar, þáltill. (þskj. 151). — Ein umr.

Flm. (Guðlaugur Gíslason): Herra forseti. Ég hef ásamt hv. 5. þm. Vesturl. leyft mér að flytja hér till. á þskj. 151 um nýtingu raforku til húsahitunar og verðjöfnun á raforku. Að sjálfsögðu er okkur flm. kunnugt um þær áætlanir, sem uppi hafa verið á undanförnum árum, og þá stefnumörkun að stefna að því að taka í æ ríkari mæli raforku til hitunar húsa í stað olíukyndingar. Allar hafa þessar áætlanir þó verið við það miðaðar, að þetta gæti gerst með eðlilegum hætti, þróast á nokkru árabili og skiptin því tekið nokkuð langan tíma. Hins vegar liggur það fyrir nú í dag, að viðhorf öll í þessu sambandi gerbreyst við þá verðhækkun, sem orðið hefur á olíu, og þá verðhækkun, sem fyrirsjáanleg er fram undan, ef aðstæður breytast ekki aftur í hið fyrra horf. Það má segja, að við séum kannske ekki í neinni beinni hættu í sambandi við okkar orkumál í bili, þó getur alltaf það að borið, t. d. ef til styrjaldar drægi, að við værum mjög illa settir ef ekki væru gerðar fljótvirkari ráðstafanir til orkuöflunar heldur en nú eru áætlanir uppi um. Og þó að svo færi, að jafnvægi kæmist á í olíumálunum, er það eitt atriði, sem liggur alveg ljóslega fyrir, en það er, að stofnkostnaður allur við byggingu nýrra húsa er mun minni, ef gert er ráð fyrir í upphafi, að um raforkuhitun verði að ræða, í stað olíukyndingar, eins og nú er víðast úti á landsbyggðinni.

Það liggur nokkur reynsla fyrir í þessu sambandi um kostnað miðað við verð á olíu, eins og það var, áður en verðhækkunin skall yfir, og þær upplýsingar, sem ég hef um það benda mjög ótvírætt í þá átt, að séu húsin í upphafi vel einangruð og með raforkuhitun reiknað, þá muni raforka ekki þurfa að verða dýrari en olíukynding og jafnvel mun ódýrari, ef vel er að staðið. En í sambandi við það viðhorf, sem nú hefur skapast vegna verðhækkunar á olíu, þá hefur enn mjög breyst í þá átt, að aðstöðumunur verður enn tilfinnanlegri í sambandi við hitun húsa fyrir þá, sem úti á landsbyggðinni búa og hafa ekki aðstöðu til að njóta hitunar frá hitaveitum eða jarðvarma, og hlýtur því einnig þetta atriði að verða tekið til rækilegrar endurskoðunar. Það hlýtur að verða um það spurt, hvernig slíku verður við komið. Ég tel, að tæknilega sé hægt að koma þessu fyrir á fleiri en einn hátt, og hygg ég, að þegar mætti á fyrsta stigi í sambandi við heildsöluverð gera þá jöfnun á, að raforkuverð yrði það sama, hvar á landinu sem væri, a. m. k. ef um húsahitun væri að ræða.

Ég minntist á það áðan, að verðhækkun sú á olíu, sem orðið hefur, hefði leitt í ljós, enn þá betur en flest annað geysilegan aðstöðumun þess fólks á mörgum sviðum, sem býr úti á landsbyggðinni, og þess fólks, sem býr hér á þéttbýlissvæði og hefur hitaveitu eða á öðrum stöðum, þar sem um hitaveitu er að ræða. Þess hefur verið getið í blöðum að undanförnu og komið upplýsingar um það frá borgaryfirvöldum, að hitunarkostnaður íbúða á Reykjavíkursvæðinu mundi aðeins nema ¼ hluta af hitunarkostnaði miðað við það, ef olía væri notuð til upphitunar. Það er talið, að þetta nemi 50—60 þús. kr. á meðalfjölskyldu á ári, og tölur hafa verið birtar um það, að þetta mundi spara íbúum Reykjavíkursvæðisins um 1500—1600 millj. kr. Ég held, að þegar þessi hlið er skoðuð á málinu einnig, þá hljóti Alþ. að gera sér ljóst, að þarna verður að grípa inn með jöfnun á milli þeirra aðila, sem annars vegar hafa aðstöðu til þess að búa við hitun frá jarðvarma, og hinna, sem ekki hafa aðstöðu til þess og verða að nota olíu. Ef sú leið væri farin, sem lagt er til í þeirri till., sem hér liggur fyrir, þá mundi þarna vissulega komast verulegur jöfnuður á, og er það það, sem hlýtur að verða að stefnt, ef ekki eiga að falla um sjálfar sig allar umr. og allar hugmyndir, sem þm. á undanförnum árum hafa verið með um jafnvægi í byggð landsins og uppbyggingu landsbyggðarinnar.

Ég tel, að það sé mjög nauðsynlegt fyrir Alþ. að gera sér grein fyrir, hvað raunverulega hefur verið að gerast á undanförnum árum í sambandi við þetta mál. Eftir því sem ég held, er eitt af tíðræddustu málum hér í sölum Alþ. byggðajafnvægið og hvaða ráðstafanir sé nauðsynlegt að gera í því sambandi. En ég held, að Alþ. hafi á undanförnum árum og kannske um nokkuð langt árabil ekki gert sér það ljóst, að samtímis því sem verið er að tala um byggðajafnvægi og jafnvægi í byggð landsins, þá hafa verið gerðar ráðstafanir hér í sambandi við þéttbýlið, sem vinna þar gersamlega á móti. Ég á við þær ráðstafanir, sem hafa verið gerðar í sambandi við húsnæðismál, því að það er ekkert leyndarmál, að það hefur verið hægara fyrir fólk að eignast íbúðir hér á þéttbýlissvæðinu heldur en víða úti á landsbyggðinni, og kemur þar til hinn beini stuðningur ríkisvaldsins á undanförnum árum, sem hefur gert þetta kleift. Þó að það sé svo, að menn, sem flytjast hingað á þéttbýlissvæðið, geti kannske ekki beint fallið inn í það kerfi, þá hefur kerfið á undanförnum árum losað um íbúðarhúsnæði í stórum stíl á þéttbýlissvæðinu, sem þá hefur verið til ráðstöfunar fyrir þá, sem hingað hafa viljað flytjast.

Húsnæðismálin eru án efa eitt það viðkvæmnasta fyrir fólk í sambandi við hugmyndir þess um búsetu, og allt, sem gert er á einum stað til þess að gera mönnum hægara og gera mönnum kleift að eignast húsnæði, það auðvitað dregur fólkið til sín annars staðar frá. Ég vil á það benda, að hér í Reykjavík einni hafa á undanförnum árum, 5—6 árum, ef ég man rétt, risið upp heil borgarhverfi, sem eru á stærð við stærstu kaupstaði landsins, og á ég þar bæði við Breiðholt og Hraunbæ. Þetta hlýtur óneitanlega að hafa það í för með sér, að byggð dregst saman úti á landsbyggðinni, samtímis því sem

Alþ. yrði að gera beinar ráðstafanir og leggja fram verulega fjármuni til að reyna að halda fólkinu þar kyrru. Ég fékk hjá Hagstofunni upplýsingar um, hvernig þróun þessara mála hefur verið á undanförnum 10 árum, og ég verð að segja, að sú þróun er ekki vænleg fyrir hv. Alþ., ef við eigum í alvöru að halda áfram að ræða um byggðamálin og jafnvægi í byggð landsins á sama grundvelli og gert hefur verið að undanförnu. Þessi skýrsla Hagstofunnar sýnir, að árið 1963 var 51% af landsmönnum staðsett á þéttbýlissvæðinu, þ.e.a.s. Reykjavík, Seltjarnarnesi, Kópavogi, Garðahreppi, Hafnarfirði og Mosfellshreppi. Árið 1972 er þessi tala komin úr 51% upp í 55.6%. Það er áberandi, að þetta er mjög ákveðin þróun, það virðast ekki vera neinar stökkbreytingar á milli ára, heldur fjölgar fólki sífellt hlutfallslega á þéttbýlissvæðinu. Þetta hlutfall hefur hækkað, eins og þessar tölur sýna, um nær 5%. Nú búa á þessu svæði 5% fleiri landsmanna, miðað við heildartölu þeirra, heldur en gerðu á árinu 1963. Ef svo heldur fram sem nú horfir, verður þetta upp úr árinu 1980 komið upp í nær eða um 60%, og ég hygg, að þá megi Alþ. fara að gá að sér í sambandi við byggðamálin, því að þegar svo er komið, að 60% af þjóðinni er komið í einn þéttbýliskjarna, þá hlýtur það að verka til þess, að fólksflutningar verða enn örari en þeir þó áður voru frá strjálbýlinu og til þéttbýlisins. Og það, sem kannske er eftirtektarvert í sambandi við skýrslu Hagstofunnar, er, hvað gerst hefur á Vestfjörðum, þar sem byggðaáætlun var fyrst tekinn upp. Ef ég man rétt, var það í kringum 1965—1966, sem þar var farið að vinna skipulega að byggðamálum og fengið til þess erlent fé og lagt fram verulegt fjármagn úr ríkissjóði til þess að halda þar jafnvægi í byggð landsins og reyna að halda fólkinu þar áfram með búsetu, eins og það hafði áður verið. Það sorglega er, að skýrsla Hagstofunnar sýnir, að flutningur frá Vestfjörðum er meiri en meðaltalið er annars staðar frá af landinu. 1. des. 1963 voru búsettir í Vestfjarðakjördæmi 10586 manns, en er komið niður í 9925 manns 1. des. 1972. Þetta er um 6.25% fækkun fólks á þessum stað.

Mér hnykkti nokkuð við, þegar ég sá þessar tölur Hagstofunnar, og maður hlýtur að vera nokkuð uggandi yfir því, þegar þetta liggur fyrir í opinberum skýrslum, að þannig skuli fara, þar sem fjármagn er fyrst og fremst veitt til uppbyggingar á skipulegan hátt, þar skuli fólksfækkunin verða yfir meðaltali af því, sem hún er annars staðar í strjálbýlinu.

Ég held, að Alþ. verði að fara að gera sér það alveg ljóst, að sá aðstöðumunur, sem verið hefur á milli þeirra, sem búa í þéttbýli, og þeirra, sem búa í strjálbýli, hefur verið þess valdandi, að fólksstraumur hefur þrátt fyrir allar aðgerðir stjórnvalda átt sér stað frá landsbyggðinni og hingað á þéttbýlissvæðið. Og við þá breytingu, sem sjáanleg verður í sambandi við kyndingu íbúðarhúsa, sem er mjög viðkvæmt mál, eins og allir vita, og einn af stærri útgjaldaliðum hverrar fjölskyldu, ef sama ósamræmið á að halda áfram og verið hefur og aukast í hlutfalli við verðhækkun á olíu, þá tel ég, að það sé mjög mikil hætta á því, að Alþ. standi hreinlega frammi fyrir því innan til þess að gera stutts tíma, að flutningar verði það miklir frá landsbyggðinni, frá strjálbýlinu og hingað á þéttbýlissvæðið, að það hljóti að teljast mjög varhugavert fyrir þjóðarbúið í heild. Maður getur ímyndað sér, hvernig þetta væri hjá öðrum stærri þjóðum, bæði hér í Evrópu og annars staðar, ef yfir 60% af þjóðinni væri komin á höfuðborgarsvæðið. Hvað væri um New York, London og höfuðborgir þessara ríkja, sem við þekkjum til, hvernig væri þeirra aðstaða, ef þar væru komin 60% af þjóðarheildinni? Ég ætla ekki að fara að nefna neinar tölur í því sambandi. Flestir vita nokkurn veginn, hver íbúatala þessara landa er og hver íbúatala höfuðborgarinnar yrði, ef þangað væru komin 60% af þjóðarheildinni. Ég hygg, að það geti ekkert þjóðfélag staðið undir slíku og mundi ekki vera hægt að reka neitt þjóðfélag, sem þarf auðvitað að lifa á margþættri framleiðslu, bæði til lands og sjávar, og margþættum iðnaði, það mundi ekkert þjóðfélag geta þróast á eðlilegan hátt, ef þannig væri komið, að svo stór hluti þjóðarinnar væri kominn á einn stað. En þetta er staðreynd, sem Íslendingar standa frammi fyrir. Og sú þróun, sem verið hefur á undanförnum árum, bendir því miður öll í þá átt, að þrátt fyrir margvíslegar aðgerðir Alþ. í sambandi við byggðamálin virðist þar þurfa miklu meira til og sennilega þarf þar til gerbreytta stefnu. Það verður að koma eitthvað annað mikilvægara heldur en við höfum enn þá verið að ræða um til þess að vega á móti þessu og til þess að festa fólk við framleiðslustörfin úti á landsbyggðinni. Ég tel þetta vera, þegar málið er skoðað ofan í kjölinn, sérstaklega miðað við þær aðstæður, sem nú hafa skapast, eitt af þeim stærri málum, sem Alþ. hlýtur að verða að taka til gaumgæfilegrar athugunar þegar á næstunni.

Ég vil, herra forseti, leyfa mér að leggja til, að umr. verði frestað og till. vísað til hv. fjvn.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Veitinga- og gistihúsarekstur að vetrarlagi utan þéttbýlissvæða, þáltill. (þskj. 162). — Fyrri umr.

Flm. (Pálmi Jónsson): Herra forseti. Á þskj. 130 hef ég leyft mér að bera fram till. til þál. um athugun á till. til úrbóta á vanda þeirra aðila, sem stunda veitinga- og gistihúsarekstur að vetrarlagi utan mestu þéttbýlissvæða landsins. Till. hljóðar svo, með leyfi hæstv. forseta:

„Alþingi ályktar að fela samgrh. að skipa n. til þess að athuga og gera till. um úrbætur á vanda þeirra aðila, sem stunda veitinga- og gistihúsarekstur að vetrarlagi utan mestu þéttbýlissvæða landsins. Skal n. m.a. taka til athugunar rekstrarafkomu og rekstrarfjárþörf þessara þjónustuaðila yfir vetrarmánuðina ásamt leit að leiðum til bættrar afkomu, enn fremur tillögur um aðstoð hins opinbera, ef þess er þörf, og samræmingu slíkrar aðstoðar. N. skal skila áliti

eigi síðar en svo, að leggja megi till. hennar fyrir Alþ. á næsta hausti.“

Á síðustu árum hefur verið varið nokkru fé á fjárl. til þess, eins og það er kallað í fjárlagagr., að halda uppi byggð og gistingu handa ferðamönnum að vetrarlagi. Þetta fé hefur fyrst og fremst verið látið renna til þeirra þjónustuaðila, sem halda uppi gistingu og annarri veitingastarfsemi nálægt fjallvegum landsins, bæði til einstakra heimila og til veitingaaðila, sem eru með meiri rekstur. Samtals var á fjárl. þessa árs varið til þessara þátta um 2.8 millj. kr. Nú er það svo, að ef litið er yfir þessa skrá, þá sést, að þarna er harla lítið samræmi á milli einstakra aðila, og skal ekki farið nánar út í það, en skrá yfir þessi framlög birtist sem fskj. með grg. þessarar till.

Nú liggja fyrir fjvn., eftir því sem mér er kunnugt um, nokkur erindi frá aðilum, er stunda þessa þjónustugrein, þar sem farið er fram á ýmist nýja styrki eða hækkun á framlögum, sem veitt hafa verið á undanförnum árum. Það er því augljóst mál, að þarna er orðið um verulegan vanda að ræða, — vanda, sem þarf að taka til athugunar í heild, hvort ástæða sé til þess, að ríkisvaldið styrki með þessum hætti eða öðrum þessa starfsemi, eða þá að leitað verði *nýrra úrræða og þá hvaða úrræði* það kunni að vera.

Ég tel nokkuð augljóst að orsakir þess mikla vanda, sem við er að glíma hjá þessum aðilum, séu fyrst og fremst þær, að á undanförnum árum hefur rekstrarkostnaður aukist ákaflega við þessa þjónustustarfsemi. Kröfur hafa aukist um bættan aðbúnað ferðamanna, bæði að því er snertir almenna veitingasölu og eins gistihúsaaðstöðu, og þessum kröfum hafa þeir aðilar, sem hér um ræðir, mætt með auknum kostnaði. Rekstrarkostnaðurinn hefur af þessum aðilum einkanlega verið talinn stóraukast eftir að vinnutímastyttingin var samþykkt hér á hv. Alþ. fyrir tveimur árum. Leiddi það að sjálfsögðu af henni, að vaktir starfsfólksins urðu styttri. Það þurfti því aukinn fjölda starfsfólks, sem hafði óhjákvæmilega í för með sér mjög aukinn rekstrarkostnað. Enn hefur svo komið til, að á síðari árum hefur það verið tíðkað af opinberum aðilum á þessu sviði, þ. e. Ferðaskrifstofu ríkisins, að setja upp sumargistihús sem víðast um landið, í skólum, og taka þannig, á þeim tíma, sem ferðamannastraumurinn er mestur og mestar tekjur er unnt að hafa út úr þessari þjónustustarfsemi, í sínar hendur verulegan hluta af þessari starfsemi og um leið kúfinn af þeim hagnaði, sem einkaaðilar hafa til þessa haft af starfsemi þessari yfir sumarmánuðina. Nú virðist svo komið, að tekjur af rekstrinum yfir sumartímann, þegar ástandið er best, nægi ekki til þess að vega uppi tap það, sem verður á rekstrinum yfir vetrarmánuðina. Af þeim orsökum eru þær óskir fram komnar, sem liggja fyrir hjá fjárveitingavaldinu um ríkisstyrk. Allt þetta tel ég, að þurfi að taka til gaumgæfilegrar athugunar.

Ekki þarf að fara hér mörgum orðum um þá þýðingu, sem þessi þjónustustarfsemi hefur fyrir landsmenn. Ég vil þó vekja athygli á því með nokkrum orðum, að svo er ástatt með vetrarferðir, eins og flestir hv. alþm. þekkja, að brugðið getur til beggja vona, bæði hvað snertir færð á vegum og veður, miðað við okkar mislynda veðurfar hér á landi. Það væri hægt að rekja mörg dæmi um það, að ferðamenn, sem ferðast milli landshluta að vetrarlagi, hafi lent í illviðrum og ófærð, sem leitt hefur til þess, að þeir hafa orðið að breyta sinni ferðaáætlun. Þeir hafa þurft að leita sér náttstaðar og dvalarstaðar jafnvel dögum saman til þess að fá borgið sér og sínum undan hreggviðrum vetrarins.

Ég hygg, að það þurfi ekki að rekja slík dæmi. Bæði ég og aðrir hafa kynnst þeim af eigin raun. Í slíkum tilvikum er það þýðingarmeira en nokkru sinni um aðra tíma ársins, að þessari þjónustustarfsemi sé haldið uppi, það sé unnt að finna áningarstaði á leið ferðamannsins, þar sem hann getur fengið húsaskjól og veitingar, þegar að syrtir á leið hans bæði í byggð og eins við að komast yfir hina ýmsu fjallvegi landsins, sem venjulega er torsóttast.

Á undanförnum árum hefur áhugi fyrir ferðamálum vaxið mjög hér á landi, og er það ekki að ófyrirsynju. Ísland hefur marga kosti að bjóða, sem gera það æskilegt ferðamannaland fyrir ýmsa, bæði innlenda ferðamenn og ekki síður fyrir útlenda, sem sækja hingað í hraðvaxandi mæli. Áhugi þeirra, sem um þessi mál hafa fjallað á undanförnum árum, hefur enda virst beinast mest í þá átt að búa okkur undir það að taka við sívaxandi fjölda erlendra ferðamanna, mæta sókn þeirra hingað með því að koma upp gististöðum, fyrst og fremst gistihúsnæði hér á höfuðborgarsvæðinu, og greiða fyrir því, að unnt sé að veita þeim nokkra þjónustu víðar um landsbyggðina og þá fyrst og fremst með þeirri starfsemi, sem ég minntist á hér áðan og rekin hefur verið af Ferðaskrifstofu ríkisins í skólum landsins. Þrátt fyrir þetta hefur það orðið mönnum æ ljósara, hversu mikla varúð þarf að viðhafa á þessari braut. Það er þýðingarmikið fyrir okkur Íslendinga sjálfa að hafa hér vald á, hver þróunin verður. Við megum ekki fórna bestu ferðamannastöðum okkar og dýrmætustu náttúruauðlindum undir örtröð erlendra ferðamanna á þann veg, að við fáum ekki sjálfir ráðið ferðinni og sjálfir haft hemil á því, hvernig umgengni verður háttað og með þessa staði verður farið. Hér þarf að fara að með mikilli gát.

Að mínu viti er óviðunandi að gefa því ekki meiri gaum en gert hefur verið, hvernig búið er að þeim þjónustuaðilum í ferðamálum, sem bera sína starfsemi uppi fyrst og fremst með hliðsjón af því að geta veitt Íslendingum sjálfum þessa þjónustu árið um kring, en það öðrum fremur þeir aðilar, sem um er fjallað í þeirri till., sem hér er flutt.

Þrátt fyrir það, að ástandið sé e. t. v. erfiðast hjá þeim aðilum, sem halda þessari þjónustu uppi í strjálbýli við fjallvegi landsins, þá er einnig svo komið fyrir ýmsum gistihúsaeigendum í minni þéttbýlisstöðum úti á landi, að þeir hafa við orð að loka sínum húsum, hætta sinni starfsemi yfir vetrarmánuðina. Ýmsir þessara aðila eiga sammerkt með þeim, sem reka þjón-

ustu sína við fjallvegi, að þeir eru þýðingarmiklir áningarstaðir fyrir ferðamenn og kannske í sumum tilvikum þeir einu, sem geta veitt þeim nægilega örugga aðbúð á ferðum sínum að vetrarlagi, ef út af ber. Þess vegna þarf að gefa þessum aðilum gaum ekki síður en þeim, sem hlotið hafa styrk á fjárl. til þessa.

Þessi mál öll hafa nokkuð verið rædd fyrr en hér er gert. M. a. komu þessi mál til umr. á síðasta Fjórðungsþingi Norðlendinga, sem haldið var á Húsavík 21.—23. okt. s. l. Þá hafði starfað mþn. Fjórðungssambandsins um ferðamál, og meðal þeirra till., sem þessi n. lagði fyrir þingið og samþykktar voru á þessu þingi, er ein, sem fjallar um þetta efni og hljóðar svo, með leyfi hæstv. forseta:

„Fjórðungsþing Norðlendinga skorar á alþm. Norðlendinga að beita sér fyrir fyrirgreiðslu og fjárhagsaðstoð til þeirra aðila, sem reka hótelstarfsemi við þýðingarmiklar samgönguleiðir að vetrarlagi vegna ómissandi þjónustu við ferðamenn, án þess að nokkur fjárhagsgrundvöllur sé fyrir starfsseminni. Jafnframt skorar þingið á alþm. að beita sér fyrir samsvarandi aðstoð til þeirra, sem stunda ómissandi hótelþjónustu í minni þéttbýlisstöðum að vetrarlagi, án þess að von sé um hallalausan rekstur. Jafnframt vekur Fjórðungsþing athygli á lánakjörum Ferðamálasjóðs, en lán hans eru bundin vísitölu framfærslukostnaðar."

Í þessari ályktun er m. a. bent á einn þáttinn, sem orðið hefur til þess að auka á rekstrarvandræðin hjá þeim aðilum, sem hér er fjallað um, og sigIt hefur í kjölfar þess, að margir þeirra hafa byggt upp sína starfsemi með því að auka framkvæmdir, auka húsrými og bæta þannig aðstöðuna fyrir ferðamenn, en það eru lán Ferðamálasjóðs. Það er augljóst, miðað við þá verðlagsþróun, sem nú ríkir, að þau lánakjör, sem þeir verða að sæta, sem taka vísitölubundin lán, eru ákaflega erfið. Það er eitt af þeim atriðum, sem þyrfti að kanna í sambandi við þá athugun, sem fylgdi í kjölfar þessarar till., yrði hún samþykkt, hvernig koma mætti lánamálum þessara aðila fyrir með hagkvæmari hætti. Ýmis fleiri atriði þarf að athuga, og skal ég ekki rekja þau mikið hér. Aðeins vil ég drepa á það, að best væri, ef unnt væri að komast hjá beinni opinberri aðstoð. Best væri, ef unnt væri að finna leiðir til þess að bæta rekstur þessara aðila á annan hátt en með beinni ríkisaðstoð. En verði ekki hjá því komist, að um opinbera aðstoð sé að ræða, kann að vera eðlilegt í sumum tilvikum, þar sem t. d. þýðingarmikil hótelstarfsemi er rekin í þéttbýlisstöðum, að um leið og hið opinbera veitti einhver framlög, þá væru heimaaðilar skuldbundnir til þess að leggja fram eitthvert fé á móti. Ýmsar leiðir í þessu sambandi má hugleiða, og skal ekki farið nánar út í það hér.

Ég tel það þýðingarmikið, að þessi mál öll verði tekin og skoðuð í heild. Ég hef undir höndum gögn, sem sýna, hvernig ástandið er hjá einstökum slíkra aðila. Naumast er ástæða til þess að rekja það hér. En verði þessi till. samþykkt og hæstv. samgrh. taki málið upp, skipi n. til þess að kanna það og gera till. um úrbætur, eins og till. fer fram á, þá geri ég ráð fyrir því, að slík n. mundi kalla eftir reikningum yfir rekstur þeirra aðila, sem hér er fjallað um, og gæti þannig gert sér í fyrstu lotu ljóst, hve vandinn er mikill, og síðan tæki hún til athugunar, hvaða leiðir þyrfti að fara til þess að ráða þar bót á. Aðalatriðið er, að þetta mál allt sé skoðað í heild, það sé skoðað í samhengi við aðra þá þætti, sem unnið er að í sambandi við ferðamál, og að því þurfti ekki að reka, að þeir aðilar, sem sinna þessari þýðingarmiklu þjónustu fyrir Íslendinga sjálfa, eins og ég hef kallað það hér, neyðist til að hætta þessari starfsemi, þegar síst má án hennar vera.

Ég vil svo leyfa mér, herra forseti, að óska þess, að að þessari umr. lokinni verði till. vísað til síðari umr. og hv. fjvn.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Efri deild, 33. fundur.

Mánudaginn 10. des., kl. 2,30 miðdegis.

Sjálfskuldarábyrgð á lánum til kaupa á fiskiskipum, frv. (þskj. 198). — 3. umr.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 11 shlj. atkv. og afgr. til Nd.

Tekjustofnar sveitarfélaga, frv. (þskj. 196). — 1. umr.

Félmrh. (Björn Jónsson): Herra forseti. Það frv., sem hér liggur fyrir til 1. umr., er stjórnarfrv., en efni þess varðar tvær breytingar á l. nr. 8 1972, um tekjustofna sveitarfélaga, sem bæði einstök sveitarfélög og Samband ísl. sveitarfélaga sérstaklega hafa lagt mikla áherslu á, að nái fram að ganga. Fyrri breytingin, sem frv. felur í sér, felst í 1. gr. frv., en hún er sú, að sveitarstjórnum verði heimilað að innheimta sem fyrirframgreiðslu upp í útsvör allt að 60% þess útsvars, sem hlutaðeiganda bar að greiða næstliðið ár. Í gildandi lögum er þetta hámark fyrirframgreiðslu 50%, sem skal jafna á 5 gjalddaga, sem verða óbreyttir skv. þessu frv.

Rökin fyrir breytingu í þessa átt eru aðallega þau, að í fyrsta lagi jafni hún tekjur sveitarfélaga milli fyrri og síðari árshelmings og auðveldi þeim eðlilegan fjárhagslegan rekstur, og í annan stað færi hún gjöld útsvarsgreiðenda til, þannig að minni hætta sé á, að greiðslubyrðin væri óæskilega þung síðari hluta árs, þegar álagt útsvar á innheimtuárinu hefur hækkað frá fyrra ári, eins og hefur verið um langan aldur. Auk þess kemur það svo til, að hér er um að ræða að skapa aukið jafnvægi greiðslna til sveitarfélaganna og ríkisins af gjaldheimtu. Loks er hægt að benda á, að þá breytingu, sem hér er lögð til, má skoða sem nokkurt skref í átt til staðgreiðslukerfis opinberra gjalda, sem launþegar m.a. leggja mikla áherslu á.

Síðari breytingin, sem ráðgerð er skv. frv., felst í 2. gr. þess, en hún er sú, að fjmrh. skuli heimilt að ákveða breytingu á fasteignamati til samræmis við verðlag 1. nóv. þessa árs, en með tekjustofnal. nr. 8 1972 var að því ráði horfið að auka hlut fasteignaskatta í heildartekjum sveitarfélaganna mjög verulega eða úr u.þ.b. 3% árið 1971 í nálega 18% árið 1972, en grundvöllur þessa skatts hefur staðið óbreyttur frá því ári. Er því ljóst, að ef hér verður ekki breyting á, fer þessi tekjustofn sveitarfélaganna stöðugt rýrnandi hlutfallslega, sem aftur hlýtur að skapa sveitarfélögunum aukinn fjárhagslegan vanda. Þykir því rétt að opna heimild fyrir fjmrh. til að hækka þennan gjaldstofn til samræmis við raunverulegar breytingar á verðlagi fasteigna fram til 1. nóv. s.l.

Herra forseti. Ég sé ekki ástæðu til að hafa hér um öllu fleiri orð, en legg til, að frv. verði vísað til 2. umr. og hv. félmn. Ég vil vænta þess, að hv. þn. og hv. þd. hraði svo afgreiðslu frv., að það geti hlotið lokaafgreiðslu hér á hv. Alþingi fyrir jólaleyfi, þar sem frestun á gildistöku frv.-ákvæðanna mundi skapa sveitarstjórnum mikla örðugleika, m.a. við undirbúning fjárhagsáætlana og þær ákvarðanir, sem framkvæmd laganna svo breyttra gerir ráð fyrir.

Axel Jónsson: Herra forseti. Ég fagna því, að þetta frv. er komið fram. Það hefur verið kappsmál sveitarstjórnarmanna að ná fram breytingu eða leiðréttingu efnislega í þá átt, sem hér er lagt til. Ég get tekið undir það, sem hæstv. ráðh. sagði í sinni framsöguræðu varðandi þá efnisliði, sem hér er lagt til að gera breytingar á. Ég minni á, að sveitarfélögin verða að byggja að meginparti tekjur sínar á útsvörum og þau eru grundvölluð á tekjum næstliðins árs á undan. En ávallt fyrri hluta árs, þar til álagning hefur farið fram, hafa tekjur sveitarsjóðanna af útsvörum verið byggðar á tekjum fyrir tveimur árum, en allt, sem sveitarfélögin þurfa að framkvæma, hvort heldur er þjónusta eða mannvirkjagerð o.s.frv., þarf auðvitað að greiða á verðlagi þess tíma, er framkvæmdin á sér stað. Sér í lagi þegar eru þenslutímar, er vissulega mikið hagræði, að sveitarsjóðunum verði gert kleift að innheimta þó 60% af fyrirframgreiðslum í stað 50%, eins og gildandi lög kveða á um. Ég tel einnig, að þetta sé til hagræðis fyrir gjaldendurna, þannig að þegar er komið fram yfir mitt ár, þá eru þeir búnir að greiða eðlilega stærri hluta af þeim gjöldum, sem þeir þurfa að greiða, með því að hafa þennan háttinn á, heldur en er varðandi framkvæmd l. eins og þau eru í dag.

Ég gat þess, að sveitarsjóðirnir verða fyrst og fremst að byggja tekjur sínar á útsvörunum. Fyrir áramótin eða fyrir hátíðar á s.l. ári skeði það, að gefin var út yfirlýsing um, að engu sveitarfélagi yrði veitt heimild til þess að hækka útsvör um 10%. En eins og kunnugt er, er ákvæði um það í 25. gr. núgildandi tekjustofnalaga, að sveitarstjórnir geti hækkað útsvörin frá 10% skalanum um 10%, en þurfi til þess samþykki ráðherra. Það er hins vegar mín skoðun, að það sé óeðlilegt, að sveitarstjórnir séu háðar samþykki ráðherra. Það er hins vegar mín skoðun, að það sé óeðlilegt, að sveitarstjórnir séu háðar samþykki ráðherra til þess að hækka útsvör um allt að 10%. En meðan það ákvæði er í l., tel ég enn fráleitara, að fyrir fram sé því slegið föstu fyrir öll sveitarfélögin á landinu, að ekki komi til greina að líta á nauðsyn þeirra til þess að fá að nýta skalann til fulls, þ.e.a.s. að leggja 10% álag á útsvörin. Ég vil því beina þeirri fsp. til hæstv. ráðh., hvort nokkur áform séu nú uppi um slíkar ákvarðanir fyrir fram og án þess að málin séu skoðuð betur, eins og gert var á s.l. ári.

Eins og hæstv. ráðh. tók fram, hækkuðu fasteignaskattarnir og eru nú verulegri þáttur í tekjuöflun sveitarfélaganna en áður, og eins og hann tók fram, getur það átt við það sveitarfélag, sem ég þekki gleggst til, að þar voru fasteignaskattarnir 18% af tekjum sveitarsjóðsins árið 1972, en mundu verða að óbreyttum

ákvæðum nú aðeins 12% fyrir árið 1974. Og það er vissulega rík nauðsyn á því fyrir sveitarsjóðina, að fasteignaskattarnir haldi sínu gildi í tekjuöflun þeirra, en rýrni ekki í raun, eins og varð á s. l. ári, þar sem þeir eru óbreyttir að krónutölu, að öðru leyti en því, þar sem er um að ræða aukningu á húsnæði, sem skattlagt er.

Ég vil aðeins víkja örfáum orðum að enn einum tekjulið sveitarsjóðanna. Það eru aðstöðugjöldin. Eins og kunnugt er, þá er það ákvæði í núgildandi lögum um tekjustofna sveitarfélaga, að sveitarstjórnum er heimilt að innheimta sem nemur 65% af þeim aðstöðugjöldum, sem þau innheimtu árið 1971. Ég hygg, að það sé ekki ofsagt, þó að þetta ákvæði hafi á sínum tíma verið hugsað sem bráðabirgðaákvæði fyrir árið 1972. Og það hlýtur að liggja í augum uppi, að það er óeðlilegt til lengdar og raunar nú þegar að miða fasteignagjöldin við þá tilviljun, vil ég segja, sem ríkti í þessum efnum árið 1971. Ég skal taka sem dæmi, að af 15 sveitarfélögum í Reykjaneskjördæmi innheimtu 13 aðstöðugjöld og hafa nú heimild til þess að innheimta 65% af því, sem þau innheimtu 1971. Hin tvö hafa hins vegar ekki möguleika til þess að taka upp aðstöðugjöld, þó svo að aðstæður hafi að öðru leyti breyst í sveitarfélaginu. Og ég vil nefna enn frekar kannske sláandi dæmi um eitt sveitarfélagið af þessum 13. Þau tóku upp aðstöðugjöld á árinu 1971 og töldu þar upp í þremur liðum þær atvinnugreinar, sem þau ætluðu að leggja aðstöðugjald á. En þeim sást yfir það að hafa hið almenna orðalag, að gera ráð fyrir því, að annað ótalið félli síðan undir tiltekna aðstöðugjaldsálagningu. Þetta þýddi það, að síðan 1971 hefur þetta sveitarfélag fengið inn til sín verktakafyrirtæki, sem ekki voru þar árið 1971. Það hvarflaði ekki að þeim að leggja aðstöðugjöld á annan atvinnurekstur heldur en var hjá þeim, og þeir geta ekki með neinu móti fengið synjun á því að leggja aðstöðugjald á þessi verktakafyrirtæki, sem flutt hafa til þeirra síðan. Ég nefni þetta sem dæmi um, að það er fráleit ráðstöfun að búa lengi við það, að grundvöllur aðstöðugjaldanna sé sú álagning, sem beitt var á árinu 1971. Menn getur greint á um réttmæti aðstöðugjaldanna, en meðan þau eru tekjustofn til sveitarfélaganna, og það þurfa þau að vera, þar til annar eða aðrir tekjustofnar leysa þau af hólmi, þá þarf að vera réttlátari skipan og eðlilegri á, hvernig þeim er beitt.

Þá vil ég og víkja örlítið að dráttarvöxtunum. Áður fyrr var það þannig, að þeir, sem voru skuldlausir, fyrst um mitt ár og síðan að lokum um áramót, fengu afslátt í útsvari næsta árs, þannig að það var jákvæður hvati til gjaldenda um að standa í skilum. Síðan var þessu breytt og tekið upp dráttarvaxtakerfið. Raunar var það í lögum áður. Ég vil minna á, að það er búið að vera lengi í lögum, mun vera gamalt í sveitarstjórnarlögum, það er allt frá þeim tíma, þegar voru einn eða tveir gjalddagar. Þrátt fyrir það að það hafi verið í l., þá mun því óvíða hafa verið beitt. En síðan þessi breyting var gerð, var vissulega enn frekar nauðsyn sveitarfélaganna að framfylgja þessu lagaákvæði til þess að reyna að hafa eitthvert aðhald um sín innheimtumál. Það er hins vegar mála sannast, að það hefur reynst mjög erfitt í framkvæmd hjá sveitarfélögunum um þennan 1.5% dráttarvaxtaútreikning, þegar um 10 gjalddaga er að ræða, eins og er víðast hvar nú, a. m. k. nema þá í alfámennustu sveitarfélögunum. Þar að auki er kannske hægt að segja sem svo, að 1½% dráttarvextir á mánuði séu ekki verulegir refsivextir, miðað við þá vaxtahækkun, sem orðið hefur síðan þetta var ákveðið á árinu 1972. En ég varpa þessu fram vegna þess, að mér er kunnugt um, að það hefur reynst mörgum sveitarstjórnum erfitt að framkvæma þetta, og ég hygg, að það séu mjög fáar, sem gera það nákvæmlega eftir lagabókstaf, þó að fleiri og fleiri reyni að nálgast það í framkvæmd, eftir því sem föng eru á.

Ég tek undir það með hæstv. ráðh., að það er mikil nauðsyn á því, að þetta mál fái sem skjótasta afgreiðslu. Sveitarfélögin eru að ganga frá sínum fjárhagsáætlunum. Þau þurfa að senda til úrvinnslu í skýrsluvélum gjaldseðla, og fyrri gjalddagi fasteignaskattanna er 15. jan., þannig að það er skammur tími til þess að vinna út þá gjaldseðla, sem senda þarf út vegna þessa, og því mikil nauðsyn á, að þau fái sem fyrst vitneskju um, hvaða möguleika þau hafa í þessum efnum. Og vissulega er ástæða til þess, að sá hæstv. ráðh., sem á að ákveða samkv. þessari gr., hvað verður með fasteignaskattana, láti ekki standa á sinni ákvörðun, þegar lögin hafa verið samþykkt. Það er því mikið hagsmunamál fyrir sveitarstjórnir að fá sem skjótasta afgreiðslu málsins.

Geir Hallgrímsson: Herra forseti. Ég get tekið undir það, sem síðasti ræðumaður, hv. þm. Reykn., Axel Jónsson, sagði hér um frv. til l. um breyt. á l. um tekjustofna sveitarfélaga. Það, sem ég vildi gjarnan að fram kæmi einnig, er í fyrsta lagi varðandi fyrri þátt frv., er fjallar um fyrirframgreiðslu. Ég vil gjarnan vekja athygli hv. þd. á því, að þessi efnisþáttur er shlj. brtt., sem var flutt af hálfu okkar sjálfstæðismanna við tekjustofnalög sveitarfélaga, er ríkisstj. gekkst fyrir, að sett yrðu snemma árs 1972. Þá var talið ómögulegt að fallast á þessa brtt. okkar sjálfstæðismanna, hún mundi hafa í för með sér íþyngjandi áhrif fyrir gjaldbyrði skattgreiðenda, þótt við teldum einmitt slíkri brtt. til gildis, að hún dreifði gjaldbyrðinni á skattgreiðendur jafnar yfir árið. Ég tel vel farið, að hæstv. ríkisstj. hefur þannig fallist á okkar sjónarmið.

Varðandi síðari þátt þessa frv. er þar um að ræða heimild til ráðh. um að hækka fasteignamatið sem gjaldstofn í samræmi við verðlagsbreytingar. Ég sé ekki annað í fljótu bragði heldur en hér sé um óhjákvæmilega breytingu að ræða, en vil í því sambandi leggja áherslu á, að endanlega verði gengið frá lögum um fasteignamat. Þau hafa verið í endurskoðun, hygg ég, um margra ára skeið. Sannleikurinn er sá, að það var varið mjög hárri upphæð til þess að gera nýtt fasteignamat. Slíkt fasteignamat er til margra hluta gagnlegt, ekki eingöngu til þess

að miða ýmis gjöld við það, heldur og ýmsa stefnumörkun í byggingar- og skipulagsmálum og félagsmálum sveitarfélaga og landsins alls. Þeim fjármunum, sem fóru í endurskoðun fasteignamatsins, er á glæ kastað, ef því er ekki haldið vel við. Ég vil því leggja áherslu á, að um leið og slík breyting sem þessi er eðlileg, a. m. k. að vissu marki, þá sé gerð gangskör að því að halda fasteignamati ríkisins við, þannig að það sé nothæfur grundvöllur til ákvarðanatöku á margvíslegum sviðum. Hér hefur átt sér stað mjög mikil vanrækslu hingað til af hálfu ríkisstj., og vænti ég þess og vona, að úr þeirri vanrækslu verði bætt.

Jón Árm. Héðinsson: Herra forseti. Mig rekur minni til þess, er fyrrv. stjórnarflokkar stóðu að frv. um breytingu á innheimtukerfi, þá hafði hæstv. núv. félmrh. mörg orð uppi um, hvað við værum að gera í því efni, íþyngja skattborgurunum, og hafði um það mörg orð. Nú stendur hann hér í stólnum og tekur fram, að hann ætli ekki að verða langorður um sama efni, þó að lengra sé haldið á þeirri braut, sem þá var mörkuð.

Ég skil vel sjónarmið sveitarstjórnarmanna, að þeir æski eftir þessari breytingu og rökstyðji hana með því, að það sé auðvitað bæjarfélaginu til þæginda að hafa sem jafnastar tekjur og því sé eðlilegt að fara upp í 60% úr 50% í möguleika á að innheimta fyrirfram ákveðinn hluta af útsvari miðað við s. l. ár. Þetta er mjög eðlilegt og sennilega nauðsynlegt, sérstaklega í því tilfelli, þegar það er raunar undirstrikað í þessu frv., að gengið er út frá því, að verðbólgan geisi hér áfram. Mér finnst það algerlega undirstrika það sjónarmið, að það verði ekki annars að vænta en verðbólga geisi hér áfram. Og ef menn vilja fletta við og líta á 2. síðu frv., þá er þar mjög vel sett fram í stuttu máli, hvernig verðbólgan hefur geisað hér s. l. ár, frá því í mars 1970. Þá var byggingarvísitalan 439 stig, en hefur nú hækkað upp í 913 stig. Og þetta er ríkisstjfrv. og mjög skýrt og stutt sagt frá. Það er gert ráð fyrir, að þetta haldi áfram, ella væri ekki þessi brýna nauðsyn á að gera þessar ráðstafanir, að mínu mati a. m. k.

Síðan er sagt, að grundvöllur fasteignaskatts verði óbreyttur á þessu ári frá árinu 1972, og það á að fara fram á, að fjmrh. fái heimild, eins og segir í 2. gr., að ákveða breytingu á hinu nýja fasteignamati til samræmis við verðlag 1. nóv. 1973. Nú liggur ekkert fyrir, við hvað á að miða þetta verðlag. Eigum við að fara eftir ákveðnum verslunum, sem selja timbur eða byggingarvörur og þar fram eftir götunum, eða á Hagstofan að annast það? Við skulum treysta því, að hún taki viðtækt úrtak, þannig að við fáum skynsamlegt meðaltal í verðlaginu, en ég vildi gjarnan vita um þetta. Kannski er hægt að fá að vita um þetta í n. og ekki þurfi að vera að spyrjast fyrir um það núna. En þetta skiptir máli vegna þess, að verðlag á byggingarvörum hefur verið mjög mismunandi í verslunum vegna verðbreytinga erlendis frá, svo að nemur 10—15% eða jafnvel meira. Það eru auðvitað hvergi nærri tekjur í hendi, þó að fasteignamat eða fasteignir hækki. Það eru ekki tekjur lausar í hendi, öðru nær en það sé hjá fólki, sem er nú gamalt og hefur lítið við að vera og á sína íbúð og varla meira, þannig að það þarf líka að gæta hófs í því og er í gildandi l., að það fólk fái möguleika á afslætti eða jafnvel algerlega undanþágu frá að greiða skattinn. Ég vil aðeins undirstrika það, að í þessu ákvæði felst nokkur hætta á verulegri greiðslubyrði fyrir margt fólk í landinu. Eðlileg rök eru fyrir því, að bæði sveitarfélög og fjmrh. fái þessa heimild, en það verður að beita því af skynsemi og fara að öllu með gát, þrátt fyrir það að verðbólgan haldi áfram og fólk geti greitt með verðminni krónum. Fari svo, að hið nýja fasteignamat hækki gífurlega, segir mér svo hugur um, að margt fólk verði í vandræðum með að greiða sín fasteignagjöld. Það hefði ekki verið ófróðlegt fyrir okkur í hv. d. að fá að vita um það, hvernig innheimtan stæði á fasteignagjöldum, a. m. k. í nokkrum bæjarfélögum, og hversu margir hafa sótt um undanþágu um að þurfa ekki að greiða fasteignagjöld. Allt þetta þyrftum við að vita, þegar við fjöllum um frv. sem þetta.

Ég skil mætavel það sjónarmið, sem var rakið hér af hv. þm. Axel Jónssyni, 4. þm. Reykn., því að sveitarfélögin eru í mikilli fjárþörf, og því héldum við fram, þegar við vorum að fjalla um tekjustofna sveitarfélaga á sínum tíma hér í hv. Alþ. En núv. ríkisstj. breytti þeim l. mjög.

Nú í andránni hefur verið lagt á borð hjá þm. frv. til l. um skráningu og mat fasteigna, og er það allmikill lagabálkur og mun verða fjallað um það á sínum tíma allmiklu nánar og málið tekið föstum tökum. En ég vil undirstrika orð síðasta ræðumanns, að þetta þarf að halda áfram að vera í föstu formi, eins og það var sett á sínum tíma, og má ekki koðna niður, svo að eignir landsmanna séu réttilega og skipulega metnar. Ég vildi aðeins undirstrika það, að þetta frv. hefur í för með sér beina íþyngingu fyrir allstóran hóp greiðanda, og ég ætlast til þess, að hæstv. ríkisstj., ef hún fær þessa heimild, meti á raunsæan hátt, hvernig þetta fólk getur staðið undir slíkri greiðslubyrði í vaxandi verðbólgu, eins og gert er ráð fyrir sýnilega að verði hér áfram um óákveðinn tíma.

Félmrh. (Björn Jónsson): Herra forseti. Það eru aðeins örfá atriði út af því, sem fram hefur komið í ræðum þeirra, sem hér hafa tekið til máls.

Það er þá kannske fyrst í sambandi við það, sem hv. 5. þm. Reykn. tíundaði, að ég hefði haft uppi aðra skoðun á þessu máli, þegar það hefði verið hér til umr. fyrir nokkrum árum. Ég held, að mér sé nú næst að segja eins og maðurinn, að ég hef oft skipt um skoðun á skemmri tíma en 2—3 árum. En það, sem hér er um að ræða, er auðvitað það, að nú eru meiri breytingar milli ára á verðlagi og tekjum heldur en áður hafa verið. Það er staðreynd, sem er ljós, hvort sem mönnum þykir hún ljúf eða leið, og þess vegna er það eðlilegra nú, að þessi

háttur sé á hafður, heldur en meðan minni breytingar voru milli ára á tekjum manna og gjöldum sveitarfélaganna. Það er hins vegar alveg rétt hjá hv. þm., að auðvitað þýðir slík heimild, ef hún er notuð til hins ýtrasta, þyngingu á gjöldum þeirra, sem fasteignir eiga og ekki hafa undanþágur. Og ég er alveg sammála honum um, að auðvitað er nauðsynlegt fyrir hæstv. fjmrh., sem hér hefur úrskurðarvald, að beita þessari heimild með fullri gætni. Ég tel líka, að það sé full ástæða til að athuga um undanþáguréttinn og e.t.v. að víkka hann eitthvað út frá því, sem nú er. En það er önnur saga, sem þetta frv. fjallar ekki um.

Það eru ekki alveg rétt rök, að þetta frv. þýði endilega það, að gert sé ráð fyrir því, að verðbólga geisi áfram. Það er bent á, að það hafi alltaf verið breytingar á milli ára, og þær hafa orðið meiri núna en áður. En ég skoða ekki þessa breytingu, sem hér er gerð, sem neitt eilífðarmál. Þessu er hægt að breyta aftur, ef aðstæður breytast, og kemur þá að sjálfsögðu til endurskoðunar, ef hér kæmist á stöðugt verðlag, sem því miður virðast ekki miklar líkur til, að verði á næstunni. En auðvitað segir frv. ekkert um skoðanir eins eða neins um það, hvort verðbólgan geisi áfram, eins og hún hefur gert, eða hvort þar verður hægt að hemla að einhverju leyti, sem óskandi væri.

Svar við því, sem hv. 2. þm. Reykv. sagði, að það vantaði lög um fasteignamat, er raunverulega komið, með því að búið er að leggja frv. á borð hv. þm. Ég varð ekki var við það á minu borði að vísu, en mér er kunnugt um, að frv. til l. um fasteignamat er tilbúið af hálfu ríkisstj. og er meiningin að reyna að halda fasteignamati í réttu horfi framvegis, en frv. stefnir að því.

Þá er það loks varðandi það, sem hv. 3. þm. Reykn. sagði hér, sérstaklega það, sem hann spurði mig um, hvort áform væru uppi um það í félmrn. að gefa út fyrir fram fyrirskipun eða yfirlýsingu um, að bæjarfélögum yrði ekki leyft að hækka um þetta 1%, sem rúm er fyrir í tekjustofnalögunum, þá er því til að svara, að til mín hafa ekki borist enn þá neinar óskir frá neinu sveitarfélagi um að beita þessu hækkunarákvæði. Ég skal ekkert segja um, hvað verður í því efni, en ég hef a.m.k. ekki í hyggju að gefa neina algilda fyrirframyfirlýsingu um slíkt. Ég mun beita mér fyrir því, að það verði vegið og metið af sanngirni, þegar og ef slíkar óskir berast, og hef ekki í hyggju að beita mér fyrir því, að neinar algildar yfirlýsingar verði gefnar um það, að slík hækkun verði undir engum kringumstæðum leyfð. Ég álít, að það sé nauðsynlegt, að ýmislegt í sambandi við fjármál sveitarfélaganna og gerð fjárhagsáætlana skýrist betur en nú er, áður en ákvörðun er tekin um slíka hluti.

Það er augljóst, að ef heimildarákvæðinu, sem hér er gert ráð fyrir til fjmrh. varðandi fasteignagjöldin, verður beitt að verulegu eða öllu leyti, þá er um að ræða verulegt fjárhagsatriði fyrir bæjarfélögin, og ætti þá að vera minni þörf á hækkun útsvars um það 1%, sem hér getur verið um að ræða. En ég treysti mér ekki á þessari stundu til þess að kveða upp neinn allsherjardóm um það, hver sú þörf yrði, þrátt fyrir þá breytingu. Það mál verð ég að íhuga og mitt rn. betur, áður en ákvörðun verður tekin um slíkt.

Ég get að flestu leyti verið sammála því, sem hv. 3. þm. Reykn. sagði um aðstöðugjöldin. Ég held, að það mál þurfi athugunar við. Það er rétt, að það komi fram, að a.m.k. í minum huga og margra annarra, sem stóðu að þeirri breytingu, sem var gerð hér á tekjustofnal. og þar með ákvörðun um söluskatt á sínum tíma eða í ársbyrjun 1972, þegar aðstöðugjöldin voru lækkuð, þá var það í okkar huga margra, að þetta væri spor í þá átt til að afnema aðstöðugjöldin. Vegna tiltölulega og stundum a.m.k. mjög þröngs fjárhags sveitarfélaganna, hefur ekki þótt fært að stíga þarna skref lengra til lækkunar eða afnáms gjaldanna. Ég er þess vegna þeirrar skoðunar, að sé það að athuguðu máli talið rétt, að aðstöðugjöldin haldist í svipuðu formi og þau eru núna, þá eigi að jafna aðstöðu sveitarfélaganna til þess að leggja eitthvað á og það eigi að gilda ein og sama reglan fyrir öll sveitarfélögin, ef ekki er um það að ræða að stefna rakleitt að því að afnema þau gjöld. Ég álít, að gjöld eins og aðstöðugjöld, sem eru lögð á og greidd án tillits til greiðslugetu, séu óeðlileg, og ég álít, að miklu æskilegra væri að afnema þau. En það er ekki víst, að allir séu mér sammála um það. En verði hins vegar talið nauðsynlegt að halda þeim áfram miklu lengur en nú er og sem frambúðartekjustofni fyrir sveitarfélögin, þá tel ég sjálfsagt mál, að öll sveitarfélögin sitji þar við sama borð.

Axel Jónsson: Herra forseti. Ég þakka hæstv. ráðh. svör hans við fsp. minni, og fagna því, að það skuli verða metið, þegar þar að kemur, í einstökum tilvikum, hvort sveitarfélögum verði heimilt að hækka útsvör um 10%. Eins og ég gat um í fyrri ræðu minni tel ég óeðlilegt, meðan þetta heimildarákvæði til handa ráðh. er, að því sé fyrir fram slegið föstu, að ekki komi til greina, að nein sveitarfélög fái að hækka útsvör sín samkv. þessu. Þarfir þeirra eru vissulega mismunandi og sér í lagi flestra eða allra þéttbýlissveitarfélaganna, sem standa í miklum framkvæmdum og eru gerðar miklar kröfur til um síaukna þjónustu. Þau munu kannske þurfa á þessu að halda. En það kemur í ljós, þegar álagning liggur fyrir. Um það er ekkert unnt að segja fyrr en þá. En ég fagna því, að það skuli ekki vera áform uppi um það að kveða það alfarið niður, heldur verði það skoðað, þegar málið liggur ljóst fyrir, eins og gert var á s.l. ári.

Varðandi fasteignaskattana og það, að ýmsum eldri og veikbyggðari gjaldendum sé gert þungt fyrir með þeim, þá má það kannske að einhverju leyti til sanns vegar færa. Hér á Reykjanessvæðinu hafa sveitarstjórnirnar, held ég, gengið mjög langt í því að beita þeim undanþáguheimildum, sem eru í 5. gr. l., og sveitarstjórnarmenn eru ekki síður dómbærir um slíkt og kannske ekki með minni yfirsýn yfir þá hluti heldur en rn., með allri virðingu fyrir því, og sveitar-

stjórnarmenn þurfa að leggja sín verk undir dóm íbúa sinna sveitarfélaga. Til viðbótar því, að þeir hafa staðarþekkingu, þá hygg ég, að reynslan varðandi þetta hafi sannað það ótvírætt, að heimildarákvæðin eru verulega notuð. Og ég get nefnt það frá því sveitarfélagi, sem ég þekki gleggst til, Kópavogi. Það er hins vegar mikið samræmi meðal sveitarfélaga á Reykjanessvæðinu og Reykjavíkur um beitingu tekjustofnalaganna og heimildarákvæða til lækkunar. Það er eðlilegt, að það sé samræmi milli þessara sveitarfélaga. Þau hafa mjög svipaðar þarfir og svipuðum skyldum að sinna, og það er óhætt að fullyrða, að það hafi verið gengið mjög langt í að beita því ákvæði 5. gr., sem er þannig með leyfi forseta:

„Heimilt er sveitarstjórn að lækka eða fella niður fasteignaskatt, sem efnalitlum elli- og örorkulífeyrisþegum er gert að greiða. Sama gildir um lífeyrisþega, sem ekki hafa verulegar tekjur umfram elli- og örorkulífeyri."

T. d. hjá bæjarstjórn Kópavogs er framtalsnefndinni falið að yfirfara öll framtöl slíkra aðila og gera síðan till. til bæjarráðs um lækkun eða niðurfellingu. Ég get ekki svarað nákvæmlega, hversu há sú tala var. Það mun vera hátt í 200 gjaldendur í Kópavogi, sem fengu lækkanir samkv. þessu, án þess að verulegur hluti þeirra sækti um það. Og varðandi innheimtu á fasteignasköttum nú, hygg ég, að á þessu svæði sé yfirleitt innheimt 85—90% miðað við síðustu mánaðamót. Og svo að ég vitni enn til þess staðar, sem ég þekki best til, Kópavogs, þar var 90.25% innheimt af fasteignagjöldum ársins í ár um síðustu mánaðamót. En ég bendi á, að varðandi fasteignaskattana áður, meðan þeir voru lægri, þá voru samt ekki heimildir til þess að fella þá niður og urðu oft nokkur vandamál fyrir sveitarstjórnirnar, þegar í hlut áttu gjaldendur, sem alfarið gátu ekki risið undir lágum fasteignasköttum einu sinni, en þá var þetta óheimilt lögum samkv.

Ég hef, herra forseti, aðeins rakið þetta til þess að undirstrika það, að ég tel, að sveitarstjórnir hafi farið mjög varlega í það og einmitt tekið mikið tillit til þeirra gjaldenda, sem vissulega þarf að hlífa við háum sköttum í þessu efni.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 14 shlj. atkv. og til félmn. með 13 shlj. atkv.

Hjúkrunarlög, frv. (þskj. 190). — 3. umr.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 12 shlj. atkv. og afgr. til Nd.

Læknalög, frv. (þskj. 154, n. 186). — 2. umr.

Frsm. (Helgi F. Seljan): Herra forseti. Heilbr.- og trn. hefur fjallað um frv. til l. um breyt. á læknalögum nr. 80 frá 23. júní 1969. Í aths. með frv. kemur fram, að Læknafélag Íslands óskaði breytinga í þá veru, sem frv. gerir ráð fyrir. Einnig kemur fram jákvæð afstaða landlæknis til meginbreytingarinnar, en hana er að finna í 2. gr. frv., þar sem gert er ráð fyrir, að íslenskt ríkisfang sé ekki lengur skilyrði fyrir veitingu lækningaleyfis, en áður var þar aðeins um tímabundið lækningaleyfi að ræða. N. þykir þessi breyting sjálfsögð, ekki síst með tilliti til ástandsins í læknamálum okkar í heild.

Aðrar breytingar eru orðalagsbreytingar utan það, að niður er felld ein gr. núgildandi l., sem var úrelt orðin. N. mælir sem sagt einróma með samþykkt frv., en fjarverandi afgreiðslu málsins var hv. þm. Geir Gunnarsson.

ATKVGR.

1. gr. samþ. með 13 shlj. atkv.
2.—12 gr. samþ. með 13 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 13 shlj. atkv.

Sameining Flugfélags Íslands og Loftleiða, frv. (þskj. 46, n. 189). — 2. umr.

Frsm. (Páll Þorsteinsson): Herra forseti. Á s. l. sumri var gerður samningur milli Flugfélags Íslands h/f og Loftleiða h/f um að sameina félögin undir eina yfirstjórn. Að þessu samkomulagi var nokkuð langur aðdragandi. Um alllangt skeið, áður en samkomulagið var gert, stóðu yfir viðræður milli fulltrúa Flugfélags Íslands og Loftleiða undir forustu trúnaðarmanna ríkisstj. um það að sameina flugfélögin. Þetta samkomulag var gert með það fyrir augum, að það mundi verða til þess að styrkja rekstrargrundvöll flugstarfseminnar í heild, en reynslan á undanförnum árum hafði sýnt, að hörð samkeppni félaganna á einstökum flugleiðum var þeim báðum óhagkvæm. Að vel athuguðu máli þótti nauðsynlegt í þessu sambandi að víkja frá almennum ákvæðum hlutafélagalaga og skattalaga um fá tiltekin atriði og láta um þau atriði gilda sérákvæði. Þess vegna voru gefin út brbl. um þetta efni 11. júlí 1973. Og á grundvelli þeirra hefur tekið til starfa yfirstjórn yfir bæði félögin, og hefur sú starfsemi verið í höndum þeirrar stjórnar frá og með 1. ágúst s. l. Með frv. þessu er leitað staðfestingar Alþ. á þessum brbl.

Í skýringum, sem fylgja brbl., er þetta tekið fram m. a.: „Stjórnir beggja félaganna og hluthafafundir hafa fallist á samkomulagsgrundvöll trúnaðarmanna ríkisstj., og sameinuð yfirstjórn beggja fél. tekur við starfseminni 1. ágúst n. k.," segir, þegar brbl. voru gefin út. „Hins vegar sé talið nauðsynlegt að veita nýju sameiginlegu félagi lagalegan starfsgrundvöll, þar sem félagsform það, sem æskilegast sé, vegna aðstöðu á alþjóðamarkaði, rúmist eigi að öllu leyti innan ramma gildandi hlutafélagalöggjafar. Einnig sé nauðsynlegt að veita félögunum tryggingu gegn margsköttun, sem af félagsforminu gæti leitt, og koma í veg fyrir þyngingu á skattabyrði hluthafa af eignarskatti, sem sameiningin gæti valdið, er arður af hlutafé fer niður út tilteknu lágmarki."

Enn fremur segir, að „ríkisstj. telji, að hér sé um mikilvægt mál að ræða, sem stuðlað geti

að því að tryggja flugsamgöngur Íslendinga í framtíðinni, og sé það forsenda af hálfu flugfélaganna, að sameiginlegu félagi verði tryggður lögformlegur starfsgrundvöllur, áður en til stofnunar slíks félags komi." Þess vegna beri brýna nauðsyn til að leysa málið með setningu brbl.

Í 1.-3. gr. frv. felast sérákvæði, þar sem vikið er frá almennum ákvæðum hlutafélagalaga, en í 4-6 gr. frv. felast sérákvæði í sambandi við skattframtöl og um úthlutun jöfnunarhlutabréfa.

Eins og mál þetta liggur fyrir, er ljóst, að nauðsynlegt var að dómi ríkisstj. og þeirra manna, er á hennar vegum höfðu forustu um, að samkomulag milli flugfélaganna var gert, að veita flugfélögunum þá tryggingu, er í ákvæðum þessa frv. felst. Einnig er ljóst, að ákvæði frv. eru flest þegar komin til framkvæmda. Samgn. d. leggur því einróma til, að frv. þetta verði samþykkt óbreytt.

ATKVGR.

1. gr. samþ. með 14 shlj. atkv.
2.—7. gr. samþ. með 14 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 15 shlj. atkv.

Veiting ríkisborgararéttar, frv. (þskj. 166). — 1. umr.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 11 shlj. atkv. og til allshn. með 12 shlj. atkv.

Tollskrá o.fl., frv. (þskj. 183). — 1. umr.

Flm. (Jón Árnason): Herra forseti. Ég hef á þskj. 183 leyft mér að flytja frv. til l. um breyt. á l. nr. 1 11. febr. 1970, um tollskrá o.fl. Frv. það, sem hér um ræðir, felur það í sér, að til viðbótar því, sem upp er talið í 85. kafla tollskrárl., tölul. 85 15 33, komi talstöðvar til skipa.

Eins og fram kemur í grg. fyrir frv., er fyrir hendi endurgreiðsluheimild á aðflutningsgjöldum af vélum, vélahlutum o.fl., ef heildarkostnaður þess, sem um er að ræða, nær 100 þús. kr. eða meira. Undir þennan lið falla m.a. talsstöðvar til skipa.

Nú er það svo, eins og einnig kemur fram í grg. fyrir frv., að með aukinni tækni hefur tekist að framleiða talstöðvar fyrir minni báta, sem kosta undir 100 þús. kr. Með hliðsjón af því og einnig með tilliti til þess öryggis, sem í því er fólgið að hafa talstöðvar í öllum fiskibátum, jafnt stórum sem smáum, er hér um mikið nauðsynjamál að ræða.

Það er öllum kunnugt, hve oft hefur tekið langan tíma að finna minni báta, sem saknað hefur verið. Í flestum tilfellum er það vegna þess, að umræddur bátur hefur ekki haft talstöð til þess að tilkynna um staðsetningu sína. Það er því miður svo að talstöðvar vantar í allt of marga smábáta, sem fiskveiðar eru stundaðar á, og það er því brýn nauðsyn, að hið opinbera geri allt, sem í þess valdi stendur, til þess að auðvelda sjómönnum að afla sér þessara þýðingarmiklu öryggistækja.

Ég sé, að hæstv. ríkisstj. hefur í þessu augnabliki látið leggja á borðin hjá okkur nýtt frv. til l. um tollskrá. Í því frv. er enn sem fyrr gert ráð fyrir því, að aðflutningsgjöld af talstöðvum, öðrum en neyðartalstöðvum, sem notaðar eru í gúmmíbjörgunarbáta, verði í tollflokki með 35%.

Herra forseti. Ég sé ekki ástæðu til orðlengja frekar um þetta mál. Ég vænti þess, að hv. þm. sé ljóst, að hér er um mikið nauðsynjamál að ræða, og vilji því veita málinu brautargengi.

Ég vil að svo mæltu óska þess, að málinu verði vísað til 2. umr. og hv. sjútvn.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 12 shlj. atkv. og til sjútvn. með 11 shlj. atkv.

Kaupstaðarréttindi til handa Eskifjarðarhreppi, frv. (þskj. 197). — 1. umr.

Flm. (Helgi F. Seljan): Herra forseti. Á þskj. 197 höfum við hv. 3. þm. Austurl. leyft okkur að flytja frv. til l. um kaupstaðarréttindi til handa Eskifirði í Suður-Múlasýslu. Að baki standa einnig allir þm. Austurl. í Nd. Frv. þetta er flutt að beiðni hreppsnefndar Eskifjarðarhrepps, sem þegar í fyrra sneri sér til þm. Austurl. og óskaði eftir því, að þeir flyttu frv. þessa efnis. Þm. Austurl. töldu þá rétt að bíða átekta og kanna, hvernig mál stæðu varðandi þá endurskoðun dóms- og héraðaskipunar, sem boðuð hefur verið, svo og endurskoðun núgildandi sveitarstjórnarlaga. Nú hefur það hins vegar gerst, að í Nd. hafa verið flutt þrjú lagafrv. um kaupstaðarréttindi til handa Seltjarnarneshreppi, Dalvíkurhreppi og Bolungarvík, og þótti þm. Austurlands þá einsýnt að koma Eskifirði inn í myndina, þótt undirtektir dómsmrh. í Nd. bentu til þess, að betur þyrfti að málum að huga, áður en farið væri í stofnun nýrra kaupstaða. Á hinn bóginn hefur það svo gerst einnig, að í því fjölmenna hreppsfélagi, Selfossi, höfnuðu íbúarnir því, að aflað væri heimildar til kaupstaðarréttinda fyrir Selfoss. Það mun enda mála sannast, að mjög skiptar skoðanir eru um það í hinum einstöku sveitarfélögum, sem fjölmennust eru, hvort afla skuli kaupstaðarréttinda eða ekki. Fer það mjög eftir því, hvaða kosti og galla menn telja því samfara og þá einkum hvorir muni vega þyngra.

Fyrir ósk Eskfirðinga um kaupstaðarréttindi liggja vissulega sérstakar og um margt réttlætanlegar orsakir. Með auglýsingu konungs 18. ágúst 1786 um afléttingu einokunar og stofnun 6 íslenskra kaupstaða öðlaðist Eskifjörður kaupstaðarréttindi. Á 175 ára afmæli þessa merkisatburðar samþykkti hreppsnefnd Eskifjarðarhrepps að gera tilraun til að endurheimta þessi réttindi. Það er kannske alveg sérstaklega vegna þessarar merkilegu sögu, sem okkur þm. þykir eðlilegt að flytja frv. þetta, þó að kaupstaðarréttindi nú séu í raun um margt allt önnur en þau voru fyrir nær 200 árum. Ef grannt er skoðað, voru þau vitanlega þá margfalt mikil-

vægari og áhrifameiri en þau eru nú, þó að réttarstaðan sé hins vegar ólík. Það hlýtur því að teljast áhuga- og metnaðarmál Eskfirðinga að öðlast kaupstaðarréttindi með tilliti til þessarar merku sögu, sem staðurinn á.

Eskifjörður er nú mjög vaxandi staður, og á næsta ári mun íbúafjöldi hans fara yfir 1000. Atvinnuþróun er þar hagstæð og uppbygging mjög ör. Í grg. er bent á stöðu sveitarfélagsins gagnvart því opinbera. Staðurinn er um margt þjónustumiðstöð. M. a. er aðalútibú Landsbankans á Austurlandi þar, og fleira mætti telja. Alveg sérstaklega er rétt að staldra við þá staðreynd, að sýslumaður Suður-Múlasýslu situr á Eskifirði, og í frv. er gert ráð fyrir, að hann verði einnig bæjarfógeti á Eskifirði. Kostnaðarauki af þessum ástæðum, sem oft er nefndur sem hindrun fyrir kaupstaðarstofnun, er því hverfandi og því engin mótmæli til staðar af þessari ástæðu.

Við flm. þessa frv. höfum ýmis frekari rök fyrir flutningi þess, en hér skal látið staðar numið.

Verði farið að veita nýjum sveitarfélögum kaupstaðarréttindi, hlýtur Eskifjörður að koma framarlega í þeim hóp, og skal minnt á þá fornu sögu, sem til grundvallar liggur áhuga og óskum þeirra Eskfirðinga. Hins vegar kann svo að fara, að hér á verði engin breyting gerð að svo stöddu vegna þeirrar heildarathugunar á stjórnkerfi sýslu- og sveitarfélaga, sem á var minnst, og hljótum við flm. þá að una því gagnvart Eskifirði, eins og aðrir verða að gera gagnvart sínum sveitarfélögum. Hitt legg ég áherslu á sem óhæfu, ef hreyfing verður á að ráði um fjölgun kaupstaða, ef Eskifjörður, einn hinna 6 fornu kaupstaða, yrði ekki þar með. Því er frv. þetta flutt.

Ég vil svo, herra forseti, leggja til, að frv. verði vísað til 2. umr. og hv. félmn.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 11 shlj. atkv. og til félmn. með 11 shlj. atkv.

Neðri deild, 38. fundur.

Mánudaginn 10. des., kl. 2.30 miðdegis.

Veðdeild Landsbankans, frv. (þskj. 40). — 1. umr.

Sjútvrh. (Lúðvík Jósepsson): Herra forseti. Hér er um lítið frv. að ræða, sem gerir ráð fyrir því að heimila veðdeild Landsbankans að gefa út bankavaxtabréf, nokkru hærri fjárhæð en heimiluð er í núgildandi l., eða hækka heimildina úr 200 millj. í 300 millj. kr., en sú fjárhæð, sem heimild hefur verið fyrir í l., er þegar notuð að fullu.

Eins og kunnugt er, hefur veðdeild Landsbankans starfað um langan tíma og veitt nokkur smærri lán í sambandi við endurbætur á eldri húsum, og er þar um að ræða lán, sem ekki falla undir hið almenna húsnæðismálakerfi.

Þetta frv. hefur þegar gengið í gegnum Ed. og hlotið samþykki þar, og vænti ég þess, að það fái einnig góða fyrirgreiðslu í þessari hv. deild.

Herra forseti. Ég legg til, að að lokinni þessari umr. verði málinu vísað til fjh.- og viðskn. til fyrirgreiðslu.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 26 shlj. atkv. og til fjh.- og viðskn. með 26 shlj. atkv.

Innflutningur búfjár, frv. (þskj. 202). — 1. umr.

Flm. (Guðmundur Þorsteinsson): Herra forseti. Ég hef leyft mér að leggja fram frv. til l. um breyt. á l. nr. 74 frá 28. apríl 1962, um innflutning búfjár, og er það prentað á þskj. 202, sem útbýtt hefur verið í deildinni.

Frv. til þeirra laga, sem hér um ræðir, var samið af nefnd, sem skipuð var af þáv. landbrh., og með því var mörkuð sú stefna að heimila innflutning á djúpfrystu sæði af Galloway-holdanautastofninum. En þá er þetta frv. var samið, hafði um nokkra áratugi verið bannaður allur innfluntnigur á búfé, eða allt frá því að sannað þótti, að karakúlpestirnar svonefndu, þ. e. garnaveiki og mæðiveiki, hefðu borist hingað með innfluttu sauðfé. Afleiðingum þessara pesta þarf ekki að lýsa fyrir þm., og innflutningsbönn voru eðlileg og sjálfsögð viðbrögð við þessum atburðum. Með tilkomu nýrrar tækni í geymslu sæðis við mjög lágt hitastig sköpuðust hins vegar ný viðhorf, og með setningu áðurnefndra laga 1962 og endurskoðun þeirra 1972 var komið til móts við eindregnar óskir ýmissa bænda og stofnana þeirra um innflutning holdanautasæðis. Þar sem svo skammt er síðan um þessi mál var fjallað hér á Alþingi, er mér væntanlega óhætt að fara fljótt yfir þá sögu, en þó vil ég aðeins drepa hér á fáein atriði.

Gert er ráð fyrir í núgildandi l., að komið verði upp sérstakri sóttvarnarstöð, þar sem 12 kýr af íslenska Galloway-stofninum verði frjóvgaður með innfluttu sæði af sama stofni, sömuleiðis þau afkvæmi, sem af þeim fæðast, og þannig áfram til þess að fá sífellt hreinni stofn. Gert er ráð fyrir, að eftir u. þ. b. 12 ár frá fyrsta innflutningi sæðis verði kominn þarna tiltölulega arfhreinn stofn, sem síðar yrði notaður til einblendingsræktunar með íslenska mjólkurkúastofninum. Fyrirkomulag þetta er tvímælalaust mjög öruggt varðandi sjúkdómshættur, en gallarnir við það eru þeir, að það er bæði fjárfrekt, rekstur stöðvarinnar og þetta stranga eftirlit, sem gert er ráð fyrir, og þar að auki nokkuð seinvirkt. Stærstan ókost við þetta tel ég þó vera þann, að engin vitneskja fæst með þessari starfsemi um það, hvort önnur kyn kynnu ekki að henta að ýmsu leyti betur eða a. m. k. jafnvel til þessara nota fyrir íslenska bændur, en það er skoðun margra þeirra, sem eru kunnugir þessum málum. Allar tilraunir á þessu sviði með mismunandi holdanautakyn eru útilokaðar með ákvæðum þeirra l., sem í gildi

eru, og ég hef flutt þetta frv. til þess að bæta úr því. Tilraunum með slík kyn fylgir augljóslega allmikill kostnaður, en hér er um svo mikið hagsmunamál að ræða, að full ástæða er til að verja nokkrum fjármunum til að afla sem fyrst einhverrar vitneskju í þessum málum.

Einblendingsræktun holdakynja er í því fólgin, að þær kýr, sem ekki eru líklegar til kynbóta, eru frjóvgaðar með sæði úr holdanautum, til þess að afkvæmin verði verðmætari sláturgripir vegna bættra holdsöfnunareiginleika, sem þau afkvæmi erfa frá föðurnum. Vegna langrar húsvistar og mikils fóðurkostnaðar nautgripa hér á landi virðist ólíklegt, að fyrir hendi sé grundvöllur fyrir hagkvæmri framleiðslu nautakjöts af hreinum holdakynjum, svo sem gerist í öðrum löndum, þar sem mjólkurnyt kúnna fer nær öll til uppeldis kálfanna. Hins vegar er um að ræða tvær stefnur í framleiðslu nautakjöts með einblendingsræktun. Önnur stefnan er í því fólgin að nota harðgert beitarkyn til blöndunar, eins og t. d. Galloway-kynið, þó að ýmis fleiri kyn komi þar einnig til greina, og miða notkun þessara kynja við lágan fóðurkostnað og sætta sig þá jafnframt við langan vaxtartíma og hægari umsetningu. Að hinu leytinu er sú stefna, sem að mestu leyti mun vera fylgt í nágrannalöndum okkar í V.-Evrópu nú, en hún er í því fólgin að nota stórvaxin og hraðvaxta holdakyn, kappala kálfana og stefna að miklum vaxtarauka á sem skemmstum tíma. Á þessu sviði hafa á seinni árum orðið ákaflega örar framfarir, bæði á sviði kynbóta og einnig hafa víðtækar tilraunir á sviði fóðurfræði og lífeðlisfræði leitt til næsta ótrúlegs árangurs á þessu sviði. Það er ekki óalgengt að heyra talað um, að kálfar, sem þannig hefur verið stofnað til, þyngist um allt að 2 kg. á hverjum degi.

Á undanförnum árum hafa aukist tveir þættir í hina innlendu fóðurframleiðslu fyrir búfé. Þar er annars vegar um að ræða undanrennuduft, sem bætt er í tólg og notað er til fóðurs ungkálfa í staðinn fyrir nýmjólk. Hins vegar er svo hraðþurrkað og kögglað gras eða grænfóður, sem hafin er framleiðsla á á þó nokkrum stöðum á landinu og er í örum vexti. Ef þær vonir, sem bundnar eru við þessa fóðurframleiðslu, rætast að miklu leyti, sýnist mér einsætt, að sú hámarksafurðastefna, sem ég var að lýsa áðan, eigi fullan rétt á sér, a. m. k. meðfram og til jafns við hina stefnuna, að nota beitarþolin kyn með hægri umsetningu.

Eins og þm. geta séð, bendi ég í grg. með frv. mínu á hugsanlega leið til þess að gera samanburð á kostum og göllum hinna ýmsu kynja í blöndun við íslenska mjólkurkúastofninn. Hún er í því fólgin, að teknar verði inn á sóttvarnarstöðina eins og tíu kýr af íslenska mjólkurkúastofninum og þær sæddar sitt árið með hverju kyninu, þ. e. a. s. innfluttum holdakynjum, og fengist þannig hópur kálfa á hverju ári af ákveðnum kynjum, sem álitleg þættu til að gera tilraunir með. Þetta eru að vísu ekki mjög vandvirknislega unnar tilraunir, en þetta fyrirkomulag mundi hafa þann kost í för með sér, að það yrði ekki nálægt því eins dýrt og að ætla sér að stofnrækta þessi ákveðnu kyn. Auk þess mundum við fá á 4—6 árum sýnishorn af blöndun með jafnmörgum kynjum, og yrði slíkt forval, ef svo mætti kalla, ábending um það, hvaða kyn ætti að taka til stofnræktar og notkunar með íslenska mjólkurkúastofninum. Með þessu fyrirkomulagi, sem nú er gert ráð fyrir, að stofnrækta á 12 árum fyrst Galloway-kyn og síðan eitthvert annað, sem yrði fyrir valinu, — ég er ekki að benda á neitt sérstakt, — en ef það tekur 10—15 ár að stofnrækta hvert kyn, þá er það alger hending, ef við fáum úr því skorið á næstu 50 árum, hvort eitthvert kyn sé heppilegra en Galloway-kynið eða ekki. Slíkt er að mínu áliti allt of langur tími, hér er allt of mikið í húfi og þetta er of mikið hagsmunamál til þess, að við getum sætt okkur við, að þessi háttur verði hafður á. Væri hins vegar sú aðferð notuð, sem ég bendi á í grg. minni, ætti að liggja fyrir eftir 5—7 ár, frá því að innflutningur sæðis hefst, hvert af þeim kynjum væri vænlegast til góðs árangurs við blöndun með íslenska mjólkurkúastofninum. Að lokinni stofnrækt Galloway-kynsins væri þá hægt að snúa sér að stofnrækt þess kyns, sem mestar vonir gefur.

Eins og ég drap á áðan, er stutt síðan þessi mál voru til umr. hér á Alþingi, þ. e. a. s. rúml. eitt ár, svo að ég tel ekki ástæðu til að fylgja þessu frv. úr hlaði með langri ræðu, en legg til, að að þessari umr. lokinni, að frv. verði vísað til hv. landbn.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 21 shlj. atkv. og til landbn. með 22 shlj. atkv.

Umboðsmaður Alþingis, frv. (þskj. 173). — 1. umr.

Forsrh. (Ólafur Jóhannesson): Herra forseti. Frv. það, sem hér liggur fyrir um umboðsmann Alþingis á þskj. 173, er samið samkv. fyrirmælum Alþingis. Hinn 16. maí 1972 samþ. Alþingi svo hljóðandi þál. um undirbúning löggjafar um embætti umboðsmanns Alþingis:

„Alþingi ályktar að fela ríkisstj. að láta undirbúa löggjöf um stofnun embættis umboðsmanns Alþingis. Skal hliðsjón höfð af sambærilegri löggjöf annarra þjóðþinga á Norðurlöndum. Frv. þessa efnis skal lagt fyrir næsta reglulegt Alþingi".

Sigurði Gizurarsyni hrl. var falið að semja það frv., er þál. fjallaði um. Er þetta frv. hans verk, nema hvað fáeinar breytingar voru gerðar á því í samráði við rn. Hin ýtarlega grg., sem frv. fylgir, er samin af Sigurði Gizurarsyni, og má segja, að henni til viðbótar sé ekki þörf á ýtarlegri framsögu. Mun ég því ekki að svo stöddu hafa um frv. mörg orð. En það ber sannarlega ekki að skilja svo, að ég telji ekki um merkilegt mál að ræða.

Það má segja, að uppruni embættis umboðsmanns sé á Norðurlöndum. Það er að vísu langelst í Svíþjóð, en þar var hliðstætt embætti, sem heitir að vísu öðru nafni, sett á fót þegar árið 1809, og það var gert samkv. 96. gr. sænsku

stjórnarskrárinnar á þeim tíma, og síðan hefur þessi umboðsmaður í Svíþjóð, eða justitieombudsmann, eins og hann heitir á sænsku máli, starfað þar, einn eða fleiri, og hafa getið sér þar gott orð. Þessi embætti hafa þar yfirleitt verið skipuð merkum lögfræðingum, og er talið, að þetta embætti og starf hafi verið í góðu áliti þar og gert gagn, en án þess þó, að þessi starfsemi vekti um langa hríð sérstaka athygli utan Svíþjóðar, enda er stjórnarkerfið þar nokkuð á annan veg upp byggt en t.d. í Danmörku og Noregi.

Þegar Finnar stofnuðu lýðveldi og settu sér stjórnarskrá, tóku þeir sænska stjórnarhætti til fyrirmyndar, og þess vegna tóku þeir upp í sína stjórnarskrá ákvæði um umboðsmann ríkisþingsins 1919, eða rúmri einni öld síðar en embætti umboðsmanns var sett á fót í Svíþjóð.

Það voru svo Danir, sem næst settu á fót embætti umboðsmanns þjóðþingsins, en eftir að styrjöldinni lauk var stjórnarskrá Danmerkur tekin til endurskoðunar og sett niður mikil nefnd sérfræðinga og annarra til að endurskoða stjórnarskránna, og sú n. endurskoðaði jafnframt ýmislegt í danskri stjórnsýslu og skilaði mjög ýtarlegum ályktunum um þetta efni. Í sambandi við stjórnarskrárendurskoðunina var horfið að því ráði að taka upp í hina nýju stjórnarskrá, sem öðlaðist gildi 1953, sérstakt ákvæði um umboðsmann þjóðþingsins. Það ákvæði og sú löggjöf, sem sett var samkv. stjórnarskrárákvæðinu í Danmörku, er að vísu nokkuð á annan veg en þær reglur, sem gilda um þetta embætti í Svíþjóð, enda eru stjórnarhættirnir og stjórnkerfið talsvert annað í Danmörku en í Svíþjóð. Umboðsmaður þjóðþingsins í Danmörku tók svo til starfa 1954, og í það valdist merkur og þekktur lögfræðingur, m.a. okkur Íslendingum að góðu kunnur, Stephan Hurwitz, prófessor, og má segja, að hann hafi átt sinn mikla þátt í því að hefja þetta starf til þess vegs, sem það hefur hlotið. En einmitt til Danmerkur hafa ýmis ríki, sem síðar hafa horfið að því ráði að setja á stofn hliðstætt embætti, sótt fyrirmynd, svo sem nánar er rakið í athugasemdum með þessu frv.

M.a. voru það Norðmenn, sem fetuðu í fótspor Dana og lögfestu umboðsmannstilhögun hjá sér, og tók norski umboðsmaðurinn til starfa árið 1963. Hlutverk hans er í aðalatriðum svipað og hins danska. Það mun síst of mælt, að starfsemi þessi hafi gefið sérlega góða raun í Danmörku og Noregi.

Við samningu þess frv., sem hér liggur fyrir til umr., hefur einkum verið stuðst við hinar dönsku og norsku reglur. Samkv. frv. á umboðsmaður Alþingis að vera trúnaðarmaður Alþingis, og er honum ætlað það hlutverk að hafa eftirlit með stjórnsýslunni og veita stjórnvöldum aðhald og vera borgurunum til halds og trausts, ef þeir telja rétti sínum hallað af embættis- og sýslunarmönnum, eða eins og það er orðað í 4. gr. frv.:

„Hlutverk umboðsmanns Alþingis er að kappkosta að tryggja góða opinbera stjórnsýslu og að stjórnvöld beiti ekki nokkurn mann rangindum.“

Einstök ákvæði frv. eru svo samin með hliðsjón af þessu hlutverki og markmiðinu, sem stefnt er að. Í samræmi við það er að sjálfsögðu eðlilegt, að Alþingi sjálft kjósi umboðsmanninn og að kjör hans gildi um tiltekinn tíma. Er um það ákvæði í 1. gr. frv. Þar er einnig að finna ákvæði um starfsgengisskilyrði hans. Eru þau hin sömu og gilda um hæstaréttardómara, enda skal hann hafa sömu launakjör og þeir, sbr. 2. gr. Í 2. gr. er einnig ákvæði um sérstaka þingkjörna n., sem á að fylgjast með starfsemi umboðsmannsins og fjalla um málefni hans.

Í 6. gr. er svo fyrir mælt, að umboðsmaður skuli bæði fjalla um opinbera sýslu ríkis og sveitarfélaga með þeim takmörkunum, sem þar segir og ég fer ekki nánar út í hér, en það er sérstök ástæða til þess að undirstrika það, að vald umboðsmannsins nær einnig til sýslusveitarfélaga.

Í 7. gr. eru fyrirmæli um það, með hverjum hætti mál geta komið til kasta umboðsmannsins. Það getur verið bæði samkv. kæru og eins getur hann látið mál til sín taka að eigin frumkvæði. Megineinkennið á þessu er, að það er ekki sérstaklega formbundið.

8. gr. fjallar um skyldu til að láta umboðsmanni í té upplýsingar og um rétt hans til þess að afla upplýsinga. Enn fremur er í 9. gr. mælt fyrir um rétt hans til aðgangs að skrifstofum og vinnustofum o.s.frv. Í 11. gr. er kveðið á um þagnarskyldu hans. Í 12. gr. er svo fjallað um það, hver málslok geti orðið hjá umboðsmanni Alþ., og fer ég ekki að telja það upp, en þau geta sem sagt orðið með ýmsum hætti, eins og þar er gerð grein fyrir . Í 14. gr. eru ákvæði um skýrslu umboðsmanns til Alþ.

Um einstakar gr. frv. skal ég ekki fara fleiri orðum, en leyfi mér að vísa til aths. við þær.

Um það almennt, hvaða hlutverk umboðsmanni Alþ. er ætlað, vil ég sérstaklega vísa til aths. á bls. 5—6 og bls. 9—11 í aths., og er ekki ástæða til að endursegja hér það efni, sem þar er að finna.

Vissulega eru aðstæður hér hjá okkur að ýmsu leyti aðrar en hjá fjölmennari þjóðum og jafnvel hjá okkar nágrannaþjóðum. En ég er ekki í vafa um, að stofnun umboðsmannsembættis mundi á ýmsan hátt leiða til bættrar stjórnsýslu og horfa til réttaröryggis fyrir þegnana. Fyrir slíkt er mikið gefandi. Hinu er ekki að leyna, sem Alþ. verður auðvitað einnig að hafa í huga og meta, að hér er um stofnun nýs embættis að ræða, sem hafa mun í för með sér verulegan kostnað. Ég tel því mjög eðlilegt, að Alþ. gefi sér góðan tíma til að athuga þetta mál. Ég persónulega álít eðlilegt, að þn. sú, sem fær þetta mál til meðferðar, leiti umsagnar ýmissa aðila, bæði stjórnarvalda og fyrirsvarsmanna almannasamtaka, og ég tel ekkert óeðlilegt, þó að um jafnmikilvægt nýmæli í lögum og hér er um að ræða sé fjallað á tveim þingum, en það verður auðvitað Alþingis að ákveða, hversu skjótt það vill afgreiða þetta mál.

Ég verð svo að benda á í sambandi við 15. gr., að þar hafa mistök átt sér stað að því leyti, að þar, sem á að kveða á um gildistökudaginn, er spurningarmerki. Það var ætlunin, að þar stæði 1. janúar 1975. Ég verð að láta starfsmönnum

Alþ. eftir að ákveða, hvort þeir telja nauðsyn á að endurprenta frv. þess vegna eða hvort þeir telja, að þetta sé hægt að leiðrétta í þingtíðindum án þess, eða hvort þetta megi svo standa og n. ákveði gildistökudag, eftir því sem henni sýnist við eiga.

Ég vil svo, herra forseti, leyfa mér að leggja til, að frv. sé vísað til 2. umr. og hv. allshn.

Pétur Sigurðsson: Herra forseti. Ég vil leyfa mér að fagna því, að þetta frv. skuli komið fram. Málið sjálft er ekki nýtt fyrir okkur hér á hv. Alþ., það á sér töluverðan aðdraganda, að þetta frv. var samið. Á þinginu 1964—1965 var það, sem þáv. varaþm. Framsfl., Kristján Thorlacius, flutti þáltill. um, að Alþ. ályktaði að skipa nefnd til að semja frv. þessa efnis. Hann endurflutti þessa till. sína tvisvar síðar, 1966 og 1967, en þá átti hann í bæði skiptin sæti stuttan tíma hér á Alþ.

Ég tók síðan till. upp á þinginu 1970 og flutti hana einnig á næsta þingi á eftir, þinginu 1971—1972, var hún samþ. hér á Alþ. En hún var nokkuð frábrugðin till. Kristjáns. Ég lagði til, að ríkisstj. væri falið að láta undirbúa löggjöf um embætti umboðsmanns Alþingis, og auk þess valdi ég það orðalag yfir þennan væntanlega embættismann, umboðsmannsheitið, en Kristján Thorlacius hafði verið með till. uppi um, að hann bæri nafnið lögsögumaður.

Ég skal ekki ræða frv. efnislega núna, enda tek ég alveg undir orð hæstv. dómsmrh. um, að þingið eigi að gefa sér góðan tíma til þess að athuga frv. Hér er mikið og merkilegt mál á ferðinni. Hann bendir réttilega á, að þessu muni fylgja töluverður kostnaður. Ég geri ráð fyrir því, að ekki aðeins hann, heldur og aðrir hv. alþm. vilji taka til greina aðvaranir hans um þennan lið, sem frv fylgir, kostnaðarliðinn, ekki síst, ef litið er á, hvernig ástatt er og horfur eru í okkar fjármálum.

En ég vil aðeins endurtaka þakkir mínar fyrir, að frv. skuli komið fram, og tek undir þá skoðun hæstv. ráðh., að þingið gefi sér góðan tíma til að athuga það.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 22 shlj. atkv. og til allshn. með 22 shlj. atkv.

Almenn hegningarlög, frv. (þskj. 79). — 3. umr.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 21 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 213).

Verðlagsráð sjávarútvegsins, frv. (þskj. 97). — 3. umr.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 21 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 217).

Rannsóknarnefnd vegna landhelgisgæslu, þáltill (þskj. 93). — Frh. einnar umr.

Pétur Sigurðsson: Herra forseti. Þegar mál þetta kom til umr. hér á hv. Alþ. næstliðinn fimmtudag, vakti það að sjálfsögðu mikla athygli, að báðir flm. till. og hv. 5. þm. Vesturl., sem þá var, hv. þm. Jónas Árnason, allir yfirlýstir stuðningsmenn ríkisstj. kepptust við að lýsa þeirri skoðun sinni, að hæstv. forsrh. og dómsmrh. ætti hér enga sök á og till. væri ekki beint að honum sem slíkum, þótt æðsti maður landhelgisgæslunnar sé. Hv. 1. flm. till., Karvel Pálmason, sagði m. a., að hann hefði ekki ástæðu til annars en ætla, að forsrh. hafi farið með rétt mál, þegar hann lýsti því yfir hér á hv. Alþ., að engin breyting yrði á framkvæmd landhelgisgæslunnar, meðan samningar stæðu yfir. Og hv. 5. þm. Vesturl. vissi, hvar sök var að finna. Þá sök var að finna í röngum og villandi upplýsingum frá starfsmönnum landhelgisgæslunnar sjálfrar, en ekki hjá þessum viðurkennda drengskaparmanni, hæstv. forsrh. og dómsmrh. Bæði ég og hv. 2. þm. Vestf. bentum á, að þessi till. hlyti fyrst og fremst að vera ákæra og vantraust á æðsta stjórnanda landhelgisgæslunnar, sjálfan hæstv. dómsmrh., og þess vegna ætti að samþykkja hana einmitt með það í huga og af þeirri ástæðu.

En það, að ég stend upp núna og tek til máls aftur um málið, er sérstaklega að gefnu tilefni í ræðu hæstv. forsrh. og dómsmrh. Ég held, að það megi sjá það í þingtíðindum, að hvorki ég né 2. þm. Vestf. veittumst nokkru sinni að áhöfnum varðskipanna, enda er hlægilegt að ætla sér að gera það í sambandi við þetta mál. Það vita allir, að skipshöfnin, frá næstæðsta til lægsta manns, tekur við sínum fyrirmælum og skipunum frá skipherranum á viðkomandi varðskipi, en hann frá stjórnendum landhelgisgæslunnar í landi, og æðstur þeirra stjórnenda er hæstv. dómsmrh., það fer ekkert á milli mála. En hæstv. dómsmrh. notaði meginhluta ræðu sinnar til þess að bera af áhöfnum skipanna einhverjar ímyndaðar ásakanir, sem engir okkar hinna, sem töluðum, minntist nokkurn tíma á, og ég heyrði það aldrei frá öðrum ræðumönnum, sem hér töluðu í þessu máli. En hann varð auðvitað eitthvað að segja, og hann tók það fram, að sér þætti miður, að hann skyldi ekki falla undir þessa till. líka, eins og hún væri orðuð, enda var fyrir það tekið hjá hv. flm. Ég tel ekki, að það sé rétt fyrir hv. flm. að vera svona hugulsama við æðsta stjórnanda landhelgisgæslunnar, ef þeir ætla sér að komast til botns í málinu og halda, að eitthvað sé til grundvallar þeim ásökunum, sem á landhelgisgæsluna hafa verið bornar. Ég vil þess vegna flytja brtt. við till. þeirra tvímenninganna, að tillgr. orðist svo:

„Nd. Alþingis ályktar að kjósa 7 manna n. samkv. 39. gr. stjórnarskrárinnar til að rannsaka framkvæmd landhelgisgæslu frá útfærslu 1. sept.

1972 og kanna, hvort ásakanir, sem fram hafa verið bornar um, að gæsla landhelginnar á Vestfjarða- og Austfjarðarmiðum hafi ekki verið með eðlilegum hætti, hafi við rök að styðjast. N. skal hafa rétt til að krefjast skýrslna munnlegra og bréflegra, bæði af embættismönnum og ráðh. dómsmála, svo og starfsmönnum landhelgisgæslunnar og öðrum einstaklingum. Að loknum störfum skal n. gefa Nd. skýrslu um niðurstöður sínar."

Ég vil, herra forseti, leyfa mér að leggja þessa till. fram nú þegar sem skriflega brtt. Ég tel nefnilega, að fyrst verið er að fara út í þetta á annað borð, þá eigi að stíga sporið til fulls til þess að sjá, hvort um sekt er að ræða hjá stjórnendum landhelgisgæslunnar, sem í landi eru, því að ég tel ekki, að um aðra sé að ræða, nema þá máske minni háttar brot hjá einum og einum skipherra, sem ég hef þó ekki heyrt talað um nema í einu tilfelli og kom ekki þessu máli við, heldur var það í sambandi við annað. Ég tel, að það eigi ekki að vera að undanskilja æðsta og ábyrgasta aðilann, heldur eigi rannsókn jafnframt að ná til hans og hans verka í sambandi við stjórnun þessara þýðingarmiklu stofnunar.

ATKVGR.

Afbrigði um skrifl. brtt. (sjá þskj. 212) samþ. með 21 shlj. atkv.

Flm. (Karvel Pálmason): Herra forseti. Það er nú æðilangt um liðið, síðan þessi till. var hér á dagskrá síðast til umr., það er komið eitthvað á þriðju viku, að ég held. Það var rösklega hálfur mánuður, frá því að till. var lögð fram og þangað til hún kom til umr. fyrst, og nú er komið aftur á þriðju viku, frá því að hún var síðast rædd hér og þangað til nú, að hún er hér til framhaldsumr. Ég veit ekki, hvort dæmi eru slíks seinagangs í málsmeðferð hér á Alþ., mér er ekki um það kunnugt, en heldur finnst mér þetta langur tími, sem líður milli þess, að mál eru tekin hér til umr.

Það hafa ýmsir hv. alþm. tekið til máls um þetta mál, og er ég ekki hissa á því. Ég tel, að þarna sé um að ræða mál, sem er þess eðlis, að það hljóti að höfða til alþm. um það, að þeir láti í sér heyra varðandi málið. Ég held, að allir þeir, sem um málið hafa fjallað, hafi tjáð sig samþykka till., að vísu með ýmsum tilbrigðum varðandi þann stuðning, en í heild séð held ég, að allflestir ræðumanna hafi verið till. fylgjandi. Ég tel ástæðu til þess að gera nokkrar aths. við það, sem fram hefur komið í ræðum manna. Það er þó ekki ýkjamikið eða margar aths., en ég vil víkja að nokkrum atriðum varðandi það, sem fram hefur komið.

Hv. 10. þm. Reykv., Pétur Sigurðsson, taldi eins og aðrir þeir stjórnarandstæðingar, sem til máls hafa tekið varðandi þetta mál, að þessu væri fyrst og fremst beint gegn hæstv. forsrh., og hann og aðrir hv. stjórnarandstæðingar, sem talað hafa, töldu, að hér væri í raun og veru um vantraust á viðkomandi ráðh. að ræða. (**MB:** Eru bara stjórnarandstæðingar um það?) Þeir, sem hafa látið í sér heyra enn, það kemur kannske fram síðar, og þá tökum við það til meðferðar. Það hefur komið fram, kom bæði fram hjá mér varðandi framsögu fyrir þessu máli og einnig var það tekið fram af hv. 3. þm. Vestf., að þessi till. sakfellir engan né sýknar engan ákveðinn aðila. Hún er eingöngu til þess fram borin að fá úr því skorið, hvað og af hvaða orsökum beri á milli þess, sem viðkomandi skipstjórnarmenn á Vestfjarðamiðum halda fram, og þess, sem talsmenn Landhelgisgæslunnar hafa látið frá sér fara. Ég vil segja þessum hv. þm., sem telja, að þessi till. sé fram borin sem vantraust á hæstv. forsrh., og ef þeirra stuðningur við till. er einungis vegna þessa álits þessara hv. þm., ekki vegna þess, að þeir vilji fá málið upplýst, að þá skýrist a.m.k. fyrir mér ýmislegt varðandi réttlætiskennd þeirra hv. þm., sem þarna eiga hlut að máli.

Hv. 2. þm. Vestf., Matthías Bjarnason, gerði að umræðuefni þær till. um rannsóknarnefndir, sem áður hafa komið fram hér á Alþ., og sagði, og var, að því er mér skildist, aðalhneykslunarefnið, að aldrei hafi slík till. verið flutt nema af stjórnarandstæðingum. Þarna finnst mér vera komið að athyglisverðu atriði í ræðu þessa hv. þm. Það var á honum að skilja, að þessi till. hefði verið góð og gild og ætti fullan rétt á sér, hefði t.d. hann, þ.e.a.s. hv. 2. þm. Vestf., og t.d. hv. 5. þm. Vestf., þeir kollegar, staðið saman að slíkum tillöguflutningi sem stjórnarandstæðingar. Hefðu þeir flutt þetta mál, hefði allt verið með felldu og málið verið gott. Þarna finnst mér vægast sagt um mjög pólitískt brengl eða mengað hugarfar að ræða hjá þeim hv. þm., sem svona hugsa, a.m.k. það brenglað hugarfar, að ég vil ekki á það fallast og telja það réttlætanlegt, því að ef þessi till. á rétt á sér, á engu þar að breyta, hver hana flytur, hvort það er stjórnarsinni eða stjórnarandstæðingur.

En það er því miður ekki bara hjá þessum hv. þm., 2. þm. Vestf. og 10. þm. Reykv., sem vart verður þessa brenglaða hugarfars. Það hefur víða og hjá mörgum komið fram, því miður. En þetta sýnir berlega, að breytinga er þörf til hins betra í íslenskri pólitík.

Þá bar hv. 2. þm. Vestf. hæstv. forsrh. mjög fyrir brjósti, og vel sé honum fyrir það. Ekki er að efa, að sú góðvild, sem þar lýsti sér í garð hæstv. forsrh., kemur frá innstu hjartarótum þessa hv. þm.

Að lokum spurði hv. 2. þm. Vestf., hvort ekki hefði verið hægt að fá skýrslu með friðsamlegri hætti en þessari stríðsyfirlýsingu, eins og hann nefndi það. Vel má vera, að það sé mat hv. 2. þm. Vestf., að hér sé um stríðsyfirlýsingu að ræða, þegar reynt er á eðlilegan hátt, að því er mér finnst, að fá fram sannleikann í mjög mikilsverðu máli. En ég er þó þeirrar skoðunar, að undirrót þessarar afstöðu hv. 2. þm. Vestf. sé sú, að hann hafi mjög gjarnan sjálfur viljað flytja slíka till., en misst af lestinni nú sem stundum áður og reyni því að beina athygli manna inn á aðrar brautir varðandi málið, — brautir, sem ekki er á nokkurn hátt hægt að finna út úr till. sjálfri.

Og þá er komið að hæstv. forsrh. Hann taldi, að vel mætti vera, að Íslendingar hafi verið of íhaldssamir í því að skipa rannsóknarnefndir, og taldi sig ekki andstæðan því að breyta þar til, en taldi þó, að þar þyrfti að fara að með gát. Síðan vék ráðh. að því, hver verkefni Landhelgisgæslunnar væru samkv. lögum, og taldi, að menn hefðu ekki gert sér grein fyrir, hversu fjölþætt þau verkefni væru. Einnig taldi ráðh. ýmis tormerki á því hjá gæslunni að sinna öllum þeim verkefnum, eins og að henni hefði verið búið, og um þetta er ég ráðh. alveg sammála. En síðan komu ýmis atriði í ræðu hæstv. forsrh., sem ástæða er til að gera aths. við.

Hæstv. forsrh. fór út á þá braut að reyna að gera þetta að tilfinningamáli, sagði, að sjómenn töluðu kuldalega um gæsluna, þm. ættu að setja sig í spor varðskipsmanna og fjölskyldna þeirra. Hann minnti þm. á, að oft væru varðskipin í flutningum með þm. sjálfa, og sagði síðan, að till. sem þessa mætti skilja á þann veg, að henni væri beint gegn starfsliði gæslunnar, og væri þetta köld kveðja til þessara okkar bestu löggæslumanna, þ. e. varðskipsmanna. Alþ. ætti fremur að senda sérstakt þakklæti til þessara manna, það hefðu þeir átt betur skilið.

Ég verð nú að segja það, að mér finnst hæstv. forsrh. falla þarna í hliðstæða gröf og þeir stjórnarandstæðingar, sem halda því fram, að þessari till. sé beint gegn honum. En hver er tilgangur hæstv. forsrh. með að grípa til þessa? Getur hæstv. forsrh. bent á, þótt ekki væri nema eitt dæmi þess, að flm. þessarar till. eða þm. almennt hafi haft í frammi gagnrýni á störf varðskipsmanna? Geti hæstv. forsrh. komið með einhver slík dæmi, þá ætti það að koma fram rökstutt, en ekki gefið í skyn á dulmáli. Mér er ekki kunnugt um, að einn eða neinn þm. hafi á Alþ. eða annars staðar beint spjótum sínum að varðskipsmönnum eða áhöfnum varðskipanna í þessum málum. (**Gripið fram í:** Ekki einu sinni 3. landsk.?) Ég þakka þér fyrir, síst átti ég von á þessu þarna. En hvað á hæstv. forsrh. við, þegar hann segir, að till. sé beint gegn starfsliði gæslunnar, þ. e. þessum okkar bestu löggæslumönnum, eins og hæstv. ráðh. talar um? Er ráðh. að gefa í skyn, að það sé fyrst og fremst að leita skýringa hjá varðskipsmönnum um það, sem á milli ber í þessu máli? Ef svo er, þá ættu menn að tala skýrar og láta slíkt koma fram. Eða er hæstv. ráðh. að láta í það skína, að þar hafi bresturinn átt sér stað, sé um einhvern brest í kerfinu að ræða? Eða hvernig ber að skilja þessi ummæli hæstv. ráðh.? Ég get ekki skilið þau á annan veg en þann, að hann sé fyrst og fremst að benda á, að hjá þessum aðilum sé um að ræða það ágreiningsefni, sem þessi till. fjallar um. En það skyldi nú ekki vera, að einmitt varðskipsmönnum okkar væri kannske mestur greiði gerður með því að upplýsa þetta mál og koma þannig í veg fyrir, að óréttlátum aðdróttunum verði að þeim beint? Ég hygg, að áhafnir varðskipanna hafi ekki á móti því, að þetta mál verði upplýst og það komi í ljós, hvar eða hvernig á þessum ágreiningi stendur, sem um er rætt.

Nei, ég held, að hæstv. forsrh. hafi tekið skakkan pól í hæðina, þegar hann reyndi að höfða til tilfinninga manna í þessu sambandi. Ég er þess fullviss, að varðskipsmenn ekki síður en aðrir telja fulla þörf á því, að hið rétta upplýsist í þessu máli.

Og svo spurði hæstv. ráðh.: „Er það viðeigandi að setja þessa menn eina undir þetta?“ — og bætir svo við: „Það er víða pottur brotinn í íslensku stjórnkerfi og kannske ástæða til að rannsaka víðar.“ Hvað á hæstv. ráðh. við með þessu? Er hann að gefa í skyn, að honum sé kunnugt um einhverja misbresti í stjórnkerfinu, sem ástæða hefði verið til að rannsaka, en hann hafi látið slíkt undir höfuð leggjast? Ég skil þetta ekki á annan veg. En sé þetta svo, þá er það miður, ráðh. En hafi þetta gerst, þá er það að bæta gráu ofan á svart að nota það sem skálkaskjól gegn rannsókn á því, sem hér er verið að ræða. Og það vil ég segja hæstv. forsrh., að minn stuðning á hann vísan til þess að upplýsa um alla þá brotnu potta í íslensku stjórnkerfi, sem hann telur þess eðlis, að ástæða sé til að rannsaka. Minn stuðning hefur hann í því. Hafi hann eitthvert slíkt dæmi, viti um eitthvað slíkt, sem hann hefur ekki enn fundið ástæðu eða hvöt hjá sér til þess að fara af stað með rannsókn á, en telur þörf til þess, þá á hann minn stuðning vísan í því. En ég tel, að hafi það gerst, að ástæða væri til slíkrar rannsókna, en þær ekki verið framkvæmdar, þá sé ekki frambærilegt að skjóta sér á bak við rannsókn sem þessa á þeim forsendum.

Ég ítreka það, að ég vísa því á bug, að nokkur alþm. hafi á einn eða neinn hátt beint sínum spjótum að áhöfnum varðskipsmanna í þessum efnum. Ég vísa því einnig á bug, að nokkur þm. það ég viti til hafi á einn eða annan hátt haft við það að athuga, að íslensku varðskipin þjónuðu þeim tilgangi, sem hæstv. ráðh. kom hér inn á, þ. e. a. s. ýmsum flutningum á ýmsum þarflegum hlutum milli svæða, sem illa eru sett með samgöngur. Ég veit ekki dæmi um, að nokkur íslenskra þm. hafi beint spjótum sínum að Landhelgisgæslunni fyrir slíkt. Það er því verið að fara út á allt aðrar brautir, þegar farið er út í að reyna að gera slíkt sem þetta að tilfinningamáli og höfða til slíkra hluta sem hæstv. forsrh. gerði hér í umr. síðast.

Þessi till. er flutt til þess og þess eins að fá upplýst, í hverju sá mikli misskilningur flest, sem er milli ásakana skipstjórnarmanna annars vegar og talsmanna Landhelgisgæslunnar hins vegar. Um það og það eitt er beðið. Og það á eftir að sýna sig, hver afstaða hæstv. alþm. til þeirrar beiðni er, þegar að því kemur, að þetta mál fær endanlega afgreiðslu hér í þingi.

Björn Pálsson: Herra forseti. Ég var alinn upp á mannmörgu heimili, og faðir minn hafði samband við sjómann í Bolungarvík, og hann útvegaði honum jafnan kaupafólk. Ég var því alinn upp með fólki að nokkru leyti vestan úr Bolungarvík, bæði körlum og konum. Mér líkaði vel við þetta fólk, og ég held, að það sé e. t. v. ástæðan fyrir því, að mér hefur alltaf verið hlýtt til Vestfirðinga og haft miklar mætur á þeim sem

dugnaðar -og heiðursmönnum. Þetta hefur ekki breyst, síðan ég kom í þessa þd., því að marga ánægjustund hafa þeir veitt okkur. Eins og við vitum, er það venja þeirra, a.m.k. þeirra, sem eru af vestfirskum ættum, að ef einn talar, þá koma hinir og halda ræðu líka, og hér höfum við fengið gjarnan skemmtilega kosningafundi hjá þeim, og þeir hnakkrifast út af ýmsum hlutum mjög svo ánægjulegum. Með þessa hluti skara þeir langt fram úr okkur hinum þm., því að við erum yfirleitt friðsamir og nennum ekki að vera að deila um ekki neitt.

Hvað sem þessu öllu líður, — það er ekki aðalatriði málsins, — þá er hér komin fram þáltill., og er hún dálítið einkennilega orðuð. Hún er þannig:

„Neðri deild Alþingis ályktar að skipa n. samkv. 39. gr. stjórnarskrárinnar til að rannsaka framkvæmd landhelgisgæslu frá 15. okt. s.l. og kanna, hvort ásakanir, sem fram hafa verið bornar um, að gæsla landhelginnar á Vestfjarðamiðum hafi ekki verið með eðlilegum hætti, hafi við rök að styðjast."

Þarna er bara miðað við Vestfirði.

Ef við viljum athuga, hvernig stendur á þessu, að þetta er borið fram, þá held ég, að við þurfum ekki að íhuga það mál lengi, að ástæðan er, að það er kapphlaup um atkv. vestfirskra sjómanna milli hv. 2. þm. Vestf. og Karvels, vinar okkar, 7. landsk. Þeir eru að reyna að veiða atkv. vestfirskra sjómanna. Ég sé ekki, þó að þeir deili um þetta, að þá þurfi þeir að vera að reka hnýflana í aðra menn í leiðinni, þeir geta stangast bara innbyrðis.

Það er verið að tala um það, að Bretar hafi veitt þarna meira en venjulega og jafnvel farið inn á friðað svæði. Það er nú einhver orðrómur um, að það hafi hent einhvern vestfirskan skipstjóra líka að fara inn á friðaða svæðið. En hvað sem því líður, þá er það ekki aðalatriðið. Það er verið að deila á forsrh. fyrir ummæli hans um það, að engin breyting yrði á starfsemi Landhelgisgæslunnar, þó að herskipin væru farin út fyrir þessa 50 mílna línu og samningar væru í undirbúningi. Hvað átti hann að segja annað? Átti hæstv. forsrh. að tilkynna, að landhelgin yrði ekkert varin? Ætli þeir hefðu orðið saklausari þá? Hvað gat hann sagt annað? Átti hann að bjóða þeim heim með því að tilkynna, að landhelgin yrði ekki varin, þangað til hann væri búinn að fara til fundar við breska forsætisráðherrann og vita, hvort samningar tækjust? Hvað átti hann að segja? (Gripið fram í.) Átti ekkert að fara út? Ja, hann átti þá ekki að semja? Það má deila um þennan samning, en forsrh. gat ekkert annað sagt. Það er alveg eins og þegar á að lækka gengið. Hvað ætli yrði sagt, ef viðkomandi ráðh. tilkynnti: Við ætlum að lækka gengið eftir svo sem tvo mánuði? Ætli það hefði ekki verið deilt á hann? Ætli það hefði ekki verið deilt á Ólaf Jóhannesson, ef hann hefði sagt: Við munum ekki verja landhelgina, þangað til útséð er um, hvort samningar takast eða ekki. — Hvað átti forsrh. að segja? Það má vitanlega deila um það, hvort átti að semja eða semja ekki. En það er ekki hægt að ásaka forsrh. fyrir, að hann sagði þetta, því að hann gat ekkert annað sagt og mátti ekkert annað segja.

Ég geri ráð fyrir, að enginn okkar, sem greiddum atkv. með þessum samningum, sé ánægður. Það var um tvennt að velja: að halda þessari baráttu áfram eða semja, og hvorugur kosturinn góður. Ég álít, að við höfum tekið betri kostinn, og þess vegna greiddi ég atkv. með honum. Ég hef ekkert við að athuga, þótt það séu skiptar skoðanir um það. Það hefur hver maður rétt til að hafa sína skoðun á þeim hlutum, en mín skoðun var þessi. Ég efast ekki um, að skoðun forsrh. hafi verið sú, að ef átti að halda áfram deilunum, halda áfram að klippa aftan úr bresku togurunum og þýsku, — og Bretar voru farnir með herskipin, — á meðan var verið að undirbúa þessa samninga, þá hefði ekki verið auðveldara að semja.

Það má sjálfsagt eitthvað segja um það, hvort réttar leiðir hafi verið farnar hjá yfirmönnum Landhelgisgæslunnar. Það var gersamlega ómögulegt fyrir neinn að gera svo að öllum líkaði, og það er ekki hægt að hlaupa eftir skoðunum Péturs og Páls. Þeir, sem eiga að ráða svona hlutum, verða að taka ábyrga afstöðu og mega ekki láta það hafa áhrif á sig, hvað einhver skipstjóri segir eða einhver starfsmaður í landi. Þeir verða að gera það, sem þeir álíta rétt, þeir, sem bera ábyrgð á hlutunum.

Það var aðeins í eitt skipti, sem ég var svolítið uggandi, og það var þegar þeir létu kúluskotin dynja á Everton, og ég sagði forsrh., að ef það hefði verið endurtekið hvað eftir annað, þá hefði það hlotið að enda með slysum. Það var nú ekki gert nema einu sinni, og þarf ekki að deila á það. En annars fannst mér þessu mjög í hóf stillt og þó farið það, sem óhætt var, þannig að ég álít, að við ættum að vera þessum mönnum þakklátir, og yfirleitt eru engir mannasiðir að vanþakka það, sem vel er gert, og er aldrei gæfuvegur. Ég álít, að við ættum miklu frekar að þakka þessum mönnum fyrir störf þeirra, bæði yfirmönnum og undirmönnum, heldur en fara að tilefnislausu að álykta um það að skipa rannsóknarnefnd til að rannsaka störf þeirra. Hvað þýðir það í slíku tilefni að skipa rannsóknarnefnd samkv. 39. gr. stjórnarskrárinnar til að rannsaka framkvæmdina? Vitanlega á þingið ekki að samþykkja slíka till., nema það hafi rökstudda ástæðu til að ætla, að um mikla vanrækslu og yfirsjón hafi verið að ræða. Annars er það alger móðgun að skipa slíka n. á saklausa menn, sem hafa unnið sín störf vel, og ég er sannfærður um, að það er ekki til skammar mönnunum, sem hafa rækt sín störf vel, heldur væri það til skammar fyrir þingið að samþykkja slíkt.

Grikkir voru furðufuglar hér áður, og ef þeir áttu afburðamenn, var það oft siður þeirra að gera þá útlæga. Ég las það, — ég hef lesið talsvert í mannkynssögu, — um einn af þessum afburðamönnum þeirra, að það var verið að greiða atkv. um refsinguna, og maðurinn, sem var verið að ákæra, spurði einn Grikkjann að því, hvers vegna hann ætlaði að greiða atkv. með, að hann væri sekur. Það var af því að hann var orðinn leiður á því, að allir töluðu

svo vel um hann og hældu honum. Það er náttúrlega hægt að samþykkja að feta í fótspor Grikkja. Þeir gátu aldrei komið sér saman um neitt, og þess vegna deildu þeir, þangað til þeir voru orðnir örmagna og aðrir gátu hrifsað þeirra ríki, lagt það undir sig. En þetta er enginn gæfuvegur. Við eigum að þakka það, sem vel er gert, en það er sjálfsagt að finna að því, sem illa er gert. En þarna liggur það ekki fyrir, heldur er það aðalatriðið, að þeir eru að smjaðra fyrir einhverjum fámennum sjómönnum á Vestfjörðum, þeir eru að reyna að koma sér vel við þá, vafalaust upp á væntanleg atkv., eins gáfulegt og það er, og afleiðingin af því er þessi þáltill.

Það má vel vera, að hv. 2. þm. Vestf. hafi bætt fyrir sér eitthvað hjá sjómönnum með því að greiða atkv. á móti samningnum við Breta. En ég er alveg sannfærður um það, að hv. 7. landsk. aflar sér engra atkv. með að koma með þessa þáltill. Ég er sannfærður um, að það er ekkert illt, sem stendur á bak við þetta, og það er ekki meining hv. 7. landsk. þm., að þetta sé nein vantrauststill. á forsrh. eða ríkisstj., heldur sé þarna um yfirsjón að ræða, og það er hæpið, að hann sé ekki farinn að sjá eftir því nú þegar að hafa komið með þessa till. Hitt er náttúrlega mannlegt að viðurkenna ekki yfirsjónir sínar. Mönnum verður það á að verja það í lengstu lög, og undir vissum kringumstæðum má kannske ekki viðurkenna, að mönnum hafi yfirsést, jafnvel þó að svo hafi verið.

Nú er það með Vestfirðingana, að það er ákaflega mikill lífsþróttur í þeim miðað við okkur hina. Þeir eru eins og stríðaldir folar, sem hlaupa og hlaupa, sem tala og tala. En það er ekki ævinlega, að mestu fjörhestarnir séu vitrastir, og vitrustu hestar, sem ég þekki, eru gamlir reiðhestar, en þeir hlaupa bara, þegar þeir þurfa að hlaupa en fara sér hægt þess á milli. Ég hef átt svo vitran reiðhest, að hann fór bara fetið, þegar hann sá, að mér lá ekkert á, en ef ég þurfti að elta skepnur, þá þurfti ég ekkert að stjórna honum. Hann komst alltaf fyrir skepnuna, og það var alveg ótrúlegt, hvað aumingja hesturinn gat hlaupið. En lífsfjör þeirra Vestfirðinganna er það mikið, að þeir hlaupa og hlaupa, þó að þeir þurfi ekkert að hlaupa, og þeir tala og tala þó þeir þurfi ekkert að tala.

Nú vill það til með þessa fjörgapa, að þeir geta bæði fótbrotnað og hálsbrotnað. Það er svo með okkur þessa bændur, að það er ákaflega fjölþætt líf í kringum okkur, og við vitum það með lömbin, að þau fara stundum ofan í holur, og það eru ýmsar ástæður fyrir því. Stundum fara þau ofan í holur, þegar þau eru nýfædd og óburða og hafa ekki vit á að sjá holurnar. Stundum eru þetta bara slys, þau eru að hlaupa. Stundum eru þau bara að stangast, og annað lambið fer ofan í holu. Og þá er það venjulegt, að móðirin stendur á bakkanum og jarmar og horfir á lambið, og þannig finnum við vanalega lambið. En í þessu tilfelli hefur orðið breyting á. Nú hefur móðirin farið ofan í holuna til lambsins. Þar á ég við, þegar hv. 3. þm. Vestf., Hannibal Valdimarsson, fer ofan í holuna til Karvels. Vitanlega er hann miklu eldri og reyndari maður, en ást hans er svo heit, að hann hefur ekki getað séð þetta pólitíska afkvæmi sitt niðri í holunni, jafnvel þó að hún væri þurr, og farið ofan í holuna líka. Nú dettur mér ekki í hug, að þessir hv. þdm. hér séu svo manndómslausir, að þeir fari að samþykkja þessa vitleysu, því að það yrði náttúrlega, eins og ég tók fram áðan, ekki þeim mönnum til skammar, sem þessu væri beint að, heldur yrði það okkur til skammar. Og ég veit, að við erum vinir þeirra hv. 3. þm. Vestf. og hv. 7. landsk. og viljum þeim vel og viljum reyna að forða þeim upp úr holunni. Þess vegna eigum við að hjálpast að, eins og þegar við erum að draga lömb upp úr holum. Við eigum að seilast ofan í holuna og kippa þeim upp úr og dusta af þeim rykið, og þá er þetta allt saman komið í besta lag.

Matthías Bjarnason: Herra forseti. Hv. fyrri flm. þessarar till. kvartaði sáran yfir því, hvað hafi gengið illa að fá þetta mál tekið til umr. hér í hv. þd. Það var þó að lokum gert 22. nóv., og síðan var gert alllangt hlé á umr., og þær fara ekki fram fyrr en í dag. Hann kvartaði mjög yfir því, hvað hefði verið farið illa að ráði sínu gagnvart þeim flm. till., lambinu og móðurinni, eins og þeim var líkt við hér áðan, en loksins eru þeir ánægðir yfir að hafa fengið till. til framhaldsumr. Ég verð nú að segja eins og er, að þegar jafnþungar ásakanir og þessi till. í raun og veru gerir ráð fyrir eru fluttar, þá vil ég taka undir þau orð hv. fyrri flm. málsins, að það væri fullkomin ástæða til þess að hraða umr. og koma málinu til n. og sú n., sem fengi málið til athugunar, skilaði sem allra fyrst áliti.

Hins vegar finnst mér skjóta nokkuð skökku við hjá hv. fyrri flm. þessarar till., þegar hann segir, að till. sé ekki stefnt gegn neinum, hvorki einum né öðrum. Þessari till. hlýtur að vera stefnt gegn þeim, sem sekur er, þó að hún geri ekki ráð fyrir því fyrir fram, hver sé sekur. Till. er flutt í þeim tilgangi að komast til botns í því, hver er sekur. Þess vegna er till. í raun og veru stefnt gegn þeim, sem sekur er. En fyrri flm. till. dró mjög í land, þegar hann flutti framsögu fyrir till., og hann dró enn meira í land áðan. Það eina, sem hann dró ekki í land, var raddstyrkurinn, hann varð eftir. En hann hefur ekki orðið meira á bak við þessa till. en það, að það væri mjög mikils virði, að hann kæmi í ljós, þessi mikli misskilningur, sem væri hér um að ræða. Þetta er nú orðið að miklum misskilningi, svo að ég noti orð hans sjálfs. Eftir allt saman er enginn sekur. Það eru sem sagt allir saklausir, en það er einhver mikill misskilningur, sem þarf að flytja till. um og skipa rannsóknarnefnd samkv. 39. gr. stjórnarskrárinnar til þess að kanna þennan mikla misskilning. Þannig er nú af flm. dregið. Og ef hæstv. 1. varaforseti Nd., sem situr nú hér í forsetastóli, þm. úr hópi stjórnarandstöðunnar, hefði ekki séð aumur á hv. flm. og tekið þessa till. fyrir, þá hugsa ég, að hann hefði verið algerlega búinn, því að hann er alveg að ganga

út. Þetta er eins og vekjaraklukka, sem hefur verið trekkt upp og er búin að hringja, hann er eiginlega útgenginn.

Sá ágæti maður, hv. 3. þm. Norðurl. v., var að tala hér áðan og flutti skemmtilega ræðu. Það má nú segja, að ber er hver að baki, nema sér bróður eigi. Það má þá segja um forsrh., að hann átti þó hauk í horni að fá slíkan málsvara hingað í ræðustólinn. En þó að hv. 7. landsk. hafi upprunalega ætlað að klípa í hæstv. forsrh., þá hugsa ég, að hann hafi ekki búist við því, að hv. 3. þm. Norðurl. v. mundi æpa eins og hann gerði hér í ræðustól áðan.

Það fer ekki á milli mála, að þessari till. er auðvitað fyrst og fremst stefnt gegn þeim, sem ábyrgðina ber. Mér dettur ekki í hug að halda, að matsveinar eða hásetar á varðskipunum geti verið sekir í þessum efnum eða aðrir menn á varðskipunum. Auðvitað eru það þeir, sem ábyrgðina bera, sem eru sekir, og það eru þeir, sem till. er stefnt að.

Svo talaði hv. fyrri flm. till. um það, að við stjórnarandstæðingar vildum aðeins líta á þessa till. sem vantraust á forsrh. Hv. flm. þessarar till., fyrri flm., veit það mætavel og hefur fengið að heyra það, síðan hann lagði þessa till. fram, frá mörgum stjórnarþm., að þeir telja þessa þáltill. algert vantraust á hæstv. dómsmrh., svo að það er hrein blekking, þegar hann er að koma hér og belgja sig út um, að það væru stjórnarandstæðingar einir, sem hefðu þessa skoðun á flutningi þessa máls. Nei, hann þarf ekki að leita til stjórnarandstæðinga í þeim efnum. Það eru fjölmargir stjórnarþm., sem líta sömu augum á þetta mál og við hv. 10. þm. Reykv. gerðum í upphafi þessara umr.

En út af ræðu hæstv. forsrh., sem hann hélt hér 22. nóv., þegar hann fór að tíunda hlutverk Landhelgisgæslunnar, þá er það alveg rétt, að það voru engar ásakanir á Landhelgisgæsluna viðhafðar í þeim umr. Landhelgisgæslan hefur hlaupið undir bagga fyrir hinar strjálu byggðir landsins, þegar hefur þurft að sækja sjúkan mann eða gera mönnum greiða, koma vöru á milli hafna, sem hefur verið erfitt að flytja. En hitt fer ekki á milli mála, að það var litið á það mjög öðrum augum, þegar það ástand hafði skapast, sem var á þessum tíma, og hæstv. forsrh. sagði, að Íslendingar ættu í styrjöld á miðunum og okkar her, varðskipin, þyrftu að verja íslenska fiskveiðilögsögu. Það var styrjöld, sem við áttum í, í þessu tilfelli við breska ræningja. Og þá verð ég nú að segja, að þó að það þurfi að sækja fóðurbæti fyrir eitt bóndabýli, og það í því kjördæmi, sem ég er frá, og hvar sem það hefur verið, þá finnst mér tæplega hægt, þegar Ísland á í styrjöld, að taka ⅛ af flotanum til þess að flytja nokkur tonn af fóðurbæti. Hitt hefði verið sönnu nær og sjálfsagt að fá einhvern bát til þess að flytja þetta, en minnka ekki gæsluna að sama skapi. Ég er hræddur um það, að eitthvað hefði verið sagt í Bretlandi á stríðstímunum, ef Churchill hefði kallað á Montgomery úr baráttunni við Rommel og skipað honum að koma heim til Bretlands með allan 8. herinn til að taka upp kartöflur. Ég er hræddur um, að það hefði eitthvað verið sagt þá. Það er ósköp eðlilegt, að komi fram gagnrýni, þegar gæslan er veikt undir slíkum kringumstæðum sem þessum. Og það er það, sem menn hafa fullt leyfi til þess að gagnrýna.

En það, sem við gagnrýnum og viljum gagnrýna, er það, að hæstv. dómsmrh. sagði í umr., sem urðu hér utan dagskrár út af landhelgisgæslunni, að það væri komið annað skip við gæsluna og gæslan væri hert verulega. Þessu hefur verið mótmælt af öðrum aðilum, sjómönnum og útgerðarmönnum, að hafi átt sér stað, og þess vegna liggur nokkurn veginn ljóst fyrir, að ekki var staðið við þessi orð að herða á gæslunni, og það er það, sem við viljum fá úr skorið, þó að það hefði kannske mátt hafa einhvern annan hátt á en þennan. Hitt tek ég ekki aftur, sem ég sagði við þessar umr., þegar þær fóru fram 22. nóv., að það er fátítt, að stjórnarþm. flytji rannsóknartill. á ráðh., sem þeir styðja, og það hefur ekki átt sér stað áður. Það hlýtur að liggja í augum uppi, að stjórnarþm. eiga greiðari aðgang að ráðh., þó að þeir séu ekki úr sama flokki, heldur sé um að ræða ráðh., sem þessir þm. styðja, að fá glöggar og fullnægjandi upplýsingar um það, sem þeim liggur á hjarta. Það er skiljanlegra, að ráðh. séu undir sömu kringumstæðum ekki eins fúsir að veita okkur stjórnarandstæðingum allar slíkar upplýsingar, sérstaklega ef það er í einhverjum málum, sem þeir telja, að komi þeim illa. Ég spurði þennan hv. þm. að því, hvort flm. hafi ekki reynt að fá þessar upplýsingar með öðrum hætti, en hann fór í kringum þá spurningu í ræðunni áðan, eins og köttur í kringum heitan graut. Sannleikur málsins er sá, að hv. fyrri flm. þessarar till. hefur verið að draga í land, frá því að till. kom fram og til þessa dags. Hann hefur dregið í land á öllum sviðum, nema raddstyrkurinn hefur ekki minnkað. Það er það eina, sem eftir er.

Ég ætla svo ekki að halda þessum umr. lengur áfram. En það er líka eftirtektarvert í sambandi við flutning þessarar till., að þegar flm. kvarta undan því, að till. þeirra komi ekki til umr. vikum saman, þá reyna þeir að halda uppi málþófi um eigin till. í staðinn fyrir að reyna að gera allt, sem hægt er, til þess að till. komist til n. og fái þinglega afgreiðslu. Af hverju er það gert? Oft og tíðum er það þannig, að þegar menn flytja mál og jafnvel tilefni gefast til einhverra andsvara, þá vilja flm. máls ekki lengja umr. til þess að koma ekki í veg fyrir, að forseti taki málið út af dagskrá, þannig að málið komist til n. og fái þinglega afgreiðslu. En í þessu tilfelli hefur fyrri flm. þessarar till. gert sér leik að því að efna til áframhaldandi umr. um þessa till., til þess eiginlega að þreyta forseta og þingheim og til þess að umr. sé haldið áfram, og sennilega í trausti þess, að umr. verði einu sinni enn frestað og till. komist ekki til n. og fái ekki þinglega afgreiðslu. Þetta er enn ein sönnun þess, að hv. fyrri flm. þessarar till. hefur ekki mikinn áhuga á því, að hún fái þinglega meðferð.

Umr. frestað.

Neðri deild, 39. fundur.

Þriðjudaginn 11. des., kl. 2 miðdegis.

Launaskattur, frv. (þskj. 207). — 1. umr.

Fjmrh. (Halldór E. Sigurðsson): Herra forseti. Á þskj. 202 er frv. til l. um breyt. á l. um launaskatt. Hér er um að ræða framlengingu á gildandi l., alveg óbreyttum eins og þau eru nú og hafa gilt á þessu ári. Það stóð til í fjmrn. og var búið að vinna allmikið að því að breyta þessu þannig að sameina í eina löggjöf frv. um atvinnuleysistryggingar, slysatryggingar og aðrar tryggingar, sem atvinnurekendur greiða, til þess að vera ekki með það í eins mörgum tekjubálkum og nú er. Sú varð þó niðurstaðan að gera það ekki að þessu sinni og óska eftir því, að þetta frv. yrði framlengt óbreytt með þeim skilyrðum, sem fylgja, en athuga aftur síðar í vetur um heildarbreytingu og sameiningu þessara tekjustofna. Ég skal viðurkenna, að þetta frv. er seint fram komið, og stafar m.a. af þessu.

Ég legg svo til, herra forseti, að að lokinni þessari umr. verði frv. vísað til 2. umr. og hv. fjh.- og viðskn.

Gylfi Þ. Gíslason: Herra forseti. Ég kveð mér ekki hljóðs til þess að andmæla því, að þetta frv. nái fram að ganga. Við þm. Alþfl. getum á það fallist, að þau lagaákvæði, sem í því felast, verði framlengd. En frv. er í raun og veru aðeins framlenging á lagaákvæðum, sem gilt hafa um alllangt skeið.

Ég kveð mér hins vegar hljóðs til þess að vekja athygli á því og finna að þeim vinnubrögðum, sem hér eru viðhöfð. Skýring hæstv. ráðh. á því, að slíkt frv. skuli lagt fram 11. des. er engan veginn viðunandi. Það er óafsakanleg vanræksla af hálfu ríkisstj. að vera svo síðbúin með jafneinfalt frv. og hér er um að ræða. Það eru 10 starfsdagar eftir af Alþ. Mætti segja, að þetta kæmi ekki að sök, ef Alþ. hefði ekki sérstökum störfum að sinna þá 10 daga, sem það á eftir að sitja til jóla. En í gær er útbýtt á Alþ. frv. eins og þessu, sem allir hv. þm. kannast við, frv. til l. um tollskrá, sem er hvorki meira né minna en 216 bls., og ákvæði þess frv. eiga að taka gildi 1. jan. Að sjálfsögðu dettur fjmrh. ekki í hug, að Alþ. geti afgreitt þetta frv. á þeim 10 dögum, sem eftir eru af starfstíma þingsins fyrir jól, enda mun vera tilætlunin að fresta afgreiðslu þess, en láta það samt gilda frá 1. jan. n.k. Og einmitt af því, að frv. á að gilda frá 1. jan. n.k., er nauðsynlegt, að þm. kynni sér málið vandlega á þeim 10 dögum, sem eftir eru, þangað til jólaleyfi þm. hefst.

Látum þetta allt saman vera, ef ekki væri þannig ástatt á Alþingi Íslendinga í dag, 11. des. 1973, að fjvn. var síðdegis í gær að ljúka störfum við að undirbúa 2. umr. fjárl. Hún mun hafa haldið síðasta fund sinn fyrir 2. umr. kl. 5 síðdegis í gær. Tilætlunin mun vera, að fjárl. komi til 2. umr. á morgun. Störfum n. er þó ekki lengra komið en svo, að þegar fundi n. lauk í gær, var ekki búið að leggja saman útgjaldahlið fjárl. Það lá ekki fyrir í fundarlok hver heildarútgjöld fjárl. við 2. umr. mundi verða. N. mun hafa samþykkt brtt., sem hækka fjárl. um 650 millj. kr., og mun ýmsum hafa þótt þau nógu há fyrir. En sem sagt, óðagotið er orðið svo mikið, að þegar n. lýkur störfum, liggja ekki fyrir heildarniðurstöður um það, hver muni verða útgjöld fjárl. eftir 2. umr., ef till. ríkisstj. og n. verða samþ.

Sagan er ekki öll sögð með þessu. Það versta er eftir. Ég minni á það, að ca. 10 dagar eru eftir af starfstíma þingsins fyrir jól og engar till. af hálfu ríkisstj. liggja fyrir fjvn. um tekjuöflun til að mæta þeim 27—28 milljörðum, sem útgjöld fjárl. munu verða komin í við 2. umr. málsins. M.ö.o. 10 dögum áður en jólaleyfi þm. hefst hefur ríkisstj. enn enga hugmynd um það, hvernig hún ætlar að afla sér þeirra 27—28 milljarða kr., sem útgjöld fjárl. munu auðsjáanlega verða a.m.k. Þetta verkefni er þm. ætlað að fjalla um á síðustu 10 dögum þingsins. Þegar þannig háttar, kemst maður ekki hjá því að láta í ljós undrun sína yfir því, að annars vegar skuli ekki koma fram fyrr en núna einföld og sjálfsögð mál eins og frv. um launaskattinn, sem vandalaust hefði verið að leggja fyrir í byrjun þingsins, og svo hins vegar að láta í ljós undrun yfir því, að stórmál eins og tollskráin skuli ekki koma fram fyrr en 10 dögum áður en þingi lýkur fyrir jól.

Það er að vísu satt, að ýmislegt hefur áður tíðkast um seinvirk vinnubrögð af hálfu ríkisstj. á fyrri hluta Alþ. En ég held, að hér sé slegið algert met í sögu Alþingis um slæleg vinnubrögð og ekki verði komist hjá að átelja það harðlega. Þetta getur engin ríkisstj. leyft sér að bjóða hinu háa Alþ., og á þessu verður að vekja athygli. Ég nota þetta einfalda tilefni til þess að gera það, af því að mér finnst það vera dæmi um slóðaskap, beinan slóðaskap. Þetta hefði verið hægt að gera fyrir tveimur mánuðum. Ég get skilið það, að frv. til l. um tollskrá sé síðbúið. Þar er um að ræða mjög vandasamt verk tæknilega, sem auðvitað hefur tekið langan tíma að undirbúa, og kunna að vera á því eðlilegar skýringar, að embættismönnum hafi ekki unnist tími til að ganga frá frv. fyrr en þetta, og mun ég taka skýringar um það gildar. En að því er varðar fjárlagaafgreiðsluna sjálfa, þ.e. að málið skuli svo síðbúið, að ekki sé hægt að leggja saman útgjaldahlið brtt. og fjárlagafrv., áður en n. lýkur störfum, og þó einkum og sér í lagi hitt, að bókstaflega engar till. skuli liggja fyrir um, hvernig afla eigi nauðsynlegra tekna, það tel ég stórlega ámælisvert og nauðsynlegt að vekja sérstaka athygli á því. Það ber vott um sundurlyndi í ríkisstj. Það ber vott um, að ríkisstj. er í raun og veru hætt að stjórna landinu.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 25 shlj. atkv. og til fjh.- og viðskn. með 23 shlj. atkv.

Sameinað þing, 32. fundur.

Þriðjudaginn 11. des., að loknum fundi í Nd.

Umræður utan dagskrár.

Bjarni Guðnason: Herra forseti. Eins og kunnugt er, hafa kjarasamningar verkalýðsfélaganna verið lausir á annan mánuð. Viðræður hafa farið fram milli aðila vinnumarkaðarins, en eftir því sem best er vitað, hefur lítið þokast í samkomulagsátt. Nú leiðir það af líkum, að ástandið er mjög uggvænlegt, og þingheimur hlýtur að láta sig nokkru varða, eins og reyndar þjóðin öll, hvernig þessi mál öll þróast.

Nú hefur eitt stéttarfélagið, stéttarfélag flugfreyjanna, boðað til verkfalls, að mér skilst núna 15. des., og ef svo fer fram, þá mun taka fyrir samgöngur í lofti, flugsamgöngur við útlönd. M. ö. o.: vandamálin hrannast upp, og fram undan er svo að koma út bátaflotanum um áramótin, tryggja rekstrargrundvöll útgerðarinnar o. s. frv. Sannast sagna er ástandið mjög óskyggilegt.

Ég hef því leyft mér að bera fram þrjár fsp. til hæstv. fjmrh., er allar lúta að því, hvernig þessi mál standa nú í dag. Ég vil leyfa mér að lesa þessar fsp. upp, með leyfi hæstv. forseta:

1. Hvað hefur ríkisstj. gert til að liðka til, þannig að samningar mættu takast við launþegasamtökin?

2. Er það rétt, að ríkisstj. hafi komið til móts við BSRB með ákveðið samningstilboð, og ef svo er, hvernig hljóðar það?

3. Hvað hugsar ríkisstj. sér að gera til að leysa þann mikla vanda, sem er á vinnumarkaðinum, og tryggja vinnufrið í landinu?

Fjmrh. (Halldór E. Sigurðsson): Herra forseti. Út af fyrstu fsp. vil ég segja það, að ríkisstj. hefur setið samningafundi með allsherjarsamtökum vinnumarkaðarins launþegamegin, þ. e. bæði Alþýðusambandinu, fulltr. Bandalags starfsmanna ríkis og bæja og fulltr. háskólamanna. Á þessum fundum hefur verið rætt það, sem sérstaklega sneri að ríkisstj. í kröfum Alþýðusambandsins, eins og skattamál og hliðstæð mál þar að lútandi. Þessir fundir fóru fram með vinsemd, og það voru gerðar á vegum Hagrannsóknastofnunarinnar sérstakir útreikningar út frá þessum viðræðum. Niðurstöður um það hafa hins vegar ekki komið í ljós enn þá, og er dálítið síðan fundur hefur verið haldinn um þann þáttinn, enda hafa umræður þá meira snúist að atvinnurekendum af hálfu þeirra Alþýðusambandsmanna.

Viðvíkjandi því, sem snýr að ríkinu sjálfu, þá skal ég upplýsa það, að á fundi með kjaranefnd ríkisins og Bandalagi starfsmanna ríkis og bæja var gert sérstakt tilboð 23. okt. s. l. Var ákveðið í því tilboði að skera neðan af þrjá neðstu flokkana og að hækka laun um 5% þar frá og upp að og með 14. launaflokki, eftir það væri aðeins um krónutöluhækkun að ræða, þ. e. *sömu og væri í 14. launaflokki.*

Samkv. ósk Bandalags starfsmanna ríkis og bæja og einnig með samþykki Bandalags háskólamanna var lengdur fresturinn til þess að vera með málið hjá sáttasemjara ríkisins. Á fundi 6. þ. m. gerði Bandalag starfsmanna ríkis og bæja nýtt gagntilboð við þessum till. ríkisstj. Það gagntilboð var lagt fyrir ríkisstj. í morgun, og tók hún ákvörðun um svar við því, en að sjálfsögðu mun ég ekki fara að skýra frá því hér. Þetta gagntilboð, sem Bandalag starfsmanna ríkis og bæja gerði ríkinu, var verulega hærra en tilboð það, sem ríkisstj. hafði gert Bandalaginu, eða um 12% hækkun frá 10. upp í 14. flokk og svo sama krónutala úr því. Þannig standa málin nú, að þessu gagntilboði verður svarað. Um stöðu í þessum samningaviðræðum get ég ekki frekar upplýst, og ríkisstj. hefur ekki hugsað sér að grípa inn í það mál með ótímabærum hætti, það hefur ekki komist á það stig, að talin hafi verið ástæða til þess. Aðeins hefur hún fjallað sérstaklega um þá þætti, sem til hennar var beint, og mun halda áfram að vinna að því, og svo þann þáttinn, sem að henni snýr sérstaklega, þar sem eru hennar eigin starfsmenn.

Bjarni Guðnason: Herra forseti. Ég vil þakka hæstv. fjmrh. fyrir svörin. Ég þóttist skilja af þeim, að ríkisstj. reyndi að leggja sig fram til að leysa þennan vanda, enda segir sig sjálft, að hér er um vanda allrar þjóðarinnar að ræða og í raun og veru ópólitískt mál. Hitt er okkur líka öllum ljóst, að eftir því sem tíminn líður aukast erfiðleikarnir og vandinn verður enn torleystari.

Grundvallaratriðið, ef svo mætti segja, í sambandi við þessa kjaradeilu, hlýtur að vera það, að láglaunafólkið fái verulegar kauphætur, og þá verða þeir, sem betur mega í þjóðfélaginu, að láta sér lynda að bera skarðari hlut frá borði í þessum samningum. Ég hygg, að allir þm. séu sammála um þetta atriði. Láglaunafólkið verður að fá verulegar tekjubætur.

Sala á tækjum til ölgerðar, fsp. (þskj. 137). — Ein umr.

Fyrirspyrjandi (Helgi F. Seljan): Herra forseti. Í 8. gr. áfengislaga segir orðrétt:

„Upptæk skal gera og ónýta öll áhöld, sem nota á eða hafa verið notuð við bruggun eða tilbúning áfengra drykkja."

Hér er að mínu viti allskýrt að orði kveðið, þar sem eru orðin „sem nota á". Nú er það staðreynd, að í dag eru um land allt seld tæki og efni til ölgerðar ásamt meðfylgjandi leiðbeiningum á ensku og íslensku um réttar aðferðir við ölgerðina. Eftir að þessar leiðbeiningar á íslenskunni hafa minnt á íslensku áfengislöggjöfina, sem mæli svo fyrir, að ekki megi búa til drykki eða annan vökva með meiri vínanda en 2¼% að rúmmáli, segir svo í leiðbeiningunum orðrétt:

„Af þessum sökum verðum við að skera niður það sykurmagn, sem mælt er með í ensku uppskriftinni, til að forðast lögbrot."

Ég vil taka skýrt fram, að ég vil ekki í neinu dróttа því að seljanda þessara efna og tækja, að neitt annað viðhorf eða ætlan liggi hér að baki en þarna stendur skýrum stöfum, sem sagt, að seljandi ætlist ekki til lögbrota af því tagi,

sem bruggun áfengs bjórs er hérlendis. En hitt liggur í augum uppi, að auðveld og auðrötuð er leiðin til hrösunar, eftir að ensku leiðbeiningarnar hafa verið grandlesnar. Ég held því, að á því sé enginn vafi, að tækin séu notuð til lögbrota af þeim, sem til þeirra verka hafa fullan vilja, og þeir munu ófáir. Ekki dettur mér í hug að loka augunum fyrir því, að menn geta vissulega notað aðrar og eldri aðferðir til slíkra lögbrota, og veit reyndar um þau mýmörg dæmi, sem sanna, að þrátt fyrir alla áfengissöluna stendur ekki á mönnum að grípa til annarra aðferða við að svipta sig ráði og rænu. En hér er óneitanlega um auðvelda og vel auglýsta aðferð að ræða, sem ég veit einnig víða að, að hefur verið notuð, ekki eins og á íslenskunni segir, til að forðast lögbrot, heldur þvert á móti. Sé sala sem þessi heimil, er hér vissulega í áfengislögunum um alvarlega gloppu að ræða, sem ekki er viðunandi. Mér er um það kunnugt, að áfengisvarnarráð spurði dómsmrn. strax í vor, hvort sala sem þessi væri heimil samkv. áfengislögum. Þar sem ég vissi, að skriflegt svar hafði ekki borist, þótti mér rétt að spyrja hæstv. dómsmrh. þessarar spurningar:

„Er sala í verslunum á tækjum og efni til ölgerðar ásamt meðfylgjandi leiðbeiningum um bruggun áfengs öls heimil samkv. áfengislögum?“

Ég veit, að hæstv. ráðh. er manna lögfróðastur og því forvitnilegt að heyra svör hans og þá lærdóma, sem af því mætti draga.

Forsrh. (Ólafur Jóhannesson): Herra forseti. Í 7. gr. áfengislaga, nr. 82 1969, segir:

„Bannað er að brugga á Íslandi eða búa til áfenga drykki eða áfengisvökva og gera drykkhæft það áfengi, sem er eða gert hefur verið óhæft til drykkjar.“

Hvað telst áfengi, er skilgreint svo í 2. gr. áfengisl.: „Áfengi telst samkv. l. þessum hver sá vökvi, sem meira er í en 2¼% af vínanda að rúmmáli. Duft, kökur og annað, sem þau efni eru í, sem sundur má leysa í vökva og hafa nefndan áfengisstyrkleika, skal fara með sem áfengan drykk.“

Þá segir í 8. gr. áfengisl.: „Upptæk skal gera og ónýta öll áhöld, sem nota á eða hafa verið notuð við bruggun eða tilbúning áfengra drykkja eða til þess að gera drykkhæft það áfengi, sem ódrykkhæft var. Áfengi það, sem búið hefur verið til eða aftur gert drykkhæft, skal og upptækt ásamt ílátunum.“

Samkv. framansögðu er mönnum heimilt að búa til öl hér á landi, enda fari vínandamagnið ekki upp fyrir 2¼% að rúmmáli. Tilbúningur sterkara öls varðar samkv. 36. gr. áfengisl. sektum, 5—50 þús. kr., og skal sökunautur enn fremur sæta fangelsi, ef áfengið hefur verið ætlað til sölu eða veitinga fyrir borgun og brot er ítrekað eða miklar sakir eru að öðru leyti. Það er tilbúningurinn sem slíkur, sem er refsiverður. Hins vegar víkja lögin ekki að dreifingu leiðbeininga um tilbúning áfengis. Að því er varðar upptöku, beinist hún einnig að tækjum, sem nota á eða hafa verið notuð við tilbúning áfengisins samkv. 8. gr. áfengisl., svo sem áður er greint frá. Þarf því að liggja fyrir, að tækin eigi að nota til að brugga sterkari drykki en leyft er. Ef ekki er ætlun að búa til sterkari drykki en nemur 2¼% vínanda að rúmmáli, varðar það ekki viðurlögum samkv. áfengislögunum.

Á s. l. vori, eða í maí, vakti áfengisvarnaráð athygli dómsmrn. á auglýsingum, sem lægju frammi í ýmsum verslunum, og að með þessum pésum sé stefnt að því að kenna almenningi bruggun áfengra drykkja og stuðla að slíkum verknaði, enda tækin og hráefnið, sem auglýst eru til slíkra hluta, komin erlendis frá. Virtist augljóst, að hér væri stefnt að brotum á 7. gr. áfengisl., og samkv. 8. gr. l. mundi eiga að gera tæki þau, er hér um ræðir, upptæk, eða ónýta þau. Áfengisvarnarráð benti á, að í Noregi væri bruggun í heimahúsum orðin félagslegt vandamál. Áfengisvarnaráð fór þess á leit við rn., að gripið yrði til hæfilegra ráðstafana vegna þessa.

Nokkru áður hafði rn. fengið auglýsingapésa þessa í hendur og sent Saksóknaraembættinu til fróðleiks, en eigi var þá talinn grundvöllur til aðgerða vegna þessa.

Svo sem rakið var áður, er einungis tilbúningur áfengis ólöglegur, en sönnun fyrir slíkum ásetningi virtist ekki liggja fyrir. Ljóst mun þó, að með umræddum efnum og tækjum mun mega búa til sterkara öl en heimilt er að búa hérlendis. Með efnum þessum munu samkv. upplýsingum innflytjenda hafa fylgt leiðbeiningar með límmiðum á hverri vörueiningu, þar sem gerð er grein fyrir ákvæðum áfengisl. um þetta efni, og auk þess leiðbeiningar um notkun nákvæmra mælitækja til að fyrirbyggja óafvituð mistök. Ráðuneytið hefur sent Saksóknara upplýsingar um tæki þessi og efni til athugunar, og hefur hann nú sent málið Sakadómaraembættinu til nánari rannsóknar, bæði að því er varðar gerð tækja og efna og með tilliti til þeirra leiðbeininga, sem með þeim fylgja. Ég get gert kunnugt, hvernig bréf saksóknara til sakadómara hljóðar:

„Jafnframt því að senda Sakadómi Reykjavíkur ljósrit af bréfi áfengisvarnaráðs, dags. 17. maí s. l., ásamt fylgiskjölum þess bréfs, sem hingfremur ljósrit af bréfi Hagplasts, dags. 22. nóv. s. l. l., ásamt fylgiskjölum þess bréfs, sem hingað bárust með bréfi dómsmrn., dags. 23. þ. m., allt varðandi áhöld og efni til ölgerðar, sem Hagplast flytur til landsins og auglýsir sem slík, er þess krafist, að mál þetta sæti rannsókn með hliðsjón af ætluðu broti á áfengisl., nr. 82 1969, einkum 7. gr., af hálfu forsvarsmanna Hagplasts. Einkum er þess óskað, að aflað verði álits kunnáttumanna á notagildi þessara tækja til áfengisgerðar, svo og um innihald þeirra efna, sem boðin eru til sölu í þessu sambandi. Að öðru leyti óskast málið rannsakað, svo sem efni standa til og tilefni kunna að gefast undir rannsókn málsins. Málið óskast svo endursent að rannsókn lokinni.“

Ég vona, að þetta gefi upplýsingar um það, hverjar aðgerðir hafa verið gerðar í þessu efni af dómsmálayfirvaldanna hálfu.

Fyrirspyrjandi (Helgi F. Seljan): Herra forseti. Ég vil þakka hæstv. dómsmrh. fyrir svör, sem hann gaf hér áðan. Ég vil sérstaklega þakka

honum fyrir það, að hann skuli hafa látið þetta mál til sín taka á þann tilgreinda máta, sem hann nefndi. Það var vissulega full ástæða til þess, að þetta mál færi í ítarlega rannsókn og kannað til fullnustu, hvort hér væri um leyfilega hluti að ræða eða ekki. Þetta tilvik sannar þó ýmsar gloppur í okkar áfengislöggjöf, sem reyndar er sífellt verið að fara í kringum og jafnvel að gefa undanþágur frá. Þetta tilvik leiðir líka hugann yfirleitt að ástandi áfengismálanna í heild, því alvöru- og andvaraleysi, sem þar ríkir, en um það mætti margt segja. Hrikaleg standa vandamálin frammi fyrir okkur alls staðar, og sérhver viðbót við þennan vanda, auk þess upplausnarástands, sem ýmsum undanþágum og frávikum fylgir, er vítaverð. Það væri vissulega nógu gaman í þessu tilfelli og lærdómsríkt að virða fyrir sér áhrif þess ágæta þjónaverkfalls á ástand áfengismála hér í borg, miðað við frásagnir lögreglunnar, og er þá sérstaklega haft í huga það margumrædda frelsi, sem alltaf er verið að lofa. Þær staðreyndir koma illa heim og saman við allt það tal.

Ég vil vænta þess, að þessi rannsókn leiði ótvírætt í ljós, að hér sé um óheimila hluti að ræða. Leiði hún annað í ljós, hlýt ég að reyna að koma fram breytingum á áfengisl. í því skyni að hindra, að svona hlutir geti gerst.

Mál togarans Henriette, fsp. (þskj. 137). — Ein umr.

Fyrirspyrjandi (Hannibal Valdimarsson): Herra forseti. Hinn 8. okt. í haust kom til Hafnar í Hornafirði belgískur togari, Henriette 236 frá Ostende. Meðan togarinn var þarna í höfn, fóru lögreglumaður, netagerðarmeistari og tollþjónn um borð í skipið, skoðuðu veiðarfæri þess og gengu örugglega úr skugga um, að poki vörpunnar var of smáriðinn, og enn fremur, að poki vörpunnar var klæddur innan með smáriðnu nælonneti. Svo var aftur farið um borð í togarann, og þá var skipshöfnin búin að fjarlægja nælonklæðninguna innan úr vörpunni, og vissi þannig hundur, hvað étið hafði, það var greinilegt. Síðan reyndi togarinn að strjúka út úr höfninni, en þá tókst ekki hödulegar til en svo, að hann strandaði, kallaði á hjálp og var losaður af grunni, og þar hvarf hann sjónum Íslendinga í það sinn.

Nú fýsir mig mjög að vita um framhaldið. Ég hef fyrir satt, að kæra hafi borist dómsmrn., og sennilega hefur sú kæra farið frá dómsmrn. til utanrrn. og þaðan til belgískra stjórnvalda. Undir öllum kringumstæðum er þarna um að ræða brot á Norður-Atlantshafssamþykktinni, en spurningin er sú, hvort þarna sé einnig um að ræða sannanlegt brot á sérsamningum við Belgíu.

Af þessu tilefni hef ég leyft mér, herra forseti, að bera fram við dómsmrh. þessar fsp.:

„1. Hvað hefur gerst í máli belgíska togarans Henriette 236 frá Ostende, sem staðinn var að því á Höfn í Hornafirði 8. okt. s.l. að vera með of smáriðna vörpu og enn fremur að hafa klætt poka vörpunnar innan með of smáriðnu nælonneti?

2. Gefur slíkt brot á samningnum við Belgíu um heimild til að veiða innan fiskveiðilögsögu Íslands ekki tilefni til að taka togarann Henriette af skrá yfir þá belgíska togara, sem hér hafi veiðileyfi, eða heldur þessi lögbrjótur áfram veiði hér við land, eins og ekkert hafi í skorist?"

Þetta er það, sem mig hefði langað til að fá upplýsingar um, þ.e.a.s. um framhald þessa máls. Undir öllum kringumstæðum er hann brotlegur við Norður-Atlantshafssamþykktina.

Forsrh. (Ólafur Jóhannesson): Herra forseti. Í 4. lið á þskj. 137 er borin fram fsp. um mál belgíska togarans Henriette frá Ostende, sem sætti skoðun veiðarfæra við bryggju í Höfn í Hornafirði 8. f.m.

Málefni það, sem um er fjallað, sætir ekki síður meðferð sjútvrn. og utanrrn. en dómsmrn. Sýnist þó rétt, að ég geri grein fyrir meðferð þess í samhengi.

Samkv. beiðni Landhelgisgæslunnar framkvæmdu löggæslumenn í Höfn ásamt netagerðarmeistara skoðun á botnvörpu þessa togara, en hann hafði flutt slasaðan mann til Hafnar og lá þar við bryggju. Kom í ljós, að varpa togarans var ekki útbúin í samræmi við reglur um möskvastærðir, sem gilda um botnvörpuveiðar á hafinu umhverfis Ísland. Áður sama dag höfðu 2 yfirmenn á íslenskum fiskibáti, ásamt einum þeirra, er framkvæmdi síðari skoðunina, veitt því athygli, er þeir skoðuðu vörpu togarans, að poki hennar var klæddur smáriðnu neti. Var sú klæðning horfin við síðari skoðunina. Skýrsla um skoðunina barst Landhelgisgæslunni 16. okt. og dómsmrn. 17. okt., og var málið lagt fyrir utanrrn. og sjútvrn. Var málinu lokið með þeim hætti, að sjútvrn. fól utanrrn. að koma á framfæri ábendingum til hlutaðeiganda um að gæta þess, að slík brot kæmu ekki fyrir aftur, enda yrðu skip, er það henti, svipt veiðileyfi, ef slíkt kæmi fyrir aftur. Jafnframt fól sjútvrn. Landhelgisgæslunni, sem á aðild að nefnd til framkvæmdar veiðarfæraeftirlits í Norður-Atlantshafinu, að tilkynna n. umrætt brot og meðferð þess.

Með þessu ætla ég, að svarað sé, í raun og veru fsp. beint. En í framhaldi af því, langar mig aðeins til að bæta því við, að einmitt eftir þetta tilefni og í framhaldi af því voru bréf skrifuð af hálfu dómsmrn. til Landhelgisgæslunnar varðandi þessi efni.

Fyrra bréfið, sem hér um ræðir, er frá 23. okt. 1973, og er svo hljóðandi:

„Með vísan til viðræðna þeirra, sem fram hafa farið að undanförnu varðandi þátttöku hafrannsóknarskipa í alþjóðlegu fiskveiðieftirliti utan landhelgi og fiskveiðilögsögu, sbr. reglugerð nr. 263 1970, tilkynnist hér með, að sjútvrn. hefur staðfest, að af þess hálfu og Hafrannsóknastofnunarinnar sé ekkert því til fyrirstöðu, að hafrannsóknarskipið Bjarni Sæmundsson verði notað til framkvæmdar alþjóðlegra eftirlitsstarfa, samkv. nefndri reglugerð.

Fylgir hér með ljósrit af bréfi sjútvrn. til þessa ráðuneytis, dags. 23. þ.m., ásamt ljósriti af bréfi þess ráðuneytis til Hafrannsóknastofnunarinnar.

Er Landhelgisgæslunni falin frekari framkvæmd máls þessa í samráði við Hafrannsóknastofnunina.“

Til frekari áherslu var í síðasta mánuði, eftir að möguleikar voru á að koma við virkara eftirliti en áður, skrifað svo hljóðandi bréf frá dómsmrn. til Landhelgisgæslunnar:

„Með því að aðstæður á miðunum kringum landið hafa nú breyst í það horf, að mögulegt er orðið að mestu að koma við athugunum á veiðarfærabúnaði fiskiskipa, erlendra sem innlendra, samkv. reglum um alþjóðlegt fiskveiðieftirlit utan landhelgi og í fiskveiðilögsögu, svo og innan, vill ráðuneytið leggja ríka áherslu á, að hert verði, svo sem tök eru á, á eftirliti með veiðarfæraútbúnaði erlendra sem innlendra veiðiskipa. Rétt væri, að tekið væri til athugunar og þá einnig í samráði við sjútvrn., hvort hentugt væri að gefa út með einhverjum hætti, auglýsingar og ábendingar til áherslu á skyldu veiðiskipanna til að hafa veiðarfæri sín í samræmi við lög og alþjóðlegar reglur.“

Þetta bréf er ritað forstjóra Landhelgisgæslunar og afrit sent sjútvrn. Í framhaldi af þessu bréfi, hefur Landhelgisgæslan hert mjög á þessu eftirliti og hefur síðan framkvæmt allmargar skoðanir, bæði á innlendum og erlendum og þá sérstaklega breskum togurum, og þær skoðanir á veiðarfærabúnaði breskra togara hafa ekki mætt neinni mótstöðu. Niðurstaðan af þessum skoðunum, jafnt hjá innlendum og erlendum, hefur yfirleitt orðið sú, að veiðarfæri hafa verið í sæmilegu lagi á þessu tímabili, sem skoðað hefur verið nú að undanförnu.

Fyrirspyrjandi (Hannibal Valdimarsson): Herra forseti. Ég þakka hæstv. dómsmrh. fyrir svör hans og ekki síst fyrir þær upplýsingar, sem hann gaf um hert eftirlit með veiðarfærum innlendra og erlendra skipa, því að mér er ekki grunlaust um, að það hafi komið fyrir, að Íslendingar hafi líka gerst sekir um að vera með ólögleg veiðarfæri, og það er ekkert betra. En mikil mildi finnst mér hafa verið sýnd hinum belgíska lögbrjót að veita honum fyrirgefningu syndarinnar í þetta skipti, þar sem um svona gróft brot var að ræða, að nælondruslan innan í pokanum var með 75 mm. möskvastærð, en skal eftir alþjóðlegum reglum vera minnst 120 mm. En vonandi verður eftirlitið í framtíðinni þannig með innlendum og erlendum togurum, að þeir séu ekki með slík veiðarfæri innan okkar landhelgi.

Hafnamál, fsp. (þskj. 144). — 1. umr.

Jón Árm. Héðinsson: Herra forseti. Varamaður minn hér á hv. Alþingi lagði fram fyrirspurn í s. l. mánuði til hæstv. samgrh. um hafnamál, svo hljóðandi:

„Hvenær er fyrirhugað að ljúka við þær framkvæmdir við landshöfnina Keflavík, Njarðvík, sem rannsóknir hafa leitt í ljós, að gera þarf, svo að höfnin í Ytri-Njarðvík verði nothæf?“

Fyrir rúmu ári, var þm. Reykn. sent dreifibréf, þar sem undirstrikuð var nauðsyn þess, að flýtt yrði þessum framkvæmdum, svo að höfnin yrði vel nothæf. Því miður hafa þær framkvæmdir, sem nú hefur verið ráðist í fyrir allnokkru, ekki sýnt sig að gefa slíkt notagildi sem menn áttu von á, og jafnvel var í vissri átt betra að liggja utan á garðinum heldur að innanverðu. Útvegsmenn hafa sent skeyti til hæstv. samgrh. um að flýta fyrir málinu, og mun nú vera komin till. Á sínum tíma voru uppi hugmyndir um 3 úrlausnir í þessu efni. Vænti ég þess, að hæstv. ráðh. geti nú skýrt okkur frá því, hvaða niðurstaða liggi fyrir um framkvæmd og hversu skjótt við megum eiga von á, að úr verði bætt.

Félmrh. (Björn Jónsson): Herra forseti. Svar mitt við fsp. hv. 5. þm. Reykn. um höfnina í Njarðvík, er á þessa leið:

Eftir að lokið var byggingu garða í Njarðvík, eins og þeir voru boðnir út í kringum 1965, kom í ljós, að kyrrð í höfninni var mun minni en gert hafði verið ráð fyrir, og það svo mjög, að ekki er hægt að telja höfnina örugga til geymslu báta í hvaða veðri sem er. Á árinu 1972 voru síðan gerðar líkanatilraunir í Kaupmannahöfn, er leiða skyldu í ljós, hverra aðgerða væri þörf til að bæta aðstöðuna í höfninni.

Niðurstöðurnar voru þær, að æskilegast væri að lengja nyrðri hafnargarðinn með grjótgarði, u. þ. b. 184 metra, en síðan þyrfti e. t. v. að lengja hann eitthvað frekar, ef í ljós kæmi, að kyrrð yrði ekki nægileg fyrir suðaustanátt. Kostnaður við þessar framkvæmdir var áætlaður á s. l. sumri um 66 millj. kr. Þá var og talið eðlilegt, að í höfninni væri dýpkað nokkuð, eða fyrir u. þ. b. 10 millj. kr. Þá þarf að lagfæra land í kringum höfnina og bæta lagnir fyrir u. þ. b. 4 millj. kr. Telja má því, að kostnaður við að ljúka framkvæmdum í Njarðvík verði um 80 millj. kr. eða ríflega það. Í Keflavík er þörf nokkurra framkvæmda til að bæta aðstöðu, sem og vatns- og vegalagnir í nágrenni hafnarinnar.

Hingað til hafa framkvæmdir í landshöfnum verið fjármagnaðar með lánsfé skv. framkvæmdaáætlun ríkisins hverju sinni, en í fjárlögum hafa ekki verið aðrar greiðslur en afborganir og vextir af þeim sömu lánum, eftir því sem viðkomandi hafnarsjóður hefur ekki getað staðið undir þeim greiðslum. Í fjárl. yfirstandandi árs eru hins vegar teknar með þær framkvæmdir, sem unnar verða fyrir lánsfé, og þó ekki gerður greinarmunur á þeim og þeim framkvæmdum, sem fjármagnaðar eru á venjulegan máta af ríkisframlagi.

Á fjárlögum, sem liggja nú fyrir Alþingi, er ekki gert ráð fyrir fjármagni til framkvæmda í Njarðvík. Verður því að telja, að endanleg ákvörðun hafi ekki enn verið tekin um, hvenær skuli ljúka framkvæmdum þar eða að hve miklu leyti þær yrðu hugsanlega framkvæmdar á næsta ári. Fjvn., sem undirbýr afgreiðslu hafnamála, hafa hins vegar verið kynntar framkvæmdaþarfir hafnanna af Hafnamálastofnuninni og þær till., sem fyrir liggja um úrbætur. Ég efast ekki um, að fjvn., sem hv. fyrirspyrjandi á sæti í, og síðar hv. Alþingi telji sjálfsagt, að mætt verði þörfum og óskum hafnarinnar, eftir því sem frekast er unnt, — einkum vegna þess, að það er augljóst, að á meðan nyrðri garðurinn hefur ekki verið lengdur, eru mikil mannvirki í Njarð-

vík lítt eða ekki nothæf, og verður að telja eðlilegt, að hafist verði handa sem allra fyrst um að ljúka áður lýstum framkvæmdum.

Jón Árm. Héðinsson: Herra forseti. Ég vil þakka hæstv. ráðh. fyrir upplýsingarnar. Reyndar hafði ég séð það nú fyrir stuttu, að áætlun var komin fram um kostnað við framkvæmdina. Það hefur verið undirstrikað nú aftur af útvegsmönnum, að þetta er eini staðurinn, sem getur tekið vel á móti loðnuskipum, þannig að verði ekki bætt úr þessum vandkvæðum, sem eru á því að liggja í höfninni, þá horfir til hreinna vandræða á þessu svæði. Þetta er ekki svo stór tala, að það ætti að standa í þm. að samþykkja slíkt, svo að lausn þessa máls ætti að vera á næsta leiti. Ég skildi hæstv. ráðh. þannig, að hann væri þessu jákvæður, og vænti þess, að úr rætist innan skamms.

Útflutningsiðnaður og lagmeti, fsp. (þskj. 55). — Ein umr.

Ingvar Gíslason: Herra forseti.. Ég hleyp hér í skarðið fyrir Heimi Hannesson, varaþm., sem hefur nú vikið af þingi.

Þessi fsp. er sprottin af mjög alvarlegu vandamáli, sem útflutningsiðnaðurinn á við að stríða. Það er alkunna, að útflutningsiðnaðurinn hefur vaxið verulega á síðustu árum og þegar orðinn atvinnugrein, sem mikið munar um í þjóðarbúskapnum. Á s.l. ári voru fluttar út iðnaðarvörur — fyrir utan álvö.rur — fyrir 1164 millj. kr., sem er 7% af heildarútflutningi landsmanna. Síðan 1968 hefur útflutningsiðnaðurinn sexfaldast að magni og sjöfaldast að verðmæti. Reiknað er með, að útflutningur iðnaðarvöru fyrir utan ál verði 2 milljarðar kr. á næsta ári. Hér er um mjög ánægjulega framþróun að ræða, og mikilsverðan vísi að því, sem koma skal.

Ég vil minna á, að núv. ríkisstj. hefur sett sér það fyrir að efla iðnaðinn með gerð iðnþróunaráætlunar, sem hefði það markmið að auka stórlega hlutdeild iðnaðarins í útflutningsframleiðslunni.

Þrátt fyrir vaxandi útflutning á iðnaðarvörum og ríkjandi bjartsýni um það, að Íslendingar hafi mikla möguleika til að efla útflutningsiðnað sinn, ber að minna á það og vekja á því sérstaka athygli, að útflutningsiðnaðurinn á við mikla tímabundna erfiðleika að stríða. Ég vil nefna það, að útflutningsiðnaðurinn býr ekki við þá hagstæðu afurðaverðsþróun, sem sjávarútvegurinn gerir. Verðlagsmyndunin í iðnaðinum er með allt öðrum hætti og verri. Verðlag á útflutningsvörum iðnaðar fylgir því miður engan veginn eftir örum kostnaðarhækkunum hér innanlands. Útflutningsiðnaðurinn verður í mörgum tilfellum að sæta afar óhagstæðum kjörum í sambandi við bankafyrirgreiðslu. Ég hygg, að það sé rétt, að sum útflutningsfyrirtæki verði að greiða fulla refsivexti Seðlabankans af talsverðum hluta afurða- og rekstrarlána sinna. Og þá er þess að geta, að tollar á vélum og hráefni iðnaðarins eiga verulegan þátt í að skerða afkomumöguleika útflutningsiðnaðarins og draga úr samkeppnishæfni hans miðað við erlendan iðnað.

Gengishækkanir á þessu ári hafa aukið erfiðleika útflutningsiðnaðarins. Hann hefur orðið fyrir miklu gengstapi, sem hefur riðið iðnaðinum á slig, og gæti í sumum tilfellum riðið honum að fullu. Gengishækkanirnar voru í sjálfu sér fagnaðarefni og áttu fullan rétt á sér. En það sýnir best aðstöðu útflutningsiðnaðarins, miðað við sjávarútveginn, hvernig gengishækkanir hafa komið við hag viðkomandi iðnfyrirtækja. Það er augljóst, að hér gildir ekki sama í sjávarútvegi og iðnaði. Beint tap útflutningsiðnaðar í heild vegna gengishækkana á þessu ári, er talið vera um 120 millj. kr. Þetta tap kemur niður á flestum eða öllum greinum útflutningsiðnaðar, bæði í fatariðnaði og í matvælaiðnaði. Þannig er talið, að tap verksmiðja Sambands íslenskra samvinnufélaga á Akureyri sé af þessum sökum 40 millj. kr., tap Álafoss um 28 millj. kr., og heildartap lagmetisiðnaðarins um 15 millj. kr. Munar þar mest um fyrirtækið Siglósíld með 5.2 millj. kr. tap, og K. Jónsson & Co. á Akureyri, sem tapaði á stuttum tíma á tiltölulega litlu vörumagni 2.8 millj. kr. Af þessu tilefni er spurt:

„Hafa ákvarðanir verið teknar af hálfu stjórnvalda um greiðslur til útflytjenda iðnaðarvarnings og lagmetis vegna gengistaps þessara aðila í sambandi við gengisbreytingar á þessu ári?

Ef slíkar ákvarðanir hafa ekki verið teknar, er þeirra þá að vænta á þessu ári?“

Heilbr.- og trmrh. (Magnús Kjartansson): Herra forseti. Þegar sýnt var, að þær gengishækkanir, sem komið höfðu til framkvæmda í ár, yrðu iðnaðinum og þó einkum útflutningsiðnaðinum þungar í skauti, fól iðnrn. hagrannsóknadeild Framkvæmdastofnunar ásamt starfsmanni iðnþróunarnefndar að gera úttekt á stöðu útflutningsiðnaðarins. Álitsgerðin var í tveimur skýrslum, og er sú síðari tiltölulega nýkomin til rn. Skv. þessum skýrslum er staða útflutningsiðnaðarins mjög misjöfn, í sumum greinum góð eða sæmileg, öðrum slæm eða afleit. En áður en ég greini nánar frá þessum niðurstöðum, vil ég í fáum orðum minna á nokkrar þær þjóðhagslegu orsakir, sem valda þeim vandkvæðum, sem iðnaðurinn horfist nú í augu við.

Þegar gengi ísl. krónu var lækkað fyrir ári, var sú ákvörðun rökstudd með slæmri afkomu sjávarútvegsins, bæði að því er varðar minnkandi þorskafla og óhagstæðar verðlagshorfur á erlendum mörkuðum. En þær forsendur, sem raðað var saman af svo miklum hagleik í árslok 1973, voru fljótar að hrynja. Verðlag á fiski erlendis fór ört hækkandi í upphafi þessa árs, og hefur sú hækkun haldist út árið, þótt hún hafi eitthvað hægt á sér að undanförnu. Þessar miklu verðhækkanir erlendis komu fram sem tekjuaukning í sjávarútvegi, en hún jók síðan verulega heildareftirspurn og þenslu í hagkerfinu.

Sjávarútvegur er þess háttar atvinnugrein, að sveiflur í honum, bæði í aflamagni og í verðlagi, eru mjög miklar, svo ríkur þáttur sem hann er í efnahagskerfi okkar. Það er því undir góðri hagstjórn komið, hversu vel tekst til að hafa tök á afleiðingunum af þessum sveiflum. Sveiflurnar sjálfar eru lítt á valdi stjórnvalda. Þar

ræður náttúran að hluta, en erlend hagþróun að hluta.

Eitt þeirra tækja, sem komið var á fót til að hafa áhrif á afleiðingarnar af sveiflum í sjávarútvegi, var Verðjöfnunarsjóður fiskiðnaðarins. Með markvissri beitingu hans var ætlunin að hafa gát á afleiðingum verðsveiflna og nota sjóðinn til að stjórna tekjuinnstreyminu í hagkerfi hjá sjávarútvegi, taka af kúfinn í góðærum, borga til baka, ef búskellur yrði.

Ég hef áður látið í ljós þá skoðun, að ég tel þessa hugmynd hafa verið rétta og að auka þurfi verksvið sjóðsins og gera hann að tekjujöfnunarsjóði fyrir efnahagskerfið sem heild. Sjóðnum hefur hins vegar ekki verið beitt í ár nema að óverulegu leyti, en í staðinn var genginu breytt. En gengisbreyting er almenn efnahagsráðstöfun, sem hefur áhrif á allar hagstærðir. Íslenskur iðnaður býr við allt önnur skilyrði en sjávarútvegurinn, og því getur almenn efnahagsráðstöfun, sem tekur mið af stöðu eins atvinnuvegar, í þessu tilviki hins mikilvæga sjávarútvegs, haft ófyrirsjáanlegar afleiðingar fyrir annan atvinnuveg, iðnaðinn, og efnahagskerfið í heild. Einmitt þetta hefur gerst, og því á iðnaðurinn, einkum sá hluti hans, sem stundar útflutning, í nokkrum erfiðleikum.

Ríkisstj. var ljóst, að útflutningsiðnaðurinn gæti lent í tímabundnum vandkvæðum vegna gengishækkanana, og af hennar hálfu hefur verið lýst yfir því, að hún væri reiðubúin til að athuga það mál sérstaklega.

Hv. fyrirspyrjandi nefndi áðan tölur um tap í iðnaði af völdum gengishækkananna. Ég hygg, að þær tölur, sem hann nefndi, séu fullháar. Það kemur fram í þeim skýrslum, sem ég hef fengið og ég minntist á áðan, að tap útflutningsiðnaðarins á þessu ári nemi um 64 millj. kr.

Að öðru leyti er niðurstaða þessarar skýrslu, sem ég gat um að framan, m. a. sú, að skinnaiðnaðurinn standi sæmilega að vígi, þrátt fyrir nokkurt tjón af gengishækkunum. Rekstrarskilyrði á ársgrundvelli og miðað við verðlag í árslok 1973 eru áætluð heldur betri en þau voru að meðaltali á árinu 1972. Þrátt fyrir það virðast rekstrarskilyrði í dag erfið, þótt nokkuð hafi ræst úr í haust.

Í ullar-, prjóna- og fataiðnaði er ástandið ekki jafngott. Afkoma á ársgrundvelli, miðað við rekstrarskilyrði í árslok 1973, er áætluð mun lakari en hún var að meðaltali á árinu 1972. En hér kemur fleira til en gengisbreytingar. Alvarlegir söluerfiðleikar erlendis hafa látið á sér kræla á þessu ári, ekki síst hjá Álafossi, en þeir hafa gert smáfyrirtæki verkefnalaus, þ. e. a. s. prjónastofur víða úti um land, og afkoma þeirra er því afleit. Athuga verður þetta mál sérstaklega og leysa það svo sem skjótast.

Í öðrum útflutningsiðnaði, svo sem útflutningi á málningu, veiðarfærum, pappaöskjum og leirvörum, er áætlað, að rekstrarskilyrði hafi versnað nokkuð á árinu 1973, en árið á undan voru þau mjög góð.

Ekki liggur enn fyrir rekstraryfirlit lagmetisiðnaðar, þannig að erfitt er að gera sér heildarmynd af iðngreininni. Þó er víst að lagmetisiðnaðurinn hefur orðið fyrir áföllum vegna gengishækkananna.

Iðnrn. hefur haft þessi mál til athugunar nú að undanförnu og gert till. til ríkisstj. Við þá tillögugerð var haft í huga að jafna stöðu iðnaðarins gagnvart sjávarútvegi og bæta þannig aðstöðu útflutningsiðnaðarins gagnvart erlendri samkeppni. Sú aðferð til stuðnings útflutningsiðnaðinum, sem ráðuneytið og iðnþróunarnefnd telja heppilegasta og fullnægja ætti skilyrðum um heppileg langtímaáhrif og jafnframt gengur ekki í berhögg við ákvæði samninganna við EFTA og Efnahagsbandalag Evrópu, er, að tekin verði upp endurgreiðsla á þeim opinberu greiðslum, sem leggjast nú á kostnaðarliði útflutningsiðnaðarins. Eins og er, greiðir iðnaður tolla og/eða söluskatt, af innflutningi á viðhalds- og fjárfestingarvörum og ýmsum rekstraraðföngum öðrum en hráefnum. Þessir þætti nema um 2.5% af heildarsöluverði iðnaðarins samkv. mati, en er lítilsháttar mismunandi fyrir einstakar greinar.

Það eðlilega sjónarmið, að útflutningsiðnaður geti framleitt á nettó-grundvelli, án opinberra álaga í tollum og söluskatti, verður ekki að fullu framkvæmt, fyrr en kerfi virðisaukaskatts kemur til framkvæmda. Fram til þess tíma leggur ráðunetyið til, að tekin verði upp metin jafnaðarendurgreiðsla, er reiknist 2.5% af skilaverðmæti útflutnings í iðnaði, öðrum en ál- og kísilgúrframleiðslu, kjötvörum, mjólkur- og sláturafurðum. Hér er ekki um útflutningsuppbætur að ræða, heldur tímabundnar endurgreiðslur tolla og skatta, á meðan virðisaukakerfið er ekki komið til framkvæmda hér, en er í gildi í samkeppnislöndum okkar. Þá er lagt til vegna erfiðleika útflutningsiðnaðarins í ár, að endurgreiðsla þessi verði látin ná aftur fyrir sig og gilda fyrir útflutning sömu greina iðnaðarins á yfirstandandi ári.

Samkv. áætlunum hagrannsóknadeildar nemur útflutningsverðmæti íslensks iðnaðar, að meðtöldum lagmetisiðnaði, en að undanskilinni ál- og kísilgúrframleiðslu, nálægt 320 millj. kr. árið 1973, og mundi endurgreiðsla því nema um 33 millj. kr. fyrir þetta ár.

Skipting þessara greiðslna eftir greinum er þannig: Lagmetisiðnaður 7.1 millj. kr., skinnaiðnaður 10.5 millj., ullar- og fataiðnaður 12 millj., annar iðnaður 3.4 millj., eða samtals 33 millj.

Samkvæmt þessum áætlunum gætu slíkar endurgreiðslur fyrir árin 1973 og 1974 numið samtals um 75 millj. kr.

Hins vegar, eins og ég gat um áðan, er hér aðeins um tillögur iðnrn. að ræða um þessi efni, og ríkisstj. hefur ekki enn tekið ákvörðun um, hvernig að þessu máli skuli staðið. Hins vegar geri ég mér vonir um, að ákvörðun verði tekin næstu daga um þessar aðgerðir eða einhverjar aðrar til þess að létta undir með útflutningsiðnaðinum vegna vandamála nú.

Ingvar Gíslason: Herra forseti. Þess er nú enginn kostur vegna þingskapa, að hefja hér almennar umr. um þessi efni. Ég vil þakka hæstv. ráðh. fyrir svör hans. Það er a. m. k. ljóst, að ríkisstj. er að búa sig undir það, að bæta hag útflutningsiðnaðarins og hefur þá til hliðsjónar það, sem ég gerði hér sérstaklega að umræðu-

efni, gengistapið á þessu ári. Hins vegar kom í ljós, að hæstv. ráðh. hafði fyrir sér aðrar skýrslur en mér voru fengnar í hendur um heildartap iðnaðarins þess vegna á þessu ári, þannig að verulegu munar, og skal ég ekki þrátta um það við hann. Það hlýtur að koma í ljós, hvort réttara sé. En ég vil leggja höfuðáherslu á, að það ber brýna nauðsyn til þess að taka þessi mál til skoðunar og hraða því máli og bæði almennt að bæta rekstraraðstöðu iðnfyrirtækja í landinu og þá sérstaklega útfltn.fyrirtækjanna, en alveg sérstaklega verður að gera kröfu til þess, að gengistapið, sem varð á árinu, verði bætt með einhverjum hætti. — Því miður leyfir tíminn það ekki, að ég ræði þetta frekar, en ég vænti þess, að þetta verði til þess, að þessu máli verði hraðað hjá hæstv. ríkisstj., því að til þess er ærin ástæða.

Aðaldalsflugvöllur og flugsamgöngur við Kópasker, fsp. (þskj. 155). — Ein umr.

Ingvar Gíslason: Herra forseti. Ég ætla að fylgja hér eftir fsp., sem Heimir Hannesson flutti, á meðan hann sat á þingi. Þessi fsp. varðar Aðaldalsflugvöll og flugsamgöngur við Kópasker.

Í sambandi við Kópasker vil ég segja það, að sú var tíðin og allt fram á árið 1968, að fast áætlanaflug var hjá Flugfélagi Íslands milli Reykjavíkur og Kópaskers og á Kópaskeri er mjög sæmileg flugbraut, sem er fær fyrir Focker Friendship vélar Flugfélagsins.

Fólk á Kópaskeri og þar í grennd, þ.e.a.s. á Vestur-Sléttu og vestan Öxarfjarðarheiðar, er óánægt með það, að Flugfélag Íslands skuli ekki leitast við að veita því þá lágmarksþjónustu að lenda a.m.k. einu sinni í viku á Kópaskersflugvelli. T.d. gæti slíkt skeð þá daga, þegar Flugfélagið flýgur til Raufarhafnar og Þórshafnar, en það er þrisvar í viku. Því miður nýtist Raufarhafnarflugið illa fyrir þá, sem búa „vestan heiðar" í Norður-Þingeyjarsýslu, sérstaklega á vetrum, vegna þess að vegurinn milli Kópaskers og Raufarhafnar er ekki alveg öruggur á vetrum.

En eins og er, flýgur Flugfélag Íslands ekki til Kópaskers, en hefur aftur viðkomu bæði á Raufarhöfn og Þórshöfn. Hins vegar hefur flugfélagið Norðurflug á Akureyri viðkomu á Kópaskeri tvisvar í viku og heldur þannig uppi tengslum við Akureyri og flug Flugfélagsins milli Akureyrar og Reykjavíkur. Þjónusta Norðurflugs er að sínu leyti góð og mikil úrbót, en hún er þó takmörkunum háð að áliti heimamanna í vesturparti Norður-Þingeyjarsýslu. Það væri mjög æskilegt að geta fyllt upp í þá eyðu, sem augljóslega er í flugsamgöngum við Kópasker, og þess vegna m.a. er þessi fsp. fram komin.

Um Aðaldalsflugvöll skal ég vera miklu fáorðari. Aðaldalsflugvöllur er flugvöllur fyrir Húsavík. Um hann er mjög mikil umferð. En ýmislegt þarf þar að gera, til þess að sá flugvöllur sé í góðu lagi. Það er að vísu gert ráð fyrir því nú í till. fjvn., sem ég hef staðið að, að veita talsvert mikið fé til Aðaldalsflugvallar á næsta ári, en það mun þó hvergi nærri nægja til að gera allar þær úrbætur, sem þyrfti að gera. T.d. hygg ég, að það muni ekki ná til þess að bæta að neinu ráði flugskýlið og þá sérstöku aðstöðu fyrir farþega, sem bæta þarf.

Félmrh. (Björn Jónsson): Herra forseti. Spurt er í fyrsta lagi: Eru uppi fyrirætlanir um endurbætur á Aðaldalsflugvelli?

Því er til að svara, að endurbætur vegna flugvallarins í Aðaldal hafa einkum verið á sviði öryggismála. Um s.l. áramót var lokið við breytingar á blindflugskerfinu, þannig að nú eru nothæfir tveir radíóvitar, báðir staðsettir suður af vellinum. Í sumar voru gerðar nauðsynlegustu endurbætur á yfirlagi flugbrautarinnar. Og í októbermánuði var lokið uppsetningu aðflugsljósa við báða enda flugbrautarinnar, svo og lagningu rafstrengja fyrir fullkomin flugbrautarljós og svonefnd aðflugshallaljós, er sýna flugmanni rétta hæð til flugs. Á næsta sumri er gert ráð fyrir að ljúka uppsetningu framangreinds ljósaútbúnaðar, lengja flugbrautina um 200 m, þ.e.a.s. úr 1350 m í 1550 m, sem þýðir það, að flugvöllurinn er þá öruggur til kvöld- og næturflugs allan ársins hring, og enn fremur að bæta enn yfirborð flugvallarins. Þá er enn fremur ætlunin að breyta aðkeyrslu að flugvellinum og stækka bifreiðarstæði og flugvélarhlaðið svo og ganga frá tilskildum öryggissvæðum umhverfis flugbrautina.

Það er rétt, sem kom fram hjá hv. fyrirspyrjanda, að sú fjárveiting, sem flugmálastjórnin og samgrn. hafa lagt til, 11.2 millj., rúma það ekki, að hafist sé handa, a.m.k. ekki að neinu marki og sennilega ekki, að því að bæta aðstöðu hvað flugskýlið snertir. En með tilliti til þess, að hér er um mjög stóran flugvöll að ræða, sem á áreiðanlega mikla framtíð fyrir sér, þá er þar um stórar upphæðir að ræða, sem því miður hafa ekki rúmast í þeirri fjárlagagerð, sem talin er möguleg í sambandi við fjárfestingar í flugvöllum. En það hefur verið látið sitja fyrir að stækka völlinn og koma öryggisútbúnaði þar í besta hugsanlegt horf.

Varðandi Kópaskersflugvöll, þá er það rétt, sem einnig kom fram hjá fyrirspyrjanda, sem tók eiginlega ómakið af mér að svara þessari fsp., að flugferðir Flugfélags Íslands til Kópaskers lögðust niður, þegar flugvöllurinn á Raufarhöfn komst í nothæft ástand. Og það er sjálfsagt rétt, að vegna þessa gætir nokkurrar óánægju. En það, að Flugfélagið lagði niður þessa áætlanaleið sína, stafar af því, að þarna fer mjög fátt fólk um og þess vegna er ekki hagstætt fjárhagslega að lenda þar stórum flugvélum. Þar kemur líka til, að það er a.m.k. ekki vinsælt hjá farþegum flugvéla, að þeim sé hnjaskað í tvennum millilendingum á ekki lengri leið en þarna er um að ræða.

Ég get fullyrt, að bæði hjá flugmálastjórn og samgrn. er fullur vilji fyrir því að aðstaða á slíkum stöðum sem Kópaskeri sé bætt eins fljótt og eins vel og unnt er. Og ég tel, að sá háttur, sem hefur verið upp tekinn, að tryggja flug tvisvar í viku milli Akureyrar og Kópaskers með flugvélum Norðurflugs, bæti verulega úr, þó að það kunni að vera rétt, að það sé ekki fullnægjandi.

Stjórnvöld, sem með þessi mál fara, hafa það

auðvitað ekki á valdi sínu að skylda flugfélög, hvorki Flugfélag Íslands né önnur, til þess að halda uppi ákveðnum áætlanaferðum, sem mikið tap er á, og þess vegna er málið dálítið erfitt. Hef ég oftar en einu sinni rætt þetta við forráðamenn Flugfélags Íslands, og þeir hafa í athugun að staðsetja flugvél á Akureyri, sem væri þá ætlað sérstaklega það hlutverk að ná samhengi í flugsamgöngurnar með því að halda uppi nokkuð tíðum ferðum milli Akureyrar sem aðalendastöðvar flugsins og hinna smærri staða. Það hefur ekki enn orðið af framkvæmdum í þessu, en góðar vonir hygg ég, að standi til þess, að úr þessu rætist, Flugfélagið komi upp góðri flugvél og hentugri til þessa verkefnis og hafi hana staðsetta á Akureyri. Ætti þá málefnum þeirra byggðarlaga, sem næst eru Kópaskeri, að vera betur borgið en nú er. En á þessari stundu get ég því miður ekki gefið nein ákveðin fyrirheit um þetta, enda ekki á mínu valdi að framkvæma það, sem framkvæma þarf í þeim efnum.

Ingvar Gíslason: Herra forseti. Ég vil þakka hæstv. samgrh. svör hans. Ég fellst á það með honum, að það eru ýmis vandkvæði á því fyrir hið opinbera að skikka einkafyrirtæki til þess að gera eitt og annað. Ég veit líka, að hæstv. samgrh. er vel kunnugur af eigin reynd þeim erfiðleikum, sem þarna er við að búa, og ég fagna því, að hann vill og hefur beitt sér fyrir því eða rætt það við forráðamenn Flugfélags Íslands, að reynt verði að bæta úr þessu með einum eða öðrum hætti.

Mér líst vel á þá hugmynd, að flugvél verði staðsett á Akureyri, góð flugvél, sem stundi innanfjórðungsflug. Mér líst vel á þá hugmynd, og ég hygg, að það sé ekki mjög langt þangað til úr því verður, að sú hugmynd verður að veruleika. En eigi að síður langar mig nú enn í lokin að beina því til hæstv. ráðh. að flytja þau skilaboð til forráðamanna Flugfélagsins, að það séu uppi mjög ákveðnar óskir um það, að Flugfélag Íslands millilendi af og til á Kópaskeri í ferðum sínum til Raufarhafnar og Þórshafnar.

Stefán Valgeirsson: Herra forseti. Það eru aðeins tvö eða þrjú atriði, sem ég vil bæta við, sem mér virðist ekki hafa komið fram í sambandi við þessa fsp.

Í fyrsta lagi er svo í sambandi við Aðaldalsflugvöll, að hann er ógirtur og flugmenn vilja ekki setjast þar nema yfir birtutímann. Þetta er stór flugvöllur, eins og menn vita, og þjónar stóru héraði. Er þetta mjög bagalegt, og verður úr að bæta hið bráðasta.

Í öðru lagi er aðstaða þarna mjög slæm fyrir farþega. Það er t.d. ekkert vatn þarna í biðskýlinu og sem sagt öll þjónusta mjög ófullkomin af þeim ástæðum. Þetta er líka mjög brýnt atriði.

Í sambandi við flugið aftur á Kópasker, þá var ég á fundi þar í haust, þar sem var mikið rætt af heimamönnum um þetta mál, og kom í ljós á þeim fundi, að það eru engar áætlunarferðir, hvorki á landi né sjó eða í lofti, frá því um miðjan október og fram til 1. júní. Það er bara póstflugið tvisvar í viku frá Akureyri. Það eru einu ferðirnar, sem þangað eru, og þess vegna er fólkið þar mjög óánægt með þessa þjónustu.

Raforkumál á Snæfellsnesi, fsp. (þskj. 155). — Ein umr.

Fyrirspyrjandi (Benedikt Gröndal): Herra forseti. Raforkumál á Snæfellsnesi hafa lengi verið í hinum mesta ólestri, en sennilega hefur ástandið aldrei verið verra en nú undanfarið. Sem dæmi má nefna, að í Ólafsvík er rafmagn tíðum tekið af fyrirvaralaust og framkvæmd skömmtun, án þess að nokkur aðvörun sé gefin til notenda. Í Stykkishólmi er spenna oft svo lág, að hvers konar rafmagnstæki eru í alvarlegri hættu, þ. á m. tæki hjá atvinnufyrirtækjum, en skemmdir á tækjum, t.d. sjónvarpstækjum, eru mjög tíðar. Af öðrum stöðum er svipaða sögu að segja.

Þegar ástand er svona fyrir, er von, að Snæfellsnesingar hafi vaxandi áhyggjur af þessum málum á tímum orkukreppu, enda eru horfur á því, að þeir geti fengið mikið rafmagn til hitunar, eins og sakir standa harla litlar. Þurfa þó margar fjölskyldur þar að borga 5—10 þús. kr. á mánuði til að hita upp hús sín.

Snæfellsnes er eitt samtengt rafveitukerfi með einni vatnsaflsstöð og þremur dísilstöðvum. Helsta framkvæmd til úrbóta, sem þar hefur verið gerð í seinni tíð, voru kaup á gamalli notaðri dísilvél frá Bretlandi, og var hún sett upp í Ólafsvík.

Lengi hefur verið barist fyrir því, að fá þetta rafveitukerfi á Snæfellsnesi tengt við önnur orkusvæði, til þess að hægt verði að jafna orku og e.t.v. að jafna eitthvað rafmagnsverð, sem er þarna mjög hátt. Hefði raunar þurft að koma þessari tengingu á fyrir löngu, en á henni bólar varla enn. Þess vegna hef ég leyft mér að flytja fsp. til hæstv. orkumálaráðh., sem hljóðar á þessa leið:

„Hvenær er þess að vænta, að Snæfellsnes verði tengt við Andakíls- og Landsvirkjanir eða aðrar umbætur verði í raforkumálum Snæfellinga?“

Heilbr.- og trmrh. (Magnús Kjartansson): Herra forseti. Tenging sú, sem hv. þm. Benedikt Gröndal spyr um, er ráðgerð framkvæmd á árinu 1974. Það er 66 kw stofnlína frá Andakílsárvirkjun að vegamótum á Snæfellsnesi ásamt spennistöð þar. Með þessu er Snæfellsneskerfið einnig tengt Landsvirkjun. Fé til þessara framkvæmda er á fjárlagafrv., eins og hv. þm. vita. Við þessa framkvæmd, er ráðin veruleg bót á orkumálum Snæfellsness, og má segja, að stofnlínulögnin sé undirstaða að víðtækari endurbótum á þessu svæði.

Þá ráðgera Rafmagnsveitur ríkisins á næsta ári að hækka spennu á háspennulínu á sunnanverðu Snæfellsnesi úr 11 í 19 kw., og er að því töluverð bót og bætt flutningsgeta. Þá liggur næst fyrir á framkvæmdaáætlun Rafmagnsveitna ríkisins að byggja háspennulögn frá Vegamótum til Stykkishólms og yrði sú lína rekin með 19 kw. spennu til að byrja með. Þá er og

ráðgert að stefna að tengingu frá Stykkishólmi til Búðardals og tengja þar með Búðardalssvæðið við Snæfellsneskerfið, og er hér einnig um að ræða 19 kw. stofnlínu.

Þá má geta þess, að fjárfestingar Rafmagnsveitna ríkisins á Vesturlandi á árinu 1973 eru þessar: Dísilvél á Ólafsvík 9.7 millj. kr., dísilvél í Stykkishólmi 7.6 millj. kr., lína á Fróðárheiði 2 millj. kr., 11—19 kw. breyting í Borgarfirði 2 millj. og nýjar tengilínur á Búðardalssvæði 1.7 millj., eða samtals 22 millj. kr.

Þótt þetta sé allt til bóta, get ég tekið mjög undir það með hv. þm., að okkur er mikil þörf á því að hraða nú sem mest öllum framkvæmdum okkar í sambandi við nýtingu á okkar eigin orkulindum. Það hafa verið miklar framkvæmdir á undanförnum árum, ekki síst í raforkumálum. Það er verið að byggja nú þrjár meiri háttar virkjanir, eins og menn vita, bæði byrjað á Sigölduvirkjun og svo myndarlegum virkjunum bæði á Austfjörðum og Vestfjörðum. En ég er þeirrar skoðunar, að þessi áform öll verði að taka til endurskoðunar, til þess að við getum nýtt innlenda orkugjafa í stað olíu. Og þær umbætur, sem þar þurfa að koma til framkvæmda eins fljótt og hægt er að koma þeim við, verða að sjálfsöðgu að ná til Snæfellsness ekki síður en annarra staða, sem nú eru afskiptir að því er orku snertir.

Friðjón Þórðarson: Herra forseti. Orkumál á Snæfellsnesi hafa lengi verið í ólestri, en hins vegar orkuþörf mikil og vaxandi. Ég ætla að láta örfá orð falla í þessu sambandi. Við höfum nefnilega á Vesturlandi Andakílsárvirkjun, sem hóf starfsemi sína í okt. 1947. Hún er sameignarfélag Mýra- og Borgarfjarðarsýslu og Akraneskaupstaðar. Hún hefur reynst mjög vel á sínu svæði. Nú er mikill vilji fyrir því heima í héraði, að þetta farsæla samstarf færi nokkuð út kvíarnar, þ. e. um Snæfellsnes og Dali. Yrði þá væntanlega stofnað félag til að annast orkuvinnslu og flutning á öllu svæðinu milli Hvalfjarðar og Gilsfjarðar. Aðilar þessa félags yrðu þá öll sýslufélögin á svæðinu og Akraneskaupstaður og ríkið e. t. v.

Nefnd vinnur nú að þessum málum. Ætlunin var að hefja þetta aukna samstarf með því að ráðast í línulögn frá Andakíl að Vegamótum á Snæfellsnesi þegar á s. l. sumri, en fyrir því hefur ekki fengist grænt ljós eða samþykki frá hinu opinbera.

Á hinn bóginn er því lýst yfir, eins og hæstv. ráðh. tók fram, að lína þessi verði lögð á næsta ári af Rafmagnsveitum ríkisins, þ. e. á árinu 1974, og er ekki nema gott eitt um það að segja, að það er þó ákveðið. En við íbúar á Vesturlandi munum halda áfram að leitast við að auka samstarf okkar í þessum málum sem allra mest og sem fyrst, eins og ég áður sagði.

Fyrirspyrjandi (Benedikt Gröndal): Herra forseti. Ég vil þakka hæstv. orkumrh. fyrir svör hans við fsp. minni, svo og fyrir þau almennu ummæli, sem hann lét falla um viðhorf í orkumálum og ég get tekið undir að öllu leyti.

Það eru vafalaust góð tíðindi fyrir Snæfellinga, að tengilínan, sem mun vera veigamesta umbótin sem sjáanleg er fram undan í raforkumálum þeirra, skuli koma á næsta ári. En eins og hæstv. síðasti ræðumaður tók fram, höfðu Snæfellingar lengi vel gert sér sterkar vonir um það, að þeir fengju þessa línu s. l. sumar. Upptalning hæstv. ráðh. á umbótum á raforkumálum í þessum hluta Vesturlands, sem ýmist eru ráðgerðar eða stefnt er að, eru í sjálfu sér staðfesting á því, hversu mikilla umbóta sé þörf á þessu svæði. Ég vil leggja á það ríka áherslu, að þetta er stórt svæði, sem hefur mikla framleiðsluatvinnuvegi og þarf á mikilli orku að halda. Ég vænti þess, að það verði unnið að því áfram, eftir að þetta svæði hefur verið tengt við aðalkerfi landsins, að bæta raforkuþjónustuna þar.

Hitun húsa með raforku, fsp. (þskj. 155). — Ein umr.

Fyrirspyrjandi (Friðjón Þórðarson): Herra forseti. Árið 1970 fluttu 6 þm. Sjálfstfl. í Nd. Alþ. till. til þál. um hitun húsa með raforku. 1. flm. var Jónas Pétursson, þáv. þm. Austf. Till. þessi fól í sér áskorun á hæstv. iðnrh. að beita sér fyrir aukinni notkun raforku til húsahitunar á öllum þeim svæðum, þar sem jarðhita er ekki völ sem hagkvæmari hitagjafa. Í till. sagði:

„Skal stefnt að því að gera 5 ára áætlun um framkvæmd hitunarmálsins þannig, að innlendar orkulindir hiti hvert híbýli landsins að þeim tíma liðnum."

Í grg. var vikið að því, að Íslendingar þyrftu á mikilli hitaorku að halda í íbúðarhús og vinnustöðvar. Landið væri kalt, land elds og ísa, en byggi jafnframt yfir mikilli orku, sem enn væri ekki nýtt nema að litlu leyti. Með því að beisla orku jarðhita og fallvatna m. a. til húsahitunar og draga jafnframt úr innflutningi olíu mætti spara mikið fé og dýrmætan gjaldeyri. Einsýnt væri að nota fremur innlenda orku en innflutta. Hér væri um að ræða stórt fjárhagslegt mál. Bein þörf væri á að þrýsta á aukinn hraða í framkvæmdum á þessu sviði.

N. sú, sem fjallaði um þessa till., féllst á hana að öðru leyti en því, að of naumt þótti að miða við 5 ára áætlun, sem hefði þýtt það, að stefnt hefði verið að því, að hvert híbýli landsins yrði hitað innlendum orkulindum árið 1976. Till. var því samþykkt í þessu formi:

„Nd. Alþ. ályktar að skora á iðnrh. að beita sér fyrir aukinni notkun á raforku til húsahitunar á öllum þeim svæðum, þar sem jarðhita er ekki völ sem hagkvæmari hitagjafa. Gera skal sem fyrst áætlun, þar sem stefnt verði að því, að innlendar orkulindir verði aðalhitagjafi landsmanna."

Þannig var þáltill. samþ. hér í hv. d. 1. marz 1971. Fyrir því er nú spurt, hvað líði framkvæmd þessarar ályktunar.

Heilbr.- og trmrh. (Magnús Kjartansson): Herra forseti. Eins og hv. fyrirspyrjandi gat um, er spurt, hvað líði framkvæmd þáltill. um hitun húsa með raforku, sem samþ. var á Alþ. 1. mars 1971. Í þeirri þál. var skorað á iðnrh. að beita sér fyrir aukinni húsahitun með

raforku á öllum þeim svæðum, þar sem jarðhita er ekki völ sem hagkvæmari hitagjafa.

Þau svæði, sem þarna er átt við, eru framar öllu á Austfjörðum og Vestfjörðum, svo og vissum svæðum öðrum, svo sem Akureyri, Vestmannaeyjum, á austanverðu Suðurlandi, Snæfellsnesi, í Dölum og nokkru víðar.

Á Austfjörðum og Vestfjörðum eru nú vatnsaflsvirkjanir í smíðum, sem ætlað er m.a. að vinna raforku til húshitunar á þessum svæðum. Það er enn mikil raforka unnin með dísilstöðvum, og mun svo verða, uns þessar nývirkjanir við Lagarfoss og í Mjólká koma í gagnið. Samt hefur sala raforku til hitunar, t.d. á Austurlandi, vaxið mjög verulega á síðustu árum. Á Snæfellsnesi er einnig unnin talsverð orka með dísilvélum, en gert er ráð fyrir, að á árinu 1974 verði það svæði tengt við Borgarfjörð, eins og ég gat um áðan, og þar með raunar einnig við Landsvirkjunarkerfið. Sú samtenging mun svo mjög eflast við tilkomu byggðalínu til Norðurlands, en gert er ráð fyrir, að sú lína tengist Borgarfjarðarkerfinu nálægt Andakílsárvirkjun.

Þegar núv. ríkisstj. ákvað að nota sér lagaheimild til virkjunar við Sigöldu, var því lýst yfir, að þeirri virkjun væri m.a. ætlað að sjá fyrir raforku til húshitunar. Núv. ríkisstj. tók einnig ákvörðun um að leggja línu frá Landsvirkjunarkerfinu til Norðurlands, en sú lína gerir það mögulegt að nýta orku Sigölduvirkjunar til húshitunar á Norðurlandi einnig, ekki hvað síst á Akureyri. Virkjun við Sigöldu er nú hafin, og lagning línu til Norðurlands hefst áður en langt um líður. Allar framkvæmdir í virkjunarmálum, sem núv. ríkisstj. hefur tekið ákvörðun um, miða þannig að því að koma í framkvæmd þeirri aukningu rafhitunar, sem þáltill. fjallaði um.

Að sjálfsögðu taka þessar framkvæmdir og aðrar ráðstafanir í sama skyni sinn tíma. Meginatriðið er, að mörkuð sé skýr stefna í þessum málum, þannig að húsbyggjendur og aðrir viti, hvers þeir mega vænta. Enda þótt ekki sé hagkvæmt að selja raforku frá dísilstöðvum til húshitunar, getur slíkt þó verið réttlætanlegt um skamma hríð, ef með því er búið í haginn fyrir framtíðina og markaður skapaður fyrir væntanlegar vatnsaflavirkjanir, sem þannig fá betri nýtingu en ella. Þetta hefur einmitt gerst að undanförnu.

Sem dæmi má nefna, að á Austurlandi jókst sala raforku til húshitunar um 249% frá árinu 1970 til 1972, og horfur eru á, að Lagarfossvirkjun fái mjög góða nýtingu þegar frá byrjun. Á Suðurlandi hefur aukningin á sama tíma verið 82%, á Norðurlandi vestra 77%, á Vesturlandi um 64%, á Norðurlandi eystra um 29% og á Vestfjörðum um 11%.

Með nýjustu viðhorfum í olíumálum er enn meiri nauðsyn en áður til að hraða notkun innlendra orkugjafa í stað innfluttra til húshitunar. Í samræmi við það hefur iðnrn. nú alveg nýlega falið verkfræðistofu hér í borg að gera á því athugun í samráði við Orkustofnun, hvernig helst megi flýta allri þessari þróun, og farið þess á leit við Seðlabankann, að hann geri fjármögnunaráætlun, sem tryggt geti sem skjótastar framkvæmdir.

Fyrirspyrjandi (Friðjón Þórðarson): Herra forseti. Ég þakka hæstv. iðnrh. skýr og greinargóð svör. Það er rétt, eins og hann tók fram, að um þessar mundir erum við Íslendingar sem og ýmsar aðrar þjóðir minntir alvarlega á, hversu fallvalt er og ótryggt að þurfa að treysta svo mjög á innflutning erlendra orkugjafa. Segja má þó, að þessi óvænta áminning geti orðið okkur til góðs, ef við látum hana okkur að kenningu verða. Þá mun hún þrýsta á auknar rannsóknir og aukinn hraða í framkvæmdum. Þar verður iðnrh. að sjálfsögðu að hafa forustu í góðu samstarfi við sveitarstjórnir, stjórnir rafveitna og allan almenning. Hér er um svo stórfellt hagsmunamál að ræða, að einskis má láta ófreistað til að koma því áleiðis sem fyrst og sem lengst.

Lárus Jónsson: Herra forseti. Út af svari hæstv. ráðh. við þessari fsp. vil ég gera örstutta aths. Hann ræddi um, að það gæti borgað sig að nota dísilafl til þess að framleiða rafmagn til að hita upp hús um stundarsakir, og þetta getur verið rétt hjá honum að vissu marki. En því miður er ástandið í raforkumálum það slæmt sums staðar, að þetta nálgast að vera hrein della.

Þannig er ástandið t.d. á Norðurlandi núna, að Laxárvirkjun kaupir olíu fyrir um 25 millj. kr. á þessu ári. Með verðlagi á næsta ári sjá allir, hvað það verður. Það kostar nú 2 kr. í olíukaupum að framleiða kwst., sem hún selur á 1 kr., þannig að það sjá allir, hvert þetta stefnir, og með stóraukinni orkuþörf á Norðurlandi mun það kosta tugmilljónir. Þá verður hægt að tala um hundruð millj. í olíukaupum, ef á að fullnægja þessu á Norðurlandi, þannig að það er sjáanlegt, að eitthvað verður að gera í þessum efnum, ef þetta á að vera hægt, a.m.k. á því svæði. Það verður einhver aðili að koma til að greiða þennan mismun eða hluta af honum, ef þessi stefna á að vera fær, að því er mér sýnist, á Norðurlandi.

Verðlagning ríkisjarða, fsp. (þskj. 155). — Ein umr.

Fyrirspyrjandi (Ólafur G. Einarsson): Herra forseti. Á þskj. 155 beini ég svohljóðandi fsp. til hæstv. landbrh. um verðlagningu ríkisjarða:

„1) Hefur landbrh. sett sér einhverjar ákveðnar reglur til þess að fara eftir við ákvörðun ríkisjarða?

2) Ef svo er, hverjar eru þær reglur, og eru þær breytilegar eftir því, hvort kaupandi er sveitarfélag eða einstaklingur?

3) Er ákvörðun um söluverð ríkisjarða í hendi landbrh. eins?“

Um ástæður fyrir þessum fsp. þarf ég ekki að hafa mörg orð. Það er að sjálfsögðu æskilegt að fá upplýsingar um það, hvort einhverjar fastar reglur hafi verið settar um verðlagningu ríkisjarða, sem landbrh. selur, hvort sem hann selur þær með hinni almennu heimild í l. nr. 102 1962, um ættaróðul, ættarjarðir, erfðaábúð og

sölu þjóð- og kirkjujarða, eða þá samkv. sérstakri heimild frá Alþingi. Þá er ekki síður æskilegt að fá upplýst, hvort aðrar reglur gildi um verðlagningu jarða, sem seldar eru einstaklingum, en ef selt er sveitarfélögum.

Ég spyr um þetta atriði m.a. vegna þeirra upplýsinga, sem hæstv. landbrh. veitti hér á hv. Alþ. fyrir skömmu um söluverð jarðarinnar Birningsstaða í Laxárdal, en hún var seld einstaklingi á 155.500 kr., og hefur sú sala vakið töluverða athygli, svo að ekki sé meira sagt.

Mér er að vísu kunnugt um lágt verð einnig til ýmissa sveitarfélaga, en varla þó eins og þetta. Þess vegna er spurt, hvort breytilegar reglur gildi um þetta atriði.

Í þriðja lagi er fróðlegt að fá að vita, hvort landbrh. einn ákveði verðið. Mér er að sjálfsögðu ljóst, að það er hægurinn hjá fyrir núv. hæstv. landbrh. að ráðgast um þetta við hæstv. fjmrh., en ég er hér ekki að spauga, mér þykir aðeins rétt að fá þetta upplýst.

Fjmrh. (Halldór E. Sigurðsson): Herra forseti. Á þskj. 155 er fsp. frá hv. 11. landsk. þm. um sölu á jörðum ríkisins. Svar rn. við þessari fsp. er svo hljóðandi:

Ríkisjarðir eru ýmist seldar samkv. sérstökum heimildarlögum eða lögum nr. 102 1962 um sölu ríkisjarða til ábúenda. Þegar jarðar- eða landssala samkv. sérstökum heimildarlögum á sér stað, er oftast nær um sölu að ræða til sveitarfélaga, sem hafa þörf fyrir meira land vegna fólksfjölgunar og vaxandi byggðar. Sums staðar hafa heil þorp beinlínis byggst upp í landi þessara jarða. Auk þess hafa nokkur hreppsfélög keypt jarðir, oftast eyðibýli, til sameiginlegrar beitar fyrir hreppsfélög, stundum vegna hlunninda er fylgdu, og af fleiri ástæðum.

Við heimild til sölu á slíkum jörðum hafa oftast nær verið þau ákvæði í l., að verð skuli ákveða af matsmönnum, ef ekki næst um það samkomulag á milli seljanda og kaupanda. Reynslan er sú, að samkomulag hefur oft náðst bæði um verð og greiðsluskilmála. Hefur þá verið höfð hliðsjón af þörf sveitarfélagsins annars vegar og líklegu markaðsverði hins vegar, en jafnframt verið tekið tillit til þeirrar verðhækkunar á landinu, sem orðið hefur vegna framkvæmda og kostnaðar sveitarfélagsins, án þess að seljandi hafi lagt þar neitt af mörkum, og slík hækkun ekki látin hafa áhrif á söluverð.

Nokkrar jarðir hafa verið seldar samkv. l. nr. 102 1962, um ættaróðul, ættarjarðir, erfðaábúð og sölu þjóð- og kirkjujarða. Samkv. þeim lögum, XI. kafla, 47. gr., hefur bóndi, sem búið hefur á ríkisjörð í 3 ár og fær meðmæli hreppsnefndar, rétt til þess að kaupa ábýlisjörð sína, ef hann gerir hana að ættaróðali. Söluverð þessara jarða hefur verið miðað við fasteignamat, enda er svo ráð fyrir gert í 49. gr. fyrrnefndra laga. Fram til 1. jan. 1971 var í gildi fasteignamat frá árinu 1957. Síðustu árin var það í miklu ósamræmi við allt verðlag í landinu. Var þá söluverð landsins hækkað eftir samkomulagi við kaupendur. Hús og önnur mannvirki á jörðum þessum voru oftast að mestu eða öllu í eigu kaupandans. Ef svo var ekki, voru þau færð til samræmis við ríkjandi verðlag á hverjum tíma eftir byggingarvísitölu. Með hlunnindi var og er raunar enn farið eftir ákvæðum um afgjaldskvaðarverðmæti, þ.e.a.s. árstekjum af hlunnindum margfölduðum með tölunni 15, sbr. fasteignamat 1942.

Þá ber að geta þess, að í afsölum fyrir jörðum, hvort sem þær eru seldar einstaklingum eða sveitarfélögum, eru undanskildar námur og námuréttindi, vatns- og hitaréttindi umfram heimilisþarfir kaupanda, og áskilur ríkissjóður sér forkaupsrétt, eigi að selja landið aftur. Sala ríkisjarða er undirbúin í landbrn., og þegar sala lands á sér stað samkv. sérstökum heimildalögum, hefur landbrh. samkv. gamalli venju tekið ákvörðun um söluverðið eftir að hafa kynnt sér sjónarmið kaupanda og annað, sem áhrif kann að hafa á söluverðið.

Þetta er það, sem ég hef að segja um fsp. hv. þm.

Fyrirspyrjandi (Ólafur G. Einarsson): Herra forseti. Ég vil þakka hæstv. landbrh. fyrir svör hans. Ég sakna þess, að mér þótti ekki koma fram í þeim, að nægilega ákveðnar reglur giltu um það, þegar ríkisjarðir eru verðlagðar. Mér sýnist vera ákveðið ósamræmi í verðlagningu ríkisjarða eftir því, hvort þær eru seldar einstaklingum eða sveitarfélögum. Mér er ljóst, að ákvæði l. nr. 102 frá 1962 segja til um, að þær jarðir skuli seldar ábúanda á fasteignamatsverði, en það er engin ákveðin regla til um þetta varðandi sölu til sveitarfélaga.

Ég held, að það megi fullyrða, að það sé ákveðin hreyfing fyrir því hjá rn. að selja sveitarfélögum jarðir á hærra verði en þær eru seldar einstaklingum. Mér er kunnugt um, að gerður hefur verið samningur milli landbrn. og Grýtubakkahrepps nýlega, og þar sýnist mér, að álag á fasteignamat sé um 55%, og á hluta af landinu, þ.e.a.s. þar sem þorpið sjálft stendur, Grenivík, er lagt 85% á fasteignamatið. Þetta gerist á sama tíma og jörðin Birningsstaðir, sem ég nefndi hér áðan, er seld á fasteignamati 155.500 kr., en að því er sagt er, var hún metin á 60 millj. kr. í Laxárdeilunni, þegar hún stóð sem hæst. Hér sýnist mér vera um mismunun að ræða. Ég tel, að ríkið eigi ekki að spenna upp verðið til sveitarfélaga. Það á frekar að stuðla að því, að sveitarfélögin eignist það land, sem þeim er nauðsynlegt, og á sem hagstæðustu verði. Þetta hefur ríkisvaldið raunar viðurkennt með því að veita framlag í landakaupasjóð, nú 10 millj. á ári. Fastmótuð stefna í þessu er nauðsynleg.

Fjmrh. (Halldór E. Sigurðsson): Herra forseti. Ég vil geta þess út af ræðu hv. 11. landsk., að í öðru tilfellinu var um sölu að ræða samkv. laga-ákvæðum, en í hinu tilfellinu um sölu að ræða samkv. samkomulagi. Hins vegar hefur það verið svo, þar sem samkomulag hefur verið eða a.m.k. þar sem ég hef unnið að því, að ég hef reynt að halda mig við að leggja á það álag, sem hefur komið á fasteignamati, síðan það var síðast gert, og ég held, að því hafi nokkuð verið fylgt um þá sölu, sem ég hef staðið fyrir. Hins vegar var það svo, að ég lét í gildi haldast

þær ákvarðanir, sem búið var að taka af fyrirrennara mínum um sölu á landi, m.a. til Garðahrepps, án þess að breyta því nokkuð, þó að málið hafi dregist, og taldi sanngjarnt að gera það, fyrst það var komið á afgreiðslustig. Ég held, að það sé hægt að segja, að ekki hafi verið reynt á neinn hátt að íþyngja sveitarfélögum í kaupum, en þetta hefur verið sú meginregla, sem ég hef viljað fara eftir.

Bygging leiguíbúða á vegum sveitarfélaga, fsp. (þskj. 160). — Ein umr.

Fyrirspyrjandi (Jónas Jónsson): Herra forseti. Á síðasta þingi voru samþykktar breytingar á l. nr. 30 frá 12. maí 1970, um Húsnæðismálastofnun ríkisins. Breytingar þessar voru þess efnis, að heimilað var að veita lán til byggingar leiguíbúða á vegum sveitarfélaga, er næmi allt að 80% af byggingarkostnaði. Þetta hefur verið nefnt því nafni, að þarna væri verið að flytja Breiðholtsframkvæmdirnar út um landið. Hefur því mjög verið fagnað víða um landsbyggðina, enda hið mesta byggðajafnvægis- og þjóðþrifamál. Það er grundvallaratriði fyrir vöxt og viðgang atvinnulífs í fjölda byggðarlaga, að fólk, sem þangað vill flytja til starfa, geti fengið þar húsnæði, og því betur er það nú svo og þannig háttað atvinnulífi á fjölda staða allt í kringum landið, að það er þörf fyrir fleiri hendur til vinnu, og því betur er einnig þannig háttað hugsunarhætti fólks, að það vill í auknum mæli setjast að á slíkum stöðum. Fjöldi sveitarstjórnarmanna og fyrirsvarsmanna sveitarfélaga hefur sýnt þessu máli mikinn áhuga. Mér er kunnugt um það, að að undirbúningi þessa hefur verið unnið og m.a. að könnun á ástandi húsnæðismála og áætlaðri húsnæðisþörf á vegum Húsnæðimálastofnunarinnar. En vegna þess mikla áhuga, sem fjöldi stærri og smærri sveitarfélaga hefur sýnt á þessu, og vegna þess að ég hygg, að mörgum muni þykja girnilegt til fróðleiks að fá að vita, hvernig þessi mál standa nú, hef ég leyft mér að bera fram eftirfarandi fsp. til hæstv. félmrh. á þskj. 160:

„1. Hvað líður undirbúningi að byggingu leiguíbúða á vegum sveitarfélaga í samræmi við heimild laga nr. 58 frá 30. apríl s.l. um breyting á l. um Húsnæðismálastofnun ríkisins?

2. Hefur verið sett reglugerð um framkvæmd þessa?

3. Hve margar umsóknir hafa borist frá sveitarfélögum um stuðning samkv. þessum ákvæðum?“

Félmrh. (Björn Jónsson): Herra forseti. Í fyrsta lagi er spurt: „Hvað líður undirbúningi að byggingu íbúða á vegum sveitarfélaga í samræmi við heimild l. nr. 58 frá 30. apríl s.l. um breyt. á l. um Húsnæðismálastofnun ríkisins?“

Þessu vil ég svara á þessa leið:

1. Síðla sumars var öllum sveitarfélögum í landinu, þar sem 300 íbúar eða fleiri búa í þéttbýli, þó ekki í Reykjavík, skrifað og þau beðin að láta í ljós vilja sinn um, hve margar þessara tilteknu íbúða yrðu byggðar í hverju þeirra fyrir sig. Jafnframt voru þau beðin að greina ítarlega frá því, á hverju þessi vilji þeirra byggðist, þ.e.a.s. rökstyðja sem nákvæmlegast óskir sínar í þessu efni. Var þeim upphaflega gert að senda svör sín fyrir 15. okt. s.l., en þeim, er þá höfðu ekki gert skil, var síðan gefinn frestur til 1. des. s.l.

2. Fyrir tilstuðlan félmrn. og Húsnæðismálastofnunarinnar starfar nú áætlanadeild Framkvæmdastofnunar ríkisins að athugun á því, með hverjum hætti íbúðir þessar gætu skipst milli þeirra sveitarfélaga, sem eiga að fá að njóta þeirra. Er sú athugun m.a. byggð á svörum sveitarfélaganna, er að ofan greinir, og öðrum fyrirliggjandi upplýsingum í Framkvæmdastofnuninni. Vonast er til, að niðurstaða þessara athugunar geti legið fyrir nú í þessum mánuði.

3. Húsnæðismálastofnunin hefur allt frá því í sumar búið sig undir það starfslega séð að annast þetta mál alhliða að því leyti, sem félmrn. mun fela henni að fara með þau mál, en mín skoðun er sú, að Húsnæðismálastofnuninni verði falin framkvæmd l. að langmestu leyti.

4. Hafin er könnun á því, hvort til greina geti komið að flytja inn erlend íbúðarhús með hagkvæmum kjörum til notkunar í þessu skyni að hluta til, a.m.k. hafa farið fram undirbúningsviðræður um það. Með tilliti til þessa og enn fremur með tilliti til hugsanlegrar notkunar innlendra einingarhúsa í þessu skyni hefur húsnæðismálastjórn nýlega ákveðið að fara þess á leit við Rannsóknastofnun byggingaiðnaðarins, að hún láti fram fara í vetur mjög rækilega könnun á, hvernig öll þessi hús reynast, hin erlendu, er flutt hafa verið inn í landið á þessu ári, og hin innlendu. Verður niðurstaða hennar mikilvæg vegna framkvæmdanna á þessu sviði. M.a. hefur þetta verið íhugað vegna þess, að hér er um mörg byggðarlög að ræða, þar sem byggingartækni er ekki mikil fyrir hendi og jafnvel ekki byggingariðnaðarmenn.

5. Í félmrn. og Húsnæðismálastofnuninni hefur farið fram athugun á því, með hverjum hætti hyggilegast væri að standa að framkvæmd þessa máls. Hér er um framkvæmd að ræða, sem geti kostað 3—4 milljarða kr., og er því að mörgu að gæta, áður en sú leið verður valin, sem hagkvæmust og jákvæðust er talin fyrir alla aðila.

Í öðru lagi er spurt: „Hefur verið sett reglugerð um framkvæmd þessa?“

Því er til að svara, að á s.l. sumri fól rn. Hjálmari Vilhjálmssyni fyrrv. ráðuneytisstjóra að semja drög að reglugerð. Þau drög liggja nú fyrir og eru til athugunar hjá húsnæðismálastjórn, en ég vænti þess, að frá reglugerðinni verði hægt að ganga mjög fljótlega.

Í þriðja lagi er spurt: „Hve margar umsóknir hafa borist frá sveitarfélögum um stuðning samkv. þessum ákvæðum?“

Svarið við því er það, að 1. þ.m. höfðu borist beiðnir um 80% lán til smíði 1072 íbúða í 49 sveitarfélögum. Og ég get getið þess, ef mönnum kynni að þykja það fróðlegt, hvernig þetta skiptist á landshluta, að á Suðurlandi eru þetta nálægt 80 íbúðir, Reykjanesi 65, Vesturlandi 140, Vestfjörðum 320, Norðurlandi milli 360 og 370 og á Austurlandi 102. En samtals eru þetta, eins og ég sagði, 1072 íbúðir í 49 sveitarfélögum. En

þess er þá að gæta, að þetta er samkv. þeirri könnun, sem ég gat hér um, að gerð hefði verið á þéttbýlisstöðum með meira en 300 íbúa, en að sjálfsögðu verður öðrum sveitarfélögum einnig gefinn kostur á að sækja um þessi lán, sem hér er um að ræða, og geta auðvitað komið til greina staðir, sem hafa færri íbúa en þetta. Hér var einungis um könnun að ræða, en ekki almenna auglýsingu um umsóknir.

Fyrirspyrjandi (Jónas Jónsson): Herra forseti. Ég vil leyfa mér að þakka hæstv. ráðh. fyrir góð og greið svör og vil ekki hafa um þetta fleiri orð annað en það, að það er mikil þörf á þessum stuðningi og mikill áhugi. Ég vil aðeins undirstrika, að það er mjög eðlilegt, að jafnvel hin smærri eða smæstu sveitarfélög, þó að ekki séu þéttbýlisstaðir, geti átt kost á þessu, því að með því mundi byggðin færast og dreifast á eðlilegri hátt um landið. Þá vil ég vænta þess, að auglýstar verði vel og rækilega þær reglur, sem eftir verður farið við úthlutun þessara íbúða, því að það er hreint ekki víst, að öll sveitarfélög hafi gert sér grein fyrir þeim möguleikum, sem þarna eru fyrir hendi.

Gjald til Iðnnemasambands Íslands, fsp. (þskj. 193). — Ein umr.

Fyrirspyrjandi (Svava Jakobsdóttir): Herra forseti. Ég hef leyft mér að bera fram þá fsp. til hæstv. menntmrh., sem prentuð er á þskj. 193. Fsp. er í tveim liðum og er á þessa leið:

„1. Hvað líður innheimtu gjalds til Iðnnemasambands Íslands samkv. l. nr. 68 1972, um breyt. á l. nr. 68 11. maí 1966, um iðnfræðslu?

2. Hve hárri fjárhæð nemur þetta gjald frá gildistöku laganna?“

Umrædd lagabreyting, sem gerð var 1972, kveður svo á, að komi námssamningur til staðfestingar hjá iðnfulltrúa, skuli hann taka ákveðið gjald af báðum samningsaðilum, er greiðist Iðnnemasambandi Íslands og fari til eflingar fræðslustarfsemi þess um iðnfræðslulöggjöfina. Gjald iðnfyrirtækis eða iðnmeistara skal vera 1% af fyrsta árs árlegu lágmarkskaupi iðnnema í rafvirkjun, eins og það er hverju sinni, en gjald nemans ½% af sömu upphæð. Gjald þetta á samkv. lagagr. að greiðast í eitt skipti fyrir öll.

Fsp. mín er borin fram sökum þess, að þrátt fyrir fortakslaust lagaboð um þessa greiðslu til Iðnnemasambandsins hefur enn engin innheimta farið fram og Iðnnemasamband Íslands því ekki fengið eyri af því, sem því ber. Ekki er um að kenna vanrækslu af hálfu Iðnnemasambandsins, því að það hefur spurt eftir þessu hjá Iðnfræðsluráði og verið í stöðugu sambandi við hæstv. menntmrh. og rn. hans frá því snemmsumars 1972. Síðast tók Iðnnemasambandið til bragðs á þingi sínu í haust að kjósa fjögurra manna n. til þess að fylgja eftir framkvæmd þessara l., og hefur hún starfað síðan, m. a. með erindrekstri við menntmrn. Þessi viðleitni hefur því miður engan árangur borið heldur og því ekki annars úrkosta en fylgja málinu eftir hér á hv. Alþ. og fara þess á leit, að hæstv. ráðh. geri grein fyrir málinu.

Nú mun það hins vegar hafa gerst 4. des. s. l., að menntmrn. skrifaði Iðnfræðsluráði, vakti athygli þess á lögunum og lagði fyrir það að hlutast til um, að iðnfulltrúar innheimtu þetta gjald af öllum samningum, sem staðfestir hafa verið eða verða frá gildistöku laganna. Málið getur þó engan veginn talist leyst með þessu bréfi, því að ein ástæða þess, að innheimta er enn ekki hafin, er sú, að Iðnfræðsluráð hefur ekki talið sig geta lagt út þann kostnað, sem innheimtunni fylgir. Í fjárhagsáætlun fyrir árið 1973 lagði það ákveðna till. fyrir rn. um fjárveitingar í þessu skyni. Rn. varð ekki við þeim kröfum og ræddi aldrei mér vitanlega málið við Iðnfræðsluráð. Þessa áætlun um kostnað vegna innheimtunnar hef ég raunar séð og tel þær till. óraunhæfar og úr hófi fram. Hinu verður ekki neitað, að eitthvað mun innheimtan kosta, og að *mínum dómi ber rn. skýlaus skylda til að greiða* þar fyrir og kalla Iðnfræðsluráð á sinn fund til að leysa þetta mál.

Bréf rn. leysir ekki þau vandkvæði, sem Iðnfræðsluráð telur á innheimtunni, enda þótt gott sé, að það skuli nú fá skýlaus fyrirmæli um innheimtuna. Því er fyllsta ástæða nú til þess að spyrja, hvernig hæstv. ráðh. hefur hugsað sér framkvæmd málsins hér eftir, hvort rn. hans muni hlutast til um, að Iðnfræðsluráði verði gert kleift að innheimta gjaldið, eða hvort rn. hans muni gera sjálft till. um innheimtu. Því verður varla trúað, að ekki sé hægt að innheimta þetta gjald með auðveldu móti, t. d. með því að gera iðnfulltrúum að skyldu að senda það í póstgíró beint til Iðnnemasambandsins. Síðan ætti að vera auðvelt að bera greiðslurnar saman við fjölda staðfestra samninga reglulega eða á vissum fresti.

Þá vil ég loks spyrja hæstv. ráðh., hvernig hann hefur hugsað sér, að þetta gjald verði innheimt hálft annað ár aftur í tímann, en mér er tjáð, að það sé skoðun fleiri en eins meðlims Iðnfræðsluráðs, að slíkt sé nánast ókleift.

Menntmrh. (Magnús T. Ólafsson): Herra forseti. Efnisatriði laganna sem hv. fyrirspyrjandi vitnaði til, l. nr. 68 frá 1972, hljóða þannig:

„Er námssamningur kemur til staðfestingar hjá iðnfulltrúa, skal hann taka ákveðið gjald af báðum samningsaðilum, er greiðist Iðnnemasambandi Íslands og fari til eflingar fræðslustarfs þess um iðnfræðslulöggjöfina. Gjald iðnfyrirtækis eða iðnmeistara skal vera 1% af fyrsta árs árlegu lágmarkskaupi iðnnema í rafvirkjun, eins og það er hverju sinni, en gjald nemans ½% af sömu upphæð. Greiðist það í eitt skipti fyrir öll.“

Eins og kemur fram í l., skulu iðnfulltrúar innheimta þetta gjald. Þeir eru skipaðir af Iðnfræðsluráði og teljast starfsmenn þess. Þegar menntmrn. vakti athygli Iðnfræðsluráðs á tilfærðu lagaákvæði, taldi ráðið ýmis tormerki á að framkvæma innheimtu þessa, og við undirbúning fjárl. fyrir árið 1973 sótti ráðið um 779 þús. kr. fjárveitingu í þessu skyni. Menntmrn. gat ekki fallist á þessa till., eins og segir í bréfi rn. til fjárlaga- og hagsýslustofnunarinnar, dags. 3. júlí 1972. Þar segir:

„Hvað viðvíkur áætlun um skattheimtu fyrir Iðnnemasamband Íslands, getur rn. ekki fallist

á till. Iðnfræðsluráðs. Í lögum er gert ráð fyrir, að iðnfulltrúar hafi umsjón með þessu verkefni, og ekki sjáanleg nauðsyn, að innheimta verði svo umfangsmikil sem hér er ætlað.“

Rn. hefur talið, að þessi áætlaði kostnaður sé mjög svo óeðlilega hár við svona, að því er virðist, einfalda og fábrotna innheimtu. Á grundvelli þess, að fjárveiting þessi hefur ekki fengist, hefur Iðnfræðsluráð hins vegar þverskallast við að hefja innheimtu þessa. Hefur staðið í þessu þófi, þar til rn. með bréfi, dags. 4. des. 1973, lagði fyrir Iðnfræðsluráð „að hlutast til um, að iðnfulltrúar innheimtu framangreint gjald í samræmi við lagafyrirmælin, og beri að skila því jafnharðan til Iðnnemasambandsins. Gjaldið greiðist af öllum samningum, sem staðfestir hafa verið eða verða frá gildistöku l. nr. 68 frá 29. maí 1972.“

Það var ekki rétt hjá hv. fyrirspyrjanda, að rn. hafi aldrei hreyft þessu máli við Iðnfræðsluráð fyrr en með þessu bréfi. Það hefur verið gert.

Þess skal getið, að Iðnnemasambandið áætlaði kostnað við fræðslustarfsemi á vegum sambandsins síðari hluta ársins 1972 165111 kr., og veitti rn. 90 þús. kr. til sambandsins í þessu skyni utan fjárl., þegar sýnt var, að dráttur yrði á innheimtunni af hálfu Iðnfræðsluráðs.

Ég mun að sjálfsögðu gera ráðstafanir til þess að fylgja eftir bréfi rn. með öllum tiltækum ráðum, en er ekki reiðubúinn að taka fram í einstökum atriðum á þessari stundu, hver hentugust þykja.

Síðara lið fsp. er því að svara, að Iðnfræðsluráð hefur ekki getað látið menntmrn. í té nákvæma tölu um staðfesta iðnsamninga frá 29. maí 1972, þegar l. gengu í gildi. Það hefur látið í té tölu um iðnsamninga á árinu 1972. Þeir eru 700 talsins, þannig að fjárhæð sú, sem hér um ræðir og hefði átt að koma til innheimtu á því ári, mun nema nálægt 1.4 millj.

Fyrirspyrjandi (Svava Jakobsdóttir): Herra forseti. Ég þakka ráðh. svar hans. Ég verð þó að lýsa miklum vonbrigðum, því að það er augljóst, að málið stendur enn í sömu sporum og það hefur gert, að því undanskyldu, að hæstv. ráðh. hefur gefið loforð hér í ræðustól, að hann muni beita öllum tiltækum ráðum til þess að fá þetta gjald innheimt. Ég vil enn leggja á það áherslu, að svo virðist, sem hér þurfi að koma til algert frumkvæði rn., og því verður ekki trúað fyrr en í síðustu lög, að rn. ráði ekki við það, að stofnun sem heyrir undir það, þverskallast við að innheimta lögboðið gjald.

Ráðh. sagði, að ég hefði farið með rangt mál, þegar ég sagði, að málinu hefði ekki verið hreyft við Iðnfræðsluráð fyrr en 4. des. Ég bið hæstv. ráðh. afsökunar, hafi ég farið þar með rangt mál, en vil þó benda á, að þær upplýsingar, sem hann gaf, gefa þá fremur tilefni til svartsýni en bjartsýni um framkvæmd í framtíðinni, því að það er mjög ótrúlegt og alvarlegt, að Iðnfræðsluráði skuli hafa haldist uppi að brjóta lög með þessum hætti í hálft annað ár þrátt fyrir fyrirmæli rn. Ég vona, að hæstv. menntmrh. líti þetta það alvarlegum augum, að hann leysi þetta mál hið fyrsta.

Upphæðin, sem hér er áætluð, 1.4 millj., kemur mjög vel heim og saman við þá áætlun, sem Iðnnemasambandið sjálft hafði gert, og ég vil nota þann tíma, sem ég á eftir hér í ræðustól til þess að leggja á það mikla áherslu, að Iðnnemasambandið fái þetta fé. Það hafði gert sér miklar vonir í sambandi við þetta fé. Það átti að vera lyftistöng fyrir alla starfsemi þess. Iðnnemasambandið hefur gert áætlun um námskeiðshald og útgáfu rits fyrir iðnnema, og hefur þar að auki hug á því að ráða fastan starfsmann til að starfa a. m. k. hálfan daginn iðnnemum til aðstoðar í sambandi við kjaramál þeirra og félagsmál.

Ég ítreka það í lokin, að mér finnst óskiljanlegt, að þetta skuli hafa getað gerst, og vil leggja á það ríka áherslu, að málinu sé komið í höfn hið snarasta, þannig að Iðnnemasambandið fái það fé, sem því ber.

Gunnar Thoroddsen: Herra forseti. Það var á þinginu 1971—1972, sem flutt var það frv., sem hér er til umr., og það náði lögfestingu. 1. flm. þess var Sigurður Magnússon, sem þá var forustumaður Iðnnemasambandsins. Frv. fól það í sér, að greiða skyldi gjald, sem næmi 1% af árlegu lágmarkskaupi iðnnema 1. árs í rafvirkjun, neminn sjálfur skyldi greiða ½% af sömu upphæð, og þetta fé skyldi notað, eins og segir í grg. fyrir frv., til þess að „auðvelda Iðnnemasambandi Íslands að halda uppi af sinni hálfu nauðsynlegu fræðslustarfi meðal iðnnema um iðnfræðslulöggjöfina og lögbundinn rétt þeirra.“ Þessu frv. var vísað til iðnn. Nd. og var rætt mjög ítarlega. Þar lögðum við Lárus Jónsson til, að önnur fjáröflunarleið yrði valin en þessi. Við töldum, eins og kemur fram í nál. iðnn., vafasamt að taka upp nýjan markaðan skatt og auk þess leggja hluta kostnaðar á sjálfa iðnnemana. Um leið og við lýstum okkur því eindregið fylgjandi, að Iðnnemasambandinu yrði aflað fjár í þessu skyni, var till. okkar því sú, að þess fjár skyldi aflað með því að veita í fjárl. jafnháa upphæð og ætlað var, að skatturinn mundi nema. Því miður fékk þessi till. okkar ekki áheyrn hjá stjórnarliðum, sem vildu samþykkja frv. í meginatriðum eins og það lá fyrir með þessum skatti á iðnmeistara og iðnnemana sjálfa.

Nú hefur lomið í ljós, að allt hefur þetta farið í handaskolum, og sést af því, að betra hefði verið fyrir stjórnarliða að fylgja till. okkar um fjárveitingu í þessu skyni. En það er ekki von, að hæstv. ríkisstj. leysi hin stærri vandamál þjóðfélagsins, fyrst hún þarf að klúðra með þetta mál.

Yfirbyggingar á Bolungarvíkurvegi, fsp. (þskj. 193). — Ein umr.

Fyrirspyrjandi (Þorv. Garðar Kristjánsson): Herra forseti. Fsp. sú, sem ég hef leyft mér að bera hér fram til samgrh., varðar Bolungarvíkurveginn.

Bolungarvíkurvegurinn liggur, eins og kunnugt er, milli Bolungarvíkur og Ísafjarðar. Hann er eina færa leiðin á landi milli þessara tveggja staða og er þess vegna lífæð Bolungarvíkur um

allar samgöngur á landi. En þessi vegur liggur á erfiðum slóðum í brattri fjallshlíð, þar sem er mikil hætta á ofanfalli og sérstaklega er hætta á snjóflóðum á vetrum, þar sem þarna er snjóþungt eins og víðast á Vestfjörðum. Sérstaklega eru hættusvæði þessa vegar bundin við gil, sem liggja í fjallshlíðinni. Niður þessi gil falla alltaf á hverjum vetri snjóflóð, sem hindra samgöngur um veginn lengri eða skemmri tíma. En það er ekki nóg með það, að snjóflóðin valdi slíkum samgöngutálmum, heldur stafar hér af mikil hætta þeim mönnum, sem eiga vegferð um veginn. Með tilliti til þessa hefur verið rætt í langan tíma að byggja yfir veginn á hættulegustu stöðunum, þar sem snjóflóðahættan er mest við gilin.

Þegar núgildandi vegaáætlun var í undirbúningi, kom þetta mál sérstaklega til umr., og þá var því lofað af hálfu vegamálastjórnarinnar, að það skyldi fara fram athugun á staðháttum og í framhaldi af því, hvers konar gerð yfirbygginga kæmi til greina á þessum vegi. Jafnframt því, sem ákveðið var að gera þessar athuganir, var gengið út frá því, að þeim væri lokið, áður en vegáætlun yrði endurskoðuð fyrir árin 1974 og 1975.

Nú líður að því, að það þarf að endurskoða vegáætlunina fyrir þessi ár. Það á að gera á þessu þingi. Ef á að standa við hin gefnu fyrirheit, verður þessum athugunum og áætlanagerðum að vera lokið nú á næstunni, ef þeim er ekki lokið nú þegar.

Með tilliti til þessa hef ég leyft mér að spyrja: „Hefur verið lokið athugun á staðháttum og áætlunargerð um yfirbyggingar yfir gil á Bolungarvíkurvegi, þar sem snjóflóð falla að jafnaði oft á ári? Ef svo er, hvenær geta framkvæmdir hafist?“

Félmrh. (Björn Jónsson): Herra forseti. Spurt er í fyrsta lagi: „Hefur verið lokið athugun á staðháttum og áætlanagerð um yfirbyggingar yfir gil á Bolungarvíkurvegi, þar sem snjóflóð falla jafnan oft á ári?“

Svar mitt við þessari fsp. er þetta: Á s. l. ári og í ár hefur verið unnið að athugun og mælingum á 6 stöðum á Bolungarvíkurvegi, þar sem talið er, að til mála komi að byggja yfir veginn til varnar gegn snjóflóðum og aurskriðum. Er stefnt að því, að við endurskoðun vegáætlunar fyrir árin 1974—1975 og gerð nýrrar vegáætlunar fyrir árin 1976 og 1977, sem gera skal lögum samkv. nú í vetur, verði unnt að leggja fram till. og kostnaðaráætlanir um yfirbyggingu á tveimur verstu giljunum.

Í öðru lagi: Þar sem yfirbyggingar fyrir snjóflóð og aurskriður eru ámóta kostnaðarsamar á hvern lengdarmetra vegar og brýr, verður ekki unnt að ráðast í slíkar framkvæmdir, fyrr en sérstakar fjárveitingar verða fyrir hendi. Gert er ráð fyrir, að framkvæmdir geti hafist nokkrum mánuðum eftir að fjárveitingar liggja fyrir. Af þessu svari mínu er ljóst, að framkvæmdir koma til álita í sambandi við gerð vegáætlunar og endurskoðunar nú í vetur.

Ég vil enn fremur taka fram í þessu sambandi, að sams konar athuganir hafa farið fram varðandi yfirbyggingu 5 gilja á Ólafsfjarðarvegi um Ólafsfjarðarmúla, og er gert ráð fyrir, að frumáætlun geti legið fyrir nú í vetur að yfirbyggingu á tveim þessara gilja, svo sem kom fram í fsp. um þetta mál í mars s. l.

•

Fyrirspyrjandi (Þorv. Garðar Kristjánsson): Herra forseti: Ég þakka hæstv. samgrh. fyrir svar hans. Mér þykir gott að heyra, að það er gert ráð fyrir, að það verði staðið við þær fyrirætlanir að ljúka athugun og áætlanagerð um þær framkvæmdir, sem hér um ræðir, þannig að fyrir geti legið, þegar vegáætlun verður endurskoðuð síðar á þessu þingi.

En ég tók eftir því, að hæstv. ráðh. sagði, að hér væri einungis um að ræða tvö verstu gilin á veginum. Um leið og ég fagna því, að það skuli vera gert ráð fyrir að áætlunum verði lokið varðandi þessi tvö gil, verð ég að leggja áherslu á það, að hér er ekki um að ræða nema nokkurn hluta verksins. Ég hygg, að það sé augljóst mál, að það verði að gera betur og halda áfram þessum undirbúningi og gera áætlanir og athuganir á fleiri giljum. Ég vil alveg sérstaklega leggja áherslu á þetta atriði og vænti þess, að hæstv. ráðh. taki þessi orð mín til athugunar og eftirbreytni.

Ráðh. sagði réttilega, að það væri ekki hægt að hefja framkvæmdir í þessum efnum, fyrr en fjárveitingar lægju fyrir. En hann sagði jafnframt það koma til álita við endurskoðun vegáætlunarinnar fyrir árin 1974 og 1975 að veita fjármagn til þessara framkvæmda. Mér þykir gott að heyra þetta. En ég vil leggja áherslu á, að það var alla tíð gert ráð fyrir að vinna þetta undirbúningsstarf með það fyrir augum, að því væri lokið áður en vegáætlun fyrir 1974 og 1975 væri endurskoðuð. Í því felst að mínu áliti, að það hafi verið gert ráð fyrir því í raun og veru, að það yrði veitt fjármagn til þessara framkvæmda við þessa endurskoðun. Það var ekki ástæða til að leggja svo mikla áherslu á, að undirbúningi og áætlanagerðum væri lokið fyrir endurskoðunina, nema einmitt vegna þess, að menn höfðu þá í huga, að það yrði veitt fjármagn til þessara bráðnauðsynlegu framkvæmda við næstu endurskoðun vegáætlunarinnar.

Það kann að vera, að það hafi ekki legið fyrir formleg loforð eða samþykktir um þetta efni, en ég tel þó, að það sé siðferðileg skylda yfirstjórnar vegamálanna að halda svo á þessu máli, að framkvæmdir geti hafist þegar á næsta ári. Og í trausti þess, að svo geti orðið, endurtek ég þakkir mínar til hæstv. ráðh. fyrir svar hans.

Sameinað þing, 33. fundur.

Þriðjudaginn 11. des., að loknum 32. fundi.

Öll dagskrármálin voru tekin af dagskrá.

Sameinað þing, 34. fundur.

Miðvikudaginn 12. des., kl. 2 miðdegis.

Fjárlög 1974, frv. (þskj. 1). — Frh. 1. umr.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 35 shlj. atkv.

Sameinað þing, 35. fundur.

Miðvikudaginn 12. des., að loknum 34. fundi.

Fjárlög 1974, frv. (þskj. 1, n. 214, 218 og 219, 204, 229). — 2. umr.

Of skammt var liðið frá 1. umr. — Afbrigði samþ. með 31 shlj. atkv.

Frsm. meiri hl. (Geir Gunnarsson): Herra forseti. Strax og fjvn. hafði verið kosin nú í haust, hóf hún störf við athugun fjárlagafrv., nokkru áður en því var formlega vísað til hennar. N. hafði, þegar meiri hl. hennar skilaði nál., haldið 42 fundi, en síðan hefur einn bæst við, svo að alls eru fundirnir orðnir 43, auk þess sem undirnefndir í sérstökum málaflokkum hafa haldið marga fundi, þó einkum undirnefnd í skólamálum, sem oft hefur lagt nótt við dag í störfum sínum.

Enda þótt n. skili þrem nál. og greinist í meiri hl. og tvo minni hl., gefur það ekki rétta mynd af því, hvernig þessir aðilar standa að störfum í n. á þeim tíma, sem hún hefur fjárlagafrv. til meðferðar, heldur hefur samstarfið sem fyrr verið með miklum ágætum. Ég vil því koma á framfæri sérstöku þakklæti mínu til meðnm. minna, sem allir hafa lagt sig fram um, að störfin mættu ganga sem greiðlegast. Á það ekki síður við um fulltrúa stjórnarandstöðunnar en hina. Þeir hafa sem jafnan fyrr staðið að málum af heilindum og drengskap í minn garð, og fyrir það flyt ég þeim þakklæti mitt og met mikils þeirra framkomu. N. hefur notið atfylgis hagsýslustjóra og starfsliðs hans í störfum sínum, og flyt ég þeim aðilum þakkir n.

Á fund n. koma á hverju hausti forstöðumenn margra ríkisstofnana og gera grein fyrir starfsemi stofnana sinna og því, sem þeim þykir áfátt um áætlaðar fjárveitingar til þeirra á komandi ári. Auk þess sækja aðrir aðilar, einkum forsvarsmenn sveitarfélaga og félagssamtaka, mjög á um að fá viðtöl við n. Í þetta fara margir fundir, og meðan verður ekki að öðru unnið. Miðað við verkefni er tími n. til starfa í raun inni mjög naumur. Henni berst gífurlegur fjöldi erinda, að þessu sinni talsvert á 6. hundrað, og því miður hefur ekki tekist að tryggja, að þau berist fyrir eðlileg tímamörk. Athuga verður og skoða stöðu hverrar skólabyggingar, sem unnið er að eða sótt er um að byggja, hvers sjúkrahúss, heilsugæslustöðvar og læknisbústaðar, og ræða verður um einstaka verkþætti í hverri einustu höfn í landinu, bera þetta saman og meta og vega, þegar ákvarðanir eru teknar um áframhaldandi fjárveitingar eða nýjar fjárveitingar. Þegar haft er í huga, að tími n. til að skila störfum er afmarkaður, er ekki að ófyrirsynju, að nm. þyki nokkuð langur tími fara í þessi viðtöl, og þau eru vissulega vandamál. Eftir þeim er mjög fast leitað, jafnvel mest síðustu dagana, sem n. hefur til umráða og brýnt er að nota til annarra óhjákvæmilegra starfa, ef unnt á að vera að skila till. í tæka tíð.

Mér er alveg ljóst, að stundum og jafnvel æðioft kemur tiltölulega lítið fram í þessum viðtölum. Þó að ýmis þeirra séu mjög gagnleg og óhjákvæmileg nauðsyn. Ég hef fyrir mitt leyti ekki viljað ganga langt í því að takmarka þau, þótt mikil þörf sé fyrir tímann til annarra starfa fyrir einstaka nm. og n. í heild.

Því miður hefur ekki, eins og ég áðan sagði, tekist sem skyldi að tryggja, að umsóknir berist í tíma, heldur rignir þeim yfir n., þegar mest er að gera, t. d. bárust um 200 erindi nú frá byrjun nóv. Það er því vissulega ekki mikill tími til viðtala. En hitt má að mínum dómi ekki vanmeta, að persónulegar viðræður nm. sameiginlega við embættismenn ríkisins, við sveitarstjórnarmenn og forustumenn félagasamtaka eru bræðir, sem varast verður að slíta. Verði slík viðtöl lögð niður í ríkum mæli eða með öllu, er hætt við, að n. lokist inni um of frá hinum raunverulegu umbjóðendum sínum, svo og frá þeim stofnunum ríkisins, sem hún ætti að hafa enn meiri tengsl við en hún hefur til þessa getað. Þótt n. megi varla af tímanum sjá til viðtala, því að hans er jafnan brýn þörf til annarrar vinnu við afgreiðslu fjárlagafrv., þá er hætt við, að hún lokaðist jafnvel um of inni og hver nm. ætti þá nær eingöngu samskipti við aðila úr sínu eigin kjördæmi. Slík vinnubrögð væru ekki holl fyrir n., sem á að vinna þau störf, sem fjvn. gerir.

Kynni nm. af vandamálum sveitarfélaga og stofnana hvarvetna um landið, sem fengin eru með persónulegum viðtölum n. við þá, sem þau bera fram, eru nauðsynleg, og úr þeim má ekki draga. Að hinu ber fremur að hyggja, hvort unnt er að koma þeim fyrir að einhverju leyti með öðrum hætti en venjan hefur verið um langt skeið, að þessir aðilar komi til viðtals við n., þegar hún er harðast keyrð í störfum og yfir hana rignir látlaust nýjum erindum. Þegar um hægist, verður fjvn. að taka þessi mál til sérstakrar athugunar, hvernig hún getur viðhaldið og jafnvel aukið tengsl sín við þá, sem hagsmuna eiga að gæta í sambandi við fjárveitingar í fjárl., án þess að það komi í sama mæli og nú niður á þeim knappa tíma, sem n. hefur til afgreiðslu mála á lokastigi.

Annað vandamál, sem óhjákvæmilegt er að fá lausn á, er frammistaða ýmissa rn. og ríkisstofnana í sambandi við afgreiðslu fjárl. Þau gögn, sem þessir aðilar eiga að leggja fyrir n., koma of seint. Þau ættu að vera fyrir hendi, áður en þing kemur saman. En það virðist fara á einn veg, hvernig sem að er farið til þess að fá þessum gamla óvana breytt, að vera með allt á síðustu stundu og leggja frumgögn fyrir n. um það leyti sem hún ætti að vera að ljúka

tillögugerð. Samtímis láta sjálf rn. rigna yfir n. eins og skæðadrífu nýjum erindum frá því í nóv. og allra örast eftir að byrjaður er des., þegar í raun réttri ætti ekki að opna eitt einasta bréf. Þetta er í einu orði sagt óþolandi og verður að breytast.

Í undirnefnd fjvn. á sæti einn nm. frá hverjum þeim flokki, sem mann á í n. Undirnefndin fjallaði um allmörg mál í sumar og hélt fleiri fundi en hún hefur áður gert. Meðal mála, sem n. sinnti, má nefna mötuneytismál ríkisstofnana, en athugun sú, sem sænskur aðili var látinn gera um hugsanlega notkun eldhúss Landsspítalans í þágu annarra ríkisstofnana en spítalanna, leiddi í ljós, að afkastageta þess dugir ekki til þess, að unnt sé að nota það einnig fyrir mötuneytin. Er því ljóst, að eigi að leysa þessi mál, rekstur mötuneyta ríkisstofnana, frá einum framleiðslustað, þarf til þess sérstakt eldhús, sem annaðhvort yrði miðað við þarfir ríkisstofnana einna eða yrði byggt upp í samvinnu við aðra aðila, og væri þá ástæða til að huga jafnframt að lausn mötuneytaþörf skólanna. Væri ástæða til að kanna, hvort ekki er tímabært og fjárhagslega hagkvæmt, að ríkið, eitt eða í samvinnu við aðra, byggi og reki afkastamikið eldhús, sem skipuleggi sendingar á máltíðum á vinnustaði ríkisstofnana, í skóla og á vinnustaði fyrirtækja, sem óskuðu viðskipta. Væri e.t.v. með þeim hætti unnt að jafna aðstöðu starfsmanna í þessu efni verulega frá því sem nú er.

Til frekari athugana á málefnum nokkurra ríkisstofnana, sem undirnefndin hefur áður beint athygli sinni að, hafa viðkomandi rn. skipað sérstakar nefndir, sem í sitja fulltrúar frá þessum stofnunum, frá því rn., sem þær heyra til, svo og frá hagsýslusstofnuninni. Þannig var í mars s.l. skipuð nefnd til þess að gera allsherjarúttekt á skipulagi Pósts og síma, og hafa komið hingað fulltrúar frá norsku póst- og símaþjónustunni til að aðstoða n., og munu þeir gera tillögur um heildarskipulag stofnunarinnar.

Í apríl s.l. var skipuð n. til að fjalla um skipulag og rekstur Ríkisútvarpsins. Er n. m.a. ætlað að huga að sameiningu á starfsemi, sem nú fer fram bæði hjá sjónvarpi og hljóðvarpi. T.d. eru fréttastofurnar tvær. Enn fremur er í athugun, hvort ekki er unnt að breyta tilhögun á innheimtu afnotagjalda, en á innheimtudeild munu nú starfa um 30 manns.

Í apríl s.l. var einnig skipaður starfshópur til þess að gera till. um bætta þjónustu og rekstur Tryggingastofnunar ríkisins.

Í sambandi við starfsemi þessara sérstöku nefnda er ástæða til að vekja athygli á því, að í fjárlagafrv. er nú gert ráð fyrir allverulegri fjárveitingu í því skyni að kaupa þjónustu erlendra og innlendra sérfræðinga á sviði hagsýslumálefna, og gefst með því aðstaða til þess að kanna gaumgæfilega rekstur einstakra ríkisstofnana, eftir því sem ástæða þykir til, og gera till. um hagfelldari rekstur.

Þá hefur verið unnið að athugun á því, hvort hagkvæmt muni reynast að setja undir sama þak starfsemi nokkurra ríkisstofnana: Öryggiseftirlits ríkisins, Brunamálastofnunar ríkisins, Löggildingarstofnunar og Rafmagnseftirlits ríkisins. Er þá m.a. stefnt að því, að þær hefðu sameiginlega vinnuskrifstofu. Símavarsla og vélritun og önnur slík störf yrðu þá unnin þar fyrir allar stofnanirnar, í stað þess að þær þurfi að hafa starfskrafta og húsrými til þeirra verkefna hver fyrir sig.

Á fjárl. þessa árs er heimild fyrir ríkisstj. til að taka lán allt að 20 millj. kr. til kaupa á sameiginlegu húsnæði fyrir ýmsar þær ríkisstofnanir, sem nú eru í leiguhúsnæði. Þessi heimild hefur ekki verið notuð, en farið hefur fram sérstök athugun á því, hvort ekki væri hagkvæmt að byggja ofan á hús Sölumiðstöðvar setuliðseigna við Grensásveg og ætla þar stað þeim stofnunum, sem ég áðan nefndi, og e.t.v. fleiri. Sú athugun virðist sýna, að hér yrði um hagkvæma ráðstöfun að ræða.

Ég hef lengi verið þeirrar skoðunar, að vinna eigi eftir sérstakri áætlun að því að koma sem allra flestum stofnunum ríkisins í eigið húsnæði á tilteknu árabili. Þetta þarf að sjálfsögðu að gerast á alllöngum tíma, en að þessu marki þarf að keppa. Það er alls engin ástæða til þess, að ríkisstofnanir greiði með leigugjaldi þau óverðtryggðu lán, sem einkafyrirtæki og einkaaðilar fá frá lánastofnunum til að fjárfesta í húsnæði, sem síðan er leigt ríkinu. Vissulega eru alveg ótæmandi þær þarfir, sem við blasa hvarvetna um landið fyrir það fjármagn, sem ríkið getur af mörkum látið til fjárfestingar, og því skiljanlegt, að þarfir fyrir ýmiss konar skrifstofuhúsnæði ríkisins hafi verið látnar sitja á hakanum, þegar á móti er teflt þörf fyrir sjúkrahúsbyggingar, skólamannvirki, hafnir og önnur brýnustu verkefni. Samt sem áður er ég þeirrar skoðunar, að ekki megi endalaust líta fram hjá því, að sífellt stærri hluti þjónustuskrifstofa ríkisins, sem landslög gera ráð fyrir, að starfi, eru í leiguhúsnæði, og á nokkurra ára bili greiða þær til einstaklinga og einkafyrirtækja það húsnæði, sem leigt er og jafnvel marggreiða það. Hér þarf að tryggja með sérstakri áætlun, að miði í rétta átt við hverja fjárlagaafgreiðslu, þar til það telst til undantekninga, að ríkisstofnanir séu í leiguhúsnæði.

Undirnefnd fjvn. hefur fjallað um, með hvaða hætti megi tryggja sem mest samræmi í launakjörum, hlunnindum og starfsreglum milli þeirra stofnana, sem lúta þeim reglum, sem um þetta gilda í ríkisstofnunum, og svo á hinn bóginn stofnana, sem eru utan við þessi ákvæði, svo sem ríkisbankar og ýmsar aðrar ríkisstofnanir, sem virðast sjálfar setja sér sínar eigin reglur að meira eða minna leyti. Má þar nefna Framkvæmdastofnun ríkisins, Húsnæðismálastofnunina, Áburðarverksmiðju og Sementsverksmiðju. Er nú í könnun, hvort unnt væri að koma hér á samræmingu með sérstakri lagasetningu, sem tryggði, að allar ríkisstofnanir sætu við sama borð í þessum efnum.

Undirnefndin kannaði enn fremur nokkuð starfsemi Sauðfjárveikivarna ríkisins, hvort of lengi væri kostað til girðinga og vörslu, þar sem ekki væri lengur full þörf fyrir hendi. Virðist sem á þessu sviði mætti nokkuð endurmeta og spara.

Undirnefndin hefur fjallað um tryggingu ríkiseigna og hefur einróma mælt með því við stjórn-

völd, að samið verði við Brunabótafélag Íslands um, að það taki að sér alla eigna- og áhættutryggingu ríkisins og ríkisstofnana með þeim kjörum, sem það hefur boðið, að veittur verði 10% afsláttur frá núgildandi iðgjöldum og að tryggingar ríkisins og ríkisstofnana verði sérstakur tryggingaflokkur og endurgreiddur verði ágóðahlutur af hagnaði, en Brunabótafélagið taki á sig tap, er verða kynni. Tryggingarnar og framkvæmd þeirra yrði algerlega á ábyrgð Brunabótafélags Íslands. Með þeim hætti kæmi auðveldlega fram, hvað ríkið greiðir fyrir tryggingarnar og hvað það fær í staðinn, en um það liggja ekki fyrir gögn nú varðandi allan ríkisbúskapinn. En í athugun, sem gerð var á tryggingaviðskiptum 26 ríkisfyrirtækja, kom í ljós, að á 3 árum fengu þau í tjónabætur nokkurn veginn sömu upphæð, um 60 millj. kr., sem þau greiddu í iðgjöld á einu þessara ára. Má þó ætla, að tjónabætur hafi verið hærri á þessum þrem árum en að jafnaði, þar sem á þessu tímabili var um að ræða 25 millj. kr. bætur vegna tjóns á varðskipinu Ægi.

Undirnefndin hefur beitt sér fyrir því, að skrifstofustarfsemi Fiskimálasjóðs verði lögð niður og lánastofnun taki að sér ásamt viðkomandi rn. þau störf, sem þar hafa verið unnin.

Undirnefndin kynnti sér nokkuð rekstur og uppbyggingu Fiskmats ríkisins og Síldarmats ríkisins. Hefur n. sent viðkomandi rn. grg. um þá athugun og lagði þar til, að sérstakri n. yrði falið að vinna að eftirfarandi verkefnum:

1. Að taka til heildarathugunar skipulag og starfsemi Fiskmats ríkisins og koma m. a. fram með till. um framtíðarverkefni matsstofnana sjávarútvegsins og till. að innra skipulagi, þar sem þau atriði, sem minnst var á í grg. n., verði tekin til athugunar.

2. Að gera till. um, hvernig hagfelldast sé að fella Síldarmat ríkisins inn í nýja matsstofnun sjávarútvegsins.

3. Að semja frv. til l. um matsstofnun sjávarútvegsins, þar sem gengið er út frá því, að Síldarmat ríkisins verði lagt niður og starfsemi þess verði falin matsstofnuninni.

4. Að kanna og gera till. um, á hvern hátt verði best tryggt samræmi á störfum matsstofnunarinnar og eftirlitsstörfum sölusamtaka, þannig að fyllstu hagsýni sé gætt.

Þá er þess að geta, að undirnefnd fjvn. kynnti sér þær athuganir, sem fram hafa farið í því skyni að koma á fót hagfelldari tilhögun á skráningu bifreiða á þann veg, að hvert ökutæki haldi sama skrásetningarauðkenni frá fyrstu skráningu þar til það er endanlega tekið út af skrá. En samkv. þeim athugunum, sem fram hafa farið, var talið fyrir 1½ ári, að sparnaður við að taka upp slíkt kerfi væri mjög varlega áætlaður 3½—4 millj. kr., miðað við fjölda ökutækja og skráningarfjölda árið 1971. Þessi tala er að sjálfsögðu mun hærri í dag. Er þó sleppt að meta til verðs allan þann tíma, sem umráðamenn ökutækja nota nú við umskráningu, en með nýja skipulaginu yrði um mikinn tímasparnað að ræða hjá þeim aðilum, miðað við það, sem nú á sér stað. Undirnefnd fjvn. hefur einróma mælt með því við viðkomandi rn., að tekið verði upp breytt fyrirkomulag um skráningu ökutækja, — tilhögun, sem er einfaldari og öruggari og sparaði verulega vinnu bifreiðaeftirlitsmanna, sem gætu þá unnið þeim mun meir að störfum, sem varða umferðaröryggi.

Ég hef hér minnst á nokkur þau mál, sem undirnefnd fjvn. hefur fjallað um, en mun nú rekja þær brtt., sem fjvn. flytur sameiginlega á þskj. 204.

Þar eru fyrst till. varðandi menntmrn.

Áður en ég kem að þeim till., sem tilgreindar eru á þskj. 204, vil ég minnast á það, að í aths. við fjárlagafrv., á bls. 167, er þess getið, að fjárveiting til útgáfustarfsemi heimspekideildar Háskóla Íslands nemi 2.5 millj. kr. og skiptist með þeim hætti, sem þar er tilgreint, milli málfræðiskorar, bókmenntaskorar og sagnfræðiskorar. Fjvn. er sammála um að líta svo á, að hér eigi að vera um að ræða á fjárl. óskipta upphæð 2.5 millj. kr., en heimspekideild Háskólans skipti henni sjálf.

Þá er till. um, að við aðalskrifstofu menntmrn. verði laun hækkuð um 560 þús. kr. vegna ráðningar starfsmanns til að sinna málefnum dagvistunarheimila samkv. 16. gr. l. nr. 29 1973. — Og önnur till. er varðandi aðalskrifstofuna. Þar er lagt til, að framlag vegna námsskrárgerðar við iðnfræðslu hækki um 1 millj. kr. eða úr 1.5 millj. í 2.5 millj., en mjög er talið á skorta, að þessu máli hafi verið sinnt sem skyldi. N. flytur till. um, að veittar verði 275 þús. kr. styrkur til að kosta kennara, einn eða fleiri, til náms í talkennslu fyrir vangefin börn.

Gerð er till. um hækkun, 2 millj. 681 þús., á launagreiðslum við læknadeild háskólans. Hér er um að ræða ráðningu prófessors í félagslækningum frá 1. sept. á næsta ári, hálfa dósentsstöðu í lífeðlisfræði, 4 hlutastöður dósenta í lyflæknisfræði og hlutastöðu lektors í heimilislækningum frá 1. sept. Þessi aukning á mannafla læknadeildar er talin óhjákvæmileg, til þess að unnt verði að komast hjá fjöldatakmörkunum á inngöngu nema í læknadeild. Að sjálfsögðu er til lítils að stórauka framkvæmdir um allt land í heilbrigðismálum, ef ekki eru jafnframt gerðar ráðstafanir til þess, að starfskraftar séu til.

Till. er gerð um, að á næsta hausti verði tekin upp kennsla í haffræði við Háskóla Íslands og laun við verkfræðideild hækki í því skyni um 1 millj. 35 þús. kr., en gert er ráð fyrir ráðningu prófessors næsta vor til þess að undirbúa kennslu og dósents næsta haust.

Gjöld til Raunvísindastofnunar háskólans eru hækkuð um 806 þús. kr. vegna uppsetningar og rekstrar jarðskjálftamæla til að fylgjast með jarðskjálftum í grennd við Kötlu.

Lagt er til, að hafin verði viðbygging við hús Rannsóknastofnunar byggingaiðnaðarins að Keldnaholti og þar fari jafnframt fram starfsemi í tengslum við verkfræðideild háskólans.

Lagt er til, að framlag til endurbóta á húsnæði Menntaskólans á Akureyri verði hækkað um 2 millj. kr. og gjaldfærður stofnkostnaður við Menntaskólann á Ísafirði verði hækkaður um 3.3 millj. kr., í 48 millj., til þess að unnt verði að standa við gerða verksamninga. — Framlag til byggingar menntaskóla á Egilsstöðum hækkar um 10 millj. kr. í 15 millj. Með þeim fjár-

veitingum, sem áður hafa verið veittar til skólans, ætti að vera unnt að hefja byggingu hans á næsta ári, ef undirbúningi að öðru leyti verður lokið í tæka tíð. — Lagt er til, að veittar verði 2 millj. kr. til áhaldakaupa við Menntaskólann í Kópavogi. — Framlag til gjaldfærðs stofnkostnaðar við Kennaraháskóla Íslands hækkar um 6.6 millj. í 28.6 millj. — Framlag til Æfinga- og tilraunaskóla Kennaraháskólans hækkar um 1 millj. í 7.3 millj. kr.

Gjaldfærður stofnkostnaður Íþróttakennaraskóla Íslands að Laugarvatni hækkar um 1.5 millj. — Lagt er til, að hækkuð verði um 1 millj. kr. fjárveiting til Stýrimannaskólans í Reykjavík vegna tækjakaupa. — Enn fremur hækki framlag til Fóstruskóla Íslands um 1 millj. — Lagt er til, að framlag til Handíða- og myndlistarskólans til áhalda- og tækjakaupa hækki um 250 þús. kr. — Fjárveiting til gjaldfærðs stofnkostnaðar í héraðsskólum hækkar um 6.9 millj. kr., í 71.5 millj. — Flutt er till. um, að framlag til byggingar Skálholtsskóla hækki um 1 millj. kr. eða í 6 millj.

Framlag til byggingar barnaskóla o. fl. hækkar um 158.4 millj. og nemur eftir þá hækkun 658.4 millj. Það skal tekið fram í þessu sambandi, að á s. l. sumri gerði fjvn. skrá um þær fjárveitingar til þessa málaflokks, sem hún taldi eftir ábendingum menntmrn. helst koma til greina, að ekki kæmi til greiðslu á árinu, ef beitt yrði heimild, sem fyrir hendi var til niðurskurðar á verklegum framkvæmdum. Nú hefur n. borist bréf frá fjmrn. um, að heimildir til niðurskurðar hafi í engu tilfelli verið notaðar gagnvart verklegum framkvæmdum og eigi því ónotaðar fjárveitingar um n. k. áramót í þessum málaflokkum og öðrum að vera fyrir hendi til framkvæmda á næsta ári, og hefur því ekki verið gengið út frá því, að þær þurfi að endurveita. Í þeim till., sem fyrir liggja um fjárveitingar til verklegra framkvæmda á hina ýmsu framkvæmdaliði, er því ekki um endurveitingu að ræða, heldur ávallt nýtt framkvæmdafé, sem kemur þá til viðbótar geymdu fé, þar sem um það er að ræða.

Þá er lagt til, að veittar verði 4.6 millj. kr. til að koma á fót í leiguhúsnæði dagheimili fyrir fjölfötluð börn. — Lagt er til, að liðurinn til dagvistunarheimila hækki um 30 millj. kr. í 85 millj. og skiptist í framlag til rekstrar 45 millj. kr. og til byggingarframkvæmda 40 millj. Í lögum, sem sett voru á síðasta ári um stuðning ríkisins við byggingu og rekstur dagvistunarheimila, er gert ráð fyrir margháttuðum athugunum, sem eiga að fara fram á vegum menntmrn. á þeim umsóknum, sem þangað eru sendar um slík fjárframlög frá ríkissjóði, og síðan séu lögð fram ýmis gögn, uppdrættir, fjárhagsáætlanir, staðfesting á mótframlögum og fleira, áður en fjvn. gerir till. um fjárveitingar til einstakra framkvæmda. Ekkert af þessu hefur enn borist til n., og hefur hún því ekki skipt upphæðinni, en flytur þá till. á þskj. 204, að auk þess, að heildarupphæðin til byggingarframkvæmda hækki um 30 millj. í 40 millj., hækki úr 10 millj. í 40, verði ákveðið við afgreiðslu fjárl., að fjvn. úthluti af upphæðinni til einstakra framkvæmda eigi síðar en 1. maí n. k., enda hafi þá verið fullnægt ákvæðum l. nr. 29 1973, um hlutdeild ríkisins í byggingu og rekstri dagvistunarheimila, um undirbúning viðkomandi framkvæmda.

Þá er till. um, að framlag til Lánasjóðs ísl. námsmanna hækki um 30 millj. kr. frá frv. Nemur þá fjárveiting til Lánasjóðsins á næsta ári 486.6 millj. kr., og munu lán á næsta ári nema u. þ. b. 83% af umframfjárþörf í stað 77.8% 1973 og 62.9% á árinu 1970. Auk þessarar upphæðar, sem lagt er til að veitt verði til Lánasjóðs ísl. námsmanna, eru á fjárl. veittar 75 millj. kr. til að jafna námskostnað eftir búsetu. Nema því sérstakar greiðslur úr ríkissjóði til aðstoðar við námsmenn samtals 561.6 millj. kr. á næsta ári, en hliðstæðar greiðslur námu um 67 millj. 990 þús. kr. árið 1970.

Beinar greiðslur til Lánasjóðsins nema þannig orðið verulega háum upphæðum eða nokkrum tugum millj. kr. hærri upphæð en allar fjárveitingar eru úr ríkissjóði til rekstrar, byggingarframkvæmda og tækjakaupa við eftirtaldar stofnanir samanlagt: Háskóla Íslands, Tilraunastöðina á Keldum, Raunvísindastofnun Háskólans, Stofnun Árna Magnússonar á Íslandi, Orðabók háskólans og Náttúrufræðistofnun Íslands. Vegna vægra lánaskilmála verður aukning eigin tekna Lánasjóðsins mjög lítil, eða um 800 þús. kr. á næsta ári, á sama tíma og beint ríkisframlag nemur nær 490 millj. kr.

Þess er að vænta, að á þessu verði breyting með nýjum l. um Lánasjóð ísl. námsmanna, þannig að sjóðurinn verði smátt og smátt færari um að sinna skuldbindingum sínum með eigin fé, en hlutfallslega geti dregið úr beinum árlegum framlögum ríkissjóðs, sem eru orðin mjög há, enda hygg ég, að vilji flestra námsmanna standi til þess, að breytingar verði gerðar á lánareglum sjóðsins, sem leiði til þess.

Það má vel vera, að ýmsum námsmönnum þyki ekki mikið til þess koma að veita úr ríkissjóði óafturkræft fyrir ríkissjóð þá upphæð, sem ég hef hér nefnt, um 490 millj. kr. En ég get sagt fyrir mitt leyti, að ég tel ekki tímabært nú, að veitt verði sú upphæð, sem með þarf til þess, að lán nemi allri umframfjárþörf. Ég tel það ekki tímabært, fyrr en ég sé, hvernig gengið verður frá lánakjörum og endurgreiðslu lána í þeim lögum um Lánasjóð námsmanna, sem væntanlega verða samþykkt á þessu þingi. Ég vil fyrst fá að sjá, hver verður eiginfjármyndun sjóðsins og hver á að verða hlutur ríkisins á komandi árum.

Það má líka vel vera, að ýmsum námsmönnum þyki lítið til þess koma, að fjárveitingar úr ríkissjóði til námsmanna, þ. e. a. s. til Lánasjóðsins og til jöfnunar námsaðstöðu, hafa hækkað úr tæplega 68 millj. kr. 1970 í rúmlega 561 millj. kr. á næsta ári. En ég verð að segja, að ég vildi gjarnan að ýmis önnur góð málefni hefðu fengið hliðstæða hækkun.

Þá er lagt til, að styrkurinn til erlendra námsmanna í ísl. skólum hækki um 200 þús. kr. og verði alls 1 millj. og 800 þús. kr. Á móti þessum styrk veita aðrar þjóðir íslenskum námsmönnum styrki, sem nema miklu hærri upphæðum.

Styrkur til útgáfustarfa hækkar um 1 millj. 165 þús. kr., í 5 millj. 465 þús. Er þá gert ráð fyrir, að eftirgreindir styrkir hækki eða bætist við: Sögunefnd Þingeyinga verði veittar 75 þús.

kr. Jóni Gíslasyni vegna sögu hreppaskipunar á Suðurlandi 25 þús. kr. Styrkur til Hins ísl. bókmenntafélags hækki úr 500 þús. í 750 þús. kr. Menningarsjóði og þjóðminjasafninu verði veittur 300 þús. kr. styrkur til að gefa út bók með myndum frá Íslandi á fyrri öldum. Sögufélagi Ísfirðinga verði veittur 50 þús. kr. styrkur, Glímusambandi Íslands til að gefa út Glímusögu Íslands á árinu 1974 150 þús. kr., Alþýðusambandi Íslands til útgáfu handbókar 200 þús. kr., Sögufélagi Borgfirðinga og Sögufélagi Austurlands 50 þús. kr. hvoru og Íþróttakennarafélagi Íslands 30 þús. kr. Jafnframt er gert ráð fyrir, að 2 aðilar, er sent hafa umsóknir til n. um útgáfustyrki, haldi óbreyttum hlut, þ. e. a. s. Samband ungra rithöfunda 75 þús. kr. og Búnaðarsamband Austurlands 100 þús. kr.

Lagt er til, að styrkur til Stúdentaráðs Háskólans og SÍNE (Sambands ísl. námsmanna erlendis) hækki um 100 þús. kr. í 310 þús. kr.

Þá er lagt til, að styrkur til Myndlistaskólans í Rvík, þ. e. Myndlistaskólans við Freyjugötu, hækki um 200 þús. kr. í 500 þús. kr.

Þá leggur n. til, að breytingar verði á útgjaldaliðum hjá Þjóðminjasafni Íslands sem hér segir: Laun hækki um 300 þús. kr., önnur rekstrargjöld um 600 þús., viðhald um 250 þús. og yfirfærslur um 50 þús. kr. Þessar hækkanir eru af nokkrum aðgreindum orsökum, sem koma fleiri en ein inn á sama útgjaldalið hjá stofnuninni.

Í fyrsta lagi er um að ræða tillögu um, að 400 þús. kr. verði veittar til þess að hefja söfnun og björgun ýmissa muna og minja í tengslum við sjósókn og sjómennsku, en ýmsir slíkir hlutir, þ. á m. bátar, liggja undir skemmdum víðs vegar um land. Til þess að hefja könnun á þessu máli og söfnun og björgun minja er þessi till. flutt. En þetta er það fyrsta, sem þarf að gera til þess, að af því geti orðið, að komið verði upp sjóminjasafni, sem Íslendingum sæmir, en þess er að vænta, að ríkisvaldið og bæjaryfirvöld í Hafnarfirði nái samstöðu um slíka safnbyggingu, ef Alþingi samþykkir till., sem liggur fyrir um það efni.

Í öðru lagi er um að ræða tillögu um, að veittar verði 500 þús. kr. vegna Örnefnastofnunar, og þá gert ráð fyrir, að sú stofnun, sem þau mál annast, geti ráðið nemendur að sumri til að aðstoða við örnefnasöfnun úti á landsbyggðinni.

Þá er í þriðja lagi um að ræða till. um nokkrar hækkanir til safnsins vegna varðveislu gamalla húsa og kirkna, samtals 250 þús. kr.

Lagt er til, að laun hjá Þjóðskjalasafni Íslands hækki um 260 þús. kr. vegna ráðningar starfsmanns í ½ starf í viðgerðarstofu safnsins.

Laun hjá Listasafni Íslands hækka um 360 þús. kr. vegna safnvarðar í ½ starfi til að sjá um sýningar og útlán úr safninu. Þessi upphæð er í núgildandi fjárlögum, en féll niður af misgáningi í frv.

Lagt er til, að framlög til Menningarsjóðs hækki um 700 þús. kr., þessi upphæð verði veitt til að styrkja gerð kvikmyndar um íslenskan bónda á Vestfjörðum, en Þorsteinn Jónsson kvikmyndagerðarmaður hefur hlotið sérstakan styrk menntamálaráðs til að gera þessa mynd, en styrkur menntamálaráðs dugir naumast fyrir meira en þriðjungi kostnaðar.

Liðurinn aðrir tónlistaskólar hækkar um 3 millj. kr., þar sem þessi liður hefur ekki reynst nægja á undanförnum árum til þess, að hann svari til ⅓ af rekstrarkostnaði skólanna, en það er skoðun fjvn., að þann hluta beri að greiða, enda þótt áætlun kunni að vera lægri en ⅓ hluti raunverulegs rekstrarkostnaðar. Þess vegna er talið varlegra að hækka áætlunina um 3 millj. kr. fyrir næsta ár.

Nefndin flytur till. um, að rekstrarframlag til Barnamúsikskólans í Rvík hækki um 600 þús. kr., en á móti því framlagi kemur framlag frá Reykjavíkurborg.

Framlag til Leikfélags Reykjavíkur hækkar um 1½ millj. í 5½ millj kr. — Þá er lagt til, að framlag til Bandalags ísl. leikfélaga komi sem sérliður á fjárlögin, en lagaákvæði munu gera ráð fyrir, að svo sé gert. Liðurinn er 300 þús. kr. hærri en það framlag, sem Bandalagið hlaut á þessu ári. — Þá leggur n. til, að framlag til annarra leikfélaga hækki um 1 millj. og 700 þús. kr. í 5 millj. og 200 þús. kr., og er þá við það miðað, að Leikfélag Akureyrar, sem nú er orðið atvinnumannaleikhús að nokkru leyti, hljóti 2½ millj. kr. af þeirri upphæð. — Þá leggur n. til, að tekinn verði upp nýr liður á fjárlögum: Til leiklistarskóla 1½ millj., en ætlunin er, að Þjóðleikhúsið og Leikfélag Reykjavíkur standi sameiginlega að rekstri leikskóla, auk þess sem samtök áhugamanna um leiklist, reka eigin skóla, og er til þess ætlast, að þessir aðilar allir fái greiðslu af þessum lið.

Fjvn. leggur til, að heiðurslaun listamanna hækki um 900 þús. kr., í 3 millj. kr. Menntmn. þingsins gera síðan tillögur um skiptingu þessarar upphæðar. N. leggur enn fremur til, að starfslaun listamanna hækki um 1 millj. kr., í 2½ millj. kr., og listamannalaun hækki um 2 millj. 670 þús. kr., í 10 millj. kr.

Þá er lagt til, að tekinn verði upp nýr liður: Til Tónskóla Sigursveins D. Kristinssonar vegna stofnkostnaðar, og veittar verði 460 þús. kr. Hér er um að ræða 3. og síðustu greiðslu, en áður hafði verið gert ráð fyrir því, að greiðslur yrðu 3, en vegna mistaka féll niður að gera ráð fyrir síðustu greiðslunni í fjárlagafrv.

Lagt er til, að Tónlistarfélagi Mosfellssveitar, Tónlistarfélagi Árnessýslu og Tónlistarfélagi Hafnarfjarðar verði veittar 144 þús. kr. hverju, eða samtals 432 þús. kr., vegna innréttinga á húsnæði fyrir tónlistarskóla á þessum stöðum. Þessir sömu aðilar fengu við afgreiðslu fjárlaga í fyrra hliðstæðar upphæðir, og þá var þess sérstaklega getið, að um væri að ræða fyrri greiðslu af tveimur, en á fjárlagafrv. hafa þessar greiðslur fallið niður.

Þá kemur nýr liður: Styrkur til færeysks rithöfundar til dvalar á Íslandi 100 þús. kr. Rithöfundasjóður Íslands hefur lagt til, að slík fjárveiting verði tekin upp, og var fjvn. sammála um að fallast á þá tillögu.

Þá er komið að till. varðandi Íþróttasjóð, en n. leggur til, að framlag til sjóðsins verði hækkað um 17.1 millj. kr. frá frv. Við afgreiðslu fjárlaga fyrir árið 1972 voru framlög til sjóðsins hækkuð um 160% í þeim tilgangi að hefja að-

gerðir til þess að snúa við þeirri þróun, sem hafði verið látin viðgangast, að skuldir sjóðsins hrúguðust stöðugt upp, en framlag ríkissjóðs væri nánast ekki neitt, nam á fjárl. á árinu 1971 5 millj. kr., þar með taldir kennslustyrkir. Við fjárlagaafgreiðslu fyrir árið 1972 var framlag ákveðið 13 millj. kr., og við afgreiðslu núgildandi fjárlaga var haldið áfram á sömu braut og fjárveitingar miðaðar við, að halinn yrði greiddur á 4 árum, gegn því, að sveitarfélög og íþróttafélög féllu frá 20% af inneign sinni. Svo til öll sveitarfélög og íþróttafélög hafa nú samþykkt þessar tillögur. Í fyrra voru 16.6 millj. kr. veittar til greiðslu á fyrsta fjórðungi skuldarinnar og 3.1 millj. kr. var veitt vegna íþróttamannvirkja, sem þá voru í byggingu, til þess að mæta skuldbindingum varðandi framkvæmdir þeirra á árinu. Nú er lagt til, að enn verði veittar 16.6 millj. kr. vegna annars hluta af skuldagreiðslunum, 18 millj. kr. verði veittar til þeirra framkvæmda, sem voru í byggingu í fyrra og fengu þá 3.1 millj., skrá um þau er í sérstakri sundurliðun á þskj. 204, og enn er lagt til, að veittar verði 3.1 millj. kr. til nýrra íþróttamannvirkja, sem hafnar verða framkvæmdir við á næsta ári. Sundurliðun á fjárveitingu til þeirra framkvæmda er einnig á þskj. 204. Enn fremur leggur n. til, að rekstrarstyrkur til íþróttafélaga hækki úr 5.3 millj. kr. í 6.3 millj. kr. Samtals nemur þá fjárveiting til íþróttasjóðs skv. þessum till. á næsta ári 44 millj. kr. og hefur nær nífaldast frá því, sem núverandi stjórnarandstöðuflokkar ákváðu að veita sjóðnum á árinu 1971. Rúmlega þriðjungur fjárveitingarinnar nú fer til þess að greiða hluta af skuldahalanum, sem eftir var skilinn, þegar viðreisnarstjórnin fór frá völdum. En þess er að vænta, að með áframhaldi á þeirri stefnu, sem núverandi stjórnarflokkar hafa tekið upp gagnvart íþróttasjóði, komist mál hans á réttan kjöl og það heyri sögunni til, að íþróttamannvirki standi á úthlutunarskrá í 18 ár, eins og áður átti sér stað.

Þá er komið að brtt. við liðinn æskulýðsmál. N. leggur til, að framlag til Æskulýðsráðs ríkisins hækki um 800 þús. kr., framlag til Ungmennafélags Íslands um 900 þús. kr., til Bandalags ísl. skáta um 150 þús. kr., til Æskulýðssambands Íslands um 200 þús. kr., til Bandalags ísl. farfugla 25 þús. kr., til starfsemi K F U M í Vatnaskógi 25 þús. kr. og við bætist eftirfarandi aðilar: Samband bindindisfélaga í skólum fái 50 þús. kr., Íslenskir ungtemplarar 50 þús. kr. og Æskulýðsnefnd S.-Þingeyjarsýslu 50 þús. kr.

Þá er lagt til, að Frjálsíþróttasambandi Íslands verði veittur sérstakur styrkur vegna Evrópumeistaramóts í frjálsum íþróttum á næsta ári, 100 þús. kr., en sambandið hefur jafnan hlotið slíkan aukastyrk, þegar Evrópumeistaramót fara fram.

Lagt er til, að styrkur til Matthíasarsafns á Akureyri hækki um 40 þús. kr. í 80 þús. kr. — Flutt er tillaga um, að Sædýrasafninu í Hafnarfirði verði veitt hækkun á rekstrarstyrk úr 300 þús. kr. í 1 millj., en safnið hefur orðið umfangsmeira með hverju ári, og er rekstrarkostnaður þess nú nálega 20 þús kr. á dag. Þá er enn fremur till. um, að Sædýrasafninu verði veitt stofnkostnaðarframlag 1 millj. 34 þús. kr. Hér er um að ræða 1. greiðslu af 6 vegna stofnkostnaðar, en ríkissjóður ber 40% af þessum stofnkostnaði, en sveitarfélögin á Reykjavíkursvæðinu og Keflavík og Njarðvík bera 60% Þá leggur n. til, að framlag til Skáksambands Íslands hækki úr 400 í 500 þús. kr. og styrkur til alþjóðaskákmóts í Rvík úr 150 þús. kr. í 250 þús. kr. — Þá leggur n. til, að styrkur til hjálparsveita skáta vegna sporhunds, sem notaður er við leit að týndu fólki, hækki um 50 þús. kr. í 200 þús. kr.

Framlag til Kvenfélagasambands Íslands hækkar um 350 þús. kr., í 1 millj. 700 þús. kr. — N. gerir till. um, að styrkur til Hlíðardalsskóla í Ölfusi hækki um 300 þús. kr., í 900 þús. kr. — Þá leggur fjvn. til, að tekinn verði upp nýr liður: Til þjóðhátta- og byggðakvikmynda 300 þús. kr., og er þá gert ráð fyrir, að hann skiptist á milli 3 aðila, sem fái 100 þús. kr. hver, þ. e. a. s. Búnaðarsamband Suðurlands, Hólshreppur og Búnaðarsamband N.-Þingeyjarsýslu, en allir þessir aðilar vinna nú að gerð heimildarkvikmyndar og hafa sótt um styrk til fjvn.

Lagt er til, að upp verði tekinn nýr liður: 300 þús. kr. til sumarnámskeiða í Leirárskóla, en þar hafa verið starfrækt námskeið fyrir leiðbeinendur í félags- og íþróttastarfi. — Þá er lagt til, að félagi laganema við Háskóla Íslands verði veittur 250 þús. kr. styrkur vegna kostnaðar við að halda mót norrænna laganema á Íslandi á næsta sumri. — Þá er enn lagt til, að tekinn verði upp nýr liður til rannsóknar á fornum þingstað í Kópavogi og veittar verði 75 þús. kr. til að greiða kostnað við fornleifauppgröft og hinu forna þingstæði í Kópavogi, en það verk er Menningar- og listasjóður Kópavogs að láta vinna.

Þá er komið að till. varðandi utanrn. Lagt er til, að liðurinn: Til kaupa á Iceland Review 500 þús. kr., falli niður, en á móti hækki liðurinn til upplýsinga- og kynningarstarfsemi hjá rn. um 1 millj. og 500 þús. kr. Er við það miðað, að með þessu móti verði utanrrn. gert kleift að auka kaup á tímaritinu um allt að 1 millj. kr., eftir því sem það telur nauðsyn til bera, miðað við fjárhagslega afkomu þess og gildi þess sem upplýsinga- og kynningarrits.

Þá eru brtt. varðandi landbrn. Á þskj. 204 er brtt. nr. 58, Jarðeignasjóður ríkisins, og er lagt til, að hann hækki um 2 millj. kr. Þessi till. er rangt tilfærð, og ég vil leiðrétta hana þannig, að hér á að vera um að ræða hækkun á liðnum Jarðeignir ríkisins, framlög, og verður þessi brtt. leiðrétt á öðru þskj.

Framlag til Tilraunastöðvarinnar á Akureyri hækkar um 2 millj. kr., vegna þess að fyrirhugaður er flutningur tilraunastöðvarinnar úr þéttbýlinu á Akureyri á ríkisjörð í nágrenninu.

Lagt er til, að við viðfangsefnaliði hjá Landnámi ríkisins bætist: Til byggingar gróðurhúsa 1 millj. kr., en í lögunum mun gert ráð fyrir slíkum styrkjum.

Þá er lagt til, að framlag í Fiskræktarsjóð hækki um 1 millj. og 300 þús. kr. í 4 millj. kr.

Framlag til fyrirhleðslna hækkar um 4 millj. og 30 þús. kr. Sundurliðun á einstakar fyrir-

hleðslur kemur fram á þskj. 204 Það mun vera um að ræða prentvillu í nál. meiri hl. fjvn., þar sem greint er frá þessum till. Þar er sagt, að hækkun á fyrirhleðslum sé 75 þús. kr., en er rétt tilgreint í brtt. 4 millj. og 30 þús. kr. Styrkir til landþurrkunar hækka um 75 þús. kr., þaðan er talan líklega komin. Og sundurliðun er einnig á þskj. 204.

Flutt er til 1. umr., að framlag til Einangrunarstöðvar holdanauta hækki úr 6 millj. kr í 8 millj. kr., en 10—12 millj. kr. munu vera til ónotaðar af fyrri fjárveitingum, svo að unnt ætti að vera að hefja framkvæmdir á næsta ári.

Félagssamtökin Landvernd, það er lagt til, að styrkur til þeirra hækki um 200 þús. kr. eða í 500 þús. kr.

Till. varðandi sjútrrn.: Hafrannsóknastofnun, útibú, lagt er til, að þessi liður hækki um 1 millj. og 500 þús. kr., þannig að heildarfjárveiting verði 3 millj. og 500 þús. Er þá gert ráð fyrir, að stofnuð verði 2 útibú frá stofnuninni, og hafa í því sambandi verið nefnd Húsavík og Höfn í Hornafirði.

Þá er lagt til, að liðurinn Rannsóknastofnun fiskiðnaðarins, útibú, hækki um 500 þús. kr. í alls 2½ millj. kr., en þetta fé mun vanta til þess að koma upp einu útibúi frá stofnuninni.

Til sjóvinnunámskeiða og skólabáta, þar er lagt til, að þessi liður hækki um 2 millj. kr. vegna námskeiða sem fyrirhugað er að halda í meðferð veiðarfæra, sérstaklega á þeim stöðum, þar sem gerðir eru út skuttogarar.

Lagt er til, að liðurinn veiðieftirlit hækki um 3 millj. kr. vegna ráðningar 3 veiðieftirlitsmanna til að hafa eftirlit með, að haldin séu skilyrði sem sett eru við útgáfu veiðileyfa, m. a. að því er varðar gerð og notkun veiðarfæra, veiðisvæði, veiðitíma, aflasamsetningu og lágmarksstærð teg unda.

Skrifstofa Rannsóknastofnana atvinnuveganna, lagt er til, að launaliður hækki um 880 þús. kr., vegna ráðningar fulltrúa allt árið og aðstoðargjaldkera hálft árið.

Er þá komið að till. varðandi dóms- og kirkjumrn. Lagt er til, að liðurinn rekstur sjúkrasamlaga falli niður, en upphæðinni verði skipt á launa- og rekstrarliði viðkomandi embætta sýslumanna og bæjarfógeta. Hér er því ekki um að ræða till., sem breyti niðurstöðutölum frv.

Liðurinn lögreglustjórinn í Bolungarvík, þar er lagt til, að tekin verði upp fjárveiting til skuldagreiðslu vegna byggingar yfir skrifstofur embættisins og lögreglustöð. Er hér um sömu fjárveitingu að ræða og er í núgildandi fjárlögum.

Launaliður hjá embætti sýslumannsins á Selfossi hækkar um 511 þús. kr. vegna ráðningar starfsmanns til tryggingaumboðs.

Lagt er til, að gjaldfærður stofnkostnaður hjá bæjarfógetanum í Keflavík hækki um 4 millj. kr. vegna innréttingar á skrifstofu embættisins, en sem kunnugt er stækkar lögsagnarumdæmi embættisins verulega um næstu áramót. Launaliður er að nokkru vanáætlaður í frv., miðað við það starfslið, sem þar hefur unnið. Auk þess er gert ráð fyrir starfsliðsaukningu, þegar umsvif embættisins aukast nú mjög, og er gerð tillaga um, að launaliður hækki af þessum sökum um 2 millj. 321 þús. kr. frá frv. og að texti breytist úr bæjarfógetinn í Keflavík í sýslumaður og bæjarfógeti, Keflavík.

Þá er gerð till. um nýjan lið, matsnefnd eignarnámsbóta. Skv. l. nr. 11 1973, um framkvæmd eignarnáms, skal koma á fót n. til að ákvarða eignarnámsbætur. Er lagt til, að eftirtaldir liðir verði teknir inn vegna n.: Laun 2 millj., önnur rekstrargjöld 250 þús. kr., þ. e. a. s. heildargjöld 2 millj. 250 þús. kr., og á móti komi tekjur 1 millj., nettóútgjöld, 1250 þús. kr.

Þá er lagt til, að styrkur til að endurbæta Auðkúlukirkju hækki um 25 þús. kr. í 100 þús. kr., og n. leggur til, að framlag til Kirkjubyggingasjóðs hækki um 1 millj. kr. í 5 millj. kr.

Er þá komið að till. varðandi félmrn. Er lagt til, að styrkur til Iðnnemasambandsins hækki um 120 þús. kr., í 350 þús., og styrkur til Neytendasamtakanna um 200 þús. í 450 þús. — Einnig er lagt til, að styrkur til sjómannastofa hækki um 600 þús. kr., í 1 millj. 150 þús kr. — Lagt er til, að tekinn verði inn að nýju liðurinn: Orlofsheimili húsmæðra í Gullbringu- og Kjósarsýslu og Keflavík, en þessi styrkur hefur fallið út af frv., en er í núgildandi fjárl. Þá er lagt til, að styrkur til Blindrafélagsins hækki um 500 þús. kr., til þess að félagið geti ráðið blindraráðgjafa í sína þjónustu, og breytist þá textinn úr „byggingarstyrk" í „styrkur", jafnframt því sem upphæðin hækkar. Þá er lagt til, að liðurinn styrktarsjóður lamaðra og fatlaðra hækki um 500 þús. kr.

Þá eru till. varðandi heilbr.- og trmrn. Landsspítalinn: Lagt er til, að framlag til gjaldfærðs kostnaðar hjá Landsspítalanum verði hækkað um 13.2 millj. kr., í 113.2 millj., og að liðurinn verði sundurliðaður í B-hluta og er gert ráð fyrir að fjármagnið verði notað á eftirfarandi hátt: Bygging geðdeildar 60 millj. kr., bráðabirgðahúsnæði, þ. e. a. s. innflutt hús fyrir rannsóknarstofur, 22 millj. kr., vegna barnaheimilis 12 millj., röntgentæki 10 millj., ketilhús 2 millj., stjórnun og eftirlit 4 millj. og 200 þús. og annað ótiltekið 3 millj., eða samtals 113 millj. 200 þús. Má ætla, að bygging geðdeildar verði fokheld á árinu 1975, en ljúki á árinu 1977, en þá hefjist bygging rannsóknarstofnana, en fram að þeim tíma er ætlunin, að vandinn vegna rannsóknarstofnana verði leystur með bráðabirgðahúsnæði, tilbúnum húsum, en veittar eru 22 millj. kr. á næsta ári til þeirra framkvæmda. Það húsnæði mætti hugsanlega flytja síðar, eftir að endanlegar byggingar eru komnar í gagnið, þangað sem þá kynni að vera brýnust þörf fyrir þær.

Lagt er til, að liðurinn Bygging sjúkrahúsa, sjúkraskýla, læknamiðstöðva, elliheimila og læknisbústaða, annarra en ríkissjúkrahúsa, hækki um 50 millj. 718 þús. kr. og nemi 294 millj. 70 þús. kr. Af þessari upphæð fara 15 millj. kr. til stuðnings við byggingu elliheimila, og er í sundurliðun á þskj. 204 við það miðað, að þeir aðilar, sem eru með framkvæmdir í gangi, fái 3 millj. kr. hver, en aðrir fái greitt vegna undirbúningsframkvæmda af sameiginlegri upphæð. Sundurliðun varðandi sjúkrahús og læknisbústaði er á þskj. 204.

Setning laga um skipan heilbrigðismála, en þau voru sett á síðasta þingi, markar tímamót í uppbyggingu heilbrigðisþjónustu hér á landi, þar sem frumkvæði um framkvæmdir er lagt á herðar ríkisvaldinu og stóraukinn hluti ríkissjóðs í framkvæmdum. Vegna þess, hversu þjónusta í heilbrigðismálum er víða bágborin, eru nú óskir um framkvæmdir hvarvetna mjög miklar og til þessara mála verður að verja miklum fjárhæðum á næstu árum. Er mikil nauðsyn á, að þær séu skipulagðar fram í tímann og þeir staðir látnir sitja í fyrirrúmi, þar sem þörfin er mest og aðstaða fólks erfiðust. Tillögur um fjárveitingar til einstakra staða miðast við, að framkvæmdir hefjist á allmörgum stöðum, auk þess sem áfram verður unnið að ýmsum stórum framkvæmdum. Gert er ráð fyrir, að framkvæmdir hefjist m. a. á næsta ári á Patreksfirði við byggingu heilsugæslustöðvar, þar er fjárveiting 8 millj. og geymt fé 5 millj. Á Ísafirði hefjast framkvæmdir við heilsugæslustöð, fjárveiting 9.8 millj. kr. og geymt fé 8.2 millj. kr. Á Dalvík hefjist bygging heilsugæslustöðvar, fjárveiting er 10.3 millj. kr., geymt fé 2.7 millj. kr. Á Akureyri hefjist bygging 1. áfanga sjúkrahúss, fjárveiting er 23.1 millj. kr., en geymt fé 6.9 millj. Gert er ráð fyrir, að 1. áfanga verði lokið árið 1978, en á sama tíma á sama ári hafi hafist bygging 2. áfanga eða legud., sem ljúki árið 1981. Þessi áætlun er gerð með samkomulagi aðila frá fjmrn og heilbrrn. og þeirra aðila, sem Akureyrarbær hefur látið annast viðræður um málið af sinni hálfu. Á Neskaupstað er nýlega hafin viðbygging við sjúkrahúsið, fjárveiting á næsta ári er 23.3 millj. og geymt fé 2.1 millj. kr. Á Höfn í Hornafirði er áformað að hefja byggingu heilsugæslustöðvar, fjárveiting er 13 millj. og geymt fé 300 þús. kr. Á Selfossi er nýlega hafin bygging sjúkrahúss, fjárveiting 20.5 millj. kr., geymd fjárveiting frá ríkissjóði 14.5 millj. kr. Í Keflavík er ráðgert að hefja viðbyggingu við sjúkrahús, fjárveiting er um 10.5 millj. kr., og geymt fé 4.5 millj. kr. Í sambandi við geymdar fjárveitingar af framkvæmdafé, er rétt að minna á það, sem ég hef áður nefnt, að heimild í núgildandi fjárlögum til þess að skera niður fjárveitingar hefur ekki verið beint gagnvart framkvæmdaliðum. Er bréf með staðfestingu þessa af hálfu hæstv. fjmrh. birt sem fskj. með nál. meiri hl. fjvn., en í nál. meiri hl. í fyrra var tilgreindur og sundurliðaður sá niðurskurður, sem þá var framkvæmdur. Í fjárveitingum til framkvæmda nú, er því ekki um endurveitingar að ræða, heldur nýtt framkvæmdafé.

Þá leggur n. til, að St. Jósefsspítala í Hafnarfirði verði veittur byggingarstyrkur, 3.5 millj. kr., vegna viðbyggingar, sem hafin er við sjúkrahúsið.

Þá er lagt til, að hækkað verði framlag til námsskeiðs sjúkraliða um 600 þús. kr., í 1200 þús. kr., en hér er um að ræða eitt nýttasta starfslið sjúkrahúsanna, sem mikil þörf er á hvarvetna um landið.

N. leggur til að framlag til sjúkraflugs hækki um 950 þús. kr., í 1600 þús., og rekstrarstyrkir skiptist þannig: Flugþjónustan fái 400 þús. kr., Flugfélagið Ernir, Vestfjörðum, 500 þús. kr., Tryggvi Helgason, Akureyri, 350 þús. kr., Flugfélag Austurlands 250 þús. kr. og Flugfélagið í Vestmannaeyjum 100 þús. kr.

N. leggur til, að tekinn verði inn í fjárl. að nýju liðurinn til tækniaðstoðar við sveitarfélög vegna vatns- og skolpveituvandamála og annarra umhverfis- og mengunarmála 3 millj. kr. Hér er um að ræða málefni, sem eru sveitarfélögum og fleirum mjög erfið úrlausnar, og þeim er því mikil þörf á að geta fengið aðstoð í þessum efnum. M. a. hafa sveitarfélög fengið styrki af þessum lið til þess að koma á fót sorpbrennslu.

Þá er lagt til, að liðurinn áfengisvarnir hækki um 250 þús. kr. og er þá einkum höfð í huga þörf á aukinni útgáfustarfsemi. Og lagt er til, að styrkur til Stórstúku Íslands hækki um 300 þús. kr., og er þá einkum höfð í huga þörf Stórstúkunnar á að efla tengsl við barnastúkur og unglingastúkur úti á landi og starfsemi þeirra.

Þá er ein till. varðandi fjmrn. Það eru liðirnir styrktarfé og ýmis eftirlaun embættismanna og styrktarfé og ýmis eftirlaun, ekkjur. Þessir liðir hækka um 357 þús. kr. í 20 millj. 778 þús., en sundurliðun er á þskj. 204.

Tillögur varðandi samgrn.: Lagt er til, að liðurinn Vegagerð, til einstaklinga, heimila og samtaka hækki um 2 millj. 492 þús. kr. Hér er um að ræða framlög til að halda uppi gistingu og byggð, og hækkunin stafar í fyrsta lagi af 500 þús. kr. vanáætlun á þessu ári, sem greiða þarf 1974, og í öðru lagi vegna skuldagreiðslna vegna viðgerðar á Fornahvammi og aukins kostnaðar Vegagerðarinnar á því húsi, sem hún á þar, og í þriðja lagi vegna hækkunar á styrkjum til ýmissa aðila, sem halda uppi gistingu og byggð.

Vanáætlaður hefur verið í frv. launaliður á Vitamálaskrifstofu, og er lagt til, að úr því verði bætt og launaliðurinn hækkaður um 535 þús. kr.

Skv. till. fjvn. á þskj. 204, hækkar framlag til hafnarmannvirkja og lendingarbóta um 144 millj. kr. og verður 444 millj. kr., sem er 272 millj. og 200 þús kr. hækkun frá núgildandi fjárl., og ber þá að gæta þess, að hér koma til viðbótar 169 millj. kr., sem ætlaðar eru á fjárl. til sérstakra hafnarframkvæmda í Grindavík og Höfn í Hornafirði. Nemur þá framlag ríkissjóðs til sveitarfélaga eða hafnarsjóða vegna hafnagerða samtals 613 millj. kr. á móti 206.8 millj. kr. á núgildandi fjárlögum og 99 millj. 365 þús. kr. árið 1971. Að meðtöldum hluta hafnarsjóðanna svarar þetta til þess, að unnið verði fyrir u. þ. b. 850 millj. kr. við hafnarframkvæmdir, aðrar en landshafnir, á næsta ári. En samkv. fjárlagafrv. er gert ráð fyrir, að unnið verði einnig fyrir 255 millj. kr. í landshöfninni í Þorlákshöfn á árinu 1974.

Framlag á fjárlögum til hafnarframkvæmda á næsta ári, nemur þá samtals 838 millj. kr., þ. e. a. s. 444 millj. kr. á liðnum hafnarmannvirki og lendingarbætur, og 255 millj. kr. vegna Þorlákshafnar, þar af á samkv. frv. að afla 290 millj. kr. með lánsfé, svo að beint framlag ríkissjóðs yrði þá 548 millj. kr. á móti 206.8 millj. kr. á núgildandi fjárlögum, og nemur hækkunin 341.2 millj. kr.

Í samræmi við ákvæði hinna nýju hafnarl.

um, að framlag til Hafnabótarsjóðs skuli nema a. m. k. 12% af framlagi til hafnarmannvirkja og lendingarbóta, hækkar framlag til sjóðsins á frv. um 17.3 millj., úr 36 millj. kr. í 53.6 millj., sem er hækkun um 31.3 millj. frá núgildandi fjárlögum.

Sé lagt saman framlag ríkisins samkv. þessum till. til hafnarframkvæmda í almennum höfnum og landshöfnum, og framlag til Hafnabótasjóðs, nemur heildarfjárveitingin 891.3 millj. kr. Hér er því brotið blað í sögu hafnargerða í landinu, og þess er að vænta, að á næstu árum verði staðið að fjárveitingum til þessara mála meira í líkingu við það, sem nú er lagt til, en það, sem verið hefur um langt árabil.

Ég held, að þm. séu flestir þeirrar skoðunar, að framlög til hafnarframkvæmda hafi verið stórum of lág um mjög langt árabil. Þær lágu fjárveitingar og minni greiðsluhluti ríkissjóðs samkv. eldri lögum hafa valdið því, að við verulega erfiðleika hefur verið að glíma í flestum höfnum landsins, og segja má, að enn hafi ekki verið byggð höfn á Íslandi, sem nefna mætti því nafni. Allt of víða er það svo, að mestu tjónin á skipunum verða í höfnunum, og jafnvel á miklum framleiðslustöðum er mikill hluti flotans og jafnvel allur í stórfelldri hættu, ef gerir áhlaupaveður. Hjá þjóð, sem á allt sitt undir sjósókn og fiskvinnslu, verður ekki undan því vikist að gera hafnirnar þannig úr garði, að þeim, sem vilja það á sig leggja að sækja sjóinn, sé ekki gert það ókleift vegna óviðunandi aðstöðu fyrir fiskiskipaflotann, þegar að landi er komið. En til úrbóta dugir ekki það eitt að veita fé á fjárlögum til að kosta þau 75% af framkvæmdakostnaði í höfnum, sem ríkið á að sjá um. Víða er hag hafnarsjóða svo komið, að þeir eru einskis megnugir og geta í raun og veru ekki bætt á sig kostnaði við nýjar framkvæmdir. Þeir voru m. a. margir hverjir fyrir allmörgum árum látnir taka erlend lán til að greiða sinn hluta af kostnaði hafnargerða, síðan riðu gengislækkanir yfir ein af annari, og enda þótt ríkissjóður hafi tekið á sig nokkurn hluta gengismunarins, er greiðslubyrði þeirra meiri en svo, að hafnarsjóðirnir fái undir því risið, enda ættu í rauninni ekki að vera til þess ætlast, að á fámennum stöðum eigi það fólk, sem svo til allt vinnur að mikilvægustu framleiðslustörfunum í þjóðfélaginu, að taka sérstaklega á sig fram yfir þá, sem t. d. búa í höfuðborginni og næsta nágrenni, að greiða fjárfestingu, sem er þjóðinni nauðsynleg til þess að þessi framleiðslustörf verði unnin. Er þess vegna óhjákvæmileg nauðsyn og þjóðfélagslega sanngjarnt, að gerðar verði ráðstafanir til að létta greiðslubyrði þeirra hafnarsjóða a. m. k., sem verst eru settir. S. l. sumar voru veittar 117 millj. kr. að láni úr Hafnabótasjóði til hafnarsjóða, þar af voru 40 millj. kr. veittar sem sérstök fjárhagsaðstoð með 15 ára lánum, afborgunarlausum fyrstu 2 árin. Að þessari úthlutun vann undirnefnd fjvn. og síðan öll n. í sumar. Það var samdóma álit nm., að þessar 40 millj. kr. hefði þurft að veita sem óendurkræfan styrk. Að vísu eru á því meiri framkvæmdaerfiðleikar og viss vandkvæði, m. a. vegna ófullnægjandi samræmis í gögnum um stöðu hafnarsjóðanna og erfiðleika á samanburði. Þessi aðstoð var veitt á grundvelli sérstakrar heimildar í núgildandi fjárl., og við 3. umr. um fjárl. nú mun verða flutt till. um hliðstætt heimildarákvæði.

Samkv. greiðsluáætlunum hafnarsjóða fyrir árið 1974 mun halli þeirra hafnarsjóða, sem hafa ekki nægar tekjur fyrir greiðslu afborgana og vaxta verða samtals um 63 millj. kr. Þessar hafnir eru 48 talsins, og þær vantar frá 50 þús. kr. upp í 9½ millj. hverja til þess að hafa afgang af rekstri til að greiða allar afborganir og vexti. Hinar, sem hafa rekstrarfé til þess að greiða alla vexti og afborganir lána, eru 9 og hafa afgang umfram vexti og afborganir frá 50 þús. til 3½ millj., samt. um 10 millj kr. Það er því ljóst, að full þörf er á, að mál sjálfra hafnarsjóðanna verði tekin til sérstakrar meðferðar, enda gera hin nýju hafnalög ráð fyrir því.

Næsta till. n. er um framlag til sjóvarnargarða. Það lækkar um 1.3 millj. kr., og sundurliðun er á þskj. 204

Þá leggur n. til, að framlag til fjárfestinga hjá flugmálastjórn hækki um 33.8 millj. kr., í 172 millj. kr., og er þar um að ræða 97 millj. kr. hækkun frá núgildandi fjárl. Ekki þarf að hafa mörg orð um, hversu mikilvægar framkvæmdir í flugvallargerð eru fólki, sem býr úti á landsbyggðinni. Á tímum viðreisnarstjórnarinnar var þessum málum í litlu sinnt og þessar þarfir fólksins látnar liggja úti. Fjárveiting árið 1971 var um 1/6 hluti þess, sem nú er gerð till. um. Nú eru fjárveitingar í fyrsta sinn bundnar ákveðnum stöðum, og kemur sundurliðun fram á þskj. 204.

Þá leggur n. til varðandi flugbjörgunarsveitir, að rekstrarstyrkur hækki um 50 þús. kr., í 150 þús. kr., en þessi styrkur hefur verið óbreyttur um langt árabil. Þá er lagt til, að flugbjörgunarsveitin í Reykjavík verði veittar 300 þús. kr. til bifreiðarkaupa fyrir deildina, en bifreiðakostur þessarar deildar mun nú vera almennt orðinn 20 ára gamall.

Þá kemur liðurinn: Til að bæta hreinlætisaðstöðu á fjölsóttum ferðamannastöðum. Er lagt til, að þessi liður hækki um 1 millj. 540 þús. kr., sem er í samræmi við áætlun, sem Náttúruverndarráð hefur beitt sér fyrir til úrbóta á þessu sviði. Ráðstöfun á þeirri 1 millj. kr., sem fyrir er á liðnum, er þegar bundin öðrum fram kvæmdum, þess vegna er verið að bæta þessari rúml. 1/2 millj. kr. við.

Þá leggur n. til, að veittar verði 5 millj. kr., til að bæta ferðamannaaðstöðu við Gullfoss, en í ráði er að byggja nýjan skála þar, en talið er, að árlega komi þangað 80—100 þús. ferðamenn, og mjög hefur skort á, að þar væri viðunandi aðstaða fyrir hendi.

Þá er komið að till. varðandi iðnrn. Er lagt til að liðurinn: Til eflingar iðnþróunar og tækninýjunga í iðnaði hækki um 1 millj. kr. vegna styrks til Jóns Þórðarsonar til að fullgera reykskilju, sem hann hefur fundið upp. Þá leggur n. til, að tekinn verði upp nýr liður: Endurskoðun áætlana um nýtingu innlendra orkugjafa til húshitunar og annarra þarfa, 2 millj. kr. Hin nýju viðhorf í orkumálum, sem nú setja mark sitt á daglegt líf manna víða um heim, valda því, að gera verður sérstakar ráðstafanir

til að flýta þeim áætlunum, sem uppi hafa verið um notkun innlendra orkugjafa til húshitunar og annarra þarfa. Má þar sérstaklega nefna nauðsyn þess, að hraðað verði áætlunum um hitaveitu í nágrannabæjum Reykjavíkur og rannsóknum og framkvæmdum vegna væntanlegrar hitaveitu á Suðurnesjum, svo og fyrirhugaðrar virkjunar jarðgufu við Kröflu. Til þess að endurskoða og kanna þær áætlanir, sem fyrir liggja, og leita úrræða til að hraða framkvæmdum, er þessi fjárhæð veitt. Hér er um að ræða verkfræðilega þjónustu. En ákvarðanir um stærri ráðstafanir eru á umræðustigi, og liggur fyrir fjárvn. erindi frá iðnrn. og munu þau málefni Orkustofnunar, sem þar er um rætt, tekin til nánari athugunar fyrir 3. umr.

Ég hef nú gert nokkra grein fyrir þeim brtt., sem fjvn. flytur sameiginlega við 2. umr. Verði þær samþ. hefur það í för með sér hækkun útgjalda um 648 millj. 407 þús. kr., og yrði þá greiðsluhalli samkv. því 544 millj. 744 þús. kr.

Af ákvörðunum um fjárveitingar, sem bíða 3. umr., má nefna útgjöld vegna launahækkana 1. des. s.l., hækkanir, sem tilkynntar hafa verið á lífeyrisbótum, og væntanlegar breytingar daggjalda sjúkrahúsa og þar með útgjalda sjúkratrygginga. Auk þess má nefna ýmis önnur mál, sem óafgreidd eru hjá n., svo sem húsnæðismál Tækniskólans, sem ég vænti að fái jákvæða lausn við endanlega afgreiðslu fjárlaga. Einnig má nefna málefni Orkustofnunar, sem eru þjóðinni sérstaklega mikilvæg nú vegna nýjustu viðhorfa í orkumálum, eins og ég áðan greindi. Þá má nefna málefni Ríkisútvarpsins, sem ég tel að afgreiða verði með öðrum hætti en gert er í frv. Og samþykkt heimildagreinar bíður 3. umr. að venju.

Nú þegar 2. umr. fjárlaga fer fram standa yfir almennir kjarasamningar og óráðið er um ákvörðun fiskverðs. Jafnframt eru að koma fram áhrif hinna stórfelldu verðsveiflna í helstu viðskiptalöndum okkar. Viðræður standa yfir milli stéttarsamtakanna og ríkisstj. um lausn kjaradeilnanna og tilhögun vísitölumála í sambandi við verðlags- og skattamál. Enn er óljóst, hvernig þessi mál skiptast, og flytur meiri hl. fjvn. ekki fyrr en við 3. umr. brtt. við tiltekið frv.

Það er ekki nýtt, að ekki eru fluttar brtt. við tekjulið við 2. umr. Ég hygg, að sá háttur hafi jafnvel verið oftast á hafður, og ég minnist þess jafnvel sem minnihlutaaðili í fjvn. að hafa ekki þrátt fyrir ítrekaðar óskir fengið neinar upplýsingar, ekki einu sinni fyrir 3. umr., um afkomu ríkissjóðs á árinu eða um áætlaða stöðu þeirra efnahagsþátta á næsta ári, sem mestu ráða um útkomu einstakra liða á tekjuhlið.

Ég held, að hverjum, sem með stjórn fer, verði ávallt mjög erfitt að sjá við 2. umr., hvernig mál ráðast, svo að unnt sé að slá fastri tekjuhlið fjárlaganna og flytja við 2. umr. brtt. í samræmi við það. Einkum á þetta við þau ár, sem nýir kjarasamningar eru gerðir. Þetta vandamál á Alþ. jafnan við að stríða, hverjir svo sem með stjórn fara, og ég hef oft hugleitt, að hagkvæmara kynni e.t.v. að vera, að reikningsáramót ríkissjóðs og stofnana hans væru ekki almanaksárin heldur t.d. 1. mars. Hætt er e.t.v. við, að þær ákvarðanir, sem úrslitum ráða og aðrir aðilar taka, svo sem stéttarfélögin, drægjust saman við þau reikningslegu áramót ríkissjóðs. Þó hygg ég, að svo þyrfti ekki endilega að vera. Ákvörðun fiskverðs er í samhengi við upphaf vertíðar og þarf þess vegna að taka fyrir áramót, og verkalýðsfélögin munu ekki almennt hafa talið heppilegt, að kjarasamningar fari fram á vertíð. E.t.v. væri á þennan hátt unnt að standa á annan hátt að undirbúningi fjárlaga og ákvarðanatöku um þau. En hvað sem þessu líður, er rétt að geta þess, að fjvn. hefur nú fyrir 2. umr., þótt seinna væri en ég hefði kosið, fengið nokkrar upplýsingar um endurmat á tekjuhlið fjárlagafrv. út frá þeim upplýsingum, sem nú liggja fyrir um útkomu síðari hluta þessa árs, miðað við þá spádóma, sem gerðir voru um þann tíma, áður en fjárlagafrv. var unnið, en á þeim áætlunum síðari hluta þessa árs er tekjuhlið frv. m.a. byggð. Taldi hagrannsóknastjóri, Jón Sigurðsson hagfræðingur, sem mætti á fundi fjvn. s.l. mánudag ásamt samstarfsmanni sínum, Ólafi Davíðssyni hagfræðingi, að áætla mætti út frá þeim nýju upplýsingum, sem nú liggja fyrir, að miðað við óbreytta tekjustofna fjárlagafrv. gætu heildartekjurnar orðið um 2 þús. millj. kr. hærri en gert er ráð fyrir í frv., en við samningu þess var byggt á þeim upplýsingum, sem lágu fyrir um sömu þætti á miðju s.l. sumri.

Herra forseti. Þeir flokkar, sem nú eru í stjórnarandstöðu, fóru með stjórn á Íslandi í rúmlega 12 ár. Því stjórnartímabili lauk fyrir rúmlega tveimur árum. Á því tímabili lagði Sjálfstfl., sem öllu réð í stjórninni, sig fram um að láta hin frjálsu efnahagslögmál ráða, láta einkafjármagnið stjórna þróuninni í landinu sem allra mest óheft af afskiptum og aðgerðum ríkisvaldsins og sem minnst stýrt og stjórnað af því. Við þær aðstæður gildir það einfalda lögmál, að fjármagnið sækir þangað, sem það ávaxtast mest. Á þessum árum var sú stefna ráðandi að halda sem mest niðri framkvæmdum ríkisins á öllum sviðum. Fjárfestingarmál áttu að vera í sem allra ríkustum mæli mál einkaframtaksins. Samfélagslegar framkvæmdir voru í lágmarki. Afleiðingarnar urðu í samræmi við lögmál óhefts fjármagns. Það dróst sífellt meir þangað, sem það var mest fyrir. Út um allt land var stöðnun og afturför, landlægt atvinnuleysi og fólk, sem bjó á stöðum, sem höfðu allt til að bera til að vera mikilsverðir framleiðslustaðir, væri fjármagni beint þangað vitandi vits af stjórnarvöldum, hrökklaðist þangað, sem fjármagnið var mest fyrir.

Svo rækilega blómstraði lögmálið um straum fjármagnsins á þann vettvang, þar sem það var mest og ávaxtaðist best á þessum viðreisnartímum, að það fóru naumast spurnir af því, að byggt væri íbúðarhús úti á landi, á sama tíma og það var helsti gróðavegurinn hér í mesta þéttbýlinu að byggja íbúðir og selja.

Á þessum árum voru fjárveitingar úr ríkissjóði til verklegra framkvæmda úti á landi í lágmarki. Það átti við um svo til alla þætti: hafnargerð, flugvallagerð, sjúkrahúsbyggingar o.fl. Þetta hafði þau tvöföldu áhrif, að sáralítið fjármagn frá samfélaginu rann til þessara staða til ráðstöfunar og að fólk, sem átti heima

úti á landsbyggðinni, bjó við miklu lakari þjónustu á öllum sviðum en aðrir þjóðfélagsþegnar og sá ekki fram á, að breyting yrði á, svo lítt miðaði.

Þetta ýtti fólki enn burt af þessum stöðum í þéttbýlið, þar sem það jók síðan á eftirspurnina etfir húsnæði og hækkaði það í verði, og lögmál hins óhefta fjármagns blómstraði þar enn betur.

Þetta hefur verið að snúast við hin síðustu tvö árin — og hvers vegna? Vegna þess, að þeir, sem nú fara með stjórn, hafa þá stefnu, að fjármagnið eigi ekki að ráða óheft, það eigi að beita samfélagslegum aðgerðum til þess að ráða nokkru um það, hvað gerist í uppbyggingu og þróun atvinnulífs og félagsmála í landinu. Það eigi ekki að láta óheft lögmál gróðafjármagnsins ráða, heldur eigi ríkisvaldið að beita fjármagninu til þess að bæta og jafna lífskjör almennings í landinu. Núv. stjórnarflokkar hafa veitt og ætla sér að veita af sameiginlegu fé landsmanna til aðgerða og framkvæmda, sem treysta atvinnulífið og bæta og jafna þjónustuna, hvarvetna þar sem brotalamir eru, en láta ekki einkafjármagnið eitt um hituna með þeim afleiðingum, sem við þekkjum frá tímum viðreisnarstjórnarinnar.

Þessir flokkar hafa það markmið að tryggja jafnrétti þegnanna í þjóðfélaginu um atvinnu og þjónustu, hvar sem þeir búa, en ætla ekki einkafjármagninu einu að sjá um það og þá einungis á þeim stöðum, þar sem það sjálft vill hreiðra um sig.

Stjórnarflokkarnir hafa nú stóraukið fjárveitingar til framkvæmda og þjónustu og til tryggingamála til þess að bæta kjör þeirra, sem ekkert hafa annað fyrir sig að leggja en tryggingabætur. Allt kallar þetta á fjárveitingar og skattlagningu.

Sjálfstfl. og Alþfl. létu togaraflotann eyðast í sinni valdatíð, létu tryggingabætur rýrna að kaupmætti á veltiárum, létu fólk úti á landsbyggðinni ganga atvinnulaust, án þess að hafast að, og þeir létu fólkið neyðast til þess að flytja í stórum stíl til þéttbýlisins, þar sem það jók gróða húsabraskaranna. Þessir flokkar hafa ekki treyst sér til þess að standa gegn hækkuðum fjárveitingum til þeirra aðgerða, sem nauðsynlegar hafa verið til að snúa þessari þróun við og nauðsynlegar eru til að halda áfram á sömu braut. Um óhjákvæmilega tekjuöflun til þessara aðgerða gegnir öðru máli, þeir eru á móti henni.

Þessar aðgerðir hafa þegar borið árangur í stóraukinni atvinnu og framleiðslu út um allt land, þar sem nú er keppst við húsbyggingar og hvers konar uppbyggingu. Þær hafa borið árangur í því, að nú sér fólk, sem áður hafði verið sett hjá um opinbera þjónustu, að stórfelldum fjármunum er varið til að auka jafnrétti á þessum sviðum í atvinnumálum og þjónustu.

Til þess að unnt sé að hafa áhrif á það, hvernig atvinnulífið byggist upp, hvernig þjónustu almenningur býr við, og til að tryggja, að óheft umsvif og streymi fjármagnsins eftir eigin lögmálum drepi ekki heil byggðarlög í dróma, þarf að beita samfélagslegu fjármagni, fjármagni frá ríkinu.

Fjárveitingar sem þær, sem núv. stjórnarflokkar hafa staðið að, og óhjákvæmileg tekjuöflun til þeirra er grundvöllur framfara hvarvetna í landinu og grundvöllur jafnréttis þegnanna til atvinnu og þjónustu, hvar sem þeir búa. Þess vegna treysti ég því, að þau samtök launamanna um land allt, sem hér eiga mestra hagsmuna að gæta og miklu geta ráðið um, hvernig mál skipast nú, tryggi í samningum við stjórnvöld, að þær till. um stórauknar fjárveitingar til að gera enn átak til framkvæmda og framfara hvarvetna um landið fái farsælan framgang.

Frsm. 1. minni hl. (Matthías Bjarnason): Herra forseti. Eins og hv. frsm. meiri hl. fjvn., form. n., 10. landsk. þm., tók fram, er starf fjvn. mikið, fundir margir og mikil vinna í undirn., svo að þeir þm., sem þar starfa, hafa meiri samskipti heldur en flestir aðrir þm. alveg frá hausti og fram að jólum. Fer auðvitað ekki hjá því, að í slíkri vinnu kynnast menn betur og mynda vináttubönd, sérstaklega þeir, sem eru búnir að starfa lengi saman, þó að stundum skerist í odda eins og gengur.

Ég vil þakka form. fjvn. fyrir samstarfið í n., eins og jafnan áður, og öðrum nm. Starf undirn. fjvn. hefur verið með svipuðum hætti og áður. En ég held, að fullkomin ástæða sé til að auka starfsemi undirnefnda í fjvn., vegna þess að málaflokkar í flóknara og margslungnara þjóðfélagi eru að verða fleiri, og það er því nauðsynlegt, að þm. stjórnar og stjórnarandstöðu vinni að skiptingu þess fjármagns, en taki ekki við molunum, sem koma af borðum stjórnarherranna. Ég held því, að þar þurfi að breyta um og gera það starf viðtækara en verið hefur. Ég held líka, að vinnubrögðum fjvn. þurfi mjög að breyta. Ég er ekki að gagnrýna núv. form. fyrir það, því að þótt vinnubrögð hafi verið um nokkurt árabil með þessum hætti, þá sjá menn, að það er nauðsynlegt að gera breytingar á alltaf öðru hverju. Ég tel fyrir mitt leyti, að of langur tími fari í upplestur erinda, í upplestur langra bréfa og langdregnar viðræður við menn. Þetta er allt saman æskilegt, en svo er tími orðinn naumur, þegar líður að afgreiðslu fjárlaga til 2. umr., að það er ekki gefinn tími til að fara yfir óskir og aths. manna og þær teknar til umr. í n. í mörgum tilfellum, heldur er sá háttur hafður á og þó sérstaklega áberandi núna, að erindalistar eru seint teknir upp. Þegar búið er að vinna að skiptingu fjármagns til hinna helstu málaflokka, sem undirn. starfa í, þá er ekki farið yfir listana og yfir öll erindin, valið úr, hvað á að afgreiða og hverju á ekki að sinna, heldur er skammtað á borð nm. í fjvn. það, sem finnur náð fyrir augum stjórnarherranna, og kemst í gegn á fjölskyldufundum meiri hl. fjvn.-manna. Þessu tel ég, að þurfi að breyta, ef á að viðhalda því samstarfi, sem nauðsynlegt er að halda og hafa á hverjum tíma á milli stjórnar og stjórnarandstöðu.

Í þeim málaflokkum, sem undirn. hafa starfað í, hefur náðst mjög viðunandi samkomulag um

skiptingu fjármagnsins, en það er skoðun mín, að ef stranglega hefði verið farið eftir lögum um greiðslu ríkisins til hinna ýmsu framkvæmda, eins og skólakostnaðarl., þá hefði mun hærri upphæð þurft að vera í fjárlagafrv. en till. fjvn. gera ráð fyrir. En stjórnarandstaðan telur ekki þörf á að spenna bogann meira en gert hefur verið, og þess vegna sættir hún sig við þessar upphæðir, vegna þess að það er nú um ábyrga stjórnarandstöðu að ræða, en það er meira en hægt var að segja oft og tíðum á árum áður.

Meiri hl. fjvn. ræður sér vart fyrir gleði yfir því, hve honum hefur tekist að stjórna landinu vel og þenja ríkisútgjöldin upp úr öllu valdi, eins og fram kemur í nál. þeirra, sem virðist samið og undirritað í sæluvímu óðaverðbólgunnar.

Það sama kom raunar fram hjá hv. form. fjvn., sem hér var að ljúka máli sínu áðan, en þó grunar mig, að innra sé hann ekki ánægður, því að maðurinn er bæði skynsamur og raunsær, og hann veit, að í flestum efnum er farið rangt að og engin samstaða er um hjá ríkisstj. og stuðningsliði hennar að hverfa frá eyðslu og ábyrgðarleysi og taka upp ábyrga efnahagsstefnu. Þess vegna kom það mér á óvart, þegar form. fjvn. sagði hér áðan, að ríkisstj. hygðist halda áfram þessari stefnu. Hvaða manni dettur í hug að væna núv. ríkisstj. um, að hún hafi stefnu. Þetta er stefnulaust rekald í öllum málum, sem engum manni dettur í hug að nefna að hafi stefnu. Það verður síðar komið að þessari ræðu og kannske mörgum öðrum ræðum hér á eftir. Ég ætla svo síðar að víkja að nál. minna ágætu félaga og vina í meiri hl., en það vakti hjá mér nokkra kátínu við fyrsta lestur, en þegar ég hugsaði um efni þessa nál. og boðskap, þá breyttist kátínan í meðaumkun með þessum ágætu félögum mínum í nefndinni.

Þegar núv. stjórnarflokkar voru í stjórnarandstöðu, gagnrýndu þeir harðlega hækkun fjárlaga, þeir gagnrýndu ofþenslu í ríkiskerfinu, fjölgun ríkisstarfsmanna, þeir gagnrýndu verðbólguna, sífellt hækkandi verðbólgu í landinu, og þeir áttu þá ráð undir hverju rifi. Þeir sögðu, að það þyrfti aðeins að gera eitt, og það væri að skipta um ríkisstj. og breyta um efnahagsstefnu. Þegar það hefði verið gert, mundi verða tekin upp festa og skipulag í meðferð fjármála. En við skulum líta á, hvernig þróun fjármálanna hefur verið, frá því að þessi ríkisstj. tók við völdum.

Í fjárlögum fyrir árið 1971, sem voru síðustu fjárlög fyrrv. ríkisstj., voru tekjur áætlaðar 11 milljarðar 54.7 millj. kr., en gjöld 11 milljarðar 23.3 millj. kr. Greiðsluafgangur það ár var áætlaður 270.4 millj. kr.

Á fjárlögum 1972, fyrstu fjárlögum núv. ríkisstj., voru áætlaðar tekjur 16 milljarðar 898.8 millj. kr., en gjöld 16 milljarðar 549.5 millj. kr. Greiðsluafgangur var þá áætlaður 87.5 millj. kr. Fjárlög yfirstandandi árs eru tekjur áætlaðar 21 milljarður 970.3 millj. kr., en gjöld 21 milljarður 457.2 millj. kr. Greiðsluafgangur í ár er áætlaður 24.4 millj. kr.

Í fjárlagafrv. fyrir næsta ár, árið 1974, sem við erum að ræða hér nú, er gert ráð fyrir því, að tekjur verði 27 milljarðar 343.4 millj. kr. og gjöld 27 milljarðar 437.3 millj. kr. Greiðsluafgangur er áætlaður 103.7 millj. kr. Niðurstöðutala fjárlaga, frá því að þessi ríkisstj. tók við, hefur því hækkað sem hér segir: 1971—1972 um 5 milljarða 526.2 millj. kr., eða 50.13%. 1972—1973 um 4 milljarða 907.7 millj. kr., eða 29.65%. Útgjaldaaukning frá síðasta fjárlagafrv. er áætluð 5 milljarðar 980.1 millj. kr. Og nú við 2. umr. liggja fyrir brtt. frá fjvn. til hækkunar á gjöldum að upphæð 648 millj. 407 þús. kr. Hækkun gjalda nemur því 6 milljörðum 628.5 millj. kr. frá fjárlögum yfirstandandi árs.

Skylt er að geta þess, að hluta þeirra gjalda, sem áður hafa verið á framkvæmdaáætlun, er nú bætt við rekstrarútgjöldin, en þar er um 690 millj. kr. að ræða. Mér finnst rétt að geta þess, að það hefur oft áður verið rætt um hækkun fjárlaga, og sumir menn þreyttust ekki á því í 12 ár að hneykslast yfir, hvað fjárlögin hækkuðu. Þar hafa fáir gengið lengra og verið duglegri að hneykslast en núv. hæstv. fjmrh., en hann sagði 9. des. 1970 við 2. umr. fjárlagafrv., að heildarniðurstöður á tekjuhlið fjárlagafrv. væru 11 milljarðar 536 millj. kr., og hann bætti við: „Hér er um stórfelldari hækkun að ræða en nokkru sinni fyrr á fjárlagafrv., þar sem hækkunin ein nemur 3 milljörðum 139 millj. kr. Á undanförnum þingum hafa hv. alþm. og þ. á m. ég gert að umtalsefni þær hækkanir, sem hafa orðið á fjárlagafrv., en verð nú að viðurkenna það, að allt, sem hefur gerst um þá hluti á undanförnum árum, eru smámunir einir, samanborið við það, sem nú er að gerast.

Þá má geta þess, að árið 1965, eða fyrir 6 árum“, sagði núv. hæstv. fjmrh., „voru niðurstöður fjárlagafrv. 3 milljarðar 529 millj., eða 380 millj. kr. hærri tala en hækkunin ein er nú. Þá má einnig geta þess, að þegar gengið var til kosninga 1967, voru niðurstöður fjárlagafrv. 4 milljarðar og 700 millj. kr. Það þykir nú ekki mikið að hækka um þá upphæð núna. Hækkunin nemur ⅝ af heildarupphæð fjárlaganna fyrir fjórum árum. Þessi þróun er a. m. k. greinileg, svo að ekki verður um deilt, að hraustlega er að staðið í hækkun fjárlagafrv.

Það má vel vera, að að dómi þeirra, sem að þessu standa, sé hér vel gert og rétt stefnt, þó að okkur hinum sýnist, að svo sé ekki“, sagði hæstv. fjmrh. þá. Og hann sagði jafnframt: „Mér varð að orði í sambandi við 1. umr. fjárlagafrv. núna á yfirstandandi hausti, að fjárlögin væru spegilmynd af þeirri stjórnarstefnu, sem fylgt væri, og ennfremur, að stjórnarstefnan hefði áhrif á efnahagsmál þjóðarinnar og hækkun verðbólgunnar í landinu.“ Þetta sagði nú sá vísi maður þá. Og hann auðvitað ætlaði að taka við og breyta um stefnu, eins og hann lofaði. Hann komst í ráðherrastól og hans flokkur. En hvernig hefur stefnubreytingin orðið? Fjárlagahækkanir voru miklar, sem hann nefndi í þessari ræðu sinni, en þær eru barnaleikur á við það, sem hefur skeð síðan hann og hans félagar tóku við völdum í þessu landi, og er ekkert lát á.

Það var talað um á þeim árum, að það ætti að fækka ríkisstarfsmönnum mjög verulega, því að ríkisbáknið væri þanið út og það væri alveg taumlaust, hvernig það gengi fyrir sig, og ef þeir kæmust að, þá yrði nú sannarlega tekið

til hendinni og hreinsað alvarlega til. Í frv. til fjárlaga fyrir árið 1972 voru fastráðnir ríkisstarfsmenn, miðað við júlímánuð 1971 eða einmitt á sama tíma og núv. hæstv. ríkisstj. tók við völdum, 6798, en í fjárlagafrv. fyrir árið 1973 eru þeir, miðað við júlímánuð þess árs, orðnir 7244, og voru þeir taldir í des. s.l. ár 7383 samkv. upplýsingum þeim, sem fjárlaga- og hagsýslustofnunin útvegaði að okkar beiðni. Fastráðnum starfsmönnum hafði því fjölgað um 585 á valdatímabili núv. ríkisstj., frá 1. júlí 1971 til des. 1972. Nú bregður svo kynlega við, að skrá yfir ríkisstarfsmenn hverfur úr fjárlagafrv., hún dettur hreinlega upp fyrir. Hún er búin að vera í fjárlagafrv. í mörg ár, en í fjárlagafrv., sem lagt var fram hér í þingbyrjun, er skráin horfin.

En af hverju er hún horfin? Ég spyr hæstv. fjmrh. að því: Hvers vegna hvarf starfsmannaskráin með fjárlagafrv. fyrir árið 1974, án þess að nokkur skýring væri á því gefin? Ég bað fjárlaga- og hagsýslustofnunina um upplýsingar nú um starfsmannafjöldann, en ég fékk þær ekki. Þeir sögðust ekki vita það. Það væri ekki hægt að telja í þessum stóra og mikla frumskógi ríkisstj. starfsmenn ríkisins. Það er ekki hægt að festa lengur tölur á ríkisstarfsmönnunum að dómi þeirra, sem landinu stjórna. Skráin hverfur, og það er ekki einu sinni hægt að telja, hvað ríkisstarfsmennirnir eru margir. Þetta eru upplýsingarnar, sem Alþ. fær nú við 2. umr. fjárlaga. Þetta þykja góð vinnubrögð nú. Hvaða skýringu gefur hæstv. fjmrh. og ríkisstj. á þessum tiltektum? Hvað eru fastráðnir starfsmenn margir, og hvað eru þeir margir lausráðnir? Væri kannske hægt að fá talningu í þessum frumskógi, fá upplýsingar um það, áður en afgreiðslu fjárlaga lýkur endanlega?

Þetta voru nokkur sýnishorn af nýju stefnunni, sem kölluð var og form. fjvn. sagði að ætti að vera óbreytt.

Hvernig hefur svo tekist að sýna aðhald í ríkisrekstrinum? Hefur kostnaður rn. lækkað? Hefur verið fylgt kostnaði fjárlaganna í reynd í sambandi við rn.? Það væri ekki ónýtt að líta aðeins á smáyfirlit yfir æðstu stjórn ríkisins. Það er ekki á milli ára, mér dettur ekki í hug að fara svo ógætilega að jafnviðkvæmri ríkisstj. og nú situr að völdum. Ég ætla aðeins að bera saman lítillega nokkur rn. við fjárlög og ríkisreikning á fyrsta heila ári núv. ríkisstj. Það gekk svo vel til, að kostnaður við æðstu stjórn ríkisins var 68 millj. kr. hærri í ríkisreikningnum heldur en hann var ákvarðaður í fjárlögunum. Sum rn. tóku stór stökk, enda góðir íþróttamenn margir í þeim stjórnarrn. Iðnrn. átti metið í hástökkinu, það stökk upp fyrir fjárlögin um 73.41%. Þar næst kom heilbr.- og trmrn. með 64.9%, en það skal tekið fram, að hástökkvarinn er sami maður. Hann fékk bæði gull- og silfurverðlaunin. Utanrrn. er þriðja í röðinni. Þar átti nú aldeilis að lækka útgjöldin, þegar þeir komust að, en það fær ekki nema bronsverðlaunin og ekki nema 45% stökk. Önnur rn. fá minna, og er leitt til þess að vita, að jafngóður íþróttamaður og mikill garpur og sjútvrh. er nær ekki nema 34.94%. Ég ætla að láta þetta nægja.

Í málefnasamningi ríkisstj. Ólafs Jóhannessonar frá 14. júlí 1971, sem ég er búinn að lesa oft og mörgum sinnum, þótt ekki sé nema fyrir þau orð aðalhöfundarins. Þar segir um kjaramál, að ríkisstj. „mun leitast við að tryggja, að hækkun verðlags hér á landi verði ekki meiri en í helstu nágranna- og viðskiptalöndum. Í því skyni mun hún beita aðgerðum í peninga- og fjárfestingarmálum og ströngu verðlagseftirliti. Til þess að ná þessu marki, vill stjórnin hafa sem nánast samstarf við samtök launafólks og atvinnurekenda um ráðstafanir í efnahagsmálum. Ríkisstj. mun ekki beita gengislækkunum gegn vanda, sem við er að glíma í efnahagsmálum, en halda áfram verðstöðvun, þar til nýjar ráðstafanir til að hamla gegn óeðlilegri verðlagsþróun verða gerðar.“

Þetta sagði ríkisstj. í sínum málefnasamningi, sem Bjarni Guðnason, sem var að kalla fram í hér áðan, hefur n útil skamms tíma trúað á, en er nú genginn af trúnni. Hvernig hefur nú til tekist að standa við þetta gefna fyrirheit?

Á þessu ári hefur kaupgreiðsluvísitalan hækkað úr 117 stigum í 149.89 stig, eða um 28%. Framfærsluvísitalan hefur hækkað á sama tíma úr 176 stigum í 226 stig eða um 28.41%, — en þá tek ég almanaksárið, væri meira, ef ég tæki frá 1. nóv. til 1. nóv. Byggingarvísitalan hefur hækkað á sama tíma úr 689 stigum í 913 stig, eða um 32.6%. Til samanburðar má geta þess, að byggingarvísitala hækkaði á 12 ára valdaferli fyrrv. ríkisstj. um 403 stig eða um 33 stig á ári að meðaltali.

Síðan núv. ríkisstj. tók við, hefur byggingarvísitalan hækkað um 378 stig á 2½ ári eða um 152 stig að meðaltali á ári, en ríkisstj. lofaði líka í málefnasamningi sínum að hugsa fyrir húsnæðismálunum og draga úr óhóflega miklum byggingarkostnaði, sem þá var. Segir í pésanum þeirra, að hún ætli að gera ráðstafanir til að lækka óhóflegan byggingarkostnað almennings, m.a. með lækkun byggingarkostnaðar, hagstæðari lánum og afnámi vísitölubindingar húsnæðislána“. Og hún hefur staðið heldur betur við fyrirheit sitt og lækkað byggingarkostnaðinn, þegar hún hefur nú á einu ári hækkað byggingarvísitöluna um 32.6%, og á tveggja og hálfs árs valdatíma hefur byggingarvísitalan, eins og ég sagði áðan, hækkað um 378 stig. Þannig hefur verið staðið við þetta fyrirheit.

Það verður því ekki sagt, að núv. ríkisstj. hafi staðið vel við það fyrirheit sitt að halda verðbólgunni í skefjum. Bera þessar verðhækkanir ríkisstj. fagurt vitni um skelegga baráttu við verðbólguna? Ég spyr talsmenn stjórnarinnar.

Mig langar líka til þess að nefna hér nokkur atriði um verðhækkanir, sem hafa átt sér stað á hinum algengustu vörum, frá því að núv. ríkisstj. tók við, og ég miða það við verð á vöru í júlíbyrjun 1971 og nú við verð á vöru 10. des. 1973. Og þá ætla ég að minna á örfá atriði.

1 kg. af súpukjöti kostaði þá 124.50 kr., en kostar núna 256.00 kr., hækkun 105%. Vel af sér vikið að halda dýrtíðinni niðri. Lítri mjólkur 12.60 kr. 1971, núna 25.30 kr., 100% hækkun. Bensínlítrinn kostaði 16 kr., er nú kominn í 26 kr. Það er bara smáhækkun, ekki nema 62%. Það er von á góðu mjög fljótlega eftir áramótin. Olíulítrinn kostaði 1. júlí 4.39 kr., en

lækkaði, eftir að núv. ríkisstj. tók við völdum, vegna þess að hún afnam söluskatt af olíu, sem var mjög sanngjarnt og eðlilegt af þeim að gera, og þá lækkaði olíulítrinn niður í 3.90 kr., en nú er olían komin í 7.70 kr., en miðað við verð, sem var 1. júlí, hefur orðið 75% hækkun á olíu. Ekki skal ég álasa ríkisstj. fyrir það, sem á eftir að koma í þeim efnum, því að það eru áhrif, sem hún ræður ekki við. Nógar eru sakir hennar, þótt ekki sé verið að bæta á hana því, sem hún ræður ekki við og á ekki skilið. Hveiti kostaði 22.90 kr., er komið í 44 kr., eða 92% hækkun. Strásykur kostaði 25.50 kr., er kominn í 53 kr., 107% hækkun þar. Smjörið var í 130 kr., komið í 356 kr., 173% hækkun þar. Vel af sér vikið. Fóðurbætir, kúablanda, tonnið kostaði þá 9 310 kr., það er komið núna í 18 622 kr., 100% hækkun þar. Þetta eru örfá sýnishorn af því, sem hefur áunnist, síðan þessi ríkisstj. tók við völdum, sem átti ráð undir hverju rifi, áður en þeir komu í valdastólana, og sagðist ætla að berjast skeleggri baráttu við verðbólguna, hvernig henni hefur fatast flugið.

Eru stjórnarliðar ánægðir með ríkisstj. sína? Þeir voru 32 í upphafi valdatíma núv. ríkisstj. Nú hefur einn, eins og ég sagði áðan, gengið af trúnni. Honum hefur ofboðið, hvernig allt er komið, og hann hefur sagt skilið við þessa fjölskyldu og vill ekki eiga mjög mikið samneyti við hana síðan, að hann hefur sjálfur sagt að undanförnu, hvað sem kann í að skerast, ég skal láta það ósagt.

En eigum við að líta á, hvað annar stjórnarþm. hefur að segja um stefnu ríkisstj. Það eru ekki eftir nema 31, og ef hann er líka orðinn veikur í trúnni, þá fara ekki að vera eftir nema 30. Og þeir ætla að ganga af trúnni í stafrófsröð, eins og allt bendir til. Bjarni Guðnason er genginn af trúnni. En sá, sem ég ætla nú að vitna hér til, er gáfaðasti maður Framsfl., Björn Pálsson, maður, sem hefur meira fjármálavit en hinir 16 í Framsfl. til samans, það fer ekki á milli mála og öll þjóðin trúir og veit, að það er satt og rétt. Hann skrifaði ríkisstj. sinni bréf 30. nóv. 1972, og hann segir í þessu bréfi, að líkur séu á, að fjárlög muni hækka um ca. 100% á tveimur árum, ef engar ráðstafanir verði gerðar til lækkunar, segir þessi gáfaðasti þm. Framsfl. Og hann bætir við: „Fólkið óttast gengislækkun, og eyðslan eykst.“ En ekki hefur nú skriðan orðið minni, síðan hann skrifaði þetta bréf.

Og hann segir: „Ég álít, að stjórnarskútunni verði siglt á sker, ef eigi er breytt um stefnu.“ Enda er hún löngu komin á sker. Það er ekki nokkur leið að hreyfa hana. Það var ekki breytt um neina stefnu og engin stefna til. En hann var ekki kominn lengra á þroskabrautinni, blessaður, en það fyrir ári að hann segir: „Ég hef eigi áhuga fyrir stjórnarskiptum nú og leyfi mér því að benda stjórninni á nokkur atriði, sem mundu og gætu valdið breyttri stefnu“. Það er ekki að spyrja að tryggðinni hjá honum, enda hefur þetta verið einhver tryggasti maður hæstv. forsrh. og staðið best við bakið á honum, og þess vegna vildi hann nú leiðrétta áttavitann hjá stjórninni fyrir ári og kemur þar með ákveðnar bendingar, en svo hefur honum verið þungt niðri fyrir, að eftir að hann skrifaði þetta bréf, fór hann litlu síðar norður til búa sinna og tók ekki þátt í afgreiðslu fjárlaga. Hann lagði til að lækka fjárlögin um ca. 5 milljarða. Hann lagði til að lækka tekjuskatt þannig, að persónufrádráttur yrði ca. 500 þús. kr. fyrir hjón með 2—3 börn, og hafa heildartekjuskatt eigi yfir 30% á venjulegar vinnutekjur. Hins vegar segir hann: „að skattleggja mætti allt að 70% af nettótekjum þeirra, sem hafa margar millj. án mikils erfiðis.“ En hann fer ekki nánar út í það, hvernig breytingin átti að vera á skattstiganum og hvað erfiðið ætti að vera mikið. Látum það liggja á milli hluta.

En hann kom með mjög athyglisverða till. í þessu bréfi til ríkisstj. Þeir hafa sennilega allir geymt bréfið, ég trúi því ekki, að þeir hafi kastað bréfinu. Hann kemur með þá till., að launþegum yrði boðin tekjuskattslækkun gegn því, að þeir féllu frá umsamdri kauphækkun 1. mars, en í ljós kemur við hlutlausa athugun, að atvinnuvegirnir gætu eigi greitt hærri laun, en að öðrum kosti verði 40 stunda vinnuvika gerð raunhæf, þannig að kaffitími verði eigi reiknaður sem vinnutími og unnið verði til hádegis á laugardögum, nema 1—2 mánuði að sumrinu. Það segir hann, og er skarplega athugað, að muni draga úr vindrykkju á föstudagskvöldum og skapa betri þjónustu. En lækkun tekjuskatts þarf að vera það mikil, að launþegar græði að mun á slíkum samningum.

En hún var nú ekki aldeilis á því, ríkisstjórnin, að vilja draga úr vindrykkju, því að þeir byggja alltaf meira og meira á tekjum af brennivínssölu. En það vantar ekki hræsnina í suma stjórnarþm. og jafnvel fleiri. Þeir flytja till. um að draga úr vínveitingum og öðru líku, en rétta svo upp höndina eins og hún mögulega kemst til að auka tekjur ríkisins af brennivínssölu og að hafa aðra fulla.

Hinn gáfaði þm. Framsfl. segir: „Ríkisstj. á svo að snúa sér til þjóðarinnar og biðja fólkið að draga úr eyðslu.“ En hefur ríkisstj. gert það? Nei, hún hefur farið alveg öfugt að við ráðleggingar Björns á Löngumýri. Hún hefur sjálf eytt meiru heldur en nokkru sinni fyrr. Hún hefur sjálf kvatt beint og óbeint þjóðina að herða á eyðslunni, og það hefur sannarlega verið gert. Þannig lítur þetta út.

Skal ég nú ekki hafa um þetta fleiri orð.

Við gerð fjárlaga haustið 1971, þá boðaði ríkisstj. gagngerar breyt. í skattamálum. Við sjálfstæðismenn . . . (**Forseti:** Hv. þm., ég var búinn að lofa því, að fundarhlé yrði klukkan 4, kannske hv. þm. fyndist þarna góð kaflaskil í ræðunni?) Já, þetta væri ágætt. Ég þigg að fá kaffi líka. Ég á mikið eftir. — (Fundarhlé.)

Herra forseti. Við gerð fjárlaga haustið 1971 boðaði ríkisstj. gagngerar breyt. í skattamálum. Við sjálfstæðismenn vöruðum við þeim áformum, sem ríkisstj. hafði uppi í þeim efnum, þar sem við töldum slíkar aðgerðir í efnahagsmálum gera hvort tveggja í senn að hækka fjárlögin geigvænlega og verða á þann hátt hættulega virkur verðbólguvaldur í þjóðfélaginu og mundi sú skattahækkun höggva háskalega nærri getu skattborgaranna, einkum þeirra, sem minna mættu sín.

Þessi illi grunur okkar hefur fullkomlega verið

staðfestur síðan. Kröfur launþegasamtakanna beinast nú fyrst og fremst að því að lina skattþyngingu síðustu ára, fremur en hækka launataxta, og skal engan undra það, þegar borin er saman skattgreiðsla einstaklinga og félaga árið 1971 og síðan. Þegar skattafrv. ríkisstj. voru lögð fram haustið 1971, héldu ráðh. því fram, að hér væri um skattalækkanir að ræða. Reyndin hefur orðið önnur, og er rétt að láta staðreyndir tala. En þegar við látum staðreyndir tala, þá á ég við það að gefa yfirlit yfir, hvað voru álagðir skattar á árinu 1971 og hverjir voru álagðir skattar árin 1972 og 1973.

Samtals var álagður tekju- og eignarskattur á öllu landinu á árinu 1971, síðasta ári viðreisnarstjórnarinnar, 1 milljarður 525 millj. kr. Þessi skattaupphæð hækkaði á fyrsta ári þessarar ríkisstj. upp í 4 milljarða 449 millj. kr., og á yfirstandandi ári fór hún upp í 5 milljarða 759 millj. kr. Hækkun tekju- og eignarskattsins hefur því orðið á tveggja ára tímabili þessarar ríkisstj. hvorki meira né minna en 377.7%. Það eru smámunir hækkanirnar á vöruverðinu á við hækkanir, skattanna eins og ég hef nú skýrt frá. En það er líka eftirtektarvert við þessar skattaálögur, hvað munurinn er mikill eftir því, í hvaða skattumdæmum þær eru, hvað þær koma hart niður sérstaklega á héruðum, þar sem fiskvinnsla og sjómennska er allsráðandi og raunar höfuðatvinnuvegurinn. Þar hafa tekjurnar hækkað, og þar hefur ríkissjóður seilst einna dýpst í vasa þess fólks.

Á Reykjavíkursvæðinu, skattumdæmi Reykjavíkur, hefur hækkunin orðið 367.4% eða aðeins neðan við meðallag, en skattaupphæð Reykvíkinga hefur hækkað úr 779 millj. kr. í 2862 millj. Í Vesturlandsumdæmi hefur hækkunin orðið 447.6%, og í Vestfjarðaumdæmi er hækkunin mest, eða 504%, í Norðurlandi vestra er hún 468%, í Norðurlandi eystra 368%, á Austfjörðum 400%, í Suðurlandsskattumdæmi 480%, í Vestmannaeyjum 300%, en það er eðlilegt, að þeir séu lægstir, vegna þeirra ráðstafana, sem gerðar voru á þessu ári, og í Reykjanesumdæmi 357%. Það má því segja, að þar hafi skattahækkunin orðið minnst og í Reykjavíkurskattumdæmi.

Í málefnasamningi ríkisstj. margumrædda eru fyrirheit gefin um, að nú skuli breytt um stefnu í skattamálum með valdatöku þessarar ríkisstj. og skattabyrðin koma réttlátar niður, þ. e. að láta breiðu bökin bera skattana. En hverjar eru svo staðreyndir í þessum málum? Allt stefnir í sömu átt og komið var hjá hinni fyrri vinstri stjórn, sem sat að völdum á árunum 1956—1958. Hver hefur svo þróunin orðið?

Á árinu 1959 voru 61900 skattgreiðendur, eða 79.2% af skattgreiðendum, sem greiddu skatt, en þeir, sem engan skatt greiddu, voru 16261, eða 20.8%. 1969 voru skattgreiðendur 15080, eða 20.84%, en 63620, eða 79.16%, greiddu engan skatt. Nú er þessu öllu breytt, eins og þetta var á dögum vinstri stjórnarinnar sálugu. Nú á þessu ári, 1973, eru 57987 skattgreiðendur, sem greiða 57.5%, en 42855, sem greiða engan skatt, eða 42.5%. M. ö. o.: þegar viðreisnarstjórnin réð, voru 20.84%, sem greiddu skattana, en 79.16%, sem greiddu enga skatta. Þetta sýnir, að þá voru ekki skattlagðar hinar almennu tekjur launþega í landinu. En nú er breytingin orðin sú, að í stað 20.84%, sem greiddu skattana, greiða nú 57.5% skattana, en 42.5% greiða nú enga skatta á móti 79.16%, eftir að viðreisnin hafði farið höndum um skattalögin. Þetta er nú munurinn á þessum slæmu kapítalistum, sem frsm. meirihl. var að ræða um áðan, og þessum kapítalistum, sem nú stjórna í ríkisstj., þannig hafa þeir búið að skattamálum almennings. Þetta er staðreynd, sem liggur ljós fyrir, og þýðir hvorki fyrir einn né annan ráðherranna eða annað stuðningslið ríkisstj. að mæla á móti. En það er ekki furða, þó að sumir menn séu ánægðir og fari á kostum í nál.

Skattalöggjöf núv. ríkisstj. var vanhugsuð. Breyt., sem gerðar voru frá fyrri löggjöf, voru ekki gerðar vegna þess, að gagngerra breytinga var þörf, heldur af því og eingöngu af því, að það mátti ekki styðjast við skattalöggjöf fyrrv. ríkisstj. og meta og vega á skynsamlegan hátt, hvernig hún þróaðist, og gera á henni eðlilegar breytingar, eftir því sem reynsla og þekking teldi eðlilegt. Það er eftirtektarvert, að horfið var frá því að leyfa einstaklingum að draga frá tekjum sínum viðhald húseigna, eins og gert var með þeirri nýju skattalöggjöf, heldur afmarka ákveðna prósentu sem leyfilegan frádrátt. Þetta hefur það í för með sér, að þeir, sem halda eignum sínum vel við, fá engan frádrátt umfram þá prósentu, sem hæstv. fjmrh. og ríkisstj. skammtar af rausn sinni hverju sinni. Þetta hefur leitt til þess, að það er hætt í verulegum mæli að gefa upp þau útgjöld, sem fasteignaeigendur verða fyrir, þannig að skatturinn getur ekki haft eftirlit með því, hverjum er greitt fyrir viðhald fasteigna í landinu vegna þess, að fasteignaeigendur sjá enga ástæðu til og hafa engan áhuga fyrir að gefa upp þessa launamiða fyrst þeir fá ekki að njóta þess við álagningu skatta. Ég held, að þetta dæmi sanni og sýni, hvað vanhugsaðar voru flestar aðgerðir núv. ríkisstj. í skattamálum. Þetta hefur skaðað ríkissjóð að mínum dómi um gífurlegar upphæðir í sköttum. Þetta er staðreynd líka, sem ekki þýðir að mæla á móti, og það var frámunalega aulalega að staðið að gera þessa breytingu í sambandi við skattalögin, eins og margt fleira, sem ég ætla ekki að koma inn á hér, vegna þess að það þarf að komast yfir það mikið efni. Það er ekki heldur úr vegi í þessu sambandi að geta þess, hvað kostar að leggja skattana á, hvað ríkið verður að borga fyrir að leggja skattana á. Hvað kosta embætti allra skattstofa á landinu, ríkisskattanefnd, Gjaldheimtan í Reykjavík og embætti ríkisskattstjóra? Þessar stofnanir kostuðu á árinu 1971 82 millj. 666 þús., á árinu 1972 fór þessi kostnaður upp í 108 millj. 923 þús., og á þessu ári er hann talinn 147 millj. 979 þús. samkv. fjárl., og hann er áætlaður nú í fjárlagafrv. 183 millj. 827 þús. kr. M. ö. o., álagning skattsins og vinnan við skattana og kostnaðurinn hefur hækkað um 102—103% frá árinu 1971 til þess fjárlagafrv., sem hér liggur fyrir. Þetta eru engar smáupphæðir. Þar fyrir utan er auðvitað allur kostnaðurinn við innheimtu skattanna, nema Gjaldheimtunnar í Reykjavík. Ég held, að þarna hafi ekki verið tekinn upp

sparnaður eða dregið úr útgjöldum frá því, sem þau voru, áður en þessir herrar komu í ríkisstj., sem núna situr.

Allar aðgerðir stjórnvalda síðasta hálft þriðja ár hafa miðað að því, að ríkið er sífellt að taka meira af þjóðarframleiðslunni í sínar þarfir. Á árinu 1965 var þjóðarframleiðsla á markaðsverði, verð þjóðarframleiðslu 21 milljarður 257 millj. kr., en tekjur samkv. A-hluta ríkisreiknings 3 milljarðar 690 millj. kr., en hlutfall ríkisins í þjóðarframleiðslunni var þá 17.4%.

Á árinu 1970, hækkaði þjóðarframleiðslan í 42 milljarða 833 millj., en tekjur samkv. ríkisreikningi 9800 millj., og hlutfallið fór úr 17.4% í 22.9%.

1971 hækkar þjóðarframleiðslan upp í 53 milljarða 210 millj. kr. og tekjur á ríkisreikningi í 13 milljarða 258 millj., en hlutfallið fer þá upp í 24.9% Þá er líka komin vinstri stjórn.

Á árinu 1972 er þjóðarframleiðslan komin í 65 milljarða 450 millj. kr., en tekjur samkv. ríkisreikningi 17 milljarðar 837 millj., og þá fer hlutfallið í 27.2% Það eru engin smástökk, sem þetta hlutfall tekur frá árinu 1970 til 1972, þrátt fyrir gífurlega hækkun á þjóðarframleiðslunni. Og á þessu ári er þjóðarframleiðslan talin munu nema 89 milljörðum og 100 millj. kr., en ég hef leyft mér að áætla tekjur á ríkisreikningi eftir fund með forstjóra og starfsmanni hagrannsóknadeildarinnar 23 milljarða 970 millj. kr., þannig að hlutfallið verður um það bil 27%.

Útgjöld fjárlagafrv. eru nú komin í nálega 28.1 milljarð, ef miðað er við, að till. fjvn., sem hér liggja fyrir við þessa umr., verði allar samþ. Það er sjáanlegt, að við 3. umr. fjárl. eiga þau eftir að hækka stórkostlega frá því, sem þau nú liggja fyrir.

Lífeyristryggingar og sjúkratryggingar eiga eftir að hækka um nokkur hundruð millj. Ef bætur eru hækkaðar hjá lífeyristryggingum um 7.4%, þ. e. samsvarandi kaupgreiðsluvísitöluhækkun sept.—des. 1973, yrði dæmið þannig, að heildarlífeyristryggingar eru samkv. fjárlfrv. 3 milljarðar 887.5 millj. kr., 86% af því eru hluti ríkissjóðs, en þá mundu lífeyristryggingarnar nema 3 milljörðum 343.3 millj. kr., og með 7.4% hækkun vísitölunnar frá sept. til des. mundi fjárlagafrv. hækka sem lífeyristryggingu nemur um 247.4 millj. kr.

Sjúkratryggingarnar hækka líka verulega, en útgjöld vegna sjúkratrygginga í frv. eru 3987.9 millj. kr., en þá er gert ráð fyrir 13%—14% hækkun daggjalda frá september-verðlagi þessa árs, en þá voru í gildi daggjöld, þegar frv. var samið, sem ákveðin voru 1. júlí á þessu ári.

Launaliðir fjárlagafrv. eiga eftir að hækka mikið, því að þeir eru í A-hluta frv. miðaðir við vísitölu septembermánaðar, en heildarlaun í A-hluta frv. nema 5 milljörðum 809.6 millj. kr., en miðað við kaupgreiðsluvísitölu 1. des., 149.89 stig, hækka launin á næsta ári vegna þessa um 430 millj. kr.

Í B-hluta frv. eru launaliðir ýmist miðaðir við kaupgreiðsluvísitölu eins og hún var í marsmánuði eða í septembermánuði, en þá þurfa launin í þessum hluta fjárlagafrv. að hækka um hvorki meira né minna en 560 millj. kr., en heildarlaunin í B-hlutanum eru 360 millj. kr.. Þar af eru 138.7 millj. kr. miðaðar við laun í sept. 1973, en 228.2 millj. kr. við laun í mars 1973. Ef færa á þessi laun í des.-laun yrði hækkunin þannig, að 1384.7 millj. hækkuðu í um 7.4%, um 102.5 millj. kr., en 2218.2 millj. hækka hvorki meira né minna en um 20.6%, eða um 456.9 millj. kr. Samtals er því hækkunin 559.4 millj. kr. samkv. þessum útreikningum.

Þá er vitað, að samningar við opinbera starfsmenn koma til með að auka verulega útgjöld ríkissjóðs á næsta ári, en sú stærðargráða er enn óþekkt.

Auk þessa, sem ég hef nefnt, eru mjörg mál og erindi, sem send hafa verið, óafgreidd. Ég vil t. d. í þessu sambandi nefna eitt erindi, sem ekki hefur fengið afgreiðslu og form. fjvn. nefndi ekki í sinni ræðu, þegar hann talaði um óafgreidd erindi, enda var það ekki tæmandi upptalning, sem hann gerði, en það sýnir, hvað mikið ber á milli, frá því að viðkomandi rn. og fjárlaga- og hagsýslustofnun hafa farið höndum um till. hinna ýmsu stofnana og gengið frá fjárlagafrv., að í till. Hafrannsóknastofnunarinnar og fjárlagafrv. ber hvorki meira né minna en um 63 millj. kr. á milli.

Nú er ég ekki með þessum orðum að segja, að það sé heilög skylda að taka hverja tölu inn, sem stofnun fer fram á. En hitt er heilög skylda, að fara ítarlega ofan í það, sem berst, meira en að hlusta á eða taka við bréfum stofnananna, heldur meta það og vega, hvað er hægt að fara í, hverju er hægt að sleppa, til þess að fjárlagafrv. fari ekki upp úr öllu valdi. Þar er ekki nóg að gera kröfur á hendur stofnunum almennt. ef það á svo jafnframt að skera niður það, sem þær telja, að þurfi að framkvæma á viðkomandi fjárlagaári. Hitt verður svo að vera ákvörðunarvald Alþ. og þá fjvn., hvað skuli leyft á hverjum tíma, og skera það af, sem hægt er að komast hjá í hverju tilfelli, til þess að lækka útgjöld á viðkomandi fjárlagaári.

Þá eru komnar fram kröfur heildarsamtaka Alþýðusambands Íslands um miklar kauphækkanir, og má búast við verulegum kauphækkunum, sem munu hafa áhrif á fjárlögin og atvinnurekstrinn í landinu. Sjómannasamtökin hafa sett fram sínar kröfur um hækkun skiptaprósentu og hækkun á lágmarkskaupi. Sjómannasamtökin leggja fram kröfur um miklar hækkanir á kauptryggingu. Sem dæmi má nefna, að 1. vélstjóri, sem nú, miðað við kaupgjaldsvísitölu 1. des., er með kauptryggingu 58564 kr., þá er farið fram á 54 þús. grunnlaun á mánuði, sem munu þá verða um 75600 kr. Hásetar krefjast 36 þús. kr. kauptryggingar í grunnlaun, sem munu nema í kringum 50400 kr. á mánuði, miðað við núv. vísitölu, en þeir hafa nú frá 1. des. kauptryggingu 39042 kr. Þá er krafist hækkunar mikillar á skiptaprósentu, og sömuleiðis má segja, að við lauslegt mat á sameiginlegum kröfum heildarsamtaka Alþýðusambands Íslands, eingöngu miðað við byrjunarlaun, þá má áætla, að velflestir launþegar, sem taka kaupgjald samkv. samningum Verkamannasambands Íslands, krefjist 40.9% hækkunar. Einu undantekningarnar frá því eru nokkrir taxtar, sem skipta ekki mjög miklu máli. En miðað við samanreiknaðar tölur starfsaldurshækkana kauptaxta nokkurra verkalýðsfélaga í Reykjavík er krafan, að laun undir 31 þús. kr. á

mánuði hækki um 11223 kr. að meðaltali, og krafist er, að laun hærri en 31 þús. kr. hækki öll um 12676 kr. á mánuði. Þá er krafist 15% hækkunar á alla fiskvinnu og leggja þá 15% ofan á 40.9% hækkunina. Krafan um hækkun í þessari vinnu nemur því hvorki meira né minna en 62%. Auk þessa eru gerðar margar aðrar kröfur. Það lítur því ekki beint vel út með þróun kaupgjalds og verðlagsmála, og það er ekki margt, sem bendir til þess, að það dragi úr brotsjó óðaverðbólgunnar á næstunni. Hvar eru nú öll úrræðin, sem núv. ríkisstj. átti, þegar þessir sömu menn voru í stjórnarandstöðu? Nú finnst mér vera kominn tími til, að þeir láti eitthvað heyra frá sér af öllum þeim úrræðum, sem þeir áttu þá í handraðanum.

Hvernig kaup- og kjarasamningar kunna að verða til lykta leiddir, skal hér ósagt látið. En eitt má fullvíst telja, að verulegar hækkanir verða á öllu kaupgjaldi, sem mun hafa í för með sér vaxandi tilkostnað við atvinnureksturinn. Tvær höfuðástæður fyrir nýrri kröfugerð launastéttanna eru algert aðgerðarleysi ríkisstj. til að koma í veg fyrir þá háskalegu verðlagsþróun, sem á sér stað í efnahagsmálum og leitt hefur til þeirrar mestu óðaverðbólgu, sem nú flæðir yfir þjóðina. Hin ástæðan er gengdarlaus skattpíningarstefna, sem launþegasamtökin í landinu stynja undir. Ég skal taka fram til þess að fyrirbyggja allan misskilning, að í þeirri prósentu, sem ég nefndi í sambandi við kröfur aðildarsamtaka ASÍ, þá er í launakröfum þeirra talið, við lauslegt mat, eingöngu miðað við byrjunarlaun á nokkrum sameiginlegum kröfum þeirra, sem gerir auðvitað hækkunarprósentuna hærri en ella.

Þá ætla ég að koma nokkuð að byggðamálum eða byggðastefnunni.

Í athugasemdum við fjárlfrv. segir, að með fjárlfrv. sé hafinn nýr áfangi í framkvæmd byggðastefnu þeirrar, sem ríkisstj. markaði við upphaf valdatöku sinnar, með ákvörðun um lagasetningu á síðasta Alþingi um að efla stofnlánasjóði atvinnuveganna, svo sem Stofnlánadeild landbúnaðarins, Fiskveiðasjóð og sjóði iðnaðarins, með hækkuðu framlagi. Framlag til Byggðasjóðs hefur verið óbreytt nú um hríð, 100 millj. kr. En í þessu frv. hækkar hluti til sjóðsins af árgjaldi, sem Álverksmiðjan í Straumsvík greiðir, um hvorki meira né minna en 1900 þús. Það er eina hækkunin, sem á sér stað til Byggðasjóðs á þessu ári, eða þá á s. l. ári, í þeirri dýrtíðaröldu, sem átt hefur sér stað, þegar allir vita, að framkvæmdamáttur kemur til með og hefur minnkað mjög verulega, frá því að þessi upphæð var upphaflega ákveðin. Þetta virðist ekki vera stórkostlegur áhugi á því að auka framlög til byggðamálanna, ekki a. m. k. í framkvæmd. En áhuginn er mjög mikill í orði hjá mörgum af stuðningsmönnum ríkisstj. Einu sinni höfðu menn mikinn áhuga á að efla Byggðasjóðinn og það mjög myndarlega. Það var borið fram hér á Alþ. frv. til l. um stofnun Byggðajafnvægissjóðs ríkisins og ráðstafanir til að stuðla að verndun og eflingu landsbyggðar og koma í veg fyrir eyðingu lífvænlegra byggða. Þetta var nú bara fyrirsögnin á frv. Fyrsti flm. þessa frv. var ágætur baráttumaður fyrir byggðajafnrétti, nýlátinn þm. og vinur okkar, Gísli heitinn Guðmundsson. En enn þá eru flm. þessa frv. nokkrir á Alþ. 3. flm. frv. er ekki alveg áhrifalaus maður nú, því að það er sjálfur Halldór E. Sigurðsson fjmrh., og 4. flm. frv. er ágætur vinur okkar í fjvn., Vilhjálmur Hjálmarsson, mikill áhugamaður um byggðamál. Og 5. flm. frv. er Ágúst Þorvaldsson, líka fjvn.-maður og vel hugsandi í byggðamálum og stór og stæðilegur að auki. Þessir menn fluttu þetta frv. á sínum tíma, höfðu mikinn áhuga á því, og þá voru slæmir menn, sem vísuðu þessu frv. til ríkisstj. og það náði ekki fram að ganga. Í 9. gr. þessa frv. segir: „Tekjur Byggðajafnvægissjóðs eru 2% af árlegum tekjum ríkissjóðs samkv. ríkisreikningi, í fyrsta sinn af tekjum ársins 1972, sem greiðist sjóðnum í byrjun hvers mánaðar af innheimtum tekjum næsta mánaðar á undan, í fyrsta sinn í byrjun febrúarmánaðar 1972.“ Þannig mundi láta nærri, að þessar tekjur væru nú komnar yfir 500 millj., ef þetta frv. þeirra félaga hefði náð fram að ganga á sínum tíma. En það hefur líka verið tækifæri til þess að láta þessi ákvæði taka gildi, þó að fyrrv. stjórnarflokkar hafi ekki viljað það, því að nú eru þessir menn hæstráðandi hér á Alþ., og hefði því verið mjög létt verk að fá þessu framgengt. Ég skal minna hv. flm. á það, að við 1. þm. Reykn. tókum upp þessa till. óbreytta á fyrsta þingi þessarar ríkisstj. um það, að framlag úr ríkissjóði skuli vera 2% af árlegum tekjum ríkissjóðs, alveg óbreytt úr frv. þeirra framsóknarmanna. Þessa till. tókum við upp í sambandi við brtt. við frv. til l. um Framkvæmdastofnun ríkisins, og þá fengu flm., flokksbræður þeirra og aðrir hollvinir byggðastefnu og strjálbýlis tækifæri til þess að koma þessu fram og tryggja Byggðasjóði verulegt fjármagn. En þá skeði það, að þegar þessi till. okkar nafnanna kemur til atkv., þá er viðhaft nafnakall og þá greiða allir stjórnarliðar, allir sem einn, atkvæði gegn þessari till., gegn þessu afkvæmi þessara ágætu manna, sem ég var að tala um áðan, og till. var strádrepin. Það var einn framsóknarmaður, sem ekki greiddi atkv. gegn till. Það var Gísli heitinn Guðmundsson. Hann greiddi ekki atkv. Hinir drápu allir sitt eigið afkvæmi, og þar við situr.

Svo eru þeir að furða sig á því, þó að ungir framsóknarmenn og Möðruvallahreyfingin séu ekki ánægð með framlagið til byggðamála. Að vísu er Möðruvallahreyfingin nokkuð hátt stemmd í þessu. En það má eitthvað vera á milli að standa við fyrri gerðir og tillögur eða ganga til móts við Möðruvallahreyfinguna varðandi framlag til byggðamála. Ég vil nú mjög eindregið hvetja hæstv. fjmrh. og flm. þessa frv. að taka það nú upp úr pússi sínu og sjá, hvort þeir geti ekki sætt sig við að taka upp aftur þetta áhugamál sitt, en láta það ekki liggja í þagnargildi, þegar þeir ráða ferðinni í fjármálum og við stjórn landsins.

Ég held, að það sé ekki of mikið, sem Byggðasjóður hefur yfir að ráða. Að vísu tók hann við eignum og tekjum Atvinnujöfnunarsjóðs með gildistöku l. um Framkvæmdastofnun ríkisins, um Byggðasjóð, og á s. l. ári, 1972, voru veittar 480.4 millj. kr. úr Byggðasjóði, en af þeirri upphæð voru hvorki meira né minna en 297.7 millj. kr. lánaðar til nýsmíði fiskiskipa og kaupa á

notuðum skipum samkv. sjálfvirkum reglum Byggðasjóðs, sem giltu það ár. Annað fjármagn, sem kom til skiptanna, nam því ekki nema 182.7 millj. kr., sem má segja, að hafi verið hin raunverulegu byggðalán, því að hitt voru sjálfvirkar reglur, sem allir fengu lánað eftir, hvar sem þeir voru staðsettir á landinu. En byggðalánin skiptust eftir landssvæðum þannig, að Vesturland fékk 24.3 millj., Vestfirðir 23.3, Norðurl. v. 30.5, Norðurl. e. 41 millj., Austfirðir 48.7 millj. og Suðurland 14.8 millj. Þetta sýnir nú út af fyrir sig, að það er fullkomin ástæða til þess að gera átak í sambandi við byggðamálin vegna óðaverðbólgunnar, sem tröllríður íslensku efnahagslífi, því að lán Byggðasjóðs fara sífellt minnkandi hennar vegna.

Það er mikið talað um það, hvað gert hafi verið fyrir landsbyggðina og hvað atvinnuleysið hafi gersamlega horfið úr landinu, og það hafi nú verið einhver munur eða á tímabili viðreisnarstjórnarinnar. Sá, sem þetta sagði hér áðan, gat þess ekki, hefur sennilega ekki haft tíma til þess, — ekki hefur það verið af því, að hann hafi ekki viljað láta það koma fram, — hvað hafði skeð í íslensku efnahagslífi, þegar verðfall varð á velflestum útflutningsafurðum okkar á árunum 1966—1967. Það hafði þær afleiðingar, að atvinnuleysi var víða í okkar landi og ekkert síður hér í þéttbýlinu en víðast hvar annars staðar. Sumir staðir úti um land voru blessunarlega lausir við atvinnuleysi á þessum árum. Staðir eins og t. d. Vestmannaeyjar, velflestir staðir á Vestfjörðum, velflestir útgerðarstaðir hér á Reykjanesinu sluppu að mestu eða jafnvel öllu leyti við atvinnuleysi á þessum tíma. En það rétti fljótt við, og þá voru gerðar ráðstafanir í efnahagsmálum. Það rétti fljótt við sala á sjávarafurðum. En ef við ætluðum að bera þessi tvö ár saman við það, sem núna er, og þær aðstæður, sem við búum núna við, þá þolir það engan samanburð, vegna þess að afurðaverðið á velflestum afurðum okkar hefur aldrei verið hærra en nú á síðustu árum. Þess vegna er svo mikil vinna, en það er líka vandi, þegar mikil vinna er og mikil spenna myndast í þjóðfélaginu, að gæta þá að sér og gera þessa spennu ekki meiri en ástæða er til, því að ef hún er gerð meiri, ef boginn er þaninn jafngeigvænlega og gert hefur verið, þá er það mesti verðbólguvaldur, sem við er að glíma, og það er það, sem liggur fyrir.

Ég skal játa það, að framkvæmdir á dögum eða árum viðreisnarstjórnarinnar hafa verið ákaflega mismunandi eftir því, hvar hefur verið á landinu. Á sumum stöðum voru framkvæmdir sáralitlar, og ég hefði þess vegna haldið, að þegar fór að batna verulega um, og það var þegar byrjað á því að sjá góðan bata á velflestum stöðum upp úr árinu 1970, yrði því haldið áfram og þess yrði vandlega gætt að ýta heldur undir framkvæmdir, þar sem framkvæmdir hafa verið litlar á undanförnum árum. Ég skal játa það, að núv. ríkisstj. og raunar fyrrv. ríkisstj. líka gerðu margt í þessum efnum, og núv. ríkisstj. hefur gert margt vel í þessum efnum. En það er ýmislegt, sem hún hefur vanrækt og mig langar til, þó að það sé ekki stórt mál, að minnast hér á eitt mál, hvernig kerfið getur hagað sér og staðið í vegi fyrir nauðsynlegum, sjálfsögðum og eðlilegum framkvæmdum í litlu og fátæku byggðarlagi, þar sem ekkert hefur verið byggt í fjöldamörg undanfarin ár. Á fjárl. ársins 1971 var veitt smáupphæð á fjárl. til undirbúnings byggingar læknisbústaðar norður á Hólmavík í Strandasýslu, en þar hafði ekki verið byggt íbúðarhús um nokkurt skeið. Undirbúningur átti sér stað hjá heimamönnum, og fjvn. lagði til árið eftir að veita í þennan læknisbústað 1500 þús. kr., í fjárl. ársins 1973 voru enn veittar 1500 þús. kr. og í fjárlagafrv., sem nú liggur fyrir, eru einu sinni enn veittar 1500 þús. kr. M. ö. o.: með þessu fjárlagafrv. verður búið að veita í þennan læknisbústað á 4 árum 4.7 millj. kr. En það hefur staðið á kerfi, sem var sett á, lögum um skipan opinberra framkvæmda, sem voru sett á valdatíma viðreisnarstjórnarinnar, en það frv. hlaut alveg sérstaka náð hjá talsmönnum stjórnarandstöðunnar á þeim tíma, en hafði aftur lítið og takmarkað fylgi hjá okkur sumum stjórnarþm. á þeim tíma. Ég greiddi t. d. ekki atkv. og var á móti þessu frv., en núv. hæstv. fjmrh. mælti með því hér í Nd. og hæstv. forsrh. sem talsmaður Framsfl. í Ed. fagnaði mjög tilkomu þessa eftirlits. Nú eru þessi lög undir stjórn hæstv. fjmrh., og þeim hefur verið beitt þannig gagnvart þessu litla byggðarlagi, að þessi læknisbústaður hefur ekki fengist byggður enn þá. Það má ekki enn byrja, og samstarfsnefndin um opinberar framkvæmdir hefur hvorki meira né minna en tekið þetta stórmál fyrir á 16 fundum. Það væri fróðlegt að gefa hér út útdrátt úr fundargerðum samstarfsnefndarinnar um opinberar framkvæmdir um gang þessara mála. (**Forseti:** Viltu ekki gera það?) Ég skal gera það, forseti, ég er búinn að taka þetta saman úr fundargerðum n. Ég skal gera það og láta þm. hafa gang málanna, hvernig þessi mál geta orðið að skrípi.

Í fundargerð, sem byggingarnefnd heima fyrir í þessu byggðarlagi hélt á árinu 1972 eða 24. okt., þá segja þeir í bréfi til þessarar n.:

„Eftir athugun á 5 teikningum af læknabústöðum, sem heilbr.- og trmrn. lét okkur í té, þá virðist okkur, að teikning sú, sem áður var gerð af akitektum, sem þeir völdu og samþykkt af yður, heilbr.- og trmrn., og nefndin telur, miðað við áður umrædda lóð og aðstæður, sé sú æskilegasta, sem um sé að ræða, og uppfyllti best þær kröfur, sem gera verður til slíkrar byggingar, svo sem að tveir bílskúrar tilheyri læknisbústaðnum og geymsla fyrir sjúkratæki. Hvað viðkemur stærðarmun á áðurnefndum teikningum og hinum síðarnefndu, sem eru 58 fermetrar, þá kemur þar á móti bílskúr, tækjageymsla og gestaherbergi á jarðhæð, er við teljum nauðsyn á að hafa. Væntum vér þess, að hið háa rn. og samstarfsnefnd um opinberar framkvæmdir sjái sér fært að fallast á þessi sjónarmið okkar með því að leyfa framkvæmdir samkv. framansögðu. Öllum er það ljóst, hvílík nauðsyn það er þessu byggðarlagi, að hér sé starfandi læknir, svo að byggð haldist."

Það má segja, að þetta bréf og þessi samþykkt sé mjög í kanselli-stíl, og það var sagt, að Danir hefðu verið seinir á sér að sinna beiðnum Íslendinga hér fyrr á árum, en lítið hefur gengið

betur hjá hinu nýja kansellíi undir stjórn fjmrn. í þessu efni. En 25. maí greinir einn af nm. samstarfsnefndarinnar frá því á fundi, að undirbúningi teikninga eftir allt saman sé mjög áfátt, og var þeim sama manni falið að ýta á málið og aðstoða byggingarnefndina. Síðan hefur ekkert gerst. Þetta er nú gangur kerfisins. Það er ekki svona kerfi, sem við þurfum að byggja upp og hlaða undir. Ef svona kerfi er notað til þess að halda í skefjum framkvæmdum í þeim byggðarlögum, þar sem litlar sem engar framkvæmdir eru, þá vil ég afnema svona kerfi, afnema þessi lög með einu og öllu og ekki hafa þetta kerfi lengur.

Ég ætla nú að koma að nál. vina minna í meiri hl. fjvn. Nál. þetta er ein lofgerðarrolla um ríkisstj. Það er að vísu viðurkennt, að útgjöld hafi hækkað, en það er ekki minnst á þann mikla vanda, sem við er að etja, óðaverðbólguna. Það er ekki minnst á skattabyrðina á öllum sviðum, sem allt er að sliga, og þau áhrif, sem hún hefur á þjóðfélagið og hafa orðið hvati og orsök stórfelldra krafna um hærri laun, heldur fara þeir nm. að leita að tilteknum atriðum innan ákveðinna málaflokka, þar sem finna má miklar hækkanir að krónutölu, og þeir verða svo glaðir við að finna á þennan hátt 6—8 atriði, að þeir hoppa á öðrum fæti yfir nál. og syngja hástöfum: Allt í lagi alls staðar, enda eru raddmenn miklir meðal þeirra félaga.

Einn þeirra málaflokka, sem nefndur er með miklum fögnuði, eru hafnamálin, sem formaður fjvn. gerði nokkuð að umræðuefni hér áðan. Ég skal fúslega játa það og gleðjast yfir því, að framlög til hafnamála hækka verulega með þessu fjárlagafrv. frá því, sem verið hefur. Þeir félagar segja í nál., að verja skuli 838 millj. kr. til hafnarframkvæmda og 53.3 millj. í Hafnabótasjóð. Og þeir segja jafnframt, að 394 millj. kr. af þeirri upphæð fari til framkvæmda í þremur tilteknum höfnum, Þorlákshöfn, Grindavík og svo er smásletta, 25 millj., í Höfn í Hornafirði. Af þessari upphæð tekur þjóðfélagið að láni til framkvæmda á þessu ári í þessu augnamiði, hjá Alþjóðabankanum, 290 millj. kr. á næsta ári. En þeir segja, að það sé ætlunin að fjármagna eða veita fé með beinni fjárveitingu á móti þessum framkvæmdum, sem Alþjóðabankinn lánar til, 164 millj. kr. Og þeir eru kátir og glaðir, karlarnir, yfir því, að þetta fjármagn sé nú veitt af fjárl. En við skulum huga svolítið nánar að þessu fjármagni til þessara þriggja hafna á móti Alþjóðabankaláninu, en þar er að finna skýringu á því í 32. lið í heimildagr. fjárl., sem á að koma til afgreiðslu við 3. umr. Þar segir:

„Ríkisstj. er heimilt að ráðstafa því fé, sem inn kemur af aðflutningsgjöldum og söluskatti af tilbúnum húsum, sem Viðlagasjóður flytur inn til tímabundinna nota fyrir Vestmanneyinga, til greiðslu á hluta ríkissjóðs í framkvæmdakostnaði við hafnir í Grindavík, Þorlákshöfn og Höfn í Hornafirði, sem er mótframlag á móti láni Alþjóðabankans.“

Nú spyr ég: Hefði nokkur maður, sem gegnt hefði embætti fjmrh., hefði nokkur ríkisstj., tekið toll af innfluttum húsum til Viðlagasjóðs fyrir Vestmanneyinga eftir þá atburði, sem þar skeðu? Hefði nokkur ríkisstjórn treyst sér til annars en að gefa þessar tolltekjur eftir? Ég svara því alveg hiklaust neitandi. Nei, það hefði engin ríkisstj. treyst sér til þess. En þessi ætlar að finna 40% á móti Alþjóðabankaláninu, og hún fann út það patent að hirða tollinn af Viðlagasjóðshúsunum. Viðlagasjóður á að borga toll af húsunum, síðan ætlar fjmrh. af höfðingsskap sínum og ríkisstj. að greiða þessar sömu upphæðir fyrir hafnargerð í Þorlákshöfn, Grindavík og Höfn í Hornafirði sem mótframlag á móti láni Alþjóðabankans. Þetta er alveg einstakur höfðingsskapur, sem mun lengi verða í minnum hafður.

Svo kem ég að hinu. Það var upplýst hér í umr. fyrir nokkru í sambandi við frv. um staðfestingu á brbl. um verklegar framkvæmdir, þar sem þessum hafnamálum var þrýst inn í við 2. umr., að Alþjóðabankinn hefði verið algerlega ófáanlegur að lána til nokkurra annarra hafna en þessara þriggja. Þetta hafi eiginlega verið ákvörðun Alþjóðabankans, ríkisstj. væri alsaklaus af því að hafa tekið ákvörðun um aðeins þessar þrjár hafnarframkvæmdir, sem þó eru auðvitað ekki nema tvær aðallega. Er það þó þakkarvert hjá hæstv. ríkisstj., þó að hún taki við láni hjá Alþjóðabankanum til þessara þriggja hafna. Ber það vott um lofsverðan áhuga fyrir hafnamálum, ef alþjóðalánastofnun kemur og býður hér stórar upphæðir að láni til þessara þriggja tilteknu framkvæmda? Ég held, að það þurfi ekki að sæma þá neinum heiðursmerkjum, ráðh., fyrir að hafa tekið þessu tilboði.

En ég skal líka minna mína ágætu félaga í fjvn. og ríkisstj. á það, að núv. ríkisstj. hafði ekki frumkvæði um endurskoðun hafnal., það var fyrrv. ríkisstj., sem gerði það. Á valdatíma fyrrv. ríkisstj. voru sett ný hafnalög, sem þá voru mikil framför frá hafnalögum þar á undan. En það kom brátt í ljós, að kröfurnar mögnuðust, rétt eftir að sú löggjöf tók gildi, um að fara í miklu dýrari hafnargerðir en áður var. Áður létu smástaðir sér nægja trébryggjur, en krafan kom rétt eftir að sú löggjöf varð að veruleika, um hafnargerðir á velflestum stöðum á landinu. Þetta hafði í för með sér stórfellda hækkun á framkvæmdakostnaði, og það kom brátt í ljós, að sú hafnalöggjöf var að verða úrelt af þessum ástæðum og fleirum. Ég ásamt fleiri þm. Sjálfstfl. fluttum þáltill. um að endurskoða hafnalöggjöfina á þinginu 1971. Sú till. náði ekki fram að ganga vegna tímaskorts, ekki vegna andstöðu í þingi, en þáv. samgrh. skipaði n. til þess að undirbúa löggjöf um nýja hafnalöggjöf, og fyrri samgrh. í núv. ríkisstj. bætti tveimur mönnum í þessa n. Ég var einn af þeim mönnum, sem áttu sæti í þessari n., og þekki þessi mál því mjög vel, og við skiluðum mjög fljótlega þessu frv. eða sendum ríkisstj. okkar nál. Ríkisstj. lagði svo frv. fram á þingi 1972 og var ætlunin að lögfesta það þá, en það náði ekki fram að ganga. Það var lagt fram aftur haustið 1972, það náði ekki fram að ganga fyrir afgreiðslu fjárl., en var aftur lögfest seint á síðasta þingi. Þessi lög eiga að taka gildi 1. jan. 1974, svo að ég veit eiginlega ekki, hverjir það eru, sem þurfa að gorta sérstaklega af því, hver eigi frumkvæðið eða heiðurinn af því, að þessi löggjöf varð til.

Á þessu hausti, eftir að þessi tilmæli komu fram frá hæstv. fjmrh. að taka þessar þrjár hafnargerðir inn, mætti hann ásamt núv. hæstv. samgrh. á fundi fjh.- og viðskn. Nd. Þar spurðum við nm. þá um ýmislegt varðandi hafnarframkvæmdir, og ég hygg, að það hafi ekki farið milli mála, að við lögðum mjög hart að þeim ráðh. báðum að auka mjög fjárframlög til hafnargerða og sömuleiðis að halda áfram þeirri viðleitni, sem ákveðin var við afgreiðslu síðustu fjárl. að taka inn á heimildagr. 40 millj. kr. til þess að létta greiðslubyrði hafna, sem formaður fjvn. gerði hér að umræðuefni, og ég þarf ekki að bæta þar neinu við. Það var ekkert tekið inn í þetta fjárlagafrv. til þess að halda þessari viðleitni áfram, og það hefur verið fram undir það, að þessi mál komu til umr., fremur hljótt um viðbrögð í þessum efnum, en fjmrh. tók loks um daginn nokkuð jákvætt undir þetta, og mér er kunnugt um það, að hæstv. samgrh. hafði og hefur mikinn hug á því og formaður fjvn. staðfesti það hér í ræðu sinni áðan, að það eigi að taka hér inn upphæð við 3. umr.

Ég furða mig nokkuð á því, hvers vegna minir ágætu félagar, meiri hl. fjvn., skuli ekki minnast einu orði á stærsta liðinn til verklegra framkvæmda í fjárlagafrv., en það er stofnkostnaður skyldunámsskólanna, sem sýnir, að framlög til þeirra hafa ekki breyst eins og skyldi frá árinu 1970. En mér finnst rétt að minna á það, að á árinu 1970 voru framlög til byggingar skyldunámsskóla 206.9 millj. kr. Þau hækkuðu á árinu 1971 upp í 288.1 millj. kr. eða um 39% á þessu eina ári. Á fyrsta ári núv. ríkisstj. hækkuðu þessi framlög uppí 394.7 millj. kr. eða um 37%. Á yfirstandandi ári hækkuðu þau í 477.5 millj. kr. eða um 20%. Og í frv., þegar tekið er tillit til þeirra till., sem liggja fyrir frá fjvn., verður þessi upphæð 658.4 millj. kr. og hækkunin frá því árið á undan er 37% á móti 39, sem hún var 1970—1971. En það er annað, sem þarf að bæta við þetta. Það er eftirtekarvert, að á sama tíma og það varð loks 37% hækkun, þá hækkar byggingarvísitalan miðað við 1. nóv. hvers árs frá árinu 1970—1971 um aðeins 2.1%, en þá hækka framlögin um hvorki meira né minna en 39%, þegar vísitalan hækkar um 2.1%, en á árinu 1972 hækkar hún um 28.7%, en þá hækka framlögin um 37%, og á árinu 1973 hækkar byggingarvísitalan um 32.6%, þegar hækkunin verður 20%. Þetta er nú allur höfðingsskapurinn, sem hér er um að ræða í langstærsta liðnum til verklegra framkvæmda. En þetta sáu þeir ekki, minir ágætu vinir og félagar í meiri hl. fjvn. og gerðu þetta ekki á nokkurn hátt að umræðuefni. Ég held, að það hafi ekki verið af því, að þeir hafi gleymt þessum lið, heldur af því, að þeir hafi talið betur henta að reyna að þegja hann í hel.

Um framlög til skólamála sagði okkar ágæti fjmrh. árið 1969 um þessi atriði, þegar rætt var þá um framlög til skólabygginga, að hann hefði tekið eftir því í umr. af hálfu hæstv. menntmrh., sem þá var Gylfi Þ. Gíslason, að hann hefði vitnað í tölur í þessu sambandi, m. a. talað um samtímatölur, þ. e. tölur, sem væru jafngildar því, sem hann vitnaði til. Nú er mér kunnugt um það, hvernig sá útreikningur er fundinn. En hv. 2. þm. Vesturl. vitnaði hins vegar í byggingarvísitölu í þessu sambandi, hann taldi, að þessar fjárveitingar ættu að fylgja byggingarvísitölunni til að minnka ekki framkvæmdamáttinn. En núv. hæstv. fjmrh sagði þá: „Byggingarvísitalan er ekki einhlít um þetta, því að fleiri samanburðaratriði koma þar til greina. Stundum hef ég leyft mér að vitna í hækkun fjárl., sem hefur orðið veruleg á þessu tímabili, og þess er líka að geta, að fólksfjölgunin í landinu hefur orðið veruleg á þessum árum, sem vitnað er til, svo að það verður að taka inn í þann samanburð líka til þess að gera þetta hliðstætt.“ Og hann bætti við: „Við megum heldur ekki gleyma því, að við lifum á öld hraðans. Það er allmikil breyting orðin á okkar veröld og okkar landi á 10—12 síðustu árum. Þessi öld, sem er oft kölluð atómöld, hefur krafist mikils í sambandi við skóla og menntun, og okkar þjóð frekar en aðrar þjóðir kemst ekki hjá því að taka tillit til þess.“

Þetta voru orð núv. hæstv. fjmrh., en þá var hann talsmaður Framsfl. við fjárlagaumr. En nú þarf ekki einu sinni að taka tillit til byggingarvísitölunnar, hvað þá heldur að taka tillit til hraðans og að hann lifir á atómöldinni. Nú skiptir það engu máli, og nú skiptir engu máli, að fólksfjölgun á sér stað í landinu. Sennilega er reiknað með, að hún hætti þá alveg, ef fóstureyðingarfrv. fer í gegn. Ég veit það ekki.

Það hefur nú komið fram loks 7. des. 1973 í bréfi frá fjmrn., þar sem segir:

„Af gefnu tilefni vill rn. staðfesta, að það hefur ákveðið að nota ekki heimild þá, sem veitt er í 6. gr. fjárlaga 1973 til 15% niðurskurðar fjárveitinga gagnvart fjárveitingum til framkvæmda 1973.“

Loksins 7. des. kemur þessi yfirlýsing til fjvn., og ég verð nú að segja það, að mér finnst ekki beint ástæða til að skera niður smáframlög, sem eru í fjárl. til framkvæmda, en láta allt, sem er stórt og skiptir tugum og hundruðum millj., eiga sig, þegar þess er gætt, að tekjur ríkissjóðs hafa farið um 2000 millj. fram úr fjárlagaáætlun. Þá sé ég ekki beint ástæðu til að ráðast á garðinn, þar sem hann er lægstur, og skera niður þessi 15%. En eitthvað hefur þetta staðið lengi í ríkisstj., það er margt annað, sem stendur minna í henni, að hún hefur ekki tekið ákvörðun um þetta fyrr en nú rétt fyrir 2. umr. fjárl. Ég vil spyrja hv. ríkisstj. að því, hvort hún sé ákveðin í því að skera niður um 15% rekstrarframlög samkv. fjárl. samkv. þessari sömu heimild og hvort hún telji það brýna nauðsyn í slíku árferði sem þessu. Þegar mörgum þeim aðilum, sem hafa orðið þar fyrir barðinu, hefur verið haldið niðri með að tryggja sér auknar tekjur, þá finnst mér það ekki vera hægt, að sami aðili, ríkisstj., sem meinar tilteknum aðilum að hækka tekjur sínar eða fá hærri tekjur, skuli skera niður þau framlög, sem eiga að vera til rekstrarstyrks þeirra fyrirtækja. Mér þætti fróðlegt, ef hæstv. fjmrh. gæfi þinginu upplýsingar um þetta atriði.

Á 12 ára valdatíma viðreisnarstjórnarinnar áttu nokkrir þm. þáv. stjórnarandstöðu nokkur uppáhaldsmál, sem entust þeim flestum að tala um í 12 ár og gagnrýna þáv. ríkisstj. fyrir. Hv. 1. þm. Austf. var mjög hugleikið að ræða um vaxtaokrið, og hann fékk mjög dygga aðstoð síns ágæta vinar

og samherja, 2. þm. Austf., Lúðvíks Jósepssonar, í þeim efnum, og þetta uppáhaldsumræðuefni entist þeim alveg út stjórnarandstöðutímabilið. Núv. formaður þingflokks Framsfl., hv. 4. þm. Reykv., átti líka sitt uppáhaldsumræðuefni, en hann hafði sérstaka unun af því að ræða um sparifjárbindinguna, sem hann taldi óhóflega og óhæfa í alla staði. Eftir að hann komst í stjórnaraðstöðu, hefur hann lítið talað, sem frægt er orðið, en hann hefur varast í þessi fáu skipti, sem hann hefur komið hér í ræðustól, að minnast á sparifjárbindingu. Það hefur verið eins og að nefna snöru í hengds í manns húsi að nefna sparifjárbindingu síðan. Þriðja uppáhaldsumræðuefni þessara manna og fleiri var hin stórkostlega skuldaaukning þjóðarinnar, sem þeir töldu, að ætti sér stað á þessum árum. Um öll þessi þrjú uppáhaldsumræðuefni hefur verið furðuhljótt í þessum herbúðum að undanförnu. Það er hætt að tala um vaxtahækkunina, eftir að vextirnir voru hækkaðir á þessu ári. Það er hætt að tala um að afnema sparifjárbindinguna, eftir að þessir sömu menn juku bindinguna. Skuldir þess opinbera ræða þeir ekki óneyddir. En þrátt fyrir það, ætla ég þó að gera þau mál nokkuð að umræðuefni.

Þrátt fyrir það, að afurðaverð á flestöllum útflutningsvörum okkar hefur verið hagstæðara en nokkurn gat grunað, hafa erlendar lántökur aukist stórlega. Gengdarlausar fjárfestingar hafa átt sér stað, sem hafa leitt til kapphlaups um vinnuafl og ýtt undir og magnað óðaverðbólguna, sem nú tröllríður íslensku efnahagslífi. Hinar stórfelldu erlendu lántökur valda öllum hugsandi mönnum áhyggjum, og er nauðsynlegt að hugleiða í alvöru þá alvarlegu þróun, sem þar á sér stað. Þannig hafa erlend lán þjóðarinnar, sem hafa verið tekin til langs tíma, hækkað frá árinu 1965 úr 3926 millj. kr. til ársins 1973 í ca. 20 milljarða 670 millj. kr. En frá árinu 1970 hafa skuldir þjóðarinnar við útlönd hækkað úr 11 milljörðum 95 millj. í 20 milljarða 670 millj. kr. Ef við lítum á samanburð áranna, þá hækka erlendu skuldirnar á tímabilinu 1971—1973 úr 14 milljörðum 445 millj. kr. í 17 milljarða 246 millj. á árinu 1972 og svo nú í ca 20 milljarða 670 millj. Þá skulum við líka hafa í huga, að 1972 er dollarinn á 87.12 kr. og er nú enn á árinu 1973 á 84 kr., svo að ekki er það vegna gengisbreytinga, sem þessi stóru stökk eru stigin.

Afborganir og vextir af erlendum lánum hafa farið sífellt hækkandi á þessum árum. Á árinu 1970 voru afborganir af erlendum lánum 1645.1 millj. kr., en eru áætlaðar á árinu 1974 2 milljarðar 797 millj. kr. Stökkið í vöxtunum hefur þó orðið enn meira og geigvænlegra, því að það hefur farið frá árinu 1970 úr 731.8 millj. kr. í áætlaða vexti á næsta ári 1710 millj. kr. Samkv. þessu hafa árlegar afborganir og vextir erlendra lána hækkað frá árinu 1970 úr 2376.9 millj. kr. í 4568 millj. kr., sem áætlað er, að það verði á næsta ári. Greiðslubyrði í hlutfalli við gjaldeyristekjur af vörum og þjónustu er því orðin geigvænleg. Hún var á árinu 1970 11.2%, en er 1972 11.4% og það er spáð, að greiðslubyrðin á næsta ári, þrátt fyrir þessi hagstæðu ár í útflutningi, muni nema um 11.4%

Það kom oft fyrir, að fyrrv. stjórnarandstæðingar, núv. stjórnarsinnar, höfðu hér mörg orð um það, hvað það væri óskaplegur glannaháttur af fyrrv. ríkisstj. að taka lán til framkvæmda, og þeir áttu ekki til orð til að lýsa áhyggjum sínum yfir því, hvað hér væri gálauslega að farið. Í blaði framsóknarmanna í Suðurlandskjördæmi, sem Þjóðólfur heitir og kom út rétt fyrir kosningar 1971, segir, að Ingólfur Jónsson hafi gengið um í sínu kjördæmi til þess að hæla sér af vegaframkvæmdum þar, og blaðið segir, að Ingólfur haldi mjög á lofti hinum nýju vegaköflum á Suðurlandi, sem eru loksins orðnir ökufærir. Síðan segir:

„Ingólfur tekur lán á lán ofan og veltir þannig áhyggjubyrðinni yfir á þá, sem eiga að erfa landið. Vilt þú, kjósandi góður, styðja mann, sem leggur slíkar skuldir á fólk framtíðarinnar? Ef svo er, þá kýst þú íhaldið. Ef þú vilt Ísland í dag fyrir Íslendinga í dag, en ekki Ísland á morgun fyrir Íslendinga í dag, þá kýst þú Framsfl. Þitt er valið."

Og auðvitað hefur þessi kosið Ágúst Þorvaldsson. Nú skyldum við ætla, að þegar þessi stefna, sem vill Ísland í dag fyrir Íslendinga í dag, en ekki Ísland á morgun fyrir Íslendinga í dag, hafi hætt þessum lántökum vegna vegaframkvæmda og hafi hugsað um að borga skuldirnar hans Ingólfs, en ekki hengja baggana á þá, sem eiga að erfa landið. En því miður eru upplýsingarnar ekki á þann veg, að skuldirnar hafi neitt lækkað. Skuldir Vegagerðarinnar og ríkissjóðs vegna vegaframkvæmda hafa aukist, frá því að þessi Þjóðólfsgrein kom, úr 1211.8 millj. kr. á árinu 1971 í 1722.9 millj. kr., og á þessu ári er talið fullvíst, að þær verði ekki undir 2000 millj. kr., svo að nú má stofna til skulda fyrir þá, sem eiga að erfa landið, og ekki fyrir Íslendinga í dag, heldur sennilega fyrir Íslendinga á morgun, því að það verður ekki sagt um þá framsóknarmenn, að þeir séu ekki góðir fimleikamenn. (**Gripið fram í:** og gáfumenn.) Það er nú aðallega einn.

Framkvæmdir verða að vera í hverju þjóðfélagi á öllum tímum. Framkvæmdir eru undirstaða framfara, og arðsemisframkvæmdir eru undirstaða bættrar lífsafkomu þegnanna. Framkvæmdum verður að ráða eftir mikilvægi þeirra og missa ekki sjónar á þeim arði, sem þær kunna að skapa þjóðfélaginu og létta undir með þegnunum. En svo eru einnig aðrar framkvæmdir, sem eru óumflýjanlegar í menningarþjóðfélagi, sem ekki skapa beint arð, framkvæmdir í heilbrigðismálum, framkvæmdir í skólum, þær skapa ekki beinan arð, en óbeinan. En það verður að gæta þess að stilla framkvæmdum í hóf og láta tekjumöguleikana ráða hverju sinni, hvað hægt er að fara í viðamiklar framkvæmdir á hverjum tíma, og gera þar allmikinn greinarmun á, hvað eru beinar arðsemisframkvæmdir og hvað eru aðrar framkvæmdir. Arðsemisframkvæmdirnar verða að verulegu leyti að sitja fyrir og undir flestum kringumstæðum, og þær framkvæmdir, sem ég leyfi mér að halda fram, að eigi að hafa forgang fram yfir allar aðrar framkvæmdir nú á þessum tímum, eru hitaveituframkvæmdir og framkvæmdir í raforkumálum með tilliti til þess, að það þarf að auka stórkostlega rafhitun húsa, sem

ekki koma til með að fá hitaveitu, á þeim svæðum, þar sem hitaveita verður ekki lögð. Í þriðja lagi álít ég, að forgang þurfi að hafa framkvæmdir í hafnamálum, sem eru auðvitað um leið atvinnumál og undirstaða þess, að sjávarútvegur og fiskveiðar geti gengið.

Það gleður mig, eins og ég sagði áðan, að það eru auknar framkvæmdir til hafnarmála, en hins vegar hryggir mig mjög, að þegar farið er út í þær miklu framkvæmdir, skuli ekki liggja fyrir jafnframt, á hvern hátt eigi að stuðla að almennri uppbyggingu í hafnamálum, ekki endilega á næsta ári, heldur næstu 2—3 árum, þannig að menn geti séð það og vitað, hvenær röðin kemur að þeim til framkvæmda. Þetta skiptir höfuðmáli. Ástandið í olíumálunum í heiminum er með þeim hætti, að við þurfum að taka þar mjög mikinn kipp til að auka þær framkvæmdir, þó að það sé mikil spenna í þjóðfélaginu, en við verðum einnig að draga úr öðrum. Ef hæstv. ríkisstj. vill taka upp þessi vinnubrögð, þá þori ég að lýsa því yfir fyrir hönd Sjálfstfl., að þó að hann sé í stjórnarandstöðu, þá er hann reiðubúinn til viðræðna, vinsamlegra viðræðna um þessi mál, til þess að koma þarna á betra skipulagi en nú er ríkjandi. Ég tel það frámunalega kjánalega stefnu, sem hefur verið viðhöfð í sambandi við gjöld til Hitaveitu Reykjavíkur og í sambandi við gjöld Rafmagnsveitunnar, að vegna þess að þessi útgjöld eru inni í vísitölunni, þá skuli vera neitað um hækkanir, þó að sannanlegt sé, að þessi fyrirtæki séu rekin með ofboðslegum halla, sem ekki nær nokkurri átt. Einmitt þessi fyrirtæki eiga að hafa fjármagn úr að spila til þess að geta haldið framkvæmdum áfram, og það er mjög eftirtektarverð áætlun, sem send var frá Hitaveitu Reykjavíkur, þar sem gerð var áætlun um, hvað kostaði olíukynding. Olía, sem er miðuð við 40 þús kwst. og miðað við 5.80 kr. lítirinn, kostar 36560 kr., vextir og fyrningar af stofnkostnaði 10%, 13600 kr., rafmagn, gæsla og viðhald 6 þús. kr. Það var áætlað, að það kostaði að kynda þetta hús 56100 kr. Sambærileg áætlun að kynda þetta sama hús með vatni frá Hitaveitu Reykjavíkur á því verði, sem hér er nú ráðandi, er 21056 kr., á móti 56100 kr.

Annað dæmi var gert með áætlun um sama hús, og þar er reiknað með því olíuverði, sem líklegt er talið, að brátt muni taka gildi, og vatnsverðið samkv. fjárhagsáætlun Hitaveitu Reykjavíkur fyrir árið 1974. Og með því verði á olíu, sem reiknað er með, að hún fari í, eða 11 kr. lítrinn, þá er ætlað, að það kosti 88920 kr. að kynda þetta hús með olíu, en með heitu vatni frá Hitaveitu Reykjavíkur aðeins 26996 kr., þ. e. innan við ⅓, miðað við það að kynda með olíu.

Þetta dæmi og mörg önnur sýna, hvað það er í raun og veru röng fjármálastefna að berja höfðinu við steininn og halda þessum gjöldum niðri í jafnmikilvægum málum og orkumálin og upphitunarmálin eru. Ég held, að ríkisstj. ætti að taka þetta mál til alvarlegrar athugunar og láta ekki lengur bíða að afgreiða með sómasamlegum hætti þessi mikilvægu mál.

Um B-hluta fjárl. er lítið rætt hér við fjárlagaumr., og enn minna hefur verið rætt um þau fyrirtæki, sem þar eru, í fjvn. Hins vegar minntist formaður fjvn. á það hér áðan, að það þyrfti að athuga nánar um Ríkisútvarpið, sem er í B-hlutanum. Það getur nú ekki gengið mörg ár í senn að afgreiða fjárlög með þessar stóru, miklu stofnanir þannig, að þær séu reknar með stórfelldum halla allar. En í fjárlagafrv. eru gjöld umfram tekjur hljóðvarpsins 44 millj 445 þús. kr. og gjöld umfram tekjur hjá sjónvarpinu 44 millj. 220 þús. kr., m. ö. o., eins og uppsetningin er þar, þá eru gjöldin 88.7 millj. kr. Þar við bætist, að launaliðir hafa hækkað gífurlega mikið, frá því að þessi fjárlagagerð þessara stofnana fór fram, svo að þessi halli er orðinn margfalt meiri nú en hann sýnist vera í fjárlagafrv.

Sama má segja um stærstu sjálfstæðu stofnun ríkisins, Póst og síma. Þar er byggt á annarri vísitölu en nú er. Það á eftir að hækka mjög verulega útgjöld þessarar stofnunar. En þar sem þetta hefur ekki verið tekið fyrir endanlega í fjvn. og ekkert liggur fyrir um það, hvað á að gera í sambandi við þessar stofnanir, þá ætla ég mér að geyma að ræða þessi atriði frekar við 3. umr.

Ef við ætlum að halda fjárl. niðri og ef við ætlum að koma í veg fyrir óhóflega hækkun fjárl., þá verðum við að breyta um vinnuaðferð. Þá verðum við fyrst og fremst að gera okkur fyrir fram grein fyrir því, hvað við treystum okkur á hverjum tíma til þess að leggja á þjóðina í sköttum og þá með hvaða hætti við ætlum að innheimta þessa skatta, hvort við ætlum að innheimta þá í vaxandi mæli í beinum sköttum eða óbeinum. En fyrst og fremst verðum við að gera okkur grein fyrir því, hvað við teljum hæfilegt að leggja háa skatta á, svo að það verði ekki til þess að draga úr viðleitni manna að afla sér tekna. Í öðru lagi verður að gera sér grein fyrir því, hvernig við ætlum að skipta hinum sameiginlegu útgjöldum og þörfum þjóðfélagsins á hina ýmsu málaflokka og sömuleiðis innan hinna ýmsu málaflokka. Þegar við höfum á þann hátt myndað þak á hverjum málaflokki, þá verðum við að snúa okkur að því verkefni að skipta því fjármagni, sem er fyrir hendi, en ákveða ekki fyrir fram þessa framkvæmd og hina, sem kallar á auknar kröfur frá öðrum. Ef þetta byggðarlag er ekki með í því dæmi, þá hrópar það á auknar kröfur, þannig að þá verður alltaf að bæta við. Það er þessi aðferð, sem hefur verið notuð að undanförnu, og þess vegna kannske hafa fjárl. hækkað meir en ella.

Ég hefði kosið að ræða miklu nánar um efnishlið fjárlagafrv. en ég hef gert, en ég hef nú orðið nokkuð langorður, svo að ég ætla að fara að stytta mál mitt. Það eru miklir annmarkar á því að gera þessu máli fullkomin skil við þær aðstæður, sem við er að búa. Það vantar allar upplýsingar um tekjuhlið fjárlagafrv. að öðru leyti en því að lýst er yfir, að 2% söluskattur til viðlagasjóðs falli niður 1. mars n. k. Þá er gert ráð fyrir í tekjuöflun frv., að söluskattur hækki úr 11% í 13% frá næstu áramótum. Ekkert frv. er enn komið fram um hækkun söluskatts til þess að staðfesta þessi áform, sem lýst er yfir í fjárlagafrv. Hefur ríkisstj. þingstyrk til að koma þessu frv. fram? Á að afgreiða fjárlög án þess að vita, hvort hægt er að ná samkomulagi um afgreiðslu laga, sem miða að skattlagn-

ingu til þess að standa undir útgjöldum fjárl.? Ekkert af þessu liggur fyrir. Ég spyr hæstv. ríkisstj.: Hvað hugsar hún sér að gera í þessum efnum? Á ekki að bíða og sjá til, hvað er að gerast í kaupgjaldsmálunum, hvað raunverulega þarf? Á að ganga frá afgreiðslu fjárl. eins og sé um pappírsfjárlög að ræða? Er þetta ætlun ríkisstj.? Hún ræður auðvitað ferðinni í þessum efnum. Ég hygg, að skynsamlegra hefði verið að leita samstarfs við stjórnarandstöðuna, hvernig sé hægt að leysa þessi mál. Þessi ríkisstj. hangir á bláþræði hvað styrkleika snertir hér á Alþ., og hún má ekki vera svo forstokkuð að reyna ekki samkomulagsleiðir við stjórnarandstöðu til þess að ná skynsamlegri afgreiðslu fjárl., jafnvel þó að það komi til með að taka nokkrar vikur.

Ég hef áður vakið athygli á því, hversu stórkostleg hækkun hefur orðið á fjárl. í heild í tíð núv. ríkisstj. Sýnt hefur verið fram á, að sú hækkun stafar í stórum mæli af ört vaxandi ríkisbákni og ríkisafskiptum, en hefur ekki að sama skapi orðið vegna verklegra framkvæmda, enda hafa þær í heild ekki aukist að magni til. Skattheimtustefna ríkisstj. hefur verið þannig í framkvæmd, að allur almenningur stynur undan og undrast og þá ekki síst þeir, sem byggja þau héruð, sem erfiðasta baráttu heyja varðandi búsetuskilyrði fólksins, félagsleg réttindi þess og afkomuöryggi. Þetta er illa farið, og er stefnt í óefni, ef svo heldur fram.

Við sjálfstæðismenn leggjum þunga áherslu á, að algerlega verði breytt um stefnu í efnahagsmálum. Sköttum verði að stilla í hóf. Ríkisstj. og Alþ. verða að gera sér grein fyrir því, hversu stóran skatt er hollt og nauðsynlegt að taka til sameiginlegra þarfa þegnanna og gera síðan áætlanir um skiptingu þeirrar upphæðar milli efnisþátta fjárl., eins og ég sagði áðan. Að því loknu getur fjvn. með ábyrgum hætti gengið frá endanlegum till. um ráðstöfun ríkisfjár til hinna ýmsu staða á landinu. Sú ríkisstj., sem nú situr hér að völdum og taldi landsmönnum trú um, að hún mundi taka upp áætlanagerð um alla þætti ríkisbúskaparins, hefur gengið á svig við þau fyrirheit og horfið frá því að fela Framkvæmdastofnun ríkisins heildaráætlanir og röðun framkvæmda, en leyft liðsmönnum sínum að bítast um fjármagnið til einstakra framkvæmda og vissra staða og gengið að því búnu í það að telja saman bitana. Þá kemur í ljós, að niðurstöðutölur fjárl. hafa hækkað meira en áætlað var. Þá eru góð ráð dýr og ekki önnur fyrir hendi en að teygja tekjudálkinn og leggja hærri álögur í formi skatta á þjóðina. Stefnunni verður að breyta og starfsaðferðum við fjárlagagerð, til þess að Alþ. tapi ekki tökum á fjármálum ríkisins og stjórnun þess.

Með tilvísun til þess, sem ég hef um þetta sagt, teljum við sjálfstæðismenn, að þessar breytingar séu meðal hinna mikilvægustu, sem gera þarf: Dregið verði stórlega úr ríkisafskiptum og miðstjórnarvaldi ríkisins settar skorður, m. a. með því að skipa verkefnum þannig, að verksvið sveitarfélaganna verði aukið verulega frá því, sem nú er, og valdsvið ríkisins fært saman að sama skapi. Sú valddreifing mundi strax koma fram í lækkandi kostnaði við opinberar framkvæmdir byggðarlaganna og verða um leið raunhæfasta leiðin til að framkvæma þá byggðastefnu, sem tekur mið af getu almennings og nánustu vandamálum borgaranna. Fyrir gerð fjárl. teljum við nauðsynlegt að hverfa meir að áætlunum til lengri tíma, bæði um verklegar framkvæmdir ríkisins og fjárlagaáætlanir.

Brtt. fjvn. leiða til 648.4 millj. kr. hækkunar fjárl. Við fulltrúar Sjálfstfl. í fjvn. berum ekki ábyrgð á þeim till., sem gerðar eru um heildarfjárhæðir til einstakra þátta, svo sem hafna, sjúkrahúsa ríkisins, sveitarfélaga og einstaklinga, menntaskóla, héraðsskóla og hvers kyns annarra skólamannvirkja, fyrirhleðslna, svo og til hinna ýmsu ríkisfyrirtækja, þar sem þær virðast hafa ákvarðast í megindráttum án tillits til þess, að um fasta fjármagnsáætlun hafi verið að ræða. Þá hefðum við staðið að skiptingu þess fjármagns. Sama má segja um aðrar brtt., sem n. flytur í greindu þskj., að um nokkrar þeirra var full samstaða. Þó teljum við, eins og ég sagði í upphafi máls míns, að skipulegri vinnubrögð hefði þurft að viðhafa við afgreiðslu hinna ýmsu erinda, sem til n. bárust, til þess að viðhlítandi samræmis gætti um afgreiðslu þeirra. Því áskiljum við okkur rétt til að hafa óbundnar hendur um afstöðu til hinna einstöku till.

Í nál. okkar sjálfstæðismanna bendum við á þá óhæfu starfsaðstöðu fyrir fjvn. að ætla henni að fjalla um útgjaldabeiðnir, sem skipta hundruðum millj., þegar ekki bólar á neinum viðunandi till. stjórnvalda um tekjuöflunarleiðir. Við munum því ekki flytja frekari brtt. við þessa umr. Ég hef sýnt fram á það, að ríkisfjármálin verður að taka allt öðrum og fastari tökum en gert hefur verið á valdatíma þessarar ríkisstj., svo að með ábyrgum hætti verði lokið gerð fjárl. fyrir næsta ár. Efnahagsmálin horfa þannig við, að hinn almenni borgari er uggandi um sinn hag, og öryggi hans er teflt í tvísýnu. Það leiðir af stjórn ríkisfjármálanna, sem er laus og fálmandi, að ekki er hægt að taka með ábyrgum hætti afstöðu til þess, hversu langt megi ganga í fjárveitingum án þess að ofbjóða getu almennings með skattaálögum.

Frsm. 2. minni hl. (Jón Árm. Héðinsson): Herra forseti. Ég vil byrja þessa umr. með því að þakka meðnm. mínum og þá sérstaklega formanni fyrir gott samstarf í fjvn. á hinum mörgu fundum, sem nefndin hefur haldið. Einnig hefur hagsýslustjóri mætt á mörgum fundum og verið okkur til mikillar aðstoðar. Óvenjumikill fjöldi erinda hefur nú borist til fjvn. eða rúmlega 600 erindi. Enn þá er stór hluti þessara erinda óafgreiddur, og vitum við ekki í stjórnarandstöðunni, hver afstaða hæstv. ríkisstj. er til þessara erinda.

Eins og fram kemur á þskj. 204, stendur fjvn. sameiginlega að brtt., er nema um 650 millj. kr. í heild. Að þessum brtt. samþykktum verður fjárlagafrv. komið með rúmlega 28 milljarða niðurstöðu, eða hækkun, sem er líðlega 30% frá gildandi fjárlögum. Svo sterk einkenni eru á verðbólgu á Íslandi í dag, eins og hér má sjá.

Einhvern tíma hefðu núv. stjórnarflokkar kallað þetta við aðra aðstöðu en þeir hafa í dag, sérstök einkenni stjórnlausrar óðaverðbólgu. Við í stjórnarandstöðunni höfum skilað sérstökum nefndarálitum og gerum þar grein fyrir viðhorfi okkar til þróunar peningamála. Vissulega er það rétt, að í vissum málaflokkum hefur verið gert stórátak með setningu laga í þágu þessara málaflokka og meiri skattinnheimtu af atvinnulífinu og almennum borgurum eða skattgreiðendum. T. d. má nefna stórátak í hafnamálum, sem hlaut að fylgja í kjölfarið á stórauknum kaupum togara. Nú verður fiskvinnslan að taka á sig mjög stórt álag til þess að mæta auknum útgjöldum í hafnargjöldum. Einnig hefur hlutur ríkissjóðs verið aukinn, og því hlýtur það að vera eðlilegt, að fram komi auknir möguleikar að bæta hafnaraðstöðu hér á landi. Þörfin er augljós, og mun þetta koma öllu þjóðarbúinu að góðu, þegar fram í sækir.

Nokkur deila hefur komið upp á hv. Alþingi um fjárveitingar í hinar stóru hafnarframkvæmdir, en ég tel, að það hafi ráðist vel, hvernig atkvæðagreiðsla féll varðandi hina sérstöku lántöku og framkvæmdir við Grindavíkurhöfn, Þorlákshöfn og Höfn í Hornafirði. Hið mikla góðæri, sem ríkir til sjávarins á yfirstandandi ári, og hið geysiháa verðlag, sem nú er og mun aldrei hafa verið svo hátt áður í sögu landsins, gerir eðlilega kröfu til þess, að betri þjónusta sé tryggð fyrir bátaflotann og vinnslustöðvar landsmanna. Annað væri fullkomlega óeðlilegt. Einnig er lofsvert, að stórátak er gert í gerð flugvalla, og tryggir það betri samgöngur um allt land. Nokkrir fleiri málaflokkar fá verulega aukningu og munu geta aukið framkvæmdir sínar, eins og meiri hl. fjvn. undirstrikar mjög rækilega í sínu nefndaráliti.

Hins vegar er enn óleyst fjármögnun á stórum þáttum á vegum ríkisins, er nema tugum og hundruðum milljóna samtals. Mætti þar nefna þáttinn um sjúkratryggingar og lífeyrisgreiðslur, vandamál Orkustofnunarinnar vegna nýrra viðhorfa í orkumálum og mikilla þarfa á skjótri fjárfestingu í hitaveitu á þéttbýlissvæðinu hér á Reykjanesi og víðar út um land. Á s. l. hausti flutti ég ásamt Stefáni Gunnlaugssyni till. til þál. um mikla fjáröflun til þess að mæta auknum þörfum í hitaveituframkvæmdum, og enn hafa þm. Alþfl. flutt um þetta vandamál nýja till. Þessi till. okkar var samþykkt á þann hátt, að henni var vísað til hæstv. ríkisstj. en lítið hefur borið á úrræðum fyrr en nú, að sérstök nefnd hefur verið sett á stofn á vegum iðnrn. eða orkumálaráðherra til þess að reyna að finna hina skjótustu lausn vegna yfirvofandi olíuskorts í heiminum. Við lögðum til í þáltill. okkar, að stórt lán yrði tekið til þess að flýta fyrir hitaveituframkvæmdum, og er það auðvitað grundvallaratriði, að svo sé gert. Það er skoðun okkar í Alþfl., að varla sé um betri kjarabót að ræða, eins og ástandið er í dag, en geta veitt sem flestum landsmönnum hitaveitu eða upphitun með rafmagni. Það er kjarabót, sem er raunverulega eins og fundið fé fyrir alla neytendur slíks orkugjafa.

Stjórnarsinnar hafa æ ofan í æ haldið því mjög á lofti, að mjög skipulega hafi verið unnið að uppbyggingu atvinnulífsins undanfarið og allt sé nú með meiri blóma en á tímum viðreisnar. Því miður fellur sú staðhæfing um sjálfa sig, að skipulega hafi verið unnið að uppbyggingu atvinnulífsins, þrátt fyrir tilvist Framkvæmdastofnunar ríkisins. Mér er sagt, að þar hrúgist inn beiðnir um margvíslegar áætlanagerðir og sé nú svo komið, að í raun og veru sé stofnunin að kafna í ýmiss konar áætlunargerðum án þess að hafa möguleika að vinna nægilega vel úr þeim og raða þeim niður, eins og undirstrikað var á sínum tíma í umræðum um þessa stofnun, þegar lög um hana voru sett hér á hv. Alþingi. Það er t. d. athyglisvert, að kaupin á skuttogurunum fóru fram hjá þessari ágætu stofnun, og einnig var það upplýst nú fyrir skömmu, að kaup á allt að 10 nýjum hringnótaskipum hafi einnig lent fram hjá sömu stofnun. Þetta er þó fjárfesting, sem nemur frá 7—8 milljörðum á núverandi gengi, og sýnist mönnum, að slík stofnun ætti að fjalla um minna mál en þetta er.

Það mun vera rétt, að á vegum hennar hafi verið gerð áætlun um endurbætur frystihúsa í landinu og samið allmikið plagg í því efni. En því miður er verðbólgan svo ör í landinu, að forsendurnar fyrir þeim útreikningum eru flestar eða allar brostnað. Það, sem knýr fyrst og fremst á um endurskipulagningu í frystihúsaiðnaðinum, eru kröfur frá hinum bandarísku markaði um aukið hreinlæti og betri meðferð á hráefninu. Þessum kröfum verðum við að svara, og mikil nauðsyn er á því, að samræming sé í byggingu frystihúsanna, en ekki sé verið að lappa upp á mörg gömul frystihús, sem eru 20, 30 eða jafnvel 40 ára gömul. En því miður segir mér svo hugur um, að ríkisvaldið stuðli jafnvel að slíkri þróun í ríkum mæli.

Í svari við fyrirspurn frá mér hér fyrir nokkru upplýsti hæstv. sjútvrh., að afkoma hinna nýju skuttogara væri erfið og augljóst væri, að þeir gætu ekki staðið í skilum með afborganir vaxta og lána. Þetta er alvarlegt mál. Það er óhjákvæmilegt, að hv. Alþ. líti á þessa staðreynd. Hvort sem menn vilja, að eitthvað sé lagt til hliðar á fjárlögum til að mæta þessum erfiðleikum í rekstri togaranna eða á annan veg, þá er ekki hægt að komast fram hjá því, að eitthvað verður að gera og það fyrr en síðar, til þess að þessi nýju, góðu skip, sem færa þjóðarbúinu svo mikið verðmæti úr hafinu, stöðvist ekki. Sjálfsagt kunna að verða skiptar skoðanir um, hvað rétt sé að gera, en ég vil leggja áherslu á það, að enn dýrara er og óverjandi með öllu, að þessi skip geti ekki haft eðlilegan rekstur og að til stöðvunar komi á þeim, sérstaklega hjá fyrirtækjum úti um land. Það yrði þeim kaupstöðum og þorpum ofviða, sem að slíkri útgerð standa, á mjög stuttum tíma.

Það er ekki nóg að hæla sér yfir því að hafa stuðlað að kaupum á 60 skuttogurum og geta ekki leyst þann vanda, sem fylgir því að skapa þessum atvinnutækjum eðlilegan rekstrargrundvöll. Það gæti þá fljótlega slegið í bakseglin fyrir atvinnulífið og orðið þungt til úrlausnar, ef dregst úr hömlu að ráðast á þennan vanda, sem er að tryggja skutttogaraflotanum sómasamlegan rekstur. Þetta vil ég hér undirstrika

og leggja á það mikla áherslu, að hæstv. ríkisstj. taki á þessu máli af raunsæi, en ekki með neinu hiki. Þegar togarakaupin voru undirbúin í tíð viðreisnarstjórnarinnar, sáu menn fram á, að möguleiki væri á því, að endar næðu saman, eins og sagt er. Þá var kvöð á fiskkaupanda, að hann borgaði 11% aukalega til útgerðarinnar, og hefði þetta nokkurn veginn dugað í dag, a. m. k. gagnvart því, að ekki væri um að ræða, að bein útgjöld væru meiri en innkomnar tekjur. Þegar tekið er tillit til fullra afskrifta, munu endar ekki nást saman, þó að þetta kerfi hefði haldist óbreytt. En hæstv. ríkisstj. breytti þessu fyrirkomulagi fyrir löngu, og nú blasir við sá vandi, eins og ég drap á áðan, að tryggja það, að þessi stórvirku atvinnutæki geti haldið áfram eðlilegum rekstri.

Svo var komið í desember fyrir nærri ári, að hæstv. ríkisstj. sá sig tilneydda að fara út í gengisfellingu, sem var ákveðin 10.7% gagnvart dollar. Því hafði þó verið margyfirlýst áður í ræðu og riti af stjórnarsinnum, að ekki mundu þeir grípa til gamalkunnra viðreisnarráða til að leysa úr efnahagsvanda, ef upp kæmi. En sem sagt, hið gamalkunna ráð, gengisfelling, var næst hendi, og sú var niðurstaðan, að sú leið var valin. Þetta leiddi til þess, að einn af stuðningsmönnum hæstv. ríkisstj., hv. 3. landsk., Bjarni Guðnason, hefur sagt skilið við hæstv. ríkisstj., og þar með hefur hæstv. ríkisstj. misst meiri hl. sinn í neðri deild.

Nú er úr vöndu að ráða. Óhjákvæmilegt er, eins og boðað hefur verið, að setja löggjöf um tekjuauka, og nú í fyrradag var lagt fram frv. um lækkun tolla, er mun rýra tekjumöguleika ríkissjóðs um nokkur hundruð milljónir. Það liggur því ekki fyrir, að unnt sé að koma með tekjuöflunarfrv. er hafi öruggan framgang á hv. Alþingi.

Nú er það upplýst, að tekjur ríkissjóðs á yfirstandandi ári verða nálægt 2000 millj. kr. hærri en fjárlög gera ráð fyrir. Þetta er óvenjumikil aukning. Jafnframt þessu verða útgjöld einnig mun hærri, þótt ekki sé vitað, hvað það er í krónum talið. Samt sem áður er augljóst, að afkoma ríkissjóðs á yfirstandandi ári verður óvenjugóð. Það væri vissulega eðlilegt undir ríkjandi kringumstæðum í geysilegri verðbólgu, þenslu á vinnumarkaði og of mikilli eftirspurn eftir vinnuafli, svo að sumar starfsgreinar eru næstum því á uppboði, að ríkissjóður hefði og sæi ástæðu til að leggja nokkuð digra sjóði til hliðar. En því miður, ekki virðist vera um slíkt að ræða, a. m. k. höfum við í stjórnarandstöðunni ekki verið heiðraðir með því, að okkur sé greint frá slíku.

Það er augljóst, að mikil breyting hefur verið á flestum eða öllum þáttum fjárlaga fyrir yfirstandandi ár til hækkunar. Hið góða árferði, sem ríkir varðandi sjávarafurðir, hefur gefið ríkissjóði mjög auknar tekjur og landsmönnum möguleika á mjög mikilli aukningu í innflutningi, svo að talið er, að hún nemi jafnvel allt að 55%. Grundvöllur tollstofns hefur verið talinn munu aukast allt að 37% á þessu ári, en var áætlað upphaflega, að mundi nema um 27%. Þetta gefur auðvitað, eins og áður er sagt, ríkissjóði geysimikla tekjuaukningu.

Hin hagstæða þróun á sölu sjávarafurða gaf ríkisstj. möguleika á því að hækka gengið aftur á s. l. vori. En því miður kom sú ráðstöfun mjög misjafnlega niður á einstökum framleiðendum og skapaði mörgum erfiða aðstöðu, þar sem þeir höfðu keypt rekstrarvörur sínar, svo sem veiðarfæri og margt annað, m. a. olíur, á hinu lægra gengi og áttu afurðir sínar næstum allar eftir vertíðina óseldar úr landi, en fengu greiðslu í staðinn á háa genginu. Einnig hefur þetta komið mjög illa við útflutningsiðnaðinn, og forsvarsmenn iðnaðarins undirstrika það nú í tíma og ótíma, að staða þeirra sé mjög erfið og að fyrirsjáanlegt tap á þessum útflutningsgreinum sé það mikið, að nema muni mjög mörgum tugum milljóna og sumar stefni í strand, ef ekki verði að gert til hjálpar.

Sú hugmynd hefur komið fram, að nota ætti nú skyndilega Verðjöfnunarsjóð sjávarútvegsins, er nemur nú nálægt tveimur milljörðum til þess að hlaupa undir bagga með iðnaðinum. Þessi hugmynd er fráleit á þessu stigi, vegna þess að myndun Verðjöfnunarsjóðsins fer eingöngu fram innan sjávarútvegsins sjálfs og er hrein eign þeirra, er við sjávarútveginn starfa, og kemur ekki til greina undir neinum kringumstæðum að taka hann frá þeim. Það, sem má gera, er að stofna til hliðstæðrar sjóðsmyndunar fyrir iðnaðinn og aðrar atvinnugreinar og þá með kvöð á sjálfan sig, en ekki láta aðrar greinar atvinnulífsins borga með slíkri milligjöf. Slíkt kerfi er fjarstæða og mun leiða af sér hreina upplausn á milli atvinnugreina. Það er útilokað að leggja á slíkar kvaðir á milli atvinnugreina og láta einhverja misvitra stjórnendur útdeila slíku eftir árferði. Þá er miklu hreinna að hafa skatta þá háa, að þeir hrökkvi til, ef illa árar einhvers staðar, og ríkissjóður eigi einhverja möguleika á afgangi og allir borgi eftir hliðstæðum reglum og lögum inn í ríkissjóðinn.

Þótt afkoma sjávarútvegsins hafi verið óvenjugóð á þessu ári, eru miklar blikur nú fram undan vegna geysilegra hækkana á olíum og veiðarfærum Því miður er fyrirsjáanlegt, að veiðarfæri munu hækka frá 50—70% eða jafnvel enn meir, og enn alvarlegra er, ef dæma má frá útlitinu í dag, að alger skortur kann að koma fram síðla á næsta ári, svo að margir bátar munu verða í mjög miklum vandræðum að tryggja sér veiðarfæri fyrir árið 1975. Ómögulegt er að spá, hvaða afleiðingar þetta hefur, en eitt er víst, að nú vantar geysimikið rekstrarfé til bátaflotans í heild til þess að geta keypt strax það, sem hægt er að fá af veiðarfærum, þó að á háu verði sé, því að það er mál þeirra, er til þekkja, að verð muni enn fara hækkandi, er líður fram á veturinn. Raunverulega þyrfti ríkisstj. að hugleiða að stofna til sameiginlegra innkaupa í allstórum stíl á veiðarfærum og geyma hér og úthluta síðan, til þess að sumir hverjir lendi ekki gersamlega uppi á skeri og verði að hætta atvinnurekstri sínum vegna veiðarfæraskorts. Mér er kunnugt um það, að í Noregi hefur ríkisvaldið sett mjög strangar reglur um notkun veiðarfæra og útflutning, og er tímabært, að hæstv. ríkisstjórn taki þetta alvarlega mál til rækilegrar athugunar og tryggi nú, ef nokkur leið er, að í landinu séu til einhverjar lágmarksbirgðir af

veiðarfærum, sem yrði úthlutað eftir aðstæðum hjá útgerðinni um allt land. Þetta mun kosta allmikið fé, en það mun kosta enn meira fé, ef tugir báta geta ekki haldið út í árslok næsta árs eða hafið veitið á eðlilegum tíma 1975 vegna veiðarfæraskorts.

Annar þáttur í þessari bliku, sem fram undan er fyrir sjávarútveginn í annars góðu árferði varðandi sölu afurða, er hækkun sú, sem fram undan er á brennsluolíum og smurolíum. Samtals hafa fróðir menn talið, að hækkun veiðarfæra og olíu kunni að nema allt að tveimur milljörðum á ársgrundvelli í auknum rekstrarútgjöldum. Ef svo reynist, má augljóst vera, að forsendur um stórhækkaðar launakröfur á hendur atvinnulífinu eru því miður hæpnar og jafnvel brostnar. Þessi þróun kostnaðar fyrir sjávarútveginn og skortur á olíu er svo mikið mál, að hæstv. ríkisstj. verður að gera allt, sem unnt er, til þess að koma í veg fyrir alvarlegar afleiðingar af þessari miklu breytingu. Þegar hefur nefnd embættismanna verið sett á stofn til þess að kanna, hvaða afleiðingar þetta hefur fyrir atvinnulífið, og er það vel út af fyrir sig, en hér má heldur ekki skera við nögl sér nauðsynleg útgjöld til þess að komast að raun um, hvað skynsamlegt er að gera til þess að draga úr þessum áhrifum fyrir atvinnulífið og þar með landsmenn alla.

Ég vil benda á t. d. einn þátt. Ef skortur verður á smurolíum, þó að það sé ekki stór liður út af fyrir sig, þýðir það samt, að fjöldi báta getur umsvifalaust stöðvast eða vissar vélar og þar með vissir þættir í framleiðslukerfinu, er leiða af sér stöðvun á öðrum sviðum. Það kemur, eins og mönnum hlýtur að vera ljóst, fram keðjuverkun mjög fljótlega í okkar þjóðfélagi, ef undirstöðuatvinnuþátturinn stansar.

Við afgreiðslu yfirstandandi fjárlaga fyrir réttu ári var sett inn heimild til þess að draga úr samþykktum útgjöldum um 15% á vissum þáttum, hjá ríkisfyrirtækjum. Nú er upplýst, að vegna góðrar afkomu ríkissjóðs á yfirstandandi ári, er nemur mikið á annan milljarð, hefur ekki þurft á þessu að halda, eins og heimildin veitti hæstv. fjmrh. að gera. Þetta sýnir, að jafnvel hæstv. ríkisstjórn hefur metið ástand mála í efnahagskerfinu mjög á annan veg en raun ber vitni um, og öll verðlagsþróun hefur orðið miklu meiri og örari í verðbólguátt en gert var ráð fyrir. Í raun og veru hefur verðbólgan þróast hér sem hrein óðaverðbólga. Hv. 3. landsk., Bjarni Guðnason, hefur séð ástæðu til þess að lýsa þessari þróun á þann veg, að hér væri ekki aðeins óðaverðbólga, heldur væri nauðsyn að setja orðið „æsileg“ framan við, svo að henni væri rétt lýst. Hann hefur jafnframt sagt það vera einkenni hæstv. ríkisstj., að í raun væri skattpíning hennar komin á það stig að kalla mætti, að almenningur væri ekki lengur sjálfráða aura sinna. Hvað sem þessu líður, er öllum ljóst, að lengra verður ekki gengið í innheimtu beinna skatta. Hæstv. fjmrh. hefur lýst því yfir, að hann sé fús til þess að draga úr beinum sköttum og hverfa yfir í óbeina skatta í hærra hlutfalli en verið hefur hér á landi. Miðað við framkomnar tillögur, bæði af hálfu Alþfl. og hálfu Sjálfstfl. virðist vera grundvöllur fyrir ákveðinni kerfisbreytingu í innheimtu beinna skatta og óbeinna skatta. Ég ætla mér ekki að fara hér að ræða um tillögur Alþfl. Það hefur þegar verið gerð grein fyrir þeim af 1. flm., formanni flokks okkar, Gylfa Þ. Gíslasyni, hér í Sþ. fyrir nokkru. Við hins vegar teljum það skyldu okkar, um leið og við leggjum til, að beinir skattar lækki verulega, að lýsa yfir, að við séum til viðtals um að tryggja ríkissjóði hliðstæða tekjumöguleika í formi óbeinna skatta og hann missir við lækkun beinna skatta. Einnig leggjum við til, að komið sé til móts við láglaunafólk, er ekki hefur greitt beina skatta, og því verði með engu móti íþyngt við kerfisbreytinguna. Í till. Sjálfstfl. bólar ekki á neinni slíkri úrlausn, og mun ég ekki ræða það nánar, en þess verður að vænta, að fulltrúar þeirra geri nokkru nánar grein fyrir því, með hvaða hætti þeir vilja mæta tillögum sínum um tekjumissi ríkissjóðs, jafnvel yfir 4 milljarða kr. samkvæmt þeirra frumvarpi.

Ég hef áður vikið að verðþenslunni, og það mun sjálfsagt verða drepið á hana af fleiri ræðumönnum en mér og hefur þegar verið gert. Þar sem allir virðast vera á móti mikilli verðþenslu og óðaverðbólgu, ættu að vera möguleikar á því að ná samstöðu um hömlun á útþenslu ríkisútgjalda, en því miður virðist ekki ríkja hér á hv. Alþingi samstaða um slíkt. Það er ekki nóg að tala um það, að draga þurfi úr ríkisútgjöldum, við þurfum að koma saman og móta ákveðna stefnu í því efni. Á almennum borgarafundi, sem Alþfl. gekkst fyrir s. l. sunnudag, 19. nóv., í súlnasal Hótel Sögu, lýsti formaður Sjálfstfl., 2. þm. Reykv., Geir Hallgrímsson, yfir því aðspurður, „að Sjálfstfl. væri reiðubúinn að stuðla að tillögum um lækkun fjárlaga með ríkisstjórninni,“ og hann bætti við: „Tilboðið stendur, hvort sem við erum í ríkisstjórn eða ekki“.

Ég get fyrir hönd Alþfl. sagt, að við erum að sjálfsögðu nú sem fyrr reiðubúnir til þess að ræða um hömlur á verðbólgunni, því að það mun koma láglaunafólki að mestu gagni, að verðbólgan sé sem minnst. Engir græða meira á verðbólgunni í dag en stóreignamenn og braskarar, og það hefur margsinnis verið undirstrikað af núverandi stjórnarflokkum á sínum tíma, verandi þá í stjórnarandstöðu, að viðreisnarstjórnin svonefnda hjálpaði gróðamönnum umfram aðra á því tímabili. En ég vil segja, að aldrei hafa ríkt betri tímar hjá þessum hópi manna, hversu stór svo sem hann er, en einmitt undanfarin 2—3 ár. Vil ég í því efni minna á, að byggingarvísitalan var 1. mars 1970 439 stig, en 1. þ. m. var hún 913 stig. Á þessum þremur árum og átta mánuðum hefur byggingarvísitalan því hækkað um 474 stig eða um 108% og þar af um 272 stig síðan í árslok 1971 eða um helming. Þessi þróun er geigvænleg, og verðum við að grípa í taumana til að hamla hér á móti.

Ég vil enn einu sinni minna á hið góða fyrirheit í málefnasamningi hæstv. ríkisstjórnar um það að tryggja, að hækkun verðlags hér á landi verði ekki meiri en í helstu nágranna- og viðskiptalöndum okkar. En því miður er sannleikurinn sá, að engri ríkisstjórn á Íslandi hefur mistekist stjórn efnahagsmála jafn herfilega og þeirri, sem nú situr. Um þetta vitna fjárlögin

sjálf mjög áþreifanlega, en þau hafa nær þrefaldast á þessu valdatímabili, sem er 2½ ár. Hæstv. fjmrh. hefur sagt, að fjárlögin séu spegilmynd af efnahagsstefnu viðkomandi ríkisstj., og svo sannarlega sjáum við í spegilinn, og myndin er ótvíræð.

Í nál. meiri hl. er sagt, að markvisst hafi verið unnið að því að tryggja afkomu þjóðarbúsins. Vel væri, ef rétt væri frá sagt. En því miður er afkoma þjóðarbúsins ekki jafntrygg og góðæríð gefur til kynna, eins og ég hef nokkuð fjallað hér um að framan, og almenningur í landinu er þess fullmeðvitandi, að mjög mikil óvissa ríkir um afkomu margra þátta í atvinnulífinu. Hins vegar er hið háa verðlag á útflutningsafurðum okkar þess valdandi, að margir launþegahópar hafa sett fram óvenjulega háar launakröfur í dag og telja, að atvinnulífið geti með góðu móti mætt kröfum þeirra. Þeim er að ýmsu leyti vorkunn. Þeim er ekki ljóst, að verðþenslan er svo gífurleg á öllum sviðum, að afkoman er ekki trygg þrátt fyrir hið margrómaða góðæri, sem ríkir. Því hefur verið haldið mjög á lofti, að kaupmáttaraukning hafi verið hér mjög mikil, og til þess notaðar ýmsar kúnstir að sanna þá staðhæfingu. En væri nú ekki rétt að búa til sæmilegan lista yfir helstu neysluvörur: mjólk, smjör, ost, kjöt, sykur, hveiti, brauðtegundir, hinar algengustu, og jafnvel eitthvað meira og bera það saman s.l. 3 ár og láta það tala út af fyrir sig? Þennan lista á að birta. Það er ekki hægt að fara nákvæmlega út í það hér, það yrði allt of langt mál, en þetta er það, sem snýr að húsmóðurinni. Þetta er það, sem snýr að hinum almenna neytanda. Ég vil aðeins minna á: Hvað kostaði mjólkurlítrinn, þegar ríkisstj. tók við völdum? 12.60 kr. En hvað kostar hann í dag? 25.30 kr. Hækkunin er 100%. Það er ekki langt frá því, að svipuð hreyfing eigi sér stað varðandi kjötið.

Margvísleg önnur þjónusta hefur hækkað um 50% eða meir. Það er ekki nóg að reikna með, að stytting vinnutímans gefi mönnum svo og svo mikið í kaupmáttaraukningu. Það, sem launþeginn finnur og skattþegninn gerir sér grein fyrir, er það verðmæti til þarfafullnæginga, sem ákveðin krónutala veitir honum frá ári til árs. Það metur hann sem sína kjarabót og sína kaupmáttaraukningu, annað ekki.

Sú var tíðin, að forsvarsmenn Alþb. töluðu mjög um það, að spara mætti í bankakerfinu, þar mætti endurskipuleggja, þar mætti hirða margs konar gróða, sem bankaauðvaldið myndaði á Íslandi. Almenningur hefur nú beðið spenntur eftir því að sjá eitthvað gert eða aðhafst í þessum efnum til hagsbóta og til skynsamlegrar úrlausnar. En hvað hefur skeð? Bókstaflega ekki neitt. Og það eina, sem maður hefur spurnir af, er, að nú sé verið að semja um það, að Alþb. tryggi sér nýjan bankastjóra í einum ríkisbankanna. Nú er ekki talað um endurskipulagningu. Nú er ekki talað um samdrátt í bankakerfinu. Nú þarf aðeins að tryggja það, að einn úrvalsmaður í flokknum fái aukin völd, heppilega stöðu. Þetta eru allar efndirnar á því sviði.

Undirnefnd fjvn. hefur starfað nokkuð í sumar og farið yfir vandamál vissra ríkisfyrirtækja og fengið skýrslur frá viðkomandi forstjórum. Þar hefur verið rætt ítarlega um margvíslegan sparnað og endurskipulagningu. Þetta er verk, sem gengur of seint að mínu mati, og ég undirstrikaði það í ræðu minni hér í fyrra, að raunverulega þyrfti að ákvarða, hvað mikið valdsvið undirnefnd fjvn. gæti fengið, svo að hún gæti ýtt meira á um endurskipulagningu og gert tillögur til fjmrh., sem hægt væri að framfylgja á sem skemmstum tíma, um aðhald og sparnað í ríkisrekstrinum. Ég vil taka það fram, að sumir forstjórar ríkisstofnana, sem nefndin hefur talað við, eru mjög opnir fyrir því að endurskipuleggja og gæta hófs í rekstri sinna stofnana, og er það mjög þakkarvert. Hins vegar verðum við líka varir við það í undirnefnd, að nokkurt tregðulögmál ríkir í sumum þessara stóru ríkisstofnana, og það hefur verið nefnt „smákóngaveldi“. Þessu þarf að breyta.

Í athugun er nú rekstur vissra stórra ríkisstofnana, og verður að vænta þess, að nokkur árangur náist á því sviði. Ég mun ekki fara út í það hér nú, þar sem hún er svo skammt á veg komin og form. fjvn. hefur þegar vikið að henni, en það er von mín, að hæstv. fjmrh. stuðli að því, þar sem hann hefur sýnt í því efni lofsverðan skilning, að margar ríkisstofnanir verði teknar til gaumgæfilegrar endurskoðunar varðandi rekstur og jafnvel sameiningu vissra þjónustuþátta og þar fram eftir götunum. Fyrir þetta vil ég persónulega þakka honum og einnig meta að verðleikum framlag hagsýslunnar. Þaðan hefur undirnefnd fengið ítarleg gögn um margt úr ríkisrekstrinum og góðar hugmyndir um endurskipulagningu, sem að mínu mati mundi spara útgjöld verulega hjá vissum stofnunum. Þegar allir stjórmálaflokkar eru sammála um, að hamla verður á móti þenslunni í ríkiskerfinu, ætti að vera leið til þess að draga úr þessari þenslu og sýna ákveðna viðleitni í þá átt að hamla á móti verðþenslunni, óðaverðbólgunni, sem hér ríkir. En vandamálið virðist mér vera það að fá menn til að vera það ábyrga, að þeir vilji standa saman um ákveðnar tillögur, er jafnvel geti gengið svo langt, að allmörgum ríkisstarfsmönnum sé hreinlega sagt upp starfi, þar sem þjónustan eða framkvæmdin á vegum ríkisins er ekki nægilega vel framkvæmd. Einnig er hinn þátturinn, sem þarf að taka til gaumgæfilegrar athugunar, og það er sá framkvæmdahraði, sem ríkisvaldið verður að hafa á sínum framkvæmdum. Það hefur alltaf verið svo, og reyndar mun verða um óákveðin tíma, að þrýst er á, að sem mest fjármagn komi úr ríkissjóði í opinberar framkvæmdir, og þarf ekki að rekja það hér nánar. Við vitum allir, að í okkur þm. er kippt meira og minna, ef heimamenn í héraði eru óánægðir, og okkur er álasað fyrir sofandaháttt, léleg vinnubrögð og þar fram eftir götunum. Þetta þola auðvitað þm. ekki til lengdar. Þeir hefjast handa og gera nokkra atlögu að ríkissjóði um meiri fjárútlát. En hér sem í mörgu öðru þarf að gæta samræmingar og meta og vega, hvað kemur þegnunum í heild að bestum notum.

Byggðastefnan á mikinn hljómgrunn meðal þjóðarinnar í dag, og er það vel út af fyrir sig. En ég vil aðeins segja frá einu dæmi hér, að erfitt getur verið að meta aðstæður á milli tveggja

staða, þó að í sama landsfjórðungi sé. Það er varðandi hafnarframkvæmd, en samþykkt var að ráðast í framkvæmd, er nam milli 7 og 8 millj. kr. á öðrum staðnum, en hinn staðurinn, sem ég vil bera saman við, er allmiklu stærri, og ég tel, að hann eigi mikla og blómlega framtíð fyrir sér eftir vissa samgöngubót, sem nú er unnið að og verður búin á næsta ári. Þennan stað vanhagar um sjúkrahús og margt annað, og að mínu mati er miklu skynsamlegra að hjálpa þessum stað um stórfé, þó að á öðrum stað í viðkomandi landsfjórðungi sé, og heldur sætta sig við þessa hafnarframkvæmd á minni staðnum. En nú er þrýst á um tugmilljóna framkvæmd á minni staðnum í viðbót í hafnarframkvæmdir, og það er túlkað svo, að verði ekki látið undan, muni fólksflutningar eiga sér stað úr þessu litla plássi. Hvernig á að leysa svona hnút? Ég segi það hreinskilislega, að þegar báðir staðirnir eru í sama landsfjórðungi, tel ég rétt á þessu stigi að veita í sjúkrahús og aðra lífsnauðsynlega fyrirgreiðslu á hinum stærri og örugglega miklu blómlegri stað í framtíðinni, en segja hinu fólkinu, að ekki sé svigrúm að sinni að ganga lengra en þegar hefur verið gert varðandi þá framkvæmd, sem nú er nýlokið á hinum minni stað. Auðvitað er þetta erfitt verk, en við komumst ekki hjá því að meta og vega, hvað er hægt með skynsamlegu og góðu móti að gera. Þörfin fyrir opinbera aðstoð er hvarvetna mikil fyrir hendi.

Ég vil kalla það stjórnleysi í efnahagsmálum að láta svo víða undan, að ekki er einu sinni möguleiki á því að framkvæma fyrir það fé, sem fjárlög veita og innheimt er af skattborgurunum, þótt nú ríki hin mesta óðaverðbólga. Það eru allmörg dæmi þess, að nokkuð stórar upphæðir geymist á milli ára núna í röð, og m.a. má benda á, að í skólunum er rúmlega 100 milljónum óráðstafað frá s.l. ári, og ég veit ekki betur en bókstaflega hafi ekki verið svigrúm til þess að eyða þessu fjármagni. Þó vantar skóla mjög alvarlega á vissa staði á landinu, en það er í þéttbýli. Og ég sé ekki annað en þeim kröfum verði að mæta því sem næst að fullu.

Mikil uppbygging hefur átt sér stað í skólum á vissum svæðum úti um land, og það er út af fyrir sig gleðilegt. En það er ekki heldur verjandi, að hér á þéttbýlissvæðinu og t.d. í kjördæmi mínu skuli vanta svo hörmulega skólastofur nú, að jaðri við hreint neyðarástand á vissum stöðum. Meiri hluti fjvn. stillir upp í krónutölum talið fjárveitingu frá 1970 og til ársins 1974, og er undirstrikað, hversu aukningin er gífurlega mikil í krónum talið. En væri ekki nauðsynlegt að láta fylgja með, hvað hægt var að framkvæma fyrir hverja milljón í byggingu, svo sem í skólahúsnæði, talið í rúmmetrum eða einhverju öðru, sem er sambærilegt frá ári til árs? Það er hinn raunverulegi samanburður, sem almenningur vill fá. Þessi talnaleikur á milli áranna er um of notaður af okkur hv. þingmönnum. Við eigum að koma fram og segja nákvæmlega, hvað raunverulega er hægt að gera á viðkomandi ári, og leggja það fyrir dóm kjósenda.

Ég mun ekki rekja hér einstaka þætti frv. eða málaflokka. Það hefur þegar verið gert skilmerkilega af formanni fjvn., og yrði um mikla upptalningu að ræða af minni hálfu, ef ég gerði það nú. En eins og ég gat um hér að framan, höfum við ekki séð nýja áætlun um tekjuöflun ríkissjóðs fyrir árið 1974. Unnið er nú að því í hagrannsóknadeild Framkvæmdastofnunarinnar að gera nýja áætlun um tekjuhliðina við fjárlagafrv. Einnig er komið fram frv. um mikla tollalækkun, og verður því fróðlegt að sjá, hvernig hæstv. ríkisstj. hugsar sér að ná saman endum í tekjuöflun og útgjöldum, þegar það er viðurkennt, að ekki er hægt að ganga lengra í því efni að innheimta hærri beina skatta. Í frumvarpinu er gert ráð fyrir hækkun á söluskatti. Söluskattsaukning einhliða mun ekki ná fram að ganga. Það er því ríkjandi alger óvissa, hvernig hæstv. ríkisstj. ætlar að komast í gegnum eðlilega tekjuöflun árið 1974. Ég get ekki vænst þess, að teknamegin séu áætlaðar tölur byggðar á þeirri tekjuaukningu, sem núverandi ár sýnir, og það síðan framreiknað til dæmis með 20%, 25% eða jafnvel 30% aukningu. Slíkt er óraunhæft, eins og ástand efnahagsmála er í dag, og afkoma atvinnuveganna er á þá lund, eins og ég hef áður rakið, að slíkt er engan veginn rökrétt. Þó er vitað, að reikna má með því, að viss fyrirtæki muni greiða verulega hærri skatta á næsta ári vegna góðrar afkomu í ár en verið hefur, en það mun hvergi nærri hrökkva til á móti hækkun útgjalda vegna verðbólgunnar. Reikna má með því, að áhrif frá erlendum verðhækkunum kunni að vera á næsta ári 13—15%, en það hefur verið metið á yfirstandandi ári allt að 12%. Hins vegar hefur verðbólgan hér nálgast 30% á yfirstandandi ári. Slík þróun áfram hlýtur fyrr eða síðar að setja allt efnahagslíf úr skorðum. Ekki þarf nema tiltölulega lítilfjörlega lækkun á afurðum okkar á erlendum markaði, svo að allt fari í strand aftur og við blasi enn ein gengisfellingin. Það verður að gera þá kröfu til stjórnenda þjóðarbúsins í slíku góðæri og nú ríkir varðandi verðlag á afurðum okkar, að gengisfelling sé ekki á næsta leiti og ekki á þar næsta leiti heldur.

Því hefur verið haldið fram, að veruleg stefnubreyting hafi átt sér stað í þá átt, að nú séu framkvæmdir á vegum ríkisins í mun stærra mæli fjármagnaðar með samtímatekjum. Það er rétt, að nokkuð hefur miðað í þessa átt. En rétt er að undirstrika það, að nú munu erlend lán, löng og stutt, vera miklu hærri en nokkurn tíma áður í sögu okkar, eða yfir 20 milljarða. Mörg lán eru tekin til þess að standa fyrir óhjákvæmilegum framkvæmdum, langtíma fjárfestingarframkvæmdum, og er það eðlilegt út af fyrir sig. En fara verður varlega í þessu efni sem öðrum við ríkjandi aðstæður. Mér er ekki kunnugt um, hversu há tala er nú í erlendum skuldum á stuttum viðskiptalánum, en það væri fróðlegt að fá um það samanburð 2—3 ár aftur í tímann. Innflutningur á yfirstandandi ári gefur til kynna, að boginn sé spenntur til hins ítrasta í þessu efni, og er tæplega skynsamlegt að auka þannig á neyslu í þjóðfélaginu við ríkjandi aðstæður. Hins vegar kemur það ríkissjóði mætavel að fá síhækkandi tolltekjur af svona miklum innflutningi, en talið er, eins og ég gat um hér að framan, að aukningin nemi um helming á yfirstandandi ári frá því, sem áætlað var.

Eitt miklvægt atriði er gersamlega óleyst varð-

andi tekjuöflun ríkissjóðs. Það eru áhrif vísitölunnar í breyttu skattformi. Það hefur verið undirstrikað af hæstv. fjmrh., að nýir skattar mættu ekki koma að fullu inn í vísitöluna vegna sívaxandi áhrifa frá víxlhækkunum, og er þetta auðvitað laukrétt. Því miður hafa launþegasamtökin ekki náð samstöðu í þessu máli, en það er mikilvægt, að þau beri gæfu til þess að gera sér grein fyrir því, hver eru áhrif víxlhækkana á kaupgjaldsvísitölu og vinnulaun og neysluvöru sitt á hvað, eftir því, hvernig þessum málum er fyrir komið og hvernig hver þáttur verkar til skiptis til hækkunar og verðbólguhvetjandi. Við þá samningagerð um launakjör, sem framundan er og þegar er unnið að, vil ég láta þá ósk í ljós, að menn beri gæfu til þess að koma sér niður á betra kerfi en ríkt hefur um margra ára bil í þessum efnum. Það er, eins og ég nefndi hér að framan láglaunamanninum í óhag, að hér geisi verðbólga. Það er stóreignamaðurinn, sem hagnast mest á verðbólgunni, láglaunamaðurinn situr eftir eignalaus.

Sparifé, sem lagt er til hliðar, brennur upp, verður að engu. Sæmilegar fyrningar til elliáranna gufa upp, og enginn ræður neitt við neitt. Þetta ástand hefur varað í ísl. þjóðfélagi með mismunandi móti allt frá stríðsbyrjun. Ég tel, að það sé tími kominn til þess, að þeir, er spara og lifa hófsamlega og eru hinir mætustu þegnar varðandi skattgr. og ráðstöfun tekna sinna, fái viðurkenningu á þessu sviði með því, að ríkisstj. geri nú myndarlegt átak til þess, og raunar allir stjórnmálaflokkarnir, að dregið sé úr verðbólgunni, svo að sparifé landsmanna fái að ávaxtast í friði án þess að brenna upp og rýrna óeðlilega á verðbólgubálinu.

Herra forseti. Ég mun nú ekki lengja mál mitt miklu meira. Ég vil aðeins undirstrika það, að við í Alþfl. munum ekki koma með stórar tillögur til hækkunar útgjalda. Hins vegar áskiljum við okkur rétt til þess að flytja eða standa að smávægilegum breytingum til hækkunar eða lækkunar á frv., en tillöguflutningur af okkar hálfu, sem nemi útgjöldum upp á hundruð milljóna, verður ekki fyrir hendi. Við væntum þess, að takast megi að hefta verðbólguna. Við væntum þess, að launþegar geti tryggt kjör sín í komandi kjarasamningum. Við væntum þess, að athafnalíf og allur atvinnurekstur í landinu geti verið með eðlilegum hætti og vertíð geti hafist á venjulegum tíma á komandi ári. Við væntum þess, að almenningur í landinu gefi gaum að því, er kemur að næstu kosningum, hvernig tekist hefur í efnahagsmálum hjá hv. stjórnarsinnum við hinar bestu aðstæður, sem þjóðfélag okkar hefur átt við að búa varðandi ytri áhrif. Almenningi í landinu var lofað fastri stjórn, skipulegri stjórn á efnahagsmálum, nýjum úrræðum, betri úrræðum í kosningabaráttunni fyrir síðustu kosningar. Við væntum þess, að almenningur haldi svo vöku sinni, að hann meti úrræðaleysi núverandi stjórnarherra og hvíli þá við fyrsta tækifæri.

Fjmrh. (Halldór E. Sigurðsson): Herra forseti. Ég vil byrja mál mitt með því að þakka formanni fjvn. og nm. öllum, bæði úr meiri og minni hl., fyrir ágætt starf, sem þeir hafa unnið við afgreiðslu þessa fjárlagafrv. til 2. umr. Mér er það ljóst og er því kunnugur, að það reynir mikið á starfsorku þeirra og dugnað við slíkan undirbúning sem þennan, og þeir hafa sýnt mikinn dugnað við það. Ekki síst þakka ég það, hvað nú er mikið af málefnaflokkum afgr. við 2. umr., en það hefur verið með ýmsu móti, hvað það hefur verið á hverjum tíma. Ég vil líka þakka hagsýslustjóra og starfsfólki hagsýslunnar fyrir þeirra vinnu í sambandi bæði við meðferð málsins, meðan það hefur verið hér á Alþ., og eins áður en frv. var lagt fram.

Það er ekki nema eðlilegt, að í sambandi við umr. um þetta frv. komi fram viss gagnrýni, og svo á að vera, og skal ég ekki fara langt út í það eða það, sem sagt hefur verið hér í umr., en hef þó löngun til þess að víkja að nokkrum atriðum eða til þess að leiðrétta það, sem mér finnst, að betur mætti fara.

Ég verð að segja það, að ég get glaðst yfir því, að þær ræður, sem ég flutti hér í stjórnarandstöðu áður fyrr, hafi verið nokkurs virði, því að þær eru uppistaðan í ræðu hv. stjórnarandstöðu núna og hafa verið nú á þremur þingum. Ég veit ekki, hvort þeirra ræður duga svo, þegar breyting verður á og þeir verða komnir í aðra aðstöðu en nú, sem vafalaust verður, að það verði hægt í þær að vitna, en vafalaust verður það líka reynt.

Hv. 2. þm. Vestf. sagði hér áðan, að hæstv. heilbrrh. væri fimleikamaður mikill, og ekkert efast ég um það, að hann kunni þar nokkuð til verka. En hv. 2. þm. Vestf. er það nú ekkert síður. Þegar hann t. d. ræddi hér um skattamálin og fór að tala um fjölda skattgreiðenda, þá gleymdi hann því, að nú er búið að fella inn í tekjuskattinn persónuskattana, sem á þessu fjárlagafrv. væru að fjárhæð upp á 1244 millj. kr., sjúkrasamlagsgjöld, sem væru líka á þessu fjárlagafrv. 1047 millj kr., og framlag sveitarfélaga til almannatryggingakerfisins, sem væri 1050 millj. kr. Hér er um að ræða fjárhæðir, sem eru 3300 millj. kr. og rúmlega það, og ekki væri undarlegt, þó að eitthvað hefði breyst við það að taka þetta nú inn í tekjuskattinn, eins og gert hefur verið.

Ég hygg, að þegar ég lít á till. sjálfstæðismanna um tekjuskattinn, sem ég skal ekki fara að ræða að þessu sinni, þá sé það kannske eina leiðin, sem þeir hefðu til þess að lækka hann, svo sem þeir boða, að fara inn á þetta kerfi aftur. Þá væri hægt að lækka tekjuskattinn um 3300 millj., og þá vantaði þá ekki nema 1200 millj. í það, sem þeir ætla að skera niður.

Út af því, sem hv. þm. sagði um viðhaldsprósentuna og hann tengdi núv. skattalögum, þá er það á misskilningi byggt. Ákvörðunin um að fella niður viðhaldið hjá húseigendum er ekkert tengd þessum skattalögum, því að hún var tekin samkv. eldri lögum, áður en þessi lög urðu til. Hún var byggð á reynslu skattstjóra um margs konar erfiðleika við sönnunargögn í sambandi við þetta, og þetta var talin sanngjörn leið í þessu skyni. Hins vegar skal það játað, að þessi leið hefur ókosti, og ber að líta á það nú, þegar reynslan hefur sýnt það.

Hv. 2. þm. Vestf. talaði um fjölgun í ríkis-

kerfinu og ástæðuna til þess, að ekki væri starfsmannaskrá með fjárlagafrv. Ástæðan til þess, að ekki er starfsmannaskrá með fjárlagafrv. nú, er sú, að þegar farið var að prófa þessa starfsmannaskrá, þá kom það á daginn, að hún var ekki svo raunhæf sem haldið var, og m. a. var hún fyrst og fremst byggð á því, sem greitt hafði verið út í launadeild fjmrn. Nú hefur það hins vegar gerst á síðari árum með stórar stofnanir eins og Tryggingastofnun ríkisins, Póst og síma og fleiri slíkar stofnanir, að þeirra laun eru nú greidd í launadeildinni, og það var ekki nein fjölgun á starfsmönnum í sambandi við þá breytingu. Það var því ákveðið í haust að reyna að gera þessa starfsmannaskrá þannig, að hún væri í samræmi við fjárlagafrv., og að því er unnið, en það er þó nokkurt verk, en ég get hins vegar gefið hv. alþm. yfirlit yfir það, hvað hefur verið samþykkt í bremsunefndinni svokölluðu um starfsmannafjölgun á yfirstandandi ári. Það eru í Háskóla Íslands 24 stöður, hjá Pósti og síma 21, Vegagerð ríkisins 14, fangelsi við Síðumúla 10, Rafmagnsveitum ríkisins 5, dómaraembættið við rannsóknardeildina í fíkniefnamálum 5, Bifreiðaeftirlitið 9 og aðrar stofnanir 49, eða alls 137 manns. Þetta er það, sem hefur verið afgreitt í bremsunefndinni og gefur því rétta frásögn um það, sem þar að snýr.

Út af því, sem hv. 2. þm. Vestf. var að tala um heildarútgjöldin af skattprósentunni, þá er eðlilegt að taka það í einu lagi, bæði hjá ríki og bæjarfélögum, og þegar er verið að tala um mikla eyðslu og stjórnleysi í sambandi við fjárlagafrv., þá þykir mér rétt að vekja athygli á því, að borgarstjórinn í Reykjavík sagði frá því nú í sjónvarpi fyrir tveimur dögum, hvað þeirra væntanlegu fjárlög hækkuðu, og það var um 34% eða nokkrum prósentum hærra en fjárlagafrv., sem við erum nú að fást við, svo að víða er þá í landi pottur brotinn, ef á að færa það undir þennan lið, að um stjórnleysi sé að ræða. Ég vil líka vekja athygli á því, að heildarskatttekjur hins opinbera eru þær sömu á árinu 1973, miðað við verð þjóðarframleiðslu, 33.5% og 1972 voru þær þetta líka, 1971 31.8% og 1970 aftur 30%. En hækkunin á milli áranna 1970—1971 var meiri heldur en á milli áranna 1971 og 1972.

Það er oft talað um það hér á hv. Alþ., var rætt um það í gær, hvað fjárlög væru seint á ferðinni. Ég hef í því sambandi athugað afgreiðslu fjárl. allt frá 1960 og fram til þessa dags. Þá kemur á daginn, að af þeim 13 fjárlagafrv., sem hafa verið til meðferðar á þessu tímabili, eru 8, sem 2. umr. hefur farið fram um 13. og 14. des. Svo er eitt, þar sem umr. hefur farið fram 12. des. og 11. des., tvö 9. des., og umr. um aðeins tvö hafa farið fram 2. des., það var 1966 og 1967, en afgreiðslan fór þá fram 14. og 15. des., svo að það var nærri hálfur mánuður á milli, og afgreiðsla á fjárl. hefur verið venjulega 17.—22. des. Þetta er ekkert sérstakt, sem hér er á ferðinni, heldur það venjulega um meðferð málsins, enda ekki undarlegt, því að vinna í fjvn. er það mikil, að það veitir ekki af tímanum frá 10. okt. fram yfir miðjan des. eða fram að miðjum des. til þess að koma þessum málum áfram. Þetta vildi ég nú segja í sambandi við þá aths. og hef ekki frekar orð þar um.

Ég vil svo segja frá því, sem hefur komið fram í ræðum framsögumannanna hér í dag, að hagrannsóknastjóri ásamt starfsmanni sínum gekk á fund n. um það leyti, sem þeir voru að skila og ljúka störfum til undirbúnings 2. umr. hér í hv. fjvn., og gerði þeim grein fyrir afkomu ársins 1973, eins og hún er sjáanleg nú í nóvemberlok. Það, sem þar um er hægt að segja, er það, að tekjur til nóvemberloka eru orðnar um 95% af áætluðum tekjum fjárl. á þessu ári. Hann gerði í því sambandi grein fyrir því, sem vitað var, að fjárlagafrv. var byggt upp á septembervísitölu, og bæði tekjur og gjöld voru miðuð við þær áætlanir, sem þá var reiknað með um afkomu ársins 1973, og enn fremur byggt á þeirri vísitölu, sem þá var þekkt. Það, að fjárlagafrv. verður nú endanlega byggt upp á vísitölu des., þýðir bæði hækkun á tekjum og gjöldum, og enn fremur þýðir það, að tillit verður tekið til teknanna á þessu ári við endanlega ákvörðun í sambandi við tekjuáætlun fjárl. Þær breytingar, sem eiga eftir að koma fram á útgjöldum fjárlagafrv. út frá þessum verðlagsbreytingum, eru hækkun á launum, hækkun á lífeyristryggingum og sjúkratryggingum. Hér er um allverulega hækkun að ræða, svo að það er gert ráð fyrir því, að það geti verið um einn milljarð, sem þetta kostar út af fyrir sig, þessar hækkanir, sem þannig koma til. Það má því reikna með því, að hækkun fjárlagafrv. í heild að viðbættu því, sem kemur frá fjvn., geti orðið um 1700—1800 millj. kr.

Ég vil geta þess í sambandi við þessa umr., að sú hugsun ríkisstj. að hækka tekjurnar með álögðum söluskatti um 2% var í fyrsta lagi hugsuð til þess, að önnur söluskattsprósentan gengi til þess að mæta þeirri tollalækkun, sem boðuð er í því tollskrárfrv., sem lagt hefur verið fram. Það mun verða reynt á það síðar, hvort það fæst samstaða um það hér á Alþ. að tengja þetta tvennt saman, og er tollalækkunin bundin því skilyrði. Á annan hátt er hún ekki framkvæmanleg. Að hinu leytinu mun ríkisstj. ekki afla tekna með auknum söluskatti vegna ríkissjóðs.

Hagrannsóknadeild Framkvæmdastofnunarinnar vinnur nú að endurmati á tekjum ríkissjóðs út frá þeim þekktu stærðum, sem hún vinnur nú við. Ég veit, að í alvöru dettur engum í hug, að frá henni komi annað þar um heldur en hún sjálf álítur vera rétt að meta við þær aðstæður, sem nú er metið. Það er jafnframt víst, að það verður veruleg hækkun á tekjunum frá því, sem fjárlagafrv. gerði ráð fyrir, á þeim tekjustofnum, sem í því eru. Hins vegar er það líka ljóst, að það mun ekki nægja til þess að gera fjárlagafrv. greiðsluhallalaust, ekki síst þegar tekið er tillit til þess, sem eftir á að koma í sambandi við hugsanlegar launabreytingar. Þess vegna verður við 3. umr. komið með þær till., sem munu nægja, til þess að tekjur og gjöld fái staðist. Ég mun því ekki fara frekar út í það, en vildi við þessa umr. gefa þessa yfirlýsingu um málin, eins og þau liggja nú fyrir og að er stefnt með þeim. Ég kann ekki heldur að segja það með vissu, hverjar umframtekjur verða á árinu 1973. Mér sýnist líklegt, að þær geti orðið 8—10%, og ég býst við því, að hagransóknastjóri hafi reiknað með eitthvað á því bili, því að

nóvembertölurnar gefa tilefni til þess. Hins vegar verður að segja, að það hefur farið sem fyrr, að auknum tekjum fylgja líka aukin útgjöld, enda er sumt af þessu tengt saman, eins og ég nefndi dæmi um hér að framan. Það eru mörg dæmi um það, að tekjur hafi farið verulega fram úr fjárl. T. d. var það svo á árinu 1961, að þá fóru tekjur 23.3% fram úr fjárl., 1962 um 17.3% og 1970 um 16.7%. Útgjöld fóru að sjálfsögðu líka fram úr fjárl. þessi ár, en það er afar erfitt að bera saman útgjaldahliðina og raunar eldri fjárlög við uppgjörið á ríkisreikningnum, eins og hann hefur verið gerður upp síðan 1968.

Í framhaldi af þessu vil ég víkja nokkuð að því, sem fram hefur komið hér í dag í umr. um stöðu íslensku þjóðarinnar gagnvart útlöndum, og þeim áhyggjum, sem hv. þm. hafa lýst þar að lútandi. Þær upplýsingar, sem ég hef hér um, eru fengnar í dag, og þær eru miðaðar flestar við októberlok. Reiknað er með, að erlendar skuldir verði í árslok um 20 milljarðar 470 millj. kr. Þá er reiknað með árslokum. En við það er það að athuga, að gjaldeyrisstaðan út á við hefur breyst verulega, og þann 31. okt. s. l. var gjaldeyrissjóðurinn 7 milljarðar 659 millj. kr. Hygg ég, að það sé hæsta staða á gjaldeyrissjóði, sem verið hefur. Í júnímánaðarlok 1971 var hann 4 milljarðar 86 millj. kr. Hækkun á skuldunum frá 1971 til ársloka núna, eins og áætlað er, er um 6 milljarðar, því að þær voru 14 milljarðar 445 millj. 1971. Þegar dregin er frá mismunurinn á gjaldeyriseigninni núna og þá, hefur gjaldeyriseignin aukist um 3 milljarða 573 millj. kr., og birgðabreytingin, — eins og talið er, að birgðir muni verða í árslok 1973 og eins og þær voru í árslok 1971, — hefur hækkað um 1600 millj. kr. Hér er því um að ræða fjárhæð, sem nemur 5229 millj. kr. Og þegar þetta er dregið frá 6000 millj. kr. skuldaaukningu, þá er mismunurinn, nettóskuldaaukning, á þessu tímabili 771 millj. kr. Þegar á það er litið, held ég, að enginn þurfi að undrast eða óttast, að með gáleysi hafi verið siglt, því að reynslan sýnir það, að greiðslubyrði erlendra lána í hlutfalli við tekjur af vörum og þjónustu var, eins og hv. 2. þm. Vestf. upplýsti hér áðan, 1970 11.2%, 1971 10%, 1972 11.4%, en 1973 9.7%. Þessar upplýsingar hef ég fengið frá Seðlabankanum í dag, svo að af þessu má sjá, að það er langt frá því, að staða okkar út á við sé slæm, nema síður sé, því að hún er mjög hagkvæm. Þessi lán, sem við höfum fengið, eru fyrst og fremst lán vegna framkvæmda okkar í virkjunum, vegna skipakaupa og annarra slíkra nauðsynlegra hluta. Við höfum á síðustu árum verið með Laxárvirkjun, Lagarfossvirkjun og Mjólkárvirkjun, og til þessara virkjanaframkvæmda höfum við fengið erlend lán og einnig á þessu tímabili til Búrfellsvirkjunar. Skipakaup hafa líka verið nokkur á þessum árum og verið fengin til þeirra sérstök lán.

Þá vil ég geta þess, að á þessu ári hefur innstæða hjá innlánsstofnunum aukist í sparifjárinnlánum um 3847 millj. kr. eða 20.6% frá 1. jan. til 31. okt. og í veltuinnlánum um 1910 millj. kr. eða 39.4% Alls er aukningin á þessu tímabili 5757 millj. kr. eða 24.5%.

Ég held, að þegar á þetta er litið, sé öllum ljóst, að hér er ekki um neinn vandræðabúskap að ræða, heldur er afkoma þjóðarinnar á þessu ári mjög góð og hagstæð, og þarf ekki undan því að kvarta. Þó er ekki því að neita, að þjóðin hefur orðið fyrir verulegum áföllum á þessu ári ekkert síður en önnur ár, svo sem ég kem síðar að. Ég vil vekja athygli á því, að atvinna og uppbygging til framtíðarinnar hefur verið geysimikil á yfirstandandi ári. Fiskiskipaflotinn hefur verið stórefldur, fiskiðjuverin hafa verið endurbætt og byggð ný, framkvæmdir í landbúnaði eru nú meiri en nokkru sinni fyrr, framkvæmdir á vegum ríkisins sömuleiðis og bæjar- og sveitarfélaga. Alls staðar hefur verið um mikla vinnu að ræða, og það má rétt vera, að það hafi sums staðar verið um fullmikla vinnu að ræða.

Það er talið, að á þessu ári hafi þjóðarframleiðslan aukist um 5% og þjóðartekjuaukningin sé 7.5%, enn fremur, að kaupmáttaraukningin sé í kringum 4%, einkaneyslan hafi aukist um 6% og á árunum 1971—1973 hafi ráðstöfunartekjur heimilanna vaxið um 35%, en þjóðarinnar um 28%. Greiðslujöfnuður mun á þessu ári verða hagstæður um 1550 millj., að spáð er, og mun batinn verða um 2000 millj. kr.

Því er ekki að neita, að það, sem hefur orðið okkur óhagstætt á þessu ári, er m. a. verðþróunin, bæði innanlands og erlendis. Helminginn af verðhækkunum, sem orðið hafa hér á landi á þessu ári, má rekja til innfluttra vara. Það er talið, að verðhækkunin á innfluttum vörum sé um 12%, og þarf engan að undra, þó að byggingarkostnaður hafi hækkað verulega hér á landi, þegar byggingarefni, eins og steypustyrktarjárn og járn yfirleitt, hefur hækkað um eða yfir 100%, timbur yfir 50% og aðrar byggingarvörur eftir því. Ekki getur hjá því farið, að byggingarvísitalan hlýtur að hækka mikið, þegar slíkar erlendar hækkanir eiga sér stað, ekki síst hjá þjóð, sem er jafnháð innflutningi og íslenska þjóðin er. Ég vil t. d. vekja athygli á því í sambandi við þetta, að á áratugnum 1960—1970 bættust ekki á verðlagskerfið hér neinar innfluttar verðhækkanir. Það voru þá ekki þær verðhækkanir í viðskiptalöndum okkar, sem hafa verið nú, sem gerðu verðhækkunina hér. Þegar þetta er borið saman, þá hygg ég, að hv. alþm. sé það ljóst, að innlendar verðhækkanir eru ekki meiri á þessu ári en þær hafa verið á undanförnum árum. Ég vil t. d. vekja athygli á því, að á árinu 1969, þrátt fyrir það að ekki væri um innfluttar verðhækkanir að ræða, var verðhækkunin hér á landi um 24%. Það þarf ekki heldur neinn að draga það í efa, sem til þekkir, að hagkerfinu hér berast utan frá miklu meiri hækkanir heldur en hagkerfi annarra landa. Þá getur ekki hjá því farið, að Vestmannaeyjagosið hefur haft veruleg áhrif, ekki síst á sviði verðbólgunnar, því að þær framkvæmdir, sem fóru fram til þess að bæta úr t. d. húsnæðisvandræðum Vestmanneyinga, fóru fyrst og fremst fram hér á því svæði, þar sem vinnumarkaðurinn var mettaður fyrir. Þetta hlaut að leiða til þess, að þenslan varð meiri í hagkerfinu heldur en að öðrum kosti hefði orðið, og það, að svo stórt áfall sem Vestmannaeyjagosið er

þessari þjóð hafi ekki meiri áhrif á raunverulega afkomu þjóðarinnar heldur en það hefur gert, er að minni hyggju vel að verið.

Þá vil ég geta þess, að vísitölukerfi það, sem við búum við, hefur geysilega mikil áhrif í okkar verðlagskerfi, því að það mælir hverja hreyfingu í verðlaginu og mælir svo ört sem það gerir. T. d. er það munur eða hjá nágrönnum okkar, þar sem kerfið mælir ekki nema kannske einu sinni á ári eða annað hvort ár og það mælir ekki hreyfingar í tekjuöflun ríkissjóðs og fleiri slíkar hreyfingar, sem auðvitað hafa sín áhrif í þessu okkar verðlagsvísitölukerfi. Ég held, að það sé því ljóst, að ef á að verða breyting hér á í sambandi við verðbólguna, þá þurfi að nást samkomulag milli launþega og ríkisvaldsins um verðlagskerfi vísitölunnar. Að þessu hefur nokkuð verið unnið í sambandi við þau kjaramál, sem nú standa yfir, og verður haldið áfram að vinna að því. Ég vil líka segja það, að ég lít svo á, að það sé með öllu óforsvaranlegt að draga úr nauðsynlegum félagslegum umbótum á sviði ríkisvaldsins, ef einkafjármagnið og aðrir opinberir aðilar hafa takmarkalaust frelsi til sinna framkvæmda. Ef á að fara að takmarka hér framkvæmdafrelsi, þá verður það að vera víðtækara en það, að það nái bara til ríkisvaldsins.

Út af aðgerðum þeim, sem ríkisstj. hefur gert á þessu ári til þess að hamla á móti verðbólgunni, vil ég minna á þá gengishækkun um 13%, sem hún hefur komið áleiðis á þessu yfirstandandi ári. Þetta hefur lækkað innfluttar vörur um 4%, og það hefur gert gengið sveigjanlegra en áður hefur verið, auk þess sem binding á sparifjársöfnun á að verða til þess að draga úr þenslu, hvernig sem það hefur á annað borð verkað. Ég vil og segja það, að ég tel, að brýna nauðsyn beri til þess að ná samstarfi á milli ríkisvaldsins og lífeyrissjóðanna í sambandi við útlán þeirra. Ég tel, að þetta eigi að gera með þeim hætti, að það eigi að fá fé til Byggingarsjóðs ríkisins og Framkvæmdasjóðs, sem að takmörkuðu leyti verði með verðtryggingu, og þá fái líka lífeyrissjóðirnir að nokkru leyti verðtryggt það fé, sem þeir hafa til umráða. Ég held, að það sé óhugsandi bæði vegna þeirra og vegna ríkisvaldsins að láta þetta fjármagn valsa í þjóðfélaginu alveg án afskipta og það sé líka hið mesta gáleysi að reyna ekki að verðtryggja það, til þess að það nýtist betur, þegar þarf á því að halda til þeirra, sem geyma sér það til elliára. Ég get líka vel látið mér það til hugar koma, að við gerðum meira að því að reyna að beita vísitölutryggingu í sambandi við útlán heldur en við höfum gert og þá með öðrum hætti, einmitt með þeim hætti, að einhver hluti fjárins væri vísitölutryggður, en ekki öll lánsfjárhæðin. Ég held, að þetta mundi geta haft áhrif til þess að draga úr okkar verðbólgu eða a. m. k. hægja eitthvað á ferðinni.

Það er ljóst, að enn berast okkur utanaðkomandi áhrif, sem eru verðbólguvaldandi, og það er hækkun á olíuverðinu, sem ekki verður umflúið frekar en þær hækkanir, sem hafa borist til okkar nú á yfirstandandi ári. Frammi fyrir þessu stöndum við og við ráðum ekki við það, þetta verður inn í okkar kerfi að ganga og við verðum að meta út frá því.

Ég vil segja það í sambandi við verðbólguna, að ég tel hina mestu nauðsyn, enda stefnir ríkisstj. að því, að finna leið til úrbóta þar um, — ég vil nú ekki segja til úrlausnar, þetta verður sífellt vandamál, hvaða ríkisstj. sem er, — eftir áramótin og leita um það samstöðu hér á hv. Alþ., en ég vil þó segja það, að betra er að hafa takmarkaðar verðhækkanir heldur en atvinnuleysi. Það hygg ég, að hv. þm. séu allir sammála um.

Mér er eins og öðrum ljóst, að nú ríkir nokkur óvissa í sambandi við okkar efnahagsmál og atvinnumál í sambandi við þær launadeilur, sem nú eru yfirstandandi í landinu. Ég vil þó segja það, að mér finnst, að enda þótt kröfur þær, sem settar voru fram, væru mjög háar, hafi raunin orðið sú, að þær hafi ekki verið sóttar með neinni hörku, þannig, að ég geri mér vonir um, að það fáist viðunandi lausn á þeim. Í sambandi við þau kjaramál hafa farið fram viðræður á milli ríkisstj. og deiluaðilanna: Alþýðusambandsins, Bandalags starfsmanna ríkis og bæja og Bandalags háskólamanna, um aðra þætti þjóðlífsins, eins og skattamálin, en ríkisstj. hefur áður lýst því yfir, að hún er reiðubúin til þess að breyta sínu skattakerfi með því móti, að hvorugt komi inn í vísitöluna, hvorki þeir beinu skattar, sem nú eru, né þeir óbeinu, sem kæmu á móti þeim, sem frá yrði horfið. Það fóru fram umr. um þetta í fyrravetur, en strönduðu þá, eftir að Vestmannaeyjagosið kom upp. Þá var horfið frá því máli. Nú er það mál allt mikið betur undirbúið vegna þeirrar skýrslu, sem skattalaganefndin hefur unnið og er mikið og gott verk og betra að fást við málin, eftir að hún hefur komið fram. Hvort samkomulag tekst um þetta, skal ég ekki segja, en að því er unnið og verður unnið að því að reyna að leita eftir því samkomulagi til þess að gera þessi mál viðráðanlegri.

Eins og ég gat um áðan, hefur afkoma þjóðarinnar verið góð á þessu ári og verður svo áfram vonandi, nema utanaðkomandi áhrif kunni að hafa þar óheillavænleg áhrif á meira en nú verður séð. Hinu er ekki að neita, að áföll eins og Vestmannaeyjagosið og olíuverðlagið hafa náttúrlega geysimikil áhrif til óhagræðis og erfiðleika fyrir þjóðina í heild.

Þetta fjárlagafrv., sem hér liggur nú fyrir til 2. umr., ég gerði það vel grein fyrir því við 1. umr., að ég skal ekki fara langt út í það núna. Í raun og veru byggir þetta fjárlagafrv. á trú á landið, fólkið og framtíðina. Það er byggt á því að skila landinu betra í hendur þeirra, sem við taka, heldur en þegar við, sem nú förum með mál þess, tókum við því. Þess vegna er nú miklu varið til uppbyggingar til þess að bæta fyrir framtíðinni og leysa verkefni, sem hún yrði að öðrum kosti að leysa.

Það hefur komið fram í þessum umr., og ég hef séð það, að þetta fjárlagafrv. væri hið mesta óráðsíufjárlagafrv. Ég spyr: Er þá byggðastefnan, sem hv. frsm. báðir hafa vikið þannig að, að hefði vaxandi fylgi, — er hún óráðsía? Þetta fjárlagafrv. einkennist af henni. Er það óráðsía að veita meira fé til framkvæmda í höfnum heldur en nokkru sinni fyrr? Er það óráðsía að veita meira fé til framkvæmda í skólum en verið hefur?

Er það óráðsía að veita meira fé til framkvæmda í flugvöllum en áður hefur verið? Er það óráðsía að veita nú aukið fé til þess að byggja upp heilbrigðiskerfið, sem mjög skortir á, að hafi verið byggt upp hér á landi? Sama er að segja um starfsemi eins og Íþróttasjóður annast, almannatryggingar, elli- og dagvistunarheimili. Er óráðsía að veita fé til þess alls? Það eru einmitt *þessir þættir, sem hækka útgjöld fjárlagafrv.*, því að rekstrarútgjöld fjárlagafrv. eru ekki hærri hlutfallslega, heldur lægri en var 1971. Það er því ekki það, sem hefur gerst, þrátt fyrir það að launasamningarnir 1970 höfðu sín áhrif, og þau auknu útgjöld, sem ríkissjóður hefur tekið við af sveitarfélögunum, hafa einnig valdið ríkissjóði auknum útgjöldum á rekstrarreikningi. En það, sem sker úr um hækkun fjárl., er félagsleg uppbygging, byggðastefna, sem er einkenni á þessu fjárlagafrv. Ég er sannfærður um það, að þó að hv. alþm. í ræðu eða blöðum noti orðið óráðsíu í sambandi við fjárlagafrv., þá eru þeir innst inni sammála því, að að slíku fjárlagafrv. vilji þeir standa.

ATKVGR.

Afbrigði um brtt. 233 og 235, sem voru of seint fram komnar, samþ. með 48 shlj. atkv.

Lárus Jónsson: Herra forseti. Það var ekki ætlun mín að þessu sinni að ræða almennt um fjárlagafrv. við þessa umr., en ég get ekki stillt mig í upphafi máls míns að minnast hér á ummæli hæstv. ráðh., sem hann viðhafði hér um, að þetta frv. einkenndist af því, að um þróttmikla byggðastefnu væri að ræða af hálfu núv. ríkisstj. Ég ræddi þetta mál ítarlega við 1. umr. fjárlagafrv. Ég man ekki til þess, að hæstv. ráðh. svaraði efnislega þeim rökum, sem ég tíndi þar fram ótalmörg til þess að afsanna þessa fullyrðingu hans, en hann taldi aðeins eitt núna fram sem röksemd fyrir sínu máli, og það var, að rekstrarútgjöld þessa fjárlagafrv. væru hlutfallslega lægri en fjárl. frá 1971. Ég veit ekki almennilega, hvernig hæstv. ráðh. getur fullyrt þetta, því að eins og hv. þm. er kunnugt, liggja rekstrarútgjöld fjárlagafrv. alls ekki fyrir fyrir árið 1974, þannig að ég veit ekki, hvernig prósentureikning hæstv. ráðh. notar til þess að finna það út, að hlutfall rekstrarútgjaldanna sé minna núna en á fjárl. 1971.

Það var meining mín að ræða hér aðallega nokkur atriði við þessa umr., sem varða fjárveitingar til þess kjördæmis, sem ég á sæti fyrir á hv. Alþ. Aðallega vildi ég þó ræða einn málaflokk í þeim efnum, þ.e.a.s. heilbrigðismálin.

Þá er þar fyrst til máls að taka, að af þessu fjárlagafrv. og þeim till. frá hv. fjvn., sem liggja fyrir um það efni, verður ekki annað séð en að ríkisstj. hafi gerbreytt um stefnu að því er varðar byggingarmál Fjórðungssjúkrahússins á Akureyri. Ég hef gert þetta mál nokkuð að umræðuefni hér undanfarið og þarf að leggja orð í belg frekar um það hér nú. Till. fjvn. í þessu skyni til nýbyggingar Fjórðungssjúkrahússins á Akureyri eru 23.1 millj. kr. Mér hefur verið tjáð, að þessar till. séu byggðar á því, að geymt fé sé 6.9 millj., og því verði um 30 millj. kr. til ráðstöfunar á næsta ári í þessu skyni. Það er mál út af fyrir sig, sem ég skal ekki fullyrða um hér, að margir, sem gerst þekkja, telja, að þessar 6.9 millj. séu ekki eins auðfundnar og menn vilja vera láta, sem búið hafa þessar tölur til, en það er mál, sem kemur síðar í ljós. En ég vil í sambandi við þetta benda á það, hvað hér er um *breytta stefnu að ræða frá því, að hæstv. heilbrrh.* svaraði mér hér á hv. Alþ. um fjárveitingatill. heilbrrn. í þessu skyni. Hann sagði þá, með leyfi hæstv. forseta:

„Rn. hefur látið gera framkvæmdaáætlun og fjármögnunaráætlun fyrir bygginguna, nýbyggingu Fjórðungssjúkrahússins á Akureyri, og er þar gert ráð fyrir, að framkvæmdinni ljúki allri á þessum áratug. Við þetta eru till. rn. um fjárveitingar á næsta ári miðaðar, og eigi að fylgja áætlun, þarf 34 *millj. miðað við verðlag í júlí* s.l. og 85% þátttöku ríkisins, eins og gert hefur verið ráð fyrir samkv. nýjum lögum."

Nú skulum við gera ráð fyrir því, að byggingarvísitalan hækki svipað á næsta ári og hún hefur hækkað á þessu ári, og þá er það ekki minna en 43 millj., sem mun þurfa til þess, að þessum áfanga verði náð, sem hæstv. heilbrrh. taldi, að væru till. hans, hinn 13. nóv. s.l. Það verður ekki betur séð en að sú tala, sem á fjárlagafrv. er, 23.1 millj. kr., sé því alger handahófstala, sem miðast ekki við neinn tæknilegan áfanga, t.d. svonefndan þjónustukjarna, sem byrja á samkv. áætlunum heilbrrn. og heimamanna og er mikil bygging, 18300 rúmmetrar, — það virðist ekki vera um að ræða neinn heppilegan áfanga, sem geti náðst fyrir þetta fé, þannig að það lítur helst út fyrir, að steypa eigi grunn að þessari byggingu og kannske einn eða tvo veggi, þannig að það verður ekki séð, að að þessu máli sé staðið á neinn þann hátt, sem eðlilegur getur talist. Það er þess vegna von til þess, að menn séu uggandi um þetta mál og spyrji, hvað hangi á spýtunni. Ég hef aflað mér upplýsinga um það, það mun vera ætlun fjárlaga- og hagsýslustofnunarinnar að draga verulega úr framkvæmdaáformum við Fjórðungssjúkrahúsið á Akureyri og stefna eingöngu að byggingu þjónustukjarna sjúkrahússins fyrir 1978, en þá skyldi allri byggingunni nær lokið samkv. áætlun heilbrrn. og heimamanna. Þar með væri frestað fram yfir 1980, að teknar yrðu í notkun tvær legudeildir við sjúkrahúsið, samtals að rúmtaki 33800 rúmmetrar með 190 legurúmum. Sjúkrarými byggist því ekki fyrr en einhvern tíma eftir 1980 og yrði svo til óbreytt frá því, sem nú er. Ég vildi því í þessu sambandi spyrja hæstv. fjmrh., hvort þetta sé eðlilegur byggingarhraði, en hann svaraði mér þannig til hér á hv. Alþ., að að þessu máli yrði staðið þannig, að um eðlilegan byggingarhraða yrði að ræða. Ég vil einnig spyrja hæstv. ráðh., hvort hann viti, hvað í raun og veru verði uppi á teningnum, ef þessari stefnu, sem hann virðist nú hafa tekið upp, verði fram haldið. Vonandi veit hann það ekki og endurskoðar afstöðu sína, þegar hann hefur kynnt sér málið. Hann hlýtur að skilja, að margra ára frestun á 190 sjúkrarúmum á spítala eins og Fjórðungssjúkrahúsinu á Akureyri er meira alvörumál en svo, að sú ákvörðun, sem fjárlaga- og hag-

sýslustofnunin virðist hafa tekið að litt athuguðu máli, sé óskeikul, enda verður að vænta þess, að slíka ákvörðun verði að taka í nánu samráði við heilbrigðisyfrvöld landsins og heimamenn.

Í framhaldi af því, sem ég hef áður gert hér á hv. Alþ., vil ég freista þess enn einu sinni að lýsa aðstöðunni á Fjórðungssjúkrahúsinu á Akureyri, stefnu forráðamanna þess um byggingarframkvæmdir og þeim nýju viðhorfum, sem mér sýnist blasa nú við, ef sú stefna verður ofan á, sem nú virðist upp tekin af hálfu hæstv. fjmrh. og fjárveitingavaldsins. Ég hef undir höndum margar grg. lækna og forráðamanna Fjórðungssjúkrahússins á Akureyri um það ástand, sem nú hefur skapast þar vegna þrengsla og aðbúnaðar. Ég vil leyfa mér að lesa hér stuttan kafla úr einni grg., sem saminn er af Gauta Arnórssyni yfirlækni, með leyfi hæstv. forseta, en þar segir svo:

„Húsnæði það, sem Fjórðungssjúkrahúsið á Akureyri ræður yfir, er nálega aldarfjórðungsgamalt og er allsendis ófullnægjandi. Á þeim tíma, sem liðinn er síðan sjúkrahúsið var byggt, hafa breytingar á starfsháttum handlækninga og útþensla á handlækningagreinum orðið gífurleg. Við fleiri og þyngri sjúkdóma er nú beitt handlækningaaðgerðum, og eldri og hjúkrunarfrekari aldursflokkar eru nú teknir til skurðaðgerða en áður var. Meðferðin er flóknari og við hana beitt þyngri og fjölbreyttari útbúnaði til lækninga og gæslu en gegnumstreymi sjúklinga um handlækningadeildir hefur orðið hraðara vegna áherslu á endurhæfingu og fyrirbyggingu fylgikvilla. Að sjálfsögðu hefur starfsemi handlækningadeildar Fjórðungssjúkrahússins á Akureyri þanist út og þróast á sama hátt og handlækningadeildarstarfsemi á öðrum sjúkrahúsum hérlendis og erlendis, eins og drepið er á hér að ofan. Nýir þættir og nýjar sjálfstæðar handlækningagreinar hafa verið teknar upp við Fjórðungssjúkrahúsið á Akureyri. Skipulögð göngudeild með röðuðum tíma hefur verið starfrækt við handlækningadeild Fjórðungssjúkrahússins á Akureyri síðan 1971. Háls-, nef- og eyrnalækningar hafa verið teknar upp sem sjálfstæð grein. Augnlækningar, kvensjúkdómar og fæðingarhjálp hafa einnig fengið starfsaðstöðu sem sjálfstæðar þjónustugreinar á sjúkrahúsinu. Aðsókn að Fjórðungssjúkrahúsinu á Akureyri hefur aukist til muna og gegnum streymi orðið hraðara. Jafnframt hefur þjónusta við hvern sjúkling og þjónusta á legudag aukist verulega."

Síðan nefnir hann um þetta nokkrar tölur, sem ég tel mjög athyglisverðar. Í fyrsta lagi nefnir hann, að sjúklingafjöldi á handlækningadeild hafi verið 1969 583, 1971 966 og 1972 1203. Hann nefnir í öðru lagi, að aðgerðir á skurðstofum hafi verið 630 1969, 888 1971 og 1076 1972, og í þriðja lagi, að nýir sjúklingar á slysavarðstofu og göngudeild hafi orðið 1750, en sú starfsemi var tekin upp fyrst 1972. Ég held, að það sé óþarfi að lesa frekar upp úr þessari grg. hér, en ég hef aðeins lesið hér nokkurn kafla, sem lýsir vel því ástandi, sem þarna er að skapast, og ég hef hér margar fleiri grg., sem ég tel óþarfa að tefja tíma hv. Alþ. með að lesa. En ég vænti þess, að menn geri sér nánari grein fyrir því, hvaða vandamál er við að stríða vegna stóraukinnar þjónustu Fjórðungssjúkrahússins á Akureyri á allra síðustu árum og þess 25 ára gamla húsnæðis, sem það starfar nú í.

En þegar hér er komið, er kannske rétt að rifja það upp, að fyrrv. ríkisstj., bæði þáv. heilbrrh., Eggert G. Þorsteinsson, og fjmrh., Magnús Jónsson, sendu stjórn Fjórðungssjúkrahússins á Akureyri bréf, sem lýsti meginstefnu fyrrv. ríkisstj. varðandi Fjórðungssjúkrahúsið á Akureyri. Þar er m.a. svo komist að orði, með leyfi hæstv. forseta:

„Fjórðungssjúkrahúsið á Akureyri gegnir fyrst og fremst þessu þríþætta hlutverki:

a) að vera almennt sjúkrahús fyrir Akureyri og nærsveitir,

b) að vera sérdeildasjúkrahús fyrir Norðurland, Norðausturland og Austfirði að hluta,

c) að vera aðalvarasjúkrahús landsins utan höfuðborgarsvæðisins með tilliti til almannavarna.

Á næstu 8 árum, 1972—1980, verði sjúkrahúsið stækkað svo, að í því verði alls 240—250 legurúm. Viðbygging verði reist í tveim áföngum, sem áætlað er, að taki um 4 ár að fullgera hvorn fyrir sig."

Á grundvelli þessa bréfs hefur verið unnið að undirbúningi nýbyggingar, og stóðu vonir til þess, að hægt væri að hefjast handa á þessu ári. Við afgreiðslu fjárl. fyrir yfirstandandi ár var því hins vegar borið við, að tæknilegur undirbúningur væri ekki kominn svo langt á veg, að unnt væri að veita fé til framkvæmda, og var á þeim forsendum felld brtt. frá mér um að veita 20 millj. kr. til byggingarinnar í ár. Í ljós kom þó, að öll gögn voru komin frá heilbrrn. til fjárlaga- og hagsýslustofnunarinnar í ágúst s.l. sumar, þannig að fjármagn skorti einungis til að framkvæma á þessu ári það, sem heimamenn höfðu hug á, þ.e.a.s. að ráðast í grunn byggingarinnar, og till. mín því felld á sannanlega fölskum forsendum á síðasta þingi. En enn skal vegið í sama knérunn.

En nú er spurningin: Hver er afsökunin nú? Ég vil biðja hæstv. fjmrh. um skýringu á því. Í því sambandi tek ég það fram, að haldi ráðh., að gert hafi verið samkomulag við forráðamenn Fjórðungssjúkrahússins á Akureyri um þessa tilhögun, þá er það alger misskilningur. Ég hef rætt við þá forráðamenn, sem ræddu við samstarfsnefndina um opinberar framkvæmdir. Þeir telja allir, að þeir hafi ekki samþykkt eina eða aðra áætlun um framkvæmdir við nýbygginguna á þeim fundi, sem hefur hér verið rætt um og mér er tjáð, að formaður fjvn. hafi bent á, en þeir telja sig ekki hafa samþykkt á þeim fundi neina áætlun, sem gengi skemmra en till. heilbrrn.

Til þess að þjóna því hlutverki, sem skilgreint er í áður tilvitnuðu bréfi og núv. heilbrrh. hefur bréflega staðfest, að rn. hans stefni einnig að, eru byggingaráform Fjórðungssjúkrahússins mikil. En ég vil vekja athygli á því, að hér er um óumflýjanlega lífsnauðsyn að ræða til þess að bæta úr brýnustu þörfinni og einnig til þess, að sjúkrahúsið geti þjónað því hlutverki að vera aðalvarasjúkrahús landsins, svo sem það á að vera. Áfangaskiptingu byggingarinnar er þannig hagað á rökréttan hátt miðað við þessar þarfir. Fyrst er ætlunin að byggja þjónustukjarna, en

þar fæst fyrst og fremst aukið starfsrými fyrir starfsfólk. Þar verður slysavarðstofa, göngudeild, röntgendeild, skurðdeild og gjörgæsludeild. Þegar frá eru skilin 8 rúm á gjörgæsludeild, fæst þó ekki aukið legurými með þessari byggingu, þannig að sé stefnt að því, að hún rísi ein fyrir 1979, er ekki annað að sjá en stjórnvöld geri ráð fyrir því, að fólki fækki á Norðurlandi, því að augljóst er, að stóraukin legurýmisþörf hlýtur að verða við allar eðilegar aðstæður á þessu árabili. Í því sambandi má geta þess, að þessi háskalega frestun hlýtur að bitna á mörgum byggðarlögum, því að nú er um það bil helmingur legudaga á Fjórðungssjúkrahúsinu á Akureyri í þágu Akureyringa og helmingur í þágu annarra byggðarlaga.

Ég vil þá láta útrætt um þetta mál að sinni í þeirri von, að forráðamenn fjárveitingavalds og heilbrigðismála setjist niður og endurskoði áætlanir um nýbyggingu Fjórðungssjúkrahússins á Akureyri í ljósi þeirra staðreynda, sem ég hef bent hér á.

Ég veit, að það er í mörg horn að líta í fjármálum ríkisins, en ég veit ekki um margar framkvæmdir, sem ættu að eiga forgang fyrir nýbyggingu Fjórðungssjúkrahússins á Akureyri í þeim málaflokki, sem um ræðir, þ. e. a. s. í samræmi við áætlanir heimamanna og heilbrrn. A. m. k. þori ég að fullyrða, að það er mikill ábyrgðarhluti að taka sjúkrahús við bæjardyr Reykjavíkur fram fyrir nýbyggingu Fjórðungssjúkrahússins á Akureyri, þegar rætt er um forgangsröð í slíkum verkefnum, en vonandi kannast hæstv. ráðh. við, að það þarf stundum að raða framkvæmdum.

Þá vil ég víkja að tölum, sem mér virðast vera ósýnilegar í fjárlagafrv. og í brtt. hv. fjvn. Það vill svo til, að hér er einnig um heilbrigðismál að ræða. Í l. nr. 56 frá 1973, um heilbrigðisþjónustu segir svo, með leyfi hæstv. forseta, í 35. gr.:

„Ráðh. lætur gera áætlun um heilbrigðisstofnanir, samkv. 16. og 26. gr. Gera skal áætlun til 10 ára í senn og endurskoða hana á 2 ára fresti. Leita skal umsagnar landlæknis um áætlunina. Þau umdæmi, þar sem erfitt er að halda uppi heilsugæslu, skulu hafa forgang um byggingu heilsugæslustöðvar. Framkvæmdaáætlun byggð á heildaráætlun skal árlega lögð fyrir Alþ. við gerð fjárlaga."

Ég vil fyrst varpa þeirri spurningu fram við hæstv. ráðh., hvort væntanleg sé slík framkvæmdaáætlun fyrir framkvæmdir á sviði heilbrigðismála 10 ár fram í tímann við þessa fjárlagaafgreiðslu eða þótt ekki væri nema hluti af slíkri áætlun.

Þá vil ég einnig varpa fram þeirri spurningu, hvar sé að finna stafkrók í þessu frv. og brtt. við það, sem bendi til þess, að fjárveitingarvaldið hyggist framfylgja þessum l. gagnvart þeim byggðarlögum, sem verst eru sett á Norðurl. e. varðandi þessa þjónustu, þ. e. a. s. þar sem heilsugæslustöðvar eiga að rísa. Í því sambandi vil ég benda á viðtal, sem birt er í dag í Morgunblaðinu við landlækni, en þar segir svo með leyfi forseta:

„Hann sagði, að ýmis byggðarlög ættu það sameiginlegt, að allar leiðir í lofti og á landi lokuðust í langan tíma yfir veturinn. Nefndi hann í því sambandi Reykhóla, Þingeyri, Flateyri, Bolungarvík, Hólmavík, Ólafsfjörð, Kópasker, Þórshöfn og Raufarhöfn, Vopnafjörð, Seyðisfjörð, Djúpavog og Kirkjubæjarklaustur. Flestir væru þessir staðir fremur illa búnir tækjum og þjónustu eftir því, enda reynslan sú, að erfitt reynist að fá lækna til starfa þar. Lagði landlæknir áherslu á, að brýna nauðsyn bæri til þess þegar í stað að bæta aðstöðuna á þessum stöðum, enda væri skýrt tekið fram í l. um heilbrigðisþjónustu, gr. 35, sem tækju gildi 1. janúar 1974, að slíkir staðir skyldu sitja í fyrirrúmi um byggingu heilsugæslustöðva."

Í þessu frv. er þó ekki að finna, eins og ég sagði áðan, stafkrók um það, að heilbrrn. og fjármálavaldið í landinu hyggist undirbúa byggingu heilsugæslustöðvar t. d. á Þórshöfn, Kópaskeri eða Ólafsfirði.

Mér er ekki grunlaust, að hæstv. fjmrh. freistist til þess að verja hendur sínar út af því, sem ég hef hér vakið máls á, með því að benda á, að ég vilji með þessum málflutningi hækka fjárlög, sem við stjórnarandstæðingar gagnrýnum, að séu þegar allt of há og hækki í risastökkum. Í því sambandi vil ég benda hæstv. ráðh. á, að ég hef hér fyrst og fremst vakið máls á framkv., sem hefðu átt að njóta forgangs, bæði í samræmi við nýgerð lög, sem hann og allir hv. þm. samþ., og einnig vegna sérstöðu sjúkrahússins á Akureyri. Ég sagði áðan, að hæstv. ráðh. hlyti að kannast við það, að menn hefðu stundum talað um það, að raða þyrfti framkvæmdum, og það er þetta, sem ég á við, þegar ég er að ræða þetta, að ég fæ ekki betur séð en að fjárveitingar til heilbrigðismála á Norðurl. e. hafi ekki verið veittar með þetta gullna hugtak í huga, að raða þurfi framkvæmdum eftir forgangsröð.

Að lokum vil ég spyrja hæstv. ráðh. um tvennt, sem mér er sérstök forvitni á að vita um, hvernig tökum menn hyggjast taka við afgreiðslu þessara fjárlaga. Hið fyrra er að vita, hvernig ríkisstj. hyggst standa að fjáröflun til hafnagerðar, þ. e. a. s. hugsanlegrar lántöku til hlutdeildar sveitarfélaga. Eins og kunnugt er, hefur verið séð fyrir lántöku til hluta sveitarfélaga í þeim samgönguáætlunum á sviði hafna, sem gerðar hafa verið, sbr. Vestfjarðaáætlun og Norðurlandsáætlun á síðasta ári. En hvernig er ætlunin að standa að þessu nú, þegar framkvæmdaáætlun og fjáröflunaráætlun hefur verið tekin að hluta inn í fjárlög? Verður ekki um neina slíka fyrirgreiðslu að ræða? Ef svo er, þá tel ég, að sú stefnubreyting geti haft það í för með sér, að sum sveitarfélög ráði ekki við framkvæmdir, jafnvel þótt 75% kostnaðarhlutdeild komi til.

Það seinna, sem ég vildi spyrjast fyrir um, var það, hvort hæstv. ráðh. sé fallinn frá því að taka inn á fjárlög fjárveitingu til þess að veita sérstök örvunarlán á landsbyggðinni til íbúðabygginga. Í milliþn. í byggðamálum hefur þetta mál verið rætt, og hafði n. ástæðu til að ætla, að 60 millj. kr. yrðu teknar inn á fjárlög að þessu sinni í því skyni. Hér er um mjög mikilvægt mál að ræða, sem ég býst við, að hv. þm. hafi

allir forvitni á að vita og ekki síst það fólk, sem þetta skiptir mestu, þ. e. a. s. fólk sem byggir enn byggðarlög utan þéttbýlisins.

Ellert B. Schram: Herra forseti. Ég hef leyft mér að flytja brtt. við fjárlagafrv., sem fram kemur á þskj. 219 og fjallar um hækkun á fjárveitingu til rekstrar íþróttasamtakanna í landinu.

Ég vil með nokkrum orðum gera grein fyrir þessum tillöguflutningi. Ég skal fyrstur manna viðurkenna, að það er ekki öfundsvert hlutverk að setja saman fjárlög. Hvaðanæva að berast kröfur um fjárveitingar og styrki, margs þarf að gæta, og flestum þarf að veita einhverja úrlausn, ef vel á að vera. Staðreyndin er einnig sú, að kröfur manna um fjárframlög frá hinu opinbera til flestra hluta vaxa dag frá degi. Við lifum í kröfugerðarþjóðfélagi, sem því miður einkennist af þeim hugsunarhætti, að sjálfsagt sé að heimta og heimta sem mest. Fæstir gera kröfu til sjálfs sín og gleyma þeirri grundvallarreglu, að þjóðfélagið gerir og getur aldrei meir en við sjálfir þegnar þess leggjum af mörkum.

Nú þykir sú dyggð úrelt og gamaldags að vinna endurgjaldslaust að viðkomandi verkefni. Allir virðast óánægðir með kjör sín, telja sig illa haldna og vanmetna í strafslaunum, metast út í náungann og miklast af verkum sínum. Launin eru of lág, skattarnir of háir, starfið of erfitt og frítíminn of stuttur. Námsmenn vilja fá greitt fyrir að læra, kennarar vilja fá laun fyrir að bíða eftir kennslustundunum, húsmæður vilja fá heimilisstörfin metin til fjár, embættismenn krefjast staðaruppbóta, og fiskvinnslufólk telur eðlilegt að það fái aukin skattfríðindi, ef það vinnur meira en dagvinnu.

Ég tel ekki upp þessar stéttir eða þær kröfur til þess að gera lítið úr þessum sjónarmiðum né heldur til að halda því fram, að slíkar kröfur eigi ekki rétt á sér. Ég er aðeins að varpa ljósi á þann hugsunarhátt, sem nú ríkir í þjóðfélaginu og telst vist til sjálfsagðra krafna nútímamannsins. Horfin er sú tíð, þegar lífsfyllingin var fólgin í starfinu, vinnan göfgaði og menn undu glaðir við sitt. E. t. v. á ekki að syrgja þessa tíma, og vissulega má til sanns vegar færa, að kjarabarátta og þjóðfélagsleg samhjálp hefur eytt misrétti og stuðlað að efnalegri velferð. En hafa menn með sama hætti öðlast andlega eða líkamlega velferð? Er þjóðfélagið jafnríkt og áður af hugsjónum, áhugamálum og heillandi verkefnum? Hefur ekki kröfugerðarpólitíkin og velmegunin spillt þeim eiginleikum, sem áður þóttu göfugastir, hinum einlæga áhuga, fórnfýsinni og ósérhlífninni?

Þeir, sem taka þátt í hinu almenna félagsstarfi í þjóðfélaginu á sviði líknarmála, menningarmála, æskulýðsstarfs, jafnvel á vettvangi stjórnmálanna, hafa áþreifanlega orðið varir við breytt hugarfar og breyttar kringumstæður. Nú láta menn til leiðast helst gegn borgun, og nú fást fáir til að leggja hönd á plóginn, nema annað komi í staðinn.

Þetta eru vandamál, sem íþróttahreyfingin á Íslandi á við að glíma. Sjálfsagt hefur henni ekki tekist að fylgjast með þróuninni og kröfugerðarpólitíkinni. Sjálfsagt er hún enn að streitast við í nafni áhugans og ósérhlífninnar, löngu eftir að þann hugsunarhátt hefur dagað uppi í nútímaþjóðfélaginu. Sífellt er erfiðara að fá menn til félagsstarfa, leiðbeininga eða annarrar þátttöku. Oftar og oftar heyrir maður hið klassíska svar: Ég hef því miður ekki efni á að eyða tíma mínum kauplaust í félagsmál. Sífellt er erfiðara að gera unglingunum til hæfis, vegna þess að viðbrögðin eru: Það er ekki nóg gert fyrir okkur, þetta er betra annars staðar. Staðreyndin er því miður sú, að íþróttahreyfingin hefur orðið fyrir barðinu á velferðinni og höglífinu og stendur halloka í baráttunni við poppið og peningana. Samt er það svo, að þessi hreyfing lifir enn og enn fást menn til ólaunaðra félagsstarfa og enn þyrpast unglingar inn á íþróttavelli og íþróttasali til þátttöku í íþróttum. Enn er haldið uppi í íþrótafélögum um borg og bý öflugasta æskulýðsstarfinu í öllu landinu, þar tala tölurnar sínu máli. Samkv. upplýsingum yfir árið 1972 er talið, að um 5270 manns hafi unnið án endurgjalds í þágu íþróttanna, og ef reiknað er með þriggja klukkustunda starfi á viku, sem er hóflega reiknað, og miðað við 200 kr. greiðslu fyrir hverja klukkustund, sem einnig er hóflega reiknað, þá gera það 823 þús. klukkustundir og hægt að meta þetta sjálfboðaliðastarf á 164 millj. kr.

Þátttaka í íþróttum hefur líka vaxið, fer stöðugt vaxandi. 1963 munu hafa verið um 20 þús. manns félagsbundnir í landinu, en árið 1972 rúmlega 45 þús. og á þessu ári tæplega 50 þús. manns.

Íþróttirnar gefa okkur ekki allt, en ég efast um, að nokkur geri sér raunverulega grein fyrir þýðingu þess æskulýðsstarfs, sem unnið er á þessum vettvangi. Og hvers virði er sá þáttur og slíkt uppeldi, andlegt og líkamlegt, á tímum eiturlyfja, höglífis og iðjuleysis? Ég fullyrði, að engum unglingi er ekkert hollara og heilbrigðara en sá sjálfsagi, sem íþróttaiðkunin krefst, sá lyndisþroski, sem keppnin veitir, og sú félagskennd, sem af íþróttastarfi hlýst.

Uppeldið er ekki einhlítt í fræðibókum sálfræðinnar, og enginn verður nýtur þjóðfélagsþegn, sem ekki fær tækifæri til að taka út þroska sinn í gáskafullum leik og starfi. Íþróttirnar bjóða æskulýðnum í þennan reynsluskóla, þar sem þeir fá að spreyta sig, læra að þekkja sjálfan sig, án þess að bíða tjón á sálu sinni eða umhverfi.

Þennan formála hef ég að rökstuðningi mínum með þeirri brtt., sem ég hef leyft mér að flytja hér við 2. umr. fjárlagafrv. til að undirstrika, að íþróttir eru ekki einvörðungu keppni þeirra bestu, að þar fer fram meira og fjölþættara starf en það eitt, sem sagt er frá á íþróttasíðum dagblaðanna. Íþróttahreyfingin starfar í þágu unglinganna, þúsunda og aftur þúsunda. Þar er að finna fólk, sem vill enn leggja á sig að vinna að hugðarefnum sínum án greiðslu, án umtals og án krafna. Það er unnið í kyrrþey, og það starf er ómetanlegt fyrir þjóðfélagið. Ég segi þetta vegna þess, að ég veit, að enginn vildi vera án þess, og vegna þess, að ég veit, að enginn vill vanmeta það af ásetningi. Nú vill hins vegar svo til, að þegar lagt er fram fjárlagafrv. fyrir árið 1974, þá kemur í ljós, þrátt fyrir stöð-

ugt hækkandi fjárlög og þrátt fyrir margvíslegar hækkanir á hinum ólíklegustu liðum, þá er ekki að finna neina hækkun til rekstrar íþróttastarfseminnar í landinu. Reyndar hefur fjárveiting til Íþróttasambands Íslands nánast staðið í stað á fjárlögum undanfarin 3 ár og það þrátt fyrir, eins og ég segi, stöðugt breytt verðlag og minnkandi verðgildi krónunnar, að þá hefur fjárveitingin beint úr ríkissjóði verið um það bil 3.5 milj. kr. s. l. 3 ár, óbreytt, og auk þess gert ráð fyrir álíka hárri upphæð af tekjum vegna sölu vindlinga.

Nú kann einhver að spyrja, hvers vegna ég sé að mæla með auknum fjárstyrk til þessarar starfsemi, á sama tíma og ég tíunda það fórnfúsa starf, sem þar er unnið. Slík spurning væri útúrsnúningur. Íþróttahreyfingin fer ekki fram á, að hún verði ríkisrekin, það er ekki sóst eftir því, að nú skuli taka upp greiðslur til allra hluta. Íþróttahreyfingin vill þvert á móti höfða til áhugafólks og vildi helst vera sjálfri sér næg í hvers konar útgjöldum. Staðreyndin er auðvitað sú, að allur almennur rekstur stórhækkar: þjálfunargreiðslur, tækjabúnaður, skrifstofukostnaður, ferðakostnaður o. s. frv. Heildarrekstrarkostnaður íþróttahreyfingarinnar á árinu 1972 var 98 millj. kr., og verðmæti gjafavinnu við þjálfun og kennslu sama ár nam 24 millj. Þá er ekki talið með verðmæti þeirrar sjálfboðaliðsvinnu, sem ég hef gert hér að umtalsefni, og þau endurgjaldslausu sjálfboðaliðsstörf, sem unnin eru við alla félagsforystu.

Framangreind starfsemi íþróttahreyfingarinnar hefur verið styrkt, eins og fyrr segir, um rétt rúmlega 7 millj. árin 1971, 1972 og 1973, sama krónutala nánast öll árin. Nú hefur verið farið fram á, eins og reyndar áður, nokkra hækkun frá íþróttasamtökunum sjálfum, en þeirri beiðni hefur verið synjað. Til útskýringa skal þess getið, að af því fé, sem frá ríkissjóði fæst, eru tekjur af vindlingasölu, — þ. e. a. s. af hverjum vindlingapakka, hefur Íþróttasamband Íslands fengið 22½ eyri, — eru þær tekjur áætlaðar nú á þessu fjárlagafrv. 4 millj. 89 þús. kr. og eru þær innifaldar í 7.6 millj. kr. fjárlagaáætlun, þannig að beint framlag ríkissjóðs er rétt, eins og ég hef fyrr drepið á, 3.5 millj. kr.

Árið 1964 var samþ., að Íþróttasamband Íslands og Slysavarnafélagið fengju samtals 45 aura af hverjum seldum vindlingapakka. Skiptist það til helminga, þannig, að í hlut Íþróttasambandsins hefur komið 22½ eyrir af pakkanum, sem 1964 kostaði kr. 25.20 í útsölu, en kostar í dag 83 kr. í útsölu, en þrátt fyrir þessa hækkun á vindlingapakkanum fær Íþróttasamband Íslands enn þá sína 22½ eyri. Tekjurnar af vindlingasölunni, sem runnu til Íþróttasambands Íslands voru 1965, þ. e. a. s. fyrsta heila árið eftir að þetta var tekið upp, 2.6 millj. kr., en eru áætlaðar 1974 4 millj. 89 þús. kr. Framlag ríkisins með þessum hætti hefur því hækkað á heilum áratug um 1.4 millj. kr.

Þá er þess enn að geta, að þær áætlanir, sem gerðar hafa verið við fjárlagagerð um tekjur af vindlingasölu, hafa sjaldnast staðist, og því hafa raunverulegar tekjur Íþróttasambands Íslands ekki orðið í samræmi við áætlun fjárlaga að undanskildu einu ári, 1968. Ef hlutur Íþróttasambands Íslands, eins og hann var ákveðinn 1964, hefði fylgt verðlagsþróuninni, væru tekjur á árinu 1973 af vindlingasölunni rúmlega 10 millj. kr. í stað 3.4 millj. kr.

Hér þarf engum blöðum um það að fletta, að átt hefur sér stað stórkostleg rýrnun, á sama tíma og starfsemi íþróttahreyfingarinnar vex og verður æ þýðingarmeiri fyrir þjóðfélagið.

Nú má vera, að einhver bendi á, að framlag til Íþróttasjóðs hækki við þessa fjárlagagerð um 16 millj. kr. til Íþróttasjóðs ríkisins, sem er annar þáttur þessa máls. Það er vissulega rétt, að þar er um hækkun á fjárveitingu að ræða, og ber að þakka það. Skuld Íþróttasjóðs hafði náð 84 millj kr., og er framlag ríkissjóðs heiðarlegir tilburðir til að rétta þann hlut. En þetta fé, sem til Íþróttasjóðs ríkisins rennur, fer ekki til rekstrar íþróttahreyfingarinnar, það fer ekki til Íþróttasambands Íslands og sjaldnast til íþróttafélaganna sjálfra. Það rennur fyrst og fremst í sveitarsjóði, til þeirra aðila, sem standa undir stofnkostnaði íþr.mannvirkja. Ríkissjóður er með því að veita fé í Íþróttasjóð einfaldlega að greiða vangoldna skuld sína vegna íþróttamannvirkjanna, sem ríkissjóður á lögum samkv. að taka þátt í. Ef fjárveitingavaldið væri sjálfu sér samkvæmt, þegar það veitir byggingu íþróttamannvirkja lið, þá á það auðvitað að veita aðstoð þeim, sem halda uppi starfsemi í þessum sömu íþróttamannvirkjum. Það er lítið gagn að íþróttahúsi, ef enginn aðili hefur bolmagn til að annast leiðbeiningu eða aðstoð við íþróttaiðkun í húsinu.

Í fjárlagafrv. og í brtt. fjvn. úir og grúir af allskyns fjárveitingum til ólíklegustu aðila, og fjvn. virðist ekki hafa verið sparsöm við hækkunartill. sínar til hliðstæðra aðila og íþróttasamtökin eru. Á sama tíma og fjárveitingabeiðnum Íþróttasambands Íslands er synjað, er tekið tillit til samtaka stúdenta, námsmanna, æskulýðssambands, æskulýðsráðs, íþróttakennara o. s. frv., o. s. frv. Á sama tíma og fjárveitingabeiðni Íþróttasambands Íslands er synjað algerlega, þá bregður líka svo við, að Ungmennafélag Íslands fær hækkun nú við 2. umr. Fjvn. hefur samþ. hækkun til Ungmennafélags Íslands um 900 þús. kr. eða 70% hækkun frá fjárlagafrv. Þetta er góðra gjalda vert, og ég er ekki að draga úr því, að Ungmennafélagið eigi að fá þetta fé, síður en svo. En hér er um hliðstæð samtök að ræða, og yfirleitt hefur verið leitast við af stjórnvöldum að láta það haldast í hendur að veita einhverja hækkun fjárveitinga til þessara aðila, ef á annað borð er tekið tillit til þeirra.

Hér er um sams konar rekstur að ræða og sams konar rekstrarerfiðleika hjá bæði ungmennasamtökunum og íþróttasamtökunum. Getur það verið, að pólitík ráði þessari stefnu? Getur það verið, að það skipti máli, hver afstaða forustumanna þessara samtaka er til einstakra stjórnmálaflokka? Þessi spurning á vissulega rétt á sér. Nú vita allir t. d., að framsóknarmönnum hefur verið sérlega annt um ungmennahreyfinguna, og þar hafa valist til forustumenn af því sauðahúsi. Með því er ég ekki að halda því fram, að sú hreyfing hafi verið misnotuð pólitískt frekar en önnur íþróttasam-

tök. Forustumenn ungmennasamtakanna hafa eins og aðrir, sem tekið hafa að sér félagsforustu á íþróttasviðinu, unnið þar af einlægni og drengskap. En spurningin er sú, hvort stjórnvöldin séu að fara hér í pólitískt manngreinarálit. Er verið að ganga fram hjá íþróttasamtökum Íslands, af því að svo vill til, að forustumenn þess nú í augnablikinu eru ekki pólitískt þóknanlegir núv. stjórnvöldum? Ef þetta er virkilega svona, þá vil ég gjarnan, að þetta sé sagt og það sé rætt umbúðalaust og af hreinskilni. Við höfum heyrt talað um það, að íþróttahreyfingin hafi verið pólitískt misnotuð. Ég vísa þeim ummælum á bug, en ég spyr núna af fyllstu einlægni: Er það virkilega svo, að það sé verið að gera upp á milli þessara aðila af pólitískum ástæðum?

Í þessu sambandi vil ég segja þetta: Ég þekki engan mann, sem valist hefur til forustu í íþróttasamtökunum, sem fyrst hefur vakið á sér athygli fyrir pólitískar skoðanir og sem slíkur valist til trúnaðarstarfa hjá íþróttahreyfingunni. Allir þeir menn, sem þar veljast til trúnaðar, hafa alist upp í íþróttahreyfingunni og hafa getið sér orð sem áhugamenn á því sviði. Síðar, þegar reynsla hefur fengist á störf þeirra í íþróttasamtökum, hefur komið fyrir, að eftir þeim mönnum er sóst til stjórnmálastarfa og/eða þeir gefið kost á sér til stjórnmálaafskipta. Á það við um alla flokka í þessu landi. Það væri hræsni af mér að halda því fram, að starf þeirra eða vegtillur innan íþróttahreyfingarinnar hafi ekki verið þeim til stuðnings í hinu pólitíska starfi. En ég hef aldrei, — ég endurtek það aftur, — ég hef aldrei orðið var við það, að forustumenn íþróttahreyfingarinnar, hvorki hjá Íþróttasambandi Íslands, Ungmennafélagi Íslands né einstökum félögum eða samtökum, hafi látið stjórnmálaskoðanir sínar ráða ferðinni eða hafa áhrif á sig í störfum sínum fyrir þessa hreyfingu. Og ég vil benda á, að með sama hætti og með íþróttahreyfingunni vex upp fólk í verkalýðshreyfingunni, í hagsmunasamtökum og á menningarsviðinu, sem velst þar til forustustarfa og tekur að sér í framhaldi þar af margs konar pólitísk störf. Verkalýðsfélögin, menningarfélögin, áhugamannahreyfingar eru ekki flokkspólitískar frekar en íþróttasamtökin. Og slík samtök eru ekki metin út frá þeim forsendum. Þess vegna væri fráleitt og furðulegt, ef íþróttahreyfingin á að gjalda þess, enda þótt einhverjir einstaklingar í forustustörfum þar séu á annarri skoðun í flokkapólitík en stjórnvöldin hverju sinni.

Ég vil ekki bera hæstv. fjmrh. þeim sökum, að hann eða fjvn. geri hér upp á milli hliðstæðra samtaka af flokkspólitískum ástæðum. Ég neita að trúa því. Ég skil vel, að það þarf að velja og hafna, þegar fjárveitingabeiðnir koma fram, og mættu núv. stjórnvöld reyndar vera röggsamari í þeim efnum, að velja og hafna. En ég vil ekki trúa því með hliðsjón af öllum þeim hækkunum og með fjárhæð fjárlaganna í huga, að það sé sérstök ástæða til þess að virða óskir íþróttahreyfingarinnar að engu. Hér er hins vegar um mismunun að ræða, mjög augljósa og ósanngjarna mismunun, sem ekki verður skýrð með neinum eðlilegum hætti.

Ég hef gert hér pólitíkina og íþróttirnar að umræðuefni til að vísa á bug þeirri hugsanlegu, en óforsvarandi ástæðu, ef það sjónarmið hefur ráðið gerðum þeirra, sem tekið hafa afstöðu til fjárbeiðni íþróttasamtakanna, — til að sýna fram á, hversu fráleitt það sé, að slíkar forsendur eigi rétt á sér. Íþróttahreyfingin er ekki pólitísk, þar starfa og leika saman menn með hinar ólíkustu stjórnmálaskoðanir, og það er e. t. v. sá vettvangur, þar sem þess er helst að vænta, að þjóðin geti stillt saman strengi sína og unnið saman af heilindum og drengskap. Þegar íþróttamaður vinnur afrek í íþrótt sinni í alþjóðakeppni, þá er ekki spurt: Í hvaða flokki er hann? — heldur er sagt: Hann er Íslendingur. Þegar unglingur bætist í íþróttahópinn, er ekki farið í manngreinarálit, heldur er hann boðinn velkominn undir öllum kringumstæðum. Ég skora því á hæstv. fjmrh. að endurskoða afstöðu sína til þessarar fjárbeiðni. Ég skora á hv. þm. að veita þessari till. brautargengi. Ég skora á fjárveitingarvaldið að meta íþróttahreyfinguna eins og til er stofnað, þýðingarmikið æskulýðsstarf og holla tómstundaiðju. Ég skora á Alþingi að meta viðleitni þessara samtaka til að reka starfsemi sína í anda áhuga- og sjálfboðaliðsstarfs. Það ætti síst að sitja á þm. þjóðarinnar að murka lífið úr þeirri starfsemi í þjóðfélaginu, sem enn streitist við að vera sjálfri sér næg. Íþróttahreyfingin á annað skilið á Alþingi. 10 millj. kr. hækkun á ekki að vera baggi á 30 milljarða kr. fjárlögum, það ætti miklu frekar að vera viðurkenning og þakklætisvottur til íþróttasamtakanna. Aðrar þjóðir veita nánast ótakmörkuðu fé í íþróttahreyfinguna, og hliðstæð samtök erlendis reka skrifstofur með tugi og hundruð manna í föstum störfum og á föstum launum. Íþróttasamband Íslands hefur 3½ mann á launum. Aðrar þjóðir leggja feikilegt fé af mörkum til að hvetja fólk á öllum aldri til íþróttaiðkana. Hér á landi er unnið sjálfboðaliðastarf, sem meta má á 164 millj. kr., en á sama tíma er fjárframlag ríkisins látið standa óbreytt ár frá ári, innan við 10 millj. kr. Við slíkt verður ekki unað, það verður ekki þolað, að íþróttahreyfingin í landinu sé hornreka við þessa fjárlagagerð, og það er ósamboðið Alþingi að sýna henni slíka lítilsvirðingu.

Herra forseti. Brtt. við þetta fjárlagafrv. hefur verið stillt í hóf. Þm. hafa greinilega veigrað sér við að bera fram till. til hækkunar fjárlagafrv., sem þegar er úr hófi hátt. En ég sé mig knúinn til að gera hér undantekningu á með flutningi þessarar till., svo augljós rangindi eru hér á ferðinni, og ég er þess fullviss, að allur þorri þingheims hefur á því fullan skilning og veitir þessu máli stuðning.

Í þessari brtt., sem ég hef leyft mér að bera hér fram, er gerð till. um, að áragömul vanræksla verði leiðrétt. Lagt er til, að gjaldið af hverjum seldum vindlingapakka, 22½ eyrir, sem haldist hefur óbreytt frá 1964, verði ákveðið til samræmis við breytt verðlag. Í fjárlagafrv. er ríkisstj. heimilt, — það er gert ráð fyrir, að henni sé heimilt að taka 45 aura af vindlingapakkanum og skipta þeim aurum jafnt á milli Íþróttasambands Íslands og Slysavarnafélags Íslands. Ég legg til, að þessi hluti verði hækk-

aður í 1 kr., úr 45 aurum í 1 kr. Ríkisstj. er síðan í sjálfsvald sett, hvernig hún skiptir þessari krónu, en í till. minni er gert ráð fyrir, að skiptingin leiði til þess, að hlutur Í. S. Í. hækki um 10 millj. kr. Ríkisstj. getur sömuleiðis tekið ákvörðun um, hvort hún hækkar útsöluverð vindlingapakkans sem þessu nemur, ef hún telur sér ekki unnt að verða af þessum 10 millj. kr. Hér er því ekki um að ræða beina hækkunartill., því að ríkisstj. hefur í hendi sinni að afla sér tekna á móti þeirri upphæð, sem hér um ræðir. Íþróttaæskan í landinu treystir því, að þessi till. nái fram að ganga.

Jón Árnason: Herra forseti. Eins og fram kom hjá hv. form. fjvn., hefur n. alls rætt fjárl.frv. á 42 fundum sínum. Það kemur fram í nál. meiri hl. á þskj. 214, að n. bárust nokkuð á sjötta hundrað erindi, og er því augljóst mál, að enn bíða afgreiðslu hjá n. fjölmörg erindi, sem hún hefur ekki tekið endanlega afstöðu til.

Eins og fram kom í umr. um fjárlagafrv. við 1. umr. málsins, þá mun það reynast rétt, að niðurstöðutölur fjárlaga fyrir árið 1974 verða ekki langt frá 30 milljörðum kr. Með þeim brtt., sem um er að ræða á þskj. 204, hækkar gjaldabálkur frv. um 650 millj., eins og þegar hefur komið fram, og eru þá niðurstöðurnar komnar nokkuð yfir 28 milljarðar. Eins og viðurkennt er, þá er um stórar fjárupphæðir að ræða, sem enn munu bætast við, og eru þær stærstar í sambandi við trygginga- og launamálin, en eins og kunnugt er, þá eru kostnaðarliðir frv. byggðir á verðlagi miðað við 1. sept. s. l. að mestu leyti, en þó t. d. hjá Pósti og síma er verðlagsgrundvöllurinn miðaður við vísitölu eins og hún var hinn 1. mars s. l. Sjá allir, að hér er um óraunhæfar tölur að ræða, sem endurskoða verður fyrir 3. umr. fjárlagafrv.

Varðandi launaliði er óhjákvæmilegt að hækka útgjöld um nokkuð á 5. hundrað millj. kr., þó að aðeins sé lögð til grundvallar sú 7% vísitöluhækkun, sem átti sér stað hinn 1. des. s. l. Þá er vitað, að enn frekari hækkanir verða, eins og fram hefur komið í umr., þegar gengið hefur verið frá samningum við opinbera starfsmenn, en þeir samningar standa nú yfir, sem kunnugt er. Ríkisstj. hefur nú upplýst, að hún hafi boðið um 7% grunnkaupshækkun, en sagt er, að opinberir starfsmenn hafi slakað til niður í 12%. Þá er vitað, að það kom reyndar skýrt fram í viðræðum, sem fjvn. átti við forstöðumenn hagrannsóknadeildarinnar í þessari viku, að enda þótt engin kauphækkun ætti sér stað í sambandi við þá samninga, sem nú standa yfir við opinbera starfsmenn og yfirleitt allt launafólk í landinu, þá mundi óðaverðbólgan halda áfram að vaxa, ef ekkert verður að gert til að breyta þeirri þróun og nýjar sjálfkrafa hækkanir eiga sér stað aftur hinn 1. mars og síðan 1. júlí og koll af kolli. Það er hins vegar vitað, að hjá því verður ekki komist að veita a. m. k. þeim lægst launuðu nokkra kjarabót, hvort sem grundvöllur er fyrir því af hendi atvinnuveganna eða ekki. Hins vegar er það upplýst, eins og ég sagði áðan, að ríkisstj. mun hafa boðið 7% kauphækkun til opinberra starfsmanna, og er þá um svipaða hækkun þar að ræða og átti sér stað hinn 1. sept. s. l. Hverjar niðurstöður verða í sambandi við endanlega samninga við opinbera starfsmenn, verður enn ekki sagt, en það má telja ekki ósennilegt, að það verði um einhverja tölu að ræða, sem er þarna á millibilinu milli 7% og 12%.

Það má því telja eðlilegt, að nú verði eins og 1971, þegar eins stóð á, — en þá stóðu samningar yfir við opinbera starfsmenn, — skilinn eftir greiðsluafgangur á greiðsluyfirliti ríkissjóðs, en þá nam hann rúmlega 270 millj. kr. Ef hliðstæð fyrirhyggja verður viðhöfð við afgreiðslu þessa frv. nú og gert var 1971, ætti greiðsluafgangur á greiðsluyfirliti ríkissjóðs að vera nú ekki undir 800 millj. kr. aðeins til að jafnast á við það, sem átti sér þá stað, og bara til þess að vera raunhæfur í sambandi við það, sem má segja, að þegar sé vitað í sambandi við væntanlega samninga. Það er ekki lítil upphæð, sem þarna er um að ræða og gera verður ráð fyrir, að ríkisstj. muni leggja til að það verði greiðsluafgangur á greiðsluyfirliti fjárlaganna, þegar þau verða afgreidd nú við 3. umr.

Nú var það hins vegar svo 1971, og það kann einnig að verða svo, þó að tekin yrði til greina slík upphæð eins og ég hef hér nefnt, að þrátt fyrir þá fyrirhyggju, sem sýnd var þá, 1971, nægði það engan veginn til þess að mæta þeim aukna kostnaði, sem af samningsgerðinni leiddi þá.

Þá er það annað, sem vert er að hafa í huga við afgreiðslu fjárlagafrv., en það eru þær kröfur, sem launastéttir þjóðfélagsins hafa gert á hendur ríkisvaldinu varðandi leiðréttingu á skattpíningunni. Hæstv. fjmrh. talaði hér langt mál við 1. umr. um fjárlagafrv. Hann vildi sýna fram á, að það væri síður en svo ástæða til þess að kvarta undan sköttunum. Hann var með fjölmarga útreikninga, sem áttu að sýna, að þetta væri ekki eins vont og af væri látið. Við þessa umr. las ég upp samþykkt, sem þá nýlega hafði verið gerð í verkalýðsfélaginu Jökli á Snæfellsnesi, þar sem því var lýst yfir, að beita yrði þeirri aðferð til að knýja fram úrbætur í skattamálum fiskvinnslufólks, að félagið legði bann við allri nætur- og helgidagavinnu hjá fiskvinnslufyrirtækjunum, og kæmi sú samþykkt til framkvæmda með viku fyrirvara, ef ekki næðist viðunandi lagfæringar á skattalögunum, um leið og gengið yrði frá væntanlegum kjarasamningum. Fólkinu er orðið ljóst, að hátt kaup og fleiri kr. koma að litlu haldi í því verðbólguflóði, sem nú á sér stað, þegar þar við bætist, að auknar kjarabætur renna að stórum hluta sjálfkrafa í ríkissjóð í gegnum skattakerfið.

Það hefur verið yfirlýst stefna Sjálfstfl. í skattamálum, að almennar atvinnutekjur, þ. e. dagvinnukaup skv. Dagsbrúnartaxta ásamt 2 eftirvinnustundum, ættu að vera algjörlega tekjuskattsfrjálsar. Það er líka eftirtektarverð sú upplýsing, sem fram kemur í nál. fulltrúa Sjálfstfl. í fjvn. varðandi þróun þessara mála í tíð vinstri stjórnarinnar, bæði fyrr og nú, og hins vegar þá miklu breytingu, sem átti sér stað, þegar viðreisnarstjórnin tók við eftir fall vinstri stjórnarinnar fyrri. Þar eru tölur, sem tala skýru máli.

Í stjórnarsáttmálanum, Ólafskveri, sem allir eru reyndar hættir að lesa, segir, að endurskoða

eigi tekjuöflunarleiðir hins opinbera með það fyrir augum, að skattabyrðinni verði dreift réttlátlegar niður en nú er gert. Oft hefur heyrst talað um breiðu bökin, að þau eigi að bera skattana. En ætli það sé ekki algert einsdæmi, að jafnstór hluti af skattgreiðendum og hér á sér stað lendi í hæsta skala skattstigans. Það er talið, að af þessum stóra hópi skattgreiðenda, sem á yfirstandandi ári greiða tekjuskatt til ríkissjóðs, muni um 75% þeirra lenda með hluta af tekjum sínum í hæsta skattstiga, sem undir venjulegum kringumstæðum er flokkað undir stórgróðamenn og braskara. Þannig er þá staðreyndin varðandi þá endurskoðun, sem boðuð var í stjórnarsáttmálanum, að komið skyldi á til þess að leiðrétta það ófremdarástand, sem að þeirra dómi væri fyrir hendi.

Því er stundum haldið fram, að ekki megi koma til þess að mismuna mönnum í sköttum eftir því, hvaða störf fólk vinni. Íslendingar hafa þó viðurkennt, að slíkt geti átt rétt á sér, og í framkvæmd hefur verið um skattaívilnun að ræða hjá sjómönnum. Það er að sjálfsögðu með tilliti til þess, hvað sjávarútvegsframleiðslan gegnir þýðingarmiklu hlutverki í íslensku efnahagslífi og við gjaldeyrisöflun þjóðarinnar, að ekki verður hjá því komist að láta það fólk, sem fiskvinnslustörf vinnur, fá nokkur hlunnindi í gegnum skattaálögur. Það verður að tryggja sjávarútveginum nauðsynlegan vinnukraft, ef hann á ekki að verða undir í samkeppninni við aðrar þýðingarminni atvinnugreinar um nauðsynlegt vinnuafl. Í því skattalagafrv., sem Sjálfstfl. hefur lagt fram, er gert ráð fyrir því, að til slíkra ívilnana þurfi að koma og hafi þá stjórnvöld vald til þess að gera þá leiðréttingu, sem nægir til að tryggja sjávarútvegsframleiðsluna.

Það fer ekki hjá því, þegar maður les nál. meiri hl. fjvn., að maður verði var við, að menn-irnir finna til sín og sýnist, að verk þeirra séu harla góð. Það er eðlilegt, að stjórnarherrarnir geti státað af einhverju varðandi hækkun á fjárframlögum til ýmissa framkvæmda, eftir að þeir hafa hækkað fjárlögin um hvorki meira né minna en 20 þús. millj. kr. á 2½ ári. Það er eins og það séu einhver afrek að hafa getað lagt fram eitthvað meira en áður til hinna einstöku málaflokka. Það er vitnað til þess, sem fjármagnað er með venjulegum fjárveitingum, til þess að sanna, hvað munurinn sé mikill. Það er gengið svo langt, t. d. í hafnamálunum, að nota sér það óhapp, sem þjóðina henti vegna náttúruhamfaranna í Vestmannaeyjum á yfirstandandi ári og leiddi til óhjákvæmilegra hafnarframkvæmda, þótt það sé einnig framkvæmt með erlendu lánsfé. Ég hygg, að Íslendingar allir hefðu heldur kosið að hafa minni hafnarframkvæmdir í næstu fjárlögum og að í stað þess hefði ekki komið til náttúruhamfaranna í Vestmannaeyjum.

Í sambandi við óafgreidda málaflokka má minnast á ríkisspítalana. Ég gat þess við 1. umr. fjárlaganna, að skv. upplýsingum læknaráðs ríkisspítalanna vantaði um 262 nýja starfsmenn til sjúkrahúsanna, og þar af um 90 manns á Fæðingardeildina eina, en viðbót við hana er, sem kunnugt er, að taka til starfa um þessar mundir. Enn sem komið er hefur ekkert verið rætt um þetta vandamál eða hvaða tökum það verður tekið. Það er því augljóst mál, að hér er um allstóra fjárhæð að ræða, sem ekki verður komist hjá að samþykkja. Ég vil einnig segja, að þær upplýsingar höfum við fjvn.-menn fengið á milli umræðna hjá forstöðumönnum ríkisspítalanna, bæði læknum og öðrum framámönnum, að á yfirstandandi ári hafi hluti af sjúkrarými Landsspítalans staðið ónotaður um lengri tíma vegna skorts á starfsfólki, en það verður að telja mjög alvarlegt mál. Við erum alltaf að tala um, að enn vanti ný og ný sjúkrahús, og vissulega er það rétt, þegar tillit er tekið til þess, að alltaf eru fyrir hendi fjölmargir sjúklingar, sem eru á biðlista og bíða eftir sjúkraplássi. En það kemur að litlu gagni að fá ný sjúkrahús, nema jafnframt sé séð fyrir því, að nægir starfskraftar séu fyrir hendi. Hér er sem sagt um verulegan útgjaldalið að ræða, sem ekki verður komist hjá að taka fullt tillit til við endanlega afgreiðslu málsins.

Að öðru leyti vil ég segja það um hlut ríkisspítalanna í þessu fjárlagafrv., sem ber á sér öll einkenni á óðaverðbólgu, að þar er ekki af miklu að státa fyrir núv. stjórnarflokka, að á sama tíma og byggingarvísitalan hefur hækkað um 33% og fjárlög hækkað um allt að 8—9 þús. millj. kr., þá skuli aðeins vera til ráðstöfunar nýtt fjármagn til byggingarframkvæmda fyrir ríkisspítalana umfram það, sem er í fjárlögum yfirstandandi árs, um 12 millj. kr., eða sem næst 11—12% hækkun.

En þrátt fyrir þá stórauknu þenslu og síaukin útgjöld í ríkisbákninu, sem þetta fjárlagafrv. er gleggst dæmi um, er samt að finna tilburði hjá ríkisstj. í frv. til að draga úr útgjöldum ríkisins. Til þess að hamla nokkuð gegn óðaverðbólgunni hefur núv. ríkisstj., — og það gerði fyrrv. ríkisstj. einnig, — gripið til þess að greiða niður verðlag á nauðsynjavörum og jafnframt að greiða barnafjölskyldum vissar fjölskyldubætur með hverju barni. Þessar ráðstafanir hafa á vissan hátt hamlað á móti vísitöluhækkunum og þannig hægt skriðið eða dregið úr áhrifum verðhækkana. Og það eru þessir liðir fjárlaganna, sem á nú að spara. Ákveðið er að lækka fjölskyldubætur um 250 millj. kr., en af því leiðir, að vísitalan hækkar um hátt á annað vísitölustig og að öðru leyti lækka fjölskyldubætur um 3 500 kr. með hverju barni. Þá er í frv. gert ráð fyrir því, að niðurgreiðslur á nauðsynjavörum lækki um 500 millj. kr. frá þeirri viðmiðun, sem var hinn 1. sept. s. l. Sé gert ráð fyrir því, að hvert vísitölustig á landbúnaðarvörum kosti 180 millj. kr., en það fer nokkuð eftir því, hvaða vörur eru teknar, en alla vega er það ekki langt frá því. Þá mun þessi lækkun á niðurgreiðslum á vöruverði leiða til hækkunar á vísitölunni, sem nemur tæpum 3 vísitölustigum. Þannig fer ekki hjá því, að þessar ráðstafanir til samans hafi þau áhrif á verðbólguna, að vísitalan hækki um sem næst 4—5 vísitölustig.

Hér á sjálfsagt að vera að finna úrræði stjórnarflokkanna til þess að standa við fyrirheitin, sem birt voru í Ólafskveri, þ. e. að verðbólgan skuli ekki hækka meira hér en sem svarar því, sem á sér stað í nágrannalöndunum. Það dæmalausa stjórnleysi, sem nú á sér stað í íslenskum

efnahagsmálum, mun vart eiga sér nokkurn líka, og láta mun nærri, að verðbólgan hér sé a. m. k. 2—3svar sinnum meiri en gerist mest hjá nágrannaþjóðunum. Það, sem hefur hjálpað ríkisstj. til að halda þjóðarbúinu á floti, þrátt fyrir allt stjórnleysið, er ekkert annað en hið einstaklega góða árferði, sem verið hefur óslitið, síðan núv. stjórnarflokkar tóku við stjórnartaumunum. Það liggur við, að sumir úr stjórnarherbúðunum vilji halda því fram, að íslenska þjóðin hafi nú brynjað sig svo vel fyrir áföllum, að engin hætta sé á því, að ný kreppa geti komið. Vissulega hefur það mikið að segja, að Íslendingar hafa stóraukið sín atvinnutæki og þá sérstaklega í sjávarútveginum. En sú aukning, sem þar hefur átt sér stað, er síður en svo að öllu leyti núv. ríkisstj. að þakka. Það var fyrst og fremst því að þakka, að afturbati var kominn hjá sjávarútveginum á árunum 1970 og 1971, sem leiddi til þess, að fyrrv. ríkisstj. beitti sér þá fyrir samningum um byggingu nýrra fiskiskipa, bæði skuttogara og annarra fiskiskipa, á þeim árum, og hefur sú þróun haldið áfram síðan.

Í aths. við fjárlagafrv. segir, að gert sé ráð fyrir, að hækkun söluskatts um 2% komi til framkvæmda frá og með næstu áramótum. Gert er ráð fyrir, að þessi hækkun söluskattsins muni færa ríkissjóði um 1200 millj. kr. Fjárlagafrv. er nú komið til 2. umr. og örfáir dagar, þangað til þinghlé kemur fyrir jól. Samt sem áður bólar ekki á neinu lagafrv., sem á að tryggja þessa fjáröflun. Ég tel því, að sýnilegt sé, að þessi umrædda löggjöf, sem tryggja á hvorki meira né minna en nokkuð á annan milljarð kr., verði ekki lögfest, þannig að gjaldstofninn verði virkur, eins og boðað hefur verið, strax við næstu áramót. Það er því ekki óeðlilegt að spyrja hæstv. fjmrh., hvað hann ætlist fyrir í þessum efnum.

Ég vil að lokum segja, að allt bendir til þess, að þessi ríkisstj. leiði þjóðina út í sömu ófærurnar í efnahagsmálum og hin fyrri vinstri stjórn gerði á árunum 1956—1958. Ríkisstj. tók við blómlegu búi. Hún hefur allan tímann, síðan hún tók við arfinum, búið við óvenju hagstætt árferði. Ríkisstj. hefur ekki notað hið góða árferði til þess að treysta efnahagsgrunn þjóðfélagsins. Þvert á móti hefur hún siglt þöndum seglum í átt til enn meiri óðaverðbólgu með hverju árinu, sem liðið hefur. Það er einmitt vegna þessarar stjórnlausu verðbólguþenslu, sem ríkisstj. er byrjuð að missa áhöfnina fyrir borð. Einn fyrrv. liðsmaður stjórnarinnar, hv. þm. Bjarni Guðnason, hefur sagt skilið við stjórnarliðið og boðar nú, að hann skuli gera sitt til að forða þjóðinni frá þeim ófögnuði í efnahagsmálum, sem hann lýsti svo á fjölmennum fundi nú um síðustu helgi: Að efnahagsástand þjóðarinnar væri nú komið út í slíkt ófærufen, að íslensk tunga ætti ekki til neitt svo sterkt lýsingarorð, að nægði til að lýsa þeirri óðaverðbólgu, sem nú ætti sér stað. — Samt er þessi hv. þm. prófessor og magister í norrænni tungu.

Á stjórnarheimilinu virðist allt í uppnámi. Aðalstjórnarblöðin senda hvort öðru tóninn með alls konar brigslyrðum, og er skemmst að minnast þess, sem fór fram milli blaðanna núna nýlega í sambandi við varnarmálin. Að öðru leytinu grípur hver ráðherrann fram í fyrir öðrum og flytja málin í þinginu í nafni síns rn. og það enda þótt málið, sem flutt er, sé í verkahring annars ráðherra. Það sagði mér einn hv. þm. í stjórnarliðinu, sem hefur að baki sér langa reynslu á Alþ., að þessi vinnubrögð, sem hér hefðu átt sér stað, væru algert einsdæmi í þingsögunni.

Um fjárlagafrv. vil ég svo að lokum segja það, að hafi ríkisstj. ekki nægan þingmeirihl., eins og allt bendir til að hún hafi ekki, til að tryggja framgang nauðsynlegra fjáröflunarlaga, sem hún hefur boðað, að hún muni flytja, þá er grundvöllurinn undir þessu fjárlagafrv. brostinn og ríkisstj. ber að segja af sér.

Gylfi Þ. Gíslason: Herra forseti. Ég kveð mér ekki hljóðs til að ræða fjárlögin eða fjárlagaafgreiðsluna almennt, heldur til þess eins að mæla með fáeinum orðum fyrir 2 brtt., sem ég hef leyft mér að flytja á þskj. 233.

Hin fyrri lýtur að fjárveitingu til Lánasjóðs ísl. námsmanna. Það er kunnara en frá þurfi að segja, að það hefur verið stefna stjórnar Lánasjóðsins og námsmanna bæði hér innanlands og erlendis, sem notið geta stuðnings Lánasjóðs ísl. námsmanna, að smám saman yrði fjárveiting til sjóðsins svo stór, að hann verði þess megnugur að veita lán, sem svaraði til allrar svonefndrar umframfjárþarfar námsmannanna. Í gildandi l. um Lánasjóð ísl. námsmanna var það markmið sett, að stefnt skyldi að því, að fjármagn sjóðsins yrði svo mikið, að hann gæti mætt allri svonefndri umframfjárþörf námsmanna, en það er sú fjárþörf, sem þeir þurfa á að halda til þess að stunda nám sitt, að frádregnum þeim tekjum, sem þeir hafa yfir að ráða af eigin aflafé. Fyrir nokkrum árum urðu allmiklar deilur um fjárveitingar til Lánasjóðsins og ákveðnar óskir af hálfu stjórnar hans og námsmanna um auknar fjárveitingar til sjóðsins. Var þeim af hálfu fyrrv. ríkisstj. mætt af fyllstu vinsemd og skilningi og fjárveitingar til sjóðsins auknar mjög verulega frá ári til árs og því lýst yfir þá með samþykki þáv. ríkisstj., að stefnt skyldi að því, að markinu 100% lán vegna umframfjárþarfar yrði náð í fjárlögum ársins 1974. Þótt um væri að ræða mikla aukningu á fjárveitingu til sjóðsins og hér væri tvímælalaust um mikilvæga stefnuyfirlýsingu að ræða, þótti þáv. stjórnarandstæðingum og þá einkum og sér í lagi tveimur af aðalforvígismönnum stjórnarandstöðunnar í þá daga, sem nú eru meðal helstu forvígismanna stjórnarflokkanna, þ. e. hv. form. þingflokks Framsfl. og hæstv. iðnrh., ekki nógu langt gengið. Þeir báru fram brtt. við frv. um Lánasjóð í þá átt, að kveðið skyldi á um, að fjárveitingarnar skyldu aukast ár frá ári, þannig, að umframfjárþörf yrði fullnægt á fjárlagaárinu 1974. Við, sem þá vorum í ríkisstj., töldum hins vegar nægilegt að gefa yfirlýsingu um það, að að þessu skyldi stefna á þrem næstu árum, þannig að markinu yrði náð á því ári, sem nú fer í hönd. Svo hefur hins vegar því miður brugðið við, að eftir að hinir áköfu stuðningsmenn námsmannanna og Lánasjóðs ísl. námsmanna komust í valdastóla,

hefur fjárveiting til sjóðsins ekki aukist í þeim mæli, að unnt væri að ná þessu marki. Á þessu ári mun fjárveitingin hafa nægt til þess að veita lán, sem svarar til 78% umframfjárþarfarinnar, og er það sama hlutfall og í fyrra. Í fyrra var heldur engin aukning á getu sjóðsins til þess að hækka hlutfallið til að mæta umframfjárþörfinni. Þetta hefur valdið mjög mikilli óánægju hjá námsmönnum, og hafa allir þm. fengið fleiri en eitt bréf frá námsmönnum með ósk um, að við yfirlýsingar fyrrv. ríkisstj. verði staðið.

Engin breyting varð í þessu efni á fjárveitingunni í fyrra, og í fjárlagafrv. er ekki heldur gert ráð fyrir neinni hækkun á umframfjárþarfarhlutfallinu. Nú hefur fjvn. hins vegar samþykkt örlitla hækkun á fjárveitingunni, þ. e. a. s. 30 millj. kr., og telur, að það hækki getu sjóðsins til þess að mæta umframfjárþörfinni úr 78%, sem ég nefndi áðan, upp í 83%. Það hefur komið fram, að hvorki stjórn Lánasjóðsins né heldur námsmenn una þessu, telja þetta allsendis ófullnægjandi, og tel ég, að óskir þeirra í þessu efni séu á rökum reistar, þeir hafa fært fullnægjandi rök fyrir því, að tími sé kominn til þess og það sé í samræmi við fyrri yfirlýsingar og fyrri fyrirætlanir, að hægt sé að mæta umframfjárþörfinni 100% á næsta ári. Þetta er þeim mun eðlilegra og nauðsynlegra vegna þess, að hæstv. menntmrh. hefur lýst því yfir, að í undirbúningi sé og bráðlega verði lagt fyrir Alþ. frv. um endurskoðun og nýskipan Lánasjóðsins, þar sem um verði að ræða breytt lánakerfi, þar sem hugtakið umframfjárþörf skipti ekki lengur sama máli og það gerir nú. Áður en gamla kerfið er kvatt, finnst mér því vera eðlilegt, að staðið sé við yfirlýsingar fyrrv. ríkisstj. um það, að 100% umframfjárþörfinni sé mætt. Síðan tekur við alveg nýtt kerfi með nýrri tegund mats á fjárþörf þeirra nemenda, sem sækja um lán eða styrk úr Lánasjóði ísl. námsmanna.

Af þessum sökum hef ég leyft mér að flytja brtt., sem gerir ráð fyrir því, að fjárveitingin, sem fjvn. eða ríkisstj. gerir ráð fyrir, verði í fjárlagafrv., 486.6 millj. kr. til Lánasjóðsins hækki upp í 584.6 millj. kr., en það mundi nægja til þess að mæta umframfjárþörfinni 100%.

Vegna þess að ég óttast, að hæstv. ríkisstj. sé e. t. v. ekki reiðubúin til þess að fallast á þessa till., hef ég leyft mér að flytja varatill., sem gerir Lánasjóðnum kleift að mæta 88.5% umframfjárþörfinni, en til þess að svo geti orðið, þarf fjárveitingin að nema 518.6 millj. kr. Tel ég það í raun og veru vera algert lágmark þess, sem námsmönnum er bjóðandi, að hækka getu sjóðsins úr 78% umframfjárþarfarinnar í 88.5% hennar, ekki hvað síst þegar haft er í huga, að hér er í raun og veru um tveggja ára skammt að ræða, þar eð engin breyting varð í þessum efnum í fyrra. Að sjálfsögðu er það meginósk mín, að aðaltill. verði samþ., en lágmark tel ég að sinna varatill., ekki hvað síst þegar höfð er í huga afstaða þeirra, sem nú sitja í ríkisstj., til þessara mála, meðan þeir voru í stjórnarandstöðu.

Þá hef ég, herra forseti, leyft mér að flytja aðra till. varðandi Vísindasjóð, en í fjárlagafrv. er gert ráð fyrir því, að framlag í Vísindasjóð haldist óbreytt í 2 millj. kr., en það hefur verið óbreytt í 2 millj. nokkur undanfarin ár. Ég legg til, að nú hækki það allverulega og verði 10 millj. Vísindasjóður hefur starfað í 16 ár, og það orkar ekki tvímælis, að hann hefur komið mörgu góðu til leiðar. Honum var upphaflega fenginn sem tekjustofn hluti af tekjum Menningarsjóðs, — en fjármál hans voru endurskipulögð á árinu 1958, — auk lítils háttar framlags beint á fjárl. En fjárhagur Vísindasjóðs var síðan stórbættur með setningu Seðlabankalaganna 1961, þar sem ákveðið var, að Vísindasjóður skyldi hljóta ákveðinn hluta af vöxtum Seðlabankans af stofnfé sínu. Án þessa tillags frá Seðlabankanum hefði Vísindasjóður í raun og veru verið lítils megnugur, næstum óstarfhæfur undanfarin ár, þar eð framlög úr Menningarsjóði hafa staðið í stað um langt skeið og voru lengst af 800 þús. kr. á ári. En á þinginu 1970—1971 var orðið ljóst, að bæði þurfti Menningarsjóður á meira fé að halda en hann hafði haft undanfarið og ekki síst að Vísindasjóður þurfti á meira fé að halda. Þess vegna beitti þáv. ríkisstj. sér fyrir því, að fjárhagur Menningarsjóðs var endurskipulagður og gerður alger fjárhagsaðskilnaður milli Menningarsjóðs og Vísindasjóðs, þannig að gert var ráð fyrir því, að framvegis skyldu tekjur Vísindasjóðs annars vegar vera framlagið frá Seðlabankanum og hins vegar beint framlag á fjárl. Ég gat þess, þegar ég flutti þetta frv. á þinginu 1970—1971 um endurskipulagningu á fjármálum Menningarsjóðs og Vísindasjóðs, að það væri alveg nauðsynlegt að skilja fjárhag sjóðanna að. Menningarsjóði var séð fyrir sérstökum nýjum tekjum, og gert var ráð fyrir því, að einmitt flutningur fjármála Vísindasjóðs yfir á fjárlög gæti orðið til þess, að ríkisframlag til hans stæði ekki í stað, eins og það hefur gert undanfarin ár, heldur yrði aukið a. m. k. í hlutfalli við aukningu fjárl. og helst í hlutfalli við aukningu fjárframlaga til Vísindastarfa í landinu. Fjárframlög til háskólans hafa t. d. stóraukist, fjárframlög til æðri skóla hafa stóraukist, fjárframlög til ýmiss konar sérstakra vísindastarfa hafa verið aukin og stuðningur við námsmenn hefur verið aukinn. En stuðningur við Vísindasjóð hefur ekkert verið aukinn mörg undanfarin ár og hefur staðið í stað í 2 millj. kr. Við svo búið má að sjálfsögðu ekki lengur standa. Vísindasjóður telur sig þurfa á rúmlega 42 millj. kr. að halda til að geta sinnt þeim óskum, sem bornar hafa verið fram við hann og hann telur að eigi allar saman stuðning skilið. Ég treysti mér þó ekki til að leggja til, að óskum sjóðsins verði fullnægt að öllu leyti í einu lagi, enda er alveg einsýnt, að ekki má við svo búið standa, að eitt árið enn standi fjárframlag til Vísindasjóðs úr ríkissjóði í stað í einum 2 millj. kr. þrátt fyrir stórauknar fjárveitingar á svo að segja öllum öðrum sviðum og þrátt fyrir síminnkandi verðgildis hverrar kr. Ég hygg, að hér sé um mikið sanngirnismál að ræða og í rauninni einfalt mál. Það er þörf á eflingu þeirra vísindarannsókna, sem Vísindasjóður styrkir. Sjóðurinn hefur verið vanræktur mörg undanfarin ár af hálfu ríkisins, og það má því ekki minna vera en fjárframlög til hans séu aukin verulega, og þá tel ég ekki minni aukn-

ingu en úr 2 í 10 millj. koma til greina og tel alls ekki farið fram á of mikið. Það er enginn vafi á því, að það fé, sem veitt er til að styrkja vísindarannsóknir, ber margfaldan ávöxt, jafnvel í peningum reiknað. Þess vegna leyfi ég mér að óska þess, að hæstv. ríkisstj. og þm. taki þessari till. með velvild og skilningi.

Ragnhildur Helgadóttir: Herra forseti. Ég hef leyft mér að flytja till. um það, að styrkur til Bandalags íslenskra skáta verði hækkaður um 500 þús. Ástæðan til þessarar till. er sú, að raunverulegur styrkur til þessarar starfsemi hefur verið lækkaður sem þessu nemur frá því í fyrra. Það kemur þó ekki fram í sjálfum fjárl., vegna þess að frá haustinu 1969 og til 1973 hafði Bandalag ísl. skáta þau hlunnindi samkv. ákvörðun menntmrh., að kennara við gagnfræðaskóla í Reykjavík var heimilað að verja hálfum starfstíma sínum sem framkvæmdastjóri Bandalags ísl. skáta. En þegar sá maður hætti störfum sem starfsmaður Bandalags ísl. skáta, fékkst þessi heimild ekki endurnýjuð fyrir annan mann. Þess vegna er það, að þessi till. er flutt, því að annars getur þessi starfsemi dregist stórlega saman. Og við það er þessi upphæð, 500 þús., miðuð. Verður að telja, að með þessari till. sé ekki fram á mikið farið, því að raunverulega er þarna ekki verið að fara fram á stóraukinn styrk til starfseminnar, heldur aðeins reynt að halda í horfi. Það væri sannarlega ekki fráleitt að láta sér detta í hug, að heldur hefði átt að flytja till. um hækkun, til þess að unnt væri að auka og efla þessa nauðsynlegu starfsemi fyrir æskulýðinn í landinu, en mér er ljóst, að hér verður að hafa till. nokkuð við hóf, ef maður ætlar sér að fá þær samþykktar. En ég vil ekki ætla hv. fjvn., að það hafi raunverulega vakað fyrir henni að haga sínum ákvörðunum svo, að Bandalag ísl. skáta þyrfti að draga úr starfsemi sinni, heldur mun vera þarna um aðstæður að ræða, sem nm. kann að hafa verið ókunnugt um.

Ég þarf ekki að hafa mörg orð um það í þessari ræðu, hvílík nauðsyn er á því, að skátastarf geti haldist og eflst í þessu landi, og mér dettur aðeins í hug í því sambandi að minnast orða, sem ég heyrði hæstv. forseta Sþ. flytja við hátíðlegt tækifæri hjá skátum í fyrra. Þar sagði hann:

„Hafi skátastarfsemi nokkurn tíma verið nauðsynleg æskulýðnum, ekki aðeins á Íslandi, heldur í heiminum, þá er það nú í dag.“

Undir þessi orð vil ég af heilum hug taka og vænti þess, að svo muni verða um velflesta þm. Ég held, að ég þurfi ekki að hafa fleiri orð eða skýringar um þessa till. Ég held, að alveg sé ljóst, af hverju hún er fram komin.

Það eru tvö önnur atriði, sem mig langar til þess að nefna í sambandi við till. fjvn. Annað er varðandi styrk til norræns laganemamóts, sem hér á að halda á næsta sumri. Það er svo, að hin norrænu laganemamót mega teljast orðið liður í námi íslenskra lagastúdenta, og sumt, sem þar kemur fram, leggur á vissan hátt grundvöll að norrænu lagastarfi, sem er mikilvægt fyrir okkar löggjöf. En þannig er, að þessum mótum hefur jafnan verið haldið uppi mestmegnis af opinberu fé og kostnaður mótsins er áætlaður hátt á 3. millj. Fram á þá upphæð var farið við hv. fjvn., og n. var sent bænarskjal undirritað af öllum lögfræðingum, sem eiga sæti á Alþ., og þeir eru nú stundum taldir í það flesta, en mér virðist af þessu, að þeir hafi varla verið nægilega margir. A. m. k. var þeirra erindi ekki tekið til greina nema að 1/10 hluta til. Í till. fjvn. er lagt til, að til norræns laganemamóts verði varið 250 þús., og það eru tæp 10% af því, sem mótið kostar, og ég geri ráð fyrir, að með þessa upphæð verði ekki hægt að halda þetta mót.

Á þessu vildi ég vekja athygli og svo enn fremur leggja á það áherslu, að mót þessi mega teljast með nokkrum hætti liður í námi þessara stúdenta. Ég sé, að mér hefur orðið það á að geta þess ekki, að á þessu téða bænarskjali var ekki nafn eins lögfræðings, sem á sæti á Alþ., en hann var fjarverandi þann dag, sem ég afhenti skjalið. Það var sjálfur hæstv. fors.- og dómsmrh. En ég læt mér ekki detta í hug, að það standi á hans stuðningi við þetta mál, enda hefur framkvæmd slíkra móta, að því er hið opinbera varðar, jafnan verið í höndum dómsmrn. Ekki vil ég heldur ætla hv. fjvn. það, að henni hafi ekki þótt skjalið nægilega fint, fyrst þar var ekki nafn sjálfs forsrh. En það liggur vissulega nærri að láta sér detta þá skýringu í hug. A. m. k. hefur nefndin ekki talið lögfræðinganna, sem undirskrifuðu, nægilega marga eða þá þennan lið í námi íslensku stúdentanna nægilega merkilegan. Ég flyt ekki um þetta sérstaka till., en leyfi mér að beina því eindregið til hv. n., að hún endurskoði þessa afstöðu, ef nokkur einustu föng eru á.

Svo er þriðja atriðið, sem mig langar til þess að nefna, og það er sýnu stærra en þessi tvö. Þannig var, að á öndverðu þingi í vetur flutti hv. 3. þm. Reykn., Oddur Ólafsson, fsp. um það, hvað liði byggingu geðdeildar Landsspítalans, hvenær væri fyrirhugað að taka þá byggingu í notkun. Þá sagði hæstv. heilbrrh. m. a. svo:

„Byggingarframkvæmdir eru ekki hafnar, en öllum undirbúningi vegna byggingar I. áfanga er lokið, og hafa fullgerðar teikningar verið til athugunar hjá hagsýslustofnun og framkvæmdadeild Innkaupastofnunar ríkisins síðustu vikurnar. Samkv. verkáætlun, sem samin var í sept., var gert ráð fyrir, að byggingarframkvæmdir gætu hafist á þessu ári, og þá var gert ráð fyrir að ljúka byggingunni á þrem árum eða hún gæti orðið tilbúin til notkunar í árslok 1976. Til þess að þessi framkvæmd gæti orðið, þarf að ætla til byggingarinnar um 350 millj. á þessum tíma, og þá þarf jafnframt að gera ráð fyrir því, að þær framkvæmdir, sem áætlaðar voru í ár, færist yfir og þeim ljúki á árinu 1974 jafnframt þeim framkvæmdum, sem þá voru áætlaðar.“ Og hæstv. ráðh. heldur áfram: „Það kemur til kasta þm. að taka ákvörðun um það, hvort þeir vilji hraða byggingu geðdeildar Landsspítalans, svo að hún geti komist í not í árslok 1976. Til þess þarf að hækka verulega þá fjárveitingu, sem áformuð er til byggingarinnar á árinu 1974. Í fjárlagafrv. eru áætlaðar 60 millj. til byggingarinnar, en þyrftu samkv. áætlun að vera um 90 millj. á árinu 1974, til þess að hægt verði að standa við fyrrgreinda áætlun. Þetta mál mun m. ö. o. koma til afgreiðslu Alþ. við afgreiðslu fjárlaga.“

Þetta sagði hæstv. heilbrrh. Bæði ég og margir aðrir þm. gerðu fastlega ráð fyrir því eftir þessum ummælum, að sá hugur fylgdi máli hæstv. ráðh., að hann mundi beita sér fyrir því við hv. fjvn., að þessar 90 millj. yrðu ætlaðar til þessarar nefndu byggingar, þ. e. a. s. að um hefði verið að ræða 30 millj. kr. hækkun frá frv., eins og það var lagt fram í haust. Eftir þeim upplýsingum, sem ég hef aflað mér, hefur ekki orðið vart við þessa tilburði ráðh. Ég verð að segja, að mér finnst það æði hart aðgöngu, að ráðh. geti látið sér slíkt um munn fara sem hann gerði, við þessa umr., vinna svo ekkert að því sjálfur, að þessi fjárveiting fáist og varpa ábyrgðinni af því, að of lítið fé verði veitt, til þess að við áætlun verði staðið, yfir á herðar þm. Ég veit, að það þýðir ekki að varpa hér fram fsp. eða biðja um upplýsingar frá ráðh., sem er fjarstaddur, en hins vegar geri ég ráð fyrir, að það samband muni þó einhverjir viðstaddra, þótt fáir séu, a. m. k. hv. formaður fjvn., kannske hafa við þennan hæstv. ráðh., að hann gangi eftir því hjá honum hvort ekki sé ætlunin að gera neinar ráðstafanir í þá átt, að þessi fjárveiting fáist. Tilraunir hans í þá átt hafa farið mjög hljóðlega eftir þeim upplýsingum, sem ég hef aflað mér, og væri þá fróðlegt að vita, í hverju þeir tilburðir hæstv. ráðh. hafa komið fram. Og komi í ljós, að hæstv. ráðh. hafi ekki beitt sér fyrir þessu og geri það ekki milli umr., þá leyfi ég mér að áskilja mér rétt til þess að flytja till. um þetta við 3. umr., til þess er fullkomin ástæða.

Ég vænti þess, að hæstv. ráðh. og þeir, sem hann styðja, samþykki þá till. Annars get ég ekki litið svo á, að það séu ábyrg orð, sem hann flytur hér í haust, þegar hann varpar ábyrgðinni af þessum fjárskorti yfir á herðar þm. og hefst svo sjálfur ekki að. Þetta finnst mér mjög alvarlegt atriði og vil láta á það reyna, hvort þarna hefur ekki raunverulega hugur fylgt máli. Ég vil satt að segja ekki ætla hæstv. ráðh. það, að hann varpi fram slíkum athugasemdum algerlega í ábyrgðarleysi.

Steinþór Gestsson: Herra forseti. Í nál. okkar sjálfstæðismanna í fjvn. er getið um það, að við teljum, að skipulegri vinnubrögð hefði þurft að viðhafa við afgreiðslu hinna ýmsu erinda, sem bárust til n., til þess að viðhlítandi samræmis gætti um afgreiðslu þeirra. Með þessari ályktun okkar erum við ekki að kasta steini að þeim, sem stýrt hafa þar störfum. Við eigum á því nokkra sök sjálfir, að skipulegri vinnubrögð hafa ekki verið tekin upp. Við höfum ekki gert um það till. meðan á þessari vinnu stóð, og því eigum við á því nokkra sök. En það hefur orðið okkur enn ljósara, eftir að aðalvinnunni lauk í fjvn. að þessu sinni, að ekki hefur verið nægilega vel og gaumgæfilega farið yfir þau mál, sem fyrir n. lágu, til þess að sú afgreiðsla væri viðhlítandi, sem við höfum þegar innt af hendi. Ég minni á þetta vegna þess, að þegar ég fer yfir lög um Landnám ríkisins, þá sé ég, að þar er gert ráð fyrir í 61. gr., að viðfangsefni Landnámsins séu þau, og þau, sem þar eru tilgreind, og í 62. gr. segir, að til þeirra viðfangsefna, sem talin eru í 61. gr., skal veita fé á fjárl. En ég sé, að tveir töluliðir hafa fallið þarna niður, þ. e. 2. tölul., sem er til sameiningar jarða og endurbyggingar eyðijarða, en þar er um eins konar skipulagsmál landbúnaðarins að ræða og tel ég, að þurfi að taka þetta til endurskoðunar. Einnig hefur fallið niður að ákvarða fjárframlög til 5. tölul. 61. gr., sem er til varmaveitna á sveitabæjum, og ætti öllum að vera það ljóst, að á þessum tíma, þegar verð á orku flýgur upp úr öllu valdi, þá er enn meiri ástæða til en áður að sinna þessu málefni. Fleira getur að sjálfsögðu komið til, ef leitað er í þeim erindum öllum, sem til n. bárust, sem maður teldi ástæðu til að taka frekar til athugunar, og geymi ég mér allan rétt til þess að gera það við 3. umr.

Ég sagði hér og benti á það, að þessi orð í nál. okkar sjálfstæðismanna voru ekki fleipur. Ég vildi einnig líta svo á það nál., sem meirihl. hefur látið frá sér fara, að það væri á þann veg, að það mætti treysta því, sem þar er fram borið. En ég ætla, að fleiri alþm. hafi farið líkt og mér að undrast stórlega nál. Ég get ekki leynt undrun minni yfir því, sérstaklega vegna þess, hversu ótrúlega þeir menn, sem að því standa, virðast vera ánægðir með verkalokin, þar sem þeir nefna um það hvert dæmið að öðru, að hinar ýmsu fjárveitingar hafa hækkað stórlega síðan 1970 og 1971. Ég verð að segja það, að þegar þau dæmi eru skoðuð, sem rakin eru í nál., þá má ekki hafa þau lengi undir smásjánni, svo að feyran í þeim komi ekki í ljós, en þau eru þannig valin og skýrð, að allir þeir, sem aðeins heyra þessi dæmi lesin yfir eða kynnt lauslega, geta jafnvel trúað því, að nú loksins sé vel staðið að fjárveitingum til velflestra þátta verklegra framkvæmda, þar sem fjárveitingar eru nú miklu hærri að krónutölu en áður. Hins vegar eru engar upplýsingar fyrir hendi um það í nál., hvað líður framkvæmdamætti þess fjár, sem tilgreint er. Ef sá samanburður er gerður, sést, að hækkaður kostnaður við framkvæmdir er svo gífurlegur, eins og sýnt hefur verið fram á af öðrum hér á undan mér, að í flestum tilvikum, sem dæmi eru nefnd um í nál., er hreint ekki um magnaukningu að ræða. Er því þessi sjálfsánægja meirihl. með þau hækkuðu framlög, sem tínd eru til í nál., líkari kuldahlátri yfir eigin óförum, því að vitaskuld hefur verðbólgan þvingað fram hækkanirnar, en óðaverðbólgan er afleiðing stjórnarstefnunnar og heimatilbúin að mestu.

Það vakti athygli mína að lesa það í Tímanum í morgun, þegar einn blaðamannanna auglýsir eftir nýju orði yfir hugtakið, sem tjáð hefur verið með orðinu óðaverðbólga til þessa, og er það gert vegna þess, að manninum sýnist, að nú sé alveg að því komið, að það orð hafi ekki lengur við þeim hraða, sem orðinn er á verðþenslunni. Um þetta má með sanni segja hið fornkveðna, að bragð er að, þá barnið finnur.

Ég ætla ekki að gera þessi dæmi meiri hl. frekar að umræðuefni, þar sem flokksbræður mínir hafa hér á undan mér gert grein fyrir áliti okkar og skýrt það fyllilega. En ég sé ástæðu til að fara nokkrum orðum um þann þáttinn, sem snýr að Lánasjóði íslenskra námsmanna. Ég tel rétt, að ég kynni hér það, sem

í nál. er sagt um þetta efni, en þar segir svo, með leyfi hæstv. forseta:

„Ríkisstjórnarflokkarnir tryggðu stuðning til jöfnunar námsaðstöðu eftir búsetu með sérstakri lagasetningu, og er gert ráð fyrir, að á næsta ári verði veittar 75 millj. kr. til jöfnunar námskostnaði. —

Jafnframt er á þskj. 204 gerð till. um að hækka fjárveitingu til Lánasjóðs ísl. námsmanna um 30 millj. kr., og nemur sú fjárveiting þá alls 486.6 millj. kr. á næsta ári, sem svarar til þess, að lán nemi um 83% af umframfjárþörf, en námu 62.9% 1971. Sérstakur stuðningur úr ríkissjóði við námsmenn, þ.e. námslán og framlög til jöfnunar námskostnaði, hafa numið neðangreindum upphæðum á undanförnum árum: 1970 67 millj. 990 þús., 1971 105 millj. 625 þús., 1972 215 millj., 1973 373 millj. 600 þús. og 1974 561.6 millj. kr. Hafa þessi framlög rúmlega áttfaldast frá árinu 1970."

Allt er þetta rétt, en þessi samanburður á upphæðum í krónum gerir myndina þannig úr garði, að sá, sem les þetta yfir og hefur ekki kunnugleika í málinu, telur, að nú fyrst hafi verið búið sæmilega að íslenskum námsmönnum. Og vegna þess að ég veit annað í þessu máli heldur en þarna kemur fram, þá þykir mér rétt til stuðnings mínu máli að kynna hér það, sem fulltrúar í stjórn Lánasjóðs ísl. námsmanna létu frá sér fara á blaðamannafundi, sem þeir héldu núna í haust. Ég ætla ekki að tefja þingheim með því að lesa alla þeirra skýrslu yfir, en ég vil koma hér fram með aðalatriðin í. Þar segir svo, með leyfi hæstv. forseta:

„Í l. um námslán og námsstyrki frá 1967 segir svo í 2. gr.: „Stefnt skal að því, að opinber aðstoð við námsmenn samkv. l. þessum nægi hverjum námsmanni til að standa straum af árlegum námskostnaði, þegar eðlilegt tillit hefur verið tekið til aðstöðu hans til fjáröflunar." Efnisinnihald l. er þannig á þá lund, að 100% umframfjárþörf skuli náð í áföngum, án þess þó að ákveðið tímamark sé ákveðið. 17. nóv. 1970 lýsti þáv. menntmrh., Gylfi Þ. Gíslason, því yfir á Alþ., að hann og reyndar ríkisstj. öll væri því fylgjandi, að 100% umframfjárþarfar yrði náð á námsárinu 1974—1975, og væri þá í öllu farið eftir till. stjórnar LÍN í þessum efnum. Þm. Magnús Kjartansson og Þórarinn Þórarinsson vildu hins vegar ganga lengra og lögfesta efnisinnihaldið, það er fólst í viljayfirlýsingu Gylfa Þ. Gíslasonar fyrir hönd þáv. ríkisstj. Í þeim tilgangi lögðu Magnús Kjartansson og Þórarinn Þórarinsson 30. nóv. 1970 fram frv. til l. um breyt. á viðkomandi l., en málinu var þá vísað til ríkisstj. 10. mars 1971. Framkvæmd l. var nokkuð í samræmi við anda l. og till. Lánasjóðsins allt til ársins 1972—1973. Er núv. vinstri stjórn hafði setið að völdum í eitt ár, brá svo við, að ráðamenn sáu sér skyndilega ekki lengur fært að framfylgja till. Lánasjóðsins, sem voru í samræmi við anda l. og þeirra eigin till. tveimur árum áður, og höfnuðu fjárlagahækkun á lánaprósentunni."

Svo gefa þeir hér í skýrslu sinni yfirlit yfir það, hversu lánaprósentan er há á hverju ári, og hún er á þessa leið: „1967-1968 er hún 43%, 1968—1969 er hún 48.5%, 1969—1970 er hún 52.2%, 1970—1971 er hún 62.9%, 1971—1972 er hún 77.4%, 1972—1973 er hún 77.8%, 1973—1974 er hún 77.8%. Samkv. fjárlagafrv. 1974 er enn reiknað með óbreyttu lánahlutfalli og fer því ekki á milli mála, að ráðh. mennta- og fjármála hyggjast enn á ný skella skollaeyrum við till. Lánasjóðs."

Hér lýkur tilvitnun. Eftir að þetta er skráð er komin fram till. um hækkun á framlaginu til Lánasjóðsins um 30 millj. kr., eins og sjá má á þskj. 204. Ég hef nú kynnt hv. Alþ. viðhorf hinna ungu nemenda í Háskóla Íslands og í sambærilegum skólum, innlendum og erlendum. Það er mönnum ljóst, að þær aths., sem settar eru fram í þeirra máli, eru fyllilega eðlilegar. Fulltrúar tveggja hinna stærri aðildarflokka ríkisstj., Magnús Kjartansson og Þórarinn Þórarinsson, hafa með tillöguflutningi á Alþ. 1970 blekkt hina ungu nemendur og vakið hjá þeim vonir, og beint og óbeint reynt að telja þeim trú um, að þeir og flokkar þeirra hefðu sérstaklega ríkan áhuga á því að leysa þeirra vanda. Það má vel vera, að svo sé. En ef svo er, þá kemur sá áhugi fram í öðru formi en hampað var haustið 1970. Þetta er ámælisvert. Ég vil átelja þetta á sama hátt og ég átel það hjá meiri hl. fjvn. að byggja þannig upp umsagnir sínar um vissa þætti fjárl., að fullkomlega villandi mynd fæst af ástandi og horfum um framkvæmdamátt þeirra fjárveitinga, þegar þær eru bornar saman við eldri fjárveitingar. Ég lýsi óánægju minni yfir því, að hæstv. fjmrh. skuli einnig láta sér sæma slíkan leikaraskap með sannleikann. Hann segir hér áðan í þessum ræðustóli, að fjárlagafrv. sé byggt upp með trú á fólkið og landið. Ég veit, að hæstv. fjmrh. hefur sjálfur trú á þjóð sinni og landi. En ég fullvissa hann um það, að það verður ekki lesið út úr því frv., sem við ræðum hér í kvöld. Það lýsir ekki byggðastefnu í hraðri sókn, þótt bent sé á hækkandi framlög á fjárl., þegar látið er hjá líða að meta mátt þeirra framlaga, þegar komið hefur fram sú rökstudda skoðun okkar stjórnarandstæðinga, að dýrtíðin hafi étið krónurnar. Það sýnir ekki trú á fólkið að draga úr framkvæmdamætti framlaga til skólabygginga eða þegar aðilum Lánasjóðs íslenskra námsmanna er talin trú um sérstakan áhuga núverandi valdhafa fyrir málefnum þeirra, en kippa síðan að sér hendinni um fjárframlög, en hæla sér þó af örlæti í því efni. Það má segja eitt og annað í ræðustól, en að lokum munu þó rauntölur til framkvæmda tala sínu máli og leiða í ljós hinn sanna vilja og hina sönnu trú manna og flokka.

Bjarni Guðnason: Herra forseti. Þegar fjárlagafrv. var lagt fram, tók ég til máls og felldi um það þau orð, sem mér þóttu henta. Nú hefur fjárlagafrv. gengið til n. og er aftur komið hér inn í þd., og mér virðist, að það, sem ég sagði um það í upphafi, fái staðist, þannig að stefnan er sú sama, og þess vegna vísa ég til fyrri ræðu minnar og verð ekki margorður, en vil þó aðeins benda á tvö, þrjú atriði.

Mér kemur nokkuð spánskt fyrir sjónir, hvað hæstv. fjmrh. virðist lítið ræða um þær uggvænlegu horfur, sem eru í efnahagsmálum þjóðarinnar. Nú standa yfir kjarasamningar. Þar þok-

ast lítið eða ekkert, og kunnugir menn segja mér, að ef svo fer sem horfir, þá mætti jafnvel búast við verkföllum á næsta ári og það fyrr en síðar. Jafnframt þessu er orkuvandamál veraldarinnar, hækkandi verðlag og fiskverðið, sem þarf að ákveða um áramótin, og svo jafnframt þessi óðaverðbólga eða bandóðaverðbólga, allt samofið, og fer ekki milli mála, að hér er við geysilegan vanda að etja. Og mér finnst það skylda ráðamanna þjóðarinnar að ræða þessi mál hreinskilnislega og reyna ekki að slá ryki í augu þjóðarinnar og kannske allra síst þm., sem hafa töluverða reynslu í þessum málum.

Ég vil benda á eitt atriði. Þessi ríkisstj. nefndi sig sjálfa stjórn hins vinnandi fólks. En hvernig er nú komið? Það virðist ekki unnt með góðu móti að bæta kjör láglaunafólksins í landinu. Atvinnurekendur telja, að það sé enginn grundvöllur til kauphækkunar, og samt er viðurkennt, að láglaunafólkið býr við síst betri kjör en fyrir 30—40 árum. Jafnframt þessu er það helsta krafa verkalýðsfélaganna að lagfæra skattinn, einkanlega tekjuskattinn, skattpíning sé. Þó virðist engin leið að lagfæra tekjuskattinn, það er ekkert svigrúm fyrir það. Jafnframt þessu gerir frv. ráð fyrir því að skerða hag barnafjölskyldna með því að lækka fjölskyldubæturnar. Og jafnframt þessu virðist frv. gera ráð fyrir því að lækka niðurgreiðslur á helstu neysluvörum almennings. *Ég fæ ekki betur séð* en að í öllu þessu peningaflóði, í allri þessari verðbólgu, þá sé einmitt lítið eða ekkert svigrúm eftir til þess að bæta kjör þeirra þjóðfélagsþegna, sem ríkisstj. einmitt taldi sig leggja áherslu á að bæta.

Varðandi tekjustofna frv. blasir það við, að ríkisstj. virðist ekki hafa lengur bolmagn til þess að fara þær leiðir í tekjuöflun ríkissjóðs, sem hún helst kysi. Og hvað merkir það? Það merkir það, að hún stjórnar ekki lengur. Þegar svo er komið, að það er boðuð í grg. í fjárlagafrv. 2% söluskattshækkun frá 1. jan., síðan horfið frá því, af því að það er ekki þingfylgi fyrir því, en það merkir að sjálfsögðu, að ríkisstj. hefur ekki lengur tök á því að móta þá stefnu í efnahagsmálum, sem hún helst kysi. Þess vegna *lít ég svo á*, að það *væri heppilegast fyrir ríkisstj.* og fyrir þm. og þjóðina, að þessi ríkisstj. færi frá. Og það er óskemmtilegt að horfa upp á það varðandi tekjuskattinn, hvað þessi ríkisstj. getur reynt á langlundargeð þm., þar sem vitað er, að skattpíningin með tekjuskattinum er orðin óþolandi. En það bryddir ekki á því, að ríkisstj. telji sér skylt að gera einhverjar breytingar á því. Og hversu lengi á að reyna á þolinmæði þm. í þessum efnum?

Hér verður ekki annað sagt en það þurfi að *fara að taka efnahagsmálin traustari tökum*, og það verður að gerast, að minni hyggju, með samstöðu allra þingflokkanna, stjórnmálaflokkanna, þannig að þeir gætu saman gert þær óvinsælu ráðstafanir, standa að því að leita eftir því, hvað megi skera niður, hvað sé hægt að spara í ríkisstofnunum, á hvaða liðum er hægt að draga úr útgjöldum. Þetta eru óvinsælar ráðstafanir, og ég teldi, að það væri ábyrg afstaða hjá þingfl. öllum að koma saman og fara í gegnum þessi mál, og að sjálfsögðu ætti hæstv. fjmrh. að hafa forgöngu um það efni. *Og ég* er alveg sannfærður um það, að allir þingfl. munu vera fúsir að axla þá byrði að taka á sig þann vanda, ef frumkvæðið kæmi frá núv. ríkisstj., því að það er hreinn misskilningur að láta þetta fljóta svona, og síðan endar þetta í ósköpum.

Ég sagði fyrir 2 árum, að mér sýndist, að örlög þessarar ríkisstj. yrðu þau, að verðbólgan mundi gleypa hana. Þetta er að sannast. Hún er komin upp að hálsi í ófreskjuna. Og það má vel vera, að hún geti þraukað nokkurn tíma enn, en allt fer þetta á eina leið. Ég held, að ástandið, eins og það er núna, hljóti að kalla á samvinnu flokkanna, því að ef svo fer fram sem horfir, þá blasir við að mínu viti gengisfelling á næsta leiti, með kjararýrnun fyrir launþega, auknu eignamisrétti o. s. frv. Allt þetta er gömul saga, en það er eins og það sé engin önnur leið til.

Hæstv. fjmrh. hefur svarað gagnrýni um óðaverðbólgu *og mikil ríkisútgjöld* á þá lund, að spyrja þm.: „Viljið þið ekki byggja hafnir, viljið þið ekki byggja sjúkrahús, viljið þið ekki lækna sjúka o. s. frv. Þetta er ákaflega ódýr aðferð, og það er ekki um þessa hluti að ræða. Það er fyrst og fremst um það að ræða, að fara svo hratt í uppbyggingu, eins og efnahagsaðstæður leyfa. Það er kjarni málsins. Og þegar ég hef látið þau orð falla, t. d. í sambandi við skuttogarakaupin, að það hefði átt að fara með miklu meiri skynsemi í þau mál, þá þýðir ekki að koma og segja: Bjarni Guðnason er á móti því að kaupa skuttogara, hann er á móti því að byggja upp atvinnulífið, hann er á móti byggðastefnu. — Þetta eru óheiðarlegar röksemdir, enda er það ekki kjarni málsins. Það, sem er kannske það eðlilega í sambandi við skuttogarakaupin, er, að það hefði átt að kaupa svona 10 togara á ári, byggja flotann hægt upp, en það hefur verið rokið í þetta og að mér skilst fram hjá sjálfri Framkvæmdastofnun ríkisins, sem átti beinlínis að gera áætlanir um uppbyggingu atvinnulífsins.

Ekki skal ég fara nánar út í þessa sálma, en þar sem ég tel, að vandi efnahagsmálanna sé orðinn slíkur, að það þurfi að fara hér að spyrna við fæti, og við hljótum að fara í gegnum svipaða *stjórnmálaþróun og er í nágrannalöndum*, þá er enginn vafi á því, að ég er helst þeirrar skoðunar, úr því að núv. ríkisstj. lokar skilningarvitum sínum og vill ekki horfa á vandann, að þá væri e. t. v. eðlilegast að láta þjóðina segja til um þessa hluti. Ég hygg, að það væri skynsamlegt að efna sem fyrst til almennra þingkosninga, þá gætu þeir flokkar, sem við tækju, byrjað á nýjan leik og gert þær ráðstafanir sem þurfa, gert úttekt á öllu apparatinu á fjárl. og ríkiskerfinu, og byrjað þannig á nýjan leik, og þetta *held ég, að sé hið eina skynsamlega í raun og* veru. Ef svo reynist, að stefna ríkisstj. í verðbólgumálum á sér fylgi meðal þjóðarinnar, þá geri ég ráð fyrir því, að ríkisstj. muni koma tvíefld aftur inn í þingsalina og geti þá áfram haldið sinni stefnu. Ef þjóðin er annarrar skoðunar, þá verður öðrum mönnum falin stjórnarstefnan. Og úr því að við erum nú lýðræðisríki, búum við þingræði, þá held ég, að það sé tími til kominn að spyrja þjóðina ráða og reyna þannig á nýjan leik að glíma við þessi stóru *vandamál*.

Magnús Jónsson: Herra forseti. Það nálgast nú miðnætti, og ég skal reyna að stytta svo mál mitt, að þm. ofbjóði ekki. En sannleikurinn er sá, að það væri mikil ástæða til þess að gera hér nokkra úttekt, ekki aðeins á þjóðarbúinu, heldur hæstv. fjmrh. og ríkisstj. í heild.

Hv. síðasti ræðum., fyrrv. stuðningsmaður ríkisstj., dró fram í fáum orðum hér áðan eftirtektarverðar staðreyndir, sem sönnuðu, að til allrar hamingju er ekki alveg vonlaust um þá upphaflegu stjórnarlíðа, að þrátt fyrir þá blekkingarhulu, sem þeir drógu fyrir augu sín í upphafi, er þeir hófu sína eyðslustefnu, sem þeir hafa markvisst fylgt síðan, með þeim geigvænlegu afleiðingum, er við nú stöndum andspænis, kunni e. t. v. áður en langt um líður, fleiri að sjá að sér. Mætti þá helst vænta þess, að það yrði gáfaðasti maður Framsfl., eins og lýst var hér í dag. Ég veit ekki, hvort hann er hér í þingsalnum eða hvort hann er lagstur undir feld, en hann hefði haft gott af að hlýða á orð fyrrv. samherja síns, sem var að ljúka máli sínu hér áðan.

Hæstv. fjmrh. sagði í ræðu sinni hér í kvöld, að hann fagnaði því, hvað hinar gömlu ræður hans væru vel auglýstar. Ég efast nú um, að hann fagni því. Ég held að ég þekki hann það vel, að hann muni alls ekki fagna því, heldur harma, vegna þess að ég hygg, að innst inni sé hann allt of raunsær maður til að gera sér ekki grein fyrir því, í hvílíka ófæru er stefnt, þótt að hann hins vegar hingað til hafi ekki af einhverjum ástæðum haft þrek til að berja í borðið við samráðherra sína í eyðsluráðuneytunum og segja: Hingað og ekki lengra. Það er ekki nóg, hæstv. rh., að lýsa yfir, að menn hafi trú á land sitt og þjóð. Það efast ég ekki um, eins og hér var áðan sagt, að hæstv. ráðh. hefur.

Það er mikil ábyrgð, sem fjmrh. er falin á hendur að gegna á hverjum tíma, og það veltur á miklu, þó að auðvitað margt annað komi til, hvernig á þeim málum er haldið, sem hæstv. fjmrh. fer með. Satt að segja mundi það hafa glatt mig, ef hæstv. ráðherra hefði verið sjálfum sér samkvæmur og hagað sér í samræmi við þær deilur, sem hann hélt uppi á fjármálastjórn fyrrv. ríkisstj. og fyrrv. fjmrh., kúventi ekki svo gjörsamlega frá öllu því, sem hann áður hefur sagt, eins og reynd ber vitni um.

Þegar ég sá fjárlagafrv. hér í haust, leitaði ég eftir einum kafla í því, sem hefði í rauninni átt að vera feitletraður, og það væru áhyggjur hæstv. rh. yfir því geigvænlega ástandi í efnahagsmálum þjóðarinnar, sem blasti við þá þegar, er þetta frv. var lagt fram. Það er ekki hægt að afsaka hann með því, að hæstv. rh. hafi þá ekki vitað um það ástand, sem var í þjóðfélaginu, og þann verðbólgueld, sem stöðugt logaði skærar og skærar og er nú kominn á það stig, að það gagna vissulega ekki frómar óskir og góð orð um trú á land og þjóð til þess að slökkva þann eld. Til þess þarf miklu meira, til þess þarf gerbreytt hugarfar hjá þessum hæstv. rh. og ríkisstj. að sjálfsögðu allri. Það var viss manndómur í því hjá fyrrv. vinstri stjórn, þegar forsrh. hennar baðst lausnar, vegna þess að ríkisstj. réð ekki lengur neitt við þann vanda, sem við var að glíma. Og ég get tekið undir það með hv. síðasta ræðumanni, að það er vitanlega það eina, sem hæstv. núv. ríkisstj. ætti að gera til þess að gera þjóðinni í lok tilveru sinnar eitthvað gagn. Þetta er það mesta gagn, sem hún gæti gert henni. En mér sýnist allt benda til þess, enda þótt ríkisstj. hafi ekki lengur meiri hl. hér á Alþingi til þess að fá afgr. mál í hv. Nd., þá sé ætlun hennar að sitja svo lengi sem sætt er og lifa í samræmi við það hugarfar, sem lýst var hér, er landhelgismálið var hér til afgreiðslu, af einum stjórnarfl., að allt væri þó betra en að víkja úr ráðherrastólnum.

Í fjárlagafrv. er ekki að finna eitt einasta orð um það, að áhyggjur sæki að hæstv. fjmrh. yfir því efnahagsástandi, sem ríkjandi er, og þeim horfum, sem fram undan eru, heldur aðeins lýst því mikla flóði fjármagns, af allverulegri ánægju, sem nú er til ráðstöfunar fyrir ríkissjóðinn, og sem nú verði hægt að moka út á næsta ári. Og þessi mikla sjálfumgleði birtist áfram í nál. hv. meiri hl. fjvn. og í ræðu frsm. n., er hann lýsti hér fjálglega öllum þeim afrekum, sem núv. ríkisstj. hefði unnið og hvað óskaplega mikið hún væri að gera fyrir fólkið í landinu, úti um allar byggðir landsins, að byggja allt upp, sem vanrækt hefði verið, og benti á þær geysilegu fjárveitingar, sem ætlaðar væru til alls konar framfaramála. Það er í samræmi við þá undarlegu ræðu, sem hæstv. fjmrh. flutti við 1. umr. fjárl., sem var í rauninni undir niðri alger varnarræða, því að eins og ég sagði áðan, veit ég, að hæstv. fjmrh. veit betur en hann lætur um eðli vandans, þar sem hann byrjaði á því að búa sig undir ádeilur frá öðrum, sem er nú aldrei sérlega sterkt, og hélt áfram raunar þeim málflutningi hér í kvöld með því að tala um það, hverjir vildu vera á móti þessu og hverjir hinu. Ja, hverjir vildu vera á móti því út af fyrir sig, að það væri hægt að gera enn þá meira í landinu? Eru nokkur mörk fyrir því? Þetta er auðvitað dæmalaus röksemd, ef röksemd skyldi kalla, hjá nokkrum rh. að viðhafa svona orðbragð. Það verður að sjálfsögðu að meta það á hverjum tíma, hvað hægt er að gera, eins og hver einstaklingur verður að gera sér grein fyrir því. Það getur verið ósköp gaman fyrir hvern mann að fá sér alls konar verðmæti og góða hluti. En það er ekki svo gott, ef hann á ekki fyrir því. Slíkar röksemdir eru því alls ekki frambærilegar og í rauninni ósæmilegt að bera þær á borð. Það verður að byrja á því að gera sér grein fyrir því, hvert er ástand efnahagskerfisins í landinu á hverjum tíma, og það minnsta, sem hægt er að gera kröfu til, varðandi fjárlagaafgreiðslu, er, að fjárl. séu ekki örvandi á óheillavænlega þróun efnahagsmála í þjóðfélaginu á hverjum tíma.

Ríkisfjármálin eru einn allra veigamesti þáttur efnahagsþróunarinnar og þess, hvort stefnt er í rétta eða öfuga átt, og hér hefur að öllu leyti verið stefnt í öfuga átt. Það var að hefjast verðbólguþróun, þegar hæstv. ríkisstj. tók við völdum. Engu að síður byrjaði hún að moka úr öllum sjóðum og eyða öllu fé, sem til var, og síðan hefur þessu dyggilega verið framfylgt. Enda þótt innkomnar tekjur séu nánast í stjarnfræðilegum tölum, hefur tekist að koma öllu í lóg, og enda þótt fjárl. muni nú vafalaust fara

í 30 milljarða, þá lítur ekki út fyrir, að það verði nokkur vandi að koma hverri einustu krónu í lóg. Það er ekkert hugsað fyrir því að safna fé á þessum árum, sem hver einasta skynsöm ríkisstj. um víða veröld mundi gera og hefur gert. Á þessum árum hefði samtals átt að leggja fyrir nokkra milljarða kr., í stað þess að eyða hverri krónu og jafnvel afgreiða ríkisbúskapinn með halla, eins og gert hefur verið síðustu ár, eða svo nærri halla, að það tekur því ekki að nefna þær ómerkilegu tölur, sem afgangurinn hjá ríkissjóði hefur verið. Við vitum ekki um málið í ár, það tekst e. t. v. að ná saman endum, en það verður naumast meira en það.

Eilift tal um það, að þessi hæstv. ríkisstj. vilji gera allt fyrir alla, vilji byggja upp landið og framkvæma stórkostlegar félagslegar umbætur, þetta er góðra gjalda vert. En það skortir skilninginn og forsendurnar fyrir því, að þetta geti komið að gagni. Þessi uppbygging og þessar félagslegu umbætur eru nánast sagt lítils virði eða kannske minna en einskis virði, ef efnahagsástand þjóðarinnar þróast á þann veg, að allt verður þetta að engu. Það eru auðvitað glamuryrði hjá hæstv. ríkisstj. eða fjmrh. og form. fjvn., að tala um, að ríkisstj. hafi haldið uppi einhverri stórkostlegri byggðastefnu og að hún hafi haldið uppi stórkostlegum umbótum í tryggingamálum. Flest af því var búið að lögfesta, áður en hæstv. ríkisstj. tók við völdum. En það, sem hún hefði getað gert gagnlegt, hefði verið að gera þessa fjármuni, sem þarna hefur verið úthlutað, sem vissulega eru miklir, einhvers virði fyrir fólk. Allar þessar hækkanir eru nefnilega fyrst og fremst til að vega upp á móti þeirri óhemjulegu rýrnun peninga, sem orðið hefur í tíð núv. hæstv. ríkisstj. Það er óskaplega fallegt að tala um, að það hafi verið byggður upp togarafloti, sem hefur verið dreift um allt land. En hvernig það dæmi lítur út í dag, þegar allar horfur eru á, að byggðarlag eftir byggðarlag, komist í algjör fjárþrot eða jafnvel gjaldþrot fyrir það, að verðbólgan hefur svo verið aukin af hæstv. ríkisstj. og fyrir hennar tilstilli, að það er ekki hægt að gera þessi skip út? Og nú eru hvarvetna um landið kveinstafir, sem berast, og þeir háværir, um það, hvað eigi að gera við þessi skip, vegna þess að þau ganga ekki einu sinni, þó að þau hafi verið gefin. Þetta eru afrekin til að byggja upp sjávarútveginn. Og það er gaman að lesa upp háar tölur um tryggingabætur og annað þess konar. En þegar fólkið fær jafnvel stöðugt minna fyrir þessa peninga, þá verður að litlu gagni að lesa upp slíkar tölur. Það er svo annað mál, að það liggur í augum uppi, þegar fjárlög hækka, — á 2 árum hafa þau tvöfaldast, og lætur nærri, að þau muni þrefaldast á þremur árum, allar horfur á því, — að þessir peningar hljóta að ganga til einhverra hluta. Og mér finnst það ekki vera neitt stórkostlega vegsamlegt, þó að það sé birtur listi yfir það, að það hafi þó einhverjum hluta þeirra verið varið gagnlega.

Ég skil ekki, hvernig jafngáfaðir menn og hæstv. fjmrh. og form. fjvn. skuli geta borið á borð annan eins þvætting og er að finna í þessu plaggi og halda, að menn fyllist aðdáun og lotningu fyrir það, að þessir peningar hafi þó verið notaðir til einhvers gagns í þjóðfélaginu. Nei, það er sannarlega ekkert til að dást að. Ég held, að flestir hefðu verið gæfusamari yfir því, að þessar tölur hefðu verið lægri og að ástand efnahagsmálanna hefði eftir því verið skárra. Tölur segja nefnilega ekki alltaf, jafnvel ekki hálfan sannleikann. Þær geta stórkostlega blekkt, eins og þær gera í þessu tilfelli.

Það er svo annað mál, sem ég skal skjóta fram hér, en skiptir ekki öllu máli í öllu þessu talnaflóði, að sambanburðurinn, sem gerður er af hv. meiri hl. fjvn. við einstakar framkvæmdir, er auðvitað algjörlega skakkur, vegna þess að þeir sleppa fjáröflun, sem áður var í framkvæmdaáætlun utan fjárlaga, en taka núna framkvæmdaáætlunarfé, sem er innan fjárl. í þetta skiptið. Ekki það, að ég telji þetta miklu varða í sambandi við þennan talnamokstur, en ég nefni þetta aðeins til þess að benda á, hvernig þessar tölur eru fundnar út og hversu haldgóðar þær eru.

Vafalaust gleður marga að lesa þetta fallega bréf hæstv. ráðh. í niðurlagi grg. fjvn. um það, að nú sé ákveðið að nota ekki heimild þá um 15% niðurskurð fjárveitinga, sem átti að framkvæma 1973. Ég efast um, að þetta sé nokkuð lofsvert. Ég skal segja það alveg eins og er, að miðað við það ástand, sem er í efnahagsmálum þjóðarinnar, þá á ekki alltaf að tefla á ystu nöf og spara ekki fé. Það getur vel verið, að það sé óvinsælt að segja það, en mér er sama um, hvort það er óvinsælt eða ekki, menn verða að horfast í augu við staðreyndir. Það er ofþensla í opinberum framkvæmdum, og það hefur engin tilraun verið gerð til þess af þeirri stofnun, sem sett var til þess að ráða, eins og það var orðað, framkvæmdum eftir þýðingu þeirra og gildi, að hafa nokkra stjórn á þróun efnahagsmála og framkvæmda í þjóðfélaginu. Talsmenn atvinnuveganna hafa látið í ljós áhyggjur sínar æ ofan í æ og með sífellt meiri þunga um það, að höfuðatvinnuvegi þjóðarinnar sé ekki hægt að starfrækja vegna ofþenslu í framkvæmdum í landinu. Og enda þótt ég ætli ekki að fara að lýsa störfum Framkvæmdastofnunar ríkisins, þá má kannske segja, að það sé skást, að hún geri sem minnst. En þá hefði hún þó á þessu sviði getað gert eitthvað gagn. En það var ekki fyrr en ég leyfði mér það fyrir nokkru, þegar var verið að ræða um það, að öll vandamál þjóðfélagsins stöfuðu af byggingu Seðlabankahúss, að spyrjast fyrir um það hjá þeirri stofnun, hvað væri að segja um heildarfjárfestingar í landinu, fyrst og fremst á vegum hins opinbera, og hvað stofnunin hyggðist gera eða hefði gert til þess að athuga, hverjum af þessum framkvæmdum mætti fresta. Varla gæti vandinn verið svo lítill, að það væri ekki nema spurning um eitt hús, þá væru allir sáluhólpnir. Ef það væri hægt að byggja Seðlabanka, þá gætu allir hætt að hafa áhyggjur, þó að ég væri ekki neinn sérstakur talsmaður þess húss, það er önnur saga. Það var bara of barnalegt og fjarstætt að taka það mál upp út af fyrir sig, til þess að það skipti neinu máli. Þá kom það á daginn, að slíkar upplýsingar voru ekki fyrir hendi, og það var ákveðið að hefjast handa um að safna þeim og því ekki illa tekið, ég skal játa

það, af forráðamönnum þeirrar stofnunar. Það gæti nú verið þarft og gott að íhuga, hvort einhverju af þessu hefði mátt fresta. Þess vegna verð ég að segja það, að ég sé ekki, að það sé neitt sérstakt gleðiefni, þetta bréf hæstv. ráðh. til fjvn. Það hefur vafalaust sparað honum og þeim í rn. talsverða vinnu og kannske verið komist hjá því að valda einhverjum óvinsældum, en það er nú það, sem virðist fyrst og fremst vera hugsað um, að allir geti fengið allt, sem þeir biðja um. En það er stefna, sem ég held að geti aldrei leitt til neins góðs.

Þetta er meginatriðið, sem hefði átt að einbeita afgreiðslu fjárlaga að, að láta þau verka í jákvæða átt til að ná þeim árangri, að fjárlögin, ríkisbúskapurinn, gæti að sínu leyti stuðlað að því að vinna gegn þeirri óheillaþróun, sem nú er í efnahagsmálum og er fram undan í ennþá stærri mæli. En þetta hefur með þessu fjárlagafrv. verið algjörlega vanrækt. Hér er ekki einn staf að finna í þá átt, og það eina, sem við fáum að heyra í hæstv. fjmrh., er hér í kvöld það, að nú sé fram undan að vinna að þessum málum og það megi einhvern tíma á næstunni búast við einhverjum till. En fyrst á að afgreiða fjárlagafrv., áður en ráðist er að þeim vanda. Einhvern tíma hefði manni getað dottið í hug, að það hefði verið vitlegt að geyma að afgreiða einn veigamesta þáttinn einmitt í sambandi við baráttu gegn verðbólgu, sem ríkisfjármálin alltaf eru.

Það voru nokkur atriði í ræðu hæstv. ráðherra, sem mig langar til að minnast á. Hann gat þess, — og það hefur verið blóm í hnappagat hæstv. ríkisstj., — að það hafi verið gerð mikil breyting á nefsköttum og það hafi verið yfirtekið frá sveitarfélögunum samkv. því fjárlagafrv., sem nú liggur fyrir, að mér skildist, 3.3 milljarðar, sem mætti reikna til þeirra breytinga, sem þá voru gerðar. Þetta er nú ekkert sérstakt til að dást að. Í fyrsta lagi held ég, að það sé hæpið mál að hafa farið út á þá braut. Það getur verið gott og blessað að afnema nefskatta í tryggingakerfinu. En ef nú enginn lögregluþjónn fæst til þess að vinna hjá ríkinu, þá fer að verða hæpin pólitík, sem þar var rekin, að létta lögreglukostnaði af sveitarfélögunum. Það sýnist ekki vera svo, að þeir kæri sig mikið um að vera í þjónustu hæstv. fjmrh. og ríkisstj., vilji heldur vera hjá sveitarfélögunum. Og ég veit nú ekki nema það stökk hafi verið tekið af litilli fyrirhyggju. Mér finnst það þó ekki í samræmi við þann boðskap ríkisstj. í upphafi að auka áhrif sveitarfélaganna. En hvað um það, hún er ekki til að dást að, þessi tala, þegar þess er gætt, að tekjuauki ríkissjóðs til að *mæta þessari yfirtöku hefur numið 15—16* milljörðum, þannig að það verður nú lítið úr þessum 3.3 milljörðum.

Hæstv. fjmrh. sagði, sem var alveg rétt, að það, sem þyrfti að leggja til grundvallar mati á því, hvort væri um að ræða skattahækkun eða hækkun álaga, væri, hvað hátt hlutfall það væri af þjóðarframleiðslu. Þetta er vissulega rétt, og það vill nú svo vel til, að ég er með hér í höndunum bók, sem er, að því er ég hygg, með því nytsamasta, sem gert hefur verið af hæstv. ríkisstj., þ. e. a. s. það hafa verið gefnar út margar merkar bækur um efnahagsmál af þeim ágætu sérfræðingum, sem að því vinna, en það hafa oftast nær orðið sameiginleg örlög þessara bóka, að það hefur verið ákveðið að loka þær niðri í skúffu og fara ekkert eftir þeim. En þessar bækur eru mjög nytsamar, ef menn vilja kynna sér þær. En þar er m. a. að finna, hvernig skattþunginn hefur breyst. Hæstv. ráðh. taldi nú ekki, að þar væri um veigamikið atriði að ræða, en hann var 1971 31.8% af þjóðarframleiðslu, 1972 er áætlað, að hann verði 33.5%, 1973 er spáin 34.1% og 1974, miðað við það, að Vestmannaeyjaskattarnir verði framlengdir eða söluskatturinn, sem á nú eins og aðrir skattar ekki að hverfa, þá verður hann 35.5%, þannig að hér hefur verið um stöðuga hækkun að ræða. Og á erfiðleikaárunum 1967 og 1968, sem er alveg sérstakt og þessar álögur hafa hæst komist áður, sem var eðlilegt, miðað við það ástand, sem þá var í þjóðfélaginu, þá nam þetta þó ekki nema 32%. Hér hefur því orðið um að ræða stórfelldar auknar skattaálögur miðað við þjóðarframleiðslu, og hefði maður þó haldið, þar sem þjóðarframleiðslan hefur vaxið jafngífurlega og raun ber vitni um, að það hefði átt að vera auðið að komast af með sömu prósenttölu.

Ég vil taka undir það, sem hér hefur komið fram frá öðrum talsmönnum Sjálfstfl., að það er höfuðnauðsyn að setja sér mark um það, að útgjöld ríkissjóðs fari ekki umfram ákveðna prósenttölu af þjóðarframleiðslu. Það þýðir ekki að hafa þann máta lengur á, þegar svona stefnir með ríkisútgjöldin, að slíkt aðhaldsleysi sé ríkjandi, eins og allir hljóta að sjá og þarf ekki að lýsa nánar. Þá verður að setja sér mörk um það, hvað ríkið megi eyða, en ekki fylla bara alltaf í skörðin með nýjum sköttum. Þetta er stefna, sem verður að taka upp, og er í rauninni eðlilegt, að sett sé ákveðin hlutdeild af þjóðartekjum, — ég tala nú ekki um, að það ætti að nægja, þegar jafnstórkostleg aukning þeirra er og hér er reyndin, — og haldið sé við það og Alþingi ráðstafaði útgjöldum innan þeirra marka. Þetta er þekkt meðal sumra þjóða og hefur gefist vel, og ég held, að við höfum gott af því að taka upp þessa starfshætti, þegar svo er komið sem nú horfir og er staðreynd, að fjárl. hækka meira á 3 árum en á 12 árum áður. Til þess þó að gera sér grein fyrir því eftir annarri leið, hvort álögur hafi vaxið eða ekki, þá hef ég hér tekið saman, — og skal taka fram, að þá eru teknar til samræmis allar þær breytingar, sem gerðar hafa verið á gjaldheimtu, — hvernig skattadæmið litur út, þ. e. a. s. öll álögð gjöld, bæði til ríkis og sveitarfélaga, og eru frádregin hlunnindin, sem ber auðvitað að taka tillit til varðandi það, að *nefskattar hafa verið felldir* niður. Og þá kemur það fram, að 1971 námu þessi gjöld samtals 5.1 milljarði, 1972 7.5 milljörðum, og má gera ráð fyrir, að 1973 nemi þetta 9.5 milljörðum. Ég þarf ekki að skýra þessar tölur, þær sýna ljóst, hversu stefnir. Og nú er svo komið, sem verður að teljast harla ömurlegt og jafnvel þó broslegt, að eftir skattalagabreytinguna, sem hæstv. fjmrh. beitti sér fyrir, strax eftir að hann tók við völdum og lá svo mikið á, að hún var lögfest, án þess að hægt væri að rannsaka málið til hlítar, sem leiddi til þeirrar

einstæðu niðurstöðu, að það þurfti að setja brbl. til að leiðrétta verstu annmarkana, þegar það kom í ljós, að aðalþungi skattanna hafði verið lagður á gamalt fólk, — þá er niðurstaðan nú eftir þennan stutta tíma, reynslan af því kerfi sú, að allir heimta lækkun beinna skatta. Ég held, að það hefði nú verið praktískara fyrir hæstv. ríkisstj. og hæstv. fjmrh. að láta gömlu skattana halda sér og reikna bara nógu lága vísitölu, og þá gat hann kennt fyrrv. stjórn um. En nú hefur hæstv. ríkisstj. orðið það á í óðagotinu að setja ný skattalög, þannig að nú verður ekki fyrrv. stjórn kennt um.

Hvað segir nú skattamálanefndin um þessi nýju skattalög? Hún segir í því áliti, sem hún hefur látið frá sér fara, að það verði að telja, að nú séu beinir skattar orðnir óeðlilega háir og beri brýna nauðsyn til að breyta skattheimtunni. Það er að finna þennan dóm í þessari ágætu skýrslu frá fjmrh., sem samin er af mætum og góðum mönnum, endurskoðunarnefnd skattalaga, sem að vísu varð til í tíð fyrrv. ríkisstj., en hafði sama verkefni og hæstv. fjmrh. fól þeirri n. að halda áfram, sem hann skipaði, en það þurfti bara af einhverjum ástæðum að breyta um menn í n., látum það vera. Það vill svo einkennilega til, að þessir menn hafa komist að sömu niðurstöðu og þeir, sem störfuðu fyrir fyrrv. ríkisstj., og það hefur orðið svo náttúrlega á fleiri sviðum en þessu, að sérfræðingar núv. hæstv. ríkisstj. hafa komist að sömu niðurstöðu og komist var að í fyrrv. ríkisstj., af því að sú ríkisstj. komst að réttri niðurstöðu. Og sérfræðingarnir breyta ekki sínum skoðunum, þó að skipti um ríkisstj. Hæstv. núv. ríkisstj. ætlaði að lifa á brjóstvitinu, en komst að raun um, að það hrökk skammt.

Ég vil aðeins leiðrétta eitt smáatriði hjá hæstv. ráðh., ekki af því að það skipti máli, heldur af því að ég veit, að hann vill hafa það, sem sannara reynist. Hann sagði, að ákvörðunin um það að hætta að draga frá viðhald húsa, heldur reikna ákveðna prósentu, væri frá tíð fyrrv. ríkisstj. Það er rangt. (Gripið fram í.) Já, það skiptir ekki máli, hver lögin eru, reglugerðin er sett af hæstv. núv. fjmrh. (**Fjmrh.**: Það var ákveðið af mér og rn..) Já, það gleður mig, enda vissi ég, að ráðh. vildi hafa það, sem réttara er í þessu. Þetta var ekki framkvæmt fyrr en í tíð hæstv. núv. ráðh., og mér skilst, að hann sé eftir eitt ár búinn að sjá, að þetta hafi verið skökk stefna, og það ber líka að viðurkenna, að hann hefur séð það svo snemma.

Nú skal ég ekki, eins og ég sagði áðan, þreyta menn á að fara út í þær tölur, sem hæstv. ráðh. minntist á varðandi gjaldeyrisvarasjóð og gjaldeyriseign, því að það væri of langt mál. En sannleikurinn er sá, að það hefur komið greinilega fram í áliti sérfræðinga ríkisstj. og kom fram í skýrslu hagrannsóknardeildarinnar á s. l. ári, að hún teldi, að ekki mætti lengra ganga í erlendum lántökum, þannig að mat hennar var nokkuð annað en hæstv. ráðh. Erlendar fastar lántökur hafa aukist í tíð núv. hæstv. ríkisstj. um 7.5 milljarða. Þetta segir hæstv. ráðh., og það er eitt dæmið um það, að hann telur þetta allt saman harla gott og geri ekkert til, vegna þess að gjaldeyrisvarasjóður hafi hækkað úr rúmum 4 milljörðum í rúma 7 milljarða og þannig sé í raun inni hægt að verulegu leyti að ná saman endum og með birgðaaukningu. Þetta er auðvitað alger misskilningur. Það t. d. liggur alveg ljóst fyrir, að það er minni kaupmáttur gjaldeyrisvarasjóðsins í dag heldur en hann var 1971, þannig að þarna sýnir sig enn einu sinni, að tölur eru alger blekking eða geta verið það. Það er verðlagsþróunin, sem alltaf gildir, og þessi gjaldeyrisvarasjóður nú, hann nægir — ég vil ekki fullyrða of mikið — varla til þess að kaupa það andvirði erlendis frá, sem var hægt að kaupa fyrir gjaldeyrisvarasjóðinn, eins og hann var í byrjun ágúst 1971. Þetta er ákaflega veigamikil staðreynd.

Viðskiptahallinn við útlönd hefur verið mikill allt frá árinu 1970, en 1970 og 1969 var ekki viðskiptahalli, heldur var þá töluverður afgangur. En nú hefur reyndin orðið sú, að þessi síðustu ár hefur orðið geysilegur viðskiptahalli við útlönd, og dæmi um þetta eða sannanir er að finna í síðustu bók, sem hagrannsóknadeildin hefur gefið út, og þar kemur í ljós, að þessi viðskiptahalli nemur stórkostlegum fjárhæðum á hverju ári. Og það er engin skýring á þeim viðskiptahalla, sem hæstv. ráðh. sagði, að það hefði verið meira um skipakaup á þessu ári heldur en áður hefði verið, vegna þess að það er algerlega rangt, og t. d. skipakaupin hafa ekki haft nokkur áhrif í sambandi við hinar erlendu lántökur.

Þegar talað er um þessi kaup, þá verður að sjálfsögðu að taka bæði skip og flugvélar, og þau kaup hafa orðið minni í ár, árið 1973, heldur en hefur orðið áður, þannig að einnig þessi fullyrðing hæstv. ráðh. fær ekki staðist. Og það vill svo til, að ég hef einnig tölur Seðlabankans um þetta atriði, og þær sýna glöggt, að hér er ekki um stórkostlegan mun að ræða. Fiskiskipalánin urðu 854 millj. 1972, eru áætluð 955 millj. 1973, voru 716 millj. 1970 og 556 millj. 1971. Önnur skipalán eru mjög svipuð, en ef við tökum flugvélalánin, sem eru alltaf tekin með í þessum tölum, þegar þær eru dregnar út úr greiðslujöfnuðinum, þá kemur á daginn, að flugvélakaupin hafa numið rúmum 2 milljörðum árið 1971, en eru ekki nema 1.3 milljarðar áætlað árið 1973, þannig að ekkert af þessu fær skýrt þá skuldasöfnun erlendis eða viðskiptahalla, sem hæstv. ráðh. vildi gera lítið úr. Ég gat áðan um, að þessi viðskiptahalli væri mikill, og aðeins til að nefna þar tölur, þá var hann óhagstæður árið 1971 um 3.8 milljarða, 1972 um 1.8 milljarða, og 1973 er viðskiptahallinn áætlaður 3.6 milljarðar. Þetta er nú búskapurinn.

Maður gæti haldið, eins og hæstv. ráðh. sagði, að þetta hefði verið voðalegt ástand, og hann var að tala um það, hvað Vestmannaeyjagosið hefði haft óheillavænlega þróun á efnahagslíf þjóðarinnar á þessu ári. Hér er algerlega talað út í hött og furðulegt, að maður, sem þekkir jafnvel inn á þetta og hæstv. ráðh., skuli nota svona rök. Maður hefur heyrt þessu haldið fram áður. En verð útfluttra vara á þessu ári er áætlað að muni hækka yfir 40% frá árinu áður, yfir 40%, sem aldrei hefur gerst áður í sögu þjóðarinnar, að því er ég best veit, þannig að þegar talað er um, að Vestmannaeyjagosið hafi skapað

einhverja erfiðleika og skapað óhagstæða verðmyndun og viðskiptastöðu okkar út á við, þá er þetta alger misskilningur, og ég er forviða á, að jafngáfaður maður og hæstv. ráðh. skuli halda þessu fram. En þegar verið er að tala um gjaldeyrisvarasjóðinn, þá eru nú hvorki meira né minna en 2 milljarðar á þessu ári, sem okkur hafa verið gefnar, sem hefur komið til góða gjaldeyrismegin hjá okkur. Í ofanálag á þetta má geta þess, að nýlega var verið að afgreiða hér mál, þar sem boðið var af Alþjóðabankanum eitthvert hagstæðasta lán, sem við höfum nokkurn tíma tekið, 700 millj. kr., til umbóta hér innanlands. Ekki skal ég gera lítið úr því tjóni, sem Vestmannaeyjagosið hefur valdið, en það hefur ekki valdið þjóðarbúinu miklu tjóni. Það hefur valdið stórkostlegum erfiðleikum og vandamálum fyrir fólkið, sem bjó í Vestmannaeyjum, það er allt önnur saga. En í öllum hamingju bænum, ég vona, að hæstv. ríkisstj. hætti að bera þennan skjöld fyrir sig, Vestmanneyingana, það er ekki rétt og ekki sanngjarnt.

Hæstv. ráðh. sagði, að þegar menn væru að tala um verðbólgu, þá væri það ekki mikið ríkisstj. að kenna, það væri allt saman eða meginhlutinn að kenna erlendum verðhækkunum. Hvað skyldi nú vera hæft í þessu? Í gulu bókinni, sem að vísu er gefin út í júlímánuði, enda ber hún þess merki, þá er rætt um það, að verðhækkanir eða hækkun á vísitölu vöru og þjónustu á árinu 1973, þ.e.a.s. frá 1. nóv. 1972 til 1. nóv. 1973, muni verða 22%. Þessi tala er ekki 22%, hún er 30.2% nú. Svona hefur verðbólgan vaxið stórkostlega miklu hraðar en gert var ráð fyrir. Það er alveg rétt, að hér koma auðvitað til greina verðhækkanir. Ég skal játa, að ég hef það ekki sundurliðað, vegna þess að hagrannsóknadeildin getur ekki gert það enn. Hún áætlaði, þegar hún spáði 22% verðbólguaukningu, að bein breyting innflutningsverðs í erlendri mynt mundi verða 4% af þessu, það er allt og sumt. Segjum, að það sé 10%. Ég skal ekki segja, hvort hæstv. ráðh. segir 12%. Ég vil ekki vefengja hann, en það verða þá 18.2%, sem er þá að þakka hæstv. ríkisstj. eða kenna. Það eru aðeins tvö dæmi þess, að verðbólga hafi vaxið meira á Íslandi frá því um 1940. Ég hef ekki tölur lengra aftur í tímann, enda er það nú ærinn tími að gera samanburð við, aðeins tvö tilfelli, og þau voru algerlega sérstæð, bæði þessi tilfelli, og eiga alls ekki við í sambandi við það, sem nú er að gerast, 30.2% verðbólguaukningu, skuldir erlendis komnar yfir 20 milljarða, fjárl. komin í 30 milljarða, allir samningar lausir hjá verkalýðssamtökum og opinberum starfsmönnum og stórkostleg óvissa fram undan varðandi erlend viðskipti, sem að vísu eru okkur óviðráðanleg. Allt er þetta harla gott að mati hæstv. ríkisstj., og ekki örlar á till. í þá átt að mæta þessum vanda. Og það var út af fyrir sig alls ekki ógáfuleg röksemd og hugmynd hjá hv. þm. Bjarna Guðnasyni, að það væri kannske orðið tímabært í slíku vandræðaástandi að gera sér grein fyrir því að reyna að bjarga skipinu, áður en það strandaði svo algerlega, að það væri ekki hægt að ná því út aftur, ef menn væru komnir fram af gjárbakkanum, því að það virðist svo sem hæstv. ríkisstj. ætli ekki, ef hún er sjálfráð, að nema staðar á gjárbakkanum, heldur velta ofan í gjána, sem fyrrv. hæstv. forsrh. 1958 forðaði þó þjóðinni frá, þó að það gerði nú kannske minnst til með ríkisstj.

En þó að allt þetta blasi við augum okkar allra og þarf ekki þm. til, þetta sér hver einasti þjóðfélagsborgari, og hvarvetna, þar sem maður mætir fólki, þá er það ekki að dást að því, að það fái hækkað kaup um 7% á þriggja mánaða fresti, fjarri fer því. Það er þrungið af kvíða, og eftir alla þessa miklu uppbyggingu, sem hæstv. ríkisstj. stærir sig af, þá er núna meginhluti allra þeirra, sem fást við rekstur í þessu landi, sem hefur áhyggjur af því, hvernig í ósköpunum á að forðast stöðvun atvinnulífsins vegna þeirrar ofsaverðbólgu, — ég kann ekkert nafn yfir þetta, og ég segi eins og aðrir, að það er gott og snjallt hjá Tímanum að auglýsa eftir orði yfir þetta, ég veit ekki, hve auðvelt verður að finna það, — sem nú ríður húsum hér. Þetta er nú öll uppbygging hæstv. ríkisstj. Það er óskaplega gaman að kaupa togara, og það er gaman að geta sagt, að iðnfyrirtæki hafi eflst. Það er gaman að geta haft þá stefnu að þrefalda útflutning iðnaðarvara, eins og hæstv. iðnrh. hefur lýst, en fylgjast svo ekki betur með en það, að menn eru ginntir út í framkvæmdir, — ég segi ginntir, — með því að leggja eignir sínar í framleiðslutæki, kannske í stærri stíl en nokkru sinni áður, til þess svo að setja þessi framleiðslutæki á hausinn. Ekki verður betur séð en svo verði. Hæstv. ríkisstj. hlustar ekki á þær raddir, sem hvarvetna berast af landinu um, að það sé sennilega millj. kr. halli á mánuði jafnvel af skuttogurunum nýju, enda þótt ekkert sé reiknað í fyrningar og vexti. Nei, nei, það er bara beðið, það á að bíða eftir skýrslum og bíða eftir rannsóknum, og guð má vita, hverju á að bíða eftir.

Nei, þetta er vissulega ekki ástand til þess að stæra sig af. Það er eins og hér sé verið að leika blindingjaleik. Og þó að hann geti verið skemmtilegur, þá getur hann haft alvarlegar afleiðingar, ekki síst ef þeir menn, sem stjórna eiga málum, ganga alltaf með bundið fyrir augum. Hún hefur villt mönnum sýn um hið raunverulega ástand efnahagsmála okkar, þessi geysilega hækkun, sem hefur orðið á okkar útflutningsframleiðslu. Og ríkisstj. hefur dregið algerlega rangar ályktanir, þ.e.a.s. hún hefur engar ályktanir dregið af því að nota þessa einstæðu gjöf, sem þjóðinni hefur hlotnast með þessari stórfenglegu fjáröflun í þjóðarbúið, á skynsamlegan hátt og til þess að undirbyggja framtíðina. Þetta er alvarlegasta fordæmingin á hæstv. núv. ríkisstj. og raunar alveg nægileg til þess að henni beri skylda til þess að biðjast lausnar, að afgreiða nú, ef það er hugmyndin, rétt fyrir jólin 30 milljarða fjárlög án þess að sjá fyrir tekjuöflun. Það kann að vera, að hæstv. ráðh. hafi uppi í erminni einhver úrræði, sem eiga þá fylgi hér á Alþ. Ég veit það ekki, við sjáum það við 3. umr. fjárl., ef ætlunin er að knýja hana fram fyrir jól. En við slíkt er ekki hægt að una, og ríkisstj. getur ekki leyft sér að bjóða þjóðinni upp á þau vinnubrögð, ef henni skyldi detta það í hug. Ég segi þetta nú við 2. umr., ef það kynni að geta valdið hæstv. fjmrh. nokkrum hugleiðingum um það, hversu alvarleg

áhrif það kynni að hafa að reka nú í gegn með handjárnuðu stjórnarliði fjárlög með milljarðahalla og alla enda lausa á öllum sviðum. Ég leyfi mér að vara stórkostlega við því að knýja fjárl. fram með þessum hætti og tel skylt að láta það liggja hér skjalfast fyrir, að sú aðvörun hafi komið fram. Hæstv. ráðh. ræður að sjálfsögðu hvað hann gerir og ríkisstj., og hv. þm. stjórnarliðsins ráða því, hvort þeir allir nema sá eini, sem hefur nú skilið við hópinn, ætla að láta draga sig út í slíkt fen, en sökin hvílir á þeim. Og ég er ákaflega hræddur um, að það fari þá svo, að þó að vissulega þjóðin vilji eins og hæstv. fjmrh. trúa á land sitt og getu sjálfrar sín til að bjarga sér, og það hefur henni alltaf tekist og það með góðum hætti, ef bærileg stjórn hefur verið í landinu, þá verði það þjóðin, sem ekki trúi á hæstv. ríkisstj. marga daga eða vikur enn, að svo miklu leyti sem einhverjir kunna enn að trúa á hana. Þeir eru sennilega til, en þeim fer fækkandi dag frá degi.

Þar sem ég vil vonast til og reyndar veit, að er sannmæli, að hæstv. fjmrh. vill trúa á land sitt og þjóð og vill henni vel, þá skal það verða mitt síðasta orð að endurnýja þá hvatningu til hans og áskorun, að hann hugsi nú sitt mál og ani ekki út í þá ófæru, sem hér blasir við, ef hann ætlar að knýja fram fjárlög nú fyrir jól, botnlaus fjárlög, í stað þess að snúast við vandanum, annaðhvort hefjist handa um samræmdar ráðstafanir, sem hann og ríkisstj. beitir sér fyrir, — látum það gott heita, ef ríkisstj. getur gert það, — eða þá að segja hreinskilningslega og skjóta þeim orðum til hæstv. forsrh., sem að sjálfsögðu hefur þar síðasta orðið, að hann ætti að taka fyrirrennara sinn úr fyrrv. vinstri stjórn sér til fyrirmyndar og segja af sér, áður en það er orðið um seinan, vegna þess að áhrif þess að gera ekki neitt, eins og sakir standa nú, loka augum, gleðjast aðeins yfir því að geta fengið milljarðinn hér og milljarðinn þar og halda uppi nýjum hugleiðingum um þetta prósent í söluskatti þarna og hitt prósentið þarna, það bjargar ekki þjóðinni, heldur leiðir til ófarnaðar, og þá munu menn minnast þessarar vinstri stjórnar þó með enn þá óskemmtilegra hætti en þjóðin minnist fyrri vinstri stjórnarinnar. Þökk sé forsrh. þeirrar stjórnar, sem bað st lausnar, þegar hann sá, að hann gat ekki ráðið við vandann.

Pálmi Jónsson: Herra forseti. Ég skal ekki að þessu sinni fara út í það að ræða fjárlagafrv. í heild eftir þær ítarlegu ræður, sem fluttar hafa verið hér á undan mér af fulltrúum míns flokks. Ég skal að þessu sinni halda mig við það að mæla hér fyrir lítilli brtt., sem ég hef leyft mér að flytja ásamt 4 öðrum þm., og víkja aðeins örfáum orðum að tveimur til þremur afmörkuðum atriðum öðrum.

Á þskj. 235 hef ég leyft mér að flytja brtt. ásamt þeim hv. þm. Gunnari Gíslasyni, Birni Pálssyni og Pétri Péturssyni um það, að upp verði tekin nýr liður til undirbúningsframkvæmda við uppbyggingu heilsugæslustöðva, 1 millj. kr., við sjúkrahúsið á Blönduósi. Á fjárl. yfirstandandi árs voru veittar 500 þús. kr. til sjúkrahússins á Blönduósi, að því er heimamenn telja og að því er heilbrrn. telur til undirbúnings framkvæmda við heilsugæslustöð þar við sjúkrahúsið. Þetta fé var að hluta notað til þess að láta teikna grunnteikningar við þá framkvæmd, sem þarna er fyrirhuguð. Skipulagsuppdrættir allir lágu fyrir áður. Ef ekki fæst að þessu sinni á fjárl. næsta árs nein fjárveiting til þess að halda þarna áfram undirbúningi, er þessi framkvæmd dottin út úr þeirri röð, sem verður við uppbyggingu heilsugæslustöðva um landið á næsta ári. Sú fjárhæð, sem við flm. þessarar brtt. förum fram á, er 1 millj. kr. Sú fjárhæð er í samræmi við það, sem lagt er til, að varið verði til undirbúnings annarra slíkra mannvirkja í fjárlagatill. hv. fjvn. Þessi fjárhæð er svo lítil, að fyrir hana er ekki unnt að ráðast í framkvæmdir, einungis halda áfram þeim undirbúningi, sem hafinn er.

Til þess að færa nokkrar sönnur á það, að það hefur verið álit heilbrn., að þær 500 þús. kr., sem veittar eru á fjárl. yfirstandandi árs, hafi átt að renna til þessara undirbúningsframkvæmda, þá vil ég geta þess, að rn. greiddi beint til teikninga til undirbúnings þessa mannvirkis á yfirstandandi ári 300 þús. kr., og í því felst viðurkenning á því, að 500 þús. kr. á fjárl. yfirstandandi árs hafi átt að renna til þessa undirbúnings. En því rek ég þetta hér, að þetta er vefengt af hv. fjvn. nú.

Á síðasta ári eða við afgreiðslu fjárl. hér fyrir ári vakti ég athygli á því, hverju misrétti kjördæmi, sem ég er fulltrúi fyrir hér á hv. Alþ., væri beitt í sambandi við fjárveitingar til heilbrigðismála. Þá runnu í hlut Norðurl. v. 2% af heildarfjárveitingum til framkvæmda í heilbrigðismálum í landinu. Því skal ekki á móti mælt, að að þessu sinni er nokkur bót ráðin á fyrir kjördæmið í heild. Þó er sú bót ekki stærri en svo, að nú nema fjárveitingar til þessa kjördæmis 2.3% af heildarfjárveitingum til framkvæmda í heilbrigðismálum miðað við þær till., sem hér liggja fyrir á þskj. 204 frá hv. fjvn. Enda þótt svo fari, sem ég vonast til, að sú litla brtt., sem við 4 af þm. þessa kjördæmis höfum leyft okkur að flytja hér um 1 millj. kr. í þennan lið verði samþykkt, þá er ekki hægt að segja, að við förum fram á það, að okkar hlutur verði gerður stór í þessum efnum.

Sé aðeins staldrað við til þess að hugleiða, hverja þýðingu það hefur að láta ekki slitna röð framkvæmda við uppbyggingu þessara þjónustustöðva í strjálbýlinu, þá vil ég vekja athygli á því, að það skiptir kannske nokkuð miklu máli fyrir það starfsfólk, sem vinnur við þessar þjónustustofnanir, hvort það sér fram á það, að aðbúnaður og aðstaða verði bætt á næstu árum eða hvort ekki verður um neinar breytingar að ræða. Á slíkum atriðum getur oltið, hvort það sérmenntaða fólk, læknar og hjúkrunarfólk, sem enn þá starfa að þessum málum úti á landsbyggðinni, haldist þar við áfram eða ekki. Það þarf ekki að tíunda það hér, að heilbrigðisþjónusta er ein sú brýnasta þjónusta, sem landsmenn allir þurfa að njóta, því að þar getur riðið á lífi og dauða hvenær sem er, eins og öllum mun ljóst vera.

Í annan stað vil ég vekja athygli á því, að þeim fjármunum, sem varið er til uppbyggingar heilsugæslustöðva og sjúkrahúsa úti á landsbyggðinni, er yfirleitt ekki illa varið. Ef litið er til þess,

að daggjöld á sjúkrahúsum eru víðast hvar um það bil helmingi lægri í sjúkrahúsum úti á landi heldur en gerist hér á sjúkrahúsum í Reykjavík, þá má það ljóst vera, að það er lítil fjármálaspeki í því að kreppa svo að þessum mannvirkjum úti á landsbyggðinni, að miklu fleiri sjúklingar en nokkur ástæða er til þurfi að dvelja í sjúkrahúsum hér í Reykjavík og ekki aðeins kosti til þess ærnu fé í ferðakostnað og mikilli fyrirhöfn, heldur einnig kosti það þjóðina í heild tvöfalt meira yfirleitt á hvern legudag heldur en gerist víðs vegar úti á landi. Ég vil nefna sem dæmi um þetta, að nú eru daggjöld á sjúkrahúsinu á Blönduósi 2250 kr., á sama tíma sem ég hygg, að þau séu um 5 þús. kr. hér á Landsspítalanum í Reykjavík. Það er því augljóst mál, að þeim fjármunum er vel varið, sem renna til þess að búa í haginn fyrir það, að sjúklingar geti í ríkari mæli en gerist í dag dvalist í sjúkrahúsi í sinni heimabyggð við minni kostnað, minni fyrirhöfn og á ýmsan hátt minni sálræn óþægindi heldur en að þurfa að dveljast langdvölum í sjúkrahúsum í Reykjavík, þar sem kostnaður er til muna hærri.

Ég skal ekki fara miklu fleiri orðum um þetta mál. Ég vil aðeins segja það, að sú viðbót, sem fyrirhugað er að byggja við sjúkrahúsið á Blönduósi, miðað við þær teikningar, sem fyrir liggja, er ekki stórmannvirki. Með því að samþykkja þessa till. væri þess vegna ekki verið að binda ýkjaþunga bagga, sem þyrfti að axla í framtíðinni til þess að ljúka þessum framkvæmdum. Hér er um að ræða móttöku læknis og skurðstofur og e. t. v. eina hæð ofan á móttökurýmið til viðbótar sjúkradeild sjúkrahússins. Hér er um hagkvæma framkvæmd að ræða, sem ætla má, að eftir verðlagi í dag kostaði um 30 millj. kr. Miðað við framkvæmdir í heilbrigðismálum yfirleitt er augljóst, að hér er ekki um stórmannvirki að ræða, mannvirki, sem mundu binda of þunga bagga við afgreiðslu fjárl. á næstu árum, yrði þessi till. samþ.

Ég vil geta þess hér, að við atkvgr. í lok þessarar umr. mun ég óska eftir því, að þessi till. verði tekin til baka til 3. umr., þannig að tóm gefist til fyrir hv. fjvn. að taka þetta mál enn á ný til endurskoðunar, og ég vænti með þeim árangri, að n. sjálf sjái, að sjálfsagt sé að taka þessa till. upp.

Ég hafði hugsað mér að minnast örfáum orðum á einn þátt annan varðandi fjárveitingar í mitt kjördæmi, og hefði mér þótt miklum mun betra, ef hæstv. forsrh. hefði verið hér viðstaddur. Ég mun þó vekja athygli á þessu máli, þar sem hæstv. fjmrh. situr hér í salnum, en það er varðandi hafnarframkvæmdir á Siglufirði. Ég veit, að þetta mál hefur verið tekið allítarlega til meðferðar hjá hv. fjvn., en því miður hefur niðurstaðan orðið sú, að hún leggur til, að einungis verði varið til framkvæmda 3 millj. kr. á næsta fjárlagaári. Nú er það svo, að hæstv. ríkisstj. hefur af allmiklum stórhug stutt að því, að í Siglufirði yrði ráðist í það að byggja upp nýtt og myndarlegt fiskiðjuver á vegum Þormóðs ramma. Uppbygging þessa atvinnufyrirtækis er háð því, að um leið rísi hafnarmannvirki, sem að vísu er nokkuð kostnaðarsamt í framkvæmd. Heimamenn telja einsýnt, að það skuli byggt upp með þeim hætti, að reist verði stálþil, sem yrði um 120 m langt, og er talið, að mannvirkið í heild kosti um 45 millj. kr. með þeim hætti. Hafna- og vitamálastofnunin hefur nú komið með hugmyndir um aðra lausn þessa máls, þannig að byggð verði bryggja á staurum og viðlegukantur, sem væri um 40 m langur, en þeirri leið hafna heimamenn og halda fast við þá leið, sem til þessa hefur verið ætlað að fara.

Það hefur verið talið eðlilegt, að því fjármagni, sem þyrfti að verja til þessa mannvirkis af ríkisins hálfu, eða nálægt 35 millj. kr., yrði skipt á tvö ár. Ég vil, án þess að ég hafi gert það upp við mig að fullu, hvort ég fari að flytja um þetta efni brtt. við 3. umr., beina því mjög eindregið til hæstv. fjmrh., og hefði gert það enn fremur til hæstv. forsrh., hefði hann verið hér viðstaddur, hvort ríkisstj. hafi á prjónunum fyrirætlanir um að leysa fjárþörf þessara framkvæmda með einhverjum öðrum hætti en fram kemur í till. fjvn. við afgreiðslu fjárl. Hæstv. ríkisstj. hefur vitaskuld til þess úrræði í sambandi við framkvæmdaáætlun ríkisins, og skal ég út af fyrir sig fallast á, að sú lausn geti komið að gagni, eigi síður en þótt um fjárlagaframlag væri að ræða, þótt það væri æskilegra. En um þetta efni óska ég eftir að fá skýr svör. Ég vænti þess mjög, að hæstv. fjmrh. geti gefið mér svör um þetta efni, áður en þessari umr. lýkur.

Þriðja atriðið, sem ég vil hér nefna, er um framlög á vegum landbrn. til grænfóðurverksmiðja. Svo virtist sem hæstv. landbrh. og fjmrh. teldi heppilegt að hverfa hér úr þingsalnum í gær, þegar að því kom, að ég vænti svara við fsp. minni um þessi efni. Nú geri ég ráð fyrir því, að hæstv. ráðh. geti svarað þeirri fsp., sem fyrir liggur á sérstöku þskj., áður en 3. umr. fjárl. fer fram. Eigi að síður þykir mér rétt að vekja athygli á þessu máli hér við 2. umr. og óska eftir því, að hæstv. landbrh. og fjmrh. gefi um það svör, hver sé fyrirætlun hæstv. ríkisstj. um þetta efni.

Framleiðsla heyköggla eða grasköggla hefur verið að aukast hér á landi. Nú starfa þrjár ríkisreknar grænfóðurverksmiðjur undir yfirstjórn Landnáms ríkisins og ein, sem rekin er af einstaklingum. Staðfest hefur verið af hæstv. landbrh. áætlun um uppbyggingu þriggja nýrra grænfóðurverksmiðja á 6—8 árum, og sú staðfesting yrði með bréfi ráðh., dags. 2. júní 1972. Hér er um talsvert fjárfrekar framkvæmdir að ræða, og skal ég ekki á þessu stigi leiða getum að því, hvað uppbygging þessara þriggja verksmiðja muni kosta í heild. En eins og fram kemur í frv. til fjárl., sem hér er til umr., eru nú áætlaðar til þessa verkefnis 14.6 millj. kr. Út af fyrir sig er það nokkurn veginn í samræmi við þá verðlagsþróun, sem orðið hefur síðan ákvæði um þetta voru tekin í lög 1971. En þá var sett sem lágmark í lögin, að varið yrði til byggingar grænfóðurverksmiðja eigi minna en 7.5 millj. kr. á ári. En þess er skylt að geta, að hvort tveggja hefði skeð: hæstv. ráðh. hefur staðfest áætlun um uppbyggingu þriggja nýrra verksmiðja og hæstv. ráðh. hefur með úrskurði ákveðið að kaupa verksmiðju, sem sett var á fót af félagssamtökum og einstaklingum vestur í Saurbæ í Dölum. Eftir því sem ég veit best, þá er það

svo, að vegna þeirra skuldbindinga, sem þegar liggja fyrir gagnvart fjárgreiðslum til grænfóðurverksmiðja, fyrst og fremst vegna kaupanna á grænfóðurverksmiðjunni í Saurbæ í Dölum og einnig nokkurra framlaga til annarra verksmiðja af þessu tagi mun ekkert fé verða til ráðstöfunar á næsta ári við uppbyggingu hinna þriggja nýju verksmiðja, ef þessi liður verður ekki hækkaður í meðförum Alþingis nú við afgreiðslu fjárl. Ég vil hér með beina því til hæstv. ráðh., hvort hann getur á þessu stigi gefið yfirlýsingar um það, hvað ríkisstj. hyggst fyrir um þessi efni, hvort það sé meining hæstv. ráðh. og ríkisstj. í heild að stöðva algerlega uppbyggingu verksmiðjanna eða hvort fyrirætlanir eru uppi um það að ráða þarna bót á.

Í sambandi við það, hverja þýðingu þetta mál hefur, vil ég vekja athygli á því, að á síðustu árum og einkanlega nú á síðasta ári og því ári, sem nú er að líða, hefur verð á innfluttu kjarnfóðri farið ákaflega hækkandi. Á sama tíma hefur það sýnt sig, að framleiðsla á grasköggum er hagkvæm hér á landi og þær tvær verksmiðjur, sem elstar eru eða lengst hafa gegnt því hlutverki að framleiða grasköggla á Rangárvöllum, munu á þessu ári skila góðri rekstrarafkomu. Það hefur einnig skeð, að hvarvetna frá félagssamtökum bænda hafa borist áskoranir um að hraða uppbyggingu þeirra verksmiðja, sem búið er að gera áætlun um. Einnig liggur það fyrir, að hagkvæmt er að nota þetta fóður í stað innflutts kjarnfóðurs, a. m. k. sem nemur 50—60%, og af því leiðir mjög verulegan gjaldeyrissparnað, vegna þess að talið er, að þessi framleiðsla kosti ekki nema um það bil ¼ framleiðslukostnaðar í erlendum gjaldeyri, en hitt í innlendum kostnaði.

Ég ætla ekki á þessu stigi að rekja það frekar, enda þótt það mætti gera í löngu og ítarlegu máli, hverja þýðingu það hefur, ekki einungis fyrir landbúnaðinn, heldur fyrir þjóðarbúið í heild, að áfram verði unnið að þessu verkefni, ekki með hangandi hendi eða með þeim hætti, að þær ákvarðanir, sem búið er að taka, verði gerðar ómerkar, heldur á þann veg, að brugðið sé við og átak gert til þess að hrinda þessu máli áfram. Þýðingu þessa skal ég ekki rekja frekar, heldur vil ég vænta svara um þetta efni frá hæstv. landbrh. og fjmrh.

Að öðru leyti skal ég ekki fara út í einstök atriði, sem snerta fjárlagaafgreiðsluna, nú við þessa umr. Þar er þó af nógu að taka, og gæti ég bent á nokkur atriði, sem ég tel ástæðu til að leggja fram brtt. við til lækkunar, jafnframt því sem ég hef hér bent á vissa þætti, sem ástæða væri til þess að gefa gaum, hvort ekki þyrfti að sinna með meira fjármagni. Þegar hafa hér verið bornar fram nokkrar brtt. til hækkunar við fjárlagafrv., vitaskuld frá hv. fjvn. og einnig frá einstökum þm.

Ein af þessum brtt. finnst mér keyra úr hófi fram sem tákn um hreina fásinnu og ótrúlega eyðslutilhneigingu hjá þeim, sem ráða ferðinni hér í sölum Alþingis, en það er till. undir III. lið á þskj. 235 frá hv. þm. Ragnari Arnalds, Gylfa Þ. Gíslasyni, Steingrími Hermannssyni og Hannibal Valdimarssyni, og þar á ég við till. um að hækka framlög til blaðanna, eins og það er orðað, samkv. nánari ákvörðun ríkisstj., að fengnum till. stjórnskipaðrar nefndar, úr 18 millj. kr. upp í 32 millj. kr. Ég vil nota þetta tækifæri til að lýsa algerri andstöðu við þessa till., og enda þótt ég geri ekki ráð fyrir því, að mín tilmæli eða mín skoðun hafi nokkur áhrif á hv. flm. þessarar till., þá hefði ég talið eðlilegt a. m. k., að hún væri tekin aftur til 3. umr. og hv. þm. gæfist tóm til þess að íhuga hana nánar en gert verður hér að sinni, vegna þess m. a. að þessi till. kemur fram, eftir að mjög margir hv. þm. eru horfnir úr þingsalnum á kvöldfundi og atkvgr. verður væntanlega þegar í upphafi fundar á morgun.

Ég mun ekki að þessu sinni flytja brtt. til lækkunar, og ég skal ekki fara að tíunda þau efni hér. En það væri þó full þörf á að staldra við og taka því rækilegt tak, hvort ekki næðist samstaða nokkurra þeirra þm., sem ofbýður þessi útþenslu- og eyðslustefna ríkisstj., og flytja nokkrar brtt. við fjárlagafrv. til lækkunar, áður en það verður afgreitt hér á hv. Alþ.

Ég skal ljúka þessum fáu orðum mínum hér með því að lýsa aðdáun á því, hvernig hv. frsm. meiri hl. fjvn. gat fundið í sinni framsöguræðu grundvöll fyrir því að lýsa einhverri stefnu hæstv. ríkisstj. í sambandi við fjármál ríkisins. Sú stefna birtist vitaskuld á þann veg, sem við hv. þm. og landslýður allur hefur fundið, að er kannske eitt helsta einkenni núv. ríkisstj., að draga saman fjármagnið og um leið draga valdið til ríkisins. Þetta kom fram hjá hv. frsm. meiri hl. fjvn., e. t. v. ekki nákvæmlega með þessum orðum, heldur á þann hátt, að það þyrfti að hafa stjórn á fjármagninu, það þyrfti að efla tök ríkisins á fjármagninu og deila því þaðan til hinna ýmsu viðfangsefna í þjóðfélaginu, bæði til verklegra framkvæmda og félagslegra þátta. Þetta er vitaskuld eitt megineinkennið á núv. hæstv. ríkisstj. Og hún hefur, eins og komið hefur fram í ræðum ýmissa stjórnarandstæðinga hér í dag og í kvöld, gengið ötullega fram til þess að fylgja eftir þessari stefnu sinni. Skýrasta dæmið er auðvitað tölurnar, sem standa í gjaldabálki og tekjulið fjárlagafrv., en mörg fleiri dæmi mætti nefna, sem hér verða ekki rakin. En til þess að hnekkja þessari stefnu, þessari stefnu samsöfnunar valds og fjármagns hjá ríkinu, þá þurfa að koma aðrir menn að stjórnvölnum, — menn, sem hafa önnur sjónarmið, en þá menn er ekki að finna í röðum þeirra, sem fara með forustu þeirra stjórnmálaflokka, sem mynda núv. hæstv. ríkisstj.

Það er einkenni á sósíalistískum flokkum að draga saman fjármagn í þjóðfélaginu til ríkisins, efla miðstjórnarvald og þenja út ríkiskerfi, mynda ríkisbákn, sem hefur í hendi sér sem flesta þræði valdsins og heldur um þá gildu sjóði fjármagnsins, sem dregið hefur verið úr höndum einstaklinga, fyrirtækja og sveitarfélaga til ríkisins. Þetta einkenni vinstra og sósialistísks þjóðskipulags er að lýsa sér hér í þeirri stefnu, sem hv. þm. Geir Gunnarsson talaði um í framsöguræðu sinni í kvöld. Við sjálfstæðismenn viljum hverfa frá þessari stefnu. Við viljum snúa þessari stefnu við og fela sveitarfélögum og einstaklingum meira vald yfir fjármunum heldur en nú er gert. Við teljum,

að öruggasta leiðin til þess að dreifa valdinu að nýju sé að fela sveitarfélögunum aukin verkefni og fá þeim aukna tekjustofna í samræmi við það til þess að sinna ákveðnum málaflokkum. Þegar hafa komið fram till. um einstaka slíka þætti af hálfu sjálfstæðismanna hér á Alþ. og þá fyrst og fremst í skólamálum, en ýmsir fleiri málaflokkar þurfa að fylgja með, þó að það skuli ekki rakið hér. En það er tómt mál að tala um það að ætla sér að dreifa valdinu í þjóðfélaginu án þess að skerða þá miklu samsöfnun fjármagns, sem ríkisvaldið stundar í formi margvíslegrar skattheimtu, sem er að sliga bæði einstaklinga og fyrirtæki. Ég lít svo á, að útþensla ríkisbáknsins verði ekki stöðvuð, nema með þessum hætti sé breytt um stefnu. Og það verður verkefni þeirrar ríkisstj., sem við tekur, þegar núv. hæstv. ríkisstj. hefur lagt upp laupana, hvort sem það verður fyrr eða síðar. Þá verður að taka til hendi og marka ákveðna stefnu um það að fela sveitarfélögunum valdið yfir fleiri ákveðnum málaflokkum, færa þar með valdið til fólksins sjálfs, og fá þeim tekjustofna til þess að sinna þeim viðfangsefnum, — tekjustofna, sem teknir eru úr höndum ríkisins. Að sama skapi séu skert umsvif ríkisvaldsins og möguleikar þess til þess að draga til sín fjármagnið með svo gegndarlausri skattheimtu sem nú tíðkast.

Benedikt Gröndal: Herra forseti. Ég hef leyft mér að flytja eina litla brtt., sem prentuð er á þskj. 235. Efni hennar er, að lagt er til að hækka fjárveitingu til byggingar íþróttahúss á Akranesi um 4 millj., úr liðlega 6 millj. kr. í liðlega 10 millj. kr. Talan 10 millj. hefur verið valin með tilliti til þess, sem ég tel, að Akranesbær geti hugsanlega lagt fram á næsta ári af sinni hálfu til þessa mannvirkis.

Hús þetta er allmyndarlegt, en þó aðeins miðað við, að þar geti farið fram löglegir kappleikir. Það verður til afnota fyrir alla skóla á Akranesi og íþróttahreyfinguna þar, sem er öflug og útbreidd.

Þessi bygging hófst á árinu 1966, og er því von, að unga fólkið á Akranesi sé farið að lengja eftir því að fá hana til afnota. Enda þótt hækkun á fjárveitingum fengist nú, er ekki hægt að ljúka byggingunni á minna en 2—3 árum, og hefði hún þá verið réttan áratug í smíðum. Það er algerlega andstætt ríkjandi stefnu um opinberar framkvæmdir að vera svo lengi að byggja eitt hús, og ég vil láta í ljós von um, að hv. alþm. lengi ekki byggingartíma hússins á annan áratuginn með því að neita um þessa litlu hækkun á framlagi. Skal ég svo ekki halda vöku fyrir þingheimi lengur.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Sameinað þing, 36. fundur.

Fimmtudaginn 13. des., kl. 2 miðdegis.

Fjárlög 1974, frv. (þskj. 1, n. 214, 218 og 219, 204, 229, 233, 235). — Frh. 2. umr.

ATKVGR.

1. gr. samþ. með 33 shlj. atkv.
2. gr. samþ. með 31 shlj. atkv.
3. gr. samþ. með 32:1 atkv.

Brtt. 204, 1—2 samþ. með 33 shlj. atkv.
— 229, I. 1, samþ. með 46 shlj. atkv.
— 204, 3—20 samþ. með 39 shlj. atkv.
— 235 tekin aftur.
204, 21—23 samþ. með 38 shlj. atkv.
— 233, I. 1 felld með 31:6 atkv.
— 233, I. 1, varatill., felld með 32:11 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: SteinG, AuA, BGr, BGuðn, EggÞ, EBS, GÞG, JÁH, PP, RH, StefG.

nei: StH, SvJ, VH, ÞÞ, ÁÞ, ÁB, BGuðbj, BFB, BJ, BP, EðS, EÁ, GS, GeirG, GilsG, GuðlG, HES, HV, HFS, IG, JSk, GÞ, JJ, KP, LJós, MK, MÓ, ÓlJ, PÞ, RA, SV, EystJ.

SvH, ÞK, FÞ, GH, GunnG, GTh, IngJ, BK, JónÁ, LárJ, MJ, MB, MÁM, AJ,ÓE, PJ, PS greiddu ekki atkv.

Brtt. 204, 24—31 samþ. með 35 shlj. atkv.
— 233, I. 2, tekin aftur.
— 204, 32—44 a-b samþ. með 37 shlj. atkv.
— 229, II. tekin aftur.
— 204, 44 c samþ. með 39 shlj. atkv.
— 204, 44 d samþ. með 35:8 atkv.
— 204, 44 e-f samþ. með 40 shlj. atkv.

Brtt. 229, III. 1 tekin aftur.
— 204, 45—57 samþ. með 38 shlj. atkv.
— 233, II. samþ. með 38 shlj. atkv.
— 204, 58, svo breytt, samþ. án atkvgr.
— 204, 59—92 samþ. með 38 shlj. atkv.
— 235 tekin aftur.
— 204, 93—101 samþ. með 38 shlj. atkv.
— 235, III samþ. með 30:24 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: ÓlJ, PÞ, PP, RA, StefG, StH, SvJ, VH, ÞÞ, BGr, BFB, EðS, EggÞ, EÁ, GS, GeirG, GilsG, GÞG, HES, HV, HFS, IG, JÁH, JSk, GÞ, JJ, KP, LJós, MK, EystJ.

nei: ÓE, PJ, PS, RH, ÞK, AuA, ÁÞ, ÁB, BGuðbj, BP, EBS, FÞ, GH, GuðlG, GunnG, GTh, IngJ, BK, JónÁ, LárJ, MJ, MB, MÁM, AJ.

SV, SteinG, SvH, BGuðn, BJ, MÓ greiddu ekki atkv.

Brtt. 204, 102—113 samþ. með 40 shlj. atkv.
4. gr., svo breytt, samþ. með 32 shlj. atkv.
5. gr. samþ. með 32 shlj. atkv.
Brtt. 229, III 2 tekin aftur.
6. gr. samþ. með 32 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 33 shlj. atkv.

Efri deild, 34. fundur.

Fimmtudaginn 13. des., að loknum fundi í sameinuðu þingi.

Læknalög, frv. (þskj. 154). — 3. umr.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 17 shlj. atkv. og afgr. til Nd.

Sameining Flugfélags Íslands og Loftleiða, frv. (þskj. 46). — 3. umr.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 16 shlj. atkv. og afgr. til Nd.

Löndun á loðnu til bræðslu, frv. (þskj. 75, n. 211). — 2. umr.

Frsm. (Bjarni Guðbjörnsson): Herra forseti. Frv. það, sem hér liggur fyrir og sjútvn. þessarar hv. d. hefur fjallað um, er samið af sérstakri n., sem sjútvrn. skipaði á s. l. sumri. Þar sem núgildandi lög um löndun á loðnu falla úr gildi nú um áramótin, þótti þurfa að semja ný lög, ef áfram átti að halda svipuðu fyrirkomulagi í þessu efni og gilti á síðustu loðnuvertíð. Sú reynsla, sem þá fékkst, bendir eindregið til þess, að svipað fyrirkomulag eigi fyllsta rétt á sér. Það fyrirkomulag gaf þá raun, að veiðiflotinn nýttist mun betur en ella hefði orðið, og bæði sjómenn og útgerðarmenn hafa verið í raun og veru ánægðir, þegar á heildina er litið. Sama mætti segja um verksmiðjueigendur, sem vafalaust hafa notið bættrar afkomu vegna þess skipulags, sem lögum samkv. var á haft. Þetta skipulag, sem á var haft í fyrra, byggðist fyrst og fremst á samstarfi þeirra aðila, sem áttu mestan hlut að þessu máli, þeirra, sem veiða loðnu og selja hana til bræðslu, og hinna, sem kaupa hana.

Við endurskoðun núgildandi laga hefur n., sem samdi þetta frv., einkum stuðst við þá reynslu, sem fékkst á síðustu loðnuvertíð. Núgildandi lög voru aðeins sett til eins árs, og var alltaf gert ráð fyrir því, að endurskoða þyrfti þau, ef þetta fyrirkomulag yrði haft áfram, enda komu í ljós ýmsir annmarkar, sem leitast hefur verið við að ráða bót á við samningu þessa frv.

Efni þessa frv. er hv. þm. vafalaust öllum kunnugt, en meginefni þess er það, að þriggja manna nefnd, loðnunefnd, skal hafa með höndum skipulagningu og tilhögun á löndun á loðnu til bræðslu og sú þriggja manna n., — og það er nýmæli í þessum l., — skal hafa vald til þess að stöðva löndun hjá einstökum verksmiðjum, enda þótt þróarrými sé fyrir hendi. Það kom fram, þegar frv. var lagt hér fram, bæði hjá hæstv. sjútvrh. og hv. 3. þm. Reykn., að þetta ákvæði gæti verið nokkurt álitamál. Að vísu kom sá vafi einnig fram í sjútvn., en nm. urðu þó ásáttir um, að loðnunefndin yrði að hafa ákvörðunarvald í þessu efni, og skipstjórar höfðu eindregið óskað eftir því, að slíkt vald væri fyrir hendi hjá n., þannig að það væri heimilt að stöðva löndun í verksmiðjum á ákveðnum svæðum í stuttan tíma, bæði til þess að koma fleiri verksmiðjum fyrr í gagnið og eins til þess að fyrirbyggja það, að löndunaröngþveiti skapaðist síðar.

Þá eru í 2. gr. frv. skýrari ákvæði en voru í eldri lögum um tilkynningarskyldu skipstjóra. Var talið, að fyrri ákvæði væru ekki nógu afdráttarlaus um þetta efni, og skapaði það nokkurn vanda á síðustu loðnuvertíð. Hér er að nokkru bætt úr því með skýrari ákvæðum. Þá eru og sett í þetta frv. ítarlegri sektarákvæði, sbr. 5. gr. frv., og fer ég ekki nánar út í það.

Við 1. umr. þessa máls var því beint til sjútvn., hvort ekki væri mögulegt að auka nýtingu loðnuflotans enn frekar en gert væri ráð fyrir með þessu frv., með því að greiða fyrir loðnuflutningum með bifreiðum, þegar loðnan væri komin það langt vestur með landi, að landað yrði á höfnum hér á Suðvesturlandi, þ. e. í Þorlákshöfn og Grindavík, svo að nokkuð sé nefnt. Sjútvn. taldi útilokað að setja ákvæði sem slíkt í lög, en til greina gat komið að hafa um það heimildarákvæði, en n. taldi, að í 3. gr. fælist nógu skýr heimild í raun og veru til loðnunefndar, þannig, að það ætti að vera mögulegt að taka tillit til þess atriðis, sem kom fram við 1. umr. um styrki til flutninga á landi, svo að n. taldi ekki ástæðu til þess að vera að koma með bráðabirgðaákvæði um þetta.

Það er þó rétt að taka fram, að það eru sérstaklega tvö atriði, sem komu til greina, að rétt þætti að styrkja flutninga á landi, ef landað væri loðnu í Þorlákshöfn eða Grindavík. Það er í fyrsta lagi öryggismál fyrir sjómennina, sem þá losnuðu við langa siglingu í misjöfnum veðrum kannske á vetrarvertíð fyrir Reykjanes — og í öðru lagi, að hægt væri að létta á skipunum í höfnum, þannig að hægt væri að taka hluta af farminum í land og koma honum fyrir í frystingu, þannig að nýtingin yrði meiri og betra verð fengist fyrir aflann. En sjútvn. taldi samt ekki ástæðu til þess að setja þetta í frv. og kaus heldur að afgreiða það óbreytt, eins og hér liggur fyrir.

Þeir eru nokkurt viðkvæmnismál, þessir styrkir, þar sem loðnuflutningasjóður er byggður upp þannig, að tiltekið framlag er lagt í sjóðinn, bæði frá skipum og sjómönnum annars vegar og hins vegar af kaupendum loðnunnar, og gert er ráð fyrir því, að þetta fé renni aftur til þeirra aðila í formi aukinna flutningastyrkja. Ákvörðun um þetta efni, hvort sem farið verður út í það að styrkja landflutningana eða ekki, verður að sjálfsögðu að takast í fullri samvinnu við þá aðila, sem þetta snertir mest, því að hér er um mikið hagsmunamál að ræða. — Þetta atriði var sem sagt rætt, og það var rætt bæði við formann n., Gylfa Þórðarson, og einnig var rætt um þetta við fulltrúa frá Farmanna- og fiskimannasambandinu. Þeir voru inni á þessu sjónarmiði, að rétt gæti verið að styrkja í vissum tilvikum flutninga á landi, en það yrði þá að vera undir styrkri yfirstjórn loðnunefndar. Kemur það heim við það, sem sjútvn. taldi æskilegra. Sjútvn. kaus því að breyta ekki þessu frv. og leggur til, að það verði samþ. óbreytt, eins og það hér liggur fyrir.

ATKVGR.

1. gr. samþ. með 16 shlj. atkv.
2.—6. gr. samþ. með 15 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 14 shlj. atkv.

Lögheimili, frv. (þskj. 77, n. 226). — 2. umr.

Frsm. (Björn Fr. Björnsson): Herra forseti. Aðalatriði þessa frv., sem hér er til umr., er ákvæðið í 2. gr. þess, sem er þess efnis, að þeir, sem áttu lögheimili í Vestmannaeyjum að kvöldi 22. jan. 1972, skuli eiga rétt á að telja sig heimilisfasta þar til 1. júní 1974 án tillits til þeirra ákvæða, sem gilda um lögheimili og heimilisfesti að öðru leyti.

Eins og er og allir vita, ríkir hin mesta óvissa um framtíðarheimilisfang íbúanna í Eyjum. Þess vegna hefur þótt nauðsynlegt að lögfesta ákvæði, sem fái Vestmanneyingum, þ. e. a. s. þeim, sem dveljast á meginlandinu, sjálfdæmi um það, um ákveðið tímabil þó, hvort þeir vilji halda lögheimili í Vestmannaeyjum eða flytjast þaðan, og um þetta mun enginn ágreiningur vera með þeim, sem hlut eiga að þessu máli. Þetta ákvæði hefur ótvíræða þýðingu, fyrst og fremst um álagningu útsvara í Vestmannaeyjum á næsta ári, og það má okkur öllum vera ljóst, að það er mikil nauðsyn á öflun tekna til þeirrar uppbyggingar, sem þarf að eiga sér stað í Vestmannaeyjum. Þá fara einnig fram kosningar til bæjarstjórna á næsta ári eða síðasta sunnudag í maí, ef að vanda lætur. Þeir Vestmanneyingar, sem í landi eru enn eða kunna að vera þá, hljóta eðlilega að vilja hafa áhrif á stjórn Eyjanna, hvernig háttað verði um það uppbyggingarstarf, sem fyrir höndum er, en til þess þurfa þeir og eiga að hafa þar kosningarrétt og einnig kjörgengi.

Bæjarstjórn Vestmannaeyja hefur sent félmn. umsögn um frv., og þar segir, að hún sé sammála um efni þess, en vilji jafnframt benda á, að eðlilegra væri að miða tímamörkin við 1. okt. 1974 eða jafnvel 1. des. 1974, fremur en 1. júní það ár. Og rök bæjarstjórnarinnar fyrir þessari ábendingu eru þau, að mjög margir Vestmanneyingar ætli sér að flytja til Vestmannaeyja á ýmsum tímum næsta sumar. N. féllst að nokkru á þessa ábendingu, og af því tilefni flytur hún brtt. á þskj. 226. Brtt. er á þá leið, að í stað tímamarksins 1. júní 1974 komi 1. október 1974.

Frá öðrum ákvæðum frv. skal ég greina í stuttu máli. Ákvæði 1. gr. þess er tilkomið vegna till. frá Hagstofu Íslands. Í umsögn Hagstofunnar segir, með leyfi hæstv. forseta:

„Talsverð brögð munu vera að því, að menn reyni að misnota ákvæði í 3. gr. lögheimilislaga um tvö eða fleiri heimili manna, og þetta ákvæði á að stefna og stefnir að því að binda að mestu leyti eða öllu leyti enda á þessa vansmíð eða misnotkun.“

Í 2. mgr. 2. gr. frv. er ákvæði, sem einnig er fram komið fyrir ósk Hagstofu Íslands. Er um að ræða nauðsynlega ráðstöfun til að skapa öryggi og festu í framkvæmd á aðalákvæðinu, sem ég drap á fyrst í máli mínu. Fyrirhugað er að gera sérstakt eyðublað eða eyðublöð til yfirlýsinga af hálfu Vestmanneyinga um, að þeir séu samþykkir kröfu sveitarfélags þess, sem þeir hafa dvalist í um skeið, — kröfu sveitarfélags til þjóðskrár um, að þeir verði fluttir á íbúaskrá þess sveitarfélags, sem kröfuna gerir, miðað við 1. des. 1973. Krafa sveitarstjórnar um slíkan flutning á heimilisfangi yrði þannig ekki tekin til greina af þjóðskrármönnum, nema henni fylgi ótvíræð staðfesting hlutaðeigandi einstaklings á þar til gerðu eyðublaði. En ákvæðið í þessum hluta 2. gr. segri fyrir um framkvæmdina einmitt með þessum hætti.

Hagstofa Íslands hefur sent umsögn sína um þetta frv. í heild og mælir eindregið, eins og þar segir, með samþykkt þess og leggur höfuðáherslu á, að frv. geti orðið samþ. endanlega frá Alþ. fyrir jól.

Félmn. þessarar hv. d. leggur einróma til, að frv. verði samþ. með þeirri breytingu, sem ég gat um og er að finna á þskj. 226.

ATKVGR.

1. gr. samþ. með 17 shlj. atkv.
Brtt. 226 samþ. með 17 shlj. atkv.
2. gr., svo breytt, samþ. með 18 shlj. atkv.
3. gr. samþ. með 17 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 17 shlj. atkv.

Þörungavinnsla við Breiðafjörð, frv. (þskj. 119, n. 231, 228). — 2. umr.

Frsm. (Steingrímur Hermannsson): Herra forseti. Iðnn. þessarar d. hefur haft til meðferðar frv. til l. um þörungavinnslu við Breiðafjörð. Á fundum n. mætti dr. Vilhjálmur Lúðvíksson, sem er formaður þess undirbúningsfyrirtækis, sem unnið hefur að undirbúningi málsins í ár. Frv. var sent til umsagnar allmargra aðila. Það var sent til 5 hreppa Austur-Barðastrandarsýslu, sýslunefndar Austur-Barðastrandarsýslu, til Iðnþróunarstofnunar Íslands, til Framkvæmdastofnunar Íslands, til Náttúruverndarráðs, og auk þess barst tillaga frá Hafrannsóknastofnuninni um nokkra breytingu á frv. Umsagnir bárust frá öllum þessum aðilum nema tveimur hreppum Austur-Barðastrandarsýslu, Gufudalshreppi og Múlahreppi. Allar voru þessar umsagnir jákvæðar, þótt nokkrar aths. kæmu fram, sem ég mun minnast á síðar.

N. varð sammála um að mæla með samþykkt frv., en leggur til nokkrar brtt., sem koma fram á þskj. 231. Fjarverandi við afgreiðslu málsins voru Björn Fr. Björnsson og Geir Hallgrímsson. Einn nm., Þorvaldur Garðar Kristjánsson, leggur fram brtt. á þskj. 228.

Þetta mál, þörungavinnsla við Breiðafjörð, á sér nokkurn aðdraganda. Málið hefur verið æðilengi í athugun, fyrst á vegum raforkumálaskrifstofunnar og síðan um allmörg ár hjá Rannsóknaráði ríkisins. Rannsóknaráð skilaði skýrslu í okt. 1972. Meginniðurstöður þeirrar skýrslu voru, að þaravinnsla við Breiðafjörð væri vafasamt fyrirtæki, en þangvinnsla, fyrst og fremst vinnsla á klóþangi, sem er mjög mikið við Breiðafjörð, álitleg. Í þessum rannsóknum var fyrst og fremst lögð áhersla á rannsóknir á þaravinnslu. Þarinn er ákaflega mikill á Breiðafirði, hann vex að sjálfsögðu dýpra en þangið, sem er í fjörumörkum og er einnig mjög mikið, einkum klóþang. Munu raunar vera á Breiðafirði einhver mestu þang- og þaramið, sem þekkjast í Norður-Atlantshafi. Það styrkir mjög þetta mál, að stærsti

framleiðandi á alginötum úr klóþangi, Alginate Industries í Skotlandi, hafði lýst þeim vilja sínum að gera samning við fyrirtækið um kaup á þurrkuðu klóþangi á því verði, sem virtist tryggja rekstrargrundvöll þessa fyrirtækis.

Á grundvelli þessarar skýrslu frá Rannsóknaráði ríkisins var sett á stofn með l. frá hv. Alþ. undirbúningsfyrirtæki um þörungavinnslu við Breiðafjörð, og hóf það starfsemi sína í upphafi þessa árs. Í undirbúningsstjórn fyrirtækisins völdust þrír menn, dr. Vilhjálmur Lúðvíksson, sem var formaður stjórnarinnar, Þorsteinn Vilhjálmsson, báðir tilnefndir af iðnrh., og Ólafur E. Ólafsson fyrrv. kaupfélagsstjóri í Króksfjarðarnesi, sem var kjörinn af öðrum hluthöfum. Ríkissjóður lagði fram 5 millj. sem hlutafé í þetta fyrirtæki, en aðrir hluthafar urðu fyrst og fremst Sjávaryrkjan h. f., sem er fyrirtæki heimamanna, það fyrirtæki lagði fram 2.5 millj., en 320 þús. af hlutafé eru í eigu einstaklinga.

Stjórn þessa undirbúningsfyrirtækis vann ágætt starf. Hún endurskoðaði þær áætlanir, sem fyrir lágu, og skilaði niðurstöðum sínum í apríl s. l. Í ljós kom, að nokkrir aðilar, einkum Framkvæmdastofnun ríkisins, hagrannsóknadeild og Iðnþróunarsjóður, sem rætt var við í sambandi við fjármögnun, töldu nauðsynlegt að kanna betur en gert hafði verið vissa þætti framleiðslunnar, fyrst og fremst öflunartækni þá, sem fyrirhuguð er í sambandi við þangvinnsluna, og jafnframt, að fram þyrfti að fara frekari viðræður við hið skoska fyrirtæki um sölu á framleiðslunni. Niðurstaðan varð því, að framkvæmdum var frestað um eitt ár. Var það gert í fullu samráði við hið skoska fyrirtæki, sem breytti þar með áætlunum sínum um móttöku framleiðslunnar til ársins 1975.

Sumarið var vel notað, sérstakur skurðprammi eða sláttuvél fékkst að láni frá hinu skoska fyrirtæki. Prammi þessi var reyndur um allmargra vikna skeið á Breiðafirði við breytilegar aðstæður. Niðurstöður urðu mjög jákvæðar og stóðust fyllilega þær áætlanir, sem gerðar höfðu verið um þangskurðinn. Einnig fóru fram ítarlegar rannsóknir á Breiðafirði á vistfræðilegum áhrifum þangskurðarins, eins og ég mun koma að síðar. Jafnframt voru kostnaðaráætlanir enn endurskoðaðar með tilliti til breytts verðlags, breyttra aðstæðna og nánari upplýsinga, sem fengust. Þetta kemur fram í skýrslu frá Undirbúningsfélagi þörungavinnslunnar h. f., sem kom út í nóv. s. l. og hv. þm. hafa fengið.

Eins og málið stendur nú, er gert ráð fyrir því, að vinna 6685 tonn af þurrkuðu þangi í fyrirhugaðri verksmiðju, sem yrði staðsett í Karlsey út af Reykhólum. Áætlað er, að stofnkostnaður verði 211 millj. kr. Rekstrarkostnaður er áætlaður 82 millj. kr., en söluverðmæti 98 millj. kr., þannig að rekstrarafgangur er áætlaður 16 millj. kr., áður en skattar eru greiddir. Þetta er byggt á söluverði 1972 fyrir hvert þurrkað tonn, og fæst þá út arðsemi 9.5% á stofnkostnað. Eins og upplýst var við 1. umr. um þetta mál, hefur hið skoska fyrirtæki nú hækkað tilboð sitt í 76 pund, og fæst þá arðsemi á stofnkostnað 12.1%. En raunar lít ég svo á, að mikilvægari í þessu sambandi sé, að verð þetta er tengt olíuverði og er opið til frekari samninga til hækkunar, eftir því sem aðstæður og horfur leyfa. Rétt er að hafa það í huga, að þang það, sem notað er til slíkrar framleiðslu nú, er þurrkað með tvennu móti: Í fyrsta lagi er það sólþurrkað, en í vaxandi mæli er það nú þurrkað með olíuhitun, og eins og gefur að skilja, verður sú framleiðsla stöðugt óhagkvæmari með hækkandi verði olíunnar. Mér sýnist því ljóst, að söluöryggi þessa fyrirtækis með hagstæðu verði á framleiðslunni sé gott og lítið að óttast í því sambandi.

Einnig kemur fram í skýrslu undirbúningsfyrirtækisins, að opinberar framkvæmdir hafi verið áætlaðar að nýju. Gert er ráð fyrir því, að vegur út í Karlsey muni kosta 14 millj. kr., og hefur hann að verulegu leyti þegar verið lagður. Gert er ráð fyrir því, að varmaveita kosti 27.5 millj. kr., raflína 17 millj. kr. Höfn hefur verið áætluð 80 millj. kr., en staðreyndin mun vera sú, að þá áætlun þarf að endurskoða, og sýnist mér við fljóta yfirsýn, að hún geti lækkað töluvert. Mér sýnist, að minnka megi hafnarframkvæmdir nokkuð og fullnægja þó þörfum verksmiðjunnar. Sú endurskoðun mun vera í gangi.

Við þær ítarlegu rannsóknir, sem voru gerðar í sumar, hefur komið í ljós, að þangmagn á Breiðafirði er ákaflega mikið. Áætlað er, að þar megi vinna um 15—27 þús. tonn af þurrkuðu þangi á ári hverju, án þess að þanggróður bíði tjón af. Og eins og ég sagði áðan, hefur nú fengist mjög mikilvæg reynsla á þau þangskurðartæki, sem gert er ráð fyrir að nota. Tæki þessi eru mjög ný. Þau eru amerísk uppfinning og hafa verið reynd aðeins um skamman tíma í Skotlandi. Af þessum sökum var ákaflega mikilvægt að fá tækfæri til að reyna þau hér á landi við hérlendar aðstæður.

Í sambandi við rannsóknirnar í sumar hefur einnig verið lítið vandlega á áhrif þessarar starfsemi á ýmis hlunnindi og vistfræði svæðisins og lífkeðju, eins og ég mun koma nánar að síðar.

Í umsögn Framkvæmdastofnunar ríkisins er vísað til álits, sem stofnunin sendi frá sér á s. l. vori. Stofnunin telur sig ekki hafa aðstöðu til að endurskoða það álit á þeim skamma tíma, sem var til stefnu. Í niðurstöðum í áliti stofnunarinnar frá s. l. vori segir svo, með leyfi hæstv. forseta:

„Sé þess talinn nokkur kostur, virðist rétt að ráðast ekki í framkvæmdir fyrr en frekari vísindalegar og verklegar tilraunir, einkum varðandi þangtekjuna og efnisgæði afurðanna, hafa farið fram. Sérstaklega mikilvægt virðist að reyna sláttutæknina og flutningakerfið fyrir blautt þang við raunverulegar aðstæður, áður en lengra er haldið. Þá virðist aðkallandi að reyna að fá skýrar línur í hugsanlegan viðskiptasamning við AIL, þ. e. a. s. hið skoska fyrirtæki, einkum að því er varðar verðlagsviðmiðanir, og hvort tilboð AIL sé algerlega bundið afhendingu strax 1974. Þá virðist nauðsynlegt að tryggja sölu á því magni mjöls, sem AIL hefur ekki boðist til þess að kaupa."

Við athugun á niðurstöðum Undirbúningsfélags þörungavinnslu h.f. kemur strax í ljós, að þessum ábendingum Framkvæmdastofnunarinnar hefur verið fullnægt. Ég hef áður rakið mikilvægar tilraunir með þangskurðartæknina á s. l. sumri, sem urðu jákvæðar. Einnig er fenginn nýr

verðgrundvöllur fyrir sölu á þanginu til hins skoska fyrirtækis, og jafnframt var tryggt, að hið skoska fyrirtæki gengur ekki frá sínum samningi, þótt frestur á afgreiðslu verði til ársins 1975. Að þessu fengnu virtist ljóst, að tímabært væri að leggja fram frv. til l. um það fyrirtæki, sem ynni þörunga við Breiðafjörð.

Með tilvísun til brtt. og umsagna, sem n. hafa borist, vil ég þá fara yfir þetta frv., sérstaklega þær gr., sem brtt. koma fram við.

Í 2. gr. frv. leggur n. til, að við verði bætt svo hljóðandi setningu:

„Iðnrh. fer með mál, er snerta eignaraðild ríkisins í hlutafélaginu."

Þarna er raunar aðeins um að ræða flutning á 8. gr. frv. í 2. gr., þar sem n. virtist, að hún ætti heima.

Á þskj. 228 leggur hv. 5. þm. Vestf. fram brtt. Hann leggur þar til, að 51% af hlutafé fél. verði jafnan samtals í eigu ríkisins og sveitarfélaganna í Austur-Barðastrandarsýslu, en í frv. er gert ráð fyrir því, að hlutdeild ríkisins eins verði 51%. Um þetta var lauslega rætt í n., og treystu aðrir nm., sem þar voru mættir, sér ekki til að fylgja þessari brtt. Ég segi það fyrir mitt leyti, að ég mun ekki greiða brtt. atkv. Ég lít svo á, að það sé eðlilegt, að þetta verði þá tekið að nýju upp á Alþ., ef það ástand skapast, að slík eignaraðild gæti orðið raunhæf. Það hefur komið fram m. a. í viðræðum við oddvita Reykhólahrepps, sem mætti hjá iðnn. þessarar d. á síðasta þingi, þegar frv. að undirbúningsfyrirtæki var til meðferðar, að heimamenn leggi á það ríka áherslu, að meiri hl. í fyrirtækinu verði í eigu ríkisins. Þeir gera sér grein fyrir því, að þeir hafa ekki bolmagn til þess að ráða við svo mikla framkvæmd sem hér er um að ræða, og telja því hyggilegast, að ríkisvaldið hafi þar meiri hluta og afgerandi hluta. Ég tel ákaflega vafasamt, að þessar aðstæður breytist. En þó gæti svo farið, og þá sýnist mér, eins og ég sagði áðan, eðlilegast, að ríkisvaldið leiti samþykkis Alþ. fyrir þeirri breytingu, sem drög eru lögð að í brtt. frá hv. 5. þm. Vestf. Mér sýnist, að það verði að meta aðstæður á þeirri stundu og þá setja e. t. v. þau skilyrði fyrir slíkum breytingum, sem nauðsynleg kunna að teljast við þær aðstæður.

Við 3. gr. frv. gerir n. nokkrar brtt. Við fyrirsögnina er lítilfjörleg breyting. Í stað „til stofnunar" leggur n. til, að sagt verði: „vegna stofnunar hlutafélagsins er ríkisstj. heimilt" o. s. frv.

Við 1. lið 3. gr. er engin brtt., en mér þykir rétt, að það komi fram, að gert er ráð fyrir því, að hlutafé í þessu fyrirtæki verði um það bil 30% af stofnkostnaði eða um 70 millj. kr., og þarna er gert ráð fyrir því, að ríkisvaldið geti lagt fram 60 millj. Menn reikna með því, að heimamenn muni leggja fram þarna nokkurt fjármagn, a. m. k. það, sem þeir hafa lagt í undirbúningsfyrirtækið og ég gat um áðan. Einnig hefur hið skoska fyrirtæki boðist til þess að leggja fram allt að 5 millj. kr., ef þess er óskað. Að sjálfsögðu verður einnig einstaklingum gefinn kostur á hlutafjáreign í félaginu.

Við 3. gr. 4. lið er heldur ekki brtt., en mér þykir rétt að minnast nokkuð á þann lið, sem fjallar um jarðhitasvæði á Reykhólum, einkum vegna ábendingar, sem fram hefur komið í umsögn Reykhólahrepps. Þar er lögð rík áhersla á, að jarðhiti verði fáanlegur til almennra nota á Reykhólum. N. sýnist ljóst, að með orðalagi þessarar gr. er til þess ætlast. Þar er þess getið, að Jarðvarmaveitur ríkisins skuli sjá um stofnun og rekstur hitaveitu, sem m. a. skal gegna því hlutverki að selja þörungavinnslunni jarðhita til rekstrar síns. Í þessu sambandi er rétt, að fram komi, að þörf Reykhóla fyrir jarðhita muni vera eitthvað um 7 sekúndulítrar, en þar fást nú úr þeirri einu holu, sem hefur verið boruð, 18 sekúndulítrar. Heildarþörf verksmiðjunnar er hins vegar áætluð 50 sekúndulítrar. Þegar málinu var frestað á s. l. vori, var á það bent, að mikilvægt væri að fá þarna viðbótarholu til þess að tryggja til hlítar, að nægilegur jarðhiti fáist. Því miður hefur ekki orðið úr þessari framkvæmd, og ber að harma það. Að vísu eru jarðfræðingar sammála um, að líkur séu mjög sterkar til þess, að það fáist nægilegur jarðhiti, en viðbótarhola hefði sannarlega skapað meira öryggi. Í n. var um það rætt og að því spurt, hvað gerist, ef jarðhiti verður eitthvað af skornum skammti. Dr. Vilhjálmur Lúðvíksson taldi það að vísu ákaflega ósennilegt, en sagði, að stjórn undirbúningsfélagsins hefði rætt um þann möguleika, að þá þyrfti að skerpa á með rafhitun og það yrði aðeins lítilfjörlegur viðbótarkostnaður og mundi ekki ráða úrslitum um framkvæmd málsins. Ég get upplýst, að lögð hefur verið áhersla á að tryggja jarðbor til jarðborunar á Reykhólum, strax og þetta frv. er orðið að lögum og fyrirtækið sett á fót. Væntanlega hefst því þessi nauðsynlega framkvæmd á Reykhólum þegar í jan. á næsta ári.

Í 3. gr. 6. lið er ríkinu heimilað að leggja raflínu að hinu fyrirhugaða verksmiðjusvæði. Engin brtt. er við þann lið. En mér þykir eðlilegt, að það komi fram hér, á hvern máta þetta mundi eiga að gera, og einnig vil ég leggja áherslu á, að að öllum líkindum þarf að styrkja það kerfi, áður en langt um líður. Gert er ráð fyrir því að breyta núv. línu frá spennistöð við Tröllatunguheiði í þriggja fasa línu. Með þörfum verksmiðjunnar kemur hins vegar í ljós, að heildarorkuframleiðslugeta svæðisins er aðeins mjög lítið meiri en þörfin í heild er. Áætlað er, að Þverárvirkjun í Strandasýslu, sem framleiðir þessa orku, geti framleitt 890 kwst. að meðaltali með þeirri jöfnunargetu, sem þar er. Þörfin er um 830 kwst. og er því ljóst, að ekkert má út af bera til þess, að þörfin verði meiri en framleiðslugetan. Varastöð er í Búðardal, en þangað er ekki þriggja fasa lína og því ekki nema takmarkað gagn af þeirri stöð fyrir fyrirhugaða þangþurrkstöð að Reykhólum. Mér sýnist ljóst, að leggja beri áherslu á að tengja þetta svæði við raforkukerfi landsins, t. d. með línu suður á bóginn yfir á Snæfellsnes í þá línu, sem þangað mun nú fyrirhuguð. Þetta held ég, að sé óhjákvæmileg framkvæmd og beri að ráðast í hana fyrr en síðar.

Við lið 3. 7 er brtt. í nál. Þar er lagt til, að við þennan lið verði bætt orðunum: „samkv. 7. gr. og 3. lið 9. gr. hafnal." Liðurinn fjallar um höfnina í Karlsey. Við teljum nauðsynlegt að vekja athygli á þessum gr. hafnalaga, sér-

staklega 19. gr., þar sem hafnarsjóði er heimilað að styrkja hafnarframkvæmd þannig, að framlag hins opinbera nemi allt að 90% af heildarkostnaðinum. Lagt hefur verið til, að hafnarsjóður verði settur á stofn vegna þessarar hafnar. Sýslunefnd Austur-Barðastrandarsýslu hefur fjallað um málið og orðið sammála um að mæla með slíku, en þó á þeirri forsendu, að heimamenn þurfi ekki að leggja fram meira en 10% af kostnaði við hafnargerðina. Mér sýnist í fljótu bragði, að tekjur af höfninni vegna þarfa verksmiðjunnar muni standa undir þessum 10% og því verði ekki um neina áhættu að ræða í því sambandi. Að sjálfsögðu opnar höfnin jafnframt mikilvæga samgönguleið inn á þetta svæði og mun því skapa meiri tekjur en af flutningum til verksmiðjunnar einnar.

Við 4. gr. er engin brtt. Við 5. gr. eru brtt. á þskj. 231, en þar er fyrst og fremst um að ræða aðra niðurröðun og meðferð þess máls, sem gr. fjallar um.

Við 6. gr. eru brtt. Efnislega brtt. er fyrst og fremst sú, að fellt er niður, að 3 aðalmenn og varamenn séu skipaðir af ráðh. N. taldi eðlilegast, að þessir menn væru kosnir á aðalfundi. Í raun er þar ekki um mikla breytingu að ræða. Sá aðili, sem fer með hlut ríkissjóðs, ræður að sjálfsögðu tilnefningu meiri hl. í stjórn fyrirtækisins. Jafnframt er við þessa gr. gerð sú efnisbreyting, að fram er tekið í brtt., að einn aðalmaður og einn varamaður í stjórn félagsins a. m. k. skuli vera búsettur í Austur-Barðastrandarsýslu. Heimilt er, að einn aðalmaður og einn varamaður sé erlendur ríkisborgari, búsettur erlendis. Síðari setningin vísar að sjálfsögðu til þess, að hinn skoski aðili hefur boðist til að leggja hlutafé í fyrirtækið, og þá virðist eðlilegt, að það fyrirtæki eigi kost á einum stjórnarmanni.

Við 7. gr. er lagt til, að bætt verði nýrri mgr., svo hljóðandi:

„Iðnrh. getur sett reglugerð um nánari framkvæmd 1. mgr., og skal sú reglugerð sett að fengnum till. náttúruverndarráðs. Jafnframt skal efla vísindalegt eftirlit og rannsóknir á þörungamiðum og dýralífi á Breiðafirði á vegum opinberra rannsóknastofnana.“

Eins og ég hef áður vikið að, hafa orðið nokkrar umr. um áhrif þessarar starfrækslu á lífkeðju og vistfræði Breiðafjarðar. Þetta hefur komið fram hjá ýmsum aðilum. M. a. kemur það fram í áliti frá hreppsnefnd Flateyjarhrepps. Hreppsnefndin lýsir að vísu þeirri von sinni, að sá stórhugur, sem fram kemur í frv. til l. um þörungavinnslu við Breiðafjörð, verði að tilætluðum notum sem grundvöllur að traustari byggð á svæðinu, er hefur átt í vök að verjast til þessa. Hins vegar lýsir hreppsnefndin nokkrum áhyggjum sínum út af áhrifum þessara framkvæmda og þessa atvinnurekstrar á þær nytjar, sem eru að sjálfsögðu mjög mikilvægar fyrir íbúa þess svæðis. Hreppsnefndin lýsir þeirri skoðun sinni, að þeir munu eftir sem áður fyrst og fremst þurfa á þeim hlunnindum að byggja, sem í eyjunum búa. Þessar áhyggjur hreppsnefndarinnar eru mjög skiljanlegar. Áður hafa komið fram nokkrar aths. frá hreppsnefnd Flateyjarhrepps við þetta mál, m. a. í bréfi til iðnrh. á s. l. vetri. Hreppsnefndin taldi þar, að skoða hefði átt, hvort verksmiðjuna mætti staðsetja í Flatey. Það hefur nokkra kosti. M. a. er þar höfn góð. Þetta var rætt á sínum tíma, og í ljós kom að áliti sérfróðra manna, að til þess væri því miður ekki grundvöllur. Jarðhiti væri þar ákaflega vafasamur og ýmislegt annað, sem ylli erfiðleikum. Ég vil þó í þessu sambandi taka fram vegna þess, sem kemur fram í umsögn hreppsnefndar Flateyjarhrepps, að framtíð og framtíðarþróun þessa svæðis þarf að skoða mjög sérstaklega. Ég er sannfærður um, að þetta fyrirtæki að Reykhólum mun hafa í för með sér verulega eflingu svæðisins alls, þ. á m. eyjanna. Engu að síður er ljóst, að framtíð þeirra þarf að kanna og finna þarf leiðir til að efla þær og styrkja búsetu í eyjunum.

Í umsögn frá náttúruverndarráði kemur í ljós, að náttúruverndarráð hefur skoðað þessi mál mjög vel. Umsögn þessi er svo mikilvæg í þessu sambandi, að mér sýnist nauðsynlegt, með leyfi hæstv. forseta, að lesa umsögn náttúruverndarráðs. Þar segir svo:

„Náttúruverndarráð þakkar bréf iðnn. Ed. Alþ., dags. 16/11 1973, þar sem óskað er umsagnar um stjfrv. um þörungavinnslu við Breiðafjörð.

Ráðið fagnar því, að í frv. eru tryggðar sérstakar varúðarráðstafanir gegn tjóni á dýralífi og hlunnindum af völdum starfsemi þörungavinnslunnar.

Mál þetta kom fyrst til umr. í náttúruverndarráði 19/12 1972, en þá gerði Vilhjálmur Lúðvíksson, formaður Undirbúningsfélags þörungavinnslu h/f og starfsmaður Rannsóknaráðs ríkisins, sem jafnframt á sæti í náttúruverndarráði, grein fyrir því með tilliti til 29. gr. l. nr. 47/1971, um náttúruvernd.

Að ósk ráðsins samdi dr. Arnþór Garðarsson álitsgerð um umhverfisrannsóknir, sem gera þyrfti til að sjá fyrir hugsanleg neikvæð áhrif þangtekjunnar á lífríki Breiðafjarðar, þannig að draga mætti úr slíkum áhrifum eftir föngum. Því næst var málið tekið til umr. í sérfræðingahópi, sem kallaður var saman af hálfu náttúruverndarráðs. Í hópnum voru m. a. rædd eftirfarandi atriði í sambandi við hugsanleg áhrif þangtekju:

1. Bein truflun dýralífs af völdum þangskurðar. Hér er einkum átt við þá dýrastofna, sem eiga aðalheimkynni sín hérlendis við Breiðafjörð (t. d. dílaskarfur, toppskarfur, örn), eða eru nytjaðir til hlunninda (æður, selir).

2. Mælingar á heildarmagni og framleiðni þangs. Tölur um nýtanlegt þangmagn eru óvissar, m. a. vegna þess að vöxtur þangs á Breiðafirði hefur ekki verið mældur. Slíkar mælingar eru nauðsynlegar til að tryggja skynsamlega nýtingu þangsins.

3. Hugsanleg víðtæk áhrif þangtekju á gróðurfar og dýralíf. Hér er átt við þátt þangs í heildarbúskap svæðisins, þ. e. sem undirstöðu í fæðukeðjum og sem vist annarra þörunga og dýra.

Með bréfi, dags. 10. apríl 1973, til Rannsóknaráðs ríkisins skýrði náttúruverndarráð frá því, sem fram hefur komið í ofangreindum viðræðum. Ráðið taldi nauðsynlegt, að þegar yrði könnuð útbreiðsla og fjöldi fuglastofna og selastofna. Einnig taldi ráðið æskilegt, að undirbúningsathug-

un á áhrifum þangtekju á gróður- og dýralíf í fjörum hæfist þegar í stað. Þá taldi ráðið rétt, að settar yrðu reglur, byggðar á ofangreindum rannsóknum, við fyrirkomulag þangskurðar. Enn fremur benti ráðið á nauðsyn þess, að fram færi víðtæk vistfræðileg könnun á búskap þangsins og þýðingu þess fyrir annað líf á svæðinu.

Könnun á fjölda og útbreiðslu fuglastofna og sela á Breiðafirði var framkvæmd sumarið 1973 af dr. Arnþóri Garðarssyni, og lauk hann bráðabirgðaskýrslum um þá könnun í okt. 1973. Erlingur Hauksson BS og Karl Gunnarsson stud. scient. unnu að rannsóknum á uppskeru þangs, dýralífi og þörungagróðri þangbeltisins. Áfangaskýrsla þeirra um uppskeru þangs lá fyrir í nóv. 1973. Lokaskýrsla um þessar rannsóknir í heild mun væntanlega liggja fyrir snemma á næsta ári.

Með tilliti til ofangreindra forrannsókna telur náttúruverndarráð ekkert því til fyrirstöðu, að frv. um þörungavinnslu við Breiðafjörð verði samþ. og framkvæmdir við verksmiðju geti hafist, að því tilskildu, að eftirgreind skilyrði og ábendingar verði tekin til greina:

1. Líkleg umhverfisáhrif.

1.1. Víðtæk áhrif á næringarbúskap (einkum með tilliti til myndunar lífrænna leifa og þar með áhrifa á fæðukeðju): Fyrstu niðurstöður benda ótvírætt til þess, að magn þangs, sem fyrirhugað er að skera árlega, sé aðeins lítill hluti heildarmagns þangs á Breiðafjarðarsvæðinu eða innan við 10%. Þá má geta þess, að þangið er sennil. innan við 10% af heildarmagni botnfastra þörunga á grunnsævi á fjörum þeim, sem hér um ræðir. Með tilliti til þess virðist óhætt að álykta, að þangtekjan muni hafa óveruleg áhrif á myndun lífrænna leifa á Breiðafirði. Við þangskurð er einnig viðbúið, að aukning geti orðið á vexti annarra þörungategunda í þangbeltinu, einkum skammærra tegunda, og mundi sú aukning að sjálfsögðu einnig draga úr hugsanlegri minnkun á nýmyndun lífrænna leifa. Hér verður þó enn sem fyrr að leggja áherslu á það, að beinar mælingar á vexti og afföllum þangs og nýtanlegu árlegu magni þess verður að framkvæma sem allra fyrst.

1.2. Bein áhrif á tilvist lífvera í þangbeltinu: Áhrif þangskurðar á tilvist ýmissa smádýra svo og þörunga í þangbeltinu sjálfu geta orðið veruleg. Hins vegar verður erfitt að gera sér grein fyrir, hver þessi áhrif kynnu að verða, nema fram færu rannsóknir samhliða þangskurði, bæði á skornum og óskornum svæðum. Enda þótt búast megi við breytingum á magni og tegundasamsetningu þessara lífvera, er ekki þar með sagt, að þessar breytingar verði allar neikvæðar. Fyrstu athuganir á smádýralífi og þörungum í fjörum Breiðafjarðar voru framkvæmdar af þeim Erlingi Haukssyni og Karli Gunnarssyni sumarið 1973, og er lokaskýrsla þeirra væntanleg snemma á næsta ári. Ráðið leggur áherslu á, að þessi beinu áhrif þangskurðar verði rannsökuð nánar og síðan verði reynt að haga þangskurði þannig, að sem minnst tjón hljótist af.

1.3. Áhrif á fæðugrundvöll einstakra tegunda (sem kunna að hafa sérstakt gildi, annaðhvort sem náttúruverðmæti eða hlunnindi): Í trausti þess, að tölur um magn þangs og þörunga og lágt nýtingarhlutfall séu nærri réttu lagi, virðist mega gera ráð fyrir því, að áhrif á fæðugrundvöll einstakra þýðingarmikilla tegunda verði bundin nýtingu þessara tegunda í lífverum í þangbeltinu sjálfu. Hér virðist fyrst og fremst vera um að ræða æðarfugl með unga, vaðfugla, svo sem rauðbrysting, tjald og sendling og hvítmáf. Ráðið telur nauðsynlegt, að rannsóknir á þessu atriði fari fram.

1.4. Beinar truflanir á viðkvæmum tegundum (af völdum þangöflunar): Gera má ráð fyrir, að þangöflun geti leitt til truflana á viðkomu nokkurra viðkvæmra tegunda og e.t.v. einnig haft áhrif á hlunnindatekjur. Þessi atriði eru einnig rædd í 4. lið, en þar er byggt á bráðabirgðaniðurstöðum og könnun Arnþórs Garðarssonar, sem fram fór á þessu ári.

2. Tilhögun þangtekju. — Til þess að auðveldara verði að skipuleggja þangtekju með tilliti til náttúruverndar, er nauðsynlegt, að þörungavinnslan semji ár hvert áætlun um fyrirhugaðan þangskurð á sumri komanda, um þau svæði, sem tekin verða fyrir á hverjum tíma. Trúnaðarmenn náttúruverndarráðs geri aths. við áætlunina og tilgreini svæði, þar sem sérstakrar aðgátar er þörf. Þá er þess óskað, að þörungavinnslan geri sömuleiðis árlega skýrslu, er tilgreini nákvæmlega, hvaða svæði hafa verið skorin það ár .

3. Friðuð svæði. — Náttúruverndarráð mun, að fengnum till. sérfræðinga, gera till. um að tiltekin svæði á Breiðafirði verði friðuð fyrir þangskurði. Verði þar leitast við að taka frá í ósnortinni mynd sem fjölbreytilegastar fjörugerðir. Þá vill ráðið benda á, að það telur ákvæði 3. gr. 9. lið frv. til l. um þörungavinnslu við Breiðafjörð ekki eiga við á stöðum við fjörðinn, sem þegar eru friðlýstir eða verða munu friðlýstir.

4. Truflanir af völdum þangtekju.

4.1. Dílaskarfsvörp á tilteknum stöðum verði friðuð fyrir umferð innan 250 m radius fram að 1.9. ár hvert. Ráðið telur rétt, að stefnt verði að friðlýsingu nokkurra skarfavarpa á Breiðafirði.

4.2. Hliðstæðar reglur gildi um varpstaði arnar. Nauðsynlegt mun reynast að skrá arnarvarpstaði á hverju vori í júní, en tæplega er hægt að búast við því, að það verði hægt fyrr að vorinu. Fram að þeim tíma ár hvert skal forðast að koma nálægt öllum varpstöðum þekktum frá árinu á undan, svo og svæðum, þar sem grunur leikur á, að ernir séu á varpstað.

4.3. Þangskurði að vorinu fram til 1. júlí ber að haga þannig, að eigi skerðist hlunnindi af vorkópaveiði og æðardún. Nauðsynlegt er, að þangskurður á þessum tíma sé framkvæmdur í fullu samráði við nytjendur hlunninda (sem og á öðrum tíma árs). Þar til full reynsla er fengin, er mjög þýðingarmikið, að færðar séu nákvæmar skýrslur: 1. Af hálfu þangtekjunnar: Nákvæmar dagskýrslur, hve miklum tíma er eytt á hverjum stað, magn þangs skorið á hverjum stað. 2. Af hálfu ábúenda: Nákvæmar skýrslur um vorkópaveiði, þ.e. nákvæmar dagsetningar og staðsetningar á fjölda veiddra kópa, og e.t.v. hliðstæðar upplýsingar um fjölda æðarhreiðra eða dúntekju.

4.4. Aðrar truflanir eru ekki fyrirsjáanlegar,

en náttúruverndarráð áskilur sér rétt til þess að setja nánari reglur um framkvæmd þangskurðar, ef ástæða þykir til.

5. Rannsóknir meðfram starfsemi. — Náttúruverndarráð leggur eindregið til, að gerðar verði rannsóknir á eftirtöldum þáttum samhliða því sem þangskurður hefst.

1. Þang: Vöxtur, árleg afföll.
2. Lífrænar leifar: Samsetning og velta.
3. Smádýralíf þangbeltis.
4. Fæðukeðjur:
   a) æðarfuglar, sérstaklega ungar,
   b) botnfiskar á grunnsævi, sérstaklega sprettfiskar, marhnútar, hrognkelsaseiði,
   c) teista,
   d) vaðfuglar,
   e) dílaskarfur.

Eðlilegt virðist, að fyrirtækið standi að mestu straum af 1. lið, en styrki einnig að hluta og eftir föngum rannsóknir samkv. 2., 3. og 4. lið. *Þessu mun gert ráð fyrir í lagafrv. og rekstraráætlunum verksmiðju.* Að öðru leyti telur ráðið eðlilegt, að hafnar verði á vegum hins opinbera (t. d. Hafrannsóknastofnunar og Náttúrufræðistofnunar Íslands) skipulegar rannsóknir á þörunga- og dýralífi á þessu svæði, enda má benda á, að slíkar rannsóknir munu óhjákvæmilega hafa umtalsvert almennt gildi og koma fleiri aðilum til góða.

Náttúruverndarráð gerir sér ljóst, að sú vinnutilhögun, sem hér er gert ráð fyrir, byggist á samstarfi allmargra aðila með ólíka hagsmuni. Því telur ráðið nauðsynlegt að tryggja framkvæmd 7. gr. frv. með reglugerð, sem skuldbindi alla viðkomandi til að framkvæma þau verkefni, sem hér er lagt til. Mætti þannig t. d. bæta nýrri mgr. við 7. gr., svo hljóðandi:

„Iðnrh. getur sett reglugerð um nánari framkvæmd 1. mgr., og skal sú reglugerð sett að *fengnum till. náttúruverndarráðs.*“

Í trausti þess, að iðnn. Ed. taki umsögn þessa til greina og með vinsemd og virðingu,

Eysteinn Jónsson, formaður.
Árni Reynisson, framkvæmdastjóri.

Ég hef leyft mér að lesa þessa umsögn alla, vegna þess að ég tel hana ákaflega mikilvægt innlegg í þetta mál, og raunar tel ég þessa umsögn til fyrirmyndar. Mættu fleiri breyta þar eftir. Í umsögninni kemur einnig fram, að náttúruverndarráð hefur einmitt skoðað mjög vandlega þau atriði, sem hreppsnefnd Flateyjarhrepps varar við, og sýnist mér þar með, að mál þetta sé í góðum höndum.

Eins og kom fram hjá mér áðan, leggur n. til, að orðið verði við till. náttúruverndarráðs og tekin inn í frv. sú setning, sem í bréfinu kemur fram.

Þá barst n. einnig bréf frá Hafrannsóknastofnuninni, þar sem lögð er áhersla á auknar rannsóknir á þörungamiðum við Breiðafjörð og raunar víðar um landið. Á því er vakin athygli, að Hafrannsóknastofnuninni ber að hafa slíkar rannsóknir með höndum samkv. lögum. Ekki þótti fært að setja inn í frv. ákvæði um það, að Hafrannsóknastofnunin ein skuli annast slíkt, þar koma fleiri aðilar til greina, eins og t. d. Náttúrufræðistofnun Íslands, eins og fram kemur í umsögn náttúruverndarráðs. Því leggur n. til, að þetta verði orðað nokkuð almennt, eins og fram kemur í brtt. þannig: „Jafnframt skal efla vísindalegt eftirlit og rannsóknir á þörungamiðum og dýralífi á Breiðafirði á vegum opinberra rannsóknastofnana.“

Þá er lagt til, að 8. gr. verði felld niður, sem stafar af því, að hún er tekin upp í 2. gr. frv. samkv. till. iðnn.

Ég hef nú rakið meginþætti þessa máls og skal nú láta máli mínu fljótlega lokið. Það vil ég segja almennt um þetta mál, þangvinnslu við Breiðafjörð, að hér er um ákaflega athyglisvert fyrirtæki að ræða, fyrstu meiri háttar tilraun okkar Íslendinga til að nýta í senn þanggróður, þann mesta, sem er við strendur þessa lands, og einnig jarðhitann, þau miklu verðmæti, sem öllum verður stöðugt ljósara, hversu mikils virði eru. Það er enginn vafi á því, að þetta *fyrirtæki mun hafa gífurlega mikil áhrif á búsetu alla* í Austur-Barðastrandarsýslu og raunar víðar á þessu svæði. Þar hefur verið eitt tekjulægsta svæði landsins. Það er von mín, að það breytist með tilkomu þessa fyrirtækis. Við fyrirtæki þetta munu vinna um 28 manns. Áhugi á vinnu þar hefur þegar verið kannaður heima fyrir, og hafa 20 manns lýst áhuga sínum á vinnu þar. Að vísu er ekki gert ráð fyrir því, að þessi vinna sé nema í 7 mánuði á ári. Það er því verðugt verkefni að kanna, hvernig má brúa þá mánuði, sem verða eftir. Vel getur svo farið í góðum árum, að unnt reynist að starfrækja verksmiðjuna, þegar ísar hamla ekki þangskurði. Á sumrin kemur jafnframt viðbótarstarfskraftur til greina, e. t. v. skólapiltar, sem fá þar hina ágætustu vinnu við þangskurð. Um björtustu mánuðina yrði unnt að skera þangið á vöktum.

Þetta mun að sjálfsögðu einnig hafa gífurleg áhrif á svæðið *skipulagslega, einkum Reykhóla.* Ég vakti athygli á því í framsöguræðu fyrir iðnn. á síðasta þingi, að skipulagsmál Reykhóla þarf að taka til nákvæmrar athugunar. Mér sýnist, að því miður hafi það enn verið gert, eins og nauðsynlegt er, og vil ég enn á ný ítreka það, að skipulagsyfirvöld þurfa að kanna, á hvern máta íbúðarhúsum verður sem haganlegast fyrir komið og tryggt, að verðmæti, bæði söguleg og önnur, sem á Reykhólum eru, bíði ekki tjón af þessum framkvæmdum. Raunar munu allir sammála um það, sem til Reykhóla koma, að þar þarf að gera átak í þessu sambandi, draga fram ýmsa sögulega staði og búa þannig um, að sómi geti talist að.

Ég ætla ekki að fjölyrða um það, hvert framhald geti orðið á þessu fyrirtæki. Mér sýnist, að rekstrargrundvöllur þess sé öruggur, og ég leyfi mér einnig að fullyrða, að miðað við eðlilegar aðstæður í heiminum í kringum okkur a. m. k. muni vera vaxandi eftirspurn eftir þangi frá þessari verksmiðju.

Í ljós hefur komið, að gæði þessa þangs eru sérstaklega mikil, þ. e. a. s. alginate-innihald er mjög hátt. Komið hefur í ljós, að það er mjög jákvætt að þurrka þang við lágan hita, eins og jarðhitann. Þá tapast langtum minna af þessum verðmætum. Sýnishorn hafa sýnt, að þetta þang

er betra að gæðum en fengist hefur yfirleitt annars staðar frá. Mér sýnist því ljóst, að verksmiðja þessi muni stækka með árunum. Það þarf að gera með nokkurri varúð að sjálfsögðu og innan þeirra marka, sem þangtekjur leyfa, en eins og um hnútana er búið, m. a. að till. náttúruverndarráðs, sýnist mér öruggt, að þess verði gætt.

Ég átti nýlega tækifæri til þess að heimsækja hið skoska fyrirtæki og skoða aðra af tveimur verksmiðjum, sem það starfrækir í Skotlandi. Þetta var mjög athyglisverð heimsókn. — Ég hafði ekki gert mér grein fyrir því áður, hve margslungin þessi framleiðsla er. Fyrirtækið framleiðir um 300 mismunandi tegundir af alginötum. Það er gert með því að breyta framleiðsluaðferðum í framleiðslurásinni lítillega og þó sérstaklega með því að blanda saman fjölmörgum tegundum alginata, sem unnin eru úr ýmsum þang- og þaragróðri. Mér varð ljóst, að því miður eru litlar líkur til þess, að við getum sett hér á fót verksmiðju til að framleiða endanleg alginöt eða alginatasölt. Það er nauðsynlegt fyrir slíkt fyrirtæki að hafa aðgang að fleiri þangtegundum en við eigum. Hins vegar sýndist mér mjög góðar líkur vera til þess, að þróa mætti þessa framleiðslu á Reykhólum þannig, að hálfunnin alginöt fengjust, og yrði það mjög mikið skref, mundi stórauka þar atvinnu og framkvæmdir allar. Sýnist mér það verðugt verkefni, þegar þessi verksmiðja er komin á fót, að kanna, á hvern máta slíkt megi gera.

Umr. frestað um sinn.

Tollskrá o. fl., frv. (þskj. 206). — 1. umr.

Fjmrh. (Halldór E. Sigurðsson): Herra forseti. Á þskj. 206 er frv. til nýrrar tollskrár. Þetta frv. er í sjálfu sér mikið að vöxtum, eins og gera má ráð fyrir, og hefur verið undirbúið af sérstakri n., sem saman var sett af embættismönnum fjmrn., viðskrn., iðnrn. og tollstjóra. Þetta frv. er mjög umfangsmikið og felur í sér miklar breytingar frá núgildandi lögum.

Segja má, að frv. sé til komið vegna aðildar Íslands að EFTA og samninga Íslands við Efnahagsbandalagið, en þó jafnframt af annarri nauðsyn á endurskoðun tollskrárinnar. Höfuðmarkmið endurskoðunarinnar hefur verið að gera nauðsynlegar breytingar á hráefna- og vélatollum fyrir innlendan iðnað, til þess að hann geti auðveldlega aðlagað sig og mætt þeirri auknu samkeppni, sem fríverslunarsamningar okkar við önnur lönd Vestur-Evrópu hafa í för með sér. Að öðru leyti hefur endurskoðun gildandi tollskrárlega aðallega tekið mið af eftirfarandi:

1. Að láta koma til framkvæmda umsamdar tollalækkanir vegna aðildar Íslands að EFTA og samningi Íslands við Efnahagsbandalagið.

2. Tillögugerð um lækkun tolla á verndarvörum frá tollum utan EFTA og Efnahagsbandalagsins, lækkun á fjáröflunartollum, m. a. með tillögugerð um lækkun á mörgum 100% tollum í 80%, svo og lækkun tolla á nokkrum smyglnæmum vörum.

3. Afgreiðsla á fjölda erinda, sem fjmrn. hafa borist, síðan síðasta heildarendurskoðun tollskrárlaga fór fram og af rn. hálfu var ekki hægt að taka afstöðu til m. a. vegna skorts á lagaheimild.

Í frv. er gert ráð fyrir, að tollar séu ákvarðaðir eins og þeim er ætlað að vera á hverju ári fram til ársloka 1976. Er þetta nýmæli og fyrst og fremst gert í hagræðingarskyni, til þess að ekki þurfi að gefa út tollskrá að nýju á hverju ári, meðan sá tolllækkunarferill á sér stað, sem um hefur verið samið. Þessi framsetning hefur jafnframt þann kost, að hún gefur notendum tollskrárinnar betri yfirsýn yfir væntanlegar breytingar á tollum, eins og þær koma til með að verða á næstu árum.

Eins og segir í grg. með frv. hefur Ísland skuldbundið sig til að fella niður toll í áföngum af innfluttum iðnaðarvörum, sem jafnframt eru framleiddar hér á landi, samkv. sérstakri áætlun, sem er að finna bæði í EFTA-samningi og samningi Íslands og Efnahagsbandalagsins. Gagnvart EFTA átti fyrsti þáttur þessarar tollalækkunar sér stað hinn 1. mars 1970, en þá voru tollar á verndarvörum frá EFTA-löndum lækkaðir að meðaltali um 30% frá því, sem þeir voru í ársbyrjun hið sama ár. Sams konar lækkun gagnvart Efnahagsbandalaginu tók gildi 1. apríl s. l. Hinn 1. jan. 1974 og síðan árlega fram til 1. jan. 1980 skulu tollar á sömu vörum lækka um 10% af upphaflegum tolli á ári, þar til þeir eru fallnir niður hinn 1. jan. 1980. Þar sem framleiðsla á ýmsum vörutegundum hefur hafist innanlands, frá því að síðasta heildarendurskoðun tollskrárinnar fór fram, hefur þurft að taka upp nýja EFTA- og Efnahagsbandalagstolla á ýmsum vörutegundum. Ber frv. þess nokkur merki.

Í frv. er gert ráð fyrir lækkun almennra tolla á verndarvörum, þ. e. frá löndum, sem standa utan EFTA og Efnahagsbandalagsins. Ljóst var, að tolla þessa yrði að lækka samhliða því, sem EFTA- og Efnahagsbandalagstollur lækkuðu smám saman, enda gæti mikill tollmunur leitt til óeðlilegrar viðskiptaþróunar. Engin hugmynd er hins vegar sett fram um það, hvaða tollmunur teljist hæfilegur á tollalækkunartímabilinu, en gert er ráð fyrir, að hann yrði mismunandi eftir vörutegundum. Í stað þess er sett fram till., sem miðar að því, að tollmunurinn aukist ekki í tollflokkunum, sem bera 12% almenna tolla eða hærri. Til skýringar fylgir frv. tafla, sem sýnir breytingar þessar, og taflan er merkt fskj. I með frv.

Aðalþáttur endurskoðunar þessarar, eins og fyrr segir, er tillögugerð um lækkun tolla á vélum og hráefnum til iðnaðar. Gerir frv. almennt ráð fyrir, að tollar á vélum og hráefnum falli alveg niður í tveimur jöfnum áföngum, hinn fyrri 1. jan. 1974 og hinn síðari 1. jan. 1976. Eru allar lækkanir látnar standa á heilum prósentum. Þannig verður 1. jan. 1974 7% tollur lækkaður í 4%, 15% tollur í 7%, 21% tollur í 10% og 35% tollur í 18% o. s. frv. Þessi almenna regla er þó ekki án undantekninga, þar sem ýmsar vörur eru jöfnum höndum notaðar til iðnaðarframleiðslu og til almennrar neyslu eða fjárfestingar. Hefur í þeim tilfellum orðið að vega og meta hvort tveggja í senn, tekjulækkunaráhrif fyrir ríkissjóð og mikilvægi viðkomandi

vöru fyrir einstakar iðngreinar. Hefur þá í sumum stórum vöruflokkum verið farið bil beggja og gert ráð fyrir nokkurri lækkun, þó ekki eins mikilli og gert var ráð fyrir á hreinum hráefnum. Er nánar vikið að þessu atriði í grg. með frv.

Það er álit fróðra manna, að gildandi fjáröflunartollum verði ekki haldið til frambúðar. Hátollastefnan heyrir nú sögunni til. Saga hátollastefnu verður ekki rakin hér, en bent skal á kafla í grg. þar að lútandi og þær ástæður, sem liggja því til grundvallar, að brýna nauðsyn ber til að stefna að fráhvarfi frá henni á næstu árum. Með frv. er hins vegar stigið lítið spor í rétta átt með lækkun tolls á mörgum vörutegundum, sem bera 100% toll, í 80%, og er þar einkum um að ræða borðbúnað, búsáhöld, grænmeti, ávexti og krydd.

Nokkuð er um till. til lækkunar tolla í frv., sem ekki eru bein afleiðing þeirra atriða, sem fyrr hefur verið lýst, þ. á m. má nefna, að gerðar eru till. til lækkunar á ljósmyndavélum úr 50% tolli í 35%, og er þar nokkuð komið til móts við óskir Ljósmyndarafélags Íslands. Jafnframt er lagt til, að tollar af leifturljósatækjum atvinnuljósmyndara lækki í 15%, svo og að tollar af ljósmyndavélum 3 kg og þyngri verði 4%. Slíkar ljósmyndavélar munu þó almennt frekar verða notaðar í iðnaði en hjá atvinnuljósmyndurum. Þar að auki er lagt til, að tollur á kvikmynda- og sýningavélum fyrir 16 mm filmu og stærri lækki í 15%. Slíkar vélar munu nær eingöngu notaðar í atvinnuskyni. Að lokum er lagt til, að tollur á stækkunar- og minnkunarvélum fyrir ljósmyndir verði lækkaður úr 50% í 7%, svo og tollur af tækjum og áhöldum til notkunar í ljósmynda- og kvikmyndastofum í 7%. Verður að telja, að með þessu sé komið eins langt til móts við hagsmuni atvinnuljósmyndara og atvinnukvikmyndatökumanna og kostur er á að svo stöddu.

Þá gerir frv. ráð fyrir, að breytt verði ákvæðum 41. töluliðs 3. gr. tollskrárinnar, þannig að eftirgjöf á aðflutningsgjöldum til handa leigubifreiðastjórum og ökukennurum verði aukinn, eða úr mismun 90 og 70% tolls, 50 þús. kr. í 40%. Almennur tollur á fólksbifreiðum verði 90%. Jafnframt er gert ráð fyrir, að sendibifreiðastjórar, sem hefðu sendibifreiðaakstur að aðalstarfi geti notið sömu eftirgjafar, en til þessa tíma hefur slíkt ekki verið hægt fyrir sendibifreiðar með hliðargluggum, þar sem þær hafa verið í 90% tolli. Sendibifreiðar án hliðarglugga hafa hins vegar verið í 40% tolli, og verður engin breyting þar á. Enn fremur er gerð till. um, að hafi sömu aðilar akstur að aukastarfi, verði heimiluð eftirgjöf aðflutningsgjalda um 25% eða tollar lækki úr 90% í 65%. Mun fjmrh. setja nánari reglur um framkvæmd þessara ákvæða.

Í frv. er enn fremur gert ráð fyrir, að tollur af gleraugnagleri lækki úr 20% í 15% og gleraugnaumbúðum úr 50% í 15% til samræmis við tolla af ýmsum hjúkrunar- og lækningavörum. Enn fremur er lagt til, að tollur á endurskinsmerkjum verði lækkaður úr 70 í 21% og tollur af öryggisstólum í bifreiðum fyrir börn lækki úr 65 í 20% í samræmi við toll af öryggisbeltum.

Áður hefur verið minnst á lækkun tolla á smyglnæmum vörum. Þar er um að ræða tollalækkun á ilmvötnum og sjónaukum, jafnframt því sem segja má, að myndavélar falli undir þennan flokk vara. Segja má, að þessar vörur séu sökum hárra aðflutningsgjalda ekki keyptar sem skyldi hér á landi, heldur í tollfrjálsri verslun heima eða erlendis. Gert er ráð fyrir, að ilmvötn lækki úr 100% í 35% toll og sjónaukar úr 80% í 35% toll. Í þessu sambandi er vert að benda á, að á árinu 1972 nam innflutningur til landsins á ilmvötnum 5 millj. kr. að cif-verðmæti, á sama tíma sem tollfrjáls innflutningur til fríhafnar á sömu vöru var 19 millj. kr. Fyrrgreindar tölur gefa glöggt til kynna, að hér er um mjög óeðlilegt ástand að ræða, sem almennt hefur haft mjög neikvæð áhrif á verslun með þessar vörur hér á landi. Segja þessar tölur þó ekki allt, þar sem töluvert af ilmvötnum er án efa keypt af ferðamönnum í erlendum fríhöfnum og flutt þannig til landsins án greiðslu gjalda.

Erfitt er að segja nákvæmlega um áhrif tollalækkana þessara á tekjur ríkissjóðs. Á grundvelli innflutnings frá miðju ári 1972 til miðs árs 1973 eru þær lauslega áætlaðar 535 millj. kr., á grundvelli áætlaðs innflutnings 1974 um 615 millj. Má flokka lækkanir í stórum dráttum þannig: Vélar og hráefni til iðnaðarins 325 millj. kr., verndarvörur 235 millj. og fjáröflunartollar 55 millj., eða samtals 615 millj. kr.

Ekki skal farið í neinar grafgötur um það, að tekjumissi af þessum stærðargráðum verður ríkissjóður að fá bættan með öðru móti. Á sama tíma og Ísland gerðist aðili að EFTA var þeim tollalækkunum, sem þar var ráðist í, mætt með hækkun söluskatts um 3½ stig. Eftir atvikum verður að telja eðlilegt, að þessum tekjumissi verði mætt á sama hátt, og verður þá að líta á samþykki frv. sem skuldbindingu um hækkun á söluskatti, a. m. k. eitt söluskattsstig. Einstakar breytingar, sem frv. felur í sér að öðru leyti, tel ég ekki ástæðu til að fara nánar út í hér, enda mun frv. koma til kasta hv. fjh.- og viðskn., og mun n. fá þær upplýsingar frá nm., sem sömdu frv., sem óskað er eftir, og hjá tollyfirvöldum landsins.

Ég legg svo til, herra forseti, að að lokinni þessari umr. verði málinu vísað til 2. umr. og hv. fjh.- og viðskn.

Geir Hallgrímsson: Herra forseti. Ég skal ekki lengja umr. um þetta frv. til l. um tollskrá við 1. umr. málsins, en tel rétt að segja samt nokkur orð.

Ég hygg, að eðlilegt og sjálfsagt sé að taka tollskrána til athugunar og endurskoðunar, enda skylt samkv. samningum okkar við EFTA og Efnahagsbandalag Evrópu. Hins vegar fer ekki hjá því, að harma ber, hve seint þetta frv. er á ferðinni, því að það er mjög viðamikið og það fjallar um annað og meira en samningsbundnar lækkanir á tollum, sem fara í kjölfar aðildar Íslands að Fríverslunarsamtökum Evrópu og Efnahagsbandalagi Evrópu. Í þeim efnum er rétt að taka fram, að um ⅔ hlutar tollalækkananna, ef miðað er við tekjumissi ríkissjóðs, eiga rætur sínar að rekja til lækkana gagnvart öðrum löndum á ytri tollum. Síðast þegar

tollskráin var endurskoðuð, eftir aðild Íslands að Fríverslunarsamtökunum í ársbyrjun 1970, var á ferðinni hér mjög mikill bálkur brtt., sem ýmist einstakir þm. fluttu eða n. þingsins í báðum d. Og ljóst er, að ef ætlast er til, að þetta frv. nái fram að ganga fyrir áramót, þá eru ekki skilyrði fyrir því að kanna þetta frv. eins og vera ber. Ég vildi láta þetta koma fram þegar við 1. umr. málsins, um leið og mér finnst eðlilegt, að það sé leitast við að greiða götu þessa frv. eins og unnt er miðað við aðstæður, skilyrði og efni málsins og ekki síst með tilvísun til þeirra hagsmuna, sem iðnaðurinn sem atvinnuvegur hefur af framgangi málsins, af því að hann mun eiga í erfiðari samkeppnisaðstöðu, ef þetta frv. nær ekki fram að ganga og þar með ýmsar tollalækkanir á hráefnum og vélum, sem það inniheldur ná ekki fram að ganga. En ef svo skyldi fara, þá er engu um að kenna öðru en því, hve seint þetta frv. er á ferðinni.

Þá hlýt ég einnig að gera aths. við það, sem fram kom í ræðu hæstv. fjmrh. og sagt er í aths. við frv. þetta, en þar segir, með leyfi forseta:

„Þessum tekjumissi verður að sjálfsögðu að mæta með annarri skattlagningu með hliðsjón af, hvernig sama vanda var mætt við aðild Íslands að EFTA árið 1970. Þykir eðlilegt að mæta tekjumissinum með söluskattshækkun. Því verður að líta á samþykkt þessa frv. sem skuldbindingu um hækkun söluskatts, sem nemur a. m. k. einu söluskattsstigi."

Ég vil taka það fram í tilefni þessara orða í aths. og samhljóða málflutnings hæstv. fjmrh., að ég lít á þetta, sem tvö aðskilin mál, sem skoða ber sitt í hvoru lagi. Við höfum enn ekki séð tekjuáætlun fjárlagafrv., þótt eigi sé nema vika eða styttri tími, þar til gengið skal til atkv. um það við 3. umr. Og því er allsendis ekki tilefni til þess að taka afstöðu til hækkunar söluskatts, þegar af þeirri ástæðu, og ekki í tengslum við þetta frv. um tollskrá.

Ég vil taka það fram, að þótt fyrrv. ríkisstj. hafi farið þessa leið, að mæta tekjumissi vegna setningar nýrrar tollskrár í ársbyrjun 1970 með hækkun söluskatts, og tilkynnt það fyrir fram, þá var það hennar ákvörðun, en skuldbatt ekki einstaka þm. að því er varðaði fylgi við slíka söluskattshækkun, ef þeir hefðu áhuga á því, að endurskoðun tollskrárinnar næði fram að ganga. Ég tel sem sagt, að að þessu leyti sé um algerlega óeðlileg vinnubrögð að ræða, en ítreka, að að svo miklu leyti sem unnt er og aðstæður leyfa tel ég sjálfsagt að greiða fyrir eins hraðri afgreiðslu þessa frv. til l. um tollskrá og mögulegt er.

Jón Árm. Héðinsson: Herra forseti. Ég verð nú að harma það, að hæstv. fjmrh. er ekki viðstaddur þessa umr. Ég ætla að fara nokkrum orðum um frv.

Ég sé á bls. 210 í aths. við lagafrv., að þar er greint frá því, að starfshópur embættismanna, sem fjmrh. fól að undirbúa málið, hafi samið frv. Út af fyrir sig er það eðlilegt, það er svo „tekniskt", að það er ekki á færi annarra manna en sérfróðra að fjalla um það. Erindi hafa verið send til ákveðinna hópa, og þar eru tilnefnd Félag ísl. iðnrekenda, Félag ísl. stórkaupmanna, Samband ísl. samvinnufélaga og Verslunarráð Íslands. Það hefði nú ekkert verið úr vegi að senda erindi t. d. til Landssambands ísl. útvegsmanna og til bændasamtakanna, því að þessir aðilar eru það stórir neytendur af vörum, sem á að breyta hér tollum á, að ég teldi alveg eðlilegt, að þeirra álits hefði verið leitað. Ég man eftir því, að þegar við vorum að vinna í þessu sama máli á sínum tíma hjá fyrrv. ríkisstj., þá höfðu þessir aðilar mjög margt við það frv. að athuga, og mér segir svo hugur um, að þeir vilji gjarnan fá þetta frv. einnig til meðferðar. Það flýtir því alls ekki fyrir afgreiðslu málsins að hafa ekki haft hliðstæð samráð við þessa stóru hagsmunahópa og hina, sem til eru nefndir hér í aths.

Það er eðlilegt, að þessar breytingar komi fram, en ég verð að harma það, hversu seint þær komu fram, þegar aðeins er um vika til vinnu hér á Alþ., og það er nánast útilokað, — það verður að segjast hreinskilnislega, — alveg útilokað að ætlast til þess, að þn. geti farið í gegnum þetta frv. núna, eins og málum er háttað með vinnuálag síðustu daga fyrir jól. Það vita allir hv. þm., að það er raunverulega sama og að leggja málið inn og ætlast til þess, að við réttum strax upp hendurnar með því, því að við getum engan veginn athugað það á þann veg, sem nauðsynlegt er, með þessu móti.

Það er einnig talað um það á bls. 213, að ekki sé hægt að setja fram róttækar till. um breytingar á fjáröflunartollakerfinu, nema samhliða uppstokkun á tekjuöflunarkerfi ríkisins komi fram í heild. Að þessari endurskoðun er nú unnið. Ég veit ekki, hvað þessi endurskoðun er langt komin. Okkur hefur ekki verið gerð nein sérstök grein fyrir því, a. m. k. ekki í stjórnarandstöðunni, og þetta eru auðvitað mál, sem við mundum spyrja rækilega um í nefnd.

Þetta er það stórt mál, að það er útilokað að ætlast til þess, að við getum samþykkt það, sem hæstv. fjmrh. drap á hér og gerð var aths. við af síðasta ræðumanni, eins og segir á bls. 214 og ég þarf ekki að endurtaka, að það eigi að líta á það sem skuldbindingu um hækkun söluskatts, er nemur a. m. k. einu söluskattsstigi, ef við föllumst á tollalækkun. Ég mótmæli svona framsetningu og tel mig geta staðið að tollalækkun í ljósi þeirra staðreynda, sem ræddar voru hér í gær klukkutímum saman, hver aukning hefur átt sér stað á innflutningi landsmanna á þessu ári og gera má ráð fyrir, að hún verði veruleg á næsta ári. Því segi ég, að það liggur ekkert fyrir, hversu ríkissjóður muni tapa í raunverulegum tekjum, þó að við hreyfum tolla nokkuð, enda segir svo hér um áhrif tollalækkana á tekjum ríkissjóðs: „Um áhrif þessara tollalækkana á tekjur ríkissjóðs er ekki hægt að segja til með mikilli nákvæmni." Það er tekið bókstaflega fram í frv. Eins og fram hefur komið, eru ⅔ hlutar þessara tollbreytinga gagnvart öðrum löndum en EFTA, frjálst val um tollahreyfingu. Verður auðvitað hæstv. ríkisstj. að gera sér grein fyrir, hvað hún vill ganga langt í þessu efni, þegar um frjálst val er að ræða. En ætla að segja um okkur hina um leið, að það skuldbindi okkur til að standa að söluskattsbreytingunni, tek ég hreinlega ekki við.

Síðan eru smáaths. þarna, sem óþarfi er kannske að vera að tala um, en ég hnaut t. d. um eitt atriði, sem ég hefði viljað fá a. m. k. embættislega skýringu á, hvers vegna á að fara að hreyfa hestaflatölu vissra aflvéla í þágu sjávarútvegs og landbúnaðar og ýmissa annarra upp á við, þannig að hér er um verri afgreiðslu að ræða en var fyrir þessar starfsgreinar. Það hljóta einhver sérstök rök að liggja til þess, að hér er farið aftur á bak að mínu mati. Ýmislegt fleira smávegis mætti til nefna. En það, sem ég er óánægður með og lýsti yfir á sínum tíma andstöðu við, er sú mismunun, sem á að halda við enn einu sinni í tollum á bifreiðum. Hæstv. fjmrh. hefur enn einu sinni undirstrikað það, að engin leið sé að hjálpa því fólki með mismuninn í skattheimtu, sem vinnur við fiskvinnslu. En það kemur hér fram skýrt og skorinort enn einu sinni, að það sé sjálfsagt að mismuna mönnum í sambandi við bifreiðainnflutning. Ég segi það sem mína persónulegu skoðun, að allar fólksflutningabifreiðar á Íslandi eigi að vera í sama tollflokki. Það má svo deila um það, hversu hár tollflokkurinn á að vera. En að gefa stórum hópi manna möguleika á því að hafa bifreiðarnar í mismunandi tollflokki, hafa flókið kerfi í kringum það, tel ég tilheyra liðinni tíð, og ég vil ekki samþykkja slíkt ákvæði, alls ekki. Það er frjálst val hverjum sem vera skal, hvort hann vill leggja fyrir sig að vera leigubílstjóri eða sendiferðabílstjóri eða eitthvað annað, og hann veit, að hverju hann gengur, og hans taxtar eru settir í samræmi við allan kostnað á bifreiðinni. Ég hef lýst því áður hér úr þessum ræðustóli, að ég tel, að skattar af bifreiðum eigi að vera lægri, en við eigum heldur að taka hærri gjöld í gegnum eyðsluna. Ég vildi þess vegna stuðla að því, að hið gífurlega álag á bifreiðum lækkaði.

Ég vildi aðeins, að þessar aths. kæmu fram, svo að það lægi ljóst fyrir, að ég tel alveg óraunhæft að ætlast til þess, að við getum afgreitt frv., a. m. k. stjórnarandstaðan, nú fyrir jól. En hvað á þá að gera? Ég tel, að hæstv. fjmrh. geti lýst yfir, að fjmrn. sé reiðubúið að endurgreiða tollalækkanir, sem verða kunna á þeim vöruflokkum, sem frv. fjallar um. Innflytjendur á þeim varningi til iðnaðar eða einhverjir aðrir, sem verða að greiða hærri tolla í bili, segjum einn mánuð eða einn og hálfan mánuð, fái þá endurgreidda, þegar hv. Alþ. hefur gengið frá frv. á eðlilegan hátt. Slíkt hefur oft átt sér stað. Það skapar smáskriffinnsku, en ekkert óleysanlegt vandamál. Þetta er gert í sambandi við allar gengisbreytingar og margvíslegar aðrar hreyfingar varðandi innflutning, þannig að þetta er ekkert óleysanlegt vandamál. Það kostar aðeins að leggja inn fé fyrir tollafgreiðslu að óbreyttum tollatöxtum í dag, en þegar frv. hefur fengið eðlilega meðferð, þá væntanlega lækka allmargir tollar okkar, og þá tel ég vel hægt að endurgreiða alveg frá áramótum til þess að leysa þennan vanda. Ég tel það ekkert sérstakt vandamál.

Heilbr.- og trmrh. (Magnús Kjartansson): Herra forseti. Aðeins örfá orð. Ég hef ekki fylgst með umr. hér í hv. þd. um þetta mál. Ég heyrði bara mál hv. síðasta ræðumanns, sem taldi, að það væri ekki unnt að afgreiða þetta mál fyrir jólaleyfi. Ég teldi það ákaflega illa farið, ef ekki reyndist unnt að afgreiða þetta mál fyrir jólaleyfi. Eins og hv. þm. vita, lækka tollar á innfluttum iðnvarningi sjálfkrafa núna um næstu áramót, og ég tel, að það væri ákaflega alvarlegt mál, ef íslenskur iðnaður yrði að búa við það að vera með óbreytta tolla á sínum aðföngum í — ja, við skulum segja — tvo mánuði þar á eftir. Það er reynsla af þessari hugmynd, sem hv. þm. minntist á, að endurgreiða, og sú reynsla er alveg afleit, að því er iðnrekendur tjá mér. Þeir segja, að þessu hafi fylgt mikil skriffinnska og mikil vandkvæði, og þeir telja, að þeir hafi ekki fengið endurgreidda þá fjármuni, sem þeir hafi raunverulega átt rétt á. Ég tel, að hér sé um að ræða ákaflega mikið hagsmunamál fyrir íslenskan iðnað, og ég vil fyrir mitt leyti óska þess mjög eindregið, að hv. þm. freisti þess að afgreiða málið fyrir jól.

Ég skil ákaflega vel þá gagnrýni, sem fram kemur, að þetta mál skuli koma hér fyrir svona seint. Það er nánast ofætlun að ætlast til þess, að þm. afgreiði mál af þessu tagi á svona stuttum tíma. En ég vildi mælast til þess samt, að menn hafi í huga hagsmuni þessa atvinnuvegar. Ég tel, að það væri ákaflega mikið áfall fyrir hann, ef ekki væri hægt að leysa þennan vanda. Þarna geta verið ýmis smærri álitamál, eins og hv. þm. minntist á, en ég vona, að menn líti fram hjá slíkum smærri ágreiningsefnum til þess að láta þau engan veginn torvelda það, að hægt sé að framkvæma þessa breytingu, sem ég hygg, að menn séu almennt sammála um.

Það hefur einnig verið almennt viðhorf allra flokka, að þegar þær tollabreytingar, sem fylgdu samningunum við EFTA, kæmu til framkvæmda, yrði skerðingin á tekjum ríkissjóðs tekin í formi söluskatts. Um þetta hefur ekki verið ágreiningur á milli hv. þm.

Að öðru leyti vil ég ekki orðlengja um þetta, en aðeins bera fram þá ósk, að þm. íhugi gaumgæfilega, hvort þeir sjái sér ekki fært að leysa málið fyrir jól, séð frá hagsmunum íslensks iðnaðar.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 13 shlj. atkv. og til fjh.- og viðskn. með 13 shlj. atkv.

Þörungavinnsla við Breiðafjörð, frv. (þskj. 119, n. 231, 228). — Frh. 2. umr.

Þorv. Garðar Kristjánsson: Herra forseti. Við 1. umr. þessa máls flutti hæstv. iðnmrh. ítarlega ræðu fyrir þessu frv. Nú hefur frv. verið í n., og hv. frsm. 1. þm. Vestf. hefur haldið enn ítarlegri ræðu um þetta mál. Hann hefur flutt yfirlitserindi um málið, og það er þriðja eða fjórða yfirlitsræðan, sem hann heldur um þetta mál á þessu ári. Það er ákaflega ánægjulegt að hlýða á hv. 1. þm. Vestf. Ég geri ráð fyrir því, að hv. þdm. njóti þessara ræðuhalda, og það er nokkur söknuður í mínum huga að sjá fram á það, að nú fær maður ekki áfram þessar ræður með

vissu millibili, ef þessu máli verður nú hrundið í framkvæmd.

En það er hins vegar höfuðánægjuefnið, að nú er svo komið í þessu máli, sem varðar þörungavinnslu að Reykhólum, að þess er að vænta, að við sjáum fyrir endann á undirbúningi og setningu löggjafar um þetta fyrirtæki, þannig að vonir manna í þessu efni rætist. Og um leið og ég þakka hv. 1. þm. Vestf. fyrir hans ítarlegu ræðu, vil ég leyfa mér að þakka hæstv. iðnrh. fyrir að hafa haldið svo á þessu máli, að til raunverulegra framkvæmda virðist nú vera að koma.

Þetta mál á sér langa sögu, og það er sjaldnast byrjað á upphafi hennar, þegar um þetta mál er rætt. Það er allt frá því 1950, sem menn hafa verið á vissan hátt að undirbúa þetta mál. Þar á einn maður sérstakar þakkir skilið, en það er Sigurður V. Hallsson verkfræðingur, sem tók upp starf, athugun og rannsóknarstarf, til undirbúnings þessu máli þegar um 1950 og hefur haldið því áfram lengst af, þó að aðrir aðilar hafi komið við sögu, sérstaklega á hinum síðari stigum málsins, svo sem Rannsóknaráð ríkisins.

En ég ætla ekki hér að fara að rekja þessa sögu, það er óþarft. Í umr. um frv. að stofnun undirbúningsfélags fyrir þetta fyrirtæki fyrr á þessu ári kom ég nokkuð inn á þetta og ætla ekki að fara að endurtaka það, sem þá var sagt. En ég tel, að það sé mikið fagnaðarefni að þetta frv. er fram komið. Hér er um stórt mál að ræða á mælikvarða þeirra byggðarlaga, sem hlut eiga að máli. Og hér er gert raunhæft átak til þess að sýna vilja í verki til að efla byggðajafnvægi í landinu. Það eru allir að sjálfsögðu sammála um þetta, sammála um mikilvægi málsins, bæði þjóðhagslega og fyrir byggðarlögin í A-Barðastrandarsýslu.

En með því að þetta er svo þýðingarmikið fyrir byggðarlögin í Austur-Barðastrandarsýslu, er það mjög mikilvægt, að framkvæmd þessa máls raski ekki öðrum atvinnuvegum á þessum slóðum, eins og gæti verið hætta á, ef ekki væri gætt allrar varúðar. Þess vegna er hin vistfræðilega athugun svo mikils virði, eins og fram hefur komið, bæði hjá hæstv. ráðh. og hv. frsm. n. Það var ítarlega rætt um þetta atriði á fundum hv. iðnn., og m. a. var árangur þess sá, að í till. n. er gert ráð fyrir viðbót við 7. gr. frv. til þess að tryggja betur þetta atriði. Þar sem hv. frsm. n. hefur vikið að þessu máli, sé ég ekki ástæðu til að fara að lýsa því hér ítarlega. En ég vil leyfa mér að leggja áherslu á þetta með tilliti til þess, að það hafa komið fram vissar efasemdir í héraði í þessu efni. Og í því sambandi vil ég leyfa mér að lesa upp úr áliti hreppsnefndar Flateyjarhrepps, sem sent hefur verið iðnn., en þar segir, með leyfi hæstv. forseta:

„Við mótmælum því, að hugsanleg umhverfisáhrif hafi verið könnuð. Rétt er, að könnun er hafin, en niðurstöður geta ekki verið fengnar, sem hægt er að byggja á.“

Þetta er álit þessara manna, sem gleggst þekkja til staðhátta. Ég vil leyfa mér að vona, að þrátt fyrir þessar efasemdir, að haldið verði áfram athugun á þessu sviði, þannig að það þurfi ekki að óttast, að alvarleg mistök verði gerð í þessu efni. Sú brtt., sem n. gerir við 7. gr., eins og ég áðan vék að, miðar einmitt að því að tryggja þetta enn betur en frv. sjálft gerir ráð fyrir.

Það er í þessu efni eins og öðrum efnum affarasælast að hafa sem best og nánast samráð við heimamenn, og ég vil leyfa mér að vona það og treysta, að við framkvæmd þessa máls verði þess gætt.

Ég sé ekki ástæðu til þess að fjölyrða um brtt. iðnn. Hv. frsm. hefur gert það, og n. stendur öll að þeim brtt. En á þskj. 228 hef ég leyft mér að bera fram sérstaka brtt., og það er till. um það, að 2. gr. frv. orðist svo, með leyfi hæstv. forseta:

Til samvinnu um stofnun eða starfrækslu hlutafélags skv. 1. gr. skal ríkisstj. heimilt að kveðja hvers konar aðila, sem áhuga hafa á málinu, innlenda og erlenda. Þó skal ekki minna en 51% af hlutafé félagsins jafnan vera samtals í eign ríkisins og sveitarfélaganna í A.-Barð. Sveitarfélögunum í A.-Barð. skal standa til boða að kaupa hluta af hlutafjáreign ríkisins með þeim skilmálum, sem ríkisstj. setur. Iðnrh. fer með mál, er snerta eignaraðild ríkisins í hlutafélaginu.“

Hv. frsm. n. vék nokkrum orðum að þessari till. minni, og kvaðst ekki mundu greiða atkv. með henni. En aðalefni till. er það, að í staðinn fyrir að það verði ákveðið, að ríkið eitt eigi minnst 51% af hlutafé félagsins, þá skuli það vera ríkið og sveitarfélögin í A.-Barð., sem sameiginlega eigi minnst 51% af hlutafé félagsins.

Ég tel, að það sé eðlilegt að gera þessa breytingu. Mér þykir það algerlega óeðlilegt, að því skuli vera slegið föstu, að ríkið þurfi að eiga minnst 51% af hlutafé í félaginu. Ef menn hafa í huga, að það sé nauðsynlegt til framgangs þessa máls, að opinberir aðilar eigi meiri hl., og það má auðvitað færa rök fyrir því, þá sýnist mér, að það komi í sama stað niður, hvort þeir opinberu aðilar eru að einhverjum hluta, meiri eða minni, íbúar héraðanna sjálfir eða sveitarfélögin. Ég segi, að það komi í sama stað niður. Raunar er skoðun mín sú, að það væri eðlilegra, að sveitarfélögin ættu sem stærstan hluta af geira hins opinbera af hlutafjáreigninni. Fyrir þessari skoðun má að sjálfsögðu færa mörg rök, en ég skal ekki þreyta hv. þm. með því að vera langorður í þeim efnum. Það er augljóst, hvað ég á við með þessari tillögugerð. Ég tel, að það sé eðlilegt að dreifa valdinu í þessu efni og það sé þeim mun betur farið með valdið, þar sem menn, sem með það fara, hafa meiri staðarþekkingu. Það er nú á síðustu tímum talað mikið um dreifingu valdsins. Það er að sjálfsögðu stefnuskráratriði okkar sjálfstæðismanna. En ég hygg, að það séu ekki margir, sem í orði kveðnu tjá sig ekki fylgjandi þeirri hugsun út af fyrir sig, að það sé eðlilegt að dreifa valdinu. En menn segja, að það sé ekki hægt af ýmsum ástæðum, sem þeir finna til í hvert og eitt skipti. Og það er einmitt þetta, sem hefur skeð í málflutningi hv. frsm. iðnn. Hann segist ekki vilja greiða þessari till. minni atkv., en hann mælti ekki sterklega á móti henni. Af orðum hans mátti raunar með vel-

viljaðri skýringu marka það, að í raun og veru væri hann ekkert á móti þessu. En hann sagði, að þetta mætti athuga, ef aðstæður breyttust, og þá yrði að setja skilyrði fyrir þeirri eignayfirfærslu, sem af þessu leiddi. Þetta er alveg rétt, og þetta er raunar alveg það sama og ég á við með minni till. Ég er ekki að leggja til, að þetta gerist núna á næstunni. Ég er aðeins að leggja til, að frá löggjöf þeirri, sem Alþingi setur um þörungavinnsluna á Reykhólum eða við Breiðafjörð, sé þannig gengið, að það sé hægt að koma þessari breytingu á, ef aðstæður eru fyrir hendi einhvern tíma síðar. Og ég er að vona, að hv. frsm. iðnn., sem fer hér á Alþingi með umboð m. a. þess fólks, sem hér á í hlut í þessum byggðarlögum, ætli ekki að gerast harður andmælandi þess, að það fái þannig beina aðild, ef möguleikar eru á, að þessu fyrirtæki. Og raunar vil ég ekki trúa því, fyrr en ég reyni. Ég vænti þess, að hv. þm. hugsi nú ráð sitt eilítið betur, í von um það, að hann sjái sér fært að greiða atkv. með brtt. minni, þar sem mér virðist, eins og ég sagði áðan, að hann sé efnislega ekki andvígur henni, en telji hana bara ekki tímabæra. En eins og ég hef áður vikið að, tel ég, að það sé misskilningur hjá þessum hv. þm.

Í upphafi þessara orða, sem ég hér mæli, vék ég að þýðingu þessa fyrirtækis fyrir byggðarlögin sjálf. Það er að sjálfsögðu á margvíslegan hátt, sem þessi framkvæmd hefur þýðingu. Hún hefur þýðingu m. a. — og við skulum ekki gera lítið úr því — til að draga úr vissri vantrú, sem verið hefur á undanförnum árum og í lengri tíma á þessum slóðum á því, að hægt væri að sporna við þeirri alvarlegu þróun, sem þessi byggðarlög hafa orðið að þola vegna fólksflutninga. Mér finnst, að við ættum nú, þegar svo myndarleg tilraun er gerð til þess að snúa þróuninni við á þessum slóðum, að gera það djarflega og af fullri einurð og í vitund þess, að það getur komið að því, að þessi byggðarlög eflist, m. a. vegna þessa framtaks, svo að það sé raunhæft að gera ráð fyrir því, að sveitarfélögin sjálf vilji gerast verulegir þátttakendur í þeim atvinnurekstri, sem hér er verið að koma á fót.

Ég tel því, að þessi till. mín sé í fullu samræmi við efni og anda þess frv., sem hér liggur fyrir, og geri mér von um, að hv. þm. sjái það líka.

Frsm. (Steingrímur Hermannsson): Herra forseti. Það virðist hafa farið ákaflega mikið í taugarnar á hv. 5. þm. Vestf., að ég flutti nokkuð ítarlega framsögu um þetta mál. Hún varð nokkuð löng, af því að ég las m. a. mjög athyglisvert álit náttúruverndarráðs, sem ég tel að eigi einmitt mikið erindi í málið, vegna þeirrar áhyggju, sem kemur fram hjá heimamönnum um viss fræðileg atriði þessa máls. Ég tel mikilvægt, að þeir fái að sjá þetta álit, sem við fengum í hendurnar, og því taldi ég eðlilegt, að það yrði í þingskjölum. En ég vil benda hv. þm. á það, að hann þarf lítið að óttast. Hann á áreiðanlega met í leiðinlegum og löngum ræðum í hv. Alþingi. Ég bendi honum á að hafa með sér skeiðklukkuna, næst þegar hann fer upp í ræðustólinn, þá getur hann sannfærst um lengd sinnar ræðu sjálfur.

Um þá brtt., sem hann leggur fram, vil ég aðeins segja þetta: Í flutningi þessarar till. kemur enn einu sinni fram skortur á þekkingu á þessu máli. Honum er ekki kunnugt um, að því er virðist, að heimamenn hafa lagt á það ríka áherslu hvað eftir annað, að meirihlutaeign í fyrirtækinu verði í höndum ríkissjóðs, að þeir treysta því ekki, að þetta fyrirtæki fari ekki að öðrum kosti í hendur á mönnum, sem e. t. v. hafa ekki þeirra hagsmuna að gæta á þessu svæði, sem nauðsynlegt er, ef svona fyrirtæki á að vera rekið með hag svæðisins og íbúa þess fyrir augum. Ég breyti því ekki minni afstöðu. Ég mun fara að vilja heimamanna og standa með frv., eins og það er að þessu leyti, og greiða atkv. gegn till. hv. þm.

Hv. 5. þm. Vestf. taldi, að einum manni væri fyrst og fremst að þakka, að þetta mál væri komið svo langt. Ég skal ekki draga úr því, hann hefur unnið gott starf, en staðreyndin er vitanlega sú, að fjölmargir aðrir menn hafa komið til, og þetta mál væri áreiðanlega enn þá á rannsóknarstigi og langt frá raunveruleikanum, ef svo væri ekki.

Þorv. Garðar Kristjánsson: Herra forseti. Hv. 1. þm. Vestf. sagði, að heimamenn hefðu lagt áherslu á það, að ríkið eigi meiri hluta í fyrirtækinu. Ég veit fullkomlega eins vel og hv. 1. þm. Vestf., hvað heimamenn vilja í þessu efni. En það, sem hann sagði um þetta, breytir í engu því, sem ég legg til með minni brtt. Auðvitað ráða heimamenn því á hverjum tíma, hvort sveitarfélögin gerast aðilar að þessu framleiðslufélagi, þörungavinnslunni, þeir ráða því. Það er enginn ágreiningur um það. Og till. mín breytir engu um það. Hún aðeins opnar möguleika, ef menn vilja í framtíðinni láta sveitarfélögin gerast aðila. Þetta hélt ég, að væri fullkomlega ljóst, og við hv. 1. þm. Vestf. þurfum ekki að deila um svo augljósa hluti sem þessa.

Hann sagði, að það hefði farið í taugarnar á mér, hvað hann hefði haldið langa ræðu. Það var nú síður en svo. Ég þakkaði honum fyrir ræðuna og benti á það, að þetta hefði verið þriðja eða fjórða yfirlitsræðan, sem hann hefði haldið um sama efni á þessu ári, og ég mundi sakna þess, þegar málið væri komið í höfn, því að þá gæti hann ekki haldið þessum ræðuflutningi áfram.

En ég held, að þetta hafi farið í taugarnar á hv. 1. þm. Vestf. sjálfum, því að hann sagði, að ég ætti áreiðanlega met í því að halda langar og leiðinlegar ræður. Nú ætla ég ekkert að fullyrða um það, hver okkar hv. þm. heldur lengri eða leiðinlegri ræður. Ég ætla ekki að gerast dómari í því efni, eins og hv. 1. þm. Vestf. taldi sér óruggara að gera. Ég ætla óhræddur að leggja þetta undir dóm hv. þm. í deildinni.

ATKVGR.

1. gr. samþ. með 16 shlj. atkv.
Brtt. 228 tekin aftur til 3. umr.
— 231,1 samþ. með 16 shlj. atkv.

2. gr., svo breytt, samþ. með 15 shlj. atkv.
Brtt. 231,2 samþ. með 15 shlj. atkv.
3. gr., svo breytt, samþ. með 15 shlj. atkv.
4. gr. samþ. með 15 shlj. atkv.
Brtt. 231,3 (ný 5. gr.) samþ. með 15 shlj. atkv.
Brtt. 231,4 (ný 6. gr.) samþ. með 15 shlj. atkv.
Brtt. 231,5 samþ. með 15 shlj. atkv.
7. gr., svo breytt, samþ. með 15 shlj. atkv.
Brtt. 231,6 (8. gr. falli niður), samþ. með 15 shlj. atkv.
9. gr. (verður 8. gr.) samþ. með 15 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 15 shlj. atkv.

Mat fasteigna, frv. (þskj. 205). — 1. umr.

Fjmrh. (Halldór E. Sigurðsson): Herra forseti. Á þskj. 205 er frv. til l. um skráningu og mat fasteigna. Frv. þetta er unnið nú að síðustu af starfsmönnum í fjmrn., og hefur undirbúningur þess staðið yfir á s. l. vetri. Forsaga þessa máls er þó miklu lengri en þetta, því að fyrir síðustu stjórnarskipti hafði háv. fjmrh. látið undirbúa frv. að fasteignamatsstofnun, og frv. var að miklu leyti unnið þá af prófessor Ármanni Snævarr, núv. hæstaréttardómara, og mönnum frá Sambandi ísl. sveitarfélaga. Frv., sem lá tilbúið, þegar ég tók við þessu starfi í fjmrn., var að ýmsu leyti, bæði að dómi fyrirrennara míns og mínum, ekki æskilegt til þess að verða að lögum, og var í raun og veru allt of mikið kringum það, til þess að okkur sýndist hvorum um sig, að væri hægt að flytja málið.

Haustið 1971 fékk ég nokkuð af þeim mönnum, sem höfðu upphaflega samið frv., ásamt fleirum, til þess að endurskoða frv.-drögin og reyna að vinna að því, að samið yrði nýtt frv. um fasteignamatsstofnun og skráningu fasteigna. Þeir aðilar, sem þá voru til kvaddir, skiluðu og nál. og frv., en við yfirskoðun þess í rn. var ekki talið æskilegt að leggja það fram þá sem frv. að slíkum l., sem þá væri stefnt að, heldur var þá málið tekið enn á ný til vinnslu í rn., og sá ráðuneytisstjórinn, Jón Sigurðsson, að mestu um þá vinnu. Jafnhliða því, sem hann vann að frv., kvaddi hann til bæði sveitarstjórnarmennina og fasteignamatsnefndina, fyrst og fremst formann hennar, Gauk Jörundsson prófessor, og aðra nm. til þess að fjalla um málið með sér. Eftir þá umferð voru enn á ný gerðar á því verulegar breytingar, og ég held, að segja megi, að frv., eins og það liggur fyrir nú, sé nánast vinnsla úr þeim viðtölum og þeim fundum, sem þessir aðilar héldu um þau, þ. e. ráðuneytisstjórinn ásamt fasteignamatsnefndinni.

Frv. felur í sér nokkuð veigamiklar breytingar fr ánúgildandi l. um fasteignamat og fasteignaskráningu, en það eru l. nr. 28 1963. Helstu breytingarnar eru þessar:

1. Í gildandi l. segir, að allsherjarmat fasteigna skuli fara fram á öllu landinu á 15 ára fresti og millimat þess á milli. Með frv. er hins vegar gert ráð fyrir, að mat nýrra fasteigna, breytingar á mati og kærur til hækkunar eða lækkunar séu sífelld starfsemi, og er þannig stefnt að því meginmarkmiði, að skráning fasteigna og verðmætamat sé á hverjum tíma eins nálægt sanni og kostur er. Hér er sem sagt stefnt að því, eins og segir um þetta, að ná því, að skráning fasteigna og verðmætamat nálgist hvort annað eins og kostur er. Þetta getur þýtt það, að fasteignir geta verið bæði hækkaðar og lækkaðar í mati, eftir því, sem við á.

2. Í gildandi l. er meginháttinn, þ. e. ákvörðun um verðmæti fasteigna. Í frv. er hins vegar haldgóð skráning fasteigna og upplýsingar um þær settar á oddinn, eins og reyndar kemur fram í heiti lagafrv., en mat á verðmæti þeirra kemur í annarri röð. Með þessu er stefnt að því, að til sé á einum stað í landinu skrá yfir fasteignir og upplýsingar um þær, þannig að þeir, sem þurfa á slíkum upplýsingum að halda, geti fengið þær hjá þessari stofnun og þær upplýsingar séu haldgóðar og öruggar.

3. Ítarlegt ákvæði er í 3.—5. gr. frv. um það, hvaða upplýsinga skuli aflað um hverja einstaka fasteign. Fæst þar smám saman mjög verðmæt vitneskja um fasteignir í landinu, margfalt meiri en hingað til hefur verið fáanleg. Þetta undirstrikar það, sem ég sagði áðan um skráningu og upplýsingar um fasteignir.

4. Gert er ráð fyrir, að komið verði á fót nýrri ríkisstofnun, Fasteignaskrá. Að vísu er það svo, að Fasteignamatið starfar enn sem veruleg stofnun. Hér er meira um formsatriði að ræða, heldur en að raunverulega sé verið að setja upp nýja stofnun, nema það, að lagafyrirmæli um fasteignamatið, sem starfar nú, eru afar óljós og raunar bundin við fasteignamat á hverjum tíma, þegar heildarmat fer fram.

Fasteignaskrá skal nú yfirtaka verkefni, sem Fasteignamat ríkisins hefur nú með höndum, og auk þess hefur hún víðara starfssvið, einkum að því er varðar skráningu og margs konar upplýsingaöflun um fasteignir. Stofnunin starfar á ábyrgð fjmrn. og undir umsjón þess.

5. Sérstakt ákvæði er um, að Fasteignaskrá skuli starfa sem ráðgefandi n. þeirra aðila, sem nýta eða nýtt geta skráningarverkefnin. Er þannig stuðlað að því, að sjónarmið þessara aðila fái jafnan komist að varðandi viðfangsefni Fasteignaskrár og stefnumótun.

6. Komið verði á fót sérstöku kerfi matsmanna, sem hafi aðsetur í öllum landshlutum og starfi undir stjórn sérstaks matsstjóra. Matsmenn heyri undir Fasteignaskrá, en skuli þó njóta viðtæks sjálfstæðis um matsstörfin, svo sem nánar er kveðið á um í frv. Byggingarfulltrúum er hins vegar ætlað að hafa með höndum söfnun upplýsinga til Fasteignaskrár vegna skrásetningar fasteigna. Þótti rétt að styrkja frekar kerfið, sem fyrir er, þ. e. byggingafulltrúakerfið, til að annast þetta verkefni, heldur en að koma á fót nýju við hlið þess. Hér er horfið að því ráði að hagnýta sér störf byggingafulltrúanna, sem eru í öllum þorpum og kauptúnum og eru meira og minna að færast einnig út um sveitirnar, og verður að telja, að sú þróun muni halda áfram að aukast, og ber því nauðsyn til þess að fela þeim þessi störf, heldur en að fara að breyta þar um og skipa sérstaka nýja fulltrúa.

7. Samkv. gildandi l. skal ráðh. tilnefna menn

til setu í fasteignamatsnefnd. Samkvæmt frv. er skipan n. að því leyti frábrugðin fyrirkomulagi gildandi l., að henni má að nokkru leyti jafna til dómkvaðningar, þar sem ráðherra skal skipa hana úr hópi manna, sem Hæstiréttur tilnefnir.

Nokkur fleiri nýmæli er að finna í frv., en þessi eru hin mikilvægustu. Er þess vænst, að frv. leysi til nokkurrar frambúðar úr þeim hnút, sem málefni fasteignamats hafa verið í um nokkurt skeið. Skráning upplýsinga og mat á fasteignum hefur haft sívaxandi þýðingu fyrir fleiri og fleiri aðila í nútíma þjóðfélagi, ekki einungis í sambandi við skattheimtu og fjármál, heldur einnig í vaxandi mæli í tengslum við önnur atriði, sbr. stjórn málefna opinberra aðila, áætlunargerð, skipulagningu, skipti við einkaaðila o. fl.

Það er því orðið ljóst fyrir allnokkru, að ekki verður til frambúðar byggt á þeim grundvelli, sem núgildandi lög frá 1963 gera ráð fyrir, og ný lagasetning um þetta er orðin aðkallandi. Frv. þetta er að vísu nýsmíði á kerfi, sem hefur ekki verið reynt, en það verður að reyna á það síðar, hvort einhverjar breytingar verða nauðsynlegar, til þess að kerfið skili þeim árangri, sem stefnt er að með því.

Ég hef nú í stuttu máli gert grein fyrir þessu frv., sem er þó þýðingarmikið. Ég tel, að þróunin muni verða sú, að ef tekst að koma þessari stofnun á, svo sem frv gerir ráð fyrir, þá muni það síðar meir þróast í það, að samstarf verði milli hinna opinberu fjárfestingarlánasjóða og skráningarstofnunarinnar um þau atriði, er snúa að lánastarfsemi sjóðanna. Ég tel, að það sé æskilegt, að þróunin verði á þann veg og matsþátturinn verði í samstarfi við slíka aðila, og á þann hátt mætti einnig draga úr kostnaði.

Ég legg svo til, herra forseti, að að lokinni þessari umr. verði frv. vísað til hv. fjh.- og viðskn. og 2. umr.

Steinþór Gestsson: Herra forseti. Ég fagna því, að þetta frv. er hér komið fram. Það hefur um nokkurt skeið verið mönnum fullljóst, að nauðsyn bar til að setja ný lög um skráningu og mat fasteigna. Þetta frv., sem hér er lagt fram, hefur fengið langan undirbúning og verið mikið skoðað og af mörgum mönnum. Eigi að síður er málið það yfirgripsmikið, að ég geri ráð fyrir, að sú n., sem fær það til meðferðar, muni koma til með að eyða í það mikilli vinnu, og ég efast ekki um, að á því verða gerðar breytingar í meðferð hennar.

Það eru örfá smáatriði, sem mig langaði að koma að í byrjun og áður en frv. gengur til nefndar, og er það þá fyrst þar til að nefna, að það eru viss orð, sem notuð eru í frv., sem ég felli mig ekki að fullu við og vildi vekja athygli á.

Í 1. gr. er talað um „véltækjaskrásetningu" allra fasteigna í landinu. Það má vel vera, að þetta sé það, sem nota skal og orðið sé hentugt. Ég þekki véltæk tún og annað því um líkt, en ég hef aldrei heyrt talað um þetta, og ég þarf ugglaust að átta mig á þessu eða hugsa mér það í þessu formi nokkra stund, áður en mér líst á orðið.

Í 2. gr. er getið um greiningu eignar. Þar segir í 1. tölul., að hver sá skiki lands, sem vegna sérgreinds eignar- eða afnotaréttar, hagnýtingar auðkenna eða „landmarka" o. s. frv. Ég hef ekki heldur heyrt þetta orð notað um landamerki á jörðum, og ég sé ekki ástæðu til þessarar nafnbreytingar, nema ég sé bundinn af einhverri mállýsku, það kann að vera. Ég er ekki svo kunnugur víða um land, en í mínu nánasta umhverfi er alltaf talað um landamerki en ekki landmörk. Ég vil aðeins benda á þetta.

Svo eru hér tæknileg orð, sem ryðja sér mjög til rúms í seinni tíð og ég hef ekki fellt mig við. Í 3. gr. er talað um, að skráning á fasteignum skuli fela í sér nýjustu upplýsingar, sem á hverjum tíma eru tiltækar um eftirtalin atriði, sem fasteignina varða, auk nauðsynlegra „greinitalna" hverrar fasteignar. Ég veit ekki vel, hvað þetta er. Í 5. gr. er talað um, að Fasteignaskrá beri að annast gerð og samræmingu hvers konar „greinitalnakerfa", sem notuð eru um fasteignir við skráningu þeirra, þar með talin gerð „staðgreinitölukerfis", sem taki til landsins alls. Ég hef nú ekki lesið frv. gaumgæfilega frá upphafi til enda, en mér sýnist, að slík atriði sem þessi, þó að þau virðist í fljótu bragði vera lítilsverð, þurfi að taka til athugunar og skoðunar.

Þá vil ég nefna það, að mér sýnist fljótt á litið, að það sé vafasamt, hvort nauðsynlegt sé að hafa 3. gr. l. í því formi, sem hún er hér. Þar er talað um skráningu fasteignarinnar og hvaða upplýsingar skuli vera fyrir hendi, og er því ítarlega lýst og í mörgum undirliðum. Ég tel mjög eðlilegt, að það sé skoðað, hvort ekki sé heppilegra að fella þarna niður undirliðina og fella þá heldur aftur inn í reglugerð, sem sett væri um lögin, því að ég sé, að ráð er fyrir því gert, að reglugerð sé sett um þessi lög eins og mörg önnur.

Hér er gert ráð fyrir því, að sett verði upp sérstök stofnun, sem nefnist Fasteignaskrá, og hef ég ekki neitt við það að athuga. Ég þykist sjá það, að fasteignamati, eins og það er orðið nú, verði ekki fyrir komið á sama hátt og gerðist áður, og ég sé ekki betur fljótt á litið en þarna sé eðlilega af stað farið. Og eins og hæstv. ráðh. tók fram, er hér í raun og veru ekki um neitt nýmæli að ræða í þessu efni, heldur aðeins formbreytingu.

Þá vil ég aðeins koma að því, að mér virðist, að ákvæði 9. og 10. gr. stangist á um eitt atriði, eða kannske ekki stangist á, heldur sé þar tvítekning á sama hlutnum. Það er gert ráð fyrir því í 9. gr., að byggingafulltrúar séu ábyrgir fyrir, að Fasteignaskrá berist upplýsingar um lönd og lóðir og breytingar á þeim, svo og um öll mannvirki, sem gerð eru í umdæmi þeirra hvers um sig. Sömuleiðis ber þeim að tilkynna breytingar og eyðingu mannvirkja.

10. gr. byrjar á þessum orðum: „Sveitarstjórnir eru hver í sínu sveitarfélagi ábyrgar fyrir sérstakri endurskoðun á því, að Fasteignaskrá hafi borist upplýsingar um mannvirkjagerð, breytingar á mannvirkjum eða eyðingu þeirra, sbr. 9. gr." Mér sýnist, að gert sé ráð fyrir því, að byggingafulltrúar séu ábyrgir fyrir því, að sveit-

arstjórn standi í stöðu sinni, og að sveitarstjórn sé ábyrg fyrir því, að byggingafulltrúarnir geri skyldu sína. Mér þykir ekki óeðlilegt, að byggingafulltrúarnir séu inni í þessu dæmi, en mér finnst óþarft, að tveir aðilar séu ábyrgir fyrir því, að sami hluturinn berist endurskoðaður til fasteignamatsskrár.

Ég mun ekki hafa þessi orð öllu fleiri um þetta frv. að þessu sinni. Það gefst tími til þess síðar, og ég efast ekki um það, að þegar málið er skoðað betur en enn hefur gefist tóm til, þá komi fleiri atriði til álita.

Í 18. gr. frv. er gert ráð fyrir því, að skipaðir séu sérstakir matsmenn, sem eiga að vinna úr þeim upplýsingum, sem frá byggingafulltrúunum koma. Þeir eiga að vera matsmenn fyrir fasteignamatsnefndina, sem leggur málið svo fyrir yfirfasteignamatsnefnd síðar. Ráðh. getur ákveðið fjölda matsmanna og aðsetur í þessari röð: Í Reykjavík, á Akureyri, Egilsstöðum, Selfossi, Ísafirði, Borgarnesi, Sauðárkróki og í Keflavík. Matsstjóri getur sett matsmenn til starfa hvar sem er á landinu, eftir því sem verkefni falla til. Ég átta mig ekki alveg fyllilega á samhenginu í þessu, en það verður að skoðast nánar í meðförum.

Eins og ég sagði í upphafi, þá fagna ég því, að þetta frv. er hér fram komið. Mér er það ljóst og hefur lengi verið það ljóst, að það er búið að leggja allt of stóra fjármuni í fasteignamat í landinu núna við síðasta mat, til þess að þær upplýsingar megi falla dauðar niður og verði ekki notaðar í samræmdu mati. Samhengi verður að vera í fasteignamatinu frá ári til árs.

Axel Jónsson: Herra forseti. Það er aðeins örstutt ábending til þeirrar n., sem fær þetta mál til meðferðar, hvort n. vildi ekki athuga, að það yrði kveðið svo á, að matsmenn yrðu staðsettir þar, sem skrifstofur landshlutasamtakanna eru. Þetta er eitt af þeim vekefnum, sem falla mjög innan ramma þeirra starfsemi. Án þess að *ég sé að segja*, að það sé nauðsyn á, að reynt sé að koma tengslum á milli, þá held ég þó, að það mundi verða til góðs fyrir framkvæmdina.

Fjmrh. (Halldór E. Sigurðsson): Herra forseti. Ég þakka fyrir þær undirtektir, sem þetta frv. hefur fengið, og fagna því í sjálfu sér, að þetta er komið það langt, því að svo mikilli vinnu er búið að eyða í þetta mál og svo mörgum drögum að frv. er búið að kasta, að tími var nú til kominn, að eitthvað færi að sjást eftir.

Út af því, sem hv. 6. þm. Sunnl., Steinþór Gestsson, sagði hér áðan, um orð, sem er að finna í frv., þá get ég tekið undir það með honum, að þau eru ekki alls kostar að mínu skapi eins og t. d. „landmörk“. Við erum vanir að tala um landamerki, og ég hefði heldur kosið að hafa þann hátt á. En í sjálfu sér hef ég ekki farið yfir þetta mál þannig frá orði til orðs, heldur í sambandi við stefnuna, sem mörkuð er í því. Sumt af þessu eru tækniorð, sem farið er að nota í nútíma véltækni, sem mér er ekki full kunnugt um.

Atriðið um ábyrgð bæði sveitarstjórnar og byggingafulltrúa skil ég þannig, að raunverulega eigi sveitarstjórn að hafa eftirlit með því, að byggingafulltrúarnir standi í stöðu sinni gagnvart fasteignaskráningunni. Tel ég nauðsynlegt, að einhver aðili fylgist með því, og ber þeim þá að láta sveitarstjórnir fylgjast með störfum sínum. Ég skal að vísu játa, að það eru ekki allir byggingafulltrúar, sem heyra undir sveitarstjórnir, og að því leyti getur þetta orðið erfitt í framkvæmd.

Ég lít svo á í sambandi við staðsetningu matsmanna, því að það var á sínum tíma rætt allmikið á milli mín og þeirra, sem unnu að samningu málsins, að það sé hugsað, að þessir menn séu að því leyti hreyfanlegir, að starfssvæði þeirra sé ekki alveg endanlega ákveðið, þannig að það megi kveðja þá til starfa á víðtækara starfssvæði en upphaflega hafði verið hugsað, að þeir hefðu að sinna. Gæti það dálítið farið eftir verkefnum á hverjum stað.

Út af *þeirri ábendingu*, sem hv. þm. Axel Jónsson kom hér með áðan, vil ég segja, að ég tel, að mestu máli skipti, að n. gefi sér góðan tíma til að athuga þetta frv. vel, því að hér er um nýmæli að ræða, sem verulegu máli skiptir, að vel takist til um. Það skiptir mig miklu meira máli heldur en það, hvort einhverjar breytingar verða á frv. eða ekki. Ég hef sem sagt reynt að leggja á það áherslu að ná út úr þessu frv., að það næði þeim tilgangi að skrá fasteignir, svo að upplýsingar um fasteignir væru öruggar og að matið væri sem mest samræmt við það, sem er á hverjum tíma miðað við verðlag, og gera þetta ekki allt of flókið og margbrotið, eins og var galli á upphaflegum hugmyndum, sem fram voru settar. Þess vegna treysti ég hv. n. og hv. d. til þess að vinna að því, sem betur má fara í þessu frv., og það er fjarri mér að hafa nokkra viðkvæmni fyrir því, því að aðalatriðið er, eins og ég sagði, að löggjöfin verði sem best frá hendi Alþingis, þegar afgreiðsla þess máls fer hér fram, sem ég vona, að geti orðið á þessu þingi.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 14 shlj. atkv. og til fjh.- og viðskn. með 15 shlj. atkv.

Seðlabanki Íslands, frv. (þskj. 223). — 1. umr.

Frsm. (Ragnar Arnalds): Herra forseti. Á þskj. 223 flytur fjh.- og viðskn. frv. til l. um breyt. á Seðlabankalögum þess efnis, að Seðlabankinn geti að fengnu samþykki ríkisstj. ákveðið mörk leyfilegs munar stofngengis annars vegar og kaup- og sölugengis hins vegar.

Tildrög að flutningi þessa frv. eru þau, að fjh.- og viðskn. hafði til athugunar brbl., sem gefin voru út 14. júní s. l. og lágu fyrir þinginu til staðfestingar, en í þeim var Seðlabankanum veitt heimild, að fengnu samþykki ríkisstj., til þess að afnema um stundarsakir þau efri mörk, sem gilda um daglega gengisskráningu krónunnar, þannig að bankanum var heimilt að ákveða mörkin hærri en tilgreint er í l. nr. 97 frá 1972.

Þegar n. hafði til athugunar, hvort staðfesta skyldi þessi brbl., kom strax í ljós, að ekki væri það eitt nægilegt, ef ekki ættu að verða breytingar á gengi krónunnar, því að að öllu óbreyttu hefði orðið gengislækkun nú um áramótin, sem numið hefði um 8%, þannig að dollar hefði hækkað í verði úr 83,60 í 90,90 kr.

Þetta stafar af því, að brbl., sem sett voru í sumar, höfðu ekki gildi lengur en til ársloka 1973, samkv. 2. gr. þeirra.

N. hafði samráð við bankastjóra Seðlabankans um mál þetta, og í þeim umr. kom fram sú skoðun, að rétt væri að ákveða nýja skipan þessara mála, þannig að ekki væri hér um bráðabirgðaákvæði að ræða, því að búast mætti við því, að svipað ástand kynni að verða í gjaldeyrismálum heimsins á næstu missirum og verið hefur nú um hríð, og því var ákveðið að taka málið í heild til meðferðar og móta nýja stefnu, og það er gert með flutningi þessa frv.

Með l. nr. 20 frá 16. apríl 1962, um breyt. á l. nr. 10 29. mars 1961, um Seðlabanka Íslands, var ákveðið, að frávik um kaup og sölu gengis frá stofngengi mætti vera allt að 1%. Þessu var breytt í fyrra, þegar gengislækkunin var framkvæmd, og frávik var leyft allt að 2¼%, en flestar þjóðir heims höfðu þá tekið upp frávik að þessu marki með leyfi Alþjóðagjaldeyrissjóðsins.

Með brbl., sem sett voru í sumar, var sem sagt verið að ganga skrefinu lengra, með því að afnema með öllu efri mörkin, og með flutningi og hugsanlegu samþykki þess frv., sem hér liggur fyrir, er þá verið að stíga skrefið fullt út og afnema úr l. þessi mörk, sem verið hafa um daglega gengisskráningu krónunnar.

Eins og fram kemur í grg., hefur n. haft samráð við viðskrh. og bankastjóra Seðlabankans um þessa breytingu. En þar sem stefnubreyting á þessu sviði hlýtur að hafa í för með sér breytingu á Seðlabankalögunum sjálfum, en brbl. snertu þau ekki beint, var talið óhjákvæmilegt að flytja nýtt frv. um þetta efni, og er þá reiknað með, að brbl. sjálf verði eftir í n. og hljóti ekki afgreiðslu, en þessi nýju lög taki gildi 1. janúar 1974.

Með þessa forsögu málsins í huga og þar sem málið er flutt af fjh.- og viðskn., þá er ekki gerð till. um, að málinu sé vísað til n.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 15 shlj. atkv.

Efri deild, 35. fundur.

Fimmtudaginn 13. des., að loknum 34. fundi.

Löndun á loðnu til bræðslu, frv. (þskj. 75). — 3. umr.

Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði samþ. með 14 shlj. atkv.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 14 shlj. atkv. og afgr. til Nd.

Lögheimili, frv. (þskj. 244). — 3. umr.

Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði samþ. með 14 shlj. atkv.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 13 shlj. atkv. og afgr. til Nd.

Seðlabanki Íslands, frv. (þskj. 223). — 2. umr.

Of skammt var liðið frá 1. umr. — Afbrigði samþ. með 14 shlj. atkv.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

1. gr. samþ. með 13 shlj. atkv.
2. gr. samþ. með 16 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 16 shlj. atkv.

Veiting prestakalla, frv. (þskj. 200). — 1. umr.

Frsm. (Ragnar Arnalds): Herra forseti. Það frv., sem hér er til umr. um veitingu prestakalla, var flutt af menntmn. Ed. á s.l. vetri að beiðni hæstv. dómsmrh., en frv. er upphaflega samið og samþ. af Kirkjuþingi. Nú er frv. endurflutt óbreytt eins og það var flutt í fyrra að sérstakri ósk biskups.

Á síðasta þingi var frv. sent víða til umsagnar, og þær umsagnir hafa nú flestar borist. En með hliðsjón af því, hvað frv. kom seint fram á þinginu í fyrra, þarf engan að undra, að það skyldi ekki hljóta þá afgreiðslu, og því þótti rétt að endurflytja það á þessu þingi.

Í fyrra var það skýrt fram tekið af hálfu menntmn., að flutningur fæli ekki á nokkurn hátt í sér, að n. tæki efnislega afstöðu til málsins þar með, heldur hefðu einstakir nm. algerlega óbundnar hendur um afstöðu sína til málsins, og það gildir að sjálfsögðu einnig nú, þegar frv. er flutt í annað sinn.

Um efni frv. þarf ekki að fara mörgum orðum, þar sem það hefur áður verið kynnt hér í þinginu, en höfuðeinkenni og aðalefni frv. er að leggja niður hina almennu prestskosningu. Í stað hennar er fyrirhugað, að sóknarnefndir hafi heimild til þess að kalla prest, eins og það er nefnt, til embættis, ef ¾ hlutar sóknarnefndarmanna og safnaðarfulltrúa eru sammála um val lögmæts prests eða guðfræðings, og þá eiga þeir rétt á því að fá hann skipaðan í embættið, þ. e. a. s. án þess að embættið hafi verið auglýst.

Annar möguleikinn er sá, að kjör fari fram, og þá eru það fyrrnefndir aðilar, sem það annast. Ef umsækjandi fær ⅔ hluta greiddra atkvæða, er kosning talin lögmæt, en ella gerir biskup till. um tvo umsækjendur í þeirri röð, sem hann metur, og skal ráðh. skipa annan hvorn. — Þetta er sem sagt aðalefni frv.

Að sjálfsögðu liggur í augum uppi, að skipun presta í embætti má haga á ýmsa vegu. Það er í fyrsta lagi hægt að halda skipulaginu óbreyttu eins og það er, að kosning fari fram og síðan skipun. Einnig er hugsanlegt, að sé kosning undanfari að skipun prests í embætti, þá verði hún tímabundin og skipunin þá um leið, þannig að prestskosningar þurfi að fara fram með ákveðnu millibili, eins og yfirleitt er, þegar um slíkt skipulag er að ræða. Annar möguleikinn er sá, sem hér er nefndur, þ. e. a. s. að sóknarnefndir og safnaðarfulltrúar fái valdið í sínar hendur. Og þriðji möguleikinn er að sjálfsögðu sá, að prestar séu skipaðir til starfa sinna með nákvæmlega sama hætti og aðrir embættismenn ríkisins.

Eins og ég hef þegar tekið fram, flytur menntmn. þetta frv. án þess að hafa tekið nokkra efnislega afstöðu til málsins og mun að sjálfsögðu skoða alla þá möguleika, sem ég hef nefnt, og aðra þá, sem kunna að vera fyrir hendi, þegar hún síðan fær málið til meðferðar öðru sinni, og hafa þá um leið hliðsjón af þeim umsögnum, sem borist hafa.

Ég vil leyfa mér, herra forseti, að leggja til, að frv. verði að lokinni þessari umr. vísað til menntmn.

Axel Jónsson: Herra forseti. Ég vil nota tækifærið nú strax við 1. umr. þessa máls til að koma þeirri skoðun minni á framfæri, að ég er algerlega andvígur því, sem hér er lagt til.

Í þeim kaupstað, sem ég á heima, veit ég, að báðar sóknarnefndir og safnaðarfulltrúar hafa komið saman til fundar til að ræða þetta mál, og í þeim söfnuði, sem ég er safnaðarfulltrúi í, var það einnig gert á safnaðarfundi, og þar var ekki ein einasta rödd, sem heyrðist meðmælt þeirri skipan, sem hér er lögð til. Ég tel, að það sé nokkurt atriði, hvað söfnuðirnir sjálfir vilja í þessu efni. Mér er hins vegar fullkunnugt um það, að prestastéttin er mikið til einhuga um að leggja til þær breytingar, sem hér liggja fyrir. En það hefur kannske ekki verulega heyrst enn þá frá söfnuðunum sjálfum, og er það verr, að svo skuli vera, en ég sé mig knúinn til þess að koma á framfæri þessari skoðun safnaðanna í Kópavogi.

Ef færð verða fram fullgild rök fyrir því, að núv. skipan sé óæskileg, — ég hef hins vegar ekki séð nein rök, sem sannfæra mig í því efni, — þá tel ég þessa leið þó enn fráleitari. Ég hef heyrt, að prestskosningar væru óæskilegar, það væri óæskilegt, að þeir einir embættismanna væru kosnir, og að prestskosningum fylgi stundum viss sundrung og leiðindi, sem taki kannske nokkurn tíma að græða yfir. Ef þetta er rétt, þá tel ég fráleitt að flytja þessa kosningu inn í söfnuðinum og skapa þá hugsanlega sundrung og úlfúð um kosningu safnaðarstjórnar og safnaðarfulltrúa. Og í nágrenni við okkur, þ. e. í Danmörku, þar sem þessi háttur er, þá er svo komið, að kosningar safnaðarnefnda og safnaðarfulltrúa eru hápólitískar. Ég tel það ekki verða til neinna bóta fyrir skipan þessara mála að innleiða slíkt inn í safnaðarstarfið á Íslandi.

Það má vel vera, að það yrði of mikið tilfinningamál að leggja niður prestskosningar og hverfa til þess forms, sem er um aðra embættismenn. Ég minni á, að það tók alllangan tíma á sínni tíð að ná fram þeirri skipan, sem nú er verið að leggja til samkv. þessu frv. að afnema. Þá þótti það mjög mikið framfaraspor, þegar prestskosningar voru í lög leiddar og það tekið að verulegu leyti, — að verulegu leyti, segi ég, — úr höndum veitingavaldsins. Það getur verið, að nú hafi söfnuðirnir á þessu aðra skoðun en þá var. Svo mikið er víst, að að einhverju leyti hafa kannske prestarnir aðra skoðun á því í dag en var fyrir nokkrum áratugum. En ef þarna á að gera breytingu frá því, sem nú ríkir í þessu efni, þá vil ég eindregið vara við þeirri hættu, sem felst í því að stofna til óæskilegra kosninga á þessum trúnaðarmönnum safnaðanna, þ. e. a. s. að koma því þannig fyrir eins og hér er lagt til, að 4 menn í hverjum söfnuði, 5 eða í hæsta lagi 6 skuli eiga að verða hinir svokölluðu kjörmenn um prestinn. Það þýðir það í framkvæmd fljótlega, að það verður stofnað til hörkukosninga um val á þessum trúnaðarmönnum safnaðanna. Þess vegna endurtek ég, herra forseti, að ef það eru rökin fyrir nauðsyn þess að breyta til frá því, sem nú er, að prestskosningunum fylgi vissir erfiðleikar, þá verði umfram allt ekki farið að leiða þá, ég vil segja á enn víðara svið inn í söfnuðina. Ég legg því eindregið til, að þetta frv. nái ekki fram að ganga.

Helgi F. Seljan: Herra forseti. Það eru aðeins örfá orð út af því frv., sem hér liggur fyrir.

Í fyrsta lagi vil ég lýsa því yfir strax, að ég er þessu frv. algerlega andvígur. Það stafar ekki af neinum sérstökum kristilegum áhuga reyndar, en ég veit, að trúmál eru allra mála viðkvæmust engu að síður hjá fólki, og breytingar allar varðandi það, að fólk velji sér sálusorgara, eru áreiðanlega mjög viðkvæmar, og þarf þar að hafa fulla aðgát.

Ég tel, að með þessu frv. sé of mikið vald fært til of fárra manna í hinum einstöku prestaköllum. Ég er alveg sannfærður um, að það er hæpið, að það dragi úr ýmsum slæmum áhrifum, sem sagt er, að prestskosningar hafi. Ég held, að það færi þá bara aðeins meira á bak við tjöldin, og eins og hv. síðasti ræðumaður benti á, það yrði þá bara enn meiri harka í sambandi við það að kjósa í þessi embætti. Þó að ótrúlegt sé, hef ég sjálfur verið sóknarnefndarformaður og meira að segja meðhjálpari, en það segi ég hiklaust, að ekki hefði ég viljað fá það vald, sem þarna er verið að færa inn til þessara trúnaðarmanna í prestaköllunum. Ég hefði alls ekki viljað fá það vald og þurfa þar úr að skera, og ég efast um, að aðrir vilji fá það vald. Því held ég, að frelsi í þessum efnum til þess að velja fyrir fjöldann sé í raun og veru það eina rétta, þrátt fyrir þá ágalla, sem þar eru á.

Enn fráleitara þætti mér, að ekki þyrfti að auglýsa sérstaklega þessi prestaköll. Það væri enn fráleitara að mínu viti að auka vald biskups t. d. frá því, sem nú er. Við vitum t. d., að innan kirkjunnar eru vissulega stríðandi stefnur: annars vegar stefna þeirra, sem eru frjálslyndir í þessum málum, og hins vegar stefna hinna þröngsýnu, og vel gæti svo farið, að ef biskupi, sem

fylgdi annarri hvorri þessari stefnu, yrði fengið of mikið vald, þótt kristilegur væri, gæti hann á einhvern hátt misnotað það.

Ég hef orðið var við, að það er nokkuð um það nú í hinum einstöku prestaköllum, að prestar eða guðfræðingar eru settir til að gegna þeim og að nokkrum tíma liðnum fer fram kosning í prestaköllunum. Það er yfirleitt svo, að þá er enginn annar maður í framboði þar. Menn kunna kannske ekki við það í mörgum þessara héraða að bjóða sig fram gegn þeim manni, sem hefur gegnt prestakallinu um tíma. Ekki veit ég, hvað þessu veldur, en ég held, að þarna sé einnig um óæskilega þróun að ræða, og hygg, að þarna sé einhverju um að kenna vilja kirkjuyfirvalda til þess að hafa meiri áhrif á þessi mál en æskilegt er.

Ég vil því hiklaust taka áhættuna af göllum prestskosninganna. Ég veit, að þeir eru ýmsir, eins og reyndar ágallar allra kosninga, og mér finnst ekki sérstök ástæða til þess að vera með neina frekari viðkvæmni gagnvart þeim göllum, sem þar eru, gagnvart prestum, heldur en gagnvart okkur alþm. Ég álít sem sagt, að kostirnir séu fleiri þrátt fyrir allt, og ég mun því mæla hiklaust með óbreyttu fyrirkomulagi.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 13 shlj. atkv., og til menntmn. með 13 shlj. atkv.

Neðri deild, 40. fundur.

Fimmtudaginn 13. des., að loknum fundi í sameinuðu þingi.

Sjálfskuldarábyrgð á lánum til kaupa á fiskiskipum og ferjuskipi, frv. (þskj. 198). — 1. umr.

Björn Pálsson: Herra forseti. Ég gerði ráð fyrir því, að það yrði framsaga um svo þýðingarmikið mál, það yrði skýrt fyrir okkur efni málsins. Það er bætt við þessa till. hér: „Ríkisstj. er heimilt, gegn tryggingum, sem hún metur gildar, að veita sjálfskuldarábyrgð fyrir allt að 80% af kaupverði ferjuskips til siglinga milli Akraness og Reykjavíkur.“ Þetta mál hefur ekkert verið rætt og ekkert skýrt. Ég hef fengið upplýsingar um þetta á skotspónum, aðallega frá vini okkar, Guðjóni, sem hefur með þennan skiparekstur að gera og á að hafa töluvert vit á þessu, og Guðjóni líst ekkert á þetta.

Við höfum rætt í samgn. um þetta skip, sem gengur á milli Akraness og Reykjavíkur. Satt að segja er ég og hef verið frekar á móti styrk til rekstrar á því skipi. Ég sé ekki annað en þeir hafi betri aðstöðu til þess að fara hér á milli en flestir aðrir landsmenn. Svo er verið að borga 6—7 milj. kr. styrk árlega með þessu skipi. Það er m. ö. o. bara verið að borga vissan hluta af fargjaldi þeirra. Ég sé ekki annað en við í Húnavatnssýslunni verðum að fara fram á það að fá einhvern sérstakan hluta af því, sem við borgum fyrir sætin í bílunum, til þess að létta undir með okkur. Það er alveg sama sanngirni.

Nú er gert ráð fyrir að bæta veginn upp eftir. Það er þegar búið að steypa hann upp í Kollafjörð, það er verið að tala um að gera betri leið fyrir Hvalfjörð og jafnvel stytta þá leið eitthvað. Vitanlega er ekki nema á annan klukkutíma verið að renna frá Akranesi. Fyrir þá, sem koma að norðan á bílum og vestan, þá þurfa þeir að fara krók ofan á Akranes, ef úr þessum ferjukaupum verður, basl við að koma bílum í skip og úr skipi, og ég held, að verði meiri tímatöf að því heldur en að renna alla leið.

Viðvíkjandi rekstrinum á þessu skipi, þá liggur engin áætlun fyrir af viti, eftir því sem Guðjón segir. Hann segir t. d., að olíueyðslan hafi verið ætluð svipuð og á Akraborg, þó að vélaorkan sé tvöföld. Þessi áætlun er öll út í loftið. Svo segir hann, að þurfi stórlega að breyta hafnarskilyrðum, bæði uppskipunaraðstöðu og framskipunar, til þess hægt sé að nota þetta skip. Það er allt annað með skip milli Vestmannaeyja og meginlandsins, þeir hafa enga möguleika aðra. Svo eru þeir að fá flugvöll á Akranes. Þeir geta ferðast í lofti, og þeir geta ferðast eftir veginum, og er þá nokkur ástæða til þess að fara að kaupa skip fyrir á annað hundrað millj. til þess að flytja bílana þeirra á milli?

Nú kæmi okkur þetta ekkert við, ef þeir ætluðu að borga þetta allt saman sjálfir. Það liggur bara alls ekki fyrir. Og fyrst þeir þurftu að fá styrk til þess að reka sína Akraborg, nokkrar millj. á ári, er þá nokkuð óeðlilegt, þótt þeir færu fram á töluvert hærri styrk til þess að reka þetta skip til þess að flytja bílana á milli?

Annars er farið að ganga of langt eyðslusemin hjá okkur Íslendingum. Við eyðum um það bil einum milljarði á ári í ferðalög til annarra landa, og svo þykjumst við ekki geta ferðast á milli Akraness og Reykjavíkur nema kaupa ferju, sem getur flutt fólkið og bílana, og hún kostar á annað hundrað millj. kr., að mér skilst, og hver ætli rekstrarkostnaðurinn verði. Þetta er bara að eyða peningum í vitleysu. Við megum gæta þess, þegar verið er að samþykkja hér fjárlög, sem eru hærri en nokkurn tíma hefur áður þekkst. Það er hægt að lækka framlag til verklegra framkvæmda, en það er ekki hægt að gera neinar verulegar breytingar nema með lagabreytingum. Á hverju einasta þingi erum við að samþykkja einhver lög, sem útheimta meiri greiðslur. Það var verið að taka dagheimili barna inn á fjárlög, samþ. lög um það í fyrra, að ég ætla. Nú er 70—80 millj. varið til þess. Þetta er afleiðing af þeirri lagasmíð. Það má deila um, hvort ríkið eigi að greiða þetta eða bæjarfélögin. Er ekki miklu eðlilegra, að hvert bæjarfélag sjái um sín dagheimili, því að það er ekki öll þjóðin, sem nýtur góðs af þessu. Þetta er sérmál bæjarfélaganna að miklu leyti. Það er ekki nóg að tala um, að fjárlög hækki, og deila á það. Við megum ekki samþykkja lög, sem valda því.

Eins og ég tók fram áðan, skiptir þetta okkur ekki máli, ef Akranes ætlaði að sjá um þetta. Við vitum, að með Akraborginni eru svo til eingöngu farþegaflutningar. Borgarnes notar t. d. alls ekki Akraborgina, það er allt flutt þaðan á bílum. Hvi geta Akurnesingar ekki notað veg-

inn alveg eins og Borgnesingar, miklu skemmri leið? Ég held, að þarna sé verið að gera fjármálalega glópsku. Það má vera, að það hafi verið gert á fleiri sviðum, það sé búið að kaupa of mörg fiskiskip o. s. frv. En hitt gefur auga leið, að fiskiskipin skapa þó verðmæti, og þó að þau séu e. t. v. rekin með halla, þá getur það verið til hagnaðar fyrir þjóðarheildina og viðkomandi bæjarfélag, að skipið sé rekið. En þetta skapar aðeins eyðslu, því að tímasparnaðurinn er ákaflega lítill. Ég vildi heldur fara með minn bíl eftir veginum en hætta á í misjöfnum veðrum að fara með hann út í skip. Það gæti verið, að hann skemmdist þar. Mér þætti vissara að aka honum sjálfur hér á milli. Annars er það náttúrlega mál Akurnesinga. Við verðum að bera ábyrgð á okkar gerðum, og þó að enginn annar greiði atkv. á móti þessu, þá ætla ég að gera það. Ég ætla ekki að samþykkja svona vitleysu.

Svo liggur ekkert fyrir um, hvort skipið er hentugt eða ekki. Hví eru Norðmenn að selja skipið? Guðjón forstjóri Ríkisskips er ákaflega kritiskur út í þetta. Náttúrlega er hann ekki alvitur, það er fjarri því. En ég held, að þarna sé ekki sérstök ráðdeild á ferðinni. Ég get ekki séð, hvað óskaplega Akurnesingum liggur á að ferðast til Reykjavíkur meira en öðrum mönnum. Geta ekki Keflvíkingar og Hafnfirðingar farið að finna upp á því að vilja ferðast hér á einhverri lystisnekkju á milli og láta borga hluta af kosnaðinum? Það eiga engir hægara með að fara hér á milli en Akurnesingar. Það lagaðist reksturinn á Akraborginni í fyrra. Ég fór upp í rn. tvisvar eða þrisvar og talaði bæði við starfsmenn rn. og Hannibal Valdimarsson um, hvað væri vitlaust að hafa fargjöldin svona lág og greiða jafnmikið með bátnum og gert var. Það varð til þess, að hann hækkaði fargjöldin um 50%, svo að hann bar sig nú betur. Annars hefði orðið að stórhækka framlögin til hans. Það hefðu orðið 10 millj. á ári, ef ekki hefðu verið hækkuð fargjöldin. Má vera, að það hefði átt að hækka þau enn meir. En það liggur ekkert fyrir um, að þetta skip muni bera sig.

Þessu er blandað saman við ábyrgð fyrir fiskiskip. Ég held, að ríkisstj. ákveði alla hluti og við séum að verða afgreiðslustofnun fyrir ríkisstj. Það má mikið vera, ef ekki er búið að kaupa þetta skip. Ég fullyrði ekkert um það, en mér hefur skilist, að það sé nokkurn veginn afgert. Það var hér stór ábyrgðarheimild á ferðinni um daginn. Nú er hér önnur. Það er komið og óskað eftir ábyrgð hjá okkur, þegar búið er að gera hlutina. Við erum bara að verða eins og afgreiðslustofnun, og við eigum að greiða atkv. með öllu, hvað vitlaust sem það er. Við skulum fara að athuga, hvað er verið að gera. Það má ekki minna vera en okkur sé tilkynnt í tíma, það sé ekki búið að afgera hlutina, þegar við eigum að samþykkja þá, þannig að ég ætla ekkert að vera að greiða atkv. með þessu og mitt álit er, að þetta sé tóm vitleysa og alveg ástæðulaust.

Það eru miklu meiri vandamál, sem kalla að á öðrum stöðum á landinu. Ég ætla ekki að bera neinn fyrir því með nöfnum, mér var sagt það í fyrra, að Akurnesingar væru aðallega að fara hingað til að horfa á íþróttir og færu þá í stórhópum á skipinu og hefðu það huggulegt. Ég sé ekki, að það sé nokkur meiri ástæða til þess að fara að borga fyrir Akurnesinga, ef þeir ætla að fara að horfa á einhverjar íþróttir, heldur en fyrir aðra landsmenn, það sé alveg ástæðulaust. Þeir geta ferðast á sinn kostnað, alveg eins og þeim sýnist. En að fara að borga með slíku, til þess sé ég enga ástæðu. Akraborgin er e. t. v. ekki sérstaklega hentugt farartæki. En það hafa verið smámunir að styðja við bakið á þeim rekstri í samanburði við það, sem verður með þetta skip.

Ég skal svo ekki fjölyrða um þetta meir, en við skulum gæta að því hér á Alþ. að vera ekki alltaf að samþykkja eitthvað, sem verður til þess að stórauka ríkisútgjöldin. Ætli það verði ekki heldur seint, sem þeir borga allan stofnkostnaðinn, Akurnesingar? Þeir eru þá eitthvað rausnarlegri en þeir voru með Akraborgina.

Það var hér mál fyrir tveimur eða þremur dögum, sem forsrh. flutti, það var um umboðsmann Alþingis. Það er nú þannig, að ef einhver heyrir einhverja vitleysu í nágrannalöndum okkar, þá hleypur einhver þm. til og kemur með þáltill. um, að við eigum nú að fara að hafa það eins. Það hörmulega skeði, að það var nú vinur minn, Pétur Sigurðsson, sem með þáltill. fyrir einu eða tveimur árum um að búa til þennan umboðsmann. Þetta er ein vitleysan. Úr því að Danir, Svíar og Norðmenn hafi einhvern umboðsmann, þá eigum við, 200 þús. hræður, líka að fara að hafa umboðsmann. Forsrh. var það vitur, því að hann er vitur, sem betur fer, að hann óskaði eftir því, að þessu væri ekkert hraðað, sem ég skildi þannig, að hann óskaði helst eftir því, að þetta yrði ekkert samþykkt. En af hlýðni við þessa vitleysisþál. hefur ríkisstj. samt komið með þetta. Ég vona, að það verði svæft, eins og mér skildist, að forsrh. óskaði eftir.

Við megum gæta þess að vera ekki alltaf að samþykkja einhverja vitleysu, koma svo, þegar afleiðingarnar eru komnar af þessum samþykktum okkar, og rífast út af því, að fjárl. séu of há, því að það er ekki hægt að skamma fjmrh. eða ríkisstj. fyrir það, þó að hún fari eftir þeim lögum, sem við erum búnir að samþykkja.

Ég hef ekki fengið miklar upplýsingar um þetta skip, en mér líst ekkert á þennan rekstur, og ég held, að það verði ekki til þess að lækka fjárl. að kaupa þessa ferju.

Matthías Bjarnason: Herra forseti. Þetta frv., sem liggur hér fyrir um heimild fyrir ríkisstj. að veita sjálfskuldarábyrgð á lánum til kaupa á 10 fiskiskipum yfir 300 lestir, eins og það hélt upprunalega, var lagt fyrir Ed., og mun sá háttur hafa verið hafður á, að frv. hafi verið rætt innan þingflokkanna og samkomulag fengist um afgreiðslu þess máls. Ég ætla því ekki að gera upphaflega frv. að umræðuefni, vegna þess að maður lítur á það sem afgreitt mál með samþykki þingflokkanna, að þetta frv. fari í gegn. Hitt finnst mér skjóta skökku við, þegar það er farið að endurtaka sig hvað eftir annað, að þegar frv. eru komin til n., þá er ríkisstj. eða einstakir ráðh. að gera á þeim stórvægilegar

breytingar og læða inn í frv. algerlega óskyldum málum, sem engan veginn eiga þar heima. Það er aðeins eitt, sem er skylt með upprunalega frv. og þeirri till., sem fjh.- og viðskn. Ed. tekur inn, að ríkisábyrgðin er 80%. Annað er ekkert skylt með þessu. Ég hefði talið, að þetta mál hefði átt að flytja í sérstöku, sjálfstæðu frv. um það að heimila ríkisstj. að ábyrgjast 80% af kaupverði ferjuskips til siglinga milli Akraness og Reykjavíkur, en það eigi engan veginn heima sambandi við sjálfskuldarábyrgð á lánum til kaupa á 10 fiskiskipum yfir 300 lestir. Mér finnst það vera regluleg grautargerð í lagasmíð, sem verið er með þessum hætti að taka upp.

Þá vil ég einnig segja, að þegar þetta mál kemur hér fyrir til 1. umr. í hv. þd., þá á málið að fara umræðulaust og algerlega skýringalaust til n., vegna þess að það fylgir því enginn ráðh. úr hlaði. Hvað er það, sem hefur komið fyrir, að ráðh. eða ríkisstj., sem óskar eftir því við fjh.- og viðskn. Ed., að hún geri breytingu á frv., gefi enga skýringu, þegar málið kemur hér fyrir til 1. umr. í hv. þd.? Er þetta svona smávægileg upphæð, sem um er að ræða, að það taki því ekki, að ríkisstj. finnst, að mæla fyrir frv., skýra frá því, hvaða rök liggja á bak við þessa ósk, hvað er hér um að ræða, hvað þetta skip kostar, hvaða rekstraráætlanir liggja fyrir. Það er mjög brýn þörf á því í framhaldi af þessari till. að vita, hvort ríkið ætlar að greiða 75% af stofnkostnaði við þá breytingu, sem verður óhjákvæmilega að gera á afgreiðslu skipsins á báðum stöðum, í Reykjavík og á Akranesi, Reykjavíkurborg ætlar að standa ein undir breytingum og hafnarkostnaði hér í Reykjavík. Liggur þetta fyrir, eða liggur þetta ekki fyrir? Hvað hugsa menn sér í þessu sambandi? Ætlar Akraneskaupstaður að leggja fram alla breytinguna í sambandi við hafnirnar, eða er til þess ætlast, að ríkissjóður greiði 75%.

Þá komum við aftur að því sama, að fjölmargar hafnir á landinu bíða eftir framkvæmdum og verða að bíða nokkur ár eftir nauðsynlegustu framkvæmdum. Er því ástæða til og brýn nauðsyn á því að taka þessa framkvæmd inn, og á að taka hana inn á framkvæmdaáætlunina á næsta ári eða á að taka lán til þeirra framkvæmda á þessu ári eða á skipið ekki að fá, þegar það kemur, aðstöðu til afgreiðslu, þannig að aka megi bílum um borð og í land úr þessari ferju á báðum stöðum.

Ég tel það skyldu þeirra, sem að þessari till. standa, að skýra þetta fyrir hv. þd., um leið og frv. kemur hér til umr. og áður en það fer til n. Ég veit, að n. getur eðlilega spurt um það. En það er vani og góður vani og talin skylda, að flm. fylgi frv. sínum úr hlaði. Flm. geta ekki, ef þeir eru þm., fylgt frv. sínum úr hlaði nema í þeirri d., sem þeir eiga sæti í og flytja frv. í, en ríkisstj. eða ráðh. geta gefið skýringar í báðum d. Og ég spyr: Hvernig stendur á því, að engin skýring er gefin? Hvernig stendur á því, að það er lætt till. inn í frv. um óskylt efni? Svo þegar það kemur hingað til Nd., þá þegir öll ríkisstj. og segir ekki eitt einasta orð. Það er loksins, að einum stjórnarþm. blöskrar þessi vinnubrögð að hann biður um orðið, annars væri frv. komið til n. Ég vil óska þess, að hæstv. forseti kalli á aðstandendur þessarar till. og þeir gefi skýringu, hvernig stendur á henni, og færi fram rök fyrir þessu máli.

Umr. frestað.

Hjúkrunarlög, frv. (þskj. 190). — 1. umr.

Heilbr.- og trmrh. (Magnús Kjartansson): Herra forseti. Þetta frv. hefur þegar hlotið samþ. í Ed. Alþ., og þar virðist ekki vera neinn ágreiningur um efnisatriði þess. Frv. var samið í heilbr.- og trmrn. á s. l. sumri. Aðalástæðan fyrir því, að talið var nauðsynlegt að endurskoða hjúkrunarlögin frá 1962, var sú, að í eldri lög var talið vanta ákvæði um sérnám í hjúkrun og viðurkenningu á slíku sérnámi. Allmargar hjúkrunarkonur hafa farið utan og lagt stund á kennslufræði, spítalastjórn, heilsuvernd og geðhjúkrunarfræði, en í þessum greinum öllum er engin kennsla hér á landi. Þetta er yfirleitt 1—2 ára nám, og hafa hjúkrunarkonurnar flestar stundað það annars staðar á Norðurlöndum og einnig í Bretlandi. Aftur á móti hafa stærstu sjúkrahúsin hérlendis boðið upp á sérnám í röntgenfræðum, svæfingafræðum og hjúkrun á skurðdeildum. Það nám þyrfti að auka og samræma og bæta síðan við fleiri sérgreinum innan hjúkrunar. Má þar nefna hjúkrun á barnadeildum, lyflækninga- og handlækningadeildum. Nauðsynlegt er að gera ákveðnar kröfur um námsefni og námstíma allra þessara hópa og veita þeim viðurkenningu að námi loknu. Þá þykir rétt, að hjúkrunarleyfi séu veitt af rn. Nú eru hjúkrunarskólarnir orðnir tveir og auk þeirra komin námsbraut í hjúkrunarfræðum við Háskóla Íslands. Þarna þarf því að koma til samræming við leyfisveitingu til annarra heilbrigðisstétta.

Sérstök n., þar sem heilbrrn. á að eiga einn fulltrúa, menntmrn. annan og Hjúkrunarfélag Íslands þann þriðja, á að fjalla um hjúkrunarleyfi samkv. frv. Sú n. mun einnig fjalla um viðurkenningu á sérnámi hjúkrunarkvenna, og getur Hjúkrunarfélagið nefnt tvær sérfróðar hjúkrunarkonur, sem vinna með n. hverju sinni, t. d. heilsuverndarhjúkrunarkonur, röntgenhjúkrunarkonur o. s. frv.

Þetta er meginefnið í þessu litla frv., sem ég vona, að hljóti eins góðar undirtektir hér í Nd. og það hefur fengið í Ed.

Ég legg svo til, herra forseti, að frv. verði að lokinni 1. umr. vísað til 2. umr. og hv. heilbr.- og trn.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 21 shlj. atkv. og til heilbr.- og trn. með 23 shlj. atkv.

Sjálfskuldarábyrgð á lánum til kaupa á fiskiskipum og ferjuskipi, frv. (þskj. 198). — Frh. 1. umr.

Benedikt Gröndal: Herra forseti. Ég get tekið undir það með tveimur ræðumönnum, sem talað hafa í þessu máli, að það er að sjálfsögðu æski-

legt, að hæstv. ráðh. hafi framsögu fyrir því og skýri það á venjulegan hátt, og vona ég, að hann hafi tíma til, þó að hann hafi um önnur stórmál að hugsa í dag.

Þeir tveir hv. þm., sem talað hafa, hafa sérstaklega gagnrýnt það atriði, sem bæst hefur inn í frv. varðandi ábyrgð á ferju, sem Akurnesingar eru að kaupa til siglinga milli Akraness og Reykjavíkur. Um hv. 3. þm. Norðurl. v. vil ég aðeins segja, að hann er viðurkenndur bæði sem vitrastur og snjallastur okkar hér í þinginu að mörgu leyti, svo að þeirra hluta vegna þykir okkur vænt um hann, og okkur yfirsést það, að hann er undir niðri einn af harðari íhaldsmönnum þessarar samkomu, þó að hann sýni það ekki nema öðru hverju, en það kom vel í ljós í viðhorfum hans til þessa máls, sem eru ekki ný, því að hann hefur árum saman í samgn. barist á móti stærri flóabátum landsins, þeim, sem þjónað hafa því, sem kalla mætti þéttbýli.

Um hv. 2. þm. Vestf. er það að segja, að mér finnst það koma úr hörðustu átt frá flóabátsforstjóra, duglegum og virðulegum, sem rekur ágætt skip með góðum árangri vestur á landi, ef hann telur nauðsynlegt fyrir sig að reka hornin í þá viðleitni Akurnesinga, sem fram kemur í þessu máli.

Mér finnst ekkert óeðlilegt við það, þó að tvö ríkisábyrgðamál séu höfð í sama frv. Það er til nokkuð, sem heitir bandormur, og er gömul starfsaðferð, sem Alþ. grípur til, þegar því þykir það henta að setja jafnvel miklu óskyldari mál saman heldur en þessi. Ég tel því, að það séu mjög eðlileg vinnubrögð, að ríkisábyrgðir, jafnvel þó að hluti þeirra sé um fiskiskip og annar hluti um flóabáta, séu í einu og sama frv., og ekkert við það að athuga, þó að fleiri atriðum sé bætt inn í frv. á leið þess í gegnum Alþ. Einmitt vegna þess, að unnt er að bæta við efni frv., gerir stjórnarskráin ráð fyrir, að þau fari í gegnum a. m. k. sex umr.

Í samgöngumálum ríkir það viðhorf hjá öllum landsmönnum, að þeir óska eftir því að fá eins greiðar samgöngur við aðra staði og þeir geta fengið. Þeim er ekki nóg, að það sé fær vegur, ef það er augljós önnur leið, sem gæti flýtt enn fyrir þessum samgöngum. Þess vegna eru um allt land uppi óskir um það að leggja nýja vegi, sem eru styttri en eldri vegir, og brúa ár, þegar það styttir leiðir milli tveggja staða, og jafnvel að brúa firði. Um það eru hugmyndir víða um land, þó að það hafi ekki nema einn verið brúaður enn þá, þegar slík samgöngubót getur orðið til þess að stytta verulega leið á milli tveggja staða. Það má tala af léttúð um það, að Hafnfirðingar og Keflvíkingar kunni að fá einhverjar flugur um það, að þeir þurfi lystisnekkju. En af hverju fengu þeir þennan ágæta veg, sem þeir fengu suður eftir? Var ekki fær vegur áður og rétt klukkutíma ferð frá Keflavík til Reykjavíkur? Hún var ekki ófær, hún var farin af þúsundum bifreiða á hverjum degi, svo að samkv. þessum röksemdum ættu menn að segja, að það sé alger óþarfi að vera að leggja þessa nýju vegi hér um nágrennið, til Keflavíkur, til Selfoss. Af hverju þurftum við að leggja þennan veg, sem er kominn til Selfoss? Var ekki fært áður, jafnvel á köflum á hluta leiðarinnar eftir fleiri en einni leið? Það, sem hér er um að ræða, er, að ferjan, sem hefur siglt á milli Akraness og Reykjavíkur, er að verða úrelt, það þarf að kosta mikið upp á hana innan skamms, ef skipið verður ekki endurnýjað, og ekki ætti að þurfa að segja Íslendingum, að skip þarf að endurnýja á vissum aldri. Þetta nýja skip, sem Akurnesingar hafa keypt, á að geta siglt á milli staðanna á ¾ úr klst., en það er rösklega ekið á milli þessara staða á 1½—2 klst. eftir árstíðum og færð, svo að það er um að ræða þarna klukkutíma styttingu á þessari leið. Vilji hv. þm. reikna út, hvað klukkutíma sparnaður á jafnfjölfarinni leið þýðir í sparnaði á eldsneyti og ökutækjum og öðru slíku, þá er það reikningsdæmi, sem ég er óhræddur við, að verði skoðað.

Þó að einn þm. snúist öndverður gegn þessu máli og hafi barist á móti siglingum milli Akraness og Reykjavíkur í mörg ár í samgn. og annar sé að malda í móinn, sennilega til að reyna að koma höggi á ráðh., — ég held, að honum sé ekki alvara um neina andstöðu gegn flóabátum, — þá vil ég benda þeim á, að farþegafjöldi á þessari leið, milli Reykjavíkur og Akraness, er kominn upp í rúm 60 þús., svo að ég tel, að það standi hér 60 þús. atkv. á móti 1 og kannske 1½. Þetta er talandi tákn. Vegurinn er þarna og það tekur þennan tíma, sem ég sagði, að komast á milli, en samt sem áður er farþegatalan komin upp í rúmlega 60 þús. Gamla skipið hefur mjög lélega aðstöðu til þess að flytja bíla og getur ekki haft þá nema þar, sem sjór getur slest á þá, og það er alls engin prófraun á það, hvort menn mundu vilja fara með bíla sína hér á milli.

Það er líka eins og hver önnur léttúð að vera að ásaka Akurnesinga um það, að þeir ætli að íþyngja ríkissjóði stórkostlega með kaupum og rekstri þessa skips bara til að geta komist á kappleiki eða aðrar skemmtanir hér í Reykjavík. Þetta er eins og hver annar þvættingur.

Akranes er sveitarfélag með dálítið á fimmta þús. íbúa. Þróun þessa sveitarfélags hefur um langt árabil verið erfið og allt að því óhagstæð, sérstaklega vegna þess, að brottflutningar frá Akranesi og hingað á Reykjavíkursvæðið hafa verið svo miklir, að bærinn hefur ekki haldið eðlilegri fjölgun, fyrr en þá kannske síðustu 1—2 árin, að þetta hefur örlítið batnað. Þarna er því um að ræða bæ, sem er að berjast við það að halda byggðinni við, halda uppi atvinnuvegum og þjónustu, þannig að fólk vilji vera þar og þar verði álíka mikil fjölgun og er að meðaltali í landinu öllu, svo að við göngum ekki lengra.

Við vitum, að það hefur mjög mikil áhrif á allt athafna- og félagslíf í byggðarlögum að vera í nágrenni við þéttbýli. Þetta þekkja menn á Suðurnesjum, þetta þekkja menn fyrir austan fjall og líka uppi á Akranesi. Og við vitum, að iðnaður ýmiss konar og þjónustuframleiðsla, sem reynt er að koma þarna upp til að veita fólki atvinnu, byggist að verulegu leyti á þessu nábýli. Það skiptir miklu máli fyrir þessar byggðir að geta haft greiðar samgöngur við þéttbýlissvæði hér, bæði til aðfanga og til að selja framleiðslu sína og margs annars. Við getum borið saman þróun Keflavíkur og þróun Akra-

ness. Vöxtur Keflavíkur hefur verið miklu meiri á síðari árum, miklu meiri og örari, jafnvel þó að við tökum augljós áhrif frá flugvellinum og drögum þau frá. Og Keflavík er núna komin með töluvert á sjötta þús. íbúa, meðan Akranes hefur staðið í stað með liðlega 4 þús. Ég leyfi mér að fullyrða, að munurinn á samgöngum við þéttbýlið hér í Reykjavík og nágrannabæjum er það, sem mestu veldur um, hvað vöxtur Akraness hefur verið miklu minni.

Ástæður fyrir því, að Akurnesingar vilja leggja eitthvað í sölurnar til að fá góðar samgöngur, eru því augljósar. Á þeim byggist tilvera bæjarfélagsins, atvinnulíf þar, möguleikar á að koma upp iðnaði og öðrum fyrirtækjum á öllum sviðum og á félagslífi á staðnum. Ég hygg, að veruleg bót að samgöngum milli þessara staða mundi t. d. draga verulega úr fólksflutningum frá Akranessvæðinu og hingað til Reykjavíkur, og mundi það sjálfsagt reynast verða töluverður sparnaður. Ég held því, að menn megi ekki verða svo forstokkaðir íhaldsmenn að amast við því, að það sigli skip á þessari leið. Það er ekki að bera saman við Borgarnes. Siglingar þangað lögðust niður vegna þess, hvað siglingar eru örðugar á Borgarfirði sjálfum, fjörðurinn skerjóttur. Þær reyndust svo óhagstæðar, að Borgnesingar tóku sjálfir ákvörðun um að hætta þeim, því að til skamms tíma hafa þeir verið sterkasta aflið í Skallagrími h/f, sem á Akraborgina. Þeir tóku sjálfir ákvörðun um, að ekki væri gerlegt að láta hana sigla alla leið til Borgarness.

Hv. 2. þm. Vestf. spurði, hver ætti að bera hafnarkostnaðinn í sambandi við þetta og hvort það ætti að setja hann inn í framkvæmdaáætlun. Það er mjög eðlilegt, að hann spyrji. En ég verð að upplýsa minn ágæta félaga um það, að samkv. íslenskum lögum eru ferjubryggjur hluti af vegum. Það eru ákvæði í vegalögum um það, hvernig fara á eða má með byggingu á ferjubryggjum. Það mun því reyna á það eftir frekari athugun, hvort þetta mál heyrir þar til eða til eiginlegra hafnamála. Um þetta er mér ekki kunnugt, að nein endanleg niðurstaða hafi fengist enn. En það segja þeir, sem standa að kaupum þessa skips á Akranesi, að sá kostnaður eigi ekki að verða svo mikill í samanburði við kostnað við skipið, að það geti ráðið úrslitum. Og skipið mundi ekki verða talin óviðráðanleg eða stórbrotin fjárfesting, ef um fiskiskip væri að ræða, þannig að menn geti talað um 120—130 millj. sem stórfelldar upphæðir, þegar um eitt er að ræða, en blási á þetta eins og smámuni, þegar um annað er að ræða.

Ég tel, að það sé þröngsýni að berjast gegn því, að það verði haldið uppi eðlilegum samgöngum á þessari leið. Hvalfjarðarvegurinn þjónar ekki bara Akranesi, hann þjónar öllu landinu. Hann þjónar miklu meira öðrum hlutum Vesturlands, Vestfjörðum, Norðurlandi öllu, og jafnvel mætir maður þar bílum, sem eru að flytja vörur alla leið austur á firði. Og það er engin frágangssök, þó að slíkt skip sé rekið við hliðina á þeim vegi, þegar um er að ræða jafnfjölmennt byggðarlag og Akranes er. En þess má geta, að í vegakerfinu er Akranes allt að því eins og eyja. Það er ekki mín hugmynd að gera þar samanburð, það gerði einn af þm. Alþb. hér fyrir tveimur árum, ef ég man rétt, benti á þá staðreynd. Vegakerfið liggur þannig, og er alllangur akstur frá aðalveginum norður út á Akranes. Þó að Akurnesingar vilji bæði vegna eigin byggðarlags og til þess að reyna að tengja það frekar í samgöngukerfi landsins halda uppi samgöngum á þessari leið, finnst mér ekkert eðlilegra og við getum alveg eins veitt því hvern þann stuðning, sem Alþ. telur á hverjum tíma eðlilegan, ef til þess kemur, eins og við getum stutt samgöngur á flóabátum um allt land. Flóabátarnir okkar hafa tekið á sig ýmsar myndir í seinni tíð. Flóabátastyrkirnir eru nú veittir til snjóbíla, þeir hafa verið veittir til flugvéla og til samgangna af ýmsu öðru tagi. En öll hafa verkefnin haft það sameiginlegt, að þetta eru samgönguverkefni, sem eru sérstæð og ástæða til þess að veita stuðning til að halda þeim uppi. Þetta á við Djúpbátinn, og þetta á við marga aðra flóabáta í kringum allt land. Við þurfum ekki að undrast það, þó að lausn á samgönguvandamálum af þessu tagi og rekstur flóabáta sé ekki gróðafyrirtæki eða standi ekki undir sér, ég held, að það sé ekkert land í víðri veröld, þar sem því er að heilsa, nema kannske rétt á einni og einni leið. Ég vil því vænta þess, að menn láti af þessum afturhaldsfjandskap við Akurnesinga og sýni þeim sama tillit og sama skilning og menn sýna öðrum byggðarlögum og vandamálum þeirra og afgreiði þetta frv. eins og það kemur frá Ed.

Fjmrh. (Halldór E. Sigurðsson): Herra forseti. Út af því umtali, sem mér virðist hafa orðið hér í hv. d. vegna fjarveru minnar, þá þykist ég muna það, að á þeirri dagskrá, sem ég fékk í morgun, var þetta ekki fyrsta málið. Í öðru lagi átti ég að hafa framsögu fyrir tveim fyrstu málunum í hv. Ed., svo að það hefði orðið að vera einhvers staðar brotalöm á stöðu minni í sambandi við þau mál, sem ég átti að tala fyrir. Hygg ég, að það sé ekki ný bóla, að slíkt hafi hent ráðh., auk þess sem ég þurfti að sinna mjög áríðandi erindi, er ég átti við menn hér innanhúss.

Ég held, að það sé orðin helst til mikil tilfinningasemi hjá mönnum, ef ekki má koma þessum tveim málum, sem hér eru á ferðinni, fyrir á sama þskj. Það skil ég ekki, því að hér skilst mér vera um skyld mál að ræða. Auk þess eru greinarnar tvær, og við 2. umr. verða greidd atkv. grein fyrir grein, og geta því hv. þm. valið og hafnað eftir vilja sínum.

En í sambandi við þetta Akranesmál vil ég geta þess, að það er til orðið, eftir að frá hinu málinu var gengið, og það er til orðið vegna þess, að það skip, sem Akurnesingar hafa til flóabátafera á milli Reykjavíkur og Akraness, er orðið gamalt og komið að því, að þeir verði að fara að setja það í dýra klössun, ef þeir eiga að halda skipinu áfram. Þess vegna er um að ræða, hvort á að halda þessari samgöngubót áfram á milli Akraness og Reykjavíkur eða fella hana niður.

Eins og hv. síðasti ræðumaður benti á hér áðan, hefur það sýnt sig, að þrátt fyrir það að vegakerfið hafi batnað, hefur ásóknin á flutn-

inga með Akraborginni stórkostlega aukist. Hún mun verða meiri á yfirstandandi ári en á nokkru ári fyrr og það verulega miklu meiri. Um eða yfir 60 þús. farþegar munu fara með skipinu. Og ásóknin í að flytja bíla með Akraborginni hefur sífellt farið vaxandi. Hún er hins vegar þannig byggð, að hún rúmar ekki nema 4 bíla á þiljum. Verða þeir allir að vera ofanþilja, og gerir það þeim, sem bílana eiga, mikil óþægindi og þeir óttast um skemmdir þar af leiðandi.

Annað atriði hefur einnig komið inn í þetta mál, sem verkar mikið í sambandi við það, og það er, að milli Reykjavíkur og Akraness er flutt með sérstakri ferju mikið af lausu sementi. Þessi ferja er nú dæmd ónýt, svo að ekki verður hjá því komist, að hana verður að endurnýja með einhverjum hætti. Er talið af þeim mönnum, sem hafa kunnáttu til að bera, að það sé hægt að sameina í þessu skipi flutninga á sementi og flutninga á fólki og hægt að flytja um 300 lestir með skipinu hér daglega á milli. Með þessu móti er gert ráð fyrir, að hægt sé að sameina tvö veigamikil atriði í samgöngu- og atvinnusögu Akraness. Það er því ekki að ófyrirsynju, að stjórn Skallagríms fór að athuga þetta mál í alvöru. Auk þess sem Akurnesingar eru í stjórn Skallagríms, eru þar einnig Borgnesingar og bóndi ofan úr Borgarfjarðarhéraði, því að eigendur að Skallagrími eru Mýra- og Borgarfjarðarsýsla og Akraneskaupstaður. Það var samdóma álit allra þessara aðila og aðalfundarins í vor, þar sem ég hygg, að meiri hlutinn hafi verið bændur, a. m. k. verulegur hlutur oddvita úr hreppunum, að freista skyldi þess að endurnýja þetta skip.

Þetta norska skip, sem þeir eiga kost á að kaupa, mun kosta um 120 millj. kr. Það hefur möguleika til þess að flytja marga farþega, og það hefur einnig möguleika til að flytja marga bíla. Þess vegna er að dómi þeirra, sem um það hafa fjallað, mikið framfaramál fyrir Akraneskaupstað. Það spillir síst af öllu, þó að áhugamenn um knattspyrnu ferðist bæði til Akraness og frá Akranesi með þessari ferju. Akurnesingar hafa, sem kunnugt er, lengi vel verið forustumenn í knattspyrnumálum, sér til sóma, og það spillir ekki, að þeir njóti þess að eiga auðvelt með að komast hér á milli á kappleiki. En staðreyndin er þessi, að þrátt fyrir veginn sækir fólk mikið í þessar ferðir, enda eru þær mjög hentugar. Það er einnig talið, að rekstrarkostnaður á þessu skipi eigi ekki að verða óhagstæðari en á því, sem nú er, nema síður sé, vegna þess hvað það skip er orðið gamalt og illa farið. Ég held því, að þegar hv. alþm. skoða þetta mál með raunsæi, muni þeir sannfærast um, að það er réttmætt. Ég get svo sem bætt því við til athugunar fyrir hv. þm., að nú í gær barst erindi frá Vestmanneyingum um að koma inn í þetta frv. einnig Vestmannaeyjaskip, en þeir eru um þessar mundir að vinna að því að stofna fyrirtæki úti í Vestmannaeyjum, sem bæjarstjórnin gengst fyrir, um skip, sem yrði flutningaskip milli Vestmannaeyja og Þorlákshafnar. Þess vegna held ég, að í sambandi við þetta mál verði þessi Akranesferja ekki það eina, sem maður kann að syndga upp á náðina, heldur eigi önnur eftir að bætast þar við.

Ég vil að lokum segja það, án þess að ég sé að lengja mál mitt, að hér er um mál að ræða, sem ég held, að sé ekki neinn glannaskapur í sambandi við, heldur réttmætt sem samgöngubót á milli Akraness og Reykjavíkur og leysir um leið þann þáttinn að flytja sementið hingað á markaðinn, sem er ekki lítill þáttur í starfsemi þessa skips. Ég held, að þegar hv. alþm. hafa fengið að vita um það líka, muni skoðanir þeirra breytast frá því, sem þeir hafa kannske ályktað við fljótan lestur málsins.

Forseti (Gils Guðmundsson): Að gefnu tilefni vil ég vekja á því athygli, að í sambandi við dagskrá, sem útbýtt var fyrir fund, höfðu orðið þau mistök, að þar átti fyrsta málið alls ekki að vera, launaskattur, sem hafði verið vísað til n. Þess vegna var útbýtt nýrri dagskrá, þar sem þetta mál, sem nú er til umr., er fyrsta mál, og það er, sú dagskrá, sem gildir. Það eru 12 mál á þeirri dagskrá, sem gildir fyrir þennan fund, og sjálfskuldarábyrgð á lánum er fyrsta mál á dagskránni. Þetta vænti ég, að hv. þdm. athugi.

Að öðru leyti vil ég aðeins segja það, að mér láðist að athuga það, þegar ég tók þetta mál fyrir, að hæstv. fjmrh. var þá tepptur í umr. í Ed., svo að það er mér að kenna, að hann var ekki hér viðstaddur, þegar málið var tekið fyrir.

Friðjón Þórðarson: Herra forseti. Þegar frv. þetta kom til umr. hér í hv. d. áðan, leit út fyrir, að það væri mjög umkomulaust, þar sem enginn var viðstaddur til að mæla fyrir því. Nú hefur mjög úr þessu ræst, þar sem tekið hafa til máls eigi færri en þrír hv. alþm. og einn hæstv. ráðh. Ég þarf því ekki að fara um það mörgum orðum.

Frv. þetta er í raun og veru í tvennu lagi. Það varðar tug fiskiskipa og eitt ferjuskip. Að vísu benti hv. 2. þm. Vestf. á, að óeðlilegt væri að hafa þessar umsóknir báðar í einu og sama frv., og kann að vera nokkuð til í því, einkum þegar viðbót er skotið inn í frv., sem komin er til n. Þá vill það oft vera heldur villugjarnara fyrir menn, sem ætla að fylgjast með málum, að átta sig á þeim til fulls og fylgjast með þeim

Að því er fiskiskipin varðar, er mér kunnugt um, að þar eiga hlut að máli nokkrir af allra bestu aflamönnum landsins, — menn, sem í raun og veru eiga að geta skipt um skip eða fengið nýtt skip, þegar þeim hentar, þar sem á hinn bóginn er vafasamt, að hver og einn geti komist yfir skip, hvernig sem á stendur.

Að því er ferjuskipið varðar milli Akraness og Reykjavíkur, þá hafa sem kunnugt er lengi verið skipaferðir og fólksflutningar á þessari leið, og verður því ekki breytt né heldur því, að á þessari leið verða að sjálfsögðu fólksflutningar og almennir flutningar í framtíðinni. Það er svo, að Akraborgin, sem haldið hefur uppi þessum ferðum undanfarin ár, er orðin mjög óhentug og úr sér gengin, þannig að fullkomin ástæða er til þess að endurnýja farkost á þessari leið. Um það þarf ekki að deila. Um hitt atriðið, hvort hér sé um hentugt skip að ræða, skal ég ekki fyllilega dæma. Þetta er myndarlegt skip, sem Skagamenn hafa fest auga á, og vonandi mun það reynast hið besta. Ég treysti mér ekki

til að dæma um, hvort það er að öllu leyti hagkvæmt. Úr því verður reynslan að skera og reynslan ein. Ég sé því ekki annað en að full ástæða sé til þess að styðja þetta frv., að því er báða þessa þætti varðar. Hins vegar skil ég mætavel áhyggjur hv. 3. þm. Norðurl. v. Við erum um þessar mundir að starfi í samvinnunefnd samgöngumála, þar sem hann er formaður og hefur verið formaður mörg undanfarin ár. *Og eins og allir góðir formenn verður hann* að sjálfsögðu að sjá báti sínum borgið. Það eru allar tölur á uppleið, svo að ekki er nein ástæða til að ætla annað en að styrkir til flóabáta og annarra slíkra ferða hækki eins og allt annað í þeim fjárl., sem nú er verið að afgreiða. En á hitt vil ég benda, að þó að stundum hafi verið *deilt allhressilega í samvinnunefnd* samgöngumála, þá hafa lokin alltaf orðið þau, að allt hefur endað í besta bróðerni, og það er ekki síst fyrir tilstuðlan okkar ágæta formanns.

Björn Pálsson: Herra forseti. Ég var óviðbúinn áðan að tala, hélt ekki, að þetta mál yrði tekið svona fljótt. Ég verð eiginlega að biðja d. afsökunar á, hvað ég talaði illa áðan, en ég vona, að þetta fari nú að lagast, því að maður liðkast alltaf. Ég bjóst við framsöguræðu, að málið yrði skýrt og upplýsingar kæmu fram um þennan álitlega rekstur, og þá var ákaflega auðvelt að ræða það. En það var *ákaflega óþægileg* aðstaða, sem ég hafði áðan af þessari ástæðu.

En nú eru þrír menn búnir að tala um þetta. Það hefur ekki komið fram nein rekstraráætlun af viti og yfirleitt litið minnst á hagnýta hluti, — þetta eru mælskir menn, en ekki mjög vanir miklum rekstri, nema þá þjóðarrekstri. Hv. 8. landsk. þm. er með okkar bestu ræðumönnum og ákaflega mjúkmáll og lipur ræðumaður, en ég veit ekki, hvort hann hefur sett sig inn í þetta mál frá hagnýtu sjónarmiði. Hann hefur rekið alþýðublað, en ég hygg, að hann hafi aldrei fengist neitt við að reka skip. Hann hefði átt að reka Alþýðublaðið áfram, svo að Sveinn *Eyjólfsson* væri *ekki* að erfiða við það nú. Hann fór ekkert inn á fjármál, heldur að þeir væru eitthvað fljótari að fara á milli. Ég vil nú ekki veðja um þetta, en ég vildi heldur renna á bíl mínum fyrir Hvalfjörðinn og til Reykjavíkur, ef ég ætti heima á Akranesi, heldur en vera að basla með hann niður að skipi og koma honum þar fyrir. Það þarf að koma mörgum bílum þar fyrir, og það tekur dálitla stund, það geta ekki allir verið fyrstir eða síðastir, og koma þeim svo aftur upp úr skipinu. Ég held, að ég treysti mér til að vera jafnfljótur á bíl mínum. Það er enginn að tala um, að þeir eigi ekki að hafa samgöngur eins og aðrir menn og jafnvel betri, Akurnesingar. Það er líka verið að leggja veg, það er kominn steyptur vegur áleiðis til þeirra og á eftir að batna mikið enn þá.

Það voru alveg nýjar upplýsingar, að þetta væri eyja eiginlega, Akranes. Ég hef aldrei heyrt það fyrr, að þetta væri eiginlega eyja. Ég hef oft farið þarna á milli, og ég hef aldrei séð, að þetta væri eyja. Það hefur alltaf verið þurrt land. Það væri allt öðru máli að gegna, ef þetta væri eyja, eins og Vestmannaeyjar eða Hrísey eða Grímsey. Það þarf flóabáta þar. En þetta er þá nýlega orðið, það er þá eitthvert stórflóð þarna. Ég hef ekki verið á ferðinni, þegar það flæði hefur verið, að það hafi ekki verið bílfært til Akranes. Það kemur víst fyrir, að það er blautt í Ölfusinu og á vissum bæjum í Flóanum, en ég hef aldrei heyrt, að Akranes væri eyja.

Þetta er alveg óskylt mál. Við verðum að veita þjónustu í eyjunum, og það leggur svo mikinn snjó, að lokast kannske mikinn hluta af vetrinum til Siglufjarðar. Ég veit ekki betur en Drangur haldi þar uppi mjólkurflutningum allan veturinn, og hann annast Grímsey og Hrísey. Og það er ekkert hægt að líkja þessu við Djúpbátinn, því að það er ekki vegur í kringum Djúpið, og þetta er eina samgönguleið bændanna til að koma mjólk frá sér og vörum að sér. En ég hef fylgst með vöruflutningunum hjá Akraborginni, það hafa litlir vöruflutningar verið. Akurnesingar eiga auðvitað að hafa sínar daglegu áætlunarferðir og ferðast svipað og ég og mínir líkar, en ekki hafa sérstakt skip til að sigla á milli. Það er alveg óþarfi að hafa þrjár leiðir fyrir farþegaflutninginn: skipið, veginn, flugvélina. Það er eins og að eiga þrjá bíla á sama bænum. Við skiptum okkur ekkert af því, ef bóndinn getur keypt alla bílana og borgað þá. Ef það er farið að biðja um ríkisábyrgð til þess að hafa bæði fólksbíl og vörubíl og jeppa, ef snjór er, þá mundum við sjálfsagt fara að athuga, hvort maðurinn þyrfti svona marga bíla. Þetta er allt annað, þannig að við megum ekki blanda því saman.

Ég hef alltaf haldið því fram, að Akraborgin væri óþörf, síðan vegasambandið varð svona gott og hætt var að *flytja annað* með *henni en fólk*. Borgnesingar fluttu með henni áður fyrr. Nú þykir þeim hagkvæmara að nota sína bíla og flytja vörur sínar þannig. Það voru ekki fluttar mjölvörur með Akraborginni, ekki sást það á reikningunum. En nú allt í einu finnur fjmrh., — hann er hagsýnn maður, eins og þið vitið, — upp á því að *flytja sement* með *skemmtiferða*fólkinu. Ég hélt, að það væri ill meðferð á nautgripum að flytja þá innan um sementsryk og óþverra, en alveg ófær á bílum og mönnum, því að þetta eru ekki neinir slorkarlar, sem eru að ferðast hér á milli. Þeir eru í fínum fötum, og bílarnir þeirra eru allir prýðilega pússaðir, *og fá svo sementsrykið*. Það gæti rifnað poki í stroffunni og orðið rykugt á þilfarinu. (Gripið fram í.) Ég hef aldrei heyrt, að það ætti að fara saman, skemmtiferðaskip og sementsflutningar, því að það eru einhverjir alóþverralegustu flutningar, sem til eru. En þetta er alveg ný hugmynd og ný kenning, ef við álítum að það sé hæfilegt fyrir Akurnesinga að flytja þá á sementsskipum innan um allt það ryk og skít, sem þar er, í sparifötunum og með lúxusbílana, ef þetta á að vera aðalsementsflutningaskipið á milli, — það getur eðlilega breytt rekstrargrundvellinum. Ég hafði ekki heyrt þetta áður. Ef á að bjóða Akurnesingum upp á það að flytja þá með sementinu, þá er ekki mitt mál að skipta mér af því, þá má vera, að það sé vegur að láta skipið nokkurn veginn bera sig. En ég hélt nú

bara, að þetta ætti ekki saman. Ég hefði enga löngun til að vera þarna innan um sementsóþverrann, jafnvel þótt ég væri í vinnufötunum, því að það er hér um bil ómögulegt að ná sementi úr fötum. En þetta er alveg ný hugmynd, ég veit ekki, hver á hana.

Eins og ég sagði áðan, skrifaði Guðjón Teitsson okkur, og ég ætla leyfa mér, með leyfi forseta, að lesa hluta af því, bara þrjá liði, sem hann bendir á:

1. Á Akraborg eru nú aðeins 8 skipverjar, en virðist reiknað með sama eða einum manni meira á Tungenes. En ólíklegt er, að það yrði samþykkt, enda mun ekki hafa verið rætt við farmannasamtökin um þetta.

2. Reiknað er með líku vátryggingagjaldi fyrir Tungenes og Akraborg, en það fær ekki staðist, þar sem verðmætismunur er talinn 100 millj. kr. og dýrara skipið í tiltölulega meiri hættu vegna sinnar stærðar og gerðar.

3. Loks fær það ekki staðist að reikna sömu eða næstum sömu olíunotkun fyrir Tungenes og Akraborg, þar sem rúmlega helmingsmunur er á vélarafli.

M. ö. o.: hann hefur athugað þessa áætlun, hún er tóm vitleysa að hans áliti. Á þetta taldi ég mér skylt að benda.

Það er auðvelt að koma til fjmrh., hann er þm. kjördæmisins, biðja hann um ábyrgð fyrir þessu skipi. Ég veit ekki, hvort þeir hafa talað um sementsflutninginn í leiðinni. Það vilja allir þm. gera allt fyrir sína kjósendur, en þörf er að setja sig inn í reksturinn og inn í þörfina fyrir hann.

Akraborgin hefur aðeins verið fyrir farþega, og satt að segja tel ég það óþarfa að hafa sérstakt skip til að flytja fólk og bíla hér á milli, þegar það hefur vegina færa alla tíma ársins. Það væri allt annað, ef þeir væru lokaðir marga mánuði á ári, þá þyrftu þeir skip. En ég hefði álitið, að þyrfti annað skip til sementsflutninga, að það færi ekki saman, bílar hjá skemmtiferðamönnum, þegar þeir eru vel klæddir með hvítan flibba, og svo sementsrykið. En það má vera, að Akurnesingar sætti sig við það.

Hv. 8. landsk. talaði um bandorma. Þeir hafa aldrei þótt hreinlegir, bandormarnir. Þetta hafa þótt óþverradýr, og þegar menn eru með þessa bandorma í frumvörpum, eru þeir vanalega að læða einhverri vitleysu í gegn í þessum bandormum sínum, þannig að það eru engin meðmæli. Þessi bandormakenning er ekki meðmæli með þessu máli. Það er venjulega eitthvað óhreint við það. Þetta á ekkert skylt við fiskiskip. Fiskiskip aflar fyrir 60—70 millj. kr. á ári, en þetta skip eyðir fyrir svona 30—40 millj. á ári. Það er tvennt ólíkt.

Viðvíkjandi því, að ég væri með allra hörðustu íhaldsmönnum, hvað kalla menn íhaldsmenn? Ég hef alla mína ævi verið að basla við að laga eitthvað í kringum mig og gera eitthvert gagn. Ég hef reynt að gera það af viti og tapa ekki á hlutunum. Ef það heitir að vera íhaldsmaður að vilja haga sér eins og viti borinn maður, að vera ekki að gana í neitt, sem er vitleysa, það er allt í lagi þá, að ég heiti íhaldsmaður. Ég hélt, að það væri kostur, jafnvel þótt maður teldi sig krata, þá væri það nú kostur að vera eigi fjármálafífl.

Svo eru það þessir 60 þús. menn, mér skildist, að það ylti á 60 þús. atkv. Þeir fara nú sumir oftar en einu sinni. Og svo hefði ég álitið Akurnesinga það þroskaða í pólitík, að það réði ekki alveg úrslitum um sannfæringu þeirra í landsmálum, hvort þeir færu á milli á bíl eða skipi. Það er eins og blessaðir stúdentarnir, sem voru að skrifa okkur um daginn og höfðu bara 4 þús. atkv. á einni hendi, ef við gerðum ekki svo vel að samþykkja allt, sem þeir fundu upp á. Það voru bara 4000 atkv. til eða frá. Þarna eru það 60 þús., svo er nú það.

Ég tel það algera móðgun að ætla að fara að flytja Akurnesinga á sementsskipi hér á milli, því að ég mundi ekki flytja reiðhestinn minn þar, hvað þá heldur vilja fara sjálfur með slíku skipi.

Það var ekkert sérstakt hjá fjmrh., nema þetta með sementið, held ég. Hann var að tala um, hvers vegna hann hefði ekki mætt og þetta ætti ekkert að vera óhagstæðara en Akraborgin. Það liggur nú fyrir. Áætlunin er ekkert nema vitleysa, ef hún er nokkur til, það liggur bara ekkert fyrir, þannig að það er algerlega út í loftið hjá hæstv. fjmrh. að segja, að það muni ekki verða óhagstæðara, því að vitanlega veit maðurinn ekki nokkurn skapaðan hlut um það. En ég álít málið ákaflega óviðkunnanlega flutt að vera að hnýta þessu aftan í alveg óskylt mál. Það er allt annað að veiða fisk eða ferðast með bílinn sinn á milli Akraness og Reykjavíkur. Þarna er blandað saman óskyldum málum á allan hátt. Ég veit ekki einu sinni, hvort þeir hafa fengið mann, sem hefur vit á skipi, til þess að skoða það. Ég held, að þetta sé einhver bjánaskapur út í loftið. Það liggur ekkert fyrir um það, það hefur ekkert verið skýrt. Það er engin áætlun og engin lýsing. Það á að fara með okkur eins og þegar rollur eru reknar í hús. Við erum að verða afgreiðslustofnun, við eigum bara að rétta höndina upp.

Það er eins og ég sagði áðan, við megum vara okkur á því að vera ekki að samþykkja lög, sem verða til byrði fyrir ríkissjóðinn. Vitanlega er það margt fleira, ég ætla ekki að fara út í fjármál hér, en það er ótalmargt búið að samþykkja, sem er meira eða minna gallað eða vitlaust, og þess vegna hafa fjárl. hækkað svona. Þess vegna skulum við athuga, hvað við erum að gera. Það er skylda okkar. Og með þessari vitleysu ætla ég ekki að greiða atkv.

Hannibal Valdimarsson: Herra forseti. Hér er verið að ræða um frv. til l. um, að ríkið taki á sig sjálfskuldarábyrgð vegna lána til nokkurra fiskiskipa og til ferjuskips. Sú gr. hljóðar þannig, með leyfi hæstv. forseta:

„Ríkisstj. er heimilt, gegn þeim tryggingum, sem hún metur gildar, að veita sjálfskuldarábyrgð fyrir allt að 80% af kaupverði ferjuskips til siglinga milli Akraness og Reykjavíkur."

Hér hefur komið fram gagnrýni á það að blanda þessu tvennu saman, þessum ábyrgðarheimildum vegna fiskiskipa og vegna ferjuskips milli Akraness og Reykjavíkur. Ég tek undir þá gagnrýni, hvort sem ég verð settur í hóp íhaldsmanna eða

ekki, forstokkaðra íhaldsmanna, eins og sagt var hér áðan. Ég er þeirrar skoðunar, að hér sé verið að blanda þessu tvennu saman til þess að lauma máli að þinginu, sem ekki er búið að gera neina forsvaranlega grein fyrir. Það er ekki nema vika síðan ég frétti fyrst af því, að það mundi vera búið að festa kaup á skipi og veita eiginlega fullt loforð fyrir ríkisábyrgð til kaupa á því. Ég hafði ekki heyrt um það fyrr, og það hefur þannig verið farið leynt með þetta mál, meira leynt en réttlætanlegt er. Og það er það minnsta, að þm. geri kröfur til þess, að það sé komið beint framan að þeim í máli og gerð grein fyrir, hversu sjálfsagt það sé.

En það er meira, sem kemur hér í dagsljósið en það, að það er verið að blekkja í þessu máli og farið óhreint að, og það er það versta. Það er ekki nokkur vafi á því, að það er þörf, sem Akurnesingar hafa haft félagsskap um að halda uppi skipaferðum milli Reykjavíkur og Akraness, og þeir ætla að halda því áfram. Nú standa sakir þannig, að Akraborgin er klössunarþurfi, og það kostar mikið fé. Þá hugsa þeir til þess að kaupa sér nýtt skip. Þetta er allt saman rétt og eðlilegt. En það er á ýmislegt að líta í sambandi við það. Þessi félagsskapur ætlar að kaupa skipið og fer ekki fram á neina aðstoð Alþ. til kaupanna, svo að það má segja, að Alþ. komi það í sjálfu sér ekki við. En það væru mér mikil og góð tíðindi, gleðitíðindi, ef félagsskapurinn, sem ætlar að kaupa þetta nýja skip, sem maður er að frétta um, ef sá félagsskapur hefur ekki í huga að fá einhverja litlafingursaðstoð frá ríkisstj. til þess að reka skipið. Það hefur a.m.k. þurft til þess skips, sem hefur verið í rekstri, og það nokkrar millj. úr sameiginlegum sjóði landsmanna.

Ég verð að segja það, að þegar komið er fram með rök eins og þau, að Akranes sé nærri því eyja, þá sé ég nú ekki, að það sé meiri torfæra að komast fyrir Hvalfjörð heldur en hvern annan fjörð á Íslandi, sem aðrir landsmenn verða að gera styrkjalaust, — fá engar milljónafúlgur til þess að komast sjálfir fyrir einn fjörð, — og er þó greiðfærara að aka fyrir Hvalfjörð en flesta aðra firði á Íslandi.

Einhver lét undrun í ljós áðan yfir því, að það skyldi vera fyrrv. flóabátsframkvæmdastjóri, sem meira að segja mælti gegn þessu máli. Við skulum gera samanburð á þessu. Ég held, að flóabátsformaðurinn, framkvstj. fyrrv., hafi einmitt betri aðstöðu en við flestir þm. til þess að dæma um rekstur flóabáta. Og um flóabátana aðra er það að segja að þeir eru styrktir af ríkisfé, til þess að héraðsbúar í afskekktum héruðum komi afurðum sínum á markað. Er þessu til að dreifa hér? Að sáralitlu leyti er Akraborginni haldið í rekstri af þeirri ástæðu. Og þeir eru í öðru lagi reknir til þess að nálgast nauðsynjar frá viðskiptabæ fyrir heil héruð? Er Akraborgin rekin til þessa? Nei, hún er ekki rekin til vöruflutninga fyrir Akranes. Vöruflutningarnir á milli Reykjavíkur og Akraness fara að langmestu leyti, eins og allir vita, fram á landi. Það vörumagn, sem Akraneskaupstaður þarf, er flutt á bílum að langmestu leyti. Akraborginni er haldið í rekstri vegna farþegaflutninga á milli Reykjavíkur og Akraness, og þetta er fjölfarnasta flóabátaleið á landinu, langsamlega fjölfarnasta. Lengi voru það um 40 þús. farþegar, sem hún flutti, nú eru þeir komnir upp í 60 þús. Ef nokkur flóabátsleið ætti þess vegna að vera eitthvað í námunda við það að bera sig, þá er það þessi fjölfarnasta flóabátaleið, sem til er á landinu. En það fer fjarri því, að þetta skip hafi verið rekið hallalaust. Það hefur þurft á millj. að halda úr sameiginlegum sjóði landsmanna. Og það getur ekki verið til þess að jafna met kaupstaðar í námunda við Reykjavík á við aðra á landsbyggðinni, svo að það er ekki sambærilegt styrkjunum til flóabátanna í afskekktustu héruðum landsins.

Það er sagt: Það sparast tími við að fá nýtt skip, og það var gerð grein fyrir því áðan, hversu mikill sá sparnaður væri. Akraborgin er nákvæmlega klukkustund á leiðinni milli Reykjavíkur og Akraness, ég hef það oft farið með henni. Hv. þm. Benedikt Gröndal upplýsti hér áðan, að þetta skip mundi verða þrjá stundarfjórðunga, það sparast kortér við nýja skipið, ef það er jafnhraðskreitt og það er sagt. Ekki er það nú mikið finnst mér. (Gripið fram í.) Það er ekki til neins að bera það saman við landleiðina, hún verður farin eftir sem áður, þó að það taki 1½ tíma. En ef bara er miðað við tímann, sem það tekur nú að ferðast með Akraborginni og svo þessu nýja skipi samkv. nýjustu og öruggustu upplýsingum, þá er það einn stundarfjórðungur, sem sparast.

Það má segja, að það sé ekki alveg komið að því, að ástæða sé til þess fyrir Alþ. að skoða, hversu skynsamleg kaup á þessu gamla skipi frá Noregi séu, af því að það séu ekki enn þá komin erindi um ríkisstyrk til rekstrar þess og ekkert erindi um fjárhagsaðstoð til kaupanna á því. En þó held ég, að það sé ekki úr vegi, að í upphafi skuli endinn skoða, því að ég geng út frá því alveg vísu, að það verði beðið um styrk til rekstrar þessa skips. Hér er um að ræða helmingi stærra skip en Akraborgin er. Þetta er fyrst og fremst farþegaskip, og að því leyti sýnist mér, að það ætti að henta í reksturinn. Það á að geta tekið 600 farþega. Eru líkur til þess, að það sé þörf á slíku skipi hér á milli? Ef við deilum þessum 60 þús. farþegum, sem nú er upplýst, að ferðist með Akraborginni s.l. ár, niður á 3 ferðir á dag eða um 900 ferðir, þá getur þetta ekki verið meira en um 60 manns sem fara hér á milli með hverri ferð. En þegar ég hef ferðast með þessu skipi, hafa verið á því 6, 8—10 farþegar, 10 farþegar oft og tíðum. Við skulum segja, að það séu 60, sem fara hér á milli í hverri ferð, en það er þá aðeins 1/10 hluti af farþegamöguleikum skipsins, sem er notaður að meðaltali. Finnst mönnum þetta vera val á hóflega stóru skipi til þessarar farþegaþjónustu? Mér finnst það ekki. Stærð skipsins virðist vera óhófleg, og þar af leiðandi verður rekstrarkostnaður skipsins miklu meiri en ef um væri að ræða skip af hæfilegri stærð. Það hljóta allir að skilja.

Í öðru lagi er á það bent af þeim manni, sem þekkir mjög vel til skipaútgerðar, þ.e. Guðjóni Teitssyni forstjóra Skipaútgerðar ríkisins, hann bendir á stærð skipsins og telur hana vera óhóflega. Í öðru lagi segir hann, að þetta skip sé háyfirbyggt og henti þannig illa á þessari siglingaleið. Ef á nokkurri siglingaleið er að öllu jafnaði um hliðarvind að ræða, þá er það á þessari siglingaleið milli Reykjavíkur og Akraness. Það er

nálega alltaf sigling í hliðarvindi. Og háyfirbyggt skip hentar illa, það þori ég að fullyrða, til slíkrar ferðar. — Í því hefur Guðjón Teitsson alveg rétt fyrir sér. —

Um traustleika skipsins veit ég hins vegar ekki. Mér er þó sagt, að það sé byggt sem innfjarðaskip í Noregi, og mér þykir þess vegna ólíklegt, að það henti við þær aðstæður, sem hér eru, við þann óróleik sem enn þá a. m. k. er í Akraneshöfn, sem hefur reynt mjög á styrkleika Akraborgar. Það er varla sjón að sjá hana vegna þess, hvernig hún er útleikin af hreyfingunni, sem er á skipinu í Akraneshöfn. Þetta skip má því vera og hlýtur að vera traustlega byggt, ef það á að koma að gagni og ekki verða ónýtt eftir örfá ár. Ég veit ekki, hvort það er svo traustbyggt. Það væri full ástæða til þess, að þeir, sem biðja um ríkisábyrgð, geri grein fyrir því, hvernig þetta skip er.

Þá segir Guðjón Teitsson, að í þriðja lagi sé skipið ekki með hliðarskrúfu og það sé mikill ókostur, þar sem skipið verður þrisvar sinnum á degi hverjum í hvorri höfn að leggja að bryggju. En er þá ekki hægt að bæta úr því? Það er mjög torvelt, segir hann. Hjálparvél og orka skipsins eru mjög takmörkuð, svo að hliðarskrúfu yrði varla bætt á skipið nema með auknum rafvélabúnaði jafnhliða eða þá öðrum alldýrum búnaði. Sök sér hefði verið, ef hefði verið auðvelt að bæta úr þessu, en forstjóri Skipaútgerðar ríkisins telur þetta mjög kostnaðarsama aðgerð, en nauðsynlega. Þarna sýnist mér vera bent á, að á skipinu séu miklir annmarkar, og í annan stað, að ef úr þeim þurfi að bæta, þá kosti það mikið fé.

Það var sagt hér áðan, að það kostaði mikið fé að klassa Akraborgina, og það má vel vera. En þarna kemur þá bending um, að það þurfi líka vegna breytinga á þessu skipi að verja allmiklum fjárfúlgum til þess, svo að það er þá að fara úr öskunni í eldinn. — Þetta hefur forstjóri Skipaútgerðarinnar að segja okkur til aðvörunar varðandi kaup á hinu nýja skipi.

En svo þegar kemur að rekstrinum, þá segi ég, að það slær mig illa, að það skuli vera bornar fyrir samvn. samgm. mjög augljósar blekkingar í sambandi við þetta, því að það fer ekkert á milli mála, að samanburðurinn og áætlunin, sem gerð er, er gert til þess að kasta ryki í augu nm., en ekki til þess að upplýsa þá um staðreyndir. Það er þannig alveg sami flöturinn, sem veit að okkur alþm. um það eins og um formið á málinu, hvernig það er lagt fyrir Alþ. Það virðist ekki vera hreinlega að farið. Það er upplýst, að núna séu 8 skipverjar á Akraborg. Það er búið að fækka þeim, frá því er ég vissi seinast, þegar ég spurði skipstjórnarmenn, þá voru þeir 11. Það má vera að fengist hafi samþykki sjómannasamtakanna til þess að fækka þarna skipverjum, og ég rengi ekki þessa tölu þess vegna. En að helmingi stærra skip fengi leyfi sjómannasamtaka og farmannasamtaka til þess að vera með 8 manna skipshöfn, það þarf ekki að segja mér, svo að þar er farið með blekkingu. Ég tel það alveg útilokað. En það er ekki búið með blekkingarnar þrátt fyrir þetta. Skipið Tungenes er a. m. k. 100 millj. kr. dýrara skip en Akraborgin, og þá er spurning um það, hvað kosti að tryggja það. Þarf að segja það nokkrum manni, að tryggingarkostnaður á því skipi verði ekki hærri en á Akraborginni? Nei, ég held, að það verði ekki tekin sem góð og gild vara af neinum. Í áætluninni er líka gengið út frá þessu svona. — Og þá er það olíunotkunin. Vélaraflið er 2x1040 í nýja skipinu, en 2x500 í Akraborginni. Þar munar ekki miklu, að um tvöfalt vélarafl sé að ræða. Hjá okkur í samvn. samgm. voru menn, sem vissu nákvæmlega, hvað væri reiknað olíuverð á hestöfl í skipi, það væri ákveðin formúla, og þá er ekkert um það að villast, að þarna mætti reikna með allt að því helmingi meiri olíunotkun heldur en hjá Akraborginni. En þarna er verið að slá upp áætlun um það, að það verði sama olíunotkun hjá báðum skipunum. Það er eins og þessi áætlun hafi bara verið send til einhverra krakka og ætlast til þess, að þeir tryðu öllu saman. En þarna er farið með blekkingar, því miður, og það gerir málið tortryggilegt. Það er sama, hvort litið er á skipakaupin sjálf, það virðist svo sem margt bendi til þess að skipið sé óhentugt til þessa hlutverks, óþarflega stórt og óþarflega dýrt, og einnig að því er snertir rekstrarkostnaðinn, þá verði það sama upp á teningnum, að hann hlýtur að verða miklu, miklu meiri en hjá því skipi, sem nú annast þessar ferðir.

Af hverju er þá verið að senda samvn. samgm. svona bandvitlausa rekstraráætlun? Auðvitað til þess, að n. rísi ekki gegn málinu með tilliti til hugsanlegra styrkveitinga til rekstrar þessa skips. Þannig er alveg augljóst, að þetta er gert í blekkingarskyni.

Ég hef ekki fleiri orð um þetta, en það er fullréttmæt krafa af hendi alþm., að þetta mál sé afgreitt sem sérstakt mál, fyrir því gerð full grein, af því að það vita allir, að það kemur til þess, að það verður beðið um flóabátastyrk til þessa skips, og Alþ. er það þannig ekki óviðkomandi, þó að ekki sé verið að biðja um styrk til kaupanna. Það á að skoða vandlega, hvort nokkurt vit er í kaupum þessa skips, og það á að gefa sannar upplýsingar um rekstrarkostnað þess, því að það mál kemur Alþ. við fyrr eða síðar.

Ég lýsi því yfir, að ég er andvígur þessu máli, þangað til fyllri upplýsingar og sannari liggja hér fyrir, sem hægt er að byggja á.

Guðlaugur Gíslason: Herra forseti. Ég skal ekki tefja umr. í sambandi við það mál, sem hér liggur fyrir, aðeins segja nokkur orð í sambandi við það, sem hæstv. fjmrh. tilkynnti hér áðan, að sótt hefði verið um ríkisábyrgð fyrir væntanlegum kaupum á Vestmannaeyjaskipi. Ég held, að það verði ekki sagt, að það mál sé nýtt hér á Alþ., það hefur verið rætt hér á undanförnum árum þó nokkuð oft, og á árinu 1972 var skipuð n. um samgöngumál Vestmannaeyja. Hún skilaði áliti í árslok 1972, þar sem hún að meiri hl. til, 4 af 5 nm., mælti mjög eindregið með því, að nýtt skip yrði byggt til Vestmannaeyjaferða. Ég vil því leyfa mér að vænta þess, að sú n., sem fær þetta mál til meðferðar, taki vel því erindi, sem nú liggur fyrir frá Vestmanneyingum um fyrirgreiðslu um ríkisábyrgð í sambandi við væntanlega byggingu á skipi. Ef það mál er ekki afgreitt nú, þá mun það seinka okkar hugmyndum um nýtt skip til þessara ferða um

heilt ár, og væri það að mínum dómi mjög illa farið. Þess vegna ítreka ég það, að ég vænti þess, að sú hv. n., sem fær málið til athugunar, verði því meðmælt og leggi til, að heimild fyrir ríkisábyrgð verði afgreidd nú með þessu frv.

Benedikt Gröndal: Herra forseti. Ég vil hefja mál mitt með því að benda á, að það hefur komið greinilega í ljós í þessum umr., a. m. k. um hv. 3. þm. Norðurl. v., formann samvn. samgm., að hann er ekki aðeins algerlega andvígur því skipi, sem talað er um að kaupa, heldur hefur hann verið og er andvígur gamla skipinu, Akraborg. Hann er algerlega á móti því, að það sé skip á siglingaleiðinni milli Akraness og Reykjavíkur, og hefur sagt greinilega, að hann telji slíkar siglingar óþarfar. Þetta er komið fram í dagsljósið, sem menn hefur lengi grunað, sem hafa fjallað um þessi mál, og er gott, að hv. þm. skuli, þegar á hann er gengið, viðurkenna þennan sannleika umbúðalaust. Ég verð að segja, þar sem þetta er sennilega næstæðsti maður í íslenskum samgöngumálum, formaður tveggja sameiginlegra þn., að mér finnst þetta nálgast það, svo að ég noti orðtak, sem hann beitti hér sjálfur í öðrum umr. nýlega, að lambið sé að sparka rollunni ofan í holuna, þegar formaður samgöngumála hefur slíkt steinaldarviðhorf til samgangna á fjölfarinni leið, þar sem skip hafa verið til siglinga um áratugi. Hv. formaður samgn. beggja virðist hafa þær hugmyndir um samgöngur á Íslandi seint á 20. öld, að það þurfi að vera jeppafært, svo að hann geti draslast um á gamla jeppanum sínum og í gallanum. Þá er hann ánægður. En ég vil benda á, að það má finna mýmörg dæmi um allt land í sambandi við vegi, brýr, flugvelli, hafnir og siglingar, sem sýna, að þjóðin lætur sér þetta ekki nægja, hún gerir aðrar og meiri kröfur til samgangna nú á dögum, enda þótt þessi hv. þm. eigi erfitt með að skilja þær eða sætta sig við þær. Ég vil einnig benda á, að það liggja fyrir í samgrn. og raunar í fleiri opinberum skrifstofum ítarlegar skýrslur sérfræðinga um það, hversu arðbærar ýmsar vegaframkvæmdir, brúaframkvæmdir og aðrar samgönguframkvæmdir eru, og þær skýrslur gefa svo sannarlega ekki tilefni til að tala um samgöngur eins og eyðslu.

Hv. 3. þm. Vestf. flutti hér líka mjög athyglisverða ræðu. Formaður samgm. hafði að vísu talað um, að engin skýrsla, engin áætlun hefði verið lögð fram, en hjá hv. 3. þm. Vestf. kom í ljós, að lagðar hafa verið fram slíkar skýrslur í samvn. samgm., og er auðheyrt, að þær hafa verið ræddar mjög ítarlega og n. hefur fjallað um þær í viðurvist og hlustað á álit forstjóra Skipaútgerðarinnar, svo að ekki hefur upplýsingarnar skort. En ég vil átelja það, að hv. 3. þm. Vestf. skuli hér í þd. bera fram raunverulegar ákærur á stjórn Skallagríms, sem væntanlega hefur sent þessa skýrslu til n., um það, að þessi stjórn hafi gert tilraunir til að blekkja samgn. og Alþ., það sé farið óhreint að og að skýrslurnar, sem þessir menn hafi sent, séu bandvitlausar. Ég tel með öllu ósæmilegt að bera fram slíkar ákærur gegn fjarstöddum mönnum hér á þingi, og ég mótmæli þeim. Ég þekki þessa menn, og ég trúi ekki, að þeir hafi vísvitandi gert neinar tilraunir til þess að blekkja einn þm. eða alla. Ég trúi því ekki, að þeir ímyndi sér, jafnvel þótt þeir vildu reyna það, að þeir gætu blekkt alþm. í þessu efni.

Ég átti lengi sæti í samvn. samgm., og ég veit, að forstjóri Skipaútgerðarinnar er hinn mætasti og ágætasti maður. En hann hefur haft mismunandi skoðanir á mismunandi flóabátum umhverfis allt land og ekki alltaf þær sömu frá einu ári til annars. Ég mundi því vilja hlusta á einhverja fleiri og tel, að það væri rétt, að n. kallaði á þá, sem sent hafa skýrslurnar, og ræddi við þá og gæfi þeim kost á að skýra þær, áður en nm. koma fram opinberlega á Alþ. og ákæra stjórn Skallagríms um að reyna að blekkja Alþ., fara aftan að Alþ. og senda því bandvitlausar upplýsingar. Það er með öllu óhugsandi, að slíkt geti átt sér stað, enda þótt skoðanir þeirra eða mat á staðreyndum kunni að vera að einhverju leyti öðruvísi en skoðanir og mat forstjóra Skipaútgerðarinnar.

Í sambandi við kaupin á þessu skipi vil ég aðeins segja það, að eftir þeim upplýsingum, sem mér hafa verið gefnar, — ég hef haft kynni af þessu fyrirtæki og rekstri þess alla þá tíð, sem ég hef setið á Alþ., og raunar lengur, — þá vil ég geta þess, að ég veit ekki betur en fulltrúi frá Skipaeftirlitinu hafi farið til Noregs, skoðað þetta skip vandlega og látið í ljós álit sitt varðandi það, áður en nokkur ákvörðun var tekin um kaup á skipinu. Ég hef ekki þekkingu eða aðstöðu til að deila við hv. þm. um skipið sjálft, það er best að láta fagmenn fjalla um það, og legg ég því engan dóm á það. En ég er ekki viss um, að hv. fyrrv. samgrh. sé mjög miklu meiri sérfræðingur í þeim efnum heldur en ég, og ég hefði talið hyggilegra af honum að spara sér stóru orðin um stjórn Skallagríms og skýrslurnar, sem sú stjórn hefur sent, eða innihald þeirra.

Um einstök atriði þarf ég ekki að fara mörgum orðum frekar. Það er að sjálfsögðu gömul saga, hvað sementsflutningum fylgir mikið ryk, og er það mjög leitt, ef formaður samvn. samgm. Alþ. er búinn að einsetja sér að stiga aldrei um borð í þetta skip og hleypa ekki einu sinni reiðhestum sínum um borð í það. En ég hygg, að bæði honum og öðrum væri fullkomlega óhætt hvað snertir hreinlæti og heilsu að fara með nýju sementsflutningaskipi, eins og þar er um búið. Ég geri ráð fyrir því, að sú athugun, sem nú fer fram á möguleikum á sementsflutningum, byggist á því, að hægt sé að dæla sementi í geyma í skipinu, án þess að það verði til að valda farþegum nokkrum óþægindum.

60. þús. manns hafa ferðast með þessu skipi, og það eru atkv. um það, hvort skips er þörf eða ekki, — að sjálfsögðu ekki pólitísk atkv., þó að ég notaði það orð, — en það eru vissulega röksemdir fyrir því, að þörf er fyrir þetta skip, röksemdir gegn því steinaldarsjónarmiði hv. 3. þm. Norðl. v., að við Íslendingar eigum að láta okkur nægja jeppafærar slóðir um landið, þá getum við verið ánægðir.

Nútímasamgöngur eru alls staðar mikið vandamál, og þær eru sú blóðrás efnahagskerfa, sem tryggir þeim vöxt og líf. Það er alveg rétt, að farþegaflutningar hafa verið aðalverkefni Akraborgar, og má búast við því, að farþegaflutningar verði aðalverkefni hins nýja skips. Hins vegar

er það algerlega óreynt, hve bílaflutningar verða miklir og þar á meðal flutningar á vöruflutningabílum, því að þeir menn, sem reka vöruflutningabíla, geta að sjálfsögðu reiknað út, hvort þeim er hagkvæmt að ferðast með þessu skipi eða ekki, þeim sem koma frá Akranesi og öðrum stöðum vestan- og norðanlands, svo að það liggur alls ekki fyrir og er þvert á móti veruleg ástæða til þess að ætla, að það geti orðið um töluverða slíka flutninga að ræða.

Það er ekki nema hálfur sannleikur að segja, að flóabátastyrkirnir séu eingöngu til þess að tryggja mönnum, sem búa við erfiðastar samgöngur, að koma afurðum frá sér og aðföng á varningi, sem þeir þarfnast. Flóabátastyrkirnir hafa verið notaðir til hinna ólíkustu verkefna. Þeir hafa verið notaðir til þess að tryggja Vestmanneyingum svipað mjólkurverð og aðrir hafa. Þeir hafa verið notaðir til þess að greiða niður flutninga með bílum landleiðina austur í Skaftafellssýslu. Að sjálfsögðu er þetta nauðsynlegt. En farþegaflutningar á milli Reykjavíkur og Akraness eru líka nauðsynlegir, og það er ekki til þess að hafa í flimtingum eða vanmeta, þegar jafn miklir flutningar eru og jafnmikill hópur farþega getur sparað sér a. m. k. klukkustundar ferðalag. Við verðum að bera þetta skip, alveg eins og Akraborgina, saman við landleiðina, en aðalatriði málsins er ekki að bera þetta nýja skip saman við Akraborgina, vegna þess að við eigum þess ekki kost mjög lengi enn að hafa Akraborgina í flutningum.

Ég vil svo að lokum lýsa undrun minni yfir því, að menn skuli hneykslast á því, að tvö mál, þar sem um er að ræða ríkisábyrgð vegna kaupa á skipum, skuli vera í sama frv. Ég veit ekki betur en það séu mýmörg dæmi þess, svo að segja á hverju einasta þingi, að óskyldari mál komi saman í eitt frv. en hér er um að ræða, og undrast, að langreyndir þm. skuli andmæla slíku. Vorum við ekki að afgreiða fjárlög í dag? Hvað er í fjárl.? Er það ekki allt milli himins og jarðar í íslensku þjóðlífi, sem hefur ekkert sameiginlegt annað en það, að greitt er fé til þess úr ríkissjóði? Ég held, að það sé minna, sem tengir saman greinarnar og undirliðina og undirundirliðina þar, heldur en það, sem tengir saman greinarnar í þessu frv. Þetta er furðulegur málflutningur, og við þurfum ekkert að undrast, þó að frv. hlaði skylduverkefnum á sig á leið þeirra í gegnum þingið, það er algengt. Ég hygg, að hv. þm. hafi sjálfir tekið þátt í því svo oft áður, að þeir ættu ekki að beita svo léttvægum rökum í þessu máli.

Herra forseti. Ég tel sjálfsagt að kanna þetta mál jafndjúpt og þm. vilja og ég tel sjálfsagt, að n. fái allar þær upplýsingar, sem þær telja sig þurfa. En ég tel illa viðeigandi og mótmæli því á nýjan leik, að það skuli vera bornar fram í d. ásakanir á hendur tilgreindum mönnum um vítaverða framkomu gagnvart Alþ. Ég vil því vænta þess, að samvn. samgm. skoði þessi mál betur og gefi báðum aðilum tækifæri til að skýra sitt mál og stjórn Skallagríms þurfi ekki að liggja undir slíkum ákærum sem hér hafa komið fram og teljist af þeim saklaus, þangað til sannað verður, að hún hafi komið fram gagnvart Alþ. á þann hátt, sem hér var á hana borið.

Forsrh. (Ólafur Jóhannesson): Herra forseti. Það var aðeins út af því, sem hv. þm. Guðlaugur Gíslason minntist á um Vestmannaeyjaskip, að ég vil upplýsa, að það erindi, sem hefur verið sent til ríkisstj. þar að lútandi, hefur hún þegar fyrir sitt leyti afgreitt jákvætt. Með hverjum hætti það verður afgreitt hér á Alþ., get ég ekki sagt um á þessu stigi, hvort það þykir viðeigandi að hnýta því við þetta frv. eða hvort því verður skotið inn á heimildagr fjárl. Ég vil aðeins láta koma fram, að það hefur verið fallist á að veita ríkisábyrgð fyrir 80% þar.

Ég skal ekki blanda mér í þessar umr. hér að öðru leyti. Það má sjálfsagt finna að þeirri lagasetningaraðferð að breyta frv. mjög mikið í meðferð þingsins og skeyta nýju máli við, vegna þess að það má segja, að þá vanti grg. fyrir því. En ég hygg, að það séu mjög mörg dæmi þess í þingsögunni, bæði fyrr og síðar, að það hafi nú verið skeytt við frv. breytingum og þá þannig, að sú n., sem hefur fjallað um það, hafi flutt brtt. þar við, sem setja megi á bekk með þeirri, sem hér er um að tefla.

En sem sagt, út í umr. um þetta Akranesskip ætla ég ekki að fara, en vildi aðeins láta þetta koma fram varðandi Vestmannaeyjaskip.

Hannibal Valdimarsson: Herra forseti. Ekki vil ég una því, að það sé talið ósæmilegt af minni hendi að vitna í skjöl, sem n. eru send. Ég vitnaði hér í grg. þess manns, sem er ráðunautur ríkisstj. í þessum málum, flóabátamálunum, og ráðunautur Alþ. Hann segir, að rekstrarspá í tvennu lagi hafi verið lögð fram fyrir hið væntanlega skip, Tungenes, í ferðum í stað Akraborgar, en hann telur, að áberandi veilur virðist vera í þessari spá. Ég vænti þess, að hann geti staðið við það, að hann telji áberandi veilur vera í þessari spá.

Veilurnar voru þessi þrjú atriði, sem ég nefndi:

1. Hann segir, að á Akraborginni séu nú aðeins 8 skipverjar. Virðist reiknað með sama fjölda eða einum manni meira á Tungenes. Síðan segir: „Ólíklegt er, að það yrði í reynd samþykkt, enda mun ekki hafa verið rætt við farmannasamtökin um þetta." Dettur hv. þm. í hug, að helmingi stærra skip fengi samþykki sjómannasamtakanna hér á landi til að vera með 8 manna áhöfn eða 9? Hann er jafndómbær á þetta og ég. Við vitum báðir, að slíkt er útilokað.

2. Það er reiknað með því, að vátryggingargjöld fyrir Tungenes og Akraborg séu sem næst þau sömu. Forstjóri Skipaútgerðarinnar vitnar til verðmunar skipanna og segir, að þetta sé fjarri öllum sanni. Dettur hv. 8. landsk. þm. í hug, að það sé hægt að fá helmingi dýrara skip vátryggt fyrir sömu upphæð og það skip, sem er helmingi ódýrara? Ég hygg, að hann komist að sömu niðurstöðu og ég, að slíkt sé útilokað.

3. Loks fær það ekki staðist að reikna sömu eða næstum sömu olíunotkun fyrir Tungenes og Akraborg, þar sem er rúmlega helmingsmunur á vélaorkunni. Ég skírskota enn til hv. 8. landsk. þm. og hans dómgreindar, hvort honum finnst frambærilegt að senda frá sér skjöl um það, að helmingi stærri vél þurfi ekki meira brennsluefni en helmingi minni vél. Svo er verið að saka þm. fyrir, að þeir fari með ásakanir, ákærur á hendur

þeim mönnum, sem gefi þessar upplýsingar. Við erum að leggja dóm á það og erum frjálsir að því. Hér er verið að fara með blekkingar með tilliti til þess, að þetta skip verði keypt og síðan verði beðið um ríkisstyrk, svo sem eins og einn tug millj. á ári í rekstur. Það er þess vegna, sem okkur kemur það við.

Það var áðan minnst á, að það stæði fyrir dyrum klössun á Akraborginni, og það er sjálfsagt rétt. Hvað er þetta skip gamalt? (**Gripið fram í:** sex ára.) Þetta nýja norska, það er sjö ára gamalt, að mér er tjáð. Og mér er tjáð, að eftir eitt ár hljóti að bera þar að 8 ára klössun, sem sé mjög dýr. Hvað þýðir þetta, ef það er rétt? Það er verið að fara úr öskunni í eldinn! Það stendur fyrir dyrum klössun á Akraborginni, og það stendur líka fyrir dyrum klössun hjá þessu skipi, ef það er 7 ára gamalt, svo sem mér er tjáð.

— En svo er að lokum eitt atriði, sem mig langar til að fá upplýsingar um, ef hér eru menn, sem geta gefið upplýsingar um það, sem hlýtur að vera, því að einhverjum hér er sjálfsagt kunnugra um þetta mál en mér, því að ég hef ekki fengið að vita neitt um þetta mál fyrr en fyrir örfáum dögum. Hvernig er með hafnaraðstöðu á Akranesi og í Reykjavíkurhöfn handa skipi, sem er opið að aftan og er búið út til þess, að bílum verði hleypt um borð? Er búið að gera þær breytingar í Reykjavíkurhöfn, að hægt sé að veita því þá þjónustu, eða ef það er ekki búið, hvenær verður sá búnaður tilbúinn? Hvenær getur skipið fengið aðstöðu til að fá þá afgreiðslu, sem það er byggt fyrir? Verður það á þessu ári? Hvenær verður það? Og hvað mundi kosta slík breyting á aðstöðu í Akraneshöfn og Reykjavíkurhöfn? Skipið kemur ekki að fullum notum, fyrr en þetta hefur gerst. Það verður að notast við sömu afgreiðsluaðstöðu og Akraborgin hefur, þangað til þessi hafnaraðstaða er til. Ég vænti þess að fá upplýsingar um þetta, hvort farið sé að gera ráðstafanir til þessa, eða ef ekki, þá hvenær þessi aðstaða verður til, því að þessir kostir skipsins koma ekki að notum fyrr.

Ég er þeirrar skoðunar, að þarna sé verið að festa kaup á miklu stærra skipi en verkefnið krefjist. Ég er afar hræddur um, að skipið eigi illa við sitt nýja hlutverk, það sé byggt sem heldur veikbyggt innfjarðaskip, 7 ára gamalt, með klössun fyrir dyrum, með háa yfirbyggingu og illa til þess fallið að þola þá ókyrrð, sem a. m. k. er enn í Akraneshöfn, og að rekstrarkostnaðurinn verði stórkostlega miklu meiri en n. eru sendar upplýsingar um. Ég tel málið að öllu leyti þannig vaxið, að það sé fyllsta ástæða til þess fyrir Alþ. að fá nákvæmari upplýsingar um, hvernig til þessa máls sé stofnað, og það sé ekki réttlætanlegt á nokkurn hátt að blanda þessu saman við ábyrgðarbeiðni til nokkurra fiskiskipa.

Umr (atkvgr.) frestað.

Byggingar á vegum Viðlagasjóðs, frv. (þskj. 2, n. 210). — 2. umr.

Frsm. (Hannibal Valdimarsson): Herra forseti. Þetta frv. til 1. um húsbyggingar á vegum Viðlagasjóðs eða Vestmannaeyjakaupstaðar, er til staðfestingar á brbl. og hefur farið í gegnum hv. Ed. Frv. var rætt á fundi í félmn., og voru allir nm. sammála því að afgreiða frv. óbreytt. N. leggur sem sé til, að frv. þetta verði samþ. óbreytt.

ATKVGR.

1. gr. samþ. með 21 shlj. atkv.
2.—5. gr. samþ. með 22 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 24 shlj. atkv.

Veiðar með botnvörpu, flotvörpu og dragnót í fiskveiðilandhelgi, frv. (þskj. 120, n. 224, 225, 236). — 2. umr.

Frsm. (Garðar Sigurðsson): Herra forseti. Hér liggur nú fyrir til 2. umr. frv. til 1. um veiðar með botnvörpu, flotvörpu og dragnót í fiskveiðilandhelginni ásamt nál. sjútvn. og brtt., samtals í 26 liðum, sem n. hefur komið sér saman um að flytja við frv. Framantalið er á þskj. 120, 224 og 225. Ég bið hv. þm. að hafa þessi þskj. við höndina, þegar gerð verður grein fyrir brtt.

Það hefur ekki farið fram hjá mér, að sumum hefur þótt nóg um, hversu seint þetta frv. er á ferðinni, og ég get út af fyrir sig vel skilið það. En það er skoðun mín, að þegar þingmáli er vísað til n., þá sé það gert í því skyni, að hún kanni það sem gaumgæfilegast, en afgreiði ekki málið með málamyndaskoðun. Það er auðvitað spurning, hvort breyta eigi frv., sem hefur hlotið eins langan undirbúning og þetta, og í framhaldi af því, að hve miklu leyti og hvers vegna. Það þarf að taka tillit til margra hluta og ég vil taka fram ekki aðeins til togveiða, ef leitað er að fyrirkomulagi til þess að nýta fiskistofnana á sem skynsamlegastan hátt innan landhelginnar, án þess að um rányrkju verði að ræða. Það er skoðun mín, að miklu meira og strangara eftirliti þurfi að koma á með fiskveiðum, ekki síst í því að koma í veg fyrir óhóflegan netaaustur, sem minnkar gæði aflans stórlega, svo sem reynslan sýnir. Forkastanlegt smáfiskadráp, seiðadráp og misþyrmingu á humarstofni þarf að koma í veg fyrir, að svo miklu leyti sem framast er unnt. Eftirlit með friðuðu svæðunum þarf að vera strangt og nákvæmt og ströng viðurlög við brotum, hvort sem um er að ræða togveiðar eða netaveiðar. Fiskurinn er alveg jafndauður, hvort sem hann lendir í netum eða trolli. Það þarf að taka tillit til samsetningar flotans, afkastagetu ýmissa hluta hans og veiðimöguleika. Í því sambandi má nefna, að með auknum flota skuttogara af meðalstærð hljótum við að taka vaxandi hlutfall aflans á þau skip. Þessir togarar gerbreyta afkomu fiskvinnslunnar víða um land með því að lengja starfstíma frystihúsa og skapa jafna, samfellda vinnu í þeim í stað óvissrar hrotuvinnu og gefur möguleika á betri áætlunum, skipulagningu og framleiðni í fiskiðnaði en verið hefur. Um þennan þátt uppbyggingar fiskiflotans mætti flytja langt mál, en það er óþarft hér. Þeim, sem gerkunnugir eru þessum hlutum, er ljóst, að með þessum þætti er nánast um byltingu að ræða í þessum efnum.

Það þarf líka að taka tillit til minnstu bátanna og einnig til síldveiðibátanna okkar, sem hafa orðið að snúa sér að öðrum verkefnum margir hverjir. Þessir bátar eru allstórir, en hafa ekki það vélarafl, sem dugir til að toga á við skip, sem eru sérsmíðuð til togveiða. Síðast og kannske ekki síst þarf að taka tillit til þess, að enn ráðum við ekki einir okkar 50 mílna landhelgi og með samningunum við breska stríðsmenn og þýska tollmúramenn, sem von er á, hafa forsendur nokkuð breyst frá því, sem gert var ráð fyrir í upphafi meðgöngutíma þessa frv. Í sambandi við togveiðiheimildir og þann mílufjölda frá landi, sem um er getið í þessu frv., ber mönnum að hafa í huga, að stærð fisks við landið vex ekki í réttu hlutfalli við fjarlægð frá landi, það er aðeins gömul bábilja. Það er líka af gamalli kerlingabók, að troll og dragnót skemmi botngróður, því að hann fyrirfinnst ekki neðan við 15—20 faðma dýpi og hvergi á svæðum, þar sem sandur er á hreyfingu. Mílufjöldi frá landi segir ekki heldur sömu söguna hvar sem er við landið, vegna þess að landgrunnið er mjög misbreitt, dýpi á því misjafnt, svo að ekki sé talað um, hversu misjafnt botnlag er um að ræða o. s. frv.

Ég skal nú láta þessum hugleiðingum lokið, því að síst sæti á mér að lengja umr. um þetta frv., svo ljós sem mér er nauðsyn þess, að það verði afgreitt fyrir hátíðar. Ég vil aðeins segja það, að þær brtt., sem hér liggja fyrir, eru samkomulagstill. þm. úr öllum flokkum, nema einum reyndar, Frjálslynda flokknum. Þær eru þess eðlis, að þess hefur verið freistað að finna málamiðlun, þar sem tekið hefur verið tillit til áðurnefndra atriða og margra fleiri. Ég mun nú reyna að gera grein fyrir ýmsum brtt. við frv. munnlega, þótt það hefði verið æskilegt að hafa hér hangandi stórt sjókort eða annað tæki, sem sýnt gæti hv. þm. betur, hvað um væri að ræða.

Eins og ég sagði áðan, eru þessar brtt. allmargar eða í allmörgum liðum. Brtt. sjálfar eru í 6 liðum, en samtals í 28 atriðum, að mig minnir. Og ég vil ítreka það, sem ég sagði fyrr, ef þm. vilja fylgjast með í hverju brtt. eru fólgnar, að þeir hafi hjá sér þskj. 120. Jafnframt því vil ég benda mönnum á að hafa við höndina eða fletta upp á bls. 16 og 17 í frv., þar sem eru kort af þeim veiðiheimildum, sem nú eru í gildi, og þeim veiðiheimildum, sem frv. sjálft gerir ráð fyrir. Með því að hafa þetta tvennt til hliðsjónar geta menn fylgst með hvoru tveggja, gr. í frv. og þeim myndum, sem eru á bls. 16 og 17.

Þessar samkomulagstill. eru niðurstaða þeirrar vinnu, sem unnin hefur verið í sjútvn. í haust. Ég mun reyna að gera grein fyrir hverri gr. fyrir sig, að svo miklu leyti sem það er hægt, án þess að geta bent á nákvæmt kort.

1. brtt. er við 2. gr., og hún nær í stafrófinu í undirliðum aftur að n, — og vorum við heppnir, að hún skyldi ekki ná aftur fyrir z. Við 2. gr. eru þá þessar brtt.:

A-liður við 2. gr.:

„Á eftir 1. mgr. komi: Þar sem í l. þessum er rætt um skip 350 rúmlestir og minni, eru undanskildir sérsmíðaðir skuttogarar með aflvél 1000 bremsuhestöfl eða stærri.“

Tilgangurinn með þessari brtt. er sá að koma skuttogurum okkar öllum upp fyrir þessa síldarbáta eða þessa síldarbátategund, sem ég talaði um hér áðan. Það er ekki sanngjarnt, að skuttogarar, sem mældir eru 299 lestir, lendi með bátum, sem hafa mörgum sinnum minni afkastagetu heldur en þessi skip. Þeir togarar, sem nú hafa verið keyptir frá Noregi, hafa verið byggðir til þess að geta fallið undir 300 tonna takmarkanir Norðmanna hvað varðar veiðiheimildir. Það er hægt að nefna dæmi um þetta. Ég get nefnt það, að togarar, einir þrír, sem hafa verið keyptir hingað til landsins og mældir 299 tonn, eru nákvæmlega jafnstórir og togarar, sem sagðir eru vera 407 og upp í 440 tonn. Þessum mælingarreglum er víst ekki hægt að breyta, þær eru alþjóðlegar, en samkv. upplýsingum Hjálmars Bárðarsonar er von á, að alþjóðasamningur verði staðfestur nú innan tíðar um, að slíkar kúnstir verði ekki viðhafðar. Okkur í sjútvn. fannst ekki sanngjarnt, að nokkur skip, 5—6 skip, gætu komið undir bátastærðirnar með slíkum mælingaaðferðum, því að þessir skuttogarar, sem við höfum af millistærð, 400—500 tonn, eru fullt eins afkastamiklir og sennilega miklu afkastameiri en okkar gömlu togarar og slaga hátt upp í þá stóru togara, sem hafa verið fluttir hingað nú að undanförnu. Til þess er þessi 1. liður fram borinn.

B-liðurinn, sem er við gr. A. 4, segir:

„Í stað „4 sjómílna“ komi: 3 sjómílna.“

Það er varðandi veiðiheimildir kringum Kolbeinsey. Hingað til hefur verið leyft að veiða upp að 3 mílum við Kolbeinsey, en frv. gerir ráð fyrir að veiða upp að 4. Það er út af fyrir sig góðra gjalda vert að reyna að vernda fiskistofnana og koma í veg fyrir ofveiði, en þessi eina míla fyrir utan 3 við Kolbeinsey segir svo sem ekki neitt, því að 4 mílur frá Kolbeinsey, 5 mílur frá Kolbeinsey, 3 mílur, 6 mílur eða hvað sem er frá Kolbeinsey, það er nákvæmlega sami fiskurinn, þannig að þetta er ákaflega lítið verndunaratriði. En eftir þessu var óskað í till. frá Landssambandi ísl. útvegsmanna, sem okkur bárust og þeir fluttu okkur, eins og segir frá í nál.

Næsti liður, c-liður, er við lið B. 1, Austurland. Hann er fólginn í því, að við Austfjarðasvæðið, sem er algerlega friðað fyrir togveiðum utan við 12 mílur nema við Hvalbak, er bætt dálitlu svæði sunnan við til verndunar fyrir togveiðum. Það er einkum gert með hliðsjón af óskum smáútgerðarmanna á suðurfjörðunum og þá sérstaklega á Djúpavogi. Þarna kemur dálítill geiri, dálítið væn sneið, þar sem togveiðar eru heimilaðar áður fyrir allar stærðir fiskiskipa, reyndar misjafnlega langt frá landi, en með brtt. er lagt til, að þessi svæði verði lokað fyrir togveiðum. Þetta togveiðisvæði skiptir kannske ekki ýkja miklu máli fyrir togarana — og þó, en þarna er komið í veg fyrir árekstra milli þessara skipa.

Næsti liður, d-liður, er um veiðiheimildir við Hvalbak, þar sem hafði verið gert ráð fyrir í frv., að veiðiheimildir við Hvalbak yrðu færðar frá 3 mílum út í 6 í frv., miðað við það, sem verið hefur og við höfum gert ráð fyrir þessari málamiðlunartill. að fara þarna á milli og fara niður í 4 sjómílur. Þarna er næstum því sömu söguna að segja og við Kolbeinsey, að þarna eru

togaramið, og breytir ekki svo ýkjamiklu, hvort þarna er um 3, 4 eða 6 mílur að ræða, því að þarna er alls staðar sami fiskurinn, og Hvalbakurinn lítill. Í sambandi við þetta gæti ég kannske bætt við því, sem ég sagði áður um Norðurland, að till. Landssambands ísl. útvegsmanna höfðu gert ráð fyrir því, að 9 sjómílna fjarlægðin frá Grímsey væri minnkuð niður í 3 mílur. Á það gat n. ekki fallist, vegna þess að við vitum, að í kringum Grímsey og við Grímsey er fiskað mikið á litlum bátum, trillum og litlum dekkbátum, og gátum ekki fallist á að auka heimildir til togveiða á þessu svæði. Um þetta er ekki að ræða, hvorki við Kolbeinsey né Hvalbak, því að þar er ekki um smábátamið að ræða, heldur togaramið.

H-liður:

„Á eftir C. 5 komi nýr liður, sem verður C. 6 og orðast svo: Á svæði, sem afmarkast af línu, sem hugsast dregin réttvísandi austur af Hvalsnesi, að línu, sem hugsast dregin réttvísandi suður af Hvalsnesi, er öllum skipum heimilt að veiða allt að 6 sjómílum frá fjöruborði á tímabilinu frá 1. maí til 31. des.“

Eins og ég sagði áðan, breyttum við þeirri línu, sem hafði markað af Austurland og Suðausturland, þ. e. a. s. línu, sem áður var og hefði hugsast dregin suðaustur frá Selskeri að línu, sem hugsast dregin réttvísandi austur af Hvalsnesi. Eins og menn sjá af gráðunum, sem þarna eru tilgreindar, er Hvalsnesið nokkru sunnar en Selskerið og allmiklu vestar. Þar með friðast þetta svæði, sem ég nefndi áður, og kemur til góða smáútgerðarmönnum á suðurfjörðunum, en þessi gr., sem ég er að tala um núna, er um það að hleypa togveiðiskipum þarna inn að 6 mílum. Það er staðreynd, sem við höfum aflað okkur upplýsinga um, að á þessu svæði getur verið um allmikla ufsaveiði að ræða á ákveðnu tímabili, einkum síðari hluta sumars og á haustin. Þarna er um stóran fisk að ræða, og þessi veiðiheimild er ákaflega lítilfjörleg hvað snertir flatarmál. Ef menn hefðu kort við hliðina, þá gætu menn sannfært sig um það, að þarna er um mjög lítið svæði að ræða inni í þessari rétthyrnu, sem stingur sér upp af Hvalsnesinu, sem þó verður að athuga, að er utan við 6 sjómílur frá landinu. Ég hef kynnt mér þetta mál allvel og rætt við skipstjóra austur á landi, og kemur þeim öllum saman um þetta atriði.

Næsti liður er nýr liður, C. 7, sem er um það, að frá 17° v.l. að línu, sem er dregin réttvísandi suður frá Lundadrang, megi togararnir koma frá 12 og inn að 6 mílum. Till. þær, sem við höfum talað um áður, frá Landssambandi ísl. útvegsmanna fólust í því, að togararnir fengju að fara þarna inn að 4 mílum. Við vildum gera nokkurn greinarmun á bátunum og togurunum í þessu efni og settum þess vegna þarna 6 sjómílur. Og með því fá togararnir dálitla veiðiheimild, sem er þó þannig, að þarna verður ekki togað nema á tiltölulega takmörkuðum svæðum ýmissa ástæðna vegna, bæði vegna hrauns í botni og dýpis í álum.

Næsti liður, j-liður, er við gr. D. 2, og það er þessi liður, sem fjallar um Selvogsbankann. Eins og menn geta séð af þeirri mynd, sem er á bls. 17 í frv., hafa togararnir aðeins leyfi til þess að veiða inn að 9 mílum sitt hvorum megin við friðaða svæðið á Selvogsbankanum. Þetta svæði er svo lítið, að það er ekki nema allt í allt rúmlega 70 fermílur, en n. hefur fallist á ýmissa ástæðna vegna, m. a. þeirra, sem ég nefndi fyrr í minni ræðu, að þarna væri nauðsynlegt að veita togurum nokkru meiri heimildir á vertíðinni en gert er ráð fyrir í frv., því að ef þeir hefðu ekki stærra svæði en þetta, þá mundi talsverður hluti þeirra leita á Vestfjarðamiðin og hella í sig smáfiskinum á þeim svæðum í meira mæli en yrði, ef þessi brtt. næði fram að ganga. Það er sem sagt leyfilegt fyrir togarana samkv. þessum lið að koma allt að 4 mílum frá grunnlínu, og það er sú grunnlína, sem er samkv. reglugerð nr. 189/1972, þ. e. a. s. bein lína yfir þetta svæði. Till. Landssambands ísl. útvegsmnana, sem voru þeirra sameiginlegu till., einnig þeirra frá Suðurlandinu, gerðu ráð fyrir því, að miðað yrði við 8 sjómílur frá gömlu grunnlínunni, þeirri grunnlínu, sem dregin er úr Geirfuglaskeri í Einidrang og norðvestur í Selvogsvita, og þarna munar geysilega miklu. Þar hefðu þeir farið yfir geysilega mikilvæg veiðisvæði þess flota, sem stundar veiðar fyrir Suðvesturlandi á vertíðinni. Hann kemur ekki aðeins frá þeim stöðum, sem eru á Suður- og Suðvesturlandi, heldur alls staðar að af landinu, eins og menn vita. Á svona mikla rýmkun gátum við nm. ekki fallist, en kusum að fara þarna svolitla millileið, samkomulagsleið, eins og reynt hefur verið í öllum greinum.

Flatarmál þess togveiðisvæðis í heild, sem þarna opnast fyrir togveiðiskipin, er líklegast um 270—280 fermílur. Þó er það þannig, að togararnir fara ekki yfir nálægt því eins stórt svæði og Landssamband ísl. útvegsmanna gerði ráð fyrir. Vissulega verða þarna árekstrar nokkrir, bæði milli Grindvíkinga og Vestmanneyinga og annarra, netaveiðibáta annars vegar og togskipanna hins vegar, en sannleikurinn er sá, að í þessu máli verður aldrei gert neitt, sem öllum líkar.

Næsti liður, k, er um það, að nýr liður, B. 6 bætist við. Hann er í því fólginn, að þarna er tekið upp á nýjan leik það veiðihólf, sem Grindavíkur- og Suðurnesjabátar hafa haft á ákaflega takmörkuðu bili, tiltölulega fáar fermílur og mörgum sinnum færri fermílur, ef miðað er við það svæði, sem hægt er að toga á, því að sannleikurinn er sá, að þarna er ekki hægt að toga nema á tiltölulega fáum blettum. Upp úr þessu hólfi hafa komið nú undanfarið allmörg tonn og á síðasta ári líklega milli 3 og 4 þús. tonn af góðum fiski. Þarna er aðeins um að ræða veiði minnstu bátana, og þeir hefðu alveg jafnt gert sig ánægða með að færa stærðina langt niður úr 105 smálestum og allar götur niður í 70 smálestir. En þarna hafa minnstu bátarnir stundað veiðar, þeir bátar, sem hafa minnsta möguleika, smæstar vélar og erfitt með að færa sig langa vegu, og ef þessu svæði yrði lokað, þá er hætt við, að þeir þyrftu að stunda meira og minna veiðar austur við Ingólfshöfða, sem er um 150 mílur í burtu. Þess vegna höfum við

í n. getað fallist á, að þetta svæði yrði opnað, eins og er nú gildandi, en ekki gert ráð fyrir í frv.

Næsti liður, l, er um það, að nýr liður í gr. D., sem varðar Suðurland, bætist við, verði 7. liður og hljóði þannig:

„Á svæði, sem takmarkast að austan af línu, sem hugsast dregin réttvísandi suður af Lundadrang, og að vestan af 21° v.l.“, þ. e. a. s. af þeirri lengdargráðu, þar sem veiðihólf togaranna opnast yfir vertíðina, — „er öllum skipum heimilt að veiða allt að 6 sjómílum frá grunnlínu á tímabilinu frá 1. ágúst til 31. des.“

Ég vil vekja athygli á því, að þetta er lokað yfir vertíðina og aðeins opnað yfir haustmánuðina. Þetta er aðeins í samræmi við það, sem áður kom frá 17° að Lundadrangi, þannig að um sömu reglu er að ræða frá 17° að 21°. Sannleikurinn er sá um þennan lið, að skömmu eftir að kemur vestur fyrir þessa línu suður af Lundadrang, þá komum við vestur í Háfadýpið, sem gengur svo nærri landinu, að aðeins nokkrar sjómílur suður af landinu erum við komnir út á 1000 metra dýpi, þar sem enginn togari getur látið út veiðarfæri. Í rauninni er þarna ekki um meira svæði að ræða en það, að þarna er um endann á Reynisdýpinu að ræða og það svæði, sem er suður af Vestmannaeyjum. Þarna geta þeir verið sem sagt 5 mánuði á ári, og er alveg í samræmi við þá rýmkun, sem hafði orðið frá 17° að Lundadrang, þannig að þarna er um sömu heimildir að ræða, 6 mílur frá 12 mílunum.

Næsti liður, m, er stuttaralegur nokkuð í brtt. við gr. E. 1. Þar segir: „Í stað 12 sjómílur“ komi: 6 sjómílur.“ Þarna er í frv. gert ráð fyrir, að allir togarar séu reknir út frá hefðbundnum veiðisvæðum sínum hér milli Reykjaness og Snæfellsness út fyrir 12 sjómílur, að undanteknu því litla hólfi, sem kemur hér víst á eftir í frv., en ekki brtt. Þarna gerum við ráð fyrir, að togararnir fái nokkuð aukna veiðiheimild á þessu svæði, og ég hygg, að um þetta verði ekki sérlega mikið deilt og þetta sé ekkert ákaflega mikill hagur fyrir togarana, þótt það sé nokkur bót fyrir þá. Aðalsvæðið, þar sem gæti orðið hætta á árekstrum, er syðst á þessu svæði, þ. e. a. s. á Eldeyjarbankanum. Þar hefur venjulega verið lokað á vertíðinni svæði fyrir línubáta og netabáta, og það er það svæði, sem hefur orðið helsti ásteytingarsteinn milli þessara veiðiaðferða. En ég geri ráð fyrir því, að þessu viðkvæma svæði yrði lokað yfir vertíðina, og þá er þetta ekki svo ýkjamikið, en þó nóg til þess, að vaxandi togarafloti landsmanna yrði gefið færi á því að ná nokkrum afla á þessu tímabili.

Næsti liður, n-liður, er brtt. við F. 2. Menn hafa það hjá sér á bls. 2. Lagt er til af n., að dálitið verði rýmkað um fyrir togarana á þessu bili, þannig að farið verði inn um 6 mílur í staðinn fyrir 3. Við vitum vel, að sumir og kannske flestir á Snæfellsnesi hafa verið að fetta fingur út í að hafa þarna opið hólf fyrir togarana. En einhvers staðar verða vondir að vera, sérstaklega ef vondum fer fjölgandi upp á síðkastið, og sannleikurinn er sá, að togaramenn hafa ekki gert of mikið úr því að hafa heimildir á þessu svæði. Þeir hafa kannske á örlitlum tíma ársins haft gagn af því að geta veitt þarna í suðurkantinum í Kolluál. Landssamband ísl. útvegsmanna gerði ráð fyrir miklu ríflegri veiðiheimildum handa togurunum á þessum svæðum, Faxaflóasvæði, Reykjanessvæði og Selvogsbankasvæði, en þarna er aðeins fallist á það að færa inn um 3 mílur frá því, sem gert er ráð fyrir í frv., þ. e. a. s. á suðurhluta Breiðafjarðar. Breiðfirðingar hafa aðallega gert aths. varðandi það, að togararnir hirði göngurnar, sem komi inn með Kolluálnum síðari hluta vertíðar, en með því að þanna allar togveiðar á norðurhluta þessa svæðis er svokölluðum Grænlandsgöngum, sem Breiðfirðingar álíta, að komi þarna inn í Breiðubugtina, norðan til, gefin greið leið inn eftir. Þessar hugmyndir, bæði þeirra og annarra í þessum efnum, eru því miður ósannaðar allar, og vantar mikið upp á rannsóknir í þessum efnum, sem okkur eru nauðsynlegri en flestar aðrar rannsóknir. Þarna held ég, að hafi fengist millileið á einu af þeim svæðum, sem mest er rifist um af heimamönnum. Það er þannig á Snæfellsnesi, að ef maður hittir mann á götu í Grundarfirði og spyr hann um þessi atriði, þá hefur hann alveg ákveðna skoðun, næsti maður hefur alveg gagnstæða skoðun, og þannig hefur orðið raunin á um þær sendinefndir, sem við höfum tekið á móti í sjútvn. varðandi þessi efni. Ég skal ekki og vil ekki leggja dóm á það, hver hefur rangt eða rétt fyrir sér í þessum efnum, en þegar málið er vel skoðað og allra hlutur er rannsakaður, þá held ég, að þarna höfum við komist að málamiðlunartill., sem flestir geti sætt sig við.

Í sambandi við þennan lið hafa nokkrir þm. flutt brtt. um veiðar út af Breiðafirði, en því miður virðist ég ekki hafa þessa brtt. hjá mér. En hún er þess efnis, að liður F. 2 í frv. falli niður, þ. e. a. s. litla hólfið, sem er þarna vestur af nesinu og norður yfir Kolluálinn, togararnir séu burtrækir. Og svo er aðalatriðið í þeirra till., c-liður brtt. á þskj. 236, að veittar séu veiðiheimildir í Breiðafirði, sem ekki yrðu settar í lög, heldur yrði rn. að ákveða hverju sinni, hvar, hverjum og hvernig ætti að leyfa togveiðar í Breiðafirði. Um þetta atriði eins og fleiri önnur hef ég haft samband við hæstv. sjútvrh., og hann hefur alls ekki getað fellt sig við það, að um slíkar heimildir yrði að ræða.

Síðan gerðu þeir Breiðfirðingar breytingu á þessum till. sínum í sambandi við það veiðisvæði, sem nú er ákveðið, að það verði fært norður af því, sem er í frv. núna, en það er einmitt svæðið, þar sem veiðist talsverður koli, og Vestfirðingar og fleiri hafa gert miklar aths. og mjög strangar aths. við, að það yrði opnað fyrir togbátum líka. Þess vegna féllst n. á að láta þær veiðiheimildir duga, sem eru í frv., þ. e. a. s. hafa það óbreytt, en síðan getur rn. heimilað dragnótaveiðar á kolasvæðinu suður af Bjarginu.

Þá hef ég tekið fyrir allar þær brtt., sem eru varðandi veiðiheimidir. Það er innifalið í 1. brtt. út að lið n.

2. brtt., sem við flytjum, er við 7. gr. Þar segir: „Rn. er heimilt í samráði við Hafrannsókna-

stofnunina að ákveða hámarkshlutfall smáfisks af afla veiðiskipa, sem landa má úr hverri veiðiferð, og viðurlög við brotum á þeim reglum.

Stundum og því miður allt of oft kemur það fyrir, að veiðiskip lenda í smáfiski, — nóg er af honum, — fylla sig og fara í land. Ef einhver slík takmörkun yrði á þessu, þannig að smáfiskur mætti ekki fara upp fyrir ákveðið mark, þá yrði kannske reynt að koma í veg fyrir þetta. Nm. gátu ekki fundið aðferð til þess að koma því í réttan búning, hvernig ætti að framkvæma þetta, en við vonum það allir í n., að fiskifræðingarnir og Hafrannsóknastofnunin og rn. geti fundið þá aðferð, sem dugir til að koma í veg fyrir gegndarlaust smáfiskadráp víða um landið.

3. brtt. er við 9. gr., og er hún flutt vegna 8. gr. í rauninni, sem við getum fundið á bls. 4 í frv. Í 8. gr. segir:

„Nú er botnvörpuskip í fiskveiðilandhelgi, þar sem því er óheimil veiði, og skulu þá veiðarfæri öll vera í búlka innanborðs, þannig að toghlerar séu í festingum og botnvörpur bundnar upp."

Nú er þannig með skuttogarana, að hlerarnir hanga alltaf í gálgunum eða festingunum, sem þeir eru venjulega í, og þeir eru ekki teknir inn fyrir á sama hátt og gengur með síðutogarana. Trollið er tekið inn í rennu að aftan og ekki bundið upp á síðuna, eins og gerist á síðutogurunum, þannig að þarna er um allt annan frágang að ræða, og þess vegna þótti okkur rétt að setja í 9. gr., sem er heimildagr. um ýmis efni í sambandi við þetta frv., að bæta inn í hana eins og segir í brtt.:

„Á eftir orðunum „sem landa má" komi: Og um búnað veiðarfæra á þilfari skuttogara, sem eru í fiskveiðilandhelgi, þar sem þeim er óheimil veiði."

Þetta er framkvæmdaatriði, og ég vona, að hv. þm. skilji það.

Næsta brtt. er nr. 4 og er við 10. gr., og er sú till. í 7 liðum.

A-liður er um, að sú breyting verði gerð á 1. tölul., að orðin „fyrir eitt ár í senn" falli niður. Þessi brtt. er sett inn, eftir að ég hafði kannað hjá ráðh. og rn., hvernig þeim félli við þessa gr., og ráðh. fannst það of bindandi að segja „fyrir eitt ár í senn", og vildi ekki taka þetta með til þess að geta sett heimildir fyrir mjög stuttan tíma í einu, þannig að þetta yrði þá fellt burt. Það er heldur takmarkandi atriði.

Sama er að segja um b-lið. Hæstv. ráðh. kvaðst ekki vilja hafa veiðiheimild til dragnótaveiða örugglega í gildi fyrir heilt veiðitímabil, heldur geta takmarkað hana við styttri tíma.

C-liður er um niðurfellingu á afganginum á 1. tölul. Þessi niðurfelling þýðir það, að hugsanlegar eru dragnótaveiðar á Faxaflóa. Það væri óskandi, að sem flestir þm. kynntu sér þetta mál frá öllum sjónarmiðum. Það er dálítið einkennilegt að gera flota lítilla báta héðan úr Flóanum og Suðurnesjum svo erfitt fyrir, að eigendurnir sjá sér varla annað fært en að selja skip sín, ef þeir fá ekkert að fiska hér í Faxaflóanum með veiðarfærum, sem þeir kjósa helst og veiða sennilega besta fiskinn. Þessi brtt. gengur þó ekki lengra en það, að áður en slíkar heimildir yrðu veittar, yrðu að koma til umsagnir frá fiskifræðingum og Fiskifélagi og svo að lokum vilji rn. til þess að veita slíkar heimildir í ákaflega takmarkaðan tíma og væntanlega í litlum mæli, þannig að ég lít ekki eins alvarlegum augum á þessa breyt. og sumir hv. þm. gera. Ef menn halda, að dragnótin veiði eitthvað smærri fisk en þau veiðarfæri, sem nú þegar eru leyfð í Flóanum, þá er það alger misskilningur, enda liggja fyrir um það tölur. Ef menn vilja leita umsagnar mikilhæfs fiskifræðings í þessu efni, þá hefur Jón Jónsson fiskifræðingur skrifað um þetta mjög greinargóða blaðagrein nú í júlí í sumar, sem menn geta kynnt sér, ef þeir vilja.

Þá komum við að d-lið þessarar brtt., sem er um að fella burt orðið „eingöngu" í 1. mgr. 4. tölul. Hvaða skip er eingöngu gert út til síldveiða á Íslandi, þar sem allar síldveiðar eru bannaðar? Um þetta þarf raunar ekki fleiri orð, þó að ástæða væri kannske til. Getur vel verið, að aðrir nm. vilji fjalla um þetta frekar, en ég sé ekki ástæðu til þess, þar sem það er hverjum manni augljóst, að þetta er óhæft í gr.

Næsti liður er, að á eftir orðinu „nauðsynleg" í 2. málslið hljóði afgangurinn þannig: Þar á meðal, að allur afli annar en síld sé upptækur til Landhelgissjóðs Íslands, ef hann fer fram úr ákveðnum hluta af heildarafla. — Þarna er í rauninni um tvenns konar breyt. að ræða. Í fyrsta lagi það, að í stað ríkissjóðs, sem við höfum allir miklar áhyggjur af, komi Landhelgissjóður Íslands, sem okkur í n. finnst eðlilegra, að peningar renni til samkv. þessum ákvæðum, — og einnig það, að þarna er miðað við ákveðinn hluta af heildarafla, þannig að allur afli, sem inn kemur þarna, sé ekki gerður ónýtur, með því að henda honum í sjóinn, þó að hann sé smávægilegur, því að þannig er með þessi síldveiðiskip, að þau stunda einmitt veiðar með mismunandi veiðarfærum og jafnvel með fleiri veiðarfærum í senn.

Þá er það næst f-liður. Hann er sama eðlis og það, sem ég var að tala um áðan. Þar er aðeins um þetta ákvæði um ákveðið hlutfall af heildarafla að ræða, og um það þarf víst ekki að segja margt, ef menn kanna greinina vel.

Sama er að segja um g-liðinn, þar kemur aðeins „til Landhelgissjóðs Íslands" í staðinn fyrir „til ríkissjóðs", og ég á bágt með að trúa því, að nokkur þm. hér á hv. Alþ. verði til að mótmæla þessum orðalagsbreytingum.

5. brtt. er fólgin í því að fella saman 2. og 3. tölul. í frv. annars vegar og 4. og 5. tölul. í frv. hins vegar, þ. e. a. s. nm. fannst eðlilegt að miða sektirnar við þær stærðir, sem gert er ráð fyrir í frv. Í frv. er gert ráð fyrir 3 stærðum: Í fyrsta lagi veiðiskipum allt að 105 lestum, í öðru lagi veiðiskipum allt að 350 lestum, með þeim undantekningum, sem getið er um í 1. brtt., og loks stærri veiðiskipum, þ. e. a. s. togurunum. Þess vegna fannst okkur eðlilegt að hafa sektirnar þrenns konar, en ekki í 5 liðum, þar sem stærðarmörkin eru þrenns konar. Að öðru leyti breytist gr. ekki neitt.

Næsta brtt., 6. brtt., er við 14. gr. og er í stuttu máli um það, að þar sem talað er um fangelsi „að 2 árum" í 14. gr. komi: „að 6 mánuðum". Satt að segja hefði ég persónulega, — en eins og ég sagði áðan, er nú farin þarna samkomulagsleið, — viljað minnka þetta miklu meira. Mér

finnst alveg fáránlegt árið 1973 að gera ráð fyrir því, að skipstjórar séu settir í tugthús, í fangelsi í 2 ár fyrir að brjóta þessi lög. Það er næstum því eins og manndráp, ef ekki meira. Ég er dálítið hissa á því, að þeir menn, sem sömdu þessa gr. í frv. — ég vil taka fram, að við þm. höfðum auðvitað ekki svona hugmyndaflug, — að þeir lögspekingar, sem hafa sett þetta inn í frv. skyldu ekki setja inn í þetta eins og 50 vandarhögg líka. Ég hef heyrt þær röksemdir, að þetta væri sett þarna til þess að geta dæmt útlendingana nógu andskoti hart. Þó að okkur sé ekkert sérlega vel við Breta og þeir hafi komið heldur rustalega fram við okkur í þessu deilumáli, þá eru breskir sjómenn líka menn. Ég kæri mig ekkert um að beita öðrum refsiákvæðum við þá heldur en aðra menn. Við erum allir menn, hvar sem við eigum heima í veröldinni. Tveggja ára tugthús finnst mér fáránlegt, og það er með naumindum, að ég geti sætt mig við þessa brtt., að fara upp í 6 mánuði. Ég vonast til, að hv. þm. séu ekki búnir þeim hefndarhug að þurfa endilega að fara að hafa nautn af því að loka menn inni í tugthúsi í mörg ár, þó að þeim verði á að brjóta einhver ákveðin lagaákvæði.

Með þessu hef ég farið yfir þær brtt., sem n. hefur lagt fram. Eins og ég gat vist um áður, vil ég ekki verða til þess að draga þessar umr. um of á langinn, en ég vil minna hv. þm. á það og sérstaklega þá fulltrúa, sem telja sig vera sérstaklega friðunarsinnaða, að gæta þess, að lög um veiðiheimildir í fiskveiðilandhelginni falla úr gildi um áramótin. Ef þetta frv. kemst ekki í gegn fyrir hátíðar, þá verðum við einu sinni enn að framlengja þær veiðiheimildir, sem nú eru í gildi og eru miklu meiri heldur en þær, sem gert er ráð fyrir í frv. og brtt. Er vonandi, að friðunarmenn verði ekki til þess, að við þurfum að halda þeim áfram. Og ég vil óska þess, að hæstv. forseti reyni að koma þessu máli af í þessari d. sem allra fyrst, þannig að Ed. geti fengið málið sem fyrst til meðferðar.

Friðjón Þórðarson: Herra forseti. Á þskj. 236 hef ég leyft mér að flytja nokkrar brtt. við frv. það, sem hér um ræðir, ásamt hv. 8. landsk. og hv. 5. þm. Vesturl. Ég skal fúslega viðurkenna, að það er erfitt að setja reglur og lög um þessi efni, sem allir geti fellt sig við og sætt sig við. Það verður því áreiðanlega oft að meta stóra og margþætta hagsmuni, sem rekast illilega og harkalega á, og fara milli skers og báru, reyna að finna út miðlunarlausn og reglur, sem flestir geta fellt sig við. Sennilega hefur þó óvíða verið erfiðara að semja reglur, þar sem menn gætu mæst nokkurn veginn, eins og á Breiðfjarðarsvæðinu. Að vísu hefur sá háttur verið á hafður á þessu svæði, að þar hafa menn löngum reynt til hins ýtrasta að ná samstöðu og samkomulagi heimafyrir fyrst. En aldrei hefur það tekið jafnlangan tíma og í þessu máli. Það var því gerð lokatilraun til þess að samræma sjónarmið heimamanna með því, að nokkrir útvegsmenn, sjómenn og sveitarstjórnarmenn af Snæfellsnesi komu á fund hér í Reykjavík hinn 5. þ. m. Eftir miklar umr. og margs konar erfiðleika, því að sannarlega er hér um mikla og ólíka hagsmuni að ræða, sem rekast á, tókst þó að ná samkomulagi, sem allir felldu sig við að lokum, og skildu sáttir að kalla. Ég mun nú rekja þetta samkomulag í örfáum orðum, eins og það hefur verið útfært á þskj. 236.

Það er þá í því fólgið, að ákvæði kaflans um Breiðafjörð, sem merktur er F í þessu frv. og er á bls. 3, breytist þannig:

Í fyrsta lagi, að liður merktur F. 1 verði óbreyttur, og er þarflaust að lesa hann upp.

Í öðru lagi liður merktur F. 2 verði alveg felldur niður. Menn óttast hin stórvirku togveiðiskip, stóra skuttogara, óttast að fá þá inn í Kolluálinn á eftir fiskigöngunum. Um það eru, held ég, allir Breiðfirðingar sammála að reyna að komast hjá því, að þessi stórvirku veiðitæki vaði langt inn í Kolluálinn. Þess vegna var ég nokkuð undrandi að heyra það, sem hv. síðasti ræðumaður, 5. þm. Sunnl., hélt fram í ræðu, sem hann var að ljúka, að skoðanir manna væru mjög skiptar um þetta efni og þá sérstaklega í Grundarfirði. Ef gengið væri eftir götum í Grundarfirði, þá væri hægt að hitta menn, sem væru á algjörlega öndverðum meiði í þessu efni. Ég held, að þetta sé mælt af ókunnugleika, því að þótt menn geti deilt harkalega um flesta þætti þessa máls á Snæfellsnesi og við Breiðafjörð, þá hygg ég, að þeir mætist á þessum punkti. A. m. k. var þetta fyrsta atriðið, sem útvegsmenn og sjómenn voru algjörlega sammála um og samþykktu með einróma till. á fjölmennum fundi, sem haldinn var í Ólafsvík ekki alls fyrir löngu. Hins vegar er það rétt hjá hv. ræðumanni, að einhvers staðar verða vondir að vera. Það er vist ekki hægt að mæla gegn því. En það er í fáum orðum sagt eindregin ósk og álit heimamanna, að þarna beri ekki að helypa inn stórvirkum togurum lengra en að 12 mílum.

Þá er í þriðja lagi, að liður merktur F. 3, í kaflanum um Breiðafjörð, verði óbreyttur.

Í fjórða lagi verði liður merktur F. 4 eins og hann var í frv., er það var lagt fram á s. l. vori, þ. e. a. s. að hann hljóði eins og liður 4. F á þskj. 581 frá síðasta þingi, 241. máli.

Í fimmta lagi eru menn sammála um það, að ráðh. verði veitt heimild til að veita frekari togveiðiheimildir en greindar eru í lögum þessum í takmarkaðan tíma og á tilgreindum veiðisvæðum vegna þeirrar sérstöðu, sem er í verstöðvum við Breiðafjörð, að fiskibátar eru flestir undir 105 tonnum að stærð og hafa stundað veiðar á grunnmiðum kringum Snæfellsnes, enda komi til meðmæli Hafrannsóknastofnunarinnar. Þarna kem ég að atriði, sem er mikið hagsmunamál margra aðila við Breiðafjörð, ekki síst Grundfirðinga, sem eiga mikið af smábátum og þyrftu sannast sagna að fá umþóttunartíma til þess að laga sig að breyttum aðstæðum og stórauknum friðunaraðgerðum. Á þennan hátt tókst þó mönnum að ná nokkurn veginn samkomulagi, og að skilja sáttir að kalla, eins og ég sagði áðan.

Ég treysti hv. þm. til þess að líta á þetta mál, reyna að setja sig í spor okkar Breiðfirðinga, vega það og meta, hvað hér er um mikilvæg málefni að ræða, sem snerta svo til hag hvers einasta manns við Breiðafjörð á einn eða annan veg. Ég bendi á, eins og ég raunar gerði í upphafi máls

mins, að Breiðfirðingar hafa jafnan reynt að ná samstöðu í þessum efnum. Ég bendi á það, sem sérstakt má kalla, að þeir hafa í nokkur ár, nokkuð mörg ár, alfriðað svæði á Breiðafirði fyrir netaveiðum. Það er svæði, sem bannar allar netaveiðar á Breiðafirði fyrir innan línu, sem hugsast dregin úr Skor í Eyrarfjall við Grundarfjörð. Um þessa reglu standa allir saman. Breiðfirðingar halda því fram, að hún hafi gefið góða raun, — jafnvel þótt fiskifræðingar séu ekki allir á því máli, — og eru ákveðnir að halda þessari friðun áfram. Ég hygg, að þeir séu síður en svo minni friðunarmenn en hverjir aðrir, þó að þeir séu allmargir hverjir ekki nógu vel í stakk búnir til þess að mæta stórauknum friðunaraðgerðum án nokkurs aðlögunartíma.

Ég held, að það sé óþarft að fara um þessar brtt. fleiri orðum. Við höfum reynt að koma þeim greinilega á framfæri á þskj. 236, eins og ég áðan sagði. En áður en ég lýk máli mínu, ætla ég aðeins að benda á eitt atriði, sem ég tók eftir í brtt. n. Það segir svo í 10. gr. frv., sem hv. frsm. fjallaði nokkuð um, í niðurlagi l. tölul., þar sem fjallað er um dragnótaveiðar: „Heimild þessi til veitingar dragnótaveiðileyfa skal ekki notuð til 1. júlí 1976 að því er varðar veiðar á Faxaflóa innan línu, sem dregin er úr punkti 4 sjóm. réttvísandi vestur af Garðskagavita í punkt 4 sjóm. réttvísandi suðaustur af Gáluvíkurtanga." Ég sé í þeim brtt., sem sjútvn. leggur fram við frv. það er á bls. 2, 4. tölul. c, að þar er sagt: „Niðurlag l. tölul. frá og með orðunum „Heimild þessi" falli niður". Enda vék hv. 5. þm. Sunnl. nokkuð að þessu atriði.

Það er óþarft að fara mörgum orðum um þetta efni, svo kunnugt sem það er, bæði hér á hv. Alþingi og utan þess. Það er óþarfi að rekja hina löngu sögu þeirra manna, sem börðust fyrir friðun Faxaflóa. Þess vegna vil ég leyfa mér að mótmæla þessum c-lið í brtt. n. og leggja til, að sú till. verði felld. Ég tel, fyrst þessi friðun er komin á á annað borð, þá sé a. m. k. rétt að láta *standa eins og segir* í frv., að „heimild þessi til veitingar dragnótaveiðileyfa skal ekki notuð til 1. júlí 1976". Ég vil því ítreka það, að ég legg til, að þessi c-liður í 4. tölul. brtt. hv. n. verði felldur niður.

Guðlaugur Gíslason: Herra forseti. Hv. frsm. sjútvn. gat þess, að frv. hefði verið nokkuð lengi í athugun hjá n. Ég tel það ekkert óeðlilegt, því að það mál, sem hér liggur fyrir, er eitt af stærri og flóknari málum, sem Alþingi hefur haft *til meðferðar á undanförnum árum*. Ég vil minna á það, að á árunum frá 1959 og þangað til í árslok 1968 gerðu mjög margir þm. tilraun til þess að fá gildandi lögum um bann gegn botnvörpuveiðum í landhelgi breytt á þann veg, að hinum smærri bátum yrði veitt rýmri heimild til botnvörpuveiða en í þeim lögum fólst. *Mál höfðu* þróast þannig, að bátaflotinn hafði um nokkurt árabil mjög mikið brotið þessi lög og botnvörpuveiðar smærri báta byggðust orðið nær eingöngu á því, að l. væru brotin. Það var ekki talið fært að gera út smærri báta til togveiða nema á það *grunnu vatni, að heimild til* þeirra veiða var ekki að finna í gildandi lögum. Þannig var komið haustið 1968, að þáv. dómsmrh. tilkynnti hér á Alþingi, að mjög strangt mundi verða tekið á öllum brotum á þessum l., ef ekki næðist samkomulag um að breyta þeim hér á hinu háa Alþingi.

Þetta varð til þess, að 3 þm. fluttu þá rétt fyrir jól einfalda breytingu á l. þannig, að leyfðar voru botnvörpuveiðar að 4 mílum frá grunnlínu fyrir öllu Norðurlandi frá Horni að Rauðunúpum og fyrir Suðurlandi inn að 3 mílum frá Stokksnesi að Reykjanesi öllum bátum upp að 200 tonnum að stærð. Þetta bjargaði þá málunum í bili, og ég vil segja það, að hið undarlega skeði, að þessi breyt. á l. var samþ. mótatkvæðalaust hér á hinu háa Alþingi, og kom mjög á óvart, að nást skyldi samkomulag á þessum grundvelli. En þá hafði verið starfandi n., sem sjútvrh. hafði skipað til að endurskoða l., en hún hafði ekki lokið störfum og sá fram á, að hún mundi ekki geta lokið störfum fyrr en kannske síðar á vetrinum eða áður en þingi yrði slitið vorið 1969. Ég tel, að sú n. hafi unnið mjög mikið og gott starf. Formaður þeirrar n. var hv. 5. þm. Reykn. Jón Árm. Héðinsson, og n. gerði það, sem þá hafði aldrei verið gert áður af neinni þingnefnd, að hún ferðaðist um landið þvert og endilangt, fór í hvert einasta kjördæmi landsins, hélt fundi með sjómönnum og útgerðarmönnum og öðrum, sem töldu sig hafa hagsmuna að gæta í sambandi við fiskveiðar almennt. Það kom þá þegar í ljós, að sjónarmið til þeirra laga, sem gildandi voru um botnvörpuveiðar, voru mjög ólík, ekki einasta í hverjum landsfjórðungi, heldur að segja má í hverju einasta sjávarþorpi á landinu. Innbyrðis í hverju einasta sjávarþorpi virtist vera um mjög ólík og margvísleg sjónarmið að ræða bæði hjá einstökum útgerðarmönnum og einstökum sjómönnum. En eftir mjög ýtarlega athugun tókst n. þó að verða sammála um tilteknar breytingar, og náðu þær fram að ganga hér á Alþingi, áður en þingi var slitið vorið 1969.

Þau lög áttu að renna út, ef ég man rétt, í árslok 1971, og skipaði núv. hæstv. sjútvrh. n. að nýju, sem að miklu leyti var skipuð sömu mönnum og áður höfðu unnið að þessum málum. Hún gerði einnig það, sem áður hafði verið gert, hún ferðaðist um landið og kynnti sér viðhorf aðila og þá sérstaklega hvernig þær breytingar sem gerðar höfðu verið á l., hefðu fallið mönnum í geð. Auðvitað kom það sanna í ljós og áður hafði legið fyrir, að innan hvers sjávarpláss, þar sem fundir voru haldnir, voru sjónarmiðin mjög ólík og margvísleg. Menn deildu sums staðar mjög hart um það, hvað langt ætti að ganga með að leyfa einstökum skipum og einstökum skipastærðum að veiða með botnvörpu nálægt landi. Að þessum ferðalögum loknum náði einnig síðari n. nokkurn veginn samkomulagi í aðalatriðum, og var ekki um mikla breytingu að ræða á *sjálfum* fiskveiðiheimildunum frá því sem var í gildandi l., því að það kom greinilega fram, að þrátt fyrir hin mjög misjöfnu sjónarmið höfðu bæði sjómenn og útgerðarmenn í stórum dráttum fellt sig við þá breytingu, sem á þessum l. var gerð vorið 1969. Ég hygg, að þetta hafi verið í fyrsta skipti, sem þingnefnd ferðaðist um landið og hafði samband við þá aðila, fyrst

og fremst, sem málið snerti beint, því að hér er vissulega um mjög mikið og margþætt hagsmunamál fyrir hinar einstöku greinar sjávarútvegsins að ræða, og þá að sjálfsögðu sjómenn einnig. N. hin síðari, sem skipuð var um haustið 1971, starfaði út frá því sjónarmiði, að Íslendingar mundu eftir til þess að gera stuttan tíma, eða miðað við 1. sept. 1972, þ.e.a.s. íslenskir togarar, einir geta stundað veiðar innan 50 mílna svæðisins, þannig að svæðið frá 12 mílum að 50 mílum mundi bætast við fyrir þá eina til veiða eftirleiðis. Þetta sjónarmið varð til þess, að nokkuð var gengið lengra í því að ýta hinum stærri togskipum lengra frá landi en áður hafði verið gert. N. taldi eðlilegt, að þar sem íslensk togskip fengju nú ein að veiða á þessu svæði, yrði nokkuð þrengt að þeim nær landi og það svæði aftur á móti ætlað hinum smærri togskipum og öðrum smærri bátum, hvort heldur var um togveiðar að ræða eða önnur veiðarfæri, net eða línu. Eftir að það kom í ljós, að svo mundi ekki fara, að Íslendingar hefðu einir veiðiheimildir á svæðinu milli 12 og 50 mílnanna, þá breyttist að sjálfsögðu nokkuð grundvöllurinn undir því samkomulagi og því starfi, sem fiskveiðilaganefndin svokallaða hafði unnið, og till. hennar um breyt. á l. hreinlega byggðust á. Það verður að viðurkenna þetta, því að margir hafa sagt, að mjög hafi verið gengið óeðlilega á rétt hinna stærri togveiðiskipa, en þetta er skýringin á því, að svo var gert.

Sjútvn. hafði það sjónarmið, að úr því sem komið væri, væri þetta e.t.v. of langt gengið, og féllst hún á nokkrar tilslakanir til handa stærri togskipum, að þau fengju veiðiheimildir nær landi en frv. gerði ráð fyrir. Ég skal viðurkenna, að fyrir mitt leyti tel ég, að taka verði tillit til þessarar breyttu aðstöðu frá því sem við höfðum áður gert ráð fyrir, og hef því fallist á nokkrar verulegar tilslakanir frá frv., en ég var einn af þeim aðilum, sem stóðu að því að semja það, því að þegar breytt sjónarmið koma fram verður auðvitað að taka tillit til þess og skoða málið í því ljósi, sem það raunverulega liggur fyrir. Breyt. sjútvn. eru að langmestu leyti í þessu fólgnar, að hinum stærri skipum eru veittar á vissum stöðum við landið og vissum árstímum veiðiheimildir miklu nær landi, en frv. gerir ráð fyrir.

Að mínum dómi er það eitt veiðisvæði, sem getur valdið mestum ágreiningi um, hvað langt á að ganga til móts við óskir eigenda hinna stærri togskipa, en það er svæðið á milli Geirfuglaskers og að Reykjanesi, þ.e.a.s. Selvogsbankasvæðið. Það liggur alveg ljóst fyrir, að einmitt á þessu svæði hafa bátar að segja má af öllum stærðum, allt frá 30—40 tonna stærð og upp í 500 tonn að stærð, í vaxandi mæli stundað netaveiðar í 2—2½ mánuð á hávetrarvertíð einmitt á þessu svæði.

Ég hef alltaf óttast það mjög, að þegar svo er komið, að slíkur bátafloti, sem ég hygg að nemi á milli 2 og 3 hundruð bátum, stundar veiðar á þessum svæðum, þá geti komið til mjög alvarlegra árekstra og veiðafæratjóns, ef hin stærri skip fengju, samtímis og netaveiðar færu þarna fram, heimildir til togveiða einnig.

Eins og frsm. sjútvn. réttilega skýrði frá í ræðu sinni, komu fram mjög ákveðnar óskir frá fulltrúum L.Í.Ú., og voru það sameiginlegar óskir eða sameiginlegt samkomulag, eins og þeir sögðu, bæði bátaeigenda og togaraeigenda. Þetta samkomulag hafði náðst bæði um veiðar á þessu svæði og víðar á þeim grundvelli, að togaraeigendur hefðu gefið eftir á einum stað og bátaeigendur á öðrum, og þannig hefðu þeir getað innan n., sem L.Í.Ú. skipaði, náð þessu samkomulagi. Mér var það alveg ljóst, enda kom það á daginn síðar, að þó að það lægi fyrir sjútvn. að þarna væri um sameiginlegt álit n. L.Í.Ú. að ræða, þá var enn heima í héruðum alveg örugglega mjög djúpstæður ágreiningur um mörg þeirra atriða, sem þeir í n. höfðu náð samkomulagi um. Þetta kom í ljós síðar, bæði að því er Breiðafjörðinn varðar og fleiri staði, að þannig var ástandið enn þá heima í héraði, að menn greindi þar mjög á og deildu mjög hart um það, hversu langt ætti að ganga, sérstaklega í sambandi við tilslakanir til hinna stærri skipa. Ég tel þó, að það hafi verið mjög mikilvægt, að ábyrgir fulltrúar L.Í.Ú. skyldu þó ná þessu samkomulagi, sem n. náði og gerði að sínum till. til sjútvn. Nd. Þarna var um fullábyrga fulltrúa frá L.Í.Ú. að ræða, og hlaut því að verða tekið nokkurt tillit til þess, jafnvel þótt við vissum, að á bak við þá væri mikill ágreiningur um ýmis mikilvæg atriði í frv.

Ég þarf ekki miklu að bæta við það, sem kom fram hjá frsm. sjútvn. Hann gerði grein fyrir till. n. í heild, sem við höfum allir skrifað undir, þó með fyrirvara sumir. Við höfum áskilið okkur rétt til þess að flytja eða fylgja brtt. því að eins og ég hef sagt, hluta af þeim breytingum, sem gerðar hafa verið, hefði ég viljað hafa á annan veg. En auðvitað verður að taka tillit til þeirra sjónarmiða sem sett eru fram, ef maður telur, að þau geti átt rétt á sér eða að fyrir þeim séu eðlileg rök. En ef á að leysa málið nú, eins og ég tel að verði að gera, því að Alþingi megi ekki skilja svo við þetta mál nú fyrir áramót, að það verði ekki leyst á einhvern skaplegan hátt, þá auðvitað verða þeir aðilar, sem hafa hug á því, að reyna að samræma sjónarmiðin og koma þannig fyrir, að sem mest samkomulag geti náðst um málið hér á hinu háa Alþingi.

Frsm. n. kom inn á eitt atriði, sem auðvitað er mjög hægt að deila um, en það voru sektarákvæðin, og taldi hann allt því til foráttu, að rætt væri um allt að tveggja ára fangelsisvist, ef um ítrekuð brot er að ræða. Ég skal viðurkenna, að þetta er mjög viðkvæmt mál. Hins vegar liggur ljóst fyrir, að það getur verið um það veigamikil brot að ræða, ef einstakir skipstjórar gera sér leik að því að misnota lögin, brjóta þau og kannske sleppa með það árum saman, að þá verður að taka að mínum dómi nokkuð hart á því og koma í veg fyrir slíkt. Ég tel, að þær breyt., sem gerðar voru bæði 1968 og aftur vorið 1969, hafi verið það miklar tilslakanir frá áður gildandi l. og það miklar veiðiheimildir, bæði til smærri og stærri skipa, að menn eigi að geta unað við að fiska í samræmi við þau, án þess að gera tilraun til að brjóta þau niður með síendurteknum brotum. Ef ég man rétt, er það svo í gildandi l., að fyrir ítrekuð brot sé hægt að dæma menn í minnst 2 mánaða fangelsi. En í frv. er gert ráð fyrir allt að 2 ára fangelsi. Ég satt

að segja er ekki viss um, hvor viðurlögin eru strangari, því að auðvitað er það, sem talað er um, að dæma skuli minnst í 2 mánaða fangelsi, á valdi dómarans í hverju tilfelli. Þá er það auðvitað á valdi dómara, að mér skilst, hvað hart hann fer í sakirnar, hvað langa fangelsisvist hann dæmir menn í, og ef ég man rétt, hefur verið kveðinn upp dómur yfir erlendum aðila, að ég hygg allt að eitt ár. Mér er því alls ekki ljóst, hvort þessir 6 mánuðir, sem nú eru í till. sjútvn., eru ekki enn strangari viðurlög en nú eru í gildi eða geti orðið strangari viðurlög. Þetta er auðvitað allt matsatriði og mest á valdi þeirra, sem með dómsmál fara hverju sinni, hvað stranglega þeir vilja beita þeim viðurlögum, sem í gildi eru.

Það hefur komið fram, sem ég sagði hér áðan, að þrátt fyrir það að n. innan L. Í. Ú. næði tilteknu samkomulagi, þar sem menn hefðu slakað hver fyrir öðrum, þá virðist svo, að heima í hinum einstöku héruðum og einstöku sjávarplássum séu enn þá til þess að gera skiptar skoðanir um hin ýmsu atriði, sem n. L. Í. Ú. hafði þó náð samkomulagi um. Til þess bendir till., sem hér liggur fyrir á þskj. 236, ótvírætt.

Ég hef, frá því ég fór fyrst að gera tilraunir til að fá lögum um botnvörpuveiðar breytt, alltaf haft það grundvallarsjónarmið, að Alþingi Íslendinga yrði að líta á tvennt í því sambandi. Það er annars vegar hagnýting veiðisvæðanna, fiskimiðanna, og hins vegar friðun einstakra svæða, þannig að ekki væri um ofveiði að ræða, hvorki á hrygningarstöðum né á uppeldisstöðvum ungfisks. Einnig um þetta atriði hafa verið mjög skiptar skoðanir, bæði hér á hinu háa Alþingi og eins á meðal fiskifræðinga. Álit sjómanna hefur um nokkuð langa hríð verið það, t. d. í sambandi við hrygningarsvæðin hér fyrir Suðurlandi, að það bæri að gera tilraun til að friða tiltekið og ákveðið svæði og sjá, hvaða árangur yrði af því. Ég flutti till. á sínum tíma í Sþ. um, að þáv. ríkisstj. yrði falið að gefa út reglugerð um tilraunir, sem gengju í þessa átt. En hún náði þá ekki fram að ganga, einvörðungu vegna þess, að sérfræðingar Fiskifélags Íslands, sem þá höfðu með þetta mál að gera, — það var áður en til Hafrannsóknastofnunarinnar var stofnað, — töldu, að ekki væri hægt með netaveiðum t. d. á Selvogsbankasvæðinu að drepa nema tiltölulega mátulega mikið, eins og þeir sögðu, vissan hluta af hrygningarstofnunum, en ekki meira, það væri aðeins eitt, sem þar réði, og það væri, hvernig hrygningin kæmi út hverju sinni. Þetta sjónarmið fiskifræðinganna á þeim tíma varð þess valdandi, að Alþingi afgreiddi ekki tillöguna þó að ég sé sannfærður um að það var vilji margra alþm., að þessi tilraun yrði gerð. En eftir að þetta álit fiskifræðinganna lá fyrir náðist ekki málið út úr sjvútn.

Ég gerði tilraun til að fá málið inn í þingið aftur, en n. varð ekki sammála um það að ganga á móti áliti fiskifræðinganna og leggja til, að þessi tilraun yrði gerð. Ég hef alltaf harmað, að þetta skyldi ekki takast, og er sannfærður um, að þetta hefur valdið okkur mun meira tjóni en við kannske í dag getum gert okkur grein fyrir, því að þróunin hefur orðið sú, hverjum sem það er um að kenna, að fiskigegnd hefur minnkað mjög mikið, og ég segi alveg óhikað óhugnanlega mikið, á einmitt þessu svæði, Selvogsbankanum, og þá fyrst og fremst á hrygningarsvæðunum þar. Sjómenn halda því mjög ákveðið fram og hafa gert það um langan tíma, að það sé ekki einasta það, að svo og svo stór hluti af fiskigöngum, sem inn á þetta svæði koma til hrygningar sé drepinn, heldur sé árangur með netaveiðarfærin ofan í hrygningarstöðvarnar það mikill, að hann hreinlega flæmi fiskinn af hrygningarsvæðunum. Það sé kannske frekar ástæðan fyrir hinni minnkandi fiskigegnd á því svæði heldur en það, hve stór hluti af stofninum hafi verið drepinn. En þetta er auðvitað atriði, sem er útilokað að nokkur niðurstaða fáist um, nema gerðar séu um það beinar tilraunir.

Nú hefur, sem betur fer verið sett í reglugerð ákvæði um, að tiltekið svæði og það allstórt svæði á Selvogsbankahrauni verði alfriðað. Það var um það nokkur ágreiningur í fyrra, hvort þau tímamörk, sem í þeirri reglugerð eru, væru rétt eða ekki. Það hefur komið í ljós, að margir fiskifræðingar, sem gerðu athuganir í þessu sambandi á s. l. vertíð, töldu að tímamörkin hefðu ekki verið nægjanlega löng. Nú hefur reglugerðinni verið breytt í þá átt, eins og fiskifræðingar nú telja að þau þurfi að vera, og ber vissulega að mínum dómi að fagna því, að ef ekki næst neinn árangur af þeirri friðun, sem þar er gert ráð fyrir, þá er ég ákaflega hræddur um, að við séum komin í mikinn vanda í sambandi við fiskveiðarnar á vetrarvertíð hérna fyrir Suður- og Suðvesturlandi. En árangur kemur auðvitað ekki í ljós fyrr en eftir 1—3 ár, og geta fiskifræðingar á þessu tímabili fylgst með því, hvað þarna er að gerast. En auðvitaðð er það algert frumskilyrði, að þetta svæði verði varið alveg undanteknингarlaust fyrir öllum veiðum. Okkur var tjáð, að á þessu hefði orðið allverulegur misbrestur á s. l. vetri, og vil ég mjög harma það. Ég ætlast til þess, að þau rn., sem þetta mál heyrir undir, hafi á því vakandi auga, að ekkert slíkt endurtaki sig í vetur eða á komandi vetrarvertíð, því að ef það á að gerast, rennur þetta allt saman út í sandinn. Við fáum aldrei neinar öruggar niðurstöður um það, hvort það verndar fiskistofnana á hrygningarsvæðunum að gefa fiskinum tiltekið friðland, meðan hrygning fer fram, eða ekki. Það fæst aldrei úr þessum málum skorið, nema það liggi ljóst fyrir, að svæðið hafi verið alveg varið og þar hafi engar veiðar átt sér stað þennan tiltekna tíma. Væri það vissulega illa farið, ef ekki tækist að koma á ströngum reglum um það og framfylgja þeim, að þarna geti ekki verið um nein brot að ræða, sem máli skipti.

Ég tel, að það séu engin vandkvæði á að verja þetta svæði. Ég byggi það á reynslu, sem Vestmanneyingar fengu á sínum tíma, þegar samkomulag náðist við breska togaraeigendur fyrir milligöngu umboðsmanna þeirra í Eyjum. Þá náðist samkomulag um það, að hinir bresku togarar færu ekki nema inn að tilteknum mörkum á Vestmannaeyjabankasvæðinu. Þetta var gert einfaldlega á þann hátt, að svæðið var girt af með ljósbaujum og sett við það varðskip. Þetta bar þann árangur, að ég held, að það hafi verið hrein undantekning og hreint óviljaverk, ef breskur togari braut þetta samkomulag. Og ég

hygg, að ef þetta væri gert á friðunarsvæðinu á Selvogsbanka, og hægt væri að gera það enn betur með endurskinsmerkjum, sem koma fram á radartækjum, þá sé hægt að verja svæðið fyrir öllum veiðum. Og ég tel, að það þurfi hreinlega að setja varðskip inn á svæðið, eitt eða fleiri, þessa 40 daga, sem reglugerðin gerir ráð fyrir, að svæðið sé alfriðað, því að ég tel mjög mikilvægt, að úr því fáist skorið, hvort slík friðun ber árangur eða ekki. Ég tel þetta, eins og ég hef sagt áður, mikilvægt, vegna þess að ef slíkar friðunarráðstafanir bera ekki árangur, þurfi vissulega að endurskoða ýmis ákvæði í sambandi við fiskveiðar hér við Suðvesturland.

Ég skal ekki fara að ræða friðunaraðgerðir í sambandi við uppeldisstöðvar ungfisks. Þar greinir menn einnig á, ég vil segja bæði fiskimenn og aðra, hvernig að þeim eigi að standa. Ég hef aldrei haft trú á því, að það þýddi nokkuð að vera að friða tilteknar uppeldisstöðvar ungfisks 2 eða 3 mán. á ári, heldur yrði að afmarka svæðið og friða það í 1—2 eða fleiri ár, til þess að fiskifræðingar gætu sagt með einhverjum rökum, hvort friðun hefði borið árangur eða ekki. Ef svæði, þar sem uppeldisstöðvar eru, er aðeins friðað í 2 mánuði á ári og síðan veitt á því í 10 mánuði, þá segir það sig sjálft, beri friðunin árangur, að þá sækja togskipin í enn frekari mæli inn á svæðið þá 10 mánuði, sem það er opið. En þarna stangast sjónarmiðin á. Fiskifræðingar segja og eflaust með nokkrum rökum, að ungfiskurinn færi sig til á hinum ýmsu svæðum á ýmsum tímum, og má það vel vera. Ekki skal ég deila um það. En ég hef alltaf talið, að ef fiskurinn fengi frið á tilteknum svæðum um lengri tíma, hvort sem það er í sambandi við hrygnun eða uppeldisstöðvar, þá mundi hann hreinlega sækja inn á þau svæði og kannske vaxa þar upp og síður leita út fyrir þau, ef hann yrði ekki fyrir ónæði á svæðunum. En þetta er aðeins einn þátturinn, sem þó hlýtur að mínum dómi að vera mjög mikilvægur, í sambandi við skipulagningu fiskveiðanna hér við strendur landsins. Þegar Íslendingar eru búnir að ná fram marki sínu um að friða allt landgrunnið, sem allir vona að verði innan ekki langs tíma, þá tel ég, að enn á ný þurfi að endurskoða allar reglur um veiðar, bæði botnvörpuveiðar og annað, og friðun, bæði hrygningarsvæða og uppeldisstöðva ungfisks, og kannske gera allverulegar breytingar á því frv., sem nú er verið að lögfesta.

Sjútvrh. (Lúðvík Jósepsson): Herra forseti. Ég veit, að það er langt liðið á fundartímann, svo að ég skal nú takmarka mál mitt hér þannig, að það þurfi ekki að taka langan tíma enn af þessum fundi.

Ég þakka hv. sjútvn. fyrir það verk, sem hún hefur lagt í það að ná samkomulagi um afgreiðslu á þessu máli. Mér er ljóst varðandi þær till., sem hún leggur fram, að þar er um að ræða samkomulagstill., og hefðu eflaust ýmsir nm. viljað hafa brtt. sínar nokkuð á annan veg, ef þeir einir hefðu mátt ráða.

Ég get einnig sagt það, að í sjálfu frv., eins og það var lagt fram og samið af fiskveiðilaganefnd, voru ýmis atriði, sem voru nokkuð á annan veg en ég hefði helst kosið. Og sama er reyndar að segja um þær till., sem nú koma til breytinga á því frá hv. n. En ég tel, að samkomulagið, sem n. hefur náð, sé mjög mikilvægt fyrir framgang málsins og megi segja, að í öllum aðalatriðum sé fylgt þeirri stefnu, einnig með þessu samkomulagi nm., sem fiskveiðilagan. byggði till. sínar á og aðaltill. frv. voru byggðar á. Það er að vísu rétt, að með þeim brtt., sem sjútvn. gerir, er dregið nokkuð úr þeim hömlum, sem lagðar voru á togveiðar í fiskveiðilandhelginni með till. frv., eins og þær voru, þegar frv. kom fram. Það er sem sagt gert ráð fyrir því að heimila áfram nokkru meiri togveiðar innan fiskveiðilandhelginnar en gert var ráð fyrir í frv. En það er búið að gera hér talsvert ítarlega grein fyrir því, hvernig á þessu stendur og hvar um þessar auknu heimildir er að ræða, svo að ég skal ekki fara út í það. En það eru nokkrar breytingar, sem ég tel að þurfi þó að gera við till. sjútvn., en til þess að tefja nú ekki á neinn hátt framgang málsins hér í d., mun ég hafa þann hátt á að afhenda n. þessar ábendingar mínar, sem ég tel að þurfi að taka til athugunar, svo að n. geti farið yfir þær á milli 2. og 3. umr. Ef henni sýnist ástæða til þess, sem ég ætla að verði við nánari athugun, þá þarf að gera hér á nokkrar breytingar.

Ég vil aðeins segja það, í sambandi við till., sem hér er flutt á þskj. 236 af 3 þm. úr Vesturlandskjördæmi, þar sem þeir gera ráð fyrir talsverðum breyt. frá því samkomulagi, sem sjútvn. hefur gert, að þar er aðallega um eitt atriði að ræða, sem ég held að þeir verði að gera sér grein fyrir, að geti í rauninni ekki náð fram að ganga. Þeir vilja setja inn í frv. ákvæði um það, að ráðh. sé heimilt að veita frekari togveiðiheimildir á ákveðnum tímum á ákveðnum svæðum í Breiðafirði og að þeirra vandi í sambandi við togveiðiheimildir verði leystur með þessum hætti, að ráðh. fái heimild til þess að opna frekar þetta svæði fyrir togveiði. En allt frv. er byggt upp á annarri stefnu. Það er ákveðið í frv., hvaða heimildir skuli veita. Síðan er ráðh. veitt sú allsherjarheimild, að hann má draga úr veiðiheimildunum, ef það kemur í ljós, að á því sé þörf, en ef ráðh. á að hafa heimild til þess að veita togveiðiheimildir umfram það, sem segir almennt í lögum, á hinum einstöku stöðum, þá er í rauninni verið að fara hér inn á nýja stefnu. Þá stæðum við eflaust frammi fyrir því víða við landið, að einstakir aðilar þar sendu beiðni um það, hvort ráðh. vildi ekki veita þeim togveiðiheimildir innan landhelginnar. Ég er hræddur um, að það yrði býsna erfitt mál viðureignar. Ég held því, að þó svona ákvæði væru sett inn í l., sem er í rauninni alveg þvert á stefnu l., þá mundi varla nokkur ráðh. treysta sér til þess að taka á sig þann vanda að fara að heimila sérstaklega togveiðar, þar sem heimamenn hafa sýnilega ekki getað komið sér saman um, hvernig ætti að vera. Ég tel því, að það sé í rauninni ekki hægt að taka upp þessa till., eins og hún kemur fram frá þessum hv. þm. En ef þeir vilja gera ráð fyrir togveiðiheimildum þarna fyrir báta að einhverju marki og á einhverju svæði, þá verða þeir eins og aðrir að

reyna að forma það, hvernig þær heimildir eiga að vera.

Það er sem sagt þetta, að ráðh. hefur heimild til þess að draga úr veiðiheimildum, en ekki til þess að fara að heimila mönnum í rauninni að brjóta þá aðalreglu, sem l. gera ráð fyrir, að banna togveiðar í fiskveiðilandhelgi.

Þetta verður væntanlega athugað betur á milli 2. og 3. umr. af sjútvn.

Ég skal ekki hætta mér út í að ræða hér um einstök atriði. Ég verð þó að segja það rétt í leiðinni, að það er síður en svo, að ég telji, að þær till. séu til bóta hjá n., sem gera ráð fyrir breytingum á sektarákvæðum, því að menn þurfa að hafa í huga, að þessi sektarákvæði eru ekki bara fyrir þá viðkvæmu aðila, sem við hugsum mest um í þessum efnum, innlenda menn. Hér er líka um sektarákvæði fyrir brot á okkar fiskveiðilöggjöf gagnvart útlendingum að ræða, og það hefur sýnt sig, að ef á að taka eðlilega tillit til sekta í sektardómum, þá virðist vera betra að gera ráð fyrir því, að sektirnar fari verulega hækkandi eftir stærð og gerð skipanna. En sá samdráttur, sem gert er ráð fyrir af n., tel ég að sé ekki til bóta. Sömuleiðis segi ég það fyrir mitt leyti, að ég hefði frekar kosið að hafa það ákvæði, sem var í frv., að við ítrekuð brot af þessu tagi, væri hægt að dæma menn í fangelsi, eins og mörg önnur í okkar löggjöf. Þetta er mín skoðun, en ekki skal ég fara að gera þetta að ágreiningsefni, því að ég tel þetta ekkert höfuðatriði varðandi þessi mál. En vegna þess, sem hér hefur verið sagt, þykir mér ástæða til að láta þetta koma hér fram.

Ég legg höfuðáherslu á það, að reynt verði að afgreiða þetta mál hér fyrir þinghlé og að þá verði stuðst við það samkomulag, sem náðst hefur í sjútvn. á allvíðtækum grundvelli. Ég tel, það svo mikilvægt, að það sé í rauninni eina leiðin til þess að ná málinu fram, að í meginatriðum sé byggt á því samkomulagi, sem sjútvn.-menn hafa gert um málið, og ég vil sem sagt þakka þeim fyrir að hafa náð þessu samkomulagi og vinna þannig að því, að það megi takast að koma málinu fram.

Ég tel svo, að þær breyt., sem þyrfti að gera frekar á frv., megi gjarnan bíða til 3. umr.

Karvel Pálmason: Herra forseti. Það eru aðeins örfá orð. Ég sé ekki ástæðu til þess að fjalla frekar um þær brtt., sem sjútvn. hefur gert við þetta frv. Form. og frsm. n. hefur gert ítarlega grein fyrir þeim, vegna þess að ég átti sæti í þeirri n., sem undirbjó frv. það, sem hér er til umr., og einnig í sjútvn., sem nú hefur gert allverulegar till. til breyt. á frv., tel ég rétt að fara örfáum orðum um það.

Það gæti litið svo út, að þeim sömu mönnum, sem sæti áttu í fiskveiðilagan. og einnig eiga sæti í sjútvn., hefði snúist að verulegu leyti hugur með tilliti til þeirra mörgu brtt., við frv., sem nú liggja fyrir hjá sjútvn. En svo er ekki af minni hálfu. Það var frá upphafi í fiskveiðilagan. gengið út frá því sem gefnu og vinnubrögð n. viðhöfð í þeim anda, að við réðum sjálfir yfir 50 mílunum, þannig að við værum að gera till. um hagnýtingu á 50 mílna landhelginni fyrir okkur eina. Með samkomulaginu við Breta, sem nú hefur verið staðfest, tel ég að forsendur hafi allverulega breyst. Með því samkomulagi hafa forsendurnar breyst á þann veg að ætla má, að allverulega sé örðugra fyrir togskip Íslendinga að athafna sig og stunda veiðar vegna samkomulagsins við Breta. Ég hef því staðið að því að gera till. til breyt. og aukinna veiðiheimilda fyrir íslensk togveiðiskip innan landhelginnar, og ég tel, að það sé rökrétt í áframhaldi af hinu. Meginbrtt. sjútvn. eru í þá átt að rýmka allverulega sums staðar togveiðiheimildir fyrir íslensku togskipin. En þó er þar um miklu strangari heimildir að ræða en skv. núgildandi lögum.

Eins og fram hefur komið, þá skrifa, að ég held, allir nm. sjútvn. undir þetta með fyrirvara og áskilja sér rétt til þess að flytja eða fylgja brtt. Ég mat stöðu málsins í n. á þann veg, að það væri ekki um annað að ræða, ef málið ætti að komast út úr n., en það yrði að gerast á einhvern þennan hátt, eins og raun varð á, ella hefði málið orðið innlyksa í n., og ég held, að enginn alþm. hefði óskað þess, að þetta mál hefði dagað uppi enn einu sinni. Það var lagt til hliðar í vor, þá töldu menn sig þurfa að skoða það nokkru frekar, og framlengd voru gildandi lög. Ég held, að við getum ekki látið það um okkur spyrjast, að við nú enn einu sinni framlengjum núgildandi lög óbreytt. Ég held, að við verðum að taka upp sömu vinnubrögð og sjútvn. gerði, við verðum að reyna til þrautar að ganga til móts hver við annan. Mér er ljóst, a. m. k. að því er mig varðar, og ég veit, að svo er um miklu fleiri aðila og einstaklinga í sjútvn., að þeir hefðu mjög gjarnan viljað ýmis mál á annan veg en þær brtt., sem nú liggja fyrir til umr., gera ráð fyrir. En ég held, að við komumst ekki út úr þessum vítahring á annan hátt en að reyna eftir samkomulagsleiðum að höggva á þá hnúta, sem til þessa hafa komið í veg fyrir, að þetta mál næði fram að ganga, og það verði að gerast áður en þinghlé er tekið.

Ég vildi sem sagt koma því hér á framfæri, að það er síður en svo, að afstaða mín hafi breyst til þess frv., sem fiskveiðilagan. lagði fram. Það frv. var byggt og unnið á þeirri forsendu, að við einir réðum yfir 50 mílna fiskveiðilandhelginni, en þær forsendur hafa nú breyst. Og með tilliti til þess hef ég staðið að því að gera þær brtt., sem sjútvn. hefur nú lagt fram. En ég þykist vita, að það muni koma ýmsar till. fram þar að auki, og ég sé, að nú þegar er komin ein slík. Ég vil þá gjarnan í leiðinni með tilliti til þess greina frá því, að ég er algerlega andvígur einni þeirra till., sem nú liggur fyrir, þ. e. a. s. um stækkun hólfsins á Breiðafirði. Sú brtt., sem nú hefur komið frá þeim Vestlendingum þremur, gerir ráð fyrir því að halda óbreyttu því hólfi á Breiðafirði, sem frv. frá því í vor gerði ráð fyrir. Ég mun greiða atkv. gegn því. Ég lít svo á, að það hólf eigi að vera eins og frv., sem lagt var fram í haust, gerði ráð fyrir.

Pétur Sigurðsson: Herra forseti. Ég hafði satt að segja hugsað mér að vera mjög stuttorður við þessa umr. málsins. En þegar maður sér, hvernig á er haldið af hv. þd. í þessu máli, sem kallað hefur verið æ ofan í æ, ekki aðeins af ráðh. og stuðningsmönnum ríkisstj., heldur og þm., að hér væri um lífshagsmunamál þjóðarinnar að ræða, þá satt að segja þakka ég þann heiður, sem þeir hinir sýndu okkur 5, sem sitjum hér í d. auk hæstv. forseta, að okkur sé falið að halda um þessa lífshagsmuni. Reyndar vil ég segja af mörgum orðum, sem hér hafa fallið í dag, að við gætum vel gert það, og án þess að nokkur blettur kæmi á það góða mál. En það er eiginlega á takmörkunum, herra forseti, að það sé hægt að bjóða þm. upp á að ræða þetta mál, þegar ekki eru fleiri mættir í húsinu, ég verð að leyfa mér að segja það. En ef hæstv. forseti kýs heldur að halda áfram á þann veg, að við ræðum málið, er kannske hægt að velta því fram og aftur fyrir sér í nokkrar klukkustundir, þangað til menn mæta.

Mér þykir full ástæða til þess að þakka hv. frsm. sjútvn. fyrir framlag hans til að reyna að ná samkomulagi í sjútvn. Nd., og reyndar ekki aðeins formanni, heldur og öðrum nm., sem sáu sjálfir, þegar málið kom til þeirra, að það hafði orðið mikil breyting á, auk þess sem margir nm. voru á allt annarri skoðun en þeir, sem frv. höfðu samið, eins og hafði komið fram á síðasta þingi. Einn þeirra var ég, sem m. a. sagði og segi enn, að það væri ekki nóg að stinga hringfara niður í mitt Ísland og draga hring í kringum landið sjálft og hafa mismunandi fjarlægðir og segja: Hér á þessi skipastærð að vera, í næsta hringfara, sem er nokkru utar, skal vera næsta skipastærð og svo viðara og viðara, þangað til við komum að því, að við ætluðum að láta hringfarann ná út að 50 mílum. Það nægir ekki til að gefa okkur einhliða rétt, heldur verðum við að stansa aftur við 12 mílur, og m. a. vegna þess hafa margir af höfundum þessa frv. snúið til baka með þá skoðun sína, að það ætti að knýja þetta í gegn með einhverju offorsi, eins og virtist liggja við um tíma, heldur bæri að endurskoða frv. og breyta því í samræmi við þá staðreynd að við hefðum aðeins yfirráðarétt einhliða yfir svæðinu, sem nær út að 12 mílna mörkunum.

Við höfum bent á það, sem beittum okkur fyrir því í sjútvn. Nd., að það væri ekki nóg að einblína á hinn gamla flota okkar, sem var til fyrir tugum ára og enn er til, heldur yrðum við líka að horfa á, að samsetning flotans hefur gerbreyst. Alls staðar í kringum okkur eru sjávarpláss, sem munu byggja upp sína tilveru á því, að þeirra fiskiðnaður fái jafnt og stöðugt hráefni frá þeim nýju skutskipum, sem eru að nálgast sjötta tuginn og íslenska þjóðin hefur verið að fjárfesta í á undanförnum mánuðum. Á sama tíma og þessi sjávarpláss reikna með þessu og íslenska þjóðin hefur fjárfest í þessu, eins og stóð í því enska tímariti, Fishing News, fyrir stuttu, á þrettándu millj. punda verðmæti, koma menn, sem enn þá eru með í huga bátana, sem voru byggðir um og upp úr aldamótum og fram undir árið 1940, og segja: Þetta er sá skipastóll, sem við þurfum að byggja á. Eða hinir næstu koma, sem byggja á gúanóveiðunum, sem ég kalla, netaveiðum, sem örugglega, eins og frsm. sjútvn. sagði hér í kvöld, munu verða stórkostlega takmarkaðar á næstu árum, ef ekki áratug eða næsta hálfum öðrum áratug, og segja, að sumir þeirra, sem þar hafa talið sig ríða feitum hesti frá, muni leggja þann veiðiskap niður. Hinu skulum við ekki gleyma, að þar í eru ekki aðeins okkar stærstu og merkustu fiskveiðipláss eða stöðvar, sem búa að miklu leyti við þessa veiðitækni á ákveðnum tíma árs og taka stórkostlega, — stórkostlega, leyfi ég mér að undirstrika, — mikið magn á stuttum tíma í þessi veiðarfæri. Það er staðreynd, sem við komumst ekki fram hjá. Ég bendi t. d. á Vestmannaeyjar, sem m. a. hafa náð þeirri sérstöðu að geta skilað í þetta veiðarfæri 98% hinum ágætasta afla yfir vetrarvertíðina. Hins vegar verður sú saga ekki sögð annars staðar um land og allra síst annars staðar hér á Suðvesturlandi. Því miður verðum við að horfast í augu við það, að það, sem kemur úr þessu veiðarfæri í mörgum öðrum verstöðvum, er ekki þannig, að við getum kinnroðalaust boðið það fram á alþjóðavettvangi og alþjóðamörkuðum nú síðustu missiri eða í framtíðinni. Þetta vita þeir, sem til þekkja. Auk þess verðum við líka að horfast í augu við, að það er ekki hægt að afskrifa hin gömlu, litlu skip, og það er alveg sama, í hvaða verstöð það er. Þess vegna þykir mér ákaflega fróðlegt að heyra, þegar hv. þm. Friðjón Þórðarson talar um það í ræðu sinni hér í kvöld fyrir sínum brtt., að við þyrftum að sýna réttsýni og við þyrftum að horfa til allra hagsmuna í sambandi við veiðar og leyfi til veiða, og að sjálfsögðu ekki aðeins réttsýni og jafngildi gagnvart lögunum, heldur og, eins og hv. þm. ásamt samþm. sínum úr Vesturl., með leyfi forseta, segir í niðurlagi síðustu till.: „fiskibátar eru flestir undir 105 tonnum að stærð og hafa byggt veiðar á grunnmiðum kringum Snæfellsnes, enda komi til meðmæli Hafrannsóknastofnunarinnar.“ „Vegna þeirrar sérstöðu, sem er í verstöðvum við Breiðafjörð“ fór á undan. Þarna var réttsýnin, þarna var sanngirnin. Það voru þessir litlu bátar í verstöðvunum í þeirra eigin kjördæmi.

Hún kemur fram í margri myndinni þessi staðbundna föðurlandsást hjá sumum mönnum. Ég vil leyfa mér að segja það, þegar þessi sami hv. þm. í lok sinnar ræðu minnist á þá breytingu, sem verið er að gera og við leggjum til í sjútvn., að gerð sé á frv. frá mþn., um það, eins og ég hef alltaf beðið hér um, að fiskimenn við innanverðan Faxaflóa fengju sama rétt og aðrir fiskimenn. Nei, það mátti ekki. Það var réttsýni dómarans, sem þar kom upp í honum, og þeirra þm. Vesturl. Líklega hefur það átt að vera sama réttsýnin, sem kom fram í því, sem ákveðnir þm. kölluðu blekkingar hér í dag í sambandi við annað mál. Ég spyr: Hver er munurinn á fiski, sem er að alast upp og er drepinn fyrir norðan nes í sömu veiðarfæri af sömu bátastærð, á móti þeim, sem er drepinn fyrir sunnan Snæfellsnes af sömu stærð í sömu veiðarfæri? Ég hef aldrei nokkurn tíma heyrt

réttsýninni lýst á þennan veg fyrr hér á hv. Alþ., og ég geri ekki ráð fyrir því, að við eigum eftir að fá að heyra það oftar.

Það, sem gert er af sjútvn. hálfu, er, að það er nákvæmlega sami háttur hafður á með veiðar í Faxaflóa og alls staðar í kringum land í sambandi við dragnótina. Til þess að komið væri á móti þessari grundvallarsanngirni og réttlætiskröfu, þá sagði ég við mína meðnm.: Ég mun ekki flytja brtt. um auknar togveiðar fyrir minni báta í Faxaflóa fyrr en ég sé, hvort eitthvað annað slíkt kemur fram. Nú er það komið fram. Við höfum líka fyrir framan okkur í blöðunum í dag áskorun meiri hl. borgarstjórnar Reykjavíkur um að leyfa slíkt.

Ef á að taka tillit til þeirra mörgu krafna, sem koma fram frá Snæfellingum til sjútvn. Nd., þm. kjördæmisins að sjálfsögðu og sjútvn. beggja d., þá megum við fara að biðja guð fyrir okkur. Einn daginn kom sendinefnd frá Grundarfirði. Það var skorað á sjútvn. Nd. að leyfa togveiðar og dragnótaveiðar eins og hægt væri á ákveðnum svæðum, sem samkv. frv. átti að banna. Næsta dag kemur sameiginleg nefnd frá Landssambandi ísl. útvegsmanna, og er sérstaklega undirstrikað af þessari n.: „Þetta er sameiginlegt álit allra útgerðarmanna landsins. Við vorum á þingi, og við höfum komið okkur saman um að mæla með þessu sem sameiginlegum till. okkar. Ef frá þessu verður breytt, eru þetta ekki okkar sameiginlegu till. lengur.“ Undir þetta er tekið af fulltrúum, sem þar voru, þ. á. m. fulltrúa frá Grundarfirði. Daginn eftir kemur ný samþykkt til sjútvn. Nd., og þá eru þeir búnir að vera með þm. síns ágæta kjördæmis og fleiri mönnum úr kjördæminu. Þá kemur undirskrift eins hins sama fulltrúa frá Grundarfirði, sem segir: Ég er með allt öðru. Það er búið að tala við mig, það er búið að heilaþvo mig, ég er með allt öðru. — Þar réðu að sjálfsögðu útnesjastaðirnir, sem eðlilegt er. Þeir hafa annarra hagsmuna að gæta heldur en þeir í Grundarfirði. En ég var á laugardaginn eftir á fundi í Grundarfirði og talaði við fjölda manna, m. a. menn, sem eru að fara í að kaupa sér skuttogskip. Þeir þurfa auðvitað á því að halda að geta komið með jafnan og góðan afla til sinna fiskverkunarhúsa. Nei, hinir voru fleiri, þeir voru háværari og þeir hljóta að ráða. En nú skulum við segja, að það hljóti að ráða meiri hl. og sá hinn háværasti, sem hv. þm. túlkaði hér í kvöld. En er ekki svolítið eftir? Má ég spyrja þessa löglærðu hv. þm.: Hvað ná sveitarstjórnarmörkin langt út í haf? Hvað nær Grundarfjörður, Ólafsvík og Hellissandur, Stykkishólmur, hvað ná þeirra mörk langt út í fiskveiðilögsöguna? Ná þau út fyrir þau mörk, sem t. d. við sjómenn í Reykjavík og Hafnarfirði höfum stundað veiðar innan um áratugaskeið, sem við höfum stundað, frá því að togveiðar hófust? (**Gripið fram í:** Það er sögulegur réttur.) Er það sögulegur réttur, alveg hárrétt hjá hv. þm. En síðan hvenær náðist hinn sögulegi réttur til þeirra, sem kannske hafa verið með færi eða eitthvað annað fram til þessa? Á að útiloka alla hina? Hvar eiga skiptin að vera? Á eitthvert ákveðið landssvæði eða eitthvert ákveðið kjördæmi að geta sagt við íslenska fiskimenn: Þú mátt ekki koma þarna, burt með þig? — Ég veit, að Breiðfirðingar hafa friðað í sambandi við sína einkahagsmuni innanverðan Breiðafjörð. Gott og vel, því hefur ekki verið mótmælt af neinum öðrum. Hins vegar hafa þeir ekki aðeins friðað fyrir netum. Það er að sjálfsögðu skv. lögum friðað fyrir botnvörpu og dragnót. En það er friðað fyrir öðru líka. Utanaðkomandi bátar fá ekki að veiða þar skelfisk. Þetta er orðinn einkaflói þeirra við Breiðafjörð sunnanverðan. Ég er að velta fyrir mér, hvað mundi ske, ef Reykvíkingar settu upp útgerðarstöð við norðanverðan Breiðafjörð, þó að ég viti hins vegar, að það geti verið erfitt að sigla þangað fyrir mörg skip. Hvað þessir aðilar geta átt mikinn sjó fyrir sínu landi, hlýtur auðvitað að verða atriði, sem Alþ. Íslendinga verður að taka til athugunar, þegar svo er komið. Að vísu verður að hafa í huga í sambandi við það, sem hér er verið að reyna að leysa, — ég mun koma að því síðar, hver var ástæðan, — það er verið að reyna að leysa vandamál, sem skapast vegna þess frv., sem lagt var fram, og mun ég þá koma að því nokkrum orðum.

Ég álít, að grundvallarhugsunin í frv. sé algerlega röng. Á þetta hefur verið bent af mörgum mönnum og mér oftar en einu sinni hér á hv. Alþ. Ég álít, að þetta sé rangt hjá mönnum, jafnvel þótt það séu hv. þm. og margir af þeim með skynsömustu mönnum þjóðarinnar, eins og kom fram hér í dag, þegar þeir töluðu hér hver af öðrum. (Gripið fram í) Það er rangt að setja niður sirkil í miðju Íslandi, draga hring í kringum landið og segja: Hér fyrir innan er smáfiskur, og hér eiga að vera smábátar, — eða: Hér er ekki smáfiskur, við skulum vera svolítið innar í víkum og fjörðum, — og segja: Þetta á að vera alfriðað. En svo drögum við hring eftir hring og ákveðum báta- og skipastærðirnar eftir því. Þetta er höfuðvitleysa. Að ætla sér að fara að taka af íslenskum togurum, þegar svona stendur á, Kolluálinn, er enn vitlausara, einfaldlega vegna þess, að jafnvel þó að það verði stansað við 12 mílna fjarlægðina, hefur það ekkert að segja, enda mætti segja mér, að íslenskir togarar mundu þá fyrst setja vegg fyrir utan 12 mílurnar við Kolluálinn ef fólk trúir því, að fiskurinn fari eftir einhverri malbikaðri götu þarna upp eftir og inn á Breiðafjörð til þeirra á Hellissandi og Ólafsvík. Ég hef aldrei nokkurn tíma heyrt slíkar kenningar. Jú, kenningar hafa heyrst. Talað er um, að fiskur kæmi að norðanverðu frá og upp Kolluálinn úr suðvestri. En heldur nokkur maður, að togari gæti verið alltaf á sama dýpi og ákveðnum stað? Heldur nokkur maður, að netabátar á þessum stöðum geti verið með net niðri í dýpinu í Kolluál, eða ættu þeir alltaf að koma með sinn fisk blóðsprengdan, eins og staðreynd er, að þeir gera, þegar þeir koma með fiskinn þarna frá?

Í okkar till. lokum við algerlega fyrir togarana að norðanverðu í Breiðafirði, þannig að þeir geta fengið allar þær Grænlandsgöngur, sem þeir óska eftir, inn Breiðafjörð. En megum við hinir líka lifa? Ég sé ekki, að fiskimaðurinn á Snæfellsnesi hafi meiri rétt en fiskimaðurinn í Reykjavík eða Hafnarfirði, auk þess sem ég bendi á það, að þessir hv. þm. hafa fordæmt

það og talið alveg sjálfsagt að loka Faxaflóanum fyrir smábátunum, um leið og þeir vilja og mæla með, að Breiðafjörðurinn sé opnaður fyrir þeirra smábátum sérstaklega. Að vísu veit ég, að margir reykvískir bátar hafa sótt þangað norður eftir og munu gera, ef þetta verður leyft. Hvað þýðir það? Hvað þýddi sókn þeirra síðasta vetur suður fyrir Reykjanes? Mætti kannske telja upp einhverja, sem ekki komu aftur úr þeim róðrum? Vera má, að það mætti telja þá.

Þá er ein höfuðvilla, sem var í þessu frv. hjá þeim, sem sömdu það. Auk þess að álíta, að það væri hægt að marka einhverjar fjarlægðir á sjókort og segja: þarna á þessi stærð báta að vera, — þá er það ein höfuðvilla þeirra að álíta, að minni bátar geti sótt allan sinn fisk, ef nær landi sé. Þar á ég við hina djúpu ála, sem ganga víðs vegar að landinu, bæði Kolluál og eins inn í Húnaflóann og víðar. Inni í Húnaflóa hefur ekki fengist fiskur að ráði nú í mörg ár, eða frá því að togveiðar voru bannaðar. En við skulum sleppa því. Ein trúarkenningin hefur verið sú, að smáfiskur væri allur nærri landi. Þetta er mikill misskilningur. Ef menn skoða t. d. samsetningu aflans á svæðinu, sem er upp við landssteina í Grindavík, — það hefur verið leyft að veiða þar, og þar hefur mér verið sagt, að hafi komið á land 4 þús. tonn á s. l. ári, og margir bátar og margir menn hafa haft sína afkomu af, — þá sjá menn, að það er enginn smáfiskur, þetta er göngufiskur af mörgum tegundum. Og hver á að segja, að það eigi endilega að hafa þetta svæði lokað, vegna þess að það sé verið að vernda smáfisk eða hrygningarsvæði? Það eru ekki nokkur hrygningarsvæði þarna. Þetta er göngufiskur, eins og víðs vegar um Faxaflóann og Breiðafjörð, og kemur inn sérstaklega á tveimur stöðum. En þar er líka uppeldisfiskur og smáfiskur. Það er bara ekki sama, hverjir veiða þetta. Það á að vera einkaréttur, og sveitarstjórnarmörkin, sem ná 100 mílur í haf út, eiga að ráða.

Ég hefði satt að segja ekki talið ástæðu til að tala við þessa umr., nema ástæða gæfist til. En guð minn almáttugur, hún gafst, þegar þessi brtt. þeirra herramanna úr Vesturl., Akraborgarmanna, kom hér fram, þegar þeir telja alveg sérstaka nauðsyn að halda okkar togurum frá sínum nauðsynlegu miðum, sem þeir hafa notið um áratuga skeið. Þetta var kannske ákaflega auðvelt fyrir þá, meðan togararnir voru bara úr Reykjavík og Hafnarfirði, en það er ekki svo auðvelt lengur. Þeir eru nefnilega líka t. d. af Akranesi, þeir eru að verða úr Grundarfirði, og þá spyr ég hv. þm., sem þessa brtt. hafa flutt: Hvar í andskotanum ætla þeir að standa, þegar að því kemur? Nú bíðst ég afsökunar á þessu orðbragði, en ég spyr: Hvar ætla þeir að standa? Á hvern einasta stað í kringum landið, þar sem útgerð er stunduð, þar sem fiskvinnsla er, hefur verið óskað eftir skuttogara. Þeir eru komnir á flesta staði. Og svo á um leið að drepa þá, — við erum búnir að leggja milljarða kr. í þessa fjárfestingu, — og það segi ég alveg með fullri vissu, að þeir eru í dauðateygjunum strax við fæðingu. Það er ekki vegna þess, að þessi skip séu ekki fær um að bjarga sér, því að það kemur ekki verri fiskur á land úr þeim, þau eru ekki dýrari í rekstri en hin skipin, en það eru sum af hinum skipunum, sem geta skilað miklu meiri arði á stuttum tíma með netamokstrinum en þeir. En þessi skip hafa það fram yfir öll hin, að þau geta skilað jöfnu hráefni til fiskvinnslustöðvanna hér um bil allt árið og geta þá kannske snúið sér á aðra markaði, eins og ferskfiskmarkaðinn erlendis, þegar bátaflotinn getur skilað því, sem þarf að skila til fiskvinnslustöðvanna.

Herra forseti. Þessi atriði, sem hér hafa komið fram í sambandi við brtt. frá þeim félögum úr Vesturl., eru kannske nóg að þessu sinni. En ég vil aðeins undirstrika það til viðbótar því, sem ég sagði í byrjun minnar ræðu um brtt., sem kemur frá sjútvn., að við, eins og kemur fram í okkar nál., áskiljum okkur rétt til að flytja og fylgja brtt. Þessi brtt. er komin til af illri nauðsyn, sjálfsagt, að margra okkar mati. Ég veit, að félagi minn, hv. þm. Guðlaugur Gíslason, hefði sjálfsagt viljað hafa þetta allt öðruvísi og einnig formaður sjútvn., þeir eru báðir úr Vestmannaeyjum. Þeir beygðu sig þó fyrir þeirri staðreynd, að það er ekki hægt að taka togaraflotann allt í einu út fyrir, allra síst þegar svo stendur á sem nú, að það er ekki verið að skipta 50 mílum, heldur 12 mílum. Það er ekki hægt að segja: Nú skuluð þið fara út fyrir 12 mílurnar og vera þar með öllum breska flotanum. Það er ekki hægt. Við verðum a. m. k., eins og Grundfirðingar fleiri en einn, sögðu að gefa þessum skipum og útgerð þeirra umþóttunartíma eins og Bretunum. Þar af leiðandi tel ég, að um leið og við stórlega skerðum það, sem þeir höfðu og hafa samkv. núgildandi l., skerðum við líka ákaflega mikið það, sem kom fram hjá Landsambandi ísl. útvegsmanna. Þeir vildu fá miklu meira, en samt vildu þeir líka skerða það, sem þeir hafa í dag, til þess að koma á móti óskum bátamanna. En sjútvn. Nd. hefur skert það enn frekar til þess að reyna að ná samkomulagi. Ég held, að verstöðvarnar í Vestmannaeyjum, Grindavík og á Reykjanesskaganum hafi kannske komið þar hvað helst á móti óskum t. d. Vestfirðinganna, sem hvað verst eru settir landfræðilega og dýptarlega séð á sínum miðum gagnvart útfærslu, jafnvel þótt þar hafi bæst við 8 mílna útfærsla eða friðun gagnvart breska flotanum, með sinn bátaflota, að þeim veitir ekki af þeirri útfærslu. En þá koma Vesturlandsmenn, sem við héldum satt að segja, að við hefðum komið vel til móts við, og segja: Nei, við ætlum að vera sér á báti. Staðbundnu föðurlandsvinirnir vilja hafa sitt fyrir sig. Það er gamla Akraneskenningin.

Ég vænti þess, að það gefist tóm til þess að ræða þetta mál efnislega í Sþ., ef breytingar verða gerðar hér aftur í Ed., þannig að það gefist nægur tími að rabba um þetta fram á Þorláksmessu. En ég satt að segja hefði álitið, að þeir menn, sem hafa tekið að sér störf til þess að gæta réttlætis, samúðar og ég man nú ekki eftir öllum þeim orðum, sem hv. þm. Friðjón Þórðarson hafði í sínu máli til þess að ná fram samkomulagi á Snæfellsnesi, mættu nú

kannske aðeins líta frekar um landið og muna eftir því, að það eru fleiri fiskimenn til en á Snæfellsnesi.

Sverrir Hermannsson: Herra forseti. Ég ætla ekki að lengja þessar umr. nema um örfá orð. Mér var ljóst fyrir alllöngu, að því frv., sem var borið fram hér í fyrra, yrði ekki breytt að neinu verulegu leyti, a. m. k. ekki í þá átt, sem ég hefði kosið, að þessi lög hefðu verið byggð á, því að þessar till. og reglur eru byggðar á allt öðrum forsendum en ég hefði kosið. Ég hefði kosið, að lögin um nýtingu landhelginnar hefðu verið mjög rúm rammalög, þar sem hefði verið heimildarákvæði til þess að nýta landhelgina eftir því, sem þar til kjörin nefnd aðila, sem hefði til þess besta aðstöðu legði til, að hún yrði nýtt hverju sinni. Þetta eru grundvallarskoðanir mínar á því, hvernig nýta eigi landhelgina. Þess vegna er það, að ég mun ekki ræða þessar till. nú efnislega né heldur þær brtt., sem fram hafa komið.

Í þessum till. eru hreppasjónarmiðin allsráðandi, enda hefur þeim vasklega verið safnað saman, og fékk sú n., sem þetta samdi, sérstakt hól fyrir að hafa lagt land undir fót til að ná í sem allra fjölbreytilegastar skoðanir einstakra aðila í landinu á því, hvernig þessu skyldi niður skipað. Ég ætla ekki að setja á tölur um það, en mín skoðun er sú, að menn séu, og ekki síður hv. þm. en aðrir haldnir mjög miklum fordómum varðandi fiskveiðar almennt, um sókn í stofna, stærð skipa, veiðibúnað o. s. frv. Ég held, að við þurfum nokkurn tíma til þess að átta okkur á nýjum viðhorfum í þessu. Ég geri ráð fyrir því, að þá fyrst getum við rætt þetta á heilbrigðum grundvelli, þegar við höfum náð um þá landhelgi alla, 50 mílur a. m. k. og jafnvel 200 mílur, sem við höfum nú ætlað okkur. En það er hægt að færa að því ótal rök, byggð á rannsóknum fiskifræðinga, að til séu önnur veiðarfæri en það, sem hefur tíðkast um langan aldur, eða allt frá því að Bretar skörkuðu með botnvörpu upp í kálgarða, sem telja má fullsannað, að séu á vissum svæðum a. m. k. miklu skaðlegri en hin fræga botnvarpa. Ég ætla ekki að fara fleiri orðum um það. Það er gersamlega þýðingarlaust að koma á neinum breytingum, sem að mínum dómi skipta máli. Þess vegna hef ég ekki lagt til og á enga brtt. við það frv., sem hér liggur fyrir til afgreiðslu.

Ég hef að undanförnu kynnt mér nokkuð viðhorf vísindamanna á þessu sviði, og þau viðhorf fara alls ekki saman við þær forsendur, sem liggja til grundvallar þessu frv. Ég hef þess vegna sérstaklega nú verið að velta því fyrir mér að undanförnu og vona, að það komi einhvers staðar í ljós fljótlega, að við hljótum að fara að líta lengra og til fleiri átta. Við þurfum vitanlega að hlífa meira en við gerum okkar fiskistofnum. Þótt okkur skorti mjög á allar rannsóknir í þeim efnum, þá dylst það engum, að mjög hefur verið sótt um of a. m. k. í vissa fiskistofna og þeir þurfa hlífðar við. Fyrir því er það, að ég hef nú um hríð verið að láta rannsaka þann möguleika að auka rannsóknir á nýjum miðum, t. d. með því, að stærstu og öflugustu skipin gætu sótt um miklu lengri veg í nýja nýtanlega fiskstofna. Og þá hefur það sérstaklega komið í ljós undanfarin ár, þótt ekki hafi verið nægjanlega rannsakað enn, að e. t. v. eigum við hér í boði djúpt suður og vestur af landinu ný karfamið, sem ekki hafa enn þá verið nýtt. Talið er, að það sé gífurlegt magn af úthafskarfa, sem hefst þar við, sem menn marka af gífurlegu magni seiða, og enn fremur hefur fundist á feiknalega stóru svæði karfi af þessari tegund. Fiskifræðingar halda því fram, að á vissum tímum ársins hljóti hann að finnast í veiðanlegu ástandi í þau veiðarfæri, sem við getum beitt fyrir okkur, eins og til að mynda flotvörpu. Þjóðverjar hafa rannsakað þessa hluti allmjög, einnig Íslendingar og Rússar. Þjóðverjar hafa stundað með allgóðum árangri veiðar í flotvörpu, en þó meira nær botni, nær landinu en talið er, að þessi karfastofn haldi sig. Þarna er um gífurlega mikla möguleika að tefla, sem við þurfum að leggja alla áherzlu á að rannsaka, til þess að við getum beitt hinum öflugu, nýju og stórvirku veiðitækjum á önnur mið en okkar heimamið, sem — enda þótt við vitum það ekki með fullri vissu, — okkur býður fastlega í grun, að kunni að vera meira en fullnýtt. Að vísu greinir okkur mjög á um það í sambandi við þær umr., sem hér fara fram um nýtingartill. þessar. Við álítum margir, að með þessum reglum sé verið að beina ýmsum stórvirkum togskipum t. d. af svæðum og miðum fullþroska fisks yfir á svæði, þar sem ókynþroska fiskur heldur sig. En um það fer ég ekki fleiri orðum. Þetta er svo margrætt og þýðingarlaust, meðan ekki háttar öðruvísi til, að ætla sér þá dul að fá neinu um þessi mál breytt nú. En þetta gildir um fleira en þessa möguleika, sem nýjustu rannsóknir, þótt skammt séu á veg komnar, hafa bent til.

Við þurfum vitanlega að stórauka allar fiskirannsóknir. En þá verðum við líka að taka það með í reikninginn og vera við því búnir að fara eitthvað eftir þeim niðurstöðum, sem þær rannsóknir gefa. En ég gæti líka nefnt, að sannanlega hefur alls ekki, nema að mjög svo óverulegu leyti, verið farið eftir áliti fiskifræðinga varðandi þær nýtingartill., sem hér liggja fyrir. Allt þarf málið að skoðast miklu betur. En úr því sem komið er og eins og til þessa var stofnað, þá sé ég enga aðra leið en að gjalda jáyrði samt með þessu. Menn hafa lagt sig í framkróka um að ná samkomulagi, og það hefur tekist. Þótt öll uppsetningin sé með allt öðrum hætti og á allt öðrum forsendum en ég hefði kosið, tel ég samt, að þetta sé, eins og nú stendur á, eini kosturinn, sem völ er á, og fyrir því mun ég fylgja þeim brtt., sem síðast hafa komið fram frá hv. sjútvn., en hins vegar mun ég aðstoða við að bægja frá öðrum till., sem ég tel, að séu til skaða og hins verra.

Friðjón Þórðarson: Herra forseti. Það eru aðeins örfá orð, þar sem þessari umr. er nú að verða lokið. Mér þykir leitt til þess að vita, að brtt. okkar þriggja þm. af Vesturl. hafa orðið til þess að koma hv. 10 þm. Reykv. úr eðlilegu jafnvægi, eins og heyra mátti af orðum hans hér áðan. Honum var tíðrætt um staðbundna föðurlandsást og réttsýni og annað í þeim dúr. En lái mér hver sem vill, þó að ég hlusti á það, sem breiðfirskir sjómenn hafa fram að færa af sinni reynslu og

sínu lífsstarfi, a. m. k. til jafns við það, sem þessi sjálfskipaði talsmaður allra íslenskra sjómanna hefur fram að færa. Hann hneykslaðist mikið á því, að við Breiðfirðingar skyldum ekki vera hrifnir af því að fá togarana inn í Kolluál, og vitnaði eitthvað í Grundfirðinga í því sambandi, hefur nýlega verið þar á fundi. En það má kannske minna hann á, að sá eini aðili þarna vestur við Breiðafjörð, sem er að fá skuttogara, Guðmundur Runólfsson, formaður Útvegsmannafélags Snæfellinga, er engu síður ákveðinn á þessari skoðun en hinir. Og ég veit ekki annað en hann sé einmitt einn af þeim, sem gengu frá þessum till., sem við erum hér talsmenn fyrir.

Það er alveg laukrétt hjá þessum hv. þm. og flokksbróður, að það þurfa fleiri að lifa en breiðfirskir sjómenn, mikil ósköp. Og ég held, að Breiðfirðingar hafi í samanburði við aðra landsmenn ekki gert mikið að því að bægja bræðrum sínum úr sjómannastétt af miðum Breiðafjarðar. Mér er a. m. k. ekki kunnugt um það. Það má kannske segja, að við fórum að líta í kringum okkur, þegar aðkomubátar hvaðanæva af landinu voru farnir að stunda skelfiskveiðar inni á hafnarsvæðinu í Stykkishólmi. En að öðru leyti er mér ekki kunnugt um, að Breiðfirðingar reki aðra sjómenn af breiðfirskum miðum.

Ég ætla ekki að eyða tímanum í að skattyrðast frekar við þennan ágæta flokksbróður, en aðeins taka það fram, að þessar till. okkar eru í raun og veru ekki mínar till. Ég hef enga þekkingu á við hv. 10. þm. Reykv. í þessum efnum og dettur ekki í hug að jafna mér til hálfs við hann, hvað þá meira, að því er lýtur að sjómennsku og þorskveiðum. En hitt er annað mál, að þessar till., sem við höfum leyft okkur að bera fram, þrír þm. af Vesturlandi, eru þær till., sem fulltrúar Breiðfirðinga gátu sameinast um, og okkur fannst nokkurs um vert, að þeir gátu þó náð samkomulagi heima fyrir, þrátt fyrir mjög ólíka hagsmuni og alls konar hagsmunaárekstra. Okkur þótti það mikils vert um þetta atriði, að við töldum ómaksins vert að framvísa þessum till. við hv. þingheim. En sínum augum lítur hver á silfrið. Það er svo með suma menn, að ef till. koma fram, sem þeim eru á einhvern hátt andstæðar, þá hrökklast þeir úr sínu hversdagslega jafnvægi. En aðrir mættu þó reyna að horfa á till. og vita, hvort þær eru einhvers nýtar, þannig að leitast megi þó við að leiða málið, þetta erfiða mál, til farsælla lykta.

Pétur Sigurðsson: Herra forseti. Ég skal vera mjög stuttorður. Það er ákaflega eftirtektarvert, þegar hv. þm. talar um, að ég hafi hrökklast úr hversdagslegu jafnvægi. Ég gerði það m. a. vegna þess, hvernig þessi hv. þm. tók til orða í sinni fyrri ræðu í dag. Hann var ekki þá með sína persónulegu skoðun, hann var að fara með annarra manna skoðanir. Hann hefur viðurkennt, að á þessum málum hefur hann ekkert vit, hann hefur það allt frá öðrum. En þá var hann að tala um allt annað en sína heimabyggð og miðin við hana, hann var að tala um Faxaflóann. Hvaðan hafði hann sitt vit þar? Hver hrökklaðist þá úr jafnvægi, þegar hann stóð hér frammi fyrir okkur og sagði: Við verðum að hlíta þeim mönnum, sem best hafa þar vit á. — Og hvernig var það vit fengið, þegar Alþ. greiddi atkv. á sínum tíma eins og gert var? Og hvað er verið að gera núna? Það er ekki verið að gera annað en gefa öllum sama rétt. Hvað um það, þó að þessi hv. þm. tali um mig sem sjálfskipaðan talsmann íslenskra sjómanna. Ég hef ekki verið sjálfskipaðri talsmaður íslenskra sjómanna en það, að ég er álíka mikið sjálfskipaður í það og hann er sýslumaður á Snæfellsnesi. En auk þess hefur þessi ágæti sýslumaður og þm. stundum fengið mig með sér til þess að flytja till., sem varða heill og velferð íslenskra sjómanna, þó svo að hann hafi svo aftur á seinni stigum hlaupið frá þeim.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Almannatryggingar, frv. (þskj. 227). — 1. umr.

Flm. (Hannibal Valdimarsson): Herra forseti. Ég hef leyft mér að flytja hér frv. til l. um breyt. á almannatryggingalögunum, og er efni þess það, að maður, sem hefur valið sér sjómennsku að ævistarfi og hefur gegnt sjómennsku í 35 ár, þ. e. a. s. meginhluta starfsævi sinnar, öðlist rétt til ellilífeyris, þegar hann verður 60 ára. Almenna reglan um 67 ára aldur, sem gefur rétt til ellilífeyristöku, er látin haldast, en undantekning gerð um þá menn, sem hafa helgað sig sjómannsstarfinu. Þetta er eitt meginatriði frv. Þá segir enn fremur í þessu frv., að ef maður hefur stundað sjómennsku sem aðalstarf í 40 ár, þá á hann rétt á tvöföldum ellilífeyri, þegar hann fyllir 60 ára aldurinn. Þá er þriðja efnisatriði þessa frv. það, að ellilífeyri beri einnig að greiða ekkjum, er þær verða 60 ára. En að öðru leyti er lagt til, að 67 ára aldursmarkið haldist, eins og það hefur haldist frá setningu almannatryggingalaga hér á landi.

Það er vitað mál, að það er ekkert lögmál, að þessi aldursmörk skuli vera við 67 ára aldurinn, það gæti alveg eins verið við 65 ára aldurinn, sums staðar er það svo. Enn fremur er ekki sjálfgefið, að aldursmörkin þurfi að gilda um allar starfsstéttir jafnt. Það hafa verið í öðrum löndum gerðar undantekningar. T. d. er mér kunnugt um, að námumenn njóta fyllri tryggingaréttinda í ýmsum löndum en samkv. almennri reglu, og ég tel, að okkar sjómannastétt megi í þessum skilningi teljast sem hliðstæða við námumennina. Hér er um að ræða eins konar viðurkenningu á sjómannsstarfinu. Þessir menn hafa valið sér okkar hættulegasta atvinnuveg og þjónað honum, undirstöðuatvinnuveg þjóðarinnar, og tekið á sig margs konar óþægindi, sem því starfi fylgja, eru langdvölum frá sínum fjölskyldum og fleira, sem sjómannslífinu og starfinu fylgir, sem ég tel, að sé þess eðlis, að eðlilegt sé, að þessi stétt sé tekin út úr og njóti annarra og fyllri réttinda en almenningur að því er snertir tryggingar, þegar þeir menn koma á land.

Ég hef kynnst öldruðum sjómönnum, sem hafa haft sjómennsku að aðalævistarfi um áratugi, og ég veit, að þeir eru nálega eins og fiskur á þurru landi, þegar þeir koma í land. Þeir hafa ekki vanist störfum vinnumarkaðarins almennt og eiga oft og tíðum erfitt með að komast inn á hann. Það kynni að ganga núna, þegar boðið er

í hverja hönd, sem fáanleg er til starfa. En á erfiðleikaárum um atvinnu var það ekkert sældarbrauð, sem beið sjómannsins, þegar hann á sjötugsaldri kom í land og ætlaði að leita sér atvinnu á hinum almenna vinnumarkaði. Það var í raun og veru ömurlegt, að þjóðfélagið skyldi þá ekki svara sjómönnunum með neinu, sem gæti létt þeim þá áhættu, sem þeir lentu í, að vera kannske um langan tíma atvinnulausir.

Ég veit, að það væri hægt að segja við mig að það sé minni nauðsyn á þessari lagabreytingu nú en oft áður. En þeir tímar geta því miður komið aftur, að það verði erfiðara um vik fyrir aldraðan sjómann að fá vinnu í landi en nú er, og löggjöf á auðvitað ekki að miðast við það sérstaka ástand, sem nú ríkir á vinnumarkaði.

Ég held, að þetta mundi ekki kosta of fjár. Þeir eru ekkert mjög margir, sem hafa sjómannsferil lengri en 35 ár að baki, og sjálfsagt eru þeir mjög fáir, sem hafa meira en 40 ára starfsferil á bak við sig á sjónum. Það þýðir í raun og veru, að þeir hljóta að hafa byrjað sjómennsku innan við tvítugt og verið samfellt við sjómennsku, þangað til þeir verða sextugir, til þess að þeir nái þeim fríðindum, sem frv. gerir ráð fyrir, að öðlast rétt til tvöfalds ellilífeyris.

Um ekkjurnar þarf ekki að fara mörgum orðum. Ég hygg, að flestir viðurkenni, að þegar kona er orðin sextug og verður ekkja, þá á hún erfitt með að fá störf við sitt hæfi á hinum almenna vinnumarkaði, og þá er ekkert of vel gert við þær, þó að þær öðluðust þá rétt til ellilífeyris, þegar þær eru orðnar sextugar og byrja sjötugsaldurinn.

Ég tel, að efni þessa frv. sé viðurkenning á sjómannastéttinni, viðurkenning, sem okkur beri að veita henni, sérstaklega því fólki, sem þjónað hefur samfélaginu svo lengi sem greinir í þessu frv. við okkar áhættusömu framleiðslustörf.

Það er ekkert torskilið í þessu frv. og ég hef flutt það áður fyrir nokkrum árum. Samt sem áður hefur þetta ekki verið tekið til greina, þegar almannatryggingalögin hafa verið endurskoðuð, en endurskoðun hefur farið fram á þeim oftlega, síðan ég flutti þetta mál í fyrsta sinn. Ég tel því, að það sé tímabært að minna þá, sem vinna að endurskoðun almannatryggingalaganna, á, að þarna sé atriði, sem væri sómi fyrir Íslendinga sem þjóð að lögleiða jafnvel á undan öðrum þjóðum.

Ég legg til, herra forseti, að frv. verði að umr. lokinni látið ganga til heilbr.- og trmn., en þangað verður þetta frv. sjálfsagt að fara.

Pétur Sigurðsson: Herra forseti. Jafnvel þótt ég væri sjálfskipaður talsmaður íslenskra sjómanna, allra, bæði utan Reykjavíkur og innan, þá auðvitað verður að fagna hverju slíku frv., sem fram kemur, og till. Að sjálfsögðu geri ég mér grein fyrir, að það eru ýmsir vankantar á því að framkvæma þetta frv., og þetta verður auðvitað að athugast, en alla vega hlýtur það að geta orðið til þess að leita lausnar á því vandamáli, sem er margþætt, í sambandi við okkar sjómannastétt. Það er bæði að fá menn á skipin, en það er kannske ekki aðalatriðið, heldur hitt að bæta þeim upp það, sem þeir hafa farið á mis í sínu lífi sem sjómenn, kannske í 40 ár, og þeir, sem eitthvað þekkja til, geta kannske nokkuð gert sér það í hugarlund.

En auk þessa vildi ég aðeins segja það, að þetta gefur mér ástæðu til að spyrja þann hæstv. ráðh., sem hér er, vegna þess að ég veit, að hann hefur oft tekið vel á árinni, þegar um hefur verið að ræða hagsmuni sjómanna, hvað líði endurskoðun lífeyrissjóðs sjómanna. Það var samþ. fyrir nokkrum árum að endurskoða lög um lífeyrissjóðinn, og þetta er einn af fáum sjóðum hinna svokölluðu vinnandi manna, a. m. k. þeirra, sem tilheyra verkalýðsfélögum, eru innan Alþýðusambands Íslands og eru bundnir íslenskum lögum. Fyrir nokkrum árum var samþykkt, að það ætti að endurskoða l., og ég þori örugglega að fara með það, að fyrir síðasta þing átti endurskoðað frv. að leggjast fram. Það hefur ekki sést enn þá. Nú er svo komið í sambandi við þennan sjóð, að þeir hinir öldnu sjómenn, sem þaðan taka lífeyri, eru orðnir — ég vil segja a. m. k. helmingi, ef ekki meira — verr settir en fólk, sem er í hinum almennu sjóðum verkamanna og verkakvenna, sem stofnaðir voru löngu eftir að þessi sjóður var stofnaður á sínum tíma eftir harða baráttu, sem ég veit, að hv. síðasti ræðumaður minnist vel, en hann er hins vegar einn af ríkustu lífeyrissjóðum þjóðarinnar.

Því hlýtur það að vekja furðu mína, um leið og hv. þm., síðasti ræðumaður, flytur þetta frv. í sambandi við breyt. á almannatryggingal., að það skuli ekki enn þá liggja fyrir frv. um breyt. á l. um þennan lífeyrissjóð, sem mundi örugglega geta orðið eitt hið fyrsta til þess að betrumbæta lífeyri þessara gömlu sjómanna, þannig að þeir mættu eiga betri elli en þeir eiga ella. Ég hef oft furðað mig á þessu. Það er margbúið að lofa því af hæstv. ráðh., og síðast vissi ég, að hæstv. forsrh. hafði gert það í eyru formanns Sjómannafélags Reykjavíkur, að þetta mundi vera væntanlegt innan skamms. En mig satt að segja furðar á því, að það skuli ekki vera komið fram enn þá, og því leyfi ég mér að spyrja hæstv. ráðh., Lúðvík Jósepsson, hvort ekki megi vænta þess, að þetta frv. fari að koma fram.

Sjútvrh. (Lúðvík Jósepsson): Herra forseti. Því miður get ég nú ekki gefið fullnægjandi upplýsingar um það, sem ég var spurður af síðasta hv. ræðumanni. Mér er þó kunnugt um, að málið hefur verið í undirbúningi og það hefur verið rætt í ríkisstj., og ég á satt að segja von á því, að frv. um þessa endurskoðun verði lagt fyrir Alþ. nú innan skamms. Mér er kunnugt um, að hæstv. forsrh. hefur haft áhuga á því að koma þessu frv. fram, en ég get ekki því miður sagt meira en þetta um málið.

Benedikt Gröndal: Herra forseti. Ég sé ástæðu til að taka undir framsöguræðu hv. flm. og þau rök, sem hann færði fyrir frv. sínu. Það væri mjög eðlilegt, miðað við atvinnuaðstæður og lífsbaráttu Íslendinga, ef gömlum sjómönnum væru veitt slík réttindi, við skulum ekki kalla það hlunnindi, því að miðað við þá kröfu, sem gerð

er í frv., að þeir hafi stundað sjó í 35 ár, þá sýnist mér, að þeir muni hafa unnið ærið vel fyrir slíkum réttindum. Það er hárrétt hjá flm., að fyrir mann, sem hefur verið á sjó í 35 ár, er ekki auðvelt að koma í land og eiga að finna sér annað starf til eins eða tveggja áratuga, og mun þurfa minna til að baka einstaklingum erfiðleika við að flytja sig á milli starfa.

Hv. flm. svaraði þeirri hugsanlegu mótbáru, að nú væri minni ástæða en endranær til að hugsa um slíkt mál sem þetta vegna ástandsins á vinnumarkaðinum. Ég tel, að slík mótbára væri hrein fásinna, því að slík réttindi sjómanna mundu einmitt í árferði eins og núna er koma að mjög góðu gagni, af því að félagsleg réttindi auka festu í hverri atvinnustétt, og ættu sjómenn von á slíkum réttindum, ef þeir hefðu stundað sjómennsku það tímabil, sem greint er, mundu þeir hika við að hlaupa úr skipsrúmi til að grípa uppgripavinnu í landi, þegar hún gefst, kannske í hálft eða eitt ár. Þannig mundu slík félagsleg réttindi og önnur af sama toga verða til að skapa aukna festu í sjómannastéttinni og veita allri útgerð meira öryggi og betri líkur á því að hafa tryggan og góðan vinnukraft. Þannig mundi þetta mál ekki aðeins vera réttindamál til handa sjómönnum, heldur töluvert mikið umbótamál fyrir þeirra stétt og fyrir þau atvinnutæki, sem þeir vinna við.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Námslán og námsstyrkir, frv. (þskj. 185). — 1. umr.

Sjútvrh. (Lúðvík Jósepsson): Herra forseti. Frv. þetta gerir ráð fyrir því, að nemendur Fiskvinnsluskólans, þeir sem stunda nám í 2. og 3. áfanga við skólann, geti orðið aðnjótandi að lánum og styrkjum úr lánasjóði námsmanna. Ég tel sanngjarnt, að þessir nemendur geti fengið lán og styrki úr þessum sjóði á hliðstæðan hátt og nemendur margra annarra skóla. Ég hafði lýst því yfir nú fyrir nokkru í samskiptum mínum við nemendur þessa skóla, að ég vildi gjarnan beita mér fyrir því, að þeir fengju þessi réttindi, og í beinu framhaldi af því er þetta frv. flutt. Ég vil vænta þess, að sú n., sem fær málið til athugunar, greiði fyrir því, að það nái fram að ganga.

E. t. v. þarf að gera hér viðtækari breytingar á l. um námslán og námsstyrki, þannig að nemendur enn fleiri skóla fái þessi sömu réttindi, en eins og ég hef sagt, er frv. flutt í beinu framhaldi af yfirlýsingu, sem gefin var af mér í sambandi við réttindamál þeirra, að það skyldi unnið að því að afla þeim þessara réttinda.

Hér er um svo einfalt mál að ræða, að ég sé ekki þörf á því að eyða löngum tíma á þessum þingfundi til að ræða málið, en legg til, herra forseti, að að lokinni þessari umr. verði málinu vísað til 2. umr. og hv. menntmn. til fyrirgreiðslu.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Landhelgisgæsla Íslands, frv. (þskj. 38, n. 188 og 192). — 2. umr.

Frsm. meiri hl. (Jón Skaftason): Herra forseti. Á þskj. 38 hafa nokkrir þm. Sjálfstfl. flutt frv. til l. um breyt. á l. nr. 25 frá 22. apríl 1967, um Landhelgisgæslu Íslands. Aðalefni frv. er það, að með því er gert ráð fyrir, að úr ríkissjóði skuli árlega verja um 100 millj. kr. til Landhelgisgæslunnar til tækjabúnaðar, kaupa á skipum og flugvélum og öðrum þeim tækjum, sem nauðsynlegt er, að Landhelgisgæslan hafi yfir að ráða, til þess að hún geti sinnt sínu veigamikla verkefni í þjóðfélaginu.

Allshn. þessarar d. hefur athugað þetta frv. á nokkrum fundum. Hún gat ekki orðið sammála um afgreiðslu þess, og liggja hér frammi tvö nál. frá meiri hl. og minni hl. á þskj. 188 og 192.

Við, sem meiri hl. skipum og skilum nál. á þskj. 188, leggjum til, að frv. þessu verði vísað til ríkisstj. í trausti þess, að hún hafi forgöngu um að leysa eðlilegar og sanngjarnar fjárhagsþarfir Landhelgisgæslunnar í framtíðinni, eins og hún hefur gert á undanförnum árum. Það kom fram í n., þegar þeir mættu þar á fundi þann 26. nóv. s. l., Pétur Sigurðsson forstjóri Landhelgisgæslunnar og Baldur Möller ráðuneytisstjóri í dómsmrn., að Landhelgisgæslan hefði fengið allt það fé til umráða og ráðstöfunar, sem farið hefði verið fram á nú hin síðustu árin, bæði til fjárfestingar og til rekstrarþarfa. Afstaða okkar í meiri hl. byggist fyrst og fremst á þessari staðreynd. Hitt er svo annað mál, að bæði ég og aðrir þeir, sem meiri hl. skipa, erum vafalaust inni á því, að æskilegt væri, að Landhelgisgæslan hefði árvissan tekjustofn, sem einhverju munaði, því að það er rétt, að það skapar nokkurt óöryggi um rekstur gæslunnar, ef ekki er hægt að ganga út frá því með nokkurri vissu, hvaða tekjur gæslan fær á hverju ári. En sannleikurinn er sá, að svo hefur til gengið á undanförnum mörgum árum, að það hefur ekki verið talið fært af þeim, sem ráðið hafa, að ákveða Landhelgisgæslunni slíkan tekjustofn, og vil ég í því sambandi minna á, að með frv. er að finna fskj., þar sem getið er fjárframlaga ríkissjóðs til Landhelgisgæslunnar á árabilinu 1962—1972, sem sýnir, að að meðaltali hefur árlega á þessu tímabili verið veitt til Landhelgisgæslunnar úr ríkissjóði innan við 10 millj. kr. Það er því nokkuð mikið traust á núverandi valdhöfum, þegar þeir, sem minni hl. skipa, leggja til, að nú sé allt í einu lögboðið að meira en tífalda þetta árelga framlag úr ríkissjóði til Landhelgisgæslunnar frá því, sem var á þeim valdatíma, sem þeirra menn fóru með ríkisstj. í landinu. Út af fyrir sig er allt gott um það að segja. En með vísan til þess, sem ég hef sagt um það, að Landhelgisgæslan hafi fengið þá peninga, sem hún hefur sótt eftir á undanförnum 2—3 árum, og með hliðsjón af því, að margir telja nú, að fjárlög ríkisins séu orðin nógu há, teljum við, sem meiri hl. skipum, ekki tímabært nú að samþykkja þetta frv., þó að við teljum vissulega, að það komi mjög til álita að hverfa að þeirri braut að ákveða Landhelgisgæslunni ákveðinn og árvissan tekjustofn.

Frsm. minni hl. (Ólafur G. Einarsson): Herra forseti. Á þskj. 192 er nál. minni hl. allshn., okkar fulltrúa Sjálfstfl. og Alþfl. í hv. n. Eins og þar kemur fram, leggjum við til, að frv. þetta verði samþykkt óbreytt. Meiri hl. n., fulltrúar stjórnarflokkanna, leggur hins vegar til, að frv. verði vísað til ríkisstj.

Ég held, að ég komist ekki hjá því að fara örfáum orðum um þá meðferð, sem þetta mál hefur fengið á undanförnum þingum. Það var fyrst flutt á fyrsta þingi þessa kjörtímabils. Að vísu var þá gert ráð fyrir lægri upphæð en nú til Landhelgissjóðs. Á því þingi kom frv. ekki úr n. Látum það nú vera, þar sem frv. kom seint fram á þinginu. En á síðasta þingi var það endurflutt og þá á fyrstu dögum þingsins, en þá kom það hins vegar ekki úr n. fyrr en í lok mars og þá með sömu afgreiðslu af hálfu stjórnarþm. og nú, þ. e. að frv. yrði vísað til ríkisstj. Þá var rökstuðningurinn fyrir þeirri till. sá, að ekki lægju fyrir neinar upplýsingar um, hver yrði smíðakostnaður nýs varðskips eða hver kostnaður yrði við að búa Landhelgisgæslunni aðstöðu í landi, þess vegna væru allar fjárhæðir ágiskunartölur einar, ríkisstj. hefði líka tekið svo myndarlega á málum Landhelgisgæslunnar, að henni væri vel treystandi áfram fyrir þessum málum. Minni hl. n., fulltrúar Sjálfstfl. og Alþfl., lagði hins vegar til, að frv. yrði samþykkt. Málið kom hins vegar aldrei til atkvgr., vegna þess að það var ætið tekið út af dagskrá þessa síðustu daga þingsins.

Núna, þegar þetta frv. er flutt í þriðja sinn, að mestu óbreytt, nema hvað reynt er að halda í við verðbólguna með till. um hærri fjárhæð en áður, þá bregður svo við, að málið er afgreitt úr n. með — við skulum segja: eðlilegum hraða. Hins vegar er það þó það seint á ferð, að ég held, að það sé varla við því að búast, að það verði afgr. fyrir þinghlé í gegnum báðar deildir, en það er auðvitað nauðsynlegt, til þess, að tekið verði tillit til ákvæða þess við afgreiðslu fjárlaga.

Meiri hl. n. vill enn vísa frv. til ríkisstj., en nú ganga ekki alveg sömu rökin og á síðasta þingi, þar sem gerður hefur verið samningur um smíði nýs varðskips og fjárþörfin ætti að því leyti að vera ljós. Rökin fyrir frávísuninni eru þau, að aldrei hafi staðið á fjárveitingum til Landhelgisgæslunnar í tíð núv. hæstv. ríkisstj., eins og kom fram í ræðu hv. frsm. meiri hl. n. áðan. Það kom fram í máli forstjóra Landhelgisgæslunnar, þegar hann mætti á fundi n., þetta, sem hér var sagt, að Landhelgisgæslan hefði fengið það fé, sem hún hefði farið fram á, en hann bætti því við, að það hefði ætíð verið svo og þó sérstaklega á tímum sem þessum, þegar mikið væri í húfi. Það er þess vegna ekkert nýtt, að Landhelgisgæslan hafi á tímum sem þessum fengið það fé, sem hún hefur talið sig þurfa.

Minni hl. n. leggur sem sagt til, að frv. verði samþ., og fyrir því eru sömu rök og áður, það er nauðsynin á eflingu Landhelgissjóðs vegna vaxandi verkefna, sem Landhelgisgæslunni er ætlað að sinna, og ekki síður hin brýna þörf Landhelgisgæslunnar fyrir, að henni verði búin góð aðstaða í landi. Það er augljóst mál, að þessi verkefni kosta mikið fé, og það er þess vegna fyllilega tímabært að fara að safna í sjóð. Öruggur tekjustofn er forsenda fyrir því, að hægt sé að gera skynsamlegar áætlanir um uppbyggingu Landhelgisgæslunnar í framtíðinni. Eins og við segjum í nál. okkar, dugir ekki að treysta á óviss framlög. Það er líka ljóst, að sektarfé vegna landhelgisbrota mun að mestu hverfa sem tekjustofn Landhelgissjóðs. Það sektarfé, sem komið hefur í Landhelgissjóð á undanförnum árum, hefur að langmestu leyti komið í sjóðinn vegna landhelgisbrota breskra togara. Það kom fram hjá forstjóra Landhelgisgæslunnar á áðurnefndum fundi allshn. En vegna hins nýgerða samnings við Breta um veiðar þeirra innan 50 mílna landhelginnar verður ekki um sektir að ræða, ef þeir brjóta þann samning.

Ég vil minna á þær undirtektir, sem þetta mál fékk í fyrra hjá hæstv. dómsmrh. Við 1. umr. frv. lét hann þau orð falla, að það væri vissulega rétt, sem fram kæmi í frv., að tekjustofnar landhelgissjóðs væru óvissir, væru það í eðli sínu, og það væri vissulega ekki gott að byggja á slíkum óvissum og breytilegum tekjustofnum, sem gætu gefið góða upphæð eitt árið, en litla upphæð annað ár. Vegna þessa fagnaði hann þeirri hugsun, sem fram kæmi í frv., að það skuli bundið í l., að Landhelgissjóði skuli alltaf tryggð tiltekin lágmarksfjárhæð, og hann sagði, að það væri aðalatriðið að festa ákveðinn tekjustofn. Það hefur að vísu ekkert heyrst nú á þessu þingi frá hæstv. dómsmrh. um þetta efni. Ég veit ekki, hvort hann hefur skipt um skoðun. En við leggjum sem sagt til, að frv. verði samþykkt, og teljum, að það sé ekki minni ástæða til þess nú en áður.

Pétur Sigurðsson: Herra forseti. Ég er einn meðflm. að þessu frv. nú í þriðja skipti, og ég vil taka undir öll þau rök, sem komu fram hjá hv. frsm. minni hl. allshn. Og ég vil sérstaklega undirstrika þau rök vegna þess, að það kom fram, ekki aðeins í nál. meiri hl. heldur og í ræðu frsm. meiri hl., að Landhelgisgæslan hefði fengið þau framlög til fjárfestingar og rekstrar, sem fram á hefði verið farið hin síðustu ár, — undirstrika þau orð forstjóra Landhelgisgæslunnar, sem hann bætti við, en ekki eru nefnd þarna: „þegar mikið er í húfi.“ Þetta hefur alla tíð verið gert, þegar á hefur þurft að halda í Landhelgisgæslunni. Hins vegar held ég, að það sé kominn þarna nokkur vítahringur, og auðvitað mun forstjóri Landhelgisgæslunnar segja þetta með hliðsjón af þeim kröfum, sem eru gerðar til hans í sambandi við Landhelgisgæsluna.

Ef landhelgin er ekki varin, ef skipin eru látin liggja inni á fjörðum samkv. fyrirskipunum æðstu stjórnvalda, þegar þau eiga að vera að verja landhelgina, þá þurfum við auðvitað ekki að bæta við skipum. Þetta er eðlilegt. Auk þess vil ég aðeins undirstrika varðandi það, sem hv. frsm. meiri hl. var að tala um, þegar verið er að segja: Af hverju gerðuð þið þetta ekki í fyrri stjórn, af hverju voruð þið ekki búnir að þessu? — að það vorum ekki við, sem færðum út landhelgina 1972. Við höfðum aldrei sagt, að við ætluðum að færa út landhelgina 1972. Hins vegar er það núv. hæstv. ríkisstj., sem gerði það, og það var hennar að sjá svo um, að það væri hægt

að verja landhelgina, en ekki að koma fram eins og hún gerði gagnvart þjóðinni eftir á, eins og þetta væri eintómt raup og píp, það væri ekkert að marka þetta, sem þeir sögðu. Þeir vissu það fyrir fram, að það varð að semja, allt tóm sýndarmennska.

Auk þess er rétt að geta þess vegna þeirra orða, sem hafa fallið frá hæstv. forsrh. fyrr og síðar, að það særði hans barnslega hjarta ákaflega mikið á sínum tíma, þegar samskotin nægðu ekki til þess að byggja upp landhelgisgæsluna, hvorki skipaflotann né annað. Á síðustu dögum síðasta þings hafði hann mörg og stór orð um, að það væri ekki jafnmikið mark tekið á íslenskum sjómönnum og sjómannasamtökum, togaraskipstjórum, vegna þess að þeir hefðu ekki lagt *nógu mikið* í hans landhelgissöfnunarsjóð til þess að byggja upp Landhelgisgæsluna.

Með þessu frv. hefur stjórnarandstaðan í þriðja sinn komið til móts við brýna þörf þessara stofnunar, komið til móts við hæstv. ríkisstj. og stjórnarflokkana og boðist til að axla það, sem óneitanlega er byrði, taka á sig fulla ábyrgð af því að leggja t. d. skatt á þjóðina til að gera þessa stofnun okkar þannig, að hún megi verða til sæmdar fyrir okkar þjóð, en því er hafnað ítrekað. En það á að fara bónbjargarleiðina, ekki aðeins til þjóðarinnar allrar, heldur sérstaklega til einnar stéttar, og ef hún gefur ekki, kemur ekki með sitt skotsilfur og leggur í baukinn hjá hæstv. forsrh. og dómsmrh., þá er hún útskúfuð, eins og sjá má á mörgu.

Ég vil aðeins geta þess, þegar við höfum í huga orð bæði hv. frsm. og annarra, sem um þetta mál hafa talað úr röðum núv. stjórnarflokka: Af hverju voruð þið ekki búnir að þessu í fyrrv. stjórn, að kannske getur verið, að stærsti ávinningur núv. hæstv. ríkisstj. sé einmitt sá, að við vorum búnir í þá tíð að láta teikna, hanna og smíða skip, sem Ægir heitir. Það hefur að mér er sagt, sparað núv. ríkisstj. tugi millj., að það var gert á þann hátt, sem gert var. Það hefur verið hægt að ganga beint að þeim teikningum og því, sem þá var gert, vegna þess að höfð var það mikil framsýni við byggingu þess skips, að það hefur verið hægt að fara hér um bil í einu og öllu eftir þeim teikningum við byggingu þess skips, sem nú er væntanlegt, vonandi innan mjög skamms tíma. Ég harma það, að meiri hl. skuli taka þessa afstöðu til þessa frv. Ég hefði sannarlega óskað þess, að það hefði náðst samstarf um þetta mál, allavega að skapa þeim mönnum, sem að þessum málum vinna, þá starfsaðstöðu, sem þeir eiga skilið, en ekki gera þetta að því bitbeini, sem það virðist vera orðið og er að verða nú í þriðja sinn.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Kaupstaðarréttindi til handa Bolungarvíkurkauptúni, frv. (þskj. 161). — Frh. 1. umr.

Friðjón Þórðarson: Herra forseti. Þegar mál þetta var til umr. hér á dögunum, hafði ég kvatt mér hljóðs af sérstöku tilefni, og er best að nota tækifærið og segja örfá orð um þetta mál nú.

Það er svo, að nú er uppi hér og hvar í þéttbýli hreyfing í þá átt að gera ákveðna þéttbýlisstaði að kaupstöðum, og er ekki nema gott eitt um það að segja. Það eru að vísu ekki alls staðar sömu ástæður fyrir því, að þessi mál eru skoðuð. Ég tel, eftir því sem ég þekki best, að þarna hafi Bolungarvík nokkuð mikla sérstöðu. Þetta er kauptún, sem hefur haft sérstakan lögreglustjóra frá 1934, og blómleg byggð, þannig að ég tel þetta á margan hátt eðlilegt. Hins vegar getur maður velt því fyrir sér, hvers vegna Bolungarvík hafi unað þessu skipulagi svo lengi, hátt í 4 áratugi, að hafa aðeins sérstakan lögreglustjóra, þar sem mig minnir, að þeir staðir, sem fengu sérstakan lögreglustjóra um svipað leyti, a. m. k. tveir, séu fyrir löngu búnir að fá kaupstaðarréttindi. Þess vegna hvarflar að mér, hvort það *gæti átt sér stað*, að það, *sem hefði* ýtt á þetta nú og vakið það upp, sé e. t. v. nýlegar breytingar á almannatryggingal., en þær hafa sennilega gert það að verkum, að íbúar Bolungarvíkur verða að sækja vissa þjónustu til næsta kaupstaðar, sem þeir hafa notið heima fyrir um langa hríð. Þetta er ofur skiljanlegt. Blómleg byggð vill ekki láta bjóða sér að verða allt í einu að sækja sjálfsagða þjónustu, t. d. á vegum almannatrygginga, um nokkra leið til næsta kaupstaðar, sem hægt hefur verið að taka heima hjá sér áratugum saman. Ég skil þetta mætavel. En ekki meira um það. Mig brestur staðarþekkingu til að ræða þetta mál ítarlega að því er Bolungarvík varðar. Hins vegar hef ég alltaf unnað Vestfirðingum alls góðs, talið þá hina bestu nágranna og alls góðs maklega.

En það er óneitanlega a. m. k. eitt vandamál, sem þetta skapar. Það var, held ég hv. 3. þm. Norðurl. e., sem vék að því hér á dögunum, að það gæti næstum því riðið sýsluvegasjóðunum að fullu, þ. e. ef stærstu og öflugustu sveitarfélögin innan sýslnanna yrðu kaupstaðir. Þetta er alveg rétt athugað og var einmitt þetta, sem ég ætlaði að vekja athygli á. Jafnvel þótt þetta sérstaka mál með Bolungarvík væri ekki hér á dagskrá, væri orðið alveg óhjákvæmilegt að taka sýsluvegasjóðina og tekjustofna þeirra til gagngerðrar athugunar og meðferðar, og það má ekki dragast. Það verður að gerast á þessu þingi. Þessu vildi ég skjóta hér fram að gefnu tilefni.

En svo aðeins að endingu örfá orð um þetta mál almennt. Eiga staðir, þar sem þéttbýli myndast, en þar sem dreifð byggð heldur sér að nokkru leyti innan sama sveitarfélags, að sækja eftir kaupstaðarréttindum? Þeim er vorkunn. En almennt séð tel ég, að fara verði mjög gætilega í þessum efnum. Við vitum, að þéttbýli myndast yfirleitt fyrir þá sök, að það er fólkið, sem streymir á ákveðinn stað innan sveitarfélagsins. *Það gerir þann stað sterkari en dreifbýlið*, þaðan sem fólkið fer. Þess vegna tel ég að við eigum í lengstu lög að varðveita samvinnu og náin tengsl strjálbýlis og þéttbýlis, varðveita einingu sveitarfélagsins, þótt það geymi innan sinna vébanda bæði þéttbýli og strjálbýli. Og þeir, sem í þéttbýli flytjast á viðkomandi svæði, verða að gera sér grein fyrir því, að þeir hafa að mörgu leyti sterkari aðstöðu og ber þess vegna að taka á sig jafnvel auknar byrðar. Þeim ber að létta byrðar þeirra, sem eftir búa í strjálbýlinu. Þetta vil ég að lokum segja almennt um þetta mál.

Matthías Bjarnason: Herra forseti. Það eru aðeins örfá orð út af ræðu hv. 4. þm. Vesturl. og raunar fleiri, sem töluðu hér, þegar þetta frv. var til umr. á dögunum.

Ég skal taka undir þau orð hv. 4. þm. Vesturl., að ein af ástæðum þess, að hreppsnefnd Hólshrepps óskaði eftir því, að þm. kjördæmisins flyttu þetta frv. um kaupstaðarréttindi, er, að þeir verða að sækja þjónustu í annan kaupstað í sambandi við almannatryggingarnar. Þetta er auðvitað ein af mörgum ástæðum. Hitt atriðið, sem hann vék að og raunar fleiri í sambandi við sýsluvegina, það er laust mál við þetta í sjálfu sér og á ekki að verða til þess að hefta á nokkurn hátt framgang þessa frv. eða annarra skyldra frumvarpa. En það hlýtur að vera skylda Alþ. að breyta vegal. hvað snertir fjáröflun til sýsluveganna. Ég fyrir mitt leyti tel eðlilegt, að þessi tegund vega, sýsluvegir, fái sitt fjármagn á sama hátt og aðrar tegundir vega, eins og þjóðbrautir og landsbrautir. Það er í raun og veru engin ástæða til þess, að fámennir sveitahreppar og hin allra minnstu kauptún eigi að standa undir jafnstórum hluta af kostnaði við sýsluvegina og nú er, en kaupstaðir og allar hinar fjölmennari byggðir eigi að sleppa. Sýsluvegirnir eru auðvitað fyrir alla jafnt, eins og aðrir vegir. Þetta eru vegir, sem eru opnir fyrir allri umferð og fyrir alla landsmenn, og því er eðlilegt að breyta vegal. í þetta horf. Á sínum tíma var þetta form tekið upp. Því var breytt að nokkru með setningu núgildandi vegal. í þá átt að auka hlutdeild ríkissjóðs eða réttara sagt vegasjóðs í þessu efni. Nú hefur reynslan sýnt okkur, að það er orðin full og brýn nauðsyn á því að bæta hér enn úr og breyta l. á þennan hátt. Ég tek því alveg undir orð hv. þm. um það, og ég væri því mjög hlynntur, að slík breyting yrði gerð á vegalögum.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Sameinað þing, 37. fundur.

Föstudaginn 14. des., kl. 2 miðdegis.

Tónlistarnám, þáltill. (þskj. 203). — Hvernig ræða skuli.

Að till. forseta var ákveðin ein umr.

Atvinnumál aldraðra, þáltill. (þskj. 208). — Hvernig ræða skuli.

Að till. forseta var ákveðin ein umr.

Húsnæðislán á landsbyggðinni, þáltill. (þskj. 216). — Hvernig ræða skuli.

Að till. forseta var ákveðin ein umr.

Jöfnun símagjalda, þáltill. (þskj. 237). — Hvernig ræða skuli.

Að till. forseta var ákveðin ein umr.

Framkvæmd Inn-Djúpsáætlunar, þáltill. (þskj. 237). — Hvernig ræða skuli.

Að till. forseta var ákveðin ein umr.

Samgönguáætlun fyrir Norðurland, þáltill. (þskj. 44). — Frh. einnar umr.

ATKVGR.

Till. vísað til allshn. með 32 shlj. atkv. og umr. frestað.

Raforkumál, þáltill. (þskj. 116). — Frh. einnar umr.

ATKVGR.

Till. vísað til fjvn. með 34 shlj. atkv. og umr. frestað.

Þjónusta hjá héraðsdómstólum við neytendur, þáltill. (þskj. 121). — Frh. einnar umr.

ATKVGR.

Till. vísað til allshn. með 38 shlj. atkv. og umr. frestað.

Bættar vetrarsamgöngur, þáltill. (þskj. 50). — Frh. einnar umr.

ATKVGR.

Till. vísað til allshn. með 39 shlj. atkv. og umr. frestað.

Aðild að háskóla Sameinuðu þjóðanna, þáltill. (þskj. 131). — Frh. einnar umr.

ATKVGR.

Till. vísað til utanrmn. með 39 shlj. atkv. og umr. frestað.

Rannsókn á reki gúmbjörgunarbáta, þáltill. (þskj. 146). — Frh. einnar umr.

ATKVGR.

Till. vísað til fjvn. með 38 shlj. atkv. og umr. frestað.

Nýting raforku til húsahitunar, þáltill. (þskj. 151). — Frh. einnar umr.

ATKVGR.

Till. vísað til fjvn. með 38 shlj. atkv. og umr. frestað.

Veitinga- og gistihúsarekstur að vetrarlagi utan þéttbýlissvæða, þáltill. (þskj. 163). — Frh. fyrri umr.

ATKVGR.

Till. vísað til síðari umr. með 37 shlj. atkv. og til fjvn. með 37 shlj. atkv.

Efri deild, 36. fundur.

Föstudaginn 14. des., að loknum fundi í sameinuðu þingi.

Ríkisábyrgð á launum við gjaldþrot, frv. (þskj. 232). — 1. umr.

Félmrh. (Björn Jónsson): Herra forseti. Í málefnasamningi ríkisstjórnarflokkanna er að því vikið, að sett yrði löggjöf, sem tryggi launafólki greiðslu vinnulauna þrátt fyrir gjaldþrot atvinnurekenda, en löggjöf, sem gengur í þessa átt, hefur fyrir alllöngu verið sett um flest Norðurlönd. Rök fyrir slíkri löggjöf eru svo augljós að *mínu viti*, að ekki þarf *þar ýkjamörg* orð um að hafa. Í velferðarþjóðfélagi þykir óhæfa, að verkafólk verði fyrir meira eða minna fjárhagstjóni, ef fyrirtæki verður gjaldþrota af ástæðum, sem verkafólkið fær engu um ráðið og á engan þátt í að skapa. Í samræmi við þetta hefur félmrn. látið semja það frv., sem hér liggur fyrir og er ætlað að tryggja vinnulaun í gjaldþrotatilfellum með ábyrgð ríkissjóðs, að fullnægðum þeim skilyrðum, sem eðlilegt hefur þótt að setja og frv. gerir ráð fyrir.

Við samningu frv. hefur verið stuðst við löggjöf um ríkisábyrgð á launum, sem sett var í Svíþjóð 1970 og gekk þar í gildi 1971, og enn fremur hefur verið stuðst við dönsk lög um sama efni frá 1972 og uppkast að frv. til slíkra l. í Noregi. Sænsku l. taka eingöngu til gjaldþrotatilvika og greiðir ríkið kostnað við framkvæmd l., en það fær síðan kostnaðinn endurgreiddan úr sérstökum sjóði, sem fær tekjur sínar af sérstökum skatti, sem á atvinnurekendur er lagður í þessu sambandi. Í Danmörku gilda þær reglur, að tryggingasjóður launþega ábyrgist réttar kröfur launþega við gjaldþrot, en einnig er sannað þykir, að atvinnurekandi geti ekki greitt kröfurnar, þótt hann sé ekki tekinn til gjaldþrotaskipta. Í norsku drögunum að samsvarandi löggjöf er gert ráð fyrir ríkisábyrgð á launakröfum við gjaldþrot með sérstökum viðbótarskatti til almannatrygginga frá atvinnurekendum til að standa undir þeim kostnaði, sem af því leiðir.

Í því frv., sem hér liggur fyrir, er farið að hætti Svía að því leyti, að ríkisábyrgð nær aðeins til þeirra vinnulauna, sem forgangsréttur fylgir skv. l. um skipti á dánarbúum og félagsbúum o. fl., og til bóta vegna riftunar á vinnusamningi eða uppsagnar á vinnusamningi svo og orlofsgreiðslu.

Ábyrgðin tekur skv. 3. gr. frv. einungis til kröfu, sem lýst hefur verið lögformlega við gjaldþrotaskipti. Þetta gildir þó ekki um bú, sem reynast eignalaus og innköllun því ekki gefin út.

Frv. gerir ráð fyrir, að félmrn. inni af hendi greiðslur þær, sem ríkissjóði ber að greiða skv. því, ef að lögum verður, en eigi má sú greiðsla fara fram, fyrr en úrskurður um gjaldþrotaskipti hefur gengið, og eigi heldur fyrr en krafan er komin í gjalddaga.

Við samningu þessa frv. hefur verið haft í huga að einfalda framkvæmdina, eftir því sem frekast er kostur, þannig að ákvæði þess leiddu ekki til óþarfaskriffinnsku. Hefur því m. a. ekki verið horfið að því ráði að leggja sérstakan skatt á atvinnurekendur, svo sem gert er í Svíþjóð og í Danmörku. Þykir réttara að fara þá leið að taka tillit til þeirra útgjalda, sem af samþykkt frv. mundi leiða, í annarri skattgreiðslu atvinnurekenda, sem í ríkissjóð rennur. Hér er tæpast um mjög miklar upphæðir skatta að ræða. Má í því sambandi geta þess, að á þingi Norðurlandaráðs 1971 var lagt til, að fjár yrði aflað í þessu skyni með launaskatti, sem talið var þá, að hæfilega yrði metinn um 0,5‰. Virðist því ekki fjarri lagi að hækka samsvarandi núv. launaskatt eða þann, sem ákveðinn yrði án tillits til ákvæða þessa frv., meðan reynsla fengist af því, hvaða upphæðir geti hér orðið um að ræða. En útgjöld þau er auðvitað harla erfitt að áætla af nákvæmni, þar sem fjöldi gjaldþrota hlýtur jafnan að fylgja að mestu árferði hjá atvinnuvegum þjóðarinnar.

Herra forseti. Um frekari skýringar á einstökum frv.-greinum leyfi ég mér að vísa til ítarlegrar grg., sem frv. fylgir, en vil að lokum segja það, að með frv. er komið til móts við mjög ákveðnar kröfur verkalýðssamtakanna, sem fram hafa verið settar um árabil. Hugsanlegt er, að launþegasamtökunum þyki sem frv.-ákvæðin séu í þrengsta lagi, og rétt er það, að hér er gætilega af stað farið, þannig að síðar gætu einstök atriði staðið til bóta, að fenginni nauðsynlegri reynslu.

Ég vil svo leyfa mér að leggja til, að frv. verði að þessari umr. lokinni vísað til 2. umr. og hv. félmn.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 13 shlj. atkv. og til félmn. með 13 shlj. atkv.

Seðlabanki Íslands, frv. (þskj. 223). — 3. umr.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 12 shlj. atkv. og afgr. til Nd.

Lyfjaframleiðsla, frv. (þskj. 103, n. 220 og 246, 221). — 2. umr.

Frsm. meiri hl. (Helgi F. Seljan): Herra forseti. Heilbr.- og trn. hefur fjallað ítarlega um frv. til l. um lyfjaframleiðslu. N. varð ekki sammála um afgreiðslu málsins og leggur meiri hl. n. til, að frv. verði samþ. með þeim breytingum, sem lagðar eru fram á þskj. 221. Minni hl. skilar hins vegar séráliti.

Frv. um lyfjaframleiðslu var lagt fram í Nd. í fyrra, en náði ekki fram að ganga. Frv. er um nokkur atriði öðruvísi nú en þá, en engu að síður þótti rétt að líta nokkuð yfir sumar umsagnir frá fyrra þingi. Hins vegar þótti n. réttast að fá til fundar við sig þá aðila, sem frv. snertir mest eða unnu að samningu þess. Hjá n. mættu því Almar Grímsson deildarstjóri í heilbrrn.,

Erling Edvald lyfsölustjóri, — en frv. kemur að töluverðu leyti inn á Lyfjaverslun ríkisins, — svo og stjórnarformaður og framkvæmdastjóri Pharmaco h/f, þeir Sverrir Magnússon og Werner Rasmussen, en varðandi hugsanlega stofnun sameignarfyrirtækis ríkis og lyfsala hefur verið sérstaklega við þetta fyrirtæki rætt. Allir þessir aðilar veittu n. góðar upplýsingar og komu með ábendingar um margt, og skýrðust málin eins og jafnan, þegar svo er unnið.

Eins og frv. ber með sér, fjallar I. kafli þess um lyfjaframleiðslu almennt. Nm. ræddu þann kafla allnáið, og skv. sérstakri ábendingu var 3. gr. kaflans umorðuð og gerð fyllri á ýmsan hátt. Aðalatriði breytingarinnar er, að efnt skal til náins samstarfs forstöðumanna þeirra tilraunastofnana, er þar um ræðir, og framkvæmdastjóra lyfjaframleiðslufyrirtækis þess, sem ráðgert er að stofna skv. II. kafla frv. Mynda þeir samstarfsn., sem hefur það hlutverk, eins og segir í brtt. 1 á þskj. 221, „að stuðla að sem bestri nýtingu starfskrafta og tækjabúnaðar þessara stofnana til lausnar verkefnum, sem geta verið sameiginleg, svo sem gæðapróf, rannsóknir, innkaup og heildsöludreifing. Enn fremur skal n. stuðla að sameiginlegu átaki til framleiðslu nýrra lyfja fyrir innlendan og erlendan markað. — N. skal koma saman eftir þörfum og skila skýrslu um starfsemi sína á 6 mánaða fresti til hlutaðeigandi stofnana og heilbrrh.“

Ég hygg, að þessi breyting teljist til bóta um öll vinnubrögð hér að lútandi, og hygg enn fremur, að öll n. sé sammála um þetta atriði.

II. kafli frv. fjallar um sameiginlegt fyrirtæki um lyfjaframleiðslu, eða eins og segir í 5. gr. frv.: „Íslenska ríkinu er heimilt að gerast stofnaðili að fyrirtæki um lyfjaframleiðslu ásamt lyfsölum og lyfjafræðingum. Fyrirtækið skal vera sjálfstæður réttaraðili með sjálfstæðan fjárhag og reikningshald.“

Þessi kafli varð hv. fulltrúum Sjálfstfl. að ásteytingarsteini í n., sumpart vegna orðalags 6. gr., þrátt fyrir orðalagsbreytingu, svo sem sjá má á þskj. 221, en þó eflaust öllu fremur vegna kaflans í heild og þeirrar stefnu, sem þar kemur fram um stofnun sameiginlegs fyrirtækis ríkis og einkaaðila. Brtt. 3 var t. d. sett sérstaklega fram til þess, að verða mætti, að n. yrði öll sammála um afgreiðslu málsins, en það hrökk ekki til.

Þessar 2 brtt., 2 og 3, eru að vísu einnig fram komnar vegna viðræðna við fulltrúa frá Pharmaco h/f, og breytingin á 8. gr. frv. er frá þeim og rn. komin í sameiningu og fullt samkomulag þar um.

Varðandi 6. gr. frv., er fjallar um eignarhald, kom fram, að fulltrúar Pharmaco h/f vildu illa sætta sig við orðalagið: „Ríkið skal eiga minnst helming.“ Orðalagi var breytt nokkuð, en vafasamt er, að fulltrúar Pharmaco h/f muni telja það fullnægjandi. Þó mun framkvæmdastjóri hafa talið það til bóta.

Í frv. í fyrra voru helmingaskipti fastákveðin varðandi eignaraðild, og það kom fram, eins og ráðherra hafði áður bent á hér í d., að fulltrúar Pharmaco lýstu þá áhyggjum sínum vegna þessa ákvæðis af þeim sökum, eins og þeir orðuðu það, að ríkið gæti viljað hafa fyrirtækið svo stórt og hlutafé svo hátt, að hæpið væri, að þeir gætu lagt fram helming fjármagns í slíkt fyrirtæki. Hér stangast á nokkuð um fyrri afstöðu og núverandi, og skal ég engan dóm á það leggja, hvaða ástæða liggur þar að baki. A. m. k. er rétt að taka skýrt fram, að brtt. 3 á þskj. 221, þ. e. 8. gr., eins og hún nú hljóðar, er beinlínis fyrir þá Pharmaco-menn gerð, og skal ekki öðru trúað en að sú skipan auðveldi alla samninga ríkisins og fyrirtækis þessa, ef af verður, um stofnsetningu fyrirtækisins, en gr. er svo nú:

„Stjórn fyrirtækisins skal skipuð 4 mönnum til 2 ára í senn. Félag lyfsala og lyfjafræðinga kýs 2 stjórnarmenn á aðalfundi sínum, og skal a. m. k. annar þeirra vera lyfjafræðingur að mennt. Heilbrrh. skipar 2 stjórnarmenn á sama hátt og félagið. Jafnmargir varamenn skulu skipaðir á sama hátt. Stjórnin kýs sér formann og varaformann til eins árs í senn, og skal formennskan færast til skiptis milli eignaraðila.“

Auðvitað mun reynslan skera úr um, hvort samningar um slíkt fyrirtæki takast, en vissulega telur meiri hl. n., að það væri spor í framfaraátt, ef þar mætti vel til takast.

Ég ætla ekki á þessu stigi að fara náið út í það ágreiningsefni, sem mun aðalástæða tveggja nál. í þessu máli, þ. e. a. s. hvort og að hve miklu leyti ríkið eigi að hafa afskipti af málum sem þessum, — hver ríkisafskipti eigi að vera yfirleitt. Þar er um grundvallarstefnumun að ræða, og deilur um það nú mundu aðeins tefja tímann og e. t. v. hindra framgang málsins nú fyrir jól, en það teldi meiri hl. n. óæskilegt. Ég sá reyndar nú rétt áðan, að fulltrúar Sjálfstfl. leggja til, að frv. verði vísað frá með rökstuddri dagskrá. Sá rökstuðningur, sem mér sýnist í fljótu bragði þar uppi hafður, staðfestir aðeins þennan grundvallarágreining, en að öðru leyti þannig, að ekki er ástæða til að elta við hann ólar og verður ekki gert af mér.

Það væri vissulega ástæða til þess að fara um þetta frv. í heild mörgum fleiri orðum og þá kosti, sem við í meiri hl. teljum, að því fylgi að koma þeirri skipan á, sem hér um ræðir. En það hefur áður verið gert svo ítarlega hér í d., að ég sé ekki ástæðu til þess. Það hefði einnig verið freistandi að vitna í ýmsar umsagnir hér, sérstaklega umsögn frá Félagi ísl. stórkaupmanna, sem mælti á móti frv., en lét fylgja nokkrar hugleiðingar um æskileg og óæskileg ríkisafskipti, — æskileg ríkisafskipti, þar sem einkareksturinn stæði höllum fæti, en óæskileg ríkisafskipti, þar sem einkagróðinn gæti verið nógur, en hér skal það ekki gert. Þar er komið að kjarna þess ágreinings, sem veldur klofningi n.

Meiri hl. n. leggur eindregið til, að frv. verði samþ. með þeim breytingum, er eru á þskj. 221, en fjarverandi afgreiðslu málsins var hv. þm. Geir Gunnarsson.

Frsm. minni hl. (Auður Auðuns): Herra forseti. Eins og fram hefur komið, hefur n. ekki orðið sammála um afgreiðslu þessa frv. Við hv. 3. þm. Reykn., Axel Jónsson, skilum sérnál. á þskj. 246, og við leggjum til, að frv. verði afgr. með rökstuddri dagskrá.

Frv. þetta fjallar annars vegar um almenn ákvæði um lyfjaframleiðslu, en hins vegar um stofnun sameiginlegs fyrirtækis ríkis og einkaaðila um lyfjaframleiðslu.

Hin almennu ákvæði um lyfjaframleiðslu eru í I. kafla frv. Í IX kafla gildandi lyfsölulaga, nr. 30 frá 1963, nánar tiltekið í 50. gr. þeirra l., er að finna ákvæði, sem að verulegu leyti eru efnislega þau sömu og í I. kafla þessa frv. Það verður ekki séð, að út af fyrir sig sé nein nauðsyn að lögfesta þær breytingar, sem æskilegt er talið að gera á umræddri grein lyfsölulaganna, — lögfesta þær með nýjum l., heldur eðlilegt og ætti að vera í lófa lagið að gera þær breytingar á 50. gr. lyfsölul., sem þurfa þykir vegna þeirrar þróunar, sem orðið hefur, síðan þau l. voru sett.

Að öðru leyti fjallar frv., eins og áður sagði, um heimild til handa ríkinu til að gerast aðili að stofnun fyrirtækis um lyfjaframleiðslu ásamt einkaaðilum, þ. e. a. s. lyfsölum og lyfjafræðingum. Í frv. eru slíku hugsanlegu fyrirtæki í veigamiklum atriðum ákvörðuð lög, þ. á m. eignarhlutföll og stjórn fyrirtækisins. Þar sem ætlunin er að leita sameigna við einkaaðila um stofnun fyrirtækis, væri eðlilegt, að sú samningsgerð væri ekki fyrir fram ákveðin í l. í þeim atriðum, sem ætla má, að mestu máli skipti, ef verulegur áhugi er á því, að samkomulag náist.

Í grg. með frv. um lyfjaframleiðslu frá síðasta þingi, sem nú er vísað til, segir, að þegar hafi farið fram viðræður um stofnun sameiginlegs fyrirtækis. Þær eru þar nefndar undirbúningsviðræður við fyrirtækið Pharmaco, en Pharmaco mun vera langöflugasta lyfjaframleiðslufyrirtæki hér á landi í einkaeign, en að því standa velflestir lyfsalar landsins ásamt lyfjafræðingum.

Í grg. með frv. frá því í fyrra segir svo í aths. á bls. 7: „Lyfjamálanefnd átti viðtal við forsvarsmenn Apótekarafélags Íslands, Lyfjafræðingafélags Íslands og Pharmaco h/f. Létu þessir aðilar í ljós áhuga á miðskipan lyfjaframleiðslu. Í framhaldi af þessu sendi n. Pharmaco h/f og Apótekarafélagi Íslands skrifleg erindi, þar sem óskað var eftir viðhorfum þessara aðila til stofnunar sameiginlegs fyrirtækis lyfsala og ríkisins, sem ríkið ætti meiri hluta í eða minnst 51%, og stjórnaraðild væri í samræmi við það. Pharmaco vísaði m. a. til bráðabirgðagrg. undirbúningsnefndar Apótekarafélags Íslands frá 1967, þar sem gert er ráð fyrir, að ríkið ætti 20% hlutafjár. Í svarbréfi Apótekarafélags Íslands fólust jákvæðar undirtektir, en tekið fram orðrétt, „að algert skilyrði slíkrar félagsstofnunar yrði að vera, að enginn einstakur aðili eignaðist meiri hluta í félaginu, þannig að tryggð sé á hverjum tíma lýðræðisleg stjórn félagsins.“ “

Í þessari tilvitnuðu grein úr grg. frá í fyrra ætla ég, að komi fram viðhorf þessara aðila til eignarhlutfallaákvæða frv. Ég held, að það megi vera ljóst, að hvorki Pharmaco né Apótekarafélagið hafi óskað eftir flutningi frv. í þeirri mynd, sem það liggur hér fyrir, hvorki nú né í fyrra. Í frv., sem lá fyrir síðasta þingi, voru eignarhlutföllin ákveðin þannig, að ríkið ætti helming í hinu sameiginlega fyrirtæki, en nú er í 6. gr. kveðið svo á, að ríkið eigi minnst helming. Satt að segja sýnist sú breyting ekki líkleg til að greiða fyrir samkomulagi.

Það hefur verið á það bent, að hér starfi a. m. k. 3 lyfjaframleiðslufyrirtæki auk Pharmaco, sem eitthvað kveði að, nánar tiltekið Bristol hf. í Reykjavík, Echopharm, Akureyri og Stefán Thorarensen hf. í Reykjavík. Hefur ekkert samband verið haft við þessa aðila, og eins og ég skal koma að síðar, má búast við, að þessi fyrirtæki, sem minni eru í sniðum, muni með tilkomu enn öflugri fyrirtækja en nú eru fyrir hendi eiga erfitt með að selja framleiðslu sína og þannig allar líkur til, að þau þurfi að rifa seglin eða jafnvel leggja niður starfsemi sína. Má nærri geta, að þau mundu þá verða fyrir fjárhagslegu tjóni og tækjakostur þeirra jafnvel ónýtur og verðlaus.

Það eru skiptar skoðanir um, hvort æskilegt sé, að innlend lyfjaframleiðsla sé í einu fyrirtæki, og þar koma m. a. til greina öryggissjónarmið. Í skýrslu dr. Kjartans Jóhannssonar frá febr. þessa árs, sem unnin var fyrir ráðh., segir t. d. um þetta atriði á bls. 72 orðrétt svo: „En sé lögð áhersla á öryggissjónarmið, mæla þau gegn algjörri miðskipan framleiðslu í einu fyrirtæki.“

Þó að með þessu frv. sé ekki stefnt að einkarétti til lyfjaframleiðslu, mun almennt álitið, að framleiðsla, sem nú er rekin í smáum stíl, muni smám saman leggjast niður að mestu með tilkomu öflugri fyrirtækja, enda þróunin orðin þegar í þá átt.

Þá hefur einmitt í sambandi við öryggissjónarmið verið vakin athygli á því ástandi, sem skapaðist, þegar eldsvoði varð í Lyfjaverslun ríkisins, þ. e. framleiðsludeild þess fyrirtækis, sem leggur megináherslu á að mæta þörfum sjúkrahúsa og héraðslækna, og starfsemin þar lagðist niður um skeið. Þá voru aðrir aðilar hér á landi, sem gátu hlaupið undir bagga og tekið að sér að framleiða það, sem til þurfti, eða útvega erlendis frá það, sem ekki var hægt að framleiða hér. Þetta er vissulega atriði, sem einnig er vert að hafa í huga í sambandi við öryggissjónarmið. Þá er rétt að vekja athygli á því, sem kemur fram allgreinilega í grg. með frv. í fyrra, að lyfjaeftirlitinu, sem ríkið hefur með höndum, virðist vera býsna ábótavant, og væri ekki vanþörf á, að það yrði eflt, svo að það næði betur tilgangi sínum.

Varðandi lækkun verðs með tilkomu slíks sameiginlegs fyrirtækis, þá verð ég að segja, að það er meira en vafasamt, að ríkisíhlutun um lyfjaframleiðsluna verði til þess að lækka lyfjaverðið. Íhlutun og afskipti ríkisins af lyfjaversluninni í Svíþjóð og að nokkru leyti, en þó ekki miklu, af lyfjaframleiðslu þar, benda vissulega ekki í þá átt. Í Svíþjóð yfirtók hlutafélag, sem er að ⅔ hlutum eign ríkisins og að ⅓ hluta eign apótekara, alla smásölu lyfja í landinu árið 1971 og með þeim árangri, að lyfjaverð hækkaði verulega, og hefur valdið bæði mikilli gagnrýni og óánægju.

Ég held, að það væri affarasælla fyrir alla, ef ríkið beindi heldur áhuga sínum að því að efla lyfjaeftirlitið og að efla sitt eigið fyrirtæki, Lyfjaverslun ríkisins, sem, eftir því sem kemur

fram í margnefndri grg., býr við afar slæmar aðstæður. Það væri áreiðanlega affarasælla, að ríkið sneri sér að því og að öðru leyti greiddi fyrir framleiðslu einkaaðila, því að það er vitað mál, að t. d. Pharmaco, sem hefur þó gert mjög myndarlegt átak og m. a. hefur komið upp mjög fullkominni rannsóknarstofu í sínu fyrirtæki, hefur ávallt átt við lánsfjárörðugleika að stríða, og væri uppbyggingu þess eflaust lengra á veg komið, því að til þess er fullur vilji, ef ekki hefði lánsfjárskortur háð fyrirtækinu.

Ef af hálfu ríkisvaldsins er áhugi á því að leita samninga við einkaaðila um stofnun sameiginlegs fyrirtækis um lyfjaframleiðslu, þarf ekki til þess neina löggjöf, að slíkir samningar séu hafnir og reynt til þrautar að ná samkomulagi. Það hefur komið fram hér í umr., að það væri mikill áhugi hjá einkaaðilum á stofnun slíks sameiginlegs fyrirtækis, sem sé þó með vissum skilyrðum. Það er kannske annað að ganga til frjálsra samninga við ríkið eða eiga yfir höfði sér stjfrv. eða lög, sem í meginatriðum binda hendur manna um, hvernig samningsgerðin geti orðið. Ég sé því ekki, að það séu nokkur rök til þess, að nauðsyn sé til að lögfesta ákvæðin um stofnun sameiginlegs fyrirtækis á þessu stigi.

Þá má í sambandi við hugsanlega aðild ríkisins að slíku fyrirtæki benda á, að ekki liggja fyrir neinar kostnaðaráætlanir. Það er alveg rennt blint í sjóinn með það, hvað þetta muni kosta ríkið. Ég vil vekja athygli á ákvæði, sem er í 7. gr. frv., 2. tölul., en í þeirri gr. er skilgreindur tilgangur fyrirtækisins. Í tölul. 2 stendur: „Að stunda tilraunir og rannsóknir með það fyrir augum að framleiða sérlyf.“ Þessi gr. er samhljóða 3. gr. frv. frá því í fyrra, og um hana segir í aths. þá um einstakar greinar á bls. 8:

„Önnur framleiðsla en sú, sem um er getið í fyrstu tilgangssetningu, mundi falla undir skilgreiningu sérlyfja, og er gert ráð fyrir grundvallar- og þróunarrannsóknum m. a. í því augnarmiði að framleiða hérlendis sérlyf fyrir innlendan og jafnvel erlendan markað.“

Í þeim plöggum, sem fyrir hafa legið í n., er m. a. á það bent, að til þess að annast slíkar grundvallar- og þróunarrannsóknir þurfi að koma upp rannsóknarstofum, sem óhjákvæmilega kosti of fjár, og í því sambandi nefnd hundruð millj. kr. Þetta er aðeins til að benda á, að kostnaðaráætlanir liggi hér engar fyrir, og óséð, hvernig þær mundu verða, þegar öll kurl væru komin til grafar.

Þá er í 15. gr. frv. ákvæði þess efnis, að ef ekki takist samningar, þá skuli ríkinu skylt að annast þá lyfjaframleiðslu, sem hinu sameiginlega fyrirtæki hefði ella verið skylt að annast. Nú hefur Lyfjaverslun ríkisins, eins og kunnugt er, um langt skeið rekið lyfjagerð, þar sem megináhersla hefur verið lögð á að mæta þörfum sjúkrahúsa og héraðslækna. Ríkisvaldið getur haft það í hendi sér að efla þetta fyrirtæki, sem býr nú, eins og ég áðan sagði við slæmar framleiðsluaðstæður, og fela því þá lyfjaframleiðslu, sem það metur nauðsynlega og æskilega. Og ég fæ ekki annað séð en þessi ákvæði 15. gr. séu gersamlega óþörf. Ég hef verið að velta því fyrir mér, hvaða ástæða hafi verið til þess að setja inn þessa gr. Í frv. eins og það lá fyrir í fyrra, var ekki rætt um skyldur ríkisins, heldur var þar einungis um að ræða heimild ríkisins til að annast þá lyfjaframleiðslu, sem sameiginlega fyrirtækinu hefði ella borið að annast. Ég hef verið að velta því fyrir mér, hvers vegna þessi gr. væri þannig orðuð, og ég verð að segja, að hjá mér a. m. k. hefur vaknað grunur um það, að þarna ætti að vera svipa á einkaframtakið, það sé gefið í skyn, að ef menn séu ekki hlýðnir og góðir og gangi til samninga á grundvelli þessa frv., þá skuli þeir horfa fram á það, að ríkið setji upp fyrirtæki til að annast að meira eða minna leyti þá framleiðslu, sem einkaframtakið hefur annast hingað til, og þar sem ríkið hefur auðvitað fjármagn til þess að leggja í fyrirtækið og gera það öflugt og sterkt, sjá þeir fram á það, hver þeirra hlutur mundi verða við slíka samkeppnisaðstöðu.

Í nál. höfðum við bent á, að í málefnasamningi ríkisstj. varðandi lyfjamál er svohljóðandi klausa, eitt af stefnumálum: „Að endurskipuleggja lyfjaverslunina með því að tengja hana við heilbrigðisþjónustuna og setja hana undir félagslega stjórn.“ Svo mörg voru þau orð. Þarna er hvergi minnst á lyfjaframleiðslu, og þessa frv. er því hreint engin þörf til efnda á stjórnarsáttmálanum.

Ég verð að segja það, að ég var frá upphafi tortryggin, þegar þetta frv. kom fram, og ég hef ekki við athugun þess í n. sannfærst að neinu leyti um, að það sé æskilegt, hvað þá nauðsynlegt að lögfesta efni þess.

Ég hef nú rakið það, að ákvæði þessa frv. eru í rauninni algerlega óþörf, og ef sem sé áhugi er hjá ríkinu fyrir að leita samvinnu við einkaaðila, þá gæti fyrst komið til álita, hvort lagasetningu þyrfti, þegar búið er að komast niður á fullkominn samkomulagsgrundvöll, en fyrr ætti engin þörf að vera á því.

Við, sem að nál. minni hl. stöndum, leggjum til með vísun til þess, sem nú hefur verið sagt, og nál. okkar, að frv. verði afgr. með svofelldri rökstuddri dagskrá:

„Þar sem ákvæði 1. kafla frv. er að verulegu leyti þegar að finna í gildandi lyfsölulögum, en ákvæði frv. að öðru leyti óþörf, telur þd. ekki ástæðu til að samþykkja frv. og tekur fyrir næsta mál á dagskrá.“

Ég skal svo, áður en ég vík úr ræðustól, aðeins fara nokkrum orðum um þær brtt., sem meiri hl. n. flytur við frv. Þótt ég vilji láta vísa frv. frá, tel ég þó rétt að fara um þessar brtt. nokkrum orðum.

Ég geri ráð fyrir, að 1. brtt sé greinilega til bóta. En um brtt., sem er við 6. gr., 1. mgr., verð ég að segja það, að hún breytir bókstaflega engu, það er bara annað orðalag, en meiningin er í rauninni alveg sú sama og málsgr. nú er.

Þá er 3. brtt., sem er við 8. gr., sem fjallar um stjórn fyrirtækisins. Hv. frsm. meiri hl. n. lýsti yfir, að sú brtt. væri komin frá Pharmaco og rn. og þar hefði orðið samkomulag um hana. Ég verð nú að segja það, að það er ekki óeðlilegt og reyndar dytti manni ekki í hug, að þeir Pharmaco-menn neituðu að ræða við rn. og þá m. a. um breytingar á þessu frv., sem ég dreg í efa, að þeir hafi áhuga á að nái fram að ganga.

Þarna hefur náðst samkomulag um breytingar á gr. um stjórn fyrirtækisins til þess þó að koma fram einhverjum endurbótum á frv. Það má líta svo á, að þessir aðilar séu í rauninni alveg undir þvingun með þetta frv. yfir höfði sér. En athugum nú, hvernig brtt. er. Hún er um, að stjórnin skuli skipuð 4 mönnum til tveggja ára í senn og að einkaaðilar kjósi 2 í stjórn, en ríkið 2 og skuli formennskan færast til skiptis milli eignaraðila. Þetta er nú gott, svo langt sem það nær. En ég spyr nú bara: Ef að því rekur, að þetta sameiginlega fyrirtæki verði stofnað, og ef, sem búast má við, að fljótt reki að því, að ríkið verði þarna að meiri eignaraðila og jafnvel langsamlega í meiri hl. hvað eignaraðild snertir, halda menn þá, að það verði talið viðunandi, að í stjórn fyrirtækisins eigi minni hl. að ráða jafnmiklu og sá aðili, sem e. t. v. á mikinn meiri hl. í fyrirtækinu? Ég held, að þarna séu menn bara neyddir til að taka við þessari dúsu, því að ég held, að það sé alveg fráleitt að ætla, að þetta ákvæði standi til lengdar, eftir að eignarhlutföll eru orðin slík, að ríkið á yfirgnæfandi meiri hl. í fyrirtækinu.

Ég hjó eftir því, að hv. frsm. meiri hl. sagði, að þetta frv. þyrfti að afgreiðast fyrir jól. Nú geri ég mér að sjálfsögðu vonir um, að hin rökstudda dagskrá, sem við í minni hl. n. flytjum, verði hér samþykkt og a. m. k. einhverjir af framsóknarmönnunum hér í hv. þd. kunni að hugsa sig um, áður en þeir vilja ýta undir ríkisíhlutun og ríkisrekstur á þessu sviði. En verði hin rökstudda dagskrá ekki samþykkt, þá verð ég að segja, að ég sé ekki, hvað rekur á eftir að afgreiða þetta frv. fyrir jól. Ég hef þó jafnvel getið mér þess til, að það sé lögð á það áhersla af heilbrrh., áður en hann leggur fram hið meira og verra frv. varðandi lyfsölumál, og þar á ég við um frv. Lyfjastofnun ríkisins, sem lagt var fram í Nd. í fyrra og vitað var, að ágreiningur yrði um. Það mundi kannske verða hægari eftirleikurinn þá, þegar búið væri að samþykkja þetta frv. um lyfjaframleiðsluna.

Frsm. meiri hl. (Helgi F. Seljan): Herra forseti. Það er ekki mikil ástæða til þess reyndar að fara að hefja hér neinar allsherjarumr. um þetta mál. Ég vildi aðeins leiðrétta það hjá hv. 6. þm. Reykv., að ég sagði ekki, að það þyrfti að afgreiða frv. fyrir jól, ég sagði aðeins, að ég teldi æskilegt, — það væri mín skoðun, — að það yrði afgreitt fyrir jól, en á mig hefur ekki verið lögð nein pressa þar að lútandi. Ég hefði t. d. sjálfsagt rekið meira en ég hef gert á eftir því, að þetta frv. yrði tekið á dagskrá og að nál. minni hl. lægi fyrr fyrir en það hefur gert, ef ég hefði verið með einhverjar þvinganir yfir höfði mér. Reyndar talaði hv. þm. um fleiri þvinganir í sambandi við þetta mál, m. a. um einhverjar þvinganir gagnvart þeim Pharmacomönnum, sem hefðu svipuna yfir höfði sér varðandi þetta mál allt saman. Það kom ekki fram a. m. k. af hálfu þeirra ágætu manna, sem á okkar fund komu, formanns og framkvæmdastjóra fyrirtækisins, að þeir lægju þarna undir neinni þvingun, og ég heyrði þá á margan hátt mæla með þessari skipan mála, þó að þeir væru ósáttir við eitt tiltekið atriði og segðu eðlilega, að þeir hefðu kosið að fá frekari stuðning til að byggja upp sitt fyrirtæki.

Hvernig er þá yfirleitt með þessi góðu einkafyrirtæki okkar? Öll æpa þau á ríkið og lánastofnanir um fjárhagsstuðning og aukna möguleika til þess að koma undir sig fótunum, og til stuðnings þess er alltaf höfðað. Það er þess vegna hlálegt, þegar verið er næstum í sömu andránni af sömu aðilum að tala um ríkið sem einhverja ófreskju, sem hvergi megi nálægt neinum málum koma. Ég hef hingað til haldið, að ríkið værum við, það væri bara fólkið í landinu, sem þar væri á ferðinni, og í málefnum þess yrði að líta á hagsmuni heildarinnar, en ekki endilega að hugsa fyrst og fremst um að koma fótunum undir ýmsa gróðaspekúlanta. Það hefur ekki verið meining mín, að það væri helsta verkefnið, sem ríkið ætti að hafa.

Ég skal ekki fara nánar út í þessa deilu. Það er rétt, að komi fram, að ég varð ekki var við neina sérstaka andstöðu frá þeim Pharmacomönnum. Það var að því látið liggja í sambandi við 3. brtt., að ég hefði á einhvern hátt sagt ranglega frá. Það er alls ekki rétt. Pharmaco-menn komu með brtt. til okkar nm. á fundinn, þeir komu með hana beina leið til okkar á fundinn og lögðu hana fyrir okkur, og það er till. nákvæmlega eins og hún liggur fyrir núna. Þeir minntust ekki á, að þar hefði verið um neina pressu að ræða á nokkurn hátt, enda hygg ég, að þeir hafi sjálfir komið til fundar við Almar Grímsson deildarstjóra að fyrra bragði varðandi þetta frv., þegar þeir vissu, að það var komið til afgreiðslu.

En ég segi það enn og aftur, að ég sé ekki ástæðu til að fara að ræða hér um ríkisafskipti yfirleitt, hvorki af þessum né öðrum málum. Það er miklu meira mál en svo, að það taki því að fara að hefja einhverjar eldhúsdagsumr. um það hér út af þessu máli.

Frsm. minni hl. (Auður Auðuns): Herra forseti. Ég vil aðeins segja það, að ég hef misskilið orð hv. frsm. meiri hl., þegar ég taldi, að það væri ætlunin að afgreiða þetta frv. fyrir jól. Hann hefur nú leiðrétt það, og tek ég að sjálfsögðu þeirri leiðréttingu hans og veit, að hann muni hafa hagað orðum sínum eins og hann lýsti síðar.

En þá vil ég leiðrétta annað. Ég sagði ekki, að hv. frsm. hefði ekki túlkað rétt tilkomu brtt. við 8. gr., þ. e. a. s. um stjórn fyrirtækisins. Það sagði ég ekki. Ég sagði, að hann hefði sagt, að hún væri komin frá Pharmaco og rn. En ég verð að segja, að það er óþarfi að leggja í það þann skilning, að þar með hafi þeir Pharmaco-menn verið ánægðir með gang málanna. Það má segja, að það sé betri hálfur skaði en allur og eðlilegt, að fyrirtæki leggi sig fram um að fá einhverjar leiðréttingar á frv., sem það, eins og ég sagði, á yfir höfði sér, — stjfrv., sem bindur samningsgerðina að verulegu leyti. Og þá vil ég aftur segja, að ég hef enga trú á, að þessi brtt., þótt samþ. verði og frv., brtt. um fyrirkomulag stjórnarinnar, fái staðist til lengdar.

Aðalágreiningurinn mun þó vera um eignar-

hlutföllin. Hv. þm. fór ekkert sérstaklega vinsamlegum orðum um fyrirtækin í landinu, sem öll styndu undan fjárskorti og ætluðust til þess, að ríkið hlypi þar undir bagga, ríkið væri þó ekki nema fólkið í landinu og aðgerðir ríkisins væru þá með hagsmuni heildarinnar fyrir augum. En það er ekki alltaf, sem ríkisvaldið hefur fyrst og fremst hagsmuni heildarinnar fyrir augum. Og ég hef ekki trú á því, að verið sé að gæta hagsmuna heildarinnar með þessu frv., síður en svo. Ég skal ekki fara í neinar deilur við hv. þm. um annars vegar ágæti einkarekstrar og hins vegar um hve æskilegur ríkisrekstur sé. Ég skal láta það liggja á milli hluta. Það er mál, sem hér hefur oft verið rætt. En það er af reynslunni rótgróin tortryggni fólks á því, að ríkisrekstur inn sé hagstæðari fyrir hagsmuni heildarinnar. Ég tel, að svo sé alls jafna ekki, og ég skal ekki eyða fleiri orðum í það. En þær ríkisstjórnir, sem hafa ástundað ríkisrekstrarbrölt, álít ég, að hafi ekki alltaf gert það með hagsmuni heildarinnar fyrir augum.

Magnús Jónsson: Herra forseti. Ég verð að játa, að ég á ákaflega erfitt með að skilja þetta frv. og ástæðuna til þess, að það er flutt. Eins og sakir standa í lyfjaframleiðslumálum í landinu, mun stærsti lyfjaframleiðandi hér vera Lyfjaverslun ríkisins, sem er rekin undir yfirstjórn Áfengis- og tóbaksverslunar ríkisins eða í tengslum við hana. Þessi Lyfjaverslun hefur þá skyldu að framleiða lyf fyrir sjúkrahús og lækna. Veit ég ekki betur en það hafi allt gengið með eðlilegum hætti. Og um það fyrirtæki gilda sérlög. Að öðru leyti hefur lyfjaframleiðsla verið í höndum ýmissa aðila. Stærsti framleiðsluaðilinn nú mun vera hlutafélag, sem stofnað hefur verið og hér er vikið að, og mundi þá væntanlega leiða til þess, að innan tíðar, með þróun þeirra mála, eins og þau eru í dag, þá yrðu það tveir meginaðilar, sem framleiddu lyf: Lyfjaverslun ríkisins annars vegar og fyrirtækið Pharmaco hins vegar. Að öðru leyti eru svo ýmis lyf framleidd af einstökum apótekum og framleiðsluaðilum, sem einnig er vikið nánar að í þessu frv., en sú framleiðsla hefur öll verið í smáum stíl og sennilegt, að hún dragist saman með eðlilegum hætti.

Ég hef verið að leita eftir því, hver séu í rauninni efnisleg atriði þessa frv. Mér skilst þó nánast, að einasta ástæðan til þess, að það er lagt fram, sé einhver klásúla í stjórnarsáttmálanum, sem flestir munu nú vera farnir að leggja lítið upp úr sem heild. En látum það vera, það er eðlilegt, að stjórnin vilji sýna einhverja viðleitni í þá átt að framfylgja honum. En þar er þessi furðulega og lítt skiljanlega setning: „Að endurskipuleggja lyfjaverslunina með því að tengja hana við heilbrigðisþjónustuna og setja hana undir félagslega stjórn." Ég fæ ekki séð, að þetta tengi málið á nokkurn hátt meira við heilbrigðisþjónustuna en verið hefur til þessa. Það er sérstakt eftirlit með lyfjaframleiðslu og lyfjabúðum, og að því leyti fylgist hið opinbera að sjálfsögðu með framleiðslunni og sér um, að hún sé með eðlilegum hætti. Í öðru lagi er lyfjaframleiðsla undir ströngu verðlagseftirliti og hefur verið um langan tíma og ekki ætlunin, að það breytist, að því er manni skilst, með setningu þessarar löggjafar. Að þessu leyti, bæði varðandi allt eftirlit með framleiðslu lyfjanna og verðlagningu þeirra, er þetta allt líklega nú þegar undir því, sem ber að kalla félagslega stjórn, sem er mjög sérstakt hugtak og fræðilegt, en óljóst og óskiljanlegt að vísu, en það er víða notað í stjórnarsáttmálanum. Spurningin er þá þessi; úr því að þetta er þegar til staðar og úr því að lyfjaframleiðsla á vegum ríkisins er til staðar og hefur fulla heimild til að framleiða lyf eins og henni þóknast og keppa við aðra framleiðendur í því efni: Hvað felst í þessu frv., og til hvers er það flutt? Er þetta eingöngu sýndarmennska til þess að geta vitnað í þennan margfræga málefnasamning, eða hvað er hér á ferðinni? Mér sýnist, ef ég hef skilið þetta rétt, að eina efnislega atriðið, sem skiptir hér máli, sé að heimila ríkisstj. að stofna fyrirtæki með einkaaðilum, — ég verð þá leiðréttur, ef það er ekki rétt, — ég hygg, að þetta sé eina efnislega atriði frv., að heimila ríkisstj. með einkaaðilum og þá í rauninni tilteknum einkaaðila að mynda sameiginlegt fyrirtæki um lyfjaframleiðslu. Þessu fyrirtæki er ekki ætlað, — og ég vil leggja áherslu á, að ég skil það svo, — því er ekki ætlað að fá neina einokunaraðstöðu, enda er tekið fram í öðrum greinum frv., að ýmsir aðrir aðilar hafi leyfi til að framleiða lyf, heldur er óskað eftir heimild til þess með alveg tilteknum hætti að stofna til samvinnu við einkaaðila um sameignarfyrirtæki, og geri ég þá ráð fyrir, að hugmyndin sé einnig sú, og vil gjarnan fá það upplýst, að Lyfjaverslun ríkisins verði lögð niður, ef þetta samstarf næst. Öðruvísi sé ég ekki, að út úr þessu fáist nein skynsemi.

Ég verð að taka það fram, að ég hef síður en svo á móti því, að sett verði upp sameignarfyrirtæki ríkisins og einkaaðila, ef samkomulag næst um það. En það er ýmislegt, sem þarf að skoða í því sambandi. Ég er sem sagt efnislega samþykkur því, að þetta verði gert og ríkisstj. heimilað það með frjálsum hætti og án þess að til komi neinir úrslitakostir, sem neyði lyfjaframleiðendur til að fallast á skilyrði, sem þeir telji vera óhagstæð sér til handa. Það gæti t. d. orðið með þeim hætti, að gerð yrði slík krafa um hlutafé í þessu fyrirtæki, að það yrði óframkvæmanlegt fyrir einkaaðilana að leggja fram á móti ríkinu, þannig að þeir gætu orðið helmingsaðilar.

Ég fæ satt að segja ekki séð, — það er kannske af því, að ég hafi ekki lesið frv. nægilega vel, — en ég sé ekki, að hér sé um að ræða í frv. neitt ákvæði um stofnfé fyrirtækisins, og þá er þetta harla götótt. Það er auðvitað veigamikið atriði, hvernig á að byggja þetta fyrirtæki upp, þannig að ég held, að ef þetta er ekki til staðar, er alveg útilokað að gera sér ekki grein fyrir því, ef á annað borð á að fara að byggja upp fyrirtæki sem þetta, hvernig eigi að fjármagna það. Og það er, eins og ég segi, auðvitað hægt að setja einstaklingum stólinn fyrir dyrnar um þátttöku með því að gera þær kröfur um framlög, að þeir fái ekki undir þeim risið. Þetta vantar í frv., held ég að sé, og bið um, að það sé upplýst, ef svo er ekki. Tel ég nauðsynlegt, að þetta verði upplýst og þá einnig fengin heimild til þess að leggja fram fé af hálfu ríkisins.

Mér skilst einnig, — og ég verð þá leiðréttur, ef það er ekki rétt, — að ef lyfsalar eða Pharmaco, sem í þessu tilfelli er aðallega talað um, vill ekki fallast á að mynda sameiginlegt fyrirtæki með ríkinu, þá muni allt verða óbreytt. Ég spyr einnig: Er það ekki rétt? Ég finn ekki neitt þvingunaratriði í því sambandi, sem betur fer. Ég finn ekki heldur í þessu frv., að það sé meiningin, ef af þessari samvinnu verður ekki, að þá sé heimild til þess eða ætlunin að einoka framleiðsluna undir Lyfjaverslun ríkisins. Það má auðvitað segja, að tæknilega eða fræðilega, skulum við segja, væri það hægt með því að beita ákvæðum 1. liðar 1. gr. En það eru þegar í frv. sjálfu svo margar beinar undantekningar, að það getur ekki verið hugmynd ráðh., enda væri það alger misnotkun aðstöðu, ef ákveðnir aðilar uppfylla skilyrði 1. gr. um leyfi til framleiðslunnar, ef hann notaði 1. málslið til þess engu að síður að synja um slík leyfi og þannig þvinga allt undir ríkið. Ég held, að þetta sé ekki meiningin í frv. En ég spyr þá: Til hvers er þetta frv.? Það er mér hulin leyndardómur. Af hverju er ekki gengið úr skugga um það endanlega, hvort einhver grundvöllur er undir samstarf um að setja upp lyfjafyrirtæki? Ég geri ekki ráð fyrir, að það verði nokkurt vandamál hér á hinu háa Alþ. að ná um það samstöðu, ef málið er komið á þann rekspöl, að þetta lægi fyrir, að framleiðendur lyfja, minni eða stærri hópur, vildu mynda hlutafélag með ríkinu um framleiðslu lyfja, — það yrði nokkurt vandamál að fá því framgengt á Alþ. að því tilskildu, að það væri ekki um einokun að ræða, og það sýnist mér ekki vera ætlunin. Þess vegna vildi ég nú varpa því fram til nánari íhugunar hv. heilbr.- og trn. og sérstaklega til formanns n., sem talaði hér áðan, hvort hann vildi nú ekki vera svo góður að skoða þetta frv. betur og gera sér grein fyrir, hvað er þarna á ferðinni. Er nokkuð á ferðinni? Er þetta nokkuð nema einhver goskúla eða sápukúla, sem nánast er varpað fram til þess að fullnægja einni setningu í stjórnarsáttmálanum? Ég er kannske svona óglöggur á þetta allt, að ég hef ekki fundið „fídusinn" í frv. En mér er alveg óskiljanlegt í rauninni, hver hann er.

Ég get upplýst það hér, að fyrir nokkrum árum, þegar ég fór með málefni Áfengis- og tóbaksverslunar ríkisins, — það var í tíð fyrrv. ríkisstj., — og forstjóraskipti eða lyfsölustjóraskipti urðu, þá kom það mjög til tals og ég átti um það umr. við lyfsala, — það var rætt um það milli heilbrrn. og fjmrn., hvort ekki væri tilvalið að kanna möguleika á því, að Lyfjaverslun ríkisins yrði lögð niður í því formi, sem hún er, og reynt að byggja upp lyfjaframleiðslufyrirtæki og sameina hin ýmsu fyrirtæki í landinu með ríkinu um slíkt fyrirtæki. Úr því varð ekki þá, ég segi: því miður. Það er því engin breyting í þessu máli að þessu leyti til, að það hefur af hálfu Sjálfstfl. t. d. verið fullur skilningur á því, að það gæti verið æskilegt að koma á slíku fyrirtæki, án þess að fælist í því nein einokun, þannig að raunverulega á þessum grundvelli þarf ekki að verða neinn ágreiningur um málið. Hitt er, eins og ég segi, allt annað, að mér sýnist málið, eins og það liggur fyrir hér, vera sýndarmennska og kem ekki auga á, hvaða ástæða er til þess að vera að lögfesta það, svo sem hér er gert ráð fyrir. Allar heimildir til eftirlits með lyfjasölu eru til í dag. Allar heimildir til eftirlits með verðlagningu lyfja eru til í dag. Veit ég ekki betur en lyfjaframleiðsla sé stunduð almennt með þeim hætti, að það er ekki kvartað um, að hún sé í neinum ólestri. Ég hef ekki heyrt neinar kvartanir um það, hvorki varðandi Lyfjaverslun ríkisins né einkaaðila. Hvað er það þá, sem rekur á eftir þessu? Væri ekki æskilegra, að þetta yrði skoðað betur ofan í kjölinn án þess að setja á þessu stigi um það lög, sem e. t. v. þyrfti síðar að breyta, vegna þess að það yrði niðurstaðan, að heppilegra form yrði á félaginu með einhverjum öðrum hætti en gert er ráð fyrir í þessum lögum? Ég gæti vel hugsað mér t. d., að það mætti breyta þessu frv. þannig að heimila ríkisstj. almennt, ef hún telur sig þurfa þá heimild, og jafnvel að afgreiða frv. hreinlega með þeim hætti að heimila ríkisstj. að taka upp viðræður við framleiðendur lyfja, bæði Pharmaco og aðra, um möguleika á því að koma á samstarfsfyrirtæki eða sameiginlegu fyrirtæki ríkisins og þessara aðila um framleiðslu lyfja. Þá kæmi fram vilji Alþingis ríkisstj. til handa um að hefja slíkar viðræður. Þetta hefur verið gert t. d., að heimila stofnun bráðabirgðafélaga, undirbúningsfélaga í öðrum greinum. Ég held, að nýjasta félagið af þeirri tegund sé um þörungavinnslu á Reykhólum, ef ég man rétt. Það var eitthvert undirbúningsfélag myndað eða er það skakkt munað hjá mér? (**Gripið fram í:** Það er rétt.) Já, ég held, að það sé nýjasta málið. Áður var undirbúningsfélag stofnað varðandi kísilgúrvinnslu við Mývatn, og það eru fleiri dæmi, sem ég gæti nefnt í þessu sambandi. En það var ekki byrjað á því að setja þar alveg skilyrðislaust upp ramma um það, hvernig þetta skyldi vera. Og að svo miklu leyti sem teldist nauðsynlegt að setja einhver ábendingaratriði um það, þá gæti það vel komið til athugunar. En allt er þetta ósköp skringilegt mál.

Ég tek það ekki mjög alvarlega og get látið hjá líða að tala um, hvort sé æskilegra, að það sé undir lyfjastjórn ríkisins eða hjá einkaaðilum. En úr því að ætlunin er ekki að breyta því með frv., nema samkomulag náist, þá eigum við alls ekki að vera að senda frá okkur svona mál. Mér finnst eiginlega óvirðulegt fyrir þessa hv. d., Ed. Alþ., að vera að afgreiða þetta. Við eigum að senda þetta frv. heim aftur og segja, að við þekkjum þá löggjöf á Íslandi, sem er í gildi, og við tökum ekki við svona snakki. Vilji ráðh. fá heimild okkar til að semja við lyfsala um að setja upp sameiginlegt fyrirtæki, þá stendur áreiðanlega á engum um það. En þá viljum við helst fá að vita t. d., hvernig hann hugsaði sér að byggja það fyrirtæki upp fjárhagslega, og ýmislegt annað, sem hér er engar upplýsingar að finna um. Þetta vildi ég nú biðja hv. formann n., sem er glöggur og gegn maður og vill ábyggilega virðingu þessarar hv. d. sem mesta, að taka nú til íhugunar, áður en lengra er farið

Geir Hallgrímsson: Herra forseti. Ég kveð mér nú aðeins hljóðs til þess að óska eftir því, ef formaður heilbr.- og trn. treystir sér ekki til að svara þeim fsp., sem hér hafa komið fram, sem

vel getur verið eðlilegt, að ekki sé í verksviði hans, þá sé umr. frestað, þar til ráðh. hefur aðstöðu til að sitja fund d. og hlusta á umr. og fjalla um málið.

Frsm. meiri hl. (Helgi F. Seljan): Herra forseti. *Ég segi það alveg eins og er, að meiri hl. af* þeim fsp., sem hér voru bornar fram, eða flestar þeirra voru hreinlega á því stigi, að það er ráðh., sem þar yrði úr að skera, varðandi t. d. fjárhagshlið þessa máls og annað því um líkt, það var spurt allnáið um það. Hins vegar er ég ekki alveg með á því, hvað næstsíðasta ræðumanni gekk illa að skilja þetta frv. og tilgang þess. Ég held, að hann liggi nokkuð ljóst fyrir. En eftir þessar ræður hv. sjálfstæðismanna hér — (**MJ:** Hver er tilgangur frv.?) — þá er *ég steinhættur að skilja í því, hvaða stefnu flokkur*inn sem heild hefur í þessu máli. Þar stangast hvað á við annað. Tilgangur frv., eins og honum er lýst þarna, er sá möguleiki að koma þessu fyrirtæki á fót, og ég gat ekki heyrt betur á þeim fulltrúum, sem komu frá þessu fyrirtæki, Pharmoco, en þeir hefðu á því fullan hug að samningar um þetta tækjust. Ég lýsti því áðan í framsögu, að þeir hefðu talið á því ýmsa kosti, teldu það jákvætt á margan hátt og tilgangur frv. væri fyrst og fremst sá að greiða fyrir því, *að þetta gæti tekist.*

ATKVGR.

Rökstudd dagskrá á þskj. 246 tekin aftur til 3. umr.

Brtt. 221 teknar aftur til 3. umr.

1. gr. samþ. með 11 shlj. atkv.

2.—4. gr. samþ. með 11 shlj. atkv.

5.—15. gr. samþ. með 11 shlj. atkv.

16. gr. samþ. með 11 shlj. atkv.

17.—18. gr. samþ. með 11 shlj. atkv.

Fyrirsögn frv. og fyrirsagnir kafla þess samþ. án atkvgr.

Frv. vísað til 3. umr. með 11 shlj. atkv.

Þörungavinnsla við Breiðafjörð, frv. (þskj. 247, 228). — 3. umr.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Brtt. 228 felld með 11:7 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: MJ, AJ, SteinG, ÞK, AuA, GH, JónÁ.

nei: MÓ, PÞ, RA, StH, BGuðbj, BFB, BJ, EÁ, GeirG, HFS, ÁB.

2 þm. (EggÞ, JÁH) fjarstaddir.

Frv. samþ. með 14 shlj. atkv. og afgr. til Nd.

Almannatryggingar, frv. (þskj. 209). — 1. umr.

Flm. (Jón Árnason): Herra forseti. Á þskj. 209 hef ég ásamt hv. 6. þm. Sunnl. leyft mér að flytja frv. til l. um breyt. á l. nr. 67 1971, um almannatryggingar.

Eins og kunnugt er, skortir enn allmikið á, að fyrir hendi sé nægjanlegt sjúkrarými í landinu. Af þeim orsökum er oft um langan biðlista að ræða, þar sem sjúklingar bíða eftir sjúkraplássi. Ég hygg, að þetta ástand, sem ég hef lýst, sé fyrir hendi á flestum starfandi sjúkrahúsum.

Með hliðsjón af þessu standa nú yfir sjúkraúsbyggingar hér í höfuðborginni og einnig víða úti um land. Af þessu ástandi leiðir, að þeir sjúklingar, sem ekki fá inni á sjúkrahúsi, verða að ganga á milli sérfræðinga og sjúkrahúsa, sem hafa nauðsynleg rannsóknartæki til hvers konar sjúkdómsgreininga.

Nú er það svo samkv. gildandi lögum, að sá sjúklingur, sem lagður er inn á sjúkrahús, fær þar alla þjónustu, sem sjúkrahúsið veitir, algerlega ókeypis. Gildir þar eitt og hið sama um allar rannsóknir, röntgenmyndatökur, hvers konar lyf og aðgerðir og einnig fæðiskostnað, á meðan hann dvelst í sjúkrahúsinu. Eigi sjúklingur þess hins vegar ekki kost að njóta sjúkrahúsvistar og verði að ganga á milli sérfræðinga og/eða sjúkrahúsa til þess að fara í röntgenmyndatöku eða aðrar rannsóknir, þá verður viðkomandi sjúklingur að greiða vissan hluta þess kostnaðar og einnig vissan hluta af þeim lyfjum, sem hann verður að nota utan sjúkrahússins. Hér er um augljóst misrétti að ræða, sem ekki má dragast lengur að leiðrétta.

Samkv. 1. gr. þessa frv. er gert ráð fyrir, að sú breyting eigi sér stað, að allir sitji við sama borð hvað þetta snertir. Sú mismunun, sem hér hefur átt sér stað, hefur í sumum tilfellum komið sérstaklega þungt niður á elli- og öryrkjalífeyrisþegum og í sumum tilfellum leitt til þess, að viðkomandi hefur orðið að fresta nauðsynlegri læknisaðstoð um skemmri eða lengri tíma.

Þegar um það er rætt, að tryggingarnar auki þátt sinn í greiðslum vegna sjúklinga, eins og hér er lagt til, er ekki óeðlilegt, að haft sé í huga, hver hinn raunverulegi kostnaður tryggginganna er nú við þá sjúklinga, sem á sjúkrahúsum dvelja. Samkv. upplýsingum, sem ég hef fengið frá forstöðumanni Landsspítalans, er daggjaldskostnaður Landsspítalans nú kominn nokkuð yfir 6 þús. kr. á dag, og sama gildir að sjálfsögðu um Borgarsjúkrahúsið, því að þau sjúkrahús bæði eru í sama flokki hvað daggjöld snertir. Að vísu eru ýmis önnur sjúkrahús úti á landsbyggðinni með lægri daggjaldskostnað, en allt fyrir það er þessi kostnaður orðinn mjög mikill.

Samkv. 2. gr. þessa frv. er gert ráð fyrir því, að öll lyf, sem samlagsmanni er lífsnauðsynlegt að nota, svo og öll lyf fyrir elli- og örorkulífeyrisþega, verði að fullu greidd af tryggingunum.

Loks er lagt til samkv. 3. gr. frv., að í stað þess að Tryggingastofnunin hafi heimild til að greiða ellilífeyrisþega 25% lágmarksbóta, þegar hann dvelst á sjúkrahúsi eða dvalarheimili, skuli Tryggingastofnuninni skylt að greiða umræddan hundraðshluta.

Ég sé, herra forseti, ekki ástæðu til að fjölyrða frekar um þetta mál, en vænti þess, að hv. þm. sjái, að hér er um réttlætismál að ræða, og að sú n., sem fær málið til meðferðar, taki það sem fyrst til athugunar og afgreiðslu.

Ég vil svo leyfa mér að leggja til, að frv. verði að lokinni þessari umr. vísað til 2. umr. og hv. heilbr.- og trn.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 13 shlj. atkv. og til heilbr.- og trn. með 13 shlj. atkv.

Neðri deild, 41. fundur.

Föstudaginn 14. des., að loknum fundi í sameinuðu þingi.

Umræður utan dagskrár.

Sverrir Hermannsson: Herra forseti. Ég hef kvatt mér hljóðs nú utan dagskrár til þess sérstaklega að vekja athygli á því stóralvarlega ástandi, sem nú ríkir í Austur-Skaftafellssýslu, sér í lagi á Höfn í Hornafirði. Allskyndilega, enda þótt við vissum, að þar væri engin orka afgangs, varð það, að orka þvarr með þeim hætti, að nú verður að telja, að ríki þarna hreint neyðarástand og miklu alvarlegra en við fram á síðustu klukkutíma gátum gert okkur í hugarlund. Flutt hefur verið úr öllum Viðlagasjóðshúsunum, 20 að tölu, t. d. Það fólk hefur verið flutt á hótel staðarins, og rætt hefur verið um það, að jafnvel mundi neyðst til að flytja þetta fólk e. t. v. hingað suður. Það verður ekki rakið neitt hér sérstaklega, hvernig ástandið er að öðru leyti. Það frýs í leiðslum í hitaveitum húsa, og útflutningsbirgðir liggja undir stórskemmdum að sjálfsögðu, og þannig er þetta á öllum sviðum. Ég vil nú beina þeim orðum mínum til hæstv. orkumálaráðh., hvort ekki hafi verið gripið til allra þeirra ráða, sem í mannlegu valdi standa, til þess að bæta úr þessu neyðarástandi og með hvaða hætti yfirleitt staðið er að því, því að einskis má láta ófreistað til þess, að þarna verði gripið til réttra ráða og á þeim tíma, sem dugir.

Heilbr.- og trmrh. (Magnús Kjartansson): Herra forseti. Þess gerist að sjálfsögðu hvorki þörf að vekja athygli mína né annarra hv. þm. á því neyðarástandi, sem upp er komið á Hornafirði. Okkur er það öllum ljóst, og ég hygg, að enginn hafi af því sárari áhyggjur en ég. Þarna er um að ræða atburð, sem ekki hefur gerst áður, síðan Smyrlabjargarárvirkjun kom í gagnið, og e. t. v. hefði verið hægt að tryggja það, að uppistöðulónið hefði enst lengur, ef dísilorkan hefi verið notuð fyrr eða lengur allan sólarhringinn en gert var.

Um aðdragandann að þessu þýðir náttúrlega ekki að ræða, úr því sem komið er. Hitt vil ég fullyrða, að gert er allt, sem í mannlegu valdi stendur, til að bæta úr þessu eins skjótt og unnt er, og hefur verið ákveðið að flytja gastúrbínustöð, sem keypt var í haust sérstaklega handa Austfjörðum til að tryggja þar nægilega raforku, frá Seyðisfirði til Hornafjarðar, og sá flutningur verður framkvæmdur eins fljótt og auðið er. Um leið og sú stöð er komin í gagnið, raknar sem betur fer eitthvað úr þessum vanda. Hins vegar verðum við að sjálfsögðu að læra af þessu og leggja á ráðin um það, hvernig hægt er að koma í veg fyrir, að slíkir atburðir gerist, og er þá að sjálfsögðu meginatriðið, að komið verði á samtengingu. Slíkir hlutir geta alltaf gerst, en þá á samtenging við önnur orkuveitusvæði að geta veitt það öryggi, sem unnt er að veita. En sem sagt, ég ítreka það, að af hálfu rn. er að sjálfsögðu allt gert, sem í mannlegu valdi stendur, til þess að reyna að bæta úr þessum vanda eins skjótt og hægt er.

Eysteinn Jónsson: Herra forseti. Ég vil nú taka undir það, sem hv. 4. þm. Austf. sagði hér áðan um þessi efni, og fagna því, að hæstv. ráðh. hefur sett sig inn í þessi efni og lætur gera allt, sem í mannlegu valdi stendur, til þess að bæta úr því neyðarástandi, sem þarna hefur skapast. En ég stóð upp til að bæta þeirri ósk við, að hæstv. ráðh. gengi í það sjálfur með sínum mönnum að gera sér grein fyrir ástandi þessara mála á Austurlandi yfir höfuð. Við höfum haft af því óskaplegar áhyggjur í haust, þm. Austurlands, og ýmsir af okkur, sem til þess hafa verið kjörnir, verið látlaust í sambandi við raforkumálayfirvöldin út af því, hvernig horfur væru um orku í vetur á Austurlandi.

Nú verður að færa þarna til vélar í dauðans ofboði til þess að bæta úr neyðarástandi á Höfn í Hornafirði, og er sjálfsagt að gera það. En ég legg hina mestu áherslu á það, að hæstv. ráðh. kynni sér með sínum mönnum, hvort nógu sterklega er gengið frá því, að ekki verði orkuskortur í vetur, þegar til loðnuvinnslu kemur á öllu Austurlandssvæðinu, að hann fari ítarlega ofan í það, hvernig háttað er öflun nauðsynlegra véla, til þess að slíkt komi ekki fyrir.

Forsrh. (Ólafur Jóhannesson): Herra forseti. Það, sem nú er um að ræða, er það neyðarástand, sem ríkir á Höfn, og hvað sem allri framtíðarathugun á þessum málum líður, þá er það, sem ríður nú á, að bæta þar úr. Það er búið að útvega vél, en hana þarf að flytja á staðinn, og það, sem nú stendur á, er að koma henni með nægilega skjótum hætti. Það hefði verið sjálfsagt að láta varðskip fara þegar í stað og flytja vélina á milli, og Þór er þarna fyrir austan, en þannig er því miður háttað, að hann hefur ekki tæki, bómu, til að lyfta nema 12 tonnum, en þessi vél er 14 lestir. Ég hef gefið Landhelgisgæslunni fyrirmæli um að gera allt, sem hún getur, til þess að reyna að vera þarna til hjálpar og aðstoðar. Getur komið til greina að senda þarna inn skip, sem ekki eru þó nema lítil, og vera þar og framleiða það litla, sem þau geta, en það er náttúrlega lítið gagn í því. Enn fremur er mér kunnugt um og ég vil segja það, af því að samgrh. er ekki hér við, að hann mun gefa Skipaútgerð ríkisins fyrirmæli um að fara svo fljótt sem unnt er á milli þessara staða og flytja þessa vél. En þannig stendur á, að bæði skip Skipaútgerðarinnar eru í ferð og ekki þarna nálægt. En ég tel alveg sjálfsagt, og mér er kunnugt um, að hann mun haga því þannig, að það skipið, sem nær er, verði látið sleppa öllum viðkomustöðum og fara beinustu leið þarna á milli. Ég mun hins vegar sjá til þess, að skip úr landhelgisgæslunni geti komið við á þeim höfnum, sem þetta skip átti að fara á. Ég vona þess vegna, að það sé verið að gera þarna með skjótum hætti þær ráðstafanir, sem mögulegt er að gera. En það er áreiðanlegt, að eftir þeim upplýsingum, sem borist hafa þarna að austan, verður ekki málað of dökkum litum, hvernig ástandið er í raun og veru.

Gylfi Þ. Gíslason: Herra forseti. Ég vil af heilum hug taka undir þau orð, sem sögð hafa verið um nauðsyn þess að koma Hornfirðingum til hjálpar í því neyðarástandi, sem nú virðist því miður hafa skapast á þeim stað, og ég treysti því, að allt, sem í mannlegu valdi stendur, verði gert til þess að ryðja þeim erfiðleikum úr vegi, sem orðið hafa á vegi þessa fólks. En hv. 1. þm. Austf., Eysteinn Jónsson, vakti athygli á því, að í raun og veru væri vandamálið stærra. Það væri um að ræða vandræði í raforkumálum Austfirðingafjórðungs yfir höfuð að tala. Þessi aths. er algerlega rétt. Ég vil taka undir hana og undirstrika hana sérstaklega. Og því vil ég bæta við, að það er ekki aðeins um að ræða öngþveiti, — ég treysti mér ekki til að nota vægara orð, — í rafmagnsmálum Austfirðingafjórðungs, heldur einnig á Norðurlandi og í Vestfirðingafjórðungi. Við heyrum daglega auglýsta skömmtun rafmagns á Norðurlandi, og allir vita, að það er á mörgum stöðum á Vestfjörðum um að ræða hreint neyðarástand í orkumálum. Það er m. ö. o. í þremur landsfjórðungum: á Austurlandi, á Norðurlandi og á Vesturlandi, um að ræða vandræðaástand í orkumálum, og víða þarf að grípa til skömmtunar, sem veldur almenningi stórkostlegum óþægindum. Það er augljóst mál, að eitthvað meira en lítið hefur farið úrskeiðis við stjórn raforkumála á undanförnum mánuðum eða árum. Það hefur aldrei áður, að því er ég minnist, komið fyrir, að stórfellds orkuskorts hafi orðið vart í þremur landsfjórðungum á landinu. Það hefur aldrei áður komið fyrir, að grípa hafi þurft til skömmtunar samtímis á jafnmörgum stöðum og á sér stað einmitt í þessum mánuði. Þetta bendir til meiri háttar vanrækslu eða óstjórnar í orkumálunum. Þess vegna er nauðsynlegt, að ekki aðeins Hornfirðingum verði bjargað, eins og sjálfsagt er og bráðnauðsynlegt, heldur að gerð sé allsherjarúttekt á ástandinu í orkumálum þessara þriggja landsfjórðunga. Eitthvað meira en lítið er að. Um það þarf Alþ. að fá skýrslu, hvernig á þessum vandræðum stendur. Það þarf að grípa sem fyrst til ráðstafana til að vinna bug á þessum vandræðum, annað er stjórnvöldum og Alþ. ekki sæmandi. En fyrst er að fá glöggar upplýsingar um, hvernig á þessum ósköpum stendur, og síðan er að ráða bót á þeim.

Ég vil nota þetta tækifæri, sem hér hefur gefist, til þess að vekja athygli á þessum augljósu staðreyndum.

Forseti (Gils Guðmundsson): Ég vænti þess, að hv. ræðumenn geti rætt þessi mál innan þess ramma, sem um er að ræða, þegar um fsp. er að ræða, þannig að ég tel ekki möguleika á því að fara hér út í almennar umr. um orkumál, en vænti þess, að fyrst og fremst verði rætt um það mál, sem hér var spurst fyrir um.

Sverrir Hermannsson: Herra forseti. Mér er miklu meira í mun, að brugðist verði af öllu afli við til þess að bjarga Austur-Skaftfellingum úr þeim ógöngum, sem þeir eru í, en að ég láti mér til hugar koma að fara að drepa því máli á dreif með því að fara að hefja hér almennar umr. um orkumál. Ég vil þakka hæstv. orkumálaráðh. og hæstv. forsrh. einnig fyrir þeirra svör. Ég þykist mega marka af þeim, ekki síst orðum hæstv. forsrh., að hér er vel og drengilega á málum haldið. Ég vildi aðeins bæta því við, þar sem rætt var um Skipaútgerð ríkisins og þá möguleika, sem hún hefur á því að anna flutningi gastúrbínu frá Seyðisfirði, hvort ekki væri athugandi einnig að rannsaka, hvort skip annarra skipafélaga kynnu að vera nærhendis, þannig að það mætti þá kalla þau til þeirra hluta, því að eins og ég sagði, má einskis láta ófreistað til að bjarga því, sem bjargað verður, í því hallærisástandi, sem þarna ríkir.

Heilbr.- og trmrh. (Magnús Kjartansson): Herra forseti. Ég ætla ekki að fara að hefja hér almennar umr. um raforkumál í tilefni af þeim alvarlegu atburðum, sem gerst hafa í Hornafirði og ég hygg, að allir séu sammála um, að þurfi að leysa með sem skjótustum hætti. En út af þeim orðum, sem hv. þm. Gylfi Þ. Gíslason sagði hér áðan, að það þyrfti að fá sérstaka skýrslu um ástandið í orkumálum, hér hlyti að vera um að ræða mikla vanrækslu og óstjórn í þremur landsfjórðungum, þá hygg ég, að það væri þá rétt að fá þá skýringu frá ráðh. fyrrv. stjórnar, því að í tíð núv. stjórnar hefur bæði verið tekin ákvörðun um Lagarfossvirkjun á Austfjörðum og um Mjólkárvirkjun á Vestfjörðum. Þær ákvarðanir voru ekki teknar af fyrrv. stjórn, þannig að það ástand, sem er í þessum fjórðungum báðum, er að sjálfsögðu arfur frá þeim framkvæmdum, sem fyrir voru, þegar núv. stjórn tók við. Það var ráðist þar í þær stærstu virkjanir, sem hægt var að ráðast í, fljótlega eftir að núv. stjórn var mynduð.

Ástandið á Norðurlandi er einnig arfur, eins og menn vita. Ég ætla ekki að fara hér út í Laxárdeilur, en menn vita, hvernig að þeim málum var staðið. Og ég vil minna menn á það, að ástandið á Norðurlandi væri nákvæmlega hið sama og það er núna, jafnvel þó að ákveðið hefði verið að ráðast í hina margumdeildu Gljúfurversvirkjun. Það var ekki byrjað á þessum fyrirhleðslum. Ástandið væri nákvæmlega það sama. Það hefur verið tekin ákvörðun um að leggja línu norður, eins og menn vita. Það er langskjótasta aðferð, sem hugsanleg er til þess að koma orku inn á svæðið. Ég vil segja þetta vegna þess, að mér fannst hv. þm. Gylfi Þ. Gíslason misnota þetta alvarlega tilefni á Hornafirði til ósæmilegra pólitískra árása, og ég held, að við ættum að hefja okkur yfir þvílík viðbrögð, þegar þannig stendur á eins og nú í Hornafirði.

Forseti (Gils Guðmundsson): Ég vil enn vekja athygli hv. alþm. á því, að það eru 18 mál á dagskrá þessa fundar og enn eru 3, sem hafa beðið um orðið utan dagskrár, og ég vænti þess, að þeir verði mjög gagnorðir.

Lárus Jónsson: Herra forseti. Ég skal reyna að verða við tilmælum hæstv. forseta um að lengja ekki þessar umr., enda þótt ærið tilefni hafi gefist til af hálfu hæstv. orkuráðh. sjálfs. Ræða hans hér áðan var þess eðlis, að í rauninni er

mjög örðugt að komast hjá því að ræða hér nánar um orkumálin. En ég vil taka undir það, sem kom fram í hans fyrri ræðu, að það hörmulega ástand, sem skapast hefur á Hornafirði, hefur að mörgu leyti skapast af ófyrirsjáanlegum atvikum. Á hinn bóginn getum við séð fyrir, að það er að skapast öngþveiti og neyðarástand í öðrum landsfjórðungum í orkumálum af ástæðum, sem eru fyrirsjáanlegar. Þar á ég m. a. við Norðurland, vegna þess að við vitum, að núv. ástand þar er mjög varhugavert, vegna þess að rennsli Laxár er tvínýtt með þeim hætti, sem nú er, eftir að nýja virkjunin er komin í gagnið, og það þýðir, að rennslistruflanir í Laxá hafa tvöföld áhrif á orkuframleiðslu í fjórðungnum. Þetta er fyrirsjáanlegt, og þetta getur haft stórkostlegar afleiðingar.

Ég vil aðeins mótmæla því, sem hæstv. ráðh. sagði, að ástandið væri eins, ef Gljúfurversvirkjun hefði komist í framkvæmd. Nú er ég ekki talsmaður Gljúfurversvirkjunar, eins og hún var hugsuð einu sinni, en það hefði verið mjög auðvelt að ráða bót á ástandinu á Norðurlandi, ef lítils háttar jarðvegsstífla, vatnsborðshækkun, hefði verið samþ. í Laxá, og það væri hægt að gera það mjög skjótt enn, ef allir aðilar, sem að málinu stæðu, féllust á það.

En meginástæðan til þess, að ég tók hér til máls, var sú, að fyrir skömmu barst mér sú fregn, — ég kann ekki á henni sönnur, en vildi aðeins æskja þess, að hæstv. ráðh. tjáði sig um það, að Landsvirkjun hefði samþykkt, að engin orka yrði seld til Norðlendinga fyrr en á árinu 1977, þegar allar túrbínur Sigölduvirkjunar væru komnar í gagnið. Betur væri, að þetta væri ekki rétt, en af þessu hafa menn áhyggjur ofan á annað á Norðurlandi.

Ingólfur Jónsson: Herra forseti. Ég ætlaði ekki að blanda mér í þessar umr., en það er aðeins að gefnu tilefni.

Hæstv. iðnrh. sagði, að það væri rétt að krefja fyrrv. ríkisstj. um skýrslu um raforkumálin og undirbúning að því, sem nú væri að gerast. Það liggur alveg í augum uppi, að fljótlegt er að gera þá skýrslu, vegna þess, að meginatriði hennar eru vitanlega til í iðnrn., hæstv. ráðh. getur ábyggilega tekið þessi plögg, og það væri æskilegt, að þeim væri útbýtt hér meðal hv. þm. Þá kæmi það í ljós, að það hefur aldrei verið unnið meira að orkumálum en í tíð fyrrv. stjórnar og lagður grundvöllur að því, sem nú er verið að vinna.

Hæstv. ráðh. sagði, að núv. ríkisstj. hafi tekið ákvörðun um Lagarfossvirkjun. Hvernig stendur á því, að hæstv. ráðh. segir þetta? Allir hv. alþm. vita, að það var gert í tíð fyrrv. ríkisstj. Samt ber hæstv. ráðh. þetta hér á borð. Það hlýtur að vera málefnafátækt, þegar þarf að grípa til svo augljósra blekkinga. Og það mætti segja fleira. Það var unnið að undirbúningi Mjólkárvirkjunar, en undirbúningnum var ekki lokið, þegar fyrrv. stjórn fór frá. Það var unnið að undirbúningi hennar. Það var unnið að undirbúningi virkjana víða á Norðurlandi, og ég verð að segja, að ef stíflan í Laxárvirkjunina, sem hv. síðasti ræðumaður minntist á, hefði fengist samþykkt, þá væri vitanlega allt annað ástand í orkumálum á Akureyrar- og Laxársvæðinu. Þá hefði orkan aukist, að mig minnir um 12—13 megawött. Þeirri stíflu gæti verið lokið nú, ef vel hefði verið unnið 2 s. l. ár. Þá væru ekki þau vandræði, sem nú eru í orkumálum á Norðurlandi. En hvernig stendur á því, að hæstv. iðnrh. hefur ekki notað heimild um virkjun Svartár, í Skagafirði? Það hefði getað bætt mikið úr á Norðvesturlandi, og eftir að lína er komin á milli Skagafjarðar og Akureyrar, þá hefði það getað bætt úr á báðum svæðunum.

Ég skal ekki misnota tímann. En ég mæli eindregið með því, að skýrsla um orkumál og framkvæmdir í orkumálum og undirbúning þeirra frá tíð fyrrv. stjórnar verði lögð fram hér á hv. Alþ., svo að það liggi alveg ljóst fyrir, hvað gerðist á þessum árum í orkumálunum.

Ég vil svo vænta þess, að það takist að bæta úr því, sem hefur skeð í Hornafirði. Það vissu allir, þegar Smyrlabjargarárvirkjun var gerð, að sú hætta var fyrir hendi, að lónið tæmdist. Sú hætta var alltaf fyrir hendi. Þess vegna dróst að virkja þar, en það var gert að lokum, og hefði vitanlega þurft að hafa meira dísilafl til vara í Höfn. En það er í þessu máli eins og svo oft áður, að menn geta orðið vitrir eftir á. En það er auðheyrt á þeim, sem hér hafa tekið til máls, og þ. á m. hæstv. ráðh. tveimur, að þeir vilja beita sér fyrir því að bæta úr þessu, eins og í mannlegu valdi stendur og meira verður ekki krafist.

Karvel Pálmason: Herra forseti. Ég vona, að ég þurfi ekki einu sinni tvær mínútur, en tilefni þess, að ég kvaddi mér hljóðs, var ræða hv. 7. þm. Reykv. Það kom mér ákaflega spánskt fyrir sjónir, að þessi hv. þm. skildi bókstaflega ekkert í því, af hverju rafmagnsskortur, svo mikill sem hann nú er, væri í landinu. Það er greinilegt, að þessi hv. þm. hefur ekki hlýtt á veðurfregnir að undanförnu. Það neyðarástand, sem nú er á Austfurlandi, á Höfn í Hornafirði, er vegna þess, að það er kaldasti nóv., sem komið hefur í 50 ár, sem var að líða. En höfuðorsökin fyrir því, að orkuskortur er á Austfjörðum og Vestfjörðum, er vanræksla þeirrar ríkisstj., sem þessi hv. þm. átti sæti í í 12 ár. Það er höfuðorsökin, og það kemur mér spánskt fyrir sjónir, ef þessi hv. þm. og fyrrv. ráðh. hefur aldrei heyrt kvartað úr Vestfirðingafjórðungi um, að orkuskortur væri þar. Það er ekki fyrr en í tíð þessarar ríkisstj., sem tekin er ákvörðun um að virkja Lagarfoss og Mjólká. Drátturinn varð í tíð fyrrv. ríkisstj., sem þessi hv. þm. átti sæti í, og aðalorsökin er sú, að sú ríkisstj. vanrækti að koma þessum málum í gang. Þess vegna getum við ekki nú litið bjartari augum til framtíðarinnar en raun ber vitni.

Jónas Jónsson: Herra forseti. Ég vildi gjarnan halda mig að því, sem forseti mæltist til, að umr. snerust um það, sem var upphaflega vakið máls á. En vegna þess, sem búið er að segja hér um ástand raforkumála á Norðurlandi, og vegna þess að þar hafa komið fram villandi upplýsingar, svo að ekki sé meira sagt, vildi ég segja um það nokkur orð.

Eftir þeirri áætlun, sem gerð var um Laxárvirkjun eða Gljúfurversvirkjun, þá var upphaflega meiningin, að hún tæki til starfa árið 1972. En eins og við vitum, er það ekki fyrr en seint á árinu 1973, sem hún kemur í gagnið. Ég vil taka það fram, að það mun ekki vera hægt að sýna fram á það með rökum, að svonefnd Laxárdeila hafi á nokkurn hátt tafið framkvæmd við þennan fyrsta áfanga Gljúfurversvirkjunar. Það var aldrei breytt einu eða neinu í hönnun og farið eftir upphaflegri áætlun um framkvæmdir. Það er aðeins það, að framkvæmdirnar hafa tekið lengri tíma, og við hvern er að sakast um það, skal ég ekki ræða. Sú stífla, sem um var deilt og komið var í veg fyrir, að gerð yrði, átti að koma árið 1978 eftir þessari áætlun. Hins vegar var það ljóst 1970, að það mundi vera mjög hæpið, að hægt yrði að gera þá stíflu, og þá hafði fyrrv. ríkisstj. möguleika á því að ná samningum um ákveðna stíflugerð í Laxá.

Málin horfa þó þannig við núna, að þegar virkjunin tekur til starfa, — hún skilar kannske heldur minna en menn áttu von á, — þá er verulegur orkuskortur. Þetta hlýtur að byggjast á því, að það hefur verið röng orkuspá á Norðurlandi. Hvenær menn hefðu getað séð, að orkuþörfin væri miklu meiri en þetta, get ég ekki dæmt um, en það er augljóst, að forráðamenn orkumála á þessu svæði hefðu átt að geta séð það fyrr en núna, að það þyrfti að gera meira í þessum málum. Nú er okkur tjáð, að í fyrsta lagi sé hægt að fá dísilstöð á þetta svæði á næsta ári. Næsta lausn er sú, að snemma á árinu 1975 geti komið lína, sem flytur rafmagn að sunnan. Hins vegar hafa margir hv. þm. barist gegn því, að fyrsti hluti þeirrar línu, sem þegar er kominn, yrði lagður, það er lína frá Akureyri til Varmahlíðar. Þar á eftir er svo næsta úrræðið fyrir Norðlendinga virkjun háhitasvæðis, Kröflu eða Námaskarðs, sem gæti í fyrsta lagi komið 1976. En minna má á það, að í Laxárdeilunni var það ábending heimamanna, þeirra sem vöruðu við því flani, sem Gljúfurversvirkjun var, að menn sneru sér að gufuvirkjun. Þá mátti ekki nefna það við orkuyfirvöld, það var fordæmt, en nú er það lausnarorðið.

Ég held, að það sé ekki rétt að deila um orðna hluti, heldur snúa sér að því að reyna að bæta úr. En það er farið rangt með, þegar talað er um, að það hefði verið hægt að vera búið að gera stíflu í Laxá núna. Það hefði ekki verið hægt.

Veiðar með botnvörpu, flotvörpu og dragnót í fiskveiðilandhelgi, frv. (þskj. 120, n. 224, 225, 236). — Frh. 2. umr.

ATKVGR.

1. gr. samþ. með 30 shlj. atkv.
Brtt. 225, 1. a-m samþ. með 31 shlj. atkv.
— 236, a felld með 26:5 atkv.
— 236, b kom ekki til atkv.
— 225, 1. n samþ. með 27:3 atkv.
— 236, c-d felld með 29:5 atkv.
2. gr., svo breytt, samþ. með 31:1 atkv.
3.—6. gr. samþ. með 35 shlj. atkv.
Brtt. 225, 2 samþ. með 38 shlj. atkv.
7. gr., svo breytt, samþ. með 36 shlj. atkv.
8. gr. samþ. með 34 shlj. atkv.
Brtt. 225, 3 samþ. með 34 shlj. atkv.
9. gr., svo breytt, samþ. með 34 shlj. atkv.
Brtt. 225, 4 a-b samþ. með 32 shlj. atkv.
— 225, 4. c samþ. með 31:5 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: MB, MÁM, ÓE, ÓlJ, PP, PS, RH, StefG, SV, SvJ, SvH, VH, ÞÞ, ÁÞ, BGuðn, BP, EðS, EBS, GS, GuðlG, GunnG, GTh, HV, IngJ, IG, BK, JJ, LárJ, LJós, MK, GilsG.

nei: PJ, BGr, EystJ, FÞ, HES.

GÞG, JSk, KP greiddu ekki atkv.
1 þm. (GÞ) fjarstaddur.
Brtt. 225, 4 d-g samþ. með 36 shlj. atkv.
10. gr., svo breytt, samþ. með 31 shlj. atkv.
Brtt. 225, 5 samþ. með 35:2 atkv.
11. gr., svo breytt, samþ. með 31 shlj. atkv.
12.—13. gr. samþ. með 29 shlj. atkv.
Brtt. 225, 6 samþ. með 29 shlj. atkv.
14. gr., svo breytt, samþ. með 35 shlj. atkv.
15.—19. gr. samþ. með 34 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 34 shlj. atkv.

Sjálfskuldarábyrgð á lánum til kaupa á fiskiskipum og ferjuskipi, frv. (þskj. 198). — Frh. 1. umr.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 24 shlj. atkv. og til fjh.- og viðskn. með 32 shlj. atkv.

Almannatryggingar, frv. (þskj. 227). — Frh. 1. umr.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 28 shlj. atkv. og til heilbr.- og trn. með 30 shlj. atkv.

Námslán og námsstyrkir, frv. (þskj. 185). — Frh. 1. umr.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 35 shlj. atkv. og til menntmn. með 33 shlj. atkv.

Landhelgisgæsla Íslands, frv. (þskj. 38, n. 188, og 192). — Frh. 2. umr.

ATKVGR.

Till. á þskj. 188 um að vísa frv. til ríkisstj. samþ. með 20:18 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: JSk, JJ, KP, LJós, MK, ÓlJ, SV, SvJ, VH, ÞÞ, ÁÞ, BGuðn, BP, EðS, EystJ, GS, HES, HV, IG, GilsG.

nei: LárJ, MB, MÁM, ÓE, PJ, PP, PS, RH, StefG, SvH, BGr, EBS, FÞ, GuðlG, GunnG, GTh, GÞG, IngJ.

2 þm. (BK, GÞ) fjarstaddir.

Kaupstaðarréttindi til handa Bolungarvíkurkauptúni, frv. (þskj. 161). — Frh. 1. umr.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 31 shlj. atkv. og til félmn. með 32 shlj. atkv.

Launaskattur, frv. (þskj. 207, n. 240). — 2. umr.

Of skammt var liðið frá útbýtingu nál. — Afbrigði samþ. með 23 shlj. atkv.

Frsm. (Vilhjálmur Hjálmarsson): Herra forseti. Með frv. þessu er lagt til að framlengja um eitt ár þau ákvæði, sem gilt hafa um launaskatt. N. hefur athugað þetta frv. og leggur til, að það verði samþ., en tveir nm. hafa ritað undir nál. með fyrirvara.

ATKVGR.

1. gr. samþ. með 22 shlj. atkv.
2.—3. gr. samþ. með 23 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 23 shlj. atkv.

Gjaldaviðauki, frv. (þskj. 41, n. 241). — 2. umr.

Of skammt var liðið frá útbýtingu nál. — Afbrigði samþ. með 23 shlj. atkv.

Frsm. (Vilhjálmur Hjálmarsson): Herra forseti. Þetta frv. er um að innheimta þau gjöld, sem þar greinir, með sömu viðaukum og árið á undan. N. hefur athugað frv. og leggur til, að það verði samþ. óbreytt.

ATKVGR.

1. gr. samþ. með 22 shlj. atkv.
2.—3. gr. samþ. með 23 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 25 shlj. atkv.

Veðdeild Landsbankans, frv. (þskj. 40, n. 242). — 2. umr.

Of skammt var liðið frá útbýtingu nál. — Afbrigði samþ. með 23 shlj. atkv.

Frsm. (Vilhjálmur Hjálmarsson): Herra forseti. Veðdeild Landsbanka Íslands fékk heimild til þess 1965 að gefa út bankavaxtabréf allt að 100 millj. kr. Þessi heimild var hækkuð um 100 millj. kr. 1971, og þar sem hún hefur nú verið notuð að fullu, er með þessu frv. lagt til að hækka hana um 100 millj. kr., úr 200 millj. í 300 millj.

Fjh.- og viðskn. hefur athugað frv. og leggur til, að það verði samþykkt.

ATKVGR.

1. gr. samþ. með 23 shlj. atkv.
2. gr. samþ. með 23 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 23 shlj. atkv.

Læknalög, frv. (þskj. 154). — 1. umr.

Heilbr.-. og trmrh. (Magnús Kjartansson): Herra forseti. Hér er um að ræða **afar einfalt** frv., sem hlotið hefur einróma samþykki í Ed. Alþingis. Meginefni frv. er það, að gerð er sú breyting á gildandi læknal., að íslenskt ríkisfang þurfi ekki að vera skilyrði fyrir veitingu læknaleyfis, en þannig er það í gildandi lögum. Eins og menn vita, hafa síðustu árin nokkrir erlendir námsmenn stundað nám við læknadeild Háskóla Íslands og lokið prófi við læknadeildina hér og hafa haft hug á að starfa hér áfram sem læknar, en samkv. gildandi l. var ekki hægt að veita þeim nema tímabundið lækningaleyfi og því aðeins að um væri að ræða tiltekið læknisstarf, sem enginn íslenskur læknir hefði fengist til að gegna. Þarna er m. a. um að ræða tvær stúlkur, sem giftar eru íslenskum mönnum, en hafa kosið að halda þeim sjálfsögðu mannréttindum að breyta ekki ríkisfangi sínu. Bæði Læknafélag Íslands og landlæknir eru sammála því, að þessi breyting verði gerð á l., og ég hygg, að um það geti naumast orðið nokkur ágreiningur hér á hinu háa Alþ. heldur.

Ég vil mælast til þess við hv. heilbr.- og trn., sem ég legg til, að fái málið til meðferðar, að hún afgreiði þetta mál þannig, að unnt verði að gera það að lögum fyrir jólaleyfi. Þetta er svo einfalt mál, að ég held, að það ætti að vera auðvelt. Þá væri hægt að afgreiða mál þeirra erlendu aðila um áramótin, sem óskuðu eftir því að fá fullgilt lækningaleyfi á Íslandi.

Ég legg svo til, herra forseti, að málinu verði að lokinni þessari umr. vísað til 2. umr. og heilbr.- og trn.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 22 shlj. atkv. og til heilbr.- og trn. með 22 shlj. atkv.

Bann gegn veiðum með botnvörpu og flotvörpu, frv. (þskj. 11). — 3. umr.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 22 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 254).

Byggingar á vegum Viðlagasjóðs, frv. (þskj. 2). — 3. umr.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 25 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 255).

Útvarpslög, frv. (þskj. 164). — 1. umr.

Flm. (Ellert B. Schram): Herra forseti. Ég hef leyft mér ásamt hv. þm. Lárusi Jónssyni, að

flytja frv. til l. um breyt. á útvarpslögum, sem fram kemur á þskj. 164 og felur það í sér að heimila Ríkisútvarpinu að veita landshlutasamtökum og/eða einstökum sveitarfélögum heimild til að reka sjálfstæðar, en staðbundnar útvarpsstöðvar. Áður en ég geri grein fyrir frv., vil ég víkja nokkrum orðum almennt að Ríkisútvarpinu.

Ríkisútvarpið hefur löngum valdið nokkrum deilum hér á landi. Til þess hafa legið ýmsar ástæður, bæði menningarlegar, stjórnunarlegar og stjórnmálalegar. Þó er það ætlan mín, að mikilvægasta ástæðan sé einfaldlega sú, að þessi stofnun er með einum eða öðrum hætti nákomin öllum almenningi. Útvarpið er daglegur gestur á hverju heimili og því fæstum óviðkomandi, hvað það aðhefst eða lætur frá sér fara. Þess vegna eru deilur um útvarpið og efni þess ekki veikleiki, heldur vaxtar- og þroskamerki. Ég tel það sönnun þess, að þjóðinni er annt um þessa stofnun og hefur tilfinningu fyrir því, að útvarp er að verulegu leyti rödd þess sjálfs, spegilmynd af þjóðlífinu frá degi til dags. Því er áríðandi, að útvarpið sé í takt við tíðarandann og þá strauma sem með þjóðinni hrærast hverju sinni.

Ég er þeirrar skoðunar, að þegar yfir langan tíma er litið, hafi útvarpinu verið stjórnað af hyggindum og jafnræði, ekki síst vegna þess, að því hefur allvel tekist að þræða meðalhófið. Þeir, sem þar hafa haldið um stjórnvölinn, hafa kunnað skil á hlutverki sínu. Á þessu hefur því miður orðið misbrestur nú síðustu missirin. Þar er ekki við starfsmenn útvarpsins að sakast, heldur hið nýja útvarpsráð, hina pólitísku yfirstjórn þessarar stofnunar. Þeir menn, sem skipa meiri hl. útvarpsráðs, virðast telja það verkefni útvarpsins helst og mest að innræta í stað þess að kynna, að prédika í stað þess að upplýsa. Það er haft eftir einstökum útvarpsráðsmönnum, að þeir hyggist framfylgja menningarstefnu ríkisstj. Þeir telja sig fulltrúa ákveðinna skoðana. Fyrir vikið hefur útvarpið glatað trausti og fengið það yfirbragð að vera tæki til hlutdrægs áróðurs, en ekki fjölmiðill ólíkra skoðana.

Í þessu sambandi er vert að benda á, að ekki er einvörðungu við útvarpsráð eitt að sakast eða meiri hl. þess. Alþingi kýs útvarpsráð hlutbundinni kosningu, þannig að þar veljast menn eftir valdahlutföllunum í þinginu hverju sinni. Sams konar pólitískur meiri hl. myndast í útvarpsráði og á þingi og í ríkisstj. Flokkarnir velja gjarnan dygga stuðningsmenn sína, sem líta á það sem hlutverk sitt að gæta hagsmuna síns flokks og sinnar stefnu. Árangurinn verður sams konar pólitískur metingur og á sér stað í þingsölum og verður reyndar síst minni, þegar í meiri hl. útvarpsráðs skipast menn, eins og nú, sem boða trú sína af ákafa, en ekki forsjá. Ég er þeirrar skoðunar, að hér ætti miklu fremur að snúa dæminu við, vegna þess að útvarpið á ekki að vera verndari þeirra, sem ráða í þjóðfélaginu, ekki tæki valdstjórnarinnar. Það á, eins og aðrir óháðir fjölmiðlar, að vera gagnrýnið, vakandi afl, veita aðhald, og umfram allt ætti stjórnkerfið að tryggja, að slíkur fjölmiðill væri ekki viljalaust verkfæri viðkomandi ríkisstj.

Þetta geri ég að umtalsefni vegna þess, að hér er um að ræða grein á sama meiði og þetta frv. fjallar um. Þetta er spurningin um, hvar valdið í þjóðfélaginu liggur og hvernig það er notað. Stjórnmálaflokkarnir eru í vaxandi mæli gagnrýndir vegna þess, hversu allsráðandi þeir eru í þjóðfélaginu. Ef vel á að vera eru flokkarnir lifandi hreyfingar, samtök fólksins í landinu, og það er í sjálfu sér ekkert ranglæti í því fólgið, að fólk fái áhrif og mannaforráð í samræmi við styrkleika síns flokks. En á sama tíma verða flokkarnir að átta sig á, að það er af sú tíð, að allir Íslendingar, sem kosningarétt hafa, séu flokksbundnir eða vilji binda sig á klafa einstakra stjórnmálastefna. Sá hópur fer stöðugt stækkandi, sem stendur utan stjórnmálaflokkanna, en gerir engu að síður kröfu til áhrifa og atbeina í þjóðlífinu. Þetta fólk vill, að tillit sé tekið til þess og að losað sé um þá samtengingu sem stjórnmálaflokkarnir hafa beint og óbeint gert með sér á öllum stigum stjórnsýslunnar. Í þessu sambandi er rétt að taka fram, að það er engin lausn að stofna nýja stjórnmálaflokka. Við sáum reynsluna af stofnun SF, sem hafði það efst á stefnuskrá sinni að ráðast gegn nefndri samtryggingu. Allir vita, hver hafa orðið örlög þess flokks hvað þetta snertir.

Nú er ég síður en svo að gera lítið úr þessum flokki sérstaklega, en ég vil einfaldlega benda á, að það, sem fólkið vill, er ekki endilega nýir flokkar, heldur meiri víðsýni af hálfu þeirra flokka, sem fyrir eru. Fleiri flokkar skapa aðeins aukinn glundroða og fleiri aðila, sem þurfa að komast að, og það eru því stjórnmálaflokkarnir sjálfir, sem þurfa að laga sig að hinum breyttu viðhorfum. Þessi viðhorf verða stjórnmálaflokkarnir að taka til rækilegrar og skjótrar athugunar, ef þeir eiga ekki að einangrast og hljóta sömu örlög og dönsku stjórnmálaflokkarnir. Við eigum að opna fleiri leiðir til áhrifa fyrir allan almenning, hvort sem hann kallast stétt, hagsmunahópur, neytendur, borgarar eða einfaldlega almenningsálit. Hvað útvarpið sjálft snertir getum við gert það m. a. með því að kjósa í almennum kosningum fulltrúa í útvarpsráð, stuðla að frjálsari útvarpsrekstri og með því að losa í meira eða minna mæli þau reyrðu bönd, sem hafa verið á Ríkisútvarpinu og rekstri þess undir yfirstjórn stjórnmálaflokkanna. Þetta frv. hefur þetta að markmiði og er flutt í þessum anda.

Ég fyrir mitt leyti vildi stuðla að mun frjálsari útvarpsrekstri en þetta frv. gerir ráð fyrir, en ég tel eftir atvikum skynsamlegt að stíga það skref ekki að fullu í þessum áfanga. Því er lagt til, að sveitarfélög fái heimild til staðbundins útvarpsrekstrar. Með þeirri heimild fengist nokkur reynsla af útvarpsrekstri annar en Ríkisútvarpsins sjálfs, og mætti þá draga lærdóm af þeirri reynslu. Till. samrýmist svo og þeim valddreifingarhugmyndum, sem stjórnmálamenn segjast í orði kveðnu a. m. k. fylgja. Við getum ekki dreift valdi, nema því fylgi nokkur ábyrgð, og annaðhvort treystum við fólkinu eða ekki. Allt hjal um valddreifingu er marklaust, ef öll völd og lokaákvarðanir eru áfram í opinberum stofnunum ríkisvaldsins með aðsetur í höfuðborginni. Hér fer saman að draga úr einkarétti ríkisins og efla sjálfsforræði og sjálfstraust þeirra, sem búa í strjálbýli víðs vegar um landið.

Ríkisútvarpið með staðsetningu í höfuðborginni hefur tvímælalaust ýtt undir og magnað

þann hugsunarhátt, að flest í þjóðlífinu snúist um Reykjavík, þar sé vettvangur atburðanna og veröldin standi annars staðar kyrr. Fólkið fær nánari og betri fréttir af atburðum og hinu daglega lífi í Reykjavík heldur en af atburðum úr sinni heimabyggð. Staðbundnar útvarpsstöðvar ættu því að geta bætt hér verulega úr. Þær eiga að þjóna því hlutverki að miðla fréttum og frásögnum úr héraði, að veita þjónustu fyrir fyrirtæki og einstaklinga, að tengja landshlutann eða sveitarfélagið og þjappa fólkinu saman um hagsmuni sína og áhugamál.

Í einstökum byggðarlögum eru gerðar heiðarlegar tilraunir til að gefa út vikublöð, sem að einhverju leyti eiga að gegna því hlutverki, sem hugmyndin um staðbundið útvarp er byggð á, en enginn vafi er á því að rekstur útvarpsstöðvar yrði mun ódýrari, hentugri og árangursríkari, enda þótt útvarpsstöð yrði engan veginn til þess að koma í staðinn fyrir blaðaútgáfu.

Mér er tjáð, að setja þurfi upp stúdíó og senda, sem numið gæti einhverjum stofnkostnaði, en ekki óyfirstíganlegum, ef þetta frv. kæmist til framkvæmda. Hér réðu að nokkru staðhættir. En stofnkostnaður ætti ekki að þurfa að fara yfir 2—3 millj. kr. í landshluta eins og t. d. Norðurl. e. Til rekstrar stöðvar þyrfti ekki meira en 1—2 menn, og færi slíkt eftir sendingartíma.

Í grg. er farið nokkrum orðum um tekjumöguleika slíkrar útvarpsstöðvar, og skal það ekki endurtekið hér. En ég vil undirstrika, að ég tel það ástæðulausan ótta, að tekjur Ríkisútvarpsins mundu skerðast af þessum völdum. Það er þvert á móti sannfæring mín, að Ríkisútvarpið hefði gott af þeirri takmörkuðu samkeppni, sem af minni staðbundnum stöðvum leiddi. Í því sambandi vil ég vekja athygli á þeim fjörkipp, sem hljóðvarpið tók, þegar sjónvarpið hóf útsendingar.

Þegar rætt er um einkarétt Ríkisútvarpsins og útvarpsstöðvar á Íslandi, er óhjákvæmilegt að víkja að þeirri útvarpsstöð, sem rekin hefur verið hér á landi um árabil við hlið Ríkisútvarpsins. Þar á ég við hljóðvarps- og sjónvarpsstöðina á Keflavíkurflugvelli. Þar hefur hljóðvarp verið rekið, frá því að varnarliðið kom til landsins, og sjónvarp allnokkru áður en íslenska sjónvarpið hóf starfrækslu. Hvort tveggja náði eyrum og augum velflestra hér á Reykjavíkursvæðinu, hvort heldur þeir tilheyrðu þessu varnarliði eða ekki. Það var að mínu viti reginhneyksli, að það skyldi viðgangast að varnarliðssjónvarpið væri hér eitt um hituna í allmörg ár. Það var í hæsta máta óviðeigandi og ósamboðið sjálfstæðri þjóð, þegar erlent hermannasjónvarp fékk, óátalið og stjórnlaust, að hafa einokun á því að senda sjónvarpssendingar inn á íslensk heimili. Vel má vera, að efnið hafi verið sárameinlaust og engan veginn tilefni þess fjaðrafoks, sem út af því var gert. En efnið sjálft var ekki heldur tilefni þessa heldur sú staðreynd, að það voru ekki Íslendingar, heldur erlendir aðilar, sem ákváðu og réðu því, hvað birtist í þessum fjölmiðli, og það án þess að Íslendingar hefðu nokkuð til viðmiðunar eða samanburðar. Það væri rétt eins og Pravda hefði eitt blaða, innlendra og erlendra, aðstöðu á Íslandi til blaðaútgáfu, og engin önnur blöð fengjust út gefin eða seld á sama tíma. Slík aðstaða er að sjálfsögðu ósamrýmanleg fullveldi einnar þjóðar, hvað þá sjálfsvirðingu hennar.

En með tilkomu íslenska sjónvarpsins breyttust þessar aðstæður. Nú rekum við Íslendingar okkar eigið sjónvarp, framleitt af okkur sjálfum handa okkur sjálfum. Íslenska sjónvarpið er okkar staðbundna, en sjálfstæða stöð, Íslendinga, rétt eins og í þessari till. er gert ráð fyrir sjálfstæðum og staðbundnum útvarpsstöðvum í einstökum landshlutum. Svo framarlega sem við gefum út okkar eigin blöð, rekum okkar hljóðvarp og sjónvarp, verðum við að treysta því, að slíkir fjölmiðlar höfði til íslensku þjóðarinnar og tali hennar máli. Við stöðvum ekki rekstur erlendra fjölmiðla, né heldur ráðum við það hvort Íslendingar lesa erlend blöð eða hlusta á erlendar útvarpsstöðvar. Þar verður fólk að fá að velja og hafna og ráða sér sjálft. Þess vegna eru forsendur fyrir andstöðu gegn Keflavíkursjónvarpinu breyttar með tilkomu íslenska sjónvarpsins. En það er svo aftur matsatriði hvers og eins, hvort hann telur enn ósamrýmanlegt fullveldinu og þjóðerninu, að varnarliðsstöðin sé rekin, en það er ekki lengur forsenda eða röksemd, að sú stöð sé ein og allsráðandi á Íslandi.

Fjölmargir hafa haldið áfram baráttunni gegn Keflavíkursjónvarpinu, þrátt fyrir tilkomu íslenska sjónvarpsins. Að því hafa staðið menn úr öllum flokkum, bæði til vinstri og hægri. Einn stjórnmálaflokkur, Alþbl., lét málið sérstaklega til sín taka, meðan hann lék lausum hala í stjórnarandstöðu, og þá var helst að heyra af hálfu þess flokks, að varnarliðssjónvarpið væri höfuðsynd gegn íslenskri menningu. Svo undarlega hefur brugðið við, að eftir að Alþbl. tók sæti í ríkisstj. hefur hvorki heyrst hósti né stuna úr þeirri átt varðandi varnarliðssjónvarpið og reyndar alls ekkert frá stjórnarliðinu yfirleitt. Að vísu hafa örfáir einstaklingar, með meiri hluta útvarpsráðs í broddi fylkingar, haldið uppi andófi, en hér á Alþingi hefur ekki verið minnst á þetta mál frekar en það sé ekki til. Fram hefur komið í blöðum, að þegar ráðh. eru spurðir, vísa þeir hver á annan, og málinu er flækt í umræðum um það, hvort rekstur varnarliðsstöðvarinnar sé í samræmi við íslensk lög. Málið er komið í hnút vegna þess, að ekki virðist liggja ljóst fyrir, hvort stöðin sé lögleg samkvæmt íslenskum lögum eða ekki. Og helst er að skilja á þögninni og aðgerðaleysinu, að ríkisstj. og andstæðingar Keflavíkursjónvarpsins séu dús við þá niðurstöðu, að rekstur þessarar stöðvar sé samrýmanleg íslenskum lögum, ella hlytu ráðandi stjórnvöld að láta málið til sín taka og stöðva ólöglegan rekstur útvarpsstöðva erlendra aðila hér á landi.

Ef íslensk lög heimila rekstur útvarpsstöðvarinnar á Keflavíkurflugvelli, sú ályktun er dregin og menn komast að þeirri niðurstöðu, hvað þá með einkarétt Ríkisútvarpsins til útvarpsrekstrar á Íslandi? Allt er þetta á huldu. Sannleikurinn er sá að varnarliðssjónvarpið er búið að vera pólitískt feimnismál um langan tíma, og e. t. v. hefur nærgætnin gagnvart þessu sjónvarpi náð hámarki, eftir að núv. ríkisstj. tók við völdum. Það er staðreynd, að helmingur þjóðarinnar hefur, ef hann óskar þess, aðstöðu

til að horfa á þetta sjónvarp, án þess að þær útsendingar hafi í raun og veru verið viðurkenndar af íslenskum stjórnvöldum. Ég hef fyrir satt, að um 20 þús. sjónvarpstæki hér á þéttbýlissvæðinu séu búin út til móttöku á útsendingum varnarliðssjónvarpsins. Og svo er verið að tala um, að Keflavíkursjónvarpið sjáist ekki eða megi ekki sjást.

Eitt er víst, að það er borin von, að núverandi stjórnvöld taki hér af skarið. Það er hins vegar *fróðlegt rannsóknarefni, bæði pólitískt og menningarlegt*, reyndar félagslega líka, hvernig þetta mál hefur gengið fyrir sig. Það hefur þróast og orðið að slíkum veruleika, að jafnvel þeir, sem harðast börðust gegn Keflavíkursjónvarpinu, treysta sér ekki lengur né geta, að því er virðist, stöðvað það. Persónulega horfi ég ekki á þetta sjónvarp og hef haft samúð með þeim, sem gegn því hafa talað, sennilega vegna þess, að ég er eins og fleiri fullur af þjóðernislegum hleypidómum. En ég tel þýðingarlaust og vonlaust, eins og nú er komið málum, að tala um að loka Keflavíkursjónvarpinu. Þetta umrædda sjónvarp er orðið svo útbreitt, orðin slík staðreynd, að við því verður ekki hróflað úr þessu. Baráttan gegn slíkum sjónvarpsstöðvum er sennilega einnig orðin tímaskekkja vegna tæknibróunar og gervitungla, sem munu gera okkur kleift innan örfárra ára að fylgjast með flestum sjónvarpsstöðvum heims.

Herra forseti. Að nokkrum árum liðnum mun vart verða um það að ræða, að ríkið hafi einkarétt á útvarpsrekstri yfirleitt. Kemur þar hvort tveggja til, að tæknin mun leysa þann einkarétt af hólmi, og eins hitt, að almenningur mun einfaldlega ekki sætta sig við það fyrirkomulag til lengdar, að einhverjir pólitískir alvitringar segi til um það, hvað fólk eigi að horfa eða hlusta á. Sú þróun er óhjákvæmileg. Ef stjórnmálaflokkarnir laga sig ekki að þeirri þróun, munu völdin verða af þeim tekin, hvort sem þeim þykir það ljúft eða leitt. Svo framarlega sem Íslendingar bægja frá sér lögregluríki einræðis og öfgastefna, verður frjáls útvarpsrekstur hinn sjálfsagðasti hlutur, áður en við snúum okkur við. Þetta frv., sem ég er hér að gera grein fyrir og hef leyft mér að bera fram, er aðeins lítið skref í áttina til þeirrar þróunar.

Ég leyfi mér svo, herra forseti, að leggja til, að að lokinni þessari umr. verði þessu frv. vísað til 2. umr. og hv. menntmn.

Lárus Jónsson: Herra forseti. Það mál, sem hér er á dagskrá, er allrar athygli vert. Hér er um að ræða eitt af sjálfstæðismálum einstakra landshluta. Þetta er menningarmál, og ég tek undir það, sem hv. 1. flm. sagði um þau efni, og þarf ekki að endurtaka það hér. Ég kvaddi mér fyrst og fremst hljóðs í þessu máli til að vekja athygli á því, hvað hljóðvarp og sjónvarp hafa raunar litla áherslu lagt á það að koma upp aðstöðu til upptöku út á landsbyggðinni, bæði að því er varðar hljóðvarpsefni og sjónvarpsefni. Einkum á það við hið síðarnefnda. Aðstaða er víða mjög bágborin til upptöku sjónvarpsefnis úti á landsbyggðinni. Má kannske segja, að það sé eðlilegra, þar sem sjónvarpið er nýrra sem stofnun en hljóðvarpið. Mér er kunnugt um, að það eru einstakir menn, dugnaðarmenn, úti um land, sem hafa rutt brautina í þessum efnum, nálega algerlega á eigin spýtur og án þess að fá neinn verulegan stuðning frá þessum stofnunum. Ég teldi það vera mikilvægt skref í þá átt, sem stefnt er að með þessu frv., að hljóðvarp og sjónvarp kæmu sér upp svokölluðum stúdíóum úti um land, til þess að Útvarp Reykjavík gæti líka bætt þjónustu sína við landsbyggðina, það sé í raun og veru mál út af fyrir sig í þessum efnum. Ég vildi aðeins, herra forseti, vekja athygli á þessu í fáum orðum út af þessu máli, en skal láta hér staðar numið.

Ingvar Gíslason: Herra forseti. Að ýmsu leyti get ég fallist á það, sem hér hefur verið sagt í ræðum þeirra hv. flm., en hins vegar hygg ég, að það þurfi að kanna betur, hvort rétt sé stefnt með þessu frv. að því leyti að fela landshlutasamtökum eða einstökum sveitarfélögum útvarpsrekstur. Ég hef lengi haft þá trú, og það munu fleiri, að það væri möguleiki á því fyrir Ríkisútvarpið að víkka út starfsemi sína á þann hátt að koma upp sérstökum útvarpsstöðvum eða a. m. k. stúdíóum úti um landsbyggðina og koma þannig upp staðbundnum útvarpsstöðvum að vissu leyti. Að sjálfsögðu er eðlilegt að fara stillt af stað í þessu, en þó held ég, að það væri eðlilegt, ef á annað borð verður út í þetta farið, að þá yrði það gert með þeim hætti, að Ríkisútvarpinu sé falið að sjá um það og gera það dálítið myndarlega. Að sjálfsögðu yrði að framkvæma þetta í samráði við heimamenn. Það er nauðsynlegt af ýmsum ástæðum, fyrst og fremst með tilliti til þess að kanna allar aðstæður heima fyrir um möguleika á því að halda uppi slíkri starfsemi, því að það er auðvitað ekki alveg vandalaust að gera slíkt. Það þarf m. a. hæfa menn til þess að stjórna og koma fram í útvarpi, og þetta þarf allt að kanna ákaflega vel, þannig að ég er ekki beinlínis hrifinn af því að taka þetta úr höndum útvarpsins eða útvarpsráðs. Ég vil halda mér við það, sem hér hefur verið alla tíð, frá því að útvarp fór að verulegu leyti að starfa hér, að það sé ríkisútvarp og það sé þingkjörið útvarpsráð, sem fer með málefni þess. Og það vil ég gjarnan, að verði einnig úti um landsbyggðina. Ég hef ekki aðhyllst þá skoðun, sem fram hefur komið, einkum hjá ýmsum sjálfstæðismönnum, að heimila frjálst útvarp, ef svo má segja, einstökum mönnum eða félagssamtökum, að heimila þeim útvarpsrekstur. Ég hef ekki aðhyllst það, og ég held, að það þurfi að athuga það mjög gaumgæfilega, hvort ástæða sé til að fela þetta sveitarfélögum eða landshlutasamtökum, þó að þau séu út af fyrir sig góðra gjalda verð og eigi allt got skilið. Þannig er ég að ýmsu leyti sammála því, sem hér hefur fram komið, en hins vegar get ég ekki fellt mig við það efni að öllu leyti, sem felst í þessu frv., og tel, að það þurfi að skoða það miklu betur, áður en það verður lögfest. En sem sagt, ég vil leggja mikla áherslu á, að ég tel, að það séu ýmsir möguleikar í þessu máli og þá þurfi að kanna og ætti að hraða slíkri könnun. Eðlilegast er, að þetta fari fram á vegum Ríkisútvarpsins sjálfs.

En þegar maður talar um möguleika fyrir

Ríkisútvarpið að hefja útvarpsrekstur úti um land, þá komum við einnig að því að hugleiða fjárhagsmálefni Ríkisútvarpsins, en eins og nú er um fjárhagsmálefni Ríkisútvarpsins eru þau mjög slæm. Eins og menn hafa veitt athygli í fjárlagafrv., er verulegur halli sýnilegur á Ríkisútvarpinu. Það er nú einmitt verið að gera ráðstafanir til að reyna að bæta þennan halla, og ég hygg, að reyndin verði sú, að það sé ekki til önnur leið en að hækka afnotagjöld Ríkisútvarpsins. Þau hafa staðið í stað ákaflega lengi og ekki fylgt eftir öðru verðlagi í landinu, og í rauninni er alveg ótrúlegt, hversu lengi Ríkisútvarpið hefur getað þolað það, að ekki væru hækkuð afnotagjöld þess. Þetta er því allt í samhengi, fjárhagur Ríkisútvarpsins og þeir möguleikar sem vera kunna fyrir hendi um að hefja útvarpsrekstur úti um land. En sem sagt, ég tel, að það sé vel farið, að þeir hv. flm. hafa hreyft þessu máli. Hins vegar held ég, að það hefði verið heppilegra, að það hefði komið fram í öðru formi, og þá hefði verið líklegra, að menn hefðu frekar getað tekið undir þeirra mál, því ég held, að það sé viðurhlutamikið og ekki eðlilegt að fela öðrum en Ríkisútvarpinu sjálfu rekstur stöðvanna.

Jónas Jónsson: Herra forseti. Ég get verið mjög stuttorður. Ég get alveg tekið undir ræðu hv. 1. þm. Norðurl. e., einnig hluta af ræðu hv. þm. Lárusar Jónssonar, sem ég heyrði því miður ekki alla, en það, sem ég ætlaði að segja hér, var einmitt þetta, að það væri þörf ábending að koma því áleiðis, að Útvarp Reykjavík þýðir ekki „útvarp Reykvíkinga", heldur þýðir það „útvarpið í Reykjavík", sem er og á að vera útvarp landsins alls. Fólk er jafnvel farið að brosa að því víða um landið, hvað útvarp og menn, sem þar koma fram, eru barnaleg í þessum hlutum. Það, sem þarf að taka fram, þegar um er að ræða, hvar hlutirnir eru, er aðeins, ef þeir eru ekki í Reykjavík. Ef það er ekki tekið fram, þá er átt við Reykjavík og Reykvíkinga og ekkert annað. Að þessu brosa menn. Hálka á götum þýðir: hálka á götum í Reykjavík, en ekki á götum Akureyrar eða í Borgarnesi eða annars staðar á landinu. Þess vegna tek ég sérstaklega undir það, sem hv. þm. Ingvar Gíslason sagði, að það er aðalatriðið, að við komum útvarpinu út um allt landið, og það álít ég að gerist ekki með staðbundnum útvarpsstöðvum, sem reknar yrðu fyrst og fremst af þeim stöðum á landinu, sem sterkastir væru, þeir fengju þá sitt útvarp fyrst, kannske Akureyri, síðan Ísafjörður og Egilsstaðir, en þá yrði eftir útvarpið, sem á að vera útvarp þjóðarinnar, það yrði þá endanlega útvarp Reykvíkinga. Þannig yrði þróunin.

Ég vil taka undir það, að þróunin ætti að verða sú, að útvarpið færði kvíar sínar raunverulega út um landið með því að setja þar upp upptökustofur og annað því um líkt. Þetta væri fyrir margra hluta sakir nytsamlegt og gagnlegt, mundi auka þekkingu Reykvíkinga og annarra hér syðra á landinu. Það þyrftu ekki að vera sérþættir frá landsbyggðinni, eins og tíðkast í útvarpinu. Þetta væri mjög mikilvægt fyrir þá menningarstarfsemi, sem rekin er víða um landið, eins og leiklist, sönglist og annað því um líkt. Það er einnig beint fjárhagslegt atriði. Leikarar, sem eru að berjast við að halda uppi starfsemi á Akureyri, hafa ekki sömu tekjumöguleika og leikarar og leikfélög í Reykjavík, þar sem alltaf er gripið til þeirra til útvarpssendinga o. s. frv.

Ég vil að lokum minna á eitt, að kannske ættum við ekki að tala svo mikið um þetta og hvað hægt væri að auka starfsemina, því að það er þó einn hópur, sem bíður og á fyllstu réttlætiskröfur til þess, að hans mál séu tekin fyrir fyrst, og það er fólkið, sem hefur ekki fengið alla þjónustu útvarpsins. Það er fólkið, sem nýtur ekki sjónvarps, og það er því miður enn til fólk, sem nýtur ekki fullnægjandi útvarps. Ég tek undir það, að það ætti auðvitað að hækka afnotagjöldin. Það væri réttlæti í því, að fólkið, sem hefur sjónvarp, borgaði há afnotagjöld, þangað til sjónvarpið og útvarpið næði til allra landsmanna.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 21 shlj. atkv. og til menntmn. með 24 shlj. atkv.

Neðri deild, 42. fundur.

Föstudaginn 14. des., að loknum 41. fundi.

Seðlabanki Íslands, frv. (þskj. 223). — 1. umr.

Of skammt var liðið frá 3. umr. í Ed. — Afbrigði samþ. með 25 shlj. atkv.

Sjútvrh. (Lúðvík Jósepsson): Herra forseti. Frv. þetta er flutt af fjh.- og viðskn. Ed. Það var flutt í beinu framhaldi af brbl., sem sett voru á s. l. sumri og gert var ráð fyrir, að ættu að gilda nú til ársloka. Efni þeirra brbl. var að veita Seðlabankanum heimild til að mega skrá gengi íslenskrar krónu með nokkrum frávikum frá því, sem áður sagði í lögum. Það frávik frá stofngengi kr., sem heimilt er skv. l., nemur 2¼% upp eða niður frá stofngengi, en með brbl. var heimilað að skrá gengið upp á við án nokkurra sérstakra takmarkana, en aðeins upp á við. Nú hefur þótt rétt að breyta þessu þannig að heimila Seðlabankanum að skrá gengi kr. án slíkra takmarkana bæði upp og niður, þ. e. a. s. gert ráð fyrir því, að hægt sé að hafa skráningu kr. raunverulega fljótandi. Vegna þessa hefur þetta frv. verið flutt af fjh.- og viðskn. Ed. Þar hefur orðið alger samstaða um, að málið verði afgr., og í rauninni er nauðsynlegt að fá það afgr. fyrir áramót.

Ég vil vænta þess, að hv. n., sem fær málið hér til afgreiðslu, greiði fyrir afgreiðslu þessa tiltölulega einfalda frv.

Ég óska eftir, að málinu verði að lokinni þessari umr. vísað til fjh.- og viðskn. til athugunar.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 25 shlj. atkv. og til fjh.- og viðskn. með 26 shlj. atkv.

Launaskattur, frv. (þskj. 207). — 3. umr.

Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði samþ. með 25 shlj. atkv.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 18:3 atkv. og afgr. til Ed.

Þörungavinnsla við Breiðafjörð, frv. (þskj. 247). — 1. umr.

Of skammt var liðið frá 3. umr. í Ed. — Afbrigði samþ. með 25 shlj. atkv.

Heilbr. og trmrh. (Magnús Kjartansson): Herra forseti. Hér er að minni hyggju um mjög veigamikið mál að ræða, en samt mun ég ekki halda neina meiri háttar ræðu af þessu tilefni. Ég gerði mjög ítarlega grein fyrir þessu máli, þegar það var lagt fram í Ed. í fyrri hluta nóv., og sú grg., sem ég flutti þar, er birt í Alþingistíðindum, 6. hefti þessa þings, þannig að þeir, sem kynnu að hafa áhuga á að kynna sér hana, hafa það tiltækt hjá sér. Um þær mundir var einnig dreift hér til allra þm. skýrslu frá undirbúningsfélagi um þörungavinnslu, sem við settum á laggirnar með löggjöf á síðasta ári og hefur unnið þetta frv.

Ég hygg því, að ég þurfi ekki að rekja efni þessa frv. hér fyrir hv. þd., og þeim mun síður sem ég hygg, að það sé ekki ágreiningur um þetta mál. Ed. afgreiddi það samhljóða frá sér, gerði á því nokkrar breyt. og þá veigamesta, að þar er lögð meiri áhersla en áður á vistfræðilegar rannsóknir og könnun á þeim þáttum. Ég tel, að þær breyt. séu mjög til bóta.

En ég hef ákaflega mikinn hug á því, að unnt verði að samþykkja þetta frv. og gera það að lögum fyrir áramót. Ástæðan fyrir því er sú, að forsendur stofnunar þessarar verksmiðju eru samningur við skoskt fyrirtæki, sem þarf á þessu háefni að halda árið 1975, og til þess að við getum nýtt þennan möguleika á viðskiptum, þurfum við að hafa mjög hraðan á við allan undirbúning að þessu máli. Þarna er um að ræða ýmis atriði, sem verður að hefjast handa um þegar að loknum áramótum, og þess vegna fer ég þess á leit við hv. þm., að þeir aðstoði við það að tryggja þessu máli það skjóta afgreiðslu, að unnt verði að afgreiða það sem lög frá Alþingi fyrir áramótin.

Ég læt svo þessi orð nægja, en legg til, herra forseti, að málinu verði að lokinni 1. umr. vísað til 2. umr. og hv. iðnn.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 25 shlj. atkv. og til iðnn. með 24 shlj. atkv.

Gjaldaviðauki, frv. (þskj. 41). — 3. umr.

Of skammt var liðið frá 2. umr. Afbrigði samþ. með 25 shlj. atkv.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 23 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 259).

Veðdeild Landsbankans, frv. (þskj. 40). — 3. umr.

Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði samþ. með 25 shlj. atkv.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 23 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 260).

Veiðar með botnvörpu, flotvörpu og dragnót í fiskveiðilandhelgi, frv. (þskj. 253). — 3. umr.

Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði samþ. með 25 shlj. atkv.

Frsm. (Garðar Sigurðsson): Herra forseti. Sjútvn. hv. d. hefur komið sér saman um að flytja sameiginlega 4 smávægilegar brtt. við frv., eins og það er eftir 2. umr.

1. till. er við 2. gr. og 1. liður hennar hljóðar svo: „Orðið „sérsmíðaðir“ í 2. mgr. falli niður.“ Nú er þessi 2. mgr. ekki í frv. upphaflega, heldur í brtt., sem samþ. voru við 2. umr. Það þykir óþarfi að hafa þetta orð: „sérsmíðaðir“, fyrir framan orðið „skuttogarar“. Málsgr. hljóðar þá svo, ef þessi brtt. yrði samþ.:

„Þar sem í lögum þessum er rætt um skip 350 rúml. og minni, eru undanskildir skuttogarar með aflvél 1000 bremsuhestöfl eða stærri“, — „sérsmíðaðir“ falli brott.

2. liður þessarar brtt. er við C. 3 og er í rauninni við brtt., sem við fluttum við 2. umr. Þetta er nákvæmnisatriði, þar sem talað er um Hálsasker. Í stað þeirra orða komi lengdarbaugurinn 15° 45′ vestur. Hálsasker eru nefnilega nokkur talsins og taka yfir dálitið svæði, þannig að það er nákvæmara að miða við lengdarbauginn. Þessi breyt. er fólgin í því.

3. liður þessarar brtt. er um það, að liðurinn E. 2 falli niður. Liðurinn E. 2 er á bls. 3 í frv. sjálfu og er um það hólf, sem togararnir fengu að fara inn á að 9 mílum. Með brtt. okkar er þessi liður í rauninni fallinn af sjálfu sér, þar sem við höfum gefið togurunum aukna heimild inn að 6 mílum á þessari leið frá Reykjanesi að Gáluvíkurtanga. Það er í rauninni búið að samþykkja það, þetta er bara formsatriði.

Þá kemur 2. brtt., sem er við 7. gr. og hljóðar svo: „Orðin „og viðurlög við brotum á þeim reglum“ falli niður.“ Þetta á einmitt við þá viðbót, sem sjútvn. setti inn í brtt. sínar. Viðurlög og sektir eru í 11. gr. frv., og þykir eðlilegt að taka það þá bara inn í 11. gr.

Um það er næsta brtt., að taka inn í 11. gr. viðurlög við þessari gr., viðurlög við því að koma með of mikið af smáfiski í land í veiðiferð.

4. og síðasta brtt. er vegna þess, að við gleymdum að gera ráð fyrir því í frv., þegar talað var um brot á þessum lögum, sem gildir

um breska togara samkv. því samkomulagi, sem gert var nú í haust. Brtt. er svona: „Við 17. gr. Við 1. mgr. bætist: Þó haldi gildi sínu lög nr. 89 15. nóv. 1973.“ Eins og kunnugt er, verða breskir togarar ekki dæmdir eftir 11. gr., ef þeir brjóta samkomulagið, heldur sviptir veiðileyfi. Þetta er ákvæði, sem þarf að koma inn í 17. gr.

ATKVGR.

Afbrigði um skrifl. brtt. (sjá þskj. 256) samþ. með 26 shlj. atkv.

Brtt. 256,1 samþ. með 27 shlj. atkv.
— 256,2 samþ. með 27 shlj. atkv.
— 256,3 samþ. með 26 shlj. atkv.
— 256,4 samþ. með 26 shlj. atkv.

Frv., svo breytt, samþ. með 28 shlj. atkv. og afgr. til Ed.

Almannatryggingar, frv. (þskj. 181). — 1. umr.

Flm. (Pétur Pétursson): Herra forseti. Ég hef leyft mér að flytja einu sinn enn mál, sem ég er búinn að flytja á tveimur þingum áður, en það má kannske segja að allt er þegar þrennt er. Meginninnihald þessa litla frv. er, að tannlækningar ungmenna skuli falla undir venjulegar sjúkrasamlagsgreiðslur, þ. e. a. s. ungs fólks upp að 20 ára aldri. Þessu máli hefur alltaf verið vísað til ríkisstj. að undanförnu, og rökin fyrir því hafa verið, að lög um almannatryggingar séu í endurskoðun. Ég efa það ekki, að þau séu í endurskoðun, en mér finnst vel hægt að taka þetta mál út úr og afgreiða það sérstaklega, því að það eru alveg tvímælalaust, og mun ég koma nokkuð að því síðar, hrein vandræði, að þessi þáttur læknisþjónustunnar skuli vera meðhöndlaður á þann hátt, sem gert er.

Málið snýst um, að tannlækningar ungmenna falli undir reglur um greiðslur úr sjúkrasamlögum. Að vísu eru skólatannlækningar mikils virði, svo langt sem þær ná. En fjölmörg börn og ungmenni hafa hreint ekki aðstöðu til að njóta þessarar þjónustu því miður. Í stórum landshlutum eru engir tannlæknar, og þá þarf að reikna með ferðakostnaði, sem getur vel orðið stórar fjárhæðir til viðbótar við sjálfan tannlækningakostnaðinn, sem ég tel, að sé ekki neinar smáupphæðir.

Það vita flestir, hvað það kostar að fara til tannlækna. Ég var að afla mér verðskrár tannlækna í gær. Það eru fjöldamargar þessara aðgerða, sem ég veit ekki, hvað þýða, en ég sé þó, að þær fara upp í 13 þús. kr. og margar á 4, 6, 8, og 10 þús. Það fyrsta á blaðinu er viðtal, það kostar 420 kr., og að gera kostnaðaráætlun skriflega kostar nærri 600 kr., 595 kr. Ef gerð er tannhreinsun, kostar það fyrir hverjar byjaðar 10 mínútur 500 kr.

Ég geri ráð fyrir, að flestum hv. þm. sé vel kunnugt um það, hvað tannlækningar kosta nú á tímum. Og þá kemur þessi spurning: Hvernig á efnalítið fólk að ráða við þetta, ráða við það að halda tannheilsu í ungu fólki? Margir draga allt of lengi að leita tannlækna eða að fara til tannlækna með börn og ungmenni, einungis vegna þess, að þetta fólk hefur ekki efni á því að fara til tannlæknis. Svo getur jafnvel farið svo og hefur farið svo, eins og áreiðanlega mörgum er kunnugt, að síðar er viðgerð óframkvæmanleg. Auðvitað yrði nokkur viðbótarkostnaður við þessar aðgerðir, en heilbrigðisþjónustan er greidd mjög myndarlega af almannafé, og tannlækningar eru að mínu mati ekkert ómerkilegri lækningar en margs konar aðrar aðgerðir, sem gerðar eru. En mér finnst höfuðatriði þessa máls vera sá ójöfnuður, sem á sér stað á milli þeirra, sem hafa efni á því að leita til tannlækna, og hinna, sem hreint ekki hafa efni á því. Og þessi ójöfnuður er alveg óþolandi.

En hvernig stendur þá á því, að málinu er alltaf vísað til hæstv. ríkisstj. ár eftir ár? Á síðasta þingi t. d. voru allir nm. í hv. heilbr.- og trn. sammála um þessa meðferð málsins nema fulltrúi Alþfl. Mig langar til að spyrja hæstv. heilbrrh. við þetta tækifæri um það, hvort þetta mál sé á leiðinni, hvort það sé líklegt, að það komi fram á þessu þingi, eða hvaða hugmyndir hann hafi um þessa sérstöku hlið heilbrigðismálanna, sem hefur verið meðhöndluð á þennan hátt á undanförnum árum. Mér finnst ekki, að tannlækningar séu eins konar þriðjaflokks læknisaðgerð, og mér finnst, að það eigi að veita þessu máli fulla athygli. Hér er aðeins gert ráð fyrir, að þessi greiðsla nái til fólks undir 20 ára aldri. Auðvitað ætti þetta að taka til tannlækninga allra landsmanna, en það var mín hugmynd, að þetta spor væri kannske ekki of stórt til að stíga í einu og væri viss áfangi að því að koma þessum þætti heilsugæslunnar inn í löggjöf almannatrygginganna.

Ég satt að segja skil ekki annað en hv. þm. hljóti að viðurkenna nauðsynina á því, að þetta sé gert, og ég verð að segja, að ég skil ekki þá tregðu, sem hefur verið á því að gera eitthvað í þessum málum. Þegar ég segi: eitthvað, þá gæti ég t. d. látið mér detta í hug, að í væntanlegri endurskoðun á almannatryggingal. væri þessi þáttur tekinn út úr, vegna þess að mér finnst það varla boðlegt að láta þennan tiltölulega stóra þátt í heilbrigðismálum fjölmargra heimila vera alltaf á eftir. Og þá er ég ekkert að gera lítið úr skólatannlækningunum, sem eru góðra gjalda verðar, eins og ég sagði áðan, svo langt sem þær ná. En ég vil vona, að hv. þm. sjái sér fært að standa að þessum áfanga nú eða þá að hæstv. heilbrrh. geti upplýst, hvenær sé von á þessu máli út af fyrir sig, og skal ég þá taka þær upplýsingar fullkomlega til greina. En ég er orðinn þreyttur á því, að mér sé sagt ár eftir ár, að þetta komi á næstunni, en svo kemur ekki neitt.

Ég legg svo til, herra forseti, að málinu verði vísað til 2. umr. og hv. heilbr.- og trn.

Heilbr.- og trmrh. (Magnús Kjartansson): Herra forseti. Ég skil ákaflega vel, að hv. þm. Pétur Pétursson sé orðinn dálítið þreyttur á því að fá ekki framgengt miklu nauðsynjamáli, sem ekki var hreyft neitt í allri tíð viðreisnarstjórnarinnar, þegar Alþfl. fór með yfirstjórn almannatrygginga. En út af fsp., sem hann beindi til mín, get ég greint frá því, að heilbr.- og trmrn. hefur

nú þegar látið semja frv., þar sem m. a. er gert ráð fyrir því, að tannlækningar komi inn í almannatryggingakerfið í áföngum. Ég hef kynnt þetta frv. nú þegar fyrir ríkisstj., og ég geri mér vonir um að geta flutt það þegar að loknu jólaleyfi. — Þetta vildi ég segja vegna þeirrar fsp., sem hv. þm. bar fram.

Flm. (Pétur Pétursson): Herra forseti. Ég vil þakka hæstv. heilbrrh. fyrir þessar upplýsingar. Það gleður mig, að þetta frv. er að koma. Áfangarnir eru auðvitað aðalatriðið í því, hvað þeir eru stórir, hvernig þeir eru hugsaðir. En ef við fáum að sjá þetta á borðum okkar að loknu jólaleyfi, tel ég það mjög mikils virði og vona þá, að það komist í gegn á þessu þingi.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Efri deild, 37. fundur.

Föstudaginn 14. des., kl. 5.30 síðdegis.

Launaskattur, frv. (þskj. 207). — 1. umr.

Of skammt var liðið frá 3. umr. í Nd. — Afbrigði samþ. með 13 shlj. atkv.

Fjmrh. (Halldór E. Sigurðsson): Herra forseti. Á þskj. 207 er frv. til l. um breyt. á l. nr. 14 frá 15. mars 1965, um launaskatt. Þetta frv. er góðkunningi í þessari hv. d., því að það hefur verið á ferðinni á hverju ári síðan 1970. Þetta frv., eins og það liggur nú fyrir á þskj., er nákvæmlega eins og gildandi lög eru, en ég held, að ég muni það rétt, að um þau hafi orðið samstaða hér í hv. d. Það var samstaða um þetta mál í hv. Nd., og hún greiddi götu þess, og ég verð einnig að biðja hv. fjh.- og viðskn. þessarar hv. d. að gera það.

Ég sé ekki ástæðu til að hafa um þetta frv. fleiri orð, en legg til, herra forseti, að að lokinni þessari umr. verði því vísað til 2. umr. og hv. fjh.- og viðskn.

Þorv. Garðar Kristjánsson: Herra forseti. Hæstv. ráðh. sagði, að þetta frv. væri alveg óbreytt frá gildandi l., framlenging, sem hefur verið gerð á þessum ákvæðum á undanförnum árum, og að frv. væri gamall kunningi þessarar hv. d. Allt er þetta rétt, sem hæstv. ráðh. sagði um þetta atriði. En mér þykir bæði rétt og skylt að rifja upp örlítið hin fornu kynni milli þessarar hv. d. og þessa frv.

Það vill svo til, að við hæstv. fjmrh. höfum átt orðaskipti um þessi mál við tvö hliðstæð tækifæri áður. Ég benti þá á, að ég ætlaði, að hæstv. fjmrh. hefðu orðið mikil mistök á í sambandi við flutning þessa máls, og þau mistök eru fólgin í því, að um leið og hann vill framlengja 1½% launaskattinn til ríkissjóðs, sem í upphafi var gert ráð fyrir, að yrði einungis til bráðabirgða, þá hefur hann gert 1% launaskattinn til Byggingarsjóðs ríkisins að bráðabirgðaákvæði. Ég benti á þetta á haustþinginu 1972, og hæstv. ráðh. viðurkenndi, að það væri ekki af ráðnum hug, sem hann legði til, að hinn fasti tekjustofn Byggingarsjóðs ríkisins yrði nú gerður að bráðabirgðaákvæði, sem þyrfti að framlengja árlega, ef Byggingarsjóður ætti ekki að vera sviptur þessum mikilvægasta tekjustofni sínum. Hæstv. ráðh. stóð hér upp og sagði, — ég má segja, að það hafi verið í des. 1972, — að það hefðu orðið mistök hjá sér, það hefði ekki verið ætlunin að gera þessa breytingu og veikja stöðu Byggingarsjóðs ríkisins. Og hæstv. ráðh. sagði meira. Hann sagði, að þessi villa yrði leiðrétt og það skyldi gert næst, þegar mál þetta kæmi fyrir Alþ. Ég lét þetta gott heita, og það voru ekki frekari andmæli hér í hv. d. gegn þessari ráðabreytni hæstv. ráðh., þar sem menn tóku gott og gilt það, sem hæstv. ráðh. lofaði í þessu efni.

En það fór eins og ráðh. sagði. Það kom brátt að því, að málið kæmi aftur fyrir þessa hv. d. Það gerðist í apríl s. l. Þá kom það til kasta d., vegna þess að hæstv. ráðh. lagði til, að lögum um launaskatt yrði breytt til þess að undanþiggja launaskatti tekjur sjómanna. Það var gert af öllum launaskattinum, 2½%. En um leið og það var gert, var Byggingarsjóður ríkisins endanlega sviptur nokkrum tekjum á þessu ári, sem ég áætlaði, að væri um 25 millj. kr., vegna þess að sjómenn voru undanþegnir launaskattinum. Þetta var ekki gott út af fyrir sig, á sama tíma og hæstv. ríkisstj. var að leggja auknar byrðar á Byggingarsjóð ríkisins. Hygg ég, að öllum komi saman um, að það hefði þurft að efla tekjustofn sjóðsins, en ekki skerða. Þetta var um þetta atriði.

En það þurfti yfir hæstv. fjmrh. að koma, að hann stóð ekki við orð sín frá því í des. s. l., að ganga þannig frá þessu máli, að gerður verði greinarmunur á þeim launaskatti, sem ætlaður er til bráðabirgða og þarf þess vegna að framlengja á hverju ári, og þeim launaskatti, sem Byggingasjóður ríkisins hefur haft sem fastan tekjustofn óhreyfðan í mörg ár. Enn lofaði hæstv. ráðh. bót og betrun. Enn tók ég orð hans alvarlega og hv. dm. hér í hv. Ed. og ég hygg, að í sjálfu sér séu allir sammála mér um, að það eigi ekki að ske að gera hinn fasta tekjustofn Byggingarsjóðs ríkisins að nokkurs konar vonarpeningi, sem að forminu til þarf að endurnýja árlega. Hæstv. ráðh. er mér sammála um þetta atriði. Annars hefði hann ekki gefið loforð um að lagfæra þetta.

Nú kemur þetta mál í þriðja sinn fyrir á einu ári, og enn leyfir hæstv. fjmrh. sér að leggja málið á sama veg fyrir og áður, þ. e. a. s. enn stendur hann ekki við loforðið, sem hann gaf hv. d. í des. 1972 og í apríl á þessu ári. Ég verð harðlega að mótmæla þessu. Ég lít alvarlegum augum á þetta mál. Efnislega er þetta óhæfa. Nú vil ég hins vegar ekki ætla ráðh. það, að hann vilji leggja sig í framkróka um að standa ekki við svo skýr og ákveðin loforð sem hann hefur gefið hér í hv. d. um þetta efni. Ég leyfi mér að vona, að það sé rétt tilgáta hjá mér, að hæstv. ráðh. hafi sést yfir þetta. Og ef svo er, þá finnst mér, að hann hljóti að vera mér sammála um, að nú verði gerð bragarbót í þessu efni og þessi d. afgreiði þetta mál ekki á annan

veg en þann að leiðrétta þetta, eins og ég og hæstv. ráðh. höfum verið sammála um í þau fyrri skipti, sem þetta mál hefur verið hér til umr. Það er að vísu áliðið þings og mikið annríki, og við værum hér naumast á þessum tíma að ræða þetta mál, nema vegna þess, að svo stendur á. En hins vegar er það, að þetta mál er ákaflega einfalt og auðlagað og það mundi ekki stefna því í neina hættu, að hv. Ed. gerði þá breytingu, sem gera þarf í þessu efni.

Ég vildi aðeins við 1. umr. láta þetta koma fram. Ég vænti þess, að hæstv. ráðh. sé mér sammála um þetta efni, og ég mun þess vegna taka til athugunar við síðari umr. að bera fram brtt. til að leiðrétta þetta.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 11 shlj. atkv. og til fjh.- og viðskn. með 11 shlj. atkv.

Efri deild, 38. fundur.

Laugardaginn 15. des., kl. 2 miðdegis.

Veiðar með botnvörpu, flotvörpu og dragnót í fiskveiðilandhelgi, frv. (þskj. 257). — 1. umr.

Of skammt var liðið frá útbýtingu frv. — Afbrigði samþ. með 15 shlj. atkv.

Sjútvrh. (Lúðvík Jósepsson): Herra forseti. Frv. það, sem hér liggur fyrir, er að meginefni til samið af sérstakri n., sem skipuð var til þess að gera endurskoðun á gildandi lagareglum um nýtingu fiskveiðilandhelginnar. Þessi n. kynnti sér málið allrækilega og ferðaðist víða um landið, og ég hygg, að hún hafi leitað til flestra þeirra, sem veruleg afskipti hafa af þessum málum, eftir skoðunum þeirra og áliti og byggði síðan till. sínar á þeim upplýsingum, sem hún hafði fengið almennt um málið. Á síðasta þingi var lagt fyrir Alþ. frv., sem samið var af þessari n., en eins og hv. þm. er kunnugt, vannst ekki tími til að afgreiða málið á síðasta þingi, og því var þá sem sagt frestað.

Nú á þessu þingi hefur frv. verið lagt aftur fram, eins og ég sagði, í meginatriðum í þeim búningi, sem þessi n. setti málið í, þó með nokkrum minni háttar breytingum frá fyrra frv. Þetta frv. eða aðalefni þess hefur því legið alllengi fyrir hv. þm. og ég efast ekki um, að svo til allir þm. hafa kynnt sér efni frv. allrækilega. Ég hygg, að málið hafi bæði verið rætt allmikið í stjórnmálaflokkunum öllum og eins meðal einstakra þingmannahópa fyrir hin einstöku umdæmi landsins. Það er því í rauninni ekki nein þörf á því, að ég hafi langa framsögu fyrir málinu að þessu sinni, enda liggur nú orðið mikið á að fá afgreiðslu málsins tryggða á þessu þingi, því að eins og hv. þm. er kunnugt, falla gildandi lagaákvæði um togveiðiheimildir í fiskveiðilandhelginni úr gildi um næstu áramót, og fyrir þann tíma verða ný lagaákvæði að hafa verið samþ. um þetta efni hér á Alþ.

Meginefni þessa frv. er það, að gert er ráð fyrir talsvert verulega meiri takmörkunum, einkum við togveiðar, í fiskveiðilandhelginni en í gildi hafa verið nú um nokkurt skeið. Er gert ráð fyrir því, að einkum hinir stærri togarar verði að færa sig lengra frá landi með veiðar sínar en áður hefur verið, og ýmsar aðrar nýjar takmarkanir er hér ætlað að setja í lög. Þó er rétt að benda á, að í þeim búningi, sem frv. er nú, þegar það kemur frá Nd., er ekki gengið eins langt í að auka við hömlur á þessu sviði og gert hafði verið ráð fyrir í frv., eins og það var lagt fyrir þingið og eins og fiskveiðilaganefndin hafði hugsað sér. Við nánari athugun á málinu í Nd. þótti rétt að draga nokkuð úr þessum hömlunartill. og heimila áfram nokkru meiri togveiðar í fiskveiðilandhelginni en fiskveiðilaganefndin hafði gert ráð fyrir.

Auk þess er svo að finna í þessu frv. mörg önnur nýmæli varðandi nýtingu fiskveiðilandhelginnar almennt, þ. á m. ýmis þýðingarmikil heimildarákvæði fyrir sjútvrn. til að grípa inn í varðandi fiskveiðarnar, þar sem talin er þörf á, að slíkt sé gert.

Ég tel fyrir mitt leyti, að í öllum aðalatriðum stefni frv. í rétta átt og sé þýðingarmikið spor fram á við fyrir okkur í fiskverndar- og fiskstjórnunarmálum frá því, sem verið hefur. Það stefnir að því að hamla gegn ofveiði, að auka friðun á vissum svæðum og að því m. a., að sjútvrn. í nánu samráði við Hafrannsóknastofnunina geti á auðveldari hátt gripið inn í til að koma í veg fyrir ofveiði en hingað til hefur verið.

Ég vil leggja á það sérstaka áherslu, að ég vænti þess, að það megi takast hér í hv. d. samkomulag um að afgreiða málið í öllum meginatriðum á þeim grundvelli, sem Nd. hefur nú fallist á. Það er þýðingarmikið í máli eins og þessu, að allvíðtæk samstaða geti skapast um afgreiðslu málsins. Við vitum, að það eru uppi mörg sjónarmið og mjög mismunandi um það, hvaða reglur skuli gilda varðandi þessi efni á hverjum tíma, og er því varla hægt að koma saman löggjöf um þessi efni, án þess að hinir ýmsu aðilar slái nokkuð af sínum aðalsjónarmiðum, fallist á nokkur atriði til samkomulags, ef þeir telja, að meginstefnan sé rétt.

Mér er kunnugt um, að það er eitt atriði sérstaklega í þessu frv., sem nokkur ágreiningur er um og virðist vera allviðkvæmt mál. Í upphaflega frv., 10. gr., þeirri heimild, sem sjútvrn. er veitt með þeirri gr. varðandi skipan dragnótaveiða, var gert ráð fyrir því að undanskilja Faxaflóasvæðið þessari almennu heimild sjútvrn., en um það hefur verið gerð alveg sérstök samþykkt hér á Alþ. að banna dragnótaveiði og botnvörpuveiði í sjálfum Faxaflóa. En það varð niðurstaðan í sjútvn. Nd. og í Nd. Alþ. að hafa ekki þetta sérákvæði bundið í lagagr., heldur skyldi um Faxaflóann fjallað á sama hátt og ýmis önnur veiðisvæði við landið. Ég vil taka það fram í sambandi við þetta, að ég veit, að hér er um viðkvæmt mál og ágreiningsmál að ræða. Ég tel hins vegar fyrir mitt leyti, að það sé í rauninni fráleitt að miða við það, hvernig þessi mál liggja fyrir. Þar sem vitað er um mikinn ágreining um, hvort slíkar veiðar skuli

heimila í Faxaflóa eða ekki, hef ég ekki trú á því, að neinn maður í embætti sjútvrh. fari að veita leyfi af þessu tagi, á meðan slíkur ágreiningur er fyrir hendi um þetta hér við flóann. Það er líka skoðun mín, að ekki verði hægt fyrir ráðh. að veita almennt dragnótaveiðiheimildir á hinum ýmsu stöðum við landið, þar sem vitað er um mikinn ágreining um hin einstöku svæði, en stundum er hægt að koma því þannig fyrir, að heimilaðar séu dragnótaveiðar, ef svæðunum er skipt þannig niður, að bæði sjónarmiðin geti átt nokkurn rétt á sér. En í þessum efnum er Faxaflói nokkuð mikil heild. Frá mínu sjónarmiði skiptir því ekki miklu máli, hvort 10. gr. er varðandi þetta efni í því formi, sem hún var upphaflega frá fiskveiðilaganefndinni, eða hvort hún er í því formi, sem hún kemur frá Nd. Ég tel því fyrir mitt leyti ekki þörf á að gera hér breytingu á, og hefði vænst þess, að hér hefði getað orðið samkomulag um afgreiðslu málsins, helst án þess að þyrfti að senda það aftur til Nd., að ég tala nú ekki um að reyna að koma í veg fyrir, að ágreiningur kunni að skapast á milli þd. um málið og þar með væri málinu jafnvel stefnt í hættu.

Herra forseti. Af því að ég veit, að sjútvn. þessarar hv. d. hefur fylgst allrækilega með undirbúningi og afgreiðslu málsins til þessa og hún fær nú málið enn til athugunar, sé ég ekki þörf á því að lengja mál mitt hér við 1. umr. málsins og vil leyfa mér að leggja til, að að lokinni þessari umr. verði málinu vísað til 2. umr. og hv. sjútvn. til fyrirgreiðslu, og vil vænta þess, að hún bregðist vel við og afgreiði málið frá sér eins fljótt og tök eru á.

Jón Árnason: Herra forseti. Hér er vissulega um mál að ræða, sem hægt væri að flytja langa ræðu um, en ég skal taka það strax fram, að ég mun ekki eyða mörgum mínútum í að ræða þetta mál við þessa umr. Það er hvort tveggja, að það gefst frekara tækifæri, þegar málið kemur aftur til d., og einnig, að ég er í þeirri n., sem fær málið til meðferðar. Ég vil þó aðeins með nokkrum orðum víkja að frv. strax í upphafi.

Ég tel, að í frv., sem hér liggur fyrir, sé stefnt í rétta átt. Það er á ýmsum stöðum við landið um aukna friðun að ræða fyrir dragnóta- og botnvörpuveiðum, og að því ber okkur að stefna. Það er alveg tvímælalaust, eins og kom fram hjá hæstv. sjútvrh. áðan. Það er líka rétt, sem hæstv. ráðh. sagði, að það er vitað um nokkurn ágreining, ekki bara við Faxaflóa, heldur víðar úti um landsbyggðina, í sambandi við það að taka grunnmiðin og leggja þau undir botnvörpu og dragnót. Ég sé ekki út af fyrir sig, að það sé æskilegt fyrir hæstv. ráðh. að fá heimildir til að skera úr eða kveða á í jafnviðkvæmum málum og hér getur verið um að ræða. Það er nokkurn veginn víst, hvort sem hann verður við umræddum beiðnum eða ekki, að það verði um ágang á hann að ræða af ýmsum aðilum, kannske viðstöðulaust, meira og minna allt árið, ef hann hefur slíkar heimildir. Því ætti hæstv. ráðh. að gera sér grein fyrir.

Frv. í þeirri mynd, sem það liggur fyrir og var afgreitt í gær í hv. Nd. er í nýju formi hvað ýmis atriði snertir og á annan veg en frv. var, þegar við í sjútvn. deildanna ræddum málið saman. Það er búið að skjóta inn t. d. því ákvæði, sem hæstv. ráðh. minntist hér á varðandi Faxaflóann. Það er rétt, að gert er ráð fyrir ýmsum nýjum heimildum til að takmarka meira botnvörpuveiðar en verið hefur. Þess vegna stingur þetta ákvæði alveg í stúf við það, sem hefur verið ríkjandi. Ég vil líka vekja athygli á því, að það liggja fyrir frá undanförnum árum, svo til á hverju einasta ári, samþykktir frá sveitarstjórnum, sem eiga lífsafkomu sína undir veiðum úr Faxaflóa, bæjarstjórninni á Akranesi, bæjarstjórninni í Hafnarfirði, bæjarstjórninni í Keflavík, sveitarstjórninni í Gerðahreppi og yfirleitt öllum, sem fiskveiðar stunda í Faxaflóa, að undanskilinni Reykjavík. Þar er ágreiningur um málið, og borgarstjórnin stendur ekki sem einn maður, eins og á sér stað á öllum öðrum stöðum í sjávarplássunum við Faxaflóa. Það er eina undantekningin. Til viðbótar má benda á það, að báðar fiskveiðideildirnar í Stýrimannaskóla Íslands sendu aðvörun til Alþ. á s. l. ári um, að ekki mætti koma til þess að opna Faxaflóann fyrir dragnóta- og botnvörpuveiðum. Þegar þetta er haft í huga, held ég, að Alþ. ætti að gera sér grein fyrir því, að í þessari d. hefur verið alveg sérstök samstaða um þetta mál, og ég vænti þess, að svo verði einnig áfram. Sjútvn. hefur verið þeirrar skoðunar, að það ætti ekki að leyfa í Faxaflóa dragnóta- og botnvörpuveiðar. Það var alveg einróma samþykkt, þegar þessi lög komu til framkvæmda seinast og voru afgreidd hér, og slíkt átti sér einnig stað í Nd., en það var svo til einróma þar, en algerlega einróma í þessari deild.

Nú erum við búnir að fá stutt tímabil, og datt engum í hug, að það lægi fyrir neinn verulegur árangur, sem væri hægt að byggja á, eftir svo stuttan tíma. Þess vegna værum við að kasta fyrir borð þeirri reynslu, sem fengist hefur þó á þessum tíma, sem liðinn er, síðan lög um friðun í Faxaflóa komu til framkvæmda. Frá Hafrannsóknastofnuninni liggja ekki fyrir neinar niðurstöður rannsókna, svo sem er höfuðnauðsyn, þegar búið er að gera ráðstafanir eins og með þetta veiðisvæði. Þá þurfa að liggja fyrir nákvæmar rannsóknir um það, hvernig fiskurinn hefur hagað sér á þessu veiðisvæði á þessu tímabili og hvort um aukningu hans er að ræða og hvað eiginlega má gera ráð fyrir, að eigi sér stað í framtíðinni, ef sams konar háttur verður á hafður um friðun fyrir þessum veiðum á þessu veiðisvæði.

Ég skal, eins og ég sagði í upphafi, ekki tefja lengur og vil segja það sama og hæstv. ráðh. sagði í ræðu sinni: Það er nauðsynlegt, að viðtæk samstaða náist um afgreiðslu þessa máls, ekki bara Faxaflóann, heldur um málið í heild. Ég viðurkenni, að þar er í ýmsum atriðum og flestum atriðum gengið lengra í þá átt að friða ný veiðisvæði, og þess vegna væri það að fara alveg í öfuga átt, ef við, um leið og við viðurkenndum, að nauðsynlegt væri að friða það, sem við höfum ekki áður friðað við strendur landsins, ætluðum þá að opna upp á gátt það eina veiðisvæði, sem er þó búið að gera nokkra til-

raun með og ætti að koma innan skamms tíma árangur í ljós um, hvort við erum á réttri leið eða ekki.

Jón Árm. Héðinsson: Herra forseti. Ég skal ekki fara að hefja hér langar umr., þar sem málið er tekið fyrir á laugardagsfundi og fundartímar Alþ. eru nú knappir raunverulega, miðað við þann fjölda mála, sem fyrir liggur. En ég ætla að fara nokkrum orðum um málið.

Því miður kemur frv. óþægilega seint fyrir Ed. Ég verð að harma það, að það skuli ekki hafa komið eilítið fyrr, svo að við gætum fjallað um það nokkru nánar. Þó er það gleðilegt út af fyrir sig, að það náðist víðtæk samstaða í Nd. um framgang málsins. Ég harma þó, að svo langt hafi verið gengið til baka aftur að auka togveiðarnar, og vil taka undir orð hæstv. ráðh. um, að hér erum við að gera átak til þess að fara varlega og hagnýta stofninn skynsamlega, minnugir þess, hvað skeði um síldina, og minnugir þess, hvernig þróunin í aflamagni bolfisks hefur verið hér á undanförnum árum, svo að við munum ekki komast hjá því nauðugir, viljugir að gera eitthvert lágmarksátak næstu 2—4 árin til þess að rétta stofninn við. Nýlegar fregnir um bolfiskafla okkar Íslendinga á yfirstandandi ári herma, að hann sé um 15 þús. tonnum minni en á sama tíma í fyrra, þrátt fyrir stóraukna sókn. Þetta er svo alvarleg staðreynd, að alþm. hljóta að hugleiða það sem eina heild, að við verðum að gera átak til að byggja upp stofninn að nýju. Það kostar vandkvæði, það er ekki hægt að komast hjá því, og má ekki láta mjög þröng hagsmunasjónarmið ráða stefnunni næstu 2—3 árin þess vegna. Það er óhjákvæmilegt, að við verðum að bera gæfu til þess að takast á við þann vanda, sem fram undan er, og tryggja, að stofninn sé nægilegur fyrir framtíðina, sérstaklega þegar við höfum í huga, að við höfum gert myndarlegt átak til að veiða hann, þegar hann er orðinn nægilega stór.

Ég vil minna á vandamálið með síldina, hvernig við gereyddum þeim stofni vegna ofgræðgi í veiðar hér við landið. Ég ætla ekki að fara að rifja þá sögu upp, hana þekkja allir. En við gætum gert það sama í dag, ef við stefndum ekki í friðunarátt, og megintilgangur friðunar frá mínu sjónarmiði er hrein öryggisfriðun með landinu. Þeir, sem vilja leyfa auknar togveiðar, hafa hætt okkur hina og sagt: Það er rétt og þið setjið hringfara í mitt landið, dragið svo ákveðna hringi hringinn í kringum landið og segið: Hér er smáfiskur, hér er stór fiskur, hér má minni bátur veiða, hér má stærri bátur veiða. — Þetta er hreinn útúrsnúningur. Við viljum hafa lágmarksöryggisfriðun hringinn í kringum landið, það er allt og sumt, vegna þess að tæknin er orðin það mikil í dag, að fiskurinn finnst alls staðar, hvar sem hann er, og hann fær hvergi frið. Þess vegna verðum við að gefa honum möguleika til að þroskast og veiða hann svo á þeim svæðum, sem við teljum minnsta áhættu vera fólgna í. Ekki fleiri orð um það.

Ég harma aðeins eitt ákvæði, sem var drepið á af bæði hæstv. ráðh. og síðasta ræðumanni. Það er að fara að taka deiluna um Faxaflóann upp að nýju. Eftir marga áratuga baráttu vissra manna, bæði hér á Alþ. og fiskifræðinga, tókst að gera hér átak nú fyrir 2½ ári, og við töluðum um það, sem að því stóðum með sóma í hv. Ed., að reyna að láta það tímabil standa óskert í 5 ár til þess að sannreyna nú svart á hvítu, hvaða árangur það gæfi. Þetta má ekki verða nýtt rjúpnamál hér á hv. Alþ. Og þó að ég fagni orðum hæstv. ráðh. um það, að hann muni ekki beita þessari heimild um opnun, ef hún verður sett í lög, þá vænti ég þess, að hv. d. standi við fyrri verk og við breytum því til baka. Það þarf ekki að tefja frv. Ég mæli ekki með neinni annarri breytingu. Ég mæli með því, að frv. fari óbreytt að öðru leyti en þessu eina ákvæði. Þá skal ég ekki fitla meira við breytingar, þó að ég sé óánægður með viss atriði í frv., eins og ég drap á áðan, byggt á þeirri forsendu, að við verðum að gera lágmarksátak til að tryggja stofninn.

Fiskifræðingar hafa margsýnt okkur fram á, og það liggur margsannað fyrir, að við höfum aðeins um 10% af aflanum kynþroska, — aðeins um 10%. Þetta er svo lítill hluti, að við getum ekki annað en farið varlega á vissum svæðum. Ég fagna því líka, að hæstv. ráðh. hefur gefið út tilkynningu um, að hann muni friða lengra tímabil á Selvogsbanka það hrygningarsvæði, sem þar er, og einnig víðar umhverfis landið mun hann hafa möguleika til að grípa inn í. Og ég vil sérstaklega vekja athygli á 5. gr frv., en þar segir svo, með leyfi forseta:

„Nú á sér stað á tilteknu veiðisvæði seiða- og smáfiskadráp í þeim mæli, að varhugavert eða hættulegt getur talist, og skal þá sjútvrn. að fenginni umsögn Hafrannsóknastofnunarinnar gera nauðsynlegar ráðstafanir til að sporna við því. Er rn. heimilt með tilkynningu að loka afmörkuðum veiðisvæðum um lengri eða skemmri tíma fyrir öllum togveiðum, svo og öðrum veiðum, ef nauðsynlegt þykir."

Nú eru tekin upp í fjárlögum ákvæði um að veita meira fjármagn til þessa máls, og hæstv. ráðh. hefur marglýst yfir, að hann muni efla þetta eftirlit eða stuðla að því, og er það vel, og ég þakka honum fyrir það. Ég treysti því, að hann standi við þau orð og þetta verði nú virt, því að það er svo mikilvægt, að það má ekki bresta, má alls ekki bresta.

Þá mun ég ekki tefja þetta mál á einn eða annan hátt meira. En ég undirstrika það, að við þurfum að ná samstöðu um framkvæmdina líka, svo að allt fari ekki úr böndunum, eins og var hér áður, bæði varðandi eftirlit og ef einhverjir taka upp á því að brjóta þau lög, sem við erum hér að setja. Það er stefnt í rétta átt að fara varlega, þó að mér finnist, að við höfum tekið aðeins hliðarspor í bili. En við komumst bara ekki hjá því, eins og ég sagði áðan, að gera lágmarksátak vegna framtíðarinnar. Ég vil vænta þess, að hv. d. stuðli að því aftur, að heimildin um, að Faxaflói fái að vera í friði, miðað við þau sérlög, sem gilda um flóann, geti staðið í 5 ár, svo að það liggi á hreinu, til hvers við höfum gert þetta átak.

Steingrímur Hermannsson: Herra forseti. Eins og síðasti hv. ræðumaður sagði, skal ég ekki lengja þessar laugardagsumr., en sem þátttakandi

í fiskveiðilaganefnd þykir mér þó rétt að segja örfá orð.

Mér sýnist, að menn verði að gera sér grein fyrir því, að fiskveiðilaganefnd lagði einkum tvö atriði til grundvallar fyrir starfi sínu. Í fyrsta lagi var sú staðreynd, að við höfðum fært fiskveiðilögsöguna út í 50 sjómílur og þannig gert ráðstafanir til að eignast stórum stærra svæði en við höfðum áður til ráðstöfunar, og í öðru lagi var litið á það sem sjálfsagða skyldu að haga veiðum okkar þannig, að sem mest friðun mætti verða fyrir fiskistofnana, sem við byggjum svo mjög á og eru sannarlega í stórri hættu. Fiskveiðilaganefnd taldi því rétt að reyna að raða veiðunum eins og best mætti verða.

Nefndin lagði í upphafi áherslu á að fá till. frá þeim aðilum, sem einna gerst eiga að þekkja friðunarsjónarmið í þessu sambandi, einkum Hafrannsóknastofnuninni, en skoðaði þau síðan í nánu samhengi við byggðasjónarmið um land allt, bæði með fundum og með hliðsjón af umsögnum einstaklinga og samtaka, og reyndist víða nauðsynlegt að breyta út af einhliða friðunarsjónarmiðum. Engu að síður voru þetta ráðandi sjónarmið hjá n., í fyrsta lagi skipuleg nýting þessarar stærri fiskveiðilögsögu og í grundvallaratriðum aukin friðun fyrir okkar fiskistofna.

Í því sambandi þótti eðlilegt að raða okkar stærri skipum utar og þeim minni nær, eins og kemur greinilega fram í frv.

Nú hefur í meðferð Nd. verið gerð allmikil breyting á þessu frv. Að ýmsu leyti þykja mér þær breytingar eðlilegar. Fiskveiðilaganefnd taldi ekki rétt við seinni meðferð n. á málinu að fara að breyta afstöðu sinni með tilliti til samninganna við Breta, en engu að síður er það staðreynd, að þeir samningar hafa sannarlega breytt grundvallaratriðum í þessu máli. Við búum við þá staðreynd, að breskir togarar hafa heimild til veiða við strendur landsins víðast hvar upp að 12 sjómílum, þannig að álagið á þessu ytra belti verður stórum meira en lagt var til grundvallar við meðferð n. á málinu. Mér sýnist því eðlilegt, að Nd. hefur gert þarna á breytingar með tilliti til þessarar staðreyndar og opnað viss svæði innan 12 sjómílna fyrir veiðum íslenskra togara. Þetta er bráðabirgðaástand, sem mér sýnist hins vegar að verði að taka til endurskoðunar, þegar full yfirráð yfir 50 sjómílunum og jafnvel meira hefur fengist.

Hins vegar hefur hv. Nd. einnig gert aðrar breytingar, sem mér sýnist orka tvímælis. Vil ég þá í fyrsta lagi taka undir það, sem komið hefur fram hjá tveimur hv. síðustu ræðumönnum að opna dyrnar fyrir dragnótaveiði á Faxaflóa. Um þetta var allmikið rætt í fiskveiðilaganefnd, og sýndist n. eðlilegt, að það reynslutímabil, sem ákveðið var, þegar það bann var sett, fengi að haldast og engin breyting yrði þar á gerð, fyrr en því væri lokið. Ég tel fyrir mitt leyti, að þarna hafi verið um mistök að ræða, og ég mun standa með þeim, sem vilja lagfæra það í þessari deild.

Annað er það atriði, sem ég tók ekki eftir, að tveir síðustu ræðumenn minntust á, sem mér sýnist orka tvímælis, og það er opnun fyrir botnvörpu allt upp að landsteinum fyrir Krýsuvíkurbjargi. Það er að vísu rétt, að stærð á fiski fer ekki alveg eftir fjarlægð frá landi. Hins vegar þurfum við þar að binda okkur við einhverjar ákveðnar reglur, og mér sýnist, þegar annað betra er ekki til staðar, ekki óeðlilegt að ýta botnvörpunni nokkru utar og a. m. k. ekki að leyfa henni aðgöngu að grunnmiðum þessa lands eða alveg upp að landsteinum. Ég held, að það sé nokkurs virði fyrir okkur Íslendinga að sýna vilja í verki til þess að dreifa okkar veiði yfir þessa fiskveiðilögsögu og það verði best gert á þann máta, sem lagt var til í upphaflega frv. að þessu leyti. Ég fyrir mitt leyti mun því skoða afstöðu mína til þeirrar breytingar, sem þar var á gerð.

Þetta eru þau tvö atriði, sem ég í fljótu bragði tel varhugaverð af þeim breytingum, sem Nd. gerði, og ég taldi rétt að koma á framfæri við 1. umr.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 16 shlj. atkv. og til sjútvn. með 16 shlj. atkv.

Efri deild, 39. fundur.

Laugardaginn 15. des., að loknum 38. fundi.

Tekjustofnar sveitarfélaga, frv. (þskj. 196, n. 251, 252). — 2. umr.

Of skammt var liðið frá útbýtingu nál. — Afbrigði samþ. með 15 shlj. atkv.

Frsm. (Björn Fr. Björnsson): Herra forseti. Frv. það, sem hér er til umr., fjallar um breyt. á l. nr. 8 frá 1972, um tekjustofna sveitarfélaga. Efni þess er aðallega í tvennu lagi. Í fyrsta lagi fjallar það um fyrirframgreiðslu útsvars, sem er svo háttað nú samkv. l., að innheimta má 50% af fyrra árs útsvari, en frv. gerir ráð fyrir, að heildarprósentan verði hækkuð í 60%. Í öðru lagi er svo mælt, að fjmrh. sé heimilt að ákveða breytingu á hinu nýja fasteignamati til samræmis við það verðlag, sem var 1. nóv. 1973.

Á efni frv., eins og það liggur fyrir, féllst félmn. En í sambandi við þetta frv. kom til umr. og athugunar í n. 38. gr. gildandi l. um tekjustofna sveitarfélaga. Í ákvæðum 38. gr. segir, að aðstöðugjald megi ekki hærra vera en nemi 65% þess hundraðshluta, sem í sveitarfélaginu var á lagður á árinu 1971. Þegar álagning aðstöðugjalds fór fram á árinu 1971, giltu reglurnar frá hinum eldri tekjustofnalögum, þ. e. a. s. lögunum frá 1964, og eftir þeim var farið þá um aðstöðugjöld, að þessi gjöld mættu ekki hærri vera en: 1. Allt að ½% af rekstri fiskiskipa og flugvéla. 2. Allt að 1% af rekstri verslunarskipa og af fiskiðnaði. 3. Allt að 1½% af hvers konar iðnaðarrekstri öðrum. 4. Allt að 2% af öðrum atvinnurekstri.

Í framkvæmdinni hefur ákvæði 38. gr. reynst þannig, að þau sveitarfélög, sem t. d. lögðu ekki á aðstöðugjald á árinu 1971 eða notfærðu sér

ekki alla þessa 4 atvinnugreinaflokka, hafa orðið að sæta áframhaldandi takmörkun í öflun tekna til sveitarsjóðs, þ. e. a. s. gátu ekki eftir 1971 lagt á aðstöðugjald, ef það hafði ekki verið lagt á 1971, og ekki heldur bætt við atvinnugreinastofninn.

Sveitarstjórnarmenn margir hverjir hafa átt tal við okkur í félmn. um þetta ákvæði og talið, að það væri óþolandi að búa við þetta fyrir mörg sveitarfélög, sem notuðu lítið eða ekki aðstöðugjald á árinu 1971. Nýjar atvinnugreinar hafa orðið til í ýmsum sveitarfélögum á tímabilinu frá 1971. Á slíkar atvinnugreinar er ekki hægt að leggja aðstöðugjald, af því að áður var það ekki lagt á slíkar greinar, þar eð þær voru ekki til í sveitarfélaginu. Þannig eru mjög skertir tekjumöguleikar sveitarfélaga að þessu leyti, og má rétt hugsa sér, að mörg sveitarfélög, sem búa við þennan þrönga stakk, hafi orðið að afla sér siaukinna tekna vegna margs konar umsvifa í hinum ýmsu málefnum sveitarfélagsins. Auk þess eru þessar þröngu skorður þess eðlis, að vafalaust hefur leitt til nokkurs misréttis að því er varðar skattþegnana. Fyrirtæki t. d., sem stofnað er eftir 1971 í sveitarfélagi, sem ekki lagði aðstöðugjald á, vegna þess að slík atvinnugrein var á árinu 1971 ekki til staðar, er, eins og ég sagði, ekki aðstöðugjaldskylt og vissulega, eftir því sem sveitarstjórnarmenn hafa sagt bæði mér og öðrum félmn.-mönnum, hafa verið nokkur brögð að því beinlínis, að fyrirtæki hafi flust á milli sveitarfélaga, m. a. til þess að komast undan aðstöðugjaldi. Og þó að sú hafi ekki verið ætlunin, hefur niðurstaðan að sjálfsögðu orðið hin sama, að slíkt fyrirtæki hefur ekki þurft að greiða aðstöðugjald.

Nm. þótti alveg einsýnt, að í þessu efni þyrfti að liðka til, það væri réttlætismál, og þyrfti að fella niður þá takmörkun, sem er á álagningarheimildum í þessu ákvæði 38. gr. tekjustofnalaganna. Í samræmi við þessa niðurstöðu n., sem hún var fyllilega sammála um, hefur hún leyft sér að flytja brtt. á sérstöku þskj., 252, þar sem teknar eru skilyrðislaust upp þær álagningarheimildir allar, sem voru áður í lögum, þ. e. a. s. í gömlu l. frá 1964, að því er varðar aðstöðugjald, þó þannig, að hundraðshlutinn, sem þar gat um, er færður niður um 35%. N. mælir með samþykkt frv., en með þeirri breytingu, sem ég hef getið um.

Axel Jónsson: Herra forseti. Við 1. umr. málsins í þessari hv. d. vakti ég athygli einmitt á, hvaða vandræðaástand væri ríkjandi í framkvæmd og álagningu aðstöðugjalda, og ég þakka hv. félmn. fyrir að taka þær ábendingar til greina.

ATKVGR.

1. gr. samþ. með 14 shlj. atkv.

Brtt. 252 (ný gr., verður 2. gr.) samþ. með 14 shlj. atkv.

2.—3. gr. (verða (3.—4. gr.) samþ. með 14 shlj. atkv.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Frv. vísað til 3. umr. með 14 shlj. atkv.

Launaskattur, frv. (þskj. 207, n. 261, 258). — 2. umr.

Of skammt var liðið frá útbýtingu nál. og brtt. 258. — Afbrigði samþ. með 15 shlj. atkv.

Frsm. (Ragnar Arnalds): Herra forseti. Fjh.- og viðskn. hefur fjallað um frv. til l. um breyt. á l. nr. 14 15. mars 1965, um launaskatt. Frv. þetta fjallar um álagningu 3½% launaskatts og skiptingu hans milli Byggingarsjóðs ríkisins og ríkisins. Frv. svipaðs efnis hefur verið á ferðinni hér í þinginu fyrir hver jól, enda hafa lög um þetta efni aðeins gilt frá ári til árs, og svo er einnig um það frv., sem hér liggur fyrir.

N. hefur athugað frv. og leggur til, að það verði samþ. óbreytt, — 2 nm., Magnús Jónsson og Geir Hallgrímsson, voru fjarstaddir afgreiðslu málsins.

Magnús Jónsson: Herra forseti. Frv. þetta, sem hér liggur fyrir, er, eins og hv. frsm. og formaður fjh.- og viðskn. gat um, framlenging á l. um launaskatt eða álag á launaskatt, sem upphaflega var í lög tekið haustið 1970 í sambandi við ráðstafanir, sem þá voru gerðar til verðstöðvunar. Áður hafði verið 1% launaskattur, sem rann til Byggingarsjóðs ríkisins, en þarna var viðbótarlaunaskattur á lagður, 1½%, í sambandi við tekjuöflun til að halda niðri verðlagi. Eftir að núv. ríkisstj. tók við völdum, beitti hún sér fyrir áframhaldandi skattlagningu af þessu tagi, þ. e. a. s. að þessi 1½% viðbótarlaunaskattur rynni áfram til ríkissjóðs, m. a. í sambandi við verðstöðvunaraðgerðir, sem þá voru framkvæmdar. Það má kannske segja, að það fari nú orðið lítið fyrir þeim verðstöðvunaraðgerðum, en engu að síður hefur farið svo um þennan skatt eins og hefur farið um ýmsa skatta, að það þykir erfitt að fella þá niður. Við erum hér með gamlan kunningja af þessu tagi, sem er framlenging ýmissa gjalda með viðauka. Ég man ekki, hve marga áratugi er búið að framlengja þetta frá ári til árs, og hefur stundum komið til orða, að það væri réttast að fara að lögfesta þetta, það væri búið að vinna sér hefð, og ætli það fari ekki svo með þennan blessaða launaskatt að lokum. Engu að síður hefur sá háttur verið á hafður að framlengja þetta frá ári til árs, og frv., sem hér er um að ræða, er þess efnis, að það gildi út næsta ár.

Út af fyrir sig hefur Sjálfstfl. ekki sett sig gegn því, að þetta yrði gert, þó að segja megi, að rökin fyrir því séu nokkuð breytt og ekki sömu ástæður fyrir hendi og var um þær tvennar verðstöðvanir, sem ég vék að, að hefði verið talið nauðsynlegt að beita þessari fjáröflun í sambandi við. En ég vildi láta það koma fram hér, að ástæðan til þess, að við hv. 2. þm. Reykv., Geir Hallgrímsson, vorum ekki á fjhn.-fundi í gær, þegar þetta var afgreitt, var eingöngu sú, að sá fundur var sameiginlegur fundur fjh.- og viðskn. þd., þar sem var verið að ræða um tollskrárfrv., og hafði ekki verið boðað, að það yrði svo sérfundur í fjh.- og viðskn. Ed. til að ræða um þetta mál, sem hér ligur fyrir. Af þeirri ástæðu höfðum við vikið af fundi, þar sem við höfðum öðr-

um störfum að sinna. Vil ég, að þetta komi fram. En það sýnir á engan hátt nein sérstök mótmæli gagnvart afgreiðslu þessa máls. Við munum því eftir atvikum geta fallist á, að þetta verði framlengt þetta eina ár án allrar skuldbindingar um, hvað verður í framtíðinni. Það verður að athuga að sjálfsögðu.

Hér hafa, síðan þetta frv. var flutt, verið lagðar fram brtt., sem ekki hafa verið athugaðar, að ég hygg, sérstaklega í n., og ég geri ráð fyrir, að flm. þeirra till. muni mæla hér fyrir þeim. Það eru meira formbreytingar, sem þar er um að ræða, en geta vafalaust átt rétt á sér. Ég tel, að það hefði verið æskilegt, að n. fengi tækifæri til að taka þær till. til sérstakrar athugunar, og væri ekki óeðlilegt. Þar sem frv. er nú í seinni d., liggur ekki svo mjög á, því að það ætti að vera öruggt, að það komist í gegn engu að síður. Við viljum ekki bregða fæti fyrir það, að 3. umr. um þetta mál verði tekin fyrir hér í dag. Ég veit ekki, hvað hæstv. forseti hefur hugsað sér í því, en n. ætti að gefast kostur á milli 2. og 3. umr. að athuga þessar brtt.

Þorv. Garðar Kristjánsson: Herra forseti. Við 1. umr. þessa máls í gær sagði ég nokkur orð, sem sérstaklega var beint til fjmrh. Ég gerði ráð fyrir, að hann yrði við þessa umr. Hæstv. forseti tjáði mér áðan, að hann mundi verða við. (**Forseti:** Hæstv. ráðh. er á leiðinni.) Ég vildi mjög eindregið óska eftir því að fá að fresta þessum umr., þar til ráðh. kemur. — (Fundarhlé.)

Herra forseti. Í þeim orðum, sem ég sagði í gær við 1. umr. málsins, sagði ég, að ég mundi bera fram brtt. Þær yrðu að vissu leyti um formsatriði, en þó veigamikið atriði að því leyti, að gert yrði ráð fyrir, að 1% launaskatturinn, sem rennur til Byggingarsjóðs ríkisins, sé varanlegur, eins og upphaflega var samkv. l. um launaskatt frá 1965. Ég hef því leyft mér á þskj. 258 að bera fram brtt. um þetta efni. Þær eru þess eðlis, að þær fylgja nákvæmlega því, sem ég tel, að hæstv. fjmrh. hafi lofað, að breytt yrði, bæði hér í hv. d. í des. s.l. og í apríl s.l. En það er aðeins ein önnur lítil breyting, sem ég skal koma að síðar.

Samkv. þessu geri ég það að till. minni við 1. gr. frv., að í 1. mgr. verði sú breyting, að í staðinn fyrir 2½% standi 1%, þ.e.a.s. að mgr. eigi einungis við þann launaskatt, sem rennur til Byggingarsjóðs ríkisins. Og í brtt., sem ég geri við 2. mgr. frv., segir: „Skattur þessi rennur til Byggingarsjóðs ríkisins sem stofnfjárframlag". Þetta orðalag er nákvæmlega eins og það stóð í l. frá 1965. En samkv. frv., eins og það er lagt fram, er reiknað með í þessari mgr. 1½% launaskatti til ríkissjóðs jafnframt. Þessi gr., þ.e. 1. gr. frv., verður þá, ef till. mínar verða samþ., eins og l. voru frá 1965, þó með einni breytingu, sem komin er inn í l., þ.e.a.s. það er felldur niður launaskattur af tekjum sjómanna. Ég hefði haft tilhneigingu til að bera líka fram brtt. við það, en ég geri það ekki, bæði vegna þess að ég tel, að hæstv. fjmrh. hafi ekki lofað neinum breytingum á því atriði, og svo, að þó að þarna sé um 25 millj. kr. skerðingu á tekjum Byggingarsjóðs að ræða eins og ég kom inn á í umr. í gær, þá læt ég það gott heita í trausti þess, að nú fari að koma einhverjar efndir á margítrekuðum loforðum ríkisstj. um tekjuöflun til Byggingarsjóðs. — Þetta var um 1. gr. frv.

Þá er brtt. mín við 2. gr. frv. um, að hún falli niður, því að þarna er tekið fram, að Byggingarsjóður ríkisins greiði til ríkissjóðs 1% af hluta sjóðsins af innheimtum launaskatti. Það er vegna þess, að það er gert í 1. gr. frv. bæði ráð fyrir launaskatti til Byggingarsjóðs og ríkissjóðs. Þetta ákvæði í 2. gr. á því ekki við. En í síðari brtt. minum er ein brtt. mín um það, að 10 gr. l. um launaskatt frá 1965 hljóði svo:

„Byggingarsjóður ríkisins greiðir 1% af innheimtum launaskatti, samkv. l. þessum, til ríkissjóðs vegna kostnaðar af framkvæmd laganna."

Þetta er nákvæmlega eins og 10 gr. l. var 1965, þegar l. áttu einungis við 1% launaskatt til Byggingarsjóðs ríkisins.

Þessar breytingar, sem ég hef nú greint frá, fela það í sér, að ekki er gert ráð fyrir nema 1% launaskatti til Byggingarsjóðs, eins og l. um launaskatt frá 1965 kváðu á um. Þar sem í frv. er gert ráð fyrir, að launaskatturinn til ríkissjóðs eigi að gilda aðeins í eitt ár, er eðlilegra, að það ákvæði komi í ákvæði til bráðabirgða, og ég geri till. um, að það hljóði svo:

„Frá 1. jan. 1974 og til loka þess árs skal fjárhæð almenns launaskatts samkv. 1. gr. nema 2½% og 1½% renna í ríkissjóð."

Þetta ákvæði á ekki að gilda nema til eins árs, og því er eðlilegt, að það komi þarna án þess að raska meginmáli laganna.

Af þessu leiðir, svo sem ég sagði í upphafi, að þessar till. gera enga efnislega breytingu á því frv., sem hér liggur fyrir, nema þá að 1% launaskatturinn til Byggingarsjóðs ríkisins verður varanlegur, eins og upphaflega var gert ráð fyrir, þegar Byggingarsjóði ríkisins var fenginn þessi mikilvægasti tekjustofn sinn.

Ég vil nú leyfa mér að vona, að hæstv. fjmrh., sem ég tel, að sé mér sammála samkv. því, sem hann hefur áður sagt um þetta efni, styðji það, að þetta frv. verði leiðrétt á þennan hátt, þannig að það komist í framkvæmd, sem hann hefur áður lofað í þessu efni. En ég tel, að þetta sé ekkert hégómamál gagnvart Byggingarsjóði ríkisins.

Ég sagði, að það væri aðeins ein brtt., sem ekki varðar þetta meginefni, sem ég hef gert grein fyrir. Það vildi svo til, að það hefur verið vakin sérstök athygli mín á einum vankanti á þessum l., sem er að finna í 2. mgr. 3. gr. l. frá 1965. 2. mgr. hljóðar svo, með leyfi hæstv. forseta:

„Nú vanrækir launagreiðandi lengur en einn mánuð skil á launaskatti samkv. 1. mgr. þessarar gr., og skal hann þá sæta viðurlögum og greiða til viðbótar skattinum álag, er nemur 25% af því, sem greiða bar."

Mér hefur verið bent á, að það sé skoðun þeirra embættismanna skattayfirvalda, sem við þetta fást, að þetta sé meinlegt ákvæði, vegna þess að menn þurfa að greiða 25% álag, þó að kannske fyrir slysni muni einum degi, og þeir þurfi ekki að greiða meira, þótt það dragist a. m. k. ár, að þeir greiði skattinn, þarna þurfi að vera einhver sveigjanleiki í þessu, sem skattyfirvöldin geti svo notað og tekið mið af, hvað vanskilin

hafa staðið lengi. Með tilliti til þessa legg ég til, að í staðinn fyrir „nemi 25%“ komi: nemi allt að 25%. Þá mætti setja nánari ákvæði um framkvæmdina í reglugerð. En þetta er óskylt hinu atriðinu, og ég tek fram, að hæstv. fjmrh. hefur engu lofað um þetta atriði og ég hef ekki rætt það við hann.

Fjmrh. (Halldór E. Sigurðsson): Herra forseti. Út af brtt. þeim á þskj. 258, sem hv. 5. þm. Vestf. hefur flutt, vil ég segja það, að það er rétt, sem hann hefur vitnað til í sambandi við þetta frv. og það, sem ég sagði hér í fyrra, en einhvern veginn stóð ég í þeirri meiningu, að við breytinguna, sem gerð var í fyrravetur, hefði þessu verið breytt aftur í það horf, sem upphaflega frv. var. En þegar það var samið í fjmrn. í fyrrahaust, var því breytt, án þess að ég vissi þá um breytinguna, sem var fólgin í því að gera þetta að varanlegum skatti.

Hins vegar hefur sú hugmynd komið fram og að því hefur verið töluvert unnið að breyta frv. um launaskatt, og er það verk nú næstum því fullunnið. Ég býst við að sýna það hér í vetur, og getur Alþ. þá afgreitt það í rólegheitum. Þar kemur sú hugsun fram að gera að einu máli þessa innheimtu ásamt öðrum atvinnurekendaiðgjöldum, sem nú ganga til tryggingaanna. Það er mikið stúss í kringum þessa margföldu innheimtu hjá sömu aðilum, og það er miklu meira mál en þetta mál er, eins og það liggur fyrir hér. Ég skal ekki segja um það, hvað hv. alþm. kann að sýnast um þá hugmynd, en það er spor í þá átt, sem er verið að reyna að stefna að í skattakerfinu, að fækka sköttunum og fella saman í eina heild það, sem saman á að vera, í stað þess að innheimta af sama aðila 3 eða 4 gjöld, sem mættu vera eitt.

Ég held því, að þegar þetta frv. var samið nú, þá hafi það verið með hliðsjón af þessu og þess vegna hafi það verið haft óbreytt, eins og það var í gildandi lögum. Það mun hafa verið eitthvert misminni hjá mér, að við hefðum breytt þessu aftur í fyrra, þegar við breyttum launaskattinum í sambandi við sjómannafrádráttinn. Þess vegna er það rétt, að ég hef heitið því, að þetta skyldi gert, og verð ég að segja eins og er, að mér þykir slæmt, að það sé hægt að halda því fram, að ég standi ekki við það, sem ég hef gefið fyrirheit um. Þess vegna hefði ég getað hugsað mér til samkomulags nú, að aðeins yrði gerð sú breyting, sem er fólgin í því, sem við hv. 5. þm. Vestf. ræddum hér um í fyrra, og að málið yrði þá afgreitt hér úr hv. d. í dag, af því að það verður þá að fara aftur til Nd. Ef um það verður samkomulag, mun ég ekki leggjast gegn því, því að ég minnist þess, að það er rétt með orð mín farið, og satt að segja stóð ég í þeirri meiningu, þegar ég óskaði eftir því, að frv. yrði haft eins og l. væru, að breytingin hefði verið gerð, þegar l. var breytt í fyrravetur.

Ef hv. 5. þm. Vestf. vildi fallast á, að við breyttum frv. þannig, að það yrði aðeins um þá breytingu að ræða og málið yrði afgreitt frá þessari hv. d. í dag, mundi ég vilja gera um það samkomulag til þess að standa við það, sem ég hef áður sagt, enda er það svo með þetta mál, að á einhvern hátt verður forminu á því breytt, því að launaskatturinn og þessi gjöld, þetta þarf að falla saman í eitt, og er ástæðulaust að vera með þetta svona frá ári til árs.

Ég vil því leyfa mér að gera það tilboð til hv. þm., að við höldum okkur eingöngu við þessa breytingu, því að ég hef ekki haft aðstöðu til þess að setja mig inn í annað, og bráðabirgðaákvæðið gilti þá um þetta eina prósent, ef það yrði að samkomulagi, að við afgreiddum málið út úr þessari hv. d. á þessum degi.

Þorv. Garðar Kristjánsson: Herra forseti. Ég vil fagna því, sem hæstv. ráðh. hefur sagt. Þó að ég telji, að 25% álagið, sem ekki varðar þetta höfuðmál, sem við höfum rætt um, sé nokkurt atriði, þá tel ég, eins og ég tók raunar fram, að um það hafi engu verið lofað af hálfu ráðh. að breyta í því efni. Ég tek því tilboði hans, að við sameinumst um að gera þá breytingu, sem um hefur verið talað. Ég mundi þá draga þessa till. til baka. Ég hef ekkert á móti því, að málið verði afgr. nú frá d., af því að það þarf að fara til einnar umr. í Nd. Ég þykist viss um, að þetta hindri ekki framgang málsins á þessu þingi. Ég fagna þessu og mun draga þessa einu till. til baka.

ATKVGR.

Brtt. 258, 1 samþ. með 14 shlj. atkv.
1. gr., svo breytt, samþ. með 14 shlj. atkv.
Brtt. 258, 2 (2. gr. falli niður) samþ. með 12 shlj. atkv.
— 258, 3. a, tekin aftur.
Brtt. 258, 3. b-d (þrjár nýjar gr. verða 2.—4. gr.) samþ. með 13 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 13 shlj. atkv.

Efri deild, 40. fundur.

Laugardaginn 15. des., að loknum 39. fundi.

Tekjustofnar sveitarfélaga, frv. (þskj. 263). — 3. umr.

Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði samþ. með 11. shlj. atkv.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 13 shlj. atkv. og afgr. til Nd.

Launaskattur, frv. (þskj. 264). — 3. umr.

Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði samþ. með 11 shlj. atkv.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 14 shlj. atkv. og endursent Nd.

Efri deild, 41. fundur.

Mánudaginn 17. des., kl. 2 miðdegis.

Norðurlandasamningur um hjúskap, ættleiðingu og lögráð, frv. (þskj. 248). — 1. umr.

Forsrh. (Ólafur Jóhannesson): Herra forseti. Þetta frv. er um heimild fyrir ríkisstj. til að láta öðlast gildi samkomulag milli Íslands, Danmerkur, Finnlands, Noregs og Svíþjóðar um breyt. á Norðurlandasamningi frá 6. febr. 1931 um alþjóðleg einkamálaréttarákvæði, hjúskap, ættleiðingu og lögráð, en samkomulag þetta var gert í Stokkhólmi 20. nóv. 1973.

Samning Norðurlandanna um það efni, sem hér var rakið, frá 6. febr. 1931 var heimilað að fullgilda, að því er Ísland varðar, með l. nr. 29 8. sept. 1931, en í þessum samningi eru settar reglur um alþjóðleg einkamálaréttarákvæði um hjúskap, ættleiðingu og lögráð, er gilda skulu á milli Norðurlanda. Grundvöllur samningsins er hið nána lagasamræmi á Norðurlöndum á þessu sviði. Samningi þessum hefur verið breytt tvisvar lítillega, á árunum 1954 og 1969.

Á þessu ári hefur orðið allveruleg breyting á sænskum hjúskaparlögum, og taka hin nýju sænsku hjúskaparlög gildi 1. jan. 1974. Segja má, að breyt. þær, sem nú hafa verið lögfestar í Svíþjóð, raski nokkuð hinu nána lagasamræmi Norðurlandanna, að því er hjúskaparlöggjöfina varðar. Þó eru breytingarnar ekki svo umfangsmiklar, að grundvelli þessa Norðurlandasamnings sé raskað, en nauðsynlegt hefur hins vegar verið talið að gera nokkrar breyt. á samningnum vegna þessara nýju sænsku hjúskaparlaga.

Endurskoðun á hjúskaparlögum og jafnframt á lögum um fjármál hjóna fer nú fram á öllum Norðurlöndunum. Er því líklegt, að heildarendurskoðun á samningnum verði nauðsynleg á næstu árum. Hins vegar hefur ekki verið talið fært að draga að fá staðfestar þær breyt. á honum, sem felast í þessu samkomulagi, en samkomulagið er birt sem fylgiskjal með frv.

Um það, í hverju þessar breytingar eru fólgnar, eru skýringar í aths., sem ég sé ekki ástæðu til að rekja. Með þessu samkomulagi er ekki leyst úr öllum vandamálum, sem upp geta komið í sambandi við það misræmi, sem verður á milli lagareglna um skilnað samkv. sænskum l. annars vegar og lagareglna hinna fjögurra ríkja hins vegar, en þó ættu ekki að vera vandkvæði á því að leysa úr þeim vandamálum vegna lagamisræmis í höfuðatriðum.

Herra forseti. Það er æskilegt að gera ráð fyrir því, að þetta samkomulag geti orðið löggilt um áramót, og þess vegna væri ákjósanlegt, að þetta frv. gæti gengið með nokkrum hraða í gegn. Ég vona, að það mæti ekki fyrirstöðu, vegna þess að ég geri ekki ráð fyrir því, að það verði neinn ágreiningur um það. Ég vil leyfa mér að leggja til, að málinu verði að lokinni þessari umr. vísað til 2. umr. og hv. allshn.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 12 shlj. atkv. og til allshn. með 12 shlj. atkv.

Alþt. 1973. B. (94. löggjafarþing).

Efri deild, 42. fundur.

Mánudaginn 17. des., kl. 6 síðdegis.

Norðurlandasamningur um hjúskap, ættleiðinu og lögráð, frv. (þskj. 248, n. 269).

Of skammt var liðið frá 1. umr. og útbýtingu nál. — Afbrigði samþ. með 17 shlj. atkv.

Frsm. (Björn Fr. Björnsson): Herra forseti. Frv. það, sem liggur hér fyrir til umr., fjallar um að veita ríkisstj. heimild til að láta öðlast gildi samkomulag milli Norðurlandaþjóðanna fimm um breytingu á Norðurlandasamningi frá 6. febr. 1931 um alþjóðleg einkamálaréttarákvæði um hjúskap, ættleiðingu og lögráð.

Um efni frv. leyfi ég mér að vísa til framsöguræðu hæstv. dómsmrh. fyrr í dag og ítarlegrar grg. um málið, sem fylgir frv.

N. hefur fjallað um frv. og mælir með samþykkt þess. Fjarstaddir voru afgreiðslu málsins hv. þm. Eggert G. Þorsteinsson og Magnús Jónsson.

ATKVGR.

1.—2. gr. samþ. með 14 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 15 shlj. atkv.

Lyfjaframleiðsla, frv. (þskj. 103, 221, 246). — 3. umr.

Magnús Jónsson: Herra forseti. Í öllum þessum óskaparönnum, verð ég að biðja afsökunar á því, að maður tekur ekki eftir sem skyldi, en hér var komið að máli, sem ég leyfði mér að gera nokkuð að umtalsefni við 2. umr. þess. Hæstv. heilbrrh. var þá ekki viðstaddur, og vil ég því gjarnan leyfa mér að endurtaka nokkur atriði, sem ég spurðist fyrir um við þá umr., en það var nánast til þess að fá úr því skorið, hvort ég skildi frv. rétt eða einstök atriði þess.

Það er í fyrsta lagi, hvort það er ekki rétt skilið, að það sé ekki hugmyndin með þessu frv. að breyta þeim reglum, sem nú gilda varðandi heimildir til lyfjaframleiðslu, ef viðkomandi uppfyllir þau skilyrði, sem tilgreind eru í 1. gr. frv., enda þótt ekki verði af stofnun þess félags, sem er gert ráð fyrir í II. kafla. Í 1. málsgr. 1. gr. er talað um, sem raunar allir vita, að enginn aðili megi framleiða lyf nema að fengnu leyfi ráðh. Þetta er mín fyrsta fsp. Ég skil það að vísu svo, að ekki sé ætlunin að breyta þessu, vegna þess að í öðrum greinum er gert ráð fyrir, að ýmsir aðilar framleiði áfram lyf, og meira að segja í brtt., sem fluttar eru af n., er gert ráð fyrir að gera það ótvírætt, að jafnvel fleiri aðilar megi framleiða lyf, sem þar greinir. En þetta tel ég ákaflega veigamikið til þess að gera sér grein fyrir, hvaða þýðingu eða áhrif þetta frv. kann að hafa.

Í öðru lagi, sem er raunar meginefni aths. minna við frv., er það, hvort í frv. felist í raun inni nokkuð nema það eitt að fá heimild til að steypa saman Lyfjaverslun ríkisins og samtök-

um lyfsala, ef samkomulag næðist um það, í eitt hlutafélag, sem ríkið á að eiga, að mér skilst, a. m. k. 50% í. Það er mál út af fyrir sig. Er þetta ekki í rauninni eina efni frv? Verðlagning lyfjaframleiðslu er engin nýjung að því leyti til, að þar er þegar verðlagseftirlit og hefur alltaf verið. Lyfjaverðlagsnefnd hefur gert ráð fyrir ákveðnu verði lyfja, þannig að þar er ekki um neina nýjung að ræða.

Mér sýnist við athugun á frv., að eina efnisatriði frv. — og ég bið ráðh. að leiðrétta, ef það er ekki rétt, — sé sú hugleiðing nánast, sem er gert ráð fyrir í II kafla, að myndaður verði þessi félagsskapur. Þá kom það upp í huga minn, hvort þetta frv. væri ekki að ýmsu leyti óeðlilegt, ef þetta er rétt skilið, eins og ég hef skilið það, að þarna væri í rauninni aðeins það eitt nýtt, að það væri verið að leita heimildar til að hefja viðræður við — ja, það er nefndur tilteknn aðili þarna, hvort þar kunna að vera fleiri aðilar, veit ég ekki, það skiptir ekki meginmáli, — að hefja viðræður við aðra lyfjaframleiðsluaðila í landinu um það, að með frjálsum hætti, ég endurtek: frjálsum hætti, verði stofnað til félagsskapar. Ef þetta er rétt skilið hjá mér, hefði mér fundist, að þetta frv. ætti ekki að vera með þessum hætti, heldur ætti það að vera svipað og hefur verið gert í fleiri tilfellum, að veita ríkinu heimild til að stofna einhvers konar undirbúningsfélag, sem ynni að tilteknu verkefni, og síðan yrði leitað staðfestingar Alþ. á því samkomulagi, sem yrði milli þessara aðila, þegar búið væri að ganga frá þeim samningum.

Nú veit ég ekki, hvort þetta samkomulag er það langt komið, að það megi líta svo á, að orðnir séu samningar, þannig að hér sé raunverulega verið að staðfesta þegar gerðan hlut, og þá má út af fyrir sig segja, að væri ekkert við það að athuga að hafa þetta í þessu formi. En mér sýnist þetta bera dálitinn keim af því, að hér sé verið að leggja fram frv. til þess eins að þjóna ákveðinni setningu í tilteknum sáttmála, sem við vitum báðir, hæstv. ráðh. og ég, hvað við er átt með, að hægt sé að fullnægja því, sem er ákaflega merkilegt hugtak, svokallaðri félagslegri stjórn og félagslegum umbótum.

Nú veit ég að vísu ekki, hvað þetta merkir, því að verði ekkert úr þessu samkomulagi, hef ég skilið þetta mál þannig, að Lyfjaverslun ríkisins, sem er þegar til, geti framleitt öll þau lyf, sem hún vill. Það eru engar hömlur á því. Það eru fullgild lög fyrir því. Hún mun þá halda áfram sínu starfi, og lyfjaframleiðendur, ef þeir vilja ekki fallast á það, sem segir í þessu frv., munu líka halda áfram sínu starfi og hafa rétt til þess að starfa áfram, ef þeir fullnægja þeim skilyrðum, sem eru í 1. gr. frv. Flestir þeir aðilar hafa þegar leyfi, og varla er verið að bíða eftir þeim. En sé þetta hins vegar svo, að málið sé komið á það úrslitastig, að hér þurfi ekki lengur að leita neinna bráðabirgðaheimilda, þá hefði í rauninni verið eðlilegra að hafa það í því formi og gera þá ráð fyrir því, að Lyfjaverslun ríkisins yrði lögð niður. Það eru að vísu mjög óljós ákvæði til um Lyfjaverslun ríkisins, en það er ekki gert ráð fyrir í þessu frv., að hún verði lögð niður. Og varla er ætlunin, að Lyfjaverslun ríkisins starfi áfram sem lyfjaframleiðandi, ef þetta nýja fyrirtæki verður sett á laggirnar.

Ég vil taka það skýrt fram, að ég hef ekkert á móti þeirri hugmynd, að slíkt sameignarfyrirtæki ríkis og einstaklinga verði myndað, eins og ég upplýsti við 1. umr., og ég vil aðeins endurtaka, af því að hæstv. ráðh. er hér staddur, það, sem honum raunar vafalaust er kunnugt um, að þegar lyfsölustjóri féll frá fyrir nokkrum árum, þá fór fram athugun á því og nokkrar viðræður milli lyfsala og heilbrrn. og fjmrn. um, hvort ekki væri rétt að kanna möguleika á því að efna til sameiginlegrar lyfjaframleiðslu, þannig að Lyfjaverslun ríkisins yrði hlutdeildaraðili í slíku sameiginlegu lyfjaframleiðslufyrirtæki einkaaðila og ríkisins. Úr því varð ekki þá, og getur verið, að það hafi ekki verið nægilega vel að því unnið, ég skal ekki segja um það, menn voru þá ekki reiðubúnir til þess. Í rauninni taldi Lyfjaverslun ríkisins líka á því ýmsa annmarka og var þess ekki sérstaklega hvetjandi eða forráðamenn hennar. Alla vega varð ekki úr því. En ef þetta er nú komið það langt, eins og má ætla, úr því að yfirleitt er verið að sýna þetta frv. hér, að gert sé ráð fyrir því, að þetta verði að raunveruleika, þá finnst mér, eins og ég áðan sagði, að það hefði verið eðlilegt að gera þá ráð fyrir, að samtímis gengi Lyfjaverslun ríkisins inn í þetta fyrirtæki og yrði lögð niður.

En það er annað atriði í því sambandi, sem ég einnig gerði fsp. um og ég finn ekki hér nein ákvæði um, og það er, að ef stofnað verður hlutafélag, þá þarf að hafa eitthvert fjármagn, og hvað er ætlunin, að fjármagn þessa hlutafélags sé mikið, og hvað leggur ríkið þar fram. Ég hygg, að það sé fram undan þörf á að byggja yfir Lyfjaverslun ríkisins, þó að hún haldi áfram í óbreyttu formi. Ég spyr að þessu, til þess að hv. þm. geti gert sér grein fyrir því, hvernig ætlunin er að byggja þetta fyrirtæki upp, því að það getur auðvitað haft veigamikla þýðingu, bæði varðandi framgang þess, hvernig því vegnar, að það sé vel upp byggt, en að hinu leytinu haft þá þýðingu, að ef ríkið sem hinn sterki aðili gerir of miklar fjárkröfur, þá verður ómögulegt fyrir einkaaðila að gerast þarna aðilar að. Nú er ég ekki að segja, að það eigi að vera svo, en mér finnst eðlilegt, að þær upplýsingar liggi fyrir, hvernig ætlunin er að byggja fyrirtækið fjárhagslega upp, þ. e. a. s. hvert verði hlutafé þess.

Ég held, herra forseti, að þetta hafi aðallega verið það, sem ég ræddi um í ræðu minni við 2. umr. þessa máls og ég hefði gjarnan viljað fá ljósari skýringar á, vegna þess að sannast sagna er mér ekki alveg ljóst, eins og þetta mál liggur fyrir, til hvers það er flutt, nema eins og ég segi, að það sé komið það langt á leið, þessar hugleiðingar, að það sé ætlunin og þegar ráðið, að segja má, að leggja niður Lyfjaverslun ríkisins og stofna hlutafélag með þátttöku ríkisins og einkaaðila í staðinn.

Heilbr.- og trmrh. (Magnús Kjartansson): Herra forseti. Ég gat því miður ekki verið viðstaddur 2. umr. hér í hv. þd., vegna þess að ég var fastur við æðimargar atkvæmagreiðslur í þeirri d., þar sem ég hef atkvæðisrétt.

Hv. þm. Magnús Jónsson bar hér fram 3 fsp. til mín. Í fyrsta lagi, hvort ekki væri rétt skilið, að ekki væri hugsað að breyta þeirri reglu, sem nú gilti um lyfjaframleiðslu. Þetta er alveg rétt skilið. Það er ekki ætlunin að breyta því neitt, það sé hægt að halda áfram lyfjaframleiðslu í einstökum apótekum, eins og verið hefur. Það stendur ekki til að gera neinar breytingar á því.

Í annan stað taldi hv. þm., að það fyrirkomulag, sem þarna væri gert ráð fyrir, að stofna sameiginlegt fyrirtæki, sem um er fjallað í II. kafla, væri dálítið óeðlilegt fyrirkomulag, og kannske hefði verið eðlilegra að hafa það form á, sem stundum hefur verið haft hér í þinginu, að stofna fyrst undirbúningsfélag, en byggja síðan endanlegt fyrirtæki á grundvelli þess. Um þetta er það að segja, að við höfum haft þann hátt á að stofna undirbúningsfélög, þegar um er að ræða framleiðslu, sem ekki hefur verið fyrir í landinu, og þá hefur verið kannað sérstaklega, hvort það væri skynsamlegt og fjárhagslega hagkvæmt að ráðast í slíka framleiðslu. Hins vegar í sambandi við lyfjaframleiðslu, þá er um nokkra framleiðslu að ræða í landinu, bæði hjá Lyfjaverslun ríkisins og hjá einstökum apótekum, og þess vegna held ég, að sá háttur, sem á er hafður í þessu frv., sé fullkomlega eðlilegur, og um þetta hafa farið fram viðræður, eins og mönnum er kunnugt um.

Hvað viðvíkur þriðju spurningunni um fjármögnun, þá get ég raunar ekki svarað henni. Það er ætlunin, ef þetta frv. verður samþ., að fara þarna í alvarlegar viðræður við einkaaðila um, hvort áhugi sé á því að koma á laggirnar slíku sameiginlegu fyrirtæki, og það verður náttúrlega á grundvelli þeirra viðræðna að ráðast, hvernig hlutafé verður háttað, og önnur fyrirkomulagsatriði. Ég veit ekki annað en að um þetta sé samkomulag og það sé mat allra, sem að þessum málum vinna, að það væri mjög nauðsynlegt og hagkvæmt fyrir Íslendinga að koma upp einu eins öflugu fyrirtæki á þessu sviði og hægt er. Markaðurinn hér innanlands er, sem kunnugt er, ákaflega takmarkaður, og við eigum þarna í samkeppni við erlenda aðila, sem búa yfir mjög háþróuðum iðnaði á þessu sviði, enda hefur reynslan því miður verið sú að undanförnu, að íslensk lyfjaframleiðsla hefur sífellt farið minnkandi í baráttunni við innflutt lyf. Ég held, að það sé ástæða til að reyna að gera ráðstafanir til þess, að þeirri þróun linni og jafnvel að dæminu verði snúið við.

Í því sambandi, vil ég minna á, að mjög hæfir vísindamenn hafa látið uppi þá skoðun nú að undanförnu, að við höfum tök á því að hefja lyfjaframleiðslu til útflutnings. Einn af hæfustu apótekurum landsins hefur bent á fúkkalyf í því sambandi. Og í annan stað hefur verið bent á það, að hægt væri að vinna lyfjaefni úr fiskúrgangi. Ef sú hugmynd reynist framkvæmanleg, höfum við þar vissulega ærið hráefni og kynnum að hafa tök á því að búa til ákaflega verðmæta vöru úr efnum, sem nú er hreinlega fleygt.

Annars kemur mér dálítið á óvart, hvað nál. hv. minni hl. er ákaflega neikvætt. Ég hélt satt að segja, að um þetta mál væri ekki raunverulegur ágreiningur. Það er vitnað í lok nál. í málefnasamning ríkisstj., og ég er að sjálfsögðu feginn því, að menn fylgi þeirri áskorun hæstv. forsrh. að lesa þann ágæta samning að morgni, á kvöldin og um miðjan dag. (Gripið fram í) En hitt er mesti misskilningur, sem þar segir, að þetta frv. sé ekki í neinum tengslum við það fyrirheit í stjórnarsáttmálanum að endurskipuleggja lyfjaverslunina með því að tengja hana við heilbrigðisþjónustuna og setja hana undir félagslega stjórn. Að sjálfsögðu er þetta frv. liður í heildarendurskoðun lyfsölulaganna, en meginþættir þeirra eru fjórir: innflutningur og heildsala, framleiðsla, smásala og rekstur lyfjabúða og almenn ákvæði um lyf. Að lyfjaframleiðsla sé ekki hluti af lyfjaverslun, er svo fráleitt sjónarmið, að ekki þarf frekar um það að tala, *held ég. Ég læt nægja að benda á þann* ríka þátt, sem lyfjaframleiðsla hefur fram að þessu verið í starfsemi flestra stærstu lyfjabúðanna hér. En eins og ég sagði áðan, hefur framleiðslutækni fleygt svo fram og kröfur um gæði og sönnun gæðanna eru svo ört vaxandi, að ef ekki verður haldið vel á málum á vettvangi lyfjaframleiðslu, eru allar horfur á því, að innan tíðar verði svo til einungis á markaðnum hér lyf, sem framleidd eru erlendis, vegna þess að framleiðsluaðstaðan hér er svo léleg, hún er svo frumstæð í samanburði við það, sem gerist annars staðar, að við erum hreinlega ekki samkeppnishæfir.

Í nál. er einnig minnst á öryggissjónarmið og bent á, að það sé öryggissjónarmið, sem mæli gegn algerri miðskipan framleiðslu í einu fyrirtæki. Það er alveg rétt, að það er nauðsynlegt að undirstrika öryggissjónarmið, og það má líta á þau sem tvenns konar: Í fyrsta lagi öryggi um birgðir, þ. e. a. s. að ævinlega séu í landinu nægar birgðir af lyfjum, sem við þurfum á að halda, og að það sé tryggt með einhvers konar yfirstjórn, að slíkar birgðir séu tiltækar, og í öðru lagi er öryggi um gæðin. Gæðakröfur krefjast kostnaðarsamrar rannsóknartækni, en sá kostnaður verður að sjálfsögðu hlutfallslega minni, eftir því sem hver framleiðslulota er stærri. Um öryggi í framleiðslu og birgðahaldi er það að segja, að engum stendur það nær en ríkisvaldinu að sjá um, að slíkt sé tryggt. Lyfjaframleiðslu lyfsala og ríkisins má auðveldlega skipuleggja með tilliti til ákjósanlegasta öryggis. *Slíkt má t. d. gera með því að geyma ávallt* hluta birgða fjarri framleiðslustað og jafnframt má gera ráð fyrir því, að framleiðslan verði ekki öll undir sama þaki. Það hefur aldrei staðið til, að hér yrði endilega um að ræða eina byggingu, þar sem væru framleidd öll lyf, heldur gætu fyrirtæki, sem nú eru fyrir, haft með sér þá samvinnu, sem gert er ráð fyrir, þó að þau starfi áfram hvert á sínum stað. Þarna mæla hagkvæmnissjónarmið ekki í móti, þar eð framleiðsla einstakra lyfjaforma er vel aðgreinanleg. En á þetta atriði í sambandi við öryggi yrði að sjálfsögðu að leggja megináherslu af hálfu ríkisins.

Eins og ég sagði áðan, verða engar hömlur settar á starfsemi annarra lyfjaframleiðenda aðrar en sjálfsagðar faglegar kröfur. Enda þótt þróunin hafi verið í þá átt, að lyfjabúðir hafi dregið úr hlutverki sínu sem lyfjaframleiðendur

og framleiðendum fækki þannig, er engan veginn hægt að fullyrða, að þar með sé komin upp einhver einokun. Réttur þeirra, sem uppfylla ákveðin fagleg skilyrði, er ótvíræður, og mér finnst raunar, að í nál. minni hl. komi fram býsna einkennilegar andstæður í rökstuðningi. Þar er í fyrsta lagi talað um, að þetta sameiginlega fyrirtæki, sem rætt er um, muni verða svo öflugt, að það muni byggja út smærri framleiðslu, sem nú fer fram í apótekum, en í annan stað, er því haldið fram, að lyfjaverð kunni að hækka af þessum sökum, að það kunni að verða dýrara að framleiða lyf í þessu fyrirtæki, en í hinum smærri. Mér sýnist, að þessi sjónarmið stangist algerlega á. Ef þetta sameiginlega fyrirtæki framleiðir lyf á dýrari hátt en hægt er að gera af öðrum, þá náttúrlega blómgast framleiðslan hjá þeim einkaaðilum, sem kynnu að vilja keppa við þetta fyrirtæki.

Ég vil taka það sérstaklega fram hér, að það eru einmitt lyfsalarnir sjálfir, sem komu á framfæri þessari hugmynd, að ríkið og einkaaðilar tækju upp samvinnu til að stuðla að lyfjaframleiðslu. Apótekarafélag Íslands bar fram þegar árið 1967 till. um stofnun slíkrar sameiginlegrar lyfjaverksmiðju, en þá var raunar gert ráð fyrir því, að einkaaðilar ættu þar býsna stóran meiri hluta. En þessi till. var byggð á þeirri skoðun Apótekarafélagsins, að framleiðsla lyfjabúða væri þjóðhagslega óhagkvæm. Því miður varð ekki frekar úr framvindu þessa máls þá, enda virtist áhugi þáverandi stjórnarvalda á málinu tiltölulega lítill, eins og hv. þm. Magnús Jónsson minntist á áðan.

Þessi hugmynd lyfsalanna frá 1967 var tekin upp í sambandi við undirbúning þessa frv., og það hefur ekki farið á milli mála, að eignarhlutur hafi verið eina ágreiningsatriðið, sem máli skiptir. Jöfn eignarhlutföll var niðurstaða, og hlutur ríkisins getur því aðeins orðið stærri, að félag lyfsala og lyfjafræðinga samþykki það.

Mér virðist það hafa farið fram hjá sumum hv. þm. hér í d., að Lyfjafræðingafélag Íslands hefur í umsögn, sem send var Nd. í fyrra, lýst mjög eindregnum stuðningi við þetta frv. Þar segir svo, með leyfi hæstv. forseta: „Lyfjafræðingafélag Íslands telur brýna nauðsyn á því, að miðhverfingu lyfjaframleiðslunnar í landinu verði komið á, sem allra fyrst. Slík miðhverfing hlýtur að auka bæði fjölbreytni og gæði íslenskrar lyfjagerðar og geta orðið henni í alla staði mikil lyftistöng. Með tilliti til þess, að ekki virðast horfur á því, að íslenskir lyfsalar og lyfjafræðingar beri gæfu til þess að sameinast einir og óstuddir um miðhverfingu lyfjaframleiðslunnar í landinu, lýsir Lyfjafræðingafélag Íslands yfir eindregnum stuðningi sínum við framkomið frv. til l. um lyfjaframleiðslu.“

Apótekarafélag Íslands sendi líka umsögn frá sér og þar var um sömu jákvæðu afstöðuna að ræða. Þar var komist svo að orði, með leyfi hæstv. forseta: „Í grg. frv. er sú skoðun Apótekarafélagsins réttilega tilfærð, að stefna beri að uppbyggingu öflugs lyfjaframleiðslufyrirtækis.“ Hins vegar setti Apótekarafélagið viss skilyrði, sem komið hefur verið til móts við í frv., eins og það er lagt fram í dag. En í ályktun Apótekarafélagsins í fyrra, var einnig komist svo að orði, þegar búið var að ræða um þessi skilyrði: „En í þeirri von, að vel takist til með samstarfi ríkisins og lyfjaþjónustustéttanna og það opinbera láti ekki sitja við orðin tóm í frv., en greiði fyrir nauðsynlegri fjáröflun, þegar til stofnunar og rekstrar fyrirtækisins kemur, getur Apótekarafélag Íslands veitt frv. stuðning sinn, ef gerðar verða á því þær efnisbreytingar, sem fram koma í eftirfarandi aths.“

Þarna er sem sé um að ræða stuðning allra þeirra aðila, sem að þessu máli vinna. Og ég veit satt að segja ekki, hverra hagsmuna þeir hv. þm. eru að gæta, sem geta ekki fallist á þessa meginhugmynd, sem er ekki aðeins hugmynd ríkisstj., heldur einnig apótekara og lyfjafræðinga. Ég sé ekki betur en að þeir einu, sem geti beðið hnekki af því, ef þessi hugmynd nær fram að ganga, séu erlendir lyfjaframleiðendur og þá umboðsmenn þeirra, sem hagnast á því að flytja slík lyf inn. Þjóðhagslega séð, tel ég, að hér sé um að ræða verulegt stórmál, mjög nauðsynlegt mál, og ég á erfitt með að skilja, hvernig hægt er að koma að ágreiningi í sambandi við mál eins og þetta.

Magnús Jónsson: Herra forseti. Þetta mál er á engan hátt stórmál, hæstv. ráðh. Það, sem hefur vakið athygli mína á málinu, er það, hvernig frá því er gengið. Mér sýnist helst, að enginn lögfræðingur hafi komið nálægt því að semja frv. En það er kannske m. a. einn ókostur, að hæstv. ráðh. hafi fallið í þá gildru. En sannast sagna sýnist mér, að eftir því sem ég skoða þetta mál betur, sé það furðulegra.

Ég þakka hæstv. ráðh. fyrir svör hans. Hann hefur mjög skilmerkilega staðfest það, sem ég hélt fram í upphafi, að í rauninni væri ekkert efni í frv., sem ekki væri þegar til staðar, og það eina, sem hér væri um að ræða, væri að veita ríkisstj. heimild til að gerast aðili að fyrirtæki um lyfjaframleiðslu. Þetta er út af fyrir sig allt í lagi að gera. En það er næsta nýstárlegt að fara að lögfesta hér lög þess félags. Þetta yrði einkafyrirtæki með hlutdeild ríkisins. Og ég veit ekki, hvaða ástæða er til þess að fara að ákveða hér, hvernig þessu skuli skipta í deildir, og annað þess konar, en ekki að fyrirtækið ráði því sjálft. Svo verður mér á að spyrja: Er ætlunin, að þetta verði hlutafélag, eða ekki? Það er talað alls staðar um fyrirtæki. Auðvitað má skilja það á ýmsan hátt, það segir ekki til um, í hvaða formi þetta skuli vera. Sé ætlunin, að það verði hlutafélag, vantar í þetta ákvæði eitt veigamikið atriði, lögfræðilega séð, og það er um atkvæðisrétt og eignaraðild. Hluthafar eru ekki nema tveir. T. d. í ákvæðunum um kísilgúrverksmiðju er tekið fram, að það sé undanþegið hlutafélagalögunum hvað snertir þau ákvæði. Ég veit, að hæstv. ráðh. veit, að til þess að um hlutafélag geti verið að ræða skv. almennum lögum, þurfa aðilar að vera a. m. k. 5 og enginn getur farið með nema 20% atkvæða. Hér er hvergi að því vikið, hér er aðeins talað um fyrirtæki. Það er kannske ætlunin, að þetta verði sameignarfyrirtæki. En satt að segja eru sameignarfyrirtækin ekki allt of föst í reipum, og þannig er þetta kannske.

Ég bið hæstv. ráðh. að skilja þetta alls ekki svo, að ég sé á móti því, að þetta fyrirtæki sé stofnað. Mér finnst bara svo margar hugleiðingar koma upp við lestur á því, sem gera það að verkum, að ég verð frábitnari því, eftir því sem lengra líður, að samþykkja frv., vegna þess að mér finnst, að það þurfi að undirbúa þetta mál betur og gera sér betur grein fyrir því, hvernig það er hugsað. Það getur vel verið, að ég sannfærist betur við aukinn lestur á gögnum málsins. Það kann vel að vera.

Ég er ekki með neina hleypidóma í þessu efni, og eins og ég sagði áðan, er ég síður en svo á móti því, að slíkt fyrirtæki á vegum ríkisins verði sett á laggirnar með hlutdeild annarra framleiðsluaðila með frjálsum hætti. Og þá þarf ekki til þess annað en einfalda heimild Alþingis, að ríkið megi gerast aðili að slíku fyrrtæki að vissu marki, eiga hlut í því, ef það er hlutafélag, o. s. frv. En það þarf ekki að setja lög þess félags inn í lög frá Alþingi, þannig að það þurfi alltaf að breyta þeim, ef mönnum þykir henta að breyta um starfshætti. Að þessu leyti finnst mér þessi II. kafli vera ákaflega óheppilegur, og nánast settur til málalenginga. Ég fæ ekki séð annan efnivið í honum. Þetta mætti ósköp vel gerast með einni einfaldri gr. um heimild til þess, að ríkið gerðist aðili að slíku fyrirtæki með svo og svo miklu hlutafé að framlagi, ef um það yrði nánara samkomulag. Það væri alveg nægilegt.

Ég sé það nú aftur og skal játa, að ég var ekki búinn að lesa nóg í frv. til þess að ég gæti svarað sjálfum mér um það, að það er ekki hugmyndin að leggja niður Lyfjaverslun ríkisins. Þetta finnst mér nánast furðulegt og gerir það að verkum, að ég er enn fjarlægari frv. Ég hefði haldið, að það væri ætlunin að tengja þetta saman í eina heild. Þannig var rætt um málið á sínum tíma, eins og ég gat um áðan, en varð ekki úr því miður, á þeim tíma, þegar ég fór með yfirstjórn lyfjaverslunarinnar. Ég hefði haldið, líka þess vegna, að það hefði verið ástæða til að skoða þetta mál betur, alls ekki til að setja fótinn fyrir það, heldur til að kanna þetta betur. Það er sjálfsagt að veita heimild til þess, að ríkisstj. megi halda áfram þessu starfi sínu og koma þessu á laggirnar, en að ætlunin sé beinlínis, að Lyfjaverslun ríkisins haldi áfram, eins og þarna er tekið fram, get ég ekki skilið. Mikill þáttur í hennar starfi er lyfjaframleiðslan. Hæstv. ráðh. veit, að lyfjaframleiðsla er undirstöðuatriði hennar í rauninni. En mér hefði fundist, að það ætti að skella þessu saman. Og ég hefði viljað beina því til hæstv. ráðh. að íhuga það, áður en frv. gengur lengra, það verður hvort eð er ekki afgr. fyrir jól, hvort ekki væri rétt að nota tímann til að athuga það nánar. Ég efast um, að það þurfi að vera nokkur ágreiningur um málið, eins og hæstv. ráðh. gat um, ef það væri sett í dálítið eðlilegri búning, og ég treysti honum til að hafa forustu um þá málsmeðferð.

Frsm. minni hl. (Auður Auðuns): Herra forseti. Það voru aðeins nokkur orð í tilefni af ræðu hæstv. heilbrrh. áðan.

Ég skal byrja á því, sem nál. okkar minni hl. heilbr.- og trn. reyndar lýkur með, þar sem vitnað er til málefnasamningsins. Hæstv. ráðh. taldi sjálfsagt, að þegar talað væri um að tengja lyfjaverslunina heilbrigðisþjónustunni og setja hana undir félagslega stjórn, þá ætti það einnig við framleiðsluna. Ég fæ ekki séð, hvers vegna svo þurfi að vera. Ég vil t. d. minna á það, að í Svíþjóð var lyfjaverslunin, smásöluverslunin, að verulegu leyti tekin í hendur ríkisins, án þess að hafa mikil afskipti, a. m. k. enn þá, af sjálfri lyfjaframleiðslunni, svo að ég tel, að þessi fullyrðing í nál. okkar fái staðist.

Það kom fram hjá hæstv. ráðh., að það er ekki búið að ná neinu fullnaðarsamkomulagi við það fyrirtæki, sem aðallega hefur verið rætt hér um, þ. e. a. s. við Pharmaco, um stofnun sameiginlegs fyrirtækis. Þess vegna stendur enn það, sem ég sagði í framsöguræðu og stendur í nál., að frv., á þessu stigi alla vega, eins og það liggur fyrir, er í algerlega óeðlilegri mynd. Það er fyrir fram verið að setja upp í veigamestu atriðum lög fyrir hugsanlegt félag, sem ekki er búið að ná samkomulagi um, að stofnað verði. Þó að aðilar, sem þetta mál snertir, hafi talið sig hlynnta hugmyndinni um samstarf ríkis og einkaaðila um lyfjaframleiðslu, er sá áhugi vissulega bundinn ákveðnum skilyrðum og þá fyrst og fremst skilyrði um eignarhluta, sem í frv., eins og það liggur nú fyrir t. d., eru alls ekki í samræmi við þær hugmyndir, sem þessir aðilar hafa áður kynnt og vísað hefur verið til.

Ég vil endurtaka það, sem ég sagði hér við 2. umr. og er tilvitnun úr grg. með frv. um lyfjaframleiðslu, sem lá fyrir í fyrra, og nú er vísað til þeirrar grg., að þar segir í ýmsum athugasemdum, að Pharmaco h/f hafi vísað m. a. til bráðabirgða grg. undirbúningsnefndar, Apótekarafélags Íslands frá 1967, þar sem gert er ráð fyrir, að ríkið ætti 20% hlutafjár. Og í svarbréfi Apótekarafélags Íslands, segir þarna í grg., að það hafi falist jákvæðar undirtektir, en tekið fram orðrétt, „að algert skilyrði slíkrar félagsstofnunar yrði að vera, að enginn einstakur aðili eignist meiri hluta í félaginu, þannig að tryggð sé á hverjum tíma lýðræðisleg stjórn félagsins.“ Þetta atriði t. d. er þess eðlis, að það hlýtur að skipta meginmáli fyrir einkaaðilana, ef ganga á til samstarfs við ríkið.

Ég vil líka endurtaka það, sem ég sagði í umr. um daginn við 2. umr., að með því að setja félaginu fyrir fram lög á þennan hátt í verulegum atriðum, þá sýnist mér, að það sé verið að sýna þessum viðsemjendum ríkisins, einkaaðilunum, fram á það, að það þýði ekkert fyrir þá að vera að gera sér neinar hugmyndir um annað fyrirkomulag á félaginu, ef á að binda það fyrir fram með lögum. Og ég benti þá líka á ákvæði, sem er, ef ég man rétt, í 15. gr. frv., að ef samningar takist ekki, þá skuli ríkinu skylt að annast þessa lyfjaframleiðslu. Ég verð að segja það aftur, að mér finnst það bera verulegan keim af því, að þarna sé verið að sýna einkaaðilunum fram á það, að ef þeir verði ekki til viðtals og vilji ekki ganga til samkomulags á þeim grundvelli, sem þegar er búið að ákveða með l., þá muni verða tekin upp við þá hörð samkeppni, sem e. t. v. mundi þá drepa niður þessa mjög lofsverðu og eftir atvikum myndarlegu viðleitni einkaframtaksins.

Varðandi það atriði í okkar nál., sem snertir öryggissjónarmið, bendum við á það, sem fram kemur m. a. í skýrslu dr. Kjartans Jóhannssonar, sem hann samdi fyrir ráðh., þar sem er viss fyrirvari um það, hve æskilegt sé, að alger miðskipan lyfjaframleiðslunnar eigi sér stað.

Hæstv. ráðh. sagði enn fremur áðan varðandi lyfjaverð, að ef lyfjaverðið ætlaði að fara fram úr hófi hjá slíku sameiginlegu fyrirtæki, væri einkaaðilum frjálst að keppa við það og lækka lyfjaverð. En ég held, að það séu allir sammála um, að ef stór og öflug fyrirtæki eru fyrir hendi, þá dregst auðvitað framleiðslan í smærri stíl saman og verður ekki samkeppnisfær af mörgum ástæðum.

Varðandi gæðakröfur og eftirlit er ugglaust þörf á því að efla eftirlit ríkisins með lyfjaframleiðslunni. Um Pharmaco er það að segja, að það félag hefur komið sér upp, eins og kunnugt er, mjög myndarlegri rannsóknarstofu til að fylgjast með framleiðslunni á öllum stigum, og ættu, hvað framleiðslu þess fyrirtækis snertir, alla vega ekki að vera miklir erfiðleikar á að meta og fylgjast með gæðum þess, sem þar er framleitt. En maður hlýtur nú að spyrja, hvort það sé ekki fullt eins eðlilegt og að steypa saman væntanlega í framtíðinni allri lyfjaframleiðslu í landinu í eitt fyrirtæki, að Lyfjaverslun ríkisins héldi áfram sinni framleiðslu og einkaaðilar hins vegar að sínu leyti með sitt fyrirtæki. Það er áreiðanlega hægt að gera samninga um nokkuð greinilega verkaskiptingu þarna á milli, og ætti að vera hægt að ná sama tilgangi þannig.

Hæstv. ráðh. minntist á það, að lyfsalar hafi átt fyrst hugmyndina um samvinnu ríkis og einkaaðila um lyfjaframleiðslu. Það mun hafa verið um það leyti, sem fyrri lyfsölustjóri féll frá, en síðan eru liðin 6 ár og síðan hefur orðið geysileg breyting í þessu fyrirtæki, sem rætt hefur verið hér um, Pharmaco, þó að því hafi hins vegar ekki tekist að auka svo starfsemi sína eða byggja sitt fyrirtæki eins vel upp og þeir höfðu hug á, vegna þess að þeir hafa átt í erfiðleikum með lánsfé, eins og reyndar fleiri fyrirtæki í þessu þjóðfélagi. Maður hlýtur því að spyrja, hvort sú leið væri ekki alveg eins heppileg, að ríkið gerði eitthvað til að greiða fyrir einkaaðilunum, þannig að þeim mætti auðnast að byggja upp sitt fyrirtæki með meiri hraða og hagkvæmni en orðið hefur.

Í nál. kemur fram, að við, sem að því stöndum, sjáum ekki, að það sé nein þörf á að samþykkja þetta frv., eins og nú er. Það er látið bæði að því liggja í nál. okkar og eins hefur það komið fram í ræðum manna, að það geti síðar meir orðið tímabært að lögfesta samkomulag, ef það næst við einkaaðilana, og fyrr ætti ekki að vera þörf á því. Því höfum við lagt til, að frv. verði vísað frá með rökstuddri dagskrá.

ATKVGR.

Rökstudd dagskrá á þskj. 246 felld með 12:6 atkv.

Brtt. 221, 1 samþ. með 11 shlj. atkv.
— 221, 2 samþ. með 12 shlj. atkv.
— 221, 3 samþ. með 12 shlj. atkv.

Frv. svo breytt, samþ. með 12 shlj. atkv. og afgr. til Nd.

Veiðar með botnvörpu, flotvörpu og dragnót í fiskveiðilandhelgi, frv. (þskj. 257. 271, 270). — 2. umr.

Of skammt var liðið frá útbýtingu nál. — Afbrigði samþ. með 16 shlj. atkv.

Frsm. (Steingrímur Hermannsson): Herra forseti. Sjútvn. þessarar hv. d. hefur haft til meðferðar frv. til l. um veiðar með botnvörpu, flotvörpu og dragnót í fiskveiðilandhelginni, eins og það er orðið eftir meðferð hv. Nd. Sjútvn. hefur orðið sammála um að leggja til, að frv. verði samþykkt með breyt., sem koma fram á þskj. 270, nál. birtist á þskj. 271.

Ekki er þörf á langri framsögu fyrir nál. um þetta mál. Það hefur verið rætt allmikið hér á þingi, að vísu ekki í þessari hv. d., en hæstv. sjútvrh. hefur gert grein fyrir málinu hér við 1. umr.

Áður en ég kem að þeim brtt., sem hv. Nd. hefur gert á frv., og brtt. sjútvn. þessarar d., vil ég þó leyfa mér að leggja áherslu á þrjú atriði, sem að mínu áliti lágu fyrst og fremst til grundvallar hjá fiskveiðilaganefnd, þegar hún samdi upphaflega frv. Fiskveiðilaganefndin, sem hæstv. sjútvrh. skipaði haustið 1971 og var endurskipuð að litlu leyti haustið 1972, samdi þetta frv., eins og fram hefur komið. Við störf sín lagði fiskveiðilaganefndin einkum þrjú atriði til grundvallar.

Í fyrsta lagi leit n. svo á, að gera yrði ráð fyrir því, að við Íslendingar réðum einir fiskveiðilögsögu allri innan 50 sjómílna og þar væru engin skip við veiðar frá öðrum þjóðum.

Í öðru lagi taldi fiskveiðilaganefndin sjálfsagt að leggja til grundvallar í starfi sínu hin ýtrustu friðunarsjónarmið og leitaði því í upphafi til Hafrannsóknastofnunarinnar, ræddi við sérfræðinga þar og fékk frá stofnuninni ítarlegar till. og grg. um takmörkun á veiðum með tilliti til fiskistofna, ástands þeirra og horfa.

Í þriðja lagi taldi svo n. nauðsynlegt að skoða friðunarsjónarmiðin með tilliti til byggðar og atvinnuhátta á hinum ýmsu stöðum á landinu og með hliðsjón af tillögum frá hagsmunahópum.

Þessi þriðji liður í störfum n. var að sjálfsögðu viðamestur. N. leitaði till. frá öllum samtökum, sem til eru, og ferðaðist um landið og hélt fundi með heimamönnum. Þar voru kynntar fyrst og fremst till. Hafrannsóknastofnunarinnar og ýmsar aðrar hugmyndir, sem fram höfðu komið til n., og leitað álits heimamanna á þeim.

Í fáum orðum sagt leitaðist n. síðan við að samræma þessi sjónarmið, þ. e. a. s. hinar ýtrustu friðunartill., og taka nauðsynlegt tillit til þarfa heimamanna og hagsmunahópa. Niðurstaðan varð það frv. til l., sem lagt var fram í lok síðasta þings, en hlaut þá ekki afgreiðslu. Talið var eðlilegt að endurskoða nokkur atriði þess frv. með tilliti til tillagna, sem komu fram á síðustu stundu. N. fékk frv. að nýju til endurskoðunar. N. taldi ekki rétt að breyta því atriði, sem ég nefndi fyrst, og hún gekk út frá, að við Íslendingar veiddum einir innan 50 sjómílna fiskveiðilögsögu. N. taldi eðlilegra, að endurskoðun með tilliti til þess færi fram á vegum Alþingis

og þeirra n. á hv. Alþingi, sem fengju frv. til meðferðar. N. gerði því aðeins litlar breytingar á upphaflegu frv. sínu, og þannig var það lagt fram á þessu þingi. Nú hefur hv. sjútvn. Nd. haft frv. til meðferðar og gert á því allnokkrar breyt. Á þskj. 257 er frv. birt eins og það er orðið eftir meðferð Nd.

Í meginatriðum eru breyt. þær, sem hv. Nd. hefur gert á frv., gerðar með tilliti til þess, að samið hefur verið við Breta um heimild fyrir breska togara til veiða innan íslenskrar fiskveiðilögsögu. Ég held, að ég megi fullyrða, að fiskveiðilaganefndin leit svo á, að breyt. væru eðlilegar af þessum orsökum, eðlilegt væri að heimila íslenskum togskipum að veiða innan 12 sjómílna meira en n. hafði gert ráð fyrir í frv., á meðan það ástand ríkir á íslenskum fiskveiðisvæðum, sem nú er eftir samninginn við Breta.

Þær breyt., sem sjútvn. þessarar hv. d. gerir, eru ekki miklar. Í raun og veru má segja, að mikilvægasta breyt. sé leiðrétting á mistökum, sem orðið hafa í meðferð hv. Nd. á frv., enda varð einhverjum að orði: „Guði sé lof, að til er Ed.“ Frv. er þannig byggt upp, að 1. liður í öllum stafliðum 2. gr. fjallar um heimild allra togskipa til veiða utan 12 sjómílna, þetta frv. er, eins og hv. þm. gera sér grein fyrir, fyrst og fremst bann við veiðum með botnvörpu, flotvörpu og dragnót í fiskveiðilandhelginni. Síðan eru það undantekningar frá því banni, sem frv. fjallar um. Og það er þannig byggt upp, eins og ég sagði, að 1. liður í hverjum staflið fjallar um undantekningu frá þessu banni fyrir allar þessar veiðar utan 12 sjómílna. Við aukna heimild á svæðinu Reykjanes-Faxaflóa breytti Nd. lið E. 1 þannig, að þar er heimildin fyrir allt svæðið dregin inn að 6 sjómílum, og var með þessari breytingu brugðið út af reglunni, sem liggur til grundvallar, og eins og frv. er samið.

Mikilvægara var þó e. t. v. hitt, að með þessu móti, var öllum togskipum veitt heimild til þess að veiða allt að 6 sjómílum frá línu, sem hugsast dregin réttvísandi suður úr Reykjanesaukavita, og alla leiðina að línu, sem hugsast dregin réttvísandi suðvestur frá Gáluvíkurtanga. Þetta mun ekki hafa verið ætlun þeirra, sem þessa brtt. lögðu fram. Ætlast var til þess, að svæði eða geiri frá línunni suður úr Reykjanesaukavita og að línu, sem er 240° frá Hafnarbergi, yrði eftir sem áður friðaður fyrir stærri togskip. Með tilliti til þessa hefur sjútvn. þessarar hv. d. lagt til á þskj. 270, að liðurinn E. 1 verði tekinn upp aftur, eins og hann var í upphaflega frv., þ. e. a. s. að hann fjalli eingöngu um heimild til veiða utan 12 mílna á svæðinu öllu, Reykjanes- og Faxaflóasvæðinu. Síðan er tekinn inn liður E. 2, sem fjallar um þá breyt., sem hv. Nd. hugðist gera á frv., þar sem heimiluð er togveiði inn að 6 sjómílum á svæðinu frá línu, sem dregin er 240° réttvísandi frá Hafnarbergi, að línu, sem dregin er réttvísandi suðvestur frá Gáluvíkurtanga. Þar með er náð því sama og hv. Ed. stefndi að, en þó tekinn undan þessi geiri, sem ég nefndi, frá Reykjanesaukavita að Hafnarbergi.

Í meðferð sjútvn. kom jafnframt fram sú hugmynd að gera aðra breyt. á þessu svæði. Með þeim breyt., sem Nd. hefur gert, hefur mjög verið aukin heimild stærri togskipa til veiða innan 12 sjómílna, í raun og veru alla leiðina frá Suðausturlandi og vestur að Gáluvíkurtanga. Því þótti nm. eðlilegt að takmarka hins vegar nokkuð veiði stærri togskipa, innan við 350 lestir, á hluta þessa geira, sem ég hef nefnt svo, við Reykjanesaukavita. Því er heimildum þar nú í till. n. skipt í tvennt.

Í fyrsta lagi er gert ráð fyrir því í c-lið brtt., að skipum 105 brúttórúmlestum og minni verði heimilt að veiða með botnvörpu og flotvörpu allt árið utan línu, sem dregin er í 3 sjómílna fjarlægð frá fjörumarki meginlandsins, frá línu réttvísandi suður úr Reykjanesaukavita að línu réttvísandi 240° frá Hafnarbergi. Þ. e. a. s. 105 brúttórúmlesta skip fá heimild til að veiða þar allt að 3 sjómílum. En aftur á móti eru 350 brúttórúmlesta skip færð utar í þessum sama geira með d-lið í till. n. Þau fá samkv. þeim lið aðeins heimild til að veiða að 6 sjómílna fjarlægð frá fjörumarki. Frá upphaflegu frv. er því þarna dregið nokkuð úr heimild stærri skipa, þ. e. a. s. skipanna, sem eru á milli 105 og 350 brúttórúmlestir, til veiða. Þau fá ekki heimild til að veiða á svæðinu frá 3 til 6 sjómílna.

Aðrar breytingar leggur n. ekki til að gerðar verði á 2. gr. frv.

Á 10. gr. frv. voru gerðar nokkrar breyt. í meðferð hv. Nd. Flestar þessar breyt. leggur sjútvn. d. til, að samþ. verði. En í 1. tölul. 10. gr. var í upphaflega frv. fram tekið, að heimild ráðh. til að veita leyfi til dragnótaveiða yrði ekki notuð. Rétt er, að ég lesi þá setningu. Þar segir: „Heimild þessi til veitingar dragnótaveiðileyfa skal ekki notuð til 1. júlí 1976 að því er varðar veiðar á Faxaflóa innan línu, sem dregin er úr punkti 4 sjómílur réttvísandi vestur af Garðskagavita í punkt 4 sjómílur réttvísandi suðv. af Gáluvíkurtanga.“ Þetta er í samræmi við lög nr. 50 frá 1971, sem voru á sínum tíma mjög til umr. og lokuðu þessu svæði fyrir dragnótaveiðum. N. gerir sér grein fyrir því, að hér er um mjög umdeilt atriði að ræða. Það gerði fiskveiðilaganefnd einnig að sjálfsögðu og ræddi þetta mikið á fundum sínum. Þegar þessi lög nr. 50 frá 1971, voru samþykkt, mun hafa verið lögð á það áhersla, að þarna fengist nokkurra ára, ég hygg 5 ára, reynslutími á slíka friðun. Fiskveiðilaganefnd taldi rétt, að þessi friðunartími fengi að líða, áður en nokkur ákvörðun væri tekin um breyt. á þessum lögum. Sjútvn. þessarar hv. d. er á sömu skoðun. Hún telur eðlilegt, að þetta bann við veitingu dragnótaveiðileyfa fái að standa. Við vekjum jafnframt athygli á því, að í frv. þessu er gert ráð fyrir því, að hæstv. sjútvrh. beiti sér fyrir endurskoðun laganna fyrir árslok 1975. Því virðast ekki hundrað í hættunni, satt að segja, þótt þessi lagaákvæði standi þennan tíma. Þau komu sjálfkrafa til endurskoðunar með endurskoðun þessara laga, þ. e. a. s. ef frv. verður að lögum, sem við gerum ráð fyrir.

Ég hygg, að ég hafi skýrt frá þeim brtt., sem sjútvn. er sammála um að flytja. Ég vil aðeins geta þess hér að lokum, að ég hafði sjálfur í huga að flytja brtt. við frv., eins og það kemur frá 3. umr. í Nd., brtt. við lið B. 3. Hv. Nd. gerði þá breyt. á upphaflega frv. að heimila

togveiðar fyrir báta 105 brúttórúmlestir og minni allt upp að fjörusteinum við Krýsuvíkurbjarg. Ég viðurkenni að vísu, að það er ekki algild regla, að stærsti fiskurinn sé ávallt fjærst landi, en mér hefur hins vegar þótt það sjálfsögð regla með aukna friðun í huga, sem, eins og ég sagði áðan, fiskveiðilaganefnd lagði til grundvallar í sínu starfi. Mér finnst sjálfsagt, að lögð sé áhersla á að skipta veiðisvæðum með tilliti til fjarlægðar frá landi. Ég held, að önnur viðmiðun skárri fáist ekki. Mér þykir satt að segja til skammar, að þarna skuli að nýju vera opnað svæði upp í fjörusteinana, sem mjög hefur verið gagnrýnt. Við nánari athugun komst ég þó að þeirri niðurstöðu, að rétt væri að láta þetta afskiptalaust á þessu stigi málsins, fyrst og fremst með tilliti til þess, að frv. verður tekið til endurskoðunar í lok ársins 1975 eða fyrir þann tíma, og það er trú mín og sannfæring, að þá, við breyttar aðstæður með tilliti til erlendra togveiða hér við land, hljóti friðunarstefnan að verða meira ráðandi en hún getur orðið í þessu frv., eins og það er nú, og þá einnig með tilliti til þeirra veiða, sem ég hef gert að umræðuefni.

Jón Árnason: Herra forseti. Frsm. sjútvn. hefur nú gert grein fyrir þeim till., sem n. flytur sameiginlega, og þarf ég því ekki að lengja að neinu verulegu leyti þessar umr. Ég verð þó að segja, að eins og fram kom í ræðu hans, lágu fyrir þær yfirlýsingar frá þeirri n., sem hefur haft með höndum að semja frv., sem lagt var fyrir þingið, að hún hefði samið það, eftir að hún hafði leitað umsagnar heimamanna víðs vegar um allt land, og enda þótt frv. hafi verið þannig uppbyggt, sé samt sem áður ástæða til þess, nú eftir að það er lagt fyrir þingið, að gera á því allverulegar breyt. Því miður eru flestar af þessum breytingum þannig, að þær eru frekar til skaða að mínu áliti heldur en hitt, því að þær auka veiðiheimild togveiðanna og gera þá minna úr þeim ávinningi, sem við hefðum getað búist við að öðru leyti í sambandi við útfærslu landhelginnar í heild.

Á þskj. 236 fluttu 3 hv. þm. í Nd. brtt., sem við hv. 1. þm. Vesturl. höfum verið að ræða um að endurflytja í þessari hv. d., en við höfum ekki endanlega tekið afstöðu til þess. Ég vil þó láta það koma fram, að við erum með þær til frekari athugunar og munum þá leggja till. fram fyrir 3. umr. málsins.

Ég tel einnig rétt, að það komi fram, úr því að það kom ekki fram hjá hv. frsm., að í dag hefur Alþingi borist þó nokkuð af áskorunum, símskeytum, sem öll hníga í sömu átt og eru í sambandi við friðun Faxaflóa. Ég tók eftir því, eins og ég geri ráð fyrir, að aðrir hv. þdm. hafi gert, að í gær, þegar fréttir voru lesnar í útvarpinu og sjónvarpinu, var viðtal við forseta Farmanna- og fiskimannasambandsins, en þessi samtök hafa haft þing sitt nú undanfarna daga, og það markaði ákveðna stefnu einmitt til þessa þáttar frv. um botnvörpu, flotvörpu og dragnót o. s. frv. Ég varð mér úti um í dag, hvernig þessi till. þeirra hefði verið orðuð, og vil lesa þessa samþykkt, sem Farmanna- og fiskimannasamband Íslands gerði varðandi þetta mál, en hún hljóðar svo, með leyfi forseta:

„26. þing Farmanna- og fiskimannasambands Íslands lýsir undrun sinni á ákvörðun borgarstjórnar Reykjavíkur um áskorun til Alþingis um veiðiheimildir fyrir dragnót og togveiðar í Faxaflóa. Ekkert hefur komið fram, sem hnekkir þeim rannsóknum, er leiddu til þess, að Faxaflóa var lokað fyrir þessum veiðarfærum, áður en landhelgislínan var færð út annars staðar við landið, og leggur því þing F. F. S. Í. eindregið til, að svæðið verði lokað, eins og verið hefur."

Ég er ekki með þau símskeyti hér, sem mér er kunnugt um að hafa borist, en þau eru alveg á sömu lund og þessi samþykkt, sem Farmanna- og fiskimannasambandið hefur gert. Það undirstrikar mjög eindregið, hvað hér er að þeirra dómi um alvarlegt mál að ræða, ef þetta frv. næði fram að ganga í þeirri mynd, hvað þetta snertir, sem hv. Nd. afgreiddi málið.

Á þessu stigi sé ég ekki ástæðu til að orðlengja um frv. frekar, en ég vænti þess, eins og hv. frsm., að d. muni samþ. þær till., sem hér liggja fyrir, á þessu stigi málsins. Annað, sem ég hef vikið að hér sérstaklega varðandi það, sem fram kom á þskj. 236 við afgreiðslu málsins í Nd., mun ég athuga nánar fyrir 3. umr.

ATKVGR.

1. gr. samþ. með 16 shlj. atkv.
Brtt. 270, 1 samþ. með 16 shlj. atkv.
2. gr., svo breytt, samþ. með 16 shlj. atkv.
3.—6. gr., samþ. með 17 shlj. atkv.
7. gr. samþ. með 18 shlj. atkv.
8. gr. samþ. með 18 shlj. atkv.
9. gr. samþ. með 18 shlj. atkv.
Brtt. 270, 2 samþ. með 16:1 atkv.
10. gr., svo breytt samþ. með 16 shlj. atkv.
11. gr. samþ. með 17 shlj. atkv.
12.—13. gr. samþ. með 18 shlj. atkv.
14. gr. samþ. með 18 shlj. atkv.
15.—16. gr. samþ. með 18 shlj. atkv.
17. gr. samþ. með 17 shlj. atkv.
18.—19. gr. samþ. með 18 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 18 shlj. atkv.

Efri deild, 43. fundur.

Mánudaginn 17. des., að loknum 42. fundi.

Norðurlandasamningur um hjúskap, ættleiðingu og lögráð, frv. (þskj. 248). — 3. umr.

Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði samþ. með 16 shlj. atkv.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 17 shlj. atkv. og afgr. til Nd.

Neðri deild, 43. fundur.

Mánudaginn 17. des., kl. 2 miðdegis.

Almannatryggingar, frv. (þskj. 181). — Frh. 1. umr.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 21 shlj. atkv. og til heilbr.-og trn. með 21 shlj. atkv.

Launaskattur, frv. (þskj. 264). — Ein umr.

Of skammt var liðið frá útbýtingu frv. — Afbrigði samþ. með 22 shlj. atkv.

Fjmrh. (Halldór E. Sigurðsson): Herra forseti. Það varð samkomulag um það í hv. Ed. að breyta þessu frv. þannig að taka inn í 2. gr. aðeins þann þáttinn, sem snýr að Byggingarsjóði ríkisins, og hafa hitt í ákvæði til bráðabirgða, enda hefur það alltaf verið svo, það hefur verið framlengt frá ári til árs, og stóðu allir hv. dm. að því. Að öðru leyti er frv. óbreytt, og ég treysti því, að sama samstaða verði um þetta hér.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 20:1 atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 281).

Sameining Flugfélags Íslands og Loftleiða, frv. (þskj. 46). — 1. umr.

Félmrh. (Björn Jónsson): Herra forseti. Þetta frv. er stjfrv. komið frá hv. Ed., en er borið fram til staðfestingar á brbl., sem voru gefin út hinn 11. ágúst s. l. vegna sameiningar Flugfélags Íslands h/f og Loftleiða h/f í eitt félag, sem hlotið hefur nafnið Flugleiðir h/f, en útgáfa brbl. var nauðsynleg forsenda fyrir því, að þessi sameining færi fram.

Forsaga þessa sameiningarmáls er í aðalatriðum sú, að augljóst var orðið, að samkeppni flugfélaganna á einstökum leiðum hafði um hríð valdið þeim báðum tilfinnanlegu tjóni og það svo miklu, að um geigvænlegan taprekstur var orðið að ræða, sem gat, ef áframhald hefði orðið á, hæglega leitt til örlagaríkrar óhappaþróunar íslenskra flugmála. Var ríkisstj. einhuga um, að við svo búið mætti ekki standa, ef tryggja ætti flugsamgöngur og flugrekstur Íslendinga í framtíðinni, og hafði því forgöngu um langvarandi viðræður milli fulltrúa flugfélaganna um sameiningu þeirra undir einni stjórn. Var hér um næsta örðugt og einnig tæknilega flókið samningamál að ræða, sem tók langan tíma og mikla vinnu, ekki síst þeirra trúnaðarmanna ríkisstj., sem hér unnu að. Ekki skal sú saga rakin hér, en svo fór að lokum, að flugfélögin féllust á samkomulagsgrundvöll trúnaðarmanna ríkisstj., og skyldi sameinuð yfirstjórn félaganna taka við stjórn þeirra beggja frá 1. ágúst s. l., sem og varð.

Samkomulagsgrundvöllurinn byggðist hins vegar m. a. á tilkomu nýs félagsforms, sem taldist nauðsynlegt vegna aðstöðu á alþjóðamarkaði, en rúmaðist hins vegar ekki að öllu leyti innan ramma gildandi hlutafélagalöggjafar, og bar því nauðsyn til, ef sameining átti að takast, að gera nokkrar breytingar á skyldum félaganna og hins nýja félags samkv. l. um hlutafélög, svo sem greint er í einstökum atriðum í 1., 1., 2., 3. og 6. gr. frv. Þá reyndist nauðsynlegt að veita félögunum tryggingu gegn margsköttun, sem af hinu nýja félagsformi gæti leitt, sbr. 4. gr. frv., og að koma í veg fyrir þyngingu skattbyrða hluthafa af eignarskatti, sem sameiningin gæti valdið, ef arður af hlutafé færi niður úr tilteknu lágmarki, og vísa ég um það efni til 5. gr. frv.

Með því samkomulagi, sem hér hefur lauslega verið lýst, er stefnt að því í fyrsta lagi að fella nú þegar saman þá liði í starfsemi félaganna, sem betur verða reknir í einu lagi en tvennu, þegar frá byrjun, og má þar til nefna ýmiss konar innkaup, afgreiðslu erlendis og væntanlega líka hér heima. Segir um þetta í blaðaviðtali við forstjóra beggja félaganna 4. ágúst s. l., að þeir telji, að slíkar byrjunaraðgerðir muni spara félögunum hundruð millj. kr. árlega. Þá verður strax nú í vetur fækkað og hagrætt þeim ferðum, sem hin harða samkeppni hefur gert óhagkvæmastar, og er þar sérstaklega um að ræða ferðir til og frá Norðurlöndum. Síðar er hugmyndin og stefnan að sameina fleiri þætti, eftir því sem reynslan kennir, að hagkvæmt sé, án þess að viðskiptaheild og viðskiptasambönd bíði hnekki af. Þá er talið víst, að staða hins nýja félags varðandi margs konar samninga, svo sem um tryggingar o. fl., verði sterkari og hagstæðari en áður. Í fyllingu tímans er svo stefnt að algerri sameiningu, en í byrjun er fyrst og fremst um að ræða rekstur tveggja félaga undir einni sameiginlegri stjórn. Að mati forráðamanna er þó óvissu háð, hve langan tíma alger sameining tekur.

Það er álit ríkisstj., að með sameiningu hinna tveggja íslensku flugfélaga, þótt í áföngum sé af hagkvæmnisástæðum, sé stigið gæfuspor fyrir þennan mikilsverða atvinnurekstur, sem hefur alla tíð átt við harða samkeppni að etja á alþjóðamarkaði og einnig innbyrðis. Sameiningin vekur góðar vonir um, að eitt sterkara flugfélag og niðurlagning óþarfrar innbyrðis samkeppni styrki íslensk flugmál og tryggi framtíð þeirra á einum harðasta samkeppnismarkaði, sem ríkir á nokkru sviði á alþjóðavettvangi. Að þessu merka spori stignu er unnt að líta bjartari augum á, að sú atorka, fyrirhyggja og framsýni, sem brautryðjendur íslenskra flugmála hafa sýnt á margan hátt í uppbyggingu og starfi Flugfélags Íslands og Loftleiða, skili þjóðinni álitlegum árangri í framtíðinni. Ríkisstj. hefur því talið og telur, að ekki sé áhorfsmál að létta félögunum sameininguna eftir fremstu getu, bæði með útgáfu og væntanlegri staðfestingu hv. Alþ. á þessum brbl. og öðrum þeim aðgerðum og fyrirgreiðslu, sem nauðsynlegt er að veita og eðlilegt getur talist. Ég vil svo vænta greiðrar afgreiðslu hv. þd. á þessu frv. og legg til, að því verði að lokinni þessari 1. umr. vísað til 2. umr. og hv. samgn.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 22 shlj. atkv. og til samgn. með 21 shlj. atkv.

Tekjustofnar sveitarfélaga, frv. (þskj. 263). — 1. umr.

Félmrh. (Björn Jónsson): Herra forseti. Frv. það, sem hér liggur fyrir til 1. umr., er stjfrv. og er komið frá hv. Ed., þar sem það var samþ. einróma með nokkurri viðbót frá upphaflegri gerð þess.

Frv. varðar, eins og það er nú, þrjár breyt. á l. um tekjustofna sveitarfélaga. Er þá fyrst að telja það, sem felst í 1. gr. frv., en það er, að sveitarstjórnum verði heimilað að innheimta sem fyrirframgreiðslu upp í útsvör allt að 60% þess útsvars, sem hlutaðeiganda bar að greiða næstliðið ár. Í gildandi l. er þetta hámark fyrirframgreiðslu 50%, sem jafna skal á 5 gjalddaga, sem verða óbreyttir samkv. þessu frv. Rökin fyrir breytingu í þessa átt eru aðallega þau, að í fyrsta lagi jafnar hún tekjur sveitarfélaganna milli fyrri og síðari hluta árs og auðveldar þeim þannig eðlilegan fjárhagslegan rekstur og í annan stað færir hún gjöld útsvarsgreiðenda til þannig, að minni hætta er á, að greiðslubyrðin verði óeðlileg og óæskilega þung síðari hluta árs, þegar álagt útsvar á innheimtuárinu hefur hækkað frá fyrra ári, eins og oftast eða alltaf hefur verið um langan aldur. Auk þessa kemur það svo til, að hér er um að ræða að skapa aukið jafnræði milli sveitarfélaganna og ríkisins varðandi gjaldheimtu, en heimildir fjmrh. samkv. gildandi l. um tekju- og eignarskatt til fyrirframgreiðslu eru mun rýmri en sveitarfélaganna. Loks er rétt að benda á, að þá breytingu, sem hér er lögð til, má skoða sem nokkurt skref í átt til staðgreiðslukerfis opinberra gjalda, sem launþegar almennt leggja mikla áherslu á.

Önnur breyt., sem ráðgerð er samkv. frv., felst í 3. gr. þess, þ. e. að fjmrh. skuli heimilt að ákveða breytingu á fasteignamati til samræmis við verðlag 1. nóv. þessa árs. Með tekjustofnalögum nr. 8 1972 var að því ráði horfið að auka hlut fasteignaskatts í heildartekjum sveitarfélaganna mjög verulega eða úr um það bil 3% árið 1971 í nálega 18% 1972, en grundvöllur þessa skatts hefur staðið óbreyttur síðan. Er því ljóst, að ef hér verður ekki breyting á, fer þessi tekjustofn sveitarfélaganna stöðugt rýrnandi hlutfallslega, sem aftur hlýtur að skapa þeim aukin fjárhagslegan vanda. Þykir þess vegna rétt að opna heimild fyrir fjmrh. til að hækka þennan gjaldstofn til samræmis við raunverulegar breytingar á verðlagi fasteigna fram til 1. nóv. s. l.

Þriðja breytingin er sú, sem felst í 2. gr. frv., eins og það nú er, en þar eru ákvæði um, hversu hátt aðstöðugjald megi vera. Samkv. tekjustofnal. frá 1972 var þetta svo, að aðstöðugjöld máttu nema 65% af því gjaldi, sem álagt hafði verið í hverju sveitarfélagi árið áður, og hygg ég, að þetta hafi verið ákveðið á þennan hátt með þeirri hugsun, að hér væri upphafið að því að minnka mjög verulega eða jafnvel afnema aðstöðugjöldin sem tekjustofn fyrir sveitarfélögin. Það mun ekki vera í huga neinna nú, að unnt sé að gera það að svo komnu máli e. m. k., og þykir þess vegna rétt að gera breytingu í þessa átt, sem felur það í sér, að öll sveitarfélög hafa jafna aðstöðu til að leggja á aðstöðugjöld, en nú er hún mjög misjöfn af þeim ástæðum, sem ég nefndi, og jafnvel allmörg sveitarfélög, sem alls ekki mega samkv. núgildandi l. leggja nein aðstöðugjöld á. Nú er sem sagt sú breyting gerð, að aðstöðugjöldin megi vera 65% af því, sem l. fyrir 1972 heimiluðu frekast, og gildir sú regla þá fyrir öll sveitarfélög. Þessi ákvæði voru ekki í hinu upphaflega frv., en komu inn í í hv. Ed., og var þessi breyting samþ. þar einróma. Ég tel hér vera um réttlætismál að ræða innbyrðis milli sveitarfélaganna og er því algerlega samþykkur þessari breytingu.

Ég sé svo ekki ástæðu til, herra forseti, að hafa hér öllu fleiri orð um, en legg til, að frv. verði vísað til 2. umr. og hv. félmn. Ég vil taka fram, að ég tel nauðsynlegt, að hv. þn. og hv. þd. hraði svo afgreiðslu málsins, að því megi verða lokið fyrir jólaleyfi í þinginu, þar sem dráttur á afgreiðslu þess mundi torvelda sveitarfélögunum afgreiðslu sinna fjárhagsáætlana, og vænti þess, að þó að áliðið sé nú og stutt til jólaleyfis, þá geti þetta verk unnist og ekki síst vegna þess, að um það hafa ekki staðið deilur, a. m. k. ekki í hv. Ed., og ég vænti þess, að það verði ekki heldur í þessari hv. deild.

Ólafur G. Einarsson: Herra forseti. Ég vil lýsa ánægju minni með þetta frv., sem hér er til umr. og er því samþykkur. Hér er orðið við tilmælum stjórnar Sambands ísl. sveitarfélaga, sem áður hefur bent á það misræmi, sem hefur verið á fyrirframinnheimtunni, að sveitarfélög hafa ekki haft heimild til að innheimta nema 50% af útsvörum fyrra árs, en með þessu frv. er komið samræmi á innheimtu skatta til ríkisins og útsvara til sveitarfélaganna.

Ég vil einnig lýsa ánægju minni með þá breytingu, sem gerð hefur verið við meðferð málsins í Ed., þ. e. a. s. að afnuminn er sá mismunur, sem var á heimildum sveitarfélaga til að leggja á aðstöðugjöld. Ég ætla ekki að þessu sinni að fara að hefja upp neinar umr. hér um aðstöðugjöldin. Ég er ekki meðmæltur þeim, eins og þau eru, en ég tel miklu máli skipta, að þetta frv. fari í gegn eins og það er nú.

Það er ein spurning, sem mig langar að bera fram við hæstv. félmrh. Það er varðandi 3. gr., eins og hún er komin frá Ed., um hækkun á hinu nýja fasteignamati. Þetta þýðir að sjálfsögðu hækkaða fasteignaskatta. En mig langar að spyrja hæstv. ráðh., hvort þetta þýði einnig, að þau þjónustugjöld og önnur gjöld, sem eru miðuð við fasteignamat, eins og t. d. vatnsskattur og sums staðar lóðarleiga, hækki þá líka eins og fasteignaskatturinn.

Félmrh. (Björn Jónsson): Herra forseti. Ég get ekki svarað þessu á annan veg en þann, að hér er aðeins sú breyting á gerð að breyta fasteignamatinu, og legg ég þann skilning í það, að að öðru leyti sé ekki um neina breytingu að ræða, það gildi aðeins um fasteignaskattinn.

Pétur Pétursson: Herra forseti. Aðeins örfá orð. Ég skal ekki blanda mér í aðalefni þessa frv., en mig langar til að benda þeirri hv. n., sem fær þetta mál til meðferðar, á þann lið í frv., eins og það er komið frá hv. Ed., sem snýr að

gjaldi á almennan iðnrekstur í landinu. Mér sýnist, að það sé lægra gjald af rekstri verslunarskipa og af fiskiðnaði heldur en af hvers konar iðnrekstri öðrum. En eins og alþjóð veit, á iðnaðurinn nú í mjög miklum erfiðleikum, og ég vildi mælast til þess, að hv. n. tæki það mál til alvarlegrar athugunar, hvort ekki er hægt að breyta þessu ákvæði frv. með einhverjum hætti. Ég hef ekki aðra till. nú, en mér finnst, að það væri sanngjarnt og eðlilegt, að þetta gjald væri lagt niður.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 22 shlj. atkv. og til félmn. með 25 shlj. atkv.

Löndun á loðnu til bræðslu, frv. (þskj. 75). — 1. umr.

Sjútvrh. (Lúðvík Jósepsson): Herra forseti. Frv. það, sem hér liggur fyrir, er samið af sérstakri n., sem til þess var skipuð að endurskoða þau lög, sem giltu um löndun á loðnu til bræðslu á síðustu vetrarvertíð. Þeir aðilar voru kvaddir til í þessa n., sem höfðu mest með framkvæmd þessara mála að gera og eiga hér mestra hagsmuna að gæta, þ. e. a. s. fulltrúar bæði seljenda og kaupenda að þessum vörum. Þeir hafa orðið sammála um þá endurskoðun á gildandi l., sem felst í þessu frv. Hér er haldið í meginatriðum við það skipulag, sem í gildi hefur verið, en minni háttar breytingar gerðar á, þannig að nokkur atriði eru gerð skýrari en áður var til þess að taka þar af öll tvímæli. En ég hygg, að allir viðurkenni, að það skipulag, sem tekið var upp á síðustu vertíð í þessum efnum, hafi reynst mjög vel og það sé alveg nauðsynlegt, að þetta sé skipulagt á þennan hátt. Það er þó ein allverulega breyting, sem gerð var á frv. frá gildandi l., þar sem gert er ráð fyrir að fella niður ákvæði úr gildandi l., sem hljóðaði á þessa leið:

„Eigi er heimilt að stöðva löndun í verksmiðju, meðan móttökuskilyrði eru fyrir hendi."

Þetta sjónarmið var ríkjandi, þegar fyrstu l. um þetta efni voru sett, að loðnulöndunarnefnd skyldi þó aldrei hafa leyfi til þess að stöðva löndun í verksmiðju, ef það væri ljóst, að þar væru möguleikar með eðlilegum hætti til þess að taka við meira magni. Að öðru leyti hafði n. talsvert vald til þess að dreifa flotanum á hinar ýmsu löndunarhafnir, og meginreglan er sú enn, eins og var á síðustu vetrarvertíð, að afgreiða skuli skipin í þeirri röð, sem þau koma í löndunarhöfn. Nú er hins vegar gert ráð fyrir að breyta þessu þannig, að löndunarnefndin hafi einnig heimild til að stöðva þar löndun um stuttan tíma, þar sem annars er pláss til að taka við meira hráefni, í því skyni, að hún nái betra valdi á því að dreifa flotanum en áður og koma fleiri verksmiðjum strax af stað til vinnslunnar. Það er ljóst, að skipstjórnarmenn leggja allmikla áherslu á það, að þessi heimild verði fyrir hendi og hægt sé að nota hana. Hins vegar hafa fulltrúar verksmiðjueigenda að sjálfsögðu verið meira hikandi, en þeir hafa þó fallist á, að þessi breyting yrði gerð. Þetta er í rauninni að mínum dómi mesta efnisbreytingin.

Hv. sjútvn. Ed. hefur fjallað um frv. og alveg sérstaklega um þetta atriði, eins og hún var beðin um, og varð niðurstaða hennar að hreyfa ekki við þessu, eins og það kemur fram í þessu frv., eða m. ö. o. að reikna með því, að þessi breyting verði á gerð frá gildandi lögum. Það er nauðsynlegt að fá þetta frv. afgr. nú, helst fyrir jólahlé, vegna þess að gildandi lög renna út um áramót, og hér þurfa helst af öllu að liggja fyrir skýr lagaákvæði, strax og komandi loðnuvertíð hefst.

Ég sé ekki þörf á því að ræða málið frekar við þessa umr., en legg til, herra forseti, að að lokinni umr. verði málinu vísað til 2. umr. og hv. sjútvn. til fyrirgreiðslu, og ég vænti þess, að hún afgreiði málið fljótlega.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 23 shlj. atkv. og til sjútvn. með 24 shlj. atkv.

Lögheimili, frv. (þskj. 244). — 1. umr.

Félmrh. (Björn Jónsson): Herra forseti. Þetta frv. er stjfrv. og er komið frá hv. Ed., þar sem það hefur verið samþykkt einróma, eins og það var lagt fram, með einni minni háttar breytingu. Aðalefni frv., sem felst í fyrri mgr. 2. gr., varðar fyrst og fremst Vestmanneyinga vegna afleiðinga þeirra náttúruhamfara, sem þar dundu yfir á s. l. vetri. En þetta meginefni frv. hljóðar svo, með leyfi hæstv. forseta:

„Þrátt fyrir ákvæði laga þessara", — þ. e. a. s. laga um lögheimili, — „er þeim, er lögheimili áttu í Vestmannaeyjum að kvöldi dags 22. jan. 1973, leyft að telja sig til lögheimilis í Vestmannaeyjum fram til 1. október 1974, þótt þeir dveljist utan Vestmannaeyja, nema þeir tilkynni dvalarstað sinn sem lögheimili með sérstakri tilkynningu."

Það má segja, að þetta frv. sé flutt í tengslum við og raunar í beinu framhaldi af frv., sem áður hefur verið til meðferðar hér á hv. Alþ., um breyt. á l. um tilkynningar aðsetursskipta. En sú breyting, sem er meginefni þessa frv., hefur tvenns konar þýðingu. Í fyrsta lagi varðar þetta álagningu útsvara á árinu 1974 og hefur það í för með sér fyrir Vestmannaeyjakaupstað, að hann fær að njóta gjalda þess fólks, sem í land hefur flúið, þótt það teljist þar til bráðabirgða, og hygg ég, að allir séu sammála um, að Vestmanneyingum muni ekki af þessu veita til þess mikla uppbyggingarstarfs, sem í Eyjum þarf að framkvæma. Það kann að virðast, að þetta gerist að sumu leyti á kostnað annarra sveitarfélaga, þar sem Vestmanneyingar hafa fyrst og fremst sest að í verulegum mæli, en þá er líka á það að líta, að því hafa fylgt ýmsir kostir fyrir viðkomandi byggðarlög, m. a. aukið vinnuafl og enn fremur bygging Viðlagasjóðshúsa, sem væntanlega munu leysa húsnæðisþarfir þeirra, og verða jafnframt gjaldstofn að einhverju leyti til viðkomandi sveitarfélags. Einnig þýðir þessi breyting það, að Vestmanneyingar, sem dveljast til bráðabirgða í landi, munu hafa kosningarrétt í Vestmannaeyjum í næstu sveitarstjórnarkosningum, sem fram eiga

að fara í maí á næsta ári, og verður að teljast eðlilegt, að það sé ekki hindrað af löggjafans hálfu, að Vestmanneyingar njóti þessa réttar, þó að þeir dveljist í landi til bráðabirgða, en meginhluti þessa fólks mun að öllum líkindum flytja aftur til Eyja. Virðist því ekkert eðlilegra en það með kosningarétti sínum geti haft áhrif á það, hvernig bæjarfélaginu verði stjórnað næstu 4 árin.

Enn má svo geta þess, eins og minnst er á í grg. frv., að verði þetta frv. að l., verður um minni röskun að ræða á högum Jöfnunarsjóðs en ella hefði orðið. Það verður að vísu að reikna með því, að það verði allmikið framlag úr Jöfnunarsjóði vegna fólksfækkunar í Vestmannaeyjum, þ. e. a. s. vegna þeirra, sem hafa tilkynnt aðsetursskipti með sérstakri tilkynningu, eins og ákveðið er í l. um tilkynningar aðsetursskipta. En ef lögheimili væru eingöngu í þessum tilfellum látin ráðast af dvalarstað, þá mundi það leiða til þess, að í þeim sveitarfélögum, sem fyrst og fremst hafa hýst Vestmanneyinga, mundi verða um fólksfækkun að ræða, þegar þeir flyttu til baka. Allt þetta mundi valda óeðlilegri og óæskilegri röskun á greiðslum úr Jöfnunarsjóði, a. m. k. næstu tvö árin, þannig að allt virðist bera að sama brunni, að þessi ákvæði, sem ég hef nefnt, séu fullkomlega eðlileg og sjálfsögð, og vona ég, að um það verði ekki neinar deilur.

Í leiðinni hefur svo verið gerð lítils háttar breyting, sem felst í 1. gr. frv., að ósk Hagstofunnar, sem er þess efnis, að fólk, sem hefur húsnæði til sumardvalar eða hliðstæðrar tímabundinnar dvalar í öðrum sveitarfélögum en það dvelst í að jafnaði, geti aldrei talist eiga heimili í fleiri sveitarfélögum en einu samkv. ákvæðum fyrri mgr. Þessu ákvæði er ætlað að koma í veg fyrir óeðlilega talda lögheimilisbúsetu, sem oft er reynd og jafnvel af annarlegum og skattalegum ástæðum. En þessi breyting er flutt að mjög eindreginni ósk Hagstofunnar.

Eins og ég sagði áðan, var frv. breytt lítillega í hv. Ed. Fresturinn til að skila sérstakri tilkynningu um dvalarstað var upphaflega í frv. ákveðinn 1. júní, en réttara þótti, að fengnu áliti bæjarstjórnar Vestmannaeyja og Hagstofunnar, að framlengja þetta til 1. okt. 1974, þar sem sérstaklega væri von til þess, að allmargt fólk mundi flytja til Eyja síðla næsta sumars.

Ég hef ekki fleiri orð um þetta, herra forseti, en legg til, að frv. verði að lokinni þessari umr. vísað til 2. umr. og hv. félmn.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 25 shlj. atkv. og til félmn. með 25 shlj. atkv.

Seðlabanki Íslands, frv. (þskj. 223, n. 262). — 2. umr.

Of skammt var liðið frá útbýtingu nál. — Afbrigði samþ. með 22 shlj. atkv.

Frsm. (Vilhjálmur Hjálmarsson): Herra forseti. 14. júní í sumar voru sett brbl. um heimild til að afnema um stundarsakir þau efri mörk, sem gilda um daglega gengisskráningu krónunnar. Þessi brbl. voru lögð fyrir þingið til staðfestingar snemma á þinginu, og frv. var lagt fram í Ed. Það fór til fjh.- og viskn. þeirrar hv. d., en í n. varð það ofan á, í stað þess að staðfesta ákvæði brbl., að flytja nýtt frv. og segir svo m. a. í grg. með því:

„Í stað þess að framlengja þetta bráðabirgðaákvæði, um leið og brbl. eru staðfest á Alþ., þykir fjh.- og viðskn. eðlilegra, að höfðu samráði við viðskrh. og bankastjóra Seðlabankans, að leggja fram nýtt frv. um breyt. á l. nr. 20 16. apríl 1962 um breyt. á l. nr. 10 29. mars 1961, um Seðlabanka Íslands, og afnema úr lögum bæði þau efri og neðri mörk, sem gilda um daglega gengisskráningu krónunnar, og fela þá ákvörðun á vald ríkisstj. og Seðlabanka Íslands, miðað við þær aðstæður, sem ríkjandi eru í gjaldeyrismálum og útlit er fyrir, að haldast muni nú um skeið."

Frv. n. var síðan samþ. óbreytt í Ed.

Fjh.- og viðskn. þessarar hv. d. hefur haft þetta frv. til athugunar, og leggur n. einnig til, að það verði samþ., en 2 nm., Matthías Bjarnason og Þórarinn Þórarinsson, rita undir nál. með fyrirvara.

Bjarni Guðnason: Herra forseti. Til er máltækið „að grípa gæsina, þegar hún gefst". Hér er nú fyrir hv. þd. frv. um breyt. á l. um Seðlabanka Íslands, og þykir mér þá hlýða að reyna að fá hér inn komið brtt., sem er sama efnis og það frv., sem ég flutti í upphafi þings. M. ö. o. vil ég gera það að till. minni, að sem 2. gr. í þessu frv. komi ný gr., svo hljóðandi:

„Við 27. gr. l. bætist svo hljóðandi mgr.: Allar meiri háttar framkvæmdir á vegum bankans eru háðar sérstöku samþykki beggja, ráðh. og bankaráðs."

Yrði þá núv. 2. gr. að sjálfsögðu 3. gr. frv., ef samþykkt yrði.

Ég vil leyfa mér að biðja um afbrigði fyrir þessari till. minni og vona, að hún fái formlega afgreiðslu. Það þarf ekki að ræða þetta frekar, þetta er svo augljóst mál. Hv. þm. er ljóst, hvað fyrir mér vakir með þessari brtt.

ATKVGR.

Afbrigði um skrifl. brtt. (sjá þskj. 279) samþ. með 24 shlj. atkv.

1. gr. samþ. með 21 shlj. atkv.

Brtt. 279 samþ. með 11:10 atkv.

2. gr. (verður 3. gr.) samþ. með 21 shlj. atkv.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Frv. vísað til 3. umr. með 26 shlj. atkv.

Skipulagslög, frv. (þskj. 145, n. 249). — 2. umr.

Frsm. (Ólafur G. Einarsson): Herra forseti. Á þskj. 249 er nál. félmn. um frv. til l. um breyt. á skipulagsl., nr. 19 21. maí 1964. N. hefur fjallað um frv. og orðið sammála um að mæla með samþykkt þess með þeirri breytingu, að niður falli 2. málsl. 1. gr. Þetta er gert til þess að einfalda málið. Þá verður 1. gr. svo hljóðandi:

„Auk skipulagsgjalds, sem um ræðir í 1. mgr."

þ. e. 35. gr. l., „skal árlega greiða úr ríkissjóði til framkvæmdar skipulagsmála eigi lægri fjárhæð en nemur helmingi skipulagsgjalda liðins árs."

Við teljum þetta alveg nægilega skýrt og mælum með samþykkt frv. svo breytts.

ATKVGR.

Brtt. 249 samþ. með 23 shlj. atkv.
1. gr., svo breytt, samþ. með 23 shlj. atkv.
2. gr. samþ. með 24 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 22 shlj. atkv.

Rannsóknarnefnd vegna landhelgisgæslu, þáltill. (þskj. 93, 212). — Frh. einnar umr.

Bjarni Guðnason: Herra forseti. Þetta mál, sem hér er til umr., um rannsóknarnefnd vegna landhelgisgæslu, er nokkuð undarlegt. Flm. eru að bera fram till. til þál. um rannsóknarnefnd, sem þeir beinlínis vita ekki, gegn hverjum þeir eru að stefna, og þetta er sú merkilegasta rannsóknarnefnd, sem líklega hefur komist inn í þingsalina. Formlega hljóðar till. þannig, að þetta sé till. til þál. um rannsóknarnefnd vegna landhelgisgæslu, og er þar gert ráð fyrir að skipa sérstaka þn. samkv. 39. gr. stjórnarskrárinnar til að rannsaka framkvæmd landhelgisgæslu frá 15. okt. s. l. og kanna, hvort þær ásakanir, sem fram hafa verið bornar um, að gæsla landhelginnar á Vestfjarðamiðum hafi ekki verið með eðlilegum hætti, hafi við rök að styðjast, síðan skuli skipaður einn maður tilnefndur af hverjum þingflokki, og skal, eins og við réttarrannsókn, sótt eftir skýrslum, munnlegum og bréflegum, bæði frá embættismönnum og einstökum mönnum.

Það segir sig sjálft, að þegar menn bera slíka till. fram, hljóta þeir að hafa rökstuddan grun um, að misbrestur hafi átt sér stað, og misbrestur við landhelgisgæsluna hefur þá átt sér stað annaðhvort hjá sjálfri Landhelgisgæslunni, hjá starfsmönnum hennar eða hjá yfirstjórn Landhelgisgæslunnar, það er aðeins um tvo aðila að ræða. Nú hefur komið berlega fram hjá flm., að það sé alls ekki hjá starfsmönnum Landhelgisgæslunnar, og þá þarf ekkert að ræða um það. Þá er eftir yfirstjórnin, og þá beinist þetta að sjálfsögðu að hæstv. dómsmrh. og forsrh. Flm. hljóta að hafa rökstuddan grun um það, að núv. dómsmrh. hafi brugðist í starfi sínu.

Þessi undarlega þáltill. er þeim mun merkilegri, þar sem hæstv. dómsmrh. hafði þegar látið fara fram nokkra rannsókn á vegum sýslumannsembættisins á Ísafirði, sá embættismaður hafði þegar safnað gögnum og tekið skýrslur af mönnum og hæstv. dómsmrh. hafði þessa skýrslu í höndum sér. En fyrrv. meðráðh. dómsmrh., hv. 3. þm. Vestf., lætur ekki svo lítið að gá í þessar skýrslur til þess að vita, hver hefur orðið niðurstaða þessara rannsóknar. Hér er strax borin fram krafa um rannsókn. Þó er eins og báðir flm. beygi af eins og lítil börn, þegar að alvörunni í leiknum kemur, því að hv. 3. þm. Vestf. sagði: Ja, ef í ljós kemur í n., þ. e. í þn., sem fær þetta til athugunar, að engin frekari ástæða sé til rannsóknar, þá er ástæðulaust að láta þetta ganga lengra. — M. ö. o.: það, sem er óeðlilegt við þetta, er, að flm. þora ekki almennilega að fylgja þessu máli á enda, heldur óska þess helst, að þetta mál sofni í þn., sem fær þáltill. til meðferðar. Ástæðan fyrir þessu er, eins og 3. þm. Norðurl. v. komst að orði réttilega, annars vegar atkvæðaveiðarnar á Vestfjörðum, reyna að rétta hlut sinn eftir að hafa brugðist í landhelgismálinu, og hins vegar sú óeðlilega leið, sem farin er, þannig að flm. togast á milli tveggja afla, annars vegar þarfar á að rétta sig við í augum vestfirskra kjósenda og hins vegar þeirrar aðferðar, sem teljast verður með öllu óeðlileg, þannig að þeir koma fram á vígvöllinn brynjaðir og bíta í skjaldarrendur, en svo lyppast þeir niður, þegar á á að herða, af því að þeir finna, hvernig á málum er haldið.

Það má heita óvenjulegt í þingsögunni, að núv. hv. þm., Hannibal Valdimarsson, sem er nýhorfinn út úr ríkisstj., skuli nokkru síðar bera fram vantraust á núv. forsrh. og meðráðh. sinn í ríkisstj. Það held ég, að sé alveg með sérstökum brag og óvenjulega vel gert af þessari gömlu stríðshetju. Það er ekki heldur seinna vænna að bíta í skjaldarrendurnar, þessu er nú senn öllu að ljúka.

En ég vil aðeins leyfa mér að benda á það, að hvað sem mönnum kann að þykja um þessa rannsókn á gerðum dómsmrh., þá er eitt óþolandi. Það er, að þessir hv. tveir frsm. skuli leyfa sér að halda því fram, að í þessu felist ekki óbeint vantraust á gerðum dómsmrh., og reyna að snúa sig þannig út úr hlutunum. Þetta er ekkert annað en óbeint vantraust á þá aðila, sem fara með stjórn Landhelgisgæslunnar.

Það hefði e. t. v. mátt búast við því, að ég hefði flutt till. af þessu tagi, af því að ég var á öndverðum meiði við forsrh. og núv. 3. þm. Vestf. um lausn landhelgisdeilunnar. Ég hefði verið nógu mikill skálkur til þess að flytja svona till. e. t. v. En hitt er með ólíkindum, þegar hv. 3. þm. Vestf. er búinn að leggjast á sveif með forsrh. um lausn á landhelgismálinu, þá skuli hann nokkrum dögum seinna koma inn í þingið með vantraust á stjórn Landhelgisgæslunnar. Þetta eru ábyggilega undarlegri vinnubrögð en tíðkast hér í þingsölum.

Ég skal ekki hafa þessi orð lengri, því að ég tel, að þessi till. sé alveg sérstök, og ég hygg, að hún sé engum til sóma. En ég vil aðeins segja eitt: að þó að ég hafi verið á algerlega öndverðri skoðun við núv. hæstv. dómsmrh. um lausn landhelgismálsins, þá er ég þó ekki þannig sinnaður, að mér komi til hugar, að hann hafi á einhvern hátt brugðist við stjórn Landhelgisgæslunnar, — að hann hafi sjálfur sagt þingheimi og þjóð, að Landhelgisgæslan mundi beita sér gegn breskum landhelgisbrjótum, en síðan gæfi hann aðrar skipanir til sinna undirmanna. Ég hef enga trú á, að slíkt gerist, því að ég ætla mönnum sem ráðamönnum þjóðarinnar ekki slík vinnubrögð. Þess vegna verð ég að segja það, að þó að ég hafi verið algerlega annarrar skoðunar í landhelgismálinu, þá mun ég ekki greiða þessari till. atkv., því að ég tel, að hún sé af þeim toga og borin fram af því hugarfari, að það sé

ekki hægt að styðja hana. Ég vil að lokum taka undir þau orð, sem hv. 3. þm Norðurl. v. sagði í ræðu sinni hér á dögunum, að hann drægi mjög í efa, að þessi till. mundi verða til þess, að flm. veiddu nokkur atkv. á Vestfjörðum.

Hannibal Valdimarsson: Herra forseti. Ég vil nú ekki teygja umr. um þessa till. á langinn, svo oft sem búið er að taka hana á dagskrá og taka hana út aftur. En það vildi ég segja, að það eitt held ég, að væri til vansæmdar fyrir Alþingi Íslendinga, ef það viki því frá sér að leita sannleikans í þessu máli, sem hér er um að ræða, því að um það og það eitt er till. Till. byggist á ákvæði í stjórnarskrá ríkisins, og orðalag stjórnarskrárinnar er viðhaft um það frjálsræði, sem n. skuli hafa til þess að rannsaka mál, til þess að komast að því sanna í því ágreiningsmáli, sem þarna er um að ræða. Það eitt er tilefnið, eins og segir í till. sjálfri, að upp kom ágreiningur um það, hvernig hefði verið háttað framkvæmd landhelgisgæslu á tilteknum dögum, sem í till. segir, og vitnisburðir vestfirskra sjómanna voru vefengdir, rengdir. Því var haldið fram, að þeir væru ósannindamenn að því, sem þeir hefðu sagt, og við flm. þessarar till. kærðum okkur ekkert um, að vestfirskir sjómenn lægju undir því, að þeir væru að ljúga um þetta mál, og notuðum okkur því ákvæði stjórnarskrárinnar um það, að málið skyldi kannað til botns og það sanna leitt í ljós, hver sem sekur væri.

Það er algerlega rangt hjá þeim hv. þm., sem hafa talið, að við vissum ekki, flm., að hverjum málinu sé stefnt. Því er stefnt að þeim, sem sekir eru, ef einhverjir eru sekir um þetta. Því var haldið fram, að landhelgisgæslunni hefði verið mjög slælega framfylgt þessa ákveðnu daga, sem tilgreindir voru, og það voru vitnisburðir vestfirskra sjómanna. Þeir voru sagðir ljúga þessu, og undir því vildum við ekki láta þá liggja, og við höfðum aðstöðu til þess á Alþ. að krefjast þess, að rannsókn yrði sett í gang, svo að það kæmi í ljós, hvort þeir væru ósannindamenn eða ekki. Þeir, sem eru að reyna að tefja þetta mál, vilja ekki láta hið sanna koma í ljós, og það væri til skammar fyrir Alþingi Íslendinga, ef þeir kæmust fram með það.

Menn eru að hneykslast á því og þ. á m. furðufyrirbærið hv. 3. uppbótarþm. Reykv., að ég hafi sagt, að ef málið upplýstist til fulls í þn., þá þyrfti það ekki að fara lengra. Málið er borið fram til þess, að það upplýsist til fulls, á hvaða stigi málsins sem það gerist. Ef það upplýsist til fulls, hefur till. ekki lengur þýðingu. Ef það upplýsist fyrir þn., er málinu þar með lokið. Ég vil spyrja þetta hv. furðufyrirbæri þingsins: Hvers vegna ætti málið að ganga lengra, ef það hefðu fengist fullar upplýsingar í n.? Og hann svari. Hann má svara strax, ef hann getur. (**BGuðn:** Hvernig hefði nú verið að athuga skýrslu forsrh.?) Það lágu engar skýrslur fyrir frá forsrh. eða dómsmrh., þegar við bárum fram till. Það er ekki til neins að koma með svona þvætting inn í þetta mál, það mætti reka það öfugt ofan í fyrirbærið á sömu stundu.

Hann slær því föstu — eða reyndar á ég nú að segja: það slær því föstu — (**Gripið fram í:** Það á að segja hv. þm.) — ég má nota ábendingarfornafnið það, án þess að setja hv. framan við það, vænti ég, — að í þessari till. okkar felist vantraust á ríkisstj. (**BGuðn:** Ekkert annað. Ekkert annað) Það þýðir það, að hv. þm., undarlega fyrirbærið, sem ég er að tala um, virðist slá því föstu, að hér sé um vantraust á ríkisstj. að ræða, (Gripið fram í.) Þá ætla ég að slá því föstu, að hv. fyrirbæri greiddi till. atkv., sem er í andstöðu við ríkisstj. (**BGuðn:** Ég fer eftir málefnum) Tilvera hans er hér til þess að leggja ríkisstj. að velli. En samt sem áður kemst hann að þeirri niðurstöðu, að hann verði á móti, — hann er líklega byrjaður núna þessa stundina að styðja ríkisstj. (**BGuðn:** Ert þú að styðja ríkisstj. með svona till.?) Ég vænti þess, að ríkisstj. standist það, að hið sanna komi í ljós í þessu máli.

Ég á að vera að dómfella dómsmrh. með þessari till. Það er slík fjarstæða, að það er ekki svaravert. Ég er margbúinn að taka það fram, að ég vil, að sannleikurinn komi í ljós í þessu máli, gegn hverjum sem hann beinist. Og svo var sagt hérna rétt áðan: Það hefði mátt ætla, að ég hefði verið flm. þessarar till. — Ekki var hún þó verri en það. En atkv. gat hann ekki greitt henni, þótt hún væri þess eðlis, að það mætti ætla, að hann væri flm. Allt er þetta á eina bókina lært, eitt rekur sig á annars horn.

Þessi till. er ekki sérstök í sögu þingsins. Það hefur oft og iðulega komið fyrir, að Alþ. hefur leitað sannleikans í málum, og það eitt er að gerast hér. Ef það væri sérstakt í sögu Alþ., þá væri það furðulegt og það bæri að harma. Nei, það er til sóma fyrir Alþ. að leita sannleikans í hvaða máli sem er. Það er til smánar fyrir sérhvern þm. að beita sér gegn því, að sannleikurinn komi í ljós í máli, þessu máli sem öðrum. Þess vegna eru allar tilraunir þm. til þess að tefja fyrir þessari till. og drepa málinu á dreif með snakki til skammar. Þingleg meðferð á þessari till. sem fyrst og rannsókn sem fyrst, svo að sannleikurinn komi sem fyrst í ljós, það er það eina, sem er Alþ. til sóma.

Sverrir Hermannsson: Herra forseti. Ég verð að játa, að fyrst þegar ég fékk þessa till. augum litið, kom hún mér allmjög spánskt fyrir sjónir, af því að ég hélt, að þetta væri e. t. v. tæpast þingleg meðferð. Hins vegar kemur í ljós, að í 39. gr. stjórnarskrárinnar, svo sem vitnað er til í till. sjálfri, segir, með leyfi forseta:

„Hvor þd. getur skipað n. innandeildarþm. til að rannsaka mikilvæg mál, er almenning varða. Þd. getur veitt n. þessum rétt til að heimta skýrslur, munnlegar og bréflegar, bæði af embættismönnum og einstökum mönnum."

Hér er því alveg rétt að farið. Hins vegar hefur verið allmjög um það deilt, hvort skilja bæri þessa till. sem vantrauststill. á hæstv. forsrh. eða dómsmrh. af þessu tilefni. Ég geri ekki ráð fyrir því, að það hafi verið meining þeirra hv. flm. Hins vegar fer ekki hjá því, að eins og málatilbúningurinn hefur verið, þá beinist rannsókn þessi að yfirstjórn Landhelgisgæslunnar, — svo rækilega hefur það verið fram tekið, að hér væri ekki átt við rannsókn á störfum varð-

skipsmanna, að rannsóknin hlýtur þar af leiðandi einvörðungu að beinast að yfirstjórn Landhelgisgæslunnar, þar með töldum hæstv. dómsmrh. Að því leyti má að sjálfsögðu skoða þetta sem óbeint vantraust. En allt um það, á það ætla ég ekki að leggja sérstakan dóm. Til þess að geta fylgt þessu vil ég líta svo á, að hér sé einvörðungu átt við það að fá allan sannleikann fram, því að ég mundi ekki greiða þessari till. atkv. og hafa þann hátt á að lýsa yfir vantrausti á hæstv. dómsmrh. Þess vegna lít ég svo á, að hér sé einvörðungu að því stefnt að fá fram allan sannleikann í málinu, en á því er síst vanþörf.

Hv. 3. þm. Vestf. sagði hér áðan, að vestfirskir sjómenn hefðu verið kallaðir ósannindamenn. Hverjir hafa kallað vestfirska sjómenn ósannindamenn? Hverjir? (Gripið fram í.) Já, svar Landhelgisgæslunnar, sem hæstv. dómsmrh. — því miður er hann fjarverandi — fór með í svari sínu á hinu háa Alþ. Og þá fara nú böndin heldur betur að berast að hæstv. dómsmrh. Nú er naumast hægt að segja, að þarna hafi þeir verið kallaðir ósannindamenn og með enn þyngra orðalagi, sem hv. þm. viðhafði, að það hafi komið fram í svari hæstv. dómsmrh., heldur má fremur segja, að umsagnir hafi greint á um aðstæður og um hvað fram fór.

Ég vil geta þess, að þetta er ekki bundið við Vestfirði einvörðungu. Ég hef áhuga á því, að allt hið rétta komi fram í þessu máli. Fyrir nokkru varð skipstjórinn á Ljósafelli var við, að einir 7 stórir verksmiðjutogarar, vesturþýskir, voru að veiðum í Berufjarðarál austanverðum. Þetta var um hádegisbilið á laugardegi. Hann gerði Landhelgisgæslunni viðvart um þetta, ítrekaði það á sunnudegi og enn á mánudegi. Á sunnudegi voru svörin þau frá yfirstjórn Landhelgisgæslunnar, að varðskip væri á leiðinni. Á mánudag var þetta ítrekað, en á mánudagskvöld, þegar Guðmundur Ísleifur hringdi í mig, hafði ekkert borið til tíðinda utan það, að hinir þýsku togarar höfðu fylgst með honum suður á bóginn og voru nú á veiðum í náND við Hvalbak.

Þessi framkvæmd, ef rétt reynist, — nú hef ég einvörðungu fyrir mér orð annars aðilans í þessu, — þessi framkvæmd er illskiljanleg, að ekki sé meira sagt. Ef Landhelgisgæslan hefur ekki varðskipum á að skipa til þess að annast gæsluna, þá eiga þeir vitanlega að svara því til, þegar til þeirra er leitað með þessum hætti, að þeir hafi ekki tök á því að stugga við þessum skipum, sem þarna voru á ferðinni, í þetta skiptið. En sjómenn, mjög margir, halda því statt og stöðugt fram, að yfirstjórn Landhelgisgæslunnar og viðbrögð hennar séu með óeðlilegum hætti, að ekki sé meira sagt. Þess vegna er það, að ég tel nauðsyn á, að þetta verði rannsakað niður í kjölinn, og mun því fylgja þessari þáltill., en tek það fram, að ég skoða hana ekki, — enda þótt vissulega megi að sínu leyti líta þannig á, — skoða hana ekki sem vantrauststill. á hæstv. dómsmrh.

Vilhjálmur Hjálmarsson: Herra forseti. Ég ætla ekki að lengja mikið þessar umr., en þar sem ég tel víst, að þessi till. fari til n., og miðað við þann tíma, sem hefur tekið að koma henni í n., þá mætti búast við, að það yrði bið á því, að hún kæmi til umr. aftur hér, og vil ég því láta koma fram afstöðu mína til till.

Ég tel þennan tillöguflutning algerlega fráleitan. Alþ. hefur beitt ákvæði um sérstakar rannsóknarnefndir með ákaflega mikilli varúð. Það er mitt mat, að ekkert hafi gerst, sem gefi tilefni til svo fáheyrðra aðgerða og svo alvarlegrar ákvörðunar af hálfu hv. d. sem það væri, ef hún setti sérstaka rannsóknarnefnd samkv. þessari till. Ég tel, að hæstv. dómsmrh. hafi strax svarað gagnrýni vestfirsku sjómannanna á eðlilegan hátt með þeirri athugun, sem fram hefur farið í þessu máli nú þegar. Þar að auki finnst mér skylt að hafa í huga, að Íslendingar eru vissulega í erfiðri aðstöðu í landhelgismálinu, voru það enn meir, þegar till. var flutt, en eru það enn. Þetta er mikið alvörumál. Þá áttu Íslendingar í styrjöld við volduga þjóð eða því sem næst. Þessar ástæður gera enn fráleitara að mínu mati að fitja upp á slíkum aðgerðum sem þeim, sem till. fjallar um. — Ég vildi aðeins láta þetta koma fram við þessa umr. málsins.

Flm. (Karvel Pálmason): Herra forseti. Það eru aðeins örfáar aths. vegna ummæla, sem hafa fallið í umr. um þetta mál.

Hv. 5. þm. Austf. sagði, að ekkert það hefði gerst, sem gæfi ástæðu til svona alvarlegra aðgerða. Það er ekkert alvarlegt, þó að kannske tugir skipstjórnarmanna, hvort sem þeir eru á Vestfjörðum, Austfjörðum eða Norðurlandi, séu rengdir um það, að þeir fari með rétt mál, þrátt fyrir að þeir hafi staðfest það fyrir rétti. Það er ekki svo alvarlegt, að það þurfi að komast til botns í málinu. Ég lít það svo alvarlegum augum, að ég tel fulla ástæðu til þess, að málið sé kannað niður í kjölinn.

Hv. 2. þm. Vestf. talaði hér, síðast þegar þetta mál var á dagskrá, og það, sem hann hafði einna mestar áhyggjur af, var það, að flm. og þá sérstaklega annar þeirra, hinn fyrri, væru mjög farnir að draga í land frá því, sem til var ætlast á fyrsta stigi málsins. En ég vil sannfæra þennan hv. þm. um, að það hefur ekkert verið dregið í land og verður ekkert dregið í land af okkar hálfu. Við ætlumst til þess, að málið fái athugun og það verði kannað niður í kjölinn, hver hefur á réttu að standa eða ekki. Og svo var hann að kvarta undan því, að við værum hér að mótmæla því, sem hann héldi fram um þetta mál. Ég veit ekki, við hverju þessi hv. þm. hefur búist, að menn bara þegðu þunnu hljóði, ef hann færi hér í ræðustól. Það verður a. m. k. ekki gert af minni hálfu.

Hún var nú eiginlega kærkomin í miðju skammdeginu, sú ræða, sem hv. 3. þm. Norðurl. v. flutti hér við síðustu umr., sem fram fór um þetta mál. Þetta er á margan hátt skemmtilegur þm., að vísu á sumum stigum allsérkennilegur, en hvað um það. Þessi hv. þm. hefur lengst af verið heldur ókyrr í vistinni hjá maddömu Framsókn. Hann hefur lengst af verið, ef svo mætti segja, taumskakkur hjá hæstv. forsrh. og formanni Framsfl. og ætlaði nú greinilega að bæta þar um, ekki bara vera dyggur þjónn síns yfirboðara og fylgja honum í einu og öllu, heldur ganga fram fyrir skjöldu og berjast. En í hverju var nú fólgin

þessi orka hjá þessum hv. þm.? Jú, hún var í því fólgin að segja hér á Alþ. yfir þingheim allan, að hæstv. forsrh. og dómsmrh. hefði í þessu máli ekki getað sagt neitt annað en hann gerði. Sem sagt, hann gaf í skyn, að þrátt fyrir það að landhelgisgæslunni, eins og hann gaf í skyn með sínum orðum, hefði verið kippt til baka á vissum stigum, þá gat hæstv. ráðh. ekki sagt annað en hann sagði. Reyndar sýndist mér, að hæstv. ráðh. sigi saman í stólnum, þegar þessi hv. þm. gaf þetta í skyn. Og ég er viss um, að hæstv. forsrh. hefur ekki þótt þetta gott innlegg í þessar umr. sér til stuðnings, því að það var ekki hægt að skilja þessi ummæli hv. þm. á annan veg en þann, að hæstv. ráðh. hefði að einhverju leyti, a. m. k. að mati hans sjálfs, verið nauðbeygður til að segja annað en hann raunverulega hefði ætlað að gera. Ég ætla ekki hæstv. dómsmrh. þetta. Hv. 3. þm. Norðurl. v. má vera einn um það mín vegna að ætla hæstv. dómsmrh. svona vinnubrögð, ég vil ekki ætla honum þau.

Þá sagði hv. þm., að tillögumenn þessarar þáltill. væru að smjaðra fyrir sjómönnum á Vestfjörðum. Þetta er mesti misskilningur hjá hv. þm. Það er ekki um neitt smjaður að ræða. En við ætlumst til þess, að þegar slíkur ágreiningur sem þessi kemur í ljós, þá verði komist að því, hver segir satt og hver ekki. Við kærum okkur ekki um það, að vestfirskir skipstjórnarmenn eða sjómenn séu almennt álitnir ósannindamenn, a. m. k. ekki þegar þeir hafa staðfest framburð sinn fyrir réttum yfirvöldum.

Einhver sagði hér áðan, — ég held, að það hafi verið hv. 3. landsk. þm. og það er nú kannske ekkert að undrast það, — hann sagði, að rannsókn hefði farið fram. Ég vænti þess, að þessum hv. þm. og prófessor að auki sé um það kunnugt, að ef rannsókn á að fara fram, þá er ekki nægilegt að kanna bara ástæður á aðra hliðina, það verður að gerast á báðar. Í þessu tilviki hefur ekkert verið gert annað en að taka skýrslur af skipstjórnarmönnum á Vestfjörðum, og þeir hafa staðfest þar þann framburð, sem þeir héldu fram á sínum tíma. En það hafa ekki mér vitanlega enn verið teknar skýrslur af hinum aðilanum, og það er það, sem við erum að biðja um. Það er engin rannsókn að neinu gagni, það er til málamynda, ef á bara að rannsaka annan aðilann. Það verður að gera það á báða bóga.

Svo sagði þessi hv. þm., að það væri raunar óþolandi, að þetta skuli ekki vera vantraust á hæstv. forsrh. Hann getur bætt úr því sjálfur, ef hann vill flytja vantraust á hann. Þessi till. er ekki flutt sem slík. Hún er einvörðungu flutt til þess að fá það í ljós, sem sannast er og réttast.

Hv. 3. þm. Norðurl. v. sagði, að aðgerðum hefði verið mjög í hóf stillt. Það er ekkert verið að deila um það. Spurningin er: Var framfylgt þeim yfirlýsingum, sem hæstv. forsrh. og dómsmrh. gaf bæði í fjölmiðlum og hér á hv. Alþ.? Var þeim framfylgt, eða var þeim það ekki? Það er það, sem þarf að fá skorið úr. Ef það hefur ekki verið gert, þá hefur verið dregið í land af einhverjum aðilum, og það þarf þá að upplýsast.

Björn Pálsson: Herra forseti. Ég hafði ekki gert ráð fyrir að tala meir í þessu máli, en það var vikið hér aðeins að ummælum, sem ég hafði átt að hafa um daginn, — (KP: Aðeins hærra.) — ég er nú ekki eins raddsterkur og þú vinur minn, — um það, að ég áliti, að hæstv. forsrh. hefði ekki getað sagt annað en það, sem hann sagði. Það er alveg rétt. Ég álít, að það hefði hvorki verið viturlegt né leyfilegt fyrir hann að tilkynna, áður en hann fór að undirbúa samningana, um það bil sem hann var að fara til Bretlands, að landhelgin yrði ekki varin. Það hefði verið eins og hver annar bjánaskapur. Auðvitað hefðu þeir þá allir ruðst inn. Þegar hæstv. ráðh. var að þessu spurður, gat hann ekki svarað öðru en þessu, að það yrði óbreytt. (Gripið fram í: Var hún ekki varin?) Hún. Það gefur auga leið, það var klippt minna, við heyrðum ekkert um, að það væri klippt aftan úr togurum. Það þarf engan speking til að sjá, hvers vegna var hægt á vörslunni á þann hátt. En hann gat vitanlega ekki verið að tilkynna: Landhelgin verður ekkert varin. — Þetta ætti hver heilvita maður að skilja, að það var verið að reyna að stilla gæslunni í hóf, til þess að Bretar kæmu ekki með herskipin aftur inn í landhelgina og gerðu ómögulegt að semja. Það vita allir, að forsrh. vildi reyna samninga og vildi semja upp á skapleg kjör. Þetta ætti hver maður með fullu viti að skilja. En hitt er svo annað, að það er eðlilegt, að menn séu misgreindir, og bjáni getur aldrei orðið að spekingi.

ATKVGR.

Till. vísað til allshn. með 21 shlj. atkv. og umr. frestað.

Neðri deild, 44. fundur.

Mánudaginn 17. des., að loknum 43. fundi.

Þörungavinnsla við Breiðafjörð, frv. (þskj. 247, n. 265). — 2. umr.

Of skammt var liðið frá útbýtingu nál. — Afbrigði samþ. með 27 shlj. atkv.

Jónas Jónsson: Herra forseti. Iðnn. hefur fjallað um frv. á þskj. 247 og látið frá sér fara eftirfarandi nál.:

„N. er sammála um að mæla með samþykkt frv. á þskj. 247, en einstakir nm. áskilja sér rétt til að flytja eða fylgja brtt., sem fram kunna að koma."

Pétur Pétursson: Herra forseti. Mig langar til að segja fáein orð í sambandi við þetta mál, sem ég tel mjög athyglisvert, þar sem um er að ræða að reisa nýja verksmiðju og þar sem að hráefnið er áður ónotað íslenskt hráefni. Mér finnst þetta athyglisverð nýlunda og tel helstu kostina vera þá í fyrsta lagi, að notað er alíslenskt hráefni, sem annars yrði ekki notað til neins eða hefur ekki verið notað til neins, í öðru lagi, að hér er verið að nýta jarðhita, sem tæpast nýtist til annarra nota í bili a. m. k. Hér verður byggður upp byggðarkjarni, sem er mjög þýðingarmikið fyrir viðkomandi hérað. Af fyrir-

tækinu verða þó nokkrar gjaldeyristekjur, hér skapast atvinna fyrir talsverðan hóp manna, og má segja, að hér sé um að ræða þátt í byggðajafnvægi, dreifingu atvinnufyrirtækja um landið. Hins vegar finnst mér vera neikvæðar hliðar á þessu máli einnig, og má þar fyrst nefna, að auk þess stofnkostnaðar, sem fylgir sjálfri verksmiðjunni, fylgir umtalsverður kostnaður við boranir, vegalagningar, raflínu og hafnargerðir. Það virðist ekki af skýrslum vera fullkomið öryggi fyrir öflun hráefnis einkum í framtíðinni, og eftir þeim upplýsingum, sem ég hef fengið, virðist óöryggi ríkja um afkomu fyrirtækisins, enda þótt það sé engan veginn talið vonlaust. Í aths. frá hagrannsóknadeild Framkvæmdastofnunar ríkisins segir svo í niðurstöðum með leyfi hæstv. forseta:

„Hér að framan hefur verið drepið lauslega á nokkur atriði í sambandi við hugsanlega þangvinnslu við Breiðafjörð. Mörg fleiri mætti vafalaust nefna, sem athugunar þyrftu við, en þessi virðast einna mikilvægust frá viðskiptalegu sjónarmiði. Sé þess talinn nokkur kostur virðist rétt að ráðast ekki í framkvæmdir, fyrr en frekari vísindalegar og verklegar tilraunir, einkum varðandi þangtekjuna og efnisgæði afurðanna, hafa farið fram. Sérstaklega mikilvægt virðist að reyna sláttutæknina og flutningakerfið fyrir blautt þang við raunverulegar aðstæður, áður en lengra er haldið. Þá virðist aðkallandi að reyna að fá skýrar línur um hugsanlegan viðskiptasamning við AIL, einkum að því er varðar verðlagsviðmiðanir, og hvort tilboð AIL sé algerlega bundið afhendingu strax 1974. Þá virðist nauðsynlegt að tryggja sölu á því magni mjöls, sem AIL hefur ekki boðist til þess að kaupa."

Þetta er frá því í júní s. l., og er mér tjáð, að ýmiss konar breytingar hafi síðan orðið á samningunum, bæði að því er varðar verð og magn, og það allt til betri vegar. Ég lít á þetta álit hagrannsóknardeildarinnar sem eins konar varasemi. En vegna þess að það virðist alveg óhjákvæmilegt og bráðnauðsynlegt, að hægt sé að byggja verksmiðjuna á árinu 1974, vil ég fyrir mitt leyti ekki bregða fæti þar fyrir. Það hefði kannske verið æskilegt að gera nánari rannsóknir, eins og hér hefur verið rætt um, en ég tel þó vera réttlætanlegt að ráðast í fyrirtækið.

En mig langar til að ræða dálítið um iðnaðarmálin almennt í sambandi við þetta fyrirtæki, því að ég tók eftir því, að þegar þessi skýrsla var gerð, var pundið reiknað á 227 kr., en nú er það, eins og við vitum, 195 kr. og þar er strax orðin yfir 10% lækkun. Auk þess vitum við, hver verðlagsþróunin er í landinu að því er varðar vinnulaun o. fl. Mér er kunnugt um fyrirtæki, Kísiliðjuna við Mývatn, sem er að mörgu leyti byggt upp á svipaðan hátt og þetta. Þar verður væntanlega á þessu ári ofurlítill hagnaður, kannske 3—5 millj. kr., eftir að afskrifaðar hafa verið 49 millj., en fyrirsjáanlegt er, að á næsta ári, ef ekki koma til verulegar verðhækkanir á afurðum, verður umtalsverður halli á því fyrirtæki, 20—30 millj. kr. áætlað. En svo er það bara með iðnaðinn eins og hann leggur sig og þá alveg sérstaklega útflutningsiðnaðinn, að þeir erfiðleikar, sem við er að eiga í því efni, eru svo stórvægilegir, að ég vil ekki trúa öðru en að stjórnvöld taki verulega föstum tökum á þessum málum. Ég hef séð orðsendingu, sem Félag ísl. iðnrekenda hefur sent hæstv. iðnrh. 4. nóv., og þar eru tilteknar till., sem ég ætla að lesa, með leyfi hæstv. forseta:

„1. Að felldur verði niður söluskattur á öllum aðföngum, þar með töldum fjárfestingarvörum framleiðsluiðnaðarins.

2. Að felldur verði niður launaskattur á framleiðsluiðnaði til samræmis við sjávarútveg og landbúnað.

3. Að þeim iðnfyrirtækjum, sem flytja út verulegan hluta framleiðslu sinnar, verði veittar bætur vegna óhagstæðrar verðþróunar, er þau hafa orðið fyrir frá gengislækkuninni í des. 1972."

Sá gífurlegi munur, sem hefur orðið af því, að krónuverð fyrir dollar var 97 kr., en er nú 83, gefur alveg glögglega í skyn, hvað þessir erfiðleikar eru miklir, og þó að segja megi, að samkeppnisiðnaðurinn sleppi eitthvað betur en það, sem við höfum kallað útflutningsiðnað, þá auðvitað hnígur þetta í sömu áttina með tiltölulega miklum hraða. Iðnaður almennt í landinu á nú í svo stórkostlegum erfiðleikum, að ég vil ekki trúa öðru en gripið verði til einhverra ráða til þess að aðstoða þennan atvinnuveg, eins og sakir standa í dag, svo að ég tali nú ekki um þegar við bætast væntanlegar launahækkanir og svo til daglegar hráefnahækkanir.

Það má kannske segja, að þetta sé óskylt því frv., sem hér er um að ræða, en þó ekki, því að þessi verksmiðja hlýtur að verða fyrir erfiðleikum eins og aðrir, þegar þar að kemur, nema eitthvað alvarlegt sé í málinu gert. Þeir aðilar, sem eru að fást við iðnað nú, ég vil segja, hvort sem er til útflutnings eða fyrir innlendan markað, — eiga í slíkum erfiðleikum, að það er fyrirsjáanlegt, að iðnfyrirtækjum verður að loka, ef ekki verða einhverjar ráðstafanir gerðar. Við heyrðum það hér í þessum sal frá einum hv. þm., sem hefur með niðurlagningariðnað að gera, að þar er ekki um annað að ræða en hætta þeim iðnaði, nema einhverjar sérstakar ráðstafanir komi til. Ég hef tekið þetta mál upp hér til að minna á það, en vil hins vegar lýsa yfir fylgi mínu við þetta frv. og styðja það, að því verði hraðað í gegnum hv. deild.

ATKVGR.

1. gr. samþ. með 25 shlj. atkv.
2.—8. gr. samþ. með 25 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 23 shlj. atkv.

Neðri deild, 45. fundur.

Mánudaginn 17. des., að loknum 44. fundi.

Þörungavinnsla við Breiðafjörð, frv. (þskj. 247). — 3. umr.

Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði samþ. með 23 shlj. atkv.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 22 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 282).

Seðlabanki Íslands, frv. (þskj. 280). — 3. umr.

Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði samþ. með 23 shlj. atkv.

Enginn tók til máls.

ATKVR.

Frv. samþ. með 20:1 atkv. og endursent Ed.

Tekjuskattur og eignarskattur, frv. (þskj. 171). — 1. umr.

Flm. (Matthías Á. Mathiesen): Herra forseti. Frv. það, sem hér er til umr., er flutt fyrir hönd þingflokks sjálfstæðismanna af okkur hv. 2. þm. Vestf., Matthíasi Bjarnasyni, fulltrúum Sjálfstfl. í fjh.- og viðskn. þessarar hv. d., eins og fram kemur í grg. með frv.

Áður en vikið er að frv., og einstökum greinum þess sérstaklega, er rétt að gera sér ljósar nokkrar staðreyndir varðandi ástand skattamálanna í dag, svo og þróun og meðferð skattamála á undanförnum árum og áratugum og þá sérstaklega forustu og afstöðu sjálfstæðismanna þar um.

Það er engum vafa undirorpið, að aldrei hefur jafnmikil óánægja grafið um sig meðal þorra skattgreiðenda í landinu og síðan núv. ríkisstj. hóf afskipti sín af skattamálum. Strax á fyrsta þingi núv. kjörtímabils réðust núv. stjórnarflokkar í breytingu á skattal., sem voru í senn vanhugsaðar og án þess að þeir gerðu sér nokkra grein fyrir því, hvaða áhrif breytingarnar hefðu á einstaklinga, á atvinnureksturinn eða skatttekjur ríkisins í heild. Við sjálfstæðismenn snerumst gegn þessum breytingum og vöruðum við þeim og afleiðingum þeirra, en á það var því miður ekki hlustað. Okkur var ljóst, að þær breytingar, sem gerðar voru, höfðu í för með sér verulega aukna skattbyrði á meginþorra gjaldþegna þjóðfélagsins. Við lögðum þess í stað til, að haldið yrði áfram þeirri vel undirbúnu endurskoðun, sem fram fór á árunum 1969—1971, og frestað yrði lögfestingu á þeim brtt., sem fólust í frv. vinstri stjórnarinnar.

Við álagningu skatta árið 1972 kom í ljós, að allt, sem stjórnarandstaðan hafði sagt á þingi, var rétt. Ríkisstj. varð að grípa til brbl. til þess að sliga ekki algerlega gamla fólkið með þeirri þungu skattbyrði, sem stjórnarflokkarnir höfðu samþykkt, og var aukningin um 110—140%, og var þar enn bætt um, þegar þau brbl voru samþykkt á Alþ. Þá kom í ljós, að innheimtir tekju- og eignaskattar fóru nær einum milljarð fram úr áætlun 1972 og skattbyrðin jókst þá um rúm 20%.

Enn var haldið áfram á sömu braut. Við álagningu 1973 námu tekjuskattar einstaklinga 4 milljörðum 678 millj. kr. að meðtöldu 1% álagi til Byggingarsjóðs ríkisins. Við frumálagningu 1972 námu tekjuskattar einstaklinga 3 milljörðum 426 millj. kr., og við álagningu 1971 1 milljarði 117 millj. kr. Þetta jafngildir 318.8% hækkun 1971—1973, á sama tíma sem brúttótekjur framteljenda hækka aðeins um 60%.

Sömu hneigðar gætir í fjárlagafrv. því, sem Alþ. hefur nú til meðferðar. Þar er gert ráð fyrir, að tekjuskattur nemi rúmum 6 milljörðum. Þar af nemur tekjuskattur einstaklinga 5 milljörðum 615 millj. og tekjuskattur félaga 764 millj. kr., hvort tveggja með byggingarsjóðsálagi. Áfram ætla þeir að halda í sömu átt.

En hver hafa viðbrögðin verið við þessari stefnu? Það gerist nú, sem aldrei hefur gerst áður, að launþegasamtök landsins hafa sett skattamálin á oddinn í þeim kjarasamningum, sem fram undan eru. Þeim sýnist nú mælirinn fullur. Aðilar þeirra gera sér ljóst, að ekki er ástæða til þess að leggja hart að sér, ef ljóst er, að meiri hluti viðbótartekna fer í skatta, og að kauphækkanir eru lítils virði, ef þær verða aðeins til þess, að þeir færist hærra upp í skattstigann og komist í hæstu skattþrepin. Reyndar eru skattþrepin það kröpp, að þau renna nánast saman í eitt. Þessu til stuðnings má benda á, að um 72% allra tekjuskattsgreiðenda á árinu 1973 greiddu skatta í hæsta skattþrepi, en þá er hámarksskattur á viðbótartekjum orðinn 54.69% að meðtöldu útsvari, byggingarsjóðsálagi og kirkjugarðsgjaldi, en viðlagasjóðsgjaldi sleppt.

Viðurlögin við vinnu manna eru orðin svo þung, að ekki mun vera meiri hl. á Alþ. til stuðnings við þær álögur, sem lagðar eru til í fjárlagafrv. fyrir 1974, og verða því stjórnarliðar með talnaleik að ganga frá þeim pappírsfjárlögum, sem þeir hugsa sér að samþykkja. Þá hefur það komið fram, að ríkisstj. hefur verið knúin til þess að ræða við launþegasamtökin um lækkun beinna skatta, en þá gert um leið kröfur til þess, að þeim skattlækkunum verði mætt með söluskattshækkun, sem fari ekki inn í kaupgreiðsluvísitölu, og er grunur margra, að ýmislegu sé ætlað að fljóta þar með.

Sjálfstfl. vill með frv. þessu gera till., sem fela í sér lækkun tekjuskatts einstaklinga. Þær till. eru fyllilega tímabærar, eins og ég hef nú vikið að. Af hálfu Sjálfstfl. er frv. skoðað sem áfangi á þeirri leið að minnka beina skattheimtu ríkisins enn frekar. Þær breytingar, sem lagðar eru til, eru að okkar dómi viðráðanlegar fyrir ríkissjóð án allsherjar breytingar á öllu skattkerfinu.

Rétt er að virða fyrir sér, hvað gerst hefur í þeim löndum, þar sem skattheimta ríkisins hefur orðið of hátt hlutfall af þjóðarframleiðslunni að dómi skattborgarans. Má í því sambandi benda á uppstokkunina í dönskum stjórnmálum nú fyrir skömmu. Þess eru glögg merki síðustu tvö árin, að þróun skattheimtu hér á landi sé á sömu leið og í Danmörku.

Gert er ráð fyrir, að heildarskatttekjur hins opinbera verði 34.1% árið 1973, með viðlagasjóðstekjum 35.5%, en voru 30% 1970, 31.8% 1971, en um 33.5% árið 1972. Áætlað er, að beinir skattar sem hlutfall af þjóðarframleiðslu hafi verið 10.8% árið 1973, sem var hæsta hlutfall í þessu efni frá því fyrir árið 1960. Verða þá beinir skattar samkv. því tæplega þriðjungur tekna hins opinbera. Til samanburðar má geta þess, að heildarskatttekjur í Danmörku miðað við

þjóðarframleiðslu voru 35.3% árið 1970, en beinir skattar 17.7% miðað við þjóðarframleiðslu. Við erum því ekki eins langt frá Dönum að þessu leiti og menn vilja vera láta.

Færa má ástæður fyrir því, að há álagning tekjuskatts segi fyrr til sín hér á landi en í nágrannalöndum, þannig að óánægju verði fyrr vart hér en þar. Í fyrsta lagi er tekjuskipting sennilega jafnari hér en á öðrum Norðurlöndum. Það kemur berlega í ljós, þegar tekjuskipting hér á landi er skoðuð, að allur þorri einstaklinga er á mjög þröngu bili. Við álagningu 1973 voru um 9% hjóna á tekjubilinu 0 og upp í 300 þús. kr., 33% á bilinu 300 upp í 600 þús., en 58% á bilinu 600 upp í 1 millj. Þessi jafna tekjuskipting hefur í för með sér, að mestur þungi skattheimtunnar lendir á svokölluðum miðlungstekjum, og það er ákaflega þröngt um við að hækka skattheimtuna að ráði, án þess að allt lendi á þessum hóp. Afleiðingin er jafnframt sú, að fara verður nokkuð langt niður eftir tekjustiganum til þess að sækja síðustu krónurnar í ríkissjóð, því að hátekjumenn eru svo fáir, að þar er lítið að kræka í.

Í öðru lagi hefur fólksfjölgun verið hér meiri síðustu áratugi en á öðrum Norðurlöndum. Þjóðin er þess vegna tiltölulega yngri og tiltölulega minni hluti hennar á vinnumarkaðnum en á öðrum Norðurlöndum. Skattbyrðin lendir því á tiltölulega minni hóp hér en þar, og ber að hafa þetta í huga, þegar verið er að bera saman heildarálögur miðað við þjóðarframleiðslu.

Í þriðja lagi þurfum við ekki að standa straum af kostnaði vegna hermála, en ástæða er til að ætla, að þorri skattgreiðenda á Norðurlöndum sætti sig við nokkru hærri skattbyrði en ella, þegar unnt er að skírskota til landvarna og föðurlandstilfinninga.

Í fjórða lagi eru tekjuskattar félaga hér tiltölulega lítill hluti heildartekna ríkissjóðs. Tekjuskattur félaga er á næsta ári áætlaður um 2.8% heildartekna ríkissjóðs, en verður enn minna, ef miðað er við hlutfall heildartekna ríkis og sveitarfélaga.

Í fimmta lagi hefur verið óðaverðbólga í landinu 1972 og 1973. Vísitala vöru og þjónustu hækkaði um 30% frá 1. nóv. 1972 til 1. nóv. 1973 og vísitala byggingarkostnaðar um 32.5% á svipuðum tíma. Sá skattur, sem lagður er á allan almenning með þessu móti, er ekki óverulegur. Þótt ríkissjóði sé borgið, eins og hinar geysilega háu tekjur umfram áætlun sýna, en þær munu vera 1973 áætlaðar 2 milljarðar, hjálpar það lítið þeim, sem verða að standa skil á greiðslum, jafnframt því sem ráðstöfunartekjurnar verða æ minna virði.

Þegar tillit er tekið til þessara atriða, verður afstaða skattgreiðenda skiljanlegri, enda þótt hæstv. ríkisstj. ætli seint að átta sig á hlutunum. Ástandið nú minnir á þær ógöngur, sem skattheimta ríkisins var komin í, þegar viðreisnarstjórnin tók við völdum 1960, eftir að vinstri stjórnin þá gafst upp vegna óðaverðbólgu. Ég gat um það áðan, að um 72% allra skattgreiðenda greiða tekjuskatt í hæsta skattþrepi og um 58% allra framteljanda greiða tekjuskatt á þessu ári. Árið 1959 var svo komið, að 80% allra framteljenda greiddu tekjuskatt, en eftir þær breytingar, sem viðreisnarstjórnin beitti sér fyrir á skattalögum, snerist þetta hlutfall við, og árið 1960 greiddu um 20% framteljenda tekjuskatt.

Ég mun nú stikla á nokkrum mikilvægum atriðum í sambandi við þróun og meðferð skattamálanna á síðustu árum og áratugum. Árið 1952 fluttu þeir alþm. Jóhann Hafstein og Magnús Jónsson mjög ítarlegt frv. um nýja skattalöggjöf. Í því frv. var m. a. lagt til, að tekinn yrði upp sérsköttun hjóna og þá um leið ákvarðaðir persónufrádrættir í samræmi við þá löggjöf, sem gilt hafði frá 1942. Með frv. 1952 fylgdi ítarleg grg. eftir Sigurbjörn Þorbjörnsson núv. ríkisskattstjóra um skattamál. Þar segir m. a. varðandi sérsköttun hjóna, með leyfi hæstv. forseta:

„Hvort sem eiginmaður eða eiginkona eða bæði færa peningatekjur til heimilisins, þá afla þau lífsgæða sér til handa beint eða óbeint í sameiningu og að mínu áliti fyllilega að jöfnu, og í flestum tilfellum njóta þau þess að jöfnu. Og hitt er jafnvíst, að tveir eru aðilarnir í þessu tilfelli, miðað við aðeins einn aðila, ef einhleypingur aflar teknanna og nýtur. Skipting á tekjum hjóna til helminga til skattlagningar er því réttlætismál á þeim grundvelli, að tveir afla teknanna, beint eða óbeint, og tveir njóta. Að mínu áliti er hér ekki um að ræða neinn afslátt til handa hjónum, heldur réttláta skattlagningu þeirra sem tveggja einstaklinga, og kemur því ekki til mála að takmarka slíka skiptingu við neitt sérstakt mark lágtekju- eða hátekjuhjóna. Lágtekju- og hátekjuhjón eru hér saman í bát. Greinarmunur á skattgreiðslu af lágtekjum og hátekjum hefur verið framkvæmanlegur með svonefndum „progressive“ skattstigum, og mun verða það áfram, þótt eigi sé mismunað milli hjóna að öðru leyti.“

Í þessu sambandi er rétt að geta þess, að það var skoðun Alþfl., að reikna ætti konum aðeins hluta af tekjum mannsins, og hafði það komið fram í tillögu hans hér á Alþ.

Í umræddu frv. var einnig gert ráð fyrir veitingu frádráttar vegna heimilisaðstoðar, þar sem hjónin ynnu bæði utan heimilis, svo og fyrir einstæða foreldra með barn á framfæri. Frv. hlaut því miður ekki afgreiðslu

Á þingi 1956 og 1957 voru flutt frv. um sérsköttun hjóna, og var 1. flm. þá Ragnhildur Helgadóttir, en ásamt henni meðflm. þeir Magnús Jónsson og Jóhann Hafstein, auk þeirra þm. Alþfl., Benedikt Gröndal og Pétur Pétursson. Frv. þessi náðu þá ekki fram að ganga.

Árið 1960 beitti viðreisnarstjórnin sér fyrir, að Alþ. markaði þá stefnu, að almennar launatekjur skyldu vera skattfrjálsar. Þá var lögleitt, að persónufrádráttur hjóna skyldi vera 70 þús. kr., einhleypings 50 þús. og 10 þús. kr. fyrir hvert barn innan 16 ára aldurs. Viðmiðun persónufrádráttar hjóna voru árslaun Dagsbrúnarverkamanns. Hann fékk þá fyrir 52 fullar vinnuvikur á ári og 1 klst. í eftirvinnu með orlofi, en án annarra sjóðstillaga, 65.771,16 kr., sem var hækkað upp í 70 þús. kr. Í l. var einnig gert ráð fyrir 6 þrepum í tekjuskatti. Jafnframt mótaði viðreisnarstjórnin samræmda heildarstefnu í efnahagsmálum, sem skapaði ólíkt meiri festu í verðlagsmálum, peningamálum, skattamálum og á

fleiri sviðum en nú tíðkast. Engar grundvallarbreytingar voru síðan gerðar á skattalögum fyrr en árið 1971, því að líta má á þær breytingar, sem gerðar voru 1964 og 1965, sem uppfærslu á persónufrádrætti og öðrum liðum til samræmis við kaupbreytingar, jafnframt því sem skattþrepum var fækkað úr 6 í 3.

Á erfiðleikaárunum 1967—1969 stóð skattvísitalan í stað, en var hækkuð verulega 1970 og 1971. Má segja, að þessi leið hafi verið valin 1967—1969 í stað þess að leggja beint nýjar álögur á almenning, en leitast var við að bæta þetta upp 1970—1971.

Vorið 1970 flutti fjhn. þessar hv. d. frv. samkv. beiðni þáv. fjmrh. um breyt. á l. um tekju- og eignarskatt. Fól það frv. aðallega í sér breytingu á þágildandi l. varðandi skattlagningu fyrirtækja. Frv. var í megindráttum samið í samræmi við till. embættismannanefndar, sem starfað hafði að athugun á þessum málum í tæpt ár. N. var sérstaklega skipuð til að kanna og gera till. um skattalega aðstöðu við fyrirtæki hér á landi með tilliti til aðildar að EFTA, eins og fram kom í grg. með frv. Frv. var nánast lagt fram til kynningar vorið 1970. Viðameira frv. var síðan flutt af þáv. ríkisstj. á næsta löggafarþingi. Í aths. við það frv. segir, með leyfi hæstv. forseta:

„Á síðasta þingi flutti fjhn. Nd. Alþ. að tilhlutan fjmrh. frv. til l. um breyt. á l. um tekjuskatt og eignarskatt. Frv., sem fól aðallega í sér breyt. á gildandi l., að því er varðar skattlagningu fyrirtækja, var lagt fram í lok þings, einkum til þess að kynna efni þess og kanna viðbrögð þeirra aðila, sem hér gátu átt hlut að máli eða hagsmuna að gæta. Frv. var í megindráttum samið í samræmi við till. embættismannan., sem starfað hafði að íhugun á þessu efni tæpt ár um þær mundir, sem frv. var lagt fram. N. þessi var sérstaklega skipuð til þess að kanna og gera till. um skattalega aðstöðu fyrirtækja hér á landi með tilliti til aðildar að EFTA. Hafði fjmrh. í skipunarbréfi markað n. ramma að meginstefnu, sem hún skyldi miða við í störfum sínum, en að öðru leyti hafði hún mjög óbundnar hendur um sína tillögugerð.

Það kom skýrt fram í skýrslu þeirri, sem n. fjmrh. á s. l. vetri, að till. n., sem þá lágu fyrir, snertu aðeins hluta þeirra atriða, sem hún taldi nauðsynlegt að marka afstöðu til. Því bar að líta á þær till. n. og frv. sem skref í því endurskoðunarstarfi, sem þarna var hafið.

Að loknu þingi tók fjmrh. mál þetta upp að nýju og gaf embættismannan. nýtt og víðtækara umboð til starfa, um leið og hann fól n. að ljúka því verkefni, sem henni var áður falið. Fól ráðh. henni að framkvæma heildarathugun á skattal. með því markmiði annars vegar að gera skattkerfið sem einfaldast, en hins vegar að gera þær breytingar á ákvæðum laga um tekju- og eignarskatt, að því er varðar skatta einstaklinga, sem n. kynni að telja sanngjarnar og eðlilegar. Í því sambandi fól ráðh. n. sérstaklega að taka til athugunar þau frv. til breyt. á skattal., sem flutt voru á síðasta þingi og flestum var vísað til ríkisstj."

Áfram segir í nál.:

„Eins og getið var hér að framan, má líta svo á, að frv. þetta feli í sér heildartill. um frambúðarstefnu um beina skatta til ríkissjóðs á tekjur og eignir í atvinnurekstri. Sambærilegar till. um tekjuskattlagningu og eignarskattlagningu einstaklinga eru ekki enn undirbúnar þannig, að þær verði lagðar fyrir í frumvarpsformi. Engu að síður hefur þótt rétt að taka upp í þetta frv. allmörg ákvæði, sem snerta beina skatta einstaklinga. Þá tillögugerð verður að skoða í því ljósi, að væntanleg sé heildarúttekt á tekju- og eignarskattlagningu einstaklinga í framhaldi af þeirri lagasetningu, sem Alþ. kynni að ákveða á grundvelli þessa frv. Því er ekki efni til að draga saman yfirlit yfir stefnubreytingar, að því er varðar þessa skattlagningu."

Frv. var samþ., eftir að hafa tekið nokkrum breyt. í meðförum þingsins og eftir að tillögugerð ýmissa umsagnaraðila hafði verið athuguð.

Hin nýju lög mörkuðu verulegan ávinning í átt að því takmarki að gera fyrirtækjum hér á landi kleift að standa á eigin fótum og standast erlendum samkeppnisfyrirtækjum snúning. En dag skal að kvöldi lofa. L. komu aldrei til framkvæmda, þar sem sólmyrkvi varð um miðjan dag og ný ríkisstj. tók við völdum, sem gekkst upp við það að umturna öllu án þess að athuga, til hvers hlutirnir væru gerðir. Rétt er hér, að formaður Félags ísl. iðnrekenda fái orðið, en hann sagði í ræðu sinni á ársþingi félags síns 26. apríl s. l. eftirfarandi varðandi skattalagabreytingu þá, sem gerð var á þingi 1972, með leyfi hæstv. forseta:

„Eitt af því, sem iðnaðinum var heitið við inngöngu í EFTA, var, að hann þyrfti ekki að búa við lakari aðstæður hvað skattlagningu snertir en erlendir keppinautar hans. Voru þessi fyrirheit efnd, þegar sett voru ný skattalög í júní 1971. Iðnrekendur töldu þau mjög til bóta og þau mundu stuðla að traustari uppbyggingu atvinnufyrirtækja. Ári síðar voru þessi lög numin úr gildi og í staðinn sett lög, sem fólu í sér, að tekið var aftur mest af því, sem áunnist hafði. Þar eð þau lög voru látin gilda aftur fyrir sig, fékk atvinnureksturinn aldrei að njóta hinna hagstæðu skattalaga. Með hinum nýju skattalögum var algerlega brugðist fyrirheitunum um jafna aðstöðu íslenskra fyrirtækja við erlenda keppinauta sína. Nú er því brýn nauðsyn, að skattlagning iðnaðarins verði tekin til endurskoðunar og hann fái að búa við kjör, sem gera honum kleift að byggja upp fyrirtækin að eðlilegu leyti með eigin fjármagni."

Í áliti embættismannan. frá 1970 kennir margra nýmæla, sem tekin voru inn í frv. 1971, auk ýmissa tillagna og ábendinga, sem sumar hverjar skjóta aftur upp kollinum í nýlegu áliti n. um tekjuöflun ríkisins. Segja má, að hugmyndirnar um breytingu á tekjustofnum sveitarfélaga í útsvör án frádráttarbærni og um hærri fasteignagjöld í stað aðstöðugjalda séu þaðan runnar. N. lagði hins vegar til, að persónufrádráttur gilti til útsvars andstætt því, sem núv. ríkisstj. lögfesti. N. taldi rétt, að tekin yrði upp sérsköttun hjóna sem frambúðarstefna, en gerði til bráðabirgða till. um takmörkun persónufrádráttar giftrar konu við hálfan persónufrádrátt hjóna, en takmörkun frádráttar vegna vinnu við atvinnurekstur hjóna, annars eða beggja, við fjórð-

ung þess frádráttar. N. taldi fjölda smárra gjaldstofna, sem til greina kæmi að fella niður. Hún lagði til niðurfellingu nefskatta og minntist á upptöku virðisaukaskatts, en ekki skulu þessi atriði rakin hér nánar.

Í upphafi yfirstandandi kjörtímabils lagði núv. ríkisstj. fram frv. til l. um bretyingu á skattalögunum. Í aths. við lagafrv. um tekjuskatt og eignarskatt var vísað til kaupmála ríkisstj., þar sem segir m. a.:

„Endurskoða ber skiptingu verkefna og valds milli ríkis og sveitarfélaga í því skyni að auka sjálfsforræði byggðarlaga."

Enn fremur segir svo:

„Ríkisstj. hefur sett sér þessi höfuðmarkmið: . . . . Að endurskoða tekjuöflunarleiðir hins opinbera með það fyrir augum, að skattbyrðinni verði dreift réttlátlegar en nú er gert. Slík endurskoðun skattakerfisins haldist í hendur við endurskoðun tryggingalöggjafar í því skyni, að öllum þjóðfélagsþegnum verði tryggðar lífvænlegar lágmarkstekjur. Tekjur, sem einungis hrökkva fyrir brýnustu lífsnauðsynjum, verði ekki skattlagðar. Skattaeftirlit verði hert þannig, að réttlát skattaframkvæmd verði tryggð betur en nú er."

Það vantaði sem sé ekki fögru fyrirheitin. Um efndirnar þarf ekki að tala. Reynslan er ólygnust. Þm. Sjálfstfl. sýndu fram á margháttaða galla frv. og bentu á margs konar úrbætur. Má í því sambandi vísa til álits 1. minni hl. fjhn., flm. þessa frv. Þar segir m. a., með leyfi forseta:

„Þar sem ljóst er, að frv. þessi, ef að l. verða, muni auka skattbyrði einstaklinga og félaga, og með hliðsjón af því, sem að framan hefur verið sagt, og því ástandi, sem skapast hefur í skattamálum þjóðarinnar vegna ósæmandi vinnubragða ríkisstj., leggjum við fulltrúar Sjálfstfl. í fjhn. til, að frv. verði vísað frá og endurskoðun skattalaganna fram haldið. Við álagningu skatta ársins 1972 vegna tekna, sem aflað var á árinu 1971, verði skattvísitalan á grundvelli gildandi laga ákvörðuð 121.5 stig í stað 106.5 stig, sem gert var ráð fyrir við gerð fjárlagafrv. fyrir árið 1972. Þessi hækkun skattvísitölunnar verði ákveðin með hliðsjón af almennum hækkunum launatekna á s. l. ári, sem er framhald af því, sem fyrrv. fjmrh. ákvarðaði fyrir ári, þegar hann hækkaði skattvísitöluna um 20% í þeim tilgangi að vinna upp það, sem tapaðist á þeim árum, þegar útflutningsverðmæti afurða okkar stórlækkaði og samdráttur varð í atvinnulífinu af þeim sökum. Þannig var ætlunin að vinna upp á þessu ári og næsta, að skattvísitalan fylgdi hækkun almennra launatekna hverju sinni, miðað við eðlilega þróun í atvinnumálum þjóðarinnar, en sú stefna var mörkuð í upphafi viðreisnartímabilsins" — eins og ég gat um hér áðan.

„Við undirritaðir leggjum til, að heildarendurskoðun á tekjum ríkis og sveitarfélaga haldi áfram á þeim grundvelli, sem fyrrv. ríkisstj. markaði, með nánu samstarfi við samtök sveitarfélaga, landshlutasamtök, samtök launþega, vinnuveitenda og bænda.

Við vitnum til þess, að Sjálfstfl. telur, að skattlagningu til ríkis og sveitarfélaga eigi að haga á þann veg, að hún örvi einstaklinginn til framtaks og sparnaðar, og búið sé að atvinnurekstrinum þannig, að áhugi almennings fari vaxandi fyrir því að vera beinn aðili að atvinnufyrirtækjum.

Til þess að gera þennan ásetning að veruleika ber fyrst og fremst að skattleggja eyðsluna og gæta hófs í skattlagningu sparnaðar. Í samræmi við þetta þarf að halda áfram þeirri viðleitni að draga úr beinum sköttum og stefna þar að ákveðnu marki á tilteknu árabili.

Gera þarf ákveðnar till. um breytta tekju- og verkefnaskiptingu milli ríkis og sveitarfélaga með það fyrir augum að auka hlut sveitarfélaga eða landshlutasamtaka þeirra í stjórn opinberra mála og jafnframt ábyrgð á þjónustu, framkvæmdum og fjármögnun til þeirra. Í þessu sambandi kemur mjög til athugunar, hvort ekki sé rétt, að sveitarfélögin ein fái alla beinu skattana til sinna þarfa, en ríkissjóður byggi í framtíðinni tekjuöflun sína eingöngu á óbeinni skattlagningu. Kannað verði, hvort virðisaukaskattkerfið henti íslenskum aðstæðum betur en núv. söluskattskerfi.

Í stað þess að gera skattkerfið flóknara, eins og frv. núv. ríkisstj. stefnir að, minnum við á stefnu fyrri ríkisstj. í þessum efnum um einföldun skattakerfisins, m.a. vegna fyrirkomulags staðgreiðslukerfis, ef upp verður tekið.

Við leggjum því til, að skattar og útsvör á tekjur einstaklinga og félaga verði ávallt miðuð við nettótekjur, og teljum eðlilegt og sanngjarnt, að tekjum hjóna verði skipt til helminga á milli þeirra við álagningu skatta til ríkis og sveitarfélaga.

Við teljum, að eignarskattar hafi með löggjöfinni frá s. l. vorí verið ákvarðaðir út frá eðlilegu og sanngjörnu sjónarmiði.

Frv. núv. ríkisstj. hefur mjög íþyngjandi áhrif í sambandi við eignarskatta, sem við teljum að komi óréttlátlega niður og geti dregið úr sparnaði almennings.

Það er skoðun okkar, að fasteignaskattar séu þjónustuskattar til sveitarfélaga og beri að stilla þeim í hóf. Sveitarfélögum sé í sjálfsvald sett innan ákveðins hámarks í l., hvort og að hve miklu leyti þau nýta þennan tekjustofn.

Við vörum við svo mikilli hækkun fasteignaskatta, sem gert er ráð fyrir í frv., sérstaklega ef aðrir tekjustofnar sveitarfélaga eru svo naumir, að þau neyðast almennt til að nota heimildir til álags á fasteignaskatta.

Við leggjum ríka áherslu á, að hinum ýmsu formum atvinnurekstrar verði ekki mismunað í skattgreiðslum, eins og frv. gerir ráð fyrir, og við höfum varað alvarlega við á því á fundum n."

Að lokum er sagt í nál.:

„Frv. ríkisstj. gerir ráð fyrir, að atvinnurekstrinum sé verulega íþyngt. Sú stefna verður að teljast háskaleg með tilliti til þeirrar gífurlegu dýrtíðaraukningar, sem orðið hefur í kjölfar þeirrar stjórnarstefnu, sem nú hefur verið tekin upp, samfara sívaxandi samkeppni á erlendum mörkuðum."

Við 3. umr. gerðum við ýmsar brtt. við frv. ríkisstj. um tekjuskatt og eignarskatt, bæði varðandi fyrirtæki og einstaklinga. Þessar till. hefðu orðið til mikilla bóta, ef samþ. hefðu verið, en ekki skal nánar gerð grein fyrir þeim að þessu

sinni, heldur vísað til þess, sem ég áður las úr nál. 1. minni hl.

Í nál. var lagt til, að reiknað yrði með skattvísitölunni 121.5 stig, en farið yrði að gildandi l. að öðru leyti við álagningu opinberra gjalda árið 1972. Ríkisstj. miðaði hins vegar allan samanburð milli hins nýja kerfis og þess gamla við skattvísitöluna 106.5, sem jafngilti meðalhækkun vísitölu framfærslukostnaðar milli ára. Á sama tíma var gert ráð fyrir, að meðalbrúttótekjur mundu hækka um 21.5%. Í reynd varð hækkun meðalbrúttótekna á framteljanda 26.8%, þannig að síst var of djúpt tekið í árinni með því að reikna með 21.5% hækkun. Ríkisstj. rembdist eins og rjúpan við staurinn að kreista það út úr vélunum, að allir lágtekjumenn og miðlungstekjumenn mundu hagnast á skattbreytingunni, en vélarnar hlutu að gefa útkomu í samræmi við forsendurnar um skattvísitöluna, sem ríkisstj. bjó til, 106.5 stig. Kauplagsnefnd lék sama leikinn og ríkisstj. og miðaði áhrif skattbreytinganna á vísitölu framfærslukostnaðar við vísitöluna 106.5, ef gamla kerfið hefði gilt áfram. Í ágústhefti Hagtíðinda 1972 er skýrt frá niðurstöðum kauplagsn. Þar segir m.a., með leyfi hæstv. forseta:

„Þessir útreikningar kauplagsn., sem miðast við hjón með 0—5 börn og með 300—600 þús. kr. brúttótekjur á árinu 1971, leiða í ljós, að á móti 13.900 kr. útgjaldalækkun vegna niðurfellingar nefskatta (þ.e.a.s. almannatryggingagjalds og sjúkrasamlagsgjalds) er vegna skattbreytinganna um að ræða aukin útgjöld til greiðslu tekjuskatts og hliðstæðra skatta, sem nema að meðaltali 3.905 kr. Nettóhagur þeirrar fjölskyldu, sem útreikningarnir miðast við, er þannig 9.995 kr. af kerfisbreytingunni. Svarar þetta til 3.8 vísitölustiga."

Nú vill hins vegar svo til, að skattgreiðslur af tekjum ársins 1971 og fjöldi framteljenda eftir fjölskyldustærð á tekjubilum eru þekktar stærðir. Þingflokkur Sjálfstfl. hefur látið reikna út, hvaða áhrif kerfisbreytingin hefði haft á framfærsluvísitöluna miðað við skattvísitölu 121.5. Útkoman er sú, að álögur þyngjast að meðaltali um 4.099 kr. í stað þess að léttast um 9.995 kr., eins og kauplagsn. lét reikna það út, en kauplagsn. miðaði við skattvísitölu 106.5. Hefði framfærsluvísitalan því átt að hækka um u.þ.b. 1.5 stig í stað þess að lækka um 3.8 stig. Skekkjan var því í ágúst 1972 5.3 vísitölustig.

Er að furða, þó að almenningur vantreysti því, að útreikningar ríkisstj. hafi verið heiðarlegir?

En hvað gerði svo ríkisstj. næsta ár, þegar ákveða átti skattvísitölu á ný? Var hún sjálfri sér samkvæm og fór eftir hækkun vísitölu framfærslukostnaðar, sem hækkaði að meðaltali um 10.4%. Nei, aldeilis ekki. Ríkisstj. sá þá, að vinsældir hennar mundu þverra enn meir en komið var, ef hún skipti ekki um skoðun. Ríkisstj. hækkaði skattvísitöluna um 28%, sem jafngilti áætlaðri meðalhækkun brúttótekna, nákvæmlega eins og Sjálfstfl. lagði til að gert yrði við álagninguna 1972.

Í aths. við fjárlagafrv. fyrir árið 1974, er ekki heldur fylgt vísitölu framfærslukostnaðar hvað ákvörðun skattvísitölu snertir. Hún hækkar um 20.3%, en áætlað var, að vísitala framfærslukostnaðar hækkaði að meðaltali um 17% á árinu, sem þó í reynd verður meira. Hins vegar þýðir þessi skattvísitala, sem er höfð 158 stig til þess að gera hana háa á yfirborðinu, um 500 millj. kr. aukaskattlagningu á einstaklinga, miðað við að meðalhækkun brúttótekna milli 1972 og 1973 hafi verið 25.5% og skattvísitalan verið hækkuð jafnmikið til samræmis. Reyndar er reiknað með því í hinni nýlegu skýrslu um tekjuöflun ríkisins, að brúttótekjur hafi hækkað á milli ára um 28%, sem þá þýðir enn meiri aukareikning til skattþegnanna, um það bil 800 millj. kr.

Fyrir skömmu birti hæstv. fjmrh. skýrslu, sem tekjuöflunarnefnd ríkisins hafði unnið fyrir hann. Í nál. er að finna ýmsar gagnlegar upplýsingar og athyglisverð sjónarmið, sem mig langar til að vekja athygli á.

Ef fyrst er vikið að því, sem segir um tekjuskatta einstaklinga, gætir þess sjónarmiðs afar glöggt, að einfalda beri kerfið og fækka, ef ekki útrýma alveg undanþágum. Sömuleiðis setur n. fram hugmyndir um samtengingu fjölskyldubóta og persónufrádráttar í skattkerfinu. Enn fremur er minnst á hugmyndir um enn meiri sambræðslu skattkerfis og tryggingakerfis og vísað til þeirra hugmynda, sem unnið er að erlendis, um svonefndan neikvæðan tekjuskatt eða skattafsláttarkerfi, sem einnig mætti nefna viðurkenningarskatt.

Í þessu sambandi má geta þess, að Sjálfstfl. vann að samtengingu fjölskyldubóta og tekjuskattskerfis í tíð viðreisnarstjórnarinnar, en þær till. fengu því miður ekki nægan hljómgrunn, svo að hægt væri að lögfesta þær. Sjálfstfl. hefur einnig nú í athugun samræmingu á þessum atriðum. Sömuleiðis er á hans vegum unnið að athugun á möguleikum þess að tvinna saman skattkerfið og félagsmálakerfið. Þetta hefði ýmsa ótvíræða kosti í för með sér. Með því fengist bæði betri yfirsýn og betri samsvörun. Framkvæmd yrði einfaldari, bæði séð frá sjónarhóli einstaklingsins og hins opinbera. Millifærslur ríkisins minnkuðu og yrðu meira sjálfkrafa.

Æskilegt hefði verið, að n. hefði gert þessum hugmyndum betri skil, en þetta er eitt brýnasta verkefnið á sviði skatta- og tryggingamála. Hefði n. gert það, er líklegt, að annað stórmál hefði ekki farið fram hjá henni vísvitandi eða óafvitandi, en það er staðgreiðsla skatta eða afdráttarskattkerfi. Það ásamt einföldun gildandi kerfis virðist nauðsynlegt skilyrði fyrir því að njörva saman skatta og tryggingabætur að verulegu marki. Í nál. er aðeins einu sinni minnst á staðgreiðslukerfi skatta og það í lauslegu samhengi við annað. Þá verður n. tíðrætt um, hve lágt tekjuskattshlutfallið sé af árstekjum hér á landi, en gerir tiltölulega lítið úr hinu háa jaðarskatthlutfalli, nema á einstaka stað.

Á einum stað segir í skýrslunni, með leyfi forseta:

„Telur n. æskilegt, að það hlutfall í heild fari aldrei yfir helming af viðbótartekjum."

Það er engu líkara en nm. hafi lesið samþykktir af fundum Sjálfstfl. í þessum efnum.

Á öðrum stað segir hins vegar, með leyfi forseta:

„N. telur ekki sérstakar rökrænar ástæður til

að minnka hlut beinna skatta í heildarfjárhæð tekjuöflunarinnar. Teljist það samt sem áður pólitískt nauðsynlegt, álítur n. rétt, að sú lækkun komi fram á tekjuskatti til ríkisins, en að útsvör verði óbreytt. Telur n. eðlilegast, að breyting af þessu tagi, ef gerð yrði, hafi áhrif á stighækkun tekjuskattsins, þannig að ris skattstigans sé minnkað og jaðarskattar lækkaðir enn frekar en ráðgert er samkvæmt næstu mgr."

Þar sem ekkert samráð var haft um efnisatriði skýrslunnar við fulltrúa þingflokkanna, fjallar n. lítið um heildarskattheimtu hins opinbera, hvert stefni í þeim efnum eða hvert beri að stefna. Virðist mega lesa það af þeim dæmum, sem tekin eru í skýrslunni, að gert sé ráð fyrir sömu heildarskattheimtu og nú er, miðað við þjóðartekjur og skattvísitölu fjárlagafrv. fyrir 1974. N. gerir lítið úr því, að hlutfallið sé hátt hér á landi, en rétt er að átta sig á því, eins og ég gat um áður, að það er komið jafnhátt og það var í Danmörku 1970 og hefur aukist verulega í tíð núv. ríkisstj., eða úr 31.8% 1971 í 35.5% með viðlagasjóðsgjaldi árið 1973.

Þótt erfitt sé að tiltaka, hvað sé eðlileg samneysla og eðlileg afskipti ríkisvaldsins af tekjuskiptingu og sveiflujöfnun hverju sinni, væri fyllsta ástæða til þess að skoða verðstefnu hins opinbera í samhengi við skattheimtuna. Það er alls ekki þar með sagt, þótt hið opinbera annist einhverja þjónustu eða framleiðslu, að allt skuli vera ókeypis. Auðvitað kostar opinber þjónusta fé og fórnarkostnað, þar sem þá er verið að taka til sín vinnuafl, fjármagn og hráefni, sem hefði mátt nota til framleiðslu af öðru tagi í þjóðfélaginu. Það er reynslan bæði hérlendis og annars staðar, að ókeypis þjónusta framkallar nær óseðjandi eftirspurn. Þetta hefur aftur á móti í för með sér, að ríkið þarf að auka skattheimtuna enn meir og það mun meira en gert er ráð fyrir í upphafi. Virðist fyllsta ástæða til þess að íhuga ýmsa málaflokka frá þessu sjónarmiði. Jafnframt er ástæða til þess að athuga nánar verðstefnu opinberra fyrirtækja, sem ekki fá verðhækkanir, en er fleytt áfram með sífelldum lántökum. Því miður er lítið fjallað um þessi sjónarmið í nál. Skýrslan gerir nánast ráð fyrir, að annaðhvort sé innheimtan fullt gjald eða ekkert, en ekkert segir um, hvaða heildarfjárhæðir eru í húfi.

Auk þessa minnist n. á atriði í eftirmála, sem ekki hafi unnist tími til að athuga nægilega, áður en skýrslan var afhent, en þau eru sérsköttun hjóna og skattmeðferð á verðmætisauka fasteigna. Frv. það, sem hér liggur fyrir bætir úr vöntun á fyrra atriðinu, þar sem það gerir ráð fyrir sérsköttun hjóna. Hér kemur enn berlega í ljós sambandsleysið við fulltrúa stjórnmálaflokkanna, því að stjórnarandstaðan hefði vafalítið lagt áherslu á þetta atriði, enda er einnig minnst á sérsköttun hjóna í þáltill., sem Alþfl. hefur flutt um lækkun tekjuskatts á einstaklingum, enda þótt ekki sé gert ráð fyrir því þar, að um sérsköttun hjóna verði um að ræða fyrr en 1975.

Frv. sjálfstæðismanna tekur einvörðungu til tekjuskatta einstaklinga, þótt ástæða væri til að taka skattamálin fyrir á breiðari grundvelli. Ástæðan er einfaldlega sú, að gert er ráð fyrir, að breyt. samkv. frv. komi til framkvæmda strax við álagningu 1974. Ef gera á enn meiri breyt. þarf lengri undirbúning um umþóttunartíma. Það er ætíð erfiðara fyrir flokk í stjórnarandstöðu að útfæra breytingar en ríkisstj., þar sem hún getur látið embættismannakerfið vinna fyrir sig.

Nauðsyn þess að lækka tekjuskatta einstaklinganna hefur verið rakin, því skal hér vikið beint að ákvæðum frv. og einstökum aths. við það.

Af hálfu Sjálfstfl. er, eins og áður er sagt, frv. þetta skoðað sem áfangi á þeirri leið að minnka beina skattheimtu ríkisins enn frekar. Flm. frv. telja, að sé stærra stökk tekið í einu í þessum efnum, kalli það á gagngera breytingu á öllu skattakerfinu, sem tæki nokkurn umþóttunartíma og krefðist vandlegs undirbúnings á ýmsum tæknilegum framkvæmdaatriðum. Er þá höfð í huga upptaka virðisaukaskatts í stað söluskatts, mótun hentugs staðgreiðslukerfis og e. t. v. breyting á sjálfu tekjuskattskerfinu og tryggingakerfinu, eins og ég hef áður minnst á.

Með frv. þessu er stefnt að því yfirlýsta marki Sjálfstfl., að tekjum og eignum hjóna beri að skipta til helminga milli þeirra, áður en tekju- og eignarskattur er á lagður. Hvort heldur annað hjónanna eða bæði færa peningatekjur til heimilisins, þá afla þau lífsgæðanna sér til handa, beint eða óbeint, í sameiningu og fyllilega að jöfnu, og í flestum tilfellum njóta þau þeirra að jöfnu.

Með frv. þessu er einnig stefnt að því, að fjárhæðir persónufrádrátta verði í nánu samræmi við samsvarandi frádrætti í skattbreytingunni, sem viðreisnarstjórnin framkvæmdi árið 1960. Sömuleiðis er innbyrðis afstaða þessara frádráttarliða í samræmi við það, sem gilti 1960, en ekki í samræmi við gildandi reglur. Persónufrádráttarliðirnir eru við það miðaðir, að tekjur almenns verkamanns árið 1973, sem vinnur 51 stund á viku í fullar 52 vikur, séu skattfrjálsar. Er þá gert ráð fyrir 24.5% hækkun tekna að meðaltali á þessu ári, en þær koma til álagningar á næsta ári. Samsvarar þetta persónufrádrætti, sem gilti við álagningu 1969, en þá voru almennar launatekjur gerðar skattfrjálsar. Ennfremur er með frv. þessu stefnt að því að létta óhóflega álagningu til tekjuskatts á þær hreinu tekjur manna, sem eru umfram persónufrádrátt, þannig að menn haldi ávallt óskertum yfir 50% þeirra tekna, sem þeir afla. Með þeim tekjuskattstiga, sem lagður er til í frv. þessu, ásamt 1% álagi til Byggingarsjóðs ríkisins, fer tekjuskattur aldrei yfir 38%. Sé þar að auki lítið til hæstu lögleyfðra útsvara og kirkjugarðsgjalds, er algjört hámark allra skatta af tekjum 49.66%.

Að lokum er með frv. þessu lagt til, að skattvísitala verði ákveðin af kauplagsnefnd í samræmi við breytingar á almennum launatekjum.

Þetta er í fyrsta skipti, sem flokkur í stjórnarandstöðu leggur fram frv. um breytingu á skattalöggjöf, þar sem nákvæmir útreikningar fylgja á því, hvaða áhrif breytingin hafi á fjárhag ríkissjóðs og einstaka tekjuhópa í þjóðfélaginu.

Í grg. með frv. er gerð grein fyrir einstökum greinum frv.

Í 1. gr. kemur fram till. sú, sem áður hefur

verið gerð grein fyrir, og um sérsköttun hjóna. Sé sérsköttunar ekki krafist, er samkv. gildandi l. veittur 50% frádráttur án takmörkunar frá launatekjum eiginkonu, sem aflað er hjá vinnuveitanda ótengdum hjónunum eða ófjárráða börnum þeirra. Enn fremur er heimill 50% frádráttur atvinnutekna eiginkonu, sem aflað er í atvinnurekstri hjóna, annars hvors eða beggja, og ófjárráða barna þeirra eða aflað hjá vinnuveitanda, sem er tengdur hjónum eða ófjárráða börnum þeirra. Þessi 50% frádráttur, sem nú gildir, er þó takmarkaður og mátti nema að hámarki 70.400 kr. við síðustu álagningu tekjuskatts. Með frv. þessu eru sérreglur um tekjur eiginkonu afnumdar. Þess í stað er veittur sérstakur frádráttur, sbr. 4. gr. frv., vinni hjónin bæði utan heimilis eða vinni önnur störf en heimilisstörf á heimilinu.

Í 2. gr. er kveðið á um, að frádráttarheimild vegna heimilisstofnunar hækki úr 55.000 kr. í 124 000 kr. og að lífeyrisiðgjald hækki úr 25 000 kr. í 62 000 kr. og hámarksfrádráttur vegna lífsábyrgðar úr 15 000 kr. í 37 200 kr. Þessar breyt. eru til samræmis við breyt. samkv. 4. gr., sem fjallar um breyt. á 16. gr. laganna, þ. e. a. s. til samræmis við persónufrádrátt. Þá er bætt nýjum staflið í þessa grein, þar sem fjmrh. er veitt heimild til að veita sérstakan frádrátt þeim til handa, sem við fiskvinnslu starfa. Því ber ekki að neita, að það gerist oft, að vinnuafl skortir í sambandi við fiskvinnslu, og er með þessari frvgr., gert ráð fyrir því, að fjmrh. hafi heimild til að veita sérstakan frádrátt handa því fólki, sem við fiskvinnslu starfar, til þess að hvetja fólk til að taka þátt í fiskvinnslustörfum.

Í 3. gr. er hækkaður frádráttur, sem veittur er sjómönnum, til samræmis við hækkaðan persónufrádrátt.

Í 4. gr. frv. er gert ráð fyrir því, að persónufrádráttur einhleypings verði 310 000 kr., sameiginlegur persónufrádráttur hjóna 435 000 kr. eða 217 500 kr. hjá hvoru fyrir sig, frádráttur fyrir hvert barn, sem er yngra en 16 ára, 62 000 kr. Ber að skoða þessar upphæðir sem grunntölur, sem breytast eiga miðað við skattvísitölu, eins og kemur fram í 6. gr. frv. Með þeirri skattvísitölu, sem fram kemur í aths. við fjárlagafrv. fyrir 1974, yrðu samsvarandi frádráttarliðir gildandi laga við álagningu 1974 fyrir tekjur ársins 1973 sem hér segir: Einhleypingur 223 300 kr., í stað þess að frv. gerir ráð fyrir 310 000 kr., hjón 338 800 kr. í staðinn fyrir að frv. gerir ráð fyrir 435 000 kr., og barn 42 600 kr., í stað þess að frv. gerir ráð fyrir 62 000 kr. Þá er gert ráð fyrir, að aukafrádráttur einstæðra foreldra hækki til samræmis við persónufrádráttinn. Og í þessari grein er einnig lagt til að veita hjónum frádrátt, ef bæði vinna utan heimilis, og þá höfð til hliðsjónar ákvæði núv. skattalaga í sambandi við það, ef einstakt foreldri heldur heimili og framfærir börn sín.

Þá eru í 4. gr. teknar upp till. okkar sjálfstæðismanna frá síðasta þingi, þar sem gert er ráð fyrir sérstökum frádrætti fyrir aldraða, þ. e. a. s. að þær tekjur, sem aldraðir eða öyrkjar hafa frá almannatryggingunum, verði skattfrjálsar. Ákvæði sama eðlis var komið inn í skattalögin 1971, en núv. ríkisstj. og stuðningsflokkar hennar tóku þetta ákvæði út aftur með skattalagabreytingunni 1972, en urðu, eins og alkunna er, að breyta því ákvæði með brbl. sumarið 1972.

Þá er í 5. gr. frv. gert ráð fyrir því að breyta skattstigum til samræmis við þau sjónarmið, sem fram hafa komið í till. Sjálfstfl. varðandi stefnumótun um skattstiga. Þar er gert ráð fyrir, að fyrsta skattþrepið verði fyrir fyrstu 125 þús. kr., sem skattskyldar eru, og greiddur 15% skattur, á næstu 250 þús. kr. verði 25% skattur og af því, sem er þar yfir, þ. e. a. s. yfir 375 þús. kr., verði 38% skattur.

Í 6. gr. frv. er gert ráð fyrir því, að allir þeir frádráttarliðir, sem gert er ráð fyrir í þessu frv., hækki samkv. skattvísitölu, sem ákvörðuð verði á hverjum tíma í samræmi við breytingar á almennum launatekjum.

Í fskj. með frv. er gerð ítarleg grein fyrir því, hvernig skattgreiðslur samkv. frv. yrðu og gerður samanburður á því og gildandi lögum. Skal ég ekki eyða tíma hv. þm. til útskýringa, svo glögg eru dæmin, og vísa ég til fskj.

Áhrif þessa frv. liggja í augum uppi. Skattborgararnir hefðu meira ráðstöfunarfé og eyðslustefnu ríkisstj. yrðu takmörk sett. Ef skattlagning 1973 hefði farið fram samkv. frv. þessu, hefðu tekjur ríkissjóðs orðið 3 100 millj. kr. minni en fjárlög gerðu ráð fyrir, en aðeins 1 100 millj. kr. minni, þegar í ljós kemur nú, að áætlað er, að tekjur ríkissjóðs 1973 fari 2 000 millj. fram úr áætlun, og er þar tekjuskattur einstaklinga þyngstur á metunum. Með samræmdri stefnu í efnahagsmálum, hagræðingu í ríkisrekstri hefði auðveldlega verið hægt að brúa þetta bil með sparnaði á vissum sviðum og minni framkvæmdahraða, enda mikill vinnuaflsskortur næstum allt árið, sem tvímælalaust hefur verið verðbólguvaldandi.

Hvað viðvíkur fjárlagagerð núv. ríkisstj. almennt er það að segja, að þar er hlutunum gjörsamlega snúið við. Fyrst er settur upp óskalisti eyðslunnar, síðan byrðunum deilt á skattborgarana, hvað sem þeir segja, í stað þess að gera sér í upphafi grein fyrir því, hversu stórt hlutfall áætlaðra þjóðartekna skuli vera hinu opinbera til ráðstöfunar og það þá miðað við efnahagsaðstæður á hverjum tíma.

Komi í ljós, að tekjuskattur einstaklinga samkvæmt frv. þessu ásamt öðrum tekjum ríkissjóðs yrði ekki nægjanlegur til þess að standa straum af fyrirhuguðum útgjöldum fjárlaga 1974, hafa sjálfstæðismenn ekki farið dult með það, að þeir telja, að fremur eigi að skattleggja eyðsluna en tekjuöflunina og minnka fjárstreymið um ríkissjóð með samtengingu tryggingabóta og skattgreiðslna.

Í þessu sambandi má ekki gleyma því, að reynslan sýnir, að lækkun beinna skatta stuðlar að betri framtölum og þar af leiðandi hlutfallslega betri skattheimtu hins opinbera.

Segja má, að frummarkmið skatta sé að draga úr þensluáhrifum opinberra útgjalda, þ. e. að jafna kostnaðinn við framkvæmdir, þjónustu, bótagreiðslur, stjórnsýslu o. fl. Það er hins vegar vandasamt verk að gera skattkerfið þannig úr garði, að það valdi ekki mismunun eða óréttlæti eða þá brengli verðmyndun og dragi úr vilja manna til vinnu. Skiptir oft sköpum, hvernig

til tekst í þessu efni. Beinast liggur við að minnast uppbótakerfisins sáluga og alls konar mismununar í óbeinni skattheimtu gegnum tollakerfið, sem reyndar er ekki alveg útrýmt ennþá.

Tveir merkilegir áfangar eru á þeirri leið að móta samræmda efnahagsstefnu og meira réttlæti í skattamálum. Hinn fyrri er viðreisnin 1960, hinn síðari er innganga Íslands í EFTA 1970. Á sama tíma og hlutfall ríkisútgjalda jókst talsvert miðað við þjóðarframleiðslu á öðrum Norðurlöndum, tókst viðreisnarstjórninni að stilla aukningu á ýmsum sviðum hins opinbera í hóf, þannig að hlutfall ríkisútgjalda miðað við þjóðarframleiðsluna jókst tiltölulega lítið á valda tíma viðreisnarstjórnarinnar. Hún hugðist stefna áfram að því marki að gera kerfið enn einfaldara og sanngjarnara, jafnframt því sem þess yrði gætt að álögur yrðu ekki þyngri á atvinnurekstri hér á landi en í öðrum EFTA-ríkjum.

En nú muna menn tímana tvenna. Eins og komið hefur fram í þessari framsögu, hefur hlutfallstala skatta og þjóðarframleiðslu stórhækkað á undanförnum tveimur árum. Fyrir utan þá auknu heildarbyrði, sem lögð hefur verið á skattgreiðendur, hefur bein skattheimta ríkisins aukist að tiltölu, og er nú svo komið, að almenn óánægja er ríkjandi með beina skatta einstaklinga og þá óðaverðbólgu, sem ríkir og hvort tveggja verður til þess, að ráðstöfunartekjur verða minni en ella.

Sjálfstæðismenn vöruðu stjórnina við afleiðingunum af skattabreytingunum, sem hún framkvæmdi árið 1972, og lagðar voru fram ýmsar till. til úrbóta. Ríkisstj. lét sér hins vegar ekki segjast, og súpa nú skattborgararnir seyðið af því. Sjálfstfl. gerir enn á ný tilraun til þess að færa skattkerfið til betri vegar með því að leggja fram frv., sem auk lækkunar beinna skatta felur í sér nokkur gagnmerk nýmæli, og gerð er grein fyrir þeim leiðum, sem fara á til að mæta afleiðingum frv. Eins og fram kefur komið, ætti sú breyting, sem lögð er til í frv., ekki að vera torveldari en sú, sem meiri hluti Alþ. samþykkti árið 1960 að frumkvæði viðreisnarstjórnarinnar, enda eru persónufrádráttarliðir í samræmi við þær tölur, sem þá giltu, að teknu tilliti til verðbreytinga. Lækkun beinna skatta er bæði nauðsynleg og framkvæmanleg.

Herra forseti. Ég legg svo til, að að lokinni þessari umr. verði frv. vísað til hv. fjh.- og viðskn.

Fjmrh. (Halldór E. Sigurðsson): Herra forseti. Á þsk. 171 er frv. til l. um breyt á l. um tekju- og eignarskatt. Í grg. frv. segir frá því, að þeir, sem samið hafi frv., séu hv. alþm. Gunnar Thoroddsen, fyrrv. fjmrh., hv. þm. Geir Hallgrímsson, fyrrv borgarstjóri í Reykjavík, hv. þm. Magnús Jónsson, fyrrv. fjmrh. og hv. þm. Matthías Bjarnason, sem er búinn að vera lengi í bæjarstjórn og fjhn., og hv. þm. Matthías Á. Mathiesen, sem er einnig í fjhn., og auk þeirra hv. þm. Þorvaldur Garðar Kristjánsson. Til viðbótar þessum ágæta her manna er svo dr. Guðmundur Magnússon prófessor, og ríkisskattstjórinn, Sigurbjörn Þorbjörnsson, leiðbeinandi í þessum ágæta hópi manna.

Þegar litið er á þetta frv., sem hér liggur fyrir, er mér efst í huga gömul setning, sem segir svo: „Fjöllin tóku jóðsótt og fæddist lítil mús.“ Það, sem hefur verið mest til umr. í sambandi við skattamálin, er einmitt, að það, sem skipti meginmáli, sé, að skattar séu réttilega á lagðir, að þegnarnir í þjóðfélaginu standi nokkurn veginn jafnt gagnvart sköttunum, og ef skattarnir séu réttilega á lagðir, muni þegnarnir þola þá betur.

Um það má í sjálfu sér alltaf deila, hvort á að afla tekna með beinum eða óbeinum sköttum. Ég hef áður gert grein fyrir því á hv. Alþ., að ég væri reiðubúinn og hef setið í samningum nú og sit í samningum enn þá um að lækka beinu skattana, ef á móti komi óbeinir skattar, sem ekki gangi inn í vísitöluna. Það mundu engir menn, sem með þessi mál fara, gera jöfn kaup annars vegar á sköttum, sem ekki fara inn í vísitölu, og hinum, sem fara þangað beint.

En hugsið ykkur nú, hvernig á að koma í veg fyrir skattsvik. Við skulum taka síðasta málsliðinn í 2. gr. þessa ágæta frv. þar segir svo, með leyfi hæstv. forseta:

„Heimilt skal fjmrh. að veita þeim, er við fiskvinnslu starfa, sérstakan frádrátt samkv. nánari ákvæðum í reglugerð.“

Allir þeir, sem hafa unnið að skattamálum og eru þeim best kunnugir, og það, sem er uppistaðan í grg. þeirri, sem n. um skattamál hefur lagt fram, mjög vel unninni og merkilegri grg., er að sýna fram á það með ljósum rökum, að allar undanþágur séu hættulegar í skattakerfinu, þær séu það, sem þurfi að forðast, ef skattakerfið eigi að vera réttlátt. Og hugsið ykkur nú valdið, sem fjmrh. er fengið með því, að hann á að ákveða að veita þeim, sem vinna við fiskvinnslu, sérstakan frádrátt. Mér er sem ég sjái það, að fyrirrennarar mínir, hv. þm. Gunnar Thoroddsen og hv. 2. þm. Norðurl. e., Magnús Jónsson, hefðu kosið þetta vald sér til handa, að þeir hefðu átt að ganga í frystihúsin og segja: Þú vinnur í fiski góði, þú átt að fá frádrátt. — Svo hefðu þeir átt að labba út á götuna, þar var maður að vinna við gatnagerð, og segja: Nei, nei, nei, þú vinnur við gatnagerð, góði, og þú skalt ekki fá neinn sérfrádrátt, þeir þarna inni eiga að fá hann. — Svo eru bílstjórarnir, sem keyra fiskinn, og alls konar fólk, sem kemur að þessu óbeint. Nei, nei, nei, þið fáið ekki neitt, ég ákvað, að þeir þarna inni í salnum skyldu fá þetta. — Dettur raunverulega nokkrum hv. þm. í hug, að þetta sé framkvæmanlegt af fjmrh.? (**Gripið fram í:** Það má setja reglugerð.) Það er nógu erfitt að fást við undanþágurnar, þó að þær séu í lögum, hvað þá í reglugerð. Þess vegna er ég undrandi á því, þegar slíkir menn eins og t. d. hv. 5. þm. Reykv., fyrrv. fjmrh., með jafnmikla reynslu sem fjmrh. og sem borgarstjóri í Reykjavík, skuli láta sér í alvöru detta þetta í hug. Og mér dettur ekki í hug, að honum komi þetta til hugar í alvöru, það væri alveg óhugsandi. Ef við samþykktum þetta frv., þá dytti andlitið af Sjálfstfl. Slíkt slys hefðu þeir aldrei getað hugsað sér að lifa af.

Við skulum halda áfram og líta dálítið betur á þetta. Þeir eru hér að lýsa, hver þróunin í skattamálunum hafi orðið, og þeir hafa gert

það áður. Ég sýndi fram á það í fjárlagaræðu minni um daginn, að það, sem hefur gerst í þessu landi og valdið skattbreytingum, eru formsbreytingarnar og hækkunin, sem hefur orðið á almannatryggingakerfinu og sjúkrasamlagskerfinu. Ef þetta hefði ekki komið til á þessum tíma, þá væri skattabreytingin minni nú á árunum 1972—1974 heldur en hún var frá 1969—1971, miðað við tekjur. Þetta sýndi ég fram á með glöggum dæmum. Og ég sýndi fram á það, að það mætti lækka þennan skatt um 3600 millj., ef við vildum hverfa aftur að því að taka upp persónuskattana í tryggingunum, — 35—37 þús. á hjón yrði þetta núna, sjúkrasamlagsgjöldin beint eins og þau áður voru, — og láta svo bæjar- og sveitarfélögin borga sitt. Þetta sýndi ég greinilega fram á. Með þessu móti kæmust þið langleiðina í að lækka skattana eins og þið talið um, hv. flm. En ég dreg það í efa, að það takist eftir öðrum leiðum, og skal þó koma betur að því. Þó skal ég ekki eyða löngum tíma í þetta.

Hér segir í 4. gr. frv., með leyfi hæstv. forseta:

„Frá tekjum þeirra, sem eru á framfæri í foreldrahúsum eða við nám, skal draga það, sem sem útheimtist þeim til framfæris eða menningar, eftir nánari ákvörðun skattyfirvalda.“

Hvernig halda hv. þm., að væri fyrir skattstjórana að fara að framkvæma þetta atriði? Nú veit ég, að hv. 5. þm. Reykv., sem mun hafa skipað flesta skattstjórana, skipaði í þetta ágætis lið manna. En drottinn minn dýri, ef ætti að fara að skilgreina þetta, það stæði í þeim mörgum og skattskýrslurnar kæmu þá seint frá þeim sumum hverjum, að ég ætla, og ég held flestum, ef þeir ættu að fara að fást við mörg svona atriði til skilgreiningar. Og mig undrar í sjálfu sér, ef ríkisskattstjóri hefur verið þeim þægur ljár í búfu við undirbúning tæknihliðarinnar, sjálfstæðismönnum, á þessu frv., ef honum hefur sést yfir framkvæmdina á þessu. Ég mundi — með allri virðingu fyrir þeim ágæta embættismanni — telja, að það mundi vefjast fyrir honum og nokkuð yrði skrifað, áður en niðurstaðan yrði komin.

Svo er margt fleira. Í grg. frv. segir, með leyfi hæstv. forseta: „Þær tillögur, sem hér liggja fyrir um breyt. á l. um tekju- og eignarskatt, eru fyllilega tímabærar.“ Við skulum segja, að svo sé. „Jafnframt teljum við, að þessar breyt. séu viðráðanlegar fyrir ríkissjóð, þar sem hann getur bætt sér upp tekjumissinn með breyttri efnahagsstefnu, sparnaði á ríkisútgjöldum, hagræðingu í ríkisrekstrinum og, ef nauðsyn krefur, með breyttum tekjuöflunarleiðum.“

Svo mörg eru þau orð, og ekki er hér um mikið að ræða. Hér er verið að ræða um fjárhæð, sem er 4500 millj. kr. En má ég minna hv. flm. á það, að þó að þeir skæru út af fjárlagafrv. núna eftir 2. umr. allt framkvæmdafé til barna- og gagnfræðaskóla, allt framkvæmdafé til menntaskóla, allt framkvæmdafé til héraðsskóla, allt framkvæmdafé til byggingar sjúkrahúsa, sjúkraskýla og læknisbústaða, allar hafnaframkvæmdir og lendingarbætur, vegagerðarfé allt, Háskóla Íslands, framkvæmdafé þar og til Kennaraháskóla Íslands, iðnskólanna, sjómannaskólanna, dagvistunarheimilanna, Íþróttasjóðs, bændaskólanna, nýja varðskipsins, ríkisspítalanna, landshafnanna og hinna margumtöluðu Grindavíkur, Hafnar í Hornafirði og Þorlákshafnar, þá næðu þeir ekki þessari upphæð. Og svo koma hv. þm. og segja: Með ráðdeild, sparnaði og skipulagsbreytingum má gera þetta allt saman. — Það er hægt að gera þetta, eins og ég sagði hér áðan, með því að færa persónuskattana aftur yfir á fólkið, alveg án tillits til tekna. Þá er hægt að breyta stóru. En það verður ekki gert með ráðdeild, sparnaði eða breytingu á kerfinu. Lengi hafa þeir hv. sjálfstæðismenn setið í ríkisstj., og þeim gleymdist að gera slíkt á þeim 12 árum, sem þeir réðu þar.

Og svo halda þeir áfram, með leyfi hæstv. forseta:

„Af hálfu Sjálfstfl. er frv. þetta skoðað sem áfangi á þeirri leið að minnka beina skattheimtu ríkisins enn frekar.“

Svo er nú það. En hvað er verið að gera hér? Það er verið að minnka beina skattheimtu um tæp 69%. Það er bara áfangi á leiðinni. Hvað yrði eftir, þegar væri komið í hlað, fyrst þetta er bara fyrsti áfanginn, og það getur ekki verið sá stysti, því að það er ekkert rými fyrir það. En dettur hv. þm. í hug, að í raun og veru sé framkvæmanlegt fyrir okkur eða hyggileg stjórnmálastefna að leggja beina skatta alveg niður? Náttúrlega er það miklu eðlilegra en fara þá leið, sem hér er bent á af hv. flm.

Þetta sýnir í raun og veru, að hér er frv. til l. um að gera allt fyrir alla, án þess að það kosti neitt. Það er ekkert annað, sem gerist. Mönnum er boðið upp á, að lækka skuli á þeim skattana, sama sem fella þá niður, og það sé hægt að gera með haganlegum orðum hér á miðsíðunni í grg., það þurfi ekki að kosta annað. Heldur t. d. hv. 5. þm. Reykv., fyrrv. borgarstjóri í Reykjavík, að hann geti stjórnað Reykjavík með svona „apparati“, fögrum orðum, fyrirheitum, að hann þurfi ekki að taka neitt af neinum, en skuli samt gera allt fyrir alla? Nei, það dettur mér ekki í hug, og honum dettur það ekki í hug heldur. Lífið er ekki svo einfalt, að það komi til.

Hv. frsm. nefndi hér ýmislegt gott úr sögu sjálfstæðismanna í skattamálum og nefndi þá árið 1960, þá hefðu þeir náð vissum áfanga. En af hverju nefndi hv. þm. ekki 1964? Það er þó nær okkur, það er styttra síðan, nærri 10 ár. Voru menn ánægðari með skattana þá heldur en þeir hafa verið nú? Ef ég man rétt, var það árið, þegar ríkisstj. hélt sérstakan fund um skattamálin og ráðlagði peningastofnunum að lána skattgreiðendum peninga, til þess að þeir gætu borgað skattana sína. Þetta var samt eftir að „viðreisn“ var búin að vera í nokkur ár og meðhöndla skattamálin ekki með neinu flumbri eða flaustri, heldur af sínum alkunnu hyggindum. Samt gerðist þetta. En í þetta er ekki sérstaklega vitnað í grg. Ef við berum saman þróunina í þessum málum, þá er það nú svo, að 1967—1968 eru beinir skattar svipaðir af þjóðarframleiðslu og þeir eru núna, og þá er skattheimtan um 32%. Og milli áranna 1970 og 1971 var hærri hækkun en hún var á milli 1971 og 1972, þrátt fyrir kerfisbreytinguna. Þess vegna held ég, að ef við lítum á söguna raunhæft, þá

sýnir saga þeirra sjálfstæðismanna í skattamálum breyskleik eins og saga okkar hinna og síst betri. Þeir hafa gleymt því góða, sem þeir ætluðu að gera, meðan þeir gátu það, en eru svo að reyna að grípa til þess núna.

En á því er ég mest undrandi, að menn, sem eru svo vanir slíkum störfum og þekkja svo vel til, skuli láta sér detta í hug að bera fram slíkt frv., gera það ekki raunhæft, svo að menn taki það alvarlega. Ég t. d. álít, að Alþfl. hafi tekist þetta miklu betur. Hann setur þó upp ábendingar til athugunar, sem megi vinna úr, en ekki svona algerlega út í bláinn, sem engum dettur í hug, við gætum framkvæmt.

Til þess að gera slíka byltingu á tekjuöflun ríkisins eins og hér er um að ræða, yrðum við að gera stórfellda byltingu í lagasetningu hér á Alþ. Við yrðum að ganga í tryggingakerfið og skera það niður um helming, til að komast út úr þessu, eða skera það niður um 30—40% og taka svo verklegu framkvæmdirnar og yfirleitt skera allt niður. Mér dettur ekki í hug að halda, að Sjálfstfl. legði þetta á sig. Þeir væru þá breyttir frá því, sem þeir voru, ef þeir vilja fallast á slíkt.

Ég er alveg sannfærður um, að það er hægt að gera breytingu á skattakerfinu til bóta, og að því hef ég látið vinna. Grg. sú, sem liggur fyrir núna, er svo vel gerð, að það er mjög auðvelt að vinna að þeim málum með stefnumótandi framkvæmdum eftir þá grg. Ég er alveg sannfærður um, að rétta leiðin í því verður að hverfa meira að bróttóskatti og gera kerfið þannig einfaldara og hverfa frá þeim sífelldu undanþágum, sem hafa innleitt skattsvikin, því að það eru undanþágurnar og aftur undanþágurnar, sem eiga mestan þátt í skattsvikunum, það er ég alveg sannfærður um og eftir því sannfærðari sem ég kynni mér þetta betur. Þess háttar breytingu þarf að gera, og þess háttar breyting verður gerð á kerfinu, og jafnhliða þarf svo að ákveða hlutfallið á milli beinna skatta og óbeinna, og inn í þá breytingu kemur vísitölukerfið. Það þýðir ekkert að vera með vangaveltur yfir því, það hverfa engir frá beinum sköttum yfir í óbeina, ef þeir eiga að borga þá aftur með vísitölunni. Það verður að taka þetta saman. Og það verður að taka tryggingakerfið inn í þetta, og er náttúrlega miklu nær að gera það heldur en það, sem gert var í tíð viðreisnarstjórnarinnar, að setja tryggingarnar upp með þeim hætti, að fjölskyldubæturnar væru liður í vísitölu, sem hefur gert það að verkum, að það er hægt að borga með 1¾ úr krakka. Ef það er í lagi, þá er vísitalan í lagi, og svo er hægt að hætta að greiða með hinum. Þannig er vísitalan byggð upp, og þannig er þetta kerfi byggt upp. Eftir það er alveg sama um þetta, því að þá hættir vísitalan að mæla. En þá er tryggingakerfið hætt að vera tryggingakerfi, eins og það er hugsað.

Nú skal ég ekki fara að þreyta ykkur með lengri ræðu út af þessu frv. Ég vona, að þrátt fyrir að svona skuli frv. sjást hér á hv. Alþ. og það frá jafnfærum og lífsreyndum mönnum og eru á bak við þetta frv., að hv. Alþ. beri gæfu til að vinna að þessum málum á heilbrigðan hátt, en ekki með skrumi og yfirboði, eins og hér er um að ræða, því að það leysist enginn þáttur með því. Það verður ekki hægt að fella niður 4500—4600 millj. tekjur ríkissjóðs án þess að sækja það fé eftir öðrum leiðum. Þess vegna verður niðurstaða mín af þessu, sem ég vil segja nú við 1. umr., að ég hafði reiknað með því, þegar það var auglýst, að sjálfstæðismenn ætluðu að leggja fram sérstakt frv. um tekjuskatt, að einhvers staðar yrði bitastætt í því, en ekki að það væri frv. um það eitt að bjóða upp á að gera allt fyrir alla í sköttum, þeir mættu bara vera skattlágir, ef þá langaði til að vera það, auka á möguleikana til þess að svindla fyrir þá fáu, sem ættu að greiða skatta, og hafa svipinn með þeim hætti, að það væri hægt að leysa ríkisfjármálin með fögrum orðum, því að það veit ég, að þeim dettur ekki í hug, þótt þeir hafi sett það hér á blað. Þess vegna þarf ekki miklum orðum að þessu að eyða, því að þetta verður þeirra vegna og allra annarra, sem betur fer, aldrei að raunveruleika, heldur þarf að vinna að skattamálunum, þar sem tekið er á þeim með raunhæfum hætti, og það er búið að undirbúa grundvöllinn til þess að gera það.

Umr. frestað.

Sameinað Alþingi, 38. fundur.

Þriðjudaginn 18. des., kl. 2 miðdegis.

Stjórnarskrárnefnd, fsp. (þskj. 155). — Ein umr.

Fyrirspyrjandi (Matthías Bjarnason): Herra forseti. Ég hef leyft mér að bera fram fsp. til hæstv. forsrh. um störf stjórnarskrárnefndar. Fsp. er í þrem liðum:

„1. Hvað líður störfum stjórnarskrárnefndar?

2. Hvað hefur n. haldið marga fundi, og hvenær voru þeir haldnir?

3. Eru líkur á, að n. ljúki störfum fyrir þann tíma, sem ætlað er að minnst sé 1100 ára afmælis Íslandsbyggðar á næsta ári?“

Þessi fsp. skýrir sig sjálf, og þarf ekki að hafa um hana löng ræðuhöld. Það hefur lengi verið talað um nýja stjórnarskrá, eiginlega allt frá stofnun lýðveldisins, og þá talið af sumum, að sú stjórnarskrá, sem við búum við og höfum búið við síðan, væri óhafandi. Þó að ég telji, að það hafi verið tekið of mikið upp í sig þá, finnst mörgum hafa gengið mjög seint allan þennan tíma með þessa tillögugerð, og með því að ný n. var skipuð fyrir nokkrum tíma, þá leikur bæði mér og mörgum öðrum forvitni á að heyra, hvað gengur með störf hennar og hvers sé að vænta.

Forsrh. (Ólafur Jóhannesson): Herra forseti. Samkv. þál., sem samþykkt var á Alþ. 18. maí 1972, um endurskoðun stjórnarskrárinnar, kvaddi forsrh. n. saman til 1. fundar 12. sept. 1972. Á þeim fundi var Hannibal Valdimarsson, þáv. félmrh., kjörinn formaður n., Gunnar Thoroddsen

alþm. varaformaður og n. ráðinn ritari, Guðmundur Benediktsson ráðuneytisstjóri. Samkv. þeim upplýsingum, sem ég hef fengið frá ritara n., var þegar hafin víðtæk gagnasöfnun innanlands og utan, og stendur hún enn yfir. 2. fundur n. var haldinn 15. ágúst s. l., 3. fundurinn 27. ágúst s. l. og hinn 4. 10. sept. s. l.

Varðandi spurninguna um það, hvenær líklegt sé, að n. ljúki störfum, er því til að svara, að þál. setur n. engin tímatakmörk um það, hvenær störfum skuli lokið. Það er því á valdi n., sem er þingkjörin og starfar alveg sjálfstætt, án nokkurra fyrirmæla af ríkisstj. hálfu, hvenær starfinu verður lokið.

Frekari upplýsingar um störf n. get ég ekki í té látið á þessu stigi, enda var mér samkv. áðurnefndri þál. ekki ætlað annað hlutverk en að kalla n. saman til fyrsta fundar.

Fyrirspyrjandi (Matthías Bjarnason): Herra forseti. Ég þakka hæstv. forsrh. svör hans. Það er rétt, að í þáltill. er n. ekki settur neinn tími til þess að ljúka störfum, en mér finnst hægt af stað farið. Þál. er samþ. 18. maí 1972, 12. sept. er boðað til fyrsta fundar í n. Síðan líður næstum því ár eða til 15. ágúst 1973, að n. er kölluð saman, og heldur hún tvo fundi eftir það, og nú er þegar komið nokkurt hlé. Þó að þessari n. og öðrum séu ekki settar ákveðnar tímatakmarkanir til að skila af sér störfum, hlýtur að hvíla sú skylda á þessari n. eins og öllum öðrum að hraða störfum eftir föngum. Fundarhöld n. bera ekki vott um, að n. hafi þetta ofarlega í huga.

Bjarni Guðnason: Herra forseti. Ég tel, að þessi fsp. hafi verið mjög tímabær, því að hér er um það að ræða að endurskoða sjálfa stjórnarskrána, sem hefur verið mjög lengi á dagskrá, jafnvel áratugum saman. Og það virðist þannig, að 4 fundir hafi verið haldnir í þessari hv. n., stjórnarskrárnefnd, frá þeim tíma, sem hún var kjörin, 18. maí 1972. Ég verð að segja, að mér finnst þetta mjög ámælisvert. Það er sagt, að það sé verið að safna gögnum. Það er hægt að safna gögnum fram til 1980, það er hægt að draga björg í bú, ef svo má segja. En þetta er dæmigert um það, hversu allt er svifaseint, erfitt að gera breyt. í þjóðfélaginu vegna slælegra vinnubragða. Ég vil bara segja, að það er óverjandi, ef þessi svokallaða stjórnarskrárnefnd á að sitja yfir þessu svo lengi sem aldur einstakra þm. leyfir.

Rafmagn á sveitabæi, fsp. (þskj. 160). — Ein umr.

Fyrirspyrjandi (Jónas Jónsson): Herra forseti. Á s. l. sumri mun víða og allmikið hafa verið unnið að dreifingu rafmagns á bæi í sveitum landsins, og allvel mun miða með að ljúka því verki, rafvæðingu sveitanna, samkv. áætlun, sem gerð var um það, að henni skyldi lokið á þremur árum. Þessi áætlun var gerð á haustdögum 1971, gefin út af iðnrn. og Orkustofnun. Eftir þessari áætlun var sumarið er leið annað sumar framkvæmdanna, og ætti rafvæðingunni þá að ljúka á næsta sumri.

Það er óhætt að segja það, að mikil ánægja ríkti og ríkir í sveitum landsins með það, að þannig skyldi tekið á málunum, og fólkið hafði það þá skjalfest, hvenær það mátti vænta þess að fá rafmagnið og komast í ljósið, og ylinn, komast í himnaríki heima hjá sér, eins og einn orðsnjall sveitungi minn orðaði það endur fyrir löngu, þegar hann og 15 bændur í nágrenni hans fengu rafmagnið. Þetta tákna það, hve mikið fólkið leggur upp úr því að fá þessi gæði.

En það hefur því miður ekki allt gengið sem skyldi í sveitarafvæðingunni. Mér er kunnugt um það, að norður í Þistilfirði er allnokkur fjöldi bæja, nánar tiltekið 12 að tölu, sem áttu von á því að fá rafmagn í sumar og fólkið væntir þess fastlega, að það yrði á sumrinu er leið. Það var líka mikið að þessu unnið, var lögð lína frá Þórshöfn um Axarfjarðarheiði til Kópaskers, og þarna var vinnuflokkur, sem lagði rafmagnið heim að bæjunum, og fólkið á bæjunum mun hafa séð fyrir löngum inn í húsin. En þá var líka stöðvun á meiri aðgerðum. Og nú spyr fólkið, hvað „dvelji Orminn langa". Rafmagnið er komið heim að bæjunum, en það er ekki hægt að tengja það, vinnuflokkurinn er farinn burt úr sveitinni, og það er útséð um það og var víst útséð, þegar þessi fsp. var lögð fram fyrir nokkru, meira en tveimur vikum, að þetta gæti orðið á þessu ári. Svör, sem fást hjá Rafmagnsveitum ríkisins, hvað valdi þessu, eru þau, að það sé skortur á efni eða nánar tiltekið á spennum, spennubreytum, og það sé svo langur afgreiðslufrestur á þeim. Nú má segja, að þar sem Rafmagnsveitur ríkisins hafa áætlun til að vinna eftir og ættu að þekkja, hversu langur afgreiðslufrestur er á slíku efni, þá ætti þetta ekki að þurfa að koma fyrir, og það er ákaflega erfitt að sætta sig við slíka töf á tiltölulega einföldum framkvæmdaatriðum.

Í ljósi þessa hef ég leyft mér að bera fram á þskj. 160 eftirfarandi fsp. til hæstv. iðnrh.:

„Hefur skortur á efni, svo sem spennum, valdið töfum á því, að hægt væri að tengja bæi við samveitu, sem fyrirhugað var að fengju rafmagn á s. l. sumri eða hausti, og ef svo er, hverju sætir slíkt?"

Heilbr.- og trmrh. (Magnús Kjartansson): Herra forseti. Ég hef vísað þessari fsp. til Rafmagnsveitna ríkisins og fengið svo hljóðandi svar:

„Með bréfi hv. rn., dags. 29. 11. 1973, er óskað umsagnar um svo hljóðandi fsp. Jónasar Jónssonar alþm.: „Hefur skortur á efni, svo sem spennum, valdið töfum á því, að hægt væri að tengja bæi við samveitu, sem fyrirhugað var að fengju rafmagn á s. l. sumri eða hausti, og ef svo er, hverju sætir slíkt?" Af þessu tilefni vil ég leyfa mér að taka þetta fram:

1. Á árinu 1973 var gert ráð fyrir að rafvæða um 260 býli og aðra staði í sveit. Til þessara framkvæmda þurfti að byggja um 560 km af háspennulínum og setja upp um 230 spennistöðvar.

2. Tafir á framkvæmdum hafa verið af neðan-

greindum sökum: Stólpar, sem afgreiðast áttu í júní frá Finnlandi samkv. samningi, voru ekki afgreiddir fyrr en í ágúst vegna verkfalla þar í landi. Spennar frá Bandaríkjunum, sem áttu að afgreiðast í sept., okt. og nóv., 60 talsins í hverjum mánuði, samkv. samningi, eru ókomnir enn þá, en 80 eru væntanlegir nú um miðjan des. Efni og vinnuflokkum, sem ætlað var til framkvæmda sveitarafvæðingar, þurfti um tíma að ráðstafa til lagningar línu vegna viðlagasjóðshúsa víðs vegar um landið. Þannig var t. d. einn slíkur vinnuflokkur um mánaðartíma við byggingu línu til viðlagasjóðshúsa í Keflavík.

Því miður hafa framangreindar ástæður orðið til seinkunar á lúkningu sveitarafvæðingarinnar fyrir árið 1973, en Rafmagnsveiturnar munu, eftir því sem kostur er, reyna í vetur að vinna upp nefndar tafir.

Valgarð Thoroddsen."

Friðjón Þórðarson: Herra forseti. Það er augljóst bæði af orðum hv. fyrirspyrjanda og svörum hæstv. ráðh., að tafir hafa orðið á rafvæðingu sveitabýla á þessu ári, og það er víðar en á Norðausturlandi. Á Skarðsströnd í Dalasýslu bíða enn bæir eftir að fá tengingu við rafmagn, og svo mun víðar vera. Og enn veit ég um bæi, sem hafa gleymst, þannig að rafmagn hefur ekki verið lagt þangað eins og til stóð á þessu ári. Það er ekki hægt að hafa mörg orð um þetta. Þarna hafa orðið óæskilegar tafir. Það er vitað mál, að þetta er viðkvæmt fyrir fólkið, sem er búið að fá fyrirheit um rafmagn á ákveðnum tíma. Það vonast eftir að fá rafmagn fyrir jólin. Svo verður ekkert úr því. Um það þýðir ekki að hafa mörg orð, aðeins skora á hæstv. ráðh. og Rafmagnsveitur ríkisins að láta vinna þessi verk hið allra fyrsta.

Ingólfur Jónsson: Herra forseti. Það eru aðeins örfá orð, enda ræðutíminn takmarkaður.

Vorið 1971 lá fyrir tilbúin rafvæðingaráætlun til þess að ljúka sveitarafvæðingunni á 4 árum. Var þessi áætlun nákvæm og ítarleg og virtist vera þannig úr garði gerð, að unnt væri að standa við hana. Þegar núv. ríkisstj. kom til valda, þótti henni þetta of langur tími og gaf út tilkynningu um, að rafvæðingunni skyldi lokið á þremur árum. Það hefur verið unnið að sveitarafvæðingu með eðlilegum hætti í 2½ ár, síðan núv. hæstv. ríkisstj. tók við völdum. En það var auðséð á árinu 1971, að það hlyti að taka 4 ár að ljúka rafvæðingunni, ekki aðeins vegna þess, að oft vill standa á afgreiðslu efnis: spenna, víra og staura, heldur ekki síður vegna þess, að það er takmarkað vinnuafl, sem Rafmagnsveitur ríkisins ráða yfir til þess að vinna að línulögn og öðrum framkvæmdum. Þetta geta ekki gert nema tiltölulega vel þjálfaðir menn, og nú fyrir stuttu var á orkuráðsfundi farið yfir þessar áætlanir og þær framkvæmdir, sem eftir er að vinna, til þess að ljúka áætluninni, og er sýnilegt, að þeim getur ekki orðið lokið fyrr en á árinu 1975. M. ö. o.: þetta verður í framkvæmd fjögurra ára áætlun, eins og ákveðið var af fyrrv. ríkisstj. En hæstv.. núv. ríkisstj. þurfti í þessu máli eins og mörgum öðrum að gefa út loforð, sem hún getur ekki staðið við.

Fyrirspyrjandi (Jónas Jónsson): Herra forseti Ég kem hér upp til að þakka hæstv. iðnrh. fyrir svörin. Ég get vel unnað hv. 1. þm. Sunnl. þess, að fá smávegis átyllu til að afsaka fyrrv. ríkisstj. og koma smáhöggi á núv. ríkisstj. En ég held, að það sé ljóst, að það varð mikil hröðun á rafvæðingu við tilkomu þessarar ríkisstj. Mér er ljóst, að það, sem hér er um að ræða, eru framkvæmdaatriði, sem hægt hefði verið með meiri fyrirhyggju af viðkomandi stofnun að komast hjá, og ég treysti því, að slíkt muni ekki endurtaka sig.

Grænfóðurverksmiðja, frv. (þskj. 177). — Ein umr.

Fyrirspyrjandi (Pálmi Jónsson): Herra forseti. Í l. nr. 45 frá 1971, um Stofnlánadeild landbúnaðarins o. fl., eru í fyrsta skipti sett í lög ákvæði um grænfóðurverksmiðjur. Á grundvelli þeirra l. starfaði samstarfsnefnd frá Búnaðarfélagi Íslands og Landnámi ríkisins, sem gerði drög að áætlun um byggingu nýrra grænfóðurverksmiðja. Landbrh. staðfesti áætlun um þetta efni með bréfi hinn 2. júní 1972, þar sem fram kemur, að byggðar skuli þrjár nýjar grænfóðurverksmiðjur á næstu 8 árum, eins og þar segir: í Hólminum í Skagafirði, í Flatey í Austur-Skaftafellssýslu og í Saltvík í Suður-Þingeyjarsýslu. Lítilsháttar hefur verið unnið að undirbúningi þessara framkvæmda. Hins vegar hafa fjárveitingar verið af allt of skornum skammti, til þess að vænta megi þess, að verulegur skriður komist á þetta mál. Á yfirstandandi ári var verksmiðjan í Saurbæ í Dölum keypt af ríkinu samkv. úrskurði landbrn. Til þeirra kaupa þurfti, að ég hygg, töluvert fjármagn.

Í fjárlagafrv. fyrir næsta ár er gert ráð fyrir, að til grænfóðurverksmiðja verði varið 14.6 millj. kr. Með hliðsjón af því, sem gerst hefur í þessum efnum, þykir mér næsta sýnt, að lítið sem ekkert fjármagn verði til að halda áfram við uppbyggingu þeirra verksmiðja, sem þegar hafa verið ákveðnar á næstu árum, ef ekki verður um aukningu á þessu fé að ræða.

Það hefur komið í ljós, að framleiðsla heyköggla hér á landi er hagkvæm, og rekstur þeirra verksmiðja, sem lengst hafa starfað að þessum málum, mun hafa gengið vel á yfirstandandi ári og raunar á fyrra ári einnig. Það er augljós nauðsyn, að unnið sé að þessu máli af fullum krafti, og fyrir liggja áskoranir og samþykktir frá ýmsum bændafundum, m. a. Stéttarsambandi bænda, um, að myndarlegt átak sé gert í þessu efni. Liggur m. a. fyrir hjá landbn. Nd. Alþ. áskorun á ríkisstj. og hæstv. landbrh. um að auka svo framlag til þessa viðfangsefnis, að unnt verði að byggja a. m. k. eina verksmiðju á ári á næstu 5—6 árum.

Í framhaldi af þessu hef ég leyft mér að bera fram svohljóðandi fsp. til hæstv. landbrh.:

„a. Hyggst ríkisstj. standa við eða hraða framkvæmd áætlunar um nýjar grænfóðurverksmiðjur, sem staðfest var með bréfi landbrh. 2. júní 1972?

b. Hvaða áætlanir liggja fyrir um fjármagn til þessara framkvæmda á næstu árum og heildarfjárþörf á áætlunartímabilinu?

c. Hvert var kaupverð grænfóðurverksmiðjunnar í Saurbæ í Dölum, hvaða skuldbindingar fylgdu kaupunum og hve mikið fé skorti til framkvæmda, er kaupin voru gerð, til þess að verksmiðjan gæti náð fullum afköstum?“

Fjmrh. (Halldór E. Sigurðsson): Herra forseti. Út af fsp. hv. 5. þm. Norðurl. v. á þskj. 177 vil ég gefa svo hljóðandi svör:

Með bréfi, dags. 2. júní 1972, samþykkti landbrn. áætlun um uppbyggingu grænfóðurverksmiðja í Flatey í Mýrahreppi í Austur-Skaftafellssýslu, á Hólminum í Skagafirði og Saltvík í Suður-Þingeyjarsýslu. Gert er ráð fyrir, að framkvæmdatími við uppbyggingu verksmiðjanna verði allt að 8 ár.

Eftir að þessi áætlun var gerð, kom það í hlut Landnáms ríkisins fyrir hönd ríkissjóðs að kaupa eignir Fóðuriðjunnar h/f að Lindarholti í Saurbæjarhreppi í Dalasýslu, en stjórn Landnáms ríkisins hafði m. a. mælt með, að það yrði gert.

Með kaupum graskögglaverksmiðjunnar í Dalasýslu var raskað þeirri áætlun, sem gert var ráð fyrir 1972. En rn. stefnir að því að hraða uppbyggingu grænfóðurverksmiðja svo sem verða má, og ríkissjóður hefur í því skyni keypt jarðirnar Saltvík í Suður-Þingeyjarsýslu og Flatey í Austur-Skaftafellssýslu.

Í frv. til fjárl. fyrir árið 1974 er gert ráð fyrir, eins og það verður nú, 20 millj. kr. til grænfóðurverksmiðja. Vegna aukinnar fjármagnsþarfar, sem leiðir af kaupum grænfóðurverksmiðjunnar í Dalasýslu og almennum verðhækkunum, er nú í athugun fjármögnun uppbyggingar grænfóðurverksmiðja, og telur rn., að hjá því verði ekki komist að taka fjárfestingarlán, eigi að halda þeim framkvæmdahraða, sem ákveðinn var, sérstaklega eftir að kaupin á Dalasýsluverksmiðjunni komu til. En hjá þeim var ekki komist, nema láta það verða að engu, sem búið var að framkvæma þar. Auk þess ber brýna nauðsyn til þess vegna Vestfjarða að hafa heykögglaverksmiðju í vestanverðri Dalasýslu.

Kaupverð grænfóðurverksmiðjunnar í Dalasýslu var 31 838 749 kr. Frá þeirri fjárhæð var dregið framlag Landnáms ríkisins til verksmiðjunnar, 4 millj. Eftirstöðvarnar, 27 838 794 kr., eru skuldbindingar við erlenda og innlenda lánardrottna, sem ríkissjóður tók að sér að greiða.

Þegar verksmiðjan var keypt, var talið, að viðbótarfjármagn, sem þyrfti til verksmiðjunnar, til þess að verksmiðjan gæti hafið fulla starfrækslu, væri á árinu 1973 2 millj. 775 þús. og á árinu 1974 6.9 millj. kr. eða samtals 9 millj. 680 þús. Ekki er alveg ljóst nú, hvort þarf á þessu fjármagni að halda á árinu 1974. En verksmiðjan starfaði verulega á árinu 1973 og skilaði góðum afköstum.

Ég vil að lokum vekja athygli á því, að málefni heykögglaverksmiðjanna koma nú til sérstakrar athugunar á nýjan leik vegna hinnar miklu verðhækkunar á olíu, sem hlýtur að hafa áhrif á rekstur þeirra.

Sverrir Hermannsson: Herra forseti. Um það þarf ekki að fara mörgum orðum, hversu hagkvæmt það er fyrir landbúnaðinn að breyta heyfeng með þessum hætti í kjarnfóður. Ég fagna því, sem fram kom í orðum hæstv. fjmrh., að í athugun væri að taka fjárfestingarlán til þess að standa við þann framkvæmdahraða, sem áætlaður hafði verið í þessu efni. Eins og fram kom í hans svari, var bygging grænfóðurverksmiðju í Flatey á Mýrum í Austur-Skaftafellssýslu efst á blaði, og s. l. vor gaf hann ótvíræð svör um uppbyggingu þeirrar verksmiðju þann veg, að gera mætti ráð fyrir, að hún kæmist í gagnið á árinu 1975. Og ég vil nú spyrja beint að því, hvort ekki megi gera ráð fyrir, að við þá áætlun verði staðið?

Þá vil ég enn fremur inna eftir því, þar sem mér er kunnugt um það, að Búnaðarsamband Austur-Skaftafellssýslu hafði boðið fram að sínum hluta ræktun, en mér er enn fremur kunnugt um það, að ekkert svar hefur verið gefið við þessu boði, og vil þess vegna spyrja: Á að skilja þetta á þann veg, að ekkert sé hirt um þetta boð og það sé hunsað, eða á að skoða þessa þögn sem samþykki við boði Búnaðarsambandsins?

Fyrirspyrjandi (Pálmi Jónsson): Herra forseti. Ég vil þakka svör hæstv. ráðh. og taka undir með hv. 4. þm. Austf. og þakka það, að ekki varð annað skilið á svörum ráðh. en ætlunin væri að standa við þá áætlun, sem fyrir liggur, og enn fremur það, að í till. fjvn. nú fyrir 3. umr. fjárl. er gert ráð fyrir að hækka framlag til grænfóðurverksmiðja á fjárl. næsta árs upp í 20 millj. Þrátt fyrir þetta hygg ég, að ástæða hefði verið til þess að taka stærra skref í þessum efnum, því að ljóst er eftir þeim gögnum, sem mér er kunnugt um, að hér er um töluvert fjárfrekar framkvæmdir að ræða. En ekki kom orð um það efni fram í svari hæstv. ráðh., þótt um það væri spurt.

Varðandi það, sem hæstv. ráðh. sagði, að taka þyrfti þessi mál til nýrrar athugunar vegna mikillar hækkunar á olíuverði í heiminum, þá er það skiljanlegt, vegna þess að þessi fyrirtæki þurfa mikla olíu. En eftir þeim gögnum, sem ég hef undir höndum, sýnist það vera svo, að ef olía hækkar t. d. um 100%, þá muni þurfa að hækka verð á framleiðslu verksmiðjanna um 60—70 aura, vegna þess að hér er um svartolíu að ræða. Hér er því ekki um svo stóran lið í heildarframleiðslukostnaði þessarar vöru að ræða, að það gefi tilefni til að raska áætlun, sem gerð hefur verið um þessi efni.

Ég vil að lokum treysta því, að hæstv. ráðh. sjái til þess, að með fjármagni utan fjárl., með fjárfestingarlánum og á annan hátt verði staðfastlega að því staðið, að þessar verksmiðjur verði byggðar upp með þeim hætti, sem gert hefur verið ráð fyrir. Ég vil minna á í þessu sambandi, að nú eru liðin tvö ár eða a. m. k. tvö sumur, síðan hæstv. ráðh. staðfesti þá áætlun, sem hér liggur fyrir, og það fjármagn, sem fengist hefur til þessara framkvæmda síðan, er miklum mun minna en svo, að með sama hætti verði haldið áfram. Ef svo héldi fram, mundi þessa áætlun reka í algert strand. Þótt framlög á fjárl. næsta árs verði hækkuð upp í 20 millj. kr., nægir það ekki meira en svo til þess að

halda sama hraða við uppbyggingu hinna nýju verksmiðja vegna þess, hve mikill hluti af þessu fjármagni fer til að standa við skuldbindingar, sem myndast hafa við kaup verksmiðjunnar í Saurbæ í Dölum. Þrátt fyrir þetta vil ég treysta því, að hæstv. ráðh. sjái til þess, að ekki verði um stöðnun framkvæmda á þessu sviði að ræða.

Steingrímur Hermannsson: Herra forseti. Stutt aths. — Það er rétt, sem kom fram hjá hv. síðasta ræðumanni, að olía er ekki mjög stór hluti af kostnaði við slíkan rekstur sem hér um ræðir, grasþurrkun. En ég hygg þó, að sagan sé þar ekki öll sögð. Bæði er það svo, að olíuverð fer ákaflega hækkandi og þessi hluti verður að öllum líkindum stærri, og jafnframt hafa athuganir sýnt, að fóðurgildi verður betra með þurrkun grass við lægra hitastig. Af þessum ástæðum tveimur hafa verið gerðar nokkrar athuganir á grasþurrkun og slíkri fóðurframleiðslu við jarðhita. Þær athuganir sýndu, að kostnaður við tækin varð æðimiklu hærri, þau verða stærri og viðameiri, og því kostnaðarmeiri. En ég er þeirrar skoðunar, að þetta beri að endurskoða með tilliti til breyttra aðstæðna og hækkandi olíuverðs. Þessi endurskoðun er þegar raunar hafin. Baldur Líndal verkfræðingur er með hana í athugun og hefur lofað að skila skýrslu í jan. eða febr. Mér sýnist því, að þetta mál allt ætti að skoða í ljósi þeirra upplýsinga, sem þar koma fram.

Fjmrh. (Halldór E. Sigurðsson): Herra forseti. Ég vil út af fsp. hv. 4. þm. Austf. segja, að það hefur ekki breyst neitt frá minni hendi um, að verksmiðjan á Mýrum sé næsta verksmiðja, sem reist verði, og það verður reynt að gera það, sem hægt er, til að standa við það. Hins vegar hefur dæmið þar breyst vegna þeirra verðbreytinga, sem orðið hafa, og þess, sem við urðum að gera á s. l. sumri, að kaupa verksmiðjuna í Dölum til að forða frá því, að það yrði að engu, sem þar var búið að gera og mikið búið að vinna að.

Ég sá ekki ástæðu til að fara að nefna hér tölur um kostnað við framkvæmdir þessar, því að ég hafði ekki svo nýjar tölur, að þær hefðu neitt gildi, og sé þess vegna ekki ástæðu til þess.

Vextir af þóknun lánastofnana, fsp. (þskj. 177). — Ein umr.

Fyrirspyrjandi (Björn Pálsson): Herra forseti. Það er ekki tími til að fara ítarlega út í fsp. þessa. Ég hef leyft mér að leggja hér fram fsp. í nokkrum liðum viðvíkjandi því, hvort vaxtahækkun sú, sem ákveðin var s. l. vor, hafi verið gerð með samþykki ríkisstj., og í öðru lagi, hvort bankamrh. áliti, að Seðlabankinn geti ákveðið hækkun og lækkun vaxta án samþykkis ríkisstj., enn fremur fsp. um, hvaða vextir eru nú í bönkum og stofnlánasjóðum, og í fjórða lagi, hvort viðskiptabönkum sé heimilt að taka þóknun auk vaxta og stimpilgjalds, er þeir kaupa víxla. Þetta liggur allt fyrir, og ég veit, að hæstv. bankamrh. skilur þetta allt saman vel, og ég þarf ekki að fara að útskýra þessa liði.

Á æskuárum viðreisnarstjórnarinnar var það ákveðið að flytja vald til að ákveða vexti og eins gengi frá þinginu og upp í Seðlabanka. Þeir voru stórtækir á þeim árum og hækkuðu vextina. (*Gripið fram í.*) Jæja, upp eða niður, það skiptir engu máli, út í Seðlabanka væri líklega réttast að hafa það, en það skiptir ekki máli. En þeir hækkuðu víxilvexti upp í 12% þá og hækkuðu vexti stofnlánadeilda úr 4½% í 6½%, að ég ætla. Við héldum margar og stórar ræður um þetta í stjórnarandstöðunni. Ég var náttúrlega dvergur hjá þessum risum, eins og hæstv. sjútvrh. eða bankamrh. núv. og núv. forseti Sameinaðs þings, þeir höfðu aðallega orð fyrir okkur á þeim árum. En eitthvað var ég að segja líka, og við vorum allir sammála um, að þetta væri óhæfuverk og óhæft fyrir atvinnuvegina. Nú veit ég, að af því að þessir menn eru góðum gáfum gæddir, þá muna þeir þessar ræður sínar og ég þarf ekki að lesa þær upp, enda hef ég engan tíma til þess.

Nú skeði það fyrir s. l. áramót, að gengið var lækkað um 10%. Ég ætla nú ekki að vera að deila á Alþb.-mennina fyrir það og ekki heldur flokksbræður mína, því að þeir réðu þessu ekki, þeir voru knúðir til þess af litlum flokki, sem er kallaður Samtök frjálslyndra og gengið var lækkað um eitthvað 10—12%, og ég fór þá heim heldur en vera að greiða atkv. með þessari vitleysu. En hvað sem því líður var þetta gert. Nú vitum við það, að eitt, sem þeir í Seðlabankanum kunna, er að lækka gengi, og þeir eru yfirleitt fljótir að því. Eins og þið vitið, fjölgar krónunum, þó að þær minnki, þegar gengi er lækkað. Þá fást fleiri krónur fyrir afurðabirgðirnar í landinu, og ríkisstj. lætur Seðlabankann hirða þetta, þannig að atvinnuvegirnir geta ekki fengið þar fleiri krónur , krónurnar bara minnkuðu. Það eru tvær hliðar á þessu máli, og ég deildi víst einhvern tíma um þetta.

En nú skeði það aftur, góðu heilli, að ríkisstj., sem var nauðgað til að lækka gengið fyrir áramótin, hækkaði gengið aftur snemma á þessu ári. Þá skildist mér, að það væri eðlilegt, að atvinnuvegirnir fengju þessa aura aftur, sem hefðu verið hafðir af þeim. Þó að það standi ekki á þessu þskj., langar mig til að fá upplýsingar um það hjá hæstv. bankamrh., af því að ég veit, að hann er glöggur og lítur vel eftir þjónum sínum, hvað hafi verið gert við þetta fé, hvort það sé geymt niðri í Seðlabanka og hvort meiningin sé að skila þessu fé.

Ég varð mjög hissa og ánægður í vor, þegar átti að hækka gengið, og var búinn að láta það álit mitt í ljós við forsrh. a. m. k. oftar en einu sinni. Hins vegar var ég alveg hissa á vaxtahækkun allt í einu. Þið getið lesið ykkur til gamans ræðurnar, sem haldnar voru af okkar hálfu, þegar vextir voru hækkaðir. Ég skil ekki þetta hjá Seðlabankanum. Það er engin ákveðin regla fyrir, hvernig honum dettur í hug að hafa þetta. 1960, held ég, að það hafi verið, var gengið lækkað geysilega mikið, þá hækkuðu þeir vextina mikið, upp í 12½%, það átti að vera til að örva sparifjársöfnun. 1973 hækkaði gengið, og þá hækkuðu líka vextirnir, þannig að það

virðist ekki vera nein ákveðin formúla fyrir því, hvenær eigi að hækka vexti og hvenær ekki.

Nú vil ég leyfa mér að benda bankamrh. á það, og veit ég náttúrlega, að hann gerir sér það alveg ljóst, að það eru tekin þarna 10% af útflutningsverðmæti vörunnar. Svo er gengið hækkað aftur. Á þennan hátt eru fyrirtækin, sem eiga þessar vörur, féflett og það um stórfé, og um leið er stórlega þrengt að þeim með vaxtahækkuninni. Og menn vita, hvernig fyrirtækin hafa farið, t. d. iðnaðarfyrirtækin. Pétur Pétursson, ég veit ekki, hvort hann er nú hér, gæti svarað fyrir Álafoss, ætli það fyrirtæki hafi ekki tapað jafnvel svo að skiptir tugum millj. á þessum ráðstöfunum, vaxtahækkuninni? Og svo hirða þeir þetta. Ég býst við, að það sé vel geymt, en það er ekki búið að skila því. Sú lækkun, sem varð í krónutölu á afurðunum, skipti samvinnufélögin í heild upp undir 150 millj., og svo heldur þetta náttúrlega áfram með vaxtahækkuninni, og fyrir fyrirtækin í landinu er þetta stórfé. Ég hef það ekki í höndunum nákvæmlega, en ég gæti trúað, að það yrði svona milljarður eða jafnvel meira. (Forseti hringir.) Ég spyr nú svo sjaldan, að það er óhætt að lofa mér — **(Forseti: Ég held ekki, að** hv. þm. þyrfti lengri tíma en aðrir til að segja meiningu sína.) Já, en þeir, sem vita mikið, þurfa langan tíma.

Sjútvrh. (Lúðvík Jósepsson): Herra forseti. Spurt er um það í fyrsta lagi: „Var vaxtahækkun sú, sem ákveðin var s. l. vor, gerð með samþykki ráðh. bankamála og ríkisstj.?“

Stjórn Seðlabankans eða bankastjórar Seðlabankans tilkynntu um þessa ákvörðun sína til ríkisstj., og á fundi ríkisstj. með bankastjórum Seðlabankans í apríllok lýsti ég því yfir, að ég væri persónulega andvígur vaxtahækkuninni, og endurtók þar fyrri afstöðu mína til þessara mála, að ég teldi, að þetta mundi hafa frekar hækkunaráhrif í dýrtíðinni í landinu, en mundi hins vegar ekki hafa mikil áhrif í þá átt, sem til væri ætlast. Það kom skýrt fram á þessum fundi, að það er Seðlabankinn, sem tekur ákvörðun um hámark og lágmark vaxta, og lýsti forsrh. því yfir á fundinum, að samkv. lögum væri hér um ákvörðun Seðlabankans að ræða, sem ríkisstj. þyrfti ekki að taka afstöðu til.

Í öðru lagi er spurt: „Álítur bankamrh., að Seðlabanki Íslands geti ákveðið hækkun og lækkun vaxta án samþykkis ríkisstj.?“

Í 13. gr. l. um Seðlabanka Íslands segir:

„Seðlabankinn hefur rétt til að ákveða hámark og lágmark vaxta, sem innlánsstofnanir, sem um ræðir í 10. gr., mega reikna af innlánum og útlánum. Nær þetta vald einnig til að ákveða hámarksvexti samkv. l. nr. 58 1960. Vaxtaákvarðanir skuli birtar í Lögbirtingablaði. Ákvörðunarvald þetta nær einnig til þóknunar, sem jafngildir vöxtum að áliti Seðlabankans.“

Það leikur því enginn vafi á því, að það er réttur Seðlabankans að ákveða um hámark og lágmark vaxta, eins og gert hefur verið. **(Gripið fram í:** Var ríkisstj. á móti vaxtahækkuninni?) Eins og ég var að enda við að segja, lýsti ég afstöðu minni, en ríkisstj. tók ekki ákvörðun um málið, vegna þess að það var ljóst, að ákvörðun Seðlabankans um málið hafði þegar verið tekin og hann hefur vald til að ákveða þetta samkv. lögum.

Það er nauðsynlegt fyrir menn að átta sig á því, a. m. k alþm., hvað er skráð í lög, hvað þeir hafa sett sjálfir lög um, en það eru einstaka þm. hér, sem ætlast til þess af ráðh., að þeir hagi sér á allt annan hátt en lög mæla fyrir um. **(Gripið fram í:** Hvernig væri að breyta l.?) Jú, jú, það er hægt að breyta l., en þá ættu alþm. að gera það, ef um það væri að ræða. Enginn bannar það.

Þá er spurt: „Hvað voru vextir hækkaðir mikið s. l. vor, og hvað eru vextir nú: a) í Stofnlánadeild landbúnaðarins“ — og síðan koma margir stafaliðir aftur í h um hina einstöku aðila.

Svör við þessu eru í þessari sömu röð:

a) Við Stofnlánadeild landbúnaðarins eru vextir A-lána nú 8½% til framkvæmda bænda, en voru 6½%, allt ársvextir. Vextir B-lána til íbúðarhúsa eru nú 8% á ári, en voru 6% á ári. Við veðdeild Búnaðarbankans eru vextir nú 10% á ári, en voru 8%.

Svar við b-lið fsp., þ. e. um vexti í Fiskveiðasjóði: Vextir eru óbreyttir við Fiskveiðasjóð, þ. e. a. s. 5½% á ári af skipalánum og 7% af fasteignalánum. Þessi lán eru að verulegum hluta í erlendum gjaldeyri og því með gengisákvæði. Sé um vísitölulán að ræða, eru vextir 6¼% og byggingarvísitala miðuð við 1/10 hluta höfuðstóls lána.

Þá er það c-liður fsp. um Iðnlánasjóð. Vextir við Iðnlánasjóð af vélalánum eru nú 11½%, en voru 9½%. Byggingarlán eru nú með 11% ársvöxtum og að ¼ á grundvelli byggingarvísitölu.

Þá er það d-liður fsp., það eru vextir af viðskiptavíxlum. Vextir við banka og sparisjóði af víxlum almennt eru 11¾% og upp í 12½%, en voru áður 9½—10%.

Þá er það e-liður fsp. um vexti af afurðavíxlum landbúnaðarins og g-liður um vexti af afurðavíxlum iðnaðar, og er svarið við báðum liðunum í einu. Vextir af afurðavíxlum landbúnaðar og iðnaðar frá viðskiptabanka eru nú 7—9½%, en voru 6—8½%.

Þá er spurt um vexti af afurðavíxlum sjávarútvegs. Vextir af afurðavíxlum sjávarútvegsins frá viðskiptabanka eru nú 7, en voru 6%.

Og þá er h-liður fsp.: af lánum úr lífeyrissjóðum, hvaða vextir eru af lánum úr lífeyrissjóðum? Vextir af lánum lífeyrissjóða eru talsvert mismunandi, en algengt mun, að vextir hafi verið 8—10%, en hækkuðu í 10—12% á þessu ári.

Þá er 4. fsp.: „Er viðskiptabönkum heimilt að taka þóknun, auk vaxta og stimpilgjalds, ef þeir kaupa víxla? Sé svo, í hvaða tilfellum er slíkt heimilt og hve mikil má slík þóknun vera?“ Svarið er á þessa lund: Bönkum er heimilt að taka þóknun samkv. opinberri gjaldskrá fyrir innlánsstofnanir. Þóknun af almennum víxlum er 0.15% af víxilfjárhæð eða 15 kr. sem lágmark. Af viðskiptamannavíxlum er þóknunin 0.3—1% eftir því, hvort víxlar eru vistaðir innan eða utan þess lögsagnarumdæmis, sem kaupaðili er í, og er lágmarksþóknun 45 kr. og 75 kr.

Þá hefur þessum spurningum öllum verið svar-

að, en auk þessa hef ég hér skrá, sem birt var í Lögbirtingablaði samkv. því, sem skylt er, yfir þá vexti, sem ákveðnir voru 30. apríl 1973, og er auðvelt að láta fyrirspyrjanda hafa þessa skrá, en hún er lengri en svo, að hægt verði að fara að lesa hana hér, en það er auðvelt að sjá hana í Lögbirtingablaðinu. Ég vænti sem sagt, að þessi svör séu fullnægjandi.

Fyrirspyrjandi (Björn Pálsson): Herra forseti. Ég þakka svörin. Hæstv. bankamrh. talaði ekkert um, og var náttúrlega ekki skylt samkv. þessum fsp., en þó hefði mér þótt vænt um það, hvað liði þessari upphæð, sem Seðlabankinn næði í, hvort það væri meiningin að skila henni aftur eða ekki, því að ég lít svo á, að þarna sé um að ræða — ég vil ekki kalla það þjófnað, en jafngildir því, að taka þetta af atvinnurekendunum.

Staðreyndin er sú, að þeir eru komnir með vextina upp í 12½%, ef er framlengdur víxill. Við þetta bætist stimpilgjald og þóknun, og ég hef séð hjá fyrirtæki hér í bænum, sem seldi víxil upp á eitthvað tæpar 5 millj., það var stuttur tími, að vextirnir voru 20 þús. af allri upphæðinni, svo var stimpilgjaldið eitthvað 11—12 þús., en þóknun 59 þús. Upphæðin var þreföld á við vextina. Þetta er allgóður skildingur. Það sjá allir menn, að þreföld upphæð þýðir 36%. Ef það var reiknað 12% af víxlinum, þá eru þetta 48%. Svo segja fyrirtækin mér, að þau verði að skrifa upp á þessa víxla, viðskiptavíxlana, svo hafa bankarnir þann prýðilega sið að afsegja þá á réttum tíma og færa svo hjá fyrirtækjunum eftir 1—2 daga, og þau verða að borga mánaðarvexti af þeim, reiknuð 12—18%. Með þessu öllu sé ég, að bankarnir geta farið upp í 64% með þessa stuttu víxla. Ég er nú að hugsa um að fara að setja upp einhvern banka í elli minni hér í bænum og ætla ekkert að vera verri en bankarnir hér, dunda við þetta. Samt er þessi aðdáanlega stjórn, að þeir geta ekkert eignast, þessir blessaðir bankar. Það er einhvern veginn haldið svona á hlutunum. Og Seðlabankinn, sem lánar bönkunum eigið fé fyrir 16—18%, ef þeir þurfa að fá yfirdrátt, og bindur fyrir þá 21% af fénu, hann getur ekkert grætt heldur, nema ef það er tilviljun, vegna þess að það verður einhver hagstæð gengisbreyting ytra, þannig að ég get ekki séð, að þarna sé nein sérstök búmennska á ferðinni.

Ég vænti mikils af bankamrh., af því að ég veit, að hann er gáfumaður og skilur þetta, og ég vonaðist eftir, að hann lagaði allt, sem áfátt væri. Ég er búinn að bíða í rúmlega tvö ár og hef ekki komið með nein frv. Ég var á ferðinni hér með frv. viðvíkjandi Fiskveiðasjóðnum. Það kom ósómi þangað, um leið og þessir bankahlunkar komust þar inn, en ég mun ekki fara út í það. En ég vona, að það fari nú að styttast í það, að bankamrh. fari að laga þetta eitthvað. Ég veit, að hann er sömu skoðunar og hann var, enda segist hann vera andvígur vaxtahækkuninni.

En hvernig í ósköpunum stendur á, að jafnmikill skörungur og hæstv. ráðh. er lætur kúga sig svona, að hann annaðhvort lagar þetta ekki eða segir hreinlega af sér bankamálastarfinu?

Það er ekki hægt að láta kúga sig svona. Það eru ákvæði í bankal. um það, að seðlabankastjórninni sé skylt að haga starfsemi bankans í efnahagsmálum í samræmi við vilja ríkisstj. Ég er ekki alveg viss um, nema ráðh. gæti haft svolítið meiri áhrif en þetta á vextina, ef hann beitti sér svolítið. Og nú vona ég, að hann fari að beita sér, því að sannleikurinn er sá, að með því að vera búinn að næla í þessi 10% af vörubirgðum fyrirtækja, sérstaklega iðnfyrirtækjanna, og hækka vextina, þá eru þeir alveg að kyrkja þessi fyrirtæki, og þetta hlýtur jafngáfuðum manni og iðnrh. að vera ljóst, svo að ég vona, að þeir félagar, því að við álítum þá vera einna mesta gáfumenn í þessari d. og raunar á þinginu yfirleitt, þeir fari nú að taka til höndunum og laga þessa vitleysu alla.

Ég hef víst ekki leyfi til að tala öllu meira. Ef bankamrh. ætlar ekkert að gera í þessu og fara að undirbúa eitthvað stórt nú í jólafríinu, þá ætla ég að fara af stað með eitthvað, ef ég kem á þingið í vetur, sem ekki er víst að verði, og koma þá með einhverjar ályktanir eða jafnvel lagabreytingar, þótt það væri ekki nema á Fiskveiðasjóðnum.

Það sagði mér einn skipstjórinn, vel á minnst, ég hitti hann, — ég er ræðinn og félagslyndur og tala við menn, ef ég hitti þá, — að þeir hefðu laumast til þess að færa 2½ millj. á lán sín í Fiskveiðasjóði eftir síðustu áramót, þegar þeir voru búnir að lækka gengið eða áður en þeir hækkuðu það víst, 2½ millj., sem þeir skulduðu af því fyrir gengistap. Ég ábyrgist ekkert, að þetta sé satt, en hann sagði mér þetta, og ég sagði honum, að hann skyldi stefna þeim. Hann ætlaði fyrst að reyna með góðu. En þá bætist það ofan á, ef þeir taka fyrst 10% af birgðunum, skulda þá svo fyrir gengislækkuninni, hækka svo gengið aftur og færa þeim það ekki til tekna. Ég sagði bankamrh. frá þessu í gær, og hann ætlaði að fara að athuga þetta. En seint gengur honum að athuga, því að hann rændi 120 millj. af okkur með því að færa vitlaust gengistapið, — ég var útgerðarmaður hér á árunum, — og hann er ekki farinn að laga það enn. Ég vona, að hann fari nú að gera það, og ég vona, að hann láti ekki ræna þessa skipstjóra svona og skili fyrirtækjunum aftur því, sem tekið var af afurðunum um áramótin síðustu, og yfirleitt koma þessu öllu í lag. Ég held, að það sé betra en hjá þeirri vondu stjórn sem var.

Ingólfur Jónsson: Herra forseti. Hæstv. bankamrh. hefur svarað mörgum fsp. frá hv. þm. Birni Pálssyni. Enginn vafi er á því, að þingheimur hefur undrast, þegar hæstv. ráðh. sagði, að vaxtahækkunin hefði verið framkvæmd án hans samþykkis. Enn fremur munu hv. þm. hafa undrast, þegar sami hæstv. ráðh. sagði, að ríkisstj. eða aðrir ráðh. hefðu ekki tekið afstöðu til vaxtahækkunarinnar. Þetta er mjög ótrúlegt hvort tveggja. Ég ætla að segja það hér, að ég trúi þessu ekki. Að vísu hefur það komið fram, að aðgerðir í efnahagsmálum hafa verið mjög svo vafasamar í mörgum tilfellum. Það má vel vera, að sambandið á milli hæstv. ríkisstj. og Seðlabankans sé með þeim hætti,

að ekki sé við góðu að búast. En að Seðlabankinn ákveði eins gífurlega mikla vaxtahækkun og hér er um að ræða, án þess að ríkisstj. hafi samþykkt það, það er mjög ótrúlegt. Þessi vaxtahækkun hefur mjög geigvænlegar afleiðingar fyrir atvinnuvegina í landinu, fyrir iðnaðinn, fyrir landbúnaðinn, fyrir sjávarútveginn og fyrir verslunina. Það er á orði haft nú, að allur atvinnurekstur sé rekinn með tapi, og það er háskalegt, þegar til lengdar lætur. Hæstv. ríkisstj. heldur uppi verðbólgustefnu, m. a. með því að láta vaxtahækkun koma til framkvæmda, eins og nú er, og skapa atvinnuvegunum erfiðleika með þeim hætti. Það söng öðruvísi í hæstv. núv. ráðh., þegar þeir voru í stjórnarandstöðu. Þá ætluðu þeir að auka lán, lækka vexti og draga úr kostnaði við atvinnureksturinn.

Jón Árnason: Herra forseti. Mér datt í hug: „Bragð er að, þá barnið finnur“ — þegar ég heyrði ræðu hv. fyrirspyrjanda, Björns Pálssonar, í sambandi við þetta mál. Það eru vitanlega fleiri úr stjórnarherbúðunum, sem finnst, að málin gangi nokkuð í öfuga átt fyrir ríkisstj. í sambandi við það, sem lofað var, og hér kemur fram hjá hæstv. ráðh., um að hann hafi ekki ráðið við þessar vaxtahækkanir. En ég vil spyrja ríkisstj. í heild: Til hvers voru þeir að taka inn í stjórnarsáttmálann, að þeir ætluðu að láta lækka vextina, það stendur þar svart á hvítu, beita sér fyrir því, ef það liggur svo fyrir, að þeir ráða ekkert við þessi mál? Ef þeir ráða engu um þessi mál, því koma þeir þá ekki fram með löggjöf á þingi, sem tryggi þeim að standa við þau loforð, sem þeir hafa gefið í stjórnarsáttmálanum?

Það er staðreynd, sem hér liggur fyrir í þessum efnum, að t. d. sjávarútvegurinn hefur aldrei orðið að búa við jafnháa vexti og nú, við skulum segja í yfirdráttarlánum, sem hann verður meira og minna að bjargast við í sambandi við sinn atvinnurekstur. Þá verður hann að borga 12½%. Slíkt hefur aldrei átt sér stað áður, að ég hygg. Sama má segja í sambandi við Fiskveiðasjóðinn. Ég hygg, að það sé í fyrsta sinn núna, að hluti af þeim lánum, sem Fiskveiðasjóður veitir útgerðarmönnum, er vísitölutryggður, að hluta eru það vísitölulán. Það er algert einsdæmi.

Það er augljóst, að núv. ríkisstj. hefur síðan en svo staðið við það fyrirheit, sem hún gaf í stjórnarsáttmálanum varðandi þennan þátt í sambandi við atvinnureksturinn. Það skiptir vitanlega mjög miklu máli, ef sú þróun hefði getað orðið áfram, eins og átti sér stað, þegar vextirnir voru lækkaðir niður í 6%, seðlabankalánin, í sambandi við afurðalán, og annað hefði gengið eftir því. En það er nú eitthvað annað. Um leið og vextirnir eru hækkaðir, er tekið inn í lánakerfið að veita lán að sumu leyti í sambandi við Fiskveiðasjóðinn með vísitölutryggðum lánum. Það segir sig sjálft, að með þeirri verðbólguþróun, sem nú á sér stað og ef hún á um einhverja framtíð að verða í svipuðum mæli og nú á sér stað, þá verður — (Gripið fram í.) — þeir eru 8%, vextirnir af þeim hluta lánanna, sem Fiskveiðasjóður veitir, þá verður það margfalt hærri upphæð, sem þar verður um að ræða.

Sjútvrh. (Lúðvík Jósepsson): Herra forseti. Hv. 1. þm. Sunnl. sagði, að hann tryði því ekki, að það væri rétt, að Seðlabankinn hefði ákveðið hækkun á vöxtunum, án þess að ríkisstj. hefði samþykkt það. Honum er óhætt að trúa því, því að þetta er staðreynd, og hann getur fengið þetta staðfest hjá þeim mönnum, sem ákváðu vaxtahækkunina, ef hann trúir mér ekki. Og hann getur líka fengið þetta staðfest af öðrum ráðh. úr ríkisstj. Seðlabankinn gerði ríkisstj. grein fyrir því, eins og ég sagði, að hann hefði ákveðið með þar til greindum rökum að hækka vextina. Ég, eins og ég sagði, lýsti yfir afstöðu minni til vaxtahækkunar. Ríkisstj. tók ekki sem slík afstöðu, vegna þess að forsrh. benti á, að það væri á valdsviði Seðlabankans að ákveða þetta.

Ég skal ekkert um það segja, ef ríkisstj. hefði tekið ákvörðun um að skora á bankastjóra Seðlabankans að hverfa frá þessari ákvörðun, hvað hefði verið gert. Það er allt annað mál. Þannig hefur málið ekki legið fyrir.

Það fer ekkert á milli mála og á ekki að þurfa að kenna mönnum um það hér og allra síst þeim, sem sátu í fyrrv. ríkisstj., hvaða kenningar hafa verið uppi, m. a. hjá bankastjórum Seðlabankans og mörgum öðrum, hvað hækkun vaxta ætti að þýða í efnahagskerfinu. Það hafa verið færð fram mörg og mikil rök fyrir því, að slíkt hefði afskaplega heilbrigð áhrif við aðstæður, eins og þær, sem við búum nú við. Ég hef ekki trúað á þessi rök og trúi þeim ekki enn. Ég vil hins vegar benda á það, að ríkisstj. beitti sér fyrir því með sérstökum tilmælum, sumpart til Seðlabankans og annarra aðila, að vextir á afurðalánum voru lækkaðir frá því, sem áður hafði verið. Þetta var framkvæmt. Hún beitti sér einnig fyrir því, að vextir á stofnlánum til atvinnuveganna voru lækkaðir. Þetta var líka framkvæmt. Hins vegar hefur það svo gerst, að sumir af stofnlánasjóðunum eins og t. d. Stofnlánadeild landbúnaðarins, hafa sjálfir tekið ákvörðun um að hækka stofnlánavextina aftur. Mér er líka vel kunnugt um það, að stjórnendur Fiskveiðasjóðs vilja gjarnan hækka stofnlánavextina þar aftur. Ég hef hins vegar neitað að fallast á það fyrir mitt leyti. Og því stendur enn sú lækkun, sem ákveðin var á stofnlánavöxtum í Fiskveiðasjóði.

Það er því algerlega rangt, sem hv. þm. Jón Árnason sagði, að sjávarútvegurinn hafi aldrei borgað hærri vexti en hann gerir í dag. Það er alrangt. Vextirnir eru mun lægri nú af stofnlánum sjávarútvegsins en áður var. Þeir eru líka lægri nú en áður var af afurðalánum. Hitt er rétt, að það hefur verið framkvæmd hér almenn vaxtahækkun.

Svo vil ég aðeins svara hv. fyrirspyrjanda, Birni Pálssyni, hvað hefði verið gert við það fé, sem Seðlabankinn, eins og þar var talað um, hefði tekið af ýmsum afurðum í sambandi við gengislækkunina. Það á að liggja alveg ljóst fyrir. Við gengislækkun þá, sem ákveðin var í des. 1972, kom fram á þeim birgðum, sem lágu fyrir í landinu, talsverður gengishagnaður. Og það var ákveðið í l., að þeim gengishagnaði, sem til féll vegna birgða af sjávarafurðum, yrði öllum ráðstafað aftur til sjávarútvegsins. Þetta hefur sumpart verið gert og sumpart verið unnið að því að fá fram tillögur fulltrúa stærstu sjávarútvegs-

samtaka í landinu, og er enginn ágreiningur um, að þeim afgangi sem enn er ekki búið að skipta niður á milli aðila í sjávarútvegi, verði öllum skipt til sjávarútvegsins. Alþingi hins vegar hefur tekið þann gengishagnað, sem kom af iðnaðarvörum, og ráðstafað honum sérstaklega til uppbyggingar á sérstökum sjóði fyrir iðnaðinn í landinu. (Gripið inn í: Hvað heitir sá sjóður?) Ég þekki það nú varla, en Iðnrekstrarsjóður mun hann heita. En sem sagt Seðlabankinn fær ekki þetta fé. Það, sem kom frá sjávarútveginum, rennur til hans aftur, hefur sumpart gert það. Því, sem kom frá iðnaðinum, hefur Alþingi ráðstafað í sérstakan sjóð vegna iðnaðarins.

Pálmi Jónsson: Herra forseti. Það verður naumast tölum talið, hve oft núverandi stjórnarliðar héldu því fram, bæði í ræðu og riti, að helsta bjargráð í efnahagsmálum væri að lækka vexti. Enn fremur var þetta eitt af þeim atriðum, sem þeir lofuðu þjóðinni, að þeir skyldu hrinda í framkvæmd, í sínum málefnasamningi, sem frægur er orðinn að endemum. Samt sem áður liggur það fyrir, að almennir vextir, vextir stofnlánasjóða a. m. k. sumra atvinnuveganna og vextir afurðalána atvinnuveganna hafa aldrei verið hærri en þeir eru í dag. Ég hygg, að það þýði ekki að segja hvorki hv. Alþingi né þjóðinni í heild, að þessi vaxtahækkun hafi verið gerð án samþykkis núv. hæstv. ríkisstj. Og meira að segja gegn vilja núv. hæstv. bankamrh. Því trúir ekki nokkur maður, þrátt fyrir það að hæstv. bankamrh. hafi nú margítrekað yfirlýsingar sínar um þetta efni.

Ég vil láta það koma hér fram, að þrátt fyrir það, að Framsfl. hafi um áraraðir talið sig vera mesta málsvara bændastéttarinnar og eitt af mestu hagsmunamálum bænda væri að fá lækkaða vexti af sínum stofnlánum og afurðalánum, er svo komið, að vextir af þessum lánum eru hærri nú en nokkru sinni hefur áður gerst. Ég hygg, að það hafi komið ýmsum bændum, sem trúðu á þennan fagurgala Frumsóknarforingjanna, í helst til opna skjöldu, þegar þessi vaxtahækkun dundi yfir.

Ég endurtek, að það er of ótrúleg saga, til þess að nokkur trúi, að þessar vaxtahækkanir hafi verið gerðar án samþykkis núv. hæstv ríkisstj.

Gunnar Thoroddsen: Herra forseti. Það vakti mikla athygli á sínum tíma, þegar hæstv. ríkisstj. var mynduð, að loforð hennar í málefnasamningnum voru m. a. vaxtalækkun. Nú hefur hæstv. bankamrh. lýst því yfir, að ákvörðun vaxta sé algerlega á valdi Seðlabankans og sé ekki undir ríkisstj. borið. Mér er því spurn í fyrsta lagi: Hvernig stendur á því, að ríkisstj. var að lofa landslýðnum vaxtalækkun, ef hún réð engu þar um? Var hún að lofa upp í ermina, eða hefði hún þurft einhverjar lagabreytingar, til þess að hægt væri að lækka vextina? Nú er þetta ekki þannig, eins og hæstv. bankamrh. lýsir, því að hann segir í síðari ræðu sinni, að fyrir forgöngu ríkisstj. hafi vextir verið lækkaðir í fyrstu. Þá á líklega að túlka málefnasamninginn þannig, að hann hafi verið efndur með því að lækka vextina, en svo megi hækka þá aftur, eins og Seðlabankanum þóknast. Hins vegar stendur það í l. um Seðlabankann, að „í öllu starfi sínu skal Seðlabankinn hafa náið samstarf við ríkisstj. og gera henni grein fyrir skoðun sinni varðandi stefnu í efnahagsmálum og framkvæmd hennar. Sé um verulegan ágreining við ríkisstj. að ræða, er seðlabankastjórninni rétt að lýsa honum opinberlega og skýra skoðanir sínar".

Það er engum blöðum um það að fletta, að um öll meginatriði í efnahagsmálum þjóðarinnar ber Seðlabankanum að hafa náið samstarf, eins og það er orðað í l., við ríkisstj. Vegna þess að hæstv. bankamrh. lýsir nú yfir, að hann hafi verið andvígur þeirri almennu vaxtahækkun, sem Seðlabankinn ákvað síðast, held ég, að það sé fullkomin ástæða til að beina fsp. til hæstv. forsrh., og fsp. er á þessa leið: Var þessi ákvörðun Seðlabankans ekki borin undir ríkisstj.? Var hún ekki rædd við ríkisstj.? Var ríkisstj. samþykk eða andvíg henni?

Jón Árnason: Herra forseti. Ég skal vera stuttorður. Ég vildi bara ítreka það, sem ég tók fram áðan og ekki kom fram hjá hæstv. sjútvrh. í sambandi við vísitölutryggðu lánin, að það er eitt af því versta, sem um er að ræða, ef sjávarútvegurinn verður að fara meira og meira út í að bjarga sér á lánum frá Fiskveiðasjóðnum, sem verða tekin handa honum og endurlánuð með vísitöluklásúlu. Við vitum allir, hvernig það er í lánakerfinu, og núv. stjórnarflokkar, á meðan þeir voru í stjórnarandstöðu, voru ekki svo lítið búnir að ræða um þá byrði, sem t. d. var varðandi húsnæðismálin með þeirri klásúlu, sem var á þeim. Maður hefði síst búist við því, að það yrði farið að bjarga sér með Fiskveiðasjóðinn á slíkum lánum.

Ég minntist líka áðan á þau fyrirheit, sem voru í stjórnarsáttmálanum. Þær koma einkennilega fyrir sjónir, þær upplýsingar, sem hér koma frá hæstv. sjútvrh., að ríkisstj. hafi engin afskipti haft af vaxtahækkun, sem nú hefur átt sér stað. Hann segir: Ég skal ekkert um það segja, hvað gerst hefði, ef ríkisstj. hefði beitt sér gegn þessari vaxtahækkun. — Það liggur þá á borðinu —, að hún hafi ekki beitt sér gegn henni, hún hafi ekki viljað standa við þau loforð, sem hún gaf í stjórnarsáttmálanum. Það er gott, að þetta liggi á borðinu.

Varðandi þau afrek, sem núv. ríkisstj. er búin að gera til þess að leiðrétta afurðalánin, má geta þess, að þegar hún tók við, voru seðlabankalánin með 6½% vöxtum. Þau eru komin nú upp í 7, og það munar ½%. Það eru öll afrekin í þessum efnum eftir 2½ ár, og virðist stefna í öfuga átt um óhagstæð vaxtakjör fyrir sjávarútveginn.

Innflutningur á olíu og olíuverð, fsp. (þskj. 177). — Ein umr.

Fyrirspyrjandi (Lárus Jónsson): Herra forseti. Ég hef leyft mér að bera fram á þskj. 177 fsp. í 2 liðum til hæstv. viðskrh. um innflutning á olíu og olíuverð.

Það hefur komið fram í fréttum, að samningar, sem gerðir hafa verið milli landa um olíusölu, hafi ekki staðist að því er varðar magn-

ákvæði við þær breyttu aðstæður, sem nú ríkja í olíumálum heimsins. Að minni hyggju ber brýna nauðsyn til að kanna af okkar hálfu við þá aðila, sem gerðir hafa verið olíukaupasamningar við, að slíkt geti ekki átt sér stað, að því er okkur varðar, þ. e. a. s. að við fáum minna magn af olíu en um hefur verið samið. Það liggur í augum uppi, að bregðist slíkir samningar, þarf þegar í stað að gera viðhlítandi ráðstafanir, t. d. að því er varðar sölu á eldsneyti til erlendra skipa og flugvéla. Af þessum ástæðum er fyrri liður fsp. minnar til hæstv. viðskrh. fram borinn.

Síðari hluti fsp. fjallar um það, hvort ríkisstj. stefni að því að létta þær byrðar, sem nú þyngjast um allan helming á þeim heimilum, sem þurfa að nota olíu til upphitunar. Hér er um stórkostlegt réttlætismál að ræða, því að upphitun með raforku er nú þegar miklu ódýrari en með olíu, og bilið mun aukast um allan helming á næstunni, að því er séð verður. Sem dæmi um þetta hefur verið áætlað, að hitakostnaður í Rvík yrði nálægt 585 millj. kr. árið 1974, og er þá gert ráð fyrir 30% hækkun á gjaldskrá hitaveitunnar. Olíukostnaður yrði til sömu upphitunar á hinn bóginn 2150 millj. kr., ef olía hækkar um 90%, svo sem talið er raunhæft að gera ráð fyrir. Sparnaður Reykvíkinga er því áætlaður 1565 millj. kr. á næsta ári vegna hitaveitunnar, þótt gjaldskrá hennar hækki um 30% Ef á hinn bóginn ekkert er gert af hálfu ríkisvaldsins, leggst olíuskatturinn með fullum þunga á íbúa þeirra byggðarlaga, sem ekki geta komið við upphitun með jarðvarma eða rafmagni.

Sérstaka athygli ber að vekja á því, að þessi gífurlega hækkun á rekstrarkostnaði þeirra heimila hækkar ekki vísitölu og kaup, vegna þess að vísitölufjölskyldan býr á hitaveitusvæði Reykjavíkur. Þessi heimili fá því olíuskattinn ekki bættan, nema til komi sérstakur atbein ríkisvaldsins.

Það er mál út af fyrir sig, að mestu þéttbýlissvæði landsins, sem eru vonlítil um hitaveitu, eins og Akureyri, búa við svo mikinn raforkuskort, að gert er ráð fyrir, að ný hús þar geti ekki fengið raforku til húshitunar næstu árin, þar sem stefnt er að því, að öll viðbótarraforka verði þar framleidd með díselafli a. m. k. næstu ár, en það kostar á núverandi verði í olíukaupum 2 kr. á kwst. að framleiða þá orku, sem seld er nú á eina kr. Hér er um alveg sérstakt mál að ræða, sem ríkisvaldið ætti að láta til sín taka.

En hitt er að þessu sinni meginefni fsp. minnar, hvort ríkisvaldið hyggist beita sér fyrir því mikla réttlætismáli, að það leggist ekki á hluta þjóðarinnar, þá sem síst skyldi, að búa við þau okjör, að heimilisrekstur þeirra þyngist um allan helming vegna ástands olíumála í heiminum.

Sjútvrh. (Lúðvík Jósepsson): Herra forseti. Spurt er um, hvort ríkisstj. hafi kannað, hvort þeir aðilar, sem stjórnvöld hafa gert samninga við um innflutning á olíu, geti staðið við þá að því er varðar magn. Þeir aðilar í viðskrn., sem aðallega hafa haft með þessi mál að gera, telja, að engin ástæða sé til að óttast, að þeir aðilar, sem samið hefur verið við, geti ekki og muni ekki standa við þá samninga, sem gerðir hafa verið.

Í öðru lagi er spurt: „Hyggst ríkisstj. létta með einhverjum hætti byrðar þeirra heimila, sem verða að hita híbýli sín með olíu?“ Þetta mál hefur verið rætt í ríkisstj. nokkrum sinnum, en um málið hefur enn engin ákvörðun verið tekin.

Fyrirspyrjandi (Lárus Jónsson): Herra forseti. Ég vil þakka hæstv. ráðh. svörin. Það kom fram í svari við fyrra liðnum, að starfsmenn rn. hans gera ekki ráð fyrir, að það verði um minnkað magn að ræða, sem við getum fengið eftir þeim samningum, sem við höfum gert um kaup á olíu. Það út af fyrir sig er fagnaðarefni, ef það mat er byggt á einhverjum raunhæfum grundvelli, sem kom ekki fram í svari hæstv. ráðh. En vonandi er það svo, og þá er kannske ekki ástæða fyrir okkur til að óttast, að við fáum ekki umsamið magn. Það er þá frekar það, að við þurfum að taka til athugunar, hvernig við förum með það olíumagn, sem við fáum keypt eftir þessum samningi.

Á hinn bóginn verð ég að harma það, sem kom fram í svari hæstv. ráðh. við 2. lið fsp. minnar, þar sem hann sagði skýrt og skorinort, að ekki hefði verið tekin nein ákvörðun um það í ríkisstj. að létta byrðar þeirra, sem þurfa að kynda hús sín með olíu. Það er alveg ljóst, og ég held, að hæstv. ráðh. og hæstv. ríkisstj. hljóti að vera það alveg ljóst, að þarna er um að ræða stórkostlegt vandamál. Ég gat þess, að það er ekki einungis, að það fólk, sem fyrir þessu verður og er einungis hluti þjóðarinnar, flestir bændur og flestir stórir þéttbýlisstaðir utan höfuðborgarsvæðisins, það er ekki einungis, að þetta fólk þurfi að leggja á sig þennan mikla kostnað, og margfallt sinnum meiri kostnað en aðrir þurfa að leggja á sig við rekstur sinna heimila, heldur er það þannig, að vísitölukerfi okkar er með þeim ólíkindum, að þessi gífurlega mikla hækkun, sem nemur tugum þúsunda kr. fyrir hvert heimili á næsta ári, reiknast ekki sem aukin framfærslubyrði hjá þessum aðilum, heldur er einungis farið eftir því, hvernig verðlag er á hitaveitu hér á Reykjavíkursvæðinu. Ég hygg, að það væri hagsmunamál bæði Reykvíkinga og annarra landsmanna, að þessum málum yrði betur skipað, og vænti ég þess, að hæstv. ríkisstj. ræði þetta mál áfram og komist að einhverri niðurstöðu, sem hægt er við að una.

Karvel Pálmason: Herra forseti. Það eru aðeins örfá orð. — Það er ekkert vafamál, að það ástand, sem nú hefur skapast í sambandi við olíuskort í heiminum, kemur til með að bitna svo þungt á fjölda heimila úti á landsbyggðinni, að þau fá vart undir því risið. Það er því full ástæða til að hvetja hæstv. ríkisstj. til að gefa þessu máli sérstakan gaum, og ég vænti þess, að þetta mál verði skoðað rækilega, og treysti því, að hæstv. ríkisstj. komi með till. til úrbóta til að létta þá geysilega auknu byrði, sem einmitt þessir aðilar verða fyrir vegna þess ástands, sem nú ríkir.

Það hefur verið sýnt fram á, að það eru allar líkur á því, eins og mál horfa í dag, að munurinn á því að kynda hús úti á landsbyggðinni, miðað við það, sem er hér á Reykjavíkursvæðinu,

eða þar sem hitaveitu nýtur, sé slíkur, að hér muni það kosta um 26 þús. á ári, en mun nálgast 100 þús., þar sem olía er notuð til upphitunar. Þetta sýnir glögglega, að þarna er um svo geysilegt vandamál að ræða, stórauknar byrðar á það fólk, sem ekki býr við þau kjör, sem hér er um að ræða, hitaveituna, að grípa verður til skjótra og róttækra aðgerða, og ég treysti því, að hæstv. ríkisstj. geri það.

Starfslið við stjórnsýslu, fsp. (þskj. 193). — Ein umr.

Forsrh. (Ólafur Jóhannesson): Herra forseti. Hér er um að ræða fsp. frá Heimi Hannessyni varaþm. um fjölda starfsliðs við stjórnsýslu.

Fyrri liður fsp. hljóðar svo: „Hversu stór hluti þjóðarinnar starfar við opinbera stjórnsýslu, þ. á m. bankastörf og önnur opinber þjónustustörf á vegum ríkis og sveitafélaga?“ Þetta er út af fyrir sig alveg skýr spurning og hægt að svara henni, þó að ekki sé mælt fyrir henni. Ég sendi hana til hagrannsóknadeildar Framkvæmdastofnunarinnar, en hún gat ekki svarað henni miðað við daginn í dag. Hins vegar segir í umsögn frá Hagrannsóknadeildinni:

Samkv. skýrslum um slysatryggðar vinnuvikur var atvinnumagn við opinbera stjórnsýslu og aðra opinbera þjónustu sem hér segir á árunum 1963 og 1971, tekið til samanburðar. Og þá er það fyrst í mannárum, 1963 var opinber stjórnsýsla 2410, en 1971 3210. En í prósentum var þetta sem hluti af heildaratvinnu 1963 3.6%, en 1971 3.8%. Önnur opinber þjónusta en það, sem fært er undir stjórnsýslu, í mannárum 1963 5360, en 9630 1971. Sem hluti af heildaratvinnu er þetta 1963 7.9%, en 1971 11.3%. Alls í opinberri þjónustu samkv. þessum liðum í mannárum 1963 7770, en 1971 12840, hluti heildaratvinnu 1963 11.5%, 1971 15.1%. Auk þess eru svo bankar, sparisjóðir, fjárfestingarlánasjóðir og þess háttar 1963 með 950 í mannárum, 1971 1600, hluti af heildaratvinnu 1.4% 1963, 1.9% 1971. Almannatryggingar, lífeyrissjóðir, sjúkrasamlög, sjúkrasjóðir og þess háttar í mannárum 1963 110, 1971 230, hluti af heildaratvinnu 0.2% 1963 og 1971 0.3%. Alls í opinberri þjónustu, við rekstur almannatrygginga og peningastofnana í mannárum 1963 8830, 1971 14670, hluti af heildaratvinnu 1963 13.1% og 1971 17.3%.

2. liður fsp. hljóðar svo: „Eru á dagskrá fyrirætlanir stjórnvalda um að reyna að koma því til leiðar, að hluti þessa vinnuafls hefji bein störf hjá framleiðsluatvinnuvegunum?“ Þessu er því til að svara, að það er ekki um að ræða neinar beinar fyrirætlanir í þessu efni. Helst væri að benda á, að eina raunhæfa leiðin í þessu skyni er í raun og veru alhliða efling atvinnulífsins og aðhaldssemi við útgjaldaákvarðanir hins opinbera.

Félagsmálasáttmáli Evrópu, fsp. (þskj. 193). — Ein umr.

Fyrirspyrjandi (Þorv. Garðar Kristjánsson): Herra forseti. Fsp. sú, sem ég hef hér leyft mér að bera fram, fjallar um Félagsmálasáttmála Evrópu, en Félagsmálasáttmálinn er einn af þýðingarmestu sáttmálum Evrópuráðsins. Að mikilvægi er Félagsmálasáttmálinn talinn jafngilda Mannréttindasáttmála Evrópuráðsins. Þar sem Mannréttindasáttmáli Evrópuráðsins fjallar um Mannréttindanefndina og Mannréttindadómstólinn, skilgreinir Félagsmálasáttmálinn félagsleg réttindi einstaklingsins, og með honum er í fyrsta sinn í samvinnu Evrópuríkja leitast við að framfylgja þessum réttindum undir alþjóðlegu eftirliti. Sem dæmi um félagsleg réttindi, sem aðildarríki sáttmálans skuldbinda sig til að halda í heiðri, má nefna rétt til vinnu, rétt til verkfalla, rétt til félagslegs öryggis og rétt fjölskyldunnar til félagslegrar og efnahagslegrar verndar.

Flest Evrópuráðsríkin hafa nú undirritað Félagsmálasáttmálann, en Ísland er enn ekki í hópi þessara ríkja.

Haustið 1971 var þess minnst á Ráðgjafarþingi Evrópuráðsins í Strasbourg, að 10 ár voru liðin, frá því að Félagsmálasáttmáli Evrópu tók gildi. Í framhaldi af þessu gerði ég fsp. til hæstv. utanrrh. um það, hvort ríkisstj. ætlaði að vinna að því, að Ísland gerðist aðili að Félagsmálasáttmála Evrópu, og ef svo væri, hvenær stefnt væri að því að undirrita og fullgilda sáttmálann. Hæstv. utanrrh. svaraði 2. maí 1972 og sagðist hafa beðið félmrh. að láta í té umsögn um sáttmálann og á næstunni mundi hann taka sáttmálann til athugunar með undirritun og staðfestingu fyrir augum.

Síðan þetta var sagt, í maí 1972, hygg ég, að ekkert hafi gerst í þessu máli. Mér þótti því rétt, herra forseti, að bera fram þá fsp. til hæstv. utanrrh., sem greinir á þskj. 193, en fsp. er svo hljóðandi, með leyfi hæstv. forseta:

„Hvað dvelur af Íslands hálfu undirritun og staðfestingu Félagsmálasáttmála Evrópu?“

Utanrrh. (Einar Ágústsson): Herra forseti. Hv. 5. þm. Vestf. bar fram svipaða fsp. í aprílmánuði 1972, eins og hann reyndar greindi frá áðan. Í svari mínu rakti ég nokkuð sögu sáttmálans og mun ekki endurtaka það nú, aðeins láta þess getið, að ég er alveg sammála því, sem hv. þm. sagði um gildi sáttmálans. Ég gat þess jafnframt, að félmrn. hefði haft til meðferðar málið um aðild Íslands að sáttmálanum og að utanrrn. hefði oft spurst fyrir um gang málsins hjá félmrn. En utanrrn. gerði þegar á árinu 1965 drög að íslenskri þýðingu á félagsmálasáttmálanum.

Hinn 28. apríl 1972 ritaði utanrrn. bréf til félmrn. og spurðist fyrir um, á hvaða stigi málið um félagsmálasáttmálann væri, og óskaði eftir svörum fljótlega. Það var þegar fyrri fsp. var komin fram. Þau svör hafa ekki borist. Hinn 7. des. s. l. gerði utanrrn. munnlega fsp. til félmrn. og fékk þau svör, að málið væri enn í athugun, en þeir þættir félagsmálasáttmálans, sem tækju til félagslegs öryggis og almannatrygginga, heyrðu nú undir heilbr.- og trmrn. Í dag ræddi ég mál þetta við hæstv. félmrh., og tjáði hann mér, að úr þessu mundi bætt strax eftir jólaleyfið og mundi hann hafa forgöngu um það.

Af utanrrn. hálfu er að sjálfsögðu ekkert því til fyrirstöðu að fullgilda sáttmálann, strax og jákvæð svör berast frá hlutaðeigandi ráðuneytum.

Fyrirspyrjandi (Þorv. Garðar Kristjánsson): Herra forseti. Ég vil þakka hæstv. utanrrh. fyrir svör hans. Því miður lýsir það, sem fram kom í svari hans, ekki góðum vinnubrögðum hjá hæstv. ríkisstj. eða a. m. k. í sumum rn. Það kom fram, að hæstv. utanrrh. hafði strax eftir fsp. mína 1972 skrifað félmrn., en ekki fengið svör. Það er ekki vansalaust af hálfu eins rn. að láta undir höfuð leggjast að svara bréfum. Þó er hér um svo mikilvægt málefni að ræða, að maður skyldi halda, að meðan maður, sem hefur um áratugaskeið staðið fremst í verkalýðshreyfingunni á Íslandi, var félmrh., hefði hann átt að hafa þá áyrgðartilfinningu og áhuga að tryggja einmitt, að þetta sjálfsagða mál kæmist í framkvæmd í hans stjórnartíð. Nú er sá tími liðinn.

Nú er hins vegar kominn nýr félmrh., og ég vænti þess, að hann láti nú hendur standa fram úr ermum, svo að hægt verði að ganga frá þessu máli, og þeim mun fremur þar sem mér sýnist, að samkv. eðli málsins hafi hann einnig heilbrmrh. við hlið sér. Ég treysti því, að þær breytingar, sem hafa orðið í þessu efni, leiði til þess, að málið komist í framkvæmd hið fyrsta.

Framkvæmd sveitarafvæðingar á Austurlandi, fsp. (þskj. 193). — Ein umr.

Fyrirspyrjandi (Vilhjálmur Hjálmarsson): Herra forseti. Fsp. minni á þskj. 193 vil ég fylgja úr hlaði með aðeins örfáum setningum.

Þegar ég varð þess áskynja, að margir þeirra rétt um 100 sveitabæja á Austurlandi, sem leggja átti rafmagn til frá samveitum á þessu ári samkv. þriggja ára áætluninni, fengju ekki rafmagn fyrir áramót, ákvað ég að bera fram þessa fsp. Á Alþ. í fyrravetur tókst ágætt samstarf um fjáröflun til sveitarafvæðingarinnar. Ég átti þá sem formaður fjh.- og viðskn. Nd. þátt í því í fullu samráði við iðnrh. og rn. hans og Rafmagnsveitur ríkisins, að lántökuheimild vegna rafvæðingar sveitanna í framkvæmdaáætlun ríkisins var hækkuð úr 40 millj. í 110 millj. kr., og það þótti þá, á útmánuðum, líkleg fjárhæð til að mæta kostnaði, ásamt þeim 50 millj. kr., sem veittar voru til þeirra hluta í fjárl. Nú þykist ég einnig hafa fylgst töluvert með því, hvernig framkvæmdastjóri Rafmagnsveitna ríkisins á Austurlandi hefur, að því er mér virðist, lagt sig allan í framkróka um að þoka framkvæmdum áleiðis nú í sumar. Mér er einnig kunnugt um, að síðsumars fengu Rafmagnsveitur ríkisins vinnuflokk, að sunnan einhvers staðar, til að leggja línu um syðsta hreppinn á Austurlandi, sem rafvæða átti í sumar, þ. e. a. s. Geithellnahrepp. En þrátt fyrir þetta verður niðurstaðan sú, að framkvæmdum þessum verður hvergi nærri lokið, a. m. k. ekki á Austulandi, fyrir áramót. T. d. í Álftafirðinum, þ. e. Geithellnahreppnum, var aðeins búið að reisa, að því er mér skilst, og strengja að nokkru um það bil helming línunnar, og var byrjað þar á þeim endanum, sem fjærst liggur orkugjafa.

Þar sem hvort tveggja er, eins og ég sagði áðan, að Alþ. hefur sýnt fullan vilja á því að fjármagna sveitarafvæðinguna, svo að hún gæti fram farið með þeim hraða, sem þriggja ára áætlunin kveður á um, og svo hitt, að þeir, sem nú lenda í bið mót von sinni, una því að sjálfsögðu illa, þá fannst mér ástæða til að biðja hæstv. orkumálaráðh. að upplýsa hér og nú, hvað töfunum veldur. Ég tel mjög æskilegt, allra hluta vegna, að það liggi fyrir eins ljóst og verða má.

Heilbr.- og trmrh. (Magnús Kjartansson): Herra forseti. Ég hef vísað þessari fsp. til Rafmagnsveitna ríkisins og fengið svar það, sem hér fer á eftir:

„Í tilefni fsp. á Alþ. frá Vilhjálmi Hjálmarssyni varðandi rafvæðingu sveita á árinu 1973.

Fyrsta fsp. er: „Hversu mörg býli af þeim, sem eru á framkvæmdaáætlun 1973, verður eftir að tengja um næstu áramót?" Um þetta skal upplýst eftirfarandi:

Á framkvæmdaáætlun voru um 260 býli og aðrir staðir í sveit. Af þessari tölu eru 248 býli, en 18 þeirra hafa fallið út samkv. óskum landeigenda af ýmsum ástæðum. Ef fleiri falla ekki út, munu málin standa þannig um n. k. áramót, að 131 býli verður þá tengt, en 99 býli flytjast yfir áramót til tengingar. Yfirlit þessara mála eftir landshlutum er þetta, miðað við árslok 1973:

Vesturland, tengd 33 býli, ótengt ekkert býli.
Vestfirðir, tengd 16 býli, ótengd 20 býli.
Norðurl. v., tengd 10 býli, ótengd 3 býli.
Norðurl. e., tengd 13 býli, ekkert býli ótengt.
Austfirðir, tengd 40 býli, ótengd 45 býli.
Suðurland, tengd 19 býli, ótengt 31 býli.

Mörg af hinum ótengdu býlum vantar aðeins spennistöðvar, og er fljótlegt að tengja þau skömmu eftir áramót, þegar spennar berast til landsins. Önnur eru skemmra á veg komin, og má þar sérstaklega nefna Skaftártungu og nágrenni, en við það verk er vinnuflokkur, sem starfar þar áfram í vetur. Enn fremur má nefna Vestfirði, sérstaklega sunnan Patreksfjarðar, en þar dragast framkvæmdir sennilega nokkuð fram eftir sumri vegna veðurfars.

2. fsp. er: „Hvað veldur seinkun þessara framkvæmda?" Um þetta mál vil ég leyfa mér að taka þetta fram:

1. Á árinu 1973 var gert ráð fyrir að rafvæða um 260 býli og aðra staði í sveit. Til þessara framkvæmda þurfti að byggja um 560 km af háspennulínum og setja upp um 230 spennistöðvar.

2. Tafir á framkvæmdum hafa verið af neðangreindum sökum: Stólpar, sem afgreiðast áttu í júní frá Finnlandi samkv. samningi, voru ekki afgreiddir fyrr en í ágúst vegna verkfalla þar í landi. Spennar frá Bandaríkjunum, sem áttu að afgreiðast í sept., okt. og nóv., 60 stykki í hverjum mánuði samkv. samningi, eru ókomnir enn þá, en 80 stykki væntanleg nú um miðjan des. Efni og vinnuflokkum, sem ætlað var til framkvæmda sveitarafvæðingar, þurfti um tíma að ráðstafa til lagningar línu vegna Viðlagasjóðshúsa víðs vegar um landið. Þannig var t. d. einn

slíkur vinnuflokkur um mánaðartíma við byggingu línu til viðlagasjóðshúsa í Keflavík.

Því miður hefur orðið seinkun á þessum framkvæmdum nú, en svo hefur verið á flestum árum í nokkrum mæli, að hluti áætlaðrar rafvæðingar flytjist yfir til byrjunar næsta árs. Á stundum hefur það ekki komið að sök, vegna þess að bændur hafa þá ekki verið tilbúnir með raflagnir í húsum sínum, en í öðrum tilvikum hefur þar átt sök á skortur á áætluðum framkvæmdahraða Rafmagnsveitnanna. Hið síðarnefnda mun aðallega, því miður, eiga við um seinkun þá, sem orðið hefur um rafvæðingu 1973, en Rafmagnsveiturnar munu reyna, svo sem kostur er, að vinna upp þær tafir á fyrri hluta ársins 1974.

Valgarð Thoroddsen."

Við þetta vil ég bæta því, að ég tel þann drátt, sem þarna hefur orðið á framkvæmdum, algerlega óeðlilegan. Eins og fram hefur komið, liggur við, að það sé ekki nema rúmlega helmingur þeirra býla, sem átti að rafvæða á þessu ári, sem munu fá rafmagn fyrir áramót. Þó að þannig sé um allar okkar áætlanir, að þar geti orðið ýmsar tafir, sem erfitt er að sjá fyrir, tel ég þennan mun svo mikinn, að mjög erfitt sé að una því, og ég mun fyrir mitt leyti reyna að sjá til þess að kannað verði, hvort ekki sé hægt að standa þarna betur að verki framvegis. Ég er ekki þeirrar skoðunar, sem fram kom áðan hjá hv. þm. Ingólfi Jónssyni, að viðreisnarstjórnin hafi gert rafvæðingaráætlun, sem hafi verið svo yfirmáta snjöll, að það hafi ekki verið með nokkru móti hægt að hnika neinu, sem þar var gert ráð fyrir. Í þeirri áætlun var gert ráð fyrir að rafvæða á 4 árum. Við endurskoðuðum þá áætlun og töldum, að hægt væri að gera þessa framkvæmd á þremur árum, og ég tel, að sú endurskoðun hafi verið fullkomlega raunsæ. Eins og hv. fyrirspyrjandi tók fram, hefur ekki skort fé til þessara framkvæmda.

Hvað þá áætlun varðar, sem hv. þm. Ingólfur Jónsson talaði um, þá var hún ekkert annað en áætlun á blaði. Viðreisnarstjórnin hafði ekki gert neinar ráðstafanir til að tryggja fjármagn til þessara framkvæmda, en þær eru að sjálfsögðu mjög fjármagnsfrekar, og eftir reynslunni af sveitarrafvæðingu í tíð viðreisnarstjórnarinnar er ósköp hætt við, að mikill dráttur hefði þar orðið á, því að nú síðustu ár hefur á sumum hlutum landsins verið framkvæmt meira á þessu sviði, en áður hafði verið gert í heilan áratug.

Fyrirspyrjandi (Vilhjálmur Hjálmarsson): Herra forseti. Ég vil leyfa mér að þakka hæstv. ráðh. fyrir svörin. Ég mun ekki ræða þau neitt frekar hér, enda tjóar lítið að sakast um orðinn hlut. Ég vil þó benda á, að tafir þær, sem orðið hafa, stafa áreiðanlega að hluta af því, að ákvarðanir eru teknar nokkuð seint og efni sennilega pantað of seint. Þetta minnir á það, sem oft hefur gerst hér, að þannig hefur þetta viljað ganga til um ýmsar opinberar framkvæmdir. Þetta eru kunnir ágallar á okkar kerfi. Ég vil leyfa mér að minna aðeins á þetta. Jafnframt minni ég á það, að nú er það í fyrsta skipti, að framkvæmdaáætlun ríkisins er felld inn í fjárl. og verður væntanlega afgreidd fyrir áramót, að það ætti að gefast nú fremur en áður, tækifæri til að ráða bót á ágöllum af þessu tagi. En vafalaust kemur hér fleira til.

Ég vil leyfa mér að treysta því, að hæstv. ráðh. og ríkisstj. geri það, sem í þeirra valdi stendur, til að greiða fyrir þessum framkvæmdum og vinna upp þá töf, sem orðið hefur, þannig að hægt verði að standa við þriggja ára áætlunina á eðlilegum tíma, um leið og undirbúnar eru ráðstafanir vegna þeirra bæja, sem eftir eru, en það hefur áður komið fram hér á hv. Alþ., að að því er nú unnið á vegum ríkisstj.

Steinþór Gestsson: Herra forseti. Það er ekki ofsögum af því sagt, að við Íslendingar lifum í mikilli trú á áætlanir, og er það ekki nýtt í sögunni. Við höfum lifað í það mikilli trú á áætlanir, að það var mörgum mönnum mikið fagnaðarefni, þegar endurskoðuð var rafvæðingaráætlun fyrri ríkisstj. og kom í ljós, að menn gátu fengið raforku, þeir síðustu, ári fyrr en áður var talið fært. Ég veit þess dæmi úr mínu kjördæmi, að ráðamenn þar höfðu það mikla trú á þeirri áætlun, sem gerð var til þriggja ára, að m. a. var ákveðið að taka ekki við mjólk frá mjólkurframleiðendum eftir árið 1974 nema úr rafmagnskældum mjólkurtönkum. Mér er kunnugt um, að það eru margir bændur austur í Skaftafellssýslu uggandi um, að þarna standist ekki sú krafa, sem gerð er til framleiðslu vörunnar hjá framleiðandanum og áætlunin, sem ríkisstj. hefur gert um rafvæðingu. Eins og kom fram í svari hæstv. ráðh. áðan, skortir 31 tengingu á þessu ári á bæi í Suðurlandskjördæmi frá því, sem ætlað var. Er þetta miklu meiri skakki en svo, að hann geti talist eðlilegur.

Ég vil samt láta koma fram það mikla trú mína á áætlanir og það mikla trú á, að það hafi verið rétt, að unnt hefði verið að hrinda í framkvæmd rafvæðingunni á þremur árum, að ég skora á stjórnvöld að kosta kapps um að tengja þessa bæi á þeim tíma, sem tilskilið er, þó að ég viti, að ekki verður unnt að gera það með þeim hætti sem áætlunin gerir ráð fyrir. Það er fyrirsjáanlegt, til þess vantar þær tengingar á milli orkuveitusvæða, sem til þarf til þess, að þessi áætlun náist fram, eins og hún á að verða.

Ég verð að segja að lokum, að ég þarf ekki að lýsa því, að þeir menn, sem nú bíða eftir tengingu, eru verulega illa settir í sambandi við framleiðslu sína, ef ekki verður ráðin bót á þessu máli strax.

Línusvæði fyrir Vestfjörðum, fsp. (þskj. 215). — Ein umr.

Fyrirspyrjandi (Steingrímur Hermannsson): Herra forseti. Ég skal ekki hafa langt mál fyrir þessari fsp. Ég læt nægja að geta þess, sem hv. þm. er raunar kunnugt, að útgerð frá Vestfjörðum einkennist, fremur en í öðrum landshlutum, af mikilli línuútgerð, og sömuleiðis er hv. þm. að sjálfsögðu kunnugt um það, að nábýli línuútgerðar og togveiða er að ýmsu leyti erfitt. Ég held, að mönnum sé einnig ljóst, að samningarnir, sem gerðir voru við Breta, eru að sumu leyti einna erfiðastir í framkvæmd á Vestfjarðamiðum. Þar halda erlendir togarar sig síður í

ófriði en í friði, þegar þeir geta leitað vars. Við þetta hefur að sjálfsögðu aukist verulega álag á Vestfjarðamiðum og því erfiðleikar í sambandi við það nábýli, sem ég nefndi áðan, með línuveiðum og togveiðum.

Ég vil taka það fram, þegar ég segi þetta, að ég áleit hins vegar sjálfsagt að samþykkja þessa samninga. Frá þjóðhagslegu sjónarmiði var það eðlilegt og sjálfsagt.

En nú hafa komið, eins og vænta mátti, kvartanir frá sjómönnum á Vestfjörðum um ágang breskra togara við þeirra línusvæði. Að sjálfsögðu er nauðsynlegt að auka þarna eftirlit varðskipa til þess að fyrirbyggja slíkt. En jafnframt er kunnugt, að alþjóðasamþykktir gera ráð fyrir því, að afmarka megi sérstök línusvæði eða skipta veiðisvæðum á milli veiðarfæra. Þetta hefur verið gert, t. d. í sambandi við grálúðuveiðar í Norðurhöfum, og að því er ég best veit verið virt. Mér sýnist eðlilegt, að þetta sé einnig reynt á Vestfjörðum, og hef því leyft mér að leggja fram fsp. á þskj. 215 til hæstv. sjútvrh., sem ég spyr: „Telur sjútvrh. koma til greina að afmarka sérstakt línusvæði fyrir Vestfjörðum, og ef svo er, hefur ráðh. í huga að gera það?“

Sjútvrh. (Lúðvík Jósepsson): Herra forseti. Svar mitt við þessari fsp. er, að það er hægt að ákveða slíkt svæði úti fyrir Vestfjörðum. En til þess að það verði gert, tel ég nauðsynlegt, að um það berist til sjútvrn. beiðnir að heiman með grg. um, hvaða svæði er um að ræða og um hvaða tíma er að ræða, sem svæði eigi sérstaklega að marka fyrir línuveiðar. Það hefur verið gert að marka slík línuveiðisvæði hér við Suðvesturland, og það er vissulega hægt að gera það úti fyrir Vestfjörðum líka. En ég legg áherslu á, að það þarf að koma frá heimaaðilum og helst að skapast nokkuð sterk samstaða um, hvaða svæði er um að ræða og hvaða tímabil. Mundi sjútvrn. vinna að því, að reglugerð yrði sett um sérstakt línuveiðisvæði úti fyrir Vestfjörðum, ef beiðni kæmi fram um það.

Fyrirspyrjandi (Steingrímur Hermannsson): Herra forseti. Ég vil þakka hæstv. ráðh. svör hans. Ég tel þetta mikilvægar upplýsingar, og ég mun beita mér fyrir því, að þær komist á framfæri við rétta aðila á Vestfjörðum.

Karvel Pálmason: Herra forseti. Ég er satt að segja hálfundrandi á þessari fsp. hv. 1. þm. Vestf. Þetta er mál, sem honum var gjörla kunnugt. Þessi spurning var borin fram við sjútvrh. á fundi Fiskveiðilaganefndar, sem við áttum báðir sæti í, og hann lýsti því yfir þar, eins og hann gerði nú, að þetta væri framkvæmanlegt, og þurfti því enga fsp. hér á hv. Alþ. til þess. Ég vissi, að þetta var framkvæmanlegt og er. En það er svo sem út af fyrir sig ágætt, að það upplýsist hér á hv. Alþ., en þetta vissi hv. þm. og þurfti ekki að spyrja.

Ég tek undir það, að ég tel mjög æskilegt, að þessi tilraun væri gerð. Ég er ekki viss um, að menn séu kannske almennt sammála um það á Vestfjörðum. En ég tel, að það sé sjálfsagt að gera tilraun með það og láta á það reyna.

Efri deild, 44. fundur.

Þriðjudaginn 18. des., að loknum fundi í sameinuðu þingi.

Seðlabanki Íslands, frv. (þskj. 280). — Ein umr.

Of skammt var liðið frá útbýtingu frv. — Afbrigði samþ. með 12 shlj. atkv.

Sjútvrh. (Lúðvík Jósepsson): Herra forseti. Frv. þetta hefur tekið nokkurri breytingu í Nd. Það hefur verið bætt inn í frv. nýrri gr. um mjög svo annað atriði en það, sem frv. raunverulega fjallaði um, en eins og sjá má, er 2. gr. frv. nú svo hljóðandi:

„Allar meiri háttar framkvæmdir á vegum bankans eru háðar sérstöku samþykki beggja, ráðh. og bankaráðs.“

Út af fyrir sig hef ég ekkert við þessa breytingu að athuga sem slíka, en ég hefði talið rétt, að hún hefði fylgt öðrum breyt. á l. um Seðlabankann, sem augljóslega þarf að gera. Hún á lítið skylt við það málefni, sem þetta frv. fjallaði um. Aðalatriðið er þó, að þetta frv. nái fram að ganga fyrir áramót, því að nái frv. ekki fram að ganga, ber skylda til að lækka gengi krónunnar um áramót, nokkurn veginn niður á það stig, sem var eftir síðustu gengislækkun. Færi þá málið að verða alleinkennilegt fyrir þann, sem flutti þessa brtt. í Nd., ef hann væri búinn að ná því fram, að gengi kr. yrði nú lækkað niður í það, sem hann þurfti að yfirgefa flokk sinn út af á sínum tíma.

Aðalatriðið er, að sú heimild fáist samþ. fyrir áramót, sem felst í 1. gr. frv.

Ég fyrir mitt leyti mæli eindregið með því, að frv. verði samþ. óbreytt. En sýnist hv. d. rétt að fella það út úr frv., sem sett var inn í það í Nd., og senda það enn á ný til Nd. til athugunar, þá er verið að stofna málinu í hættu. Ég fyrir mitt leyti mæli því með því við hv. d., að hún sjái sér fært að samþ. frv. í þeim búningi, sem það er, þó að þarna hafi verið skotið inn í málið mjög svo óskyldu atriði varðandi löggjöf Seðlabankans.

Geir Hallgrímsson: Herra forseti. Ég get verið hæstv. ráðh. sammála um það, að Nd. hefur skotið inn í þetta frv. allsendis óskyldu atriði, sem að minni hyggju er óeðlilegt að fylgi efni þess frv., sem hér er um að ræða. Það er að vísu umdeilt atriði, hvert valdsvið viðskmrh. sem bankamrh. er að þessu leyti, en ég vek athygli hv. þd. á því, að bankaráð er þingkjörið, og það sýnist vera eðlilegt, að samstaða sé á milli þingkjörins bankaráðs og ráðh. í þingræðisstjórn, þannig að hvor um sig ætti að geta haft samvinnu sín á milli, og ágreiningur þar ekki að geta komið upp í veigameiri málum. Ef svo er, þá er alla vega ekki efni til þess af þingi að takmarka valdsvið þingkjörins bankaráðs, og það verður þá að ráðast, hvert valdsvið ráðherra er, eða áhrifamáttur hans, þannig að ég tel rétt að færa frv. í upphaflegt form, en tek fram, að ég er samþykkur aðalefnisinnihaldi frv.

Umr. frestað um stund.

Veiðar með botnvörpu, flotvörpu og dragnót í fiskveiðilandhelgi, frv. (þskj. 285, 290). — 3. umr.

Jón Árnason: Herra forseti. Ég hef ásamt hv. 1. þm. Vesturl. leyft mér að flytja brtt. á þskj. 290.

Í fyrsta lagi er brtt. við 2. gr. frv., að liðurinn F. 2 falli niður, en til vara, að í stað 6 sjómílur komi 9 sjómílur.

Í öðru lagi er lagt til, að liðurinn F. 4 verði F. 3 og orðist svo, með leyfi hv. forseta:

„Skipum, 105 brúttórúmlestir og minni, er heimilt að veiða með botnvörpu og flotvörpu á tímabilinu frá 1. júní til 31. des. utan línu, sem dregin er í 4 sjómílna fjarlægð frá fjörumarki meginlandsins frá línu réttvísandi vestur frá Öndverðarnesvita að 24°00' v.lg. Að norðan afmarkast svæði þetta af línu, sem dregin er í 4 sjómílna fjarlægð frá fjörumarki meginlandsins frá línu réttvísandi vestur frá Bjargtöngum (grunnlinupunktur 26) og að 24° 00' v.lg. Að austan takmarkast svæðið af 24° 00' v.lg.

Í þriðja lagi: „Við bætist nýr liður (verður F. 4), svo hljóðandi:

„Ráðherra er heimilt að veita frekari togveiðiheimildir en greindar eru í lögum þessum í takmarkaðan tíma og á tilgreindum veiðisvæðum vegna þeirrar sérstöðu, sem er í verstöðvum við Breiðafjörð, að fiskibátar eru flestir undir 105 tonnum að stærð og hafa byggt veiðar á grunnmiðum kringum Snæfellsnes, enda komi til meðmæli Hafrannsóknastofnunarinnar."

Ég vil segja í sambandi við þennan síðasta lið þessara brtt., að hann er borinn fram sérstaklega vegna beiðni þeirra Breiðfirðinga — og aðrar till. reyndar, sem eru á þessu þskj. Það er svo, eins og kom fram hjá frsm. sjútvn. við 2. umr. málsins, að þegar sú n., sem hafði haft þetta mál til meðferðar, fór víða um land til þess að kynna sér afstöðu heimamanna og reyna að samræma hana við frv., þá var um meiningarmun að ræða í sjávarþorpunum á Breiðafirði. Þar voru mismunandi sjónarmið, sérstaklega í sambandi við togveiðar. Samt sem áður náðist samstaða milli allra þeirra fjögurra útgerðarstaða, sem eru við Breiðafjörð: Stykkishólms, Grundafjarðar, Ólafsvíkur og Hellissands. Og það er á þeim forsendum, að það er eindregin beiðni þeirra, að við flytjum þessa till. hér við 3. umr. og freistum þess, hvort þd. vill ekki fallast á þeirra sjónarmið í þessum efnum, þar sem það liggur fyrir, að þeir hafa sameinast um þessi málalok.

Það er nú svo um landhelgismál, að þetta eru viðkvæm mál, hvar sem er á landinu, og því hafa nm. sjálfsagt komist að, þegar þeir voru að ferðast um landið og kynna sér sjónarmið á hinum ýmsu stöðum, að ekki var vandalaust að ná samstöðu um hin einstöku atriði varðandi undanþágur og takmörkun, sem um er að ræða.

Ég tel sjálfsagt að koma þessu hér á framfæri. Það liggur fyrir, að þarna hafa þau fjögur útgerðarpláss, sem eiga mestra hagsmuna að gæta á þessu umrædda svæði, sameinast og óska eftir, að sú breyting verði gerð á frv., sem ég hef nú greint frá.

Geir Hallgrímsson: Herra forseti. Ég vil leyfa mér að bera fram skrifl. brtt., þar sem ekki hefur unnist tími til að fá hana prentaða og útbýtt, við 10. gr. frv., þar sem segir, að ráðh. sé „heimilt, að fenginni umsögn Hafrannsóknastofnunarinnar, að veita eftirgreindar veiðiheimildir í fiskveiðilandhelginni, auk þess, sem annars staðar er getið í lögum þessum". Inn í þessa mgr. vil ég bæta Fiskifélagi Íslands, þannig að 1. mgr. 10. gr. hljóði svo:

„Ráðh. er heimilt, að fenginni umsögn Fiskifélags Íslands og Hafrannsóknastofnunarinnar, að veita eftirgreindar veiðiheimildir í fiskveiðilandhelginni, auk þess, sem annars staðar er getið í lögum þessum."

Þá er það till. mín í samræmi við þessa, að síðasta mgr. 10. gr. hljóði svo: „Togveiðiheimildir samkv. tölul. nr. 1—8 skulu jafnan vera tímabundnar." Er það á sama veg og er í frv. nú, en niður mundi falla eftirfarandi orð: „og auk umsagnar Hafrannsóknastofnunarinnar skal ráðh. leita umsagnar Fiskifélags Íslands eða annarra aðila, þegar honum þykir ástæða til."

Hér er sem sagt um tiltölulega mjög saklausa breytingu að ræða. Ráðh. er gert skylt að fá umsögn bæði Fiskifélags Íslands og Hafrannsóknastofnunarinnar, eins og ég tel eðlilegt og sjálfsagt, þar sem Fiskifélag Íslands hefur innan sinna vébanda flest hagsmunasamtök útgerðarinnar í landinu, og því er rétt, að ráðh. hafi til hliðsjónar umsögn þeirra aðila jafnframt umsögn Hafrannsóknastofnunarinnar. Enda er það svo, að í lok gr. er í raun og veru óþarft að tala um, að ráðh. skuli leita umsagnar Fiskifélags Íslands eða annarra aðila, þegar honum þyki ástæða til, því að í augum liggur uppi, að ráh. hefur þetta vald, án þess að þess sé sérstaklega getið í lögum.

Ég vænti þess, að hv. þdm. geti fallist á þessar brtt.

ATKVGR.

Afbrigði um skrifl. brtt. (sjá þskj. 296) samþ. með 16 shlj. atkv.

Frsm. (Steingrímur Hermannsson): Herra forseti. Ég kveð mér hljóðs vegna brtt. á þskj. 290, sem ég tel satt að segja að stefni þessu máli í algeran voða, sérstaklega b-liður, við F. 4, þar sem lagt er til, að togveiðiheimildir á Breiðafirði verði auknar frá því, sem er í frv., með því að færa línuna, sem takmarkar þessar heimildir að norðanverðu, nær Bjargtöngum og Látrabjargi almennt.

Þetta á sér nokkra sögu, og verð ég að skýra það, þótt ég skuli hafa um það eins fá orð og ég get.

Áður fyrr var þessu hagað svo, að á Breiðafirði voru þarna tvö hólf. Syðra hólfið var opið frá 1. júní til 16. sept., en nyrðra hólfið opið frá 16. sept. til 1. jan. Þetta var gert með tilliti til þess, að á norðurhlutanum eru stundaðar dragnótaveiðar frá suðurhluta Vestfjarða, en þær eru þar einkum á fyrri hluta þessa tímabils, þ. e. á tímabilinu frá 1. júní til 16. sept., en þá var nyrðra hólfið lokað fyrir togveiðum. Þessar veiðar fara ekki vel saman, og um þetta varð samstaða, þegar þessi skipan var upp tekin

á sínum tíma. Fiskveiðilaganefnd virtist vera ríkjandi áhugi á því við Breiðafjörð, eða á Snæfellsnesi réttara sagt, að togveiðar þarna yrðu minnkaðar frá því, sem er. Að vísu skal það viðurkennt, að um það voru allskiptar skoðanir og margar komu fram, en almennt var það niðurstaða okkar, að rétt væri að stefna að slíku. Því var horfið að því að færa austurlínu þessara hólfa utar. Við það minnkuðu hólfin verulega og einnig þótti mönnum vafasamt að skipta þessu í tvennt, og var þá tekin upp sú till. að færa nyrðri línuna, eins og nú er í frv., suður á 65°16′, ef ég man rétt, þannig að dragnótaveiðar, sem þar eru fyrir norðan, fengju þá að vera í friði, en hólfin, sem eftir eru, yrðu hins vegar í einum tíma. Við það stækkar syðra hólfið frá því, sem það hefði orðið, ef þessu hefði verið skipt eftir fyrri reglu.

Ég teldi fyrir mitt leyti koma til greina að hafa þetta svæði stærra, eins og lagt er til í brtt., en skipta því þá með tilliti til tíma, eins og áður var. Það þótti mönnum, eins og ég sagði, gera hólfin tvö of lítil og því óeðlileg framkvæmd. Ég held hins vegar, að með því að stækka hólfið án þess að hafa tvískiptan tíma þarna sé málinu stefnt í hreinan voða.

Ég vil einnig vekja athygli á því, að á norðurhlutanum eru togveiðar að ýmsu leyti erfiðar. Þar eru hraun og grynningar og aðeins á takmörkuðum punktum, sem unnt er að toga. Svæðið er langtum hentugra fyrir dragnótaveiði, og fyrir færaveiði, sem þar er mikil. Ég legg því ríka áherslu á fyrir mitt leyti, að liður F. 4 verði ekki samþykktur, þ. e. a. s. stækkun þessa hólfs.

Um aðra liði í þessari till. vil ég segja það, að ég er út af fyrir sig ekkert undrandi yfir því, að flm. vilja flytja línuna frá 6 sjómílum í 9 sjómílur í lið F. 2. En ég vil varpa fram þeirri spurningu, hvort með slíkri breytingu sé ekki verið að stefna málinu í vandræði. Það náðist samkomulag um auknar togveiðar, ekki eingöngu fyrir Vesturlandi, heldur einnig fyrir Suðurlandinu öllu, og ég óttast, að með slíkri breytingu fylgi aðrar breytingar á eftir í Nd.

Um c-liðinn skal ég ekki fjölyrða. Ég sé satt að segja ekki ástæðu til að veita þessa heimild. Frv. stefnir að því að minnka togveiðar á innfjörðum, og ég held, að sú heimild sé algerlega óþörf og ekki í anda frv.

Sjútvrh. (Lúðvík Jósepsson): Herra forseti. Það voru aðeins nokkur orð í tilefni af þeim brtt., sem hér hefur nú verið mælt fyrir og liggja nú fyrir.

Það er í fyrsta lagi brtt. frá hv. 2. þm. Reykv. og 2. þm. Vesturl. um það, að breyting verði gerð á upphafi 10. gr., þar sem nú stendur: „Ráðh. er heimilt, að fenginni umsögn Hafrannsóknastofnunarinnar, að veita eftirgreindar veiðiheimildir í fiskveiðilandhelginni, auk þess, sem annars staðar er getið í l. þessum“, — bætt verði þar inn í: „að fenginni umsögn Fiskifélags Íslands og Hafrannsóknasofnunarinnar“. Ég fyrir mitt leyti er á móti þessari breytingu og tel, að það hafi verið mörkuð ákveðin stefna í þessum efnum í sambandi við frv. í heild. Það er í mörgum gr. frv. áður miðað við, að það liggi fyrir annaðhvort meðmæli eða umsögn eða leitað álits Hafrannsóknastofnunarinnar varðandi þessi mál, en hins vegar ekki miðað við það að leita til Fiskifélagsins sérstaklega, enda gætu þá vissulega aðrir aðilar komið einnig til greina. Ég vil benda á það, að í 3. gr. frv. er talað um, að „enda komi til meðmæli Hafrannsóknastofnunarinnar“. Í 5. gr. er einnig sagt: „að fenginni umsögn Hafrannsóknastofnunarinnar“ og í 6. gr., að leitað verði „álits Hafrannsóknastofnunarinnar“ o. s. frv. Ég sé ekki annað en það sé hið eðlilega, eins og nú er komið málum, að það sé Hafrannsóknastofnunin, fiskifræðingarnir þar, sem leitað sé til um álit, áður en ákvarðanir eru teknar, en það sé allsendis óþarfi að fara að snúa sér til Fiskifélagsins sérstaklega um þessi atriði. Við þetta var algerlega miðað við samningu frv. Hins vegar liggur ljóst fyrir, að það má vera, að ráðh. telji æskilegt að leita til fleiri aðila en aðeins fiskifræðinganna, þegar sérstaklega stendur á, og þá geta komið til fleiri aðilar en aðeins Fiskifélagið, en það er sjálfsagt að leita til þess, ef málin liggja þannig sérstaklega fyrir.

Ég sem sagt tel, að það sé ekki rétt að samþykkja þessa breytingu, enda þyrfti þá, til þess að halda fullri samkvæmni, að breyta hér miklu meiru.

Hina breyt. leiðir í rauninni af þessu, að breyta þá orðalaginu í niðurlagi 10. gr., og þar er í rauninni ekki um neina efnisbreytingu að ræða og skiptir því ekki máli. Ég tel ástæðulaust að vera að breyta á nokkurn hátt því, sem nú er þar fyrir.

Þá er hér brtt. frá þeim Jóni Árnasyni og Ásgeiri Bjarnasyni, sem ég vildi segja nokkur orð um. Ég er andvígur þessum breytingum. Ég tel, að þær mundu á margan hátt raska því samkomulagi, sem gert hefur verið um afgreiðslu málsins. Það er enginn vafi á því, að ef þessar till. yrðu samþykktar, þá væri búið að breyta svo miklu hér, að hætt er við því, að ýmsar aðrar breytingar fylgdu þá í kjölfarið, og yrði þá kannske ekki auðvelt að koma málinu fram fyrir jólaleyfi.

Varðandi sérstaklega c-liðinn í till. þeirra, till. sama eðlis var flutt í Nd. og felld þar, þá tel ég heimild mjög óeðlilega og býsna hættulega, því að það er enginn vafi á því, að ef slík heimild yrði samþ., kæmu óskir um margar hliðstæðar heimildir, ekki aðeins varðandi þetta svæði, sem þarna er um að ræða, þ. e. a. s. Breiðafjörð. Frv. er allt byggt upp á því, að ákveðnar togveiðiheimildir eru reistar með frv., en síðan er ráðh. veitt sú almenna heimild að mega draga úr þessum veiðiheimildum, mega þrengja þær, ef ástæða þykir til. En að fara að veita ráðh. leyfi til þess að opna fyrir togveiðum umfram það, sem frv. gerir ráð fyrir, eftir beiðnum frá einstökum stöðum, það er að opna fyrir mesta vandræðamálið. Ég er afskaplega hræddur um, að úr öllum landshlutum fengjum við áskoranir um það, að ráðh. mætti þar víkja frá hinu almenna „prinsipi“ laganna og veita mönnum þar togveiðiheimildir umfram það, sem l. gera ráð fyrir. Það kæmu beiðnir héðan og þaðan, og þá væri þetta algerlega runnið út í sandinn. Enda er auðvitað, og það þekkjum við vel, að

þessi till. er til komin vegna þess, að það er ágreiningur hjá heimamönnum um það, hvernig með þetta skuli farið, og þeir vilja gjarnan losa sig undan þeim vanda, sem þeir standa í sjálfir, og veita ráðh. almenna heimild til þess að opna enn frekar fyrir togveiðum, ef hann vill samþykkja það. En ég held, að við verðum að halda okkur við það, að þær einar heimildir til togveiða séu veittar, sem frv. gerir ráð fyrir, og ráðh. hafi þar ekki vald til viðbótar. Það er aðeins í einu tilviki, sem gert er ráð fyrir, að ráðh. geti enn til viðbótar veitt togveiðiheimildir. Það er ef ísaástand skellur yfir í ákveðnum landsfjórðungi, þá megi taka tillit til slíks og ráðh. geti þá vikið frá þessum almennu reglum.

Ég legg því áherslu á, að þessi heimild verði ekki samþykkt, c-liður till., því að hann í rauninni raskar uppbyggingu frv. og mundi setja málið mjög í flækju. Hitt skil ég mætavel, að þessir hv. þm. flytji þessa till. Þingbræður þeirra úr sama kjördæmi fluttu till. í Nd., sem miðaði í sömu átt, og hún var felld þar. En það þarf ekki að brýna það fyrir hv. þdm., að það er nokkuð varhugavert að gera breytingar á frv., eins og það liggur orðið fyrir nú, sem valda mundu miklum átökum, úr því sem komið er. Mér er ljóst, að hér verður gerð, á þessu frv. og hefur verið gerð ein breyting varðandi Faxaflóa, og það hefur satt að segja verið búist við því. Ég vænti þess, að hægt verði að afgreiða málið í Nd., ef það snýst eingöngu um þá breyt., en frekari breyt. teldi ég að ætti að forðast, úr því sem komið er.

Ég vil vænta þess, að hv. þdm. taki tillit til þeirra aðstæðna, sem við stöndum þarna frammi fyrir varðandi þetta viðkvæma mál.

Eggert G. Þorsteinsson: Herra forseti. Ég skil það vel, að jafnveigamiklar till. og um ræðir á þskj. 290 gætu haft alvarleg áhrif á endanlegar niðurstöður um afgreiðslu málsins, svo seint sem þessi hv. þd. fékk þetta mál til meðferðar, og nú á að afgreiða það endanlega.

Varðandi þá brtt., sem hér var mælt fyrir áðan og þeir flytja, hv. 2. þm. Reykv. og 2. þm. Vesturl., um þá aðila, sem ráðh. skal skylt að sækja umsagnir til, þá skil ég ekki rök hæstv. ráðh. Sannleikurinn er sá, að á Fiskifélagi Íslands hefur orðið gífurleg skipulagsbreyting, sem ég veit, að ráðh. er mætavel kunnugt um. Það spannar nú yfir mun víðari hring og víðara starfssvið en það áður gerði og inniheldur langflesta þá hagsmunaaðila, sem að sjávarútvegi vinna í dag. Ég tel því, að sú skipulagsbreyting ein, sem fram hefur farið á Fiskifélaginu, og útvíkkunarstarfsemi þess mæli með því, að ráðh. sé einnig skylt að leita til þess, auk þess sem ráðh. er almennt heimilt að leita til allra þeirra aðila, sem honum sýnist hverju sinni. Hér er aðeins um skyldur að ræða. Ég tel, að þessi till. geti á engan hátt talist stofna málinu í neinn voða, og mun því greiða henni atkv.

Geir Hallgrímsson: Herra forseti. Ég skal ekki lengja umr. Ég vil fyrst taka undir orð síðasta ræðumanns að því er snertir brtt. þá, er við 2. þm. Vesturl. flytjum. Hæstv. ráðh. taldi, að það væri nauðsynlegt, ef sú till. væri samþ., að breyta öðrum gr. frv., þar sem eingöngu er rætt um að fá umsögn Hafrannsóknastofnunarinnar eða meðmæli hennar. Ég tel einmitt, að þetta sýni, að brtt. snertir takmarkað svið og því er minni ástæða að vera á móti henni. Samkv. 2. gr. þessa frv. er hin almenna regla sett í lögum, hvernig veiðum skuli háttað og nýtingu fiskimiðanna umhverfis landið. Síðan er í 3. gr., 5. gr. og 6. gr., sem ráðh. nefndi sem dæmi um, að umsagnar Hafrannsóknastofnunarinnar væri krafist, um að ræða sérstök skilyrði, er sérstaklega lúta að friðunarmálum, og ekki er því óeðlilegt, að Hafrannsóknastofnunin sé ein að þessu leyti um umsagnaraðild. Í 10. gr. er um nokkuð víðtækari veiðiheimildir að ræða, sem ráðh. getur veitt, og þar hlýtur að vera eðlilegt, að útgerðaraðilar hafi rétt til umsagnar. Ég held, að það hljóti að vera styrkur fyrir ráðh., því að þótt það sé svo, að hann geti auðvitað leitað umsagnar og álits hvers þess, sem hann kýs, þá ætti það að vera skylda Alþ. að setja þau skilyrði í lög, sem tryggja, að sjónarmið komi fram, áður en ráðh. tekur endanlega ákvörðun. Ég vil því eindregið fara fram á það við hæstv. ráðh., að hann endurskoði afstöðu sína og fallist á þessa brtt., sem er eingöngu til þess flutt að tryggja, að umsögn útgerðarinnar sé til staðar jafnt og umsögn Hafrannsóknastofnunarinnar. Ég vek athygli á því, að auðvitað er það svo ráðh. í sjálfsvald sett, hvort hann fer eftir slíkri umsögn eða ekki.

ATKVGR.

Brtt. 290, a felld með 11:2 atkv.
— 290, a varatill. felld með 11:2 atkv.
— 290, b felld með 12:2 atkv.
— 290, c felld með 12:2 atkv.
— 296 felld með 11:8 atkv.

Frv. samþ. með 19 shlj. atkv. og endursent Nd.

Tollskrá o. fl., frv. (þskj. 206, n. 272 og 289, 250, 294). — 2. umr.

Frsm. meiri hl. (Ragnar Arnalds): Herra forseti. Fjh.- og viðskn. hefur haft til athugunar frv. til l. um tollskrá o. fl. Hefur verið fjallað um það á tveimur fundum n., sem báðir hafa verið haldnir, með fjh.- og viðskn. Nd. Á fundina hafa einnig komið nokkrir embættismenn, sem unnu að undirbúningi málsins, þ. á m. tollstjóri, ráðuneytisstjórinn í viðskn. og fulltrúi í fjmrn. Einnig hafa n. borist allmargar umsagnir um frv.

Það er efni þessa frv., að tollar eru lækkaðir með hliðsjón af aðild Íslands að Fríverslunarsamtökum Evrópu og samningi Íslands við Efnahagsbandalag Evrópu. Um leið og endurskoðun l. hefur miðast við það, að tollalækkunarákvæði vegna aðildar Íslands að þessum alþjóðlegu samtökum kæmu til framkvæmda, hefur verið gerð áætlun og till. um lækkun tolla á vélum og hráefni til iðanaðarins. Einnig eru í frv. nokkrar tillögur um samræmingu tolla á hliðstæðum vörum og mismunandi efnum, nýjar till. um tolla á leigu- og sendibifreiðum atvinnubílstjóra. Einnig munu vera í frv. till. um lækkun tolla af

vörutegundum, sem taldar eru viðkvæmar fyrir smygli.

Í frv. eru tollar ákvarðaðir, eins og þeim er ætlað að vera á hverju ári, frá ársbyrjun 1974 til ársloka 1976.

Í umsögn, sem n. barst frá Félagi ísl. iðnrekenda, er lögð á það mjög rík áhersla, að frv. þetta geti orðið að lögum fyrir áramót. Í umsögn iðnrekenda segir, að ljóst sé, að frv. sé nokkuð seint fram komið, þannig að hæstv. Alþingi gefist e. t. v. óvenjulega stuttur tími til athugunar á frv., og síðar segir, með leyfi hæstv. forseta, í bréfi iðnrekenda:

„En með tilliti til þess, að hér er á margan hátt um eðlilegt framhald tollskrárbreytingarinnar 1970 að ræða, svo og að náið samráð hefur verið haft við Félag ísl. iðnrekenda um þær breytingar, sem varða iðnaðinn, vill félagið mælast til þess, að frv. verði samþ. fyrir jól. Verði frv. ekki samþ., skapast óviðunandi ástand í iðnaðinum, þar sem tollar á innfluttum iðnaðarvörum lækka 1. jan. n. k. vegna samnings okkar við EFTA og EBE, en tollar á vélum og hráefnum haldast óbreyttir, e. t. v. í fleiri mánuði, eftir að tollar á fullunnum iðnaðarvörum hafa lækkað."

Þetta vildi ég, að kæmi hér skýrt fram, að jafnvel þótt frv. sé svo seint fram komið sem raun ber vitni, er lögð á það mjög rík áhersla af hálfu iðnrekenda, að það nái fram að ganga, og á það bent, að frv. hafi verið lengi í undirbúningi og samráð verið haft við þá um undirbúning málsins.

Í fjh.- og viðskn. náðist einnig um það samstaða og fullt samkomulag að mæla með samþykkt frv., og n. stendur sem sagt í heild að meðmælum til d. um, að frv. verði afgreitt.

Í grg. frv. kemur fram, að áhrif tollalækkananna á tekjur ríkissjóðs eru töluverðar, og miðað við áætlaðan innflutning frá miðju ári 1972 til miðs árs 1973 er tekjutap ríkisins lauslega áætlað 535 millj. kr., en á grundvelli áætlaðs innflutnings 1974 um 615 millj. kr. Í grg. kemur fram, að þessum tekjumissi verði að mæta með annarri skattlagningu, eins og þar segir: „Með hliðsjón af, hvernig sama vanda var mætt við aðild Íslands að EFTA árið 1970, þykir eðlilegt að mæta tekjumissinum með söluskattshækkun. Því verður að líta á samþykkt þessa frv. sem skuldbindingu um hækkun söluskatts, sem nemur a. m. k. 1 söluskattsstigi."

Þetta atriði málsins kom til umr. innan n., og meiri hl. n. er þeirrar skoðunar, að þar sem enginn sé góður búmaður, sem aðeins geri ráð fyrir útgjöldum, án þess að sjá fyrir tekjum, þá verði ekki undan því vikist, að inn í frv. verði sett ákvæði til bráðabirgða um heimild fyrir ríkisstj. til að afla tekna sem nemur 1% gjaldi á söluskattsstofn þeirra aðila, sem greiða söluskatt. Af þeim ástæðum var flutt sú till. í n., að við frv. bættist ákvæði til bráðabirgða, sem prentað er á þskj. 272 og fjallar um álagningu 1% gjalds á söluskattsstofn allra sömu aðila og lög nr. 10 1960, um söluskatt, taka til.

Því miður fór það svo, að innan n. náðist ekki samstaða um þetta atriði, sem virðist svo sjálfsagt, að varla þurfi að ræða það. Minni hl. fjh.- og viðskn. gat ekki fallist á að taka þetta ákvæði inn í frv. Þetta er þeim mun furðulegra, þar sem ekki þarf ýkjagott minni til að geta rifjað upp, að þegar samþ. var aðild Íslands að EFTA á sínum tíma og núv. stjórnarandstaða var í ríkisstjórn, var það yfirlýst stefna þessara flokka, að væntanlegri tollalækkun skyldi mætt með hækkun á söluskatti. Ef þess gerist þörf, er að sjálfsögðu hægt að rifja upp ummæli, sem ganga í þessa átt og látin voru uppi ítrekað af þeim hv. þm., sem þá gengust fyrir því, að Ísland gerðist aðili að EFTA, og eiga enn sæti hér á Alþingi, sumir hverjir eiga jafnvel sæti í þessari hv. d. og einnig í hv. fjh.- og viðskn., og fer þá hringurinn nokkuð að þrengjast.

Ég verð að segja, að ég tel það nánast óskiljanlegt ábyrgðarleysi, ef einhverjir hv. þm. í þessari d. fást ekki til þess að samþ. tekjustofn til handa ríkissjóði í stað þeirra tollalækkana, sem samþ. kunna að verða með þessu frv. Það getur út af fyrir sig verið ágreiningur um það, hver þessi tekjuöflun eigi að vera, og er réttast, að það komi fram. Eins er hugsanlegt, að menn séu með till. um það að spara einhver ákveðin ríkisútgjöld í staðinn fyrir þá tollalækkun, sem hér yrði samþ., en það er að sjálfsögðu gersamlega útilokað, að nokkur þm. standi að því hér að gera samþykkt um víðtækar tollalækkanir, sem nema um 600 millj. kr., en fáist ekki til að samþ. neina tekjuöflun á móti eða neinn sparnað á móti. Ég verð að lýsa því yfir, að að óreyndu trúi ég ekki slíku ábyrgðarleysi á nokkurn þdm.

Varðandi önnur efnisatriði frv. er rétt að gera hér grein fyrir því, að fjh.- og viðskn. fjallaði um öll þau erindi, sem n. bárust, og vil ég nú víkja að þeim í stuttu máli.

Í fyrsta lagi barst n. það erindi frá Félagi ísl. stórkaupmanna, að samræmis yrði gætt við tollmeðferð annars vegar peningaskápa, öryggishólfa og spjaldskrárkassa og svo hins vegar venjulegra skjalaskápa, sem eru í tollnúmeri 94.03.09. Á það var bent í erindi Félags ísl. stórkaupmanna, að þarna væri um hliðstæðar vörur að ræða og ósamræmi, að ekki væri um svipaða tollmeðferð að ræða að þessu leyti. N. féllst á þetta sjónarmið Félags ísl. stórkaupmanna, og brtt. n. varðandi þetta atriði er í 1. tölul. c á þskj. 294, þar sem n. gerir ráð fyrir því, að tollur á þessum vörum verði 80%. Það skal að vísu viðurkennt, að n. gengur þá ekki til fulls til móts við óskir Félags ísl. stórkaupmanna, þar sem hinir almennu skjalaskápar lækka áfram í tolli árin 1975 og 1976, en n. gerir ráð fyrir því, að tollarnir verði 80% áfram. En eftir að rætt hafði verið um þetta atriði, m. a. við fulltrúa fjmrn., þá var talið, að síðar gæti gefist tækifæri til að leiðrétta þetta, ef ástæða þætti til.

Félag ísl. stórkaupmanna sendi n. annað bréf, þar sem óskað var eftir því að tekið yrði upp nýtt tollnúmer, nr. 87.14.08, um húsvagna. Þar sem hér er einungis um að ræða formbreytingu, taldi n. rétt að verða við þessum tilmælum. Till. n. um þetta atriði er í 1. lið e á þskj. 294.

Fyrirtækið Íspan h/f óskaði eftir því, að svonefnd zinkhorn, sem notuð eru til að tengja saman álprófíla við framleiðslu á tvöföldu einangrunargleri, yrðu tolluð með svipuðum hætti og áðurnefndir álprófílar, og eftir að n. hafði athugað þetta mál, féllst hún á þessi tilmæli,

og brtt. n. um þetta atriði er á þskj. 294 í 2. lið d.

Af öðrum ábendingum, sem n. fékk, má nefna tilmæli frá versluinni Gull og silfur varðandi lækkun á silfurborðbúnaði. Treysti n. sér ekki til að verða við þeim tilmælum, þar sem borðbúnaður almennt er í hærri tollflokki en silfurborðbúnaður í dag, þ. e. a. s. borðbúnaður yrði tollaður með 80% tolli, eftir að frv. næði fram að ganga, en silfurborðbúnaður er tollaður með 60% í dag, og ástæðulaust af þeim sökum að gera þann mun meiri en hann er.

Einnig bárust n. tilmæli frá Ljósmyndarafélagi Íslands um lækkanir á tolli af fylgihlutum stærri ljósmyndavéla. Í bréfi Ljósmyndarafélagsins kemur fram þakklæti til n., sem undirbjó frv., fyrir þann skilning, sem n. er sögð hafa sýnt málefnum Ljósmyndarafélagsins, en óskað er eftir, að frekari lagfæringar séu gerðar. Eftir að n. hafði rætt þetta mál, m. a. við fulltrúa fjmrn. og fleiri aðila, var niðurstaðan sú að láta hér við sitja varðandi tollalækkanir á fylgihlutum til ljósmyndavéla.

Nokkrar aðrar brtt. flytur n. vegna tilmæla, sem fram hafa komið, en engar eru þær stórvægilegar. Það eru till. í 1. lið a, b og d á þskj. 294.

Einnig flytur n. till. í 2. tölul., sem snerta tolla af bifreiðum, en rétt er að taka það skýrt fram, að þar er ekki um neina verulega efnisbreytingu að ræða frá því, sem nú er, heldur er sú ein breyting fólgin í þessari till., að skýrt sé tekið fram, að heimilt sé að selja útlendingum bifreiðar, sem fluttar eru út úr landinu innan þriggja mánaða. Þetta er till., sem snertir einungis undantekningatilvik og hefur ekki neina almenna þýðingu.

Eins er um till. í 2. tölul. d og c. Það eru ekki stórvægilegar breytingar. Önnur, d-liðurinn, snertir sælgætisvörur, og c-liðurinn snertir aðflutningsgjöld af talstöðvum í skip og báta, ef kostnaður er lægri en 100 þús. kr. Það mun vera heimild af þessu tagi í lögum varðandi talstöðvar, ef kostnaðurinn er meiri en 100 þús. kr., og þar sem talstöðvar munu nú vera orðnar ódýrari en áður, var talið rétt að verða við þessum óskum.

Varðandi till. þær, sem Jón Árm. Héðinsson og Eggert G. Þorsteinsson flytja á þskj. 250, þá varð ekki samkomulag í n. um stuðning við þær till. Önnur þeirra snertir endurgreiðslu gjalda af vélum og tækjum í hitaveitur, en hin endurgreiðslu gjalda af ljóstækjum hvers konar, svo sem myndvörpum, hljóð- og myndsegulbandstækjum, sem notuð eru í tungumálastofur. Það var skoðun meiri hl., að enda þótt hér væri um ágætt málefni að ræða í sjálfu sér, væri þetta spursmál, sem fyrst og fremst snerti ríkið sjálft, og breyt. væri því ekki fólgin í öðru í raun og veru en að færa úr vinstri vasanum og yfir í hægri vasann, og þar af leiðandi skipti þetta ekki miklu máli. Þetta á að sjálfsögðu fyrst og fremst við 2. lið till. (Gripið fram í.) Já, í þetta sinn yrði um hið gagnstæða að ræða.

Varðandi umsagnirnar að öðru leyti, sem ég hef nú gert grein fyrir, vil ég taka það fram, að eftir að n. lauk störfum nú fyrir fáum mínútum, barst mér bréf til n. frá Rauða krossi Íslands, þar sem hann fer fram á, að felld verði að öllu niður aðflutningsgjöld af ýmsum gögnum, sem hér eru nánar talin, svo sem sjúkrabifreiðum, björgunaratgeirum, sjúkraplástrum, sjúkrabörum, neyðarblysum og fleiri vörum, og óskar eftir því, að breyting verði gerð í þessa átt, en til vara, að rn. verði heimilað að lækka eða fella niður aðflutningsgjöld af gögnum og tækjum til sjúkra- og björgunarstarfa, sem flutt eru inn á vegum Rauða kross Íslands. Einnig er á það bent, að til greina kæmi að veita heimild til fjmrh. um að fella niður aðflutningsgjöld af innflutningi til hjálparstarfa, sem greiddur er með gjafafé til góðgerðarstarfsemi. Þetta eru ábendingar, sem vafalaust eiga fyllsta rétt á sér, en því miður voru þessar ábendingar svo seint fram komnar, að ekki var hægt að taka þær fyrir í n., og verða þær því að bíða síðari meðferðar þingsins á þessu máli. Sérstaklega hefði ég talið koma til greina, að fjh.- og viðskn. Ed. athugaði þessar ábendingar.

Ég held, að ég þurfi ekki að hafa þessi orð fleiri. Ég vænti þess, að hv. d. afgreiði þetta frv. í dag frá sér til Nd., þannig að tækifæri gefist til þess að taka málið þar fyrir á morgun. Það er ljóst, að þingstörf eru hér á seinasta snúningi, og ef málið á að ná fram, eins og mér skilst, að allir aðilar óski eindregið eftir og þá ekki síst iðnrekendur, verði sem sagt að hafa snör handtök og reyna að afgreiða málið frá d. í dag.

Frsm. minni hl. (Magnús Jónsson): Herra forseti. Eins og frsm. meiri hl. fjh.- og viðskn. hefur tekið fram, er enginn ágreiningur í n. um höfuðefni þessa frv., þ. e. a. s. þann tilgang, sem því er ætlað að þjóna, þannig að ástæðan til þess, að við fulltrúar Sjálfstfl. og Alþfl. í n. skilum séráliti, er ekki ágreiningur um kjarna málsins að þessu leyti til. Það eru hins vegar tvö atriði, sem valda því, að við höfum gert ágreining varðandi mál þetta og skilum séráliti. Það er annars vegar meðferð málsins og framkoma hæstv. ríkisstj. gagnvart Alþ. í sambandi við þetta frv. og hins vegar sú furðulega till., sem hér er flutt af hálfu meiri hl. n., um að breyta söluskattsl. með tollskrárl., sem segja má, að sýni, — það er kannske lofsvert út af fyrir sig, — að hugmyndaflugi hæstv. ríkisstj. séu lítil takmörk sett, þegar hún þarf að koma einhverju fram, og skal ég nánar víkja að því síðar.

Frv. þetta var lagt fram í þessari hv. d. fyrir fáeinum dögum eða nánar tiltekið 10. des. Og það er dálítið merkilegt, að frv. um tollskrárbreytingu hliðstæða þessari, þótt í víðtækari mæli væri, sem lagt var fram af fyrrv. ríkisstj., var einnig lagt fram 10. des. 1969, þannig að það er út af fyrir sig ekki nýtt, að þetta mál sé til meðferðar í des. En það, sem gerir allan gæfumun í framferði núv. og fyrrv. ríkisstj., er, að þess er nú krafist, að Alþ. afgreiði tollskrána fyrir jól, sem sagt á örfáum dögum, en frv., sem lagt var fram 10. des. 1969, var endanlega afgreitt frá Alþ. 30. jan. 1970, þannig að hér er að sjálfsögðu um þann reginmun að ræða, að með þeirri meðferð, sem þá var í málinu höfð, gafst þm. og samtökum, sem þetta mál varða, nægilegur kostur á því og tækifæri að skoða frv. og

koma þar fram sínum sjónarmiðum, en voru ekki settir andspænis því, eins og við höfum leyft okkur að segja í nál., að verða nánast að samþykkja málið blindandi, þar sem þess er enginn kostur á svo stuttum tíma að gera á því nokkra efnisathugun.

Það þarf ekki að lýsa því fyrir hv. dm., að þetta er ein flóknasta og vandasamasta löggjöf, sem við búum við, og það að hagga einu atriði í henni getur leitt til mikils ósamræmis og vandræða, og þarf því nákvæmrar skoðunar við, þannig að með þessum hætti, sem hér er á hafður, er enginn kostur gefinn þess að skoða málið, og þær till., sem hér komu fram og hv. frsm. meiri hl. gat um, voru nánast eftirlegukindur, sumt frá rn., og svo örfáir till., sem ýmis samtök höfðu sent inn í sambandi við frv., eftir skjótan yfirlestur. En það er að sjálfsögðu ógerlegt fyrir alla þessa aðila, utan þings og innan, að gera sér nokkra grein fyrir málinu á svo skömmum tíma. En hvað sem þessu líður, sem má undarlegt heita og furðulegt, þá minnir það mig á, — ég hef leyft mér að gera þann samanburð, — að 900 ára afmæli Skálholtsstaðar bar svo brátt að einu sinni, þegar afmælið var, að það varð að vinna nætur og daga í næstum viku fyrir afmælið, vegna þess að menn vissu ekki fyrr en skyndilega, að þessi atburður stæði til! Það er nánast svipað með þetta frv., sem er með þessum fádæmum og flumbruhætti komið inn í þingið. Það var vitað um tollskrána, þegar hún var samþ. í jan. 1970, að innan fjögurra ára yrði, til þess að fullnægja samningunum við EFTA, að undirbúa nýjar breyt., því að þá átti að hefja á ný lækkun tolla. Það var fyrst fjögurra ára frestur veittur, aðlögunarfrestur, í samræmi við þá breytingu, sem þá var gerð um 30% lækkun tollanna, og síðan frá 1. jan. 1974 áttu tollar að lækka smám saman um 10% á ári.

Þetta mál hefur borið svo bráðan að hjá hæstv. ríkisstj. og virðist hafa komið henni svo gersamlega á óvart, að það er fyrst í ágústmánuði í sumar, að því er upplýst er af embættismönnum, sem mættu hjá n., að hæstv. fjmrh. kemur auga á, að það þurfi að breyta tollskránni, þessu geysilega plaggi. Ég veit, að það eru mjög mætir menn, sem að hafa unnið, og hinir færustu menn, svo að ég er ekki að lasta þá. En þó að þeir hefðu unnið nánast nótt og dag, þá er það með fágætum, að þeir skuli hafa getað komið þessu plaggi frá sér á svo skömmum tíma. Þetta sýnir auðvitað, hvaða sleifaralag er á vinnubrögðum hjá hæstv. ríkisstj. og að ætla svo þinginu að gleypa þetta allt saman á nokkrum dögum. Það er þó kannske ekki nema í samræmi við öll vinnubrögð önnur, sem ég hef hér lýst.

Engu að síður teljum við fulltrúar minni hl. n. svo miklu varða, að þetta mál nái fram að ganga, enda er hér um samningslegar skuldbindingar að ræða að nokkru leyti og hinu leytinu leiðréttingar gagnvart iðnaðinum, sem nauðsynlegt er að gera, að við viljum stuðla að því, að þetta mál nái fram að ganga, eins og það liggur fyrir, og með þeim breytingum, sem hv. n. hefur orðið sammála um að flytja varðandi frv.

Ég vil sérstaklega láta það koma fram, og það getur orðið tilefni nokkurra hugleiðinga fyrir hv. frsm. meiri hl. n., sem var að vitna í skoðanabreytingar hjá sumum hér í þessari hv. d. Hann þrengdi svo hringinn, að þessir sumir gátu varla verið nema einn, þegar upp var staðið frá orðaleik hans í þessu efni. Ég held, að ég verði að taka það til mín, þar sem hann lýsti furðu yfir því, að viðkomandi hefði breytt skoðun á þeim 4 árum, sem liðin eru síðan tollskránni var breytt og samningur við EFTA gerður, varðandi tekjuöflun. Það getur vel verið, ég skal ekki segja um það. Ég hef ekki efnislega breytt um skoðun og skal koma að því síðar.

En mér finnst annað mjög lofsvert, og það er, að þessi hv. þm. og hans flokkur hefur breytt um skoðun í grundvallaratriðum. Í fyrsta lagi var flokkur hans mjög andvígur, — ég held, að hann hafi heitið Alþb. þá eins og núna, maður veit það ekki, hann skiptir svo oft um nafn, — mjög andvígur því að gerast aðili að þessum bandalögum, ég tala nú ekki um EBE, og það er mál út af fyrir sig að lesa grg. í EBE-samkomulaginu. En ég skal ekki fara að gera það hér, því að ég ætla ekki að lengja umr. um málið. Ég held, að hann ætti að lesa grg., sem fylgir þessari tollskrá, vendilega, ef hann hefur ekki þegar lært þann boðskap, sem þar er að finna. Hann er mjög merkilegur, sá boðskapur, og ég held, að hann hefði gott af því að fletta upp í gömlum ræðum, — ég veit nú ekki, hvort það eru hans eigin ræður, en hans flokksleiðtoga að öðru leyti, — varðandi skoðanir þeirra á tollum og hvaða leiðir eigi að fara til að afla tekna, skoðanir þeirra t. d. á hátollum, lúxusvörutollum og ýmsu slíku, og bera það saman við grg., sem fylgir þessu frv. Ég held, að ég geti skrifað undir þessa grg. frá orði til orðs, eins og hún er. Hún er skynsamlega samin og hefur sýnilega verið tekin saman af mjög glöggum mönnum, sem gera sér fullkomlega grein fyrir því, að það þurfti á sínum tíma, eins og gert var 1970, að breyta um tollastefnu og hverfa frá hátollastefnunni, lúxusvörustefnunni, sem þá var kölluð. Það, sem er að finna í skýringunum um fjáröflunartollana, er mjög lærdómsríkt fyrir okkur öll, og það gleður mig, að stjórnarsinnar skuli vera komnir á þessar skoðanir, og ég held, að það væri ekkert síður vert fyrir þá að lesa þessa grg. og skýringu tollafræðinganna en hvetja okkur til þess að lesa Ólafskver, sem einhvern tíma var gert, kvölds og morgna. En þetta er mjög mikið fagnaðarefni, og það gleður mig sérstaklega að sjá þessar kenningar hjá núv. stjórnarflokkum. Ég skal ekkert segja um það, hvort hæstv. fjmrh. hefur nokkuð breytt um skoðun í því efni, ég hygg, að hann hafi haft þessa skoðun áður, svo að ég er ekki að víkja því til hans, en af því að hv. frsm. meiri hl. var að tala um skoðanaskipti, þá finnst mér rétt að benda á þetta. Hans skoðanaskipti eru mjög ánægjuleg. Hann harmaði mín skoðanaskipti, en ég gleðst yfir skoðanaskiptum hans.

Ég skal svo ekki hafa fleiri orð um þetta, en víkja að hinu atriðinu. Ég verð að segja, að það eru þolinmóðir menn í þessari hv. d., eins og ég skaut að hæstv. fjmrh., þegar ég gekk hér upp áðan. En allri þolinmæði eru takmörk sett. Látum vera að ætla okkur að samþykkja tollskrána, sem við vitum að er mikið og gott

mál, þótt við getum ekki skoðað svo að segja einn staf í henni og verðum að gleypa frv. í trausti þess, að þar hafi góðir embættismenn að unnið, en að leyfa sér að setja í grg. slíkar hótanir sem er að finna í grg. um áhrif þessa frv. á tekjuöflun ríkissjóðs, það hygg ég, að sé einstætt í þingsögunni, þar sem segir, að því verði að líta á samþykkt þessa frv. sem skuldbindingu um hækkun söluskatts sem nemur a. m. k. einu söluskattsstigi. Ég skal játa, að ég hef kannske stundum verið ósvífinn í minni fjmrh.-tíð, en ég held, að ég hafi aldrei sett svona setningu í frv., því að þetta er með þeim endemum, vitandi það, að frv. sjálft hefur almennan stuðning, en það má segja, að menn verði að skuldbinda sig til þess að framfylgja hugdettu hæstv. ríkisstj. um það, hvaða leið verði farin til að vega upp á móti þessum tekjumissi. Ég játa fúslega, að það verður að bæta tekjumissi og hafa hallalaus fjárlög, og það væri betur, að hæstv. fjmrh. hugsaði oftar um það en hann gerir, a. m. k. í reynd, en að ætla stjórnarandstöðu að skuldbinda sig til að fara ákveðna leið í tekjuöflun til að standa undir útgjöldum af frv., sem ríkisstj. leggur fram sjálf og stjórnarandstaðan vill gjarnan fylgja, það finnst mér með fádæmum. Ég held a. m. k., að það sé ekki að finna í ræðum þeim, sem ég flutti, þegar rætt var um tekjuöflun í sambandi við lækkun tollanna 1970, að það væri skuldbinding fyrir þá, sem vildu greiða þessu frv. atkv., og raunverulega væru stjórnarandstæðingar skyldugir til þess að greiða fyrir því, að söluskattur næði fram að ganga. Mér þætti gaman að fá einhverjar ábendingar um, hvar slíka hugdettu væri að finna. Ég held, að þetta sé einhver frumlegasta og um leið einhver ósvífnasta krafa, sem gerð hefur verið til stjórnarandstöðuflokka á Alþ. Það skyldi ekki vera vegna þess, að stjórnin hefur ekki lengur meiri hluta á þingi, fyrir þessu máli a. m. k.? Ég veit það ekki. En manni kynni að detta í hug, að það væri af þeirri ástæðu. En hugarfarið er það sama engu að síður og ósvífnin sú sama. Hitt er svo annað mál, svo að ég skjóti því til hv. formanns fjh.- og viðskn., að það er líka merkilegt, að það skuli allt í einu vera orðið trúaratriði hjá þeim Alþb.-mönnum, að söluskattur sé lausn á öllum vanda. Einhvern tíma var nú sagt, að það væri ekki ákaflega góður skattur, söluskattur, og ekki góður fyrir alþýðu manna. En nú er hann orðinn harla góður. En látum það vera. Ekki skal ég andmæla því heldur, þannig að út af fyrir sig er sú hugmynd merkileg og lærdómsrík, og verður munað eftir því. En að hv. frsm. meiri hl. skuli orða það svo, að þetta virðist svo sjálfsagt, að varla taki að ræða það, að við allir þm. úr stjórnarandstöðunni séum skuldbundnir til að hækka söluskattinn — (RA: Afla tekna, sagði ég.) Erum við skuldbundnir til þess að afla tekna? (RA: Já.) Verður ekki ríkisstj. að afla tekna fyrir þeim málum, sem hún er að beita sér fyrir? Ef ríkisstj. hefur ekki fylgi til þess á Alþ., á hún að fara frá. Það er sú eina ályktun, sem verður dregin af því. Og það að fara að breyta söluskattslögum með tollskrárlögum er svo dæmalaust og fáránlegt, að það tekur engu tali, og þarf ekki að lýsa því. Ég held, að það taki varla að ræða það og að það sé eitthvert óskiljanlegt ábyrgðarleysi að samþykkja ekki nýjan tekjustofn. Þetta er alveg fáránleg fullyrðing, — ríkisstj. hlýtur að hafa í hendi sinni, hvaða leið hún fer í þessu, — að okkur leyfist ekki að mótmæla því, að þessi leið sé farin til þess að jafna þetta tekjutap. Það er fjarri öllu lagi, að stjórnarandstaða beri nokkra slíka ábyrgð til tekjuöflunar.

Við erum samþykkir frv., við ætlum að beygja okkur fyrir þeim óhæfilegu vinnubrögðum, sem hér hafa verið viðhöfð, fullkomlega að ástæðulausu, og ætlum að afgreiða frv. á örfáum dögum. En hitt frábið ég mér og okkur öllum hér í stjórnarandstöðunni, að vera skyldugir til að hjálpa ríkisstj. til að koma í gegn einhverjum skatti, sem hún hefur ekki lengur fylgi fyrir í sínu eigin stuðningsliði til að koma í gegn. Það frábið ég okkur algerlega. Ég skal játa, að það er áreiðanlega hægt að finna í ræðum mínum frá 1969 og 1970, þegar ég ræddi um tollskrána, að það hafi verið geymt þá og ekki verið hækkaður söluskattur um 5 ára skeið með það í huga, að það hlyti að koma að því, að við mundum tengjast efnahagsbandalögum með einhverjum hætti og þá væri nauðsynlegt að hafa einhvern tekjustofn, sem nauðsynlegt væri að velja í stað aðflutningsgjaldanna. Þetta er alveg rétt, ég skal ekki neita þessu. Þarna var um að ræða 30% lækkun á tollum, sem var gerð í einu stökki og hafði að sjálfsögðu í för með sér heilmikið tekjutap. Og ég er ekki að segja, að það geti ekki komið til greina með einhverjum hætti að hækka söluskatt. En þetta eru engin rök til þess að hækka söluskattinn, og þessi vinnubrögð til þess að hækka söluskattinn eru forkastanleg með öllu. Það þarf þá a. m. k. að fara venjulegar leiðir og breyta eðlilega þeim lögum, sem um hann gilda. Það hefði ekki átt að taka lengri tíma að fá það fram og flytja það frv. hér en að leggja fram tollskrána, þannig að það er eitthvað skrýtið, sem liggur þar að baki.

Það er sagt, að þetta sé ofboðslegur tekjumissir fyrir ríkissjóð. Ja, ofboðslegur? Ég veit ekki, hvað segja skal. Sannast sagna eru menn hættir að tala hér í milljónum, þeir tala í milljörðum. Einhvern tíma var sagt af góðum manni, að milljónin væri ekki neitt. En hvað er milljón núna? Það liggur við, að milljarður sé sáralítið, þegar er verið að ræða fjárlög hæstv. núv. ríkisstj., stökkin eru svo stórkostleg. En í 30 milljarða fjárl. skiptir sköpum, að hæstv. fjmrh. fái 1% hækkun söluskatts. Það er auðvitað allt of fjarstætt til þess að leggja við því eyra. Við höfum í grg. minni hl., sem ég ætla ekki að fara að lesa hér upp, bent á það, hvað aðflutningsgjöld hafa hækkað ofsalega, og meira að segja er það talið mögulegt núna, frá því að fjárlfrv. var lagt fyrir þingið í haust, að hækka áætlaðar tekjur af aðflutningsgjöldum um einn milljarð, þrátt fyrir þá niðurfellingu og lækkun aðflutningsgjalda, sem hér er um að ræða. Það er talað um, að þetta sé samtals rúmar 600 millj., 200 millj. voru þegar inni í fjárlagafrv., þannig, að hér eru það 400 millj., sem allt snýst um, sem er þó alger áætlunartala. Dettur nokkrum manni í hug, að þessar tekjur af aðflutningsgjöldum verði ekki enn meiri en þessi hækkun

um einn milljarð, sem nú er allt í einu bætt inn við 3. umr. fjárl., að það eigi ekki enn eftir að hækka á næsta ári? Við sjáum a. m. k. ekki bóla á neinum ráðstöfunum til að koma í veg fyrir það, að efnahagskerfið brútni þannig út og hækkanir verði slíkar og aukning á kaupgetu, að það séu líkur til þess, að stóraukning verði enn á innflutningi umfram þá áætlun, sem hagrannsóknadeildin gerir núna. Mér er vel kunnugt um, að hagrannsóknadeildin áætlar alltaf varlega, og ég trúi vel tölum hennar. En þær eru alltaf í lægri kanti, og það er hyggilegt út af fyrir sig. En 400 millj. kr. í því dæmi eru auðvitað algerir smámunir, þannig að þessi vinnubrögð sem ofbjóða öllum eðlilegum — ég vil segja: mannasiðum gagnvart Alþ., eru með öllu óverjandi að þessu leyti, og ég harma það, að jafn mætur maður og hæstv. fjmrh. skuli setja þetta minnismerki um sig í þingsöguna. Ég harma það mjög og einlæglega og vonast sannast sagna til, að hann afturkalli þessa till. Það væri honum til langmestrar sæmdar. Þá getur þetta frv. flogið í gegn á örskömmum tíma, og hæstv. iðnrh. yrði áreiðanlega manna glaðastur, ef það væri afgreitt héðan úr þinginu með sem skjótustum hætti, ég efast ekkert um það. Hann hefur áhuga á því. Og við ætlum ekki að setja fótinn fyrir áhuga hans í þessu máli, þó að við leyfum okkur að snúast gegn þessu hugarfóstri hæstv. fjmrh., sem sýnir, að hann er að vissu leyti hugmyndaríkur. En þetta er hugmynd, sem ekki borgar sig, og hann ætti að beita sér á öðrum sviðum. Ég veit nefnilega, að þessi hugmynd bendir til þess, að hann er ekki í nokkrum vanda með að fá þessa peninga með öðrum hætti, og ég gæti stungið því að honum, ef hann vill, ef hann hefur ekki vitað um það, hvernig hann á að fá þessa peninga. (Gripið fram í.) Hirði það í annað, já. Það skyldi þá vera, að það væru einhver göt á fjárl. eftir allt saman. Vantar kannske eitthvað meira? Vantar kannske að áætla fyrir launahækkun opinberra starfsmanna eða eitthvað slíkt eða hækkun kaupgjaldsvísitölunnar, sem verður 1. mars, ef ekkert gerist, og einhverjum svona smámunum? En ætli það séu ekki hærri tölur en þessar 400 millj., sem við ræðum og allt á að setja á annan endann út af?

Ég skal ekki orðlengja frekar um þetta. Ég er persónulega til viðtals við hæstv. ráðh. um að benda honum á, hvernig hægt er að forðast að vera með þetta — ég vil nú leyfa mér að segja svo ljótt orð: tuddabragð, sem hér er viðhaft, sem eru honum ákaflega ólík.

Ég vil að lokum vonast til þess, að hann hætti við þetta, af því að ég trúi honum til þess að hugsa skynsamlega í þessu efni. Jafnframt óska ég hv. formanni n. og frsm. til hamingju með þau sinnaskipti og skoðanaskipti, sem hafa orðið hjá honum varðandi viðhorf til tollamála. Það er mjög gleðilegt, og ég vona, að við verðum varir við það í framtíðinni, einnig eftir að flokkur hans er farinn úr ríkisstj., sem vonandi verður innan ekki langs tíma.

Frsm. meiri hl. (Ragnar Arnalds): Herra forseti. Ég ætla síst af öllu að fara að tefja þessar umr., en ég mátti til með að þakka fyrir þær hamingjuóskir, sem mér bárust af hálfu hv. þm. Magnúsar Jónssonar. Ég vil aðeins segja það í þessu sambandi, að það er mesti misskilningur, að um einhver ímynduð sinnaskipti sé að ræða hvað snertir inngöngu Íslands í Fríverslunarbandalag Evrópu. Það er alveg rétt, sem hér var rifjað upp, að Alþb. var andvígt aðild Íslands að Fríverslunarbandalaginu, og við gerðum ýmsar aths. og komum fram með margvíslega gagnrýni á þá stefnu, sem þá var mótuð. Við töldum, að ekki væri tímabært að stíga þetta skref, og við óttuðumst m. a. afkomu íslensks iðnaðar, einkum þess hluta hans, sem framleiðir fyrir innlendan markað. Við óttuðumst líka, að með þessu væri verið hugsanlega að greiða fyrir því, að erlent auðmagn ætti auðveldari leið inn í íslenskt atvinnulíf, og það stendur enn. En aðalatriðið hvað snertir þátttöku erlendra aðila er að sjálfsögðu það, hver með völdin fer, og það er nú svo, að núv. ríkisstj. hefur markað á því sviði algerlega nýja stefnu. Hitt er alveg ljóst, að aðildina að EFTA má hugsanlega misnota af öðrum ríkisstjórnum síðar. Þetta sögðum við og stöndum enn við. Við greiddum atkv. gegn aðildinni, og eins og ég segi, við stöndum við það hvar og hvenær sem er. En nú er Ísland orðið aðili að Fríverslunarbandalaginu og það er bundið af samningi um ákveðnar tollalækkanir. Þessar tollalækkanir eru þegar hafnar, og það liggur í augum uppi, að við Alþb.-menn teljum sjálfsagt og eðlilegt, að staðið sé við gerða samninga við erlendar þjóðir og það sé gert í þessu tilviki. Það leiðir svo nokkuð af sjálfu sér, að úr því að tollar á erlendum iðnaðarvörum lækka, er algerlega óhjákvæmilegt að lækka tolla á háefni til iðnaðarins. Meira þarf ég ekki að segja um þetta atriði.

Hvað hitt atriðið snertir, sem við erum hér raunverulega að deila um, þá fór það nú svo, eins og ég óttaðist, að hv. þm. lýsti yfir fylgi við frv. og sagðist reiðubúinn til þess að lækka tolla um 600 millj., en hann var algerlega ófáanlegur til að standa að nokkurri tekjuöflun í staðinn. Hann sagðist frábiðja sér að þurfa að bera ábyrgð á nokkurri tekjuöflun. Ég verð nú að segja, að ef þetta heitir ekki ábyrgðarleysi, hvað felst þá raunverulega í því orði? Ég vil undirstrika það, að í raun og veru er ekki endilega verið að gera kröfu til þessa hv. þm. um, að hann styðji söluskatt sem tekjuöflunarleið, heldur væri lágmarkið það, að hann kæmi fram með einhverjar aðrar hugmyndir um tekjuöflun. En afstaða hans og samflokksmanna hans er sú að vera með tekjulækkuninni án þess að benda á nokkra aðra leið í staðinn. Hann kemur með óljósar yfirlýsingar um, að það þurfi að sjá allt tekjuöflunardæmi ríkissjóðs samtímis og við verðum að átta okkur á því, hvernig þetta kemur út í heild sinni. Ég sé ekki, að menn komist undan á flótta með rökum af þessu tagi. Það segir sig sjálft, að þegar ríkissjóður missir tekjur, þá þarf annað að koma í staðinn. Þetta er það dæmi, sem frammi fyrir okkur stendur, og annað kemur þar af leiðandi ekki þessu máli við.

Varðandi það, að þarna er tekið eitt söluskattsstig sérstaklega fyrir, þá er það að vísu rétt, að söluskattslögin þarf að taka til endurskoðunar í heild sinni, og ég þykist viss um, að það verði gert á þessum vetri. En tollskrárlögin taka gildi

nú þegar um áramót, og þar af leiðir, að ekki verður undan því vikist að hafa eitthvert ákvæði til bráðabirgða varðandi tekjuöflunina. Þegar síðan söluskattslögin hafa verið tekin til endurskoðunar, gefst vafalaust tækifæri til að endurskoða þessa ákvörðun varðandi þetta eina prósent í söluskatti og fella það að öðrum tekjustofnum. En það mun svo sannarlega ekki vera neitt einsdæmi, að þannig sé haldið á málum.

Varðandi það, að söluskattsheimildin sé sett inn í tollskrárfrv. og það sé eitthvert einsdæmi, að aflað sé tekna með þeim hætti, vil ég bara benda á, að þetta hefur lengi viðgengist og lengi verið talið sjálfsagt varðandi ýmis mál. Það er t. d. varðandi húsnæðismál ákvæði um launaskatt í húsnæðislöggjöfinni, og ýmis fleiri dæmi af því tagi mætti nefna hér, þó að ég sjái ekki ástæðu til að vera að lengja þessar umr. með því að telja upp þá mörgu sérskatta, sem lagðir eru á. Söluskattur kom að sjálfsögðu fyrst og fremst til greina í þessu tilviki.

Ég get út af fyrir sig staðið við það, eins og ég hef oft gert, að söluskattur er ekki réttlátasta skattformið, sem til er í þjóðfélaginu, og margir skattar eru eðlilegri og koma betur út en söluskattur. Þó er það svo, að það, sem hér er verið að gera, er að fella niður toll á erlendum vörum, og við erum skuldbundnir til þess að haga því þannig, að tekjuöflunin, sem í staðinn kemur, komi jafnt á allar vörur. Það er eðli þeirrar breyt., sem hér á sér stað og fer fram, og þá er ekki óeðlilegt, a. m. k. ekki til bráðabirgða, að valin sé þessi leið, að lagður sé á 1% söluskatttur.

Frsm. minni hl. (Magnús Jónsson): Herra forseti. Ég ætlaði ekki að tala hér aftur, en af því að samviskubitið hefur slegið hv. formann fjh.- og viðskn. svo, að hann taldi ástæðu til að standa hér upp , þá vona ég, að mér verði ekki lagt það til lasts, þótt ég segi fáein orð í tilefni af ræðu hans, vegna þess að ýmislegt í henni byggðist á misskilningi.

Mér hefur aldrei komið til hugar t. d. að ætlast til þess, að þeir hv. Alþb.-menn áttuðu sig svo mikið á staðreyndum, að þeir breyttu afstöðu sinni til EFTA. Það er allt of mikið að ætlast til þess. En það, sem ég ræddi um, var, að það væri merkilegt, og hv. þm. vék sér hjá að svara því, að hann og flokksbræður hans virtust hafa skipt um skoðun í sambandi við tollastefnu almennt. Fjáröflunartollar koma EFTA og EBE ekkert við, og það veit ég, að hv. þm. veit mjög gerla. Það var þetta, sem ég átti við. Hér er um að ræða lækkun hátolla. Það var byrjað að lækka hátolla, sem voru mjög háir upphaflega, í tíð fyrrv. ríkisstj., og voru þeir komnir niður í 100%. Nú hefur verið farið niður í 80%. Ég álít, að þetta sé mjög skynsamlegt framhald af þeirri stefnu. Því hefur hins vegar verið haldið mjög fram af hv. þm. og flokksbræðrum hans og kannske fleirum, að það ætti einmitt að beita hátollum, svokölluðum lúxustollum. Frá því hafa þeir horfið, og ég held, að það séu alveg fullgild rök í grg. frv. um, að það sé mjög varhugavert að beita þeim tollum, svo sem öllu viðskiptalífi og samgöngum milli landa er háttað. Það er þetta, sem ég var að gleðjast yfir, að hann hefði áttað sig á og vonandi þá flokksbræður hans líka.

Hitt atriðið, að ég neitaði að líta á þetta mál, fyrr en allt fjármáladæmi ríkissjóðs lægi fyrir, það sagði ég ekki í minni ræðu. Ég sagði hins hins vegar, að þetta væri lítill þáttur af því stóra dæmi. Það er það, sem ég sagði. En það dæmi liggur fyrir, að svo miklu leyti sem það er skiljanlegt, eins og það hefur verið lagt fram, þannig að ég er ekkert að kvarta yfir því út af fyrir sig. Ég var hins vegar að benda á, að það væri það margt óljóst í því dæmi, sem hæstv. fjmrh. staðfesti reyndar með innskoti sínu, að það mundi ekkert veita af þessum peningum til annarra þarfa, ef það væri hægt að finna 400 millj. með einhverjum hætti, sem ég skaut að honum, að ég teldi, að væri auðvelt að gera. Ég veit, að hann kann fleiri leiðir en þessa, og ég þarf ekki að nefna þær. En mér dettur ekki í hug að halda því fram, að það eigi ekki að vera hallalaus ríkisbúskapur. Ég held, að það sé rétt hjá mér, að hér sé um heimild að ræða, — þetta gerist nú svo fljótt, það kom rétt áðan á borðin till. hv. meiri hl. Ég spyr þá: Hvað liggur á þessari heimild? Af hverju má ekki flytja breyt. á lögum um söluskatt? Það er mér ekki ljóst. Ef þetta er orðað sem heimild af hæstv. fjmrh. er hann þá nokkru nær því að vita, hvort það þarf að nota þessa heimild, núna milli jóla og nýjárs en hann er í dag, þannig að það er nánast fáránlegt að orða þetta sem heimild. Hitt er annað mál, að það getur vel verið, eins og hæstv. ráðh. aflaði sér heimildar til þess að lækka ríkisútgjöld um vissa prósentutölu, eftir að fjárlög 1973 voru afgreidd, en þurfti síðan ekki að nota þá heimild. Hann ákvað það ekki fyrr en seint á árinu og gat ekki séð það fyrr en seint á árinu. En það er auðvitað allt annað mál. Það gat verið eðlilegt að hafa það í heimildarformi. En það er alveg óskiljanlegt að orða þetta sem heimild, það fæ ég ekki skilið. Það eru enn ein skringilegheitin við þetta mál að ákveða ekki hreint og beint, að þetta skuli lagt á. En þetta bendir auðvitað til þess, eins og alltaf er, að það er mjög óljóst um áramót, ekki síst miðað við þá efnahagsþróun, sem nú er, og þá verðbólgu, sem nú er, hvort tekjur ríkissjóðs gera nauðsynlegt eða ekki að nota heimildir, t. d. niðurskurðarheimildina, sem hæstv. ráðh. hefur nú tilkynnt, að hann muni ekki nota fyrir árið 1973, af því að hann hafði ekki haft þörf fyrir það, því að það hafa mokast inn slíkar óhemjutekjur umfram áætlun hjá ríkissjóði, að það hefur ekki þurft á því að halda. En ég vil algerlega mótmæla því og vil ekki liggja undir því, að ég sýni ábyrgðarleysi fyrir mitt leyti, og ég veit enginn okkar nm., sem að þessu stöndum, að við viljum samþykkja miskunnarlaust till. um útgjöld á ríkissjóð án þess að sjá honum fyrir tekjum og gera okkur grein fyrir því, að hann þurfi tekjur. Við viljum aðeins benda á, að þetta er þarflaust, eins og sakir standa, og þetta getur gerst með eðlilegum hætti, ekki síst úr því að hér er um heimild að ræða, sem hæstv. ráðh. hlýtur að ætla sér að bíða eitthvað fram eftir árinu með að sjá, hvort hann þarf að nota eða ekki. Hann þarf ekki að orða það sem heimild. Það er nógur tími til að ákveða

það með eðlilegum hætti og breyta þá söluskattslögum eftir áramótin eða þegar þing kemur saman aftur, ef það sýnir sig þá við nánari athugun og uppgjör ársins í ár, sem auðvitað liggur ekki fyrir núna og ekki fyrr en upp úr áramótum, hvort þarf að nota þessa heimild eða ekki, þannig að einmitt það orðalag, að till. sé orðuð í heimildarformi, gerir enn fjarstæðara, að það þurfi að afgreiða þetta mál nú með þessum hætti.

Hv. frsm. fjh.- og viðskn. veit mætavel, að 1% söluskattur gefur miklu meira en 400 millj., þannig að hér er um beina tekjuöflun að ræða fyrir ríkissjóð. (Gripið fram í.) Já, það eru áætlaðar um 200 millj. þegar í fjárl fyrir þessum tekjumissi, þannig að það eru aðeins eftir 400 millj., sem þarf að mæta. Ef form. hv. n. er fyrst að átta sig á því núna, þá vona ég, að hann leiðrétti till. sína og dragi hana aftur, því að þetta gefur 650 millj., þannig að hér er myndarlega að farið. *Það hefði ekki þurft einu sinni,* þó að við tækjum allt til greina, nema ½%. Nei, 1% skal það vera. Það skal vera svolítil búbót þarna, ef það skyldi nú vanta í einhverja aðra holu hjá hæstv. ráðh. en í sambandi við tekjumissi vegna aðflutningsgjaldanna.

Nei, þetta er allt, því miður, svo skringilegt og ambögulegt, að það er alveg rétt, sem hv. þm. sagði áðan, að þetta er of fráleitt til að ræða um það.

ATKVGR.

Brtt. 294, 1. samþ. með 19 shlj. atkv.
1. gr., svo breytt, samþ. með 19 shlj. atkv.
2. gr. samþ. með 19 shlj. atkv.
Brtt. 250 tekin aftur til 3. umr.
— 294,2 samþ. með 19 shlj. atkv.
3. gr., svo breytt, samþ. með 19 shlj. atkv.
4. gr. samþ. með 19 shlj. atkv.
5.—14. gr. samþ. með 19 shlj. atkv.
15.—38. gr. samþ. með 19 shlj. atkv.
Brtt. 272 (nýtt ákv. til brb.) samþ. með 11:9 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu
já:. RA, StH, BGuðbj., BFB, BJ, EÁ, GeirG, HFS, MÓ, PÞ, ÁB.
nei: SteinG, ÞK, AuA, EggÞ, GH, JónÁ, JÁH, MJ, AJ.
39. gr. samþ. með 12 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 11 shlj. atkv.

Seðlabanki Íslands, frv. (þskj. 280). — Frh. einnar umr.

Geir Hallgrímsson: Herra forseti. Ég gerði grein fyrir afstöðu minni í ræðu, áður en umr. var frestað, og kynnti þá brtt., er ég hugðist flytja, þess efnis, að 2. gr. þessa frv., eins og það nú liggur fyrir d., falli burt. Leyfi ég mér að afhenda hæstv. forseta þessa brtt.

ATKVGR.

Afbrigði um skrifl. brtt. (sjá þskj. 300) samþ. 16 shlj. atkv.
Brtt. 300 samþ. með 16:3 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu
já: BFB, EÁ, GeirG, GH, HFS, JónÁ, MJ, MÓ, AJ, PÞ, SteinG, ÞK, AuA, BGuðbj, BJ, ÁB.
nei: EggÞ, JÁH, StH.
RA greiddi ekki atkv.
Frv., svo breytt, samþ. með 18 shlj. atkv. og endursent Nd.

Efri deild, 45. fundur.

Þriðjudaginn 18. des., að loknum 44. fundi.

Tollskrá o. fl., frv. (þskj. 302, 250). — 3. umr.

Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði samþ. með 17 shlj. atkv.

Jón Árm. Héðinsson: Herra forseti. Á þskj. 250 ber ég fram ásamt hv. 1. landsk. þm. tvær brtt. við 3. gr. frv. undir heimildarlið:

„1. Að endurgreiða með nánar ákveðnum skilyrðum gjöld af efni, vélum og tækjum í hitaveitur."

Sá atburður gerðist á laugardaginn var á Suðurnesjum, að stofnað var til samveitu með Suðurnesjum, og ríkisvaldinu, og mér þykir rétt að vekja athygli á þeirri hugmynd, að hitaveitur njóti sama réttar í sambandi við tollaeftirgjafir og rafveiturnar. Þess vegna berum við þessa till. fram og segjum í till.: „*með nánar ákv. skilyrðum*" af hendi rn. Tel ég, að það sé vel hægt að verða við því varðandi stofnveiturnar, því að það hefur komið fram í ræðum manna á hv. Alþ., að ekki er um betri kjarabót að ræða nú fyrir almenning á landinu á þeim stöðum, þar sem það er hægt, en að framkvæma hitaveitu og útvega mönnum heitt vatn. Og það mundi flýta fyrir því að gera stofnveituna eins ódýra og hægt er, af því að við verðum að útvega mikið lánsfé í því efni, hvort sem um er að ræða bæjarfélög eða aðrar samvinnuheildir.

2. liðurinn er varðandi það að endurgreiða af nýsitækjum í skólum. Það mætti segja, að þessi liður fari, eins og frsm. meiri hl. sagði, úr vinstri vasanum í þann hægri. En það er nú svo, að fjárveitingar eru oftast eins lágar og hægt er að komast af með, en ekki öfugt, þannig að ég held, að það mundi flýta fyrir þróun nútímakennslutækni, að ekki verði reiknað með eins háum gjöldum og tollar eru af þessum hlutum í tollskrá.

Ég vænti þess a. m. k., að hv. d. geti léð því lið að liðka til í sambandi við stofnveitur í þágu hitaveituframkvæmda.

ATKVGR.

Brtt. 250, 1 samþ. með 19 shlj. atkv.
— 250, 2 samþ. með 12:1 atkv.
Frv., svo breytt, samþ. með 11 shlj. atkv. og afgr. til Nd.

Neðri deild, 46. fundur.

Þriðjudaginn 18. des., að loknum fundi í sameinuðu þingi.

Norðurlandasamningur um hjúskap, ættleiðingu og lögráð, frv. (þskj. 248). — 1. umr.

Forsrh. (Ólafur Jóhannesson): Herra forseti. Það frv., sem hér liggur fyrir, er um það að veita ríkisstj. heimild til að fullgilda samning, sem undirritaður var í Stokkhólmi 20. nóv. s. l., en sá samningur eða það samkomulag felur í sér nokkrar breytingar á Norðurlandasamningi frá 1931 um hjúskap, ættleiðingu og lögráð. Ástæðan fyrir þessum viðbótarsamningi nú er sú, að Svíþjóð hefur sett hjá sér ný hjúskaparlög, sem eru nokkuð á annan veg en hin samræmdu hjúskaparlög á hinum Norðurlöndunum, og þessum viðbótarsamningi er ætlað að brúa það bil, sem þar er á milli, og leysa úr þeim vandkvæðum, sem af því lagamisræmi gætu hlotist.

Það er gert ráð fyrir því, að þessi viðbótarsamningur á milli Norðurlandanna öðlist gildi 1. jan. eða 1. júlí næst á eftir, að hann hefur verið fullgiltur, og er nú lögð áhersla á það af hálfu hinna Norðurlandanna, að það sé gengið frá þessu fyrir 1. jan. Þess vegna er óskað eftir þessari lagaheimild nú fyrir áramótin, og er óskað eftir því, að þetta frv. verði afgreitt, áður en þingi er frestað.

Frv. hefur gengið í gegnum Ed. og var þar afgreitt alveg ágreiningslaust. Ég vona, að hér verði ekki heldur neinn ágreiningur um það og hægt verði að afgreiða það á þeim stutta tíma, sem eftir er fram að jólaleyfi.

Samningur þessi er prentaður þarna með sem fskj., og í aths. eru gefnar skýringar á því, hvers efnis þær greinar eru, sem þar er um að ræða. Ég sé ekki ástæðu til að fara að lesa það upp hér eða gera nánari grein fyrir því, en ég vil leyfa mér að óska þess, að frv. verði að lokinni þessari 1. umr. vísað til hv. allshn. Vil ég beina þeim tilmælum til hennar, að hún vildi nú svo vel gera að afgreiða þetta frv. með nokkrum hraða. Ég veit ekki, hvort hér eru nokkrir allshn.-menn í salnum, en það verður þá reynt að hafa samband við þá. Ég leyfi mér sem sagt að leggja til, að frv. sé vísað til hv. allshn.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 21 shlj. atkv. og til allshn. með 21 shlj. atkv.

Lyfjaframleiðsla, frv. (þskj. 283) — 1. umr.

Of skammt var liðið frá útbýtingu frv. — Afbrigði samþ. með 19 shlj. atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: EðS, EBS, EystJ, HES, HV, IngJ, IG, KP, MK, MB, ÓE, ÓlJ, PJ, PP, VH, ÞÞ, ÁÞ, BP, GilsG. GTh, greiddi ekki atkv.

20 þm. (FÞ, GS, GuðlG, GunnG, GÞG, BK, JSk, GÞ, JJ, LárJ, LJós, MÁM, PS, RH, StefG, SV, SvJ, SvH, BGr, BGuðn) fjarstaddir.

Heilbr.- og trmrh. (Magnús Kjartansson): Herra forseti. Þess gerist ekki þörf, að ég fylgi þessu frv. úr hlaði hér í Nd. með langri ræðu. Ég flutti þetta mál á síðasta þingi og þá í hv. þd. hér. Um það urðu nokkrar umr., og um það var fjallað í n. Að þessu sinni var það hins vegar lagt fram í Ed., og stafaði það af því, að ég hef lagt það fyrir mín rn. að skipta málum á milli d. Það kom fram í fyrra réttmæt gagnrýni frá Ed. um, að það væru lögð fram fleiri mál í Nd. en Ed. Þess vegna lenti þetta mál þar fyrst að þessu sinni, og Ed. er búin að fjalla um það og afgreiða það frá sér.

Þetta frv. fjallar um lyfjaframleiðslu. Í I. kafla þess eru almenn ákvæði um lyfjaframleiðslu, þar sem kveðið er á um eftirlit og öryggisatriði í sambandi við nútímaviðhorf á því sviði.

II. kafli frv. er um sameiginlegt fyrirtæki um lyfjaframleiðslu, en þar er íslenska ríkinu heimilað að gerast stofnaðili að fyrirtæki ásamt einkaaðilum, og er að því stefnt, að hvor aðili eigi þarna helmingsaðild. Þetta er hugmynd, sem upphaflega er komin frá Apótekarafélagi Íslands. Rn. hefur rætt þetta mál við þá apótekara, sem stunda lyfjaframleiðslu, og mér virðist vera áhugi á því að koma slíku sameiginlegu fyrirtæki á laggirnar. Raunin er sú, að lyfjaframleiðsla hér á Íslandi hefur verið að dragast saman, vegna þess að við höfum ekki komið upp nægilega öflugu og myndarlegu fyrirtæki, vegna þess að markaður okkar er svo takmarkaður, að við höfum naumast tök á því að reka lyfjaframleiðslu í stórum stíl nema í einu fyrirtæki. II. kafli fjallar um þetta.

III. kafli fjallar svo um verðlagningu lyfjaframleiðslu og önnur ákvæði eru í IV. kafla.

Þegar þetta mál var til umr. í Ed., kom fram nokkur gagnrýni á fyrirkomulag frv. Menn töldu, að hægt hefði verið að stefna að þessu marki á annan hátt en gert er ráð fyrir í frv. En mér virtist af þeim umr., sem ég fylgdist þar með, ekki vera neinn ágreiningur um það meginmarkmið að koma á samvinnu ríkisins og einkaaðila um að reyna að efla innlenda lyfjagerð, og frv. var að lokum samþ. þar mótatkvæðalaust.

Ég legg svo til, herra forseti, að frv. verði að lokinni 1. umr. vísað til 2. umr. og hv. heilbr.- og trn.

Ellert B. Schram: Herra forseti. Þegar þetta mál var hér á dagskrá í Nd. á s. l. þingi, gerði ég grein fyrir sjónarmiðum mínum við 1. umr. þess máls, þar sem ég hreyfði margvíslegum aths. við þetta frv. En það frv., sem nú er lagt fram, er í öllum aðalatriðum mjög líkt því frv., sem þá var lagt fram. Með hliðsjón af því, að fram hafa komið aths. í Ed. gegn þessu frv., sem hafa hnigið í svipaða átt og aths. mínar gerðu á s. l. vetri, tel ég ekki ástæðu til að fara mörgum orðum um þetta frv. eða endurtaka sjónarmið mín, sem hér hafa komið fram, en almennt segja, að ég tel fulla ástæðu til þess, að ábendingar, sem fram hafa komið frá þeim aðilum, sem hafa sent umsagnir, séu skoðaðar af gaumgæfni, og ég sé enga knýjandi ástæðu til, að þetta mál fái neina sérstaka og skjóta afgreiðslu hér í þinginu.

Ég á bágt með að skilja, hversu áhugi hæstv.

heilbrrh. er mikill á að fá þetta frv. samþykkt á þeim tíma, þegar almennt er talað um það meðal stjórnmálamanna og reyndar meðal þjóðarinnar, að nóg sé um ríkisútgjöld og kostnað af hálfu hins opinbera, þótt ekki sé verið að bæta þar enn á, eins og þetta frv. gerir ráð fyrir. Samkv. fróðra manna áliti má gera ráð fyrir því, að ef þetta frv. verður að lögum, muni það kosta tugi, ef ekki hundruð millj. fyrir ríkissjóð, og ekki síst með hliðsjón af því, að sú starfsemi, sú framleiðsla, sem frv. gerir ráð fyrir, er nú í nokkuð góðum höndum og hana mætti laga innan núv. ramma, er enn minni ástæða til þess, að þetta frv. fái skjóta afgreiðslu eða sé endilega samþykkt að svo stöddu.

Ég ítreka það, að ég mun ekki fara hér út í efnislegar umr. eða gera einstakar aths., en ég álít, að það sé nauðsynlegt, að sú n., sem fær þetta mál til meðferðar, skoði það frá öllum hliðum og átti sig á því, hvort ekki sé mögulegt að hrinda þeim málum í framkvæmd, sem gert er ráð fyrir, innan þeirrar löggjafar, sem nú er.

Þær aths., sem ég hef við þetta frv., fjalla fyrst og fremst um II. kafla frv., en ekki um I. kafla, sem ég tel vera eðlilegan og reyndar vera þannig, að hægt sé að samþykkja eða setja inn í núgildandi lög, án þess að þetta frv. sé samþykkt.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 21 shlj. atkv. og til heilbr.- og trn. með 23 shlj. atkv.

Skipulagslög, frv. (þskj. 273). — 3. umr.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 24 shlj. atkv. og afgr. til Ed.

Neðri deild, 47. fundur.

Þriðjudaginn 18. des., að loknum 46. fundi.

Löndun á loðnu til bræðslu, frv. (þskj. 75, n. 291). — 2. umr.

Of skammt var liðið frá útbýtingu nál. — Afbrigði samþ. með 21 shlj. atkv.

Frsm. (Garðar Sigurðsson): Herra forseti. Sjútvn. hv. d. hefur athugað þetta frv. á fundum sínum. Þetta frv. er líkt því frv., sem var hér á ferðinni á síðasta þingi, með nokkrum breyt., sem loðnunefnd hefur lagt til, að gerðar verði eftir þeirri reynslu, sem lögin hafa fengið á loðnuvertíðinni. N. leggur til, að frv. verði samþ. óbreytt.

ATKVGR.

1. gr. samþ. með 23 shlj. atkv.
2.—6. gr. samþ. með 23 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 24 shlj. atkv.

Veiðar með botnvörpu, flotvörpu og dragnót í fiskveiðilandhelgi, frv. (þskj. 285). — Ein umr.

Of skammt var liðið frá útbýtingu frv. — Afbrigði samþ. með 21 shlj. atkv.

Sjútvrh. (Lúðvík Jósepsson): Herra forseti. Frv. þetta er nú komið hingað aftur til Nd., eftir að Ed. hefur fjallað um málið. Í Ed. voru gerðar nokkrar breyt. á frv., en þær breyt. er að finna á þskj. 270.

Segja má, að í 1. brtt. á því þskj., sem er í 4 liðum, sé ekki um neinar efnisbreytingar að ræða frá því, sem ákveðið var við afgreiðslu málsins í hv. Nd. Hér er um vissar leiðréttingar að ræða, sem voru nauðsynlegar og til þess að gera viss ákvæði nokkru skýrari. Hér er því ekki um efnisbreytingu að ræða, heldur hreinlega byggt á því meginsamkomulagi, sem afgreiðslan í hv. Nd. byggðist á.

En í 2. brtt. á þessu þskj., 270, er aftur um nokkra efnisbreytingu að ræða, og þar er um ágreiningsatriði að ræða, sem hefur komið glöggt fram hér í umr. Þar er gert ráð fyrir því að breyta aftur í upphaflegt form, eins og gert var ráð fyrir í upphaflega frv., ákvæðum í 10. gr. frv. undir stafl. 1. Eins og hv. þdm. muna eftir, var í upphaflega frv. gert ráð fyrir því, að þær heimildir, sem veittar eru í 10. gr. fyrir ráðh., skyldu ekki ná til þess að heimila dragnótaveiðar á Faxaflóa. Við afgreiðslu málsins í Nd. var þetta sérstaka ákvæði varðandi Faxaflóa fellt niður og því slegið föstu, að rétt væri, að sama regla gilti um Faxaflóasvæðið og önnur svæði við landið. Hv. Ed. hefur ekki viljað fallast á þetta sjónarmið og sett á nýjan leik þetta ákvæði inn í 10. gr. Í því formi, sem frv. er nú, er þetta komið inn og gr. því orðin eins orðuð og hún var í frv. upphaflega.

Aðrar breyt. hafa ekki verið gerðar á frv. í Ed., og ég tel því, að eins og frv. liggur nú fyrir, sé í öllum aðalatriðum byggt á því samkomulagi, sem varð um afgreiðslu málsins hér í Nd.

Ég vil vænta þess, að hv. d. fallist á að afgreiða málið í þeim búningi, sem það kemur nú frá Ed., þannig að það þurfi ekki að hrekjast lengur á milli deilda, því að það má telja alveg augljóst, að fari Nd. að breyta þessu ákvæði varðandi Faxaflóann á nýjan leik, lendir málið í Sþ., og ég sé ekki annað en það sé verið að stefna afgreiðslu málsins í heild í ógöngur, ef það verður gert. Ég held líka, að þó að gert sé að forminu til, eins og hv. Nd. gerði, ráð fyrir því, að ráðh. megi heimila dragnótaveiðar í Faxaflóa á næstu árum eins og annars staðar, þá sé mjög ólíklegt, að nokkur sjútvrh. mundi nota þá heimild, á meðan jafnmikill ágreiningur er um það mál og nú er hjá þeim aðilum, sem eiga mestra hagsmuna að gæta hér við flóann, og það sé mjög ótrúlegt, að þessi heimild yrði notuð. Er þá alveg eins gott að hafa það skýrt og ákveðið í l., að þessi heimild skuli ekki ná til Faxaflóans, og það er í samræmi við lög, sem voru samþykkt um þetta fyrir nokkru. Þetta segi ég, þó að það sé skoðun mín, að það eigi ekki að telja neinn almennan mun á Faxaflóasvæðinu og öðrum svæðum við landið varðandi

þessar veiðar. Ég met það að jöfnu við mörg önnur svæði. En ég vil vænta þess, að menn fari ekki að togast á um þetta atriði, ekki veigameira en það er í sjálfu sér. Það eru því eindregin tilmæli mín til hv. þd. að fallast á að samþykkja frv. í þeim búningi, sem það er nú, eftir að það hefur fengið afgreiðslu í Ed., og það verði þar með gert að lögum.

Sverrir Hermannsson: Herra forseti. Ég get því miður ekki orðið við þeim tilmælum að fallast á, að frv. verði svo búið afgreitt úr hv. d. Það er að vísu svo, að ég hef áður lýst því yfir, að þetta frv. er með þeim hætti, að því fer víðs fjarri, að ég sé ánægður með það. Það er raunar svo, að það byggist á allt öðrum forsendum en ég hefði kosið. Ég vil enn fremur fara eindregið fram á það við hæstv. forseta, að hann fresti þessari umr., af því að hér er fjarstaddur af óviðráðanlegum orsökum sá maðurinn, sem einna mestan áhuga hafði á þeirri breyt., sem tekin var inn af hv. d., en felld í Ed. og varðar undanþágur til veiða í Faxaflóa, og það er hv. 10. þm. Reykv., Pétur Sigurðsson.

Ég vil leyfa mér að bera fram skriflega brtt. við frv., eins og það hljóðar nú. Sú brtt. var borin fram í Ed. og er við 10. gr., þar sem segir svo, með leyfi forseta:

„Ráðh. er heimilt, að fenginni umsögn Hafrannsóknastofnunarinnar, að veita eftirgreindar veiðiheimildir í fiskveiðilandhelginni, auk þess, sem annars staðar er getið í lögum þessum."

Í stað þess að binda umsögnina einvörðungu við Hafrannsóknastofnunina, leyfi ég mér að leggja til, að tillgr. hljóði svo:

„Ráðh. er heimilt að fenginni umsögn Fiskifélags Íslands og Hafrannsóknastofnunarinnar" o. s. frv.

Við vitum, að í Hafrannsóknastofnuninni eru fiskifræðingar okkar, en á hinn bóginn á Fiskifélag Íslands að vera hinn fiskveiðapólitíski aðili, sá sem að sjálfsögðu gætir sérstaklega hagsmuna útgerðarinnar í landinu. Þá leiðir af sjálfu sér, að óþarft er niðurlag síðustu mgr., þar sem segir:

„Togveiðiheimildir samkv. tölul. nr. 1—8 skulu jafnan vera tímabundnar, og auk umsagna Hafrannsóknastofnunarinnar" o. s. frv.

Það niðurlag er óþarft, og fyrir því legg ég til, að síðasta mgr. 10. gr. hljóði svo:

„Togveiðiheimildir samkv. tölul. nr. 1—8 skulu jafnan vera tímabundnar."

Eins og ég sagði, fer ég fram á það, að umr. verði frestað. Ég sé ekki, að nein vá sé fyrir dyrum um framgang málsins eftir sem áður. Þetta mál er það margrætt og þaulrætt, að ég á ekki von á því, að um langar frekari umr. verið að tefla, aðeins að þeim hv. þm., sem mestra hagsmuna hefur að gæta varðandi höfuðbreytinguna, sem fram fór í hv. Ed., gefist kostur á því að láta í ljós skoðun sína nú. Þetta mál, eins og ég segi, hefur verið það þaulrætt, og enda þótt ég sé með örlitlar brtt. við það, þá á það ekki að leiða til þess að verða frv. að neinu fótakefli. Mínar till. eru, má segja, þann veg úr garði gerðar, að frekar er um leiðréttingu að tefla, enda er tekið upp úr síðustu mgr. 10. gr., að ráðh., ef honum þykir ástæða til, skuli leita umsagnar Fiskifélagsins. Til þess að taka af öll tvímæli um þetta, er þessu bætt inn í, enda einvörðungu um það að ræða, að þarna sé það niðurnjörvað, að hann skuli einnig leita umsagnar Fiskifélagsins ásamt með Hafrannsóknastofnuninni.

Ég bið hæstv. forseta að taka við hinni skrifl. brtt.

ATKVGR.

Afbrigði um skrifl. brtt. (sjá þskj. 297) samþ. með 24 shlj. atkv.

Forseti (Gils Guðmundsson): Í sambandi við meðferð þessa máls vil ég taka það fram, að ég hafði að vísu vænst þess, að það væri orðið svo þaulrætt, að hægt hefði orðið að ljúka þessari umr. nú á fundinum. Hins vegar gerði ég ráð fyrir og geri ráð fyrir að fresta atkvgr. En með hliðsjón af því, sem hv. 4. þm. Austf. sagði, skal ég verða við þeim tilmælum að ljúka ekki umr. nú. En það er gert í trausti þess, að ekki þurfi að verða mjög langar umr. héðan af um þetta mál, þar sem ljóst er, að það verður að fá afgreiðslu fyrir jól, þar sem allar togveiðiheimildir falla úr gildi um næstu áramót. Ég mun sem sagt verða við því að slíta ekki umr. í trausti þess, að það þurfi ekki að verða mjög langar umr. um málið að þeim umr. loknum, sem hér fara fram nú.

Frsm. (Garðar Sigurðsson): Herra forseti. Eins og hæstv. sjútvrh. sagði í ræðu sinni, er 1. brtt. hv. Ed. að nokkru leiðrétting, sem ekki kom í ljós fyrr en heldur seint. Á fundi sjútvn. Nd. þegar þessi atriði voru samþ. um svæði, sem markast af línu, sem dregin er réttvísandi suður úr Reykjanesaukavita að línu, sem hugsast dregin réttvísandi 240° frá Hafnarbergi, hafði einhvern veginn farist fyrir að nefna það, að togararnir yrðu að fara út fyrir 12 mílur á þessu litla svæði. Um það eru a- og b-liður í 1. brtt. frá Ed., og getum við vissulega fallist á það í sjútvn. Nd.

Síðan eru c- og d-liður einnig um þetta svæði. Þar er um breyt. að ræða frá Ed., sem er fólgin í því, að bátum milli 105 og 350 tonna er þarna ýtt út fyrir 6 mílur. Get ég fyrir mitt leyti fallist á það. Þetta er ekki stórvægileg breyt., þó heldur í þá átt að koma í veg fyrir árekstra á þessu viðkvæma svæði.

Þá komum við að 2. brtt. Hún er það, sem hefur verið deilt mest um í sambandi við meðferð þessa máls, hvort eigi að veita dragnótaheimildir í Faxaflóa. Ég var þeirrar skoðunar, að það gæti ekki gert mikið til, þótt nokkrir bátar, sem ekki mega vera stærri en 45 rúmlestir, fengju að koma þarna inn. Hér er um allra minnstu bátana að ræða. Þarna er ekki verið að hleypa inn neinum stórum fiskiflota, það eru örfáir litlir bátar undir 45 tonnum, sem eiga að fá að vera þarna, og áður en þeir fá að vera þarna, þurfa fiskifræðingar að mæla með því, og svo þarf ráðh. að veita heimild, þannig að það er tryggt, að þarna verður alls ekki um neina ofveiði eða rányrkju að ræða, þó

að örfáir litlir bátar undir 45 tonnum fái að koma inn á þetta svæði um takmarkaðan tíma á haustin. Ég var þessarar skoðunar og er sömu skoðunar enn, og ég get ekki fallist á þessa breyt. Ed. Þetta kemur auðvitað til atkv. eins og annað. Þingið á auðvitað að skera úr um það, og við það verða menn að sætta sig. Sem sagt er þarna ekki um neinar breyt. að ræða, sem máli skipti, nema um þessar dragnótaveiðiheimildir.

Eysteinn Jónsson: Herra forseti. Það er aðeins út af þessu atriði um Faxaflóann. Einhvern veginn finnst mér þau mál vera þannig vaxin, að flestir hefðu viljað geta haft meiri friðun í frv. en þar er. En að athuguðu máli telja menn víst ekki, að út í það sé hægt að leggja og menn verði að sætta sig við þær friðunaraðgerðir, sem í frv. er að finna, enda líka málamiðlun. Við vitum, að það er erfitt að koma friðunarráðstöfunum við, það er ekki létt í meðförum að koma slíku á. En nú er Faxaflóinn friðaður eins og stendur, og mér finnst það vera óskynsamlegt að gera því skóna í þessu frv. að heimila opnun Faxaflóa fyrr eða öðruvísi en ráðgert er í gildandi lögum. Ég vil láta það koma fram, að það er mín skoðun, að þetta geti spillt fyrir okkur út á við, t. d. að ráðgera að draga nú úr friðunarráðstöfunum, sem í gildi eru, eins og þeim, sem nú eru í l. um Faxaflóasvæðið. Mér finnst það ganga þvert á meginstefnu frv., því að þegar það er skoðað í heild, þá gengur það í friðunarátt. Það er hvergi stigið til baka, að ég held, í frv. í friðunarmálunum, nema ef það yrði í þessu ákvæði, ef yrði ofan á að gera ráð fyrir því að opna Faxaflóann meira en verið hefur. Ég er þess vegna mikill stuðningsmaður þess, að þessu verði ekki breytt frá því, sem Ed. hefur gengið frá því, og mér er ómögulegt að skilja, að það sé nokkur nauðsyn á því að sækja það með ofurkappi einmitt núna að opna Faxaflóann fyrr en áður var ráðgert. Vil ég biðja menn að íhuga, hvort það sé ekki skynsamlegt, eins og við erum á vegi staddir með þetta allt, að fresta því, þannig að það sé ekki hægt að segja, að við stígum nokkurs staðar í friðunarmálinu skref til baka. Það held ég, að verði hægt að segja, ef þetta er ekki látið halda eins og er í lögum, en tæpast ella. Þetta mál er dálítið stærra stefnulega séð heldur en í fljótu bragði mætti virðast, og þar að auki er það stórmál út af fyrir sig, hvort eigi að gera þetta. Ég vil því taka undir það með hæstv. sjútvrh., að menn láti frv. vera eins og það nú kemur frá hv. Ed.

Sjútvrh. (Lúðvík Jósepsson): Herra forseti. Hv. 4. þm. Austf., Sverrir Hermannsson, gerði hér grein fyrir till., sem hann flytur til breyt. á 10. gr. frv. Till. nákvæmlega samhljóða var borin fram í hv. Ed. og felld þar. Ég mæli fyrir mitt leyti á móti þessari till. og tel, að hún sé óeðlileg og óþörf og mundi líka verða til þess að fara að setja málið í flækju og kalla á fleiri breyt. Þessi brtt. felur það í sér, að upphaf 10. gr. verði breytt þannig, þar sem nú stendur: „Ráðh. er heimilt, að fenginni umsögn Hafrannsóknastofnunarinnar, að veita eftirgreindar veiðiheimildir í fiskveiðilögsögu," — að binda þetta við, að það skuli ekki aðeins vera umsögn Hafrannsóknastofnunarinnar, heldur skuli einnig vera umsögn Fiskifélagsins. En frv. er allt byggt upp á því og kemur fyrir í mörgum greinum þess, að ætlast er til, að það sé skylda að leita til Hafrannsóknastofnunarinnar, til fiskifræðinganna. Þannig er þetta t. d. í 3. gr. frv. Þar segir: „enda komi til meðmæli Hafrannsóknastofnunarinnar." Í 5. gr. stendur: „að fenginni umsögn Hafrannsóknastofnunarinnar" — og síðar í gr.:" jafnan skal umsögn Hafrannsóknastofnunarinnar liggja fyrir." Og í 6. gr.: „Leita skal álits Hafrannsóknastofnunarinnar" — o. s. frv. Það var alveg skýrt markað sem stefna í frv., að það skyldi leita til Hafrannsóknastofnunarinnar. En ákvæði um að leita sérstaklega til Fiskifélagsins hefur í rauninni enga þýðingu og er óeðlilegt að fara að binda það í lögum. Vissulega getur ráðh. leitað til fleiri aðila, og kemur þá auðvitað ekkert síður til álita að leita til samtaka sjómanna og útgerðarmanna, þeirra samtaka, sem hafa nú meira að segja um þessi mál heldur en Fiskifélagið. Ég er því fyrir mitt leyti á móti því að gera þessa breyt., sé enga þörf á því, vegna þess að hún mundi skekkja uppbygginguna, sem er í frv.

Þetta mál kom fyrir í Ed., þar var till. flutt um þetta, og hún var felld þar. Ég sé ekki ástæðu til að fara að klúðra málið á neinn hátt út af till. eins og þessari. Því leggst ég fyrir mitt leyti á móti henni og endurtek þá skoðun mína, að affarasælast og eðlilegast sé að samþykkja nú frv. í þeim búningi, sem það er, þegar það kemur frá Ed., en fara ekki að þvæla því til Ed. aftur og síðan í Sþ., því að það gæti haft hinar verstu afleiðingar í sambandi við afgreiðslu málsins.

Forseti (Gils Guðmundsson): Eins og ég hef áður sagt, ætla ég að verða við þeim tilmælum að slíta ekki umr., en það er vissulega gert í trausti þess að, sú frestun verði ekki til þess að þetta mál nái ekki fram að ganga, þar sem ég vænti, að allir hv. alþm. geri sér ljóst, að á því er full nauðsyn.

Umr. frestað.

Tekjuskattur og eignarskattur, frv. (þskj. 171). — Frh. 1. umr.

Gylfi Þ. Gíslason: Herra forseti. Ég tel rétt að segja nokkur orð um þetta frv. þegar við 1. umr. þess, vegna þess að við þm. Alþfl. höfðum áður flutt till. til þál., sem að ýmsu leyti gengur í sömu átt og sú stefna, sem mörkuð er með þessu frv. Það virðist m. ö. o. vera skoðun beggja stjórnarandstöðuflokkanna, að tími sé kominn til að gerbreyta um stefnu í íslenskum skattamálum og hætta að innheimta tekjuskatt til ríkisins af almennum launatekjum.

Ástæðan til þessarar stefnu, sem boðuð var fyrst í till. okkar Alþfl.-manna til þál. og enn er nú boðuð í þessu frv. sjálfstæðismanna til breyt. á skattal., er sú, að skattheimta undir forustu núv. ríkisstj. er komin út í algerar ógöngur,

hún er orðin óhófleg, og í raun og veru hefur skapast ringulreið í tekjuskattheimtu ríkisins. Þessi óhóflega skattheimta kemur hvað gleggst fram í því, að svo skuli nú komið, að barnlaus hjón megi ekki hafa meira en 450 þús. kr. í hreinar tekjur á þessu ári til þess að lenda ekki í 55% skattgreiðslu af tekjum sínum. Hún kemur einnig fram í því, að þriggja barna fjölskylda má ekki hafa meiri tekjur en 590 þús. kr. á þessu ári án þess að lenda í 55% skattgreiðslu af tekjum sínum. Slíkt skattakerfi fær ekki staðist til lengdar. Það hlýtur að hrynja. Hvaða stjórn sem er hlýtur í raun og veru að beita sér fyrir breyt. á slíku skattakerfi.

Nú hafa báðir stjórnarandstöðuflokkarnir sett fram sín sjónarmið um þetta efni, og nú er þess að vænta, að ríkisstj. sýni, að hún læri af reynslunni og leiðrétti það ranglæti, sem hún innleiddi fyrir tveimur árum. Það ætti að vera henni sérstök hvatning í því efni, að verkalýðshreyfingin hefur gert það eitt af aðalstefnumálum sínum í þeim kjarasamningum, sem yfir standa, að skattal. verði breytt einmitt í þá átt, sem stjórnarandstaðan hefur bent á.

Ég tel rétt, að það komi fram þegar við 1. umr. þessa frv., að við Alþfl.-menn teljum það ekki vera líklegustu og vænlegustu leiðina til að fá fram leiðréttingu í þessum efnum að flytja frv. til breyt. á skattal., þar sem kveðið sé á um öll einstök framkvæmdaatriði, eins og þm. Sjálfstfl. hafa gert í þessu frv. Við kusum að fara þá leið að flytja till. til þál. um, að skattalöggjöfin skyldi endurskoðuð, og marka í till. þá stefnu, sem fylgja skyldi við þá endurskoðun. Ástæðan til þess, að við töldum rétt að fara þessa leið, er einfaldlega sú, að augljóst er, að breyt. á skattal. verður ekki gerð nema með samstarfi milli flokka á Alþ. og samstarfi á milli stjórnmálamanna annars vegar og sérfræðinga hins vegar. Skattalög eru það flókin lagasetning, að nauðsynlegt er, að að henni vinni sérfræðingar ásamt stjórnmálamönnum, og það er líka augljóst, að víðtækt samstarf þarf að vera á milli stjórnmálaflokkanna, ef von á að verða til þess, að einhver breyting nái fram að ganga, en eftir því, um hvað verður samkomulag, um hvað verður málamiðlun, þarf lagaákvæði í einstökum atriðum að sjálfsögðu. Þess vegna töldum við, að ekki væri rétt að færa hugsanlegar breyt. á tekjuskattsl. í lagabúning, fyrr en útséð væri, um hvaða breytingar gæti orðið samkomulag milli flokka á hinu háa Alþ., þ. e. a. s. um hvað gæti tekist samstaða. Þegar það lægi ljóst fyrir, væri rétti tíminn kominn til að færa hugmyndirnar í frv.-form eða lagabúning.

En þótt við Alþfl.-menn hér á þingi teljum, að þetta frv. stefni í rétta átt, að svo miklu leyti sem það miðar að því að létta tekjuskattsbyrði af launþegum, er því ekki að leyna, að við teljum það vera veigamikinn galla á frv., að það gerir ekki ráð fyrir neinni tekjuöflun í stað þess tekjumissis, sem ríkissjóður hlýtur að verða fyrir, 4—5 milljarðar kr., ef tekjuskattur af almennum launatekjum verður felldur niður. Ég tel þetta vera alvarlegan galla. Frv. virðist vera byggt á þeirri hugsun, að unnt sé að bæta ríkissjóði þær tekjur, sem hann missir við lækkun tekjuskattsins, með því móti að spara hjá ríkissjóði, að spara í ríkisrekstrinum. Ekki efast ég um, að unnt væri að spara verulegar fjárhæðir í ríkisrekstrinum með því að taka upp sómasamlega stjórn á ríkisbúinu, sem ekki á sér stað nú, og taka upp ábyrgari afstöðu við fjárlagaafgreiðslu en horfur virðast vera á, að nú muni eiga sér stað. Engu að síður, þótt ég telji, að hægt sé að spara verulegar fjárhæðir, hvarflar ekki að mér, að hægt sé að spara allt það, sem ríkissjóður mundi missa í í tekjum við það að lækka tekjuskattinn jafnmikið og við gerum ráð fyrir í till. okkar og þm. Sjálfstfl. gera ráð fyrir í frv. sínu. Þegar ekki er bent á tekjustofna til að standa undir lækkun skattsins, óttast ég, að málið verði ekki tekið alvarlega, að tillöguflutningur í þessa átt verði ekki tekinn alvarlega og það spilli því í raun og veru fyrir þeim góða málstað, sem það er að stinga upp á að gera till. um lækkun á tekjuskatti á almennum launþegum. Þess vegna harma ég það, að þm. Sjálfstfl. skuli hafa tekið svo létt á þessu máli að telja sér ekki skylt að benda á tekjuöflunarmöguleika í staðinn.

Þetta töldum við þm. Alþfl. við ekki mega leyfa okkur og ekki geta leyft okkur. Þetta vildum við ekki leyfa okkur, vegna þess að okkur er fullkomin alvara með flutningi þessa málsstaðar okkar. Okkur er fullkomin alvara um það, að brýna nauðsyn beri til að afnema tekjuskatt á almennum launatekjum, og þá finnst okkur gefa auga leið, að við getum ekki ætlast til þess, að till. okkar um þetta efni yrðu teknar alvarlega, nema við jafnframt bentum á tekjuöflunarmöguleika í staðinn, og það gerðum við í till. okkar. Við bentum á, að hægt væri að vinna upp tekjurnar með því að halda viðlagasjóðsgjaldinu, sem ella ætti að falla niður 1. mars n. k. og nemur tveimur söluskattsstigum og hækka söluskattinn um 2—3 stig til viðbótar. Við gerum okkur að vísu ljóst, að þetta, að breyta tekjuskatti í svona ríkum mæli í söluskatt, gæti haft í för með sér, að ýmsar tekjulágar stéttir, margir tekjulágir einstaklingar mundu greiða meira í söluskatt eftir kerfisbreytingu en þeir hefðu áður greitt í tekjuskatt. Við þessu reyndum við að sjá með því að gera till. um stofnun sérstaks sjóðs, sem ætti að starfa innan almannatryggingakerfisins og ætti að nota til að hækka tekjur hinna lægst launuðu, þ. e. a. s. þeirra, sem sköðuðust á kerfisbreytingunni. Við gerðum líka till. um tekjuöflun í þennan sjóð með því að halda ýmsum gjöldum, sem lögleidd voru í sambandi við viðlagasjóðsmálið og mundu gefa á ársgrundvelli, miðað við núverandi aðstæður, um 600—700 millj. kr. í tekjur. M. ö. o.: við reyndum að öllu leyti að taka eins ábyrgt á málinu og við frekast gátum hugsað okkur í því skyni að sýna, að okkur væri fullkomin alvara, það væri fullkomin alvara á bak við till. okkar um hina brýnu nauðsyn þess að létta tekjuskatti af almennum launþegum.

Enn fremur vil ég geta um tvö atriði, sem ég tel vera galla á frv. þeirra sjálfstæðismanna. Í fyrsta lagi tel ég frv. gera ráð fyrir allt of miklum mun á skattalækkun hátekjumanna og lágtekjumanna. Mér þykja þeir skattstigar og þær reglur almennt, sem settar eru í frv., gera ráð fyrir því, að hátekjumenn hagnist óeðlilega miklu meira en lágtekjumönnum er ætlað að

hagnast á þessari skattbreytingu, og þetta tel ég vera galla. Ég tel þetta líka vera vel til þess fallið að efla andstöðu við þá ágætu hugmynd, sem það er að létta tekjuskatti af almennum launþegum, að hætta innheimtu tekjuskatts af almennum launatekjum. Ef hægt er að benda á jafnmikla ívilnun til handa hátekjumönnum og hægt er að gera með tilvísun til frv. þeirra sjálfstæðismanna, miðað við það, sem lágtekjumenn munu hagnast á tekjuskattslækkuninni, þá óttast ég, að hægt verði að gera allt málið tortryggilegt, því miður. Þess vegna gerum við ekki ráð fyrir jafnmiklum mun á skattalækkun í krónum talið hjá hátekjumönnum og lágtekjumönnum og verða mundi afleiðing af samþykkt frv. þeirra sjálfstæðismanna.

Þá vil ég víkja að reglum frv. um sérsköttun hjóna. Gert er ráð fyrir að sinna því réttlætismáli, sem sérsköttun hjóna hlýtur að teljast, á þann hátt að skipta tekjum og eignum hjóna ávallt í tvo helminga, ávallt í tvennt. Það mundi þýða, að ef hjón hafa 2 millj. kr. tekjur t. d. og eiginmaðurinn borgar nú tekjuskatt af 2 millj. kr., þá mundi hvort hjóna um sig borga tekjuskatt af 1 millj. kr., og mundi skatturinn því, miðað við heilbrigðan tekjuskattsstiga, verða miklu lægri, miðað við þessa reglu varðandi sérsköttun hjóna. Við höfum stungið upp á því að fara aðra leið í þessu efni, að fara þá leið til að bæta úr því ranglæti, sem samsköttun hjóna er, að ætla giftri konu ávallt vissan hluta af tekjum makans, hvort sem hún vinnur utan heimilis eða ekki, m. ö. o.: allar konur skuli verða sjálfstæðir skattþegnar, hvort sem þær eru giftar eða ógiftar og hvort sem þær afla sér tekna með vinnu utan heimilis eða ekki. Við gerum ráð fyrir því að ætla giftri konu tekjur, sem svara til hæfilegra, venjulegra launa — í lægri kantinum þó, t. d. 300—400 þús. kr., minna mætti það ekki vera. Varðandi þau hjón, þar sem eiginmaðurinn hefði 2 millj. kr. tekjur, mætti ætla konunni af því 300—400 þús. kr. tekjur, en skattleggja síðan 1.6—1.7 millj. kr. hjá bóndanum. Það er augljóst mál, að lækkun skatts af hátekjum er í þessum tilfellum líka miklu meiri samkv. frv. sjálfstæðismanna en við í Alþfl. teljum eðlilegt og réttmætt.

Ég tel því, að þó að þetta frv. stefni að sjálfsögðu í rétta átt og ég sé meginhugsun þess algerlega sammála og styðji hana, þá meginhugsun þess, að hætta beri að innheimta tekjuskatt af venjulegum launatekjum, tel ég engu að síður frv. vera gallað að mjög verulegu leyti, svo gallað, að mér er til efs, að það styðji eins og vera þyrfti þann góða málstað, sem í því er fólginn að berjast fyrir afnámi tekjuskatts af launatekjum. En úr þessu má eflaust bæta, þegar frv. fer til nefndar.

Ég geri mér vonir um, að till. okkar Alþfl.-manna verði samþykkt, þannig að þá mætti taka allt tekjuskattsmálið upp til heildarathugunar í samstarfi allra þingflokkanna. Þetta vandamál verður ekki leyst öðruvísi en allir þingflokkarnir hefji samstarf um það, með hvaða hætti skynsamlegt og réttmætt sé að setja nýja tekjuskattslöggjöf. Þá gæti það farið saman að athuga þetta frv. þeirra sjálfstæðismanna og aðrar hugmyndir, sem kynnu að koma fram.

Ég tel sem sagt langfarsælustu lausnina á þeim vanda, sem hér er um að ræða, vera að samþykkja till. okkar Alþfl-manna til þál. um að koma nefnd á laggirnar, samstarfsnefnd stjórnmálamanna úr öllum þingflokkunum annars vegar og embættismanna sérfróðra um skattamál hins vegar, og taka síðan núgildandi skattalög, till. sjálfstæðismanna og allar aðrar hugmyndir, sem upp kynnu að koma, til athugunar og undirbúa frv. að skattalögum, sem hægt yrði að afgreiða, áður en þingi lýkur nú í vor, þannig að þau gætu komið til framkvæmda við skattlagningu á tekjur ársins 1973. Ég tel, að við þm. Alþfl. höfum bent á einu færu og einu skynsamlegu leiðina til að koma viti í skattamálin á fyrri hluta næsta árs, þannig að skattheimta af tekjum ársins, sem nú er að líða, geti orðið réttmæt og sanngjörn.

Umr. frestað.

Sameinað þing, 39. fundur.

Miðvikudaginn 19. des., kl. 2 miðdegis.

Samþykki til frestunar á fundum Alþingis, þáltill. (þskj. 274). — Hvernig ræða skuli.

Að till. forseta var ákveðin ein umr.

Fjárlög 1974, frv. (þskj. 243, n. 284, 286, 287, 288, 295). — 3. umr.

Frsm. meiri hl. (Geir Gunnarsson): Herra forseti. Síðan 2. umr. um fjárlagafrv. fór fram, hefur fjvn. haldið 3 fundi, og eru fundir n. vegna fjárlagafrv. þá orðnir samtals 46.

Auk tekjuhliðarinnar voru við 2. umr. óafgreiddir ýmsir stórir útgjaldaliðir, svo sem hækkun lífeyris- og sjúkratrygginga og hækkun launaliða vegna aukningar verðlagsbóta á laun frá 1. des. s. l., svo og hækkun launaliða vegna samninga ríkisins við Bandalag starfsmanna ríkis og bæja, en þeim var þá ekki lokið. Auk þess voru óafgreidd ýmis erindi, þ. á m. allar heimildartillögur.

Eins og ég gat um við 2. umr., komu fulltrúar hagrannsóknadeildar Framkvæmdastofnunar ríkisins, þeir Jón Sigurðsson hagrannsóknastjóri og Ólafur Davíðsson hagfræðingur, á fund fjvn. fyrir 2. umr. og gáfu þá n. bráðabirgðayfirlit um afkomu ríkissjóðs á þessu ári og horfur ársins 1974. S. l. laugardag komu þessir aðilar að nýju á fund fjvn. og gerðu ítarlega grein fyrir endurskoðaðri tekjuáætlun, þeirri sem brtt. meiri hl. fjvn. eru byggðar á. Grg. frá hagrannsóknadeild um endurskoðun tekjuáætlunar hefur að þessu sinni verið afhent öllum fjvn.-mönnum, en sú hefur ekki verið venjan fyrr.

Í kafla um áætlanir um innheimtar tekjur ríkissjóðs á árinu 1973 segir m. a., að undirstaða tekjuáætlunar fjárlagafrv. 1974 hafi verið áætlun um innheimtu 1973, byggð á innheimtureynslu á fyrri helmingi ársins og spá um þann síðari, sem reist var á þjóðhagsspá hagrann-

sóknadeildar, eins og hún var birt í Þjóðarbúskapnum nr. 3 í júlí 1973. Reynslan hafi sýnt, að þessi áætlun hafi verið til muna of lág, enda hafi þróunin á árinu 1973 orðið önnur en búist var við. Raunar hafi farið saman, að aukning þjóðarframleiðslu og þjóðartekna hafi reynst mun meiri en áætlað var framan af árinu og eins hafi vöxtur veltu og verðlagsþróun orðið mun örari á síðari hluta árs en fyrir varð séð um mitt ár. Sérstaklega hafi aukning innflutnings orðið mikil, sem að sjálfsögðu feli í sér tekjuauka fyrir ríkissjóð að óbreyttu tollahlutfalli. Auk þess sé nú fyrirsjáanlegt, að hækkun peningatekna almennings á árinu 1973 verði miklu meiri en reiknað hafi verið með í sumar og gefi einnig ástæðu til endurskoðunar áætlana um álagðan tekjuskatt árið 1974 að óbreyttu skattkerfi.

Í skýrslu hagrannsóknadeildar eru síðan raktar nokkrar samanburðartölur um breyt. á hinum ýmsu þáttum, sem þar eru tilgreindar og valda því, að tekjur ríkissjóðs munu fara verulega fram úr fyrri áætlun. Magnaukning þjóðarframleiðslu 1972—1973 var í júlíspá áætluð 3.6%, en er í desemberspá 5.1%. Magnaukning þjóðartekna var í júlíspá 5.5%, en er í desemberspá 7.5%. Verðmætisaukning útflutnings var í júlíspá 43%, en í desemberspá 49%. Verðmætisaukning útflutnings í heild var í júlíspá 48%, en í desemberspá 58%. Magnaukning almennrar innlendrar verðmætaráðstöfunar var í júlíspá 2.5%, en í desemberspá 5%. Verðhækkun almennrar innlendrar verðmætaráðstöfunar var í júlíspá 20%, en er í desemberspá 24%. Og verðmætisaukning almenns vöruinnflutnings var í júlíspá 27%, en er í desemberspá 40%.

Með hliðsjón af desemberspá um breytingar þessara þátta á árinu 1973 er í þeirri áætlun hagrannsóknadeildar, sem till. meiri hl. fjvn. eru byggðar á um breyt. á tekjuhlið fjárlagafrv., gert ráð fyrir eftirgreindum þjóðhagsforsendum á árinu 1974: Magnbreyting almennrar innlendrar verðmætaráðstöfunar 1973—1974 6.5%, en forsenda frv. var 4.1%. Verðbreyting almennrar innlendrar verðmætaráðstöfunar 10.5, en í fosendum frv. 4.6%. Magnbreyting almenns vöruinnflutnings 8.2% í stað 5%. Verðbreyting almenns vöruinnflutnings að frátöldum olíum 7%, var 4%. Verðbreyting innflutnings að meðtöldum olíum 13%. Í ofangreindum þjóðhagsforsendum, hefur verið gert ráð fyrir aukningu almennrar innlendrar verðmætaráðstöfunar, sem telja má að leiði af nýgerðum kjarasamningum BSRB og ríkissjóðs.

Í þeirri spá hagrannsóknadeildar um tekjur ríkissjóðs, sem lögð er til grundvallar þeim till. um breyt. á tekjuhlið frv., sem meiri hl. fjvn. leggur fram í þskj. 287, er byggt á raunverulegri innheimtu til nóvemberloka og óbreyttri spá hagrannsóknadeildar um innheimtu í desember og á þeim breytingum á þjóðhagsforsendum, sem ég var að rekja. Önnur atriði, sem byggt er á í nýrri tekjuáætlun fyrir árið 1974, eins og hún kemur fram á þskj. 287, eru:

1) Að hækkun tekna einstaklinga á árinu 1973 verði 25% til 26% í stað 23%, eins og gert var ráð fyrir í forsendum fjárlagafrv., en reynslan hefur sýnt, að var of lágt áætlað.

2) Að fallið verði frá hækkun söluskatts.

3) Að afkoma flestra atvinnuvega verði svipuð 1973 og 1972, en hagur sjávarútvegsins er þó að dómi hagrannsóknadeildar mun betri en í fyrra. Er því gert ráð fyrir um 250 millj. kr. hærri álögðum tekjuskatti félaga á næsta ári eða um 33% hækkun.

4) Þótt flutt hafi verið frv. um breyt. á tollskrá á þann veg, að tollar lækki um 600 millj. kr. á næsta ári, er ekki gert ráð fyrir öðrum breytingum á þeim en skylt er að gera samkv. samningum við EFTA og Efnahagsbandalagið, svo sem gert er í fjárlagafrv., en þar er reiknað með 200 millj. kr. lækkun tolla. Verði tollafrv. samþ., þarf því að koma til fjáröflun á móti frekari tollalækkun.

5) Gert er ráð fyrir, að viðlagasjóðsgjöld falli niður 1. mars 1974.

6) Gert er ráð fyrir hækkun á rekstrarhagnaði Áfengis- og tóbaksverslunar ríkisins.

7) Gert er ráð fyrir hækkun niðurgreiðslna um 400 millj. kr. frá fjárlagafrv., en í því var miðað við nokkra lækkun frá því stigi, sem niðurgreiðslur voru á 1. sept. 1973.

8) Miðað er við verðlag og kaupgjald í desember 1973, að öðru leyti en því, að gert er ráð fyrir því, að magnaukning almennrar innlendrar verðmætaráðstöfunar verði þeim mun meiri sem leiðir af nýgerðum kjarasamningum BSRB og ríkisins, jafnframt því, sem útgjaldaaukning vegna samninganna er tekin inn á útgjaldahliðina með sérstakri brtt. til viðbótar þeirri upphæð, sem fyrir var á liðnum óviss útgjöld, til að mæta viðbótarútgjöldum vegna launahækkana. Aðrir væntanlegir kjarasamningar, sem ekki er flutt till. um að gera ráð fyrir í fjárl., mundu leiða af sér frekari hækkanir, bæði á útgjalda- og tekjulið, og er að dómi hagrannsóknadeildar talið líklegast, að slík hækkun tekna gæti orðið mun meiri en útgjaldaauki vegna þeirra samninga.

Þetta eru helstu atriðin, sem byggt er á í nýrri tekjuáætlun, og mun ég nú rekja till. meiri hl. fjvn. um breytingar á einstökum tekjuliðum.

Lífeyristryggingagjald atvinnurekenda hækkar um 38 millj. 300 þús. í 566 millj. kr. Eignarskattur einstaklinga hækkar um 4 millj. kr. í 189 millj. kr. Byggingasjóðsgjald af eignarskatti einstaklinga hækkar um 40 þús. kr. í 1 millj. 890 þús. kr. Eignarskattur félaga hækkar um 2 millj. kr. í 167 millj. kr. Erfðafjárskattur hækkar um 15 millj. kr. í 35 millj. kr. Tekjuskattur einstaklinga hækkar um 246 millj. kr. í 5806 millj. kr. Byggingasjóðsgjald af tekjuskatti einstaklinga hækkar um 2 millj. 460 þús. í 58 millj. 60 þús. kr. Tekjuskattur félaga hækkar um 165 millj. kr. í 922 millj. kr. Byggingasjóðsgjald af tekjuskatti félaga hækkar um 1 millj. 650 þús. kr. í 9 millj. 220 þús. kr. Aðflutningsgjöld hækka um 923 millj. kr. í 7.278 millj., en hlutur Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga hækkar um 46 millj. 150 þús. kr. í 363.9 millj. kr. Tekjur af aðflutningsgjöldum af sjónvarpstækjum hækka um 500 þús. kr. í 34 millj. kr. Byggingariðnaðarsjóðsgjald hækkar um 1 millj. í 9 millj. kr. Tollstöðvagjald hækkar um 4 millj. 615 þús. í 36 millj. 390 þús. Byggingasjóðsgjald af innflutningi hækk-

ar um 4 millj. 615 þús. kr. í 36 millj. 390 þús. Innflutningsgjald af bifreiðum hækkar um 84 millj. kr. í 410 millj. Hagnaður af sölu varnarliðseigna hækkar um 10 millj. 750 þús. kr. í 35 millj. kr. Í stað textans „Gjald af innlendum tollvörutegundum“ kemur: Vörugjald, og hækkar um 19 millj. kr. í 173 millj. kr. Álgjald lækkar um 2 millj. 600 þús. í 52 millj. og 600 þús. kr. Söluskattur lækkar um 487 millj. kr. frá frv. í 7.285 millj. kr. Hlutur sveitarfélaga lækkar um 38 millj. 960 þús. kr. Launaskattur hækkar um 155 millj. kr. í 1.200 millj. kr.

Rekstrarhagnaður Áfengis- og tóbaksverslunar ríkisins hækkar um 578 millj. kr. í 2.958 millj. kr.

Gjald af seldum eldspýtum hækkar um 200 þús. kr. í 1.9 millj. kr. Síldargjald hækkar um 1.1 millj. í 1.7 millj. kr. Ferskfiskmatsgjald hækkar um 7 millj. kr. í 32 millj. kr. Tekjuliðurinn Hluti útflutningsgjalds af sjávarafurðum, hækkar um 3.8 millj. kr. í 19.8 millj. Síldarmatsgjald lækkar um 8 þús. kr. í 2 þús. kr. Síldarsölugjald lækkar um 10 þús. kr. í 10 þús. kr. Stimpilgjald hækkar um 45 millj. kr. í 332 millj. kr. Aukatekjur hækka um 5 millj. kr. í 46 millj. kr. Tekjur af þinglýsingum hækka um 20 millj. kr. í 129 millj. kr. Skrásetningargjald bifreiða hækkar um 700 þús. kr. í 10 millj. kr. Skoðunargjald bifreiða hækkar um 1 millj. kr. í 16.5 millj. kr. Vitagjald hækkar um 900 þús. kr. í 16,5 millj. kr. Liðurinn Hluti af umboðsþóknun og gengismismun gjaldeyrisbankanna lækkar um 10 millj. kr. í 171 millj. kr. Leyfisgjald hækkar um 2 millj. kr. í 13 millj. kr. Skipulagsgjald hækkar um 1.5 millj. í 20 millj. kr.

Þá leggur meiri hl. fjvn. til á þskj. 295, að útgjöld vegna niðurgreiðslna lækki um 400 millj. kr., eins og ég hef áður getið. Hef ég þá rakið brtt. meiri hl. fjvn. og kem þá að till. fjvn. á þskj. 286.

Lagt er til, að 430 millj. kr. verði varið til að mæta útgjöldum vegna hækkunar á kaupgjaldsvísitölu um 7.4% 1. des. s.l. Þar af færast 15 millj. 613 þús. kr. samtals á framlög til fjögurra stofnana í B-hluta, en eftir standa þá á liðnum 414 millj. 387 þús. kr.

Í till. nr. 4 er lagt til, að liðurinn Styrkur til útgáfustarfsemi hækki um 75 þús. kr., en þar er um að ræða greiðslu til Björns Björnssonar vegna útgáfu Linguaphone-námskeiðs á íslensku, sem hann hafði kostnað af að gefa út. Er miðað við það, að hér sé um að ræða síðustu greiðslu. — Þá er og lagt til, að framlag til listasafna verði hækkað um 200 þús. kr. Er þar um að ræða hækkun á styrk til Listasafns Alþýðusambands Íslands, en safnið hefur undanfarið aukið starfsemi sína á þann hátt m.a. að halda sýningar úti á landi. — Lagt er til, að 3.5 millj. kr. verði varið til listahátíðar í Reykjavík á næsta ári, en Reykjavíkurborg greiðir einnig til hátíðarinnar á móti ríkinu. — Þá leggur n. til, að styrkur til Íþróttasambands Íslands hækki um 2 millj. kr. í 9 millj. 639 þús. kr.

Lagt er til, að teknir verði upp tveir nýir útgjaldaliðir hjá Landnámi ríkisins: Til skipulagningar 2 millj. kr. og til varmaveitna 1 millj. kr., en gert mun ráð fyrir slíkum styrkjum í gildandi lögum. Þá er enn fremur lagt til, að framlag til grænfóðurverksmiðja hækki um 5.5 millj. kr. í 20.1 millj. kr. — Lagt er til, að liðurinn Jarðræktarframlög hækki um 850 þús. kr. Þar er um að ræða hluta ríkissjóðs, 65% af launum tveggja héraðsráðunauta. — Þá leggur n. til, að Æðarræktarfélagi Íslands verði veittur 100 þús. kr. styrkur.

Þá er till. varðandi Hafrannsóknastofnunina. Þar sem stofnunin hefur nú eignast fjórða rannsóknarskipið, er lagt til, að liðurinn Leiguskip 6 millj. 459 þús. kr. falli niður, en tekin verði í fjárlögin nýr liður, r/s Dröfn, og nemi 9 millj. 459 þús. kr. eða 3 millj. kr. hærri útgjöld en átti að verja til leiguskipa. Enn fremur verði áætlun um viðgerðarkostnað hækkuð um 3 millj. kr. og viðbótin færð í viðhaldslið r/s Hafþórs. Ég tel, að best færi á, að viðhaldsliður væri ekki sundurliðaður fyrir fram á einstök skip, heldur væri óskiptur á fjárl. og síðan notaður, eftir því sem í ljós kæmi, að eðlilegast væri í framkvæmd. Þyrfti að taka það til athugunar við undirbúning næsta fjárlagafrv. Með þeim brtt., sem hér eru fluttar, verður heildarkostnaður við Hafrannsóknastofnunina um 180 millj. kr., þar af eru laun rúmlega 105 millj. kr.

Lagt er til, að veittar verði 300 þús. kr. vegna Jafnlaunaráðs, en lög um jafnlaunaráð voru samþ. á síðasta þingi, og verður að gera ráð fyrir einhverjum kostnaði af þeim sökum.

Lagt er til, að framlag til lífeyristrygginga hækki um 270 millj. kr. vegna hækkana, sem verða á lífeyrisbótum 1. jan. n.k. í samræmi við hækkun kaupgjaldsvísitölu. Enn fremur flytur n. till. um, að framlag til sjúkratrygginga hækki um 400 millj. kr. Þessi hækkun er áætluð til að mæta væntanlegri hækkun á daggjöldum og svarar til um 25% hækkunar á daggjöldum, sem nú er verið að taka ákvörðun um. Auk þess er í hækkunartölunni gert ráð fyrir útgjaldaaukningu vegna fjölgunar starfsliðs ríkisspítalanna á næsta ári. Þar eru um 134 stöður, þar af eru um 11 nemar. Gert er ráð fyrir, að kostnaðaraukning á árinu 1974 verði af þessum orsökum 9 millj. 647 þús. kr., en vegna þess að margt af þessu fólki er ráðið síðari hluta ársins, er gert ráð fyrir, að útgjöldin verði á ársgrundvelli 56 millj. 378 þús. kr. Starfsliðsaukningin skiptist þannig á stofnanir: Landsspítali 34½ staða. Kleppsspítali 22½ staða. Fæðingardeild 67 stöður, þar af 11 nemar. Vífilsstaðir 4 stöður. Rannsóknarstofnun háskólans 5 stöður. Skrifstofur ríkisspítalanna 1 staða.

Hækkun útgjalda vegna starfsliðsaukningar á sjúkrahúsunum kemur fram í daggjöldum og greiðist að 90% af sjúkratryggingum. Er sá kostnaðarauki reiknaður með í till. um hækkun framlags til sjúkratrygginga, en kostnaðarauki vegna starfsliðsaukningar hjá Rannsóknastofnun háskólans og Skrifstofu ríkisspítalanna færist til útgjalda hjá þeim stofnunum, og flytur n. því till. um, að launaliður hjá Rannsóknastofnun háskólans hækki um 830 þús. kr. og hjá Skrifstofu ríkisspítalanna um 294 þús. kr. Þá er lagt til, að launaliður hjá Heilbrigðiseftirliti ríkisins hækki um 708 þús. kr.

Lagt er til, að veittar verði 10 millj. kr. til fjárfestingar í Kleppsspítala. Er hér um að ræða breytingar á eldhúsi og útbúnaði í því

sambandi til að koma upp matmóttöku á máltíðum frá eldhúsi Landsspítalans. Mun það spara nokkra milljónatugi í fjárfestingu, sem ella væri óhjákvæmileg við byggingu nýs eldhúss fyrir Kleppsspítalann.

Liðurinn bygging sjúkrahúsa o. fl., til undirbúnings framkvæmda, hækkar um 1 millj. kr. vegna Blönduóss.

Liðirnir styrktarfé og ýmis eftirlaun, embættismenn og ekkjur, hækka samtals um 146 þús. kr. vegna hækkunar hjá einum aðila og vegna tveggja nýrra.

Þá leggur n. til, að gert verði í fjárl. ráð fyrir útgjaldaaukningu, sem hlýst af nýgerðum kjarasamningum við opinbera starfsmenn, með því að hækka liðinn óviss útgjöld um 300 millj. kr., en á liðnum eru 100 millj. kr. fyrir, sem voru ætlaðar m. a. til að mæta launahækkunum. Eins og ég áðan greindi, flytur n. þar að auki till. um 430 millj. kr. hækkun útgjalda til að mæta hækkun launa vegna hækkunar verðlagsbóta 1. des. s. l.

Þá leggur n. til, að framlag til landshafna hækki um 18 millj. kr.: vegna hafnarframkv. við Njarðvíkurhöfn 13 millj. og við Rifshöfn 5 millj. kr., og hækka lánahreyfingar til ríkisaðila um sömu upphæð.

Fjvn. leggur fram till. um nýjan lið, Sjóslysanefnd, laun 832 þús. kr. og önnur rekstrargjöld 300 þús. kr. eða samtals 1 millj. 132 þús. kr. Sjóslysanefnd hefur áður verið til húsa hjá Siglingamálastofnun ríkisins, en nú er ráðgert, að starfsemi sjóslysan. flytjist í hús Slysavarnafélagsins á Grandagarði. Hluti launakostnaðar sjóslysan. hefur áður verið færður til gjalda hjá Siglingamálastofnun, og er á fjárlagafrv. gert ráð fyrir útgjöldum hjá stofnuninni af þeim sökum, 560 þús. kr., og er lagt til, að launaliður hjá Siglingamálastofnuninni lækki um þessa upphæð, þegar starfsemi sjóslysan. verður sérstakur liður á fjárlögum.

Þá leggur n. til, að veitt verði 5 millj. kr. framlag til Ferðaskrifstofu ríkisins til landkynningarstarfsemi, en gert er ráð fyrir, að eigin tekjur fyrirtækisins lækki að sama skapi frá fyrri áætlun.

Þá leggur n. til, að önnur rekstrargjöld hjá Rannsóknastofnun byggingariðnaðarins hækki um 600 þús. kr. Til fjvn. hafa borist óskir frá Samtökum sveitarfélaga í Vestfjarðakjördæmi og Austurlandskjördæmi um styrk til að leita að og rannsaka efni til byggingarframkvæmda og vegagerðar, einkum í sambandi við olíumöl. N. taldi eðlilegast að koma til móts við þessar óskir með því að veita Rannsóknastofnun byggingariðnaðarins þessa upphæð til að annast athuganir í þessu skyni.

Fjvn. flytur till. um breytta fjárlagaáætlun fyrir Ríkisútvarpið, þannig að launaliður er hækkaður samkv. hækkun á verðlagsvísitölu, og þeim rekstrarhalla, sem fram kemur í fjárlagafrv., er eytt með hækkun auglýsingataxta hljóðvarps og sjónvarps og hækkuðum afnotagjöldum.

Í B-hluta hækka tekjur fyrir seldar vörur og þjónustu hjá flugmálastjórn á Keflavíkurflugvelli um 17 millj. 490 þús. kr. og fjárfestingar um sömu upphæð. Þá er með till. 35 gert ráð fyrir sundurliðun fjárfestinga Landsspítalans á fjárlögum, en við 2. umr. gerði ég grein fyrir skiptingu upphæðarinnar, 113.2 millj. kr., á einstaka framkvæmdaliði.

Næstu till. eru um hækkun launaliða heilbrigðisstofnana vegna starfsliðsaukningar, sem ég hef áður getið um.

Þá flytur fjvn. till. um breytta áætlun um rekstur Pósts og síma á árinu 1974 miðað við fjárlagafrv. Laun eru færð upp til desemberkaupgjalds og hækkuð um 304 millj. 175 þús. kr. Fjárfestingar eru hækkaðar um 21 millj. 819 þús. kr. í 586 millj. 906 þús. kr. Á móti þessari útgjaldaaukningu eru tekjur hækkaðar um 8.4%, og auk þess er gert ráð fyrir framkvæmdaláni, 143 millj. kr., sem er nýr liður.

Lagt er til, að fjárfestingar Rafmagnsveitna ríkisins verði auknar um 131.3 millj. kr. frá fjárlagafrv. Verður þá varið til framkvæmda á vegum Rafmagnsveitnanna alls 520.3 millj. kr., en gert er ráð fyrir, að framkvæmdir verði sundurliðaðar á fjárl. og eru upphæðir heildarliða þessar:

Virkjanir 213.6 millj. kr., stofnlínur og aðveitustöðvar 183.5 millj. kr., innanbæjarkerfi 45 millj. kr., vélar og verkstæði 17.2 millj. kr., dísilvélar 63 millj. kr. og ýmislegt 8 millj. kr.

Er þá komið að 6. gr. frv., heimildarliðum. Það er fyrst heimildartill. varðandi Landgræðslusjóð og hluta hans af álagi á selda vindlinga. Fyrir liggur, að mjög veruleg hækkun verður á innfluttum áburði, sem Landgræðsla ríkisins notar mest við uppgræðslu lands. Jafnframt hafa Skógrækt ríkisins og skógræktarfélögin óskað mjög eindregið eftir hækkun á framlagi til Landgræðslusjóðs af hverjum seldum vindlingapakka úr 30 aurum í 1 kr. Í sambandi við vandamál þessara aðila, Skógræktar og Landgræðslu, hefur verið um það rætt, að eðlilegt væri, að einhver hluti af framlagi til Landgræðslusjóðs vegna álags á selda vindlinga rynni til Landgræðslunnar, en ekki eingöngu til Skógræktar ríkisins, eins og verið hefur, enda þótt í stofnskrá sé gert ráð fyrir, að landgræðslustjóri eigi sæti í stjórn sjóðsins. Gæti einnig nafn sjóðsins bent til þess, að einhver og jafnvel verulegur hluti af þessu framlagi rynni til Landgræðslunnar, þótt svo sé ekki í reynd.

Þegar sjóðurinn var stofnaður í tilefni af lýðveldishátíðinni 1944, skipaði landgræðslan enn ekki þann sess í hugum landsmanna sem hún gerir í dag. Hefur því verið um það rætt í sambandi við þarfir Landgræðslu og Skógræktar fyrir aukið fé til starfsemi sinnar, að jafnframt hugsanlegri hækkun á álagi á selda vindlinga yrðu endurskoðaðar núgildandi reglur um notkun þess fjár, sem af því álagi rennur til Landgræðslusjóðs, á þann veg að gera ráð fyrir, að ákveðinn og tiltekinn hluti þeirra tekna renni til Landgræðslu ríkisins. Þessi mál eru enn í deiglunni, og komast þarf að samkomulagi um þau, áður en hækkun á álaginu taki gildi. Leggur því fjvn. fram viðaukatill. við V. lið 6. gr. fjárlagafrv., hann er svo hljóðandi í frv.: „Að heimila Áfengis- og tóbaksverslun ríkisins að greiða Landgræðslusjóði 30 aura af hverjum seldum vindlingapakka.“ Till. fjvn. er, að við bætist: „þegar settar hafa verið nýjar reglur og samþ. af fjvn. og landbrh. um ráðstöfun á því fé, sem

til Landgræðslusjóðs rennur vegna sölu á vindlingum, er heimilt, að upphæðin nemi 1 kr. af hverjum seldum vindlingapakka.“

Þá er till. um: Að heimila Hafnabótasjóði að taka lán allt að 50 millj. kr. til að létta afgreiðslubyrði hafnarsjóða af lánum samkv. reglum sjóðsins. Ráðherra skal gera till. til fjvn. um skiptingu fjárins, og skal við skiptinguna hafa hliðsjón af tekjum og gjöldum hafnarsjóðs, framlagi sveitarfélags til hafnarsjóðs, fólksfjölda og öðrum þeim atriðum, sem hafa áhrif á greiðslugetu hafnarsjóðsins. Á núgildandi fjárlögum er sams konar heimildartill. um 40 millj. kr. fjárhagsaðstoð við hafnarsjóði. Við 2. umr. gerði ég grein fyrir því, að fjvn. hefði s.l. sumar skipt upphæðinni milli hafnarsjóða, og gat þess, að við 3. umr. yrði flutt hliðstæð till. N. hefur talið rétt að hækka upphæðina um fjórðung frá núgildandi fjárl., í 50 millj. kr. Ég vil taka fram, að ég hef jafnan talið það mjög til baga við afgreiðslu hafnarmála í sambandi við afgreiðslu fjárl., að ekki skuli liggja fyrir upplýsingar og áætlanir um mál Hafnabótasjóðs og upplýsingar um fjárútveganir til einstakra hafnarsjóða í samræmi við hlut þeirra í hafnarframkvæmdum, eins og hann verður, þegar ákvarðanir eru teknar um framlög ríkissjóðs til einstakra framkvæmda. Sú ákvörðunartaka getur engan veginn orðið nógu markviss, þegar ekki liggja fyrir upplýsingar um getu einstakra hafna til að sjá um sinn hlut og hver er þörf Hafnarbótasjóðs í lánsfé til að framlána til hafnarsjóða vegna framkvæmda. Sú hefur verið venjan, að fyrst þegar kemur fram á sumarið er farið að leggja fyrir fjvn. till. um lánveitingar úr Hafnabótasjóði til hafnarsjóða til framkvæmda, sem ákveðnar eru í fjárl., en allt þyrfti þetta að vera miklu fyrr á ferðinni.

Þá er till. um: Að ábyrgjast fyrir St. Jósefsspítala í Hafnarfirði allt að 12 millj. kr. lán vegna viðbyggingar við spítalann. — Að selja dýralæknisbústaðinn að Lagarási 20, Egilsstöðum. — Að ábyrgjast lán allt að 5 millj. kr. fyrir Byggingasjóð rannsóknastofnana sjávarútvegsins vegna viðbyggingar við Skúlagötu 4, Reykjavík. — Að ábyrgjast lán allt að 50 millj. kr. vegna byggingar dráttarbrauta og skipasmíðastöðva. — Að fella niður aðflutningsgjöld og söluskatt af vísindatækjum og búnaði til Norrænu eldfjallarannsóknastöðvarinnar. — Að selja Eskifjarðarhreppi öll þau réttindi, er ríkissjóður kann að eiga til svonefndra „frílóða“ í Eskifjarðarhreppi, þ. e. Mjóeyrarinnar allrar og spildu ofan aðalgötu milli Blómsturvallarlækjar og Lambeyrar, fyrir það verð, er um kann að semjast eða ákveðið verður samkv. mati dómkvaddra manna. — Að selja húseignina Fossberg á Raufarhöfn, sem er eign Síldarverksmiðja ríkisins. — Að endurgreiða aðflutningsgjöld og söluskatt af efni til dísilstöðvar, aðveitustöðvar og orkuflutningsveitu fyrir Vestmannaeyjakaupstað. — Að láta af hendi við Seyðisfjarðarkaupstað án endurgjalds gamla símstöðvarhúsið nr. 44 við Hafnargötu á Seyðisfirði, gegn því, að húsið verði notað fyrir safn muna og minja úr sögu Seyðisfjarðar í samvinnu við Safnastofnun Austurlands, samkv. nánara samkomulagi við ríkisstj. — Að selja eignarhluta ríkissjóðs í fyrrverandi skólahúsi að Strönd á Rangárvöllum. — Að selja hreppsnefnd Flateyrarhrepps eignir Síldarverksmiðja ríkisins að Sólbakka við Önundarfjörð. — Að greiða allt að 40 millj. kr. vegna rekstrar togara á árinu 1973 samkv. reglum, sem hún setur. — Að taka lán allt að 10 millj. kr. til tækjakaupa fyrir vita- og hafnarmálastjórnina. — Að ábyrgjast lán allt að 50 millj. kr. vegna tækjakaupa og endurskipulagningar Ríkisprentsmiðjunnar Gutenberg. — Að verja tekjum, sem fást af sölu muna, sem framleiddir hafa verið vegna þjóðhátíðar 1974, til að kosta hátíðarhald á Þingvöllum sumarið 1974 og greiða úr ríkissjóði það, sem á kynni að vanta. — Að taka innlend og erlend lán að jafnvirði allt að 300 millj. kr. til framkvæmda við þangþurrkstöð á Reykhólum, ef niðurstöður rannsókna sýna að fyrirtækið muni reynast hagkvæmt.

Að ábyrgjast allt að 60 millj. kr. lán til byggingar fiskvinnslustöðva og stöðva til þess að vinna úr landbúnaðarafurðum, þó ekki yfir 60% af matsverði hverrar framkvæmdar. Ég vil taka fram í sambandi við þessa till., að fjvn. lítur svo á, að sú heimild, sem í þessari till. felst um ríkisábyrgð vegna fiskvinnslustöðva, taki þar á meðal til fiskimjölsverksmiðja og eigi það að sjálfsögðu einnig við um sams konar heimild á núgildandi fjárl. Hefur hæstv. fjmrh. fallist á þessa túlkun. Er af þessum ástæðum ekki ástæða til að flytja sérstaka till. um ábyrgðarheimild fyrir fyrirtækið Lýsi og mjöl h/f í Hafnarfirði, eins og fjmrn. hafði áður óskað eftir. Það fyrirtæki á að geta fengið ríkisábyrgð, hvort heldur er heimildarákvæði í núgildandi fjárl. eða samkv. þeirri till., sem hér er flutt, ef samþ. verður.

Þá er heimildartill., sem fjallar um heimild til ríkisstj. til að selja húseign Tækniskóla Íslands að Skipholti 37 til að afla fjár til að greiða kostnað við leigu, innréttingu og stofnbúnað nýs húsnæðis og að greiða úr ríkissjóði það, sem á kynni að vanta. Tækniskóli Íslands er nú til húsa á þrem stöðum, þ. e. a. s. í Skipholti 37, í Hótel Esju og Sjómannaskólahúsinu. Þetta húsnæði er samtals um 1500 fermterar og er óhentugt og of lítið. Til athugunar hefur verið að taka á leigu og innrétta um 3500 fermetra húsnæði og bæta þar með verulega aðstöðu Tækniskólans og fresta þá um nokkurn tíma að ráðast í nýbyggingu skólans. Gefur það færi á að undirbúa þá framkvæmd mun betur en ella og skipta henni í smærri áfanga en annars væru tök á, jafnframt því sem hægara væri að sinna einhverjum af öðrum afar brýnum þörfum á byggingarframkvæmdum fyrir ýmsa sérskóla. Óljóst er enn, hver leigukjör yrði unnt að fá og hver yrði kostnaður við innréttingar og búnað. Með flutningi till. er því ætlunin að fá færi á að láta verða af því að bæta úr húsnæðisskorti skólans með þessum hætti. Nánari athugun verður að leiða í ljós, hvort unnt er að nota heimildina, en full ástæða er til að ætla, að þessi leið reynist hagkvæm. Ég tel, að hafa beri samráð við fjvn. um notkun þessarar heimildar. Gert er ráð fyrir, að reynist leigumálar hagkvæmir og kostnaður við innréttingar hóflegur, þannig að rétt verði talið að leigja nýtt húsnæði, að fjár verði aflað með því að selja húsnæði Tækniskólans að Skipholti 37, en talið er, að söluverð þess geti numið 20—30 millj. kr. Í sambandi við frekari fjár-

öflun er enn fremur haft í huga, að í fjárlagafrv. eru veittar 25 millj. kr. til síðasta áfanga í nýbyggingu Sjómannaskólans, en færi Tækniskólinn úr Sjómannaskólanum, losnar þar húsnæði, sem Sjómannaskólinn og Vélskólinn fengju til afnota, og þar að auki hefur þar einnig losnað nýlega húsnæði, sem Veðurstofan notaði áður. Kæmi til greina að fresta á næsta ári síðasta áfanga nýbyggingarinnar af þessum sökum, en lagfæra í staðinn það húsnæði, sem losnar, en nota það fé, sem afgangs yrði, til að tryggja Tækniskólanum nýtt húsnæði. Allt þetta þarf nánari athugunar við, og tel ég, að einnig um þessi atriði beri að hafa samráð við fjvn., þegar *þessi mál liggja ljósar fyrir. Till. n.* er flutt til að afla heimildar til að gera þessar ráðstafanir, ef nánari athugun sýnir, að þær feli í sér hagkvæma lausn þessara mála, og till. er flutt í samráði við hæstv. menntmrh. og hæstv. fjmrh., og vænti ég þess, að hv. Alþingi geti á hana fallist.

Þá er till. um að ábyrgjast lán allt að 12 millj. kr. fyrir Lagmetisiðjuna á Siglufirði vegna tækjakaupa. — Að endurgreiða aðflutningsgjöld og söluskatt af vélum og tækjum til væntanlegrar virkjunar Blævardalsár í Nauteyrarhreppi. — Að endurgreiða aðflutningsgjöld og söluskatt af vélum og tækjum vegna virkjunar Sængurfoss í Húsadal í Reykjarfjarðarhreppi í Norður-Ísafjarðarsýslu, sem rekin verður af Rafveitu Reykjarfjarðar. — Að ábyrgjast fyrir Skúla Pálsson fiskræktarbónda allt að 15 millj. kr. lán vegna byggingar fiskeldisstöðvar í landi jarðarinnar Þóroddsstaða II í Ölfushreppi, gegn þeim tryggingum, sem hún metur gildar. — Að ábyrgjast fyrir Laxárvirkjun lán að upphæð allt að 50 millj. kr. vegna fyrsta áfanga vararafstöðvar á Akureyri. — Að ábyrgjast gegn þeim tryggingum, sem hún metur gildar, lán Flugleiða h/f, eða Loftleiða h/f erlendis, að fjárhæð allt að 2 millj. Bandaríkjadollara. — Að ábyrgjast lán allt að 25 millj. kr. fyrir Bandalag starfsmanna ríkis og bæja til áframhaldandi uppbyggingar orlofsheimilis að Munaðarnesi, gegn þeim tryggingum, sem hún metur gildar. — Að ábyrgjast lán allt að 25 millj. kr. fyrir Alþýðusamband Íslands til byggingar orlofsheimila, gegn þeim tryggingum, sem hún metur gildar.

Þá er till. um að heimild til útgáfu happdrættisskuldabréfa vegna vegaframkvæmda á Skeiðarársandi verði hækkuð úr 300 millj. kr. í 400 millj. kr., og hækka þá útgjöld Vegagerðar að sama skapi, jafnframt því sem liðurinn lánahreyfingar út hækkar um 100 millj. kr.

Flutt er till. um nýjan lið á 6. gr.: Fjmrh. er heimilt fyrir hönd ríkissjóðs að afla innlends eða erlends lánsfjár að jafnvirði allt að 476,3 millj. kr., til framkvæmda á sviði orkumála 458,3 millj. og við landshafnir 18 millj. kr. — Áður hefur verið getið um 18 millj. kr., en af þeim eru í sambandi við landshöfnina í Keflavík og Njarðvík 13 millj. og vegna hafnarinnar á Rifi 5 millj. kr. Af upphæðinni vegna orkumála hefur þegar verið getið aukinna framkvæmda Rafmagnsveitna ríkisins. Að öðru leyti er í þessum lið um að ræða heimild til 100 millj. kr. lántöku vegna Laxárvirkjunar svo og heimild til lántöku vegna hækkunar á fjárveitingum til Orkustofnunar vegna lagningar háspennulínu milli Norður- og Suðurlands, 100 millj. kr. hækkun eða úr 200 í 300 millj. kr. Af brýnni nauðsyn á að hraða lagningu línunnar vegna ástandsins í raforkumálum Norðlendinga leggur n. til, að 300 millj. kr. verði varið til verksins á næsta ári og gert verði ráð fyrir auknum lántökuheimildum í samræmi við það. Þá er í þessari heimildargrein einnig um að ræða *lánsheimild vegna orkurannsókna*, en n. leggur til, að fjárveiting til orkurannsókna verði aukinn mjög verulega eða úr 16 millj. 295 þús. kr. í 143 millj. 295 þús. kr., um 127 millj. kr., og verði gert ráð fyrir sérstakri lántökuheimild fyrir hækkuninni.

Hækkunin skiptist þannig: Rafhitarannsóknir 17.2 millj. kr., jarðhitarannsóknir 55.2 millj. kr., almennur rekstur Orkustofnunar 1.6 millj. kr., kaup á bortækjum 47 millj. kr. og aukin jarðhitalán til sveitarfélaga 6 millj., samtals 127 millj. kr.

Eins og í þessari sundurliðun kemur fram, er gert ráð fyrir kaupum á bortækjum fyrir 47 millj. kr., en fyrirsjáanleg eru stórlega aukin verkefni fyrir Jarðboranir ríkisins, einkum við leit að jarðhita og við jarðhitarannsóknir. Til þess að ekki standi á því, að unnt sé að sinna þeirri þörf, er nauðsynlegt að bæta borkost Jarðborana ríkisins til þessara hluta. Jafnframt er nauðsynlegt að bæta tækjabúnað nýjasta jarðbors Jarðborananna.

Með hliðsjón af mikilvægi hitaveitu Suðurnesja og nýjum viðhorfum í húshitunarmálum, sem gera enn brýnna, að rannsóknum í Svartsengi sé hraðað *sem frekast er kostur*, er með till. fjvn. lagt til, að ráðstöfunarfé til borana í Svartsengi verði aukið til að kanna afkastagetu svæðisins og hve stóran markað það getur hitað. Nauðsynlegt er að bora 2 rannsóknarholur á Svartsengissvæðinu, en auk rannsóknagildis munu þær væntanlega nýtast sem vinnsluholur fyrir væntanlega hitaveitu. Ef till. fjvn. verða samþ., verður ráðstöfunarfé til þessara borana 32 millj. kr. Í varmaveitu frá Svartsengi er gert ráð fyrir, að kalt ferskt vatn sé hitað upp með jarðsjó og síðan sent til markaðarins. Byrjunarrannsóknir á þessu sviði voru gerðar árið 1973. Í fjárlagatill. Orkustofnunar var ekki gert ráð fyrir borunum eftir köldu vatni árið 1974, en vegna aukins rannsóknahraða frá því, sem áður var gert ráð fyrir, er nú lagt til, að varið verði 2 millj. kr. til borana eftir köldu vatni. Til þess að hraða fullnaðaráætlun varmaveitunnar er lagt til, að varið sé 2 millj. kr. í aðkeypta verkfræðiþjónustu til forhönnunar á varmaskiptastöð og aðfærsluæðum til þéttbýlissvæða.

Í fjárlagafrv. er ekki gert ráð fyrir neinum borunum við Kröflu árið 1974, en þar hafði Orkustofnun lagt til, að veittar yrðu 19 millj. kr. til borunar tveggja rannsóknarhola. Vegna hækkaðs verðlags eru þær nú taldar kosta 24 millj. kr., og er í till. fjvn. gert ráð fyrir þeirri upphæð. Til þess að tryggja, að rannsóknir í Kröflu dragist ekki á langinn og seinki þannig ákvörðunartöku um virkjun á Norðurlandi, er þannig í brtt. fjvn. gert ráð fyrir borun tveggja hola á næsta ári og varið verði til þeirra 24 millj. kr. Í undirbúningi hefur verið heildarfrv., sem búið er að leggja fram hér nú, um

jarðgufuvirkjun í Kröflu. Að þeirri heimild fenginni þarf að gera forhönnun fyrir virkjunina, en hún er undanfari endanlegrar hönnunar. Þar sem enginn innlendur aðili hefur áður fengist við hliðstætt verkefni, er líklegt, að leitað yrði til erlendra aðila með reynslu í hönnun jarðgufuvirkjana. Í brtt. fjvn. er gert ráð fyrir 10 millj. kr. fjárveitingu til þessa.

Lagt er til, að 3 millj. kr. verði varið til þess að vinna nánar að mikilvægustu verkefnum til nýtingar jarðhita með frumáætlunum, sem yrði að nokkru leyti aðkeypt verkfræðileg þjónusta.

Þá er í till. fjvn. að lokum gert ráð fyrir samkv. ákvæðum í skattal., að tekin verði upp ný grein í fjárlög um skattvísitölu, 7. gr., og er lagt til, að gr. verði svo hljóðandi:

„Skattvísitala árið 1974 skal vera 154 stig."

Til samanburðar skal þess getið, að skattvísitala við álagningu á þessu ári var 122.5 stig og 100 stig árið 1972.

Ég hef þá gert grein fyrir brtt. meiri hl. fjvn. og þeim brtt., sem n. öll flytur.

Í sambandi við hækkun tekjuhliðar samkv. þeim till., sem fyrir liggja, er þess að geta, að hækkun tiltekinna tekjuliða hefur jafnframt í för með sér hækkun á útgjöldum, vegna þess að markaðir tekjustofnar, sem hækka, dreifast í útgjaldahlið til viðtakenda. Sé tekið tillit til þessa, en sú útgjaldahækkun nemur í heild 29 millj. 390 þús. kr. og dreifist á ýmsa liði, og ennfremur gert ráð fyrir, að samþ. verði allar till. fjvn. og meiri hl. fjvn., svo og brtt. samvn., samgm. um styrki til flóabáta og vöruflutninga á þskj. 288, munu rekstrargjöld á fjárlögum ársins 1974 verða 29 milljarðar 393 millj. 936 þús. kr., tekjur 29 milljarðar 179 millj. 784 þús. kr., og gjöld umfram tekjur 215 millj. 152 þús. kr., lánahreyfingar inn 2 milljarðar 187 millj. og 213 þús. kr., og lánahreyfingar út 1 milljarður 871 millj. 733 þús. kr. Afgangur á lánahreyfingum yrði þá 315 millj. 480 þús. kr., og greiðsluafgangur ríkissjóðs 101 millj. 328 þús. kr.

Frsm. minni hl. (Matthías Bjarnason): Herra forseti. Eins og hv. frsm. meiri hl. fjvn. gat um í lok ræðu sinnar, verða gjöld samkv. fjárlfrv., eins og það liggur nú fyrir, ásamt brtt. meiri hl. fjvn. og fjvn. sameiginlega, komin í 29 milljarða 394 millj. kr., en tekjur frv. 29 milljarðar 180 millj. kr., þannig að gjöld umfram tekjur eru liðlega 215 millj. kr., en mismunur á lánahreyfingum inn og út er 315 millj. kr., þannig að greiðsluafgangur er áætlaður 101 millj. kr. Verður ekki sagt, að um mikinn greiðsluafgang sé að ræða við afgreiðslu þessa fjárlfrv. í því góðæri, sem hefur ríkt í landi okkar á þessu ári, þegar tekjur þjóðarinnar hafa farið langt fram yfir það, sem sérfræðingar í efnahagsmálum þorðu að spá fyrir gerð síðustu fjárlaga og þorðu að spá meira að segja um mánaðarmótin júní-júlí á þessu ári.

Við gerð fjárlfrv. fyrir árið 1974 var tekjuáætlunin byggð á áætlun hagrannsóknadeildar um innheimtu ríkistekna á árinu 1973 og spám deildarinnar um breytingu þeirra hagstærða, sem mestu ráða um ríkistekjur, á milli yfirstandandi árs og ársins 1974, eins og þær stóðu í lok júlímánaðar á þessu ári. Verðlagsforsendur tekju- og gjaldaliða frv. voru miðaðar við það verðlag, sem var ríkjandi í septembermánuði s. l., og miðað við, að það verðlag mundi haldast út árið 1974. Síðan hefur margt breyst. Hækkun varð á vísitölunni 1. des. s. l. úr 139.54 stigum í 149.89 stig. Áætlun hagrannsóknadeildarinnar frá júní s. l. hefur nú tekið miklum breytingum, eins og hv. form. fjvn. gat nokkuð um í sinni ræðu. Þjóðarframleiðsla og þjóðartekjur hafa aukist mun meira en ætlað var á fyrri hluta þessa árs, og sama er að segja um verðlagsþróunina og vöxt veltu.

Það er eftirtektarvert, að magnaukningu þjóðarframleiðslu 1972—1973 var spáð í júlí 3.6%, en nú í des. er spáð, að hún verði 5.1%, magnaukningu þjóðartekna var spáð í júlí 5.5%, en nú spáir hagrannsóknadeildin, að hún verði 7.5%. Verðmætisaukningu útflutnings var spáð 43% í júlí, en nú í des. er spáð, að hún verði 49%. Verðmætisaukningu innflutnings í heild er spáð í júlí 48%, en nú í des. 58%. Magnaukningu almennrar innlendrar verðmætaráðstöfunar var spáð í júlí 2.5%, en nú er spáð, að hún verði 5%. Verðhækkun almennrar innlendrar verðmætaráðstöfunar var spáð í júlí 20%, en nú í des. 24%. Og verðmætaaukningu almenns vöruinnflutnings var spáð í júlí 27%, en nú 40%.

Samkvæmt fjárl. yfirstandandi árs var talið, að innheimtar tekjur ríkisins á þessu ári, árinu 1973, mundu nema 21 milljarði 970 millj. kr. Í spá hagrannsóknadeildarinnar í júlílok var talið, að tekjurnar mundu nema 23 milljörðum 37 millj. kr., og nú við þessa síðustu spá, desemberspá, er talið, að tekjur ríkissjóðs verði 24 milljarðar og 13 millj. kr. Það verður því að segja, að spár hagrannsóknadeildarinnar fyrir afgreiðslu fjárl. voru mjög varfærnislegar, og þá var því haldið fram af okkur, að þær væru of lágar. Það var líka talið í júlí, að þessar spár væru mjög varfærnislega gerðar. Þó skal ég ekki álasa þeim, sem þessar spár gera og leggja til grundvallar liðinn tíma, fyrir að fara varfærnislega í áætlanirnar, en hins vegar hefur þenslan á öllum sviðum þjóðlífsins orðið meiri en það, sem menn þorðu að spá í júlímánuði á þessu ári.

Tekju- og eignarskattar fara sennilega rúml. 300 millj. kr. fram úr fjárlagaáætlun. Tekjur af almennum aðflutningsgjöldum eru nú áætlaðar 6151 millj. kr., sem er 636 millj. kr. hærri upphæð en í fjárlagaáætlun. Þetta stafar að sjálfsögðu af hinum mikla innflutningi. Þegar tekjuáætlun fjárlagafrv. var gerð, var áætlað, að söluskattstekjur færu 530 millj. kr. fram úr áætlun fjárlaga og mundu nema 5550 millj. kr. Þessi hækkun söluskattstekna, sem á rætur að rekja til meiri almennrar veltuaukningar en reiknað var með, var hins vegar að talsverðu leyti komin fram í innheimtum söluskatti á miðju þessu ári. Af öðrum tekjuliðum, sem fara verulega fram úr áætlun, má nefna launaskattinn, sem verður sennilega um 1 milljarður, eða nær 50 millj. kr. umfram fjárlagaáætlun, þrátt fyrir niðurfellingu launaskatts af útgerð, sem ákveðin var eftir afgreiðslu fjárlaga yfirstandandi árs.

Bílainnflutningurinn á árinu hefur orðið miklum mun meiri en reiknað var með í upphafi

ársins, og er talið, að tekjur af innflutningsverðmæti bíla muni verða því sem næst 150 millj. kr. hærri en fjárlagaáætlunin á s. l. sumri gerði ráð fyrir. Ég fékk upplýsingar um, að heildartekjur ríkissjóðs af bílainnflutningi á s. l. ári hafi numið 920 millj. kr. Nú er vitað, að heildartolltekjur ríkissjóðs af bílainnflutningi einum í lok októbermánaðar nema 1030 milj. kr., eða 110 millj. kr. hærri upphæð en á fyrstu 10 mánuðum ársins á undan. Á þessu ári er búið að flytja inn til októberloka um 6365 bifreiðar, þar af eru 5100 fólksbílar, 720 jeppar, 119 sendiferðabílar, 285 vörubílar, 20 rútubílar og 50 aðrir bílar. Í nóvembermánuði er talið, að innflutningur bíla sé eitthvað á 7. hundrað, og í des. fer innflutningur bíla ekki eftir kaupgleði manna, heldur eftir því, hvað vöruflutningaskipin anna að flytja marga bíla til landsins í þessum síðasta mánuði, því að mörg hundruð bílar bíða nú í útskipunarhöfnum í Evrópu, en þó einkum vestanhafs, að komast til landsins. En það er talið of varfærnislega áætlað, að skipin muni ekki anna nema flutningi á um 750 bifreiðum í þessum mánuði, þannig að það er sjáanlegt, að bílainnflutningurinn mun nálgast að vera 8 þús. bílar að tölunni, en talið er, að verðmæti bílanna sé 14% meira á bíl á þessu ári en var í fyrra. En það segir ekki þá sögu, að bílar hafi hækkað um 14%, heldur getur einnig verið hér um að ræða kaup og innflutning á tiltölulega dýrari gerðum bíla en áður var, en um það skal ég ekkert fullyrða.

Þetta, sem ég hef nú gert nokkuð að umræðuefni, bílainnflutninginn, talar að vissu leyti sínu máli um þann óhóflega innflutning, sem er á öllum sviðum, og það mikla kapp, sem allir leggja á að eyða peningunum sínum sem allra fyrst, þannig að menn geymi yfirleitt ekki peninga á vöxtum, bíði ekki með að eyða þeim til erfiðleikaáranna, og þar virðist almenningur hafa tekið sér, því miður, ríkisstj. til fyrirmyndar, því að hún hefur gert meira heldur en eyða öllum þeim peningum, sem hún hefur aflað. Hún hefur einnig þurft að taka nú á hverju ári stór lán. Að vísu skal játað, að mörg lán, sem tekin eru, eru tekin til arðbærra framkvæmda. En hún hefur einnig tekið lán til framkvæmda, sem gefa engan arð og hafa aukið skuldir þjóðarinnar stórkostlega á þeim tíma, sem núv. hæstv. ríkisstj. hefur setið að völdum.

Ég hefði kosið, að hagrannsóknastjóri og aðstoðarmaður hans, sem komu á fund fjvn. s. l. laugardag, hefðu komið fyrr á fund n. til þess að skýra fyrir henni þær miklu breytingar, sem eiga sér stað í þjóðfélaginu. Form. fjvn. sagði við 2. umr., að þessar upplýsingar hefðu ekki árið áður legið fyrr fyrir. Ég skal játa, að það er rétt. En það er ekki til fyrirmyndar. Hins vegar skal ég einnig láta í ljós ánægju mína yfir því, að sú grg., sem hagrannsóknastjóri flutti í fjvn., hefur ekki verið lögð fram í n. fyrr, en við fulltrúar stjórnarandstöðunnar gerðum kröfu um að fá þessa grg. afhenta, til þess að við gætum áttað okkur betur á þeim mörgu tölum og flóknu dæmum, sem yfir okkur voru lesin, en hagrannsóknastjóri skildi eitt eintak eftir í vörslu formanns n. Form. fjvn. sagðist ekki sjá ástæðu til þess, að hann einn hefði þetta eintak í höndum, og sagði, að hann teldi frá sínum bæjardyrum séð eðlilegt, að fjvn.-menn allir fengju eintak af þessari skýrslu, og hann mun hafa rætt það mál við hæstv. fjmrh. S. l. mánudag var okkur fulltrúum stjórnarandstöðunnar afhent þessi skýrsla. Ég kann formanni fjvn. þakkir fyrir þá viðsýni, sem hann sýnir með þessu, og sömuleiðis hæstv. fjmrh., sem vafalaust hefur veitt leyfi til þess. Ég tel, að samstarfið verði betra með því að viðhafa þessi vinnubrögð heldur en að neita um mikilvæg gögn, sem er í raun og veru þýðingarlaust að neita um, því að þessara gagna verður alltaf hægt að afla með einhverju móti, þó að þau kæmu eitthvað seinna í hendur stjórnarandstöðu á hverjum tíma.

Ég vildi bæði út af þessu og margvíslegum öðrum samskiptum við form. fjvn. þakka honum fyrir mjög drengilegt og gott samstarf í n. eins og jafnan áður, þó að leiðir okkar hafi skilið og margt beri á milli í skoðunum okkar í meiri hl. og minnihl. í n.

Í tekjuáætlun frv., sem hér liggur fyrir, fyrir árið 1974 er gert ráð fyrir tveimur meiri háttar breytingum á tekjuöfluninni. Það er hækkun söluskatts um 2 stig frá 1. jan. n. k., sem öll átti að renna í ríkissjóð, og svo lækkun tolla frá sama tíma skv. aðildarsamningi að EFTA og viðskiptasamningi við Efnahagsbandalag Evrópu, sem næmi 180—200 millj. kr. á næsta ári, og svo í þriðja lagi er gert ráð fyrir því, að viðlagasjóðsgjöld falli niður frá 1. mars n. k. Nú hefur verið fallið frá hækkun söluskatts að svo stöddu, eins og kom fram hjá form. fjvn., og þó að komið sé fram frv. til tollskrár, sem felur í sér yfir 600 millj. kr. lækkun tolla, er ekki gert ráð fyrir öðrum breytingum en þeim í fjárlagafrv., sem skylt er skv. samningi við EFTA og Efnahagsbandalagið að gera. Að öðru leyti er ekki tekið tillit til þeirra lækkana, sem tollskrárfrv. gerir ráð fyrir.

Þá er gert ráð fyrir hækkun á næsta fjárlagaári á áfengis- og tóbaksverði. En það er auðvitað háð ákvörðun fjmrh., hvenær hann lætur það koma til framkvæmda, og enn fremur, hversu mikið það verður. Enn fremur er gert ráð fyrir í till. fjvn., og þá tekið fram, að það er till. meiri hl. fjvn., fulltrúa ríkisstjórnarflokkanna, að lækka niðurgreiðslu á vöruverði um 400 millj. kr. frá áætlun fjárlagafrv. Ég mun koma síðar að því að ræða niðurgreiðslu á vöruverði.

Álagður söluskattur á öllu landinu fyrstu 9 mánuði þessa árs var næstum því 35% hærri en á sama tímabili árið 1972. Innheimta söluskatts nú í nóv. bendir til þess, að álagningarstofninn muni hækka um 36—37% á milli áranna og innheimtur söluskattur muni nema 5550 millj kr. á árinu, sem er 530 millj. kr. umfram fjárlagaáætlun.

Langveigamestu breytingarnar á tekjuhlið fjárlagafrv. eru í fyrsta lagi nokkrar á beinu sköttunum. Þeir eru nú áætlaðir 866.8 millj. kr., persónuskattar og eignarskattar eru áætlaðir tæplega 395 millj. kr. Er talið, að bæði tekjuskattur einstaklinga og tekjuskattur félaga muni hækka mjög verulega frá fjárlagafrv., eða úr 6380 millj. kr. í 6795 millj. kr. Þar er mest hækkunin á

tekjuskatti félaga, úr 757 millj. kr. í 922 millj. kr., og tekjuskattar einstaklinga er áætlað að hækki frá fjárlagafrv. úr 5 milljörðum 560 millj. kr. í 5 milljarða 806 millj. kr. Hækkun aðflutningsgjalda er mjög veruleg frá fjárlagafrv., sem er auðvitað vegna þess mikla innflutnings, sem verið hefur síðara hluta ársins og ég gat um hér áðan. Er ætlað, að aðflutningsgjöld hækki frá fjárlagafrv. úr 6355 millj. í 7278 millj. og heildargjöld af innflutningi hækki frá fjárlagafrv. um næstum því heilan milljarð, eða úr 7 milljörðum 533 millj. í 8 milljarða 515 millj. M. ö. o.: tekjuhlið fjárlagafrv. hækkar frá áætluninni um yfir 2000 millj. Stór liður, sem ég hef ekki nefnt áður, er reiknað með að hækki frá fjárlagafrv., þ. e. rekstrarhagnaður Áfengis- og tóbaksverslunar ríkisins, sem er ætlað að hækki frá fjárlagafrv. úr 2 milljörðum 280 millj. í 2 milljarða 958 millj. kr. Söluskattur hins vegar lækkar af þeirri ástæðu, að fallið er frá 2% hækkuninni, sem gert var ráð fyrir í frv., en er nú horfið frá a. m. k. í bili, og mun ég síðar koma að því.

Ég leitaði mér upplýsinga um útgreiðslu gjaldaliða skv. ríkisbókhaldi frá jan.—septemberloka, og þar er að sjá, að töluverður munur er á hlutfallsnotum fjárlaga frá ári til árs. Ef við miðum við fyrstu 9 mánuði ársins 1972 og ársins 1973, til septemberloka, þá er hlutfallið þannig, að 1972 eru þau í forsrn. 75.1%, en núna 92.5%. Í landbrn. er hlutfallið frá 1972 81.5%, en nú 93.3%, í sjútvrn. er hlutfallið 1972 69.7%, en nú 78.1%, í heilbr.- og trmrn. fer hlutfallið úr 70.2% í 76.2% og í fjmrn. úr 59% í 79.8%. Þessar upplýsingar eru frá ríkisbókhaldinu.

Það liggur nokkurn veginn ljóst fyrir, að nú í nóvemberlok er gjaldahlið fjárlagafrv. komin í 21 milljarð 118 millj. kr., eða næstum því í sömu upphæð og fjárlögin fyrir allt árið gera ráð fyrir að verði, en þau gera ráð fyrir, að gjöldin nemi 21 milljarði 457 millj. kr. Á s. l. ári voru gjöld í desembermánuði einum 1 milljarður og 700 millj., og ef við gerum ráð fyrir því, að gjöldin í desember verði í hlutfalli við annað, um 400 millj. hærri en í fyrra, þá er sjáanlegt, að gjöld skv. því, sem greitt verður út, verða aðeins á 3. milljarð hærri en fjárlögin á yfirstandandi ári gera ráð fyrir. En tekjuhlið fjárlaganna hefur einnig hækkað mjög verulega, eða í kringum 2000 milljónir. Það verður því ekki sagt, að það hafi verið erfitt að stjórna þessum búrekstri á yfirstandanir ári, þegar tekjur hafa svo mjög farið fram úr áætlun. Hins vegar hefur verið erfiðara að sjá við því, að gjöldin hafa stigið að sama skapi eða jafnvel meira. Ég skal ekki um það fullyrða, það kemur til með að liggja fyrir innan nokkurra mánaða.

Ef við lítum nú á þetta fjárlagafrv., sem hér liggur fyrir, þá held ég, að það fari ekki á milli mála, að það virðast vantalin gjöld í þessu fjárlagafrv., sem nema verulegum upphæðum. Þá á ég sérstaklega við, að það er nú vitað, að hækkun vísitölunnar vegna þeirra aðgerða, sem nú hafa verið gerðar eða verða gerðar og ákveðið er að gera, muni nema í lágmarki 5.5 vísitölustigum, fyrir utan þau áhrif, sem lækkun fjölskyldubóta kann að hafa á hækkun kaupgreiðsluvísitölunnar. Það er talið nú skv. fjárlagafrv., eins og það liggur fyrir, að launaliður þess sé liðlega 6600 millj., og ég geri ráð fyrir því, að eitt vísitölustig muni nema 44 millj. skv. launaliðnum, eins og hann er nú. Hækkun lífeyristrygginganna, sem hefur verið breytt hér í meðförum þingsins vegna hækkunar kaupgreiðsluvísitölu, kemur til með að verða a. m. k. 26 millj. á hvert vísitölustig, og sjúkratryggingarnar koma til með beint og óbeint að hækka um allt að 15 millj. kr. á hvert vísitölustig. Þá er eftir að taka tillit til þeirra hækkana, sem síðar hafa verið gerðar á fjárlagafrv., en inni í 6600 millj., sem ég nefndi áðan, er hækkun vegna kaupgreiðsluvísitölunnar í des., 430 millj. kr., og hækkun vegna áhrifa af nýgerðum samningi við Bandalag starfsmanna ríkis og bæja, sem nú er í brtt. 300 millj. kr., en inni í fjárlagafrv. er 100 millj. kr., svo það gerir samtals um 400 millj.

Það liggur nokkurn veginn ljóst fyrir, að áhrif vegna breytinga á vörum Áfengis- og tóbaksverslunar ríkisins á næsta ári muni hækka kaupgreiðsluvísitöluna um 1.2 stig, og launahækkanirnar, miðað við þá launaliði, sem inni eru, og þær breytingar, sem verða vegna hækkunar launa, muni aldrei nema undir 3.7 kaupgreiðsluvísitölustigum. Talið er, að sú breyting, sem lagt er til að gera á tekjum Ríkisútvarpsins, bæði sjónvarps og hljóðvarps, muni valda 0.6 kaupgreiðsluvísitölustiga hækkun, þannig að hér er um algera lágmarksupphæð að ræða, að kaupgreiðsluvísitalan er með þessum breytingum og gerðum hækkuð um 5.5 stig. Þar við bætast þau áhrif, sem lækkun fjölskyldubótanna kemur til með að hafa á kaupgreiðsluvísitöluna, og skal ég nú koma frekar að þeim.

Fjölskyldubætur eru áætlaðar 250 millj. kr. lægri en ef miðað væri við bæturnar í lok septembermánaðar s. l. Frá 1. maí á þessu ári voru fjölskyldubætur hækkaðar úr 13000 kr. í 18000 kr. með hverju barni, en frá 1. okt. s. l. voru fjölskyldubæturnar lækkaðar úr 18000 í 15000 kr. Í fjárlögum þessa árs eru fjölskyldubætur áætlaðar 969.6 millj. kr., en í frv., eins og það var lagt hér fyrir á s. l. hausti, eru fjölskyldubæturnar komnar í 855.9 millj. kr. og hafa því lækkað frá gildandi fjárlögum um 113.7 millj. kr. Það er nokkurn veginn víst, að sú upphæð, sem nú er inni í fjárlagafrv., hrekkur engan veginn til þess að greiða 15000 kr. með hverju barni, og þá er alveg víst, að það vantar um 160—170 millj. kr. inn í fjárlagafrv., ef á að halda sér við þá ákvörðun, sem nú er í gildi, að greiða í fjölskyldubætur 15000 kr. með hverju barni. Ég spyr: Hvers vegna er þessari upphæð ekki breytt í fjárlagafrv.? Hvers vegna kemur engin till. frá stjórnarflokkunum um að hækka fjölskyldubæturnar í fjárlagafrv., eða ætlar ríkisstj. að lækka fjölskyldubæturnar frá því, sem þær nú eru, úr 15000 kr. og þá niður fyrir 13000 kr., til þess að sú upphæð dugi, sem nú er í fjárlagafrv.? Það væri fróðlegt að fá að vita, hvort það er hér vísvitandi verið að áætla fjölskyldubætur 160—170 millj. kr. lægri en þær eru eða hvort aðeins er beðið eftir að tilkynna, að það eigi að lækka fjölskyldu-

bæturnar frá því, sem þær eru nún. Það væri fróðlegt, ef hæstv. ríkisstj. upplýsti Alþingi um það, hvora leiðina hún ætlar að fara, hvort hún ætlar að lækka fjölskyldubæturnar eða láta vanta á upphæðina í fjárlagafrv., eins og allar þær stóru upphæðir, sem ég nefndi hér áðan í sambandi við launaliðina.

Þá ætla ég að koma nokkuð inn á niðurgreiðslur á vöruverði, en niðurgreiðslur á vöruverði voru áætlaðar miðað við niðurgreiðslustig í júní 2 290 millj., framlag í lífeyrissjóð bænda 108 millj., svo að niðurgreiðslur voru með framlagi til lífeyrissjóðs bænda komnar í 2 398 millj. Síðan var áætluð lækkun, 500 millj., og þegar hún er dregin frá þessari upphæð, eru eftir 1 898 millj. en það er sú upphæð, sem er í fjárlagafrv. Áætlun niðurgreiðslna á vöruverði frá því í ágúst s. l. nam 2 261 millj., og ríkisstj. tók svo ákvörðun 17. sept. að lækka niðurgreiðslur um 188 millj. kr., þannig að talið var, að niðurgreiðslurnar yrðu 2 073 millj., að viðbættu framlagi til lífeyrissjóðs bænda 108 millj., svo að skv. þeirri ákvörðun, sem enn ríkir, eru niðurgreiðslur áætlaðar 2 181 millj., en í fjárlagafrv. eru, eins og ég sagði áðan, 1 898 millj. Það var því þörf á, ef niðurgreiðslur hefðu verið óbreyttar, — ákvörðun um þær hefði verið óbreytt, — að hækka niðurgreiðslur í fjárlagafrv. til samræmis við það um 283 millj. kr. Nú leggur ríkisstj. til, að niðurgreiðslur á vöruverði verði lækkaðar um 400 millj. kr. frá fjárlagafrv., en það þýðir, að ríkisstj. hefur í raun og sannleika tekið ákvörðun um að lækka niðurgreiðslur á vöruverði frá því, sem þær eru núna, um hvorki meira né minna en 683 millj. kr., og þessu á svo að velta inn í verðlagið, með þessu á að stefna að stórhækkaðri kaupgreiðsluvísitölu og stefna að aukinni verðbólgu í landinu.

Ég kalla þetta vera meira en kjark hjá hæstv. ríkisstj., mér finnst vera hrein og bein fífldirfska að taka slíka ákvörðun, eins og allt er nú í pottinn búið.

Þegar ríkisstj. tók ákvörðun um lækkun niðurgreiðslna í haust, var sú lækkun í reynd um 187.7 millj. kr. Það voru lækkaðar niðurgreiðslur á dilkakjöti um 76 millj. kr. og lækkaðar niðurgreiðslur á kartöflum sem nam um 111.7 millj. kr. Ég held, að það sé rétt munað, að niðurgreiðsla ríkissjóðs sé nú 8 kr. á kg á alla verðflokka af kartöflum, en var fyrir þessa ákvörðun 18.20 kr. Niðurgreiðsla á dilkakjöti nam á einingu 78.50 kr. eftir þessa lækkun. En það verður fróðlegt að sjá, hvaða ákvarðanir verða teknar, því að ef við tökum þá upphæð, sem hefur verið ríkjandi frá 17. sept. í niðurgreiðslum, þá skiptast þær þannig, að til niðurgreiðslu á dilkakjöti eru í ársútgjöldum áætlaðar 675 millj., á ærkjöti 52 millj., og geymslukostnaður á kjöti er greiddur niður um 83 millj., nýmjólk er 759 millj., smjör 359.5 millj. og ostar eru um 56.2 millj. kr. Þetta eru helstu liðirnir í ársútgjöldum. Það verður fróðlegt að sjá, hvaða stökkbreytingum verðlag landbúnaðarafurða tekur, þegar verður farið að framkvæma þessa nýju ákvörðun um niðurgreiðslur, en nú er niðurgreiðsla á hvern mjólkurlítra um 16.15 kr., svo að það verður að lækka þær verulega og á öllum þessum liðum, og ég er hræddur um, að verðið á smjörinu komi til með að hækka mjög verulega, en niðurgreiðslur á smjörkg eru nú hvorki meira eða minna en 224.70 kr.

Ég býst við því, að ýmsir hæstv. ráðherrar og aðrir þm. stjórnarliðsins hefðu sagt eitthvað, ef það væri önnur ríkisstj. við völd í landinu, sem tæki ákvörðun um svona stórfellda lækkun á niðurgreiðslum á vöruverði. Ég er hræddur um, að það hefði ekki verið sparað stóra letrið í Þjóðviljanum og Tímanum næstu daga, ef það hefði verið gert af ríkisstj., sem var við völd hér á undan, ef hún hefði tekið þessa ákvörðun í slíkri bullandi verðbólgu sem nú er ríkjandi og hefur verið ýtt undir, hreinlega ýtt undir af hæstv. ríkisstj. að magna sem mest í byrjun, þó að ég skuli fúslega játa sem sanngjarn maður, að það eru mörg verðbólguáhrifin, sem eru óviðráðanleg, eru af erlendum toga spunnin. En sennilega er þetta eina ríkisstj. í heiminum, sem sjálf hefur pantað sem mesta verðbólgu og spanað verðbólguna upp á sig, því að allar aðrar hafa þó verið að reyna að hamla á móti, hvort sem þær hafi verið hægri eða vinstri stjórnir. En það var á fyrstu mánuðum þessarar ríkisstj., þegar veislan stóð sem hæst og allt var boðið öllum. (**Heilbr.- og trmrh.**: Það var, þegar við hækkuðum ellilífeyrinn, var það ekki?) Það var búið að taka ákvörðun um það, það var bara framkvæmdaatriði og aurar í kassanum hjá Halldóri til að borga, svo að það þarf ekki að gorta lengur af því.

Ég skal svo ekki hafa þessi orð fleiri í sambandi við niðurgreiðslurnar. Ég sé, að hæstv. heilbr.- og trmrh. er að verða svolítið órór, en hann kemst að sjálfsögðu hér á eftir að með sínar skýringar, ef ég þekki hann rétt, nema hann velji þann kostinn, sem hann er nú farinn að gera töluvert í seinni tíð, að sitja og þegja heldur. (Gripið fram í.) Það er alveg rétt hjá hv. þm., það fer betur á því.

Í fjárlagafrv. eru 20 millj. kr. til uppbóta á línufisk, og er búið að vera í frv. alllengi. Á árinu 1971 nam magn þess fisks, sem veiddur er á línu, 43 621 lest, og þá voru verðuppbæturnar 14.4 millj. kr. Á árinu 1972 var þetta magn mjög svipað eða 43 643 lestir, eða aðeins meira, en uppbæturnar í krónutölu námu 17 millj. 457 þús. kr. Nú á þessu ári er búið að greiða þegar út um 15 millj. kr., og er magnið 37 356 lestir. Ef við lítum á, hvernig þessar uppbætur urðu til og hvað lá á bak við það, þegar þær voru teknar inn í fjárlög, þá var það sú ákvörðun Verðlagsráðs sjávarútvegsins, fiskkaupenda og ríkisvaldsins að hækka nokkuð þann fisk, sem veiddur er á línu, þannig að hann væri borgaður hærra verði en annar fiskur, til þess að stuðla að því, að þessar veiðar drægjust ekki meira saman, því að það hefur orðið ákaflega mikill samdráttur í þessum veiðum, og þessi ákvæði eru tekin upp árið 1966 á þann hátt, að kaupendur greiða ofan á hið lögákveðna verð 25 aura á hvert kg og ríkissjóður aðra 25 aura á móti. Á árunum 1967 og 1968 er þessi upphæð óbreytt frá fiskkaupendum, en ríkissjóður hækkar á árinu 1967 upphæðina upp í 30 aura og á árinu 1968 í 60 aura, en það er það hæsta á kg, sem ríkissjóður hefur greitt. Síðan hefur verið á þessu töluverður tröppugangur, en þó alltaf á sama veg frá hendi

fiskkaupenda, að þeir hafa hækkað sinn hluta í uppbótinni úr 25 aurum í 75 aura á þessu ári, þannig að þeir hafa frá árinu 1968 þrefaldað sínar uppbætur, en ríkissjóður hefur aftur frá byrjun, frá 25 aura uppbótinni, hækkað hana í 40 aura. En eins og ég sagði áðan, var hún frá ríkissjóði 60 aurar á árinu 1968. Þegar þar við bætist, að fiskurinn hefur stigið stórkostlega síðan þetta hófst, þá er þetta ekki nema smáupphæð miðað við það, sem var á árunum 1966—1968. En það mun svo vera, að hæstv. sjútvrh. hefur ekki haft neinn áhuga á því að hækka þessar uppbætur, þrátt fyrir það, að þær hafa í raun og veru stórkostlega lækkað. Hann kemur sennilega til með að segja, að þetta mál sé auðvelt að leysa gegnum Verðlagsráð sjávarútvegsins, en það hefur ekki í öll þessi ár verið auðvelt að leysa það á þann hátt. Hins vegar hef ég ekkert á móti því, ef hann getur komið því í kring í sambandi við verðlagningu á fiski um næstu áramót, að þetta mál verði leyst með því, að línufiskur verði verðlagður mun hærra en annar fiskur, og þá skal ég ekkert segja um þetta. En það hefur ekki tekist í öll þessi ár, og ég hef því ekki mikla trú á því, að það takist, jafnvel þótt hæstv. fjmrh. leggi sig allan fram um að leysa málið á þennan hátt. Ég hygg, að það hefði verið hyggilegra að hreyfa þetta eitthvað af mörgum ástæðum, en sennilega vill ríkisstj. velta þessum vanda áfram til næstu áramóta, en það verður skammgóður vermir.

Hv. formaður fjvn. gerði nokkuð að umræðuefni hækkunartill. vegna ríkisspítalanna og skýrði þær mjög greinilega, og þarf ég ekki að endurtaka það að öðru leyti en því, að fyrst var farið fram á af stjórnarnefnd ríkisspítalanna að till. forstöðumanna ríkisspítala að fjölga starfsfólki um 282 starfsmenn á öllum ríkisspítölunum og þar af á Landsspítalanum einum um 106 starfsmenn og Fæðingardeildinni um 90 starfsmenn. Þessi till. forstöðumanna ríkisspítala hefði kostað ríkissjóð, miðað við launin eins og þau voru nú í byrjun des., á ársgrundvelli 96.5 millj. kr. Till. stjórnarnefndar ríkisspítalanna er sú að fjölga starfsmönnum þeirra um 217, sem mundi kosta á ársgrundvelli 67 millj. 340 þús. kr. Í till. fjvn. er lagt til að hækka launin vegna heimildar um nýja starfsmenn um 9 millj. 647 þús., en því til skýringar, að þessi upphæð er ekki hærri, er það, að miðað er við, að flestir þessara starfsmanna verði ráðnir seint á næsta ári. En ef væri miðað við kostnað á ársgrundvelli, mundu þessar starfsmannaráðningar einar kosta um 56.4 millj. kr.

Það er mjög eftirtektarvert í sambandi við rekstur ríkisspítalanna og þá sérstaklega Landsspítalans, að þar eru deildir, sem ekki er hægt að reka vegna manneklu. Höfuðástæðan fyrir því, að það eru ónotuð sjúkrarúm á Landsspítalanum mestallt þetta ár, er hjúkrunarkvennaskortur. Það hafa ekki fengist hjúkrunarkonur, vegna þess að þær telja, að mismunur launa með vaktaálagi sé ekki það mikill, að þær vilji ráða sig á þann hátt. Hins vegar hafa sagt mér fróðir menn í þessum efnum, að það sé enginn skortur á hjúkrunarkonum, sem vinna á dagvöktum. Þetta ástand er orðið geigvænlegt, og það þýðir lítið og kostar mikið fé að byggja sjúkrhús, ef það á svo að vera í reynd, að mörg rúm séu ónotuð vegna skorts á vinnuafli á sjúkrahúsunum. Ég held, að þetta þurfi að taka til mjög rækilegrar athugunar, en ekki einblína á byggingu nýrra sjúkrahúsa eða stækkun á sjúkrahúsum. Ég held, að frumskilyrðið til að reka þessar stofnanir með eðlilegum hætti sé að nýta þær til fulls, en það er ekki gert, eins og ég hef nú þegar sagt.

Það kom hér fram hjá frsm. meiri hl., að það væru gerðar nokkrar breytingar á fyrirtækjum í B-hluta fjálagafrv. M. a. eru gerðar breytingar á Ríkisútvarpinu, og eru tekjur Ríkisútvarpsins hækkaðar mjög verulega frá því, sem þær eru nú í fjárlagafrv., þannig hugsað, að afnotagjöld hljóðvarps hækki úr 1740 kr. í 2400 kr. á næsta ári, eða á milli 38 og 39%, og auglýsingar hækki um 15%. Þá er einnig hugsað, að afnotagjöld sjónvarps hækki úr 3900 kr. í 5700 kr., eða um 46%, og auglýsingaverð sjónvarps hækki um 11½%. Ég fyrir mitt leyti tel ekki óeðlilegt, að gerðar séu breytingar á tekjum stofnana eins og Ríkisútvarpsins, en það ekki látið viðgangast, eins og gert er á þessu ári, að gerð sé áætlun fyrir þessar stofnanir með stórfelldum rekstrarhalla. Ég er ekki þar með að segja, að það megi ekki finna einhverjar leiðir til þess að draga frekar úr rekstrarútgjöldum þessara stofnana, og það á auðvitað að reyna að gera í flestum tilfellum. En hitt er ekki til neins góðs, að afgreiða fjárhagsáætlanir þessara stofnana með þeim hætti, sem gert var í fyrra. Ég tel, að hér sé farið inn á eðlilegri braut með því að reikna með, að þessar stofnanir standi undir sér á þessu ári.

Það hafa verið gerðar töluverðar breytingar á áætlun Pósts og síma, þannig að með breytt. fjvn. eru laun Pósts og síma komin nokkurn veginn í þá upphæð, sem Póst- og símamálastjórnin hefur áætlað þau, en hún áætlaði launaliðinn, miðað við verðlag í des., 1 milljarð 185.8 millj. kr. Hins vegar er engin breyting gerð á öðrum rekstrargjöldum Pósts og síma, hvorki viðhaldi fasteigna og áhalda né öðrum rekstrargjöldum. Ekkert tillit hefur heldur verið tekið til hækkana, sem orðið hafa á öðrum liðum frá því að fjárlagafrv. var samið, en póst- og símamálastjórnin telur, að miðað við, að þessi áætlun geti staðist, sem hún leggur fram, sé fjárvöntun hennar að upphæð 378.2 millj. kr. En þá er því við að bæta, að Póstur og sími eru með gífurlega mikið fé til framkvæmda, og þær framkvæmdir hafa verið miklar á undanförnum árum. Þær eru margar hverjar samningsbundnar, og það er erfitt að daga verulega úr þeim framkvæmdum, þegar um er að ræða að ljúka sjálfvirka kerfinu í þéttbýli á landinu, og sömuleiðis er mjög mikil ásókn í nýjar framkvæmdir í nýjum hverfum hér á þéttbýlissvæðunum, þó að sjálfsagt sé að reyna að draga hjá þessari stofnun eins og öðrum úr framkvæmdum, eins og frekast er hægt.

Mér finnst ekki úr vegi að minnast aðeins á það, að núv. ríkisstj. ætlaði að bæta mjög hag landsbyggðarinnar og gera aðstöðumuninn minni fyrir þá, sem úti á landi búa, en í sambandi við símagjöldin tók hún upp þann snjallræði að setja söluskatt á öll símgjöld í landinu. Það var látið í veðri vaka, að stofnunin ætti sjálf að borga þennan söluskatt, það mundi koma niður á fram-

kvæmdaliðum hennar, þegar það var tilkynnt fyrir 2½ ári, að þetta yrði gert. En raunin varð sú, að þegar söluskatturinn kom á, var honum bætt á reikningana. En ef hæstv. ríkisstj. og aðrir vinir byggðastefnu hafa ekki vitað það, þá ætla ég nú að segja þeim frá því, að þessi söluskattur hefur komið miklu harðar niður á landsbyggðinni en hér á þéttbýlissvæðinu, vegna þess að umframsímtölin, sem eru utan við afnotagjöldin, eru utan Reykjavíkur, Kópavogs og Hafnarfjarðar 158 millj. eða 200% hærri en afnotagjöldin úti á landsbyggðinni, en í Reykjavík og Kópavogi voru umframsímtölin 141 millj. eða aðeins 40% umfram afnotagjöld, og í Hafnarfirði voru umframsímtöl 9 millj. eða um 70% umfram afnotagjöldin. M. ö. o.: umframsímtölin eru í Reykjavík og Kópavogi á árinu 1972 40%, í Hafnarfirði 70%, en annars staðar á landinu 200%. Þar með geta menn séð og þá vonandi skilið, að þetta „patent" að bæta söluskatti á símgjöldin, sem fyrri ríkisstj. gerði aldrei og datt aldrei í hug að gera, hefur komið tiltölulega þyngst niður á landsbyggðinni.

Það kom hér fram í umr. við fjárlagafrv. við 2. umr., að það væri ævintýri næst sú mikla aukning, sem hefði orðið í byggingu íbúðarhúsa, sérstaklega úti á landsbyggðinni. Vitaskuld taka framkvæmdir alltaf fjörkipp, þegar atvinna er mikil og tekjur manna eru góðar. En ég fór að skoða plagg, sem ég hafði fengið frá hagrannsóknadeild Framkvæmdastofnunar ríkisins, um þær íbúðir, sem hafa verið fullgerðar á tilteknu árabili, eða frá árinu 1960 til og með ársins 1972. Við lestur þessa plaggs verð ég ekki var við neinn ofsalegan fjörkipp, sem fullgerðar íbúðir hafi tekið á þessu tímabili. Þegar teknar eru saman fullgerðar íbúðir í hverju kjördæmi fyrir sig, — það er nánari sundurliðun á hinum ýmsu stöðum í hverju kjördæmi, — þegar teknar eru saman íbúðabyggingar í hverju kjördæmi fyrir sig í kaupstöðum og kauptúnum, þá eru fullgerðar íbúðir í Vesturl. á árinu 1972 71 íbúð, en á árinu 1960, fyrsta heila ári viðreisnarstjórnarinnar, eru fullgerðar íbúðir 78. Fjörkippurinn er sá í því kjördæmi, að úr 78 íbúðum fara þær niður í 71. Á Vestf. voru fullgarðar íbúðir á árinu 1960, sama ári og ég nefndi í sambandi við Vesturland, 45, en fjörkippurinn, sem það tók þar, eru á s. l. ári, 1972, 19 fullgerðar íbúðir. Og í Norðurl. v. verður töluverður fjörkippur. Þar voru aðeins fullgerðar 24 íbúðir á árinu 1960, en þær voru þó á árinu 1965 39, en eru 42 á s. l. ári í því kjördæmi. Norðurl. e. tók nokkurn kipp, þar voru 1960 fullgerðar 117 íbúðir, en 1972 170 íbúðir, en á árinu 1967, sem var ekki mjög hagstætt ár, voru þó fullgerðar í því kjördæmi 160 íbúðir. Á Austfjörðum voru fullgerðar íbúðir 1960 39, en 1972 55, en á árinu 1968 voru fullgerðar íbúðir í Austurlandskjördæmi 83, en ekki nema 55 á s. l. ári. Á Suðurlandi voru fullgerðar íbúðir 1960 85, á s. l. ári 96, en á árinu 1968 voru fullgerðar íbúðir í Suðurlandskjördæmi 107.

Þar eru því ekki stórkostlegir fjörkippir, sem þarna hafa átt sér stað úti á landsbyggðinni. Hins vegar skal ég játa það, að í Reykjaneskjördæmi hefur orðið allveruleg breyting, því að 1960 voru 333 íbúðir fullgerðar, en á s. l. ári 499, og það hefur komist næst því árið 1967, en þá voru 449 íbúðir fullgerðar. Í Reykjavík hefur stökkið orðið langmest. Þar hefur verið farið úr 642 fullgerðum íbúðum í 902 íbúðir, en þar var þó næst því á árinu 1968, fullgerð 871 íbúð, en núna sem sagt 902.

Þegar við lítum á landið í heild, eru fullgerðar 1960 1363 íbúðir, en á árinu 1972 1854. En á árinu 1967 voru þetta 1688 íbúðir. Ég sé því ekki, að a. m. k. fyrir árslok 1972 hafi orðið fjörkippur í íbúðabyggingum úti á landi, eins og sagt var hér við 2. umr. að væri ævintýri líkast. [Fundarhlé]

Ég ætla að koma nokkuð að Fiskveiðasjóði. Það var tiltölulega lítið rætt um stofnlánasjóðina við 2. umr. En ég minnist þess, að í sambandi við fsp., sem var til umr. í Sþ. í gær, bar á góma málefni Fiskveiðasjóðs í sambandi við vexti af lánum hans. Mér sýnist, að fjármagnsvöntun Fiskveiðasjóðs sé talin vera á næsta ári 1140 millj. kr., og líklegt er, að fjármagnsvöntun sjóðsins á árinu 1975 verði 1440 millj. kr. og fjármagnsvöntunin á árinu 1976 1740—1800 millj. kr. Allt eru þetta afleiðingar þess, hvað mikið er búið að kaupa af skipum og byggja. Það eru skuldbindingar, sem Fiskveiðasjóður hefur tekið á sig. Hann tekur árlega hluta af erlendum lánum þeirra skipa, sem byggð hafa verið og er verið að byggja, og hann þarf auðvitað að innleysa þau lán eftir ákveðnum reglum.

Mér finnst rétt að minna aðeins á það og þá ekki síst í tilefni þeirra ummæla, sem hæstv. sjútvrh. viðhafði hér í gær, hvernig fjármagnið til Fiskveiðasjóðs er fengið og þá með hvaða kjörum. Varðandi vaxtakjör af þeim lánum, sem tekin hafa verið og verða tekin á þessu ári hjá Framkvæmdastofnun ríkisins, Framkvæmdasjóði, þá hafa verið reiknaðir 12½% vextir af bráðabirgðalánum, sem Framkvæmdasjóður hefur lánað. En lán Fiskveiðasjóðs að öðru leyti á þessu ári eru þau, að hann hefur tekið í íslenskum krónum 567 millj. til 15 ára með 9½% vöxtum. Í öðru lagi hefur hann tekið 256 millj. til 15 ára með 1% lántökugjaldi, vextir eru 12½%, en hækka eða lækka, ef vaxtakjör Framkvæmdastofnunarinnar breytast á nýjum lánum sjóðsins. Í þriðja lagi er hann skuldbundinn til að taka 183 millj. til 12 ára, lántökugjald 1%, með vöxtum 6¼% og visitöluákvæði byggingarvísitölu samkv. l. nr. 25 frá 1957. Samtals eru þessar lánveitingar á þessu ári 1 milljarður og 6 millj. kr., og eru þá meðtaldar 6 millj. vegna dráttarbrauta, sem haldið er utan við greiðsluáætlun Fiskveiðasjóðs.

Þetta eru í stórum dráttum þau lánakjör, sem Fiskveiðasjóður verður að hlíta í sambandi við það fjármagn, sem hann þarf að taka að láni til þess að endurlána til sjávarútvegsins. En hvernig eru svo lánakjör Fiskveiðasjóðsins? Fiskveiðasjóður lánar vegna skipabygginga, tækjakaupa og þess háttar með 5½% vöxtum og 3/5 hlutum af gengisáhættunni vegna skipakaupa erlendis frá. Þessi erlendu lán eru þannig, að þau breytast á hverjum gjalddaga í Fiskveiðasjóðslán, það sem hefur fallið í gjalddaga erlendis, og þá með sömu kjörum. Til nýbyggingar innanlands á skipum yfir 75 rúmlestir verða kaupendur að taka gjaldeyrislán vegna véla- og tækja-

kaupa. Dollaralánin eru með 8% vöxtum og til 5 ára, og endurgreiðslu af skipalánum hefur verið dreift niður á 20 ár. Fasteignatryggð lán eru með 7% vöxtum og að 3/5 hlutum gengisákvæði. Frá því í febr. s.l. hafa verið afgreidd vísitölulán, bæði skipalán og fasteignalán, þannig, að af fiskveiðasjóðslánum hefur 1/10 hluti verið vísitölutryggður af öllum lánum yfir 500 þús. kr. Gjaldeyrislán til skipabygginga og innfluttra skipa hafa ekki komið þar til álita, því að þau eru alveg sérstaklega. Rétt er að taka fram, að tekið var í fyrra vísitölulán, sem er ekki enn búið að endurlána að öllu leyti, og sjóðurinn ber áhættuna við breytingu á byggingarvísitölunni. Hafa endurlánin verið bundin þeirri vísitölu, sem í gildi er, þegar lánveitingin fer fram. Nú á að þvinga Fiskveiðasjóð til að taka til viðbótar 183 millj. kr. vísitölutryggð lán á móti 124 millj. kr., sem hann varð að taka á þennan hátt í fyrra. Ég hugsa, að það komi ekki til með að muna miklu, þegar ég segi, að munurinn á þeim lánum, sem Fiskveiðasjóður tekur, og þeim lánum, sem Fiskveiðasjóður lánar, nemi því, að Fiskveiðasjóður muni sennilega tapa á þessu ári nær 100 millj. kr. í mismun á þessum lánskjörum. Þetta kalla ég ekki að tryggja afkomu þessa stærsta lánasjóðs sjávarútvegsins, og hæstv. viðskrh. og sjútvrh. hældi sér af því hér í gær, að hann hefði neitað um vaxtahækkanir á hinum almennu lánum. Sannleikur málsins er sá, að meðan veislan stóð sem hæst hjá núv. ríkisstj. og hæstv. sjútvrh. var hvað sperrtastur og glaðastur, þá lofaði hann á aðilfundi LÍÚ að lækka lán til fiskiskipa og fiskvinnslustöðva, og honum var klappað lof í lófa. Þeir voru mjög ánægðir, útvegsmenn. En hann skýrði ekki jafnhliða frá vísitölulánunum, sem hann ætlaði að koma á. En nú auðvitað sér hann það og sá það um leið og veislunni lauk, að hér var alveg skakkt að farið. Það kom ekki til greina, að það gæti staðist að lækka þessi stofnlán, og þá er gripið til þessa.

Þá er einnig því við að bæta, að vaxtakjörin fara versnandi, og það verður hvorki rekin Stofnlánadeild landbúnaðarins, Seðlabankinn né aðrir viðskiptabankar og ekki Fiskveiðasjóður heldur, ef vaxtakjörin eiga að vera þau, að þessar lánastofnanir eigi að taka lán frá hinum og þessum aðilum, bæði utanlands og innan, og lána þau svo aftur út með mun lakari kjörum. Það getur ekki farið nema á einn veg, að annaðhvort verður ríkissjóður að hlaupa undir bagga og rétta hag þessara lánastofnana eða þá þessar lánastofnanir standast ekki slíka lánastarfsemi og verða að hætta. Þetta veit auðvitað hæstv. viðskrh. og sjútvrh. mætavel. Og þegar ríkissjóður er að greiða til Fiskveiðasjóðs framlag, bæði af útflutningsgjaldi og fjárl., þá er því framlagi fremur illa varið, ef það á að étast upp að sennilega 3/5 með því, að sjóðurinn er að lána það fjármagn, sem hann tekur að láni, með mun lakari vöxtum. Ég held, að það sé kominn tími til að endurskoða mjög alvarlega þær lánareglur, sem nú eru þar í gildi, til þess að það fé, sem sjóðurinn hefur yfir að ráða, rýrni ekki. Við höfum þetta dæmi fyrir okkur á öðrum sviðum. Við sjáum það í samandi við húsnæðislánakerfið. Þar hafa verið tekin vísitölutryggð lán, sem eru tekin með margfalt hærri vöxtum en Byggingarsjóðurinn lánar aftur út. Þetta ést upp á tiltölulega skömmum tíma, og verður því að segja, að séu lítil búhyggindi að starfa á þennan hátt.

Þó að fjárlög séu nú komin í nálægt 30 milljarða, og varð á þeim stórfelld hækkun á s.l. ári einnig, þá er því þannig farið, að Byggðasjóðurinn fær enga hækkun á sínum framlögum. Því er haldið niðri með sömu upphæð að krónutölu og var fyrir tveimur árum. Þrátt fyrir flutning frv. um 2% tekjur af álögðum tekjum ríkissjóðs, má ekki hreyfa þetta á einn eða annan veg. Byggðastefnumennirnir, sem nú eru allsráðandi, mega ekki heyra á það minnst, að það sé reynt að rétta eithvað hlut Byggðasjóðs, því að ef við lítum á þá breytingu, sem orðið hefur á byggingarvísitölunni bara á einu ári, frá nóv. í fyrra til 1. nóv. s.l., þá hefur byggingarkostnaður hækkað um 33%, en yfirleitt má segja, að fjármagn Byggðasjóðs fari að mjög verulegu leyti til byggingarframkvæmda, fyrst og fremst til skipabygginga, og svo annarra framkvæmda í landinu og þá í mjög ríkum mæli til húsbygginga, til iðnaðar og fiskverkunar og annarra slíkra þarfa atvinnulífsins. Þarna er algerlega daufheyrst við. Það hefur verið reynt að halda þessu máli vakandi í n. frá því í haust, óskað eftir því af mikilli hófsemd að reyna að hreyfa eitthvað framlagið til Byggðasjóðs, og nú á milli 2. og 3. umr. gerði ég og fleiri síðustu tilraun til að óska eftir því, að hér yrði gerð einhver breyting á til hækkunar á framlagi ríkissjóðs til þess að bæta sjóðnum upp þá rýrnun, sem orðið hefur á því fjármagni, sem hann hefur yfir að ráða, vegna verðbólgunnar. Formaður fjvn. kom svo að síðustu með það svar, að það væri ekki möguleiki á því, og þá auðvitað veit maður, hvaðan svarið er komið. Það er frá stjórnarherrunum í ríkisstj., sjálfum byggðapostulunum, sem hafa talað best og mest á undanförum árum um, hvað sé nauðsynlegt að stórauka framlög til byggðamála.

Jú, það vantar ekki, það er starfandi 7 manna þingkjörin n., sem á að vinna að byggðamálum. Það var byrjað mjög myndarlega. Það var talað mjög mikið um, hvað þyrfti að gera, og það þyrfti að fara að áætla þetta og hitt og það þyrfti að stórauka framkvæmdir á öllum sviðum úti á landsbyggðinni. En við vitum, að það þarf peninga. Þeir eru aflið, sem þarf til þess að framkvæma þessar hugsjónir. En svo þegar kemur að því, að það á að fara að framkvæma eða vinna að þessum hugsjónum í alvöru, þá gefast sjálfir byggðapostularnir upp og segja: Hingað og ekki lengra. Fjárl. geta farið upp ár eftir ár um fleiri milljarða á ári, en framlag til Byggðasjóðs skal vera það sama. Ég spyr: Eru allir stjórnarþm. ánægðir með þessa afgreiðslu? Hvað segja nú hinir minni postular byggðastefnunnar, þegar stóru postularnir í ráðherrastólunum haga sér svona? Eru þeir ánægðir? Ætla þeir að sætta sig við þessa afgreiðslu? Mér finnst eðlilegt, að það sé spurt að því.

Eins og ég gat um hér við 2. umr., tel ég, að það þyrfti að breyta algerlega um vinnubrögð í sambandi við gerð fjárl. Ríkisstj. á hverjum tíma þarf fyrst og fremst að gera sér grein

fyrir því, hvað hún telur, að það sé eðlilegt og jafnframt skynsamlega að afla mikilla tekna, taka miklar tekjur af landsmönnum hvert ár fyrir sig, skipta svo útgjöldunum eftir málaflokkum, og þegar það er gert, þá verður stjórnarliðið að sameinast um það og leita samstarfs við stjórnarandstöðu að afgreiða fjárlög innan þess ramma, en ekki byrja á því að ákveða þetta mörg hundruð millj. í þetta og þetta mörg hundruð millj. í hitt, því að þá koma alltaf fram menn, sem styðja ríkisstj., og segja: Við viljum ekki leggja í þessar framkvæmdir eða þessi framlög. Við viljum taka upp annað, sem þeir benda á. En það hefur verið þannig hjá þessari ríkisstj., að hún hefur alltaf byrjað á því að lýsa yfir, hvað hún ætli að gera mikið í þessu og hinu. Svo hafa aðrir komið til, sem styðja ríkisstj., og sagt: Við sættum okkur ekki við, að það sé gengið fram hjá þessu hugsjónamáli okkar, þessu bráðnauðsynlega máli, og þá hefur því alltaf verið bætt við. Þannig hafa fjárl. farið upp úr öllu valdi. Þannig hefur verið þanin verðbólgustefna í þjóðfélaginu og enginn fengið við neitt ráðið, vegna þess að það hefur ekki verið breytt um vinnubrögð á þennan hátt.

Ég hef bent á það í ræðu minni, að vantalin útgjöld í launum, sem við sjáum þegar, eru alveg örugglega ekki undir 520 millj. kr. Það er sjáanlegt, að ef ekki fæst önnur skýring í sambandi við fjölskyldubæturnar en sú, að það eigi að halda sér áfram við að greiða 15 þús. kr. með hverju barni, þá vantar örugglega 160—170 millj. inn í fjárlagafrv. Þannig eru þarna í þessum tveimur liðum, launalið og í sambandi við fjölskyldubæturnar, um 700 millj. kr., sem vantar inn í fjárlagafrv. Þar við á svo eftir að bæta áhrifum, sem verða af almennum kaupgjaldssamningum, sem væntanlega verður frá gengið í byrjun næsta árs eða kannske fyrr, ég veit það ekki, og hafa auðvitað í för með sér margvíslegar hækkanir fyrir ríkisbúskapinn í heild. Ég tel líka mjög eftirtektarvert, að nú við 3. umr. koma fram nýjar framkvæmdir, sérstaklega í orkumálum og til jarðvarmaframkvæmda. Út af fyrir sig er ég samþykkur því, að það sé aukið við þessar framkvæmdir, vegna þess ástands, sem skapast hefur, og ég er sammála hæstv. ríkisstj. í því að auka þessar framkvæmdir til muna frá því, sem verið hefur. En ég er ekki sammála ríkisstj. í því, að jafnhliða eigi ekki að hreyfa við neinu öðru, sem áður var búið að áforma. Það verður einhvers staðar að draga úr, ef ekki á að þenja svo áfram og taka svo mikið vinnuafl til opinberra framkvæmda, að það verði skortur á vinnuafli við framleiðslustörfin í landinu. Þá verður að draga annars staðar úr.

Nú segja þessir menn: Hvað vill stjórnarandstaðan, hvað á að gera? Hvernig á að draga úr? Og hvar á að ráðast á framkvæmdir til þess að draga úr, vegna þess að við erum sammála um það, bæði stjórn og stjórnarandstaða, að það eigi að auka framlög til orkumála og jarðvarmaframkvæmda? Ég segi fyrir mitt leyti, að ég hefði talið, að það hefði verið eðlilegt, sjálfsagt og skylt, bæði stjórnarflokkum og stjórnarandstöðu, að setjast niður og fá tíma til að draga annars staðar úr. Það er ekki hægt að gera það með þeim hraða, sem er í fjvn., í öllu því starfi, sem hún verður að inna af hendi á stuttum tíma. En það hefði verið hægt og verið skynsamlegt af ríkisstj. að leita til stjórnarandstöðunnar um það og spyrja: Eruð þið sammála um, að við frestum afgreiðslu fjárl. og látum nefnd starfa, á meðan Alþ. er í jólafríi, til þess að gera till. um lækkanir á öðrum framkvæmdum, gera jafnframt till. um lækkanir á öðrum þeim liðum, sem fært þætti að lækka í fjárlagafrv., og leggja niður fyrir sér þá skyndilegu og fljótfærnislegu ákvörðun, sem ríkisstj. hefur tekið í sambandi við minnkandi niðurgreiðslur á vöruverði, sem hefur í för með sér enn meiri verðbólgu en verið hefur, og var þó nóg af henni fyrir í okkar landi? Þetta hefði ég talið, að hefði verið skynsamlegt að gera og ná samkomulagi um, því að ég held, að þó að oft beri mikið á milli stjórnar og stjórnarandstöðu, þá vilji báðir aðilar, þegar allt kemur til alls, reyna að ná saman og gera það, sem er skynsamlegast fyrir þjóðfélagið í heild.

Ég vil svo ljúka þessum orðum með því að lýsa því yfir, að ég tel fyrir mitt leyti og við í 1. minni hl. fjvn., að þessi fjárlög séu mjög óraunhæf, eins og ég hef fært rök að í ræðu minni, og þau séu nánast pappírsfjárlög, sem Alþ. er ætlað að afgreiða á morgun. Ég harma þessi vinnubrögð og hefði óskað, að sá háttur, sem ég gerði áðan að umræðuefni, hefði verið tekinn upp, og það er enn þá tækifæri til þess, ef ríkisstj. vill afgreiða fjárlög, sem eru raunhæf og byggð á viðtæku samstarfi allra alþm.

Frsm. samvn. samgm. (Björn Pálsson): Herra forseti. Ég mun segja hér örfá orð um till. samvn. samgm. um framlög til flóabáta og vöru- og fólksflutninga.

Við héldum þrjá fundi, yfirleitt mjög skemmtilega, því að það voru ákaflega ánægjulegir samstarfsmenn, sem voru í n., og það tókst nokkurn veginn að ná samkomulagi. Við reyndum að vera sparsamir, eins og við gátum. En ég hef nú fengið áminningu hjá bæði formanni fjvn. og fjmrh. um það, að mér færist ekki að tala um eyðslu hjá þeim, þegar ég væri svona eyðslusamur sjálfur í þessari n. En ég ræð ekki öllu í þessari n. og ekki meira en hinir, þannig að við eigum allir heiður eða vanheiður af þeim verkum.

En ég fór að líta á þetta samt sem áður, þessa hækkun hjá okkur og hækkun á fjárl. í heild. Í fyrra munu hafa verið dregin af bátunum 6% frá því, sem við veittum til þeirra. Þá voru veittar 33 millj. Satt að segja kom okkur saman um það í n., að það þyrfti að greiða þeim þessa upphæð, því að við vorum það knappir í fyrra, að það mátti ekki minna vera. Raunar var einn báturinn rekinn þannig, að það var ofurlítill tekjuafgangur, eða það voru líkur til þess, en hinir voru með halla, og það hefur alltaf verið þrengt þannig að þeim, að þeir hafa haft frekar þröngan fjárhag. Fjárhagurinn hefur verið erfiður hjá þeim. En það er nú svo, að ef skammtað er það vel, að ekki þurfi að leita neinna úrræða til bóta, þá vilja menn kannske vera dálítið ragir við það. Ástæðan fyrir því, að þetta gekk eins vel í ár og það gekk, var m.a. sú, að ég fór tvisvar í rn. og talaði um það við þá, að það væri

ekki hægt annað en hækka fargjöldin og flutningsgjöldin. Viðkomandi ráðh., Hannibal Valdimarsson, féllst á það, og ég talaði líka við starfsmennina þarna. Þetta varð m. a. til þess, að farið aðra leiðina var hækkað t. d. með Akraborginni úr 215 kr. upp í 325 kr., og sömuleiðis var hækkað eitthvað við alla bátana, þó mun það hafa verið mest vegna fólksflutninga. Þetta varð til þess, að tekjur Akraborgarinnar urðu um þriðjungi meiri en ella og útkoman góð.

Við veittum til bátannna í fyrra 33 millj., eins og ég sagði. Af því var stofnframlag til báta og bíla 3.1 millj. kr., eitthvað um það bil, þannig að í fyrra hafa ekki farið til rekstrar á bílum og bátum meira en um 29 millj. Nú er heildarupphæðin 38 millj. 820 þús. Þar af er stofnframlag til snjóbila og skipa rúmar 3 millj. og til rekstrarins 35 millj. 720 þús. Fyrir 4 árum var framlagið til þessara báta og bíla — og bílunum hefur fjölgað allmikið síðan — 19 millj. 355 þús. Þetta hefur því hækkað sem næst um 75%, að ég ætla. Ég bar þetta saman við t. d. Ríkisskip. Á fjárl. 1971 er framlag til þeirra ætlað 24 millj. eða 5 millj. kr. hærra en til bátanna, en nú er sú upphæð komin í 77 millj. á fjárl. Auk þess er skrifstofukostnaður eitthvað um 10 millj., þannig að það eru alls um 87 millj., sem fara til Skipaútgerðar ríkisins og rekstrar á þeim skipum, þannig að þessi upphæð hefur allt að því fjórfaldast, þegar okkar upphæð hefur aðeins tvöfaldast. Þetta vildi ég láta Geir minn, formann fjvn., vita, að þeir hafa alveg snúið á okkur, og er ekkert nema gott um það að segja. Hins vegar kvað fjmrh. fastara að orði í fyrra, því að hann sagði, að við værum búninr að þrefalda útgjöldin, en þá fóru til rekstrar 29 millj., eins og ég sagði áðan, það voru 19 millj., og ég get ómögulega reiknað, að þetta sé þrefalt. Þið getið náttúrlega reiknað með mér. Mér reiknast, að þetta séu 50%, og ég skil það þannig, að 50% hækkun sé alls ekki þreföldun. Til þess að það sé þrefalt, ætti upphæðin að hafa hækkað um 200%. Þetta hefur vafalaust verið misminni hjá fjmrh., mér er ómögulegt að ætla honum að reikna þetta svona vitlaust. Hvað sem þessu líður, hefur þetta verið þannig í framkvæmdinni, að við höfum reynt að spara það, sem við höfum getað, og satt að segja jaðrar kannske við það í sumum tilfellum, að við göngum fulllangt í því efni.

Það eru veittar til Norðurlandsbátsins Drangs 6 millj. kr. Hann annast mjólkurflutninga til Siglufjarðar að vetrinum, kemur við í Ólafsfirði, Hrísey og fer tvisvar í mánuði til Grímseyjar. Þetta er alveg nauðsynlegt. Hann vildi fá 8.5 millj., en það var ekki samþykkt að láta hann hafa meira en þetta.

Veitt er til vetrarsamgangna í Árneshreppi á Ströndum, það var áður til Strandabátsins, en við létum þennan hrepp hafa 100 þús. kr. til snjómoksturs.

Svo eru veittar til Hríseyjarbáts, sem gengur frá Hrísey og til byggðanna við Eyjafjörðinn, 360 þús. kr. og í stofnkostnað 200 þús. kr.

Til flugferða til Grímseyjar eru veittar 350 þús. kr., til snjóbifreiðar í Dalvíkurlæknishéraði 150 þús., til Mjóafjarðarbáts 500 þús., snjóbifreiðar á Vopnafirði 150 þús., snjóbifreiðar á Fjarðarheiði 700 þús., þar er yfir erfiðan fjallveg að fara, og stofnkostnaður fyrir sama 500 þús. Þeir voru að kaupa bíl á Seyðisfirði, sem á að kosta 4 millj., og þóttust þurfa að fá aðstoð hjá ríkinu. Þarna er erfið aðstaða, en mjólkurflutningar oft, svo að við gátum ekki annað en orðið við þessu að mestu leyti hjá þeim.

Fagradalssnjóbifreið eru veittar 190 þús. og snjóbifreið á Oddsskarði, — það er fyrir Norðfirðinga — 550 þús. og í stofnkostnað 220 þús. Snjóbifreið á Fljótsdalshéraði 120 þús. og snjóbifreið á Borgarfjörð eystra 160 þús. Snjóbifreiðar milli Stöðvarfjarðar og Egilsstaðaflugvallar 150 þús. og til vöruflutninga á Suðurlandi 1500 þús. Þessum fjárveitingum réðu að mestu Austfjarðaþm. Helgi Seljan og Páll Þorsteinsson, og þeir voru afar höflegir í kröfum. Páll flytur mál sitt vel og hefði sennilega verið afar vel hent að vera málflutningsmaður, og ég held, að það megi segja, að þeir hafi ráðið því, hversu mikið var veitt í þessa staði.

Til mjólkurflutninga til Vestmannaeyja eru veittar 920 þús. Ég ætla, að Guðjón taki það, en hann sér víst um Herjólf að mestu leyti, þannig að það léttir þá byrðarnar af honum.

H. f. Skallagrímur fær 7 millj. Svo er Mýrabátur með 30 þús. Til vetrarflutninga í Breiðvíkurhreppi 80 þús. Stykkishólmsbáturinn hefur einna erfiðastan fjárhag, hann skuldar um 24 millj. fyrir utan hlutafé. Hann var stækkaður og það söfnuðust töluverðar skuldir, en hann hefur allmiklu verkefni að gegna, gengur um Breiðafjörðinn og er mikils virði líka fyrir fólk, sem er að ferðast af Vestfjörðunum. Það fer oft með bílana yfir Breiðafjörðinn, þegar ófært er eftir Barðaströndinni, þannig að báturinn er ákaflega mikils virði fyrir stórt svæði. En tekjurnar eru ekki nógu miklar og svo hlóðust á hann skuldir, þegar hann var stækkaður og gerður þannig, að þeir gátu flutt bíla með honum. En þessar ferðir eru nauðsynlegar fyrir Breiðfirðinga og óhjákvæmilegar. Í sjálfu sér þyrfti ríkissjóður að hjálpa til að greiða niður þessar skuldir. Ég held, að það séu á vegum ríkisins um 7 millj. Það hefur heldur farið hækkandi, og væri miklu betra, að ríkisábyrgðasjóður borgaði það og væri ekkert að rukka bátinn um það, það væri einhvern veginn þurrkað út hljóðlega, fremur en að við séum að veita fé til að borga þessa skuld, því að það er þannig, að bátarnir eru að bera sig saman, og ef við þurfum að hækka við þennan bát, eða þeir, sem verða í samvn. samgm. í framtíðinni, þá fara hinir bátarnir fram á að fá eitthvað hliðstætt, þannig að það borgar sig að reyna að láta það ganga þannig. En það er afar þungt fyrir bátinn að borga vexti af þetta hárri upphæð.

Langeyjarnesbátur fær 180 þús. Hann aðstoðar á Breiðafirðinum líka. Snjóbifreið í Austur-Barðastrandarsýslu fær 100 þús. Til vetrarflutninga í Vestur-Barðastrandarsýslu 350 þús. Dýrafjarðarbátur fær 100 þús. Snjóbifreið á Botnsheiði 250 þús. Djúpbáturinn fær 5½ millj. og til mjólkurflutninga 100 þús. Við hækkuðum hann um eina millj. Aftur hækkuðum við ekki Breiðafjarðarbátinn nema um ½ millj. og Akraborgina um ½ millj. Norðurlandsbáturinn fékk nokkru meiri hækkun, vegna þess að hann hefur verið svo lágur undanfarið. Það má vera, að þetta sé heldur lítið fyrir Djúpbátinn, en hann hefur verið

afburðavel rekinn undanfarið, og það varð til þess, að það var veitt heldur lægra til hans en t. d. til bátanna á Breiðafirði og í Faxaflóa. Hann var mjög skuldlítill. Aftur á móti skuldaði hann tryggingagjöld og eitthvað fleira, en þó er hann nú langskuldminnstur af bátunum.

Sannleikurinn er sá með þessa báta, að það er ákaflega erfitt að fá nógu góða menn til að reka þá. Það eru ekki nógu mikil verkefni til þess, að þeir geti haft viðunandi laun. Það er ákaflega mikið undir því komið, að það séu færir menn. Og það er þannig víðar í störfum, að það er ákaflega erfitt að fá vel hæfa menn, mikil eftirspurn er eftir vinnuafli.

Svo eru veittar til snjóbifreiðar í Þórshafnarhéraði 130 þús. og á Akureyri 150 þús. Til vetrarflutninga á Lónsheiði 200 þús. Snjóbifreið Axarfjörð-Kópasker 240 þús. Snjóbifreið á Hólmavík 150 þús. og stofnstyrkur 200 þús. Snjóbifreið í Hálshreppi í Suður-Þingeyjarsýslu 150 þús. Vetrarflutningar í Skarðshreppi í Dölum 70 þús. Vetrarsamgöngur í Reykhóla- og Gufudalshreppum 200 þús.

Við sáum okkur ekki annað fært en að veita styrk til þessara snjóbifreiða. Þeim hefur alltaf farið fjölgandi. En eins og þið vitið vantar víða lækna, og líf fólks getur riðið á því að geta komist undir læknishendur eða sækja lækni, þannig að það er ekki þægilegt að neita um aðstoð til að eiga snjóbifreiðar. Þeir, sem voru þm. fyrir viðkomandi kjördæmi, réðu mestu um framlögin, það var yfirleitt samkomulag um það nokkurn veginn, en annars reyndum við að halda eins sparlega á og við gátum. Má deila um, það hvort við höfum ekki verið fullsparsamir og verið það undanfarin ár, því að þetta er aðstoð við dreifbýlið, og getur skipt miklu máli, að möguleikar séu til að gera þetta.

Ég vil svo mælast til þess, að þessi 6% verði greidd til bátanna, sem voru dregin af þeim. Ég lít svo á, að þótt við samþ. þessa 15% heimild í fyrra, þá hafi það náð bara til framkvæmda, en þarna er um rekstur að ræða, sem ekki er hægt að minnka. Það er hægt að draga úr framkvæmdum við vegi í sumum tilfellum og eins við að byggja, en bátana þurfti að reka, og ég leit alltaf svo á, að þetta næði ekki til þeirra. Fjmrh. hefur sagt mér, að þeir hafi sætt sig við þetta og verið ánægðir. En þeir gerðu það ekki af því, að þeir vildu fá meira og þyrftu ekki meira, heldur á þeim grundvelli, að þeir héldu, að annars yrðu kannnske tekin af þeim 15%. Álít ég, að þeir hafi ekki skilið þetta rétt, enda fórum við ekki það hátt í þetta í fyrra, og m. a. hefur hækkað miklu meira, eins og ég tók fram áðan, hjá Skipaútgerð ríkisins en hjá þessum bátum, það er tvöfalt meira. En þessir bátar eru alveg einns nauðsynlegir og snjóbifreiðarnar, það eru einmitt þeir, sem erfiðasta aðstöðu hafa, sem fá styrk í gegnum þetta kerfi.

Guðjón Teitsson skrifaði okkur eins og vanalega álit sitt um það, hvað hver bátur þyrfti og hvernig þeir væru reknir. Við fórum í gegnum þetta og tókum að vissu leyti dálítið tillit til hans till. líka. Þeir, sem kunnugastir voru, viðkomandi þm., réðu mestu um þetta. Hann skrifaði okkur einnig um væntanleg skipakaup Borgfirðinganna, og ég hef ofurlítið verið að kynna mér þau, ekki af því, að mér komi þetta meira við en hverjum öðrum þm., en það barst þó til okkar í samgn. frá Guðjóni, og ég hef verið að leita mér upplýsinga um það. Ég hringdi í Agnar Erlingsson, hann er við skipaskoðunina, og spurði hann um þetta. Hann sagði, að þetta væri skip, sem hefði verið innfjarða og að það yrði að loka því. Sömuleiðis talaði ég við skipstjóra, sem var að koma frá Noregi. Hann hafði heyrt talað um þetta skip við vesturströnd Noregs, og hann sagði mér, að þeir hlægju mikið að þessu, þetta skip væri ekki til annars en hafa það í járnarusl, það hefði alltaf reynst illa, væri orðið 7 ára gamalt og má ekki fara lengri vegalengd á sjó, sagði skipstjórinn mér, en 5 mílur. Það er ey, sem heitir Karmey, þarna fyrir utan fjörðinn, og það má ekki fara út fyrir hana. En mér skildist á Guðjóni, að það væri hægt að gera það haffært með því að loka því. Ég spurði hann ekki ítarlega út í það, hvað ætti að gera meira, en sennilega á að þyngja það og gera það stöðugra þannig. Svo spurði ég hann, af því að fjmrh. veitti okkur einhverjar upplýsinngar um, að það væri hægt að flytja sement í því, og hann sagði, að það væri ekki hægt. Ég álít, að ríkisstj. hafi ekki kynnt sér það ítarlega, að skipinu þyrfti að loka. Mér skilst, að það eigi að kosta 120 millj. og svo þurfi að gera meira eða minna við það. Það er ágætur maður í n., sem á að fjalla um þetta, Matthías Bjarnason, og ég vona, að hann fái lýsingu á skipinu hjá skipaskoðuninni og athugi þetta allt saman. Matthías hefur ágætlega vit á þessum hlutum, og ég vona þess vegna, að sú n., sem fæst við þetta, komi með áreiðanlegar niðurstöður.

Ég fékk hjá Guðjóni áætlun um þetta skip og hef farið yfir hana. Það er rétt, sem Jón Árnason segir, að ég er enginn sérfræðingur í byggingu skipa eða neinu slíku, það fer fjarri því, og ég er ekki að gefa mig út þannig, en Agnar Erlingsson sagði mér, þegar ég spurði, hvað rekstrurinn mundi kosta, að hann yrði frá 120—150 þús. á dag. Hann bað mig ekkert fyrir þetta, þetta er ekkert leyndarmál. Hann sagðist ekki hafa verið spurður um álit, hvort væri hyggilegt að kaupa það eða ekki, hann hefði ekki átt að gera neitt annað en segja, hvort það væri hægt að gera skipið haffært. En hann sagði mér, að það mundi kosta um 120—150 þús. á dag, og reiknum við með 150 þús., sem okkur er alveg óhætt, þá eru það 54 millj. á ári. Nú voru tekjur Akraborgarinnar um 16 millj. s. l. ár, og þá sá ég ekki, — við vitum, að allt er að hækka, — annað en hallinn verði nálægt 38 millj., og það er ámóta og við veitum núna til allra flóabáta og til allra bíla. Nú má vera, að Akurnesingar ætli að borga þetta, en ekki ríkið. Svo fékk ég frá Guðjóni áætlun um þetta, og það er alveg kostulega vitlaus áætlun. M. a. ætla þeir að tryggja fyrir sama gjald, og ég var að athuga, að miðað við olíuhækkun mun olían vera áætluð helmingi lægri en hún verður. Svona hygg ég, að ótalmargt sé. Svo er skipið 7 ára gamalt. Hjörtur Hjartar, sem hefur fengist mikið við rekstur skipa, segir, að það borgi sig ekki að eiga þau, eftir að þau eru 12 ára, sagði, að þeirra reynsla væri sú, að það væri best að losa sig þá við þau. Þó gera þeir ekki ráð fyrir nema 7.2% í afskrift og miklu meiri tekjum en hafa verið af Akraborginni. Það

má vera, að þær verði meiri, en það er ekki nokkur einasta trygging fyrir því. Þegar vegurinn batnar upp eftir, eru alveg eins miklar líkur til, að menn renni heldur eftir veginum hér suður eftir. Um þetta getur enginn fullyrt. En eins og málin liggja fyrir og eftir þeim upplýsingum, sem hann gaf mér, þessi ágæti maður hjá skipaskoðuninni — hann vissi, hver ég var, og það er ekkert leyndarmál, sem hann sagði mér, og ég veit, að hann kannast við það, — þá hlýtur þarna að vera um ævintýranlegan halla að ræða, og ég er, miðað við stærð málsins, í vafa um, að ríkisstj. hafi nokkurn tíma gert meiri vitleysu en að ábyrgjast kaup þessa skips. Það er fjarri mér að vilja á nokkurn hátt bregða fæti fyrir það, sem á að verða Akurnesingum til ánægju í lífinu eða góðs, því að þegar menn eru komnir á minn aldur, vilja þeir öllum vel, og ég þekki satt að segja ekki nokkurn mann, sem mér er illa við, á Akranesi. Mér er ákaflega hlýtt til þm., en ég held, að þeir gætu ekki farið verr með sig en fara að kaupa þennan dall. Þeir verða álitnir eins og hver önnur hreinræktuð flón á eftir, og auk þess verða þeir sióánægðir yfir þessum mikla halla. Ekki yrði betur talað um það hér í þinginu og hjá samvn. samgm. í framtíðinni, ef hallinn yrði 38 millj., þannig að ég held, að þeir gætu ekki skapað sjálfum sér meiri óvirðingu en að fara að kaupa þetta skip. (**Gripið fram í:** Hefurðu séð mynd af því?) Menn lifa ekki á myndum og sigla ekki á myndum. Það er af einskærri umhyggju fyrir þessum ágætu þm. þessa ágæta kjördæmis, sem ég er nú að benda á þetta, en ekki að þetta snerti mig prsónulega neitt. Mér fannst mér skylt að segja það, sem ég álít rétt í þessu máli. Svo er náttúrlega áhætta, ef þetta er dallur, — hann er ekki haffær núna, það er glöggt, — ef þetta er dallur, sem gæti kannske drepið 100—200 manns, ef væri margt á honum, það bætist ofan á allt saman. En um það skal ég ekki dæma. En þetta eru þær upplýsingar, sem ég hef fengið, og ég hygg, að þessar fréttir séu meira að segja komnar upp á Akranes, þannig að það muni kvissast út um þessi kostakaup, því að þeir hafa þetta víst í flimtingum á vesturströnd Noregs, og satt að segja má ríkisstj. ekki fleygja svona frá sér. Hún þarf að athuga hvað hún er að gera, þegar hún er að biðja um ábyrgð. Ég hef verið að hugsa um, að það væri ekkert vit fyrir svo stálgreinda menn eins og ráðh. okkar eru að standa í því að þrasa um það, hvort menn megi hækka um nokkrar prósentur við þetta eða þetta fyrirtæki og þennan eða þennan hlutinn. Þeir verða að hafa einhvern mann í slíku dútli, góðan í reikningi, og gefa sér tíma til að athuga, hvort það er eitthvert vit í því, þegar verið er að biðja þingið um að heimila ábyrgðir fyrir einhverja vitleysu. Ég vildi koma þessum upplýsingum á framfæri.

Svo vil ég þakka nm. fyrir gott samstarf. Þetta gekk allt ágætlega hjá okkur. Og ég veit það, að þegar frá líður verður vinur minn Jón Árnason þakklátur mér fyrir að hafa snapað saman þessar upplýsingar, enda vona ég, að þær verði honum til góðs. En það mega þeir ekki láta sér detta í hug, að ég beri kala til manna á Akranesi. Ég ber fyrst og fremst ekki kala til nokkurs manns og allra síst til þessara ágætu manna, enda hefur mér alltaf samið vel við Jón Árnason. Meira að segja morguninn eftir að við vorum að rabba saman um daginn, fór strax ágætlega með okkur. Hann hefur alltaf reynst mér prýðilega vel og einkum þegar hann var formaður fjvn.

Eysteinn Jónsson: Herra forseti. Það er aðeins til þess að mæla nokkur orð fyrir brtt. á þskj. 288, fyrri brtt., en till. fjallar um það, að starfsfé þingflokkanna hafi sama launagreiðslugildi og það fé hafði 1972, fyrsta heila árið, sem þetta starfsfé var veitt. Frekari skýringa við till. er ekki þörf.

Eggert G. Þorsteinsson: Herra forseti. Ég hef leyft mér að flytja örlitla brtt. á þskj. 295, merkta I. Tildrög þessarar till. eru þau, að fyrir forgöngu Íþróttasambands Íslands var stofnað til samtaka um íþróttakennslu lamaðra og fatlaðra, en slík starfsemi ryður sér nú mjög til rúms erlendis með mjög góðum árangri, bæði sem liður í aukinni endurhæfingu þessa fólks og ekki síður til dægrastyttingar þess, sem því miður er ekki of fjölbreytt vegna fjölfötlunar þess og lömunar. Aðstandendur þessara samtaka voru starfandi styrktarfélög þessa fólks ásamt starfandi félögum og samtökum fólksins sjálfs, sem í hlut á. Þegar starfið var hafið kom í ljós, að enginn sérhæfður þjálfari og sérmenntaður var til í landinu. Fyrsta skrefið í þessum málum hlaut því að verða það að sérhæfa kennara í þessum efnum. Með hliðsjón af framangreindu var — með leyfi hæstv. forseta — eftirfarandi bréf sent til hæstv. menntmrh. 23. okt. s. l., en þar segir í framhaldi af viðtali við fulltrúa samtakanna:

„Undirbúningsnefnd er undirrituð eiga sæti í, vinnur að því með ýmsum hætti, að þessi starfsemi komist á fót. Má þar einkum nefna ýmiss konar kynningarstarfsemi gagnvart væntanlegum iðkendum, útvegun húsnæðis, þýðingu leikreglna og útvegun áhalda og tækja. Mest aðkallandi viðfangsefni um þessar mundir er að fá til starfs sérhæfðan starfskraft, er gæti í senn verið leiðbeinandi við þessar íþróttaæfingar og jafnframt kennt öðrum að leiðbeina. Íþróttaiðkanir meðal fatlaðra eru þess eðlis, að fleira aðstoðarfólk verður að vera til staðar en við venjulegar íþróttaæfingar. Það er áform undirbúningsnefndarinnar að senda íþóttakennara eða sjúkraþjálfara til að afla sér þekkingar og kunnáttu í þessum efnum meðal þjóða, sem komnar eru vel á veg og geta því byggt á fenginni reynslu. Koma þá vel til greina bæði Norðurlöndin og Bretland, svo og Þýskaland og Bandaríkin. Gera má ráð fyrir, að til þessa náms þyrfti að fá aðila, sem eru í föstu starfi, og að 3—4 mánuðum yrði að verja í þessu skyni. Með það í huga má gera ráð fyrir, að kostnaður yrði sem næst þessi:

1. Ferðakostnaður 35 þús. 2. Dvalarkostnaður í allt að 4 mánuði, þ. e. húsnæði, fæði og vasapeningar, 150 þús. og laun 240 þús. eða samtals 425 þús. kr.

Svo sem fram kom í viðtali því, sem getið er um í upphafi þessa erindis, hefur undirbúnings-

nefndin ekki það fjármagn til umráða, sem þarf til að standa straum af þessum kostnaði. Vér leyfum oss því að fara þess á leit við yður, herra menntmrh., að undirbúningsnefndinni verði veittur fjárhagslegur stuðningur í því skyni að senda aðila utan til náms samkv. framangreindri kostnaðaráætlun. Um leið og vér þökkum áhuga og velvilja, er vér höfum mætt af yðar hálfu, leyfum vér oss að vænta þess, að þér getið orðið við þessum tilmælum."

Rn. brást vel við og ritaði fjvn. eftirfarandi bréf, með leyfi hæstv. forseta, 9. nóv. s.l.:

„Rn. hefur borist bréf Íþróttasambands Íslands, dags. 23. f.m., þar sem farið er fram á fjárhagslegan stuðning við undirbúning íþróttakennslu fyrir fatlaða, en talið er nauðsynlegt að senda íþróttakennara eða sjúkraþjálfara utan til að afla sér þekkingar í þessu sambandi. Er kostnaðurinn áætlaður 425 þús. kr. í bréfi undirbúningsnefndar íþrótta fyrir fatlaða. Hér er um málefni að ræða, sem æskilegt er að veita stuðning, og er erindinu hér með beint til hv. fjvn."

Eigi að síður, þrátt fyrir þessar góðu undirtektir, fékkst erindinu ekki framgengt. Mér er vel ljóst af reynslu fyrri ára, að við samningu fjárl. er nauðsynlegt að gæta alls sparnaðar og hagsýni. Ég tel, að hér sé hins vegar um svo mikið réttlætismál að ræða, þegar hliðsjón er af því höfð, til hvaða aðila peningarnir eiga að renna og að upphæðin verður að teljast mjög hófleg, ég treysti því, að hv. alþm. skilji nauðsyn þessa máls og við endanlega afgreiðslu frv. til fjárl. verði þessi till. mín samþykkt.

Bjarni Guðnason: Herra forseti. Ég hef nú þegar tekið til máls um þessi fjárlög bæði við 1. og 2. umr., þannig að ég þarf ekki að vera margorður við 3. umr.

Það, sem ég vil nú einkum segja, er að koma á framfæri ákveðinni brtt. við fjárl., þannig, að svofelld brtt. komi við brtt. á þskj. 286 frá fjvn., 47. tölul., að í stað þess, að skattvísitalan sé ákveðin 154 stig, komi 196 stig. Ég vil leyfa mér að leggja þessa till. fram og leita afbrigða fyrir henni.

Ég mun að sjálfsögðu fara nokkrum orðum um þessa till. og vísa þá fyrst í frv. til fjárl., eins og það var lagt fyrir við 1. umr., bls. 159 í grg. Þar segir, að hækkun vísitölu framfærslukostnaðar milli áranna 1972 og 1973 sé nú áætluð 19—20%. Í samræmi við þetta kemur fram, að skattvísitalan verði 154 stig, en það er 20% hækkun frá gildandi skattvísitölu á árinu 1973. M. ö. o.: stefnan virðist vera sú, að skattvísitalan taki mið af framfærslukostnaði. Nú hefur reynslan hins vegar orðið sú, að framfærsluvísitalan hefur ekki á þessu ári aukist um 19—20%, heldur um þriðjungi meira eða um allt að 30%, og hlýtur það að leiða af sér, að skattvísitalan sé í samræmi við það. Samkv. þeim upplýsingum, sem ég hef fengið hjá Hagstofu Íslands, nam framfærslukostnaður vísitölufjölskyldunnar, þ. e. hjóna með tvö börn, miðað við nóv. 1973 550 þús. kr. á ársgrundvelli. Inni í þeirri upphæð eru ekki skattar og húsnæðiskostnaður. Sé skattvísitölu breytt þannig, að fyrrgreind fjárhæð, þ. e. 550 þús. kr., sé jöfn persónufrádrætti hjóna með tvö börn, þarf skattvísitalan að hækka í 196 stig. Samkv. þeirri skattvísitölu yrðu persónufrádrættir og skattþrep þannig: hjón 431 200, barn 58 800, einhleypingur 284 200. M. ö. o.: hjón með tvö börn hefðu þá persónufrádrátt að fjárhæð 548 800 kr.

Nú munu menn segja sem svo: Þetta er algert ábyrgðarleysi, að bera fram till. af þessu tagi og gera þá ekki grein fyrir því, hvar ríkið eigi að taka það, sem frá því er tekið. En ég svara á móti og segi: Það er algert ábyrgðarleysi að hafa svo mikla skattpíningu á fastlaunafólkinu í landinu, að það hafi varla til hnífs og skeiðar. Og ég hygg, að það væri athugandi fyrir ríkisstj. að miða fyrst og fremst við þarfir þjóðfélagsþegnanna og efnahag þeirra, áður en gengið er frá skattal. og jafnframt fjárlögum.

Nú skilst mér, að það hafi verið stefna a. m. k. Framsfl. og var eitt aðaláðeiluefnið á tíma viðreisnarinnar, að skattvísitalan fylgdi ekki framfærslukostnaði. Nú er ágætt tækifæri fyrir hæstv. fjmrh. að halda fram stefnu Framsfl. og hafa skattvísitöluna í samræmi við framfærslukostnaðinn.

Ekki skal ég hafa fleiri orð um þessa brtt.

Um þessi fjárlög í heild vil ég segja það, að þau eru framhald á því stjórnleysi, sem ríkir í efnahagsstefnunni, eða öllu heldur, það er engin efnahagsstefna, það er bara látið reka á reiðanum. Það er t. d. ákaflega eftirtektarvert, að það má gera ráð fyrir því, að vísitalan 1. mars hækki jafnvel um 10 kaupgjaldsvísitölustig, og þannig verður verðbólgan örari og örari, meira ógnvekjandi og ógnvekjandi, og ekkert virðist reynt að gera til að sporna gegn henni. Og það er ekki gerð nein grein fyrir því, hvernig á að mæta þeirri stórfelldu útgjaldaaukningu, sem hlýtur að verða á næsta ári, bæði á launasviðinu, tryggingasviðinu o. s. frv. Þetta er alveg óleyst mál, þannig að ef framfærslukostnaðurinn hefur aukist, eins og ætlað er, um 30%, þá er fyrirsjáanlegt, að hann mun aukast um allt að því 40—50% á næsta ári, ef svo fer fram sem horfir.

Ég hygg satt að segja, að það sé kominn tími til þess að reyna að líta á málin með kaldri rökhyggju og gera einhverjar ráðstafanir, jafnvel þó að þær verði óvinsælar. Ég held, að það sé ekki spurningin um það, heldur hitt, að það þarf að gera ráðstafanir til þess, að þetta haldi ekki svona áfram. Það gerist náttúrlega, að atvinnurekstur kemst bráðum í strand, og síðan kemur gengisfelling o. s. frv. Þetta þekkja allir þm., og það þýðir ekkert að vera að berja höfðinu við steininn og láta eins og allt sé í besta lagi.

Það vill nú svo vel til, að hæstv. fjmrh. er hér í þingsalnum, svo að ég ætla nú að leyfa mér að beina ákveðinni spurningu til hans. Í Alþýðublaðinu í dag er mikil grein, sem heitir: „Hengiflugið fram undan." Ég ætla ekki að spyrja hann, hvort það sé nokkur sannleikur í því, en það kemur fram, að efnahagssérfræðingar, sem starfar hjá Evrópudeild Alþjóðagjaldeyrissjóðsins, hefur komið til viðræðna við íslenska embættismenn um stjórnun efnahagsmála á Íslandi, og er þar nafngreindur form. n., Rolf Evensen. Og þar kemur fram, að þessir sérfræðingar hafa látið í ljós álit sitt á íslenskum efnahagsmálum, eins og þau standa í dag, og jafnframt hvaða tillögur eru helstar til úrbóta. Þetta er ófögur

lýsing. Vaxtahækkanir, afnám vísitölubindingar launa, breyttar hlutaskiptareglur, niðurskurð framkvæmda og minni mannaflanotkun hins opinbera eru meðal till. þessara manna. Síðan eru teknar upp orðréttar klausur úr þessari leyniskýrslu. Ég skal ekkert segja um, hvaða fótur er fyrir þessu, en þegar slíku er slegið upp, hlýtur að vera fróðlegt að vita, hvað er hæft í því. Ég verð að játa, að sumt, sem er í þessu plaggi, virðist koma merkilega vel heim við ástandið í íslenskum efnahagsmálum. En meginatriðið er það, hvort hæstv. fjmrh. vildi ekki segja þingheimi frá því, hvort eitthvað sé hæft í þessu, og gera okkur þá einhverja grein fyrir efni þessarar skýrslu.

Forsrh. (Ólafur Jóhannesson): Herra forseti. Ég ætla að segja hér örfá orð til þess að mæla fyrir brtt., sem ég flyt ásamt öðrum þm. í Norðurl.v. Því miður er hún ekki komin enn úr prentun, en er væntanleg nú á næstunni. Hún er við heimildagrein fjárl. og er svo hljóðandi, með leyfi hæstv. forseta:

„Við 6. gr. bætist:

Þar sem fyrir liggur að auka hlutafé í Þormóði ramma h/f úr 40 millj. í 100 millj. kr., er heimilt að auka hlutafjáreign ríkisins, svo að hún verði áfram hin sama og áður eða 70%."

Það þarf sjálfsagt ekki að segja þm. það, að Þormóður rammi er hlutafélag á Siglufirði. Þessa heimild hefur ríkisstj. fyrir sitt leyti þegar samþykkt. En fyrir vangá láðist að koma þessu inn á heimildagreinina, áður en fjvn. hafði gengið frá sínu starfi. Þessi brtt. er flutt í samráði við fjmrh. og ég hygg, að mér sé óhætt að segja, einnig form. fjvn.

Þessa till. þarf í sjálfu sér ekki að rökstyðja með mörgum orðum. Það er öllum kunnugt, að þau aðalatvinnufyrirtæki, sem rekin voru á Siglufirði af ríkinu, Síldarverksmiðjur ríkisins, lögðust í dá og voru í dái mörg ár, og m.a. til að bæta úr því vandræðaástandi, sem þar var, var horfið að því að ráði að stofna hlutafélag, sem aðallega er í eigu ríkisins og Siglufjarðarbæjar. Er gert ráð fyrir, að þetta verði allstórt fyrirtæki á íslenskan mælikvarða. Það er að byggja nýja, stóra, myndarlega fiskvinnslustöð. Það á að fá tvo skuttogara til að gera út, hefur þegar fengið annan og hinn er væntanlegur á næstunni. En það hefur sýnt sig, að þær áætlanir, sem gerðar voru í upphafi um þörf á stofnfé í þetta fyrirtæki, hafa ekki staðist, og þörf á meira fé í þessu efni. Í fjárl. einmitt í þessum lið, er gert ráð fyrir 20 millj. kr. hlutafjáraukningu af hálfu ríkisins, sem er þannig til komin, að þetta félag fær afhent það frystihús, sem Síldarverksmiðjurnar ráku áður. En þrátt fyrir það, að hlutafé aukist um það, þarf þar til viðbótar að koma nokkur upphæð, sem gæti þurft að vera framlag á næsta ári í reiðufé.

Ég vona, að ég þurfi ekki að tefja hv. þm. með því að tala lengur um þetta mál eða rökstyðja þá beiðni, sem þarna er um að ræða, meir, en læt máli mínu lokið.

Gunnar Gíslason: Herra forseti. Á þskj. 295 flyt ég ásamt hv. 2. landsk. þm., og hv. 5. þm. Norðurl. v. tvær brtt. við 4. gr. fjárlagafrv.

Fyrri brtt. er ekki stór í sniðum. Hún er einvörðungu um það, að veittar verði 500 þús. kr. til breytinga og endurbóta á húsnæði fyrir læknismóttöku í læknisbústaðnum á Hofsósi og enn fremur að búa móttökuna nauðsynlegustu lækningatækjum. Skortir mjög á, að þessi mál séu í því lagi, sem þau þyrftu að vera. Það urðu íbúum Hofsóshéraðs mikil vonbrigði fyrir nokkrum árum, þegar þeir misstu lækni sinn, og vonbrigði þessa fólks urðu raunar einnig mikil, þegar hv. Alþingi ákvað að leggja niður Hofsóshérað sem slíkt og sameina það Sauðárkrókshéraði, því að margir lifðu í þeirri von, að úr mundi rætast og læknir fást á Hofsós. En læknisþjónusta þar er nú innt af höndum með þeim hætti, að læknir frá Sauðárkróki fer þangað út eftir einu sinni í viku til að veita sjúklingum móttöku. En eins og ég sagði, skortir mjög á, að læknismóttakan sé í því horfi, sem hún þarf að vera, og þess vegna er það, sem við flytjum þessa litlu till. Ég er viss um, að það mundi draga úr vonbrigðum og sárindum þess fólks, sem þarna býr, ef það fengi þá lagfæringu á þessu máli, að læknirinn gæti með sómasamlegum hætti tekið á móti sjúklingum, sem til hans leita úr þessu gamla héraði, og hefði yfir að ráða hinum allra nauðsynlegustu lækningatækjum.

Hin till. varðar hafnargerð á Siglufirði, og er hún öll stærri í sniðum, því að við leggjum til, að upphæðin, sem er 3 millj. nú á fjárl., verði hækkuð í 15 millj. kr. Það er álit heimaaðila á Siglufirði, að gerð hafnarmannvirkis, helst talað um stálþil, sunnan fiskiðjuvers Þormóðs ramma, sem hæstv. forsrh. var að minnast á, þurfi að haldast í hendur við gerð fiskiðjuversins sjálfs. Botnrannsóknir, sem framkvæmdar voru á þessu svæði hafnarinnar, leiddu í ljós skv. danskri úrvinnslu botnssýna, að gera má ráð fyrir sigi hafnarmannvirkis á þessum stað sem nemur 75-100 cm. Þessar rannsóknir leiða því ótvírætt í ljós, tæknilega séð, að sérstakan hátt þarf að hafa bæði um gerð hafnarmannvirkisins og tímaákvörðun byggingarframkvæmda með sérstöku tilliti til byggingar fiskiðjuversins. Það er álit bæjarverkfræðings á Siglufirði, að stálplötur þær, sem um hefur verið rætt og þarf að ramma niður, þurfi að vera mun þykkari og lengri en við venjulegar byggingaraðstæður, og að festingar þilsins þurfi að ná mun lengra á land upp, jafnvel að grunni fiskiðjuversins, og nauðsynlegt sé af þessum sökum að ramma niður stálþilið þegar á næsta sumri, sumarið 1974, og fylla að því, láta síðan hafnarmannvirkið bíða í 1—2 ár, en gert er ráð fyrir, að mestur hluti sigsins komi fram á því tímabili, áður en sjálf byggingarþekjan verður steypt. Þannig hafa þær verkfræðilegu athuganir, sem framkvæmdar voru í framhaldi af botnrannsókn væntanlegs hafnarmannvirkis, sýnt fram á nauðsyn þess, að hafnarframkvæmd þessi hefjist á næsta ári vegna fyrirhugaðra byggingarframkvæmda fiskiðjuvers Þormóðs ramma h/f og að framkvæmdaáætlun og tímaáætlun þessara framkvæmda þurfi að vera samræmd, ef stálþil verður fyrir valinu um gerð hafnarmannvirkis, en um það eru heimaaðilar á einu máli, og liggur fyrir einróma samþykkt bæjarstjórnar Siglufjarðar um það atriði.

Stækkandi fiskifloti Siglfirðinga, bæði skut-

skipa og smærri veiðiskipa, hefur gert óhjákvæmilegt að auka stórlega viðleguaðstöðu fiskiskipa í höfninni. Bygging fiskiðjuversins kallar og á nýja löndunaraðstöðu og þá umhverfisaðstöðu, sem þarf að vera til staðar, þar sem slík fiskiðjuver eru reist. Bygging stálþils sunnan fiskiðjuversins leysir að mati heimaaðila fullkomlega þessa þríþættu þörf varðandi viðleguaðstöðu, uppskipunaraðstöðu og umhverfi frystihússins, en aðrir valkostir um gerð hafnarmannvirkis ekki, heldur aðeins einn þessara þriggja þátta, þ. e. uppskipunaraðstöðu við frystihúsið. Verði stálþil fyrir valinu, sem heimaaðilar eru sammála um, þarf að framkvæma niðurrömmun þess sumarið 1974. Á fjárl. þess árs þarf því að vera fjárhæð, sem a. m. k. greiði verulegan hluta lögbundins kostnaðar ríkisins við þann áfanga. Sé hv. þm. og ríkisvaldinu alvara að gera þessar framkvæmdir báðar mögulegar og standa að þeim á hagkvæmasta hátt, þarf því að fylgja nauðsynleg fjárveiting á fjárl., sem nú er verið að afgreiða. Það er af þessum ástæðum, sem till. okkar þremenninganna er flutt um þessa hækkun á fjárveitingu til hafnargerðar í Siglufirði.

Pálmi Jónsson: Herra forseti. Ég kem hér upp í ræðustólinn til að mæla fyrir brtt., sem er í prentun og hefur því miður enn ekki verið útbýtt. Till. þessi er við 4. gr. frv., liðinn: Til blaðanna skv. nánari ákvörðun ríkisstj. að fengnum till. stjórnskipaðrar n., og hljóðar svo, með leyfi hæstv. forseta:

„Liðurinn orðist svo:

a) Til kaupa á blöðum: Til kaupa á 400 eintökum af dagblöðum 9 millj. og 600 þús. b) Til kaupa á aðalmálgögnum Frjálslynda flokksins og Samtaka frjálslyndra og vinstri manna 1 millj. og 400 þús. c) Til kaupa á kjördæmisblöðum 4 millj."

Til vara flyt ég till. um það, að í stað 32 millj. eins og liðurinn er nú í frv., komi 20 millj.

Ég lét þess getið við 2. umr. frv., að mér blöskraði, þegar það kom fram við þá umr., að till. voru uppi um að hækka framlög til blaðanna úr 18 millj. kr. í 32 millj. Enda þótt það mál hafi verið afgr. við 2. umr., vil ég freista þess við 3. umr. að fá þessu breytt í nýtt horf frá því, sem er í gildandi fjárl. yfirstandandi árs og í fjárlagafrv. fyrir næsta ár. Stefnubreytingin í þessu er fólgin í því, að þau framlög, sem ríkið leggur til í þessu skyni, gangi beint til kaupa á blöðum og þessum blöðum verði dreift í opinberar stofnanir, fyrst og fremst sjúkrahús og skóla, þar sem fólk í þessum stofnunum getur lesið þau og notið blaðanna, en ekki verði framhald á þeirri stefnu, sem nú hefur verið upp tekin, að með þessum hætti verði farið að styrkja á fjárl. stjórnmálastarfsemi í landinu. Ég lít svo á, að ef þessi liður er eins og nú er í fjárlagafrv., gangi féð beinlínis til styrktar stjórnmálastarfsemi og til styrktar blaðaútgáfu flokkanna í landinu, og á þessu er mikill munur. Ef á að taka það upp hér á landi að styrkja stjórnmálaflokkana, hvort sem það er beint til almennrar starfsemi þeirra eða til þess að flokkarnir geti staðið að því að gefa út málgögn sín, þá hygg ég, að eðlilegt væri að setja um slíka aðstoð ríkisins sérstök lög. Þau lög hafa ekki verið sett. Ég tel algerlega óeðlilegt, að fjármagn sé veitt á fjárl. ríkisins og því ráðstafað í þessu skyni eftir ákveðnum till., sem hæstv. ríkisstj. hefur úrslitavald um, hvernig með verður farið. Þessi aðalstefnubreyting felst í þeirri till., sem ég hef hér flutt ásamt hv. 3. þm Sunnl.

Í annan stað er hér um mjög verulega lækkun að ræða á þessum lið, úr 32 millj. í 15 millj. kr. Í ræðu minni við 2. umr. fjárl. gat ég þess, að það væri dæmigert fyrir þá eyðslustefnu, sem ríkti hjá valdhöfum þjóðfélagsins í dag, að nokkrir úr forustuliði þeirra, sem halda um stjórnartaumana, skyldu henda inn slíkri till. eins og þeirri, er þá var samþ., á kvöldfundi, þegar flestir þm. voru horfnir úr þingsalnum, og afgreiða hana án þess að hirða um að mæla fyrir henni og gefa tilefni til umræðna.

Það er næsta fátitt, að fluttar séu sparnaðartill. við fjárlagaafgreiðslu. Ég lít á þessa tilraun sem prófstein um það, hvort slíkur tillöguflutningur hefur nokkuð að segja eða ekki. Þessar till. er prófsteinn á Alþingi, hvort það þýðir yfirleitt að flytja till. til lækkunar við afgreiðslu fjárlaga. Hv. alþm., sumir hverjir, hafa látið í ljós, að þeim ógni það skrið, sem er á fjárlögunum í átt til hækkunar, og er ég einn í þeirra hópi. Ef eitthvað mark á að taka á slíkum ummælum, ætlast ég til þess, að þeir hinir sömu menn samþykki þá till., sem hér er flutt.

Til nánari skýringar á till. sjálfri vil ég geta þess, að hún gerir ráð fyrir því, að keypt séu 400 eintök af dagblöðunum og þeim dreift í þær ríkisstofnanir, sem ég hef þegar getið um. Hér er fjölgun eintaka frá því, sem verið hefur, um 100, því að til þessa hafa ekki verið keypt nema 300 eintök af dagblöðum. Til samræmis við þetta er ætlað í sérstökum lið fjármagn til að kaupa aðalmálgögn Frjálslynda flokksins og SF, en þar er um vikublöð að ræða og geta ekki fallið undir liðinn, sem um dagblöðin fjallar. Í þriðja lagi, geri ég ráð fyrir því, að 4 millj. kr. verði varið til að kaupa svokölluð kjördæmisblöð, þ. e. oft vikublöð eða blöð gefin út á eins eða tveggja mánaða fresti í hinum ýmsu kjördæmum landsins af öllum stjórnmálaflokkum. Það fé, sem till. gerir ráð fyrir, að til þeirra kaupa renni, er einnig 1 millj. kr. meira en það fjármagn, sem varið var til styrktar þessum blöðum á yfirstandandi ári. Hér er því vel séð fyrir því að ætla fjármagn til kaupa á þessum blöðum, og þrátt fyrir það lækkar þessi liður skv. till. um 17 millj. kr. frá því, sem fjárlagafrv. gerir ráð fyrir nú.

Hér er því að mínu mati um mjög sjálfsagða till. að ræða og eðlilega. Það er unnt að halda uppi þeirri þjónustu, sem veitt hefur verið frá hendi ríkisins með blaðakaupum, og auka við hana frá því, sem hefur verið til þessa, en þrátt fyrir það er gert ráð fyrir að lækka útgjöld ríkisins um 17 millj. kr.

Ég skal ekki orðlengja þetta miklu meir. Ég vil aðeins geta þess, að ég vonast til þess mjög einlæglega, að þessi till. verði samþ., og tel, eins og ég raunar hef þegar sagt, að það sé sjálfsagt mál. Fari hins vegar svo, að hv. stjórnarliðar vilji halda fast við eyðslustefnu sína í þessu atriði langt umfram það, sem nokkur ástæða sýnist vera til, hef ég til vara flutt till. um, að þessi liður lækki þó úr 32 millj. kr. í 20 millj. kr.

Ég vil að síðustu ítreka það, að þessi till. er nokkurs konar prófsteinn á vilja hv. Alþingis, hvort það þýði yfir höfuð fyrir einstaka þm. að flytja till. til lækkunar við afgreiðslu fjárl. Verði þessi till. felld, hlýtur það að skoðast svo, að sá meiri hl., sem ræður ríkjum hér á hv. Alþingi, óski ekki eftir því, að einstakir þm. geri till. um að lækka útgjöld ríkisins. Það hlýtur að blasa við bæði hv. Alþingi og þjóðinni í heild, að sá stjórnarmeirihl., sem heldur um stjórnvölinn, kýs ekki, að útgjöld ríkisins séu lækkuð, þótt með ljósum rökum sé sýnt fram á, að unnt sé að lækka útgjöld ríkisins, en samt að bæta þá þjónustu, sem veitt hefur verið.

ATKVGR.

Afbrigði um brtt. 307, 309 og 312, sem voru of seint fram komnar, samþ. með 41 shlj. atkv.

Geir Hallgrímsson: Herra forseti. Ég vil fyrst vekja athygli á því, að það er fyrst við 3. umr. fjárl., sem gefið er yfirlit yfir væntanlegar tekjur ríkissjóðs. Það er fyrst við 3. umr., að hv. alþm. fá tækifæri til að fara yfir tekjuáætlun. Í raun og veru er þá fyrst hægt að gera sér grein fyrir, hverju þjóðarbúið hefur úr að spila til svokallaðrar samneyslu. Ég tel, að hér sé öfugt að farið, það sé fyrst og fremst þessi tekjuáætlun, sem þurfi að liggja fyrir við upphaf meðferðar fjárl. og ekki síðar en við 2. umr. Fyrsta ákvörðun við meðferð fjárlagafrv. á að byggjast á því, hvaða fjármunir eru í raun og veru til ráðstöfunar, með tilliti til þess, að skattabyrði almennings verði ekki of þung. Við getum haft mismunandi skoðanir á því hér á Alþ., hve miklum hluta þjóðarteknanna eða tekna einstaklinga skuli varið til opinberra þarfa eða svokallaðrar samneyslu. En ég held, að það fari ekki hjá því, að við þurfum fyrst og fremst að gera okkur grein fyrir því, hvaða ákvörðun við tökum að þessu leyti, hve mikil hlutdeild ríkisins og hins opinbera á að vera í heildarfjármunaeyðslu þjóðarbúsins.

Við sjálfstæðismenn höfum lagt á það áherslu, að sett yrði ákveðið þak á það hlutfall, sem hið opinbera gæti tekið af einstaklingum, fyrirtækjum og samtökum þeirra til sameiginlegra þarfa. Við teljum, að það sé ekki unnt að koma við sparnaði, aðgæslu og aðhaldi í meðferð opinberra fjármála, án þess að slíkt þak sé sett, slíkt hámark þeirra fjármuna, sem hið opinbera ætlar sér og þegnunum til samneyslu.

Önnur ákvörðun, sem við hljótum næst að taka, er að gera okkur grein fyrir því, hvort æskilegt sé að eyða þegar öllu því, sem hið opinbera tekur til sín frá einstaklingum, fyrirtækjum og atvinnuvegum. Það kann að vera svo háttað í þjóðfélaginu, að það sé æskilegra og eðlilegra, að hið opinbera leggi nokkra fjármuni til hliðar til þess að safna í sjóði, ef um spennu er að ræða í efnahagslífinu, og geyma, ef síðan koma þau ár, þegar nauðsynlegt er að örva efnahagslífið.

Þegar þessar tvær ákvarðanir hafa verið teknar, liggur fyrst fyrir sú heildarupphæð, sem við höfum til ráðstöfunar til margvíslegra þarfa einstaklinga, atvinnuvega og margvíslegrar samneyslu. Þá fyrst kemur til að greina sundur gjöldin milli einstakra málefnaþátta og innan hvers málefnaþáttar, milli rekstrar og þjónustu annars vegar og hins vegar fjárfestingar og framkvæmda.

Ég held, að það fari ekki á milli mála, að bæði meðferð þessa fjárlagafrv. og efnisinnihald þess brjóti í bága við allar viðurkenndar reglur stjórnar efnahagsmála. Hér er ekki neitt, sem heitir samræmd heildarstjórn efnahagsmála. Það hefur skort slíka heildarstjórn hér á landi, meðan vinstri stjórnin hefur verið við völd. Hér er t. d. ekki í fyrsta lagi tekin afstaða til þess, hve mikilvægur er hagstæður viðskiptajöfnuður við útlönd. Fjárlagafrv. það, sem við höfum nú til meðferðar, byggir í raun og veru tekjuáætlun sína á því, að viðskiptajöfnuðurinn við útlönd verði óhagstæður um 4200—4400 millj. kr. Áætlanir um toll- og söluskattstekjur eru beinlínis við það miðaðar, að þessi halli verði á viðskiptajöfnuðinum við útlönd. Hér er vitaskuld um óhæfileg vinnubrögð að ræða, ekki síst í því árferði, sem við eigum nú við að búa, þar sem viðskiptakjör við útlönd eru okkur hagstæð og eftirspurn eftir vinnuafli innanlands meiri en framboð.

Í öðru lagi byggir þetta fjárlagafrv. í besta lagi á því, að greiðslujöfnuður náist og gjaldeyrisvarasjóðurinn haldist sá sami í krónutölu, en þó aðeins með því að auka erlendar skuldir a. m. k. um jafnháa upphæð og viðskiptahallinn við útlönd nemur. Greiðslujöfnuðurinn á yfirstandandi ári er talinn verða 1000 millj. kr., og á það er stundum bent af stjórnarliðum. En af litlu er að státa, þegar tekið er tillit til þess, að gjafafé vegna Vestmannaeyjagossins nemur 1800—2000 millj. kr., auk þess sem erlendar skuldir hafa hækkað um 3000—4000 millj. kr. Hér er í raun og veru um halla á greiðslujöfnuði við útlönd að ræða og stórkostlega erlenda skuldasöfnun.

Í þriðja lagi skyldi maður ætla, að það væri markmið við stjórn efnahagsmála, eins og nú standa sakir, að ríkisbúskapurinn væri rekinn með myndarlegum greiðsluafgangi og tekjur væru mun hærri en gjöld. En sannleikurinn er sá samkv. þessu fjárlagafrv., að gjöld eru hærri en tekjur, og því aðeins næst óverulegur greiðsluafgangur, að lánahreyfingar koma þar til hjálpar. Um leið og fjárl. hækka frá síðasta ári um 40%, vantar samt sem áður 850—900 millj. kr. aðeins í þær niðurgreiðslur og fjölskyldubætur, sem nauðsynlegar eru til að halda núverandi niðurgreiðslustigi og upphæð fjölskyldubóta. Þá eru meiri og fleiri brögð að því í þessu fjárlagafrv. en nokkurn tíma áður, að ýmiss konar heimildir eru settar inn í fjárlagafrv., þannig að stjórnvöldum er opnuð leið til þess að eyða meiru en fjárlög segja fyrir um, en heimildir þessar hafa ekki áhrif á niðurstöðutölur fjárlagafrv. og væntanlegra fjárlaga, og því er hækkun fjárl. sennilega meiri í raun en nemur þeirri 40% hækkun, sem ég gat um áðan. Ég hef hér ekki tekið fram, sem þó er rétt að gera, að framkvæmdaáætlunin gerir ráð fyrir lántökum bæði innanlands og erlendis umfram það, sem tíðkast hefur jafnvel áður undir stjórn núv. stjórnar, sem hefur brotið blað í því að auka lántökur, bæði

innanlands og erlendis, til ýmiss konar framkvæmda.

Í fjórða lagi bera fjárl. ekki vitni þess, að hið opinbera hafi neinn áhuga á því að hafa yfirsýn yfir stjórn peningamálanna. Það hefur verið nefnt, að aukning hafi orðið á sparifjársöfnun á yfirstandandi ári, sem á sér eðlilegar ástæður í aukningu tekna í krónutölu, en þess er sjaldnast getið, að útlánaaukningin er enn meiri, ekki síst vegna þrýstings frá hinu opinbera, bæði ríki og ríkisfyrirtækjum, sem mörg hver eru rekin með halla í bili, og svo frá atvinnuvegunum og ýmsum einkafyrirtækjum, sem verða að búa við versnandi afkomu.

Allt þetta, sem ég hef hér nefnt: viðskiptajöfnuður óhagstæður, greiðslujöfnuður ónógur og ríkisbúskapurinn rekinn undir þensluáhrifum og stjórn peningamála ekki sinnt, — allt þetta verður til þess að auka peningamagnið í umferð og eftirspurnina innanlands, til þess að auka dýrtíðina. Þessi fjárlög verða því verðbólgufjárlög, óðaverðbólgufjárlög.

Hv. 2. þm. Vestf., frsm. 1. minni hl. fjvn., hefur gert glögga grein fyrir því, hvað vantalið er í fjárlagafrv., að því er snertir fjölskyldubætur og niðurgreiðslur, sem samtals mun nema um 850—900 millj. kr. Afleiðing þessa, að þær niðurgreiðslur og upphæðir til fjölskyldubóta eru ekki í þessu fjárlagafrv., sem og boðuð hækkun á áfengi og tóbaki, gerir það að verkum, að kaupgjaldsvísitalan og framfærsluvísitalan munu væntanlega hækka um nær 6 stig eða kaupgjaldskostnaður atvinnuveganna hækka um 4% af þessum sökum einum saman, og eru þá ekki tekin með áhrif af hækkun afnotagjalda sjónvarps og hljóðvarps um 40—50%, er mun valda um 0.6 kaupgjaldsvísitölustigum til viðbótar. Ég vildi í þessu sambandi spyrja hæstv. fjmrh. að því, að hve miklu leyti hækkanir á afnotagjöldum eða þjónustu annarra ríkisfyrirtækja eru ráðgerðar, hverjar þær hækkanir eru og hvaða áhrif þær muni hafa á vísitöluna eða hækkun hennar. Í því sambandi má sérstaklega nefna, að stjórnardeildir munu nú henda á milli sín vandamáli eins og því, hvernig afla skuli Rafmagnsveitum ríkisins 350 millj. kr., sem Rafmagnsveiturnar vanhagar um á næsta ári, og verður það væntanlega ekki gert nema alla vega að nokkru leyti með hækkun rafmagnstaxta. Rafmagnsveitur ríkisins eru allsendis ómegnugar að gegna því þjónustuhlutverki, sem þeim er ætlað að gegna, eins og sést best á ástandi síðustu daga og vikna í orkumálum víðs vegar á landsbyggðinni, þótt að vísu sé einnig um óvenjulegar veðurfarsástæður að ræða.

Ég bendi á það, að fjárl., eins og þau verða nú úr garði gerð, munu beinlínis hafa þau áhrif að hækka framfærsluvísitöluna um 4—5%, en þar að auki er fyrirsjáanlegt, að framfærsluvísitalan og þar af leiðandi kaupgjaldsvísitalan mun hækka 1. febrúar n. k. um líklega 10% auk þessa að fróðustu manna yfirsýn. Samtals er hér um að ræða hækkun á vísitölunni á þriggja mánaða tímabili um 14—15%. Þetta á sér stað í kjölfar þess, að vísitala vöru og þjónustu hækkaði um 30% á s. l. ári. Við erum því í mikilli óðaverðbólgu, þar sem þróunin fer hraðvaxandi. Meðan þetta á sér stað, eru lausir kjarasamningar atvinnuveganna. Þótt ánægjulegt sé, að samningar hafi tekist við opinbera starfsmenn, er líklegt, að þær kjarabætur, sem þar fengust fyrir tiltölulega fámennan hóp launþega í þjónustu hins opinbera, verði viðmiðun um kjarabætur mun stærri hóps launþega, sem starfa í atvinnuvegunum sjálfum, í atvinnufyrirtækjum. Þá er hin mikla spurning, hvort unnt sé að koma þeim kjarabótum á, hvort atvinnuvegirnir standi undir þeim, miðað við þá dýrtíðar- og verðbólguþróun, sem við blasir að öðru leyti, þótt ekki sé tekið tillit til nýrra kjarasamninga.

Ríkisstj. hefur ekki gert Alþ. grein fyrir því að einu eða neinu leyti, hvernig hún ætlar að mæta verðbólguvandamálinu. Hún hefur t. d. ekki gert Alþ. grein fyrir því, hvernig hún ætlar að mæta óskum og kröfum launþega í landinu um lagfæringar á beinum sköttum, en það sýnist vera líklegasta leiðin til þess í senn að bæta kjör launþega og íþyngja ekki um of atvinnuvegunum. Þvert á móti ber fjárlagafrv. vitni um, að ríkisstj. ætli sér að halda áfram þeirri skattaáþján, er hún innleiddi með skattalagabreytingunni 1972. Í fjárl. yfirstandandi árs eru tekju- og eignarskattar að upphæð 4 milljarðar 937 millj. kr. Í endurskoðaðri tekjuáætlun þess fjárlagafrv., sem hér er til umr., eru tekju- og eignarskattar að upphæð 7 milljarðar 155 millj. kr. Hér hækka tekju- og eignarskattar frá fjárl. yfirstandandi árs til fjárl. næsta árs um, að því er mér reiknast til, 45%. Þetta á sér stað á sama tíma og talað er um, að tekjuhækkun í landinu sé 25—26%. Og þetta á sér stað vegna þess, að skattvísitalan er ákveðin allt of lág. Hún hækkar aðeins um 20%, þegar játað er, að tekjur manna hafi hækkað um 25—26% að lágmarki, og þegar vitað er, að vísitala vöru og þjónustu hefur hækkað um 30.2%. Það er beinlínis stefnt að þyngingu skattbyrðanna. Það er beinlínis gengið þvert á óskir launþegasamtakanna í landinu. Ekki virðist því fylgja hugur máli um það tilboð, sem sagt er, að fram hafi komið af hálfu ríkisstj. um einhverjar lágmarkslagfæringar á beinum sköttum til handa launþegum í landinu.

Ég hef viljað benda á, herra forseti, að þessi fjárlög, sem hér eru til umr., eru vitnisburður um það, að ríkisstj. hefur algerlega misst úr höndum sér alla stjórn efnahagsmála. Hún hefur reyndar frá fyrstu tíð lítil tök haft á þeirri stjórn, en hafi þau tök verið einhver í byrjun, er þeim nú algerlega lokið. Þessi fjárlög bera vitni um þá verðbólguþróun, sem viðgengist hafur undir handarjaðri ríkisstj. og hún hefur ekki sýnt neina viðleitni til að ráða við. Jafnframt eru þessi fjárlög vitnisburður um það, að ríkisstj. horfist ekki í augu við vandann. Útgjöld eru þar ekki meðtalin, sem fyrirsjáanleg eru á næsta ári, eða ráðstafanir gerðar, sem geti hamlað að einhverju leyti á móti áframhaldandi dýrtíð. Í því efni er alveg sérstaklega áberandi, að ríkisstj. ætlar sér ekki, miðað við þessi fjárlög, að gera lagfæringar á beinum sköttum, sem hún þó hefur játað, að full þörf væri á, og allir stjórnmálaflokkar, sem fulltrúa eiga hér á Alþ., allir stjórnmálaflokkar á Íslandi hafa lýst yfir, að nauðsynlegt væri að gera.

Ég skora á hæstv. fjmrh. að svara því, hver ætlun hæstv. ríkisstj. er í fyrsta lagi varðandi

áframhaldandi niðurgreiðslur og fjölskyldubætur og fyrirsjáanlegan vöxt dýrtíðarinnar og tilkostnað atvinnuveganna í landinu, sem getur gert þá ósamkeppnishæfa á erlendum mörkuðum. En einnig skora ég á hæstv. fjmrh., að hann svari því til, hvað sé ætlun ríkisstj. að gera í skattamálum. Ætlar ríkisstj. ekkert að gera til að lagfæra löggjöfina um tekju- og eignarskatt, sem sett var í fljótræði og af miklum misskilningi og mistökum við upphaf valdatímabils hennar 1972? Ég vænti þess, að hæstv. fjmrh. svari þessum fsp., svo og þeim öðrum fsp. og aths., sem ég hef borið fram í þessari ræðu.

Pétur Sigurðsson: Herra forseti. Ég flyt hér ásamt hv. 2. landsk. þm., Pétri Péturssyni, og hv. 5. þm. Norðurl. v., Pálma Jónssyni, brtt. við frv. til fjárl. þess efnis, að styrkveiting til Hjartaverndar hækki úr 8 millj. kr. í 10 millj. kr. Það, sem m. a. fær mig til að standa að þessari brtt. og beita mér fyrir henni, eru orð hæstv. forseta Sþ. hér í kvöld, þegar hann mælti fyrir till., sem hann er 1. flm. að, um að hækka tillög til þingflokkanna, en þá viðhafði hann þau orð, að þau þyrftu að hafa sama launagreiðslugildi og áður, það fé, sem þingflokkarnir fengju, þyrfti að hafa sama launagreiðslugildi og áður. Nú leyfi ég mér að benda á í sambandi við þessa till. mína, að Hjartavernd fékk samkv. fjárl. 1972 8.3 millj. kr., þannig að þótt hækkað væri nú í 10 millj., þá geri ég ráð fyrir, að launagreiðslugildið væri ekki meira en það var samkv. fjárl. 1972.

Ég skal ekki vera margorður um þörf þessa félagsskapar fyrir þessa fjárhæð. En vegna þess að það virðist vera nokkuð í tísku núna á hv. Alþ., ef fé á að renna til höfuðborgarsvæðisins eða eitthvað gott að gera fyrir íbúana hér eða hópa þeirra, að það sé algert bannorð hjá mörgum hæstv. þm., jafnvel þótt hið sama og bannað er hér megi gilda fyrir kjósendur þeirra eigin kjördæma, þá vil ég benda á það, að Hjartavernd er nú að vinna að áætlun samkv. sínu verksviði um allt land. Þeir hafa að mestu lokið þeim hluta áætlunarinnar, sem lýtur að íbúum þéttbýlissvæðisins á Suðvesturlandi, og mér persónulega er ekki kunnugt um, að þeir úti um land, þó að það virðist oft vera, þegar þeir fella till. okkar Reykvíkinga, séu með sterkara hjarta en við hér á Suðvesturlandi, og því held ég, að þeim veiti ekki af að njóta þessarar þjónustu líka, eins og við höfum notið hér á þessu svæði.

Hafandi orð forseta S.þ. nú í kvöld í huga, þegar hann mælti fyrir sinni till., vitandi það, að hann hefur sterkt hjarta, þá vænti ég, að bæði hann og flokksbræður hans hafi jafnframt gott hjarta og styðji þessa till. Til þess að sýna fram á, að við séum ekki að stofna til óþarfa útgjalda, vitna ég til till., sem einn af meðflm. mínum, hv. þm. Pálmi Jónsson, flytur á þskj. 309 um lækkun á óþarfalið um 12 millj. kr. Ég held, að sú brtt., ef samþ. verður, muni spanna yfir allar brtt. okkar sjálfstæðismanna. Hún er um, að lækkuð verði allverulega sú upphæð, sem fer til þess að koma áleiðis áróðri vinstri flokkana svokölluðu á prenti.

Ellert B. Schram: Herra forseti. Ég leyfði mér við 2. umr. þessa máls að flytja hér lítilfjörlega till. til hækkunar á fjárveitingu til Íþróttasambands Íslands, sem nam um 10 millj. kr. Ég fylgdi þessari till. úr hlaði með nokkrum orðum og sýndi fram á þau augljósu rangindi, sem fram komu í því, að ekki hafði verið gert ráð fyrir neinni hækkun til íþróttahreyfingarinnar að þessu leyti. Nú hefur það gerst, að milli umr. hefur fjárveitingin verið hækkuð um 2 millj. kr. Ég lít svo á, að þessi hækkun sé að nokkru leyti árangur af þeirri till., sem ég flutti hér við 2. umr., og að hæstv. fjmrh. og fjvn. hafi orðið ljóst, að ekki varð komist hjá því að veita nokkurt fé til þessarar starfsemi.

Nú vil ég taka fram, að ég lít svo á, að þessi hækkun sé allsendis ófullnægjandi. Hún nær ekki einu sinni þeirri beiðni, sem barst frá Íþróttasambandi Íslands, og ég tel, að það sé fyrir löngu kominn tími til, að fjárveitingavaldið meti störf þessarar hreyfingar að verðleikum og það séu ekki skornar niður hóflegar og sanngjarnar fjárbeiðnir frá íþróttahreyfingunni, þegar þær berast. Ég vakti athygli á því við 2. umr. og vek enn athygli á því, að þetta fé, sem á að renna til Íþróttasambands Íslands samkv. fjárl., er skipt á öll sérsamböndin innan íþróttahreyfingarinnar, svo og deilt út til héraðssambanda, ungmennafélaga og einstakra íþróttafélaga, þannig að þarna er ekki um að ræða neinn skrifstofu- eða rekstrarkostnað Íþróttasambandsins sjálfs, heldur fé, sem rennur til starfsemi og rekstrar íþróttahreyfingarinnar allrar.

Ég held, að bæði mér og öðrum hafi verið ljóst, að sú till., sem ég flutti, átti nokkurn hljómgrunn meðal þm. og þá ekki síður hjá þm., sem styðja hæstv. ríkisstj. Þeir áttuðu sig á, að hér var um réttlætismál að ræða, og því, sem betur fer, hafa, eins og fyrr segir, hæstv. ráðh. og fjvn. séð sér þann kost vænstan að hækka nú fjárveitinguna um 2 millj. kr., og ber að sjálfsögðu að þakka þá hækkun, þótt hún sé allsendis ófullnægjandi.

Ég tel hins vegar nú, að það sé fullreynt að fá þessu frekar þokað upp á við og því tiltölulega þýðingarlaust að flytja till. um enn frekari hækkanir. Ég er ekki sérlega gírugur í að flytja hér till., sem fyrir fram eru vonlausar eða vonlitlar, og mun því ekki taka upp till. mína frá 2. umr.

Þetta var fyrst og fremst erindi mitt hingað í ræðustól, að tjá þingheimi þetta, því að ég hafði dregið till. til baka til 3. umr. og mátti því vera von á henni við þessa umr.

Ég vil segja það að lokum, að ég tel, að tillöguflutningur minn hafi engu að síður borið þann árangur, að fjárveiting var örlítið hækkuð. En sú hækkun er meir til að bjarga andliti hæstv. ríkisstj. heldur en að leysa þann vanda, sem íþróttahreyfingin á við að glíma.

Jón Árnason: Herra forseti. Það vantar menn í salinn, sérstaklega þann, sem ég hefði viljað tala til. (Gripið fram í.) — Ég hafði ekki ætlað mér að taka til máls við þessa umr. Frsm. okkar sjálfstæðismanna í fjvn., hv. 2. þm. Vestf., hefur

gert góða grein fyrir afstöðu okkar í sambandi við fjárlagafrv., eins og það liggur nú fyrir til afgreiðslu. En það, að ég kvaddi mér hljóðs, var út af nokkrum orðum, sem djúpvitur maður hér á Alþ. og reikningsglöggur, hv. 3. þm. Norðurl. v. Björn Pálsson, lét hér falla í sambandi við þá framsögu, sem hann hafði fyrir styrkveitingum til flóabátanna. Dró hann þar nokkuð inn í mál, sem má segja, að hafi ekki verið beint á dagskrá, þó að það snerti nokkuð samgöngumálin, væntanleg skipakaup Akurnesinga og annarra Borgfirðinga til þess að halda áfram þeim samgöngum, sem verið hafa á milli Akraness og Reykjavíkur, *má segja allt sem af er þessari öld.* Hefur farið sívaxandi með hverju árinu, sem hefur liðið, sú þjónusta, sem þessi bátur hefur veitt, og það eru sterkustu rökin fyrir þýðingu þessa farkosts fyrir það byggðarlag, sem hér á í hlut, Borgarfjarðarhérað og Akurnesinga. En auk þess er vitanlega þessi þáttur í okkar samgöngukerfi einnig mikilsverður fyrir höfuðborgarsvæðið, því að það segir sig sjálft, að það er líka stórt atriði fyrir höfubogarsvæðið að hafa góðar samgöngur út í hinar dreifðu byggðir.

Hv. þm. ræddi mikið um það ferjuskip, sem er verið að ræða um að kaupa og hæstv. fjmrh. hefur flutt till. um að veita ríkisábyrgð fyrir hluta af væntanlegu kaupverði, á svipaðan hátt og gert hefur verið til fyrirgreiðslu fyrir aðra landsmenn, þegar um það hefur verið að ræða, og var með ýmsar lýsingar á þessu skipi. Mér datt í hug, þegar hann var að tala um sjálfan sig og forstöðumann Skipaútgerðar ríkisins, lýsing þessa hv. þm. fyrir tveimur dögum, þegar hann var að tala um lambið og ána. Ég gat samt ekki fyllilega gert mér grein fyrir því, hvor þeirra hafði farið ofan í holuna, hv. þm. eða forstjóri Skipaútgerðarinnar, en væntanlega hefur nú þm. hangið uppi á bakkanum, en ekki fallið í holuna.

Hann hélt því fram, — það hafði einhver sagt honum það, — að þetta skip mætti ekki fara *nema 5 mílur á sjó, og ég veit ekki, hvernig á að* heimfæra það, þar sem mér er kunnugt um, að þetta skip, sem gengur um 15 mílur, hafi haldið uppi samgöngum á leið, sem það er 2 klukkutíma að fara, og segir sig sjálft, að það fer landleiðina hitt, sem kemur til viðbótar, svo að dæmið gangi upp. Mátti heyra, að hann teldi Akurnesinga og þá, sem væru að standa fyrir þessum skipakaupum, tóma afglapa og enginn hefði vit á þessum málum, nema þá kannske hv. þm. Hann sagðist hafa talað við einhvern Agnar Erlendsson. „Hann sagði mér, að það kostaði 120 þús. kr. að reka bátinn á dag," sagði hann. Síðan komst hann að þeirri niðurstöðu, að þetta mundi leiða af sér, að það mundi kosta um 120 millj. eða meira að reka skipið á ári. Við vitum, að það er verðbólga og þensla á öllum sviðum, en ætla að fara með árið upp í 1000 daga, það þarf nokkuð miklu að breyta, til þess að svo verði. Það þurfa að vera 1000 dagar í árinu, til þess að dæmið gangi upp, eins og hv. þm. vildi halda hér fram, að það kostaði 120 þús. að reka skipið á dag. Þetta hafði hann frá þessum vísa manni. En þetta er eins og annað samræmi, sem kom fram í málmlutningi hans varðandi þetta mál.

Satt að segja var það, að þetta mál skyldi bera hér á góma, kærkomið tilefni fyrir mig til að tala um það og gefa þær upplýsingar, sem ég get, vegna þess að ég er ekki í Nd. og málið fór umræðulaust í gegn í Ed. N. þar fékk upplýsingar, sem hún taldi sig þurfa varðandi rekstur þessa skips. En það kann vel að vera, að þeir í Nd. hafi ekki verið búnir að fá þær, en fái þær hins vegar, þegar þar að kemur. Annars vil ég segja það í sambandi við þetta, eins og reyndar kom fram hjá hv. frsm. samgmn., — það kom skýrt fram hjá honum, að það er síst að átelja þá hækkun, sem orðið hefur í þessum þætti samgangnanna hér á landi, þegar það liggur á borðinu, að reksturinn á Skipaútgerð ríkisins hefur á þessu sama tímabili fjórfaldast sem þessar fjárveitingar hafa aðeins tvöfaldast. Það segir sig sjálft, að það er ekkert samræmi í slíkum málflutningi. Hefði hv. þm. átt að beina spjótum sínum að forstöðumanni Skipaútgerðar ríkisins og vita, hvort hann gæti ekki komið á einhverju meira hagræði í sambandi við rekstur Skipaútgerðar ríkisins heldur en raun ber vitni, svo að ekki þurfi æ ofan í æ að veita hærri og hærri fjárupphæðir til að halda skipaútgerðinni gangandi.

Ef við leggjum til grundvallar þessar 120 þús., sem eru ekkert fjarri lagi og hv. þm., Björn Pálsson, skýrði frá, að mundi kosta að reka skipið, þá kemur það hér um bil heim við þá áætlun, sem ríkisstj. var send og Alþ. hefur fengið varðandi spá nr. 2, sem gerð hefur verið um rekstur á þessu skipi, því að þar er gert ráð fyrir, að það muni kosta um 42 millj. á ári, 41 millj. 718 þús. kr. Þar er gert ráð fyrir eðlilegri aukningu í sambandi við reksturinn, eins og hægt er að rekja í um mörg ár hjá þessu skipi. Ef við tökum þá aukningu líka, sem er nýjust, á yfirstandandi ári, þá á þetta að láta nærri með þá spá, sem þarna er lögð til grundvallar.

Það hefur verið talað um, að það væri vanáætlað, og það kann vel að vera, að það séu vanáætlaðir einhverjir liðir í sambandi við rekstraráætlunina. Ég hygg þó, að það sé ekki það, sem skipti máli í sambandi við endanlega útkomu, því að ég hygg, að það sé hvort tveggja, að það sé nokkuð vanáætlað í sambandi við tekjuliðina og einnig kannske í sumum tilfellum varðandi rekstrarliðina. Það var sérstaklega talað um olíuna. Eftir síðasta reikningi Akraborgar, — vitanlega er hún með minni vél og er nú orðið um kulkkutíma og tíu mínútur á milli, vegna þess að hún er með slitnar vélar, og eyðir meiru en hún eyddi áður, — eftir seinasta ársreikningi, sem liggur fyrir, fór það skip með 1764 þús. kr. í olíu á ári, en samkv. þessari áætlun er gert ráð fyrir því, að skipið eyði 1 millj. kr. meira í olíu. Sjálfsagt er þetta vanáætlað með tilliti til þess, hvað olíuverðið verður í framtíðinni. En þar gegnir alveg sama máli um önnur farartæki. Það gegnir alveg sama máli um bílana, bæði hvað bensín og olíu snertir. Þessir kostnaðarliðir hljóta að vaxa hjá okkur gífurlega, eftir að nýtt verð kemur til sögunnar í sambandi bæði við bensín og olíur.

Það var talað um vátryggingarverð, að það væri líka of lágt áætlað. Það getur munað þar 200—300 þús. kr. eða eitthvað svoleiðis. Ég skal

ekkert fortaka um það. En engan veginn er þar um stóra liði að ræða, og a. m. k. í byrjuninni, á meðan skipið hefur ekki orðið fyrir tjónum, má gera ráð fyrir, að verði hægt að komast að hagstæðum kjörum með vátryggingar, vegna þess líka að hægt er að gera ráð fyrir því, að það verði þarna um lægri upphæð að ræða en gengur og gerist varðandi vátryggingarnar, vegna þess að þetta skip hefur alltaf haft svokallaða topptryggingar, borið sjálft viss lágmarkstjón, og það vita allir, sem nokkuð þekkja inn á tryggingar, að með því móti er hægt að komast að betri og ódýrari kjörum. En vitanlega lendir þá á útgerðinni að standa undir kostnaði við öll lægri tjón, sem að höndum ber og verða á skipinu sjálfu. Hins vegar er tryggingin þannig, að hún bætir fullkomlega fyrir eigendur gagnvart þriðja aðila.

Ég vil segja, að sú áætlun, sem liggur fyrir, sé ekki á nokkurn hátt óvarleg, ef tekið er tillit til bæði tekna- og gjaldaliðanna. En ég vil halda því fram, að ekki síst með tilliti til þess, hverjar horfur eru í sambandi við olíumálin, hvað má búast við, að olíuverð hækki mikið, þá tel ég einmitt, að það sé meiri grundvöllur og meiri réttlæting fyrir því að kaupa þetta skip og reka það heldur en ef svo væri ekki. Ég álít, að það renni einmitt stoðum undir það. Skip, sem getur flutt um 300 bíla, — en það er þó ekki nema hluti af þeim bílum, sem fara fyrir Hvalfjörð á hverjum degi, — getur sparað ekki lítið fyrir þjóðarheildina með því að taka bílana um borð og flytja þá á milli Reykjavíkur og Akraness, bæði stærri og smærri bíla. Þar er um að ræða vélaorku, sem er með dýra brennslu, bensínið er vitanlega miklu dýrara en olían. Og það eru ekki 1000 hestöfl, heldur eru það mörg þúsund hestöfl, þar þar er um að ræða, sem mætti spara á þessari leið, og það er þó alltaf nokkuð yfir 200 km, sem um er að ræða þarna á ferðinni fram og til baka, sem mætti spara með því að taka bílana í þessa bílaferju. Enda þótt Akraborgin geti ekki tekið nema 7 bíla í ferð eða um það bil, hefur hún nú upp á síðkastið oft verið yfirhlaðin af bílum og ekki getað tekið það, sem fram hefur verið boðið í þeim efnum, og því miður er því ekki að leyna, að þeir, sem hafa farið með bíla sína um borð í ferjuskipið, hafa oft orðið fyrir því, að það hefur sjórok gengið yfir bílana, og það er engan veginn gott.

Hv. þm. var að tala um, að sá skipstjóri, sem hann hefði talað við, hefði sagt, að það þyrfti að loka skipinu og setja í það hurðir eða hlera. Þetta er það, sem við vissum, og það hefur engu verið leynt. Það var ákveðið strax einmitt með þetta fyrir augum, að fyrirbyggja það, að sjórok eða sjór kæmist inn í milli þilfarið, þar sem bílarnir verða geymdir. Það er talið nauðsynlegt, og það verður sett á skipið, áður en það kemur til Íslands. En eftir að búið er að gera það, er þarna um að ræða fyrsta flokks bílageymslu.

Ég viðurkenni, að ef þeir, sem þarna eiga hlut að máli, ættu um tvo kosti að velja: annars vegar að byggja sér nýtt skip, sem passaði fyrir þá á besta máta, ellegar þá að kaupa þetta skip, og hefðu nægilegt fjármagn í báðum tilfellum, þá hygg ég, að það mundi frekar verið farið út í að byggja nýtt skip. En það mundi kosta mörgum sinnum meira en þessi bílferja kostar.

Nú skal maður ekkert segja um það, hvað framtíðin ber í skauti sér, eftir að kominn er verulega góður vegur og búið að stytta veginn fyrir Hvalfjörð. En það tekur áreiðanlega mörg ár, og það er, eins og kom fram í umr. áðan, takmarkaður tími, sem verður að afskrifa hvert skip á. Akraborgin var ný, þegar við keyptum hana á sínum tíma. Hún var talin henta þá, en hún er algerlega úrelt skip í þessar siglingar í dag, það ber öllum saman um. Auk þess er hún orðin svo gömul, að ef við eigum að halda áfram með það skip, þá verður að leggja í mjög verulegan kostnað til þess að geta fengið þá klössun á skipið, sem á þarf að halda, til þess að það fái sjóhæfniskírteini til þess að halda þessum siglingum áfram.

Ég vil aðeins að lokum gera grein fyrir því, að þegar ég talaði um það og gerði grein fyrir því hér áðan, að samkv. þessari áætlun, sem gerð hefur verið, mundi kosta um 42 millj. kr. að reka skipið yfir árið, þá er gert ráð fyrir í þeim reikningi, að skipið hafi til afskriftar 7.2% af 130 millj. kr. Það er gert ráð fyrir, að skipið kosti um 118 eða 120 millj. kr., en síðan kostar nokkuð að koma skipinu heim til Íslands, svo að það er ekki óeðlilegt að miða afskriftartöluna við 130 millj. kr., og í þessari áætlun eru, eins og ég segi, 7.2% í afskriftir. Auk þess er gert ráð fyrir því, að borga þurfi 7.25% í vexti af stofnfénu eða af 100 millj. kr., sem er gert ráð fyrir að þurfa að skulda í skipinu, eftir að búið er að ráðstafa Akraborg og láta söluverðið á henni ganga upp í það, sem þarf að greiða út í skipinu strax í upphafi, svo að þetta er allt inni í dæminu, og að hér geti verið um glæfralegt fyrirtæki að ræða, það get ég ekki skilið. Það verður allt að breytast og í öfuga átt við það, sem þróunin hefur verið í þessum efnum, til þess að það sé hægt að halda því fram, að það sé verið að fara út í einhvern glæfralegan rekstur.

Nei, ég verð að segja það, að ég er ánægður út af fyrir sig, þó að ég teldi, að það passaði engan veginn að fara að koma með þetta mál inn í umr. um fjárl., vegna þess að þm. í Nd. gefst tækifæri til að ræða málið, þegar það kemur á dagskrá aftur frá þeirri n., sem fjallar um málið og ég geri ráð fyrir að kynni sér allar aðstæður, áður en hún afgreiðir það aftur til Nd., og þá liggi fyrir þær nauðsynlegu upplýsingar, sem alltaf þurfa að liggja fyrir í sambandi við mál, eða ríkisábyrgð.

Ég skal svo ekki tefja tímann lengur, en vænti þess, að þær upplýsingar hafi komið að gagni, sem ég hef gefið hér í sambandi við þessi fyrirhuguðu skipakaup Akurnesinga og annarra Borgfirðinga til þess að halda áfram uppi þeim samgöngum, sem þeir hafa notið það sem af er þessari öld. Skipin hafa alltaf verið að stækka. Það var byrjað á opnum árabátum í fyrstu og látið nægja þá. Þróunin hefur orðið sú, að þessir bátar hafa alltaf verið að stækka og stækka. Sumir segja í dag, að við séum að kaupa allt of stór skip. Það eru menn, sem fylgjast ekki með tímanum.

Félmrh. (Björn Jónsson): Herra forseti. Ég mæli hér fyrir einni lítilli brtt., sem ég flyt á þskj. 307, en hún er um það, að einn liður í till. samvn. samgm. um flóabáta og vöruflutninga hækki, þ. e. a. s. rekstrarstyrkur Djúpbátsins h/f, Fagraness, 25. liður á þskj. 284, hækki úr 5 millj. og 500 þús. kr. í 6 millj. og 500 þús. kr.

Þessi till. er flutt vegna þess, að við nánari athugun í samgrn. á rekstri og hag Djúpbátsins h/f, eftir að kunnugt var um, hverjar till. n. voru, hefur komið í ljós, að sá rekstrarstyrkur, sem lagður er til af samvn., er ekki nægjanlegur. Það er ljóst, að á s. l. ári var halli á rekstri félagsins um 300 þús. kr. umfram afskriftir, og á þessu ári verður hallinn miklu meiri, sennilega nálægt 3 millj. kr. Ástæður fyrir hallanum á s. l. ári voru þær, að ekki var leyft að hækka fargjöld og flutningsgjöld og taxta í samræmi við hækkuð rekstrarútgjöld. Það var a. m. k. ein af aðalástæðunum. Á þessu ári hafa tekjur hins vegar orðið minni en gert var ráð fyrir. Það hafa myndast skuldir, sem nú verður ekki lengur komist hjá að greiða, og eru m. a. vátryggingagjöld skips, slysa- og ábyrgðartryggingar, og nema þær skuldir nokkuð á aðra millj. kr. Þá eru einnig fyrirsjáanlegar hækkanir á rekstrargjöldum næsta ár, aðallega hækkun á olíu og hækkun á launum áhafnar skipsins. Ég tel þess vegna nauðsynlegt, ef á að tryggja þessar nauðsynlegu samgöngur, sem Djúpbáturinn veitir, að hækka rekstrarstyrkinn um 1 millj. kr., og verði það ekki gert, tel ég mikla hættu á og jafnvel víst, að rekstur skipsins muni stöðvast á næstu mánuðum.

Það skal tekið fram, að rekstur þessa skips hefur gengið vel árið 1972, og hef ég ekki heyrt annað en menn væru sammála um, að hagsýni og ráðdeildar hafi jafnan gætt í rekstri þess. Víst er um það, að fyrirtækið, sem hefur gert þennan bát út, hefur ekki gert meiri kröfur en aðrir til ríkisvaldsins um fjárveitingar, því að hækkanir hafa yfirleitt verið mun minni til þessa flóabáts en til annarra, sem sambærilegir gætu talist.

Ég sé ekki ástæðu til, herra forseti, að hafa um þetta fleiri orð, en legg áherslu á, að ég tel fulla nauðsyn, að þessi leiðrétting sé gerð. Með því er ég ekki að gagnrýna afgreiðslu samvn. yfirleitt, ég tel, að hún hafi unnið af mikilli samviskusemi ekki síður nú en áður, þó að ég telji, að þessarar litlu leiðréttingar þurfi við, til þess að sæmilega megi við una.

Ingólfur Jónsson: Herra forseti. Ég hef ásamt 5 öðrum hv. þm. leyft mér að flytja brtt. á þskj. 295 um byggingu á eftirlíkingu sögualdarbæjar í Þjórsárdal. Till. eru 2, aðaltill. 3.5 millj. kr., en varatill., ef aðaltill. skyldi verða felld, 2.1 millj. kr. Þessar upphæðir byggjast á því, að hærri till. er miðuð við 3 ár, að 3.5 millj. kr. séu fyrsta greiðsla af þremur, en lægri talan fyrsta greiðsla af fimm.

Áætlun hefur verið gerð um kostnað við byggingu sögualdarbæjar. Fyrsta áætlun var 12 millj. kr. Áætlunin var endurskoðuð s. l. haust af Verkfræðiskrifstofu Sigurðar Thoroddsens, og þá var áætlunin 15 millj. kr. Árnesingar hafa boðist til að leggja fram 6 millj. kr. eða 2/5 af kostnaðarverðinu, auk þess hafa þeir boðist til að annast gæslu að verulegu leyti á þessu húsi. Verður að segja, að tilboð Árnesinga sé rausnarlegt.

Það má segja, að Alþingi hafi áður látið í ljós skoðun sína á því, hvort byggja ætti eftirlíkingu af sögualdarbæ í tilefni af ellefu hundrað ára afmæli Íslandsbyggðar. Það var árið 1967, sem þjóðhátíðarnefnd 1974 gerði till. um, hvernig skyldi minnast afmælisins. Þjóðhátíðarnefnd gerði till. um, að byggð skyldi þjóðarbókhlaða, hún gerði till. um að byggja sögualdarbæ og hún gerði í þriðja lagi till. um, að skrifuð yrði Íslandssaga. Það hefur verið samþ. af hæstv. ríkisstj. að byggja þjóðarbókhlöðu, og það er langt komið að semja Íslandssöguna. Allir eru samþykkir því, að það skuli gert, og er talið nauðsynlegt. Þjóðarbókhlaðan verður byggð, en þeirri byggingu verður ekki lokið á næsta ári. Það er byrjað að veita fé til þessarar byggingar, og með því er hún tengd afmælisárinu. Íslandssagan kemur vonandi út á næsta ári.

1967 sagði Alþ. ekki neitt ákveðið um, hvort það teldi eðlilegt að byggja þjóðarbókhlöðuna eða skrifa Íslandssöguna. En fjvn. Alþ. mælti ákveðið með því, að sögualdarbær skyldi byggður, og það má lesa í þingtíðindunum. Það má því segja, að Alþ. hafi markað stefnuna 1967 í þessu tilliti.

Til þess að gera ríkissjóði léttara um vik að standa undir kostnaði af byggingunni, teljum við flm., að skipta megi fjárveitingunni á nokkur ár, t. d. 3 ár, og þá yrði fjárveitingin 3.5 millj. kr. á ári í 3 ár. Ef það þykir of mikið, getum við fallist á, að henni verði skipt á 5 ár. Við það lækkar fjárveitingin niður í 2.1 millj. kr. Við teljum, að ef Alþ. hefur markað stefnuna og samþ. að veita fé til þessarar byggingar, þá megi alveg eins byggja bæinn á 2—3 árum, því að það muni vera mögulegt að útvega fé til byggingarinnar, þegar vitað er, að Alþ. ætlar að veita fé fyrir heildarkostnaðinum.

Ég þarf raunar ekki að segja meira um þessa till., enda mælti ég á hv. Alþ. fyrir ekki löngu, fyrir þáltill., sem við þm. Sunnl. flytjum. Ég hef rætt um þessa till. við ýmsa hv. þm. úr öllum flokkum, og mér heyrist á mörgum, að þeir telji það verðugt að minnast ellefu hundrað ára afmælis Íslandsbyggðar með því að byggja eftirlíkingu af sögualdarbæ. Það hefur að vísu heyrst frá ýmsum að þeir telji, að það sé ekki mögulegt að byggja eftirlíkingu af sögualdarbæ, vegna þess að það viti raunar enginn, hvernig þessir bæir voru . En þetta er áreiðanlega misskilningur. Það hefur verið gert líkan af þessum bæ. Hörður Ágústsson skólastjóri, sem er þessum málum kunnugastur, hefur gert það. Norðmenn eru ekki í nokkrum vafa um, hvernig sögualdarbæir voru, um það leyti sem menn fóru frá Noregi til Íslands. Auðvitað hefur byggingastíllinn verið svipaður hér á Íslandi og hann var í Noregi. Þeir, sem byggðu Ísland, þekktu ekki annan byggingarstíl en í Noregi. Víkingarnir komu að vísu við á Írlandi, og sennilega hefur svipaður byggingarmáti verið þar.

Enginn vafi er á því, að slík bygging getur haft mikla þýðingu fyrir okkur. Hún getur vakið unga fólkið til umhugsunar um fortíðina. Upphaf Íslandsbyggðar og söguna, og er það ekki nauð-

synlegt? Er það t. d. ekki hollur lestur að lesa Íslendingasögurnar? Ég er alveg sannfærður um, að allir hv. alþm. hafa lesið Íslendingasögurnar, þegar þeir voru börn, og minnast þess lesturs. Og þeir eru margir, sem hafa sagt, að lestur Íslendingasagna og Bibliunnar, Biblíusagnanna og kversins gamla, hafi haft mikið uppeldisgildi. Þetta var sagt áður fyrr. Ég held, að sú kenning hafi verið góð þá, og ég held, að í dag vanti e. t. v. talsvert á, að þessari kenningu sé viðhaldið. Ég held, að það hafi holl uppeldisáhrif, ef unga fólkið, unglingarnir og jafnvel börnin fást til að lesa Íslendingasögur, kynna sér upphaf þjóðarinnar, Íslandsbyggðar, því að það er vissulega fleira en mannvíg, sem þar er um að ræða. Það eru mannleg örlög, það er saga, og það kemur eins oft fyrir drengskapur og hið gagnstæða. En um það skal ekki meira fjölyrt að þessu sinni.

E. t. v. spyrja einhverjir: Hvernig stendur á því, að þú og þið sumir flm. hér getið flutt till. eins og þessa? Þetta er þó til þess að auka útgjöld fjárl., og þið hafið sagt, að fjárl. væru allt of há. Þið hafið jafnvel sagt, að tekjuáætlun fjárlagafrv. sé teygð það mikið að litlar líkur séu til þess, að fjárlög verði í raun afgreidd greiðsluhallalaus.

Jú, ég er nú þeirrar skoðunar, að fjárl. séu glæfraleg að þessu sinni. En þessi till. er ekki há eða stór í sniðum. Ég er tilbúinn til að greiða atkv. lækkunartill., sem var lýst hér í dag, og ég væri tilbúinn til að greiða atkv. með fleiri lækkunartill. Það var talað um það hér af einum hv. ræðumanni í dag, að það væri eðlilegt að fresta afgreiðslu fjárl. nú og nota þinghléið til þess að fara yfir fjárlagafrv. og athuga, hvað væri hægt að lækka og skera niður að skaðlausu. Ég held, að þetta sé mjög skynsamleg till., og ég fyrir mitt leyti þori að segja það fyrir hönd Sjálfstfl., að hann er reiðubúinn til þess að leggja til menn til að setjast niður og athuga í þinghléinu, hvað það er, sem hægt er að fá samkomulag um að lækka, því að fjárl. eru orðin ískyggilega há. Þau hafa hækkað ískyggilega mikið á undanförnum árum, síðan núv. hæstv. ríkisstj. komst til valda. Því verður ekki neitað. Fjárl. fyrir árið 1971 voru ekki nema 11 milljarðar, en fjárl. fyrir árið 1974 verða nærri 30 milljarðar, og þetta er ískyggileg þróun. Menn búast við því, að ef sama stefna ræður eða sama stefnuleysi, verði fjárl. fyrir árið 1975 40 milljarðar. Þetta er ekki gott, og þess vegna er nauðsynlegt, að menn taki höndum saman og athugi leiðir til að snúa þessari öfugþróun við. En til þess þarf frest, til þess þarf umhugsunartíma, og það hefur oft gerst áður, að afgreiðslu fjárl. hafi verið frestað fram yfir áramót, langt fram á næsta ár, en útgjöld afgreidd eftir heimildum. Ég held, að hæstv. ríkisstj. gerði gott verk með því að kalla til þm. úr öllum flokkum, fresta afgreiðslu fjárl. nú, taka sér hlé og umhugsunartíma til að sníða fjárl. upp, sníða þau við hæfi og greiðslugetu þjóðarinnar, atvinnuveganna og einstaklinganna.

Það er alveg rétt, sem oft hefur verið sagt, að skattarnir eru allt of þungir, allt of háir. Innflutningstollar hækka stöðugt, söluskattur og skattur af þjónustu og vörum, og dýrtíðin magnast. Þetta heldur áfram, ef ekkert verður gert til að snúa þróuninni við. Það er alveg öruggt mál. Dýrtíðin hefur verið mikil á síðustu mánuðum þessa árs. Vísitöluskrúfan hefur verið í fullum gangi. Verðbólgan hefur aldrei vaxið örar en nú, og afleiðingin er sú, að atvinnuvegirnir stynja undan kostnaðarverðbólgunni og taprekstri er boðið heim á öllum sviðum. Þetta hlýtur að hafa mjög alvarlegar afleiðingar.

Hvernig var verðbólgan á þessu ári, sem nú er að kveðja? Hvernig var vísitöluskrúfan, hvernig snerist hún? Hún byrjaði 1. mars s. l. Þá hækkaði kaupgreiðsluvísitalan um 7%, og á sama tíma hækkaði grunnkaup um 6%. Vísitöluskrúfan hélt áfram, og kaupgreiðsluvísitalan hækkaði 1. júní um 6%, aftur 1. sept. um 7%, aftur 1. des. um 7%. Samtals eru þetta 33% og meira með álagi, þegar hækkunin kemur ofan á hækkunina, þannig að ég held, að það sé óhætt að segja með hugarreikningi 35—36% hækkun. Nú mun einhver segja: Þetta er gott, þetta er kauphækkun handa verkalýðnum og handa launþegum öllum. — En hvað segja launþegarnir? Þeim finnst þetta ekkert gott, vegna þess að verðbólgan gleypir alla þessa hækkun og kaupgeta almennings vex ekki þrátt fyrir þetta. Þess vegna er það, sem launþegar gera kröfur um kjarabætur og kauphækkanir. Það er vegna þess, að sú hækkun á launum, sem launþegar fá samkv. vísitölukerfinu, nægir ekki til að halda í við verðhækkanirnar. Atvinnuvegirnir stynja undan þessu fargani og nú munu margir spyrja: Hvernig verður þetta á næsta ári? Verður vísitöluskrúfan í fullum gangi þá, eða er líklegt, að hún stöðvist? Því er spáð, að 1. mars hækki vísitalan, kaupgreiðsluvísitalan, um 8—10 stig, og ef svo er, er þá ekki líklegt, að sagan endurtaki sig á næsta ári, það komi enn svipuð hækkun 1. júní, 1. sept. og 1. des. Þola atvinnuvegirnir það? Geta þeir staðið undir því? Verður það kjarabót fyrir launþega? Ég held ekki. Ég held, að þetta geti orðið til þess, að það verði beinlínis stöðvun í atvinnulífinu, a. m. k. stórkostlegur samdráttur, sem getur ógnað fólkinu og atvinnuleysið komið í kjölfar stöðugt aukinnar dýrtíðar. Og ef dýrtíðarhjólið heldur áfram, eins og ég var að lýsa, vísitöluskrúfan með 30—40% kauphækkunum á næsta ári, hvernig standa þá fjárl.? Því var lýst af einum ræðumanni í dag, að í frv. væri ekki gert ráð fyrir greiðslum vegna væntanlegra hækkana 1. mars, ekki einu sinni þá. Og ef um 10 kaupgreiðsluvísitölustig er að ræða, þá eru það 550 millj. kr. Ef skrúfan heldur áfram, þannig að þetta verði milli 30 og 40 stig, þá eru það um 2 milljarða kr., sem vantar á fjárl. til þess að geta staðið við kaupgreiðslur, ef þær hækka eins og sennilegt er, ef ekkert verður aðhafst. Talið er, að fleiri liðir séu vantaldir. Ég ætla ekki að fara út í það. Það, sem ég segi hér nú, er aðeins það, að ég vil benda hæstv. ríkisstj. á þá hættu, ekki, sem hæstv. ríkisstj. er í sérstaklega, heldur þjóðin öll, og það er þess vegna, sem við í stjórnarandstöðunni teljum okkur skylt að benda á, að nauðsynlegt er að skipta um stefnu og taka höndum saman og lagfæra það, sem er komið að því að fara á hliðina. Það eru atvinnuvegirnir, sem stynja og stöðvast, ef þannig heldur áfram, og Alþ. samþykkir botnlaus fjárlög, ef þau verða afgreidd eins og þau nú eru. Þess vegna er nauðsynlegt að fresta fjárlagaafgreiðslunni, að flokkarnir tilnefni menn í n., —

kannske er heppilegt, að það sé fjvn., — til þess að vinna nú í þinghléinu að því að semja upp frv., skera niður það, sem hægt er að komast af án, og afgreiða fjárlög á raunhæfan hátt, fjárlög, sem íþyngja ekki atvinnuvegunum og skattborgurunum um of.

Það hefur verið skrifað um það í stjórnarblöðum, að fjárlagaafgreiðslan nú væri byggðastefnumarkandi vegna þess, hversu mikið væri veitt til verklegra framkvæmda. Því hefur verið hampað, að fjárl. væru svo há eins og raun ber vitni vegna þess, hversu mikið er veitt til verkl. framkvæmda. En þetta er að mestu leyti blekking, vegna þess að útgjöld til verklegra framkvæmda í frv. eru ekki nema 1/5 eða jafnvel 1/6 parturinn af heildarútgjöldum fjárl. Af 30 milljarða fjárl. eru á milli 5 og 6 milljarðar til verklegra framkvæmda. Hitt er til rekstrar og þjónustu. Það eru þess vegna ekki verklegu framkvæmdirnar, sem ráða úrslitum um það, hve fjárl. eru há, það eru rekstrarútgjöldin, það eru þjónustuútgjöldin, og það eru þeir liðir, sem þarf að athuga. Ég er alveg sannfærður um, að það er hægt að fá samkomulag um að endurskoða þetta allt. Ríkisbáknið er orðið allt of stórt, allt of þungt í vöfum í okkar fámenna þjóðfélagi, og alltaf er verið að bæta við, fjölga starfsmönnum, auka við stofnanir og nefndir og því um líkt. Þetta þarf að athuga og skoða allt frá grunni. Þá er enginn vafi á því, að hægt er að lækka útgjöld fjárl. og miða rekstur ríkisins og útgjöld við það, sem skattborgararnir gætu við unað.

Forsrh. (Ólafur Jóhannesson): Herra forseti. Ég vil aðeins í sambandi við þá till., sem hv. síðasti ræðumaður mælti hér fyrir, gera örstutta grein fyrir því, á hverju sú ákvörðun ríkisstj. byggist, að ekki skyldi stefnt að byggingu sögualdarbæjar á þjóðhátíðarárinu.

S. l. vetur skrifaði ég formönnum allra þingflokka bréf í samráði við þjóðhátíðarnefnd, þar sem ég lagði fyrir þá tvær spurningar. Hin fyrri var sú, hvort þeir væru því samþykkir, að efnt yrði til þjóðhátíðarhalds á Þingvöllum. Hin önnur var sú, hvort þeir væru samþykkir því, að stofnað yrði til byggingar sögualdarbæjar. Það þótti sjálfsagt þrátt fyrir fyrri ráðagerðir af hálfu Alþ. að leita til Alþ. með þessar spurningar vegna þessara framkvæmda, því að ljóst var, að þær mundu kalla á fjárveitingar. Þingflokkarnir fengu langan tíma til umhugsunar, en síðan kvaddi ég formenn þingflokkanna á minn fund og reyndar tvisvar sinnum og bar þessar spurningar þá upp við þá og leitaði svara við þeim. Fyrir mitt frumkvæði var í raun og veru breytt þeirri tilhögun, sem hafði verið hugsuð í sambandi við þjóðhátíðarhald á Þingvöllum, þar sem þjóðhátíðarnefnd hafði upphaflega gert ráð fyrir tveggja eða þriggja daga hátíðarhöldum, var nú miðað við eins dags hátíðarhöld. Þessum spurningum svöruðu formenn þingflokkanna á þá lund, að þeir mæltu með eða gátu fallist á eins dags hátíðarhöld á Þingvöllum, nema hvað formaður eins þingflokksins hafði fyrirvara um það, að í hans flokki væru um þetta skiptar skoðanir.

Þegar svo kom að síðari spurningunni, um það, hvort efnt skyldi til byggingar sögualdarbæjar, vildi enginn af formönnum þingflokkanna mæla með því, nema hvað formaður þingflokks Sjálfstfl. lét þess getið, að í þeim flokki hefðu verið skiptar skoðanir um þetta og að mér skildist a. m. k. helmingur þm. þar verið með byggingu sögualdarbæjar, en þó af þeim, sem með voru, verulegur hluti á þeim grundvelli, að sögualdarbærinn væri byggður í Reykjavík. Þegar þessar upplýsingar lágu fyrir, tók ríkisstj. þá ákvörðun, sem frá mun hafa verið sagt á sínum tíma, að það skyldi stefnt að þjóðhátíðarhaldi á Þingvöllum í einn dag, en ekki átt við byggingu sögualdarbæjar.

Ég vil aðeins láta þetta koma fram, til þess að það sé ljóst, á hverju ákvörðun ríkisstj. byggðist. Hún byggðist á þessu viðhorfi, sem þá kom fram af hálfu þingflokkanna, en ekki á því, að ríkisstj. út af fyrir sig væri andstæð byggingu sögualdarbæjar.

Það var að vísu svo í fyrravetur, að það reis nokkur alda, — einkennileg alda, vil ég segja, — sem ekki virtist geta hugsað sér, að Íslendingar minntust 1100 ára byggðar í landi sínu. En þær raddir eru nú hljóðnaðar, sem betur fer. Ég hygg það vel farið og fulla ástæðu til, að þjóðin minnist með veglegum og myndarlegum hætti þess, að hún hefur þrátt fyrir ýmislegt, sem á dagana hefur drifið, lifað 1100 ár í landinu. Ég tel þetta mál allt í raun og veru og forustu í því hafa frá öndverðu verið hjá þinginu. Það er Alþ., sem tók fyrst ákvarðanir um þetta efni, og ég tel eðlilegt, að það hafi forustu um það. Þess vegna er það, að ef meiri hl. þm. vill samþykkja þá till., sem nú hefur verið borin fram um byggingu sögualdarbæjar, þá hef ég síður en svo nokkuð á móti því. Það verður að vísu sjálfsagt alltaf óráðin gáta, hvort sá bær, sem byggður kann að verða, verður nokkuð líkur þeim bæjum, sem menn hafa búið í á sinni tíð. Það er í mínum huga algert aukaatriði. Ef bærinn verður myndarlegur og til sýnis, geta menn gert sér í hugarlund, að svona hafi verið búið þá.

Ég vil út af fyrir sig alls ekki mæla á móti þessari till., en hef aðeins talið rétt að rekja aðdragandann að því, að ákvörðunin um þetta efni var tekin á þá lund eins og gert var. Og ég vona, að hér sé alveg nákvæmlega rétt skýrt frá um það efni.

Ég ætla ekki að fara að tala hér almennt um fjárl. Ég ætla aðeins að segja það, að vissulega geta menn litið misjafnlega bjartsýnum augum á framtíðina. En hitt væri kannske ástæða til að hugleiða, ef þær kynslóðir, sem hafa lifað í þessu landi frá upphafi, mættu nú eiga sinn fulltrúa í þingsalnum og segja frá reynslu sinni, hvað þeir mundu segja um árið, sem við kveðjum senn. Mundi það verða þeirra vitnisburður, að þjóðin hefði á þessu ári varla haft til hnífs og skeiðar? Ég held ekki. Ég held, að hverjum augum sem við lítum á framtíðina, þá sé það argasta vanþakklæti og skömm að viðurkenna ekki, að við höfum haft hér gott og gjöfult ár.

Sverrir Hermannsson: Herra forseti. Af því að menn hafa verið að velta því fyrir sér, að svo kynni að fara, ef sögualdarbær yrði byggður, þá kynni hann að verða með öðrum hætti en var,

þá vil ég benda á, hvort ekki má ráða á þessu bót, eins og sambandi okkar yfir um er nú orðið háttað. T. d. mætti ná sambandi við Gauk á Stöng og spyrja hann um þetta, því að hann var gerkunnugur því. En ég er fylgjandi því eindregið, að byggður verði sögualdarbær með eða án sambands við Gauk Trandilsson og tel það hið mesta menningarmál.

Ég hef leyft mér að flytja brtt. á þskj. 312, ásamt með fimm hv. þm.: Friðjóni Þórðarsyni, Gunnari Gíslasyni, Lárusi Jónssyni, Steinþóri Gestssyni og Matthíasi Bjarnasyni. Nú er það að vísu svo, að mér er fremur umhendis að eiga neina tillögugerð í þessu máli, slík þýsn og fádæmi sem tillögugerð í sambandi við fjárlög er nú. En erindi mitt er brýnt. Við leggjum til, að framlag ríkissjóðs til Byggðasjóðs verði hækkað um 20 millj. kr. Það er óbreytt, 100 millj., frá því, sem var á síðustu fjárl. og ef við rifjum upp það, sem hæstv. forseti sagði, þegar hann mælti fyrir brtt. sinni um hækkun framlags til þingflokkanna úr 3.7 millj. í 6 millj., til þess að þær héldu kaupgildi sínu, þá sjá menn, hversu fjarstætt það er að hafa óbreytt framlag til Byggðasjóðs frá því, sem var í fyrra, 100 millj. kr. Ef maður miðar við það og dregur dæmin af þeirri hniskju, sem hæstv. forsrh. kom með hér, þegar hann lagði til, að heimilt yrði, að ríkissjóður héldi sínu hlutfalli í Þormóði ramma á Siglufirði, sem eftir þeim tölum, sem hann gaf upp, mundi verða 42 millj. kr., þá er ekki fram á mikið farið, þegar lagt er til, að framlag ríkissjóðs til Byggðasjóðs hækki um 20 millj. kr. Enda er mér kunnugt um það, að Byggðasjóður hefur nú gert skuldbindingar langt fram í tímann, og það er augljóst mál, að því fer víðs fjarri, að hann verði þess megnugur að standa við þær skuldbindingar, ef svo fer fram sem horfir.

Það hefur komið fram, enda þótt sú fjárhæð verði að vísu ekki notuð til allra hluta, en einn hv. þm., hv. 5. þm. Norðurl. v., flokksbróðir minn, hefur lagt til, að skorin verði niður fjárhæð, sem nálgast þessa fjárhæð, og ég held, að henni yrði ekki betur varið, — enda þótt það þyrfti kannske að klípa af henni vegna sögualdarbæjar, — en til Byggðasjóðs. Það er alveg þýðingarlaust að vera að hafa stór orð um það, að fylgt sé fram byggðastefnu í þessum fjárl., en samt sam áður er mjög haldið í um fjárveitingar til þess aðila, sem hefur þó það hlutverk með höndum að gá gerst að því, hvernig skipast í byggðamálum, sem er Byggðasjóður. Enda þótt hér sé farið fram á mjög lága upphæð miðað við þörfina og náttúrlega svo sem hér um bil ekki neitt miðað við þau þýsn, sem fjárl. eru í heild, þá er ég sannfærður um, að þessi aukna fjárveiting kynni þó að verða til þess að leysa vandamál, sem bíða úrlausnar í Byggðasjóði og sárlega þarfnast úrlausnar. Ég ætla ekki að orðfæra það sérstaklega, hvað ég á við, en það mun bráðlega koma á daginn. En ég endurtek það, að ef nokkurn skapaðan, hræranlegan hlut er að marka fullyrðingar þeirra, sem ferðinni stjórna og ráða, þá láta þeir sig ekki muna um að verða við þessari till. um svo litla hækkun á fjárveitingum til svo brýnna verkefna sem hér um ræðir.

Gunnar Thoroddsen: Herra forseti. Það er rétt, að ég hefji mál mitt með því að minnast á sögualdarbæinn, og vil ég í því sambandi við frásögn hæstv. forsrh. taka það fram, að þegar hin opinbera tilkynning kom frá hæstv. ríkisstj. um sögualdarbæinn, hafði þingflokkur sjálfstæðismanna ekki tekið afstöðu til málsins. Eins og ég hafði skýrt hæstv. ráðh. frá á þeim fundi eða fundum, sem hann greindi frá, var málið enn á umræðustigi í þingflokknum. Ég hafði einnig skýrt frá því, að um leið og till. væru uppi um sögualdarbæ í Þjórsárdal, þá hefði því verið hreyft í þingflokknum, hvort ekki væri ástæða til að reisa bæinn á þeim stað, þar sem hinn fyrsti landnámsmaður nam land, þ. e. a. s. í Reykjavík.

Það er óþarft að rekja hér ítarlega fjárl. og þær aths., sem við sjálfstæðismenn höfum við frv. að gera, og þau andmæli, sem við höfum uppi gegn því. Þau mál hafa verið rakin svo rækilega af þeim þm. flokksins, sem hafa tekið til máls í þessum umr. Ég vil þó taka það fyrst fram, að útgjöld ríkisins eru samkv. þessu frv. nú nær 30 milljarðar kr., hafa nær þrefaldast á þrem árum. Við sjálfstæðismenn teljum þetta svo langt úr hófi, að það fái ekki staðist, og liggja til þess margar ástæður, sem hér er engin þörf að rekja. Ein ástæðan er sú, að það verður að vera visst, eðlilegt hlutfall milli þjóðarframleiðslu annars vegar og þess, sem ríkissjóður tekur til sinna þarfa. Á áratugnum 1960—1970 var þetta hlutfall yfirleitt milli 16 og 19% af þjóðarframleiðslunni, sem ríkissjóður tók til sinna þarfa samkv. fjárl. En nú á árinu 1974 eru horfur á, að þetta hlutfall fari upp í um það bil 30% af þjóðarframleiðslunni. Þetta er úr öllu hófi og setur mark sitt alls staðar, bæði á afkomu einstaklinga og atvinnuveganna.

Þegar þetta er haft í huga, skyldu menn þó ætla, að sæmilegur jöfnuður væri í þessu frv. og helst þannig, eins og jafnan þarf að vera á slíkum þenslutímum, að ríkissjóður ætli sér einhvern greiðsluafgang. Það er lögmál efnahagslífsins, sem allir ættu að fylgja. Nú er það að vísu svo, að reikningslega mun verða greiðsluafgangur á þessu frv., ef þær till. verða allar samþykktar, sem meiri hl. fjvn. leggur til, — greiðsluafgangur, sem nemur eitthvað í kringum 100 millj. kr., en er þó ekki nema rúmlega 3‰ þeirra tekna, sem ríkissjóður ætlar að afla sér. Hér hefði þurft að vera ríflegur geiðsluafgangur, en jafnvel þessi reikningslegi afgangur er ekki meiri en þetta. Hins vegar er auðsætt, að hér er aðeins um áætlaðan, reikningslegan afgang að ræða, hann er ekki raunverulegur. Hann er ekki raunverulegur, vegna þess, að það hefur verið sýnt greinilega fram á, að ýmis fyrirsjáanleg útgjöld, sem ríkissjóður kemst ekki hjá að greiða, eru ekki talin í frv. eða ekki talin nægilega há. Í annan stað er reynt með vissum tilfærslum og tilfæringum af hálfu stjórnarsinna að hagræða hlutum þannig, að það er talnaleikur einn. Ég vil nefna hér eitt dæmi.

Á þskj. 295, VI flytur meiri hl. fjvn. till. um að lækka niðurgreiðslur um 400 millj. kr. Og nú kunna menn að spyrja: Er þetta ætlunin? Verður þetta framkvæmt? Ég held, að þetta sé talnaleikur einn saman og ekki ætlunin að fram-

kvæma það. Þá byggi ég á reynslunni frá þessari hinni sömu stjórn. Þegar fjárlög fyrir 1972 voru samþykkt, var ákveðið að lækka niðurgreiðslur eins og nú, það átti að lækka þær um 180 millj. kr. Hver varð reynslan? Það er best að vitna í rit, sem heitir Þjóðarbúskapurinn, nr. 3, útgefið af Framkvæmdastofnun ríkisins, hagrannsóknadeild. Þar er annáll efnahagsmála árið 1972 og fyrri árshelmings 1973. Þetta er ákaflega fróðlegur annáll og í rauninni skemmtilegur, eins og flestir annálar eru. Þegar gengið hafði verið frá því í fjárl. fyrir 1972 að lækka niðurgreiðslur um 180 millj. kr., voru ráðh. varla vaknaðir af nýársblundinum, fyrr en þeir ákváðu að auka niðurgreiðslurnar um 25 millj. kr. Nú skyldi maður ætla, að þegar á leið árið hefði verið reynt að vinna þetta upp. En það var nú eitthvað annað. Í júlímánuði þótti svo mikið við liggja að auka niðurgreiðslur, að gefin voru út sérstök brbl. 11. júlí um aukningu niðurgreiðslna og hækkun fjölskyldubóta, samtals 240 millj., eða 485 millj. á ársgrundvelli. Síðan var haldið áfram. Í sept. voru niðurgreiðslur auknar um 75 millj., og í des. voru niðurgreiðslur auknar enn um 95 millj. kr. á ársgrundvelli. Hvers vegna? Eftir því sem annáll Framkvæmdastofnunarinnar segir, voru niðurgreiðslur auknar til þess að koma í veg fyrir hækkun kaupgreiðsluvísitölu. Þetta gerðist á árinu 1972. Fjórum sinnum voru niðurgreiðslur hækkaðar og auknar, gagnstætt því, sem lofað var og ákveðið í þeim fjárl., sem afgreidd voru í des. 1971.

Þegar kom fram á árið 1973, gerðist það undarlega, að þá var farið að hækka og lækka niðurgreiðslur á víxl. Í jan. voru niðurgreiðslur auknar um 90 millj. á ársgrundvelli, einum mánuði síðar, í marsmánuði, voru þær lækkaðar um 180 millj. á ársgrundvelli, og tveim mánuðum síðar, í maí eða júní, voru þær enn auknar um rúmlega 200 millj. á heilu ári.

Ég rek þessa atburði samkv. efnahagsmálaannál Framkvæmdastofnunar ríkisins, sem sýnir svart á hvítu, hvernig er treystandi því, sem stjórnarflokkarnir eru að ákveða þannig í fjárl., — sýnir það og sannar, að hér er talnaleikur, hér er verið að búa til greiðsluafgang með till., sem vafalaust verður ekki staðið við.

Þetta frv. er reist á óhæfilegri og óhóflegri skattheimtu. Skattbyrðin er orðin óviðunandi, og mér dettur það í hug vegna ræðu hæstv. forsrh. um þjóðhátíðina á næsta ári og hvernig ætti að minnast 1100 ára afmælis Íslandsbyggðar, að nokkuð skýtur það nú skökku við, þegar við höfum í huga, að forfeður okkar, landnámsmennirnir, flýðu úr Noregi vegna skattáþjánar þar og komu hingað til lands, að þá skuli hæstv. ríkisstj. ætla að halda upp á 1100 ára afmæli Íslandsbyggðar með því að hafa hér mestu skattáþján, sem þekkst hefur í sögu þessa lands. Þannig eru nú aðalhátíðarhöldin af hálfu þessarar hæstv. ríkisstj.

Ég skal, eins og ég gat um, ekki lengja þessar umr. vegna þess, hve margt af því, sem ég hefði viljað hreyfa í sambandi við frv., hefur þegar komið fram í ræðum þm. En ég vil fyrir hönd þingflokks sjálfstæðismanna lýsa yfir eftirfarandi:

Útgjöld ríkissjóðs samkv. fjárlagafrv. nema nú um 30 milljörðum kr. og hafa nær þrefaldast á þrem árum. Vantar þó enn inn í frv. ýmis útgjöld, sem ekki verður komist hjá að greiða. Frv. er reist á óhóflegri skattheimtu. Skattabyrðin, sem hefur hin síðustu ár verið síhækkandi hundraðshluti af þjóðarframleiðslunni, er ofviða einstaklingum og atvinnurekstri og verkar sem farg á athafnalíf þjóðarinnar. Þótt þorri landsmanna telji gildandi tekjuskattslög algerlega óviðunandi og fyrir Alþ. liggi till. um veigamiklar skattalækkanir og allir flokkar hafi nú viðurkennt hina brýnu nauðsyn á að draga úr beinum sköttum, þá gerir fjárlagafrv. ráð fyrir óbreyttum tekjuskattslögum. Engin viðleitni er sýnileg af hálfu ríkisstj. til þess að draga úr hinum geigvænlega vexti verðbólgunnar, heldur mun þetta fjárlagafrv. magna hana stórum, enda byggist frv. á þeirri forsendu, að haldið verði áfram næsta ár á sömu óheillabraut í efnahagsmálum. Þrátt fyrir alvarlegan vinnuaflsskort hjá aðalatvinnuvegum þjóðarinnar keppir ríkið við þá um vinnuaflið og spennir upp tilkostnað. Ríflegur greiðsluafgangur þyrfti að vera hjá ríkissjóði, eins og nú standa sakir, en í stað þess verður frv. afgreitt með raunverulegum greiðsluhalla. Með hliðsjón af því, sem hér hefur verið rakið, varar þingflokkur sjálfstæðismanna alvarlega við þeirri háskalegu fjármálaþróun, sem fram kemur í fjárlagafrv., og mun því greiða atkv. gegn því við lokaafgreiðslu þess.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Neðri deild, 48. fundur.

Miðvikudaginn 19. des., að loknum fundi í sameinuðu þingi.

Tollskrá o. fl., frv. (þskj. 303). — 1. umr.

Fjmrh. (Halldór E. Sigurðsson): Herra forseti. Á þskj. 206 upphaflega, nú 303 er frv. til l. um tollskrá. Frv. það, sem hér liggur fyrir til 1. umr., er umfangsmikið, og miklar breytingar eru frá núgildandi lögum. Segja má, að frv. sé til komið vegna aðildar Íslands að EFTA og samningi Íslands við Efnahagsbandalagið, en þó jafnframt af annarri nauðsyn á endurskoðun tollskrárinnar. Þetta frv. er samið af embættismönnum úr fjmrn., viðskrn. og iðnrn., og höfðu þeir í sambandi við samningu frv. samband við atvinnurekendur, sem málið varðaði. Höfuðmarkmið endurskoðunarinnar hefur verið að gera nauðsynlegar breytingar á hráefna- og vélatollum fyrir innlendan iðnað, til þess að hann geti auðveldlega aðlagað sig og mætt þeirri auknu samkeppni, sem fríverslunarsamningar okkar við lönd Vestur-Evrópu hafa í för með sér. Að öðru leyti hefur endurskoðun gildandi tollskrárlaga aðallega tekið mið af eftirfarandi:

Að láta koma til framkvæmda umsamdar tollalækkanir vegna aðildar Íslands að EFTA og vegna samnings Íslands við Efnahagsbandalagið. Tillögugerð um lækkun tolla á verndarvörum frá löndum utan EFTA og Efnahagsbandalagsins. Lækkun fjáröflunartolla, m. a. með tillögugerð

um lækkun á mörgum 100% tollum í 80%, svo og lækkun tolla á nokkrum smyglnæmum vörum. Afgreiðslu fjölda erinda, sem fjmrn. hafa borist, síðan síðasta heildarendurskoðun tollskrárlaga fór fram og af rn. hálfu var ekki hægt að taka afstöðu til, m. a. vegna skorts á lagaheimildum.

Í frv. er gert ráð fyrir, að tollar séu ákvarðaðir eins og þeim er ætlað að vera á hverju ári fram til ársloka 1976. Er þetta nýmæli og fyrst og fremst gert í hagræðingarskyni, til þess að ekki þurfi að gefa tollskrána út að nýju á hverju ári, meðan sá tollalækkunarferill á sér stað, sem um hefur verið samið. Þessi framsetning hefur jafnframt þann kost, að hún gefur notendum tollskrárinnar betri yfirsýn yfir væntanlegar breytingar á tollum, eins og þær koma til með að verða á næstu árum.

Eins og segir í grg. með frv., hefur Ísland skuldbundið sig til að fella niður tolla í áföngum af innfluttum iðnaðarvörum, sem jafnframt eru framleiddar hér á landi, samkv. sérstakri áætlun, sem er að finna bæði í EFTA-samningum og samningi Íslands við Efnahagsbandalagið. Gagnvart EFTA átti fyrsti þáttur þessarar tollalækkunar sér stað hinn 1. mars 1970, en þá voru tollar á verndarvörum frá EFTA-löndum lækkaðir að meðaltali um 30% frá því, sem þeir voru í ársbyrjun á sama ári. Sams konar lækkun gagnvart Efnahagsbandalaginu tók gildi 1. apríl s. l. Hinn 1. jan. 1974 og síðan árlega fram til 1. jan. 1980 skulu tollar á sömu vörum lækka um 10% af upphaflegum tolli á ári, þar til þeir eru fallnir niður 1. jan. 1980.

Þar sem framleiðsla á ýmsum vörutegundum hefur hafist innanlands, frá því að síðasta heildarendurskoðun tollskrárinnar fór fram, hefur þurft að taka upp nýja EFTA- og Efnahagsbandalagstolla á ýmsum vörutegundum, og ber frv. þess nokkur merki.

Í frv. er gert ráð fyrir lækkun almennra tolla á verndarvörum, þ. e. frá löndum, sem standa utan EFTA og Efnahagsbandalagsins. Ljóst er, að tolla þessa verður að lækka samhliða því, að EFTA- og Efnahagsbandalagstollar lækka smám saman, enda gæti mikill tollmunur leitt til óeðlilegrar viðskiptaþróunar. Engin hugmynd er hins vegar sett fram um það, hvaða tollmunur teljist hæfilegur í lok tollalækkunartímabilsins, en gert er ráð fyrir, að hann yrði mismunandi eftir vörutegundum. Í stað þess er sett fram till., sem miðar að því, að tollamunurinn aukist ekki í tollflokkum, sem bera 12% almenna tolla eða hærri. Til skýringar fylgir frv. tafla, sem sýnir breytingar þessar, og er taflan fskj. I með frv.

Aðalþáttur endurskoðunar þessarar, eins og fyrr segir, er tillögugerð um lækkun tolla á vélum og hráefnum til iðnaðar. Gerir frv. almennt ráð fyrir, að tollar af vélum og hráefnum falli alveg niður í tveimur jöfnum áföngum, hinum fyrri 1. jan. 1974 og hinum síðari 1. jan. 1976. Eru allar lækkanir látnar standa á heilum prósentum. Þannig verður 1. jan. 1974 7% tollur að 4% tolli, 15% tollur að 7% tolli, 21% að 10%, 35% að 18% o. s. frv. Þessi almenna regla er þó ekki án undantekninga, þar sem ýmsar vörur eru jöfnum höndum notaðar til iðnaðarframleiðslu og til almennrar neyslu eða fjárfestingar. Hefur í þeim tilvikum orðið að vega og meta hvort tveggja í senn: tekjulækkunaráhrifin fyrir ríkissjóð og mikilvægi viðkomandi vöru fyrir einstakar iðngreinar. Hefur þá í sumum stórum vöruflokkum verið farið bil beggja og gert ráð fyrir nokkurri lækkun, en þó ekki eins mikilli og gert er ráð fyrir á hreinum hráefnum. Er nánar vikið að þessu atriði í grg. með frv.

Það er álit fróðra manna, að gildandi fjáröflunartollum verði ekki haldið til frambúðar, hátollastefnan heyri nú sögunni til. Saga hátollastefnunnar verður ekki rakin hér, en bent skal á kafla í grg. þar að lútandi og þær ástæður, sem liggja því til grundvallar, að brýna nauðsyn ber til að stefna að fráhvarfi frá henni á næstu árum. Með frv. er hins vegar stigið lítið spor í rétta átt með lækkun tolls á mörgum vörutegundum, sem bera 100% toll, í 80%, og er þar einkum um að ræða borðbúnað, búsáhöld, grænmeti, ávexti og krydd. Nokkuð er um till. í frv. til lækkunar á tollum, sem ekki er bein afleiðing þeirra atriða, sem fyrr hefur verið lýst. Þar má m. a. nefna, að gerðar eru till. um lækkun tolla á ljósmyndavélum úr 50% í 35%, og er þar nokkuð komið til móts við óskir Ljósmyndarafélags Íslands. Jafnframt er lagt til, að tollur á leifturljósatækjum til atvinnuljósmyndara lækki í 15%, svo og að tollur á ljósmyndavélum 3 kg og þyngri verði 4%. Slíkar ljósmyndavélar munu þó almennt frekar vera notaðar í iðnaði en hjá atvinnuljósmyndurum. Þar að auki er lagt til, að tollur á kvikmynda- og sýningarvélum fyrir 16 mm filmur og stærri lækki í 165%, en slíkar vélar munu nær eingöngu notaðar í atvinnuskyni. Að lokum er lagt til, að tollur á stækkunar- og minnkunarvélum fyrir ljósmyndir verði lækkaður úr 50% í 7% og tollur af tækjum og áhöldum til notkunar í ljósmynda- og kvikmyndavinnustofum í 7%. Verður að telja, að með þessu sé komið eins langt til móts við hagsmuni atvinnuljósmyndara og atvinnukvikmyndatökumanna og kostur er að svo stöddu.

Þá gerir frv. ráð fyrir, að breytt verði ákvæðum 45. tölul. 3. gr. tollskrárinnar, þannig að eftirgjöf aðflutningsgjalda til handa leigubifreiðarstjórum og ökukennurum verði aukin, eða úr mismun 90% og 70% tolla +50 þús. kr. eftirgjöf í 40%. Almennur tollur á fólksbifreiðum er 90%. Jafnframt er gert ráð fyrir, sendiferðabifreiðastjórar með sendiferðabifreiðaakstur að aðalstarfi geti notið sömu eftirgjafar, en til þessa tíma hefur slíkt ekki verið hægt fyrir sendiferðabifreiðar með hliðargluggum, þar sem þær hafa verið í 90% tolli. Sendibifreiðar án hliðarglugga hafa hins vegar verið í 40% tolli, og verður engin breyting þar á. Enn fremur er gerð till. um, að hafi sömu aðilar akstur að aukastarfi, verði heimiluð eftirgjöf aðflutningsgjalda um 25% eða tollur lækki úr 90% í 65%, og mun fjmrn. setja nánari reglur um framkvæmd þessara ákvæða.

Í frv. er enn fremur gert ráð fyrir, að tollur á gleraugnagleri lækki úr 20% í 15% og á gleraugnaumgjörðum úr 50% í 15% til samræmis við tolla af ýmsum hjúkrunar- og lækningavörum.

Enn fremur er lagt til, að tollur af endurskinsmerkjum verði lækkaður úr 70% í 21% og tollur af öryggisólum í bifreiðar fyrir börn lækki úr 65% í 20% til samræmis við toll af öryggisbeltum.

Áður hefur verið minnst á lækkun tolla á

smyglnæmum vörum. Þar er um að ræða tollalækkanir á ilmvötnum og sjónaukum, jafnframt því sem segja má, að myndavélar falli undir þennan flokk vara. Segja má, að þessar vörur séu sökum hárra aðflutningsgjalda ekki keyptar sem skyldi hér á landi, heldur í tollfrjálsum verslunum heima eða erlndis. Gert er ráð fyrir, að ilmvötn lækki úr 100% tolli í 35% og sjónaukar úr 80% í 35% toll. Í þessu sambandi er vert að benda á, að á árinu 1972 nam innflutningur til landsins á ilmvötnum 5 millj. kr. að cif-verðmæti, á sama tíma sem tollfrjáls innflutningur til fríhafnarinnar á sömu vörum nam 19 millj. kr. Fyrrgreindar tölur gefa glöggt til kynna, að hér er um mjög óeðlilegt ástand að ræða, sem almennt hefur haft mjög neikvæð áhrif á verslun með þessar vörur hér á landi. Segja tölur þessar þó ekki allt, þar sem töluvert af ilmvötnum er án efa keypt af ferðamönnum í erlendum fríhöfnum og flutt þannig til landsins án greiðslu gjalda.

Erfitt er að segja nákvæmlega til um áhrif tollalækkana þessara á tekjur ríkissjóðs. Á grundvelli innflutnings frá miðju ári 1972 til miðs árs 1973 er tekjumissir lauslega áætlaður 535 millj. kr., en á grundvelli áætlunar innflutnings 1974 615 millj. kr. Má flokka lækkanirnar í stórum dráttum þannig: Vélar og hráefni til iðnaðarins 325 millj. kr., verndarvörur 235 millj. kr. og fjáröflunartollar 55 millj. kr. Ekki skal farið í neinar grafgötur með það, að tekjumissi af þessum stærðargráðum verður að bæta ríkissjóði með öðru móti.

Á sínum tíma, þegar Ísland gerðist aðili að EFTA, var þeim tollalækkunum, sem þá var ráðist í, mætt með hækkun á söluskatti um 3½ stig. Eftir atvikum verður að telja eðlilegt, að þessum tekjumissi verði mætt á sama hátt, og verður þess vegna, eins og nú er komið inn í frv. sjálft, gert ráð fyrir að hækka söluskatt um 1% til að mæta þessu tekjutapi.

Einstakar breytingar, sem frv. felur í sér að öðru leyti, tel ég ekki ástæðu til að fara nánar út í hér. Þegar frv. kemur til kasta fjh.- og viðskn., á hún kost á því, að þeir menn, sem að samningu þess hafa unnið, komi á fund n. og athugi málið með henni.

Ég legg svo til, herra forseti, að að lokinni þessari umr. verði frv. vísað til 2. umr. og hv. fjh.- og viðskn. deildarinnar.

Gylfi Þ. Gíslason: Herra forseti. Ég tel rétt að gera hér í hv. d. með örfáum orðum grein fyrir afstöðu þingflokks Alþfl. til þessa mikilvæga máls nú þegar við 1. umr.

Það er kunnara en frá þurfi að segja, að Alþfl. var á sínum tíma mjög fylgjandi aðild Íslands að EFTA, enda fór hann með viðskiptamál í þáv. ríkisstj., þegar aðild Íslands að EFTA var undirbúin og samþykkt. Sjálfstfl. var einnig mjög fylgjandi aðild Íslands að EFTA. En aðeins einn núv. stjórnarflokka studdi aðildina, þ. e. SF. Alþb. var aðildinni andvígt, eins og kunnugt er, og Framsfl., flokkur núv. hæstv. forsrh., sat hjá, þegar atkv. voru greidd um aðild Íslands að málinu.

Sem betur fer hefur þó komið í ljós, eftir að núv. ríkisstj. var mynduð, að bæði Framsfl. og Alþb. virðast hafa gert sér grein fyrir því, að afstaða þeirra til málsins var röng á sínum tíma, andstaða við aðild að EFTA var röng afstaða, hlutleysi varðandi þetta mál var líka röng afstaða. Þess vegna hefur núv. ríkisstj. ekki beitt sér fyrir því, að Ísland gengi úr EFTA eða losaði tengsl sín við það, heldur hefur haldið áfram óbreyttri stefnu fyrrv. ríkisstj. í málinu, og ber að sjálfsögðu að fagna því.

Þegar Ísland varð aðili að EFTA gekkst það undir ákveðnar skuldbindingar til tollalækkunar. Meginefni þess frv., sem hér er um að ræða, er að standa við þær skuldbindingar, sem gengist var undir varðandi tollalækkun. Um það bil ⅛ þeirrar tollalækkunar, sem frv. gerir ráð fyrir og má telja kjarna frv., stendur í beinu sambandi við samning Íslands við EFTA og skuldbindingar, sem landið tók á sig til viðbótar með aðild sinni að hinu stækkaða Efnahagsbandalagi, eftir að helstu EFTA-ríkin gengu í Efnahagsbandalagið á sinni tíð.

Það var ávallt gert ráð fyrir því við undirbúning EFTA-aðildarinnar og skýrt tekið fram, þegar málið var lagt fyrir Alþ. á sínum tíma, að eðlilegt væri, að í kjölfar lækkunar á verndartollum vegna EFTA- aðildarinnar sigldi einnig lækkun á tollum gagnvart öðrum ríkjum til samræmis, til þess að óeðlilegur tollamunur skapaðist ekki í viðskiptum Íslands við EFTA-löndin og lönd Efnahagsbandalagsins síðar og við önnur lönd hins vegar. Næstum ⅝ hlutar þeirrar tollalækkunar, sem gert var ráð fyrir, eru framkvæmd á þessari stefnu. Ég get lýst því yfir fyrir hönd Alþfl., að hann er einnig þessari meginstefnu fylgjandi, þ. e. a. s. að lækka tolla gagnvart öðrum ríkjum en þeim, sem eiga aðild að hinu stækkaða Efnahagsbandalagi, til samræmis við lækkaða tolla gagnvart þeim löndum, sem eiga aðild að hinu stækkaða Efnahagsbandalagi. Og það er fullkomlega eðlilegt, að í kjölfar þess eða jafnhliða því, sem verndartollar lækka á fullunnum vörum frá viðskiptabandalagslöndunum, séu einnig lækkaðir tollar á hráefnum og vélum frá þeim og frá öðrum löndum, til þess að samkeppnisaðstaða íslensks iðnaðar skerðist ekki, heldur helst að hún geti batnað. Af þessum sökum er Alþfl. fylgjandi meginstefnu þeirri, sem lagt er til, að fylgt verði í tollafrv.

Að vísu olli það mikilli undrun í haust og hefur valdið vaxandi undrun í þinginu í vetur, að ekkert skyldi heyrast frá hæstv. ríkisstj. um tollalækkanir í kjölfar EFTA-samningsins og samningsins um aðild að hinu stækkaða Efnahagsbandalagi. Það var vitað, hvenær tollalækkanir okkar kæmu til framkvæmda samkv. þegar gerðum samningum á sínum tíma, og þess vegna hlaut líka að vera vitað, hvenær nauðsynlegt væri að gera hliðstæðar lækkanir á hráefnatollum og vélatollum vegna lækkunarinnar á tollum á fullunnu afurðunum. Ekkert bólaði samt á till. af hálfu hæstv. ríkisstj. um þetta efni. Nú hefur verið upplýst í fjh.- og viðskn., að ríkisstj. hóf ekki endurskoðun á tollskránni af þessum sökum fyrr en um miðjan ágúst s. l., sem auðvitað var allt of seint hafist handa, enda kom í ljós, að það var kominn miður des., þegar till. að nýrri tollskrá vegna margra ára gamallar EFTA-aðildar voru lagðar fyrir hið háa Alþ. Þetta eru að

sjálfsögðu algerlega óforsvaranleg vinnubrögð, algerlega óverjandi háttalag af hálfu hæstv. ríkisstj. Ég minnist þess ekki að Alþ. hafi verið ætlað að fjalla á einum 10 dögum um gagngera endurskoðun á tollskránni eða í raun og veru um nokkurt mál, sem hliðstætt geti talist jafnflóknu viðfangsefni og næstum algerri endurskoðun á tollskránni. Það hefðu því að sjálfsögðu verið eðlileg vinnubrögð af hálfu stjórnarandstöðunnar að neita algerlega að taka þátt í slíkum leik sem hér væri bryddað á.

Engu að síður varð niðurstaðan hjá stjórnarandstöðunni að láta málefnið ekki gjalda herfilegrar vanrækslu þeirra ráðh., sem nú sitja við völd í landinu. Það er augljóst hagsmunamál íslensks iðnaðar, að hráefnatollar og vélatollar verði lækkaðir samtímis því, sem lækkaðir eru tollar á fullunnum afurðum frá þeim löndum, sem við erum í viðskiptabandalagi við. Þess vegna höfum við tekið í mál að stuðla að því, að málið geti orðið afgreitt í báðum d. Alþ., áður en Alþ. fer í jólaleyfi, þó að ég endurtaki, að slíkt heyri til einsdæma, a. m. k. í síðari tíma sögu þingsins, þeirrar sem núv. þm. þekkja til.

Í upphafi virtist hæstv. fjmrh. gera sér algerlega grein fyrir þessu. Ég sé enga ástæðu til annars en láta það koma fram hér, að hæstv. fjmrh. hafði samband við formenn stjórnarandstöðuflokkanna og spurðist fyrir um hugsanlega samvinnu þeirra við afgreiðslu málsins með óvenjulegum hætti á óvenjulega skömmum tíma vegna eðlis málsins, vegna þeirrar nauðsynjar, sem væri á því, að iðnaðurinn fengi þá tollalækkun, sem gert er ráð fyrir í frv., að hann fái. Hæstv. fjmrh. tók skýrt fram, að hann gerði sér grein fyrir því, að það væri vonlaust að afgreiða málið nema í samstarfi á milli stjórnar annars vegar og stjórnarandstöðu hins vegar. Hann gerði sér algerlega ljóst, að stjórnarandstaðan hefði það fullkomlega í hendi sinni að hefta framgang málsins, ef hún kærði sig um, eins langt og liðið væri á starfstíma þingsins á þessu ári. Og hæstv. ráðh. var ekki skilinn öðruvísi en þannig, að honum dytti ekki í hug að knýja fram afgreiðslu málsins, ef það væri stjórnarandstöðunni þvert um geð, enda hefði hún algerlega í hendi sinni að hindra afgreiðslu málsins, ef henni sýndist svo.

Hæstv. fjmrh. fékk að vita, að við í stjórnarandstöðuflokkunum gætum vegna hinna óvenjulegu aðstæðna og eftir atvikum og þrátt fyrir vanrækslu hæstv. ríkisstj. fallist á að samþykkja tollalækkunarfrv., eins og það var lagt fyrir Alþ. í upphafi. Hins vegar hreyfði hæstv. fjmrh. jafnframt í viðtali við okkur þeirri hugmynd, að söluskattur yrði hækkaður um 1 stig til að mæta þeim tekjumissi, sem samþykkt tollalækkunarfrv. hefði í för með sér. En hann fékk að vita það af hálfu beggja stjórnarandstöðuflokkanna, að sú hugmynd væri okkur þvert um geð. Af hálfu Sjálfstfl. var skýrt tekið fram, að hann teldi enga þörf á neinni tekjuhækkun vegna samþykktar frv., vegna þess að sumpart væri gert ráð fyrir tekjuaukningu í núv. fjárlagafrv., sem næmi 200—250 millj. kr., og auk þess mætti búast við því, að innflutningur á næsta ári yrði svo miklu meiri en gert var ráð fyrir í þeim tölum, sem þá lágu fyrir í fjárlagafrv., að óþarfi væri að hækka söluskatt vegna samþykktar þessa frv.

Af minni hálfu var fyrir hönd Alþfl. tekið fram, að við vildum í sjálfu sér ekki útiloka hækkun á söluskatti um ½ stig eða 1 stig í framhaldi af samþykkt jafn mikilvægrar tollalækkunar og hér væri um að ræða, en við teldum, að hvorki ætti að blanda umr. né atkvgr. um breytingar á söluskatti saman við sjálfa tollalækkunina. Við ættum ekki að blanda breytingu á söluskatti saman við lagasetningu um tolla. Það væri eitt, hverjir tollarnir skyldu vera, hitt væri annað, hver söluskatturinn skyldi vera. Þessu tvennu ætti ekki að blanda saman. Auk þess væri vitað, að fyrir dyrum stæðu væntanlega meiri breytingar á söluskatti en það að hækka hann einfaldlega um eitt stig eins og fjmrh. hafði nefnt, að hann óskaði helst eftir. Ráðh. var hvort eð er búinn að boða nýtt frv. um söluskatt, um innheimtu söluskattsins, auk þess sem vitanlegt er, að ekki er ósennilegt, að hækka þurfi söluskattinn enn þá meira eftir nýár af öðrum ástæðum en þessum. Auk þess hafa hugmyndir verið uppi um að breyta þeirri tilhögun, þeirri reglu, sem nú gildir um tillit til söluskatts eða áhrif söluskatts á kaupgreiðsluvísitölu.

M. ö. o.: allt söluskattsmálið var á þeirri stundu, sem við ræddum við hæstv. fjmrh., og er enn í dag opið. Ríkisstj. hefur fyrirætlun um að breyta l. um söluskattinn sjálfan. Það liggur í loftinu, að breyta þurfi upphæð hans meira en unnt hefur verið í sambandi við þetta frv., og það liggur líka í loftinu. Það er til umr. að breyta áhrifum söluskattsins á útreikning kaupgjaldsvísitölu. Allt þetta gerir að verkum, að það hlýtur að teljast í hæsta máta óeðlilegt að tengja lítið brot af þessu viðfangsefni við afgreiðslu tollafrv., sem nú er hér til 1. umr.

Þó að við í Alþfl. viljum ekki á þessari stundu í grundvallaratriðum útiloka, að komið geti til mála að breyta upphæð söluskattsins vegna tollabreytinga, ef athugun sýnir, að ríkissjóður þarf á þeim tekjum að halda, getum við hugsað okkur, að einhver breyting á söluskatti sé eðlileg og eigi að geta komið í staðinn fyrir lækkun á tollum, erum við ekki reiðubúnir til að ræða málið eða taka afstöðu til þess í sambandi við tollalagabreytinguna sjálfa. Við teljum, að söluskattsmálið eigi að ræða í heild, hvað söluskattur eigi að vera hár, eftir hvaða reglum hann skuli innheimtur og hver áhrif hann skuli hafa á kaupgreiðsluvísitöluna. Þetta höfum við látið hæstv. fjmrh. vita, að við séum ekki til umr. um breytingu á söluskatti í sambandi við tollalagafrv.

Báðir stjórnarandstöðuflokkarnir hafa tilkynnt hæstv. fjmrh., að þeir séu ekki til viðræðu um breytingar á söluskattinum í sambandi við tollafrv., þó að þeir hafi gert það á ólíkum forsendum, hvor með sínum rökum. Þessa stefnu okkar höfum við síðan báðir staðfest við atkvgr. í hv. Ed. Það er þegar komið fram þar, að stjórnarandstöðuflokkarnir báðir eru andvígir því, að söluskattsmálinu sé blandað inn í tollamálið.

Þrátt fyrir þær yfirlýsingar, sem hæstv. fjmrh. hafði gefið okkur formönnum stjórnarandstöðuflokkanna á sínum tíma, að honum kæmi ekki til hugar að reyna að þröngva málinu í gegnum Alþ. gegn vilja stjórnarandstöðuflokkanna, hefur hann samt sem áður beitt sér fyrir því í hv.

Ed., að tekið væri upp í frv. ákvæði um eins stigs hækkun á söluskatti, vitandi, að það er þvert gegn vilja beggja stjórnarandstöðuflokkanna. Það hefur m. ö. o. gerst þrátt fyrir yfirlýsingar hæstv. fjmrh., að stjórnarflokkarnir í Ed. hafa gegn atkv. stjórnarandstöðuflokkanna samþ. tollalagafrv. með mikilvægri breytingu, sem er gerð í fullkominni andstöðu við stjórnarandstöðuna. Nú er málið komið til hv. Nd., og nú er ekki aðeins um það að ræða, að hér séu fulltrúar Sjálfstfl. og Alþfl., heldur er hér einnig fulltrúi nýs flokks, Frjálslynda flokksins, hv. þm. Bjarni Guðnason, sem hefur lýst yfir opinberlega, að hann sé andvígur hækkun á söluskatti, hvernig svo sem hún yrði rökstudd, og hefur sagt, að þetta eigi við þá hækkun söluskattsins, sem hæstv. ríkisstj. hefur beitt sér fyrir, að ákvæði um yrði tekið í tollalagafrv. í hv. Ed. Það þarf því engan reiknimeistara til þess að sjá og gera sér algerlega ljóst, að allt bendir til þess, að hv. Nd. sé andvíg söluskattshækkuninni, þótt öll d. sé í sjálfu sér samþykk tollalækkuninni. M. ö. o.: það bendir allt til þess, að svo muni fara við atkvgr. við 2. umr. hér í hv. Nd., að sú söluskattshækkun, sem naumur meiri hl. var fyrir í Ed., nái hér ekki samþykki og falli, að gr. um söluskattshækkunina falli hér í hv. Nd. með jöfnum atkv., þ. e. með 20:20 atkv. Það er eins gott að gera sér grein fyrir þessum staðreyndum þegar við 1. umr. málsins.

M. ö. o.: það stefnir í þá átt við atkvgr. á morgun, að hæstv. ríkisstj. lendi í minni hl. hér í hv. Nd. Þetta eru engar getgátur, það liggja fyrir um þetta skýlausar yfirlýsingar og atkvgr. af hálfu Sjálfstfl. og Alþfl. í Ed. og skýlausar yfirlýsingar af hálfu þm. Frjálslynda flokksins, Bjarna Guðnasonar, sem á sæti í þessari d. Ríkisstj. og hv. Alþ. veit því nákvæmlega, að hverju er verið að ganga í atkvgr. um málið á morgun. Þess vegna vil ég leyfa mér í lok þessara orða minna að beina þeirri fsp. til hæstv. fjmrh., — ég mundi beina henni til hæstv. forsrh., ef hann væri í d., — ef hann er hér nálægur, þá vona ég, að hann heyri, (**Gripið fram í:** Hann er hérna til vinstri.) Mér er sama, hvor hæstv. ráðh. svarar fsp., ég tek sama mark og jafnmikið mark á þeim báðum, en fsp. mín er sú, hvernig ríkisstj. hyggist bregðast við, ef hún lendi í minni hl. hér í hv. Nd. á morgun. Þetta er einföld og skýr fsp., en hún er mikilvæg, og ég óska eindregið eftir því að fá við henni skýrt og einfalt svar. Ég dreg enga dul á þá skoðun mína, að samkv. þingræðisvenjum ætti ríkisstj. að segja af sér þegar í stað, ef hún hefur orðið í minni hl. hér í hv. Nd. í jafnmikilvægu máli og hér er um að ræða. Það er skoðun mín, að hún ætti að gera það. Ég geri mér hins vegar ljóst, að hugsanlegt er, að hún geri það ekki, hún vilji heldur taka því, að frv. nái ekki fram að ganga, en að segja af sér. En óþingræðisleg vinnubrögð teldi ég slíkt vera. Nauðsynlegt er fyrir alla hv. þdm., fyrir Alþ. í heild og þjóðina alla að vita, hvernig ríkisstj. hyggst bregðast við í þeirri aðstöðu, sem hún fyrirsjáanlega lendir í á morgun. Hún hlýtur að hafa gert sér grein fyrir þessu. Hæstv. ráðh. og hæstv. ríkisstj. hlýtur að vera ljóst, hvernig málin standa hér í þessari hv. d., og ég trúi því ekki, að ábyrgðarleysið eða alvöruleysið sé slíkt, að það hafi ekki verið hugleitt, hvernig ætti að bregðast við. Ætla þeir að taka því að lenda í minni hl. hér í d. í máli eins og þessu? Mundu þeir taka því, ef frv. félli hér í hv. Nd.? Mundu þeir sitja samt? Það er nauðsynlegt fyrir þessa d., fyrir þingið í heild og þjóðina alla að fá glögg svör um fyrirætlun hæstv. ríkisstj. í þessu efni.

Forsrh. (Ólafur Jóhannesson): Herra forseti. Ég held, að það sé sjálfsagt að reyna að leysa að einhverju leyti úr þessari spurningu, svo að hv. þm. geti sofið betur í nótt en ella yrði. Hann hefur lýst því sjálfur, og það liggur fyrir, að það er fullkomið þingfylgi fyrir því efni í frv., sem hann taldi meginefni. Spurningin er aðeins um breytingu, sem gerð var við frv. í Ed. Þó að sú breyting verði felld hér í Nd. á morgun eða hvenær sem það kynni að verða, þá er það út af fyrir sig ekki nein ástæða til þess, að stjórnin segi af sér vegna þess. En ég held, að örlög þessa máls séu enn ekki ráðin. Ég fyrir mitt leyti get tekið undir það, að þetta mál megi betur skoða.

Matthías Á. Mathiesen: Herra forseti. Hæstv. forsrh. svaraði fsp. þeirri, sem hv. 7. þm. Reykv. beindi til hans áðan, en ég held, að svar hæstv. ráðh. hafi ekki verið þannig, að það hafi mátt átta sig á því, hvað ríkisstj. hygðist gera, ef t. d. þetta frv. félli í þessari hv. d. Hann gaf hins vegar í skyn, að málið væri ekki búið að fá afgreiðslu hér á þingi, þó að ákveðin brtt., sem sett var inn í frv. í Ed., næði ekki fram að ganga. En ég tók ekki betur eftir en að hv. 7. þm. Reykv. spyrði hæstv. forsrh. líka að því, hvað ríkisstj. mundi gera, ef frv. t. d. félli. Þeirri spurningu svaraði ekki hæstv. forsrh., því tóku menn eftir. Hann sagði hins vegar réttilega sem sína skoðun, að þetta frv. mætti skoða betur, og ég er hræddur um, að það mætti athuga þetta frv. miklu betur. Ég held, að það væri ráð, að hann sem forsrh. sinnar ríkisstj. beitti sér fyrir því, að þetta mál fengi betri og lengri athugun hér í þingi en ríkisstj. hefur gert ráð fyrir.

Frv. um tollskrá er mikið mál, en þetta frv. hefur aðeins legið fyrir Alþ. í nokkra daga, og það virðist ætlun ríkisstj. að koma þessu máli fram fyrir jólaleyfi. Það er vissulega í samræmi við önnur vinnubrögð hjá hæstv. ríkisstj., að hún ætlar hv. Alþ. aðeins vikutíma til skoðunar og afgreiðslu á þessu máli. Það er ekki gert ráð fyrir, að frv. í raun og veru fái nokkra athugun. Það er gert ráð fyrir því, að annar eins lagabálkur og tollskrá er gangi í gegnum sex umr. á sex virkum dögum. Frv. um tollskrá er ekkert smámál, sem lítinn tíma þarf til athugunar og er í sjálfu sér ekki margbrotið. Þvert á móti er hér um að ræða mjög viðamikið mál, sem þarfnast gaumgæfilegrar skoðunar. Ég minnist þess, þegar tollskrá lá síðast fyrir Alþ., var var til meðferðar á þinginu 1969—1970, rétt áður en Ísland gerðist aðili að Fríverslunarbandalagi Evrópu. Það frv., sem lá fyrir Alþ., flutt af þáv. ríkisstj., fékk mjög gaumgæfilega athugun af þeirri n., sem málinu var vísað til, og það er ekki úr vegi að rifja það upp, að þegar það frv. var síðan hér til 2. umr., voru ekki samþykktar nokkrar brtt. við það, það voru ekki fluttir við

það nokkrir tugir brtt., það voru samþykktar við það nokkur hundruð brtt. (**Gripið fram í:** Það hefur verið vel undirbúið.) Því hefur alltaf verið haldið fram um tollskrá, þegar hún hefur verið til umr. á Alþ., að hér væri um málefni sérfræðinga að ræða og væri ekki fyrir venjulega alþm. að skoða tollskrá og athuga hana. (**Gripið fram í:** Eða óbreytta ráðh.) Ég tala nú ekki um. En þessu var ekki til að dreifa 1970, þegar tollskráin lá hér fyrir. Þá fengu alþm. tækifæri til þess að skoða hana, þvert á móti því, sem núv. ríkisstj. ætlar að gera. Ég man ekki betur en flest þau þing, þegar núv. ríkisstjórnarflokkar voru í stjórnarandstöðu, væri uppi hér á Alþ. meiri eða minni gagnrýni á þáv. ríkisstj., hversu nauman tíma Alþ. fengi til að athuga hin ýmsu mál. Ég veit ekki, hvað þessi vinnubrögð, sem hér eru viðhöfð, hefðu verið kölluð af núv. stjórnarflokkum, þegar þeir voru í stjórnarandstöðu.

Tollskrárfrv. er ekkert öðruvísi frv. en önnur frv., sem fyrir Alþ. liggja og Alþ. á að fjalla um. Þetta frv. á að sjálfsögðu að fá athugun eins og önnur þau frv., sem Alþ. er ætlað að fjalla um, en ekki að hér verði Alþ. gert að einhvers konar afgreiðslustofnun ríkisstj. og heilir lagabálkar látnir renna hér í gegn, án þess að menn fái tækifæri til að skoða þá.

Ég vil láta þessa gagnrýni koma fram við 1. umr. þessa máls. Það var upplýst áðan af hv. 7. þm. Reykv., hver vinnubrögð núv. ríkisstj. hefðu verið í sambandi við það frv., sem hér liggur fyrir. Þeim ráðh., sem mest fjalla um tollskrána, þ. e. a. s. hæstv. fjmrh. og hæstv. viðskmrh., var báðum fyllilega ljóst, að fyrir þau áramót, sem nú koma senn, þyrfti Alþ. að ganga frá tollskrá vegna aðildar okkar að Fríverslunarbandalagi Evrópu og vegna samnings okkar við Efnahagsbandalag Evrópu. En það er eins og hv. 7. þm. Reykv. benti á, það er fyrst í ágúst, sem farið er að vinna að því að semja tollskrárfrv., sem allir vissu, að þurfti að fá afgreiðslu hér fyrir jólaleyfi. Endurskoðun á tollskrá, sem er vissulega margslungin, átti að taka og tók embættismenn ríkisstj. þrjá mánuði. Síðan er frv. lagt fyrir Alþ., og á einni viku eiga alþm. að skoða þetta mál og samþykkja það. Þessi vinnubrögð eru vissulega með þeim hætti, að ástæða er til að gagnrýna þau og vekja athygli á þeim.

Ég er ekki með þessum orðum mínum að ræða um efni frv. né afstöðu til þess. Ég vildi fyrst láta koma fram þá gagnrýni, sem ég hef nú haft uppi. Með aðild Íslands að Fríverslunarbandalagi Evrópu og síðan með samningi við Efnahagsbandalag Evrópu gengust Íslendingar undir ákveðnar skuldbindingar um lækkun aðflutningsgjalda af innfluttum vörum frá aðildarríkjum þessara viðskiptabandalaga, og á móti fengu Íslendingar mjög veigamikil hlunnindi. Hefur EFTA-samningurinn þegar sannað gildi sitt, og vonandi reynist raunin hin sama varðandi samningana við Efnahagsbandalagið.

Tollskrárfrv., sem hér liggur fyrir, er m. a. einn þáttur í því, að við stöndum við þá samninga, sem við höfum gert við þessi tvö bandalög. Við sjálfstæðismenn munum greiða fyrir því, að sá hluti þessa frv., sem er til þess að fullnægja þeim samningum, sem við höfum gert, nái fram að ganga með skjótum hætti þrátt fyrir þá annmarka, sem eru á undirbúningi og afgreiðslu þessa máls hér. Við viljum, að það verði staðið við gerða samninga við Fríverslunarbandalag Evrópu og Efnahagsbandalag Evrópu. Við viljum, að tollar á hráefnum og vélum íslensks iðnaðar verði lækkaðir, og við viljum líka lækka ytri tolla, þar sem þess er þörf af viðskiptaástæðum. Og eins og ég sagði áðan og hæstv. ríkisstj. veit frá viðtölum hæstv. fjmrh. við formenn stjórnarandstöðunnar og komið hefur fram í hv. Ed., mun stjórnarandstaðan leitast við að koma fram þeim þáttum þess frv., sem að þessu snúa. Þannig var frv. flutt í hv. Ed., að það fjallaði eingöngu um þessi þrjú atriði, sem ég vék að og lýsti yfir stuðningi okkar sjálfstæðismanna við.

Áður en málið kom til umr. í Ed., hafði, eins og kom fram í ræðu hv. 7. þm. Reykv., hæstv. fjmrh. rætt þá hugmynd við stjórnarandstöðuna, að inn í þetta frv. yrði skotið bráðabirgðaákvæði, sem fjallaði um tekjuöflun til handa ríkissjóði til að standast þann tekjumissi, sem þetta frv. gerði ráð fyrir, þ. e. a. s. hækkun á söluskatti um 1%. Þá þegar var hæstv. fjmrh. gerð grein fyrir því, hver væri afstaða Sjálfstfl. og Alþfl. til þess máls. Engu að síður er flutt í Ed. að tilhlutan stjórnarflokkanna brtt. við frv. þess efnis, að ríkisstj. fái heimild til að leggja á til þess að bæta sér upp þann tekjumissi, sem þetta frv. gerir ráð fyrir, að ríkissjóður verði fyrir, 1% söluskattshækkun.

Það kemur fram í grg. frv., hvernig tekjumissir ríkissjóðs er fundinn og reiknaður út. Þar er gert ráð fyrir, að þetta frv., þ. e. a. s. tollaskrár, þýði 615 millj. kr. tekjumissi fyrir ríkissjóð. Hins vegar er þegar kominn inn í fjárlagafrv. hluti af þessari upphæð, þannig að raunverulega, ef sú upphæð er dregin frá, þá er hér ekki um að ræða nema rúmlega 300 millj. kr. tekjumissi fyrir ríkissjóð, miðað við tolltekjur ársins 1972 og fram til miðs árs 1973. Það liggur í hlutarins eðli, að tolltekjur ríkissjóðs 1974 verða mun meiri. Áætlun um þær hefur að vísu verið hækkuð í fjárlagafrv., en það má tvímælalaust reikna með því, að þær verði þeim mun meiri, að það verði enginn tekjumissir fyrir ríkissjóð, þegar búið er að taka inn í fjárlagadæmið á 3. hundrað millj. kr., enda er hér ekki um að ræða annað en heimildarákvæði fyrir ríkisstj., sem sýnir, hvernig hugsanagangurinn þar er. Hér er að vísu ekki talin brýn nauðsyn, en ríkisstj. vill gjarnan fá heimild til að leggja 650 millj. kr. til viðbótar á þjóðina, og það á sjálfsagt að nota þá peninga til einhvers allt annars.

Eins og ég gat um áðan, munu sjálfstæðismenn í þessari hv. þd. reyna að stuðla að framgangi frv., en í þeirri mynd, sem frv. var lagt fyrir þingið. Við munum að sjálfsögðu í stjórnarandstöðunni flytja brtt. um, að það ákvæði, sem var sett inn í Ed., verði fellt niður. Ég geri ráð fyrir því, að þegar málið hefur verið skoðað í hv. fjh.- og viðskn. d., verði sú till. flutt, en ég á ekki von á því, að það verði nein töf af hálfu stjórnarandstæðinga á því, að n. geti afgreitt málið.

Fjmrh. (Halldór E. Sigurðsson): Herra forseti. Út af því, sem fram hefur komið í ræðum hv. 7. þm. Reykv. og hv. 1. þm Reykn., vil ég taka

fram í sambandi við undirbúning þessa frv., að eins og kunnugt er var gengið frá hér á hv. Alþ. í fyrravetur aðild okkar að Efnahagsbandalagi Evrópu. Þá var mikið verk óunnið í að koma því máli í framkvæmd, og þá hafði nýlega verið skipt um deildarstjóra í tollamáladeild fjmrn. Sá maður, sem var formaður í þeirri n., sem vann að þessu, hefur haft með Efnahagsbandalagsmálin að gera, og enn fremur sá, sem vann að þessu í viðskrn., og hafa báðir haft mikil ferðalög og mikla vinnu orðið að leggja á sig vegna breytingarinnar á samningnum við Efnahagsbandalagið. Það má svo sem um það deila, hvort það hafi verið of seint byrjað að vinna að þessum málum, en það var þó gert eins fljótt og tök voru á um þeirra störf og þegar þeir höfðu lokið sínu sumarfríi. Þetta mál tók að sjálfsögðu lengri tíma en reiknað var með, að það tæki, og það skal viðurkennt, eins og ég gerði í viðtali við formenn stjórnarandstöðuflokkanna, að málið væri það seint fram komið hér á hv. Alþ., að ég mundi ekki knýja það fram, nema um það fengist samkomulag við stjórnarandstöðu. Ég held mig við það. Það, sem hefur verið gert í þessu, hefur verið það, að stjórnarandstaðan hefur einnig unnið að framgangi málsins. Ég leiddi þá einnig í tal við formenn stjórnarandstöðuflokkanna að ég treysti mér ekki til að sleppa þessu máli í gegnum Alþ. án þess að hafa tryggingu fyrir tekjum á móti því tekjutapi, sem þarna ætti sér stað. Það kom réttilega fram hjá þeim, að þeir væru ekki undir það búnir að samþykkja það, en það kom líka skýrt fram hjá mér, að ég væri ekki undir það búinn að hleypa þessu máli í gegn, nema ég hefði einhverja tryggingu fyrir, að tekjumissirinn yrði bættur aftur. Ég tel, að það hafi komið fram í því, sem gerst hefur í málinu síðan, að stjórnarandstaðan hefur unnið að því fúslega að láta málið halda áfram, og um þetta eina atriði, sem á milli okkar bar, ber enn á milli.

Út af því, sem hv. 7. þm. Reykv. sagði hér áðan um frekari athugun á því máli, vildi ég gjarnan fá að ræða það betur við hann, áður en lokaafgreiðsla færi fram á þessu máli hér. Mér hefur verið fullkomlega ljóst, að ekki er hægt að koma þessu máli í gegn nema með samkomulagi við stjórnarandstöðuna, og það er mér jafnljóst enn þá. Hins vegar, ef málið bíður til framhaldsþings, þá höldum við okkar samningum, það er framkvæmanlegt, en hins vegar er ekki hægt að láta koma til framkvæmda frekari tollaívilnanir, fyrr en ný tollskrá hefur verið samþykkt, svo að það yrði að bíða þess tíma. Þetta vildi ég segja til þess að leggja áherslu á, að frá mínum bæjardyrum séð hefur þetta tvennt verið tengt saman, og gerði ég þeim grein fyrir því í þeim viðræðum, sem við áttum um þetta mál. Ég vona, að það sé ekki hægt að segja, að ég hafi á neinn hátt reynt að koma aftan að þeim með þá hluti. Hvort við finnum svo sameiginlega leið, — því að mér virðist vera áhugi á því, að tollalækkunarfrv. komist í gegn, — til þess að leysa þennan vanda, þannig að báðir geti við unað, ég fái tryggt tekjurnar og málið nái fram að ganga, það vil ég athuga betur, sérstaklega við hv. 7. þm. Reykv. út af orðum hans áðan.

Að öðru leyti verður raun að ráða, hvernig um þetta fer. Frá mínum bæjardyrum séð er ekki framkvæmanlegt, að frekari tollalækkun geti átt sér stað, nema tekjutapið verði bætt. Það er, held ég, nokkuð í lagt útreikninga hv. 1. þm. Reykn. um tekjurnar af söluskattinum á næsta ári, því að hann skilar sér ekki nema að nokkru leyti, og ef hann mundi reynast þetta miklu betur en ég reikna með, mundi tekjutapið af tollalækkuninni líka reynast meira en ég reikna með, því að það tengist nokkuð saman.

Ég vil því, að við skoðum þetta mál, og ég geri ráð fyrir, að n. taki málið efnislega til meðferðar í fyrramálið, og þá kemur í ljós, hverju hægt er að ná samstöðu um. En ég vil ræða betur við hv. 7. þm. Reykv. um það atriði, sem hann ræddi hér áðan.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 35 shlj. atkv. og til fjh.- og viðskn. með 36 shlj. atkv.

Löndun á loðnu til bræðslu, frv. (þskj. 75). — 3. umr.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 29 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 318).

Lögheimili, frv. (þskj. 244, n. 299). — 2. umr.

Of skammt var liðið frá útbýtingu nál. — Afbrigði samþ. með 34 shlj. atkv.

Frsm. (Garðar Sigurðsson): Herra forseti. Félmn. hefur rætt þetta mál á fundi sínum og leggur til, að það verði samþykkt óbreytt.

ATKVGR.

1. gr. samþ. með 33 shlj. atkv.
2.—3. gr. samþ. með 35 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 35 shlj. atkv.

Tekjustofnar sveitarfélaga, frv. (þskj. 263, n. 298). — 2. umr.

Of skammt var liðið frá útbýtingu nál. — Afbrigði samþ. með 34 shlj. atkv.

Frsm. (Hannibal Valdimarsson): Herra forseti. Frv., sem hér er til umr., er stjfrv. Það var lagt fram í hv. Ed. og hlaut þar afgreiðslu á þann veg, að það voru gerðar á því tvær breytingar, sem algert samkomulag varð um í d. Félmn. hefur fjallað um málið, eftir að það kom til hv. Nd., og orðið sammála um að mæla með frv. óbreyttu, eins og það kom frá Ed., með þeim breytingum, sem þar voru á því gerðar. Einn nm. var fjarverandi við afgreiðslu málsins, Stefán Valgeirsson, hv. 3. þm. Norðurl. e., en viðstaddir nm. voru allir sammála um afgreiðslu málsins. Það er sem sé till. hv. félmn., að málið verði samþykkt óbreytt, eins og það kom frá Ed.

ATKVGR.

1. gr. samþ. með 35 shlj. atkv.
2.—4. gr. samþ. með 34 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 33 shlj. atkv.

Neðri deild, 49. fundur.

Miðvikudaginn 19. des., að loknum 48. fundi.

Norðurlandasamningur um hjúskap, ættleiðingu og lögráð, frv. (þskj. 248, n. 308). — 2. umr.

Of skammt var liðið frá útbýtingu nál. — Afbrigði samþ. með 35 shlj. atkv.

Frsm. (Stefán Valgeirsson): Herra forseti. Hv. allshn. varð sammála um að mæla með því, að frv. yrði samþykkt óbreytt.

ATKVGR.

1. gr. samþ. með 34 shlj. atkv.
2. gr. samþ. með 36 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 35 shlj. atkv.

Neðri deild, 50. fundur.

Miðvikudaginn 19. des., að loknum 49. fundi.

Norðurlandasamningur um hjúskap, ættleiðingu og lögráð, frv. (þskj. 248). — 3. umr.

Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði samþ. með 32 shlj. atkv.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 33 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 319).

Læknalög, frv. (þskj. 154, n. 304). — 2. umr.

Of skammt var liðið frá útbýtingu nál. — Afbrigði samþ. með 32 shlj. atkv.

Frsm. (Jón Skaftason): Herra forseti. Heilbr.- og trn. þessarar hv. d. hefur fjallað um frv. á þskj. 154 á breyt. á læknal., nr. 80 frá 23. júní 1969, og leggur einróma til, að það verði samþykkt óbreytt.

ATKVGR.

1. gr. samþ. með 33 shlj. atkv.
2.—12. gr. samþ. með 34 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 34 shlj. atkv.

Seðlabanki Íslands, frv. (þskj. 301). — Ein umr.

Of skammt var liðið frá útbýtingu frv. — Afbrigði samþ. með 34 shlj. atkv.

Bjarni Guðnason: Herra forseti. Það er upp kominn berlegur ágreiningur milli hv. þd. um það mál, sem hér liggur fyrir, því að í meðferð þessarar hv. þd. var bætt við frv. nýrri mgr., sem hljóðaði á þessa leið, með leyfi hæstv. forseta:

„Allar meiri háttar framkvæmdir á vegum bankans eru háðar sérstöku samþykki beggja, ráðh. og bankaráðs."

Hv. Nd. skildi, hvað var hér á ferðum, og samþykkti þetta. Síðan gerðist það í Ed., að vaskleikamaður mikill formaður Sjálfstfl., Geir Hallgrímsson, ruddist fram á völlinn af undarlegum ástæðum, sem mér eru ekki kunnar, og lagði til, að þetta yrði felld, og með því mikla þingfylgi, sem þessi skörungur hefur, var frvgr. lögð að velli. Síðan kemur málið aftur til Nd., og ég hygg, að það sé ekki vert að sætta sig við þessa niðurstöðu, því að hér liggur meira að baki en menn kannske almennt gera sér grein fyrir.

Það er nú orðið áliðið kvölds, og ég skal ekki fara að rekja langa sögu, en þessi gr., sem kom inn í frv. í Nd., á rætur sínar að rekja til þess, að Seðlabankinn hugðist ráðast í miklar byggingarframkvæmdir, sem fróðir menn telja, að muni varla kosta minna en hálfan milljarð, þegar allt kemur til alls, væntanlega öllu meira, ef efnahagsmálin þróast eins og gera má ráð fyrir, og enginn virðist geta stöðvað þetta. Allir voru varnarlausir gagnvart því ofurvaldi, sem þessi mikla stofnun, Seðlabankinn, hefur í þjóðfélaginu, allir voru stikkfrí. Síðan mátti taka annað dæmi um ofurvald þessarar stofnunar hér í hv. Nd. í gær, þegar kom í ljós, að Seðlabankinn hafði hækkað almenna vexti á s. l. sumri gegn vilja hæstv. viðskmrh. eða a. m. k. var hann persónulega andvígur slíkri vaxtahækkun. Aðrir ráðh. létu kannske álit sitt uppi. En það er bersýnilegt, að þessi stofnun, Seðlabanki Íslands, er eins og einhver ófreskja fyrir handan og ofan það eðlilega, þinglega vald, sem er í þessari stofnun.

Ég get ekki stillt mig um að koma með dálitið grátt gaman í þessu sambandi. Það er það, að stjórnarflokkarnir blessaðir hafa í sínum málefnasamningi „að endurskoða löggjöf Seðlabankans", en það bólar náttúrlega ekki mikið á þeirri endurskoðun. Þeir hafa líka í huga að sameina banka, en ekki virðist örla á því. Nú fer fram fyrir augliti alþjóðar mikill gamanleikur. Það er verið að koma ákveðnum manni fyrir í einhverjum banka. Í raun og veru hefur verið farið frá Búnaðarbanka til Seðlabanka til Útvegsbanka og gengið svo á milli, eins og kaupin gerast á eyrinni. Spurningin er sú, hvort ekki væri hægt að stofna sérstakan Guðmundarbanka, svo að hægt væri að koma téðum manni fyrir. — En það er dálitið ömurlegt í þessu þjóðfélagi okkar, hvernig málin geta í raun og veru þróast. Það á að endurskoða bankakerfið, endurskoða Seðlabankann, og svo fer fram sá dæmalausi skripaleikur, sem á sér stað í sambandi við það, sem ég nefndi áðan. Það hlýtur að vera kominn tími til, að þm. fari að gera eitthvað í þessum efnum.

Sú tillgr., sem kom hér inn í frv., var með ákaflega saklausu yfirbragði: „Allar meiri háttar framkvæmdir á vegum bankans eru háðar sérstöku samþykki beggja, ráðh. og bankaráðs." Ekki er nú þetta mjög ströng klásúla: „Allar meiri háttar framkvæmdir". Og svo stynur þingheimur undan ofurvaldi þessa téða banka. En þegar á að fara að gera einhverjar smálagfæringar á þessu, þá hlaupa menn frá og vilja ekki standa að þeim. Af hverju? Þetta skil ég ekki.

Ég lít á málin þannig, að ef þetta heldur svona áfram í bankamálunum, í sambandi við Seðlabankann og þennan skrípaleik, sem nú fer fram fyrir opnum tjöldum í sambandi við ákveðna bankastjórastöðu, þá endar þetta með sprengingu. Það gerir það með því að halda þessu öllu svona niðri. Ef hv. þm. hafa ekki skilning á því, að svona lagað getur ekki gengið lengur. Og það er ekkert, sem rífur niður þingræðið og lýðræðið í landinu eins og slíkur hegðunarmáti, sem á sér stað núna með kaup og sölur í sambandi við ákveðið bankastjóraembætti. Sannleikurinn er sá, að það virðist stundum eins og ráðh. og þm. búi í fílabeinsturni. Hvað haldið þið í raun og veru, að þjóðin segi um þetta?

Ég skal ekki hafa þessi orð lengri. Þessi fyrrv. frvgr. er með allra vesældarlegasta móti og ákaflega kurteisleg. Það er aðeins, að það eigi að hafa samráð við ráðh., ef ráðist er í meiri háttar byggingar, og ég á bágt með að skilja það, að sjálfur hæstv. bankamrh. skuli leggjast gegn þessu. Hann virðist ekki hafa áhuga á að fá frekari völd í þessu efni, hann virðist ekki hafa frekari áhuga á að ráða mikið um vaxtahækkun, en hann virðist hafa áhuga á að koma ákveðnum manni fyrir í einhverjum banka. Það eru nútímaleg stjórnmálavísindi. Og það er dálítið merkilegt, að þeir menn, sem eru að tala um áætlunarbúskap og forgangsröðun verkefna, skuli loka augunum fyrir því mikla fjármagni, sem bankarnir fjárfesta að eigin geðþótta, meðan ríkisstofnanir og aðrir stynja þungan undir því, hve lítið fjármagn þær fá og hve erfitt er um vik. Ég vil nú benda hæstv. bankamrh. og hans liði, sem hefur áratugum saman talað um bankavaldið, á, að það gefst nú örlítið tækifæri að byrja á því að sýna, að hugur fylgi máli, og fá aðra menn, hv. þm., sem skilja og hafa vilja til að gera eitthvað í þessu máli, til að stinga aðeins við fæti. Enn þetta er aðeins byrjunin, vona ég.

Ég skal ekki hafa þessi orð lengri. Ég vil leyfa mér að leggja fram hér að nýju fyrir hv. d. sams konar mgr. og áður var í þessu frv., áður en það var sprengt í Ed., og bið því hæstv. forseta að leita afbrigða um þetta efni.

ATKVGR.

Afbrigði um skrifl. brtt. (sjá þskj. 315) samþ. með 35 shlj. atkv.

Sjútvrh. (Lúðvík Jósepsson): Herra forseti. Aðeins örfá orð. Ég geri ekki ráð fyrir því, að það þurfi að tala mikið fyrir þessari till. eftir það, sem flm. hefur þegar gert. Ég býst við því, að hann sé búinn að sannfæra alla um það, hvernig eigi að greiða atkv. í málinu. En ég vildi aðeins segja í sambandi við það, sem hann sagði um *mína* afstöðu, og hún hefur að vísu verið alleinkennileg í þessu máli.

Þegar till. hans lá hér fyrir til breytinga á því frv., sem hér var um að ræða, þar sem var um að ræða samkomulagsfrv. úr Ed. varðandi það, hvernig með skyldi fara skráningu á gengi ísl. krónu, þá greiddi ég atkv. gegn till. hans um að setja inn í frv. gersamlega óskylt mál, jafnvel þó að það þýddi það, að verið væri að auka valdsvið mitt, af því að mér fannst þetta mjög afkáralegt á allan hátt og óeðlilegt.

En þegar málið kom til Ed., fór ég mjög eindregið fram á það við Ed.-menn, að þeir samþykktu frv. eins og það væri, til þess að ekki yrði farið að hrekja frv. á milli deilda enn einu sinni, því að það, sem skipti hér aðalmáli, væri að fá lagalega heimild fyrir því, hvernig mætti skrá gengi íslenskrar krónu, því að ef þetta frv. dagaði uppi, yrði að lækka gengi krónunnar um næstu áramót nokkurn veginn niður í það gengi, sem þessi hv. þm. fann ástæðu til að segja sig úr sínum flokki út af á sínum tíma. Það er þá ekki nein heimild til þess að hafa þá gengisskráningu, sem er í dag.

Nú fer ég enn fram á það við þessa d., að hún samþykki frv. ekki í þeim búningi, sem ég óskaði eftir að það yrði samþ. í Ed., heldur að hún samþykki það í þeim búningi, sem það er nú. (Gripið fram í.) Af því að meginatriði málsins er, að aðalatriðið fáist samþykkt, en ekki sá fíflagangur, sem hér hefur verið hafður í frammi í sambandi við tillöguflutning hv. 3. landsk. þm. Hann hefur flutt frv. um það efni, sem till. hans fjallar um. Það er sjálfsagt, að það frv. verði afgreitt hér á eðlilegan hátt, en ekki blandað í þetta frv. Ég skil í rauninni þessa tilburði hans hér eingöngu í þá átt, að hann sé að berjast fyrir því að reyna að koma fram ákveðinni gengislækkun. Spurningin er bara, hvort honum tekst það.

ATKVGR.

Brtt. 315 felld með 24:15 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: LárJ, MB, ÓE, PJ, PP, PS, SvH, ÞÞ, BGuðn, EBS, FÞ, GuðlG, GunnG, GTh, IngJ.

nei: LJós, MK, MÁM, ÓlJ, RH, StefG, SV, SvJ, VH, ÁÞ, BP, EðS, EystJ, GS, GÞG, HES, HV, IG, BK, JSk, JónasÁ, JJ, KP, GilsG.

Einn þm. (BGr) fjarstaddur.

5 þm. gerðu svofellda grein fyrir atkv. sínu:

Sverrir Hermannsson: Herra forseti. Með því að ég giska á, að hæstv. viðskrh. hafi haft mestar meiningar í málinu, þegar hann bað hv. Ed. að samþykkja frv. með breytingu hv. 3. landsk., segi ég já.

Eysteinn Jónsson: Herra forseti. Ég vil ekki hrekja þetta frv. meira á milli deilda en orðið er og segi þess vegna nei.

Gunnar Thoroddsen: Herra forseti. Samkv. gildandi lögum hefur ráðh. yfirstjórn Seðlabankans. Ég skil lögin þannig, að hæstv. bankamálaráðh. hafi þetta vald, sem hér er um rætt, til þess að stöðva meiri háttar framkvæmdir, ef hann vill. Ef þessi till. hv. þm. yrði felld, mundi hún vafalaust notuð til stuðnings þeirri túlkun, að ráðh. hafi ekki þetta vald. Ég segi því já við þessari till.

Ingvar Gíslason: Herra forseti. Ég tel að ýmsu leyti eðlilega till. hv. þm. Hins vegar tel ég óeðlilegt að blanda henni inn í þetta mál. Ég veit ekki annað en hv. þm. hafi flutt frv., sem liggur fyrir þinginu, í þessa veru, og mér finnst eðlilegt, að það mál verði athugað. Ég segi því nei.

Jónas Jónsson: Herra forseti. Með tilvitnun til þess, sem 1. þm. Norðurl. e. sagði og 1. þm. Austf., og með tillitssemi til þeirra þm., sem eiga langt heim fyrir jólin, segi ég nei.

Frv. samþ. með 30 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 320).

Veiðar með botnvörpu, flotvörpu og dragnót í fiskveiðilandhelgi, frv. (þskj. 285, 297, 306, 311). — Frh. einnar umr.

Pétur Sigurðsson: Herra forseti. Mér er líklega óhætt að byrja mál mitt með því að vitna í orð hv. 3. landsk. þm., sem sagði, að upp væri kominn ferlegur ágreiningur á milli d. eða eitthvað á þá leið. Máske er það of sterkt til orða tekið, vegna þess að ég hafði ekki trú á því, að varðandi það, sem samþykkt hafði verið hér í eina tíð með jafnmiklum meiri hl. og gert var, tækist að snúa mönnum eða heilaþvo þá á þessari stuttu leið frá Ed. til Nd. á þann veg, sem hægt var að gera í því máli, sem var hér til umr. á undan þessu.

Hæstv. forseti d. hefur beðið um, að menn stytti mál sitt í sambandi við þetta mál. Í sjálfu sér er það orðið svo kunnugt, að það þarf ekki að fara út í það í smáatriðum, og ég mun ekki gera það. Ég minni hins vegar á, að að viðhöfðu nafnakalli fór fram atkvgr. um það eina atriði, sem ég flyt brtt. um á þskj. 311. Fór sú atkvgr. þannig, að 31 sagði já eða meiri hl. allra alþm., 5 sögðu nei, 3 greiddu ekki atkv. og einn var fjarverandi. Fyrir þann, sem hefur verið fjarstaddur þar til nú, get ég upplýst það, að brtt. mín er fólgin í því að gefa reykvískum, hafnfirskum og keflvískum sjómönnum á hinum minni fiskibátum sama rétt og öðrum fiskimönnum allt í kringum landið. Það er blekking, sem kom fram við umr. í Ed., það er ekki verið að opna Faxaflóann fyrir neinum veiðum. Það er verið að gefa þessum sjómönnum sama rétt til að geta fallið undir þær heimildir, sem ráðh. og Hafrannsóknastofnunin hafa samkv. frv. nú, til þess að stunda þessar veiðar, ef það er talið fært frá fiskifræðilegu sjónarmiði. Um hitt, held ég, að sé ekki að ræða, að efnahagslega og félagslega sjónarmiðið sé til staðar, því að það getur ekki verið, að Alþ. viðurkenni til lengdar, að einn lítill staður geti ráðið öllu á móti hinum stærri, jafnvel þó að það komi fram mjög sterk rök þaðan, þegar við verðum að viðurkenna, að þau rök eru ekki sterkari en það, að þau standast ekki gagnvart því, sem okkar fiskifræðingar eða menn, sem mest vit hafa á þessum veiðum, segja um málið sjálft. Þar á ég við þetta: Hvað er það, sem eyðileggur aflann í Faxaflóa? Er það ákveðið veiðarfæri, eða er það eitthvað annað? Það er staðreynd, að fiskur hvarf úr Faxaflóa að miklu leyti á árunum 1969—1970. En veturinn 1971 fékkst einmitt samþykkt algert bann við öllum veiðum í Faxaflóanum hér á Alþ., en að viðhöfðum miklum blekkingum, bæði innan þings og utan. Ég skal koma aðeins að því síðar.

Þessi fiskur, t. d. ýsan, ef við snúum okkur að því, hvarf ekki aðeins hér í Faxaflóa, hún hvarf víðast hvar á ýsuveiðisvæðum allt í kringum landið. Þetta var að sjálfsögðu vegna þess fyrst og fremst, að árgangur sem átti að vera kominn þá í veiðarnar, hafði brugðist og jafnvel tveir, og auk þess telja sumir fiskifræðingar, að straumar og þó sérstaklega sjávarhiti hafi breytt sér. Þetta eru staðreyndirnar, sem liggja fyrir, af hverju þetta hafi verið, en ekki það, hvort fiskurinn hafi verið drepinn í þetta veiðarfærið eða hitt, enda vitum við meira um þessi mál í dag en áður, og auðvelt er fyrir þá, sem heimildirnar eiga að veita, að halda veiðunum frá svæðinu í Faxaflóa, þar sem smáfiski er, og því hef ég aldrei borið á móti, að það eru stór svæði í Faxaflóa, þar sem smáfiski er og engar veiðar á að leyfa, ekki einu sinni trillubátunum með sportveiðifærin frá Akranesi. Það er ekkert betra fyrir lítinn fisk að drepast á lóð heldur en í dragnót. Það er a. m. k. mitt álit.

En friðunarmennskan er orðin svo allsráðandi hér, að ég get ekki annað en vitnað til viðtals, sem var í Vísi í dag, við einn um jólamatinn. Hann var spurður að því, hvort hann mundi borða rjúpur á jólunum: Nei, nei, nei, nei, ég er á móti því, að rjúpur séu skotnar. — Nú má vel vera, að þetta gangi út yfir aðrar skepnur og svo komi næst, að það verði ekki borðað lambakjöt, vegna þess að fólk sé á móti því, að lömbum sé slátrað á haustin. Nú er svo komið, að sumir menn eru svo uppfullir af friðunaráhuga í sambandi við fiskinn, að það má ekki drepa fisk og ég tala nú ekki um að borða hann, ef hann er tekinn í ákveðið veiðarfæri. Nóg um það, segir hv. 5. þm. Vesturl.

Tvennt annað hefur verið vitnað í í sambandi við afstöðu Ed.-manna til þessa máls. Það er nýlokið Farmanna- og fiskimannasambandsþingi. Það var eftirtektarverð afstaða, sem tekin var á því þingi — það þekki ég mæta vel, því að ég gekk á milli þeirra fulltrúa, þegar þinginu var lokið, og spurði, hvaðan þeir hefðu þekkingu til að taka þessa afstöðu. Ég veit, að menn, sem aldrei hafa á fiskiskip komið og sátu það þing, hafa ekki meira vit á þessu máli en sumir hv. þm. En þeir fiskimenn, sem það þing sátu, voru eingöngu úr röðum skipstjórnarmanna, sem nótaveiðar stunda, og þeirra, sem stunda veiðar á hinum stærri togurum. Smáútvegsmenn við innanverðan Faxaflóa eða annars staðar um landið áttu ekki einn einasta fulltrúa á því þingi. Kem ég þá kannske að stærstu blekkingunni, er oft hefur verið vitnað til, en það er útvegsmannafundur í félagi þeirra hér í Reykjavík á sínum tíma, sem mikið var vitnað til. Þeir dragnótaandstæðingar, sem berjast hvað harðast gegn þessari heimild handa hæstv. sjútvrh., — og hef ég þó trú á því, að sumir hefðu þá trú á honum, að hann fari ekki of langt í leyfum sínum, þegar heimildin er í hendi hans og þó ekki eingöngu hans, heldur og Hafrannsóknastofnunarinnar, — vitna sumir til þessara stuðningsmanna hins algera banns, þeir vitna til þessa fundar, og af því að ég minntist á hann áðan, ætla ég að koma aðeins nánar inn á hann.

Atkvæðafjöldi í þessu félagi er þannig, að hann er bundinn smálestatölu skipa þess útgerðarmanns, sem í félaginu er, smálestatölu þeirra skipa, sem hann ræður yfir. Þeir, sem réðu afstöðunni gegn miklum meiri hl. einstaklinga úr

smáútgerðarröðum, voru þeir menn, sem fara með upp í 20 atkv. hver, eins og Einar Sigurðsson í Vestmannaeyjum, sem hefur ekki landað einum einasta fiski af bátum sínum í Reykjavík *áratugum saman. Og þannig var með þá alla, sem* voru á móti þessum smáútgerðarmönnum. Það voru mennirnir, sem lönduðu úr sínum skipum í öðrum verstöðvum: Grindavík, Vestmannaeyjum, *komu aðeins með sína báta til Reykjavíkur* til þess að láta þá liggja hér milli jóla og nýárs, — mennirnir, sem stunduðu nótaveiðar, loðnu- og síldveiðar, alls staðar annars staðar heldur *en kom til góða fólkinu, sem býr við Faxaflóa.* Er að furða, þó að það sé vitnað oft til þessa fræga fundar. Það vill svo til, að ég á í fórum mínum atkvgr. frá þessum fundi, hverjir voru *þar mættir og fyrir hverja eru greidd atkv.* Það var einn aðili, sem hafði á sínum vegum marga báta, sem greiddi atkv. með þeim smáútgerðarmönnum. Það var Ingvar Vilhjálmsson útgerðarmaður, vegna þess að skip hans hafa alltaf landað hér í Reykjavík, og hann veit, hvað þetta þýðir fyrir atvinnulíf hér í bænum, fyrir frystihúsin og fyrir þá neytendur, sem þurfa á fiskinum að halda.

Ég hef ekki komið inn á í þessum umr. og ekki talið rétt að draga það fram, hvað þetta einhliða bann hefur haft að segja fyrir þau skip og þá menn, sem stunda þennan atvinnuveg. Hefur nokkur reynt að taka saman, frá því að þetta alhliða bann var sett á, hvað það hefur haft í för með sér af slysum, ekki aðeins slysum vegna sjósóknar suður fyrir Garðskaga og Reykjanes að vetri til eða vestur fyrir Jökul, heldur og dauðaslys, og skip, sem farist hafa? Það verður kannske rannsóknarefni fyrir suma að telja það saman. En ég fullyrði, að ef Alþ. ætlar að mismuna smábátafiskimönnum svo sem Ed. nú hefur ákveðið að gera, þá held ég, að það verði ekki komist hjá því fyrir ríkisstj. og þá sérstaklega Alþ. að borga þessum mönnum stórkostlegar skaðabætur og helst þó að kaupa bátana af þeim, vegna þess að þeir fá ekki að gera þá út annars staðar, enda er þegar komin fram sú skoðun sumra manna: Ef þeir geta ekki bjargað sér annars staðar en í Faxaflóanum, þessir bátar, þá eiga þeir ekki að vera til. — Þetta las ég í einu blaðinu nú um daginn eftir velmetinn fyrrv. togaraskipstjóra. En ég held, að þetta atriði hljóti að verða að koma til athugunar hjá þinginu, þótt síðar verði á vetrinum, ef það verður ekki viðurkennt, að þeir eigi að hafa sama rétt og aðrir. Meira að segja Ed. hefur gengið á móti óskum þeirra, sem minni bátana eiga og á þeim róa, og ég mun ekki gera neinar brtt. þar við, því að ég veit, að það eru nákvæmlega sömu vandræðin hjá þessum mönnum annars staðar um landið. En þar hefur verið komið á móti þeim, og þeir hafa þó það í vonum, að ef okkar fiskifræðingar leyfa, þá geti þeir notað hagkvæmustu veiðarfærin hverju sinni.

Ég skal ekki, herra forseti, tefja tímann frekar í sambandi við þetta mál, og ég skal ekki fara að endurtaka mín fyrri orð um álit mitt á frv. sjálfu, álit mitt á því, að það sé vitlaust upp byggt, og kannske álit mitt á sumum hv. þm., sem mest tala um friðun, en hafa minnst vit á henni og halda, að smáfiskur sé yfirleitt hér uppi við *landsteina, en hann sé ekki til utan* ákveðinnar hringlínu, sem fundin sé, þegar sirkli sé stungið í mitt landið og svo dreginn hringur í kringum það. Þetta er mikill misskilningur. *Með einhliða og afturhaldskenndum sjónarmið*um á þessum sviðum er kannske verið að skemma meira fyrir ákveðnum útgerðarformum eða við skulum frekar segja veiðarfærum heldur en með nokkru öðru.

Það hefur komið fram enn ein blekkingatilraunin í sambandi við þetta: Þessi skip hafi alltaf verið á framfæri aflatryggingasjóðs. — Þetta er *algerlega rangt. Þessir bátar fengu úr aflatrygg*ingasjóði, þegar afli brást 1969 og 1970, síðan ekki söguna meir og einfaldlega ekki á vetrarvertíð, vegna þess að þeir eru undir allt öðrum *reglum, — af því að þeir eru að sjálfsögðu úr* Reykjavík, — heldur en bátar, sem gerðir eru út frá plássunum við suðurströndina.

Herra forseti. Ég ætla ekki að hafa þessi orð lengri. *Ég mun greiða atkv. með brtt.* Sverris Hermannssonar á þskj. 297, en till. á þskj. 306 mun ég greiða atkv. á móti, því að það er á móti því samkomulagi, sem gert var í sjútvn. Nd., sem lagði *sig* í framkróka um að ná samkomulagi, til þess að málið næðist fram, áður en við færum í jólafrí. Ég vænti þess, að þingheimur standi með í því að fella þá brtt., en samþykkja hins vegar till. okkar á þskj. 311.

Friðjón Þórðarson: Herra forseti. Á þskj. 306 hef ég ásamt hv. 8. landsk. þm. leyft mér að flytja brtt. við þetta frv. Er hún við 2. gr. F. 2 og er þess efnis, að í stað orðanna „6 sjómílur" komi: 9 sjómílur. Ég ætla að leyfa mér að fara um hana aðeins örfáum orðum.

Í grg. með frv., eins og það var lagt fram í haust, er rætt nokkuð um Breiðafjörðinn sérstaklega, og segir þar á þessa leið m. a.:

„Togveiðiheimildir skipa stærri en 350 rúmlestir eru í frv. skertar nokkuð frá því, sem nú er, og er hér sem annars staðar miðað við, að skip af þessum stærðarflokki stundi ekki togveiðar nær landi en 12 sjómílur miðað við grunnlínu. Þó er í frv. heimild fyrir þessi skip til togveiða inn að 9 sjómílum utan við grunnlínu í Kolluál á svæði, sem afmarkast" eins og þar segir.

Þarna hefur því verið um frávik frá hinni almennu reglu að ræða, sem fiskveiðilaganefndin setti, að því er Breiðafjörð snerti, með því að heimila þessum stóru og afkastamiklu skipum að fara lengra inn í fjörðinn en sú regla hljóðaði um, sem þeir fylgdu yfirleitt umhverfis landið. Þessi afstaða hv. fiskveiðilaganefndar hefur mætt mikilli andstöðu breiðfirskra sjómanna og útvegsmanna, og þeir sendu þm. Vesturl. einróma áskorun um, að þeir sæju svo um, að skip stærri en 350 brúttórúmlestir fengju ekki veiðiheimild innan 12 sjómílna frá grunnlínupunkti út af Breiðafirði og Faxaflóa. Brtt. þessa efnis flutti ég við 2. umr. málsins í þessari hv. d. ásamt 8. landsk. þm. og 5. þm. Vesturl. Við meðferð málsins á þingi og í sjútvn. deildanna er nú svo komið, að ekki aðeins hefur þessi till. okkar verið felld, heldur gengið lengra en í upphaflega frv. greindi, þannig að hin stórvirku togskip eru nú komin inn að 6 sjómílum í Kolluál.

Þessu viljum við ekki una án þess að fá tilraun gerða a. m. k. til að færa þó þessa reglu til samræmis við það, sem sett var fram í frv., eins og það hljóðaði, þegar það var lagt fram s. l. haust. Tilgangur okkar flm. með þessari brtt. er að færa ákvæðin um þessi efni í sama horf og þau voru í frv., þegar það var lagt fram og frá því gengið af fiskveiðilaganefnd. Þessi ákvæði eru frávik frá hinni almennu reglu, sem hliðsjón hefur verið höfð af í fiskveiðilaganefnd, sbr. grg., eins og ég vitnaði í áðan. Það er viðurkennt, að ákvæði þessa frv. byggjast á margbreyttum sjónarmiðum og málamiðlun milli ólíkra hagsmuna. Er það von okkar flm., að hv. alþm. geti fallist á þessa miðlunartill., sem er, eins og ég áður sagði, shlj. frv., eins og það var lagt fram hér í hv. d. í haust.

Ég vil svo, áður en ég lýk máli mínu, fara örfáum orðum um brtt. á þskj. 311, þ. e. a. s till. fjögurra hv. þm., þar sem hv. 10. þm. Reykv. er 1. flm. Þeir gera enn tilraun til að fella niður ákveðna mgr. úr 10. gr. frv. Það er hvorki staður né stund nú til að vitna til þeirra mörgu og merku manna, sem börðust fyrir friðun Faxaflóa á sínum tíma, og skal ég ekki gera það. En af því að hv. talsmaður þessarar till. var hér áðan að vitna í einhvern gamlan fund, þá ætla ég að leyfa mér að vitna í fréttir af nýjum fundi, sem snerta þessa till. dálitið. Það er 26. þing Farmanna- og fiskimannasambands Íslands, sem slitið var í Reykjavík s. l. laugardag og hafði þá staðið í 4 daga. Það eru fregnir af þessum fundi í dagblaðinu Þjóðviljanum, ég held í dag, þar sem er viðtal við Guðmund Kjærnested, nýkosinn forseta samtakanna. Segir svo í þessari grein eða frétt á einum stað, með leyfi hæstv. forseta:

„Á þinginu var fjallað um kjaramál, öryggismál, menntamál og vitamál. Margar ályktanir voru samþykktar. Í einni þeirra er lýst undrun þingsins á ákvörðun borgarstjórnar Reykjavíkur um að skora á Alþ. að opna Faxaflóa fyrir dragnóta- og togveiðum. Þingið álítur enga ástæðu til slíkra leyfa, heldur beri að friða flóann áfram fyrir slíkum veiðum."

Þetta er frétt af 26. þingi Farmanna- og fiskimannasambands Íslands s. l. laugardag, eins og ég sagði. Með hliðsjón af þessu og mörgum fleiri rökum legg ég til, að brtt. á þskj. 311 verði felld. En ég get að lokum tekið fram, að ég er fylgjandi till., sem hv. 4. þm. Austf. flytur í þessu máli.

Sverrir Hermannsson: Herra forseti. Ég verð að segja, að það er að seilast um hurð til lokunnar hjá hv. 4. þm. Vesturl. að fara að vitna til þess, sem upphaflega stóð í till. fiskveiðilaganefndarinnar. Ég held, að við kæmumst lítið áfram með málið með þeim hætti að hafa þau vinnubrögð í frammi. Fiskveiðilaganefndin fékk lof og prís fyrir að hafa þvælst um gervallt landið til þess að draga upp úr mönnum sérvisku þeirra og fara eftir henni í öllum atriðum. Þess vegna eru það vitanlega engin rök fyrir hans máli að nefna, að þetta, sem hann leggur til, hafi upphaflega staðið í till. fiskveiðilaganefndarinnar. Þetta er löngu horfið úr tillögugerðinni, eins og hún nú er úr garði gerð.

Ég á brtt. á þskj. 297, sem hæstv. sjútvrh. mælti gegn og með þeim rökum m. a., að það væri óeðlilegt, að samtök útvegsins í landinu, eins og Fiskifélag Íslands, ættu umsagnaraðild um þær veiðiheimildir í fiskveiðilandhelginni, sem heimilt er að veita samkv. 10. gr. frv. Mér finnst það skjóta mjög skökku við, ef það getur kallast óeðlilegt, að Fiskifélag Íslands, allsherjarsamtök útvegsins í landinu, sé umsagnaraðili. Ein rök hans voru þau, að það væri eins og rauður þráður í þessu frv., að við það væri miðað, að einvörðungu væri leitað til umsagnar og meðmæla Hafrannsóknastofnunarinnar. Ég vil benda á, að það er dálítið annars eðlis, sem um er fjallað í 3. gr., 5. gr. og 6. gr. Í 3. gr. er það undantekningartilfelli, þegar hafís lokar venjulegum fiskimiðum. Í 5. gr. er um smáfiskadráp að tefla, í 6. gr. ný friðunarsvæði. Ég get út af fyrir sig fellt mig við það, að þarna sé látið við það sitja að leita umsagnar Hafrannsóknastofnunarinnar, enda þótt ekkert væri óeðlilegt við það út af fyrir sig, að þar kæmi einnig Fiskifélagið til, en á það legg ég enga áherslu. Annars eðlis er 10. gr., sem fjallar um veiðiheimildir til dragnótaveiða, rækjuveiða, humarveiða, síldveiða, loðnuveiða, spærlings- og kolmunaveiða o. s. frv., enda er augljóst, að það er litið öðruvísi á þær veiðiheimildir og hvernig að leyfisveitingu til þeirra skuli staðið, því að í lok 10. gr. er einmitt gert ráð fyrir, að ráðh., ef honum þyki ástæða til, skuli leita umsagnar um þessi atriði til Fiskifélags Íslands. Kemur þar í ljós það, sem ég hef sagt, að þarna er um töluverðan eðlismun að ræða á milli þess, sem segir í 3. gr., 5. gr. og 6. gr., og þess, sem 10. gr. fjallar um.

Ég verð að segja það, að mér kemur það töluvert á óvart, að fiskveiðilaganefndin skuli ekki hafa tekið þetta inn í sínar till., sérstaklega vegna þess að mér er fullkunnugt um, að hún gerði ekki mjög mikið með þær till., sem frá Hafrannsóknastofnuninni komu um nýtingu landhelginnar. Það geta þeir upplýst sjálfir, að þetta fiskveiðilagafrv. er með allt öðrum hætti úr garði gert en eftir þeim till., sem Hafrannsóknastofnunin gerði. Þess vegna hefði ég haldið, að þeir hefðu viljað slá einhvern varnagla við algerum einkaáhrifum Hafrannsóknastofnunarinnar í þessu efni.

Ég fæ ekki séð, hvað getur mælt á móti því, að varðandi veiðiheimildirnar í 10. gr. sé einnig leitað umsagnar Fiskifélags Íslands, og ég verð að segja, að þeir, sem mest tala um friðun, — sem ætti vitanlega að kalla verndun, því að við viljum vernda fiskistofnana, en ætlum ekki að friða þá, — mig undrar, ef þeir geta ekki fallist á þessa tillögugerð mína, vegna þess að þarna er myndaður tvöfaldur varnarveggur með því, að Fiskifélagið sé einnig kallað til þessara hluta ásamt með Hafrannsóknastofnuninni. Hér liggur eitthvað allt annað á bak við heldur en augljós og eðlileg rök, ef á að fara að beita sér gegn þessu sérstaklega. Það er í fyllsta máta eðlilegt, að samtök útvegsins í landinu eigi umsagnaraðild um þau atriði, sem 10. gr. fjallar um.

Jónas Árnason: Herra forseti. Ég stend upp til þess að lýsa afstöðu minni til tveggja brtt., sem hér liggja fyrir. Það er annars vegar till. frá

hv. þm. Pétri Sigurðssyni o. fl. um að opna aftur Faxaflóa fyrir dragnótinni. Þetta mál hefur verið til umr. hér áður, og ég hef lýst andstöðu minni gegn því. Ég verð að segja það, að hv. þm. Pétur Sigurðsson flutti snjallt mál, eins og hann er vanur, í sambandi við þessa till. Þó fannst mér hann ganga nokkuð langt í röksemdafærslunni, þegar hann vildi gefa í skyn, að þeir, sem fylgdu strangari reglum um friðun, gætu jafnvel átt sök á sjóslysum fyrir það, að menn yrðu að sækja lengra fiskinn, sem fólk krefst að fá í soðið. Þetta er að mínum dómi vægast sagt hæpin röksemdafærsla og ekki heldur smekkleg.

Þetta er reyndar sama röksemdafærslan og við höfum heyrt af hálfu Breta í sambandi við landhelgismál okkar. T. d. þegar við færðum út í 12 mílurnar, skömmu eftir að það var gert, varð alvarlegt slys við Grænland, það fórst þar breskur togari, og bresku blöðin voru uppfull af því, að þessi togari hefði ekki farist, ef Íslendingar hefðu ekki fært út í 12 mílur, því að þá hefði hann verið nær landi hér á Íslandsmiðum og getað leitað vars. Ég verð að segja það, að ég er dálítið hissa á hv. þm. Pétri Sigurðssyni að beita slíkum röksemdum. Það er að sjálfsögðu alltaf nokkur hætta í því fólgin að fara á sjó, og það er hægt að ganga svo langt að segja, að þeir, sem krefjast þess t. d. að fá í soðið hér í Reykjavík, þeir, sem mér skilst, að Pétur Sigurðsson beri helst fyrir brjósti í þessu sambandi, séu að stofna mönnum í lífshættu með því.

Hin till. er flutt af tveimur hv. þm. Vesturl., Friðjóni Þórðarsyni og Benedikt Gröndal. Ég styð þá till. eindregið. Þetta er mál, sem varðar mjög hagsmuni útgerðarmanna og sjómanna á Snæfellsnesi. Hv. þm. Sverrir Hermannsson sagði áðan um fiskveiðilaganefndina, að hún hefði þvælst um landið og dregið sérviskuna upp úr fólki. Það þarf yfirleitt ekki að draga sérviskuna upp úr fólki. En í þessu samb. vil ég geta þess, að Snæfellingar felldu sig út af fyrir sig við það, að sú lína, sem hér er um að ræða, væri miðuð við 9 sjómílur, en ekki 12, en það fylgir með, að þeir verða að sæta smækkun á því hólfi, sem þeir höfðu leyfi til að veiða í á hinum minni bátum, minni togskipum. Þar að auki er þetta hólf þannig að sögn þeirra þar vestra, botninn er þannig, að mjög illa hentar til togveiða.

Ég hef þær fregnir vestan af Snæfellsnesi núna, að eigendur báta af þessari stærð, sem ég var að tala um, væru þegar farnir að hugleiða að losna við þessa báta, vegna þess að þeir gætu ekki haft af þeim nema mjög takmörkuð not, þegar þetta frv. væri orðið að lögum. Ég persónulega hef fylgt friðun þar vestra, er mikill stuðningsmaður hennar, en ég vil taka fram, að ég átti ekki von á því, að þeir fengju stóru togarana eins nærri sér og gert er ráð fyrir samkv. frv., eins og það liggur fyrir. Ég held, að það sé engin ósanngirni af hálfu Snæfellinga, þó að þeir fengju línuna færða út aftur úr 6 mílum í 9. Hér er um að ræða samtals um 20 báta, og í smáu plássunum þar vestra skiptir útgerð þeirra að sjálfsögðu miklu máli. Ef henni verður alveg hætt, getur það orðið töluvert áfall fyrir þessi byggðarlög. Þessir bátar eru gerðir út frá Grundarfirði og Ólafsvík, ég hygg, allir, ég held, að það sé enginn frá Hellissandi eða Stykkishólmi, en fyrir þessi tvö byggðarlög mundi þetta verða mikið áfall. (**Gripið fram í:** Hvað er áfall?) Það er áfall fyrir þá, að þessi svæði á Breiðafirðinum eru takmörkuð og allt óhagstæðara með að stunda togveiðar fyrir þessi skip. En svo fá þeir stóru togarana miklu nær sér, og þar af leiðandi er þetta þeim mun meira áfall fyrir útgerð yfirleitt á Snæfellsnesi.

Hitt kemur svo til greina, eins og þeir eru reyndar að hugleiða þar vestra nú þegar, að fara fram á það í staðinn, að viss svæði verði friðuð fyrir öðrum veiðum en línu og netum. Það er reglugerðaratriði, sem kynni kannske, ef sett yrði, að bæta nokkuð úr fyrir þeim eftir þá útreið, sem þeir fengju af þessu ákvæði ef það verður samþykkt hér.

Ég vil lýsa yfir eindregnum stuðningi við brtt. þeirra hv. þm., Friðjóns Þórðarsonar og Benedikts Gröndal.

Stefán Gunnlaugsson: Herra forseti. Hv. síðasti ræðumaður hélt því fram, að hér væri fyrirliggjandi till. um að opna Faxaflóa fyrir dragnótaveiðum. Ég hygg, að hér sé um algeran misskilning að ræða hjá hv. ræðumanni. Ég geri ráð fyrir því, að hann eigi við till., sem er á þskj. 311. Ég er flm. að þessari brtt. ásamt þremur öðrum hv. alþm. og vil stuttlega gera grein fyrir viðhorfi mínu til þess atriðis, sem brtt. fjallar um, en hún fjallar um heimild til handa ráðh. til að veita veiðiheimildir í fiskveiðilandhelgi að fenginni umsögn Hafrannsóknastofnunarinnar

Eins og hér hefur verið rakið að nokkru, var gert ráð fyrir því í frv., sem var lagt fram um ný fiskveiðilög fyrir þessa hv. d., að heimild til veitingar dragnótaveiðileyfa skyldi ekki notuð til 1. júlí 1976 að því er varðar veiðar á Faxaflóa innan tiltekins svæðis. Sjútvn. þessarar hv. d. taldi óeðlilegt að binda hendur ráðh. hvað þetta sérstaka svæði snerti og lagði til, að þessi takmörkun á heimild ráðh. til veitingar dragnótaveiðileyfa yrði felld úr gildi. Yfirgnæfandi meiri hl. hv. þdm. féllst á þetta sjónarmið, og urðu úrslit í atkvgr. um þetta mál hér í hv. d. í samræmi við það. Hv. Ed. hefur hins vegar haft annað viðhorf til þessa máls og hefur samþykkt, að umrædd takmörkun á heimild ráðh. til veitingar dragnótaveiðileyfa verði eins og frv. upphaflega gerði ráð fyrir.

Ég vil taka það mjög skýrt fram, að afstöðu mína varðandi þetta mál má ekki túlka á þann veg, að ég telji, að opna eigi nú Faxaflóa fyrir dragnótaveiðum, svo er alls ekki. Um það mál eru ákaflega skiptar skoðanir meðal leikmanna og margar kenningar uppi, eins og kunnugt er, í þeim efnum. En ég er þeirrar skoðunar, að við hljótum að taka mikið tillit til álits fiskifræðinga og annarra sérfræðinga varðandi þetta atriði. Ég geng út frá því, að ráðh. muni nota vald sitt til veitingar veiðiheimilda í fiskveiðilandhelgi á þann veg, að hann muni að verulegu leyti fara að till. fiskifræðinganna og annarra þeirra, sem þarna eiga hlut að máli, eins og sjálfsagt og eðlilegt er að gera, því til þess eru fiskifræðingar í þjónustu ríkisins, að hægt sé að byggja að verulegu leyti a. m. k. á till. þeirra um friðunarráðstafanir og hagnýtingu

fiskveiðilandhelginnar. Ég er sem sagt þeirrar skoðunar, að eðlilegt sé, að ákvarðanir um það efni, sem hér um ræðir, séu teknar af viðkomandi ráðh. og sérfræðingum hans hverju sinni. Það er af þessum ástæðum, sem ég er flm. ásamt þremur hv. þm. að brtt. á þskj. 311.

Varðandi aðrar brtt., sem fram hafa komið, vil ég segja það, að því miður get ég ekki verið fylgjandi brtt. á þskj. 306, brtt. hv. þm. Friðjóns Þórðarsonar og Benedikts Gröndal. Hins vegar get ég fyrir mitt leyti stutt till. á þskj. 297 frá hv. þm. Sverri Hermannssyni, þar sem meginefni hennar sýnist mér vera það, að ráðh. sé heimilt að veita tilgreindar veiðiheimildir í fiskveiðilandhelginni að fenginni umsögn Fiskifélags Íslands einnig, en frv. gerir ráð fyrir, að leitað verði einungis til Hafrannsóknastofnunarinnar eftir umsögn.

Pétur Sigurðsson: Herra forseti. Ef hv. 5. þm. Vesturl. hefur skilið orð mín í minni fyrri ræðu á þann veg, að ég teldi, að þeir, sem væru hinir meiri friðunarsinnar, væru að valda dauða fiskimanna, sem reru á hinum smærri bátum héðan á innanverðum Faxaflóa, þá er það í sjálfu sér misskilningur. Hins vegar þekkir hann það mikið til sjómennsku, að hann hlýtur að skilja, að það er miklu meiri hætta yfir þeim mönnum, sem þurfa að róa á þessum litlu bátum, þegar þeir þurfa að sækja t. d. suður fyrir Reykjanes um hávetur eða vestur á Breiðafjörð. Og því miður eru dæmi um það, að á þessum litlu bátum hafi þeir farist og slys orðið á þeim hin síðari ár, vegna þess að þeir hafa orðið að sækja héðan. Þetta eru staðreynndir, sem liggja fyrir. Það kemur auðvitað engum til hugar að ætla neinum það, þó að hann vilji meiri friðun einhvers staðar og að sóknin verði öðruvísi, að hann hafi haft það í huga. Það er mikill misskilningur.

Hins vegar kom það glöggt fram í öllu máli þessa hv. þm., að hann er orðinn miklu meir á alheimsvísu heldur en landsvísu, því að hann kemur hér og heldur langa ræðu um mál, sem hann hefur ekki nokkra hugmynd um, hvað er. Hann segir: Hann, þessi skúrkur, 10. þm. Reykv., ætlar að opna Faxaflóann, og ég er á móti því. — Ég tek undir orð hv. síðasta ræðumanns. Það er ekki verið að opna fyrir neitt í Faxaflóanum. Það er verið að opna fyrir það, að menn hér hafi sama rétt og aðrir um það, að ráðh. með Hafrannsóknastofnunina að baki hafi heimild til að láta fara fram einhverjar lítilsháttar veiðar hér í Faxaflóanum.

Svo ég komi aftur að því máli, skil ég ekki, hvað reykviskir eða hafnfirskir togarasjómenn hafa gert þessum hv. þm. Hann ætti manna best að vita það, — *ég man a. m. k. eftir þeim árum*, þegar var verið að klæða hann í svörtu peysuna og taka mynd af honum til að birta í Þjóðviljanum fyrir kosningar í Sjómannafélagi Reykjavíkur og hann fór nokkrum sinnum til sjós með doktor Ólafi Jenssyni á reykviskum togurum, að honum þótti gott að fara vestur í Kolluál, eins og raunar öllum togarasjómönnum, sem hafa stundað þar veiðar um áratugaskeið (**JónasÁ:** Hver er doktor Ólafur Jensson?) Doktor Ólafur Jensson, ég held, að það sé eini bankastjórinn, sem Alþb. á í dag, hann er í Blóðbankanum.

Ég spurði hv. þm. Friðjón Þórðarson að því áður í sambandi við þetta mál, hvað hans sveitarfélag næði langt til hafs? Hvaða rétt eiga sveitarfélögin á Snæfellsnesi fram yfir Reykjavík og Hafnarfjörð um að nýta mið, sem eru langt úti í rúmsjó? Það er náttúrlega lögskýringaratriði fyrir lögfræðinga að segja okkur frá því og skýra það fyrir okkur, hvað þeirra réttur nær langt. Hvaða forgangsrétt hafa þeir aflað sér á umliðnum áratugum fram yfir þá, sem hafa sótt á hinum stærri skipum héðan frá innanverðum Faxaflóa? Ég veit ekki betur, — til þess að útskýra fyrir þessum hv. þm. það, sem hann ekki veit, — en þegar verið var að leita samkomulags í sjútvn. Nd., þá var upprunalega till. sú, að við leyfðum hinum stærri togskipum að veiða inn að 6 mílum, það væri höfuðregla allt að Bjargtöngum. En til þess að koma á móti Breiðfirðingum var lokað fyrir stærri skipin úr miðjum Breiðafirði og norður úr, en hins vegar leyft að fara aðeins grynnra að sunnanverðu, vegna þess að þar voru þeirra heimabundnu mið, Kolluállinn (**Gripið fram í:** Af því að þar er fiskurinn.) Af því að þar er fiskurinn? Nú, ég veit ekki til þess, að nokkurt skip frá Reykjavík hafi verið gert út á umliðnum öldum til annars heldur en að veiða fisk. Ég veit ekki, hvað hv. þm. álítur um útgerð hér á Íslandi. Ég hélt, að öll skip færu til sjós til þess að afla. Ég veit, að það er annar afli, sem hann sækist eftir, þessi hv. þm. Það er atkvæðaöflun, sem hann er í á Snæfellsnesi. En hann er ekki að hugsa um, hver háttur útgerðarinnar eða fiskimanna eigi að vera við nýtingu landhelginnar, það er auðheyrt.

Það var líka eftirtektarvert hjá hv. 5. þm. Vesturl., Jónasi Árnasyni, þegar hann var að tala um dauðaslysin og fór að minnast á röksemdir Breta, þegar togari fórst, mig minnir við Grænland eða alla vega langt vestur af Íslandi. Ég man nú ekki betur en ein röksemdin hjá hv. þm., — það hlýtur að hafa verið hjá honum líka, því að hann greiddi samningnum við Breta atkv. sitt, — *ein höfuðröksemdin var sú í sambandi við* gerð þess samnings, að hann væri gerður til þess að firra íslenska sjómenn og sérstaklega varðskipsmenn slysum, svo að hann ætti að muna eftir röksemdinni þaðan.

En það er líka eftirtektarvert, þegar hann talar um, að þeir kvarti, hinir minni bátar við Breiðafjörð, út af þeim svæðum, sem þeir fá samkv. þessu frv. Því endurtek ég enn einu sinni: Skyldu þeir ekkert þurfa að kvarta, hinir minni bátar við innanverðan Faxaflóa, eða er það eins og ég sagði áðan við þessa umr., er það alltaf þessi staðbundna föðurlandsást þm. fyrir sínu eigin kjördæmi, sem kemur fram hjá þeim? (**JónasÁ:** Ég tók það fram, að ég hefði einungis stutt það að takmarka sem mest veiðarnar á Breiðafirðinum.) Já, en um leið varstu með því að gefa Breiðafjarðarbátunum einkarétt til veiða við innanverðan Breiðafjörð, að vísu ekki með dragnót eða trolli, en allt aðrar veiðar, sem þeir gátu nýtt sér, þ. á m. skelfisk. Það fær enginn bátur frá Faxaflóa að koma og veiða skelfisk við innanverðan Breiðafjörð, það eru einkaveiðar þeirra Breiðfirðinga, og veit nú enginn heldur, hvenær þeir eignuðust þann sjó.

Herra forseti. Ég skal verða við ósk um að

stytta þessar umr., en til viðbótar út af till. Sverris Hermannssonar í sambandi við Fiskifélagið vil ég undirstrika, að það eru ekki bara útgerðarmenn, sem eiga þar aðild núna. Það eru öll sjómannasamtökin í landinu og fleiri aðilar. Ég tel, að þegar Hafrannsóknastofnunin á að koma með hinar fiskifræðilegu röksemdir, þegar ráðh. spyr Hafrannsóknastofnunina um málið, þá mundi Fiskifélagið með þessa aðila koma með hin efnahagslegu og félagslegu rök. Ég álít, að þessi tvenn rök séu kannske ekki neitt síðri en hin fiskifræðilegu, og m.a. hef ég dregið þau fram vegna fiskimannanna hér við innanverðan Faxaflóa.

Frsm. (Garðar Sigurðsson): Herra forseti. Ég skal verða við þeim tilmælum að vera stuttorður. — Við eyddum í það löngum tíma og allmikilli vinnu í hv. sjútvn. d. að reyna að finna einhvers konar samkomulagsgrundvöll í þessu viðkvæma máli. Að lokum virtist hann vera fundinn. En þá komu auðvitað aftur þrákálfarnir úr Vesturlandskjördæmi, sem virðist vera haldnir mjög mikilli þráhyggju. Sendinefndir Vestlendinga komu til okkar æ ofan í æ, en aldrei með sömu skoðunina. Þeir margbreyttu sinni afstöðu, og sömu mennirnir skrifuðu undir þrenns konar till.

Hv. 4. þm. Vesturl., Friðjón Þórðarson, vitnaði í fundinn, sem haldinn var hjá Farmanna- og fiskimannasambandinu. Það var búið að segja honum, að á þessum fundi var enginn fulltrúi frá smábátaútveginum hér við Faxaflóa, allt saman fínir lordar á varðskipum og stórum togurum.

Hv. þm. hélt því fram, að það væri verið að fara með togarana inn í fjörðinn. Hefur hann ekki skoðað kort? Hvar hafa þessir menn verið? Það er hvergi farið inn í fjörðinn, þetta er langt fyrir utan fjörðinn, og eins og hv. síðasti ræðumaður sagði, var sniðið af okkar upphaflegu hugmyndum í þessum efnum. Það er ekki farið lengra núna að norðan en sem svarar 65° 05', í staðinn fyrir að við höfðum hugmyndir um að rýmka fyrir togurunum alla leið vestur að Bjargtöngum. Ég get ekki séð, að þeir hafi neitt meiri rétt til að veiða í Kolluálnum, sem gera út frá Breiðafirði, heldur en þeir, sem fiska í troll þar fyrir utan.

Þessi hv. þm. eyddi í það nokkrum tíma að tala um einhverja almenna reglu um 12 mílur fyrir togarana, eins og hún hefði verið. Ég er hræddur um, að þessi almenna regla sé alls ekki í frv., eins og það lítur út núna. (**FÞ:** Lestu grg. með frv.) Hv. þm. þarf ekki að benda mér á að kynna mér þetta frv., ég er búinn að gera það og það miklu betur en hann. En ég vil benda hv. þm. á, að fyrir Suðurlandi öllu er farið inn að 6 mílum, auk þess er farið á Selvogsbankanum inn að 4 mílum frá grunnlínum og út af Faxaflóanum norður fyrir Kolluálinn sömuleiðis í okkar till. og í frv. að 6 mílum.

Ég veit, að það er alveg þýðingarlaust að fara að rekja nokkur rök eða ætlast til, að þessir herrar, hv. þm. af Vesturlandi, taki yfirleitt nokkrum sönsum eða geti komið sér saman um nokkurn skapaðan hlut. Það hefur reynslan sýnt í samskiptum við Vestlendingana, bæði þm. og aðra.

Ég vil að lokum aðeins minnast á till. Sverris Hermannssonar, sem mér finnst ekki vera merkilegar. Sú fyrri er um, að Fiskifélagið skuli tekið inn í 10 gr. með Hafrannsóknastofnuninni. En ég vil benda hv. þm. Sverri Hermannssyni á það, að í lok 10. gr. segir, að togveiðiheimildir samkv. tölul. nr. 1—8 skuli jafnan vera tímabundnar og auk umsagnar Hafrannsóknastofnunarinnar skuli ráðh. leita umsagnar Fiskifélags Íslands eða annarra aðila, þegar honum þyki ástæða til, þannig að þetta atriði er í rauninni þegar í frv.

Friðjón Þórðarson: Herra forseti. Það eru aðeins örfá orð. — Hv. 4. þm. Austf. hafði ekki mikið álit á fiskveiðilaganefndinni. Það voru ekki heldur mín orð, að sú n. eða þær niðurstöður, sem hún hefur komist að, væru heilagar. Eigi að síður varði hún þó löngum tíma og fyrirhöfn í að kynna sér afstöðu manna víðs vegar um land og komst að vissri niðurstöðu, sem hún lét á þrykk út ganga. Þessi sami hv. þm. spurði: Hvað hefur breyst frá því í haust? Já, hvað hefur breyst frá því, að þetta frv. var lagt fram? Það skyldi þó aldrei vera það, sem nefna mætti, að það hafa verið gerðir samningar við Breta, og er það kannske m.a. þeirra vegna, sem þeir, sem um þetta mál hafa fjallað, hafa séð ástæðu til þess að færa stóru togarana nær landinu, m.a. í Kolluál á Breiðafirði? Sannleikurinn er sá, að breiðfirskir sjómenn og útgerðarmenn hafa gengið mjög langt í friðunarátt. Þeir hafa reynt og lagt hart að sér að ná samkomulagi eða samræma skoðanir sínar, og þeim tókst það, eins og ég greindi frá fyrr við umr. þessa máls. En þær till., sem þeir loksins náðu samkomulagi um, hafa nú allar verið stráfelldar eða ekki virtar viðlits í hv. sjútvn. d. Það væri freistandi að ætla, að a.m.k. sumir hv. fulltrúa í sjútvn. hefðu ráðið sig í skiprúm hjá 4. þm. Austf. En það er eins og einn Grundfirðingur sagði, sem kom hingað til Reykjavíkur út af þessum málum: Hvernig er það með ykkur alþm., veitið þið engum umþóttunartíma nema Bretum? Það er vitað mál, að það eru margir smábátaeigendur við Breiðafjörð, sem eiga mjög erfitt með að laga sig að þeim aðstæðum, sem frv. býður upp á í þeirri mynd, sem það nú er.

Ég ætla svo ekki að lengja þessar umr., en vænti þess einungis, að till. á þskj. 306 nái samþykki.

ATKVGR.

Brtt. 306 felld með 27:5 atkv.
— 297 felld með 25:13 atkv.
— 311 felld með 19:17 atkv.

Frv. samþ. með 33 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 321).

Sameinað þing, 40. fundur.

Fimmtudaginn 20. des., kl. 2 miðdegis.

Fjárlög 1974, frv. (þskj. 243, n. 284, 286, 287, 288, 295, 307, 309, 312). — Frh. 3. umr.

ATKVGR.

Brtt. 307, I, 1 samþ. með 32 shlj. atkv.
— 286,1 samþ. með 36 shlj. atkv.
— 287,1 samþ. með 31 shlj. atkv.
— 286,2 samþ. með 36 shlj. atkv.
— 288, I samþ. með 33:8 atkv.
— 312, I felld með 31:28 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: ÓE, PJ, PP, PS, RH, StefG, SteinG, SvH, ÞK, AuA, BGr, BGuðn, EggÞ, EBS, FÞ, GH, GuðlG, GunnG, GTh, GÞG, IngJ, BK, JónÁ, LárJ, MJ, MB, MÁM, OÓ.

nei: ÓlJ, PÞ, RA, SV, StH, SvJ, VH, ÞÞ, ÁÞ, ÁB, BGuðbj, BFB, BJ, BP, EðS, EÁ, GS, GeirG, GilsG, HES, HV, HFS, IG, JSk, JónasÁ, JJ, KP, LJós, MK, MÓ, EystJ.

JÁH greiddi ekki atkv.

Einn þm. gerði svofellda grein fyrir atkv. sínu:

Magnús Jónsson: Herra forseti. Með hliðsjón af því, að hæstv. fjmrh. hefur þegar lofað Byggðasjóði upphæð, sem er í námunda við þessa upphæð, sem hér um ræðir, vil ég tryggja honum rétt til þess að greiða þá peninga og segi því já.

Brtt. 295, I samþ. með 30:22 atkv.
— 295, II felld með 29:8 atkv.
— 286, 3—6 samþ. með 32 shlj. atkv.
— 295, III felld með 30:11 atkv.
— 286, 7—8 samþ. með 32 shlj. atkv.
— 309, I samþ. með 33:21 atkv.
— 286,9 samþ. með 48 shlj. atkv.
— 295, IV (aðaltill.) tekin aftur.
— 295, IV varatill. samþ. með 32:16 atkv.
— 286, 10—19 samþ. með 36 shlj. atkv.
— 295, V. 1 felld með 29:24 atkv.
— 286, 10—19 samþ. með 36 shlj. atkv.
— 286, 20 samþ. með 39 shlj. atkv.
— 312, II samþ. með 29:26 atkv.
— 286, 21—22 samþ. með 39 shlj. atkv.
— 309, 2 felld með 36:24 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: ÓE, PJ, PS, RH, SteinG, SvH, ÞK, AuA, BGuðn, BP, EBS, FÞ, GH, GuðlG, GunnG, GTh, IngJ, BK, JónÁ, LárJ, MJ, MB, MÁM, OÓ.

nei: ÓlJ, PÞ, PP, RA, StefG, SV, StH, SvJ, VH, ÞÞ, ÁÞ, ÁB, BGr, BGuðbj, BFB, BJ, EðS, EggÞ, EÁ, GS, GeirG, GilsG, GÞG, HES, HV, HFS, IG, JÁH, JSk, JónasÁ, JJ, KP, LJós, MK, MÓ, EystJ.

Brtt. 309, 2 varatill. felld með 32:27 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: KP, LárJ, MJ, MÓ, MB, MÁM, OÓ, ÓE, PJ, PS, RH, SteinG, SvH, ÞK, AuA, BGuðn, BJ, BP, EBS, FÞ, GH, GuðlG, GunnG, GTh, IngJ, BK, JónÁ.

nei: JJ, LJós, MK, ÓlJ, PÞ, PP, RA, StefG, SV, StH, SvJ, VH, ÞÞ, ÁÞ, ÁB, BGr, BGuðbj, BFB, EðS, EggÞ, EÁ, GS, GeirG, GilsG, GÞG, HES, HFS, IG, JÁH, JSk, JónasÁ, EystJ.

HV greiddi ekki atkv.

Brtt. 286, 23 samþ. með 33 shlj. atkv.
— 307, I. 2 samþ. með 37 shlj. atkv.
— 307, II samþ. með 45:1 atkv.
— 288, II, svo breytt, samþ. með 32 shlj. atkv.
— 295, V. 2 felld með 30:13 atkv.
— 286, 24—42 samþ. með 39 shlj. atkv.
— 295, VI samþ. með 31:24 atkv.
— 286, 43 samþ. með 40 shlj. atkv.
— 309, III samþ. með 31 shlj. atkv.
— 286, 44—46 samþ. með 33 shlj. atkv.
— 309, IV felld með 30:18 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: EBS, GH, GuðlG, GTh, GÞG, IngJ, BK, JónÁ, JÁH, MÁM, PP, PS, RH, StefG, ÞK, BGr, BGuðn, EggÞ.

nei: GS, GeirG, GilsG, HES, HV, HFS, IG, JSk, JónasÁ, JJ, KP, LJós, MK, MÓ, ÓlJ, PÞ, RA, SV, StH, SvJ, VH, ÞÞ, ÁÞ, ÁB, BGuðbj, BFB, BJ, EðS, EÁ, EystJ.

FÞ, GunnG, LárJ, MJ, MB, OÓ, ÓE, PJ, SteinG, SvH, AuA, BP greiddu ekki atkv.

Einn þm. gerði svofellda grein fyrir atkv. sínu:

Magnús Jónsson: Herra forseti. Ég tel nauðsynlega þá skattalækkun, sem mundi leiða af þessari till. Hins vegar, eins og ákvæðin um skattvísitölu eru í skattalögum, tel ég ekki auðið að samþykkja þetta með þessum hætti, þar sem fjárlög geta ekki breytt ákvæðum þeim, sem skattalögin byggjast á, og get ég af þeim sökum ekki tekið þátt í afgreiðslu málsins, þótt ég sé því efnislega sammála, sem í því felst, og greiði ég því ekki atkv.

Brtt. 286, 47 samþ. með 33 shlj. atkv.

Frv., svo breytt, samþ. með 31:29 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: ÓlJ, PÞ, RA, SV, StH, SvJ, VH, ÞÞ, ÁÞ, ÁB, BGuðbj, BFB, BJ, BP, EðS, EÁ, GS, GeirG, GilsG, HES, HV, HFS, IG, JSk, JónasÁ, JJ, KP, LJós, MK, MÓ, EystJ.

nei: MÁM, OÓ, ÓE, PJ, PP, PS, RH, StefG, SteinG, SvH, ÞK, AuA, BGr, BGuðn, EggÞ, EBS, FÞ, GH, GuðlG, GunnG, GTh, GÞG, IngJ, BK, JónÁ, JÁH, LárJ, MJ, MB.

Frv. afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 323).

Kosning framkvæmdastjóra Söfnunarsjóðs Íslands til 6 ára, frá 1. janúar 1974 til 31. desember 1979.

Aðeins einn maður var tilnefndur, og var því kjörinn án atkvgr.:

Bjarni Guðmundsson fyrrv. blaðafulltrúi.

Kosning 6 fulltrúa og jafnmargra varafulltrúa úr hópi þingmanna í Norðurlandaráð, að viðhafðri hlutfallskosningu, skv. þingsályktun frá 15. des. 1961, um kjör fulltrúa í Norðurlandaráð, sbr. þingsályktun frá 3. des. 1969, um samþykkt á starfsreglum Norðurlandaráðs. Gildir kosningin þar til ný kosning hefur farið fram á næsta reglulegu Alþingi.

Við kosningu aðalmanna og varamanna komu fram þrír listar með samtals jafnmörgum nöfnum og menn skyldi kjósa. Samkv. því voru kjörnir án atkvgr.:

Aðalmenn:
Jón Skaftason alþm. (A),
Matthías Á. Mathiesen alþm. (B),

Gils Guðmundsson alþm. (A),
Jóhann Hafstein alþm. (B),
Hannibal Valdimarsson alþm. (A),
Gylfi Þ. Gíslason alþm. (C).

Varamenn:
Ásgeir Bjarnason alþm. (A),
Gunnar Thoroddsen alþm. (B),
Svava Jakobsdóttir alþm. (A),
Geir Hallgrímsson alþm. (B),
Karvel Pálmason alþm. (A),
Eggert G. Þorsteinsson alþm. (C).

Kosning þriggja manna í síldarútvegsnefnd og jafnmargra varamanna, allra til þriggja ára, frá 1. janúar 1974 til 31. desember 1976, að viðhafðri hlutfallskosningu, samkv. 1. gr. l. nr. 54 2. maí 1968, um breyt. á l. nr. 62 21. apríl 1962, um síldarútvegsnefnd og útflutning saltaðrar síldar.

Við kosningu aðalmanna komu fram þrír listar. Á A-lista voru Jón Skaftason og Ólafur Gunnarsson. Á B-lista var Jón L. Þórðarson. Á C-lista var Birgir Finnsson fyrrv. alþingismaður. — — A-listi hlaut 31 atkv., B-listi 22 atkv., C-listi 6 atkv., en einn seðill var auður. Samkv. því lýsti forseti yfir, að kjörnir væru:

Jón Skaftason alþm.,
Jón L. Þórðarson forstjóri,
Ólafur Gunnarsson framkvæmdastjóri.

Varamenn voru tilnefndir:
Kristmann Jónsson útgerðarmaður (A),
Guðfinnur Einarsson útgerðarmaður (B),
Karl Sigurbergsson skipstjóri (A).

Kosning þriggja manna í stjórn landshafnar í Keflavíkurkaupstað og Njarðvíkurhreppi, og tveggja endurskoðenda reikninga hafnarinnar, allra til fjögurra ára, frá 1. jan. 1974 til 31. des. 1977, samkv. 1. gr. l. nr. 42 1962 og 13. gr. l. nr. 23 6. maí 1955.

Við kosningu í stjórn landshafnarinnar komu fram þrír listar. Á A-lista voru Páll Jónsson og Oddbergur Eiríksson. Á B-lista var Alfreð Gíslason. Á C-lista var Ólafur Björnsson skipstjóri. — A-listi hlaut 31 atkv., B-listi 22 atkv., C-listi 6 atkv. Samkv. því lýsti forseti yfir, að kjörnir væru:

Páll Jónsson gjaldkeri (A),
Alfreð Gíslason bæjarfógeti (B),
Oddbergur Eiríksson skipasmiður (A).

Við kosningu endurskoðenda landshafnarinnar var stungið upp á tveimur mönnum. Samkv. því lýsti forseti yfir, að kjörnir væru án atkvgr.:

Valtýr Guðjónsson bankaútibússtjóri (A),
Alexander Magnússon skrifstofustjóri (B).

Kosning sjö manna og jafnmargra varamanna í stjórn landshafnar í Þorlákshöfn, til fjögurra ára, frá 6. júní 1974 til jafnlengdar 1978, að viðhafðri hlutfallskosningu, samkv. 4. gr. l. nr. 61 1966, um landshöfn í Þorlákshöfn.

Við kosningu aðalmanna og varamanna komu fram þrír listar með samtals jafnmörgum nöfnum og menn skyldi kjósa. Samkvæmt því voru kjörnir án atkvgr.:

Aðalmenn:
Benedikt Thorarensen forstjóri (A),
Friðrik Friðriksson skipstjóri (B),
Ólafur Ólafsson kaupfélagsstjóri (A),
Gísli Bjarnason umboðsmaður (B),
Ásgeir Benediktsson fiskmatsmaður (A),
Halldór Hafsteinsson bílamálari (A),
Gunnar Markússon skólastjóri (C).

Varamenn:
Hjörtur Jóhannsson kennari (A),
Gunnar Sigurðsson bóndi (B),
Þorsteinn Sigvaldason útgerðarmaður (A),
Jón Þorgilsson fulltrúi (B),
Ketill Kristjánsson verkamaður (A),
Sigurður Helgason verkstjóri (A),
Erlingur Ævar Jónsson skipstjóri (C).

Kosning fimm manna í stjórn Síldarverksmiðja ríkisins og jafnmargra varamanna, allra til þriggja ára, frá 1. janúar 1974 til 31. des. 1976, að viðhafðri hlutfallskosningu, samkv. l. nr. 37 1967, um breyt. á l. nr. 1 5. jan. 1938, um Síldarverksmiðjur ríkisins.

Við kosningu aðalmanna komu fram þrír listar. Á A-lista voru Jón Kjartansson, Hannes Baldvinsson og Páll Hj. Árnason. Á B-lista voru Sveinn Benediktsson og Þorsteinn Gíslason. Á C-lista var Jóhann Möller. — A-listi hlaut 31 atkv., B-listi 22 atkv., C-listi 6 atkv., en einn seðill var auður. Samkv. því lýsti forseti yfir, að kjörnir væru:

Jón Kjartansson forstjóri,
Sveinn Benediktsson framkvæmdastjóri,
Hannes Baldvinsson síldarmatsmaður,
Þorsteinn Gíslason skipstjóri,
Páll Hj. Árnason fyrrv. sveitarstjóri.

Varamenn voru tilnefndir:
Hjalti Gunnarsson útgerðarmaður (A),
Sverrir Hermannsson alþm. (B),
Angantýr Einarsson skólastjóri (A),
Eyþór Hallsson skipstjóri (B),
Eggert Theódórsson efnisvörður (A).

Kosning verðlaunanefndar Gjafar Jóns Sigurðssonar til tveggja ára frá 1 jan. 1974 til 31. des. 1975.

Fram komu tveir listar með samtals jafnmörgum nöfnum og menn skyldi kjósa. Samkvæmt því lýsti forseti yfir, að kjörnir væru án atkvgr.:

Magnús Már Lárusson prófessor (A),
Þór Vilhjálmsson prófessor (B),
Gils Guðmundsson alþm. (A).

Kosning þriggja yfirskoðunarmanna ríkisreikninganna 1973, að viðhafðri hlutfallskosningu, samkv. 43. gr. stjórnarskrárinnar.

Fram komu tveir listar með samtals jafnmörgum nöfnum og menn skyldi kjósa. Samkvæmt því voru kjörnir án atkvgr.:

Halldór Kristjánsson bóndi (A),
Pétur Sigurðsson alþm. (B),
Haraldur Pétursson fyrrv. safnhúsvörður (A).

Kosning sjö manna og jafnmargra til vara í stjórn Viðlagasjóðs, að viðhafðri hlutfallskosningu, samkv. 5. gr. l. nr. 4 7. febr. 1973, um neyðarráðstafanir vegna jarðelda á Heimaey, allra til eins árs frá 21. febrúar 1974.

Við kosningu aðalmanna og varamanna komu fram þrír listar með samtals jafnmörgum nöfnum og menn skyldi kjósa. Samkvæmt því voru kjörnir án atkvgr.:

Aðalmenn:
Helgi Bergs bankastjóri (A),
Guðlaugur Stefánsson framkv.stj. (B),
Garðar Sigurðsson alþm. (A),
Gísli Gíslason forstjóri (B),
Vilhjálmur Jónsson forstjóri (A),
Bergur Sigurbjörnsson framkv.stj. (A),
Tómas Þorvaldsson útgerðarmaður (C).

Varamenn:
Sigurður Markússon framkv.stj. (A),
Jóhann Friðfinnsson kaupmaður (B),
Gunnar Sigurmundsson prentari (A),
Björn Guðmundsson útgerðarmaður (B),
Ólafur Jensson verkfræðingur (A),
Halldór S. Magnússon viðskiptafræðingur (A),
Helgi G. Þórðarson verkfræðingur (C).

Sameinað þing, 41. fundur.

Fimmtudaginn 20. des., kl. 4.45 síðdegis.

Samþykki til frestunar á fundum Alþingis, þáltill. (þskj. 274). — Ein umr.

Forsrh. (Ólafur Jóhannesson): Herra forseti. Í till. þessari er farið fram á, að Alþingi veiti samþykki sitt til þess að fundum þingsins verði frestað frá morgundeginum eða síðar, ef henta þykir, enda verði það kvatt saman á ný eigi síðar en 21. jan. 1974. Þess gerist ekki þörf, að þessari till. sé fylgt úr hlaði með mörgum orðum. Hún er samsvarandi öðrum hliðstæðum frestunartill., sem hafa legið fyrir hverju þingi að kalla má fyrir jólin. Það er miðað þarna við 21. jan., sem samkomudag vegna þess að 20. jan. fellur á sunnudag.

Það hefur ekki verið venja að vísa till. sem þessari til n., og ég vil leyfa mér að mælast til þess, að þessi till. verði samþ., og vona, að hv. þm. geti á það fallist.

ATKVGR.
Tillgr. samþ. með 46 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Till. samþ. með 47 shlj. atkv. og afgr. sem ályktun Alþingis (þskj. 324).

Efri deild, 46. fundur.

Fimmtudaginn 20. des., kl. 4.50 síðdegis.

Skipulagslög, frv. (þskj. 273). — 1. umr.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 16 shlj. atkv. og til félmn. með 17 shlj. atkv.

Efri deild, 47. fundur.

Fimmtudaginn 20. des., kl. 6.25 síðdegis.

Forseti tók eina dagskrármálið af dagskrá.

Þingfrestun.

Forseti (Ásgeir Bjarnason): Þessi fundur mun verða síðasti fundur Ed. fyrir jól. Ég þakka hv. þdm. fyrir ágætt samstarf og umburðarlyndi í minn garð. Varaforsetum og skrifurum þakka ég ágæta aðstoð. Ég þakka einnig skrifstofustjóra og öðru starfsliði Alþingis vel unnin störf.

Ég óska hv. þdm. gleðilegra jóla og gæfuríks komandi árs. Utanbæjarþm. óska ég góðrar heimferðar og heimkomu og að við megum hittast hér heil, þegar fundir hefjast að nýju á næsta ári.

Geir Hallgrímsson: Herra forseti. Fyrir hönd þdm. vil ég leyfa mér að þakka forseta vinsamleg orð og góðar óskir í okkar garð. En fyrst og fremst vil ég fyrir okkar allra hönd flytja forseta bestu óskir um gleðileg jól og gæfuríkt komandi ár honum og fjölskyldu hans til handa, um leið og ég fyrir hönd þdm. þakka forseta ánægjulega samvinnu, réttláta fundarstjórn og umburðarlyndi við okkur þdm.

Ég ítreka bestu óskir um gleðileg jól og gott og gæfuríkt nýtt ár forseta og fjölskyldu hans til handa og vænti þess, að við megum sjá hann heilan og hressan á nýja árinu, þegar við hittumst hér aftur.

Ég vil leyfa mér að biðja þdm. að staðfesta þessi orð og þessar óskir með því að rísa á fætur. — [Þdm. risu úr sætum.]

Forseti (Ásgeir Bjarnason): Ég þakka hv. 2. þm. Reykv. fyrir hlýjar óskir í minn garð og minnar fjölskyldu. Ég ítreka óskir mínar til hv. þdm. og vænti þess, að við munum öll hittast hér heil á næsta ári, þegar þingfundir hefjast að nýju.

Neðri deild, 51. fundur.

Fimmtudaginn 20. des., kl. 6.15 síðdegis.

Læknalög, frv. (þskj. 154). — 3. umr.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 28 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 326).

Lögheimili, frv. (þskj. 244). — 3. umr.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 29 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 327).

Tekjustofnar sveitarfélaga, frv. (þskj. 263). — 3. umr.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 26 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 328).

Umræður utan dagskrár.

Bjarni Guðnason: Herra forseti. Það liggur nú ljóst fyrir, að hæstv. ríkisstj. hefur ákveðið að taka út af dagskrá tollskrárfrv. það, sem samþykkt hafði verið í Ed. Ástæðan er auðvitað sú, að þetta tollskrárfrv., eins og það er úr garði gert, hefur bersýnilega ekki þingfylgi í hv. Nd. Eins og þm. er kunnugt og vita gjörla, mun vera alger samstaða meðal allra þm. í öllum flokkum, að tollalækkanir, eins og gert var ráð fyrir í frv., eru sjálfsagðar og meira að segja bráðnauðsynlegar. Hins vegar hafði ríkisstj. þann háttinn á að smeygja inn í þetta frv. heimildarákvæði um hækkun söluskatts um 1%. M. ö. o.: hún ætlaði svo að segja inn um bakdyrnar að hækka álögur á almenning.

Með þessu er einnig sýnt, að ríkisstj. virðist ekki hafa vilja til að standa við þá samninga um tollalækkun, sem fyrir liggja við EFTA. En það, sem er e. t. v. mergurinn málsins, og það alvarlegasta er það, að núv. ríkisstj. hefur ekki meirihlutafylgi lengur í hv. Nd. Hún getur ekki rekið þá stefnu í landsmálum, sem hún kýs. Hún getur ekki tekist á við þann vanda í efnahagsmálum, sem nú blasir við, og þess vegna hlýtur að vakna sú spurning, hversu lengi þessi stjórn hyggist halda um stjórnvölinn.

Min skoðun er sú, að samkvæmt venjulegum þingræðisreglum eigi þessi stjórn að fara frá, annað væri að sjálfsögðu valdníðsla, enda mun raunin verða sú, að ef stjórnin situr, þá tærist hún smám saman innan frá, ef hún getur gert það fremur en orðið er, og þannig mun upplausnin verða alger eftir mjög skamman tíma. Frá öllum sjónarmiðum séð er æskilegast og jafnframt þingræðisleg skylda þessarar ríkisstj. að segja af sér.

Ég vil spyrja hæstv. forsrh., hvort hann telji kleift að takast á við þann gífurlega vanda, sem fram undan er í efnahagsmálum, og hafa ekkert bolmagn til þess að geta ráðið ferðinni eða gert þær úrbætur, sem hann og hans stjórn telja æskilegar og nauðsynlegar. Er þjóðinni fyrir bestu, að stjórn, sem getur ekki stjórnað málunum, sitji áfram, eða á stjórn að sitja setunnar vegna eingöngu? Þetta er mergurinn málsins. Þess vegna vil ég vænta þess, að hæstv. forsrh. skýri hv. þd. frá því, hvort hann telji undir núverandi kringumstæðum rétt, að núv. stjórn sitji áfram.

Forsrh. (Ólafur Jóhannesson): Herra forseti. Ég tek ekki ummæli hv. þm. Bjarna Guðnasonar of alvarlega. Ég veit, að þau eru mælt af nokkru fljótræði og vonbrigðum. Það er orðið lýðum ljóst, að aðaláhugamál þessa hv. þm. er að koma núv. ríkisstj. frá og stuðla þannig að því, að aftur hefjist til valda „viðreisnarstjórn" á ný. Ég óska honum til hamingju með það hlutverk, sem hann er byrjaður að leika í íslenskum stjórnmálum.

Ég skal svara spurningu hans skýrt. Stjórnin mun sitja áfram og bíða og ekki víkja nema fyrir vantrausti. En það vantraust fær hv. þm. tækifæri til þess að bera fram, þegar þing kemur saman að jólaleyfi liðnu. Þá fær hann tækifæri til þess að sýna alþjóð enn þá betur, hvert er orðið aðaláhugamál hans í íslenskum stjórnmálum og hvaða erindi hann hefur átt inn í íslensk stjórnmál. (**BGuðn:** Vill ekki stjórnin biðja um traust?)

Þingfrestun.

Forseti (Gils Guðmundsson): Þetta verður síðasti fundur deildarinnar nú fyrir þinghlé. Ég vil af því tilefni þakka öllum hv. þdm. mjög gott samstarf það sem af er þessu þingi. Ég óska þeim og fjölskyldum þeirra svo og starfsfólki Alþingis gleðilegra jóla og farsæls komandi árs. Ég læt í ljós þá ósk, að við megum öll hittast heil, þegar Alþingi tekur aftur til starfa á nýju ári.

Gylfi Þ. Gíslason: Herra forseti. Þar sem þetta er síðasti fundur hv. þd. fyrir jólaleyfi þm., leyfi ég mér fyrir hönd okkar þdm. að færa hæstv. forseta innilegar jólaóskir og óskir um farsæld á komandi ári. Ég vil jafnframt nota þetta tækifæri til þess fyrir hönd þdm. að þakka hæstv. forseta fyrir góða og farsæla fundarstjórn það sem af er þessu þingi. Við hugsum gott til samstarfs við hæstv. forseta, þegar þd. hefur störf að nýju á nýju ári.

Ég endurtek óskir okkar þm. til hæstv. forseta um gleðilega jólahátíð og farsæld á komandi ári og bið hv. þdm. að taka undir þessar óskir með því að rísa úr sætum. — [Þdm. risu úr sætum.]

Forseti (Gils Guðmundsson): Ég ítreka jóla- og nýársóskir mínar í garð hv. þdm. Fundinum er slitið.

Sameinað þing, 42. fundur.

Föstudaginn 21. des., kl. 2 miðdegis.

Þingfrestun.

Forseti (Eysteinn Jónsson): Áður en þessu þingi verður formlega frestað, vil ég leyfa mér að færa hv. alþm., hæstv. ráðh. og starfsfólki þingsins sérstakar þakkir fyrir gott samstarf við mig á þeim hluta þingtímans, sem liðinn er, og raunar á þessu ári, því að þetta verður síðasti þingfundur á þessu ári. Jafnframt vil ég óska þeim öllum gleðilegrar jólahátíðar og gleðilegs nýárs og láta í ljós þá von, að við hittumst hér heil öll á nýju ári í jan. n. k. Ég óska utanbæjarmönnum, þeim sem fara heim til sín í jólaleyfinu, góðrar ferðar, góðrar heimkomu og góðrar komu á ný til þingsins, þegar þar að kemur.

Gunnar Thoroddsen: Herra forseti. Fyrir hönd okkar alþm. vil ég þakka hæstv. forseta Sþ. góðar óskir okkur til handa. Ég þakka honum fundarstjórn og samstarf það sem af er þessu þingi og óska honum gleðilegra jóla og nýárs. Ég vona, að við megum öll hittast hér heil til starfa á næsta ári. Ég bið hv. alþm. að taka undir þessar óskir með því að rísa úr sætum. — [Þm. risu úr sætum.]

Forseti (Eysteinn Jónsson): Ég þakka hv. 5. þm. Reykv. og öllum þingheimi fyrir góðar óskir í minn garð og endurtek árnaðaróskir mínar til þeirra.

Forsrh. (Ólafur Jóhannesson): Herra forseti. Forseti Íslands hefur gefið út svo hljóðandi bréf:

„Forseti Íslands gerir kunnugt:
Að ég, að tilskildu samþykki Alþingis, veiti forsrh. umboð til þess að fresta um sinn fundum Alþingis, 94. löggjafarþings, frá 21. des. 1973 eða síðar, ef henta þykir, enda verði þingið kvatt til fundar á ný eigi síðar en 21. jan. 1974.

Gjört í Reykjavík, 19. desember 1973.

Kristján Eldjárn.

Ólafur Jóhannesson.

Forsetabréf um frestun á fundum Alþingis."

Samkv. þessu umboði og með tilvísun til samþykkis Alþ. lýsi ég hér með yfir því, að fundum þessa Alþ., 94. löggjafarþings, er frestað frá 21. des., og verður þingið kvatt til fundar á ný eigi síðar en 21. jan. 1974.

Leyfi ég mér að árna hv. alþm. og starfsmönnum þingsins svo og landslýð öllum gleðilegra jóla og farsæls nýárs.

Sameinað þing, 43. fundur.

Mánudaginn 21. jan., kl. 2 miðdegis.

Framhaldsfundir eftir þingfrestun.

Forsrh. (Ólafur Jóhannesson): Hinn 14. jan. 1974 var gefið út svo hljóðandi forsetabréf:

„Forseti Íslands gerir kunnugt.
Ég hef ákveðið samkv. till. forsrh., að Alþingi skuli koma saman til framhaldsfunda mánudaginn 21. jan. 1974, kl. 14.00.

Gjört í Reykjavík, 14. jan. 1974.

Kristján Eldjárn.

Ólafur Jóhannesson.

Forsetabréf um, að Alþingi skuli koma saman til framhaldsfunda."

Samkv. þessu bréfi, sem lesið var, hefjast nú framhaldsfundir Alþingis. Ég leyfi mér að óska hæstv. forseta og hv. alþm. og starfsfólki Alþingis gleðilegs árs og þakka þeim fyrir liðna árið, um leið og ég býð þá velkomna til þingstarfa á ný og læt í ljós þá ósk og von, að störf okkar megi verða landi og lýð til blessunar.

Forseti (Eysteinn Jónsson): Samkv. forsetabréfi því, sem hæstv. forsrh. hefur nú kunngert, tekur Alþ. nú til starfa á ný og hefjast fundir þess, og er fundur settur í Sþ. Ég vil leyfa mér að þakka hæstv. forsrh. fyrir góðar óskir hans í garð okkar þm. og starfsfólks þingsins. Jafnframt vil ég óska öllum hv. þm. og hæstv. ríkisstj. gleðilegs nýárs og þakka fyrir samstarfið á liðna árinu og láta í ljós þá von, að vel megi takast á þessu þingi, þann hluta, sem eftir er að halda af því.

Varamenn taka þingsæti.

Forseti (Eysteinn Jónsson): Mér hefur borist svo hljóðandi bréf:

„Reykjavík, 17. jan. 1974.
Þorvaldur Garðar Kristjánsson, ritari þingflokks sjálfstæðismanna, hefur í dag ritað á þessa leið:
„Samkv. beiðni Magnúsar Jónssonar, hv. 2. þm. Norðurl. e., sem nú er sjúkur, leyfi ég mér með skírskotun til 138. gr. l. um kosningar til Alþ. að óska þess, að 1. varamaður hans, Halldór Blöndal kennari, taki á meðan sæti hans hér á Alþ."
Þetta er yður, herra forseti, hér með tilkynnt.

Ásgeir Bjarnason,
forseti Ed."

Halldór Blöndal hefur áður setið þingbekk á þessu þingi og þarf því eigi að skoða kjörbréf hans, og býð ég hann velkominn til starfsins.

Þá hefur borist svo hljóðandi bréf:

Reykjavík, 17. jan. 1974.

Helgi F. Seljan, 6. landsk. þm., hefur í dag ritað mér á þessa leið:
„Þar sem ég vegna veikinda mun ekki geta sótt þingfundi á næstunni, leyfi ég mér að biðja um fjarvistarleyfi og með skírskotun til 138. gr. l. um kosningar til Alþingis að óska þess, að 1. varamaður landsk. þm. Alþb., Stefán Jónsson kennari, taki sæti á Alþ. í forföllum mínum."
Þetta er yður, herra forseti, hér með tilkynnt.

Ásgeir Bjarnason,
forseti Ed."

Stefán Jónsson hefur sömuleiðis setið á þingi á þessu kjörtímabili, og býð ég hann velkominn til starfa.

Þá hefur enn fremur borist svo hljóðandi bréf:

„Reykjavík, 21. jan. 1974.

Þorvaldur Garðar Kristjánsson, ritari þingflokks sjálfstæðismanna, hefur ritað mér á þessa leið:
„Samkv. beiðni Gunnars Gíslasonar, 2. þm. Norðurl. v., sem nú er forfallaður vegna vanheilsu, leyfi ég mér með skírskotun til 138. gr. l. um kosningar til Alþ. að óska þess, að 1. varamaður hans, Eyjólfur Konráð Jónsson ritstjóri, taki á meðan sæti hans á Alþingi."
Þetta er yður, herra forseti, hér með tilkynnt.

Gils Guðmundsson,
forseti Nd."

Eyjólfur Konráð Jónsson hefur setið þingbekk á þessu kjörtímabili og kjörbréf hans verið samþykkt, og býð ég hann velkominn til starfs.

Virkjun í Skjálfandafljóti við Aldeyjarfoss og Íshólsvatn, þáltill. (þskj. 238). — Hvernig ræða skuli.

Að till. forseta var ákveðin ein umr.

Rafvæðing dreifbýlisins, þáltill. (þskj. 245). — Hvernig ræða skuli.

Að till. forseta var ákveðin ein umr.

Könnun á olíukaupum, þáltill. (þskj. 313). — Hvernig ræða skuli.

Að till. forseta var ákveðin ein umr.

Efri deild, 48. fundur.

Mánudaginn 21. jan., að loknum fundi í sameinuðu þingi.

Námslán og námsstyrkir, frv. (þskj. 267). — 1. umr.

Menntmrh. (Magnús T. Ólafsson): Herra forseti. Þegar breyting var gerð á l. um námslán og námsstyrki vorið 1972, var m. a. samþ. bráðabirgðaákvæði á þá leið, að menntmrh. skuli beita sér fyrir endurskoðun þeirra l. og að því skuli stefnt, að henni sé lokið, áður en þing komi saman haustið 1972.

Ekki varð af því, að þessi endurskoðun ætti sér stað á þeim tímafresti, sem þarna var bent á. En n. var sett til að gegna þessu endurskoðunarstarfi í okt. 1972. Form. hennar var skipaður Árni Gunnarsson deildarstjóri í menntmrn., en aðrir nm. Gunnar Vagnsson form. stjórnar Lánasjóðs íslenskra námsmanna, Þorsteinn Vilhjálmsson lektor og Stefán Pálsson starfsmannastjóri.

Þessi n. tók þegar til starfa og ákvað í upphafi að óska eftir því, að heimilað yrði, að hún kallaði sér til ráðuneytis fulltrúa samtaka þeirra námsmanna, sem njóta fyrirgreiðslu af fé úr Lánasjóði íslenskra námsmanna. Það var heimilað, og urðu námsmannasamtök við því að tilnefna slíka fulltrúa, sem fylgdust með starfi n. og höfðu tækifæri til að láta í ljós sjónarmið sín og umbjóðenda sinna.

Nefndin hefur síðan skilað því frv., sem hér er lagt fyrir, óbreytt eins og hún gekk frá því, að undanskildu einu atriði, sem varðar vaxtakjör af námslánum og grein verður gerð fyrir, þegar þar að kemur í þessari framsögu.

Hv. alþm. er fullkunnugt um, hversu mjög fjárveitingar til aðstoðar við námsmenn hafa aukist ár frá ári og einna örast hin síðustu ár. Er ljóst, að með vaxandi reynslu af störfum Lánasjóðs íslenskra námsmanna eru vaxandi möguleikar á að búa svo um hnútana, að þetta fjármagn komi að sem mestu gagni, og jafnframt ber nauðsyn til að sjá um, að námsaðstoðin komi þar niður, sem til er ætlast.

Enn fremur er alþm. um það kunnugt, að töluverð ásókn hefur verið af hálfu þeirra námsmannahópa, sem starfað hafa utan kerfis lánasjóðsins, að komast einnig innan vébanda hans og verða aðnjótandi þeirra lána og styrkja, sem þar er um að ræða.

Tvö meginsjónarmið sem n., sem endurskoðaði l., þurfti að taka til greina í starfi sínu, voru því, hversu lánveitingum og styrkveitingum af sjóðsins hálfu bæri að haga, og sömuleiðis, hve stórt verksvið sjóðsins ætti að réttu lagi að vera, hvaða námsmannahópar ættu að eiga aðgang að fyrirgreiðslu Lánasjóðs íslenskra námsmanna. Það er álit nm. og álit mitt, að n. hafi eftir vonum getað búið svo um hnúta með því frv., sem hér er lagt fyrir, að sem mest festa sé í úthlutun námsaðstoðarinnar og að matið á þörfum umsækjenda um námslán og námsstyrki sé sem nákvæmast.

Í núgildandi l. er verksvið Lánasjóðs íslenskra námsmanna afmarkað þannig, að upp eru taldar þær námsstofnanir, þar sem námsvist veitir nemendum rétt til að hljóta námsaðstoð af fé lánasjóðsins. N., sem þetta frv. samdi, ákvað að hverfa frá þessari framsetningu og hefur í staðinn sett í 1. gr. frv. almenna reglu um, að námsaðstoð af því fé, sem veitt er til Lánasjóðs íslenskra námsmanna, skuli heimil íslenskum námsmönnum til framhaldsnáms, sem krefst a. m. k. 13 ára undirbúnings. Hér er við það miðað, að meginreglan sé sú, að námsaðstoð af hálfu lánasjóðsins komi þá fyrst til greina, þegar lokið er framhaldsnámi, sem svarar til stúdentsprófs. En eins og kunnugt er, þá eru uppi ráðagerðir um, að með breyttu kennslufyrirkomulagi verði unnt að stytta námstíma til stúdentsprófs, og með tilliti til þess er tekið fram í þessari frumvarpsgrein, að verði breyting á lengd almenns undirbúningsnáms, sem krafist er til háskólanáms, sé heimilt að breyta með reglugerð því lágmarki, sem þarna er sett fram, þ. e. a. s. 13 ára undirbúningsnámi.

Að auki er í 2. lið 1. gr. gert ráð fyrir, að nemendum skóla, sem ekki falla undir þessa almennu skilgreiningu, en eiga nú þegar aðgang að lánasjóðnum, sé veitt sú aðstaða áfram með því að nefna beinlínis stýrimannaskóla, vélskóla og framhaldsdeild búnaðarskóla.

Einnig er heimildarákvæði um, að lán megi veita öðrum námsmönnum, sem hafa ekki lokið því 13 ára undirbúningsnámi, sem gert er ráð fyrir, ef þeir uppfylla þau skilyrði að hafa náð 20 ára aldri og geta sannanlega ekki stundað nám að öðrum kosti vegna fjárhagsástæðna.

Loks er tekið fram í 1. gr., að heimilt sé að veita aðstoð til náms erlendis, sem fullnægir ekki skilyrðum 1. málsgr. um lengd undirbúningsnáms, ef því námi er þannig háttað, að ekki er unnt að stunda hliðstætt nám hér á landi. Hér er í rauninni um það að ræða að færa í lög reglu, sem stjórn lánasjóðsins hefur fram að þessu fylgt í starfi sínu, þótt ekki séu um slíkt ótvíræð ákvæði í gildandi lögum.

Þegar að því kemur að ákveða, með hverjum hætti skuli dreifa því fjármagni, sem er til úthlutunar fyrir milligöngu lánasjóðs, er rétt að líta aðeins út fyrir starfssvið hans eitt sér. Fjárhagsaðstoð ríkisins við námsmenn er að meginframlagi í tveim hlutum: annars vegar sú, sem fer um Lánasjóð íslenskra námsmanna, en hins vegar sú, sem veitt er af þar til skipaðri nefnd af fjárveitingu, sem fer til jöfnunar á námskostnaði með tilliti til búsetu.

Í upphafi var þannig um hnúta búið, að framlög úr lánasjóðnum voru nær eingöngu til háskólastúdenta eða annarra námsmanna á hliðstæðu stigi, þó að námsmannahópurinn hafi smátt og smátt stækkað. Framlög til jöfnunar á námsaðstöðu eru hins vegar til þeirra, sem lokið hafa skyldunámi, en eru á framhaldsskólastiginu milli skyldunáms og háskóla. Fer ekki milli mála, að enn sem komið er, er aðstoðin við skjólstæðinga lánasjóðsins, þ. e. a. s. nemendur á háskólastigi og þá, sem þar næst ganga, mun riflegri en aðstoðin við nemendur á framhaldsskólastiginu milli skyldunáms og háskóla.

Í umr. á opinberum vettvangi um þessi efni,

um námsaðstoðina og námsaðstöðuna, hafa allháværar raddir heyrst frá námsmönnum, þar sem annars vegar er knúið fast á um það, að fjárhagsaðstoð af hálfu lánasjóðsins nemi því, sem kallað er full umframfjárþörf námsmanna, þ. e. a. s. muninum á reiknuðum námskostnaði annars vegar og aflafé námsmanna hins vegar. Sömuleiðis hafa ýmsir aðilar í námsmannahópnum gerst talsmenn þess, að stefnt verði alfarið að því, að upp verði tekin námslaun. Er nokkuð mismunandi, við hvað menn eiga með því. Sumir vilja miða við námslaun allt frá því að skyldunámi lýkur og þangað til sérnáminu, sem um er að ræða, er lokið.

Ég vil fyrir mitt leyti gera grein fyrir afstöðu minni til þessara hugmynda.

Það er þá að segja um kröfuna um, að fullnægt sé fyllilega umframfjárþörfinni margnefndu, að ég tel, að ekki sé verjandi að fullnægja algerlega fjárþörf þess hópsins, sem lengra er kominn á námsbrautinni, meðan óumdeilt er, að miklu lakar er gert við þann hópinn, sem er á leiðinni frá skyldunámi að háskólastigi. Þar verður mun meiri jöfnuður á að komast en enn hefur tekist, áður en hægt er að ræða það í alvöru að mínum dómi, hvort réttmætt og fært sé að veita hverjum og einum námsmanni á háskólastigi þá fullnaðarúrlausn, sem nemur umframfjárþörfinni. Hvað hugmyndina um námslaun snertir, þá er ég fyrir mitt leyti henni mótfallinn. Ég tel, að námslaun mundu fyrr eða síðar leiða til þess, að ríkisvaldið, sem komið væri með námsmannahópinn alfarið á laun hjá sér, mundi gerast allt of afskiptasamt um starfsval, starfssvið og námsmarkmið þess hóps, sem þar með væri kominn á laun hjá ríkinu. Ég tel, að heppilegra sé það fyrirkomulag, sem hér ríkir og ríkir í þeim löndum, sem búa við svipað fyrirkomulag á skólakerfi og launakerfi og við, að ríkisvaldið veiti námsmönnum á framhaldsskólastigi verulega fyrirgreiðslu og aðstoð, en þeir séu sem frjálsastir að námsvali og starfsvali. Ég tel ekki heppilegt, hvorki frá sjónarmiði ríkisins né því síður frá sjónarmiði námsmannanna, að farið verði að fella námsval manna og starfsval að námi loknu í mjög rígbundið ríkiskerfi, eins og námslaunafyrirkomulagið býður heim að mínum dómi. Slíks eru og dæmi. Námslaun eru greidd í sumum löndum, en þá fylgja jafnan, þar sem ég hef spurnir af, allstrangar kvaðir um, að ríkisvaldið geti skipað mönnum á námsbrautir, eftir því sem það reiknar sínar þarfir, og síðan falið þeim að námi loknu ákveðin störf á ákveðnum stöðum, án þess að einstaklingurinn eigi mikið val um, hvort hann tekur því boði eða ekki.

Þetta vil ég segja almennt um þau grundvallarsjónarmið, sem ég tel, að mest hafi gætt í umr. um þessi mál.

Þá skal vikið að því fyrirkomulagi, sem lagt er til í frv. Þar er um að ræða mjög verulega breytingu frá þeim starfsháttum, sem hingað til hafa verið viðhafðir af hálfu lánasjóðs. Þeir eru á þann veg, að mikill meiri hluti námsaðstoðarinnar er veittur sem lán, en aðeins tiltölulega lítill hluti veittur í formi óafturkræfra styrkja, og er þar aðallega um að ræða ferðastyrki til þeirra námsmanna, sem þurfa að fara á milli landa til að sækja námið, sem þeir stunda. Nú er lagt til, að styrkveitingar af fé lánasjóðs verði verulega auknar og þá samkvæmt þeirri reglu, sem tekin hefur verið upp með sérstakri fjárveitingu til jöfnunar á námsaðstöðu eftir búsetu, þ. e. a. s. að lánasjóðurinn úthluti þeim námsmönnum, sem hann á að þjóna, í formi styrkja því fjármagni, sem þarf til að jafna aðstöðu þeirra, sem verða að sækja nám fjarri heimili sínu, að þeir standi ekki lakar að vígi en þeir, sem geta sótt námið heiman frá sér. Því er lagt til í 5. gr., að lánasjóður veiti þeim námsmönnum styrki, sem nauðsynlega verða námsins vegna að vista sig utan lögheimilis síns og fjarri foreldrahúsum, og það skal gilda um námsmenn á vegum lánasjóðsins eins og námsmenn, sem njóta styrkja af því fé, sem veitt er til jöfnunar á námsaðstöðu. Þau skilyrði verða að vera fyrir hendi, að hliðstætt nám verði ekki stundað frá heimili umsækjanda. Tekið er fram í 5. gr., að við ákvörðun þessa styrks skuli höfð hliðsjón af þeim umframkostnaði, sem af þessum ástæðum leiðir, svo og skólagjöldum, ef þeim er til að dreifa, en eins og kunnugt er eru skólagjöld æðihá í ýmsum erlendum skólum. Fer það þó mjög eftir löndum og á sérstaklega við um hinn enskumælandi heim.

Síðan er gert ráð fyrir, að lánveitingar lánasjóðs verði tvenns konar, en ekki að lánin verði öll af sama tagi, eins og verið hefur. Í frv. er lánunum skipt í tvo flokka: A-lán og B-lán. Við ákvörðun A-láns skal tillit tekið til fjárhagsaðstöðu námsmanns, bæði tekna hans og eigna, og einnig höfð hliðsjón af fjárhag maka námsmannsins. Við ákvörðun B-lánsins skal þar að auki hafa hliðsjón af möguleikum umsækjenda til fjárhagsstuðningsins frá foreldrum eða fósturforeldrum, miðað við efnahag þeirra, nema aðstæður geri slíka hliðsjón óeðlilega. Þetta er það ákvæði frv., sem ég veit til, að a. m. k. nokkur hluti námsmanna lítur illu auga, sem sé að við ákvörðun B-lánanna skuli hliðsjón höfð af möguleikum foreldra til að styðja afkvæmi sitt til náms. Telja þeir, sem þessu eru andvígir, að það sé í fyllsta máta óeðlilegt, að fólk, sem er orðið fullfíða, gjarnan búið að stofna heimili, skuli að nokkru gert að eiga námsstuðning undir fjárframlögum foreldra.

Ég get ekki fallist á þessa skoðun. Það er tvímælalaust, að það er hin almenna regla á Íslandi og hefur verið, að nær allir foreldrar, sem eiga börn í námi, láti styrk, beinan fjárhagsstuðning eða óbeinan af hendi rakna við þau, á hvaða aldri sem þessi börn eru, ef geta foreldranna á annað borð leyfir slíkt. Ef ekkert tillit væri tekið til þessarar staðreyndar um mismunandi aðstöðu námsmanna eftir efnahag foreldranna við ákvörðun opinbers stuðnings til námsmanna, væri í raun og veru verið að gera hlut þeirra, sem eiga efnaða aðstandendur, allmiklu betri en aðstöðu þeirra, sem komnir eru af efnaminna fólki. Ég fyrir mitt leyti tel engin rök til að líta fram hjá þessari ríkjandi reglu um stuðning foreldra við börn sín í námi, þegar

ríkisvaldið á að ákveða, hvernig skipt skuli fénu, sem það leggur fram til námsaðstoðar.

Í ákvæðum um vaxtakjör lána, greiðslukjör og lánveitingar er um að ræða verulegar breytingar frá ríkjandi reglum. Til að mynda er gert ráð fyrir, að vextir verði mismunandi af A-lánum og B-lánum. A-lánin eru í rauninni hin almennu lán, sem flestir og raunar allir umsækjendur, sem á annað borð koma til greina, eiga aðgang að. Gert er ráð fyrir, að vextir af þeim verði miðaðir við almenn innlánsvaxtakjör banka. Hins vegar er gert ráð fyrir, að vextir af B-lánum, sem eru þau lán, sem aðeins ganga til þeirra, sem sýnt geta fram á þörf á að fá uppborna fulla umframfjárþörf við námið, séu 3% lægri en vextirnir af A-lánum. Sömuleiðis er gert ráð fyrir verulegri breytingu á endurgreiðslutíma námslána. Við það er miðað, að sérstakur greiðslusamningur verði gerður við hvern lánþega, og skal reglan vera sú, að greiðslutíminn fari eftir heildarskuldinni, þeir, sem skuldi tiltölulega lágar upphæðir, skuli greiða þær á skömmum tíma, en þar sem námsskuldirnar eru þyngri, skuli unnt að semja um mun lengri greiðslutíma, þ. e. a. s. allt að 20 árum frá því að nám var hafið, eins og reglan er nú. Í áliti n. er við það miðað, að lánin greiðist að meðaltali á 12 árum, frá því að greiðslur hefjast, en endurgreiðslutími geti lengst í tvo áratugi, eftir því sem lánin hækka eða tekjumöguleikar lántakenda þverra.

Í sérstökum kafla frv. eru ákvæði um þá námsfyrirgreiðslu, sem nefnist kandídatastyrkir, þ. e. styrkveitingar til námsmanna, sem lokið hafa háskólaprófum, en hyggja á enn meira nám, til doktorsprófs eða annarra æðri prófa. Fyrirkomulag þeirra er mjög svipað því, sem nú ríkir. En ég vil taka fram, að uppi eru raddir um, að ástæða sé til að líta á þessar styrkveitingar í nánu samhengi við styrki og starfsemi Vísindasjóðs, sem styrkir námsmenn á svipuðu námsstigi og kandídatastyrkirnir ná til. Ég held, að allir aðilar séu sammála um, bæði þeir, sem fjalla um mál lánasjóðsins og Vísindasjóðs, að það eigi fullan rétt á sér, að litið sé á starfsemi beggja aðila á þessu sviði í samhengi, þótt ég skuli ekki fortaka, að nokkur skoðanamunur sé um, hver sé æskileg niðurstaða af þeirri athugun eða endurskoðun. Ég vil því ekki fyrir það girða, að á síðasta stigi þessa máls beri ég fram till. um breytingar á því fyrirkomulagi, sem hér er lagt til um kandídatastyrkina. En ég vildi ekki láta það, sem óathugað er í því efni, verða til þess að tefja meginefni málsins, sem er hin almenna námsaðstoð lánasjóðsins.

Síðan eru í frv. ýmiss ákvæði um stjórn og störf lánasjóðsins, sem öll miða að því að koma sem mestri festu á starfshætti. T. a. m. eru ákvæði um könnun, sem lánasjóðsstjórn skal skylt að gera á námskostnaði heima og erlendis, um ráðningu starfsfólks lánasjóðs og að skipunartími allra stjórnarmanna í lánasjóðsstjórn sé samræmdur, en hann hefur verið mismunandi hingað til. Öll beinast þessi ákvæði að því, að eftirlit og könnun á þeim atriðum, sem leggja verður til grundvallar við úthlutun námslána og námsstyrkja, sé sem nákvæmast og traustast. Er þetta eðlilegt og nauðsynlegt. Þegar þess er gætt, hversu háar fjárhæðir það eru, sem lánasjóðurinn veitir, er ekki verjandi annað en að allt sé gert, sem unnt er, til þess að sjá um, að hin opinbera námsaðstoð, hvort sem er í formi styrkja eða lána, komi sem réttlátast niður. Þessi hlýtur að vera krafa skattborgarans, sem stendur straum af þessari fyrirgreiðslu, og það hlýtur einnig að vera krafa námsmanna, að þeir sitji allir við sama borð hvað opinbera aðstoð snertir.

Ég legg til, herra forseti, að frv. verði að þessari umr. lokinni vísað til hv. menntmn.

Jón Árnason: Herra forseti. Það var nokkuð tímanlega á yfirstandandi þingi, sem var látið í það skína af sumum úr stjórnarliðinu, að þess væri að vænta, að lagt yrði fram það frv. til laga um námslán og námsstyrki, sem hér er nú til 1. umr. Eigi að síður leið tíminn fram undir jólin, án þess að bólaði á þessu frv., og með tilliti til þess, hvað dráttur var orðinn mikill á því, að mál þetta kæmi fyrir þingið, flutti ég á þskj. 178 frv. til l. um breyt. á lögunum um námslán og námsstyrki. Frv. var flutt með sérstöku tilliti til þess, að ákveðin menntastofnun, sem ekki hefur notið styrks eða námslána úr sjóðnum, gæti komist undir ákvæði laganna, og eins og kom fram í grg. með frv., var sérstaklega að því hugað að veita nemendum í Fiskiðnskóla Íslands umræddan rétt.

Nokkru eftir að ég hafði flutt þetta frv., nokkrum dögum síðar, flutti hæstv. sjútvrh. frv. til l. um breyt. á lögum nr. 7 frá 31. mars 1967, um námslán og námsstyrki. Það frv. var, mátti segja, að efni til nákvæmlega það sama og ég hafði flutt, ætlunin að bæta þar við nemendum við fiskiðnskólann. En orðalag 1. gr. þess frv., sem ég flutti, var almennara eðlis. Ég taldi, að rétt væri að hafa orðalagið á þann hátt, að ekki þyrfti að flytja frv. um breyt. á þessum lögum í hvert skipti sem um var að ræða nýja kennslustofnun, sem svipað stæði á um og þær námsstofnanir, sem námslán gátu fengið samkvæmt eldri lögum, og einnig fannst mér eðlilegt, að orðalagið væri þannig, að það ætti jafnt við um innlendar og erlendar kennslustofnanir.

Varðandi frv., sem hér liggur fyrir, finnst mér að það vanti á, að þar séu a. m. k. skýr ákvæði um, að þessi kennslustofnun, sem bæði ég og hæstv. sjútvrh. höfðum í huga, þeir nemendur, sem þar um ræðir, geti fallið undir ákvæði 1. gr. frv., sem hér liggur nú fyrir, nema því aðeins að nemendurnir væru búnir að ná 20 ára aldri og gætu sérstaklega sannað, að þeir hefðu brýna þörf fyrir, að fá umrætt lán. Hér segir, með leyfi forseta í 3. tölulið:

„Lánasjóði er heimilt að veita lán öðrum námsmönnum, sem náð hafa 20 ára aldri og geta sannanlega ekki stundað nám sitt að öðrum kosti vegna fjárhagsaðstæðna.“

Ég vil fara fram á, að sú hv. n., sem fær þetta mál til meðferðar, líti á frv. mitt, sem hér liggur fyrir, þegar hún tekur þetta mál til afgreiðslu, og geri þær leiðréttingar, sem nauðsynlegar eru á þessu frv., til þess að sérstakar

sannanir, sem þarf að leggja fram í þessu tilfelli varðandi það, sem ég las hér áðan, þurfi ekki til að koma. Ég vil líka segja í sambandi við 20 ára ákvæðið, sem þarna er, að mér finnst það ekki ná neinni átt. Við vitum, að nemendur við gagnfræðaskóla ljúka námi almennt, þegar þeir eru 17 ára eða um það bil, og þá snúa þeir sér oft að þessum skólum, sem tilheyra atvinnulífinu. Við vitum einnig, að það er oft svo um þá, sem stunda nám við þessa skóla, að þeir eru búnir að stofna heimili, þegar þeir fara í skólann, og segir sig sjálft, að þeim veitir ekki af frekar en öðrum að eiga aðgang að slíkum lánum eins og hér er um að ræða, á meðan þeir stunda framhaldsnám.

Ég skal svo ekki á þessu stigi orðlengja frekar um þetta frv. Ég taldi rétt að vekja athygli á þessu strax við 1. umr. málsins. Ég á ekki sæti í þeirri n., sem fær málið til meðferðar, en vænti þess, að hún taki til sérstakrar athugunar það, sem ég hef hér að vikið.

Auður Auðuns: Herra forseti. Ég á að vísu sæti í þeirri n., sem væntanlega mun fá þetta frv. til meðferðar, en þó vil ég nú þegar við 1. umr. drepa á tvö atriði í frv., sem mér þætti gott að fá álit hæstv. menntmrh. á, í öðru tilfellinu túlkun eins ákvæðis og í hinu tilfellinu er um að ræða, hvernig meta skuli aðstöðu manna til að endurgreiða lánin.

Það er þá í fyrsta lagi, að í 6. gr. frv., 2. málsgr., er í niðurlagi rætt um möguleika foreldra eða fósturforeldra til að styrkja námsmann til náms, og skal hafa hliðsjón af þessum möguleikum og miða við efnahag foreldra eða fósturforeldra, nema aðstæður geri slíka hliðsjón óeðlilega. Um þetta atriði langar mig til að spyrja, hvort það mundi vera talið óeðlilegt að viðhafa slíka hliðsjón, þegar um er að ræða gifta námsmenn. Við vitum, hvað það er orðið altítt nú, að fólk sé gift, búið að stofna heimili, eignast börn, löngu áður en það lýkur framhaldsnámi, og mér þætti gott að fá upplýst, hvort í slíkum tilvikum eigi enn að miða við stuðning foreldra eða fósturforeldra, þegar fólk er e. t. v. búið að vera gift í mörg ár með heimili og börn.

Síðara atriðið, sem ég vildi gjarnan hreyfa, er 1. málsgr. í 7. gr. frv., þar sem talað er um vexti af lánunum. Þar segir, að vextir af A-lánum, þeim almennu lánum, sem virðist, að allir eigi aðgang að, skuli vera jafnháir almennum innlánsvöxtum banka á hverjum tíma, en vextir af viðbótarlánunum, B-lánunum, skuli vera 3% lægri. Hvað sem má segja um upphæð vaxtanna og samanburð við þær reglur, sem gilda og gilt hafa, þá skal ég ekki fara út í það atriði að svo stöddu, en fljótt á litið sýnist mér, að það væri eðlilegra að miða vextina af viðbótarlánunum við það hvaða möguleika námsmaðurinn hefur til tekjuöflunar, eftir að hann hefur lokið námi. Við vitum, að nám eins og t. d. læknisnám gefur mönnum möguleika til að hafa allháar tekjur, þegar þeir hafa lokið námi, og þá sýnist eðlilegt, að miðað sé frekar við tekjumöguleikana, þegar um er að ræða vexti af viðbótarlánum. Það má segja sem svo, að það megi jafna þetta nokkuð með því að stytta greiðslutímann, fækka þeim árum, sem skuldin á að greiðast á. En ég vil gjarnan heyra rökstuðning fyrir þessum mismun á vöxtum af viðbótarlánunum miðað við A-lánin eða almennu lánin. Mér sýnist, að þetta hljóti nokkuð að velta á því, hvaða tekjumöguleika menn hafa, þegar þeir hafa lokið náminu, en ekki, hvaða möguleika foreldrar þeirra eða fósturforeldrar hafa haft til að styrkja þá til náms, meðan á náminu stóð.

Menntmrh. (Magnús T. Ólafsson): Herra forseti. Hv. 6. þm. Reykv. beindi til mín spurningum um tvö atriði frv., og mun ég leitast við að gera grein fyrir afstöðu minni til þeirra.

Fyrsta atriðið var, hvort það væri minn skilningur, að heimilisstofnun eða hjónaband námsmanns væri ein af þeim aðstæðum, sem átt væri við, þegar rætt væri í niðurlagi 6. gr. um þær aðstæður, sem geri hliðsjón til möguleika umsækjanda til fjárhagsstuðnings frá foreldrum eða fósturforeldrum óeðlilega. Það er minn skilningur og ég tel skilningur n., sem frv. samdi, og það mun koma fram í aths., ef ég man rétt, að hjúskapur námsmanns, heimilisstofnun, teljist ekki til þeirra aðstæðna, sem geri óeðlilegt að gera ráð fyrir fjárhagsstuðningi foreldra eða fósturforeldra, sem svo eru efnum búnir. Aðstæður, er gera slíka hliðsjón óeðlilega, verða sambandið milli námsmanna og þessara aðstandenda. Það getur verið með þeim hætti, t. a. m. ef foreldrar reyna að hafa óeðlilega rík áhrif á það, hvaða nám námsmaður velur, og nota fjárhagsaðstöðu sína til þess, setja honum kosti, í hvaða nám hann færi. Þetta er hugsanlegt dæmi, sem ég fyrir mitt leyti tel gera hliðsjón af efnahag foreldra óeðlilega.

Þá var hitt atriðið um vaxtamuninn. Hv. þm. taldi fyrir sitt leyti, að eðlilegast hefði verið að hafa vextina af B-lánunum, viðbótarlánunum, sem þeir eiga að njóta, sem ekki hafa möguleika á fjárhagsstuðningi aðstandenda, breytilega eftir því, hvernig tekjumöguleikar hlutaðeigandi námsmanna séu að námi loknu. Til þessa er tillit tekið í öðru atriði, sem varðar lánakjörin, ekki vöxtunum, sem er gert ráð fyrir að séu á hverjum tíma 3% lægri en almennir innlánsvextir, heldur, eins og ég held ég hafi tekið fram í framsöguræðu, er það greiðslutíminn, sem ætlast er til að geti verið mismunandi, þegar um hann er samið milli lánasjóðs og námsmanns. Tekið skal tillit til þess, hversu mikil heildargreiðslubyrðin er, en hún getur verið mjög tilfinnanleg eftir langt nám, og hins vegar þess, hverjir tekjumöguleikar námsmannsins eru, eftir að hann tekur til starfa. Þarna er sem sagt leitast við að gefa svigrúm til þess að taka tillit til einstaklingsbundinna aðstæðna. Hins vegar hefur ekki verið talið rétt að hafa vaxtakjörin sjálf breytilegri en þetta, að þau séu af viðbótarlánunum alltaf 3% lægri en af almennu lánunum.

Umr. frestað.

Neðri deild, 52. fundur.

Mánudaginn 21. jan., að loknum fundi í sameinuðu þingi.

Lífeyrissjóður sjómanna, frv. (þskj. 266). — 1. umr.

Fjmrh. (Halldór E. Sigurðsson). Herra forseti. Frv. til l. um lífeyrissjóð sjómanna var lagt fram á síðasta þingi, en hlaut þá ekki afgreiðslu.

Upphaf þeirrar endurskoðunar, sem gerð er með þessu frv., er sú, að hinn 12. sept. 1968 fól þáv. félmrh. Guðjóni Hansen tryggingafræðingi athugun á þessu máli samkv. þál. Alþ. frá 17. apríl 1968. Þetta verk var hafið í nóv. 1968, en skömmu síðar hófust viðræður útvegsmanna og bátasjómanna um aðild hinna síðarnefndu að sjóðnum, og náðist samkomulag um það efni milli þessara aðila í febr. 1969. Vegna óvissu um, hvernig aðild bátasjómanna yrði háttað og hvaða breytingu yrði að gera á lögum sjóðsins í því sambandi, var endurskoðuninni slegið á frest, en n. skipuð til að semja lagafrv., er lyti að aðild bátasjómanna að lífeyrissjóðnum.

Þær breytingar, sem um er að ræða í lagafrv. þessu, eru í fyrsta lagi, að elli-, örorku- og makalífeyrir sjóðsins miðast nú við meðaltal launa, sem iðgjöld hafa verið greidd af, síðustu 10 starfsár sjóðsfélaga. Lífeyrisgreiðslur þessar haldast því óbreyttar að krónutölu. Í frv. er gert ráð fyrir, að ofangreindar lífeyrisgreiðslur verði úrskurðaðar með tilliti til kauplags undanfarinna 5 ára og enn fremur verði á 5 ára fresti tekin um það ákvörðun með hliðsjón af fjárhagsstöðu sjóðsins, hvort og að hve miklu leyti áður úrskurðaðar lífeyrisgreiðslur skuli fylgja almennum kaupbreytingum næsta 5 ára tímabil. Slíka ákvörðun skal taka í fyrsta sinn fyrir árslok 1974, en til þess tíma hækkar lífeyrisgreiðslan sjálfkrafa. Tekur þetta einnig til núverandi lífeyrisþega og hefur í för með sér verulega hækkun greiðslna til þeirra. Barnalífeyrir miðast eins og áður við lífeyrisfjárhæð almannatrygginga, en gert er ráð fyrir greiðslu til 18 ára aldurs í stað 16 ára. Þar sem ekki er gert ráð fyrir hækkun iðgjalda til sjóðsins né öðrum ráðstöfunum til eflingar honum, er gildi ofangreindra breytinga að verulegu leyti háð fjárhagsafkomu hans. Sökum þess, hve margir hafa á undanförnum árum hætt þátttöku og skilið eftir hluta vinnuveitenda, er fjárhagur lífeyrissjóðs sjómanna á hinn bóginn nú traustari en fjárhagur fjölmargra annarra lífeyrissjóða.

Annað atriðið er, að vegna sveiflna í aflabrögðum og afkomu sjómanna á fiskiskipum svo og vegna þess, að síðustu starfsárin er afkoman oft mun lakari en fyrr á starfsævinni, getur núverandi viðmiðun við meðallaun síðustu 10 ára sjóðsfélaga reynt mjög óhagstæð, og stytting tímabilsins bætir ekki úr skák að þessu leyti. Í frv. er gert ráð fyrir, að úr þessum annmarka verði bætt með því að umreikna iðgjöld hvers árs í stig og fá þannig grundvöll lífeyrisréttinda. Njóta sjóðfélagar þá góðs af háum iðgjaldagreiðslum, hvenær sem þær hafa átt sér stað á starfsævinni.

Samkv. núgildandi l. er 10 ára iðgjaldagreiðslutímabil að jafnaði skilyrði fyrir rétti til elli- og örorkulífeyris. Í frv. er gert ráð fyrir 5 ára *lágmarkstíma* með tilliti til ellilífeyris og þriggja ára tíma með tilliti til örorkulífeyris.

Samkv. núgildandi l. er réttur til ellilífeyris bundinn við 65 ára aldursmark. Í frv. er gert ráð fyrir heimild til töku lífeyris frá 60 ára aldri, enda hafi hlutaðeigandi lengi stundað sjómennsku og sé ekki löngu hættur því starfi.

Þetta eru aðalbreytingarnar, sem felast í frv., sem liggur nú fyrir til 1. umr.

Síðan frv. þetta var lagt fram, hefur stjórn Farmanna- og fiskimannasambands Íslands átt fund með ríkisstj., þar sem hún hefur lagt fram brtt. til viðbótar því, sem rætt er um í þessu frv. Þær brtt. munu einnig vera samdar af Guðjóni Hansen tryggingafræðingi. Og í sambandi við þær umr., sem ríkisstj. átti við stjórn Farmanna- og fiskimannasambandsins, kom einnig til umr. að verðtryggja lífeyrissjóð sjómanna betur en felst í því, sem hér er lagt til. Ég hef sent þessar ábendingar Guðjóni Hansen tryggingafræðingi til frekari umsagnar, en hann hefur enn ekki lokið þeim útreikningum, sem þarf í sambandi við frv. Ég mun hins vegar afhenda n. þeirri, sem fær þetta mál til meðferðar, þær ábendingar, sem stjórn Farmanna- og fiskimannasambandsins lét ríkisstj. hafa í sambandi við þetta mál, og enn fremur láta athuga betur fjárhagshlið málsins og láta þn. þá athugun í té.

Það er mjög áríðandi, að þetta frv. geti orðið afgreitt á þessu þingi, og ég treysti því, að svo verði, enda hygg ég, að hér sé á ferðinni mál, sem ekki orki tvímælis og ekki verði nein flokkaskipting um.

Ég legg svo til, herra forseti, að að lokinni þessari umr. verði frv. vísað til 2. umr. og hv. fjh.- og viðskn.

Pétur Sigurðsson: Herra forseti. Ég vil leyfa mér að þakka hæstv. ráðh. fyrir að flytja þetta frv. nú, því að það er rétt, sem hann segir, að það er orðið mjög brýnt að fá fram breytingar á lögum um þennan lífeyrissjóð. Eins og hann skýrði frá í máli sínu, er orðið óviðunandi fyrir þá gömlu menn, sem lífeyri taka úr sjóðnum, að vera jafnframt á eftir í lífeyrisgreiðslum og lífeyrisþegar annarra sambærilegra sjóða, sem þó eru miklu yngri að árum og verr stæðir fjárhagslega en þessi fjárhagslega sterki sjóður.

Ég hef nú ekki séð þær till., sem hæstv. ráðh. var að segja frá, að borist hefðu frá yfirmannasamtökunum. Ég hef hins vegar heyrt áværing af, að þeir legðu mikið upp úr því, að hægt yrði að verðtryggja frekar lífeyrisgreiðslur sjóðsins en fyrirhugað er með frv. þessu, en vil samt halda því fram, að það spor, sem hér er stigið, sé bæði markvert eða þýðingarmikið fyrir þá, sem lífeyrisgreiðslurnar eiga að hljóta.

En það eru fleiri atriði, sem að hefur verið fundið í lögum þessum og þyrfti að athuga um leið. Ég held, að flestir þm. hafi fengið bréf frá Félagi ísl. botnvörpuskipaeigenda, þar sem þeir kvarta mjög undan því óréttlæti, sem þeim er búið miðað við útgerðarmenn hinna

smærri skipa, vélbátanna, en lífeyrisgreiðslur eru þar samningsbundnar af ákvæðum, föstum upphæðum, nánast af kauptryggingu viðkomandi manna, en á togurunum eins og á farskipunum eru greiðslur beggja aðila, bæði launþegans og útgerðarmannsins, af heildartekjunum. Þarna er auðvitað um mikinn mun að ræða. Nú hef ég ekki getað fallist á þá skoðun Félags ísl. botnvörpuskipaeigenda, að það ætti að flytja þessar lífeyrisgreiðslur allar niður á flöt þess, sem er greitt af á vélbátunum. Hins vegar verð ég að viðurkenna, að það er mikið óréttlæti í því fólgið að mismuna þessum tveimur útgerðarformum á þennan veg. Þarna verður að finnast einhver lausn á og samræma þessar greiðslur af öllum þeim mönnum, til sjóðsins borga. Ég held hins vegar, að þessar greiðslur séu allt of lágar af þeim mönnum, sem á bátaflotanum eru. Við getum t. d. litið á þær greiðslur, sem ætlaðar eru af skipstjóra. Þær eiga að miðast við mánaðarlaun, sem eru rúmar 40 þús. kr. Sjá allir, að þetta nær ekki nokkurri átt og er ekki í nokkru samræmi við þær greiðslur, sem ættu að vera af þessum mönnum til sjóðsins, enda segir í frv. þessu, að þessir menn séu á sínum bestu árum, þegar þeir hafa mestu og hæstu tekjurnar, að vinna sér inn stig, sem komi þeim til góða, þegar þeir fara að taka lífeyri úr sjóðnum. Ég vil beina því til n., að þetta atriði verði athugað mjög ítarlega.

Enn fremur finnst mér rétt, að athugað verði í síðustu mgr. 2. gr., að þar hefur nokkuð verið hert á ákvæðum, sem eru í gildandi lögum. Ég minnist þess, að fyrir nokkrum árum flutti ég breyt. við þessi lög, það frv. var samþ., og þar voru ákvæði um, að sjómenn, sem í land færu til að vinna að ýmsum hagsmunamálum fyrir sjómenn, sem störfuðu á skipunum, gætu átt áfram aðild að sjóðnum. Þetta er hert nú og aðeins talað um þá, sem standa að samningum um kaup og kjör sjómanna. En það vita allir, að það er á mörgum öðrum sviðum, sem samtök, ekki aðeins sjómanna, heldur og launþegastéttanna allra, hafa orðið að ráða til sín menn, bæði sérfræðinga og svo menn úr eigin röðum til þess að gegna margs konar störfum, allt frá því að reka listasafn og vinna að skólum samtakanna og einnig að öðrum stofnunum og hagsmunum þeirra margvíslegum. Þetta atriði vildi ég einnig biðja hv. n. að taka til athugunar.

Eins og hæstv. ráðh. tók fram, er ein meginbreytingin sú, að reynt er að koma nokkuð á móti ósk bæði þessara sjóðfélaga og annarra um leið, fitjað upp á leið til að koma á móti óskum annarra lífeyrisþega hér á landi um verðtryggingu síns lífeyris. Það kemur fram í grg. með frv., að það er gífurlegt hagsmunaatriði, sem þarna er um að ræða. Þegar við horfum á þær upphæðir, sem um er getið, að t.d. opinberum starfsmönnum eru greiddar úr sameiginlegum sjóði landsmanna til þess að tryggja þeim lífeyri samkv. verðlagi hvers tíma, þá er hér um gífurlega miklar upphæðir að ræða og hlýtur að teljast einn aðalþátturinn í því að gera störf þessa fólks og atvinnu þannig, að það geti verið ánægt hjá sínum atvinnurekanda, ríkinu. En þessi krafa hefur komið fram frá mörgum öðrum launþegahópum, að þeir fái við þetta að búa einnig, að hið opinbera taki þátt í þessum greiðslum einnig til þeirra sjóða. En ég er hræddur um, að þegar það mál sé skoðað niður í kjölinn, hljóti allir að viðurkenna, að það sé nær óviðráðanlegt fyrir ríkissjóð. Hins vegar er verið að reyna að koma þarna nokkuð á móti þessari ósk, og sjálfsagt er að reyna það hjá þessum sjóði, því að hann er líklega einn sá sterkasti fjárhagslega af þessum frjálsu lífeyrissjóðum, og það er gert með því stigakerfi, sem þarna er skýrt. Þá eru biðtímaákvæðin stytt mjög og þeim breytt, og er líka geysilega þýðingarmikið fyrir þá, sem að sjóðnum standa.

Ég vildi aðeins nú við 1. umr. koma þessum aths. fram og beina þeim til hv. n., sem fær málið til athugunar, að hún taki þessar ábendingar mínar til velviljaðrar athugunar um leið og þær aðrar, sem fram koma eða hafa komið, eins og boðað hefur verið.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 28 shlj. atkv. og til fjh.- og viðskn. með 27 shlj. atkv.

Undirbúningsfélag fiskkassaverksmiðju, frv. (þskj. 293). — 1. umr.

Heilbr.- og trmrh. (Magnús Kjartansson): Herra forseti. Frv. til l. um stofnun undirbúningsfélags að fiskkassaverksmiðju hefur verið í undirbúningi í iðnrn. nú um alllangt skeið og um það mál hefur verið fjallað hér á landi um æðimörg ár. Hér er áreiðanlega um að ræða mál, sem er bæði mikilvægt fyrir sjávarútveg okkar og iðnað, en það er á mörgum sviðum mjög mikilvægt að tengja saman hagsmuni þessara tveggja atvinnugreina.

Það er kunnara en svo, að um það þurfi að fara mörgum orðum, að innlendur markaður fyrir iðnaðarvörur er yfirleitt lítill, ef borið er saman við markaði hjá hinum stærri þjóðum. Það er aðeins á fáum sviðum í íslensku athafnalífi, þar sem um er að ræða sambærilega markaði og gerist meðal stóru þjóðanna. Sjávarútvegur okkar er ein af þessum undantekningum. Þar er um að ræða tiltölulega stóran markað fyrir margs konar iðnaðarvörur, sem unnt ætti að vera að framleiða hér á landi og renna á þann hátt fleiri stoðum undir íslenskan iðnað samhliða því, að sjávarútveginum væri séð fyrir nauðsynlegri þjónustu. Hin nánu tengsl landsmanna allra við fiskveiðar ættu að verka hvetjandi á þróun nýrra lausna og nýrrar tækni, er stuðlað gæti að því, að hér risi upp öflugur útflutningsiðnaður tengdur bæði sjávarútveginum, iðnaðinum og þjóðinni allri til hagsældar.

Á undanförnum árum hefur meðferð á fiski oft verið til umr. hér á landi, og hafa þessar umr. verið óvenjulega miklar hin síðari ár, m. a. í sambandi við auknar kröfur um hreinlæti og vöruvöndun frá helstu viðskiptaþjóðum okkar. Í þessu sambandi hafa fiskkassar gjarnan verið nefndir. Sumarið 1969 var á vegum Fiskimálasjóðs, Ferskfiskeftirlitsins og Sölumiðstöðvar hraðfrystihúsanna gerð tilraun með notkun fisk-

kassa um borð í vélskipinu Andvara frá Vestmannaeyjum. Þeir Hjalti Einarsson verkfræðingur, Kjartan B. Kristjánsson rekstrartæknifræðingur og Sigurður Haraldsson skólastjóri, höfðu með höndum framkvæmd tilraunarinnar. Hér fer á eftir tilvitnun úr skýrslu þeirra þremenninganna, með leyfi hæstv. forseta:

„Ferskur fiskur hefur, eins og kunnugt er, takmarkað geymsluþol og skemmist fljótt, sé ekki rétt með hann farið. Varðveisla hans, frá því að hann kemur í skip þar til hann er unnin í landi, er því nokkurt vandaverk, sérstaklega að sumarlagi. Fjölmargar tilraunir hafa farið fram á undanförnum áratugum til þess að kanna, hvernig auka megi geymsluþol fisksins, og hafa niðurstöður ávallt sýnt, að hann helst því lengur í vinnsluhæfu ástandi, því minna hnjaski sem hann verður fyrir og því fyrr og því betur sem hann er kældur. Sú meðferð á fiski, sem hér er algengust um borð í veiðiskipum, við löndun og í fiskmóttökuhúsum, er á ýmsan hátt ekki vel til þess fallin að varðveita hráefnisgæði, og kemur það oft fram í litlu geymsluþoli aflans og lélegri nýtingu hans í vinnslu.

Endurbætur á meðferð aflans hafa því mörg undanfarin ár verið ofarlega á dagskrá hjá hlutaðeigandi aðilum, og í því sambandi hefur oft verið bent á, að notkun fiskkassa sé ein af þeim leiðum, sem árangursríkust muni reynast. Ýmsir aðilar hafa reynt að innleiða notkun fiskkassa undir aflann, bæði í fiskiskipum og fiskvinnslustöðvum, en með takmörkuðum árangri. Þannig keypti Fiskimálasjóður árið 1960 nokkur hundruð álfiskkassa til landsins og fól Ferskfiskeftirlitinu að reyna að fá áhafnir fiskiskipa til að nota þá undir aflann. Tilraun þessi mistókst, þar sem enginn fékkst til að taka þessa kassa um borð í veiðiskip, og höfnuðu kassarnir víðs vegar í landi hjá fiskvinnslustöðvum, þar sem þeir hafa síðan verið við ýmiss konar notkun.

Á undanförnum 2—3 árum hefur skilningur á nauðsyn þessa máls farið mjög vaxandi, og ýmsar jákvæðar aðgerðir komu til framkvæmda. Í júlímánuði 1968 beittu t. d. Fiskiðja Sauðárkróks h.f., ásamt Útgerðarfélagi Skagfirðinga h.f. sér fyrir tilraunum með notkun fiskkassa, en stjórn hennar höfðu þeir Björgvin Ólafsson og Ívar Baldvinsson á hendi. Skýrsla um þessa tilraun var birt í Ægi 15. sept. það ár. Síðan á þorskvertíðinni 1969 hefur enn fremur vélbáturinn Þorgeir GK 73 oft lagt upp afla hjá Miðnesi h/f, Sandgerði, sem geymdur hefur verið í plastfiskkössum. Starfsmenn Sölumiðstöðvar hraðfrystihúsanna hafa fylgst með þessari tilraun. Jákvæður árangur fékkst af báðum þessum tilraunum, svo langt sem þær náðu.“ — Hér með er lokið tilvitnun í skýrslu þeirra þremenninganna, sem ég nefndi hér áðan.

Ýmsar ályktanir má draga af þeirri tilraun, sem gerð var með notkun fiskkassa í Vestmannaeyjum sumarið 1969. Niðurstöður þessarar tilraunar er að finna á víð og dreif í skýrslu fiskkassanefndar, sem dreift var hér á þingi til hv. þm., um leið og þetta frv. var lagt fram skömmu fyrir jól. Þessar niðurstöður verða ekki endurteknar hér, en aðeins drepið á helstu kosti og ókosti við kassanotkun.

Aðalkostur við notkun fiskkassa, miðað við stíur, var hærri pakkanýting á kassafiski. Meira fékkst í neytendapakningar, geymsluþolið var meira, rýrnun varð minni, gæði aflans urðu betri, þ. e. a. s. betra mat, tekjur af framleiðslunni urðu meiri og húsrými í móttöku notaðist betur. Aðalókosturinn við notkun fiskkassa, miðað við stíur, var meiri vinna og meiri stofnkostnaður, þar af leiðandi meiri rekstrarkostnaður. Aðalkostnaðaraukinn var tengdur löndun og þvotti á kössunum, og var hér um nokkrar upphæðir að ræða. Einnig má nefna, að fiskur í kössum tekur meira rúm í lest en fiskur í stíu. Fiskkassanefnd telur, að með markvissu og samstilltu átaki megi draga svo úr þessum ókostum, að a. m. k. sumra þeirra verði ekki vart að neinu verulegu marki. Raunar telur nefndin, að með hagræðingaraðgerðum megi koma á nýrri aðferð við meðferð á fiski, sem gjörbreyti núverandi vinnubrögðum, bæði til góðs fyrir hráefnið, sem unnið er úr, og þá menn, sem við sjávarútveg vinna.

Ljóst er, að hér er um mjög stórt og mikilvægt verkefni að ræða og einstakt tækifæri til að fá úr því skorið, hvers tvær stærstu atvinnugreinar okkar Íslendinga, sjávarútvegur og iðnaður, eru megnugar, ef þær snúa sér í alvöru að því að vinna saman að ákveðnu viðfangsefni.

Þrátt fyrir þær tilraunir og umr. um kassa, sem ég hef áður getið um, sýnist sitt hverjum, og spurningunni um það, hvort íslenskur sjávarútvegur tæki upp fiskkassa við togveiðar, var lengi vel ósvarað. Á miðju ári 1972 tóku þessar línur þó að skýrast. Þá lá ljóst fyrir, að hluti nýju skuttogaranna mundi taka upp fiskkassa. Fyrir valinu urðu norskir 90 lítra kassar úr plasti.

Eins og fram kemur í aths. með frv., skipaði ég nefnd hinn 30. nóv. 1972 til þess að athuga þá möguleika, sem kynnu að felast í því fyrir íslenskan iðnað, ef notkun fiskkassa yrði verulegur hér á landi á næstunni. Verkefni nefndarinnar var í stærstum dráttum eftirfarandi:

1) Að kanna hugsanlega þörf útgerðarinnar fyrir fiskkassa.

2) Að gera frumathugun á því, hvort hagkvæmt geti talist að hefja hér á landi framleiðslu á fiskkössum.

3) Að gera áætlun um, hvernig best verði staðið að framkvæmd þessa máls.

Í n. voru skipaðir: Hörður Jónsson verkfræðingur, sem jafnframt var formaður n., Arnmundur Backman lögfræðingur, Bergur Sigurbjörnsson viðskiptafræðingur, Hjalti Einarsson verkfræðingur og Þorleifur Jónsson viðskiptafræðingur.

Nefndin skilaði skýrslu um starfsemi sína til rn. í apríl 1973, en var þá falið að halda áfram störfum og skilaði, eftir að hafa haft samráð og samvinnu við iðnrn. og sjútvrn., drögum að því frv., sem hér er lagt fram. Í skýrslu sinni leggur n. áherslu á eftirfarandi:

1) Fiskkassar leysa ekki allan vanda. Taka þarf upp nýtt kerfi í meðferð á fiski, þar sem kassar eru aðeins einn þátturinn.

2) Innlent fiskkassafyrirtæki tengt sjávarútvegi hefur betri aðstöðu til þess að leysa vandann en erlent plastkassafyrirtæki og mun frekar stuðla að þróun í tækni við meðferð á fiski hér á landi.

3) Fleiri hluti en fiskkassa er unnt að framleiða með sömu vélum og fiskkassa, svo sem flutningapalla, línubala og margt fleira.

Nefndin bendir og á, að líklegt megi telja, að markaður muni verða fyrir um 500 þús. fiskkassa, en að endurnýjunarþörf á ári sé um 15—20%. Þar sem hver kassi kostar innfluttur yfir 1000 kr. og fer raunar hækkandi, er um geysimikla fjárfestingu að ræða. Rétt er að geta þess, að ýmsar leiðir má fara til þess að áætla stærð markaðs fyrir fiskkassa, og er líklegt, að mörgum þyki 500 þús. kassar há tala, en á það skal bent, að á s. l. rúmu ári hafa verið fluttir inn um 150 þús. fiskkassar frá Noregi. Það má og nefna, að takist vel til með notkun þessara kassa, er líklegt, að jafnvel fleiri en togbátar taki upp fiskkassa. Kassanotkun við síld- og loðnuveiðar kemur til álita, fáist gott verð fyrir aflann. Geta má þess, að n. hefur leitað til Fiskifélags Íslands um athugun á markaði fyrir fiskkassa, og hefur stofnunin verið beðin að athuga nánar og gagnrýna, ef þörf þykir, markaðsspá n. Einnig hefur Fiskifélagið verið beðið að athuga, hve mikið vandamál aukin geymslurýmisþörf í lestum skipa vegna notkunar fiskkassa hefði í för með sér. Ekki liggur fyrir álit Fiskifélagsins um stærð markaðs, en hins vegar virðist ekki vera um að ræða veruleg vandamál samfara því, að fiskkassar nýta ekki lestarrýmið eins vel og þegar stíur eru notaðar. Er þá miðað við báta um eða yfir 200 lestir.

Nefndin telur, að rekstrargrundvöllur sé fyrir innlent fyrirtæki, er framleiddi fiskkassa. Stofnkostnaður er áætlaður 85 millj. kr., fastur kostnaður um 30 millj. kr. og breytilegur kostnaður 70 millj. kr. Athuganir benda til þess, að framleiðsla á fiskkössum og öðrum hliðstæðum varningi, svo sem flutningapöllum, geti orðið vel arðbært fyrirtæki.

Rétt er, að það komi fram hér, að eitt innlent fyrirtæki, Plastiðjan Bjarg á Akureyri, hefur framleitt fiskkassa í tilraunaskyni, en vélakostur fyrirtækisins er þannig enn sem komið er, að ekki er unnt að framleiða á samkeppnishæfu verði mikinn fjölda af kössum. Tæplega kemur þó til álita að framleiða fiskkassa úr öðrum efnum en plasti, og er af þeim sökum bent á þýðingu þess, að framleiðandi í plastiðnaði með nokkra reynslu, þekkingu og hugmyndir í sambandi við framleiðslu fiskkassa sé eignaraðili að hugsanlegu fyrirtæki. Í aths. frv. og skýrslu n. er rætt um, hvaða kosti Plastiðjan Bjarg hafi upp á að bjóða í þessu sambandi. Litlu er þar við að bæta, en benda má sérstaklega á markmið fyrirtækisins, sem er að veita fötluðu fólki atvinnu og nýta þar með þýðingarmikið vinnuafl. Hægt væri að tíunda margt um gildi endurhæfingarstarfsemi úti á landsbyggðinni, bæði vegna byggðaþróunarsjónarmiða og eins sparnaðar fyrir ríkissjóð, en ekki verður farið út í það hér. Hins vegar má koma fram, að framleiðsla í svo miklum mæli sem hér um ræðir gæti orðið mikil lyftistöng og tryggt að verulegu leyti stöðugleika fyrir þessa starfsemi.

Þeir erlendir kassar, sem hingað hafa verið fluttir, hafa ýmsa ókosti, svo sem þá, að þeir eru of stuttir fyrir fisk veiddan við Suðurland, og einnig er ekki unnt að stafla þeim saman. Verði íslenskt fiskkassafyrirtæki að veruleika, mun verða reynt að bæta úr þessum göllum.

Til viðbótar því, sem fram kemur í frv. og aths. þess, svo og skýrslum n., er rétt að taka eftirfarandi fram:

Skýrsla n. er, eins og fram hefur komið, dagsett í apríl 1973. Ýmislegt hefur breyst síðan, svo sem verð á vélum og ýmsar kostnaðarstærðir. Engu að síður má telja líklegt, að heildarmyndin hafi ekki raskast mikið frá því, sem dregið er upp í skýrslunni, þar eð verð kassanna hefur breyst að sama skapi. Olíuskortur sá og sú spenna, sem nú ríkir í iðnaðarlöndunum, getur leitt til ýmiss konar erfiðleika. Mikið er rætt um það, að plasthráefni hafi hækkað í verði og séu sum hver ófáanleg. Í þessu sambandi má benda á, að vel geti svo farið, að auðveldara reynist að fá hráefni til framleiðslu á fiskkössum en að flytja inn tilbúna fiskkassa og því sjávarútveginum í hag að athuga þetta mál, ef hinir innfluttu 150 þús. kassar gefa rétta mynd af hugsanlegri þróun. Einnig má í þessu sambandi geta þess, að hráefnaframleiðandinn, sem Plastiðjan Bjarg er í sambandi við, hefur upplýst, að olíukreppan muni ekki breyta neinu um það, að hún geti fengið nægilegt hráefni til framleiðslunnar. Á það verður hins vegar að leggja áherslu, að það verður eitt af verkefnum hins nýja undirbúningsfélags, ef stofnað verður, að fá úr því skorið, hvort hér er hætta á ferðum eða ekki. Þá má og nefna, að afgreiðslufrestur á vélum er langur og því líklegt, að línurnar hafi skýrst nokkuð, áður en til endanlegrar ákvörðunar kemur.

Eins og fyrr segir, hefur um nokkurt skeið verið rætt mikið um fiskkassa og hugsanlega notkun þeirra hér á landi. Með frv. því um stofnun undirbúningsfélags fiskkassaverksmiðju, sem hér liggur fyrir, er gerð till. um að hefja þetta mikilvæga mál af umræðustigi yfir á stig raunhæfra athugana og aðgerða. Það, sem hér að framan hefur verið rakið, og þau gögn, sem þm. hafa í höndum, ættu að gera þeim ljóst, að þeir hafa nú tækifæri til að stuðla að þýðingarmikilli tilraun til að koma á nýjum vinnubrögðum í sjávarútvegi og efla um leið íslenskan iðnað. Það er samróma álit þeirra, sem um þetta mál hafa fjallað, að það þoli ekki mikla bið. Þess vegna vonast ég til, að það fái skjóta og góða meðferð þingsins.

Fyrirkomulag á undirbúningsfélagi þekkja menn. Það hafa tvívegis áður verið samþykkt lög um undirbúningsfélög af þessu tagi, í fyrra skiptið í sambandi við hugsanlega olíuhreinsunarstöð og í síðara skiptið í sambandi við þörungavinnslu á Vestfjörðum. Fyrri nefndin komst að þeirri niðurstöðu, að ekki væri tímabært að efna til olíuhreinsunarstöðvar hér, en hin síðari vann mjög rösklegt starf, sem hefur leitt til þess, að Alþ. samþykkti skömmu fyrir jól lög um þörungavinnslu á Vestfjörðum, eins og kunnugt er. Fyrirkomulag þess undirbúningsfélags, sem hér er gerð till. um, er af sama tagi, að öðru leyti en því, að hér er ekki mælt neitt fyrir um það, að ríkisvaldið þurfi að eiga meiri hluta í þessu undirbúningsfélagi, en hins vegar lögð sú skylda á ríkisstj. að beita sér

fyrir því, að slíkt félag skuli stofnað. Í því sambandi skiptir að sjálfsögðu mjög miklu máli, að takist að fá þar til samvinnu ekki aðeins það plastframleiðslufyrirtæki, sem ég gat um áðan, heldur einnig forustumenn í sjávarútvegi.

Ég legg svo til, herra forseti, að frv. verði að lokinni 1. umr. vísað til 2. umr. og hv. iðnn.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 23 shlj. atkv. og til iðnn. með 25 shlj. atkv.

Sameinað þing, 44. fundur.

Þriðjudaginn 22. jan., kl. 2 miðdegis.

Umræður utan dagskrár.

Bjarni Guðnason: Herra forseti. Eins og þingheimi er kunnugt, ber hæst nú í íslenskum þjóðmálum hin svokölluðu varnarmál, og kemur stefna núv. ríkisstj. í þeim málum fram í málefnasamningnum, þar sem meginatriðið er það, að varnarsamningurinn skuli vera endurskoðaður — tekinn til endurskoðunar eða uppsagnar í því skyni, að varnarliðið hverfi af landi brott í áföngum. Nú eru liðnir þeir sex mánuðir, sem ætlaðir eru samkv. samningnum til viðræðna við Bandaríkjamenn, en enn virðist ekki bóla á niðurstöðum í þessu efni. Seinagangurinn í þessu máli er afar óheppilegur, og hann kemur fram í því, að því virðist frestað æ ofan í æ að taka lokaviðræður við Bandaríkjamenn, og síðast í gær heyrði ég á skotspónum, að þeim fundi, sem ætlaður var með Íslendingum og Bandaríkjamönnum nú í vikunni, hefði verið frestað fram til mánaðamóta eða e. t. v. lengur, og óvíst sé, hvort þetta verði lokafrestunin. Þessi seinagangur veldur því, að málið allt verður miklu erfiðara viðfangs og óljóst, hvert stefnir.

Annað atriði kemur hér líka til. Það er sú hula, sem hvílir yfir öllu þessu máli, þannig að ég tala nú ekki um þm. eins og mig, og á það kannske við um alla þjóðina, henni er með öllu óljóst, hvert stefnir í þessu máli.

Þetta tvennt, seinagangurinn og hulan, veldur því að ala á ýfingum með þjóðinni, flokkadráttum, og ef svo heldur áfram sem horfir, þá má vel vera, að stjórnarflokkarnir reynist ekki þess megnugir að leysa þetta mál, eins og málefnasamningurinn segir til um. Þess vegna hef ég kvatt mér hljóðs utan dagskrár, og ber fram 4 fsp. til hæstv. utanrrh. í þeirri von, að hann greiði nokkuð úr þeirri hulu, sem hvílir yfir þessu máli. Þessar 4 fsp. vil ég nú lesa upp, með leyfi hæstv. forseta:

1. Hvaða tillögur hafa Bandaríkjamenn komið með í þeim viðræðum, sem átt hafa sér stað um endurskoðun eða uppsögn varnarsamningsins?
2. Hvaða tillögur hyggst ríkisstj. leggja fram í þeim viðræðum?
3. Hyggst ríkisstj. ekki standa við ákvæði málefnasamningsins um brottför hersins í áföng um?
4. Hvenær má vænta þess, að ríkisstj. leggi fyrir Alþ. til samþykktar niðurstöður sínar og till. um endurskoðun eða uppsögn varnarsamningsins?

Utanrrh. (Einar Ágústsson): Herra forseti. Hv. þm. Bjarni Guðnason hefur borið hér fram nokkrar fsp. utan dagskrár. Ég kemst ekki hjá því að segja það sem mína skoðun, að þessar fsp. hefði mátt bera fram með þinglegum hætti. En hv. 3. landsk. hefur kosið að fá þeim svarað nú, og ég skal þá leitast við að veita honum einhver svör.

Fyrsta fsp. er um það, hvaða till. Bandaríkjamenn hafi komið með í samningaviðræðunum, sem átt hafa sér stað að undanförnu. Um það vil ég segja, að till. Bandaríkjamanna hafa verið afhentar utanrmn.-mönnum sem trúnaðarmál, þar eð ekki hefur þótt rétt að birta þær, meðan á samningaviðræðunum stendur. Get ég því ekki gert þær opinberar nú.

Önnur fsp. lýtur að því, hvaða till. íslenska ríkisstj. hyggist leggja fram í framhaldsviðræðunum. Um það vil ég segja, að ríkisstj. hefur nú til meðferðar gagntill. í málinu, en fram að þessu hefur krafa okkar verið sú ein, að herinn fari af landinu í samræmi við málefnasamning ríkisstj. Ég get hins vegar ekki á þessu stigi greint frá því, hvernig till. okkar verða.

Þriðja spurningin er um það, hvort ríkisstj. hyggist standa við ákvæði málefnasamningsins. Um það vil ég segja, að ríkisstj. vill standa við það ákvæði málefnasamningsins um brottför varnarliðsins í áföngum, sem hv. þm. vitnar til.

Í fjórða lagi er spurt um það, hvenær þess megi vænta, að ríkisstj. leggi fyrir Alþ. til samþykktar þær niðurstöður, sem komist verður að í þessu máli. Þær samningaviðræður, sem fram undan eru við Bandaríkjamenn, geta tekið nokkurn tíma, þannig að ég get ekki á þessu stigi sagt til um það, hvenær málið kemur til kasta Alþingis.

Bjarni Guðnason: Herra forseti. Ég varð satt að segja ekki mjög miklu nær af þessum svörum. Það kom fram, að till. Bandaríkjamanna hefðu verið afhentar utanrmn. sem trúnaðarmál. En ég veit ekki betur en hv. 3. þm. Vestf., Hannibal Valdimarsson, hafi gert nokkra grein fyrir till. Bandaríkjamanna á þingmálafundi á Ísafirði, svo að það er til athugunar, hvort ekki væri rétt að láta ekki einungis Ísfirðinga vita um þetta, heldur þjóðina alla.

Ég vil í sambandi við þá óvissu, sem ríkir um það, að ríkisstj. beri fram till. sínar í málinu, benda á, að nú fer að styttast kjörtímabilið og það þarf heilt ár til að gefa Bandaríkjamönnum tækifæri til að koma herliði sínu á brott, ef samningum verður sagt upp, þannig að ég fæ ekki annað séð en að eftir því sem tíminn líður verði minna og minna svigrúm til að gera nokkuð í málinu og e. t. v. skapast það ástand í þjóðfélaginu, að stjórnarflokkarnir ráða ekki við málið lengur. Þess vegna vil ég brýna fyrir stjórninni, að flýta þessu máli og gera nú loksins eina tilraun til þess að standa við eitt mikilvægt atriði í málefnasamningnum.

Ragnar Arnalds: Herra forseti. Nú þegar meira en hálft ár er liðið, frá því að endurskoðun herstöðvasamningsins hófst, er þetta mál augljóslega komið á nýtt stig. Nú höfum við Íslendingar í fyrsta sinn, frá því að samningurinn var gerður, einhliða rétt til að segja samningnum upp. Við höfum átt í samningum við Bandaríkjamenn um það, hvort þeir vildu fallast á þá stefnu íslensku ríkisstj., að herinn hyrfi af landi brott. Þessir samningar hafa þó ekki borið árangur, og hlýtur því óðum að líða að því, að ríkisstj. afli sér stuðnings Alþ. við þá stefnu, að samningnum verði sagt upp.

Herstöðvamálið er tvímælalaust eitt stærsta mál íslenskra stjórnmála. Það er ekkert launungarmál, að núv. ríkisstj. stendur og fellur með því, að henni takist að leysa þetta mál á farsælan hátt. Það er heldur ekkert launungarmál, að innan ríkisstjórnarflokkanna eru skiptar skoðanir um nokkur atriði þessa máls. Það er stefna Alþb., að herinn hverfi sem fyrst af landi brott, herstöðvarnar séu með öllu lagðar niður og Ísland hverfi úr Atlantshafsbandalaginu og það sé ekki á nokkurn hátt fjötrað í hernaðarkerfi stórveldanna í austri eða vestri. Aftur á móti er það stefna ríkisstj., samkomulagsstefna stjórnarflokkanna allra, að jafnframt því sem herinn hverfi úr landi, verði Íslendingar áfram í NATO. Á þessu tvennu er að sjálfsögðu nokkur munur. Af þessu leiðir, að um leið og herstöðvamálið er tekið til úrlausnar, verðum við að ákveða, hvaða rétt Atlantshafsbandalagið eigi að hafa á Keflavíkurflugvelli, ef um einhvern rétt á að vera að ræða, þegar bandarískt herinn er farinn, og þá einkum um það atriði, hvort þá og með hvaða hætti Atlantshafsbandalagið eigi að hafa lendingarrétt á Keflavíkurflugvelli fyrir flugvélar bandalagsins.

Hér er ekki tími til að ræða þetta mál. Um þetta mál hljóta að verða almennar umr. í þinginu að skömmum tíma liðnum, er endanlegar ákvarðanir verða teknar. En ég vil aðeins segja að lokum, að sjaldan höfum við orðið vitni að öðrum eins hamagangi og móðursýki og nú geisar á síðum Morgunblaðsins, alveg sérstaklega, vil ég segja. Hálfrotnaðar áróðurslummur úr dánarbúi McCarthys hafa verið dregnar fram í dagsljósið nú síðustu dagana, og þetta hefur verið borið á borð fyrir íslenska lesendur til þess að reyna að hræða frá þeim vitið. Ég tel, að það sé sorglegt til þess að vita, að íslenskir menn skuli nú fara hamförum til þess að reyna að fá landa sína til að krefjast þess, að á Íslandi verði erlendur her um aldur og ævi, og ég tel, að það sé gott til þess að vita, að í landinu er nú ríkisstj., sem fékk umboð meiri hl. þjóðarinnar í síðustu kosningum til þess að losa þjóðina við leifar kalda stríðsins, hinn erlenda her, sem engin sjálfstæð þjóð má sætta sig við, að nái varanlegri fótfestu í landi sínu.

Geir Hallgrímsson: Herra forseti. Ég skal ekki lengja þessar umr. Ég vil aðeins taka það fram, eins og allir hv. þm. raunar vita, að þegar núv. ríkisstj. var mynduð, var í málefnasamningi hennar ákvæði um varnar- og öryggismál landsins, sem ráðh. túlkuðu á mjög mismunandi vegu. Þær umr., sem hér hafa farið fram í dag, sýna okkur fram á það, að ráðh. hafa enn ekki komið sér saman um, hvernig túlka skuli þetta ákvæði í málefnasamningnum. Stjórnarsinnar eru líka á öndverðum meiði að þessu leyti. Ég skal ekkert segja um það, hvort núv. ríkisstj. eða stjórnarsinnar koma sér saman um eina og sömu túlkun eða stefnu og framkvæmd í þessum málum eða ekki. Enn sem komið er hefur það ekki komið í ljós, og ríkisstj. er í dag stefnulaus í öryggis- og varnarmálum landsins. Það er sú staðreynd, sem við blasir.

Ég vil af gefnu tilefni orða síðasta ræðumanns taka það fram, að samtök borgara hafa efnt til undirskriftasöfnunar um það, að landið verði áfram varið. Þetta eru samtök, sem snúa sér til borgaranna almennt í landinu, og við skulum láta árangur þeirrar undirskriftasöfnunar tala sínu máli. Undirtektir enn sem komið er benda til þess, að almennur vilji sé meðal landsmanna, að öryggis landsins sé gætt.

Ég vil mælast til þess, að hæstv. utanrrh. og ríkisstj. í heild ráði ekki þessum málum til lykta nema að höfðu samráði við utanrmn., en í utanrmn. hafa þær samningaviðræður við Bandaríkjamenn, sem hófust um miðjan nóv., ekki verið ræddar, en ég tel sjálfsagt, að þær séu ræddar þar og stefnumörkun fari fram þar ekki síður en innan ríkisstj.

Benedikt Gröndal: Herra forseti. Þróun þessa máls og þau tímatakmörk, sem liðin eru, svo og öll merki þess, að áhugi þjóðarinnar á málinu er mjög mikill og vaxandi, gera eðlilegt, að fram komi hér á Alþ. óþolinmæði. Sá áhugi, sem kemur fram annars vegar í nýjum og víðtækum samtökum um þetta mál, en hins vegar í vaxandi starfsemi og skrifum þeirra, sem hafa barist fyrir öndverðum málstað, sýnir, að þjóðin hefur áhyggjur um framvindu málsins.

Þær stuttu umr., sem hér hafa farið fram, hafa staðfest það, sem flestir vissu raunar, í fyrsta lagi, að enn er víðtækur og alvarlegur ágreiningur um þetta mál innan ríkisstj., og einnig það, að a. m. k. einn stjórnarflokkurinn, Alþb., virðist eftir orðum formanns hans telja, að stjórnin standi og falli með þessu máli.

Það er ekki hægt að halda slíku máli gangandi, eins og gert hefur verið miklu lengur. Þjóðin verður að fá að vita, hvar hún stendur, hvort núv. stjórn tekst að steypa varnar- og öryggismálum hennar út í algert ábyrgðarleysi, öngþveiti og óvissu eða hvort tekst að finna einhverja skynsamlega og ábyrga lausn á þessu máli. Slíkar lausnir eru til og það fleiri en ein, — lausnir, sem ættu að fullnægja bæði kröfum um öryggi Íslendinga, skyldum okkar við land og þjóð og nágranna okkar og þjóðernistilfinningum okkar. Það er hægt að finna þá lausn, en ekkert bendir til þess, að núv. ríkisstj. sé líkleg til að finna hana. En hún getur ekki haldið þessu máli í óvissu öllu lengur, og það verður að koma einhver niðurstaða. Þá kemur í ljós, svo að ég taki upp orð formanns Alþbl., hvort stjórnin stendur eða fellur.

Gunnar Thoroddsen: Herra forseti. Það voru tvö atriði í ræðu hv. þm. Norðurl. v., Ragnars

Arnalds, sem ég tel rétt að leiðrétta, því að þau eru algerlega röng.

Fyrra atriðið er, að stjórnarflokkarnir hefðu í síðustu kosningum fengið umboð til að segja upp varnarsamningnum. Það mál lá ekki fyrir í síðustu kosningum og var alls ekki um það kosið, enda margsinnis yfirlýst af stjórnarsinnum, að í þeim kosningum hafi fyrst og fremst verið kosið um landhelgismálið.

Í öðru lagi segir þessi hv. þm., að þeir, sem hafi forgöngu um söfnun undirskrifta nú um andmæli gegn uppsögn varnarsamningsins og brottvísun varnarliðsins, krefjist þess, að hér sé erlent herlið um aldur og ævi. Þetta er rangt, staðlausir stafir. Þessi áskorun, sem allmargir menn hafa komið á framfæri og undirskriftirnar byggjast á, er andmæli gegn uppsögn samningsins nú og brottför varnarliðsins.

Þetta tvennt er því rangt hjá hv. formanni Alþb.

En það er annað atriði málsins, sem ég vil einnig hreyfa í þessu sambandi. Það er, eins og hv. fyrirspyrjandi minntist á, furðuleg leynd yfir þessu máli. Í svo stóru máli eru það ekki rétt vinnubrögð, að mánuðum saman haldi ríkisstj. fyrir alþm. og alþjóð algerlega leyndu því, sem er að gerast. Tveir fundir hafa verið haldnir til samningaviðræðna við Bandaríkjamenn. Það hefur verið upplýst af einum hv. þm. og það formanni eins stjórnarflokksins, hvað felist í tilboði, sem frá Bandaríkjunum hafa komið, eða yfirlýsingu um það, sem þau mundu geta fallist á til málamiðlunar. Það er rétt, að hæstv. utanrrh. hefur afhent utanrmn. þetta sem algert trúnaðarmál. Ég tel, að þessi leynd gangi of langt og nauðsynlegt sé fyrir þjóðina að fá vitneskju um, hvað hér hefur verið og er að gerast. Ég vil því að lokum spyrja hæstv. utanrrh., hvort frásagnir hv. þm. Vestf., Hannibals Valdimarssonar á fundi á Ísafirði, sem blöðin hafa síðan birt, séu ekki í meginatriðum réttar.

Endurskoðun olíusölunnar, fsp. (þskj. 230). — Ein umr.

Fyrirspyrjandi (Eggert G. Þorsteinsson): Herra forseti. Ég hef leyft mér að flytja fsp. til hæstv. viðskrh., sem prentuð er á þskj. 230, 161. mál. Það er liðinn alllangur tími, síðan þessari fsp. var útbýtt, og liggja til þess nokkuð eðlilegar ástæður, svo sem jólaannir á þinginu í des. og síðan jólaleyfi þm. Á þessum tíma hafa óneitanlega gerst óhugnanlegir atburðir varðandi framleiðslu og sölu á olíu, svo sem öllum er kunnugt, ýmist í formi frétta eða meiri og minni persónulegrar og þungbærrar reynslu.

Öllum hv. alþm. er kunnugt um, að samkv. fréttatilkynningu viðskrn., dags. 29. okt. s.l. haust var skipuð n. 6 manna til þess, eins og í erindisbréfi n. segir, að taka skuli „skipulag olíusölunnar til endurskoðunar með það fyrir augum sérstaklega, að sjávarútveginum verði tryggt hagstætt olíuverð.“ Þessi tilvitnun er tekin orðrétt upp úr tilkynningu rn. um fyrrgreinda nefndarskipun.

Á síðasta Alþ. var till. til þál. um sama efni, fluttri af öllum þm. Alþfl., vísað til ríkisstj., og er óþarfi að rifja hana upp hér, en það mun vera meginástæðan til þess, að umrædd nefndarskipun átti sér stað. Þess vegna er nú spurt, hvað líði þessari endurskoðun, sem að vísu var ekki tekin upp fyrr en á s.l. hausti, eins og fyrr var sagt, endurskoðun á skipulagi olíusölu og dreifingar í landinu.

Til viðbótar ágöllum á ríkjandi ástandi við sölu og dreifingu olíu í landinu bætir olíukreppan enn á áhyggjur manna, sér í lagi vegna fiskveiðiflotans og fiskvinnslunnar í landi. Hafa menn hugleitt, hvað gerist í landinu, ef nánast sá eini aðili, sem við verslum við með þessi brennsluefni, nauðsynlegu brennsluefni í dag, dregur að sér höndina, skrúfar fyrir eða dregur með einhverjum hætti úr olíusölunni til landsins? Það er á hendi aðeins eins lands. Þess vegna er spurt: Hvenær er þess að vænta, að hugsanleg endurskipulagning á olíudreifingunni geti komið til framkvæmda?

Sjútvrh. (Lúðvík Jósepsson): Herra forseti. Spurt er: „Hvað líður endurskoðun á skipulagi olíusölu í landinu.“ Og í öðru lagi: „Hvenær er þess að vænta, að hugsanleg endurskipulagning á olíudreifingunni geti komið til framkvæmda?“

Eins og fram kom í grg. hv. fyrirspyrjanda, er honum kunnugt um það, að viðskrn., skipaði 29. okt. 6 manna n. til þess að hafa með höndum endurskoðun á olíuskipulaginu í landinu. Þessi n. hefur enn ekki skilað störfum. Ég hef nýlega rætt við formann n., og segir hann mér, að enn sé n. að vinna úr þýðingarmiklum upplýsingum, sem hún hefur aflað sér, auk þess sem hún hefur rætt ýmsar leiðir til breytinga á núverandi olíuskipulagi, og getur n. ekki sagt um það á þessu stigi, hvenær hún verði tilbúin að skila áliti sínu til rn., svo að á þessu stigi málsins er ekki hægt að segja um það, hvenær lagðar verða fyrir Alþ. till. til breytinga á núverandi fyrirkomulagi. En í því erindisbréfi, sem n. fékk, var lögð á það rík áhersla, að n. kæmi till. sínum svo tímanlega á framfæri, að hægt væri að leggja till. hennar fyrir þetta þing eða fyrir vorþingið.

Það er enginn vafi á því, að það er ástæða til að huga að breytingum í olíuskipulaginu í landinu. Álit um það hefur oft komið fram á Alþ., og það var auðvitað vegna þess, sem stjórnarflokkarnir tóku inn í málefnasamning sinn þetta ákvæði, að fara skyldi fram þessi athugun. Ég er á þeirri skoðun, að gera þurfi hér á grundvallarbreytingu. En till. um það hafa oft komið fram á Alþ., og því er nauðsynlegt að reyna nú til þrautar í þeirri n., sem vinnur að athugun á þessu máli, að kanna, hvort hægt sé að mynda nægilega sterkan meiri hl. hér á Alþ. til að koma fram breytingum á þessu skipulagi.

Ég get sem sagt ekki svarað þessum spurningum, sem hér liggja fyrir, á annan hátt en þann, sem fyrirspyrjandi mátti vita. Endurskoðunin stendur yfir, n. hefur ekki lokið störfum, það hefur verið lögð á það áhersla, að hún skili sem fyrst. Þegar till. hennar liggja fyrir, er ætlunin að leggja málið fyrir Alþingi.

Fyrirspyrjandi (Eggert G. Þorsteinsson): Herra forseti. Ég þakka hæstv. viðskrh. fyrir svörin, þó að þau væru bæði óákveðin og þrátt

fyrir þessar fsp. virðist lítil von um það, að a.m.k. á næstunni sé nokkurrar úrlausnar að vænta í þessum málum. Ég skil það vel, að þessi mál séu erfið úrlausnar. Ég sá ekki fyrir frekar enn hæstv. ráðh., þegar umræddar fsp. voru samdar, hve að mundi herða í þessum málum annars staðar frá. En vegna þess ástands, sem hefur skapast, síðan umrædd n. var skipuð, sem málið hefur nú til athugunar, finnst mér sérstök og brýn nauðsyn á að herða á því, að n. ljúki störfum, og þá ekki síst með hliðsjón af því, ef hægt væri að koma upp hér einhvers konar birgðastöðvum, sem frekar mættu tryggja rekstur okkar fiskveiðiflota, sem er aðalgrundvöllur þess starfs, sem n. á að vinna, og fiskvinnslunnar í landi.

Mig minnir, að bæði hann og aðrir Alþb.-menn hafi flutt tillögur um þetta efni, meðan þeir voru í stjórnarandstöðu, og svipuðu máli hefur gegnt um okkur Alþfl.-menn, þegar við höfum verið í stjórnarandstöðu. Það hefur hins vegar ekki tekist innan þeirra ríkisstj., sem við höfum átt aðild að til skiptis, að fá um þetta einingu. Nú er hins vegar þetta mál sérstaklega á dagskrá vegna þess anda, sem í umræddu stjórnarsamkomulagi núv. ríkisstj. er, að þess mátti vænta, að gamlir flytjendur till. um breytingu á þessum málum hefðu þar meiri áhrif en okkur hefur tekist til skiptis í undanförnum ríkisstj. Þess vegna var fsp. flutt. En því miður fengust ekki skýrari svör við þeim spurningum, sem ég lagði fram, en umr. bera vitni.

Ég vænti þess, að við vöknum ekki upp við það, að sá nánast eini aðili, sem selur okkur þessi brennsluefni, hafi aðstöðu til þess að herða að þessum undirstöðuatvinnuvegum þjóðarinnar með takmörkunum eða beinlínis lokun á sölu, eftir að þeim samningum lýkur, sem eru í gildi um þessi efni. Ég vil því vænta þess, að hæstv. ráðh. reki svo á eftir sem kostur er á, að umrædd n. ljúki störfum og taki einnig fyrir þann nýja vanda, sem borið hefur að höndum, eftir að n. sjálf var skipuð.

Ragnar Arnalds: Herra forseti. Í tilefni orða hv. síðasta ræðumanns er það út af fyrir sig rétt, að Alþfl. hefur sýnt þessu máli áhuga, eins og fsp. ber vott um. En ég tel, að eftir sem áður sé býsna óljóst, hvað flokkurinn vill í þessum málum, og að flokkurinn þurfi að skýra afstöðu sína betur. Í till., sem flutt var í fyrra, kemur alls ekki ljóst fram, hvað flokkurinn raunverulega vill. Hvað Alþb. snertir, þá er það ekkert launungarmál, að við teljum eðlilegustu viðbrögð okkar, bæði við olíukreppunni og höfum reyndar lengi verið þeirrar skoðunar, að olíuverslunin skuli þjóðnýtt. Er mönnum ljóst, hvernig stendur á um olíubirgðir í landinu núna undir stjórn olíufélaganna þriggja? Skv. upplýsingum, sem atvmn. Sþ. fékk frá olíufélögunum sjálfum í fyrra, eru aðeins til á hverjum tíma rúmlega tveggja mánaða öryggisbirgðir af olíu í landinu. Þetta er sem sagt fyrirhyggja olíufélaganna, sem hafa ekki komið sér upp meira tankrými en svo, að aðeins tveggja mánaða stöðvun á olíuflutningum til landsins mundi koma okkur óðar á kaldan klaka í þess orðs fyllstu merkingu.

Það væri einmitt mjög viðeigandi sem fyrsta skrefið í þá átt að þjóðnýta olíuverslunina, að olíuinnkaupunum og dreifingu olíu yrði komið þannig fyrir, að ríkið tæki að sér að byggja nýja og stóra olíuinnflutningsstöð, þar sem komið yrði upp geymslurými fyrir a.m.k. fjögurra mánaða birgðir af olíu til viðbótar þeim öryggisbirgðum, sem fyrir eru, þannig að alltaf væru fyrir hendi a.m.k. hálfs árs birgðir af olíu í landinu. Ríkið semur nú um kaup á mestallri olíu til landsins og afhendir síðan samninginn þremur olíufélögum. En skv. þessu tæki ríkið alla heildsölu á olíu í sínar hendur í þessum fyrsta áfanga og skapaði þá um leið aðstöðu til að taka á móti olíuflutningaskipum, en á þann hátt er vafalaust unnt að lækka verulega olíuverðið. Ég bendi á þetta sem fyrsta skrefið að því marki, að olíuverslunin yrði öll þjóðnýtt, og myndi fagna því eindregið, ef Alþfl. væri reiðubúinn til að styðja þá stefnu afdráttarlaust.

Sjútvrh. (Lúðvík Jósepsson): Herra forseti. Það var í rauninni aðeins eitt atriði, sem kom fram hjá hv. fyrirspyrjanda Eggert G. Þorsteinssyni, sem ég sé ástæðu til að víkja að. Hans orð féllu á þá lund, að hann teldi nú sérstaka ástæðu til þess að taka þessi mál til athugunar, svo að sá eini aðili, sem við keyptum olíu af nú, hefði ekki aðstöðu til að herða svo tökin að atvinnuvegum þjóðarinnar, að hættulegt væri. Þetta voru nokkuð furðuleg ummæli. Hv. þm. veit mætavel, að íslensk stjórnvöld kaupa þá olíu, sem keypt er til landsins, með sérstökum samningi við Sovétríkin, en auðvitað geta íslensk stjórnvöld keypt alla olíu til landsins, ef þau vilja, frá hverjum öðrum sem er. Hér er auðvitað ekki um neitt annað að ræða en það, að við höfum kosið og talið okkur það hentugast, við sætum þar við best kjör, að eiga þessi viðskipti við þann aðila, sem við höfum átt við. En auðvitað erum við gersamlega frjáls að því að eiga viðskipti við hvern annan sem er. Þessi aðili hefur því enga aðstöðu til að sýna okkur neina hörku í þessum efnum, enda er alls ómaklegt að segja það í sambandi við viðskipti við þennan aðila varðandi þessa vörutegund. Það er samdóma álit þeirra, sem um þessi mál hafa fjallað, að við höfum notið mjög góðs viðskiptalega og öryggislega séð að undanförnu af þessum viðskiptum. Ef það væri álit manna hér, að rétt væri að hverfa frá þessum viðskiptum, er algerlega frjálst af okkar hálfu að gera það. Það er sem sagt í höndum íslenskra stjórnvalda.

Það eru allt aðrar ástæður en viðskipti við Sovétríkin um olíumál, sem gera það að verkum, að við þurfum að taka fyrir skipulag olíusölumálanna í landinu. Við þurfum þar að koma á allt öðru skipulagi, sem þjóðinni er miklu hentugra en það, sem við búum við, miklu kostnaðarminna og veitir okkur í mörgum greinum allt annað öryggi en við búum við nú.

Ég vildi aðeins segja þetta í tilefni af þessum orðum hv. fyrirspyrjanda, að það er síður en svo, að við séum í einhverjum fjötrum með olíuviðskipti okkar, þó að sá háttur hafi verið hafður á, sem hafður hefur verið um nokkurt skeið í sambandi við olíukaupin frá Rússlandi.

Benedikt Gröndal: Herra forseti. Hv. 4. þm. Norðurl. v. sagði í ræðu sinni, að ekki væri ljóst hvað Alþfl. vildi í olíumálunum. Ég leyfi mér að halda því fram, að hv. þm. hljóti að tala gegn betri vitund, því að hver sá, sem nokkuð hefur fylgst með þessum málum undanfarin ár, hlýtur að vita, að stefna Alþfl. er þjóðnýting olíuverslunarinnar. Um það hefur flokkurinn margoft gert ályktanir, og um það hefur hann flutt bæði frv. og till. hér á Alþingi. Hins vegar er fengin nokkuð löng reynsla fyrir, að því virðist fjarri, að það sé meirihluti á Alþingi fyrir slíkri stefnu. Af þeim ástæðum höfum við líka reynt að flytja till., sem ganga ekki eins langt, í þeirri von að ná einhverju fram. Þetta ætti hv. þm. og hverjum sem vita vill að vera algerlega ljóst.

Ég tel, að olíukreppan gefi tilefni til að íhuga þessi mál á nýjan leik. Ef hér er meiri hluti á móti því að athuga nokkrar þjóðnýtingaleiðir, mætti t. d. spyrja hæstv. ríkisstj., hvort nú sé ekki rétti tíminn til að reyna að hefja tilraunir til að sameina olíufélögin eins og flugfélögin. Ætli þjóðin mundi ekki telja, að það væri þó spor í rétta átt, ef í staðinn fyrir þrjú skrifstofubákn kæmi eitt eða í staðinn fyrir þrjú dreifingarkerfi um landið kæmi eitt? Það væri brjáluð þjóð, sem héldi uppi þreföldu kerfi á tímum eins og nú eru í olíu- og orkumálum. Er því um ýmsar leiðir að ræða, sem gætu orðið til endurbóta, þó að ekki sé fylgi við fullkomna þjóðnýtingu olíuverslunar.

Varðandi síðustu orð hæstv. viðskmrh. vil ég taka það skýrt fram, að það var alls ekki ætlun frsm., hv. 1. landsk., að varpa neinni rýrð á olíuviðskipti okkar við Rússa, fjarri því. Við viðurkennum alveg eins og þeir og höfum gert það í verki í ríkisstj., að þessi viðskipti hafa verið hagkvæm. Hins vegar er eðlilegt, þegar menn sjá, hvað er að gerast í heiminum, að þeir bendi á alla hugsanlega atburði, sem gætu komið fyrir. Í þessum efnum verður lítil þjóð að hugsa fyrir hinu ótrúlegasta, jafnvel þótt ekki séu líkur á, að neitt slíkt gerist, og vera við öllu búin. Það var hugsun hv. fyrirspyrjanda.

Halldór Blöndal: Herra forseti. Ég ætla ekki að blanda mér í deilur Alþfl.-manna og Alþb.-manna um hugrenningar Sovétmanna, en dreg hins vegar ekki í efa, að hæstv. viðskrh. fari nokkru nær um þann hugsunarhátt, sem þeir hafa, valdamenn þar, heldur en margur annar í þessum þingsölum.

Það, sem hins vegar veldur því, að ég kvaddi mér hljóðs, voru þau ummæli form. Alþbl. og eins af þm. Norðurlands, sem hann viðhafði hér áðan, að aðeins væri í landinu tankrými fyrir olíu til tveggja mánaða. Er að sjálfsögðu mjög kvíðvænlegt fyrir okkur Norðlendinga að hugsa til þessa og gefur tilefni til þess að velta því fyrir sér, á hversu miklum brauðfótum við stöndum á Norðurlandi í orkumálefnum, eins og hæstv. orkumrh. hefur haldið á orkumálum, en hann er nú í æ ríkara mæli að koma á allri framleiðslu rafmagns á Norðurlandi með olíu. Ég spyr þess vegna hæstv. orkumrh.: Hefur hann gert einhverjar ráðstafanir til þess að tryggja raforku Norðlendinga að þessu leyti — að tryggja Norðlendingum næga olíu til a. m. k. lengri tíma en tveggja mánaða í sambandi við raforkuframleiðsluna? Orkumrh. er á móti því, að við notum vatnsaflið til að framleiða rafmagn. Hann er á móti því, að við notum gufuaflið til þess að framleiða rafmagn. Og ég hef ekki orðið var við það enn þá, að neitt rafmagn hafi komið á línuna milli Akureyrar og Sauðárkróks. Ég skil vel áhyggjur forustumanns Alþb., Ragnars Arnalds, að hann skuli hafa nokkrar áhyggjur af þeim piltum hans í ráðherrastól, að þeir standi sig ekki nógu vel. Ég spyr: Hefur orkumrh. gert nokkuð í þessu máli?

Vegagerð, fsp. (þskj. 278). — Ein umr.

Fyrirspyrjandi (Bjarni Guðnason): Herra forseti. Það er ekkert efamál, að það er mikið kappsmál fyrir alla Íslendinga að standa þannig að málum, að unnt sé að leggja varanlega vegi um landið á eins ódýran og hagkvæman hátt og unnt er. Nú hefur Sverrir Runólfsson um alllangt skeið talið sig hafa þá aðferð, sem gæti stuðlað að því, sem að ofan greinir, þ. e. a. s. að gera vegagerð ódýrari og hagkvæmari. Þessi aðferð hefur verið reynd, að mér skilst, m. a. í Alaska og Kanada, þar sem veðurskilyrði ættu að vera svipuð og hér. Hann hefur, eins og þingheimi er kunnugt, látið oft í sér heyra og haft uppi ýmiss konar viðræður. En þessi viðleitni Sverris, sem hefur nú staðið, að mér skilst, á þriðja ef ekki fjórða ár, virðist ekki hafa borið mikinn árangur, því að það virðist allt standa við það sama.

Ástæðan fyrir því, að ég kem hér upp og varpa fram til hæstv. samgrh. þeim spurningum, sem eru á þskj. 278, er ekki sú að ég telji mig geta dæmt um gildi vegagerðar téðs manns, heldur af því að ég hef hugboð um, að þarna blandist inn í eitthvert tregðulögmál embættisbáknsins. Ég hef því viljað spyrja hæstv. samgrh. þessara spurninga, sem óþarft er að lesa upp, til þess að reyna að fá nánari grein fyrir stöðunni í þessu máli, hvort hér sé ekki vert, að hæstv. ráðherra grípi í taumana. — Ég skal ekki hafa þennan formála lengri.

Félmrh. (Björn Jónsson): Herra forseti. Í fyrsta lagi er spurt: „Hvað líður framkvæmdum á þeim vegarkafla, sem Sverri Runólfssyni var skammtaður á Kjalarnesi?“ Því er til að svara varðandi þennan lið fsp., að með bréfi til Sverris Runólfssonar, sem var dags. 13. apríl 1972, bauð Vegagerðin honum að leggja 1 km langan tilraunakafla með þeirri aðferð, sem hann nefnir „blöndun á staðnum“. Tilboð þetta til Sverris var gert með samþykki samgrn. sökum þess, eins og kom fram hjá hv. fyrirspyrjanda, að Sverrir hafði oftsinnis opinberlega lýst yfir, að hann gæti lagt margfalt ódýrari og betri vegi en Vegagerð ríkisins og þeir verktakar, sem hér hafa unnið að vegagerð á undanförnum árum, og þetta eigi að gerast með því að nota efnið í vegarstæðinu og m. a. mýrarjarðveg.

16. ágúst s. l., þegar Sverrir Runólfsson hafði fengið til landsins tæki, sem nefnt hefur verið blöndunarvél, var honum boðið að velja úr þrem-

ur vegarköflum af Vesturlandsvegi á Kjalarnesi. Hann valdi sjálfur nyrsta kaflann, sem liggur milli Ártúnsár og Tíðaskarðs, og er sá kafli rúmur km á lengd. Jafnframt var honum tilkynnt, að þegar hann legði fram verklýsingu og kostnaðaráætlun, svo sem venja er um alla verktaka, sem sýndi, að gæði og kostnaður væru eitthvað nálægt því, sem gerist um þá vegi, sem lagðir hafa verið á Suðvesturlandi að undanförnu, mætti hann hefja framkvæmdir. Ráðgjafarfyrirtækinu Mat s/f, sem hefur haft eftirlit af hálfu Vegagerðarinnar með framkvæmdum verktaka við lagningu hraðbrauta á undanförnum árum, var falið að meta verklýsingu og kostnaðaráætlun Sverris. Hefur þeim borist verklýsing frá Sverri, en engin kostnaðaráætlun. Hins vegar er verklýsingin svo ófullkomin, að ekki er unnt að gera kostnaðaráætlun eftir henni. — Þetta er svar mitt við 1. liðnum.

Í öðru lagi er spurt: „Hefur Vegagerð ríkisins ekki tök á að útvega þau vegavinnutæki, sem vantar til að framkvæma þetta verk, ef undan er skilin sú hrærivél, sem Sverrir Runólfsson flutti til landsins frá Kanada?“ Við þessu er það að segja, að Vegagerð ríkisins tilkynnti Sverri þegar í sumar, að nokkrar vinnuvélar í eigu Vegagerðarinnar, sem hann hefur falast eftir, standi honum til boða, hins vegar verði hann að fá leigðar hjá vinnuvélaeigendum þær vélar, sem Vegagerðin tekur að jafnaði á leigu hjá þeim hinum sömu, en Vegagerðin mundi sjá um greiðslur vegna þeirra. Einn stærsti vinnuvélaeigandi landsins hafði í haust samband við Vegagerðina og gaf þá í skyn, að ekki væri neitt því til fyrirstöðu að leigja Sverri vélar, ef hann ætti þær lausar, þegar vinna hæfist við vegarlagninguna. Af þessum sökum þykir mér, og öðrum þeim, sem um þetta mál hafa fjallað, ólíklegt, að tilraun Sverris strandi á skorti á vinnuvélum.

Í þriðja og síðasta lagi er spurt: „Væri ekki sú aðferð, sem Sverrir Runólfsson vill beita við vegagerð, heppileg á söndum Suðurlandsundirlendis, t. d. á Þorlákshafnarvegi? Ef svo er, væri ekki vert að fela honum þar vegagerð, a. m. k. í tilraunaskyni?“ Um þetta er það að segja, að burðarlag í vegum hér á landi hefur til þessa yfirleitt verið byggt á möl eða grjótmulningi. Á það jafnt við um malarvegi og vegi með bundnu slitlagi. Þar sem nothæf möl er fjarri vegarstæði, eins og á sér stað á sumum söndum sunnanlands, t. d. Rangárvöllum og Mýrdalssandi, álítur Vegagerð ríkisins, að kostnaður við gerð burðarlags með sandi með íblöndun sements eða annars bindiefnis geti e. t. v. orðið samkeppnisfær við aðflutt malarefni. En þá er óhjákvæmilegt að leggja á það strax bundið slitlag úr oliumöl eða malbiki, þar sem burðarlagið spænist upp ella. Þetta hefur ekki verið athugað til hlítar, m. a. vegna þess, að umferð er enn þá ekki það mikil á ofangreindum söndum sunnanlands, að þar sé ráðgerð vegarlagning með bundnu slitlagi, en aðferð Sverris byggist, eins og mönnum má ljóst vera, á því, eins og að ofan greinir.

Varðandi notkun þessarar aðferðar við endurbyggingu Þorlákshafnarvegar er þess að geta, að fjórði hluti vegarins frá Hveragerði í Þorlákshöfn liggur um sandorpið hraun. Í vegáætlun 1974 og 1975 eru veittar samtals 13 millj. kr. til endurbyggingar á þessum hluta vegarins. Fjárveiting þessi er þó ekki miðuð við veg með bundnu slitlagi, þar sem umferð þar hefur ekki enn náð því marki, að vegurinn flokkist til hraðbrauta, þegar gildandi vegáætlun var samþ. á Alþingi. Kemur því aðferð Sverris ekki til greina þar að óbreyttri fjárveitingu. Hins vegar hefur umferð um þann hluta Þorlákshafnarvegar, sem endurbyggja skal samkv. vegáætlun í ár og næsta ár, aukist það mikið á s. l. ári, að hann á að fara í flokk hraðbrauta. Ef fjárveiting til vegarins verður aukin við endurskoðun vegáætlunar fyrir árin 1974 og 1975 í samræmi við breyttan vegaflokk, þ. e. a. s. hann yrði þá hraðbraut, kæmi til álita að bera báðar aðferðirnar við gerð burðarlags saman við útboð verksins, þannig að Sverrir byði „blöndun á staðnum“, en aðrir verktakar hina hefðbundnu aðferð. Eðlilegt virðist þó, að Sverrir ljúki framkvæmdum við þann tilraunakafla, sem honum hefur staðið til boða og hann þegið af fúsum og frjálsum vilja, áður en til annarra framkvæmda kemur með aðferð hans.

Geta má þess einnig, að engir verktakar hafa á undanförnum árum í tilboðum sínum í hraðbrautarframkvæmdir boðið gerð burðarlags með aðferð Sverris, þó hún sé þeim vel kunn. Ástæðan er vafalaust sú, að hún hafi reynst dýrari en hefðbundin gerð burðarlags úr möl. Það útilokar þó ekki, að aðferð Sverris komi til greina, þar sem sérstakar aðstæður eru fyrir hendi, eins og ég hef vikið að.

Fyrirspyrjandi (Bjarni Guðnason): Herra forseti Ég þakka hæstv. samgmrh. fyrir svörin. Þau eru sjálfsagt samin af vegamálastjóra eða skrifstofunni þar, svo að þarna koma, eins og oft vill verða, fram ólík sjónarmið.

Það hefur t. d. vakið athygli mína, að Sverri Runólfssyni hefur gengið illa að fá staðfestingu hjá Vegagerðinni á því, að hún ætlaði að láta honum í té ýmis vegavinnutæki, sem nauðsynleg væru í samvinnu við þessa hrærivél, sem hann hefur. Mér skilst, að þetta hafi staðið í þófi og verið óljóst nú um nokkuð langt skeið og hafi fyrir 10 dögum tæpum á fundi með þessum aðilum, Vegagerðinni og svo Sverri og nokkrum mönnum með honum, verið loksins staðfest af hálfu Vegagerðarinnar, að hún væri fús að láta honum í té slíkar hjálparvélar. Þetta þóf hefur staðið, held ég, í 1—2 ár. Í raun og veru, ef maður stendur utan við þetta, horfir á þetta, þá fyllist maður undrun á því, hversu þessi atriði virðist ganga seint. Síðan hef ég komist að raun um það, að Vegagerðin virðist ekki eiga neina ýtu. Hugsa sér það: Vegagerð ríkisins á enga ýtu! Það væri kannske vert að athuga þá hlið málsins, vélaeign Vegagerðarinnar, og hversu einstakir aðilar hagnast á Vegagerðinni. En það er önnur saga.

Það, sem ég vil leggja sérstaka áherslu á, er, að þessi aðferð Sverris verði í raun og veru reynd. Það hefur nefnilega komið fram í blaðaskrifum hjá yfirverkfræðingi Vegagerðarinnar, að hann telur mjög líklegt, að aðferð Sverris sé nýtileg,

a. m. k. hér á söndunum sunnanlands, og ef svo er, þá er sýnt, að það má vel spara, kannske ekki aðeins millj., heldur hundruð millj., ef þetta reynist eins og Sverrir Runólfsson telur.

Ég hygg, að það væri sjálfsagt af Vegagerðinni að taka frumkvæði í þessu, gera sjálf verklýsingu fyrir Sverri Runólfsson. Ég veit ekki betur en þegar var gerð tilraun með oliumöl á Svínahrauni, þá þyrfti enga verklýsingu. Ég sé, að í sambandi við tæki, erfiðleika að fá þau, erfiðleika að fá verklýsingu og annað, sé meira og minna tregða í kerfinu í raun og veru að kanna þessa aðferð.

Það vill oft verða svo, að þegar ráðherrar setjast í stólana, verði þeir málsvarar embættismannakerfisins. Svo eru til aðrir ráðherrar, sem taka málin í sínar hendur og leysa í skyndi. Ég vil nú mælast til þess við núv. samgrh., að hann rísi upp úr kerfinu, rísi upp úr stólnum og taki þessi mál í hendur sér og rannsaki þau skjótlega. Það vantar þarna örfá tæki, verklýsingu. Er ósköp einfalt og að koma þessu á laggirnar. Mér sýnist nefnilega, að þarna sé tregða embættismannakerfisins meiri en svo, að við það sé unandi, að ekki sé eitthvað gert. Þar með er ég ekki að segja, að þessi aðferð Sverris Runólfssonar muni reynast hentugri eða betri en aðrar, um það vil ég engan dóm fella. Hins vegar virðist mér furðulegt, hvernig að öllum þessum málum virðist staðið. Ég hygg, að hér eigi einhverja sök á sú tregða, sem ríkir í viðkomandi embættisskrifstofu.

Félmrh. (Björn Jónsson): Herra forseti. Hv. þm. Frjálslynda flokksins hefur nú lengi og djarflega barist við kerfið og gengur víst ekki vel. En um þetta vil ég segja það, að ég hef kynnt mér öll þau gögn, sem þetta mál varða, og tel mig hafa gert skyldu mína í þeim efnum. Á hinn bóginn er mér sjálfsagt líkt farið og hv. fyrirspyrjanda, að ég er leikmaður, en ekki tæknimaður, og hlýt þess vegna að taka eitthvert mið af því, sem þeir menn, sem fara með þau mál og ég treysti fullkomlega, segja um þau.

Það er mikill misskilningur hjá hv. þm., að það sé nokkur tregða hjá Vegagerð ríkisins, að Sverrir Runólfsson fái að reyna aðferð sína. En mér sýnist, að fyrsta skilyrðið til þess, að það verði gert, sé, að hann vilji það sjálfur. Að Sverrir hafi sætt einhverjum afarkostum af hendi Vegagerðarinnar, um það er það að segja, að til hans hafi verið gerðar minni kröfur en annarra. Það hefur verið sæst á það, vegna þess að honum hefur gengið illa að fá verkfræðinga til að vinna fyrir sig, honum hefur gengið illa að fá vinnuvélaeigendur til að leigja sér vélar, þá hefur verið boðið, að Vegagerðin legði fram allar þær vélar, sem hún hefur handbærar, og honum hafa ekki verið gerðir harðari kostir en það, að hann þyrfti enga kostnaðaráætlun að gera, ef hann gerði forsvaranlega, verkfræðilega verklýsingu. Allir aðrir, sem taka að sér störf hjá Vegagerðinni, verða að gera þetta hvort tveggja, og þeir verða líka annaðhvort að eiga eða leigja sér þær vélar, sem hér er um að ræða.

Sverrir Runólfsson hefur stofnað fyrirtæki um sínar framkvæmdir, og þetta fyrirtæki hefur keypt eina gamla vél frá Nova Scotia, sem kostaði álíka og gamall traktor. Það er allt og sumt, sem hann og hans félagsskapur hefur fram að leggja til þessara verka, sem hann telur, að muni gerbylta öllum vegaframkvæmdum í landinu.

Ég held þess vegna, að það sé síður en svo, þegar á allt er litið, að Sverri Runólfssyni hafi verið gert lágt undir höfði. Miklu frekar held ég, að honum hafi verið boðnir kostir, sem fáum eða engum öðrum hafa verið boðnir, m. a. það, að Vegagerðin borgaði brúsann, hver sem hann yrði. Hún vill þó ekki fara í framkvæmdina, fyrr en hún hefur a. m. k. þá verklýsingu í höndum, að hún geti gert sér einhverja hugmynd um, eins og ég sagði áðan, að kostnaður fari ekki langt fram úr því, sem eðlilegt er. Ætti að vera auðvelt fyrir mann, sem telur sig geta lagt mörgum sinnum, kannske þrisvar, fjórum sinnum ódýrari veg en aðrir, að verða við því að koma með svo fullkomna verklýsingu, að fagmenn geti eitthvað af því ráðið, hver kostnaðurinn raunverulega yrði. Allt tal um tregðu kerfisins í þessum efnum er því algerlega út í bláinn.

Ólafur G. Einarsson: Herra forseti. Það hlaut að koma að því, að málefni Sverris Runólfssonar kæmu til meðferðar á Alþ., svo mjög sem hann hefur talað um ágæti þeirrar aðferðar, sem hann þykist ráða yfir við vegagerð.

Mér þykja þessar fsp., sem hér eru fram bornar, bera vott um nokkuð sérstæða tilætlunarsemi, þ. e. að Sverrir Runólfsson skuli njóta einhverra sérstakra forréttinda til þess að fá vegavinnutæki hjá Vegagerð ríkisins að láni, og ekki eingöngu það, heldur eigi að fela honum sérstök verkefni, án þess að nokkur verklýsing, sem getur heitið því nafni, liggi fyrir.

Ég þarf að koma hér að smávægilegri leiðréttingu við ræðu hv. fyrirspyrjanda. Hann tók sem dæmi, að þegar tilraun var gerð með oliumalarlögin í Svínahrauni, hefði ekki þurft að leggja fram neina verklýsingu. Þetta er ekki rétt. Það, sem þar gerðist, var einmitt það, sem Vegagerðin hefur gert nú um nokkurra ára skeið og ég tel alveg rétt og hún ætti að gera í miklu ríkara mæli, þ. e. a. s. þar var um að ræða hreint útboð. Vegagerðin gerði sjálf sína verklýsingu. Gat að sjálfsögðu hver boðið í það verk sem vildi. Í þessu tilfelli var það Oliumöl h/f, sem þá hafði nýlega tekið til starfa, sem bauð í það verk, án þess að ráða yfir öllum þeim tækjum, sem þurfti til að framkvæma verkið. En það fyrirtæki fór hins vegar ekki fram á það við Vegagerðina, að hún útvegaði þau tæki, sem þyrfti. Hún sneri sér einfaldlega til verktaka, sem fyrir voru í landinu. Svo einfalt er það. Þetta er sú aðferð, sem Vegagerð ríkisins á að viðhafa.

Ég get ómögulega séð, að það hafi verið farið neitt sérstaklega illa með Sverri Runólfsson. Hann hefur að sjálfsögðu haft tækifæri eftir þetta sem aðrir til að bjóða í verk. Ég nefni sem dæmi frá s. l. ári bæði Grindavíkurveginn og Sandgerðisveginn. Sverrir hafði að sjálfsögðu tækifæri til að bjóða í þau verk og sýna þar með ágæti aðferðar sinnar.

Sameinað þing, 45. fundur.

Þriðjudaginn 22. jan., að loknum 44. fundi.

Eignarráð á landinu, þáltill. (þskj. 57). — Fyrri umr.

Benedikt Gröndal: Herra forseti. Till. sú, sem nú er til umr., fjallar um eignarráð íslensku þjóðarinnar á landinu, gögnum þess og gæðum. Þm. Alþfl. hafa flutt slíkar till. þing eftir þing, og miklar umr. hafa spunnist um efni þeirra, bæði á Alþ. og utan þess. Er því ekki ástæða til að lesa tillgr. Efni hennar er hv. þm. án efa kunnugt.

Undanfarna 2—3 áratugi hefur öllu mannkyni orðið það ljóst, sem framsýnir menn hafa lengi bent á, að sambúð manns og náttúru er að komast á hættulegt stig. Vegna offjölgunar og stóraukinnar tækni er svo komið, að náttúran hefur orðið fyrir margvíslegum spjöllum, og allt umhverfi mannsins hefur mengast, svo að ólíft verður á jörðinni að skoðun sérfræðinga eftir fáa mannsaldra, haldi svo áfram sem verið hefur. Viðtæk hreyfing hefur farið af stað til þess að stöðva þessa óheillaþróun, og hafa Sameinuðu þjóðirnar þar tekið forustu.

Sömu ástæður, offjölgun mannkynsins, stóraukin tækni og til viðbótar mikil neysla hinna auðugu þjóða, hafa valdið því, að skortur er á mörgum hráefnum, eldsneyti og matvælum og verðlag allt hefur farið ört hækkandi. Hrikalegar deilur og jafnvel ófriður hafa sprottið af kapphlaupi um minnkandi auðlindir jarðarinnar. Af því, sem Íslendingum er nærtækt, má nefna landhelgismál sem dæmi um auðlindastríð, en það er aðeins hluti af baráttu, sem nær pólanna á milli um yfirráð og eign hafsins og hafsbotnsins. Ein afleiðing þessarar þróunar hefur orðið sú, að hvarvetna er fólki nú ljósara en nokkru sinni fyrr, hversu verðmætt landið er sjálft. Þeir, sem efni hafa, seilast eftir jarðeignum, sumir þeirra til að eignast friðland utan þéttbýlis, aðrir til að ná undir sig hlunnindum eða til þess eins að ávaxta fé sitt. Afleiðingin blasir við augum. Eftirsókn eftir jörðum fer sívaxandi og verð þeirra síhækkandi, en hinn landlausi meiri hluti hefur minnkandi tækifæri til að njóta náttúrunnar eða tengjast henni.

Við Íslendingar höfum ekki farið varhluta af þessari þróun. Enda þótt eyðilegging náttúru og mengun umhverfis sé skemmra á veg komin hér úti á mörkum hins byggilega heims en í mörgum öðrum löndum, höfum við gert okkur hætturnar ljósar og hafið gagnsókn með nýskipan náttúruverndarmála og aukinni baráttu gegn mengun, sem þó er enn harla óskipuleg. Við höfum einnig gert okkur ljóst, hvílíkir fjársjóðir orkulindir landsins eru, fallvötn og jarðhiti, og nú keppast allir um að mæla með aukinni hagnýtingu þeirra. Augu okkar hafa um síðir opnast fyrir því, hversu fáránlegt það er að flytja dýra olíu umhverfis hálfan hnöttinn til þess að hita hús Íslendinga, sem búa ofan á gufukötlum sjálfrar jarðarinnar, ef svo má að orði komast.

Þegar hugsað er um þessar auðlindir, vatnsorku og jarðhita, í sambandi við orkukreppu mannkynsins í dag, og hinar hrikalegu afleiðingar hennar, hlýtur að verða ljóst, að hér er um sameiginlegt mál allrar þjóðarinnar að ræða. Á þessu sviði getur ekki verið um að ræða smámunalega sérhagsmuni einstaklinga, heldur verður þjóðin að líta á þessi mál og landið allt sem eina órjúfanlega heild. Þess vegna er sá skilningur einn hugsanlegur, að þjóðin eigi þá orku, sem finnst í iðrum jarðar eða fæst úr hinum meiri fallvötnum landsins. Þetta mál kemur ekki lengur pólitískum kennisetningum við. Hér er aðeins höfðað til heilbrigðrar skynsemi. Þeir einstaklingar, sem halda til streitu óeðlilegum sérhagsmunum og vilja græða á þeim vanda, sem steðjar að mannkyninu öllu og þar með okkur Íslendingum, geta ekki átt samleið með réttlátum og sjálfsögðum viðhorfum alls þorra þjóðarinnar. Með þessum orðum er ég ekki að traðka á stjórnarskránni. Við verðum að sýna henni tilhlýðilega virðingu, jafnvel ákvæðum, sem eru afsprengi 18. og 19. aldar hugsunarháttar, en eiga ekki eins vel við aðstæður á ofanverðri 20. öld. Við tökum ekki sannanlegar eignir af borgurunum án bóta. En við skulum reyna að finna eðlilegan grundvöll fyrir mat á eignum og miða ekki við markaðsverð, sem byggist á ógæfu og hörmungum annarra eða ófyrirsjáanlegum og sérstökum aðstæðum. Ég trúi því ekki, að höfundar stjórnarskrárinnar hafi sérstaklega ætlað að vernda braskgróða eða annað óeðlilegt verðgildi eigna, enda var slíkt fátítt í þeirra tíð.

Fyrstu tveir liðir í till. okkar jafnaðarmanna fjalla um eignarrétt á landi. Segir í 1. liðnum, að allt hálendi landsins og óbyggðir, að svo miklu leyti sem skýlausar eignarheimildir annarra aðila en ríkisins liggja ekki fyrir, sé lýst alþjóðareign, enda skýrt kveðið á um mörk þeirrar eignar. Um þetta atriði hefur verið mikið rætt, og er ljóst, hvert vandamálið er. Okkur flm. er eins og öðrum kunnugt, að víða um landið telja hreppar eða jafnvel einstakir jarðeigendur sig eiga mikil afrétta- og óbyggðalönd. Við leggjum aðeins til, að hafið verði það starf, sem mun taka langan tíma og mikla vinnu, að ákvarða eftir réttum, löglegum leiðum, hverjir hafi ótvíræðan eignarrétt og hverjir ekki. Þetta er ábending um sjálfsögð vinnubrögð. Auðvitað verður lýðveldið Ísland að fá úr þessu skorið og því fyrr, því betra. Nokkurra áratuga töf getur kostað þjóðina stórar fúlgur fjár í framtíðinni, því að fyrr eða síðar hlýtur þjóðarheildin að eignast þessi lönd.

2. liður till. er vafalaust hinn þýðingarmesti. Þar segir, að sú grundvallarregla skuli mörkuð, að allt land verði með tímanum almannaeign (eign ríkis eða sveitarfélaga, við leggjum það að jöfnu), en bújarðir megi ganga kaupum og sölum til búrekstrar, meðan bændur kjósa þann hátt fremur en hafa lönd sín í erfðafestu frá ríkinu. Ríki og sveitarfélögum verður hins vegar að tryggja forkaupsrétt að öllu landi.

Eins og nærri má geta, hafa andstæðingar þessa máls notað sér þennan lið óspart og ekki verið vandir að meðulum. Hefur mátt heyra um allt land, að það sé tilgangur jafnaðarmanna með till. þessari að þjóðnýta allt land. En látið er vera að segja bændum frá því, að það sé

ekki ætlunin með till. okkar að þjóðnýta jarðir þeirra. Þetta er þó meginatriði. Við teljum, að viðhorf til bóndans, sem yrkir landið og býr á því, skipti miklu meira máli heldur en til annarra jarðeigenda. Þess vegna höfum við undanskilið bújarðir, en leggjum hiklaust til þjóðareign á öllu öðru landi. Við viljum útiloka þá, sem nota peninga sína til að kaupa land, en vilja ekki sjálfir búa á því. Við viljum útiloka alla landspekúlanta, sem sækjast eftir hlunnindum og öðrum verðmætum í þeirri von, að jarðarkaup séu besta fjárfesting, sem til er á verðbólgutímum. Við viljum útiloka alla, sem vilja ávaxta auð sinn á landi án þess að hætta neinu, án þess að yrkja eða bæta jörðina. Við viljum hins vegar verja hlut bóndans, sem býr á landinu og yrkir það, og við viljum greiða fyrir honum á allan hátt, ef hann vill heldur eiga land sitt en taka það á leigu frá ríkinu. Og við viljum greiða fyrir því, að slíkt land geti haldist í erfðafestu. Þyrfti þó að íhuga margvísleg lög, sem stuðla að því, hvernig landi er stundum skipt við erfðir og að bóndi hverrar kynslóðar verður stundum að kaupa jörðina að nýju, oft frá bræðrum og systrum. En þetta er annað mál, sem athuga þarf á öðrum vettvangi.

Jarðabraskið, sem nú á sér stað, er hættulegt fyrir alla þjóðina. En það er framar öllu hættulegt fyrir bændastéttina og alla íbúa, alla byggð í strjálbýli í landinu. Núv. ríkisstj. hefur nokkuð sýslað með þessi mál og lagt fyrir Alþ. tvö frv., sem það snerta, frv. til jarðalaga og frv. til ábúðarlaga. Bæði frv. eru skref í rétta átt, og bæði viðurkenna þau í raun og veru veigamikinn hluta af því, sem fram hefur komið í till. okkar jafnaðarmanna undanfarin ár. Þess vegna fagna ég þessum frv., enda þótt ég vilji að mörgu leyti ganga lengra en þau gera og áskilji mér allan rétt hvað þau snertir.

Kunnugt er, að þessi frv. ríkisstj. hafa valdið hinum furðulegustu jarðakaupum, sem ætlað er að öðlast gildi á undan frv. Þetta er auðvitað ekki sagt höfundum frv. til lasts, heldur hróss, en sýnir vandann, sem við er að etja. Í sambandi við umr. um þessi frv. hafa bæði landbrh. og fleiri þm. látið sér um munn fara mörg ummæli, sem styðja megintilgang till. okkar jafnaðarmanna ótvírætt, þegar nánar er athugað. Ég skal þó ekki tilfæra slík ummæli, þau liggja nú prentuð á borðum þm. í umræðuhluta þingtíðinda. Þó get ég ekki látið hjá líða að nefna, að í frv. til ábúðarlaga, sem liggur fyrir Nd., er enn þá talað um landsdrottna og leiguliða. Það er augljóst, að höfundar þessa frv. hafa enn ekki gert sér ljóst, á hvaða öld þeir lifa. Það er næsta furðulegt, að svokölluð vinstri stjórn, sem situr við völd á Íslandi seint á 20. öld, skuli flytja á Alþingi frv. um landsdrottna og leiguliða. Ef einhverjir hafa haldið, að núverandi stjórnarsinnar væru vinstri sinnaðir framfaramenn, sýnir þetta atriði, a. m. k. svo langt sem það nær, að það er mikill misskilningur.

Ætla mætti, að nú væri kominn tími til þess að afnema þessi hugtök og allt, sem þau tákna, og það eru vinstri menn að gera í löndum um allan heim, en ekki að lögfesta þau á nýjan leik, eins og hér á að gera. Íslenska ríkið verður auðvitað aldrei landsdrottinn, meðan lýðræði er í landinu, enda þótt það kunni að leigja mönnum eða gefa kost á jörðum, m. a. til reynslu, en það ætti að selja þeim bændum, sem óska eftir að fá land til þess að búa á því, það jarðnæði sem þeir þurfa. Ég tel, að nú sé rétti tíminn til að setja lög um, að ríkið eignist allar jarðir smám saman nema þær, sem bændur vilja eiga sjálfir og búa á eða nýta. Þetta þarf ekki að gerast í einni svipan og getur sjálfsagt ekki gerst í einni svipan. Það má setja reglur um, að ríkið kaupi jarðir, þar sem ábúendur eða væntanlegir ábúendur fást ekki til að kaupa þær. Hvað sem kostar á að taka jarðir úr eigu þeirra, sem ekki búa á þeim eða hagnýta þær til búskapar eða landbúnaðarframleiðslu og eiga þær aðeins sem fjárfestingu og í ágóðaskyni. Landið á að vera eign þjóðarinnar. Ef lög í þá átt verða samþ. af okkar kynslóð, mun okkur verða þakkað það um langa framtíð.

Um 3.—5. lið till. þarf ég ekki að fara mörgum orðum. Þeir hafa verið mikið ræddir, og þau atriði eru flestum ljós. Þar er gert ráð fyrir, að stöðuvötn og fallvötn og allur jarðvarmi undir 100 m dýpi verði lýst alþjóðareign og öll verðmæti í jörðu, á landi og landgrunni, sem finnast fyrir atbeina ríkisins eða leyfi ríkisins þarf til að leita eftir, skuli teljast eign ríkisins.

Í 6. lið er sagt, að glöggt skuli kveðið á um, hvernig landareign eða landnytjar færist úr einkaeign í eigu ríkisins eða sveitarfélaga og hvernig bætur skuli reiknast fyrir.

Í lokagrein segir, að kveðið skuli á um umgengnisskyldur við landið og viðurlög við spjöllum. Kann að vera, að nýleg náttúruverndarlög séu í þeim efnum nægileg, en aldrei verður of oft um það kveðið.

Herra forseti. Ég hygg, að frumherjar jafnaðarstefnunnar hafi á sínum tíma flutt ýmsar hugmyndir, sem voru svipaðar þeim, er við nú leggjum fram. En í þá tíð reyndist vera um draumsýn að ræða, sem mjög litlar undirtektir fékk. Nú flytjum við þessar till. á nýjan leik af fullkominni alvöru. Þetta er það, sem okkar tímar þurfa á að halda, og engin önnur lausn er fullnægjandi á vandamálum samtíðar okkar varðandi auðlindir, landið og landnýtingu. Við getum því aðeins leyst hin alþjóðlegu átök um auðlindir, að þjóðirnar standi saman og sýni hver annarri sanngirni í lausn málsins. Við getum því aðeins fundið lausn á landhelgismálum, að við stöndum saman. Við getum því aðeins fundið lausn á vandamálum okkar innanlands, að við leggjum á hilluna allt jarðabrask og allar spekúlasjónir og gerum okkur ljóst, að við verðum að koma nýrri skipan á sameiginleg afnot þjóðarinnar af landinu. Bændurnir, sem yrkja jörðina og búa á henni, njóta forréttinda. Íbúar þéttbýlisins, sem vikum saman komast ekki út af malbikinu, eiga þar einnig mikinn rétt. Öll þjóðin á að njóta landsins, en jarðeigendur og spekúlantar verða að víkja.

Herra forseti. Ég harma, að svo mikilsvert mál skuli ár eftir ár ekki hljóta afgreiðslu Alþingis. Ég legg til, að till. verði að lokinni þessari umr. vísað til allshn. í þeirri von, að hún verði afgreidd þar og samþykkt á þinginu.

Ég vona, að alþm. geri sér ljóst, að við lifum seint á 20. öld og erum nú að setja lög, sem mörg þurfa að gilda fram á 21. öldina. Vandamál samtíðar okkar krefjast þess, að við mætum þeim bæði af stórhug og framsýni.

Pálmi Jónsson: Herra forseti. Till. þessi er nú flutt í hið þriðja sinn, eins og lýst var af hv. frsm. Ég skal ekki að þessu sinni fara út í efnislegar umr. um till. Þegar hún lá fyrir síðasta Alþingi, fóru fram allítarlegar umr. um þetta mál, og lýsti ég þá skoðunum mínum og sterkri andstöðu við þær hugmyndir, sem till. er byggð á. Mér nægir því að vitna til þeirra umr. um afstöðu mína til þessa máls. Ég skal einungis taka það fram, að afstaða mín er óbreytt.

Ég lít svo á, að það sé mjög óeðlilegt, að Alþingi taki ekki endanlega afstöðu til máls eins og þessa, láti það liggja í nefnd tímum saman og afgreiði það ekki þing eftir þing. Ég hef það mikið traust á hv. Alþ., að það taki nú á sig rögg og afgreiði þessa till., afgreiði hana með þeim hætti, sem er í samræmi við skoðun mína, og felli till. Þessi till. fer, eins og ég lýsti á síðasta Alþ., gersamlega í bága við ákvæði stjórnarskrárinnar. Enda þótt flm. hennar lýsi því yfir nú, að það sé ekki meining hans eða hans félaga að traðka á stjórnarskránni, þá talar till. sjálf sínu máli. Það er til vansæmdar fyrir Alþ. að láta slíkt stórmál sem þetta velkjast þing eftir þing, láti till., sem er hin mesta þjóðnýtingartill., sem borin hefur verið fram í sögu Alþingis, velkjast þing eftir þing, án þess að hún sé afgreidd. Ég tek því mjög undir síðustu orð flm., að þessi till. verði nú tekin til afgreiðslu í n. og á Alþ. sjálfu, og ég treysti því, að hún verði felld.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Brottnám mannvirkja frá styrjaldarárunum, þáltill. (þskj. 70). — Fyrri umr.

Flm. (Oddur Ólafsson): Herra forseti. Ég hef ásamt hv. 1. þm. Reykn., Matthíasi Á. Mathiesen, og 11. landsk., Ólafi G. Einarssyni, leyft mér að flytja á þskj. 70 svo hljóðandi till. til þál.:

„Alþingi ályktar að skora á ríkisstj. að láta grafa eða fjarlægja herskálabotna og gafla, svo og aðrar ónothæfar mannvirkjaleifar frá styrjaldarárunum, sem enn má víða sjá um land á byggðum og óbyggðum svæðum. Verk þetta verði unnið, að svo miklu leyti sem hægt er, á árinu 1974. Kostnaður við framkvæmdina greiðist úr ríkissjóði."

Á árum síðari heimsstyrjaldarinnar reistu herir Bandamanna mikinn fjölda bygginga hér á landi. Mest voru þetta hermannaskálar, en einnig ýmsar aðrar byggingar til afnota fyrir herinn. Þessar byggingar voru reistar víðs vegar um landið, en þó langmestar hér við Faxaflóa. Að styrjöld lokinni urðu byggingar þessar ríkiseign og fengnar Sölunefnd setuliðseigna til ráðstöfunar. Smám saman voru þær síðan rifnar eða seldar, nýtanlegt efni hagnýtt, en eftir voru hlaðnir braggagaflar, steyptir sökklar og grunnar og ýmiss konar aðrar leifar. Gjarnan voru leifar þessar grafnar í jörðu, en þó má enn sjá bæði á byggðum og óbyggðum svæðum óhrjálega steypuklumpa, braggabotna og steypuskorsteina, er þjóna engum tilgangi, en særa augað og eru í fullkomnu ósamræmi við náttúru landsins. Þess vegna finnst okkur flm. þessarar þáltill., að nú sé kominn tími til þess að ljúka því hreinsunarverki, er hafið var fyrir nærri 30 árum. Ríkissjóður hlaut arðinn af nýtanlegu efni byggingarnna. Þess vegna virðist eðlilegt, að hann beri kostnaðinn af hreinsuninni. Víðast mun vera hægt að grafa þessar leifar á staðnum, og ætti það verk ekki að vera sérlega kostnaðarsamt. Að sjálfsögðu þyrfti að vinna það í samráði við landeigendur og sveitarstjórnir. Nú er vaxandi áhugi á því að fegra landið og fjarlægja það, sem til óþurftar er. Hér er um að ræða ónothæfar leifar mannvirkja, er fyrir nærri þremur áratugum luku ætlunarverki sínu. Þess vegna er nú kominn tími til að lagfæra það, sem ábótavant er í þessu efni.

Herra forseti. Ég legg til, að till. verði að umr. lokinni vísað til fjvn.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Stytting vinnutíma skólanemenda, þáltill. (þskj. 82). — Fyrri umr.

Flm. (Halldór Blöndal): Herra forseti. Till. sú til þál., sem hér er til umr., er í tveim liðum. Annars vegar er lagt til, að skipuð skuli n. til þess að athuga og leggja fyrir næsta Alþ. till. um, hvernig unnt sé að stytta daglegan vinnutíma skólanemenda þannig, að ekki sé ofboðið náms- og lestarþoli þeirra vegna 5 daga kennsluviku.

Ástæðan til þess, að lagt er til, að þessi athugun sé gerð, er sú, að á allra síðustu árum hafa skólarnir, einkum í Reykjavík, en einnig úti um landið, t. d. á Akureyri, orðið að taka upp 5 daga kennsluviku í æ ríkara mæli. Þetta hefur ekki verið gert vegna þess, að forráðamenn fræðslumála eða skólayfirvöld hafi óskað svo mjög eftir þessari breytingu, heldur er ástæðan sú, að á mörgum heimilum var orðið svo, að eini fjölskyldumeðlimurinn, sem varð að fara á fætur á laugardagsmorgnum og ganga til vinnu sinnar, var skólanemandinn. Þetta olli að sjálfsögðu margvíslegum erfiðleikum, og í ljós kom í foreldrakönnunum, — t. d. er mér kunnugt um það á Akureyri, — að meiri hluti foreldra óskaði eftir því, að sami háttur yrði á hafður í skólunum, að kennsludögum yrði fækkað í 5. Sú aðferð hefur verið höfð að skipta þeim kennslustundum, sem voru á laugardögum, á milli hinna daganna og lengja daglegan námstíma sem því nemur, og ég hygg, að í grunnskólafrv. sé einnig lagt til, að sá háttur verði hafður á.

Ég álít, að það sé síður en svo sjálfsagt að fara þannig að. Við, sem höfum fengist við kennslu í gagnfræðaskólum t. d., höfum orðið vör við, að hæfni nemendanna til að tileinka sér það, sem fram fer í kennslustundunum, er miklu minni, þegar líður á daginn, heldur en

árla morguns. Við þetta bætist einnig, að eins og staðið hefur verið að stundaskrá og kennslan hefur verið skipulögð í skólunum, er engin hliðsjón höfð af því, að ég ætla í flestum skólum, að þannig sé reynt að raða saman námsgreinum, að skapi sem minnst umskipti frá einni námsgrein til annarrar. Ég get nefnt það sem dæmi, að ég ætla, að það sé álitið, að það taki um 25 mínútur fyrir nemanda að skipta frá einu tungumáli til annars í námi, þannig að fullur árangur verði af. Víða mun þó sá háttur hafður á, að mismunandi tungumál séu kennd aðeins með 5 mínútna hléi á milli, stundum kannske þrjú í röð.

Eins og kennslu er nú háttað í gagnfræðaskólum og raunar í flestöllum skólum á Íslandi, er hafist handa kl. 8 að morgni og síðan haldið áfram til kortér yfir 12 eða 25 mín. yfir 12 viðstöðulitið. Það er í mesta lagi, að gefnar eru 5 mínútna, og einu sinni að vísu 15 mínútna frímínútur til þess að gefa nemendum kost á því að rétta úr sér og hvíla sig. Ég hygg, að þessi frítími, sem þarna er á milli kennslustunda, sé allt of lítill. Ég ætla, að ef við, sem hér erum inni, ætluðum okkur að leggja stund á einhver ný fræði, margvísleg fræði, mundum við haga námi okkar öðruvísi en svo að taka á þessum tíma, frá kl. 8 til hádegis, fyrir kannske 4—5 ólíkar námsgreinar, ensku einar 45 mín., fara síðar yfir í stærðfræði, svo yfir í dönsku, sögu, svo eðlisfræði. Ég hygg, að fullorðið fólk, sem orðið er vant og jafnvel þjálfað í að tileinka sér nýja hluti, eigi fullerfitt með að gera þetta og mundi kjósa að fá sér á þessum tíma lengra hlé og einhverja næringu, rétta betur úr sér. Síðan er þessum unglingum gefin klukkustund til matar, síðan er þeim ætlað að halda áfram að starfa í skólunum til kl. 3—4. Þeim er svo sett fyrir meira og minna í öllum þessum námsgreinum. Niðurstaðan hefur orðið sú, að það er einungis á færi þeirra nemenda, sem skarpastir eru og best að sér, að ljúka þeirri heimavinnu, sem ætlast er til af þeim, og er þá vinnutími þeirra oft orðinn lengri en allra annarra í fjölskyldunni. Í sumum tilfellum verður það mjög mikið vinnuálag, sem kemur á þessa unglinga, t. d. hjá þeim unglingum, sem einnig leggja stund á tónlistarnám, taka þátt í margvíslegri félagsstarfsemi og eru virkir að því leyti.

Ég hef borið þetta mál og þessa till. undir ýmsa reynda skólamenn, og allir þeir, sem ég hef talað við, eru mér sammála um, að það þurfi mjög mikillar athugunar við, hvað hægt sé að krefjast af unglingum, að þeir sitji lengi samfellt í skóla, ef ætlast sé til af þeim, að þeir leggi líka mikla vinnu í heimanám. Ég er ekki með þessum orðum mínum að leggja til, að heimanám sé lagt niður. Mín hugsun er sú, að það megi ná betri árangri með því, að nemendurnir séu styttra í skólanum á degi hverjum og námsgreinar færri, sem fengist er við hverju sinni, og reynt sé að taka námið í meiri áföngum og ljúka af tilteknu námsefni kannske hluta af vetri. Ég ætla, að þannig fari a. m. k. þeir að, sem eru orðnir fullorðnir, að þeir sökkvi sér niður í fá viðfangsefni í einu. Ég ætla einnig, að það muni unnt að spara verulega í menntakerfinu með því að huga að því, hvort ekki sé hægt að bæta vinnubrögðin í skólunum. En eins og við vitum, eru skóla- og menntamálin nú orðin einhver þyngsti bagginn í ríkisfjárlögunum, og veitir sannarlega ekki af því, að við athugum það og gefum því gaum, hvort ekki sé hægt að koma þar við meiri vinnuhagræðingu, meiri vinnusparnaði og jafnframt ná meiri árangri.

Fyrir allmörgum árum, — það er fyrir mitt minni, — var árlegur námstími nemenda lengdur úr 7 mánuðum í 8, að ég ætla. Það hafa sagt mér skólastjórar, sem muna þetta úr sínu starfi, að þeir hafi búist við því, að nú mundi þeim takast að koma miklu meira námsefni í nemendurna, þar sem þeir fengju nú einn mánuð í viðbót, það bættist einn mánuður við skólaárið. Þegar þeir líta til baka og yfir farinn veg, líta á þann námsárangur, sem náðist, þegar mánuðirnir voru bara 7, og sjá svo árangurinn núna, þá hugsa ég, að þeir séu flestir sammála um, að meiri námsárangur hafi ekki náðst á þessum 8 mánuðum en náðist á 7.

Nú er lagt til í grunnskólafrv., að enn skuli árlegur námstími lengdur og nú í 9 mánuði, úr 8½, eins og er t. d. árlegur námstími í gagnfræðaskólum. Ég er alls ekki sannfærður um, að slík lenging skólatímans muni skila sér í bættum námsárangri nemenda nema að mjög takmörkuðu leyti. Við verðum að gá að því, að þarna erum við komnir inn á annað mál og að mörgu leyti mjög alvarlegt, og það er, að okkur, sem aldir erum upp í skólum, hættir til þess að gera lítið úr því uppeldislega gildi, sem felst í vinnunni og því að standa að verki með fullorðnu fólki. Ég hygg, að það sé mjög hollt öllum unglingum að kynnast atvinnulífi þjóðarinnar, bæði til sjávar og sveita, og eins og fram kemur í síðari lið þáltill. okkar hv. 5. þm. Norðurl. v., leggjum við til, að nemendum verði gefinn kostur á að velja milli efstu deilda skyldunáms og vinnu undir eftirliti fræðsluyfirvalda, enda verði fullorðinsfræðsla efld. Ástæðan til þess, að þetta er lagt til, er sú, að við kennarar verðum oft varir við það, að unglingar í efstu bekkjum skyldunámsins eru mjög andsnúnir og ég vil segja fjandsamlegir skólastarfinu. Þeir geta ekki fallist á, að þjóðfélagið hafi rétt til að skipa þeim á skólabekk, því að þeir vilja kannske miklu heldur fara til sjós eða vinna að bústörfum eða gera við bifreiðar eða hvað sem nöfnum tjáir að nefna, og þeir sætta sig ekki við þetta. Þetta kemur fram í viljaleysi þeirra til að tileinka sér skólastarfið. Og svo er önnur hlið á þessu máli. Flest börn, sem ganga í fyrsta skipti í skóla, eru full eftirvæntingar og áreiðanlega mjög fýsandi þess að fá að læra, lesa, reikna, teikna og gera allt, sem nöfnum tjáir að nefna. Fyrst í stað, meðan lítils er af þeim krafist, eiga börnin þar góðar stundir og hlakka til að fara í skólann. En brátt líður að því, að viðhorf barnanna til skólans breytast. Sum börn byrja að heltast úr lestinni, og eftir því sem börnin eldast, skólagangan lengist, fara þau að finna, að skólinn er farinn að leggja fyrir þau alls konar námsefni, sem allir vita, bæði þau, kennararnir, fræðsluyfirvöldin, allir, að börnin hafa engan möguleika til að ráða við. Börnin eru að

vísu látin mæta í skólunum á hverjum einasta degi, og ef þau eru ófús til að koma, vilja heldur vera úti á götu og leika sér en ganga í skólann og sitja þar undir svo skemmtilegri iðju, sem það er að fást við verkefni, sem þau hafa enga möguleika til að ráða við, þá er send á þau barnaverndarnefnd, skólastjóri, foreldrafundur og allt, sem nöfnum tjáir að nefna. Þegar komið er upp í gagnfræðaskóla, 1. og 2. bekk, er þessi hópur orðinn nokkuð stór, sem enga möguleika hefur á því að fylgjast með. Þessir unglingar eru vanir martröðinni, þeir mæta eftir sem áður til prófa, vita, að einkunnabækurnar munu engan gleðja á heimilinu, þegar þeir koma heim. Þeir fá að halda áfram að mæta í skólunum eftir prófin. Kennarinn er fyrir löngu búinn að gefast upp á því að kenna kennslubækurnar, því að það þýðir ekkert. Það hefur engin kennslubók verið samin fyrir þetta fólk. Sú uppeldisaðferð, sem um aldir hefur reynst best á börn og unglinga, að veita þeim uppörvun í námi og starfi, er ekki viðhöfð. Það er ekki hægt að hvetja börn til náms, sem hafa enga möguleika á því að tileinka sér það, sem þau eru að fást við. Það er ekki nokkur leið. Ofan á þetta bætist virðingarleysi fyrir verklegu námi í skólanum, og þau börn, sem gætu kannske náð verulegum árangri á því sviði, fá ekki tækifæri til þess, einfaldlega af því að skólarnir bjóða ekki fram verklegt nám, sem mundi nægja þessum unglingum. Niðurstaðan af þessu hefur því orðið sú, að unglingarnir fyllast mjög fjandsamlegu hugarfari gagnvart skólunum. Þetta fjandsamlega hugarfar gagnvart skólunum færist svo yfir á allt þjóðfélagið og á sinn mikla þátt í að skýra þau unglingavandamál og þann glæpafaraldur, sem við eigum nú að stríða við í hinu borgaralega þjóðfélagi. Það kemur skýrt fram, að í strjálbýlinu, þar sem börnin eru nær athafnalífinu, sjávarútveginum og landbúnaðinum, er miklu minna um þessi vandamál. Þá fá unglingarnir fullnægingu í því að vinna að þessum störfum. Ég hef m. a. rætt þessi mál við uppeldisfræðinga, sem vinna á vegum fræðsluyfirvalda, og þeir hafa fallist á þær skoðanir mínar, að að verulegu leyti eða a. m. k. að sumu leyti megi rekja unglingavandamálið, glæpahneigðina og andstöðuna við þjóðfélagið til þess, að unglingarnir eru í skólanum aldir upp til andstöðu við skólana, fræðsluyfirvöldin og fullorðna fólkið.

Í þessu sambandi bendi ég á, að námsstjórar, — ég man nú ekki, hvort það eru 4 eða 5, — í Noregi hafa lagt til, að nemendum í efsta bekk eða efstu bekkjum skyldunáms skuli gefið tækifæri til að velja á milli þess að vera í skóla eða náms undir eftirliti fræðsluyfirvalda. Ástæðurnar eru þær sömu og ég hef rakið hér á undan. Nú kann einhver að ætla, að með þessu sé ég að draga úr því, að unglingum gefist kostur á að búa sig undir lífið með frekari skólagöngumenntun, með því t. d. að setjast í iðnskóla eða þar fram eftir götunum. Það er síður en svo. Eins og ég sagði áðan og eins og orðað er í till., er gert ráð fyrir því að tengja saman vinnu og skóla og að vinnan sé undir eftirliti fræðsluyfirvalda. Álít ég, að rétt sé að gefa unglingunum kost á því að setjast á skólabekk, eftir að þeir hafa unnið í 1—2 ár eða jafnvel síðar, og efla mjög fullorðinsfræðsluna. Það er engum til gagns, að unglingar sitji á skólabekk án þess að tileinka sér neitt, sem þar fer fram.

Ég hygg, að ég þurfi ekki að fara fleiri orðum um þetta mál. Fræðslulögin eru nú í undirbúningi, og má raunar segja, að þau séu á lokastigi. Við kennarar margir erum mjög uggandi yfir því, hvert stefnt er með grunnskólafrv. Ég reyndi m. a. að vekja máls á þessum atriðum og ýmsum öðrum, þegar sú sendinefnd, sem gerði víðreist um landið, kom til Akureyrar og ræddi grunnskólafrv., en fékk heldur lítil svör. Á síðasta Alþingi fluttum við hv. 5. þm. Norðurl. v. þáltill., sem gengur í svipaða átt og sú, sem ég hef nú gert grein fyrir, og byggist algerlega á sömu forsendum.

Áður en ég lýk máli mínu, vil ég rétt aðeins geta þess, að meðan ég átti kost á því að kenna við þann gagnfræðaskóla í Reykjavík, þar sem sjóvinnudeild var starfandi, og kenndi þeim nemendum, sem þar voru, fann ég fljótt, að það var allt öðruvísi að kenna þessum hóp en mörgum öðrum, vegna þess að þessir strákar höfðu markað sér ákveðna stefnu. Þeir ætluðu sér að verða sjómenn, og þeir voru reiðubúnir til þess að leggja á sig töluvert erfiði og læra margt það, sem mætti koma þeim að haldi í því námi. Ég viðurkenni að vísu, að þeir voru ekki mjög áhugasamir um íslenska stuðlasetningu og kærðu sig kannske lítið um að vita, hvort lýsingarorð væri hliðstætt, hálfhliðstætt eða sérstætt, og fannst það lítið koma við sjómennsku. Ég féllst á þetta með þeim, og við komumst að góðu samkomulagi um að gera ekki allt of mikið úr svona atriðum, heldur tala um önnur atriði, sem komu þeim meira við. Það voru mjög ánægjulegar stundir, sem ég átti með þessum strákum. Ég hygg, að með því að gera meira að þessu og með því að gefa nemendunum kost á því að tengja þannig saman atvinnulífið og skólann, getum við náð ótrúlega miklum árangri. Þessir strákar fengu mikla útrás í því að hnýta net, og þeir fengu að vitja um hrognkelsanet hérna úti í firðinum með sjóvinnukennaranum. Þeir skiptust á að fara til að vitja um netin á kvöldin og fengu í soðið. Þetta gaf mjög góða raun, og við eigum að ganga lengra í þessu.

Hér er lagt til, að til þess að athuga um þessi mál verði skipaður einn maður frá eftirtöldum aðilum: Alþýðusambandi Íslands, Sjómannasambandi Íslands, Stéttarsambandi bænda, Félagi ísl. iðnrekenda, Landssambandi ísl. útvegsmanna, Félagi skólastjóra gagnfræðaskóla, Landssambandi framhaldsskólakennara, Félagi háskólamenntaðra kennara, Sambandi ísl. sveitarfélaga, og menntmrh. skipi svo einn mann í nefndina.

Eins og þessi till. um nefndarskipun ber með sér, er ég þeirrar skoðunar, að það geti haft margt gott í för með sér og leitt til margvíslegra nýjunga, sem eru hollar fyrir skólastarfið, ef fulltrúum atvinnuvega og stéttarfélaga og skólamönnum verði gefinn kostur á því að vinna saman og skiptast á skoðunum um þessi mál. Fræðslulöggjöfin þarf að vera í stöðugum undirbúningi og endurskoðun. Við þurfum að

breyta námsefni og aðhæfa það breyttum tíma. En því miður er það einkenni skóla að vera heldur íhaldssamir, og þótt það sé starf kennara að troða í aðra, verður að segjast eins og er, að þeir eru svolítið seinir á sér að tileinka sér nýjungar, nema þeir megi til. Ég held þess vegna, að það geti verið hollt, að nefnd sem þessi starfi saman og kennarar kynnist með þeim hætti þeim störfum, sem breytt þjóðfélag krefst.

Pálmi Jónsson: Herra forseti. Ég skal ekki bæta mörgum orðum við ræðu frsm. og fyrri flm. Till. þessi á þskj. 82 er flutt til þess, að fram fari athugun á þeim vanda, sem skapast hefur vegna þess, að tekin hefur verið upp svokölluð 5 daga vinnuvika í skólum og námsefni 6 daga vinnuviku þjappað saman á 5 daga. Af þessu hefur sprottið vandamál, sem lýst var af hv. frsm. áðan, og ég vil ítreka það, að ekki er víst, að hér sé rétt stefnt. Ég er raunar þeirrar skoðunar, að hér sé stefnt í öfuga átt, vegna þess að það er sama hvort um er að ræða börn, unglinga eða fullorðið fólk, þá taka einstaklingarnir ekki við nema takmörkuðu magni af fræðslu á hverjum degi, og ef fræðslan á að verða of mikil verður árangurinn í öfugu hlutfalli við tilganginn og allt skólastarfið fer úr skorðum. Þess vegna hygg ég, að betra hefði verið að halda 6 daga kennsluviku í skólum, reyna þannig að nota veturinn sem best og halda kennslumagninu á hverjum degi innan hæfilegra marka, til þess að nemendur gætu með góðu móti innbyrt það.

En megin ástæðan til þess, að ég kom hér upp í ræðustólinn að þessu sinni, er sú, að ég hef undir höndum grg. frá hinum merka skólamanni, Snorra Sigfússyni fyrrv. námsstjóra, — grg., sem hann hefur tekið saman í sambandi við 5 daga skólaviku. Ég ætla, með leyfi hæstv. forseta, að lesa þessa grg., vegna þess að ég ætla, að hún sé gagnlegt innlegg í þessi mál, og ég vænti þess, að sú n., sem fær þetta mál til meðferðar, taki hana til athugunar. Þessi grg. er svo hljóðandi:

„Í uppsiglingu virðist nú það nýstárlega fyrirbrigði í málefnum og starfi barnafræðslunnar í landinu, að skóli skuli aðeins starfa 5 daga vikunnar, sé þetta gert vegna 5 daga vinnuviku verksmiðjufólks og verslunarfólks og annarra starfsstétta, sem ákvæði um 5 daga vinnuviku ná til. Um þetta má taka fram eftirfarandi til íhugunar:

1. Barnaskóli er ekki atvinnufyrirtæki. Hann er til kominn vegna barnanna og lýtur því allt öðrum lögum og starfsháttum.

2. Það er öllum, sem til þekkja, vel kunnugt, að námsefni það, sem nú er á námsskrá barnaskóla, er ærið nóg viðfangsefni skólaárið með 6 daga skólaviku. Nú virðist sem auka eigi námsefnið, en jafnframt stytta námstímann. Þetta er rangt gegn öllum meginþorra barnanna.

3. Stytting á skólaviku úr 6 dögum í 5 daga hlýtur að verða til þess, að annaðhvort sé dregið úr námsefninu eða skólavikunum fjölgað.

4. Að leggja 6 daga námsefni á 5 daga, eins og nú er háttað aðstæðum, má með réttu teljast fráleitt. Það lengir vinnutíma barna úr hófi fram, þ. e. þeirra, sem eitthvað ráða við námsefnið. Hin, sem ætla má, að séu í miklum meiri hluta, munu hvorki hafa löngun né getu til þess að leggja fram slíka vinnu og fylgjast með. Þeim verður skólinn að litlu gagni, nema þá til þess að venja þau á vanrækslu. Hér er því um að ræða mikilvægt uppeldisatriði, sem veita þarf athygli, og jafnframt heilsufræðilegt atriði líka. Enda mun svo fara, að skóli, sem slíkt gerir, mun hljóta að verða þess var, að áhuginn á náminu fjari bráðlega út.

5. Það hlýtur að vera mikilvægt fyrir okkur að nota veturinn vel við fræðslu- og skólastarf. Með því eina móti verður hægt að draga úr löngu skólaári, sem jafnan er og hefur verið þyrnir í augum manna að vonum. Og það mun hæpið, svo að ekki sé fastar að orði kveðið, að 9 mánaða skólaár verði tekið upp í sveitum eða smærri þorpum fyrst um sinn, enda á það varla rétt á sér þar, a. m. k. í því formi, sem skólar eru nú. Þó kann að vera, að 5 daga skólavika geti átt þar við undir vissum kringumstæðum, en að reglu má ekki gera hana fremur en annars staðar. Og það er líka hugsanlegt, að einsettir barnaskólar geti að skaðlausu eða skaðlitlu unnið aðeins 5 daga vikunnar.

6. Með löggjöf þarf að koma í veg fyrir það, að 5 daga skólavika verði að reglu, sem hver og einn geti tekið sér að vild, heldur þurfi til þess leyfi yfirstjórnar fræðslumála, sem sé því aðeins veitt, að ekki skaði nemendur og nám og verði til þess að lengja skólaárið. Veturinn ber okkur að nota vel, svo að fremur sé hægt að slaka á vor og haust.“

Þannig hljóðar grg. þessa margreynda og merka skólamanns, og í henni eru mörg andmæli gegn því, að þessi regla verði tekin upp, hvað þá að hún verði fest í lög. Ég skal ekki bæta fleiru við þetta, svo að neinu nemi. Ég hef áður á þessu þingi talað um skólamál, en skólamál og skólastarf þarf að reyna að færa í það horf, að sem mestur árangur náist og um leið að sem mestrar hagkvæmni sé gætt fyrir þjóðfélagið, bæði í framlögðu fjármagni og eins hvað það snertir að spara tíma skólanemendanna sjálfra. Og þó að sú grg., sem ég hef hér flutt og er samin, eins og ég sagði af Snorra Sigfússyni, fjalli einkum um barnaskólana, á þetta ekki síður við, að ég hygg, um gagnfræðaskólastigið.

Ég skal svo ekki orðlengja þetta frekar. Ég vildi eingöngu koma þessari grg. hér á framfæri.

Menntmrh. (Magnús T. Ólafsson): Herra forseti. Sá hv. þm., sem framsögu hafði fyrir till., sem hér liggur fyrir til umr., er einnig kennari, og ef sú lýsing, sem hann gaf á íslensku skólastarfi, ætti hvarvetna við, væri hverju orði sannara, að þar væri um mikið óefni að ræða. En hv. þm. er ekki aðeins kennari, hann er líka skáld, og ýmislegt af þeim ummælum, þar sem hann tók dýpst í árinni, hef ég tilhneigingu til að skrifa á reikning skáldgáfu hans frekar en kennarareynslu. Nú finnst mér það mikil prýði á íslenskukennara, að hann sé hagmæltur, og ég veit sem betur fer mörg dæmi þess, að slíkir kennarar hafa átt þess kost að lífga mjög móðurmálstímana með því að þjálfa nemendur sína

í kveðskap og náð þar oft almennum og góðum árangri. Ég læt þá von í ljós, að eitthvað af hæfileikum hv. þm. til að setja saman hnyttilega vísu hafi hrinið á nemendum hans, sem að vísu stefndu ekki að skáldstarfi, heldur sjómennsku, en hefur frá ómunatíð þótt prýði á hverjum íslenskum sjómanni, að hann gæti ljóðað á báruna af skipsfjöl.

Ef allt, sem hv. þm. taldi skólastarfi til annmarka, væri almennt í íslensku skólakerfi, held ég, að brýnasta nauðsyn væri að senda kennarastéttina, eins og hún leggur sig, í endurþjálfun og endurhæfingu, því að það væri að mínu viti vottur um geysilegan misskilning á hlutverki kennarans, ef þar væri eins að verki staðið og hann vildi, að mér fannst, vera láta.

Hitt er hverju orði sannara, að á þessu sviði eins og reyndar á ýmsum öðrum í þjóðfélaginu er mörgu áfátt. Vegna vitneskjunnar um það m. a. liggur fyrir hv. d. frv. um grunnskóla, sem hv. þm. drap lítillega á og virtist hafa heldur litla trú á, að yrði til bóta. Ég vil samt mælast til þess við hv. þm., að hann lesi það frv. gaumgæfilegar en hann virðist hafa gert til þessa. Ef hann gerði það, trúi ég ekki öðru en hann tæki eftir því, að þar er meðal margs annars fjallað um þau viðfangsefni, sem till. hans og hv. þm. Pálma Jónssonar fjallar um. Þar er til að mynda sú stefna mörkuð, að að því skuli unnið í skólastarfi og við skólabyggingar, að skólastarfið fari að sem mestu leyti fram innan veggja skólans, til þess að fyrirbyggja þannig, að nemendum sé íþyngt með óhæfilega löngum vinnudegi eða þeim sé gert að skila meiri heimavinnu en með góðu móti má ætlast til af fólki á þeirra aldursskeiði. Sömuleiðis er það mjög ríkt grundvallarsjónarmið í grunnskólafrv., að í skólastarfi öllu skuli taka sem ríkast tillit til þarfa, hæfileika og áhugasviðs hvers og eins í nemendahópnum. Þetta frv. er einmitt til þess sniðið að girða sem mest fyrir, að skólinn verði ítroðslustofnun, þar sem reynt sé að troða í alla nemendur sama afmarkaða námsefninu, heldur sé þar unnið að því að koma hverjum og einum af mjög misjafnlega gerðum og gefnum nemendahóp til nokkurs þroska.

Flm. (Halldór Blöndal): Herra forseti. Ég hygg, að sú ábending hæstv. menntmrh. sé rétt, að ég hafi ekki tekið það fram, að auðvitað áttu verstu lýsingar mínar eingöngu við mjög lítinn hóp nemenda. Það er til allrar hamingju svo, að flestir nemendur koma nokkurn veginn óskemmdir úr skólunum. Það breytir hins vegar ekki þeirri staðreynd, að á hverju ári eru nokkrir nemendur, sem koma stórlega skemmdir úr skólunum. Þetta held ég, að allir séu sammála um. Og ástæðan til þess er hreinlega sú, að skólarnir eru gagnvart lélegustu nemendunum ekki nógu jákvæð stofnun, til þess að þeim hafi tekist að laða þessa unglinga til jákvæðs starfs. Það, sem ég legg til, að gert sé, er að gefa þessum nemendum kost á því að velja á milli þess að vera í skóla síðustu ár skyldunámsins eða stunda vinnu, gagnleg störf, undir eftirliti fræðsluyfirvalda. Það er það, sem ég legg til.

Ég vil aðeins út af því, sem hæstv. menntmrh. sagði, að það væri markmið grunnskólafrv. og skólakerfisins að koma öllum til nokkurs þroska víkja að því, að því miður hefur stefnt svo í skólamálum, að nú er ekki hægt að taka undir þessi ummæli alhliða. Er t. d. komið svo nú, að í framkvæmdinni er ætlast til þess, — eða hvort það er samkv. grunnskólafrv., ég hef ekki kennt í 3. bekk gagnfræðaskóla nú um nokkurt skeið, svo að ég kann ekki alveg námsskrá landsprófs, — en ég hygg, að annaðhvort sé sú breyting á orðin eða í þann veginn að verða, að sama námsefni og sömu prófkröfur skuli gerðar í landsprófum miðskóla og í gagnfræðaprófi. Þetta er þá hugsað þannig, að ef nemandi geti ekki tileinkað sér þetta námsefni á einu ári, þá skuli hann fá til þess tvö ár. Þetta er sett upp í tvíliðu, hæfni manna til að tileinka sér ákveðið námsefni. Nú hafa tilraunir, sem gerðar hafa verið um þetta af kennurum, leitt hið gagnstæða í ljós. Ég álít, að við séum komnir þarna að miklum kjarna málsins. Ég álít, að þau samræmdu próf, eins og unnið er að þeim í skólakerfinu, séu hættuleg fyrir allt starf í skólunum. Ég álít, að það eigi að gefa skólunum svigrúm til þess að þróast nokkuð sinn í hverja áttina, skólarnir eiga að fá möguleika og hafa tækifæri til þess, að hver þeirra marki á sinn hátt sitt námsefni, en að sjálfsögðu undir eftirliti menntmrn., þannig að það geti fylgst með því, hvað er að gerast.

Um hitt atriðið talaði hæstv. menntmrh. ekkert, hvort hann teldi, að daglegur námstími væri of langur. Við getum aðeins gert þá reynslu á okkur sjálfum, hvernig okkur þyki að einbeita okkur frá kl. 8 að morgni til 4 e. h. að mismunandi verkefnum, eins og börnin verða að gera. Ég ætla svo ekki að lengja þessar umr. að öðru leyti en því, að ég vona, að þessi till. fái eðlilega skoðun í n. Fyrir mér er ekkert aðalatriði, hvort þessi till. sé samþykkt, eins og hún liggur fyrir. Fyrir mér er aðalatriðið það, að till. verði til þess, að yfirmenn menntamála í landinu gefi því verulegan gaum, hvort við erum að stefna í rétta átt. Erum við ekki að níðast á unglingunum? Það er þetta, sem þarf að athuga, og einnig hitt. Er það endilega víst, að Alþingi, fræðsluyfirvöld eða foreldrar geti krafist þess af börnum og unglingum, sem komin eru yfir fermingaraldur, að þau sitji í skóla, ef allur þeirra metnaður stendur t. d. til þess að fara á sjóinn? Margir af okkar bestu sjómönnum hafa einmitt kynnst sjónum á unga aldri, farið á sjóinn kornungir, og síðan hafa þeir gert hlé á sjómennsku, sest á skólabekk og lokið stýrimannaskólaprófi og reynst hinir mætustu atorku- og dugnaðarmenn í sínu starfi og lyftistöng fyrir sín byggðarlög. Má nefna margan manninn, sem þannig stendur á um. Við skulum ekki, eins og ég sagði áðan, gera of lítið úr því uppeldisgildi, sem er í vinnunni og í því að standa að verki með fullorðnu fólki, finna, að maður gerir gagn, skapar verðmæti. Við skulum ekki gera of lítið úr því.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Efri deild, 49. fundur.

Miðvikudaginn 23. jan., kl. 2 miðdegis.

Námslán og námsstyrkir, frv. (þskj. 267). — Frh. 1. umr.

Auður Auðuns: Herra forseti. Ég hafði í minni fyrri ræðu við þessa umr. óskað álits hæstv. menntmrh. á ákveðnum atriðum frv. Ég skal ekki að svo stöddu fara fleiri orðum um það atriði, sem varðar mat á efnahag foreldra eða fósturforeldra námsmanna, þegar um er að ræða A- eða B-lán, en það var varðandi vaxtahæð, vexti af B-lánum, sem ég hafði spurt hæstv. ráðh. um, hvaða rök lægju til þess mismunar, sem þarna væri um að ræða. Það er fjarri mér sannarlega að vilja auka greiðslubyrði námsmanna af námslánunum, en ég get hins vegar ekki fundið rökin fyrir þessum mismun á vöxtum af A-lánum og B-lánum. Og í ræðu hæstv. ráðh. gat ég ekki fundið, að kæmu fram rök fyrir honum. Nú er að vísu í grg. með frv., bls. 12, í niðurlagi 1. mgr. þar, sagt:

„Er talið rétt að stilla vöxtum af B-lánum í hóf til þess að draga ekki um of úr þeim jöfnuði, sem á að felast í þessum málum."

Þessi skipting í A- og B-lán er, eins og öllum er ljóst, hugsuð sem jöfnun á aðstöðu manna, meðan á náminu stendur. Þegar námi er lokið, þá fæ ég ekki betur séð en samkv. frv. séu leiðir til þess að jafna aðstöðumun manna til að greiða lánin, — leiðir, sem felast í því að dreifa greiðslum, afborgunum af lánunum á mismunandi langan tíma. Ég hef sem sé ekki fundið fullnægjandi rök fyrir þessum vaxtamismun. En ég skal ekki hafa fleiri orð um þetta eða um önnur atriði frv., vegna þess, eins og ég áður sagði, að ég mun hafa aðstöðu til þess að skoða það nánar og ítarlegar í n. og kynna mér viðhorf þeirra, sem þar yrði talin ástæða til að fá umsagnir hjá um efni frv.

Menntmrh. (Magnús T. Ólafsson): Herra forseti. Ég skal ekki furða mig á því, þótt hv. 6. þm. Reykv. gengi illa að finna í ræðu minni í fyrradag svar við spurningu sinni, því að í ljós kemur, að ég hef misskilið spurningu hv. þm. hrapallega, og bið ég afsökunar á því. Ég tók spurninguna þannig, að hv. þm. spyrði að því, hvort ekki væri unnt að losna við vaxtamismuninn með því að hafa breytilegan greiðslutíma eftir breytilegri greiðslubyrði af lánunum, og ég þóttist vera að svara því. En sjálfsagt er að greiða úr því máli, sem hv. þm. spyr um, eftir því sem mér er unnt að skýra það í stuttu máli.

Meginrökin fyrir mismunandi vöxtum af A-lánum og B-lánum eru þau, að A-lánin eru hin almennu lán, sem veitt eru eftir mati á fjárhag og og aðstæðum námsmannsins eins. B-lánin koma til viðbótar, eru veitt með hliðsjón af þeim fjárhagsstuðningi, sem talið er eðlilegt, að foreldrar geti veitt námsmanni. Í raun og veru eru B-lánin því beinlínis hugsuð til þeirra, sem lakar eru efnum búnir, og ætluð til þess að uppfylla að fullu margumrædda umframfjárþörf þeirra, sem lakar teljast settir. Þeir, sem hljóta B-lán, verða því að námi loknu að öðru jöfnu með mun hærri greiðslubyrði af námsskuldum heldur en þeir, sem aðeins hafa þurft A-lána með á sínum námsferli.

Af þessum sökum er talið, að þar sem strangara aðstöðumat fer fram, áður en B-lán eru veitt, þá séu rök fyrir því að hafa vexti af þeim lægri. En eins og ég tók fram við fyrri umr., er þar að auki gert ráð fyrir því, að sjóðsstjórn semji við námsmenn að námi loknu um greiðslutímann og hann verði miðaður við, hversu námsskuldin er há og greiðslubyrðin þar af leiðandi þung fyrir hvern námsmann.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 11 shlj. atkv. og til menntmn. með 11 shlj. atkv.

Hótel- og veitingaskóli Íslands, frv. (þskj. 276). — 1. umr.

Menntmrh. (Magnús T. Ólafsson): Herra forseti. Frv. á þskj. 276 fjallar um eina einfalda breytingu á l. nr. 6 frá 1971, um Hótel- og veitingaskóla Íslands. Breytingin er á þá leið, að inn í skólanefnd er bætt fulltrúa völdum af nemendum skólans. Eins og hv. þm. er kunnugt, hefur það verið mörkuð stefna a. m. k. á síðari árum, að nemendahópar í skólum skuli annaðhvort eiga aðild að skólanefnd eða skólastjórn, eftir því sem háttar til í hverjum skóla. Ósk kom fram frá Félagi matreiðslu- og framreiðslunema, þeirra nemenda, sem stunda nám í Hótel- og veitingaskólanum, að þeir fái aðild að skólanefndinni. Sjálfsagt þótti að verða við þessari ósk, og því er þetta frv. fram komið. Ég legg til, að því verði að þessari umr. lokinni vísað til 2. umr. og hv. menntmn.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 11 shlj. atkv. og til menntmn. með 11 shlj. atkv.

Viðskiptamenntun á framhaldsskólastigi, frv. (þskj. 277). — 1. umr.

Menntmrh. (Magnús T. Ólafsson): Herra forseti. Hingað til hefur menntun starfsmanna við verslun og skylda starfsemi hér á landi næstum eingöngu farið fram við einkaskóla. Þessir skólar eru tveir, Verslunarskóli Íslands, sem rekinn er á vegum einkaverslunarinnar, og Samvinnuskólinn, sem samvinnuhreyfingin rekur. Síðan hafa á síðari áratugum bæst við verslunardeildir við ýmsa gagnfræðaskóla, en sú menntun, sem þar er veitt, getur naumast talist sérhæfð viðskiptamenntun.

Það hefur lengi ljóst verið, að það fyrirkomulag, að þessum þætti menntunar og starfsþjálfunar sé eingöngu sinnt af einkaskólum, fær vart staðist til frambúðar. Þörfin fyrir sérmenntað fólk í verslun og skrifstofustörfum fer mjög vaxandi með breyttum atvinnuháttum, og jafnframt vex nauðsyn á því, að svo sé búið um hnútana, að sú menntun og þjálfun, sem

þetta fólk fær, sé sem staðbest. Á því eru hins vegar ýmsir hængir, að þessum kröfum sé hægt að fullnægja eins og æskilegt væri í einkaskólum. Kostnaður við skólahaldið eykst, eftir því sem kröfurnar vaxa, og þá er ekki um annað að ræða til þess að auka tekjur skólanna, eins og starfsþörfin krefur, en að hækka skólagjöld, sem falla á nemendur. En það er undantekning í íslensku skólakerfi, að nemendur, sem ætla sér störf í mjög fjölmennri starfsgrein, fái ekki aflað sér undirbúningsmenntunar nema í skólum, sem krefjast skólagjalda; reglan er sú, að sérskólar eru ríkisskólar, þar sem skólagjöld þekkjast ekki. Þar við bætist, að skólahald í skólunum, sem viðskiptamenn veita, hefur ekki getað farið fram án ríkisstyrks um langt árabil. Þessi ríkisstyrkur hefur farið all *mjög vaxandi. Þegar þannig er um hnúta búið*, er ekki auðvelt með málin að fara, með ákvörðun rekstrarstyrkjanna til þessara einkaskóla, þar sem ekki er við neinar lagareglur að styðjast. Af þessum ástæðum varð það að ráði, að sett var n. til að semja lagafrv. um framtíðarskipun verslunarmenntunar í landinu. Sú n. hefur skilað því frv., sem hér er lagt fram óbreytt.

Þar er kveðið á um verslunarmenntun á vegum ríkisins annars vegar og hins vegar gert ráð fyrir áframhaldi starfsemi einkaskólanna: Verslunarskóla og Samvinnuskóla, en skiptum þeirra og fjárveitingavalds ríkisins er skipað með lagareglum. Gert er ráð fyrir, að viðskiptamenntun á vegum ríkisins geti farið fram í mismunandi skólastofnunum, eins og segir í 6. gr. Er bæði gert ráð fyrir viðskiptanámsbrautum á framhaldsskólastigi, hvort heldur er í fjölbrautaskólum, menntaskólum eða framhaldsdeildum grunnskóla, og hins vegar sérskólum, sem alfarið eru stofnaðir til þess að mennta menn til starfa í viðskiptalífi. Svo er kveðið á í 7. gr., að hinn fyrsti sérskóli á ríkisins vegum til viðskiptamenntunar skuli stofnaður á Akureyri, og þykir það að athuguðu máli sjálfsagt, þar sem hinir viðskiptaskólarnir eru í landshlutum fjarlægum Norðurlandi og á Vesturlandi.

Í lagafrv. eru ákvæði um námsefni í viðskiptamenntun, þar sem kveðið er á um greiningu námsefnis í kjarna annars vegar og kjörsvið hins vegar. Í kjarna skulu vera þær námsgreinar, sem taldar eru sameiginleg undirstaða almennrar menntunar og viðskiptamenntunar sér í lagi, sem sé íslenska, stærðfræði, eitt Norðurlandamál, enska, vélritun, bókfærsla og hagfræði. Síðan skal gefinn kostur á kjörsviðum, eftir því sem ákveðið verður um námsbrautir í viðskiptamenntuninni. Við það er miðað, að nánari ákvæði um námseiningar og sérgreint nám verði settar í reglugerð.

Kveðið er á í 5. gr., hvaða helstu námsbrautir skuli standa til boða í viðskiptamenntunarskólum. Þar er um að ræða almenn skrifstofustörf, störf við bókhald, afgreiðslu- og deildarstjórnarstörf í verslunum, svo og almenn stjórnarstörf. Þar að auki er ráð fyrir því gert í sömu grein, að nemendur skuli með viðbótarnámi geta búið sig undir stúdentspróf auk hins sérhæfða náms í viðskiptagreinum. Í samræmi við þetta er gert ráð fyrir, að námið geti verið mismunandi langt eftir því, um hvaða námsbrautir er að ræða, þ. e. a. s. það geti tekið frá einu ári upp í fjögur ár.

Í 9. gr. eru svo ákvæði um stuðning ríkisins við rekstur Samvinnuskólans og Verslunarskóla Íslands, sem hefur eins og ég áðan sagði, átt sér stað um árabil, en án nokkurra skýrra fyrirmæla um, hvernig honum skuli háttað. Í 9. gr. er svo fyrir mælt, að rekstrarkostnað skólanna skuli greiða að fullu af ríkisfé, nema rekstrarkostnað heimavistar, þar sem hennar er þörf, en rekstur heimavistar skuli styrkja sem nemur 80% af kostnaði. Settur er einnig sá varnagli, að ríkisframlag megi að hámarki miða við kostnað í ríkisskólum á sama fræðslustigi. Síðan er ákvæði um framlag ríkisins til stofnkostnaðar kennsluhúsnæðis, sem byggt verður við þessa einkaskóla, *eftir að lögin taka gildi, og er ráð fyrir* því gert, að það sé að 80% greitt af ríkisfé. Sama á að gilda um heimavistarhúsnæði, þar sem ákveðið verður, að þess sé þörf. Svo er búið um hnúta, að styrkveitingar eru því háðar, að menntmrn. hafi samþykkt árlega áætlun um rekstrarkostnað þessara skóla og fé sé veitt á fjárl. fyrir stofnkostnaði. Loks er ákvæði um það í 9. gr., að framlög ríkisins skuli við það miðuð, að einkaskólar þessir starfi í samræmi við þá stefnu um viðskiptamenntun, sem fram er sett í frv. og þeim reglugerðum, sem settar kunna að verða samkv. því.

Ég vil taka fram, að alger samstaða var um þetta frv. í n., sem það samdi, en hana skipuðu bæði fulltrúar ríkisins og fulltrúar þeirra aðila, sem rekið hafa Verslunarskólann og Samvinnuskólann.

Legg ég svo til, herra forseti, að frv. verði eftir þessa umr. vísað til 2. umr. og hv. menntmn.

Halldór Blöndal: Herra forseti. Það er vissulega ástæða til að fagna því, að þetta frv. skuli fram komið, þar sem gert er ráð fyrir því, að stofnaður skuli sérstakur verslunarskóli eða skóli í viðskiptafræði á Norðurlandi. Þetta er gamalt baráttumál Norðlendinga. Hafa m. a. ungir sjálfstæðismenn mjög beitt sér fyrir þessu máli og gert um það ályktanir, og víða hefur komið fram áhugi á því.

Eins og kunnugt er, er Akureyri mikill verslunar- og iðnaðarbær og mikil þörf fyrir starfsfólk einmitt með viðskiptamenntun þar við hin margvíslegustu fyrirtæki, svo að þörf fyrir skóla af þessu tagi hefur verið mjög brýn.

Í aths. með frv. er tekið fram, að n. vænti þess, — væntanlega sú n., sem samdi þetta frv., — að skóli af þessu tagi rísi á Akureyri innan tíðar. Mig langaði af þessu tilefni að spyrja hæstv. menntmrh., við hvað sé átt með þessu orðalagi, mér virðist það nokkuð rúmt. Mér skilst, að í fjárl. yfirstandandi árs sé ekki gert ráð fyrir, að skóli af þessu tagi geti tekið til starfa á næsta hausti, og ég vænti þess, að hæstv. ráðh. beiti sér fyrir því, að í fjárl. fyrir næsta ár verði tekið framlag til skóla af þessu tagi. Ég álít, að þörfin fyrir slíkan skóla á Akureyri sé svo brýn, að það megi ekki lengur dragast.

Eins og fram kemur í aths. með frv., hefur einnig komið fram mikill áhugi á Húsavík fyrir því, að þar rísi verslunarskóli. Húsavík er mjög

vaxandi kaupstaður. Hitaveitan, sem þar er, og Kísilgúrverksmiðjan við Mývatn hafa að mínu viti gerbreytt vaxtarskilyrðum kaupstaðarins, og þar ríkir nú mikill stórhugur, m. a. í skólamálum. Skoðun mín er sú, að hiklaust eigi að stefna að því, að á Húsavík megi verða skólamiðstöð fyrir Þingeyjarsýslur. Þar er nú öflugt sjúkrahús, og þar er hægt að fá háskólamenntaða menn af margvíslegu tagi til þess að kenna valgreinar við skóla á framhaldsstigi. Ég álít því, að það eigi að leggja áherslu á að efla þar skólastarf og reyna með þeim hætti og á annan hátt að efla vöxt kaupstaðarins eins og hægt er.

Í þessu sambandi sé ég ástæðu til þess að minna á ýmis önnur baráttumál Norðlendinga í skólamálum. Ég minni t. d. á baráttuna fyrir fullkomnum tækniskóla og jafnvel tæknihláskóla á Akureyri, en á því ríkir mjög mikill áhugi hjá heimamönnum.

Menntmrh. (Magnús T. Ólafsson): Herra forseti. Ekki treysti ég mér til að greina hv. 2. þm. Norðurl. e. frá því, hvað vakað hefur fyrir n., sem frv. samdi, með orðalaginu „innan tíðar", sem viðhaft mun í grg. um stofnun viðskiptaskóla á Akureyri. Hins vegar get ég skýrt hv. þm. frá, hverjar mínar hugmyndir eru um það mál.

Forsenda þess, að unnt sé að hefjast handa að vinna að stofnun slíks skóla, er að sjálfsögðu jákvæð afgreiðsla Alþ. á því frv., sem hér er lagt fyrir, og ég fulltreysti, að hún eigi sér stað á þessu þingi. Að frv. samþykktu tel ég, að matið á hraða við stofnun viðskiptaskóla á Akureyri verði að fara eftir því, hve þörfin á skólastofnunum á Norðurlandi sé talin brýn. Álit mitt er, að þörfin sé það brýn, að sjálfsagt sé, að í fjárl. næsta árs, fjárl. þess árs, sem við tekur að þessu frv. samþykktu, verði fjárveiting til að koma viðskiptaskóla á stofn á Akureyri.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 11 shlj. atkv. og til menntmn. með 11 shlj. atkv.

Neðri deild, 53. fundur.

Miðvikudaginn 23. jan., kl. 2 miðdegis.

Tekjuskattur og eignarskattur, frv. (þskj. 171). — Frh. 1. umr.

Gunnar Thoroddsen: Herra forseti. Fyrir jól var þetta frv. um breyt. á l. um tekjuskatt og eignarskatt til umr. hér í hv. d. Hv. 1. þm. Reykn. fylgdi því úr hlaði með ítarlegri ræðu og gerði grein fyrir öllum meginatriðum þess. Hæstv. fjmrh. tók síðan til máls og hélt allítarlega ræðu um málið, og er það hvort tveggja, sem gefur mér tilefni til að taka hér til máls nú, að hæstv. ráðh. vék nokkrum orðum til mín og hélt fram í sambandi við þetta mál ýmsum þeim atriðum, sem óhjákvæmilegt er að ræða og leiðrétta.

Meginefni þessa frv. er, eins og hv. 1. þm. Reykn., fyrri flm., rakti, að hækka verulega persónufrádrátt með það meginsjónarmið í huga, að almennar launatekjur verði skattfrjálsar, í öðru lagi að lækka skattstigana, þannig að í stað 25% komi 15%, í stað 35% komi 25% og í stað hámarksins 44% komi 38%, auk þess að breikka stórlega þrepin milli þessara skattprósenta.

Þegar menn virða fyrir sér þetta frv., kemur glöggt fram, að hér er að meginstefnu til byggt á því sama, sem ríkisstj. Ólafs Thors, sem mynduð var í nóv. 1959, beitti sér fyrir þegar í ársbyrjun 1960. Sú breyting, sem þá var gerð á skattalögum og útsvarslögum, var stórfelld. Í rauninni var það stærsta umbót, sem gerð hefur verið í skattamálum á Íslandi. Það var hvort tveggja, að tekjuskattur til ríkisins var stórlækkaður, svo að almennar launatekjur urðu skattfrjálsar, og að sveitarfélögunum var gert kleift að lækka stórum tekjuútsvarið, en sá tekjumissir bættur upp með hluta þeirra af söluskatti. Varðandi tekjuskattsgreiðendur kom þetta svo glögglega fram á þessu fyrsta ári, 1960, sem eftirfarandi tölur gefa til kynna: Á árinu 1959 voru tekjuskattsgreiðendur í landinu 61900 eða rúmlega 79% af öllum framteljendum. En á fyrsta ári eftir þessa breytingu fækkaði skattgreiðendum úr þessum tæpum 62 þús. niður í 15 þús. eða um 19% af framteljendum. Þessar tölur tala vissulega sínu máli.

Um leið og þessi breyting 1960 var stórfelldasta umbót, sem gerð hefur verið í skattamálum hér á landi, þá held ég, að engum blöðum sé um það að fletta, að skattalög núv. hæstv. ríkisstj. eru mestu mistök, sem átt hafa sér stað í skattamálum á Íslandi. Hæstv. fjmrh. hóf mál sitt með því að segja út af þessu frv.: „Fjöllin tóku jóðsótt og fæddist lítil mús." Maður skyldi því ætla af upphafi ræðu hans, að honum þætti allt of skammt gengið í niðurfærslutill. okkar sjálfstæðismanna. En það var annað upp á teningnum, þegar lengra var fram haldið. Þó að þetta væri aðeins lítil mús í hans augum í byrjun, hafði hann ekki lengi talað, þegar þetta skattafrv. okkar sjálfstæðismanna var orðið að stórfelldri byltingu í skattamálum á Íslandi, svo stórfelldri byltingu, að ef það næði fram að ganga, yrði ekki aðeins að stöðva allar verklegar framkvæmdir, það mundi ekki nægja, heldur yrði að ganga í tryggingakerfið og skera það niður um helming, eins og hann komst að orði.

Ég skal víkja síðar nokkru nánar að þessum fullyrðingum hæstv. ráðh. um þá gífurlegu byltingu, sem þessi litla mús í hans augum mundi valda.

Hæstv. ráðh. vék svo að nokkrum atriðum, sem hann vildi gagnrýna, gagnrýna harðlega, og varð það fyrst fyrir, að hann taldi, að ákvæði í 4. tölul. 2. gr. væri með endemum, þar sem segir, að heimilt skuli fjmrh. að veita þeim, er við fiskvinnslu starfa, sérstakan frádrátt samkv. nánari ákvæðum í reglugerð. Um þetta segir hæstv. ráðh., að hér sé um hættulega undanþágu að ræða, þetta sé óframkvæmanlegt, að fjmrh. eigi að fara að ganga í frystihúsin og segja við menn: Þú vinnur í fiski, góði, þú átt

að fá frádrátt, — og síðan fari hann út á götuna og segi við manninn í gatnagerðinni: Þú ert í götunni, góði, og þú færð ekki neinn frádrátt. — Mig skal ekki undra, þótt hæstv. ráðh. þyki erfitt að bæta þessum snúningum á sig ofan á allt annað annríki.

Hér er um reginmisskilning að ræða, vegna þess að samkv. frv. á að setja reglugerð um þetta ákvæði, nánari framkvæmd þess, eins og ákveðið er í reglugerð um fjölda annarra frádráttarliða. Nú er það þannig, að í lögum eru margs konar frádrættir heimilir. Það hefur lengi verið í skattalögum t. d. sérstakur sjómannafrádráttur, frádráttur vegna hlífðarfata, fæðis, það hefur verið námsfrádráttur og frádráttur af alls konar félagslegum ástæðum, og hefur ekki, að ég ætla, komið svo mjög að sök, að slík ákvæði væru í lögum. En þetta sérstaka ákvæði fordæmir hæstv. ráðh. svo, að hann lýsir yfir sérstakri undrun á því, að slíkir menn sem hv. 5. þm. Reykv. — ég þakka fyrir traustið — skuli bera fram slíka fásinnu.

Nú er það þannig, að verkalýðssamtökin hafa nú tekið skattamálin alveg sérstaklega til meðferðar í kröfum sínum. Það er athyglisvert, að meginkröfur verkalýðssamtakanna í þeim samningum, sem nú standa yfir, eru tvær: Annars vegar kröfur um meiri kauphækkun en áður hefur þekkst, og ber það ekki sérstakan vott um, að launamenn telji, að kjör þeirra hafi batnað eins stórkostlega og hæstv. ríkisstj. heldur fram. Í annan stað eru kröfur verkalýðssamtakanna um stórfelldar breytingar á skattal., sem vinstri stj. hefur lögleitt, en öllum landsmönnum hefur orðið ljóst, að geta ekki staðist lengur.

Í ályktun um skattamál frá kjaramálaráðstefnu Alþýðusambands Íslands 12. okt. 1973 segir svo, með leyfi hæstv. forseta: „Verkalýðsfélögin ítreka þá kröfu, að nauðsynlegt sé, að persónufrádráttur til skatts fyrir einstakling verði ekki lægri en 300 þús. kr.“ Síðan segir, að auk þess fái verkafólk, er vinnur við fiskvinnslu, sérstakan skattfrádrátt, og er tiltekið, að hann þurfi að nema frá 9% upp í 18%.

Það, sem gert er í frv. okkar sjálfstæðismanna, er því, að við höfum tekið upp þessa einróma kröfu verkalýðssamtakanna á Íslandi um, að verkafólk, sem vinnur við fiskvinnslu, fái sérstakan skattfrádrátt. Það er fróðlegt fyrir þá, sem að þessari kröfu hafa staðið, að heyra undirtektir hæstv. ríkisstj. undir það mál.

Það er vitanlegt, að það skapar vissa erfiðleika að hafa undanþágur í skattalögum. En hjá því verður ekki komist, ef menn vilja taka tillit til félagslegra ástæðna, til þeirra ástæðna, að menn eru misjafnlega settir. Sumir þurfa á sérstökum skattfríðindum að halda vegna veikinda, vegna aldurs og vegna slysa, vegna náms eða af öðrum ástæðum. Þróunin í skattamálum hefur verið sú hjá okkur Íslendingum, að við höfum viðurkennt þessi félagslegu, þessi líknartillit meira og meira í okkar skattalögum. Og hvort sem okkur þykir ljúft eða leitt, verður að horfast í augu við það, að hér er í flestum tilvikum um sanngirnismál að ræða og að í reglugerð verður að setja nánari ákvæði um framkvæmd þessa vegna þess, hve oft er ógerlegt að rekja þetta nógu nákvæmlega í lögum.

Ég vil nefna í þessu sambandi eina undanþágu, sem lögfest var fyrir nærri aldarfjórðungi. Þá hafði það gerst, að þegar menn höfðu unnið sjálfir baki brotnu við að byggja íbúðir yfir sig, lagt nótt við dag, unnið allar helgar og aðrar frístundir með fjölskyldu sinni að því að koma upp yfir sig íbúð, — þegar þessu var lokið, gerðist það nokkrum sinnum, að ég ætla, að menn urðu að hrökklast frá íbúð sinni, neyddust til að selja hana eða hún var tekin lögtaki, vegna þess að aukavinna þeirra og skylduliðs þeirra við byggingu íbúðarinnar var af skattyfirvöldum samkv. skattalögum metin til tekna, þeim tekjum bætt ofan á aðrar tekjur viðkomandi og lagður tekjuskattur á það og tekjuútsvar. Til þess að ráða bót á þessu hörmulega ranglæti fluttum við sjálfstæðismenn nokkrir frv. til laga um, að aukavinna manna við byggingu eigin íbúðar skyldi skattfrjáls. Vitanlega heyrðust þau andmæli, að þetta væri óframkvæmanlegt, að taka þannig eina tegund aukavinnu út úr og gera hana skattfrjálsa. Samt sem áður var þetta samþykkt á Alþingi, vegna þess að þm. féllust á, að hér væri um sanngirnis- og nauðsynjamál að ræða. Þetta hefur verið framkvæmt í nær 25 ár, gert stórkostlegt gagn, ýtt mjög undir það, að menn gætu komið upp yfir sig íbúðum, bætt stórlega úr húsnæðisvandræðum á þessum tíma, og nú held ég, að engum detti í hug að færa þetta aftur í sama horf og áður var. Ég nefni þetta sem dæmi um eina undanþágu, sem var spáð illa fyrir og menn gagnrýndu í upphafi, en hefur reynst vel, þannig að enginn vill nú þar frá breyta.

Þetta var ein fyrsta aths., eitt fyrsta hneykslunarefnið hjá hæstv. ráðh. út af þessu frv., að sú undanþága, sem ætti að ákveða í reglugerð um fiskvinnslu, væri óframkvæmanleg með öllu. En annað hneykslunarefnið er í 4. gr. þessa frv., þar sem segir svo, með leyfi hæstv. forseta:

„Frá tekjum þeirra, sem eru á framfæri í foreldrahúsum eða við nám, skal draga það, sem útheimtist þeim til framfæris eða menningar, eftir nánari ákvörðun skattyfirvalda.“

Um þetta fór hæstv. ráðh. sterkum orðum. Hvernig væri fyrir skattstjórana að fara að framkvæma þetta atriði? Drottinn minn dýri, sagði hæstv. ráðh., ef ætti að fara að skilgreina þetta, það stæði í þeim mörgum, skattstjórunum. Nú er aðeins sá galli á fyrir hæstv. ráðh., að þetta ákvæði, sem honum finnst slík hneykslunarhella, er frá orði til orðs samhljóða gildandi lögum, nr. 7 frá 1972, sem hæstv. fjmrh. flutti sjálfur frv. að hér á þingi. Ég held, að frekari orð séu óþörf um þennan lið gagnrýninnar.

Hæstv. ráðh. ræddi um undanþágurnar enn frekar og hélt því fram nú eins og raunar áður, að hér ætti að innleiða bráttóskattálagningu, þ. e. a. s. skattálagningu á bráttótekjur, eins og komið var af hálfu núv. ríkisstj. í kring varðandi útsvörin. Í þeirri grg., sem útbýtt hefur verið til þm. frá n. um skattamál, sem hæstv. ráðh. hefur skipað, er þessu sjónarmiði haldið fram. Nú vil ég taka fram, að sú grg. er að mörgu leyti mjög merkilegt plagg, sem inniheld-

ur margar ágætar upplýsingar. Varðandi hins vegar þá stefnu, að tekjuskattslögum skuli breyta þannig, að leggja skuli á brúttótekjur til að koma í veg fyrir skattsvik eða draga úr þeim, eins og hæstv. ráðh. segir, það tel ég ákaflega vafasama stefnu. Það er að vísu rétt, að heimild til vaxtafrádráttar mun vera misnotuð í ýmsum tilvikum. En þó að hún sé misnotuð í ýmsum tilvikum, kemur hún að mjög góðu gagni fyrir ýmsa þá, sem erfiðast eiga og helst eru hjálpar þurfi í þessum efnum. Ég nefni það sérstaklega sem dæmi, að ákaflega margt ungt fólk hefur á síðustu árum verið að koma upp yfir sig íbúðum, skuldar að sjálfsögðu mikið í þeim, og er vissulega mikilvægt fyrir þetta fólk, sem er að koma undir sig fótum og byggja sitt heimili, að geta dregið vextina af húsbyggingarskuldunum frá tekjum sínum, áður en skattlagt er. Ég sé ekkert við þetta að athuga. Þvert á móti tel ég það miður, ef farið yrði að afnema þessa heimild. Það er þegar búið að afnema hana að því er snertir útsvarsálagninguna, og tel ég það miður farið. Hins vegar er sjálfsagt að reyna að finna leiðir til að koma í veg fyrir þá misnotkun, sem kann að eiga sér stað varðandi vaxtafrádrátt hjá ýmsum aðilum. En það leiðir ekki til þess, að afnema þurfi þessa heimild með öllu.

En það eru fleiri frádráttarliðir heldur en vextir. Eins og ég gat um áðan, eru leyfðir í skattalögum ýmsir frádráttarliðir af líknarástæðum, mannúðarástæðum og félagslegum ástæðum. Ég tel rangt að afnema þessi tillit með því að innleiða hér skattálagningu miðað við brúttótekjur, og tel það spor aftur á bak. Og ég tel það sérstaklega undrunarefni, að sú ríkisstj., sem fjálglegast talar um félagshyggju og félagssjónarmið, eins og þeir taka sér sérstaklega oft í munn, hæstv. fjmrh. og hæstv. iðnrh., að sú ríkisstj. skuli hafa á stefnuskrá sinni að afnema öll tillit og sjónarmið af félagslegum ástæðum með því að boða þessa nýju stefnu í skattamálum.

Að því er snertir skattsvikin, erum við auðvitað öll sammála um, að gera skuli þær ráðstafanir, sem nauðsynlegar eru og framkvæmanlegar til þess að fá sem réttust framtöl. En það er vissulega ekki í þá átt, sem sumar ráðstafanir núv. hæstv. ríkisstj. hafa miðað. T. d. var breyting gerð varðandi frádrátt kostnaðar vegna viðgerðar og viðhalds húsa. Áður lögðu menn fram reikninga fyrir því, sem viðgerðirnar höfðu kostað á hverju ári. Þurfti að vera sundurliðað og nákvæmlega tiltekið, hvað hver maður hafði fengið greitt. Þannig hefur þetta verið til skamms tíma og bæði sanngjarnt, að menn fengju þann raunverulega, nauðsynlega viðhaldskostnað dreginn frá, og auk þess var þetta mikilvægt aðhald í sambandi við skattframtölin. Hæstv. ríkisstj. hefur afnumið þetta og ákveðið, að dregin skuli frá viss prósenta af verðmæti húsanna, hvort sem lítið er gert til viðgerðar eða mikið. Þetta hefur m. a. þá þýðingu, að aðhald í framtölum, sem var vissulega mjög mikilvægt, hefur fallið niður og þar með aukist stórlega hættan á undandrætti tekna á framtölum.

Ég hef ekki orðið var við ýkjamargt annað en þetta frá ríkisstj. hendi í sambandi við skattaframtölin, og verkar það í öfuga átt, fremur til að auka undandrátt og skattsvik heldur en hitt.

Gert er ráð fyrir, að þær till., sem felast í þessu frv., muni minnka tekjur ríkissjóðs af tekjuskatti um 4 milljarða eða því sem næst. Hæstv. fjmrh. hefur sterk orð um það skrum, yfirboð og ábyrgðarleysi, sem þetta beri vott um. Og hæstv. ráðh. orðaði það þannig, að hann efaðist um, að sjálfstæðismenn mundu geta hugsað sér að lifa það af, ef þetta ætti að verða að veruleika. Nú þarf hann ekki að hafa áhyggjur af því. Ég er sannfærður um, að Sjálfstfl. og sjálfstæðismenn mundu lifa af og lifa góðu lífi eftir að hafa komið slíkri umbót í framkvæmd sem þeirri m. a. að verða við óskum verkalýðssamtakanna og launþegasamtakanna í landinu. En ég er ekki eins viss um, að hæstv. ríkisstj. lifi það af að hafna einróma kröfum launþegasamtakanna. Ég er ekki eins viss um, að hún lifi það af, þótt að vísu verði að viðurkenna, að reynslan hafi sýnt, að það er ótrúlega mikil teygja í þessari ríkisstj.

Hæstv. ráðh. telur það ábyrgðarleysi að bera fram slíkt frv. sem þetta. Ég vil í því sambandi fyrst taka fram, að þetta frv. er að meginstefnu það sama og viðreisnarstjórnin sjálf framkvæmdi. Viðreisnarstjórnin framkvæmdi þetta á sínum tíma, 1960, og er því harla undarlegt, að hæstv. ráðh. skuli nú kalla það algert ábyrgðarleysi og óraunhæft, að slíkar till. skuli bornar fram nú, sem framkvæmdar hafa verið í meginatriðum áður. En við skulum nú athuga nánar, hvernig eigi að mæta þessari lækkun á tekjuskatti.

Ég vil í fyrsta lagi taka fram, að víst er, að lagfæring eins og hér er farið fram á á tekjuskattinum, mundi þýða meiri afköst hjá fjölda manna og þar með auknar þjóðartekjur og þjóðarframleiðslu. Það er öllum vitanlegt, að þeir geysiháu skattar, sem nú eru, verða til þess, að margir ágætir menn draga af sér, þeir kæra sig ekki um, þegar þeir eru komnir upp í hámark skattanna, að þræla sér út til þess að láta meginhlutann af þeim viðbótartekjum, sem þeir afla, ganga til hins opinbera. Það er enginn vafi á því, að leiðrétting á sköttunum mundi auka afköstin, auka framtak manna og þar með auka þjóðarframleiðsluna.

Í öðru lagi mundi lagfæring á skattalögunum leiða til betri framtala. Reynslan er sú, að þegar skattar eru komnir úr hófi, eins og nú er, leiðir það alltaf til aukinna skattsvika. Það er reynslan hér eins og annars staðar. Skynsamleg skattalög mundu leiða til betri framtala, eins og reynslan ótvírætt sýndi á árunum 1960 og næstu árum á eftir, þar sem engir menn, sem til þekktu, voru í vafa um, að framtöl urðu miklu réttari en áður hafði verið.

Í þriðja lagi leiðir líka af lækkun skattanna, að innheimta verður hlutfallslega betri en áður.

Í grg. frv. er enn fremur minnst á nokkur atriði, sem koma til greina til að bæta upp tekjumissi, og er þar fyrst nefnd breytt efnahagsstefna. Ég held, að enginn geti verið í vafa um, að sú efnahagsstefna, sem hæstv. ríkisstj. hefur beitt, ef stefnu skyldi kalla, hefur átt gífurlegan þátt í verðbólgunni og þar með hinum stórauknu útgjöldum ríkissjóðs. Ef ábyrg efna-

hagsstefna væri upp tekin og reynt að hafa meiri hemil á vexti verðbólgunnar en verið hefur, þá leiðir af sjálfu sér, að ríkisútgjöldin þurfa ekki að vera í krónutölu eins há. Þetta er öllum mönnum ljóst.

Enn fremur nefnum við í grg. sparnað á ríkisútgjöldum og hagræðingu í ríkisrekstrinum. Þetta finnst hæstv. fjmrh. furðuleg speki. Nú er það þannig, að þegar hæstv. ráðh. spyr, hvað við viljum skera niður eða spara, þá er í rauninni málinu alveg snúið við. Það er skylda hans að gera alþjóð og þingheimi grein fyrir því, hvers vegna hann hefur hækkað útgjöld ríkisins í fjármálaráðherratíð sinni úr rúmum 11 milljörðum í 30 milljarða. Í rauninni ætti enginn fjmrh. að bera fram slíkt fjárlagafrv. eins og hann hefur gert án þess að gera glögga grein fyrir ástæðum hækkananna. Ef á að tala um ábyrgðarleysi, þá er það ríkisstjórnarmegin, en ekki hjá stjórnarandstæðingum.

Þegar hæstv. ráðh. tekur því svo fjarri, að nokkurs staðar sé hægt að spara eða draga úr, þá er mönnum kannske í minni, að þessi sami hæstv. ráðh. hefur í heilan áratug undanfarið sem fulltrúi flokks síns í fjvn. og frsm. heimtað niðurfærslu og sparnað á hverju einasta þingi. Á því ári, sem hann tók við völdum, voru fjárl. komin upp í rúma 11 milljarða. Á þessum árum, meðan fjárl. voru í þeirri upphæð og þaðan af lægri, heimtaði hann niðurskurð og sparnað og þóttist ekki vera í vandræðum með slíkt. En þegar hann sjálfur er búinn að hækka fjárl. úr 11 milljörðum upp í 30 milljarða, er hvergi hægt að koma auga á nokkurn lið, sem hægt sé að skera niður eða spara. Einhvern veginn finnst manni, að þetta standist heldur illa.

Þegar talað er um niðurskurð á fjárl., höfum við sjálfstæðismenn bent á það hvað eftir annað, bæði á þessu þingi og eins á síðasta þingi, að hyggilegasta leiðin í því skyni sé sú að ákveða hámark eða þak á útgjöldin. Ef við tökum t. d. fjárl. eins og þau nú eru, 30 milljarðar, þá hefði þurft að fá samkomulag um það eða a. m. k. traustan meirihlutavilja Alþ. og með ríkisstj. fyrir því að ákveða hámark, t. d. að ríkisútgjöldin á árinu 1974 ættu að vera — ekki allt að 30 milljörðum, heldur t. d. 26 milljarðar. Þegar menn hefðu komið sér saman um það, *tel ég, að vel sé framkvæmanlegt að skipta* útgjöldunum innan þessa ramma, lengra mætti ekki ganga, og fjármrn. og fjvn. mundu vel geta lokið því verkefni, ef vilji væri fyrir hendi. Þessi leið, að ákveða fyrir fram ákveðið þak eða hámark, hefur verið reynd annars staðar og gefist vel, og ég held, að það sé tími til þess kominn, að Íslendingar reyni hana líka.

Þegar hæstv. ráðh. talar um, að það sé skylda okkar að benda á tekjur í staðinn, þá er það algerlega rangt. Þegar litið er á hina gífurlegu þenslu ríkisútgjaldanna, er ekki sjálfgefið, að þó að eigi að lækka beina skatta, þá þurfum við að hækka aðra skatta jafnmikið. Til eru ýmsar leiðir, sem ég hef bent á. Hins vegar er sagt í grg. þessa frv., að ef þessi atriði, sem nefnd hafa verið, nægi ekki, verði að taka til athugunar breyttar fjáröflunarleiðir, og er þar að sjálfsögðu fyrst og fremst átt við óbeina skatta. En áður en til slíks er gripið, er skylda ríkisstj. og Alþ. að freista til hins ítrasta, hvort ekki megi færa niður fjárlögin. Í rauninni er bein skylda ríkisvaldsins að gera það vegna þess hversu ríkisútgjöldin eru komin úr öllu hófi. Ég hef minnst á það áður, að á áratugnum 1960—1970 voru útgjöld fjárlaga yfirleitt ekki meiri en milli 16 og 19% af þjóðarframleiðslunni. Á síðustu árum hefur þjóðarframleiðslan aukist gífurlega mikið í krónutölu, fyrst og fremst vegna góðæris í landinu, en ekki síst vegna gífurlegrar verðhækkunar á aðalafurðum okkar erlendis. Í rauninni hefði verið eðlilegt, að hlutfallstala ríkisútgjalda af þjóðarframleiðslu hefði lækkað úr 16—19%, þegar þjóðarframleiðslan hækkaði svona gífurlega. En önnur varð raunin á. Hæstv. núv. ríkisstj. var ekki fyrr komin í valdasess en hún byrjaði að hækka þessa hundraðstölu, þannig að á þessu ári, sem nú er að hefjast, má bera ráð fyrir, að ríkisútgjöldin verði ekki 16 eða 19% eða þaðan af minna af þjóðarframleiðslunni, heldur um 30% af þjóðarframleiðslunni. Auðvitað segir þetta til sín á mörgum sviðum. Þetta lamar atvinnulíf og framtak manna, það íþyngir með sköttum, og fjárl. eru að sjálfsögðu mikill verðbólguvaldur, þegar svo er haldið á málum.

Hæstv. ráðh. minntist á það í ræðu sinni um þetta mál fyrir jól, að óbeinir skattar gangi inn í vísitöluna, en beinir skattar ekki. Ég vil taka það sérstaklega fram sem mína skoðun, að ég er að þessu leyti sammála hæstv. ráðh., að *þetta misræmi getur ekki staðist*. Skoðun mín er sú, að annaðhvort eigi bæði beinir og óbeinir skattar að verka á vísitöluna eða hvorugir. Þegar hin mikla breyting var gerð á skattakerfinu 1960, kom þetta mál sérstaklega til umræðu, og ég held, að menn hafi þá verið nokkuð sammála um, að aðra hvora leiðina yrði að fara, en hitt, að láta t. d. óbeina skatta verka á vísitöluna, en beina skatta ekki, væri óverjandi gagnvart efnahagslífinu í heild og ranglátt. Þá var sú leið upp tekin eftir ítarlegar athuganir, að hvorir tveggja skyldu verka á vísitöluna, beinir skattar og óbeinir. Sú breyting, sem þá var gerð, verkaði þannig, að hin stórfellda lækkun á tekjuskatti og tekjuútsvari lækkaði vísitöluna, en sá 3% söluskattur, sem þá var lögleiddur, hækkaði hana. Að þessu leyti er ég hæstv. ráðh. sammála um, að æskilegt er að gera breytingu á núgildandi skipulagi, þar sem aðeins óbeinu skattarnir koma inn í vísitöluna, en þeir beinu ekki, að önnur hvor leiðin verði farin, bæði beinir og óbeinir skattar í vísitölunni eða bæði beinir og óbeinir skattar utan hennar.

Ég skal ekki fara öllu fleiri orðum um þetta mál að sinni. Ég vil aðeins út af orðum hæstv. ráðh. taka fram, að okkur sjálfstæðismönnum er full alvara með þetta frv. Við teljum það framkvæmanlegt, höfum bent á þær leiðir, sem við höfum í huga. Sérstaklega vil ég undirstrika, að í meginatriðum er þetta það sama sem Sjálfstfl. og Alþfl. framkvæmdu 1960 með gerbreytingu á skattal. Í rauninni ættu menn ekki að deila um það, að núgildandi skattalög eru óviðunandi. Þau eru óviðunandi, þau eru í rauninni hreint hneyksli, og er furðulegt, að hæstv. ríkisstj. skuli hafa leyft sér að hlutast til um, að afgreidd væru fjárlög hér á Alþ. fyrir jól,

sem byggð eru á óbreyttum tekjuskattslögum, þegar vitað er, að ekki aðeins stjórnarandstæðingar, heldur vafalaust þorri manna í stjórnarflokkunum krefjast gagngerðra breytinga hér á og samtök launþega hafa gert um það ítrekaðar samþykktir og kröfur, að hér verði að gera á stórfelldar breytingar, mjög í áttina við það, sem frv. okkar sjálfstæðismanna felur í sér. Hæstv. ráðh. vita vel, að í verkalýðssamtökunum hafa verkalýðsleiðtogar, sem standa stjórninni mjög nærri og jafnvel eiga sæti á Alþ. í stjórnarflokkunum, beitt sér fyrir þessu, tekið eindregið undir það, að svo verði að vera. Ég trúi því ekki, að verkalýðsleiðtogar, sem staðið hafa að slíkum samþykktum á kjaramálaráðstefnu Alþýðusambandsins og sett fram þær kröfur, snúist á móti þessu sama máli, þessum sömu lagfæringum, þegar þær eru lagðar fyrir Alþingi.

Ég segi: Það er furðulegt, að ríkisstj. skuli hafa látið afgreiða fjárl. þannig, að byggt er á óbreyttum skattal. En ég vil undirstrika, að það er gersamlega óhugsandi, að unnt verði að byrja á skattaálagningu á þessu ári að óbreyttum lögum. Ég tel útilokað, að farið verði að leggja á skatta eftir núgildandi skattalögum, og ég er sannfærður um, að þjóðin vill það ekki og þjóðin þolir það ekki.

Fjmrh. (Halldór E. Sigurðsson): Herra forseti. Ég skal ekki fara að þreyta hv. alþm. á löngum umr. um skattamál að þessu sinni, því að svo oft hafa þau verið á dagskrá, og hér er nú frh. umr., sem upphaf var að fyrir áramótin. En ástæðan til þess, að ég kvaddi mér hljóðs, voru nokkur atriði, sem ég taldi mér nauðsyn að leiðrétta, sem komu fram í ræðu hv. 5. þm. Reykv.

Í fyrsta lagi taldi hann, að þetta frv. þeirra hv. sjálfstæðismanna væri hliðstætt því, sem hefði gerst 1960, þegar þeir gerðu breytingu á skattal., svo sem rétt var hjá honum, lækkun frá þeim skattal., sem þá voru í gildi. Hins vegar varð þróunin sú, að á þessu varð mikil breyting á þeim 12 árum, sem þeir áttu fram undan að sitja í ríkisstj., og skal ég ekki fara út í það. En ástæðan til þess, að ég vil vekja athygli á þessu, er, að sú breyting, sem gerð var með skattal. og tekjustofnal. 1972, var m. a. fólgin í því að leggja niður persónuskattana og sjúkrasamlagsgjöldin, sem einstaklingarnir greiddu. Eins og ég sýndi fram á við 1. umr. fjárl. á s. l. hausti, mundu þessar fjárhæðir hafa numið samkv. fjárlagafrv., eins og það lá þá fyrir, tæpum 2300 millj. kr. Eftir þær hækkanir, sem fjárlagafrv. tók hér á hv. Alþ. í meðferð þingsins, væri um hærri upphæð að ræða, en ég hef ekki útreikning á því nú. Þessu til viðbótar benti ég á það, að sveitarfélögin hefðu orðið að greiða samkv. því kerfi, sem þá gilti, um 1150 millj. kr., svo að alls var þessi fjárhæð 3435 millj. kr. Með núverandi tryggingakerfi verður að taka þetta með í dæmið, þegar gerður er upp tekjuskatturinn nú og tekjuskatturinn samkv. l. 1960, vegna þess að þá var þetta alveg fyrir utan þau lög, en er nú innifalið í tekjuskattsl. Þegar þetta er frá tekið, þá sýndi ég fram á, að hækkunin frá 1971 til 1974, miðað við fjárlagafrv., væri 1233 millj. kr., sú hækkun, sem væri á tekjuskatti einstaklinga, miðað við, að gamla kerfið hefði haldið sér. Þetta er nauðsynlegt, að fylgi, þegar gerður er upp þessi samanburður. Á því vil ég vekja athygli.

Í öðru lagi vil ég taka það fram, eins og ég gerði í fjárlagaræðu minni í haust í sambandi við bráttóskattinn, að ég tel hann þýða það, að frádráttur, eins og vaxtafrádráttur, sjómannafrádráttur og slíkt, gæti ekki átt sér stað, heldur hitt, að sá frádráttur færi fram eftir skattlagninguna, að skattarnir yrðu lækkaðir, en það væri ekki gert áður en álagningin færi fram. Eins tel ég að vaxtafrádrátturinn verði að vera, það sé óhugsandi að fella hann niður, það hef ég oft og mörgum sinnum tekið fram, því að ég tel t. d., að unga fólkið í landinu mundi ekki þola þá byltingu, og ég mundi ekki samþykkja það. Hins vegar tel ég, að það verði að vera einhver takmörkun á vaxtafrádrætti, það sé ekki hægt að hafa hann eins takmarkalausan og hann er nú. Þetta taldi ég hægt að gera, þó að um bráttóálagningu væri að ræða. En ég taldi, að höfuðkostir hennar væru fólgnir í því, að frekar yrði hjá skattsvikum komist heldur en nú væri, því að lögverndun þeirra væri geysilega mikil.

Út af því, sem hv. 5. þm. Reykv. sagði um þá ákvörðun, sem var ákvörðun fjmrh. og ráðuneytisstjóra á sínum tíma í samráði við ríkisskattstjóra, að taka upp prósentu af fasteignamati vegna viðhalds, þá er það mál fyrst og fremst komið frá skattstjórunum. Það var til umr. á fundi skattstjóranna í haust, og það stendur mjög í þeim að breyta því í fyrra kerfi aftur, svo sem ég hafði óskað eftir, að gert yrði, og lét ræða sérstaklega á þessum fundi til þess að heyra álit þeirra, vegna þeirrar rekistefnu, sem alltaf varð út af því, hvort um væri að ræða viðhald eða endurbætur. Þetta mál er nú til sérstakrar athugunar í fjmrn. og hefur nýlega verið rætt m. a. við ríkisskattstjóra. Ég segi fyrir mig, að mér er ljóst, að á þessu hafa komið fram veilur, og ég tel, að það sé því þörf á breytingu. Það mun verða athugað og reynt þá að gera breytingu á því á fyrri hluta þessa árs, sem tæki ekki gildi fyrr en við skattaframtal á næsta ári, svo að ekki sé hægt að segja, að sé komið aftan að gjaldþegnunum þar um. Þetta vildi ég upplýsa.

Um innheimtu á sköttum er það að segja, að úr henni hefur ekki dregið, því að hún mun hafa verið einna best árið 1972, komst upp í 75%, og er það hæsta prósenta heildarskattainnheimtu, sem þá lá fyrir. Hvort hún reynist eins góð á árinu 1973, get ég ekki sagt um enn þá, um það liggja ekki fyrir tölur. En innheimtuprósentan hefur farið vaxandi á síðari árum.

Ég tel eðlilegt, þegar borin er saman þjóðarframleiðslan og skattarnir, að þá sé allt skattakerfið tekið þar til athugunar vegna þeirrar breytingar, sem varð um tilfærslu á útgjöldum ríkis og sveitarfélaga, bæði í sambandi við tryggingarnar, eins og ég hef áður tekið fram, og eins við lögreglumennina, það sé óeðlilegt að taka aðeins ríkisþáttinn í því, það verði að vera

heildarskattheimtan hjá því opinbera, þ. e. ríki og sveitarfélögum, til þess að þetta sé sambærilegt.

Ég tek svo undir það með hv. 5. þm. Reykv., að við erum sammála um, að það ber brýna nauðsyn til, að það gildi eitt og sama um beina skatta og óbeina. Ég tel eðlilegast, að hvorir tveggja séu utan visitölu. Ef annar þátturinn er utan visitölu, en hinn í visitölunni, hljóta bæði einn og annar, sem gegna embætti fjmrh., að horfa á þann þáttinn, eins og hann liggur fyrir, og ég held, að við verðum sammála um það. Sú breyting var gerð aftur í tíð viðreisnarstjórnarinnar, að þetta var aðskilið. En eitt af því, sem hefur verið rætt nú við launþegasamtökin í sambandi við hugsanlega lækkun heildarskatta, er einmitt þáttur visitölunnar hvað viðvíkur óbeinum sköttum.

Ég vil svo að endingu taka fram, að það hafa farið fram umr. og fara fram umr. á milli ríkisstj. annars vegar og launþegasamtakanna hins vegar um þær óskir, sem þau báru fram. Hver niðurstaðan kann að verða, get ég ekki sagt um nú, en þessar umr. eru í gangi og er verið að undirbúa þau verk, sem talið er nauðsynlegt að vinna til þess að átta sig betur á málinu í heild. — Þessu vildi ég nú koma að hér.

Pétur Sigurðsson: Herra forseti. Vegna þess, sem kom fram síðast í ræðu hæstv. fjmrh., og reyndar enn fremur vegna þess, sem áður hafði komið fram, þegar hann minntist á skatta sjómanna, tel ég rétt að rifja nokkuð upp gang þeirra mála nú á síðustu árum. Ég held, að hæstv. ráðh. geri sér ekki grein fyrir samhengi þessara mála, svo sem vert væri, sérstaklega þó ekki þegar hann og aðrir hæstv. ráðh. hafa nú um margra vikna skeið rætt við fulltrúa launþega og væntanlega þá líka fulltrúa sjómanna, sem nú standa í kaup- og kjaradeilum við sína vinnuveitendur, en hafa jafnframt gert þá grundvallarkröfu til ríkisvaldsins, að breytt verði núverandi formi skattalaga, m. a. til þess að breyta þeirri kenningu núverandi stjórnarflokka, að þeir eigi að taka svo og svo mikið, eins og gert er núna, af þjóðinni og þ. á m. af launþegum og ráðstafa því sjálfir. Með kröfum verkalýðsfélaganna hefur þessari kenningu stjórnarflokkanna verið mótmælt. Almenningur sjálfur vill hafa þetta fé í sínum höndum og nota það eftir geðþótta, en ekki láta það vera í höndum misviturra ráðh.

Þegar breyting var gerð á tekjustofnalögunum á sínum tíma af núv. hæstv. ríkisstj., voru m. a. þær breytingar gerðar um skattfríðindi sjómanna, að felld voru niður fríðindi, sem sjómenn höfðu haft, í sambandi við útsvör til sveitarfélaganna. Það var fellt niður, ekki aðeins til fiskimanna, heldur og til farmanna, en farmenn höfðu unnið sér þessi réttindi m. a. í samningum á löngu árabili. Það hafði skeð í þó nokkur skipti, að þessi fríðindi áunnust í sambandi við mjög erfiðar vinnudeilur. Ríkisvaldið skarst í leikinn og lagði þetta fram sem sitt framlag til að leysa þessar erfiðu deilur. Um það leyti, sem þessi lög voru til umr. hér á Alþ., taldi þessi fjölmenna launþegastétt sig þurfa að fara í vinnudeilu til að herða að vinnuveitendum í sambandi við kröfur sínar um kaup og kjör. Hún þurfti að standa í verkfalli um 5 vikna skeið. Hæstv. ríkisstj. stóð upp og þakkaði fyrir sig skömmu síðar og afnam þessi fríðindi, sem þessi stétt manna hafði haft um nokkurra ára skeið og hafði áunnið sér í fyrri samningum og fyrri kaup og kjaradeilum. Hins vegar er rétt, að hæstv. ríkisstj. lagði til í sambandi við lög um tekjuskatt og það var samþ. hér á þingi, að fiskimenn fengju 8% bruttófrádrátt. Þetta er alveg hárrétt. Vegna þess að þetta er ríkisstj. hinna vinnandi stétta, er rétt að benda á það dæmi líka. En þetta kemur þannig fram, að hásetinn, sem hefur 500 þús. kr. bruttóárslaun, fær 40 þús. kr. frádrátt samkv. þessari kenningu ríkisstj. hinna vinnandi stétta. Skipstjóri, sem hefur 4 millj. í árslaun, fær 320 þús. kr. Er það furða, þótt jöfnuðurinn eigi að ráða áfram hjá þessum hv. herrum.

Þá vil ég gjarnan rifja upp fyrir hæstv. ráðh. og sérstaklega hæstv. fjmrh., — ég veit, að hann hefur hlaupið úr salnum, vegna þess að hann þekkir þetta allt, — í sambandi við sjúkrasamlagið, vegna þess að þetta átti allt að vera fyrir hinn almenna borgara, sem þar var gert, að sjómannastéttin hafði um langt árabil notið þeirra fríðinda í gegnum fyrri samninga og hefðir, að útgerðirnar greiddu sjúkrasamlagsgjaldið fyrir sjómenn. Nú skal ég fúslega viðurkenna, að ekki veitti af að taka þennan pinkil af útgerðunum. En hvað var gert um leið? Jú, auðvitað, þessi pinkill kom á skattgreiðendur í gegnum tekjuskattinn, þannig að stjórnarvöldin tóku þessi fríðindi af sjómönnum, en lögðu þennan pinkil á þá aftur í gegnum tekjuskattinn. Þetta er í stórum dráttum saga hæstv. núv. ríkisstj. í sambandi við skattfríðindi sjómanna. Um hitt verður að gerą kröfu til núv. hæstv. ríkisstj., að hún fari að tjá sig eitthvað um það, hvað hún ætli sér í þessum málum, hvað hún geri í sambandi við kröfur verkalýðsfélaganna. Það má vera, að það sé spilaður einhver pólitískur hókus-pókus hjá ákveðnum fjölda þeirra, sem þar fara með mál í dag. Ég er hins vegar viss um, að hinn stóri meiri hl. í launþegahreyfingunni hér á Íslandi mun ekki una því öllu lengur að heyra hvorki ábyrgt boð frá vinnuveitendum né neitt ábyrgt frá núv. hæstv. ríkisstj. Ég er hræddur um, að ef ekki heyrist eitthvað í sambandi við skattamál frá ríkisstj. og eins og ég sagði áðan: ábyrgt boð frá vinnuveitendum, þá muni eitthvað frekar heyrast á næstunni frá vinnandi fólki á Íslandi í sambandi við kaup og kjaramál þess.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 24 shlj. atkv. og til fjh.- og viðskn. með 24 shlj. atkv.

Verndun Mývatns og Laxár, frv. (þskj. 275). — 1. umr.

Menntmrh. (Magnús T. Ólafsson): Herra forseti. Því máli hefur verið hreyft fyrir þó nokkru, hvort ekki væri ástæða til að gera sérstakar ráðstafanir með lagaákvæðum til að tryggja fullnægjandi vernd á þeim einstæðu náttúruskilyrðum, sem ríkja í Mývatnssveit og í því nágrenni, sem Mývatni er tengt með Laxá. Það ætti að vera á allra vitorði, svo að ekki þurfi

að rekja í löngu máli, að Mývatn og svæðið þar í kring á sér engan líka hvað náttúruskilyrði snertir og náttúrufar hér á landi og þótt víðar væri leitað. Hins vegar fylgja nútíma atvinnuháttum og umferð ýmsar hættur fyrir náttúrufar slíkra staða, sem er viðkvæmt fyrir hvers konar mengun og átroðningi. Um þetta mál hefur margt verið sagt, en það komst á ný á dagskrá, þegar uppi voru samningaumleitanir um að binda endi á deiluna um virkjunarframkvæmdir í Laxá. Eitt af ákvæðunum í því samkomulagi, sem gert var um niðurfellingu málaferla í þeirri deilu, var, að ríkisstj. skyldi beita sér fyrir sérstakri löggjöf um verndun Mývatns- og Laxársvæðis.

Þetta ákvæði er ætlunin að uppfylla með því frv. til l. um verndun Mývatns og Laxár í Suður-Þingeyjarsýslu, sem fram er lagt á þskj. 275. Frv. þetta er samið fyrir forgöngu Náttúruverndarráðs. Það var talinn sjálfsagður aðili til að beita sér fyrir þeirri lagasetningu, sem fullnægði því fyrirheiti, sem gefið var af ríkisstj. hálfu, þegar Laxárdeilan var sett niður. Náttúruverndarráð hefur við samningu þessa frv. haft samband við heimamenn. Lagaákvæði frv. eiga að taka til Skútustaðahrepps og Laxár með hólmum hennar og kvíslum allt að ósi ásamt 200 metra breiðri ræmu á báðum árbökkum. Á þessu svæði eru með frv. settar hömlur á mannvirkjagerð og jarðrask umfram það, sem almennt er gert í náttúruverndarlögum. Þar má ekki reisa mannvirki né gera jarðrask nema með leyfi Náttúruverndarráðs. Sömuleiðis eru breytingar á hæð vatnsborðs stöðuvatna og rennsli straumvatna óheimilar nema til verndunar og ræktunar, nema til komi sérstakt leyfi frá Náttúruverndarráði. Þó er tekið fram, að heimila skuli nauðsynlegar og eðlilegar framkvæmdir til búskapar á lögbýlum, nema Náttúruverndarráð telji, að þær framkvæmdir valdi spjöllum á náttúruverðmætum.

Í 4. gr. frv. er kveðið svo á, að komið skuli upp og rekin náttúrurannsóknastöð við Mývatn. Þegar hafa verið lögð drög að því að setja þá stöð á stofn, en samkv. frv. þessu eru sett í lög ákvæði um stjórn stöðvarinnar og starfsemi hennar. Gefur auga leið, að á stað eins og í Mývatnssveit hefur tilvera slíkrar rannsóknastöðvar mikla þýðingu, bæði fyrir hreinfræðilegar rannsóknir og ekki þó síður fyrir þau hagnýtu verkefni, sem leysa þarf og hljóta að koma til álita í sambandi við framkvæmd þess frv., sem hér er rætt um, ef að lögum verður.

Í stórum dráttum má segja, að markmiðið með þessari lagasetningu sé að fullnægja þeirri sérstöku verndarþörf, sem er á stað eins og við Mývatn og ekki er fullnægt með almennum ákvæðum náttúruverndarlaga. Þar þarf enn nánara eftirlit og enn ríkari rétt náttúruverndunar aðila heldur en á öðrum stöðum til þess að samræma á fullnægjandi hátt þarfir atvinnurekstrar, heðbundins búskapar, ferðamennsku og verndunar náttúruverðmæta.

Ég legg til, herra forseti, að frv. verði að þessari umr. lokinni vísað til 2. umr. og hv. menntmn.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Sameinað þing, 46. fundur.

Fimmtudaginn 24. jan., kl. 2 miðdegis.

Eignarráð á landinu, þáltill. (þskj. 57). — Frh. fyrri umr.

ATKVGR.

Till. vísað til síðari umr. með 31 shlj. atkv. og til allshn. með 31 shlj. atkv.

Brottnám mannvirkja frá styrjaldarárunum, þáltill. (þskj. 70). — Frh. fyrri umr.

ATKVGR.

Till. vísað til síðari umr. með 33 shlj. atkv. og til allshn. með 33 shlj. atkv.

Stytting vinnutíma skólanemenda, þáltill. (þskj. 82). — Frh. fyrri umr.

ATKVGR.

Till. vísað til síðari umr. með 33 shlj. atkv. og til allshn. með 33 shlj. atkv.

Fjárreiður stjórnmálaflokka, þáltill. (þskj. 42). — Frh. einnar umr.

Bjarni Guðnason: Herra forseti. Ég vil strax láta í ljós, að ég styð mjög eindregið þessa þáltill., sem hér er til umr. og lýtur að rannsókn og lagasetningu varðandi fjárreiður stjórnmálaflokka, þar sem Alþ. ályktar að fela ríkisstj. í fyrsta lagi að láta fara fram opinbera rannsókn á fjárreiðum og eignum stjórnmálaflokka og í öðru lagi að láta undirbúa og leggja fyrir Alþ. frv. til l. um fjárreiður stjórnmálaflokka og eftirlit með þeim.

Þessi þáltill. speglar þann vanda, sem hefur alls staðar komið upp í lýðræðisríkjum, og er fólginn í því að tryggja, að hið svokallaða peningalýðræði ráði ekki alfarið í þjóðfélaginu, heldur verði minnihlutahópum tryggður möguleiki á því að koma fram skoðunum sínum og standa jafnvígis hinum fjármagnssterku aðilum í þjóðfélaginu í sambandi við frjálsa skoðanamyndun og baráttu fyrir framförum í þjóðfélaginu. Þetta vandamál hefur verið leyst víða á marga lund, og ég hygg jafnvel, að hið sérstæða Watergatemál í Bandaríkjunum sýni þann vanda, sem ríkir í lýðræðisþjóðfélagi, og í Bandaríkjunum, þar sem peningalýðræðið er líklega hvað mest, eru þó hin þingræðislegu öfl búin að setja ákveðnar hömlur í sambandi við stjórnmálaflokka þar í landi og fjáröflun til þeirra. Í Bretlandi hafa verið settar ýmsar skorður við og aðhald að stjórnmálaflokkunum, og á Norðurlöndum hafa þegar verið settar ýmsar reglur eða eru í athugun. Þetta varðar líka blöðin. T. d. eru ákveðnar reglur um fjármagn til blaða. Þetta vandamál, sem hér er til umr., er m. ö. o. angi af því alþjóðavandamáli í lýðræðisríkjum, sem allar þjóðir

eiga við að glíma. Það er því eðlilegt, að Íslendingar taki þetta mál til gaumgæfilegrar athugunar, því að í okkar þjóðfélagi blasir það við, að einn flokkur, Sjálfstfl., er langsamlega fjármagnssterkasti flokkurinn og rekur útbreiddasta og fjármagnssterkasta blað landsins. Er því ekki nema eðlilegt, að hér þurfi að reyna að tryggja, að minnihlutahóparnir fái nokkurt jafnrétti í því efni.

Ég er því alveg samþykkur þeirri stefnu, sem hefur verið uppi hér á Alþ., að veita eitthvert fé til blaða til að tryggja hina svokölluðu frjálsu skoðanamyndun. Ég tel líka eðlilegt, að stjórnmálaflokkunum eða þingflokkunum sé veittur einhver styrkur í sambandi við hina svokölluðu sérfræðilegu aðstoð. Hins vegar er því ekki að leyna, að þetta eru orðnar allmiklar upphæðir. Það eru 32 millj. kr., sem veittar eru til blaðanna, allra blaða, og það eru 6 millj. til þingflokka. Þetta gerir hvorki meira né minna en 38 millj. kr. af opinberu fé. Því verður ekki neitað, að hér er í raun og veru allt of langt seilst. Ég hygg, að þarna búi að baki fyrirtæki m.a., sem heitir Blaðaprent og ýmsir aðilar hafa þurft að styrkja og standa undir. En það, sem ég tel ámælisvert og aðfinnsluvert, eru þær úthlutunarreglur, sem gilda í sambandi við þessi mál öll, *og ég skal aðeins víkja að þeim.*

Í fyrsta lagi eru 6 millj. kr. veittar til þingflokka, 6 millj. kr. fyrir sérfræðiaðstoð. Nú vill svo til, að það leikur vafi á því, hvort ég geti talist þingflokkur eða ekki, og ég hygg að deila megi um það lögfræðilega. En þetta klókindabragð hjá hinum stöðluðu þingflokkum hér í þinginu veldur því, að í þessu er ekki jafnrétti. Ég lít svo á, að þessar 6 millj. til sérfræðiaðstoðar ættu fyrst og fremst að koma þar, sem veruleg þörf væri fyrir, og vil ég benda á í sambandi við það, að stórir þingflokkar eiga að sjálfsögðu miklu auðveldara með að skipta verkefnum á milli þm. Það er ólíkt þægilegra fyrir Sjálfstfl. með sinn fjölda þm. að skipta málaflokkum milli þm. og reyna að sinna þeim þannig heldur en fyrir litla flokka. M.ö.o. tel ég, að þeir þyrftu ekki ýkjamikla sérfræðiaðstoð. *Hins vegar er miklu erfiðara í fámennum þingflokkum og sérstaklega þegar maður rær einn á báti eins og ég.* Mætti ætla, að ég þyrfti líka einhverja aðstoð, og segir sig sjálft, að ég þarf ekki síður aðstoð, heldur miklu fremur, þar sem ég þarf einn að sinna öllum málum. Þörfin er í raun og veru meiri, eftir því sem þingflokkurer minni. Ég tel, að með þessu tæknilega atriði, að binda þetta við þingflokk á þennan hátt, sé hér ríkjandi sá andi, að verið sé að halda uppi tryggingakerfi þessara gömlu flokka, sem ég hef verið að deila á. Ég tel því fráleitt, hvernig þessum 6 millj. kr. er úthlutað til sérfræðiaðstoðar við þingmennina, að því skuli hagað þannig að útiloka nánast einn þm. með þessu undarlega orðalagi. Og kannske verður þetta enn augljósara í sambandi við úthlutun blaðastyrks.

Í fyrsta lagi tel ég, að það nái ekki nokkurri átt að úthluta 32 millj. kr. til blaðanna. Ég tel, að það sé allt of langt gengið, og vil taka það fram. Hitt þykir mér einkennilegt og sýnir erfiðleikana í þessu máli, að samkvæmt fjárlögum átti nefnd að úthluta þessu fé, deila til blaðanna, og voru skipaðir í þessa n. fulltrúar frá þingflokkunum. En það kom í ljós, að þessi n. gat ekki komið sér saman um, hvernig ætti að úthluta þessu fé, gafst upp. Þess vegna var þessu vísað til fjmrn., sem úthlutaði því fé, sem var á síðustu fjárlögum, 18 millj. kr. Mér hefur skilist af því, sem ég hef kynnt mér, að í þessari n. sætu m.a. tveir menn, sem eru nú að bræða sig saman í svonefndan Jafnaðarmannaflokk, og ég get nefnt þá. Það er núv. form. Alþfl. og það er núv. félmrh. Þeir lögðust mjög gegn því, að það blað, sem ég stend að ásamt minum félögum og heitir Nýtt land, fengi eina krónu til styrktar, þó að úthluta ætti 18 millj. til blaðanna. Þetta var jafnaðarhugsjónin, og ég vil frábiðja mig slíkri jafnðarmennsku. Á hverju eiga þeir von, sem kjósa þessa menn sem brautryðjendur jafnaðarmennsku. Þetta sýnir hvert stefnir. En þetta er einn þáttur í því að reyna að leggjast á það, sem ég kalla frjálsa skoðanamyndun, og einhverjar nýjar hreyfingar í þjóðfélaginu. Þess vegna fór þetta til fjmrn., af því að þessir höfuðskörungar gátu ekki komið sér saman um í n. hvernig ætti að úthluta þessu, og jafnaðarmannaforingjarnir — þeim sé lof og dýrð — lögðu á það allt kapp að standa gegn því, að Nýtt land fengi nokkurn styrk eins og hin blöðin.

Í sambandi við þessa úthlutun langar mig að greina frá því, að það voru búnar til einhverjar úthlutunarreglur, að því er mér virðist, og ein var sú, að grundvallartala var að láta 600 þús. kr. fara til þingflokka. Það var stofngjaldið. Nú er ekki verið að veita sérfræðilega aðstoð við þingflokka, heldur er hér verið að tryggja frjálsa skoðanamyndun í landinu. Það er grundvallareining, 600 þús. kr. til þingflokka. Það er eins og þingflokkarnir séu einir allra aðila með skoðanamyndun. En þetta var náttúrlega lausnarorð, því að þá var hægt að tryggja, að þingflokkarnir, sem hér væru fyrir, fengju 600 þús. kr. sem eina grunneiningu, en um leið var hægt að tryggja, að sú hreyfing, sem ég stend að, hefði þar ekki aðild að.

Nú má segja sem svo, að hér sé um að ræða frjálsa skoðanamyndun og þá auðvitað ekki miðað við þingflokkana, heldur stjórnmálaflokkana og líka ýmsa þá aðila í þjóðfélaginu, sem vilja koma fram með ný sjónarmið og standa að nýjum hræringum í þjóðfélaginu. En með því að binda frjálsa skoðanamyndun við þingflokka í þinginu, er verið að tryggja þá flokka, sem fyrir eru, og reyna að bægja öðrum hugsanlegum hreyfingum frá. Hvernig tekur þetta sig út í raun? Ég skal aðeins sýna, hvernig þetta kemur út.

Einn glæsilegasti stjórnmálaflokkur landsins heitir Samtök frjálslyndra og vinstri manna, og blaðaútgáfa þessa flokks eða samtaka var, eftir því sem ég hef komist að raun um, 22 tölublöð af Þjóðmálum. Þeir hafa gefið að auki út mikið rit og gott á Akureyri, sem heitir Verkamaðurinn, 17 tölublöð á s.l. ári. M.ö.o. þessi flokkur hefur gefið út innan við 40 tölublöð á árinu og fær fyrir það, að mér skilst, 1 millj. og 200 þús. kr. Þetta er dálaglegur skildingur fyrir að gefa út innan við 40 tölublöð. En það er ekki nóg með það að afhenda 1.2 millj. kr. á þennan hátt

af almannafé, heldur vil ég benda á, að þessar 600 þús. kr., sem fóru til þingflokkanna, áttu að fara til þess að styrkja blöð á landsbyggðinni. Samtök frjálslyndra hafa m. ö. o. gefið út Verkamanninn í 17 tölublöðum á árinu 1973 og fá út á það 600 þús. kr. Dálaglegur skildingur það.

Hitt verð ég að segja, að þegar blöð eru styrkt af hinu opinbera á þennan hátt, vaknar sú spurning, hvort eigi ekki að gera nokkrar kröfur til þessara blaða. Á að taka fé úr almanna sjóði, afhenda það blöðunum, án þess að séu gerðar nokkrar kröfur í staðinn? Að sjálfsögðu ekki. Ég vil t. d. taka eitt, sem allir vita, það er það, að blöðin fá greiddar opinberar auglýsingar. Það er annar liður. Það er þjónusta, sem blöðin veita, og þetta er greitt, opinberar auglýsingar. Ég skal nú lesa upp fyrir þingheimi, hvernig misnotkunin er á þessu í Þjóðmálum, í því blaði og þeim flokki, sem fær 1.2 millj. á ári fyrir að gefa út 40 tölublöð. Því greip ég í 17. tölublað af Þjóðmálum, og sem er með dagsetningunni 17. okt. 1973. Blaðið kom út um skeið, ég vil ekki segja vegna málefnafátæktar, en það var einhver aumingjaskapur yfir blaðinu, — það kom út um nokkurt skeið framan af árinu svona aðra og þriðju hverju viku eftir veðurfari. En aðstandendur Þjóðmála eru svo grinagtugir og skemmtilegir, að þó að tölublaðið komi út 17. okt., hálffylla þeir blaðið með opinberum auglýsingum um umsóknir um stöður og auglýsingu frá Húsnæðismálastofnun ríkisins o. s. frv., þar sem þessar auglýsingar eru gjörsamlega ónýtar, því að umsóknarfrestur og annað er útrunnið fyrir hálfum mánuði eða mánuði. Ég skal nú, þingheimi til skemmtunar, lesa þetta örlítið.

Hér er auglýsing frá Æskulýðsráði Reykjavíkur, hana á líklega Reykjavíkurborg að greiða: „Styrkir vegna nýjunga í starfi æskulýðsfélaga.“ Síðan segir: „Æskulýðsráð Reykjavíkur mun á þessu hausti veita nokkra styrki til þeirra æskulýðsfélaga, er hyggja á nýjungar í starfi sínu í vetur. Umsóknir um slíka styrki með ítarlegri grg. um hina fyrirhuguðu tilraun eða nýbreytni óskast send framkvæmdastjóra ráðsins, Frikirkjuvegi 11, fyrir 15 okt. n. k.“ En blaðið kemur út 17. okt.

Hér er auglýsing um skoðun bifreiða í lögsagnarumdæmi Reykjavíkur. Ég sé ekki betur en það yrði búið að skoða allar þessar bifreiðar, löngu áður en blaðið kemur út.

Hér er önnur hver auglýsing af þessu tagi. Það er tilkynning frá Stofnlánadeild landbúnaðarins, þar sem á að vera búið að skila umsóknum um lán fyrir 15. okt. Orðsending frá bæjarstjórn Vestmannaeyja um, að væntanlegir starfsmenn gefi sig fram við bæjarskrifstofuna fyrir 1. okt. n. k., en blaðið kemur út 17. okt. Svo kemur eitt, sem er athyglisvert, sérstaklega fyrir fjmrh., tilkynning til söluskattsgreiðenda: „Athygli söluskattsgreiðenda skal vakin á því, að gjalddagi söluskatts fyrir septembermánuð er 15. okt. Ber þá að skila skattinum til innheimtumanna ríkissjóðs ásamt söluskattsskýrslu í þríriti. — Fjmrn. 10. október 1973.“

Þannig er hægt að lesa áfram. Hér er auglýst starf við heyrnarmælingar hjá heyrnardeild Heilsuverndarstöðvarinnar, lausar stöður við bæjarfógetaembættið í Keflavík, ríkisspítalarnir, lausar stöður, það vantar aðstoðarlækni, starfsfólk við Kleppspítalann, Laugarásdeildina, fóstrur á dagheimili spítalans, aðstoðarmenn við hjúkrun, sjúkraliða. Svo er dálítið merkilegt: Nokkrar stöður meinatækna að meinefna- og blóðmeinafræðideild Landsspítalans. Umsóknum ber að skila til skrifstofu ríkisspítalanna fyrir 15. okt. n. k.

Þannig má halda áfram að lesa og lesa. Spurningin er: Hvers konar vinnubrögð eru þetta, og hvílík gífurleg misnotkun felst í þessum vinnubrögðum, þegar svona er haldið á málum. Ég kalla þetta stuld, ég kalla þetta rán af opinberu fé. Það er ekkert annað. Hér er verið að skáka í því skjólinu að fá opinberar auglýsingar greiddar og haga sér á þennan hátt. Það er verið að sækja fé úr opinberum sjóðum. En það verður að gera kröfur til þeirra aðila, sem fá þetta fé, að þeir vinni á eðlilegan hátt, og þeir verða að hlíta einhverjum ákveðnum reglum. Hitt geta menn svo haft sér til gamans og velt því fyrir sér, að einum stjórnmálaflokki eru veittar 600 þús. kr. á ári á þeirri forsendu, að hann gefur út eitt landsmálablað, sem hefur komið út í 17 tölublöðum á árinu.

Ég vil, þótt ég ætli ekki að fara út í neinn samanburð á þessu, benda á, að Nýtt land hefur þó a. m. k. haldið sig innan hins siðferðilega ramma í þessum efnum. Við höfum gefið út 47 tölublöð, en erum ekki hálfdrættingur á við þennan glæsilega endurnnýjunarflokk íslenskra stjórnmála, sem gengur undir nafninu Samtök frjálslyndra og vinstri manna.

Ég lít svo á, að þær úthlutunarreglur, sem virðast hafa verið lagðar til grundvallar í sambandi við hinn svonefnda blaðastyrk, beri bersýnilega vott um, að hér er ríkjandi í þingsölunum að styrkja það flokkakerfi, sem fyrir er. Mér er óskiljanlegt að þingflokkarnir skuli vera aðilar að slíkum hlutum. Ég vil líka benda á, að það er ekki víst, að þingflokkarnir spegli skoðanamyndun í landinu. Eftir þriggja ára setu hér á þingi er ekki víst, að þeir séu endilega spegilmynd af viðhorfum þjóðarinnar. Við þurfum ekki annað en að benda til Danmerkur, hvernig ástandið er orðið þar. Það fyrirkomulag að úthluta fé til frjálsrar skoðanamyndunar til þingflokka tel ég alveg fráleitt. Og ég legg áherslu á það og vil endurtaka, að það er skylda blaðanna og þeirra aðila, sem taka á móti opinberu fé, að reyna a. m. k. að misnota ekki þessi fríðindi og hlunnindi, sem veitt eru úr opinberum sjóðum.

Ég ætla ekki að hafa þessi orð miklu lengri, það er víst nóg komið af svo góðu, en vil aðeins að lokum segja, að þessi mál, sem varða úthlutun fjár til blaða og sérfræðiaðstoðar til þingflokkanna upp á 38 millj. kr., eru Alþ. ekki til sóma. Mér virðist, að það sé staðið þannig að þessum málum, að hér þurfi verulegrar lagfæringar við og í sumum tilvikum sé um misnotkun á þessu fé að ræða. Að lokum þetta: Ég hygg, að þingflokkarnir, þessar virðulegu stofnanir, ættu að átta sig á því, að frjáls skoðanamyndun með þjóðinni fer víðar fram en í þingflokkum.

Flm. (Jónas Árnason): Herra forseti. Ég var fjarverandi, þegar þetta mál kom hér til umr.

6. des. s. l., en fyrir því töluðu þá tveir af okkur þremur flm., þeir hv. þm. Ragnar Arnalds og hv. þm. Helgi Seljan. Ég hef verið að glugga í Alþingistíðindin og sé, að í þessum umr. hefur ekki að ástæðulausu verið töluvert rætt um tiltekin skrif Morgunblaðsins, sem voru reyndar tilefni þessarar till., dylgjur um fjárreiður tveggja stjórnmálaflokka, Alþb. og Framsfl. Einnig var af hálfu þeirra þm., Ragnars Arnalds og Helga Seljans, rætt um, að formaður Sjálfstfl. hefði nokkru eftir að þetta birtist í Reykjavíkurbréfinu, verið inntur eftir því, hvað þarna væri átt við, og hann lét þau orð falla, að þarna mundi vera átt við grunsamlegar fasteignir í tengslum við Alþb. Það væri fróðlegt að vita, hvað hv. form. Sjálfstfl. á við með grunsamlegum fasteignum, og þá um leið, hvaða fasteignir eru ógrunsamlegar. Ég tel, að það hafi verið mælt nógu rækilega fyrir þessari till. með ræðum þeirra þm. Ragnars Arnalds og Helga Seljans. Ég ætla ekki að lengja þessar umr. En það vildi svo til, þegar fyrri hluti þessarar umr. fór fram, að þá var hvorugur staddur hér í þingsalnum, form. Sjálfstfl. né heldur sá ritstjóri Morgunblaðsins, sem án efa hefur skrifað umrætt Reykjavíkurbréf. Sá eini þm. auk þeirra, sem ég áðan nefndi, sem tók til máls um till. þennan dag, 6. des., var hv. þm. Magnús Jónsson, og hann segir í ræðu sinni á einum stað, að hann sjái ekki ástæðu til að svara fyrir þessa menn, þeir séu sjálfir menn til þess. Af því að þeir eru hér staddir, þegar framhald umr. fer fram, læt ég í ljósi undrun mína, að þeir skuli ekki hafa kvatt sér hljóðs til að gera nánari grein fyrir þessum ummælum sínum, því að það virðist sannarlega ástæða til.

Geir Hallgrímsson: Herra forseti. Það er alltaf ánægjulegt, þegar þingbræður leggja áherslu á að heyra í manni, og ég þakka hv. síðasta ræðumanni tillitssemi hans við mig. Sannast að segja hafði ég enga ástæðu til þess að fyrra bragði að kveðja mér hljóðs um þetta efni, því að Magnús Jónsson, varaform. Sjálfstfl. hafði gert grein fyrir afstöðu flokksins í þessu máli á fullnægjandi hátt, sem ég var alveg sammála. Ef ég á að taka sérstakt mark á ummælum síðasta ræðumanns, væri það helst, hvað ég ætti við með grunsamlegum fasteignum Alþb., sem ég á að hafa haft orð á í þættinum Beinni línu í Ríkisútvarpinu.

Ég hef í tilefni þessarar till. til þál. aflað mér hljóðritunar af þessum útvarpsþætti, og ég sé ekki af þeirri hljóðritun, að ég hafi sérstaklega verið að tala um „grunsamlegar fasteignir“. En þar sem ég vék að fasteignum Alþb., sagði ég á þessa leið, með leyfi forseta: „En hins vegar hefur Alþb. eða samtök því áhangandi verið dugleg að afla sér fasteigna hér í borg og annað því um líkt undir mismunandi nöfnum, sem vert væri e. t. v. að kanna. En það er skattrannsóknadeildarinnar að gera það, og ég trúi því, að hún geti þá staðið í stöðu sinni.“ Ályktun mín var sem sagt sú, að ef þarna væri um að ræða fasteignir, sem ekki væri hægt að gera grein fyrir, hvernig keyptar væru, þá væri það skattrannsóknadeildarinnar að taka til hendi, og sú er enn skoðun mín. Ég skal rifja það upp, að hv. 2. þm. Norðurl. e., Magnús Jónsson, varaform. Sjálfstfl. gat um það í sinni ræðu, að hann væri sammála því og teldi sjálfsagt, að löggjöf verði sett um réttindi og skyldur stjórnmálaflokka, þ. á m. hvernig haga skuli fjárreiðum stjórnmálaflokka. Í öðru lagi teldi hann óeðlilegt, að ríkisstj. yrði falinn undirbúningur slíkrar löggjafar, heldur væri sjálfsagt, að það væru fulltrúar stjórnmálaflokkanna sjálfra, sem undirbyggju þessa löggjöf. Í þriðja lagi lagði hann áherslu á, að við lærðum af reynslunni frá öðrum löndum og könnuðum, hvernig fyrirkomulag slíkra mála væri erlendis. Í fjórða lagi taldi hann sérstaka rannsókn á fjárreiðum stjórnmálaflokka í fortíðinni tilgangslausa, ef ekki væri til staðar lög og reglur um það, hvaða skyldur og réttindi stjórnmálaflokkar hefðu á þessu sviði. Og að því er snertir ummæli Morgunblaðsins um fjármagn, sem kommúnistar virðast hafa undir höndum, eins og þar er komist að orði, taldi hann tilgangslaust að hafa uppi sérstaka rannrókn á því að því er fortíðina snertir, því að þeir, sem stæðu fyrir uppruna fjármagnsins, væru e. t. v. ekki mjög margorðir.

Ég rifja þetta upp nú líka af gefnu tilefni af ummælum hv. 3. landsk. þm., sem talaði hér langt mál um styrki til þingflokka og til blaða. Ég get að ýmsu leyti verið sammála því, sem hann sagði, og vil taka fram, að ég tel óeðlilegt, að blaðaútgáfa stjórnmálaflokka sé styrkt, að öðru leyti en því, að eðlilegt kann að virðast, að úr ríkissjóði séu greiddar áskriftir blaða, sem dreift er á sjúkrahús eða aðrar opinberar stofnanir, og þá fer það eftir atvikum, hvort slík áskriftargjöld eigi að ákvarðast í einu lagi af Alþingi eða hvort slík áskriftargjöld eigi að vera þáttur í rekstrarkostnaði hverrar slíkrar opinberrar stofnunar fyrir sig. En umfram slíkar áskiftir tel ég ástæðulaust og óeðlilegt að styrkja blaðaútgáfu.

Varðandi styrk til þingflokka mátti draga þá ályktun af ummælum hv. 3. landsk. þm., að mikið vandamál væri þar á ferðum, þegar ákveða skyldi, með hvaða hætti úthluta skyldi þessum fjármunum. Ég hefði álitið, að styrkir til stjórnmálaflokka væru til þess fallnir að festa það flokkaskipulag í sessi, sem á hverjum tíma er í þjóðfélaginu, þannig að slíkt styrkjakerfi væri í raun liftrygging gömlu stjórnmálaflokkanna. Að vissu marki var hv. þm. sammála þessari skoðun minni og taldi, að slíka styrki, ef þeirra nyti við, þyrfti að veita ekki eingöngu þingflokkum, heldur og ýmsum stjórnmálaflokkum öðrum, sem til væru í þjóðfélaginu, og jafnvel ýmsum samtökum, sem störfuðu á þjóðmálagrundvelli. Ég varpa nú fram þeirri spurningu, hvernig eigi að skilgreina slík stjórnmálasamtök og hvernig eigi að semja reglur um skiptingu fjár þeirra á milli. Ég held, að það sé illkleift eða illmögulegt.

Það kann að vera eðlilegt, að nokkrir fjármunir séu veittir til þess, að þingflokkar geti fengið sérfræðiaðstoð til að undirbúa þingmál og gera sér grein fyrir þeim þingmálum, sem fram eru borin af öðrum þm. og þingflokkum. En miklum mun æskilegra væri, að slík sérfræðiaðstoð væri veitt af skrifstofu Alþingis sem slíkri og þingflokkarnir og hver þm. ætti aðgang að slíkri sérfræðiaðstoð á skrifstofu Alþingis, auk þess

sem ég lít svo á, að hver þm. eigi rétt til þess að ganga til hvaða embættismanns ríkisins sem er og óska eftir því, að hann veiti upplýsingar um tiltekin atriði, sem snerta þau mál, sem þingið fjallar um. Það er ekki eingöngu ríkisstj. eða sá stjórnarmeirihl., sem er á hverjum tíma, sem á að hafa aðgang að embættismönnum ríkisins, heldur allir stjórnmálaflokkar og hver og einn þm.

Ég tel ekki ástæðu til þess að sinni að fjalla nánar um þá till. til þál., sem hér er á dagskrá. Ég ítreka þá afstöðu, sem Magnús Jónsson gerði grein fyrir við fyrri hluta umr., sem ég gat því miður ekki verið viðstaddur, og tel sjálfsagt, að í n. verði till. breytt á þá lund, sem hann gat um, að hann felldi sig við.

Ragnar Arnalds: Herra forseti. Eins og hér hefur komið fram, var sú till., sem hér er til umr., á dagskrá og til umr. 6. des. s. l. Þá var hv. þm. Geir Hallgrímsson ekki viðstaddur, en það var galli, að svo skyldi ekki vera, vegna þess að það voru einmitt óvenjulega digurbarkaleg ummæli þessa hv. þm. í útvarpi í haust, sem framar öðru hafa velt þessum umr. af stað. Hv. þm. Magnús Jónsson, varaformaður Sjálfstfl., tók til máls við þessar umr. og ræddi málið með almennum orðum, en gerði hins vegar ekki neina tilraun til þess að færa rök að hinum grófu ásökunum Geirs Hallgrímssonar, enda tók hann fram, að hv. þm. Geir Hallgrímsson væri fær um að svara fyrir sig sjálfur. Þar virðist honum heldur betur hafa skjátlast.

Við höfum heyrt tilraun hv. þm. til að skýra ummæli sín, og við heyrðum, að þar kom ekki fram minnsta röksemd fyrir þeim dylgjum, sem hann bar á borð fyrir þjóðina, ekki ein einasta, dylgjum af ómerkilegustu tegund. Ég verð að segja, að mér finnst merkilegt, ef menn komast upp með að varpa fram svívirðilegum ásökunum í garð pólitískra andstæðinga án þess svo mikið sem gera einhverja tilraun til að finna þeim stað, þegar þeir fá tækifæri til þess eftir á. (Gripið fram í.) Við skulum lofa hv. þm. Geir Hallgrímssyni sjálfum að svara fyrir sig.

Ég sagði við umr. í des. s. l. og segi enn, að flestir hafa að sjálfsögðu gengið út frá því, að stærsti stjórnmálaflokkur landsins hafi ekki farið að velja einhvern venjulegan gasprara í formannssæti, heldur mann, sem gæti gert grein fyrir fullyrðingum sínum og hefði svolitla hugmynd um, hvað hann væri að fara með. Og ég stend í þessari trú enn. Ég er sannfærður um, að svo hlýtur að vera, og bíð eftir því, hvað er í pokahorninu hjá hv. þm., og trúi ekki öðru en hann noti það tækifæri, sem honum býðst nú.

Hv. þm. Geir Hallgrímsson staðfesti það, sem fram kom í ræðu varaformanns flokksins, að flokkurinn virtist andvígur þessari till. og mælti heldur gegn því, að hún yrði samþykkt. Hins vegar komu nú ekki fram neinar skýringar á því, hvers vegna ekki væri ástæða til að samþykkja þessa till. Því var haldið fram áðan, að það vantaði lög og reglur til að framkvæma rannsókn af þessu tagi. Ég skil ekki, hvaða lög og reglur vantar í þeim efnum. Það eru til nægilega góð lög til þess, að slík rannsókn megi fara fram, þannig að sjást megi, hvort menn hafa eitthvað á bak við fullyrðingar sínar eða ekki. Eins er það, að till. fjallar um, að sett verði lög og reglur um starfsemi stjórnmálaflokka. Till. er einmitt um það efni.

Ég held, að menn hljóti að velta því fyrir sér, hvers vegna Sjálfstfl. virðist vera andvígur þessari till., hver er hin raunverulega ástæða fyrir því, að flokkurinn er ekki reiðubúinn til að styðja þessa hugmynd, sem ég hélt, að væri svo sjálfsögð, að hún hlyti að hljóta stuðning flokksins. (Gripið fram í.) Ég verð að segja það. Ég gat ekki skilið orð formanns og varaformanns á annan hátt en þann, að till. væri óþörf, en ef það er misskilningur hjá mér, þá væri gott, að það kæmi fram. Ég hef skilið það svo, að þeir væru andvígir þessu. Og ég sé ekki annað en menn hljóti að spyrja sig að því, hvort það kunni kannske að vera, að Sjálfstfl. sé ekki mjög hrifinn af því, að fram fari opinber rannsókn á fjárreiðum stjórnmálaflokka. Það skyldi þó ekki vera, að Sjálfstfl. væri heldur deigur við að láta það koma fram í dagsljósið, hvernig tiltölulega þröng klíka auðugustu aflanna í þjóðfélaginu mokar fé í þennan flokk og dagblað þessa flokks til þess að vernda hagsmuni sína.

Það kom fram hjá varaformanni flokksins í umr. hér fyrir hátíðarnar, að það væri nú svo og svo að fara að greiða ríkisstyrki til stjórnmálaflokka, — eða ættum við kannske að láta það duga, að menn mynduðu stjónmálaflokk, og síðan gætu þeir gengið til ríkisféhirðis og fengið þar styrk? Ég er alveg sammála því, sem þarna kom fram hjá varaformanni flokksins, að sjálfsögðu kemur ekki til greina, að styrkir til stjórnmálaflokka verði veittir án þess að flokkarnir uppfylli tiltölulega ströng skilyrði. Það verður að sjálfsögðu að setja ákveðin lágmarksskilyrði um það, hversu stórir flokkar þurfi að vera, til þess að þeir geti öðlast þessi réttindi. Það verður að vera visst lágmark fyrir hendi.

Það kom fram hér áðan, að til eru lög um aðstoð við þingflokka, og það eru lög um sérfræðilega aðstoð við þingflokka. Þar eru að sjálfsögðu sett skilyrði fyrir því, hvað þurfi til, til þess að um þingflokk sé að ræða, þ. e. a. s. það þurfi að vera tveir þm. Þetta ákvæði olli því, að Bjarni Guðnason, hv. 3. landsk. þm., ræddi töluvert mikið um það, að þm. væri mismunað samkv. þessari reglu. Hann virtist hins vegar vera sammála mér og okkur Alþbl.-mönnum um nauðsyn þess að koma í veg fyrir, að peningaöflin væru allsráðandi varðandi áhrif flokka og blaða á skoðanamyndun fólks í landinu. Ég fagna því, að hann er samþykkur þessu grundvallarsjónarmiði. Ég er á hinn bóginn algerlega sammála honum um það, eins og ég var rétt að enda við að segja, að það þarf að sjálfsögðu að setja nokkuð strangar reglur um notkun þessa fjár, með hvaða hætti því skuli úthlutað, og að sjálfsögðu verður einnig að hindra, að fé sé misnotað með einum eða öðrum hætti, það er laukrétt, sem fram kom hjá honum. Ég get hins vegar ekki fallist á, að hann hafi verið beittur neinu misrétti í þessum efnum. Það var á honum að skilja, að þetta að miða við þingflokka, væri einhvers konar herbragð, sem gert væri til þess að útiloka hann sérstaklega. Ég veit, að að nánar athuguðu máli sér hann,

að það getur ekki verið rétt, enda voru þessi lög sett fyrir þremur árum. Þá var ekki um að ræða, að neinn þm. væri utan flokka. En það er mesti misskilningur, að þm. utan flokka séu útilokaðir samkv. þessum lögum. Þeir hafa líka sinn rétt. Og ég veit ekki betur en Bjarni Guðnason hafi rétt til að fá sinn hluta af þessu fé eins og aðrir þm. Samkv. þeim reglum, sem fyrst giltu um úthlutun þessa fjár, átti utanflokkaþm. að fá 40 þús. kr. á ári til sérfræðilegrar aðstoðar. Og samkv. þeirri úthlutun, sem væntanlega fer fram á næsta ári, er þessi upphæð sennilega komin upp í 60—70 þús. kr. Þess vegna er hrein fjarstæða að verið sé að útiloka einn þm. Ef vera kynni, að hv. þm. hefði ekki uppgötvað rétt sinn í þessum efnum, held ég, að væri að sjálfsögðu fyllsta ástæða til, að hann færi að nálgast sinn skammt og bankaði upp á á skrifstofu Alþingis.

Bjarni Guðnason: Herra forseti. Það er tvennt, sem ég vil víkja að. Síðasti ræðumaður taldi, að ég mundi vissulega hafa fengið minn skerf úr þeirri heildarupphæð, sem veitt hefði verið til sérfræðilegrar aðstoðar við þingflokkana. Dæmið á auðvitað að leysa þannig, að það á að deila með 60 í heildarupphæðina. Ég á að fá 1/60 af heildarupphæðinni, annað er ekki jafnrétti. Það á ekki að búa til einhverjar undarlegar úthlutunarreglur, þannig að einhver einstakur þm. fái minna en aðrir. Auðvitað á að deila með 60 í þá upphæð, sem veitt er. En það er ekki gert.

Í öðru lagi, mér varð dálítið á í messunni áðan. Menn kannast við Magnús Stephensen landshöfðingja, menn kannast við Hannes Hafstein. Á þeirra dögum tíðkaðist það, að þeir réðu yfir opinberum auglýsingum og færðu þær til eftir því, hvernig menn túlkuðu málstað þeirra. Þeir tóku auglýsingar af vissum blöðum, færðu þær til annarra blaða eftir pólitískri veðráttu. Ég var áðan að víkja að því, að Þjóðmál hefðu bersýnilega sölsað til sín á óréttmætan hátt auglýsingar, svo að skipti tugum þús. í einu tbl. Og nú kem ég að atriðinu. Um leið og þetta gerðist standa málin þannig, að félmrn. og samgrn. neita að auglýsa í Nýju landi. Að því blaði stendur þó Frjálslyndi flokkurinn, einn stjórnmálaflokkur, og þá gerist það á 8. tug þessarar aldar, að það eru enn viðhöfð sömu vinnubrögð og tíðkuðust hér á síðari hluta síðustu aldar og upphafi þessarar aldar, að enn skuli það geta gerst, að stjórnmálaflokkum, sem eru á öndverðum meiði við ráðh., er neitað um auglýsingar í blaði. Þetta er enn þannig, að í Nýju landi kemur aldrei auglýsing frá samgrn. og aldrei frá félmrn. Svo geta þm. lagt saman tvo og tvo. Annars vegar seilast þessir hv. menn á óréttmætan hátt eftir mörgum tugum þús. í sambandi við auglýsingakostnað af opinberu fé, um leið og þeir neita öðrum stjórnmálaflokkum um auglýsingar í rn., sem þeir standa fyrir.

Karvel Pálmason: Herra forseti. Það er ekkert nýtt hér á Alþ., að hv. þm. heyri ádeilur hv. 3. landsk. þm. á kerfið, eins og hann kallar það, og hið sameiginlega tryggingarfélag stjórnmálaflokkanna, eins og hann orðar það. En það er nýtt að heyra þennan hv. þm. kvarta undan því að komast ekki inn í kerfið. Það er nýtt að heyra þennan hv. þm. kvarta undan því að fá ekki að vera inni í kerfinu, sem hann er að fordæma.

Ég lofaði því og skal efna það að vera stuttorður hér, en ég get ekki stillt mig um að segja nokkur orð, vegna þess að þessi hv. þm. gerði mjög að umræðuefni, eins og hann orðaði það, stuld aðstandenda Þjóðmála með birtingu auglýsinga. Hann nefnir sérstaklega tvö fyrirtæki, annars vegar fjmrn. og beindi sínum orðum til hæstv. fjmrh. og í öðru lagi Reykjavíkurborg. Ég hafði því miður ekki tíma til að fara í gegnum mörg tbl. af Nýju landi, málgagni þessa hv. þm., en það vildi svo vel til, að það þurfti ekki nema tvö nýjustu blöðin til þess að sjá eitthvað álíka og hann sjálfur var að fordæma hvað harðast áðan og kvarta um.

Í tölublaði Nýs lands, sem út kom 17. jan., ber að líta eftirfarandi tilkynningu til söluskattsgreiðenda frá fjmrn., með leyfi hæstv. forseta: „Athygli söluskattsgreiðenda skal vakin á því, að gjalddagi söluskatts fyrir desembermánuð er 15. jan.“ — í blaði, sem kom út 17. jan. Það vill oft verða svo, að þegar menn eru komnir út á kaldan klaka, þá grípa þeir dauðahaldi í hvaða streng, sem fyrir er, og það hefur farið svo fyrir þessum hv. þm. Hann er vissulega einn á eyðimerkurgöngunni í íslenskum stjórnmálum. Það kom berlega fram í ræðu hans hér áðan.

Ég leitaði í blaði, sem kom út í dag, 24. jan. Ég er búinn að vitna til fjmrn., og ég ætla í hinu tilfellinu að vitna til þess, sem hv. þm. kom sjálfur með, þ. e. Reykjavíkurborgar. Hún á greinilega að borga þessa auglýsingu í Nýju landi. Það er um úthlutun lóða undir íbúðarhús í Reykjavík, og umsóknum átti skilyrðislaust að vera búið að skila 23. jan., þ. e. a. s. degi áður en Nýtt land kom út og birtir auglýsinguna.

Það er sama ofan í hvaða mál maður fer, sem þessi hv. þm. kemur með, það er allt á þessa sveifina, allt saman. Það er ekki eitt einasta mál, sem maður veltir fyrir sér eða nennir í raun og veru, ef má nota svo ljót orð, að fara ofan í, sem út úr munni þessa hv. þm. kemur, sem ekki er í raun og veru í sannleika sagt hægt að reka öfugt ofan í hann aftur við fyrsta tækifæri.

Ég læt þetta nægja að sinni.

Flm. (Jónas Árnason): Herra forseti. Ég mætti kannske beina til hæstv. forseta fsp. um það, hvort hv. þm. Eyjólfur Konráð sé á mælendaskrá? (**Forseti:** Það er einn maður á mælendaskrá, hv. 2. þm. Reykv.) Satt að segja væri lítill drengskapur í því núna, eftir að hæstv. forseti hefur skorið niður umr., að fara að beina frekari fsp. til þess þm., sem ég nefndi áðan. En í ræðu minni áðan vakti ég athygli á því, að við fyrri hluta þessarar umr. hafi hann verið allmjög til umr., og þá sagði flokksbróðir hans, hv. þm. Magnús Jónsson, m. a.: „Ég ætla ekki að fara sérstaklega að útskýra leiðara eða Reykjavíkurbréf Morgunblaðsins. Ég býst við, að Morgunblaðsmenn fylgist með því, sem hér

hefur verið sagt í dag af hv. þm. Ragnari Arnalds, og væntanlega fær hann eitthvert svar úr þeirri átt. Þeir eru alveg færir um það, Morgunblaðsritstjórar, að svara fyrir sig.“

Ég mælist til þess sem einn af flm. till., að annað tækifæri verði gefið og till. ekki vísað til n. í dag, heldur frestað aftur, svo að við getum fengið að heyra nánari útskýringar frá þessum hv. þm. á ýmsu því, sem hann hefur skrifað í Morgunblaðið varðandi fjárreiður stjórnmálaflokka, þ. á m. á þessu, sem stendur í Reykjavíkurbréfi Morgunblaðsins 29. sept., þar sem fyrst hefur verið rætt um mjög grunsamlegar fjárreiður Framsfl.: „Raunar virðast kommúnistar einnig hafa ærið fé undir höndum.“ — Allir vita, hvað átt er við með orðinu „kommúnistar“. — „Hins vegar er það ekkert dularfullt, því að allir vita, hvaðan þeir peningar koma.“ Vinsamlegast nánari útskýringar á þessum orðum.

Geir Hallgrímsson: Herra forseti. Hv. þm. Ragnar Arnalds talaði um digurbarkaleg ummæli mín, um grófar ásakanir og dylgjur. Ég fór að hugleiða, hvað hann meinti með þessu, og komst að raun um, að ég hafi ekki verið jafnharður í dómum um fjárreiður Alþb. og kommúnista og ástæða og tilefni væri kannske til. Ég hef ekki heyrt, hvorki hjá hv. þm. Ragnari Arnalds né hv. þm. Jónasi Árnasyni, neinar þær tilvitnanir í ummæli mín, sem gefa tilefni til þessara orða. Það leiðir til þess, að ég álít, að það megi gjarnan íhuga þetta mál nánar og fara e. t. v. harðari orðum en ég nokkurn tíma hef gert um fjárreiður og fjársýslu Alþb. Í þessu sambandi vil ég aðeins til viðbótar því, sem ég lét mér um munn fara í þessum þætti og hér áðan um fasteignir og dugnað Alþb. að afla sér fasteigna, taka það fram, að þessar fasteignir eru í eigu hlutafélaga. Alþb.-menn og kommúnistar hafa ótrúlega ást á hlutafélagafyrirkomulaginu. Það er Samtún h/f, Miðgarður h/f, prentsmiðja Þjóðviljans er hlutafélag, gott ef Útgáfufélag Þjóðviljans er ekki hlutafélag. Þetta vekur endurminningar um gagnrýni kommúnista frá fyrri árum, þegar klofningurinn í Alþfl. átti sér stað og Sameiningarflokkur alþýðu — Sósialistaflokkurinn var stofnaður og hlutafélög voru stofnuð af hálfu Alþfl.-manna til að halda fasteignum sínum í eigin eign. Þá var þetta mjög svo gagnrýnt. En hvers konar líftryggingarfyrirkomulag kommúnistaforustunnar er þetta hlutafélagafyrirkomulag á eignum flokkssamtaka, sem jafnvel hefur verið safnað til með almennum samskotum?

Ég skal ekki lengja þessar umr. frekar. Ég vil ítreka það, að Morgunblaðið átti till. um þá leið, sem farin er, og er kveikjan að þessari þáltill. Morgunblaðið sagði, að ástæða væri til að menn hugleiði, hvort ekki sé orðið tímabært að koma á sérstakri löggjöf um fjárreiður stjórnmálaflokka og eftirlit með þeim. Undir þetta vil ég taka og vil raunar láta í ljós þá skoðun, að Morgunblaðið og sá, er skrifaði þetta, megi vel við una, að þessi orð hans hafa haft svo mikil áhrif á þá Alþb-þm. sem raun ber vitni og þessar umr. sýna.

Eyjólfur K. Jónsson: Herra forseti. Ég skal ekki lengja þessar umr. Það er aðeins stutt aths. Ég get auðvitað ekki skorast undan því að koma hér í pontuna, þegar fast er að mér lagt að gera það.

Auðvitað er mér ljúft að ræða skrif Morgunblaðsins, bæði þessi og önnur, hér í þinginu, á meðan ég sit hér. Og ef svo fer, að þessari umr. verði frestað, skal ég ekki skorast undan því að ræða hvert einstakt atriði í skrifum þessa ágæta blaðs.

Að því er varðar sérstaklega þessa till., þá er upphaflega, eins og formaður Sjálfstfl. gat um áðan, nefnt í Morgunblaðinu, að það þurfi að koma á einhverjum reglum um fjárreiður stjórnmálaflokka og starfsemi þeirra. Og ég gleðst yfir því, að málið hefur fengið þær undirtektir, sem raun ber vitni, og nú má búast við því, að eitthvað verði í þessu máli gert. Þarf satt að segja ekki að ræða það frekar.

Að því er varðar aftur á móti grunsemdir manna um fjárreiður kommúnistaflokksins, hvað sem hann heitir nú í dag og alla tíð, þá vil ég aðeins segja það, að sjaldan lýgur almannarómur, og hvað nefnir fólkið stórhýsið við Laugaveg? Það nefnir húsið „Rúbluna“. Hvers vegna? (**Jónas Á.:** Á hv. þm. við, að það sé fyrir erlent fé?) Ég efast ekki um, að kommúnistaflokkur Íslands hefur þegið erlent fé. Það efast ég ekki um.

Formaður Alþb. vék að því áðan, að hann teldi sig varla trúa því, að Sjálfstfl., þessi stóri og mikli flokkur, hefði valið, eins og hann komst að orði, „venjulegan gasprara“ sem formann sinn. Hann hefur kannske haldið, að Sjálfstfl. færi að eins og annar ákveðinn stjórnmálaflokkur, sem fyrir nokkrum árum valdi óvenjulegan gasprara sem formann sinn.

Umr. frestað.

Efri deild, 50. fundur.

Fimmtudaginn 24. jan., að loknum fundi í sameinuðu þingi.

Kaupstaðarréttindi til handa Grindavíkurhreppi, frv. (þskj. 322). 1. umr.

Flm. (Oddur Ólafsson): Herra forseti. Þm. Reykjaneskjördæmis, sem sæti eigi í þessari hv. d., flytja á þskj. 322 frv. til l. um kaupstaðarréttindi til handa Grindavíkurhreppi. Frv. er á þessa leið:

„Frv. til l. um kaupstaðarréttindi til handa Grindavíkurhreppi.

1. gr. Grindavíkurhreppur skal vera kaupstaður og sérstakt lögsagnarumdæmi. Nær umdæmið yfir allan núverandi Grindavíkurhrepp og heitir Grindavíkurkaupstaður. Umdæmi þetta er í Reykjaneskjördæmi.

2. gr. Um valdsvið bæjarfógeta í Grindavíkurkaupstað og launakjör fer skv. lögum þar um.

3. gr. Dómsmrn. ákveður, hvernig málum þeim er varða Grindavíkurhrepp og ekki eru útkljáð, þegar lög þessi öðlast gildi, skuli skipt milli

sýslumannsins í Gulbringusýslu og bæjarfógetans í Grindavíkurkaupstað.

4. gr. Sýslunefnd Gullbringusýslu og bæjarstjórn Grindavíkurkaupstaðar skulu semja sín á milli um skiptingu þeirra sjóða, sem við gildistöku laga þessara eru í eign eða vörslu Gullbringusýslu. Einnig skulu sömu aðilar semja um fjárskuldbindingar, ábyrgðir og önnur þau atriði, er þá varða og upp kunna að koma vegna laga þessara. Nái þessir aðilar ekki samkomulagi, skal félmrh. úrskurða, hvernig með skuli fara.

5. gr. Að öðru leyti fer um málefni kaupstaðarins skv. sveitarstjórnarlögum, nr. 58 29. mars 1961, og samþykktum settum skv. þeim lögum.

6. gr. Lög þessi öðlast þegar gildi."

Tildrög að flutningi frv. eru þau, að í des. s. l. barst þm. Reykn. bréf frá sveitarstjóra Grindavíkurhrepps, svo hljóðandi, með leyfi forseta:

„Á fundi hreppsnefndar Grindavíkurhrepps í dag var gerð eftirfarandi samþykkt:

Hreppsnefndin samþykkir samhljóða að óska eftir því við alþm. Reykjaneskjördæmis, að þeir flytji nú þegar á Alþingi frv. til l. um kaupstaðarréttindi til handa Grindavíkurhreppi."

Bréfinu fylgdi svo hljóðandi grg.:

„Forsendur fyrir samþykkt hreppsn. Grindavíkurhrepps, þar sem óskað er eftir kaupstaðarréttindum fyrir Grindavík, eru m. a. þessar:

) Að skapa Grindavík þá réttarstöðu, sem kaupstaðir hafa, og losa tengsl við Gullbringusýslu.

2) Að fá inn í kauptúnið íbúum þess til hægðarauka alla þá þjónustu, sem bæjarfógetar veita.

Eins og kunnugt er, er Grindavík orðin ein stærsta verstöð landsins og hefur verið í stöðugum og örum vexti tvo síðustu áratugina. 1. des. árið 1972 var íbúatala Grindavíkur 1353 og hafði þá vaxið á einu ári um 8,32%. Íbúafjöldi, eins og hann er í dag, liggur ekki fyrir, en ætla má, að hann verði allt að 1600 miðað við 1. des. 1973. Með tilliti til hagræðingar á skrifstofuhaldi ríkisins mætti hugsa sér að þá þjónustu, sem um er getið í 1. lið, mætti veita með umboðsskrifstofu frá sýslumanni í Gullbringusýslu hinni nýju, þannig að hann yrði jafnframt bæjarfógetinn í Grindavík." Til áréttingar þessari ósk hreppsn. Grindavíkur og til þess að láta koma fram skýrt það atriði, að hreppsbúar stæðu einhuga að baki þessari samþykkt, hefur verið lagt fram í lestrarsal Alþingis svo hljóðandi bréf frá íbúum í Grindavík ásamt undirskriftum 566 íbúa eða um 75—80% kostningarbærra manna, með leyfi forseta:

„Þann 20. jan. 1974 var framkvæmd undirskriftasöfnun í Grindavík varðandi kaupstaðarréttindi til handa Grindvíkingum. 566 eða 75—80% kosningarbærra manna hafa ritað nafn sitt máli þessu til stuðnings, en þó er fjarverandi á sjó nokkur hópur manna, sem ekki náðist til. Aðeins 3 af þeim, sem leitað var til, studdu ekki undirskrift þessa. Yfirskrift undirskriftarlistans var þessi:

„Við undirritaðir Grindvíkingar skorum á hv. Alþingi og ríkisstjórn að veita Grindavíkurhreppi kaupstaðarréttindi nú þegar og binda þar með endi á hið óþolandi ástand, sem nú ríkir í málefnum Grindvíkinga með tilliti til þjónustu hins opinbera."

„Við undirritaðir lýsum því hér með yfir, að allir, sem hafa ritað nafn sitt á meðfylgjandi lista, vissu greinilega um efni hans.

Virðingarfyllst,

Tómas Þorvaldsson, forstjóri.
Sigurpáll Einarsson, útgerðarmaður.
Hafsteinn Sæmundsson, útgerðarmaður.
Kristinn Gamalíelsson, lögregluvarðstjóri
Sævar Óskarsson, útgerðarmaður.
Ólafur Rúnar Þorvarðarson, kennari."

Grindavík er landstærsti hreppur Suðurnesja. Hann nær frá Reykjanestá að Selvogi og Bláfjöllum.

Frá aldaöðli hefur sjósókn verið aðalatvinnuvegur Grindvíkinga, enda liggur Grindavík frábærlega vel við hinum öruggustu og fengsælustu fiskimiðum landsins, þ. e. a. s. miðunum frá Eldey að Vestmannaeyjum. Lengst af hafa Grindvíkingar búið við erfiða landtöku, enda margur sjómaðurinn látið lífið á Grindavíkursundi. En eftir síðustu heimsstyrjöld voru gerðar róttækar breytingar á hafnaraðstöðu í Grindavík. Síðan hefur þeim hafnarbótum verið haldið áfram, og nú hefur allmikið erlent fjármagn verið fengið til að bæta Grindavíkurhöfn, þannig að nú getur Grindavíkurhöfn tekið á móti fiskiskipum að öllum stærðum og meðalstórum vöruflutningaskipum.

Þar sem fengsæl fiskimið eru og góð hafnarskilyrði, er eðlilegt, að ásókn til löndunar verði mikil, enda er það svo, að auk hinna 50—60 þilfarsbáta, sem eru í eigu heimamanna, landa að jafnaði tugir aðkomubáta í Grindavík daglega. Þar munu 140 bátar hafa landað afla sínum á einum degi, og með þeim stórfelldum hafnarbótum, sem nú standa yfir, þegar þeim er lokið, munu möguleikarnir til fiskmóttöku meira en tvöfaldast.

Eins og áður er sagt, hefur löndun aðkomubáta í Grindavík aukist stórlega á undanförnum árum, og má búast við, að hún haldi áfram að aukast. Þar kemur margt til. Sjómenn, er stunda veiðar austan Reykjaness, en hyggjast láta verka afla sinn í fiskvinnslustöðvum við Faxaflóa, spara sér siglingu á hlöðnum bátum fyrir Reykjanes og Garðskaga. Og þetta gerir sjóferðina miklum mun styttri, öruggari og ódýrari. Það er þess vegna þjóðhagslega hagstætt að gera aðstöðu aðkomubáta og áhafna þeirra sem besta í Grindavík og geta veitt sjómönnum fullkomna og snögga þjónustu.

En það eru fleiri stoðir en hin glæsilega höfn og hin fengsælu fiskimið undir örri og öruggri þróun byggðar í Grindavík. Innan marka Grindavíkurhrepps eru a. m. k. þrjú stór jarðhitasvæði og eitt þeirra liggur aðeins 5 km frá kauptúninu. Frá því svæði er nú verið að undirbúa hitaveitu til upphitunar húsa í Grindavík. Sá mikli jarðhiti, sem er á þessum svæðum, mun þar að auki gefa í framtíðinni mikla atvinnumöguleika, — möguleika til fjölbreytts efnaiðnaðar, fjölbreytni í fiskverkun og fiskirækt. Þannig má leiða sterk

rök að því, að byggð muni halda áfram að aukast í Grindavík, enda hefur sú orðið raunin á á undanförnum árum.

Þegar Árni Magnússon og Páll Vídalín framkvæmdu manntal sitt 1703, voru í Grindavík aðeins 8 lögbýli og 9 bændafjölskyldur, en 31 fjölskylda hjáleigubænda og 3 fjölskyldur húsfólks. Íbúar voru þá 253. Árið 1959 voru þeir orðnir 600, árið 1969 969, árið 1973 1605, og þegar flutt er í þau hús, sem verið er að byggja eða undirbúa byggingu á, verða íbúar Grindavíkur komnir yfir 2000.

Á síðasta Alþ. voru samþykkt lög um breytingu á lögsagnarumdæmi Gullbringusýslu og Kjósarsýslu. Þessi lög eru nú komin til framkvæmda, þannig, að sýslumaður Gullbringusýslu hinnar nýju situr nú í Keflavík. Þessi breyting, að flytja sýslumannsembættið frá Hafnarfirði til Keflavíkur, er mjög til hagræðis fyrir íbúa Suðurnesja, aðra en Grindvíkinga. Grindvíkingar verða nú að fara 27 km leið til Keflavíkur til þess að sinna erindum við fógetaembættið. Þeir telja það örðugra en á meðan þeir sóttu til Hafnarfjarðar, vegna þess að leið þeirra liggur gjarnan oft til Reykjavíkur ýmissa erinda, og nota þeir þá ferðina til að sinna erindum sínum við fógetann. Auk þess eru tíðar áætlunarferðir til Hafnarfjarðar og Reykjavíkur, en engar til Keflavíkur. Til þess að sinna margháttuðum erindum við fógetaembættið í Keflavík verða þeir því annaðhvort að ferðast í einkabílum eða kaupa sér leigubíl.

Grindavík var á síðasta ári sú verstöð, þar sem mestur bolfiskafli kom á land. Þess vegna er þar mikið athafnalíf og unnið daga og nætur, helga daga og rúmhelga. Þar sem um 80% af sjómönnum á heimabátum munu vera aðkomumenn og þar að auki fjöldi aðkomubáta, sem þar landa að jafnaði, má fullyrða, að hundruð aðkomusjómanna eru jafnan í Grindavík, menn, sem þarfnast margháttaðrar þjónustu og fyrirgreiðslu og oftast með stuttum fyrirvara. Öllu þessu fólki, sem vinnur langan vinnudag og alla daga jafnt, er nauðsynlegra en öðru að hafa þá þjónustu við höndina, sem hægt er að veita. Á sama hátt er með konur, unglinga og gamalmenni. Þetta fólk vinnur gjarnan í fiskvinnslustöðvunum og á erfitt með að sjá af tíma í ferðalög til Keflavíkur til að fá eðlilega fyrirgreiðslu fógeta og tryggingaumboðs.

Helstu ástæður Grindvíkinga til að sækja nú um kaupstaðarréttindi eru auk þeirra, sem getið er í grg. hreppsnefndar, í fyrsta lagi þessi 27 km fjarlægð, sem um var getið og veldur meiri óþægindum en víða annars staðar vegna þeirrar aðstöðu, sem nú var sagt frá um óvenjulega athafnasama verstöð, þar sem hundruð aðkomusjómanna dveljast að jafnaði og þurfa snögga fyrirgreiðslu. Í öðru lagi mundi stofnun fógetaembættisins í Grindavík hafa í för með sér mikinn sparnað, minni tafir frá vinnu og margs konar hagræði, þar eð þeir mundu öðlast m. a. eftirgreinda þjónustu í byggðarlaginu: innheimtu ríkissjóðs, stjórn dóms- og löggæslumála, varðveislu veðmálabóka, skrásetningu bifreiða, umboð Tryggingastofnunar ríkisins og sjúkrasamlag. Auk þess má vænta, að aðstaða til löggæslu mundi batna, en hún er nú í algeru lágmarki.

Að þessu athuguðu finnst okkur flm., að Grindvíkingum sé mikil nauðsyn að öðlast kaupstaðarréttindi nú þegar með þeim þjónustuauka, er því fylgir, taka ber tillit til þeirra aðkomusjómanna, er þar starfa, og kostnaðarauki, sem embættinu fylgir, sé þjónustukostnaður við landið í heild, en ekki Grindvíkinga eingöngu. Þess vegna er það von þm. Reykn., að þetta frv. fái góðar undirtektir og greiða leið gegnum Alþingi.

Ég leyfi mér, herra forseti, að leggja til, að málinu verði að lokinni 1. umr. vísað til 2. umr. og félmn.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 13 shlj. atkv. og til félmn. með 13 shlj. atkv.

Neðri deild, 54. fundur.

Fimmtudaginn 24. jan., að loknum fundi í sameinuðu þingi.

Verndun Mývatns og Laxár, frv. (þskj. 275). — Frh. 1. umr.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 25 shlj. atkv. og til menntmn. með 24 shlj. atkv.

Stjórnarskipunarlög, frv. (þskj. 330). — 1. umr.

Fm. (Benedikt Gröndal): Herra forseti. Í þessum mánuði, janúar 1974, eru liðin 100 ár, síðan deildaskipting Alþingis var ákveðin. Það var gert með stjórnarskránni 5. jan. 1874, en kom þó ekki til framkvæmda fyrr en á þinginu 1875. Frv. þetta til stjórnarskipunarlaga um breyt. á stjórnarskránni fjallar eingöngu um að breyta þessu ákvæði, leggja niður deildaskiptingu Alþingis og skipa því í eina málstofu. Enda þótt ekki sé annað efni í frv., vil ég taka fram, að bæði ég og flokkur minn höfum mikinn áhuga á mörgum öðrum stjórnarskrárbreytingum og áskiljum okkur allan rétt í þeim efnum, þegar sú n., sem nú fjallar um stjórnarskrána, skilar till. sínum.

Enda þótt deildaskiptingin hafi enst í heila öld, vegna þess að Íslendingar hafa haft um mörg önnur stjórnskipunarmál að hugsa á þessu tímabili, var hún frá upphafi vafasöm og umdeild. Hún torveldaði sjálfstæðisbaráttuna á löngu tímabili, og hún hefur orðið til þess að veikja störf Alþ. og íslenska stjórnskipan. Deildaskiptingin hefur a. m. k. síðustu 40 ár, ef ekki lengur, hvað eftir annað gert ríkisstj., sem studdar voru af hreinum meiri hl. alþm., erfitt að gegna hlutverki sínu. Afleiðingin hefur orðið veikara stjórnarfar, sem stundum hefur jaðrað við upplausn og ýtt undir ábyrgðarleysi og ævintýrapólitík. Þess vegna tel ég, að tími sé kominn til þess, að deildaskiptingin sé afnumin og Alþ. skipað í eina málstofu.

Alþ. starfaði óskipt frá endurreisn til ársins 1875. Kom varla til greina að skipta þinginu í byrjun, svo fámennt sem það var, og þar að auki tefldu Danir ekki í neina tvísýnu, þar sem þeir höfðu 6 konungkjörna þm. og kosningarrétt-

ur var miklum takmörkunum háður. Engu að síður kom fram í umr. manna á meðal hér á landi hugmynd uum skiptingu Alþ., og er það að vissu leyti ekki óeðlilegt, því að þing voru þá skipt í mörgum öðrum löndum. Stafaði það af aðstæðum, þar sem borgarastétt barðist fyrir völdum og réttindum, en konungur og aðall héldu í sérréttindi sín með því að viðhalda sérstökum þd. og hafa þar stöðvunarvald yfir löggjafarstarfsemi hinna vaxandi þjóðþinga. Á þjóðfundunum kom þetta mál til umr., en Jón Sigurðsson hafði forustu um það og allur þorri þm. tók afstöðu á móti því og vildi hafa Alþ. í einni málstofu.

Þegar konungur lagði fram frv. til stjórnskipunarlaga 1867, sem voru að mörgu leyti athyglisverð, lét hann eða stjórn hans í ljós það álit, að um leið og Alþ. fengi aukin völd, þyrfti að setja á það einhver höft til öryggis. Út úr umr. um þetta og baráttu fyrir fjölgun þjóðkjörinna þm. kom svo hugmyndin um deildaskiptingu, sem síðan hélst og var samþ. á Alþ. Margir töldu þetta þó misráðið, þ. á m. Jón Sigurðsson, en hann sagði á einum stað í Nýjum félagsritum:

„En það hyggjum vér, að mjög fáir mundu vera með tviskiptu þingi, ef þeir ættu kost á að halda því heilu og óskiptu afarkostalaust."

Á næstu árum áttuðu Íslendingar sig á því, að skipan Ed. Alþ. með 6 konungkjörnum alþm. og 6 þjóðkjörna var býsna hættuleg og veitti stjórninni tangarhald á íslenskum stjórnmálum. Fulltrúar konungsvaldsins í Ed. gátu stöðvað hvaða mál sem þeim sýndist og gerðu það mjög oft. Enda þótt konungkjörnu fulltrúarnir væru margir hinir nýtustu og bestu Íslendingar, leit þjóðin þá hornauga, og var augljóst mál, að þeir gátu tafið fyrir og töfðu fyrir mörgum þjóðþrifamálum og áhugamálum alls þorra almennings í landinu. Það var ekki fyrr en 1903, sem tókst að hnekkja þessu kerfi með því að fjölga þm. Ed., þannig að þjóðkjörnir fengu þar meiri hl.

Landskjör var tekið upp 1915, þegar konungkjör þm. var lagt niður. Þá völdu Íslendingar þann kost að hafa 6 landsk. þm., sem kosnir voru af þjóðinni allri í einu kjördæmi með hlutfallskosningu, en þó skertum kosningarrétti.

Segja má, að á meðan konungkjörnir þm. voru á Alþ. og raunar e. t. v. á meðan landskjörnir þm. voru eftir gamla kerfinu, hafi verið örlítil ástæða fyrir deildaskiptingu, vegna þess að þessir þm. komust inn í sali Alþingis á annan hátt en þeir, sem þjóðin sjálf kaus. Þetta eru þær venjulegu aðstæður, sem réttlæta deildaskiptingu erlendis, að ekki er kosið á sama hátt til beggja deilda. Því sagði hæstv. núv. forsrh. á einum stað í ritum sínum, að þegar landskjörið var afnumið 1934, hafi deildaskiptingin óneitanlega að nokkru leyti misst sína fyrri þýðingu.

Alþfl. hefur haft það á stefnuskrá sinni lengi, að landið skyldi gert að einu kjördæmi og allir þm. sitja í einni málstofu. Um þetta flutti Jón Baldvinsson frv. á árinu 1933 og færði fram ýmis rök fyrir þeim skoðunum. Nú hefur kjördæmaskipan verið breytt þannig, að Alþfl.-menn telja því svipa svo til hinna gömlu hugmynda sinna um eðli kjördæmaskipunarinnar, að þeir geta sætt sig við að láta þar við sitja í meginatriðum. Hins vegar er hugmyndinni um eina málstofu enn haldið fram, eins og gert er með þessu frv.

Margir Íslendingar hafa fjallað um deildaskiptingu Alþ. og velt vöngum yfir henni. Þó mun enginn hafa orðið jafnlærður í þeim fræðum og Bjarni heitinn Benediktsson forsrh., en eftir hann liggur mikið vísindarit um deildir Alþ. Hann fjallaði að vísu um málið sem fræðimaður, en lét þó koma fram skoðanir eins og þær, að þýðing tviskiptingar þingsins fari tvímælalaust minnkandi, og honum virðist svo horfa sem tviskipting þingsins muni smám saman hverfa.

Lengst komst þetta mál í tíð síðustu ríkisstj., þegar Bjarni var forsrh., en eftir kosningarnar 1967 sagði hann í stefnuyfirlýsingu fyrir hönd stjórnar sinnar og stjórnarflokkanna beggja, Alþfl. og Sjálfstfl., að teknar verði upp viðræður milli stjórnmálaflokkanna um þá breytingu á stjórnarskránni, að Alþ. verði ein málstofa. Ekki komst þetta mál langt, vegna þess að stjórnarandstöðuflokkar, sem þá voru, sýndu því engan áhuga, og kann að vera, að þeir sjái eftir því í dag.

Oft hefur verið um það deilt, hvort telja eigi Alþ. tviskipt, vegna þess að allir þm. eru kosnir á sama hátt og sama tíma. Hafa sumir haldið fram, að réttara væri að kalla deildirnar eins konar þingnefndir. Hinu má þó ekki gleyma, að deildirnar hafa hvor fyrir sig rétt til þess að fella mál, og það er veigamikill réttur. Þess vegna verður að tala um deildaskiptinguna í alvöru og sem raunverulega skiptingu þingsins, — e. t. v. ætti frekar að segja misskiptingu, því að skipan ⅓ af þinginu í deild, sem er jafnrétthá deild með ⅔, gerir að verkum, að þm. í Ed. hafa í raun og veru tvöfalt áhrifavald á við þm. í Nd. með atkv. sínum í venjulegum löggjafarmálum.

Það er talað um, að Alþ. sé tviskipt, það sé tvær deildir. En því hefur ekki verið gefinn nægilegur gaumur, að Alþingi er í raun réttri ekki tvær málstofur heldur þrjár. Það starfar í þremur málstofum: deildunum báðum og sameinuðu þingi. Í upphafi deildaskiptingarinnar var litið svo á, að sameinað Alþingi ætti litlu sem engu hlutverki að gegna, nema kannske þingsetningu og þinglausnum og því að vera eins konar hæstiréttur, ef deildirnar gætu ekki komið sér saman. Margt bendir til þess, að svo hafi verið. Í fyrsta skipti, sem þinginu var skipt, var Jón Sigurðsson bæði forseti í Sþ. og Nd., og það kom fyrir a. m. k. þrisvar sinnum fyrir aldamót, að forseti Sþ. væri einnig deildarforseti. Þegar Íslendingar höfðu fengið ráðh. inn í landið, voru þeir sjálfum sér líkir og komu fyrstu tveimur þeirra frá völdum með heldur harðskeyttum vantrauststill., en þær voru báðar fluttar í Nd. Vantrauststill. voru yfirleitt fluttar í deildum allt fram til 1927.

Þetta sýnir, hvernig menn litu á Sþ. í upphafi. En þróunin hefur orðið sú, eftir því sem árin hafa liðið, að Sþ. hefur vaxið að verkefnum og völdum, og ég vil leyfa mér að fullyrða, að það hafi nú meiri þýðingu en deildirnar. Fjárlög voru upphaflega afgreidd í deildum, en flutt til Sþ. árið 1934. Þáltill. þekktust varla fyrr á

árum, en eru nú ekki aðeins umfangsmikið form þingmála, heldur eru þær notaðar til þess að stofna lýðveldi, gera mikilvægustu alþjóðasamninga, ákveða aðild Íslands að alþjóðasamtökum, staðfesta framkvæmdaáætlanir og margs fleira. Fsp. voru næsta óþekktar eða mjög sjaldgæfar fyrr á tímum, en eru nú orðnar eins konar loftvog landsmálanna og eftirlætisauglýsingaform þm., fyrirferðarmiklar mjög í dagskránni. Ýmislegt fleira mætti nefna, sem sýnir, að Sþ. hefur stöðugt fengið meiri og meiri þýðingu.

Við verðum því að gera okkur grein fyrir því, að þessi litla löggjafarsamkoma okkar er í störfum sínum ekki tvískipt, heldur þrískipt. Þetta er flókið kerfi og vafalaust óhagkvæmt, enda munu fá dæmi um annað slíkt, heldur hefur þróunin í nágrannalöndunum verið í áttina frá tveim málstofum í eina t. d. á tveim Norðurlandanna.

Ég hygg, að starf Alþ. mundi án efa verða einfaldara og ódýrara í einni málstofu en þrem. Breytingar á nefndaskipun mundu hafa mikla þýðingu, þar eð fækka mætti nefndum a. m. k. úr 24 í 13 og hver þm. mundi þá sitja í færri nefndum og geta gefið sér meiri tíma til að sinna hverri en nú er. Ef litið er á skrá yfir skiptingu nefndarstarfa alþm. í dag, kemur í ljós alveg furðulegt misræmi. Einn þm. situr í 7 n., 3 þm. sitja í 6 n., 8 þm. sitja í 5 n. hver, og svo er að sjálfsögðu allmikill fjöldi þm., bæði ráðh. og flokksformenn og fleiri, sem eru ýmist í engri eða 1—2 n. Ég hygg því, að það væri meiri háttar endurbót á störfum Alþ., ef nefndaskipaninni væri þannig, að n. fækkaði til muna, þm. væru í færri n., svo sem tveim að jafnaði hver, og meiri þungi í starfi þingsins færðist yfir til n., eins og ég hygg, að tíðkist í flestum öðrum þjóðþingum.

Þá vil ég benda á, að það er mjög illa farið með tíma ráðh. hér á landi, þegar þeir þurfa að sitja og taka þátt í umr. um öll sín þingmál í tveimur deildum. Við leggjum mikið á okkur, til þess að æðsta stjórn ríkisins verði ekki of þung í vöfum, og höfum fáa ráðh., sem hafa að jafnaði tvö rn. um að hugsa, og ég hygg, að betur mætti fara með tíma þeirra en gert er með þessu kerfi.

Enn vil ég nefna það, að húsnæðismál Alþingis hafa verið og eru á dagskrá. Mun raunar ætlunin að halda nefndarfund um þau í fyrramálið. En það er óhugsandi að gera nokkrar framtíðaráætlanir um húsbyggingu fyrir Alþingi án þess að hafa tekið ákvörðun um, hvort ætlunin er, að þingið starfi í einni málstofu eða þremur.

Veigamikil röksemd fyrir afnámi deildaskiptingar Alþingis eru áhrif hennar á meirihlutavald og ríkisstj. Þm. eru nú 60, en það nægir ekki fyrir flokka að hafa 31 þm. til að stjórna landinu, til þess þurfa þeir meiri hl. í báðum deildum, 32 þm. eða 53.3% þm. Til að koma lögum í gegnum Alþ. þarf ríkisstj. því ekki aðeins hreinan meirihl., heldur 53.3% þingsins. Ef menn vilja hafa slíka takmörkun, t. d. um vissar tegundir laga, skattlagningu eða eitthvað slíkt, er enginn vandi að koma því fyrir og segja, að til þess að samþykkja slík frv. þurfi ákveðna prósentu. En af hverju 53.3%? Það er eingöngu söguleg tilviljun, sem á í raun og veru engan rétt á sér, heldur er galli, sem hefur komið fram á fornfálegu kerfi, sem við erum enn að burðast með.

Það hefur oft komið fyrir, að ríkisstj. hafa haft hreinan meiri hl. þm., en engu að síður ekki getað stjórnað landinu vandkvæðalaust vegna deildaskiptingarinnar. Þetta kom fyrir 1931, þegar Framsfl. fékk hreinan meiri hl., en gat ekki náð valdi á Ed., vegna þess að landskjörnir þm. sátu þá þar. Ríkisstj. Tryggva Þórhallssonar hraktist því frá völdum eftir tiltölulega skammvan tíma. Eftir kosningar 1934 höfðu Framsfl. og Alþfl. meiri hluta allra þm., en þá skorti atkv. í Nd. til að geta haft starfhæfan meiri hl. fyrir fyrstu vinstri stjórnina í þessu landi. Þá gerðist það, að aðrir þm. komu henni til hjálpar, Ásgeir Ásgeirsson og Magnús Torfason, þannig að það tókst að fá meiri hl. með harðneskju, eins og ég held, að Bjarni Benediktsson orði það á einum stað.

Eftir að stjórn Emils Jónssonar var mynduð seint á árinu 1958, skapaðist það ástand, að með stuðningi Sjálfstfl. hafði hún 27 þm. gegn 25. En hún hafði ekki starfhæfan meiri hl. í annarri d. Þar gátu stjórnarandstöðuflokkarnir stöðvað mál hennar. En það var aðeins tilviljun og sú aðstaða, sem þá var, sem olli því, að stjórn Emils Jónssonar gat skáskotið málunum gegnum þingið, eins og það var orðað hér nýlega, enda vissu allir, að hún var bráðabirgðastjórn og þingrof var rétt fram undan. Þessi vandi kom ekki beinlínis fyrir á dögum viðreisnarstjórnarinnar. Þó hafði hún á nokkrum hluta síns stjórnartíma aðeins 32 þm. á móti 28 og þurfti ekki nema einn að hverfa frá stuðningi við hana í einhverju máli, til þess að hún lenti í vandræðum. Það kom raunar fyrir, að veigamikið mál, sem að vísu var ekki gert að fráfararatriði, varð að falla niður, vegna þess að stuðningurinn brást, enda þótt að jafnaði hafi þá verið, eins og alltaf er í samsteypustjórnum, reynt að koma í veg fyrir slíkan vanda, áður en stjfrv. voru flutt, með viðræðum í þingflokkum.

Ég þarf varla að lýsa því ástandi, sem nú er í landinu. Núv. ríkisstj. hefur hreinan meiri hl. þm., en ekki starfhæfan meiri hl. á þinginu, vegna þess að hún hefur ekki meiri hl. í Nd. Stjórnarandstaðan tekst að sjálfsögðu á við ríkisstj. og fer eftir gildandi stjórnarskrá hverju sinni, og henni verður ekki breytt nema á tveim þingum, þegar kosningar hafa farið fram á milli. Þetta frv. hefur því alls engin og getur alls engin áhrif haft á örlög núv. ríkisstj. En það er hugsað til framtíðar og byggt á margvíslegri reynslu.

Enginn veit, hvaða flokkar kunna að sitja hér uppi með 31 þm. á bak við sig eftir næstu eða þar næstu kosningar. Þess vegna verða ábyrgir menn, sem hugsa þetta mál til framtíðar, að gera sér grein fyrir því, hver hætta er á, að deildaskiptingin haldi áfram að veikja íslenskt stjórnarfar, kalla á ábyrgðarlausar aðgerðir og draga úr trausti þjóðarinnar á stjórnkerfi sínu. Þegar málið er skoðað í þessu ljósi, hljóta menn að fallast á, að tími sé kominn til að afnema

deildaskiptingu Alþingis. Það þarf að gera fyrir næstu kosningar, svo að ný skipan geti komið til framkvæmda á næsta kjörtímabili.

Herra forseti. Ég legg til, að frv. verði að lokinni þessari umr. vísað til 2. umr. og hv. allshn.

Hannibal Valdimarsson: Herra forseti. Ég tel rétt í sambandi við umr. um þetta frv., frv. til breytinga á stjórnarskrá lýðveldisins Íslands að upplýsa það, að á einum fyrsta þeirra funda, sem stjórnarskrárnefnd hefur haldið, kom fram meðal margra annarra tillagna till. um það, hvort ekki teldist rétt, að Alþ. Íslendinga starfaði í einni málstofu, en ekki tveimur. Ég tel líka rétt, að það komi fram, að þessi till. fékk strax almennar og góðar undirtektir í stjórnarskrárnefnd, og var þar samþykkt að afla umsagna frá nágrannaþjóðum okkar, sem tekið höfðu þegar upp þessa breytingu og mótað sín þjóðþing í einnar málstofu formi, og fá frá þeim upplýsingar um, hvernig þessi nýja tilhögun hefði gefist. Ég hygg, að frá sumum þeirra séu þegar komnar upplýsingar, en beðið er eftir umsögnum frá öðrum okkar nágrannaþjóða um þetta.

Að öðru leyti liggja fyrir hjá stjórnarskrárnefndinni þær till. allar, sem áður hafa verið fluttar á Alþ. Íslendinga til breytinga á stjórnarskránni, og hafa sumar þeirra þegar verið athugaðar allgaumgæfilega. En þetta er mikill fjöldi till., og eru þær allar til athugunar hjá stjórnarskrárnefnd.

Ég hygg, að það sé enginn vafi á því, að menn komi auga á þá ágalla, sem á því eru, að þingið starfi í tveimur málstofum, einkanlega þegar meiri hluti er naumur, en lýðræðisleg stjórn á þó raunverulega rétt til þess að stjórna landinu. Enn fremur eru fallnar brott ýmsar þær forsendur, sem áður voru fyrir tviskiptingu þingsins, og þarf ekki að fara ítarlega út í það.

Þetta frv. fjallar, eins og hv. flm. sagði, um þessa einu breytingu, þ. e. a. s. að þingið verði ein málstofa í staðinn fyrir tvær, og þótt frv. sé í mörgum greinum, er það allt saman afleiðingar af þessari einu efnisbreytingu, eins og hv. flm. tók fram. Ég persónulega get lýst því yfir, að ég er samþykkur þessari breytingu og taldi þó alveg sjálfsagt, að athugun færi fram að vilja stjórnarskrárnefndarmanna til að fá sem gleggsta vitneskju um reynsluna af þessari breytingu hjá nágrannaþjóðum okkar. Stendur sú athugun yfir og gögn þegar að nokkru leyti komin, en önnur væntanleg.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Efri deild, 51. fundur.

Mánudaginn 28. janúar, kl. 2 miðdegis.

Umræður utan dagskrár.

Geir Hallgrímsson: Herra forseti. Í sjónvarpsþætti s.l. föstudag sagði hæstv. utanrrh. frá till. um varnarmál, er hann kvaðst hafa lagt fram á ríkisstjórnarfundi og vera skyldu grundvöllur í samningaviðræðum við Bandaríkjamenn í næsta mánuði. Þessar till. hafa ekki verið kunngerðar utanrmn. og því síður þingheimi. Ég tel nauðsynlegt, úr því að hæstv. utanrrh. hefur vitnað til þessara tillagna og sjálfur hafið umr. um þær opinberlega, að till. verði birtar í heild, svo að unnt sé að gera sér grein fyrir, hvað í þeim felst í einstökum atriðum. Þá er og sjálfsagt, að ekki sé lengur dregið að ræða almennt öryggis- og varnarmál landsins í utanrmn., þ.á m. till. Bandaríkjamanna frá síðustu viðræðum þeirra og Íslendinga í nóv. s.l. Þessar till. hafa einnig verið opinberlega gerðar að umtalsefni. Hæstv. utanrrh. hefur og staðfest, að orðsending hafi borist frá norsku ríkisstj. um varnir Íslands, og sýnist því tilefni til að gera innihald hennar kunnugt. Í utanrmn. hefur einnig verið sagt frá álitsgerðum ráðs Atlantshafsbandalagsins, sem látnar eru í té í samræmi við ákvæði varnarsamningsins við Bandaríkin, en sem trúnaðarmál.

Varnar- og öryggismál Íslands eru nú komin á það stig, að nauðsynlegt er, að þm. og raunar allir landsmenn séu engu leyndir. Vitaskuld kunna að vera þau skjöl og orðsendingar, sem hæstv. utanrrh. getur ekki birt vegna kvaða frá sendendum þeirra. En úr því sem komið er, verður þingheimur og þjóðin öll að fá öll gögn málsins í hendur, sem unnt er að birta. Margt bendir til þess, að öryggismál Íslands séu nú höfð að bitbeini og í hrossakaupum milli stjórnarflokkanna. Þjóðin verður að gæta að því, hvernig með fjöregg hennar er farið, svo að unnt sé að stöðva framgang ábyrgðarlausra hugmynda í öryggismálum landsins.

Herra forseti. Ég hef kvatt mér hljóðs utan dagskrár til þess að krefjast þess, að utanrrh. láti ekki dragast lengur að ræða öryggis- og varnarmál landsins í utanrmn. og kunngera öll gögn málsins og þ.á m. eigin till., svo að þingheimur og þjóðin öll viti, hvert er stefnt, og geti breytt þeirri stefnu í samræmi við þjóðarhagsmuni, þegar nauðsyn krefur.

Utanrrh. (Einar Ágústsson): Herra forseti. Hv. 2. þm. Reykv. hefur gert varnarmál að umtalsefni hér utan dagskrár. Aðalefni ræðu hans virtist mér vera það, að hann krefðist umr. í utanrmn. um þessi mál. Um það vil ég segja, að ég er hvenær sem er reiðubúinn til umr. í utanrmn. um þessi mál. Skýrsla um viðræðufund við sendinefnd frá Bandaríkjamönnum var lögð fram í utanrmn. í nóvembermánuði s.l. Varð að samkomulagi í n., að ræða ekki till. á þeim fundi, vegna þess að menn voru ekki búnir að kynna sér efni skýrslnanna, og það tel ég algerlega eðlilegt. Síðan hef ég verið reiðubúinn til að ræða þessi mál í utanrmn., en að vísu ekki haft frumkvæði að því, að það yrði gert. En ég tel ekkert því til fyrirstöðu, að við ræðum þau mál við fyrsta tækifæri í utanrmn. Það skal ekki standa á mér að gera það.

Þá gerði hv. þm. að umtalsefni birtingu orðsendinga frá Norðmönnum og frá hermálanefnd NATO, sem vitnað hefði verið til og Joseph Luns, framkvæmdastjóri NATO, gerði mönnum hér grein fyrir. Hv. 2. þm. Reykv. vildi, að þessar orðsendingar yrðu birtar almenningi. Um orðsendingu frá hermálanefnd NATO er það að segja, að hún var afhent okkur sem algert leyndarskjal NATO, og ég hef ekki talið mér leyfilegt að rjúfa þann trúnað. Hins vegar var það fyrir jólin, að í Brüssel voru birtar meginniðurstöður þessarar ályktunar. Ég get að sjálfsögðu hvenær sem er gert ráðstafanir til, að hingað berist það, sem sagt var í Brüssel um þessi mál, ef það hefur ekki þegar verið gert.

Um orðsendingu Norðmanna er það að segja, að *ég hef ekki talið viðurkvæmilegt að birta* þá orðsendingu og mun ekki gera nema með leyfi Norðmanna. En eftir því má auðvitað leita, ef utanrmn. t.d. telur efni standa til þess.

Um þær till., sem ég hef leyft mér að bera fram í ríkisstj. og gerði að umtalsefni lauslega í áðurnefndum sjónvarpsþætti, vil ég segja það, að ég mun ekki lesa þær upp hér eða skýra frá þeim í einstökum atriðum. Ég hef skýrt frá meginatriðunum. Þetta eru till. að viðræðugrundvelli og eru hugsaðar til að leggja fram í viðræðum við Bandaríkjamenn, ef samstaða næst um það í ríkisstj. Nú er einmitt verið að fjalla um þessar till. í ríkisstj., þannig að ekki er víst, hvaða till. það verða, sem fram verða lagðar. En áður en farið verður með endanlegar till. til samningafunda, mun ég gera grein fyrir þeim í utanrmn., því lofa ég. Þetta eru till. mínar og Framsfl. og markar þá stefnu, sem við viljum halda. Það liggur ekki neitt fyrir um það, hverjum bretyingum þær kunna að taka í ríkisstj., og ég vona, að við verðum ekki sakfelldir fyrir að taka okkur góðan tíma til að athuga þessi mikilvægu mál. Það erum við nú að gera.

Ég vil draga saman niðurstöður þess, sem ég hef hér sagt. Ég skal hvenær sem er gangast fyrir því, að fundur verði haldinn í utanrmn. og þar verði þessi mál rædd. Það tel ég alveg eðlilegt um órædda skýrslu Porters, sendimanns Bandaríkjastjórnar, og það, sem síðast kann að hafa gerst. Ég skal gera ráðstafanir til þess, að það, sem NATO hefur þegar viljað láta birta úr skýrslu sinni um varnarmálin, verði aðgengilegt fyrir þá íslensku aðila, sem þess óska. Og ég mun athuga, hvort Norðmenn kæra sig um, að orðsending þeirra verði birt.

Geir Hallgrímsson: Herra forseti. Ég vil þakka hæstv. utanrrh. svör hans, svo langt sem þau náðu. Ég verð þó að gera örstutta aths. við svör hans.

Ég tel ekki óeðlilegt, að samráð sé haft við Norðmenn t.d. eða fastaráð Atlantshafsbandalagsins, að því er snertir birtingu þeirra álitsgerða eða skjala, sem frá þeim hafa komið. En ég tel nauðsynlegt, bæði varðandi þessi skjöl

og önnur þau gögn, sem fyrir liggja í sambandi við öryggis- og varnarmál landsins, að þau séu sem flest birt og gerð almenningi kunn, þannig að skoðanamyndun almennings byggist á traustum grundvelli.

Mér eru það vonbrigði, að hæstv. utanrrh. vill ekki birta eigin till. í heild, því að mér er nær að halda, að sá útdráttur, sem hann gaf í umræddum sjónvarpsþætti, hafi verið allófullkominn og þar séu engan veginn öll kurl til grafar komin, að því er snertir till. hæstv. ráðh. Þær verða auðvitað umræðuefni manna á meðal á grundvelli þess, sem hann sagði, og getur það þá ekki verið nema með ófullkomnum hætti. Því er nauðsynlegt, að þær séu birtar í heild, úr því að þær eru gerðar að umtalsefni.

Ég vil svo segja það, að hæstv. utanrrh. og ríkisstj. hafa nokkuð látið það fram koma og raunar allmjög, að ný vinnubrögð hafi verið tekin upp í tíð núv. ríkisstj., að því er snertir samráð við utanrmn. um utanríkismál. Ég er að vísu ekki kunnugur, hvernig slíku samráði var áður háttað, en það er ekki við mikið að jafnast, þegar litið er á þá starfshætti, sem núv. ríkisstj. hefur viðhaft í sambandi við utanríkismál, t. d. landhelgismál, og nú öryggis- og varnarmál. Það hefur ekki verið svo, að ráðgast hafi verið um þessi mál almennt, áður en ákvarðanir hafa verið teknar, heldur alls ekki fyrr en búið var að taka ákvörðun innan ríkisstj. á þessu sviði.

Ég óskaði eftir fundi í utanrmn. til að ræða öryggis- og varnarmál landsins, þegar ég kvaddi mér nú hljóðs, og beindi þeirri ósk og þeirri kröfu sérstaklega til utanrrh. Hann hefur tekið út af fyrir sig vel í þá ósk og þá kröfu, og treysti ég honum til að fylgja því eftir við form. utanrmn., að þessi mál verði tekin þar á dagskrá. Okkur hafa þar verið afhent gögn, frásögn af viðræðunum við Bandaríkjamenn í nóv. s. l., skömmu eftir að þeim lauk. Var ætlunin, að því er ég hélt, að halda þar síðan fund. Það hefur dregist úr hömlu. Ég hef ástæðu til að ætla, að sá dráttur stafi af því, að ríkisstjórnarflokkarnir séu í hrossakaupum sín á milli um lausn þessara mála, þar sem ekki er fyrst og fremst tekið tillit til öryggis landsins, eins og vera ber, heldur til skammtíma flokkspólitískra hagsmunamála, eins og á þau er litið af hálfu hæstv. ráðherra. Ég tel þetta miður farið og ítreka því og endurtek ósk mína og kröfu um, að fundur verði haldinn í utanrmn.

Utanrrh. (Einar Ágústsson): Herra forseti. Mig langar aðeins til að gera örstutta aths. við ummæli hv. 2. þm. Reykv. um það samráð, sem haft hefur verið við utanrmn. Hann nefndi þar sérstaklega til landhelgismálið og sagði, að samstarfið við utanrmn. hefði farið þannig fram, að ríkisstj. hefði tilkynnt um þær ákvarðanir, sem hún hefði tekið, en ekki leitað samráðs við n. fyrir fram. Þetta er að nokkru leyti rétt, en ekki að öllu leyti. Ég minnist þess, að á fyrri stigum landhelgismálsins var stundum, og að ég hygg oftar en einu sinni a. m. k. leitað samráðs við utanrmn. og stjórnarandstæðinga í utanrmn. um það, hvað til ráða væri, hvað til bragðs skyldi taka, þegar verið var að fjalla um samningatill. fyrst og fremst við Breta og Vestur-Þjóðverja. Ég vona, að ég fari ekki með rangt mál, — mig misminnir þá meira en lítið, ef það er ekki rétt hjá mér, — að svör stjórnarandstæðinga hafi iðulega verið þau, bæði í landhelgisn. og utanrmn., að það væri ríkisstj., sem þyrfti að taka ákvörðun, og stjórnarandstaðan mundi lítið geta sagt, fyrr en sú ákvörðun lægi fyrir. Hins vegar viðurkenni ég, að í sambandi við Haag-dómstólinn og málflutning okkar fyrir honum er það vissulega rétt, að ríkisstj. lagði fram fullmótaðar till. í utanrmn. En það helgaðist af því, að hún hefur frá upphafi haft ákveðna stefnu í því máli, sem sagt þá að flytja málið ekki fyrir Haag-dómstólnum, og hefur það verið að allra vitorði á öndverðum meið við stjórnarandstöðu.

Ég vil segja um varnarmálin, að þau eru ekki komin á það lokastig, að ég hafi talið sérstaka ástæðu til að ræða þau í utanrmn., vegna þess að þær till., sem hér hafa verið gerðar að umtalsefni, eru einungis till. mínar í ríkisstj., og við vitum ekki enn, hvaða mynd þær fá á sig þar. Hins vegar sagði ég í þeim fáu orðum, sem ég sagði hér áðan, og vil gjarnan endurtaka, að áður en til endanlegrar afstöðu kemur, mun málið verða rætt í utanrmn. Og ég skal með mikilli ánægju hafa milligöngu um að tala við form. utanrmn. um, að sá fundur, sem hv. 2. þm. Reykv. gerði að umtalsefni og óskar eftir, að haldinn verði, hann verði haldinn.

Jarðgufuvirkjun við Kröflu eða Námafjall, frv. (þskj. 292). — 1. umr.

Heilbr.- og trmrh. (Magnús Kjartansson): Herra forseti. Hér er til 1. umr. stj.frv. um jarðgufuvirkjun við Kröflu eða við Námafjall í Suður-Þingeyjarsýslu.

Í 1. gr. frv. er lagt til, að ríkisstj. verði heimilað að fela væntanlegri Norðurlandsvirkjun eða öðrum aðila að reisa og reka jarðgufuaflsstöð við Kröflu eða austanvert Námafjall með allt að 55 megawatta afli til framleiðslu raforku og leggja þaðan aðalorkuveitu til tengingar við aðalorkuflutningskerfi Norðurlands. Eins og menn muna, var lögð fyrir Alþ. á sínum tíma þáltill. ríkisstj. um skipulag raforkumála í landinu, og þar var m. a. gert ráð fyrir því, að komið yrði á fót orkuöflunarfyrirtækjum í hinum ýmsu landshlutum. Hefur verið unnið að því síðan að koma slíkum orkuöflunarfyrirtækjum á laggirnar. Hefur verið rætt sérstaklega við aðila á Norðurlandi um slíkt sameiginlegt fyrirtæki, og hefur sýnt sig, að á þessu máli er mikill áhugi. Tilgangurinn með þessu er sá að flytja aukið vald og frumkvæði út í héruðin og vinna að því, að þau telji sér kleift að ráðast í mun stærri og þá hagkvæmari virkjanir en unnt hefur verið til þessa í hinum ýmsu landsfjórðungum.

Í 2. gr. er svo talað um, að valið milli Kröflu og Námafjalls austanverðs sem virkjunarstaðar skuli fara fram á grundvelli jarðhitatæknilegra sjónarmiða og umhverfisverndarsjónarmiða, og þar er tekið fram, að sem hluta af virkjuninni skuli gera ráðstafanir, er að höfðu samráði við

Náttúruverndarráð og að dómi sérfræðinga teljast nauðsynlegar til að draga úr hugsanlegum áhrifum virkjunarinnar á lífríki Mývatns, svo sem frekast er kostur. Kröflusvæðið hefur verið rannsakað mikið, eins og menn vita, og það er mat sérfræðinga, að Kröflusvæðið sé mjög hakkvæmur virkjunarstaður. Hins vegar er eftir að framkvæma þar boranir, sérstaklega til könnunar á botnhita, en ef þær bera árangur, er það mat þeirra, að virkjun við Kröflu sé hagkvæmari af ýmsum ástæðum en virkjun í Námafjalli. Hins vegar er ekki tímabært að taka þessa ákvörðun, fyrr en þessar rannsóknarboranir hafa verið framkvæmdar. Þæ áðstafanir, sem talað er um þarna að gera þurfi til þess að draga úr hugsanleg um áhrifum virkjunarinnar á lífríki Mývatns, eru taldar til virkjunarkostnaðar, og er það nýmæli í lagagerð af þessu tagi. Hins vegar er rétt að taka fram, að það eru ekki taldar miklar líkur á því, að virkjunartegundir þessar hafi nein áhrif á vistkerfi Mývatns.

Í 3. gr. er ríkisstj. heimilað að taka lán eða ábyrgjast lán, sem virkjunaraðilinn tekur, allt að 1500 millj. kr. eða jafngildi þeirrar upphæðar í erlendri mynt, til greiðslu stofnkostnaðar við þessa framkvæmd. Í 4. gr. er lagt til, að felld skuli niður aðflutningsgjöld og söluskattur af efni, tækjum og vélum til þessarar aflstöðvar, eins og tíðkast hefur við hliðstæðar virkjunarframkvæmdir.

Í 5. gr. er svo ákvæði um það, að um stofnun og rekstur orkuvers og orkuveitna skuli að öðru leyti farið að ákvæðum orkulaga.

Eins og segir í grg., hófst jarðgufuvinnsla hér á landi með virkjun gufu í Námafjalli fyrir kísilgúrvinnslu og raforkuvinnslu í jarðgufuaflstöð. Fengist hefur ágæt reynsla af þessari orkuvinnslu, og er því eðlilegt, að áhugi sé á að nýta þennan orkugjafa í stærri stíl til raforkuvinnslu. Orkustofnun hefur á undanförnum árum unnið að umfangsmiklum rannsóknum á Námafjalls- og Kröflusvæði, og eru niðurstöður þeirra, að bæði svæðin séu álitleg til raforkuvinnslu. Þá hefur Orkustofnun einnig gert frumáætlanir um jarðgufuaflsstöð allt að 55 megawöttum að stærð, og benda niðurstöður þeirra eindregið til þess, að slík virkjun yrði ódýrasti valkostur í virkjunarmálum á Norðurlandi á næstu árum.

Með hliðsjón af orkumálum á Norðurlandi telur ríkisstj. æskilegt að afla sér nú þegar heimildar til að reisa og reka jarðgufuaflsstöð á öðru hvoru þessara jarðhitasvæða og leggja þaðan orkuveitur til tengingar við meginorkuflutningskerfi Norðurlands. Þessi heimild er nauðsynleg, til þess að hægt sé að hraða framkvæmdum eins og unnt er.

Jarðhitarannsókn á jarðhitasvæði við Kröflu er enn ekki lokið, en ef borun einnar eða tveggja rannsóknarhola þar bæri jákvæðan árangur, tel ég, að jarðhitasvæðin við Kröflu og Námafjall séu bæði jafnvel fallin til virkjunar. Vegna frárennslis er þó talið óráðlegt að staðsetja virkjun vestan Námafjalls. Umhverfisáhrif af völdum frárennslisvatns eru sennilega svipuð, hvort heldur virkjunin væri austan Námafjalls eða við Kröflu, þar sem frárennslisvatnið rennur í báðum tilvikum að jaðri Búrfellshrauns. Nokkur gufumökkur fylgir virkjun af þessari gerð, en hann er ekki talinn valda neinni skaðlegri mengun fyrir lífríkið. Yrði að meta út frá öðrum umhverfissjónarmiðum, hvor staðurinn væri hentugri vegna þessa, en svæðið við Kröflu er mun fjær byggð, svo sem kunnugt er.

Í frumáætlunum Orkustofnunar frá júní 1972 til sept. 1973, sem hv. alþm. hafa fengið í hendur, er gerð grein fyrir tæknilegum atriðum og forsendum kostnaðaráætlana. Í þeim áætlunum var reiknað með, að í 55 MW aflstöð yrði ein túrbína, en með hliðsjón af rekstraröryggi þykir ráðlegra að gera ráð fyrir tveimur túrbínum. Kostnaðartölur hafa verið endurskoðaðar með tilliti til þessa, og er stofnkostnaður áætlaður 1484 millj. kr. og árlegur rekstrarkostnaður 184 millj. kr., miðað við verðlag í sept. á síðasta ári. Þetta svarar til þess, að stofnkostnaður á uppsett kw sé áætlaður 27 þús. kr. Gerð hefur verið rekstrareftirlíking með rafreikni af samrekstri jarðgufustöðvar við önnur orkuver, er sendu raforku sína inn á sameiginlegt raforkukerfi Norðurlands og Suðurlands. Þessi athugun gefur þær niðurstöður, að væntanleg orkuvinnslugeta 55 MW jarðgufustöðvar í slíkum samrekstri séu 405 *gígawattsstundir* á ári. Miðað við þessa árs orkuvinnslu og áætlaðan árlegan rekstrarkostnað yrði orkukostnaður við stöðvarvegg 45 aurar á kwst. Með einni túrbínu hefði þetta verð orðið 39 aurar á kwst. Þessar upphæðir eru miðaðar við áðurnefnda frumáætlun og á verðlagi í sept. í fyrra.

Gufuveitan í Námafjalli, sem aflar gufu fyrir Kísiliðjuna og gufuaflsstöð Laxárvirkjunar, hefur verið rekin frá árinu 1969 með góðum árangri, og hefur ekki orðið vart við neina minnkun á gufumagni frá holunum, en afl þeirra, miðað við það, hve mikla raforku megi framleiða í eimsvalasamstæðu, jafngildir nú 12—13 MW vinnslu. Gufuveitan er nú rekin með 6 vinnsluholum, sem voru boraðar á árunum 1968—1970. Hönnun og frágangur holanna eru ekki eins góð og æskilegt væri með tilliti til þess háa botnhita, sem er á jarðhitasvæðinu í Námafjalli, en það má fyrst og fremst rekja til þess, að bortæki þau, sem notuð voru, voru ekki nógu afkastamikil til að ganga fullkomlega frá jafndjúpum holum. Við væntanlega virkjun yrði gufubor notaður til þessa verks. Gufuaflsstöðin í Námafjalli, sem getur framleitt 3.2 MW, var reynslukeyrð í maí 1969 og hefur starfað að mestu óslitið síðan. Orkuframleiðsla stöðvarinnar frá upphafi er 72 gwst. Til stöðvarinnar var keypt notuð vélasamstæða frá Englandi, komin nokkuð til ára sinna, en vegna þess að túrbínan er svokölluð mótþrýstitúrbína, og hún er gerð fyrir annað gufuástand en það, sem er á jarðhitasvæðunum, notar hún 2.5 sinnum meiri gufu en túrbínur með eimsvala mundu gera. Sumarið 1971 var skipt um túrbínuhjól, eins og upphaflega var ráðgert, þar sem málmblandan í skóflum hjólsins var ekki talin henta jarðgufu. Ekki hefur orðið vart við neina tæringu eða rot í útbúnaði stöðvarinnar.

Eins og ég hef rakið, er gert ráð fyrir, að stærð jarðgufuaflsstöðvar við Kröflu eða Námafjall geti orðið allt að 55 MW, en hún verði byggð í tveimur áföngum, þannig að í upphafi yrði byggt allt það, sem er sameiginlegt fullri

stærð stöðvarinnar, en túrbínur, rafalar, borholur og ýmis búnaður yrði gert í tveimur áföngum. Þetta hefur þann kost í för með sér, að hægt er að haga byggingunni nokkuð eftir markaðsþörfinni, og eins er meira rekstraröryggi að því, að stöðin sé rekin með tveimur rekstrareiningum. Jarðhitasvæðin í Kröflu og Námafjalli eru svokölluð vot jarðhitasvæði, þ. e. a. s. rennsli úr holunum er um það bil 20% gufa, sem nýtt er fyrir rafstöðina, og 80% vatn, sem skilið er frá gufunni. Vatninu er veitt frá jarðhitasvæðinu sem affallsvatni, og rennur það frá báðum svæðunum í jaðar Búrfellshrauns, þar sem það blandast mjög stóru grunnvatnskerfi. Með grg., sem hv. þm. hafa, fylgja yfirlitsmyndir um staðsetningu stöðvarhúsa og borhola og gufu- og vatnskerfi 55 MW jarðgufuaflsstöðvar. Ríkissjóður er rétthafi jarðhitaréttinda og landssvæða þeirra, sem hér skipta máli, samkv. samningum við landeigendur frá 18. mars 1971.

Eins og ég hef rakið samkv. grg. frv., benda áætlanir til þess, að með virkjun jarðgufu í Kröflu eða Námafjalli í 55 MW stöð, megi fá álíka ódýra orku og frá hagkvæmustu vatnsvirkjunum, sem eru þó mun stærri. Þetta er mikilvægt atriði, þar eð það gefur möguleika á hagstæðari virkjunaráföngum en fáanlegir eru á mörgum virkjunarstöðvum vatnsafls. Með Kröfluvirkjun mundi einnig fást mjög mikilvæg reynsla af raforkuvinnslu úr jarðgufu í eimrafalstöð í allstórum stíl. Núverandi stöð við Námafjall er af annarri gerð, sem nýtir orkuna í jarðgufunni verr, og reynslan af henni er okkur Íslendingum því ekki fullnægjandi. Auk þess er hún svo lítil, að örðugt er að draga ályktanir varðandi rekstur stórra jarðgufustöðva út frá reynslunni af henni einni saman.

Frv. heldur opnu vali milli Kröflu og Námafjalls sem virkjunarstaðar. Gert er ráð fyrir, að endanlegt val fari fram á grundvelli jarðhitatæknilegra sjónarmiða og umhverfissjónarmiða, þar með talin ferðamálasjónarmið. Jafnframt er gert ráð fyrir, að með í virkjuninni verði taldar nauðsynlegar ráðstafanir til að bægja frá Mývatni skaðlegum áhrifum. Umhverfissjónarmiðum er þannig gert hærra undir höfði í frv. þessu en í nokkru virkjunarfrv. fram til þessa. Enda þótt þessi varnagli sé sleginn, telja sérfræðingar lítla hættu á skaðlegum áhrifum á lífríki Mývatns af frárennslisvatni stöðvarinnar. Breytir þar litlu, hvort stöðin er við Kröflu eða Námafjall austanvert. Hætta af stöð vestan Námafjalls er talin geta verið mun meiri, og því er sá möguleiki ekki tekinn með hér.

Frá sjónarmiði umhverfismála og ferðamála er sá munur á Námafjalli og Kröflu, að austurhlíð Námafjalls mundi gerbreyta um svip við virkjun austan fjallsins og hverirnir við Hveralönd, sem margir ferðamenn skoða, mundu að líkindum hverfa alveg.

Virkjun við Kröflu eða Námafjall hefur verið ítarlega rædd í samstarfsnefnd þeirri um orkumál, sem iðnrn. setti á laggirnar með þremur fulltrúum frá rn. og þremur frá Náttúruverndarráði. Slíkt er nýmæli hér á landi í virkjanaundibúningi. Krafla er talin stærra jarðhitasvæði en Námafjall og gefa góða möguleika á stækkun stöðvarinnar síðar umfram þau 55 MW, sem nú er reiknað með. Nokkru norðar en Krafla er annað háhitasvæði, Þeistareykir, sem einnig mætti nýta til raforkuvinnslu, og hafa Húsvíkingar nýlega vakið sérstaka athygli á því. Það svæði er mun lægra yfir sjó en Krafla og er þar að auki nær þéttbýli, þ. e. a. s. Húsavík. Þar eru því skilyrði á ýmsan hátt betri en við Kröflu til ýmiss konar iðnaðarnota. Sýnist því rétt að geyma það svæði um sinn til hugsanlegra iðnaðarnota fremur en að vinna úr því raforku, þar eð annað svæði, Kröflusvæðið, er eins vel fallið til þess, en hins vegar miður til iðnaðarnota sökum hæðar yfir sjó og fjarlægðar frá þéttbýli. Raforkuvinnsla í stórum stíl kann að rýra hæfni Þeistareykja til iðnaðarnota síðar.

Með tengingu Norðurlands og Suðurlands skapast möguleikar á að fullnýta afköst Kröfluvirkjunar þegar frá upphafi, en það er mikilvægt fyrir allar virkjanir. Næsta virkjun á eftir Kröflu gæti t. d. verið sunnanlands, næst þar á eftir norðanlands o. s. frv. Með þessu fengist best nýting þeirra miklu fjármuna, sem í raforkuverum liggja. Tengilínan suður flytur þannig einnig orku til skiptis í báðar áttir, þegar hún er komin í gagnið. Hluti af línunni milli Norðurlands og Suðurlands er þegar lagður, eins og menn vita, þ. e. a. s. línan frá Akureyri til Varmahlíðar. Stundum er sagt, að engin raforka sé fyrir hendi til að flytja um þá línu. Um slíka orkusölu var þó í apríl 1972 gerður sérstakur samningur milli Laxárvirkjunar og Rafmagnsveitna ríkisins, og undirrituðu forráðamenn Laxárvirkjunar þann samning. Var þar gert ráð fyrir flutningi á 20 gwst., þar af 15 gwst. frá vatnsaflsstöðvum, og samið um mjög hagstætt raforkuverð, 30 aura á kwst. Síðan þessi samningur var gerður, hefur orkuþörfin á Laxársvæðinu að vísu vaxið örar en forráðamenn Laxárvirkjunar höfðu reiknað með, þegar þeir gerðu samninginn, þannig að í kuldum og endranær um háveturinn er lítið sem ekkert aflögu handa Norðurl. v. En á öðrum árstímum og þó einkum að sumrinu mun verða raforka aflögu frá Laxárstöðvunum og jarðgufustöðinni við Námafjall, og sparast þá dísilorkuvinnsla á Norðurl. v. sem því nemur. Með tilkomu línunnar að sunnan til Varmahlíðar breytist svo viðhorfið á ný, og flytur þá lína þessi orku til Akureyrar um sinn í stað þess að flytja hana í gagnstæða átt. Slíkur orkuflutningur ýmist í þessa áttina eða hina er einmitt hlutverk tengilína, eins og áður segir.

Með vaxandi raforkunotkun á Austurlandi dregur fljótt að því, að Lagarfossvirkjun verði fullnýtt. Möguleikar austanlands á litlum eða miðlungsstórum hagkvæmum virkjunum eru mjög takmarkaðir. Auk þess þarf að sjá Hornafirði fyrir meiri raforku, en þar er ekki heldur völ á hentugum virkjunarstöðum. Tenging Hornafjarðar og Austurlands og þeirra beggja síðar við Norðurland er því eðlilegasta ráðstöfunin til að afla þeim viðbótarraforku. Um sinn, eftir að Krafla er fullnýtt, fengist slík raforka um tengilínuna milli Norður- og Suðurlands, en síðar mætti stækka Kröfluvirkjun meira, ef nægilega stór orkunotandi kemur fram norðanlands, og virkja Dettifoss eða Blöndu. Í samræmi við þessi viðhorf hefur iðnrn. nú nýlega falið þeim sama

vinnuhópi og undanfarið hefur unnið að undirbúningi línunnar norður að undirbúa einnig línulagnir frá Kröflu eða Dettifossi til Egilsstaða og frá Egilsstöðum til Hornafjarðar, auk línunnar frá Kröflu til Akureyrar, sem er hluti þeirra mannvirkja, er þetta frv. tekur til.

Möguleikar á jarðgufuvirkjunum eru taldir allgóðir á ýmsum stöðum sunnanlands, svo sem á Torfajökulssvæðinu, sem er stærsta háhitasvæði landsins. Sú reynsla, sem fæst af Kröfluvirkjun, mun koma að mjög miklum notum við sams konar virkjanir þar og annars staðar síðar meir.

Ég legg svo til, herra forseti, að frv. verði að lokinni 1. umr. vísað til 2. umr. og til hv. iðnn.

Steingrímur Hermannsson: Herra forseti. Mig langar þegar við þessa 1. umr. um frv. til l. um jarðgufuvirkjun við Kröflu að gera nokkur almenn atriði orkumála að umræðuefni í stuttu máli og nota tækifærið og varpa fáeinum spurningum til hæstv. ráðh.

Ég vil í upphafi fagna þessu frv., sem er sannarlega tímabært. Í fyrsta lagi hef ég lengi verið þeirrar skoðunar, að við Íslendingar hefðum átt að virkja gufusvæði fyrr. Sú reynsla, sem þannig fæst, er ákaflega mikilvæg, eins og kom fram hjá hæstv. ráðh. Auk þess er ljóst, að vatnsvirkjanir okkar verða miklu öruggari, ef þær eru studdar af virkjunum gufusvæða, eins og komið hefur fram nú í vetur. Í vatnsskorti í frostum og erfiðu ástandi getur verið ákaflega mikilvægt að hafa slíkar stöðvar með vatnsaflsstöðvunum. Ég hef talið, að það hafi verið rangt að hverfa frá virkjun í Hveragerði, en það er önnur saga.

Auk þess er mjög mikilvægt að fá góða og stóra virkjun á Norðurlandi og dreifa þannig virkjunum okkar Íslendinga, fá þær sem víðast um landið, þar sem hagkvæmt er. En það eru þó fyrst og fremst önnur atriði, sem ég vil gera hér að umræðuefni.

Virkjanir eru mjög á dagskrá, ekki síst vegna hinnar miklu hækkunar, sem orðið hefur á olíuverði og vekur athygli á mikilvægi þess, að við nýtum innlenda orkugjafa í eins ríkum mæli og frekast má, raunar ekki aðeins til upphitunar húsa, heldur hverra annarra orkuþarfa, sem olían þjónar nú.

Ég hef hjá mér nýlegar upplýsingar, sem mþn. um byggðamál hefur fengið frá forstöðumanni hagrannsóknadeildar Framkvæmdastofnunar ríkisins. Þegar þessar tölur eru umreiknaðar á því olíuverði, sem talið er líklegt sem lágmarkshækkun á olíu nú á næstunni, þ. e. a. s. 12,35 kr. hver lítri, sem talið er, að geti orðið í mars, sýnist mér, að munur á upphitun húsa með olíu annars vegar og jarðhita hins vegar verði a. m. k. 3½ sinnum hærri upphitunarkostnaður á hvern rúmmetra með olíu heldur en með jarðhita á grundvelli Reykjavíkurverðs um síðustu áramót. Nú er ljóst, að hitaveituverðið kann að sjálfsögðu að hækka nokkuð. En þetta sýnir þó, að þarna verður svo gífurlegur munur, að hið opinbera hlítur að láta þessi mál til sín taka. Þarna getur orðið um 100 þús. kr. mun fyrir meðalfjölskyldu í meðalhúsnæði að ræða og þarf minna en slíkan bagga til að raska byggðajafnvægi, sem oft er um talað. Ég vil því í fyrsta lagi spyrja hæstv. ráðh. og vona, að mér leyfist það undir þessum dagskrárlið, hvort ríkisstj. sé með eitthvað slíkt í athugun.

Þá er það að sjálfsögðu ljóst, að þarna skapast millibilsástand, því að eins og allir þekkja verður ekki virkjað svo fljótt, að þessari nauðsyn verði fullnægt, nema á nokkrum árum. Nú mun tæplega helmingur landsmanna, um 96.430 manns, njóta upphitunar frá jarðhita. Rafhitunar frá rafveitum njóta um 13 þús. manns, rafhitunar frá einkastöðvum 1100 manns, en olíukyndingu hafa 101.370 manns. Rétt um helmingur verður að notast við olíukyndingu, en tæplega helmingur hefur jarðhita. Hins vegar hefur verið áætlað, að teygja megi jarðhitaupphitun til um það bil 65% landsmanna. Það eru að sjálfsögðu fyrst og fremst svæðin í kringum höfuðborgina, þ. e. a. s. Reykjanes og Árnessýsla öll, líklega mestur hluti Borgarfjarðarsýslu, síðan ýmis svæði á Norðurl. v. og Norðurl. e., en eftir verða á þessum svæðum allstórar byggðir og auk þess allir Vestfirðir og allir Austfirðir.

Áætlað er, að þessi 35% landsmanna þurfi um 800—1000 gwst., þ. e. a. s. 800—1000 millj. kwst. til upphitunar síns húsnæðis, eins og nú er. Þá er að sjálfsögðu ekki tekin með sú aukning á mannfjölda, sem væntanlega verður á þeim tíma, sem þetta verður gert. Þetta samsvarar, að því er mér sýnist, þegar reiknað er með 4500 tíma nýtingu, um það bil 180—200 MW. Nú vaknar að sjálfsögðu sú spurning, hvernig og hve fljótt þetta verður tengt rafveitum. Og ég vil varpa fram þeirri spurningu til hæstv. ráðh., hvort athugun sé hafin á því. Ég tel ákaflega mikilvægt, að það sé gert án tafar.

Af þessum 800 gwst., ef við notum þá tölu, eru nú 127 samkv. þeim tölum, sem ég hef fengið, tengdar rafveitu, þ. e. a. s. það eru 127 gwst., sem notaðar eru í dag til upphitunar húsnæðis. Á Vestfjörðum mun þörfin vera um það bil 100—110 gwst. og eitthvað svipað í Austurlandskjördæmi, ef þetta er reiknað eftir fólksfjölda.

Nú er því miður ljóst, að nokkuð mun lengra í land að tengja þessa landshluta megin raforkukerfi landsins en þá, sem njóta t. d. byggðalínunnar norður, sem væntanlega verður hafin framkvæmd við þegar á þessu sumri. Þessir landshlutar tengjast varla meginraforkukerfinu fyrr en í fyrsta lagi við lok þessa áratugs. Hæstv. ráðh. nefndi, að hann hefði falið þeim vinnuhópi, sem athugað hefur línurnar norður, að kanna línu áfram þaðan og austur og væntanlega þá jafnframt að styrkja þær línur þaðan og suður um Austfirði. Ég vil varpa þeirri spurningu enn til hans, hvort nokkur athugun sé hafin á því að tengja Vestfirði rafveitukerfi landsins.

Mjög lauslega athugað sýnist mér um 200 km. fjarlægð frá byggðalínu, sem kæmi niður í Hrútafjörð, að Mjólká. Kostnaður við þá línu yrði líklega um 250 millj. kr. Þetta er ákaflega lauslegt, og ég tel mjög nauðsynlegt, að á þetta sé litið hið allra fyrsta.

Ég hef dregið þarna frá um það bil 300 gwst., og þá er spurningin sú, hve fljótt er hægt að tengja það, sem eftir er, um 500 gwst., við meginraforkukerfi okkar.

Byggðalína er ráðgerð á árunum 1974—1975. En þótt þessi lína tengi mjög stórt svæði lands-

ins við virkjunarkerfi Landsvirkjunar, er það eitt ekki fullnægjandi. Styrkja þarf, hygg ég, flestar dreifilínur frá þessari meginlínu, og ég hygg, að það þurfi að styrkja dreifikerfi þéttbýlisstaða, og raunar þarf að kanna, á hvern máta raforkan verður nýtt til upphitunar. Þar kemur tvennt til gerina: annars vegar bein rafhitun, þ. e. a. s. orkan leidd í hvert hús og þá notaðir þar ofnar eða önnur tæki, eða upphitun frá miðstöð og þá heitt vatn leitt um staðinn. Þetta hvort tveggja hefur sína kosti og sína galla.

Stofnkostnaður er að öllum líkindum minni við beina rafhitun, því að stokkar í götur eru kostnaðarsamir. Hins vegar hefur það þann kostinn, að þá má hafa þar varaketil, sem nýtir hráolíu og getur þá hlaupið undir bagga, þegar línur bila eða rafrokuskortur verður. Þetta er að sjálfsögðu stóum erfiðara, þegar um rafhitun í einstökum húsum er að ræða. Þarna koma því atriði enn, sem verður að skoða mjög fljótlega, og ætti að hefja þá athugun án tafar. Hvað er það mikið fyrirtæki að styrkja okkar dreifilínur frá meginlínunum, og hvernig er skynsamlegast að nota raforkuna til upphitunar á þéttbýlisstöðum? Vil ég enn beina þeirri spurningu til hæstv. ráðh., hvort þetta atriði sé í athugun.

Það er eðlilegt, að spáð sé, hvað það tæki langan tíma að tengja þessar 500 gwst. í upphitun. Ég varpaði þeirri spurningu fram fyrir nokkrum kvöldum við fróðustu menn um þessi mál á fundi rafmagnsverkfræðinga. Út úr þeim vangaveltum, sem þar urðu, kom sú niðurstaða, að e. t. v. mætti tengja þriðjungin af þessu árin 1976—1977, en tengingu alls þessa yrði varla lokið, þó að ekkert fjármagn skorti, fyrr en í lok áratugsins. Þetta er ákaflega lausleg áætlun og þarf langtum nánari athugunar við að sjálfsögðu. En ef við styðjumst við hana, virðist mér, að þriðjunginn af þessu mætti tengja í kringum 1977. Það eru um 150—160 gwst., og samsvarar það, miðað við 4500 nýtingartíma, um 40—45 MW. Þá vaknar sú spurning, hvort við höfum þá orku aflögu í kringum 1977.

Næsta stóra skrefið í okkar virkjunarmálum er að sjálfsögðu Sigalda með um 100 MW afli. Þá á lína norður að vera komin, þannig að Sigalda á að geta fært orku til æðistórs svæðis. Vitanlega hefur orðið hér almenn aukning á þörf, sem Sigalda þarf að fullnægja. En í fljótu bragði virðist mér ástæða til að ætla, að Sigalda geti vel fullnægt þessari orkuþörf, sem þarna væri þá tengd, og jafnvel miðlað nokkurri orku til orkufreks iðnaðar.

Ljóst er, að þetta álag hlýtur að aukast mjög hratt. Talað hefur verið um Krófluvirkjun 1977. Ég held, að það sé nú æðimikil bjartsýni og skynsamlegra, miðað við ýmsar aðstæður nú, eins og afgreiðslutíma á vélum og fleira, að gera sér ekki vonir um Kröflu fyrr en 1978. Hún kemur þarna inn með mikið afl, að vísu í áföngum, en við skulum segja 25—30 MW. til að byrja með og afganginn af þessum 55 fljótlega, þannig að næsta þriðjungi af þessari orkuþörf mætti líklega fullnægja með Krófluvirkjun.

Ef við ætluðum að taka allt þetta upphitunarálag á raforkuna eins fljótt og frekast er unnt, og það yrði fyrir eða við lok þessa áratugs, er önnur virkjun strax orðin nauðsynleg. Því hygg ég, að það verði þegar að hefja athugun á slíku. Við vitum, að Hrauneyjarfoss er tilbúinn til virkjunar. Það má bjóða það verk út nokkurn veginn hvenær sem er eða með tiltölulega litlum aðdraganda. Ég fyrir mitt leyti tel æskilegt að virkja á öðru vatnsaflssvæði, en ekki ber að útiloka Hrauneyjarfoss. Ég hef flutt hér á þessu þingi tillögu og lagt áherslu á, að stefnt verði markvisst að einhverri myndarlegri vatnsaflsvirkjun eða annarri stórvirkjun en Kröflu á Norðurlandi. Hæstv. ráðh. minntist á Blöndu og Dettifoss, og ég er honum sammála, þessar virkjanir eru eflaust nærtækastar á því svæði. Þær eru raunar nauðsynlegar mjög fljótlega vegna þess, sem ég hef nú rakið, og vil ég því varpa þeirri spurningu til hæstv. ráðh., hvort ekki sé nú jafnframt athugað, hvaða virkjun ætti að fylgja Kröflu, því að eins og ég hef lagt áherslu á, þarf það að gerast fljótlega.

Því miður óttast ég, að þessar virkjanir, sem nefndar eru, geti aldrei orðið tilbúnar fyrr en 1980—1981, jafnvel með góðri og mikilli vinnu. Það þarf æði umfangsmiklar jarðfræðiathuganir. A. m. k. hygg ég, að svo sé við Blöndu, þar sem lítið hefur verið gert, en eitthvað meira hefur verið framkvæmt við Dettifoss, en aðstæður þar að sumu leyti taldar erfiðari.

Um þetta mætti að sjálfsögðu segja margt fleira en ég hef hér rakið. Fyrst og fremst vildi ég nota þetta tækifæri til að fá nokkrar umr. um þetta mjög mikilvæga mál, sem við hljótum að setja í fremstu röð í hugmyndum okkar um framkvæmdir á næstu árum.

Halldór Blöndal: Herra forseti. Ég get nú ekki sagt, að ræða hv. síðasta ræðumanns, hv. 1. þm. Vestf., hafi komið mér sérlega mikið á óvart. Þessi hv. þm. hefur með ýmsum öðrum þm. Framsfl. séð sig knúinn til þess í sérstakri þáltill. að ýta á virkjunarmál á Norðurlandi, og jafnvel nú, þegar hæstv. iðnrh. hefur lagt fram frv. um Kröflu- eða Námafjalls-virkjun, sér þessi hv. þm. ástæðu til þess að kveðja sér hljóðs þegar á eftir ráðh. og ítreka þá skoðun sína, að þannig sé komið ástandinu í orkumálum hér á landi, að þótt Krafla verði virkjuð, eins og gert er ráð fyrir í frv. orkumrh., og þótt búið væri að virkja Sigöldu, þá sé ástandið samt þannig, að nauðsynlegt sé nú þegar í stað að vinda bráðan bug að þriðju stórvirkjuninni í landinu. Ég fagna því, að þessi hv. þm. skyldi með þessum hætti hefja umr. almennt um orkumál í landinu.

Hv. 1. þm. Vestf., einn af miðstjórnarmönnum Framsfl. og stjórnarmaður í Framkvæmdastofnuninni, maður, sem gerst má vita um, hvernig ástandið er í landinu, metur ástandið í húshitunarmálum þannig, að það muni verða 100 þús. kr. baggi á meðalfjölskyldu í hans eigin kjördæmi, Vestfjörðum, að búa þar frekar en í Reykjavík eða annars staðar, þar sem er jarðhiti. Svo er að sjá sem þetta ástand hafi komið honum mjög á óvart og einnig hæstv. orkumrh.

Við skulum nú rifja aðeins upp, hvernig ástandið var í landinu, þegar hæstv. orkumrh. settist að í rn., settist í ráðherrastólinn. Það lá þá fyrir, enda yfirlýst af ráðh., að hann mundi aldrei ljá máls á virkjun í Laxá umfram þá

virkjun, sem nú er orðin að raunveruleika. Ástandið í orkumálum Norðlendinga lá því alveg ljóst fyrir í hans huga. Meðan hann var ráðh., kom aldrei til greina að halda áfram virkjunum í Laxá. Það ástand, sem nú er í orkumálum Norðlendinga, getur því ekki komið honum á óvart, það er útilokað. Hæstv. orkumrh. hefur á fundi með Norðlendingum, sem haldinn var nú fyrir skömmu, í nóv., ítrekað þessa skoðun sína. Hann lýsti þá yfir, — ég sá ekki, að honum bæri sérstök nauðsyn til að gera það, en hann lýsti því þar yfir, að hann væri andvígur allri stíflugerð í Laxá.

Ég vil taka það fram í þessu sambandi, að ég álít, að reynslan hafi sannað það norður í Suður-Þingeyjarsýslu, að nauðsynlegt er að fara með friði að mönnum, það er nauðsynlegt að hafa samráð við heimamenn um orkuveitur, ræða málin við þá og vita viðbrögð þeirra. Ég veit, að hæstv. orkumrh. er þessarar skoðunar líka. Það var athyglisvert, að það kom fram í ræðu hans, að hann gerði fastlega ráð fyrir því, að virkjað yrði í Námafjalli, ef nægilegur háhiti eða botnhiti fyndist ekki á Kröflusvæðinu við borun. Það getur verið, að það sé misskilningur, en ég skildi hann svo, að í rauninni hefðu viðbrögð manna norður þar verið með þeim hætti, að á þessu stigi málsins sé ástæðulaust að gera grein fyrir því, að nauðsyn kunni að vera á rannsóknaborunum á Þeistareykjasvæðinu, eins og t. d. Húsvíkingar hafa farið fram á í ályktun bæjarstjórnarinnar. Mig langar til að spyrja hæstv. orkumrh. einnig, vegna þess að ég hef orðið var við, að það er mikill áhugi á því víða norðanlands hjá mínum umbjóðendum, og ég er síður en svo að setja það fram sem mína spurningu persónulega, heldur er ég að setja það fram sem spurningu, sem brennur á vörum margra Norðlendinga, t. d., að ég veit, margra ötulla og góðra stuðningsmanna hæstv. samgrh., þá spyr ég hæstv. orkumrh.: Hefur hann í sinni ráðherratíð beitt sér fyrir því, að nokkuð yrði gengið til móts við óskir Laxárvirkjunarstjórnar í sambandi við stíflu í Laxá, — ég álít mjög nauðsynlegt, að þetta komi fram á opinberum vettvangi, — eða er það skoðun orkumrh., að slíkt komi ekki til greina.

Þegar hæstv. orkumrh. setti fram stefnu sína í orkumálum, lýsti hann því yfir eða gaf í skyn, að hann mundi leita samstarfs við heimamenn um lausnir í orkumálum. Það vita allir hér inni, að við þetta hefur ekki verið staðið. Norðlendingar hafa með margvíslegum hætti reynt að ná samstarfi og samvinnu um orkumálin, en það hefur verið slegið á útréttar hendur þeirra. Á fundinum nú í nóv. lýsti hæstv. orkumrh. yfir, hæstv., að það hefði staðið á heimamönnum í orkumálum, þeir gætu fengið það, sem þeir vildu, ef þeir stæðu saman um kröfurnar og ef þeir væru ekki sundraðir innbyrðis. En það kom einnig fram hjá hæstv. orkumrh., að það fylgdi böggull skammrifi. Og sá böggull var, að Norðlendingar yrðu að sameinast um eina Norðurlandsvirkjun, eina orkuöflunarvirkjun á Norðurlandi. Í ræðu sinni áðan gat hæstv. ráðh. um þessa virkjun, en hann gat ekki um það, hvernig hann hugsaði sér uppbyggingu virkjunarinnar. Hvað hugsar hæstv. ráðh. sér t. d., að Norðlendingar ættu að eiga mikinn hluta af virkjuninni? Hugsar hann sér, að meiri hl. eigi að vera í höndum heimamanna, eins og m. a. hefur komið fram í álitsgerð Sambands ísl. sveitarfélaga og einnig verið ítrekað á fundum Norðlendinga, m. a. komið fram í þskj., eða heldur hæstv. ráðh. fast við þá stefnu, að ríkisvaldið eigi að eiga meiri hlutann, a. m. k. 50%? Ég álít, að það sé nauðsynlegt, að þetta atriði komi fram.

Í þessu sambandi get ég ekki annað en haft orð á því, að þetta er hálfundarleg lagasmíð á þskj. 292, að gera ráð fyrir því í 1. gr., að ríkisstj. eigi að heimila væntanlegri Norðurlandsvirkjun, sem ekki er til, eitt eða annað. Enda var þess ekki skammt að bíða, að sá orkusöluaðili, sem rekur Laxárvirkjun, gerði aths. við þetta á stjórnarfundi Laxárvirkjunar, og var farið fram á, að Laxárvirkjun yrði falið þetta, að ég ætla. Ég hygg, að það sé rétt með farið hjá mér. Þetta er hálfbroslegt. Þetta er einhvers konar stefnumörkun eða stefnumótun í frv.-gerð. Ég álít, að þessu orði sé þarna algerlega ofaukið, nema hæstv. ráðh. búist við því, að það verði gengið frá stofnun Norðurlandsvirkjunar, áður en þetta frv. nær fram að ganga hér á Alþingi. Eiga kannske boranir í Kröflu að bíða eftir því, að þessi stofnun verði sett á laggirnar, þessi Norðurlandsvirkjun? Nóg um þetta. Þetta er bara til að brosa að, en sýnir viðleitni ráðh. til að troða sínum sjónarmiðum að við öll tækifæri, jafnvel þótt það sé út í hött og ekki nema til að brosa að því. Mín vegna mætti það vera löng runa af nöfnum á alls konar fyrirtækjum, sem ekki eru til, sem ríkisstj. er heimilað að fela eitt og annað. Fyrir mér er það ekki aðalatriðið, hversu mikil prentsverta er notuð í 1. gr. þessa frv., miklu heldur hitt, að þetta mál nái fram að ganga, jarðgufuvirkjun við Kröflu eða við Námafjall. Og nú skulum við aðeins rifja upp forsögu þessa máls.

Þegar hæstv. orkumrh. tók við, eins og ég sagði áðan, var hann staðráðinn í því, að ekki yrði virkjað á Norðurlandi næstu árin. Ég vil minna á það, að jarðhitadeild Orkustofnunar lagði til, að á sumrinu 1972 yrðu boraðar tvær rannsóknarborholur í Kröflu. Þessar till. jarðhitadeildar, sem voru taldar tímabærar og nauðsynlegar, fengu ekki náð fyrir augum ráðamanna. Næsta ár endurtók sama sagan sig. Jarðhitadeild Orkustofnunar óskaði eftir því að fá heimild til tveggja borhola í Kröflu. Það var einnig fellt þá. Ég hygg, að hv. 1. þm. Vestf., sem hefur svo miklar áhyggjur núna af því, að Kröfluvirkjun komi ekki nógu snemma, hafi m. a. notað hönd sína til að fella það, að af þessum nauðsynlegu framkvæmdum gæti orðið, þótt hann sé áhyggjufullur nú og niðurlútur. Við framkvæmdaáætlun þetta sama ár var ætlað fé til þess, að till. hæstv. orkumrh., að athuga línustæði norður. Þm. Sjálfstfl. í Norðurl. e. báru fram þá brtt., að þessu fé mætti einnig, ef rétt þætti, verja til að kanna ýmsa aðra virkjunarstaði á Norðurlandi. Þetta var fellt. Það varð að einblína á línuna norður yfir öræfin. Við vorum kallaðir miklir skýjaglópar, — ekki skýjaglópar, ég bið afsökunar, — við vorum kallaðir hálfgerðar moldvörpur eða eitthvað í þá áttina, að við skyldum ekki sjá í hendi okkar fyrir fram, að það hlyti að vera

hagkvæmt að leggja línu yfir öræfin. En það hefur ekki heyrst minnst á hana við þessar umr. Þessi till. var felld.

Þegar fjárlagafrv. var lagt fram á síðasta ári og ég vakti athygli á því við 1. umr., hafði sama sagan endurtekið sig. Það var ekki gert ráð fyrir því að bora tvær rannsóknarborholur í Kröflu. Ég óskaði eftir því við 1. umr. fjárl., að hæstv. orkumrh. tæki þetta til athugunar og athugaði, hvort hann gæti ekki fundið einhverja peninga í þessum 30 milljörðum til að koma til móts við þetta. Í nóv. leit svo út, að það mundi kannske takast að koma inn fjárveitingu fyrir einni holu, en mér skilst núna á samtölum við menn í Orkustofnun, að í fjárl. sé að finna lánsheimild til þess arna. Það er sem sagt lánsheimild til þess arna, — ekki ætla ég að lasta það, það er ágætt, — en það voru sem sagt ekki til peningar í ríkiskassanum til að gera þetta.

Þetta eru nú öll framlögin, sem hæstv. ríkisstj. leggur til orkumála í landinu. Hins vegar er það yfirlýst af formanni BSRB, að opinberir starfsmenn séu búnir að greiða orkuskattinn, og hefði verið karlmannlegt af ríkisstj. að leggja eitthvað af því fé, sem þar sparaðist, til þess að flýta fyrir orkuöflun í landinu og flýta fyrir því, að húseigendur fengju innlenda orku til að hita hús sín með. En sem sagt, nú loksins eygjum við smávon með lánsheimild í fjárlagafrv., þ. e. a. s. við eygjum von á Norðurlandi um, að við fáum rafmagn frá Kröflu að mati hv. 1. þm. Vestf. á árinu 1978, ekki fyrr. En hjá sama þm. kom fram, að við mættum vænta þess að fá rafmagn frá Sigöldu 1977. Ég tók ekki eftir því í ræðu hæstv. ráðh., hvort hann minntist eitthvað á það, hvenær hann lofaði okkur fyrir norðan rafmagni frá Búrfelli. Það mætti koma fram. Og það er alveg áreiðanlegt, að rafmagnið kemur ekki fyrr frá Kröflu.

Við skulum aðeins athuga, hvernig málin standa. Málin standa þannig núna, að sennilega verður ekki hægt að bora fyrstu rannsóknarholuna fyrr en einhvern tíma í júlímánuði, að ég hygg. Samt ætti að takast fyrir haustið að bora þessar rannsóknarholur. Við skulum segja, að nægilegur botnhiti sé til þess, að þarna megi koma hagstæð og góð virkjun. Það á eftir að hanna virkjunina og með því að flýta sér sem allra mest, má vera, að þeirri frumhönnun geti lokið fyrir næstu áramót, með allra mestu bjartsýni, og þá er kannske hugsanlegt með einstakri heppni, að takist að panta vélar erlendis frá til virkjunarinnar með tveggja ára afgreiðslufresti. Látum þetta vera hjá hv. 1. þm. Vestf.

En það er annað, sem kom fram í ræðu orkumrh., — hann talaði ekki mikið um það, hæstv. ráðh., — en það var um það, með hvaða bor ætti að bora í Kröflu. Mér skilst, að til þess eigi að nota gufubor. Það er nú bara einn gufubor í landinu. Mér skilst, að á þessu ári sé einhver von um það, að Hitaveita Reykjavíkur geti séð af bornum einhvern tíma. En mér hefur skilist og það væri fróðlegt að fá það upplýst hjá hæstv. orkumrh. ef það er rétt, að á næsta ári sé með öllu útilokað, að Hitaveita Reykjavíkur geti misst gufuborinn norður. Er þetta rétt skilið hjá mér, eða er þetta misskilningur? Ég spyr hæstv. orkumrh. jafnframt: Hefur hann athugað það erlendis, hvort hægt sé að fá annan gufubor að láni í staðinn, ef þetta er rétt skilið hjá mér, eða hyggst hann kaupa bor erlendis frá? Á þetta var ekki minnst í ræðu hans. Það hefði verið fróðlegt að heyra um það.

Ég tek undir það, sem hæstv. orkumrh. sagði, að á þessum þrem svæðum, Þeistareykjum, Námafjalli og Kröflu, virðist manni sem Kröflusvæðið sé aðgengilegast og best til slíkrar virkjunar, og þar náttúrlega er þyngst á metunum, að þetta jarðhitasvæði er stærsta jarðhitasvæðið á þessum stöðum, og það er mjög hátt yfir sjávarmál, þannig að örðugt kann að reynast að nota jarðgufuna þar til hreinnar iðnaðarframleiðslu, orkuframleiðslu til iðnaðar, eins og fram kom í ræðu ráðh., svo sem hins vegar gæti síðar meir orðið hagkvæmt og mögulegt á Þeistareykjasvæðinu, svo að ég tek mjög vel undir þessi orð hæstv. ráðh., en minni jafnframt eins og hann á Húsvíkinga í þessu sambandi og minni jafnframt á þann áhuga, sem bæjarstjórn Húsavíkur hefur sýnt í sambandi við virkjun við Íshólsvatn.

Á þeirri ráðstefnu, sem efnt var til um orkumál á Akureyri í nóv., vakti það athygli, að hv. þm. Norðurl., Jónas Jónsson aðstoðarráðh., vakti sérstaklega máls á því, að Orkustofnun hefði sýnt mikið tómlæti um Skjálfandafljótsvirkjun, og lagði fram og kom fram með upplýsingar um hagsemi slíkrar virkjunar, sem hann byggði á rannsóknum, sem verkfræðifyrirtækið Virkir, að ég ætla, hafði gert, en samkv. upplýsingum hans kostar kwst. samkv. virkjunartilhögun eða tillögum Virkis 78 aura, sem reynist vera mun hagstæðari virkjun en áður hafði verið ætlað. Í þessu sambandi minni ég — með leyfi hæstv. forseta — á ummæli, sem koma fram í grg. Orkustofnunar til iðnrn. í sept. 1973. Þar segir:

„Í stuttu máli sagt eru niðurstöður þessara athugana neikvæðar", — þ. e. a. s. athugana Orkustofnunar, — „þar eð þær sýndu orkuverð frá væntanlegum virkjunum í Skjálfandafljóti, sem er mjög miklu hærra en sambærilegar áætlanir um aðra virkjunarstaði sýna. Af þeim sökum telur Orkustofnun ekki rétt að verja fé og mannafla til frekari rannsókna við Skjálfandafljót, meðan fjölmargir aðrir álitlegir staðir bíða."

Á fundinum á Akureyri í nóv. kom það fram hjá orkumálastjóra, að hann hafði ekki kynnt sér þessar athuganir Virkis. Mér þætti fróðlegt, ef hæstv. orkumrh. gæti upplýst, að hvaða niðurstöðu Orkustofnun hefur komist í þessu sambandi og hverjar undirtektir hæstv. ráðh. muni verða við þeim tilmælum, sem hæstv. vararáðh. Framsfl., hv. þm. Norðurl., Jónas Jónsson, bar fram á Akureyri. Ég man ekki, hvort þessir hæstv. ráðh. eru í sama húsi uppi við Lindargötu, mig minnir það þó helst, svo að ef skortir eitthvað á upplýsingar, gætu þeir kannske skroppið niður í kaffi, það er ódýrt þarna uppi í stjórnarráði.

Ég minni jafnframt í þessu sambandi, þegar talað er um frambúðarlausn orkumála á Norðurlandi, á óskir og ályktanir Norðlendinga fyrr og síðar um virkjun í Dettifossi og virkjunarathug-

anir þar, en fyrir liggur m. a. um það, sem við höfum borið fram, ég og hv. 5. þm. Norðurl., að ég ætla, Lárus Jónsson.

Um Kröfluvirkjun standa allir Norðlendingar, að ég ætla, saman, um kröfuna um þá virkjun. Við erum hissa á því, hvað hæstv. ríkisstj. vaknaði seint af doðanum, sínum Þyrnirósarsvefni, í orkumálum okkar Norðlendinga. Okkur finnst auðvitað betra, að það sé borað á næsta sumri heldur en það sé ekki borað, en við hefðum kosið, að það hefði verið gert a. m. k. tveim árum fyrr. Þá væru okkar málum betur komið en nú. Þá þyrftum við ekki að greiða olíutollinn, eins og við þurfum að gera núna.

Nú skulum við athuga aðeins hina leiðina, sem á að fara, þ. e. línu norður. Það var eitt af því, sem hæstv. ráðh. hafði ákveðið, strax og hann settist í stólinn, að koma línunni norður. Hann er nú búinn að koma henni frá Sauðárkróki til Akureyrar og er alveg hissa á því, að ekki skuli vera til rafmagn til að flytja eftir línunni, og vitnar í því sambandi til samnings, sem gerður hafi verið í aprílmánuði 1972 milli Rafmagnsveitna ríkisins og Laxárvirkjunar um slíkan orkuflutning. Ég hafði ekki fyrir framan mig núna umsagnir manna um þennan samning. Mér datt satt að segja ekki í hug, að hæstv. ráðh. mundi vitna til hans, með slíkum endemum sem hann var gerður. Við skulum aðeins rifja upp aðdragandann að þessari línu.

Þannig stóð á, að rafveitustjórar á Norðurlandi höfðu efnt til fundar á Akureyri um orkumál. Þar var hæstv. orkumrh. staddur. Á fundinum var m. a. rætt um þessa línu, og kom fram hjá forsvarsmönnum Norðlendinga, að þessi leið væri nánast út í hött, það væri enga orku að flytja. Ég man ekki betur en það hafi m. a. komið fram í blöðum eftir framkvæmdastjóra Laxárvirkjunar, — ég bið þá afsökunar, á því, ef ég man rangt, — en ég man ekki betur en framkvæmdastjóri Laxárvirkjunar hafi sagt við þetta tilefni, að það væri mjög tvísýnt um það a. m. k., hvort um nokkra orku yrði að ræða, og sagði, að fyrirheit um það efni væri algerlega út í hött, að slíku væri hægt að lofa bindandi. Hann tók algerlega fyrir það, að slíku væri hægt að lofa bindandi, og benti í því sambandi á hina geysilega miklu orkuaukningu, sem m. a. hafði orðið þá í iðnaðinum á Akureyri. Ég bendi t. d. í því sambandi á uppbyggingu skipasmíðastöðvanna á Akureyri, sem nota mjög mikla orku, og járniðnaðarins í heild og þá miklu ásókn, sem var í húsahitun með raforku. Ég man þetta áreiðanlega rétt. Ég minnist viðbragða rafveitustjórans á Sauðárkróki, og ég man ekki betur en rafveitustjórinn á Siglufirði hafi lesið upp skeyti á þessum fundi frá forsrh. landsins, þar sem hann lýsti því yfir, að í ríkisstj. hefði ekki verið tekin ákvörðun um að leggja línu frá Akureyri til Sauðárkróks. Ég man ekki betur en þetta kæmi þá skýrt fram, orðsending frá sjálfum hæstv. forsrh., þar sem hann var að róa umbjóðendur sína, rafmagnsnotendur í Norðurl. v., og segja þeim, að engin slík ákvörðun hefði verið tekin án þess að tala við heimamenn um það. En svo þegar þeir fóru heim af fundinum, tóku þeir eftir því, að hæstv. iðnrh. var búinn að senda menn upp á Vaðlaheiði til þess að byrja að grafa fyrir staurunum. Og þetta ævintýri er nú búið að kosta 100 millj. kr. Ætli það hefði ekki verið nær, — ég spyr hæstv. orkumrh. að því, ég sé, að hann tekur upp pennann, hann getur þá skrifað spurninguna, — hvort heldur hann, að hefði komið að meira gagni fyrir okkur núna, ef hann hefði farið að till. Orkustofnunar og notað 100 millj. til þess að gera rannsóknarborholu í Kröflusvæðinu eða að byggja þessa endemis línu? Það var ekki atvinnuleysi á Norðurlandi. Það þurfti enga atvinnubótavinnu við þvílíkt. Línan er auðvitað háðungarvottur um orkumrh. Það hefur orðheppinn maður minnst á, að við ættum að hafa þetta sem eins konar tákn nú á ellefu hundrað ára afmæli Íslandsbyggðar, línuna, sem er opin í báða enda, sem er, vil ég segja, háðulegur vottur um stefnu iðnrh. og mun, eins og fram kom hjá 1. þm. Vestf. áðan, eiga þátt í því, að fólki þyki ófýsilegra á sjálfu þjóðhátíðarárinu að setjast að á Norðurlandi en ella vegna þess 100 þús. kr. skatts, sem lagður er á meðalfjölskyldu í landinu vegna þess skipbrots, sem stefna orkumrh. hefur beðið, og vegna þess tómlætis, sem hæstv. ríkisstjórn hefur sýnt Norðlendingum í húshitunarmálunum.

Hæstv. orkumrh. var að stæra sig af því, að það yrði til raforka til að flytja til Norðvesturlands að sumri til. Ég skal ekki segja, hvort það dettur einhver dagur úr, en ennþá hefur dísilrafstöðin gengið, og á s. l. ári fór þriðja hver króna af bruttótekjum Laxárvirkjunar til olíukaupa. Það er mikill olíuskattur það. Hvað ætli það verði næsta ár? Það væri fróðlegt að vita?

Hæstv. ráðh. minntist ekkert á það, hvenær við mundum fá línuna. Hann minntist heldur ekkert á það, hvenær Búrfellsvirkjun yrði aflögufær um rafmagn. Þetta viljum við fá að vita fyrir norðan. Það kom fram á orkumálaráðstefnunni hjá rafmagnsveitustjóra ríkisins, að reynsla hans væri sú, að það mundi taka tvö ár að panta efni til línunnar norður. Mig langar til að fá að vita hjá hv. ráðh., hvort það sé rétt, fá ártal um það. Mig langar líka til að fá að vita, hvort Norðlendingar eiga að borga línulögnina norður eða hvort öll þjóðin á að gera það. Ég sé, að í fjárlagafrv. er gert ráð fyrir því að heimila Laxárvirkjun lán að upphæð allt að 50 millj. kr. vegna 1. áfanga vararafstöðvar á Akureyri, ný dísilstöð upp á 50 millj., bara stofnkostnaðurinn, svo er allt hitt. Það er ekki lítið. Raforkumálin fyrir norðan leysast ekki með fleiri línum eins og þessari milli Sauðárkróks og Akureyrar.

Nei, það vita allir menn, sem vilja vita, að stefna hæstv. orkumrh. hefur leitt til þess, að á Norðurlandi er nú algerlega tvísýnt um það, að uppbygging iðnaðar og byggðaþróunar geti verið með eðlilegum hætti, vegna rafmagnsskorts. Það er allt of tvísýnt um það.

Það er komið svo t. d., að á Akureyri er búið að banna, að fleiri hús séu hituð með rafmagni. Samt sem áður hrannast upp beiðnirnar um rafhitun. Sama er að segja um Þórshöfn. Þórshöfn fær nú á næstu vikum sennilega samtengingu frá orkuveitusvæði Laxár, en það verður sennilega ekki til að flytja rafmagn þangað, heldur til að gá, hvort það verði nokkur kw eftir fyrir rafstöðina á Þórshöfn til þess að koma þarna

vestur yfir. Beiðnir frá húseigendum um að fá að hita hús sín upp með rafmagni, hafa hrúgast upp. Fyrir liggur beiðni frá stjórn Laxárvirkjunar um það, að Rafmagnsveitur ríkisins veiti ekki leyfi til þess, að fleiri hús á Norðurlandi á orkuveitusvæði Laxár verði hituð upp með rafmagni. Mig langar til að spyrja hæstv. orkumrh. að því, hvað Rafmangsveitur ríkisins hyggjast gera í þessu. Ætla þær að skrúfa fyrir það, að fleiri hús á þessu svæði verði hituð upp með rafmagni? Er búið að skrúfa fyrir það?

Fyrst Rafmagnsveitur ríkisins bar á góma, er ástæða til að spyrja um það, hvað líði línulögninni í Þistilfjörðinn. Þegar þeir voru rukkaðir, bændurnir í Þistilfirðinum, um heimtaugagjaldið, í júní, var þeim sagt, að annars fengju þeir ekki rafmagnið í júlí eða ágúst, — ég man nú ekki, hvort heldur var, — svo að þeir þorðu ekki annað en að borga. Svo leið júlí, svo leið ágúst. Þá var þeim sagt, að þeir fengju þetta í sept. Svo áttu þeir að fá það fyrir fyrstu snjóa. Síðan áttu þeir að fá það fyrir áramótin. Síðast, þegar ég hafði spurnir af því, hvernig gengi, stóð til, að þeir fengju kannske rafmagn einhvern tíma í febrúar eða mars. Mig langar til að spyrja: hvernig stendur á þessum drætti? Það er afskaplega óþægilegt fyrir menn, sem búast við rafmagni og hafa búið sig undir það að fá raforku, að fá hana ekki á réttum tíma. Ég veit t. d., að á þessu svæði var um nýbyggingar að ræða. Það var ungur bóndi að byggja yfir sig nýtt hús og hafði verið lofað þessu rafmagni nú fyrir fyrstu snjóa og hafði byggt húsið með hliðsjón af rafhitun þess vegna. Þetta hefur valdið honum margvíslegu tjóni og öðrum bændum þarna, og að mínu mati er náttúrlega mikil spurning, hvort Rafmagnsveitur ríkisins séu skaðabótaskyldar í slíku tilfelli. Getur það staðist, að ríkisfyrirtæki geti með þessum hætti leikið sér að mönnum að vild, krafist þess að fá heimtaugargjald greitt og látið svo dragast og dragast úr hömlu, að rafmagnið komi á bæinn?

Og það er fleira en þetta. Norður-Þingeyjarsýsla er einn afskekktasti hluti landsins, nyrst og austast. Til þess að byggð megi þar haldast, er nauðsynlegt, að þeir menn, sem þar búa, njóti a. m. k. hvað rafmagn snertir sömu hlunninda og aðrir. Og það er nú einu sinni svo, þegar rafmagn er komið á bæina í kring, þá þykir þeim fáu, sem eftir eru, hart við það að búa að fá ekki rafmagn frá samveitu líka. Margir þessara bæja, sem þarna eru, er mjög nauðsynlegt að haldist í byggð, eins og t. d. í Kollavík, vegna ferðalaga að vetri til. Ég hygg, að samfélagið megi vel leggja eitthvað af mörkum til að tryggja búsetu þar. Mér finnst, að það eigi ekki endilega að marka þá stefnu, að undir engum kringumstæðum eigi að leggja rafmagn til slíkra staða. En ég legg áherslu á, að við það verði staðið, að bændurnir í Þistilfirðinum, sem ekki hafa fengið rafmagn, fái það, áður en mjög langt um líður. Það er mikil óánægja með það ástand, sem þar ríkir, eins og gefur að skilja.

Ég sagði áðan, að þetta frv. væri góðra gjalda vert, það kæmi að sínum notum, virkjun í Kröflu síðar meir. Hvað á að gera núna? Þetta er það, sem Norðlendingar vilja fá að vita. Hefur ríkisstj. á prjónunum einhver áform um að brúa bilið? Hv. 1. þm. Vestf. kallar það millibilsástand fyrir norðan. Telur hæstv. ráðh. koma til greina að beita einhverskonar almennum hömlum, eins og t. d., eins og ég sagði áðan, að menn megi ekki hita húsin upp með raforku? Telur hæstv. ráðh. koma til greina að reyna að sporna við því, að iðnaðarrekstur verði settur niður í þessum landsfjórðungi, þar sem ekki er til rafmagn til að láta iðnaðinn fá? Hefur hæstv. ráðh. nokkuð kynnt sér, hvort muni möguleikar á, að flýta því, að jarðvarmi komist á þá staði, sem tiltækilegt er á þessu svæði, t. d. þannig, að það mætti gera strax á þessu ári? Ég hygg, að ef Hitaveita Reykjavíkur ætti í hlut, hefði ráðh. þótt sjálfsagt að þetta hefði gerst s. l. ár. En hún er ekki þarna fyrir norðan, svo að ekki er hægt að kenna henni um.

Ég vil benda á í þessu sambandi, að það er ekki talið af Orkustofnun mögulegt að hita Akureyri upp með jarðvarma vegna þeirra sérstöku aðstæðna, sem eru í Eyjafirði. Jafnvel hefur einhver komið fram með þá skoðun af tæknimönnum Orkustofnunar, að eðlilegt kunni að virðast og eðlilegra sé að leyfa þeim stöðum, sem eru í Eyjafirði, að njóta jarðvarmans til uppbyggingar síðar heldur en leiða hann til Akureyrar, þar sem hann er hvort sem er ekki nægur, og frekari boranir núna séu hæpnar, þar sem þar að auki sé allt óvíst um árangur. Mér skilst, að þetta eigi einnig við um jarðhitann á Skógum í Fnjóskadal. Nú hefur að vísu á síðustu árum breyst ástandið að því leyti, að nú er talið kleift að leiða jarðvarma lengri veg en áður var talið mögulegt, og hefur í því sambandi verið talað um af sumum mönnum að flytja heitt vatn alla leið frá Mývatnssveit til Akureyrar. Eftir því sem ég veit best, er þó enn sem komið er a. m. k. talið ráðlegra að virkja jarðvarmann í Mývatnssveit og fara þá leiðina heldur en flytja vatnið. En það væri fróðlegt samt sem áður að fá upplýst hjá hæstv. ráðh., ef eitthvað væri að frétta af þessum málum.

Aðeins nokkur orð í sambandi við hið háa olíuverð. Eins og nú hefur sýnt sig, kom það ríkisstj. Íslands algerlega í opna skjöldu, að til olíukreppu skyldi koma, og það svo, að í fjárlagafrv., sem lagt var fram á fyrstu dögum þingsins, var ekki gert ráð fyrir því né boðaðar neinar sérstakar fjárveitingar af því tilefni. Ekki man ég eftir því a. m. k. Þetta veldur því núna, að hætta er á, að byggðaröskun kunni að verða í landinu vegna þess, hversu olíuskatturinn leggst misþungt á fólk, og eru nefndar tölur eins og 100 þús. kr. í því sambandi. Mig langar til þess að spyrja hæstv. orkumrh., hvað hann hyggist gera í þessu efni, hvort hann hafi einhverjar sérstakar ráðstafanir á prjónunum. Ég hygg, að margir taki undir það, að algerlega sé útilokað að leggja 100 þús. kr. aukaskatt á þá menn í landinu, sem njóta ekki heita vatnsins. Þar hlýtur að koma til opinberrar samhjálpar að einhverju leyti. Mig langar til að fá upplýsingar um það.

Að síðustu langar mig til að fá upplýsingar um það hjá hæstv. ráðh., hvað hann hefur gert eða hvort hann hyggist á þessu þingi flytja frv. eða beita sér fyrir því, að til jöfnunar á raf-

magnsverði komi í landinu. Þessu var lofað á sínum tíma og er talið af mörgum mikið réttindamál. Er ég t. d. þeirrar skoðunar, að það sé eitt af mest knýjandi málum nú að koma á jöfnun rafmagnsverðs með einhverjum hætti. Ég vil minna á í því sambandi, að við búum nú við sama bensín- og olíuverð, hvar sem við búum á landinu og ég tel, að hitt sé ekki síður réttindamál.

Ég vil svo að síðustu, herra forseti, aðeins fagna því tilefni, sem hv. 1. þm. Vestf. gaf mér til að tala almennt um orkumálin. Ég skil vel þær áhyggjur, sem hv. þm. hefur af stefnu ríkisstj. í orkumálum, og tek mjög undir þann tillöguflutning og þær ábendingar, sem hann hefur komið með hér á Alþ. til þess að ýta við hæstv. orkumrh. Veit ég, að við starf sitt og sem þm. strjálbýlis hefur þessi hv. þm. kynnst vinnuaðferðum hæstv. orkumrh. og er orðinn langþreyttur, enda mun það svo og ekkert leyndarmál, að innan ríkisstj. verða menn stundum hissa, þegar þeir frétta um síðustu afrekin eða yfirlýsingarnar.

Steingrímur Hermannsson: Herra forseti. Með þeim orðum, sem ég sagði hér áðan um orkumálin almennt, gerði ég mér vonir um, að hér gætu orðið málefnalegar umr. um þetta mál, sem er svo mjög á dagskrá nú. Ég gleymdi því, að hv. síðasti ræðumaður er nýbúinn að taka sæti í þessari hv. d. Ef ég hefði munað það, þá hefði ég skilið, að slíkt var borin von. Hann hefur sýnt það því miður í þeim umr., sem hann hefur tekið þátt í, að áhugi virðist þar vera meiri fyrir öðru en málefnalegum umr., eins og t. d. hvar kaffistofa stjórnarráðsins er staðsett o. s. frv.

En hann byggði sumt af því, sem hann sagði, á því sem ég sagði hér áðan, og skal ég aðeins með nokkrum orðum leiðrétta sumt það, sem kom fram hjá honum, tvö, þrjú atriði eða svo.

Ég vona, að hv. þm. hafi tekið eftir því, að ég lagði áherslu á í mínum málflutningi, hve aðdragandi að þessum málum er langur. Það tekur bæði mörg ár að rannsaka og síðan að kanna og svo til útboðs og bygginga á orkuveri.

Staðreyndin er vitanlega sú, að hæstv. ríkisstj., sú sem nú situr, tók við þessum málum í algeru öngþveiti, slíku öngþveiti, að það væri líklega efni í reyfara betri en flesta aðra, sem skrifaðir hafa verið. Það var ein virkjun, sem má segja, að hafi verið tilbúin til framkvæmda, og það var Sigölduvirkjun, annað var ekki til. Ég hygg, að Sigölduvirkjun hafi fremur verið tilbúin til framkvæmda vegna árvekni Landsvirkjunarmanna heldur en þeirrar ríkisstj. eða þeirra hæstv. ráðh., sem þá sátu. Og áreiðanlegt er, að orkumál Norðurlands eru þó alveg sérstakur kapituli í þessu öllu saman, það öngþveiti, sem þar var orðið, m. a. og ekki síst fyrir aðgerðaleysi eða fyrir fálm þeirra mnana, sem fóru með þessi mál í hæstv. fyrrv. ríkisstj. Þetta eru staðreyndir í málinu.

Nú hefur verið gripið til og gert það, sem unnt var strax. Sigölduvirkjun var hleypt af stokkunum, unnið er að mikilvægri virkjun á Vestfjörðum, sem einnig hófst í tíð þessarar ríkisstj., Mjólkárvirkjun, sem bætir þar við 5.7 MW og — ég vil geta þess hér — hefði verið eðlilegur og jafnvel nægilegur áfangi fyrstu 2—3 árin a. m. k. í venjulegri notkun, ef upphitunarþörfin hefði ekki orðið svo geigvænleg eins og hún sýnir sig nú að vera vegna þess ástands, sem hefur skapast. Á Austurlandi er einnig virkjað, svo að ég nefni þær virkjanir, sem hafist hafa nú á allra síðustu árum.

Hv. þm. virtist vilja kenna hæstv. ráðh. um erfiðleikana í olíumálum. Þó að þeir sjálfstæðismenn vilji kenna þessari ríkisstj. og ráðh. hennar um flestallt, hef ég ekki heyrt þetta fyrr. Þetta ástand skapaðist, eins og hann hlýtur að gera sér grein fyrir, ef hann gefur sér tíma til að hugsa málin, nú undir áramótin, þ. e. a. s. eftir styrjöldina í Austurlöndum nær. Var alls ekki séð fyrir, að svo fljótt yrði nauðsynlegt að fullnægja þessari orkuþörf.

Ég held, að ég þurfi ekki að rökræða þetta hér. Ég held, að hver einasti maður hljóti að sjá það. En það, sem ég vildi gjarnan fá hér fram með þeirri spurningu, sem ég beindi til hæstv. ráðh. í þessu sambandi, eru upplýsingar um það, sem ég veit, að verið er að skoða og fólk vill heyra. Mér fannst sjálfsagt, að fyrsta tækifærið væri notað til þess að fá þær upplýsingar fram.

Eins og ég sagði áðan, ætla ég ekki að eltast við þann málflutning, sem hv. síðasti ræðumaður hafði hér í frammi. Ég læt nægja að segja þetta, þó að um það mætti vitanlega flytja langt mál. Ég vona, að hæstv. ráðh. sjái sér fært að svara, þótt tíminn sé nú farinn til lítils, ýmsum þeim mikilvægu spurningum, sem ég lagði fram áðan.

Heilbr.- og trmrh. (Magnús Kjartansson): Herra forseti. Hv. þm. Steingrímur Hermannsson bar hér fram ýmsar spurningar, sem sjálfsagt brenna þungt á okkur öllum vegna þeirra nýju aðstæðna, sem skapast hafa vegna olíuskorts og hækkunar verðlags á olíu í landinu. Hv. þm. benti mönnum m. a. á það, hver yrði aðstöðumunur fólks eftir því, hvort það byggi við hitaveitu frá innlendum orkugjöfum eða yrði að hita híbýli sín með raforku. Þarna væri um mun að ræða, sem gæti komist upp í 100 þús. kr. á ári fyrir meðalfjölskyldu. Og hann spurði, hvort ríkisstj. hefði í huga einhverjar aðgerðir til að jafna þennan aðstöðumun.

Ég hef rætt þetta mál á ríkisstjórnarfundum nokkrum sinnum að undanförnu, og ég hygg, að það sé sameiginleg afstaða ríkisstj., að þetta sé vandamál, sem verði að taka á. Þetta er svo mikill aðstöðumunur, að ekki er nokkur leið að una honum, og verður að jafna þessi met með einhverjum hætti. Þetta mál hefur verið kannað sérstaklega, þ. e. a. s. safnað vitneskju um það á vegum iðnrn. og viðskrn., og á grundvelli þeirrar gagnasöfnunar vænti ég þess, að lagðar verði fram till. um, hvernig hægt verði að bregðast við þessum vanda. Ég teldi það skipta ákaflega miklu máli, að allir flokkar þingsins sameinuðust um að leysa þetta vandamál í stað þess að snúa því upp í eitthvert lágkúrulegt pex, eins og oft vill verða hér á þingi, þegar rætt er jafnvel um hin stærstu mál. Að minni hyggju er þetta óviðráðanlegur og óvæntur vandi, sem er á

sinn hátt, má segja, af svipuðu tagi og eldgosið í Vestmannaeyjum. Enginn gat séð fyrir, að þessir atburðir mundu gerast, þeir gerðust með svo óvæntum hætti, og við þessum vandamálum tel ég, að verði að snúast með samhjálp þjóðarinnar.

Þær hugmyndir, sem ég hef verið með um þetta, eru þær, að þjóðin leggi á sjálfa sig einhvers konar gjald, hliðstætt viðlagasjóðsgjaldinu, til að greiða niður verð á olíu hjá þeim aðilum, sem verða að búa við það að nota olíu til húshitunar enn um nokkurra ára skeið. Ég held, að það sé algerlega óhjákvæmilegt, að við tökum á þessu máli nú á þessu þingi og göngum frá einhverju kerfi, sem geti tryggt þarna nauðsynlega jöfnun.

Hitt er svo það veigamesta, að finna varanlegar leiðir til að nýta innlenda orkugjafa alls staðar þar, sem það er hægt, í stað innfluttrar orku, og um það beindi hv. þm. Steingrímur Hermannsson einnig til mín nokkrum fsp. Strax og þessi vandamál voru ljós, fól ég Verkfræðiskrifstofu Sigurðar Thoroddsen í samráði við orkustofnun að gera athugun á því, hvernig hægt væri að flýta sem mest hagnýtingu innlendra orkugjafa til hvers konar nota, þ. e. a. s. bæði til húsahitunar, til verksmiðjustarfsemi og annarra þarfa, þar sem olía hefur verið notuð. Á sama tíma fól ég Seðlabankanum að gera fjármögnunaráætlun um þessi atriði. Í þeirri könnun, sem Verkfræðistofan og Orkustofnun vinna nú að, er einmitt fjallað um þessi vandamál, sem hv. þm. vakti athygli á. Og ég hef lagt á það mikla áherslu, að þessari könnun verði flýtt sem allra mest. Ég hef falið þessum aðilum að gera framkvæmdaáætlun bæði fyrir árið í ár og eins framkvæmdaáætlun nokkur ár fram í tímann, sem stefni að því, að komið verði upp hitaveitum alls staðar þar, sem völ er á heitu vatni til slíkra nota, hvar sem er á landinu, og svo að sá þriðjungur þjóðarinnar eða svo, sem ekki á kost á slíkum hitaveitum, geti fengið raforku til sinna þarfa til að hita upp hús sín. Á sama hátt notar iðnaður okkar ýmsar vélar, sem nú eru olíuknúnar, en hagkvæmt getur verið talið að knýja með raforku. Það er unnið að þessari athugun af kappi, og um leið og fyrstu frumdrög liggja fyrir frá þessum aðilum, mun ég með mikilli ánægju gera Alþingi grein fyrir þeim.

Ég hef rætt þetta mál einnig við borgarstjórann í Reykjavík, hvernig hægt sé að flýta hitaveituframkvæmdum í nágrannabyggðarlögum Reykjavíkur, og það er sameiginlegur áhugi okkar á að flýta því eftir megni. Önnur hitaveita, sem á að vera hægt að hefjast handa um, kannske nú í árslok, er Svartsengisveitan fyrir byggðirnar á utanverðu Reykjanesi. Aðrir stórir staðir eða nokkuð stórir, sem geta fengið hitaveitu, þar sem búið er að kanna aðstæður allgaumgæfilega, eru Borgarnes og Akranes og svo ýmsir staðir fyrir norðan. Ég er þeirrar skoðunar, að við verðum að líta á þetta sem alger forgangsverkefni og að við verðum að tryggja til þess fjármuni, bæði innanlands og utan, og haga líka röðum framkvæmda svo, að þetta gangi fyrir. Ég held, að eins og þróunin hefur verið í sambandi við olíuverð, séu þetta arðbærustu framkvæmdir þjóðhagslega séð, sem við getum nú ráðist í. En sem sagt, þessar spurningar, sem hv. þm. beindi til mín, eru allar í þessari könnun, og ég mun gera grein fyrir því, hvernig henni miðar, jafnóðum og ég hef fengið um það skýrslur.

Ég tel ekki ástæðu til að fara að skattyrðast við hv. þm. Halldór Blöndal. Hann talaði hér í þeirri tóntegund, sem ég held, að sé dálítið hvimleið, þegar um svona veigamikil mál er að ræða. Menn geta kannske haft svolítið gaman af slíkum vopnaburði, en ég held, að við þm. eigum að taka störf okkar alvarlegar en svo að eyða tíma okkar allt of mikið í þess háttar skætingsræður.

Það er eitt, sem er afar athyglisvert, af því, sem gerst hefur einmitt vegna verðhækkunarinnar á olíu, og það er, að mönnum hefur vitrast sú staðreynd, að markaður fyrir raforku á Íslandi er miklum mun stærri en menn gerðu sér grein fyrir fyrir tiltölulega stuttum tíma. Það var stefna hæstv. fyrrv. ríkisstj. að ráðast í stórvirkjanir hér á Suðvesturlandi. Þessar stórvirkjanir áttu hins vegar að byggjast á því, að orkan yrði að mestu leyti seld erlendum fyrirtækjum, sem hér yrðu reist. Þetta var rökstutt með því, að þessar virkjanir væru svo stórar, en hins vegar markaðurinn það lítill, að þarna yrði aflögu ákaflega mikil orka, sem enginn markaður væri fyrir, nema sá markaður yrði búinn til með því að setja slík fyrirtæki á laggirnar.

Þegar rætt var hér á þingi um heimildir til virkjana við Sigöldu og Hrauneyjarfoss, vakti ég m. a. athygli á því, að það væri vissulega til hér í landinu ákaflega stór markaður, sem ekki væri hagnýttur, og það væri húshitunarmarkaðurinn. Ég flutti brtt. við frv. um Landsvirkjun um það, að tekið væri þar inn sem eitt af verkefnum Landsvirkjunar að auka húshitun með raforku á Íslandi. Þessi brtt. var samþykkt, hún var tekin inn í lögin. Þegar ég tók við störfum iðnrh., lágu fyrir hannanir á Sigölduvirkjun og Hrauneyjarfossvirkjun. Fyrrv. ríkisstj. hafði lýst því yfir, að Sigölduvirkjun ætti að hagnýta eins og Búrfellsvirkjun, þ. e. a. s. tengja hana við orkufrekan iðnað, sem nýtti meginhluta orkunnar frá þeirri virkjun einnig. Ég lagði áherslu á það við Landsvirkjun, að í sambandi við áformin um Sigölduvirkjun yrði fyrst og fremst hugað að því að nýta hinn mikla innlenda markað, sem fælist í húshitun, og að áformin um nýtingu raforkunnar yrðu við það miðuð að hraða húshitunarframkvæmdum eins og hægt væri. Þetta var gert. Þessi könnun var framkvæmd og þessi áform um húshitunarframkvæmdir tekin inn í áætlanir Landsvirkjunar um rekstur Sigölduvirkjunar. En forsenda þess, að hægt væri að nýta þennan mikla húshitunarmarkað á Íslandi, var að sjálfsögðu sú, að raforkusvæðin væru tengd saman, það væri ekki hægt að nota raforku frá þessari stóru virkjun nema á Suðvesturlandssvæðinu, nema önnur svæði væru tengd við virkjunina. Þess vegna var mörkuð sú stefna að tengja saman orkuveitusvæðin, til þess að notendur á Norðurlandi og annars staðar, á Vestfjörðum og Austfjörðum, gætu haft nægilega orku til sinna nota

ekki síður en þeir, sem búa hér á Suðvesturlandi.

Það hefur mikið verið skopast að þessari hugmynd um að tengja saman orkuveitusvæðin, og hún hefur verið mikið gagnrýnd af Sjálfstfl. og hv. þm. Halldóri Blöndal hér rétt áðan. En er ekki alveg ljóst, að við getum ekki hagnýtt okkar innlenda orkugjafa, þ. e. a. s. raforkuna, þar sem hitaveita verður ekki tiltæk, á neinn annan hátt en að tengja saman orkuveitusvæðin. Sá kostnaður, sem við höfum lagt í það, er alveg tvímælalaust í þágu framtíðarinnar og mun sanna gildi sitt eftir tiltölulega stuttan tíma. Ég hugsa, að það muni ekki gæta mikið hjá þm. Sjálfstfl. gagnrýni á samtengingu Norðausturlands og vesturhluta Norðurlands, þeirrar gagnrýni, sem þeir eru með núna, muni ekki gæta hjá þeim eftir tiltölulega stuttan tíma. Og ég er alveg sannfærður um, að þjóðin öll skilur það miklu betur nú en hún skildi það fyrir tiltölulega stuttum tíma, að samtengingarhugmyndin er algert grundvallaratriði, ef við eigum að geta ráðist í hagkvæmar virkjanir og notað þær í okkar eigin þágu, ekki aðeins til húshitunar, heldur til iðnaðarframkvæmda um land allt.

Það er í þessu sambandi að vonum oft talað um byggðastefnu og nauðsyn jafnrar aðstöðu fólks í öllum landshlutum. Ég held einmitt, að það sé ein meginforsenda þess, að fólk í öllum landshlutum búi við hliðstæða möguleika, að það eigi kost á orku á sama verði, hvar sem það býr á landinu, og nægilegri orku, hvar sem menn búa á landinu. En forsenda þess, að þetta geti orðið, er samtenging. Það er að vísu hægt að leggja á orkuskatt. Það eru í gildi, eins og menn vita, lög um verðjöfnun á raforku, sem á að létta undir með Rafmagnsveitum ríkisins. Sú skattlagning hrekkur nú orðið ákaflega skammt, vegna þess að fyrrv. ríkisstj. batt hana við ákveðna upphæð, fasta upphæð, sem nemur lægri og lægri prósentu með hverju ári sem líður. En skattheimta af þessu tagi er bæði hvimleið og óvinsæl, og eina leiðin til að tryggja jöfnuð er, að raforkukerfið verði allt samfellt. Ég tel, að þjóðin öll eigi að bera kostnaðinn af þeirri samtengingu, alveg eins og þjóðin öll ber kostnað af þjóðvegakerfinu. Þarna er um að ræða alveg sams konar framkvæmdir að minni hyggju, og ég tel ekki, að Norðlendingar eigi að greiða línu norður frekar en Norðlendingar eigi að greiða út af fyrir sig vegalagningu norður. Þetta er verkefni allrar þjóðarinnar, það liggur í hlutarins eðli.

Ef fyrrv. ríkisstj. hefði haldið áfram stefnu sinni, væri hún vafalaust fyrir löngu búin að ráðstafa með samningi orku þeirri, sem framleidd verður í Sigölduvirkjun, eins og hún gerði við Búrfellsvirkjun. Ég vil minna menn á það, að nú er talað um orkuskort á Íslandi. En um það bil helmingurinn af þeirri raforku, sem framleidd er á Íslandi í kwst. talið, rennur til álbræðslunnar í Straumsvík, — um það bil helmingurinn af allri raforku, sem framleidd er á Íslandi. En það, sem greitt er fyrir þessa raforku, er ekki nema svo sem 10% af þeirri upphæð, sem greidd er fyrir alla raforkusölu á Íslandi. Greiðslan fyrir helminginn er aðeins 10% af andvirðinu í heild. Svona var nú samið. Og þessi samningur var gerður þannig, að þetta verð er bundið fram til ársins 1997, óbreytt fram til ársins 1997. Slíkur hörmungarsamningur hefur hvorki fyrr né síðar verið gerður í sambandi við efnahagsmál hér á Íslandi. Og mér finnst, að þeir menn, sem að þeirri samningsgerð stóðu og að þeirri stefnu í raforkumálum, sem þá var mótuð, ættu hreinlega að blygðast sín og tala sem hljóðir og hógværir menn, þegar þeir fara að minnast á stefnu í raforkumálum í ræðustólum Alþingis.

Í sjálfu sér höfum við Íslendingar ástæðu til að fagna því, að við eigum til orkulindir, innlendar orkulindir, sem verða okkur dýrmætari með hverju ári sem líður. Hv. þm. Halldór Blöndal gæti sér til skemmtunar, — hann er maður gamansamur, — farið í gamlar ræður flokksleiðtoga sinna og flett upp lýsingum þeirra á því, að þessar orkulindir okkar væru að verða verðlausar með öllu, það væru allra síðustu forvöð að koma þeim í verð, því að að öðrum kosti mundu þær aldrei verða nýttar, aðrar orkulindir væru svo miklu ódýrari en þessar. Við þetta var sú stefna miðuð, sem ég gat um áðan, að láta meginhlutann af raforku Búrfellsvirkjunar renna til útlendinga á óbreyttu verði í 25 ár. Heildartapið af þessum samningi, ég er sannfærður um, að þegar kemur að leikslokum, verður það talið í ákaflega mörgum milljörðum kr. Ef við hefðum haft þá fjármuni til að nýta til annarra hluta, þá hefðum við getað byggt áreiðanlega nokkrar meiri háttar virkjanir bara fyrir þetta fé, sem haft hefur verið af okkur með heimskulegum samningum við útlendinga.

Ég ætla ekki að fara að rifja hér upp deilur um Laxármál. Þó vil ég geta þess, að þegar ráðamenn Sjálfstæðisfl. tala um erfitt ástand í orkumálum Norðurlands, þá er það því miður arfur frá þeirra eigin ríkisstj. Það var þeirra ríkisstj., sem lagði á ráðin um virkjun í Laxá og hvernig að þeirri virkjun var staðið, þannig að af hlutust einhverjar illvígustu deilur, sem orðið hafa á Íslandi, svo alvarlegar deilur, að ég tel, að þær muni lengi há eðlilegri samvinnu og eðlilegum samskiptum á Norðurlandi. Ef anað hefði verið áfram eftir þessari braut, hefði ástandið verið þannig, að kannske hefði þessari virkjunarframkvæmd fengist lokið, — um það veit ég þó sannarlega ekki neitt, — en þá hefðu verið í gildi lögbannsákvæði, sem hefðu bannað að hleypa vatni á þessa virkjun. Norðlendingar hefðu þá í vetur staðið uppi með þessa virkjun án nokkurrar orkuframleiðslu. Ég tel, að núv. ríkisstj. hafi bjargað því, sem bjargað varð í þessu efni, með því að ná sáttagerð við landeigendur um það, að fallist var á að heimila þessa virkjun og hleypa á hana vatni, þannig að hún hefur þó getað framleitt orku á þessum vetri. Hins vegar var kastað hundruðum millj. kr. í virkjunina vegna þess, að hún var miðuð við áframhaldsvirkjun, sem engin þingssamþykkt var þó fyrir.

Hv. þm. sagði, að ég hefði lýst því yfir, að ég væri andvígur allri stíflugerð í Laxá. Ég kannast ekki við að hafa lýst neinu slíku yfir. Hins vegar hef ég vakið athygli á því, að heimildin til virkjunar í Laxá er bundin við 12MW. Það er engin lagaheimild fyrir neinni stærri

virkjun. Og stíflugerð innan þeirra marka, 8—10 m stífla, mundi ekki leysa neitt sem heitir úr ísatruflunum á þessu svæði, en út úr henni fengjust vissulega nokkur hagkvæm MW.

Ég held, að menn eigi að hætta deilum um ýmiss konar minni háttar atriði í orkumálum, sem mjög hafa verið ástundaðar. Það hefur verið alið á því, að menn hafa ekki viljað líta á neinar virkjanir nema virkjanir í sínum heimahéruðum. Þar hefur yfirleitt verið um litlar virkjani að ræða, nokkur MW hér og þar. En nauðsyn okkar á stóraukinni orkuframleiðslu er svo miklu, miklu stærri en allar þessar hugmyndir. Hugmyndir um virkjanir upp á fáein MW eiga að heyra fortíðinni til, vegna þess að markaður okkar er sem nemur hundruðum MW. Og við verðum að vera menn til að ráðast í þær hagkvæmustu virkjanir, sem við getum ráðist í, og nýta þær í þágu þjóðarheildarinnar. Á það hefur verið lögð áhersla í núv. ríkisstj.

Í tíð þessarar ríkisstj. hefur verið tekin ákvörðun um Sigölduvirkjun í þágu Íslendinga, eins og menn vita. Sú virkjun var ekki tengd neinum samningum við erlenda aðila. Við leggjum nú til, að ráðist verði í Kröfluvirkjun. Ég hygg, að það sé alveg rétt hjá hv. þm. Steingrími Hermannssyni, að sú könnun, sem ég var að geta um áðan, að fram færi nú á því, hvernig unnt væri með sem skjótustum hætti að nýta innlenda orkugjafa í stað innfluttrar orku, muni leiða í ljós, að við verðum enn að herða á og taka ákvarðanir um verulega virkjun mjög fljótlega í viðbót við þetta, ef við eigum að vera menn til þess að tryggja þjóðinni orku með sem allra mestum hraða. Og ég held, að við ættum að snúa bökum saman um þetta verkefni. Þetta er að minni hyggju algert forgangsverkefni á Íslandi um þessar mundir, og ég hygg, að þjóðin eigi eftir að gjalda varhuga við þeim mönnum, sem hafa á sviði orkumála þann tíma, sem núv. stjórn hefur starfað, ævinlega verið með þvergirðingshátt og gagnrýni og reynt að koma í veg fyrir allar skynsamlegar aðgerðir í orkumálum. Í hvert einasta skipti, sem tekin hefur verið þar ákvörðun um myndarlegt átak, — ég nefni t. d. Mjólká á Vestfjörðum, — hefur Morgunblaðið rokið upp, gagnrýnt þetta og heimtað einhverja miklu minni virkjun. Af sama toga er spunnin gagnrýnin á því að tengja landshlutana saman, þannig að það fólk, sem býr í dreifbýlinu utan Suðvesturlands, eigi kost á aðgangi að jafnmikilli orku og jafnódýrri orku og aðrir landshlutar.

Umr. frestað.

Neðri deild, 55. fundur.

Mánudaginn 28. jan., kl. 2 miðdegis.

Umræður utan dagskrár.

Gylfi Þ. Gíslason: Herra forseti. S. l. föstudagskvöld gerðist mjög óvenjulegur atburður í íslenskum stjórnmálum. Það er kunnara en frá þurfi að segja, að mikil leynd hefur hvílt yfir viðræðum hæstv. utanrrh. við fulltrúa Bandaríkjastjórnar um endurskoðun varnarsamningsins. Utanrmn. hefur að vísu verið skýrt frá viðræðum við fulltrúa Bandaríkjastjórnar, eftir að þær hafa átt sér stað. Hins vegar hefur n. aldrei í þau 2½ ár, sem núv. ríkisstj. er búin að sitja að völdum, verið skýrt fyrir viðræðufundi frá því, hvað hæstv. utanrrh. hygðist leggja til við Bandaríkjamenn, fulltrúa stjórnar þeirra, varðandi endurskoðun varnarsamningsins. Hæstv. ríkisstj. er þó skylt að hafa samráð við utanrmn. varðandi stefnumótun í utanríkismálum.

Þetta algera samráðsleysi við n. getur ekki átt sér nema aðra af tveim skýringum. Annaðhvort hefur ríkisstj. aldrei mótað neina stefnu af sinni hálfu varðandi endurskoðun varnarsamningsins í þeim viðræðum, sem fram hafa farið, eða þá að hún hefur vanrækt þá skyldu sína að hafa samráð við utanrmn., þegar hún mótar þessa stefnu, og hvorugt er gott. Nú hefur það hins vegar gerst, gerðist s. l. föstudag, að hæstv. utanrrh. skýrði frá því í sjónvarpi, í umræðuþætti um varnarmál, að flokkur hans hefði mótað till. sem umræðugrundvöll varðandi endurskoðun varnarsamningsins og að þessar till. hefðu verið lagðar fram í ríkisstj. Mátti skilja það á öðrum þátttakanda í þættinum, formanni Alþb., að honum væri kunnugt um till., og má því gera ráð fyrir, að þær hafi verið ræddar í þingflokkum hæstv. ríkisstj. og kannske einnig í öðrum stofnunum þeirra flokka, sem að ríkisstj. standa. Hins vegar hafði stjórnarandstaðan, áður en hún heyrði ummæli ráðh. í sjónvarpinu enga hugmynd um, að slíkar till. væru komnar á blað né heldur að þær væru komnar til umræðu í ríkisstj. og hjá stuðningsflokkum ríkisstj.

Þetta er að sjálfsögðu algerlega óviðunandi, að þm. skuli frétta af því í fjölmiðli, að einn stjórnarflokkurinn sé búinn að móta stefnu sem umræðugrundvöll í viðræðum, en utanrmn. hafi ekkert um málið heyrt og þm. ekki heldur. Mér finnst því nauðsynlegt og það var erindi mitt í ræðustólinn að skora á hæstv. forsrh. eða hæstv. utanrrh., — ég sé, að utanrrh. er ekki í d., en þá beini ég orðum mínum til hæstv. forsrh., — ég tel alveg nauðsynlegt að þinginu sé skýrt frá því, hvað í þessum till. felst, till. séu lesnar upp hér á hinu háa Alþingi, til þess að allir þm. geti gert sér grein fyrir því, hvað í þeim felst.

Ástæðan til þess, að ég tel þetta nauðsynlegt, er sumpart sú, að af lauslegri frásögn hæstv. utanrrh. virðist vera ljóst, að í till. felst frávik frá ákvæðum stjórnarsáttmálans. Í stjórnarsáttmálanum segir, að stefnt skuli að því, að herinn hverfi af landinu í áföngum á kjörtímabilinu. Orð hæstv. ráðh. urðu ekki misskilin í sjónvarpinu á föstudagskvöldið, þar sem hann sagði, að gert væri ráð fyrir því, að brottflutningurinn mundi taka nokkur ár. M. ö. o.: það á ekki að flytja herinn burt á kjörtímabilinu, heldur á lengri tíma. Þetta virðist vera alveg ljóst. Hér er um að ræða greinilegt frávik frá ákvæðum stjórnarsáttmálans. Þess vegna er nauðsynlegt að þingið fái um það að vita, hvernig þetta er orðað, hvernig till. eru, að því er þetta varðar. Af lauslegri frásögn ráðh. eru hins vegar ýmis atriði óljós. Þess vegna er nauðsynlegt, að menn fái að vita ná-

kvæmlega, hvernig till. eru, ef það gæti hjálpað til að upplýsa óljós atriði.

Það var t.d. í fyrsta lagi ekki ljóst af orðum hæstv. utanrrh. í sjónvarpinu á föstudagskvöldið, hvort bandarískir hermenn eiga að vera áfram við öryggisgæslu og þá hve margir. Það kom greinilega fram í umr., að hæstv. utanrrh. og form. Alþb. skildu till. um þetta efni ekki á sama hátt. Þess vegna er nauðsynlegt að fá að vita, hvort ástæða sé til misskilnings eða ekki.

Þá er í öðru lagi nauðsynlegt að fá það upplýst, hvað felst í hugmyndunum um hreyfanlega flugsveit, sem þarna var orðuð. Þýðir þetta, að hér eigi stöðugt að vera herflugvélar á flugvellinum eða aðeins hafa lendingarleyfi og koma hingað öðru hverju? Það kom greinilega fram í sjónvarpinu, að þeir tveir talsmenn ríkisstj., sem þarna voru, voru ekki á einu máli um hvað setningar í till. um þetta efni þýða í raun og veru. Af orðum utanrrh. mátti helst skilja, að það ættu alltaf að vera hér einhverjar herflugvélar, þær ættu bara ekki að hafa fast aðsetur á vellinum. En form. Alþb. vildi skilja till. svo, að einungis ætti að vera um að ræða heimild til lendingar, þannig að flugvélarnar kæmu þangað aðeins öðru hvoru. Hér er um gerólíkan skilning að ræða, og þetta þarf að liggja ljóst fyrir.

Mikilvægast er þó, að það kom ekki fram af orðum hæstv. utanrrh., hvort hann ætlast til þess, hvort till. ætlast til þess, að áfram sé haldið þeim eftirlitsstörfum, sem nú eru unnin á Keflavíkurflugvelli, eða hvort þeim eigi að hætta. Þetta er auðvitað grundvallaratriði og þarf að liggja ljóst fyrir, hvað hæstv. utanrrh. og flokkur hans ætlast fyrir um þetta efni. Á að halda eftirlitsstöðvunum áfram, eða eiga þær að hætta? Þetta verður að liggja alveg ljóst fyrir. Ég held, að menn geti að athuguðu máli verið sammála um, að ekki er við það unandi, að um stefnumótun í svo mikilvægu máli sem þessu séu höfð einhver hálfyrði. Annað hvort varð að skoða till. sem algert trúnaðarmál, — það hefði mátt virða í sjálfu sér, — algert trúnaðarmál innan ríkisstj., eða þá að skíra frá þeim opinberlega. Hálfyrði um það, hvað í till. felist, eru hvorki þingi né þjóð bjóðandi. Það á annaðhvort að segja ekki neitt um málið, fara með það eins og oft er gert með slík mál, eða þá að segja allan sannleikann um það. Eftir þau hálfyrði, sem sögð voru í sjónvarpinu á föstudagskvöldið, leyfi ég mér að beina þeim mjög eindregnu tilmælum til hæstv. forsrh., að hann segi allan sannleikann um þessar till., sem frá var skýrt á föstudagskvöldið.

Forsrh. (Ólafur Jóhannesson): Herra forseti. Ég get ekki orðið við tilmælum hv. 7. þm. Reykv., um að lesa hér upp eða gera grein fyrir útfærslu þeirra tillagna, sem hann gerði að umræðuefni. Utanrrh. hefur gert grein fyrir meginefni þeirra — það er rétt — í sjónvarpsþætti, og ég get ekki á þessu stigi farið nánar út í það efni. Það er af þeim ástæðum, að tillögudrög þessi eru hugsuð geta orðið viðræðugrundvöllur við Bandaríkjastjórn, ef samkomulag yrði um það í ríkisstj. Það væri því óviðeigandi og ekki í samræmi við þá háttvísi, sem skylt er að sýna í milliríkjaviðskiptum, að skýra frá þessum tillögudrögum í einstökum atriðum, áður en till. hafa verið lagðar fyrir viðsemjanda, ef til þess kemur, að þær verði lagðar fyrir þá í þeirri mynd, sem þessi drög eru nú í. Ég geri hins vegar ráð fyrir því, að það sé engin fyrirstaða á að fá kvaddan saman fund utanrmn. og að þar geti utanrmn.-menn fengið að sjá þessi drög að umræðugrundvelli. En ég vek athygli á því, að hér er aðeins um að ræða till. að viðræðugrundvelli af hálfu Framsfl. og utanrrh. og um þann viðræðugrundvöll er fjallað í ríkisstj. Till. geta vitaskuld tekið þar ýmsum breytingum og því ekki séð nú, hvernig till. verða endanlega lagðar fram í þeim viðræðum, sem fram fara innan tíðar við Bandaríkjastjórn. Ég get ekki séð, að það sé ástæða til fyrir hv. 7. þm. Reykv. að vera með þá hnykslun, sem mér virtist felast í orðum hans. Vitaskuld felst ekki í fyrirmælunum um utanrmn. að samráð skuli haft við hana eða nein skylda til að leggja samþykktir eða till. eins flokks, sem stendur að ríkisstj., fyrir utanrmn. Hitt er annað mál, hvað gert verður, ef eftir því er óskað.

Ég held, að á þessu stigi sé ekki heppilegt að ræða þessi drög nánar eða ítarlega og það væri í sjálfu sér engum til góðs að fara að skýra þannig frá málefni, sem er á samningastigi við annað ríki. En ég hef gengið út frá því sem gefnu að utanrmn. verði gefið færi á því að fjalla um till. þær, sem ákveðið verður endanlega af ríkisstj. hálfu að leggja fram sem viðræðugrundvöll.

Það er ástæðulaust að draga fjöður yfir það, að þetta mál er, eins og öllum hv. þm. er auðvitað ljóst, vandasamt mál og vandmeðfarið á margan hátt. Þess vegna geri ég ekki ráð fyrir því, að hv. fyrirspyrjandi áfellist ríkisstj. fyrir að vilja gefa sér góðan tíma til þess að íhuga þetta mál, áður en till. að viðræðugrundvelli eru af hennar hálfu lagðar fram.

Það er auðvitað misskilningur hjá hv. þm., að það sé nokkur vafi um stefnu ríkisstj. í þessu máli. Hún er mörkuð í málefnasamningi hennar. Hins vegar er það svo, að það þarf auðvitað nánari útfærslu á þeim ákvæðum, og það er ekkert sérstakt um slíkar almennar yfirlýsingar, sem eru í stjórnarsáttmálanum. En það er óhætt að segja það, eins og reyndar kom fram í sjónvarpsþættinum af hálfu utanrrh., að í þessum drögum Framsfl. að viðræðugrundvelli felst tvennt: Í fyrsta lagi, að reynt sé að ná því marki málefnasamningsins, sem stefnt skal að, að fast erlent herlið hverfi af Íslandi í áföngum, og í annan stað og jafnframt, að staðið sé við þær skuldbindinngar, sem á okkur hvíla gagnvart NATO. En það er líka tekið fram í málefnasamningnum, að Ísland muni að óbreyttum aðstæðum taka þátt í NATO, þó að því sé jafnframt lýst yfir, að þar hafi einn stjórnarflokkurinn sérstöðu, sem alkunnugt er, þannig að í þessu, að staðið sé við þær skuldbindingar, sem á okkur hvíla gagnvart NATO, felst skv. þessum drögum það, að hér geti verið eftir sem áður og eftir að hið fasta herlið hyrfi af landinu starfsemi, sem gæti verið sá hlekkur, sem nauðsynlegur er talinn í eftirlits- og viðvörunarkerfi NATO.

Ég endurtek það, að ég geri ráð fyrir, að það standi ekki á því að utanrmn. verði kvödd saman og þar sé skýrsla gefin um þessi mál. Ég undir-

strika líka það, sem ég sagði, að það er ekki hægt að halda því fram, að það hafi verið gengið á nokkurn hátt fram hjá utanrmn., þó að till., sem samþykktar hafa verið af einum flokki, sem að stjórnarsamstarfinu stendur, hafi þar ekki verið kynntar eða lagðar fyrir nefndina.

Forseti (Gils Guðmundsson): Í tilefni af því, að þegar hafa 5 hv. þm. kvatt sér hljóðs utan dagskrár, vil ég aðeins vekja athygli á því, að sú er skoðun forseta þingsins, að umr. um fsp., sem bornar eru fram utan dagskrár, eigi, eftir því sem frekast er kostur, að vera innan þess ramma, sem sniðinn er skriflega fram bornum fsp. Ég vænti þess, að hv. þdm. séu mér sammála um, að það sé ekki eðlilegt, að slíkar fsp., fram bornar utan dagskrár, eigi að hafa annan forgang fram yfir venjulegar fyrirspurnir heldur en þann, að þær komast strax að og þeim er samstundis svarað.

Ég vænti þess, að hv. ræðumenn, sem kvatt hafa sér hljóðs, geti orðið mér sammála um þetta atriði.

Gunnar Thoroddsen: Herra forseti. Það er fyrst út af ummælum hæstv. forseta nú síðast, sem ég tel nauðsynlegt að segja örfá orð.

Þegar settar voru svo strangar skorður 1972 við umræðum um fyrirspurnir, að þm almennt megi ekki tala lengur en 2 mín., var ekki um það talað og ekki gert ráð fyrir að rýra á nokkurn hátt hefðbundinn rétt manna til að kveðja sér hljóðs utan dagskrár út af mikilvægum málum. Ég ætla, að það hafi ekki heldur borið á góma þá, að þegar menn kveddu sér hljóðs í því skyni, yrði ræðutími takmarkaður svo mjög sem forsetar þingsins virðast nú vilja vera láta. Ég vil aðeins taka það fram, að ég er ekki samþykkur þessari túlkun hæstvirtra forseta.

Það er auðvitað rétt hjá hæstv. forsrh., að þetta mál, varnarmálin, er ákaflega vandmeðfarið og vandasamt. Á það sérstaklega við um það, hvílíkur vandi hæstv. ríkisstj. er á höndum, því að allir þm. vita, hversu langt bil er milli skoðana Alþb. og þess, sem hæstv. forsrh. vill eða óskar eða a.m.k. hugsar í leyndum hjartans í þeim málum. Þess vegna er eðlilegt, að þetta sé mjög vandasamt mál innan stjórnarinnar.

Um leið og ég tek eindregið undir óskir hv. 7. þm. Reykv., Gylfa Þ. Gíslasonar, um að þessar nýju till., sem hæstv. utanrrh. skýrði lauslega frá í sjónvarpi á föstudaginn, verði birtar, vil ég taka það fram, að yfir þessum málum öllum hefur, frá því að stjórnin var mynduð, verið þokuslæðingur, svo að ekki sé meira sagt, ákvæði stjórnarsáttmálans óljós og stjórnarsinnar sjálfir mjög ósammála um, hvernig ætti að túlka þau ákvæði. Það er mjög alvarlegt, hversu upplýsingum í þessu máli, mikilvægum upplýsingum, hefur verið haldið leyndum fyrir þjóðinni og þingheimi, því að þeim upplýsingum, sem utanrmn. eru afhentar sem trúnaðarmál, hefur samkv. venju ekki einu sinni verið talið heimilt að skýra þingfl. frá. Ég ætla, að þetta hafi lengi verið venja á þingi, þannig að t.d. það, sem gerst hefur í viðræðum hæstv. ríkisstj. og fulltrúa Bandaríkjastjórnar undanfarna mánuði, er ekki einu sinni á vitorði þm., annarra en þeirra, sem eru í utanrmn.

Nú gerðist það, eins og minnst var á hér í umr utan dagskrár s. l. þriðjudag, að einn þm., form. eins stjórnarfl., hv. 3. þm. Vestf., Hannibal Valdimarsson, skýrði opinberlega á fundi á Ísafirði ekki alls fyrir löngu frá því, sem Bandaríkjastjórn hefði boðið fram í þessum viðræðum eða léð máls á að fallast á. Af þessu tilefni, vegna þess að hæstv. ríkisstj. hefur farið með það, sem hefur gerst á þessum fundum, sem algert leyndarmál, sem ekki einu sinni þingfl. hefur verið skýrt frá eða ekki heimilað að skýra frá á þingflokksfundum, beindi ég þeirri fsp. þá til hæstv. utanrrh., hvort það væri ekki rétt, sem hv. þm. Hannibal Valdimarsson hefði frá skýrt. Hæstv. utanrrh. treysti sér ekki þá til að svara þessu. En nú hefur hann fengið sex daga umhugsunarfrest, og vænti ég því, að við fáum skýr svör við því nú á þessum fundi. Það þýðir ekki að bera alltaf fyrir sig, að það sé ekki hægt vegna hins aðilans, Bandaríkjastjórnar, að skýra frá þessu. Ef samið hefur verið um það milli stjórnanna, að þessu skyldi haldið leyndu, hefði verið í lófa lagið fyrir íslensku stjórnina að fara fram á það við Bandaríkjastjórn, að það mætti birta þetta, og ekki trúi ég því, að þar yrði nokkur fyrirstaða á.

Ég vil endurtaka þessa fsp. mína og vænti þess að fá svör við henni nú, til þess að dalalæðunni fari í þessu máli eitthvað að létta.

Þórarinn Þórarinsson: Herra forseti. Ég ætla ekki að ræða efni þeirrar fsp., sem hér hefur verið borin fram. En þar sem hefur verið vikið nokkrum orðum að störfum utanrmn., finnst mér rétt að segja nokkur orð.

Mér finnst rétt að vekja athygli á því, að síðan núv. hæstv. utanrrh. tók við starfi sínu, hefur orðið alger breyting á starfsemi utanrmn. í sambandi við varnarmálin. Ég hef átt sæti í utanrmn. í stjórnartíð tveggja utanrrh. annarra.

Fyrri ráðherrann var Guðmundur Í. Guðmundsson. Á þeim tíma, þegar hann var utanrrh., var föst regla, að varnarmál fengust ekki rædd í utanrmn. Hann tók fram skýrt og skorinort, að hann teldi sér ekki skylt að gefa neinar upplýsingar um varnarmál í utanrmn., og yfirleitt hélt þessi ráðh. öllum upplýsingum leyndum fyrir utanrmn. Meira að segja þegar ríkisstj. stóð í samningum við Breta í sambandi við landhelgissamninginn, sem var gerður árið 1961, fékk utanrmn. ekkert um þá samninga að vita, fyrr en þeir voru fullgerðir.

Ráðherrann, sem tók við af Guðmundi Í. Guðmundssyni, Emil Jónsson, tók upp aðra og miklu betri starfshætti í þessum efnum. Í hans tíð urðu miklar umbætur á starfsemi utanrmn., þannig að hún fékk miklu víðtækari upplýsingar en áður. Hann tók eigi að síður skýrt fram, að í utanrmn. teldi hann sér ekki skylt að gefa neinar upplýsingar um öryggis- og varnarmál, og þeirri reglu fylgdi hann nokkurn veginn.

Síðan hæstv. núv. utanrrh. tók við stjórn þessarra mála, hefur hann veitt nefndinni allar þær upplýsingar, sem um hefur verið að ræða

í sambandi við gang varnarmálanna. Hann hefur ekkert falið í þeim efnum, heldur lagt það allt á borðið. Hann hefur t. d. gefið utnarmn. mjög ítarlegar upplýsingar um þær viðræður, sem hafa farið fram við Bandaríkjamenn. Síðast gerði hann þetta á fundi n. í nóv. s. l., eftir að lokið var viðræðum, sem þá fóru fram. Af hálfu fulltrúa stjórnarandstöðunnar í utanrmn. kom fram, að þeir voru ekki tilbúnir þá til að ræða um þessa skýrslu utanrrh., en áskildu sér rétt til að gera það síðar. Það var talið alveg sjálfsagt. Þannig lauk fundinum. Síðan hafa verið haldnir fundir í utanrmn., og af hálfu fulltrúa stjórnarandstöðunnar hefur ekki verið farið fram á að ræða nánar um þessa skýrslu eða koma þeim athugasemdum á framfæri, sem þeir töldu sig þurfa, þegar skýrslan var upphaflega lögð fram. Það kom svo greinilega fram í umr., sem fóru fram á síðasta utanrmn.-fundi, 11. jan. s. l., að ég mundi hvenær sem er halda fund, þegar einhver nm. óskaði eftir því, hvort heldur það væri stjórnarsinni eða stjórnarandstæðingur. Á þeim fundi kom ekki nein ósk fram um það af hálfu fulltrúa stjórnarandstöðunnar að ræða þá skýrslu, sem utanrrh. hafði gefið í nóv.

Ég get endurtekið það í framhaldi af þessu, sem ég sagði á síðasta utanrmn.-fundi, að ég er reiðubúinn til þess, hvenær sem er, þegar t. d. hv. 7. þm. Reykv. fer fram á það, að halda fund í utanrmn. Ég skal gera það strax á morgun, ef hann óskar eftir því. Það stendur ekki á utanrmn., að þessi mál séu tekin til meðferðar þar og hann geti fengið þær upplýsingar, sem hann æskir.

Í sambandi við það, sem síðasti ræðumaður sagði, að upplýsingum, sem kæmu fram í utanrmn., væri haldið leyndum fyrir þingfl., finnst mér alveg sjálfsagt að ræða það í utanrmn., hvaða upplýsingar það eru, sem við teljum eðlilegt, að þingfl. fái að fylgjast með, en að sjálfsögðu verða þeir þá líka bundnir trúnaðarheiti eins og utanrmn.-menn. Á þingflokksfundum, þar sem slíkar upplýsingar eru gefnar, er eðlilegt, að ekki mæti aðrir en þingmenn. Innan þessa ramma finnst mér vel tilhlýðilegt, að þingfl. fái upplýsingar, sem gefnar eru í utanrmn. og menn þar eru sammála um, að þingmenn fái, en þá að sjálfsögðu með þeim hætti, að þær verði trúnaðarmál þingmanna, t. d. meðan slík mál eru á umræðustigi við önnur ríki og ráðherra eða form. utanrmn. álítur, að ekki sé rétt að gera þær opinberar.

Ég endurtek það svo að lokum, að ég er reiðubúinn til þess að halda fund í utanrmn., hvenær sem hv. fyrirspyrjandi fer fram á það.

Jónas Árnason: Herra forseti. Ég hef kvatt mér hljóðs, ekki til að skipta mér af því, hvernig tilteknir hv. þm. hafi skilið ummæli utanrrh. og annarra þeirra, sem komu fram í sjónvarpsþættinum s. l. föstudagskvöld, heldur vegna þess, að hér gefst tækifæri til að vekja athygli á mjög alvarlegu máli, og það er misnotkun sjónvarpsins í sambandi við þetta mál. Það eru þau vinnubrögð, sem sjónvarpið hefur tamið sér í sambandi við þetta mál og lýsa sér í því, að hlutur þeirra, sem berjast fyrir áframhaldandi hersetu á Íslandi, og nú síðast samtakanna Varins lands, er gerður þar mjög stór, en að sama skapi lítill hlutur þeirra, sem berjast fyrir því, að við losnum við herinn. Það er hægt að nefna mörg dæmi þessa, en segja má, að keyrt hafi um þverbak, að tekið hafi steininn úr s. l. föstudagskvöld. Þar koma fram þrír spyrjendur af hálfu sjónvarpsins, og allir þessir þrír spyrjendur haga þannig spurningum sínum og öllum málatilbúnaði, að það fer ekkert á milli mála, að þarna tala fulltrúar samtakanna Varins lands. Þessir þrír spyrjendur leituðust af fremsta megni við að gera þennan þátt að áróðursþætti fyrir samtökin Varið land og sérstaklega þó áróðursþætti fyrir formann Sjálfstæðisfl., sem þarna var staddur. Ég ætlast ekki til þess, að utanrrh. Íslendinga njóti sérstakra forréttinda í slíkum þáttum, en hann er þó utanrrh. Íslendinga, og í þætti, þar sem fjallað er um slíkt alvörumál eins og þetta, er hlutverk hans að sjálfsögðu stærst. En háttvísi þessa fólks var ekki meiri en það, að þegar þættinum lýkur, er orðið tekið af utanrrh., til þess að form. Sjálfstfl. geti í lokin flutt svolítinn einkaáróðurspistil yfir þjóðinni.

Bjarni Guðnason: Herra forseti. Ég vil endursegja það, sem einn ræðumaður sagði áðan, að núv. ríkisstj. er mikill vandi á höndum varðandi varnarmálin, og bersýnilegt er, að þjóðin er klofin, ef svo mætti segja, um rætur í þessu stóra og viðkvæma máli. Þess vegna veltur á miklu, að stjórnin sýni trausta forustu í málinu í samræmi við málefnasamning sinn, og nauðsynlegt, að ekki komist á kreik alls konar sögusagnir eða gróusagnir um afstöðu flokka eða þm. frá degi til dags. Þetta leiðir smám saman til þess, að stjórnin ræður ekki lengur við málið. Það eru öll teikn á lofti í þjóðmálunum, og þetta mál er meira og minna að fara úr böndum. Þar með er ég ekki að fella strangan dóm í sjálfu sér um þessi vinnubrögð, en ég tel, að þau séu ekki heppileg. Það er mitt mat, að takist ekki í stjórnarflokkunum að koma með ákveðnar till. í þessu stórviðkvæma máli, nú jafnvel í næstu viku, þá ráði hún ekki lengur við málið. Það má ekki gerast öllu lengur þessi tvískinnungur, sem er í fréttaburði af þessum málum.

Ég tek undir það, sem fyrirspyrjandi sagði, að það er ekki vel til þess fallið að leysa málið, ef opinberlega á að hvíla einhver leynd yfir öllum hlutum, en í reynd er sagt frá þessu annað hvort vestur á Ísafirði eða í sjónvarpinu, og síðan mega þm. og þjóðin að nafninu til ekkert vita um þetta. Það er alveg ljóst mál, að óheppilega er að þessu staðið, og ég tel, að það sé nú komið að úrslitastund í þessu máli og ríkisstj. hljóti, þ. e. a. s. ef hún ræður við þetta, að koma með einhverjar ákveðnar till. nú í þessari viku eða næstu. Ég tel, að það sé ekki seinna vænna.

Í þessu sambandi vil ég aðeins leyfa mér að fara fram á það að fá að fylgjast eitthvað með málinu. Ég á ekki sæti í utanrmn. af skiljanlegum ástæðum, en mér þætti ekki óeðlilegt, úr því að svona hagar til um þingstöðu mína, að ég fengi að fylgjast með því, sem fram færi, með því að fá gögn frá utanrmn., að sjálfsögðu með þeim skyldum, sem hvíla á um trúnað.

Ég skal ekki hafa þessi orð lengri, en ég vil

bara brýna núv. ríkisstj. til þess að fá botn í þetta mál og ef ekki nægir að ræðast við annan hvern eða þriðja hvern dag, þá að setjast á næturfund og kanna, hvort ekki geti náðst samstaða. Það er ekki eftir neinu að bíða. Annars leysist þetta allt úr böndum.

Matthías Á. Mathiesen: Herra forseti. Ég vil mjög taka undir orð hv. 7. þm. Reykv. og hv. 5. þm. Reykv. í sambandi við þau vinnubrögð, sem hæstv. ríkisstj. virðist hafa þessa dagana í sambandi við varnarmálin og þær umr., sem um þau fara fram. Til viðbótar við það, að hæstv. utanrrh. kemur í sjónvarpið og lýsir till., sem flokkur hans hefur lagt fram í ríkisstj., hefur komið fram á opinberum vettvangi, að ríkisstj. Íslands hefur borist frá Noregi grg. um sjónarmið Norðmanna í sambandi við varnarmálin, en þingheimur hefur ekki fengið neinar skýrslur í sambandi við þessi mál. Utanrmn. var afhent umrædd grg. frá norsku ríkisstj. seint á s.l. ári, en aðrir hafa ekki fengið um þá skýrslu að vita. Að sjálfsögðu hafa fulltrúar í utanrmn. haldið þann trúnað, sem þessu skjali fylgdi, og ekki greint frá efni þess né að það væri fram komið. Hins vegar gerir utanrrh. það í dagblaði í gær, að mig minnir, frekar en á laugardag. Ég sé því ástæðu til að vekja athygli á þessu hér og í framhaldi af ábendingum hv. 7. þm. Reykv. um að skýra frá till. þeim, sem fjallað er um í ríkisstj., mælast til þess, að enn fremur verði skýrt frá þessari grg., sem fram hefur komið.

Hv. 4. þm. Reykv., formaður utanrmn., kom hér áðan og lýsti yfir, að það stæði ekkert á honum að boða til fundar í utanrmn. í sambandi við þessi mál, það hefði ekki heyrst nein ósk af hálfu stjórnarandstöðunnar þar um. Þegar síðasta skýrslan um viðræður Bandaríkjastjórnar og íslensku ríkisstj. var lögð fram í utanrmn., fengu utanrmn.-menn þá skýrslu inn á fundinn, og var, ef ég man rétt, samkomulag um, að umr. um skýrsluna færu fram síðar, þegar menn hefðu haft tækifæri til þess að kynna sér hana. Ég man ekki betur en á síðasta fundi í utanrmn., — sá fundur var haldinn eftir ósk formanns Sjálfstfl. vegna samninganna við Þjóðverja, — óskuðum við sérstaklega eftir því, að þær umr. færu bráðlega fram, sem áður hafði verið um talað.

Hv. 4. þm. Reykv. ræddi einnig um, hvernig með þessi mál væri farið sem trúnaðarmál. Ég skil mætavel, að ríkisstj. treysti ekki ýmsum þm. til að fara með þessi mál sem trúnaðarmál. Það hefur gerst fyrr á þessu þingi, að það hafa farið gögn frá ríkisstj. — frá hæstv. forsrh. — sem trúnaðarmál til þingflokkanna, og einn af stjórnarflokkunum rauf þann trúnað, birti úr þeim skýrslum, svo að ég skil mætavel, hvers vegna verið er að halda slíku leyndu fyrir þm.

Ég vil jafnframt tjá hv. 4. þm. Reykv., formanni utanrmn., það, að ég veit, að formaður Sjálfstfl. óskaði eftir því í ræðu sinni utan dagskrár í dag í hv. Ed., að fundur yrði haldinn í utanrmn. um þessi mál, og ég veit, að hv. 4. þm. Reykv., formaður n., mun að sjálfsögðu taka þá beiðni til greina.

Árásir hv. 5. þm. Vesturl. áðan á þann sjónvarpsþátt, sem var á föstudagskvöldið, voru næsta furðulegar. Ég hefði gaman af því, að það yrði tekinn saman mínútufjöldinn, sem utanrrh. og formaður míns flokks notuðu og hins vegar mínútufjöldinn, sem þriðji aðilinn, sem fram kom í sjónvarpsþættinum, notaði, og leitt í ljós, hvor aðilinn hefði þar meiri tíma til umráða. Það væri líka dálítið gaman að fá tíma þann, sem Hörður Einarsson lögfræðingur notaði þar, og svo hinn fulltrúinn, Dagur Þorleifsson, og bera þann mínútufjölda saman.

Hv. þm. sagði, að það hefði verið reynt að gera lítið úr hlut þeirra manna, sem væru gegn her í landi. Ég man ekki betur en fyrirspyrjendurnir hafi margsinnis reynt að fá það fram, hversu margar undirskriftir hefðu komið, þegar undirskriftasöfnun þeirra fór fram á sínum tíma, en það fékkst ekki. Hefði það fengist, hefði verið hægt að sjá, hver hefði verið hlutur þessara manna í sambandi við þær undirskriftir.

Þegar slíkur sjónvarpsþáttur er settur upp eins og þarna var, er mjög eðlilegt, að það séu fulltrúar frá ríkisstj. og svo frá stjórnarandstöðunni, og ég held, að þessi þáttur hafi á engan hátt verið frábrugðinn öðrum. Það kom glögglega fram hjá hv. þm., eins og hann orðaði það, að spyrjendurnir höguðu fsp. sínum ekki eins og hann óskaði, og þess vegna var þátturinn að hans dómi fyrir neðan allt.

Ég vil að lokum undirstrika ósk okkar sjálfstæðismanna um fund í utanrmn. til að ræða þessi mál og þar verði þau gögn lögð á borðið, sem ríkisstj. hefur nú til meðferðar í sambandi við lausn þessa vandamáls.

Forsrh. (Ólafur Jóhannesson): Herra forseti. Mér sýnist, að þessar umr. utan dagskrár þurfi ekki að verða öllu lengri. Það er upplýst, að orðið verður við ósk þm. í utanrmn. um, að þar verði fundur haldinn og þar verði gerð nánari grein fyrir þeim drögum, sem Framsfl. hefur samþ., þrátt fyrir það að ég undirstriki það enn, sem ég sagði áðan, að samþykktir einstakra flokka geti út af fyrir sig ekki gefið tilefni til utanrmn.-fundar.

Ég held, að það sé mjög ofmælt hjá þeim þm., sem hafa sagt, að það hafi einhver sérstök leynd verið yfir þessum umr. og verið yfir þeim einhver bokuslæðingur fram yfir það, sem eðlilegt er í milliríkjaskiptum. Ég veit ekki betur en hv. utanrmn. hafi verið gefin skýrsla um hvaðeina, sem hefur gerst í þessum efnum. Fyrir hana hefur verið lögð skýrsla um viðræður við Porter aðstoðarutanrrh. Bandaríkjanna. Fyrir hana hefur á sínum tíma verið lögð sú skýrsla, sem framkvæmdastjóri Atlantshafsbandalagsins kom með, Joseph Luns, og reyndar hefur verið úti í Brüssel birtur úr henni útdráttur, sem öllum er tiltækur. Ég veit ekki betur en utanrmn. hafi verið kynnt erindi norsku stjórnarinnar. En það hljóta menn þó að viðurkenna, að ef ein ríkisstj. sendir þannig erindi til annarrar, þá er ekki ætlast til þess, að farið sé að ræða um það opinberlega, heldur er gert ráð fyrir því, að það sé farið með það sem trúnaðarmál. Og ég er hræddur um, að ef við fylgdum ekki þeirri reglu, yrði það nú ekki lítið hýru auga af þeim, sem við þurfum að eiga margvísleg skipti við, — skipti, sem þurfa að fara fram í trúnaði.

Svo vil ég bæta því við út af því, sem hv. þm. Bjarni Guðnason sagði, að ég vil ráðleggja honum að vera ekki of óþolinmóður um þetta. Mér sýnist nú horfa vænlega einmitt, þar sem hann lýsir fullu fylgi við stjórnina í þessu máli, svo að þar höfum við þó nógan meirihl. En fyrir mér er það auðvitað svo, og ég geri ráð fyrir því, að svo sé um aðra, að það er markið, sem skiptir höfuðmáli, en ekki hitt, hvort það verður deginum eða mánuðinum fyrr eða seinna. Hins vegar vil ég segja það, að mér finnst vegna stöðu hv. þm. eðlilegt, að utanrrh. gefi honum kost á að fylgjast með í þessu máli. Það þýðir vitaskuld ekki það, að hann geti fengið að fylgjast með í hvert sinn, sem þessi mál eru rædd í ríkisstj., en hann fái að fylgjast með, þegar eitthvað verulegt gerist í þeim.

Jónas Árnason: Herra forseti. Út af því, sem ég sagði um greinilega hlutdrægni sjónvarpsmanna í þeim sjónvarpsþætti, sem hér er til umr., spurði hv. þm. Matthías Á Mathiesen, hvort ekki væri rétt að bera saman þann tíma, sem annars vegar hæstv. utanrrh. og formaður Alþb., Ragnar Arnalds, hefðu fengið þarna, og svo þann tíma, sem formaður Sjálfstfl. hefði fengið. Það kann að vera, að þeir hafi haft að því leyti meiri tíma, að þeir höfðu miklu meiru að svara en hv. formaður Sjálfstfl. Það, sem ég var að ræða um áðan, var einmitt þetta, að þátturinn snerist allur á þá sveifina að beina spurningum til þessara manna í þeim dúr, að það var greinilegt, það fór ekki á milli mála, að allir þessir spyrjendur þrír litu á sig sem fulltrúa samtakanna Varins lands í þessum þætti. Þess vegna má satt að segja bæta þeim tíma við þann tíma, sem hv. formaður Sjálfstfl. fékk þarna, ef ætti að fara að reikna sameiginlega út það, sem fylgjendur áframhaldandi hersetu á Íslandi fengu í þessum þætti.

Það má vekja athygli á öðru í þessu sambandi, og það er, að í gær var haldinn í Háskólabíói fjölmennasti fundur, sem þar hefur nokkurn tíma verið haldinn, til stuðnings málstað þeirra, sem berjast fyrir því, að herinn hverfi af Íslandi. Það er ekkert vafamál, að sá fjöldi, sem þennan fund sótti, var meiri en hefur nokkurn tíma komið þar á fund. En sjónvarpið sá ekki ástæðu til að minnast á þennan fund einu einasta orði í gærkvöld, hvað sem verður síðar.

Að lokum þetta: Það er verið að tala hér um leynd, sem hvíldi yfir þessu máli. Menn standa hér upp og býsnast yfir leynd, sem hvíli yfir yfir þessu máli. Forustumenn tveggja stjórnarandstöðuflokkanna standa hér upp og býsnast heil ósköp yfir leyndinni, sem hvíli yfir þessu máli, yfir ólýðræðislegum vinnubrögðum, sem ríki við meðferð þessa máls, þegar verið er að vinna að því að létta af þeirri hersetu, sem komið var á 1951. Ég leyfi mér að minna á, að það var ekki laust við, að það hvíldi leynd yfir vinnubrögðunum, þegar verið var að koma þessari hersetu á 1951. Þá voru kallaðir hingað suður til Reykjavíkur fulltrúar allra stjórnmálaflokkanna nema Sósfl. Þetta veit ég vel, vegna þess að ég var á þingi þá, 1951. Og þeir, sem gátu komið suður, voru látnir samþykkja hernámið, en þeir, sem ekki gátu komið suður, voru látnir segja gegnum síma, að þeir væru samþykkir því. En við þm. Sósfl. vorum aldrei að spurðir, og málið kom ekki til afgreiðslu Alþingis fyrr en um haustið. Það hefur sannarlega hvílt leynd yfir þessum alvarlegu málum, en oft miklu meiri og alvarlegri leynd en núna. Og þegar þeir standa hér upp, þessir hv. þm., forustumenn þessara flokka, hv. þm. Gunnar Thoroddsen og hv. þm. Gylfi Þ. Gíslason, til að býsnast yfir leynd og ólýðræðislegum vinnubrögðum, þá leyfi ég mér að segja: Heyr á endemi og vei yður, þér hræsnarar.

Ragnhildur Helgadóttir: Herra forseti. Tvær síðustu setningarnar í ræðu hv. síðasta ræðumanns hefðu sannarlega getað átt við um það erindi, sem hann átti hér upp í ræðustólinn hið fyrra sinn. Hv. þm. á varla orð til að lýsa hneykslun sinni og varla nógu sterk orð til að vanda um við fjölmiðla ríkisins um það, hvernig halda beri á túlkun hinna misjöfnu sjónarmiða í varnarmálum. Tilefni þessarar hneykslunar hv. þm. var sjónvarpsþátturinn s. l. föstudagskvöld, og aðalhneykslunarefnið var, að það skyldi vera formaður Sjálfstfl., sem hafði síðasta orðið í þeim þætti. Það hafa ekki verið fá tækifærin, sem fulltrúar ríkisstj., ráðh., utanrrh., hafa haft til þess að koma fram í sjónvarpi með sín sjónarmið. Þeir hafa mjög mikinn aðgang að fréttatímum fjölmiðlanna og nota hann óspart, svo að ég get ekki séð, að það sé sérstakt hneykslunarefni, þó að í einum sjónvarpsþætti, þar sem fram koma ýmis sjónarmið, sé einhver annar en hæstv. ráðh., sem á síðasta orðið. Það er engin algild regla í lýðræðisríki, að það séu alltaf ráðh., sem fái mest að tala og síðast að tala.

Annað aðaláhyggjuefni hv. 5. þm. Vesturl. var það, að honum virtist sem nokkrir þátttakenda í þessum sjónvarpsþætti teldu sig koma fram fyrir hönd samtakanna Varins lands. Þessi samtök, ef samtök skyldi kalla, eru 14 einstaklingar, sem hafa tekið sig til og gengist fyrir undirskriftasöfnun til þess að gefa almenningi kost á að túlka sjónarmið, sem e. t. v. hafa of sjaldan komið fram. Þessi hópur er í augum hv. þm. orðinn svo ógnvekjandi, að hann telur nú fulltrúa allra stjórnarandstöðuflokkanna koma fram fyrir hönd þessara manna. Þeir mega sannarlega vel við una það álit, sem hv. þm. hefur á þeim.

Ef farið er nánar út í það, hvort sjónvarpið misnotar aðstöðu sína til að gera ýmsum sjónarmiðum mishátt undir höfði, er fyrst á það að líta, að það er mikill vandi að vera fréttamaður, og ég skal ekki um það dæma, hvað rétt reynist í fréttamati hverju sinni. En svo mikið er víst, að okkur, sem aðhyllumst sjónarmið, — við skulum kalla það sjónarmið samtakanna Varins lands, hefur fundist, að fylgismenn sjónarmiða herstöðvaandstæðinga hafi ekki þurft að kvarta yfir tillitsleysi sjónvarpsins gagnvart þeim. Það þarf ekki að minnast margra atburða, til þess að það verði ljóst, að oft hafa herstöðvaandstæðingar efnt til aðgerða af ýmsu tagi hér í borginni, sett á svið furðulegustu sjónarspil, kvatt þar til ljósmyndara frá sjónvarpi, og ekki

hefur staðið á þeim að sýna bæði myndir og flytja frásagnir af því, ef einhverjir óróaseggir hafa annaðhvort kastað eggjum eða einhverju öðru matvælakyns að ráðamönnum, hvort heldur voru erlendir eða innlendir. Minna má á, þegar Rogers utanrrh. Bandaríkjanna kom hér á dögunum, og minna má á, þegar Nixon og Pompidou hittust hérna, og ýmis önnur atvik hafa orðið til þess, að sjónvarpið hefur séð ástæðu til þess að fara á stúfana og sýna tiltektir herstöðvaandstæðinga.

Ég get ekki séð, þegar þetta er haft í huga, að það sé tiltökumál, þó að í einum samtalsþætti um varnarmál sé formanni Sjálfstfl. leyft að hafa síðasta orðið. Eða hvert er traust þessa hv. þm. á skoðanastyrk þess fólks, sem honum fylgir að málum, ef hann heldur, að þetta atriði eitt vegi svo þungt gagnvart þeim skoðunum, sem hann túlkar? Telur hann þetta svo hættulegt, að tilefni gefist til þess að átelja sjónvarpið sérstaklega fyrir að hafa ekki sýnt honum og hans fylgismönnum að þessu sinni þá þægð, sem hefur oft birst þar.

Mig langar að víkja að tveimur öðrum atriðum, fyrst ég er komin hér í ræðustól. (**Forseti**: Ég vænti þess, að hv. ræðumaður geti lokið ræðu sinni á mjög skömmum tíma.) Ég bið hæstv. forseta velvirðingar á þessu, en ástæðan til þess, að ég varð örlítið langorðari en ég ætlaði, var sú, að ég taldi mig vera á mælendaskrá, áður en hv. 5. þm. Vesturl. kom hér í ræðustól. Og það má segja, að forseti spari mér aðra ferð í ræðustól í rauninni með því að láta hv. 5. þm. Vesturl. vera hér á undan mér. Þess vegna hef ég þegar svarað ræðu hans, en langaði aðeins til að nefna tvö atriði, ég skal vera mjög fljót.

Annað var það, að ég vildi vekja athygli á því, að hæstv. forsrh. hefur sýnt þeim, sem hér kvöddu hér hljóðs utan dagskrár í upphafi fundar, þá vinsemd að taka með nokkrum hætti undir það, sem þeim lá á hjarta. Hæstv. forsrh. *lýsti yfir í ræðu sinni nú rétt áðan*, að það væri í hæsta máta óviðeigandi, að orðsending eins ríkis til annars verði að opinberu máli, meðan á samningum stendur. Þar með hefur hann hirt utanrrh., flokksbróður sinn og samstarfsmann. Og það var það, sem hneykslun olli hjá mörgum stjórnarandstæðingum og vafalaust fleirum, að hæstv. utanrrh. skyldi með þeim hætti, sem hann gerði s. l. föstudag, fara *með trúnaðarmál, án þess þó að skýra nánar frá því*, hvað í því fælist. (**Forsrh.**: Það var norska stjórnin, sem ég átti við.) Já, ef það á við um norsku stjórnina, þá get ég ekki séð annað en íslenska ríkisstj. verði að hlíta sömu siðferðisreglum.

Í fyrri ræðu hæstv. forsrh. minntist hann á hugtak, sem ég held, að sé nýtt í umr. um varnarmál hér á hv. Alþ., og þar kemur enn ein túlkun á ákvæði stjórnarsáttmálans um varnarmál. Eru þær þó margar orðnar til og fyrir löngu. Þessi túlkun var, að nú hét það í munni hæstv. forsrh., að stefnt skyldi að því að framkvæma það ákvæði stjórnarsáttmálans, að héðan skyldi „fast varnarlið hverfa“ í áföngum á kjörtímabilinu. Að vísu er mér kannske farið að förlast minni í sambandi við stjórnarsáttmálann, en ég man ekki til þess, að þar standi „fast herlið“ eða „fast varnarlið“. Ég held, að þar standi bara „herlið“. Spurningin er: Skiptir það máli í huga einhvers stjórnarflokkanna, hvort herliðið er — ég veit ekki, hvort ég á að segja: fast eða laust, eða hvort flugsveitin er föst eða hreyfanleg, eins og hæstv. utanrrh. orðaði það? Hæstv. forsrh. tvítók þetta hugtak í ræðu sinni, ég vek athygli á því: fast herlið. Og ég spyr: Er það til þess að setja sýróp á kökuna fyrir Alþb., þegar bent er á með nokkrum hætti í þessum orðum, að hér verði herlið áfram með einhverjum hætti, í einhverjum búningi, en alla vega ekki fast.

Herra forseti. Ég mun ekki eyða frekari tíma þd. í það að hlusta á mitt mál. Ég vil aðeins ljúka þessum orðum á því að vekja athygli hv. 5. þm. Vesturl. og annarra þm. á því, að það var kannske ekki alveg óeðlilegt, að honum varð hér mismæli þegar hann ætlaði að nefna samtökin Varið land, en sagði óvart: friðlýst land. Það er kannske vegna þess, sem rétt er, að til þess að hér geti verið friðlýst land, þarf hér að vera varið land.

Jóhann Hafstein: Herra forseti. Fyrst er það eitt atriði, sem veltur á minni minu og ég vona, að sé ekki brenglað. Hv. 5. þm. Vesturl. vék að því, að þing hefði ekki verið kallað saman eða þingflokkar aðvaraðir við gerð varnarsamningsins 1951. Ég man ekki betur en að þáv. forsrh., Hermann Jónasson, hafi hvorki kallað saman þingflokka né þing 1941, þegar varnarsamningurinn við Bandaríkin var gerður.

Herra forseti. Ég ætla að öðru leyti ekki að blanda mér í þessar umr. Mér kynni að hlaupa kapp í kinn og verða harðorður í garð stjórnarsinna og þeir þingbræður mínir síðan hlífa mér af ástæðum, sem ég vil ekki stofna til, að þeir hlífi mér vegna.

Ég vil svo enn nefna eitt atriði úr ræðu 5. þm. Vesturl., en ég átti síst von á því úr þeirri átt, að hann mundi kalla sjónvarpsþáttinn síðastliðinn föstudag áróðursþátt eða eitthvað á þá leið fyrir formann Sjálfstfl. Það er meira hrós frá þessum þm. til formanns Sjálfstfl. en ég átti von á

Góðir þm. Á staðfestu Alþingis hefur fyrr og síðar oltið gifta íslensku þjóðarinnar. Aldrei fremur en nú veltur framtíð og gifta íslensku þjóðarinnar á staðfestu Alþ. og varúð í þeim vandasömu málum, sem fram undan eru, meðferð öryggis- og varnarmála. Ég treysti því, að Alþingi Íslendinga muni ekki nú fremur en nokkru sinni endranær bregðast sínu alvarlega og mikla hlutverki að standa vörð um sjálfstæði, frelsi og öryggi landsins.

Svava Jakobsdóttir: Herra forseti. Ég get verið stuttorð, en get ekki orða bundist vegna ummæla hv. þm. Gunnars Thoroddsens og hv. þm. Matthíasar Á. Mathiesens, um þá leynd, sem á að hafa hvílt yfir þessum viðræðum. Ég er enginn talsmaður leyndar og ég er þeirrar skoðunar, að hefðu þeir flokkar, sem stóðu að ákvörðuninni um komu hersins hingað 1951, farið að með minni leynd, þá hefði margt farið öðru

vísi. En ég vil einkum og sér í lagi minna þessa tvo hv. þm. og aðra þm. Sjálfstfl., sem hér eru inni, á till. til þál., sem þeir lögðu fram á Alþ. á fyrsta þingi þessa kjörtímabils, um fyrirkomulag viðræðna um öryggismál Íslands. Ég ætla að lesa þessa till., með leyfi hæstv. forseta:

„Alþ. ályktar að fela hverjum þeirra þingflokka, sem styðja þátttöku Íslands í Atlantshafsbandalaginu, að tilnefna einn fulltrúa, sem skuli starfa með utanrrh. í viðræðum við Bandaríkjamenn og aðrar þjóðir bandalagsins um endurskoðun á varnarsamningi Íslands og Bandaríkjanna á grundvelli Norður-Atlantshafssamningsins, þátttöku Íslands í störfum bandalagsins og skipan öryggismála landsins.“

Svo mörg voru þau orð. „Alþ. ályktar að fela hverjum þeirra þingflokka, sem styðja þátttöku Íslands í Atlantshafsbandalaginu . . . . “ Hvað þýðir nú þetta? Það þýðir, að verið er að fara fram á, að Alþ. samþykki að halda viðræðum um þessi mál leyndum fyrir 10 þingmönnum. Ég veit ekki til þess, að nokkur annar þingflokkur en Sjálfstfl. hafi farið sérstaklega fram á, að Alþ. samþykkti, að þingmál yrðu rædd á þennan hátt, að útiloka einn þingflokk algjörlega frá afskiptum af þingmálum. Meiri leynd er víst ekki hægt að viðhafa. Ég tel hollt fyrir þessa hv. þm. að draga fram þessa till. sína, lesa hana og hugleiða. Flm. voru 10 þm. Sjálfstfl., en í grg. kemur glögglega fram, að þeir tala fyrir hönd flokksins alls, og ég hef ekki heyrt hv. þm. Gunnar Thoroddsen né hv. þm. Matthías Á. Mathiesen bera á móti því, að þeir væru henni að öllu leyti samþykkir.

Matthías Á. Mathiesen: Herra forseti. Út af ummælum hv. 4. landsk. þm., Svövu Jakobsdóttur, áðan, vil ég segja, að sams konar raddir komu hér fram, ef ég man rétt, þegar till. var til umr. Ég minnist þess, að því var þá svarað á þann hátt, að flm. till. hefðu ekki gert ráð fyrir því, að þingfl. Alþb. óskaði eftir því að eiga fulltrúa í þeirri n., sem fjallaði um þessi mál. En í nál., sem við sjálfstæðismenn gáfum út í sambandi við afgreiðslu þessa máls frá utanrmn., er skýrt tekið fram, að það sé sjálfsagt að breyta till. í þá átt, að fulltrúar Alþb. fengju sæti í þessari n. og fjölluðu um endurskoðun þessara mála, eins og fulltrúar annarra þingflokka. Um leið og ósk barst frá Alþb. um að taka þátt í þessari endurskoðun, lýstum við okkur að sjálfsögðu reiðubúna til að breyta till. í þá átt. (Gripið fram í.) Það var alls ekki gert ráð fyrir, að Alþb. hefði áhuga á því að taka þátt í þessum viðræðum.

Út af því, sem hv. þm. Jónas Árnason sagði hér áðan, skal ég fúslega viðurkenna, að ég misskildi fyrri ræðu hans. Ég hélt, að hann hefði verið að kvarta yfir því, að hans flokksformaður og fulltrúar ríkisstj. hefðu ekki fengið nægan tíma í sjónvarpinu. En það skýrðist betur í síðari ræðu hans. Hann kvartaði yfir því, að þeir hefðu fengið allt of mikinn tíma, að þeir hefðu verið spurðir allt of mikið. Má sjá af þessu, hvern málstað hann telur þessa menn hafa verið að verja, ef hann telur, að þeir hefðu verið of mikið spurðir af þeim þremur spyrjendum, sem um þennan þátt sáu. En þá er einmitt komið að merg málsins. Hvers vegna voru þessir menn spurðir of mikið? Jú, vegna þess að hæstv. utanrrh. fer að skýra frá því fyrir alþjóð, að á borðum ríkisstj. liggi till. frá framsóknarmönnum um ákveðna lausn á varnarmálunum, — till., sem ekki hafði komið neins staðar annars staðar fram. — Var þá ekki eðlilegt, að spyrjendurnir vildu fá að vita, hverjar þessar till. væru, og gjarnan fá að vita, hvort form. Alþb., Ragnar Arnalds, væri þessum till. samþykkur? Mér finnst afar eðlilegt, þegar um er að ræða fréttaþátt, eins og þessi þáttur er, að þá sé reynt að draga fram það fréttnæmt, sem í þeim þáttum kemur. Það var einmitt þetta, sem þarna gerðist, að hæstv. utanrrh. kemur fram með frásögn af þessum ákveðnu till., sem Framsfl. hefur lagt fram í ríkisstj. Einmitt þess vegna er reynt að fá nánari skýringar á þessu, vegna þess að það var ekki nægur tími fyrir fréttaskýrendurna að spyrja hæstv. utanrrh. og form. Alþb., Ragnar Arnalds, sem mér skildist á þessum hv. þm., að hefði talað allt of mikið, eftir því sem síðari ræða hans gaf til kynna.

Stjórnarskipunarlög, frv. (þskj. 330). — Frh. 1. umr.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 26 shlj. atkv. og til allshn. með 27 shlj. atkv.

Útflutningsgjald af loðnuafurðum, frv. (þskj. 337). — 1. umr.

Sjútvrh. (Lúðvík Jósepsson): Herra forseti. Frv. þetta er flutt til staðfestingar á brbl., sem út voru gefin 11. jan. s. l. Þessi brbl. voru sett til þess að binda í lögum ákveðið samkomulag, sem orðið hafði milli fiskseljenda og fiskkaupenda í sambandi við ákvörðun á fiskverði nú um áramótin.

Eins og kunnugt er, tókst fullkomið samkomulag allra þeirra aðila, sem með þau mál hafa að gera, að ákveða fiskverðið fyrir vetrarvertíðartímabilið eða til loka maímánaðar. Það byggðist þó m. a. á því, að þær ráðstafanir yrðu gerðar, sem er að finna í þessum brbl. En meginefni þeirra er það að leggja skuli sérstakt nýtt útflutningsgjald á loðnuafurðir, þ. e. a. s. á loðnumjöl og loðnulýsi og á frysta loðnu til manneldis. Er gert ráð fyrir, að þetta nýja útflutningsgjald nemi 5% af fob-verði þessara afurða, og reiknað er með því, að hér geti orðið um gjaldtöku að ræða, sem nemi í kringum 250 millj. kr. Að sjálfsögðu er þar lagt til grundvallar áætlað aflamagn og ákveðið verð á þessum vörum, en allt slíkt getur vitanlega hreyfst til í reyndinni.

Í samkomulaginu er gert ráð fyrir því, að 25 millj. kr. af þessari fjárhæð verði varið á þann hátt, að þær renni í lífeyrissjóði sjómanna, en þeir eru nokkrir starfandi, og þá verði leitað eftir samkomulagi við þá um að breyta núgildandi ákvæðum um eftirlaunaaldur, sem gildir hjá þessum sjóðum. Það er stefnt að því, að sjómenn, sem starfað hafa tiltekinn tíma, geti

komist á eftirlaun á allmiklu lægra aldri en verið hefur gildandi.

En meginhluta þeirrar fjárhæðar, sem gert er ráð fyrir að innheimta með þessu gjaldi, eða í kringum 225 millj., er gert ráð fyrir, að verði varið til að halda niðri verði á brennsluolíum til fiskiskipaflotans á þessu samningstímabili, þ. e. a. s. til maíloka á þessu ári. Hefur verið gengið út frá því, að á þennan hátt ætti að vera hægt að tryggja fiskiskipaflotanum íslenska sama verð á olíu og var fyrir hækkunina, sem ákveðin var 8. des., eða sem sagt, þá er miðað við það verð á brennsluolíum, sem var í nóvembermánuði s. l.

Að vísu er ekki hægt að segja með neinni vissu, hvað þarf að greiða olíuna mikið niður í verði skv. þessum reglum, vegna þess að við vitum ekki enn, hvað olíuverðið verður raunverulega hátt allan þennan tíma. En mikið af tímanum má þó nokkurn veginn sjá fyrir, hvað verðið verður hátt. Það er m. ö. o. gert ráð fyrir því, að verð á aðalolíutegundinni, þeirri sem bátaflotinn notar, gasolíu, til fiskiskipa verði á þessu tímabili kr. 5.80, en það var komið eftir hækkunina frá 8. des. upp í kr. 7.70. En fyrirsjáanlegt er, að það muni einnig hækka, þegar kemur fram í febrúarmánuð.

Það er sem sagt við það miðað, að þessi fjárhæð eigi að nægja til að tryggja fiskveiðiflotanum þetta verð. Það kom greinilega í ljós við samningana um rekstrargrundvöll skipanna á komandi vetrarvertíð, að það væri mjög erfitt að ná samkomulagi um þessi mál, ef fiskiskipaflotinn ætti að standa undir þessu mjög svo háa olíuverði, sem hér var fyrirsjáanlegt. Þá var horfið að því ráði að gera ákveðna millifærslu á milli útgerðargreina. Loðnuframleiðslan þótti mjög hagstæð miðað við þær áætlanir, sem lágu fyrir. Hvort heldur litið var á framleiðslu á frystri loðnu eða framleiðslu á loðnumjöli og loðnulýsi, var talið, að hér væri um mjög hagstæðan rekstur að ræða. Hækkanir höfðu orðið óvenjumiklar á afurðunum frá síðasta framleiðslutímabili. Var því álit manna, að hægt væri að taka þessa fjárhæð af þessari framleiðslu, færa hana yfir og láta hana standa undir þessum óvænta kostnaði, sem nú skall á í hækkuðu olíuverði.

En þrátt fyrir það að þetta gjald verði lagt á loðnuafurðirnar, var möguleiki á því — eins og fram hefur komið í samkomulagi á milli fiskseljenda og fiskkaupenda — að tryggja mjög mikla hækkun á loðnuverði til fiskimjölsverksmiðjanna og eins til frystihúsanna. Þar er sem sagt um meiri hækkun á hráefni að ræða en hefur verið samið um í sambandi við hið almenna fiskverð.

En þessi ráðstöfun verður að sjálfsögðu til þess, að nokkru minna fjármagn rennur í Verðjöfnunarsjóð sjávarútvegsins, í þá deild, sem hefði tekið við þessu fé. Í stað þess að leggja allmiklu meira fé til Verðjöfnunarsjóðsins hefur þessi leið verið farin, þ. e. að verja talsvert miklu af þessum hagnaði til að halda niðri olíuverði á þessu tímabili.

Í sambandi við það samkomulag, sem gert var við ákvörðun fiskverðsins og þegar samkomulag varð um þessa gjaldtöku, var gefin út sérstök yfirlýsing, sem mér þykir rétt að lesa hér upp. Hún var gefin af hálfu ríkisstj. og hefur að vísu verið birt. Yfirlýsingin er á þessa leið:

„Verðhækkun á olíu í heiminum kemur sérstaklega hart niður á útgerðinni, og geta hinna ýmsu greina sjávarútvegs til þess að mæta þessari hækkun er afar misjöfn. Til þess að greiða fyrir ákvörðun almenns fiskverðs frá áramótum 1973—74 og treysta rekstrargrundvöll þorskveiða hefur ríkisstj. í samráði við hagsmunasamtök sjávarútvegsins ákveðið að beita sér fyrir því, að á árinu 1974 verði lagt sérstakt 5% útflutningsgjald á fob.-verðmæti útflutningsframleiðslu loðnuafurða fiskimjölsverksmiðja og frystihúsa. Ríkjandi verðlag á þessum afurðum er nú mjög hagstætt. Þessi grein er því talin aflögufær. Raunar er sýnt, að hagur loðnuveiða og vinnslu getur orðið mjög góður þrátt fyrir þessa gjaldtöku og sjóðsaukning á reikningi loðnuafurða í Verðjöfnunarsjóði fiskiðnaðarins.

Tekjum af þessu gjaldi verður varið þannig:

1) Til þess að greiða niður verð á brennsluolíu til íslenskra fiskiskipa, sem taka olíu hérlendis. Þannig verði við það miðað, að olíuverð hérlendis til fiskiskipa verði ekki hærra á fyrstu 5 mánuðum ársins 1974 en það var í nóv. s. l.

2) 25 millj. kr. skulu renna í lífeyrissjóði sjómanna eftir nánari ákvörðun ríkisstj. Jafnframt verði tryggt, að sjóðirnir miði etfirlaunagreiðslur til sjómanna við lægri aldur en nú er gert.

Ríkisstj. leggur áherslu á, að ráðstafanir þær innan sjávarútvegsins, sem fyrirhugaðar eru til þess að leysa vanda þorskveiðibáta á vetrarvertíð, eru í eðli sínu tímabundnar. Tilefni þeirra er skyndileg stórhækkun olíuverðs og mikil óvissa um verðlag á olíu á næstu mánuðum. Við þessar aðstæður virðist eðlilegt að leysa þennan vanda á þann hátt, sem hér er lagt til.

Ríkisstj. telur, að við ákvörðun almenns fiskverðs hinn 1. júní n. k. beri að stefna að því, að rekstrargrundvöllur þorskveiðibáta raskist ekki í meginatriðum frá því, sem við er miðað við fiskverðsákvörðunina um áramótin 1973—74. Hækki olíuverð frá því, sem við er miðað um áramót, umfram það, sem fiskverðshækkun, annar tekjuauki eða létting gjalda fyrir útgerðina getur staðið undir með eðlilegum hætti, þyrftu að koma sérstakar ráðstafanir til þess að tryggja rekstur þorskveiðiskipa, sem landa afla sínum hérlendis, á síðari helmingi ársins, og munu verða gerðar ráðstafanir í þeim efnum, eftir því sem nauðsynlegt kann að reynast."

Í þessari yfirlýsingu felst það m. a., sem rétt er að vekja athygli á, að gengið er út frá því, að þegar þessari sérstöku niðurgreiðslu á olíuverði til fiskveiðiskipaflotans lýkur í lok maímánaðar og þegar að því kemur, að ákveðið verður nýtt fiskverð 1. júní, eins og reglur standa til, beri að stefna að því að tryggja þann rekstrargrundvöll eða þann afkomugrundvöll, sem miðað var við í þessu áramótasamkomulagi, fyrir þorskveiðiflotann. Ef þá verður um að ræða allverulega olíuverðshækkun umfram það verð, sem nú er reiknað með, að skipin þurfi að greiða fyrir olíu, verður að meta í fyrsta lagi, um hvaða tekjuauka er þá orðið að ræða hjá fiskiskipunum umfram það, sem var um

áramótin, þ. e. a. s. hvaða fiskverðshækkun getur komið til greina 1. júní eða annar nýr tekjuauki eða þá sparnaður á einhverjum útgjöldum. Það verður sem sagt athugað, að hvað miklu leyti útgerðin geti þá staðið undir nýju olíuverði án þess að raska afkomugrundvellinum, af því að miðað er við það, að þessi afkomugrundvöllur eigi að haldast. Til þess getur að sjálfsögðu komið, að þá verði að grípa til sérstakra ráðstafana til að tryggja útgerðinni þennan afkomugrundvöll, ef ytri aðstæður hennar sjálfrar hrökkva ekki til að mæta þeim vanda, sem þá kann að vera fyrir hendi. En það er ekki rétt, sem sést hefur hér í blöðum, að gefin hafi verið yfirlýsing um að tryggja óbreytt olíuverð út árið, um það er ekki að ræða, en hins vegar gengið út frá því, að sá afkomugrundvöllur, sem við var miðað um áramótin, eigi að haldast áfram út árið. Þá verður aðeins um það að ræða að meta þá stöðu, sem upp kemur um það leyti, þegar taka þarf ákvörðun að nýju um fiskverð.

Nú síðustu dagana hefur nokkuð verið að því vikið, að óvissa sé ríkjandi um sölu á loðnuafurðunum, og það er rétt, að nokkrar breytingar hafa orðið á í þeim efnum. Þó hygg ég, að nú sé svo komið, að treysta megi því, að það náist fyllilega það verð fyrir frystu loðnuna til Japans, sem við var miðað í þeim útreikningum, sem lagðir voru til grundvallar um áramótin. Hins vegar er enn nokkur óvissa um það, hvernig muni fara um verðið á loðnumjölinu, því að enn er allmikið af því, sem væntanlega verður framleitt af loðnumjöli, óselt. En markaðsverðið hefur verið nokkuð flöktandi, hefur ýmist verið allmiklu hærra en það, sem miðað var við í útreikningunum um áramótin, eða allmiklu lægra. Þó nokkuð magn hefur verið selt á því verði, sem lagt var til grundvallar við útreikningana, en hins vegar er, eins og ég sagði, líka allmikið magn, sem enn er óselt. Ég vænti þess, að það verði svo í reynd, að það verð náist, sem við var miðað.

Ég sé svo ekki ástæðu til þess, við þessa umræðu að ræða þetta mál frekar, nema tilefni gefist til. En ég vil leggja til, að að lokinni þessari umr. verði frv. vísað til hv. sjútvn. til fyrirgreiðslu, og getur hún þá að sjálfsögðu fengið allar þær upplýsingar varðandi málið, sem hún óskar sérstaklega eftir.

Stefán Gunnlaugsson: Herra forseti. Hér hefur verið rakið efni frv. til l. um sérstakt útflutningsgjald af loðnuafurðum framleiddum á árinu 1974, sem lagt er fram til staðfestingar á brbl., sem sett voru 11. jan. s.l. Eins og hér hefur komið fram, er gert ráð fyrir, að þetta útflutningsgjald nemi 5% af fob-verðmæti loðnuafurða. Undanskildar eru þó niðursoðnar og niðurlagðar loðnuafurðir.

Þeim fjármunum, sem þannig yrðu innheimtir, skal aðallega varið til að greiða niður verð á brennsluolíum til íslenskra fiskiskipa, og skal miðað við það, að olíuverð hérlendis til fiskiskipa verði ekki hærra á fyrstu 5 mánuðum ársins 1974 en það var í nóv. 1973, eða kr. 5.80 lítrinn. Þá skal einnig varið 25 millj. kr. af tekjum þessa sjóðs til lífeyrissjóða sjómanna.

Þessar ráðstafanir eru grundvallaðar á því, eftir því sem skýrt kemur fram í grg., að verðhækkanir á olíu í heiminum komi sérstaklega hart niður á útgerðinni og geta einstakra greina sjávarútvegsins til að mæta þessari hækkun sé misjöfn. Þetta er sem sagt grundvallarástæðan fyrir þessari lagasetningu, eftir því sem fram kemur í grg., sem fylgir þessu frv.

Það er kunnara en frá þurfi að segja, að olíuskortur og verðhækkanir á brennsluolíu undanfarið hafa haft í för með sér ýmsar ófyrirsjáanlegar afleiðingar í verslun og viðskiptum þjóða á milli og raunar á fjölmörgum sviðum öðrum. Þótt við Íslendingar höfum verið svo lánsamir hingað til að geta fengið keypt nægjanlegt magn þessarar vöru til eigin nota, sem er meira en aðrar Vestur-Evrópuþjóðir geta sagt, er því ekki að neita, að við höfum ekki farið varahluta af ýmsum áhrifum, sem fylgt hafa í kjölfar olíuskortsins. Sú staðreynd er auðvitað hverjum manni ljós. Afleiðingar þessa hafa vissulega skapað okkur Íslendingum nokkur vandamál og erfiðleika. En það hefur ekki heldur farið fram hjá mönnum, að formælendur hæstv. ríkisstj. og stuðningsmenn hennar virðast reyna að nota olíukreppuna til óeðlilegra aðgerða svo og til framdráttar óvinsælum málum langt umfram það, sem efni standa til. Um það væri hægt að nefna ýmis dæmi.

Í fersku minni er t.d. yfirlýsing formanns Bandalags starfsmanna ríkis og bæja, svo að eitthvað sé nefnt af slíkum dæmum, þegar hann skýrði samningagerð bandalagsins um kaup og kjör opinberra starfsmanna, þar sem fallið var m.a. frá mikilvægum kröfum um úrbætur í skattamálum og húsnæðismálum á þeim forsendum, að olíuskortur væri í heiminum. Málflutningur hæstvirtra ráðh. er einnig stundum slíku marki brenndur. Sá málatilbúnaður, sem liggur að baki því máli, sem hér er til umr., virðist að nokkru leyti a.m.k. af þeim toga spunninn. En áður en ég skýri það nánar, skal vikið með örfáum orðum að þeim atriðum í umræddu máli, sem rétt eiga á sér að mínum dómi.

Því verður auðvitað ekki neitað af neinni sanngirni, að tilfinnanlegar hækkanir hafa orðið á verði brennsluolíu, sem hljóta að raska hag og afkomu útgerðarinnar, og má gera ráð fyrir, að geta einstakra greina sjávarútvegsins til að mæta þessari hækkun geti orðið misjöfn. Þess vegna er hægt að færa fram rök fyrir því, að eðlilegast sé, að niðurgreiðslur á olíu til fiskiskipa komi til. Það, sem á hinn bóginn orkar tvímælis að mínum dómi, snertir fyrirkomulag, uppbyggingu og hugsanlega framkvæmd á niðurgreiðslum á olíum til fiskiskipanna samkv. því, sem fram kemur í þessum brbl. Því var slegið föstu, þegar brbl. voru sett, að loðnuframleiðslan yrði aflögufær á þessu ári. Í grg. með brbl. segir orðrétt, með leyfi hæstv. forseta:

„Ríkjandi verðlag á þessum afurðum er nú mjög hagstætt. Þessi grein er talin aflögufær. Er sýnt, að hagur loðnuveiða og vinnslu getur orðið mjög góður þrátt fyrir þessa gjaldtöku."

Svo mörg eru þau orð. Þetta er sjálfsagt ritað fyrri hl. jan., en brbl. voru gefin út 11. jan. s.l. Því miður er nú svo komið, að þessi tilvitnuðu orð fá ekki lengur með nokkru móti

staðist. Sú breyting hefur orðið á allri aðstöðu í sambandi við sölumál loðnuafurða, eins og kunnugt er af því, sem fram hefur komið í fjölmiðlum víða, að óvissa ríkir nú um verðlag á loðnuafurðum á mörkuðum. Þá þróun, sem orðið hefur í þessum efnum, síðan brbl. voru sett, var ekki hægt að sjá fyrir að mínum dómi. Ég treysti mér því ekki til að gagnrýna hæstv. ríkisstj. fyrir að hafa metið stöðuna í sölumálum loðnuafurða, þegar brbl. voru sett, öðruvísi en nú horfir í dag. Vonandi rætist úr þeim á þann veg, sem gerð er grein fyrir í grg. með brbl. Hitt er svo annað mál, að af ýmsum öðrum ástæðum verður að telja varhugavert, svo að ekki sé kveðið fastar að orði, að skattleggja eina grein sjávarútvegs til aðstoðar öðrum þáttum hans á þann veg, sem brbl. gera ráð fyrir. Auk þess sem slík aðferð getur haft í för með sér mikið óréttlæti gagnvart þeim, sem skattlagninguna verða að þola, t.a.m. eins og það, að markaðsástand og söluverð verði allt annað á tímabilinu en gert er ráð fyrir við lagasetninguna, hlýtur þessi skattheimta öll að byggja á ákaflega veikum grunni.

Í þessu sambandi vakna ýmsar spurningar: Hvað þurfa tekjur sjóðsins að verða miklar, til þess að hann geti annað hlutverki því, sem honum er ætlað? Hæstv. ráðh. minntist á tölu í því sambandi hér áðan, talaði um, að ég hygg, 250 millj. kr. En ég hygg, að allar spár í þessum efnum hljóti að vera meira og minna út í bláinn, því að að sjálfsögðu fer olíunotkun fiskiskipa og þar með niðurgreiðslurnar eftir sókninni á fiskimiðin, en hún ræðst aftur af veðurfari, gæftum og aflabrögðum, en hvort tveggja getur verið ákaflega mismunandi frá ári til árs, eins og allir vita.

Fæst nægjanlegt fjármagn í sjóðinn með 5% á útflutningsgjaldi á loðnuafurðir til að greiða niður olíuverð til fiskiskipa fyrstu 5 mánuði yfirstandandi árs, eins og brbl. gera ráð fyrir? Vissulega hefur loðnuvertíðin farið vel af stað, en allt er í óvissu um söluverð. Um útflutningsverðmætið veit því enginn nú. Hver á að greiða mismuninn, ef sjóðurinn reynist vanmegnugur að standa við skuldbindingar sínar? Á þá enn einu sinni að fara í vasa hins almenna skattborgara og láta hann borga brúsann?

Hvað tekur svo við að 5 mánuðum liðnum, sem brbl. gera ráð fyrir niðurgreiðslu á olíuverði til fiskiskipa, eins og hér hefur komið fram? Þá verður loðnan ekki lengur til að bjarga þessu máli í ár, ef að líkum lætur. Hæstv. ráðh. skýrði frá því áðan í ræðu sinni, að hann hefði gefið vilyrði fyrir áframhaldandi stuðningi við sjávarútveginn til að tryggja sama afkomugrundvöll eftir 1. júní og gert er ráð fyrir á komandi vertíð. En um það, hvernig það skuli gert, virðist allt á huldu enn sem komið er. Á enn að auka skattáþján á allan almenning til þess að koma til móts við vanda útgerðarinnar þá? Kannske gerir hæstv. ríkisstj. sér vonir um, að olíukreppan verði þá úr sögunni. Óskandi væri, að slíkar vonir gætu ræst. En óvarlegt er að gera ekki ráð fyrir, að við vandamál verði að etja hjá sjávarútveginum af völdum hins háa verðlags á brennsluolíum, þegar tími þessara laga er á enda á næsta vori, og vonandi ber hæstv. ríkisstj. gæfu til að finna þá ný ráð til að leysa þann vanda, sem þá kynni að vera við að etja að þessu leyti.

Enn eitt atriði í sambandi við þetta mál vekur athygli og umhugsun. Þegar brbl. voru sett, var söluverð gasolíu kr. 7.70 lítrinn. Það hafði hækkað úr kr. 5.80 í kr. 7.70 lítrinn 7. des. s. l. Hvaða rök liggja nú til grundvallar því að miða við kr. 5.80, eins og ráð er fyrir gert, en ekki einhverjar aðrar fjárupphæðir. Það virðist svo sem hæstv. ríkisstj. hafi látið freistast til að nota olíukreppuna til þess að hækka verðlag og mikið tal um ýmiss konar vandamál í því sambandi til að seilast lengra til fanga í sjóði loðnuframleiðenda en eðlilegt getur talist til að leysa það sérstaka vandamál, sem hækkun á olíukostnaði fiskiskipa hefði orðið á komandi vertíð.

Brbl. gera ráð fyrir, að sjútvrn. setji reglur um framkvæmd á niðurgreiðslum á brennsluolíum til fiskiskipa. Ég hygg, að það verði mikið vandaverk, ef takast á að fyrirbyggja með öllu misnotkun við framkvæmd þessa máls. Samkv. 2. gr. l. ber að greiða niður verð allrar þeirrar brennsluolíu, sem pöntuð er til íslenskra fiskiskipa. Hvernig á að tryggja, að olían, sem fer í fiskiskip, sé ekki tekin þaðan aftur og notuð til einhvers í landi? Hefði ekki verið eðlilegra að miða greiðsluna t. d. við úthaldsdaga fiskiskips á veiðum? Misnotkun af því tagi, sem hér um ræðir, skapar óviðunandi misrétti gagnvart þeim fjölda, sem verður að una því að greiða olíu til upphitunar húsa sinna og til annarra þarfa í landi fullu verði og án nokkurra niðurgreiðslna. Það skal þó tekið fram til þess að fyrirbyggja allan misskilning, að ég hef enga sérstaka ástæðu til að ætla, að þeir, sem aðstöðu hefðu til slíkrar misnotkunar, sem ég geri hér að umtalsefni, mundu notfæra sér hana. En það hlýtur að vera skylda löggjafans að búa þannig um hnútana við hverja lagasmíð, að slíkum hættum sem ég geri hér að umtalsefni sé ekki boðið heim, sé annarra kosta völ. Ég hygg, að unnt hefði verið að ná því meginmarkmiði, sem stefnt er að með setningu brbl.., og jafnframt tryggja framkvæmd þeirra, án þess að boðið sé upp á misnotkun, eins og ýmislegt bendir til, að geti orðið í þeirri gerð, sem lögin nú eru, ef öðruvísi hefði verið að þessu máli staðið, svo sem ég hef gert hér grein fyrir.

Ég vil að lokum minnast nokkrum orðum á það ákvæði í brbl., sem gerir ráð fyrir, að 25 millj. kr. verði teknar af loðnuframleiðendum til að setja í lífeyrissjóð sjómanna eða réttara sagt teknar úr þeim sjóði, sem myndaður verður af 5% útflutningsgjaldinu, sem annars á að nota til að greiða niður brennsluolíuverðið til fiskiskipanna. Það er góðra gjalda vert og því ber að fagna, að lífeyrissjóðir sjómanna séu efldir. Á því er ekki vanþörf að mínum dómi. Ég fagna því sérstaklega, að ætlunin virðist vera að stefna að því að tryggja, að sjóðirnir miði eftirlaunagreiðslur til sjómanna við lægri aldur en gert hefur verið. En að tengja slíkt mál ráðstöfunum til stuðnings vissum greinum sjávarútvegs vegna verðhækkana á olíum er óvenjuleg aðferð, svo að ekki sé meira sagt. En þetta er bara enn eitt dæmi um þá tilhneigingu hæstv. ríkisstj. að nota olíukreppuna sem skálkaskjól til að leysa verkefni, sem ekki eru bundin því vandamáli.

Herra forseti. Ég hef gert aths. um nokkur efnisatriði þessa frv. Ég á sæti í þeirri þn., sem fær þetta mál til meðferðar, ef að líkum lætur, og gefst þá væntanlega tækifæri til að athuga betur þau atriði, sem ég hef minnst hér á, og fleira í því sambandi. En ég vil að lokum leggja áherslu á þá skoðun mína, að ekki varð hjá því komist að gera sérstakar ráðstafanir til að mæta þeim vanda, sem útgerð fiskiskipaflota landsmanna hefur orðið fyrir vegna verðhækkana á olíu. En sá háttur eða aðferð, sem notuð hefur verið til lausnar þessum vanda með setningu þeirra brbl., sem nú liggja hér fyrir til staðfestingar, orkar aftur á móti tvímælis, eins og ég hef sýnt fram á.

Ingólfur Jónsson: Herra forseti. Ástæðan til þess, að ég kveð mér hljóðs í þessu máli, er sú, að mig langar til þess að fá ýmsar upplýsingar hjá hæstv. sjútvrh. um sölu á loðnu og loðnuafurðum og útlitið í þeim málum.

Ég sé ekki ástæðu til að mæla gegn þessu frv. Það má vel vera, að það sé eðlileg leið til tekjuöflunar að skattleggja loðnuafurðir til að greiða niður olíu. Ef loðnan veiðist eins og vonir standa til og útlit er fyrir nú í byrjun vertíðar, verður það mikill afli og miklar tekjur, sem útgerðin fær, ef það verð, sem menn höfðu hugmyndir um fyrir nokkrum dögum eða nokkrum vikum, reynist vera rétt. En ástæðan til þess, að ég vil spyrja hæstv. ráðh., er sú, að nú hafa menn sagt sín á milli, sem eiga að vera kunnugir þessum málum, að mikil óvissa ríki um söluverð á loðnu og loðnuafurðum. Sá hv. þm., sem talaði hér áðan, fulltrúi í viðskrn., sagði: „Það er allt í óvissu um verð á loðnunni.“ Það er einmitt þetta, sem veldur ýmsum áhyggjum nú. Loðnan hefur verið verðlögð innanlands til útgerðarmanna og til sjómanna. En það er upplýst, að það sé mikið óselt af þeirri loðnu, sem búist er við, að veidd verði.

Frystihúsin hafa ekki enn samþykkt að taka loðnu til frystingar, vegna þess að verð á frystri loðnu í Japan hefur enn ekki verið ákveðið. Japanir kaupa a.m.k. 30 þús. tonn af frystri loðnu, en verðið er ekki enn komið, söluverðið. En innkaupsverðið, hráefnisverðið, er ákveðið. Þess vegna er eðlilegt, að frystihúsin spyrji á hvaða verði sé hægt að selja loðnuna, eftir að þau hafa borgað tilskilið verð og eftir að sá kostnaður hefur bæst við, sem af frystingunni leiðir? Ég veit, að hæstv. sjútvrh. vill kynna sér þessi mál vel, og ég gæti trúað því, að umr. um þetta mál lyki ekki í dag og hæstv. ráðh. fengi þess vegna tíma til þess að kynna sér útlitið í þessum málum betur en hann hefur enn gert. Það, sem hæstv. ráðh. sagði hér áðan, var harla óljóst. Það var nánast það, að hann vonaðist til þess, að úr rættist. Allir hv. þm. bera von í brjósti. En þm. er mikið í mun að vita, hvernig málin standa og hvernig horfurnar eru.

Pólverjar keyptu mikið af loðnumjöli af Íslendingum á s.l. ári. Mig minnir, að það hafi verið 25 þús. tonn. Það var stór hluti af loðnumjölinu í fyrra. Pólverjar komu hingað til lands og vildu gera kaup á loðnumjöli aftur. En þeir fóru héðan án þess að kaupa. Eitthvað bar á milli. Vitað er, að Pólverjar vildu borga hátt verð fyrir loðnu, mjög hátt verð og miklu hærra verð en í fyrra, og sagt hefur verið, að það verð, sem Pólverjar buðu, hafi raunverulega fullnægt því að vera í samræmi við ákvörðunarverð á hráefninu hér heima. Pólverjar fóru, en það hefur verið sagt, að þeir séu að semja við Norðmenn eða jafnvel búnir að semja við Norðmenn um kaup á því mjölmagni, sem þeir ætluðu að kaupa hér. Það hefur verið sagt, að þeir hafi samið við Norðmenn um það verð, sem þeir buðust til að greiða fyrir íslenska mjölið. Ég veit, að hæstv. ráðh. vill kynna sér þetta, og ég veit, að hann vill svara þessum fsp. og veita þingheimi nauðsynlegar upplýsingar í þessu efni.

Það er allt í óvissu um sölu á miklum hluta loðnuafurðanna, sagði hv. þm., sem talaði hér áðan. Hann hlýtur að vera kunnugur þessum málum, þar sem hann er starfandi í viðskrn. En við skulum vona, að úr rætist. Við vonum, að það veiðist mikil loðna, og áætlun hefur verið gerð um mikla loðnuveiði. Það hefur hæstv. ríkisstj. gert eða látið sína kunnáttumenn gera. Það var gert á árinu 1973. Þá var áætlað, að loðnuveiðin gæti orðið allt að því helmingi meiri en hún var 1972. Þó hafði loðnuveiði 1972 verið sú mesta, sem hafði orðið hér á landi nokkru sinni. Mér er ekki alveg kunnugt um, hve mikið magn hæstv. ríkisstj. hefur áætlað, að veiddist í ár, en það er allmiklu meira en í fyrra. Við skulum vona, að sú fróma áætlun standist. En um leið og við óskum þess, er nauðsynlegt, að við fáum það verð fyrir þessar afurðir, sem útgerðin og frystihúsin þurfa að borga fyrir hana. Fjarri fer því, að ég ætli að koma með aðfinnslur fyrir það, að ekki varð af samningum við Pólverja. En enginn vafi er á því, að það mun margur sjá eftir því að hafa ekki gert þá samninga, ef verðið skyldi falla, ef ansjósan færi nú að veiðast við strendur Perú og mikið mjöl yrði á markaðnum annars staðar frá. Þá hefði það örugglega afleiðingar hér og áhrif á verðið. En við vonum, að úr rætist.

Það er eðlilegt, að hæstv. ráðh. afli sér allra þeirra upplýsinga, sem fáanlegar eru, því að það er mikið í húfi um það, hvort Íslendingar fá að þessu sinni það verð fyrir loðnuafurðirnar, sem hráefnisverðið miðast við. Má segja, að ef það tækist ekki, gæti það valdið mikilli röskun í okkar efnahagsmálum, í okkar útgerðarmálum. Það er búið að reikna með þessu háa verði og þessum mikla afla, og ef verðið dettur niður, verður röskunin og áfallið meira en nokkur hefur látið sig dreyma um. Ég er alls ekki að spá því, að svo verði, og kannske er sú svartsýni, sem hefur komið fram hjá einstökum mönnum í þessum málum, þegar um þau hefur verið rætt, alveg óþörf. Það væri mjög gott, ef hæstv. ráðh. gæti að fengnum bestu upplýsingum létt áhyggjum af ýmsum, sem hafa þær þungar nú vegna óvissunnar um sölu loðnuafurða.

Olíuvandinn er svo mál út af fyrir sig, og enginn vafi er á því, að hæstv. sjútvrh. var í vanda staddur í sambandi við olíuhækkunina. Það hefði haft áhrif á verðlagið á loðnunni til sjómanna og útgerðarmanna, ef olían hefði hækkað til fiskiskipa. Fari svo, eins og menn vona, að mikið veiðist og gott verð fáist, þá má segja, að það

sé réttmætt að skattleggja loðnuna til þess að greiða niður olíuna. Og þá getur loðnan vissulega staðið undir þessum skatti. Við skulum vona, að það verði. En eins og hv. þm. Stefán Gunnlaugsson sagði hér áðan: Hvað tekur svo við 1. júní? Loðnusjóðurinn endist ekki og á ekki að endast nema til mailoka? Hæstv. ráðh. sagði: „Það er samkomulag um, að það verði óbreyttur afkomugrundvöllur sjávarútvegsins eftir 31. maí.“ En því hefur ekki verið heitið að hafa óbreytt olíuverð. En ef olíuverðið verður látið hækka, en afkomugrundvöllur útvegsins á eigi að síður að verða óbreyttur, þ. e. a. s. ekki óhagstæðari, þá verður að gera einhverjar ráðstafanir jafngóðar fyrir útgerðina, sem nemur niðurgreiðslum á olíunni. Hæstv. ráðh. hefur e. t. v. sínar hugmyndir um, hvernig með það mál skuli fara, en það er hætt við, að útgerðin geri kröfur um, að olíuverðið verði greitt niður áfram, úr því að einu sinni var byrjað á því.

Það hefur verið minnst á, að hækkun olíuverðsins hafi víðtækari áhrif en þetta. T. d. hefur verið minnst á húskynndingarkostnaðinn. Það verður áreiðanlega erfitt ýmsum láglaunamönnum, bæði í sveitum og í þéttbýli, að borga 10-12 þús. kr. á mánuði í kyndingarkostnað vegna olíuhækkunarinnar. Og það verður áreiðanlega til umhugsunar fyrir hæstv. ríkisstj. og Alþ. að athuga, hvort nokkur möguleiki er á því að lækka þennan kostnað. En út í það skal ég ekki fara nánar að þessu sinni. Ég ætlaði ekki í tilefni af þessum brbl. að halda hér langa ræðu, heldur tók ég til máls, eins og ég áðan sagði til þess að fá upplýsingar hjá hæstv. ráðh., sem ég geri ekki neinar kröfur til að verði gefnar í dag. Ég teldi æskilegra, að því yrði frestað til næsta fundar, þegar þetta mál verður á dagskrá, því að þá hefur hæstv. ráðh. tækifæri til að afla sér viðtækra upplýsinga í þessu máli, og hann hefur betri aðstöðu til þess en einstakir þm.

Umr. frestað.

Sameinað þing, 47. fundur.

Þriðjudaginn 29. jan., kl. 2 miðdegis.

Mjólkursölumál, fsp. (þskj. 331). — Ein umr.

Fyrirspyrjandi (Ellert B. Schram): Herra forseti. Á þskj. 331 þá hef ég leyft mér að bera fram svo hljóðandi fsp. til hæstv. landbrh.: „Hvað líður störfum mjólkursölunefndar?“

Ég þarf ekki að fara mörgum orðum um aðdraganda eða tilurð þeirrar mjólkursölunefndar, sem hér er minnst á og um spurt. Á tveim undanförnum þingum hef ég borið fram frv. til l. um breyt. á l. um Framleiðsluráð landbúnaðarins, sem gerir ráð fyrir rýmkun á smásölu mjólkurvara. Ég tíundaði margvísleg rök til stuðnings þessu frv. og komst að þeirri niðurstöðu, að það væri til hagsbóta fyrir framleiðendur, mjólkursamlög og neytendur, að mjólk væri seld víðar en nú er gert. Ég taldi, að það fyrirkomulag, sem verið hefði á mjólkursölu, gæfi grunsemdum um mismunun byr undir báða vængi, og hvatti þm. til að taka tillit til þeirra réttlátu óska, sem í frv. mínu voru fólgnar. Það er skemmst frá því að segja, að þessi frv. mættu nokkurri andstöðu hér á þingi. Á þinginu 1971—72 dagaði frv. uppi í þingnefnd. Var það sniðgengið og vart tekið fyrir. Hæstv. landbrh. hafði þá góð orð um að skipa sérstaka n. með hagsmunaaðilum til að skoða málið, en til þess kom þó ekki. Aftur bar ég þetta frv. fram lítið breytt á þinginu 1972—73 og eftir nokkrar umr. og þóf á bak við tjöldin var skipuð fyrir tilstilli hæstv. ráðh. nefnd sú, sem hér um ræðir.

Upphaflega mun ætlunin hafa verið, að n. gæti lokið störfum í byrjun þessa þings, en nefndarstörfin hafa dregist af ástæðum, sem óþarft er að gagnrýna. Nú síðustu vikurnar hefur hins vegar kvisast, að mjólkursölunefnd væri í aðalatriðum komin að einhverju samkomulagi, og *taldi ég því eðlilegt og tímabært að spyrjast fyrir* um störf n., þannig að ráðh. gæti upplýst, hvers eðlis það samkomulag sé, sem talað er um, að n. hafi komist að.

Fjmrh. (Halldór E. Sigurðsson): Herra forseti. Á þskj. 331 er fsp. frá hv. þm. Ellert B. Schram, 9. landsk., um *starf mjólkursölunefndar. Hinn* 21. mars 1973 skipaði landbrn. n. til að athuga þessi mál, og segir svo í erindisbréfi n., með leyfi hæstv. forseta: „Verkefni n. er að kynna sér fyrirkomulag á sölu og dreifingu mjólkur, rjóma, skyrs og skyldra mjólkurvara á þéttbýlissvæðum víðs vegar um landið og gera till. um breytingar, ef þurfa þykir.“

Í n. voru valdir eftirtaldir menn: Sveinn Tryggvason framkvæmdastjóri, sem er form. n., skipaður af landbrh. án tilnefningar, dr. Bjarni Helgason jarðvegsfræðingur, sem var skipaður skv. tilnefningu Neytendasamtakanna, Brynjólfur Sandholt héraðsdýralæknir skv. tilnefningu heilbrrn., Hreinn Sumarliðason kaupmaður skv. tilnefningu Kaumannasamtakanna, Ólafur Andrésson bóndi í Sogni skv. tilnefningu Stéttarsambands bænda, Stefán Björnsson forstjóri Mjólkursamsölunnar skv. tilnefningu Mjólkursamsölunnar og Þorsteinn Sveinsson kaupfélagsstjóri á Egilsstöðum skv. tilnefningu SÍS. Ritari n. var ráðinn með samþykki landbrh. Guðmundur Sigþórsson búnaðarhagfræðingur.

N. hélt sinn fyrsta fund skömmu eftir að hún tók til starfa og byrjaði á því að safna upplýsingum um fyrirkomulag mjólkursölumála um land allt, þar sem könnuð var staðsetning mjólkursölu með tilliti til kaupendafjölda, dreifingarmagns og fjarlægða. Einnig var könnuð einokunaraðstaða Mjólkursamsölunnar og fjöldi umsækjenda um mjólkursölu, sem ekki hafa fengið söluleyfi. N. hefur á grundvelli þessara og fleiri upplýsinga unnið að könnun á dreifingarmálum mjólkur og álitsgerð um þau.

Starf n. hefur verið mjög umfangsmikið og er komið á lokastig. Má vænta úrlausnar innan skamms tíma í formi nál., sem n. mun skila mjög fljótlega. Af þeim viðræðum, sem ég hef átt við form. n., er ljóst, að stutt er í það, að n. skili áliti, en hann hefur í samtölum við mig talið nauðsyn bera til að taka til þessa nokkurn tíma, og hef ég látið n. um tímasetningu á þessu máli. Eftir þeim horfum, sem ég hef um þetta, sýnist mér, að það ætti ekki að dragast lengi, að málið

komi til meðferðar landbrn. og verði komið greinargott nál. um málið í heild, svo að auðvelt sé að taka ákvörðun út frá því.

Fyrirspyrjandi (Ellert B. Schram): Herra forseti. Ég þakka landbrh. svarið, svo langt sem það náði. Ég spyrst fyrir um í þessari fsp., hvað líði störfum þessarar n., og þá að sjálfsögðu gerði ég ráð fyrir því, að ráðh. veitti upplýsingar um, að nokkru leyti a.m.k., hvers eðlis þær niðurstöður væru, sem n. er búin að komast að í öllum aðalatriðum.

Hæstv. ráðh. veit eins og ég, að samkomulag hefur tekist í n. um ákveðna meðferð á mjólkursölumálum eða dreifingu mjólkur, og ég hefði talið það vera eðlileg viðbrögð og sjálfsagða kurteisi af hans hálfu gagnvart fyrirspyrjanda, að það væri eitthvað upplýst um efnisatriði þessa máls. Mér er tjáð eftir áreiðanlegum heimildum, enda sennilega ekkert leyndarmál, því að unnið er í samræmi við það meðal þeirra samtaka og hagsmunaaðila, sem hér eiga hlut að máli, að gert sé ráð fyrir því, að Mjólkursamsalan og mjólkursamlög láti af allri smásölu á mjólk, m.ö.o. að tekið verði upp í aðalatriðum það fyrirkomulag á dreifingu mjólkur, sem frv. mín gerðu ráð fyrir. Ég er mjög sáttur um þessa niðurstöðu og fagna því, að náðst hefur samkomulag um þá meðferð, og tel tvímælalaust, að það geti orðið til mikilla bóta, ekki aðeins fyrir neytendur, heldur líka og ekki síður fyrir framleiðendur. Ég hefði hins vegar talið eðlilegt, að hæstv. ráðh. væri fyrstur til að upplýsa þessa þróun mála, og vildi satt að segja gefa honum tækifæri hér í fsp.-tíma til að gera það. Mér þykir leitt, að hann hefur skotið sér hjá því að fjalla efnislega um málið. Engu að síður þakka ég fyrir svörin og vonast til þess, að vænta megi skýrslu frá mjólkursölunefnd innan mjög skamms tíma.

Fjmrh. (Halldór E. Sigurðsson): Herra forseti. Það ber nokkuð á milli skilnings míns og hv. 9. landsk., hvað sé kurteisi í vinnubrögðum. Ég hefði talið það ókurteisi af minni hendi að fara að skýra frá því, sem væntanlega kæmi í því nál., sem mér yrði skilað. Ég hef frásagnir formanns n. um, hvað sennilega verði í nál. Hins vegar er nál. ekki frágengið og undirritað, og meðan svo er ekki, tel ég ekki, að ég eigi að skýra frá því, hvorki hér á hv. Alþ. né annars staðar, hvað kynni að koma fram í nál., enda mun oft reynast svo, að nál. geta breyst á síðasta stigi, þó að horfurnar séu nokkuð séðar á því stigi, sem upplýsingar eru gefnar í samtölum. Ég taldi því, að mér bæri að skýra frá því, sem ég vissi um málið og hafði rétt til að skýra frá, en öðru ekki.

Hins vegar vil ég segja það út af því, sem hv. þm. sagði í sinni fyrri ræðu, að það var ekki löngu eftir að ég tók við starfi landbrh., sem ég ræddi bæði við Kaupmannasamtökin og einnig við framleiðsluráð og mjólkursölumenn um þessi mál og hafði átt við þessa aðila nokkrar umr., þegar hann bar fram sitt mál fyrst. Ég hef alltaf talið, að heppilegasta lausnin til þess að úr þessu máli leystist á þann veg, sem farsælast væri talið af þeim mönnum, sem best þekktu og um fjölluðu, væri að gefa þeim tækifæri til að vinna að lausninni, en vera ekki með afskipti af því, meðan verið væri að vinna að því, og þá ekki heldur að fara að skýra frá væntanlegum niðurstöðum, heldur bíða þess, að þær komi.

Húsnæðismál Menntaskólans við Lækjargötu, fsp. (þskj. 331). — Ein umr.

Fyrirspyrjandi (Ellert B. Schram): Herra forseti. Á þskj. 331 hef ég leyft mér að bera fram fsp. til hæstv. menntmrh. um húsnæðismál Menntaskólans við Lækjargötu. Mér hefur þarna orðið á í messunni, því að þessi skóli gengur undir heitinu Menntaskólinn í Reykjavík, og biðst ég forláts á því og vona, að það hafi ekki misskilist.

Það er víst flestum ljóst, að skórinn kreppir víða í skóla- og fræðslumálum lands okkar. Margar sögur væri unnt að rekja um aðgerðaleysi, tafir og ófremdarástand í byggingarmálum skólanna. Er það kapítuli út af fyrir sig, hversu gersamlega hefur skort á allt frumkvæði stjórnvalda á vettvangi menntamála, hvernig skólabyggingarmál hafa drabbast niður og deyfð og doði markað sín spor í fræðslumálum þjóðarinnar. Á meðan grunnskólafrv. velkist hér í þinginu ár eftir ár, frv., sem fyrirsjáanlega leysir aðeins að takmörkuðu leyti þann vanda, sem við blasir á grunnskólastiginu hvað byggingarmálin snertir, hafa fræðsluyfirvöld kinokað sér við að taka vandamál framhaldsskólastigsins föstum tökum. Ætti þó að vera samdóma álit kunnugra manna, að framhaldsskólastigið væri öllu viðkvæmara og brýnna úrlausnarefni. Það skólastig ræður örlögum unglinganna og beinir þeim inn á þær brautir, sem úrslitum ráða í lífshlaupi þeirra. En einmitt á því skólastigi búum við enn í aðalatriðum við úrelta skólaskiptingu, gamaldags fræðslukerfi og gersamlega ófullnægjandi húsakost.

Ég hef beint spurningu til hæstv. menntmrh., sem varðar húsnæðismál eins framhaldsskólanna, þ. e. a. s. húsnæðismál Menntaskólans í Reykjavík. En þar er aðeins um að ræða brot af heildarvandanum og aðeins það, sem snýr að ytri aðstæðum. En húsnæðismálin, aðstaðan til kennslunnar er að sjálfsögðu forsenda þess, að halda megi uppi árangursríku og eðlilegu skólastarfi. Reyndar væri af nægu að taka varðandi framhaldsskólana hér í Reykjavík og þá ekki síst menntaskólana. Enn er ekki lokið að byggja yfir Hamrahlíðarskólann, ekkert er enn aðhafst í byggingarmálum Menntaskólans við Tjörnina, og ástandið í Menntaskólanum í Reykjavík er eins og raun ber vitni. Verður að segja þá sögu eins og er, að ríkisvaldið og fjárveitingavaldið hafa nánast virt að vettugi þessa reykvísku skóla, og fyrir löngu er orðið tímabært fyrir þá þm., sem valdir eru af Reykvíkingum, að vakna upp af Þyrnirósarsvefni sínum og átta sig á, að Reykjavík hefur verið sniðgengin hér sem víða annars staðar.

Gagnrýni mín er ekki tilhæfulaus. Vanræksla og tillitsleysi gagnvart hinum reykvísku menntaskólum eru augljósar staðreyndir. Menntaskólinn í Reykjavík rúmaði á sínum tíma 60 nemendur, sennilega heil öld liðin síðan. Nú sækja

skólann um og yfir 900 nemendur ár hvert. Nemendafjöldinn hefur farið yfir þúsund, og í haust byrjuðu þar nám 880 nemendur. Kennsla fer þar fram í ekki færri en 7, — sagt og skrifað 7 fasteignum, reyndar í öllu tiltæku húsnæði í nágrenni gamla skólans, sem völ er á. Nemendur og kennarar eru á hlaupum milli húsa með bækur og önnur gögn, og þarf vart að lýsa því neyðarástandi, sem í skólanum ríkir.

Nú um nokkurt skeið hefur ýmsum úrbótum verið lofað af hálfu stjórnvalda, en minna orðið úr efndum. Forsvarsmenn skólans, nemendur og Reykvíkingar yfirleitt eru orðnir langþreyttir á þessu sinnuleysi. Því er þessi fsp. borin fram, ef hún mætti verða til þess að koma hreyfingu á úrbætur til handa þessari gömlu og virðulegu menntastofnun.

Menntmrh. (Magnús T. Ólafsson): Herra forseti. Svar mitt við fsp. hv. 9. landsk. þm. er á þessa leið:

Húsnæði það, sem Menntaskólinn í Reykjavík hefur til umráða til kennslu á þessu skólaári, er sem hér segir: Gamla skólahúsið við Lækjargötu. Þar eru 9 kennslustofur að fullri stærð og 2 litlar. Nýbygging á lóð skólans. Þar eru 4 stofur notaðar sem almennar kennslustofur og 3 stofur til verklegrar kennslu. Gömul bygging á skólalóðinni, Fjósið svonefnda, með tveim kennslustofum. Þrúðvangur við Laufásveg, en það hús er í eigu Framkvæmdasjóðs, þar eru 5 kennslustofur. Loks eru tvær kennslustofur í leiguhúsnæði að Miðstræti 12.

Það kennsluhúsnæði, sem skólinn hefur nú til afnota, er nokkurn veginn hið sama og hann hafði til ráðstöfunar skólaárið 1971 og 1972, en þá var fjöldi nemenda sá mesti, sem orðið hefur, eða um það bil 1080. Við upphaf yfirstandandi skólaárs voru nemendur hins vegar 880 eða 200 færri en var fyrir tveimur árum. Hefur stefnan verið sú að draga úr inntöku nýrra nemenda í skólann og ráða þar með nokkra bót á þeim þrengslum, sem hann hefur búið við. Þetta hefur orðið kleift að nokkru marki með því, að stofnað hefur verið til menntaskólakennslu á nokkrum nýjum stöðum á Reykjavíkursvæðinu. Auk Menntaskólans við Tjörnina er þar að nefna Menntaskólann í Kópavogi og kennslu í námsefni fyrsta bekkjar menntaskóla við Gagnfræðaskóla Austurbæjar í Reykjavík, svo og menntaskólakennslu við Flensborgarskólann í Hafnarfirði.

Talið hefur verið, að æskilegur hámarksfjöldi nemenda í Menntaskólanum í Reykjavík væri 600 nemendur. Er því ljóst, að skólinn býr enn við veruleg þrengsli, auk þess sem óhagræði fylgir því að sjálfsögðu, að kennsla þarf að fara fram á 5 stöðum. Nýbygging skólans, hús það, sem í daglegu tali hefur verið nefnt Casa nova, var tekið í notkun árið 1964. Síðan hefur verið unnið að ýmsum endurbótum á gamla skólahúsinu, m. a. hefur efsta hæð hússins verið innréttuð að nýju og komið þar upp vinnuaðstöðu fyrir kennara.

Líta verður á húsnæðismál Menntaskólans í Reykjavík með hliðsjón af byggingarmálum menntaskólanna í heild og framhaldsskólastigsins alls. Á síðasta áratug hafa framkvæmdir, sem snerta aðstöðu fyrir menntaskólakennslu, verið þessar helstar:

1) Bygging kennsluhúss við Menntaskólann á Akureyri, sem nú er lokið.

2) Bygging nemendabústaða á Laugarvatni, svo og bygging kennsluhúss, sem lýkur á þessu ári.

3) Bygging Menntaskólans við Hamrahlíð, sem lokið er að mestu, nema hvað enn vantar íþróttaaðstöðu.

4) Bygging Menntaskólans á Ísafirði, 1. og 2. áfanga, sem rúma heimavistir og mötuneyti. Áætlað er, að þeim framkvæmdum ljúki á þessu ári.

5) Viðbygging við Flensborgarskóla í Hafnarfirði, sem fyrirhugað er að ljúka á þessu ári.

Auk þess hefur, eins og áður var að vikið, verið stofnað til menntaskólakennslu í Kópavogi, sem til bráðabirgða er til húsa í nýbyggingu barnaskólans við Digranesveg, og efnt hefur verið til kennslu í námsefni 1. bekkjar menntaskóla í Gagnfræðaskóla Austurbæjar í Reykjavík. Í undirbúningi og athugun eru nú ýmsar framkvæmdir, er varða menntaskólastigið. Má þar nefna:

1. Framhald bygginga á Ísafirði.
2. Lausn á húsnæðismálum Menntaskólans við Tjörnina.
3. Byggingar fyrir menntaskóla á Austurlandi.
4. Lausn á húsnæðismálum Menntaskólans í Kópavogi, en ráðgert er, að sá skóli verði í framtíðinni fjölbrautaskóli.
5. Bygging fjölbrautaskóla í Breiðholti í Reykjavík, sem mun taka til menntaskólanáms.
6. Uppbygging náms á framhaldsskólastigi á Selfossi, þ. á m. hugsanlegrar menntaskólabrautar.

Sú dreifing menntaskólanáms, sem fyrirsjáanleg er, ætti að gera kleift að fylgja fram þeirri stefnu að fækka verulega nemendum í Menntaskólanum í Reykjavík og búa honum þar með betri aðstöðu í núverandi húsnæði. Ljóst er þó, að frekari úrbætur þurfa að koma til með byggingu viðbótarhúsnæðis. Á þessu stigi er ekki unnt að ákveða, hverjar þær úrbætur skuli verða eða hvenær þær skuli koma til framkvæmda. Það mun m. a. ráðast af því hver þróunin verður í skipulagsmálum framhaldsskólastigsins, og af því, hversu mikið fé Alþ. treystist til þess að veita á næstu árum til byggingarframkvæmda á þessu skólastigi. Ég vil geta þess, að stofnkostnaðarfjárveitingar til menntaskóla á fjárl. 1974 nema samtals 60 millj. 550 þús. kr.

Fyrirspyrjandi (Ellert B. Schram): Herra forseti. Ég þakka hæstv. menntmrh. svörin. Satt að segja eru þau ekki mjög uppörvandi fyrir Menntaskólann í Reykjavík og þá, sem bera hans hag fyrir brjósti. Hæstv. ráðh. rekur hér áætlanir um aðgerðir varðandi menntaskóla- og framhaldsskólanámið, fer vítt og breitt um landið, en ég gat því miður ekki heyrt, að það væri nein áþreifanleg áætlun um einhverjar aðgerðir eða úrbætur varðandi Menntaskólann í Reykjavík að öðru leyti en því, að stefnt skuli að því að draga úr aðsókn í skólann. Nú er það

í sjálfu sér gott og blessað, ef svo tækist. En þrátt fyrir þær ráðagerðir, sem nú eru uppi varðandi aðra menntaskóla, er ekki að sjá, að það séu raunverulegar aðgerðir til að draga úr þeirri aðsókn, sem í þennan skóla hefur verið og á reyndar að vera sem elstu og virðulegustu menntastofnun Íslands.

Hæstv. ráðh. getur þess, að til standi og nú þegar hafi komið til framkvæmda ákvarðanir um að dreifa kennslu á menntaskólastigi á aðra skóla. Þetta er vissulega rétt. Tekin er upp kennsla, a. m. k. í 1. bekk, víða hér í Reykjavík í gagnfræðaskólum. En auðvitað leiðir af sjálfu sér, þegar kennslu lýkur í þessum 1. bekk, að þá mun þetta unga fólk leita inn í þá menntaskóla, sem fyrir eru í borginni, og í stað þess að draga úr aðsókn mun væntanlega aðsóknin enn aukast, ef þessari leið er áfram fylgt.

Ráðh. lauk máli sínu með því að segja, að ekki væri óeðlilegt eða ósanngjarnt að fara fram á aukið viðbótarhúsnæði fyrir Menntaskólann í Reykjavík. Hann bætti hins vegar við, að ekki væri á þessu stigi hægt að segja til um, hversu mikið það húsnæði ætti að vera, hvernig það ætti að vera uppbyggt eða hvenær það ætti að koma til framkvæmda. M. ö o.: það hefur ekkert verið ákveðið um þetta, allt í lausu lofti, og framtíðin er vissulega ekki björt fyrir Menntaskólann í Reykjavík.

Hæstv. ráðh. minntist allra síðast á, að það væri Alþingis að veita fé til þessara skóla. Nú vil ég beina því til hæstv. ráðh., að ef honum endist ráðherradómur til næstu fjárlagagerðar, sem ekki eru miklar líkur á í bili að vísu, þá vil ég bindast því bandalagi við hann, að við, sem báðir erum kosnir á þing af Reykvíkingum, stöndum saman um að hækka fjárveitingar til þessa skóla. Ég treysti á samstarf hans og bandalag í þeim efnum.

Litasjónvarp, fsp. (þskj. 331). — Ein umr.

Fyrirspyrjandi (Ellert B. Schram): Herra forseti. Í Alþýðublaðinu í morgun er á forsíðu blaðsins stór og mikil frétt, aðalfrétt blaðsins reyndar, þar sem segir í fyrirsögn: „Keflavíkursjónvarpið í lit í júní í sumar“. Í fréttinni segir síðan, að allur tækjabúnaður til slíkrar litaútsendingar sé kominn til landsins og nú sé verið að þjálfa starfskrafta stöðvarinnar til breytinga og m. a. sé verið að þjálfa íslenska tæknimenn. Ef þessi frétt reynist rétt, sem ég hef enga ástæðu til að efast um, segir hún okkur í fyrsta lagi ekki aðeins það, að breyta eigi til um sjónvarpsútsendingar á Keflavíkurflugvelli, hún gefur til kynna, svo að ekki fer á milli mála, að Bandaríkjamenn eru ekki alveg á förum á næstunni. Þeir hyggjast þvert á móti bæta þjónustu við varnarlið sitt á Keflavíkurflugvelli og eru væntanlega að útbúa þetta nýja litasjónvarp fyrir þær hreyfanlegu flugsveitir, sem þarna eiga að hafa aðsetur, svo og væntanlega allt það lið, sem ekki telst til fasts herliðs, og reyndar allan þann mannskap, sem þar er fyrir hendi. Ég geri ráð fyrir því, að Bandaríkjamenn hafi dregið þær ályktanir af þeim ummælum forsrh., sem hann lét falla hér áður, að nú hyggist íslensk stjórnvöld ekki lengur standa við sáttmála sinn um brottför hersins á kjörtímabilinu, heldur að það skuli fara í áföngum, fyrr en seinna, eins og hnyttilega er til orða tekið. Reyndar eru þessar ráðagerðir Bandaríkjamanna í samræmi við þá uppbyggingu, sem manni skilst, að fari fram á Keflavíkurflugvelli, og hv. þm. Oddur Ólafsson vakti rækilega athygli á í nýlegri blaðagrein, en þar sagði frá því, að nú væri í fullum gangi — með vitund og vilja íslenskra stjórnvalda væntanlega — uppbygging á Keflavíkurflugvelli, byggingarframkvæmdir, og það er á sama tíma, sem verið er að telja a. m. k. einhverjum hluta þjóðarinnar trú um, að varnarliðið eigi að hverfa úr landi á næstu mánuðum.

Ég vek athygli á þessu til þess að sýna fram á þann tvískinnung, sem hér er á ferðinni og menn hafa orðið vitni að varðandi ekki síst Keflavíkursjónvarpið sjálft. Keflavíkursjónvarpið var af núverandi stjórnarsinnum, þegar þeir voru í stjórnarandstöðu, talið glæpsamlegt athæfi og storkun við íslenska menningu og lágkúruleg aðferð íslenskra íhaldsafla til þess að læða bandarískum áróðri inn í landið, eins og stundum var sagt. Nú hafa þessir sömu menn setið hér í ríkisstj. í rúmlega tvö ár, en ekki hreyft legg né lið til að stöðva þennan ósóma, sem þeir telja Keflavíkursjónvarpið vera. Það aðgerðarleysi verður sennilega glæsilegasti minnisvarði um þá menningarhræsni, sem svokallaðir róttækir Alþb.-menn hafa tíðkað hérlendis um langan tíma. En því geri ég þetta að umtalsefni, að Keflavíkursjónvarpið hyggst taka upp litasjónvarp, og ef það reynist rétt og ef það er látið viðgangast, mun það að sjálfsögðu hafa verulega áhrif á sjónvarpsneyslu okkar Íslendinga, a. m. k. hér á Stór-Reykjavíkursvæðinu.

Það er enginn vafi á því, að tilvera Keflavíkursjónvarpsins á sínum tíma hafði úrslitaáhrif á stofnun og vöxt og viðgang íslenska sjónvarpsins. Sjónvarpið íslenska er nú orðinn snar þáttur í lífi Íslendinga. Mér er tjáð, að hér séu nú um 48 þús. tæki í notkun á landinu, og enda þótt litasjónvarp sé ekki aðkallandi mál, sem þurfi að hafa neinn sérstakan forgang, er engu að síður staðreynd, að sjónvarpið hefur vaxandi áhrif á heimilishald og daglegt líf manna, og það verður að fylgjast með þeirri tækniþróun, sem á sér stað á þessum vettvangi. Þar kemur til, að íslenska sjónvarpið kaupir dagskrár erlendis frá í mjög miklum mæli, og nú er mér tjáð, að það dagskrárefni sé framleitt að mestu, ef ekki öllu leyti fyrir litasjónvarp. Það þýðir, að öll tæknivinna og öll tæknimenntun lýtur að slíku sjónvarpi. Þá er líka á það að líta, að Íslendingar þurfa brátt að fara að endurnýja sjónvarpstæki sín, þau munu endast í u. þ. b. 10 ár, og þá skiptir máli, hvort er endurnýjað fyrir svarthvítt eða litasjónvarp. En á þessum tækjum er mikill verðmunur, að mér skilst. Því tel ég eðlilegt, að teknar séu ákvarðanir mjög fljótlega og gerðar áætlanir, þannig að fólk viti, hvað sé fram undan, og geti hagað fjárfestingu sinni í samræmi við það. Ekki síst á þetta við nú, þegar og ef Keflavíkursjónvarpið boðar litasjónvarp. Mér er sagt, að það séu um 20 þús. sjónvarpstæki í landinu,

sem séu útbúin til þess að taka við sendingum frá Keflavíkurflugvelli, og hvaða skoðun sem ég og aðrir hafa á þessu blessaða Keflavíkursjónvarpi, þá verðum við að horfast í augu við, að þetta er staðreynd, og það er ekki hægt að haga sér eins og það sé ekki til. Ef íslensk stjórnvöld hyggjast ekki loka þessu sjónvarpi, verða þau að gera sér grein fyrir því, að þarna er um að ræða samkeppni, og alveg á sama hátt og íslenska sjónvarpið á sínum tíma stóðst þá samkeppni og samanburð, sem varð við Keflavíkursjónvarpið, og náði til sín öllum þorra landsmanna og áhorfendum, þá þarf það líka núna að standast þá samkeppni og þann samanburð, sem upp kemur vegna þessa litasjónvarps.

Af öllum þessum ástæðum tel ég eðlilegt, að það séu gefnar einhverjar yfirlýsingar um ákvarðanir og áætlanir í þessu sambandi og því er þessi fsp. fram borin.

Menntmrh. (Magnús T. Ólafsson): Herra forseti. Þar sem fsp. hv. 9. landsk. þm. varðar fyrirætlanir Ríkisútvarpsins, beindi ég því til útvarpsstjóra, hvað hægt væri að segja um athafnir Ríkisútvarpsins á þessu sviði. Svar hans er svolátandi:

„Varðandi spurningu hv. þm. Ellerts B. Schram á þskj. 331 skal þetta sagt:

Innan Ríkisútvarpsins hafa komið fram hugmyndir um litasjónvarp, og hefur það mál verið rætt sem önnur, er varða málefni stofnunarinnar. Áætlanir um litasjónvarp hafa ekki enn verið gerðar, enda tengist slík áætlun mörgum öðrum þáttum framkvæmda og verður ekki fráskilin röðun þeirra."

Jónas Árnason: Herra forseti. Ég finn það núna, að ég er farinn að eldast. Mér var ómögulegt að skilja röksemdafærsluna að baki þeirri fullyrðingu hv. þm. Ellerts Schram, að það bæri vott um tvískinnung hjá íslensku ríkisstj. eða í stjórnarflokkunum, að Ameríkanar ætla að fara að senda út í litum frá Keflavíkurflugvelli. Ég held, að þetta hljóti að vera að kenna ellihnignun hjá mér, sé ég allt í einu hættur að skilja þennan skynsama mann.

En ég tek undir margt af því, sem hann segir hér varðandi Keflavíkursjónvarpið. Fréttin í Alþýðublaðinu í morgun er sannarlega athyglisverð. Alþýðublaðið hefur, eins og menn vita, valið sér kjörorð: „Blaðið, sem þorir." Þetta er skrifað rauðu letri á forsíðunni. Eitt af því, sem þetta blað „þorir", er að birta dagskrá Keflavíkursjónvarpsins. Það notar rautt letur, þegar það segir frá einhverju, sem það telur vera merkilegt. Þótt ótrúlegt sé að vísu, notar það ekki rautt letur á dagskrá Keflavíkursjónvarpsins, heldur bara venjulega prentsvertu eins og á dagskrá íslenska sjónvarpsins.

Nú þessa dagana, þegar Íslendingar takast á um það stórmál, hvort hér skuli vera her eða ekki her, og menn tala mikið um þjóðernislegan metnað, þjóðarstolt og sjálfsvirðingu Íslendinga, gerist það varla nokkurn tíma, að Alþýðublaðið taki nokkurn þátt í þeim umr. Í morgun t. d. er ekki nokkurt orð um umr., sem áttu sér stað hér á Alþ. í gær Aftur á móti er á forsíðu þessi líka frétt, fagnaðarboðskapur: „Keflavíkursjónvarpið í lit í júní í sumar." Ég leyfi mér þess vegna að spyrja og ítreka ýmsar spurningar, sem fram komu hjá hv. þm. Ellert Schram, hvort eigi virkilega að þola, að Keflavíkursjónvarpið, sem með starfsemi sinni margbrýtur og þverbrýtur íslensk lög, fari nú að efla sig í samkeppni við hið íslenska sjónvarp með því að senda út í litum. Og ég spyr, hvort stjórnendur þessa sjónvarps geti leyft sér hvað sem er án þess að fá samþykki löglega kjörinna íslenskra yfirvalda yfir íslensku sjónvarpi og hljóðvarpi. Eða er það kannske með samþykki hæstv. menntmrh., að Ameríkanar hafa í undirbúningi að senda út í litum strax í júní í sumar, rétt fyrir þjóðhátíð okkar Íslendinga? Þessa vil ég sem sé leyfa mér að spyrja hér, og ég vænti þess sem einn af stuðningsmönnum ríkisstj. að fá við þessu skýlaus svör. Hitt þykist ég vita, að þegar kemur að því, að Kanar fari að senda út í litum, þá muni málgagn Alþfl. íslenska einnig fara að birta dagskrá þess sjónvarps í litum.

Menntmrh. (Magnús T. Ólafsson): Herra forseti. Svarið við þeirri spurningu hv. 5. þm. Vesturl., hvort ég hafi samþykkt þær fyrirætlanir Bandaríkjamanna að hefja sjónvarpsútsendingar í litum frá Keflavíkurflugvelli í júní, er það, að hið fyrsta, sem ég vissi um þetta mál, var, þegar ég sá Alþýðublaðið í morgun. Sömuleiðis spurði hv. þm., hvort ætti að líða Keflavíkursjónvarpinu að efla sig á þennan hátt til samkeppni við íslenska Ríkisútvarpið. Svar mitt við þeirri spurningu er, að slíkt má ekki líða og verður ekki liðið.

Stefán Jónsson: Herra forseti. Hér er að vísu ekki ljóst, hvort nokkuð meira athugavert væri við það, að Ameríkumenn sendu út í litum af Keflavíkurvelli, hvort það væri nokkuð ólöglegra heldur en þeir sendu út sjónvarpsmyndir í svörtu og hvítu. Mér er það ekki alveg fyllilega ljóst. En fsp., sem hér er borin fram og svarað af hæstv. menntmrh., hljóðar upp á íslenskt litasjónvarp, og vakin var athygli á því í framsöguræðu, að það var tilkoma Keflavíkursjónvarpsins, sem knúði Íslendinga áfram um það að koma upp sjónvarpi, áður en þeir höfðu komið upp útvarpi, sem heyrðist um landsbyggðina. Mér er kunnugt um það, að hér inni eru þm. Austfirðinga og Norðlendinga, sem á sínum tíma inntu þáv. útvarpsstjóra eftir því, hvort ekki væri hægt að gera ráðstafanir til þess að útvarp heyrðist um landsbyggðina, sérstaklega um Austur- og Norðausturland, áður en lagðar yrðu stórar fjárfúlgur í að koma upp sjónvarpi, en fengu svör á þá leið, að það hefði aldrei verið stefna Ríkisútvarpsins að heyrast út um hvippinn og hvappinn. Enn í dag heyrist ekki útvarp á stórum svæðum á Austurlandi og Norðausturlandi og á Vestfjörðum, þó að Ríkisútvarpið hafi starfað í 44 ár. Þegar nú á að hefja umr. um það, hvort við eigum ekki að verða a. m. k. jafnfljótir til og Kaninn að byrja litsjónvarp á Íslandi, áður en þannig hefur verið gengið frá tæknimálum Ríkisútvarpsins, að t. d. útsendingar á

góðri músík heyrist víðs vegar um landið, þá liggur við, að manni finnist ástæða til að hvetja til þess, að hægt verði á umr. í bili og athugað, hvort ekki væri hægt áður að koma því til leiðar, að útvarp heyrðist um hinar dreifðu byggðir. Nú vill svo til, að Ríkisútvarpið hefur þegar komið sér upp þeim tæknibúnaði, sem mestur kostnaðurinn liggur í, til þess að koma mætti örbylgjusendingum eða FM-útvarpi til a. m. k. allra þeirra byggðra býla á Íslandi, sem njóta sjónvarps, og ég ítreka aðeins þessa aths. mína, að það væri vel viðeigandi að athuga, hvort ekki væri fyrst hægt að koma útvarpinu eftir 44 ár inn á íslensk heimili.

Halldór Blöndal: Herra forseti. Ég hryggist út af fyrir sig yfir því að heyra, hvað hv. sendisveinn ríkisstj., 5. þm. Vesturl., hefur litlar vonir um það, að herinn hverfi úr landi, og hvað hann hefur þungar og miklar áhyggjur af uppbyggingu menningartækja þar á Suðurnesjum, að hann sleppir sér í þingsölunum yfir því, hvað þar er verið að byggja upp. En ég ætla ekki að tala um það.

Mig langar til að spyrja hæstv. menntmrh. tveggja spurninga, þess vegna stóð ég upp. (**Forseti:** Má ég aðeins benda hv. þm. á, að hæstv. menntmrh. getur ekki talað í þessu máli meir, hann hefur talað tvisvar, þannig að fsp. verður að koma fram við annað tækifæri til hans, ef henni á að svara?) Ég þakka ábendinguna, en ég ætla nú samt að koma þessu á framfæri. Ég ætla að beina þeim tilmælum til menntmrh., að hann beiti sér fyrir því, að orðið verði við óskum bæjarstjórnar Húsavíkur um að bæta hlustunarskilyrði þar, en þar er ástandið þannig, eins og kemur fram í ályktun hennar, að Húsvíkingar geta ekki hlustað á þá endurvarpsstöð, sem þeim er ætluð, sakir truflana og verða að fara aðrar leiðir.

Jafnframt vil ég beina því til menntmrh., að hann beiti sér fyrir því, að komið verði upp sjónvarpssendingum frá Grímsey, sem ætlaðar yrðu fyrir bátaflotann út af Norðurlandi, en það er mjög brýnt mál og mikill áhugi hjá bátasjómönnum norður þar að fá bættar sjónvarpssendingar á miðin. Eins og hæstv. ráðh. veit, er það nú orðið altíða í fiskibátum, að sjónvarpstæki séu þar höfð um borð, og ekki svo smíðað nýtt skip, að ekki sé sjónvarpstæki í því.

Ég vildi aðeins koma þessu tvennu á framfæri; að reyna að sinna óskum bæjarstjórnar Húsavíkur um bætt hlustunarskilyrði útvarpsins þar og eins annars staðar á Norðausturlandi, — ég tek undir það, sem hv. 6. landsk. þm. sagði um það atriði, — jafnframt því sem ég ítreka óskir um sjónvarp frá Grímsey.

Fyrirspyrjandi (Ellert B. Schram): Herra forseti. Ég þakka hæstv. ráðh. svarið, enda þótt það hafi verið nokkuð rýrt. Það gleður mig, að hann skuli vera farinn að lesa Alþýðublaðið, því að þar komst hann á snoðir um það, hvað stæði til hjá þeim á Keflavíkurflugvelli, og er hann væntanlega farinn að lesa það að staðaldri eftir sameininguna. Það hefur verið opinbert leyndarmál hér í þéttbýlinu, hvað til stæði um þetta litasjónvarp, nú um nokkuð langan tíma. Hitt er annað mál, að ég byggði ekki þessa fsp. mína á þeim sögusögnum, og reyndar er það tilviljun, að þessi frétt birtist sama dag sem þetta mál er tekið fyrir hér á þingi.

Ég verð því miður að taka undir það með vini mínum, hv. þm. Jónasi Árnasyni, að ég held, að hann sé orðinn nokkuð gamall, ef hann er ekki lengur farinn að skilja það, sem ég segi, né heldur hann átti sig á þeim tvískinnungi, sem hann tekur þátt í þessa dagana með því að telja þjóðinni trú um, að varnarliðið eigi að fara úr landi innan tíðar, á sama tíma sem stórfelldar byggingarframkvæmdir eiga sér stað með vitund og vilja núv. stjórnvalda. Ég tel, að í þessu sé fólginn tvískinnungur. Ég held, að það sé líka í því fólginn tvískinnungur að tala um atlögu að íslenskri menningu með stóryrðum, eins og hann og hans félagar gerðu hér á árum áður, en hreyfa hvorki legg né lið nú, þegar þeir komast í valdaaðstöðu, gegn þessu háskalega sjónvarpi. Þetta er sá tvískinnungur, sem ég var að tala um áðan.

Ég hugsa, að hv. 6. landsk., Stefán Jónsson, hvað sem útvarpinu líður og að það skuli ekki heyrast um allt land, sem er að sjálfsögðu slæmt, þá sé hann sammála mér um það, að betra var á sínum tíma að stofna til íslenska sjónvarpsins og setja það af stað heldur en láta Keflavíkursjónvarpið, sjónvarpsstöð erlends varnarliðs í landinu, vera eitt um hituna og láta Íslendinga horfa á það. Ég get sagt frá því, sem ég hef sagt áður í umr. á þingi, að ég taldi það hneyksli og tel það enn hneyksli, að slíkt sjónvarp sé eitt um hituna. Má vera, að það hafi skapast annað ástand í dag.

Ég geri litasjónvarp Keflavíkursjónvarpsins að umtalsefni vegna þess, að ef á ekki að stöðva þetta sjónvarp, sem ég tel engar líkur á, meðan þessi stjórnvöld sitja, þá verða Íslendingar að gera sér grein fyrir því, að hér er á ferðinni samkeppni, sem stefnir íslenska sjónvarpinu í hættu, vegna þess að þegar kemur litasjónvarp, fullkomið sjónvarp á Suðurnesjum, þá má reikna með því, að fólk fari aftur að horfa að staðaldri á þetta sjónvarp. Hvar stöndum við þá með okkar íslenska sjónvarp? Meðan þetta er staðreynd, verðum við að horfast í augu við það og haga okkar sjónvarpsrekstri í samræmi við það. Þess vegna held ég, að það sé fyllilega kominn tími til, að við gerum okkar ákvarðanir og áætlanir um þetta efni, enda þótt engin svör sé hægt að draga upp úr hæstv. ráðh.

Jónas Árnason: Herra forseti. Ég fagna þeirri yfirlýsingu hæstv. ráðh., að ekki verði liðinn sá ósómi, að Keflavíkursjónvarpið fari að efla samkeppni sína við íslenska sjónvarpið með því að senda út í litum.

Ég vil gera aths. við það, sem hv. þm. Stefán Jónsson sagði hér áðan, að það skipti ekki máli, lögbrotin væru hin sömu, hvort sem sent væri út í litum eða ekki í litum. Að sjálfsögðu er ég á sama máli og hann um það. En spurningin er um það, hvað ósóminn á að ganga langt. Hann hefur þegar gengið nógu langt og hann mundi stóraukast við þetta.

Varðandi það, sem menn segja hér um framferði Bandaríkjamanna á Keflavíkurflugvelli,

ýmsar framkvæmdir þar, m. a. að þær beri vott um, að ríkisstj. ætli ekki að standa við fyrirheitið um að láta herinn fara. Ég vil segja við þessa menn, að ef Bandaríkjamenn á Keflavíkurflugvelli standa í þeirri meiningu, að þeir eigi ekki að fara, hljóta þeir að hafa fengið upplýsingar um það eða fullyrðingu um það úr einhverjum öðrum röðum heldur en röðum stjórnarsinna. Ég veit ekki hvort hægt er að ympra á því hér, en gjarnan mættu einhverjir, sem hefðu aðstöðu til, koma á framfæri við Ameríkana leiðréttingu á þessu, að þessar fullyrðingar, sem þeir hafa heyrt og e. t. v. trúað, séu ekki réttar. Það stendur sannarlega til, að þeir verði að fara með her sinn af Keflavíkurflugvelli.

Stefán Jónsson: Herra forseti. Það kann að stafa af tiltölulega litilli þjálfun, sem ég hef haft í ræðumennsku síðasta hálft annað árið eða svo, hvað erfiðlega mér vill ganga að gera mig skiljanlegan, þegar hv. þm. Jónas Árnason, vinur minn, skilur ekki lengur, hvað ég er að fara. Ég held því fram, að það sé ekki hægt að fremja öllu meiri lögbrot í sambandi við útvarpsrekstur eða firðskiptarekstur á Íslandi heldur en með því að heimila Ameríkumönnum á sínum tíma útvarps- og sjónvarpsrekstur á Keflavíkurflugvelli. Ég get tekið undir það, að vera megi, að ósómi í litum sé verri en ósómi í svart/hvítu. Mér aftur á móti, — ég verð að viðurkenna það, — er næstum því óskiljanlegt, að ekki skuli hafa verið undinn að því bráður bugur þegar við myndun núv. ríkisstj. að stöðva þessar útsendingar. Ég er viss um, að þeir aðilar, sem það hefðu getað gert, eiga sæti í þessum salarkynnum núna. Ég veit, að það yrði erfiður róður fyrir íslenska sjónvarpið í samkeppni við amerískt litasjónvarp af Vellinum, ef íslenska sjónvarpið héldi áfram að útvarpa í svart/hvítu. En ég tek undir það með hv. þm. Jónasi Árnasyni, að ég trúi því, að þeim muni ekki gefast tóm til að hefja litasjónvarp af Keflavíkurflugvelli, því að þeir verði, eins og segir í kvæði Hannesar Péturssonar, farnir þá.

Sameinað þing, 48. fundur.

Þriðjudaginn 29. jan., að loknum 47. fundi.

Kostnaðaráætlanir við stjórnarfrv., þáltill. (þskj. 329). — Hvernig ræða skuli.

Að till. forseta var ákveðin ein umr.

Heyrnaskemmdir af völdum hávaða í samkomuhúsum, þáltill. (þskj. 332). — Hvernig ræða skuli.

Að till. forseta var ákveðin ein umr.

Virkju Svartár í Skagafirði, þáltill. (þskj. 335). — Hvernig ræða skuli.

Að till. forseta var ákveðin ein umr.

Virkjun Fljótaár í Skagafirði, þáltill. (þskj. 336). — Hvernig ræða skuli.

Að till. forseta var ákveðin ein umr.

Fjárreiður stjórnmálaflokka, þáltill. (þskj. 42). — Frh. einnar umr.

Enginn tók til máls.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Z í ritmáli, þáltill. (þskj. 148). — Ein umr.

Flm. (Sverrir Hermannsson): Herra forseti. Á þskj. 148 hef ég leyft mér ásamt hv. þm. Helga F. Seljan, Ellert B. Schram og Bjarna Guðnasyni að flytja till. til þál. um z í ritmáli. Tillgr. er örstutt, og hún er um það, að Alþingi álykti, að hrundið skuli þeirri ákvörðun að fella z niður í íslensku ritmáli.

Þessi till. er búin að liggja alllengi fyrir í hv. Alþingi, og þess vegna geri ég ráð fyrir því, að öllum hv. þm. hafi gefist kostur á að kynna sér grg., sem þessari till. fylgir. Hún er stutt og er ein fullyrðing. En allir, sem í alvöru vilja hugsa um þetta mál, geta séð í hendi sinni, að þessi fullyrðing á fyllsta rétt á sér. Ég mun þó reyna að finna henni frekari stað.

Það mun hafa verið í byrjun sept. s. l., sem tilkynning barst frá menntmrn., að fella skyldi bókstafinn z niður í íslensku ritmáli. Það má með sanni segja, að sú tilkynning hafi komið eins og þruma úr heiðskíru lofti. Um leið fékk almenningur að vita, að rn. hefði með bréfi, dags. 2. maí s. l., skipað menn í n. til að endurskoða íslenskar ritreglur.

Ég fer fram á það hér og nú að fá upplýsingar um, hverjir skipa þessa n. og hvaða laun t. d. hún þiggur. Enn fremur er farið fram á að fá upplýsingar um, hvaða nauður rak til þess nú að hefja endurskoðun á ritreglum, að hverra eða hvers frumkvæði var ráðist í þá endurskoðun. Það er nauðsynlegt að fá sem gleggstar upplýsingar um alla þætti þessa máls, því að greinilega er með því vegið að íslensku ritmáli og úr launsátri.

Í samtali við Morgunblaðið sagði form. endurskoðunarnefndarinnar, prófessor Halldór Halldórsson, að samstaða hefði verið í meginatriðum innan n. um niðurfellingu z. Halldór kvað afnám z einföldun á stafsetningunni, en hann bjóst við, að það mundi taka eina kynslóð, áður en hinar nýju reglur yrðu ríkjandi í stafsetningunni. Halldór Halldórsson veit ofur vel, að ekki tjóir að hugsa í máli þessu í mánuðum eða árum, heldur í mörgum áratugum og jafnvel öldum.

Það er dálítið hlálegt í sambandi við þetta mál, að hv. form. endurskoðunarn. hefur sjálfur lýst yfir, að hann muni vitaskuld halda áfram að rita z.

Í sama tölubl. Morgunblaðsins er viðtal við sjálfan hæstv. menntmrh., og er hann heldur en ekki djúpskreiður í spekinni. Menntmrh. segir þar orðrétt, með leyfi forseta:

„Menntmrh. Magnús Torfi Ólafsson sagði í viðtali við Morgunblaðið, að ráðist væri í þessa breytingu einmitt nú, þar sem menn hefðu talið það vera að fara aftan að kennurum og nemendum í skólum að kenna z hálft eða heilt skólaár til viðbótar, þegar ljóst var, að samstaða var innan n. um þessa tilteknu breytingu og hún kæmi því óhjákvæmilega til framkvæmda.“

Það var og. Það heitir að fara aftan að kennurum og nemendum að kenna z í hálft eða heilt skólaár til viðbótar við þau 44 ár, sem við höfum búið við þessa reglu alfarið. Ástæðan er sú, að þar sem samstaða hafi verið innan n. um þessa tilteknu breytingu, — að vísu gat form. n. þess, að það hefði verið í meginatriðum samstaða um það, — kæmi hún óhjákvæmilega til framkvæmda.

Er nægilegt, að samstaða, — samstaða í meginatriðum, eins og form. orðaði það, — náist innan þessarar huldunefndar, til þess að álit hennar verði að lögum? Það eru meinleg örlög, ef hæstv. menntmrh., sem talinn er mjög fróður maður, hefur ekki þekkt neitt til sögu íslenskrar stafsetningar, svo að hann gat látið sér til hugar koma, að samþykkt lítillar n., sem hann skipar, gæti orðið alræði í þessum sökum.

Út af fyrir sig hef ég ekkert á móti því, að ritreglur séu athugaðar, þó að ég sjái til þess enga ástæðu nú og eigi eftir að fá skýringu á slíku uppátæki. Um leið og þær skýringar eru gefnar, óska ég eftir því sérstaklega, eins og ég tók fram, að fá alla þætti málsins upplýsta og hverjir áttu hér frumkvæði.

Hverjir eru eðlilegir starfshættir þeirra, sem til þess eru kallaðir að endurskoða einhver efni? Er ekki eðlilegt og sjálfsagt, að þeir skili áliti sínu formlega og í heild. Í stað þess að hafa þann sjálfsagða hátt á er hér einum bókstaf varpað fyrir borð. Mönnum kynni að fljúga í hug, að þetta væri gert til að sýna eljusemi í starfi fyrir útborgunardag. En svo einfalt er málið ekki. Þeir vita betur, sem eru vel kunnugir sögu hörkulegrar þrætu um ritreglur, sem stóð hátt á aðra öld uppstyttulítið.

Fyrir hálfri öld hefði engum lifandi manni dottið í hug að haga sér þannig, ef hann vildi hafa áhrif á ritreglur, að varpa slíkri till. fram án rökstuðnings. Sá hinn sami hefði fyrir fram getað sagt sér til um viðbrögðin. En nú á að gera tilraun á Íslendingum. Nú hyggja launsátursmenn, að kunni að vera lag, og því skal róið. Könnuð skulu viðbrögð almennings í velferðarþjóðfélaginu. Kanna skal, hvort hann er ekki daufdumbur orðinn fyrir öllu öðru en brauði og leikjum, einnig hvort t. d. alþm. hafa ekki áreiðanlega asklokið fyrir himin. Z hefur aldrei verið og er ekki heldur þessum mönnum neitt aðalatriði. Þeir verða að fikra sig áfram að þeirri aðferð, að ritað skuli eftir framburði. Og þá er feitari gelti að flá en z, og þar á ég t. d. við y. Ef þessi tilraun með z heppnast vel, þá er að snúa sér að stóru verkefnunum og þá fyrst og fremst að y. Meðan þrætan stóð um íslenskar ritreglur í 150 ár eða þ. u. b., var endurskoðunarsinnum öllum miklu meira í nöp við y en z.

Ég ætla ekki hér og nú að orðfæra frekar um þessa aðferð, sem er næst í boði, að leggja niður y, ég læt öllum hv. alþm. það eftir. En það verður tilhlökkun að vera ritstjóri Morgunblaðsins með nafni eins og Eyjólfur og Styrmir og allt með einföldu, — og hæstv. forseti, sem að vísu er ekki viðstaddur, þegar hann verður t. d. orðinn yfirþjóðgarðsvörður og verður neyddur til þess að skrifa nafn sitt með einföldu: „Eisteinn Jónsson.“

Menn skulu vita, að ýmsir stærri bógar en nm. hæstv. menntmrh. hafa gert hrakalegar tilraunir til að gerbreyta íslenskri réttritun á síðari öldum, en hafa ekki haft erindi sem erfiði. Fyrst má frægan telja sjálfan Konráð Gíslason. Hann taldi á sinum tíma einsýnt að rita eftir framburði, og með Fjölni að vopni skyldi maður halda, að hann hefði haft lykilaðstöðu til þess að fá því framgengt. En svo varð alls ekki. Og geta má þess, að hinn fastmótaði gáfumaður, Konráð Gíslason, sneri sjálfur frá villu síns vegar, eftir að þeir voru látnir Tómas og Jónas, og er Konráð gaf Fjölni út í samráði við aðra, breytti hann til. Úrslitum mun hafa ráðið, að þá höfðu hafið göngu sína Ný félagsrit Jóns forseta, sem í öllum aðalatriðum hélt sig við ritreglur málssnillingsins og Íslandsvinarins Rasmus Rasks. Þær ritreglur, sem við búum við enn í dag, eru að meginstofni hinar sömu, og tel ég þá með hinn nýjasta sið, enda er hann hin mesta óregla. Fleiri stórmenni, sem feta vildu í fótspor Konráðs, má nefna, eins og t. d. Björn Ólsen, Bjarna frá Vogi, Guðmund Björnson landlækni og enn marga fleiri. En allar þessar tilraunir enduðu á einn veg, sem sagt að þær náðu ekki fram að ganga.

Ég vil leyfa mér að vitna í orð prófessors Guðbrands Vigfússonar, þar sem hann víkur að þessari reglu, að rita eftir framburði. Hann segir svo, með leyfi hæstv. forseta:

„En ef menn sveigja á bakborða með Fjölni, þá horfir beint út í hafsauga út í endalausar stafsetningarvillur, því að þar kemur einn ritkækur og nýjung á aðra ofan, þangað til ekki er heil brú eður urmull orðið eftir af málinu. Því að hver sem vill miða rit sitt við framburð einan, honum fer líkt og hafrinum, sem miðaði við skýin og fann ekki mat sinn, og við verðum þangað til að, að enginn veit sitt rjúkandi ráð, hvernig hann á að stafa eða rita.“

Þetta sagði ekki ómerkari maður en Guðbrandur prófessor Vigfússon.

Ég mun nú víkja sérstaklega að z. Ég hef orðið þess var, að nokkrir menn vaða í þeirri villu, að ritun z sé tiltölulega nýtt fyrirbrigði í íslensku ritmáli. Þetta er alrangt mál. Z er frá upphafi ritaldar, hvorki meira né minna. Það er alíslenskt að rita z, og ég vil benda á enn fremur, að z er rituð í elstu prentaðri bók á íslensku, Nýja testamenti Odds Gottskálkssonar frá 1540.

Ég vil leyfa mér að vitna nokkuð í erindi, sem Magnús Finnbogason menntaskólakennari flutti í Ríkisútvarpið árið 1941. Hann segir þar svo m. a., með leyfi hæstv. forseta:

„Sjónarmið þau, sem farið er almennt eftir við stafsetningu, eru tvö: Annað er það að miða stafsetningu við framburð, hitt er að miða hana við uppruna. En í framkvæmdinni er hvorugt þessara sjónarmiða einhlítt.

Fyrra sjónarmiðið er ekki einhlítt vegna þess, að bæði er framburðurinn mismunandi í ýmsum landshlutum — og jafnvel hjá einstaklingum

í sama héraði — og auk þess eru hljóðtáknin, bókstafirnir, ekki nærri nógu mörg til að tákna öll hljóð málsins.

Síðara sjónarmiðið er ekki einhlítt vegna þess, að málið hefur smám saman tekið margvíslegum breytingum, og gæti því orðið torvelt að skera úr, hvaða telja beri skv. uppruna, enda værum vér þá komnir inn í myrkviði, sem fárra væri að rata gegnum.

Eina færa leiðin hefur því reynst sú að fara bil beggja þessara sjónarmiða, enda hefur hún jafnan verið farin, síðan tekið var að sinna stafsetningu íslenskrar tungu. Aðeins hefur menn greint á um, hvernig miðla skuli málum milli þessara sjónarmiða.

Allt fram á 19. öld var stafsetning íslenskrar tungu mjög á reiki. Var eins ástatt hér og í öðrum löndum, að engar reglur voru til um ritun þjóðtungunnar, þótt hins vegar væri vandað til stafsetningar fornmálanna, latínu og grísku.

Á síðara hluta 18. aldar fer að verða vart nokkurrar viðleitni í samræmisátt, einkum frá Eggert Ólafssyni og Hannesi Finnsyni biskupi. En samræmdar reglur um íslenska stafsetningu eru engar til, fyrr en danski málfræðingurinn Rasmus Rask tekur að rannsaka íslenska tungu. Hann myndar sér fasta stafsetningu og birtir helstu atriði hennar í stafrófskveri sem hann nefndi „Lestrarkver handa heldri manna börnum."

Nú á kannske ritun z að verða leyfileg aðeins hinum heldri mönnum, eins og prófessorum við Háskólann, þar sem form. í endurskoðunarn. gat þess sérstaklega, að enda þótt það ætti ekki að kenna ungum börnum að rita þennan merkilega staf, þá ætlaði hann að leyfa sér það sjálfur.

Nokkur helstu einkennin á stafsetningu Rasks voru í sambandi við z, að z var rituð í staðinn fyrir ds, ðs, ts og tts.

„Með reglum þessum lagði Rask þann grundvöll, sem síðan var byggt á, þótt skoðanir manna hafi löngum verið skiptar um einstök atriði.

En nærri lá nokkru seinna, að horfið væri frá þeirri stefnu, sem Rask hafði markað, og íslenskri tungu því steypt í voða. Þar á ég við hið alræmda stafsetningarflan Konráðs Gíslasonar, sem mikil hætta gat stafað af, vegna þess að Konráð var einn af útgefendum Fjölnis og hinn snjallasti málfræðingur.

Í öðrum árgangi Fjölnis, 1836, birtir Konráð langa grein um stafsetningu og telur þar, að stafsetning eigi að miðast að öllu leyti við framburð. Ég ætla ekki að lýsa stafsetningu Konráðs því að hún átti sér ekki langan aldur. En ætla má, að nútímamönnum hnykki við, er þeir sjá 19. aldar rit, ekki ómerkara en Fjölni, birta tungu vora í þeim búningi. Þess skal aðeins getið, að í einu atriði vék Konráð þó frá framburðarsjónarmiðinu: Hann ritaði tvöfaldan samhljóð næst á undan öðrum samhljóð skv. uppruna.

Árið 1846 hverfur Fjölnir frá þessari stafsetningu, en tekur upp stafsetningu, sem notuð var á riti, er hafið hafði göngu sína nokkrum árum áður." Það voru Ný félagsrit Jóns forseta.

„Þegar Fjölnir hvarf frá stafsetningu Konráðs, varð sú stafsetning í raun og veru sjálfdauð, því að nú var þess skammt að bíða, að Konráð félli sjálfur frá henni. Laust fyrir 1850 tók hann upp nýja stafsetningu. Til grundvallar henni lagði hann stafsetningu Rasks, en gerði á henni nokkrar smávægilegar breytingar."

„Með því að nota stafsetningu Rasks í Nýjum félagsritum hefur Jón Sigurðsson vafalaust átt drjúgan þátt í því, að sú stafsetningarstefna, sem Rask hafði markað, sigraði, en hin uggvænlega stefna Konráðs hvarf úr sögunni. Jón naut svo mikils álits, að það hefði getað riðið stefnu Rasks að fullu, ef hann hefði aðhyllst hina fyrri stefnu Konráðs, enda óvíst, að Konráð hefði þá nokkurn tíma horfið frá henni sjálfur.

Nú tók Halldór Friðriksson latínuskólakennari upp hina nýju stafsetningu Konráðs, samdi réttritunarreglur skv. henni og breiddi hana út. Var hún nú að mestu einráð í landinu fram að aldamótum og ýmist nefnd skólastafsetningin eða stafsetning Halldórs Friðrikssonar. Á síðasta fjórðungi 19. aldar reyndi Björn M. Ólsen að vekja upp hina eldri stefnu Konráðs í ýmsum greinum, t. d. vildi hann nema brott y og ý. En ekki bar sú tilraun hans neinn varanlegan árangur.

Árið 1898 var tekin upp ný stafsetning, blaðamannastafsetningin, er svo var nefnd, fyrir forgöngu Jóns Ólafssonar ritstjóra. Stafsetning þessi var frábrugðin stafsetningu Halldórs Friðrikssonar um það, að nú var é tekið upp að nýju og z látin gilda fyrir tts, auk þess sem hún gilti áfram fyrir ds, ðs og ts."

„Blaðamannastafsetningin náði talsverðri útbreiðslu, en mætti brátt mikilli andstöðu, og varð nú um hríð hið mesta stefnuleysi og ruglingur í stafsetningu manna. Hver fór sínar götur bæði um kennslu og ritun málsins," eins og nú virðist því miður vera í boði.

„Nú fór mönnum að þykja tími til kominn að binda enda á þennan ófagnað. Árið 1918 gaf því stjórnarráðið út auglýsingu um eina og sömu stafsetningu í skólum og á skólabókum. Stafsetning þessi er gerð upp úr blaðamannastafsetningunni" — með smávægilegum breytingum.

„Þessi stafsetning var nú kennd í skólum og notuð á flestum blöðum og bókum um hríð, og hafa ýmsir útgefendur blaða og bóka notað hana" — notað hana fram til 1940—1950. — En þessi stafsetning mætti einnig harðri andstöðu úr ýmsum áttum og átti sér ekki langan aldur sem opinber stafsetning.

Á fundi íslenskukennara vorið 1924 voru þeir dr. Alexander Jóhannesson, Einar Jónsson magister og Jakob Smári magister kjörnir til að gera nýjar tillögur um stafsetningu. Skiluðu þeir áliti og er stafsetning sú, sem þeir gerðu till. um, í flestum greinum hin sama og stafsetning Halldórs Friðrikssonar.

Nú gerist ekkert fram til ársins 1929. En þá gefur stjórnarráðið út nýja auglýsingu um stafsetningu, og er þá tekin upp nálega óbreytt stafsetning sú, sem þeir dr. Alexander Jóhannesson, Einar Jónsson og Jakob Smári höfðu komið sér saman um vorið 1924. Stafsetning þessi er frábrugðin stafsetningu Halldórs Friðrikssonar um það, að nú er ritað é, en ekki je, og f næst á undan samkvæðu t, sem helst í öllum beygingarmyndum orðs, en ekki p eins og í stafsetningu Halldórs. — Freysteinn Gunnarsson skólastjóri ritaði síðan stafsetningarreglur skv. þessari staf-

setningu. — Síðan þessi stafsetning var tekin upp, hefur ekkert verið við henni haggað annað en það, að árið 1934 var veitt undanþága frá því að kenna z í barnaskólum," sem aldrei skyldi verið hafa, enda mjög létt að læra þá reglu, fyrr en svo nú, að endurskoðunarsinnar hafa heldur betur tekið til höndunum. Og hefur þó, eins og ég hef tekið fram fátt eitt fram komið af því enn.

Eins og áður hefur verið sagt, eru það þeir Rasmus Rask og Konráð Gíslason, sem hafa aðallega mótað núgildandi stafsetningu, en Jón Sigurðsson, sem átti mikilsverðan þátt í, að sú stefna, sem stafsetning þessi er sprottin upp úr, bar sigur af hólmi, er háskasamlegast var að henni vegið. Þessari stafsetningu verður því ekki fundið til foráttu, að neinir aukvisar eða angurgapar standi að henni. Öllu heldur ættu nöfn þessara manna að vera nokkur trygging fyrir því, að hún sé vel og hyggilega úr garði gerð, og jafnframt nokkur aðvörun miðlungsmönnum gegn því að flana að breytingum á henni eða afnámi hennar. Enda hygg ég mála sannast, að betri stafsetningu höfum við aldrei haft, þegar á allt er litið, og það hafi verið viturlega ráðið að taka hana upp aftur."

„Stafurinn z er mörgum þyrnir í augum, og er ekki trútt um, að margir ímyndi sér, að hann sé eitthvert sérviskulegt uppátæki málfræðinga og jafnvel ætlaður til þess að gera stafsetningarnám allt sem torveldast."

Ég minntist á það, að stafurinn z er frá upphafi ritaldar og hann er að finna í elstu bókum útgefnum á íslensku máli. Það verður að vísu að játa, að það þarf dálitillar málfræðikunnáttu við til þess að kunna alfarið að rita þennan staf. En því fer víðs fjarri, að það sé neinum meðalgefnum manni ofvaxið, og þegar það er haft í huga, að stöðugt er verið að lengja skólaskylduna, er víst áreiðanlega tími til þess hjá kennurum að kenna þennan staf, svo að vel fari úr hendi hjá öllum að rita hann.

Ekki væri z heldur gagnslaus, ef hún gæti orðið steinn í götu þeirrar stefnu, sem hafa vill alla móðurmálskennslu sem minnsta og ónákvæmasta. Ég vil leyfa mér að vitna hér í orð Páls Eggerts Ólasonar, sem hann viðhefur í riti sínu um Jón Sigurðsson, þar sem hann segir á einum stað: „Þá tekur skólanám að verða kynlegt, ef farið er að mæla börn undan því að læra móðurmál sitt með þeim hætti, sem skerpt getur skilning þeirra og athyglisgáfu um upptök og uppruna orða. Ef fylgt væri sömu reglu út í æsar, mættu menn ekkert læra nema eins og páfagaukar."

Á það ber að leggja höfuðáherslu, að þær ritreglur, sem við búum við í dag, fyrir utan hina nýju óreglu endurskoðunarsinna eru niðurstaða þrætu, sem stóð töluvert á aðra öld, þar sem saman leiddu hesta sína nafngreindustu menn sem uppi voru á hverjum tíma. Ritreglurnar eru samkomulag, gert að bestu manna yfirsýn, og ég hygg, að þeir, sem e. t. v. réðu úrslitum um þær reglur, sem settar voru árið 1929, hafi ekki verið ómerkari menn en dr. Sigurður Nordal og Sigurður Guðmundsson skólameistari. Við þær reglur hefur verið farsællega búið og unað í hart nær hálfa öld.

Ég legg áherslu á, að ekkert atriði er svo smátt, er varðar íslenska tungu, að ekki sé lífsspursmál að standa um það vörð.

Ég vil svo leyfa mér, herra forseti, að lokum að vitna í orð Halldórs Kr. Friðrikssonar yfirkennara, en hann er einn af feðrum íslenskra ritreglna. Hann segir á einum stað: „Ég vonast til, að z lifi langan aldur hjá öllum þeim, sem vilja halda tungu vorri óbjagaðri og óskældri svo lengi sem auðið er." Við þessi orð er aðeins því að bæta, að þess verður að vera auðið að halda tungu vorri óbjagaðri og óskældri um aldur og ævi, ef við viljum halda áfram að heita íslensk þjóð.

Herra forseti. Þegar umr. þessari verður frestað, leyfi ég mér að leggja til, að till. verði vísað til hv. allshn.

Menntmrh. (Magnús T. Ólafsson): Herra forseti. Ég kýs að hefja þau orð, sem ég mun segja hér um þáltill. á þskj. 148, með því að víkja nokkrum orðum að grundvallaratriði þessa máls, sem frsm. kom þó ekki að fyrr en í lokasetningunni, sem hann mælti. Það er, að íslensk tunga haldist óbjöguð. Íslensk tunga er nákvæmlega jafnbjöguð eða óbjöguð, hvort sem menn skrifa s-hljóðið með z eða s. Það heyrist enginn munur, hvorki þegar ég né hv. 4. þm. Austf. segir bestur eða hestur, þetta er sama s-ið, sem við notum báðir tveir. Og það gera allir Íslendingar.

Z hefur verið notuð í íslensku ritmáli, frá því að bækur voru fyrst skrifaðar á íslensku, það er alveg rétt hjá frsm. En z hefur aldrei á því málsögutímabili, sem íslensk tunga nær yfir, táknað í íslenskra manna munni sérstakt hljóð. Kjarni tungunnar, eðli tungunnar, tungan sjálf kemur ekki fram í rittáknum, heldur hljóðtáknum. Tunga var til í munni manna, áður en nokkur kunni að rita. Tungan er hljóðin, sem byggja hið mælta mál. Hún er beygingarkerfið, sem íslenskan hefur varðveitt nákvæmara og liprara heldur en önnur skyld mál, sem hún átti beygingakerfið sameiginlegt með á fyrri málsstigum. Og hún er orðaröðin, skipun orðanna í setningar, þegar menn tjá hugsanir sínar. Rittáknin, sem notuð eru, þegar við tjáum mál okkar í riti, er ekki eðli tungunnar, heldur búningur tungunnar. Þetta er grundvallaratriði, sem menn verða að gera sér grein fyrir, þegar fjallað er um þau efni, sem varða réttritun.

Hér hefur frsm. talað æði digurbarkalega, valið þeim, sem eru á öðru máli en hann, ýmis háðuleg nöfn, og það sem alvarlegt er, hann hefur látið sér sæma að gera fjarstöddum mönnum, sem ekki eiga þess nokkurn kost að skýra sitt mál, hvers konar getsakir um hvatir þeirra, hvað þeir ætli sér, hvað þeir kunni að gera. Nú stendur svo á, að ekki þarf lengur neinar getsakir um það, það þarf ekki að standa hér í ræðustól á Alþ. og gera mönnum, sem falið hefur verið að vinna vandasamt verk og hafa lagt sig fram um að vinna það af bestu samvisku, upp skoðanir, hafa í frammi getsakir um, hvað þeim gangi til, til að mynda fjárgræðgi, að þeir skuli taka slíkt verkefni að sér. Álit stafsetningarnefndar liggur hér fyrir, það er vika síðan það barst í mínar hendur. Það þarf

ekki neinar getsakir né dylgjur um það, hvað fyrir þeim mönnum vakir, sem þar hafa lagt hönd að verki. En þessi málflutningur, sem frsm. lætur sér sæma að hafa hér í frammi, er því miður — verð ég að segja — í fyllsta samræmi við búning þeirrar till. á þskj. 148, sem til umr. er. Greinargerð með þessari till. er einn órökstuddur sleggjudómur, og ég hygg, að fá dæmi séu þess, að af svo miklum hroka sé unnið, þegar búin eru mál í hendur Alþingis.

Hv. 4. þm. Austf. lét eins og það hefði komið alþjóð á óvart, þegar gefin var út í haust auglýsing um afnám z, bókstafsins z, úr þeim opinberu reglum, sem gilt hafa um stafsetningu. Annaðhvort eru þetta látalæti eða hv. þm. fylgist ekki vel með þeim málum, sem hann þó þykist hafa mikinn áhuga á. Nefnd til að fjalla um gildandi stafsetningu og greinarmerkjasetningu og gera till. að nýjum reglum þar að lútandi var skipuð 11. maí á s.l. ári. Opinber fréttatilkynning var send út um skipun þessarar n., og ég veit ekki betur en hún hafi birst í blöðum og öðrum fjölmiðlum. Þar var skýrt frá nöfnum nm., og ég skal fúslega endurtaka þau, fyrst hv. frsm. þykist ekki hafa heyrt þau fyrr.

Formaður n. var skipaður dr. Halldór Halldórsson prófessor. Aðrir nm. voru skipaðir Baldur Ragnarsson kennari, Gunnar Guðmundsson skólastjóri Laugarnesskóla, Indriði Gíslason lektor við Kennaraháskólann og Kristinn Kristmundsson skólameistari við Menntaskólann á Laugarvatni.

Allir eru þessir menn vel menntaðir og þrautreyndir móðurmálskennarar. Einmitt þess vegna voru þeir valdir til að gegna því starfi, sem um var að ræða. Það erindisbréf, sem ég setti þessari n., um leið og hún var skipuð, er á þessa leið:

„Verkefni n. skulu vera í aðalatriðum sem hér segir:

1. Endurskoðun núgildandi stafsetningar íslenskrar tungu með nokkra einföldun tiltekinna stafsetningarreglna að markmiði. Nánar tiltekið skal n. einkum taka til athugunar eftirtalin stafsetningaratriði:
   a. Z.
   b. Stóran og lítinn staf.
   c. Tvöfaldan samhljóða.
   d. Y, ý og ey.
   e. J-reglur.
   f. É.
   g. Sérhljóða á undan ng og nk.
   h. Eitt orð eða tvö.
   i. Hugsanlegt aukið valfrelsi um rithátt tiltekinna orða eða hljóða.
2. Athugun á greinarmerkjasetningu með samningu nýrra, einfaldari reglna að markmiði.
3. Tillögugerð um framkvæmd þeirra hugmynda, sem n. kann að setja fram um breytta stafsetningu, einkum að því er varðar samningu kennslubókar í nýrri stafsetningu og greinarmerkjasetningu, kennslu þessara greina í skólum, svo og notkun nýrrar stafsetningar og greinarmerkjasetningar á öllu prentuðu máli, sem gefið er út á vegum ríkisins."

Frá þessari n. barst mér síðan bréf 20. ágúst, þar sem n. skýrði frá því, að hún hefði starfað allmikið á liðnu sumri. Að svo athuguðu máli kvaðst n. vilja gera eina till. þegar í stað, og síðan segir orðrétt í bréfi hennar:

„Í n. varð samkomulag um, að stafurinn z skuli, ef menntmrn. samþykkir, verða brott numinn úr íslenskri stafsetningu og í hans stað skrifað s."

Þegar ég hafði athugað þessa till. og afráðið að samþykkja hana, var síðan gefin út auglýsingin um afnám z, nr. 272 1973, Stjórnartíðindi, B-deild. Í bréfi þessu er ekki tilfærður rökstuðningur nm. fyrir till. um að nema z burt úr lögboðinni stafsetningu. En ég hygg, að rökstuðninginn megi nokkuð ráða af því, sem hv. frsm. skýrði frá í ræðu sinni um þá stafsetningu, sem hann virðist telja eina koma til greina, að 5 árum eftir að sú stafsetning var löggilt, var gefin undanþága frá kennslu reglna hennar um stafinn z í barnaskólum. Sú undanþága er í gildi enn í dag. Ástæðurnar til þess, að þessi undanþága var gefin og eftir þessari undanþágu var sótt, eru auðvitað þær, að z hefur meðal rittákna íslensks máls, sem notuð hafa verið, algera sérstöðu. Hún ein táknar ekki og hefur aldrei táknað sérstakt hljóð. Hún var í allri sögu íslensks máls fram á 19. öld notuð án þess, að nokkrar reglur um þá notkun sé hægt að finna í þeim ritverkum, sem varðveitt eru frá þessum mörgu öldum. Til eru tákn eins og y, sem ekki tákna nú sérstakt hljóð, en þau gerðu það á fyrra stigi íslenskrar málsögu, og þess vegna veita þau þýðingarmikla vitneskju um sögu málsins og breytingar hljóðkerfisins. Þetta gerir z ekki. Vegna þessa, vegna þess, að z eykur ekki á það fyrirbæri málsins, sem kallað er gagnsæi þess, að ritháttur inn geri nemandanum auðveldara að greina sögu einstakra orða og hljóða, geri allt málið ljósara fyrir nemandanum, vegna þessa hefur það ætíð sætt mikilli andstöðu, að z væri í lögskipaðri stafsetningu. Ýmis önnur hljóðtákn koma til greina, sem notuð hafa verið jafnvel svo öldum skipti í íslenskri stafsetningu og hægt væri að leiða að fullt eins sterk og jafnvel miklu sterkari málsöguleg rök að eigi heima í íslensku ritmáli heldur en z. Ég nefni bara tvenns konar æ eftir uppruna og tvenns konar ö, sem lengi tíðkaðist. Og um annað atriði a.m.k. vildi Halldór Kr. Friðriksson á síðustu öld gera greinarmun í sinni stafsetningu, um æ-ið.

Höfuðviðmiðanir um stafsetningu eru að sjálfsögðu einkum tvær: framburðarstafsetning og upprunastafsetning. En við ákvörðun stafsetningar, sem almenna notkun á að hljóta, hefur í íslensku og í öllum málum, sem ég þekki til og skyld eru íslenzku, verið farin millileið. Það hefur verið tekin upp hagkvæmnistafsetning, miðuð við það að rjúfa ekki tengsl við ritað mál frá fyrri öldum, en að valda jafnframt ekki óþarfa vandkvæðum við móðurmálsnám. Þetta er það sjónarmið, sem ráðið hefur við gerð íslenskrar stafsetningar í þau tvö skipti eða máske reyndar þrjú, sem stjórnvöld hafa löggilt tiltekna stafsetningu. Munurinn hefur verið sá, hve langt hefur verið gengið í einstökum atriðum í aðra hvora áttina, til móts við framburð eða móts við uppruna og hefð. Z-reglan var, þegar hún var tekin upp 1929, nýbreytni.

Þótt skýrar heimildir liggi ekki fyrir um það, telja þeir, sem kannað hafa sögu íslenskrar stafsetningar, ljóst af ýmsum rökum, að einhvern tíma á ráðherratímabili Hannesar Hafsteins, líklega 1907 eða 1908, hafi stjórnvöld á einhvern hátt tjáð sig um það, sem kalla mætti lögskipaða stafsetningu. Þar var z-regla ekki. Sama máli gegnir um þá stafsetningu, sem lögboðin var með auglýsingu, sem útgefin var með undirskrift Jóns Magnússonar 27. mars 1918. Þar var ekki heldur z. Afnám z er því ekki í sjálfu sér róttæk nýbreytni, þvert á móti mætti segja, að þar sé verið að færa stafsetningarreglur í fyrra horf, hverfa frá nýbreytni, sem upp var tekin 1929, og þá að sjálfsögðu vegna fenginnar reynslu, og um þá reynslu er ólygnasti votturinn undanþágan, sem Haraldur Guðmundsson veitti 1934.

Eitt af því, sem hv. frsm. spurði um í upphafi máls síns, var, hvaða nauður hefði rekið til að skipa þá n. til athugunar á stafsetningarreglum, sem hóf störf s. l. vor. Ástæðan til þess, að rétt þótti og skylt að skipa þessa n. og fela henni þetta verkefni, er sú, að eins og í fleiri námsgreinum eru kennsluhættir og kennsluefni í móðurmálskennslu í endurskoðun og athugun á vegum skólarannsóknadeildar menntmrn. Að þessari athugun eins og öðrum, sem þar eru gerðar, vinnur starfshópur skipaður móðurmálskennurum. Það var að frumkvæði þessa starfshóps, sem ég ákvað að skipa þá n., sem nú hefur skilað áliti fyrir fáum dögum og gerði þá till., sem varð eftir að ég hafði samþykkt hana, kveikjan að tillöguflutningi hv. 4. þm. Austf. og meðflm. hans.

Meðferð stafsetningar af hálfu íslenskra stjórnarvalda hefur hingað til ávallt verið á einn veg. Þau hafa á hverju stigi málsins, hvenær sem tímabært hefur þótt að taka einhverja þætti þess til athugunar, kvatt sér til ráðuneytis þá menn, sem þau treystu best til víðsýni og réttsýni í þessu máli, að meta fengna reynslu og gera till. um breytingar. Þannig var þetta 1918, áður en Jón Magnússon gaf út sína auglýsingu. Að vísu liggja ekki fyrir um það beinar heimildir, en ljóst þykir, að hann hafi haft sér til ráðuneytis Pálma Pálsson og Jón Þórarinsson þáv. fræðslumálastjóra. Frsm. rakti það, hverjir fræðimenn voru helstu ráðunautar Jónasar Jónssonar, áður en hann gaf út auglýsingu um íslenska stafsetningu 25. febr. 1929. Það hefur aldrei í sögu Alþingis komið fyrir, að það hafi komið til þess kasta að álykta um stafsetningaratriði. Áður en alþm. hverfa að því ráði, að það sé löggjafaratriði, hversu beita skuli þessu rittákni eða öðru, býst ég við, að ýmsir vildu gera sér grein fyrir umfangi þess verkefnis, því að ritreglur fjalla að sjálfsögðu um tugi og hundruð atriða. Þau verður að meta í samhengi eftir málfræðilegum og málsögulegum rökum, og þar sem um skólastafsetningu er fyrst og fremst að ræða einnig eftir kennslufræðilegum rökum. Það hefur ekki verið vegna þess, að menn hafi viljað takmarka valdsvið Alþingis á liðnum áratugum, að svo hefur verið fjallað um þetta mál, sem ég hef lýst. Það er vegna þess, að mönnum hefur frá öndverðu þótt ljóst, að þetta er eitt af þeim málum, sem eru þess eðlis, að þeim verður að skipa eftir bestu manna yfirsýn á hverjum tíma, þeirra sem sérfróðastir eru um alla þá margslungnu þætti, sem þarna koma saman. Ef löggjafinn ætlar að fara að setja lagareglur um stafsetningu, er hætt við, að brátt komi í ljós, að torvelt er, ef ekki ógerlegt, að fjalla um það margslungna verkefni á slíkum vettvangi.

Hv. frsm. og flm. þáltill., sem hér liggur fyrir, telja sér sæma að kalla þá ákvörðun, sem ég tók um niðurfellingu z úr lögboðinni stafsetningu, og álit það frá stafsetningarnefnd, sem ákvörðun mín er byggð á, undanhald í þeim málum sem skipta íslenska tungu, móðurmál okkar allra. Ég kveinka mér ekki við sleggjudómum af þessu tagi frá hv. frsm. eða öðrum tillögumönnum. En það er algerlega ósæmandi að velja slíkar nafngiftir rakalaust móðurmálskennurum, sem helgað hafa ævistarf sitt íslenskri tungu og kennslu, og m. a. mun einn þeirra hafa kennt hv. frsm. Að kalla Halldór Halldórsson, Baldur Ragnarsson, Gunnar Guðmundsson, Indriða Gíslason og Kristin Kristmundsson upp til hópa undanhaldsmenn í málum, sem varða tunguna, það er málflutningur, sem Alþ. er ekki samboðinn.

Og fleiri en þessir menn, — menn, sem hátt ber og hærra en flesta aðra í íslenskri málsögu og málræktarsögu, hafa fjallað um z. Til er rit, sem nefnist „Fyrsta málfræðiritgerðin“ og er eitt merkasta gagn, sem til er frá upphafi vega um íslenska tungu. Höfundur þess rits er ekki kunnur með vissu. Ýmsir hafa viljað leiða rök að því, að hann hafi verið Hallur Teitsson í Haukadal Ísleifssonar biskups og hafi samið rit sitt einhvern tíma á áratugunum fimm frá 1125—1175. Með Fyrstu málfræðiritgerðinni lagði höfundur hennar, hvort sem hann var Hallur Teitsson eða einhver annar, grunninn að íslensku ritmáli af svo mikilli þekkingu og af svo miklu innsæi í eðli tungunnar, að enn vekur aðdáun allra málsögufróðra manna hvarvetna í heiminum. Þessi ritgerð, Fyrsta málfræðiritgerðin, sem gjarnan fylgir handritum Snorra-Eddu, mun vera það íslenskt fornrit, sem víðast er notað við kennslu í germönskum málum og gefið er út víða um heim.

Hallur Teitsson eða hver sem hann var, sem skrifaði Fyrstu málfræðiritgerðina, tók sér fyrir hendur að smíða Íslendingum stafróf. Það tókst honum þann veg, að þau sjónarmið, sem hann setur fram í Fyrstu málfræðiritgerðinni, eru grundvöllur að öllu, sem síðan hefur gert verið að því að treysta grundvöll íslensks ritmáls. Um z er fjallað í Fyrstu málfræðiritgerðinni, og þar segir, með leyfi hæstv. forseta:

„Z er ebreskr stafur, þótt hann sé í latínustafrófi og hafður. Honum vísa ég heldur úr voru máli og stafrófi, því að þó verða, fyrir nauðsynja sakir, fleiri stafir í þar en ellegar vilda ég hafa. Vil ég heldur rita, þeim ennum fám sinnum er þarf, d og s.“

Undan hverju var höfundur Fyrstu málfræðiritgerðarinnar að halda? Hvaða undanhaldshugsunarháttur var það, sem innblés honum þessari andúð á því að taka upp að óþörfu rithátt, sem að vísu var í öðrum málum, en átti að hans dómi engan rétt á sér í íslensku? Hann verður nokkuð stór, undanhaldsmannaflokkurinn, ef hv.

4. þm. Austf. kærir sig um að rekja framlag málræktarmanna fyrr og síðar til þess efnis, sem hér er um deilt. Þegar þar að auki er fitjað upp á málsmeðferð við ákvarðanir um lögboðna stafsetningu, sem ég tel mig hafa sýnt fram á, að leiði þvert af þeirri braut, sem hingað til hefur ævinlega verið farin, vil ég taka fram nú þegar, að ég mun greiða atkv. gegn þeirri till., sem fyrir liggur.

Jónas Árnason: Herra forseti. Mér finnst þetta vera góður fundur. Hér er verið að ræða um einn íslenskan bókstaf, og mönnum hitnar í hamsi. Þetta er að vissu leyti miklu þjóðlegri fundur en gengur og gerist á Alþ., og kannske má segja, að við þurfum ekki að hafa ýkjamiklar áhyggjur af íslensku þjóðerni, á meðan mönnum hitnar í hamsi út af þessu, sem flestir mundu telja smámál.

Ástæðan til þess, að ég stend upp, er þó fyrst og fremst sú að þakka fyrir þau mjög svo fróðlegu erindi, sem við fengum að heyra hér áðan. Það þurfti að sjálfsögðu engum að koma á óvart að heyra hæstv. menntmrh. tala af þekkingu um þessi mál og miklum málsmekk. Þekking hans á ótrúlega mörgum málum er öllum kunn. En hitt hygg ég, að muni hafa komið ókunnugum meira á óvart, að heyra hér standa upp mann, sem hefur að vísu háskólapróf, en í viðskiptafræðum, og er hluthafi í tveimur togurum, og flytja svo fróðlegt erindi, ég vil segja gagnmerkt erindi, um íslenskt mál, eins og hann flutti hér áðan. Og þó að maður sé ekki alltaf mjög lukkulegur með togaraeigendur og þeirra pólitísku sjónarmið, þá verð ég að segja, að það er ástæða til þess fyrir okkur sem Íslendinga að gleðjast yfir þessu, og mætti spinna af þessu langa hugleiðingu um þjóð okkar. Það var mín reynsla s. l. vetur að hitta oft breska togaraeigendur, og ansi er ég hræddur um, að þeim hefði ekki farist eins og þessum hv. togaraeiganda, ef þeir hefðu átt að flytja erindi um breska menningu eða bókmenntir. Og í því liggur e. t. v. styrkur okkar eða einn þáttur hans að eiga slíka togaraeigendur.

Ég vil segja það strax, að ég fylgi þeirri till., sem hér liggur fyrir, þó að ég vilji hins vegar ekki taka undir það, sem hv. flm. sagði áðan um þær hvatir, sem lægju að baki því að afnema zetuna, sem hæstv. menntmrh. ætti þá að bera mesta ábyrgð á. Ég held, að það verði seint sagt um hæstv. menntmrh., að hann sýni það á einn eða annan hátt, að honum sé nákvæmlega sama, hvað verður um íslenzka tungu, eða hann færi að efna til einhverrar atlögu gegn íslenskri tungu. Það vakir að sjálfsögðu fyrir honum allt, allt annað. En ég ætla ekki að fara langt út í að ræða þessi mál, rök, sem hafa komið fram á báða bóga. Ég held, að rökin, sem mæla með því að halda zetunni í ritmálinu, vegi þyngra en hin, og byggi þar á reynslu minni sem kennari. Tilslakanir varðandi stafsetningu svipta kennarann ýmsum möguleikum, sem útskýringar varðandi stafsetninguna gefa honum til að auka áhuga nemenda, ekki bara á íslensku máli, heldur ýmsu, sem snertir íslenskt þjóðlíf og íslenska sögu. Það er ósköp auðvelt að nefna dæmi. Ég var að skrifa hjá mér nokkur orð.

Ef við t. d. förum að skrifa orðið hirsla með s en ekki z, gefst okkur ekki tækifæri til þess, — þess er a. m. k. ekki krafist af kennaranum, — að hann fari út í þá skýringu, að þetta sé skylt orðinu að hirða, en zetan stafi ekki af því, að þetta sé skylt orðinu hurð. Þess vegna skrifar maður það ekki með y, heldur með i. Og af hverju með i? Vegna þess að í rótinni er e. Og þá er maður kominn á nokkuð skemmtilega slóð. Maður er kominn út í hirðina. Í fyrsta lagi er maður kominn út í hjörðina úti á mörkinni, þar er um að ræða klofningu úr þessum sama staf, e, maður er kominn að orðinu hirðingi, og maður kemst þarna líka að ýmsum miður skemmtilegum orðum, eins og her. Allt er þetta skylt, og allt þetta gefur tilefni að leiða nemandann fram og aftur. Orðin eru skyld. Þetta er aðeins eitt dæmi.

En þó að ég fylgi þessari till., er ég ekki til í að gera mikið veður út af því, þó að z hafi verið numin úr ritmálinu. En ég mun sannarlega gera veður út af og standa með hv. þm. Sverri Hermannssyni í því að gera veður út af því, ef þeir ætla að fara að afnema y. Þá mun ég standa við hlið þessa ágæta togaraeiganda í því að verja y, því að sá stafur gefur enn þá meira tilefni til þess, sem ég nú var að nefna. Tökum t. d. sögnina að hlynna að einhverju. Þá gefst tækifæri til að ræða þá fyrirætlun, sem örlaði aðeins á hjá hæstv. ráðh. áðan, að afnema tvöfaldan samhljóða. Hlynntur er skrifað með tveimur n, af því að sögnin að hlynna er skrifuð með tveimur n, en y stafar af því, að þetta er skylt nafnorðinu hlunnur, sem íslenskir sjómenn hafa notað til að setja undir báta, skorða þá þannig, að þeir geti staðið í fjöru. Og þá leiðir maður talið að atvinnuháttum okkar og ýmsu, sem snertir sjómennskuna. Sá, sem er hlynntur einhverju, vill setja við það hlunna. Sögnin að heygja, maður skrifar hana með y vegna þess, að hún er skyld nafnorðinu haugur. Ef hún væri skrifuð með einföldu, við tækjum burtu y, fæst ekki tilefni til að segja, hvað það var að heygja, tala um þann forna sið að heygja, tala um ýmislegt, sem hefur verið sungið og kveðið í haugum, sbr. Njálu. Þannig getur leiðin legið til skemmtunar bæði fyrir nemanda og kennara. Og ýmislegt slíkt varðandi kennsluna er það, sem skapar gott andrúmsloft. Gott andrúmsloft í kennslu skapast yfirleitt ekki með tilslökun. Það skapast gott andrúmsloft með mátulega miklum kröfum og sjálfsögðu aga.

Ég skrifaði hér kvenmannsnafnið Birna. Það leiðir talið að kvenmannsnafninu Bera, sem við höfum í Egils sögu. Þegar maður kennir í Reykholti, fer maður að tala um þetta. Hún þjó þar rétt hjá okkur, var formóðir ykkar allra. En við skrifum Birna með einföldu, sbr. þetta nafn, Bera. Svo kemur björn, og við beygjum það: björn, um björn, frá birni, til bjarnar. Það er skrifað birna með einföldu, af því að það er e í rótinni og e hljóðverpist ekki í ufsilon, sem við segjum reyndar kennarar. Ég vil benda hv. þm. Sverri Hermannssyni á, að við segjum ekki yfsilon, eins og hann segir, heldur segjum við ufsilon, við höfum u-hljóð á því. E-ið hljóðverpast ekki í y, heldur i. Síðan getur talið leiðst að því, sem er í rótinni. Ber kemur t. d. fram

í berserkur, og þá ræðir maður um berserkina fornu og af hverju þeir voru kallaðir berserkir. Það er vegna þess, að sú forna trú liggur þar til grundvallar, að maður fái kraft bjarnarins með því að setja yfir sig feldinn o. s. frv., o. s. frv.

Allt þetta yrði miklu fátæklegra, að ég segi ekki næstum því snautt eins og eyðimörk, ef við ættu að einfalda þetta í svo ríkum mæli að afnema t. d. y og tvöfaldan samhljóða o. s. frv.

Þetta var það, sem ég vildi sagt hafa. Ég þakka báðum tveim, þessum ágætu áhugamönnum um íslenska tungu og íslenska menningu, sem hér hafa talað, bæði menntmrh. og togaraeigandanum. Aðeins vildi ég vekja athygli á þeim sleggjudómi, sem hæstv. menntmrh. talaði um, í stuttri grg., þar sem segir: „Öllu undanhaldi, er varðar íslenskt mál, talað eða ritað, ber þegar í stað að snúa í sókn.“ Þar er verið að tala um zetuna. Mér er ekki alveg ljóst, hvað þarna er átt við, hvort við eigum að ganga svo langt, þar sem við höfum hingað til skrifað eina z, að fara að skrifa tvær. Ég veit það ekki.

Umr. frestað.

Síldarverksmiðjur ríkisins reisi verksmiðju í Grindavík, þáltill. (þskj. 152). — Ein umr.

Flm. (Jón Árm. Héðinsson): Herra forseti. Á þskj. 152 ber ég fram svohljóðandi þáltill. um, að síldarverksmiðjur ríkisins reisi verksmiðju í Grindavík:

„Alþingi ályktar að skora á ríkisstj. að fela stjórn S. R. að hefja nú þegar undirbúning að því að reisa verksmiðju í Grindavík, er geti brætt um 2500 tonn af loðnu á sólarhring og verði tilbúin til vinnslu í ársbyrjun 1975.“

Um fátt er nú meira rætt en loðnuna manna á milli, og svo er nú komið, að útvarpið hefur ákveðið að hafa síðdegis sérstakan fréttaþátt um aflann. Það er bara, að það fari ekki með loðnufréttirnar eins og síldarfréttirnar forðum, að mestu hugsuðir þjóðarinnar kvarti undan of miklum fréttaflutningi. Ég veit ekki, hvort margir muna eftir því, að svo fór um hríð í síldarfréttunum, að Halldór Kiljan Laxness gat vart hugsað vegna of mikilla frétta af síldveiði. Kannske fari svo fyrir skáldunum nú, þess vegna hafi þau ekki verið samkeppnishæf um tímamótaljóð á 11 hundruð ára afmælinu, að loðnufréttir og umtal um loðnu hafi svo þrúgað huga þeirra, að þeir hafi eigi mátt hugsa.

En hvað sem því líður, er loðnan nú sá bjargvættur, sem hæstv. ríkisstj. mænir á og margir fleiri, að leysi vandamál þjóðarinnar. Ég tel því vera tímabært að hreyfa þeirri hugmynd, að ríkisverksmiðjurnar athugi mjög náið, hvort ekki sé rétt undir þessum kringumstæðum a. m. k. og miðað við útlit, sem fram undan er, að nota hluta af þeim tækjum, sem legið hafa ónýtt um árabil, í nýja verksmiðju í Grindavík.

Hér við land hófust loðnuveiðar fyrst að nokkru ráði árið 1965, og öfluðust þá um 50 þús. tonn. Árið eftir verður mikil aukning, og veiðast þá um 125 þús. tonn. En næstu tvö árin er aflinn heldur minni eða rétt innan við 100 þús. tonn. Síðan verður mikil breyting, og aflast allt frá 170 þús. tonnum upp í 190 þús. tonn á árunum 1969—1971. Þá er veruleg aukning á skipum við veiðarnar og aukin þekking og auknar rannsóknir eiga sér stað á göngum loðnunnar og stuðla að þessari þróun. Er hér um mjög merkilegt rannsóknarstarf að ræða og sýnir glögglega, hvað skynsamleg notkun á fjármagni og vel skipulagðar rannsóknir geta gefið af sér. Geysileg aukning í skipaflota verður svo árið 1972, þá veiðast 277 þús. tonn. Á s. l. vertíð veiddust um 440 þús. tonn, tóku um 90 skip þátt í veiðunum, og þótti mörgum sú þátttaka vera orðin fullmikil og mundi ganga yfir þáttöku í þorskveiðum eða bolfiskveiðum. Nú er aftur á móti sýnilegt, að enn meiri áhugi er á að veiða loðnuna, og eru nú um 130—140 skip þátttakendur á yfirstandandi vertíð, þannig að afkastaaukning skipaflotans er geysileg, og er engin leið að ætlast til þess, að verksmiðjurnar geti mætt þeirri afkastaaukningu, sem aukning bátaflotans hefur í för með sér. Þess vegna var hér á Alþ. samstaða um að efla til loðnuflutningasjóðs, en hann var reyndur s. l. ár á vertíðinni og gaf góða raun.

Með auknu skipulagi hafa menn siglt víða með loðnuna, og er það vel. En það er ekki einhlítt. Bæði kostar það stórfé að sigla hringinn í kringum allt land og auk þess er mjög áhættusamt með drekkhlaðin skip að sigla norður fyrir Horn og Langanes. Það er líka jafnvel áhættusamt að sigla í suðvestanátt og norðvestanátt fyrir Reykjanes og Garðskaga með drekkhlaðin skip.

Það mun vera samdóma álit allra skipstjórnarmanna, að mikill fengur væri í því að fá aukna afkastagetu verksmiðja við suðurströndina, og ég læt mig dreyma um það, að þessu verði mætt fyrst í Grindavík og síðan að nokkru í Þorlákshöfn, þegar þar verður komin góð höfn einnig. Nú mundu einhverjir vilja segja, að rétt væri að muna eftir Norðurlandinu, og skal ég alls ekki hafa á móti því, síður en svo. En við verðum að gera okkur grein fyrir því, hvað það kostar að flytja svona mikið magn, eins og við eigum von á að aflist, um svona langa vegu. Ég vil undirstrika það, að í því er fólgin gífurleg áhætta, og menn munu ekki ráða við það, ef brestur á ofsaveður, þegar þeir sigla svona langa leið, yfir sólarhringssigling, og skipum og áhöfn stefnt í óþarfahættu.

Í málefnasamningi hæstv. ríkisstj. segir svo á bls. 5 í kaflanum um atvinnulíf, orðrétt, að gera þurfi „sérstakt átak til að endurbæta frystihúsareksturinn og taka löggjöf og rekstur Síldarverksmiðja ríkisins til endurskoðunar“. Í ljósi þessara orða vil ég ætlast til þess, að það verði nú metið mjög gaumgæfilega, hvort ekki sé rétt til þess að tryggja rekstur S. R., sem hefur gengið erfiðlega á undanförnum árum, að koma á stofn verksmiðju, er hjálpi til, og staðsetja hana á þeim stað, er ég legg til, þ. e. a. s. í Grindavík. Það mundi augljóslega bjarga miklum afla á land, verulega miklum mun meiri afla, sem allir vænta að muni eiga sér stað, og auk þess mundi það létta mjög undir rekstur S. R. vegna breytinga á síldveiðum.

Loðnuflutningasjóður mun starfa áfram eins og hann hefur gert, og það er allra manna mál, að þökk sé hæstv. sjútvrh. fyrir að stuðla að þeim sjóði áfram og vali á góðum mönnum í n. til að stjórna því starfi. Það er mjög mikilvægt, að vel takist til og hann starfi áfram og jöfnun sé á framboði á loðnunni um allt land. Engu að síður er vegna fjarlægðar og kostnaðar bráðnauðsyn að koma upp verksmiðju hér við suðurströndina. Rekstur S.R. var hagkvæmur á s. l. ári, og er talið samkv. bráðabirgðauppgjöri, að hann hafi skilað um 50 millj. nettóágóða. Þessu fjármagni þarf auðvitað að verja aftur til uppbyggingar og greiðslu fyrri taps og skulda. En hvað um það, þá er eðlilegt, að S.R. fylgi þeirri þróun, sem aðrir standa í núna, að endurbæta verksmiðjur sínar mjög, og er það gleðilegt, að hinn góði rekstur, sem var hjá öllum loðnuverksmiðjunum á s. l. ári, hefur farið í mikla uppbyggingu, ég held næstum undantekningalaust, þannig að móttökuskilyrði eru mun betri, þó að afkastageta hafi lítið aukist, en sé allt lagt saman yfir landið, mun afkastageta verksmiðjanna aðeins vera 12 þús. tonn, en afkastageta bátaflotans með sæmilegum afla hefur sýnt sig vera 12—15 þús. tonn á sólarhring, þannig að þeir munu þegar lenda í miklum vandræðum með losun, ef ekki er horft fram í tímann og reynt að bæta úr því, bæði með stækkun þróa og aukinni bræðslugetu. Þessi 12 þús. tonna afköst byggjast á því, að allt sé með talið. En í viðbót við loðnu kemur svo vinnsla á beinum og úrgangi frá togurunum, en eins og menn vita, er afli togara oft karfi, og 70% af þeim afla fer beint í gúanó, því að karfinn nýtist um 26—30%, þannig að fari togararnir að afla mikið af karfa, hafa þær verksmiðjur, sem af þeim taka, feikinóg verkefni líka. Það er því fullkomlega eðlilegt, að stjórn S.R. hugleiði það mjög gaumgæfilega að bæta móttökuskilyrði og vinnuskilyrði á vegum S.R. jafnframt því sem hv. Alþ. hefur stuðlað að því, að einkaaðilar geti fengið aukið fjármagn. Hefur verið samþykkt hér tvívegis, að einkaverksmiðjur eigi kost á ríkisábyrgð, til þess að auka sína starfsemi, og ég tel það réttmætt.

Herra forseti. Ég þarf ekki að hafa um þessa till. fleiri orð. Hún skýrir sig sjálf, svo einföld sem hún er. Að svo mæltu legg ég til, að hlé verði gert á umr. og málinu vísað til atvmn.

Oddur Ólafsson: Herra forseti. Það er án efa mjög hagkvæmt að auka möguleika til loðnubræðslu í Grindavík, ekki síst þar sem hafnarskilyrði verða nú betri ár frá ári og loðnan heldur sig í nágrenni þessarar verstöðvar, þegar fram á líður.

Í sambandi við þetta mál langaði mig til að vekja athygli á því, að ef svo færi, að Alþingi samþykkti að síldarverksmiðjur ríkisins reistu loðnuverksmiðju í Grindavík, fyndist mér eðlilegt og sjálfsagt, að þarna yrði a. m. k. að einhverju leyti um tilraunaverksmiðju að ræða, sem framleiddi loðnumjöl til manneldis. Fiskmjöl til manneldis hefur um mörg ár verið rannsóknarefni margra vísindamanna víða um heim. Einkum eru það 3 lönd, sem hafa staðið þar framarlega í athugunum: Japan, Bandaríkin og Noregur. Enda þótt þau árum saman berðust við örðugleika um að ná burt lykt og ná burt bragði af loðnumjölinu, bæði síldar- og loðnumjöli, tókst það að lokum, og þeir komust með þetta mjöl á markað. En þá brá svo við, að enginn vildi neyta þess. Um tíma lögðust þessar rannsóknir því að verulegu leyti niður, þar til Norðmönnum datt í hug, hvort það væri ekki alveg ástæðu laust að taka burt bragðið og lyktina, og tóku til að nýju, og nú er svo komið, að Norðmenn hafa breytt 5 af sínum verksmiðjum í framleiðslu á loðnumjöli til manneldis, loðnu- og makrílmjöli, með þeim árangri, að þeir seldu út þessa vöru til 13 landa á síðasta ári, eitthvað um 3 þús. tonn. Segja verður, að nokkuð af þessari framleiðslu fór sem gjafavara til þróunarlandanna, en þó seldu þeir mikið magn til Nígeríu á frjálsum markaði.

Þetta er mjög athyglisvert, og er ekki nokkur vafi á því, að í þeim eggjahvítuskorti, sem nú vofir yfir heiminum og reyndar er fyrir hendi, er hér geysilega merkilegt að gerast, þar sem um verðmætt eggjahvítuefni er að ræða, og eggjahvítuefni þetta nýtist margfalt betur, sé þess neytt beint, en ef það er sett í gegnum nautgripi eða svín. Því vil ég vekja á því athygli, hvort ekki væri rétt, að þessi verksmiðja, ef reist yrði, fengi þetta verkefni og enn fremur jafnvel frekari fjölbreytni í nýtingu loðnunnar. Við vitum, að það er til ágætur markaður fyrir þurrkaða loðnu. Í Grindavík ættu einmitt að vera góð skilyrði vegna jarðhita til þess að þurrka loðnu í stórum stíl. Þetta hvort tveggja ætti að vera þess virði, að gerð væri tilraun með slíka framleiðslu.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Áætlunargerð um verndun gróðurs í Árnessýslu, þáltill. (þskj. 168). — Fyrri umr.

Flm. (Steinþór Gestsson): Herra forseti. Ég hef leyft mér að bera fram á þskj. 168 till. til þál. um áætlunargerð um verndun gróðurs og uppgræðslu lands í Árnessýslu. Þar sem langur tími er liðinn síðan þessi till. var lögð á borð alþm., þykir mér rétt að rifja upp tillgr. sjálfa. Er hún svo hljóðandi, með leyfi hæstv. forseta:

„Alþingi ályktar að skora á ríkisstj. að skipa n. þriggja manna til þess að gera í samvinnu við viðkomandi sveitarstjórnir og gróðurverndarnefnd áætlun um verndun gróðurlendis og uppgræðslu örfoka lands í Árnessýslu.

Áætlunin skal taka til alls lands upp að 400 m hæðarlínu og fela í sér till. um það, hvar skuli í þessu skyni beita skógrækt og hvar grasrækt, svo og um hagnýtingu þess lands, sem áætlunin nær til. N. getur krafist aðstoðar Rannsóknastofnunar landbúnaðarins, Búnaðarfélags Íslands og annarra opinberra stofnana um viss tæknileg atriði, sem áætlun þessa kynni að varða.

Stefnt skal að því, að áætlunin liggi fyrir svo tímanlega, að Alþ. geti fjallað um hana á haustþingi 1974 og ákveðið þá um fjárframlög til

fyrstu framkvæmda samkv. henni á árinu 1975.

Í n. skulu vera þessir embættismenn: skógræktarstjóri, landgræðslustjóri og landnámsstjóri, og skal hann vera form. n.“

Eins og fram kemur í grg. með till. telja margir þeirra, sem kunna nokkur skil á jarðvegsuppbyggingu, að innan Árnessýslu sé að finna þau landssvæði, sem einna viðkvæmust séu hér á landi fyrir eyðingu og uppblæstri. Þurrlendisjarðvegurinn þar er yfirleitt laus í sér, léttur og því fokgjarn, enda er hann mjög blandaður gosefnum. Gróðurverndarnefnd Árnessýslu hefur samið umfangsmikla grg. um þróun jarðargróðurs, sauðfjáreign og annað álag á landið. Þar segir svo í álitsgerð um ástand jarðvegs og gróðurs, með leyfi hæstv. forseta:

„Upphaf þess, að slíkur jarðvegur byrjar að losna og berast burt af einum stað á annan, er ævinlega það, að með einhverjum hætti rofnar gróðurhulan, sem bindur yfirborð jarðvegsins. Algengar ástæður eru frostbrestir, mikil umferð fénaðar eða farartækja, sem mynda gróðurlausar slóðir, rask vegna verklegra framkvæmda, svo sem vegagerðar, línulagna eða bygginga, og sandfok, svo að nokkur dæmi séu nefnd. Að sjálfsögðu er gróðurhulan því viðkvæmari fyrir slíkum áhrifum sem gróðurskilyrði eru lakari, svo sem kalt árferði og mikið beitarálag.“

Eins og komið er að í þessum tilvitnuðu orðum gróðurverndarn. Árnessýslu, eru gjarnan fleiri atvik samverkandi um upphaf uppblásturs á grónu landi. Er þess vegna nauðsynlegt að gera sér grein fyrir því, á hvern hátt landið er hagnýtt nú, svo að hægt sé að gera áætlanir um varðveislu þess samfara nauðsynlegri nýtingu.

Í skýrslu gróðurverndarn. Árnessýslu er að finna samanburð á sauðfjáreign árið 1931 og aftur árið 1971 í hinum einstöku hreppum sýslunnar. Rétt þykir mér að rifja það upp í þessu sambandi, þar sem vitað er, að beitarnot úthagans standa nokkurn veginn í réttu hlutfalli við fjölda sauðfjár í héruðunum, þótt ræktunin hafi raskað því hlutfalli nokkuð. Í skýrslunni kemur þettta m. a. fram, þar sem gróðurverndarn. gerir athugun á notkun landsins og ástandi þess á nokkrum svæðum í sýslunni.

Á svæði, sem þeir afmarka af Selvogi, Ölfusi, Grafningi og Þingvallasveit, kemur fram, að í heild var sauðfjáreign árið 1931 13.851 vetrarfóðruð kind, en árið 1971 eru þær 15.523, eða hefur fjölgað um 1672 á þessu svæði. Umsögn n. er á þá leið, að í heimalöndum jarða á þessu svæði er nokkur tilfærsla á jarðvegi og gróðri, en um verulega eyðingu á s. l. áratug er ekki að ræða nema í Grafningi, þar sem viðkvæmur móajarðvegur berst burt, aðallega með vatnsskolun, vegna slæmra gróðurskilyrða, mikillar beitar, snjóléttra vetra og undangenginna harðæra. Umrót vegna lagna þriggja raflína frá Sogi hefur ekki verið lagfært og eykur enn á vandann. Á þessu svæði er sauðfé beitt mikið á tún, bæði vor og haust, en ræktun grænfóðurs til sauðfjárbeitar er ekki mikil, en vaxandi, mest í Ölfusi, þar sem meira en 20% bænda beita sláturfénaði á grænfóður. Vetrarbeit er ekki stunduð nema af tiltölulega fáum bændum, en hún var mikil fyrir 30 árum.

Um vetrarbeit Grímsness og Laugdæla er það að segja, að árið 1931 voru vetrarfóðraðar kindur 12.760, en 1971 eru þær 12.908 eða hefur fjölgað um 148 kindur. Afréttarlöndin hafa á undanförnum árum látið á sjá, en eyðing þar er einkum bundin við afmörkuð svæði umhverfis Sandkluftavatn, norðan við Skjaldbreið, á Rótarsandi og víðar. Nokkur framræsla mýrlendis hefur átt sér stað í þessum sveitum, og hafa hagar af þeim sökum batnað mikið, en þó er hluti mýranna lítið eða ekki þurrkaður. Áburður hefur lítið sem ekkert verið borinn á úthaga.

Í Biskupstungnahreppi voru árið 1931 vetrarfóðraðar 11.325 kindur, en árið 1971 eru þær 13.625 eða hefur fjölgað um 2.300. Á Biskupstungnaafrétti á sér stað mikil gróðureyðing á vissum svæðum, enda þótt annars staðar sé gróður vaxandi. Helstu gróðureyðingasvæðin eru Hvítárnessvæðið, þar sem þykk vikurlög valda mikilli fokhættu, svæðið norðan Bláfells, Haukadalsheiði og svæðið vestan Sandfells. Helstu orsakir eyðingarinnar eru of mikið beitarálag og snjóleysi á vetrum, vatnsrennsli og minnkandi gróska að undanförnu.

Um Hrunamannahrepp er það að segja, að árið 1931 voru vetrarfóðraðar kindur 7.700, en áruð 1971 8.230 eða hefur fjölgað um 530 á þessu árabili. Í heimalöndum mun ekki vera um jarðvegs- né gróðureyðingu að ræða nema af landbroti Stóru-Laxár. Í afrétti á sér stað uppblástur á nokkrum stöðum, sem sums staðar stafar af ofbeit, þar sem dreifing fjárins er ekki nægileg. Afrétturinn er talinn vera í hægfara framför. Nú er helmingur fjárins í afrétti, en um 1930 gekk nær allt fé sveitarinnar þar. Þá hefur minnkandi notkun Flóamannaafréttar áhrif til batnaðar, en einhver samgangur er milli afréttanna. Mjög miklar hagabætur hafa verið gerðar í þessu sveitarfélagi, einkum með framræslu mýrlendis, en einnig með dreifingu áburðar á úthaga á sumum bæjum. Algengt er, að sauðfé sé beitt á ræktað land vor og haust, og um 40% af sláturlömbum er batað á grænfóðri, og fer það hraðvaxandi. Vetrarbeit sauðfjár hefur minnkað jafnt og þétt og er nú óveruleg.

Um Gnúpverjahrepp er þetta að segja: Árið 1931 voru vetrarfóðraðar kindur 6.380, en árið 1971 eru þær 5.400 og hefur fækkað um 980. Nokkurs uppblásturs gætir í ofanverðri sveitinni, en hefur stöðugt minnkað frá því, sem var á þriðja tug aldarinnar. Einnig er nokkurt landbrot af völdum áa. Mikil uppgræðsla á sér stað, einkum á melum, sem áður hafa blásið, og talið er, að á seinni árum sé um verulega og vaxandi gróðuraukningu að ræða. Í afrétti er nokkur uppblástur, einna mestur sunnan í Sandafelli. Talið er, að uppgræðsla haldi naumast í við eyðinguna, þannig að hægfara eyðing eigi sér e. t. v. stað. Sauðfé er beitt á tún bæði vor og haust í miklum mæli, og um 25% af sláturfé er alið á grænfóðri og fer vaxandi. Vetrarbeit er lítið stunduð og hefur minnkað mikið frá því, sem áður var. Hún var mikið stunduð fram á 5. áratug aldarinnar.

Ég hef hér lýst umsögn gróðurverndarnefndar um þær sveitir í Árnessýslu, sem næst liggja fjalllendinu, því að þær eru með eðlilegum hætti viðkvæmastar fyrir gróðurskemmdum vegna þeirrar hæðar, sem þar er á landinu yfir sjó. En

ef litið er til Árnessýslu allrar, má segja, að sauðfjáreign hafi staðið í stað frá árinu 1931. Þá voru vetrarfóðraðar kindur í sýslunni 71.392, en eru 1971 71.466 eða hefur fjölgað aðeins um 72. En eins og ég hef lýst hér, gerist sú fjölgun aðallega í efri hluta sýslunnar, og vil ég láta það koma fram, að e. t. v. má þar leita að einhverju leyti þeirra orsaka, sem orðið hafa til þess, að gróður er þar sums staðar á undanhaldi.

Það er ekki hægt að loka augunum fyrir því, að framleiðsla landbúnaðarvara verður framvegis sem hingað til snar þáttur í þjóðarframleiðslu Íslendinga. Framkvæmdastofnun ríkisins hefur látið gera áætlun um innlenda eftirspurn landbúnaðarvara, þ. e. a. s. spá um neyslu þeirra, 1973—1977. Um helstu niðurstöður þeirrar áætlunar segir svo, með leyfi hæstv. forseta:

„Miðað við sennilegustu forsendur um þróun mannfjölda og neyslu í heild og áframhald niðurgreiðslna hefur verið gerð eftirfarandi spá um þörf innlenda markaðarins fyrir helstu afurðirnar árin 1973, 1975 og 1977. Heildarþörfin fyrir mjólk til beinnar neyslu, vinnslu og fóðrunar mun haldast því sem næst óbreytt, um 108—109 þús. tonn á ári. Þörfin fyrir kindakjöt mun aukast um 700—1100 tonn eða sem svarar 200—300 tonnum á ári og mun verða um 11 þús. tonn árið 1977, miðað við, að niðurgreiðslur haldist. Þörf fyrir aðrar kjöttegundir mun aukast mun meira hlutfallslega, en álíka mikið að magni, um tæplega 1000 tonn eða um 240 tonn á ári, þannig að heildarneysla kjöts mun aukast um 2030 tonn, úr 14.120 tonnum 1973 upp í 16.150 tonn 1977.

Þar sem spár þessar eru byggðar á horfum um eðlilega langtímaaukningu í heildarneyslu, en aukningin hefur orðið mjög ör að undanförnu, kunna þær að falla illa að reynd ársins 1973 og e. t. v. nokkuð fram á við. Það ætti þó ekki að hagga meginniðurstöðunum, þ. e. að spár þessar veiti mjög eindregna vísbendingu um það, hvaða stefnu landbúnaðarframleiðslan þurfi að taka. Mjólkurframleiðslan þurfi sem næst að standa í stað, og innan vinnslunnar þarf áherslan að verða á aukna og fjölbreyttari ostaframleiðslu. Aukningaþörf landbúnaðarins ætti að beinast að kjötframleiðslu, auk annarra tegunda, sem hér hafa ekki verið nefndar, svo sem eggja, garðávaxta og þess háttar. Aukning kjötframleiðslunnar þyrfti fyrst og fremst að beinast að eldi holdanauta, svína og alifugla, eftir því sem það getur nýst eiginlegum landbúnaði. Sem mest fjölbreytni er æskileg til fyllstu nýtingar á svigrúmi hins innlenda markaðar. Hagstæðast verður enn sem fyrr, að umframframleiðsla til útflutnings falli til í formi sauðfjárafurða, en þeim fylgja jafnan hagstæðustu iðnaðarhráefni."

Þessi spá gengur mjög í sömu átt og þær lauslegu áætlanir, sem menn hafa haft uppi á undanförnum árum. Það lætur því að líkum, að álag á gróðurlendi í Árnessýslu aukist enn, þar sem hún er eitt mesta framleiðslusvæði landsins. Með hliðsjón af því verður gróðurvernd og uppgræðsla þar þýðingarmikil og skipulag á notkun landsins aðkallandi, því að sýnilega megum við ekki sóa neinu. Við þurfum að nýta gróðurinn svo sem landið þolir, og við þurfum að taka til nota fyrir útivist fólks þau svæði, sem til þess eru best fallin, en svara síður til hinna hagnýtu þarfa.

Það er skoðun mín, að ekkert megi gerast í þessu efni af tilviljun eða af hendingu, heldur að vandlega yfirlögðu ráði. Till. mín gerir ráð fyrir því, að áætlunin skuli taka til alls lands upp að 400 m hæðarlínu. Þessi hæðarmörk eru ákveðin með það fyrir augum að taka fyrst til meðferðar þau uppblásturssvæði, sem næst liggja aðalgróðurlendinu og líklegust eru til að gefa mestan arð og veita byggðinni skjól og öryggi. Líklegt er, að innan þeirra marka séu allt að 35 ferkm lands, sem nú er gróðurlaust, en ræktanlegt. Þá munu og vera undir 400 m hæðarlínunni stór gróðurlönd, sem þarf að styrkja. Í því efni má nefna t. d. Haukadalsheiðina, sem ég gat um og hefur um langt árabil verið eitt mesta uppblásturssvæði á Suðurlandi. Þar hafa af Landgræðslunni verið unnar nokkrar varnaraðgerðir, sem þó þarf að auka verulega, svo að sú vörn, sem þegar hefur komist af stað, snúist í sókn.

Höfuðviðfangsefnin til sandræktunar munu sjálfsagt beinast að söndunum í Selvogi og í Þorlákshöfn, svo og í Þjórsárdal og í norður frá Þingvöllum, við Sandkluftavatn og nálæga viðáttusanda. Hér er um mikla landvinninga að ræða, sem munu koma til margvíslegra nota, ef rétt er á málum haldið.

Áhugi manna er vaxandi á þessu mikilvæga málefni. Það mun hafa verið árið 1965, sem félagar úr Lionsklúbbnum Baldri í Reykjavík riðu á vaðið við uppgræðslu örfoka lands og urðu, að því er best er vitað, fyrstir áhugamanna til þess, og dreifðu áburði og fræi við Hvítárvatn það ár. Þetta framtak Baldursmanna hefur smitað frá sér. Nú sinna ýmsir félagshópar uppgræðslu og sáningarstarfi, og eru ungmennafélögin einna drýgst í því liði. Starfsemi þessara áhugamanna hefur komið að góðu liði, og þarf að gefa því verðmæta starfi gaum og ætla slíkum starfshópum ákveðinn hlut í þeirri áætlun, sem till. þessi miðar að að hrinda fram.

Dr. Sturla Friðriksson hefur gert verðmætar tilraunir með að græða upp örfoka land. Þær tilraunir hafa tekið til lands við breytileg hæðarmörk og benda eindregið til þess, að unnt sé að rækta land, sem liggur í 600—700 m hæð og þar undir. En fullsannað er, að þótt uppgræðsla hálendisins sé tæknilega framkvæmanleg, er ræktunarárangurinn öruggari við lægri hæðarmörk. Þess vegna er lagt til að setja ekki markið hærra í fyrstu lotu en hér er lagt til, enda er það stórt viðfangsefni og landið verðmætara og því fremur af fjárhagsástæðum framkvæmanlegt heldur en að spanna þegar yfir allt það land, sem mögulegt er að rækta upp.

Þó að áætlun þessari sé ekki ætlað að ná til stærra lands en þess, sem er undir 400 m hæð, er ljóst, að verkefnið er svo yfirgripsmikið, að ekki er vænlegt að taka fyrir stærra svæði í einu en Árnessýslu. Þar eru og, eins og áður er vikið að, verðmæt lönd í mikilli hættu. Þar eru líka eftirsótt landssvæði til hinna margvíslegustu nota, útivistar og sumarvistar, skógræktar og grasræktar. Alla þessa þætti þarf að hafa í huga, þegar skipuleg áætlun er gerð um varðveislu og not þessara landssvæða. Þess vegna er mikilvægt,

að til nefndarstarfa veljist menn með staðgóða þekkingu á viðfangsefninu, og þess vegna er gerð tillaga um, að forstöðumenn þeirra stofnana, sem búa yfir verðmætri reynslu á þessu sviði, skipi þá nefnd, sem á að gera áætlunina.

Ekki er þörf á því að rekja í löngu máli þátt þessara stofnana í því gróðurverndarstarfi, sem þegar er í gangi. Sem dæmi má nefna, að áætlun um skóggræðslu samfara búskap í Fljótsdal austur er í framkvæmd, og vænta menn góðs árangurs af þeirri tilraun. Þá eru og þekktar ritsmíðar skógræktarstjóra um góðureyðingu og jarðvegsskemmdir. Einnig hefur hann haft uppi áætlanir um landgræðslu, sem þá hefur fyrst og fremst verið bundin við skógrækt. Landgræðslustjóri er ungur maður og nýr í starfi, en stofnun hans hefur viðað að sér reynslu í sandgræðslu og gróðurvernd með starfsemi sinni í 65 ár, og auk þess hefur landgræðslustjóri nú sett fram nýja rammaáætlun um verkefni stofnunarinnar fyrir landið allt, byggða á þessari reynslu og nýjustu kenningum varðandi landgræðslmál. Landnámsstjórn ríkisins hefur haft með höndum þá skipulagningu á landbúnaðarlandi, sem gerð hefur verið til þessa. Síðasta viðfangsefni stofnunarinnar af þessu tagi var svokölluð Inn-Djúpsáætlun, en hún hefur nú áformað að halda áfram undirbúningi að frekari skipulagningu með kortagerð og merkingu og greiningu jarða. Þykir því einsætt að fela landnámsstjóra að hafa forustu í starfi n. Að sjálfsögðu mun n. hafa samvinnu við sveitarstjórnir á svæðinu og gróðurverndarnefnd sýslunnar, einnig Rannsóknastofnun landbúnaðarins, Búnaðarfélag Íslands og Búnaðarsamband Suðurlands og aðrar opinberar stofnanir, eftir því sem þörf krefur.

Herra forseti. Ég mun ekki flytja öllu lengra mál að þessu sinni um þáltill., nema sérstakt tilefni gefist. En ég vil að lokum leggja á það ríka áherslu, að ef landbúnaðarspá Framkvæmdastofnunar ríkisins er líkleg til að fara nærri réttu lagi, stefnir að svo hraðri fjölgun sauðfjár í landinu, að engan tíma má missa til að undirbúa markvissa sókn í gróðurvernd og gróðurlandnámi í Árnessýslu, svo að ekki horfi þar til vandræða. Til þess að stuðla að hraðri uppbyggingu landsins er þessi till. flutt og treyst á samvinnu þeirra sérfræðinga, sem við eigum völ á og hafa víðtækasta praktíska reynslu, — treyst á samvinnu þeirra til öflugrar sóknar í hinu nýja landnámi.

Herra forseti. Ég legg til, að till. verði vísað til síðari umr. að lokinni þessari umr. og hv. fjvn.

Jónas Jónsson: Herra forseti. Það er ánægjulegt að hlýða á þann áhuga á þessum málum, sem kemur fram í flutningi þessara till., þann áhuga fyrir gróðurvernd, aukinni gróðurvernd og skipulegri landnýtingu. Vitað er, að áhugi á gróðurvernd er mikill á Suðurlandi öllu, því að gróðurverndarnefndir í sýslum Suðurlands hafa starfað vel og skilað skýrslum, og einnig hafa einstakar sveitarstjórnir á Suðurlandi og alveg sérstaklega í Árnessýslu í samvinnu við Landgræðslu ríkisins gert veruleg átök og farið á undan með góðu fordæmi um tök á þessum málum. Í Biskupstungnahreppi hefur bæði hreppurinn lagt fram sérstakt framlag og eins sérstakt álag verið lagt á hverja vetrarfóðraða kind til uppgræðslumála í hreppnum. Sama eru Grímsnesingar að gera nú.

En í sambandi við flutning þessarar till. furðar mig svolítið á því, að hv. flm. skuli ekki, að því er séð verður, vera kunnugt um það, að undanfarin tvö ár hefur verið að störfum sérstök n., skipuð af landbrh., sem fékk það hlutverk að gera heildaráætlun um alhliða landgræðslu og skipulega landnýtingu. Þessi n. hefur nú lokið störfum, og mun álit hennar birtast fljótlega. Það nær yfir allt landið, og þar er vitanlega ekki farið svo nákvæmlega út í það, hvað gera eigi í einstökum sýslum, og þess vegna finnst mér það út af fyrir sig alls ekki óeðlilegt, að framhaldið yrði það, að í einstökum sýslum yrðu gerðar slíkar uppgræðslu-, gróðurverndar- og landnýtingaráætlanir, og gæti þetta þá mjög vel fallið að áliti landnýtinga- og landgæðslunefndar, sem bráðlega kemur nú fram. Hitt er svo annað mál, að það má deila um vinnubrögð, hvernig eigi að vinna að þessu. Það er líka sjálfsagt hægt að deila um það, hvar ætti að byrja. Árnessýsla er vissulega ein af þeim sýslum landsins, þar sem þessi mál eru hvað mikilvægust og brýnast, að á þeim sé tekið. En raunar er það þannig, að það er eldfjallasvæði landsins, sem nær yfir fimm sýslur: Árnessýslu, Rangárvallasýslu og V.-Skaftafellssýslu sunnan lands og síðan norðanlands Norður- og Suður Þingeyjarsýslu, þar sem þessi mál eru langbrýnust frá þessu sjónarmiði, þ. e. hætta á beinum uppblæstri og gróðureyðingu af hans völdum. Hins vegar er ástand e. t. v. verra hvað varðar gróðurnýtingu í ýmsum öðrum sýslum, en þar er ekki um beinan uppblástur að ræða. Uppblástur er landfræðilega séð og eðli sínu samkvæmt aðallega bundinn við eldfjallasvæðin. Ég vil einnig benda á, að einmitt á þessu svæði, Árnessýslu, er sérstök ástæða til að veita athygli einum sérþætti þessa máls, og það er það, sem við getum kallað skógvernd. Þar eru allvíðfeðm skógarsvæði, sem þurfa verndunar við, en það er einnig tekið inn í þessa þáltill. réttilega.

Það, sem ég furða mig helst á í sambandi við þessa till., er, að hugsuð er n., sem að henni ætti að vinna. Þar eru að vísu ágætir embættismenn tilnefndir, en mér finnst vera gengið fram hjá landgræðslustjóra, ef hann ætti ekki að veita henni forstöðu. Um stofnunina Landnám ríkisins hef ég ekki nema gott eitt að segja, en hún er ekki landgræðslustofnun í þeim skilningi, hún hefur ekki sérstaka reynslu á landgræðslumálum. Hitt mætti svo benda á, að heldur óeðlilegt væri, að búnaðarsamtökin á viðkomandi svæði ættu ekki þarna aðild að, þ. e. Búnaðarsamband Suðurlands, sem er öflugt og kunnugt að því að hafa mikla forustu einmitt í þessu máli. En þetta eru kannski aukaatriði, en þó vissulega ábendingarverð að mínum dómi, að langeðlilegast er, að landgræðslustjóri og Landgræðsla ríkisins veiti þessu starfi forstöðu í samvinnu við heimaaðila. Einnig má benda á það, mjög mikilvægur þáttur í þessu er ræktunin, því að þessar sveitir og þessi héruð hafa það andsvar gegn því, að af-

réttirnar eru yfirleitt ofsetnar. Þær hafa geysilega mikla möguleika til heimaræktunar, eins og flm. reyndar benti á, og þar kemur auðvitað ræktunarkunnáttan til og þar kemur reynsla og þekking starfsmanna Búnaðarfélags Íslands til, þannig að mér finnst orka tvímælis, hvernig þessi nefndarskipun er hugsuð.

Ágúst Þorvaldsson: Herra forseti. Ég kvaddi mér hljóðs til þess að taka undir með flm. þessarar till. í ýmsum atriðum. Ég er honum sammála um það, að á Suðurlandi, sérstaklega í Árnessýslu, er síaukin hætta á ofbeit, og það liggur að mínu viti fyrst og fremst í því, að búskaparhættir eru, að ég hygg, að breytast nokkuð einmitt á þann veg, sem landinu getur stafað mest hætta af, þ. e. a. s. búskapurinn er að færast meira í það horf, að sauðfé og hrossum fjölgi, en kúm muni e. t. v. fækka. Þá má einnig gera ráð fyrir því, að nautum fjölgi, og þeim er beitt meira á jörðina heldur en mjólkurkúnum.

Mjólkurframleiðslan hefur á árinu sem leið staðið í stað á Suðurlandi, og það tel ég vera afturför og sýna glöggt, hvert þróunin muni stefna á næstu árum. Orsakir þessa eru ýmsar, m. a. vinnutímastyttingin og þær breytingar á kröfum manna um vinnutilhögun, sem orðið hafa á síðustu árum og missirum. Húsakostur fyrir mjólkurframleiðsluna er víða lélegur og þarf að stórbatna, en það kostar óhemjufé nú á dögum að reisa hús yfir mjólkurkýr. Hitt er miklu auðveldara, að koma upp byggingum yfir sauðfé, hross og naut, og virðist vera, að þróunin stefni í þessa átt.

Á landssvæðum eins og þeim, sem eru aðalbeitilönd Árnesinga, er hættan mikil, eins og flm. upplýsti, jarðvegurinn laus í sér, blandaður gosefnum, og honum er hætt við að blása upp, ef nærri er gengið grasrótinni. Mér finnst því, að það sé allrar athygli vert að reyna að leita að orsökum að landeyðingu og koma í veg fyrir hana. En ég vil geta þess, að sumar sveitir í Árnessýslu hafa á undanförnum árum farið í það að bera á afrétti tilbúinn áburð samkv. fyrirsögn um áburðarval af hálfu landgræðslustjóra, og mér sýnist, að reynslan af þessu sé ákaflega góð. Fénaðurinn fær aukið fóður af afréttunum við þetta, grasvöxturinn eykst, og fénaðurinn verður miklu rólegri, dreifir sér betur um haglendið og nýtir grösin betur en hann áður gerði. Ég held, að þarna sé e. t. v. að einhverju leyti möguleiki. Hann þarf að vísu að rannsaka vel, þennan möguleika, en mér dettur í hug, að þarna sé um verulegan möguleika að ræða fyrir íslenskan landbúnað að auka og bæta beitarþolið, bæði í byggðum og óbyggðum, fyrir sauðfé með dreifingu tilbúins áburðar. Ég vil leggja áherslu á, að sá þáttur verði sérstaklega tekinn til athugunar í sambandi við þær rannsóknir, sem þessi þáltill. gerir ráð fyrir.

Þá vil ég að endingu víkja að einum þætti í landeyðingarmálum, sem ég held, að flm. hafi ekki komið inn á, a. m. k. tók ég ekki eftir því, en það er sú mikla landeyðing og landeyðingarhætta, sem stafar af hinum stóru og miklu vatnsföllum á Suðurlandi. Um Árnessýslu falla mestu stórvötn landsins, m. a. Hvítá, og Ölfusá flytur til sjávar 415 teningsmetra á sekúndu hverri, og vatnasvið hennar er 6100 ferkm. Þjórsá hefur vatnasvið, sem ég ætla að muni vera eitthvað á 8. þús. ferkm, og flytur til sjávar 412 teningsmetra á hverri sekúndu. Við þær virkjanir, sem nú er verið að gera á vatnasvæði Þjórsár, má gera ráð fyrir, að verði allmikil röskun á rennsli árinnar, a. m. k. á vissum árstímum. Það hefur þegar komið í ljós nú í vetur, í kuldakastinu, sem gerði í vetur, að vatnsmiðlunin hefur valdið því, að áin hefur bólgnað mjög upp, þegar neðar dregur í héraðið, og rutt miklu af ís upp á þurrlendið. Má búast við, að þetta haldi áfram.

Fyrir nokkrum árum voru gerðar ítarlegar rannsóknir í sambandi við virkjunarmöguleika hjá Kiðjabergi í Grímsnesi með þeim hætti að veita Hvítá inn í Hestvatn, sem er norðan undir Hestfjalli, og taka síðan í gegnum ás eða hæð eða eins konar eiði, sem liggur á milli vatnsins og Hvítár, austanvert við bæinn á Kiðjabergi. Ef að þessu ráði yrði horfið einhvern tíma, að virkja á þennan hátt, eru stór landssvæði í mjög mikilli hættu. Heilar grónar og grösugar sveitir, eins og Skeiðasveit og nokkur hluti Grímsness, eru þá í stórfelldri hættu af eyðileggingu af vatnaágangi. Þetta vildi ég, að kæmi hér fram í sambandi við þetta mál.

Enn fremur vil ég nefna það, að á því tímabili, sem ég man aftur í tímann, sem er nú orðið upp undir 60 ár, hef ég veitt því athygli, að þessi stóru vötn í Árnessýslu hafa eytt miklu landi og stór svæði eru í hættu. Ég get nefnt sem dæmi, að Ölfusá er núna að brjóta sér leið inn á landið fyrir ofan Óseyrarnes á Eyrarbakka, og er hætta á því, að hún komi þar inn á landið og ryðji sér leið austur um sandana, sem þar eru, og þar til sjávar, og þá mundi hún eyðileggja höfnina á Eyrarbakka. Nú er verið að hlaða þarna fyrir, því að nokkuð hefur verið veitt af fé á s. l. árum til að reyna að koma í veg fyrir þetta, en hvort það fjármagn nægir til að koma í veg fyrir þessa eyðileggingu, það læt ég ósagt um. Ég gæti nefnt ýmis svæði, bæði meðfram Þjórsá, Ölfusá og Hvítá, sem eru þarna í mikilli hættu. Erindi mitt hingað í ræðustólinn var fyrst og fremst að nota tækifærið til að vekja athygli á þessari hættu, sem fyrir hendi er um jarðvegseyðingu í Árnessýslu einnig af völdum stórfljótanna, sem þar falla. Ég læt svo máli mínu lokið, herra forseti.

Umr. frestað.

Kaup á hafskipabryggju á Eyri í Ingólfsfirði, þáltill. (þskj. 191). — Fyrri umr.

Flm. (Hannibal Valdimarsson): Herra forseti. Við þm. Vesturl. flytjum allir litla till. til þál. á þskj. 191. Þessi till. er um að heimila samgrh. fyrir hönd ríkissjóðs að festa kaup á hafskipabryggju á Eyri í Ingólfsfirði, ef hún kynni að reynast fáanleg á sangjörnnu verði.

Það er kunnugt, að um 1920 var mikil síldargengd við Vestfirði, og þá risu upp síldarsöltunarstaðir, síldarverkunarstöðvar víðs vegar við Vestfirði, svo sem á Hesteyri í Jökulfjörðum og við Reykjarfjörð og Ingólfsfjörð á Ströndum. Þarna voru reist mikil mannvirki, síldarsöltunarplön og hafskipabryggjur og verksmiðjubyggingar veglegar og miklar, sem enn standa. Þessum hafnarmannvirkjum var vel haldið við, meðan síldargengdin var þarna við land, og einnig nokkurn tíma, eftir að síldarævintýrinu við Vestfirði lauk. En þegar þessi mannvirki höfðu ekki lengur því hlutverki að gegna, sem þau höfðu verið byggð til, var slegið slöku við viðhald þeirra, og sum þeirra eru nú að hruni komin og orðin eyðileggingunni að bráð. Þannig er það á Ingólfsfirði, að eignirnar þar eru mjög farnar að láta á sjá. Þó stendur hafskipabryggja á Eyri enn og er nothæf, en fái hún ekki viðhald á næstu árum, má búast við því, að hún hrynji líka og verði ónothæf. Þetta bryggjumannvirki er einasta hafskipabryggjan á allri hinni löng strandlengju í Strandasýslu frá Hólmavík og norður eftir byggðinni og hefur verið fyrst og fremst afgreiðslustaður Skipaútgerðar ríkisins fyrir strandferðaskipin og þannig verið mikils virði fyrir norðurhluta byggða í Strandasýslu. Auk hafskipabryggjunnar er þarna mikil og dýr hafnarvog og mikill húsakostur, sem vel er til þess fallinn, að þar séu geymdar vörur, sem fluttar væru til þessa byggðarlags alls með strandferðaskipunum.

Bryggjan er enn þá vel nothæf og allmikið mannvirki og hefur þessu hlutverki að gegna fyrir byggðirnar. En núverandi eigendur eru ekki skyldugir til og þess er ekki að vænta, að þeir leggi í mikinn kostnað til að halda bryggjunni við í þjónustu þeirri, sem hún er nú. Þar ætti engum að vera skyldara að hlaupa undir bagga en ríkinu sjálfu. Þess vegna er lagt til, að samgrh. verði heimilað að kaupa bryggjuna, hafskipabryggjuna á Ingólfsfirði, svo framarlega sem hún er fáanleg á sanngjörnu verði. Það væri að vísu hægt að leysa þetta mál á annan veg, byggja nýja bryggju á þessu svæði, en það mundi vafalaust kosta margfalt meira fé. Það er eins og við segjum í lok grg. okkar með þessari litlu till., að það er þó alltaf hægara að styðja en reisa.

Annar kosturinn væri sá að gera ekkert, en þá er afar hætt við því, að hægt væri að segja með sanni, að ríkisvaldið ræki á eftir fólksflóttanum suður um Strandasýslu, ef hafskipabryggja væri þar engin og strandferðaskipin hefðu enga möguleika til að koma þar við til að flytja afurðir frá fólkinu og neysluvörur til þess. Það vona ég, að verði ekki gert, heldur, ef mönnum sýnist ekki þarna um allgóða úrlausn að ræða, að tryggja tilvist þeirrar hafskipabryggju, sem þarna er, með því að ríkið eignist hana, þá verði að öðrum kosti að byggja þarna nýja hafskipabryggju, sem strandferðaskipin Hekla og Esja gætu fengið afgreiðslu við. En það yrði miklu dýrari kostur.

Ég legg til, herra forseti, að till. verði að umr. lokinni vísað til hv. samgn.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Efri deild, 52. fundur.

Miðvikudaginn 30. jan., kl. 2 miðdegis.

Jarðgufuvirkjun við Kröflu eða Námafjall, frv. (þskj. 292). — Frh. 1. umr.

Halldór Blöndal: Herra forseti. Ég vil nú segja það fyrst, að síðari ræða hv. 1. þm. Vestf., Steingríms Hermannssonar, olli mér miklum vonbrigðum. Erindi hans þá upp í ræðustólinn var það eitt að reyna að bera af sér, að hann væri óánægður með stefnu ríkisstj. í orkumálum, og talaði um í því sambandi, að svo virðist sem maður þyrfti að vera varaþm., til þess að maður sæi það. Ég sé ekki ástæðu til að fara mörgum orðum um þetta. En það væri kannske rétt að spyrja hv. þm., hvers vegna hann er með tillöguflutning og alls konar ábendingar um orkumál, ef hann er eins ánægður með ástandið og hann vildi vera láta í sumum köflum ræðu sinnar.

Herra forseti. Ég var með ýmislegt, sem mig langaði til þess að segja við hæstv. orkumrh. (**Forseti:** Ég skal athuga fyrir hv. þm., hvort ráðh. er við.)

Á meðan verið er að leita að hæstv. orkumrh., ætla ég — með leyfi hæstv. forseta — að hafa eftir nokkur orð í grg. með þáltill. hv. 1. þm. Vestf. o. fl. á þskj. 49 um undirbúning að næstu stórvirkjun, en þar segir m. a.: „Virkjunarrannsóknir utan Þjórsársvæðisins hafa verið takmarkaðar og dreifðar og segja má, að þær hafi verið reikular og án markmiðs.“ Þetta eru þau ummæli, sem hv. þm. hafði á fyrri hluta þessa þings um þessi mál (StH: Getur ekki hv. þm. lesið meir?) Hv. 1. þm. Vestf. biður mig að lesa áfram, og ég skal verða við því, með leyfi hæstv. forseta:

„Virkjunarrannsóknir utan Þjórsársvæðisins hafa verið takmarkaðar og dreifðar, og segja má, að þær hafi verið reikular og án markmiðs. Líklega hefur mestu fjármagni verið varið til rannsókna á flutningi Jökulsár á Fjöllum og Jökulsár á Brú yfir í Fljótsdalshérað. Þessar hugmyndir hafa verið óljósar, ekki síst með tilliti til þess, að aldrei hefur þeirri spurningu verið svarað, hvernig ætti að nýta þau 1000 MW, sem þannig fengjust. Þó hefur verið litið á aðra virkjunarmöguleika. Af þeim virðast álitlegastir annars vegar virkjun Dettifoss og hins vegar virkjun Blöndu. Þó er einnig rætt um virkjanir í Skagafirði og stóra jarðhitavirkjun á Kröflusvæðinu. Að öllum líkindum eru allir þessir valkostir álitlegir, og e. t. v. skiptir ekki höfuðmáli, í hvaða röð þeir eru valdir. Því virðist auðvelt að einbeita rannsóknum að einum ákveðnum stað, sem yrði valinn með tilliti til hæfilegrar stærðar.“

Það, sem ég hef hér lesið, er það, sem er afmarkað með greinaskilum í grg. með þáltill. hv. 1. þm. Vestf. Það, sem kemur fram, er þetta, að aðalrannsóknirnar virðast vera á flutningi Jökulsár á Fjöllum og Jökulsár á Brú yfir í Fljótsdalshérað. Síðan segir þm.: „Þó hefur verið litið á aðra virkjunarmöguleika.“ Ekki er nú virðulegt orðalagið, ef um skipulegar rannsóknir hefur þarna verið að ræða. Og hv. þm. telur á þessari stundu, þ. e. á fyrri hluta þings,

að þá hafi helst komið til greina, — virðist álitlegast annars vegar virkjun Dettifoss og hins vegar virkjun Blöndu". Eftir þetta nefnir þm. virkjanir í Skagafirði og stóra jarðhitavirkjun á Kröflusvæðinu. Ég veit ekki, hvernig hv. þm. ætlar að standa við öll orðin, sem hann sagði stundum á síðasta fundi, enda kom í ljós annað veifið, að það hefur aðeins bráð af þm. og hann talaði út úr pokanum, hann kom til dyranna eins og hann var klæddur, eins og þegar hv. 1. þm. Vestf. lýsti ástandinu í orkumálum Norðlendinga. Þá sagði hann orðrétt í ræðu sinni, með leyfi hæstv. forseta:

„Og áreiðanlegt er það, að orkumál Norðurlands eru þó alveg sérstakur kapituli í þessu öllu saman. Það öngþveiti, sem þar var orðið, m. a. og ekki síst fyrir aðgerðarleysi eða fyrir fálm þeirra manna, sem fóru með þessi mál þá hjá hæstv. fyrrv. ríkisstj. Þetta eru staðreyndir í málinu."

Hvað hefur verið gert síðan? Mér er ókunnugt um, hvað hefur verið gert síðan gagnvart þeim vanda, sem nú blasir við okkur á næstu 2—3 árum. Ég veit, að hæstv. orkumrh. minnist þess, að hann sendi einu sinni frá sér grg. í nafni síns rn., þar sem m. a. var sagt, að sú lína, sem nú er lögð milli Akureyrar og Sauðárkróks, mundi leysa vanda Norðl. e. til ársloka 1975, en þá mundi blasa við enn á ný orkuskömmtun á Norðurlandi.

Ég spurði hæstv. orkumrh. að því hvað eftir annað í minni síðustu ræðu, hvernig hann ætlaði að bregðast við vanda Norðlendinga núna, við þeim orkuvanda, sem nú blasir við. Ráðh. fór að tala almennt um það, að einhvern tíma í framtíðinni mundi skapast hér markaður fyrir, — ég man nú ekki orðalagið, en geysilega mikill markaður. Hann minntist í því sambandi ekki á orkuviðskipti Íslendinga og Norðurlandabúa, eins og hann gerði á síðasta Norðurlandaráðsfundi, vék ekkert að því núna, en hann sá ástæðu til að gera lítið úr smáveitunum. Ég held, að við getum látið okkur nægja að tala um þær, það sé rétt að kasta málinu ekkert á dreif og halda sér við þetta.

Núna fyrir hádegið var að hringja til mín bóndi úr Norður-Þingeyjarsýslu. Hann sagði mér, að hann væri búinn að sækja um að fá hálft kw, fá rafmagn fyrir súgþurrkun og til húsahitunar og væru fleiri bændur í Norður-Þingeyjarsýslu búnir að biðja um þetta. Þeir hafa ekkert svar fengið frá Rafmagnsveitum ríkisins. Þeir eru búnir að leggja 100 þús. kr. í það að leggja rafstreng heim að býlum sínum fyrir súgþurrkunina. Þeir eru búnir að leggja 60 þús. kr. í það að kaupa rafmagnsmótor til þess að drífa áfram heyblásarana, sem kosta önnur 60 þús. kr. Og þeir fá ekkert svar um það, hvort þeir eigi von á raforku. Ég spurði í ræðu minni s. l. mánudag, hvort þetta fólk ætti von á því að fá nokkurt rafmagn. Því var ekki svarað. Ég spurði líka, hvort þeir menn, sem búið er að svíkja um rafmagn í Þistilfirðinum, sem eru búnir að bíða mánuð eftir mánuð eftir rafmagni, sem var lofað rafmagni í sept., sem var lofað rafmagni fyrir fyrstu snjóa, sem var lofað rafmagni fyrir áramótin og sem var lofað rafmagni núna í febr., hvort þeir ættu von á því að fá rafmagn fyrir næsta haust. Afsökunin er alltaf sú sama: Það vantar spenni. — Hvernig er með þessa spenna hjá orkumrh? Er ekki hægt að panta spenni? Í sumum tilfellum er þarna um ný hús að ræða. Þessu fólki var lofað, að það fengi rafmagnshitun. Það er ekki einu sinni miðstöð í þessum húsum. Ætlar hæstv. orkumrh. ekkert að koma inn á þetta? Ég spurði hæstv. orkumrh. líka að því, hvort Rafmagnsveitur ríkisins mundu verða við tilmælum stjórnar Laxárvirkjunar um að neita alfarið öllum þeim, sem sótt hafa á Norðurlandi um húsahitun með rafmagni, neita þeim um það. Og á það bann að standa til 1977 eða 1978? Hvað á það að standa lengi? Menn þurfa að fá að vita þetta. Þessu var ekki svarað. Það er verið að tala um þá miklu orkusölumöguleika, sem við höfum einhvern tíma í fjarlægri framtíð.

Ég tók eftir því, að einn af stuðningsmönnum hæstv. orkumrh., 3. þm. Norðl. v., er búinn að flytja með öðrum þm. tvær þáltill., síðan umr. voru s. l. mánudag, báðar um orkuveitu í Norðurl. v. Ég veit ekki, hvort ég á að angra hæstv. ráðh. með því að lesa þá lýsingu, sem þar er á ástandinu, en þar segir, með leyfi hæstv. forseta:

„Þrátt fyrir fyrirsjáanlegan raforkuskort á Norðurl. v. hefur orkumrh. fram til þessa ekki veitt heimild fyrir Svartárvirkjun né heldur virkjun í Fljótaá, og engar horfur eru á, að hann veiti slíka heimild nema samkv. beinum fyrirmælum Alþ." Enn fremur segir með leyfi forseta: „Það er alkunna, að raforkumál Norðurlands eru í mesta ólestri. Fljótvirkasta og ódýrasta leiðin til að ráða bót á orkuskorti á Norðurlandi v. á næstu árum er að virkja Fljótaá strax og tengja Skeiðsfossvirkjun við Skagafjarðarveitu, byrja á Svartárvirkjun, en vinna samhliða að undirbúningi stærri virkjunar eða virkjana." Þetta er mat eins af stjþm.

Það hefur legið í orkumrn., — ég held, að þeir séu uppgefnir á því að leita eftir svari, það hefur kannske komið núna seinustu vikurnar, — beiðni um það að stækka gufuveituna í Námafjalli. Hæstv. orkumrh. svaraði því ekki, þegar ég spurði hann um það síðast, og ég vil ítreka þá spurningu.

Ég er sammála hæstv. orkumrh. um það, að sú tíð er liðin, að Orkustofnun geti bara anað áfram án þess að tala við kóng eða prest, án þess að taka tillit til sjónarmiða heimamanna. Við verðum líka að hlusta á það, sem þeir segja. Við verðum að hafa náttúruvernarsjónarmið í huga, við megum ekki gleyma menguninni. Ég spurði þess vegna: Hafði hæstv. orkumrh., áður en hann lagði hér fram frv. um virkjun í Námafjalli, gengið úr skugga um það, hver væri vilji og hver væri skoðun hreppsnefndar Skútustaðahrepps um þetta mál? Ég hef ekki fengið svar við því. Ég spurði hæstv. orkumrh. einnig: Er það í undirbúningi í stjórn Laxárvirkjunar, er það í undirbúningi hjá Rafmagnsveitum ríkisins eða Orkustofnun að beita almennum hömlum gegn frekari raforkunotkun á Norðurlandi? Ég á t. d. með því við stjórn peningamála. Er hugsanlegt t. d., að lánastofnanir og opinberir sjóðir muni leggjast gegn því, að orkufrekur iðnaður á okkar mælikvarða verði staðsettur á Norður-

landi vegna þess ástands, sem nú er í orkumálum þar? Við þessu fékk ég ekki svar. Og hæstv. ráðh. kom ekki inn á það, hvaða ráðstafanir hann hefði hugsað sér að gera á s. l. ári til þess að brúa bilið 1974, 1975 og 1976.

Ég gat ekki annað en brosað, þegar því var haldið fram af þessum báðum fulltrúum ríkisstj., hv. 1 þm. Vestf. og hæstv. orkumrh., og annar þeirra sagði, að olíuskorturinn í heiminum hefði ekki orðið að raunveruleika fyrr en síðustu dagana fyir áramótin, og hinn sagði, að þetta hefði orðið jafnóvænt og eldgosið í Vestmannaeyjum. Ástandið var þó þannig t. d. í Englandi, s. l. sumar, að breska ríkisstj. var búin að láta dreifa skömmtunarseðlum á bensíni í öll pósthús í *Englandi og gat tekið upp skömmtun samdægurs* á bensíni, ef hún taldi sig hafa þörf á því. Það var í júlímánuði, sem það var gert opinbert. Og allt s. l. ár voru opinskáar umr. um það á alþjóðavettvangi, hvaða stefnu þessi mál mundu taka. *Menn voru búnir að gera sér grein fyrir* því hvarvetna í heiminum, nema þá kannske í stjórnarherbúðunum hér, að það gat dunið yfir þá og þegar stórhækkað verð á olíu og takmarkanir á sölu olíu. Þetta lá alveg ljóst fyrir, ég tala nú ekki um, þegar farið var að líða á sumarið og var farið að nálgast það, að setja þurfti fram fjárlagafrv., þá var þetta orðið deginum ljósara og algert ábyrgðarleysi af ríkisstj. að ætla ekkert fjármagn til þess að flýta fyrir *virkjunarrannsóknum og gera áætlanir í þá veru.* Það getur vel verið, að með mikilli mælsku sinni, orðkynngi og snjöllum röksemdaflutningi takist hæstv. orkumrh. að sýna fram á, að ég og ýmsir aðrir hafi verið jafnilla á vegi staddir með að skilja þetta eins og hann. En það *breytir ekki* því, að það var hæstvirts orkumrh. að marka stefnuna í þessum málum og það var embættisskylda hans sem orkumrh. að sjá þarna nokkuð fram í tímann, hans pólitíska og embættislega skylda, *og þarna brást hann. Þetta kom þessum* hæstv. ráðh. algerlega í opna skjöldu, og af því súpum við seyðið núna, m. a. Norðlendingar, þannig að menn eru orðnir hræddir við að setja niður atvinnurekstur og annað á Norðurlandi af ótta við orkuskort.

Af þessu tilefni spyr ég líka, vegna þess að það hefur komið fram í margvíslegum orðsendingum frá iðnrn. eftir stjórnarskiptin, að þar hefur verið tekið undir þær skoðanir, sem m. a. *voru grundvöllurinn og oft hafa komið fram*, m. a. hjá mönnum eins og Jónasi G. Rafnar og hv. 2. þm. Norðurl. e., Magnúsi Jónssyni, á liðnum árum, að það er eitt grundvallaratriðið fyrir iðnaðarlega uppbyggingu á Akureyri og annars staðar á Norðurlandi, að rafmagn þar verði ekki dýrara til atvinnurekstrar heldur en í Reykjavík. Þetta hefur verið þungamiðjan í orkustefnu sjálfstæðismanna s. l. ár og allt frá því að Laxárvirkjun var reist. Ég spyr af þessu tilefni: Ætlar orkumrh. að beita sér fyrir því, eins og hann hefur gefið fyrirheit um margsinnis í opinberum tilkynningum frá sínu rn., að raforka frá Laxárvirkjun verði ekki dýrari en hér sunnanlands? Ætlar hann að gera viðhlítandi ráðstafanir til að tryggja það? Megum við treysta því, að það sé rétt, sem hann segir um það? Verður *eitthvað að marka það? Það er mikið grundvallar*atriði fyrir okkur að vita um þetta, algert grundvallaratriði. Við erum mjög óttaslegnir og vitum raunar ekki, hvernig á að halda á málunum, eins og ég sagði um daginn. Þriðja hver *króna fór á s. l. ári í bein olíukaup hjá Laxár*virkjun, og ástandið verður sannarlega ekki betra núna, bæði vegna mjög aukinnar orkunotkunar, sem að vísu er reynt að halda niðri með margs konar hömlum, og vegna stórhækkaðs verðs á olíu.

Ég hef svolítið gaman af því, þegar hæstv. ráðh. er að segja, að við sjálfstæðismenn séum á móti stórvirkjunum, við séum á móti því að tengja saman orkuveitusvæði, og þegar þessi hæstv. ráðh. er að hrósa sér af því hér í ræðustól, að hann hafi viljað byggja Sigölduvirkjun sérstaklega til þess að láta húsahitun með rafmagni taka við. Ég spyr hæstv. orkumrh.: Er það misminni mitt, að Austri hafi skrifað grein, þar sem hann gat þess m. a., að eina virkjunin á Íslandi, sem væri fullrannsökuð og mætti ganga í af fullum krafti, væri Laxárvirkjun og hún gæti dugað bæði Norðlendingum og Sunnlendingum? Er þetta rangminni hjá mér? Það væri svolítið fróðlegt að vita það. *Ég man ekki* betur en það hafi verið ráðist að fyrrv. orkumrh. fyrir það, að Búrfellsvirkjun væri ekki nógu vel athuguð. Það má fletta upp í ræðum margra. Það hafa ekki allir menn alltaf verið samkvæmir sjálfum sér í öllu því, sem þeir hafa sagt. Og í sambandi við það að tengja saman orkuveitusvæði vil ég segja það, að ég ætlast til þess af þessum hæstv. ráðh., að hann lesi þau þskj., sem koma fram um orkumál, og ég bendi þá m. a. *til* þess, að ég hef ásamt hv. 5. þm. Norðurl. e., Lárusi Jónssyni, flutt þáltill. um það hér á Alþ., að þegar í stað skuli virkjað í Kröflu og jafnframt skuli haldið áfram virkjunarrannsóknum í Jökulsá á Fjöllum með stórvirkjun þar í huga og samtengingu við önnur orkuveitusvæði. En við erum hins vegar þeirrar skoðunar, það hefur margoft komið fram, bæði hjá okkur og hjá mörgum forustumönnum norðanlands, þ. á m. núv. formanni Sambands sveitarfélaga á Norðurlandi, bæjarstjóranum á *Húsavík*, á orkufundinum nú í nóv., það hefur komið fram hjá stjórnarformanni Laxárvirkjunar og ótalmörgum forustumönnum í sveitarstjórnarmálum norðanlands, að við teljum, að eins og staðið hefur *verið að hugmyndum um línulögn norður*, sé ekki fullnægt þeim kröfum, sem við gerum til öryggis fyrir rafmagnstruflunum á Norðurlandi, allra síst þegar húsahitun er höfð í huga.

Það gladdi mig að heyra það hjá hæstv. *orkumrh., þegar hann lýsti því yfir, að einhvern* tíma fyrir þinglok mundi maður eiga von á ráðstöfunum í sambandi við það að lækka olíukostnaðinn til húsahitunar. Eins og fram hefur komið, hygg ég, að vilji muni vera til þess hjá öllum þingflokkum að leysa þetta mál. Og *ég legg* mikla áherslu á, að það mál er mjög knýjandi, *og ég legg áhreslu á*, að þarna er ekki um neina skyndihjálp að ræða, sem á að standa stuttan tíma. Þarna er um það að ræða, að Íslendingar verða að leggja á sig mikla skattlagningu á næstu árum, vegna þess að hér hefur ekki verið stað-

ið nógu vel á verðinum um það að virkja innlenda orkugjafa. Það er sem sagt enginn skyndiskattur, sem þarna kemur.

Nú er það auðvitað hugleiðing í mikla ræðu og mikla heimspeki, hvaða þjóð í heiminum ætti fremur sjálsvirðingar sinnar vegna að leggja áherslu á það að nýta innlenda orkugjafa heldur en við Íslendingar. Það er að sjálfsögðu skylda okkar við mannkynið, vegna þess að við höfum mikið af orku og við getum framleitt hana án þess að það hafi mengun í för með sér. Hvort tveggja, virkjun gufuafls og virkjun vatnsafls, er algerlega laust við mengun. Við höfum þarna miklar skyldur, og við eigum að ganga á undan. Ég tek undir með það með hæstv. orkumrh., að við megum gjarnan setja okkur mark eins og það að reyna að bæta úr orkuþörf annarra þjóða í heiminum einhvern tíma í fjarlægri framtíð. Við eigum að setja okkur slíkt mark. Og ég ætla að vona, að sá svipur verði á næsta fjárlagafrv., sem lagt verður fram á Alþ., að stjórnarmeirihl. geri sér grein fyrir þessu, að við höfum vel efni á því, Íslendingar, að leggja töluvert fjármagn fram til þess að afla orku. Og ég mótmæli því algerlega þegar ábyrgir menn eru að tala eins og smávirkjanirnar skipti engu máli. Margt smátt gerir eitt stórt, og ætli það væri ekki svolítill munur að geta stöðvað dísilrafstöðina á Akureyri og notað í staðinn t. d. Skeiðsfossvirkjun, þótt hún sé lítil. Hún er kannske of nálægt höfuðstöðvum formanns Alþb. til þess, að það megi virkja þar að mati hæstv. ráðh.

Ég hef nú talað lengur en ég ætlaði, en það er sennilega vegna þess, að ég beið lengur eftir ráðh. en ég ætlaði. Það verða mín síðustu orð, að ég vænti þess, að hæstv. ráðh. treysti sér til að svara þeim spurningum, sem brenna á vörum okkar Norðlendinga um þetta: Eru í undirbúningi einhverjar hömlur við frekari raforkunotkun? Á að stöðva raforku til húshitunar á Norðurlandi? Er stefnan sú að halda annarri notkun í lágmarki? Og að síðustu ætla ég að ítreka þá spurningu, sem ég spurði að s. l. mánudag og var ekki svarað. Okkur var lofað því, að það yrði borað með gufubor við Kröflu nú í sumar. Ég er feginn því, ef ég hef misskilið það, en mér skildist, að enn væri ekki séð, hvaða bor ætti að nota næsta ár, bor Hitaveitu Reykjavíkur væri upptekinn allt næsta ár, og það væri skemmtilegt, að það kæmi fram.

Heilbr.- og trmrh. (Magnús Kjartansson): Herra forseti. Það er auðheyrt, að hv. þm. Halldór Blöndal er kennari og búinn að fá alllanga þjálfun í því starfi, því að hann stendur gjarnan hér og yfirheyrir okkur, bæði ráðh. og aðra þm., eins og býsna harðvítugur kennari og ætlast til þess, að menn kunni nú aldeilis lexíurnar sínar. Það mætti æra óstöðugan, ef ég ætti að fara að svara öllum þeim spurningum, sem þessi hv. þm. hefur borið fram. Sumum er raunar nýbúið að svara hér á þingi. Það hafa verið bornar fram formlegar fsp., m. a. um framgang sveitarafvæðingar og þær tafir, sem á því hafi orðið, þ. e. í Þistilfirði. Þessu var svarað hér á Alþ. skömmu fyrir jól, og ég geri ráð fyrir, að hv. þm. geti mjög vel kynnt sér það af þskj. Það hafa orðið tafir vegna þess, að efnispantanir, sem gerðar voru, það dróst afhending á þeim. Það eru Rafmagnsveitur ríkisins, sem annast það verk, en ekki iðnrn., og er óþarfi fyrir hv. þm. að spyrja, hvað menn séu að gera í iðnrn., af hverju þeir panti ekki spenna. Það er ekki verkefni rn. að gera slíkt. Það gera þær stofnanir, sem falið er það verkefni, og Rafmagnsveitur ríkisins gerðu þetta. Hins vegar hefur dregist afgreiðsla á þessu, eins og oft vill verða og eins og hætt er við, að geti orðið í ríkara mæli núna, vegna skorts á ýmsu, sem þarf til framkvæmda, þannig að í því þarf áreiðanlega mun meiri fyrirhyggju en við höfum oft sýnt. Ég lýsti því yfir hér í þinginu, að mér þætti það mjög miður, hvað þessar framkvæmdir hefðu dregist, og við munum að sjálfsögðu leggja á það áherslu við þær stofnanir, sem undir rn. heyra, að að þessu verði unnið öfluglega.

Hv. þm. spurði, hvernig hugsunin væri að leysa orkuvandamál Norðlendinga. Nú ætla ég ekki að fara út í neinar sögulegar upprifjanir eða deilumál um orkuvandamál Norðlendinga. En ég minntist á það í síðustu ræðu, að þar hefðum við tekið við ákaflega erfiðu vandamáli.

Það var fyrirhugað, að aðalraforkuframkvæmdin á Norðurlandi yrði í Laxá, og var þar tekin ákvörðun um leyfi til virkjunar, eftir að fyrrv. ríkisstj. féll, án þess að búið væri að leysa þau vandamál, sem þeirri virkjun væri tengd. Ég skal ekkert vera að rifja upp, hvernig það mál hefur gengið, en sem betur fór tókst okkur að ná sáttum í því máli. Það mál hefur verið mjög kostnaðarsamt, og það er dæmi um það, hvernig ekki á að halda á framkvæmdum í þessu þjóðfélagi, ef við viljum reyna að tryggja, að menn geti staðið saman að gagnlegum verkefnum. Vandi Norðlendinga er sá, að þessi virkjun, sem fyrirhuguð var þarna, var ákaflega stór. Hún verður ekki svona stór. Það er ekki lagaheimild frá Alþ. fyrir meira en 12 MW virkjun, eins og kunnugt er ,enda þótt leyft væri að byrja framkvæmdir við virkjun, sem var miðuð við miklu stærra virkjunarstig. Það var ekki einu sinni haldið þannig á málum að tryggja heimild Alþ. til þess. Vandi Norðlendinga stafar að sjálfsögðu af þessu.

Önnur heimild, sem fyrir lá, var virkjun við Svartá. Það vita allir, að þar komu upp deilumál af svipuðu tagi. N., sem falið hafði verið að kanna, hvort hægt væri að ná samningum við landeigendur, greindi frá því, að svo væri ekki og við vitum ákaflega vel, að það voru þarna einstakir bændur, sem höfðu hug á því að fara í alveg sams konar hörkuandstöðu og bændur við Laxá, tryggja sér lögbannsheimildir og fleira þess háttar. Þarna er um að ræða umhverfisvandamál og náttúruvandamál, sem verður að taka tillit til, eins og þessi hv. þm. viðurkenndi, þannig að það þótti ekki ráðlegt að leggja í slíkt.

Ég tel alveg sjálfsagt, að það verði athugað gaumgæfilega, hvort ekki sé rétt að heimila Siglfirðingum að ráðast í virkjun Fljótaár, ef óskað er eftir því af hálfu bæjarstjórnar Siglufjarðar. Þar er hins vegar um mjög litla virkjun að ræða, 1.6 MW, að því er ég hygg, en það ætti að vera hægt að koma henni í gagnið, ef rösklega er að unnið, á einu ári eða svo. En þetta

leysir ekki mikinn vanda, dregur svolítið úr dísilkeyrslu, en það er ekki hægt að tala um þetta sem neina frambúðarlausn á orkuvandamáli Norðlendinga. Skjótvirkasta leiðin til að koma einhverri umtalsverðri orku inn á þennan markað er sú samtenging Suður- og Norðurlands, sem hafist verður handa um nú á þessu ári og ég geri mér vonir um, að verði komin í gagnið á næsta ári. Með þessu móti kemst umtalsverð orka frá Suðurlandi inn á svæðið í flestum tilvikum. Það er að vísu rétt, það tekst ekki að vetrarlagi, þegar kemur upp slíkt ástand eins og við kynntumst í vetur, þegar Búrfellsvirkjun nægði engan veginn fyrir markaðinn hér á Suðvesturlandi og varð að taka upp skömmtun gagnvart Álbræðslunni og Áburðarverksmiðjunni. Er augljóst mál, að í slíkum tilvikum leysir þetta ekki vandann, þá verða varastöðvar að grípa inn í til að brúa þetta bil. Það verður að byggja upp myndarlega varaaflstöð á Akureyri, og á henni þurfa Norðlendingar að halda. Hvort hún kemur árinu fyrr eða árinu seinna en raforkuöflun þarna, skiptir í sjálfu sér ekki öllu máli. Sú vararafstöð, sem verið er að byggja þar upp og þarf að byggja þar upp, er stöð, sem verður að vera þar til frambúðar til öryggis. Hún verður að koma.

Í þriðja lagi liggur hér fyrir þetta frv. um 55 MW virkjun á Kröflusvæðinu, sem tryggir ákaflega mikla aukningu á orkuframleiðslunni fyrir norðan og gjörbreytir högum þess landsfjórðungs og raunar Austfjarða líka, þegar búið er að koma á þeirri samtengingu, sem er forsenda allra skynsamlegra aðgerða og allrar skynsamlegrar stefnu í orkumálum. Þangað til þessi mál leysast koma upp margvísleg erfið vandamál.

Það er staðreynd, að eftirspurn eftir raforku hefur aukist að miklum mun örar á síðustu árum en reiknað hefur verið með í raforkuspám. Það er verið að reikna með því í spám, að árleg aukning sé um 7%. Þetta er hins vegar mjög nátengt ástandinu í atvinnumálum og efnahagsmálum. Ég man eftir því, að í tíð fyrrv. stjórnar, þegar erfiðleikarnir í efnahagsmálum voru hvað mestir, datt þessi aukning niður í 1% á ári. Nú á síðustu árum hefur hún hins vegar rokið langt, langt upp fyrir þessi 7%. Aukningin hjá Rafmagnsveitum ríkisins á árinu 1972 var um 17%. Aukningin á Austfjörðum á síðasta ári var um 24%. Þegar skortur er á raforku, leiðir það að sjálfsögðu til vandkvæða. Það er erfitt að uppfylla allar óskir manna um húshitun og aðrar þarfir. Húshitunarmarkaðurinn á Íslandi er feiknalega stór. Ef ætti að fullnægja honum öllum, þarf virkjun, sem framleiddi um 1000 gwst. Sú virkjun er ekki tiltæk, og það þýðir ekkert að segja við mig, hvað ég ætli að gera til þess að tryggja, að allir, sem óska eftir raforku í hús sín, geti fengið raforku. Ég hef ekki önnur ráð til þess heldur en reyna að stuðla að því, að við flýtum virkjunarframkæmdum eins og við erum menn til. Hitt er svo aftur vandamál, sem menn verða að velta fyrir sér af fullu raunsæi, hvernig á að bregðast við óskum um rafhitun húsa, þegar vitað er, að orkan frá vatnsaflsvirkjun muni koma eftir tiltölulega stuttan tíma. Þá tel ég, að það sé alveg einsætt, að semja beri við slíka húseigendur um það, að þeir taki upp rafhitun í húsum sínum, það verði að brúa bilið með því að selja þeim orku, þótt hún sé dýr í framleiðslu, m. a. frá dísilstöðvum, til þess að búa þar í haginn fyrir væntanlegan markað. Þetta er matsatriði rafreiknanna á hverjum stað.

Ég tel, að það eigi að taka mið af þeim ásetningi okkar Íslendinga allra, núv. stjórnar og ég vona stjórnarandstöðunnar líka, að reyna að flýta þessum framkvæmdum eins og mögulegt er. Ég hef ekki neinn hug á því að beita þarna almennum hömlum. Ég hef hug á hinu, að reglunum sé beitt eins langt og hægt er til þess að búa í haginn fyrir það, að þessi markaður nýtist til raforku eins fljótt og verða má. En það er ekki hægt að selja aðra orku en þá sem tiltæk er.

Hv. þm. sagði, að það hefði átt að vera embættisskylda mín að sjá fram í tímann um það, sem gerðist í olíumálunum, á s. l. hausti. Nú þykir mér kröfugerðin fara að verða býsna mikil. Ég veit ekki betur en þessir atburðir hafi dunið á Vestur-Evrópubúum býsna óviðbúnum. Það er að vísu rétt, það var búið að prenta skömmtunarseðla í ýmsum löndum. En menn áttu ekki von á því, að þetta dyndi yfir á þann hátt, sem það gerði, og með svo skjótum hætti sem það gerði. Ég held, að ekki sé ætlast til þess, að það sé embættisskylda nokkurs ráðh. að hafa þvílíkt véfréttaskyn, að hann viti óorðna hluti á slíkan hátt.

En við Íslendingar erum þrátt fyrir allt betur undir það búnir en aðrir að takast á við þennan vanda. Það hefur mikið verið talað um það hér, að verið sé að keyra rándýrar dísilstöðvar. En menn virðast gleyma því, að þessi dísilkeyrsla er ekki nema sáralítið brot af raforkuframleiðslunni á Íslandi. Árið 1972 var rafmagnsframleiðsla frá dísilstöðvum aðeins 2,5% heildarraforkuframleiðslunnar á Íslandi, og þetta hlutfall mun hafa verið öllu lægra á síðasta ári, vegna þess að þá kom í gagnið stækkunin á Búrfellsvirkjun. Ef maður lítur á heildarframleiðsluna, er þetta lítið brot, og það er að sjálfsögðu mikið keppikefli að losna við dísilkeyrslu, eftir því sem hægt er. Það verður aldrei hægt að losna við hana að fullu. Við munum áreiðanlega þurfa að hafa slíkar varastöðvar víða um land til þess að grípa til þeirra, þegar erfiðleikar steðja að. En að sjálfsögðu er okkur kappsmál, að raforkuframleiðsla á þennan hátt verði sem allra minnst. Og hún er ákaflega lítil, sem betur fer.

Hv. þm. taldi, að ríkisstj. hefði ekki lagt fram nægilegt fjármagn til rannsókna í sambandi við virkjunarmál og m. a. ekki á fjárlögum þessa árs. Þetta er ekki rétt hermt hjá hv. þm. Hann var víst ekki hér á þingi fyrir áramót, en þá gerðist það við 3. umr. fjárlagafrv., að teknar voru inn mjög verulegar upphæðir, milli 200 og 300 millj. kr., ef ég man rétt, einmitt til rannsókna og kaupa á tækjum í sambandi við orkurannsóknir, og var m. a. gert ráð fyrir kaupum á nýjum gufubor. Ég held, að fjárframlög til raforkumála hafi margfaldast í tíð núv. ríkisstj. Ef maður ber saman framlög á fjárl. og framkvæmdaáætlun annars vegar á árinu 1970, síðasta heila viðreisnarárinu, og hins vegar á fjárl. þessa árs, 1974, þá er þar, ef ég man rétt, um hvorki meira né

minna en fjórföldun að ræða. Við höfum lagt mikla áherslu á að hraða framkvæmdum á þessu sviði. Við höfum verið með í gangi samtímis Lagarfossvirkjun og Mjólkárvirkjun á Vestfjörðum, og við höfum hafist handa um Sigölduvirkjun. En þetta þarf allt saman að auka, og eins og ég greindi frá, þegar fyrri umr. um þetta frv. fóru fram, var einmitt lögð á það áhersla af núv. ríkisstj. að bregðast þannig við orkuskortinum og síhækkandi verði á olíu að flýta öllum áformum um nýtingu innlendra orkugjafa, og á það bæði við um hitaveitur og um raforkuframleiðslu, sem hægt væri að nota til upphitunar húsa. Ég geri mér vonir um, að bráðabirgðaskýrsla frá því verkfræðifyrirtæki, sem falið var að annast þessa athugun í sambandi við Orkustofnun, muni fljótlega liggja fyrir, og mun ég þá að sjálfsögðu þegar í stað gera Alþ. grein fyrir þessu. En það er augljóst mál, að sú þróun, sem orðið hefur síðustu mánuði, leiðir til þess, að á ýmsum stöðum, sem voru hikandi um það, hvort þeir ættu að ráðast í hitaveitur, vegna þess að þar er um mjög verulegan stofnkostnað að ræða, jafnvel þótt reksturinn kynni að vera hagkvæmari, þá er það ekkert álitamál lengur, að það ber að ráðast í slíkar framkvæmdir eins fljótt og auðið er. Og það er einnig augljóst mál, að því er ég hygg, að eftirspurn eftir húshitun með raforku verður miklu, miklu meiri nú en okkur óraði fyrir aðeins fyrir 1—2 árum.

Það hefur verið þannig með húshitun með raforku, að hún hefur ekki verið ýkjamiklu ódýrari en húshitun með olíu. Hins vegar fylgja henni ýmsir aðrir kostir, sérstaklega ef menn geta byggt hús sín þannig, að þau séu miðuð við upphitun með raforku. Þá er þar um lægri byggingarkostnað að ræða, og því fylgja aðrir kostir einnig. Þetta er mun hreinlegri aðferð til hitunar o. s. frv. En þjóðhagslega séð jafngildir húshitun með raforku gjaldeyrisöflun í verulega miklum mæli, þannig að ég tel, að þar sé um framkvæmd að ræða, sem kalli á stórauknar framkvæmdir í raforkumálum. En þar er að sjálfsögðu ekki aðeins um virkjanir að ræða, þar er um það að ræða, að tengja verður saman öll orkuveitusvæðin, styrkja dreifikerfin ákaflega víða, þannig að þarna er um að ræða ákaflega mikla fjárfestingu. Ég hygg, að um þetta verðum við að gera áætlun allmörg ár fram í tímann, eftir því sem við erum menn til að reyna að spá um framgang slíkra verkefna, og við verðum að láta verkefni af þessu tagi hafa algeran forgang. Að þessu er nú unnið á vegum rn., og eins og ég sagði áðan, vona ég, að hægt sé að leggja fram fyrstu drög að slíkri framkvæmdaáætlun, áður en mjög langur tími líður.

Ég held, að hér sé um mál að ræða, sem er þess eðlis, að mjög sé æskilegt, að um það geti tekist sem víðtækust samstaða meðal þm. Ég held, að landsmenn sjái allir sameiginlega, hversu brýn þessi þörf er, og ég hygg, að það sé ætlast til annars af okkur alþm. en við eyðum allt of miklum tíma í að þrátta og þrasa hér um það, hvað gert hafi verið á undanförnum árum, hverjir hafi séð rétt og hverjir hafi séð rangt, eða þrátta um það, hvort ráðast eigi í einhverja virkjun upp á 3—4 MW á einum stað eða öðrum. Málið er miklu stærra og alvarlegra en svo, að við eigum að halda þannig á. Þingflokkur Sjálfstfl. hefur sent ríkisstj. bréf, þar sem hann leggur áherslu á það sjónarmið sitt, að einmitt þessum verkefnum beri að hraða. Það bréf er alveg í samræmi við þær aðgerðir, sem ég beitti mér fyrir, að ráðist yrði í, þegar vitað var um olíukreppuna í haust, og ég fagna því að sjálfsögðu að hafa stuðning Sjálfstfl. við þessa almennu stefnu. Ég hef hug á því, að við reynum sameiginlega að finna framkvæmdaröð, sem menn geti komið sér sæmilega saman um. Ég fagna því líka, að Sjálfstfl. hefur lýst stuðningi sínum við þá hugmynd, að gerðar verði ráðstafanir til að draga úr þeirri miklu mismunun, sem upp mun koma milli þess helmings landsmanna, sem nú verður að hita hús sín með olíu, og hins vegar helmingsins, sem nýtur hitaveitu. Það er alveg rétt, sem hv. þm. Halldór Blöndal sagði, þetta er vandamál, sem mun verða vandamál hjá okkur um alllangt árabil. Við getum að vísu flýtt hitaveitufram kvæmdunum. Það er um það bil helmingur þjóðarinnar, sem nú hefur hitaveitu, og er talið, að hægt sé að koma þeirri prósentu upp í 60—70% af þjóðinni, sem búi við hitaveitu, en að 30—40% verði þá að fá rafhitun, og það mun að sjálfsögðu taka lengri tíma. Það mun taka lengri tíma bæði að leggja á ráðin um skynsamlegar virkjunarframkvæmdir í því sambandi og að byggja dreifikerfið. Auk þess er þetta fjármögnunarvandi fyrir einstaklinga, hvernig þeir eiga á skynsamlegastan hátt að breyta upphitunaraðferðum í húsum sínum.

Hafi ég gleymt að svara einhverjum af þeim fjölmörgu fsp., sem hv. þm. beindi til mín, bið ég hann að hafa á því þann hátt, sem gert er ráð fyrir í þingsköpum, að bera þær fram skriflega, og ég skal þá reyna að greiða úr því, eftir því sem ég er maður til. Ég hef ekki allt í kollinum. Það getur vel verið, að það sé ætlast til af nemendum þessa hv. þm., að þeir kunni lexíurnar sínar þannig, að þeir geti þulið þær frammi fyrir honum, þegar honum dettur í hug að spyrja um eitthvað, en þá er ég ekki nægilega góður nemandi í hans augum.

Hitt skiptir hins vegar öllu máli, að ég þykist hafa orðið var við, að það er full samstaða um þetta frv., um heimild til virkjunar við Kröflu og við Námafjall, og þeirri samstöðu hlýt ég að fagna. Það kom þarna upp vandamál, eins og ég sagði áðan, á þessu tímabili, og ég held, að við verðum að leggja á ráðin um það, hvernig við getum komist yfir þann vanda með sem bestum hætti. En ef við lítum svolítið lengra fram í tímann, tel ég, að við Íslendingar eigum miklu láni að fagna að því er snertir orkumál. Þar er um að ræða auðlindir, sem eru langt, langt umfram það, sem við þurfum að nota aðeins til okkar daglegu, persónulegu þarfa, til húshitunar og lýsingar á híbýlum okkar. Við getum áreiðanlega byggt á þeim mjög verðmæta framleiðslu.

Hv. þm. minntist á, hvort það væri stefna ríkisstj., að ekki skyldi rísa stóriðnaður á Norðurlandi, ekki orkufrekur iðnaður. Því fer mjög fjarri. Ég tel það vera ákaflega mikilvægt atriði, að meiri háttar fyrirtæki af slíku tagi rísi ekki aðeins hér á Suðvesturlandi, heldur einnig á Norðurlandi og Austfjörðum, þar sem aðstæður

eru hentugar til þess. Og þær aðstæður eru vissulega hentugar bæði á Norðurlandi og Austfjörðum. Bæði á Norðurlandi og Austfjörðum er hægt að ráðast í mjög verulega stórar virkjanir, eins og hv. þm. minntist á. Um Dettifossvirkjun er fullnaðarkönnun á virkjunaraðstæðum að verða lokið, og ég geri ráð fyrir því, að iðnrn. fái lokaskýrslu um hann mjög fljótlega. Þá verða menn að vega það og meta, hvenær skynsamlegt er að ráðast í þá virkjun. En þá virkjun yrði greinilega að tengja við einhvern orkufrekan iðnað, sem mundi þá að eðlilegu rísa á Norðurlandi. Ég ætla, að það hafi verið ein af mistökunum í stefnu viðreisnarstjórnarinnar, að stórframleiðsla á ódýrri raforku var einvörðungu bundin við Suðvesturland. Það stuðlaði að misræmi á milli byggða á Íslandi. Ég held, að það verði að vera takmark okkar að byggja á því sviði, að landsmenn allir sitji við sama borð, og það gerist ekki í raun og veru fyrr en við erum búnir að koma upp einu samfelldu raforkukerfi um landið, sem getur tryggt, að raforku verði unnt að selja á sama verði á öllum heildsölustöðum um allt land. Þá fyrst er búið að tryggja jafnrétti á þessu sviði. Og ég hygg, að þessi miðlungsvirkjun, þessi myndarlega miðlungsvirkjun á Kröflusvæðinu, eigi eftir að reynast drjúgur þáttur í þeirri þróun.

Geir Hallgrímsson: Herra forseti. Ég skal reyna að lengja ekki mjög þessar umr., en vil hefja mál mitt með því að taka undir með hæstv. ráðh., að orkumálin eru svo alvarlegs eðlis, að það er full ástæða til, að við þm. tökum allir höndum saman, hvar í flokki sem við stöndum, til þess að leita bestu lausnar til að ráða bót á þeim orkuskorti, sem óneitanlega er hér á landi, ekki síst með tilliti til þess ástands, sem er í orkumálum og um öflun olíu til orkuframleiðslu, svo að eitt mikilvægt atriði sé tekið sérstaklega fram. En þótt ég sé sammála hæstv. ráðh. að þessu leyti, finnst mér mjög áberandi í málflutningi ráðh., að þegar hann á í hlut og hans stjórnarathafnir eða athafnaleysi, þá vill hann hafa samstöðu og frábiður sér gagnrýni, um leið og hann ætlar sér frelsi til þess að hafa uppi harða dóma um athafnir forvera síns og fyrrv. ríkisstj. í orkumálum. Þá er sjálfsagt að nota stóryrði og sleggjudóma í svo ríkum mæli, að manni blöskrar. En um leið og komið er við hans eigið skinn, biðst hann vægðar og æskir samstöðu. Þetta finnst mér fremur leiðinlegur bragur á málflutningi ráðh. Um leið og ég tek undir, að við skulum leita samstöðu til úrlausnar vandamálunum, eins og þau blasa við nú, þá hygg ég, að hann ætti hvorki að taka svo óstinnt upp gagnrýni stjórnarandstöðunnar, eins og hv. 2. þm. Norðurl. e., Halldórs Blöndals, í þessum umr. né endranær.

Það, sem olli því, að ég kvaddi mér hljóðs, er, að hæstv. ráðh. notaði það sem dæmi, sem slegið er upp í Þjóðviljanum, að orkusölusamningurinn til Álverksmiðjunnar í Straumsvík sé þannig úr garði gerður, að um helmingur raforkunnar í landinu fari til Álverksmiðjunnar, en hún greiði fyrir það magn aðeins 10% af því, sem greitt er fyrir raforku í landinu. Þetta finnst mér óheiðarelgur samanburður, svo ég segi það heinskilnislega, vegna þess að hér er ekki um sambærilega raforkusölu að ræða. Það er allt annað að selja raforku til eins aðila í heildsölu og ekki hægt að miða við það orkusölu til hvers einasta heimilis og notenda í landinu í smásölu hins vegar. Dreifikerfið er ákaflega dýrt, eins og sjá má af því, að Rafmagnsveitur ríkisins eru reknar með miklum halla vegna hins viðtæka og mikla dreifikerfis, sem þær verða að byggja, þótt þáttur í þessum halla sé einnig að sjálfsögðu líka, að raforka er á vegum Rafmagnsveitna ríkisins framleidd með olíu. Hér er sem sagt alls ekki um sambærilegar tölur að ræða, sem hæstv. ráðh. leyfir sér að viðhafa hér í alvarlegum umr., sem hann segir þessar umr. vera hér á hv. Alþ.

Nú vil ég fara fram á það við hæstv. ráðh., að við gætum komið okkur saman um það eða a. m. k. að hann hefði ekki neitt við það að athuga, að ég legði það til í stjórn Landsvirkjunar, að Landsvirkjun eða trúnaðarmenn hennar og ráðh., ef hann óskar eftir, geri nokkurn samanburð á því t. d., hver væri nú fjárhagur Landsvirkjunar, ef orkusölusamningurinn við ÍSAL hefði ekki verið gerður og þar af leiðandi ekki ráðist í Búrfellsvirkjun, en treyst á dreifðar smávirkjanir, eins og hæstv. ráðh. vildi, áður en ráðist var í Búrfellsvirkjun, og var enn þeirrar skoðunar, um það bil sem til hans var leitað sem nýskipaðs orkumrh., að jafnvel væri hagkvæmara að gera heldur en að ráðast í Sigölduvirkjun. En þá tók hann sér nokkurn frest og lét Orkustofnun kanna það, hvort smærri virkjanir væru e. t. v. ekki hagkvæmari heldur en að nota heimild Alþingis, sem hafði verið samþykkt í tíð fyrrv. ríkisstj. um virkjun við Sigöldu og í Hrauneyjarfossum. Hann komst fljótlega að raun um það, að fyrri forsendur og útreikningar, sem fyrrv. ríkisstj. hafði byggt á, þegar hún lagði til, að virkjað yrði við Sigöldu eða í Hrauneyjarfossum, hefðu við full rök að styðjast, og ríkisstj. veitti leyfi fyrir Sigölduvirkjun, eins og farið var fram á. Ég tel mjög æskilegt, að þvílíkur samanburður sé gerður af hlutlausum aðilum, svo a ðþað séu ekki uppi sleggjudómar hér á Alþ. og tíma alþm. eytt frá mikilvægari störfum, svo að það séu ekki uppi sleggjudómar hér viðhafði fyrr í umr. Ég vil líka leggja til, að áður en gengið er frá orkusölusamningi við járnblendiverksmiðju, ef hún verður reist við Hvalfjörð, verði gerður ítarlegur samanburður á því, hvernig háttað sé tekjum af orkusölu til ÍSALS, því afli og orku, sem sú orkusala tekur af Búrfellsvirkjun, og byggingarkostnaði Búrfellsvirkjunar annars vegar og á sama hátt séu grandskoðaðar væntanlegar tekjur af orkusölu til járnblendiverksmiðjunnar, það afl og orku, sem hún tekur af Sigölduvirkjuninni, og byggingarkostnaður Sigölduvirkjunar hafður til samanburðar. Það má vel vera, að nú þyki orkuverðið, sem samið var um til ÍSALS, vera lágt, eftir að orkuverð hefur farið svo stórhækkandi í heiminum sem raun ber vitni um. En við megum þá ekki gleyma því, að byggingarkostnaður hefur líka hækkað og byggingarkostnaður Sigöldu er allt annar á fram-

leidda kwst. eða afl og orku, sem sú virkjun lætur í té, en var, þegar Búrfellsvirkjun var gerð. Loks er þar svo til að taka, að það, sem auðvitað ræður úrslitum um, hvort rétt var að gera samninginn við álverið í Straumsvík um orkusölu til þess, er, hvort sá orkusölusamningur var til þess fallinn, að verð á raforku til heimila og atvinnurekstrar í landinu yrði lægra en ella, yrði lægra en án þess að slíkur samningur yrði gerður. Slík rannsókn og athuganir gerðar af hlutlausum aðilum, sem ég mun leggja til, að hjá Landsvirkjun fari fram, og ég treysti, að hæstv. ráðh. styðji mig í, að verði gerðar, eiga auðvitað að leiða í ljós, hvaða rafmagnsverð við mundum búa hér á landi, ef álsamningurinn hefði ekki verið gerður.

Hæstv. ráðh. sagði, að hann hefði fyrstur komið auga á húshitunarmarkaðinn. Ég held ekki, að það sé alveg rétt, að hann hafi einn haft hugmynd um, að þessi markaður væri til staðar, en vil taka undir það með honum, að auðvitað er rétt og nauðsynlegt að nýta þennan markað einmitt sem undirstöðu fyrir stærri virkjunarframkvæmdir en ella væri hægt að ráðast í, því að almennt talað eru stærri virkjunarframkvæmdir hagkvæmari en hinar smærri. En þá verð ég að segja einnig, að hæstv. ráðh. hefur, að því er ég best fæ séð, vanrækt algerlega að skapa skilyrði fyrir lausn húshitunarvandamálsins. Við vitum, að það er búið að skrúfa fyrir frekari húsakyndingu með hafmagni á Norðurlandi, frekari leyfi eru ekki veitt. Hér á orkuveitusvæði Landsvirkjunar er ástandið e.t.v. ekki miklu betra, og þar er ekki eingöngu fyrirstaðan sú að vísu, að framleiðslugeta vatnsaflsstöðva Landsvirkjunar er takmörkuð. Ástæðan er ekki eingöngu sú, því að Landsvirkjun gerði sérstakar ráðstafanir, eftir að olían fór að hækka í verði, til þess að skapa betri kjör þeim, er vildu hita hús sín með rafmagni, en þá strandar það í sveitum Suðurlands á því, að dreifikerfi Rafmagnsveitna ríkisins getur ekki borið frekari flutning og getur ekki tekið á sig meira álag, þannig að margir, sem sótt hafa um leyfi til húsakyndingar eða aukinnar rafmagnsnotkunar, fá ekki þessa orku keypta.

Hæstv. ráðh. getur ekki afsakað sig með aðgerðaleysi fyrrv. ríkisstj. Það er nú komið nokkuð á þriðja ár, meira en 5 misseri, sem hann hefur setið í ráðherrastól, og ástandið hjá Rafmagnsveitum ríkisins er núna það, að 350—400 millj. kr. vantar til þess, að þær geti staðið við skuldbindingar sínar á yfirstandandi ári. Þetta er fjárhagsvandi, einn af mörgum, sem ekki var leystur við afgreiðslu fjárlaga fyrir jólin. Hæstv. ráðh. hrósaði sér af því, að hann hefði aflað fjármagns til aukinna rannsókna og framkvæmda á sviði orkumála við 3. umr. fjárlaga fyrir jólin. Það er rétt, að þá var sett inn í heimildarákvæði fjárlaga heimild ríkisstj. til handa til að afla fjármagns, hundruð milljóna, en þess fjármagns hefur enn ekki verið aflað og þess fjármagns er ekki getið í niðurstöðutölum fjárlaga, þannig að það var eingöngu verið að benda á vandann, en hann er enn óleystur.

Herra forseti. Ég gæti lengt þessar umr. með því að drepa á fleiri atriði, en það er ástæða til að ætla, að bæði þessi mál komi aftur til umr. hér í d., svo og að orkumál verði til umr. í ýmsum myndum á þessu þingi, og skal ég því láta þetta nægja að sinni.

Heilbr.- og trmrh. (Magnús Kjartansson): Herra forseti. Hv. þm. Geir Hallgrímsson talaði um, að það væri ekki vert að eyða tíma Alþ. í deilumál í sambandi við þessi mikilvægu mál. Ég átti ekki upptök að þessum deilum. Ég flutti hér framsöguræðu fyrir frv. til l. um virkjun við Kröflu eða Námafjall, sem ég held að hafi verið alveg málefnaleg og áreitnislaus, og ég stuðlaði ekkert að því, að hér yrði hafinn neinn eldhúsdagur um þetta mál. Það hefur hins vegar þróast þannig. Og ég ætla ekki að fara að halda neinum deilumálum áfram sem heitir.

Hv. þm. Geir Hallgrímsson benti á, að það væru ekki sambærilegar tölur að um orkusölu til Álverksmiðjunnar og almenna orkusölu í landinu, og það er alveg rétt. Sá markaður, sem þarna er selt til, er allt annars háttar, og það er rétt, að það er reikningslega hagkvæmt að selja þá raforku á lægra verði en raforku, sem nýtist miklum mun verr. En verðmunurinn á þessu er skelfilega mikill og í engum skynsamlegum hlutföllum. Það var viðurkennt, að þetta verðlag væri ákaflega lágt, þegar samningurinn var gerður, og var erfitt að finna hliðstæður í nokkrum samningum, sem gerðir voru þá. Því var lofað, þegar fyrsti samningurinn var gerður, að við næsta orkusölusamning til álbræðslunnar yrði samið um hærra raforkuverð. Á þetta var raunar lögð áhersla í skýrslum frá Alþjóðabankanum. En þá gerðist sá undarlegi hlutur, þegar samið er um viðbótarsölu fyrir álbræðsluna, að þá er samið um sama lága verðið. En það var ekki aðeins, að það væri samið um þetta lága verð. Það var ekki hægt að fá þar inn ákvæði um, að þetta raforkuverð yrði endurskoðað á samningstímanum. Þetta lága raforkuverð átti að haldast óbreytt í 25 ár, ef undan er skilin mjög óveruleg breyting, sem átti að miðast við tilkostnað við rekstur Búrfellsstöðvar, sem er nú ekki svo mjög mikilvægt atriði, eftir 15 ár, ef ég man rétt. En raunveruleg endurskoðun á ekki að koma fyrr en eftir 25 ár, þ.e. á árinu 1997, og ég þekki ekki neinn aðila, sem hefur gert orkusölusamning af þessu tagi. Það er algert glapræði að gera slíkan samning. Við vitum núna, hvað þessi samningur er orðinn fjárhagslega óhagstæður. En ég er hræddur um, að við eigum eftir að sannreyna það enn betur, og ég vil nú fara fram á það við hv. þm. Geir Hallgrímsson og aðra þá, sem báru ábyrgð á samningunum við álbræðsluna, að þeir reyni ekki í ákafa sínum að halda því fram, að þetta raforkuverð sé ákaflega hagstætt, vegna þess að ég ræddi þessi mál við forustumenn Alúsuisse í haust og benti þeim á, að með tilliti til þeirra stórfelldu breytinga, sem orðið hefðu, litum við á það sem sanngirnismál, að þeir féllust á, að hægt væri að taka þennan orkusölusamning til endurskoðunar, og þeir hafa á það fallist, að það væri hægt að taka upp viðræður af vissu tagi. Ég held, að staða okkar í þeim viðræðum yrði ögn betri, ef ekki væru Íslendingar hér að halda því fram þvert ofan

í allar staðreyndir og þvert ofan í heilbrigða skynsemi, að þarna sé um ákaflega hagstætt verð að ræða.

Hv. þm. hélt því enn fram, hann er búinn að halda því fram margsinnis, á hverju einasta þingi, að ég hafi verið andvígur Búrfellsvirkjuninni. Ég átti sæti hér á þingi, þegar lögin um Búrfellsvirkjun voru samþykkt. Þau voru samþykkt einróma af þm. allra flokka, af mér eins og öðrum. Það yfirgengur minn skilning að geta haldið þessu fram endalaust. Ég hélt, að hv. þm. Geir Hallgrímsson væri grandvarari en svo, að hann þyrfti á slíkum málflutningi að halda. Hitt er alveg rétt, að ég gagnrýndi kostnaðaráætlanir, sem gerðar voru í þessu sambandi. Ég hélt því fram og það var ekkert, sem ég fann upp sjálfur, heldur studdist ég þar við álitsgerðir þeirra manna, sem mesta reynslu og þekkingu hafa, að rennslisvirkjun á þessum stað hlyti að leiða til þess, að þarna yrði um að ræða alvarlegar ístruflanir, ef það kæmu harðir frostakaflar á vetrum. Ég færði fyrir því margvísleg rök, sem ég sótti til þessara sérfróðu manna. En þetta var allt saman haft að engu, vegna þess að það mátti ekki reikna þennan tilkostnað við að koma í veg fyrir slíkar ístruflanir inn í rekstrarkostnað Búrfellsvirkjunar, svo að hægt væri að rökstyðja þetta afar lága raforkuverð, sem samið var um til álbræðslu. Við vorum sem betur fer svo heppnir, jafnvel eftir að stöðin kom upp, að það reyndi tiltölulega lítið á þetta. Það komu ekki alvarlegir frostakaflar þessa vetur. En slíkir frostakaflar hafa komið nú í vetur. Og þá var sem betur fer komin í gagnið Þórisvatnsmiðlun, sem bjargaði því, sem bjargað varð við þessar aðstæður. Ef hún hefði ekki verið komin, hefði þarna skapast algert neyðarástand. En þrátt fyrir Þórisvatnsmiðlunina þurfti að keyra allar tiltækar varaaflsstöðvar hér í Reykjavík og heildarkostnaðurinn af því hafði farið yfir 10 millj. kr., jafnframt því sem varð að skammta mjög verulega til álbræðslunnar og til Áburðarverksmiðjunnar í vetur. (Gripið frarm í.) Ég hef tölur um þetta. Það er ekki aðeins kostnaður við raforkuöflunina, heldur einnig við Hitaveitu Reykjavíkur, og það hvort tveggja var yfir 10 millj. (Gripið fram í.) Það hlýtur tíminn að leiða í ljós. Og öll gagnrýni á Búrfellsvirkjun sem slíka var í tengslum við þessi atriði, en Búrfellsvirkjunin sem slík var samþ. einróma hér á þingi.

Hv. þm. sagði, að ég hefði tekið mér frest, þar til ég féllist á till. Landsvirkjunar um að ákveða virkjun við Sigöldu. Þetta er alveg rétt. Ég kem í ráðuneytið sem nýr maður, og ég taldi, að það væri skylda mín að bera saman þá valkosti, sem þar kynni að vera um að ræða. M. a. var lítið á gamla áætlun um gufuaflsvirkjun í Hveragerði, hefur komið til mála að skjóta inn einhverri virkjun af því tagi. Ég taldi rétt, að ég skoðaði þetta gaumgæfilega, það væri mitt hlutverk, til þess væri ég þarna. En það var eins með Sigölduvirkjun og Búrfellsvirkjun, að það var samþykkt einróma hér á þingi heimild til að ráðast í hana.

Ég rifjaði það hér upp um daginn, að ég hefði ásamt Lúðvík Jósepssyni flutt till. í sambandi við breyt. á l. um Landsvirkjunina, að Landsvirkjunin hefði það sem verkefni að stuðla að aukinni húshitun í landinu. Þetta felur ekki í sér, að ég þykist fyrstur manna hafa látið mér koma þetta til hugar. Því fer víðsfjarri. Þetta hafa margir menn séð lengi. En hitt er staðreynd, að till. flutti ég og þessi till. var samþykkt, og á grundvelli þessarar samþykktar féllst Landsvirkjun á að miða Sigölduvirkjun við innlendan markað, við húshitunarmarkað og við samtengingu. Það voru áform fyrrv. ríkisstj., frá þeim var greint opinberlega, að það væri ekki hægt að ráðast í Sigölduvirkjun nema tengja hana við orkufrekan iðnað, að öðrum kosti væri þetta ekki framkvæmanlegt. Þessu var lýst yfir meira að segja skömmu fyrir kosningar 1971. En það var haldið þannig á þessu máli, að það var sótt um lán hjá Alþjóðabankanum til Sigölduvirkjunar og einvörðungu vísað á innlendan markað í því sambandi, þ. e. a. s. að flýta húshitunarframkvæmdum eins og hægt væri og að reyna að tryggja, að þessi stöð hefði aðgang að sem stærstum innlendum markaði. Þessi áform voru ekki fyrir fram á neinn hátt í sambandi við neinn orkufrekan iðnað.

Í sambandi við Búrfellsvirkjun muna menn ákaflega vel, að samningarnir við Alusuisse voru gerðir áður en Búrfellsvirkjun komst upp, og þeir voru forsenda þess, að Alþjóðabankinn vildi veita lán til Búrfellsvirkjunar. Við komumst þarna í ákaflega hvimleiða sjálfheldu. Erlendur aðili fékk þá samningsstöðu við okkur, að ef við féllumst ekki á eða næðum samkomulagi við hann um raforkuverð, þá lenti allt í vandræðum með sjálfa virkjunina. Í slíkri stöðu megum við að sjálfsögðu ekki vera.

Mér þótti mjög fróðlegt, þegar hingað komu sérfróðir menn frá Alþjóðabankanum til þess að fara ofan í þessi áform, að þá sögðu þeir mér frá því, að það, sem þeim þætti raunsæjast af okkar hálfu, væri einmitt að nýta þennan húshitunarmarkað, sem tiltækur væri í landinu, og tengja saman orkuveitusvæðin. Þeir töldu þetta vera eitt mesta gildi þessara áætlana um Sigölduvirkjun.

Hvort Sigölduvirkjun hefur orku aflögu til þess að tengja hana við orkufrekan iðnað, það er atriði, sem við þurfum að skoða mjög gaumgæfilega. Áður en olían hækkaði, gat maður varla séð fyrir nema nokkuð hægfara þróun húshitunarmarkaðarins, vegna þess að þeir, sem væru búnir að koma sér upp olíukyndingu í húsum sínum, mundu varla fara að breyta því, nema þá að gerðar væru þær breyt. sem nú hafa gerst, þannig að það var aðallega reiknað með nýjum húsum, að ný hús kæmu inn í þetta kerfi. En nú hafa þessar aðstæður sem sagt gerbreyst og þessi markaður, sem er fyrir í landinu sjálfu, er það stór, að hann gæti tekið við allri orku frá Sigölduvirkjun. Þetta eru að sjálfsögðu aðstæður, sem við verðum að vega og meta, hvernig við eigum að ráðstafa þessari orku og hvernig við getum ráðstafað henni, því að það er alveg rétt, sem hv. þm. sagði, að það þarf að auka dreifikerfið til mikilla muna, til þess að við getum komið þessari orku á framfæri.

Hv. þm. vildi gera lítið úr þeirri ákvörðun Alþ. að veita fé í fjárlögum, eftir að ljós voru þessi vandkvæði, talaði um, að það hefði aðeins verið tekið inn á heimildarlið. Það er á 1. síðu

fjárlaga, ef hv. þm. vill líta á þau, tekin upp sérstök fjáröflun til framkvæmda á sviði orkumála, 476.3 millj. kr., og þetta var allt saman sundurliðað, og ef hv. þm. hefur fylgst með því, hvernig frá fjárlögunum var gengið, þekkir hann þessa sundurliðun í einstökum atriðum. Þarna var um að ræða mjög stórfelldar hækkanir frá því, er frv. var lagt fram í upphafi.

Jón Árm. Héðinsson: Herra forseti. Það eru nú orðnar alllangar umr. um þetta frv. og orkumálin í heild og hefur margt spunnist hér inn í. Ég ætla að fara um þetta nokkrum orðum og vil þá byrja á að fjalla um síðustu orð hæstv. ráðh.

Það er mjög athyglisvert að heyra, að svo mikil orkuþörf er hjá okkur landsmönnum á svæðum, sem ekki hafa heitt vatn, að það er markaður fyrir afkastagetu Sigölduvirkjunar. Ég vil beina þeirri spurningu til hæstv. ráðh., af því að hann greindi frá því í ræðu sinni og var búið að tilkynna það áður, að nefnd væri að starfa á vegnm rn., er mundi kanna markað fyrir innlenda orku, hvort sú n. mundi taka það með í myndina, að öll hús á Íslandi gætu fengið innlendan orkugjafa, heitt vatn eða raforku, til húsahitunar. (Gripið fram í.) Þetta er æskilegt markmið. Hvort við setjum þar 5 ár eða 10 ár, því verða aðstæður að ráða. Það þarf dreifikerfi og þar fram eftir götunum. (**Heilbr.- og trmrh.:** Það er þetta sem athugunin snýst einmitt um) Já, það er mjög ánægjulegt að heyra, að þetta er tekið með, og er auðvitað brýn nauðsyn að taka það til gaumgæfilegrar athugunar nú, þegar aðstæður hafa breyst svo með olíuöflun í heiminum og olíukostnað og olíuframboð, að við getum staðið hér uppi skyndilega með takmarkaða orkugjöf frá olíunni á þeirri breiddargráðu, sem við erum.

Í öðru lagi vil ég fjalla aðeins um 1. gr. frv. Þar segir svo, með leyfi forseta:

„Ríkisstj. er heimilt að fela væntanlegri Norðurlandsvirkjun eða öðrum aðila að reisa og reka jarðgufuaflsstöð."

Ég er efnislega með frv., en vildi þó lýsa þeirri skoðun minni, að ég tel, að það eigi eindregið að fela Norðurlandsvirkjun þetta. Það er mín skoðun. Þó að Orkustofnun hafi rekið nú um sinn gufuaflsstöð í Mývatnssveit, tel ég, að það sé ekki í verksviði Orkustofnunar að annast rekstur væntanlegrar gufuaflsvirkjana víðar, bæði við Kröflu og annars staðar í landinu. Þessi stofnun hefur ákveðið verksvið, rannsóknir, skipulagningu og uppbyggingu á þessu, en svo eiga aðrir aðilar að reka stöðvarnar. Ég vil lýsa þeirri afstöðu minni, að ég tel rétt, að þetta sé eins og segir þarna í 1. mgr., en ekki vera að hafa einhverja aðra í huga og alls ekki Orkustofnunina sem slíka.

Í öðru lagi vil ég minna á það, að ég flutti hér sem 9. mál á s. l. þingi till. til þál. ásamt Stefáni Gunnlaugssyni um lánsfé til hitaveituframkvæmda. Þar var skorað á ríkisstj. að gera þegar í stað ráðstafanir til að tryggja sveitarfélögum lán til hitaveituframkvæmda. Ég rakti þetta í nokkuð langri framsögu, undir þetta var tekið og þessari till. var vísað til hæstv. ríkisstj. Hefur eitthvað gerst í þessu efni? Það var þegar vitað, að a. m. k. á Reykjanessvæðinu og fáeinum stöðum úti á landi voru þegar í fyrra mikil áform uppi um að efla hitaveitu á svæðinu, og fyrst og fremst skorti mörg hundruð millj. kr. til framkvæmda. Nú knýr á að gera þetta, og e. t. v. mun n., sem starfar að þessum málum núna, einnig fjalla um þennan þátt í framkvæmdunum. Hér þarf geysimikið fjármagn.

Það hefur verið sagt frá því opinberlega núna, að sparnaður af hitaveitu yrði gífurlegur á þessu svæði, sem nær þó bara til Reykjavíkur og nágrennis. Ég held, að ég hafi tekið rétt eftir í sjónvarpsþætti fyrir nokkrum vikum, að það var talinn a. m. k. sparnaður um eða yfir milljarð króna. Miðað við vinnubrögð hæstv. ríkisstj. í að leysa vandamál, væri ekkert óeðlilegt, að hún setti flatan skatt á heita vatnið, eins og gert er um loðnuna. Það eru alveg sömu vinnubrögð. Það þarf enginn að kippa sér upp við eitt eða neitt í því efni í dag. Það þarf heldur enginn að kippa sér upp við eitt eða neitt, þó að það yrði uppskerubrestur á kartöflum, laxveiðibændur borga hallann. Það er ekki nokkurt vandamál lengur til. Hún situr sjálf róleg, svo að við þurfum ekki að hafa áhyggjur af því, að hún leysi ekki vandamál þeirra, sem nota olíu úti um allt land. Það verður auðvitað gert á kostnað þeirra, sem hafa heitt vatn, þar sem þeir munu béna um eða yfir milljarð. Það er óvefengjanlegt. Því skyldu þeir ekki borga 200—300 millj. til baka, því að þeir fá skyndilega hagnað? Ég býð eftir því, að það verði samstaða um svona vinnubrögð á Alþingi og að sjá, þegar stærsti stjórnmálaflokkur landsins hefur það að markmiði sínu að vernda eðlilega starfsemi í landinu og frelsi einstaklingsins. Það er verið að ræða frv. um þennan skatt í Nd., og einn af forustumönnum þess flokks lýsti yfir samstöðu um það í gær. Ég hugsa, að hann hafi gert sér grein fyrir því, hvað í frv. felst.

Það er ekki framar vandamál til, þegar þessum vinnubrögðum er beitt. Það er bara fært með einföldu pennastriki á milli eftir þörfum, og allt í lagi með það. Ef þjóðin er komin inn á slík vinnubrögð, þá er það mjög nauðsynlegt, að það komi fram. Þó að ein starfsgrein lendi í vanda á Íslandi með orkuskort eða eitthvað annað, þá er það bara fært einfaldlega á milli og samþykkt á Alþ. með pomp og prakt.

Ég ætla svo ekki að hafa þessi orð fleiri. En ég vænti þess, að þessi mál, þó að um hafi verið deilt, fái góða lausn, vegna þess að eins og kom fram hjá sumum ræðumönnum, er samstaða um að flýta fyrir því. Það er alveg rétt hjá hæstv. ráðh., að það passar ekki að vera að deila mikið um hið liðna og kýta um það, hver hafi gert meira eða minna. Aðalatriðið er, að við leysum þennan vanda, en ekki með þeim vinnubrögðum, sem felast í því frv., sem er verið að ræða um nú í Nd.

Geir Hallgrímsson: Herra forseti. Ég vil fyrst að gefnu tilefni orða síðasta ræðumanns, hv. þm. Jóns Árm. Héðinssonar, segja það, að við sjálfstæðismenn höfum tekið skýrt fram, að til lausnar þeim vanda, sem fólki er búinn vegna hækkandi olíuverðs til húsakyndingar, viljum við alls ekki leggja skatt á hitaveitur eða hitaveitunot-

endur, vegna þess að við teljum, að slíkur skattur mundi tefja fyrir hitaveituframkvæmdum og útbreiðslu hitaveitna.

Hæstv. ráðh. sagði, að orkusölusamningurinn við ÍSAL væri algert glapræði. Þetta eru stór orð. Það, sem undrar mig mest, ef þessi orð hans hafa við rök að styðjast, er, að hann skyldi skipa sama forstöðumann samingaviðræðna inn í orkusölu til járnblendiverksmiðju og var formaður samningaviðræðna um orkusölu til ÍSALS. Ef orkusölusamningurinn við ÍSAL var algert glapræði, þá er undarlegt að treysta sama forstöðumanninum fyrir forsjá mála varðandi orkusölusamninginn við járnblendiverksmiðjuna. Ég held, að þetta dæmi staðfesti það, að hæstv. ráðh. trúi ekki sínum eigin orðum. (Gripið fram í.) Það veldur hver á heldur, og hlutverk samningamanna, hvað þá formanns samninganefndar, er æðimikilvægt í slíkum samningum sem hér er um að ræða og getur ráðið úrslitum.

Þá vildi ég minna hæstv. ráðh. á það, að orkuverðið í samningunum við ÍSAL var einn liður í margþættum samningi. M. a. var samið um ákveðið fyrirkomulag skattgreiðslna, sem tryggir skattgreiðslu þessa fyrirtækis, hvort sem það græðir eða tapar. En ef það græðir, sem allar líkur eru til, sem betur fer, að verði fremur venjan heldur en hitt, munu þessir skattar nema um helming ágóðans, og af því má draga þá ályktun, að við munum alla vega fá í okkar hlut, þegar til lengdar lætur, helming af ágóðanum í ríkissjóð. Þar af leiðandi tökum við ekki nema helming af þeirri orkuverðshækkun, sem á sér stað á því tímabili, sem verksmiðjan sýnir hagnað. Það er engum vafa bundið, að orkuverðið til ÍSALS, miðað við daginn í dag, er lágt, þótt það hafi verið hagstætt, þegar á allt var litið, miðað við aðstæður, þegar samningurinn var gerður. Ég er því alveg sammála ráðh. um, að það er full ástæða til þess að fara fram á endurskoðun þessa orkuverðs við ÍSAL. Benda má á, að í áætlunum um Sigölduvirkjun er gert ráð fyrir sölu á 20 MW til Álverksmiðjunnar í Straumsvík. Þess vegna er alls ekki rétt hjá ráðh., að í áætlunum um Sigöldu sé ekki gert ráð fyrir neinni sölu til orkufreks iðnaðar. Það er gert ráð fyrir því, í öllum rekstraráætlunum, sem Alþjóðabankanum voru sendar, að 20 MW af afli Sigöldu verði ráðstafað til Álverksmiðjunnar. Það er eftir að semja um verðið, og er mjög eðlilegt og sjálfsagt, að þá verði tækifærið notað og samið um nýtt verð á þeirri orku, sem nú þegar fer til fyrirtækisins. Þarna hafa stjórnvöld tæki í höndunum til þess að fá hærra orkuverð, því að þessi viðbót í álframleiðslu er tiltölulega kostnaðarminni fyrir ÍSAL og því hagræði fyrir verksmiðjuna að fá þetta viðbótarrafmagn til ráðstöfunar. Þarna hafa stjórnvöld í hendi sér tæki til þess að fylgja markaðnum að því er orkuverð snertir, og auðvitað var ráð fyrir því gert upprunalega, að slík tæki væru í höndum stjórnvalda, ef einhver breyting yrði til hækkunar orkuverðs, þannig að ég held, að hæstv. iðnrh. sé engin vorkunn að fá fram endurskoðun á orkuverði til ÍSALS, miðað við þessa staðreynd málsins.

Þá er hæstv. ráðh. að halda því fram, að hann hafi ekki verið andvígur Búrfellsvirkjun. Það er alveg rétt, að hann greiddi atkv. með Búrfellsvirkjun. En forsenda Búrfellsvirkjunar, fjármögnunarforsenda hennar, var orkusölusamningurinn til álversins, enda gat ráðh. um það síðar í ræðu sinni. Þótt þarna hafi verið um tvö aðskilin frv. að ræða, voru þau samtengd að því leyti, að það hefði ekki verið unnt að afla fjármagns til Búrfellsvirkjunar, ef ekki hefði verið tryggð orkusala, því að þessi samningur um orkusölu var í raun og veru það veð, sem Alþjóðabankinn og aðrar lánastofnanir, sem veittu lán til Búrfellsvirkjunar, höfðu til tryggingar því, að lán þeirra yrði endurgreitt.

Þegar hæstv. ráðh. hrósar sér af því, að hann hafi tekið í taumana og ráðið því, að Sigölduvirkjun væri eingöngu miðuð við innlendan markað, er það ekki rétt, eins og ég gat um áðan, að því er snertir 20 MW væntanlega sölu til ÍSALS. En að svo miklu leyti sem það er rétt, þá hefur það haft mjög óheillavænleg áhrif, tafið framkvæmdir við Sigöldu um a. m. k. eitt ár og orðið til þess, að Sigölduvirkjun verður langtum dýrari en hún hefði þurft að verða, og getur leitt til þess, að orkuskortur verði hér tilfinnanlegur, áður en Sigölduvirkjun er lokið. Það, sem ég á við með þessum orðum, er, að Alþjóðabankinn taldi þessa virkjun ekki lánshæfa fyrr en ári seinna en ella, ef hún átti að byggjast á innlendum markaði í svo stórum mæli sem hæstv. ráðherra vildi. Hefði verið til staðar orkusölusamningur til stóriðnaðar eða almennt til iðnaðar, sambærilegur við þann orkusölusamning, sem nú er verið að semja um til járnblendiverksmiðjunnar, án þess að ég geti á þessu stigi málsins dæmt um, hvort þar er um æskilegan samning að ræða eða ekki, þá hefði Sigölduvirkjun getað verið ári fyrr á ferðinni og orðið þeim mun ódýrari, sé litið til þeirra verðhækkana, sem við höfum búið við. Auk a. m. k. ársfrestunar á Sigölduvirkjun, hefur Alþjóðabankinn einnig í stað þess að veita 15 millj. dollara lán lækkað það niður í 10 millj. dollara lán og bundið lánveitinguna því skilyrði, a. m. k. enn sem komið er, að miðað er við tvær vélasamstæður í Sigölduvirkjun í staðinn fyrir fjórar. Það átti að bíða með þriðju vélasamstæðuna, 50 MW af 150 MW, þar til síðar, að markaðurinn stækkaði. Viðhorf Alþjóðabankans breytist vonandi, og umsókn hefur verið send til hans um að breyta þessari afstöðu, þegar litið er á það, að vonir standa til, að markaðurinn stækki örar en fyrri áætlanir gerðu ráð fyrir.

Þá hlýt ég að minna hæstv. ráðherra á, að það var ekki ætlunin, að Búrfellsvirkjun stæði ein sér um langt árabil. Það var ætlun fyrrv. ríkisstj. að það yrði mjög fljótlega ráðist í aðrar virkjanir, í Þjórsá og Tungnaá. Með tilliti til þess var eðlilegt, að miðlunarmannvirki yrðu byggð þegar í stað og í beinu framhaldi af Búrfellsvirkjun, einmitt með tilliti til virkjunarframkvæmda við Sigöldu og Hrauneyjarfoss. Ég vil minna hæstv. iðnrh. á það, að ákvörðunarástæða ráðunauta Landsvirkjunar, þegar þeir ráðleggja stjórn Landsvirkjunar að ráðast frekar í Sigölduvirkjun en Hrauneyjarfossvirkjun, var sú, að það yrði beint framhald af virkjunarfram-

kvæmdum í Tungnaá og í beinu framhaldi af Sigölduvirkjun yrði ráðist í Hrauneyjarfossvirkjun. Ef búist hefði verið við, að eitthvert hlé yrði á milli virkjana við Sigöldu og Hrauneyjarfoss, var hagkvæmara að virkja Hrauneyjarfoss fyrr. Það var þessi stórhugur í virkjunamálum, sem einkenndi áform fyrrv. ríkisstj., en hefur að nokkru leyti strandað eða a. m. k. tafist, vegna þess að hæstv. iðnrh. hefur ekki fylgt þeim áformum fram sem skyldi.

Heilbr.- og trmrh. (Magnús Kjartansson): Herra forseti. Út af því sem hv. þm. Jón Ármann Héðinsson sagði í sambandi við 1. gr., þar sem hann virtist telja, að iðnrn. hefði dottið í hug, að Orkustofnun ætti að starfrækja þessa virkjun, þá hefur það aldrei staðið til. Það er talað um að fela þetta verkefni væntanlegri Norðurlandsvirkjun, og eins og ég gat um í framsögu um þetta mál, geri ég mér vonir um, að Norðlendingar sameinist um slíkt orkuöflunarfyrirtæki í landsfjórðungi sínum. Ég held, að það sé ákaflega mikilvægt að tryggja samheldni og samstöðu manna um allt Norðurland og koma í veg fyrir, að þar séu uppi sífelldar deilur um, hvar eigi að ráðast í næstu minni háttar virkjun. Ég held, að félagslega séð sé ákaflega mikilvægt, að þessi skipulagsbreyting verði, og ég geri mér vonir um, að hún muni ná fram að ganga. Í þessu sambandi má svo benda á, að Laxárvirkjun hefur bent á sig sem virkjunaraðila. Rafmagnsveitur ríkisins eru líka virkjunaraðili úti um landið, þannig að þarna er ekki um að ræða Orkustofnun sem slíka.

Ég held, að það þýði ekki mikið, að við hv. þm. Geir Hallgrímsson stöndum í ákaflega löngum deilum um liðna atburði. En ég vil mótmæla því alveg sérstaklega, hvernig hann reyndi að skýla fyrrv. ríkisstj. á bak við Jóhannes Nordal seðlabankastjóra. Jóhannes Nordal seðlabankastjóri stóð í mikilvægri samningagerð fyrir fyrrv. ríkisstj., vegna þess að það er á allra vitorði, að hann er mjög hæfur maður og vinnur verk sín af mikilli samviskusemi og þekkingu. En auðvitað mótar hann ekki stefnuna. Það er ríkisstj., sem greinir honum frá því, hvernig hún hugsi sér, að samningar eigi að vera. Það er ríkisstj., sem mótar stefnuna að sjálfsögðu. Ég hef ekki átt vitundarögn erfitt með að starfa með Jóhannesi Nordal. Hann er mjög hæfur maður, eins og ég sagði áðan. En ég geri auðvitað grein fyrir mínum stefnumálum í þessu sambandi, og hann hefur að sjálfsögðu tekið tillit til þeirrar stefnu í störfum sínum. Þannig störfum við að sjálfsögðu, ríkisstj. með embættismönnum. Embættismennirnir viðurkenna að sjálfsögðu, að það sé hlutverk ríkisstj. að marka stefnuna, og þeir líta á það sem skyldu sína að reyna að vinna sem best í haginn fyrir slíka stefnumörkun. Það eru því ósannindi með öllu, ef hv. þm. ætlar að fara að gera Jóhannes Nordal ábyrgan fyrir ákvörðunum fyrrv. ríkisstj. í raforkumálum.

Hv. þm. sagði, að í áformum Landsvirkjunar væri gert ráð fyrir 25 MW sölu til Álverksmiðjunnar. Það er alveg rétt, að álbræðslan hefur mikinn hug á því að lengja skála sinn og bæta við hann. Það er tiltölulega lítill tilkostnaður fyrir bræðsluna að ráðast í þessa aukningu, og sameiginleg aðstaða er þarna nægileg fyrir alla slíka framleiðslu. Hins vegar er ekki um það að ræða, að neinn slíkur samningur verði gerður af hálfu ríkisstj. við ÍSAL, nema það komi til, að hægt verði að taka allan samninginn frá 1966 til endurskoðunar. **(Geir H.:** Það var einmitt það, sem ég var að benda á) Hv. þm. var að benda á, að það væri hægt að fá hærra verð fyrir þessi 20 MW, sem er um að ræða. En það mundi í sjálfu sér ekki leysa neinn vanda. Vandinn er sá, að það verður að taka allan samninginn frá 1966 til endurskoðunar, og í því sambandi er aðstaðan ákaflega erfið, vegna þess að í samningnum er ekki neitt tangarhald til að taka slíkt upp. Við eigum það þá undir sanngirni okkar viðsemjenda, hvort þeir samþykkja það eða ekki. Ef þeir vilja halda fast á sínu máli, geta þeir að sjálfsögðu neitað því, að um nokkra endurskoðun gæti verið að ræða. Ég veit ekki um neinn samnnig af slíku tagi, sem er þannig, að í honum séu ekki einhver ákvæði um það, að einhverjir óvæntir atburðir gerist, einhverjir ófyrirsjáanlegir atburðir, þegar menn eru að semja til jafnlangs tíma og til aldarfjórðungs, sé það forsenda þess, að hægt sé að taka samninginn til endurskoðunar. Ég sagði raunar við forráðamenn Alusuisse, að ástæðan fyrir því, að slíkt ákvæði væri ekki að finna í samningnum, hlyti að vera það, að báðir aðilar hefðu talið það svo sjálfsagt, að óþarfi væri að taka það fram. Þetta er góðviljaðasta túlkun, sem hægt er að finna á þessari makalausu staðreynd.

Hv. þm. sagði, að ákvörðunin um að miða Sigölduvirkjun við innlendan markað hefði frestað framkvæmdum við virkjunina um eitt ár. Ég hef nýlega gert grein fyrir því, að það hefur ekki verið um neina frestun að ræða af hálfu rn. Öll erindi Landsvirkjunar til rn. hafa verið afgreidd umsvifalaust. Formleg umsókn um virkjunarheimild til Sigölduvirkjunar var afgr. í rn. á einum degi. Ég bar það upp við ríkisstj. daginn eftir að beiðnin var send, og hún var afgreidd daginn eftir. Hins vegar er Landsvirkjun sjálfstætt fyrirtæki, eins og vitað er. Hún er sameignarfyrirtæki ríkisins og Reykjavíkurborgar, og svo er í stjórn hennar oddamaður, sem báðir aðilar koma sér saman um. Þessi sjálfstæða stofnun leysir sín vandamál án þess að leita til eignaraðila nema í einstökum tilvikum. Hafi þarna verið um einhverjar annarlegar tafir að ræða, hefur það verið hjá sjálfri Landsvirkjunarstjórn, en ekki eignaraðilunum. Ég veit ekki til þess, að Reykjavíkurborg hafi tafið nokkurn skapaðan hlut í þessu sambandi. Hins vegar er afar fróðlegt að heyra, að Alþjóðabankinn hafi verið að reyna eftir þessum leiðum að hafa áhrif á stefnu og ákvarðanir íslenskra stjórnarvalda. Alþjóðabankinn hefur reynt þetta áður og gert þetta áður, og er það að sjálfsögðu mjög hart undir því að búa, að erlend peningastofnun skuli hlutast til um stefnumörkun okkar Íslendinga í mjög mikilvægum málum. Þetta gerðist á sínum tíma í sambandi við Áburðarverksmiðjuna, eins og menn

muna, þegar þar var troðið inn á síðustu stundu hinum annarlegu ákvæðum um, að Áburðarverksmiðjan skyldi vera hlutafélag að forminu til, þó að það væri aldrei annað en form, bara til að uppfylla viss skilyrði hjá Alþjóðabankanum. Á sama hátt var Alþjóðabankinn í raun og veru hinn ráðandi aðili, þegar gengið var frá framkvæmdum við Búrfellsvirkjun.

Það er alveg rétt, sem hv. þm. segir, að það var auðveldara að fjármagna Búrfellsvirkjun með því að semja um orkufrekan iðnað þegar í upphafi. Hins vegar man ég vel eftir því, að þegar bornar voru saman þessir valkostir og borið var saman 20 ára bil, að í lok 20 ára kom þetta út á svipaðan hátt, hvort sem þessi orka var seld þegar í upphafi til orkufreks iðnaðar eða þetta látið þróast smám saman á innlendum markaði. Að 20 árum liðnum verður þessi munur eyddur. Vandinn var sá, að það hefði orðið að taka á sig í upphafi æðimikla fjárupphæð, meðan ekki var tiltækur markaður til annars. Hins vegar er það atriði, sem vert er að velta fyrir sér núna, hvort við værum ekki æðimiklu betur staddir, þegar orkuskortur blasir við okkur, m.a. vegna ástandsins í olíumálum, ef við hefðum tiltæka orku frá Búrfellsvirkjun. Eins og ég hef tekið fram, er u.þ.b. helmingurinn af þeirri raforku, sem framleidd er á Íslandi, á vegum Búrfellsvirkjunar. Alþingi hafði heimilað fyrrv. ríkisstj. að leggja háspennulínu til Norðurlands í sambandi við Búrfellsvirkjun, tengja saman Laxárvirkjun og Landsvirkjun, þannig að Laxárvirkjun yrði hluti af Landsvirkjun. Ef þetta hefði verið gert, væri ástandið á Norðurlandi allt öðruvísi núna en það er.

Það er auðvitað ákaflega auðvelt að vera vitur eftir á um alla hluti, og mér getur hætt við því að vera vitur eftir á, ekki síður en öðrum mönnum. Engu að síður er það, held ég, grundvallarstaðreynd, að við verðum að miða stefnuna í raforkumálum eins og öðrum málum við hagsmuni okkar sjálfra. Við verðum að taka mið af því, að við erum að reyna að efla okkar eigið efnahagskerfi, alla þætti þess, þ.á m. orkukerfið, og það verður að vera leiðarljósið, en ekki einhver annarleg arðsemissjónarmið, sem erlendar bankastofnanir kunna að vera með og miðaðar eru hverju sinni við líðandi stund.

Það er alveg rétt, sem hv. þm. sagði, að fyrirhugað var að ráðast þarna í frekari virkjunarframkvæmdir, en þau miðlunarmannvirki, sem hafa bjargað Búrfellsvirkjun nú í vetur, voru ekki reiknuð inn í stofnkostnað Búrfellsvirkjunar. Þess vegna koma þau dæmi, sem hann er að nefna um undanhaldssemi og þess háttar, engan veginn rétt út. Það er miðað við grundvöll, sem er allt annar en sá, sem varð í raun og veru. Það er miðað við kostnað, sem er aðeins hluti af þeim kostnaði, sem við höfum orðið að leggja í til þess að geta framleitt þessa raforku. En sem sagt, ég geri mér vonir um, að þetta frv. komist til n. á þessum fundi.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 17 shlj. atkv. og til iðnn. með 16 shlj. atkv.

Neðri deild, 56. fundur.

Miðvikudaginn 30. jan., kl. 2 miðdegis.

Útflutningsgjald af loðnuafurðum, frv. (þskj. 337). — Frh. 1. umr.

Matthías Bjarnason: Herra forseti. Frv., sem hér liggur fyrir, er til staðfestingar á brbl., sem gefin voru út 11. þ.m., og þau voru gefin út til að greiða fyrir ákvörðun um almennt fiskverð frá áramótum 1973—1974 og treysta rekstrargrundvöll þorskveiða. Þetta er gert í samráði við hagsmunasamtök sjávarútvegsins, að beita sér fyrir því, að á þessu ári verði lagt sérstakt 5% útflutningsgjald á fob-verðmæti útflutningsframleiðslu loðnuafurða, annarra en þeirrar loðnu, sem fer til niðursuðu eða niðurlagningar.

Í upphafi máls míns vil ég láta það koma fram, að ég er hlynntur þessu frv. og tel, að það hafi verið nauðsyn að ná samkomulagi á líkan hátt og gert var til þess að tryggja eðlilegan gang sjávarútvegsins. Ég tel jafnframt eðlilegt, eins og málin stóðu þá í sambandi við afurðaverð á hinum ýmsu greinum sjávarafurða, að skattleggja þá grein sjávarafurða, þar sem talið var þá, að mundi gefa besta útkomu vegna mikilla verðhækkana, sem átt hafa sér stað. Ég vil einnig segja, að sú mikla hækkun, sem orðið hefur á olíu nú á síðustu mánuðum, hefði gjörbreytt grundvelli til útgerðar á komandi vertíð, ef ekki hefði verið gripið til ráðstafana með líkum hætti og hér er gert. Verðbreytingarnar á olíunni hafa orðið mjög miklar. En þó er ekki sagan öll sögð, því að meira á örugglega eftir að ske.

Það er engin smábreyting, sem hefur orðið á olíuverði frá því í júnílok á s.l. ári, að olían fór úr 4.70 kr. lítrinn í 5.30 kr., síðan í nóvembermánuði í 5.80 kr. og í desembermánuði í 7.70 kr. Er lagt til með þessum l., að olían verði greidd niður í það verð, sem var í árslok 1973, eða í 5.80 kr. lítrinn. — Allar líkur benda til þess, að olíuverð eigi eftir að hækka mjög verulega á næstu mánuðum, þó að nú sjái votta fyrir, að olían hefur lækkað á síðustu vikum. T.d. er vitað, að olía frá ríkjunum við Persaflóa hefur lækkað úr 150 dollurum niður í 120 dollara á markaði í Rotterdam og framboð hefur aukist mjög verulega að sama skapi. Hins vegar hefur stjórn Venezúela ákveðið í byrjun ársins að hækka enn olíuverðið, og þær verðhækkanir bitna harðast á okkur, því að í samningum okkar við Sovétríkin, sem við kaupum alla okkar olíu frá, er verðið háð því markaðsverði, sem er í Venezúela, en markaður Venezúela er fyrst og fremst í Bandaríkjunum, svo að það er sjáanlegt, að á næstunni munu verða mjög verulegar hækkanir á olíu. Er talið, að fram til júní muni olían hækka frá því, sem hún er nú, 7.70 kr. lítrinn, í 12.35—12.70 kr. Þessar hækkanir verða sennilega í tvennu lagi.

Ég vil fara þess á leit við hæstv. sjútvrh., að hann gefi okkur yfirlit um, hvaða breytingar hann telur verða á olíuverði á næstunni, hvort þessar fregnir, sem borist hafa, séu ekki nokkurn veginn réttar, að olían muni stíga í tveimur áföngum úr 7.70 kr. og þá sennilega í 12.35—12.70 kr. Það væri fróðlegt að fá um þetta upp-

lýsingar. Það sjá allir og skilja, að þær miklu sveiflur, sem verða á verði olíu, bitna mjög hart á öllum þeim, sem þurfa að nota þetta eldsneyti, og þá fyrst og fremst á öllum fiskiskipaflotanum og þá auðvitað ekki síður á þeim heimilum á landinu, sem verða að nota olíu til hitunar húsa. Því er nauðsynlegt að gera ráðstafanir í þá átt, sem hér er verið að gera.

Hv. 5. landsk. þm., sem talaði hér, þegar þetta mál var til umr. fyrir tveimur dögum, var með nokkrar efasemdir um réttmæti þeirrar stefnu, sem hér væri tekin, og jafnframt virtist hann hafa nokkrar áhyggjur af því, að ef farið væri að greiða niður olíu, þá gæti átt sér stað misnotkun, þannig að olía, sem væri greidd niður fyrir fiskiskip, gæti þá verið notuð til kyndingar húsa, sem ekki lægi fyrir ákvörðun um að greiða niður. Ég hygg, að sjútvrn. hljóti að sjá um það, að slík misnotkun geti ekki átt sér stað, enda væri þar um hreinan og kláran þjófnað að ræða, ef menn notfærðu sér þannig slíka niðurgreiðslu sem þessa. Það hlýtur að vera í hendi þeirra aðila, sem annast dreifingu, að olía, sem fer á heimilistanka, sé ekki skrifuð hjá skipum, og ætti að varða, ef út af er brugðið, háum sektum, jafnvel missi söluleyfis. Ég vil ekki ætla fólki að vilja misnota á þennan hátt slíkar aðgerðir sem þessar. En það er sjálfsagt að vera búinn undir slíkan leka, en þá eiga auðvitað að vera þar mjög ákveðin og hörð viðurlög.

Hæstv. sjútvrh. sagði í frumræðu sinni á mánudaginn, að það lægi fyrir, að útgerðinni hefði verið heitið óbreyttum afkomugrundvelli út árið, og hann lét að því liggja, að hann væri nokkuð bjartsýnn á hækkað afurðaverð útvegsins og þar af leiðandi þyrfti kannske ekki eftir þær hækkanir, sem kunna að verða, að grípa til þess að greiða olíuna niður í 5.80 kr. lítrann. Ég fyrir mitt leyti er ekki bjartsýnn á það, jafnvel þó að verði einhver hækkun á velflestum fiskafurðum okkar, að afkomugrundvöllur útgerðarinnar styrkist, þegar vertíðinni lýkur, því að fram undan eru nýir samningar við sjómenn, nýir samningar við launafólk almennt, sem auðvitað koma til með að hafa mikil áhrif á útgerðarkostnaðinn, og sömuleiðis vitum við það, að þróunin hefur orðið sú, að allt kaupgjald og verðlag erlendis hefur hækkað mjög verulega, og liggur mjög ljóst fyrir, að stórfelld hækkun hefur orðið á viðhaldi skipa, varahlutum, öllum veiðarfærum og yfirleitt öllum útgerðarkostnaði, þannig að ég er ekki bjartsýnn á, að grundvöllur útgerðarinnar styrkist, þegar vertíð lýkur. Ég er fremur þeirrar skoðunar, að það verði miklu stærra mál að leysa niðurgreiðslu á olíu seinni hluta þessa árs heldur en til vertíðarloka. Ég vil því leyfa mér að spyrja hæstv. sjútvrh. að því, hvort það hafi ekki farið fram einhver könnun á því og athuganir, á hvern hátt eigi að leysa þetta mikla vandamál, sem verður, eins og ég sagði áðan, miklu meira eftir lok þessarar vertíðar, og hvernig hann eða hæstv. ríkisstj. hyggist afla fjár til að leysa þennan vanda út árið. Hins vegar skal ég taka það fram, að eftir öllu því, sem ég heyri og les um framvindu þessara olíumála, þá ættum við að geta verið bjartsýn á, að verðlag á olíu fari aftur lækkandi í lok þessa árs eða byrjun næsta, þannig að við verðum að líta á þetta vandamál sem timabundið vandamál, sem rætist nokkuð úr, jafnvel fyrr en menn ætluðu um og fyrir síðustu áramót.

Sömuleiðis langar mig til að spyrja hæstv. sjútvrh. að því, af því að hér er um að ræða að leggja sérstakt útflutningsgjald á loðnuafurðir fram yfir þau útflutningsgjöld, sem fyrir eru, bæði á þessar afurðir og aðrar, hvort það hafi ekki farið fram nein athugun á því, hvort þurfi að breyta lögum um útflutningsgjald af sjávarafurðum, því að eins og þm. rekur minni til, er útflutningsgjaldi af sjávarafurðum varið til nokkurra tiltekinna verkefna og þá sérstaklega eins, til greiðslu á vátryggingariðgjöldum fiskiskipa samkv. reglum, sem sjútvrn. setur, en 85% af öllu útflutningsgjaldinu fara til greiðslu á vátryggingariðgjöldum. Þó að afurðaverð hafi verið hagstætt, er verðlagsþróunin sú, að verðgildi peninga fer sífellt minnkandi. Iðgjöld fiskiskipanna vaxa hröðum skrefum að krónutölu af þessum ástæðum og sömuleiðis af þeirri ástæðu, að mörg ný skip bætast við, miklu dýrari en þau, sem fyrir voru, og gera það að verkum, að heildarþörfin fyrir auknar greiðslur í tryggingakerfi fiskiskipanna vex svo hröðum skrefum, að ég álít, að með óbreyttum reglum, sem verið hafa í gildi frá hendi sjútvrn., þó að verði hagstæð þróun í verðlagi sjávarafurða, muni vanta mjög verulegar upphæðir á næsta ári. Slæm tjónareynsla gerir það að verkum, að iðgjaldaprósentan hefur hækkað, og, eða þessi útgjöld hafa vaxið svo hröðum skrefum, að hin hagstæða verðlagsþróun sjávarafurða mun ekki hafa við. Ég vil því spyrja hæstv. sjútvrh., hver skoðuns hans sé á þessum málum, hvort hann telji, að með óbreyttu útflutningsgjaldi verði hægt að standa undir þessum greiðslum samkv. sömu reglum og ráðuneyti hans hefur sett og hafa verið í gildi fram til síðustu áramóta. Aðrir aðilar, sem fá framlag af útflutningsgjaldinu, eru Fiskveiðasjóður, sem fær 9.4%, Fiskimálasjóður, sem fær 2.5%, til smíði haf- og fiskirannsóknaskips 1.5%, til bygginga í þágu rannsóknastofnana sjávarútvegsins 0.6% og 0.5% til L. Í. Ú. og sama hlutfall til samtaka sjómanna samkv. reglum, sem sjútvrn. setur.

Mér finnst, að það þyrfti að liggja fyrir hér yfirlit um það, hvað hæstv. ráðherra telur í þessum efnum og hver skoðun hans er. Þó að það sé ekki beint hægt að segja, að það skipti máli í sambandi við afgreiðslu á þessu frv., þá gerir það það óbeint, og því er eðlilegt, að spurt sé um þetta hér.

Hv. 5. landsk. þm. dró nokkuð í efa, að það væri eðlilegt að skattleggja svona eina grein sjávarútvegsins fyrir aðra. Um þetta geta auðvitað alltaf verið skiptar skoðanir, og það er matsatriði, hvort þetta sé rétt eða eitthvað annað sé betra. En ég held, að þegar við lítum á afkomumöguleika í hinum einstöku greinum sjávarútvegsins, þá sé eðlilegt að skattleggja þá grein, þar sem verður svona ótrúlega mikill vöxtur, til þess að taka á sig byrðar annarra og koma einnig í veg fyrir, að einn þáttur innan atvinnugreinar fari með mjög mikið fjármagn út í verðlagið, sem er auðvitað og verður alltaf verðbólguvaldandi. Það gleður mig alveg sérstaklega, að hæstv. núv. sjútvrh. skuli nú loksins viðurkenna, að þetta sé eðli-

legt, því að ég man ekki betur en að hann og ýmsir aðrir, sem teljast aðstandendur núv. ríkisstj., hafi haldið öðru fram fyrir nokkrum árum, þegar líkt var gert og þetta. Þá var talin stórsynd að haga sér þannig að taka kúf af einni atvinnugrein til þess að jafna á aðrar og koma á þann hátt í veg fyrir vaxandi verðbólgu, og þá var einblínt á það, að verið væri að taka tekjur af mönnum, sem ættu þær. M. ö. o.: samkv. þeirri kenningu ætti því loðnuskipin og þeir sjómenn, sem eru við loðnuveiðar, að fá að fullu og öllu sitt verðlag á sínar tekjur, sem þeir gætu svo eytt og farið með út í verðlagið, og svo hefði verið hægt að benda á hjá öðrum innan þessarar sömu atvinnugreinar, hvað munurinn væri þá orðinn gífurlegur. Ég var þeirrar skoðunar á þessum árum, að þetta bæri að gera með líkum hætti og nú er gert, og ég get engan veginn snúið frá þeirri skoðun, þó að ég styðji ekki hæstv. ríkisstj., því að ég tel, að þetta sé rétt og skynsamlegt, og ég gleðst alveg sérstaklega yfir því, þegar menn, sem hafa farið villir vegar í efnahagsmálum og í viðhorfum til þeirra, sjá að sér og skilja, hvað er skynsamlegt að gera og nauðsynlegt að gera, en það eiga menn auðvitað að gera alveg jafnt hvort þeir eru í stjórn eða stjórnarandstöðu. Ég er hræddur um, að sumir menn, sem eru nú aðstandendur ríkisstj., hefðu haft mjög hátt um áramótin, að það væri verið að ráðast á þá sjómenn, sem stunda loðnuveiðarnar. Maður hefur heyrt óánægjuraddir þaðan. En ég sé ekki annað en sú stefna, sem ríkisstj. hefur nú tekið upp og er framhald af stefnu fyrrv. ríkisstj. í þessum efnum, sé það réttasta, sem hægt er að gera undir þessum kringumstæðum. Það er líka komið til móts við óskir sjómanna, því að það á að verja 25 millj. kr. af tekjum sjóðsins til líf-eyrissjóða sjómanna eftir nánari ákvörðun rn. Þetta er auðvitað dúsa fyrir sjómenn, til þess að þeir væru fúsari að fallast á það samkomulag, sem þeir gerðu og skuldbundu sig til.

Hv. 1. þm. Sunnl., sem hér talaði á mánudaginn einnig, gerði loðnuverðið nokkuð að umræðuefni, svo að ég skal spara mér að fara að endurtaka það. Ég hafði ætlað mér að ræða það á mjög líkan hátt og hann gerði með fsp. til hæstv. ráðherra, en hæstv. ráðherra á vafalaust eftir að svara bæði þeim fsp. og þessum, sem ég var nú að beina til hans, svo að maður bíður eftir því svari, hvað snertir verð á loðnuafurðum og útlit um sölu á loðnuaflanum almennt.

Í umr. hér 18. des. spurðist hv. 5. þm. Norðurl. e., Lárus Jónsson, fyrir um innflutning á olíu og um olíuverð. Sú fsp. kom til umr. hér 18. des. og 2. liður þeirrar fsp. var á þá leið, hvort ríkisstj. hyggist létta með einhverjum hætti byrðar þeirra heimila, sem verða að hita híbýli sín með olíu. Hæstv. viðskrh. svaraði þessari fsp. á þann veg, að þetta mál hefði verið rætt í ríkisstj. nokkrum sinnum, en um málið hefði enn engin ákvörðun verið tekin. Ég vil því spyrjast fyrir um það, þó kyndingarkostnaður heimila sé ekki til umr. eða afgreiðslu undir þessum dagskrárlið, spyrja hæstv. viðsk.- og sjútvrh. að því, hvort það sé að vænta till. frá ríkisstj. í þessum efnum.

Alveg eins og olíuverðið hefur breytt grundvelli útgerðar fiskiskipa í landinu, hefur það einnig breytt grundvelli að útgerð heimilanna, sem verða að kynda með olíu, og þessi gífurlega hækkun kemur á tæpan helming þjóðarinnar. Því tel ég mjög eðlilegt og sjálfsagt, að einhverjar ráðstafanir séu gerðar af samfélaginu til að jafna þessar byrðar. Sjálfstfl. hefur í gær skrifað ríkisstj. bréf um þetta efni, þar sem hann tekur undir og hvetur til, að aðgerðir verði gerðar til að jafna þennan aðstöðu mun, eins og segir í bréfi hans, en þó ekki á þann veg, að það verði lagður skattur á þá staði, sem eru með jarðvarmaveitu, því að flokkurinn telur eðlilegt, að fyrirtæki sveitarfélaganna fái fjármagn til að halda áfram eðlilegri uppbyggingu og aukningu jarðvarma. En auðvitað er nauðsynlegt að létta undir með tæplega helmingi heimilanna í landinu hvað snertir upphitun íbúðarhúsa. Hefur verið talið, að á árinu 1972 hafi 48.97% af olíuinnflutningnum farið til upphitunar húsa, en 25.47% til fiskiskipa, til bíla 9% og 16.58% til iðnaðar. Á árinun 1972 voru flutt inn um 301 þús. tonn af olíu, og er talið, að á milli áranna 1972 og 1973 hafi orðið um 5% aukningu á innflutningi olíu, svo að hér er um mjög mikið vandamál að ræða, þegar við berum það saman við þá niðurgreiðslu, sem nú er verið að ákveða hér til að tryggja afkomu fiskiskipanna í 5.80 kr. úr 7.70, sem nú er orðið olíuverðið. Ef olíuverðið fer í 12.35—12.50, er þetta vandamál orðið gífurlega stórt, bæði hvað snertir atvinnuvegina og þau heimili á landinu, sem þurfa að nota olíu til upphitunar.

Ég vænti þess, að hæstv. sjútvrh. sjái sér fært að verða við því að svara þessum fsp., bæði þeim, sem hv. 1. þm. Sunnl. bar fram og raunar 5. landsk. þm. einnig, og þeim fsp., sem ég hef gert, og hann afsaki það, þó að ég hafi lítillega komið inn á olíu til húskyndingar, því að vandamálið er raunar það sama bæði fyrir atvinnurekstur og heimilin almennt.

Pétur Sigurðsson: Herra forseti. Það eru sannarlega engin gleði- eða hamingjuspor, sem stigin eru af þm., þegar þeir ganga hér í ræðustól á hv. Alþingi og lýsa sig fylgjandi þessu frv. Það hlýtur a. m. k. að vera ákaflega erfitt fyrir þá, sem um áramótin 1968 og 1969 sögðu það ekki aðeins glæp gagnvart launþegahreyfingunni í heild, heldur sérstaklega gagnvart íslenskri sjómannastét að breyta með lögum samningsbundnum hlutaskiptum sjómanna, en það er einmitt það, sem verið er að gera með þessu frv. nú. Það er verið að breyta samningsbundnum hlutaskiptum sjómanna. Við höfum hins vegar haft slíkt dæmi fyrir okkur áður. Það var haustið 1968 og í ársbyrjun 1969 eða með lögum, sem voru samþykkt í kjölfar gengislækkunarinnar, þegar almennir verkamenn höfðu tekið á sig kjaraskerðingu, en séð var fram á, að nokkur hluti íslenskrar sjómannastéttar hefði fengið mikinn ágóða í sinn hlut, ef ekki hefðu verið gerðar breytingar á, og hætta var á, að samningar, sem gerðir hefðu verið við verkalýðshreyfinguna, mundu ekki standast. Þeir menn, sem nú og það í mínum samtökum hafa mælt með þessum aðgerðum nú, voru þá manna frekastir og töldu þetta hinn versta glæp gagnvart sjómannastéttinni. En nú eru þeir samþykkir þessu. Hvað

veldur? Jú, það er önnur ríkisstj. við völd hér á landi í dag, það er þeirra ríkisstj., það er ríkisstj. hinna vinnandi stétta. Þá er sjálfsagt að setja slík þrælalög að breyta hlutaskiptum sjómanna. Ég hins vegar reyni að vera sjálfum mér samkvæmur, og hef sagt, að ef þjóðarhagur krefst, eigi jafnvel samningar við einstaka starfshópa eða stéttir ekki að vera því til fyrirstöðu, að tekinn sé hinn betri kostur, að bjarga stærra vandamáli heldur en hinu minna t. d. Þess vegna lýsti ég því yfir í stjórn Sjómannasambands Íslands, þar sem ég var spurður um afstöðu okkar til þessa máls, að ég mundi styðja málið hér á þingi, og ég mun gera það. En ég vil benda á loddaraleik þeirra manna, sem hafa á tungunni ágæti sitt og skyldleika, að ég tala nú ekki um sérstaka vináttu við íslenska sjómenn og verkamenn. Ég segi enn einu sinni, eins og ég hef haft á yfirstandandi þingi ástæðu til þess að segja við þá hina sömu menn: svei, svei. Það verður að viðurkenna, þegar svo stendur á eins og nú, að það verður að gera sérstakar ráðstafanir. Það var séð fram á, að miðað við núverandi afkomu ríkissjóðs og þá gífurlegu verðbólgu, sem þjóðin býr við í dag, er útilokað fyrir opinbera aðila eða ríkissjóð að koma á móti til þess að bæta fiskverð til þeirra fiskimanna, sem standa undir hráefnisöfluninni allt í kringum land til okkar fiskiðjuvera, sem er nauðsynlegt vegna þeirrar atvinnu, sem þau útvega þorra verkalýðs hér á landi. Hins vegar var séð fram á, eins og hv. síðasti ræðumaður kom inn á, að það var um stórkostlega aukningu og hagnaðarmöguleika að ræða hjá þeim, sem loðnuveiðar stunda. Í samræmi við það, sem reyndar allar ríkisstj. hér á Íslandi hafa gert á undanförnum áratugum, að færa á milli ekki aðeins stétta og starfshópa, heldur sérstaklega á milli þeirra, sem hafa mismunandi tekjur í einni eða annarri mynd, að þá hefur þetta verið flutt á milli, þá tel ég, að þetta hafi verið það skynsamlegasta, sem hafi verið hægt að gera á yfirstandandi vertíð. Það er þess vegna, sem ég mun fylgja því.

Hins vegar hafa komið hér fram ýmsar spurningar til hæstv. sjútvrh. í sambandi við þessa lagasetningu og reyndar í sambandi við lögin í heild, ekki aðeins frá síðasta ræðumanni, heldur og frá hv. 1 þm. Sunnl., hvort ekki þyrfti að gera frekari breytingar á útflutningsgjaldslögunum. Ég bendi m. a. á það vegna þess, sem kom fram hjá hv. síðasta ræðumanni, að það er á valdi rn. að breyta skiptingunni á þeim sameiginlega hlut, sem samtök sjómanna fá á móti útgerðarmönnum, það er á valdi rn. að breyta þeirri ákvörðun, sem var tekin í tíð fyrrv. ríkisstj. þar um. Ég bendi á það, að Sjómannasamband Íslands er lögformlegur aðili samkv. lögum Alþýðusambandsins innan þess og á landsmælikvarða. Hins vegar fær það ekki nema ⅓ hluta á móti Alþýðusambandi Íslands, og hluti Alþýðusambandsins er ekki notaður í þágu sjómanna eða sjómannastéttarinnar. Mér er ekki betur kunnugt en Alþýðusambandið í tíð fyrrv. forseta þess hafi ákveðið að kaupa fyrir þetta fé hlutabréf í hlutafélagi hér í borg.

Það má auðvitað benda á fleiri breytingar, sem þarna þyrfti að gera. Það hefur verið bent á ýmsar þeirra, og ég skal ekki telja þær upp að sinni nú við 1. umr.

Hins vegar er ein spurning, sem ég vildi gjarnan koma á framfæri við hæstv. ráðh., og hún er sú, að sú frétt kom í einu dagblaðanna hér í Reykjavík, í dag frekar en í gær, að hann hafi bannað allar fyrirframsölur á loðnumjöli til annarra en Pólverja, þar til viðræður við þá hefðu farið fram. Nú veit ég ekki sönnur á því, en gjarnan vildi ég heyra orð hans um það og helst, að hann afneitaði þessari frétt, því að það er ófyrirgefanlegt, þegar þeir koma hingað og reyna samninga við okkur og pressa niður verð og hlaupi svo burt, ef það getur verið, að æðsti maður íslenskra sjávarútvegsmála hefði leyft sér að banna slíkar fyrirframsölur, áður en að þeim kom.

Ég vil aðeins endurtaka mín orð um það, að mér finnst hræsnin í hámarki, þegar stuðningsmenn hæstv. núv. ríkisstj. telja það heilaga skyldu sína að samþykkja þetta frv., sem felur fyrst og fremst í sér breytingu á hlutaskiptum sjómanna, — sömu mennirnir sem gengu froðufellandi um í stéttarfélögum og á fundum haustið 1968 og fram eftir ári 1969, þegar nákvæmlega sömu aðstæður steðjuðu að, sömu atburðir eða efnislega skyldir, og ríkisstj. þurfti að fara sömu leiðir. En nú eru þeir samþykkir, og það er eingöngu vegna þess, að þeir styðja aðra ríkisstj. en þá var við völd. Nú er að þeirra dómi sjálfsagt að beita þrælalögum og kúgunarlögum við íslenska sjómannastétt, og ég segi aftur svei.

Sjútvrh. (Lúðvík Jósepsson): Herra forseti. Það hafa orðið býsna miklar umr. um þetta frv. við 1. umr., og ýmsar fsp. hafa komið fram, sem ég skal leitast við að svara. En mér sýnist, að mjög hafi borið á því í þessum umr., að menn hafi ekki kynnt sér, hvernig þetta mál raunverulega ber að. Hér er um það að ræða að fulltrúar fiskseljenda svonefndra, þ. e. a. s. útgerðarmanna og sjómanna, sem eru að selja sinn afla, og fulltrúar fiskkaupenda, þeirra sem taka fiskinn til verkunar, framleiðslu og útflutnings, eiga rétt á því samkv. lögum að semja um hráefnisverð á fiski, jafnt loðnu sem öðrum fiski. Þessir aðilar höfðu setið við samningaborð og komið sér saman um ákveðna lausn á málinu. Þeir samþykkja það verð, sem þar er um að ræða, að tilskildum ákveðnum atriðum.

Það, sem hv. 10. þm. Reykv., sem hér var síðast að tala, minntist á og hann viðhafði hin stóru orð um þrælalög o. s. frv. gagnvart sjómönnum — (Gripið fram í.) Það er ekki það, að þetta orð megi ekki nota undir réttum kringumstæðum. Það hefur verið tilefni til að nota það, en ekki í þessu tilfelli. Það er alveg rétt, að við samningagerð að þessu sinni kom fram mjög eindregin krafa útgerðarmanna um að breyta hlutaskiptakjörunum, vegna þess að fulltrúar útgerðarmanna töldu, að þegar einn liðurinn í rekstrarkostnaði útgerðarinnar hækkaði svona gífurlega mikið, væri í rauninni ekki hægt að ná endum saman á eðlilegan hátt, þ. e. a. s. tryggja eðlilega rekstrarafkomu útgerðarinnar, nema þá á þann hátt, að fiskverð hækkaði úr hófi fram, þannig að hægt væri að segja, að

launakjör sjómanna hefðu þá hækkað langt umfram það, sem laun annarra starfsstétta gætu komið til með að hækka. Þessu neituðu fulltrúar sjómanna, sem voru þarna við samningaborðið. Þeir neituðu algerlega að fallast á kröfu um að breyta hlutaskiptakjörunum. Hins vegar samþykktu fulltrúar sjómanna, að tiltekin fjárupphæð, sem um var að ræða, að ætti að leggja til geymslu í Verðjöfnunarsjóð, yrði notuð í þessu skyni með ákveðnum skilyrðum. Það er svo alveg augljóst mál, að grundvallarmunur er á þessu og á því að ætla að breyta gildandi samningum um hlutaskiptakjör. Og það er vitanlega ómaklegt á allan hátt að nota orð eins og þetta gagnvart þeim fulltrúum sjómanna, sem þetta hafa samþykkt. Hins vegar var því ekki til að dreifa í fyrra tilfellinu, sem þessi hv. þm. var að vitna til. Þá mæltu samtök sjómanna algerlega á móti því, að lög væru sett um að breyta hlutaskiptakjörunum. En um þetta geta menn þvælt og kemur í sjálfu sér ekki þessu máli við sem slíku.

Þetta þurfa menn að sjálfsögðu að hafa í huga í sambandi við það mál, sem hér liggur fyrir, að þeir fulltrúar, sem hér eiga beinna hagsmuna að gæta og eiga samkv. lögum aðild til að semja um verðið sín á milli, komust að fullu samkomulagi um það og óska aðeins eftir því, að þeim fjármunum, sem þeir áttu sameiginlega og áttu að renna í Verðjöfnunarsjóð væri ráðstafað á þennan hátt. Það hefði satt að segja verið mjög óeðlilegt, ef Alþ. hefði neitað því að verða við óskum þeirra um að ráðstafa þeirra eigin fjármunum á þann hátt, sem þeir urðu sammála um. Hitt er aftur annað mál, sem líka hefur komið hér fram og ég gat um strax í minni upphaflegu ræðu, að það, sem ríkisstj. tók á sig í þessum efnum, var þetta litla form, að standa fyrir því, að þetta samkomulag þeirra yrði lögfest, en í öðru lagi að gefa yfirlýsingu um, að ríkisstj. teldi eðlilegt að reyna að vinna að því að halda þeim rekstrargrundvelli áfram að þessu samningstímabili loknu, þ. e. a. s. að loknu vetrarvertíðartímabilinu, þá með sérstökum ráðstöfunum, ef nauðsynlegt kynni að reynast, því að það er vitanlega ekki á nokkurn hátt eðlileg, að þeir, sem stunda útgerð í sumar og á komandi hausti, verði að taka á sig þau miklu áföll sérstaklega, sem mundu hljótast af olíuverðhækkun, ef ekki hefði þá eithvað annað komið til útgerðarinnar til hagnaðar til þess að standa á móti þeim auknu útgjöldum. Það er vandamál, sem þarf að glíma við, þegar að því kemur, og enginn getur sagt um á þessari stundu, hversu mikið vandamálið er. Það var sem sagt gefið fyrirheit um það af hálfu ríkisstj. að beita sér fyrir því, að hægt yrði að tryggja svipaða afkomu hjá útgerðinni á síðari útgerðartímabilum á árinu og á þessu fyrsta.

Mér fannst allmikið bera á því í þeirri ræðu, sem hv. 5. landsk. þm., Stefán Gunnlaugsson, flutti hér, þegar málið var síðast á dagskrá, að það liti helst út fyrir, að hann héldi, að með þessari ráðstöfun væri verið að skattleggja landsmenn, skattborgarana, sérstaklega, eins og hann vék að nokkrum sinnum, að það væri verið að fara í vasa skattborgaranna sí og æ og hver væri meiningin í þeim efnum, og einnig talaði hann um, að verið væri að seilast í sjóði loðnuframleiðenda. Ríkisstj. er ekkert að gera í þessum efnum annað en verða við óskum þeirra aðila, sem eiga loðnusjóðinn, að þeir megi ráðstafa honum svona. Ríkisstj. er ekki að standa hér fyrir neinni almennri skattlagningu á skattborgara. Hér er ekki verið að leggja neinn sérstakan skatt á skattborgarana í landinu í þessum efnum. Það er, eins og skýrt kemur hér fram, er verið að fallast á það, að fjármunir í sjávarútvegi verði notaðir á þennan hátt fyrir sjávarútveginn.

Hér hefur einnig verið nokkuð að því vikið, að það væri hætta á því, að um misnotkun gæti orðið að ræða, þegar olíuverðið til fiskiskipa yrði allmiklu lægra en olíuverðið til ýmissa annarra í landinu. Það er ekki hægt að neita því, að viss hætta er þarna á ferðum, eins og í rauninni í sambandi við allar hliðstæðar lagasetningar. En það er gert ráð fyrir því í frv., að um framkvæmdina á málinu verði settar sérstakar reglur, og að því hefur verið unnið að reyna að tryggja eins og verða má, að það verði ekki mögulegt að misnota þessar niðurgreiðslur. Það er gert ráð fyrir, að hér komi eingöngu til niðurgreiðslu í þeim tilfellum, þegar þeir, sem olíuna afhenda, hafa tilgreint dag og fengið undirskrift manna fyrir því, hverjir taka við olíunni og hvaða magn hefur verið afgreitt og til hvaða skips. Það verður gerður samanburður á því, hvað þetta skip hefur notað áður, það verður einnig haft eftirlit með því, hvort viðkomandi skip geti notað þetta olíumagn með eðlilegum hætti, og það verða gerðar margvíslegar aðrar ráðstafanir til þess að reyna að koma í veg fyrir, að hægt sé að misnota þetta. En vissulega er það svo, að það er alltaf hugsanlegt í sambandi við alla lagasetningu, að hægt sé að fara í kringum hana. En það er skoðun mín, að möguleikar til þess eigi ekki að vera miklir í þessu sambandi.

Þá hefur í sambandi við þetta mál nokkuð verið minnst á það, að nú ríkti óvissa um sölu loðnuafurða, og býsna stór orð höfð um það. Það er alveg rétt. Ég gat um það strax í upphafi míns máls, að það er nokkur óvissa ríkjandi um söluna á loðnumjöli, eins og nú standa sakir. Það er auðvitað ekkert nýtt. Slíkt hefur komið fyrir áður margsinnis, að sölur eru látnar dragast af ýmsum ástæðum, ef menn telja, að markaðshorfur séu þannig, að rétt sé að bíða fremur en að selja. Það hafa verið seld nú í kringum 18 þús. tonn fyrir fram af loðnumjöli á mjög háu verði og að meðaltali á fyllilega eins háu verði og lagt hefur verið til grundvallar við þá útreikninga, sem aðilar studdust við, þegar þeir samþykktu hráefnisverðið. Þeir sem samþykktu hráefnisverðið, gerðu það eins og venjulega út frá ákveðnum forsendum, sem þeir miðuðu við sjálfir. Það var ekki ríkisvaldsins að segja þeim eitt eða neitt í þeim efnum. Þeir ákváðu að borga svona hátt hráefnisverð eins og þeir sömdu um á þeim forsendum, sem þeir studdust við. Það eru þeir sjálfir, sem hafa með söluna að gera á þessum afurðum. Ríkið selur ekki loðnumjölið, það er mesti misskilningur. Þar hefur ríkið aðeins haft það vald, að ríkið hefur haft visst eftirlit með því, að

það ættu sér ekki stað óeðlileg undirboð, og það, sem hefur komið fram í þessum umr. og sagt var frá í Alþýðublaðinu nýlega, að viðskrh. hafi bannað sölu á loðnumjöli til annarra en Pólverja og þar með komið í veg fyrir góðar sölur, er gersamlega út í hött, úr lausu lofti gripið. Hér hefur ekki gerst annað en það, að viðskrn. hefur haldið allmarga fundi með öllum helstu loðnumjölsframleiðendum í landinu og öllum helstu aðilum, sem hafa haft með höndum að selja loðnumjöl á undanförnum árum, og í samráði við þessa aðila og með einróma samþykki þeirra allra hefur verið sett lágmarksverð á loðnumjöl. Þegar þessir aðilar, sem bæði framleiða loðnumjölið og vinna að því að selja það, hafa komið sér saman um, að rétt væri að miða við ákveðið lágmarksverð og heimila ekki lægri sölur, hefur rn. jafnan orðið við því. Það sjá allir, hversu hlægilegt það er í sjálfu sér, eftir að framleiðendur eru búnir að ákveða tiltekið hráefnisverð, sem þeir ætli sér að borga, ef þeir þykjast geta selt vöruna sér í hag á lægra verði, að rn. væri þá að koma í veg fyrir það. En hér viðurkenna bæði framleiðendur og seljendur, að það þarf að vera nokkurt samstarf, og vegna þess hefur verið leitað til ríkisins í þessum efnum. En það gera þessir framleiðendur sér ljóst alveg eins og rn., að þegar ákveðið lágmarksverð er sett, getur farið svo, að verðfall verði og menn verði að lúta því aftur seinna að selja jafnvel á lægra verði en þeir höfðu neitað áður. En það lágmarksverð, sem hér var sett í þau skipti, sem það var ákveðið, var sett með hliðsjón af því verði, sem þá gilti hér á markaðnum og hægt var að selja, fyrir, og með hliðsjón af því verði, sem nágrannar okkar, sem selja nokkuð mikið af þessu mjöli, eins og Norðmenn og Danir, höfðu miðað við hjá sér.

Við höfðum allir fulla ástæðu til þess að halda, að Pólverjar mundu samþykkja þetta lágmarksverð, sem hér hafði verið sett, af því að þeir höfðu gert tilboð um svipað lámarksverð í fiskmjöl, ekki loðnumjöl. En það kom svo að því, að þeir töldu æskilegt fyrir sig að draga það nokkuð að ákveða verðið, en buðu hins vegar að kaupa mikið magn af loðnumjöli með föstum samningi og að verðið yrði ákveðið síðar í samræmi við það, sem algengast væri á erlendum mörkuðum. En því neituðu bæði framleiðendur og seljendur hér. Ég álít fyrir mitt leyti, að eins og upplýsingar liggja nú fyrir um verð á loðnumjöli, sé í rauninni engin ástæða til þess að örvænta í þeim efnum, og það er mesti misskilningur, að hægt sé að standa að þessari framleiðslu þannig, að hún sé alltaf öll fyrir fram seld, áður en byrjað er að framleiða. Það yrði eitthvað lítið úr framleiðslu okkar á frosnum fiski fyrir Bandaríkjamarkað og að framleiða saltfisk fyrir ýmsa markaði, ef við ættum að bíða eftir því að hafa selt vöruna, áður en við gætum ákveðið hráefnisverð á þeim fiski, sem til framleiðslunnar á að ganga. En það er hins vegar rétt, að hér er enn óselt allmikið af loðnumjöli og nokkur óvissa ríkjandi og framleiðendur telja rétt, eins og sakir standa, að bíða, en lúta ekki að því verði, sem þeim hefur verið boðið nú.

Það kom einnig fram í ræðu hv. 1. þm. Sunnl., sem ræddi allmikið um söluhorfurnar í sambandi við loðnuafurðir, að hann var eitthvað uggandi um söluna á frystri loðnu til Japans. Það er rétt, að ýmsir aðilar hafa orðið nokkuð hræddir síðustu dagana um, að þar gæti orðið einhver breyting á. Hann sagði eitthvað á þá leið, að það væri ósköp eðlilegt, að undir þessum kringumstæðum spyrðu frystihúsin, hvað um þetta yrði og hvort það væri möguleiki fyrir þau að taka á móti loðnu til frystingar. En þetta mál er ekki, eins og ég hef þegar sagt, þannig, að frystihúsin þurfi að vera að spyrja einn eða neinn. Þau hafa þegar samið um að kaupa loðnuna á tilteknu verði. Enda veit ég ekki til þess, að nokkrum frystihúseiganda á landinu detti í hug að draga það eina einustu klukkustund að frysta loðnu til útflutnings, ef hann á þess kost að fá hráefni, sem er hæft í þennan útflutning, enda hefur það nýlega komið fram frá t. d. Sölumiðstöð hraðfrystihúsanna, að þannig er ástatt hjá þeim. Þeir bíða í rauninni allir aðeins eftir því, að loðnan verði hæf í þessu skyni. Auk þess liggja nú fyrir upplýsingar um það, að það má telja nokkurn veginn víst, að það verð fáist, sem miðað hafði verið við varðandi frystu loðnuna. Það er því ekki um það að ræða í sambandi við þetta mál, að ég þurfi að fá neinn sérstakan tíma á milli umr. til að kynna mér sölumálin í þessum efnum. Þessi sölumál eru ekki í okkar höndum nema á óbeinan hátt. Að sjálfsögðu höfum við gífurlega mikinn áhuga á því, að vel takist með þessa sölu og að það fáist sem allra hæst verð. Salan er í höndum framleiðeinda og útflytjenda sjálfra, og þeir hafa gert sína samninga við fiskseljendur út frá þeim forsendum, sem fyrir lágu, og miðað við þekkingu sína á mörkuðunum, eins og þeir meta markaðinn.

Hv. 2. þm. Vestf., Matthías Bjarnason, bað mig fyrst um að gera hér nokkra grein fyrir því, hvað væri líklegt, að yrði um olíuverð hér á landi á næstunni. Ég sé ekki mikla ástæðu til þess að bæta miklu við það, sem hann upplýsti sjálfur í þessum efnum, því að enn er olíuverð óákveðið og er í rauninni ákveðið verðlagsnefndarmál, svo að það er ekki hægt að segja nákvæmlega um það. En þó er hægt að gefa þær upplýsingar, að sú olíuverðshækkun, sem tók gildi 8. des. s. l., var rétt um það bil helmingur af þeirri hækkun, sem þá lá fyrir, að var á leiðinni, og var gert ráð fyrir því, að síðari helmingur þeirrar hækkunar kæmi inn í verðlagið í febrúarmánuði, væntanlega um miðjan febr. eða svo. M. ö. o.: það verð, sem var 5.80 kr. á lítra til fiskiskipa og fór upp í 7.70 kr., það má búast við því, að um miðjan febr. verði óhjákvæmilegt að hækka það upp í á milli 9 og 10 kr. á lítra. Ég vil ekki segja með meiri nákvæmni um það, því að eins og ég segi, þetta er verðlagsnefndarákvörðun og getur vitanlega eftir mati ýmissa aðila þar verið meira eða minna. En svo liggja einnig fyrir upplýsingar um enn þá hærra verð, sem við erum þegar byrjaðir að kaupa olíu á til landsins, og má telja líklegt, að það þurfi enn miðað við þessar forsendur að hækka olíuverðið talsvert í aprílmánuði, upp úr miðjum apríl. En vissulega gæti einnig komið til mála, að verðhækkunin, sem

ráðgerð er um miðjan febr., yrði nokkru meiri en ég hef hér nefnt, en þá kæmi aftur hin hækkunin síðar. Þetta er tiltölulega auðvelt að gera, miðað við það fyrirkomulag, sem er við verðlagningu á olíu. En sú verðlagning, sem nú er í gildi, hefur verið við það miðuð, að þó nokkurt fé hefur nú safnast upp í verðjöfnunarsjóði olíufélaganna, og er því hægt í rauninni að halda þannig á verðlagningunni, að lengra sé á milliverðákvarðana og ýmist safnist fé í þennan verðjöfnunarsjóð eða það dragist út úr sjóðnum.

Það er rétt, að af hálfu olíufélaganna hefur verið talað um, að þegar það hæsta verð, sem nú liggur fyrir skráð á olíu erlendis frá, væri komið hér að fullu til framkvæmda, þyrfti þetta verð raunverulega að fara upp í 12.30—12.60 kr. á lítra. En verðlagsyfirvöld hafa ekki lagt blessun sína yfir þá útreikninga enn þá. Það er sem sagt alveg ljóst og við það var miðað í þeim útreikningum, sem lagðir voru til grundvallar, þegar ákvörðun var tekin um þá niðurgreiðslu, sem felst í þessu frv., að olían ætti enn eftir að hækka upp í á milli 9 og 10 kr. upp úr miðjum febr. og síðan jafnvel enn aftur eitthvað í apríl. Við það var miðað, þegar samkomulagið var gert í yfirnefnd verðlagsráðsins.

Hæstv. 2. þm. Vestf., Matthías Bjarnason sagði, að sér hefði fundist ég haga orðum mínum þannig, að þar hefði gætt nokkurrar bjartsýni um það, að e. t. v. yrði hægt að komast hjá sérstökum ráðstöfunum vegna olíuverðsins á sumaráthaldi fiskibátanna, vegna þess að þá yrðu orðnar hækkanir á fiskafurðum okkar á erlendum mörkuðum, sem gætu þá staðið undir þessum kostnaði, en hann væri nú ekki eins bjartsýnn. Um þetta atriði vil ég í rauninni ekkert segja á þessu stigi. Ég vil hvorki segja, að ég sé svartsýnn né bjartsýnn, því að um þetta atriði er í rauninni ómögulegt að spá nokkru. Það getur vissulega farið svo, að ýmis rekstrarútgjöld útgerðarinnar hafi hækkað, þegar dregur fram undir næstu fiskverðsákvörðun 1. júní, þannig að það éti nokkun veginn upp þá fiskverðshækkun, sem þá yrði e. t. v. hægt að samþykkja, og eftir standi þá að fullu og öllu olíuvandamálið. Þetta má vel vera. En þá er ég á þeirri skoðun, eins og ég heyrði, að hv. 2. þm. Vestf. er líka, að þá verði að koma til sérstakar ráðstafanir. Um það, hverjar þær eigi að vera eða í hvaða formi, tel ég ekki tímabært að ræða á þessu stigi málsins, því að hér getur það líka orðið, að olíuverð fari aftur lækkandi, svo sem vonir eru til um, og það getur líka verið, að fiskverðið á erlendum mörkuðum verði okkur hagstætt. Það er þegar búið að taka inn í þann rekstrargrundvöll bátanna, sem hér er miðað við, umtalsverða hækkun á bæði veiðarfærum og viðhaldi miðað við útgerð allt árið, þannig að ég tel, að þetta verði að athuga, þegar þar að kemur. En hitt tel ég vera sanngjarnt, að það beri að reyna að halda sig við svipaða afkomu hjá fiskiskipaflotanum á sumar- og haustvertíðinni og var lögð til grundvallar við útreikninga, þegar fiskverðið var ákveðið fyrir vetrarvertíðina. Aðferðir til að leysa þann vanda, sem þá kæmi upp, eru ýmsar, eins og stundum hefur verið bent á, en eins og ég segi, ég tel ekki ástæðu til að fara út í að ræða það að svo stöddu.

Þá spurði hv. 2. þm. Vestf., hvort ekki mundi reynast þörf á því að breyta gildandi ákvæðum um útflutningsgjald af sjávarafurðum, sem nú rennur að miklum hluta í vátryggingarsjóð fiskiskipa, 85% af útflutningsgjaldi — hvort ekki mundi verða nauðsynlegt að breyta útflutningsgjaldinu að þessu leyti til. Á þessu hafa verið gerðar athuganir, og þeir, sem með þau mál hafa að gera, hafa ekki talið, að svo væri að svo komnu máli. En þarna er þó margt óvíst. Það er búið að semja í aðalatriðum um þann grundvöll, sem útgjöld þeirra trygginga eiga að miðast við, og eftir þeirri lauslegu áætlun, sem gerð hefur verið um tekjur og gjöld þessa tryggingasjóðs á næsta ári, búast forstöðumenn sjóðsins við því, að hann muni á næsta ári hafa tekjur á móti gjöldum. Hann hafði nokkrun afgang á s. l. ári, um 80 millj. kr., sem hann hafði í meiri tekjur en gjöld, en hann hafði að vísu verið í miklum skuldum frá fyrri tíð. En þetta eru það lauslegar áætlanir, að um það er ekki hægt að fullyrða. En það er sem sagt verið að gera ráð fyrir því, að tekjur og gjöld þessa sjóðs geti verið nokkuð í jafnvægi og það sé ekki nein ástæða til að halda, að það þurfi að breyta þessum gjöldum eða auka tekjur sjóðsins frá því, sem nú er. (**MB**: Er þá miðað við sömu reglu?) Nei, þá er miðað við þær nýju reglur, sem nú hefur verið samið um við tryggingafélögin og nýjan tjónbótakostnað.

Þá minntist hv. 2. þm. Vestf. einnig á það stóra vandamál, sem við stöndum öll frammi fyrir varðandi þann aukna kostnað, sem er af húsakyndingu með olíu hjá þeim, sem við slíka kyndingu eiga að búa. Það er rétt, að ég svaraði þannig fsp. nokkru fyrir jólin, að ríkisstj. hafi rætt þetta mál nokkrum sinnum og teldi, að hér þyrfti að gera ráðstafanir, en þá höfðu ekki verið teknar neinar ákvarðanir í málinu. Nú fyrir nokkrum dögum tók ríkisstj. ákvörðun um það að fela viðskrn. að láta semja frv. í þessu skyni, þar sem miðað er við að reyna að tryggja það mikla lækkun á húsakyndingarkostnaði með olíu, að segja megi, að það sé ekki um tiltölulega meiri hækkun að ræða hjá þeim, sem búa við slíka upphitun, heldur en er hjá hinum, sem búa við hitaveitu. Þeir, sem búa við hitaveitu, eru að sjálfsögðu að taka á sig sífellt meiri útgjöld með hækkuðum hitaveitutöxtum, og hefur verið miðað við það, að hið sama yrði að gerast hjá þeim, sem byggja á olíukyndingu, en að reynt yrði að sjá um, að þeir yrðu ekki fyrir tiltölulega meiri hækkun á sínum kyndingarkostnaði en aðrir. Að þessu er nú unnið, og með tilliti til þess, að þingflokkur Sjálfstfl. hefur gert samþykkt um þetta mál, mun ég hafa samband við fulltrúa flokksins og annarra stjórnarandstöðuflokka um það, hvort ekki geti orðið samstaða um þær leiðir, sem hugsaðar eru í þessum efnum af hálfu ríkisstj.

Þá hefur nokkuð verið að því vikið, að bæði ég og ýmsir aðrir höfum ekki verið hrifnir af því hér áður fyrr að gera ráðstafanir til að færa beinlínis með lögum fjármuni frá einni framleiðslugrein yfir til annarrar. Það er rétt,

þetta er *mín* skoðun. Ég álít, að í þessum efnum eigi að fara mjög varlega. Skoðun mín er alveg óbreytt að því leyti til. Hinu hef ég aldrei neitað, að til þess geti komið, þegar keyrir alveg úr hófi, eins og í þessu tilfelli. Mér er ljóst, að þegar svo standa sakir, að hægt er að hækka loðnuverðið til loðnuskipanna og sjómanna, sem þær stunda, um nærri 100% frá mjög háu verði, sem áður var, en þá hafði það líka hækkað um 100%, þannig að launakjör þeirra, sem við þennan rekstur búa, eru algerlega ósambærileg við launakjör allra annarra, — þegar þetta er hægt, á sama tíma sem hið almenna fiskverð hækkar í kringum 45% á sama tíma, er það skoðun mín, að þá beri að gæta að því, hvort rétt sé að halda áfram að setja öll þessi miklu verðmæti út. Undir slíkum kringumstæðum hef ég aldrei viljað neita því, að það geti verið rétt að taka nokkurn kúf af og geyma hann í verðjöfnunarsjóði. Frá því að lög um verðjöfnunarsjóð voru sett, hefur þetta verið mín skoðun, og ég hef staðið að framkvæmdum í málinu þannig þann tíma, sem ég hef haft með framkvæmdir að gera. Það hefur verið greitt mikið fé í verðjöfnunarsjóð einmitt í svona tilfellum, og það er gert ráð fyrir því þrátt fyrir þessa ráðstöfun, að áfram verði greitt mikið fé í verðjöfnunarsjóð einnig af loðnuafurðum. Það var það, sem réð afstöðu fulltrúa sjómanna. Hér var því ekki um það að ræða, að það væri á nokkurn hátt verið að minnka þann hluta, sem sjómennirnir gátu fengið á þessari vertíð. Hér var um hitt að ræða, hversu stór hluti af þessu aflaverðmæti ætti að geymast í verðjöfnunarsjóði eða hvort nokkru af því, sem annars átti að fara í verðjöfnunarsjóð, yrði varið á þennan hátt.

Ég er alveg sannfærður um, að það er óheppilegt fyrir útgerðarrekstrinn í landinu, að verð á einni tegund rjúki svo langt upp fyrir það, sem er á öðrum tegundum, að það verði óeðlilegur tildráttur í atvinnurekstrinum. Ég neita því ekki, að það ber meira að segja á því nú á þessari vertíð, að ýmsir þeir séu að búa sig undir loðnuvertíð og fara á loðnuvertíð, sem vægast sagt er hæpið að senda á slíkar veiðar á þessum tíma árs. En hið gífurlega háa verð ýtir á eftir, þó að engan veginn sé víst, að allir þeir, sem fara á þessar veiðar, á jafnvel allt of litlum bátum, hafi mikla möguleika á því að fá góða útkomu við þær aðstæður, sem þeir hafa að búa. Ég er á því, að það hefði að mörgu leyti verið þjóðhagslega betra og líklega betra fyrir þá sjálfa að halda sig meira að sinni eðlilegu útgerð með bátana, þeim rekstri, sem þeir eru fyrst og fremst gerðir til. En mjög hátt verð getur auðvitað raskað þessu öllu. Þetta var álit fulltrúa sjómanna og fulltrúa útgerðarmanna, þegar þeir komu sér saman um að hafa þennan hátt á.

Ég skal svo taka það fram í lokin, að það hafði komið fram í blöðum, að ég væri að leysa þau vandamál, sem við var að eiga í sambandi við þessa verðlagningu, með því að leggja til, að þessi háttur væri hafður á í sambandi við olíuverðlagið. En það er misskilningur. Þar er verið að þakka mér það, sem ég átti ekki nema litla hlutdeild að. Þetta var till., sem fram hafði komið í þeirri sáttanefnd, sem starfaði í deilu milli sjómanna og útgerðarmanna, og ég fyrir mitt leyti tók, þegar hún var borin undir mig, jákvætt undir þessa till. En till. kom þar fram, og það voru samningsaðilarnir sjálfir, sem komu sér saman um þetta, en fengu samþykki ríkisstj. fyrir því, að leitað skyldi eftir lögfestingu á þessu samkomulagi.

Ég held, að það sé ekki þörf í sjálfu sér á því að ræða þetta mál öllu meir við 1. umr. Málið fer nú til n. til athugunar, og ég á von á því, að þegar menn hafa kynnt sér málið nánar og fengið allar upplýsingar frá réttum aðilum þar, þá standi ekki á hv. þm. að samþykkja að verða við því að lögfesta þær óskir sjómanna og útvegsmanna, sem eru bornar fram í þessu frv.

Pétur Sigurðsson: Herra forseti. Ég vil fyrst þakka hæstv. ráðh. fyrir svör við þeirri spurningu minni, sem ég bar fram varðandi sölu á loðnumjölinu og fyrirframsölu. Ég heyrði á orðum hans, að hann gerði sér fulla grein fyrir því, að þær upplýsingar, sem ég fór hér með, voru fengnar úr einu dagblaða Reykjavíkurborgar, blaðinu, sem þorir, málgagni Alþfl., og gott, að fyrir liggja upplýsingar, sem hann kom með, hæstv. ráðh., þótt ég sé ekki alveg sammála honum um, að það sé óæskilegt að selja mikið fyrir fram. Burtséð frá frosnum fiski og öðrum slíkum afurðum, sem við horfum aldrei fram á, hvað geti komið mikið upp af, þá hefur nokkuð verið áætlað á undanförnum árum með margra mánaða fyrirvara, hvað við getum fengið upp af þessum afurðum, sem fara í bræðslu, fara í mjölvinnslu og olíuvinnslu, og ég mundi halda persónulega, að það væri óvitlaust fyrir þjóðarbúið eða fyrir framleiðendur sjálfa að hafa nokkra vissu fyrir því, að ákveðið magn þeirra afurða væri selt á ákveðnu, föstu verði. En nóg um það, það er ekki til umr. hér.

Ég verð nú að láta í ljós — ekki undrun mína ég er hættur að undrast hæstv. ráðh., en þó að segja það, að hann bregðður ekki vana sínum og sinni áráttu að reyna alltaf að skrökva nokkru til, að breyta nokkuð staðreyndum og láta þær vera í nokkuð öðru ljósi en þær eru í raunveruleikanum, eins og það að reyna að segja mér, að það séu sjómannasamtökin, sem hafi beðið hann og hæstv. ríkisstj. að samþykkja þetta samkomulag. Nú veit hann mætavel, að fulltrúar sjómannasamtakanna í verðlagsráði fjalla ekki um annað en verð á fiskafurðum. Þeir hafa ekkert með samninga þessara samtaka að gera, ekki nokkurn skapaðan hlut, og í sjálfu sér hafa samninganefndir það ekki. Það eina, sem þær gera, er að semja um væntanlega samninga, sem síðan á að leggja fyrir félagsfundi í viðkomandi stéttarfélagi til samþykktar, og þá og fyrr ekki er orðið nokkurt mark á samningum takandi. Enda lá þetta dæmi ekki þannig fyrir nú, þótt hæstv. ráðh. vilji láta skína í annað. Þegar við í stjórn Sjómannasambands Íslands vorum kallaðir á fund, lá þar fyrir bréf frá hæstv. ráðh. og hæstv. ríkisstj. með þessari till., og það var till. ríkisstj., sem þarna var rædd, en hvorki till. frá fulltrúum í verðlagsráði né fulltrúum í samn-

inganefnd. Hins vegar sögðust fulltrúar okkar í Sjómannasambandinu, sem eiga sæti í samninganefndinni varðandi bátakjarasamningana, vita um þessa till., og þeir lýstu fylgi sínu við hana. Mér kom ekkert á óvart, þótt félagar mínir fyrrum, sem voru með aðgerðunum undir miklu álagi fyrir 5—6 árum, samþykktu þetta. Þeir voru sjálfum sér samkvæmir. Hins vegar kom mér það mjög á óvart, þegar fylgismenn hæstv. sjútvrh. og núv. hæstv. ríkisstj. voru með þessu, sem fellur beint undir það, sem þeir kölluðu þá, — og þýðir ekkert fyrir hæstv. ráðh. að vera neitt að snúa út úr því, — sem þeir kölluðu þá þrælalög, breytingar á hlutaskiptum o. s. frv. En nóg um það.

Það mætti tala mjög langt mál um ræðu hæstv. ráðh. og furðulegar vangaveltur hans um, að með eðlilegri olíunotkun gæti ekkert svindl átt sér stað á bátaflotanum. Hann á að vita það sem útgerðarmaður um margra ára skeið, að það þarf ekki að bæta við mikilli orkunotkun á einni vél í stóru vélskipi, til þess að aukning geti orðið um nokkur tonn af olíu á sólarhring, þegar skipið er á mikilli keyrslu eða í mikilli notkun, t. d. í togi, þannig að í sjálfu sér getur verið hægt að gefa upp miklu meiri olíueyðslu í einu skipi en það nauðsynlega þarf að nota. Hitt er svo annað mál, að ég tek ekki undir það með hv. þm. Stefáni Gunnlaugssyni, að ekki megi koma í veg fyrir misnotkun í sambandi við þetta með reglugerð, sem hlýtur að verða sett í sambandi við þessi lög. Náttúrlega er ákaflega erfitt, þegar skip er á vertíð, að vera kannske búinn að fá olíu um borð og verða þá að skipa í land aftur mörgum tonnum af olíu til þess að hafa upp úr því kannske 2—3 kr. á hvern lítra, þegar í land er komið. Satt að segja, þótt væna megi íslenska útgerðarmenn um margt, ætla ég ekki að gera það í sambandi við þetta.

Þá sagði hæstv. ráðh. m. a., að það væri ekkert tekið af sjómönnum, það væri aðeins tekið af því, sem væri sett í verðjöfnunarsjóð, en úr honum eiga þeir m. a. að fá til sinna skipta, þegar á þarf að halda. Og hann talaði um, að hann hefði eiginlega aldrei komið nálægt verðjöfnunarsjóðum nema til þess að setja í þá. En ég leyfi mér að rifja upp fyrir hæstv. ráðh. haustið 1971, þegar verðlag fór hækkandi, sem er þveröfugt við það, sem hann var að enda við að segja í sinni ræðu, þá fór verðlag hækkandi á erlendum mörkuðum, en þá tók hann líka úr verðjöfnunarsjóðnum til þess að hækka fiskverð. En það voru allt aðrar ástæður, sem lágu til grlundvallar. Þær ástæður voru þá að skapa sér vinsældir í óvinsælli ríkisstj., sem er enn þá óvinsælli í dag. En ég er hræddur um, að þessi verðjöfnunarsjóður og aðrir, þótt þeir verði margfalt stærri, mundu aldrei duga til að auka vinsældir hæstv. ríkisstj., úr því sem komið er. En þetta er auðvitað alrangt hjá hæstv. ráðh. Það er verið að taka af óskiptum hlut skipsins til þess að flytja frá loðnuveiðunum yfir til annarra veiða til þess réttilega, eins og hann segir, að hækka fiskverð þar. Ég er ekkert að hafa á móti þessu. Ég lýsti því yfir, að ég væri sammála þessu og er sjálfum mér samkvæmur, en það er hæstv. ráðh. ekki, þótt hann reyni að láta skína í það núna, að hann hafi alltaf verið með því, að svona ætti að fara að. En það er alrangt. Hann var ekki með slíkum aðgerðum 1968 eða um áramótin 1968—1969. Það er langt frá því. En ég segi, að menn eigi að kannast við fyrri gerðir og viðurkenna, að þeir hafi öðlast frekari skilning á efnahagslífinu sjálfu hér á Íslandi og það geti verið nauðsynlegt að gera ráðstafanir sem þessar, að flytja til á milli atvinnugreina, þótt, eins og hæstv. ráðh. sagði, allir verði að viðurkenna það með honum, sem hann og viðurkenndi, að það sé ekki æskilegt. Auðvitað færi best á því, að þessi atvinnugrein, loðnuveiðarnar, ef sérstaklega vel gengi eitt ár, fengi sem aðrar, sem í því lentu, að njóta þess. En það er mjög sjaldan, sem það á sér stað hér á Íslandi. Það er þá helst í sjávarútvegi. En þá er líklega hönd ríkisvaldsins alltaf tilbúin til að grípa í taumana og binda fé eða taka í aðra þágu, hvernig sem á stendur.

Ég skal svo ekki orðalengja þetta meira, enda kannske ástæðulaust nema vegna forsendnanna fyrir mig. Ég hef, eins og ég tók fram, lýst því yfir, að ég mun fylgja þessu frv. og tel, að það hafi verið rétt hjá hæstv. ráðh. og hæstv. ríkisstj. að velja þessa leið, þótt ég hins vegar hafi talið skylt að benda á þann mismun, sem hefur komið fram hjá þeim sömu mönnum, sem að þessu standa nú, — þann mun, sem nú er á afstöðu þeirra til efnislega sömu aðgerða, frá því, sem var fyrir 5—6 árum. Ég er alveg sammála honum, eins og við vorum í samtökum sjómanna, að það er óæskilegt, að það sé verið að draga mikið af flota, sem hefur stundað aðrar nauðsynlegar veiðar, m. a. til hráefnisöflunar fyrir fiskiðnaðinn allt í kringum land, til þess að fara á þessar á margan hátt áhættusömu veiðar. Hins vegar er það nú svo, að þetta er veiðimennska, þar sem hluturinn ræður. Þessir menn geta haft góðar tekjur í ár, og það getur komið langt árabil, þar sem þeir hafa litlar tekjur eða eru á tryggingu, eins og kallað er, kauptryggingu, eins og því miður hefur átt sér stað með stóran hluta flotans um langt árabil. Ég held hins vegar, að það sé ákaflega hæpið, þrátt fyrir það að við viðurkennum þessa staðreynd, að láta gamla máltækið um það, að skósmiðurinn eigi að halda sig við sinn leist, ráða í þessu sambandi. Ég held, að mennirnir verði að taka á sig þessa áhættu, ef þeir óska þess, en hins vegar þó með þeirri fullu gát, sem ég þóttist skilja af orðum hæstv. ráðh., sem hann talaði hér áðan, það verður að hafa gát á þessum veiðum, sem fyrst og fremst er fólginn í því, að þau skip, sem fá leyfi til veiðanna, séu fær um það, auðvitað líka vegna öryggis þeirra sjálfra, en þó fyrst og fremst skipshafnarinnar.

Ég skal ekki hafa fleiri orð um þetta, herra forseti. Ég endurtek aðeins það, sem ég hef þegar sagt, að ég mun fylgja þessu frv., eins og það hefur komið hér fram, þangað til það verður samþykkt sem lög frá Alþingi.

Sjútvrh. (Lúðvík Jósepsson): Herra forseti. Það voru aðeins örfá orð. Ég vildi leiðrétta það, ef hv. 10. þm. Reykv. hefur skilið orð mín þann-

ig að ég teldi það vera óæskilegt að selja framleiðslu fyrir fram, t. d. loðnumjölið. Það er mesti misskilningur. Ég er á því, að það væri miklu æskilegra að geta selt það fyrir fram. Hitt var ég að benda á, að við það búa hinar ýmsu greinar sjávarútvegsins og hafa búið jafnan áður að eiga þess ekki kost að selja fyrir fram allar sínar afurðir, svo að það er ekkert nýtt, þó að sá háttur hafi orðið á núna, að það er ekki búið að selja fyrir fram meira en raun er á orðin. Þetta var bara einhver misskilningur.

Í leiðinni vil ég svo segja það, því að það er svo gömul saga, að hann er að staglast á því, að sumarið 1971 hafi ég gert ráðstafanir til þess að taka fé úr verðjöfnunarsjóði. Það er alrangt. Hann á að fara að læra, hvað er rétt í þessum efnum. Það var ekkert tekið úr verðjöfnunarsjóði. Reglum var breytt þannig, að minna var greitt í verðjöfnunarsjóð en búið var að setja reglur um. Hann getur auðveldlega sannfærst um það með því að líta þar á greiðslutölur, að sjóðurinn hélt áfram að vaxa á árinu 1971, það var ekkert tekið úr honum. (**Gripið fram í:** Það ók minna.) Það er rétt, það var ákveðið, að það skyldi ekki renna eins mikið í sjóðinn, en hluti af því ganga til þess að hækka kaup sjómanna, og ætti síst að sitja á hv. þm. að finna að því. En það er rétt, þarna var um þessa tvo kosti að velja, þann, sem tekinn var, eða láta renna í mjög ríkum mæli fé í verðjöfnunarsjóð. Svo var sagt sí og æ og dag eftir dag og menn voru farnir að trúa þessum ósannindum Morgunblaðsins, að það hafi verið tekið fé úr sjóðnum, þó að aldrei hafi verið tekin ein króna úr honum, heldur aðeins breytt reglum þannig, að það hafi verið látið renna minna í sjóðinn en ráð hafði verið fyrir gert. (Gripið fram í.) Nei, þarna verða menn að gera mun á því, sem er rétt, og því, sem er rangt, og þegar þeir eru margbúnir að klifa á því, sem er ekki rétt, eiga þeir að játa það. Menn geta séð á greiðslutölum sem liggja fyrir, hvort sjóðurinn hefur haldið áfram að vaxa eða ekki, hvort eitthvað fór úr honum.

Svo er ég ekki að þræta við hv. þm., samherjar hans í sjómannasamtökunum hafa svarað um þessa samningagerð. Þeir neituðu algerlega að breyta hlutaskiptakjörum, en þeir samþykktu þetta, af því að þetta, sögðu þeir, er ekki að breyta hlutaskiptakjörum, enda er á þessu gífurlega mikill munur. (**Gripið fram í:** Að taka af óskiptu?) Já, taka af óskiptu? Hér er ekki um það að ræða. Hér var um að ræða að ráðstafa fé, sem átti að renna í verðjöfnunarsjóð. En ég ætla aðeins að segja það, að ég held, að þessi hv. þm. þurfi að kynna sér svolítið betur kjör sjómanna, ef hann heldur, að ráðstöfun eins og þessi jafngildi því að breyta hlutaskiptakjörum. Það er alveg furðulegt, ef hann heldur það. A. m. k. héldu fulltrúar sjómanna það ekki, sem stóðu í þessum samningum, þó að hann vilji nú láta sem svo sé. En það er mesti misskilningur.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 24 shlj. atkv. og til sjútvn. með 22 shlj. atkv.

Íbúðarhúsnæði í eigu ríkisins, frv. (þskj. 339).

Flm. (Ellert B. Schram): Herra forseti. Á þskj. 339 hef ég leyft mér ásamt hv. þm. Stefáni Gunnlaugssyni, Bjarna Guðnasyni og Þórarni Þórarinssyni að bera frv. um breyt. á l. um íbúðarhúsnæði í eigu ríkisins nr. 27 frá 1968. Það var á þessu ári, 1968, sem gerð var breyting á þessum lögum, breyting, sem fól það í sér m. a., að ríkissjóður ætti ekki lengur prestssetur í þéttbýli, og þetta hefur verið framkvæmt í samræmi við lögin með þeim hætti, að þegar prestar hafa náð hámarksaldri og hætt prestskap hafa prestssetur þau, sem þeir hafa haft til umráða, verið seld og andvirði þeirra runnið í ríkissjóð.

Það frv., sem hér er borið fram, gerir ráð fyrir breyt. á þessu ákvæði l., þó þannig, að það er ekki gengið til baka, eins og l. voru fyrir þessa breyt., heldur felur frv., sem hér um ræðir, það í sér, að þegar prestssetur í þéttbýli eru seld, skuli andvirði þeirra, í stað þess að renna í ríkissjóð, renna í sérstakan sjóð, sem notaður skal til að veita þeim söfnuðum styrk, er sjálfir vilja tryggja sóknarprestum sínum húsnæði. Er þá gert ráð fyrir því, að þetta húsnæði verði í eigu safnaðarins. Sjóðurinn skal vera í vörslu fmrn., en að öðru leyti skal kveða nánar á um meðferð hans í reglugerð.

Hér er um að ræða tiltölulega fáar húseignir á þéttbýlissvæðinu hér í Reykjavík og nágrenni. Þetta frv. er borið fram vegna tilmæla starfandi presta og ályktana, sem ráðstefnur þeirra hafa gert í þá átt að koma til móts við söfnuðina og það vandamál, sem skapast hefur vegna núgildandi l. fyrir presta og söfnuði.

Það þarf ekki að tíunda það hér, hversu mikilvægu hlutverki prestar gegna í okkar þjóðfélagi. Störf þeirra eru mjög sérstæð. Auk þess sem þeir halda uppi reglulegu kirkjustarfi, eru þeir vissir tengiliðir milli kirkjunnar og fólksins í viðkomandi prestaköllum. Þeir reyna að leysa úr félagslegum erfiðleikum og vera í persónulegum tengslum við fólkið, átta sig á vandamálum þess og leysa úr þeim eftir bestu getu. Þeir eru, má segja, félagslegir ráðunautar og vinna með þeim hætti störf, sem í vaxandi mæli eru viðurkennd í okkar þjóðfélagi.

Eins og lög gera ráð fyrir, er eðlilegt, að prestar séu búsettir í þeim umdæmum, í þeim prestaköllum, þar sem þeir gegna embætti. Að því eru hins vegar nokkur brögð, að viðkomandi prestum gengur illa að koma sér upp slíku húsnæði í viðkomandi prestaköllum og þurfa að standa í venjulegum húsakaupum, afborgunum og fjárhagserfiðleikum, sem því fylgja, eins og gengur og gerist, og sjálfsagt og eðlilegt er, að prestar gangi undir það jarðarmen eins og aðrir þjóðfélagsþegnar. En þó er vissulega augljóst, að þetta veldur þeim erfiðleikum og tekur meiri tíma en góðu hófi gegnir frá þeirra mikilvæga starfi í þágu safnaðarins. Þess vegna er sú ósk eðlileg frá söfnuðum, að þeir geti komið til móts við prestana með því að aðstoða þá við slík húsakaup og hjálpað þeim til þess að setjast að í viðkomandi prestakalli. Söfnuðirnir vilja aðstoða presta sína í þessum efnum og það er sjálfsagt, að Alþingi taki til athugunar og

vinsamlegrar meðferðar þessa ósk. Kirkjusöfnuðir vinna gott starf, vinna starf sitt í kyrrþey, en víða, eins og flestum er kunnugt, er unnið þar öflugt starf, þar sem fólk leggur drjúgt af mörkum til þess að reyna að bæta umhverfi sitt og sambúð manna á meðal.

Ég tel ekki ástæðu til að fjölyrða frekar um þetta frv. Það felur ekki í sér veruleg útgjöld af hálfu ríkissjóðs. Í stað þess að andvirði þeirra prestssetra, sem seld eru, gangi beint í ríkissjóð, er sem sagt gert ráð fyrir því, að það gangi í sérstakan sjóð. Það er ekki tekið neitt fé úr ríkissjóði, heldur á það fjármagn, sem er í þessum fasteignum fólgið í dag, að ganga áfram til safnaðarstarfa og til kirkjunnar beint eða óbeint.

Frv. þetta er flutt, eins og fyrr segir, að beiðni safnaða og presta, sem hagsmuna hafa að gæta, og það er vilji okkar flm., að þessi ósk sé tekin til athugunar hér á þingi.

Ég legg til, herra forseti, að að lokinni 1. umr. sé máli þessu vísað til 2. umr. og hv. allshn.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Sameinað þing, 49. fundur.

Fimmtudaginn 31. jan., kl. 2 miðdegis.

Fjárreiður stjórnmálaflokka, þáltill. (þskj. 42). — Frh. einnar umr.

ATKVGR.

Frv. vísað til allshn. með 31 shlj. atkv. og umr. frestað.

Z í ritmáli, þáltill. (þskj. 148). — Frh. einnar umr.

Flm. (Sverrir Hermannsson): Herra forseti. Ég vil hefja mál mitt á því að þakka hv. 5. þm. Vesturl. fyrir góðar undirtektir við till. mína o. fl. hv. þm. á þskj. 148. Hv. þm. nefndi mörg skemmtileg dæmi, sem styðja í einu og öllu okkar tillögugerð. Hann velti því að vísu fyrir sér undir lok ræðu sinnar, hvað átt væri við í grg., þar sem segir: „Öllu undanhaldi, er varðar íslenskt mál, talað eða ritað, ber þegar í stað að snúa í sókn“ — hvort hér mundi kannske átt við það, að þar sem menn hafa hingað til skrifað aðeins eina z, yrði farið að skrifa tvær. Þessu er nú ekki þannig varið, heldur er hér átt við það, að það verði bætt um betur og snúið við frá því undanhaldi, sem varð þegar árið 1934, þegar Haraldur Guðmundsson féllst á að veita undanþágu frá kennslu á ritun z í barnaskólum. Frá þessu undanhaldi þarf að snúa og málinu í sókn.

Hæstv. menntmrh. virtist bæði sár og ákaflega móður í sinni ræðu. Að vísu kom ýmislegt fram í henni, sem ánægjulegt var á að hlýða, en mestum hluta ræðutímans varði hann í að fjargviðrast yfir því, að mig hefði skort háttvísi í málflutningi, tillögugerðin væri hrokafull og ég hefði haft þar í frammi getsakir um menn og málefni, sett fram órökstudda sleggjudóma, eins og hann nefndi það, hvernig svo sem rökstuddir sleggjudómar eru settir fram, og að þess væru ekki dæmi, að með slíkum hroka væri fram farið, þegar mál væru búin í hendur Alþingi.

Ekki verða það rök fyrir málstað hæstv. ráðh., þótt á þyki skorta um háttvísi hjá mér. Ég tók fram í minni framsöguræðu, að grg. væri fullyrðing, og ég þóttist finna þeirri fullyrðingu stað í framsöguræðu minni við fyrri hluta umr. En hver var aðdragandi tillögugerðar okkar flm.? Án nokkurs rökstuðnings hafði verið tilkynnt af hálfu menntmrnr. um grundvallarbreytingu á íslenskum rithætti. Nú er það svo, að allt, sem snertir íslenskt mál, er mér ákaflega viðkvæmt, og ég þykist vita, að svo er um marga fleiri, og ætti raunar að vera um alla. Hvað var það, sem raunverulega hafði skeð, hver var aðdragandi þessarar tillögugerðar? N. hafði verið sett á laggirnar til að endurskoða ritreglur. Spurt hefur verið um, af hvaða ástæðum á það ráð var brugðið. En fullnægjandi svör við því hafa ekki fengist né heldur kom það fram hjá hæstv. menntmrh. í ræðu hans hér á dögunum.

Í Morgunblaðinu hinn 5. sept. s. l. segir svo í tilefni af því, að auglýst er, að z skuli numin brott úr ritmáli, — það er viðtal við hæstv. menntmrh., Magnús Torfa Ólafsson, og þar segir svo, með leyfi hæstv. forseta:

„Magnús Torfi Ólafsson sagði í viðtali við Morgunblaðið, að ráðist væri í þessa breytingu einmitt nú, þar eð menn hefðu talið það vera að fara aftan að kennurum og nemendum í skólum að kenna z í hálft eða heilt skólaár til viðbótar, þegar ljóst var, að samstaða var innan n. um þessa tilteknu breytingu og hún kæmi því óhjákvæmilega til framkvæmda.“

Í Morgunblaðinu hinn 26. jan. gefur að líta fróðlega grein eða spurningalista til hæstv. menntmrh. frá gagnfræðaskólakennara, Skúla Benediktssyni á Ísafirði. Hann segir svo, með leyfi hæstv. forseta:

„Í upphafi þessa skólaárs fengu íslenskukennarar í hendur bréf frá menntmrn., þar sem sagt var, að námsefnið setningafræði í landsprófsdeildum yrði hið sama veturinn 1973—1974 og verið hafði 1972—1973, þó með tveim smávægilegum undantekningum. Nú rétt fyrir jól fengum við svo í hendur annað bréf, þar sem prófkröfum í setningarfræði er gerbreytt, sömu kröfur gerðar til nemenda í landsprófsdeildum og hinna, er taka gagnfræðapróf í vor.“

Sem sagt, þá var ekki verið að fara aftan að kennurum og nemendum, þótt mjög mikilvæg breyting um kennslu í setningarfræði væri tilkynnt löngu eftir að hafin var kennsla í þessum fræðum og líklega eins og segir á öðrum stað í þessari grein, að kennarar höfðu lokið við að kenna þennan þátt námsins.

Það segir í viðtalinu í Morgunblaðinu, sem ég vitnaði til áðan, að hæstv. menntmrh. hafði talið óhjákvæmilegt, að framkvæmdin um niðurfellingu z kæmi til framkvæmda, af því að þessi n. hafði orðið sammála um að leggja það til. Hvaðan kemur þessari n. slíkt alræðisvald? Er að undra, þótt mönnum verði skapfátt, þegar slíkar gjafir eru að þeim réttar.

Í ræðu sinni við fyrri hl. umr. taldi hæstv. menntmrh., að það væri tæpast í verkahring Alþingis að taka ákvörðun í slíku máli sem þessu. Ég vil auðvitað ekki gera honum upp þær skoðanir, að hann áliti, að þetta komi ekki Alþingi við, hann orðfærði það á þann veg, að hann teldi málið svo margslungið, að það mundi naumast vera á færi hv. alþm. að gera sér nægilega og fyllilega grein fyrir öllum þáttum þess, til þess að þeir gætu um það fjallað. Honum er auðvitað ljóst, að hann er ábyrgur gagnvart Alþingi, og ef hann telur sér fært að taka um þetta ákvörðun, þótt með ráði n. sé, þá ætti öllum hv. alþm. ekki síður að vera það fært. Og málið snýr heldur betur að hinu háa Alþingi, þar sem við höfum mátt búa við það síðan í haust, að öll þingskjöl eru útbíuð í þessari ritvillu. En Alþingi getur auðveldlega tekið afstöðu í þessu máli, vegna þess að þetta mál er ekki á neinu rannsóknarstigi. Málið er fyrir löngu þaulrætt og útrætt. Það náðist samkomulag í þessu máli árið 1929 eftir gríðarlega langa þrætu og illvíga á stundum, og samkomulagið var gert að allra bestu manna yfirsýn.

En lítum þá nánar á einn þátt þessa máls, sem hefur vissulega sérstöðu, og það eru vinnubrögð þessarar n., sem hæstv. ráðh. skipaði til að endurskoða íslenskar ritreglur. Hæstv. ráðh. setti n. erindisbréf. Þar greinir hann frá og í ræðu sinni hér á þriðjudaginn greindi hann frá því, hvert innihald þess erindisbréfs hefði verið.

1) Endurskoðun núgildandi stafsetningar íslenskrar tungu með nokkra einföldun tiltekinna stafsetningarreglna að markmiði. Nánar tiltekið skal nefndin taka til athugunar eftirtalin stafsetningaratriði:

a) z. b) Stóran og lítinn staf. c) Tvöfaldan samhljóða. d) y, ý og ey. e) J-reglur. f) É. g) Sérhljóða á undan ng og nk. h) Eitt orð eða tvö. i) Hugsanlegt aukið valfrelsi um ritháttt tiltekinna orða eða hljóða.

2) Athugun á greinarmerkjasetningu með samningu nýrra einfaldari reglna að markmiði.

3) Tillögugerð um framkvæmd þeirra hugmynda, sem n. kann að setja fram um breytta stafsetningu, einkum að því er varðar samningu kennslubókar í nýrri stafsetningu og greinarmerkjasetningu, kennslu þessara greina í skólum, svo og nýrra stafsetningar og greinamerkjasetningar í öllu prentuðu máli, sem gefið er út á vegum ríkisins.

Svo sagði hæstv. ráðh. í framhaldi af þessu, að sér hefði borist bréf frá þessari n. hinn 20. ágúst, en hún hefði verið skipuð í maí, þar sem n. tók fram og skýrði frá því sjálf, að hún hefði starfað allmikið í sumar og væri nú búin til þess að gera till. skv. erindisbréfinu, till. um það, að z skyldi niður felld.

Nú er það með hreinum ólíkindum, að þegar einni n., stjórnskipaðri n., er fengið svo viðamikið verkefni í hendur sem þetta, að hún skuli skila af sér með þessum hætti, sem hér ber raun vitni um. Hæstv. ráðh. taldi, að ég hefði verið með getsakir í garð n. Hann upplýsti og, að nál. lægi fyrir. Hann gerði þó enga tilraun til þess að gefa mönnum innsýn í, hvað það feli í sér, þetta nál. Ég veit ekki, hvers lags getsakir það hafa verið hjá mér í garð n. Ég vék að vísu að því, að í boði mundi vera, að taka y til sérstakrar meðferðar. Og það var ekki af getsakaástæðum, sem ég gerði það, því að í viðtali við Halldór Halldórsson prófessor, form. n., sem Morgunblaðið hafði hinn 5. sept. s.l., segir svo orðrétt, með leyfi hæstv. forseta:

„Halldór sagði og, að y yrði tekið fyrir, en hann vildi engu spá um það, hvað um það yrði. Sagðist hann geta ímyndað sér, að ekki yrðu allir sammála um það.“

Form. n. lætur hafa eftir sér, að hann geti ekkert um það sagt, hvað um y verði, því kunni að verða kastað, enda liggur það í augum uppi, að þetta verður ekki skilið á annan veg en þann, að að því kunni að draga að því verði varpað fyrir róða. Þess vegna er ekki um neinar getsakir hjá mér að tefla, þótt að ég héldi þessu fram. Ég hafði ekki haft hugmynd um, að þessi grg. n. lá í rn., enda sparði hæstv. ráðh. sér alveg að upplýsa nokkurn skapaðan hrærandi hlut um það, hvað það á annað borð inniheldi. Ég vil nú spyrja: Ber skýrsla n. með sér eða er þar að finna till. um það t.d. að fella niður y? Þessi vinnubrögð n. og að hæstv. ráðh. skuli verða það á að gína við þessu með þeim hætti að verða strax við till. n. og taka um það ákvörðun, að þessari samþykkt þeirra, sem formaðurinn sagði, að væri nú reyndar í meginatriðum samkomulag um, væri framfylgt, eru með algjörum ólíkindum.

Eitt af því, sem hæstv. ráðh. gagnrýndi mig fyrir, var það, sem honum ofhasaði gersamlega, að ég hefði haft svigurmæli í frammi í garð prófessors Halldórs Halldórssonar, sem hefði verið kennari minn á sinni tíð. Ég kannast ekkert við þessi svigurmæli. Og svo vill nú reyndar til, að Halldór, sem er gamall og gróinn vinur minn, varð einna fyrstur til þess að opna fyrir mér þann töfraheim, sem íslensk tunga hefur að geyma, að það háttar þannig til, að hann er um það manna færastur að svara fyrir sig, ef honum þykir á sig hallað, þannig að ég sé enga ástæðu til þess sérstaklega að biðja afsökunar á þeim orðum, sem ég viðhafði. En það hafa kannske verið svigurmæli í garð Halldórs Halldórssonar að vitna til þess, sem hann staðfesti í viðtali á opinberum vettvangi, að hann, sjálfur form., ætlaði sér að halda áfram að skrifa z. Samkomulag verður í meginatriðum innan n. um þetta, en form sjálfur heldur fast við að rita z áfram.

Ég las hér upp áðan erindisbréf til n. Og mér flaug í hug í gærkvöldi undir svefninn samlíking við þessi vinnubrögð. Við skulum hugsa okkur, að það hvarflaði að siglingamálaráðh. að láta endurskoða allar siglingareglur varðandi t.d. kaupskipaflotann íslenska. Ýmsar af þeim eru vitanlega alþjóðareglur og flestar, en hann gæti kannske viljað eftir till. fróðra manna, að þetta yrði tekið til endurskoðunar, enda er það góður siður að endurskoða reglur, sem lengi hafa gilt. Og það væri um allan öryggisbúnað skipanna, kaupskipanna, t.d. um fjölda skipshafnar um menntun skipstjórnarmanna o.s.frv. Hann skipaði n. og form. í þá n., skipstjórann á flaggskipi flotans, og setti henni þetta erindisbréf, með þessu innihaldi, sem ég var hér að rekja. N. settist á rökstóla 3 mánuði eða svo og skrif-

aði síðan bréf, þar sem hún lýsti því yfir, að hún hefði unnið mikið, eins og hin n. gerði, og væri nú í meginatriðum sammála um að leggja til, að messadrengurinn yrði settur í land. Síðan yrði blaðamannafundur náttúrlega, og þar kæmi Moggi og form. n. er beðinn skýringar á þessu, og hann mundi sjálfsagt segja sem svo: Ja, mönnum leist svo, að það yrði geðbót að þessu um borð í skipum. Hins vegar teldi hann sjálfan sig það góðan á taugum, að hann mundi hafa áfram messadreng. Nú síðan yrði samtal við siglingamálaráðh. og hann spurður um ástæðuna, og hann mundi svara, að þetta hefði orðið að gera strax, svo að skipin héldu ekki áfram að sigla í reiðileysi. Þetta er alveg nákvæm samlíking við það, sem þarna skeður, þegar kippt er út einu allra smæsta atriðinu af því verkefni, sem n. átti að vinna, og það afgreitt með þessum dæmalausa hætti, sem við höfum hér fyrir augum.

Hæstv. menntmrh. upplýsti, hverjir skipa þessa n., allt sjálfsagt valinkunnir sæmdarmenn. Ég er gagnkunnugur form. og get borið vitni um það, að hann er hinn hæfasti maður. En er það ekki rétt hjá mér, ég leit svo til, að það væri hann einn, sem væri málfræðingur að sérmenntun, af þessum 5 mönnum. Og þessi sérmenntaði málfræðingur ætlar að halda áfram að skrifa z.

Ég hygg og er sannfærður um, að hæstv. menntmrh. hafi verið hlunnfarinn í þessu máli. Ég átti satt að segja allra síst von á því, að þetta frumhlaup yrði af honum gert, að þetta sé framkvæmt af óaðgæslu, að undirlagi sérviskumanna, sem mér býður í grun, að hafi ríðið húsum í okkar menntamálum og skólamálum í auknum mæli undanfarin ár.

Ég komst hér yfir einkennilega bók, og það má mikið vera, ef hún er ekki skyld einhverjum þeirra, sem skipa þessa endurskoðunarnefnd. Hún er: „Marklýsingar móðurmálsnáms fyrir grunnskóla.“

Nú er í þessu blaði, sem ég vitnaði til hér, og grein eða fyrirspurnalisti frá kennara á Ísafirði. Þar er vikið að þessu, og e. t. v. leggur hæstv. menntmrh. lykkju á leið sína og svarar hér og nú því, sem fram kemur í þeirri fsp. Þar segir svo, með leyfi hæstv. forseta:

„Í byrjun skólaárs s. l. haust barst okkur gagnfræðaskólakennurum fjölrit, er ber nafnið „Marklýsingar móðurmálsnáms fyrir grunnskóla.“ Þessu riti, sem er mikið að vöxtum, fylgir bréf, dags. 22. ágúst 1973. Bréfið er undirritað af forstöðumanni skólarannsóknadeildar menntmrn. fyrir hönd ráðh. eftir umboði. Það er ritað með z. Í námsskrám, er gagnfræðaskólakennurum bárust í upphafi þessa skólaárs, er getið um 7., 8. og 9. bekk grunnskóla.“ Síðan heldur Skúli áfram og segir: „Mér er kunnugt um, að Alþ. var ekki sett fyrr en 10. okt. í haust, og ekki veit ég til þess, að frv. um grunnskóla, þ. e. poppskólafrv. svokallaða hafi verið afgreitt fyrir jól. Fyrsta spurning mín til þín er því þessi: Var eitthvert aukaþing kallað saman s. l. sumar, þar sem hið stórmerkilega frv. um grunnskóla, óskabarn fagaula og yfirumboðsmanna, var samþykkt, eða hefur skólarannsóknadeild menntmrn. öðlast eða tekið sér löggjafarvald í menntamálum?“

Þetta eru orð í tíma töluð. Hér er dæmalaus bók, sem heitir „Marklýsingar móðurmálsnáms fyrir grunnskóla“, og maður getur ekki betur séð en með útgáfustarfsemi þessari sé þegar tekið til við að framfylgja lögum, sem aldrei hafa verið sett.

Hæstv. menntmrh., svo að ég fari nú að stytta mál mitt, hélt því fram, að z skipti engu máli í sambandi við framburð íslensks máls, og nokkurn veginn er það nú rétt. Þó má taka til athugunar einstaka orð og orð, sem t. d. honum hlýtur að vera mjög nákomið, eins og vestfirskur. Við segjum ekki „vestfirskur“, heldur „vestfirðskur“, þannig að ðs, sem z stendur fyrir, það má merkja það. Og ég vil taka það strax fram hér og nú, að mér er z ekki svo heilög að ég sé ekki tilbúinn til samninga um það að skrifa fullum fetum þá bókstafi, sem hún stendur fyrir. En hvað gæti skeð, ef þarna stendur vestfirskur og ð horfið, z ekki lengur skrifuð, heldur s, og ð þess vegna horfið? Þá gæti, — og við verðum að hugsa í mörgum áratugum eða öldum, — þar sem ð er ekki lengur fyrir hendi, þá gæti þetta orð „Vestfiringur“ með tímanum, en ekki Vestfirðingur. Og þá mundi menn ekki, a. m. k. hér syðra, sem segja „fleirra fólk“, ekki muna um það að bæta við og segja „Vestfirringur“, og þá er nú heldur illa komið fyrir honum sem Vestfirðingi, því að Vestfirringur, sbr. vitfirringur, er sá, sem er fjarri Vestfjörðum, eins og hinn er fjarri vitinu. Sunnlendingum yrði síðan, vegna þess að d er horfið „Sunnlenningur.“ Það er léttara að segja það, og tilhneiging almúgans er vissulega sú að velja það, sem léttara er í framburði.

Eitt orð hefur verið hér mikið í prentuðum skjölum hins háa Alþingis í allan vetur. Það er landhelgisgæsla. Við segjum: landhelgisgætsla, og t er þarna með, um það er engum blöðum að fletta. Það segir enginn landhelgisgæsla. Og hvað skyldi svo ungt fólk, sem fer að velta þessu orði fyrir sér, hugsa? Gæsla. Hér er hvergi gát neitt nærri eða þá allra síst aðgætsla, hvergi er gát þarna við. Það væri auðvelt að skýra þetta út sem það mundi vera komið af því að gægjast, að landhelgisgæslan væri þá á gægjum. Það hafa nú sumir vestfirskir sjómenn og jafnvel austfirskir haldið því fram, að hún hafi ekki miklu meira gert um nokkra hríð en það, og er talið af þeim, sem gerst þekkja, að sé mjög ómaklega að henni vegið með þeim hætti.

Hæstv. menntmrh. gat þess, að í tíð Hannesar Hafsteins, 1907 mun það sennilega hafa verið, því að eftir 1908 hafði hann sem mest annað að vinna, hafi verið gefnar út reglur um rithætti, þar sem z var ekki með, og enn fremur gat hann þess, að Jón Magnússon hefði brugðið á þetta ráð líka árið 1918. Þetta er alveg rétt. En þessar aðgerðir og þessar tilraunir enduðu í sama skötulíkinu og allar aðrar til þess að koma z fyrir kattarnef. Það er 6 árum síðar, eftir að Jón Magnússon hefst þarna handa og menn sáu, að við vorum að komast í ófæru í þessum efnum, sem skipuð var n. ekki ómerkari manna en Alexanders Jóhannessonar, Einars Jónssonar magisters og Jakobs Smára. Ég man það rétt, að það voru þessir menn. Og niðurstaðan eftir margra ára þóf og eftir að jafngagnmerkir menn fleiri höfðu um vélt, eins og

sannanlega Sigurður Nordal og Sigurður Guðmundsson skólameistari, þá verður að samkomulagi að gefa út reglurnar hinn 25. febr. 1929. Hæstv. menntmrh. vitnaði í Fyrstu málfræðiritgerðina, sem enginn veit raunar hver ritaði, en ég vona, að það hafi verið Hallur Teitsson, sonarsonur Ísleifs biskups, því að mér er mjög vel til alls þess fólks. Að vísu varð Gissur biskup fyrstur til þess að leggja á almenna skatta á Íslandi. Samt sem áður varð hann mjög ástfólginn með þjóð sinni, og ætti hæstv. fjmrh. að athuga, hvernig hann fór að því. Hæstv. ráðh. leiddi Hall sem vitni í móti z. Ég veit ekki betur en ég hafi í minni framsögu leitt fram fjölda autores og allt fram úr öldum, sem börðust fyrir brottnámi z í ritmáli. En hvernig má það vera, eftir að stórmenni í íslenskri menningar- og málssögu, eins og Hallur Teitsson, Fjölnismenn, Konráð, Jónas, Tómas, Brynjólfur, síðar Björn M. Ólsen rektor, Guðmundur Björnsson landlæknir, geysiáhrifaríkir menn, — hvernig má það vera, eftir að þessir menn höfðu leitt fram hesta sína að etja við z, að hún skyldi samt sem áður halda velli? Þetta sýnir styrk hennar. Ástæðan er auðvitað sú, að íslenskan hélt alltaf velli, á hverju sem gekk. Hún stóðst meira að segja um aldir dönskan embættismannalýð, sem allur almúginn og ekki síst yfirstéttin apaði bæði í máli og siðum, og hún reis upp úr þeirri eimyrju e. t. v. fegurri og sterkari en nokkru sinni fyrr. Það gerðu auðvitað bækurnar, þau dýru membrana, Íslands líf, eins og sá lærði úr Grindavík orðaði það. Þær bækur voru ritaðar með z auðvitað.

Það er tilgangslaust fyrir hæstv. menntmrh. að vitna í Hall Teitsson, þar sem hann segir, að z sé hebreskur stafur. Við hæstv. menntmrh. og ég erum alveg jafngóðir Íslendingar, enda þótt ýmsir merkir fræðimenn telji okkur upphaflega af öpum komna.

Ýmsir hafa orð á því, að erfitt sé að kenna og læra ritun z, — að erfitt sé. Það ætti að varða við lög að nefna erfiði í sambandi við nám og kennslu í íslensku móðurmáli. Enda er ekki nokkur vandi að læra að rita z, og ef einhver hv. þm. kann ekki til fullnustu að rita z, þá skal ég vera viss um, að það tæki sæmilegan kennara ekki nema svona klukkutíma að kenna honum það næstum því til fullnustu, þannig a. m. k., að skammlaust væri.

Eftir 150 ára uppstyttulitla hörkuþrætu um íslenskar ritreglur náðist samkomulag árið 1929. Við það samkomulag höfum við farsællega búið í hartnær hálfa öld. Við skulum fyrir alla muni ekki rjúfa það samkomulag. Við skulum ekki rjúfa þá sættargjörð í fljótræði og að ófyrirsynju.

Menntmrh. (Magnús T. Ólafsson): Herra forseti. Fleira þarf nú að ræða á hv. Alþ. en z, en ég tel samt fulla ástæðu til að bæta nokkrum orðum við það, sem farið hefur á milli hv. 4. þm. Austf. og mín um það efni. En fyrst tel ég ástæðu til að víkja að nokkrum atriðum, sem hv. 5. þm. Vesturl. drap á í ræðu sinni við fyrri hluta þessarar umr., þótt hann sé nú því miður ekki viðstaddur. Þar kom fram, að mér virtist, mjög mikill misskilningur á þeirri tilvitnun, sem ég tilfærði þá í ræðu minn í erindisbréfi stafsetningarnefndar.

Hv. þm. vék að því, að þar er talið upp meðal atriða, sem óskað er eftir, að n. taki til athugunar með nokkra einföldun tiltekinna stafsetningarreglna að markmiði, y og tvöfaldur samhljóði ásamt fleiru, og þá virtist mér gæta þess misskilnings, að þar með væri verið að leggja fyrir n. að afnema þessi stafsetningaratriði. Þetta er alger misskilningur á erindisbréfinu. Það felur aðeins í sér að athuga um einföldun reglna, sem hlutina varða, en öðru er nær, að í því þurfi að felast afnám slíkra stafsetningaratriða, enda liggur þetta í hlutarins eðli, t. d. þar sem rætt er um að athuga reglur um stóran og lítinn staf. Það á hvorki að afnema stóran staf né lítinn, heldur að athuga, hvort settar verði einfaldar og skýrar reglur og reyndar hafa engar stjórnskipaðar reglur gilt um stóran staf og lítinn. Sömuleiðis kvaðst hv. þm. sjá eftir z, vegna þess að þá gæfust honum ekki sömu tækifæri í kennslu að leiða nemendum sínum fyrir sjónir ýmis atriði úr málssögu og jafnvel atvinnusögu, sem auðvelt væri að láta bera á góma, þegar rakin væru rök að tilteknum stafsetningaratriðum. En dæmin sem hv. þm. nefndi voru ekki um z. Þau voru um y, og þau voru um tvöfaldan samhljóða.

Vegna þess, að lýst var eftir því í ræðu hv. 4. þm. Austf. áðan, hvaða afstöðu stafsetningarnefnd taki til y, tel ég rétt að skýra frá því þegar í stað, að till. n. hljóðar svo: „Tillaga um y, ý og ey. Farið skal eftir sömu reglum og nú tíðkast í íslenskum skólum með notkun táknanna y, ý og ey.“ (SvH: Guði sé lof.) Það er von, að hv. þm. lofi guð, ekki er hann búinn að spara svo sviguryrðin í framsöguræðunni í garð n. sem heldur um það, hver hennar raunverulegi tilgangur væri með því að bera fram till. um afnám z.

Í framsöguræðu 4. þm. Austf. var hvað eftir annað ítrekað, að n., sem um stafsetninguna fjallaði hefði vegið úr launsátri. Hann margendurtók þetta orðafar, vegið væri úr launsátri að íslenskri tungu, þarna væru að verki launráðsmenn. Og hver voru launráðin, sem hv. þm. bar á þessa menn? Þau voru þau, að þeir væru með till. um afnám z, eins og hann orðaði það, — ég held ég hafi skrifað það rétt, „að gera tilraun á Íslendingum“, því að megintilgangurinn væri ekki að vinna á z, hún væri bara smábráð í leiðinni. Megintilgangur þessarar n. væri að koma á framburðarstafsetningu og fyrst og fremst að afnema y og tvöfaldan samhljóða. Þetta var inntak þeirra orða, sem hv. 4. þm. Austf. viðhafði í framsöguræðu sinni, ekki einu sinni, heldur margoft með margvíslegum tilbrigðum, eins og honum er lagið. Það var þetta, þessi málflutningur, sem ég kallaði ekki svigurmæli, eins og hv. 4. þm. Austf. sagði áðan, því að ég kallaði þetta dylgjur. Það er réttnefni. Þetta eru dylgjur, sem voru hafðar í frammi í framsöguræðu hv. 4. þm. Austf. Nú sér hann svart á hvítu, að þetta eru tilefnislausar dylgjur.

En það, sem ég vildi sérstaklega víkja að vegna þeirra dæma, sem hv. 5. þm. Vesturl. var að

rekja um tilefnin, sem stafsetningin gæfi til að rekja málssögu, málþróun og önnur merkileg atriði fyrir ungum nemendum, þá er ég honum alveg sammála um það. En þannig stendur á, að z gefur afar lítil tilefni til þessa. Hún er ekki ríkur efniviður í slík dæmi. Þannig hagar til, eins og ég vék að í fyrri ræðu minni, að z eykur mjög lítið á það, sem kallað er gagnsæi málsins, vegna þess að sá uppruni, sá orðaskyldleiki, sem hún bendir til, liggur að jafnaði ljós fyrir hvort eð er. Það þarf ekki z í bestur til að benda á betri. Það þarf ekki z í helstur til að benda á heldri, svo að ekki sé á það minnst, hver vitneskja um uppruna felst í z í miðmyndarendingunni, þar sem z-reglan, eins og hún hefur gilt, er langalgengust í rituðu máli. Kallist með z eða s, berjist með z eða s, hafi sést með zetu eða s, það er ekki vitundarögn að finna, sem veitir þekkingu um málssögu í þessum endingum, þó að þær séu ritaðar með z. Eins og önnur stafsetningaratriði verður að meta z eftir því, hver þörf hennar er. Hennar er ekki þörf í íslensku ritmáli, af því að hún hefur aldrei í íslensku ritmáli táknað neitt sérstakt hljóð. Þess vegna gefur hún alls ekki þá vitneskju um málþróun og skyldleikatengsl í málinu eins og til að mynda y eða tvöfaldur samhljóði gera og eins og gera mætti með tvenns konar ö og tvenns konar æ, sem hugmyndir voru uppi um á síðustu öld, að tekið yrði í nútímastafsetningu.

Það, sem blasir við íslenskukennurum, er að sjálfsögðu það, að þeir þurfa að fjalla um fjöldamörg þýðingarmikil atriði í móðurmálskennslunni og það hefur verið gagnrýnt á síðustu áratugum í umr. um móðurmálskennslu, að tilhneigingar hafi gætt í þá átt að leggja vaxandi og óhóflega áherslu á stafsetningu og málfræðireglur út af fyrir sig, hins vegar hafi orðið útundan fræðsla um orðaforða, fræðsla í því að tjá sig í riti eða ræðu. Af minni eigin reynslu, sem að sjálfsögðu er takmörkuð af skólagöngu barna minna, hef ég tilhneigingu til að telja, að þessi gagnrýni eigi töluvert til síns máls. Mér brá mjög undarlega við, þegar börn mín tóku að ganga í skóla í Reykjavík. Þar sem ég gekk í farskóla í sveit og þar sem ég þekkti til á þeim árum, var það algengt, að nemendur voru látnir semja frá eigin brjósti eina ritgerð á viku. Þegar mín börn fóru að ganga í skóla hér í Reykjavík, þá tíðkuðust þar kannske ein eða tvær ritgerðir á vetri eða jafnvel engin, og það eftir að komið var upp í gagnfræðaskóla.

Þetta tel ég mjög varhugaverða þróun, að meginákerslan sé lögð á utanbókarlærdóm á stafsetningarreglum eða málfræðireglum, en þjálfun í beitingu málsins í ræðu og riti sé látin sitja á hakanum. Ég er ekki einn um þessa skoðun. Hún hefur komið fram hjá mörgum og ekki síst móðurmálskennurum. Einmitt þess vegna fer nú fram endurskoðun á móðurmálskennslu. Eins og ég tók fram í fyrri ræðu minni, var stafsetingarnefnd skipuð einmitt til að fjalla um stafsetningu, svo að það væri gert í samhengi við þá endurskoðun, sem hér á sér stað á námsefni og námsskrá. Og í þessari endurskoðunarnefnd eru móðurmálskennarar. Hún hefur ekki skilað störfum. Hv. 4. þm. Austf. reyndi að gera hana hlægilega hér áðan í ræðu sinni með því að vitna í hjákátlegt orðaval, að hann taldi, í fyrirsögn á riti, sem hún hefur sent frá sér til kennara til þess að fá við því viðbrögð og gagnrýni. Hvort rétt er eða rangt að veita orðinu marklýsingu nýja merkingu, þegar um það er að ræða að lýsa markmiðum, hvort það á aðeins að nota til að lýsa eyrnamörkum, um það vil ég ekkert segja, hvort þetta er heppilegt orðaval eða ekki. En þar sem hann áfellist n. fyrir, að hún virtist taka sér löggjafarvald, með því að hún léti eins og grunnskólafrv. væri gengið í gildi, þá er slíkt síður en svo einsdæmi. Ég hef borið hér fram frv. á Alþ. um framhaldsskólastigið, þar sem að því er vikið, í grg. og aths., að miðað sé við, að grunnskólafrv. hljóti afgreiðslu í stórum dráttum eins og það hefur verið lagt fyrir. Það er ekki óeðlilegt um slíkt mál, sem mikið hefur verið fjallað um og að vísu hefur ekki sætt fullnaðarmeðferð, en liggur fyrir Alþ. til afgreiðslu, að í áætlanagerð langt fram í tímann um einstakar námsgreinar sé tekið til þess tillit, enda þót frv. sé ekki orðið að lögum.

Þá reyndi hv. 4. þm. Austf. að gera það tortryggilegt, sem eftir mér er haft í viðtali við Morgunblaðið í haust, og lagði í mín orð þá merkingu, að þar væri ég í rauninni að fá stafsetningarnefndinni alræðisvald um afnám setunnar og þá önnur stafsetningaratriði. Honum láðist að greina frá því, að áður var ég búinn að lýsa yfir því, að ég hefði samþykkt þessa till. n., og samkv. allri meðferð stafsetningarmála á Íslandi frá upphafi vega hafa breytingar á því sviði gerst þannig, að fróðir menn um mál og móðurmálskennslu hafa gert till., og þegar ráðh. hefur samþykkt þær, er breytingin óhjákvæmileg. Ég held, að þetta sé ekki óviðurkvæmilegt orðaval. Það er í fyllsta samræmi við meðferð stafsetningarmála, frá því að íslensk stjórnvöld létu þau til sín taka.

Þegar hv. 4. þm. Austf. heldur því fram, að frá 1929 hafi allt verið í sátt og samlyndi um z, er það víðs fjarri staðreyndum málsins. Eins og á var minnst í fyrri hluta umr., var gefin undanþága frá z-reglunni þegar 1934. Og málfræðingar eins og doktorarnir Björn Guðfinnsson, Björn Sigfússon og Halldór Halldórsson, formaður þeirrar n., sem um stafsetningarmálin fjallaði að þessu sinni, hafa allir deilt mjög hart á z-regluna í stafsetningunni frá 1929 og fjölmargir aðrir. Og hversu mætti það ske, ef þá hefði verið komist að niðurstöðu, sem væri óvefengjanleg og hrein hótfyndni að hagga við, að n. valinkunnra móðurmálskennara, sem eru ósammála um ýmis atriði í áliti sínu, skyldu verða algerlega sammála um, að þetta væri sú breyting, sem þeir gætu lagt til að hálfnuðu starfi sínu? Þetta eitt afsannar gersamlega þá staðhæfingu hv. 4. þm. Austf., að z-an sé í rauninni óhagganleg og eigi ævinlega að vera í þeim sessi, sem hún fékk með stafsetningarreglunum 1929.

Þá vék hv. 4. þm. Austf. nokkuð að því, sem ég hafði vakið athygli á, að höfundur Fyrstu málfræðiritgerðar, hvort sem hann hét nú Hallur Teitsson eða annað, hefði sagt, að z væri hebresk-

ur stafur. Það voru ekki rök Halls eða hvers þess höfundar, sem Fyrstu málfræðiritgerðina reit, fyrir því, að z ætti ekki heima í íslensku máli, að stafurinn hefði hebreskan uppruna, slíkt var fróðleiksatriði, sem höfundur lét koma fram lesendum sínum til fróðleiks. Rök hans eru þau, að z sé óþörf í íslensku máli. Og ef mesti málfræðingur 12. aldar og jafnvel fram til Rasks komst að þeirri niðurstöðu, að setan væri óþörf í íslensku ritmáli á miðri 12. öld, hvernig í ósköpunum getur þá hv. frsm. rökstutt það, að afnám z úr lögboðinni stafsetningu nú ofarlega á 20. öld sé undanhald frá þeim reglum og þeirri rækt sem íslensk tunga hefur byggst á um allar þessar aldir.

Stefán Jónsson: Herra forseti. Við upphaf umr. um zetu í ritmáli blasti það við mér, að hv. 6. landsk., Helgi Seljan, var meðflm. að till., sem 6. landsk., Stefán Jónsson, var algerlega mótfallinn. Hér blasti sem sagt við mér nákomið allt að því skítsófrenískt vandamál, sem leiddi til þess, að ég varð að yfirgefa þingfund undir ræðu menntmrh. til þess að hitta mótpart minn, Helga Seljan, að máli og ræða um þetta við hann, með hvaða hætti ég gæti af fullkominni sannfæringu, sem býr að baki skoðun minni, andmælt þessari till. 6. landsk. Ég hafði, guði sé lof, hlustað á gagnmerka ræðu 1. flm., hv. þm. Sverris Hermannssonar, með mikilli aðdáun á fróðleik hans, sem þrátt fyrir allt sannaði mér aðeins það, sem ég hafði grun um af ýmsum dæmum áður, að hinir fróðustu og bestu menn komast stundum að mjög vandlega íhuguðu máli að rangri niðurstöðu, sem góðir menn draga síðan hæfilegar ályktanir af.

Sannleikurinn er sá, að framtak menntmrh. í niðurfellingu z-unnar er einna helst til þess fallið, að hafin verði ný sókn í móðurmálskennslu á Íslandi. Mat á gildi z-unnar í ritmálinu má alls ekki setja í samhengi við þann vinnustundafjölda, sem menn máttu leggja af mörkum til að tileinka sér hana. Menn mega alls ekki fá það á tilfinninguna, að hæstv. menntmrh. sé hér með að fella í gildi verðmæti, sem þeir hafa aflað sér með súrum sveita, og að þeir sitji svo uppi með eitthvert verðlaust drasl. Sannleikurinn er náttúrlega sá, að á sama hátt og prófessor Halldór Halldórsson ætlar að halda áfram að skrifa z, þótt hann væri formaður í þeirri n., sem leggur til, að hún verði niður felld, á sama hátt geta hv. flm. þessarar þáltill. haldið áfram að skrifa z eins lengi og þeim sýnist, og það getum við allir. Sjálfur hef ég í 30 ár starfað með íslensku að verkfæri, og verð að viðurkenna, að ég hef ekki tileinkað mér z-una betur en svo, að þegar ég skrifa mjög hratt á ritvél, og ég verð að stæra mig af því, að ég get skrifað mjög hratt á ritvél, þá vill slæðast með z-villa inn í handrit, sem ég verð að leiðrétta á eftir. Af þessum sökum hefur z-an kannske ekki orðið sú andleg fasteign í vitund minni, að ég harmi hana mjög.

Það er merking orðsins, sem hefur gildi í ritmáli og í talmáli. Í talmálinu bætist svo við hljómur orðsins. Slíkt getur dýpkað merkinguna og magnað hana, ef alúð býr á bak við. Z í orði, sem á að benda til uppruna þess, nægir stundum til þess að spilla bæði hljómi og merkingu. Z-an verður eins konar bakþankamerki íhyglinnar og dragbítur á eðlilega tjáningu í íslensku máli. Z-an var notuð til þess að draga málfræðistaglið með inn í stílkennsluna, inn í ritæfingarnar og stílæfingarnar, og var þó ærið af því fyrir. Ég læt bíða að færa sönnur á, með hvaða hætti málfræðistaglið, ítroðsla latneskrar málfræði á íslensku, — því að íslensk málfræði hefur ekki verið samin enn, — ítroðsla latneskrar málfræði á íslensku í íslensk börn, í Íslendinga í 100 ár, hefur beinlínis lemstrað tungutak þessarar þjóðar að því marki, að þeir einir hafa nú allt að því sæmilegt tungutak, sem svo heimskir voru, að það datt engum í huga að reyna að troða þessu í þá. Við sjáum z-komplex í stíl hjá börnum, greindum börnum, sem sneiða hjá orðum, sem e. t. v. á að vera z í, en þau eru ekki viss.

Þá er ótalið tjón, sem z-an, þessi dragbítur á eðlilega tjáningu í ritmáli, hefur unnið á sjálfu talmálinu. Þið verðið kannske ekki vör við hann, kjálkaskjálftan í ykkar eigin kynslóð, sem stafar af of mikilli þjálfun, sem bundin var við orðmyndirnar: þau hafa kysstst. Hvenær ætlið þið að hætta að skjálfa á því? Þau hafa hittst.

Með fullri virðingu fyrir hv. þm. skyldi ég ætla, eftir að hafa hlýtt á viturlegar orðaræður þeirra í þessum þingsölum nú í nokkra daga, að þeim væri annað kringra en að slá hring um þennan etymologíska beingadd í íslensku ritmáli. Ég heyri ekki betur — en með enn þá fyllri virðingu fyrir hv. þm. — en að þess gæti í málfari sumra þeirra, að tími kynni að vera til kominn, að við færum að leita okkur að álíka verkfæri eins og þessum etymologíska hrosslegg, sem notaður er til þess að rýna með eftir uppruna orða í ritmáli, — það yrði þá eins konar fónetískur sauðarleggur til þess að hlera eftir uppruna sprengihljóðanna t, k og p í íslensku máli.

Hæstv. menntmrh., sem ég vil enn þakka fyrir atbeina hans í þessu máli og forgöngu, vakti athygli á því áðan, hversu reynslan sýnir, að á hefur skort um eðlilega tilsögn handa íslenskum skólanemendum í tjáningu á móðurmáli okkar töluðu, að hvetja þau, stappa í þau stálinu, svo að þau þori að kveða að orðunum og gefa þeim hljóm, láta sérhljóðana okkar hljóma. Hvernig hefur skort á, að þeim væri kennt að beita hljómi og hljóðan í framsögn í máli? Við skulum hugleiða e. t. v. smáorðin já og nei, þessi lykilorð tungunnar, þegar við ræðum um merkingu íslenskra orða, hvernig móta má merkingu þeirra með hljómi allt frá því, að þau taka af allan efa, upp í það, að þau fá gagnstæða merkingu. Þessi smáorð, þessi þýðingarmiklu lykilorð eru kölluð upphrópanir. Við skulum taka upphrópunina jæja, það er upphrópun líka, og hugleiða aðeins þann möguleika, sem tónninn og hljómurinn gefa á því að dýpka merkingu þessara smáorða og gefa þeim jafnvel gildi heillar sögu. Ég þarf ekki að rifja upp fyrir ykkur söguna um manninn, sem sneri sér til veggjar. Jæja, sagði hann. Svo sneri hann sér til veggjar og sagði ekki meira þann daginn.

Ég man eftir lítils háttar úttekt á smáorðinu jæja, upphrópuninni jæja, sem gerð var í félagahóp nokkurra rithöfunda fyrir allmörgum árum! Sjálfur man ég eftir fyrsta áhrifaríka jæjinu, þegar ég var fyrir innan fermingu, í fyrsta sinn

verkamaður og tók þátt í verkfalli suður í Álftafirði, þegar verið var að byggja hlöðu hjá Birni í Múla. Það hafði nýlega verið stofnað verkalýðsfélag á Djúpavogi, og samkv. samningum áttum við að hafa klukkutíma í hádegismat. Þegar við vorum búnir að borða, eftir 10 mínútur, og höfðum setið í 5 mínútur, stóð Björn í Múla upp og sagði: jæja. Við stóðum allir á fætur og fórum að vinna. Þetta skeði annan daginn. Þegar við höfðum borðað og setið í 5 mínútur, stóð Björn í Múla upp og sagði: jæja. Og við stóðum á fætur og fórum að vinna. En þá tóku forustumenn, sem eldri voru og vanari í verkalýðsmálum, sig til og ákváðu, að næsta dag skyldum við sitja kyrrir, þótt hann segði jæja. Björn í Múla lék sama leikinn. Hann reis á fætur og sagði: jæja, en við sátum kyrrir, og hann horfði á okkur og beið svolitla stund. Svo settist hann hjá okkur, og eftir nokkur andartök reis hann enn á fætur og sagði: jæja, en við sátum kyrrir. Þetta var svokallað verkfallsjæja.

Af því að ég er að reyna að lýsa þessum blæmun í upphrópun og dýpt hans, hér í sölum Alþingis, þá ætla ég að segja ykkur frá pólitísku jæja, sem Jörundur Brynjólfsson, frændi minn, útskýrði fyrir mér, þegar ég hitti hann eftir að hafa ákveðið að fara í framboð norður í landi, og hann sagði: „Þú ert að fara í framboð, Stefán minn.“ „Já“ sagði ég, „og nú þyrfti ég kannske á þínum ráðum að halda, af því að þetta hef ég ekki gert áður. Hvernig á maður að fara á bæjargang í pólitísku framboði og banka þar upp á?“ Hann sagði: „Þú ert nú vanur að fara á bæjargang, þú hefur gert það í 25 ár.“ Og þá sagði ég: „Það var allt annað mál, þá var það í ærlegum tilgangi, ekki til þess að biðja um atkv.“ Hann sagði: „Ég get aðeins gefið þér eitt ráð. Þegar þú bankar og bóndinn kemur til dyra og þið hafið heilsast og eruð búnir að tala um veðrið og sauðburðinn, sem mun nú standa hæst, þegar þetta skellur yfir, þá mátt þú ekki segja jæja.“ „Af hverju?“ spurði ég. „Sá ykkar, sem segir fyrr jæja, hann tapar,“ sagði hann.

Ég man eftir hættulega jæja líka, úr því að ég er byrjaður að tala um þetta smáorð. Það skeði úti í Kaupmannahöfn og blandast í þetta þrír Skúlar: Skúli Skúlason, Skúli Þórðarson, sem kallað var kollega, og Skúli Brynjólfsson, sem var bátsmaður á Stella Polaris í siglingum á milli Kaupmannahafnar og Newcastle. Það skeði um líkt leyti, að Skúli Brynjólfsson kom til Kaupmannahafnar, þar sem hann var vanur að eyða landvistarleyfum sínum í að berja Dani, og Skúli Skúlason kom til Kaupmannahafnar í fyrsta sinn, ekki mjög vel að sér í dönsku. Hann var handtekinn á knæpu þeirri, sem nú heitir Kakadúbar, fyrir að hafa barið niður lífvörð hans hátignar og tekið af honum húfuna, — þið kannist við þessar háu húfur þeirra loðnu, — tekið af honum húfuna og selt upp í hana. Vitaskuld var það Skúli Brynjólfsson, sem barði manninn.

Skúli Skúlason var handtekinn fyrir þennan verknað. Þegar þetta hafði verið lesið fyrir honum, þá sagði hann ekkert annað en jæja. Honum var stungið inn, og um morguninn var hann ekki látinn laus, heldur var honum sagt, að hann hefði játað á sig verknaðinn kvöldið áður. Og í prótokoll stóð, að hann hefði sagt: ja, ja. Skúli kollega var fenginn til að leiðrétta misskilninginn og útskýra merkingu „jæja“ á dönsku.

Sannleikurinn er sá, að ef íslenskukennarar fengju að fjalla um mikilvæg atriði eins og hljómfall og atkv. í kennslu móðurmálsins í skólum, þá þyrftu þeir ekki að óttast það, að nemendur sofnuðu fram á borðið og væru alls ófróðari um íslenskt mál að kennslustund lokinni.

En nú segir hv. 1. flm. þessarar þáltill., Sverrir Hermannsson, að hér sé ekki um það eitt að ræða, að ráðist sé að z-unni, að listamenn í meðferð hennar og eigendur verði henni sviptir, heldur sé hér bara um að ræða undirbúning að árás á sjálft ypsilonið. Við þurfum ekki að glugga lengi í gömlum handritum, dýrmætustu perlum íslensku þjóðarinnar í bókmenntum, til þess að uppgötva það, með hvaða hætti ypsilon voru notuð í íslensku ritmáli, með hvaða hætti Jónas Hallgrímsson notaði ypsilon. Hann notaði það til myndrænnar skreytingar á orðum sínum: Ástkæra, ylhýra málið. Hv. 1. flm. þessarar þáltill kynni að finnast vanta þar ypsilon. Af því að hann er nú þm. í þeim landshluta, þar sem fyrir skemmstu þurfti að kenna e með punkti og e með gati, kynni að vera, að hann mun reka sig á það býsna víða, að ypsilonið sem slíkt hefur aðeins táknræna þýðingu í orðum. Ásgeir Magnússon, sem nú er því miður fjarri góðu gamni, búsettur í Lófæti í Noregi, sagði mér frá því, þegar hann fór sem ungur drengur með skilaboð, oftast skrifuð, á milli Guðna Stefánssonar og Björns á Brekku austur. Björn var sæmdur hreppstjóratign og sendi þá Ásgeir skömmu síðar með bréfmiða til Guðna, þar sem hann bað um að lána sér kerru. Guðni sat yfir borðum, þegar hann fékk bréfmiðann, og sagði stundarhátt, þegar hann opnaði hann: „Nú hefur hreppstjóratignin stigið Birni til höfuðs, því að hann er farinn að skrifa „kerra“ með ypsilon“. Guðni sendi skriflegt svar, og þegar Björn opnaði það, sagði hann: „Hann skrifar nei og með ypsilon, og þá meinar hann það.“

Ég veit ekki, hvort ég á að eiga það á hættu og þó mun ég freista þess að leiða getum að því, með hvaða hætti málfræðistagl og afkáralegar ritreglur, þ. á. m. reglurnar um dreifingu kommunnar, þessa andarteppumerkis heilbrigðrar hugsunar, hvernig allt þetta hefur átt sinn þátt í því að framleiða það, sem nú er kallað námsleiði. Ég kenni í vetur íslensku og dönsku við gagnfræðaskóla norður í landi. Ég kom þar fyrst hálfum mánuði fyrir skólasetningu í haust, á sunnudegi. Enginn var heima í þessum heimavistarskóla. Roskinn utanhéraðsmaður á átttræðisaldri, sem ég hefði nú átt að þekkja strax í sjón, en þekkti strax þegar hann fór að tala, a.m.k. hvaðan hann var, hjálpaði mér til þess að bera farangur minn upp í íbúð mína og segir við mig í stiganum: „Svo að þú ætlar að kenna hér í vetur.“ „Já“ sagði ég. „En lengur verður það nú ekki,“ sagði hann, „ef það verður þá í allan vetur. Hér er svo efirskelvitlegur skrill,“ sagði hann. „Þeir gerðu alla vitlausa í fyrra, fyrst kennarana. Einn reyndi nú að kála sér í febrúar. Skólastjórinn var fluttur burtu í spennitreyju í mars.“ „Þetta er nú píp, — og fyrr getur það verið slæmt,“ sagði ég og reyndi að bera mig karlmannlega, en sannleikurinn er náttúrlega sá,

að svona fjörlegur skrill er náttúrlega besti skrillinn, sem ég hef kynnst. „Þú skalt líta á eðlisfræðistofuna," sagði gamli maðurinn. „Það er nýjasta skólastofan. Segðu mér svo, hvernig þér líst á." Ég komst ekki inn í eðlisfræðistofuna. Ég kíkti á glugga, hún er á neðstu hæð. Þar gaf náttúrlega á að líta skorið sundur leðurlíki á upphækkuðum bekkjum. Greinilega hafði verið kveikt í einum þeirra, þannig að ljóst var, að þetta hafði verið töluverður darraðardans í lokaorustunni. Ég hitti svo gamla manninn á hlaðinu, þegar hann var að fara, og sagði: „Það er alveg rétt, hér hefur gengið nokkuð á." „Þó misstirðu nú af því, sem mikilsverðast var," sagði hann, „en það var sjálfur segurboginn. En hann var nú heldur ekki úr varanlegu efni," sagði hann. „Sigurboginn, hvað áttu við?" sagði ég. „Það var nefnilega sketið á kennaraborðið," sagði hann.

Gott og vel. Hér fékk íslenska skólakerfið, ekki þessi skóli, — hér fékk íslenska skólakerfið með öllu sínu idjóti einkunn á vorprófi, einkunn unglinga, sem búið er að pynta með fáránlegum reglum og almennri heimsku, ekki síst í íslenskri málfræði, fékk einkunn á vorprófi. Það var ekki verra fólk, sem sat í Laugaskóla þann vetur, heldur en það fólk, sem situr þar í vetur. Það er gott fólk. En það er svo kvalið af námsleiða, að það tekur út líkamalega kvöl, meira en helmingurinn af þessu fólki. Og ég veit, að það hefði glatt hin gömlu eyru hæstv. menntmrh., ef hann hefði heyrt það húrra, sem hann fékk í 3. bekk B, strákabekknum, þegar þeir fréttu, að z-an hefði verið kveðin niður. Reyndar tóku þeir ekki fram, að það væri fyrir menntmrh. Ég spurði: „Húrra fyrir hverju?" „Fyrir byltingunni," sögðu þeir.

Flest ykkar hafa vafalaust heyrt söguna um lögregluþjóninn, sem dró líkið úr Fischerssundi í Bröttugötu, af því að hann var svo slæmur í stafsetningu. Nú kynnu einhverjir ykkar, hv. þm., að vera svo stálslegnir í stafsetningu, að þið drægjuð líkið úr Bröttugötu í Fischersund. Þá er mikils um vert að glæpast nú ekki á því að skrifa Fischersund með zetu og ypsiloni.

Flm. (Sverrir Hermannsson): Herra forseti. Aðeins örfá orð að lokum. Aðeins ein spurning til hv. 6. landsk. í sambandi við lýsingar hans á eðlisfræðistofunni. Það er spursmál, af því að alltaf eru nú að koma nýjungar upp á í kennslu, hvort hann hefði athugað, hvort þetta væri ekki einhver liður í eðlisfræðikennslunni, sem þarna hefði farið fram.

Ég lofaði guð strax, þegar ég heyrði hæstv. menntmrh. lesa upp úr skýrslu endurskoðunarnefndarinnar, þar sem sagði, að ypsilon skyldi áfram ritað óbreytt frá þeim reglum, sem gilt hafa. Hann endurtók það, að ég hefði verið með dylgjur í garð þessarar n. Ég mótmæli því enn á ný. Ég vitnaði einvörðungu til orða formanns n., þar sem hann segir orðrétt, að ypsilonið yrði tekið fyrir, en hann vildi engu spá um það, hvað um það yrði. Ég var ekki að dylgja um neitt. Ég vissi ekki, að þessi skýrsla var komin fram og að hún innihélt þetta, sem hæstv. menntmrh. upplýsti nú. En þetta kemur í ljós, og það skyldi ekki vera, að hin harða andstaða, sem fram hefur komið gegn þessari breytingu um að fella z niður, hafi orðið til þess, að þeir í þessari endurskoðunarnefnd hafi mjög skoðað hug sinn um að varpa fram ýmsum þeim grundvallarbreytingum, sem þeir ella hefðu haft í huga? Þá er ekki til einskis barist.

Hæstv. menntmrh. gat þess, að málfræðistagl mundi hafa orðið til þess að draga mjög úr kennslu í ýmsum öðrum mikilvægum þáttum móðurmálskennslunnar. Það má auðvitað ekki ske, að málfræðistaglið sé svo yfirgnæfandi. En er þá bjargráðið í þeim sökum það eitt að fella z niður, sem ég fullyrði, að er ekki nema andartaksverkefni fyrir sæmilegan kennara að kenna meðalgreindum nemanda. Það verður að færa mér heim sönnur á, að þessi fullyrðing mín sé ekki rétt, ef ég á að breyta þessari sannfæringu minni. Svo einfaldar eru þessar reglur, nema hreint í undantekningartilfellum. Það þarf, þegar um stofnorð er að ræða, að beita nokkurri athyglisgáfu. Hitt varðar svo til einvörðungu miðmyndarendingu sagna, og þeir, sem kunna að breyta miðmynd í germynd í sömu tíð, hætti og persónu í sömu tíð, sjá á augalifandi bili, hvar z á að standa og hvar ekki.

Það kom fram í máli hv. 6. landsk., að það er mjög margt annað, sem vissulega mætti taka til athugunar. Og ég spyr nú: Hvað um setningarfræðina, sem ég játa, að er allflókin og örðug viðfangs og ekki á færi nema þroskaðra nemenda að ná tökum á? Hvernig væri að athuga sérstaklega um hana, en láta þennan saklausa staf, z, í friði? Og hvað um greinarmerkjasetninguna, þessa makalausu kommusetningu, sem hv. 6. landsk. minntist einnig á, sem auðvitað á ekki að koma til greina með þessum hætti, sem reglur segja til um, heldur á greinamerkjasetning að vera eftir efni ræðunnar og engu öðru. Það eru að vísu — það er kannske sérviska mín — einstaka atriði, svo sem að ég vil halda í semikommu, ég tel hana nauðsynlegt greinarmerki til þess að afmarka efni ræðunnar. (Gripið fram í: Á eftir þankastriki.) Á eftir þankastriki? Hann taldi ekkert athugavert við það, þótt skólarannsóknadeildin hafi gefið út mikið rit um marklýsingar, eins og það er nefnt og hefur hingað til þýtt aðeins eitt: það er lýsing á eyrnamörkum búsmala. Hann taldi ekkert athugavert við það, þótt ég áliti, án þess að hafa rannsakað málið neitt sérstaklega, að með þessu væri byrjað á því að framfylgja ósettum lögum. Og hann þóttist færa sönnur á, að við þetta væri ekkert að athuga, þar sem hann hefði borið hér fram frv. og till., sem væru þann veg úr garði gerðar, að tillit væri til þess tekið, að slíkt grunnskólafrv. yrði að lögum. Það er dálítið annað, hvort sjálfur hæstv. menntmrh. hér í sjálfu þingi fjallar þann veg um málið eða hvort einhverjir undirsátar uppi í rn. hjá embættismannalýðnum gefa út frá sér slík stórrit, eins og um framkvæmd á sjálfum lögunum sé að tefla.

Hann vildi líka meina, að það væri ekkert við þetta að athuga, sem ég hefði vitnað í, um framkvæmd þessa máls, og auðvitað er það rétt, að eftir að hann, samkv. þeim reglum, sem við búum við, hefur fallist á einhverja tiltekna breytingu eins og þessa, þá kemur hún óhjákvæmilega til framkvæmda. En þann veg stendur þetta ekki

hér, heldur sagði hæstv. ráðh., að þegar ljóst var, að samstaða var innan n. um þessa tilteknu breytingu, þá kæmi hún óhjákvæmilega til framkvæmda. Það var þess vegna, sem ég spurði: Hvaðan kemur þessari n. þetta alræðisvald?

Ég ætla ekki að lengja þessar umr. frekar en orðið er. Ég ítreka það, sem ég benti á, að það er hægt að upplýsa og færa fram á sviðið fjölda marga og ýmsa af okkar mestu menningarfrömuðum í gegnum aldirnar, sem gerðu til þess tilraun að fá z numda brott úr íslensku ritmáli. Ég vil meina og ég hygg, að hver maður ætti að sjá það í hendi sinni, að sú staðreynd, að þessi bókstafur skyldi standa af sér þær hörkulegu árásir, sanni betur en nokkuð annað tilverurétt hans.

Hv. 6. landsk. áleit, að framtak hæstv. menntmrh. í niðurfellingu z mundi verða til þess, að hafin verði sókn í móðurmálskennslu í skólum. Ég held ekki. Í besta falli hygg ég, að framtak hæstv. ráðh. verði til þess, að setu hans í ráðherrastól verði minnst. Að lokum bið ég hv. 6. landsk. fyrir góða kveðju mína til Helga Seljans með von um sem allra skjótastan bata.

Halldór Blöndal: Herra forseti. Ég hafði alls ekki ætlað mér að taka þátt í þessum umr., en það er erfitt að sitja undir því, þegar því er haldið fram hér á Alþ. af mönnum, sem láta íslensku mjög til sín taka, að það sé einungis til að skemma tilfinningu unglinga fyrir móðurmálinu að reyna að brjóta nokkuð til mergjar uppruna þess, hvernig málið er uppbyggt, setningaskipan og annað þar fram eftir götunum. Og ég verð að segja það, að þessi nýja stefna, sem farið er að bera æ meira á hjá þeim mönnum, sem hafa mikil áhrif á íslenskukennsluna í skólunum, er þegar búin að verða til mikils tjóns fyrir málsmekk þeirra, sem hafa orðið við þetta að búa.

Það er alveg rétt hjá hv. 6. landsk. þm., að það má kalla það málfræðistagl, þegar verið er að burðast við að kenna málfræði Björns Guðfinnssonar þeim nemendum, sem haldnir eru miklum námsleiða og hafa alls engan áhuga á móðurmáli, og hygg ég raunar, að þessi námsleiði muni einnig koma fram hjá mörgum þeirra, þótt reynt yrði að breyta til um málfræðibók. En kjarninn er ekki sá, að það er ekki vegna þess, að málfræðistaglið út af fyrir sig sé óheppilegt og óæskilegt í skólum, heldur er það vegna þess, að menntmrn. og yfirmenn fræðslumála á Íslandi hafa alveg látið undir höfuð leggjast að skrifa almennilega kennslubók í íslensku á gagnfræðaskólastigi. Ástandið í þeim efnum er þannig, að á s.l. vori dæmdi landsprófsnefnd í íslensku skakkt svar, sem orðrétt var tekið upp úr kennslubókinni, með þeim ummælum, að kennararnir hefðu átt að leiðrétta kennslubókina. Þetta gat ráðið úrslitum um það, að ég hygg, að barn gæti fallið á landsprófi, að það lærði það, sem stóð í bókinni. Það er náttúrlega ekki von á góðu, þegar þannig er að staðið. Og kennararnir höfðu enga möguleika á því að fylgjast með því, þegar farið var yfir prófverkefnin, af því að kennararnir voru úti á landi, og þeir, sem voru úti á landi, fengu ekki að fara yfir prófverkefnin með yfirnefndinni, eins og þeir fengu, sem búsettir voru í Reykjavík, með þeim afleiðingum m.a. ,sem er til mikillar vansæmdar fyrir íslenskt skólakerfi, að nemendur, sem búið var að útskrifa s.l. vor frá skólum úti á landi, fengu tilskipun um það síðar um sumarið, í ágúst eða svo, að þeir hefðu fallið á prófinu, þótt skólinn væri búinn að útskrifa þá. Sjónarmið kennaranna, sem útskrifuðu þá, og stjórnskipaðs prófdómara, sem gaf þeim einkunnina, fengu ekki að koma fram.

Ég vil jafnframt mótmæla því og það er alls ekki rétt, að z hafi ekkert upprunagildi. Það, sem hefur upprunagildi, er að velta fyrir sér uppruna orðanna. Það er sú hugsun og sú vinna, sem fer í það að kryfja til mergjar, hvernig orðin eru hugsuð, hver merking þeirra var upphaflega, hver er rót orðsins, hver er stofn orðsins og þar fram eftir götunum, viðskeyti, forskeyti, ending o.s.frv., sem ég skal ekki fara út í hér. En ég get nefnt stöku orð sem dæmi um þetta, að stundum hefur það meira upprunagildi, að það sé ekki skrifuð z, eins og í orðinu gróska, sem vekur menn til umhugsunar um það, að rótin í orðinu grænn er gró, og við getum þar myndað æ til að gleðja hæstv. menntmrh., þannig að það sé skrifað æ með upprunanum ó. Má raunar geta þess, að það er mikil afturför hjá Búnaðarbankanum, og ég vil nú biðja samþm. minn í Norðurl. e., formann bankaráðsins, hv. 3. þm. Norðurl. e. (**Gripið fram í:** Hann er ekki við.) hann les kannske þingtíðindi, — hvort hann gæti beitt sér fyrir því, eins og var í fyrstu reikningum Búnaðarbankans, þá voru alltaf skrifuð tvenns konar æ eftir uppruna og mætti kannske taka það upp að nýju. Ég ætla að reyna að muna að hafa orð á þessu við hann og gá, hvort það sé ekki hægt að ná samkomulagi um þetta.

Ég er þeirrar skoðunar, að með þeirri niðurstöðu, sem hefur fengist, þegar z-an var felld niðu núna, sé alls ekki búið að leysa öll vandamál. Það er gersamlega rangt hjá hv. 6. landsk. þm. og öðrum, sem halda, að öll vandamál séu leyst bara með því að fella niður z-una, því að það skapast önnur vandamál í staðinn, eins og við sjáum, þegar við skrifum orðið „styst“ núna. Það er orðið hálf kollhúfulegt, þetta fallega orð, sem áður var, og sú lausn, sem fundin er, er ekki góð. Ég spurði t.d. forvera minn hér á þingi, Bjartmar Guðmundsson, sem hér var inni áðan: Hvernig skrifar þú orðið „hefur flust“? En hann lærði ekki z í sinni tíð, ungur maður, og hann skrifar það fluttst. Nú er þetta skrifað samkv. nýju reglunum flust, svo að Bjartmar fellur enn ekki inn í kerfið og tekst það sennilega ekki. En sem sagt, ég stóð aðallega upp til að ræða um uppruna. Við megum ekki gera of lítið úr því að velta fyrir okkur uppruna tungunnar og samhengi.

Ég vil jafnframt taka undir það, sem almennt hefur verið sagt um nauðsyn þess að efla málþroska nemenda, reyna að fá þá til þess að fást við bókmenntalegar hugleiðingar og þar fram eftir götunum. En ég játa, að það getur verið pínulítið erfitt að kenna þessi fræði í skólunum, þegar ekki liggur fyrir t.d. skilgreining fræðsluyfirvalda á þeim bókmenntalegu hugtök-

um, sem okkur er ætlað að kenna. Ég tek sem dæmi: Hvað ætli margir Íslendingar viti muninn á því í skáldskap, hvað er viðlíking og hvað er samlíking o. s. frv. í bókmenntum? Ég hygg, að sumir hér hafi aldrei heyrt nefnda viðlíking áður. Ég heyrði það fyrst núna í sept., algerlega af tilviljun. Ég hef hvergi séð þetta skilgreint eða um það fjallað.

En annað mál er svo það, og það ætla ég að segja að lokum, að *ég hvet hæstv. menntmrh.* mjög til þess að flýta endurskoðun íslenskukennslunnar. Ég met það mikils, að hann hefur lagt sig fram um að reyna að koma þeim málum í betra horf. Það má að sjálfsögðu deila um það, hvað rétt sé og hvað sé rangt. En það er áreiðanlega nauðsynlegt, að þessi mál séu tekin til skjótrar og góðrar endurskoðunar og gefnar út nýjar og betri kennslubækur í íslensku, — það er mjög mikið atriði, — og ef niðurstaðan verður sú að hætta við z-una, þá að gefa út almennilegar kennslubækur um það eða greinar um það, *hvernig ekki skuli rita z, en það er nú aðeins til í Stjórnartíðindum.* Ég veit ekki, hvort allir kennarar kunna það. Það væri kannske skemmtilegt að smala þeim saman og láta þá prófa að skrifa ekki z og sjá, hve margir stæðust prófið.

ATKVGR.

Till. vísað til allshn. með 31 shlj. atkv. og umr. frestað.

Síldarverksmiðjur ríkisins reisi verksmiðju í Grindavík, þáltill. (þskj. 152). — Frh. einnar umr.

ATKVGR.

Till. vísað til atvmn. með 31 shlj. atkv. og umr. frestað.

Kaup á hafskipabryggju á Eyri í Ingólfsfirði, þáltill. (þskj. 191). — Frh. fyrri umr.

ATKVGR.

Till. vísað til síðari umr. með 32 shlj. atkv. og til allshn. með 32 shlj. atkv.

Nýting jarðhita, þáltill. (þskj. 150). — Ein umr.

Flm. (Matthías Á. Mathiesen): Herra forseti. Orkumál hafa verið mjög á dagskrá um allan heim að undanförnu. Ástæðan fyrir því eru þær aðgerðir, sem siglt hafa í kjölfar deilna þjóðanna fyrir botni Miðjarðarhafsins. Olíuframleiðsluríkin hafa gripið, eins og það hefur verið orðað, til olíuvopnsins, og má segja, að það hafi komið við allan heim, svo voldugt sem það er. Þetta ástand hefur að sjálfsögðu haft mikil og óhagstæð áhrif á þjóðarbúskap hinna ýmsu ríkja, þar sem um takmörkun á sölu olíu hefur verið að ræða, auk þess sem á verði hennar hefur orðið mikil hækkun. Verst hefur þetta þó komið við þær iðnaðarþjóðir, sem eingöngu nota olíu sem orkugjafa, og ekki er enn séð út yfir þær afleiðingar, sem þetta kann að hafa.

Vissulega hefur olían verið þýðingarmikill orkugjafi og færri þjóðir eignast þær olíulindir en vildu. En eftir því sem tækninni hefur fleygt fram, hefur manninum tekist að framleiða orku frá öðrum orkulindum, sem hafa þá verið tiltölulega auðbeislaðar, en vegna kostnaðar mjög hægt í framkvæmdir farið. En fátt er svo með öllu illt, að ekki boði nokkuð gott, segir íslenskur *málsháttur, og er vonandi,* að svo verði nú í þessu tilfelli, þegar til lengdar lætur, ef réttar ályktanir eru dregnar af þessum atburðum og brugðist við í samræmi við það.

Vonandi verður olíuskorturinn og hækkun á heimsmarkaðsverði hráolíu til þess, að við *hyggjum betur* að okkur, gerum okkur grein fyrir öðrum leiðum til orkuöflunar og leggjum í ríkari mæli áherslu á framkvæmdir þar að lútandi, þannig að hér verði um stundarfyrirbrigði að ræða, sem verður til góðs í næstu framtíð.

Á þskj. 150 hef ég ásamt 8 hv. þm. flutt till. um hröðun rannsókna og framkvæmda við nýtingu jarðhita sem þýðingarmikillar leiðar til þess að leysa að hluta til það mikla vandamál, sem risið hefur hjá okkur Íslendingum vegna olíustríðsins, ef svo má að orði komast. Aðrar till. hafa og verið fluttar á þessu þingi um ákveðnar leiðir til úrbóta, og vil ég þar nefna till. á þskj. 54 frá hv. varaþm. Braga Sigurjónssyni o. fl. og þáltill. þeirra hv. 3. þm. Sunnl., Guðlaugs Gíslasonar, og hv. 2. þm. Vesturl., Jóns Árnsonar.

Till. á þskj. 150 fjallar eingöngu um aukna jarðhitanýtingu, enda munu fáar framkvæmdir hafa gefið þjóðinni jafnmikið í aðra hönd og hitaveituframkvæmdir. Sú geigvænlega hækkun, sem nú er orðin og verður á næstu vikum á olíu, mun auka svo á aðstöðumun landsmanna eftir því, hvort þeir búa á hitaveitusvæðum eða ekki, að næsta ótrúlegt er, og sá aðstöðumunur kallar á allar hugsanlegar aðgerðir til að snúa þessu dæmi við. Ég vil með nokkrum tölum vekja athygli hv. alþm. á því, hverjir fjármunir hér eru í húfi og hver kostnaðarauki þeirra verður, sem ekki búa við upphitun híbýla sinna með heitu vatni.

Fram til ársins 1973 var kostnaður við upphitun húsa frá hitaveitum talinn vart meiri en 40% af kostnaði við upphitun þeirra með olíu. Ef gert er ráð fyrir 90% hækkun á olíu, þ. e. a. s. úr 5,80 í 11 kr. lítrinn, og um 30% hækkun á þeirri gjaldskrá, sem gilti hjá Hitaveitu Reykjavíkur fyrir áramót, lækkar þetta hlutfall niður í 26—27%. Þetta er það dæmi, sem tekið er í grg. með þessari þáltill., en það er reiknað út í desembermánuði, þegar gert var ráð fyrir því, að olíuverð mundi hækka í um það bil 11 kr. lítrinn eða um 90%. M. ö. o.: miðað við það verð, þá verður kostnaðurinn liðlega ¼ hluti af því, sem hitunarkostnaðurinn verður hjá þeim aðilum, sem nota olíu til húsahitunar.

Ég gat um það, að þeir útreikningar, sem í grg. eru, eru gerðir í des. og þá byggðir á því, að olíuverð hækki um 90%. Samkv. nýjustu upplýsingum mun gert ráð fyrir því, að olía til húsahitunar muni kosta að 2—3 mánuðum liðnum ekki minna en 12,50 kr. jafnvel 12.70 kr.

lítri. Lækkar þá hlutfallið enn, og mun hitunarkostnaðurinn með heitu vatni þá verða vart meiri en 22—23% miðað við hitun með olíu.

Ekki er ósennilegt, þegar þessar tölur eru athugaðar, að skoðað sé, hver sé sparnaður hjá stærsta hluta þjóðarinnar, sem býr við hitaveitu, þ. e. a. s. Reykvíkingum, árið 1973, áður en sú hækkun varð á olíu, sem ég hef nú getið um, og svo aftur miðað við það olíuverð, sem gert er ráð fyrir, að verði á næstunni, og sparnaðurinn 1974 þá skoðaður á ársgrundvelli.

Miðað við árið 1973 er gert ráð fyrir, að hitunarkostnaður Reykvíkinga verði 450 millj. kr. í stað þess, að hefðu þeir notað olíu, hefði hann orðið 1130 millj. Reykvíkingar munu því hafa sparað á árinu 1973 680 millj. kr. Gert er ráð fyrir því, að sparnaður þessi nemi á hverja fjögurra manna fjölskyldu 23 þús. kr. árið 1973. Í grg. er borin saman hækkun á olíu miðað við 11 kr. verðið á olíulítra og 30% hækkun á gjaldskrá Hitaveitu Reykjavíkur. Þá kemur í ljós, að sparnaður Reykvíkinga mundi hafa orðið um 1565 millj. kr. á ársgrundvelli eða um það bil 50 þús. kr. á hverja fjögurra manna fjölskyldu. Ef við ennfremur gerum okkur grein fyrir því, hver sparnaðurinn hefði orðið hjá Reykvíkingum miðað við 12.50 kr. lítrinn, kemur í ljós, að um er að ræða upphæð, sem nemur 1900 millj. kr. eða nærri 60 þús. kr. á hverja fjögurra manna fjölskyldu.

Eins og kunnugt er, eru hitaveituframkvæmdir ráðgerðar í nágrannabyggðarlögum Reykjavíkur, þar sem búa um 25 þús. manns. Unnið er að hitaveiturannsóknum á Suðurnesjum og fyrir Akranes, í byggðarlögum, sem hafa 15 þús. íbúa. Er vonandi, að ekki verði þess langt að bíða, að um 40 þús. manns fái hitaveitu til viðbótar við Reykvíkinga til upphitunar híbýla sinna. En hvað skyldi það kosta á 40 þús. Íslendinga, sem nú bíða eftir hitaveituframkvæmdum árlega? Jú, það eru um 750 millj., sem þessi byggðarlög greiða á ári, á meðan þau hafa ekki fengið hitaveitu til sín, eða um 60 þús. kr. á hverja fjögurra manna fjölskyldu.

Ef við reiknum þetta dæmi áfram og gerum okkur grein fyrir því, hversu margir Íslendingar búa við upphitun híbýla sinna með olíu, kemur í ljós, að þeir eru rúmlega 100 þús., 101 þús., og það eru þeir, sem verða að taka á sig nú alla þá olíuhækkun, sem átt hefur sér stað og mun eiga sér stað á næstu mánuðum. Þessa hækkun fá þessir aðilar að engu leyti bætta, því að kaupgjaldsvísitalan mælir ekki nema að litlum hluta olíuverðshækkun. Grundvallarþáttur fram færsluvísitölunnar vegna hitunarkostnaðar er byggður á hitunarkostnaði Reykjavíkurborgar, þ. e. a. s. gjaldskrá Hitaveitunnar. Það er eins og hefur verið komist að orði, vísitölufjölskyldan býr í Reykjavík og notar hitaveitu til upphitunar heima hjá sér, enda þótt staðreynd sé, að helmingur landsmanna, eins og ég gat um áðan, noti olíu til húsahitunar. Hvaða byrðar er þá verið að leggja á helming landsmanna í krónutölu með þeirri olíuhækkun, sem nú hefur átt sér stað? Er reiknað með því, að notaðir séu 1973 til húsahitunar á milli 170 og 190 millj. lítrar af olíu og miðað við hækkun úr 5.80 kr. í 12.50 kr., er um að ræða töluvert á annan milljarð kr., sem er verið að leggja á þá landsmenn, sem nota olíu. Ef nú allt þetta fólk hefði hitaveitu eða rafmagn með gjaldtaxta í samræmi við hitaveitugjöld, mundi sparnaður þess verða á 3. milljarð kr., þannig að sparnaður allrar þjóðarinnar, ef hún nyti hitaveitu, væri rúmir 4 milljarðar kr., og það er sú tala, sem fjárlög ríkisins 1973 lögðu á landsmenn í tekjuskatti. Á fjárl. 1973 var áætlaður tekjuskattur 4 milljarðar 116 millj. kr.

Ég hef vakið athygli á þeim gífurlegu fjármunum, sem hér eru í húfi fyrir íbúa landsins. Hitunarkostnaðurinn á ársgrundvelli miðað við hækkun úr 5.80 kr. í 12.50 kr. mun aukast um 1300 millj. kr., og ef hitaveita væri hjá öllum landsmönnum, væri sparnaður þeirra rúmlega 4 milljarðar. Mun þá sá sparnaður nema á milli 70 og 80 þús. kr. á hverja fjögurra manna fjölskyldu. Þegar þessar tölur eru skoðaðar, verður enginn undrandi, að málum þessum sé hreyft og á það bent, hversu þungar búsifjar hljótast af hjá þeim rúmum helmingi þjóðarinnar, sem ekki nýtur jarðvarmans.

Ekki verður hjá því komist að taka mál þetta föstum tökum og leysa aðsteðjandi vanda þessa fólks, auk þess sem þessir atburðir gera kröfu til Alþ. og ríkisstj., að nú þegar geri menn sér grein fyrir framtíðaráformum í þessum efnum, þannig að allir Íslendingar geti notið innlendrar orku til upphitunar og að við gerum allt til þess að hraða þeim framkvæmdum.

Það er kunnugt, að fjölmenn byggðarlög gera sér nú vonir um, að þessu ástandi linni mjög bráðlega. Er hér um að ræða Kópavogskaupstað, Hafnarfjarðarkaupstað, Garðahrepp, Akraneskaupstað og byggðarlögin suður á Reykjanesi. Sérstöðu hafa þó byggðarlögin í nágrenni Reykjavíkurborgar, þar sem samningar hafa verið gerðir eða eru komnir á lokastig við Hitaveitu Reykjavíkur um, að fyrirtækið annist þær framkvæmdir. Þegar þeim framkvæmdum verður lokið, bætast um 25 þús. manns í hóp þeirra, sem njóta jarðhita til upphitunar.

Á Reykjanesskaga búa um 10 þús. manns. Undirbúningur hefur verið allmikill, og þar má ætla, ef lögð verður á það áhersla, að öllum undirbúningi verði lokið á þessu ári og hægt að hefja framkvæmdir á því næsta. Fyrir 3. umr. fjárl. átti ég viðræður við iðnrh. svo og ýmsa fjvn.-menn um vandamál aðila þar syðra. Niðurstöður urðu þær, að í heimildagr. fjárl. er Orkusjóði veitt heimild til lántöku vegna þessara framkvæmda, þannig að þeim yrði unnt að ljúka á þessu ári. Akraneskaupstaður með yfir 5 þús. íbúa bíður eftir niðurstöðum af rannsóknum hjá Leirá í Borgarfirði. En ekki langt frá Akranesi, að vísu nokkra tugi km, kemur úr iðrum jarðar meira heitt vatn á einum og sama stað en nokkurs staðar annars staðar, sennilega í víðri veröld. Á ég þar við Deildartunguhver, sem talinn er gefa tæpa 200 lítra á sekúndu, en til samanburðar má geta þess, að Hitaveita Reykjavíkur fær úr öllum sínum borholum á umráðasvæði hennar um 600—700 lítra á sekúndu. Af þessu má sjá, hversu fjölmennum byggðarlögum Deildartunguhver gæti orðið til hagsbóta, og vissulega er vonandi, að ekki líði á löngu, þar til það mikla vatn verði beislað til handa þeim

byggðarlögum í Borgarfirði, sem geta hagnýtt sér þennan hver.

Í þessum byggðarlögum er, eins og ég sagði áðan, töluverður munur á, hvernig staðan er. Nágrannabyggðir Reykjavíkur vonast til þess, að þeirra vandamál verði leyst á næstu árum. Það er þó þannig, að ekki hefur enn verið hægt að hefja framkvæmdir, enda þótt öllum undirbúningi af hálfu Hitaveitu Reykjavíkur sé lokið. Mér er kunnugt um, að þegar hafa verið boðnir út tveir áfangar af hitaveituframkvæmdum í Kópavogi og tveir áfangar af hitaveituframkvæmdum í Hafnarfirði. En þar sem ekki hafa verið teknar grundvallarákvarðanir á hinum æðstu stöðum, þ. e. a. s. heimild til Hitaveitu Reykjavíkur til lántöku, svo og um breytingar á gjaldskrá, hefur enn ekki verið hægt að ráðast í umræddar framkvæmdir.

Mér hefur verið tjáð, að í fyrramálið muni verða fundur í hinni svokölluðu langlánanefnd, þar sem beiðni Hitaveitu Reykjavíkur um lántöku vegna þessara framkvæmda verður tekin til afgreiðslu og vonandi með meðmælum til ríkisstj. um að veita umbeðna heimild. Mér hefur jafnframt verið tjáð, að Verkfræðiskrifstofa Sigurðar Thoroddsens, sem í desembermánuði var beðin um að taka til athugunar, hvort hægt væri að flýta þeim framkvæmdum, sem gert er ráð fyrir samkv. samningum Hitaveitu Reykjavíkur, Kópavogskaupstaðar og Hafnarfjarðar, hafi lýst áliti sínu, þó ekki skriflega, en munnlega, að þeir samningar verði gerðir þannig, að mesti hraði verði viðhafður, sem unnt er.

Í des., eða sama dag og þessi till. var lögð fram á Alþingi, ritaði hæstv. iðnrh. bréf til Seðlabankans, svo og til Verkfræðiskrifstofu Sigurðar Thoroddsens, þar sem hann óskaði eftir athugunum og till. þeirra um að hraða sem mest mætti þeim framkvæmdum, sem hér hafa verið til umr. Það eru nú liðnir tveir mánuðir síðan, og ég átti von á því, að hæstv. iðnrh. væri hér viðstaddur í dag, en svo er ekki. Ég hafði hugsað mér að beina til hans spurningum varðandi niðurstöður af þessum bréfum, sem hann ritaði, svo og langaði mig til þess að beina spurningum til hans, hvenær búast mætti við, að ríkisstj. tæki ákvarðanir í sambandi við beiðni Hitaveitu Reykjavíkur um lántöku og varðandi þá gjaldskrárhækkun, sem farið var fram á fyrir nokkrum dögum af borgarstjórn Reykjavíkur vegna Hitaveitunnar. Ég vildi því mælast til við forseta, að athugað yrði, hvort ráðh. væri hér í húsinu og gæti nú svarað þessum fsp., og mun því gera hlé á ræðu minni, þar til séð verður, hvort ráðh. er hér viðstaddur eða ekki.

Umr. frestað.

Áætlunargerð um verndun gróðurs í Árnessýslu, þáltill. (þskj. 168). — Frh. fyrri umr.

Eysteinn Jónsson: Herra forseti. Það eru aðeins örfá orð. — Hv. þm. Jónas Jónsson gat þess í sambandi við þetta mál, að milliþn., sem starfað hefur s. l. 2 ár, hefur nú lokið álitsgerð, en sú n. átti að fjalla um landgræðslu og gróðurnýtingarmál, gera tilraun til þess að semja landgræðslu- og gróðurnýtingaráætlun fyrir landið.

Ég geri mér vonir um, að þetta nál. geti komið út prentað í næsta mánuði, og n. hefur raunar þegar tilkynnt hæstv. landbrh., að hún hafi lokið störfum. Ég geri mér einnig vonir um, að efni þessa álits komi fyrir hv. Alþingi í vetur í einhverju formi og þá sem landgræðslu- og gróðurnýtingaráætlun fyrir næsta ár. Ég vil enn fremur leyfa mér að vænta þess, að þetta mál verði valið sem fundarefni á hátíðafundi þeim, sem Alþingi mun halda á Þingvallahátíðinni í sumar, 28. júlí. Um það hafa ekki verið teknar neinar ákvarðanir, en þetta hefur komið til orða, eins og margir hv. þm. vita, og ég vona einlæglega, að þetta stórmerka mál verði fyrir valinu og þá þannig, að um þessi efni verði gerð tímamótaákvörðun nú í sambandi við hátíðahöldin.

Áætlunin er að sjálfsögðu í mjög stórum dráttum. En hún er unnin í framhaldi af upplýsingasöfnun víðs vegar um landið, því að n. fór þess á leit við gróðurverndarnefndir og búnaðarsambönd um allt landið, að þessir aðilar gerðu sameiginlega úttekt á ástandi þessara mála í sínum héruðum. Þessar álitsgerðir, sem bárust hvaðanæva, voru margar mjög vel gerðar og báru vott um mikinn áhuga og þekkingu, eins og líklegt var. Þessar álitsgerðir eru grundvöllurinn að verki nefndarinnar.

Ég er að segja frá þessu hérna vegna þess, að það gæti verið ávinningur að því fyrir hv. þm. að vita um þessar hugleiðingar og á hverju er von í þessu efni á næstunni og þá ekki síst þá n., sem fær þessa þáltill. til meðferðar. Í þessari þáltill., sem hér liggur fyrir, er gert ráð fyrir því, að gerð verði áætlun fyrir eina sýslu um framkvæmdir í þessum efnum. Þetta getur að sjálfsögðu mjög vel komið til greina og yrði þá eins konar útfærsla á heimildaráætlun, ef að því ráði verður horfið að koma henni í framkvæmd. Það er í nál., sem við höfum undirbúið, nokkuð um það fjallað, hvernig ætti að standa að framkvæmd þessara mála og koma á samvinnu á milli þeirra stofnana, sem að framkvæmdinni hlytu að vinna. Ég fer ekkert út í það hér, vegna þess að ætlun mín var ekki að gefa upplýsingar um einstök atriði álitsins. Það er skynsamlegt, að þau komi fram um leið og hún birtist í heilu lagi. Erindið í ræðustólinn var eingöngu að leggja áherslu á það, að á þessu er von, og að stinga upp á því, að n., sem fær þetta mál til meðferðar, sem hér er flutt, skoði það í sambandi við nál. okkar.

Eins og ég tók fram áðan, eru það einvörðungu mjög stórir drættir, sem koma inn í þessa heildaráætlun. Verkefnum er ekki raðað í henni. Að sjálfsögðu yrði í framkvæmdinni að raða verkefnunum, og þá yrði að taka til íhugunar öll þau svæði, sem koma til greina, í hvaða héruðum sem þau eru, og raða þessu saman. En þá geta svæðaáætlanir að sjálfsögðu komið til greina, ekki síst fyrir þau svæði, þar sem framkvæmdir verða að vera miklar.

Ég fer ekki lengra út í þetta núna, en ég held, að óhætt sé að segja, að flutningur þessa máls og allur málflutningur þeirra, sem talað hafa

hér við þessa umr., er mjög í sama anda og ríkt hefur í milliþn. og mun koma fram, þegar álitið birtist.

Flm. (Steinþór Gestsson): Herra forseti. Ég gat þess hér fyrr við þessa umr. um þáltill. mína um gróðurverndaráætlun í Árnessýslu, að ég mundi ekki tala hér aftur, nema sérstakt tilefni gæfist. Ég vil þakka þeim hv. þm., sem tekið hafa til máls um þetta málefni, þær jákvæðu undirtektir, sem það hefur fengið í þeirra máli. En vegna orða þeirra í ýmsu falli hefur það rifjað upp fyrir mér hluti, sem ég hef ekki komið nægilega vel inn á og vildi gjarnan leggja þyngri áherslu á, svo og vissar athugasemdir, sem ég óska að koma á framfæri.

Hv. 2. þm. Sunnl., Ágúst Þorvaldsson, tók mjög jákvætt undir þessa till., en benti á, að ég hefði naumast farið nægilega út í ýmsa þætti landeyðingar, sem yrði á landi, og benti þar sérstaklega á þá spillingu, sem verður af vatnsföllum. Það er rétt, að ég gerði það ekki að neinu stóru atriði í minum málflutningi, heldur minntist á það lítilsháttar, einkum í sambandi við tvö sveitarfélög, sem ég gerði að umræðuefni. Það var um Hrunamannahrepp, þar sem ég gat um, að þar yrði nokkur gróðureyðing vegna landbrots við Stóru-Laxá. Á sama hátt gat ég þess við Gnúpverjahrepp, að þar er nokkuð mikið landbrot við Þjórsá, sem vitaskuld hefur þýðingu í þessu efni. En eins og hann gat réttilega um, eru nú hafnar aðgerðir til þess að hefta landbrotið í Þjórsá og fengið til þess nokkurt fjármagn, og vonir standa til, að fyrir það verði tekið á þeim stað. Hins vegar er það víða með Þjórsá, niðri á flatlendinu bæði á Skeiðum og eins niðri í Flóa, sem er mjög alvarlegt landbrot af þessum sökum og ég vil gjarnan leggja á það þyngri áherslu, að að því máli verði líka hugað í tillögugerðinni.

Hv. 4. þm. Norðl. e., Jónas Jónsson, var einnig jákvæður í sinni ræðu, þótt hann leitaðist við að finna einhver atriði í minu máli og till., sem hann teldi sig þurfa að svara eða hafa andsvör við. Það var ekki veigamikið, sem hann fann í þessu efni. Eitt af því, sem hv. þm. furðaði sig á og tíndi fram, var, að það skyldi ekki koma fram í máli mínu, að gróðurnýtingarnefnd væri til og hefði starfað og mundi bráðum skila áliti. Ég held, að það þurfi engan að furða á því, þótt ég gerði það ekki sérstaklega að umræðuefni, þótt ég hins vegar vissi mætavel, að nefnd hefði verið starfandi um tveggja ára skeið til að sinna þessu málefni. Mér er einnig ljóst, að n. skipuðu hinir mætustu menn, sem mátti vænta góðra till. frá. En þegar tillit er tekið til þess, að engin skýrsla hefur birst frá þessari n. ennþá, og það er athugað einnig, að liðnir eru fullir tveir mánuðir, síðan ég lagði fram mína till., þótt hún hafi ekki komið til umr. fyrr, þá þarf engan að undra á því, þótt ég gerði ekki að umræðuefni það, sem þá n. varðaði, ekki síst fyrir það, að ég vissi ekki til, að nál. væri að vænta, né heldur að ég hefði hugmynd um, hvað í því nál. fælist. Hins vegar þykist ég vera að gera hér till. um málefni, sem ekki þolir bið, og ég get ekki heldur með neinu móti látið mér detta í hug, að sú tilhögun, sem ég geri hér till. um, geti á neinn hátt beinst gegn starfi þeirrar gróðurnýtingarnefndar, sem verið hefur að starfi, enda var það fyllilega sannað af þeim orðum, sem hv. 1. þm. Austf. viðhafði hér áðan. Hann kærði sig ekki um á þessu stigi að gefa upplýsingar um, hvað í nál. fælist, en tók jákvætt undir mínar till., þótt hann hefði við orð, að eðlilegt væri að skoða þessar till. í einu. Ég hef síst við það að athuga, svo framarlega sem þær eru það snemma á ferðinni, að það dragist ekki úr hömlu að vinna að því að koma fram þeim till., sem ég hef hér flutt.

Hv. 4. þm. Norðurl. e. minnti á það, að sveitarsjóðir ýmsir hefðu haft mikinn kostað eða lagt fram fjármuni til þess að vinna að landbótum, og það er alveg rétt. Það mun sjálfsagt ekki hafa komið nægilega fram í minu máli, að af þeirra hendi hefðu verið unnin veruleg verk í þessu efni. Ég lagði meiri áherslu á það starf, sem áhugamannafélög hafa lagt fram og ég taldi, að þyrfti að nýta. Það, að ég gerði ekki jafnmikið úr því að minna á sveitarsjóðina í þessu efni, stafar af því, að ég gerði sérstaka till. um, að sú n., sem skipuð yrði til þessara hluta, starfaði í nánum tengslum við viðkomandi sveitarstjórnir. Það gerði ég till. um vegna þess, að ég veit, að það er áhugi fyrir því í öllum sveitarstjórnum í Árnessýslu, sem ég þekki nokkuð náið, að leggja fram fé til þessara mála. Og ef dæma má af því, sem gerst hefur s. l. ár, hygg ég, að sveitarsjóðir í Árnessýslu hafi varið til sáningar í örfoka land sennilega nokkuð hátt á 2. millj. kr. í framlög á móti Landgræðslu ríkisins, og mér er kunnugt um, að afréttarmálafélag Flóa- og Skeiðahreppa hefur átt þátt í því að dreifa á s. l. ári líklega rúmlega 40 tonnum af áburði á afrétti sína til þess að bæta þá.

Þá hafði hv. 4. þm. Norðurl. e. orð á því, að honum þótti búnaðarfélagsskapurinn ætti að eiga hlut að nefndarstarfinu. Það er alltaf álitamál, hverja á að kveðja til hinna sérstöku nefndarstarfa. En ég vil leggja á það þunga áherslu, að ég ætlast til þess, að þessi n. geti unnið hratt og unnið vel, og ég held, að það sé öllum mönnum vitanlegt, að því mannfleiri sem nefndir eru, því hægar starfa þær. Mér er ljóst, að það er brýn nauðsyn, að búnaðarfélagsskapurinn sé gildandi og hafi áhrif á till. um þessi mál. Þess vegna hafði ég þau orð um þetta efni í ræðu minni hér á þriðjudaginn, sem nú skal vitnað til, með leyfi hæstv. forseta:

„Að sjálfsögðu mun n. hafa samvinnu við sveitarstjórnir á svæðinu og gróðurverndarnefnd sýslunnar, einnig Rannsóknastofnun landbúnaðarins, Búnaðarfélag Íslands og Búnaðarsamband Suðurlands og aðrar opinberar stofnanir, eftir því sem þörf krefur.“

Ég hygg, að með þessu móti hafi ég sýnt það, að það er ekki ætlun mín og ekki vilji að ganga fram hjá búnaðarfélagsskapnum, því að það hef ég ekki gert, heldur lagt það til, að til hans sé leitað um allar þær upplýsingar, sem máli skipta í þessu efni.

Hv. 4. þm. Norðurl. e. hafði orð á því líka í ræðu sinni, að landnámsstjóri hefði ekki þjálfun í landgræðslustarfi, honum sýndist, að hann

væri þess vegna ekki til þess fallinn að skipa þessa n., eins og ég hef lagt til. Ég þarf að sjálfsögðu ekki að láta segja mér þetta, hann er ekki sérfræðingur í því, landnámsstjóri. En mig furðar á því, að hv. þm., sem er í landnámsstjórn, skuli ekki hafa komið auga á það, að ég geri till. um, að landnámsstjóri sé í þessari n. vegna þeirrar sérstöku þekkingar, sem hann hefur á skipulagsmálum í dreifbýli. Ég hefði líka haldið, að hv. þm., sem er, eins og ég sagði áðan, í landnámsstjórn ríkisins, hefði átt að vera þess minnugur, að stjórnin mun hafa ákveðið að efna til kortagerðar af allri byggð í landinu, þar sem færð væru inn mörk á milli jarða. Og til þess að sanna það, að þetta er ekki aðeins mín hugdetta og ég hafi búið þetta til, þá óska ég að kynna hér stuttan póst úr álitsgerð gróðurverndarnefndar Árnessýslu, sem mér sýnist varða þetta efni, með leyfi hæstv. forseta:

„Varðandi alla notkun lands er mikilvægt að geta skipulagt framkvæmd beitarinnar. Til þess að svo megi verða, er þörf á aukinni þekkingu á því landi, sem til umráða er, aukinni vörslu til að geta haft stjórn á beitinni, en umfram allt samstöðu þeirra manna, sem umráð hafa á landi, um skipulagningu á notkun þess. Miklar vonir eru bundnar við fyrirhugaða kortagerð af allri byggð, þar sem merkt verði inn öll landamerki og gróður hverrar jarðar flokkaður. Þegar slík kort liggja fyrir samhliða gróðurkortum þeim, sem þegar hafa verið gerð af afréttarlöndum, verður öll skipulagning á notkun landsins mun auðveldari en nú er. Einkum hlýtur þá að vera auðvelt að staðfesta, hvar landið er ofnytjað í mestum mæli, og koma í veg fyrir slíkt."

Ég þykist með þessu móti og í ræðu minni hér fyrr við þessa umr. hafa sýnt fram á, að það er till., sem er byggð á rökhyggju, að leggja til, að landnámsstjóri sé einn af nm. og sá sem leiðir starf hennar, vegna þeirrar sérstöku þekkingar, sem hann hefur á því að skipuleggja not lands.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Verðlækkun á húsnæði, þáltill. (þskj. 184). — Ein umr.

Flm. (Ragnhildur Helgadóttir): Herra forseti. Ég hefði kosið að ræða þetta mál heldur, þegar sá hæstv. ráðh., sem fer með húsnæðismál, væri hér viðstaddur. Ég hef áður fengið málið tekið út af dagskrá, vegna þess að sá hæstv. ráðh. var ekki viðstaddur. Hann virðist eiga afskaplega óhægt með að vera viðstaddur á fundum Sþ. og a. m. k. þegar komið er fram á þann tíma dags, sem þetta mál hefur getað komið til umr., en það hefur að jafnaði verið síðari hluta dagsins. En vegna þess, hve langt er síðan þetta mál var lagt fram, mun ég samt flytja fyrir því framsögu nú. Það varðar verðlækkun á húsnæði. Þessi till. til þál. hljóðar svo:

„Í þeim tilgangi að undirbúa verðlækkun á húsnæði ályktar Alþingi að fela ríkisstj. að láta gera nákvæma skýrslu um þann hluta byggingarkostnaðar, sem fólginn er í ýmiss konar gjöldum til ríkisins. Á grundvelli þeirrar skýrslu láti ríkisstj. gera till. um niðurfellingu eða verulega lækkun þeirra gjalda."

Það eru víst flestir sammála um, að það sé allt of dýrt að byggja á okkar landi, það sé of dýrt að leigja húsnæði, m. ö. o. húsnæðiskostnaður sé hér allt of hár miðað við framfærslukostnað að öðru leyti. Þau mál, sem fjallað hafa um húsnæðiskostnað hér á hv. Alþ., hafa jafnan hnigið að því, hvernig eigi að útvega meira fjármagn til bygginga, hvernig eigi að útvega meira fjármagn til lánveitinga úr byggingasjóði. Ef dýrt er að byggja, þá er tvennt til að leysa þann vanda, sem af því rís, annars vegar að útvega meira fjármagn og hins vegar að lækka kostnaðinn. Þessi till., sem hér liggur fyrir, varðar síðarnefnda hlið málsins, þ. e. a. s. þá hlið, sem lítið hefur verið rædd hér á Alþ., þ. e. að lækka kostnaðinn.

Það er mín skoðun og okkar, sem þetta mál flytjum, að sannarlega veiti ekki af að vinna að lausn þessa máls frá þessum báðum hliðum þess, bæði að útvega meira fjármagn og eins að lækka kostnaðinn.

Herra forseti. Ég spyr nú, ef þess er ekki kostur að flytja mál þetta að viðstöddum hæstv. félmrh. og aðeins að viðstöddum tveimur hv. þm., mætti þá ekki eins fresta flutningi framsögu fyrir þessu máli? (**Forseti:** Það er sjálfsagt að fresta henni, ef hv. þm. vill það.) Já, ég mun þiggja það, að hæstv. forseti geri það, því að ég þykist þess þá fullviss, að málið verði þá tekið fyrir (**Forseti:** Það kemur þá snemma á næsta fundi.) Já, ég þakka fyrir og mun þá fresta framsögu fyrir þessu máli til þess tíma, því að ég geri ekki ráð fyrir, að þau rök, sem ég flyt fyrir þessu máli nú, nái til þeirra eyrna, sem ég tel, að þau þyrftu sérstaklega að heyra, og vænti þess þá, að það verði tekið fyrir snemma á næsta fundi.

Umr. frestað.

Atvinnumál aldraðra, þáltill. (þskj. 208). — Ein umr.

Flm. (Svava Jakobsdóttir): Herra forseti. Ég hef ásamt tveim þm. Alþb. öðrum, þeim Eðvarð Sigurðssyni og Helga Seljan, leyft mér að flytja þáltill. þá, sem prentuð er á þskj. 208 og er á þessa leið, með leyfi hæstv. forseta:

„Alþingi ályktar að fela ríkisstj. að undirbúa í samráði við launþegasamtök landsins frv. til l. um atvinnumál aldraðra og verði að því stefnt, að allir, 67 ára og eldri, sem til þess hafa þrek og vilja, geti átt kost á atvinnu við sitt hæfi."

Við flm. erum á þeirri skoðun, að með þessari till. sé hreyft mjög mikilvægu máli, sem nauðsynlegt sé, að tekið verði föstum tökum hið bráðasta. Vandamál aldraðs fólks hafa oft verið til umr., bæði innan þings og utan, og ekki er hægt að halda öðru fram en margt hafi á síðustu ár-

um verið gert til þess að auðvelda öldruðu fólki lífið. Nægir þar að minna á stórhækkaðan ellilífeyri og tekjutryggingu til þeirra, sem engar aðrar tekjur hafa en ellilaunin.

En félagsmálaaðgerðir mega ekki einskorðast við að leysa vandamál. Hin ríkjandi stefna í félagsmálum er sem kunnugt er sú að koma í veg fyrir, að vandamál rísi. Hin mikla röskun, sem verður á lífi fólks, þegar það nær hámarksaldri í starfi og verður að setjast í helgan stein, sem kallað er, hefur svo mikil vandkvæði í för með sér fyrir svo marga, að það liggur við, að skilgreina megi ellina sem vandamál í þjóðfélagi okkar, í stað þess að á hana sé litið sem eðlilegt tímabil á æviskeiði mannsins. Þessi þáttaskil í lífi fólks hafa ekki eingöngu í för með sér fjárhagsáhyggjur fyrir flesta, heldur og kvíða fyrir breyttum lífsháttum og beinlínis áhyggjur vegna verkefnaskorts. Tilfinningin fyrir því að verða gagnslaus þjóðfélagsþegn í eigin augum eða annarra verður oft svo lamandi, að erfitt er undir að rísa.

Í Noregi mun hafa verið gerð félagsleg rannsókn um afleiðingar þess, að fólk verður að hætta í starfi sakir aldurs. Því miður hef ég ekki séð niðurstöður n. í heild, en þar mun hafa komið fram, að áhrifa þessara reglna gætir miklu fyrr en ætlað var, að kvíði fyrir því að hætta grípi fólk allmörgum árum áður en að því væri komið, og dragi úr starfsþreki þess og lífslöngun. N., sem fær þessa þáltill. til meðferðar, gæti hugsanlega útvegað sér þessar niðurstöður norsku rannsóknarinnar, ef henni þætti þurfa. Þá held ég, að öllum sé ljóst án nokkurrar félagslegrar rannsóknar, að hér er um vandamál að ræða fyrir marga.

Ég get nefnt það, að ég hef rætt þetta mál við landlækni og þessa till. efnislega. Hann er mjög hlynntur málinu og sagðist ekki draga í efa, að læknastéttin í heild væri því fylgjandi, því að það væru læknarnir, sem yrðu að glíma við þetta vandamál, þeir sæju manna best, hversu mjög þetta þjakaði margan manninn.

Við flm. að þessari till. erum ekki að leggja til, að reglur um aldurshámark verði afnumdar. Þær eiga rétt á sér af ýmsum ástæðum. En það er staðreynd, að margur sjötugur maðurinn hefur starfsþrek og starfsvilja, og það er líka staðreynd, að heilsufar sjötugs fólks nú er yfirleitt betra en sjötugs fólks fyrr á tímum. Það eigum við að þakka bættri læknisþjónustu og betri lífskjörum. Aldrað fólk, sem verður að hætta sínu ævistarfi, leitar oft annarra starfa, en því stendur yfirleitt ekki til boða annað en störf á almennum vinnumarkaði, sem krefjast fulls vinnudags, og oft á tíðum er fullur vinnudagur þessu fólki ofraun. Þá er einnig hætt við, að þróun atvinnumála skerði möguleika þessa fólks til að fá slíka vinnu í framtíðinni. Má í því sambandi benda á sívaxandi vélvæðingu og aukið hagræðingarskipulag, eins og t. d. ákvæðisvinnustörf. Á þessu stigi leggjum við ekki til, á hvern hátt leysa skuli þessi mál, en við leggjum hins vegar áherslu á, að fullt samráð verði haft við launþegasamtök landsins. Eflaust koma fleiri leiðir en ein til greina. Jafnframt því sem sú skylda væri lögð á atvinnufyrirtæki að sjá öldruðu starfsfólki sínu fyrir vinnu, kannske við sérstök störf og styttri vinnutíma en almennt gerist, jafnvel aðeins hálfan daginn, væri líka hugsanlegt að koma á fót sérstökum vinnustöðum við léttan iðnað, þar sem aldrað fólk gæti starfað eftir þreki og aðstæðum hvers og eins. Við viljum þó leggja áherslu á það, að við teljum æskilegt, að mönnum sé gert kleift að starfa áfram á þeim vinnustöðum og í því umhverfi, sem þeir hafa unnið í, og reynt sé að finna lausn, sem feli í sér sem minnsta persónulega röskun fyrir hvern og einn.

Herra forseti. Ég legg til, að umr. verði frestað og málinu vísað til félmn.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Húsnæðismál á landsbyggðinni, þáltill. (þskj. 216). — Ein umr.

Flm. (Lárus Jónsson): Herra forseti. Ég hef leyft mér á þskj. 216 að flytja till. til þál. um réttlátari reglur um veitingu húsnæðislána á landsbyggðinni ásamt hv. þm. Magnúsi Jónssyni, Pálma Jónssyni og Matthíasi Bjarnasyni. Till. hljóðar svo, með leyfi hæstv. forseta:

„Alþingi ályktar að skora á ríkisstj. að láta endurskoða reglugerð um úthlutun lána húsnæðismálastjórnar í því skyni, að fullt tillit sé tekið til sérstöðu húsbyggjenda á landsbyggðinni, þannig að fólk, sem hefur húsbyggingar á eðlilegum árstíma miðað við aðstæður, þar sem það býr, hafi jafna möguleika til húsnæðisláns á því ári og húsbyggjendur á næsta þéttbýlissvæði landsins."

Ég vek athygli á því, að þessi till. fjallar aðeins um hluta þess vanda, sem fólk stendur frammi fyrir á landsbyggðinni, þegar það er að koma yfir sig húsnæði. En eins og flestum hv. þm. mun kunnugt, eru húsnæðismál eins og sakir standa í þjóðfélaginu einn mesti hemill á eðlilega byggðaþróun í landinu. Hér er einungis vikið að þætti þess vanda, sem varðar sjálfar reglur húsnæðismálastjórnar, og er ekki hér fjallað um hluti, sem þó hafa komið fram till. um, að koma þurfi til sérstök örvunarlán til húsbyggjenda á landsbyggðinni. Það er mál, sem hefur borið á góma m. a. í þn. og var von manna, að kæmi m. a. á dagskrá við fjárlagaafgreiðslu í des. s. l., en sú var nú ekki raunin á, vegna þess að hæstv. ríkisstj. tókst ekki að afla fjár til þess við afgreiðslu fjárl., þannig að það verður að bíða betri tíma. Hér er sem sé ekki um það stóra mál að ræða, heldur einvörðungu að laga reglur húsnæðismálastjórnar að aðstæðum fólks, þannig að sem mestur jöfnuður skapist, hvar sem menn búa á landinu.

Það er svo, í reglugerð um veitingu húsnæðislána á vegum húsnæðismálastjórnar er miðað við komutíma lánsumsókna og hvenær viðkomandi húsnæði verður fokhelt. Miðað er við, að umsóknir, sem hljóða á nafn, þurfi að vera komnar fyrir 1. febr. ár hvert, til þess að lán fáist á því ári. Þessi regla er mjög óeðlileg gagnvart húsbyggjendum á landsbyggðinni, vegna þess að aðstaða þar til lóðaúthlutunar er víða erfið og því oft á tíðum óhægt um vik að afla lóðasamninga og teikninga fyrir 1. febr. Þá er og á það að líta, að sé úthlutun miðuð við eindaga fok-

heldisvottorðs, sem er snemma á haustin, er það mjög óhagstætt fyrir þau byggðarlög, sem búa við frumstæðari byggingartækni, óhæga aðstöðu til öflunar sérhæfðs vinnuafls, svo og óblíðari náttúruskilyrði en eru hér á Suðvesturlandi. Reglan um komutíma umsókna, sem hljóða á nafn einstaklings, er sérstaklega óhagstæð fyrir verktaka í byggingariðnaði, einkum byggingarverktaka á landsbyggðinni. Ljóst er, að vel má standa að sölu þeirra íbúða, sem hafin er bygging á í byrjun árs og eru orðnar fokheldar á hausti, þannig að hinn 1. febr. sé unnt að leggja inn hjá húsnæðismálastjórn umsókn um slíkar íbúðir frá kaupendunum sjálfum. Þótt þetta sé vissulega örðugt hér á þéttbýlissvæðinu, tekur steininn úr á landsbyggðinni, því að þar tíðkast alls ekki að selja íbúðir á teikniborðinu, eins og mun gerast hér syðra.

Þetta mál kom mjög á dagskrá á s. l. ári, þegar svo stóð á, að húsnæðismálastjórn var knöpp með fjármagn til þess að veita öllum, sem um sóttu og skilyrði höfðu til að fá lán, veita þeim fyrirgreiðslu. Þá brá svo við, að mjög kreppti að ýmsum, sem á landsbyggðinni eru að koma yfir sig húsnæði, og hef ég m. a. dæmi um það, að einum aðila var synjað, sem sendi umsókn sína 26. jan., en hún var ekki komin í vörslu húsnæðismálastjórnar fyrr en eftir 1. febr., honum var synjað um lán á þeirri forsendu fyrir áramótin, að umsókn hans hefði ekki verið komin 1. febr.

Ég hef annað dæmi, sem ég get bent hv. þm. á, að verktaka, sem byggir húsnæði í miðlungsstóru kauptúni á landsbyggðinni, var synjað um lán á s. l. ári, vegna þess að hann hafði einungis skrifað bréf til húsnæðismálastjórnar og látið vita af sínum byggingarframkvæmdum fyrir 1. febr. s. l. árs, en þá hafði hann ekki af eðlilegum ástæðum getað sent inn umsóknir fyrir einstaka kaupendur að íbúðum fyrr en nokkru seinna, fyrr en um sumarið, en þá var það talið af húsnæðismálastjórn of seint, og hann fékk synjun á þessum forsendum.

Þessi mál voru bæði tekin upp og rædd í húsnæðismálastjórn, og á þeim fékkst leiðrétting að þessu sinni. En þar var um að ræða, að húsnæðismálastjórn veitti undanþágu frá reglum, sem annars eiga að gilda. Það hljóta allir að sjá, að þessar reglur eru mjög óvægar, svo að ekki sé meira sagt, gagnvart þeim, sem hafa í raun og veru erfiðari aðstöðu en fólk hér á þéttbýlissvæðinu til þess að koma yfir sig húsnæði, og eru óeðlilegar, ef þeim er framfylgt af hörku, sem stundum kann að þurfa að gera, þegar takmarkað er fjármagn. Með þessari till. vildum við flm. því freista þess, að farið yrði ofan í þetta mál og það athugað í þeirri veru að ráða bót á þessu. Ég vek athygli á því, að till. er afskaplega hógvær að því leyti, að hún leggur til, að ríkisstj. láti endurskoða þessa reglugerð, en það er ekki bent á neitt ákveðið í því efni, einfaldlega vegna þess, að flm. er ljóst, að húsnæðismálastjórn og ríkisvaldið þurfa að hafa eftirlit með því, hvað hverju sinni er hafin bygging á miklu húsnæði og hvað fjáröflunarvandinn er stór hverju sinni, þannig að það þarf að hafa um þetta reglur. En hér er bent á þessa annmarka og lagt í vald þeirra, sem fara með þessi mál og gerst þekkja þau, bæði að fullnægja þeim þörfum, sem ríkisvaldið setur til áætlunargerðar, og eins að koma til móts við fólkið úti á landsbyggðinni. Þetta er sett í sjálfsvald þeirra, sem fara með þessi mál og gerst þekkja, með þessari tillögugerð. Ég vænti þess því, að hv. alþm. geti fallist á, að hér sé hreyft réttlætismáli og það sé gert á eins kurteisan og hógværan hátt og unnt er, og að mál þetta fái athugun í n., en verði síðan samþykkt af hv. Alþ.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Jöfnun símgjalda, þáltill. (þskj. 234). — Ein umr.

Flm. (Steingrímur Hermannsson): Herra forseti. 18. apríl s. l. var samþ. hér á þingi þál. um mþn. í byggðamálum. Í ályktuninni er n. gert að vinna í fyrsta lagi að mótun almennrar stefnu í byggðamálum og í öðru lagi að taka fyrir einstaka þætti, þar sem ójafnaðar gætir á milli þeirra, sem í dreifbýlinu búa, og hinna, sem í þéttbýlinu eru, og leggja fram á þessu þingi till. til úrbóta á slíkum sviðum.

N. hefur unnið að þessu hvoru tveggja, og m. a. í bréfi til forsrh. 8. nóv. s. l. var bent á ýmis atriði, sem n. telur, að lagfæra þurfi í þessu sambandi. Eitt af þessum atriðum er jöfnun símgjalda, sem eins og hv. þm. vita leggst mjög misjafnt á landsmenn eftir því, hvar þeir búa. Till. um jöfnun símgjalda hafa að vísu verið fluttar æði oft hér á hinu háa Alþ., m. a. stóð ég ásamt fleiri þm. að flutningi slíkrar till. bæði á síðasta þingi og þinginu þar áður, en í hvorugt skiptið fengust þær útræddar. Byggðanefnd var sammála um að flytja enn slíka þáltill., og er hún á þskj. 234.

N. vann að þessum tillöguflutningi m. a. með því að fá póst- og símamálastjóra á sinn fund. Einnig áttu meðlimir úr n. fund með hæstv. samgrh. og póst- og símamálastjóra. Málið var þannig allvel skoðað, vil ég leyfa mér að segja, og niðurstaðan varð þessi þáltill í því formi, sem hún liggur hér til umr.

Áður en ég kem nánar að till., þykir mér nauðsynlegt að gera í örfáum orðum grein fyrir því, hvers vegna sá ójöfnuður er, sem oft er talað um. Símakerfi landsmanna, má segja, að sé byggt upp af fjórum meginþáttum. Í fyrsta lagi má nefna notendalínur, þ. e. a. s. línur frá notendum inn til miðstöðvar. Þær línur eru ein fyrir hvern notanda í þéttbýliskjörnum, en eins og menn vita, eru margir notendur á sömu línu víða í sveitahéruðum. Þá er það í öðru lagi símstöðin. Og í þriðja lagi er það skiptistöð fyrir millistöðvaafgreiðslu. Loks eru millistöðvalínur, sem tengja saman skiptistöðvar. Skiptistöðvar og millistöðvalínur, þ. e. a. s. langlínur, eru kostnaðarsamar.

Í framkvæmd hefur þetta því orðið þannig, að leitast hefur verið við að spara við byggingu skiptistöðva og millistöðvalína eða langlína og jafnframt reynt að takmarka notkun þessara lína með því að hafa mismunandi gjaldskrá eftir

fjarlægðum, byggt á þeirri kenningu, að þannig verði álagið á þennan dýra hluta símakerfisins minni.

Gjaldskráin byggist upp af 9 flokkum, sem eru merktir frá O, A, B, C og síðan 1, 2, 3, 4 og 5. Flokkurinn O gildir innan sama símstöðvarsvæðis, og er skref í þeim flokki ómælt, þ. e. a. s. skrefið er ótakmarkað. Skrefið kostar kr. 2.10 samkv. gjaldskrá frá 1. apríl 1972. Síðan styttast skrefin, eftir því sem komið er neðar í gjaldskrárflokkana.

Lítum á dæmi. Íbúi Ísafjarðar, sem talar til Reykjavíkur, greiðir samkv. 5. gjaldskrárflokki. Þá er tíminn mældur og verður skrefið aðeins 6 sekúndur. Mínútan verður því 10 skref og kostar 10 sinnum kr. 2.10 eða 21 kr. Ef íbúi Ísafjarðar vill ná til opinberrar stofnunar hér í Reykjavík, sjá allir, að þetta er fljótt að hlaupa í miklar upphæðir. Iðulega þarf að bíða í langan tíma eftir að ná til viðkomandi aðila, og 6 sekúndur líða æðifljótt. Hins vegar sá, sem er á Reykjavíkureða höfuðborgarsvæðinu og þarf að ná til þessa sama opinbera aðila, þjónustustustofnunar, getur talað ótalinn tíma, þ. e. a. s. eins lengi og honum sýnist, og greiðir þó ekki nema kr. 2.10.

Þetta gjald stígur mjög hratt eftir gjaldflokkum. Lengd skrefa, en hvert skref, eins og ég hef sagt, kostar kr. 2.10, breytist þannig: Í O-flokki er skrefið ótakmarkað. Í A-flokki eru skrefin 60 sek., í B-flokki 45 sek., C-flokki 30 og síðan áfram niður í 6 sek. í 5. flokki.

Reynt hefur verið að bæta nokkuð úr þessu með því að taka upp næturtaxta, og er hann þannig fundinn, að sérstakur taxti er frá kl. 8 á kvöldi til kl. 7 á morgnana frá mánudegi til föstudags, en um helgar frá kl. 15 á laugardögum til 7 næsta mánudagsmorgun. Þennan tíma er gjaldið töluvert lægra, því að skrefið verður þá tvöfalt lengra en það er á dagtaxta. Þetta hefur gefið góða raun. Upplýsti póst og símamálastjóri, að álagið hefur jafnt og þétt aukist á þessum tíma, og því hefur það jafnframt létt af notkun símans á dagtaxtanum.

Ýmsar tölur má nefna til sönnunar þeim mismun, sem ríkir að þessu leyti á milli landsmanna. Einna fróðlegastar þóttu n. þær tölur, sem póst- og símamálastjóri lagði fram og gefa samanburð á ársfjórðungsgjaldi eða fastagjaldi og umframgjaldi á höfuðborgarsvæðinu annars vegar og í dreifbýli hins vegar. Þá kemur í ljós, að árið 1969 voru umframgjöld á höfuðborgarsvæðinu innan við 70% af fastagjaldinu. Í dreifbýlinu hins vegar var umframgjaldið 1.4 sinnum hærra samtals en fastagjaldið. Síðan fer þetta hlutfall stöðugt hækkandi. Árið 1973, byggt á upplýsingum fyrir hálft ár, eru umframgjöld á höfuðborgarsvæðinu nokkurn veginn þau sömu og fastagjöldin, en í dreifbýlinu hins vegar eru umframgjöldin orðin tvisvar og hálfum sinnum hærri en fastagjaldið. Árið 1972 eru umframgjöldin á höfuðborgarsvæðinu 1420 kr. á hvern íbúa, en 2343 kr. á hvern íbúa í dreifbýlinu, en hækka síðan, byggt á hálfs árs upplýsingum 1973, upp í 2700 kr. á hvern íbúa í dreifbýlinu. Víða mun þetta vera hærra. T. d. hef ég þær upplýsingar frá Ísafirði, að þar munu umframgjöld vera um 3300 kr. á hvern íbúa.

Ég hygg, að þetta nægi til þess að sýna, að ójöfnuður er mikill og stafar að sjálfsögðu fyrst og fremst af því, að á höfuðborgarsvæðinu er safnað saman flest öllum opinberum stofnunum. Þangað þurfa allir landsmenn að leita í ríkum mæli, og ætti það að vera skylda þjóðfélagsins að sjá þeim öllum fyrir svipaðri aðstöðu til að ná til þessara opinberu stofnana. Á höfuðborgarsvæðinu eru einnig fjölmargar aðrar þjónustumiðstöðvar, sem allir landsmenn þurfa að leita til.

Um það var rætt við póst- og símamálastjóra, á hvern máta unnt væri að jafna þennan ójöfnuð, sem ég hef nefnt svo. Í ljós kemur, að erfitt er að ná án mjög mikillar fjárfestingar í langlínum og skiptistöðvum fullum jöfnuði með landsmönnum, sem ég fyrir mitt leyti tel þó vera það markmið, sem að beri að stefna. Talið er, að langlínur yrðu svo of hlaðnar með slíkum fullkomnum jöfnuði, að þær þyrfti að margfalda frá því, sem nú er. Ég vil geta þess, að sums staðar erlendis virðist að þessu stefnt. T. d. hef ég þær upplýsingar frá Svíþjóð, að þar samþykkti þing þeirrar þjóðar, að símgjöld í dreifbýli skyldu lækkuð um það bil um 50% að jafnaði, og var þá talið, að þau yrðu svipuð símgjöldum á þéttbýlissvæðinu, þ. e. a. s. í kringum Stokkhólm. En vera má, að langlínukerfi Svía sé allmiklu öflugra en okkar og því sé þetta þeim fremur kleift en okkur. Að vandlega athuguðu máli taldi n. því ekki fært að marka þá stefnu, að fullur jöfnuður næðist, og kemur það fram í þessari þáltill., sem hljóðar þannig, með leyfi hæstv. forseta:

„Alþingi ályktar að fela ríkisstj. að haga endurskoðun gjaldskrár Landsímans þannig, að sem fyrst verði náð sem mestum jöfnuði með landsmönnum í kostnaði við notkun símans og dreifbýli og höfuðborgarsvæðið beri hlutfallslega sömu byrði hinna sameiginlegu heildarsímaútgjalda. Sérstaklega ber að stefna að því, að:

1) símgjald innan eins svæðisnúmers eða landshluta verði hin sömu um land allt.

2) gjöld fyrir símtöl úr dreifbýli til höfuðborgarsvæðisins lækki verulega.“

Eins og þarna kemur fram, er fyrst og fremst um stefnumörkun að ræða. Við töldum rétt að binda þá stefnumörkun að verulegu leyti við endurskoðun á gjaldskrá Landsímans, sem að sjálfsögðu þarf annað slagið að fara fram. Virðist okkur, að við slíka endurskoðun eigi ávallt að stefna að því að ná vaxandi jöfnuði með landsmönnum. Ýmsar tæknilegar breytingar má jafnframt framkvæma, til þess að þessi jöfnuður verði meiri en nú er. T. d. má taka upp talningu á símtölum innan höfuðborgarsvæðisins, þ. e. a. s. að skrefið verði bundið við ákveðinn tíma og sá tími mældur og skrefin talin. Þetta mun vera í athugun, en krefst töluverðrar fjárfestingar og verður varla gert á skemmri tíma en t. d. tveimur árum. Þegar það er fengið, er að sjálfsögðu sköpuð önnur aðstaða til þess að jafna símgjöld.

Í till. er sérstaklega tekið fram, að símgjöld innan eins svæðisnúmers eða landshluta verði hin sömu um land allt. Þetta teljum við réttlætismál, ekki síst með tilliti til þess, að lögð er áhersla á að byggja upp innan landshlutanna bæði samstöðu þeirra í landhlutasamtökum og

þjónustumiðstöðvar og því eðlileg lágmarkskrafa, að íbúar landshlutans, þótt þeir byggi fjarlægari hluta hans, njóti sömu aðstöðu til þess að ná til slíkra þjónustumiðstöðva og stofnana. Í sumum tilfellum fellur þetta ekki saman við svæðisnúmer. Svo er t.d. í Vestfjarðakjördæmi, þar sem Strandasýslan er í svæðisnúmeri með Norðurl. v. Siglufjörður er á svæðisnúmeri 96, þ.e. a.s. svæðisnúmeri með Akureyri, en ekki á svæðisnúmeri 95 með Norðurl. v.

Í öðru lagi leggjum við til, að gjöld fyrir símtöl úr dreifbýli til höfuðborgarsvæðisins lækki verulega. Við treystum okkur ekki til að tiltaka ákveðna tölu, en þar er vísað til þess réttlætismáls, sem ég hef rætt um, að veita íbúum dreifbýlisins sem svipaðasta aðstöðu til þess að ná til opinberra stofnana og þjónustumiðstöðvar á höfuðborgarsvæðinu, eins og íbúar þess svæðis hafa.

Ég ætla ekki að hafa fleiri orð um þetta mál, enda hefur málið alloft verið rætt hér á hinu háa Alþ. og fengið ágætar undirtektir. Ég vil aðeins að lokum láta í ljós þá von mína og mþn. í byggðamálum, að þetta mál fáist nú útrætt og mörkuð sú stefna, sem til er lagt í þáltill.

Að þessari umr. lokinni vil ég leggja til, að till. verði vísað til allshn.

Friðjón Þórðarson: Herra forseti. Ég styð þessa till. að sjálfsögðu. Hún er í raun og veru söm að anda og efni og till. sú, sem ég hef flutt á þskj. 81, ásamt hv. 2. þm. Vesturl. og 6. þm. Sunnl. Hún er sama efnis að því er símaþjónustu varðar. En auk þess fjallar till. okkar þremenninganna, sem er 75. mál þessa þings, um póstþjónustu.

Till. sú, sem hér er til umr., hefur að höfuðmarkmiði að jafna aðstöðu landsmanna, þ.e.a.s. að símgjöld innan sama svæðis verði hin sömu um land allt og gjöld fyrir símtöl úr dreifbýli til höfuðborgarsvæðisins lækki verulega. Þessum málum hefur oft verið hreyft á undanförnum þingum. Segja má, að þessar tvær greinar, póst- og símaþjónustan, séu í raun og veru tvær greinar á sama meiði. Fer því ekki illa á því, að um þær sé fjallað sameiginlega. Ég vil aðeins segja það, að ég vonast til þess, að þessi mál, sem svo oft hefur borið hér á góma áður, hljóti nú rækilega athugun í hv. allshn., þannig að sá árangur náist, sem stefnt er að, að allir landsmenn nái sem mestum jöfnuði í þessum þýðingarmiklu þjónustugreinum.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Framkvæmd Inn-Djúpsáætlunar, þáltill. (þskj. 237). — Ein umr.

Flm. (Steingrímur Hermannsson): Herra forseti. Á þskj. 237 flytjum við þm. Vestf. till. til þál. um framkvæmd Inn-Djúpsáætlunar. Inn-Djúpsáætlun er að mínu viti að mörgu leyti mjög merk og gæti orðið til fyrirmyndar fyrir landbúnaðarhéruð víðar um landið, ekki síst þau, sem eiga við nokkra aðstöðuerfiðleika að stríða. Ég hefði því raunar gjarnan viljað flytja um þetta nokkuð ítarlegt mál, en mun þó reyna að stytta mál mitt, því að áliðið dags er orðið og fáir þm. orðnir eftir í þingsölum. Þó vil ég í fáum orðum aðeins fara yfir aðstæður og aðdraganda Inn-Djúpsáætlunar.

Inn-Djúpið, sem hér er fjallað um, er í Norður-Ísafjarðarsýslu, og nær áætlunin yfir þann hluta, sem telst frá Hestfirði og að Jökulfjörðum. Þar eru fjórir hreppar: Ögurhreppur, Reykjarfjarðarhreppur, Nauteyrarhreppur og Snæfjallahreppur. Landssvæðið allt er um 163 þús. hektarar. Neðan við 300 m hæðarlínu eru um 44 þús. hektarar eða 27%. Strandlengjan þarna er æðilöng í kringum þennan mikla fjörð og firði eða um 190 km. Þarna hefur landbúnaður átt í nokkrum erfiðleikum vegna að ýmsu leyti erfiðrar aðstöðu. Að vísu eru beitilönd allgóð, en þó á sumum svæðum erfið. Þarna er á sumum svæðum snjóþungt. Það gerir einnig afstöðu erfiða, að samgöngur við það þéttbýli, sem þarna er næst, Ísafjörð, eru nánast aðeins á sjó. Þarna hefur ekki notið raforku frá samveitum fyrr en nú allra síðustu árin, að slíkar línur teygja sig smám saman yfir svæðið. Þarna hafa bú flest verið lítil og yfirleitt langt fyrir neðan það vísitölubú, sem rætt er um í dag. Afleiðingin hefur m.a. af þessum sökum, orðið sú, að byggðir þarna norður af hafa smám saman farið í eyði. Hefur sú þróun stöðugt sótt að þessum hreppum, sem eru nú eins konar útverðir íslenskrar byggðar, a.m.k. í norðvestri. Þannig er nú orðið mjög fátt manna í Snæfjallahreppi, og hinir hrepparnir hafa að vísu haldið betur í horfinu, en þar hefur þó einnig fækkað mikið. Mönnum varð ljóst, að þarna varð að gera myndarlegt og sameiginlegt átak, ef takast ætti að bjarga þessum byggðum frá sömu örlögum og Hornströndunum almennt. Þetta var ekki aðeins nauðsynlegt vegna íbúa þessa svæðis, þó að það út af fyrir sig sé mikilsvert, heldur vil ég leggja á það áherslu, að þetta er ákaflega þýðingarmikið fyrir þá þéttbýliskjarna, sem næstir eru. Þeir fá gjarnan nýtt blóð úr þessum byggðum, og ef það þrýtur, bíða þeirra, óttast ég, einnig sömu örlög, að þar fækki og fari í eyði. Það er því mjög mikilvægt, og það vil ég undirstrika, að búa vel að slíkum útvörðum byggða, styrkja þá eins og mest má vera, til þess að byggðin á stærra svæði biði ekki varanlegt tjón af.

Inn-Djúpsáætlun hefur verið lögð fram í þremur myndarlegum skrýslum, þar sem er að finna áætlanir fyrir einstaka bændur og mjög ítarlegar upplýsingar um svæðið allt og einnig um hina ýmsu þætti, sem verða að fylgjast að, þótt ekki teljist þeir til landbúnaðarframkvæmda, eins og vegagerð og samgöngur almennt, raforkumál og fjölmargt fleira.

Ég ætla að grípa aðeins niður, með leyfi hæstv. forseta, í grg. þeirri, sem fylgir Inn-Djúpsáætluninni.

Árið 1971 fóru fram viðræður milli landnámsstjóra og stjórnar búnaðarfélaga þessara hreppa, sem ég hef nefnt. Um svipað leyti skrifaði Ræktunarsamband Nauteyrar- og Snæfjallahrepps til Búnaðarfélags Íslands út af fjárhagserfiðleikum af rekstri véla sambandsins, og var það erindi sent landnámsstjóra til athugunar.

Þá fjallaði Stéttarsamband bænda í september 1971 um erindi oddvita og formanna búnaðarfélaga áðurgreindra hreppa, þar sem farið er fram á aðstoð til að auka ræktun við Inn-Djúp, vegna kals og harðæris undanfarin ár og treysta á þann hátt búsetu á þessu svæði. Á þeim aðalfundi var samþykkt till., þar sem stjórn Stéttarsambandsins var falið að leita eftir því við landnámsstjóra, að Landnám ríkisins tæki að sér endurskipulagningu á ræktun í Inn-Djúpi. Landnámsstjórn tók þessi mál fyrir á fundi í okt. 1971 og fól landnámsstjóra að vinna að málinu og kanna möguleika á endurskipulagningu ræktunarmála í þessum fjórum hreppum.

Má segja, að þar með hafi hafist forusta Landnáms ríkisins um frumkönnun og áætlanagerð fyrir búskap á jörðum við Inn-Djúpið. Þar voru kannaðir þegar í upphafi grundvallarþættir, eins og t. d. túnstærð, bústofn nautgripa og sauðfjár og enn fremur peningshús hinna einstöku jarða. Niðurstöður leiddu í ljós, að meðalbústærð í þessum fjórum hreppum var um 110 ærgildum undir landsmeðaltali eða um 290 ærgildi.

Á fundi á Reykjanesi 19. júní 1972 var kosin fimm manna nefnd heimamanna til þess að endurskoða áætlunina og samræma í samstarfi við Landnám ríkisins. Á seinni hluta ársins 1972 var þessi áætlun tekin til endurvinnslu, og kom þá í ljós, að fjárfestingarþörf mundi vera um 84 millj. kr., ef koma ætti búum bænda við Inn-Djúp í 400 ærgildi. Í þessum kostnaði er innifalin öll fjárfesting í ræktun, peningshúsabyggingum og bústofnsauka. Um helmingur þessa fjár fengist sem lán úr Stofnlánadeild og framlög samkvæmt jarðræktarlögum.

Áætlun þessi var síðan rædd í landnámsstjórn og gefin út í lok ársins 1972 í skýrsluformi. Þannig var hún send landbrh., og alþm. Vestf. fengu hana einnig til athugunar. Þá fékk Búnaðarfélag Íslands áætlunina til athugunar, Framleiðsluráð landbúnaðarins, Stéttarsamband bænda o. fl.

Ljóst var strax, að þarna hafði verið unnið hið merkasta undirbúningsstarf. Engu að síður þótti mönnum, að þessa áætlun þyrfti að útfæra nokkru nánar, áður en unnt væri að hefja framkvæmdir af fullum krafti. Sérstaklega sýndist ýmsum, að kanna þyrfti betur hugmyndir og þarfir einstakra bænda. Niðurstaðan varð því sú, að hæstv. landbrh. skipaði fimm manna nefnd til að vinna að gerð áætlunarinnar, þ. e. a. s. á grundvelli þeirrar frumáætlunar, ef ég má nefna hana svo, sem lögð var fram í okt. 1972. Í nefnd þessa voru skipaðir: Árni Jónsson landnámsstjóri, sem var jafnframt formaður nefndarinnar, Ásgeir Svanbergsson, Búfum, Norður-Ísafjarðarsýslu, Engilbert Ingvarsson Tyrðilsmýri, Norður-Ísafjarðarsýslu, Jóhann T. Bjarnason, Sætúni 5, Ísafirði, framkvæmdastjóri Fjórðungssambands Vestfirðinga, og Jón Guðjónsson, Laugabóli, Norður-Ísafjarðarsýslu. Hér var því sett á fót nefnd undir forustu landnámsstjóra, en að öðru leyti fyrst og fremst skipuð heimamönnum. Þessi nefnd tók síðan til óspilltra málanna og vann hið merkasta starf, fyrst og fremst sumarið 1973, þ. e. a. s. síðastliðið sumar. Það yrði of langt mál að telja upp þá fjölmörgu þætti, sem nefndin tók til athugunar, en almennt má segja, að hún hafi skoðað ekki aðeins alla búskaparaðstöðu og alla þætti búskapar í Inn-Djúpi, heldur einnig fjölmarga aðra þætti og nánast alla aðra þætti, sem við koma byggð á þessu svæði.

Að sjálfsögðu er um kostnaðarsama og mikla framkvæmd að ræða. Var strax ljóst, að ekki yrði unnt að fá allt nauðsynlegt fjármagn frá lánasjóðum landbúnaðarins, enda þar ekki gert ráð fyrir svo mikilli fjármögnun eins og hér er um að ræða. Því var farið fram á í fyrsta lagi, að fjárveitingavaldið sýndi samþykki sitt við þessa áætlun með nokkurri fjárveitingu á fjárlögum ársins 1974. Fengust 5 millj. kr. í þessu skyni. Það er ef til vill ekki mikil upphæð, en ég fyrir mitt leyti tel hana ákaflega mikilvæga, því að hún gefur til kynna ákveðinn stuðning fjárveitingavaldsins við það skipulega og myndarlega framtak, sem hér er um að ræða. Þá hafa nm. einnig rætt við forstöðumenn Framkvæmdastofnunar ríkisins, og þar liggur nú fyrir erindi frá landnámsstjórn um aðstoð Byggðasjóðs við þetta mál. Ég get að sjálfsögðu ekkert fullyrt um afgreiðslu málsins þar, en það get ég sagt, að málið er sjálfsagt og eðlilegt byggðamál, og ég fyrir mitt leyti get ekki séð annað en að það hljóti að vera í verkahring Byggðasjóðs að veita þar myndarlega aðstoð. Ég vil geta þess, að þeir einstaklingar, sem hafa unnið fyrst og fremst að þessari áætlunargerð, eru Jón Rafnar Björnsson og Jóhann T. Bjarnason, sem ferðuðust um allt áætlunarsvæðið, kynntust hverjum einstökum bónda og áætlunum hans, ræddu við hann um þessar áætlanir og unnu út þær kostnaðartölur og annað, sem í þessari áætlun birtast. Einnig voru fengnir til aðrir sérfræðingar, sem ferðuðust um áætlunasvæðið, eins og Óttar Geirsson ráðunautur, Sveinn Hallgrímsson ráðunautur, Gunnar M. Jónasson forstöðumaður Byggingarstofnunar landbúnaðarins o. fl., og þeir könnuðu sérfræðileg atriði. Þá hafa þegar verið lagðar út nokkrar jarðræktartilraunir á Inn-Djúpssvæðinu sumarið 1973, og gerði það tilraunastjórinn á Reykhólum, Ingi Garðar Sigurðsson. Ég hygg því, að segja megi og niðurstaðan hljóti að verða sú, að áætlun þessi sé mjög vel undirbúin, mjög vel unnin á allan máta og sannarlega verðug þess, að hún fái skjóta og góða framkvæmd.

Einhver kann að spyrja, hvert markmiðið sé með þessari áætlun. Markmiðið er að sjálfsögðu að bæta byggð á þessu svæði, en þó þykir mér rétt að lesa upp úr grg., sem áætluninni fylgir, markmiðið, eins og það er sett fram í örfáum atriðum:

Markmið byggðaáætlunar fyrir Inn-Djúpið er í stuttu máli:

1) Að efla atvinnulíf svæðisins með því að stækka búin og gera þau rekstrarhæfari og treysta með því og auka búsetu á svæðinu.

2) Að tryggja landbúnaðarframleiðslu og hafa áhrif á val búgreina með hliðsjón af neysluþörf fólks í þéttbýli á norðanverðum Vestfjörðum.

Inn-Djúpsnefnd vann að áætlunargerðinni í aðalatriðum með því:

1) Að gera nákvæma úttekt á búskap allra ábúenda á áætlunarsvæðinu og meta búskaparmöguleika á hinum einstöku jörðum, bæði byggðum og óbyggðum, ennfremur að athuga efnahag,

tekjur og tekjumöguleika bænda við núverandi aðstæður.

2) Að athuga sem flesta samfélagsþætti, er varða íbúa áætlunarsvæðisins, og samband og samskipti þeirra við aðra byggð við Ísafjarðardjúp og nærliggjandi héruð.

3) Að gera landbúnaðar-framkvæmdaáætlun í samráði við bændurna, er nái yfir tímabilið frá 1973—1978, og verði við það miðað í áætluninni, að bústærð og afurðir búsins hafi náð landsmeðaltali í lok þessa áætlunartímabils, þannig að meðalfjölskylda hafi eðlilegar árstekjur og atvinnu af búinu sjálfu, eftir því sem starfsorka leyfir, og treysta á þann hátt búsetu á svæðinu.

4) Að framkvæmd áætlunar geti hafist í ársbyrjun 1974, en nái jafnframt til framkvæmda 1973, og að ríkisstj. og Alþingi tryggi, að svo geti orðið, með útvegun lánsfjár til fjárfestingar og óafturkræfum framlögum til jöfnunar á aðstöðu, og séu fjölmennustu landbúnaðarsvæði landsins höfð til viðmiðunar, en ekki miðað við landsmeðallag, sbr. verðlagsgrundvöll landbúnaðarvara.

Þannig er markmiðinu og starfsháttum lýst í skýrslunni.

Eins og ég sagði í upphafi máls míns, hefði verið freistandi að ræða ítarlega um þetta verk. Ég er sannfærður um, að það getur orðið til mikillar fyrirmyndar, ekki síst á svæðum, þar sem aðstaða er erfið. Og það er einlæg von mín, að svipuð vinnubrögð verði a. m. k. viðhöfð í öðrum hlutum Vestfjarðakjördæmis, þar sem álíka er ástatt, og raunar mun þegar vera í athugun að gera svipaða áætlun t. d. fyrir Austur-Barðastrandarsýslu. En þetta verður að nægja að þessu sinni um málið.

Ég vík að lokum að þáltill. Mönnum var að sjálfsögðu ljóst, að nauðsynlegt var að fela einhverjum einum aðila framkvæmd Inn-Djúpsáætlunar. Það er ekki nóg að gera áætlun, það verður að tryggja framkvæmd hennar. Þótti mönnum þá eðlilegast að fara þess á leit við Landnám ríkisins, að það hefði yfirumsjón með framkvæmd Inn-Djúpsáætlunar, enda hefur Landnámið haft þar þá forustu, sem vel hefur tekist.

Ég vil svo að lokum leggja til, að þessari umr. verði frestað og málinu vísað til allshn.

Umr. frestað.

Efri deild, 53. fundur.

Mánudaginn 4. febr., kl. 2 miðdegis.

Félagsmálaskóli alþýðu, frv. (þskj. 305). — 1. umr.

Félmrh. (Björn Jónsson): Herra forseti. Nú munu vera liðnir um tveir áratugir eða vel það, frá því að Hannibal Valdimarsson, núv. hv. 3. þm. Vestf., hóf hér á hv. Alþingi baráttu fyrir því, að stofnaður yrði félagsmálaskóli verkalýðssamtakanna. Málinu hefur verið haldið vakandi allan þann tíma, sem síðan er liðinn, en án endanlegs árangurs. Nú er frv. um þetta efni í fyrsta sinn flutt sem stjfrv. og mun því trúlega tryggður framgangur á þessu þingi.

Þegar á allt er litið, verður að teljast nokkurt undrunarefni, að þetta mál skuli ekki fyrr hafa komist heilt til hafnar, þrátt fyrir það að þm. úr öllum flokkum hafa á ýmsum tímum lagt kapp sitt við það og þrátt fyrir þá tilfinnanlegu eyðu, sem slíkur skóli sem hér ræðir um mun fylla í menntakerfi þjóðarinnar.

Ég tel það augljósara en löngu tali taki, að verkalýðssamtökin gegna lykilhlutverki í þjóðfélaginu. Þau eru fjölmennustu almannasamtök í landinu, og í þeirra höndum er í raun oft úrslitavald um meðferð hinna mikilvægustu efnahagsmála þjóðarinnar eða a.m.k. geta þau í krafti valds síns og samtakamáttar oft ráðið þar úrslitum og haft rík áhrif á stefnu og aðgerðir stjórnvalda. Fyrst og fremst eru þau tæki vinnustéttannna í landinu til að vinna að bættum lífskjörum og lífsháttum sínum og til að tryggja skjólstæðingum sínum réttlátan skammt þeirra lífsgæða, sem þeir eiga mestan eða allan þátt í að skapa með vinnu sinni og atorku. Því hlýtur það að vera ákaflega mikilvægt, bæði frá sjónarmiði verkalýðsstéttarinnar sjálfrar og þess þjóðfélags, sem vill viðurkenna hlutverk hennar og markmið, að í röðum þeirra sé ríkjandi sjálfstraust samfara þroska og hæfni til að vinna sameiginlega að bættum lífskjörum og frelsi alþýðustéttannna og jafnt óbreyttir liðsmenn sem ábyrgir forustumenn og starfsmenn hljóti fullan stuðning samfélagsins til að afla sér þeirrar þekkingar og menntunar, sem við hæfi er þess mikla hlutverks, sem þeir hafa að gegna, og samræmist því mikla valdi, sem samtökin fara með og eiga rétt á að fara með í lýðræðisþjóðfélagi.

Þetta hafa verkalýðsfélögin sjálf fyrir löngu skilið, að er höfuðnauðsyn, og hafa því um langt skeið haldið á lofti þeirri kröfu sinni, að þjóðfélagið gerði þeim kleift að veita skjólstæðingum sínum fræðslu og skólamenntun við hæfi. Og þörfin fyrir slíka menntun hefur örugglega farið hraðvaxandi á síðari tímum, og kemur þar margt til. Þjóðfélagsgerðin hefur verið að breytast. Hið þróaða iðnaðarsamfélag, sem hér er að skapast, það velferðarþjóðfélag, sem hér er í mótun, verður með ári hverju flóknara að allri gerð og starfsemi almannasamtakanna gripur sífellt inn í fleiri þætti þjóðlífsins, sem verkalýðssamtökin og verkalýðsforustan verða að kunna skil á, ef þeir, sem þar um fjalla, eiga að reynast vanda sínum vaxnir. Jafnvel svo sjálfsagt hlutverk sem telja verður til frumskyldna allra stéttarfélaga að standa að kjarasamningum er nú orðið geysilega viðamikið og fjölþætt. Aðeins það að geta, svo að vel fari, staðið í því hlutverki krefst nú í raun mikillar þekkingar, ekki aðeins á högum almennings, heldur einnig í efnahagsmálum almennt, atvinnulífi, rekstri fyrirtækja, skattamálum og fjölda annarra þátta þjóðlífsins, sem móta annars vegar kjör vinnustéttanna og hins vegar möguleika þjóðfélagsins til að fullnægja þeim kröfum, sem til þess eru gerðar. Fyrir fáum áratugum var gerð kjarasamninga hins vegar miklu einfaldara í sniðum og viðfangsefnin í því sambandi. En þjóðfélagsgerðin hefur, eins og ég sagði, breyst og gert sífellt meiri kröfur til samtakanna.

Það er að vísu svo, að verkalýðshreyfingin hefur átt og á enn mjög hæfa forustumenn, sem með reynslu og starfi hafa vaxið með verkefnum sínum og leyst verkefni sín vel af hendi. Þrátt fyrir það eru þeir ekki ófáir, ekki síst í hreyfingunni sjálfri, sem hafa um skeið borið nokkurn ugg í brjósti yfir því, að nauðsynleg endurnýjun hæfra forustukrafta gerist ekki sjálfkrafa á tímum vaxandi sérhæfingar og vaxandi möguleika hæfra og efnilegra starfskrafta á sífellt fjölbreytilegri sviðum og nú verði ekki úr þeim efnum bætt nema með stórfelldu átaki í fræðslu- og menntunarmálum verkalýðshreyfingarinnar. Líka verður að hafa í huga, að ekki verður fram úr öllum vanda séð, þó að til komi sérhæfðir starfskraftar, sem í forustunni standa. Ákvörðunarvaldið í verkalýðshreyfingunni er samkvæmt lýðræðislegum vinnubrögðum og skipulagi samtakanna í höndum allra félaga þeirra, og úrslit mála ráðast því jafnan af dómgreind þeirra og möguleika til þess að gera sér raunhæfa grein fyrir málefnum þeim, sem um er fjallað. Bræðrastarf á vegum verkalýðssamtakanna, sem rísa á undir nafni, getur því aldrei og má aldrei takmarkast við fámennar forustusveitir eða starfsmenn, heldur verður það að ná sem allra lengst inn í raðir hinna óbreyttu liðsmanna, alls fjöldans. Aðeins með slíkum hætti verður verkalýðshreyfingin vel búin til að gegna hinu mikla hlutverki til að þroska vænlega forustukrafta úr eigin röðum.

Það er fjarri mér að álykta, að stofnun Félagsmálaskóla verkalýðssamtakanna leysi allan þann vanda, sem hér er við að kljást. En hitt virðist auðsætt, að með tilkomu hans öðlast fræðslustarfsemi þeirra mikilsverða kjölfestu, sem líkleg er til að hafa mikil og heillavænleg áhrif á allt starf þeirra. Rétt hefur þótt að sníða skólanum sem rýmstan stakk í upphafi, þannig að hann fái tækifæri til að mótast og þróast í samræmi við þá reynslu, sem smám saman fæst af starfi hans. Gert er ráð fyrir, að skólinn starfi í námskeiðum, sem ekki yrðu bundin við ákveðinn stað eða skólahús, nema eftir því sem reynslan kennir að henti. Þetta útilokar þó engan veginn, að um vetrarlanga skólavist geti einnig verið um að ræða í þeim húsakynnum, sem skólanum verða reist. En einnig gæti komið til námskeiða, sem verið getur að henti að halda t.d. í orlofsheimilum samtakanna, sem nú eru að rísa í öllum fjórðungum landsins.

Herra forseti. Þar sem þetta frv. er í raun og veru gamall kunningi og efni þess kunnugt öllum þm. árum saman, sé ég ekki ástæðu til að

fara fleiri orðum um einstök efnisatriði þess við þessa umr., enda gefst tækifæri til þess síðar, þegar málið hefur verið athugað í n. og kemur hér til umr. aftur. Ég vil því aðeins að lokum vænta þess, að þetta mál hljóti greiða afgreiðslu bæði í hv. þn. og hv. þd. Ég leyfi mér svo að leggja til, að málinu verði að lokinni þessari umr. vísað til 2. umr. og hv. félmn.

Halldór Blöndal: Herra forseti. Ég fagna því, að svo virðist sem mikill áhugi sé fyrir því á Alþingi, að settur sé á stofn félagsmálaskóli launþegasamtakanna, eða Félagsmálaskóli alþýðu. Ég tel rétt að minna á, að fyrir Nd. liggur nú frv., sem hv. þm. Pétur Sigurðsson o. fl. hafa nú flutt öðru sinni og er, eins og segir í grg. þess, að stofni til hið sama og hv. þm. Hannibal Valdimarsson flutti á sínum tíma. Ég sé ástæðu til að láta í ljós óánægju mína yfir því, að hæstv. félmrh. skuli ætla sér að sniðganga tvö veigamikil launþegasamtök í sambandi við skipun skólastjórnar Félagsmálaskóla alþýðu. Þar á ég við BSRB og Farmanna- og fiskimannasamband Íslands. Í því frv., sem liggur fyrir Nd., er gert ráð fyrir, að bæði þessi samtök skipi mann í stjórn félagsmálaskólans.

Ég er sammála hæstv. félmrh. um hin almennu rök, sem eru fyrir slíkri stofnun, og tek undir þau, en ég álít, að þau taki alveg á sama hátt til þeirra manna, sem standa í forustu t. d. í BSRB, og minni í því sambandi á, að hinn almenni launamaður innan ríkiskerfisins á nú mjög undir högg að sækja, t. d. með stofnun Félags háskólamenntaðra kennara, þar sem svo virðist sem það sé sett sem úrslitaatriði í sambandi við ákvörðun launa, hvaða menntun maðurinn hefur hlotið. Því er ég algerlega andvígur og tel, að menn eigi að hafa sömu laun fyrir sömu vinnu.

Ég vil beina því til þeirrar n., sem fær þetta mál, að hún athugi, hvort ekki sé hægt að ná samkomulagi við hæstv. ráðherra um það, að stjórn BSRB og stjórn Farmanna- og fiskimannasambandsins fái að tilnefna mann í skólanefndina.

Félmrh. (Björn Jónsson): Herra forseti. Það eru aðeins örfá orð út af því, sem hv. 2. þm. Norðl. e. sagði, þar sem hann taldi, að tvenn fjölmenn launþegasamtök væru sniðgengin varðandi réttindi í sambandi við þann skóla, sem hér er um að ræða. Um það vil ég segja það eitt, að ég tel sjálfsagt, að þetta atriði sé athugað í hv. þn. og við þá meðferð, sem málið fær hér á þingi. En ég vil taka fram, að það er skoðun mín, að Alþýðusamband Íslands, sem hefur nú milli 40 og 50 þús. félaga, sé uppistaðan í íslenskri verkalýðshreyfingu, en hvorugt þeirra sambanda, sem hv. þm. nefndi, sé á neinn hátt mælanlegt við það. Það er fyrst og fremst Alþýðusambandið og þau félög, sem það skipa, sem móta stefnuna í kjaramálum, hafa forustuna í kjarabarátunni og allur þungi þeirrar baráttu hvílir á. Hitt er svo annað mál, sem ég vil jafnframt vekja athygli á, að stjórn skólans á að vera skipuð þrem mönnum, og hefur þótt sjálfsagt, að verkalýðssamtökin hefðu þar meiri hluta, þannig að þau gætu sjálf mótað skólann. Annað teldi ég raunverulega ekki sæmandi gagnvart efni málsins en að tveir skólanefndarmannanna, þeir sem mynda meiri hlutann, séu tilnefndir sameiginlega af Menningar- og fræðslusambandi alþýðu og af Alþýðusambandi Íslands. Nú er það svo, að í lögum Menningar- og fræðslusambands alþýðu er svo ákveðið, að í það geta gengið öll þau launþegasamtök, sem að einhverju leyti hafa fræðslustarf með höndum. Það er þess vegna opið fyrir bæði BSRB og Farmanna- og fiskimannasambandið og önnur launþega samtök, sem utan Alþýðusambandsins standa, að gerast aðilar að Menningar- og fræðslusambandi alþýðu og hafa þannig áhrif á stjórn skólans skv. ákvæði 5. gr. Hitt er ég líka sannfærður um, og ég tel ekki, að neitt sé í l., sem hindri það á nokkurn hátt, að aðgang að skólanum gætu átt aðilar í þeim samtökum, sem hann nefndi, og reyndar mætti fleiri til nefna, því að hér er ekki allt upp talið, þó að nefnt sé BSRB og Farmanna- og fiskimannasambandið. Væri þá hægt með sama rétti og hann nefndi sérstaklega að segja, að jafnvel þó að þau væru tekin með í skólastjórn eða skólanefnd, þá væru sniðgengin önnur samtök, sem þarna koma við sögu. Það er auðvitað hægt, þangað til upp væru talin öll sjálfstæð launþegasamtök, sem ekki eru innan þessara þriggja tiltölulega stóru samtaka.

Aðalatriði málsins finnst mér vera það, að frv. gefur meðlimum Alþýðusambandsins engin sérréttindi umfram aðra, nema þá í sambandi við skólanefndina. Og ég hygg, að ef rétt hlutföll ættu að ríkja við stjórn skólans í samræmi við mannfjölda í þessum samtökum, þá verði hlutur þessara samtaka, sem hv. þm. nefndi, ekki ákaflega stór. Engu að síður finnst mér alveg sjálfsagt, að þn. myndi sér skoðun á þessu og við ræðum það nánar, þegar hún hefur sagt álit sitt um málið.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 15 shlj. atkv. og til félmn. með 15 shlj. atkv.

Húsnæðismálastofnun ríkisins, frv. (þskj. 222). — 1. umr.

Flm. (Þorv. Garðar Kristjánsson): Herra forseti. Á síðasta Alþ. flutti ég frv. sama efnis í meginatriðum og frv. það, sem hér liggur fyrir á þskj. 222. Ég get því að sumu leyti verið nokkuð stuttorðari í framsögn fyrir þessu máli nú en ella hefði verið. Á síðasta þingi, flutti ég ítarlega ræðu um þetta mikilvæga efni, en málið hlaut ekki afgreiðslu á því þingi. En hér er um svo stórt og veigamikið mál að ræða, að ég tel nauðsynlegt og sjálfsagt að gera því nú nokkur skil.

Húsnæðismálin í heild eru mikilvæg, og er enginn ágreiningur um það. En ég tel einnig, að þetta frv. sé mikilvægt, vegna þess að í því felast ýmis ákvæði, sem að vissu leyti marka grundvallarbreytingu í framkvæmd þessara mála og stórkostlega eflingu lánastarfseminnar að hinu leytinu. Þetta frv. gerir t. d. ráð fyrir

því, að tekin verði upp sú regla, að hægt sé að veita mismunandi há lán eftir því, hvar er á landinu. Þetta er grundvallarbreyting frá löggjöfinni, eins og hún er nú. Þá gerir þetta frv. ráð fyrir því, að á vissum stöðum á landinu sé hægt að taka upp verðtryggingu íbúða. Hér er um að ræða algert nýmæli. Slík ákvæði er ekki að finna í gildandi l. Enn gerir þetta frv. ráð fyrir stórkostlegri eflingu Byggingarsjóðs verkamanna og veigamikilli breytingu í fjármögnun Byggingarsjóðs frá því, sem hefur verið allt frá því að hann var stofnaður fyrir rúmum 40 árum. Enn fremur gerir þetta frv. ráð fyrir mikilli hækkun hinna almennu íbúðarlána húsnæðismálastjórnar ríkisins. Og loks er það helst til að taka hvað varðar þýðingarmikil grundvallaratriði, að frv. gerir ráð fyrir sérstökum fjárframlögum úr Byggðasjóði til húsnæðismála í þeim tilgangi að efla jafnvægi í byggð landsins.

Meginkafli þessa frv. fjallar einmitt um aðgerðir til þess að efla jafnvægi í byggð landsins. Það er mál, sem mikið er rætt, ekki einungis á þessu þingi, heldur síðasta þingi og á öllum þingum, svo lengi sem ég man glöggt eftir. Og það er einkennandi fyrir þessar umr., hvað allir eru sammála um, að gera þurfi aðgerðir til að efla jafnvægi í byggð landsins. Hins vegar er það og einkennandi, hve lítið hefur áunnist í þessum efnum, og er það allt kunn saga, sem ég ætla ekki að fara að rekja hér.

En þetta viðfangsefni, að efla jafnvægi í byggð landsins, er margslungið. Kann að vera, að það sé í og með vegna þess, hve margslungið það er, hve erfiðlega hefur gengið að ná viðhlítandi árangri í þeirri viðleitni, sem hefur verið sýnd í þessa átt. Og það er líka kannske vegna þess, að menn hafa ætlað að gera allt fyrir alla á sama tíma, og auðvitað er það engin lausn á slíku máli sem þessu. Út úr því kemur annað hvort ekkert eða þá aðgerðir, sem öllum kunna að vera til góðs og geta í sjálfu sér verið sjálfsagðar og eðlilegar, en gera ekkert í því að jafna aðstöðumuninn í þá átt, að byggðajafnvægi í landinu verði eflt.

Ég sagði, að þetta vandamál væri margslungið. Einn þáttur þess eru húsnæðismálin. Og það vill svo til, að það er einmitt á þessu sviði, þar sem skórinn kreppir að ekki síst og nauðsynlegt er að beita sér við í allri viðleitni til eflingar byggðajafnvæginu. Nú er það svo, að víða úti um land skortir íbúðarhúsnæði. Þetta á einkum við þróttmikla útgerðarstaði. Þar er húsnæðisskorturinn þess eðlis, að hann kemur í í veg fyrir fólksflutninga til þessara staða, sem annars væri grundvöllur fyrir. Þetta er á stöðum, þar sem skortir fólk á vinnumarkaðinn, til þess að framleiðslutækin, sem þar eru þegar fyrir hendi, verði fullnýtt og rekin með eðlilegum hætti. Á þessum sömu stöðum eru víða hin hagkvæmasta aðstaða til frekari atvinnuuppbyggingar. Þar sem svo háttar til, getur því verið hinn ákjósanlegasti grundvöllur til eflingar byggðajafnvægi í landinu, ef ýtt er undir fólksflutninga til þessara staða frá þeim landsvæðum, þar sem fjölmenni hefur raskað eðlilegu byggðajafnvægi.

Til þess að hagnýta þennan grundvöll til eflingar byggðajafnvægi þarf aðgerðir, sem koma í veg fyrir, að húsnæðisskorturinn hindri búsetuskipti fólks, sem vill leita til þessara staða í atvinnuskyni. Þessar aðgerðir þurfa og að vera þess eðlis, að þær í sjálfu sér örvi til þessara fólksflutninga. Þess vegna eru ekki önnur úrræði í þessu máli en gera mögulegt, að íbúðarlán, sem veitt eru til þessara staða, verði hærri og hagkvæmari en almennt gerist.

Þetta þarf að gilda um öll íbúðarlán, sem veitt eru til þeirra byggðarlaga, sem eiga að njóta þessarar aðstoðar. Það er t. d. ekki nægilegt að binda þessi sérstöku lán við byggingu leiguíbúða. Á þessum stöðum eru leiguíbúðir að vísu nauðsynlegar, en þær leysa ekki allan vandann. Engin frambúðarlausn fæst, nema öllum, sem byggja íbúðarhús, séu veitt þessi lán. Ekki á þetta síst við um þá, sem vilja koma sér upp eigin íbúðum, svo sem algengast er um landsmenn. Mest er um vert að ýta undir íbúðarhúsabyggingar einstaklinga á þessum stöðum, því að það eru einstaklingarnir, sem eru driffjöðrin í þessum framkvæmdum í landinu. Fram hjá þessari staðreynd verður ekki gengið. Hins vegar hefur í þessum efnum reynst sá þröskuldur, að einstaklingar hafa oft veigrað sér við að byggja sér íbúðir á mörgum þeim stöðum, þar sem þessi sérstaka aðstoð í húsnæðismálunum þarf einmitt að koma til. Menn hafa óttast, að fjármunir þeir, sem þeir legðu í íbúðarbyggingar á þessum stöðum, rýrnuðu í verði vegna ótryggrar framtíðar viðkomandi staða. Þeir hafa óttast, að þeir gætu ekki selt íbúðir sínar á kostnaðarverði eða í eðlilegu samræmi við almennt verðlag í landinu, ef þeir vildu eða þyrftu að selja þessar íbúðir, t. d. vegna brottflutnings. Gegn þessum vanda verður ekki snúist, nema þessir menn fái nokkra tryggingu fyrir því, að þeir bíði ekki tjón af framtaki sínu, sem er þjóðfélaginu svo mikilvægt til eflingar byggðajafnvægi.

Það, sem ég hef nú sagt, lýsir nokkuð þeim vanda, sem við er að etja í þessum málum, og með því frv., sem hér liggur fyrir, eru lagðar til ákveðnar aðgerðir til þess að mæta þessum vanda á þann veg, að þær aðgerðir efli jafnvægi í byggð landsins. Þetta frv. gerir ráð fyrir því, að inn í lög um Húsnæðismálastofnun ríkisins komi nýr kafli, er fjalli um íbúðarlán til eflingar byggðajafnvægi. Þar segir, að ríkisstj. geti ákveðið eftir beiðni viðkomandi sveitarstjórnar sérstaka fyrirgreiðslu við húsbyggjendur í þeim héruðum landsins, sem aðstoðar er þörf til eflingar byggðajafnvægi í landinu. Lagt er til, að stjórn Byggðasjóðs sé kvödd til ráða um slíkar ákvarðanir. Þarf þá að meta, hvort aðstoðar er þörf og hvort aðstoð kemur að tilætluðum notum til eflingar jafnvægi í byggð landsins. Ennfremur getur þurft að meta, hvaða staðir hafi forgang eða í hvaða röð hin einstöku byggðarlög hljóta aðstoð þessa, ef ekki verður hægt að sinna öllum réttmætum umsóknum samtímis.

Frv. kveður svo á um form þeirrar aðstoðar, sem veita skal, að ákvörðun um aðstoð eigi að gilda fyrir fjögur ár í senn. Hér er reiknað með ákveðnu framkvæmdatímabili hliðstætt því, sem lög mæla nú fyrir um aðstoð úr Byggingarsjóði verkamanna, til að koma við skipulegum vinnu-

brögðum og áætlunargerð um að ná settum áfanga í íbúðarbyggingum. Á þessu tímabili skal veita í viðkomandi sveitarfélagi sams konar lán og veitt er nú úr Byggingarsjóði ríkisins til íbúða, sem byggðar eru á vegum Framkvæmdanefndar byggingaráætlunar ríkisins í Breiðholtinu í Reykjavík. Þessi sérstöku lán á að veita öllum byggingaraðilum, bæði til byggingar eigin íbúða og leiguíbúða, hvort sem það eru einstaklingar, byggingarfélög eða viðkomandi sveitarfélag sjálft. Hin sérstaka aðstoð er fólgin í því, að lán þessi eru að upphæð 80% af byggingarkostnaði íbúða og eru til 33 ára, afborgunarlaus fyrstu 3 árin, en endurgreiðast síðan á 30 árum. Hér er um að ræða miklum mun betri lán en hin almennu lán Byggingarsjóðs ríkisins. Þau lán eru nú ákveðin 800 þús. á hverja íbúð, en nema naumast 40% af byggingarkostnaði meðalstórrar íbúðar og eru einungis til 25 ára og með engum afborgunarfresti.

Augljóst er, að fjármagn þarf til þess að gera mögulegt að veita þessa sérstöku tegund lána til þeirra byggðarlaga, sem efla þarf. Til að mæta þessari fjármagnsþörf Byggingarsjóðs ríkisins gerir þetta frv. ráð fyrir, að lögð sé sú skylda á Byggðasjóð að kaupa skuldabréf, sem veðdeild Landsbanka Íslands er heimilt að gefa út til öflunar fjár í Byggingarsjóðinn. Þessi skuldabréfakaup Byggingarsjóðs hljóta að nema verulegri fjárhæð á hverju ári, eins og málin standa nú, að ég ætla ekki undir 300—400 millj. kr., ef miðað er við, að íbúðarlán til eflingar byggðajafnvægi verði ekki til færri en 200—300 íbúða árlega. Með tilvísun til þess, sem ég hef hér greint um mikilvægi þessara aðgerða, getur ráðstöfunarfé Byggðasjóðs ekki verið betur varið miðað við tilgang sjóðsins en að standa undir því, sem sérstaklega er gert í húsnæðismálunum til eflingar jafnvægi í byggð landsins. Ef hins vegar kann að þykja nauðsynlegt að auka tekjur Byggðasjóðs í þessu skyni, þá er það aðgerð, sem að mínu viti krefst forgangs.

Ég sagði áðan, að þetta frv. gerði ráð fyrir verðtryggingu íbúða á þeim stöðum í landinu, sem sérstaklega þyrfti aðstoðar við til eflingar byggðajafnvægi. Þessi verðtrygging er til góða upphaflegum lántakendum, en nær ekki til eigenda íbúðanna, sem síðar kunna að verða. Er verðtryggingin í því fólgin, að Byggingarsjóði ríkisins er að beiðni lántakenda gert skylt að yfirtaka viðkomandi íbúð, ef 5 ár eru liðin frá lántöku og lánið er ekki greitt að fullu. Skal þá kaupverð íbúða nema byggingarkostnaði að viðbættri hækkun samkv. byggingarvísitölu að frádreginni fyrningu að mati dómkvaddra manna. Þessa verðtryggingu er ekki skylt að láta í té, ef sveitarfélag er lántakandi.

Ekki er gert ráð fyrir, að Byggingarsjóður ríkisins hafi eignarhald til frambúðar á þeim íbúðum, sem hann yfirtekur. Sjóðnum er gert skylt að selja þessar íbúðir á hæsta fáanlegu verði. Hins vegar er ekki heimilt, að söluverð þessara íbúða sé lægra en nemur byggingarkostnaði, nema sveitarfélag sé kaupandi. Með þessu ákvæði er sveitarfélaginu veittur sérstakur réttur fram yfir alla aðra byggingaraðila, og markast það af því, að hér er um opinbert fé að tefla, og ef Byggingarsjóðurinn kann að tapa á þessum aðgerðum, þá er það ekki óeðlilegt, að sveitarfélagið njóti þess, en ekki aðrir.

En til að mæta tapi, sem Byggingarsjóður kann að verða fyrir vegna mismunar á kaupverði og söluverði hinna verðtryggðu íbúða, kveður frv. svo á, að ráðstafa skuli fjárhæð, sem svarar tekjum af 1% lántökugjaldi, sem sjóðurinn tekur nú samkv. lögum af öllum útlánum sínum. Erfitt er af augljósum ástæðum að gera sér grein fyrir, hve miklu Byggingarsjóður kann að tapa við framkvæmd verðtryggingarinnar. Það hlýtur að fara mikið eftir árangri þeirra aðgerða, sem gerðar eru samk. þessv frv. Ef vel tekst til, eru líkur fyrir því, að fólksflutningur til staða, sem njóta verðtryggingarinnar, stuðli þar að hækkun húsaverðs eða geti komið í veg fyrir óvenjulega lágt verðlag húsa. Hins vegar er nauðsynlegt að kveða á um, hvað heimilt er að verja miklu fjármagni vegna verðtryggingarinnar. Þess vegna legg ég til, að fjárhæð, sem svarar lántökugjaldi Byggingarsjóðsins, megi verja í þessu skyni.

Í bili þarf aftur á móti ekkert fjármagn vegna verðtryggingarinnar. Samkv. ákvæðunum um verðtryggingu getur hún ekki komið til framkvæmda fyrr en í fyrsta lagi eftir 5—6 ár frá því, að frv. þetta verður að lögum. Ekki er óvarlegt að reikna með, að það fjármagn, sem lántökugjaldið gefur á þessu tímabili, verði orðið samtals a. m. k. 100 millj. kr., þegar komið getur til útgjalda að ráði vegna verðtryggingarinnar. Nauðsyn ber hins vegar til að hafa hliðsjón af þessari nýju fjármagnsþörf vegna verðtryggingarinnar, þegar hinir almennu tekjustofnar íbúðarlánakerfisins verða efldir, eins og augljóslega þarf að gera, þótt hér séu ekki settar fram till. um það efni, þar sem enn þykir rétt að láta reyna á, hvort staðið verður við margítrekuð loforð um að gera það. En þau loforð voru gefin af fyrrv. félmrh., og ekki er svo langt um liðið, síðan núv. hæstv. félmrh. settist í ráðherrastól, að mér þyki hlýða að væna hann um, að ekki muni koma til efnda í þessu efni. En í því sambandi vil ég aðeins segja það, að nú þykir mér, að ekki megi dragast öllu lengur samt, að einhverjar till., einhver ráð fari að sjá dagsins ljós af hálfu hæstv. ráðh.

Ég hef nú rætt um þetta mál, sem fjallar um aðgerðir til eflingar byggðajafnvæginu. En eins og ég gat um í upphafi míns máls, þá felur þetta frv. í sér tvö önnur atriði, sem eru ekki eins mikil grundvallarbreyting og það, sem varðar verðtryggingu og mismunandi lán í landinu eftir því, hvar menn eru búsettir, en það eru grundvallarbreytingar. Þessi tvö atriði, sem ekki varða jafnvægi í byggð landsins, eru samt ákaflega þýðingarmikil, því að þau fela í sér stórkostlega eflingu á starfsemi Byggingarsjóðs verkamanna annars vegar og hins vegar stórkostlega hækkun á hinum almennu íbúðarlánum Byggingarsjóðs ríkisins.

Í meira en 40 ár hefur ríkissjóður greitt árlega framlag til Byggingarsjóðs verkamanna, sem verið hefur jafnhátt og samanlögð framlög sveitarfélaga til Byggingarsjóðsins hafa verið á ári hverju. Eftir að gagnger breyting var gerð á verkamannabústaðakerfinu árið 1970, komu í ljós erfiðleikar í fámennum sveitarfélögum á framkvæmd þessara mála. Kom það til af því, að

byggingarframkvæmdum voru sett takmörk, sem miðast við framlag hlutaðeigandi sveitarfélags til Byggingarsjóðs verkamanna. Samkv. þessum ákvæðum mátti hámarksframlag sveitarfélaga ekki vera hærra en sem svaraði 400 kr. á hvern íbúa í viðkomandi sveitarfélagi. Þetta hámarksframlag reyndist vera of lágt í fámennum sveitarfélögum, til þess að við yrði komið nægilega miklum og hagkvæmum byggingarframkvæmdum. Til að bæta úr þessu lagði ég fram ásamt fleiri hv. þm. í þessari d. og þ. á. m. hæstv. yfirmanni þessara mála nú, hæstv. félmrh., frv um það að hækka hámark framlagsins úr 400 þús. kr. á hvern íbúa í 1200 þús. kr. Þetta frv. var samþ. Þannig standa málin nú, og að þessu hefur orðið veruleg bót.

En þrátt fyrir þessa bragarbót, sem þýddi, að möguleikar til framkvæmda þrefölduðust, hefur komið í ljós, að ekki var nóg að gert. Þar að auki hefur komið til, að sveitarfélögin hafa átt erfitt með að standa undir greiðslubyrði sinni vegna byggingar verkamannabústaða. Afleiðingin hefur orðið sú, að verkamannabústaðir hafa ekki verið byggðir í eins ríkum mæli og þurft hefði. Til þess að bæta úr þessu er ekki ráð að leggja þyngri byrðar á sveitarfélögin en gert hefur verið, miðað við óbreytta tekjustofna þeirra og verkefni. Þess vegna er lagt til í þessu frv., að Byggingarsjóður verkamanna verði fjármagnaður af ríkissjóði að 3/4 hlutum og af sveitarsjóðum að 1/4 hluta.

Þessi breyting felur í sér þreföldun á upphæð framlags ríkissjóðs miðað við óbreytta fjárhæð frá sveitarfélögunum. Þannig er á fjárl. þessa árs framlag ríkissjóðs til Byggingarsjóðs verkamanna ákveðið 100 millj. kr. gegn jafnháu framlagi frá sveitarfélögunum. Hér er því um að ræða 200 millj. kr. hækkun á framlagi ríkissjóðs miðað við óbreytta fjárhæð frá sveitarfélögunum. Þetta þýðir, að ráðstöfunarfé til byggingar verkamannabústaða gæti tvöfaldast, án þess að aukið sé framlag sveitarfélaganna.

Gera má ráð fyrir, að þessi breyting á hlutfalli framlaga til sjóðsins geti stóraukið byggingu verkamannabústaða, þar sem frumkvæði þessara framkvæmda er samkv. lögum á valdi sveitarstjórna. Með slíkum ráðstöfunum verður best unnið að húsnæðismálum láglaunafólks, þar sem lánakjör Byggingarsjóðs verkamanna eru þau langtum bestu sem völ er á.

Þá kem ég að lokum að því ákvæði þessa frv., sem gerir ráð fyrir stórhækkun á hinum almennu íbúðarlánum Byggingarsjóðs ríkisins. Það er ekki að ófyrirsynju, að gerð er till. um slíkt. Rifjum þetta mál upp aðeins í örfáum orðum.

Í lögum um Húsnæðismálastofnun ríkisins frá 1970 var fjárhæð lána úr Byggingarsjóði ríkisins ákveðin 600 þús. kr. Jafnframt var það nýmæli þá tekið upp í lög þessi, að húsnæðismálastjórn gæti að fengnu samþykki félmrh. breytt lánsfjárhæð þessari á tveggja ára fresti til samræmis við breytingar á vísitölu byggingarkostnaðar.

Eftir að lög þessi voru sett, hefur orðið mikil hækkun á byggingarkostnaðinum eins og allir vita og öllum er ljóst. Í maí 1970 var vísitala byggingarkostnaðar 439 stig. Tveim árum síðar eða í maí 1972 var þessi vísitala orðin 603 stig og hafði því hækkað um 37.4%. Enn hækkaði byggingarvísitalan 1. júlí 1972 í 683 stig og var orðin 55.6% hærri en í maí 1970. Svo var komið 1. nóv. 1972, að vísitala byggingarkostnaðar var orðin 689 stig, og var þar um að ræða 56.9% hækkun síðan lög um Húsnæðismálastofnun ríkisins voru sett í maí 1970.

Þrátt fyrir þessa miklu hækkun byggingarkostnaðar hafði upphæð íbúðarlána Byggingarsjóðs ríkisins verið óbreytt á þeim tíma. Augljóst var, að við svo búið gat ekki staðið. Ég flutti því á síðasta þingi þáltill. um hækkun lánsupphæðar úr 600 þús. í 900 þús. kr. Þessi till. hlaut ekki afgreiðslu, hlaut ekki náð fyrir augum valdhafanna, en þess skal getið, að hún kom samt hreyfingu á málið. Samkv. stjórnarfrv., sem lagt var fram síðar og samþ. var í apríl s. l., var sú breyting gerð á l. um Húsnæðismálastofnun ríkisins, að lánsfjárhæðin má nú vera 800 þús. kr. í stað 600 þús. kr., sem áður var.

En hér var bæði of lítið og of seint að gert. Í apríl s. l. var byggingarvísitalan 708 stig og hafði því hækkað um 61.3% síðan í maí 1970, en lánsfjárhæðin hækkaði á sama tímabili aðeins um 33.3%,—61.3% á móti 33.3%. Þetta eru sláandi tölur. En auk þessa hefur nú komið til mikil hækkun byggingarkostnaðar, frá því að þetta var ákveðið, svo sem öllum er ljóst. Nú er vísitala byggingarkostnaðar orðin 913 stig eða hefur hækkað frá því í maí 1970 um hvorki meira né minna en 108%, en lánsfjárupphæðin aðeins um 33.3%.

Þetta eru ákaflega alvarlegar staðreyndir. Og fram hjá þessum staðreyndum verður ekki gengið, ef menn ætla að taka þessi mál, húsnæðismálin, föstum tökum. Og af þessu má að sjálfsögðu marka, að það er fullkomlega tímabært að leggja til, eins og þetta frv. gerir ráð fyrir, að lánsupphæðin á hinum almennu íbúðarlánum Byggingarsjóðs ríkisins verði hækkuð úr 800 þús. kr. í 1200 þús. kr. Og það er tæpast, að þetta fylgi eftir hækkun byggingarvísitölunnar. En ég verð að segja það, að ég mundi verða mjög ánægður, ef hv. Alþ. og þessi hv. d., sem ég vænti, að hafi forustu í þessu máli, fellst á þessa hækkun. Og ég sé raunar ekki, hvernig hægt er að hafna þessari till. Og þegar ég segi, að ég sjái það raunar ekki, þá segi ég það vegna þess, að ég tek alvarlega, vil taka alvarlega það, sem hæstv. ríkisstj. og sérstaklega hæstv. félmrh. segir um þessi efni.

Það verður ekki farið í neinar grafgötur með það, að hæstv. félmrh. segist vilja bæta hér úr. Ég lít svo á, að honum sé alvara. Hann hefur að vísu lagt meiri áherslu á aðra þætti á þeim stutta tíma, sem hann hefur farið með völdin, og ég á þar sérstaklega við félagslegar aðgerðir, svo sem byggingu leiguíbúða. Ég er honum algjörlega sammála um nauðsyn á byggingu leiguíbúða og ekki síst í þeim byggðarlögum úti á landi, sem í vök eiga að verjast og þarf að efla, þarf að styrkja til þess að efla byggðajafnvægi í landinu. En eins og kom fram í máli mínu áðan, eru leiguíbúðamálin aðeins einn þáttur, og það þarf að gera hliðstæðar ráðstafanir í sambandi við byggingu eigin íbúða og fyrir hvern sem í hlut á á þeim svæðum, sem við ætlum að efla. En hvað sem þessu líður, þá megum við ekki falla í þá

gröf að leysa þessi mál, sérstöku mál, á kostnað hinna almennu íbúðarlána, sem meginhluti landsmanna nýtur góðs af. Við megum ekki halda svo á þessum málum, um leið og við sýnum viðleitni til að sækja fram á einstökum sviðum, að þá látum við það viðgangast, að þessi almennu lán, sem snerta langflesta í þjóðfélaginu, rýrni svo að notagildi, að þau svari hvergi nærri þeim þörfum, sem þeim var ætlað að svara, þegar síðasta endurskoðun laga um Húsnæðismálastofnun ríkisins var gerð árið 1970. Slíkt væri algjör undansláttur.

Sannleikurinn er sá, að það er þörf á því fyrir okkur að sækja fram í þessum efnum, og fram til 1970 var okkur smám saman að miða áfram í þessu efni, þ.e.a.s. að íbúðarlánin hækkuðu ívið meira sem svaraði hækkun byggingarkostnaðarins, og það var raunar um allverulega framför að ræða í þessu efni. Þegar fyrrv. ríkisstj. lét af völdum, vorum við samt hvergi nærri komnir nógu langt í þessu efni, — hvergi nærri. Við vorum langt á eftir því, sem gerist í þeim löndum, sem væri ekki óeðlilegt að gera samanburð á í þessum efnum við okkur Íslendinga, svo sem á Norðurlöndum og öðrum helstu nágrannalöndum okkar, — langt á eftir. Það er þess vegna mikið áhyggjuefni, að nú skuli svo hafa til tekist frá því 1970, að hér hefur stigið svo mjög á ógæfuhliðina.

Ég sé ekki ástæðu að vera að fjölyrða um þetta. Það væri hægt að halda langa ræðu um það. Mér sýnist málið vera svo augljóst, að þess gerist ekki þörf. Og það er m.a. vegna þess, hve margt af því, sem lagt er til í þessu frv., þarf augljóslega að gera, að ég geri mér vonir um, að það fái vandaða meðferð og afgreiðslu sem fyrst úr þessari deild, svo að von geti orðið til þess, að einhver árangur af þessu frv. fáist á þessu þingi.

Ég vil svo leyfa mér, herra forseti, að leggja til, að máli þessu verði að lokinni þessari umr. vísað til hv. fémn.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 12 shlj. atkv. og til félmn. með 11 shlj. atkv.

Neðri deild, 57. fundur.

Mánudaginn 4. febr., kl. 2 miðdegis.

Varamaður tekur þingsæti.

Forseti (Bjarni Guðnason): Forseta hefur borist svo hljóðandi bréf, dags. 31. jan. 1974:

„Þar sem ég vegna sérstakra anna mun ekki geta sótt þingfundi á næstunni, leyfi ég mér að biðja um fjarvistarleyfi og með skírskotun til 138. gr. l. um kosningar til Alþingis að óska þess, að 1. varamaður Alþb. í Reykjavík, Jón Snorri Þorleifsson trésmiður, taki sæti á Alþ. í fjarveru minni.

Eðvarð Sigurðsson, 8. þm. Reykv."

Jón Snorri Þorleifsson hefur áður setið hér á Alþ. og þarf því ekki að samþykkja kjörbréf hans, og býð ég hann velkominn til starfa.

Íbúðarhúsnæði í eigu ríkisins, frv. (þskj. 339). — Frh. 1. umr.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 29 shlj. atkv. og til fjh.- og viðskn. með 26 shlj. atkv.

Málflytjendur, frv. (þskj. 338). — 1. umr.

Forsrh. (Ólafur Jóhannesson): Herra forseti. Frv. þetta til l. um málflytjendur var lagt fyrir síðasta Alþ. og þá fyrir þessa hv. d., og var fjallað nokkuð um frv. í n. Ég gerði þá allítarlega grein fyrir frv. og sé ekki ástæðu til að endurtaka þá ræðu, sem ég flutti þá.

Lög um málflytjendur eru að stofni til frá 1942, og síðan hefur margt breyst, ekki aðeins í þjóðlífinu, heldur einnig í málflytjendastéttinni, þannig að það hafa bæst við mjög margir málflytjendur, og þarf því engan að undra, þótt þörf sé á að endurskoða nokkuð þær reglur, sem um þá gilda samkv. lögum. Ljóst er, að það er æskilegt, að um málflytjendur séu fyrir hendi skýrar reglur, bæði um stöðu þeirra, skyldur og réttindi, er stuðlað geti að því, að almenningar geti borið til þeirra það traust, sem nauðsynlegt er. Og þær reglur, sem þetta frv. hefur að geyma, eiga að stuðla að því, að svo geti verið, og eru þess vegna sett ítarlegri ákvæði um ýmislegt heldur en í núgildandi l. og tekið skýrar fram.

Annars má segja, að það séu tvær meginbreytingar, sem felast í þessu frv., annars vegar varðandi prófraun málflytjenda til þess að öðlast réttindi til að flytja mál fyrir héraðsdómi og hins vegar að því er varðar agavald það, sem stéttin hefur haft yfir lögmönnum. Að því er agavaldið varðar, hefur það hingað til verið í höndum stjórnar Lögmannafélagsins, en nú þykir æskilegt að gera á því nokkra breytingu, þannig að gert er ráð fyrir að setja upp sérstaka stofnun, ef svo má segja, sem fari með það agavald, þriggja manna lögmannsdóm, sem kallaður er, en í honum eigi sæti tveir málflutningsmenn, en að auki formaður, sem skipaður er af hæstarétti.

Viðvíkjandi prófraun þeirri, sem málflytjendur hafa orðið að gangast undir, var í frv., eins og það var lagt fyrir í fyrra, gert ráð fyrir því að fella hana niður, en krefjast þess í stað ákveðins reynslutíma hjá starfandi lögmanni. Það var einkum þetta ákvæði, sem sætti andmælum utan þings og þá sérstaklega hjá laganemum, sem töldu, að með þessu móti gæti þeim verið gert erfiðara fyrir en áður að öðlast þessi réttindi. Með hliðsjón af þeim mótbárum, sem þá komu fram, hefur verið gerð breyt. á þessu frv. frá því, sem var í fyrra, þannig að það er reynt að fara hér eins konar meðalveg, þannig að reynslutíminn, sem krafist er, er styttur úr tveimur árum og niður í eitt ár, en jafnframt

er þá krafist tveggja prófmála í stað þess, sem nú er, að krafist er fjögurra. Þessar breyt. eru samdar af þeim, sem samdi frv. þetta í öndverðu, þ. e. a. s. Benedikt Sigurjónssyni hæstaréttardómara. Ég vona, að með þessum meðalvegi sé fundin leið, sem aðilar þeir, sem hér eiga helst hlut að máli, geta sætt sig við. En það verður að segja, að þó að það sitji síst á mér að segja nokkuð vafasamt um lagakennslu, þá hefur hún ekki verið sniðin við það, að menn gætu gengið beint út í praxis frá prófborði. Það eru viss praktiskt atriði, sem mönnum er nauðsynlegt að kunna og setja sig inn í. Það held ég, að flestir, sem kunnugir eru, hljóti að játa. Þess vegna hefur þessi háttur verið hafður á, að krefjast þessa frekara prófs fyrir lögfræðinga, sem ætla að gerast málflutningsmenn.

Mér er ljóst, að það skipulag, sem gilt hefur í þessu efni, er ekki það eina, sem getur komið til greina, og kannske ekki það ákjósanlegasta. En með því að fara þann meðalveg, sem hér er lagt til, held ég, að sé sneitt hjá því að leggja óeðlilegan stein í götu nýrra lögfræðikandídata, sem vilja leggja út á þessa braut. Og ég vona, að það sýni sig, að þeir sættist á þetta.

Auðvitað má hugsa sér ýmislegt annað skipulag. T. d. mætti hugsa sér það, að háskólinn stofnaði beinlínis til framhaldskennslu, framhaldsnámskeiðs, eins vetrar námskeiðs eða svo, fyrir þá, sem ætluðu að leggja þessa grein sérstaklega fyrir sig. En þá mundi það kalla að sjálfsögðu á aukna kennslukrafta hjá háskólanum, og kannske verður alltaf heppilegast, að menn kynnist þessu beint hjá starfandi lögmönnum, að einhverju leyti a. m. k., þó að það sé ekki krafist lengri tíma en þarna er gert, eins árs, og svo flutnings tveggja prófmála í viðbót. Að sjálfsögðu helst það, sem gilt hefur og gildir samkv. núgildandi l., að þeir, sem hafa áunnið sér með störfum rétt til þess að mega skiptast í dómaraembætti, eru undanþegnir þessari prófraun.

Ég vona svo, hæstv. forseti, að ég þurfi ekki að fara fleiri orðum um þetta frv. að sinni, heldur geti ég vísað þeim, sem forvitni léki á að kanna þetta nánar, á þá grg., sem ég flutti um þetta í fyrra og ætti að vera tiltæk í þingtíðindum og ég sé ekki ástæðu til, eins og ég sagði áðan, að endurflytja hér.

Ég leyfi mér svo að óska eftir því, að málinu verði vísað til 2. umr. og hv. allshn.

Stefán Gunnlaugsson: Herra forseti. Ekki skal dregið í efa, að þörf sé á að gera breyt. á gildandi löggjöf um málflytjendur, sem mun vera frá árinu 1942 að meginstofni, eins og hæstv. ráðh. sagði í ræðu sinni áðan, og sjálfsagt er ýmislegt í þessu frv., sem horfir til bóta, ef að lögum verður, frá því, sem núgildandi lög gera ráð fyrir.

Eins og fram kom í ræðu hæstv. ráðh. og fram kemur í grg. með þessu frv., er það að mestu eins og þess konar frv., sem lagt var fyrir Alþ. haustið 1972, en þó hefur því ákvæði verið breytt, er helst sætti andmælum utanþings, þegar það var hér til meðferðar, og snertir öflun málflutningsréttinda fyrir héraðsdómi og var á þá leið, að felld yrði niður málflutningsprófraun héraðsdómslögmanna, en í stað þess kæmi tveggja ára þjónustutími sem tilkynntur fulltrúi hjá lögmanni. Til þess að koma til móts við þessi andmæli er ákvæði 5. tölul. 13. gr. þessa frv. þannig fyrir komið, að gert er ráð fyrir að fækka prófmálum úr 4 í 2, en jafnframt áskilinn þjónustutími sem tilkynntur fulltrúi hjá lögmanni í eitt ár í stað tveggja í fyrra frv. Ég verð fyrir mitt leyti að lýsa því yfir þegar við 1. umr. þessa máls, að ég er andvígur þessu ákvæði.

E. t. v. eru sumir hv. þm. þeirrar skoðunar, að þetta mál sé þess eðlis, að lögfræðingastéttin eigi í rauninni að útkljá það í sínum hópi, þótt hið háa Alþ. verði þar auðvitað einnig að koma til, þetta snerti þá, sem þeirri stétt manna tilheyri, fyrst og fremst, og það sé kannske nánast slettirekuskapur, ef aðrir eru að hafa sig þar mikið í frammi. Þessu viðhorfi er ég algerlega ósammála. Ég fæ nefnilega ekki betur séð en sú till., sem er á ferðinni í þessu frv., að fá það vald í hendur starfandi lögmönnum í landinu, hverjir og hversu margir bætist í stétt þeirra, sé enn eitt dæmi um þá vaxandi tilhneigingu að takmarka aðgang manna að vissum hálaunastéttum í þjóðfélagi okkar. Gleggstu dæmin um það eru takmörkun á fjölda nemenda í vissar deildir Háskóla Íslands. Þessari þróun vil ég fyrir mitt leyti hamla á móti og skal með nokkrum fleiri orðum rökstyðja afstöðu mína nánar gagnvart umræddu atriði í frv.

Ef 13. gr. frv. nær fram að ganga óbreytt, hefur það í för með sér, að praktíserandi lögmenn öðlast vald að verulegu leyti til að ákvarða, hvaða menn fá málflutningsréttindi, og geta þannig takmarkað aðgang að stétt sinni að vild. Ýmislegt mælir á móti þessu fyrirkomulagi að mínum dómi, auk þess að vera út frá almennum sjónarmiðum ákaflega óheillavænleg þróun.

Vil ég fyrst nefna það atriði, að óeðlilegt og óæskilegt verður að teljast, að tiltölulega fámennur hópur manna, sem á beinna persónulegra hagsmuna að gæta í því að halda fjölda héraðsdómslögmanna innan vissra marka, hafi úrslitaáhrif á veitingu slíkra opinberra réttinda sem hér um ræðir. Við þetta bætist svo það, að ekki mun algengt, að lögmenn hafi löglærða fulltrúa í störfum hjá sér, eftir því sem mér hefur verið tjáð. Þeir gætu vissulega séð sér hag í því að takmarka enn frekar en nú er aðgang slíkra manna að störfum á skrifstofum sínum. Og hvaða trygging er fyrir því, að hæfustu menn-irnir séu látnir ganga fyrir í slík störf, sem hér um ræðir hjá lögmönnum? Getur t. d. ekki kunningsskapur og frændsemi ráðið úrslitum á stundum í slíkum tilfellum? Finnst mönnum það ekki nokkuð hart aðgöngu fyrir nýútskrifaða lögfræðinga, sem lokið hafa löngu og ströngu háskólaprófi, að eiga það undir væntanlegum keppinautum í lögfræðingastétt, hvort þeir öðlist réttindi til þess starfs, sem þeir hafa menntað sig til?

En rétt og skylt er að geta þess, að lögfræðingar geta komist hjá umræddu ákvæði til að ná málflutningsréttindum samkv. frv. En ekki er það allra að komast þá leið, og raunar er það óeðlileg leið fyrir þá, sem fyrst og fremst hafa áhuga á málflutningsstörfum. Samkv. 2. mgr. 13. gr. er nefnilega gert ráð fyrir, að ýmsir aðilar,

sem lokið hafa lögfræðiprófi, geti hlotið málflutningsréttindi fyrir héraðsdómi án þess að uppfylla þá kvöð að hafa starfað á skrifstofu lögmanns. Sumt af þessu fólki hefur stundað störf, sem að litlu eða engu leyti geta talist veita þjálfun í gagnasöfnun og dómkröfugerð, en hún er einmitt aðalröksemdin í grg. með frv. fyrir nauðsyn þess að gera vissum mönnum að skyldu að starfa tiltekinn tíma hjá lögmanni, áður en umrædd réttindi eru veitt. En þeir aðilar, sem þannig er veitt undanþága, eru m. a. bankastjórar, bæjarstjórar, sendifulltrúar, sendiherrar, alþm., fulltrúar í stjórnarráði og skrifstofu Alþ., svo að dæmi séu nefnd. Slíkir menn hafa allir vafalaust ýmsa mikilvæga reynslu, sem kæmi þeim að einhverju gagni við málflutningsstörf. En sú reynsla gefur enga tryggingu fyrir þjálfun í því, sem hér um ræðir, þ. e. a. s. gagnasöfnun og kröfugerð í dómsmálum. Enginn rökstuðningur hefur komið fram fyrir þeirri tilhögun að veita slíkar undanþágur. Hér virðist sem ætlunin sé, að vissar stéttir manna eigi að hafa nokkur forréttindi hvað þetta áhrærir.

Það má vel vera, að nauðsyn beri til þess að gera auknar kröfur til lögfræðinga um meiri þjálfun, áður en þeir öðlast málflutningsréttindi. En ég fæ ekki séð, að það verði gert, svo að réttlátt og sanngjarnt geti talist, með þeim hætti, sem þetta frv. gerir ráð fyrir. Þvert á móti sýnist mér, að sú leið, sem þar er lagt til, að farin verði, auki á misrétti og sé spor í óréttlætisátt hvað snertir möguleika lögfræðinga til að öðlast málflutningsréttindi. Þess vegna ber að mínum dómi að leita annarra úrræða til lausnar þessum vanda, sem hér er á ferðinni, ef vanda skal kalla. Ef menn telja knýjandi að auka þjálfun lögfræðinga, er þá ekki réttast, að slík þjálfun sé í höndum opinberra aðila, eins og raunar hæstv. ráðh. gaf í skyn, að vel geti komið til álita? Hann benti réttilega að mínum dómi á, að það gæti komið til athugunar og álita, að lagadeild háskólans sæi um slíka þjálfun, t. d. með námskeiðum.

En kjarni míns máls, sem ég vil koma hér á framfæri í tilefni þess frv., sem hér er til umr., er sá, að þannig ber að koma hlutunum fyrir, eftir því sem frekast er kostur, að menn geti átt við að búa sem jafnasta aðstöðu til að öðlast þau réttindi í þjóðfélaginu, sem menntun þeirra býður, jafnframt því sem höfð sé hliðsjón af þörfum þjóðfélagsins og alls almennings á hverjum tíma í þeim efnum. Fyrirbyggt verði með öllu, að hálaunuðum sérfræðingastéttum verði sköpuð aðstaða í löggjöf til að takmarka aðgang að verksviði sínu með óeðlilegum hætti. Svo er því miður ekki gert í því frv., sem hér er til umr. Ég leyfi mér að vona, að sú hv. þn., sem fær þetta frv. til meðferðar, geri þær breytingar á frv., sem tryggi framgang þeirra sjónarmiða, sem ég hef gert hér að umtalsefni.

Ellert B. Schram: Herra forseti. Frv. þetta til l. um málflytjendur var lagt hér fram á síðasta þingi. Þá var því vísað til allshn., og sú n. leitaði umsagnar nokkurra aðila um frv. Í þeim umsögnum komu fram ýmsar aths., og ég tel líklegt, þó að ég geti ekki um það fullyrt, að það hafi m. a. valdið því, að frv. þetta stöðvaðist í n. og hlaut ekki afgreiðslu á síðasta þingi. Nú þegar frv. er lagt fram að nýju á síðara hluta þessa þings, vekur það athygli, að ekki hefur verið tekið tillit til þessara aths., sem komu frá umsagnaraðilum. Aðeins ein breyting er gerð á frv. frá því, sem það var á s. l. ári, en ýmsar aðrar aths. hafa ekki verið teknar til greina. Í því sambandi vek ég sérstaklega athygli á umsögn frá Lögmannafélagi Íslands, sem lagði fram brtt. í verulegum atriðum við fjölmargar greinar frv. Nú skal ég ekki leggja dóm á, hvort rétt sé að taka tillit til allra þeirra brtt., en þó sýnist mér, að margt sé í þeim, sem ætti fullt erindi inn í frv.

En ég ætlaði þó fyrst og fremst að fjalla um 13. gr., þá gr., sem hv. 5. landsk. gerði hér að umtalsefni og mótmælti, en í þeirri gr., eins og hann hefur rakið, er talið upp, hvað lögfræðingar þurfa að hafa gengið gegnum, hvaða leiðir þeir verða að fara til þess að öðlast málflutningsréttindi. Þetta ákvæði í frv. var mjög gagnrýnt af held ég öllum þeim, sem fjölluðu um frv. á s. l. ári og sendu inn umsagnir, enda þótt þeir hafi um leið lagt fram mismunandi brtt. En gagnrýnin beinist sem sagt að þessu ákvæði, sem hér hefur verið gert að umtalsefni, því að gert er ráð fyrir, að til þess að öðlast málflutningsréttindi þurfi ungir lögfræðingar að öðlast vissan reynslutíma með því að gerast fulltrúar hjá starfandi málflutningsmönnum. Nú var þessi gagnrýni, sem kom fram í umsögnunum, ekki endilega, ég held alls ekki byggð á þeim forsendum, sem hv. 5. landsk. gaf sér, heldur hins vegar þeim einföldu og augljósu sannindum, að það mun reynast erfitt fyrir unga lögfræðinga að komast að sem fulltrúar hjá málflutningsmönnum. Það er tiltölulega lítill hópur málflutningsmanna, sem tekur til sín fulltrúa á sína skrifstofu, og af þessum ástæðum sjá allir, að það er mjög takmarkaður hópur, sem öðlast þessi réttindi á hverju ári.

Hæstv. dómsmrh. vék hér að einni leið, sem hann taldi vel umhugsunarverða, þ. e. a. s. að stofna til framhaldskennslu í háskólanum, þar sem menn gætu sérhæft sig til málflutnings og öðlast viss réttindi með þeim hætti. En það er einmitt sú leið, sem umsagnaraðilar í fyrra bentu flestir á, og erindi mitt hér í pontu er nú að koma þessum umsögnum hvað þetta varðar til skila, vekja á þeim athygli og undirstrika, að ég tel það vera miklu æskilegri leið heldur en þá, sem gert er ráð fyrir í frv. Í umsögn Lögmannafélags Íslands er vikið að þessari 13. gr. Þar gerir Lögmannafélagið að vísu brtt., sem gengur í aðra átt, en þeir lögmennirnir gera ráð fyrir að 2. mgr. 13. gr. hljóði á þessa leið:

„Eigi má veita leyfi til málflutnings fyrir héraðsdómi, nema leitað hafi verið álits stjórnar Lögmannafélags Íslands og hún tjái sig samþykka leyfisveitingu.“

Það er a. m. k. ekki aðgengilegt fyrir hv. 5. landsk., að þetta vald sé einvörðungu í höndum Lögmannafélagsins. En síðan segir í umsögn Lögmannafélagsins:

„Rétt þykir að taka fram í þessu sambandi, að einnig kom fram á fundinum,“ — þ. e. a. s. fundi, sem lögmenn héldu um þetta frv., — „till. í þá átt, að umsækjendum um réttindi héraðsdómslögmanna yrðu sett sérstök prófskilyrði

til viðbótar þeim skilyrðum, sem talin eru í 1.—15. tölul. 13. gr. frv. Yrði þar annaðhvort um að ræða málflutningsprófraun svipaða því, sem núgildandi lög gera ráð fyrir, eða sérstakt próf í þeim greinum, sem mest reynir á í framkvæmd í starfi lögmanna, og þá tengt sérstökum námskeiðum, að því leyti sem þær eru ekki kenndar til hlítar við lagadeild háskólans. Telur stjórnin þessa hugmynd athyglisverða."

Þetta var úr umsögn Lögmannafélagsins. Leitað var einnig umsagnar Dómarafélags Íslands, og það gaf umsögn um þessa gr., svo hljóðandi:

„Enn fremur vill stjórn Dómarafélags Íslands vekja athygli á því, að þetta frv. takmarkar talsvert aðgang að lögmannastéttinni. Að svo miklu leyti sem það er gert í þeim tilgangi að lyfta lögmannastéttinni og skapa sem hæfasta og ábyggilegasta lögmenn, þá er það að sjálfsögðu góðra gjalda vert, og vill stjórn Dómarafélagsins síst draga úr gildi þess. Hins vegar gæti þetta ákvæði hugsanlega takmarkað um of aðgang manna að stéttinni, vegna þess að innkomuleiðirnar eru ekki nema tvenns konar, annars vegar að hafa verið fulltrúi lögmanns í 2 ár og hins vegar að hafa gegnt þeim störfum, sem upp eru talin í 7. tölul. 32. gr. l. nr. 85 1936. Af þessum sökum telur stjórn félagsins rétt að benda á þriðju innkomuleiðina í lögmannastétt, en hún gæti verið í gegnum sérstakt nám við lagadeild Háskóla Íslands, þar sem mönnum væri bæði kennt og þeir þjálfaðir í þeim störfum, sem lögmenn hafa helst með höndum. Ætti slík námsbraut að geta gert þeim mönnum kleift að komast inn í lögmannastétt, sem af einhverjum ástæðum hafa ekki getað komist þangað eftir hinum leiðunum, en hafa þó bæði hæfileika og löngun til lögmannsstarfa."

Að lokum vitna ég til umsagnar frá Orator, félagi laganema við Háskóla Íslands, en almennur félagsfundur hjá Orator fjallaði um frv., og sagði m. a. í ályktuninni:

„Ef talið er, að lagamenntun við Háskóla Íslands sé ekki fullnægjandi undirbúningur undir þau störf, sem hér um ræðir, er það skoðun félagsins, að eðlilegast sé, að lögfræðingum verði gert kleift með frekara námi við lagadeildina að uppfylla þau viðbótarskilyrði, sem gerð verða til leyfisveitingar."

Eins og heyra má af þessum tilvitnunum, ganga þessar umsagnir í aðalatriðum í sömu átt, gera ráð fyrir einhvers konar námskeiði eða kennslu við lagadeild háskólans, og ég vil fyrir mitt leyti taka undir þær ábendingar, um leið og ég gagnrýni, að þessi leið skuli ekki hafa verið athuguð og tekin inn í frv. nú, þegar það er endurflutt hér á Alþingi.

Forsrh. (Ólafur Jóhannesson): Herra forseti. Ég tel sjálfsagt, að hv. allshn. taki til athugunar þau sjónarmið, sem hér hafa verið sett fram. En út af því, sem hv. síðasti ræðumaður sagði, vil ég að sjálfsögðu geta þess, að þær umsagnir, sem fram komu í fyrra, lágu fyrir höfundi frv. og þeim, sem nú gerði breyt. og hafa verið skoðaðar af honum og hefur það verið skoðun hans, að ekki væri ástæða til að taka þær til greina fremur en hér er gert. Ég bendi á, að hann hefur mikla reynslu, ekki aðeins sem lögmaður, heldur einnig sem dómari, og hefur kynnst þessu máli frá tveim hliðum, ef svo má segja.

Í öðru lagi vil ég segja þetta út af því, sem hv. 5. landsk. sagði um takmarkaðan aðgang að stéttinni. Ég get verið honum sammála að meginstefnu til, að það sé æskilegt, að það séu ekki settar óeðlilegar takmarkanir á möguleika manna til að komast inn í stéttina. Hins vegar er það náttúrlega um fleiri en lögfræðinga, að þótt þeir hafi lokið háskólaprófi, er krafist tiltekins reynslutíma af þeim, t. d. að læknakandidatar hafi starfað á spítölum, til þess að þeir öðlist fullkomin réttindi. Annars hélt ég satt að segja, að það hefði ekki kveðið mjög mikið að takmörkunum í lögmannastéttinni að undanförnu. Það hafa allmargir öðlast lögmannsréttindi. Jafnvel hefur það sætt nokkurri gagnrýni, að allmargir hafa öðlast þessi réttindi og hafa starfað nokkuð að þessu, án þess þó að lögmannsstarf hafi verið þeirra aðalstarf. Ég held þess vegna, að það sé ekki hægt að segja nú, að það sé neinn hörgull á málflutningsmönnum. Ég held satt að segja, að jafnnauðsynlegt sem það er, að nægilegur fjöldi lögmanna sé fyrir hendi, þá sé álíka óheppilegt, að þeir séu of margir, sem fást við þessi störf. Bæði er nú það, að það gæti kannske skapað freistingu fyrir þá að fara a. m. k. á ystu nöf stundum með að ráðleggja mönnum að fara í mál, þar sem ekki væri ástæða til, og svo er hitt, að það er mjög nauðsynlegt, eins og ég sagði reyndar í þeim fáu orðum, sem ég sagði áðan, að almenningur geti borið traust til þessara manna, ekki aðeins að þeir kunni sitt fag og flytji sitt mál þannig, að ekki verði til tjóns fyrir aðila, heldur líka er vert að hafa það í huga, að þarna er oft og einatt um mikla fjárvörslu um að ræða, þeir hafa tíðum mikið fé undir höndum vegna skjólstæðinga sinna, og þess vegna er óhjákvæmilegt að gera til þeirra nokkuð verulegar kröfur.

Hv. þm. gagnrýndi það, að með þessum hætti væri verið að gera ákveðinn þjónustutíma hjá lögmönnum að skilyrði, verið að hefta það, að menn gætu komist inn í stéttina, og verið að hefta það með þeim hætti, að það væri í raun og veru verið að leggja það að verulegu leyti á vald lögmannanna sjálfra. En það er nú kannske í reyndinni minni munur á þessu og viðteknum hætti heldur en fljótt á litið gæti virst. Reglan er sú, að menn verða að afla sér 4 prófmála og flytja þau. Í langflestum tilfellum hafa ungir lögfræðingar ekki annan kost til þess að afla sér þessara mála, heldur en að snúa sér til einhvers eða einhverra lögmanna og eiga það undir góðvild þeirra, að þeir fái mál hjá þeim til meðferðar, vegna þess að eins og eðlilegt er, þá snúa menn sér fyrst og fremst til þeirra lögmanna, sem hafa öðlast réttindi, eru þekktir jafnvel og hafa opnar skrifstofur, en síður að þeir leiti til algerra nýgræðinga, sem engin mál hafa flutt. Þess vegna held ég, eftir þeirri þekkingu, sem ég hef á þessu, að langoftast sé það svo, að hinir ungu lögfræðingar, sem hafa verið að öðlast málflutningsréttindi með flutningi þessara prófmála, hafi orðið að fara þessa leið: að snúa sér til lögmanna eða lögmannsskrifstofu og fá málin hjá henni. Þess vegna hygg ég, að það sé ekki

hægt að segja, að í reyndinni sé verið að leggja þetta meir í vald lögmanna en hefur í raun og veru verið. Lögmenn hefðu getað verið það tregir til að láta unga lögfræðinga fá mál, að þeir hefðu getað stöðvað aðgang að stéttinni. Ég held, það sé ekki hægt að segja um þá. Ég held þvert á móti, að starfandi lögmenn hafi yfirleitt verið liðlegir í þessum efnum.

En eins og ég sagði áðan, er það fyrirkomulag á þessu, sem er í frv., sjálfsagt ekki það einasta, sem kemur til greina, og ég hef síður en svo á móti því, að það séu athugaðar fleiri leiðir í þessu efni, og treysti hv. n. til að íhuga þetta og íhuga þær ábendingar, sem fram hafa komið hjá þm. um það.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 26 shlj. atkv. og til allshn. með 23 shlj. atkv.

Hjúkrunarlög, frv. (þskj. 190, n. 342). — 2. umr.

Frsm. (Jónas Árnason): Herra forseti. Þetta frv. er komið hingað í þessa hv. d. úr Ed., þar sem það var samþykkt með nokkrum breytingum. Heilbr.- og trn. þessarar d. hefur fjallað um frv. og orðið sammála um að mæla með samþykkt þess í þeirri mynd, sem það kom frá hv. Ed.

ATKVGR.

1. gr. samþ. með 22 shlj. atkv.
2—11. gr. samþ. með 22 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 22 shlj. atkv.

Vínveitingar á vegum ríkisins, frv. (þskj. 194). — 1. umr.

Flm. (Ingvar Gíslason): Herra forseti. Í sambandi við þetta frv. vil ég strax í upphafi benda á þrjú meginatriði.

1) Helsta nýmæli þessa frv. er það, að lagt yrði bann við því, að ríki og ríkisstofnanir, þar með taldir ríkisbankar svo og Alþingi, standi fyrir þeim sérstöku vínboðum, sem nefnd eru cocktail-boð. Höfuðnýmæli frv. yrði þannig bann við cocktail-boðum á vegum hins opinbera. Þetta er höfuðnýmæli frv. og meginatriði þess.

2) Sú almenna stefna yrði mörkuð, að gæta skuli hófs í veitingum áfengra drykkja á vegum ríkisins og þeirra aðila, sem frv. setur á sama bekk og ríkið. Þessi almenna stefnumörkun þýðir það, að ef opinberir gestgjafar hafa vín um hönd í veislum sínum skuli vínveitingar vera í hófi.

3) Það er ljóst af frv., að opinberum aðilum yrði heimilt að veita vín í matarveislum, en það leiðir af því, sem ég sagði áður, að ef og þegar hið opinbera neytir þessarar heimildar, þá ber að veita vín í hófi. Fráleitt er að skilja þetta ákvæði svo, að hér sé verið að skylda opinbera aðila til þess að veita vín í matarveislum. Frv. felur ekkert slíkt í sér, enda fjarri flm. að leggja slíkt til.

Í framhaldi af þessum orðum vil ég svo endurtaka það, sem segir í grg. fyrir frv., að frv. hefur þann tilgang að draga úr vínveitingum hins opinbera og tryggja, svo sem unnt er, eins takmarkaða neyslu áfengis og tök eru á, ef áfengi annars er um hönd haft í opinberum veislum.

Herra forseti. Það er ekki nýtt, að miklar umr. eigi sér stað hér á landi um áfengismál eða ástand í þeim efnum. Má miklu fremur segja, að áfengismál séu sígilt umræðuefni á Íslandi og oft og einatt býsna mikið hitamál. Sagan sýnir einnig, að á ýmsu hefur gengið um ástand áfengismála í landinu. Það er söguleg staðreynd, að hér hefur verið meira drukkið og verr drukkið í einn tíma en annan. T. d. virðist drykkjuskapur hafa verið hálfgerð landplága á 18. öld, í ofanálag á pestar og óáran og margs kyns vesöld, sem þá herjaði landsfólkið. Drykkjuskapur var einnig útbreiddur ófögnuður á ofanverðri síðustu öld. Góðtemplararreglan átti mikinn þátt í að draga úr þessum ófögnuði með bindindisprédikun og ýmiss konar félagsstarfsemi. Góðtemplararreglan gekk svo hart fram í bindindismálum, að samþykkt var áfengisbann í þjóðaratkvgr., sem fram fór árið 1909. Þetta áfengisbann mátti teljast talsverður viðburður, því að það var þá einsdæmi í Evrópulöndum, en þekkt úr nokkrum ríkjum Bandaríkja Norður-Ameríku. Áfengisbannið á Íslandi stóð fremur stutt. Það var afnumið í tveimur lotum 1922 og 1935 og þá að afstaðinni þjóðaratkvgr. Getur varla heitið, að bannstefnan hafi verið á dagskrá síðan sem úrræði í áfengismálum, nema ef vera skyldi, að henni sé að vaxa fylgi nú á allra síðustu mánuðum, og nefni ég þá í því sambandi, að fulltrúafundur Landssambandsins gegn áfengisbölinu ályktaði svo á síðasta ári, að tími sé kominn til að reyna algert vínbann á Íslandi, t. d. eitt ár. Nú verð ég að segja fyrir mig, að ég tel hugmyndina um algert vínbann ekki raunhæfa. Ég hef einnig takmarkaða trú á því, að mögulegt sé að taka eið af hverjum Íslendingi um algert vínbindindi. Það eru ýmsar ástæður, sem því valda, að ég er andvígur svo róttækum aðgerðum í áfengismálum. En höfuðástæðan er sú, að slíkt bann er í andstöðu við almenningsálitið og yrði aldrei virt í reynd, nema ef til kæmi öflug lögregluherferð, sem öllum yrði hvimleið og andstyggileg.

Hitt er annað mál, að öllum ábyrgum mönnum er skylt að gera sér grein fyrir ástandi áfengismálanna á hverjum tíma. Sérstaklega er nauðsynlegt, að ráðamenn þjóðarinnar, fyrst og fremst alþm., geri sér grein fyrir þessum málum. Einkum finnst mér nauðsynlegt, að stjórnmálamenn viðurkenni fyrir sjálfum sér og öðrum, að áfengismál eru meðal mikilvægustu þjóðfélagsmála og þar af leiðandi beint viðfangsefni stjórnmálamanna. Hins vegar verð ég að efast um það, að allir, sem við stjórnmál fást, þ. á m. alþm., sýni þessum málum verðugan áhuga. Það stafar, að ég held, af því, að menn hafa þá ekki gert sér fulla grein fyrir mikilvægi þessa málaþáttar. Auk þess ber oft við, að umr. um áfengismál fara út í öfgar, m. a. vegna þess að allt of margir hafa öfgafullar fyrirframskoðanir, nánast réttrúarskoðanir, á áfengismálum. Ég tek sem dæmi umr.,

sem orðið hafa innan og utan Alþingis um það, hvort leyfa ætti sölu áfengs öls í landinu. Þá sjaldan einhver gerist svo framtakssamur hér á Alþ. að flytja till. um slíka heimild, þá er ekki einasta, að slíkur þm. sé úthrópaður fyrir siðleysi, heldur upphefst í landinu þess háttar vargagangur með undirskriftasöfnunum, fundarsamþykktum og annarri áróðursplágu og móðursýki, að ekki er viðlit að ræða málin í ró og skynsemi.

Nú er ég ekki að mæla með því, að heimilt verði að selja áfengt öl hér á landi. Ég er því andvígur. Ég hef ekki trú á því, að það sé til bóta. En mér er ókunnugt um, að þeir, sem hallast að öndverðri skoðun í ölmálinu, hafi lakari siðgæðisvitund en ég og mínir skoðanabræður, né heldur að þeim sé í mun að auka áfengisvandamálið. Þvert á móti veit ég, að það er einlæg skoðun fjölmargra ágætra manna, að sala áfengs öls mundi minnka áfengisvandamálið. Ég get vel viðurkennt ærlegheit þessara manna, þótt ég aðhyllist ekki röksemdir þeirra og skoðanir. Meginástæðan til þess, að ég er andvígur sölu áfengs öls, er sú, að ég óttast, að áfengt öl mundi auka drykkjuskap á vinnustöðum, sem vissulega yrði meiri háttar vandræðaástand.

En ég var að tala um það, að nauðsynlegt sé, að alþm. og aðrir ráðamenn þjóðarinnar geri sér grein fyrir áfengismálunum og ástandi þeirra. Það er auðvitað skyldast að kynna sér þessi mál, eins og þau eru á hverjum tíma. Samtíðin stendur okkur næst og kemur okkur mest við. Ég nefndi það líka, að drykkjuskapur hefði keyrt úr hófi á 18. öld og einnig á ofanverðri 19. öld. Ég held, að ef litið er til samtímans, komi eitthvað svipað í ljós, áfengisneysla hafi vaxið mjög á síðustu 10—12 árum og breiðst út til lægri aldursflokka en áður, að því er líkur og athuganir benda til. Neysla áfengis á mann miðað við 100% áfengi var 2.88 lítrar árið 1973, en var 1.71 lítri árið 1960. Árið 1963 var þessi tala 1.93. Skýrslur um áfengisneyslu á mann ná aftur til ársins 1881. Því miður hef ég ekki tölu fyrir það ár. Hins vegar hef ég upplýsingar um, að meðaltal áfengisneyslu á mann á árabilinu 1881—1885 var 2.38 lítrar. Þetta met var ekki slegið fyrr en árið 1967, en þá var neyslan einnig 2.38 lítrar. En síðasta ár, árið 1973, er þó algert metár með sína 2.88 lítra af hreinum vínanda á mann. M. ö. o.: drykkjuskapur er nú um þessar mundir útbreiddari og algengari á Íslandi en hann hefur verið síðustu 95—100 ár, og e. t. v. er drykkjuskapur nú meiri en nokkru sinni fyrr í 1100 ára sögu þjóðarinnar. Þetta er staðreynd, sem nauðsynlegt er, að menn þekki.

Það er ekki síst nauðsynlegt, að hv. alþm. viti þetta. Það er að vísu nokkur huggun og einnig nauðsynlegt, að menn viti, að drykkjuskapur mældur á þennan hátt er miklu meiri í flestum öðrum löndum, einkum vínyrkjulöndum og meðal bjórdrykkjuþjóða. Hjá þessum þjóðum eru borðvín og öl stór liður í daglegri neyslu manna, auk þess sem þeir neyta sterkra drykkja í meira eða minna magni. Sé svona mælt og miðað við önnur lönd, verður harla lítið úr drykkjuskapnum á Íslandi þrátt fyrir allt.

En hvað sem líður þessum samanburði við áfengisneyslu í öðrum löndum, þá kem ég aftur að því, að drykkjuskapur hér á landi fer vaxandi ár frá ári og er nú meiri en fyrr í manna minnum. Það er einnig margra álit, að Íslendingar eigi við að stríða margs konar vandamál vegna áfengisneyslu. Ég minnist þess t. d., að aðalfundur Læknafélags Íslands, sem haldinn var á Blönduósi í júní 1972, ályktaði í þá átt, að áfengisneysla landsmanna væri réttnefnt áfengisböl. Taldi fundurinn, að sérstakra aðgerða væri þörf til þess að koma í veg fyrir neyslu áfengis, og ályktaði svo, að ekki yrði komist hjá því að takmarka sölu áfengra drykkja. Luku læknarnir ályktun sinni með beinni áskorun á viðkomandi yfirvöld, eins og þeir segja, „að hefja nú þegar aðgerðir til að draga úr sölu áfengra drykkja“. Þetta var álit aðalfundar Læknafélags Íslands 1972.

Það er eftirtektarvert, að læknarnir tala um ástandið í áfengismálum sem áfengisböl. Það eru því ekki einungis stúkumenn og aðrir bindindispostular, sem taka svo stórt upp í sig að kalla drykkjuskapinn í landinu áfengisböl. Læknastéttin, sem ætti að þekkja þessi mál öðrum betur, hefur kveðið upp þann dóm, að drykkjuskapur sé þjóðarböl á Íslandi. Því miður hef ég lítil tök á að greina nákvæmlega frá því, hvernig áfengisbölið lýsir sér. Ég get sagt það eitt, að það birtist í ótal myndum og oftast hryggilegum. Þúsundir manna eru haldnir drykkjusýki á ýmsu stigi, þannig að ætla má, að ofdrykkja eða drykkjusýki sé meðal útbreiddustu sjúkdóma í landinu. Ég hef jafnvel heyrt því haldið fram, að Íslendingum kunni að vera hættara til alkóhólisma en öðrum þjóðum. Ég skal ekkert um það dæma, en vel má vera, að eitthvað sé til í þessu.

Heimilisböl og fjölskylduvandræði, sem fylgja ofdrykkju og annarri misnotkun áfengis, eru miklu algengari hér á landi en menn vilja oft viðurkenna. Halldór Laxness sagði fyrir rúmum 30 árum í frægri grein um drykkjuskapinn í Reykjavík, að ekki væri til sú fjölskylda, sem ekki hefði eitthvað af ofdrykkjufólki að segja. Hafi þetta átt við rök að styðjast fyrir 30—40 árum, þá mun það ekki síður satt nú á dögum. Áfengisbölið er einnig fólgið í vinnutapi og eignatjóni og ekki síst í margs konar afbrotum og spilltu eða andfélagslegu líferni. Auk þess held ég, að það fari ekki á milli mála, að drykkjuskapur er næstum að segja þungamiðja skemmtanalífsins í landinu. Ég hugsa, að ég sé ekki einn um þá skoðun, að hvergi í heiminum sé ferlegri drykkjuskapur á samkomum en hér á landi, þegar fólki tekst virkilega vel upp. Það er sannkölluð stórdrykkja, enda umhverfast samkomuhús hér stundum í alger vitfirringahæli. Öll höfum við séð þetta fyrir okkur og sjálfsagt tekið þátt í þessu mörg hver, enda stundum örðugt um vik að koma þar hvergi nærri. Í þessu sambandi dettur mér í hug, hvort lögregla á nokkru byggðu bóli sé jafnupptekin af því að eltast við ölóða menn eins og í Reykjavík. Mér finnst óhugnanlega áberandi, hversu mikið af fréttum frá lögreglunni fjallar um afskipti hennar af beinu ölæði fólks. Og ég kemst ekki hjá að nefna það, sem mér finnst mjög áberandi við drykkjuvenjur okkar Íslendinga, en það er ölvun á almannafæri, svo sem á götum úti, í almenningsfarartækj-

um og afgreiðslustöðum. Ef ölvun á almannafæri leiðir til vandræða, þá er augljóst, að það er refsivert athæfi. En svo er fyrir að þakka, að Íslendingar eru umburðarlyndir og íslenskir dómarar ekki refsiglaðir, enda er lítið lát á því, að menn auglýsi þann hegðunarmáta sinn að veltast meira og minna drukknir á almannafæri.

Allt það, sem ég hef nefnt, er þáttur í áfengisvandamálinu, og flest af því þess eðlis, að það hlýtur að teljast áfengisböl. En margt er þó enn ósagt í þessu máli. Ég hef lítið rætt um drykkjuskap unglinga og drykkjutísku skólaæskunnar. Hygg ég þó, að í þeim efnum hafi orðið hvað mest breyting á síðustu árum. Athuganir benda til þess, að aukning meðaltalsdrykkjunnar í landinu síðustu ár stafi að verulegu leyti af því, að fólk byrjar nú að drekka miklu yngra en áður og að kvenfólk drekkur meira og almennara en áður var. Það fer ekki á milli mála, að skólarnir í landinu eiga við mikið áfengisvandamál að etja. Drykkjutíska er nú faraldur meðal skólaæskunnar. Þannig er ég ekki í neinum vafa um það, að ástandið í áfengismálum þjóðarinnar er slæmt um þessar mundir, og það er nauðsynlegt, að ráðandi menn í landinu leiði hugann að áfengisbölinu, reyni að gera sér skynsamlega grein fyrir orsökum þess og afleiðingum og hvað verða megi til þess að bæta þar nokkuð úr. Ég er að vísu vantrúaður á allar patentlausnir í þessu máli eins og öðrum málum. Ég hef t. d. enga trú á algeru aðflutningsbanni á áfengi eða öðrum ámóta ráðstöfunum. En ég held, að það sé nauðsynlegt að hugleiða í fullri alvöru, hvernig draga megi úr sölu og veitingum áfengra drykkja, eins og Læknafélagið lagði til, og leitast við að vara fólk við neyslu áfengis og innræta mönnum það, sem varla er hægt að deila um, áfengi er meira og minna hættulegt eiturlyf, sem haft getur alvarleg áhrif á líkams- og geðheilsu manna. Einnig mætti leiða mönnum það fyrir sjónir, að óhófsdrykkja, í hvaða formi sem er, er smekkleysi og menningarskortur, svo að ég vísi til þess, sem sagt er í grg. fyrir þessu frv.

Það frv., sem hér er til umr., er fjarri því að vera nokkur allsherjarlausn á áfengisvandamálinu, enda er því ekki ætlað að vera það. Þetta frv. fjallar aðeins um afmarkað efni og tiltölulega þröngt svið. Frv. hefur þó þann tilgang að draga úr vínveitingum hins opinbera, og skapa þannig fordæmi fyrir aðra, sem vissulega er mikils virði. Við flm. teljum það verulega bót og einnig auðframkvæmanlegt, að ríkið afleggi cocktail-boð. Þetta er tiltölulega nýtt form gestamóttöku og hefur varla unnið sér neina órofahefð. Ég sé ekki, að neinum geti verið eftirsjá í cocktail-boðum. Það eru til ótal leiðir til þess að veita gestum góðan beina án þess að hella í þá viskíi og öðrum vínblöndum á 1½ eða 2 klukkutímum. Það væri mikilsvert fordæmi, ef ríkið gengi á undan og legði niður cocktail-boð, eins og þetta frv. gerir ráð fyrir. Ég er ekki í neinum vafa um það, að því yrði víða fagnað í landinu, ef sú yrði niðurstaðan, og gæti auk þess haft víðtæk áhrif í þá átt að draga úr vínveitingum annarra aðila, svo sem sveitarstjórna og einkafyrirtækja. Cocktail-boð eru hreinar drykkjuveislur. Þar er tæpast annað veitt en áfengi. Dykkjuskapur er þar aðalafþreyingin. Hér er um að ræða tískusið, sem við höfum apað eftir öðrum. Með cocktail-boðum er verið að efna til hópdrykkju, sem lukkan ein ræður, hvar enda muni. Það er ekkert, sem tryggir það, að áfengis sé ekki neytt í óhófi í slíkum drykkjuveislum. Að dómi okkar flm. ætti hið opinbera að ganga á undan um að afleggja þennan sið.

Herra forseti. Ég sé ekki ástæðu til þess að fara um þetta mál öllu fleiri orðum, enda skýrir frv. sig langbest sjálft. Tilgangurinn með frv. er augljós, og ég vona, að sú stefna, sem frv. er ætlað að marka, eigi meirihlutafylgi að fagna hér í hv. þd. og almennt meðal þm.

Að svo mæltu, herra forseti, vil ég leggja til, að frv. verði að lokinni þessari umr. vísað til 2. umr. og allshn.

Matthías Bjarnason: Herra forseti. Ég ætla ekki að flytja hér langt mál. Þó ég get ekki stillt mig um það í sambandi við þetta frv., sem hér liggur fyrir til umr. og fyrri flm. var að fylgja úr hlaði, að nefna það, að á síðasta þingi var flutt till. til þál. um afnám vínveitinga á vegum ríkisins. Sú till. hlaut ekki afgreiðslu á síðasta þingi, og hún var endurflutt aftur á þessu þingi og vísað til n. Þessi till. er mjög stutt og skorinorð, flutt af miklum bindindisfrömuðum í öllum flokkum þingsins, og er á þá leið, að Alþ. ályktar að skora á ríkisstj. að hætta vínveitingum í veislum sínum. Má segja, að að sumu leyti sé þetta frv. nokkru hóflegra, því að flm. þess ganga ekki lengra en að það skuli gæta hófs í veitingum áfengra drykkja í gestaboðum og öðrum samkvæmum á vegum ríkisins og að íslenska ríkinu sé, samkv. þessu frv., óheimilt að standa fyrir sérstökum vínboðum eða cocktail-boðum hér á landi, en aftur heimilt að veita vín í opinberum matarveislum.

Það er nokkur munur á þáltill. og þessu frv. Ég fyrir mitt leyti get mjög vel fallist á það og lít ekki svo á, að það þyrfti að festa í lög, að þessi leiðinlegu cocktail-boð væru lögð niður með öllu, og að því leyti get ég verið flm. þessa frv. algerlega sammála. En þetta frv. gerir aðeins ráð fyrir því að gæta hófs í vínveitingum í gestaboðum og öðrum samkvæmum á vegum ríkisins og leggja niður cocktail-boð á vegum ríkisins, en nær t. d. ekki til sveitarfélaga. Nú mun þessi háttur vera nokkuð á hafður hjá sumum sveitarfélögum. Önnur sveitarfélög hafa aldrei veitt vín í sínum veislum eða móttöku. Ef þetta á að lögfesta hvað snertir ríkið og í veislum ríkisins, væri þá ekki réttara að láta þetta ná til sveitarfélaganna, sem eru einnig opinberar stofnanir.

Mín skoðun er sú, að bæði þáltill. og eins þetta frv. gangi ákaflega skammt og hafi lítið að segja. Ég get alveg tekið undir þau orð hv. fyrra flm. þessa frv., að þetta hafi ekki mikið að segja, þegar litið er á þá óhóflegu víndrykkju, sem á sér stað í landinu og alltaf er að aukast, eins og hann færði sönnur á. Ég held, að aðgerðir, sem Alþ. hefur gert í þessum efnum, hafi verið ákaflega veigalitlar, og menn hafa lítið á, að það megi engu breyta, sem hefði kannske orðið til hins betra. Það eru ekki mjög mörg ár síðan

samþ. var þáltill. á Alþ. um áfengisvandamálið, sem var árangur af starfi mþn. Þegar sú till. kom hér til umr., var um hana fjallað í n., sem ég átti sæti í, og það var mikið rætt um, hvort væri ekki rétt að færa aldursmörk niður, en þá voru þau miðuð við 21 árs aldur, — enginn mátti neyta áfengis undir þeim aldri, en er nú 20 ára aldur. Ég leyfði mér þá að halda því fram í þeirri n., að það væri rétt að færa þennan lögaldur neðar, niður í 17 ár, jafnvel 16 ár, og þá man ég eftir því, að nokkrir þm. voru hneykslaðir á því að láta slíkt viðgangast, að ætla að færa áfengisaldurinn niður og leyfa allt að 16 ára unglingum að neyta víns. Skoðun mín var sú, að með því að færa aldurinn niður ætti að taka upp harða og sterka baráttu gegn vínneyslu innan við þennan aldur. En nú er það almennt viðurkennt, að unglingar eru farnir að neyta víns langt innan við 16 ára aldur, og löggæslan ræður ekki við þessa hluti, því að hún á að hafa hemil og ná til allra, sem neyta víns og eru 20 ára eða yngri.

Ég held, að það, sem hefur verið gert í þessum efnum, hafi yfirleitt verið máttlaust, og það, sem verið er að leggja til hér á hv. Alþ., er ákaflega lítils virði að mínum dómi. Ég held, að það sé áhrifaríkast að berjast gegn vaxandi vínneyslu barna og unglinga og koma því inn hjá þjóðinni almennt, að það sé glæpur að láta það viðgangast, að börn og unglingar neyti áfengra drykkja.

Á sama tíma og menn eru uppi með tilburði um það að banna cocktail-boð hjá ríkinu eða afnema vínveitingar í veislum ríkisins, er lagt alltaf meira og meira upp úr því, að íslenska ríkið byggi meira á því, að þjóðin drekki í auknum mæli, og hafi meira fé út úr landsmönnum með hagnaði af Áfengisverslun ríkisins. Við vorum rétt fyrir jólin að afgreiða fjárlagafrv., og þar er byggt á, að ríkissjóður hafi um 600 millj. kr. meiri tekjur af Áfengis- og tóbaksverslun ríkisins en fjárlagafrv. gerði ráð fyrir, sem lagt var fram í þingbyrjun. M. ö. o.: þeir, sem ráða þjóðfélaginu, eru alltaf að byggja meira og meira á því, að þjóðin bæti við drykkjuskapinn. Það er ekki svo, að með hækkun áfengis, sem gerð var nú eftir síðustu áramót, eigi að ná þessum auknu tekjum inn, heldur er einnig í þessari áætlun reiknað með því, að hver og einn drekki eða innbyrði meiri vínanda en áður. Ég segi, að hjá þeim þm., sem byggja afkomu þjóðfélagsins á því að selja landsmönnum meira brennivín, á meiri vínneyslu en áður, sé það hræsni að flytja till. eins og þá að afnema einhver cocktail-boð eða vínveitingar á vegum ríkisins, það er alger hræsni. Ég skora á þessa menn og þá hv. n., sem fær þetta frv. til meðferðar, að skoða áfengisvandamálið í ljósi staðreynda og í því ljósi að minnka drykkjuskapinn. Getum við þá ekki alveg eins orðið sammála um að loka Áfengis- og tóbaksverslun ríkisins algerlega og hafa hér algert bann á vínneyslu? Ég álít, að þessar till. séu fyrst og fremst hræsni, þar er ekkert gert til þess að minnka drykkjuskapinn, á sama tíma og þeir, sem hafa áhuga á þessum málum, eru að flytja hækkunartill. við fjárl. um, að ríkið hafi meiri tekjur af brennivínssölunni en áður og byggja það á því, að þjóðin innbyrði meiri vínanda en áður.

Karvel Pálmason: Herra forseti. Það kom þó að því, að einn hv. þm. kom hér í ræðustól og beinlínis mælti með áframhaldandi drykkjuómenningu, eins og ég kalla það. Það var hv. síðasti ræðumaður. Það er ljóst, að eins og hann talaði, er hann andvígur því, að slíkar till. séu fluttar hér á Alþ., sem á nokkurn handa máta gætu orðið til þess að stemma stigu við vaxandi áfengisneyslu Íslendinga. Ég virði þennan hv þm. fyrir það að koma þó fram með þessa skoðun. En ég get sagt honum strax, að hann veit það, að ég er ósammála honum algerlega.

Um þetta frv. skal ég segja það strax, að ég er algerlega andvígur því og mun greiða atkv. á móti því. Ég tel, að þetta frv. feli í sér þá stefnu að lögleiða í skömmtum vindrykkju á vegum ríkisins. Það má kannske segja, að það yrði að einhverju leyti minna, ef menn tækju upp sjússafyrirkomulag hjá ríkisstj. eða í opinberum veislum og hver fengi sinn ákveðna skammt og ekki meir. En ég er einnig andvígur því, og tel, að framámenn þjóðfélagsins eigi ekki að ganga á undan í þessum efnum.

Ég get verið sammála frsm. þessa frv. um það, að alþm. ættu að kynna sér eða reyna að gera sér grein fyrir því, hvaða ástand ríkir í þessum málum meðal okkar Íslendinga. Ég er sammála honum í því. En ég verð að segja það, að ég held, að hv. flm. þessa frv. hafi ekki gert sér raunhæfa grein fyrir því, hvaða ástand er í raun og veru ríkjandi í áfengismálum hér á Íslandi. Það segir hér í 1. gr.: „Gæta skal hófs í veitingum áfengra drykkja í gestaboðum og öðrum samkvæmum á vegum ríkisins.“ Hvað er hóf í þessum efnum? (**Gripið fram í:** Það, sem ekki er óhóf.) Hvað er ekki óhóf? (**Gripið fram í:** Þetta er orðin gáta.) Já, þetta er orðin gáta. Ég er ekki sammála þeim mönnum, sem eru ætíð að klifa á drykkjumenningu eða hóflegri drykkju. Ég held, að öll drykkja á áfengi sé ómenning, enda undirstrika flm. þessa frv. þetta mjög rækilega í grg., sem frv. fylgir, en í henni segir m. a., með leyfi forseta:

„Áfengisböl er mikið á Íslandi og birtist í ýmsum myndum. Áfengissýki er útbreiddur sjúkdómur, áfengi er slysavaldur og ofneysla þess orsök vanrækslu í störfum og undirrót margs konar ógæfu í þjóðfélaginu. Auk þess er óhófsdrykkja illþolandi smekkleysi og menningarskortur.“

Þetta er að mínu viti algerlega rétt. Og ég get í meginatriðum verið sammála þeirri ræðu, sem frsm. fyrir þessu frv. hélt hér áðan. En mér finnst beinlínis, að hún gangi í meginatriðum í berhögg við það, sem þetta frv. boðar. Mér fannst hann vera í raun og veru að rífa niður allar þær röksemdir, sem hægt væri að finna fyrir því að flytja svona frv., með þeirri ræðu, sem hann flutti við framsögu þessa máls. En sé það rétt, sem ég tel, að óhófsdrykkja sé smekkleysi og menningarskortur, þá væri gaman að velta því fyrir sér, hvort hófdrykkja væri þá smekkleg og menningaraukandi. Mér finnst, að flm. þessa frv. með túlkun sinni á þessum málum geri ráð fyrir því, að svo sé. Ég hef hins vegar sagt og segi það enn: Öll neysla áfengra drykkja leiðir, að vísu á mismunandi vegu, til

ófarnaðar, en í öllum tilvikum á einhverju stigi til ófarnaðar viðkomandi einstaklings.

Þá segir í þessu frv.: „Íslenska ríkinu er óheimilt að standa fyrir sérstökum vínboðum (eða cocktail-boðum) hér á landi, en heimilt er að veita vín í opinberum matarveislum.“ Hv. flm. þessa frv. virðist telja mikla nauðsyn að koma þessu inn í löggjöf á Íslandi, að ráðh. og öðrum forsvarsmönnum þjóðfélagsins sé það í öllum tilvikum heimilt að hafa áfengi um hönd í opinberum veislum. Ég er þeirrar skoðunar, eins og ég hef áður sagt, og vil ganga það langt og ætlast til þess af mönnum eins og stjórnmálamönnum, sem í tíma og ótíma tala um hið mikla áfengisvandamál meðal Íslendinga, að þeir beinlínis gangi á undan og afnemi þann ósóma, sem hér hefur verið viðloðandi og yrði áfram viðloðandi, ef þetta frv. fengi afgreiðslu og yrði samþykkt, þá kominn í lög, að íslenskum ráðh. og forsvarsmönnum þjóðfélagsins væri hálft í hvoru skylt að veita vín í hófi, eins og þeir kalla það.

Eins og ég sagði áðan, fannst mér öll ræða frsm. fyrir þessu frv. bera þess vott, að hann hefði a. m. k. gert sér grein fyrir því, hversu geigvænlegt vandamál er hér á ferðinni. En það hefur hlaupið fyrir hjá honum og hv. 2. flm. þessa frv., þegar þeir létu þetta koma fram á Alþ. Ég skil eiginlega ekkert í jafn greinargóðum þm. og þarna eiga hlut að máli, að þeir skuli láta sér detta í hug að koma fram hér á Alþ. með frv. þessa efnis. Það er rétt, sem hv. 2. þm. Vestf. sagði hér áðan, að bæði fyrr á þessu þingi svo og á þinginu á undan þessu var flutt hér þáltill. um að afnema bæri vínveitingar á vegum ríkisins í opinberum veislum. Hann lét að því liggja, þessi hv. þm., að bæði í þessari umræddu till. svo og í þessu frv. væri svo til enginn ábati, hvort sem gerðist nú, að þáltill. yrði samþ. eða þetta frv., allt væri kák í þessum efnum og til einskis nýtt í því að standa á móti þeirri óhóflegu vínneyslu, sem er ríkjandi hér á landi. Ég tek undir með hv. 2. þm. Vestf., að þetta frv. er ekki í þá átt að sporna neitt við víndrykkju á vegum ríkisins í opinberum veislum. Hún heldur áfram eftir sem áður, þótt það yrði samþ. En það er oft svo, að ef fyrir hendi er stórt vandamál, eins og hér er um að ræða, og menn innst við hjartarætur telja, að það sé kannske ekki rétt að hrófla mikið við þeim hlutum, þá segja menn gjarnan, ef reynt er að stinga á, þótt í litlum mæli sé, að þetta sé nú það lítilsvert, að það borgi sig ekki að vera að því. Mér fannst á hv. 2. þm. Vestf., að hans hugsanagangur væri eitthvað álíka og þetta. Að vísu hygg ég, að hann viðurkenni eins og ég, að hér er um stórkostlegt vandamál að ræða meðal Íslendinga. En hann vill ekki standa að því að byrja smátt og láta á það reyna, hvort hv. þm. vilja í raun og veru, þó að kannske í litlu skrefi sé í byrjun, takast á við þetta vandamál.

Þessi hv. þm. sagði, að hér væri um hræsni að ræða. Vel má vera, að svo sé. En ég skil ekki þann þankagang hjá þessum hv. þm., þegar hann ber mönnum á brýn hræsni í þeim efnum, að vilja á einhvern hátt koma í veg fyrir, að í auknum mæli eigi sér stað tjón á fjöldamörgum einstaklingum hér á Íslandi vegna vínneyslu. Það er miklu nær að kalla þm. eins og hv. 2. þm. Vestf. hræsnara, þá sem telja, að hér sé vandamál á ferðinni, en vilja ekki í einu eða neinu, a. m. k. ekki í verki, sýna það og sanna, að þeir séu til reiðu til að ganga til móts við vandamálið og stíga skref í þá átt að reyna að sporna við því. Það er að mínu viti mun meiri hræsni en þessi hv. þm. gæti látið út úr sér, að því er þá þm. varðar, sem hafa flutt hér till. til úrbóta í þessum efnum.

Þá vék hv. 2. þm. Vestf. að því, að hann væri þess sinnis, að það bæri að lækka þann aldur, lögaldur, sem menn mættu njóta áfengra drykkja, allt niður í 17 ára aldur. Þarna birtist í enn einni mynd sú undanhaldsstefna, sem íslenskir ráðamenn virðast hafa verið haldnir, þ. e. að slá á frest eða stíga til baka í stað þess að herða á og framkvæma þá löggæslu og þá löggjöf, sem í landinu er í þessum efnum. Ég er ekki viss um það, að löggæslunni í landinu gengi neitt betur að framkvæma löggæslu á þessum sviðum, þó svo að aldurinn væri lækkaður niður í 17 ár. Þarna er bara spurningin, hversu mikið við viljum af hendi leggja, til þess að hægt sé að framkvæma þá löggæslu, sem til þarf, til þess að lög í þessum efnum í landinu verði virk. Ég fyrri mitt leyti væri andvígur því að lækka þann aldur, sem hér um ræðir, úr 20 árum niður í 17. En ég viðurkenni og ég hef á það bent, að það fer allt á hinn verri veg, það lækkar alltaf aldursmarkið hjá unglingum, sem neyta áfengra drykkja, því miður. En skyldi það ekki vera fyrst og fremst vegna hegðunar hinna eldri í þessum efnum um áraraðir? Og það mætti segja við ýmsa: Maður, líttu þér nær. Þeir eldri hafa sitt fordæmi, og það er ekki við öðru að búast en hinir yngri taki það upp.

Herra forseti. Ég skal ekki hafa þetta lengra að sinni, en ég endurtek það, að í meginatriðum gengur þetta frv. í öfuga átt við mitt mat í þessum málum og ég mun því greiða atkv. gegn því.

Matthías Bjarnason: Herra forseti. Það eru aðeins örfá orð. Ég heyrði það á ræðu hv. síðasta ræðumanns, að hann telur, að ég hafi mælt með því að auka drykkjuskapinn og ég sé á móti því að stemma stigu við vaxandi áfengisneyslu. Ég verð að segja það, að mér finnst athyglisgáfa þessa hv. þm. vera í öfugu hlutfalli við hávaðann, því að það, sem á milli hans og mín bar, var það, að ég tel, að þær till., sem hér liggja fyrir, að hvorug þeirra gangi neitt verulega í þá átt að stemma stigu við sífellt vaxandi vínneyslu þjóðarinnar, bæði eldri og yngri, og ég meira að segja tók mjög undir, að það væri mjög athugandi, hvort við ættum ekki að loka Áfnegis- og tóbaksverslun ríkisins.

Ég gerði áfengið að höfuðumræðuefninu. En það mætti líka nefna í þessu sambandi tóbakið, það er ekki síður eitrað, og það er að sínu leyti verra en áfengið, því að sá, sem drekkur áfengi, drekkur það fyrir sig, en sá sem reykir, púar

reyk framan í alsaklausa menn, þannig að lyktin af Churchill-vindlunum nær stundum hér inn í þingsalinn. Ég vænti þess, að þessir miklu frömuðir hafi þessa hófsemi líka í huga í framtíðinni.

Ég endurtek það og meina það fullkomlega, að það er ákaflega lítið mál í sjálfu sér, vínveitingar á vegum þess opinbera, ef allar aðrar aðgerðir miða að því, að það eigi að selja meira vín og meiri vínanda. Þetta er bjargföst skoðun mín. Ég skal einnig segja það, að ég hef greitt atkv. hér á Alþ. með því að leyfa bruggun og sölu á áfengu öli, og það er ekki af þeirri ástæðu, að ég telji, að það leiði til vaxandi drykkjuskapar, heldur að ég trúi því og hef verið þeirrar skoðunar, að það muni minnka áfengisneyslu eða neyslu sterkra drykkja. Bjórinn hefur þau áhrif, að fólk verður eins og einn ágætur þm. lýsti því hér undir þeim umr., rólegra við að drekka bjór, en æstara við að drekka vín, og það hefur töluvert að segja. Bjór hefur ekki verið leyfður í okkar landi, áfengur bjór, og það hefur verið ein af höfuðröksemdum þeirra, sem eru á móti því að leyfa bruggun og sölu á áfengum bjór, að það auki drykkjuskap unglinga. En ég sé ekki betur en drykkjuskapur unglinga í þessu landi hafi aukist ekki síður en í öðrum löndum, þar sem bjórdrykkja er leyfð, og því hafa þessi rök ekki getað sannfært mig til að falla frá þessari skoðun.

Hitt er svo annað mál, og það er staðreynd, það liggur fyrir, að það er sífellt vaxandi áfengisneysla í landinu, og það, sem er sorglegast af þessu öllu, er, að það, sem var óþekkt fyrir nokkrum árum, vínneysla meðal unglinga, er nú orðið algengt. Þetta er alvarlegasta sporið aftur á bak, og þetta er sú mesta meinsemd, sem nú er við að etja og alþm. ættu að koma sér saman um að stemma stigu við. Ég benti á það áðan, að ég tel rétt og skynsamlegt að færa aldur þeirra, sem með vín mega fara, á meðan þessi löggjöf er og vínsala er leyfð í landinu, niður og hefja róttækar aðgerðir gegn vínneyslu unglinga og barna, sem fer sífellt meira í vöxt. Það er ágætt að leggja niður cocktail-boðin, en það breytir ekki því, að úr drykkjuskap unglinga verður ekkert dregið, á meðan þjóðfélagið byggir alltaf sífellt meira tekjur sínar á vaxandi vínsölu. Þetta vil ég, að komi fram, og ég vænti þess, að hv. þm., sem var að tala hér áðan, sé nú með á því, að ég var ekki að flytja hér ræðu til þess að hvetja til meiri drykkju í landinu, heldur til áhrifaríkari aðgerða en þessar tvær till. gera ráð fyrir, sem við þm. ættum að geta komið okkur saman um, og þá einnig að tekið yrði tillit til áhrifaríkra aðgerða í sambandi við tóbaksreykingar alveg eins og vínneyslu.

Vilhjálmur Hjálmarsson: Herra forseti. Hv. 2. þm. Vestf. talaði um að leggja niður áfengiseinkasölu ríkisins. Það stafar ekki af öðru en því, að honum er illa við að skeyta saman óskyld mál eins og tolla og söluskatt og eins og loðnuskip og ferjuskip, að hann hefur ekki hengt ákvæði um það aftan í frv. um að lækka tekjuskattinn um 4 milljarða að leggja niður áfengis- og tóbakseinkasölu ríkisins. En ég geri ráð fyrir, að hann beri fram frv. um þetta við fyrsta hentugt tækifæri, en kannske gerir hann það þó ekki fyrr en hann fer sjálfur að bera beina ábyrgð á fjármálum ríkisins sem stuðningsmaður ríkisstj.

Þetta frv., sem hér liggur fyrir og ég vil segja um örfá orð við 1. umr., er að sjálfsögðu merkilegt frv. Það ber a.m.k. alveg óumdeilanlega vott um töluvert mikla hugkvæmni. Nú er enginn vafi á því, að Alþ. getur sett lög um flestar athafnir og yfirleitt hegðan Íslendinga, svo lengi sem löggjöfin samrýmist ákvæðum stjórnarskrárinnar. En ég sé hins vegar enga ástæðu til þess að setja löggjöf um þau atriði, sem frv. fjallar um, og ég tel meira að segja að verulegu leyti óskynsamlegt að lögbjóða víndrykkju í tilgreindum veislum ríkisins, en banna hana í öðrum, en þetta finnst mér nánast vera efni frv. Það er vegna þess, að það er alvitað, að hámarksákvæði yfir höfuð að tala verka hvetjandi til þess að nota það leyfilega hámark. Það er náttúrlega ekki hægt að segja, að áfengisdrykkja sé bókstaflega lögboðin með þessu hámarksákvæði, en það jaðrar við það.

Víndrykkja við margvísleg tækifæri, líkleg sem ólíkleg, er nú orðin svo almenn, að þeir menn eru nánast taldir undarlegir, sem ganga á svig við þessa venju. Og eftir því sem víndrykkja hefur orðið almennari, fjölgar auðvitað þeim tilfellum, þegar vínneysla veldur umtalsverðum erfiðleikum eða hreinum vandræðum á stundum. Sem fyrstu viðleitni til að breyta því almenningsáliti, að áfengi megi aldrei vanta, þar sem menn safnast saman á góðri stund, þá var það, að ég og nokkrir aðrir alþm. fluttum um það till. á síðasta þingi og aftur núna, að ríkisstj. gengi nú á undan og hætti vínveitingum í sínum veislum. Við 1. umr. um þetta frv. hérna vil ég leyfa mér að benda á, að það gengur að nokkru leyti alveg í þveröfuga átt við till. okkar fimmmenninganna. Megintilgangur þessa frv. virðist mér vera sá að fága svo sem frekast er auðið vínveislur ríkisins, svo að þær megi verða enn þá girnilegra fordæmi til þess að breyta eftir, og þá helst þannig, að mönnum detti ekki framar í hug, a.m.k. þegar mikið á að hafa við, sbr. matarveislur hjá því opinbera sá dónaskapur að mæta gesti sínum óðruvísi heldur en með glas í hönd, a.m.k. þegar boðið er meiri háttar. Ég er þess vegna í grundvallaratriðum andvígur þessu frv., auk þess sem efni þess og uppbygging er allt að því broslegt frá mínu sjónarmiði.

Ef maður vildi nú samt sem áður virða til betri vegar tilgang flm. og reyna að setja sig inn í þá hugsun þeirra, að ríkið eigi að fága vínveislur sínar sem mest, þá er það að vísu alveg fjarlægt minni hugsun. Ég álít einfaldlega, að stjórnvöld eigi með fordæmi sínu að gera tilraun til að brjóta niður þessa almennu trú, að ekki sé vel á móti mönnum tekið, nema veitt sé vín.

En segjum nú svo, að tilgangur hv. flm. með þessu frv. sé sá að gera tilraun til að minnka víndrykkju á þessu takmarkaða sviði. Mér sýnist fremur lítils virði að ætla sér að nálgast það mark að draga almennt úr víndrykkju í landinu á þennan hátt, til þess eru ýmsar aðrar leiðir miklu líklegri.

Ég nefni fyrst það, sem við höfum sett fram

hér í tillöguformi, 5 þm., og ég hef áður vikið að, að hið opinbera gefi það fordæmi að afleggja sýnikennsluna, sem ég kallaði svo, þegar ég talaði fyrir till., afleggja sýnikennsluna og taka upp háttu t. d. Tryggva heitins Þórhallssonar og fleiri ráðherra og auðvitað fleiri ráðamanna, þó að fáir séu, sem hafa leyft sér það og án þess að á þá félli nokkur skuggi að bjóða góðum gestum til fagnaðar án þess að veita þeim vín. Ég er ekki að segja, að þetta sé nein alhliða aðgerð og leysi neinn vanda til hlýtar. En mér finnst þetta vera afskaplega einföld aðgerð og vandalítil, ef menn vilja á annað borð gera eitthvað, ég get ekki annað séð. Ég nefni sem annað dæmi enn aukna fræðslu og kynningu á þeim vanda, sem víndrykkja veldur. Það er aftur á móti flókið mál og vandasamt, miklu vandasamara viðfangsefni heldur en auðvelt er að gera sér grein fyrir í fljótu bragði, en þarf eigi að síður að sinna. Og ég nefni enn, að aukinn yrði stuðningur hins opinbera við frjálsa starfsemi í mjög mörgum myndum, frjálsa starfsemi þess fólks, sem hefur helgað baráttunni gegn áfengisbölinu krafta sína og oft starfar við erfið skilyrði á margan hátt. Það er hægt að bæta úr því að nokkru með fjárframlögum, en að öðru leyti verður slík starfsemi að vinna sig upp sjálf. Og svo nefni ég það enn og síðast að skipulega verði að því unnið að glæða með fólki og einkum með ungu fólki heilbrigð og æskileg viðhorf til tómstundanna. Nú hafa Íslendingar lögboðið, eins og allir vita, 104 hvíldardaga á ári, þ. e. a. s. alla laugardaga og alla sunnudaga, með 52 aðfangadagskvöldum, sem byrja kl. 5, aðfangadagur jóla byrjar þó ekki fyrr en kl. 6, byrja svona hjá mörgum starfshópum a. m. k., kl. 5 á föstudögum, auk svo fjölmargra annarra helgi- og frídaga, að ógleymdu fjögurra vikna sumarleyfi. Þessum hvíldardögum hefur nýlega fjölgað mjög mikið, og það er þess vegna ákaflega mikils virði, að þeir, sem ekki nota frítímann til tekjuöflunar, nái að temja sér strax í æsku heppilega notkun tómstundanna, t. d. við íþróttir, útivist ýmiss konar, náttúruskoðun eða ræktunarstörf í einhverri mynd, tónmennt, föndur eða listsköpun ýmiss konar. Tómstundaþjóðfélagið er á vissan hátt nýtt hér á Íslandi. Því fylgja mikil vandamál, sem kalla á aðgerðir. Ég held, að allt þetta, sem ég nefndi, væri miklu líklegra til þess, hvert út af fyrir sig og ég tala nú ekki um allt til samans, að hamla gegn ofneyslu áfengis heldur en það frv., sem hér liggur fyrir.

Ég vil að lokum segja, að það sem ég óttast mest í sambandi við áfengismál Íslendinga núna, er þetta, að sú þróun, sem nú hefur átt sér stað, að nálega hver maður á öllu sviðinu frá unglingunum á fermingarskeiði og yfir til forráðamanna þjóðarinnar telji áfengi óhjákvæmilegan og sjálfsagt í mörgum tilfellum æskilegan lífsförunaut, — ég óttast, að þessi þróun hafi það í för með sér, þegar fram í sækir, að vandamálin verði miklu fleiri en áður, á meðan færri — miklu færri tóku þátt í víndrykkju strax á ungum aldri. Þetta er það, sem ég óttast alveg sérstaklega, að slík þróun bíði fram undan, að vandamálin verði miklu fleiri.

Ég skal segja það að lokum, af því að menn hafa verið að minnast hér á þá till., sem enn liggur fyrir í sameinuðu þingi, að ég tel, að það skynsamlegasta, sem hægt er að gera í fljótu bragði og þá engu til kostað, eins og ég sagði áðan, sé, að opinberir aðilar taki sig nú til og gefi það fordæmi að veita ekki vín, hafa ekki vín um hönd, þegar þeir sem slíkir standa fyrir mannfagnaði. Ég get svo sagt það að lokum, t. d. í tilefni af orðum hv. 2. þm. Vestf., að ég blygðast mín fyrir úrræðaleysi og aðgerðaleysi mitt og annarra alþm. í þessu vandasama máli.

Karvel Pálmason: Herra forseti. Það eru aðeins örfá orð út af síðari ræðu hv. 2. þm. Vestf. Ég sé, að hann er þarna inni, þannig að hann heyrir mitt mál. Hann vék að því, að það væri ekki síður ástæða kannske til þess að banna reykingar, þær væru skaðvaldur, og ég tek undir það með honum. Ef honum verður eitthvað hugarhægra við það, þá skal ég ásamt honum beita mér fyrir því, að sú n., sem um þáltill. fjallar í sambandi við vínveitingar, gerði þá brtt. og bæti við, að tóbaksreykingar séu einnig bannaðar í opinberum veislum. Ég skal gangast fyrir því með honum, er honum verður hugarhægra við það.

En út af tóbaksreykingunum annars vegar og áfengisbölinu hins vegar þá veit ég, að hv. 2. þm. Vestf. þekkir það miklu betur en ég, að það er tiltölulega auðveldara fyrir einstaklinga að venja sig af tóbaksreykingum heldur en af áfengisneyslu. Það þekkir þessi hv. þm. miklu betur en ég. Ég held einnig, að menn séu almennt sammála um, að áfengisbölið og áfengisdrykkja sé miklum mun meiri skaðvaldur fyrir miklu fleiri heldur en bara þann einstakling, sem neytir áfengisins, því að það hefur áhrif á miklu fleiri einstaklinga, sú — liggur mér við að segja — ófugþróun og sá ömurleiki sem í mörgum tilfellum skapast við það, að einn einstaklingur innan t. d. fjölskyldu er orðinn áfenginu að bráð. Það er ekki bara sá einstaklingur, sem drekkur vínið, sem verður fyrir barðinu á þessu, það er líka og kannske ekki síður allir aðstandendur innan fjölskyldunnar og miklu fleiri, þannig að í mínum augum er áfengisvandamálið og áfengisdrykkja miklu meira vandamál heldur en þó tóbaksreykingar, þó að ég taki undir það með hv. 2. þm. Vestf., að það mætti að skaðlausu bæta þessu við og taka upp baráttu gegn þeim líka.

Flm. (Ingvar Gíslason): Herra forseti. Ég skal ekki lengja þessar umr. Ég sé ekki ástæðu til þess. Ég gerði rækilega grein fyrir afstöðu minni og efni þessa frv. í frumræðu, og ég held, að ég bæti ekki mikið úr að fara að auka þar neinu við.

Það má náttúrlega segja, að ég hafi ekki neina sérstaka ástæðu til þess að vera ánægður með þessar umr. og það, sem fram hefur komið í máli þeirra hv. þm., sem hér hafa talað. Vissulega væri ástæða til að minnast á ýmis atriði, sem þar komu fram, en ég ætla ekki að gera það. En þó er það eitt atriði, sem mér þykir ákaflega mikilsvert, að menn skilji rétt og fari rétt með, vegna ummæla og vegna skilnings, sem fram kom hjá hv. 7. landsk. þm. og endurtekið af hv. 5. þm. Austf. Það er sá furðulegi skilningur, að í þessu frv. felist, að verið sé að lögleiða víndrykkju í opinberum veislum. Þessari full-

yrðingu hélt hv. 7. landsk. þm. fram, og þetta endurtók frændi minn og ágætur vinur, 5. þm. Austf. Ég er í rauninni alveg hissa á þessum mönnum, að þeir skuli gera þetta, að þeir skuli túlka þetta frv. með þessum hætti, því að þeir hljóta, að sjá, um leið og þeir lesa það, og raunar kom það greinilega fram í mínu máli, að þetta er alröng túlkun, alrangur skilningur. Þessu vil ég bæði mótmæla og einnig minna hv. þdm. á, að þarna er rangt með farið. Það segir ekkert annað í frv. heldur en það, að íslenska ríkinu sé óheimilt að standa fyrir cocktail-boðum, hins vegar sé heimilt að veita vín í opinberum matarveislum. Við vitum það mætavel, hv. þm. allir, hvað í því felst, þegar mönnum eða aðilum er heimilað eitthvað samkv. lögum. Þá felst ekki í því nein skylda til þess að neyta þeirrar heimildar. Þetta vita þessir hv. þm., og þess vegna þykir mér undarlegt, að þeir skuli halda þessu fram, eingöngu til þess að finna einhvern ásteytingarstein í þessu frv.

Að öðru leyti sé ég ekki ástæðu til að ræða frekar það, sem fram hefur komið, þó að það sé óneitanlega eitt og annað, sem ástæða væri til að gera aths. við.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Sameinað þing, 50. fundur.

Þriðjudaginn 5. febr., kl. 2 miðdegis.

Ábyrgð vegna mistaka við hönnun hafnarmannvirkja á Akureyri, fsp. (þskj. 333). — Ein umr.

Fyrirspyrjandi (Lárus Jónsson): Herra forseti. Ég hef leyft mér að bera fram á þskj. 333 fsp. í tveim liðum til hæstv. samgrh. Fsp. er svo hljóðandi:

„1. Hverjar eru helstu niðurstöður nýútkominnar skýrslu danskra sérfræðinga um burðarþol og hagnýtt gildi nýrra hafnarmannvirkja við Oddeyrartanga á Akureyri?

2. Hyggst ráðh. láta kanna til hlítar, hver beri ábyrgð á mistökum við hönnun mannvirkjanna, svo að réttur aðili beri kostnað, sem af þeim stafar?“

Á árinu 1969 var hafist handa við að byggja nýja vöruhöfn á Akureyri, en þá hafði Eimskipafélag Íslands mjög sóst eftir því að bæta aðstöðu sína þar í samræmi við þá stefnu að auka þjónustu sína í umhleðslu vara á nokkrum höfnum á landsbyggðinni. Fyrsti áfangi vöruhafnarinnar skyldi vera 350 m viðlegukantur sunnan Oddeyrartanga, og var Eimskipafélaginu þegar í stað ætluð lóð á uppfyllingu ofan við vöruhafnarbryggjuna. Vita- og hafnamálastjóri áætlaði byggingarkostnað 1. áfanga 15 millj. kr., og fékkst loforð um lánsfé frá atvinnumálanefnd ríkisins og Norðurlandsáætlun til þess að hefja framkvæmdir þegar í stað, en gert var ráð fyrir fjárveitingum frá Alþ. fyrir ríkishlutanum á næstu árum. Rekstraráætlanir sýndu, að hafnarsjóður gat staðið undir þessu að sínum hluta. Ákveðið var í maí 1969 að hefjast þegar handa. Síðan kom í ljós, að þessar áætlanir reyndust strax helmingi of lágar, en nánar verður ekki farið út í þá sálma hér.

Hafnarstjórn Akureyrar taldi ekki óeðlilegt að fela vita- og hafnamálastjóra að annast alla hönnun bryggjunnar, og tók hann það verk að sér. Að loknum jarðvegsrannsóknum var gerður samanburður á kostnaði við bryggjusmíðina eftir því, hvort hún væri gerð úr forspenntum steinsteypuhlutum eða stálþili, og var skýrsla um þetta atriði lögð fyrir hafnarstjórn, og að fengnum meðmælum hafnamálastjóra var ákveðið, að bryggjan skyldi gerð úr strengjasteypuhlutum framleiddum á Akureyri, enda var sú lausn ekki talin dýrari en stálþilslausnin í áðurnefndum skýrslum.

Í árslok 1969 hafði verið lokið við landvegg bryggjunnar og gengið frá grjótfláa framan við hann, og vorið 1970 hófst framleiðsla á strengjasteypuhlutum í bryggjuna eftir teikningu frá vita- og hafnarmálastjóra. Þegar framkvæmdir voru hafnar aftur í apríl 1970, kom í ljós, að undirstöður vöruskálans og landveggur bryggjunnar höfðu sigið verulega þá um veturinn. Var viðkomandi verkfræðingum tilkynnt um þetta, og kallaði Eimskipafélag Íslands á sérfræðing frá Norsk Geoteknisk Institut sér til ráðuneytis, og kom hann til Akureyrar 29. apríl, en þá var m. a. unnið við staurarekstur. Er sérfræðingurinn hafði kynnt sér teikningar að bryggjunni, lét hann þegar í stað ljós efasemdir um, að burðarþol hennar væri nægjanlegt, og í bréfi, sem hann skrifaði, taldi hann vanta verulega á, að svo væri. Hann taldi, að burðarþol hvers staurs væri vart meira en 100 tonn í stað 300 tonna, sem nauðsynlegt væri. Hafnarstjórinn á Akureyri leitaði eftir því við verkfræðinga vita- og hafnamálastjóra, að þeir ræddu við sérfræðing Norsk Geoteknisk Institut um hönnun bryggjunnar, en hann fór af landinu, án þess að af því yrði.

Þrátt fyrir það að hafnarstjórn Akureyrar hefur alla tíð talið vita- og hafnamálastjóra ábyrgan fyrir hönnun verksins, leitaði hún álits Norsk Geoteknisk Institut á hönnun þeirri, sem fyrir lá á bryggjunni. Álit þessarar stofnunar kemur fram í mörgum bréfum, sem hún skrifaði hafnarstjórn Akureyrar, og var vita- og hafnamálastjóri beðinn um að kynna sér innihald bréfanna og tjá sig um málið. Álit hans kemur fram í bréfi, dags. 11. ágúst 1970, en í þessu bréfi kemst hafnamálastjóri að þeirri niðurstöðu, að ótvírætt sé, að hafnargerðinni verði haldið áfram samkv. fyrri áætlunum, og var það gert. Í bréfi Norsk Geoteknisk Institut, dags. 14. júlí 1971, er látið að því liggja, að burðarþol stauranna undir bryggjunni væri e. t. v. ekki nema 50—60 tonn, en þyrfti að vera 300 tonn. Óskaði hafnarstjórn þá eftir því við hafnamálastjóra, að hann tæki afstöðu til efnis þessa bréfs, og mætti hann á fundi hafnarstjórnar 16. ágúst það ár. Á þessum fundi kom fram sú afstaða vita- og hafnamálastjóra, að þetta mundi rétt vera hjá Norsk Geoteknisk Institut. Fékk hann til ráðuneytis við sig danska sérfræðinga, sem hafa nú skilað áliti til hafnarstjórnar, en verkið hefur legið niðri þennan tíma. Er það erindi mitt með fsp. að fá fram, hvað í þessari skýrslu dönsku sérfræðinganna sé að finna um þetta mannvirki, og jafn-

framt að fá úr því skorið, hvort ráðh. hyggist beita sér fyrir því að kanna lagalega hlið þessa máls.

Félmrh. (Björn Jónsson): Herra forseti. Eins og fram kom í ræðu hv. fyrirspyrjanda, 5. þm. Norðurl. e., á mál þetta, sem hér ber á góma, nokkra forsögu, sem hann rakti að nokkru. En hún er í örstuttu máli á þá leið, að á árinu 1969 voru hafnar framkvæmdir við gerð svonefndrar vöruhafnar sunnan við Oddeyrartanga á Akureyri. Fyrstu framkvæmdir voru dýpkanir og uppfyllingar á allstóru svæði sunnan við Strandgötu. Jafnframt voru gerðar takmarkaðar botnrannsóknir og unnið að hönnun mannvirkja. Í upphafi var talið, að tvær megingerðir bryggjunnar kæmu til greina: annars vegar stálþilsbakki og hins vegar steypt, opin bryggja, sem stæði á staurum. Frumhönnun virtist leiða í ljós, að mjög lítill kostnaðarmunur væri á þeim tveim gerðum, er til álita komu, en af ýmsum ástæðum þ. á m. atvinnuástæðum, var talið réttast að byggja mannvirkið sem opna bryggju, þar sem vinna og innlent efni væru mun stærri liður í heildarkostnaði en í stálþilslausninni. Jafnframt var unnið að hönnun vörugeymslu á svæðinu á bak við bryggjuna.

Haustið 1969 var steyptur landveggur bryggjunnar. Í aprílmánuði 1970 var unnið að staurarekstri fyrir framan áðurnefndan landvegg, og kom í ljós, að nokkurt sig hafði orðið á undirstöðum vörugeymslu og landveggs. Í framhaldi af því voru gerðar frekari athuganir á jarðvegi við hafnarmannvirkið og burðarþoli í staurum. Á grundvelli þeirra athugana var ákveðið að steypa þekju bryggjunnar svo sem upphaflega hafði verið ætlað, enda var ráð fyrir því gert, að sigi bryggjunnar væri að mestu lokið, þar sem mælingar bentu til þess. Það kom hinsvegar í ljós, að sig hélt áfram með lítt breyttum hraða, og leitaði þá Hafnamálastofnunin til Geoteknisk Institut í Kaupmannahöfn, en sú stofnun hefur verið ráðgefandi við gerð ýmissa hafnarmannvirkja á Íslandi á undanförnum 15 árum og hefur því allmikla reynslu í að kanna íslenskan jarðveg. Þá var um leið hætt frekari framkvæmdum við höfnina og beðið niðursöðu rannsóknanna. Gerðar voru djúpboranir og nokkrar aðrar boranir á hafnarsvæðinu, sem leiddu í ljós, að á fyrstu 15—20 metrunum var um að ræða sandlög af mismunandi þéttleika, þó yfirleitt heldur lausan sand. Þar fyrir neðan voru síðan fínni lög og mýkri, sem náðu niður á a. m. k. 100 m dýpi, en boranir voru gerðar niður á 40 metra dýpi. Ekki var þó talið hægt á grundvelli þessara umfangsmiklu rannsókna að segja til um, hver væri frumorsök sigs mannvirkjanna, né heldur endanlega, hvert burðarþol einstakra hluta mannvirkjanna væri. Voru því gerðar nýjar boranir haustið 1972, en ekki var það fyrr en á miðju ári 1973, að hægt væri að segja til um niðurstöðu þeirra. Mælingar sýndu, að meginhluti sigsins á sér stað fyrir neðan 15 m dýpi og því ekkert samband milli sigs mannvirkjanna og burðarþols stauranna.

Samhliða og í framhaldi af áðurgreindum rannsóknum hefur Hafnamálastofnunin unnið að tillögugerð um, hvernig sá vandi, sem skapast hefur á Akureyri vegna vöruhafnarinnar, verði leystur. Hluti í þeim athugunum var gerður í ágúst s. l., og var enn leitað til Geoteknisk Institut og sú stofnun beðin að gera útreikninga og frekari athuganir á þremur tilgreindum möguleikum, sem til greina voru taldir koma sem lausn á hafskipabryggjuvanda Akureyringa. Það skal þó tekið fram, að þessar þrjár lausnir voru engan veginn þær einu, sem komið gátu til greina, a. m. k. fræðilega.

Síðan bygging hafskipabryggjunnar á Akureyri var ákveðin 1969 að höfðu samráði við Eimskipafélag Íslands, hefur félagið með tilliti til breyttrar tækni talið æskilegt, að gerðar yrðu nokkru meiri burðarþolskröfur til bryggjunnar en þá var gert, og jafnframt talið æskilegt, að meira rými fengist frá viðlegukanti að vöruskemmu. Skýrsla sú, er fyrirspyrjandi vitnar í, er svar við áðurgreindri beiðni og því raunverulega ekki skýrsla um burðarþol eða hagnýtt gildi þeirra mannvirkja, sem þegar hafa verið reist á innanverðri Oddeyri. Hinar umræddu þrjár till., sem Geoteknisk Institut var spurt álits um, voru:

1) Breytt aðalgerð mannvirkisins, þ. e. a. s. opin bryggja á staurum, en burðarþol aukið þannig, að hún geti borið 3.5 tonn á fermetra.

2) Stálþilsbakki í upprunalegri bryggjulínu, einnig reiknaður fyrir 3.5 tonna álag á fermetra.

3) Stálþilsbakki dreginn til baka um það bil 6 m frá upprunalegri bryggjulínu, þ. e. a. s. rétt framan við mannvirkin, eins og þau eru í dag. Álag á þennan bakka átti einnig að vera 3.5 tonn á fermetra.

Spurt var um stöðugleika þessara mannvirkja ásamt útreikningi á stálþili. Í niðurstöðu skýrslunnar er tekið fram, hverjar ráðstafanir stofnunin telur þurfa að gera í sambandi við hverja af hinum þrem lausnum. Allar eru taldar nothæfar, en stofnunin mælir af ýmsum ástæðum með þriðju lausninni, þ. e. a. s. stálþili dregnu 6 m til baka. Þessi valkostur, sem stofnunin mælti með sem bestri tæknilegu lausn af þeim þremur, er sendar höfðu verið til athugunar og fullnægðu öllum kröfum um burðarþol, gerði að vísu ráð fyrir, að núverandi steypt mannvirki verði lítið sem ekkert nýtt í hinni endanlegu gerð bryggjunnar, þó að þau mundu að sjálfsögðu verða notuð sem vörupallar við þá framkvæmd, en þess má geta, að bygging vörupalla, ef ekki væru til þessar framkvæmdir, mundu nú kosta a. m. k. um 8 millj. kr. Fyllingar og dýpkanir, sem gerðar hafa verið, halda að fullu gildi sínu. Endanleg ákvörðun um það, á hvern hátt verði gengið frá hafnarmannvirkjum á nefndum stað á Akureyri, hefur ekki verið tekin, þar sem mjög margar og mismunandi lausnir geta komið til greina og allflóknir samningar milli ýmissa aðila þurfa að fara fram jafnhliða hinum tæknilegu athugunum á mögulegum lausnum. Umrædd skýrsla frá Geoteknisk Institut er því aðeins liður í þeim athugunum.

Í fyrirsögn fsp. og einnig í síðari lið hennar er því slegið föstu, að um mistök hafi verið að ræða við hönnun verkundirbúnings mannvirkisins. Nú eftir á hefur þetta að mínu leikmannsviti við allsterk rök að styðjast, og kemur

þar sérstaklega til, að þær boranir, sem gerðar voru, þ. e. a. s. aðeins niður á um 20 m dýpi, reyndust síðar ekki gefa rétta mynd af raunverulegum traustleika þess jarðvegs, sem byggt var á, en mannvirkið var samt hannað eftir. Þá virðist og, að reikningsskekkjur hafi orðið við útreikninga, er hönnunina vörðuðu. Hitt er svo meira vafamál, a. m. k. í mínum huga, og ekki sannað, svo að óvefengjanlegt sé, hvort þessi mistök, sem nú hafa komið í ljós og valdið mjög verulegu tjóni, bæði beint og óbeint, hafi mátt a. m. k. að hluta til eða að öllu leyti teljast fyrirsjáanleg eða ekki eða hvort hér var þrátt fyrir allt staðið svo að verki sem vænta mátti, t. d. miðað við gildandi venjur í hliðstæðri mannvirkjagerð hérlendis, hvort rannsóknir og ályktanir þeirra, sem stóðu að hönnuninni á hverjum tíma, gætu miðað við aðstæður talist eðlilegar og í samræmi við þá kunnáttu og hæfni, sem til hæfra embættismanna í mannvirkjagerð er rétt og sanngjarnt að krefjast. Um þessi atriði hvorki get ég né vil gerast dómari að órannsökuðu máli. Ég hef þess vegna nú farið þess á leit við tvo óvilhalla og þekkta fræðimenn um mannvirkjagerð, að þeir rannsaki þennan þátt málsins. Þessir menn eru þeir dr. Ragnar Ingimarsson prófessor og Gústaf E. Pálsson fyrrv. borgarverkfræðingur. Verkefni þeirra í rannsókn málsins skýrist best af því bréfi, sem ég hef ritað þeim og ég vil leyfa mér að lesa hér upp, með leyfi hæstv. forseta. En bréfið er svo hljóðandi:

„Rn. vísar til meðfylgjandi myndrits af grein, sem birtist í blaðinu Íslendingi, Akureyri, 11. þ. m., varðandi mistök, er talin eru hafa orðið við hafnarframkvæmdir við Strandgötu á Akureyri. Í fleiri fjölmiðlum hefur af tilefni téðrar greinar verið vikið að máli þessu og Hafnamálastofnun ríkisins og starfsmenn hennar bornir þungum sökum. Fyrir því telur rn. rétt að fá álitsgerð hlutlausra sérfræðinga á því, hvort hönnun og tæknilegur undirbúningur umræddrar hafnargerðar og aðrar aðgerðir Hafnamálastofnunar ríkisins voru með venjulegum hætti, rannsóknir eðlilegar, miðað við venju í hliðstæðri mannvirkjagerð hérlendis, og réttar ályktanir dregnar af rannsóknum, eða hvort staðið var að undirbúningi af hálfu Hafnamálastofnunar ríkisins með óvenjulegum og ófullnægjandi hætti og hvort um var að ræða mistök, sem voru fyrirsjáanleg.

Með tilvísun til þessa er yður ásamt Gústaf E. Pálssyni fyrrv. borgarverkfræðingi falið að semja fyrir rn. álitsgerð um framangreint mál. Hafnamálastofnun ríkisins mun veita yður aðgang að öllum skjölum, er málið varða. Æskilegt er, að téðri athugun verði hraðað eftir föngum."

Ég tel, að þessi rannsókn sé nauðsynleg og eðlileg eftir það, sem á undan er gengið, en hlýt þó að taka fram, að hver sem niðurstaða hennar verður, getur hún naumast skorið úr því, hver fébótaábyrgð kann að bera á orðnum skaða, þótt hún varði að sjálfsögðu mikilvægan þátt þess máls. Þeirri spurningu tel ég, að naumast verði svarað nema fyrir réttum dómstólum landsins.

Fyrirspyrjandi (Lárus Jónsson): Herra forseti. Ég þakka hæstv. ráðh. svörin og fagna því, að hann hefur fengið óvilhalla menn til þess að kanna fyrir sig tæknihliðar þessa máls, hvort þarna hafi verið um að ræða mistök í hönnun þessa mannvirkis, sem sé hægt að líta svo á, að hafi átt að vera hægt að sjá fyrir. Ég lít á þetta mál sem verulegt prófmál um það, hvort yfirleitt sé um það að ræða, þegar opinberir aðilar taka að sér hönnun verka, að þeir beri svipaða ábyrgð á þeim og einkaaðilar, og þarna sé um að ræða prófmál um samskipti ríkis og sveitarfélaga á þessu sviði, þannig að ég held, að það sé afar brýnt að fara ofan í þetta mál og kanna það til hlítar.

Ég vil benda á, að hér er um mjög miklar fjárhæðir að ræða, þar sem hafnarmannvirkin kosta nú orðið nálægt 30 millj. kr., og óvíst, hvort þau verða nýtt að neinu leyti nema sem vinnupallar fyrir áframhaldandi hafnargerð, auk þess sem dráttur á þessu verki hefur kostað Akureyri óbeint stórar fjárfúlgur, þannig að hér er ekki um lítið mál að ræða.

Ég vil aðeins vekja athygli á því í þessu sambandi, að það var æ ofan í æ búið að benda á, að þarna væri verið að vinna að verki, sem væri ekki nægilega vel undirbyggt og nægilega vel hannað, því að í apríl 1970 var strax bent á það, að norskur aðili, sem ég nefndi í minni fyrri ræðu, Norsk Geoteknisk Institut, teldi, að staurarnir hefðu ekki nema 100 tonna burðarþol í stað 300, eins og átti að vera. Og ári seinna álítur hafnamálastjóri samt sem áður, að það sé með öllu óhætt að halda verkinu áfram á nákvæmlega sama hátt og áður. Enn kemur skýrsla frá þessum norsku aðilum í júlí 1972, en þá fer Hafnamálastofnunin loksins að kanna betur málið og kemst að þeirri niðurstöðu líka, að burðarþol mannvirkjanna sé miklu minna en upphaflega hafi verið reiknað með, þannig að þarna hefur liðið langur tími og var búið að benda á það rækilega, að þarna væri maðkur í mysunni, en ekki neitt að gert. Með þessu er ég ekki að segja eitt eða annað um það, hverjum þessi mistök séu að kenna. Ég held hins vegar, að það verði að koma alveg skýrt í ljós, hvernig á þeim standi, og það verði að æskja þess, að sá aðili, sem ber ábyrgð á þessum mistökum, beri líka fébótaábyrgð.

Orkusala Landsvirkjunar til Norðlendinga, fsp. (þskj. 333). — Ein umr.

Fyrirspyrjandi (Lárus Jónsson): Herra forseti. Ég hef leyft mér að bera fram fsp. í 4 liðum til hæstv. iðnrh. og orkurh. á þskj. 333. Þessar spurningar eru sprottnar af rökstuddum grun Norðlendinga um, að stefna ríkisstj. í orkumálum hafi leitt til þess, að fullkomin óvissa sé um, að Norðlendingar fái notið raforku frá innlendum orkugjöfum til þess að mæta aukinni raforkuþörf fyrr en seint á árinu 1977 eða á árinu 1978. Fáir gera sér grein fyrir því nú, hversu alvarlegar afleiðingar slíkt hefði fyrir þróun Norðurlands. En því fyrr sem ráðamenn gera sér grein fyrir staðreyndum í svo afdrifaríkum

málum, því betra og þeim mun meiri líkur eru á, að einhverjar viðunandi lausnir finnist.

Eins og kunnugt er, ákvað ríkisstj. á árinu 1972 að leysa orkumál Norðlendinga með því að leggja háspennulínu norður yfir öræfi frá fyrirhugaðri Sigölduvirkjun. Þessi lausn hefur síðan verið nánast eins og pólitískt sáluhjálparatriði fyrir ríkisstj. í þessum efnum. Hér gefst ekki tóm til þess að ræða þá hlið málsins í einstökum atriðum, en á það skal bent, að þessi pólitíska sáluhjálparstefna, sem ég vil svo nefna, varð til þess, að undirbúningi virkjana á Norðurlandi, sem komið hefðu að gagni til lausnar á orkuskorti næstu árin, hefur verið frestað ár eftir ár á þeim forsendum, að háspennulína að sunnan mundi verða fljótvirkasta og hagkvæmasta leiðin til orkuöflunarinnar. Kaldur raunveruleikinn hefur á hinn bóginn sýnt fram á, að þessi samtengingarstefna var frá upphafi röng til þess að ráða bót á orkuskortinum á Norðurlandi næstu ár, þótt slík samtenging sé góðra gjalda verð, þegar um verður að ræða miðlunargetu í báðar áttir, þ. e. a. s. þegar miklu meiri orkuframleiðsla eða vinnslugeta er komin á Norðurlandi.

Þegar háspennulínur, sem tengja höfuðborgarsvæðið næstu nágrannabyggðum, brustu hver eftir aðra á s. l. vetri, fóru menn að hugleiða, hvort ekki væri of áhættusamt og ótryggt að reisa línu yfir öræfi landsins, sem flytja þyrfti heilum landsfjórðungi daglega grunnorku til brýnna þarfa. Þá var farið að tala um byggðalínu. Sú hugmynd var þó hvergi nærri fullmótuð í kuldunum s. l. nóv. og des., en þá kom í ljós, að stórfelldur orkuskortur hefði verið við slíkar aðstæður á Landsvirkjunarsvæðinu og af því kæmi að engu haldi við þær aðstæður, sem verstar eru, þótt byggðalína kæmi norður, fyrr en Sigölduvirkjun yrði að mestu komin í gagnið. Haft var eftir formanni Landsvirkjunarstjórnar í útvarpi, að Landsvirkjun yrði ekki aflögufær með orku til Norðlendinga, fyrr en Sigölduvirkjun yrði að fullu byggð, sem verður ekki fyrr en 1977 eða 1978 samkv. áætlunum. Þessar fréttir útvarpsins juku ugg Norðlendinga um allan helming, sem vonlegt var.

En hvað merkir það í fjármunum við þær aðstæður, sem nú eru í orkumálum heimsins, ef svo fer, að Norðlendingar fá ekki innlenda orku á þessu árabili? Samkv. bestu upplýsingum, sem ég hef getað aflað mér, er þörf á því að framleiða samtals 134 gwst. af raforku næstu 4 árin á Norðurlandi með dísilvélum, ef ekki koma til frekari virkjanir á Norðurlandi eða flutningur á rafoku inn í fjóðunginn fyrir 1978. Með núverandi olíuverði yrði olíukostnaðurinn einn 270 millj. kr. við þessa orkuframleiðslu, en ef olíuverðið fer í 14 kr. á lítra, svo sem búist er við, yrði olíukostnaðurinn einn við að framleiða þessa orku tæplega 500 millj. kr. á ári. Tap þjóðarbúsins á því að framleiða þessa raforku með dísilafli yrði því á þessu tímabili um það bil 360 millj. kr., ef miðað er við heildsöluverð á raforku, eins og það er í dag hjá Landsvirkjun og Laxárvirkjun, en yrði 430 millj., ef miðað er við framleiðslukostnað raforku í gufuvirkjun, eins og nú er fyrirhugað við Kröflu. Þetta eru síður en svo ýktar tölur, vegna þess að við þær þyrfti að bæta tugum millj. vegna rekstrarkostnaðar dísilstöðvanna, auk olíukaupanna, en hér hefur einvörðungu verið reiknað með beinum kostnaði við olíukaup.

Með þessu er ekki öll sagan sögð. Sú áætlun, að framleiða þurfi 134 gwst. af raforku á Norðurlandi með olíu fyrir 1978, ef ekki koma til aðrar orkuöflunarleiðir, er byggð á reynslu síðustu ára um aukna notkun raforku í fjórðungnum. Við það bætist, að olíuhækkunin mun hafa í för með sér stóraukna eftirspurn eftir raforku til húshitunar, ekki síst á stórum stöðum eins og Akureyri. Í framangreindu dæmi er ekki reiknað með þessu, heldur einvörðungu stuðst við reynslu síðustu ára um aukningu orkuþarfarinnar. Þegar þetta er skoðað, er það sannarlega ekki að tilefnislausu, sem þær spurningar brenna á vörum flestra Norðlendinga, sem ég hef lagt fyrir hæstv. iðnrh. og orkuráðh., og vænti ég þess, að afdráttarlausar upplýsingar komi fram í svari hans hér á eftir.

Heilbr.- og trmrh. (Magnús Kjartansson): Herra forseti. Hér er nú hvorki staður né stund til að fara í almennar umr. um raforkumál, eins og hv. fyrirspyrjandi hafði tilburði til í orðum sínum hér áðan. Það er nýbúið að ræða þessi mál í tvo daga í Ed. hins háa Alþingis.

Ég vísa algerlega á bug þeirri staðhæfingu hv. fyrirspyrjanda, að það sé stefna núv. stjórnar í orkumálum, sem hafi leitt til orkuskortsins á Norðurlandi. Þar er að sjálfsögðu um að ræða ákvarðanir, sem teknar voru, áður en núv. ríkisstj. var mynduð.

Ég vil einnig vísa á bug þeim aths. hans, að það sé eitthvað óeðlilegt að beita sér fyrir samtengingu orkuveitusvæða, pólitískt sáluhjálparatriði, eins og hann sagði. Ég er þeirrar skoðunar, að slík samtenging sé alger forsenda þess, að það verði bætt úr orkuskorti um allt land og landsmenn allir geti þar setið við sama borð.

Ég skal þá víkja að fsp. hv. þm. Sú fyrsta er sú, hvenær ráðh. telji, að Landsvirkjun geti selt Norðlendingum örugga raforku um fyrirhugaða háspennulínu frá Landsvirkjunarsvæðinu til orkuveitusvæðis Laxárvirkjunar. — Unnt verður að selja raforku norður um háspennulínuna til orkuveitusvæðis Laxárvirkjunar, eftir að línan hefur verið reist, en að því er stefnt, að það verði á næsta ári. Þar til fyrsta vélasamstæða Sigölduvirkjunar hefur verið tekin í notkun sumarið 1976, getur orðið um einhverjar truflanir að ræða á þessari orkusölu í mikilli vatnsþurrð eða við aðrar slíkar óvenjulegar aðstæður.

Í annan stað er spurt, hvort ráðh. telji, að formaður stjórnar Landsvirkjunar hafi haft rétt fyrir sér, þegar hann sagði í fjölmiðlum, að Landsvirkjun væri ekki aflögufær um orku til Norðlendinga fyrr en á árinu 1977. — Nú mætti það æra óstöðugan, ef ætti að fara að spyrja ráðh., hvað þeir telji um eitt og annað, sem sagt kunni að hafa verið hér á landi. En í sambandi við þetta er staðreyndin sú, að formaður stjórnar Landsvirkjunar hefur ekki sagt eitt einasta orð um þetta í fjölmiðli. Hann ræddi þetta mál á almennum blaðamannafundi, og í

fréttum útvarpsins var rangt eftir honum haft, það sem hann sagði. Form. stjórnar Landsvirkjunar segist hafa sagt þetta:

„Landsvirkjun hefur ekki örugga orku aflögu, fyrr en Sigölduvirkjun er komin í rekstur sumárið 1976. Er þá átt við vetrarorku. Eins og kunnugt er, verða ístruflanir gjarnan samtímis við Laxárvirkjun og við orkuver Landsvirkjunar."

Allir útreikningar, sem byggjast á því, að ekki komi orka til Norðurlands fyrr en 1978, eins og hv. fyrirspyrjandi var að leika sér að hér áðan, eru því gjörsamlega út í hött.

Enn er spurt, hvort ráðh. telji, að Landsvirkjun geti selt Norðlendingum orku við svipaðar aðstæður og sköpuðust í nóv. og des. s. l. — Það er alkunna, að eins og raforkukerfi okkar Íslendinga er enn sem komið er skipulagt, þá geta verulegar íshraflstruflanir valdið erfiðleikum í orkuöflun. Þetta á að sjálfsögðu við alls staðar á landinu, eins og menn vita ákaflega vel. Við höfum sjaldan átt við eins mikla erfiðleika að etja um langt skeið og í desembermánuði s. l., en þá kom mesti frostakafli, sem komið hefur á Íslandi í heila öld. Það er því augljóst mál, að þegar slíkt ber að höndum mun orkuöflunaraðilinn væntanlega láta eitt ganga yfir alla, að svo miklu leyti sem unnt er og aðstæður leyfa. Því er full ástæða til að ætla, að Landsvirkjun geti annað orkuflutningi til Norðurlands við svipaðar aðstæður og sköpuðust hér í des. í sama mæli og aðrir viðsemjendur Landsvirkjunar fá.

Í fjórða lagi spyr hv. fyrirspyrjandi, hvort ráðh. hafi í hyggju að gera bindandi samning við stjórn Landsvirkjunar um orkusölu til Norðurlands. — Ég hélt nú, að hv. þm. væri ljóst, að það er ekki orkuráðh., sem gerir samninga um orkusölu. Hins vegar liggur það í hlutarins eðli, að þegar búið er að tengja saman Norðurland og Suðurland, muni orkuöflunarfyrirtæki bæði sunnanlands og norðan þurfa að gera með sér samning um það, með hverjum hætti slík orkusala fari fram. Ef leitað er einhverrar fyrirgreiðslu rn. um það, er það að sjálfsögðu auðsótt mál. Í annan stað spyr hv. þm., hvort fyrst og fremst verði að því stefnt á næstu árum að afla Norðlendingum innlendrar raforku á þann hátt. — Nú ætti hv. fyrirspyrjandi að vita það ákaflega vel, að fyrir Alþ. liggur till. um 55 MW virkjun við Kröflu, og ég hef fulla ástæðu til að ætla, að um það mál sé algjör samstaða á hinu háa Alþ., þannig að vænta megi þess, að það nái fram að ganga á þessu þingi. Og þá verður reynt að hraða þeim framkvæmdum svo sem auðið er, þannig að Norðlendingar fái með sem fljótvirkustum hætti verulega stóra virkjun á Norðurlandssvæðinu. Þar er að sjálfsögðu um að ræða ákaflega mikilvægt öryggisatriði, bæði fyrir Norðurland og raunar fyrir Austurland líka.

Ingvar Gíslason: Herra forseti. Ég get út af fyrir sig ekki sett út á þessar fsp., sem fram eru bornar hér af hv. 5. þm. Norðurl. e. Hins vegar get ég ekki neitað því, að mér þótti furðulegur tónn í þeirri stuttu ræðu, sem hann flutti hér fyrir fsp. sínum. Hann fullyrti t. d., að Norðlendingar hefðu rökstuddan grun um, að stefna ríkisstj. í orkumálum mundi leiða ófarnað yfir þá á næstunni, eitthvað í þá átt var fullyrðingin. Mér þykir þetta satt að segja ákaflega furðuleg fullyrðing enda algjörlega röng. Ég sé ástæðu til að mótmæla þessu sérstaklega. Norðlendingar gruna ríkisstj. ekki um neina grænku í orkumálum, síður en svo, heldur hygg ég, að segja megi, að Norðlendingar yfirleitt treysti aðgerðum ríkisstj. í orkumálum og telji stefnu hennar bæði rétta og jákvæða.

Ég vil líka minna á það, að Norðlendingar telja, að það hafi orðið stefnubreyting í orkumálum, síðan núv. ríkisstj. tók við.

En hitt er annað mál, að orkuvandamál Norðlendinga er orðið að neikvæðu nöldursmáli nokkurra sjálfstæðismanna og þá alveg sérstaklega hv. fyrirspyrjanda. Mér hefur stundum fundist, að þetta nöldur minnti á gamlan málshátt, sem segir, að sök bíti sekan. Hv. fyrirspyrjandi veit mætavel, að núv. orkuskortur á Norðurlandi er til kominn vegna óstjórnar orkumála í tíð fyrrv. ríkisstj. Það var þá stefna ríkisstj. að svelta Norðlendinga í orkumálum og hafa uppi þau vinnubrögð, sem hlutu að leiða til ófarnaðar. Því miður fæ ég víst ekki tækifæri til að segja meira um þetta nú, en ég vildi gjarnan hafa aðstöðu til þess vegna þessa síendurtekna nöldurs sjálfstæðismanna og þá alveg sérstaklega þessa hv. þm., 5. þm. Norðurl. e.

Fyrirspyrjandi (Lárus Jónsson): Herra forseti. Hæstv. ráðh. komst einhvern veginn þannig að orði, að ég hefði verið að leika mér að því að velta því fyrir mér hér, að það yrði ekki komin innlend orka til Norðurlands fyrr en árið 1978. Ég get fullvissað hann um, að ég er ekki að leika mér að neinu í þessum efnum. Það er enginn leikur, ef það verður, og það er fullkomin ástæða til þess að óttast það, — ég vil benda hæstv. ráðh. á það. Ég skal e. t. v. koma svolítið betur inn á það hér í þeim fáu orðum, sem ég get sagt núna um þetta mál.

Ég óska hv. 1. þm. Norðurl. e. til hamingju með að kalla það nöldur, ef einhverjir óttast, að það sé vá fyrir dyrum í orkumálum Norðlendinga, ég óska honum sannarlega til hamingju með þá — (Gripið fram í.) Það er nöldur í mér, já. En það getur verið nöldur í fleirum hv. þm., það getur orðið nöldur í fleirum, ef sá grunur minn er réttur og margra Norðlendinga, eins og ég fullyrti hér, að það væri fullkomin óvissa um það, — og ég hélt, að það hefði verið sameiginleg niðurstaða allra þm. Norðurl. e. á fundi, sem við héldum fyrir stuttu, — að það væri fullkomin óvissa um, að við fengjum innlenda orku fyrr en 1978.

En ég ætlaði að víkja hér að ýmsu fleiru. Það var rætt um, að það hafi verið algjörlega á ábyrgð fyrrv. ríkisstj., hvernig ástandið væri í orkumálum Norðlendinga. Ég vil spyrja hæstv. ráðh. og þá, sem halda slíkri firru fram: Hvað á þessi hæstv. ríkisstj. að sitja lengi til þess, að hún beri yfirleitt ábyrgð á nokkrum sköpuðum hlut? Það var vitað mál, þegar hæstv. ráðh. settist í ráðherrastól, að það var yfirlýst stefna hans flokks á Norðurl. e., að það yrði ekki virkjað meira í Laxá en gert var, og jafnvel var sagt

í málgögnum hans nyrðra, að það yrði aldrei hleypt vatni á þessar vélar Laxár, þannig að hann mátti vita það, að sú leið yrði ekki fær til að afla orku fyrir Norðlendinga. Og það var ekki fyrr en nokkru eftir að hann settist í ráðherrastól, sem hann tók ákvörðun um það að afla Norðurlandi orku með línu norður. Síðan hefur ekkert verið gert í þeim virkjunarmálum Norðurlands, sem hefðu komið að gagni á þessu tímabili. Það var tvívegis frestað að halda áfram rannsóknum á Kröflu, þrátt fyrir það að skýrslur lægju fyrir um það, að gufuvirkjanir væru hagkvæmar. Það var ekki tekið fjármagn til rannsókna á Kröflu árið 1972 og ekki 1973. Samt segir hæstv. ráðh., að það sé ekkert sér að kenna í orkumálum Norðurlands. Nei, nei, nei, það er fyrrv. ríkisstj. Og það á að vera talið nöldur í mér, þegar ég er að tala um þessa hluti.

Ég vil benda hv. 1. þm. Norðurl. e. og hæstv. ráðh. á, að það er fullkomin óvissa um, að hægt sé að koma háspennulínu norður á árinu 1975. Það er aðeins farið að athuga um efni í þá framkvæmd. Þarna er um 223 km að ræða, frá Hvalfirði og norður í land, og það hefur vafist fyrir mörgum minna verkefni en það að koma því upp á 1½ ári og vera ekki farinn að undirbúa það að neinu ráði.

Um Kröfluvirkjun erum við alveg sammála, en ég held, að það sé alveg ljóst, að hún verður ekki komin upp fyrr en árið 1977 eða 1978. Hvaða aðrar leiðir ætlar hæstv. ráðherra að fara? Og hvernig er ástatt með raforku hér á Landsvirkjunarsvæðinu, þó að línan kæmist upp árið 1975? Það er vitað, eins og hann gat ekki annað en viðurkennt sjálfur, að það yrði ekki örugg orka með þeirri línu veturinn 1975—1976 til Norðurlands. Það er ekkert nöldur, sem ég er að fara með hér, þetta er stóralvarlegt mál, og ég vil biðja a. m. k. hv. 1. þm. Norðurl. e. að hugleiða það mjög rækilega.

Ingólfur Jónsson: Herra forseti. Það var hv. 1. þm. Norðurl. e., sem sagði hér áðan orðrétt: „Stefna fyrrv. stjórnar var að svelta Norðlendinga í orkumálum.“ Þetta er falleg setning, og það er sem betur fer sjaldan, sem maður heyrir slíka ósanngirni hér í þingsölunum. Hæstv. ráðh., sem talaði hér áðan, sagði, og það var ósköp veikt ályktað hjá honum, að það mætti rekja orkuskortinn til fyrrv. stjórnar. En það var eðlilegt, að hann tæki ekki stórt upp í sig, því að þegar farið er að athuga, hvað hefur gerst í orkumálum Norðurlands, síðan núv. hæstv. ríkisstj. komst til valda, þá er það ekkert í framkvæmdum, nema línan milli Skagafjarðar og Eyjafjarðar. Hún hefur verið byggð, en er ekki notuð, vegna þess að það er engin orka til að flytja með henni.

Hæstv. ráðh. beitti sér fyrir því að fá lausn í Laxárdeilunni, og ég get trúað því, að ekki hafi verið hægt að semja á hagkvæmari hátt en gert var, þegar það var gert, þó að lausnin sé ekki góð.

Það eru Norðlendingar sjálfir, sem eiga stærstu sök á því, að orkuskortur er, að ekki var hægt að virkja í Laxá, þannig að það væri hagkvæmt. Sýslunefnd Suður-Þingeyjarsýslu og Búnaðarsamband Suður-Þingeyjarsýslu hafði samþykkt 20 m háa stíflu í Laxá, þannig að það hefði verið hægt að virkja á hagkvæman hátt 19 MW í staðinn fyrir 6 eða 7 MW. Laxárdeilan var leyst með því, að það yrði ekki virkjað meira en það litla afl, sem nú er í notkun, og nýtist illa í vetrarfrostum, vegna þess að stífluna vantar. Nú er nokkur tími liðinn, síðan samningar voru gerðir. Viðhorfið hefur getað breyst. Það gæti verið mögulegt nú að fá samkomulag um 9 m stíflu, sem gæfi 4 MW. Í þeirri virkjun mundi kwst. kosta 20 aura. Það gæti fengist samkomulag nú um að gera 20 m stíflu, sem gæfi 13 MW. Stífluna mætti gera á einu sumri og leysa þannig brýnustu orkuvandræði Norðlendinga, á meðan verið er að undirbúa annað meira og fá stærri virkjun fyrir Norðurland.

Stefán Jónsson: Herra forseti. Vegna hóflegra ummæla 1. þm. Sunnl. vil ég vekja athygli á því, að ákaflega hatrömm deila, þar sem Laxárdeilan var, var til lykta leidd með samningum um það milli stjórnar Laxárvirkjunar og Landeigendafélags Laxár og Mývatns, að ekki yrði virkjað meira við Laxá. Með undirritun þessa samkomulags fékkst vatn á stóru vélarnar, sem settar höfðu verið niður í stóru göngin. Þetta samkomulag var ákaflega torfengið. Nú ætla ég, að menn séu að vekja upp draug, þegar hafnar eru umr. um hugsanlega breytingu á þessu samkomulagi, og hef nokkuð fyrir mér í því, að af því mundi ekki stafa margt gott að hefja þær umr. að nýju. Spurningin er: Hvort vilja menn rafmagn norður eða vilja þeir rifrildi? Rifrildið kynni að tefja fyrir því, að rafmagnið kæmi, og enda þótt ég vilji nú ekki kalla tal hv. þm. Lárusar Jónssonar nöldur, þá er því ekki að neita, að tónninn í honum, þegar hann ræðir raforkumálin, minnir nokkuð á hraðsuðuketil. Það er ekki rætt um leiðir til þess að leysa vanda. Það er aðeins rætt um leiðir til þess að halda uppi einhvers konar misklíð um það, hvernig leysa beri aðkallandi vanda. Vandinn er raunverulegur, og ég staðhæfi, að hann verður ekki leystur með því að hefja að nýju deilur um virkjun í Laxá.

Heilbr.- og trmrh. (Magnús Kjartansson): Herra forseti. Ég vona, að hv. þm. Lárus Jónsson hafi veitt athygli þeim raunsæju ummælum hv. þm. Ingólfs Jónssonar, að orkuvandamálið á Norðurlandi sé ekki sök mín eða annarra, sem hér hafa haldið á málum, heldur sé orsökin ágreiningur fyrir norðan. Auðvitað er þetta mergurinn málsins. (Gripið fram í.) Þegar ég settist í ráðherrastól, — það var síðari hluta árs 1971, eins og hv. þm. veit, það gerðist eftir kosningar 1971. Fyrrv. orkumrh. bar fram heimild til virkjunar í Laxá, — virkjunar, sem var miðuð við framkvæmdastig, sem engin lagaheimild var fyrir. Þegar í þessa framkvæmd hafði verið ráðist, búið var að semja um tækjakaup og annað slíkt, lá það einnig fyrir, að ágreiningur norðanlands var svo mikill, að það hefði ekki verið leyft að hleypa vatni á þessa virkjun, það var búið að fá lögbannsheimild fyrir því. Hvernig halda menn, að ástandið hefði orðið í vetur, ef það hefði verið komið upp þetta mikla mannvirki, en ekki verið leyft að hleypa á það vatni? Það er þetta ástand, sem þessi hv. þm. vill halda við. Hann

reynir í sífellu að egna upp deilur og illindi manna fyrir norðan.Í stað þess að taka sameiginlega á við að leysa vandamálin, hefur hann áhuga á því einu að magna deilur og koma í veg fyrir, að hægt sé að ná samkomulagi um skynsamleg úrræði. Ég held, að þessi hv. þm. gæti lært æðimikið af mati flokksbróður síns, Ingólfs Jónssonar, sem kunni þó að tala um þetta eins og raunsær maður og ekki í þeim annarlega tón, sem þessi hv. þm. ástundar, ekki aðeins í sambandi við orkumál, heldur eiginlega hvert einasta mál, sem hann talar um hér á Alþ. En kannske er þessum undarlega hroka þessa hv. þm. ætlað að dylja ýmislegt annað, sem þeir þm., sem farnir eru að kynnast honum, gera sér fulla grein fyrir.

Ragnar Arnalds: Herra forseti. Ég tek undir með þm., sem hér hafa talað, að það er harla einkennilegur tónn í umr. stjórnarandstæðinga um þessi mál. Það er að vísu rétt, að það er víða ríkjandi orkuskortur hér á landi. En spurningin er: Hverjum er það að kenna? Ég held, að það sé tæplega til sá glópur, sem veit ekki, að það tekur yfirleitt 4—5 ár að undirbúa framkvæmdir í raforkumálum. Það líða 4—5 ár og í alminnsta lagi 3 ár, frá því að athugun á framkvæmdum er hafin og síðan rannsókn, mannvirki er hannað og þar til raforkuver er fullbúið og getur skilað orku inn á heimilin.
Núv. ríkisstj. hefur verið við völd í rúmlega 2½ ár. Þar af leiðandi er það eins ljóst og nokkuð getur verið, að raforkuskortur víða um land er engum öðrum að kenna heldur en fyrrv. ríkisstj. Ef farið hefði verið út í samtengingu raforkusvæðanna hér á landi 5 árum fyrr en farið var að huga að því, þ.e.a.s. á árunum í kringum 1968, og ef ekki hefði farið svo, að meiri hluti orkunnar frá Búrfellsvirkjun var seldur útlendingum fyrir fáránlegt verð, — ef sem sagt þetta hvort tveggja hefði ekki gerst, þá væri nú að sjálfsögðu nægilegt rafmagn um allt land. Um það þarf ekki að deila.

Geir Hallgrímsson: Herra forseti. Hv. 1 þm. Norðurl. e. vitnaði til málsháttarins: sök bítur sekan. Ég held, að það hafi ekki komið skýrar fram en í þeim orðum, sem hæstv. iðnrh. lét sér um munn fara, og einkum og sér í lagi í háttalagi hans í þessum ræðustól, þegar hann með gífuryrðum svaraði gagnrýni hv. þm. Lárusar Jónssonar áðan.

Það hefur enginn mælt á móti því, að það væri æskilegt að tengja saman Ísland allt, þannig að hægt væri að miðla raforku frá einum landshluta til annars. En áður en það er gert, þarf að fara fram hagkvæmnisathugun á því, hvort réttara er að virkja heima í héraði eða byggja á raforkuflutningi á milli landshluta, og það þarf enn fremur að vera til staðar ákveðið grunnafl í hverju héraði fyrir sig eða hverjum landshluta fyrir sig, til þess að íbúarnir búi við öryggi.

Nú er svo komið eftir 5 missera valdaferil hæstv. iðnrh. og núv. ríkisstj., að Norðlendingar hafa þá einu von, sem bundin er við samtengingu við landsvirkjunarsvæðið, og sú tenging á að vera komin í gagnið, að sögn hæstv. iðnrh., á næsta ári. Dregið er mjög í efa, að unnt sé að koma þessari samtengingu á á svo skömmum tíma. En auk þess sem það er vafasamt, þá eru allar líkur á því, að þá verði ekkert rafmagn að flytja frá landsvirkjunarsvæðinu til Norðurlands, vegna þess að Landsvirkjun hefur ekki raforku afgangs. Eftirspurnin og þörfin á markaði landsvirkjunarsvæðisins nú er svo mikil, að engar horfur eru á því, að Landsvirkjun geti séð af neinu rafmagni, fyrr en Sigalda er komin í gagnið. Sérstaklega er þetta augljóst nú, vegna þess að Landsvirkjun hefur gert sérstakar ráðstafanir til þess að auka húsakyndingu með raforku á orkuveitusvæði Landsvirkjunar. Þess vegna er gagnrýni hv. þm. Lárusar Jónssonar, 5. þm. Norðurlands e. á rökum byggð, að á 5 missera valdaferli hæstv. iðnrh. hefur hann engar ráðstafanir gert til að bæta úr orkuskortinum á Norðurlandi, þrátt fyrir það að hann mátti sjá fyrir þegar í upphafi valdaferils síns, að um mjög alvarlegt vandamál væri þarna að ræða.

Ingólfur Jónsson: Herra forseti. Ég held, að hv. 6. landsk. hafi misskilið mig dálítið, þegar hann var að tala um, að það væri kannske verið að vekja upp draug með því að gera tilraun til þess að taka upp nýja samninga um Laxárvirkjun. Það er alveg ljóst, að það verður ekki virkjað meira í Laxá, nema samkomulag náist. En þótt gerður hafi verið samningur áður, getur það ekki verið neitt bannorð að reyna að breyta þeim samningi. Ég held, að viðhorfið hljóti að hafa breyst fyrir norðan, þegar í ljós er kominn sá orkuskortur, sem nú er. Ástæða er til að ætla, að bændurnir hafi áttað sig á því, að þeir geti leyft virkjun í Laxá, án þess að þar fari nema land einnar jarðar undir vatn. Það er ekki talið, að 19 MW virkjun komi að sök hvað snertir veiði eða annað í Laxá. Það er alltaf leyfilegt að endurskoða afstöðu sína, þegar viðhorfin breytast. Ég trúi því, að nýtt samkomulag náist, ef reynt væri að vinna að því, ekki vegna þess, að ég hafi talið, að unnt hafi verið að ná betri samningum áður, þegar samningarnir voru gerðir.

Hæstv. ráðh. sagði, að ég hefði ekki viljað segja neitt í þá átt, að orkuskorturinn fyrir norðan væri aðgerðarleysi núv. ríkisstj. að kenna. En ég tók það einmitt fram, að það hefði nú ekkert verið gera á röskum 5 misserum í orkumálum. Ég get til huggunar fyrir ráðh. sagt, að það sé ekki vegna viljaleysis, en það er vegna aðgerðaleysis í mikilsverðu máli.

Eignaraðild útvegsmanna að fiskiskipaflotanum, fsp. (þskj. 341). — Ein umr.

Fyrirspyrjandi (Bjarni Guðnason): Herra forseti. Ég hef leyft mér að bera fram á þskj. 341 fsp. til sjútvrh. um raunverulega eignaraðild útvegsmanna að fiskiskipaflotanum. Hér er um tvær fsp. að ræða:

„1. Hver var vátryggingarfjárhæð alls íslenska fiskiskipaflotans 31. des. 1973?

2. Hve hárri fjárhæð samtals námu skuldir meðlima Landssambands ísl. útvegsmanna 31. des. 1973, sem tryggðar voru með veðum í sama fiskiskipaflota og nefndur er í fyrri spurningunni?“

Ástæðan fyrir fsp. er þessi: Mismunurinn á þeim tölum, sem þarna koma fram, á að gefa til kynna, hvort L. Í. Ú. sé rétti aðilinn til að kveða upp um það, hvort fiskiskipaflotinn sé látinn liggja í höfn í byrjun vertíðar eða ekki. Tölur þær, sem þarna koma fram, mundu einnig leiða í ljós, hvort eignarheimild fiskiskipaflota landsmanna sé ekki í höndum skakkra aðila, þar sem meðlimir L. Í. Ú. eru annars vegar og lánardrottnarnir hins vegar, þ. e. a. s. að stærsta hluta opinberir sjóðir eða m. ö. o. almannafé.

Sjútvrh. (Lúðvík Jósepsson): Herra forseti. Spurt er í fyrsta lagi: „Hver var vátryggingarfjárhæð alls íslenska fiskiskipaflotans 31. des. 1973?“ Ég hef fengið þær upplýsingar, að vátryggingarverð það, sem miðað er við í vátryggingasjóði fiskiskipa, sé fyrir samtals 935 skip, alls rúmlega 17.9 milljarðar kr. eða rétt tæpir 18 milljarðar. Þetta er sem sagt vátryggingarverð svo að segja alls fiskiskipaflotans. Það eru ekki, held ég, fyrir utan þetta nema örfáir smábátar.

Þá kemur síðari spurningin, sem er heldur verri viðureignar og býsna sérkennileg, en þar er spurt: „Hve hárri fjárhæð samtals námu skuldir meðlima L. Í. Ú. 31. des. 1973, sem tryggðar voru með veðum í sama fiskiskipaflota og nefndur er í fyrri spurningunni?“ Þessu er ekki hægt að svara, nema þá að miklu lengri tími fáist til undirbúnings en hér hefur verið veittur, og reyndar þarf þá að leita eftir heimildum hjá aðilum, sem við ráðum ekki fyllilega yfir, því að spyrja um skuldir einstakra meðlima í hinum ýmsu félagssamtökum í landinu er í rauninni ekki frambærilegt hér á Alþ., nema þá viðkomandi félagssamtök hafi skrá um slíkt, en L. Í. Ú. telur sig ekki hafa skrá yfir þetta. Ég get því ekki svarað þessari spurningu og tel hana líka þess eðlis, að það sé í rauninni ekki hægt að ætlast til þess, að henni sé svarað hér.

En það er hægt að gefa hér nokkrar almennar upplýsingar, sem svara að einhverju leyti því, sem hv. fyrirspyrjandi er að leita eftir. En það varðar þau lán, sem hvíla á fiskiskipaflotanum, stofnlán, en því miður er ekki heldur hægt að gefa hér upplýsingar um annað en bein stofnlán. Hér er um einn aðalstofnlánasjóð að ræða, sem lánar út á fiskiskipaflotann, þ. e. Fiskveiðasjóð Íslands. Um síðustu áramót voru lán hans til fiskiskipaflotans samtals 5.2 milljarðar. Auk þess höfum við svo tölur yfir það, að Byggðasjóður og Atvinnuleysistryggingasjóður, að nokkru leyti í nánu sambandi við starfsemi Byggðasjóðs hafa veitt lán upp á 530 millj. kr. Hér er því um að ræða föst stofnlán til þessa skipaflota upp á rúmlega 5.7 milljarða. En önnur lán, sem hvíla á þessum skipaflota, er afar erfitt að segja um, því að það væri mikið verk að tína saman allar upplýsingar um áhvílandi skuldir allra skipa í landinu í öllum lánastofnunum og engin leið að koma því við.

Þetta er sem sagt það, sem ég get gefið upplýsingar um, og að þessu leyti er hægt að svara spurningum hv. fyrirspyrjanda, en um frekara svar getur ekki verið að ræða að svo komnu máli.

Jón Árm. Héðinsson: Herra forseti. Ég vil ekki beint blanda mér inn í þessar umr., en vegna þeirra aths., sem komu fram hjá fyrirspyrjanda, vil ég aðeins upplýsa hann um, að það sérstaka kerfi hefur gilt í sjávarútvegi, að hann hefur byggt upp sinn stofnlánasjóð í rúm 60 ár, — ég hugsa, að ég fari rétt með, — yfir 95%, og geri aðrir betur, með kvöð á sjálfan sig. Það munu vera fáein hundruð millj. kr., sem ríkissjóður hefur lagt fram, og þó að sú tala hafi hækkað nú s. l. tvö eða þrjú skipti, er þetta fyrst og fremst myndað af eigin kvöð og hefðu aðrir sjóðir mátt hafa þennan sjóð til fyrirmyndar eða þá, sem standa að baki honum.

Í öðru lagi vil ég upplýsa hann um það, að blessunarlega eru til útvegsmenn, sem standa í skilum með sín lán og þess vegna lækka skuldirnar. Hins vegar er verðbólga á Íslandi, eins og hv. fyrirspyrjandi hefur oft fjallað um úr þessum ræðustóli, og þá er eðlilegt, að þeir, sem eiga sínar fleytur, hækki vátryggingarverð. En þeir eru þó ekki sjálfráðir um það, heldur er það sérstök stjórn, sem þá tekur af eigandanum völdin, og metur skipin, og langflest skipin í dag eru metin langt undir sannvirði, þannig ef þau sykkju í dag, mundi enginn eða mjög fáir geta endurnýjað með sams konar skipakosti vegna verðbreytinga, svo að ekki er raunhæft að vera með vangaveltur um mismun á þessum tölum, hvað þær gefa til kynna. Held ég, að það byggist á því, að fyrirspyrjandi hafi ekki gert sér grein fyrir á hvaða hátt þær koma fram.

Að öðru leyti gæti verið fróðlegt að spyrja um skiptingu bátaflotans innan 12 tonna og þar fram eftir götunum og svo 12—100 tonna, hvað hann kostar, hvað hann hefur gefið af sér og hverju hann hefur skilað, vegna þess að okkur virðist sumum meira um vert að veita atvinnu við að smíða ákveðna stærð báta en að þeir hafi nokkurn möguleika til að standa undir sér né að tryggja sjómönnum sómasamlegt öryggi og kjör.

Fyrirspyrjandi (Bjarni Guðnason): Herra forseti. Þessar fsp. voru bornar fram til þekkingarleitar af minni hálfu, því að mér skilst, að eitt mesta vandamálið í íslenskum efnahagsmálum og undirstaðan sé rekstrargrundvöllur útgerðarinnar. Það hagar svo til, að þetta stóra mál, rekstrargrundvöllur útgerðarinnar, er alltaf í óvissu. Jafnvel þegar afurðaverð er hærra en nokkru sinni fyrr í sögu þjóðarinnar, virðist útgerðin berjast í bökkum. Mér virðist að þetta stóra mál sé látið lönd og leið áratug eftir áratug og ekki reynt að kryfja það til mergjar, hvað veldur þessum erfiðleikum útgerðarinnar, og þarf íslenska þjóðin að standa fyrir reglubundnum gengisfellingum til þess að bjarga útgerðinni alltaf öðru hverju. Hver er hinn raunverulegi vandi útgerðarinnar? Ég hygg, að það væri vert að reyna að taka þessi mál nýjum tökum, því að meðan hagar eins og nú er, virðist ekki unnt að reka hér heilbrigðan rekstur í útgerð nema með alls konar óheillavænlegum ráðstöfunum eins og gengisfellingum öðru hverju.

Ég ætla að íhuga þessar tölur nánar og vita, hvort ég get ekki innan skamms komið fram með till. eða ábendingar um það, hvernig megi e. t. v. laga þessi mál, hvort það sé ekki vert að reyna að rannsaka ofan í kjölinn raunverulegan rekstrargrundvöll útgerðarinnar. Það er gefið mál, að þegar menn fá 90—95% lán í skipi, þá er um engan rekstrargrundvöll að ræða. Það þarf engan speking til að sjá það. Og þá er spurningin þessi, hvort Fiskveiðasjóður ætti þá ekki að vera eignaraðili að rekstri skipsins, að útgerðinni, a. m. k. um nokkurt skeið, þar til útgerðarmenn eða bæjarfélög hafa greitt a. m. k. stærri hluta í eign skipsins.

Karvel Pálmason: Herra forseti. Ég ætla ekki að blanda mér í þessar umr., en ég held, að það sé rétt hjá hæstv. sjútvrh., að hún sé með ólíkindum, seinni spurningin, sem fram er borin af hv. 3. landsk. þm. En aðalerindi mitt í ræðustól var að óska hæstv. ráðh. til hamingju með ráðgjafa í sjávarútvegsmálum, þegar hann er búinn að hugsa sig um, hvaða leiðir á að fara. Til hamingju, sjútvrh.

Skipun formanns stjórnarnefndar ríkisspítalanna, fsp. (þskj. 341). — Ein umr.

Fyrirspyrjandi (Bjarni Guðnason): Herra forseti. Þessi fsp. lætur lítið yfir sér. Það er fsp. til heilbrrh. um skipun formanns stjórnarnefndar ríkisspítalanna, og hljóðar svo:

„Hvaða rök liggja til þess, að ráðuneytisstjóri í heilbrrn. er skipaður form. stjórnarnefndar ríkisspítalanna?"

Ástæðan fyrir þessu er sú, að ég fæ ekki séð, að það sé eðlilegt, að ráðuneytisstjóri í heilbrrn. sé jafnframt form. stjórnarn. ríkisspítalanna, vegna þess að rn. er ætlað að hafa eftirlit með þeim stofnunum, sem tilheyra heilbrrn., og því tel ég óheppilegt, að sjálfur ráðuneytisstjórinn fari með formannsstöðu í stjórnun ríkisspítalanna, m. ö. o. hafi eftirlit með sjálfum sér, ef ég orða þetta einfaldlega. Þetta er algerlega ópersónulegt atriði, sprottið af því, að ég tel, að það megi ekki verða of mikill samdráttur í embættismannakerfinu, og ef hugmyndin er sú, að rn. og þá auðvitað forstöðumaður rn. eigi að hafa eftirlit með þeim stofnunum, sem heyra undir rn., þá segir sig sjálft, að það er mjög vafasamt, að ráðuneytisstjóri sé jafnframt forstöðumaður fyrir ríkisstofnun, sem heyrir undir hans eigið ráðuneyti. — Þetta er ástæðan fyrir því, að ég ber fram þessa spurningu.

Heilbr.- og trmrh. (Magnús Kjartansson): Herra forseti. Þetta er nú ein af þeim einkennilegu spurningum, sem tíðkast nokkuð nú upp á síðkastið. Ég er hræddur um, að það yrði tafsamt fyrir Alþ., ef það væri til þess ætlast, að við ráðh. gerðum hér grein fyrir því, hvaða rök lægju til þess, að við skipuðum tiltekna menn í stjórnir og n. hverju sinni sem það nú gerist. En hv. þm. gerði grein fyrir því, að hann teldi að ráðuneytisstjóri ætti að hafa eftirlit með þessum stofnunum og með því að skipa hann form. stjórnar væri hann orðinn eftirlitsmaður með sjálfum sér.

Í lögum um heilbrigðisþjónustu, sem samþykkt voru á síðasta þingi og þessi hv. þm., Bjarni Guðnason, tók þátt í að samþykkja og vann að, ef ég man rétt, — ég held, að hann hafi setið í þeirri n., sem fjallaði um málið, — er kveðið svo á, að faglegt eftirlit með heilbrigðisstofnunum sé í höndum landlæknis. Ég tel þar vera um ákaflega veigamikið atriði að ræða, að það sé óháður aðili, eins og landlæknir, sem hafi slíkt eftirlit með höndum. Þá hefði að sjálfsögðu verið rökrétt afleiðing af því, að landlæknir gæti ekki stjórnað þeirri stofnun, sem hann á að hafa slíkt eftirlit með.

Þetta er í sjálfu sér nægilegt svar. En vegna þess að þessi fsp. er hér borin fram, finnst mér ástæða til að minna alþm. á ýmsar breytingar, sem hafa orðið á stjórnum sjúkrahúsa einmitt um þessi áramót og eru í samræmi við þau lög, sem ég minntist á áðan. Þau tóku gildi um síðustu áramót.

Þá er þar fyrst til að taka, að áhrifa starfsmanna gætir í ríkara mæli í stjórnun sjúkrahúsa en áður var. Annars vegar er það, að yfirlæknar og forstöðukonur geta haft meira mótandi áhrif á stjórn sjúkrahúsa en áður, þar eð þau skulu sitja stjórnarfundi og hafa tillögurétt og málfrelsi. Sama máli gegnir um yfirlækna sérgreina, þegar þeirra málefni eru rædd. En hitt er þó merkara, að fulltrúar starfsmanna hafa nú ákvarðandi áhrif, þar sem starfsmannaráð sjúkrahúsa eiga að kjósa 2 menn í stjórnarnefndir ríkis- og sveitarfélagasjúkrahúsa og einn mann í stjórn einkasjúkrahúsa. Skv. 34. gr. fyrrgreindra l. skulu stofnuð við sjúkrahús sérstök starfsmannaráð sjúkrahúsa, þar sem starfshópar eiga fulltrúa, og kveða skal með reglugerð á um fulltrúakjör og starfsreglur starfsmannaráða. Þessi reglugerð var sett 28. des. s. l. og tók gildi 1. jan. Skv. reglugerðinni á kjör í starfsmannaráð að fara fram í fyrsta skipti eigi síðar en fyrir 1. mars 1974, og munu fulltrúar starfsmanna koma inn í stjórnir sjúkrahúsa, þegar kjörtímabili stjórnar lýkur.

Þá ber og að geta þess, að ef um er að ræða svæðis- eða deildarsjúkrahús, verður að vera einn yfirlæknir allrar stofnunarinnar, og skal form. læknaráðs þess vera yfirlæknir, ef stjórn sjúkrahúss ákveður ekki annað.

Að því er varðar sjúkrahús ríkisins, eru sérstök ákvæði í reglugerðinni um starfsmannaráð ríkisspítala, og gilda sömu reglur um hina einstöku ríkisspítala og aðra spítala, en síðan kjósa starfsmannaráð þessara spítala mismarga fulltrúa í sameiginlegt starfsmannaráð ríkisspítalanna, þannig að ríkisspítalar hafi 23 fulltrúa ráð og það er þetta ráð, sem kýs 2 fulltrúa starfsmanna í stjórnarnefnd ríkisspítalanna.

Þess skal getið, að undirbúningur að kjöri starfsmannaráða ríkisspítalanna er að komast á lokastig. Öllum starfsmönnum ríkisspítala verður í þessari viku sent bréf um þær breyttu aðstæður, sem hér er um að ræða, og skýrt frá, hvernig fyrirkomulag kosninga verður. Hér er um að ræða breytingu, sem ég tel vera afar athyglisverða, og verður fróðlegt að sjá, hvort hún gefst ekki vel.

Skv. 30. gr. l. um heilbrigðisþjónustu á ég svo að skipa 3 menn í stjórnarn. án tilnefningar og einn þeirra sem form. Í því sambandi er þar til að taka, að síðan núgildandi daggjaldakerfi sjúkrahúsa var upp tekið 1967, og einkum síðan ríkissjóður tók að greiða meginhluta sjúkrahúskostnaðar, hefur þróun rekstrarkostnaðar sjúkrahúsa orðið mun örari en áður var. Að mörgu leyti er hér um eðlilega þróun að ræða, þar sem fyrra fyrirkomulag leyfði ekki eðlilega þróun. Hins vegar er hér um að ræða í heild mjög veruleg útgjöld, sem á þessu ári geta orðið meira en hálfur fjórði milljarður króna. Þrátt fyrir aðild fjmrn. og heilbrrn. að daggjaldanefnd hefur ekki reynst unnt að koma í veg fyrir, að útgjöld margra sjúkrahúsa hafa orðið mun hærri en áætlanir daggjaldan. hverju sinni, jafnvel eftir að áætlanir hafa verið leiðréttar, miðað við raunverulega verðlagsþróun.

Eitt af því, sem hefur hindrað daggjaldan. í að gagnrýna þessa þróun hjá sjúkrahúsum, hefur verið það, að útkoma ríkisspítala, sem eru algerlega undir rekstrarstjórn ríkisins, hefur oft verið lakari en hjá öðrum sjúkrahúsum og því verið nærtæk gagnrýni um það, að ríkið ætli að taka sínum eigin rekstri tak, áður en farið væri að taka til hjá öðrum.

Þá hafa verið þess dæmi, að viðhaldsverkefni hafa verið unnin og ráðist í fjárfestingar umfram heimild fjárlaga og umfram fjárhagslega getu, sem daggjöld leyfa. Þegar var um það að ræða að skipa að nýju 3 menn í stjórnarn. ríkisspítalanna, kom sú skoðun fram innan heilbrrn., hvort hægt yrði að ná samkomulagi við fjmrh. um það, að frá þessum aðilum kæmi nánari stjórnunarþátttaka í stjórn ríkisspítalanna en verið hefur. Og eftir viðræður við fjmrh. var samþykkt, að aðilar kæmu frá fjmrn. til setu í stjórnarn. Og það var með tilliti til þessara atriða, sem ég ákvað að skipa ráðuneytisstjóra heilbrrn. sem form. stjórnarn. ríkisspítalanna og hagsýslustjóra sem meðlim stjórnarn., og sem þriðja mann skipaði ég Margréti Margeirsdóttur félagsráðgjafa, sem átti sæti í fyrri stjórn. Þeir fulltrúar frá hagsýslustofnun og rn., sem valdir hafa verið, eru tvímælalaust þeir aðilar frá þessum stofnunum, sem gleggst yfirlit eiga að hafa um þau málefni, sem þarna koma til afgreiðslu.

Í því sambandi má minna á það, að rn. heilbr.- og trm. er enn ekki deildaskipt nema að litlu marki, og má raunar minna hv. fyrirspyrjanda á það og aðra þá þm., sem að því stóðu, að slík deildaskipting var felld út úr frv. um heilbrigðisþjónustu á síðasta ári. Enginn vafi er á því, að deildaskipting í stórum og kostnaðarsömum málaflokkum innan rn. er nauðsynleg, og því verður að því stefnt í heilbrrn., að þar verði deildaskipting, þannig að sjúkrahúsmálefni verði undir sérstökum deildarstjóra, og þegar sú þróun verður, tel ég eðlilegt, að sá deildarstjóri taki formennsku í stjórnarn. Þarna er sem sé um að ræða viðleitni til að ná fastari tökum á stjórn þessara stóru, kostnaðarsömu og mikilvægu fyrirtækja, og ég held, að hér sé um ákaflega ríka nauðsyn að ræða. Við höfum rætt um það í rn., hvort ekki væri orðið tímabært að láta sérfróða menn kanna rekstur þessara stofnana, og ég geri mér vonir um það, að slíkur sérfræðingur frá Sviþjóð komi hingað, áður en langur tími líði, til þess að miðla okkur reynslu sinni um það, hvernig eigi að stjórna fyrirtækjum af þessu tagi, þannig að mest hagkvæmni náist ásamt bestri þjónustu.

En að því er víkur sérstaklega að fsp. hv. þm., um að skipa ráðuneytisstjóra til formennsku í n. af því tagi, sem hér um ræðir, þá er því að sjálfsögðu ekki neitt til fyrirstöðu. Starfslið rn., og þar með taldir ráðuneytisstjórar, hefur enga þá lagalegu sérstöðu, að þeim sé ekki heimil starfsemi af þessu tagi. Á það má einnig minna, að ráðuneytisstjórar hafa enga sérstöðu umfram aðra opinbera starfsmenn hvað önnur störf snertir. Þeir hafa t. d. fulla heimild til starfa á pólitískum vettvangi. Þeir geta boðið sig fram til borgarstjórnar eða Alþingis og hafa fullan rétt til nefndarstarfa á vegum slíkra aðila, ef þeim sjálfum sýnist svo.

En þau skulu vera niðurlagsorð mín í þessu sambandi, að sömu rök lágu fyrir þessari nefndarskipan og öðrum þeim nefnda- og embættisskipunum, sem ég hef haft með höndum, að ég hef reynt að velja þá menn, sem ég á hverjum tíma hef talið hæfasta til að gegna störfunum á þann hátt, sem ég hef óskað eftir, að þau yrðu unnin.

Fyrirspyrjandi (Bjarni Guðnason): Herra forseti. Það kom ýmislegt fram hjá hæstv. ráðh., en við höfum gjörólíkar skoðanir, hvað varðar þau atriði, sem snerta fsp. mína. Það, sem vakir fyrir mér, er fyrst og fremst þetta, að ég tel mjög óheppilegt, að ráðuneytisstjóri sé jafnframt form. í jafnmikilvægri ríkisstofnun og ríkisspítölunum. Ef eitthvert atvik kæmi upp við ríkisspítalana, sem einhverjir aðilar teldu sig þurfa að kæra, þ. e. a. s. misferli eða einhver misgáningur af hálfu stjórnarn., þar sem form. er ráðuneytisstjóri, þá yrði næst að leita til rn., þar sem sami maðurinn væri ráðuneytisstjóri. Fyrir mér er þetta fyrst og fremst spurning um dreifingu valdsins. Og ég fæ ekki séð, hví í ósköpunum þarf að þjappa valdinu saman í einar hendur í rn. Ég er ekki að lasta viðkomandi ráðuneytisstjóra, sem er annálaður fyrir dugnað. Hér er aðeins um ólík viðhorf að ræða, og mér sýnist koma fram í þessari skipan kenndaleysi ráðh. fyrir lýðræðinu, að ráðh. skorti tilfinningu fyrir lýðræðinu. Samþjöppun valds og miðstjórnarvald skal vera í rn. Ég tel, að þetta sé mjög óheppilegt. Ég hef spurt nokkra lækna, og þeir hafa sagt mér sumir, að þeim sé ókunnugt um hliðstæð dæmi á Norðurlöndum. Eitt smádæmi gat einn læknir nefnt mér, sem átti að sanna regluna, en það er mjög fátítt, get ég fullyrt, að þessi aðferð sé viðhöfð á Norðurlöndum, að ráðuneytisstjórinn, sem á að vera yfir eftirlitinu gagnvart viðkomandi ríkisstofnunum, sé um leið stjórnarform. í slíkri stofnun. Það er þetta, sem ég hef verið að áfellast og hef borið þessa fsp. fram beinlínis til þess að vekja athygli á því, að ég tel mjög óheppilegt að efla embættismannavaldið og miðstjórnarvaldið á þann hátt, sem hér er gert.

Heilbr.- og trmrh. (Magnús Kjartansson): Herra forseti. Hv. þm. Bjarni Guðnason virðist

ekki hafa áttað sig á því, sem ég var að segja áðan. Þegar upp koma álitamál um meðferð á sjúklingum á sjúkrahúsum t. d., þá er það landlæknir, sem fjallar um slík mál, skv. lögum. Ráðuneytisstjóri er hins vegar til þess að framfylgja ákvörðun rn. um stefnumörkun framkvæmda, m. a. hjá þeim stofnunum, sem undir rn. heyra. Þetta er, eins og ég rakti áðan, ákaflega stór, kostnaðarsöm og mikilvæg stofnun, ríkisspítalarnir, og það er orðin ákaflega mikil nauðsyn á því, að þar verði reynt að koma upp fastari stjórn en verið hefur. Erlendis, þar sem ég þekki til, er það orðið alveg sérhæft fag að stjórna ríkisspítölum, það er hægt að mennta sig í slíku starfi, og ég hygg, að þar eigum við ákaflega mikið ólært. Þessi aðgerð mín átti að stuðla að því marki, að þarna gæti orðið um fastari stjórnun og hagkvæmari og öflugri rekstur að ræða. Að í þessu birtist skortur á tilfinningu fyrir lýðræði, vísa ég algerlega á bug. Ég rakti það í orðum mínum hér áðan, að einmitt hin nýja skipan stjórna fyrir spítölum í landinu tekur nútímalegt mið af lýðræðislegum hugmyndum, þar sem starfsmennirnir hafa ekki aðeins rétt til að koma á framfæri sínum sjónarmiðum, heldur einnig til þess að taka þátt í ákvörðunum. Og það eru ekki ýkjamargar stofnanir á Íslandi, þar sem þeirri skipan hefur verið komið á. Með hinum nýju lögum, sem tóku gildi um áramót, er einmitt verið að tryggja mun víðtækari og lýðræðislegri stjórn þarna en verið hefur.

Rækjuveiðar og rækjuvinnsla á Húnaflóasvæðinu, fsp. (þskj. 341). — Ein umr.

Fyrirspyrjandi (Steingrímur Hermannsson): Herra forseti. Fsp. á þskj. 341 um rækjuveiðar og rækjuvinnslu á Húnaflóasvæðinu, er í fyrsta lagi borin fram með tilvísun til l. um veiðar með botnvörpu, flotvörpu og dragnót í fiskveiðilandhelginni, en skv. þeim l. er ráðh. heimilt að veita veiðiheimildir í fiskveiðilandhelginni til sérstakra veiða, eins og greint er frá í 10. gr. þeirra l., sem nýlega hafa verið samþ. hér á hinu háa Alþingi. Þar segir svo m. a. um rækjuveiði: „Ráðh. getur veitt undanþágu til þess að stunda rækjuveiðar á tilteknum svæðum. Skal binda leyfin þeim skilyrðum, sem nauðsynleg þykja.“ Jafnframt er fsp. lögð fram með tilvísun til þeirrar staðreyndar, að íbúar þessa svæðis, Húnaflóasvæðisins, eru mjög uggandi um hag sinn vegna mikils kapps, sem þar ríkir um rækjuveiðar, og sýnist líklegt, að rækjustofninum verði ofgert, og öruggt, að þetta getur haft hinar alvarlegustu afleiðingar fyrir atvinnulíf á þessu svæði.

Ráðh. hefur veitt heimild til rækjuveiða víða um land, þó sérstaklega á Vestfjörðum. Þessar heimildir eru bundnar ýmsum skilyrðum, og má segja, að á tveimur öðrum svæðum í því kjördæmi, þ. e. a. s. Ísafjarðardjúpi og Arnarfirði, sé þetta núorðið nokkuð fastmótað. Bátafjöldi er að vísu æðimikill, en náðst hefur þar samkomulag um aflamagn á hvern bát á viku hverri, sem heimamenn sætta sig sæmilega við. Sömuleiðis hefur verið fylgst þar allvel með veiðunum, og veiðar hafa verið bannaðar á ákveðnum hlutum þessara svæða, þar sem fiskifræðingar hafa talið, að um rányrkju að einhverju leyti væri að ræða, sérstaklega seiðadráp. Svipað hefur í raun og veru verið gert einnig hér á Suðvesturlandi, kringum Eldey, þar sem rækjuveiðar hafa verið mikið takmarkaðar.

Á Húnaflóasvæðinu hins vegar hefur rækjuveiðin fyrst og fremst verið takmörkuð með því einu að ákveða heildarmagn rækju, sem þar má veiða. Er þar nú miðað við 1700 tn. Þetta er aðeins um 41% af heildarafkastagetu rækjuvinnslustöðvanna.

Rækjuvinnsla á Húnaflóasvæðinu hófst að ráði kringum 1965, og voru það Strandamenn, sem þar riðu fyrst og fremst á vaðið, að nokkru af illri nauðsyn. Eins og mönnum er kunnugt, hvarf þorskveiðin að mestu á Húnaflóasvæðinu á árunum 1963—1964. Ég held, að það hafi verið árið 1964, að allir bátar á Hólmavík voru til sölu. Úr þessu rættist sem betur fer að nokkru leyti, þótt þetta yrði ákaflega mikið áfall fyrir atvinnulíf þar, með þeim rækjuveiðum, sem hófust 1965. Þær hafa síðan þróast jafnt og þétt, og fyrst og fremst hafa þær byggst á veiðum Strandamanna. Aðrir hafa aðeins hlaupið þar til, fyrst og fremst bátar frá Skagaströnd og eitthvað frá Hvammstanga, en framan af var þar eingöngu um skemmri tíma veiði að ræða.

Ég hef undir höndum bréf frá Hafrannsóknastofnuninni, sem skrifað er til Framkvæmdastofnunar ríkisins, 13/8 1973. Þar segir svo m. a., með leyfi forseta:

„Með þeim undantekningum, sem fyrr eru nefndar, hafa Strandamenn að mestu einir sinnt rækjuveiðum við Húnaflóa fram til haustsins 1972, er Húnvetningar hófu að marki rækjuveiðar í flóanum. Veturinn 1971—1972 var rækjuafli á Húnaflóasvæðinu 816 lestir og takmarkaðist af vinnslugetu í landi. 9 bátar stunduðu veiðar þennan vetur. Fram til haustsins 1971 er öll rækja skelflett í höndum, en það haust eru teknar í notkun 2 danskar vélar jafnhliða handvinnslunni. Haustið 1972 eru vélarnar frá Hólmavík fluttar að Drangsnesi, en ný og afkastamikil vél er tekin í notkun á Hólmavík. Önnur vél er sett upp á Skagaströnd sama haust og sú þriðja á Hvammstanga vorið 1973. Veturinn 1972—1973 margfaldaðist þannig vinnslugetan í landi, og samhliða henni eykst bátafjöldinn úr 9 í 19.“

Einnig er hér að finna upplýsingar um afkastagetu eða framleiðslugetu, og kemur þar í ljós, að á þeim 5 stöðum, sem rækja er nú pilluð með vélum á Húnaflóasvæðinu, er framleiðslugetan samtals 4 125 tonn á ári. Leyfileg veiði er hins vegar 1700 tn., eins og ég gat um áðan, en á síðasta ári mun þetta hafa farið nokkuð fram úr, þ. e. a. s. á haustvertíðinni nú fyrir áramótin var veitt meira en gert var ráð fyrir. Samtals varð veiði um 2 300 tn. á árinu 1973.

Ég sé, að ég hef ekki tíma til að rekja þetta nánar, en staðreyndin er sú, að nú er um það rætt, m. a. komið í fjölmiðlum, að til standi að setja upp 2 rækjupillunarvélar á Blönduósi. Er mönnum þar að sjálfsögðu ljóst, að afkastagetu eða veiðigetu á svæðinu er ofgert með

öllu. Því hef ég lagt fram þá fsp., sem er að finna á umræddu þskj.

Sjútvrh. (Lúðvík Jósepsson): Herra forseti. Spurt er í fyrsta lagi: „Hvað hefur sjútvrn. gert til þess að skipuleggja rækjuveiðar og rækjuvinnslu á Húnaflóasvæðinu með tilliti til þess, sem rækjustofninn er talinn þola, og til byggðasjónarmiða?“ Ég hef fengið þannig orðað svar úr sjútvrn. við þessari spurningu:

Rn. skipuleggur rækjuveiðar á Húnaflóa, eins og annars staðar, í fyrsta lagi með því að setja ákveðin skilyrði fyrir því, að menn geti fengið rækjuveiðileyfi, og í öðru lagi með því að setja í leyfisbréfin ákveðin skilyrði fyrir tilhögun veiðanna sjálfra. Hafa reglur þær, sem rn. þannig setur, einnig bein eða óbein áhrif á sjálfa rækjuvinnsluna. Reglur þær, sem nú eru í gildi á Húnaflóa, hafa verið settar í nánu samstarfi við Hafrannsóknastofnunina, Fiskifélag Íslands og fulltrúa veiða og vinnslu á þessu svæði, þannig að segja má, að rn. hafi sérstaklega tekið tillit til þess, sem rækjustofninn er talinn þola, og til byggðasjónarmiða, þegar núgildandi reglur voru settar. Tillit til byggðasjónarmiða kemur m. a. fram í því, að Húnaflóinn er álitinn sérstakt veiðisvæði, þannig að aðrir en þeir, sem búsettir eru við Húnaflóann, fá ekki veiðileyfi þar. Til þess að girða fyrir, að hægt sé að komast fram hjá þessari reglu, hefur rn. sett eftirfarandi skilyrði fyrir veitingu rækjuveiðileyfa á þessu svæði: a) Leyfin eru bundin við báta, sem skrásettir eru við Húnaflóann. b) Skipstjóri og eigandi eða eigendur báts verða að hafa verið búsettir á svæðinu í a. m. k. eitt ár. c) Ef margir eru eigendur báts, eða ef t. d. hlutafélag er eigandi, er við það miðað, að a. m. k. 50% eignarhluta séu í höndum manna búsettra á svæðinu.

Tillitið til þess, hve mikið rækjustofninn er talinn þola, kemur fram í því, að ákveðið hefur verið hámarksaflamagn, sem leyft verður að taka úr flóanum á yfirstandandi rækjuvertíð. Hefur þar verið farið eftir till. Hafrannsóknastofnunarinnar. Ýmis skilyrði leyfisbréfa um veiðarnar sjálfar lúta einnig að verndun rækjustofnsins. Má þar nefna ákvæði um lágmarksstærð þeirrar rækju, sem veiða má, og ákvæði um stærð rækjuvörpu.

Síðari spurningin er á þessa leið: „Hvað getur sjútvrn. gert til þess að koma í veg fyrir, að fleiri rækjuvinnslustöðvar en nú er, verði starfræktar á svæðinu, og hyggst rn. beita sér gegn slíku?“ Svar við þessum lið er á þessa lund:

Rækjuveiðileyfi, sem út eru gefin fyrir Húnaflóa, miðast við, að allur rækjuafli viðkomandi báts sé unninn til manneldis í viðurkenndri rækjuvinnslustöð á leyfissvæðinu. Með viðurkenndri rækjuvinnslustöð er átt við rækjuvinnslu sem fullnægir öllum skilyrðum Fiskmats ríkisins varðandi búnað og hreinlæti og hefur viðurkenningu þess til starfsemi sinnar. Rn. telur sig ekki hafa vald til þess að banna mönnum að setja á stofn rækjuvinnslustöðvar, — og þetta vil ég undirstrika, því að um þetta hefur verið rætt allmikið í rn. — rn. telur sig ekki hafa vald til þess að banna mönnum að setja á stofn rækjuvinnslustöðvar, en hins vegar hefur rn. tjáð Framkvæmdastofnun ríkisins þá skoðun, að nægilega margar stöðvar séu nú fyrir hendi á þessu svæði, og hefur rn. þannig mælt gegn því, að lánafyrirgreiðsla verði veitt að svo stöddu til stofnlána slíkra fyrirtækja.

Þetta eru þau svör, sem ég hef fengið við þessu hjá þeim mönnum úr rn., sem með framkvæmd þessara mála hafa aðallega haft að gera. Ég vildi aðeins bæta því við þetta, að enn ríkir auðvitað talsverð óvissa um stærð rækjustofnsins í Húnaflóa. Hefur verið lagt mjög að fiskifræðingum að kanna þennan stofn betur en gert hefur verið, og er það nú í undirbúningi. Það er sem sagt verið að kanna það, hvort tiltækilegt sé að leyfa þarna meiri veiðar en nú er, en á það er sótt mjög mikið einnig af heimamönnum.

Það hefur auðvitað verið allmikið á þessu svæði eins og öðrum, að ýmsir utanaðkomandi aðilar reyna að koma sér inn á svæðið, með hjálp heimamanna í mörgum tilfellum, og eru menn þá að flytja heimilisföng sín, án þess að um raunverulegan flutning sé að ræða. Hefur allajafna verið komið í veg fyrir það, að leyfi væri veitt til slíkra aðila.

Vald rn. til þess að miðla mjög takmarkaðri veiði milli aðila er takmarkað. Ef til þess kemur, að það verður að draga verulega úr þeirri veiðigetu, sem fyrir er á heimasvæðinu, er ekki um annað að ræða en að takmarka þann fjölda báta, sem fær veiðileyfi, og miðla því síðan á milli bátanna á svæðinu eða þá, eins og gert hefur verið í nokkrum tilfellum, að takmarka veiðimagn það, sem leyft er að veiða í hverri viku á hvern bát.

Þetta eru sem sagt aðalreglurnar, sem í gildi eru, og má segja, að í aðalatriðum sé farið með framkvæmd þessara mála eftir því, sem ráðleggingar liggja fyrir frá fiskifræðingum Hafrannsóknastofnunarinnar og frá þeim, sem með þessi mál hafa lengi haft að gera hjá Fiskifélagi Íslands.

Fyrirspyrjandi (Steingrímur Hermannsson): Herra forseti. Ég þakka svör hæstv. ráðh. Í svörunum kemur greinilega fram, að rn. hefur ekki sett aðrar takmarkanir við veiðar á Húnaflóasvæðinu en heildaraflamagn, og í öðru lagi, að rn. telur sér ekki heimilt að koma í veg fyrir, að reistar verði fleiri vinnslustöðvar á svæðinu. Það seinna skil ég vel. Fyrra atriðið sýnist mér hins vegar, að ekki sé eins auðskilið með tilliti til takmarkana, sem settar hafa verið á öðrum rækjusvæðum, og ég minntist lauslega á áðan, að komið hafa fram till. um skiptingu afla á þessu svæði á milli vinnslustöðva. Það er rétt, að það náðist ekki samkomulag með íbúum þessa svæðis þar um, en ég harma, að rn. hefur ekki séð sér fært að klippa þarna á og ákveða sjálft. Ég vil leyfa mér enn að lesa úr bréfi Hafrannsóknastofnunarinnar um þetta atriði, með leyfi hæstv. forseta:

„Við fjölgun vinnslustöðva, eins og fyrr greinir, hófst á vertíðinni 1972—1973 gegndarlaust kapp milli verksmiðja um að ná sem stærstum hluta af þeim 1700 lestum, sem leyft var að veiða. Með þessu móti nýtist rækjan verr en skyldi, nýtingarprósentan fellur stórlega og þar

með arðsemi veiðanna, auk þess sem hér er um mjög óskynsamlega nýtingu stofnsins að ræða, sem ekki verður unað við til frambúðar.

Rækjuveiðimönnum og verksmiðjueigendum á Húnaflóa var strax á þessu ári ljós sá vandi, sem hér var á ferð, og óskuðu beinlínis eftir því, að komið væri á skiptingu afla milli vinnslustöðva. Með því fyrirkomulagi hefði hver verksmiðja sinn ákveðna hlut úr aflanum, og mætti þá haga veiði og vinnslu á skynsamlegastan og arðvænlegastan hátt og forðast óhóflegt dráp smárækju. Því miður hefur Strandamönnum og Húnvetningum ekki tekist að ná samkomulagi um skiptingu afla sín á milli, þótt sáralítið bæri á milli.

Til þess að forða frá hinu stjórnlausa kappi, sem ekki hefur í för með sér neina heildaraukningu, heldur aðeins lakari nýtingu stofnsins og aflans, ber algera nauðsyn til að sett séu ákvæði um aflamagn á verksmiðju fyrir komandi vertíð, enda er það í samræmi við óskir þeirra, sem hlut eiga að máli."

Hafrannsóknastofnunin undirstrikar það og leggur áherslu á það aftur og aftur, að skipting aflamagns á milli verksmiðja sé algjör nauðsyn og forsenda þess, að veiðarnar geti verið skynsamlegar. Ég verð því að endurtaka það, að ég harma, að svo hefur ekki verið gert, þrátt fyrir það að sáralítið bar á milli þeirra till., sem þarna komu fram. Ég vil benda á það, að þessum hámarksafla, 1700 tonnum, verður að öllum líkindum náð nú um miðjan þennan mánuð, og þá munu allir þeir aðilar, sem þarna eiga hlut að máli, — ég er ekki að draga neinn einstakan undan, — sannarlega hafa af því verulegt tjón, atvinnuleysi við rækjuvinnslustöðvarnar líklega í um það bil tvo mánuði, jafnvel þótt einhver aflaaukning komi til.

Ég veit, að það er orðið of seint fyrir þessa vertíð að gera þarna nýtt átak, en mér sýnist, að nauðsynlegt sé að taka þessi mál til endurskoðunar fyrir næstu rækjuvertíð.

Um seinna atriðið, þ. e. a. s. byggingu vinnslustöðva, vil ég aðeins segja, að rn. hefur að vísu þann möguleika að heimila ekki bátum veiðar fyrir aðrar vinnslustöðvar en þegar eru komnar á fót á svæðinu. Svo sýnist mér a. m. k. með tilvísun til þess, sem ég las áðan upp úr lögunum. Hitt mun vera rétt, að enginn aðili getur bannað, að byggðar séu slíkar vinnslustöðvar, sérstaklega, eins og í sumum tilfellum mun vera og ef til vill þessu, ef fjármagnsfyrirgreiðslu er ekki þörf og því ekki leitað til lánasjóða, ekki til Framkvæmdastofnunar eða Byggðasjóðs um lánafyrirgreiðslu. Ég mun því beita mér fyrir því, að með lögum verði veitt heimild til að stöðva eða koma í veg fyrir byggingu vinnslustöðva, þegar orðið er meira en nóg af þeim fyrir það veiðimagn, sem rn. að mati fiskifræðinga ákveður.

Sjútvrh. (Lúðvík Jósepsson): Herra forseti. Það er rétt aðeins til þess að gefa viðbótarskýringu í sambandi við það vandamál, sem hér er við að eiga.

Það er rétt, að það urðu nokkrar deilur á milli þriggja útgerðarstaða, sem hér áttu hlut að máli við Húnaflóa á s. l. ári, þ. e. a. s. á milli Hólmavíkur — og reyndar Drangsness þá með Hólmavík — og svo Skagastrandar og Hvammstanga. Það var gerð tilraun til þess að ná samkomulagi á milli þessara aðila um, að veiðimagnið skiptist þannig á milli þessara staða, að staðirnir, sem höfðu veitt þarna miklu lengur, Hólmavík og Drangsnes, mættu veiða 52% af heildaraflamagninu, sem leyft yrði að veiða, en hinir tveir 48%. En það tókst ekki með nokkru móti að koma mönnum saman um það, hvernig því yrði skipt, og það er álit þeirra, sem um þessi mál fjalla í sjútvrn., og ég tel einnig fyrir mitt leyti, að það sé í rauninni alveg óvinnandi vegur að kveða upp úr um það, að tilteknir menn eða tiltekin fyrirtæki á ákveðnu svæði skuli sitja ein að afla. Það, sem hefur verið um að ræða í þessum tilfellum, er það, að ef fleiri aðilar á veiðisvæðinu sækja um veiðileyfi en hóflegt gæti talist, þá er eina leiðin sú hjá rn. að ákveða tiltekna tölu báta og leyfa þeim þá að veiða aðeins stuttan tíma og skipta síðan um og leyfa hinum. Heimamenn verða sem sagt að gera það upp við sig, hvernig þessu verður skipt. Þannig var þessu beitt t. d. við Breiðafjörð, þar sem fyrst sóttu miklu fleiri aðilar heimamanna um að stunda veiðarnar en nokkurt vit var í að leyfa í einu.

Ég held, að það vanti alveg lagaákvæði til þess, ef á að fara að ákveða fyrir fram, hversu mikið magn hver vinnslustöð á að fá af aflanum, svo að hér er um nokkurn vanda að ræða, hvernig á að skammta, ef heildarmagnið er of lítið. Ég tel fyrir mitt leyti, að sá vandi, sem hefur komið upp í Húnaflóa núna á milli þeirra staða, sem stundað hafa þessar veiðar, hafi ekki verið af því tagi, að það sé ekki líklegt, að menn komist yfir þann vanda og finni leiðir út úr því. Aðalvandinn í mínum augum hefur verið bundinn við það, að það hafa fleiri aðilar verið að reyna að komast inn á svæðið, og það gerir málið enn verra. En verði það svo, að fiskifræðingar telji, að hér séu ekki tök á því að leyfa að veiða hér meira magn en gert hefur verið, þá er mjög sennilegt, að verði að grípa til þess að setja takmörkun á hvern bát, hvað hann má veiða mikið á hverri viku, eða að takmarka þann tíma, sem hver bátur fær að stunda veiðarnar. En að velja úr tiltekna báta á svæðinu og segja, að þeir megi veiða allan tímann, en aðrir með sams konar rétt megi aldrei veiða, það teljum við okkur ekki fært að fara inn á. Takmörkunin verður að ganga yfir alla, ef ekki getur náðst samkomulag á viðunandi grundvelli.

Sameinað þing, 51. fundur.

Þriðjudaginn 5. febr., að loknum 50. fundi.

Sjóvinnubúðir fyrir unglinga í Flatey á Skjálfanda, þáltill. (þskj. 347). — Hvernig ræða skuli.

Að till. forseta var ákveðin ein umr.

Verðlækkun á húsnæði, þáltill. (þskj. 184). — Frh. einnar umr.

Flm. (Ragnhildur Helgadóttir): Herra forseti. Það eru nú liðnar nokkrar vikur síðan mál þetta var lagt fram, en ég verð að segja, að með hverri vikunni, sem liðið hefur síðan, hef ég orðið æ sannfærðari um nauðsyn þess, að mál þetta fái greiðan framgang. Þessi till. hljóðar svo, með leyfi hæstv. forseta:

„Í þeim tilgangi að undirbúa verðlækkun á húsnæði ályktar Alþingi að fela ríkisstj. að láta gera nákvæma skýrslu um þann hluta byggingarkostnaður, sem fólginn er í ýmiss konar gjöldum til ríkisins. Á grundvelli þeirrar skýrslu láti ríkisstj. gera tillögur um niðurfellingu eða verulega lækkun þeirra gjalda."

Ég ætla að rekja rökin til flutnings þessarar till., sem ég geri mér vonir um, að velflestir hv. þm. geti fallist á.

Forsenda þessarar till. er sú alkunna staðreynd, að húsnæðiskostnaður fólks almennt er of hár miðað við það fé, sem það hefur til ráðstöfunar sér til framfærslu. Ég tel óþarft að hafa mörg orð til þess að færa sönnur á þá staðhæfingu. Vísitala húsnæðiskostnaðar, sem ætti að öðru jöfnu að vera mælikvarði á þennan kostnað, segir ekki um þetta neina sögu, sem á er byggjandi. Húsnæðisþáttur framfærsluvísitölunnar er í raun og veru allfjarri réttu lagi. Við getum litið á það, að árið 1968 vó húsnæðisliður framfærsluvísitölunnar 16.1%, en nú mun húsnæðisþátturinn í framfærsluvísitölunni talinn 12.5%. A-liður framfærsluvísitölunnar, sá liður, sem mælir verðlag vöru og þjónustu, hefur hækkað um 134% frá árinu 1968, en húsnæðisliðurinn aðeins um 64%. Eftir þeirri tölu mætti ætla, að nú væri húsnæði hlutfallslega mun ódýrara en þá var. En það er öðru nær. Þessi niðurstaða hlýtur að líta einkennilega út í augum hinna fjölmörgu, sem eru að sligast undan húsnæðiskostnaði, annað hvort byggingu, afborgunum eða leigugjöldum.

Við getum hugsað okkur hjón, 27 ára gömul bæði. Segjum, að þessi hjón eigi tvö börn, tveggja ára og 6 ára. Þau eru að byggja yfir sig þokkalega, rúmgóða íbúð fyrir framtíðina, konan á von á þriðja barninu, skulum við segja, og menn geta talað af yfirlæti og vorkunnsemi um hégóma og lífsgæðakapphlaup þess fólks, sem leggur allt að því nótt við dag í vinnu til að koma sér upp húsnæði. En hvað sem við segjum um það, þá er tilhneigingin til og nauðsynin á því að búa um sig og sína jafngömul mannabyggð, og allt tal um nýtt gildismat breytir því ekki, að fólkið þarf húsnæði fyrir sig og fjölskyldu sína og á Íslandi, meira að segja hlýtt, bjart og gott húsnæði.

Það er líklegt, að þessum hjónum, sem ég nefndi, þyki einkennileg niðurstaðan, sem fæst með samanburði húsnæðisvísitölunnar við hinn raunverulega kostnað. Það er líklegt, að hækkanir, sem orðið hafa á húsnæðisvísitölu, vanmeti í raun og veru hækkanir á húsnæðiskostnaði vísitölufjölskyldunnar, eins og þessarar fjölskyldu, sem ég nefndi, og þetta vanmat stafi af tveimur mikilvægum ástæðum. Önnur ástæðan er sú, að það er líklegt, að hjón á þessum aldri búi yfirleitt í nýrra húsnæði eða standi fremur í byggingum heldur en eldra fólk og hafi þess vegna meiri fjármagnskostnað. Hins vegar er líklegt, að tiltölulega stærri hluti fólks á þessum aldri en meðaltalið í heild sé í leiguhúsnæði, en húsaleiga kemur nánast ekki inn í það dæmi, sem er reiknað út um húsnæðisvísitöluna. Á þetta má benda, þegar vitnað er til breytinga á húsnæðisvísitölu í sambandi við framfærslukostnað. Sönnu nær er varðandi þennan aldursflokk fólks að mæla kostnaðinn eftir byggingarvísitölunni, eftir vísitölu byggingarkostnaðar, því að hún mælir miklu fremur raunverulegan húsnæðiskostnað þeirra, sem eru í þroska lífsins eða í blóma síns starfsaldurs.

Ég mun ekki hafa miklu fleiri orð um það, hve mjög þessi kostnaður hefur vaxið á undanförnum árum, heldur reyna að snúa mér að því að gera grein fyrir, af hverju hann hefur vaxið svona. Sannleikurinn er sá varðandi þetta eins og svo margt fleira í verðbólgunni, að orsakirnar eru ekki síst innlendar. Í nýjasta heftinu, sem við höfum fengið frá hagrannsóknadeild Framkvæmdastofnunar ríkisins, hefti nr. 4, er þess getið á bls. 35, að af rúmlega 28% heildarverðhækkun vöru, þjónustu og húsnæðis á árinu 1973 hafi erlend verðhækkun á innfluttum neysluvörum valdið beint um 4% af 28% heildarverðhækkun, og síðar segir, að innflutningsverðhækkanir eigi drjúgan þátt í hinni öru verðbólgu að undanförnu, en að meiri hluta eigi verðhækkanirnar sér þó innlendar orsakir.

Það hlýtur að verða að ræða þetta mál, sem hér liggur fyrir, í ljósi þessa þáttar íslenskra stjórnmála, sem má segja, að með nokkrum hætti hafi öðlast eilíft líf, þ. e. a. s. efnahagsmálanna. Einhvern veginn er það svo, að þau hefur, hvort sem okkur finnst það ljúft eða leitt, alltaf borið hæst í umr. um stjórnmál á okkar landi á undanförnum árum. Og óneitanlega er það ekki síst á þeirra sviði, sem vandinn liggur í sambandi við byggingarkostnaðinn.

Þau mál, sem fjallað hafa um húsnæðisvandann hér á Alþ. í vetur, hafa fyrst og fremst snúist um það, að útvega þyrfti fé í Byggingarsjóð ríkisins til þess að geta staðið undir lánsfjárþörfinni. Þetta mál, sem hér liggur fyrir, dregur í engu úr því, sem þar hefur verið sýnt fram á. Á það má meira að segja benda, að þær upplýsingar, sem fyrir jól lágu fyrir um lánsfjárþörf Byggingarsjóðs ríkisins, munu að öllum líkindum breytast mjög til hækkunar á næstunni. Sannleikurinn mun vera sá, að raunverulegt þörf sé jafnvel mun meiri en þegar hefur komið fram. Þessu veldur miklu meiri verðhækkun en ætlað hefur verið og enn meiri þörf fyrir húsnæði. Og það segir sig sjálft, að eftir því sem húsnæðiskostnaðurinn er meiri og eftir því sem byggingarkostnaðurinn er meiri, því meira fé þarf í húsnæðislánakerfið. Það er því geysilegt hagsmunamál fyrir húsbyggjendur í landinu og ég vil segja hvert einasta mannsbarn í landinu, að húsnæðiskostnaðurinn geti með einhverjum hætti lækkað.

Í lögum um Húsnæðismálastofnun ríkisins frá 1970, þar sem framlag ríkisins til íbúðabygginga var stóraukið og Byggingarsjóði skapaðir fastir tekjuliðir og ákveðið, að lán skyldu hækkuð, var

ákveðið, — og það var raunar í fyrri lögum um Húsnæðismálastofnunina líka, — að Húsnæðismálastofnuninni skyldi falið að vinna að ýmsum umbótum í byggingarmálum og lækkun byggingarkostnaðar. Hefur nokkuð verið að því unnið að veita fé til ýmiss konar rannsóknastarfsemi til þess að geta gefið upplýsingar um hagkvæmni og gæði ýmissa byggingarefna. Hefur verið veitt fé til þess að vinna að ýmiss konar stöðlun í byggingariðnaði. Öll þessi atriði ásamt ýmsum öðrum, sem húsnæðismálastjórn hefur einnig unnið að, hafa tvímælalaust verkað talsvert til sparnaðar. Einhvern veginn er það samt svo, að allt tal um sparnað í húsbyggingum hefur ekki borið þann árangur, sem ætla hefði mátt. Má í því sambandi minna á eina stétt manna, sem ég held, að gæti haft gífurleg áhrif til að valda sparnaði í húsbyggingum, og það eru arkitektar. Vafalaust gæti aukið samstarf þeirra við ýmsa byggingaraðila og húsnæðismálastjórn orðið til þess, að enn frekar væri unnið að sparnaði í húsbyggingum. En það er alveg augljóst mál, að þessi atriði duga ekki til, og það er svo fjarri því, að nægilegt fé hafi verið veitt í húsnæðislánakerfið. Það er líka fjarri því, að við sjáum fram á það í náinni framtíð, að svo verði gert.

Þegar svo stendur, að vísitala byggingarkostnaðar er 913 stig og hefur hækkað frá því í maí 1970 um 108%, en lánsfjárhæðin aðeins um 33%, þá sjáum við, hve óralangt á í land, að endar náist saman, að það sé nokkuð nálægt því, að lánsfé eða lánsfjáraukningin standi í nokkru sambandi við aukningu kostnaðarins. En ef vel á að vera, þarf það vitanlega að vera svo, að framlög ríkisins í lánakerfið standi a. m. k. í beinu hlutfalli við hækkun byggingarvísitölunnar. Það er því augljóst, að það verður að nálgast lausn þessa máls frá báðum hliðum þess, ekki aðeins með því að veita aukið fjármagn í lánakerfið, heldur líka með því að lækka kostnaðinn. Það er jafnvel enn nauðsynlegra að lækka kostnaðinn vegna þess, að það mundi aftur hafa svo víðtæk áhrif víða í þjóðfélaginu vegna þeirra miklu áhrifa, sem byggingarkostnaðurinn hefur á vísitölu. Það er því eins og snjóbolti, sem hleður utan á sig, þegar ríkið sjálft gerir ýmiss konar ráðstafanir í formi skattheimtu, sem verða til þess að hækka byggingarkostnaðinn, og þarf svo að standast ýmsar kröfur, sem til þess eru gerðar vegna hins hækkaða byggingarkostnaðar. Manni sýnist því, að fyllilega sé athugandi sú leið, að ríkið sjálft dragi úr aðgerðum sínum, sem verða til hækkunar, og þá um leið geti að einhverju dregið úr þeim kröfum, sem ella yrðu gerðar til þess um að hjálpa fólki að standa undir þeim gífurlegu hækkunum, sem orðið hefðu.

Í grg. till. höfum við látið fylgja lauslega ágiskun um skiptingu byggingarkostnaðar í verðþætti íbúðarhúsa í Reykjavík, og þar kemur fram, að opinberar álögur eru um það bil 15—20% af byggingarkostnaðinum. Þar af fara til ríkisins um það bil 11—15%. Ef við lítum á það, að hér er aðeins um að ræða byggingarefnið sjálft, sjáum við, að þessi tala gæti jafnvel verið enn hærri. Ef tekið væri t. d. tillit til þeirra sjónarmiða, sem stundum hafa komið fram, að æskilegt væri, að aðflutningsgjöld á vélum, sem vinna byggingarefni hér innanlands, væru ekki hærri en gjöldin á byggingarefninu sjálfu. Þetta er eitt þeirra atriða, sem þyrfti að taka tillit til í þeirri skýrslu, sem till. þessi fjallar um. Ef við lítum til þess, hve mikill hluti af ríkistekjunum hefur komið inn sem aðflutningsgjöld eða söluskattur af byggingarefni, sjáum við, að þar er um stórar fjárhæðir að ræða. En við nánari athugun sjáum við kannske líka, að það gæti allt að því borgað sig fyrir ríkið að lækka þessar stóru fjárhæðir og jafnvel fella þær niður.

Á bls. 25 í ritinu, sem ég nefndi hér áðan, Þjóðarbúskapnum, 4. hefti, segir, að miðað við verðlag ársins 1973 sé áætlað, að fjármunamyndun í íbúðarhúsum nemi 7 milljörðum 650 millj. og byggingar og mannvirki hins opinbera muni nema 7 milljörðum og 700 millj. Heildarfjármunamyndunin er 27 milljarðar 770 millj., þannig að við sjáum, að þessir tveir þættir, íbúðarhúsin og byggingar og mannvirki hins opinbera, nema helmingi af allri fjármunamyndun í landinu. Við þetta bætist, að í annarri fjármunamyndun en þessari, þ. e. a. s. ýmiss konar fjármunamyndun atvinnuveganna og stórvirkjana, er sitthvað, sem má teljast til opinberrar fjárfestingar, þannig að við sjáum, að mikill hluti af þessu er í raun og veru færsla fjármuna ríkisins úr einum vasa í annan. Það liggur alveg ljóst fyrir í sambandi við byggingar og mannvirki hins opinbera, rafvirkjanir og rafveitur, hita- og vatnsveitur, samgöngumannvirki og byggingar hins opinbera, skóla, sjúkrahús o. s. frv. Með því einu að fella niður eða þótt ekki væri nema að lækka til muna aðflutningsgjöld og önnur opinber gjöld af byggingarefni til þessara framkvæmda gæti sú aðgerð ein orðið til þess að draga stórlega úr þenslunni almennt í efnahagsmálum þjóðfélagsins. Hún mundi lækka byggingarkostnað um 11—15% a. m. k. Sýnist liggja í augum uppi, að sú leið muni vera sjálfsögðu að því er varði byggangar og mannvirki hins opinbera, þar sem um er að ræða færslu á fjármunum úr einum vasa í annan, og hún muni líka vera sjálfsögð í sambandi við byggingarkostnað íbúðarhúsa. Eftir því sem byggingarkostnaðurinn hækkar og lánakerfið þenst út, aukast kröfur á hið opinbera um fjármagn í lánakerfið, auk annarra áhrifa, sem vísitöluhækkunin hefur á hin mörgu svið þjóðlífsins. Þetta verður óneitanlega drjúgur partur af eilífðarmálunum í íslenskum stjórnmálum, efnahagsmálum. Mér sýnist, að hér geti verið um aðgerð að ræða, sem sé meira en ómaksins vert fyrir ríkið að reyna.

Að því er varðar opinberu gjöldin af byggingarefni í íbúðarhús, yrðu þau samkv. upplýsingum frá Framkvæmdastofnuninni fyrir utan aðflutningsgjöld og opinber gjöld af viðlagasjóðshúsunum um 700—800 millj., með opinberum gjöldum af byggingarefni í byggingar og mannvirki hins opinbera yrðu þau talsvert yfir milljarð. Mér sýnist augljóst, að þarna hljóti að vera um mál að ræða, sem er mjög athugandi fyrir ríkið að kanna nákvæmlega, hvernig snertir hina ýmsu þætti bæði byggingarkostnaðar og svo annarra þátta efnahagsmálanna. Það er talsvert flókin

rannsókn, til þess að óyggjandi niðurstöður fáist, en búast má við, að niðurstöðutölur verði alla vega ekki undir þeim lauslegu ágiskunartölum, sem við höfum látið fylgja í grg. þessarar till.

Ég vil mega leggja áherslu á, að ég er þeirrar skoðunar, að slík aðgerð sem þessi muni áður en langt um líður færa mönnum heim sanninn um það, að hér hafi verið um hlut að ræða, sem ekki var aðeins ómaksins verður, heldur hafi einnig hreinlega borgað sig og verið sjálfsagður. Ég sé ekkert eðlilegra en að ríkið sjálft taki sig til og reki ofan af þessum hnykli, sem það sjálft hefur staðið að því að vinda.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Framkvæmd Inn-Djúpsáætlunar, þáltill. (þskj. 237). — Frh. einnar umr.

Pálmi Jónsson: Herra forseti. Ég hafði kvatt mér hljóðs undir ræðu hv. 1. flm. þessarar till. hér fyrir nokkrum dögum. Ég sá ástæðu til þess að leggja aukna áherslu á það, hvað hér er um merkilegt mál að ræða, og lýsa fylgi við það, að þessi till. næði fram að ganga.

Sú áætlun, sem hér um ræðir, Inn-Djúpsáætlun, er fyrsta áætlun sinnar tegundar, sem gerð er í sveit á Íslandi, og þetta starf hefur verið unnið, eins og fram kom í ræðu hv. 1. flm. till., 1. þm. Vestf. af Landnámi ríkisins og fulltrúum sveitarstjórna á því svæði, sem um ræðir. Það starf, sem hér er um að ræða, er af hálfu Landnáms ríkisins byggt á því, að með lagabreytingunni, sem gerð var 1971, eru Landnámi ríkisins fengin í hendur ný og aukin verkefni, og einn þýðingarmesti þáttur þeirra verkefna er skipulagsstarf í sveitum landsins. Enn fremur er eðlilegt, að slíku skipulagsstarfi fylgi áætlunarstarf með líkum hætti og hér hefur verið unnið. Í lögum þessum, sem samþ. voru 5. apríl 1971, er t. d. í 28. gr., þar sem talin eru upp verkefni Landnáms ríkisins, talið í a-lið skipulagning byggðar í sveitum landsins. M. a. er vikið að þessum þætti í viðfangsefnum landnámsins í 29. gr., 45. og 46. gr. Hér er sannarlega um viðamikið verkefni að ræða, og þarf engan að undra, þótt ekki sé í einni svipan unnt að sinna því um landið allt.

Eins og fram hefur komið, er þetta einungis fyrsti þátturinn í því mikla starfi, sem fyrir höndum er í þessu efni. Ég tel, að það sé þörf á því að taka upp, eftir því sem mannafli og fjármagn leyfir, það starf um allar byggðir Íslands að gera áætlanir með líkum hætti og hér hefur verið staðið að og vinna að því að skipuleggja hverja byggð með tilliti til heildarhagsmuna hennar, eftir því sem við verður komið og í samræmi við þann anda, sem l. frá 1971 kveða á um.

Ég vildi í meginatriðum vekja athygli á, hvað hér er um þýðingarmikinn þátt að ræða og að það er engin tilviljun, að Landnám ríkisins hefur haft forustu um þennan þátt, vegna þess að þetta verkefni er falið því í gildandi lögum.

Um till. sjálfa að öðru leyti vil ég segja það, að mér finnst eðlilegt, eins og hún kveður á um, að Landnámi ríkisins sé falið að hafa yfirumsjón með framkvæmd þeirrar áætlunar, sem samin hefur verið. Það er augljóst mál, að ekki er unnt að hrinda þessari áætlun í framkvæmd, nema til þess verði aflað fjármagns svo sem þörf krefur og hún gerir ráð fyrir.

Ég ætla ekki að hafa um þetta öllu fleiri orð. Ég vil einungis geta þess og leggja á það enn aukna áherslu, að fleiri byggðir landsins býða eftir því, að sams konar áætlanir verði gerðar þar, eins og hér hefur verið að unnið. Og það er ábyggilega þörf fyrir það, að þessi stofnun Landnám ríkisins, haldi áfram þeim sessi, sem það hefur, með það fyrir augum ekki síst að sinna þessum þætti í þeim störfum, sem því eru ætluð í núgildandi lögum.

Þessar aths. og áréttingar læt ég hér fylgja m. a. með hliðsjón af því, að heyrst hafa raddir um það, að leggja beri Landnám ríkisins niður og verkefni þau, sem því eru fengin með lögum, færð í hendur annarra aðila eða sumpart, sem ekki er vitað, að þau verði kannske að engu gerð.

Ég skal ekki orðlengja þetta, en þetta taldi ég nauðsynlegt, að lægi ljóst fyrir við þessa umr., vegna þess að þessi þáttur málsins kom ekki eins skýrt fram og ætla hefði mátt í annars ágætri ræðu hv. 1. flm. þessarar till.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Virkjun í Skjálfandafljóti við Aldeyjarfoss og Íshólsvatn, þáltill. (þskj. 238). — Ein umr.

Flm. (Jónas Jónsson): Herra forseti. Á þskj. 238 hef ég leyft mér að flytja eftirfarandi till. til þál.:

„Alþingi ályktar að fela ríkisstj. að láta þegar á árinu 1974 hefja forrannsóknir og hagkvæmniskönnun á virkjunarmöguleikum í Skjálfandafljóti við Aldeyjarfoss og Íshólsvatn."

Ég vil í upphafi framsöguræðu fyrir þessari þáltill. færa fram eftirfarandi ástæður fyrir því, að ég hef flutt sérstaka þáltill. um rannsóknir á virkjunarmöguleikum í Skjálfandafljóti, þar sem ætla mætti að óreyndu, að það gæti farið um þær aðrar virkjunarrannsóknir almennt, að það þyrfti ekki að flytja um þær sérstaka þáltill. En hér er um sérstöðu að ræða, og vil ég rökstyðja það nokkuð.

Í fyrsta lagi er orkuástandið í landinu þannig, að það verður að hraða öllum virkjunarrannsóknum, bæði á fallvötnum og háhitasvæðum og öðrum hitasvæðum eftir föngum.

Í öðru lagi er orkubúskap á Norðurlandi, sérstaklega nú, þannig háttað, að sérstök ástæða er til að kanna þar alla vænlega kosti til virkjunar og það svo skjótt sem tök eru á. Á það bæði við um vatnsvirkjanir og jarðgufuvirkjanir og bæði um stórar og meðalstórar vatnsvirkjanir.

Í þriðja lagi er sérstök ástæða til að leggja áherslu á það, að næsta stóra virkjun fallvatna verði utan Þjórsársvæðisins. Fyrir því eru rök, og má fyrst nefna öryggisástæður. Þjórsárvirkjanir eru allar á sama svæði jarðfræðilega og í mikilli nánd við virkasta eldfjall landsins, Heklu, og gætu þær í einum náttúruhamförum allar eyðilagst. Á sama hátt mundi landskjálfti á þessu svæði geta orðið þessum virkjunum hættulegur. Í þriðja lagi má benda á, að veðurfarslega séð er það öruggara, að virkjanir séu í mismunandi landshlutum, þær virkjanir, sem

byggt er á til orkuöflunar og veita orku um landið, og allra síst er það vænlegt til öryggis, að þær séu allar í sama vatnsfalli, eins og virkjanir í Þjórsá og Tungnaá mundu vera. Og enn má benda á, að það er mikið jafnvægisatriði fyrir landið, að virkjanir séu ekki allar á sama stað.

Nú er það svo, að hönnun næstu stórvirkjunar þarf að hefjast ekki síðar en árið 1976, og þess vegna má ekki láta deigan síga við forrannsóknir og ákvörðun um næsta virkjunarstað. Að öðru leyti vil ég um þetta atriði vísa til grg. með þáltill. á þskj. 49 um undirbúning að næstu stórvirkjun.

Í fjórða lagi vil ég benda á, að af jafnvægisástæðum er mjög æskilegt, að virkjað verði við næstu stórvirkjun vatnsfall norðanlands eða austan, en ekki sunnanlands. Virkjun í Skjálfandafljóti væri mjög æskilega staðsett að þessu leyti. Hún er í lítilli fjarlægð frá höfuðéttbýlisstöðum norðanlands, og hún er tiltölulega nálægt Austurlandi, þannig að þangað yrði auðvelt að leggja línur frá henni. Hún liggur líka þannig, að hvergi yrði auðveldara að tengja saman virkjanir, sem væru sín hvorum megi við aðalhálendi landsins. Það eru aðeins tæpir 200 km á milli hugsanlegs virkjunarstaðar í Skjálfandafljóti og Sigölduvirkjunar. Lega hennar yrði alveg einstaklega hagkvæm fyrir byggðirnar norðanlands, og þar hagar einnig þannig til, að þessi virkjunarstaður er þannig, að þar er mjög lítil hætta á tjóni á náttúruverðmætum eða óþægindum fyrir nærliggjandi byggðir. Það mun vera vandfundin sú aðstaða í landinu, þar sem hægt er að koma fyrir á jafnhægan og eðlilegan hátt virkjun, sem yrði með tiltölulega stóru miðlunarlóni fast við virkjunarstaðinn. Virkjunin yrði í byggð, en miðlunarlónið í óbyggðum, og undir það mundi ekki fara veruleg dýrmætt land, en svo mun víða haga til um virkjunarlónin, eins og menn hafa reynslu af og valdið hefur deilum, að ákaflega er hætt við því, að þessi virkjunarlón leggi undir sig dýrmætt land. Svo er ekki í þessu tilfelli.

Í sjötta lagi má benda á það, að virkjunarrannsóknir hafa ekki verið stundaðar jafnmarkvisst utan Suðurlandssvæðisins og hefur verið gert á orkuveitusvæði Landsvirkjunar, og er sérstök ástæða að hafa nákvæma könnun á fleiri en einum valkosti í þessu tilfelli. Rannsóknir hafa að vísu verið gerðar allmiklar á Jökulsá á Fjöllum, og vonandi verður þeim haldið áfram af fullum krafti, og vonandi er, að þær verði árangursríkar, þannig að unnt reynist að byggja þar stórvirkjun og það þá næstu, sem þjóðin ræðst í. En áður hefur komið fyrir, að það hefur orðið að hverfa frá fyrirhugaðri virkjun á Jökulsá á Fjöllum vegna tæknilegra vandamála, og það mun ekki enn þá vera séð fyrir endann á þeim, þannig að ef einungis yrði lögð áhersla á rannsóknir á virkjunarmöguleikum Jökulsár á Fjöllum, yrði frá þessum sjónarmiðum öllu hætt á eitt spil, og þá er hætt við því, að útkoman gæti orðið sú, að það yrði að snúa sér að virkjun Hrauneyjarfoss næst.

Í sjöunda lagi tel ég ríka ástæðu til þess, að Alþ. álykti sérstaklega um, að þessir virkjunarmöguleikar verði rannsakaðir, vegna þess að í opinberri yfirlýsingu frá Orkustofnun, þeim aðila, sem annast og á að annast virkjunarrannsóknir og rannsóknir á orkunýtingu, hefur komið fram neikvæður dómur á virkjunarmöguleikum í Skjálfandafljóti, sem nú má telja fullvíst, að ekki fáist staðist. Það, sem hnekkir þeim dómi, eru nánari og ítarlegri athuganir en áður höfðu verið gerðar. Og athuganir þær eu byggðar á skoðunum og mælingum á staðnum, en slíkar mælingar höfðu ekki farið fram áður. Athuganir þessar voru gerðar á s. l. sumri af verkfræðifyrirtækinu Virki í Reykjavík og Electro-watt í Sviss, og niðurstöður þessara athugana eru á þann veg, að það hlýtur að teljast glapræði að rannsaka þessa möguleika ekki nánar. Í bréfi, sem þessi fyrirtæki hafa skrifað, þar sem þau bjóða fram þjónustu sína til ítarlegri rannsóknar, kemur m. a. þetta fram, og mun ég lesa það, með leyfi forseta. Bréf varðandi orkumál á Norðurlandi:

„Á vegum verkfræðifyrirtækjanna Electro-watt og Virkis leyfum við okkur hér með að senda yður stutta skýrslu um athugun okkar á mögulegri virkjun í Skjálfandafljóti við Íshólsvatn. Byggt á niðurstöðum úr mælingarferð á staðinn síðsumars hefur okkur tekist að afla gagna til mats á hinum geysilegu möguleikum til beislunar vatnsorku, sem þetta svæði býr yfir. Frumniðurstöður þessa mats er að finna í hjálagðri skýrslu. Sé haft í huga ástand í orkumálum norðanlands og austanlands í dag, er skoðun okkar sú, að Íshólsvatni verði að gefa náinn gaum í leit að úrbótum. Helstu niðurstöður athugana okkar eru sem hér segir:

Hið margbreytta landslag staðarins gefur fjölmarga möguleika á valkostum um stærð og tilhögun virkjunar. — Orkuframleiðslugeta hinna mismunandi valkosta virðist vera frá 170 þús. gwst. á ári af ódýrri grunnorku og upp í 480 þús. gwst. á ári. -- Stofnkostnaður þeirra valkosta, sem hér hafa verið athugaðir, virðist vera á bilinu 5—6.6 kr. á kwst. á ári, eða lægra en við Sigölduvirkjun (um 7 kr. kwst. á ári.)

Tilgangur bréfs þessa er að bjóða þjónustu okkar við frekari rannsóknir og áætlanir til gerðar á heildarhagkvæmnisathugun fyrir virkjunarsvæðið. Enn fremur er mælt með því, að nauðsynlegur undirbúningur slíkrar athugunar hefjist hið allra fyrsta.

Frekari upplýsingar um þessar athuganir vorar eru fyrir hendi, ef óskað er."

Til frekari glöggvunar fer ég nú nokkrum orðum um Skjálfandafljót og aðstæður til virkjunar þess við Íshólsvatn og hugmyndir manna um Skjálfandafljótsvirkjanir.

Skjálfandafljót er eitt af mestu vatnsföllum lands okkar, hvernig sem á það er litið. Það er blandað vatnsfall að eðli, myndað af mörgum lindám, nokkrum dragám og jökulvatni. Það er þriðja eða fjórða lengsta á landsins, 178 km, og koma þar á eftir Þjórsá og Jökulsá á Fjöllum og Hvítá og Ölfusá, ef þær eru taldar saman. Einnig er það með fjórða stærsta vatnasvið ánna, 3860 ferkm, og kemur það þar á eftir sömu ám. Af þeim ám, sem koma til greina til virkjunar, mun það einnig vera með fjórða mesta meðalrennsli, um 80—90 rúmmetrar á sekúndu.

Skjálfandafljót kemur, svo sem flestum er kunnugt, sem jökulvatn undan Vatnajökli og Tungnafellsjökli. Það er þó athyglisvert, að af vatnasviði þess, 3860 ferkm, eru aðeins 140 ferkm

undir jökli, eða 3.6%, en þær ár, sem hafa vatnasvið undir jöklum, eru ekki eins jafnvatna og hinar, sem hafa vatnasvið jökullaust. Lindárnar, sem í þær renna, koma undan Ódáðahrauni og eru því jafnvatna, og eru þær 6, sem renna í fljótið austanvert, þær heita Hrauná, Öxnadalsá, Krossá, Sandmúladalsá, Sandá og Suðurá. Suðurá er þeirra langstærst og er reyndar allfræg í sögunni, því að hún var svo álitleg til virkjunar, að menn munaði í hana til að flytja hana, sem frægt er, austur í Mývatn og síðan til virkjunar í Laxá. En það er önnur saga.

Nyrst á hálendinu rennur fljótið mjög lygnt eftir um það bil 15 km löngum dal, sem Krókdalur nefnist. Í þessum dal hefur áður verið stöðuvatn, og er það kostur, vegna þess að botn dalsins er þar með þéttaður af framburði, sem sest hefur að í vatninu. Þetta vatn, sem var í dalnum, hefur verið stíflað upp við svokölluð Hrafnabjörg, en síðan hefur þröskuldurinn rofist af vatninu, og þar eru nú gljúfur, og þar er ákjósanleg aðstaða til stíflugerðar og yrði þá myndarlegt lón, sem næði eftir dalnum endilöngeða um 15 km langt. Örskammt vestan Krókdals er annar dalur. Sá er enn fullur af vatni, það er Íshólsvatn, sem er um 5 km langt og liggur á milli lágra hæða. Það er í um 365 m hæð yfir sjó, en dalbotninn í Bárðardal hjá Mýri, sem þar er mjög skammt frá, er í 264 m hæð. Þarna er frá náttúrunnar hendi 100 m fall á tiltölulega skammri vegalengd. Með nokkurri stíflu mætti þarna fá miklu meira fall, og hefur verið talað um fall frá 114 m. En þarna mætti fara hærra samkv. þeim hugmyndum, sem uppi voru, þegar flytja átti Skjálfandafljót og Suðurá austur í Laxá. Þá hefði orðið að stífla þetta upp í 400 m hæð, sem gæfi þá töluvert á annað hundrað metra fallhæð niður í Bárðardalinn. Fljótið yrði stíflað við Hrafnabjörg og því veitt inn í Íshólavatn, og væru þá komin tvö miðlunarlón af verulegri stærð, og mun, eins og áður hefur verið sagt, óvíða vera möguleiki að fá svo mikla miðlun svo nærri sem þetta lón yrði. Menn geta minnst þess frá því í vetur, að erfiðleikarnir við Búrfellsvirkjun stöfuðu af því, að langt var frá Þórisvatni og niður að virkjun, og þar myndaðist krap í ánni og olli stórkostlegum skaða. Slíkt mundi aldrei gerast á þessu svæði.

Það mun hafa verið Tómas Tryggvason jarðfræðingur, sem fyrstur benti á hagstæða virkjunarmöguleika á þessum stað. Tómas var uppalinn fremst í Bárðardal og þekkti vel landslag og allt háttalag náttúrunnar á þessu svæði. Auk þessa var hann glöggur jarðfræðingur og reyndur í jarðfræðistörfum við undirbúning virkjana. Hann annaðist m. a. jarðfræðirannsóknir við Sogsvirkjanir. Hann fór síðasta sumarið, sem hann lifði, til átthaganna og rannsakaði fljótið frá Þingeyjarfossum og fram á Krókdal og lýsti þeirri skoðun sinni við marga heimamenn, að þarna væri mjög ákjósanlegt til virkjunar, en því miður fór það þannig, að um viku eftir að hann kom suður úr þeirri ferð lést hann skyndilega, og því munu hvergi hafa verið færðar á blað þær hugmyndir, sem hann hafði um virkjunina.

Hitt vita menn svo vel í Bárðardal fremst, að þangað hafa ekki komið menn til athugunar á jarðfræði eða mælinga frá Orkustofnun eða öðrum virkjunarrannsóknarmönnum utan það, að boraðar voru tvær holur í námunda við Svartárvatn, þegar átti að flytja Suðuránа austur. Og þær lýsingar á jarðfræði þarna eru allar miðaðar við það að flytja vötnin austur yfir Fljótsog Mývatnsheiðar. En það mundi ekki hafa farið fram hjá mönnum í Bárðardal, ef þarna hefðu verið stundaðar aðrar virkjunarrannsóknir. Og þetta vita menn ekki, að hafi verið gert, fyrr en verkfræðingar komu frá Virki og Electro-Watt á síðasta sumri og framkvæmdu mælingar, sem þeir byggja svo sínar athuganir á. Það þykir því mörgum allfurðulegt, þegar hægt var að gefa út allþykka skýrslu um virkjunarmöguleika í Skjálfandafljóti, án þess að þar hefði farið fram nokkrar rannsóknir, en þessi skýrsla var gerð af Verkfræðistofu Sigurðar Thoroddsen, og henni var skilað til Orkustofnunar í jan. 1973. Í þeirri skýrslu kemur fram, að ályktanir eða athuganir eru gerðar á grundvelli uppdrátta, svo nefndra USAMS uppdrátta eða uppdrátta, sem ameríski herinn hefur gert og eru í mælikvarðanum 1:50 000, en þeir munu víða hafa reynst ónákvæmir og ekki gott á þeim að byggja. Í þeirri skýrslu kemur einnig fram, að einu jarðfræðiathuganirnar, sem gerðar hafa verið, eru, eins og ég hef nefnt áður, gerðar í því augnamiði að kanna, hvernig mætti flytja vötnin austur.

Eins og fram kemur í grg., sem er með þessari þáltill., gerði Virkir þarna verulegar mælingar. Hagkvæmnisathuganir, sem þeir hafa gert, eru gerðar af sama verkfræðifyrirtækinu og annaðist hönnun Sigölduvikjunar og notaðar sömu kostnaðartölur til áætlunar um einstaka verkþætti, þannig að menn geta tæplega dregið í efa, að þessi aðili hafi ekki reynslu og hafi ekki nokkuð tryggar tölur að byggja á. Af þessu virðist mér sem fyrst og fremst megi draga þá ályktun, að hér sé frekari rannsóknar þörf, og þess vegna er þessi þáltill. flutt.

Auðvitað er ekki hægt að svo stöddu máli að fullyrða neitt um umhverfisáhrif þessarar virkjunar, hver þau kynni að verða, og það er augljóst, að þau verða einhver, og það mundi nokkurt land fara undir vatn, nokkurt afréttarland, en það mætti græða þar land í staðinn, þannig hagar til. Einnig þarf að gefa gaum, hvaða áhrif þetta hefði á fiskiræktarmöguleika í Skjálfandafljóti. Þau eru ugglaust einhver, en að margra dómi yrðu þau jákvæð. En þetta þarf auðvitað að rannsaka og hver þau kynnu að verða. Það hefur jafnvel verið varað við því, að miðlun í fljótinu kynni að valda því, að í það kæmu minni flóð og það kynni að valda því, að framburður mundi hlaðast upp niðri á láglendi og fljótið ekki hreinsa sig eins fram og það nú gerir. Þetta þarf allt saman að rannsaka.

Orkumál hafa verið mikið hér til umr. að undanförnu og síðast í dag og eru viðkvæm, og sérstaklega reynast þetta viðkvæm mál á Norðurlandi. Ég ætla ekki að fara að rekja hér sögu orkumála á Norðurlandi, hún verður ábyggilega skráð síðar og þykir merkileg eftirkomendum okkar. Ég held, að örlögin hafi í þeim málum ráðist í kringum 1962—1966. En á þeim árum var ákaflega mikið barist fyrir því, að rannsakaðir yrðu virkjunarmöguleikar í Jökulsá á Fjöllum með Dettifossvirkjun í huga. Það var kölluð

Dettifosshreyfing á þeim tíma, og það var stefna þessarar hreyfingar, Dettifosshreyfingar, að koma því fram, að fyrsta stórvirkjun landsins yrði í Dettifoss eða við Dettifoss í Jökulsá á Fjöllum. Það má nefna það, að 8. júlí 1962 komu saman til fundar á Akureyri 20. þm., allir þm. svæðisins frá Hrútafjarðará og austur að Skeiðará, og þar voru einnig mættir fulltrúar 16 bæjar- og sveitarfélaga. Allir þessir fulltrúar fólksins á Norður- og Austurlandi kröfðust þess, að undirbúningur Dettifossvirkjunar yrði látinn ganga fyrir öðrum virkjunarundirbúningi og ekki yrði tekin ákvörðun um stað fyrir fyrstu stórvirkjunina í landinu, fyrr en áætlanir um Dettifossvirkjun yrðu fullgerðar. En á þennan fund komu aðrir menn. Það komu tæknimenn og fagmenn að sunnan, orkumálastjóri og formaður stóriðjunefndar, og þeir, þessir kappar, lögðu að velli á einum fundi hugmyndina um Dettifossvirkjun. Í staðinn fyrir þetta fengu Norðlendingar áætlun um svonefnda Gljúfurversvirkjun, og allir þekkja þá sögu. Sú áætlun bar dauðann í sjálfri sér. Það var augljóst, það sáu menn strax, þegar þeir gátu dregið fram þá áætlun. Þegar heimamenn loksins fengu að sjá áætlun þessa, vissu þeir, hvernig var. En það var ekki búið að hafa fyrir því að kynna hana fyrir þeim. Því fór sem fór, og þetta var örlagastundin. Það átti að bæta upp Norðlendingum það, að þeir fengu ekki stóru virkjunina í Dettifossi, með þessari Gljúfurversáætlun. En villu sína sáu yfirmenn orkumála of seint, og fyrrv. ríkisstj., sem hafði möguleika til að leysa Laxárdeiluna á miklu hagkvæmari hátt á ákveðnum tíma, hagkvæmari hátt frá sjónarmiði virkjunar og raforkuframleiðslu, þekkti ekki sinn vitjunartíma og lét málið halda áfram að reyrast í harðari hnút. Það varð svo auðvitað hlutverk núv. ríkisstj. að leysa hnútinn, og lausnin gat ekki orðið önnur en hún reyndist. Það var augljóst mál, m.a. kannske vegna þess, að á þessum tíma, sem leið frá því að ráðh. og aðrir forráðamenn orkumála höfnuðu þeirri lausn, sem stóð til boða vorið 1970, að semja um 18 m stíflu, fóru fram nánari athuganir og m.a. umhverfis- og líffræðilegar rannsóknir á þessu svæði, og þær renndu styrkum stoðum undir það, að rangt væri að hrófla við Laxá, það væri raunverulega glæpur við íslenska náttúru að gera það, og þess vegna þurfum við kannske ekkert að harma þetta, og þess vegna er rétt að ræða ekki meira þessi mál. Það má minna á það, að Norðlendingar hafa einu sinni fallið á því, að þeir settu allt á eitt spil. Þó að þeir hefðu samstöðu 20 þm. á Akureyrarfundinum, voru þeir allir lagðir að velli, vegna þess að það var hægt að sýna fram á, að það væri á ýmsan hátt auðveldara að virkja við Búrfell heldur en Dettifoss. Nú vil ég meina, að það eigi að byggja þetta á traustari grunni og hafa um fleiri kosti að velja.

Ég vil taka það sérstaklega fram, að þessi þáltill. er ekki flutt til þess, að dregið verði úr öðrum virkjunarrannsóknum, hvorki í Jökulsá á Fjöllum né Blöndu eða annars staðar, þar sem það kann að þykja álitlegt, heldur til þess að tryggja, að það verði þó álitlegur virkjunarstaður fyrir hendi. Þá vil ég einnig undirstrika það til að fyrirbyggja misskilning að hún er ekki flutt til að draga úr því, að hraðað verði sem kostur er rannsóknum á gufuvirkjun í Kröflu, Námafjalli eða Þeistarreykjum. Það eru þrjú mikil háhitasvæði í Suður-Þingeyjarsýslu, sem ugglaust eru öll mjög vel virkjanleg og búa yfir geysimikilli orku, það er aðeins að velja eitt þeirra og hefja síðan framkvæmdir. Ég vil einnig undirstrika það, að þetta er ekki flutt til þess að telja úr því, að orkuveitusvæðin verði tengd saman. Það rennir styrkum stoðum undir Íshólsvatnsvirkjun, að þó að komi byggðalína, sem tengir Norðurland að vestan við orkuveitusvæði, þá vitum við, að ein lína getur brostið, og þá er öryggi í því, að það liggi líka lína yfir hálendið, og sú lína mundi eðlilega koma frá Sigölduvirkjun og að þessari virkjun um Sprengisand, þar sem reynslan sýnir, að er öruggasta leiðin á milli landshluta.

Ég vildi þá aðeins fara nokkrum orðum um samanburð á þessum tveimur athugunum, þ.e. a.s. athugun Verkfræðistofu Sigurðar Thoroddsen og verkfræðifyrirtækisins Electro-Watt, og taka fram, að það er að sjálfsögðu ekki verið að leggja neinn dóm á það hvort verkfræðifyrirtækið sé hæfara til þessara hluta, en það er augljóst, að þau hafa mismunandi aðstöðu að byggja á. Hið fyrra hefur aðeins kort til að fara eftir, en hið síðara gerði mælingar á staðnum og kannaði þær aðstæður, nokkrar jarðfræðiathuganir o.s.frv. Þá má einnig benda á það, að síðara fyrirtækið hugsar sér nokkuð aðrar lausnir á þessu máli. Verkfræðistofa Sigurðar Thoroddsen reiknar með jarðgangagerð, en þarna er móberg á ferðinni, þó að þetta sé í austurjaðri blágrýtissvæðisins, og það er vægast sagt mjög erfið reynsla af jarðgangagerð í móbergi, og það segja virkjanamenn nú, að þar hafi verið gerðir rangir hlutir, þ.e. að byggja allt á jarðgangagerð, en það muni frekar eiga að gera skurði ofanjarðar, því að til þeirra hluta er móbergið betur fallið, það er auðvelt að vinna það þannig.

Þá vil ég einnig benda á, að það mælir með frekari rannsóknum á þessum virkjunarmöguleika, að þar gæti komið í ljós, að eftir stærð markaðarins á þessum tíma væri heppilegra að virkja virkjun af þessari stærð, sem mætti kalla kannske millistærð af virkjunum, þ.e.a.s. 50—70MW virkjun, heldur en að þurfa að virkja stórvirkjun eins og Jökulsá á Fjöllum eða kannske Blöndu. Það má benda á, að það er mjög heppilegt að láta vinna saman jarðgufuvirkjun eins og væntanlega yrði komin í Kröflu og vatnsvirkjun, sem hefur verulega miðlunarmöguleika. Jarðgufuvirkjunin vinnur jafnt og þétt, vatnsvirkjunin getur tekið toppana, en vatnið geymist á bak við stífluna, þegar þess er ekki þörf. Og það er staðreynd, að það er óvíða hægt að fá hlutfallslega jafnmikla miðlunarmöguleika og þarna.

Þá er sagt, að Íshólsvatnsvirkjun yrði einföld og auðveld í hönnun, hún er öll ofanjarðar, og hún er nálægt byggð. Þar eru aðfærsluleiðir auðveldar, þyrfti ekki að flytja tæki og mannafla upp í óbyggðir, og þar er veðurfar stillt, þegar svo innarlega er komið í landið, sem er fremst í Bárðardal, og þarna er tiltölulega stutt til góðra hafna á Húsavík og Akureyri, og er því á margan hátt mjög auðvelt að vinna að þessari virkjun. Má geta þess, að það skiptir ekki litlu máli, ef

um orkuflutninga er að ræða, að hafa flutningaleiðirnar sem skemmstar, en eins og ég hef áður getið, er mjög skammt á milli Sigölduvirkjunar og hugsanlegrar Íshólsvatnsvirkjunar. Við orkuflutninga verður alltaf nokkurt orkutap, og er rétt að taka það með í reikninginn.

Ég vil svo aðeins að lokum undirstrika það, að það, sem mikilvægast er í þessu máli, er, hvort takist að sjá svo til, að næsta stórvirkjun fallvatna verði utan Þjórsársvæðisins, því að eins og ég hef áður getið, þyrfti ekki nema lítið að bregðast við Dettifoss eða í Blönduvirkjun, og þá væri ekkert til undirbúið annað en virkjun Hrauneyjarfoss, þar sem hönnunin bíður tilbúin. Það er svo aðeins eftir að geta þess, að það má hugsa sér, eins og reyndar hefur oft komið fram, að lausnin á orkumálum Norðlendinga yrði í þessari röð: Lína um byggðir, sem ætti að geta komið seint á árinu 1975, síðan gufuvirkjun, 50—55 MW, sem ætti að geta komið á árunum 1977—1978, og síðan þyrfti að hefja undirbúning að vatnsvirkjun eða taka ákvörðun um vatnsvirkjun ekki síðar en á árinu 1976 til þess að geta lokið henni í kringum 1980 eða 1982.

Ég vil svo aðeins að lokum undirstrika það, að þeta er ekki hugsað sem nein staðbundin orkupólitík, heldur einn liður í því að skapa öruggar og hagkvæmar virkjanir fyrir landið.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Virkjun Svartár í Skagafirði, þáltill. (þskj. 335). — Ein umr.

Flm. (Eyjólfur K. Jónsson): Herra forseti. Að undanförnu hafa farið fram miklar umr. um orkuskort á Norðurlandi. Það er ekki hugmynd mín hér að upphefja deilur um það mál. Hvort tveggja er, að það hefur mikið verið rætt í blöðum að undanförnu, og eins hefur málið verið til umr. hér á hv. Alþ., bæði í Ed. og eins hér í Sþ. í dag. Meginatriði málsins er líka það, að við flm. þessarar þáltill. um virkjun Fljótaár annars vegar og Svartár hins vegar höfum flutt þessi mál til þess að hafa áhrif á það, að bráður bugur verði undinn að því að bæta um í raforkumálum Norðurlands, en alls ekki til þess að upphefja hér rifrildi. Ég vil líka strax geta þess, að hæstv. iðnrh. hefur þegar í umr. í Ed. gefið vilyrði um það, að Siglufjarðarkaupstað verði heimilað að virkja Fljótaá, en virkjun Fljótaár er næsta mál á dagskrá, og ræði ég það mál þá frekar.

Við flm. þessara tveggja till. erum hæstv. iðnrh. að sjálfsögðu þakklátir fyrir það, að hann skyldi bregðast skjótt við, er till. þessar höfðu verið fluttar, og láta að nýju hefja athugun á hagkvæmni Fljótaárvirkjunar. En þeir, sem til þekkja, vita, að þar er um hagkvæma framkvæmd að ræða.

Á hinn bóginn taldi hæstv. iðnrh. í umr. í Ed. ýmis vandkvæði vera á um virkjun Svartár í Skagafirði, vegna þess að landeigendur væru ósammála um þá framkvæmd. Önnur rök hygg ég ekki, að hann hafi fært fram gegn þeirri framkvæmd við þessar umr. Nú liggur það hins vegar fyrir, að landeigendur allir hafa lýst yfir, að þeir fallist á þessar framkvæmdir af sinni hálfu. Ég er hér með í höndum yfirlýsingu landeigenda og vil lesa hana upp, með leyfi forseta. Hún er bókuð í fundargerðarbókum raforkumálanefndar Norðurl. v. 11. okt. 1969 og hljóðar svo:

„Lýstu bændur því yfir, að þeir væru virkjuninni hlynntir og mundu leyfa virkjunina, þ. e. nýtingu fallsins, alla mannvirkjagerð og yfirferð yfir lönd þeirra, enda komi fullar bætur fyrir allt tjón og greiðsla fyrir nýtingu vatnsaflsins. Bætur verði ákveðnar með samkomulagi, ef það næst ekki, þá af dómkvöddum mönnum."

Undir þessa bókun skrifa allir þeir bændur, sem hlut eiga að máli, en þeir eru Indriði Jóhannesson, Reykjum, Kristinn Jóhannesson, Reykjum, Sigmundur Magnússon, Vindheimum, og Pétur Pétursson, Reykjavöllum. Af bókun þessari má sjá, að bændur voru tilbúnir til þess að semja um málið eða láta fara fram mat dómkvaddra manna. Andstaða gegn virkjun Svartár við Reykjafoss getur þess vegna ekki byggst á því, að bændur séu framkvæmd þessari andvígir. Þvert á móti hafa þeir allir lýst yfir, að þeir séu framkvæmdum samþykkir.

Þá er þess að geta, að fiskræktarmennirnir, sem byggt haf stiga í Svartá og leitast við að rækta ána, hafa haft uppi andmæli gegn virkjunarframkvæmdum. Þó er rétt að upplýsa, að þessir aðilar hafa verið reiðubúnir til samninga, og mun liggja fyrir till. af þeirra hálfu um lausn málsins. Vissulega hef ég samúð með sjónarmiðum fiskræktarmanna, enda sjálfur í þeirra hópi. En því miður hafa tilraunir til ræktunar Svartár gengið verr en menn vonuðu. Enn er enga fiskgengd að finna ofan Reykjafoss. Segir mér raunar svo hugur um, að helsta leiðin til þess að rækta Svartá sé einmitt sú, að virkjun verði framkvæmd og samvinna virkjunarmanna og fiskræktarmanna leiði til þess, að unnt verði að flytja fisk upp fyrir Reykjafoss og rækta þar upp fallegt og skemmtilegt veiðivatn. Ég hygg, að naumast verði á færi einstaklinga að framkvæma það, en í samvinnu við virkjunina mætti áreiðanlega gera þar veiðivatn, líkt og gert hefur verið við Elliðaárnar, sem allir þekkja.

Orkuskortur á Norðurl. v. er svo mikill, að á s. l. ári var dísilkeyrsla heldur meiri en vatnsaflsorkuframleiðsla. Orkuframleiðsla dísilvéla var 11.5 millj. kwst., en vatnsaflsframleiðslan 11.3 millj. Þetta á við um Skagafjarðar- og Húnavatnssýslur. Hins vegar var ástandið miklu betra á Skeiðsfosssvæðinu, þar sem Siglufjarðarkaupstaður sér um orkuframleiðslu, en þar var vatnsaflssorkan 11.8 millj. kwst., en dísilframleiðsla hins vegar aðeins 0.6 millj. kwst.

Mjög er nú um það rætt, að húshitun þurfi að auka með raforku, þar sem ekki er um að ræða jarðvarmahitun. Á svæði því, sem hér um ræðir, þ. e. í Húnavatnssýslum, Skagafirði, Siglufirði og Ólafsfirði, eru íbúar alls um 11098. Af þessum fjölda hafa 3226 þegar fengið hitaveitu, þ. e. a. s. Sauðárkrókur, Ólafsfjörður og Hvammstangi. Hugsanleg er hitaveita fyrir Siglufjörð og

Blönduós, en þá fengju 2840 íbúar jarðvarmaveitu. Auk þess eru í einstökum bæjum 220 íbúar, sem hitaveitu hafa, þannig að hitaveita er nú komin til rúmlega 3400 íbúa í þessum landshluta. Alls gæti hitaveita hugsanlega náð til 6270 íbúa eða um það bil á þessu svæði, en rafhitunar þyrftu þá við nær því 5000. Lauslega áætlað má segja, að um 50 gwst. þyrfti til þess að útvega öllu þessu fólki rafhitun. Svartárvirkjun mundi framleiða nálægt 16 gwst. en Fljótaá hins vegar um 9 gwst. Virkjun þessara tveggja fallvatna mundi þess vegna sjá um það bil helmingi þess fólks, sem ekki á kost á hitaveitu, fyrir rafmagnshitun. Þótt ráðist yrði í báðar þessar framkvæmdir, yrði þess vegna að sjá helmingi þeirra íbúa, sem rafhitun þurfa, fyrir orku með öðrum hætti. Og síðan vantar að sjálfsögðu hina almennu orku, sem nú er að meiri hluta til framleidd með dísilorku í Skagafjarðar- og Húnavatnssýslum.

Af þessu sést glögglega, að brýn þörf er á að virkja Svartá og Fljótaá. Sumum kynni kannske að finnast einkennilegt að ráðast í tvær tiltölulega litlar virkjanir á sama svæðinu samtímis. En sannleikurinn er samt sá, að brýn þörf er á þessum framkvæmdum, eins og ljóst er af því, sem áður hefur verið sagt. Þess er líka að gæta, að þessar virkjanir eru hagstæðar. Virkjun Svartár mun kosta í kringum 165 millj. kr., en hún er milli 3.5 og 3.8 MW.

Talsvert hefur að undanförnu verið rætt um samtengingar orkuvera, og auðvitað verður sú niðurstaðan, um það er lýkur, að landið verður meira og minna tengt saman. Hins vegar er fráleitt að hugsa sér, að allur vandi í orkumálum verði leystur með þeim hætti. Þvert á móti ber brýna nauðsyn til þess að hafa orkuframleiðslu víða um land, þannig að ekki skapist neyðarástand, þótt truflun verði á orkuflutningi, sem ætíð hlýtur að verða hér í okkar veðráttu. Raunar mun víða erlendis við það miðað, að hver eining í orkuframleiðslu sé ekki stærri en svo, að unnt reynist að komast hjá vandræðum, þótt ein eða fleiri einingar í orkuframleiðslunni fari út, sem kallað er, bili með einhverjum hætti.

Sannleikurinn er sá, að þær tvær smávirkjanir, sem hér eru til umr., nægja ekki á orkuveitusvæði Norðvesturlands, heldur þarf að byggja þriðju virkjunina á vesturenda svæðisins, þar sem þeirri framkvæmd yrði á komið, og skal ég ekki fara nánar út í þá sálma. En mergurinn málsins er sá, að fljótvirkasta leiðin til þess að bæta úr brýnum rafmagnsskorti í þessum landshluta er virkjun Svartár og Fljótaár í Skagafirði. Báðar þessar virkjanir eru fullhannaðar og unnt að hrinda þeim í framkvæmd á skömmum tíma. Ljóst er, að báðar eru þær hagkvæmar og ekkert það í veginum, sem á að hindra þessar framkvæmdir. — Eins og ég áðan gat um, eru landeigendur við Svartá sammála um að heimila framkvæmdir, og ekki verður þar um að ræða nein náttúruspjöll.

Með hliðsjón af þessum staðreyndum leyfi ég mér að treysta því, að þm. veiti máli þessu brautargengi. Virkjunarframkvæmdir við Svartá kosta minna en einn lítill skuttogari, en þær mundu leysa úr mjög brýnni þörf íbúa þessa byggðarlags fyrir raforku. Þess vegna má engan tíma missa. Till. þessa þyrfti að samþykkja hið bráðasta, þannig að framkvæmdir væri unnt að hefja.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Virkjun Fljótaár í Skagafirði, þáltill. (þskj. 336). — Ein umr.

Flm. (Eyjólfur K. Jónsson): Herra forseti. Till. sú til þál. um virkjun Fljótaár í Skagafirði, sem sem hér er til umr., er flutt vegna þeirrar brýnu þarfar, sem er á aukinni raforkuframleiðslu á Norðurl. v., eins og kom fram hér áðan í umr. Hæstv. iðnrh. hefur í umr. í Ed. lýst því yfir, að hann vilji gjarnan athuga um framkvæmd þessa, og er mér kunnugt um það, að hann hefur þegar látið hefja nákvæma rannsókn á hagkvæmni þessarar virkjunar, og hygg ég, að áform hans séu þau að heimila hana, enda er það á hans valdi, þar sem virkjunin er einungis 1.6 MW, en iðnrh. getur heimilað virkjanir allt að 2 MW án sérstakrar lagaheimildar.

Við flm. þessarar till. erum hæstv. ráðh. að sjálfsögðu þakklátir fyrir, að hann skuli hafa í hyggju að heimila virkjun þessa, og treystum því, að ríkisstj. muni þá samhliða sjá fyrir því fjármagni, sem Siglufjarðarkaupstaður þarf á að halda til að hrinda þessu verki í framkvæmd.

Eðlilegast tel ég, að till. þessi verði send n. að lokinni þessari umr. hér í dag. Ef svo fer, að hæstv. iðnrh. heimilar þessa virkjun og ríkisstj. sér fyrir nægilegu fjármagni, kemur till. aldrei frá n., og er það þá að sjálfsögðu meinalaust af hálfu okkar flm. Fyrir okkur vakti eitt og aðeins eitt, þ. e. a. s. að leggja okkur fram um það, að hafist verði handa um vatnsaflsvirkjanir í þessu kjördæmi, þar sem orkuskorturinn er jafngífurlegur og raun ber vitni.

Um Fljótaána er það að segja, að hagkvæmni virkjunarinnar byggist ekki síst á því, að fyrir er afgangsorka frá Skeiðsfossvirkjun. Ef Skeiðsfossvirkjun verður tengd við Skagafjarðarveitu, eins og hér er gert ráð fyrir, nýtist sú orka að fullu og það þegar á þessu ári. Eins og í grg. með till. þessari getur, hefði verið unnt að komast svo til alveg hjá dísilorkukeyrslu á Norðurl. v. s. l. ár, ef Fljótaá hefði verið virkjuð, og þannig hefði sparast dísilorkuvinnsla, sem nam nærri 10 millj. kwst. Miðað við núverandi verð olíu er hér um að ræða 27 millj. kr. sparnað, en ef svo fer sem menn spá, að olía jafnvel tvöfaldist í verði, væri um að ræða yfir 50 millj. kr. sparnað, þannig að heildarkostnaður við virkjun Fljótaár, sem talinn er um 100 millj., mundi sparast á aðeins tveimur árum.

Eins og kunnugt er, sér Skeiðsfossvirkjun Siglufirði, Ólafsfirði og Fljótum fyrir raforku. Að sjálfsögðu mundi öryggi mjög aukast á þessu orkuveitusvæði með virkjun Fljótaár neðan Skeiðsfoss. Þess er og að gæta, að uppi eru áform um að leggja hitaveitu niður í Siglufirði. Heitavatnið, sem þar er um að ræða, er naumast nógu heitt, en hugsanlegt væri að auka hitastig þess nokkuð með rafhitun, sem þá kæmi frá

hinni nýju virkjun, þannig að markaður verður fyrir raforku á þessu svæði, jafnvel þótt aðrar virkjanir sæju fyrir orku á Skagafjarðar- og Húnavatnsveitum. Mergurinn málsins er sá, eins og að framan greinir, að þegar í stað er nægur markaður fyrir alla þessa orku í Skagafirði og Húnavantssýslum. Þess er einnig að gæta, að hér er um að ræða framkvæmd, sem mjög hæfileg er fyrir það vinnuafl, sem á staðnum er. Þessi framkvæmd skapar enga spennu á vinnumarkaði, heldur verður hún til þess að sjá iðnaðarmönnum og öðru starfsfólki fyrir eðlilegu og þægilegu verkefni á þessu ári. En hugmyndin er sú að ljúka virkjuninni fyrir n. k. áramót og taka hana í notkun. Til þess þarf að vísu að koma skjót ákvörðun, því að vélapantanir þarf að staðfesta fyrir lok þessa mánaðar, og helst þyrfti raunar að gera það þegar í stað.

Fyrir þrem áratugum sýndu Siglfirðingar þann *stórhug að ráðast í Skeiðsfossvirkjun. Hún er* nú verðmætasta fyrirtæki Siglufjarðarkaupstaðar. Heita má, að virkjunin sé skuldlaus, og þess vegna hefur bæjarfélagið nægar tryggingar fyrir lánum til virkjunar Fljótaár neðan Skeiðsfoss. Samrekstur nýju virkjunarinnar og hinnar eldri verður mjög hagstætt fyrirtæki, sem bæði yrði lyftistöng fyrir Siglufjörð og Ólafsfjörð og mjög hagstæð fyrir landsfjórðunginn allan, einkum næstu ár, þar til séð hefur verið fyrir orkuvinnslu á þessu svæði með einhverjum hætti öðrum.

Ég tel ástæðulaust að vera að orðlengja um þetta mál. Ég treysti því, að hæstv. iðnrh. heimili þessa virkjun og hæstv. ríkisstj. sjái fyrir því fjármagni, sem til hennar þarf, en það er vissulega ekki mikið, aðeins um 100 millj. kr., auk 30 millj., sem samtenging kostar, en hana mundu Rafmagnsveitur ríkisins sjálfsagt framkvæma þegar á næsta sumri.

Ég legg svo til, að máli þessu verði vísað til hv. allshn.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Efri deild, 54. fundur.

Miðvikudaginn 6. febr., kl. 2 miðdegis.

Landgræðslustörf skólafólks, frv. (þskj. 350). — 1. umr.

Of skammt var liðið frá útbýtingu frv. — Afbrigði samþ. með 11 shlj. atkv.

Flm. (Páll Þorsteinsson): Herra forseti. Ég hef leyft mér ásamt hv. 1. þm. Vesturl., 1. þm. Vestf., 4. þm. Sunnl. og 4. þm. Vestf. að bera *fram þetta frv. um landgræðslustörf skólafólks.* Aðalefni þessa máls er það, að samkv. frv. skal heimilt að kveðja til starfa við landgræðslu a. m. k. tvo daga á hverju skólaári hvern þann nemanda, sem orðinn er 12 ára eða eldri og stundar nám í skóla, sem kostaður er af ríkinu að einhverju eða öllu leyti, enda sé nemandinn hraustur og ófatlaður. Landgræðslustörf í þessu sambandi eru græðsla lands og hvers konar vinna vegna gróðurverndar, gróðursetning trjáplantna, grisjun skóga og fegrun skóglendis, gróðursetning skrúðjurta, endurbætur skrúðgarða, lagfæring og fegrun umhverfis skóla, gistihúsa, sjúkrahúsa og opinberra menningar- og líknarstofnana. En ákvæði þessa frv. eiga ekki að taka til túnræktar né annarra sérstakra framkvæmda á lögbýlum. Menntmrn. skal samkv. frv. hafa yfirumsjón með þeirri starfsemi, sem hér um ræðir. Skógrækt ríkisins — að fengnum till. Skógræktarfélags Íslands — velur verkefni og skipuleggur framkvæmdir, þar sem unnið er á skóglendi. Landgræðsla Íslands — að fengnum till. Landverndar — velur verkefni og skipuleggur landgræðslustörf nemenda í skólunum í Reykjavík, en búnaðarsamband á því svæði, þar *sem skóli starfar utan Reykjavíkur, skal velja* verkefni og skipuleggja landgræðslustörf skólafólks á búnaðarsambandssvæðinu. Verkefni skólafólks við landgræðslu skulu valin í samráði við hlutaðeigandi skólastjóra og fyrir eitt ár í senn. Skólastjóri ákveður, hvaða daga á skólaárinu skal unnið að landgræðslu, og kynnir það nemendum skólans. Skólastjóri eða kennari skal hafa eftirlit með landgræðslustörfum nemenda. Ferðakostnað, sem af þessari starfsemi leiðir, skal telja með skólakostnaði.

Efni þessa frv. snertir tvo veigamikla þætti í þjóðlífinu. Annars vegar er stefnt að því með ákvæðum frv. að efla landgræðslustörf með því að auka starfsemi sjálfboðaliða í því efni og glæða áhuga nemenda í skólum, sem ríkið kostar, á þessu viðfangsefni. Hinn þátturinn, sem er þó að mínum dómi enn þá veigameiri, er sá, að við flm. teljum, að starfsemi af þessu tagi muni hafa heillavænleg uppeldisáhrif á hið unga fólk.

Það er ótvírætt, að gróðurfari Íslands hefur hnignað að miklum mun frá því land byggðist. Sá maður, sem einna mest hefur athugað þetta á undanförnum árum, Ingvi Þorsteinsson magister, kemst að þeirri niðurstöðu um þetta efni, sem nú skal greina:

„Gróðureyðingin náði hámarki á síðari hluta 19. aldar. Þá voru víðáttumikil svæði á hálendinu orðin örfoka. Uppblástursgeirarnir teygðu sig víða niður í byggð. Fjöldi bæja hafði lagst í eyði vegna sandfoks og uppblásturs, og tilveru heilla byggðarlaga var ógnað.

Upp úr síðustu aldamótum tók að draga úr eyðingarhraðanum, bæði vegna hlýnandi loftslags og landgræðsluaðgerða og vegna þess að víða var allt fokið, sem fokið gat. Samt fer því fjarri, að enn hafi tekist að stöðva landeyðinguna, eins og síðar verður að vikið.

Ekki er fyrir hendi fullkomin vitneskja um, hve mikið af landinu er gróið nú. Unnið er að kortlagningu á gróðri landsins, en henni er ekki lokið, en af þeim niðurstöðum, sem þegar liggja fyrir, virðist þó mega ætla, að ¼—⅓ hluti þess, þ. e. 20—25 þús. ferkm, sé gróinn. Þetta táknar, að á þeim tæpu 1100 árum, sem liðin eru frá upphafi landnáms, hefur tapast meira en helmingur af gróðurlendi landsins á svæði, sem svarar til a. m. k. einum þriðja af heildarstærð

landsins. Árlegt tap hefur samkv. þessu numið að meðaltali 20—25 ferkm gróðurlendis á þessu tímabili.“

Og síðar segir þessi fræðimaður á þessu sviði, að enn eigi sér stað geysimikil gróðureyðing og sennilega mun meiri en svarar til þess, sem grær upp af náttúrunnar og manna völdum.

Þótt mikið verk sé unnið árlega við ræktun og landgræðslu, eru eyðingaröflin svo áhrifamikil, að ekki er fullvíst talið, hvort meira vinnst eða tapast enn þá á þessu sviði ár hvert, þegar litið er á landið í heild.

Eitt hið mikilvægasta viðfangsefni þjóðarinnar er að snúa vörn í sókn á þessu sviði. Um þessar mundir er þetta mikilvæga þjóðmál til sérstakrar athugunar með það fyrir augum að gera áætlun um framkvæmdir, og í framhaldi af því verður að auka stórlega framlög til landgræðslu. Framkvæmdum við ræktun og landgræðslu má skipta í þrjá þætti. Ræktun túna og haga í heimalöndum lögbýla mun framvegis, svo sem verið hefur, verða bundin við framtak bændastéttarinnar og við það skipulag, sem mótað er með búnaðarfélögum og ræktunarsamböndum og með þeim stuðningi af hálfu ríkisins, sem ákveðinn er í jarðræktarlögum. Annar þátturinn er sá, að Landgræðsla ríkisins og Skógrækt ríkisins munu eflast og halda áfram að leysa af hendi stór verk og mikilvæg, eftir því sem fé er veitt til þeirra framkvæmda. Það mun framvegis verða veigamikill þáttur í landgræðslu svo sem nú er. En þriðji þátturinn er landgræðslustarf áhugamanna. Félagasamtökin Landvernd, sem stofnuð voru fyrir 4 árum, hafa sýnt lofsvert framtak. Að tilhlutan Landverndar hefur verið dreift fræi og áburði til græðslu lands á undanförnum árum svo sem nú skal greina:

Árið 1972 var dreift 24.9 smálestum af fræi og 393.25 smálestum af áburði á vegum samtakanna Landverndar. 1973 var á sama hátt dreift 6.5 smálestum af fræi og 238.5 smálestum af áburði. Þessar tölur sýna, að nokkuð hefur dregið úr þessari starfsemi 1973 frá því, sem var á árinu 1972, og hef ég fyrir satt, að m. a. komi þar til, að minna framboð hafi verið á vinnuafli til starfsins á s. l. ári heldur en var á árinu 1972.

Á undanförnum árum hafa Ungmennafélag Íslands og einstök félög innan vébanda þess beitt sér fyrir því, að sjálfboðaliðar ynnu við að dreifa áburði og fræi á gróðursnautt land. Þessi starfsemi ungmennafélaganna var hafin árið 1967, og síðan hefur á vegum ungmennafélaganna verið dreift fræi og áburði vegna landgræðslu eins og nú skal greina:

Árið 1968 5 smálestum af fræi og 67 smálestum af áburði, 1969 7 smálestum af fræi og 90 smálestum af áburði, 1970 10 smálestum af fræi og 120 smálestum af áburði og 1971 fræi og áburði samtals 134.7 smálestum.

Hin síðustu ár hefur landgræðslustarf ungmennafélaganna verið skipulagt í samráði við Landvernd og samvinna höfð milli þessara stofnana um framkvæmdir.

Fleiri hafa sýnt lofsverðan áhuga á þessu málefni. Hér skal aðeins á það minnt, að frá því var á sínum tíma greint í fréttum, að íslenskir flugmenn gáfu kost á því að stýra flugvél Landgræðslu ríkisins til að dreifa áburði á tiltekin landssvæði, og skyldu þeir vinna verkið án þess að krefjast launa fyrir það.

Þennan þáttinn, starf áhugamanna við landgræðslu, þarf að dómi okkar flm. þessa frv. að auka stórlega og skipuleggja þannig, að sem mestur árangur náist. Og þetta frv. á að vera spor í þá átt að ná þessu marki.

Öldum saman var byggðinni í landinu þannig háttað, að meginhluti þjóðarinnar hafði búsetu í sveitum landsins. Lengi var landbúnaður stundaður með þeim hætti, að ræktunarstörf á nútíma vísu voru lítil eða engin. En búsetan hafði það í för með sér, að nálega öll ungmenni, sem ólust upp með þjóðinni, kynntust landinu og gæðum þess. Um og eftir síðustu aldamót fór þetta að breytast á þann hátt, að þéttbýli tók að myndast og nýjar atvinnugreinar að ryðja sér til rúms. En eigi að síður var eftir síðustu aldamót mikill áhugi meðal þjóðarinnar á ræktun landsins, bæði þeirra, sem bjuggu í sveitum, og raunar margra annarra, sem áttu orðið búsetu í þéttbýli, en voru upprunnir í sveitunum og tengdir þeim störfum, sem þar voru unnin. Á fyrstu áratugum 20. aldarinnar var kjörorð íslenskra æskumanna þetta: Ræktun lýðs og lands. Margir þeirra, sem á æskuárum höfðu þetta að kjörorði, hafa í reynd orðið miklir ræktunarmenn, og bera sveitir landsins verkum þeirra fagurt vitni. En þróun atvinnuvega er þannig, að þeim, sem stunda landbúnað, fækkar hlutfallslega miðað við íbúafjölda landsins í heild. Síðustu tölur, sem ég hef séð um atvinnuskiptinguna, eru í riti, sem lagt var á borð þm. fyrir nokkrum dögum og heitir „Þjóðarbúskapurinn“. Þar segir, að atvinnuskiptingin — og þá miðað við árið 1971 — sé orðin með þeim hætti, að þeir, sem stundi landbúnað, séu 11% af íbúafjöldanum, sjávarútveg, þ. e. veiðar og vinnslu, stundi 14.2%, iðnað, annan en fiskiðnað, stundi 17.7%, byggingarstarfsemi og mannvirkjagerð 11.3%, verslun og viðskipti 16.3%, samgöngur 8.5% og þjónustustörf 21%. Þessar tölur gætu að sjálfsögðu orðið þm. nokkurt íhugunarefni, þar sem þær gefa til kynna, að aðalatvinnuvegi þjóðarinnar, landbúnað, sjávarútveg, bæði veiðar og vinnslu, og iðnað, stunda nú samtals 43% þjóðarinnar, en verslun, viðskipti, samgöngur og þjónustu 45% þjóðarinnar. Og svo 11.3% byggingarstarfsemi og aðra mannvirkjagerð. Hér skal ekki rætt um þetta almennt eða frá efnahagslegu sjónarmiði, en þetta sýnir, og að því leyti snertir það málið, sem hér er til umr., að það er ekki orðinn nema lítill hluti þjóðarinnar og þ. á m. lítill hluti æskumanna, sem tengist landbúnaði og ræktunarstörfum á þann hátt, að þeir hafi af því atvinnu.

Auknum framförum og fjölbreytni atvinnulífsins fylgir æ meiri verkaskipting. Og með hinu margbrotna skólastarfi fer fram í vaxandi mæli undirbúningur að því að vinna að allt öðrum verkefnum heldur en ræktun og landgræðslu. Eigi að síður er það skoðun flm. þessa frv., að kynning æskumanna á ræktunarstarfi og landgræðslu sé mjög mikilvægur þáttur í uppeldi

þeirra og viðhorfi til landsins og gæða þess. Og ég hygg, að margir þeir, sem hafa alist upp í þéttbýli, en hafa átt þess kost að dvelja í sumarvistum á sveitaheimilum, eigi um það góðar minningar og að sú dvöl og þau störf, sem þar voru leyst af hendi, hafi reynst þeim heillavænleg til þroska og til þess að fá yfirsýn yfir starfsemi í sveitum landsins. En eins og skiptingu á búsetu þjóðarinnar er nú varið, verða sveitaheimilin æ færri í hlutfalli við heimilin í þéttbýlinu, og þessi góðu skipti milli heimilanna um sumardvöl barna í sveit verða því torveldari í framkvæmd, eftir því sem þetta hlutfall raskast.

Hið íslenska skólakerfi er orðið afar umfangsmikið. Af rekstrargjöldum ríkissjóðs samkv. fjárl. fyrir árið 1973 fara um 17% til fræðslumála, og hlutfallið samkv. fjárl. fyrir árið 1974 er mjög svipað. Þeim æskumönnum, er sitja á skólabekk að skyldunámi loknu, fjölgar ár frá ári, og sækir í það horf, að skólatími lengist ár hvert. Í frv. um grunnskóla er miðað við það sem aðalreglu, að starfstími skóla verði 9 mánuðir árlega, þannig að skóli starfi frá 1. sept. til 31. maí hvert skólaár. Hin langa skólaseta getur haft lamandi áhrif á líkamlegt þrek æskumanna, nema jafnframt bóknámi sé nokkrum tíma varið til íþrótta og útivista. Þess er og gætt, þegar námsskrá er samin, að ætla tíma til þess og telst það til skólastarfsins.

Í frv., sem nú liggur fyrir þinginu um grunnskóla, er m. a. kveðið svo á: „Miðað við 9 mánaða starfstíma grunnskóla og 6 daga skólaviku skulu starfsdagar skóla á hverju skólaári teljast vera 210. Af þeim skal 195 dögum hið fæsta varið til kennslu og prófa, en allt að 15 dögum til annarra þarfa skólans, og er í því sambandi heimilt að taka tillit til sérstakra atvinnuhátta og aðstæðna í skólahverfinu.

Skólastjóri og kennarar ákvarða, hversu ráðstafa skuli þeim starfsdögum skólans, 15 eða 10, sem ekki er skylt að nota til kennslu eða prófa.“ Enn fremur segir í frv.: „Í öllum skólum á grunnskólastigi skal nemendum gefinn kostur á að taka þátt í tómstunda- og félagsstarfi á vegum skólans, eftir því sem aðstæður leyfa.“

Sú till., sem gerð er í þessu frv., fer því alls ekki í bága við ákvæði grunnskólafrv., heldur má segja, að sú till., sem hér er fram borin, falli að öllu leyti að grunnskólafrv. og sé til þess að fylla þar út í og ákveða vissa starfsemi, sem geti talist til skólastarfsins.

Samkv. yfirliti um fjölda nemenda og kennara í skólum skólaárið 1972—1973, en þetta yfirlit er birt með grunnskólafrv., voru þá samtals um 25 þús. nemendur í skólum þeim, sem frv. þetta tekur til. Ef frv. verður lögfest og ákvæði þess látin koma til fullra framkvæmda, má ætla með vísun til nemendafjölda, að hægt verði á þessum grundvelli að fá unnin á einu ári um 50 þús. dagsverk við landgræðslu, þótt vinna hvers einstaklings við þessi verkefni sé aðeins tvö dagsverk á ári. Af þessu má marka, að hér er um að ræða verulegt framlag til gróðurverndar og landgæðslu.

Í frv. felst heimild til að kveðja til landgræðslustarfa nemendur í skólum, sem kostaðir eru af ríkinu að einhverju eða öllu leyti. Ekki verður skylt að láta þetta koma til fullra framkvæmda þegar í stað. Ákvæði frv., ef að lögum verða, má framkvæma í áföngum, eftir því sem störfin verða undirbúin og skipulögð. Kemur þá í ljós, hvort hugmynd sú, sem hér er reifuð, stenst próf reynslunnar.

Með þessu frv. er alls ekki stefnt að því að koma á með löggjöf þvingandi valdboði. Það er borið fram með það fyrir augum að glæða þann áhuga á þessu viðgangsefni, sem komið hefur fram nú þegar hjá ungmennafélögum og ýmsum öðrum, og að efla starfsemi áhugamanna á þessu sviði.

Þjóðhátíðarárið 1974 á að verða ár mikilla fyrirheita um að græða landið, bæta það og fegra. Unga kynslóðin, sem vissulega nýtur góðra lífskjara í landinu, á að fá tækifæri til að sýna með skipulegum átökum, að börn vorhugans séu að verki, þar sem hún gengur til starfa.

Eins og ég gat um í upphafi ræðu minnar, þá snertir þetta mál bæði landbúnaðinn að því leyti, er til landgræðslu tekur, og einnig er hér um uppeldismál að ræða. Það getur því verið álitamál, hvort vísa ætti frv. til landbn. eða menntmn. En vegna þess að ég tel, að uppeldisþátturinn í frv. vegi meira en landgræðsluþátturinn, og með þessu frv. er gert ráð fyrir að leggja vissa kvöð eða krefjast vinnuframlags af nemendum í skólum, tel ég rétt að vísa þessu máli til athugunar menntmn. Hins vegar er mér það ekki kappsmál til hvorrar n. frv. færi, ef hæstv. forseta sýnist annað eiga betur við.

Að svo mæltu legg ég til, að að þessari umr. lokinni verði málinu vísað til 2. umr. og hv. menntmn.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 12 shlj. atkv. og til menntmn. með 12 shlj. atkv.

Afgreiðsla mála úr nefndum.

Forseti (Ásgeir Bjarnason): Ég vil beina því til hv. alþm. og sérstaklega formanna í n., að það er mjög æskilegt, ef hægt væri að hraða meira nefndarstörfum en verið hefur nú um skeið, því að það er allmikið af málum, sem hefur verið vísað til n. á þinginu í vetur og væntanlega hafa umsagnir borist, þannig að það ætti senn að geta liðið að því, að n. geti afgreitt mál, því að tíminn líður óðum. Ég vænti þess, að hv. nefndaformenn og þm. reyni að hraða þessum störfum eftir föngum.

Neðri deild, 58. fundur.

Miðvikudaginn 6. febr., kl. 2 miðdegis.

Vinveitingar á vegum ríkisins, frv. (þskj. 194). — Frh. 1. umr.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 27 shlj. atkv. og til allshn. með 24 shlj. atkv.

Tryggingadómur, frv. (þskj. 348). — 1. umr.

Heilbr.- og trmrh. (Magnús Kjartansson): Herra forseti. Haustið 1971 var lagt hér fram á Alþingi frv. til l. um breyt. á almannatryggingalögum, og í frv. voru svo hljóðandi ákvæði um stofnun tryggingadóms:

„Í tryggingadómi eiga sæti 3 menn: læknir, lögfræðingur og tryggingafræðingur, skipaðir af hæstarétti til 4 ára í senn. Varamenn skulu skipaðir með sama hætti. Tryggingadómur sker úr ágreiningi um bótarétt milli einstaklinga og Tryggingastofnunar ríkisins eða sjúkrasamlaga. Tryggingadómur setur sér sjálfur starfsreglur."

Þetta ákvæði hlaut ekki samþykki Alþ. Þess í stað var samþ. breyting á 2. mgr. 6. gr., svo hljóðandi:

„Rísi ágreiningur um bætur, leggur tryggingaráð úrskurð á málið. Þeim úrskurði má áfrýja til tryggingadóms, sem sett verði um sérstök löggjöf."

Þannig var ákvæðið staðfest sem lög nr. 96 hinn 27. des. 1971, og þar með var ríkisstj. falið að láta semja sérstakt frv. um tryggingadóm. 20. jan. 1972 skipaði ég því n. til að semja frv. til l. um tryggingadóm. N. þessi skilaði áliti í febr. 1973. Hafði hún þá samið frv. til l. um tryggingadóm, sem síðan var sent nokkrum aðilum til umsagnar. Umsagnir bárust aðeins frá endurskoðunarnefnd þeirri, sem starfar við athugun á almannatryggingakerfinu. Þær athugasemdir þóttu vera til bóta að ýmsu leyti. Voru þær breyt. því felldar inn í hina upphaflegu gerð frv., og er það þannig lagt fram nú.

Okkur er tamt að gera samanburð við önnur Norðurlönd, einkum á sviði almannatryggingamála, enda hefur samvinna á því sviði verið náin og samræming reglna sömuleiðis. Gagnkvæm réttindi þegna þessara landa við dvöl eða búsetu utan heimalands kalla á ákveðna lágmarkssamræmingu í reglum og í túlkun þeirra og framkvæmd. Þess vegna hefur Alþ. með fyrrnefndum l. talið nauðsynlegt, að settur yrði á fót tryggingadómur hér á landi, eins og verið hefur um skeið í Finnlandi, Noregi og Svíþjóð. Lög um tryggingadóm í þessum löndum eru hins vegar mjög mismunandi, eins og rakið er í þeirri ítarlegu grg., sem fylgir frv., og við höfum orðið að fara okkar eigin leiðir, þótt að vísu sé að nokkru stuðst við þær reglur, sem Norðmenn fylgja, að því er einstök ákvæði varðar.

Menn kann að greina á um, hvert eigi að vera verksvið dómsins, og sá ágreiningur kom upp í n. Form. n., sem frv. samdi, Auður Þorbergsdóttir, taldi, að hlutverk dómsins ætti að vera að dæma í málum, sem rísa vegna ágreinings um úrskurði tryggingaráðs, en öðrum málum ekki. Aðrir nm., Erlendur Lárusson og dr. Snorri Hallgrímsson, vildu hafa verksvið dómsins víðara og láta það ná til ágreinings um bætur og bótarétt samkv. tryggingum almannatrygginga, lífeyrissjóða, sjúkrasjóða og eftirlaunasjóða, svo og á tryggingum á lífi og heilsu eða gegn líkamstjóni, sem teknar eru hjá almennum tryggingafélögum. Bæði þessi sjónarmið hafa mikið til síns máls. Spurningin er aðeins, hvaða stefnu eigi að marka. Till. sú, sem hér er lögð fram um þetta í 2. gr. frv., er málamiðlun þeirra tveggja sjónarmiða, sem komu fram í n. 2. gr. hljóðar svo, með leyfi hæstv. forseta:

„Verkefni tryggingadóms er að dæma í málum, sem rísa vegna úrskurðar tryggingaráðs Tryggingastofnunar ríkisins, varðandi bætur og bótarétt einstaklinga samkv. l. um almannatryggingar. — Þar fyrir utan skal tryggingadómur dæma í málum, sem með l. verða lögð undir dóminn."

Það er sem sagt gert ráð fyrir því, að verksvið þessa dóms geti orðið víðtækara en ráðgert er í þessu frv., ef Alþ. gerir um það sérstakar samþykktir í sambandi við aðra þætti tryggingamála. Þessi málamiðlun virðist vera nothæf leið, sem ekki tekur af skarið núna, heldur felur Alþ. að víkka starfssvið dómsins.

Mér er engin launung á því, að ég teldi ekki óeðlilegt að hafa þann hátt á, sem Erlendur Lárusson og dr. Snorri Hallgrímsson lögðu til, en þetta er, eins og ég sagði áðan, matsatriði. Alþ. getur skorið úr um það núna, hvort breyta á frv. að því er þetta atriði varðar, eins og raunar önnur, eða hvort það vill hafa þann hátt á, sem þarna kemur till. um, að starfssvið dómsins verði víkkað samkv. reynslu, ef þörf þykir á því síðar.

Þessu frv. fylgir ítarleg grg., sem er að mestu samin af tryggingadómsnefndinni, og svo er einnig um aths. við einstakar greinar. Þar sem grg. með frv. er bæði ítarleg og skýr, sé ég ekki ástæðu til að rekja hana nánar, en leyfi mér að vísa til þess, sem þar er sagt. Ég legg svo til, herra forseti, að málinu verði að lokinni 1. umr. vísað til 2. umr. og til hv. heilbr.- og trn.

Ragnhildur Helgadóttir: Herra forseti. Eins og hæstv. ráðherra tók fram, byggist það frv., sem hér liggur fyrir, á ákvæði í almannatryggingalögunum, þar sem segir, að sett skuli sérstök löggjöf um tryggingadóm, sem settur skuli á fót. Eins og hv. þdm. ef til vill muna, kom þetta ákvæði inn í l. á sínum tíma vegna þess, að ákvæði um tryggingadóm í því frv., sem þá lá fyrir til núgildandi tryggingal., var ákaflega fljótræðislega úr garði gert og ekkert um það fjallað, hvernig þessi dómur ætti að starfa né heldur hvaða reglum hann ætti að hlíta yfirleitt. Það mun því fyrst og fremst byggjast á því, að í l. þessum stendur, að sett skuli vera sérstök löggjöf um dómstólinn, sem þetta frv. er fram komið. Nm. hafa talið nauðsynlegt að leggja fram einhvers konar nál. eða nauðsynlegt væri að frv. kæmi fyrir Alþingi um þetta efni. Náttúrlega má segja, að ef ekkert frv. hefði fram komið, þá hefði það út af fyrir sig ekki verið brot á tryggingalögunum. Þetta ákvæði stóð aðeins í tryggingalögunum til þess, að lögð væri áhersla á, að um heilan sérdómstól í landinu yrði að gilda sérstök löggjöf, ef sá dómstóll yrði á annað borð settur á fót. Hitt var annað mál, hvort mönnum að athuguðu máli kæmi saman um, að nauðsynlegt væri að setja slíkan dómstól á fót.

Það fyrsta, sem þarf þá á að líta á í þessu máli, er, hvort raunverulega er þörf fyrir dómstólinn. Sú þörf verður vitanlega að vera alveg ljós, annars á þetta frv. engan rétt á sér. Við

sjáum, að innan n., sem undirbjó frv., voru uppi ákaflega skiptar skoðanir, og ég vil taka það fram, að mér finnast sjónarmið form. n., Auðar Þorbergsdóttur, vera langeðlilegust í þessu sambandi. Það er í raun og veru hennar álit, virðist mér, sem ræður því, að verkefni tryggingadóms samkv. frv. er aðeins bundið við úrskurði tryggingaráðs. Aðrir nm. voru þeirrar skoðunar, að e. t. v. bæri að fela þessum dómstóli mun víðtækara verkefni, ýmiss konar ágreiningsefni milli almennings og hinna ýmsu tryggingafélaga. Ef að því ráði yrði horfið, yrði þarna um að ræða miklu flóknara og viðameira verkefni heldur en til stendur samkv. þessu frv. Það er sérstaklega þetta atriði, að verkefnið yrði að þessu leyti miklum mun víðtækara, sem ég vil mæla gegn. Ég tel óráðlegt, að farið verði út í að láta sérstakan dómstól fjalla um ágreiningsmál — við skulum segja þeirra, sem orðið hefðu fyrir slysum og gerðu stórar skaðabótakröfur á hendur tryggingafélögum. Hinir almennu dómstólar í landinu hafa orðið mikla æfingu í meðferð slíkra mála. Þeir hafa rétt til þess að kveðja til sérfróða meðdómendur um hin ýmsu mál. Á það ber að líta, að oft þarf menn með mismunandi sérþekkingu sem meðdómendur í skaðabótamálum. Í þessu frv. er gert ráð fyrir því, að meðdómendur í tryggingadómi yrðu læknir og tryggingafræðingur. Það er í sjálfu sér í ákaflega mörgum tilvikum nauðsynlegt og ágætt. En sérþekking þeirra manna hrekkur oft ekki til í þeim málefnum, sem ýmis deilumál gagnvart tryggingafélögum fjalla um. Auk þess er svo sú ástæða, að deilumál gagnvart tryggingafélögunum fjalla oftast nær um stórar eingreiðslur bóta, og atvik til bótaréttarins eru oft mjög óljós og umdeild, svo að rannsókn þeirra kann að taka langan tíma. Það er að mínu viti alls ekki slíkt verkefni, sem tryggingadómstóll á að fjalla um.

Ég viðurkenni fyllilega, að að mörgu leyti er verkefni það, sem tryggingadómi væri falið samkv. þessu frv., ef samþ. yrði, mjög eðlilegt. Það getur hugsanlega komið sér vel fyrir bótaþega Tryggingastofnunar ríkisins að geta snúið sér til dómsstigs, sem væri mun fljótvirkara en önnur dómstig í réttarkerfinu. Það hefur að vísu ekki skeð enn þá mér vitanlega, að komið hafi til hinna almennu dómstóla mál um úrskurði tryggingaráðs. En skýringin á því þarf ekki endilega að vera sú, að það sé ekki þörf á slíku dómsstigi, heldur getur einmitt verið um það að ræða, að það fólk, sem hér á í hlut, er oft mjög illa sett fjárhagslega og á einmitt þess vegna oft rétt á bótum frá Tryggingastofnun ríkisins. Þá eru upphæðirnar, sem um er að ræða, oft tiltölulega litlar á mælikvarða almennra dómsmála, ef svo má segja, fjárhæðir, sem eru e. t. v. veittar mánaðarlega bótaþegum til framfærslu, og þola þess vegna litla bið og ekki heldur flókna málsrannsókn. Þetta finnst mér vera höfuðrökin fyrir því, að sérstakur tryggingadómstóll gæti fullnægt vissri þörf, sem fyrir hendi kann að vera. Ef þessi þörf er ekki fyrir hendi, sýnist mér ekki vera nein ástæða til þess að setja upp sérdómstól í tryggingamálum. Þess vegna get ég ekki fallist á það, sem hæstv. ráðh. sagði hér áðan, að það væri vegna samræmingar á þessum sviðum við reglur á öðrum Norðurlöndum, sem lög um tryggingadóm yrðu sett. Eins og hæstv. ráðh. sjálfur tók fram, eru l. um hina ýmsu tryggingadómstóla á Norðurlöndum afskaplega mismunandi innbyrðis. Auk þess er hér allt miklu smærra í sniðum en þar. Ýmsar aðrar ástæður liggja til þess, að það er engin samræmingarnauðsyn norræn, til þess að slík löggjöf yrði sett hér á landi, heldur þvert á móti þessi ástæða ein, sem ég gat hér um áðan, að þarna gæti verið fljótvirk leið til þess að leysa úr ágreiningsmálum, sem vörðuðu tiltölulega litlar fjárhæðir félítils fólks. Þá væri nauðsynlegt, að tryggingadómur, sem takmarkaður væri við þetta verkefni, gæti veitt kærendunum meiri handleiðslu en almennir dómstólar. Það væri þá gert á þann hátt, að við dóminn starfaði e. t. v. sérstakur lögfr., sem tæki að sér að leggja málin fyrir dómstólinn með einföldum og skýrum hætti, þannig að skjólstæðingurinn gæti átt það víst, að honum væri tryggt með því fyllsta öryggi og öll þau atvik kæmu fram í málflutningi, sem hann annars kæmi ekki sjálfur auga á. Bæði er það, að slíkur málflutningur væri skjólstæðingnum of kostnaðarsamur hjá hinum almennu lögmönnum, miðað við það, að um tiltölulega lágar fjárhæðir væri að ræða, og svo hitt, að lítill tími yrði hjá þeim að annast þessi mál með öðrum, sem fyrir lægju, og einfaldast væri því, að sérstakur lögfræðingur annaðist þessar leiðbeiningar í sambandi við tryggingadómstólinn. Þetta er í raun og veru í samræmi við það álit, sem í grg. segir, að hafi komið fram hjá form. n., þar sem hún segir, að betra og hagkvæmara hefði verið að koma á fót upplýsingastofnun, þar sem sérmenntað starfsfólk veitti borgurum upplýsingar um ítrasta rétt þeirra í tryggingamálum almennt. En hún bætir við því áliti sínu, form. n., að e. t. v. hefði slíkur upplýsingaveitandi getað komið í veg fyrir, að þörf væri fyrir sérdómstól sem þennan. En hvort sem horfið verður að því ráði að setja á fót sérstakan dómstól í þessum málum eða ekki, má telja nauðsynlegt, að sérstakur lögfræðilegur ráðgjafi starfi í tengslum við dóminn eða Tryggingastofnun ríkisins.

Þá er annað atriði, sem sérstaklega má benda á, að erfitt er að koma auga á, að það sé nauðsynlegt, að dómurinn sé skipaður á þann hátt, sem greinir í frv., að þar séu 2 lögfræðingar, læknir og tryggingastærðfræðingur. Þetta er að vísu ágætt, svo langt sem það nær, en heimild þyrfti að vera einnig til þess, að hægt væri að kveðja til sérfróða meðdómendur á öðrum sviðum. Um ýmis önnur atvik getur verið að ræða, sem sérstaka þekkingu þarf á. T. d. þyrfti stundum þekkingu manns, sem væri fróður heima í héraði þess, sem í hlut á, e. t. v. um atvinnuaðstæður eða slíkt.

Þessi atriði, sem ég hef bent hér á, komu öll fram í umr. um þetta mál á fundi tryggingaráðs nú í morgun og eru í samræmi við álit, sem form. tryggingaráðs, Gunnar Möller, skrifaði fyrir hönd ráðsins um þetta efni. Ég vil aðeins leyfa mér að skýra í nokkrum atriðum fleirum frá því, sem kom fram í þessu áliti og ekki var gerður ágreiningur um í tryggingaráði. Hins vegar skrifuðu einstakir ráðsmenn

ekki undir þetta, þar eð svo stendur á, að 3 alþm. eiga sæti í tryggingaráði. Þeim fannst öllum eðlilegra, að þeir hefðu óbundnar hendur í meðferð þessa máls hér á Alþ. Ég vil láta þessi atriði koma fram strax nú við 1. umr., vegna þess að undirbúningur þessa máls hefur verið talsvert ræddur manna í meðal og rétt er, að alþm. kynnist þessu í aðalatriðum.

Ég hafði þegar bent á tvö atriði í sambandi við skipun dómsins og meðdómendur og hins *vegar lögfræðilegan ráðgjafa. Í sambandi við* verkefni dómsins eru ýmis vafaatriði í 2. gr. Þar er sérstaklega tekið fram, að tryggingadómur geti dæmt í málum, sem „með lögum verða lögð undir dóminn.“ Þetta segir sig náttúrlega sjálft, og ég get ekki séð ástæðu til að taka þetta fram. Þar við bætist, að ef tryggingadómi verða með lögum falin ný verkefni, þá er það auðvitað eðlileg aðferð, að slíku verði bætt inn í þessi lög, en ekki gert ráð fyrir, að því verði dreift út um hina og þessa lagabálka.

Í 2. gr. var tekið fram, að verkefni væru að öðru leyti einskorðuð við úrskurð Tryggingastofnunar ríkisins. Það *mætti hugsanlega* bæta verkefni við varðandi atvinnuleysistryggingar, þótt ekki væri farið inn á það verkefni, sem ég mælti gegn áðan, að taka að sér ágreiningsmál gagnvart tryggingafélögum. Einnig mætti spyrja um það, hvort hugsanlegt væri, að tryggingaráð gæti borið undir dóminn ýmis atriði í sambandi við heimildarákvæði tryggingalaganna, en svo stendur nú, að í tryggingalöggjöfinni eru milli 20 og 30 heimildarákvæði, þar sem ævinlega er komið undir úrskurði tryggingaráðs, hvernig með skuli fara. Margt af þessum heimildarákvæðum varðar einfaldlega framfærslusjónarmið, *og get ég ekki séð*, að þau ákvæði ættu nauðsynlega heim heima í slíkum dómstóli eða úrskurður um þau. Hins vegar eru stundum uppi lögfræðileg vafaatriði, sem stuðningur gæti verið að geta skotið til dómsins.

Enn er eitt atriði, sem ég held, að sé mjög mikilvægt gagnvart bótaþegum og ekki gengur ljóslega fram af þessu frv., hvort dómurinn á að fjalla um. Það er örorkumat. Ég held, að það séu fá atriði í tryggingakerfinu, sem eru eins viðkvæm og orsaka jafnmikinn vafa eða stundum óánægju hjá bótaþegum og sjálft örorkumatið. Eins og frv. er úr garði gert, getur *dómurinn ekki haggað því, enda verður varla* séð, að það sé æskilegt, eins og gert er ráð fyrir að hann verði skipaður. En á hitt mætti benda, að eins og örorkumati er núna komið fyrir, fjallar einungis læknir Tryggingastofnunarinnar um það. Grundvelli örorkumatsins mætti vissulega breyta, þannig að það færðist yfir á breiðari grundvöll og næði til fleiri atriða en aðeins læknisfræðilegra, því að örorka manns getur verið háð fleiru en aðeins helsufari hans. Inn í það dæmi geta komið fleiri þættir, eins og atvinnuaðstæður og atvinna, sem viðkomandi maður hefur stundað áður, atvinna, sem völ er á í hans byggðarlagi og svo ýmsar félagslegar aðstæður. Það gæti vel verið ástæða til þess, að fleiri aðilar fjölluðu um örorkumat heldur en nú er. En ég vil taka fram, að með þeim orðum er ég að taka undir álit formanns tryggingaráðs, sem lagt var fram í tryggingaráði nú í morgun, að ekki væri æskilegt, að dómurinn fjallaði um sjálft örorkumatið.

Loks er eitt atriði enn, sem ég vil taka fram og enginn ágreiningur var gerður um í tryggingaráði, og það atriði varðaði úrskurðarvald tryggingadóms, að það yrði endanlegt. Við gerum ráð fyrir, að tryggingadómur muni fjalla um tiltölulega lítil og fljótleg mál og þá muni skynsamlegra vera, að úrskurðir verði endanlegir. Frv. gerir hins vegar ráð fyrir, að þarna verði *um millidómsstig* að ræða, en þá verður e. t. v. ekki um mikinn sparnað að ræða, hvorki í fé né tíma. Ef að því ráði verður horfið, að úrskurður dómsins verði endanlegur, þyrfti að styrkja dóminn betur lögfræðilega en gert er ráð fyrir í frv. T. d. sætu þá í honum 3 lögfræðingar, sem hefðu minni takmörkun á rétti til þess að kveðja til sérfróða meðdómsmenn.

Ég held, að það hafi ekki verið fleiri atriði, sem ég taldi nauðsynlegt að vekja athygli á nú við 1. umr., en vil mega vænta þess, að þeir hv. alþm., sem hafa áhuga á þessu máli og hugleiða þessi atriði, taki þessi atriði til skoðunar. Ég tek fram, að öll þessi atriði eru byggð á nákvæmum athugunum, sem gerðar hafa verið af form. tryggingaráðs fyrir tryggingaráð.

Forsrh. (Ólafur Jóhannesson): Herra forseti. Ég vildi aðeins beina því til þeirrar hv. n., sem fær þetta til meðferðar, að hún athugaði sérstaklega 2. málgr. 2. gr., þar sem segir: „Þar fyrir utan skal tryggingardómur dæma í málum, sem með lögum verða lögð undir dóminn.“ Ég fæ ekki betur séð en þetta sé hálfgerður hortittur og *mætti kannske segja algerður, vegna þess* að auðvitað er algerlega óþarft að taka það fram í þessum lögum, að dómurinn geti dæmt í málum ef lög ákveða það um einhver önnur mál. Þetta ákvæði hefur út af fyrir sig ekki þýðingu, því að vitaskuld kæmi það til greina í sambandi við þau einstöku lög, sem mundu ákveða, að mál heyrðu undir dóminn, að taka það til athugunar, hvort væri eðlilegt, að mál af þeirri tegund féllu undir dóminn eða ekki. En samt sem áður getur, ef þetta stendur svona óbreytt, verið gefið undir fótinn með það, að mér finnst óeðlilega mikið, að það megi takmarkalítið kannske fara að leggja mál undir þennan dóm. Það er auðvitað ekki það, sem vakir fyrir með þessu ákvæði, heldur auðvitað mál vissrar tegundar, þ. e. a. s. tryggingalegs eðlis, en sjálfsagt ekki, að það megi fara að leggja mál almennt og hvers eðlis sem þau eru undir þennan dóm.

Þetta vildi ég aðeins benda á, að mér finnst eðlilegt, að n., sem fær frv. til athugunar, íhugi, hvort það er nokkur þörf og nokkur bót að því að hafa þetta ákvæði í þessum lögum. Ef hv. Alþ. telur síðar heppilegt að leggja undir dóminn einhver fleiri mál eða mál annarrar tegundar en þau, sem beint er gert ráð fyrir í fyrri málsgr. 2. gr., þá kemur það til skoðunar. Þetta ákvæði eitt út af fyrir sig segir ekki neitt, nema það getur, eins og ég sagði, gefið undir fótinn, að vald þessa dómstóls eigi að vera meira en ég t. d. væri reiðubúinn að skrifa undir á þessu augnabliki.

Þórarinn Þórarinsson: Herra forseti. Það mun hafa verið ákveðið í tíð fyrrv. ríkisstj. að setja þennan dómstól á laggirnar, en þó þannig, að hann tæki ekki til starfa, nema sett yrðu síðar um það sérstök lög á Alþ. Ákvæði um þetta mun hafa verið sett í lög um breyt. á l. um almannatryggingar, sem tóku gildi 20. apríl 1971.

Nú mun ég ekki á þessu stigi ræða efnislega um þetta frv. Ég verð að játa, að án frekari athugunar brestur mig þekkingu til að dæma um það, hvort þörf sé á þessum dómstóli eða ekki. En það er í tilefni af 26. gr. frv., sem ég vil beina fsp. til hæstv. heilbrrh.

Í 26. gr. frv. segir á þessa leið, með leyfi forseta: „Kostnaður vegna tryggingadóms greiðist úr ríkisstjóði.“ Ég vildi fá upplýst, ef það væri hægt, hvort það hefði farið fram nokkur athugun á því, hvað slíkur dómstóll mundi kosta. Ég álít, að það sé nauðsynlegt, áður en Alþingi tekur yfirleitt afstöðu til mála, hvort heldur eru stjórnarfrv. eða frv. einstakra þm., að þá liggi fyrir nokkuð ljós áætlun um það, hver kostnaður muni af þeim hljótast fyrir ríkið eða sveitarfélög, ef þeim er ætlað að bera viðkomandi kostnað. Ég tel, að það eigi að vera sjálfsögð regla í framtíðinni, að stjórnarfrv. verði ekki lögð fram, nema þeim fylgi jafnframt áætlun um það, hver sé líklegur kostnaður fyrir ríkið, sem þau muni hafa í för með sér. Þess vegna vildi ég beina þeirri fsp. til hæstv. heilbrrh., hvort fyrir liggi nokkur áætlun um það, að líklegt sé, að mikill kostnaður muni hljótast af þessum dómstóli, ef hann verði stofnaður, eða þá t. d., hvort til séu upplýsingar um það, hvað slíkir dómstólar hafi kostnað í þeim löndum, þar sem þeir hafi verið starfræktir. Ég sé í grg. frv., að slíkir dómstólar muni vera staðsettir á Norðurlöndum, kannske þeim öllum, það væri mjög fróðlegt að fá upplýsingar um það, hvað slíkir dómstólar hafa kostað þar. Af því mætti kannske ályktа, hver mundi vera kostnaður af slíkum dómstólum hér.

Að lokum mætti svo benda á það, að nú mun fara fram endurskoðun á lögum um almenna meðferð einkamála. Mér finnst, að það komi mjög til athugunar, hvort þetta mál ætti ekki að bíða, þangað til að þeirri rannsókn væri lokið, og afgreiða þessi mál í samhengi, ef það væri talið nauðsynlegt að setja þennan dómstól á laggirnar.

Gunnar Thoroddsen: Herra forseti. Með þessu frv. er lagt til að stofna nýjan dómstól, tryggingadóm. Að sjálfsögðu leiðir af því nokkurn kostnað. Það liggur ekki fyrir í grg. eða upplýsingum frá hæstv. ráðh., hver sá kostnaður sé áætlaður, en töluverður hlýtur hann að verða.

Spurningin er þá, hverjar ástæður kunna að liggja til þess eða hvort nokkur nauðsyn sé að stofna nýjan dómstól.

Það er í fyrsta lagi vitnað í það í grg., að slíkir dómstólar séu til á Norðurlöndum. Þau rök finnst mér ekki fullnægjandi. Aðrar þjóðir hafa ýmsa sérdómstóla, sem við höfum ekki. Þær hafa stjórngæsludómstóla, stjórnarskrárdómstóla og ýmsa aðra sérdóma, sem ekki hefur þótt ástæða til að stofna hér á Íslandi.

Varðandi verkefni þessa dómstóls, þá er svo ákveðið í 2. gr., að hann skuli dæma í málum, sem rísa vegna úrskurðar tryggingaráðs Tryggingastofnunar ríkisins varðandi bætur og vegna bóta einstaklinga samkv. l. um almannatryggingar. Í ljós kemur, að í undirbúningsnefndinni hefur verið mikill ágreiningur um, hvaða mál skyldu undir dóminn falla. Meiri hluti n. segir á bls. 7 í grg., að það sé allsendis ófullnægjandi að binda verkefni tryggingadóms eingöngu við úrskurði tryggingaráðs, sá dómur hefði mjög takmörkuðu hlutverki að gegna. M. ö. o. það er álit meiri hluta nm., að það verkefni, sem dómnum er ætlað samkv. 2. gr. frv., sé mjög takmarkað. Manni verður því að spyrja: Er ástæða til að fara að stofna nýjan dómstól, sem svo takmörkuðu hlutverki hefur að gegna? Nú er þessum málum svo háttað, að hinir almennu héraðsdómar dæma í þessum málum, og þeir hafa heimild til þess og jafnvel skyldu að krefja sérfróða menn til, tryggingafróða, læknisfróða, ef á þarf að halda. Ég fæ ekki séð, að réttaröryggi í landinu mundi vera betur borgið með þessari nýju skipan. Það er ekki gert ráð fyrir, að hér sé fækkað dómstigum. Nú er það héraðsdómur, sem dæmir, og hægt að áfrýja málunum til hæstaréttar. Eftir þessu frv. á tryggingadómur einnig að verða undirdómstóll og dómum hans hægt að áfrýja til hæstaréttar.

Ég vil því aðeins á þessu stigi málsins segja það, að ég dreg mjög í efa, að nokkur ástæða sé til að stofna þann dómstól, sem hér er lagt til, að stofnaður verði.

Heilbr.- og trmrh. (Magnús Kjartansson): Herra forseti. Það er mjög eðlilegt, að mönnum geti sýnst sitt hvað um framkvæmdir dómstóla af þessu tagi, ef hann verður settur á laggirnar. En í tilefni af aths., sem hér hafa komið fram hjá ýmsum um það, hvort þörf sé á að stofna slíkan dóm yfirleitt, vil ég minna á, að þetta sama þing, sem nú situr, eða sömu alþingismenn samþykktu haustið 1971 í lögum um almannatryggingar, að ef árangur risi um bætur, legði tryggingaráð úrskurð á málið, en þeim úrskurði megi áfrýja til tryggingadóms, sem sett verði um sérstök löggjöf. Þetta ákvæði var, að ég man best, samþykkt einróma hér á Alþ. af sömu hv. alþm. sem hér sitja.

Það er svo sem ekki neitt óeðlilegt við það, þó að menn geti skipt um skoðun á tveimur árum eða vel það og fallið frá þeim viðhorfum, sem voru eindregin á þingi fyrir áramót 1971—72. En engu að síður lagði Alþ. fyrir mig sem tryggingaráðherra að láta vinna að því, gera undirbúning að því, að um þetta mál verði sett ný löggjöf, og þess vegna hef ég látið vinna að þessu frv., sem hér liggur fyrir, þannig að þetta frv. er samið í samræmi við fyrri ákvarðanir, sem teknar hafa verið hér á þingi og eins og ég sagði áður, að því er ég hygg einróma. Ég minnist þess ekki, að þá hafi komið fram neinar aths. um það, að þessi dómur kynni að vera óþarfur.

Um það mál er raunar það að segja, að við höfum reynslu af starfsemi slíkra dómstóla annars staðar á Norðurlöndum. Þeir hafa starfað þar alllengi sums staðar, og ég hygg, að þeir séu alls staðar taldir hafa veitt viðskiptavinum almannatrygginga mjög aukið réttaröryggi. Við skulum minnast þess, að það fólk,

sem á viðskipti við tryggingastofnun á vegum almannatrygginga, er oft fólk, sem er mjög lítils megandi í þjóðfélaginu, og það kann að vera mjög erfitt fyrir slíkt fólk að leggja í það aðhefja málarekstur eftir almennum leiðum. Hefur verið talið annars staðar á Norðurlöndum, að gera bæri afgreiðslu slíkra mála miklu einfaldari og kostnaðarminni fyrir fólk heldur en fara almenna dómstólaleið. Þessu er einvörðungu ætlað að tryggja rétt einstaklingsins í viðskiptum við afar stóra stofnun og gefa mönnum kost á því að leita til hærri aðila á einfaldan hátt, ef felldir eru úrskurðir, sem menn vilja ekki sætta sig við. Ég hef ekki heyrt annað en í öðrum Norðurlöndum sé talin góð reynsla af þessari starfsemi, og ég sé enga ástæðu til að ætla annað en slík starfsemi geti komið að hliðstæðu gagni hér á landi. Sú var einnig skoðun Alþingis fyrir jól 1971.

Hv. þm. Ragnhildur Helgadóttir vék að þeim ágreiningi, sem upp kom í n., hversu víðtækt starfssvið tryggingadóms ætti að vera. Það er vafalaust rétt, sem hér hefur verið bent á, að síðari setningin í 2. gr. um, að það megi láta tryggingadóm dæma í málum, sem með lögum verði lögð undir dóminn, sé í sjálfu sér óþörf. Hún er greinilega, eins og ég tók raunar fram áðan, tilraun til að brúa þann ágreining, sem uppi var í n., að koma þarna á sameiginlegri niðurstöðu, sem aðilar gátu á fallist. En í sjálfu sér er óþarfi að taka þetta fram. Hins vegar er sá ágreiningur, sem var í n., skýrður mjög nákvæmlega í grg., og ég sé ekki ástæðu til að fara neitt ítarlega út í það. En ég vil minna menn á, að þau mörk, sem þarna er um að ræða, annars vegar á almannatryggingum og hins vegar á öðrum þáttum tryggingamála, þessi mörk eru afar óljós í sumum tilvikum. Eins og bent er á af meiri hl. n., hafa verið sett lög um slysatryggingar sjómanna, þar sem gert er ráð fyrir bótum samkv. l. um almannatryggingar, en tryggingar þessar eru hins vegar á vegum almennra tryggingafélaga. Einnig má minna á þann mikilvæga áfanga í tryggingamálum, þegar samið var um slysabætur til handa öllum launþegum í Alþýðusambandi Íslands í kjarasamningum í nóv. 1971, en þær eru einnig á vegum almennra tryggingafélaga. Þarna er um að ræða félagslegar tryggingar af alveg sama tagi og tryggingarnar hjá Tryggingastofnun ríkisins, hjá almannatryggingum, og í sjálfu sér sé ég ekki annað en það væri rökrétt, að þessi dómstóll fjallaði um öll vandamál af þessu tagi. En þetta er álitamál, og úr þessu álitamáli verður Alþingi að skera.

Hv. þm. Þórarinn Þórarinsson spurði mig að því, hvort ég gæti greint frá því, hver kostnaður mundi hljótast af því ákvæði 26. gr., að kostnaður vegna tryggingadóms greiðist úr ríkissjóði. Ég hef ekki tiltæk nein gögn um það mál. Það má vel vera, að sú n., sem samdi frv., hafi kynnt sér kostnað af hliðstæðum dómstólum annars staðar á Norðurlöndum, og ef svo er, mundi ég að sjálfsögðu tryggja það, að n. fengi þá vitneskju. Hins vegar hygg ég, að ákvæðið sjálft sé alveg óhjákvæmilegt. Ég held, að rekstur mála fyrir slíkum dómi þurfi að greiðast úr ríkissjóði, einmitt vegna þess, að þarna eiga í hlut í ákaflega mörgum tilvikum aðilar, sem mega sín lítils í þjóðfélaginu og hreinlega mundu ekki ráðast í málrekstur, ef þeir ættu á hættu að geta haft af því fjárhagslegt tjón, þannig að ef slíkur dómur yrði tekinn upp, hygg ég, að þennan hátt verði á því að hafa. Og mér virðist ekki fljótt á litið, að þessi kostnaður ætti að þurfa að verða ýkjamikill. Hitt er alveg rétt, að það ber að skoða það að sjálfsögðu og gera sér grein fyrir því, hvaða tilkostnað menn kynnu að vera að leggja út í með því að setja slíkan tryggingadóm á laggirnar.

Fjmrh. (Halldór E. Sigurðsson): Herra forseti. Út af því, sem fram hefur komið hér í ræðu hv. 5. þm. Reykv. og hv. 4. þm. Reykv. og nú í ræðu hæstv. heilbrrh. um kostnað í sambandi við þetta frv., vil ég geta þess, að það mál er til athugunar í fjárlaga- og hagsýslustofnun fjmrn. eins og fleiri mál af slíku tagi, og mun vera hægt að láta n. þeirri, sem fær þetta mál til meðferðar, ásamt fleiri málum, sem ég mun senda þeim, í té fjárhagslega grg. um það, sem hægt verður að sjá um kostnað af slíku máli sem þessu. Hins vegar verður að segja það eins og er, að í öllum slíkum málum, þar sem um málaferli getur verið að ræða, getur kostnaður orðið nokkuð óljós og því verði um áætlun að ræða um kostnað, er af því kann að leiða. En það verður reynt að upplýsa þetta eins og hægt er.

Ég tel sjálfsagt, að þetta mál verði eins og önnur skoðað nákvæmlega og menn reyni að gera ýmis ákvæði frv. ákveðnari en þau eru núna, því að þau gætu leitt af sér meiri kostnað en til er ætlast með frv. samkv. því, sem orðanna hljóðan er í frv., eins og það liggur fyrir. En á því mundi vera hægt að gera endurbætur, þó að megintilganginum væri náð.

Ég vildi upplýsa það, að fyrir n. gæti legið það, sem hægt er að meta í þessu, og mun ég einnig senda nefndum fleiri útreikninga um kostnað af þingmálum, sem fjárlaga- og hagsýslustofnunin hefur unnið að og er að vinna að.

Ragnhildur Helgadóttir: Herra forseti. Það eru tvö atriði, sem komu fram í ræðu hæstv. trmrh., sem mig langaði til að víkja aðeins að.

Annað atriðið var það, að ráðh. gat þess sérstaklega, að eðlilegt væri, að tryggingadómstóll fjallaði um öll atriði almannatrygginga og þá ekki síst slysatryggingamál, sem stundum gæti verið óljóst hvort heyrðu undir Tryggingastofnun ríkisins eða önnur tryggingafélög. Ég vildi vekja sérstaka athygli á því, að það er einmitt á sviði slysatrygginga, sem gæti verið dálítið vafasamt, að slíkur dómtsóll eins og gert er ráð fyrir í þessu frv., kvæði upp dóma, vegna þess að atvikin, sem liggja til slysabótaréttarins, eru oft svo óljós og erfitt að upplýsa þau, að þau eiga miklu frekar heima í meðferð hinna almennu dómstóla. Þeir hafa ýmis ráð til könnunar mála og meiri þjálfun í því heldur en slíkur dómstóll, sem væri svo takmarkaður sem þessi. Auk þess fjalla slysatryggingamálin um háar eingreiðslufjárhæðir, en aftur á móti önnur mál almannatrygginga fjalla um tiltölulega lágar upphæðir, sem ætlaðar eru til líframfærslu frá degi

til dags og þola því síður bið með úrlausn heldur en slysatryggingamálin. Þess vegna er til þess full ástæða, ef að því ráði yrði horfið að setja á fót þennan dómstól, að hann hefði til þess rétt að vísa frá sér málum til annarra dómstóla, jafnvel þótt málið gæti að lögum heyrt undir hann, ef honum sýndist, að hinir almennu dómstólar ættu hægara með, annaðhvort vegna meðdómenda eða ýmiss konar réttarfarsaðferða, að upplýsa málið. Þá væri að sjálfsögðu eðlilegt að hafa heimild fyrir tryggingadómstól til að vísa þeim málum frá sér til almennra dómstóla. Það getur líka verið um að ræða þarna mál, sem þarf sérstaka staðbundna athugun á. Slysin verða ekki öll hér í Reykjavík, þar sem gert er ráð fyrir, að tryggingadómstóll hafi aðsetur. Nauðsynlegt er oft að gera ýmiss konar vettvangsskoðanir í sambandi við slysatryggingamál. Eðlilegra væri þá, að þau mál væru rekin heima í þeim héruðum, þar sem viðkomandi menn ættu varnarþing.

Hitt atriðið, sem mig langaði að víkja að, var sú röksemd, sem kom fram í ræðu hæstv. ráðh., að þm. hefðu í raun bundið sig því að samþykkja frv. um stofnun tryggingadóms með ákvæðinu í tryggingal., þar sem segir, að ágreiningi varðandi úrskurði tryggingaráðs megi skjóta til tryggingadóms, sem sérstök lög verði sett um. Með þessu ákvæði tel ég ekki, að þm. hafi bundið sig við að samþykkja stofnun tryggingadóms. Þarna er greinilega tekið fram: „sem sérstök lög verða sett um.“ Það liggur því í augum uppi, að ef þessi sérstöku lög verða ekki sett, þá verður ekki settur á fót tryggingadómur.

Þórarinn Þórarinsson: Herra forseti. Ég þakka hæstv. ráðh. fyrir svör þeirra um það, að það muni verða athugað, hvaða kostnaður muni hljótast af þessu frv., ef það verður samþ. Ég álít, að það sé mjög nauðsynlegt, að slíkir útreikningar liggi fyrir, ekki aðeins um þetta mál, heldur önnur mál, en um það þarf ekki að fara mörgum orðum, að ríkiskerfið hefur mikla tilhneigingu til þess að þenjast út, og þess vegna er nauðsynlegt að vera þar á varðbergi.

Annars kvaddi ég mér nú hljóðs jafnframt vegna þess, að hv. sessunautur minn, 12. þm. Reykv., sem er fróðari um tryggingamál en ég, benti mér á, að það hefði gætt nokkurs misskilnings í fyrri ræðu minni, þannig að ákvæðið um stofnun tryggingadóms sé ekki að finna í lögum frá 20. apríl 1971, heldur l. frá 27. des. 1971, og vil ég leiðrétta þetta.

Gunnar Thoroddsen: Herra forseti. Það er gott að heyra, að það verði kannað nánar, hver kostnaður kunni að verða af stofnun tryggingadóms. En það er ljóst, að einhver aukakostnaður verður af þessu. Þetta er ný stofnun, sem á að koma hér á fót, og hlýtur af því að leiða kostnað fyrir ríkissjóð.

Varðandi kostnað fyrir þá, sem þurfa að sækja undir dómstóla, og tek ég undir það með hæstv. trmrh., að að sjálfsögðu ber að greiða götu þeirra sem best. Oft er um efnalítið eða efnalaust fólk að ræða, fátækt og rétt að taka þar engin réttargjöld og greiða fyrir því á annan hátt, að slíku fólki verði unnt að sækja sinn rétt. En það er auðvelt að gera, þó að mál heyri áfram undir venjulega dómstóla.

Í þessu frv. er gert ráð fyrir því, að kostnaður við tryggingadóm greiðist úr ríkissjóði. Þar er að sjálfsögðu átt við kostnaðinn við sjálfan dóminn, laun dómenda og annan slíkan kostnað, en ekki átt við t. d. þóknun aðila til lögmanna, geri ég ráð fyrir. Aðilar munu greiða þeim eftir sem áður, þótt þetta frv. verði samþykkt.

Ég tek undir það eindregið, að ráðstafanir er æskilegt að gera til þess að greiða sem mest fyrir þeim mönnum, sem þurfa að leita dómstóla út af tryggingamálum, og gera þeim málsóknina sem ódýrasta. En um hitt atriðið, hvort þetta mundi flýta málum, þá fæ ég ekki séð, að svo muni verða. Hér er ekki fækkað neinum dómstigum eða aðilum, sem til þarf að leita. Fyrst er gert ráð fyrir, að tryggingaráð kveði upp úrskurð, og síðan er sá úrskurður kærður til tryggingadóms í stað héraðsdóms nú, og ef mönnum líkar ekki úrskurður tryggingadómsins, má skjóta málum til hæstaréttar, alveg eins og nú er. Hins vegar má segja, að að einu leyti geti þetta frv., ef að lögum yrði, tafið fyrir málum. Hér er m. a. gert ráð fyrir því að taka dómsvaldið úr höndum héraðsdómara og færa það allt saman til þessa dómstóls, sem á að vera í Reykjavík. Nú má vel vera, að eftir núgildandi l. þurfi yfirleitt að höfða slík mál gegn tryggingaráði eða Tryggingastofnun í Reykjavík, um það skal ég ekki fullyrða. En a. m. k. með þessu frv. er slegið föstu, að slík mál megi alls ekki höfða í héruðum, heldur þurfi að sækja þau öll til Reykjavíkur.

Loks vil ég endurtaka það, sem ég sagði í minni fyrri ræðu, að mér finnst ekki hafa verið færð fram sannfærandi rök fyrir því, að nauðsynlegt sé eða æskilegt að stofna þannig nýjan dómstól. Þvert á móti bendir grg. til þess, að það séu of lítil verkefni, sem slíkum dómstóli séu ætluð, og þeim mun minni ástæða til þess að vera að koma á fót nýrri stofnun. Ég beini því til þeirrar n., sem fær málið, að athuga vandlega, hvort nokkur þörf er á slíkum dómi.

Friðjón Þórðarson: Herra forseti. Það voru dálítið táknræn, en eigi að síður mjög eðlileg viðbrögð hjá hæstv. forseta, þegar hann lagði málið fyrir hv. d. Hann ætlaði að gefa hæstv. dómsmrh. orðið. En þá kemur í ljós, að hér er um að ræða frv. til l. um tryggingadóm, þar sem trmrh. skipar dómara í tryggingadóm til fjögurra ára í senn o. s. frv.

Í þessum tryggingadómi eiga að sitja tveir lögfræðingar, læknir og tryggingastærðfræðingur, og þarf eigi lengur að lesa til þess að sjá, að allmikill kostnaður hlyti að verða af slíkum dómi.

Ég ætla ekki að fara að ræða þetta mál hér almennt, aðeins ítreka þá skoðun, sem ég hef fyrr látið í ljós, að yfirleitt beri að gjalda varhug við að stofna sérdómstóla. Að mínu mati og mati fjölmargra annarra ber ekki að stofna eða setja á fót sérdómstól nema í brýnni nauðsyn. Hæstv. trmrh. benti á, að um þetta væri ákvæði í tryggingalögum. Það er nú svo, að það er eitt og annað í þeirri löggjöf, sem þörf væri á að breyta. Ég vænti þess, að nm. þeir, sem

fjalla um þetta mál, taki það til íhugunar, og vil ítreka það, að yfirleitt ber að forðast að setja á fót marga sérdómstóla. En á hitt ber að leggja áherslu, að búa þannig að hinum almennu dómstólum, að þeir geti greitt úr málum manna fljótt og vel.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 22 shlj. atkv. og til heilbr.- og trn. með 23 shlj. atkv.

Fuglaveiðar og fuglafriðun, frv. (þskj. 345). — 1. umr.

Flm. (Jónas Jónsson): Herra forseti. Frv. það á þskj. 345, sem ég ásamt tveim öðrum hv. þm. hef leyft mér að flytja, er flutt að beiðni Æðarræktarfélags Íslands, en það er félagsskapur, sem hefur tekið það að sér að efla æðarvarp og æðarnytjar og vernda æðarfugl. Frv. er flutt eins og þeir fóru fram á, að það yrði lagt fyrir. Þetta er því frv. til l. um breyt. á l. nr. 33 frá 1966, um fuglaveiðar og fuglafriðun.

Efnisatriði frv. eru þau, að út frá friðlýstu æðarvarpi sé nethelgi eða landhelgi 2 km, í stað þess sem nú er ¼ km. Með beiðni um flutning þessa frv. fylgdi eftirfarandi grg. frá Æðarræktarfélagi Íslands, sem ég vil leyfa mér að lesa, með leyfi hæstv. forseta:

„Ef fer sem horfir og ekkert verður að gert, lítur út fyrir, að æðarvarp sé á hröðu undanhaldi hérlendis. Missa þá margar bújarðir allverulegar hlunnindatekjur og náttúrufar landsins verður að miklum mun fátækara. Á síðari árum hefur stóraukist hrognkelsaveiði hér við land, og stærri bátar með nýtískuleg veiðarfæri fara á vertíð, þar sem best er til fanga. Er nú svo komið, að margfaldar netalagnir eru uppi í fjörumáli fyrir varpstöðvum vítt um landið, og hefur æðarfugl hlotið mikið afhroð af.

Að fenginni reynslu norðan- og norðaustanlands er nauðsynlegt, að hið opinbera grípi hér á málum, svo að firrt verði vandræðum á milli varpeigenda og aðkomumanna."

Þá hefur borist grg. frá líffræðingi, Guðmundi Ólafssyni, sem stundað hefur líffræðilegar rannsóknir með aðsetri í Flatey á Breiðafirði. Rannsóknir hans hafa beinst að dýralífi í Breiðafjarðareyjum, sjávardýra og fugla og sela, og að beiðni Æðarræktarfélags Íslands hefur hann gert um þetta grg. út frá sínum rannsóknum. Vil ég leyfa mér að lesa hana, með leyfi hæstv. forseta:

„Æðarræktarfélag Íslands hefur beðið mig um álit á tillögu þess um tveggja km nethelgi við friðlýstar æðarvarpsstöðvar. Brtt. Æ.Í. um aukna nethelgi er mjög svo tímabær. Reynsla síðustu ára hefur sýnt, að 250 m nethelgi við varpstaði er allt of takmörkuð.

Gagnrýnin beinist fyrst og fremst að hrognkelsaveiðinni, og er það eigi að ástæðulausu, því miður. Það er vitað mál, að hrognkelsaveiði hefur verið mörgum drjúg tekjulind á síðustu árum. Æðurin er arðmikill fugl, en verður þó vart metin til fjár sökum tengsla hennar við menningu og sögu landsins. Í ýmsum byggðarlögum hefur hrognkelsaveiði verið lyftistöng vissra byggðarlaga. Því bæri að fagna, ef um væri að ræða skynsamlega veiði og nýtingu hrognkelsamiða, en svo er ekki. Net eru lögð þvers og kruss um allan sjó, grynningar sem sker, og hvergi tekið minnsta tillit til varplanda, selaláturs, fæðuöflunar þessara dýra eður annarra sjónarmiða, sem þó hafa verið í heiðri höfð fram að þessu. Því miður eru víst engar reglur til um hrognkelsaveiði eða hámarksafla þeirra, enda lítil vitneskja um stærð stofnsins. Búast má þó við, að hrognkelsastofninn hér við land sé ekki í beinni hættu enn sem komið er. En öðru máli gegnir um æðarfugl og sel, sem hrognkelsaveiðin kemur harðast niður á. Netlögnin á búsvæði æðarinnar er ógnun gagnvart mesta hlunnindafugli landsins fyrr og nú. 250 m nethelgi er engin trygging fyrir tilveru fuglsins. Kemur þar tvennt til:

Í fyrsta lagi virðir fuglinn ekki þessa 250 m lögsögu. Hann heldur sig oft mun utar yfir varp- og uppeldistímann. Það, sem hér virðist ráða, eru grynningar og ætismöguleikar fremur en fjarlægð frá varpstöð eða landi. Oft er það sem grunnsjórinn nær einungis nokkur hundruð metra út frá varpstöð, en á öðrum stöðum fleiri kílómetra. Æðarfuglinn veiðir mest á grynningum innan við 20 m dýpi, vinsælasta dýpinu til hrognkelsaveiða, en vitað er, að æðurin kafar skáhallt allt niður á 35—40 m dýpi. Það er því ekki að undra, að æðurin festist oft í netum.

Í öðru lagi kemur ókunnugleiki iðulega í veg fyrir, að menn virði landhelgi varpstöðva, eða svo skulum við álíta. Menn leggja net sín á flóði í 300 m fjarlægð frá eyju og gæta ekki nægilega vel að grynningum. Á útfallinu liggja þessi net svo á þurru að einhverju eða öllu leyti. Slíkt þekkjum við hér og köllum ókunnugleika.

Þótt þessi nethelgi eigi einungis við æðarfugl, er rétt að geta þess, að málið er mun flóknara. Sú gegndarlausa netaveiði og umferð af þeim sökum, sem við þekkjum hér, hótar líka tilveru selsins svo og búsetu fleiri dýrategunda, er teljast til beinna eða óbeinna hlunninda, t. d. dílaskarfs. Tengsl sela og hrognkelsa og selveiða og hrognkelsaveiða eru iskyggilega náin Hrognkelsin eru ein aðalfæða selsins. Selurinn heldur sig á svipuðum slóðum og hrognkelsin.

Möskvastærð hrognkelsaneta er lík eða sú sama og möskvastærð selaneta. Þar við bætist, að veiðitími hrognkelsa byrjar fyrr og endar síðar en selveiðitíminn. Erfitt er þá að dæma, hvort menn leggja fyrir sel eða hrognkelsi. Hitt er svo augljóst, að skammt er í illindi og deilur af þessum sökum. En 2 km nethelgi mundi koma í veg fyrir slíkt, þar sem varpstöðvar og selalátur eru á sömu slóðum. Því er ekki að leyna, að um hagsmuni er að ræða á báða bóga, hrognkelsin annars vegar og æður og selur hins vegar. Æður, selur, lax og silungur hafa unna hefð sem æðstu hlunnindaskepnur landsins. Við verðum að líta svo á, að hrognkelsaveiðar og aðrar netaveiðar séu einungis æskilegar, þar sem þær spilla ekki fyrir öðrum hlunnindadýrum og atvinnulífi. Ég vil því eindregið mæla með 2 km nethelgi við varpstöðvar

æðarinnar og tel þessa breytingu friðunarlega mikilvægan þátt til verndar náttúru landsins og til að semja frið manna og fugla á milli.

Virðingarfyllst,
Guðmundur Ólafsson
líffræðingur,
Flatey á Breiðafirði."

Við þetta er kannske aðeins því að bæta, að það er augljóst, að það eru hugsanlegir árekstrar þarna á milli. En það ætti einnig að vera mönnum augljóst, að æðurin er í meiri hættu og er í hættu sem náttúruverðmæti landsins. Ef hún er veidd og henni jafnvel eytt með hrognkelsaveiðinni, er að því mikill skaði.

Hins vegar eru möguleikar á hrognkelsaveiðum, án þess að æðurin sé í hættu, og ætti með því, ef þessu er rétt hagað, að vera hægt að ná þeim eðlilega arði af hrognkelsaveiðunum án þess að koma æðarfuglinum í hættu. Hrognkelsi má að sjálfsögðu veiða á miklu dýpra vatni en æðurin kafar, eins og kemur fram í skýrslu Guðmundar Ólafssonar.

Nú er farið að veiða hrognkelsi á æ stærri bátum, og að því er mér er tjáð færast veiðarnar á æ dýpra vatn, og minnkar þá jafnframt hættan á því, að æður lendi í netunum. Þetta mun þó ekki vera nema sums staðar á landinu, því að svona mun þessu ekki farið á Breiðafirði, eins og Guðmundur bendir á, því að skýrsla hans miðast fyrst og fremst við þær aðstæður, en fyrir Norðurlandi mun þetta vera þannig, að *bátarnir veiða á æ dýpra vatni.*

Þá má benda á það, að æðarvörpin eru ákaflega staðbundin og takmörkuð, en hins vegar mörgum sinnum stærri svæði og rýmra um hrognkelsaveiðarnar. Á einstökum stöðum gæti verið þannig, að það væru sömu mennirnir eða sömu jarðirnar, sem ættu æðarvörp og möguleika til hrognkelsaveiða. Er þá um það að velja, hvort friðlýsa eigi æðarvarp og takmarka þannig hrognkelsaveiðar eða láta það ófriðlýst og veiða hrognkelsi.

Herra forseti. Ég vil leggja til, að að lokinni þessari umr. verði málinu vísað til 2. umr. og menntmn.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 22 shlj. atkv. og til menntmn. með 24 shlj. atkv.

Sjálfskuldarábyrgð á lánum til kaupa á fiskiskipum og ferjuskipi, frv. (þskj. 198, n. 351, 352). — 2. umr.

Of skammt var liðið frá útbýtingu nál. og brtt. — Afbrigði samþ. með 23 shlj. atkv.

Frsm. (Vilhjálmur Hjálmarsson): Herra forseti. Fjh.- og viðskn. þessarar d. hefur fjallað um þetta frv. Eins og fram kemur í nál. á þskj. 351, voru ofurlítið skiptar skoðanir í n. um einstök atriði málsins. 4 nm., auk mín þeir Þórarinn Þórarinsson, Gylfi Þ. Gíslason og Matthías Á Mathiesen, leggja til, að frv. verði samþ. með þeirri breytingu, að ríkisstj. verði einnig heimilað að ábyrgjast lán til kaupa á skipi til flutninga fyrir Vestmannaeyjar. Flyt ég sem formaður n. brtt. um þetta. Aðrir nm. hafa óbundnar hendur um þessa brtt.

Þá kom fram í n. af hálfu Gylfa Þ. Gíslasonar, Matthíasar Á. Mathiesen, Karvels Pálmasonar og Matthíasar Bjarnasonar veruleg gagnrýni á þá málsmeðferð að fella saman í eitt frv. ábyrgðarheimildir annars vegar fyrir fiskiskip og hins vegar fyrir ferjuskip, og tveir nm., þeir Karvel Pálmason og Matthías Bjarnason, eru efnislega andvígir þeirri breytingu, sem gerð var á frv. í Ed., en styðja málið eins og það var upphaflega lagt fyrir Alþ. Breytingin, sem gerð var í Ed., er, eins og öllum hv. dm. er kunnugt, að þar var bætt í heimild til þess að ábyrgjast lán vegna kaupa á skipi til ferða á milli Reykjavíkur og Akraness.

Þetta frv. er stjfrv., og sú breyting, sem gerð var í Ed., var gerð í samræmi við tilmæli ríkisstj., sem bárust fjh.- og viðskn. þeirrar d. í bréfi. Afgreiðslan í Ed. mun hafa verið ágreiningslítil eða ágreiningslaus, svo er að sjá af atkvgr., ég hlýddi ekki á umr. og hef ekki lesið þær. Gagnvart Akranesskipinu, ábyrgðarheimildinni vegna þess, urðu töluverðar umr. í þessari hv. d. við 1. umr. málsins.

Nú er þess að geta, að til fjh.- og viðskn. þessarar d. bárust tilmæli frá ríkisstj. um að bæta hér inn ábyrgðarheimild vegna kaupa á skipi til flutninga á milli Vestmannaeyja og lands og þá fyrst og fremst milli Vestmannaeyja og Þorlákshafnar.

Ég gat um það áðan, að í n. og raunar einnig við 1. umr. málsins hafi komið fram nokkur gagnrýni á því, að það skyldi vera fjallað um ábyrgðarheimildir fyrir þessar tvær skipagerðir í sama frv. Ég vil segja út af þessu, að ég held, að þessi gagnrýni sé ósköp ástæðulítil. Það er ekki talið þurfa að hafa nema eina gr. í fjárl. yfir marga tugi ábyrgðarheimilda fyrir ríkisstj. Og svipað þessu, alveg hliðstæð atvik um samtengingu mála í einu frv., um þau má finna fjölmörg dæmi í þingsögunni, bæði fyrr og síðar, svo að ég held, að það sé ástæðulaust að gera mikið úr þessu. Þetta er frekar smekksatriði en það skipti nokkru minnsta máli í sambandi við meðferð málsins.

Eins og ég sagði áðan, er alger samstaða um ábyrgðarheimildir vegna kaupa á fiskiskipunum eða loðnuskipunum, eins og þau hafa stundum verið nefnd, enda hefur nú verið góð loðnuveiði síðustu dagana. Það er kannske ekki hægt að segja um líkur fyrir því, hvort þessi heimild verði notuð að fullu eða ekki, en eins og stendur *hygg ég, að aðeins hafi* verið ákveðið að *nota* hana að því er varðar kaup á tveimur skipum.

Þá vil ég víkja að ferjuskipunum. Eins og áður hefur komið fram, var heimildin um ábyrgð vegna Akranesskipsins tekin inn í hv. Ed. Akraborgin, sem verið hefur í förum milli Reykjavíkur og Akraness, er orðin nokkuð gamalt skip, nálægt 20 ára gömul. Það líður að nokkuð dýrri flokkunaraðgerð á því skipi, og er dómur þeirra allra, sem koma nálægt rekstri þess skips, að það sé orðið æskilegt og enda nauðsynlegt að hefjast nú handa og skipta um skip, m. a. af þessum sökum, en einnig af fleiri ástæðum.

Viðkomandi aðilar, þ. e. a. s. hlutafélagið Skallagrímur, sem hefur rekið Akranesskipið lengi, hófu

snemma í sumar eftirgrennslanir á skipamarkaði erlendis. Þeirra óskaskip mun vera eitthvað lítilsháttar minna en það, sem þeir að lokum fundu, sú ferja, sem hér var rætt um við 1. umr. og ráðgert hefur verið að kaupa frá Noregi. Þetta er ekki alveg nýtt skip, og það er að sjálfsögðu ákaflega mikill verðmismunur á þessu skipi og á nýsmíðuðu skipi, ef í það væri farið. Það er vert að vekja athygli á því, að einmitt á þeim tíma, sem liðinn er frá því, að þessar eftirgrennslanir voru komnar svo langt, að skilyrðisbundinn kaupsamningur var gerður, og þangað til nú í dag, hafa orðið mjög verulegar hækkanir á verði skipa á heimsmarkaði. Ég hygg, að fyrirtækið hagnist á því að hafa gert þann skilyrðisbundna samning, sem það gerði á sínum tíma.

Þeir, sem að þessum málum hafa unnið, telja þetta sem sagt hagkvæm kaup eftir atvikum. Siglingamálastofnunin gaf fyrst bráðabirgðaumsögn um skipið, og hún hefur legið fyrir hjá fjh.- og viðskn. þessarar hv. d. Þegar svo á þeirra vegum hafði fram farið skoðun á skipinu var send lokaumsögn um það, þar sem Siglingamálastofnunin samþykkir fyrir sitt leyti, að þetta skip sé keypt til landsins með skilyrðum um tilteknar breytingar á skipinu, sem ekki eru stórvægilegar og áreiðanlega ekki það kostnaðarmiklar, að þær út af fyrir sig ráði úrslitum um það, hvort kaupin eru skynsamleg eða ekki.

Um þetta mál virðist vera mjög góð samstaða þar efra. Að útgerð Akranesskipsins hafi ekki staðið aðeins Akraneskaupstaður eða aðilar þar, heldur er hlutafélagið Skallagrímur uppbyggt með þáttöku frá Akranesi, frá Borgarnesi og úr Mýra- og Borgarfjarðarsýslum. Þetta hlutafélag hefur starfað lengi og er sem sagt byggt upp á nokkuð breiðum grunni. Virðist vera samstaða um að ráðast í þessar framkvæmdir nú hjá öllum þessum aðilum, og hefur verið unnið að því að auka nokkuð hlutafé félagsins.

Þeir telja það sérstaklega mæla með því að ráðast í breytingu nú og kaupa nýtt skip, að komið er að nokkuð dýrri flokkunarviðgerð á Akraborginni. Þeir telja það einnig mæla með því að ráðast í þessa breytingu nú, að á síðustu misserum hefur nýting Akraborgarinnar verið með langmesta móti og síðasta ár er eitthvert besta rekstrarár skipsins. Bílaflutningar og raunar aðrir flutningar hafa aukist verulega. Og það er vert að gefa því gætur, að aukning bílaflutninganna verður þrátt fyrir þá annmarka, sem eru á því að flytja bíla með Akraborginni.

Ég held nú, að það séu allir eða nær allir a. m. k. ásáttir um það, að ekki sé rétt og raunar komi ekki til mála að leggja niður sjóferðir á milli Akraness og Reykjavíkur. Ég segi fyrir mig, að það eitt, að þeir aðilar, sem rekið hafa þetta skip, félagið, sem byggt er upp á jafnbreiðum grunni og ég lýsti áðan, — það eitt að þessir aðilar telja það mikið hagsmunamál að styrkja og efla þennan samgöngubátt, það finnst mér ráða úrslitum um það, að ekki komi til mála að leggja þessar ferðir niður. Þess vegna er raunverulega spurningin aðeins um það, á hvern hátt framhaldið á þessum rekstri skuli vera, og það er þá fyrst og fremst það, hvort eigi að halda áfram að reka Akraborgina þrátt fyrir þetta, sem ég nefndi áðan, eða hvort það á að ráðast í að kaupa nýtt skip. Og þá er auðvitað spurningin, hvort menn vilja byggja alveg nýtt skip, sem þá væri sniðið nákvæmlega við þær þarfir, sem menn álíta vera, ellegar kaupa notað, eins og hér er ráðgert. Þá hljóta menn auðvitað að bera saman verðlagið, en vafalaust er þarna mjög mikið á munum.

Það hefur sem sagt orðið ofan á hjá forustumönnum Skallagríms og fengið meðmæli ríkisstj. og raunar Ed. Alþ. að fara þá leiðina að ráðast í kaup á nýlegu skipi, þótt ekki sé það alveg nýtt.

Ég vil aðeins minnast að lokum í sambandi við Akranesferjuna á aðstöðuna í höfnunum. Það hefur ekki enn þá verið tekin endanleg ákvörðun um, hvernig það mál verði leyst, og ákvörðun um það út af fyrir sig felst ekki í þessu lagafrv. Hins vegar fylgir það auðvitað samþykkt frv., að þetta verður að leysa á einn eða annan hátt. Það er unnt í fyrstu lotu að nota skipið til nokkurra bílaflutninga með gamla laginu með því að hífa bíla um borð, en það er ekki það, sem verður til frambúðar, því að þá mundu kostir skipsins ekki nýtast nema að litlu leyti. Hafnamálið verður því að leysa, eins og ég sagði, á einn eða annan hátt.

Það liggja ekki fyrir nákvæmar upplýsingar um mismunandi valkosti nú, en það er hins vegar ljóst, að um mismunandi útbúnað getur verið að ræða í þessu sambandi. Það hefur verið vitnað hér í hugmyndir sem fram koma í skýrslu svokallaðrar Hvalfjarðarnefndar um þetta mál, og þar mun vera miðað við dýrasta og vandaðasta útbúnað. En hins vegar eru möguleikar á því að leysa þetta mál á annan hátt. En ég vildi rétt víkja að þessu, ég er ekkert að draga fjöður yfir það, að þetta úrlausnarefni hlýtur að koma til meðferðar, þó að ekki sé um það fjallað í þessu frv. um ríkisábyrgðirnar.

Þá er það Vestmannaeyjaskipið. Eins og ég gat um áðan, hef ég flutt brtt., sem 4 nm. — ég gleymdi að taka það fram áðan, að einn nm., Gils Guðmundsson, var fjarstaddur, þegar málið var afgreitt, — ég hef flutt brtt., sem 4 nm. styðja, um það, eins og segir á þskj. 352, að ríkisstj. sé heimilt gegn þeim tryggingum, sem hún metur gildar, að veita sjálfskuldarábyrgð fyrir allt að 80% af kaupverði skips til flutninga fyrir Vestmannaeyjar, enda gangist bæjarstjórn Vestmannaeyja fyrir stofnun félags, sem eigi skipið og annist rekstur þess. Þetta mál er nokkuð skemmra á veg komið heldur en mál þeirra, Akurnesinga eða öllu heldur Skallagrímsmanna. Vestmannaeyjar hafa ekki áður haft sérstakt skip, sem heimaaðili hefur haft eignarhald á og ráðið, þó að einstök skip Skipaútgerðar ríkisins hafi annast meiri þjónustu fyrir Vestmannaeyjar en önnur skip og þá Herjólfur alveg sérstaklega. En hér er um það að ræða, að þeir eignist sinn flóabát, ef svo mætti segja, sem hefði það meginverkefni að tengja Vestmannaeyjar og meginlandið við Þorlákshöfn með tíðum ferðum. Í Vestmannaeyjum er í undirbúningi að stofna félag um þetta, og það liggur t. d. þegar fyrir einróma samþykkt bæjarstjórnarinnar um að beita sér fyrir slíkri félagsstofnun.

Það má geta þess í sambandi við hafnarmál þarna, að hafnirnar í Þorlákshöfn og Vestmannaeyjum hafa þegar verið hannaðar með tilliti til

svona skips. Það fer sem sagt fram, jafnhliða því sem verið er að undirbúa heima fyrir stofnun félags og fjáröflun af hálfu heimamanna í sambandi við skipakaup, athugun á heppilegri stærð og gerð og könnun á, hvað kosta mundi að byggja sérstakt skip til þessara nota. Eins og fram mun hafa komið áður, kemur Viðlagasjóður nokkuð inn í þessa mynd. Vestmanneyingar telja það mjög mikilsvert, ef nú mætti takast að fá þessa langþráðu samgöngubót. Og mér finnst rétt að vekja athygli á því, að þarna er í raun og veru um að ræða einn þátt í því viðreisnar- og endurbyggingarstarfi, sem nú fer fram úti í Vestmannaeyjum eftir eldgosið, — viðreisnarstarfi, sem öll þjóðin stendur á vissan hátt að. Eins og augljóst er, þá er hér um að ræða heimildir fyrir ríkisstj., sem hún getur ekki notað, nema að uppfylltum tilteknum skilyrðum, þ.e. a.s. stofnun aðila heima fyrir til þess að kaupa og reka skipið. Hún getur að sjálfsögðu fylgst með málinu og sett ýmis önnur skilyrði í sambandi við stærð og gerð skipsins, þar sem hér er aðeins um heimild að ræða.

Í sambandi við þetta mál langar mig aðeins að víkja að því að lokum, að það hafa vaknað spurningar og komið fram gagnrýni varðandi þjónustu Skipaútgerðar ríkisins við strandbyggðirnar, og umr. um hana hafa m.a. farið fram í fjh.- og viðskn. Ég vil strax segja það, að ég er algerlega samþykkur ýmsum þeim atriðum, sem komið hafa fram í þessari gagnrýni og þessum umr. Ég skal aðeins nefna þrjú af þessum atriðum.

Það er bent á, að tvö vöruflutningaskip til að annast vöruflutninga á ströndina frá Hornafirði til Patreksfjarðar sé of lítið. Þetta verður strax ljóst, ef við gerum okkur grein fyrir því, að a.m.k. á annatímum hafa þessi skip fullt að gera, þótt þau séu bæði í gangi. Nú er það alkunnugt, að í strandsiglingum og raunar í öðrum siglingum, en alveg sérstaklega í þeim, verður stundum tjón á skipum, þannig að þau detta út úr áætlun tíma og tíma. Það er kunnara og auðvitað enn fastara lögmál, að þessi skip þarf öðru hverju að taka í slipp, stundum til skamms tíma, en stundum til lengri tíma til stærri viðgerða. Og úr því að nú er fullt að gera fyrir skipin, þegar þau eru bæði á ferðinni, má svo sem nærri geta, hvernig ástandið verður, þegar annað skipið er af einhverjum ástæðum úr leik. Þá verður hreint öngþveitisástand í strandsiglingunum. Og eins og ég sagði, það þarf ekki til neitt svona. Ég skal nefna aðeins dæmi því til sönnunar, hvernig ferðir svona öðru hverju, þótt þessi tvö skip séu í gangi, eru í raun og veru allt of strjálar. Ég skal bara nefna eitt einstakt dæmi frá síðustu áramótum. Þá er það svo, að síðasta ferð austur um land fyrir jól er 6. des. úr Reykjavík og fyrsta ferð austur um land eftir áramót er 5. jan. og þá raunar aðeins farið austur til Seyðisfjarðar, svo að Norðausturlandið fær enga þjónustu úr þeirri ferð. Það má að vísu geta þess, að Hekla fer vestur 11. des., þ.e. 5 dögum síðar en hitt skipið fór austur. En hún flytur lítið austur á firði, þegar hún er búin að koma við í öllum Vestfjarðahöfnum, svo að í raun eru það hvorki meira né minna en 30 dagar, sem þarna eru á milli vöruflutningaferða héðan úr Reykjavík á allt Austurlandið. Á þessum tíma eru engir aðrir möguleikar í raun og veru nema mjög stopular flugferðir. Þetta er auðvitað algerlega óviðunandi, og maður skilur ekki, að þetta skuli þurfa að eiga sér stað, þegar ekki hafa orðið sérstök forföll hjá skipunum, en þetta er svona samkvæmt hinni föstu áætlun.

Þá hefur einnig verið bent á það, og það er annað atriðið, sem ég vildi minnast á í þessu sambandi, að það sé nauðsynlegt að finna heppilegri skipan á ferðirnar en nú á sér stað. Hringferðafyrirkomulagið hefur verið mjög gagnrýnt. Að vísu hefur forstjóri Skipaútgerðar ríkisins bent á ýmsa tiltekna kosti þessara ferða, og ég skal ekkert dæma um það út af fyrir sig með þessar hringferðir. En svo mikið er víst, að það er nánast ómögulegt að trúa því, að ferðirnar þurfi að vera skipulagðar á þann hátt, að á mesta annatíma, sem ég tel vera um háveturinn, þurfi að líða 30 dagar á milli ferða sbr. þetta dæmi, sem ég nefndi áðan um beinar ferðir úr Reykjavík austur á firði. Það er ekki hægt að trúa því. Þarna hlýtur að vera hægt að finna einhverja heppilegri skipan á, og það verður að gera það.

Ég ætla svo að lokum að nefna eitt atriði enn úr þessari gagnrýni, og það er varðandi afgreiðsluna hér syðra og þann langa afgreiðslufrest, sem við þarf að búa hér syðra. Það er auðvitað alveg óviðunandi, að verslanir úti á landsbyggðinni skuli þurfa að gera pantanir sínar mörgum dögum, kannske viku, 10 dögum eða meira, áður en skipin fara úr Reykjavík. Það segir mér greinargott fólk, sem vinnur við verslunarstörf austur á fjörðum, að það sé alsiða, að þegar skip eru á leiðinni austur með vörur til verslunarinnar og ekki komið í höfn einu sinni, þá þurfi að skila pöntun fyrir næstu ferð, þá þegar. Það má vera, að hér sé um að kenna margumtalaðri og marggagnrýndri aðstöðu, sem Skipaútgerðin býr við hér í Reykjavík. Það er búið að hamra á þessu, mér liggur við að segja í áratugi, t.d. hér á Alþ. En það hefur allt of hægt gengið að bæta úr þessu, þó að eitthvað sé verið að vinna að því nú í seinni tíð, að ég hygg. En jafnvel þótt ekki komi nú upp alveg á næstunni stórbætt aðstaða hér í Reykjavík, þá held ég, að menn hljóti með einhverjum ráðum að geta fundið út úr þessu, þannig að þetta verði liðlegra til nota fyrir menn.

Mér fannst rétt að víkja að þessari gagnrýni hér, því að hún hefur komið fram bæði í fjh.- og viðskn. og víðar. — Ég get í sjálfu sér algerlega tekið undir þessa gagnrýni í meginatriðum. Vöruflutningar og kostnaður við þá út á land eru til skoðunar í sérstakri n., sem ég á sæti í. Eins og þetta var lagt fyrir n., var málið mjög viðamikið. Það er verið að vinna að könnun og rannsóknum í sambandi við þetta. En ég vil segja það sem mína skoðun, úr því að ég fór að minnast á þessi atriði, að einfaldasta og fljótvirkasta aðferðin til þess að ráða nokkra bót á vöruflutningum út á land, held ég, að verði að efla strandsiglingarnar og það beri að gera.

En ég vil taka það skýrt fram, að þrátt fyrir það, þótt ég sé sammála þessari gagnrýni og sjái þörf á að bæta þarna úr, vil ég ekki bregða fæti fyrir þá endurnýjun, annars vegar á Akranesskipinu, sem hér um ræðir né heldur mæla gegn því, að Vestmanneyingar fái einnig sitt ferju-

skip, fái einnig möguleika til þess að afla sér sérstaks skips, ef þeir uppfylla skilyrði þau, sem Alþ. og ríkisstj. kunna að setja að öllum málavöxtum athuguðum. Ég vil ekki standa að því að stöðva þessi mál, og þess vegna er það, að ég mæli með þessu frv. og þeirri breytingu, sem ég hef lýst.

Ég gerði grein fyrir því áðan, að undirritaðir nm. mæla allir með samþykkt ábyrgðarheimildar vegna fiskiskipanna. Um annað eru hins vegar nokkuð deildar meiningar, eins og ég gerði grein fyrir og aðrir nm. munu áreiðanlega skýra nánar hér á eftir.

Karvel Pálmason: Herra forseti. Ég skal ekki fjölyrða mikið um þetta mál, sem hér er til umr., en ég vil þó með örfáum orðum gera grein fyrir afstöðu minni til málsins.

Eins og fram kemur í nál. fjh.- og viðskn. á þskj. 351, er n. ekki sammála um afgreiðslu þessa máls. Ég held raunar, að enginn nm. geri það með glöðu geði að skrifa undir eða mæla með þessu máli út úr n. Þó er ekki annað séð en meiri hl. sé innan n. um að mæla með samþykkt frv., eins og það liggur fyrir. Og ég verð að segja það, að hv. 5. þm. Austf., formaður og frsm. n., er að mínu áliti snillingur í því að mæla og tala með málum, sem hann, a. m. k. að minni hyggju, er í raun og veru á móti, það má hann eiga.

Eins og fram kemur í nál. er ég annar þeirra nm., sem eru andvígir frv., eins og það liggur fyrir, og andstaða mín gegn því er vegna þess, að aftan í frv. var hnýtt í Ed. ákvæði um það, að ríkisstj. sé heimilt að veita sjálfskuldarábyrgð fyrir allt að 80% af kaupverði ferjuskips til siglinga milli Akraness og Reykjavíkur. Skip þetta, sem hér um ræðir, er norskt, um 680 rúmlestir að stærð og getur flutt um 40 fólksbíla og auk þess 400 farþega á sama tíma. Kaupverð mun vera um 116 millj. kr., en auk þess þarf allverulegar breytingar að gera á skipinu, og því haldið fram, að það eigi nú einmitt í þessum mánuði að fara í svokallaða 8 ára flokkunarviðgerð, sem a. m. k. ég er ekki í neinum vafa um, að muni kosta allháar fjárhæðir. Samkv. umsögn Siglingamálastofnunar ríkisins mun þetta skip ekki fá meðmæli þeirrar stofnunar til innflutnings til landsins, nema því aðeins að á því séu gerðar allverulegar breytingar, þ. á m. þessi 8 ára flokkunarviðgerð.

Nú skal ég taka það fram, að ég tel ekkert athugavert við það, að sjóflutningar eigi sér stað milli Akraness og Reykjavíkur, og tel það í raun og veru mjög eðlilegt og sjálfsagt. En að mínu viti hlýtur að vakna sú spurning, hvort þörf sé á skipi sem þessu til þessarar þjónustu, þegar fyrir hendi er mjög svo greiðfær leið á landi allan ársins hring og allar líkur benda til, að á næstu árum verði hundruð millj. varið til að betrumbæta vegakerfið á þessari leið. Flutningaskipið Akraborg hefur haldið uppi ferðum á þessari leið um árabil. Akraborg er miklum mun minna skip en það, sem nú er fyrirhugað að kaupa og raunar búið að kaupa, en þó hefur þurft að styrkja rekstur Akraborgar með nokkurra millj. kr. framlagi úr ríkissjóði árlega. Það þarf því vart getum að því að leiða, að þetta nýja skip, sem ætlað er að taka við hlutverki Akraborgar, mun verða margfalt fjárfrekara í öllum rekstri, og ef að líkum lætur mun styrkur úr ríkissjóði þurfa að stórhækka, sé miðað við fyrri reynslu. Þá er þess að geta, að með tilkomu þessa skips mun þurfa að setja í hafnarframkvæmdir á Akranesi og í Reykjavík nokkra tugi millj., til þess að skipið þjóni sínum tilgangi, og áætlað er, að þar muni vart verða um minni fjárhæðir að ræða en 30—40 millj. á báðum stöðunum.

Ég held, að burtséð frá kaupum skipsins, sem búið er að gera, áður en Alþ. fjallar um málið, verði hv. alþm. að spyrja sig þeirrar spurningar, hvort það sé í raun og veru réttlætanlegt að setja tugi millj. í hafnarframkvæmdir á þessum tveim stöðum til þess eins að þjóna bilaflutningum milli þessara staða, á sama tíma og ekki er hægt að sjá fyrir á sómasamlegan hátt framkvæmdum í fiskihöfnum landsins. Ég fyrir mitt leyti svara því afdráttarlaust neitandi, að slíkt sé réttlætanlegt. Auk þess, ef þetta væri gert, væri það algert nýmæli, ef farið yrði að veita fé úr ríkissjóði til hafnarframkvæmda hér í Reykjavíkurhöfn. Ég held því fram, að þessi böggull einn, sem fylgir kaupum skipsins og menn verða að taka tillit til, sé næg ástæða fyrir því, eins og málum er háttað, að þetta mál verði skoðað betur og athugað, hvort ekki sé fyrir hendi hagkvæmari lausn þessa máls.

En það er margt fleira að mínu áliti, sem mælir á móti því, að ríkissjóður gangi í ábyrgð fyrir kaupum þessa skips. Ég tel, að skip þetta sé um of stórt til þess hlutverks, sem því er ætlað og bæði óhentugt og dýrt í rekstri. Skipið mun hafa verið byggt til innfjarðasiglinga í Noregi, enda notað sem slíkt, og þarf því talsverðar breytingar á því að gera eigi það að koma að gagni á hinni nýju leið, þ. á m., eins og áður er að vikið, 8 ára flokkunarviðgerð, sem kosta mun talsverðar fjárhæðir. Einnig hafa komið fram gallar í blokkum beggja aðalvéla þessa skips, og er það einnig álit Siglingamálastofnunar ríkisins, að mjög vel þurfi að kanna, hvort líkur séu á, að þeir hlutir verði í lagi í framtíðinni, og kannske ekki síst, að þetta umrædda skip mun hafa verið tekið úr flokkun árið 1970 og mun nú vera undir sérstöku eftirliti.

Allt það, sem hér hefur verið nefnt, verkar neikvætt gagnvart kaupum, og er ég því þess vegna andvígur, að ríkisábyrgð verði veitt vegna þeirra.

Eitt á ég þó eftir að nefna, sem ég tel nauðsynlegt, að komi fram í þessu sambandi, og það er, hvort réttlætanlegt sé af hálfu stjórnvalda að láta fyrirgreiðslu sem þessa hafa forgang fram yfir þá heilu landsfjórðunga, sem eru gersamlega sambandslausir, svo að vikum skiptir, ekki bara á sjó, heldur og á landi og í lofti. Ég vil fyrir mitt leyti benda hv. alþm. á þá staðreynd, að t. d. Vestfirðir og Austfirðir eru svo að vikum skiptir stundum gersamlega sambandslausir varðandi alla aðflutninga á nauðsynjum. Það líða allt upp í þrjár vikur t. d. milli ferða hjá Skipaútgerð ríkisins til Vestfjarða. Heil vika hefur liðið, án þess að flogið hafi verið til Vestfjarða héðan frá Reykjavík. Á sumum stöðum

innanhéraðs á Vestfjörðum er gersamlega samgöngulaust, svo að vikum skiptir. Á sama tíma og slíkt ófermdarástand er ríkjandi í samgöngumálum heilla landsfjórðunga, tel ég, að vart sé verjandi að láta úr ríkissjóði tugi millj. til að standa straum af bílaferju milli Akraness og Reykjavíkur. Þó að ég telji, að Akurnesingar séu alls góðs maklegir, eru þeir að þessu leyti miklum mun betur settir en þeir, sem áður hefur verið til vitnað, og verr settu staðirnir verða að mínu áliti að njóta forgangs í þessum efnum.

Ég vil nota þetta tækifæri til þess að hvetja hæstv. ríkisstj. til að vinda nú bráðan bug að því að efla Skipaútgerð ríkisins með fjölgun skipa til strandferða og breyttu fyrirkomulagi á ferðum, svo að fólk þurfi ekki öllu lengur að búa við það ófremdarástand í samgöngumálum, sem verið hefur og er fyrir löngu orðið með öllu óþolandi.

Að því er við kemur Vestmannaeyjaskipinu, vil ég fyrir mitt leyti taka það fram, að ég lít það mál þó öllu mildari augum en ferjuskip milli Akraness og Reykjavíkur, þó að hins vegar sé þar sama uppi á teningnum að því er varðar ferðir sjóleiðis milli Reykjavíkur eða Þorlákshafnar og Vestmannaeyja og milli t. d. Vestfjarða og Reykjavíkur. Á árinu 1972 voru samkv. yfirliti forstjóra Skipaútgerðar ríkisins farnar til Vestmannaeyja 260 ferðir á vegum Skipaútgerðarinnar, þar af 108 til Þorlákshafnar, en á sama tíma eru ferðir til Vestfjarða og Austfjarða komnar niður í 50—55. Allt ber þetta að sama brunni, þó ég telji miklu nær, eins og ég sagði áðan, að Vestmanneyingar eigi rétt á, að stuðlað verði að því, að þeir geti eignast skip, sem geti leyst af hendi þetta hlutverk til flutninga farþega og bíla milli lands og eyja.

Ég held, að ég þurfi ekki að hafa öllu fleiri orð um þetta. Ég er sem sagt andvígur því, að ríkisábyrgð verði veitt til kaupa á þessu tiltekna ferjuskipi milli Akraness og Reykjavíkur, og mun greiða atkv. gegn því. En a. m. k. er ég miklu nær því að ljá stuðning minn við mál þeirra Vestmanneyinga.

Björn Pálsson: Herra forseti. Upphaflega hljóðaði þetta frv. þannig:

„Ríkisstj. er heimilt, gegn þeim tryggingum, sem hún metur gildar, að veita sjálfskuldarábyrgð á lánum til kaupa á 10 nýjum fiskiskipum yfir 300 lestir. Ábyrgð má veita fyrir allt að 80% af kaupverði skipanna.“

Síðan þetta gerðist er búið að bæta inn í frv. ferju, sem á að ganga á milli Reykjavíkur og Akraness, og svo kemur Vestmannaeyjaskipið. Mér finnst þetta alveg óskyld mál. Það er allt annað að ganga í ábyrgð fyrir ákveðna tölu af fiskiskipum eða þessar ferjur, þannig að þótt það væri ekkert annað en það, þá teldi ég ákaflega æskilegt, að ríkisstj. tæki þetta frv. aftur og léti þetta koma aðgreint fyrir þm.

Mér hefur verið sagt viðvíkjandi þessum 10 fiskiskipum, að þau muni aldrei verða keypt öll. Þeir aðilar, sem ætluðu að kaupa sum af þeim, hafi ekki getað útvegað sér nægilegt fjármagn eða einhvern veginn hætt við það. Þá er náttúrlega ástæðulaust að vera að ganga í ábyrgð fyrir skipum, sem ekki eru neinar líkur til, að verði keypt. Auk þess skulum við athuga það með öll þessi fiskiskipakaup, að það eru takmörk fyrir því, hvað við höfum mikinn mannafla á þessi skip, og svo þarf að vinna aflann, þannig að það er ekki endalaust ráðlegt að kaupa skip. Það verður einhvers staðar að bremsa. Það er líklega þegar þannig nú, að það er ekki hægt að fullnýta flotann vegna skorts á mannafla, þannig að ég álít, að við þm. verðum að fara að athuga það að láta ekki kasta í okkur frv. og biðja okkur um endalausar ábyrgðir, án þess að það sé eiginlega nokkurt vit í að ganga í slíkar ábyrgðir eða ráðast í slíkt. Ég ætla ekki að setja mig sérstaklega upp á móti því, að keypt verði 4 svona skip. En mér finnst alveg ástæðulaust að samþykkja ábyrgð fyrir 10. Ég tel, að það sé búið að kaupa það mikið af skipum, að það sé ástæða til þess að fara hægara, ekki síst nú, því að það veit enginn, hvað gerist eftir verðbreytingar á olíu og verðbreytingar á öllu. Ég álít, að það sé farið of hratt.

Það hefur verið veitt innstreymi af erlendu fé, allt að 4 milljörðum á ári, undanfarin ár, og það er of mikið í góðæri. Ég álít, að ef vel er búið, þá eigi ekki að taka lán í góðærum. Það er fyrir sig að taka lán til stórframkvæmda, eins og stórrafvirkjana eða slíks eða ef mjög mikið er keypt af flugvélum og skipum, en að öðru leyti eigum við ekki að eyða meira en við öflum. Það verður til þess að skapa alveg óeðlilega verðþenslu í landinu, eins og þegar hefur sýnt sig.

Í fyrsta lagi tel ég, að þetta ættu að vera þrjú aðgreind frv., því að það getur vel verið, að sumir vildu vera með Vestmannaeyjaskipinu, en teldu ástæðulaust að vera með þessa Akranesferju o. s. frv. Þar að auki er ekki ástæða til að fara að heimta ábyrgðir af þinginu, án þess að neinar líkur séu til, að þurfi að nota þær. Í þriðja lagi tel ég, að við ættum að fara að athuga hvað við gerum, meira en við höfum gert og vera ekki að flana í ábyrgðir fyrir lánum, sem ástæðulaust er að taka.

En hvað sem því líður, ætlaði ég aðallega að tala um þessa Akranesferju. Ég hef ekki kynnt mér Vestmannaeyjamálið eins vel og raunar sáralítið, þannig að ég vil ekki fara neitt verulega út í það. Ég viðurkenni, að Vestmanneyingar þurfa að hafa góðar samgöngur við land, og það er náttúrlega allt önnur aðstaða fyrir þá, en Akurnesinga. Þetta er eyja, og þeir eiga allt gott skilið. Þeir hafa aflað mikilla verðmæta fyrir þjóðfélagið og borgað mikla skatta. En hitt finnst mér, ef skipið á að kosta á 4. hundrað millj., að verðið sé nokkuð hátt, og ég held, að þeir gætu komist af með ódýrara skip. Það er spurning, hvort það væri þá ekki betra fyrir þá að hafa tvö skip og hafa þau minni. Það væri þægilegra. Þeir þurfa náttúrlega að sækja vörur sínar í fleiri staði en upp á Þorlákshöfn. En ég álít sem sagt, að um það ætti að vera alveg sérstakt frv. og þetta ætti allt saman að athuga, sem ég vona, að gert verði. Ef skipið á að kosta 320 millj., — og það má vel vera, að það verði dýrara, því að allt er nú á uppleið, ég skal ekkert segja um það, — þá verður það nokkuð dýrt í rekstri með vöxtum og afborgunum. En út af

fyrir sig væri ég ekki að deila á það, þó að Viðlagasjóður legði fram ákveðna upphæð til að borga þetta skip niður. Ef Viðlagasjóður legði fram 200—250 millj., væri verðið orðið skaplegt. Ég hef ekki trú á því, að þeir þurfi endilega að hafa skipið svona dýrt og stórt. En hvað sem því líður, er æskilegt, að þeir hafi góðar samgöngur við land, og ég býst við, að allir vilji styðja að því.

Þá er það þessi blessuð Akranesferja. Ég er búinn að hafa töluvert fyrir að afla mér upplýsinga um hana. Ég sé nú, að Jón Árnason er þarna, hann er nú þm. þeirra Borgfirðinga og er búsettur á Akranesi. Hann var að tala um það um daginn, að ég hefði lítið vit á skipum, og ég skal ganga inn á það. En ég er ekki það mikið flón, að ég haldi, að ég hafi vit á því, sem ég hef ekki vit á. Þess vegna reyni ég að fá upplýsingar um hlutina hjá mönnum, sem hafa betra vit á því en ég. Það er nú þannig, að við erum misgreindir, en enginn er alvitur, og þegar einhver fer að ganga með það í kollinum, að hann hafi vit á öllum hlutum, og hættir að kynna sér hlutina, þá er hann að verða heimskur. Það er það hættulegasta af öllu. Það er mannlegt að hafa ekki vit á öllu, en það er nauðsynlegt að hafa vit á að afla sér þeirra upplýsinga, sem nauðsynlegar eru til þess að taka ákvarðanir um hlutina. En ég er dauðhræddur um, að hv. þm. Jón Árnason hafi alls ekki athugað þetta, þegar þeir voru að ráðast í þessi kaup, því að það vita allir, að það er búið að kaupa þetta skip, búið að borga í því 12 millj. Og náttúrlega er það engin aðferð að vera búnir að kaupa skip og henda svo inn í þingið beiðni um, að þm. eigi að ganga í ábyrgð fyrir þetta, hvað vitlaust sem það er. Þetta er engin aðferð. Auðvitað eiga þm. ekki að láta bjóða sér þetta. Þetta væri frekar fyrir sig, ef það væri eitthvert vit í þessum kaupum.

Ég skal segja ykkur, að nú er staddur hér á Hótel Borg norskur maður, Gunnar að nafni, sem er þaulkunnugur þessu öllu saman, ég var að tala við forsrh., að hann skyldi tala við þennan mann, hann þekkir þetta skip, og hann þekkir eiganda skipsins, hann skyldi tala við þennan mann og vita, hvað hann segði. Skipið var í Norður-Noregi, og ekki var hægt að nota það þar. Svo var það selt til Suður-Noregs, og þeir vilja losna við það þar, af því að skipið er ómögulegt. Það er grunnskreitt, yfirbyggingin er svo mikil, að það er ekki haffært nema stórbreyta því. Og það, sem gerist, er, að það er fenginn maður frá skipaskoðuninni til þess að líta á skipið. Hann segir, að það megi sigla því til Íslands með því að loka því. Fjmrh. sagði, að það væri ákaflega hentugt að flytja á þessu skipi sement með farþegum, þegar hann talaði fyrir málinu. Það var eiginlega það eina, sem kom málefnalegt hjá honum. Ég spurði þá í skipaskoðuninni, hvort það væri hentugt að flytja sement með farþegunum. Þeir sögðu, að það væri alls ekki hæft til þess.

Þetta er nú undirbúningurinn að málinu. Svo er þessu kastað inn í þingið, rökstuðningurinn tóm vitleysa. Ég vildi ráðleggja fjmrh. og forsrh. að fara og tala við þennan Gunnar, hann er niðri á Hótel Borg og ætlar að fara á morgun, þeir geta náð í hann í kvöld. Jón Árnason gæti kannske hlustað á. Annars sagðist hann ekki vilja spilla neitt fyrir þessu, því að þetta væri svo góður vinur sinn, þessi norski eigandi, og hann auðvitað hirðir þessa peninga.

Þeir segja, þessir hv. herrar, síðasti ræðumaður og Vilhjálmur, vinur minn, sem hefur vel vit á fjármálum, eins og við vitum allir, að það væri almenn ánægja með þetta á Akranesi. Ég talaði við mann, sem kunnugastur er öllum flutningum þeirra Akurnesinga í dag. Hann sagði, að það væri almenn óánægja meðal fólks á Akranesi. Það vildi nefnilega til, að það var skipstjóri á Akranesi, sem var að veiða síld í Norðursjónum og brá sér til Noregs, kom þarna við, rétt þar sem dallurinn var, og hann sagði mér, að það væri mikið hlegið þarna á vesturströndinni að því, hvað Íslendingar hefðu verið vitlausir að kaupa þetta skip, enda getið þið séð myndina af þessum dalli, ég hef hana hérna. Þetta er mest ofansjávar, þessi klumpur, og mestar líkur til þess, að hann velti um með allan mannskapinn hérna á milli. Þetta er innfjarðaskip, og hann sagði mér, þessi norski maður, að það vanti þverskrúfu á það og það vanti vélina til að knýja þverskrúfuna, og sem sagt, það er alls ekki byggt eða útbúið til þess að vera á siglingu fyrir opnu hafi. Þetta er þess vegna allt tóm vitleysa.

Ég efast ekki um, að hv. þm. Jón Árnason hafi betra vit á skipum en ég. Annars veit ég ekki, hvort hann hefur nokkurn tíma á sjó komið, ég skal ekki dæma um það. En hann hefur verið í útgerðarbæ, og vafalaust hefur hann gutlað á milli á Akraborginni. En þetta er augljóst, það þarf ekki neinn sérfræðing til þess, þessi klumpur veltur til, þið sjáið það. Þetta er bjánaskapur. Og það er eins og ég segi, það er mesta vitleysa að hafa ekki vit á því, að maður hafi ekki vit á öllum hlutum, og hættulegasta vitleysan.

Þá þarf að gera vegna þessa listaskips hafnarbætur bæði hér og á Akranesi. Það er ekki nóg með að kaupa það, það þarf að gera sérstakar hafnarbætur vegna þess. Þetta er í raun og veru allt saman staðfest. Það vill nú til, að Guðjón Teitsson er búinn að hitta þennan norska mann og ræða við hann. Hann ætlaði að fara að segja mér af því, sem hann hefði sagt sér, en ég sagði honum, að hann þyrfti þess ekki, ég væri búinn að tala við þann norska.

Það er nú eitt, svo gera þeir áætlun, og hún er svo hringlandi vitlaus sem nokkur áætlun getur verið. Ég get sagt ykkur varðandi reksturinn á Akraborginni undanfarið, — þeir fengu hana fyrir rúmar 8 millj. upphaflega, og það var ekkert við það að athuga, — að 1972 voru tekjur þeirra af farmflutningum og fólksflutningum 10.6 millj. En árið 1973, — ég held, að ég eigi kannske einhvern þátt í því, ég rölti tvisvar eða þrisvar upp í stjórnarráð að tala við samgrh. Hannibal Valdimarsson í fyrra, sem féllst á að leyfa þeim hækkun, þeir segjast nú aldrei hafa fengið leyfi, en þeir hækkuðu fargjöldin úr 220 kr. upp í eitthvað talsvert á fjórða hundrað, þannig að tekjurnar urðu miklu meiri, þær urðu 16 millj. s. l. ár. En þrátt fyrir það var nú kostnaðurinn meiri og þeir þurftu að fá 6 eða 6.5 millj. úr

ríkissjóði, og þá bar það sig. En það er víst í fyrsta skiptið. Það var halli árið 1972, og allan þennan tíma hafa afskriftirnar ekki numið nema 1879 þús. kr. á þessu skipi, sem kostaði upphaflega ekki nema 8.6 millj. Svo ætla þeir að fara að kaupa skip fyrir 130 millj. Nú reiknuðu þeir þetta út. Allt í einu áttu tekjurnar að fljúga úr 16 millj. upp í eitthvað 40 millj. Hvar liggur sönnun fyrir því, að það aukist svo mikið flutningur á bílum og fólki, að það fari úr 16 millj. upp í 40 millj? Ég held, að það liggi ekkert á borðinu um það. Vátryggingarkostnaður var áætlaður lítið eitt hærri, munaði sáralitlu af skipi, sem kostaði 130 millj., eða af skipi, sem er gamalt og miklu minna, sem stendur í eitthvað 7 millj., þannig að það nær náttúrlega engri átt. Þótt það væri tvöfalt meira vélarafl, var olían reiknuð lítið eitt hærri. Hún verður fjórföld eða fimmföld við það, sem áætlunin sagði. Ég talaði við þennan mann hjá skipaskoðuninni, og hann taldi, að kostnaðurinn við skipið yrði 120—150 þús. á dag. Eins og ég sagði áðan, er ég ekki neinn sérfræðingur í þessu, en hann taldi þetta og það var áður en olíuhækkanirnar komu og kauphækkanir, sem gert er ráð fyrir.

Það má áreiðanlega áætla kostnaðinn hærri. Við þurfum ekki að ímynda okkur, að skipið verði rekið fyrir minna en 60 millj. á ári. Hvar liggur tryggingin fyrir tekjunum. Það eru 16 millj. tekjurnar af bátnum s. l. ár. Og hvar liggur sönnun fyrir því, að farþegarnir kæri sig um það, ef fargjöldin hækka mjög mikið, að ferðast með skipinu? Það eru allar líkur til þess, miðað við þann rekstur, sem hefur verið að það verði allt að því 40 millj. kr. halli á ári af þessum rekstri. Það eru allar líkur til þess. Og það er meira fé eða jafnmikið og við höfum varið til þess að aðstoða alla þá báta, sem eru að basla úti um hinar dreifðu byggðir, og snjóbílana, eitthvað 30 eða 32 aðila. Við eigum að kaupa þetta skip, þó að rekstur þess kosti okkur jafnmikið og það, sem við aðstoðum alla hina aðilana með, og fyrir byggðarlag, sem hefur minni þörf fyrir aðstoðina en nokkurt annað byggðarlag af þeim, sem við aðstoðum. Þetta er eins og hver önnur endileysa.

Ég vil nú ekki nefna nafn, en ég talaði við þennan mann, sem kunnugastur er öllum flutningum til Akraness í dag. Hann sagði mér það, að bæði Eimskipafélagsskipin og Sambandsskipin flyttu svo að segja allar vörur til Akraness. Þeir hafa nefnilega miklu betri aðstöðu til þess að fá vörurnar en við úti á landsbyggðinni, og fá þær þess vegna miklu ódýrar en við, sem verðum að flytja mjög mikið á bílum langar leiðir og borga farmgjöld með strandferðaskipunum. Það er miklu betri þeirra aðstaða. Hann sagði mér líka, þessi maður, að þetta skip hefði ekkert að gera, eins og ég hef alltaf haldið fram, þetta væri nokkurs konar skemmtisnekkja fyrir Akurnesinga. Það er skólafólkið að fara heim á sunnudögunum, og svo eru þeir að sjá íþróttirnar. Þeir geta nú séð þær í sjónvarpinu. Svo er þetta ráp, sem við þekkjum í sveitinni, að er oft nærri kaupstöðum. Þeir eru alltaf að fara í kaupstaðina, snakka og kaupa eitthvað smávegis. Þeir búa náttúrlega ekkert betur en við hinir, sem erum lengra frá og förum sjaldnar í kaupstaðinn, þannig að það var ekki hægt að gera Akurnesingum betri greiða en gera þeim eitthvað svolítið erfiðara fyrir á þessu rápi, svo að þeir væru heima hjá sér á kvöldin, horfðu á sjónvarpið og hugsuðu um konur sínar og eyddu ekki peningum í eitthvert vitleysisráp hér í bænum, læsu heldur eitthvað skynsamlegt í bókum. Ég vil Akurnesingum vel og met þeirra dugnað mikils og vil allt gera, sem má verða þeim til hagsbóta. En það er ekki hægt að gera þeim þann grikk að fá þennan dall, ekki síst ef hann dræpi nokkra tugi af þeim. Auk þess er nú ekki hægt að gera þessum þm. þeirra meiri ógreiða, því að það verður e. t. v. aðalumræðuefnið á Akranesi, hvað þeir hafi verið vitlausir að kaupa þessa ferju. Og það er það eina, sem bjargar þeim frá algeru hruni, að þeir verði taldir jafnvitlausir.

Ég var sérstaklega spurður að því, hvort Jónas Árnason væri virkilega með þessari vitleysu. Ég sagðist ekki vita það, en hann talaði svo lítið um fjármál og væri ekkert hneigður fyrir það sýsl.

Ég held, að það sé ekki ástæða fyrir mig að útmála þetta meira. Ég skil ekki í öðru en ykkur sé öllum orðið ljóst, að þetta er hrein endileysa. Ég vil biðja ráðh. um að tala við þennan norska mann. Mér leiðist satt að segja að vera á móti þessu, en hún verður að gera sér ljóst, þessi ágæta stjórn, að það er ekki hægt að teyma okkur alveg eins og beljur út í hvað mikið fen sem er. Ég er satt að segja búinn að fá alveg nóg af fjármálavitleysum, bæði hjá fyrrv. og núv. ríkisstj. En ég ætla að fara að verða svolítið latrækur, ef þeir taka upp á svona pólitík. Við vitum vel, að þjóðin fer ekki á hausinn fyrir þessar 130 millj. og 40 millj. kr. rekstrarhalla, hún fer ekkert á höfuðið, en miðað við stærð málsins, held ég, að þetta sé það alvitlausasta mál, sem hefur komið inn í þingið. Þetta er fáránlegt. Það eru smámunir að borga 12 milj., það eru smámunir að gefa þeim það. Það er ekki nema brot af rekstrarhallanum eitt ár. Nei, það er hægt öllu að ofbjóða. Ég hef ekki farið með vísvitandi ósannindi, og ég vil mælast til þess við ríkisstj., að hún endi á því að gera það, sem hún átti að byrja á, það er að kynna sér málið hjá mönnum, sem hafa eitthvert vit á því, kynni sér málið. (Gripið fram í: Hver er þessi Norðmaður?) Hann heitir Gunnar og er þaulkunnugur öllu viðvíkjandi skipum og öllu í þessu skipabraski og er hér á Hótel Borg. Þú hefur gott af því, ef þú getur bablað norsku, að fara og hitta hann.

Ég vil ekki þreyta ykkur á því að lesa hér upp bréf, því að það getur skeð, að það spilli þessum málflutningi mínum, hann er dálítið langorður vinurinn hérna. En það sem sagt liggur á borðinu, að þetta er ein hringavitleysa frá upphafi til enda. Stjórnin hefur orðið sér til minnkunar að koma með þetta. En hún getur bætt mikið úr því, ef hún bremsar. Ég skal borga minn hluta af þessum 12 millj., sem þeir eru búnir að álpast til að borga, ef þeir hætta við þessa vitleysu. Náttúrlega ætti Akraneshreppur að borga einhvern hluta af því, því að þegar menn senda þm., sem eru svona ógætnir, þá verða kjósendurnir náttúrlega að taka einhverja

smáábyrgð á því. Bærinn gæti borgað svo sem þriðjung og ríki ⅔ af þessum 12 millj.

En annars geta Akurnesingar keypt þetta án okkar hjálpar. Þetta er stórt bæjarfélag og sterkríkir menn þarna, og þá varðar mig hreint ekkert um það. En meðan ég er þm., hef ég þá ábyrgðartilfinningu, að ég er ekki að greiða atkv. með svona vitleysu, enda mundi ég skammast mín fyrir það bæði lífs og liðinn, því að menn hafa nú enn meiri raun af vitleysunum, sem þeir gera í lifinu, þegar þeir eru dauðir. Akranesbær getur þá bara keypt skipið og borgað verulegan hlut í því og séð um þetta allt saman, en á ekki að fá ríkisábyrgð fyrir þessu. Þá lendir það allt á okkur. Hann sagði mér, þessi ágæti maður, sem ég talaði við í morgun, að þó að þetta yrði nú keypt, yrði þetta aldrei nema eitt ár, þá hættu þeir við þessa vitleysu, að vera að göltra með skip hér á milli engum til gagns, en mörgum til ógagns. Þeir geta haft sinn flugvöll, þeir geta haft sínar rútur o. s. frv. Ég veit ekki betur en að þarna fyrir norðan, meira að segja menn austur á Þistilfirði, borgi farið sitt, þegar þeir koma til höfuðborgarinnar. Það er náttúrlega þeirra mál, Akurnesinga, hvað mikla vitleysu þeir gera, ef þeir vilja kaupa þetta sjálfir. En þá þurfa þeir ekkert að vera að narra okkur til að ganga í ríkisábyrgð fyrir þessu. Það er eins og hver önnur vitleysa. Þess vegna er ég ákveðinn í að greiða atkv. á móti þessu, og ég ætla að biðja um nafnakall, þegar þetta verður afgreitt, því að það er best, að þeir hafi heiðurinn af þessu furðuverki, sem vilja hafa hann með því að vera með því. En ég ætla ekki að vera með því.

Umr. frestað.

Neðri deild, 59. fundur.

Fimmtudaginn 7. febr., kl. 2 miðdegis.

Sjálfskuldarábyrgð á lánum til kaupa á fiskiskipum og ferjuskipi, frv. (þskj. 198, n. 351, 352). — Frh. 2. umr.

Fjmrh. (Halldór E. Sigurðsson): Herra forseti. Það er talið, að Njáll bóndi á Bergþórshvoli hafi haft að orðtæki: „Allt orkar tvímælis, þá gert er.“ Má vist oft nota það orðtak, því að ekki eru mörg mál, sem eru þannig úr garði gerð, að þau séu algerlega einsýn, og jafnvel þótt þau virðist vera það, þá geta leynst í þeim hlutir, sem síðar skýra þau á annan veg en manni sýnist, þegar þau eru meðhöndluð.

Um þetta mál, sem hér er til umr., heimild fyrir ríkisstj. til þess að veita sjálfskuldarábyrgð á lánum til kaupa á 10 fiskiskipum og síðar með viðauka um að kaupa ferjuskip fyrir Akranes og svo síðar Vestmannaeyjar, hefur orðið mikil umr. hér í hv. Nd., en það gekk hins vegar í gegnum hv. Ed. án nokkurra átaka. Það má um það segja, að það sé kannske ekkert óeðlilegt, þó að sitt sýnist hverjum um þetta mál, og það geti verið svo frá upphafi og þarf ekki endilega að vera bundið við þá þætti, sem síðar hafa komið fram í þessu máli.

Það orkar ekki tvímælis, að það hafa verið skiptar skoðanir í sambandi við fiskiskipakaup þau, sem Íslendingar hafa gert nú á tveim árum, hversu réttmæt þau væru. Ekki síst hefur það verið til umr., hversu hyggilegt það væri að kaupa eins mikið af stórvirkum fiskiskipum og gert hefur verið. Og það má með sanni segja, að þar séu til rök bæði með og móti. En reynslan hefur nú sýnt, að eftir því sem við lesum oftar í blöðunum, að togarakaup til þessa og hins staðarins hafi skipt sköpum um atvinnu og afkomumöguleika, þá hafa þær raddir hljóðnað meira, sem talað hafa um óráðsíu í þessum efnum.

Ég minnist þess, að þegar búið var að ákveða mikil kaup á togurum og raunverulega búið að ákveða í ríkisstj. að hætta að veita ábyrgð fyrir slíkum skipakaupum í bili, komu til mín tveir skipstjórar, sem voru að ræða um það að kaupa sér skip. Þetta voru skipstjórarnir Páll Guðmundsson og Hrólfur Gunnarsson, sem eiga skipið Guðmund RE, sem frægt er. Þegar þeir höfðu skýrt mér frá erindi sínu, sagði ég þeim frá því, að raunverulega væri búið að ákveða í ríkisstj. að veita ekki ábyrgðir fyrir fleiri skipum í bili. Þeir skýrðu þá málin fyrir mér enn betur, og mér varð að orði, að mér sýndist, af því að ég hafði heyrt, hversu miklir aflamenn þessir skipstjórar voru, að ekki væri nú heppnin með okkur, að þeir skyldu vera þeir fyrstu, sem leituðu á okkar náðir eftir þessa ákvörðun. Það mál var nú endurskoðað, og þeim var veitt aðstoð með ríkisábyrgð, sem að vísu var gerð með því, að Síldarverksmiðjur ríkisins komu þar inn í málið, svo að þeir gátu keypt skipið. Reynslan varð svo sú, að á árinu 1973 öfluðu þeir meiri gjaldeyristekna en kaupverði skipsins nam, svo að í þessu tilfelli getur það orkað tvímælis, hvað gert er, og það sýndi sig nú, að það hefði ekki verið heppileg ákvörðun, ef þessum aflasælu skipstjórum hefði verið neitað um ríkisábyrgðina, sem og ekki var gert.

Það hafa komið fleiri tilvik upp í sambandi við skipakaup okkar Íslendinga, sem ríkisstj. hefur verið að fjalla um og mönnum hefur ekki sýnst eitt um, og meðal þess eru þeir samningar, sem fyrrv. ríkisstj. gerði um kaupin á Spánartogurunum, sem hafa verið að koma til landsins á þessu ári. Það komu upp í fyrravetur ýmsir vankantar á því, að hægt væri að halda áfram þessari skipasmíði út á Spáni eða réttmætt að halda henni áfram. Það voru sendir menn til Spánar til að kynna sér þetta mál vel og rækilega. Niðurstaðan af þeirri athugun varð sú, að það mundi þrátt fyrir allt vera hyggilegast að halda þessu áfram, því að við héldum þeim samningi, sem búið væri að gera um verð á skipunum, skipaverð færi sífellt hækkandi og mundi því sýna sig, að við fengjum miklu ódýrari skip en ella vegna þessara samningsgerða, ef áfram yrði haldið. Ef út úr samningunum yrði farið, yrði ekki hægt að komast hjá því að verða fyrir fjárhagslegu tjóni. Nú hefur það sýnt sig, að á fyrsta skipinu, sem afhent var frá Spánverjunum, komu upp verulegir gallar. Það hefur hins vegar sýnt sig á þeim skipum, sem síðar hafa komið, sérstaklega þeim síðustu, að þessir gallar hafa ekki komið upp, og nú eru taldar allar líkur til þess, að kaupin á þessum tveimur síðustu skipum verði mjög hagkvæm. Og ekki

orkar það tvímælis, að kaupin á þeim skipum, sem við höfum verið að kaupa á undanförnum árum, hafa orðið okkur hagkvæm, ef miðað er við það verðlag, sem er orðið á skipum í dag. Þess vegna er það nú svo með gagnrýni í þessum efnum, að hún getur stundum átt rétt á sér, en ekki alltaf.

Þegar kom til tals með kaupin á loðnuskipum þeim, sem voru upphaf þessa frv., var nokkuð um það rætt, hvort ætti að fara í lagaheimild vegna þessara loðnuskipa eða ekki. Þá var líka um það rætt, hvað þessi skip ættu að vera mörg. Það lágu þá fyrir umsóknir um ein 8 skip. Þegar ég ræddi þetta við formenn stjórnarandstöðuflokkanna, skýrði ég þeim frá því, hvað fyrir lægi í þessum efnum. Þá kom fram hjá þeim, að það gæti verið von á fleirum, og allir, sem um fjölluðu, töldu, að það væri sjálfsagt, ef á annað borð væri farið að veita þessar ábyrgðir, að þá yrði ekki hægt að mismuna aðilum, ef þeir á annað borð gætu staðist þau skilyrði, sem um væri að ræða í sambandi við slík skipakaup. Þess vegna var talan 10 ákveðin til þess að ná út yfir það, sem fyrir lá, og þó heldur betur. Það var talið hyggilegt, því að mismunun í þessum efnum væri lítt framkvæmanleg. Hins vegar hefur það sýnt sig, að enn sem komið er munu það bara vera tveir aðilar, sem geta notað sér þessa heimild, ef samþ. verður hér á hv. Alþ. En það er ekki um það að ræða, þó að heimildin sé til í lögum, að það þurfi til hennar að hverfa, nema fyrir liggi beiðni og þeim skilyrðum verði fullnægt, sem sett eru fyrir því, að ríkisábyrgðir séu veittar. — Þetta vildi ég segja um þennan almenna þátt málsins og þann fyrsta þátt, sem hv. alþm. hafa í raun og veru minnst rætt um.

Hins vegar hafa hv. alþm. deilt á, að þessum tveim þáttum væri blandað saman, sem út af fyrir sig er að minni hyggju ekki nema formsatriði og skiptir ekki öllu og er algeng regla hér á hv. Alþ. Það kom fram í ræðu eins hv. þm. hér í gær, hv. 3. þm. Norðurl. v., en að þeirri ræðu mun ég víkja síðar, að það ætti ekki að vera að taka erlend lán í góðæri eins og nú væri, heldur ætti að gera það, þegar verr áraði. En ég veit nú ekki, með allri virðingu fyrir hyggindum hans í fjármálum, hversu mikill búhnykkur það hefði verið að draga að kaupa þau skip, sem við höfum nú keypt fyrir erlend lán, eða hversu hagkvæmt það hefði verið að draga þær virkjanir, sem hér hafa verið byggðar á síðustu árum með erlendum lántökum. Ég held, að hv. alþm. mundu ekki telja það mikinn búhnykk, enda hafa þessar ráðstafanir orðið til þess að afla okkur gjaldeyris eða spara okkur gjaldeyri, sem er auðvitað sama, þegar um viðskipti í gjaldeyrismálum er að ræða.

Þá kem ég að þeim þættinum, sem sérstaklega hefur verið hér til umr., og það er samgöngumálaþátturinn.

Ekki orkar það tvímælis, að við höfum um margra áratuga skeið sótt fram í samgöngumálum hér á landi, enda er það svo, að eftir því sem viðskiptalífið færist meira í nútímahorf, eru góðar samgöngur nauðsynlegri. Eitt af forustuhéruðum í samgöngumálum hér á landi var Borgarfjörður. Forusta Borgfirðinga í samgöngumálum er um 80 ára gömul, en þá fóru þeir að hefja ferðir milli Reykjavíkur og Borgarness og Akraness. Það var fyrir forustu borgfirskra bænda, sem þetta var gert. Alla tíð síðan hafa samgöngur við Borgarfjörð verið að batna. En þó er það svo á síðari árum, að vegasambandið á Vesturlandi er eitt af verstu vegakerfum landsins nú. Þetta segi ég þrátt fyrir það, að ég sé einn í hópi þeirra þm., sem eru fulltrúar fyrir Vesturland, er reynslan þessi, að vegir á Vesturlandi eru verri en í velflestum öðrum landshlutum, enda hafa verið gerð stórátök í vegasamgöngum bæði á Vestfjörðum í sambandi við Vestfjarðaáætlun, á Suðurlandi með veginum austur að Selfossi, á Norðurlandi og Austurlandi í sambandi við áætlanir þar um, og þannig mætti telja áfram, þótt þetta sé aðalatriðið. Jafnhliða þessu hefur stórum fjárveitingum verið varið á hverju ári til að auka flugsamgöngur við þessa landshluta. Á fjárl. fyrir árið 1974 eru áætlaðar til flugsamgangna um 172 millj. kr. til fjárfestingar eingöngu, og af þeim eru aðeins 5.7 millj. kr. í Vesturlandskjördæmi. Þetta er ég ekki að tíunda hér vegna þess, að mér þyki of mikið til annarra staða veitt, heldur af hinu, að ég vil minna á það, að við Vesturlandsþm. höfum verið fúsir til að leggja öðrum landshlutum lið í þeirra samgöngumálum og munum verða það, enda er það að okkar dómi, flestra eða allra, einn af meginþáttum til eðlilegs viðskipta- og menningarlífs þjóðarinnar. Þróunin í samgöngumálum Borgfirðinga og Vestlendinga hefur, eins og hjá öðrum, færst yfir á landleiðir að meira eða minna leyti. Það var ekki talið hyggilegt að halda áfram rekstri Akraborgar upp í Borgarnes, og var gott samkomulag um það innan hlutafélagsins Skallagríms, þó að borgfirskir bændur, Borgnesingar og meira að segja nokkrir Snæfellingar gætu ráðið algerlega í því félagi. Það var þeirra mat, að það væri eðlilegt, að sjósamgöngur héldu áfram milli Reykjavíkur og Akraness, en Borgarnes félli þar út úr, vegna þess að það er erfitt að fara um Borgarfjörð. Hann er þurr hálfan sólarhringinn, og siglingar inn fjörðinn eru mjög erfiðar. Það datt engum Borgfirðingi, hvorki bændunum né Borgnesingum, í hug að draga sig út úr þessari starfsemi eða henni yrði hætt, þó að Borgnesingar gætu ekki notið hennar. En það, sem skeði og var í raun og veru ekki reiknað með, var, að fólksflutningum á landi frá Akranesi til Reykjavíkur hefur aldrei tekist að keppa við sjóflutningana. Sjóflutningarnir hafa alltaf haft betur og miklu betur, svo að bílaútgerð frá Akranesi datt niður, en fólksflutningar með Akraborginni jukust. Menn geta hér á hv. Alþ. talað um ráp manna í því sambandi, ef þeir hafa löngun til þess að nota þau orð. En reynslan er sú, að þetta hentar Akurnesingum mjög vel, og það hefur sýnt sig, að vaxandi áhugi er einmitt á sjóferðunum.

Í því sambandi og í sambandi við það, sem fram kom í ræðu hv. 3. þm. Norðurl. v., þegar hann nefndi knattspyrnuferðir á milli Akraness og Reykjavíkur, vil ég geta þess, að það er ljóst, að Akurnesingar hefðu ekki orðið jafnfrægir knattspyrnumenn og raun ber vitni, ef samgöngurnar á sjó milli Akraness og Reykja-

víkur hefðu ekki verið einn þátturinn í því. Og það hefði ekki verið hægt fyrir Akurnesinga að halda uppi sínu íþróttalífi, eins og þeir hafa gert, nema vegna þess að aðsókn Reykvíkinga var margfalt meiri en ella, af því að þeir áttu kost á að komast sjóleiðina, en þurftu ekki að fara í bifreið. Þetta eru staðreyndir, sem ekkert þýðir á móti að mæla. Það er aldrei hægt að mótmæla staðreyndum. Þær standa eftir, hvað sem hver kann að segja. Og að tala um það sem einhverjar vandræðaferðir, þegar ungir og efnilegir menn stunda íþróttir með góðum árangri, þeir menn, sem þannig tala, bera lítið skynbragð á eðlilega þætti í mannlegu lífi. Enda hefur reynslan orðið sú, að Akurnesingar hafa orðið, bæði á heimavelli, hérlendis og erlendis, sér, byggð sinni og landi til sóma og munu verða það um langa framtíð. En einn þátturinn í því eru hinar öru skipaferðir á milli Reykjavíkur og Akraness.

Eins og ég gat um áðan, sýndi reynslan síðustu árin og sérstaklega s. l. ár, að áhugi á að ferðast með Akraborginni hefur aldrei verið meiri, enda hefur hún aldrei flutt fleiri farþega. En það er líka annað, sem hefur farið árvaxandi, og það er ásókn manna í að flytja bifreiðar með Akraborginni. Það er hins vegar óhentugt, vegna þess að það verður að flytja bílana á þiljum, það verður að taka þá upp með sérstökum tækjum þar til búnum, og það er nokkur hætta fólgin í því, að bílarnir skemmist, bæði þegar verið er að taka þá í skip og úr skipi og einnig þegar þeir eru á leiðinni. Þetta höfðu þeir, sem stjórna hlutafélaginu Skallagrími, til athugunar, og svo það, að Akraborgin er nú nær 20 ára gömul og fram undan er stór klössun á skipinu, sem mundi reynast dýr, ef til kæmi. Það var því á aðalfundi Skallagríms s. l. sumar, að ákveðið var að freista þess að selja Akraborgina og kaupa nýtt skip, og það, sem sérstaklega var lagt upp úr í því sambandi, var að reyna að kaupa skip, sem gæti flutt mikið af bifreiðum. Á þessum fundi munu hafa setið flestir oddvitar í Mýra- og Borgarfjarðarsýslum. Það má hver sem vill hafa þann munnsöfnuð, sem hv. 3. þm. Norðurl. v. viðhafði. Það er ekki ástæða til að skamma þá, sem saklausir eru, heldur hina, sem sekir eru. Það má, ef menn vilja, kalla slíka menn flón eða fífl, en það græðir enginn á því, því að þeir hafa hreint ekki efni á því að kalla þessa myndarbændur slíkum nöfnum. Og þessir menn voru það viðsýnir, að þeir skildu þörfina fyrir breytingarnar og samþykktu þær einróma. Í framhaldi af því var leitað eftir að kaupa nýtt skip til þessara flutninga. Að öðrum kosti, ef ekki væri að því ráði horfið, var það mat þeirra, sem um fjölluðu, að það yrðu þau þáttaskil í samgöngumálum Akurnesinga, að sjóflutningarnir legðust niður.

Leit sú eftir því að skipta um skip, sem gerð var, beindist að því skipi, sem hér er til umr. Þegar það mál var lagt fyrir ríkisstj. á sínum tíma, fylgdi því sérstakt vottorð frá skipaskoðunarstjóra, sem hafði skoðað skipið þá. Mér komu því á óvart þær aths., sem voru gerðar hér í gær og hafðar voru eftir skipaskoðunarstjóra, því að þær komu ekki fram í því vottorði, sem þá lá fyrir og undirskrifað var af skipaskoðuninni. Það var mat ríkisstj., að það væri ekki ástæða til þess, að þessum þætti í samgöngusögu þessa byggðarlags yrði ekki sinnt eins og öðrum þáttum samgöngumála. Allir gerðu sér grein fyrir því, að það mundi geta kostað fjármuni að gera þetta átak, en það kosta allir þættir í okkar samgöngumálum, mismunandi mikið, og ekki varð heldur séð, hversu dýr þessi þáttur þurfti að vera.

Eitt af því, sem hefur komið inn í þessar umr., er það að koma bílum í skipið, bæði hér og á Akranesi, og það mun að sjálfsögðu kosta sitt að gera það. Það er nú verið að athuga breytingar í sambandi við skipið erlendis vegna löndunar og fermingar á bifreiðum í skipið, og mun verða reynt að gera það þannig, að úr þessum kostnaði verði dregið. Ég hef m. a. rætt þennan þátt við Akurnesinga og einnig við hafnarstjórann hér í Rvík. Hafnarstjórinn í Rvík hefur tekið þessu máli með velvild og skilningi og sagt, að þeir mundu að sjálfsögðu skoða þetta mál án allra hleypidóma, þeir mundu freista þess að gera það eins ódýrt og hægt væri og reyna að finna leiðir til þess að leysa það svo, að það yrði ekki nein ofraun við að fást. Ég efast ekkert um, að hafnarstjórinn í Rvík mun vinna að þessu máli á þennan veg.

Eitt af því, sem stjórn Skallagríms hefur gert, er að leita til allra sveitarfélaga og fyrirtækja, sem eiga í Skallagrími, og fara fram á hlutafjáraukningu hjá þeim. Meðal þeirra aðila, sem var leitað til, er Kaupfélag Borgfirðinga, og það hefur nú afgreitt erindið á þann veg að auka hlutafé meira en farið var fram á eða um 1 millj. kr. Ég geri ráð fyrir því, að öll sveitarfélögin á svæðinu muni auka hlutafé sitt, eins og farið er fram á, og bæjarstjórn Akraness hefur ákveðið að gera það.

Það er því ekki hægt að halda því fram hér á hv. Alþingi, að það sé ekki áhugi á þessu máli á Akranesi eða í héraði. Það er fullur skilningur á þessu. Héraðsbúar vita ósköp vel, að það getur farið svo, að leiðin fyrir Hvalfjörð lokist, og þá sé þetta sú leið, sem þeir þurfi að fara, m. a. vegna mjólkurflutninga. Það þarf enginn að halda, að þeir menn, sem hér hafa fjallað um, hafi gert það hugsunarlaust og alveg út í bláinn. Þeir eru, eins og aðrir, að tryggja samgöngur við sín héruð og sín byggðarlög betur en mundi verða gert, ef þessi þáttur samgöngumála Borgfirðinga legðist niður. Og þeim finnst, að það fari ekki vel á því, að þessi 80 ára saga í samgöngumálum þeirra falli niður, á sama tíma og ljóst er, að áhugi á sjósamgöngum fer vaxandi.

Þetta vildi ég nú segja hér hv. alþm., þeim, sem vilja hlusta á þessi mál með sanngirni og rökum, eins og ég veit, að hv. alþm. vilja yfirleitt gera. Ég geri mér grein fyrir því, að til einhvers kostnaðar getur komið af þessu. En það er alveg sama, hvaða samgönguþáttur í okkar samgöngukerfi er, fram hjá slíku verður ekki komist.

Annar þáttur í umr. þeim, sem fóru fram í gær, var ræða hv. 3. þm. Norðurl. v. Það er ekki nýtt, að hv. 3. þm. Norðurl. v. segi okkur, að hann sé vitur maður og meiri fjármálaspekingur en hinir og við allir hinir þm. séum miklir glópar í þeim efnum. Mér hefur oft dottið í hug í því sambandi, þegar hv. þm. hefur

flutt slíkar ræður sem hann gerði í gær, saga ein, sem er sögð af sr. Árna Þórarinssyni. Hann var að lýsa konu og byrjaði lýsinguna á útliti hennar, og sagði: „Hún var guðdómlega fögur. Hún var beinlínis afskræmd af fegurð. Hún var fallegasta kona á jörðinni og þótt víðar sé leitað, það er ég viss um.“ Ég skil eiginlega ekkert í hógværð og lítillæti þessa hv. þm., að hann skuli láta sér nægja að bera gáfur sínar og fjármálakænsku saman við okkur þessa 59, sem hann segir svo flón þar að auki. Hann á að segja: „Ég er vitrasti og mesti fjármálasnillingur heimsins, og jafnvel þótt víðar sé leitað.“ Hann á að vera dálítið orðhagur, taka dálítið djúpt í árinni eins og séra Árni, svo að menn taki eftir þessu, en ekki vera með svona gutl, eins og hann sé skárri en flónin, sem sitja hér á þingbekkjunum. Það er ekkert varið í það fyrir slíkan mann.

En ég má til með að segja þessum hv. þm. það, að þá rak mig í rogastans, þegar ég hafði sannar fregnir af því í fyrra, að einn merkur borgari þessa lands hafði gert athugun um stærð búa hjá bændum víðs vegar um landið, hafði tekið alla bændastéttina og valdi úr 40 stærstu bændurna. En viti menn, hv. 3. þm. Norðurl. v., Björn bóndi á Löngumýri, var ekki í hópnum. Hann náði því ekki að vera einn af þessum 40 stærstu. Þetta er staðreynd. En hv. 2. þm. Sunnl., bóndinn á Brúnastöðum, Ágúst Þorvaldsson, og hv. 3. þm. Norðurl. e., Stefán Valgeirsson, voru í hópnum. En þeir hafa ekki haldið ræður hér á Alþingi um vitsmuni sína eða fjármálakænsku, enda hafa þeir kannske annars staðar notað tímann til þess að vinna sig upp í það, sem þeir eru orðnir.

Ég verð nú að segja hv. 3. þm. Norðurl. v. það, að ég dreg í efa, með allri virðingu fyrir vitsmunum og fjármálahæfileikum hans, að hann sé meiri bóndi en Magnús bóndi í Norðtungu, sem situr í stjórn Skallagríms og hefur tekið ákvörðun um þetta, eða Magnús bóndi á Gilsbakka, sem situr í stjórn Kaupfélags Borgfirðinga og samþykkti þar hlutafjáraukninguna, eða Gunnar á Hjarðarfelli, sem er form. Stéttarsambands bænda og gerði það líka. Ég dreg í efa, að þessir menn þurfi nokkuð til hv. 3. þm. Norðurl. v. að sækja. Ég verð líka að segja það, að það var ekki smekklegt af hv. 3. þm. Norðurl. v., þegar hann gaf okkur þm. Vesturl. þá einkunn, að eitt væri ágætt með okkur, að við værum allir jafnvitlausir, að fara að taka í þann hóp þá þm., sem ekki eru í þessari hv. d. Það var allt í lagi að skamma okkur hina, sem höfðum aðstöðu til að svara fyrir okkur. En ég verð að segja það, að það er nú svo, að íslenskir bændur treysta betur hv. 1. þm. Vesturl., Ásgeiri bónda í Ásgarði, til þess að skipa veglegasta sess í félagsmálum bændastéttarinnar á Íslandi, vera form. Búnaðarfélags Íslands, heldur en hv. 3. þm. Norðurl. v. Ég vil líka segja það, að ég mundi hvergi, þó að hv. 2. þm. Vesturl., Jón Árnason, sé pólitískur andstæðingur minn og keppinautur í kosningum og við reynum auðvitað að ná atkvæðum hvor frá öðrum, — ég mundi hvergi leyfa nokkrum manni að bera slíkar svívirðingar á hann sem hv. þm. Norðurl. v. gerði í gær án þess að mótmæla, og ég geri það hér með. Hv. 3. þm. Norðurl. v., hafði engin rök fyrir þeim ummælum, sem hann hafði um hv. 2. þm. Vesturl. Það var allt út í bláinn sagt, það voru tómir sleggjudómar og ekkert annað. Og þannig orðræður eiga hv. þm. ekki að leyfa sér. Það er kannske af því, að hv. þm. hafði ekki rök að mæla í þessu máli, að til þess arna var gripið.

Ég skal nú, herra forseti, fara að stytta mál mitt, en vil þó, áður en ég lýk því, mótmæla ummælum hv. 3. þm. Norðurl. v. um þá aðila, sem ég hef hér nefnt, um stjórn Skallagríms, um bæjarstjórn Akraness, um oddvitana í Mýra- og Borgarfjarðarsýslu og aðra þá í Borgarfjarðarhéraði, sem hv. þm. talaði sérstaklega um, en um þessi mál fjallaði hann í ræðu sinni hér í gær. Það eru menn, sem geta staðið fyrir sínu, og þurfa ekkert til þessa hv. þm. að sækja, hvorki um vitsmuni né fjármuni.

Ég vil að lokum segja það, að auðvitað er ekki nema eðlilegt, að menn geti haft skiptar skoðanir á þessu máli, það er svo um öll mál, og auðvitað getur okkur, sem að þessu máli vinnum, yfirsést í einhverjum atriðum. Hins vegar held ég, að það væri spor aftur á bak í samgöngusögu þessarar þjóðar, ef sjósamgöngum milli Akraness og Reykjavíkur væri hætt. Ég er sannfærður um, að það munu þm. yfirleitt ekki vilja styðja og niðurstaðan verði því á annan veg. Ég hef heldur enga ástæðu til að ætla annað en að þeir menn, sem hafa kynnt sér þessi mál og unnið hafa mest að þeim, hafi meiri möguleika til að meta þau en við hv. alþm. getum gert, þó að sumir hafi farið á veitingahús til að fá sér þar fréttir af slíkum málum. Þær fréttir, sem menn fá á veitingahúsum, geta oft verið hæpnar.

Ég hafði satt að segja ekki gert ráð fyrir því, að þetta mál væri með þeim hætti, að menn yrðu ausnir hér svívirðingum og öðru slíku, eins og gert hefur verið af hálfu hv. 3. þm. Norðurl. v. í sambandi við þetta mál. Það verður auðvitað að vera mat hvers manns, hv. þm. einnig, hvernig hann vill haga málflutningi sínum. Mestu máli skiptir um þetta mál, að það nái í höfn og því fylgi sú hamingja, að það skip, sem keypt verður, verði happafleyta og reynist til þess hlutverks fallið, sem það er keypt til. Ég get sagt það, að ég vona, að svo verði, og ég held, að það fari nú svo í þessu sem öðru, að þeim, sem mestu stóryrðin nota, fari eins og stráknum, sem átti að tollera, og til þess að verja sig, greip hann til þess að hlaupa í fjóshauginn og ausa baðan á þá, sem hann hélt að mundu tollera sig. Hann gætti ekki að sér, og áður en varði var hann sokkinn í hauginn upp undir hendur, en þeir, sem fyrir utan stóðu, urðu ekki fyrir neinu kasti. Þannig varð það hann einn, sem sat eftir með óhreinindin, en ekki þeir, sem ausa átti á.

Matthías Bjarnason: Herra forseti. Það er að mörgu leyti erfitt að flytja ræðu eftir að hafa hlustað á þriggja kortera ræðu hæstv. fjmrh. Rúmlega helmingur ræðunnar var fluttur í landsföðurstíl yfir þm. og þeim sagt að vera skynsamari í afstöðu til ýmissa mála en þeir oftast

hafa verið, en seinni hluta ræðunnar var ferlegur reiðilestur yfir flokksbróður hans, hv. 3. þm. Norðurl. v. Það er ekki mitt að kveða upp dóm um ástandið á milli þessara ágætu fjármálamanna og greindu manna í Framsfl., en ég hygg, að það hefði verið skemmtilegra fyrir þá að gera upp þessa reikninga í einrúmi, en ekki hér á hv. Alþingi. Þegar allt kemur til alls, hygg ég, að báðir hefðu kosið, að margt hefði verið ósagt af því, sem nú hefur verið sagt.

Hv. 5. þm. Austf., form. fjh.- og viðskn., mælti fyrir nál. í þessu máli. Undir þetta nál. rita 6. nm., einn var fjarstaddur erlendis, þegar málið var afgreitt. Þetta nál. er að mörgu leyti mjög sérkennilegt og sérstætt í þingsögunni. Það lýsa allir nm. yfir stuðningi og samþykki við frv., eins og það var upprunalega flutt í Ed. Meiri hl. n. lýsir sig andvígan þeim vinnubrögðum, sem tekin voru upp í Ed. í sambandi við þetta mál, og framhaldi þeirra vinnubragða í fjhn. Nd. Og 4 nm. skrifa undir nál. með fyrirvara, 4 af 6. Og þeir 2, sem skrifa undir nál. fyrirvaralaust, eru báðir hundóánægðir með málsmeðferðina. En það verð ég að segja hv. form. fjh.- og viðskn. til lofs, vitandi það, hvaða afstöðu hann hefur í þessum málum og í sambandi við alla málsmeðferð, að honum tókst alveg sérstaklega vel í sinni ræðu að fara bæði í kringum sjálfan sig og aðra, alveg sérstaklega vel, og það út af fyrir sig er lofsvert undir þeim miklu erfiðleikum, sem hann átti í að mæla fyrir vinnubrögðunum í sambandi við þetta mál. Tveir nm. lýsa yfir andstöðu við þá breytingu, sem gerð var á frv. í Ed., en styðja frv. eins og það var upprunalega flutt.

Hæstv. fjmrh. byrjaði sína landsföðurlegu ræðu hér áðan á að skýra frá því, hvað mikið hefði verið keypt af fiskiskipum að undanförnu og nauðsyn þess að kaupa bæði skip og annað, því að verðbólgan héldi áfram, og eftir því sem við gætum keypt meira og byggt hraðar upp, væri það ódýrara. Rétt er það, að einstaklingur, sem hefði viljað byggja hús fyrir 10 árum eða jafnvel 5 árum, hefði auðvitað átt að fá lán til þess að byggja húsið, því að það er orðið margfalt dýrara að byggja það nú. Slíkar skoðanir geta menn haft í fjármálum, að þegar verðbólga er, þá sé nauðsynlegt að kaupa allt og gera allt, komast yfir allt, sem nöfnum tjáir að nefna, vegna þess að það hækkar í verði á næstu árum. En ef hver einstaklingur í þjóðfélaginu hagar sér þannig, hvað verður þá um það þjóðfélag, þegar til lengdar lætur? Verður ekki hver og einn að haga fjárfestingu sinni eftir því, sem hann telur, að tekjur hans fái staðið undir að greiða niður og greiða vexti af hverju sinni. Mér finnst þessi stefna hæstv. fjmrh. vera hættuleg. Ef almenningur tæki mark á því og vildi þræða þennan sama veg og hann er að láta í veðri vaka, að hann vilji fara, er ég hræddur um, að það verði erfitt að stjórna þessu landi, ef á að líta á þetta sem einhverja sérstaka fjármálaspeki. Þá vil ég heldur biðja um fjármálaspeki flokksbróður hans, 3. þm. Norðurl. v., en þessa.

Um frv., eins og það var upprunalega lagt fram í Ed., var samkomulag á milli stjórnarflokka og stjórnarandstöðu. Hæstv. fjmrh. ræddi við form. stjórnarandstöðuflokkanna, og þeir ræddu við þingflokkana þessi mál og minn þingflokkur samþykkti að styðja þetta frv. Ég var að vísu ekki á þeim fundi, þegar það var samþykkt, því að ég þurfti að skreppa aðeins frá í 3—4 daga, en skoðun mín er sú, að ríkisstj. og Alþingi eigi að fara varlega í að veita sjálfskuldarábyrgðir á lánum, jafnvel þótt það sé til kaupa á fiskiskipum. Þetta mál er ekki ágreiningsatriði, vegna þess að búið var að samþ. það fyrir fram. Það var búið að binda hvern flokk fyrir sig til þess að styðja þetta mál, enda væri þetta frv. fyrir löngu orðið að lögum, ef hæstv. fjmrh. hefði ekki fundið upp á því snjallræði að fara að prjóna við þetta frv., en hann hefur verið stöðugt að prjóna við það síðan í nóv.

Hitt vil ég segja, að það eru takmörk fyrir því, hvernig á að veita ábyrgðir ríkissjóðs, með hvaða hætti, og líka þarf að hafa í huga, að það er verið að mismuna mönnum eftir stærð skipa, eins og hér er verið að gera. Skip, sem keypt eru til landsins og eru undir þessu marki, fá ekki 80% ríkisábyrgð. Þau fá aðeins 67% lán úr Fiskveiðasjóði, verða fyrst að taka erlend lán, sem hann innleysir svo á tilteknum árafjölda. En hér er aftur verið að ganga lengra eða upp í 80%, eins og frv. gerir ráð fyrir. Þetta álít ég, að sé að mismuna mönnum, og það er hættulegt að gera. Það er líka annar mismunur, sem á sér stað, þegar við förum að ræða prjónverk fjmrh. við frv. Þar er mismunurinn kannske enn þá geigvænlegri og hættulegri og í hróplegri mótsögn við fyrirheit ríkisstj. í margumræddum málefnasamningi hennar, þegar hún talar um að efla og styrkja byggðir landsins, minnka aðstöðumuninn, sem hún taldi vera og er mikill. Hér er ekki verið að starfa í þeim anda eftir þessu prjónverki fjmrh. við þetta frv. En áður en ég kem að því, vil ég ræða nokkuð efnismeðferð þessa máls.

Hvort sem ég er með þeim málum, sem búið er að bæta við þetta frv. eða móti, þá er ég andvígur þessum vinnubrögðum á Alþ. Hér er flutt frv. um heimild fyrir ríkisstj. að veita sjálfskuldarábyrgð á lánum til kaupa á 10 fiskiskipum yfir 300 lestir. Það er því óskylt mál að veita ábyrgð til kaupa á sérstakri bílaferju, sem á að ganga á milli Reykjavíkur og Akraness, og sérstakri bílaferju, flutninga- og farþegaskipi, sem á að ganga milli Vestmannaeyja og Þorlákshafnar og Reykjavíkur. Þetta eru óskyld mál. Þm. Sunnl., allir með tölu, fluttu till. til þál. hér í vetur um byggingu skips til Vestmannaeyjaferða, þess efnis, að Alþingi ályktaði að skora á ríkisstj. að ákveða nú þegar að láta byggja nýtt skip til Vestmannaeyjaferða og leita tilboða í smíði þess á grundvelli till. stjórnskipaðrar nefndar um samgöngumál Vestmanneyinga, sem fram kemur í álitsgerð n. til samgrn. Þetta er ósköp eðlileg till. og eðlileg og rétt málsmeðferð. Flm. þessarar till. mæltu fyrir henni, og henni var vísað til fjvn. Fjvn. tók hana fyrir á fundi, litlu eftir að henni var vísað til n., og leitaði umsagnar um till. En þetta var það nærri jólafrí, að það var auðvitað ekki við því að búast, að umsagnir lægju fyrir, fyrr en þing kæmi saman eftir nýár. Nú liggja umsagnir fyrir um þessa till., og nú er auðvitað ekkert annað um að ræða en að fjvn. gangi frá og afgreiði þessa till. til Alþingis.

En flm. þessarar till. grípa auðvitað fegins

hendi prjónverk fjmrh. og segja, að hann geti nú prjónað eina till. til viðbótar við sjálfskuldarábyrgð til kaupa á 10 fiskiskipum. Þegar hann prjónar þetta við og læðir því inn á fund fjhn.- og viðskn. Ed., sem skrifar undir prjónverkið, allir með tölu, og Ed. samþykkir málið þannig breytt og það kemur hingað til Nd., þá gerist það, að frv. er tekið fyrir hér í d. og það fylgir því enginn maður úr hlaði. Fjmrh. fylgir því ekki úr hlaði, og hann hafði þá afsökun, að hann hefði verið upptekinn við umr. í Ed. við að mæla fyrir öðrum málum. Ég tel þá afsökun mjög léttvæga, því að það hefur gilt þau ár, sem ég hef verið á þingi, að ráðh. hafa beðið forseta að bíða með mál, þegar þannig hefur staðið á hjá þeim. Það var því auðvelt verk og hefði verið auðsótt við hæstv. forseta Nd. að bíða andartak með málið, á meðan hæstv. fjmrh. var upptekinn við umr. í Ed. En það, sem skeður, er það, að 3. þm. Norðurl. v. er ekki alveg dús við þetta mál eða þessa breytingu, og hann biður um orðið, annars hefði frv. með prjónverkinu verið sent þegjandi og hljóðalaust til n. Þá spinnast allmiklar umr. hér í hv. þd. út af þessari málsmeðferð sem eðlilegt er. Ég var einn þeirra, sem voru ekki ánægðir með slík vinnubrögð, og talaði um þau hér í d. og gerði aths. um efnishlið málsins.

Svo segir hv. formaður fjh.- og viðskn., að hann telji, að það hafi oft átt sér stað að skeyta óskyldum málum aftan við lagafrv., bæði í tíð þessarar stjórnar og fyrri stjórna. Ég spyr hann að því, hvort hann sé ánægður með það, að menn flytji mál í þingi, því sé vísað til n., eins og till. þm. Sunnl., og svo þegar þeir sjá, að það er hægt að prjóna mál sín við frv., sem eru komin nokkuð á leið, þá grípa þeir fegins hendi slíka beitu. Ég spyr hann: Er hann ánægður með svona vinnubrögð á Alþingi. Er þetta ekki dæmigerð aðferð til þess að taka alls ekki tillit til þess, að það eigi réttur gangur að vera á störfum Alþingis? Er ekki líka eitt dæmi þess, að þegar menn geta ekki beðið með fsp. sínar til fyrirspurnatíma, þá nota þeir fljótvirku aðferðina að biðja um orðið utan dagskrár. Það eru þessi vinnubrögð, sem eru alltaf að verða meira og meira áberandi vegna þess, hvernig háttur þingsins er í sambandi við afgreiðslu mála, og þegar menn segja að þetta sé allt gott og gilt, þá tökum við almennt upp þau vinnubrögð að fara ekki eftir venjulegum þingvenjum. Við förum þá bara þá leið, sem er handhægust í hverju máli. Fyrirmyndin er sótt til ríkisstj. hvað þennan ósið varðar eins og svo margan annan.

Þessar athugasemdir mínar hafa engin áhrif á efnislega afstöðu mína til þessara brtt., sem liggja fyrir við þetta frv. Þetta er aðeins skoðun mín á vinnubrögðum Alþingis, og þessum vinnubrögðum leyfi ég mér að mótmæla einu sinni enn. Og ég harma það, að form. fjh.- og viðskn. skyldi reyna að verja þessi leiðindavinnubrögð í þessu máli í ræðu sinni, þar sem hann fór, eins og ég sagði áðan, margoft í gegnum sjálfan sig og aðra til þess að koma þessu máli áleiðis.

Það kom mér nokkuð á óvart, þegar hæstv. fjmrh. í sinni föðurlegu ræðu hérna áðan fór að tala um það, hvað kjördæmi hans væri í raun og veru mjög illa sett með framlög til vegamála og ekkert til flugmála og hvað eftir öðru. Þetta var eiginlega olnbogabarn í þjóðfélaginu, Vesturlandskjördæmi, og jafnvel hörðustu menn viknuðu, þegar þeir hlustuðu á þetta barlómstal hv. þm. Vesturl. Mér finnst þetta ekki bera vott um, að þessi hv. þm. hafi sinnt sérstaklega vel málefnum síns kjördæmis og þá aðrir þm. um leið í því kjördæmi, ef ætti að taka mark á orðum hæstv. ráðh. En ég verð þó að segja það, að ég þekkti hæstv. fjmrh. mjög vel fyrir nokkrum árum í fjvn., og þar var hann ólatur potari fyrir sitt kjördæmi, og ég held, að hann hafi enga ástæðu til að bera sig svona aumlega út af fjárveitingum til Vesturl. Ég vil t. d. benda honum á það, að í nál. samvn. samgm., þar sem stórvinur hans og flokksbróðir, hv. 3. þm. Norðurl. v., er formaður, fer Vesturl. ekki illa út úr því. Það fær af fjárveitingum til flóabáta, snjóbíla og vöruflutninga 17 700 090 kr. af 38,5 millj. kr., það fær upp undir helming. Kannske er skýringin á því, að kjördæmið sé alveg vegalaust og þurfi svo mjög á sjósamgöngum að halda. En þá er það eitt, sem ég skil ekki, af því að ég er einn af þessum 59, — ég skil ekki, hvernig svona vegalaust kjördæmi lætur svo til alla sína vöruflutninga fara fram á landi, en notar ekki sjóinn til vöruflutninga. Og nú langar mig til þess að spyrja hæstv. fjmrh., hvernig á þessu standi. Eitt af því, sem sagt er í sambandi við þessa væntanlegu bílaferju, er, að það muni spara mikið slit á vegum að flytja fólksbílana með ferjunni. En þungu vörubílarnir eiga að keyra vegleysuna, en nota ekki ferjuna, og engar vörur eiga að fara með ferjunni. Þetta er það, sem ég skil ekki og langar mikið til að fá upplýsingar um, áður en þessum merkilegu umræðum lýkur.

Í nál. fjh.- og viðskn. Ed. segir:

„N. hefur athugað frv. Borist hefur bréf frá fjmrn., þar sem óskað er eftir því, að inn í frv. verði tekin ný gr., sem heimili sjálfskuldarábyrgð ríkissjóðs fyrir allt að 80% af kaupverði ferjuskips til siglinga milli Akraness og Reykjavíkur.“ Þá vitum við, hver á barnið. Það er hæstv. fjmrh., sem á þetta barn, og það er hann, sem biður nm. í fjh- og viðskn. Ed. að hjálpa sér að koma þessu á framfæri. Það eru góðir menn í þeirri n., og þeir voru mjög fljótir að afgreiða málið, að vísu voru 2 þeirra fjarstaddir, og annar sá fjarstaddi var sjálfur hæstv. samgrh. Nú spyr ég hæstv. fjmrh.: Telur hann versta ástandið í samgöngumálum landsmanna og í samgöngum á sjó vera ástandið í ferðunum milli Reykjavíkur og Akraness? Er þetta mál þá númer eitt í hans huga og þá ríkisstj. í heild? Er þetta málið, sem liggur mest á að framkvæma: að kaupa ferju til landsins, sem getur flutt 50 bíla á milli Reykjavíkur og Akraness og 400 farþega eða svo? Er ástandið á öðrum stöðum á landinu svona miklu betra, að þetta mál á að vera númer eitt?

Nú skal ég taka fram til þess að fyrirbyggja allan misskilning, að ég er stuðningsmaður þess, að haldið verði uppi sjóflutningum milli Reykjavíkur og Akraness, og ég tel, að þessir staðir, Akranes og Borgarfjörður, eigi fullan rétt á því að haldið sé uppi samgöngum á sjó. Hitt er svo matsatriði, hvort þetta ferjuskip er það, sem hæfir best í þessum efnum, um hitt get ég ekki verið sammála hæstv. fjmrh. og hæstv. ríkisstj., sem hefur lagt blessun sína yfir þetta mál,

að þetta mál eigi að hafa forgang fram yfir önnur.

Við skulum líta á ástandið, sem er í strandferðum til þeirra héraða, sem eru ekki í nokkru akvegasambandi við Reykjavík eða þéttbýlið hér við Faxaflóa meira en helming á árinu. Hvernig er ástandið á Austfjörðum, hvernig er ástandið á Norðausturlandi, og hvernig er ástandið á Vestfjörðum? Hvernig er skipakostur Skipaútgerðar ríkisins? Hvernig eru þær ferðir, sem þessir landshlutar eiga nú við að búa? Það er versnandi ástand, stórversnandi ástand, með strandferðirnar til þessara staða. Til þess liggja margar ástæður. Ástæðurnar eru þær, að það eru tvö skip, sem halda þessum ferðum uppi. Ferðunum er haldið uppi með þeim hætti, að skipin fara hringinn í kringum landið. Það hefur lengi verið talið af mér og öðrum, að það væri óhagstætt frá hendi Skipaútgerðar ríkisins að halda þessum hringferðum uppi, heldur ætti að breyta ferðunum á þann veg að fara ferð til Austfjarða og snúa við á Norðausturlandinu og til Vestfjarða og snúa við á Ísafirði, það muni nýta betur þann flutningamátt, sem þessi skip hafa, og ferðirnar yrðu tíðari. En þó að þetta væri gert, er það engan veginn nóg, vörur liggja hér tímum saman, það er ekki hægt að taka á móti vörum til flutnings, vegna þess að skipin eru yfirfull. Ástandið var þannig á Ísafirði um jólin, að það vantaði margar nauðþurftir um langan tíma. Allt upp í 10 daga var kartöflulaut, vegna þess að það voru engar ferðir. 14, 15 upp í 20 dagar líða á milli ferða til þessara staða. Það vantaði fjölda af vörutegundum í verslanir á þessum stað. Og sama er að segja um Austfirði og Norðausturlandið, þar er ástandið ekki hætishót betra. Á sama tíma og þetta á sér stað, eru engir farþegaflutningar á sjó til þessara staða. Það er haldið uppi flugsamgöngum, og það er kostnaður við flugsamgöngur, sagði hæstv. fjmrh. En veðrið hamlar oft flugferðum. Það hefur nýlega átt sér stað, að ekki voru flugferðir til staðar eins og Ísafjarðar í sex daga og engar ferðir þar með, ekki nokkrar samgöngur á sjó, fólk kemst ekki leiðar sinnar tímum saman. Og svo er komið og sagt við fjh.- og viðskn. Ed.: Gjörið þið svo vel og veitið heimild til ábyrgðar fyrir ferju, sem getur flutt 50 bíla á milli Reykjavíkur og Akraness og 400 farþega. Og fjh.- og viðskn. Ed. sagði já á stundinni. Ég segi fyrir mitt leyti, að á sama tíma og þetta ástand er ríkjandi á þeim stöðum á landinu, sem hafa engar samgöngur, þá tel ég ekki réttlætismál að afgreiða þetta mál með þessum hætti. Það verður að fylgja, ef hugur fylgir máli hjá hv. ríkisstj., að bæta úr því ófremdarástandi, sem er ríkjandi í þessum efnum. Hvað ætli yrði sagt á Akranesi, ef það væri engin ferð, væri ekki hægt að komast leiðar sinnar, hvorki á sjó, landi né í lofti í sex daga? Ég er hræddur um, að það þætti tíðindum sæta þar í sveit, sem eðlilegt er. Svo segja þessir menn: Við erum vegalausir. Guð almáttugur hjálpi þessum mönnum, hvernig þeir leyfa sér að tala.

Það eru ekki margir dagar síðan maður varð að fara í stórorustu við kerfið til að fá mokaðan veg á milli Tálknafjarðar og Bíldudals, þegar lokað hafði verið þar í heila viku, og á áttunda degi fékkst ekki vegurinn mokaður, og það var ekki hægt að koma neinum nauðþurftum á milli staða. Þetta þykir allt gott og blessað. Það er svo dýrt að moka snjó, segja þeir, það má ekki, en fólk má vera einangrað og læknislaust og allslaust dögum saman. Þetta þykir góð latína á heimili hæstv. ríkisstjórnar.

Það var ekki skemmtileg lýsing, sem hv. 7. landsk. gaf við þessar umr. hér í gær á ástandinu í samgöngumálum Vestfjarða, og hann er einn af stuðningsmönnum ríkisstj., en ofbýður nú alveg, að þetta mál sé tekið fram yfir öll önnur, og finnst mér það ánægjulegt, en allt sem hann sagði í þessum efnum, er satt og rétt, því verður ekki neitað. Og mér finnst í sannleika sagt, að þó að menn vilji vera tryggir og trúir hæstv. ríkisstj., vera takmörk fyrir því, hvað þeir, sem koma úr byggðarlögum, þar sem slíkt ástand er ríkjandi, mega vera hlýðnir við ríkisstj. sína og bíða og bíða eftir úrbótum. Jafnvel það verður að hafa sín takmörk.

Þetta er fyrst og fremst það, hæstv. fjmrh., sem ég hef út á þessi mál að setja. Það liggur ekkert fyrir frá hendi ríkisstj. til úrbóta í strandferðum um landið, en þetta er tekið fram fyrir allt. Ég spyr hæstv. ríkisstj.: Ætlar hún virkilega að halda áfram á þessari braut, ætlar hún virkilega að bjóða fólki, sem býr úti um land, það ástand, sem er ríkjandi? Þeim hefur alltaf verið að fækka, ferðum strandferðaskipanna, á liðnum árum, þær eru komnar niður fyrir 50 viðkomur á ári, ca. 25 ferðir frá Reykjavík til þessara staða. Á sama tíma eru 3 ferðir á dag á milli Reykjavíkur og Akraness og vegurinn alltaf fær, meira að segja þessi stórhættulegi Hvalfjörður, það eru kannske tveir—þrír dagar á ári. Vestmannaeyjar hafa miklu betri samgöngur en þetta, og Vestmanneyingar nefna nú og þm. Sunnl. sem rök fyrir sínu máli, að Vestmannaeyjar séu eyja, sem hafi þar af leiðandi engar samgöngur á landi og verði að treysta á stopult flug, eins og aðrir. Þetta er auðvitað alveg hárrétt, Vestmanneyingar hafa sérstöðu, og þeir þurfa á betra skipi að halda. En Vestmanneyingar hafa miklu tíðari og betri ferðir með Herjólfi heldur en Vestfirðingar og Austfirðingar hafa. Í sjálfu sér er enginn vegur frá Vestfjörðum til Suðurlands og frá meginhluta Austfjarða og Norðausturlands meira en hálft árið, vegna þess að hann er lokaður. Þess vegna er ástandið eins og það er. Þess vegna leyfir maður sér að vera mjög argur út af þessum málum, og ég tel, að við höfum fulla heimild til þess.

Eins og ég sagði áðan, þá er ég hlynntur því, að Akranes og Borgfirðingar hafi samgöngur á sjó. En það er eins með þetta og öll önnur mál, að það verður að skoða málin gaumgæfilega og meta það hverju sinni, hvar þarfirnar eru brýnastar, hvar er mest nauðsyn á að byrja og hvernig eigi að raða niður. Ef við höfum ráð á því og getum farið að bæta úr þessum málum öllum þegar í stað, þá er sjálfsagt að gera það, en ef það á að kosta það, að ekkert skuli gert í sambandi við þau héruð, sem svo hörmulega eru sett og ég hef lítillega minnst á, þá segi ég hiklaust: Það á að taka þau mál á undan. Ég skal

alveg hiklaust játa, að þó að það snerti mig eða það kjördæmi, sem ég er fulltrúi fyrir, ef eitthvað er búið að gera þar umfram það, sem aðrir hafa, þá held ég, að við verðum að bíða, á meðan verið er að bæta öðrum upp. Sama held ég, að eigi að ríkja hér í þessum efnum. Það liggur ekkert fyrir í sambandi við úrbætur strandferðanna, og það verður ekki þolað. Það er alveg sama, hvaða menn eða flokkar eru í ríkisstj., það er ekki hægt að bjóða fólki úti um land þær samgöngur, sem það nú verður við að búa. Og það þýðir ekki fyrir þá, sem eru senn að fá allt teppalagt til sín, að segja, að þeir séu einhver olnbogabörn. Það þýðir ekki, jafnvel þó að það sé jafnsannleikselskandi maður og hæstv. fjmrh., að segja það, hvorki við mig né aðra.

Ég hefði talið, að það hefði verið miklu skemmtilegra og eðlilegra í alla staði, að draga þetta prjónverk út úr upprunalega frv. og ríkisstj. hefði flutt frv. um kaup og ábyrgð fyrir þessum skipum og byggingu nýs strandferðaskips fyrir landsbyggðina, og það hefði átt að geta farið í gegnum þingið umræðulítið á örfáum dögum og hefðu verið miklu eðlilegri og skemmtilegri vinnubrögð. Ég lýsti því yfir í n., að ég teldi, að Vestmanneyingar hefðu algera sérstöðu og ég væri mjög hlynntur því að verða við þeirra óskum. En það verður að vera með þá eins og alla aðra, að þetta litla þjóðfélag verður að sníða sér stakk eftir vexti og það verður að fara alltaf eftir því, hvað er hagkvæmt, en ekki óhóflegt. Mín skoðun er sú, að ég tel, að það skip, sem hefur verið fest kaup á til ferða milli Reykjavíkur og Akraness, það sé of glannaleg fjárfesting og við þurfum ekki að leggja svo upp úr því að flytja í hverri ferð upp undir 50 bíla eða hafa rúm fyrir 50 bíla á þessari leið, sem hægt er að aka á hálfum öðrum klukkutíma og fer sífellt batnandi með hverju árinu sem líður. Og þó að það sé ekki farið að steypa eða malbika þjóðvegi í Vesturlandskjördæmi, hafa Vestlendingar, Vestfirðingar, Norðlendingar og Austfirðingar tækifæri til að keyra hér þann ágæta veg, og við njótum hans allir, þó að hann sé ekki kominn enn þá út úr Reykjaneskjördæmi. Þessi vegur er ekki eingöngu fyrir þá, sem í Reykjaneskjördæmi búa, hann er fyrir okkur alla landsmenn, sem þurfum um þennan veg að fara og verðum þennan veg að fara. Og það er mjög ánægjuleg sú þróun, sem átt hefur sér stað. Þessi leið er alltaf, sem betur fer, að verða betri. Hvalfjörður hefur tekið miklum stakkaskiptum á liðnum árum, og ég tel, að það verði í framtíðinni mikið áhorfsmál, hvort menn, sem þurfa að fara þessa leið, fari með bíla sína með ferju eða aki þessa stuttu vegalengd. En þetta er eins og hæstv. fjmrh. sagði, þetta er matsatriði hjá hverjum og einum. Ég endurtek, ég er ekki andstæðingur þess að halda uppi sjóflutningum á milli Reykjavíkur og Akraness, tel eðlilegt, að þessar byggðir njóti sjóflutninga, eins og þær hafa gert. En ég er ekki á sama máli og þeir þm. Vesturl. í sambandi við kaup á þessu skipi. En það er aukaatriði. Hitt er aðalatriðið, hvernig ástandið er annars staðar og hvað er verið að gera hér mikinn mismun á í sambandi við samgöngur í okkar landi.

Umr. frestað.

Sameinað þing, 52. fundur.

Fimmtudaginn 7. febr., að loknum fundi í Nd.

Áætlunargerð um verndun gróðurs í Árnessýslu, þáltill. (þskj. 168). — Frh. fyrri umr.

ATKVGR.

Till. vísað til síðari umr. með 35 shlj. atkv. og til fjvn. með 35 shlj. atkv.

Verðlækkun á húsnæði, þáltill. (þskj. 184). — Frh. einnar umr.

ATKVGR.

Till. vísað til allshn. með 36 shlj. atkv. og umr. frestað.

Atvinnumál aldraðra, þáltill. (þskj. 208). — Frh. einnar umr.

ATKVGR.

Till. vísað til allshn. með 36 shlj. atkv. og umr. frestað.

Húsnæðismál á landsbyggðinni, þáltill. (þskj. 216). — Frh. einnar umr.

ATKVGR.

Till. vísað til allshn. með 36 shlj. atkv. og umr. frestað.

Jöfnun símgjalda, þáltill. (þskj. 234). — Frh. einnar umr.

ATKVGR.

Till. vísað til allshn. með 35 shlj. atkv. og umr. frestað.

Framkvæmd Inn-Djúpsáætlunar, þáltill. (þskj. 237). — Frh. einnar umr.

ATKVGR.

Till. vísað til allshn. með 35 shlj. atkv. og umr. frestað.

Virkjun í Skjálfandafljóti við Aldeyjarfoss og Íshólsvatns, þáltill. (þskj. 238). — Frh. einnar umr.

ATKVGR.

Till. vísað til allshn. með 34 shlj. atkv. og umr. frestað.

Virkjun Svartár í Skagafirði, þáltill. (þskj. 135). — Frh. einnar umr.

ATKVGR.

Till. vísað til allshn. með 34 shlj. atkv. og umr. frestað.

Virkjun Fljótaár í Skagafirði, þáltill. (þskj. 336). — Frh. einnar umr.

ATKVGR.

Till. vísað til allshn. með 34 shlj. atkv. og umr. frestað.

Umræður utan dagskrár.

Pétur Sigurðsson: Herra forseti. Eins og kunnugt er, hafa kjarasamningar vegna verkalýðsfélaganna og vegna þeirra sjómannafélaga, sem semja fyrir farmenn, verið lausir nú á fjórða mánuð og samningar fiskimanna á þriðja mánuð. Milli flestra samningsaðila hafa átt sér stað nokkuð stöðugar samningaviðræður, en eftir því sem aðilar skýra sjálfir frá, þokast lítið í samkomulagsátt. Frá þessu eru þó þýðingarmiklar undantekningar, sem ég kem síðar að.

Nú hljóta allir að sjá, hver vá er fyrir dyrum, ef til nær allsherjarverkfalls kemur síðari hluta þessa mánaðar. Verður það að teljast uggvænlegt á að horfa á okkar helsta bjargræðistíma, ef verksmiðjur og frystihús lokast, meginhluti fiskiskipaflotans stöðvast, samgöngur á sjó, í lofti og á landi stöðvast, auk þess sem verslanir munu lokast og öll þjónusta á spítölum, elliheimilum og öðrum heilbrigðisstofnunum stórlamast eða stöðvast með öllu. Ég held, að tímabært sé, að hæstv. forsrh. gefi Alþ. skýrslu um, hvað hæstv. ríkisstj. hefur gert til þess að greiða fyrir því, að samningar megi takast við þær tugþúsundir launþega, sem nú heyja varnarbaráttu gegn óðaverðbólgu og síþverrandi kaupmætti.

Það er kunnugt, að ríkisstj. bauð fram í upphafi deilunnar að koma til móts við óskir launþegasamtakanna um breyt. á skattal., svo og umbætur í húsnæðismálum, sérstaklega hinna efnaminni. Ekki er kunnugt um önnur afrek ríkisstj. í skattamálum en að bætt hefur verið við nokkrum viðbótarskattpinklum á íbúðareigendur, og tilboð mun hafa verið lagt fram um viðræðunefnd Alþýðusambandsins um skattamál, sem mun þó algerlega hafa verið hafnað eftir nánari athugun. — Væri fróðlegt og nauðsynlegt fyrir Alþ. að fá að heyra og sjá, hvað till. ríkisstj. um skattbreytingar, sem foringjar Alþýðusambandsins höfnuðu, þýða fyrir skattgreiðendur. Ekki mun almenningi kunnugt um frekari efnisatriði till. á þessu sviði. Um úrbætur í húsnæðismálum liggur ekkert fyrir. Lán húsnæðismálastjórnar eru nú 800 þús. kr., en ættu að vera samkv. reglum stofnunarinnar 1260 þús. kr. Þá hafa verið uppi vangaveltur hjá ríkisstj. um breytingar á vísitölukerfinu, þeirri heilögu kú, sem talin var í tíð fyrrv. ríkisstj. Ekkert hefur enn komið fram opinberlega um þetta mál utan það, sem rætt var á ráðstefnu Alþýðusambands Íslands á s. l. vetri.

Það væri að sjálfsögðu rangt af mér, ef ég héldi því fram, að hæstv. ráðh. hefðu ekkert gert til lausnar vandamálum vinnumarkaðarins nú á síðustu mánuðum. Það má t. d. benda á snilld hæstv. sjútvrh., er hann leggur fyrir Alþ. frv. til l., sem í raun er ekki annað en breyting á hlutaskiptum á loðnubátunum, en til bjargar þó, það skal viðurkennt, öðrum hluta flotans vegna olíuhækkunarinnar. Enn fremur má benda á frábæra snilld hæstv. fjmrh., sem leysti tveggja mánaða verkfall þjóna í deilu þeirra við veitingahúsaeigendur með því að stórhækka verð á brennivíni og öðrum áfengum drykkjum. Ég tel þó ekki, að sú lausn verði til fyrirmyndar í öðrum deilum.

Ég minntist í upphafi máls míns á þýðingarmiklar undantekningar frá hinni almennu deilu, sem nú stendur yfir, og á það við þá samninga, sem nú hafa verið gerðir. Ég hef minnst á snilldina samfara lausn þjónadeilunnar. En þýðingarmiklir samningar voru gerðir við opinbera starfsmenn þar að auki. Þeir voru gerðir m. a. á grundvelli hækkunar olíuverðs, að því er sagt var, og þeir voru á þann veg, að um tiltölulega lítla kauphækkun var að ræða, ef miðað var við fyrri kröfur þessara sömu samtaka. Þá má og geta þess, að þessi samtök fylgdu í einu og öllu stefnumörkun Alþýðusambands Íslands varðandi mestu hækkun til láglaunafólks, sem jafnframt var stefna ríkisstj., en þessu fylgdi, að um væri að ræða skertar vísitölubætur á laun hinna hæstlaunuðu. Ég geri ráð fyrir því, vegna þess að öllu gamni fylgir nokkur alvara, að ef önnur stéttarfélög ættu að fylgja skoðunum opinberra starfsmanna og stórlækka kröfur sínar vegna olíuhækkunar til okkar frá Rússum, þá ættu meðlimir þeirra stéttarfélaga, sem kenndir eru við neyslu áfengis, að falla frá öllum sínum kröfum vegna hækkunar þess hjá hæstv. fjmrh. Ég vil benda á samningana, sem gerðir voru við flugfreyjur, sem fóru langt fram úr þeim samningum, sem gerðir voru við BSRB, enda þær að vísu allar í láglaunaaðstöðu. Þá hafa matsveinar gert þolanlega samninga, eins og flugfreyjur, þótt mér sé ekki kunnugt um breytingar á vísitölugreiðslu né grundvelli hennar í þeim.

Kem ég þá að síðustu samningunum, sem gerðir hafa verið, svokölluðum álsamningum. Í þeim er gert ráð fyrir meiri launahækkun en í öðrum kjarasamningum, sem ég hef minnst á. Auk þess er samningsbundið í þeim samningum, að engin breyting eigi að verða frá fyrri samningum í sambandi við vísitölugreiðslur, þannig að með þeim samningum er hrundið vilja ekki aðeins ríkisstj. Íslands, heldur og Alþýðusambandsins um það að skerða vísitölugreiðslur á laun þeirra, sem hærra launaðir eru.

Nú tel ég, að beint liggi við, sérstaklega þó eftir að ríkisstj. Íslands hefur tekið út úr Vinnuveitendasambandi Íslands ákveðin stórfyrirtæki, að ríkisstj. Íslands semji við þessi stórfyrirtæki, eins og Sementsverksmiðjuna, Áburðarverksmiðjuna og aðra aðila, sem falla undir sömu mörk og þeir, sem í Álverksmiðjunni vinna. En ég hafði ekki látið hæstv. forsrh.

Ég endurtek því tilmæli mín til hæstv. ríkisstj. um að láta málin til sín taka í miklu ríkara mæli en hún hefur gert fram að þessu.

Forsrh. (Ólafur Jóhannesson): Herra forseti. Það er að sjálfsögðu gott að heyra, að hv. síðasti ræðumaður ber traust til ríkisstj. og vill láta hana skerast meira í leikinn en gert hefur verið. En ég hélt samt sem áður, að höfuðstefna hans væri sú, að þeir aðilar, sem með þessi mál fara, aðilar vinnumarkaðarins, ættu fyrst og fremst að eigast þar við og hafa frjálsar hendur um samninga. En eins og hér hefur komið fram, hefur ekki í neinu efni staðið á ríkisstj. að þessu leyti til. Og ég spyr nú hv. síðasta ræðumann: Hefði hann talið það eitthvert þjóðráð að fara að skella fram einhverjum frv. um breyt. t. d. á tekjuskatti, án þess að nokkuð væri vitað um það, hvort verkalýðsstéttin eða þeir, sem standa í þessum samningum, vildu sætta sig við þær breyt. eða ekki? Auðvitað er því aðeins vit í því og auðvitað geta slíkar breyt. því aðeins greitt fyrir samningum, að þær séu gerðar í samráði við launþegasamtökin. Það er þetta, sem hefur verið leitað eftir, og það hefur enn ekki fengist svar frá þeim, þau hafa ekki hafnað hugmyndum, en þau hafa ekki heldur játað þeim hugmyndum, sem lagðar hafa verið fyrir þau, og hefur verið sett nefnd af beggja hálfu, ríkisvaldsins og launþegasamtakanna, til að athuga þetta. Þetta held ég, að séu réttir starfshættir, og ég held, að aðrir starfshættir stefndu til hins verra og gerðu ógagn, en ekki gagn.

Geir Hallgrímsson: Herra forseti. Ég dró ekki í efa, að ríkisstj. hefði lagt fram hugmynd um breyt. á kerfi beinna skatta, og mér er sagt, að þessi hugmynd, sem ríkisstj. bar fram fyrir hátíðar í vetur, hafi borið með sér till. um lækkun beinna skatta um 2500 millj. kr. En í staðinn vildi ríkisstj. fá leyfi til að hækka söluskattinn um 5 stig eða hækka óbeina skatta um nokkuð á 4 milljarð kr. Það er ekki von, að þessar till. hafi verið grundvöllur til lausnar yfirstandandi kjaradeilu, og launþegasamtökin munu lítt hafa undir slíkar till. tekið. En það, sem ég gagnrýni, er bæði að láta frá sér fara slíkar till., sem svo ólíklegar eru til lausnar kjaradeilunni, en ekki síður að hafa ekki haldið áfram viðræðum við launþegasamtökin og gengið úr skugga um það, sem hæstv. forsrh. réttilega sagði, að ætti að vera grundvöllur þess, að gagn yrði að slíkum till. frá ríkisstj. hálfu, að launþegasamtökin mundu meta slíkar till. einhvers. En alveg burtséð frá þessari kjaradeilu er vitað mál, að við búum við óviðunandi kerfi beinna skatta, og þegar af þeirri ástæðu bar ríkisstj. að bæta úr fyrri yfirsjónum, sem áttu sér stað með skattalöggjöfinni 1972, og endurbæta núv. skattakerfi.

Við sjálfstæðismenn höfum borið fram till. hér á Alþ. um breyt. á beinum sköttum, og ég vil skora á þá þn., sem hefur það frv. til meðferðar, að flýta afgreiðslu þess, um leið og ég tek undir þær áskoranir, sem hv. 7. þm. Reykv. bar fram, á ríkisstj. að flýta tillögugerð sinni í skattamálum og í húsnæðismálum, svo að aðilar vinnumarkaðarins viti, hvar þeir standa, en hvor tveggja þessi mál hafa launþegasamtökin sett á oddinn og talið sig skipta höfuðmáli að því er kjör snertir á næstunni.

Karvel Pálmason: Herra forseti. Það er nokkuð athyglisvert að mínu áliti, að hv. þm. Geir Hallgrímsson og Gylfi Þ. Gíslason, báðir fyrrv. forustumenn í viðreisnarflokkunum, skuli ganga fram fyrir skjöldu og krefjast þess, að núv. ríkisstj. taki upp sömu vinnubrögð gagnvart launþegasamtökunum og þeir flokkar viðhöfðu, sem stjórnuðu, meðan „viðreisn“ var við völd.

Það er rétt, sem hér var sagt af hæstv. forsrh., að það er eðlilegastur gangur mála, að launþegasamtökin annars vegar og vinnuveitendur hins vegar leysi mál sín án utanaðkomandi aðildar annarra. En ef til þess kemur, að ríkisvaldið þarf að grípa inn í samningagerð, þá verður það að gerast á eðlilegan hátt og á eðlilegum tíma. Það hefur ekki að mínu mati verið ástæða til þess enn sem komið er, að ríkisvaldið grípi inn í samningagerð hjá þessum aðilum í yfirstandandi deilu. — En að lokum þetta: Ég held, að hv. 2. þm. Reykv., núv. form. Sjálfstæðisfl., hefði átt að sleppa því að vera að minna hér á það frv. til breyt. á skattalöggjöfinni, sem þeir sjálfstæðismenn hafa lagt fram á Alþ. Það greiðir ekki götu fyrir samningum við launþegasamtökin, eins og það er úr garði gert. Það er óruggt mál.

Halldór Blöndal: Herra forseti. Það er nú með hálfum huga, að ég kveð mér hljóðs hér í hinu háa Alþ. eftir ræðu hæstv. forsrh., þar sem mér skilst, að það verði að tala í einhverjum sérstökum tón til þess að mega taka hér til máls um verkalýðsmál. En ég held ég hætti samt á það.

Ég vil segja það út af því, sem hv. síðasti ræðumaður sagði, að einhvern tíma hefði nú verið sú tíð hér á Alþ., að form. þess stjórnmálaflokks, sem hann tilheyrir, hefði ekki setið þegjandi undir umr. um verkalýðsmál og kjör almennings í landinu og hefði talið ástæðu til að spyrja um eitthvað í því efni. Ég held því, að hann ætti að huga að sínum eigin málum, áður en hann fer að hafa áhyggjur af okkur sjálfstæðismönnum í þessum efnum, sem höfum, síðan núv. ríkisstj. tók við völdum, verið eini stjórnmálaflokkurinn í landinu, sem hefur staðið með hinum vinnandi stéttum að nokkru marki.

Ég kvaddi mér nú hljóðs til þess að fagna þeim skilningi, sem kom fram hjá hæstv. forsrh. um, að það eigi ekki að gera breyt. á tekjuskattinum nema í samráði við vinnustéttirnar og atvinnurekendur, sem ekki var gert með síðustu skattalagabreytingu, og af því sýpur þjóðin seyðið nú með þeim drápsklyfjum, sem hið opinbera leggur á allt almennt launafólk í landinu. Það er í fyrsta skipti nú fyrir þessa kjarasamninga, sem allir launamenn eru sammála um, að grundvöllurinn að því, að það náist samkomulag, sem sé aðgengilegt, sé, að ríkistj. slaki á í sambandi við tekjuskattinn, og er áreiðanlega rétt sú gagnrýni, sem hér hefur komið fram, að í þessu efni hefur hæstv. fjmrh. ekki staðið sig nógu vel. Hann hefur ekki gert það. Ég sé,

að hann hlær. Hann er nú skapgóður maður og tekur því með léttlyndi, þegar rætt er hér um skattana, enda hefur hann breitt bak til að bera þá, en ég hygg, að lykilorðið núna sé: lækkaðir skattar. Það er lykilorðið.

Við sjáum, hvernig verðbólgan hefur farið með okkur. Það munar kannske ekki svo miklu, hvort launin hækka um 2 eða 3% meira eða minna einhver mánaðamótin. Aðalatriðið er að minnka drápsklyfjarnar, gefa fólkinu næði fyrir skattheimtuseðlunum og öllum pinklunum, sem verið er að leggja á almenna borgara í landinu. Þetta er aðalatriðið.

Svo vil ég að síðustu aðeins varpa þeirri fsp. til hæstv. fjmrh.: Er það stefna hans í sambandi við kjaramál opinberra starfsmanna, sem nú er að falla dómur um, — er það stefna ríkisstj., að það séu sömu laun fyrir sömu vinnu? Mun hæstv. fjmrh. beita sér fyrir því innan ríkiskerfisins, að menn fái sömu laun fyrir sömu vinnu? Svo hefur ekki verið, og það er tímabært, að þessi spurning komi fram.

Efri deild, 55. fundur.

Mánudaginn 11. febr., kl. 2 miðdegis.

Kosningar til Alþingis, frv. (þskj. 353). — 1. umr.

Forsrh. (Ólafur Jóhannesson): Herra forseti. Frv. það, sem hér liggur fyrir um breyt. á l. um kosningar til Alþingis, er flutt í framhaldi af þál. um endurskoðun l. um kosningar til Alþingis, sem samþ. var á síðasta þingi, 27. mars fyrra ár. Var þál. svo hljóðandi:

„Alþingi ályktar að fela ríkisstj. að leggja fyrir næsta þing till. til breytinga á kosningal. með það fyrir augum að auðvelda utankjörstaðaatkvæðagreiðslu."

Af grg. með þáltill. og einnig umr. um hana kom fram, að með till. var fyrst og fremst haft í huga að auðvelda þeim, sem erlendis dveljast, og var þá fyrst og fremst átt við íslenska námsmenn, að neyta kosningaréttar síns, en einnig að gera þeim, sem ekki geta vegna heilsubrests ferðast til kjörstjóra, kleift að neyta kosningaréttar.

Þær breytingar, sem í þessu frv. felast, miða að því að auðvelda þessum tveimur hópum manna að neyta kosningarréttar síns og það með þeim hætti, að heimilað er að fjölga kjörstöðum, þar sem kjósa má utan kjörfunda. Till. gera hins vegar ekki ráð fyrir, að nein breyting verði á sjálfri kosningaathöfninni.

Skv. 63. gr. l. um kosningar til Alþingis, eins og hún er nú, getur utankjörfundaratkvgr. farið fram í skrifstofu sýslumanns eða bæjarfógeta (í Rvík borgarfógeta), í skrifstofu sendiráðs eða útsends aðalræðismanns, útsends ræðismanns, eða vararæðismanns Íslands eða kjörræðismanns, sem er íslenskur ríkisborgari eða af íslensku þjóðerni og mælir á íslenska tungu, í skrifstofu eða á heimili hreppstjóra eða um borð í íslensku skipi í millilandasiglingum eða á fjarlægum miðum.

Svo sem fram kemur, er þeim, sem vill neyta kosningarréttar síns utan kjörfundar, ætlað að koma á fund kjörstjóra á tilteknum stað. Er þeim, sem ekki hafa tök á því að koma til fundar við kjörstjóra og ekki geta sótt kjörfund, því gert ómögulegt að neyta kosningarréttar síns. Þetta á fyrst og fremst við þá, sem vegna sjúkdóms, líkamlegrar bæklunar eða af öðrum ástæðum dvelja á sjúkrahúsum eða dvalarheimilum aldraðra, en að sjálfsögðu á það með sama hætti við þá, sem dvelja í heimahúsum, en eiga ekki heimangengt af sömu ástæðum.

Með frv. er lagt til, að heimilað verði að framkvæma utankjörfundarkosningu í sjúkrahúsum og dvalarheimilum aldraðra. Um skilgreiningu á því, hverjar stofnanir falla undir þessi heiti, vísast til l. um heilbrigðisþjónustu, nr. 56 1973, og l. um dvalarheimili aldraðra, nr. 28 1973, en skv. l. þessum má enginn setja á stofn eða reka slíkar stofnanir nema með leyfi ráðh. Eins og áður hefur komið fram, er gert ráð fyrir því, að í stofnunum þessum fari kosningaathöfnin að öllu leyti fram, með sama hætti og þegar kosningar fara fram í skrifstofum eða heimakjörstöðum. Gert er ráð fyrir því, að viðkomandi kjörstjóri: sýslumaður, bæjarfógeti, borgarfógeti eða hreppstjóri, ákveði í samráði við stjórn viðkomandi stofnunar, hvenær atkvgr. geti þar farið fram, en um þetta efni mundi dómsmrn. setja nánari reglur, þ. á m. um það, hvernig kunngera eigi kosningu í þessum stofnunum.

Það er ekki gert ráð fyrir því, að atkvgr. standi yfir í stofnunum þessum allan þann tíma, sem utankjörfundaratkvgr. almennt getur farið fram. Mundi sennilega að jafnaði ekki þörf á að halda kjörfund oftar en einu sinni í hverri stofnun. Skiptir það þó að sjálfsögðu máli, hversu stór stofnunin er, en um þetta mundi kjörstjóri hafa samráð við stjórn viðkomandi stofnunar.

Eins og ég drap á áðan, eru fleiri sjúkir eða eiga erfitt um ferð til kjörstjóra en þeir, sem dvelja í sjúkrahúsum eða dvalarheimilum aldraðra. Frv. gerir samt ekki ráð fyrir, að breytt verði ákvæðum um utankjörfundaratkvgr. þannig, að þeir, sem í heimahúsum dvelja af þessum ástæðum, geti neytt kosningarréttar síns þar. Miðað við hinar ströngu reglur um framkvæmd sjálfrar atkvgr. þykir ekki unnt að heimila utankjörfundaratkvgr. í heimahúsum. Slík heimild var að vísu sett í l. á sínum tíma, að því er varðaði atkvgr. um sambandsslit við Dani. Rétt er að taka fram í þessu sambandi, að í Noregi er að vísu heimilt að framkvæma utankjörfundaratkvgr. í heimahúsum. Hins vegar töldu Danir ekki fært að taka upp slíka heimild, er þeir fyrir nokkrum árum veittu heimild til atkvgr. í sjúkrahúsum og elliheimilum.

Íslendingum, sem dvelja erlendis við nám eða af öðrum ástæðum og eiga kosningarétt hér, hefur á undanförnum árum farið fjölgandi og verið mun dreifðari um lönd en áður var. Er þeim í mörgum tilvikum fyrirmunað að neyta kosningaréttar síns í reynd vegna mikillar fjarlægðar til næsta kjörstjóra, en miðað við gildandi lagaákvæði getur utankjörfundaratkvgr. nú farið fram á 19 stöðum erlendis, í 10 löndum. Það er í 9 íslenskum sendiráðum og hjá einum útsendum ræðismanni og að auki hjá 9 kjörræðismönnum, sem eru íslenskir ríkisborgarar eða af íslensku bergi brotnir og mæla á íslenska tungu.

Rétt er að taka fram, að vegna ákvæða svissneskrar löggjafar getur utankjörfundaratkvgr. ekki farið fram hjá fastafulltrúa Íslands hjá Fríverslunarsamtökum Evrópu í Genf.

Með þessu frv. er lagt til, að breytt verði ákvæðum um utankjörfundaratkvgr. hjá kjörræðismönnum. Er lagt til, að felld verði niður krafan um, að kjörræðismennirnir séu íslenskir ríkisborgarar eða af íslensku þjóðerni og mæli á íslenska tungu. Í þess stað verði utanrrn. falið að ákveða, hverjir kjörræðismenn skuli vera kjörstjórar, og ákvörðun þar um mundi utanrrn. auglýsa hverju sinni. Ber að hafa í huga í sambandi við þessa útvíkkun, að kjörræðismenn Íslands eru ólaunaðir starfsmenn og þeir hafa ekki viðveruskyldu í skrifstofu sinni gagnvart íslenskum stjórnvöldum. Af þessum ástæðum eru annmarkar á því, að utankjörfundaratkvgr. geti farið fram hjá þeim með sama hætti og í sendiráðum, þar sem eigi er skylt og eigi er unnt að skylda kjörræðismennina til að vera við á skrifstofum sínum allan þann tíma, sem utan-

kjörfundaratkvgr. má annars fara fram. Er lagt til, að utanrrn. hafi samráð við viðkomandi kjörræðismenn, auglýsi, hvenær atkvæðagreiðsla geti farið fram hjá þeim, en væntanlega mundi best henta, að slík atkvgr. færi fram t. d. á síðasta hálfum mánuði fyrir kjördag, e. t. v. þó eitthvað mismunandi eftir fjarlægð frá Íslandi. Með því að ræðismenn þessir skilja flestir hvorki íslenska tungu né mæla, mundi verða að útbúa kosningaleiðbeiningar fyrir þá á a. m. k. einu erlendu tungumáli, auk þess sem þýðing á texta fylgibréfa með kjörseðlinum þyrfti að fylgja. En þess er að vænta, að með þessari fjölgun kjörstaða erlendis megi leysa þau vandamál, sem upp hafa komið á undanförnum árum vegna erfiðleika þeirra, sem erlendis dvelja, á því að komast á kjörstað og neyta kosningarréttar síns vegna þess, hve langt þeir þurfa að ferðast, og vegna kostnaðar, sem af því leiðir.

Eins og ég tók fram í upphafi, er efni þessa frv. breyting á ákvæðum utankjörfundaratkvgr., eins og fyrir var mælt í þál. síðasta Alþingis. Felur frv. ekki í sér önnur ákvæði, sem nýnæmi er í, ef frá er skilið ákvæði 2. gr. frv., þ. e. 3. mgr. 63. gr. kosningalaganna, en þar er lagt til, að kjörstjórar hérlendis auglýsi, hvenær utankjörfundaratkvgr. geti farið fram, og fari slík auglýsing fram með þeim hætti á hverjum stað, sem venja er um opinberar auglýsingar. Ætti slík kynning á því, hvenær atkvgr. geti farið fram, að vera til hagræðis.

Með þessu frv., er sem sagt stefnt að því að auðvelda mönnum að neyta kosningaréttar síns utan kjörfundar, en án þess að sé slakað á þeim annars ströngu kröfum, sem gerðar eru í sambandi við utankjörfundaratkvgr., þannig að ekki sé stofnað til neinnar hættu og misnotkunar í því sambandi. Það er einmitt vegna þessarar mögulegu hættu, sem ekki hefur þótt fært að hverfa að því ráði að leyfa almennt utankjörfundaratkvgr. í heimahúsum. Þyrftu sérstakar öryggisráðstafanir að vera fyrir hendi í sambandi við slíkt og gæti e. t. v. gefið tilefni til tortryggni, sem hæpið væri að vekja upp.

Herra forseti. Að umr. þessari lokinni, leyfi ég mér að óska þess, að þessu frv. verði vísað til 2. umr. og hv. allshn.

Auður Auðuns: Herra forseti. Frv., sem hér liggur fyrir, er, eins og menn vita, flutt í framhaldi af þál., sem samþ. var á síðasta þingi, þar sem ríkisstj. var falið að leggja fram á þingi því, sem nú situr, frv. til l. um breyt. á kosningalögum til þess að auðvelda mönnum utankjörfundaratkvgr. Það frv. liggur nú hér fyrir.

Í umr. um þáltill. á síðasta þingi og grg., sem henni fylgdi, var rakinn nokkuð aðdragandi þessa máls, sem ég skal drepa á með nokkrum orðum.

Í maí 1970 ákvað þáv. dómsmrh., að hafin skyldi athugun á þeim atriðum í gildandi l. um kosningar til Alþingis, sem til álita kæmu við framkvæmd kosninga. Var ákveðið, að að þessari athugun skyldu standa fulltrúar frá dómsmrn., Hagstofu Íslands og Sambandi ísl. sveitarfélaga. Í júní það ár var svo 3 fulltrúum þessara aðila, sem ég áður nefndi, falið að starfa að þessari athugun. Í jan. 1971 setti n. fram í bréfi til dómsmrn. nokkrar ábendingar varðandi framkvæmd kosninga, þ. á m. atkvgr. utan kjörstaðar og kosningarréttarskilyrði. Þá var skammt til alþingiskosninga, eins og menn vita, og var tæpast og raunar alls ekki hægt að búast við því, að rækilega endurskoðun og breytingar á kosningal. hefði verið unnt að lögfesta á því þingi, sem þá sat. Má geta þess, að í þessum ábendingum, sem ég skal reyndar ekki rekja frekar, voru a. m. k. tvær varðandi atriði, sem hefði þurft stjórnarskrárbreytingu til þess að lögfesta. Hins vegar — ég leyfi mér að víkja að því hér — var upp komið vandamál, sem var brýn þörf að leysa. Þannig háttaði, að samningar um manntalsskráningu, sem Norðurlönd höfðu gert sín á milli, höfðu leitt til þess, að stór hópur, fyrst og fremst námsmanna og reyndar annarra Íslendinga, þ. á m. ýmissa, sem höfðu farið til starfa á hinum Norðurlöndunum, hafði fallið út af þjóðskrá og þar með út af kjörskrá. Voru snemma árs 1971 kvaddir til fulltrúar frá þingflokkunum til þess að ræða við n. sérstaklega um þetta vandamál, sem skapast hafði. Varð að samkomulagi, að þessir aðilar, sem þannig höfðu fallið út af þjóðskrá og alveg vafalaust flestir, ef ekki allir, gegn vilja sínum, skyldu teknir inn á kjörskrá eftir vissum reglum. Ég vil beina þeirri fsp. til hæstv. dómsmrh., hvort þetta vandamál varðandi skráninguna og þjóðskrána er enn fyrir hendi, og ef svo er, hvort þá muni vera ætlunin að leysa það með svipuðum hætti og gert var 1971.

Sú n., sem áður var um getið, var leyst frá störfum. Ég ætla, að það hafi verið eftir að fulltrúi Sambands ísl. sveitarfélaga óskaði að vera leystur frá störfum í n., sem ekki hafði þá verið kvödd til fundar frá því snemma á árinu 1971, og hann taldi, að hlutverki n. væri í rauninni lokið. Ætla ég, að þetta hafi verið einhvern tíma á árinu 1972, en hæstv. ráðh. veit það að sjálfsögðu betur en ég.

Í þeim ábendingum, sem komu frá n. á sínum tíma, var nokkuð fjallað um utankjörfundaratkvgr. og svo að sjálfsögðu um þetta vandamál, fólkið, sem hafði fallið út af þjóðskrá. Ég skal ekki rekja þær hugleiðingar, sem n. var með í þessu sambandi, en í janúarlok 1971 skrifaði utanrrn. dómsmrn. varðandi atkvgr. utankjörfundar erlendis og setti þar fram till. eða hugmyndir réttara sagt um, hvernig hugsanlegt væri að leysa það vandamál, sem við vitum að fyrir hendi er og hefur verið og hæstv. ráðh. drap á áðan. Í þessum hugleiðingum voru þær hugmyndir settar fram, að fyrirkomulagið gæti í stórum dráttum orðið þetta: Kjósandi, sem væri erlendis, óskaði eftir því við kjörstjórn með bréfi eða símskeyti, að hún sendi honum kjörgögn. Kjörstjórn athugaði, hvort viðkomandi aðili væri þá á kjörskrá, og væri svo, sendi hún honum kjörseðil í ábyrgðarpósti ásamt leiðbeiningum. Síðan útfyllti kjósandi kjörseðilinn, að sjálfsögðu í einrúmi, og færi með hann til íslensks ræðismanns, sem hann ætti auðveldast með að komast til, og sannaði með vegabréfi sínu eða á annan hátt, hver hann væri, og undirritaði viðfest blað, þar sem hann lýsti

því yfir, að hann gæti vegna fjarveru ekki sótt kjörfund á sínum kjörstað, og legði við drengskap sinn, að hann hefði þvingunarlaust og aðstoðarlaust og í einrúmi útfyllt kjörseðilinn og límt hann aftur. Síðan staðfesti ræðismaður sá, sem um væri að ræða, með undirskrift sinni, að þessi kjósandi hafi hjá honum skilað atkvæðaseðlinum og fullnægt þeim skilyrðum, sem ræðismanninum væru áður gerð kunnug, og síðan ætti að sjálfsögðu kjósandinn sjálfur að koma kjörseðli sínum til skila.

Ég minnist nú aðeins á þetta, áður en málið fer til n. Ég minnist þess, að bæði í umr. og í samtölum manna utan umræðna, þegar þáltill. var í fyrra á ferðinni hér í þinginu, þótti ýmsum þessar hugmyndir utanrrn. athyglisverðar. En ég sé nú, að það hefur a. m. k. að svo stöddu ekki þótt unnt að taka þær upp í frv.

Eins og fram hefur komið, eru kjörræðismenn ólaunaðir og þarf eiginlega undir högg að sækja við þá og undir þeim komið, hvenær og hvort atkvgr. geti farið fram hjá þeim.

Mig langar líka til að spyrja hæstv. ráðh., hvernig ætlunin sé að standa að undirbúningi atkvgr. á þann veg, sem frv. gerir ráð fyrir, — ég þykist vita, að það mál hafi verið rætt við utanrrn., — hvort það sé ætlunin að skrifa öllum kjörræðismönnum Íslands og kynna þeim reglurnar og þá að sjálfsögðu innan ákveðins frests að fá að vita svör þeirra. Þetta sýnist kannske vera fullþungt í vöfum.

Ég skal ekki hafa þessi orð öllu fleiri. Það er liðið alllangt, um það bil 3 ár, síðan n. sat á rökstólum og samdi ábendingar sínar og setti fram hugleiðingar sínar. Ég held, að sumar af þeim ábendingum hafi verið býsna athyglisverðar og hafi verið ástæða til að kanna nánar, hvort ekki væri rétt að taka þær til greina og breyta kosningalögunum í þeim anda, sem þar kom fram. Þetta frv. er, eins og hæstv. ráðh. sagði og kemur fram í því, eingöngu bundið við það, sem í þál. fólst, þ. e. a. s. utankjörfundaratkvgr. Ég tel, að við samþykkt hennar á þinginu í fyrra hafi ekki komið fram sú skoðun, að ekki væri ástæða til að endurskoða fleiri atriði kosningalaganna. Mig langar til að spyrja hæstv. ráðh., hvort í hans rn. kunni e. t. v. að vera unnið að frekari endurskoðun kosningalaganna. Ég þykist vita, að ef til kemur, ef uppi eru hugmyndir um einhverjar breytingar, sem nokkru skipta á þeim l., muni verða kvaddir til fulltrúar allra stjórnmálaflokka. Að sjálfsögðu ber að stefna að því, að breytingar á kosningal. fái sem almennast fylgi í þinginu.

Ég hef þá lokið máli mínu. Ég vildi aðeins drepa á þessi atriði og bera fram þessar fsp., sem ég áðan drap á. Málið fer svo til n., þar sem að sjálfsögðu verður athugað gaumgæfilega, hvort ástæða sé til að gera einhverjar breytingar á frv., eins og það liggur nú fyrir.

Oddur Ólafsson: Herra forseti. Ég fagna því, að þetta frv. er fram komið. Mér eru ljósir þeir örðugleikar, sem hafa á því verið, að vissir hópar kjósenda gætu neytt kosningarréttar. Ég hef átt við það vandamál að stríða á starfsævi minni og held, að þetta geti orðið stórt skref í þá átt að létta þá örðugleika, sem fyrir eru. Hins vegar kem ég hingað vegna þess, að mér finnst vanta eitt orð í þetta frv. Það eru a. m. k. um 200—300 manns, sem eru hér á stofnunum, sem hvorki heyra undir sjúkrahús né dvalarheimili aldraðra. Þetta eru þeir, sem búa á öryrkjaheimilum, þeir, sem búa á blindraheimilinu og jafnvel ýmsum smærri stofnunum úti um land. Nú veit ég, að það er ekki viljandi, að þetta er gert, en álít, að það gæti valdið erfiðleikum, ef þetta yrði ekki tekið inn í frv. Ég mun þess vegna bera fram þá brtt., að 2. málsgr. 2. gr. frv. breytist þannig, að á milli orðanna „sjúkrahúsi eða dvalarheimili aldraðra“ komi: öryrkjastofnun, þannig að hún hljóði þannig: „Kjörstjóra samkv. a- og b-lið 1. mgr. 13. gr. er enn fremur heimilt að láta kosningu fara fram á sjúkrahúsi, öryrkjastofnun eða dvalarheimili aldraðra, enda sé kjósandi sjúklingur eða vistmaður á stofnuninni.“ Ég er viss um, að þetta mun ekki mæta andstöðu, en mundi kveða á um, að fólk, sem þar dvelur, mundi einnig heyra undir þessi fríðindi.

Menntmrh. (Magnús T. Ólafsson): Herra forseti. Ég taldi rétt að leggja hér örfá orð í belg, vegna þess að ég get skýrt hv. deild frá, hvar á vegi er stödd framkvæmd eins þeirra atriða, sem hv. 6. þm. Reykv. drap á, sem sé vandamál þess fólks, sem fallið hefur út af kjörskrá, vegna þess að það hefur flutt af einhverjum ástæðum aðsetur til Norðurlanda.

Þetta mál hefur verið tekið upp af Hagstofu Íslands sem skráningarmál og athugað, að hve miklu leyti hægt væri að fyrirbyggja, að menn misstu kosningarrétt sinn af þessum ástæðum með samkomulagi milli Hagstofunnar annars vegar og skráningarstofnana á öðrum Norðurlöndum hins vegar. Í síðustu viku beindi hagstofustjóri til mín uppkasti að samkomulagi milli þessara skráningaraðila, þar sem hann telur, að gengið sé eins langt og unnt er til að afstýra því, að menn missi á þennan hátt kosningarrétt, án þess þó að grafa í nokkru undan skráningarframkvæmdinni. Ég fyrir mitt leyti hef yfirfarið þetta uppkast og tjáð samþykki mitt við því og geri mér vonir um, að það fyrirkomulag, sem þar er gerð till. um, komi til framkvæmda í tæka tíð fyrir bæjar- og sveitarstjórnarkosningar á vori komanda. Því miður hef ég ekki við höndina það plagg, sem felur í sér þetta uppkast að samkomulagi, en eftir minni get ég skýrt frá því, að þar er um að ræða fyrst og fremst tvo flokka, sem hingað til hafa verið taldir flytja búferlum, er þeir fluttu aðsetur sitt milli Norðurlanda, en hér eftir yrði ekki talið um búferlaflutning að ræða hvað þá snertir. Þetta eru þeir, sem eru við nám eða starfsþjálfun annars vegar, og hins vegar framfærendur, sem skilja skyldulið sitt eftir í landinu, sem þeir flytja frá og sýnt er, að hyggjast flytja aftur til sama lands.

Forsrh. (Ólafur Jóhannesson): Herra forseti. Eins og ég gat um í frumræðu minni, er þetta frv. einskorðað við þau atriði, sem um var fjallað í þáltill. Þar með er auðvitað ekki sagt,

að það séu ekki ýmis fleiri atriði í kosningalögum, sem kunna að þurfa skoðunar við og breytinga. En það var talið rétt að fullnægja aðeins þeirri viljayfirlýsingu, sem fram kom af hálfu Alþingis í fyrra um að athuga þessi atriði sérstaklega, og við það er frv. miðað.

Ég get ekki sagt, að það fari sem stendur fram nein frekari endurskoðun á kosningalögunum á vegum dómsmrn. Þetta frv., sem hér liggur fyrir, er samið af dómsmrn. og á þess ábyrgð, þó að vitaskuld hafi verið höfð hliðsjón af því, eftir því sem við átti, sem fram hafði komið við þá athugun, sem fram hafði farið á kosningalögunum og hér var gerð grein fyrir. Hefur að sjálfsögðu verið haft óformlegt samband við þá aðila, sem stóðu að þeirri endurskoðun, a. m. k. suma hverja og þ. á m. utanrrn., sem þetta mál snertir mjög.

Það er rétt, að ekki hefur verið horfið að því ráði í þessu frv. að fara inn á það að leyfa atkvgr. þannig, að hlutaðeigendur fengju póstsend kjörgögn og gætu svo kosið — að vísu hjá ræðismanni — og sent þau aftur í pósti. Það má sjálfsagt athuga það, og er sjálfsagt, að sú n., sem fær þetta frv. til meðferðar, athugi það og þá ekki hvað síst í samráði við utanrrn. og dómsmrn. Ég fyrir mitt leyti er hálfsmeykur við að hafa þann hátt á. Ég held, að sæmilega sé komið á móts við þá þörf, sem er fyrir hendi, með þeirri skipan, sem hér er fyrirhuguð. Ég held, að það sé erfitt að koma í veg fyrir, að í sambandi við slíka frjálslega meðferð geti stungið upp kollinum tortryggni og grunsemdir, sem betra væri að geta komist hjá.

Um það, hjá hve mörgum ræðismönnum yrði leyfilegt að kjósa, er það að segja, að ekki hefur verið tekin nein ákvörðun um það enn. Þar mun koma til greina ákvörðun utanrrn., sem mundi þá sjálfsagt miða ákvörðun sína bæði við það, hvernig kjörræðismenn væru settir gagnvart sendiráðum og öðrum þeim stofnunum, þar sem hægt er að kjósa, hvort það væri álitin þörf á því, e. t. v. líka við það, hvort væri álitin þörf á því í því landi, þar sem þeir eru, vegna þess að það væri gert ráð fyrir, að þar væri margt Íslendinga, og fleiri atriði geta komið þarna til athugunar. Það yrði sem sagt nánar athugað um framkvæmdina. Auðvitað gæti n., sem fær málið til meðferðar, kynnt sér sjónarmið utanrrn. í þessu efni og hvernig undirbúningi undir kosninguna yrði hagað hjá kjörræðismönnum. Um það kom nokkuð fram í því, sem ég sagði áðan, sem sagt, að þeir fengju gögn í hendur og nauðsynlegar þýðingar, þannig, að þeir skildu það, sem þarna væri um að ræða.

Athugasemd hv. þm. Odds Ólafssonar viðvíkjandi því, að þarna hefðu fallið niður stofnanir eins og öryrkjaheimili, sem væri vafasamt, að gætu komist undir upptalninguna þarna, þegar talað var um elliheimili, er auðvitað sjálfsagt að taka til skoðunar, og mun n. auðvitað gera það.

Spurningu um þjóðskrána og hvernig því væri háttað hefur hæstv. menntmrh. svarað, og þarf ég ekki að endurtaka það. Ég er ekki heldur vel kunnugur því, hvernig samkomulagsreglur eru um það á milli Norðurlandanna. Mér finnst þó liggja í augum uppi, að þar hljóti að gilda það grundvallarsjónarmið, að efnisreglurnar eigi að ganga á undan og menn eigi að halda kosningarrétti samkvæmt íslenskum lögum, hvað sem allri skráningu líður og þrátt fyrir þessar samkomulagsreglur um skráningu á Norðurlöndunum. Þetta er, eins og við vitum, eitt af þeim málum, sem rætt er nú um og verður rætt um á fundi Norðurlandaráðs. Það er einmitt þessi sameiginlegi eða gagnkvæmi kostningarréttur í sveitarstjórnarkosningum, sem mjög er fjallað um núna, og virðist a. m. k. benda til þess, að það sé mikill fjöldi manna, sem stunda atvinnu í einhverju Norðurlandanna, en er þó ekki skráður þar, þannig að hann komist að kjörskrá. Ég skal ekki hafa fleiri orð um það.

Ég tel sjálfsagt, að n. geti fengið þau gögn, sem kunna að liggja í dómsmrn. varðandi þessi mál, og sjálfsagt að veita henni þær upplýsingar.

Auður Auðuns: Herra forseti. Ég þakka hæstv. ráðherra svör hans. Það kom fram, að í rn. er ekki, ef ég hef skilið rétt, unnið að frekari endurskoðun kosningalaganna. Ég vil nú beina því til hæstv. ráðherra, hvort ekki væri ástæða til að taka til gaumgæfilegrar athugunar og með góðum fyrirvara þær ábendingar, sem komu fram á sínum tíma hjá kosningalaganefndinni, og kanna, hvort ekki væru fleiri atriði, sem eðlilegt væri að athuga til breyt. á lögum.

Varðandi þær upplýsingar, sem hæstv. menntmrh. gaf, heyri ég, að ætlunin er, að framkvæmdin verði í samræmi við það, sem ákveðið var vorið 1971 um námsmenn og framfærendur, sem dveljast á hinum Norðurlöndunum. Það væri kannske ástæða til að spyrja, hvort þetta þýddi, að þetta fólk yrði tekið inn á þjóðskrá. Það var síðast tekið inn á kjörskrá, en ekki þjóðskrá, að ég ætla. En það, að það féll út af þjóðskrá, þó að það komi ekki kosningalögunum beinlínis við, leiddi um skeið til mikilla vandamála fyrir þetta fólk í sambandi við skattlagningu, álagningu opinberra gjalda, þar sem það var skattlagt eftir öðrum reglum en gilda um fólk búsett í landinu og kom harðar niður á því þar af leiðandi. Ég ætla, að þetta hafi reyndar verið leiðrétt nú, eftir að það hafði lengi þvælst á milli manna, hvernig leiðrétt yrði.

Menntmrh. (Magnús T. Ólafsson): Herra forseti. Aðeins örfá orð vegna fyrirspurnar hv. 6. þm. Reykv. um skráningarmálið. Mergurinn málsins er sá, að það, sem leiddi til missis kosningarréttar hjá nokkrum hópi, var fall út af þjóðskrá vegna þess, að aðsetursskipti voru talin fela í sér búferli. Þær ráðstafanir, sem fyrirhugaðar eru að frumkvæði Hagstofunnar, fela það í sér, að aðsetursskipti, sem nánar eru skilgreind með erindaskiptum milli skráningaraðilanna hér á landi og á öðrum Norðurlöndum, skulu ekki teljast búferli og því ekki hafa í för með sér brottfall af þjóðskrá hvað Íslendinga varðar, og þess vegna ekki missi réttinda eða aðstöðu, sem af því hlaust.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 12 shlj. atkv. og til allshn. með 12 shlj. atkv.

Neðri deild, 60. fundur.

Mánudaginn 11. febr., kl. 2 miðdegis.

Varamenn taka þingsæti.

Forseti (Gils Guðmundsson): Mér hefur borist svo hljóðandi bréf:

„Reykjavík, 7. febr. 1974.

Þar sem ég vegna sérstakra anna heima fyrir mun ekki geta sótt þingfundi á næstunni, leyfi ég mér að biðja um fjarvistarleyfi og með skírskotun til 138. gr. l. um kosningar til Alþingis að óska þess, að 1. varamaður landsk. þm. SF, Halldór S. Magnússon viðskiptafræðingur, taki sæti á Alþingi í fjarveru minni.

Karvel Pálmason,
7. landsk. þm.“

Halldór S. Magnússon hefur áður átt sæti hér á þessu kjörtímabili, og býð ég hann velkominn til starfa.

Þá hefur mér borist svo hljóðandi bréf:

„Reykjavík, 7. febr. 1974.

Þar sem ég er á förum til útlanda í opinberum erindum og mun því ekki geta sótt þingfundi á næstunni, leyfi ég mér að biðja um fjarvistarleysi og með skírskotun til 138. gr. l. um kosningar til Alþingis að óska þess, að 2. varamaður Alþb. í Reykjavík, Sigurður Magnússon rafvélavirki, taki sæti á Alþ. í fjarveru minni.

Magnús Kjartansson,
3. þm. Reykv.“

Sigurður Magnússon rafvélavirki hefur einnig setið á Alþ. á þessu kjörtímabili, og býð ég hann velkominn til starfa.

Loks hefur mér borist svo hljóðandi bréf:

„Reykjavík, 11. febr. 1974.

Samkv. beiðni Matthíasar Bjarnasonar, 2. þm. Vestf., sem nú er sjúkur, leyfi ég mér með skírskotun til 138. gr. l. um kosningar til Alþingis að óska þess, að 1. varamaður Sjálfstfl. í Vestf., Ásberg Sigurðsson borgarfógeti, taki sæti á Alþ. í forföllum hans.

F. h. þingflokks Sjálfstfl.,
Gunnar Thoroddsen.“

Sama máli gildir um Ásberg Sigurðsson borgarfógeta og þá varamenn, sem áður er greint frá, að hann hefur átt sæti hér á Alþ. á þessu kjörtímabili, og býð ég hann einnig velkominn til starfa.

Eftirlaun starfsmanna stjórnmálaflokkanna, frv. (þskj. 334). — 1. umr.

Flm. (Sverrir Hermannsson): Herra forseti. Á þskj. 334 flytjum við sex saman frv. til l. um eftirlaun starfsmanna stjórnmálaflokkanna. Þetta mál á sér alllangan aðdraganda. Það mun hafa verið í kringum 1970, sem starfsmenn stjórnmálaflokkanna hófust handa að marki um að ná þessum sjálfsögðu réttindum sér til handa. Þetta mál rak á fjörur þingflokkanna haustið 1971, og var af hálfu þeirra valinn einn maður frá hverjum flokki til að vinna að þessu máli. Þess vegna er það, að samkomulag varð um það þegar í stað, að sjálfsagt væri, rétt og skylt, að þessir starfsmenn hlytu þessi réttindi, og fyrir því er hér í frv. gert ráð fyrir því, að þeir njóti þessara réttinda aftur í tímann frá árinu 1971.

Framhald málsins var síðan það, að hæstv. fjmrh. skipaði þriggja manna n. til að vinna að undirbúningi málsins, því að menn voru ekki á eitt sáttir um, með hvaða hætti skyldi að því staðið. Formaður þeirrar n. var skipaður Jón Erlingur Þorláksson tryggingafræðingur, og auk mín átti sæti í n. hæstv. núv. samgrh. Þessi n. skilaði af sér störfum, þegar mjög var liðið á þingtíma í fyrra, og var sammála um að flytja frv. til l. um eftirlaun starfsmanna stjórnmálaflokkanna, sem þetta frv., sem nú er endurflutt, er í nákvæmu samræmi við. En þetta mál kom svo seint fyrir hér á Alþ., að ekki vannst tími til að afgreiða það. Það hafði að vísu verið afgreitt úr Nd. Það var hér flutt af hv. fjh.- og viðskn. Einnig kom það til, að menn vildu fá rýmri umhugsunartíma og fá tækifæri til þess að skoða þetta mál betur en þá þegar var orðið.

Á s. l. hausti komu fulltrúar allra þingflokkanna saman til að ræða þetta mál á nýjan leik og urðu sammála um það allir sem einn að flytja þetta frv. óbreytt frá því, sem það hafði verið lagt fyrir hið háa Alþ. á s. l. vori.

Sú hugmynd kom fram í upphafi athugunar þessa máls, að eðlilegt væri, að starfsmenn stjórnmálaflokkanna ættu aðild að eftirlaunasjóði þm. Að vel athuguðu máli varð þó ofan á að hafa ekki þann hátt á. Menn voru hins vegar sammála um, að starf þeirra væri í eðli sínu það líkt starfi þm., óöryggi þess álíka mikið, að ástæða væri til að þeir fengju sem næst sambærileg kjör við það, sem þm. njóta, og má segja, að þetta frv. feli í sér nokkurn veginn þau kjör, sem þm. njóta samkv. l. um þeirra eftirlaunasjóð. Viðmiðunin, launaviðmiðunin sjálf er valin með vísun til launaskala hjá opinberum starfsmönnum, og það er gert með tilliti til þess, að þau laun, sem starfsmenn stjórnmálaflokkanna þiggja, eru oft og tíðum frá fleiri aðilum en stjórnmálaflokkunum sjálfum, sem gjarnan vilja spara sér fé með því að láta starfsmenn sína njóta einhverrar ígripavinnu á öðrum vettvangi, sem kemur til af því, að stjórnmálaflokkarnir eiga yfirleitt við þröngan fjárhag að búa. Ég legg áherslu á, að þau kjör, sem hér er gert ráð fyrir til handa starfsmönnum stjórnmálaflokkanna, eru sambærileg við það, sem alþm. njóta, af þeirri ástæðu, að telja verður, að starf þeirra eða öryggisleysi þeirra í starfi sé mjög álíka, en á þeim grundvelli eru þau kjör hjá alþm. reist, að þau ná nokkuð miklum lífeyrisréttindum eftir skamman tíma. Það tekur þá skamman tíma og skemmri tíma en yfirleitt er í reglum um lífeyrissjóði að ná verulega bitastæðum eftirlaunum.

Ég sé ekki ástæðu til, þar sem sams konar

frv. hefur áður verið hér til umr., að fara fleiri orðum um þetta, en legg til, herra forseti, að málinu verði vísað til 2. umr. og hv. fjh.- og viðskn.

Fjmrh. (Halldór E. Sigurðsson): Herra forseti. Þetta mál hefur verið til meðferðar hjá fjmrn. og þingflokkunum. Sumarið 1972 fékk ég Jón Erling Þorláksson tryggingafræðing, til þess að gera drög að frv. um þetta efni, sem var líkt því, sem starfsmenn félaga eins og Bandalags starfsmanna ríkis og bæja og fleiri aðila hafa fengið í sambandi við sín lífeyrisréttindi.

Það kom fram í umr. á milli mín og formanna þingflokka stjórnmálaflokkanna í fyrra, þegar þetta mál var þá til meðferðar, að hv. þm. vildu athuga betur, hvort ætti að fara inn á þá braut, sem þar var lagt til, sem er ný braut og er miðuð eingöngu við þm., sem eru kosnir til takmarkaðs tíma, en ekki með ráðningu. Nú hef ég löngun til þess að láta gera eina tilraun enn og hef beðið deildarstjórann í launadeildinni, sem hefur fjallað um þetta mál af hálfu ríkisvaldsins, að fara á fund formanna þingflokkanna og leita eftir því einu sinni enn, hvort ekki væri hægt að fá sameiginlega niðurstöðu um málið, og vil biðja hv. fjh.- og viðskn., sem fær þetta mál til meðferðar, að fara sér hægt, meðan verið er að athuga það. Frá þessu vildi ég segja nú, því að ég held, að heppilegasta leiðin væri, að þetta væri nokkuð svipað hjá starfsmönnum þessara félagssamtaka og öðrum félagssamtökum í landinu.

Ég skal svo ekki fara að ræða þetta mál frekar, en vil reyna að gera eina tilraun enn til að ná sameiginlegri niðurstöðu í málinu.

Bjarni Guðnason: Herra forseti. Ég er einn af meðflm. þessa frv. Engu að síður vil ég leyfa mér að tjá þingheimi, að það er ekki án nokkurs fyrirvara, sem mér þykir nauðsynlegt, að komi fram strax í upphafi umr. um þetta mál. Mér er fyllilega ljóst, að það er sanngirnismál, að starfsmenn stjórnmálaflokkanna fái eftirlaun eins og hliðstæðir starfsmenn annarra félagshreyfinga í þjóðfélaginu, og það er af þeirri nauðsyn og þeirri sanngirni, sem ég hef gerst meðflm. Hins vegar er fyrirvari minn bundinn við það, hvernig búið er um hnútana í frv., þ. e. a. s. gert ráð fyrir því, að þessir starfsmenn fái svipuð lífeyrissjóðsréttindi og þm.

Ég vil leyfa mér að taka undir það, sem hæstv. fjmrh. sagði um þetta mál, að það væri rétt að fara sér hægt í þessu efni. Mín skoðun er sú, að það eigi að veita þessum starfsmönnum réttindi, sem er rétt og skylt, en alls ekki forréttindi, og mér virðist, að felast kunni í þessu frv. nokkuð, sem kalla mætti forréttindi umfram sambærilega starfsmenn við aðrar félagshreyfingar í landinu, þannig að viðhorf mitt er nú það, að eðlilegast væri, að þessir starfsmenn stjórnmálaflokkanna fengju svipuð lífeyrissjóðsréttindi og opinberir starfsmenn, sem hafa sambærileg launakjör, og taki því eftirlaun úr almennum lífeyrissjóði opinberra starfsmanna, en ekki verði mynduð sérdeild fyrir þessa örfáu starfsmenn.

Þetta er það, sem ég vildi segja hér í upphafi. Mér virðist af máli hæstv. fjmrh., að það sé fullkomin ástæða til fyrir hv. þn., sem fær frv. til athugunar, að kanna þetta mál frekar. Vænti ég þess, að það fáist fyllri samstaða um þetta mál, því að þessir starfsmenn, eins og ég segi, eiga að hafa full réttindi, en engin forréttindi.

Flm. (Sverrir Hermannsson): Herra forseti. Hv. 3. landsk. beindi því til hv. d. að fara sér hægt í þessum efnum. Ég vil í því sambandi aðeins minna á, að þetta mál er þaulrætt. Það er búið að vera til meðferðar meira og minna hér í þinginu og hjá þingflokkum síðan haustið 1971. Það hefur verið reynt til þrautar að finna leið, sem menn gætu sameinast um, og ég hefði haldið, að hún hefði fundist með þessu frv., líka með tilliti til þess, að hér eru menn úr öllum flokkum og meira að segja heill þingflokkur, sem flytja þetta frv.

Ég hef auðvitað ekkert á móti því, að hv. fjh.- og viðskn. athugi málið og skoði þann möguleika, sem kann að vera í boði vegna aðgerða hæstv. fjmrh. Ég hef þó enga trú á því, að það leiði til frekara samkomulags. Hér er ekki verið að veita þessum mönnum nein forréttindi. Það er verið að veita þeim réttindi, sem nálgast þau, sem hv. alþm. hafa sjálfir. Ég veit ekki, hvort það eigi að kallast sérstök forréttindi. En það er gert með vísan til þess, að þessir menn eru ákaflega líkt í sveit settir um starfsöryggi og t. d. alþm. Það er fjarri því, að starfsmenn stjórnmálaflokkanna hafi neitt sambærilegt starfsöryggi við það, sem gerist hjá opinberum starfsmönnum. Því fer víðs fjarri, eins og menn geta séð í hendi sinni, ef þeir hugsa málið, sem þeir ættu nú að vera búnir að, því að þetta mál hefur verið, eins og ég segi, til umr. meira og minna nú á þriðja ár.

Ég treysti því, að þetta mál fái sem skjótastan framgang. Þetta mál hafði verið afgreitt út úr þessari hv. d. án nokkurra aths. í fyrra og var komið að lokaafgreiðslu í Ed., þegar mönnum þótti sem það þyrfti aðeins betri athugunar við. Það hefur af öllum fulltrúum úr þingflokkunum verið grandskoðað, og þeir voru á einu máli um það á fundi í haust, að þetta væri sú eina færa leið, sem þeir töldu, að í boði væri. Og ég er alveg sannfærður um, að þeir eru ekki svo sambandslausir við formenn sinna þingflokka, að þeir hefðu lagt þetta eindregið til málanna, nema af því að þeir vissu, að um þetta var full samstaða og einnig innan þingflokkanna sjálfra. Þess vegna á ég ekki von á því, að enda þótt einhverjir embættismenn ofan úr rn. komi og ræði við formenn þingflokkanna, breyti það einu eða neinu í þessu efni.

Ég endurtek þá áherslu, sem ég legg á það, að við þæfum þetta mál ekki lengur en orðið er og það fái sem skjótastan framgang, því að það er sanngirnismál. Hér er ekki verið að veita nein forréttindi, heldur einvörðungu verið að veita þessum mönnum réttindi nokkuð svipuð og þau réttndi eru, sem við njótum sjálfir.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 31 shlj. atkv. og til fjh.- og viðskn. með 30 shlj. atkv.

Sjálfskuldarábyrgð á lánum til kaupa á fiskiskipum og ferjuskipi, frv. (þskj. 198, n. 351, 352). — Frh. 2. umr.

Guðlaugur Gíslason: Herra forseti. Ég vil leyfa mér að þakka formanni fjh.- og viðskn. fyrir þá till., sem hann flytur á þskj. 352 um heimild til handa ríkisstj. að veita sjálfskuldarábyrgð fyrir allt að 80% af kaupverði væntanlegs Vestmannaeyjaskips. Ég vil einnig þakka þeim nm. fjh.- og viðskn., sem þessa till. styðja, eins og fram kemur í nál. á þskj. 351.

Ég skal taka fram í þessu sambandi, að till. á þskj. 352 um ábyrgð vegna Vestmannaeyjaskips er fram komin vegna tilmæla minna og annarra flm. þeirrar till., sem flutt var á þinginu í haust um byggingu Vestmannaeyjaskips. Þessi tilmæli eru fram komin til hæstv. ríkisstj. og fjh.- og viðskn. vegna þess, að sú breyting hefur orðið á í þessum málum, að síðan till. um byggingu Vestmannaeyjaskips var flutt hefur það skeð, að ráðamenn Vestmannaeyjakaupstaðar ásamt fleiri aðilum þar hafa ákveðið að stofna til félagsskapar um kaup og rekstur á skipi til ferða á milli Vestmannaeyja og meginlandsins. Þetta er í grundvallaratriðum breyting frá því, sem áður var gert ráð fyrir og fram kemur í till. okkar þm. Sunnl., þar sem gert er ráð fyrir, að ríkisstj. ákveði að láta byggja skip til þessara ferða, og þá var að sjálfsögðu einnig gert ráð fyrir því, að þar yrði um ríkisrekið skip að ræða. Ég vil láta þetta koma fram hér vegna þess, að á það var bent hér í umr. áður, að eðlilegust afgreiðsla þessa máls væri sú að afgreiða till., sem nú liggur fyrir fjvn. En ég tel, að ef till. sú, sem hér liggur fyrir frá formanni fjh.- og viðskn., verður samþ., sé úr sögunni sú till., sem er á þskj. 26 og var í haust vísað til fjvn.

Það, sem nú liggur fyrir, er það, hvort hv. Alþ. vill heimila ríkisstj. að veita nauðsynlega ríkisábyrgð gegn mótframlagi frá aðilum í Vestmannaeyjum og gegn þeim skilyrðum, sem hún kann að setja fyrir slíkri ábyrgð. Það hefur verið á það bent hér í umr., að það væri mikið í ráðist af Vestmanneyingum að ætla að fara í byggingu á nýju skipi til þessara ferða. Er það út af fyrir sig alveg rétt, að hér er um allfjárfrekt fyrirtæki að ræða. En menn heima í Eyjum eru almennt sammála um það, að fram hjá þessu verði ekki komist. Það viðurkenna allir, að það skip, sem annast hefur ferðir milli Vestmannaeyja og meginlandsins, Herjólfur, dugði mjög vel fyrstu árin, sem hann var þar í förum. Hann hefur í alla staði reynst mjög traust og gott skip. En aðstæður allar hafa breyst, síðan Herjólfur var smíðaður árið 1959 eða fyrir tæpum 15 árum. Aðstæður hafa breyst þannig, að hann getur ekki lengur náð þeim tilgangi eða uppfyllt þær kröfur, sem verður að gera til þess skips, sem annast ferðir milli Vestmannaeyja og meginlandsins. Ég hygg, að ég hafi áður gert grein fyrir þeim breytingum, sem á hafa orðið og geri það að okkar dómi alveg nauðsynlegt að ráðist verði í byggingu á nýju og sérbyggðu skipi.

Í áliti þeirrar n., sem Alþ. skipaði árið 1972 til að athuga og gera till. um samgöngumál Vestmannaeyja, kom fram og var samdóma álit fjögurra nm. af fimm, að nauðsynlegt væri að hefjast handa um byggingu á nýju skipi til Vestmannaeyjaferða, þannig að þar yrði að vera um sérbyggt skip að ræða.

Bílaeign Vestmanneyinga hefur margfaldast, síðan Herjólfur var byggður 1959, og er ekki nema eðlilegt, að fólk, sem býr í Vestmannaeyjum, vilji eiga þess kost, að komast með eins hægu móti og við verður komið í samband við þjóðvegakerfi landsins. Hins vegar hefur það sýnt sig, og ég hygg, að það sé öllum ljóst, sem nokkuð þekkja til þessara mála, að bílaflutningur getur aldrei átt sér stað í nokkrum mæli, nema um sé að ræða, að hægt sé að flytja bílana neðan dekks, ekki á þilfari. Og hann getur aldrei farið fram með góðu móti, nema um verði að ræða sérbyggð skip, þar sem hægt er að aka bílunum út og inn úr skipunum. Reynslan hefur sýnt, að það að taka bílana eftir venjulegri leið, hífa þá um borð og raða þeim síðan á dekk skipanna, hefur valdið stórkostlegu tjóni, svo sem eðlilegt er, oft á tíðum, auk þess sem bílar fara mjög illa á því að verða fyrir alls konar volki og sjógangi, meðan á ferðinni stendur.

Þetta eru ástæðurnar fyrir því, að Vestmanneyingar hafa að því stefnt að fá sérbyggt skip til þessara flutninga og ekki eingöngu til bifreiðaflutninga, heldur einnig til flutninga á bæði farþegum og vörum. Sú breyting er einnig að verða á í sambandi við vöruflutninga almennt og er nú að ryðja sér til rúms, að allar stykkjavörur og allar venjulegar vörur eru fluttar í hinum svokölluðu gámum. Má segja, að notast megi við venjulegar aðferðir við lestun og losun skipa, þegar um gáma er að ræða. En hitt liggur alveg ljóst fyrir, að ef hægt er að koma við þeirri tækni, sem eðlilegt er að beita í þessu sambandi, að lesta og losa skipin með gaffallyfturunum, sem ekið væri inn og út úr skipunum, þá má spara mjög mikið fé í sambandi við upp- og útskipun. Þetta er sú þróun, sem er að verða í þessum málum, og í sambandi við hið fyrirhugaða Vestmannaeyjaskip er aðeins fylgt þeirri þróun, sem þegar er mjög farin að ryðja sér til rúms í öðrum löndum og er fyrirsjáanlegt, að hlýtur að ryðja sér til rúms hér á landi einnig. Þetta er bæði mun fljótvirkari aðferð og fer betur með vöruna.

Ég hygg því, að sú niðurstaða, sem hin stjórnskipaða n. komst að, sem ég minntist á áðan, sé alveg rétt og í samræmi við það, sem allir, sem kynna sér þau mál, hljóta að sjá fram á, að verður þegar hér á landi á næstu árum, þar sem með eðlilegum hætti verður við komið.

Það er alveg rétt, sem hér hefur komið fram, að þessi breyting útheimtir séraðstöðu í þeim höfnum, þar sem þessi skip eru afgreidd. Þannig háttar til í sambandi við Vestmannaeyjaskipið, að í þess heimahöfn yrði um mjög einfalda breytingu að ræða, sem kostaði til þess að gera litla fjármuni. Þetta er þegar búið að athuga og getur ekki á nokkurn hátt staðið í vegi fyrir þeirri eðlilegu breytingu, sem þarna er lagt til að gerð verði á flutningaaðstöðu

Vestmanneyinga, að því er varðar bæði vörur, bifreiðar og annað, sem flytja þarf með slíku skipi.

Í Þorlákshöfn, sem gert er ráð fyrir að verði önnur endastöð skipsins, hefur þetta einnig verið athugað. Þar er þó ekki búið að athuga það til fulls, en er gert ráð fyrir, að slík aðstaða, sem með þarf, verði tekin inn í þá áætlun í fyrsta áfanga, sem nú er verið að ganga frá og mun vera langt komið að gera endanlega áætlun um.

Ég held því, að hv. þm. verði að skoða málið í því ljósi, að hér er aðeins um eðlilega þróun að ræða, sem hlýtur að koma og er til hagræðis fyrir alla aðila, sem hlut eiga að máli, og sparar verulegt fé í sambandi við upp- og útskipun.

Þá er því ekki að leyna, að farþegarými í m/s Herjólfi, hinu 15 ára gamla skipi, hefur sýnt sig að vera þegar orðið allt of lítið. Ég skal viðurkenna, að þeir aðilar, sem beittu sér fyrir byggingu Herjólfs, bæði ég og aðrir, við höfum þá ekki séð nægilega langt fram í tímann með þær kröfur, sem hlytu að verða uppi, þegar skipið hæfi sína flutninga milli lands og Eyja. Reynslan sýndi það þegar á fyrsta ári, að við það, að á var komið það, sem almenningur taldi nokkuð öruggar samgöngur, jókst farþegafjöldinn til mikilla muna frá því, sem áður var. Ef ég man rétt, var farþegafjöldi með Herjólfi milli Vestmannaeyja og Reykjavíkur, sem skipið gekk einvörðungu fyrsta árið, rúmlega 10 þúsund manns, og það sýndi sig við athugun, að farþegum hafi ekki fækkað með flugvélum, þeim hafði einnig fjölgað. Þegar fólk sá fram á, að það gat komist við þær aðstæður, sem þá voru taldar eðlilegar, ferða sinna með nokkru öryggi, að það yrði ekki veðurteppt, en gæti komist fram og aftur með nokkru öryggi, þá jukust ferðir manna það mikið, eins og hér hefur verið greint frá, að með skipinu ferðuðust um 10 þús. manns, án þess að nokkuð fækkaði með flugferðum.

Ég hygg, að það liggi alveg ljóst fyrir, að sama yrði niðurstaðan, ef kæmi nýtt og betra skip, sem hagkvæmara væri að ferðast með, þá mundi það einnig sýna sig, að flutningar bæði á bifreiðum og farþegum mundu aukast verulega á þeirri leið, sem skipið ætti að sigla, en það er milli Eyja og Þorlákshafnar. Mér er um það kunnugt og flestum mun vera það ljóst, að menn fara ekki nú með bifreiðar sjóleiðis nokkra leið sem heitir, þar sem um úthaf er að ræða og engin aðstaða til þess að hafa bifreiðar annars staðar en á dekki, þá fara menn ekki með bifreiðar sínar nema helst tilneyddir. Það verður þó að telja eðlilegt, ef menn þurfa að fara úr Eyjum til lands, ferðast um bæði hér á þéttbýlissvæðinu og annars staðar, að þeim sé sköpuð aðstaða til þess, að geta tekið bifreiðar sínar með og þannig spara sér án efa stórkostleg útgjöld í sambandi við leigu bifreiða. Þetta er það, sem Vestmanneyingar hafa stefnt að og stefna alveg ákveðið að nú í dag og eru reiðubúnir að leggja fram verulegt fjármagn, sem þeir hafa þegar tryggt sér að verði fyrir hendi, þegar og ef smíði skipsins getur hafist.

Vegna þess að það kom hér fram í umr., að einstaka menn litu svo á, að hér gæti verið um mismunun að ræða milli einstakra staða og jafnvel heilla landshluta, þá vil ég leiðrétta þann misskilning. Ég er alveg sannfærður um, að á hvaða stað á landinu sem væri, um hvaða landshluta sem væri að ræða, ef mál heiman úr héraði þar yrði lagt fyrir eins og þetta mál liggur fyrir hér, að um er að ræða stofnun félagsskapar heima í héraði, sem leggur fram verulegt fjármagn, en biður jafnframt um ríkisábyrgð fyrir hluta af kaupverði eða andvirði skips, þá mundu þær till. ná fram að ganga hér á hinu háa Alþingi. Ég er alveg sannfærður um, að þm. almennt eru ljós þau miklu vandkvæði, sem eru víða á landinu í sambandi við samgöngumál. Ég hygg, að við mundum allir vilja um það sameinast að gera sem mest átak í því að bæta samgöngumál úti í dreifbýlinu, og get ég a.m.k. alveg hiklaust gefið þá yfirlýsingu, að ef mál annars staðar frá yrði lagt fyrir á sama hátt og hér er um að ræða, þá mundi ég hiklaust fylgja því fram hér á Alþingi.

Ég ætla að sjálfsögðu ekki að fara í neinn meting við einn eða neinn um, hvað gert hefur verið í samgöngumálum annars staðar. En ef við lítum nokkuð til baka, þá sjáum við, að þar hefur í einstaka tilfellum verið gert verulegt átak, og vegáætlunin gefur vissulega fyrirheit um það, að almennur skilningur sé á því hjá alþm., að fé til samgöngumála sé vel varið. Ég vil benda á, að á núgildandi vegáætlun eru á fjórum árum, á árunum 1972—1975, áætlaðar 300 millj. kr. til Austurlandsáætlunar og 645 millj. kr. til Norðurlandsáætlunar. Allt þetta fé, að ég hygg, mun fara til samgöngumála, til að bæta samgöngur á þessum stöðum og í þessum landshlutum, og ég hygg, að þm. allir telji vel farið, að svo stórt átak liggi fyrir í samgöngumálum á þessum stöðum.

Ég vil einnig benda á, að Alþ. hefur í einu tilfelli gert mjög stórt átak miðað við allar aðstæður til bættra samgangna, en það var þegar Vestfjarðaáætlun var samþykkt á sínum tíma. Ef ég man rétt, var þar um að ræða á fyrsta stigi lántöku upp á 170 millj. kr., sem áætlað var, að notaðar yrðu á næstu árum þar á eftir, — þetta mun hafa verið á árinu 1964, — til bættra samgangna á Vestfjörðum. Ef litið er á niðurstöður fjárl. fyrir árið 1964 kemur í ljós, að þetta samsvarar milli 7 og 8% af niðurstöðu fjárl. og mundi í dag vera nokkuð yfir tvo milljarða, miðað við niðurstöðu fjárl., eins og þau eru áætluð fyrir árið 1974. Ég minnist þess, að þm. voru almennt í grundvallaratriðum sammála um, að nauðsyn væri á þessu fjármagni til Vestfjarðaáætlunar, jafnvel þó að bæði mér og öðrum væri ljóst á þeim tíma, að til okkar hinna, sem stóðum að samþykktinni um þessar áætlanir, yrðu vissulega gerðar kröfur um bættar samgöngur heima í okkar héraði. Ég fór ekkert varhluta af því, að það voru gerðar kröfur til mín og ég hygg annarra þm. Sunnl. um bættar flugsamgöngur við Vestmannaeyjar. Þá var engin þverbraut komin á völlinn og aðstæður þá mun lélegri en þær eru í dag. En ég sagði, eins og rétt var, að þó að við værum þarna í erfiðri aðstöðu, að talið var, þá væri mér alveg ljóst, að Vestfirðingar voru þó í enn erfiðari aðstöðu með sín samgöngumál og þess vegna væri eðli-

legt og vel réttlætanlegt af Alþ. að standa að slíku stórátaki til bættra samgangna, eins og gert var með Vestfjarðaáætlun, miðað við allar aðstæður og gildi peninga, eins og var á þeim tíma.

Ég skal ekki hafa um þetta atriði fleiri orð eða lengri ræðuhöld í bili. En vegna þess ágreinings, sem hér hefur verið, að mér hefur skilist, um ríkisábyrgð fyrir Akranesferjunni, vil ég benda á það, þó að mér sé það mál ekki kunnugt, — ég skal taka það fram, mér er ekki kunnugt sérstakelga um það skip, sem þar er um að ræða kaup á, — en ég vil benda á það, að á þessari leið er nú um að ræða skip, sem byggt var 1956 og er að verða 18 ára gamalt. Þegar það skip hóf ferðir sínar, mun hafa verið um að ræða milli 10 og 20 þús. farþega, sem þessa leið notuðu á ári. Mér er tjáð nú, að s. l. ár hafi þar verið nær 60 þús. farþegar. Ég tel, að þetta segi sína sögu um þörf á bættri aðstöðu til flutnings, bæði fyrir farþega og þá einnig bifreiðar, — ef menn óska eftir því að fara með bifreiðar sínar þarna á milli, þá sýni þessi stórkostlega aukning á þessari leið þörfina fyrir, að um úrbætur verði að ræða. Ég vil einnig benda á það, sem ég hlýt að taka nokkuð mikið tillit til, að þeir aðilar, sem þetta skip hafa rekið undanfarna áratugi, eru sammála um að leggja allverulegt fé frá sjálfum sér og sínum heimabyggðum til þess að fá betri farkost til þessara ferða. Ég a. m. k. treysti mér ekki til að halda því fram, að þessir menn eftir áratuga reynslu viti ekki nokkurn veginn, hvað þeir eru að biðja um, þegar þeir fara fram á ríkisábyrgð fyrir hluta af væntanlegu kaupverði skipsins, á sama tíma og þeir sjálfir leggja fram milljónatugi úr eigin vasa og frá sínum heimabyggðum. Ég lít þannig á málið og mun þegar af þeirri ástæðu fylgja því, þegar það kemur hér til atkvgr., að einnig verði orðið við tilmælum þessara aðila um sjálfskuldarábyrgð í sambandi við kaup þeirra á hinu væntanlega skipi til ferða á milli Reykjavíkur og Akraness.

Ég vil undirstrika það, að það, sem Vestmannaeyingar biðja nú um, er nokkuð annars eðlis en innihald þeirrar till., sem við fluttum á þskj. 26 á s. l. hausti. Breytingar hafa orðið á heima í héraðinu þess eðlis, að Vestmanneyingar hafa sjálfir óskað eftir að taka málið í sínar hendur að því leyti, að þeir verði eigendur og rekstraraðili, sem kemur til með að annast ferðir þar á milli, og hafa þegar lagt fram verulegt fjármagn eða tryggt verulegt fjármagn, sem þeir einir standa ábyrgir fyrir. Og ég er sannfærður um, að allur almenningur í Eyjum mun verða fús til að leggja fram fjármuni til bættra samgangna, ef ríkisvaldið vill að hinu leytinu mæta þeim með því að veita ríkisábyrgð þá, sem hér er lagt til, að veitt verði.

Ragnhildur Helgadóttir: Herra forseti. Vafalaust liggja mörg gild efnisrök til þess máls, sem hér er til umr., og hinna ýmsu þátta þess. Ég mun þó ekki ræða efnisþátt þessa máls, enda tel ég mig engan veginn til þess færa fremur en ýmsa aðra landkrabba meðal þm. Mér hefði þó vafalaust borið skylda til þess að kynna mér þetta, eins og hv. 3. þm. Norðurl. v., Björn Pálsson, benti hér á fyrir nokkrum dögum, að við hefðum átt að kynna okkur í ýmsum atriðum þau rök, sem lægju til þessa máls, sem verið er að ræða. En ég hef það mér til afsökunar helst, að hann er trúlega farinn úr landi, Norðmaðurinn, Gunnar að nafni, sem hv. þm. vísaði okkur til og sæti inni með allar mikilvægar upplýsingar í þessu máli. Þess vegna er það, að ég er fáfróð um efnisrökin í máli þessu, hvernig átt hefði að byggja Akranesferjuna o. fl., sem til greina kemur, að þurfi vitanlega nákvæmrar athugunar við.

En ástæðan til þess, að ég kvaddi mér hljóðs, var allt önnur. Ég átti erindi við forseta þingsins einmitt varðandi meðferð þessa máls. Sannleikurinn er sá, að allar starfsaðferðir í þessu máli hafa verið með þeim eindæmum, að það hlýtur að vekja til umhugsunar um það, hvort menn séu nógu vakandi um starfsvenjur þingræðisins. Fyrir mér er það fullkomið alvörumál, að menn hafi í heiðri þingræðislegar starfsvenjur. Því miður hefur það all oft brunnið alvarlega við á þessu kjörtímabili, að svo hafi ekki verið gert. Fyrsta stóra dæmið, sem ég man eftir um þetta á þessu kjörtímabili, var það, þegar sett voru lög um almannatryggingar — regla um almennan launaskatt í ríkissjóð. Í niðurlagi þess lagafrv. var ákvæði, sem ekki stóð í neinu sambandi við lög um almannatryggingar að öðru leyti og þar stóð: „Leggja skal á sérstakan launaskatt, sem rennur í ríkissjóð“ o. s. frv. Þetta er mjög alvarlegt atriði, ekki síst þegar þarna er um að ræða, að kvöð er lögð á borgarana, og er sett inn í lög, sem eru um óskylt efni. Annað atriði í svipuðum dúr og þetta er það, þegar til stóð nú í vetur að setja ákvæði um söluskatt inn í tollskrárfrv. Af því varð þó ekki vegna mótstöðu þm. eins og menn muna. Þegar frv. var hér til umr. um erlenda lántöku vegna framkvæmdaáætlunar, var á síðasta stigi bætt inn í það eftir tilmælum hæstv. fjmrh. till., sem fól í sér stórfellda nýja erlenda lántökuheimild. Þar var um að ræða hvorki meira né minna en 7 millj. dollara, ef ég man rétt. Og nú í þessu máli, sem hefst á því, að lagt er fram frv. um sjálfskuldarábyrgð á lánum til kaupa á 10 fiskiskipum, er fyrst á síðustu stigum málsins í Ed. bætt inn í það till. um sams konar ábyrgð til kaupa á ferjuskipi milli Akraness og Reykjavíkur og nú á síðasta stigi í Nd. till. um sams konar heimild vegna Vestmannaeyjaskips. Ég efa ekkert um, að allt séu þetta nauðsynjamál. En hitt er annað mál, að hvert um sig af þessum málum er svo stórt, að það er sjálfsögð starfsaðferð og sjálfsögð skylda þingsins að ræða þetta á þann hátt, sem vera ber um þingmál.

Árið 1960 kom út allmikið rit, sem heitir Stjórnskipun Íslands. Höfundur þess er hæstv. forsrh., þáv. lagaprófessor, Ólafur Jóhannesson. Þar segir, með leyfi hæstv. forseta, á bls. 297:

„Gerbreytingar á frumvarpi á síðari stigum meðferðar þess verður að telja óheimilar. Ef slík gerbreyting er leyfð, verður hinum áskilda umræðufjölda ekki náð. Þessa hefur ekki verið ætíð gætt sem skyldi“ o. s. frv. Tekur hæstv. þáv. prófessor, hæstv. ráðh., sem dæmi um þessa starfsaðferð lagabreytingu, sem átti sér stað 1950.

Í stjórnartíð þeirrar stjórnar, sem hann er nú í forsæti fyrir, hafa alvarleg dæmi af þessu tagi gerst a. m. k. fjórum sinnum, og þá hefur í öllum tilvikum verið um stórmál að ræða. Ég sé enn þá meiri ástæðu til að gera þetta að sérstöku umtalsefni vegna þess, að s. l. miðvikudag, þegar máli þessu var seinast frestað hér í d., kom hæstv. fjmrh. hér í ræðustól og vék einmitt að þessu, að ýmsir þm. hefðu fundið að málsmeðferðinni, en hann taldi þar aðeins um formsatriði að ræða, enda væri þetta algeng starfsvenja hér á Alþ. Síðan hafði hæstv. ráðh. ekki meira um það efni að segja. Mér finnst fyllsta ástæða til þess að beina því sérstaklega til hæstv. forsrh., að hann útskýri fyrir starfsbróður sínum, hæstv. fjmrh., sem ég veit, að muni vilja vinna störf sín vel, mikilvægi þess, að þingræðislegar aðferðir séu hafðar við framlagningu mála.

Og þá er ég komin að aðalerindi mínu í ræðustól, og það er, að ég vil beina því til hæstvirtra forseta þingsins, að þeir hlutist til um, að þegar svo stendur á um þingmál sem þetta, þá beiti þeir sér fyrir því, að málin verði klofin í fleiri frumvörp, eins og vera ber eftir öllum þingræðisvenjum. Mér sýnist fyllsta ástæða til þess, að forsetar hafi hér afskipti af, svo oft hefur þetta skeð og svo alvarleg áhrif getur þetta haft í löggjöfinni. Það er ekki hægt að ætlast til þess gagnvart borgurum landsins, að ef þeir t. d. vilja finna reglur um ýmsar kvaðir, sem á þá eru lagðar, þá þurfi þeir að fletta upp vítt og breitt um alla löggjöfina, ef ske kynni að þar kynnu að felast ákvæði um hluti eins og ég vék t. d. að áðan, um launaskatt í almannatryggingalögum, og ef ríkisstj. hefði verið nokkru sterkari en hún er, hefði vafalaust verið samþykkt ákvæði um söluskatt í tollskrárlögum o. s. frv. Þetta eru atriði, sem fyllsta ástæða er til að vera á verði um.

Nú þykist ég vita, að einhverjir hv. þm. hugsi sem svo: Hefur það ekki verið alltítt, að hér hafi farið í gegnum þingið svonefndir bandormar af lagafrv., þ. e. þegar samþykkt eins frv. er háð samþykki annars? Um það vil ég segja, að þegar sérstakar efnahagsráðstafanir hafa verið gerðar, eins og hefur átt sér stað stundum um útflutningsgjald af sjávarafurðum o. fl., þá var það svo, að alger nauðsyn lá til þess, að málin færu í gegnum þingið með miklum hraða, ef ráðstafanirnar áttu að koma að tilætluðu gagni. Þess vegna má segja, að þá hafi sérstök nauðsyn knúið til þess, að málin væru lögð fyrir og afgreidd í þessu formi. Engin slík nauðsyn liggur til þess, að þetta mál sé í því formi, sem raun er á. Og það liggur fyrir í nál., sem við höfum á borðum okkar, að meiri hl. gagnrýnir þessa málsmeðferð. Engu að síður láta þeir sig hafa það, þessir ágætu hv. nm., að leggja samt fram nál. um, að málið skuli afgreitt í þessu formi.

Hvort sem hæstv. forsetar sjá ástæðu til að breyta meðferð þessa frv., enn er tími til þess, og láta málin fá þinglega meðferð eða ekki, þá ítreka ég tilmæli mín til hæstv. forseta d., sem raunar á sæti í fjh.- og viðskn. þessarar d. Hann var fjarstaddur, þegar málið var afgreitt úr n., og hefur það kannske haft þau áhrif, að við fjöllum nú um þetta mál í þessu formi. E. t. v. hefði hann beitt áhrifum sínum til þess, að málið yrði afgreitt, að því er ég tel, formlega rétt. Það þýðir ekki að vera að beina orðum sínum til hæstv. forseta Sþ., sem hér er fjarstaddur. Ég vil biðja hæstv. forseta þessarar d. að gera svo vel að koma því áleiðis til hinna forsetanna, að þeir hugleiði það mjög alvarlega, hvort ekki sé ástæða til, að forsetavaldi sé beitt til þess, að málin séu lögð þannig fyrir, að venjur þingræðisins séu í heiðri hafðar.

Björn Pálsson: Herra forseti. Það er nú búið að ræða þetta mál nokkuð, og hér var flutt hálfskopleg ræða um daginn af hæstv. fjmrh. Raunar kom ráðh. ekki mikið að efni málsins, hann var að tala um ýmislegt annað, en ég mun byrja á því að tala efnislega um málið, enda hef ég alltaf gert það. Það er velkomið fyrir hv. þm. að lesa þá ræðu, sem ég hélt hér um daginn, sem hæstv. fjmrh. var að ávíta mig fyrir, að ég hefði verið að tala illa um náungann. Það er ekki eitt einasta lastyrði um nokkurn mann í þeirri ræðu.

Það komu tvö efnisatriði fram hjá hæstv. fjmrh. Það var viðvíkjandi því, að rútuferðir hefðu yfirleitt ekki borið sig vel frá Akranesi og Akurnesingar mundu ekki hafa staðið sig eins vel í fótbolta og þeir hafa gert, ef þeir hefðu ekki haft þennan bát til að ferðast á. Þetta var það eina, sem kom efnislega fram hjá hæstv. ráðh. Þetta er alveg rétt víðvíkjandi bílferðunum. Það var ósköp eðlilegt, að menn vildu heldur fara með Akraborginni, meðan ríkið borgaði helminginn af fargjöldunum, eins og það gerði, hátt upp í það, þá fóru þeir með skipinu og tóku konur og börn með, og þetta var skemmtisigling í mörgum tilfellum. Þetta staðfestir það, sem ég í raun og veru hef haldið fram. En ef þetta hefðu verið eðlileg fargjöld og þeir hefðu átt að kosta sitt skip sjálfir, áttu ferðir með bílum að ganga vel, svipað og hjá okkur fyrir norðan, a. m. k. þangað til flugvöllur kom á Akranesi. Ég hef ekkert við það að athuga, þótt menn fari og leiki fótbolta. Þeir stóðu sig einu sinni ágætlega, þarna á Akranesinu. En nú eru Keflvíkingar búnir að snúa á þá, að mér skilst, þrátt fyrir að þeir hafi ekki skemmtisnekkju til að ferðast á. Annars var einn þm. þeirra úr Gullbringu- og Kjósarsýslu að segja, að hann ætlaði að fara fram á að fá skip fyrir þá í Keflavík, til þess að þeir gætu farið hingað til Reykjavíkur til að æfa sig í fótbolta.

En nú vitum við það, að núv. ríkisstj. og meiri hl. þingsins styðja byggðastefnu. Ég sé nú ekki annað, ef þetta er svona nauðsynlegt vegna fótboltans hjá þeim á Akranesi, en við verðum að taka málið á breiðari grundvelli. Ég sé ekki nokkra ástæðu til annars en Ísfirðingar geti farið fram á að fá gott sjóskip til þess að geta skroppið hingað suður og æft fótbolta og sömuleiðis Siglfirðingar. Ég skil ekki, að hv. 1. þm. Austf., Eysteinn Jónsson, vildi hafa Austfirðinga út undan, þannig að það gæti þurft 4—5 skip til að flytja úr helstu bæjum landsins menn hingað til þess að æfa fótbolta, ef þetta á nú að vera aðalþörfin fyrir þá þarna á Akranesinu

á að fá þetta stóra skip. Við erum náttúrlega efnaðir, Íslendingar, og höfum mikla peninga og mikil fjárráð. En þetta gæti orðið nokkurs konar fótboltafloti. Nei, það er ekki öll vitleysan eins. En ef Akurnesingar eiga að hafa 600 tonna skip, sem kostar 130 millj., til þess að geta æft hér fótbolta, þá náttúrlega þarf það að ganga jafnt yfir alla landsmenn. Vestmanneyingar ættu að geta komið, þegar þeir eru búnir að fá nýja skipið.

Það er ekkert að Akraborg, ekki nokkur skapaður hlutur. Ég var síðast að tala í dag við manninn, sem hefur haft með hana að gera. Stálið er ágætt í henni, og hún þarf minni klössun en þetta nýja skip, sem er verið að kaupa og er orðið 8 ára gamalt. Hún þarf 16 ára klössun, en það þarf 8 ára klössun, og eftir því sem mér hefur skilist, ætla Norðmenn ekki að sjá um þá klössun, þannig að það er ekki eins og sé verið að kaupa nýtt skip.

Svo er nú þetta, ég kem þá að blessuðum Norðmönnunum, ég var víttur af hæstv. fjmrh. fyrir að vera að tala við svoleiðis menn. Annars átti hann kost á því að tala við manninn sjálfur, því að hann sagði mér, þessi ágæti maður, að hann hefði verið kynntur fyrir sjútvrh. og fjmrh., og hann sagðist ekki hafa getað talað neitt við fjmrh., en sagði, að sjútvrh. væri „clever fellow" og lét vel af að spjalla við hann. En hvað um það, fjmrh. gat náttúrlega fengið sér túlk, ef hann vildi fá einhverjar upplýsingar hjá honum, það var ekki mín sök. En hann sagðist álíta, að hæfilegt verð á þessari ferju væri 4 millj. kr. norskar eða um 60 millj. ísl., en hún er seld á 120 millj., og svo á eftir að gera hana haffæra. Íslendingar þurfa að kosta klössunina, og þeir gera sjálfir ráð fyrir 10 millj., það verður víst ekki minna alls, vafalaust miklu meira.

Norðmaðurinn sagði mér einnig, að venja þeirra í Noregi væri sú að selja skipin, þegar þau væru 2½—5 ára gömul. Þeir byggja sín skip sjálfir, og þeim finnst borga sig að endurnýja flotann svona fljótt, en þess er að gæta, að þeir hafa viðinn og þeir hafa hráefnið, og þetta skapar þeim vinnu. En þeim hefur ekki tekist að selja þetta skip, fyrr en það er orðið 8 ára gamalt, og það er talið sérstakt happ að geta selt það. Ekki veit ég, hve mikla þóknun sölumaðurinn hefur fengið, en hitt er víst, að hann á skilið góð laun fyrir að geta komið þessu í Íslendinga fyrir 120 eða 130 millj. Ég fékk í gegnum samgmn. upplýsingar og sá undireins, að þetta var tóm vitleysa, og fór að tala um það hér. En eftir þeim upplýsingum, sem ég hef fengið, er víst búið að kaupa skipið og borga í því 12 millj., og má mikið vera, ef fjmrh. er ekki búinn að ganga í ábyrgð. Ég vil ekki fullyrða það, en á ýmsum hefur mér skilist það. Ég veit ekki, til hvers er verið að fleygja þessu í þm., ef búið er að ganga frá málinu. Það er náttúrlega ólöglegt að skrifa undir ábyrgð, áður en búið er að veita heimild til þess, og ég sé þá ekki, hvað er verið að basla með þetta.

Það er meira en skipið kosti þetta, þetta gamla skip, sem er auk þess mjög óhentugt. Þetta er innfjarðaskip, og ég vona, að það verði ekki slys af. Hann hélt, sá norski, sem ég hef mikla visku frá, þó að ég hafi hana engan veginn alla, að það væri hægt að gera það nokkuð öruggt, bjóst við því. En hann taldi ógerlegt annað en setja hliðarskrúfu og þá vantaði vél til þess að knýja þá skrúfu. Það veit enginn, hvernig bygging skipsins er, ekki veit ég það a.m.k., hvort þægilegt er að koma því fyrir. Guðjón, sem stjórnar Skipaútgerð ríkisins, heldur, að það muni kannske þurfa tvær skrúfur á hliðarnar, um það vil ég ekki fullyrða.

Þá þarf að gera stórkostleg mannvirki, bæði í Reykjavík og á Akranesi, til þess að þetta afbragðsskip geti lent með fótboltamennina. Það er ekki þannig, ég veit, að hæstv. fjmrh. er mesti drengskaparmaður og vill allt fyrir alla gera, en þegar menn eru komnir í þetta starf, er ómögulegt að gera allt fyrir alla, þótt menn vilji, það er ekki hægt. Menn verða að vera harðir af sér.

Viðvíkjandi þessum 60 þús. farþegum, þá reiknaði ég þetta út miðað við fargjöldin. Ég gat ekki reiknað það nákvæmlega, ég tók meðaltal og byggði það á þeim upplýsingum, sem ég fékk. Það eru engin 60 þús., miðað við fullorðna menn, — ég veit ekki, hvað selt er fyrir krakkana, — en það eru engin 60 þús., ég ætla nær 40 þús. Og þetta eru menn að fara að gamni sínu, ég hef ekkert á móti því. Ef þeir vilja endilega hafa skemmtisnekkju, þá er það allt í lagi. En það er bara alveg ástæðulaust að kaupa svona dýrt skip. Ef þeir kosta hana sjálfir, þá varðar okkur eðlilega ekkert um það.

Það kom fram hjá hv. 3. þm. Sunnl., hann var að tala um, að þeir ætluðu að leggja milljónatugi í þetta, eigendur Skallagríms, skilst mér. Ég hef ekki séð gögn um það, að þeir ætli að leggja fram neina milljónatugi. Mér skilst, að þeir eigi Akraborg. Ég dreg í efa, að þeir hafi lagt neitt fé að ráði í Akraborg. Ég held, að hallinn hafi alltaf verið borgaður af ríkinu. Þeir eiga einhver smáhlutabréf, hún var dálítið mikils virði, krónan, þegar félagið var stofnað, það voru allt aðrir tímar. Þá var nauðsynlegt fyrir Borgfirðinga að eiga skipið, og það flutti vörurnar, kjötið og mjólkina á milli. Nú eru Borgnesingar alveg hættir að nota það. Þeir munu eiga eitthvað í hlutabréfum, býst ég við, annars er ég alveg ókunnugur, hverjir eiga hlutabréfin í Skallagrími, og skiptir heldur engu máli fyrir okkur hér í sjálfu sér. En þeir eiga vafalaust eitthvað af hlutabréfum í því ennþá. En skipið veitir Borgnesingum enga þjónustu. Það borgaði sig betur fyrir þá að nota bílana, af því gera þeir það vitanlega, það er hagkvæmara. Ég hef alltaf haldið því fram, að Akurnesingar gætu komist af án þess að hafa Akraborgina. Annars er Akraborgin sérstakt happaskip, og það hafa verið gerðar athuganir á henni, að stálið er ágætt enn þá, og hún þarf minni klössun en þetta nýja skip, sem þeir eru að kaupa. Hún þarf 16 ára klössun, en það þarf 8 ára klössun og það er dýrari og meiri klössun. Eftir þeim upplýsingum, sem ég hef fengið, er þetta þannig.

Það, sem gerði, að ég fór að tala í þessu máli, var, að ég sá, að þetta mundi verða veruleg byrði. Ég tel það ekki að tala illa um menn, þó að maður sé ekki á sama máli málefnalega og þeir. Það er allt annað. Maður mætti þá yfirleitt aldrei hafa skoðun, ef það eiga að heita

illyrði, þó að menn deili eitthvað málefnalega. Hitt skal ég taka fram, að þeir hafa verið vel ýtnir sumir þm. þeirra Vestlendinga, um framlög úr ríkissjóði fyrir Akraborgina, og ég efast ekki um, að þeir verði það fyrir þetta nýja skip líka. Ég á þar sérstaklega við þá, sem búsettir eru á Akranesi, og hæstv. fjmrh. En þess hefur minna gætt með Ásgeir Bjarnason og hv. 4. þm. Vesturl., Friðjón Þórðarson. Þeir hafa haft meiri áhyggjur af Breiðafjarðarbátnum. Það er rétt að taka það fram, að þó að Friðjón Þórðarson, hv. 4. þm. Vesturl., hafi verið dálítið ýtinn fyrir Breiðafjarðarbátinn, þá hefur það allt verið byggt á mikilli sanngirni og alls ekki meiri kröfur en þörf er á. Meira að segja hefði sá bátur þurft að fá meira framlag en hann hefur fengið, ég skal viðurkenna það. En hvað skeður nú, ef keypt er þetta nýja skip og það þarf allt að 40 millj. kr. framlag á ári til þess að bera sig, sem ég hef töluverða ástæðu til að ætla, að þurfi? Hvað skeður þá? Koma ekki kröfurnar frá hinum? Það er meira en þessi krafa. Það koma hliðstæðar kröfur frá öllum byggðarlögum, það dynur á okkur: Þetta var gert fyrir þennan og við eigum heimtingu á hliðstæðu. — Og það verður ekki reynt að spara. Við höfum reynt að halda þessu niðri eins og mögulegt hefur verið. Sannleikurinn er sá með þessa báta, bæði Ísafjarðarbátinn, Norðurlandsbátinn, Breiðafjarðarbátinn og yfirleitt þessa báta, að það hefur verið reynt að halda kostnaði niðri eins og mögulegt var. En svo þegar er sólundað svona á einum stað, þar sem minnst er þörfin, þá koma hinir með kröfurnar: ný skip, meiri kostnað, þannig að þetta geta orðið 100—200 millj. kr. útgjöld fyrir ríkið. Ég veit, að tekjurnar eru miklar og hæstv. fjmrh. ákaflega duglegur að afla tekna fyrir ríkissjóð, það vantar ekki, en það er líka í ýmis horn að líta. Það er margt, sem er vanrækt. Ég held, að það sé ómögulegt að standa við þá vegáætlun, sem búið er að samþykkja, það lítur ekki út fyrir það. Ég held t. d., að Tækniskólinn sé þannig, að það sé alveg óverjandi, hvernig að honum er búið, og það er margt, sem hægt er að gera við peningana. Jafnvel þó að tekjur Íslendinga séu miklar, þá er þörfin það mikil, að það er yfirleitt óverjandi að verja fé sínu illa eða fara illa með fé. Annars hef ég aldrei vanist því að sólunda fé að óþörfu, hvorki fyrir sjálfan mig né aðra. Ég hef aldrei haft efni á því og hef ekki heldur neina ánægju af því, og satt að segja fer það alltaf í taugarnar á mér, þegar ég sé það gert. Ég skal játa, að miðað við alla þá eyðslu, sem er í okkar þjóðfélagi, sé þarna ekki um neitt stórmál að tala. Móralskt séð er þetta talsvert atriði.

Ég hef vitt meðferð á þessu máli. Okkur voru veittar litlar upplýsingar, og þær, sem komu, voru rangar. Það eina, sem fjmrh. kom með efnislega í sinni frumræðu, sem kom seint, var, að það væri hægt að flytja sement með þessu skipi. Í seinni ræðu sinni minntist hann ekkert á sementið. Ég upplýsti, að eftir þeim upplýsingum, sem ég hefði fengið, væri það tóm vitleysa. Svo eru lagðar fram áætlanir, og það er eins og ég hef áður talað um, það er ekkert vit í þeim áætlunum. Þær eru byggðar á því, að það muni verða svipaður kostnaður og á Akraborginni, sem er helmingi minni og hefur þar að auki reynst sérlega vel og verið að mörgu leyti hagkvæmt og er ágætt skip og miklu betra fyrir þá að hafa það skip heldur en vera að kaupa þetta nýja skip, enda er mér sagt, að það séu ýmsir á Akranesi alveg furðulostnir yfir þessu tiltæki öllu saman. Ég get sagt ykkur sem dæmi, með tryggingarnar. Það eru reiknaðar 991 þús. Í síðari áætluninni, þar sem hann er búinn að hækka um 20%, þá eru þær reiknaðar á 1189 þús. Nú fór ég að að spyrjast fyrir um það hjá einu tryggingafélagi í dag, og upplýsingarnar voru þær, að þær mundu alls ekki vera fyrir neðan 3 millj. eða rétt við 3 millj. Svona er þetta allt saman. Olían var reiknuð lítið eitt hærri, og vita allir, hvernig það verður, hann bætti 20% við hana, og þá er hún áætluð 27 millj. En nú er eyðslan á hverjum togara, miðað við olíuverð í dag, á mánuði um 2 millj., og ímyndið ykkur þá, að olían verði ekki nema 2.7 millj. Hún verður sennilega á skuttogurunum nýju um 24 millj. á ári miðað við olíuverð núna, og svo getur það stórhækkað, þannig að við þurfum ekki að ímynda okkur, að þessi liður verði innan við 10 millj. Sem dæmi er reiknað með 100 millj. kr. skuld, en hvar á að taka hinar 30? Það hvíla nú á Akraborginni eitthvað 6 millj., og ég er ekki farinn að sjá, að þeir geti selt hana fyrir mjög mikið. Þó má vera, að þeir geti selt hana á 20—30 millj. En það eru engar líkur til þess, að skuldir verði ekki nema 100 millj. kr. Og þeir reikna 7.25% vexti. Hvar ætla þeir að fá fé með þeim vöxtum? Ég var að tala við kaupfélagsstjórann á Akureyri fyrir stuttu. Hann sagði mér, að meðaltalsvextir, sem kaupfélagið yrði að borga í bankanum, væru 18% með öllum þeim aukakostnaði, sem á lánið hleðst. Þá geri ég ekki ráð fyrir, að hann eigi við það, sem hann fær í bankanum út á afurðavíxla. Hvar á að fá 100 millj. með 7.25% vöxtum? Og svo reikna þeir afskrift 7.2%. Skipið er orðið 8 ára gamalt. Þeir þykjast ekki geta notað Akraborgina, af því að hún er orðin eitthvað 18 ára, held ég. Þá held ég, að þessar afskriftir dugi skammt.

Annars verður það líklega þannig, eins og einn Akurnesingur sagði mér, sem er kunnugur þessum hlutum, — hann sagði, að það væri sá kosturinn við að kaupa þennan dall, að það yrði aldrei nema eitt ár og þá yrðu þeir alveg lausir við þessar milliferðir á eftir. Það má vel vera. Og sannleikurinn er sá, að það er oftast nær þannig, að þó að eitthvað sé illt, þá fylgir því einhver kostur. Það er því ekki ástæða til þess að vera að æsa sig of mikið út af svona hlutum. En málið er þannig lagt fyrir þingið, að upplýsingarnar eru allar rangar, sem þinginu eru gefnar.

Svo er þessu hrúgað saman í eitt frv., nokkurs konar bandorm. Ég fyrir mitt leyti viðurkenni, að aðstaða Vestmanneyinga er allt önnur. Þeir þurfa skip og geta ekki komist af án þess. Þeir þurfa skip, sem getur flutt bíla, og ég hef mikinn skilning á því, að þeir vilji heldur fara til Þorlákshafnar en hafa ferðirnar hingað til Reykjavíkur, m. a. vegna flutninga á bílunum, enda er þetta þeirra mál. Hitt er annað, að það er algerlega óverjandi að taka þessa liði saman: togarakaup, kaupin á Tungenes og Vestmanna-

eyjaskipi, og hrúga þarna saman þremur alveg óskyldum málum, sem ég vildi gjarnan vera með að vissu leyti, eins og Vestmannaeyjaskipinu. Það er farið allt öðruvísi að þar. Það er ekki búið að byggja neitt, það er ekki búið að ganga í ábyrgð fyrir neinu, og ef þeir athuga þetta mál vel og byggja sér hagkvæmt skip, þá er ég fús til að vera með því. Ég veit a. m. k., að þeir geta gert það, þeir hafa nægа þekkingu í siglingamálum til þess. Það þarf náttúrlega að stilla verðinu á slíku skipi í hóf, miða við þær aðstæður, sem líklegt er, að verði. En ég skil það vel, að þeir vilji hafa traust skip til þess að flytja bíla sína. Sannleikurinn er sá, að það er ómögulegt að flytja bíla á skipum, nema þá í góðu veðri, a. m. k. nema eiga á hættu, að þeir skemmist eitthvað, þannig að ég hef enga trú á því, þó að þeir kaupi þennan norska dall, að það verði straumur af bílum norðan og vestan af landi, sem fari með skipinu, enda vafasamt, hvort það er nokkur einasti flýtir, þegar miðað er við það að aka ofan á Akranes, bíða eftir því að koma bílum um borð og fólki og koma því svo aftur úr skipinu. Ég skil ekki, að það breytist neitt. Þar að auki er þess að gæta, að vegirnir eru alltaf að batna og verður sennilega langleiðin gerð úr varanlegu efni, og þá skil ég ekki í því, að norðanmenn fari að nota þetta skip mikið. Þetta verður þá fótboltaskip, eins og það hefur raunar verið að mestu leyti.

Það hafa eiginlega ekki aðrir talað á móti þessu, sem ég hef sagt hér, en hæstv. fjmrh., þannig að efnislega þarf ég ekki að svara fleiru. Annars var ég hálfhissa á ræðu hæstv. ráðh. Ég hef aldrei heyrt nokkurn ráðh. halda svona vitlausa ræða, ekki svona langa. Ég er ekki viss um nema ráðh. hafi haldið 5 mínútna ræðu svona vitlausa, en enginn svona langa. Þetta áttu að vera skammir um mig, en það voru engar skammir um mig, þetta líktist helst nauti, kollóttu meira að segja, sem er að stanga vegg og getur ekki einu sinni rifið vegginn í sundur. Ég hef í raun og veru engu að svara viðvíkjandi þessu. Hann var að tala um, að ég hefði talað illa um einhverja bændur uppi í Borgarfirði. Ég hef ekki minnst á einn einasta bónda uppi í Borgarfirði í þessum umr. Ég veit alls ekki, hverjir eru frumkvöðlar að þessu máli. Ég veit, að þeir hafa verið að slást hér í þinginu, Jón Árnason og Halldór E. Sigurðsson. Benedikt Gröndal talaði einu sinni, síðan hefur hann ekki talað. Hann var hógvær að vanda, og satt að segja er ég í dálitlum vafa um, hve sannfærður hann er um ágæti þessa máls, þó að hann standi með því. Ég skal ekki segja um það, en ég er í vafa um það. Um Jónas Árnason veit ég ekki. Og þó að ég hefði þá með í númeri, Vestlendingana, þá er það hrein vitleysa, að ég hafi sagt, að þeir væru jafnvitlausir, því að ég orðaði það þannig, að það gæti orðið þeim til afsökunar hjá kjósendum sínum, ef þeir álitu þá alla jafnvitlausa, í þessu máli auðvitað, og við vitum, að stórvitrum mönnum getur yfirsést. Haraldur harðráði fór til Jórvíkur í herferð einu sinni. Hann var allra manna vitrastur. Hann var svo vitlaus að fara þetta, og þar var hann drepinn. Napóleon æddi inn í Rússland. Það ber enginn þessum mönnum heimsku á brýn, en þeir gátu gert hin mestu axarsköft. Gáfaðir menn geta oft gert mestu vitleysurnar, þannig að það er betra að hafa meðalgáfur og gera litlar vitleysur heldur en vera gáfaður og gera miklar vitleysur. Það gæti orðið afsökun, svo að menn hlypu ekki milli flokka út af þessari vitleysu, sem þeir eru að gera, að þeir væru allir samsekir. En þar átti ég auðvitað við þessa menn, sem mest hafa gengið fram fyrir skjöldu. Annars má vel vera, að þessir menn séu búnir að vefja sig svo inn í þetta allt saman, að það verði ekki aftur snúið, en það er ekki mér að kenna. Þið megið lesa ræðu mína, þar er ekki talað um einn einasta Borgfirðing.

Svo var hæstv. fjmrh. að tala um það, hvað ég nyti lítils trausts hjá mönnum, af því að ég væri ekki formaður Búnaðarfélagsins eða formaður Stéttarsambandsins. Hæstv. fjmrh. ætti nú að rjúka á hvern einasta bónda í landinu og skamma hann fyrir, að hann hefði ekki traust, af því að hann væri ekki formaður annaðhvort í Stéttarsambandi eða Búnaðarfélaginu. Ég held nú satt að segja, að aðstaða mín sé ekki þannig. Það er ekki hægt fyrir mig að vera formaður í Búnaðarfélaginu, því að bróðir minn er búnaðarmálastjóri. Ég held, að það ætti ekki vel við. Satt að segja hef ég aldrei verið að sækjast eftir að vera formaður í Stéttarsambandinu og ekki einu sinni að fara á Stéttarsambandsfund. Og þótt ég væri grátbeðinn um að vera formaður í Stéttarsambandi bænda, þá væri ég ófáanlegur til þess, ég hef alveg nóg á minni könnu.

Ég varð alveg hissa, þegar fjmrh. var að tala um þá Magnús í Norðtungu og Gilsbakka-Magnús, og skildi ekkert í þessu. En síðar var mér sagt, að Magnús í Norðtungu mundi hafa verið hér uppi á pöllunum. Það gat skeð, að það væri af því. En annars hef ég alltaf baslað allt mitt líf án þess að vera að hræsna fyrir mönnum, þó að þeir væru einhvers staðar uppi á pöllum. Ég veit ekkert um það, ég hitti ekki Magnús og skal ekki ábyrgjast, hvort það er satt eða ekki.

Þá fór hæstv. fjmrh. að telja fram fyrir bændur, það hef ég aldrei vitað nokkurn ráðh. gera, fara að telja fram bústofn bænda hér í pontunni. Hann sagði, að ég hefði ekki verið meðal 40 stærstu bænda á Íslandi. Ég vissi auðvitað að þetta var allt tómur tilbúningur og skrök úr ráðh., því að hann hefði aldrei fengið neinn lista yfir 40 stærstu bændur á Íslandi. En þeir voru hérna í d., bæði Stefán Valgeirsson og Ágúst Þorvaldsson, og hann sagði, að þeir hefðu báðir verið á listanum. Hann gleymdi þeim Páli Þorsteinssyni og Ásgeiri Bjarnasyni, en ef þeir hefðu verið hérna í d., þá hefðu þeir vafalaust verið meðal þessara 40 líka. Ég fór að spyrjast fyrir um það á þeim stöðum, þar sem þeir vita um þessar skýrslur, hvort það væri einhver svona listi til. Hann er ekki til og hefur aldrei verið til og er algerlega óleyfilegt að vera að gefa upp nöfn manna og framtöl, þannig að þetta er bara skrök — ég vil ekki segja lygi úr hæstv. fjmrh. Ég veit ekki, hvað svona kúnstir eiga að þýða. Það, sem er spaugilegast af öllu, er, að Stefán Valgeirsson telur ekki fram sérstaklega, en er í félagsbúi við bróður sinn, það er bara talið fram búið á Auðbrekku, og ég veit ekki, hvort

hæstv. fjmrh. þekkir beljurnar þeirra í sundur og rollurnar, þannig að hann geti sagt um, hvað hvor eigi. Þar að auki finnst mér þetta ekki koma Akraborginni við eða skipinu Tungenes. Það er alveg óskylt mál.

Ég ætla ekki að fara að telja fram fyrir einn eða neinn. Annars hef ég frekar fengið skammir fyrir að hafa of stórt bú en of lítið. En það er breytileg veðráttan og erfitt að gera öllum til hæfis. Það er rétt, að Hagstofan flokkaði bændur, en ekki eftir nöfnum, sem hefðu þessa og þessa bústærð. Ég sá þetta í einhverju riti, og ég efast ekkert um, að margir bændur á landinu séu stærri, og ég tel það heldur til heiðurs fyrir mig, því að ef ég væri að rembast við að vera stærsti bóndi á Íslandi, þá væri ég þrautheimskur. Sannleikurinn er sá, að stórbændunum líður verr en meðalbændum, og það er ákaflega vitlaust að hafa allt of mikið fyrir lífinu og hafa svo e. t. v. ekkert upp úr því, þannig að þó að þetta ættu að vera skammir um mig, þá voru þetta engar skammir. En það er leiðinlegt, að sjálfur fjmrh. skuli vera að segja lygisögur hér uppi í pontu.

Svo er það alveg ykkar mál, hvernig þið greiðið atkv. með þessari vitleysu. Ég er búinn að segja, að ég get gjarnan verið með hæfilegri tölu af togurum. Það eru ekki líkur til, að það verði teknir nema tveir, og ég sé enga ástæðu til, að þingið sé að samþykkja ábyrgðarheimild fyrir 10, ef það eru ekki líkur til, að það verði keyptir núna nema tveir. Það á kannske að erfast sú heimild, þangað til næsta stjórn kemur, ég veit það ekki. Ég sé bara ekki ástæðu til þess að vera að samþykkja ábyrgð fyrir miklu fleiri togurum en á að kaupa. Eins og ég er búinn að taka fram, get ég gjarnan verið með Vestmannaeyjaskipinu. Það er ástæðulaust fyrir n. að vera að tvinna svona saman alveg óskylda hluti. En með þessa blessaða ferju, þá er þetta „tótal" mál. Það er hægt að fá í Noregi 200 tonna ferju fyrir um 2 millj. kr. norskar eða um 30 millj. íslenskar, og það væri hæfileg snekkja fyrir Akurnesinga, þegar þeir vilja hætta við Akraborgina, sem engin ástæða er nú til, því að skipið er það gott að hafa fyrir skemmtisnekkju. Akurnesingar hafa vel efni á því að eiga svona 30 millj. kr. skemmtisnekkju eins og þjóðhöfðingjar gerðu, en þá þurfa þessir höfðingjar, sem standa að Skallagrími, ekki að vera að betla um neinn styrk hjá ríkinu til þess eða biðja um ríkisábyrgð. Þeir geta borgað þetta út, það ætti að vera auðvelt.

Forseti (Gils Guðmundsson): Vegna þeirra tilmæla, sem hv. 12. þm. Reykv. beindi til mín, vil ég segja þetta:

Ég skal beita mér fyrir því, að forsetar ræði það mál, sem hv. þm. nefndi. Ég get lýst því yfir, að ég tel, að hér sé um bæði gamalt og nýtt vandamál að ræða, að það er og hefur lengi verið tilhneiging til þess að samþykkja í einu frv. mál, sem eru tiltölulega óskyld og ættu eðli máls samkv. að vera borin fram í fleiri en einu frv. Ég lýsi því sem sagt yfir, að ég mun beita mér fyrir því, að forsetar ræði þetta vandamál og athugi, hvort þeir geta eitthvað í því gert. Burtséð frá þessu sérstaka máli, þá er það ekki nýtt, að slík vandamál komi upp, og er eðlilegt að mínum dómi, að það sé sérstaklega athugað, hvað hægt er og rétt er að gera í því efni.

Hannibal Valdimarsson: Herra forseti. Ég sagði nokkur orð um þetta mál, þegar það var hér til 1. umr., og það var af því tilefni, að ég hafði sem þátttakandi í störfum samstarfsn. samgöngumála fengið upplýsingar m. a. um þetta draumaskip Akurnesinga og þær upplýsingar voru næsta neikvæðar. Ég gerði grein fyrir því, sem út úr þessari athugun hafði komið. Hins vegar þótti mér það kynlegt, að ég hafði ekkert um þetta mál heyrt fyrr en tveimur dögum fyrir þennan nefndarfund í samgn., og var mér þá tjáð, að það mundi vera búið að ákveða kaup á þessu skipi og gera einhverjar ráðstafanir til að tryggja því máli framgang í gegnum þingið. Mér þótti það kynlegt, að mínum þingflokki hafði engin vitneskja um þetta borist. Síðan kom þetta mál, eins og það var upphaflega lagt fyrir Ed., um sjálfskuldarábyrgð á lánum til kaupa á 10 fiskiskipum yfir 300 lestir. Þegar það mál fór til n. í hv. Ed., var skotið inn till. til viðbótar um, að sjálfskuldarábyrgðarlán fyrir allt að 80% af kaupverði ferjuskips til siglinga milli Akraness og Reykjavíkur kæmi inn í þetta frv. Þar fæddist það.

Það er búið að segja margt um það, hversu óþinglegt sé að skjóta öðru fjarskyldu og sjálfstæðu máli inn í annað í meðferð þingsins. Ég tek fyllilega undir það, og hefur hér verið upplýst, að hæstv. núv. forsrh. hafi fordæmt slíkt í fræðiriti, sem hann er höfundur að. En ekki nóg með það. Þetta er orðinn margfaldur neðanprjóningur. Það voru kallaðir neðanprjóningar, þegar prjónað var neðan við sokka. Þegar neðri hlutinn hafði slitnað nokkuð og þótti ekki ástæða til að endurnýja sokkinn allan, þá var hann neðanprjóningur. En hér er um tvöfaldan neðanprjóning að ræða, því að málið var ekki miklu lengra komið, þegar bætt var við sjálfskuldarábyrgð ríkisins fyrir enn öðru skipi, þ. e. Vestmannaeyjaferju. Þetta eru vitanlega með öllu óþingleg vinnubrögð. Þetta eru þrjú sjálfstæð mál og eiga að fara í gegnum þingið til skoðunar á þann veg.

Málið hafði ekki verið rætt í þingflokkum stjórnarliðsins mér vitanlega, og svo er því skotið inn svona. Það benti til þess og vakti strax tortryggni, að þarna væri verið að lauma máli inn á þingið, ekki með venjulegum hætti. Svo þegar málið kemur frá hv. Ed. hingað þá bregður svo við, að það mælir enginn fyrir frv., hvorki fyrir upprunalega málinu né viðbótinni. Hæstv. fjmrh. birtist ekki. Það jók á tortryggnina gagnvart málinu og spillti fyrir því. Enn fremur er það réttilega upplýst hér, að það voru gefnar mjög rangar og villandi upplýsingar um málið. Það náði t. d. ekki nokkurri átt, að rekstrarkostnaður slíks skips yrði ekkert meiri en Akraborgar, tvöfalt stærra skips. Ofunotkun átti ekki einu sinni að verða hlutfallslega meiri. Það er búið að hrekja þær tölur, sem þarna voru látnar uppi. Það var ekki farið samviskulega með að upplýsa málið, og það gerir það enn þá verra.

Umsögn lá fyrir frá Skipaútgerð ríkisins, forstjóra Skipaútgerðarinnar, Guðjóni Teitssyni, sem var vægast sagt mjög neikvæð. Þar var upplýst, að þetta væri fast að því 8 ára gamalt skip og stæði fyrir dyrum klössun á því. Enginn gat upplýst, hvað hún mundi kosta. Þetta væri skip, sem væri byggt sem innfjarðaferja í Noregi og hefði ekki haffærisskírteini nema ákveðnar vegalengdir frá landi. Þetta væri skip með geysilega mikla yfirbyggingu. Og svo mikið vit hef ég á sjómennsku, að leiðin milli Akraness og Reykjavíkur er ein af verri siglingaleiðum við strendur landsins, ávallt að heita má hliðarvindur, ýmist af hafi eða af Hvalfirði, og það er ekki fyrir hvaða kopp sem er að sigla daglega þessa leið.

Umsagnir lágu líka fyrir frá Siglingamálastofnun ríkisins, fyrst til bráðabirgða, frekar neikvæð. Ekki hafði verið haffærisskírteini í þessu skipi og ekki gefið fyrirheit um það nema með skilyrðum. (Gripið fram í.) Til þess að sigla því til Íslands. En þó að allt beri þarna að sama brunni, þá virðist svo sem hér tjói ekkert á móti að mæla, því að það sé búið á bak við tjöldin að ráða þessu máli til lykta. Og svo er Alþingi spurt á eftir. Það er ekkert af þessu gott.

Sannleikurinn er sá, mér líst ekki á þessi kaup og ekki á þetta skip eftir þeim upplýsingum, sem ég hef fengið um það frá þeim, sem hafa þar látið álit sitt í ljós, sem eru fyrst og fremst Skipaútgerð ríkisins og Siglingamálastofnunin. Síst af öllu líst mér á skipið eftir síðari umsögn Siglingamálastofnunarinnar. Ég varð undrandi líka, eins og hv. 3. þm. Norðurl. v., eftir að hæstv. fjmrh. hafði haldið hér ræðu um þetta mál, því að mér datt ekki annað í hug en að hann kæmi í ræðustól til að upplýsa um hinar jákvæðu, ágætu hliðar þessa máls, en ekki til þess að skylmast við flokksbróður sinn. En það voru eintómar skylmingar, bæði við hinn ágæta flokksbróður ráðh. og svo um ýmis atriði, sem eru óumdeild í þessu máli. Það var bardagi við vindmyllur. Það var langur kafli í ræðu hæstv. ráðh. um það, að það sýndist sitt hverjum um kaup á fiskiskipum. En í sambandi við þessa sjálfskuldarábyrgð, sem hér stóð til að veita gagnvart fiskiskipunum, hafði enginn maður verið með neinar sérstakar mótbárur og ekki gagnrýnt það á nokkurn hátt. Það þurfti enga varnarræðu um það.

Ég var alltaf að búast við því, að hæstv. ráðh. kæmi með upplýsingar um Akranesskipið, ferjuna. En það kom ekki orð um það. Og ég bíð enn eftir því að fá einhverjar lofsamlegri upplýsingar um þennan skipakost til þeirrar notkunar, sem hann á að vera, sem ferja, sem fer daglega milli Akraness og Reykjavíkur og flytur fólk og bíla. Ef ekki er hægt að segja neitt loflegt um þetta skip af þeim mönnum, sem vilja standa ábyrgir fyrir því, þá líst mér enn verr á allt málið, þennan þátt þess.

Ég verð að segja það, að það er að vísu nauðsynlegt fyrir Akurnesinga að hafa möguleika til sjóferðar milli Reykjavíkur og Akraneskaupstaðar. En það er ekki sama, hvernig það mál er leyst. Ef þeir gera það samkv. sinni eigin ákvörðun, þá taka þeir á sig ábyrgðina af því að bera kostnaðinn af kaupum og rekstri slíks skips. Það er einstætt, að kaupstaður í nágrenni Reykjavíkur fái nokkrar millj. kr. á ári til þess að sjá um fólksflutninga milli tveggja kaupstaða, það hefur enginn annar kaupstaður notið þess annar en Akranes. En ef það fer að verða margfaldur styrkur á við þau fjarlægari byggðarlög, sem fá flóabátastyrki til þess fyrst og fremst að flytja nauðsynjavörur til héraða og afurðir úr héruðum í kaupstað, þá er þar ólíku saman að jafna og ekki hægt að verja annað en fjarlægari staðirnir fái meiri aðstoð frá ríkinu til þeirrar þjónustu heldur en kaupstaðir rétt í nágrenni við höfuðborgina fá styrk til þess að flytja fólk. Það er að vísu meira en helmingi styttri leið milli Reykjavíkur og Keflavíkur, en Keflvíkingar fá ekki einn einasta eyri til þess að standa undir kostnaði af fólksflutningum milli þessara staða, og ætlast enginn til þess. En munurinn er ekki annar en að vegalengdin milli Akraness og Reykjavíkur er nokkru lengri. En þegar þetta nýja skip væri komið, helmingi stærra skip en Akraborgin er, þá óttast ég, að það yrði farið fram á margfaldan ríkisstyrk, sem væri í ósamræmi við allar aðrar fjárveitingar til sambærilegra hluta. En vonandi verð ég ekki sannspár um þetta.

Það er líka neikvæður flötur á málinu, að það skuli þurfa að gera dýr hafnarmannvirki bæði í Akraneshöfn og í Reykjavíkurhöfn, til þess að sá meginkostur skipsins notist, að hægt sé að aka bifreiðum úr skipinu á land og af landi í skipið. En það er nú eins og með annað, um þetta fást ekki neinar áreiðanlegar tölur, og ætti þó að vera búið að gera fullkomlega verkfræðilega könnun á þessu, því að á þessu byggist aðalkostur skipsins. Sumir segja, að þetta kosti bráðabirgðaaðgerðir hér í Reykjavíkurhöfn og á Akranesi fyrir 16 millj. kr., aðrir segja 100% hærra, 32 millj., en enginn virðist vita neitt um þetta. Það er ekki hægt að notfæra sér þessa kosti skipsins, sem gætu gefið því auknar tekjur með auknum bílaflutningi, fyrr en þessar breytingar á hafnaraðstöðunni hafa verið gerðar beggja vegna. Þangað til þessi mannvirki væru komin í Akraneshöfn og Reykjavíkurhöfn, yrði að hífa hvern bíl um borð eins og í Akraborgina, og það er fyrst þegar hægt er að aka þeim um borð, að þeir geta reiknað með bílflutningum sem einhverjum verulega auknum tekjustofni. Mér er sagt, að það liggi ekki á lausu hjá samgrn. að veita fé til umbóta í Reykjavíkurhöfn, það hafi aldrei verið gert, enda er Reykjavíkurhöfn með sérstöðu gagnvart öllum öðrum höfnum landsins um margs konar stórfenglega tekjumöguleika. Og að fara inn á þá braut að veita styrk til þess að gera þessar hafnarumbætur hér, svo að bílum yrði ekið um borð í þetta nýja skip, það væri hættulegt fordæmi, ég játa það. Hins vegar gætu Akurnesingar vafalaust, ef þeir teldu þetta brýnast allra sinna hafnarnauðsynja, varið 16 eða 30 millj. eða hvað það nú yrði til þessara umbóta í Akraneshöfn umfram aðrar aðgerðir, sem þar kalla að.

Ég óska eindregið eftir því, að hér séu gefnar upplýsingar um það, hvernig þetta skip er, hvaða sérfræðingar hafa skoðað það og að hvaða niðurstöðu þeir hafa komist um ágæti skipsins. Og ég vil fá vitneskju um það, hvort það er einróma álit slíkra fræðimanna, að þetta skip sé

tilvalið til þessa hlutverks og teljist vera hagkvæmt að festa kaup á því í þessum tilgangi, sem ferjuskipi milli Reykjavíkur og Akraness. En ef allir þegja, ráðh. veitir ekki málinu þann styrk að fylgja því úr hlaði efnislega með öðru en skammaræðu um flokksbróður sinn, þá tel ég það vera sönnun þess, að málið sé ekki þess eðlis, að hægt sé að mæla fyrir því. Og ef þm. Vesturl. gera það ekki heldur, svo að gagni sé, að sýna fram á, að skipið sé að flestu leyti til þessara hluta fallið, þá skipti ég ekki um skoðun og greiði atkv. á móti þessum þætti málsins.

Ég viðurkenni, að þörfin fyrir Vestmannaeyjaskipið er mjög brýn, það ber að tengja eyjabyggðina í Vestmannaeyjum sem best við meginlandið, og það verður ekki gert nema með góðu ferjuskipi. En málið er mjög skammt á veg komið, og ég held, að það væri viturlegra að kljúfa það frá þessum margfalda neðanprjóningi og flytja um það sérstakt frv., fara þar þinglega að, allra helst þar sem það væri beint í framhaldi af þeirri þáltill., sem þm. Sunnl. hafa flutt. Ég held, að það sé alveg ástæðulaust að vera neitt að smygla því máli inn í þetta og það bæti síst fyrir framgangsmöguleikum þess. Þetta eru þrjú mál og á að flytja fyrir þinginu sem þrjú mál. En verði hér atkvgr. um einstaka liði þessa frv., þá hygg ég þó, að ég mundi greiða atkv. með Vestmannaeyjaskipinu, því að ég vil á engan hátt, að það sé tafið, að nauðsynlegur undirbúningur sé þar gerður. En betur hefði farið á því fyrir það góða mál, að undirbúningurinn hefði verið kominn lengra, áður en það var flutt sem þingmál til ákvörðunar. Við þurfum líka að vita, hvers konar skip þar eigi að kaupa, en um það liggur ekkert fyrir mér vitanlega.

Ég hef ekki fleiri orð um þetta. Ég óska eftir því, að sem jákvæðastar upplýsingar fáist um það, hvaða kostum þetta væntanlega Akranesskip er búið. Þær upplýsingar, sem hingað til hafa legið fyrir, — þær hafa aðeins legið fyrir hjá samgn., — hafa ekki verið jákvæðar, hvorki frá Skipaútgerð ríkisins né frá Siglingamálastofnuninni, og á því ber þó að taka nokkurt mark.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Sameinað þing, 53. fundur.

Þriðjudaginn 12. febr., kl. 2 miðdegis.

Fullorðinsmenntun, fsp. (þskj. 343). — Ein umr.

Fyrirspyrjandi (Stefán Gunnlaugsson): Herra forseti. Á tveimur síðustu þingum hefur verið lagt fram frv. til l. hér á hinu háa Alþ. um Fræðslustofnun alþýðu. 1. flm. þess, þegar það var fyrst lagt fram, var Sigurður E. Guðmundsson, sem hér átti sæti á Alþ. um tíma sem varaþm. Alþfl. Frv. var þá vísað til menntmn. Nd. til athugunar, og fékk það þá ekki afgreiðslu. Við Pétur Pétursson, hv. þm., tókum þetta mál upp á ný á síðasta þingi, en þá var því vísað til ríkisstj. til fyrirgreiðslu að tillögu menntmn. hv. Nd. Þetta frv. okkar miðaði að því, að hér yrði komið á fót stofnun, sem ynni að alhliða alþýðufræðslu og fullorðinsmenntun líkt og sams konar stofnanir, sem starfað hafa um árabil á hinum Norðurlöndunum. Starfsemi Fræðslustofnunar alþýðu skyldi vera grundvöllur að skipulegri eflingu almenningsmenntunar í landinu og fullorðinsmenntunar.

Frsm. menntmn. Nd. lét svo um mælt, þegar hann talaði fyrir till. hennar hér í hv. Nd., að frv. yrði vísað til ríkisstj. til fyrirgreiðslu, að því hefði verið mjög vel tekið í n. og þeim grundvallarhugmyndum, sem það byggðist á. Hins vegar hefði verið upplýst, að athugun færi fram í menntmrn. á því, hvernig þessum málum yrði best fyrir komið. Væri sérstök n. á vegum rn. að störfum, sem fjallaði um fullorðinsmenntun á breiðum grundvelli. Þetta var í byrjun aprílmánaðar 1973. Því hef ég beint svofelldri fsp. til hæstv. menntmrh. á þskj. 343: „Hvað líður athugun menntmrn. á því, hvernig fullorðinsmenntun verði best fyrir komið?“

Menntmrh. (Magnús T. Ólafsson): Herra forseti. Svar mitt við fsp. hv. 5. landsk. þm. er svo látandi:

Hinn 26. okt. 1971 skipaði menntmrn. n. til þess, eins og segir í skipunarbréfi, að „gera till. um, hvernig skipuleggja skuli fræðslustarfsemi fyrir fullorðna, er hafi m. a. að markmiði að veita kost á endurmenntun og gera kleift að ljúka prófum ýmissa skólastiga.“ Var n. ætlað, eins og enn fremur segir í skipunarbréfinu, að „skila till. í frv.-formi svo fljótt sem við verður komið.“

Formaður n. var skipaður séra Guðmundur Sveinsson skólastjóri, en aðrir nm. voru Stefán Ögmundsson prentari, tilnefndur af Alþýðusambandi Íslands, dr. Matthías Jónasson prófessor, tilnefndur af háskólaráði, frú Sigríður Thorlacius formaður Kvenfélagasambands Íslands, tilnefnd af Kvenfélagasambandinu, Andrés Björnsson útvarpsstjóri, tilnefndur af Ríkisútvarpinu, Gunnar Grímsson starfsmannastjóri, tilnefndur af Sambandi ísl. samvinnufélaga og Jónas B. Jónsson fræðslustjóri, tilnefndur af Reykjavíkurborg. N. hóf þegar störf og hefur starfað síðan og haldið fundi næstum reglulega. Sú breyting varð á skipan n. seint á árinu 1973, að Jónas B. Jónsson lét af störfum, en Reykjavíkurborg tilnefndi í hans stað Ragnar Georgsson skólafulltrúa.

N. hóf störf sín með viðtækri gagnasöfnun og heimildakönnun. Hefur n. kannað ítarlega skipun fullorðinsfræðslu í nágrannalöndunum, alveg sérstaklega í Svíþjóð, þar sem fullorðinsfræðslan er margbreytilegust og viðamest, í Noregi, þar sem á þriðja ár hefur verið unnið að því að semja frv. um heildarskipun fullorðinsfræðslunnar, og í Danmörku, þar sem fullorðinsfræðslan er dreifð, bæði í framkvæmd og lagasetningu, loks í Finnlandi, þar sem á síðustu árum hafa verið samþykkt margs konar sérlög, sem snerta fullorðinsfræðslu meira og minna. Þá hefur n. einnig kannað gögn um fullorðinsfræðslu í Bretlandi og Þýskalandi. N. viðaði að sér gögnum frá Evrópuráðinu, bókum, ritum og

greinargerðum, en Evrópuráðið hefur mjög látið fræðslu fullorðinna til sín taka, svo og nýtt menntakerfi, ævimenntun, sem ætlað er að fella saman í eina heild hið hefðbundna skólakerfi annars vegar og fræðslu fullorðinna hins vegar, en hún verður þannig annar þáttur ævimenntunarinnar. Þá voru og fengnar skýrslur um hinar þrjár ráðstefnur UNESCO, Menningar- og fræðslustofnunar Sameinuðu þjóðanna, um fullorðinsfræðslu í Helsingör 1949, í Montreal 1960 og í Tokyo 1972. Einkanlega var ítarlega fjallað um skýrslu hinnar síðustu ráðstefnu, svo og könnuð gögn, sem send höfðu verið frá hinum ýmsu þjóðum samtakanna til að vera grundvöllur og forsenda umræðna á ráðstefnunni. Þá var notið margvíslegrar fyrirgreiðslu frá Sekretariatet for nordisk kulturelt samarbejde í Khöfn. Í sept. 1972 var fyrir forgöngu embættismannanefndar SNK sett á stofn Styringsgrubbe for voksenundervisning í Norden, og var formaður íslensku fullorðinsfræðslunefndarinnar Guðmundur Sveinsson, tilnefndur í n. sem fulltrúi Íslands. N. hefur sérstaklega fengið til úrlausnar tvö verkefni. Annað lýtur að tilraun með nýja kennsluhætti í fullorðinsfræðslu, hitt er gagnasöfnun um fræðslu fullorðinna á Norðurlöndum. Hið síðara verkefni snertir sérstaklega störf fullorðinsfræðslunefndarinnar íslensku. Gagnasöfnunin hefur nú staðið yfir á annað ár, og er henni að mestu lokið. Er þar mikinn fróðleik að fá um alla skipan fullorðinsfræðslu á Norðurlöndum, svo og reglur, er gilda nú um framkvæmd fullorðinsfræðslunnar og fjárframlög til hennar.

Í júnímánuði 1973 hafði fullorðinsfræðslunefndin lokið við að semja fyrstu drög að frv. til l. um fullorðinsfræðslu á Íslandi. Drög þessi voru síðan í byrjun júlímánuðar það ár send 28 aðilum til umsagnar og óskað eftir umsögnum og ábendingum varðandi drögin. Þessir 28 aðilar voru þannig valdir:

1. 10 aðilar hins hefðbundna skólakerfis.
2. 9 aðilar, er tengjast vinnumarkaðinum, atvinnuvegum landsmanna.
3. 9. aðilar frjálsra félagasamtaka, er hafa bæði menningar- og fræðslumál á stefnuskrá sinni.

N. lét þá ósk í ljós, að svör hefðu borist í síðasta lagi um miðjan sept., enda ætlunin að halda síðar fundi með þeim aðilum, sem frv.-drögin fengu til umsagnar. Illa gekk þó að heimta svör, og um miðjan sept. höfðu aðeins svör borist frá 10 aðilum af 28. Engu að síður var í okt. tekið til við að halda boðaða fundi með hinum 28 aðilum. Voru 3 slíkir fundir haldnir, einn með hverjum hópi: a) fulltrúum hins hefðbundna skólakerfis, b) fulltrúum vinnumarkaðarins, c) fulltrúum frjálsra félagasamtaka. Eftir umrædd fundahöld og að fengnum margvíslegum ábendingum tók fullorðinsfræðslunefndin til við að endursemja frv. að lögum um fullorðinsfræðslu. Urðu þannig til „drög 2“ að slíku frv. Þau drög voru síðan rædd ítarlega á fundum n. og kom í ljós nokkur skoðanaágreiningur í n. um ýmis ákvæði og atriði. Voru þó allir nm. sammála um, að þann skoðanaágreining yrði að jafna og finna frv. það form og framsetningu, er allir gætu sameinast um. Hefur þessu marki nú verið náð og hin þriðju drög n. fullgerð. Er þess því að vænta, að endanlegri samningu frv. verði lokið og n. skili því til rn. bráðlega. Og fyrir mitt leyti vona ég fastlega, að frv. þetta komi til álita þess þings, sem nú situr.

Fyrirspyrjandi (Stefán Gunnlaugsson): Herra forseti. Ég þakka hæstv. ráðh. fyrir svör hans. Hann hefur gert hér grein fyrir skipun n., sem hefur starfað að undirbúningi frv. til l. um fullorðinsmenntun og fullorðinsfræðslu, og hann hefur greint frá því, hvernig starf þessarar n. hefur gengið. Gagnasöfnun sé lokið, sagði hann, og n. væri við það að ljúka sínu starfi endanlega. Ég fagna því, að þetta mál skuli vera komið á þann rekspöl, svo sem kom fram í ræðu hans, og vænti þess, að það frv. til l. um þetta mál sjái hér dagsins ljós á hinu háa Alþ. hið allra fyrsta.

Iðnfræðsla og tæknimenntun, fsp. (þskj. 343). — Ein umr.

Fyrirspyrjandi (Þórarinn Þórarinsson): Herra forseti. Í byrjun des. 1972 svaraði hæstv. menntmrh. í Sþ. fsp., sem ég bar fram þess efnis, hvaða ráðstafanir ríkisstj. hefði í undirbúningi til að efla iðnfræðsluna. Í grg. minni fyrir fsp. benti ég á, að reynsla annarra þjóða benti ótvírætt til þess, að blómlegur iðnaður byggðist framar öðru á þekkingu og verkkunnáttu, því þyrfti á næstu árum að gera meiri háttar ráðstafanir til að auka verkmenntunina á sviði margvíslegra iðngreina. Vel mætti vera, að til þess að ná þessu marki þyrfti að gera róttækar breytingar á skólakerfinu. T. d. væri það mjög mikilvægt, að iðnnámi yrði ekki skipaður óvirðulegri sess í skólakerfinu en menntaskólanámi. E. t. v. ætti að steypa menntaskólum og iðnskólum saman, eins og Norðmenn stefndu að með nýrri skólalöggjöf. Það kom fram í svari hæstv. menntmrh. við þessari fsp. minni, að hann hyggðist skipa tvær nefndir til að vinna að undirbúningi þessara mála, aðra undir forustu Guðmundar Einarssonar verkfræðings, sem fjallaði um endurskoðun iðnfræðslulöggjafarinnar, og hina undir forustu Sveinbjörns Björnssonar eðlisfræðings, sem fjallaði um stofnun tækniháskóla. Fsp. mín nú er borin fram til að fá upplýsingar um störf þessara n. og hvenær megi vænta till. þeirra.

Menntmrh. (Magnús T. Ólafsson): Herra forseti. Svar mitt við fsp. hv. 4. þm. Reykv. er í tveim köflum, og fjallar hinn fyrri um iðnfræðsluna.

Með bréfi, dags. 15. febr. 1973, skipaði menntmrn. n. til þess að endurskoða lög nr. 68 1966, um iðnfræðslu, og lög nr. 18 1971, um breyt. á þeim l., og var ætlast til, að n. skilaði frv. til nýrra laga um iðnfræðslu. Í störfum sínum skyldi n. taka mið af meginstefnu álitsgerðar verk- og tæknimenntunarnefndar um nýskipan verk- og tæknimenntunar á Íslandi, en það álit er frá því í júlí 1971. Enn fremur var n. falið að semja framkvæmdaáætlun, er fæli í sér mat á helstu kostnaðaráhrifum, er leiða mundi af framkvæmd frv., ef að l. yrði. Var tekið fram

í bréfinu, að æskilegt væri, að n. hraðaði störfum eftir föngum og skilaði frv. fyrir árslok 1973. Formaður n. var skipaður Guðmundur Einarsson verkfræðingur, en aðrir nm. Haukur Eggertsson framkvstj., skipaður samkv. tilnefningu Félags ísl. iðnrekenda, Ólafur Pálsson húsasmíðameistari, skipaður samkv. tilnefningu Landssambands iðnaðarmanna, Óskar Hallgrímsson bankastjóri, formaður iðnfræðsluráðs, skipaður án tilnefningar, Rúnar Backmann iðnnemi skipaður samkv. tilnefningu Iðnnemasambands Íslands, Snorri Jónsson framkvæmdastjóri, tilnefndur af Alþýðusambandi Íslands, og Þór Sandholt skólastjóri, skipaður samkv. tilnefningu Sambands iðnskóla á Íslandi. Óskar Guðmundsson framkvstj. iðnfræðsluráðs hefur unnið fyrir n.

Í áliti verk- og tæknimenntunarnefndar var miðað við, að allt verk- og tækninám færi fram í samfelldu skólakerfi, iðnnám yrði endurskipulagt og flutt í áföngum að öllu leyti inn í iðnskólana, þ. e. a. s. horfið frá þeirri stefnu, að verklegir hlutar iðnnámsins færu fram á vegum meistara, en fyrstu skrefin í þessa átt voru stigin með gildandi iðnfræðslulöggjöf. Gert var ráð fyrir í till. verk- og tæknimenntunarnefndar, að iðnskólar yrðu reknir einungis af ríkinu, en nú eru slíkir skólar, sem kunnugt er, reknir sameiginlega af ríki og sveitarfélögum.

Þessar till. eru úr áliti verk- og tæknimenntunarnefndar, en n., sem vinnur að endurskoðun iðnfræðslulaga, er að sjálfsögðu ekki bundin við það álit, þótt henni væri ætlað að hafa það til viðmiðunar. Það er því ekki vitað á þessu stigi, hvaða stefnu n. kann að marka endanlega í þessum málum. Verkefni hennar hefur að sjálfsögðu reynst tímafrekt og umfangsmikið. Aflað hefur verið margvíslegra gagna, sem gætu orðið n. til stuðnings í starfi, og formaður n. og fleiri nm. og starfsmaður n. hafa farið utan til þess að kynna sér nýjustu viðhorf í verkmenntunarmálum í Danmörku, Vestur- og Austur-Þýskalandi, og þess má geta sérstaklega, að Max Planck-stofnunin í Vestur-Berlín hefur látið n. í té fyrir atbeina prófessors Wolfgangs Edelsteins miklar upplýsingar, ekki einasta varðandi Þýskaland, heldur varðandi skipan verkmenntunarmála víðs vegar í Vestur-Evrópu.

N. hóf störf sín 17. apríl 1973, og hefur til þessa haldið 16 fundi. Hins vegar hefur mikið starf einnig verið unnið utan funda og n. á eftir að vinna mikið úr þeim gögnum, sem fyrir hendi eru. Og í þeim tilgangi að leita eftir viðhorfi fulltrúa atvinnulífsins hér á landi gengust menntmrn. og iðnrn. að beiðni n. fyrir fundum um verkmenntunarmál dagana 16. og 23. jan. þ. á. Fundi þessa sátu um 40 manns.

Fyrir Alþ. liggur nú, eins og kunnugt er, frv. til l. um grunnskóla og skólakerfi, þar sem kveða á um hina almennu grundvallarmenntun landsmanna, og í framhaldi af þeirri löggjöf, sem samþykkt kann að verða, þarf að endurskoða allt framhalds- og sérskólakerfið, þ. á m. verk- og tæknimenntunina, sem nú þegar er unnið að.

Eitt af því, sem skiptir afar miklu máli í því sambandi, er, að verk- og tæknimenntun fari fram í samfelldu skólakerfi, þar sem menn geti stöðvast á ýmsum stigum með ýmiss konar starfsréttindi, en einnig haldið áfram til æðstu mennta á þessu sviði, ef hugurinn stefnir í þá átt. Á sviði verk- og tæknináms á ekki að vera nein lokuð leið fremur en á öðrum menntabrautum, og verknám þarf umfram allt að njóta sömu virðingar og bóknám.

Á þessu stigi er ekki unnt að segja um, hvenær vænta megi nýs frv. um verkmenntun, þ. e. a. s. endurskoðun á núgildandi iðnfræðslulöggjöf, frá n. En höfuðatriðið er, að mál þetta verði vandlega undirbúið og afgreitt í sambandi við þá þróun, sem hjá okkur er og þarf að verða í atvinnumálum, og í samræmi við hliðstæða þróun í nágranna-, viðskipta- og samkeppnislöndum. Ég hef mikinn áhuga á, að endurskoðun þessarar löggjafar verði hraðað sem mest, og veit, að n., sem vinnur að þessum málum, hefur það einnig, og frv. um þetta efni verður lagt fyrir Alþ. svo fljótt sem kostur er á.

Þá skal fjallað um tæknimenntunina.

Hinn 16. febr. 1973 skipaði menntmrn. n. til þess að endurskoða l. n. 66 1972, um Tækniskóla Íslands, sbr. einnig lög nr. 84 1970, um Háskóla Íslands, að því er varðar verkfræðinám. Var n. falið að semja frv. að nýjum lögum um verk- og tæknimenntun á háskólastigi og taka m. a. til athugunar í því sambandi, hvort ráðlegt sé, að stofnaður verði innan vébanda Háskóla Íslands sérstakur tækniháskóli, er taki við öllu tæknifræðinámi, sem nú fer fram í Tækniskóla Íslands, og verkfræðinámi í Háskóla Íslands. Enn fremur er n. ætlað að semja lagafrv. um tækniskóla, er veiti tæknimenntun á framhaldsskólastigi

Var n. falið að taka í störfum sínum mið af meginstefnu álitsgerðar verk- og tæknimenntunarnefndar um nýskipan verk- og tæknimenntunar á Íslandi, en nál. þetta er frá því í júní 1971. Enn fremur var þess beiðst, að n. semdi framkvæmdaáætlun, er fæli í sér mat á helstu kostnaðaráhrifum, er leiða mundu af framkvæmd frumvarpanna, ef að lögum yrðu. Loks var n. falið að rannsaka ítarlega, hvort tiltækilegt sé, að fyrrgreindar menntastofnanir, önnur hvor eða báðar, verði starfræktar á Akureyri, sbr. ákvæði til bráðabirgða í l. nr. 66 frá 1972, um Tækniskóla Íslands. Var n. beðin að hraða störfum eftir föngum og skila frv. fyrir árslok 1973.

Í n. voru skipaðir Sveinbjörn Björnsson eðlisfræðingur, formaður, Bjarni Kristjánsson, rektor Tækniskóla Íslands, Magnús Magnússon, forseti verkfræði- og raunvísindadeildar Háskóla Íslands, allir skipaðir án tilnefningar, og Jóhannes Zoëga hitaveitustjóri, tilnefndur af Verkfræðingafélagi Íslands, og Jónas Guðlaugsson rafveitustjóri, tilnefndur af Tæknifræðingafélagi Íslands.

N. hóf þegar störf og hefur haldið 15 fundi. Stefna um menntun tækna er þegar mörkuð með nýrri reglugerð Tækniskólans, sem gefin var út í júní 1973, en þar er gert ráð fyrir, að nemendur með sveinspróf eða jafngilda þekkingu eigi kost á tveggja og hálfs árs tækninámi, þar sem fyrsta árið yrði almennt nám í undirbúningsdeild skólans, en síðari hluti námsins á kjörsviði nemenda í bygginga-, véla-, raf- og útgerðartækni. Nemendur, sem lokið hafa þessu námi eiga síðan kost á hálfs árs framhaldsnámi,

sem lýkur með raungreinadeildarprófi Tækniskólans og opnar leiðir til frekara náms í tæknifræði og verkfræði á háskólastigi.

Framtíð tæknifræðináms og verkfræðináms er hins vegar óljósari, og hafa störf nefndarinnar því einkum beinst að könnun á tilhögun þessa náms hér og í skyldum löndum og leit að leiðum til að fella nám í þessum greinum saman í einn skóla og nýta betur kennslukrafta, tæki og húsnæði án þess að rýra kosti þessara námsbrauta, sem báðar eru taldar nauðsynlegar með skyldum þjóðum og einnig fyrir íslenskt atvinnulíf.

Samkvæmt upplýsingum frá n. er hún nú að ganga frá till. sínum um framtíð tæknifræði- og verkfræðináms og mun leggja till. sínar um mörkun stefnu í þessum málum fyrir rn. Þegar þessar till. hafa borist og afstaða verið til þeirra tekin, mun n. ganga frá drögum að frv. á þeim grundvelli.

N. telur ekki gerlegt að flytja kennslu í tæknifræði og verkfræði frá Reykjavík vegna nauðsynlegra tengsla við aðra kennslu í Háskóla Íslands. Hins vegar telur hún ekkert vera því til fyrirstöðu, að komið yrði á fót kennslu í tæknagreinum á þeim stöðum, sem fyrir er kennsla í undirbúnings- og raungreinadeildum Tækniskólans.

Fyrirspyrjandi (Þórarinn Þórarinsson): Herra forseti. Ég þakka hæstv. menntmrh. fyrir glögg og ítarleg svör hans. Alveg sérstaklega vil ég þakka fyrir þann áhuga og skilning hans á þessum málum, sem mér virtist koma fram í ræðu hans. Ég tek undir þau ummæli hans, að það er mikilvægt, að viðkomandi nefndir ljúki störfum sem fyrst. Þó að mikið sé unnið með því að fá till. þeirra, er það ekki nema fyrsti áfangi. Eftir er að fjalla um málið hér á Alþ. og svo þar næst að koma fram þeim ákvörðunum, sem þar verða teknar, og það getur tekið sinn tíma.

Kennsla í fjölmiðlun við Háskóla Íslands, fsp. (þskj. 344). — Ein umr.

Fyrirspyrjandi (Benedikt Gröndal): Herra forseti. Á síðasta þingi flutti ég till. til þál. um kennslu í fjölmiðlun við Háskóla Íslands. Ég sýndi fram á, að á þessu starfssviði eru nú þegar nokkur hundruð störf í landinu og fer fjölgandi. Er þar ekki aðeins um að ræða starfsfólk við blöð, útvarp, sjónvarp og útgáfu, heldur einnig við hvers konar upplýsingastörf og auglýsingastörf, sem fer mjög fjölgandi, og ýmsar aðrar greinar. Ég sýndi einnig fram á, að Háskóli Íslands mundi geta notað mikið af þeim kennslukröftum, sem hann þegar hefur, við slíka kennslu sem þessa og það mundi ekki verða kostnaðarsamt hvað snertir tæki eða annan búnað að koma slíkri kennslu á fót, miðað við það, sem er í ýmsum öðrum greinum. Ætti því háskólanum að vera tiltölulega auðvelt og ódýrt að koma þessari kennslu á, og mundi það koma að góðu gagni einmitt nú, þegar vöxtur háskólans er örari en nokkru sinni og stúdentahópurinn stækkar með hverju ári, — hið unga fólk leitar sér að lífsstarfi og námsefni í ríkari mæli en fyrr.

Till. þessi fékk góðar undirtektir og var samþykkt sem ályktun Alþingis 30. mars s.l. ár í þeirri mynd, að ríkisstj. var falið að kanna, hvort unnt væri að taka upp slíka kennslu við háskólann. Ég hef því leyft mér að beina þeirri fsp. til hæstv. menntmrh., hvað gerst hafi í málinu, síðan ályktunin var gerð.

Menntmrh. (Magnús T. Ólafsson): Herra forseti. Fsp. hv. 8. landsk. þm. er því að svara, að meðferð þessa máls er því miður stutt á veg komin. Skammt er síðan menntmrh. sendi Háskóla Íslands þál. til athugunar og óskaði till. um, hvernig haga skuli könnun þeirri, sem um ræðir í ályktuninni. Ljóst er, að þörf fyrir skipulega kennslu til undirbúnings störfum á sviði fjölmiðlunar fer vaxandi hér á landi, og er engan veginn fráleitt að hugsa sér, að slíkt nám verði með einhverjum hætti á vegum Háskóla Íslands.

Ég tel hins vegar rétt að minna á, að margt kallar nú að í senn að því er varðar hugsanlegar nýjar námsbrautir í Háskóla Íslands. Þannig má nefna, að starfandi eru nefndir til að athuga nám fyrir starfsfólk í matvælaiðnaði, félagsráðgjafa og sjúkraþjálfa, fjallað er um frambúðarskipan námsbrautar í hjúkrunarfræðum, og Alþ. hefur nýlega veitt fé til kennslu í haffræði. Með þessu er engan veginn látið að því liggja, að kennsla í fjölmiðlun sé síður nauðsynleg en ýmis önnur starfsmenntun, sem vakið hefur verið máls á að undanförnu, að koma þurfi á laggirnar, heldur einungis á það bent, að margar þarfir eru ófyllttar á þessu sviði og þess vart að vænta, að unnt verði að fullnægja þeim öllum í senn. Skilyrði til að stofna til kennslu í fjölmiðlum munu að sjálfsögðu verða könnuð rækilega, eins og að er stefnt með ályktun Alþingis.

Fyrirspyrjandi (Benedikt Gröndal): Herra forseti. Ég þakka hæstv. ráðh. svar hans, en læt um leið í ljós óánægju mína með það, að málið skuli vera svo stutt á veg komið sem hann skýrði frá.

Mér er fullkomlega ljóst, að margt kallar að og áform eru um að taka upp kennslu í mörgum greinum við Háskóla Íslands. En ég lagði mig fram um að í fyrra og aftur í fáum orðum nú áðan að benda á, að þessi grein gæti verið tiltölulega auðveld í framkvæmd og kostaði tiltölulega lítið, en mundi jafnframt beina mörg hundruð stúdentsmenntuðum ungmennum inn á starfssvið, sem þegar er stórt og stækkandi. Ég efast ekki um, að það sé rétt að taka þetta nám inn í háskólann. Það er ástæðulaust, að nám í fjölmiðlun gangi lengra en til BA-prófs, sem yrði þá líklega þriggja ára nám, þannig að þessi hópur þyrfti í raun og veru ekki að taka lengi rúm í háskólanum. Hins vegar þyrfti að sjálfsögðu að haga því námi svo, að vildu einhverjir halda áfram, þá gætu þeir flutt sig inn í aðrar greinar, t.d. á sviði íslenskrar sagnfræði eða öðrum, sem skyld eru.

Eitt meginatriðið, sem vakti fyrir mér með flutningi þessa máls, var einmitt að benda á

leið, sem á þessum erfiðu tímum fyrir háskólann ætti að vera tiltölulega greið og gagnleg.

Ég vil að lokum þakka þann áhuga, sem ráðh. sjálfur sýndi málinu í orðum sínum, og vonast til þess, að hann ýti á eftir því, að þetta verði gaumgæfilega athugað.

Innlendar fiskiskipasmíðar, fsp. (þskj. 344). — Ein umr.

Fyrirspyrjandi (Stefán Jónsson): Herra forseti. Ég beini hér með til ráðh., — að vísu iðnrh. fjarverandi, en sjútvrh. mun svara fyrir hann, — hvaða ráðstafanir hafi verið gerðar til þess, að íslenskar skipasmiðjur hagnýttu sér nýjungar færeyskra skipasmíða í fiskiskipasmíði. Ástæðan fyrir þessari fsp. er sú, að mér er kunnugt um, að haldið er áfram hérlendis raðsmíði á línu- og netabátum úr stáli samkv. gömlum og mjög svo úreltum teikningum þrátt fyrir byltingu, sem orðið hefur á smíði fiskiskipa hjá grönnum okkar í Færeyjum. Færeysku fiskiskipin af svo kallaðri LMTF-gerð hafa reynst afburðavel, skilað mjög góðum arði á línuveiðum og að því er virðist leyst vandkvæðin, sem hafa orðið á því í Færeyjum ekki síður en hér á landi að fá sjómenn á línuveiðara. Sjálfir segja Færeyingar með nokkru stolti, að þessum skipum geti nú að sjá fyrstu raunverulegu byltinguna í smíði fiskiskipa milli 100 og 200 rúmlesta í hálfa öld, og þeir mega vera stoltir af þessu, vegna þess að það voru ungir Færeyingar, sem teiknuðu þessi skip og smíðuðu þau skip af þessari gerð, sem eru komin í gagnið, en það eru skipin Stapin, Tomas, Nygaard og Sundaenni. Hér er um að ræða tvíþiljunga teiknaða sem línuveiðara, netaskip og skuttogara allt í senn. Vélareisnin með öllum sínum leiðslum hefur verið fjarlægð og leiðslunum komið fyrir úti við byrðing af mikilli hugvitssemi. Aftan stjórnpalls og mannaíbúða er yfir 100 fermetra vinnuþilfar undir þiljum, upphitað, þiljað með harðplasti og vinnuaðstaða öll skipulögð til hins ítrasta. Skipstjórarnir á Tomas, Nygaard og Sundaenni fullyrða, að vinnuafköst séu tvöföld hjá áhöfnunum á við þau, sem gerast best á skipum með opnu þilfari, þar sem ekki er hægt að koma við skipulagi. Raunar er dekkið á Sundaenni, þar sem ungir menn eru í áhöfninni, stundum kallað „diskotekið“, og Tomas Nygaard, þar sem rosknari menn eru við störf, heitir dekkið „lagtingið“.

Árið 1964 efndi Erlendur Patursson, sem þá var fjmrh. í „landstýrinu“ til samkeppni um hugmynd að besta útróðrarbátnum, eins og Færeyingar kalla þessa báta, þ. e. a. s. 50—60 lesta fiskibáta. Jon Smith vélstjóri og tveir félagar hans, sem höfðu m. a. unnið einar 4 eða 5 vertíðir á íslenskum fiskiskipum hér á landi, gerðu þá teikningu af skipi, sem þeir kölluðu síðar LMTF, sem er skammstöfun á „loysningur og margslags trupuleikar fiskimannsins“, og þeir fengu verðlaunin, þó að teikning þeirra væri af miklu stærra skipi en því, sem samkeppnin hljóðaði upp á. Nú vildu þeir ekki láta verðlaunateikninguna sína rykfalla uppi á hillum, heldur tóku sig til og smíðuðu skip eftir henni. Það var Stapin, fyrsta skipið, og reyndist afbragðsvel. Þegar Stapin hafði verið á veiðum í eitt ár, fengu þeir skipstjóra og áhöfn bátsins á hálfsmánaðar fund í Vestmanna, þar sem skipið var smíðað, þar sem þeir yfirheyrðu skipstjóra og áhöfn, fengu þá til að gagnrýna Stapan, teiknuðu síðan skipið upp á nýtt, smíðuðu eftir nýju teikningunni Tomas Nygaard fyrir Pétur Reinart héraðslækni á Eiði og félaga hans. Þriðja skipið, sem smíðað var til lausnar á erfiðleikum fiskimanna, var svo Sundaenni.

Öll hafa þessi færeysku fiskiskip reynst með fádæmum arðbær. Fyrir liggja hjá útgerðarmönnunum biðlistar ungra manna, sem vilja komast á þessi skip, þótt mjög erfiðlega gangi að manna opnu línuveiðarana.

Síðan Tomas Nygaard komst í gagnið fyrir senn tveimur árum, hafa 15 færeyskir útgerðarmenn sótt um ríkisábyrgð til þess að láta smíða báta samkv. þessari teikningu. Afli Tomasar Nygaard fyrsta árið var 1050 tonn á 300 úthaldsdögum, og varð meðalaflinn 5 tonn á úthaldsdag, frá því að lagt var úr höfn og þangað til komið var inn aftur, og siglingar á Grænlandsmið og Íslandsmið reiknaðar með.

Sjútvrh. (Lúðvík Jósepsson): Herra forseti. Í fjarveru hæstv. iðnrh. mun ég leitast við að svara þessari fsp., þó að svar mitt verði að sjálfsögðu ekki eins ítarlegt og svar hans hefði eflaust orðið. En ég hef einnig í sjútvrn. fylgst nokkuð með þessu máli og því, sem hefur verið að gerast varðandi það í iðnrn. Það, sem fyrir liggur, er, að farið hefur fram talsverð athugun á þessum færeysku teikningum af fiskiskipi og iðnrh. rætt sérstaklega við fulltrúa frá Færeyjum um málið. Þá hefur verið haft samband við skipasmíðastöð hér innanlands, og hún hefur verið fengin til þess að gera tilboð í smíði samkv. þessari teikningu af meðalstórum fiskibát. Þessi tilboð liggja nú fyrir og eru til athugunar í rn. Er enginn vafi á því, að það væri mjög æskilegt, að hægt væri að smíða 2—3 báta í einu, ef ráðist verður í að reyna hér þessa bátagerð, því að hér er um nokkuð afbrigðilega smíði að ræða frá því, sem við höfum vanist.

Það er almennt álit eftir þá athugun, sem farið hefur fram, að hér sé um mjög athyglisverða breytingu á fiskiskipum að ræða, sérstaklega þó við tiltekið útgerðarform, þá sé hér um miklar framfarir að ræða frá því, sem verið hefur. Hins vegar er það þó álit ýmissa, að það muni þurfa að gera hér á einhverjar breytingar, miðað við íslenskar aðstæður og útgerðarform hér.

Það verður unnið áfram að því að koma af stað smíði samkv. þessum teikningum og reynt að koma sér í samband við innlenda kaupendur, sem vildu eignast skip af þessari gerð, og ég get fullyrt, að í iðnrn. og eins í sjútvrn. er fullur áhugi á því, að reynt verði að gera tilraun með þessa skipagerð einnig hér á landi. Það er enginn vafi á því, að sérstaklega þar sem er um að ræða línuútgerð og einkum og sérstaklega ef um er að ræða útilegurekstur fiskibáta af þessari gerð, þá er hér um að ræða mikla framför frá þeirri gerð báta, sem við höfum einkum búið við. En eins og kunnugt er, þá er útgerð, sem er

að mestu leyti byggð á slíku, þ.e.a.s. á útilegu, ekki orðin mikil hér hjá okkur, og er því rétt að taka fyllilega tillit til þess, að þessir bátar kunna að henta betur í Færeyjum við þær aðstæður, sem þar eru, en þeir mundu gera hér.

En meginniðurstaðan af svari mínu er þessi: Það er unnið áfram að athugun þessa máls, og er stefnt að því, að hægt verði að ráðast í smíði helst 2—3 báta, ef samkomulag næst við kaupendur, sem áhuga hafa á þessari gerð báta, í sambandi við kaup á þessum skipum.

Fyrirspyrjandi (Stefán Jónsson): Herra forseti. Ég þakka hæstv. sjútvrh. fyrir svar hans. En ég vil vekja athygli á því, að það er haldið áfram að smíða línuveiðara hérlendis með gamla laginu. Ef við tökum líkingu af síðutogurunum, þá er tjáð hjá Fiskimálasjóði núna, að þótt ég legði fram það fé, sem kaupanda er ætlað, til að fá fiskiskip og sækti um lán út á síðutogara, þá yrði það ekki veitt, beinlínis vegna þess, að það er ekki hægt að fá menn til þess að vinnna á þeim. Ég geri ráð fyrir, að það megi líkja þessum bátum við skuttogara hvað snertir yfirburði yfir opnu línuveiðarana. Samkv. upplýsingum Sverris Júlíussonar forstj. Fiskveiðasjóðs munu vera í smíðum 13 stálskip milli 100 og 200 lesta af þessum byggðaskipum, ef svo má kalla, og fyrir liggja umsóknir um 4 fiskiskip af þessari stærð til viðbótar, þótt ekki sé búið að ganga frá þeim málum. Mér er ekki ljóst, hversu langt er komið smíði fyrrnefndra 13 skipa, hvort unnt gæti verið að fá smíðinni breytt í nýtískulegra horf. En það eitt er víst, að þegar yfirbyggðu skipin af þessari færeysku gerð eru komin í not á miðunum hér heima, þá mun verða álika erfitt að fá fólk til þess að vinna á skipunum, sem eru smíðuð samkv. gömlu teikningunum með opið vinnudekk, eins og nú er að fá fólk til starfa á síðutogurunum.

Ég legg áherslu á, að æskilegt væri, að tekið yrði til athugunar nú þegar, hvort ekki væri hægt að koma í veg fyrir, að smíðuð yrðu um sinn fleiri skip samkv. þessum gömlu teikningum, á meðan verið er að athuga, hvort þessi gerð, sem hér um ræðir, hentar okkur.

Það skal tekið fram, að sú athugun, sem gerð hefur verið hjá þeirri skipasmíðastöð, sem ráðherra talaði um, bendir til þess, að þeir verði öllu ódýrari en bátar þeir, sem nú eru í smíðum eftir gömlu teikningunum hjá Slippstöðinni á Akureyri.

Jón Árm. Héðinsson: Herra forseti. Þetta er athyglisverð fsp., og ég veit ekki, hvort menn hafa gert sér grein fyrir því, hve erfitt er að fá í gegn hér á Íslandi breytingu á gerð skipa. Það er ótrúleg tregða í því efni við yfirvöldin, og vil ég ekki vera að rekja þá sögu nánar, því að ég er henni of persónulega tengdur. En ég veit, að bæði Norðmenn og Færeyingar hafa náð mjög góðum árangri í þessu efni, og það er næsta furðulegt, að þeir, sem ráða lánamálum, skuli ekki hafa fylgst betur með og hvatt Íslendinga til þess að gera eðlilega skipulagsbreytingu á línuveiðiskipum í þessa átt. Nú er þetta auðvitað miklu meira en línuveiðiskip. Þetta er líka ágætis netaskip og ef á þarf að halda einnig togskip. Þetta er því, eins og fyrirspyrjandi sagði, hliðstæð bylting og átti sér stað úr síðutogara í skuttogara. Ég vil beina þeim orðum til hæstv. sjútvrh., því að ég veit, að hann hefur áhuga á þessari breytingu og fleiri breytingum, — ég hef átt fund með honum ásamt öðrum útgerðarmanni, sem hefur hug á að gera nokkra breytingu á skipi, — og hann sýnir þessu máli mikinn áhuga. Ég vænti þess, að þetta verði tekið til alvarlegrar athugunar og því hrundið í framkvæmd. Málið er það mikilvægt, vegna þess að við fáum ekki sjómenn núna út á hin litlu hefðbundnu línuveiðiskip eða línuveiðibáta eða hvað við viljum kalla þau skip. Þetta verði hinir klassisku vertíðarbátar og munu hafa gildi, hvar sem vera skal á landinu.

Úthlutun viðbótarritlauna, fsp. (þskj. 356). — Ein umr.

Fyrirspyrjandi (Halldór Blöndal): Herra forseti. Ástæða til þess, að þessar fsp. eru fram bornar, er sú, að sú úthlutun, sem var á viðbótarritlaunum fyrir árið 1972, hefur sætt mikilli gagnrýni og m.a. verið kölluð handahóf og flaustursverk í blaðagrein eins af forustumönnum Rithöfundasambandsins. Ég minni á það, að þegar á sínum tíma var tekin ákvörðun um það á Alþ. að leggja fram fé til styrktar rithöfundum og höfundum vísinda- og fræðirita, var á bak við það mikill áhugi hér á hinu háa Alþ., og þá var það ekki hugsað þannig, að með þessu væri verið að koma á fót nýjum listamannalaunum í því formi, sem þau hafa verið og veitt eru á öðrum lið fjárl., þar sem lagt er listrænt mat á verk höfundanna. Það hefur þess vegna komið allmikið á óvart nú við úthlutunina, að einn af nm. hefur talið sér skylt að leggja einhvers konar mat á þau verk, sem um er sótt, og hefur talað um alvarlega rithöfunda í því sambandi. Er mér raunar óljóst, hvort t.d. maður eins og Þórbergur Þórðarson geti fallið undir þá skilgreiningu að vera kallaður alvarlegur rithöfundur. Í einni blaðagrein, sem rituð hefur verið um þetta efni, er komist svo að orði, að n., sem úthlutaði, hafi tekið sér 5 daga til þess að vinna þetta verk, að lesa rit 121 höfundar og vinsa úr 54 verðuga, eins og þar segir. En það hefur nú verið leiðrétt af einum nm. og sagt, að dagarnir hafi ekki verið 5, heldur 20, og er það út af fyrir sig ánægjuefni.

Ég vil benda á í þessu sambandi, að eftirtaldir höfundar gáfu ekki út bækur á árinu 1972, en hafa þó fengið viðbótarritlaun: Einar Bragi, Erlingur E. Halldórsson, Steinar Sigurjónsson, Nína Björk, Stefán Hörður Grímsson, Vilborg Dagbjartsdóttir. — Höfundar, sem ég hins vegar sakna, en gáfu út bækur á árinu 1972, eru: Guðmundur Böðvarsson, Kristján frá Djúpalæk, Ingólfur Kristjánsson, Hjörtur Pálsson, Gunnar Dal. Ég nefni einnig Helga Hálfdánarson, og ástæðan er sú, að einn þeirra fyrrnefndu, Erlingur E. Halldórsson, hlaut viðbótarritlaun fyrir verk, sem var flutt í Ríkisútvarpið, að ég ætla, eða á leiksviði. Ég álít, að ef einhver maður eigi skilið að fá viðbótarritlaun fyrir verk sín á því

sviði, þá sé það Helgi Hálfdánarson, sem ekki var þarna á meðal. Og ég bendi sérstaklega á hann í því skyni, að það er borin von, að maður eins og hann fáist til þess að taka við slíkum launum, ef farið er að veita þau í einhvers konar virðingarskyni eða til þess að leggja eitthvert mat á hlutina. Ég vil enn fremur benda á, að það olli mér miklum vonbrigðum, að maður eins og Oscar Clausen, fræðaþulur í góðri merkingu þess orðs og snjall stílisti, skyldi ekki vera meðal þeirra manna, sem fengu viðbótarritlaun. Hann er löngu þjóðkunnur fyrir mannúðarstörf, m.a. í Fangahjálpinni en þar hefur hann gerst málsvari mildara réttarfars og mannlegs viðhorfs, — mér liggur við að segja bróðurlegs, — *gagnvart refsiföngum. Oscar er nú* 87 ára að aldri. Ég kalla það sorgleg mistök, að þessi maður skyldi hafa gleymst á s.l. ári, og átti hann það sannarlega ekki skilið.

Fsp. þær, sem ég ber fram eru svo hljóðandi:

„1. Hvað er áætlað, að söluskattur af bókum hafi numið miklu árin 1970, 1971 og 1972?

2. Hvaða ástæður lágu til þess, að úthlutun fjár samkv. 102 999 61 í fjárl. fyrir árið 1973 var látin ná til þriggja ára, en ekki eins?

3. Verður miðað einvörðungu við árið 1973 við úthlutun fjárins í ár, eða verður höfundum gefinn kostur á að sækja um viðbótarritlaun vegna bóka útgefinna 1972?“

Menntmrh. (Magnús T. Ólafsson): Herra forseti. Ég mun lesa liðina í fsp. hv. 2. þm. Norðurl. e. og síðan svör mín við hverjum lið um sig:

„1. Hvað er áætlað, að söluskattur af bókum hafi numið miklu árin 1970, 1971 og 1972?“

Svar: Samkv. upplýsingum hagrannsóknadeildar Framkvæmdastofnunar ríkisins er talið, að söluskattur af bókum, frumsömdum á íslensku, árið 1972 hafi numið því sem næst 21.7 millj. kr Séu þýddar bækur taldar með, er skatturinn talinn nema um 38.3 millj. kr. Eigi liggja fyrir upplýsingar um söluskatt af bókum árin 1970 og 1971.

„2. Hvaða ástæður lágu til þess, að úthlutun fjár samkv. 102 999 61 í fjárl. fyrir árið 1973 var látin ná til þriggja ára, en ekki eins?“

Svar: Umrætt fjárlagaákvæði hljóðar þannig:

„Til íslenskra rithöfunda og höfunda fræðirita vegna útgáfu frumsaminna verka, enda verði settar sérstakar reglur um úthlutun fjárins, 12 millj. kr.“

Eins og orðalag þetta ber með sér, eru engin ártöl tiltekin í fjárlagagr., heldur skuli úthlutun fjárins fara fram eftir sérstökum reglum. Fjárlagaákvæði þetta er í samræmi við ákvæði þál. frá 18. maí 1972, þar sem gert er ráð fyrir, að fjárhæðinni verði skipt eftir reglum, sem samdar verði í samráði við Rithöfundasamband Íslands og félög rithöfunda.

„3. Verður miðað einvörðungu við árið 1973 við úthlutun fjárins í ár, eða verður höfundum gefinn kostur á að sækja um viðbótarritlaun vegna bóka útgefinna 1972?“

Svar: Reglur þær, sem úthlutað var eftir á s.l. ári, eru eingöngu bundnar við úthlutun fjárveitingar í fjárl. fyrir árið 1973, en n. vinnur að því að semja varanlegar reglur um úthlutun þessara fjárveitinga framvegis.

Fyrirspyrjandi (Halldór Blöndal): Herra forseti. Ég þakka hæstv. menntmrh. fyrir svör hans, sem voru skýr og skilmerkilega fram flutt, eins og hans var von og vísa. Ég legg áherslu á það, að við úthlutun þessa fjár í ár verði reynt að koma við því sjónarmiði, sem ég hygg, að hafi vakað fyrir hinu háa Alþ., að ekki verði neitt verið að draga úr eða skipta rithöfundum í réttláta og rangláta. Ég lýsi jafnframt yfir óánægju minni yfir því, að þessir nm. skyldu ekki hafa lagt vinnu í það að kynna sér sjálfir, hvaða höfundar gáfu út bækur á árinu 1972, og vona, að þeir taki þau vinnubrögð upp á yfirstandandi ári. Við vitum, að margir rithöfundar eru þannig gerðir, að þeim er óljúft að sækja eftir beinum framlögum eða fjárstyrkjum af þessu tagi, og þess vegna hefur reynslan orðið sú, að vinir þeirra hafa orðið að sækja um styrkina fyrir þá, stundum án þess að þeir viti af, til þess að þeir banni ekki slíkt. Einnig getur það borið við, að menn hreinlega gleymi að sækja eða viti ekki um, þegar auglýst er með þessum hætti. Og eins og úthlutunin s.l. ár bar með sér, hafa mörg þjóðkunn og ég vil segja ástsæl skáld orðið útundan. Ég nefni þar sérstaklega, eins og ég sagði áðan, Kristján frá Djúpalæk, sem hefur oft lagt í mikinn kostnað við að gefa út bækur sínar og átti sannarlega skilið, að þetta næði til hans.

Reglur við úthlutun viðbótarritlauna, fsp. (þskj. 356). — Ein umr.

Fyrirspyrjandi (Halldór Blöndal): Herra forseti. Þessi fsp. er algerlega samkynja þeim fsp., sem voru samkv. síðasta dagskrárlið, og ég læt þau formálsorð, sem ég hafði um þær fsp., nægja og ber fram svo hljóðandi fsp. til hæstv. menntmrh.:

„Eftir hvaða reglum var farið við úthlutun viðbótarritlauna, og hvað áttu margir höfundar rétt á viðbótarritlaunum samkv. þeim: a) árið 1972, b) árin 1970 og 1971?“

Menntmrh. (Magnús T. Ólafsson): Herra forseti. Svar mitt við fsp. hv. 2. þm. Norðurl. e. er svo látandi:

Reglur þær, sem farið var eftir við úthlutun viðbótarritlauna á s.l. ári, eru útgefnar og staðfestar af menntmrn. 23. okt. s.l., en þær eru samdar af sérstakri n., er rn. skipaði 16. jan. 1973 í samræmi við áðurnefnt fjárlagaákvæði og þál. frá 18. maí 1972. Í n. þessari eiga sæti: Svava Jakobsdóttir frá Rithöfundasambandi Íslands, Einar Bragi frá Rithöfundafélagi Íslands, og dr. Gunnar Thoroddsen, tilnefndur af Félagi ísl. rithöfunda, auk svo fulltrúa frá menntmrn. og fjmrn. Reglurnar hljóða svo:

„Reglur um viðbótarritlaun.

1. gr. Reglur þessar fjalla um úthlutun 12 millj. kr. fjárveitingar samkv. fjárl. fyrir árið 1973 til íslenskra rithöfunda og höfunda fræðirita.

2. gr. Úthlutun miðast við ritverk útgefið eða flutt opinberlega á árinu 1972, en ritverk frá árunum 1971 og 1970 kemur einnig til álita. Auglýst skal eftir upplýsingum frá höfundum um verk þeirra á þessu tímabili.

3. gr. Veiting til hvers höfundar nemi 250 þús. kr., en verði úthlutunarnefnd sammála um það, getur hún þó ákveðið fjárhæð þessa nokkru hærri eða lægri.

4. gr. Úthlutun annast þriggja manna nefnd skipuð af menntmrh., þannig: Einn maður tilnefndur af kennurum í íslenskum bókmenntum við Háskóla Íslands, og skal hann vera formaður n. Tveir menn utan Félags ísl. rithöfunda og Rithöfundafélags Íslands, tilnefndir af stjórnum félaganna. N. ljúki störfum fyrir 15. des. 1973.

5. gr. Reglur þessar eru settar samkv. heimild í þál. frá 18. maí 1972 og fjárl. fyrir árið 1973 og öðlast þegar gildi."

Í tilefni af fsp. hv. þm. vil ég að öðru leyti leyfa mér að taka fram eftirfarandi:

1. Þess misskilnings virðist gæta hjá ýmsum, sem rætt hafa og ritað um þetta mál opinberlega, að þál. frá 18. maí 1972 feli í sér fyrirmæli um endurgreiðslu á söluskatti til rithöfunda og fræðimanna. Misskilningur þessi mun stafa af því, að hin upphaflega þáltill. um þetta efni gerði ráð fyrir slíkum endurgreiðslum. En eins og Alþ. samþykkti þál. í endanlegu formi, var horfið frá slíkri endurgreiðslu, og í stað þess er gert ráð fyrir að greiða rithöfundum og fræðimönnum, svo að vitnað sé í ályktunina, „fjárhæð, er nemi sem næst andvirði söluskatts af bókum". Þessari fjárhæð verði síðan skipt, eins og ég hef áður gert grein fyrir, eftir reglum sömdum í samráði við Rithöfundasambandið og félög rithöfunda. Þál. víkur hvergi að endurgreiðslu á söluskatti og í fjárlagaákvæðinu er söluskattur hvergi nefndur. Af þessu leiðir, að rithöfundar og fræðimenn eiga ekki einstaklingsbundinn rétt til þess fjár, sem hér um ræðir, nema svo væri ákveðið í úthlutunarreglum.

2. Ég vil leggja sérstaka áherslu á, að rithöfundar og umboðsmenn þeirra hafa verið í meiri hl. í báðum þeim nefndum, sem um mál þetta hafa fjallað, og hef ég í einu og öllu farið eftir till. þeirra. Ég tel mjög mikilvægt, að rithöfundar sjálfir hafi þannig úrslitaáhrif á meðferð þessa máls, en geri mér þó fyllilega ljóst, að lausn þess getur aldrei orðið á þann veg, að ekki megi um deila.

3. Þá vil ég geta þess, að n. sú, er skipuð var til að semja úthlutunarreglur samkv. þál. frá 18. maí 1972, hefur samið frv. til l., er ég hyggst leggja fyrir Alþ. innan skamms. Með frv. eru tryggðar og lögfestar áframhaldandi greiðslur til rithöfunda í fjárl. með stofnun svonefnds Launasjóðs rithöfunda. Fjárveitingar þessar eru til frambúðar með öllu slitnar úr tengslum við söluskatt, þótt stofnfé sjóðsins sé miðað við áætlaðan söluskatt á bókum 1972. Um greiðslur úr sjóðnum fari eftir sérstökum reglum í reglugerð, en laganefndin vinnur jafnframt að því að semja slíkar reglur. Mér skilst, að það sé allflókið verk og vandasamt, ef litið er til þeirra mismunandi skoðana og viðhorfa, sem fram hafa komið um þetta efni. Þegar umrætt frv. kemur til umr., gefst hv. þm. tækifæri til að ræða þetta mál nánar.

Fyrirspyrjandi (Halldór Blöndal): Herra forseti. Ég þakka hæstv. menntmrh. fyrir svar hans við fsp. minni, að svo miklu leyti sem það var gert. En það hefur þá farið fram hjá mér, ef síðari lið fsp. var svarað, um það, hversu margir höfundar ættu rétt á viðbótarritlaunum samkv. þessum reglum árið 1972 og árin 1970 og 1971, sem er náttúrlega kjarni þessa máls. Það er hins vegar rétt hjá hæstv. ráðh., að eins og orðalag er á þál., sem vitnað var til, og í gr. í fjárl., er ekki talað um, að þetta sé endurgreiðsla á söluskatti. Hins vegar vita allir hv. þm., að rökin fyrir því, að þetta framlag var tekið í fjárl., voru fyrst og fremst þau, að hugverk, bækur, ættu ekki að bera söluskatt frekar en t. d. málverk, eða því um líkt, önnur listræn verk, og það var ástæðan til þess, að þessi fjárhæð var tekin í fjárl. Það var fyrst og fremst af tæknilegum ástæðum, eða þannig hef ég skilið það, sem tekin var í fjárlagafrv. ákveðin fjárhæð, en ekki kveðið beinlínis á um það, að endurgreiðsla á söluskatti skyldi vera stofninn, sem veittur yrði. Ég vil enn fremur benda á það, að sú upphæð, sem veitt var, var miklu lægri en söluskatturinn, ef út í það er farið. Ég vil svo aðeins leggja áherslu á það, sem ég sagði áðan, um leið og ég viðurkenni þó, að auðvitað eru mál eins og þessi vandmeðfarin, að kjarni málsins er sá, að rithöfundar okkar njóti þessa fjár. Til þess var fjárveitingin veitt í upphafi og ekki ætlast til þess, að það væri verið að fara í reiptog um einstakar sálir.

Ég beini því til hæstv. menntmrh., að hann beiti sér fyrir því, að undan því verði komist í því frv., sem fram kemur, og að menn þurfi ekki að sækja um þetta fé, heldur muni þeir menn, sem veita féð, hafa fyrir því að kynna sér hvaða bækur komu út á s. l. ári. Það eru ekki svo margar bækur, sem koma út á Íslandi, að það ætti að vera ofverk, enda skilst mér, að það þurfi að senda allar bækur Landsbókasafni, það sé skylda prentsmiðjanna að gera það, og þeir eigi þar að geta fylgst með því, hvaða bækur komi út. Mér finnst það alger lágmarkskrafa.

Mig langar einnig til þess að beina því til hæstv. menntmrh., að hann beiti áhrifum sínum til þess, að þeim höfundum, þeim skáldum, sem voru svikin um þetta fjármagn í ár, verði að einhverju leyti bættur sá skaði, án þess að það bitni á þeim réttmætu framlögum, sem þau eiga skilið að fá, ef þau hafa gefið út bækur á árinu 1973. Sumir þessara manna gefa út bækur á hverju ári. Þeir hafa verið meiri rithöfundar, mikilvirkari, hvernig sem á er litið, bæði að blaðsíðufjölda og innihaldi, heldur en sumir, þeirra, sem fengu náð fyrir augum n., og þeir eiga bókstaflega kröfu á hendur ríkissjóði um það, a. m. k. sanngirniskröfu, að á þeirra mál sé litið af réttsýni og að um þetta fjalli menn, sem líta ekki á þetta frá sjónarmiði einhverra hagsmunahópa. Að sjálfsögðu eru til menn á Íslandi, sem gefa út bækur, sem betur fer, sem eru í hvorugu rithöfundafélaginu, heldur standa utan við og hafa ekki átt þarna fulltrúa. Ég vil benda í því sambandi á mann eins og eitt okkar ástsælasta og besta skáld fyrr og síðar, Hannes Pétursson, sem mér er ekki kunnugt um, að sé í rithöfundafélagi. Þannig er um fleiri, og um þetta fólk á líka að hugsa.

Menntmrh. (Magnús T. Ólafsson): Herra forseti. Hv. fyrirspyrjandi kvartaði yfir, að ekki hafi verið svarað skýrum orðum síðasta lið fsp. hans. Ég taldi það felast í þeim reglum um viðbótarritlaunin, sem ég las. Þar er að finna þá skilgreiningu, sem yfirleitt er um að ræða á því, hverjir koma til greina við úthlutun viðbótarritlaunanna. Þar er tekið fram, að auglýst skuli eftir upplýsingum frá rithöfundum um verk þeirra á þessu tímabili. Það er auðvitað álitamál, hverjir hafi haft á þessum þrem árum rétt til ritlaunanna. Hins vegar er ekkert álitamál og þarf ekki að vera í vafa um það, að þeir, sem til greina komu, voru þeir, sem umsókn sendu.

Sameinað þing, 54. fundur.

Þriðjudaginn 12. febr., að loknum 53. fundi.

Kosning varamanns til ársloka 1976 í bankaráð Búnaðarbanka Íslands í stað Helga F. Selajn, sem varð aðalmaður, er Guðmundur Hjartarson sagði af sér störfum í bankaráðinu.

Fram kom einn listi með einu nafni. Samkv. því lýsti forseti yfir, að kjörinn væri án atkvgr.:
Svavar Gestsson ritstjóri.

Uppsögn varnarsamnings milli Íslands og Bandaríkjanna, þáltill. (þskj. 354). — Hvernig ræða skuli.

Að till. forseta var ákveðin ein umr.

Tekjustofnar sýslufélaga, þáltill. (þskj. 358). — Hvernig ræða skuli.

Að till. forseta var ákveðin ein umr.

Viðlagasjóðshús, þáltill. (þskj. 359). — Hvernig ræða skuli.

Að till. forseta var ákveðin ein umr.

Heiðurslaun listamanna, þáltill. (þskj. 366). — Hvernig ræða skuli.

Að till. forseta var ákveðin ein umr.

Sameinað þing, 55. fundur.

Þriðjudaginn 12. febr., að loknum 54. fundi.

Heiðurslaun listamanna, þáltill. (þskj. 366). — Ein umr.

Flm. (Hannibal Valdimarsson): Herra forseti. Þáltill. sú, sem hér er til umr. á þskj. 366, er flutt af menntmn. beggja þd. Till. er nánast flutt til þess að fullnægja formsatriðum. Eins og hv. þm. muna, var ákveðið við afgreiðslu fjárl. þessa árs að veita 3 millj. kr. til heiðurslauna listamanna samkv. ákvörðun Alþ. Á síðasta ári var heiðurslaunum í samræmi við ákvörðun Alþingis skipt milli 12 listamanna, og komu þá 175 þús. kr. í hlut hvers þeirra. Nú leggja menntmn. þingsins til, að hinir sömu 12 listamenn hljóti heiðurslaun á þessu ári, og þar sem heildarupphæðin var í fjárl. ákveðin 3 millj. kr., koma 250 þús. kr. í hlut hvers þeirra, sem á þskj. greinir. Um þetta þarf ekki að hafa mörg orð. Þetta er nokkurn veginn sjálfgefið og er bein afleiðing af ákvörðun Alþingis við samþykkt fjárlaga. Það er einungis um skiptingu upphæðarinnar að ræða.

Málið er flutt, eins og ég áðan sagði, af menntmn. beggja d. og þarf því ekki að fara til n. að mínu áliti. Legg ég því til við hæstv. forseta, að málið hljóti nú afgreiðslu, ef hv. þm. gætu fallist á það.

ATKVGR.

Tillgr. samþ. með 32 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Till. samþ. með 32 shlj. atkv. og afgr. sem ályktun Alþingis (þskj. 373).

Rafvæðing dreifbýlisins, þáltill. (þskj. 245). — Ein umr.

Flm. (Steingrímur Hermannsson): Herra forseti. Á þskj. 245 hef ég leyft mér að leggja fram ásamt 10 öðrum þm. Framsfl. till. til þál. um næsta áfanga í rafvæðingu dreifbýlisins. Er gert ráð fyrir því, að þessi áfangi taki við, þegar þeim er lokið, sem nú stendur yfir.

Í málefnasamningi hæstv. ríkisstj. segir svo, með leyfi forseta:

„Að ljúka innan þriggja ára rafvæðingu allra þeirra bújarða í sveitum, sem hagkvæmt er talið, að fái raforku frá samveitum. Hinum, sem tryggja verður raforku með einkavatnsaflsstöðvum og dísilstöðvum, verði veitt aukin opinber aðstoð."

Ég lagði fram á þingi haustið 1971 fsp. um framkvæmd þessa atriðis, og var henni svarað með því að leggja fram tillögur að þriggja ára áætlun um lúkningu sveitarafvæðingar, sem allir hv. þm. hafa því fengið. Í þessari þriggja ára áætlun er gert ákaflega myndarlegt átak til þess að koma þessum mikilvægu málum nokkuð áfram. Þegar þetta tímabil hófst, var talið, að 930 býli á landinu nytu ekki raforku frá sveitum, en í þessari þriggja ára áætlun er hins vegar gert ráð fyrir því, að 765 býli hljóti slíka tengingu. Þá yrðu 165 býli eftir, en í þeim kafla þessaráætlunar, þar sem þau býli eru upp talin, sem ekki eru með í áætluninni, eru aðeins talin 158, svo að þar munar örfáum býlum.

Í áætluninni var gert ráð fyrir því, að kostnaður við þessa framkvæmd yrði samtals 291 millj. 244 þús. kr. Að sjálfsögðu hefur þessi kostnaður hækkað mjög verulega. Hefur nýlega verið upplýst hér á Alþ., að hann muni verða eitthvað í kringum 400 millj.

Framkvæmd þessarar áætlunar hefur eftir at-

vikum gengið vel og gekk ágætlega fyrsta árið. Rétt er það hins vegar, að á öðru ári áætlunarinnar, þ. e. a. s. á s. l. sumri, varð nokkur dráttur á ýmsum framkvæmdum. Hefur komið í ljós og m. a. í svörum við fsp. hér á Alþ., að þessi dráttur stafar fyrst og fremst af lengri afgreiðslufresti á efni til þessara framkvæmda og skorti á vinnuafli. Hins vegar hefur verið lögð áhersla á, að staðið verði við þessa áætlun og leitast við að ljúka henni á yfirstandandi ári. Það er að mínu viti mikilvægast, að hvergi verði brugðið út af þeirri áætlun, sem þarna er lögð fram, að hvergi verði brugðið út af þeim loforðum, sem einstökum mönnum, einstökum íbúum landsins, hafa verið veitt um þessi mikilvægu fríðindi. Á það hefur verið lögð áhersla, og á það treystum við.

Samkv. áætlun yfir þau 158 býli, sem eftir verða, þegar þessari þriggja ára framkvæmd er lokið, var kostnaður við tengingu þeirra talinn árið 1971 133 millj. 204 þús. Fjarlægð og meðalfjarlægð á milli þessara býla er ákaflega breytileg, allt frá 3 km, sem er talin hámarksmeðalfjarlægð í núverandi áætlun, og upp í 20 km eða meira. Nú er það ljóst, að mörg af þessum 158 býlum hafa annaðhvort fengið raforku eða hafa raforku frá hentugum vatnsaflsstöðvum og kjósa e. t. v. ekki af þeim sökum að tengjast samveitum, nokkur hafa farið í eyði, og nokkrum býlum hefur tekist að fá bætt við þá framkvæmd, sem nú stendur yfir, við nánari endurskoðun á fjarlægðum og kostnaði. Svo er t. d. um nokkur býli við Djúp, í Norður-Ísafjarðarsýslu, svo að eitthvað sé nefnt. Þessi fjöldi mun því vera eitthvað minni en er upp talið. Ég hef farið nokkuð vandlega yfir þetta með starfsmanni Orkustofnunar, en það þarf þó að skoða nánar.

Nú má ætla með tilvísun til málefnasamnings ríkisstj., að á þeim tíma, þ. e. a. s. á árinu 1971, hafi verið talið þjóðhagslega hagkvæmt að tengja þau býli, sem tekin voru inn í þessa áætlun, þ. e. a. s. 765 býli, sem hafa meðalfjarlægð um 3 km og 600 þús. kr. kostnað. Staðreyndin er vitanlega sú, að nú hafa þessar forsendur gerbreyst. Þær hafa t. d. breyst vegna mikillar hækkunar á olíuverði, sem mjög er um talað nú. Meðalnotkun á meðalbýli, hygg ég, að sé um 8000—9000 lítrar á ári til upphitunar og um 4000 lítrar til dísilrafstöðvar, eða um 12—13 þús. lítrar samtals. Miðað við verð kr. 12.35 á hvern lítra, sem talið er líklegt, að yrði kostnaður slíks býlis um 150—160 þús. kr. vegna olíukaupa, og er þá ekki talinn ýmis annar kostnaður við dísilvél, eins og viðhald, sem iðulega er nokkuð mikill. Þarna er um mjög verulegan kostnaðarauka að ræða og langtum meiri en var árið 1971. Ég hygg, að ekki sé ofsagt, að þarna sé a. m. k. um 100 þús. kr. viðbótarkostnað fyrir meðalbýli að tefla. Ég vil leggja áherslu á, að ég er þeirrar skoðunar, að skoða beri aðra þætti en ef við lítum eingöngu á hagkvæmni þessarar framkvæmdar fyrir þjóðarbúið, má auka þessa fjarlægð, meðalfjarlægð, úr 3 km allverulega og um leið meðalkostnað á hvert býli.

Í þeirri þáltill., sem hér er sett fram, er gert ráð fyrir a. m. k. 6 km meðalfjarlægð og samsvarandi kostnaði. Miðað við árið 1971, þann grundvöll, sem þá var, og verðlag, hefði kostnaður orðið um 1 millj. 100 þús. kr. fyrir 6 km línu. Samkv. þeim upplýsingum, sem ég hef nýlega fengið frá Orkustofnun, yrði sá kostnaður nú um það bil 1.8 millj. kr., og er það, eins og vænta má, nokkurn veginn tvöfaldur sá kostnaður, sem hefur reynst vera við 3 km línu. Þarna er því um 900 þús. kr. viðbótar kostnað að ræða og þó raunar nokkru minna, því kostnaður við spenni er að sjálfsögðu hinn sami, þótt línan verði lengri. Vextir af þessum viðbótarkostnaði, ef við lítum á þetta tölulega, yrðu því í kringum 90 þús. kr., og ætti þessi framkvæmd vel að réttlætast af þeim mikla aukakostnaði, sem bændur hafa af olíukaupum og er örugglega yfir 100 þús. kr.

En eins og ég sagði áður, ber jafnframt að líta á ýmsa aðra þætti þessa máls heldur en eingöngu hið kostnaðarlega. Það eru satt að mannréttindi að veita íbúum þessa lands þá þjónustu, sem við teljum svo sjálfsagða, þ. e. a. s. rafmagn frá sveitum. Því fylgir að sjálfsögðu ýmiss konar hagræði, ekki aðeins í upphitun, ljósum og þess háttar, heldur í öllum búskap og húshaldi.

Ég hef áætlað heildarkostnað nú við að tengja þessi býli, sem yrðu 131 með 6 km meðalfjarlægð eða minna, um 151 millj. 573 þús kr. Þetta hefði á grundvelli 1971 orðið 94 millj. 733 þús. kr. Með því móti yrði meðalkostnaður nú um 1 millj. 157 þús. kr. á hvert býli. Ég held, að öllum megi vera ljóst, að þessi upphæð, 151 millj., er smámunir einir í hinum stóru framkvæmdum þjóðarbúsins, og þegar á það er litið, að hér er um slíkt mannréttindamál að ræða, vaknar að sjálfsögðu sú spurning, hvort ekki eigi að ganga lengra og taka fleiri býli með lengri meðalfjarlægð. Þetta sýnist mér sjálfsagt, að sú n., sem fær málið til athugunar, kanni. Okkur þótti rétt að sníða okkur nokkuð stakk eftir vexti. Deila má um það, hvort rétt er að leggja rafmagnslínu til býla, sem eru með stórum meiri meðalfjarlægð, e. t. v. 10—12 km. E. t. v. er skynsamlegra að leysa þeirra raforkumál á annan veg, t. d. með því, að Rafmagnsveitur ríkisins beinlínis reki dísilstöðvar fyrir slík býli. Eftir yrðu samkv. skránni 27 býli. En eftir því sem ég kemst næst, þegar ég hef dregið frá þau býli, sem annaðhvort hafa farið í eyði eða hafa vatnsaflsstöðvar, sem að öllum líkindum eru fullnægjandi, yrðu býlin í kringum 20, e. t. v. 23—24. Gert er ráð fyrir því í síðustu mgr. till., að jafnframt yrðu lagðar fram till. um viðunandi lausn raforkumála þeirra býla, sem hafa ekki verið tengd samveitu að áætlunartímabilinu loknu, og um jöfnun á raforkuverði.

Í þessari till. er jafnframt lögð áhersla á það í lið 2, að fjarlægari býli innan sveitarfélags verði látin njóta meðalfjarlægðar. Framkvæmd hefur verið nokkuð breytileg að þessu leyti. Því miður eru mörg tilfelli þannig, að hin ágætustu býli hafa verið skilin eftir, þótt meðalfjarlægð innan viðkomandi sveitarfélags hefði að þeim meðtöldum orðið vel innan við 3 km. Svo virðist sem þetta séu einkum býli, sem eru á enda línu. Ef þau eru inni á línunni, ræður hins vegar að sjálfsögðu meðalfjarlægð.

Mörgum hefur þótt þarna vera sýnd vafasöm framkvæmd og ekki réttlát. Því þótti okkur flm. rétt að taka af allan vafa um þetta atriði með 3. lið till. Þar er fram tekið, að býli, sem í gildandi áætlun hafa verið skilin eftir vegna fjarlægðar, þrátt fyrir það að meðalfjarlægð innan sveitarfélagsins hefði orðið innan við 3 km, skuli tengd samveitunni í fyrsta áfanga hinnar nýju áætlunar, sé þess óskað. Við viljum með þessu leggja áherslu á, að lagfært verði það, sem ég hef nú lýst og mörgum sýnist ákaflega vafasamt í framkvæmd rafvæðingaráætlunarinnar.

Við segjum í upphafi till., að ríkisstj. beri að vinna slíka áætlun og leggja fram á Alþ. haustið 1974 tveggja ára áætlun um áframhaldandi rafvæðingu dreifbýlisins. Mér sýnist mikilvægt, að bændur fái að sjá, hvað þeim er ætlað á þessu mikilvæga sviði, og því rétt, að slík áætlun sé opinber gerð með því að leggja hana fram á Alþ., þar sem alþm. geta jafnframt komið fram aths. við áætlunina, ef þeim sýnist þess þörf.

Ég hygg, að þetta mál sé þm. öllum vel kunnugt, auk þess er það rakið nokkuð ítarlega í grg., þannig að ég þurfi ekki að hafa um þetta fleiri orð.

Ég vil aðeins að lokum leggja áherslu á þær meginforsendur fyrir þessari till., að forsendur eru allar breyttar frá því, sem þær voru, þegar núv. þriggja ára áætlun var gerð. Því má alls ekki líta svo á, að með þeirri þriggja ára áætlun sé fullnægt ákvæðum málefnasamningsins um rafvæðingu þeirra bújarða í sveitum, sem hagkvæmt er talið, að fái raforku frá samveitum. Þetta verður að endurskoða. Auk þess er hér um slíkt mannréttindamál að ræða, að þjóðfélaginu ber að teygja sig eins langt á þessu sviði og frekast er kostur.

Ég vil svo að lokum leggja til, að umr. verði frestað og málinu vísað til allshn.

Halldór Blöndal: Herra forseti. Ég tek mjög undir það, að veruleg ástæða er til þess að auka þá meðalfjarlægð, sem er tilskilin á milli býla, til þess að þau verði tengd samveitum. Þetta er að sjálfsögðu mikið mannréttindamál, og þarf ekki að fara mörgum orðum um það, hvaða aðstöðumunur er í þeim sveitum, sem búa við rafmagn, og þeim býlum, sem hafa rafmagn, og annars staðar, þar sem sú tækni hefur komið til. Ég sé hins vegar ástæðu til að segja nokkur orð um þetta mál.

M. a. þótti mér undarlegt að heyra það hjá hv. 1. þm. Vestf., að aldrei hafi verið brugðið út af loforðum við einstaklinga, einstaka menn, en svo var á honum að heyra, í sambandi við loforð um að tengja einstök býli við samveitur. Það er nú svo í heilum sveitum, eins og í Þistilfirðinum, að þar hefur ekki verið staðið við það, að rafmagnið kæmi, þótt því hafi verið lofað fyrir nærri því ári eða við skulum segja 7—8 mánuðum, að rafmagnið kæmi í byggðina. Ég held, að það sé nú einnig nauðsynlegt í þessu sambandi að huga að því, að við leggjum ekki fleiri línur milli Sauðárkróks og Akureyrar. Ástandið er nú þannig í Norður-Þingeyjarsýslu, að menn þar hafa sótt um að fá að nota þær rafmagnslínur, sem búið er að senda heim á bæina, þeir hafa kostað um 220 þús. kr. upp á þetta, en þeir fá ekki svar frá Rafmagnsveitum ríkisins um það, hvort þeir fái rafmagn samkv. markafltaxta til súgþurrkunar og til húshitunar. Svo þegar maður spyrst fyrir um það hjá Rafmagnsveitunum, hvað líði því, að þessu sé svarað, þá er sagt, að það sé ekkert rafmagn til, það sé auðvitað ekki hægt að selja bændunum það, sem sé ekki til.

Ég spurðist fyrir um það, þegar þessi mál voru til umr. í Ed. fyrir skömmu, hvort hið opinbera mundi gera ráðstafanir til þess, að þeir, sem sæktu um rafmagnshitun á næstu árum, fengju hana. Ég fékk engin viðhlítandi svör við því. Það er hægt að tala um það og hægt að slá á það með þeim reiknistokki, að frekari rafvæðing dreifbýlisins kosti 151 millj. og — til að hafa það nákvæmt — 573 þús. kr., það er best að vera nákvæmur, en taka svo ekki inn í dæmið, að stjórnvöld hafa algerlega svikist um þá frumskyldu sína að sjá um, að það sé til sæmilega ódýrt rafmagn í landinu.

Á s. l. árum hafa þeir menn, sem bera ábyrgð á stjórn landsins, fellt hverja till. af annarri um frekari virkjunarrannsóknir, m. a. í Kröflu í Suður-Þingeyjarsýslu, og af því súpa menn seyðið núna. Það er verið að lofa okkur því, að úr þessu verði bætt með því, að það eigi að bora svo og svo margar holur á árinu 1975. Ég hef spurt hæstv. iðnrh. að því tvívegis, með hvaða bor eigi að bora. Það er enginn bor til í landinu til að bora með. Sá eini bor, sem er hægt að nota til þess arna, gufuborinn, verður á þessum tíma notaður á Suðurnesjum, eftir því sem ég veit best, algerlega upptekinn allt árið. Og það hafa ekki, svo mér sé kunnugt um, verið gerðar ráðstafanir til þess að fá annan bor í staðinn. Þannig er nú staðið að þessum málum, þó að ég að vísu viðurkenni, og það er rétt, að nú er verið að kaupa frá Englandi dísilrafstöð, sem mun kosta uppsett eitthvað um 70—80 millj. kr., eftir því sem ég veit best, og rekstrartapið á þessari dísilrafstöð mun nema tugum millj. kr. á ári til viðbótar því tapi, sem hefur verið á Laxárvirkjun á s. l. ári, sem var svo mikið, að þriðja hver kr. af bruttótekjum virkjunarinnar fór í olíukaup.

Ég tek undir allt það, sem hv. 1. þm. Vestf. sagði um nauðsyn þess að halda áfram rafvæðingu dreifbýlisins. En ég óska eftir því og legg áherslu á, að það á að byrja á því að virkja. Það hefur verið allsherjardráttur á því í landinu nú undanfarið, að það sé virkjað, og í sumum tilfellum er ekki einu sinni svarað bréfum um frekari virkjanir. Mér skilst á hæstv. orkumrh., — það er leiðinlegt, að hann skuli ekki vera hér við, — það er ekkert gaman að tala um þessi mál við hv. 1. þm. Vestf., hann talar þannig, þegar hann er í frumræðunum, eins og þurfi að laga ýmislegt, en ef maður fer aðeins að impra á því við hann, hvað sé að, þá hleypur hann til og segir, að þetta sé allt í besta lagi. Samt er hann alltaf að flytja till. um þessi mál, og stundum segir hann, að það sé ekki vanþörf á því að flytja till. um þetta. En ástandið er nú þannig fyrir norðan núna, rétt þessa stundina, að til stórkostlegrar skömmtunar hefur komið á rafmagni, og við megum þakka fyrir, að skömmtunin skyldi ekki hafa komið fyrr.

Á s. l. vetri samþykkti stjórn Rafveitu Akureyrar að fela framkvæmdastjóra sínum að athuga um kaup á heimilisrafstöðvum fyrir menn, sem kynda hús sín með raforku uppi á Brekkunni á Akureyri, til þess að þau eyðilegðust ekki, þegar virkjanirnar brygðust nú í vetur. Við skulum vona, að rafmagnsskömmtun núna verði ekki svo lengi, að húsin verði í hættu. Við skulum líka vona, að þær bráðabirgðaráðstafanir, sem mennirnir, sem voru að byggja hús sín í Þistlifirðinum og var lofað rafmagninu á s. l. sumri og fengu ekki, gerðu á þessu ári til þess að hita upp sín hús, verði nægilegar, þótt svo að Rafmagnsveitur ríkisins hafi ekki staðið við þær skuldbingdingar, sem þær höfðu í því efni.

Ég sé ekki ástæðu til að hafa þessi orð fleiri. Ástæðan til þess, að ég stóð upp, var bara þessi, að það þýðir ekkert að sigla Bjarna Sæmundssyni norður, ef eitthvað fer úr skorðum, hann framleiðir ekki nægilega raforku fyrir alla Akureyri eða allt Norðausturland. Það þarf meira til að koma. En byrjunin á þessu á náttúrlega að vera sú, að við eigum að nýta okkar innlendu orkulindir, og við eigum að reyna að skapa rafmagn með ódýrari hætti. Það má nefna fjölmargar leiðir til þess. Ég nefni aðeins núna það, sem mér dettur í hug í augnablikinu, virkjun Svartár í Skagafirði, virkjun Sandár í Þistilfirði, og einnig er nauðsynlegt, að menn athugi ýmsa aðra möguleika. Ég veit t. d., að ýmsir menn á Norðurlandi hafa haft mikinn áhuga á því að athuga, hvort ekki muni vera einhver grundvöllur fyrir einhvers konar stíflu í Laxá, þótt svo að fram að þessu hafi ekki fengist nein lausn á því máli. En þetta er kjarni málsins. Svo þegar við erum búnir að koma raforkuframleiðslunni í sæmilegt horf, skulum við halda áfram að leggja línurnar.

Það er rétt, að það er ekki ráð nema í tíma sé tekið. Hér er talað um, að framkvæmdir eftir þessari till. eigi að hefjast vorið 1975. Ég geri ráð fyrir, að á þeim tíma verði komin önnur ríkisstj. í landið, þannig að það sé einhver von til, að bjartara verði fram undan á þeim tíma. Ég held því, að það sé allt í lagi að lofa þessu, að samþykkja, að þetta verði gert. Þá verða við stjórnartaumana menn, sem hafa áræði og eru ákveðnir í því að nota innlendu fallvötnin til þess að búa til rafmagn, og menn, sem skilja, að það þarf að hafa tímann fyrir sér, þegar ráðist er í stórvirkjanir eða smávirkjanir, og það getur líka verið gott stundum að hafa lítlu virkjanirnar. Það er rétt, stóru virkjanirnar eru stundum hagkvæmari, en það er líka rétt, að við megum ekki gleyma því, sem heimamenn segja, að við eigum að taka tillit til þeirra óska, og við eigum líka að virkja lítlu árnar, þar sem það er hentugt og þar sem, eins og t. d. í Þistilfirðinum, allar rannsóknir liggja fyrir og mundu bægja frá miklum voða.

Það er hálfundarlegt að vita til þess, eins og ástandið er núna, t. d. á Þórshöfn. Nú bíða þeir eftir því að fá samtengingu við Laxárvirkjunarsvæðið, við vatnsvirkjunina. Og hvað er það svo, sem þeir eru að kaupa með þessu? Eru þeir að kaupa meira rafmagn, eða verða þeir eitthvað betur settir eftir en áður? Nei, þeir verða miklu verr settir, vegna þess að eins og sakir standa hafa þeir nóg rafmagn í dísilrafstöðvunum, sem þar eru, en nú óttast þeir það mjög, þegar þeir koma inn í kerfið, að það verði farið að taka rafmagnið burt frá þeim til þess að bjarga frá bráðum voða annars staðar til ómælanlegs tjóns fyrir frystihúsið á staðnum og menn, sem þar búa. Ástandið er orðið þannig, og þetta liggur raunar fyrir. Og svo er víðar. Það er ekki þetta, sem við meinum, þegar við tölum um að tengja saman landið, að ástandið skuli versna í smáplássunum. En þannig er þetta nú.

Pálmi Jónsson: Herra forseti. Ég ætla ekki að fara út í almennar umr. um orkumál undir þessum dagskrárlið, enda þótt forsenda aukinnar orkuneyslu og orkudreifingar í landinu sé auðvitað aukin orkuvinnsla, það er öllum ljóst. Erindi mitt hingað er fyrst og fremst að taka undir þá till., sem hér er flutt og lýst hefur verið af 1. flm. hennar, hv. 1. þm. Vestf. Ég tel, að það sé fyllilega tímabært nú, þegar eitt ár er eftir af þeirri rafvæðingaráætlun, sem í gildi er, að taka það til athugunar, með hvaða hætti má leysa vanda þeirra býla, sem eftir verða, þegar þessu áætlunartímabili lýkur. Og það er alveg rétt hjá hv. flm., að nú eru algerlega breyttar forsendur í þjóðfélaginu vegna olíukreppunnar og allra þeirra vandamála, sem af henni stafa og gera það að verkum, að eðlilegt er að leggja í meiri kostnað við það að tengja fleiri býli við samveitur ríkisins heldur en áætlað hefur verið til þessa. Þetta er tímabært að gera nú þegar, til þess að áætlun um það efni liggi fyrir, áður en þessu áætlunartímabili lýkur.

Í annan stað vil ég vekja athygli á því, að það er mikil nauðsyn, að svo verði staðið að þessum málum, að ekki verði vanefndir á þeirri áætlun, sem nú er í gildi, og að henni ljúki svo á næsta ári, að þá verði búið að tengja öll þau býli inn á samveitur Rafmagnsveitna ríkisins, sem gert er þar ráð fyrir. Hv. frsm. till. gat þess hér áðan, að þetta hefði gengið vel á fyrsta ári þessarar áætlunar, en öllu miður á því næsta, sem var s. l. ár, og þá hefði verið um verulegar vanefndir eða a. m. k. mjög verulegan drátt að ræða á framkvæmdum. Flm. gat þess, að þær orsakir lægju til þessa, að um mjög langan afgreiðslufrest á efni til þessara rafveitufram-kvæmda væri að ræða. Hér lít ég svo á, að sé um algeran fyrirslátt að ræða og algerlega raunar út í hött að nefna þetta sem ástæðu til þess, að þessar vanefndir hafa orðið. Þessi áætlun, sem nú er í gildi, er gerð veturinn 1971—1972, og a. m. k. vorið 1972 liggur hún fyrir. Það hefði þá þegar verið hægt, vorið 1972, að panta það efni, sem til þess þarf að hrinda þessari áætlun í framkvæmd. Ef þannig hefði verið að málum staðið, hefði ekki þurft að bíða eftir því, að þessar framkvæmdir kæmust í verk, miklu lengur heldur en til hefur staðið, gera þær óhagkvæmari og ódýrari, vegna þess að þær hafa dregist í ýmsum tilvikum langt fram á vetur, eins og raun hefur orðið á, og skapa ómældan vanda þess fólks, sem treyst hefur á að njóta þess, að rafmagnið kæmi á tilsettum tíma, eins og búið var að kveða á um. Ég hygg, að ég þurfi ekki að rekja slíkar aðstæður. Þær munu flest-

um kunnar. Ýmsir geyma það að endurnýja þau tæki, sem þeir hafa fyrir, vegna þess að ný tækjakaup eru fyrirhuguð í sambandi við að tengjast samveitum ríkisins, og svo kannske bregst það, þegar til á að taka, og allt er í hreinum vandræðum. Er það víða, sem slíkt hefur lent í hreinu óefni.

Það er sem sagt að mínu áliti alger fyrirsláttur, að sá vandi, sem þarna er við að fást, og þær vanefndir, sem orðið hafa á þessari áætlun á síðasta ári, séu sprottnar af þessum orsökum. Það þurfti ekki að verða, ef af fyrirhyggju hefði verið staðið að málum. Og ég vil vænta þess, að svo verði á málum haldið nú, að unnt verði að ljúka þessari áætlun, eins og fyrirhugað var, á næsta ári.

Flm. (Steingrímur Hermannsson): Herra forseti. Ég stend fyrst og fremst upp til þess að þakka hv. síðasta ræðumanni, hv. 5. þm. Norðurl. v., fyrir skynsamlegar undirtektir við þessa till. og hans aths. Ég vildi geta sagt það sama um hv. þm. Halldór Blöndal.

Ég vil aðeins skýra nokkru nánar það, sem ég sagði um þær tafir, sem hafa orðið á framkvæmdum. Hv. síðasti ræðumaður skildi ummæli mín rétt og fór rétt með þau. Ég hef orðið var við tafir í mínu kjördæmi og hef átt margar ferðir til Rafmagnsveitnanna og kannað slík mál. Það, sem ég sagði, var byggt á þeim upplýsingum, að dráttur hefði orðið á afgreiðslu efnis og svik í því sambandi langtum meiri en nokkurn tíma má gera ráð fyrir. Nú ætla ég ekki að fara út af fyrir sig að verja Rafmagnsveiturnar. Það má segja, að þær hefðu átt að panta þetta efni fyrr. Hitt er ljóst, að allir framkvæmdaaðilar leggja áherslu á að liggja ekki með efni í óþarflega langan tíma, þegar kannske fjármagn er takmarkað. Því hygg ég, að þetta sé skiljanlegt, þó að það sé ekki mitt verkefni, eins og ég sagði áðan og vil leggja áherslu á, að skýra þetta, en þetta eru staðreyndir. Framkvæmdir hafa dregist, eflaust einnig í Norður-Þingeyjarsýslu eins og á Vestfjörðum ákaflega víða, vegna þess að efni fékkst ekki á þeim tíma, sem gert var ráð fyrir.

Ég sagði áðan, að það mikilvægasta í mínum huga væri það, að fram hefur komið hjá hæstv. ráðh., að áhersla verði lögð á að standa við þessa áætlun, þannig að þeir, sem þar eru skráðir og eiga von á því að fá rafmagn frá samveitum, fái það. Mér er einnig tjáð, að áhersla verði lögð á að standa við hana á þessu ári. Ég get þó lýst efasemdum mínum um, að það megi takast, vegna þess dráttar, sem hefur orðið á framkvæmdum á s. l. sumri, og mér er einnig tjáð, að enn dragist afgreiðsla efnis, sem fyrir löngu er búið að panta, t. d. staura. Það er orðinn upp undir árs afgreiðslufrestur, sem ekki þekktist áður.

Ég ætla ekki frekar en síðasti hv. ræðumaður að blanda mér í umr. almennt um orkumálin, eða um það, hvort línan frá Akureyri til Sauðárkróks eigi rétt á sér eða ekki. Þær hafa farið fram og eiga eflaust eftir að fara fram. Ég vil aðeins vekja athygli á því, að þessi 131 býli, sem hér er um að ræða, krefjast ekki mikillar orku. Þetta er ekki nema dropi í hafið, og ég satt að segja efast um, að nokkru orkusvæði verði íþyngt með þessu, sem nokkru munar. Og ég vil alls ekki taka undir það, sem mér heyrðist koma fram hjá hv. þm. Halldóri Blöndal, að það ætti fyrst að virkja og síðan að leggja línurnar. Ekki má draga að leggja línurnar. Við eigum að leggja áherslu á að halda áfram þeirri áætlun, sem nú er í framkvæmd, og hafa nýja áætlun tilbúna og vinna af fullum krafti. Mér finnst eina spurningin vera sú, hvort teygja eigi næstu tveggja ára áætlun jafnvel lengra en gert er ráð fyrir í till., og ég vil enn ítreka það, að mér sýnist, að sú n., sem hefur málið til athugunar, mætti gjarnan skoða það.

Annars verð ég að segja að lokum, að mér finnst það æðimikil kokhreysti að halda því fram, að núv. stjórnvöld hafi svikist um í rafvæðingu dreifbýlisins. Mér virðist það koma úr hörðustu átt frá þm. Sjálfstfl. eftir 12 ára logn-mollu á þessu sviði í tíð fyrrv. ríkisstj. Ég held, að það fari ekki á milli mála, að gert hefur verið ákaflega myndarlegt átak nú, og því ber að halda áfram.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Nýting jarðhita, þáltill. (þskj. 150). — Frh. einnar umr.

Flm. (Matthías Á. Mathiesen): Herra forseti. Ég gerði hlé á ræðu minni, þar sem ég hugðist spyrja hæstv. iðnrh. nokkurra spurninga varðandi ráðstafanir og ákvarðanir opinberra stjórnvalda, sérstaklega í sambandi við Hitaveitu Reykjavíkur. Það er nú komið í ljós, að það, sem ég hugðist spyrja hann um, hefur fengið jákvæða afgreiðslu, bæði hvað snertir heimild Hitaveitu Reykjavíkurborgar til lántöku svo og hækkun á gjaldskrá Hitaveitunnar, þannig að nú sýnist ekkert í vegi fyrir því, að þeir samningar, sem gerðir hafa verið við Reykjavíkurborg af hálfu Kópavogskaupstaðar og Hafnarfjarðarkaupstaðar og eru í deiglunni af hálfu Garðahrepps, geti náð fram að ganga og framkvæmdir hafist samkv. þeim. Spurningar um önnur atriði læt ég bíða og legg því til, herra forseti, að umr. um þessa till. verði frestað og till. vísað til allshn.

Steingrímur Hermannsson: Herra forseti. Ég vildi gjarnan segja örfá orð um þetta mikilvæga mál, sem eðlilega er hér á dagskrá. Mér er tjáð, að hv. frsm. hafi sýnt þessum hitaveitumálum fyrr áhuga, fyrir 15 árum hafi hann lagt á þetta ríka áherslu, og að vonum hefur honum þótt heldur lítið gerast á því sviði í hans kjördæmi á þessu 15 ára tímabili, þar sem segja má, að hver íbúi gæti fengið jarðvarma til upphitunar.

Heilmikið hefur verið sagt hér um samanburð á upphitunarkostnaði með jarðhita annars vegar og olíu hins vegar. Hv. frsm. fór þar með tölur, sem mér þóttu að vísu nokkuð háar, og ég gat ekki fengið sömu útkomu. Upplýsingarnar, sem mþn. í byggðamálum fékk frá hagrannsóknastjóra, sýna, þegar rætt er eingöngu að vísu um upphitun íbúðarhúsnæðis, að mismunur, miðað við 12.35 kr. á hvern lítra, sem reiknað er með, að olían verði í mars, og því verði, sem jarðvarmi í Reykjavík fer upp í með þeirri hækkun, sem nú hefur verið leyfð, er um 978 millj.

582 þús. kr. fyrir þann hluta landsmanna, sem hafa olíuhitun, en það eru 101 370 manns samkv. þessum sömu upplýsingum eða tæplega helmingur landsmanna. Sé þetta reiknað í hlutfalli, verður þarna um 2000 millj. kr. sparnaður, eins og kallað hefur verið, fyrir landið allt, ef jarðhita mætti nota til upphitunar alls staðar. Þetta er dálítið lægri tala, en það út af fyrir sig skiptir engu máli, því að þetta eru miklar upphæðir og undirstrikar, að hér þarf að gera stórt átak. Ég hef einnig fengið uppgefinn olíulítrafjölda, sem er notaður til upphitunar. Mér er sagt, að það séu 165 millj. lítra. Þá fæ ég að vísu nokkru hærri tölu yfir sparnað en ég nefndi áðan, en þó fyrir neðan 3000 millj. Þetta er sem sagt ákaflega mikil upphæð og rétt, sem vakin er athygli á í till., að þessum framkvæmdum þarf að hraða.

Það, sem mig langaði fyrst og fremst til að koma hér á framfæri, voru ýmsar upplýsingar, sem ég hef nýlega heyrt á fundum verkfræðinga um þessi mál, og draga fram ýmsa þætti, sem leggja ber áherslu á. Áður en ég kem að því, vil ég þó leggja áherslu á, að þennan mikla mismun, sem um er að ræða, verður með einhverju móti að jafna, því að það tekur nokkurn tíma að koma jarðvarma eða rafmagni til upphitunar til þessara íbúa landsins. Ég held, að um þetta hljóti menn að verða sammála, og reyndar hefur það komið fram í samþykktum, að svo virðist vera. Ég tel ekki rétt að leggja á orkuskatt í þessu skyni, en hins vegar sýnist mér, að þjóðin verði að axla þessar byrðar að verulegu leyti sameiginlega, t. d. með söluskattstigi eða einhverju þess háttar, og greiða niður olíuhitunarkostnaðinn, þannig að hann verði ekki a. m. k. miklu hærri en hann var, áður en þessi hækkun kom. Jafnframt verður svo að hraða nýtingu jarðvarmans í þessu skyni.

Til fróðleiks vil ég geta þess, að við nýlega athugun, sem farið hefur fram á vegum Rannsóknaráðs ríkisins á fjármagni til rannsókna, kemur í ljós, að tiltölulega mestu fjármagni er varið til rannsókna á orkusviðinu. Það er, reiknað í hundraðshlutum af vinnsluvirði atvinnugreinanna og viðkomandi sviðs, um 2.5% af vinnsluvirði orkuframleiðslunnar, sem varið er til rannsókna, og er það um það bil tvöfalt meira en t. d. í sjávarútvegi og enn meira en í landbúnaði. Það má geta þess til fróðleiks, að aftur á móti kom í ljós, að það er innan við 0,1% vinnsluvirðis iðnaðar og mannvirkjagerðar, sem varið er til rannsókna á þeim sviðum. Þar er áreiðanlega um mjög alvarlegt mál að ræða. Töluverðu hefur því verið varið til rannsókna á sviði orkumála og þetta hefur verið aukið verulega upp á síðkastið. M. a. kemur það fram í fjárl. þessa árs. Þar er auk þess veitt verulegt fjármagn til kaupa á tækjum, m. a. nýjum bor, sem er mjög nauðsynlegur.

Komið hefur fram á þessum fundum, sem ég nefndi áðan, að tæknilega, þ. e. a. s. ef við gerum ráð fyrir því, að nægilegt fjármagn sé fyrir hendi, mætti tengja 45—50 þús. manns til viðbótar við jarðvarmaveitur á næstu 2—3 árum, þ. e. a. s. fyrir árin 1976—1977. Í Kópavogi, Garðahreppi og Hafnarfirði er þegar farið að vinna að þessum málum á vegum Reykjavíkurborgar, og er þá gert ráð fyrir því, að þar geti verið komin jarðvarmaveita um 1976. Ég get að vísu ekki annað en skotið því inn, að ég harma, að þessi sveitarfélög báru ekki gæfu til að standa saman um eigin hitaveitu, því að það hefur komið greinilega fram hjá sérfræðingum, að finna má jarðvarma á öllu þessu svæði. Hann er þekktur á Álftanesinu, er mjög góður þar, og jafnvel má finna hann innan marka Garðahrepps og Hafnarfjarðar. En ég verð að segja í þessu sambandi, að ég sakna ákveðnari forustu og aðstoðar ríkisvaldsins, til þess að sveitarfélög geta ráðist í slíkar framkvæmdir sem þessar. Ég tel að vísu mikið fengið með því að gera samning við Reykjavíkurborg, en hef í því sambandi á öðrum vettvangi lagt áherslu á, að þessi sveitarfélög eiga að verða sameignaraðilar að slíkri hitaveitu, það er lýðræðisleg framkvæmd þessa máls, og væri satt að segja fróðlegt að heyra skoðanir hv. flm. og þm. kjördæmisins á því atriði. En segja má, að það sé nokkuð annað mál. Upplýsingarnar eru sem sagt þær, að þarna ætti að vera komin jarðvarmaveita í kringum 1976. Frá Svartsengi er gert ráð fyrir jarðvarmaveitu til byggðanna þar í kring: Keflavíkur, Grindavíkur, Keflavíkurflugvallar og víðar, og er gert ráð fyrir því, að sú veita gæti komið í gagnið kringum 1976—1977 samkv. fyrrnefndum upplýsingum. Tæknilega ætti ekkert að vera því til fyrirstöðu. Á Eyrarbakka, Stokkseyri og Þorlákshöfn eru einnig ágætar aðstæður til þess að fá jarðvarma, annað hvort frá Selfossi eða Hveragerði, og ekkert því til fyrirstöðu tæknilega. Jarðvarminn er þekktur þar, og þetta er í raun og veru aðeins fyrst og fremst fjármálaleg framkvæmd, og er talið, að þar ætti að geta verið kominn jarðvarmi 1976—1977 einnig. Og loks á Vesturlandi, þ. e. a. s. Akranesi og Borgarnesi, er talið og vitað, að þar má fá jarðvarma frá Deildartunguhver. Þar er mikill jarðhiti, eins og kunnugt er, og athuganir sýna, að hagkvæmt muni vera að leiða a. m. k. þann varma til Borgarness, en jafnvel til Akraness, þótt það sé löng leið, ef ekki fæst jarðvarmi þar nær, sem er reyndar talið mjög líklegt. Mér sýnist, þegar ég legg saman fólksfjölda á þessum stöðum, að þarna sé um 45—50 þús. manns að ræða, sem bætast við þann fjölda, sem nú hefur upphitun frá jarðvarmaveitum, sem er talinn 96 430 manns. Þá er strax komið upp í kringum 65—67% af íbúum þessa lands, og á þá eftir að telja ýmsa smærri staði úti um land, t. d. á Norðurlandi, sem eiga að geta notið jarðhitaveitu. En mér sýnist sú tala, sem hæst er nefnd í þessu sambandi, um 70% íbúa landsins með upphitun frá jarðhita, alls ekki óraunhæf og satt að segja líklegri en lægri talan, sem stundum er nefnd, þ. e. a. s. 60%.

Þá hlýtur vitanlega að vakna sú spurning: Hvernig er unnt að framkvæma þetta á svo skömmum tíma? Það sjá náttúrlega allir, að jarðhitaveita, ekki aðeins í Kópavog, Garðahrepp og Hafnarfjörð, heldur einnig frá Svartsengi um Suðurnesin og á Eyrarbakka, Stokkseyri og Þorlákshöfn, Akranes og Borgarnes er gífurleg framkvæmd. Í fyrsta lagi þarf að tryggja fjármagn til. Ég fyrir mitt leyti legg á það áherslu, og vil koma því á framfæri, að mér sýnist alls

ekki óraunhæft að leggja nokkurn orkuskatt á jarðvarmaveitur, sem nú eru, til þess að tryggja fjármagn til slíkra framkvæmda. Ég trúi því ekki, að þeir, sem þeirra njóti í dag, geti haft á móti því að leggja nokkurn hluta af sínum sparnaði af mörkum til þess að hraða þessum framkvæmdum. Þetta sýnist mér vera mál, sem Alþ. mætti gjarnan láta til sín taka.

En jafnvel þótt fjármagnið fáist, þarf meira til. Mikið þarf að bora, og það hefur komið fram hér á þingi, að á því stendur nokkuð. Þó vil ég vekja athygli á því, að í fjárl. fyrir árið í ár er gert ráð fyrir kaupum á nýjum bor, og mun það vera í fullum gangi. Sömuleiðis er alveg ljóst, að framkvæmdamáttur er vitanlega takmarkaður við það vinnuafl og þá verktaka, sem eru til taks, þannig að ljóst má vera, að þessi tæknilega mögulega áætlun, sem ég hef nefnt, er byggð á fyllstu bjartsýni, og að öllum líkindum mun þetta taka nokkru lengri tíma. Það veldur t. d. miklum vandræðum, að afgreiðsla á öllu efni, t. d. stáli, tekur miklu lengri tíma en gert var ráð fyrir. Það sýna nýleg útboð. Ég get getið þess hér, að það hefur aldrei komið fyrir áður, að pöntunum í borstangir fyrir gufuborun er beinlínis ekki svarað. Ekki er gefinn upp afgreiðslutími. Hann virðist vera orðinn það langur. Því er betra að hafa allan varan þarna á og hugsa fljótlega til þess, sem þarf að vera við höndina, ef framkvæmd á að ganga hratt og vel.

Ég fagna þessari till., sem hér er fram komin, og vildi aðeins koma þessum upplýsingum á framfæri. Það er alveg ljóst, að ríkisvaldið þarf að hafa örugga forustu. Ég vil leggja áherslu á, að tryggt verði nokkurt fjármagn til þessara framkvæmda með orkuskatti, eins og ég hef sagt, og sömlueiðis verði án tafar hafist handa um útvegun nauðsynlegs efnis, jafnvel þó að það kosti, að með það þurfi að liggja eitthvað lengri tíma en þann, sem skemmstur gæti orðið. Ég held, að við verðum að halda þannig á þessu máli, til þess að megi ganga sem hraðast.

Flm. (Matthías Á. Mathiesen): Herra forseti. Það voru aðeins örfá orð út af ræðu hv. 1. þm. Vestf. Eins og fram kemur hér í grg., er áætlaður sparnaður Reykvíkinga vegna hitaveitunnar árið 1974 1565 millj. kr., miðað við að olíulítrinn sé áætlaður 11 kr. Miðað við, að verðið hækki í 12.50 kr. nálgast þessi upphæð 2000 millj. Frá því sjónarmiði, að hér í Reykjavík eru um 82 þús. íbúar, og reiknað með, að notkunin skiptist hlutfallslega eins á milli íbúðarhúsnæðis og skrifstofuhúsnæðis eða annars húsnæðis, þá verður hér um að ræða samkv. þessum útreikningi, sem er grundvallaður á tölum frá Hitaveitu Reykjavíkur, á milli 3500 og 4000 millj. kr. En eins og hv. síðasti ræðumaður réttilega gat um, skiptir ekki máli, hvort um er að ræða 100 millj. meira eða minna, þetta eru svo stórar tölur þegar, og málið út frá því sjónarmiði hið mikilverðasta.

Hv. þm. gat þess í ræðu sinni, að ég hefði haft áhuga á þessum málum fyrir 15 árum. Það er alveg rétt. Ég held, að ég muni það rétt, að ég hélt mína jómfrúrræðu á Alþ. um hitaveitumál þar syðra, fsp. til þáv. forsrh. Ég verð að segja það, án þess að ég ætli að fara að hefja hér á Alþ. gagnrýni á stjórnendur míns byggðarlags, að flokksmenn mínir þar hafa ævinlega barist mjög fyrir hitaveitu. Við höfum m. a. bent á þá leið, sem nú loksins er farin, þ. e. a. s. að gera samning við Reykjavíkurborg. Hitt er svo aftur annað mál, að vel má vera, að ekki hafi verið grundvöllur fyrir því, vegna þess að Reykjavíkurborg hafi ekki haft afgangsvatn til þessara sveitarfélaga suður frá. En það hefur læðst að manni sá grunur, að byggðarlögin hér syðra hafi ekki viljað gera samning við Reykjavíkurborg einhverra annarra hluta vegna, en þess, að ekki hafi þar verið tekið á móti þeim og ekki verið vilji til að færa út Hitaveitu Reykjavíkurborgar á þessu þéttbýlissvæði.

Þá kem ég að spurningu ræðumanns með formið á hitaveitu, hvort mér hefði ekki sýnst eðlilegra, að þessi sveitarfélög hefðu sameiginlega byggt hitaveitu, og úr því að farið hefði verið út í samninga við Reykjavíkurborg, hvort ekki hefði þá verið eðlilegt, að sveitarfélögin gerðust eignaraðilar að hitaveitunni. Ég verð að segja eins og er, að þetta er ekki að mínum dómi stærsta atriðið. Hitt er aðalatriðið, að það sé hægt að fá heitt vatn til upphitunar híbýla á þessu svæði. Samningarnir, sem gerðir hafa verið, annars vegar af Kópavogskaupstað og hins vegar Hafnarfjarðarkaupstað, eru meira að segja ekki sambærilegir. Kópavogskaupstaður kemur til með að fá eignaraðild hlutfallslega miðað við notkun, og sú arðsemi, sem það gæfi, verður látin renna inn í fyrirtækið sjálft. Þessu er ekki þannig varið með þann samning, sem Hafnarfjarðarkaupstaður hefur gert. Hann er þannig, að hlutfallsleg arðsemi, sem gæti verið, rennur til sveitarfélagsins sjálfs að 15 árum liðnum.

Ég skal ekki meta samningana að þessu leyti, en ég vil gjarnan, að það komi hér fram, að mér fannst Kópavogskaupstaður vera til fyrirmyndar um forustu í þessu máli, og jafnframt skjóta því hér að, að það gerðist ekki fyrr en var breytt um stjórn á Kópavogskaupstað.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Leit að nýjum karfamiðum, þáltill. (þskj. 268). — Fyrri umr.

Flm. (Sverrir Hermannsson): Herra forseti. Á þskj. 268 hef ég ásamt hv. 10 þm. Reykv. og hv. 2. þm. Vestf. leyft mér að flytja till. til þál. um leit að nýjum karfamiðum, þar sem Alþ. ályktí að fela Hafrannsóknastofnuninni að semja um leigu á hentugu togskipi til leitar að nýjum karfamiðum í úthafinu og enn fremur lögð á það áhersla, að þessari leit verði flýtt sem kostur er.

Ég vænti þess, að grg. í sjálfu sér sé nægjanlega ítarleg til þess að opna augu manna fyrir nauðsyn þess að rösklega sé að þessu máli unnið. Ég hef leitað mér upplýsinga um þetta mál hjá þeim manni, sem hefur haft með höndum yfirstjórn þeirra rannsókna, sem framkvæmd-

ar hafa verið nú þegar, sem er dr. Jakob Magnússon, fiskifræðingur, kynnt mér sjónarmið hans og enn fremur greinar, sem hann hefur ritað um málið, og eins útvarpserindi, sem hann flutti fyrir tveimur árum um þetta athyglisverða mál.

Höfuðforsenda þessarar tillögugerðar er sú, að sannað þykir, að þorskstofnarnir við strendur landsins hafi verið ofnýttir um langa hríð. Ástand þeirra nú er mikið áhyggjuefni og þörf að neyta allra bragða til að létta sóknarþunga í stofnana, a.m.k. meðan við þurfum að búa við hina þungu sókn erlendra veiðiskipa í stofnana. Allt annað verður vonandi upp á teningnum, þegar við förum að búa einir að fiskstofnunum á landgrunninu, þótt ávallt verði lífsspursmál að hafa þar á fyllstu gát. Því er það, að ómetanleg hjálp gæti verið að geta beint stórvirkustu veiðiskipum okkar til veiða á nýjum miðum, veiða á fiskstofnum, sem hingað til hafa verið ónýttir, þótt ekki væri nema um skamman tíma á ári hverju.

Eins og grg. ber með sér, þykir fullsannað, að hér langt suður og vestur af landinu, á gífurlega stóru svæði, sé að finna stóran stofn karfa. Hingað til hefur hann ekki fundist í veiðanlegu ástandi, enda leit og tilraunir mjög af skornum skammti og með skipi, sem vantar allt afl til að framkvæma tilraunirnar eins og þörf er á. Þess vegna er það frumskilyrði að leigja veiðiskip til þess arna, sem hentugt getur talist, en slík skip höfum við nú eignast.

Ég ætla aðeins að víkja hér til fróðleiks að þróun karfaveiðanna hér á landi, og hef ég upplýsingar um það, eins og ég áður gat um, frá dr. Jakobi Magnússyni.

Karfinn mun lítið hafa verið veiddur hér við land fyrr á öldum og engar sérstakar karfaveiðar stundaðar. Sennilega hefur hann fengist eitthvað með öðrum fiski. Hins vegar mun hann hafa rekið alloft á fjörur og hefur e.t.v. verið algengur þannig. En það er ekki fyrr en botnvörpuveiðarnar koma til sögunnar, að verulegt magn af karfa veiðist hér við land, en Norðmenn höfðu þó veitt nokkuð á línu og handfæri, í smáum stíl þó. Lengi vel var karfinn þó lítt nýttur, og margir sjómenn muna enn þá tíð, að öllum karfa, sem á dekk kom með öðrum fiski, var mokað í sjóinn aftur. Í rauninni er það ekki fyrr en eftir 1920, að farið er að veiða karfa svo nokkru nemi, en þá fara Þjóðverjar að sækjast eftir honum. Karfaveiðar uxu svo ár frá ári, en þó einkum eftir 1930, en þá fóru Íslendingar einnig að veiða karfa í stórum stíl.

Fyrir síðari heimsstyrjöldina náði heildarkarfaaflinn hámarki árið 1938 og var þá 105 þús. smálestir eða 2.5% af heildarfiskafla Norður-Evrópuþjóða. Þessi stórfellda aukning veiðanna stafaði fyrst og fremst af því, að Þjóðverjum hafði tekist að skapa góðan markað fyrir karfa í heimalandi sínu, auk þess var farið að vinna mjög lýsi úr honum. Á stríðsárunum kom eðlilegur afturkippur í veiðarnar, en síðan stríðinu lauk hafa þær verið stundaðar af miklu kappi. Auk Íslendinga og Þjóðverja eru það einkum Rússar og svo Bandaríkjamenn og Kanadamenn, sem sóst hafa eftir karfanum. Áður fyrr skiptist veiði þjóðanna þannig á svæði, að Rússar stunduðu Barentshafið, Þjóðverjar og Íslendingar Íslandsmið og Bandaríkjamenn Ameríkumið. En með tilkomu nýrra veiðisvæða og stærri og afkastameiri skipa hefur þetta breyst verulega. Þjóðverjar fóru nú að veiða á öllum svæðum, Rússar fóru einnig að færa út kvíarnar, og Íslendingar sóttu í vesturátt allt til Nýfundnalandsmiða. Nú er svo komið, að Rússar munu taka obbann af karfaaflanum á Nýfundnalandsmiðum. Karfaveiðar við Ísland hafa hins vegar nær eingöngu verið stundaðar af Íslendingum og Þjóðverjum, og er svo að mestu enn.

Á síðari hluta 6. áratugs þessarar aldar og fyrst á þeim 7. sóttu íslenskir togarar karfa að miklu leyti á fjarlæg mið og stunduðu heimamiðin tiltölulega lítið. Þjóðverjar stunduðu þau þó ávallt nokkuð og tóku meiri hluta þess karfa, sem veiddur var við Ísland á þeim árum. Heildaraflinn á Íslandsmiðum var þá 70—90 þús. lestir á ári, og komst þá afli Íslendinga niður í rúmar 13 þús. lestir á heimamiðum. En á síðasta áratug, þegar fækka fór um góða og stóra drætti á fjarlægum miðum, hófu Íslendingar og Þjóðverjar aukna sókn í karfa á heimamiðum. Jókst þá karfaafli á Íslandsmiðum upp í 80—114 þús. lestir á ári. Tóku Íslendingar af þeim afla um 20—30 þús. lestir árlega, og hefur karfi af Íslandsmiðum verið uppistaðan í karfaafla íslensku togaranna síðasta áratuginn.

Eins og segir í grg., eru það eftirfarandi atriði, sem áhrif kunna að hafa á hugsanlega veiði karfa á úthafinu, sem við höfum ekki enn fengið viðhlítandi svör við:

1. Þéttist úthafskarfinn ekki einhvern tíma í úthafinu það mikið, að grundvöllur sé til veiða? Og ef svo er, þá hvenær ársins, á hvaða svæði og í hvaða dýpi?

2. Gotstofnar karfans, sem algengastir eru við Ísland og Austur-Grænland, hafa ekki fundist í úthafinu enn þá, en vitað er, að hann gítur þar. Og þá er spurningin: Hvar halda gotstofnarnir sig? En þessi fiskur er dálítið sérstæður að því leyti, að hann hrygnir ekki, heldur gýtur seiðunum, þannig að klakið fer fram í móðurlífi kvenfisksins.

3. Eru gotstofnar tegundanna karfa og djúpkarfa aðskildir eða ekki?

Aðeins fjórir leiðangrar hafa verið farnir til rannsókna á þessum slóðum á rannsóknaskipinu Bjarna Sæmundssyni. Þeir gefa vissulega vísbendingu og vonir um, að það kunni að vera stórt í boði fyrir veiðiskip okkar, og ber hina brýnustu nauðsyn til, að þeir möguleikar séu þegar í stað kannaðir til hlítar. Það má einskis láta ófreistað til að finna nýjar leiðir til fisköflunar, þegar í huga eru höfð hin lélegu aflabrögð og óskyggilegt ástand sumra fiskstofnanna.

Ég vænti þess, að þetta mál fái greiðan framgang. Mér virðist, að menn ættu að sjá í sjónhending, að þetta er mikið nauðsynjamál og mjög mikilvægt, að þessu verði hrundið í framkvæmd og sem ítarlegast.

Ég legg svo til, herra forseti, að þegar þessari fyrri umr. lýkur, verði málinu vísað til síðari umr. og hv. fjvn.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Heyrnarskemmdir af völdum hávaða í samkomuhúsum, þáltill. (þskj. 332). — Ein umr.

Flm. (Ágúst Þorvaldsson): Herra forseti. Við höfum leyft okkur 5 þm. að flytja þá litlu þáltill., sem hér er á dagskrá og prentuð er á þskj. 332. Flm. auk mín eru þeir Oddur Ólafsson, Geir Gunnarsson, Jón Árm. Héðinsson og Karvl Pálmason.

Till. er um varnir gegn heilsutjóni og heyrnarskemmdum af völdum hávaða í samkomuhúsum og er svo hljóðandi, með leyfi hæstv. forseta:

„Alþingi ályktar að skora á ríkisstj. að láta rannsaka, hvort heilsutjón og heyrnarskemmdir geti orsakast af hávaða frá hljóðfærum danshljómsveita á skemmtistöðum. Komi í ljós við slíkar rannsóknir, að þessi hávaði sé heilsuspillandi, skal ríkisstj. leggja fyrir Alþingi frv. til laga um varnir gegn hávaðamengun á skemmtistöðum."

Fyrir allmörgum árum fór að bera á því, að danshljómsveitir þær, sem atvinnu hafa af því að leika fyrir dansi, fóru að tengja hljóðfæri sín við rafknúna magnara til þess að hækka tónana og koma þeim betur til skila út í danssalinn. Þetta byrjaði nokkuð hóflega, en brátt fór að sækja í það horf, að glymskrattar þessir gerðust ærið áleitnir. Svo virðist sem mörgum unglingum láti þessi mikli hávaði allvel í eyrum. Þó er víst, að ýmsir þola þetta ekki vel. Stundum er hávaði þessi svo mikill, að loftið titrar og veggir nötra, þegar hinar sterku hljóðbylgjur brotna á þeim. Ekki er hægt við slík skilyrði að tala saman. Ef roskið fólk kemur á slíkar samkomur, þolir það flest illa slíkan ódæmahávaða, og þykist ég hafa tekið eftir því, að sífellt fækkar því fullorðna fólki, sem sækir þær samkomur, þar sem von er á þessum mikla hávaða.

Ég hygg, að eitt af því, sem Öryggiseftirlit á vinnustöðvum telur sér skylt að athuga, sé hávaði frá vinnuvélum og að koma í veg fyrir heilsutjón og heyrnarskemmdir af slíku, með því að reglur eru settar um það, að skylt sé að láta menn hafa heyrnarhlífar, og með ýmsum öðrum ráðstöfunum. Get ég nefnt dæmi, af því að mér er þar um kunnugt, að við ýmsa þætti heyvinnu á bændabýlum er nauðsynlegt að láta menn hafa slíkar heyrnarhlífar vegna hávaða frá vinnuvélunum, annars væri heyrn manna hætta búin. Svo er einnig um vinnu með flestum ræktunarvélum, vinnuvélum við vegagerð og þess háttar, hvað á þá við vélavinnu, sem fram fer í húsum inni, svo sem á trésmíðaverkstæðum og ýmsum öðrum vinnustöðum. Hins vegar er hávaðinn í samkomuhúsunum látinn afskiptalaus enn sem komið er. En þar þarf hið fyrsta að gera á breytingu, og til þess að vekja athygli á því er till. þessi flutt, ef verða mætti til þess, að Alþingi léti frá sér fara áskorun til hæstv. ríkisstj. um það, að hún léti athugun sérfróðra manna fara fram á þessum hlutum og gerði síðan ráðstafanir, sem kæmi í veg fyrir hættu þá, sem hér er á ferð fyrir heilsu manna.

Fyrir nokkrum árum lét yfirlögregluþjónninn á Selfossi gera hljóðmælingu í Selfossbíói, sem er samkomuhúsið þar á staðnum, og fór sú mæling fram á dansleik, sem þar var haldinn. Hann fékk til þess Kormák Sigurðsson heilbrigðisfulltrúa við borgarlæknisembættið í Reykjavík. Ég bað yfirlögregluþjóninn á Selfossi, Jón I. Guðmundsson, að láta okkur flm. í té afrit af hljóðmælingum þessum, sem hann gerði fúslega. Vil ég nú — með leyfi forseta — lesa bréf yfirlögregluþjónsins, sem fylgdi til mín, þegar hann sendi mér skýrsluna um hljóðmælinguna, sem ég einnig mun þá lesa. Hljóðar bréf yfirlögregluþjónsins þannig, með leyfi forseta:

„Selfossi, 21. jan. 1974.

Samkvæmt umtali sendi ég hér hjálagt ljósrit af skýrslu varðandi hljóðmælingu, sem gerð var í Selfossbíói 12. apríl 1970, en þar stóð þá yfir dansleikur. Í skýrslunni virðist mér að fram komi, að hávaðinn frá hljómsveitinni var það mikill, að hann yrði ekki talinn hafandi á vinnustað. Það er grunur minn, að í danshúsunum megi finna miklu meiri hávaða en um getur í meðfylgjandi skýrslu. Á þessu þarf að gera könnun, svo að fá megi þverskurð af vandanum, sem ég tel ekki efa á, að sé fyrir hendi. Í Árnessýslu eru mörg danshús, fleiri en í nokkurri annarri sýslu á landinu. Við lögreglumenn, sem stöndum vörð á þessum samkomum, höfum alloft rætt það, að ekki sé í raun og veru vinnandi á þessum stöðum sökum hávaða. Ég sem þessar línur skrifa er búinn að standa vörð á samkomum af og til frá árinu 1946. Á þessum tíma hefur á orðið mikil breyting hvað hávaða snertir, því að er ég hóf starf á samkomuhúsum voru magnarar ekki til. Í seinni tíð, þegar farið er að margfalda þau hljóð, sem hljómsveitin gefur frá sér, finnst mér mikið bera á, að fólki bókstaflega líður illa í þessum mikla hávaða, auk þess sem ég tel hávaðann oftsinnis undirrót illra verka, og vil þar til nefna skemmdarverk, sem mér finnst menn mjög gjarnan vinna undir hinum mikla hávaða. Ég hef veitt því athygli, að þegar hávaðinn hættir, þá um leið hættir sá, sem vann skemmdarverk. Það var sem hávaðinn hefði hvetjandi áhrif til hins illa. Ekki er mér kunnugt um, að neitt hafi verið gert hér á landi til þess að sporna við hinum mikla hávaða, sem víða er á dansstöðunum, nema það að fáeinir aðilar hafa lítillega látið frá sér heyra í fjölmiðlum.

Ég veit ekki betur en í Danmörku hafi þessi vandi borist í hendur stjórnvalda og þar hafi verið settar reglur um hávaða og fast gengið eftir, að ekki sé út af brugðið í því efni."

Þetta er bréf yfirlögregluþjónsins frá Selfossi, Jóns I. Guðmundssonar. Þá vildi ég einnig leyfa mér að lesa skýrslu heilbrigðisfulltrúans, sem framkvæmdi hljóðmælingarnar. Ég tel það nokkurs virði, að sú skýrsla verði opinbert plagg, en með því að koma henni inn í þingtíðindin verður hún það. Hún er dags. 14. apríl 1970 og hljóðar þannig, með leyfi hæstv. forseta:

„Varðandi hljóðmælingar í Selfossbíói, sem framkvæmdar voru aðfaranótt sunnudagsins 12. apríl 1970. Hljómsveitin Mánar lék fyrir dansinum. Eins og niðurstöður bera með sér, er hér um töluvert mikinn hávaða að ræða, þar sem hljóðmælir komst hæst upp í 114 db. — einingar, en aldrei lægra en í 65 db. — einingar.

Til fróðleiks má geta þess, að rannsóknir, sem

framkvæmdar hafa verið á undanförnum árum í Svíþjóð á ýmsum tegundum vinnustaða, leiða í ljós, að tveggja stunda álag við 75—115 db.-eininga hávaða virðist geta valdið varanlegri heyrnadeyfu. Talið er, að óvarið eyra, eyra án heyrnarskjóls, þoli ekki meira en 135 db. til c í hæsta lagi og þá aðeins í 10 sek. á dag. Þetta gildir þá um unga menn, sem vanir eru miklum hávaða og eru látnir vera viðbúnir hávaðanum, þegar hann skellur á. Við 5 mínútna álag er hámarkið talið um 120 db. til c, við 50 mínútna álag 110 db. til c og við 500 mínútna álag 100 db. til c.

Með þessar upplýsingar í huga, gefur það auga leið, að hávaði sá, er mældist í Selfossbíói þann 12. apríl, er ærið mikill, enda þótt höfð sé í huga sú staðreynd, að hér er ekki um stöðugan og jafnmikinn hávaða að ræða allan tímann, sem dansleikur stendur yfir. Þar koma til greina hvíldir milli laga, og einnig mismikill hávaði, sem byggist á því, hvaða lag er leikið hverju sinni. Umræddar mælingar leiddu einnig í ljós, að í þau skipti, sem hávaðinn frá hljómsveitinni virtist hvað mestur, sýndi mælir, að svo var ekki. Til samanburðar má nefna tvær tölur. Snemma kvölds mældist hávaðinn frá hljómsveit og dansgestum mestur um 114 db til c. En þá virtist ekki vera um tilfinnanlegan hávaða að ræða. Hins vegar var mælt síðar um kvöldið, þegar leikin voru lög, sem flestum virtust af háværasta tagi, en þá sýndi mælir aðeins 105 db.-eininga hávaða mest. Þetta sýnir aðeins, að ekki er einhlítt að treysta eyrunum einum saman, þegar verið er að dæma um hljóðstyrk frá hljómsveit.

En nú má segja, að hugtakið óþægindi sé nokkuð óljóst, þar sem það er ekki nein viss hegðun eða athöfn, en þá notast menn við það ráð að skilgreina óþægindi sem ákveðið svar við vissri spurningu. Fyrir óþægindum hafa allir orðið, sem svöruðu já við spurningunni: Verðið þér fyrir óþægindum frá hljómsveitinni, sem leikur fyrir dansinum? Þá er bæði innihald hugtaksins og mælingaraðferðin gefin. Þegar haft var tal af gestum þetta kvöld, sem flestir voru unglingar, töldu þeir yfirleitt, að þeir yrðu ekki fyrir óþægindum af hálfu nefndrar hljómsveitar, þó voru nokkrir, sem töldu, að hljómsveitin væri of hávær. Í þeim hópi var einnig undirritaður, enda fékk hann hellu fyrir eyrun, jafnskjótt og hann hafði lokið mælingum inni í danssalnum sjálfum og var kominn út í anddyri hússins.

Ungt fólk virðist bæði vilja mikinn hávaða og þola hann betur en þeir sem eldri eru. En ekki er þar með sagt, að heyrn unglinga geti ekki orðið fyrir skaðlegum áhrifum, enda þótt þeim sjálfum finnist hávaðinn ekki óþægilegur.

Að öllu samanlögðu verður að líta svo á, að hljóðstyrkur frá hljómsveit, sem fer mikið yfir 80—85 db.-einingar í lengri tíma sé óæskilegur og rétt sé að koma í veg fyrir hann, ef unnt er."

Undir þetta ritar Kormákur Sigurðsson heilbrigðisfulltrúi.

Bæði af bréfi yfirlögregluþjónsins og skýrslu hljóðmælingamannsins er það augljóst, virðist mér, að hér er um alvarlegt mál að ræða, sem við flm. þessarar þáltill. teljum, að þegar verði að bregðast við á þann hátt, að settar verði reglur, sem komi í veg fyrir hinn taumlausa hávaða á samkomum. Ég vil geta þess, að ýmsir ábyrgir aðilar eru að vakna til íhugunar um þetta mál. Ég hef hér t. d. í höndum till., sem Kristján Benediktsson borgarfulltrúi flutti í borgarstjórn Reykjavíkur 4. okt. á s. l. hausti, en till. þessi var samþ. þar með samhljóða atkv. 18. s. m. Till. þessi er svo hljóðandi, með leyfi forseta:

„Borgarstjórn telur nauðsynlegt, að sett verði í heilbrigðissamþykkt ákvæði til þess að takmarka hávaða, sem er af þeim styrkleika, að hann geti valdið varanlegum heyrnarskemmdum hjá þeim, sem við hann búa, t. d. á vinnustað. Sérstaklega telur borgarstjórnin aðkallandi í þessu sambandi, að settar verði reglur um hámark þess hávaða, sem vera megi frá hljómsveitum og plötuspilurum á skemmtistöðum, bæði til að vernda hljómlistarmennina fyrir því að hljóta varanlegar heyrnarskemmdir, svo og til verndar starfsfólki og gestum ýmissa þessara staða. Felur borgarstjórnin heilbrigðismálaráði og borgarlækni, í samráði við forstöðumann heyrnardeildar Heilsuverndarstöðvarinnar, að undirbúa reglur í samræmi við það, er að framan greinir, er síðan verði felldar inn í heilbrigðissamþykkt borgarinnar."

Af þessari samþykkt borgarstjórnarinnar í Reykjavík er auðséð, að hún gerir sér ljóst, að hér er um mál að ræða, sem ekki er lengur hægt að láta alveg afskaptalaust. Mér var ekki kunnugt um þessa samþykkt borgarstjórnarinnar fyrr en nú fyrir fáum dögum, annars hefði ég leyft mér að fella hana inn í grg. með þáltill.

Það kemur fram í bréfi yfirlögregluþjónsins, að hann telur, að hinn mikli hávaði á danskemmtunum sé ekki aðeins heilsuspillandi, heldur orki hann einnig á hegðun fólks til hins verra, sé sagt undirrót illra verka. Menn hálfærast og vita varla, hvað þeir gera. Hávaðinn virðist þannig slæva dómgreind og siðgæði, þar sem mikið fjölmenni er.

Eins og allir vita, er nú á dögum áfengis neytt á danssamkomum, því miður, ekki í hófi. Bakkus er ekki, eins og allir vita, hollur förunautur, síst unglingum á fjölmennum dansleikjum, og eru því þessar fjöldasamkomur mörgum foreldrum áhyggjuefni. Ætla ég þó ekki að ræða það frekar hér. En vera mætti, að eitthvað gæti dregið úr því æskulýðsvandamáli, sem skemmtanalífið hérna er, ef sá þáttur, sem þáltill. fjallar um, yrði lagfærður. En þar er þó fyrst og fremst um að ræða að koma í veg fyrir heilsutjón af heyrnarskemmdum, sem unga fólkinu er búið af þeim mikla hávaða, sem þar fer fram.

Eins og fram kemur í grg. með till., hefur félag áfengisvarnanefnda í Árnessýslu gert um þennan þátt í skemmtanalífinu, hávaðann af völdum danshljómsveita, ályktun, þar sem skorað er á stjórnvöld að hlutast til um það með lögum að fólk bíði ekki heilsutjón af hávaða í samkomuhúsum. Um leið og ég læt í ljós þakklæti til allra, sem vakið hafa athygli á þessu máli, vil ég láta í ljós þá von okkar flm., að till. okkar fái góðar undirtektir hér á hinu háa Alþingi og geti orðið upphaf að því, að

eitthvað raunhæft verði gert til þess að koma í veg fyrir þennan heilsuspillandi hávaða, sem yfirleitt tíðkast nú á fjöldasamkomum í danshúsum.

Herra forseti. Ég ætla ekki að orðlengja þetta frekar, en vil leyfa mér að gera till. um það, að umr. verði frestað og till. vísað til allshn.

Oddur Ólafsson: Herra forseti. Hv. 1. flm. þeirrar till., sem hér er rædd, hefur rækilega gert grein fyrir ástæðunum fyrir því, að við höfum borið fram slíka till. Hávaði er í nútímaþjóðfélagi vandamál og vaxandi vandamál, og eru raunar að koma í ljós ýmsar fleiri hættur við hávaðann en menn höfðu gert sér grein fyrir áður. Þetta er heldur ekkert nýtt. Þegar geislar voru fundnir upp, röntgengeislarnir, og farið að nota þá töldu menn þá tiltölulega hættulitla. Það tók áratugi að komast að því, að þessir geislar voru banvænir undir vissum kringumstæðum. Þeir höfðu drepið tugi manna eða jafnvel hundruð, áður en menn gerðu sér rækilega grein fyrir skaðsemi þeirra, enda þótt lækningamáttur þeirra væri mikill og áhrif þeirra í læknisfræðinni gífurleg.

Það er nú langt síðan vitað var, að hávaðinn gat verið skaðlegur mannlegum líkama, ef hann fer yfir viss mörk. Hávaðaeiningin er nefnd desibel, og til glöggvunar get ég getið þess, að munurinn á 80 db., sem er talið nokkuð hóflegt að búa við, og 90 db. er tífaldur hávaði, sem 90 db. er á við 80. Það er skaðlegur hávaði á vinnustöðum, það sýna rannsóknir, sem gerðar hafa verið t. d. hér á landi, og 1. flm. gat um. En það er mjög misjafnt, hvernig með hávaða er farið á vinnustöðum. T. d. get ég getið þess, að þar sem hávaði hefur verið mældur á rafmagnsverkstæðum, var hann frá 87—101 db. Aftur á móti í Áburðarverksmiðjunni var hann 72—114 db. Í dósaverksmiðju var hann 60—94 db., en víða fer hann yfir það leyfilega hámark. Og í vélarúmi kaupskipa var hann 94—104 db., sem er of hátt. Þannig mætti upp telja. T. d. í 25 m fjarlægð frá þotum mun hann vera um 140 db. og frá skrúfuþotum um 120 db. Þess vegna er það, að nú eru heyrnarskemmdir við viss störf viðurkenndar sem atvinnusjúkdómur, t. d. hjá járnsmiðum, hjá þeim, sem leika í hljómsveitum, og einnig hjá flugvirkjum og öðrum, sem vinna á flugvöllum.

Upp á síðkastið hefur komið fram enn nýr hávaðavaldur, og það eru dansstaðirnir með nútímamúsík, sem þar er höfð um hönd. Þar hafa einnig verið gerðar hávaðamælingar, eins og 1. flm. gat um. Hafa verið gerðar hávaðamælingar á dansstöðum í Reykjavík og komið í ljós, að ástandið er síst betra en í Árnessýslu, en um það gat hann rækilega, þannig að ég mun ekki ræða um það frekar. Heilbrigðisnefnd Reykjavíkur hefur haft vakandi auga á þessum skaðvaldi, og hún hefur í raun og veru gert áætlun um, hvernig reynandi væri að hafa einhver áhrif á það ástand, sem nú ríkir hér í þessum efnum. Þeir telja, að það, sem til greina komi að gera, sé í fyrsta lagi, að samkomuhúsaeigendum verði gert skylt að eiga lítla mæla og sjá sjálfir ásamt heilbrigðiseftirliti um að lögum um hámarkshljóðstyrk verði framfylgt. Í öðru lagi kemur til greina að koma fyrir ljósaútbúnaði, sem kviknar á, ef hávaði fer yfir tiltekin mörk. Í þriðja lagi mætti láta útbúa viðvörunarkerfi, eins konar flautu, sem færi í gang, ef hávaði færi yfir leyfileg mörk. Þessir möguleikar hafa verið til athugunar. En ef miðað er við reynslu frá öðrum löndum, verður að segja, að viðunandi lausn hefur enn ekki fundist. Meginatriðið er þó, að menn hafa nú auga fyrir þessum möguleika og þeim vanda, sem þetta kann að valda.

Vegna þess að 1. flm. gat aðeins um áhrif þessa hávaða gagnvart áfengi, þá er það eitt atriði út af fyrir sig, að á dansstöðum er nú illmögulegt að tala saman. Og þegar fólk situr við borð og getur ekki talað saman, hvað á þá að gera? Þá grípur það til glasanna og drekkur meira en það mundi ella gera, ef það gæti haldið uppi fjörugum samræðum.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Efri deild, 56. fundur.

Miðvikudaginn 13. febr., kl. 2 miðdegis.

Umræður utan dagskrár.

Þorv. Garðar Gristjánsson: Herra forseti. Í fréttum sjónvarpsins í gær var greint frá því, að fréttastofan hefði það eftir góðum heimildum, að háttsettur starfsmaður í rússneska sendiráðinu hér í Rvík hefði gert sér ferð í utanrrn. og komið þar á framfæri aths. vegna umr., sem fram fóru í þættinum Heimshorn í sjónvarpinu 29. jan. s. l. Í fréttinni var sérstaklega tekið fram, að umkvörtun hins sovéska sendiráðsmanns hefði einkum átt við ummæli hæstv. menntmrh., sem var þátttakandi í umræðuþætti þessum. Tekið var fram, að frétt þessi hefði verið borin undir utanrrn., sem ekki hefði staðfest hana né heldur mótmælt henni, að því er manni skildist. Sams konar frétt flytur Morgunblaðið í morgun.

Hér er um mjög alvarlegan atburð að ræða, ef sannur reynist. Engin sjálfstæð og fullvalda þjóð getur sætt sig við, að erlent ríki hlutist til um innanríkismálefni þess. Allra síst verður það þolað, ef erlent vald vill leggja hömlur á andlegt frelsi, skoðanamyndun og tjáningarfrelsi manna. Skiptir engu máli, þótt slík íhlutun sé reynd af erlendu ríki, sem hvorki viðurkennir né þolir andlegt frelsi sinna eigin þegna. Það eru ekki heldur dæmi til þess, að Sovétríkin reyni eftir venjulegum diplómatískum leiðum að hafa áhrif á fjölmiðla fullvalda ríkja, enda samrýmist slíkt ekki siðvenjum og reglum í stjórnmálasamskiptum þjóða á milli á jafnréttisgrundvelli. Hins vegar þekkjum við öll þvinganir og ofbeldi, sem þetta forusturíki kommúnismans beitir leppríki sín í Austur-Evrópu. Við þekkjum líka viðleitni Sovétríkjanna til íhlutunar um innanlandsmál Finna, þar sem þeir telja þá vera á áhrifasvæði þeirra.

Hvað var það, sem sagt er, að hinn rússneski sendimaður hafi borið umkvörtun um? Það eru ummæli hæstv. menntmrh. um sovéska Nóbelsverðlaunaskáldið Alexander Solzhenitsyn. Í um-

ræddum sjónvarpsþætti greindi hæstv. menntmrh. frá vinnubrögðum sovésku leynilögreglunnar í sambandi við útgáfu á bók Solzhenitsyns um Eyjaklasann Gulag. Allt það efni er kunnugt og hefur verið í heimsfréttunum nú um margra vikna skeið, enda var það tilefni þess, að mál þetta var tekið til umræðu í þessum sjónvarpsþætti. Hæstv. menntmrh. sagði m. a., að Solzhenitsyn vægi afskaplega hart, ekki bara að ógnarstjórninni, eins og hún var grimmust á dögum Stalins, heldur einnig að rótum þess kerfis, þar sem ekki ríkti lögbundin stjórn, heldur geðþóttastjórn. Hann leitaðist við að sýna fram á, að þau ógnarverk, sem hann lýsti í bókinni, væru afleiðing þeirra ákvarðana, sem teknar voru á byltingarárunum um stjórnarhætti, jafnvel þótt þær hefðu ekki komið fram í sinni verstu mynd fyrr en löngu seinna.

Í upphafi umræðuþáttarins var að því spurt, hvort það væri einhver sérstakur þáttur í fari eða skrifum Solzhenitsyns, sem væri orsök ofsóknanna á hendur honum. Þeirri spurningu svaraði hæstv. menntmrh. orðrétt þannig: „Mín skoðun er sú, að það sé ekki neitt einstakt atriði, sem þarna ráði mestu. Það blandast svo margt saman í þeim árásum, sem maður sér, að sovéskir fjölmiðlar og blöð gera á Solzhenitsyn. Það er sjálf tilvera þessa manns, sem er óþolandi fyrir kerfið, sem þarna ríkir. Þessi maður er búinn að sýna það, að hann ræður yfir svo feikilegum skapstyrk, sálarstyrk, að hann er ekki meðfæri þess kerfis, sem hann býður byrginn."

Hér skal ekki frekar rakið það, sem hæstv. menntmrh. sagði í umræddum sjónvarpsþætti. Bæði það, sem hér hefur verið drepið á, og annað, sem hæstv. ráðh. sagði, bar vott um yfirsýn og þekkingu á því máli sem um var rætt, eins og hans var von og vísa. Þessi umræðuþáttur um Solzhenitsyn þótti takast svo vel, að á síðasta fundi sínum s. l. mánudag samþykkti útvarpsráð einróma að endursýna þáttinn, og það heyrir til undantekninga um slíka umræðuþætti.

Þarf ekki að taka fram, að skoðanir þær, sem hæstv. menntmrh. setti fram í þessum umræðuþætti, voru mjög í anda þess almenna viðhorfs, sem menn hafa í hinum frjálsa heimi til ofsóknanna gegn Alexander Solzhenitsyn. Aldrei hefur fordæming manna verið sterkari og almennari en einmitt nú eftir handtöku Solzhenitsyns í gær.

Herra forseti. Ég vil að því gefna tilefni, sem ég nú hef greint frá, spyrja hæstv. utanrrh. þessara spurninga:

Er á rökum reist frétt sú, sem sjónvarpið birti í gær og Morgunblaðið í morgun um kvörtun sovéska sendiráðsins hér við utanrrn. vegna ummæla hæstv. menntmrh. í sjónvarpsþætti um Alexander Solzhenitsyn? Ef svo er, í hverju var umkvörtunin fólgin og hverju var hinum erlenda sendimanni svarað? Þá er lokaspurning: Hefur áður komið fyrir, að sovéska sendiráðið hér hafi snúið sér til utanrrn með kvartanir varðandi dagskrárefni Ríkisútvarpsins?

Utanrrh. (Einar Ágústsson): Herra forseti. Hv. 5. þm. Vestf. hefur beint til mín þremur spurningum, sem ég tel mér skylt að svara. Spurningarnar voru, ef ég hef náð þeim rétt, hvort á rökum væru reist þau ummæli, sem höfð voru í sjónvarpi um kvörtun sovésks sendimanns út af sjónvarpsþætti, þar sem m. a. hæstv. menntmrh. kom fram, hverju var sendimanninum svarað, og í þriðja lagi: hefur það áður komið fyrir að sovéska sendiráðið hafi borið fram umkvartanir um efni í útvarpi eða sjónvarpi?

Svar rn. er eftirfarandi: Það er rétt, að þegar fulltrúi frá sovéska sendiráðinu kom í utanrrn. hinn 5. febr. s. l., ræddi hann m. a. nefnt sjónvarpsviðtal við Pétur Thorsteinsson ráðuneytisstjóra. Sovéski sendiráðsmaðurinn tók fram, að hér væri ekki um að ræða formleg mótmæli af hálfu sendiráðsins en sagði eitthvað á þá leið, að telja yrði óviðurkvæmilegt, að háttsettir menn í ábyrgðarstöðum, eins og menntmrh. töluðu um málefni annars ríkis eins og hann hefði gert í sjónvarpsviðtalinu og að vonandi mundi slíkt ekki endurtaka sig. Ráðuneytisstjórinn kvaðst mundu koma þessari kvörtun áfram til hlutaðeigandi aðila. Sendiráðsmaðurinn benti ekki á nein sérstök ummæli menntmrh. í sjónvarpsþættinum, sem væru ámælisverð.

Það hefur ekki komið fyrir áður, svo að ég viti til, að sendimaður erlends ríkis hafi komið til utanrrn. og kvartað undan fréttaflutningi útvarps eða sjónvarps.

Ég vil svo aðeins að lokum láta í ljós hryggð yfir þeim atburðum, sem nú eru að gerast í því máli, sem hér hefur verið gert að umtalsefni, þ. e. baráttunni gegn tjáningarfrelsi sovéska rithöfundarins Alexanders Solzhenitsyns.

Þorv. Garðar Kristjánsson: Herra forseti. Ég vil þakka hæstv. utanrrh. fyrir greið svör við fsp. mínum. Hefur komið í ljós, að á rökum er reist sú frétt, sem sjónvarpið flutti í gær um umkvörtun sovéska sendiráðsins um sjónvarpsþáttinn um Solzhenitsyn. Að vísu tók hæstv. ráðh. fram, að hér væri ekki um formleg mótmæli að ræða. Látum það gott heita. En hvað er formlegt eða óformlegt, þegar fulltrúi erlends ríkis kemur hér upp í stjórnarráð til þess að finna að tilteknum dagskrárlið í íslenska sjónvarpinu. Hæstv. ráðh. hafði eftir þessum sendimanni hins erlenda valds, að það væri óviðurkvæmilegt, að háttsettur maður hefði slík ummæli um erlent ríki sem hæstv. menntmrh. hefði haft í þessum þætti.

Ég hef tilgreint nokkur helstu ummæli hæstv. menntmrh., og sjá allir, af hve mikilli hógværð hann hagaði málflutningi sínum, þó að hann hefði ákveðnar skoðanir á framferði því, sem lýsir sér í ofsóknunum gegn Nóbelsverðlaunaskáldinu Solzhenitsyn.

Hinn erlendi sendimaður lét þess getið, að hann vonaðist til þess, að slíkt mundi ekki endurtaka sig, að menn lýstu skoðunum sínum á hliðstæðan hátt og hæstv. menntmrh. gerði. Ég spurði um, hverju rússneska sendimanninum hafi verið svarað. Það kom ekki fram í svari hæstv. utanrrh. Kannske honum hafi ekki verið svarað, tekið þegjandi á móti þessu? En tekið var fram, að ráðuneytisstjóri hefði sagst mundu koma þessu á framfæri. Mér finnst, og ég legg áherslu á það, að hér sé um svo alvarlegan atburð að ræða og hann sé þannig í eðli sínu, að okkur

beri ekki að láta ómótmælt slíkri afskiptasemi sem upplýst er, að sovéska sendiráðið hefur haft um þessi efni. Ég legg áherslu á, að það ber að mótmæla ákveðið slíku framferði. Við eigum ekki að þola slíkt. Ég leyfi mér að halda fram, að slíkt mundi ekki þolað í neinu fullvalda, sjálfstæðu ríki. Auðvitað gæti þetta gengið í umgengisvenjum Sovétríkjanna við leppríki þeirra í Austur-Evrópu. En við getum ekki jafnað okkur við þau. Þessi sendimaður erlends valds, sem kemur í utanrrn. okkar, segir, að það sé óviðurkvæmilegt, að svo háttsettur maður sem hæstv. menntmrh. lýsi skoðun sinni á þessu máli, sem hér um ræðir. Kemur mönnum í hug, að í öðrum höfuðborgum vestrænna ríkja hefði gerst hliðstæður atburður, sem þessi? Ég held, að slíkt væri algerlega óhugsandi, því að menn skirrast ekki við, hvort sem menn eru háir eða lágir, og ekki síður þeir, sem eru hátt settir, að lýsa skoðunum sínum í þessu efni.

Í fréttum, sem komu í hljóðvarpinu okkar í morgun, fyrstu fréttum dagsins, sagði, með leyfi hæstv. forseta, út af frétt um handtöku Nóbelsverðlaunaskáldsins Solzhenitsyn:

„Stjórnmálamenn, rith. og fréttaskýrendur víða um heim hafa fordæmt handtöku Solzhenitsyns. Forsíður dagblaða víðast hvar í heiminum gerðu handtökunni skil í morgun. Öll viðbrögð hafa verið á einn veg til þessa. Lýst hefur verið djúpum harmi yfir því, að sovésk stjórnvöld skuli hafa gripið til þessa örþrifaráðs. Margir áhrifamenn hafa lagt til, að Sovétríkin verði sett í stjórnmálalega og menningarlega einangrun, þar til Nóbelsverðlaunahafanum verði sleppt."

Hér lýkur tilvitnuninni. Ég gæti haldið áfram að lesa fréttina. Ég hef aðeins lesið þessar fáu setningar, ef hér væru einhverjir inni, sem gerðu sér ekki grein fyrir, hver eru viðbrögð almennings í hinum frjálsa heimi við aðförunum gegn Solzhenitsyn fyrr og síðar. Þeir fara villir vegar, sem ekki gera sér grein fyrir því. Ég tel, að það sé mjög miður farið, ef þessari afskiptasemi sovéska sendiráðsins er ekki formlega mótmælt. Mér finnst, að það sé ekki annað sæmandi fyrir okkur. Það er ekki sæmandi annað fyrir okkur sem sjálfstætt og fullvalda ríki. Það er ekki annað sæmandi gagnvart samvisku okkar hvers og eins í þessu máli.

Ég ítreka þakkir mínar til hæstv. ráðh. fyrir svörin, en ég krefst, að hæstv. ráðh. mótmæli þessari framkomu sendiráðs Sovétríkjanna hér í Reykjavík.

Geir Hallgrímsson: Herra forseti. Það blandast engum hugur um, að í Sovétríkjunum hefur farið fram mikill harmleikur undanfarna daga, því miður er það svo, að hann er ekki einstæður í sinni röð, heldur er þar miklu fremur að ræða eitt dæmi, sem er tákn um ástandið þar austur frá.

Sagan af Solzhenitsyn er harmsögu- og hetjusöguefni fyrir allra hluta sakir. En svo harmsögulegt sem dæmi hans eins er, þá er vitað mál, að dæmi margra annarra einstaklinga þar austur frá hefði átt að vekja sömu andúð og rót í hugum manna í frjálsum löndum og dæmi Solzhenitsyn sjálfs. Það er styrkur og gildi hetju eins og Solzhenitsyns að vera þess megnugur að bregða upp fyrir umheiminum dæmi af lífinu undir kommúnisma, dæmi af sjálfum sér, sem skirskotar til frjálsborinna manna.

Vissulega var því tilefni til slíks stutts umræðuþáttar sem efnt var til í Heimshorni í lok janúarmánaðar s. l. og hæstv. menntmrh. tók þátt í. Ég átti þess ekki kost að hlusta eða horfa á þennan þátt, en hef aflað mér hljóðritunar af honum síðan og get tekið undir orð þau, er þátttakendur í þættinum, hæstv. menntmrh. og Gísli Ástþórsson rithöfundur og blaðamaður lét í ljós. Hér var um brýnt mál að ræða, sem auðvitað átti að kynna Íslendingum og er til þess fallið, að þeir séu sér þess betur meðvitandi í nútíð og framtíð, að frelsi er ekki sjálfsagður hlutur, heldur er nauðsynlegt að gæta þess sífellt með athöfnum sínum dagsdaglega og í mörkun stefnu stjórnvalda.

Með þessum orðum vildi ég undirstrika gildi þeirra fsp., sem hv. 5. þm. Vestf. bar hér fram, og taka sérstaklega undir það, að þörf er á því, að sovéska sendiráðinu eða fulltrúa þess hér á landi sé gert það alveg ljóst, að íslenskir fjölmiðlar eru frjálsir og íslenskir menn eru frjálsir að því að segja skoðun sína, hvaða stöðu sem þeir skipa í þjóðfélaginu.

Það birtist nýlega grein eftir Andrés Küng í Morgunblaðinu, og þessi grein hefur birst víða í tímaritum og blöðum á Norðurlöndum, þar sem hann gerir nokkra grein fyrir því, hvernig ástandið er í Finnlandi vegna nábýlisins við Sovétríkin, hvaða áhrif Sovétríkin hafa á margvíslega hluti í Finnlandi, sem við vildum ekki, að erlend þjóð hefði áhrif á hér á landi. Hann segir t. d. frá því, að í júlí s. l., 1973, hafi komið til Helsingfors sendinefnd útlaga frá Eystrasaltslöndunum til að kynna fyrir þátttakendum í öryggisráðstefnunni ástandið í Eystrasaltslöndunum. Sovétmenn hafi þá krafist þess, að menn irnir yrðu handteknir, og það hafi verið gert þegar í stað. Hér er um að ræða þá öryggismálaráðstefnu, sem við bindum vonir okkar við, að marki upphaf þíðu í samskiptum stórvelda á milli. En ekki er sú von byggð á traustum grundvelli, þegar svona er staðið að. Greinarhöfundur segir enn fremur, að í sama mánuði, í júlí 1973, hafi komið enn ein viðvörun frá sovéskum ráðamönnum um, að þeir mundu ekki þola meiri gagnrýnisskrif í finnskum blöðum. Þá hafi finnski utanrrh. ekki mótmælt þessari íhlutun í finnsk innanríkismál, en sett ofan í við finnska blaðamenn fyrir skrif þeirra.

Það er út af fyrir sig gott til þess að vita, að enn er íslenskur utanrrh. ekki í þeirri stöðu, eins og finnski starfsbróðir hans, að þurfa að beygja sig fyrir mótmælum Sovétríkjanna eða sovéska sendiráðsins. Og þótt við út af fyrir sig getum vel hlustað á, hvað erlendum mönnum finnst um eitt og annað, er nauðsynlegt, þegar slíkar skoðanir eru bornar fram við íslensk stjórnvöld og um íslenska ráðh., að þeim sé gert ljóst, að eftir þeim verði ekki farið umfram það, sem sannfæring hvers og eins Íslendings segir til um, að Íslendingar séu frjálsir að því að flytja skoðanir sínar.

Nú hefur þessi fréttaþáttur birst í enn örlagaþyngra ljósi en jafnvel var um að ræða í lok

janúar, og það er kannske ekki úr vegi að rifja upp síðustu spurninguna í þættinum, þegar spyrjandi segir: „En að lokum langar mig til að spyrja ykkur: Hvernig haldið þið, að þessum ofsóknum ljúki? Haldið þið, að Solzhenitsyn hrökklist úr landi?“ Þá segir hæstv. menntmrh.: „Það getur enginn um það sagt. En sjálfviljugur fer hann ekki úr landi. Hins vegar getur honum orðið hent úr landi, það er ljóst.“

Það er leitt, að hæstv. menntmrh. situr ekki þennan þingfund. En hann má vita það, að Íslendingar munu vera honum sammála í þeirri skoðun, sem hann lét í ljós í umræddum sjónvarpsþætti.

Ég vil að lokum beina því til hæstv. utanrrh., að hann geri sendiráði Sovétríkjanna skýra grein fyrir því, að Íslendingar séu frjálsir að því að tjá skoðanir sínar og geti ekki unað sömu starfsaðferðum Sovétríkjanna hér á landi og þau telja sér sæma í Finnlandi. Við höfum samúð með fórnarlömbum ógnarstjórnar Sovétríkjanna, eins og Solzhenitsyn og þjáningarbræðrum hans. En samúð okkar nær einnig til vina okkar Finna, sem verða að beygja sig undir slíkar aðfinnslur. Við skulum gæta þess, að til þess dags komi aldrei, að Íslendingar þurfi að gera það.

Halldór Blöndal: Herra forseti. Þegar ég kvaddi mér hljóðs, var fyrirsjáanlegt, að hvorki hæstv. utanrrh. né hæstv. forsrh. mundu svara þeirri spurningu hv. 5. þm. Vestf., Þorvalds Garðars Kristjánssonar: Hverju var Sovétmönnunum svarað, þegar þeir höfðu með þessum hætti íhlutun í íslensk innanríkismál, íslenskan fréttaflutning út af þeim sorglegu atburðum, sem nú eru að gerast í Sovétríkjunum? Okkur er öllum ljóst, sem hér erum inni, að það, sem þarna er í veði, eru ekki einungis örlög þessa eina manns, Solzhenitsyns, hins mikla rússneska skálds, sem allur hinn frjálsi heimur hefur fylgst með á umliðnum missirum, hinni hetjulegu og einmanalegu baráttu, sem hann hefur orðið að heyja, en dæmi hans hefur sannað okkur, að mesta lögregluríki veraldarsögunnar stendur máttvana gagnvart einstaklingnum, þegar hann er nógu stór. Það er viðhorfið til einstaklingsins, sem þarna er í veði, frelsi okkar allra til þess, að við fáum að láta í ljós skoðanir okkar, til þess, að við fáum að skrifa það, sem við viljum, til þess, að við fáum að halda fundi, til þess, að við fáum að kjósa þá menn, sem stjórna landi okkar, til þess, að við fáum að ráða okkur sjálfir. Og þegar þetta mesta lögregluríki með þessum hætti gerir athugasemdir um það, sem einn af okkar ráðherrum segir í sjónvarpsþætti, þá fæst það ekki upplýst hér á Alþ. hver hafi verið viðbrögð ríkisstjórnar okkar. Og það er varla hægt að una því öllu lengur. Ég tel, að virðingu þessarar stofnunar sé misboðið, ef ekki verður þegar í stað lýst yfir af hæstv. utanrrh., að hann muni mótmæla þessum afskiptum og hann muni mótmæla þeirri meðferð, sem menntamenn og skáld og rithöfundar í Sovétríkjunum eiga við að búa. Þetta er ekki einkamál þessara manna. Hinn frjálsi heimur á í vök að verjast. Ofbeldið fer vaxandi í mörgum heimshornum. Það eru margar blikur á lofti. Við eigum að sýna það nú, Íslendingar, þó að við séum smáir, — það er oft vitnað til þess, — við skulum sýna það, að við erum óhræddir að standa þarna bak við hin rússnesku skáld. Þá væri meiri sómi Íslands, ef við stjórnvöl væru nú menn, sem mundu óhræddir segja skoðun sína hér uppi í Túngötu.

Stefán Jónsson: Herra forseti. Ég get tekið undir ummæli hv. ræðumanna, hv. þm., í þá átt, að við kunnum að geta dregið býsna merkilegar ályktanir af því, sem gerst hefur þar eystra í máli Solzhenitsyns. Þetta mál vekur óneitanlega hugsanir um það, hvers konar stjórnarfar það muni vera, sem ekki þolir gagnrýni þegna sinna, sem ekki hefur miðað lengra áleiðis í hálfa öld, — áleiðis til þeirra göfugu markmiða, sem einu sinni voru á oddinn sett, en það, að það þolir ekki sínum bestu rithöfundum að skrifa um hamingju þjóðar sinnar og óhamingju hennar.

Á hinu vil ég vekja athygli, að það mun ekki vera einsdæmi, að risaveldi komi á framfæri við ríkisstjórnir, utanríkisráðuneyti, mótmælum vegna ummæla ráðherra um svívirðilegt framferði þessara stórvelda. Þess er skemmst að minnast, þegar gagnrýni Olof Palme forsætisráðherra Svía á svívirðilegu framferði Bandaríkjamanna í Vietnam leiddi til þess, að Bandaríkjastjórn mótmælti sannarlega af næstum öllum kröftum með því að kveðja heim sendiherra sinn frá Sviþjóð.

Jafnframt heils hugar undirtektum mínum undir gagnrýni á framferði Sovétstjórnarinnar gagnvart Solzhenitsyn kemst ég ekki hjá því að láta í ljós þeyg minn um það, að áhugi íslenska íhaldsins á ógæfu Solzhenitsyns sé alltengdur áhuga þessa sama íhalds á því, að annað herveldi en Sovétríkin fái að halda áfram óeðlilegri stöðu sinni á landi okkar.

Umferðarlög, frv. (þskj. 364). — 1. umr.

Forsrh. (Ólafur Jóhannesson): Herra forseti. Frv. það, sem hér liggur fyrir um breyt. á umferðarlögum fjallar um tvö atriði. Annars vegar felur það í sér hækkun á vátryggingarfjárhæð í 70. gr. umferðarlaganna og hins vegar sérstaka fjáröflun til Umferðarráðs.

Svo sem kunnugt er, leggja umferðarlög ríkisins bótaábyrgð á hendur eigenda bifreiða og annarra skráningarskyldra ökutækja vegna slysa eða tjóna, sem hljótast af notkun þeirra, og gildir það jafnvel þótt slys eða tjón verði eigi rakið til bilunar eða galla á ökutækinu eða ógætni ökumanns. Vegna hinna miklu fjárhæða, sem um getur verið að ræða í hverju einstöku tjóni, og til að tryggja hagsmuni þeirra, sem fyrir tjóni verða, hefur þótt rétt að skylda eigendur ökutækjanna til að kaupa vátryggingu fyrir þessari áhættu. Eigi hefur þó til þessa þótt fært að skylda eigendur til að kaupa fulla vátryggingu á þessari áhættu, m. a. vegna kostnaðar og vegna annmarka, sem eru á því að fá endurtryggingu á slíkri áhættu. Þess í stað hafa eigendur verið skyldaðir til þess að kaupa lágmarkstryggingu, mismunandi háa eftir því, hvort

um er að ræða bifreið, bifhjól, dráttarvél eða létt bifhjól. Þessar vátryggingarfjárhæðir hafa verið endurskoðaðar með nokkurra ára millibili, enda hefur verðlagsþróunin fljótlega gert þær úreltar.

Vátryggingarfjárhæðirnar voru síðast hækkaðar á árinu 1970. Með lögum nr. 55 1970 voru þær ákveðnar 1 millj. kr. fyrir létt bifhjól, 1.5 millj. kr. fyrir dráttarvélar og bifhjól, 3 millj. kr. fyrir bifreiðar, sem flytja mega 10 farþega og færri, en vátryggingarfjárhæðin hækkar síðan um 200 þús. kr. fyrir hvern farþega, sem flytja má umfram 10.

Vegna verðlagsþróunar þeirrar sem orðið hefur frá árinu 1970, er nú lagt til, að vátryggingarfjárhæðir þessar verði tvöfaldaðar, enda hefur gildi þeirra rýrnað svo, að skyldutryggingin er eigi lengur fullnægjandi, hvorki fyrir eigendur ökutækjanna né þá, sem fyrir tjóni verða. Till. þær, sem koma fram í 1. gr. frv., eru gerðar með það í huga að auka fjárhagslegt öryggi þessara aðila til samræmis við þróun verðlags.

Rétt er, að hér komi fram, að unnið er að samræmingu reglna um fébótaábyrgð vegna ökutækja og vátryggingu þeirra í nágrannalöndum okkar, m. a. innan Evrópuráðsins, þar sem nýlega hefur verið gengið frá samþykkt um bótaábyrgð vegna ökutækja. Þessi mál eru til athugunar hjá ráðuneytinu og í umferðarlaganefnd, og má því vænta frekari till. um breytingar á VI. kafla umferðarlaganna um fébótaábyrgð og vátryggingu, þótt eigi sé þeirra að vænta á yfirstandandi þingi.

Eins og þm. er kunnugt, var í ársbyrjun 1972 ákveðið um fébótaábyrgð við umferðarslys, að ökumenn skyldu sjálfir taka þátt í greiðslu tjónabóta að nokkru leyti. Nemur sú fjárhæð 2½‰ af vátryggingarfjárhæð samkv. 1. málsgr. 70. gr. umferðarlaganna. Er hér um að ræða, að þeim, sem bótaábyrgðina ber, er gert að skyldu að endurgreiða vátryggingafélagi fyrstu 7.500 kr. af hverju tjóni. Frv. gerir ráð fyrir því, að þetta ákvæði haldist í lögum, en vegna tvöföldunar vátryggingarfjárhæðanna mundi eigin áhætta jafnframt tvöfaldast og þá verða 15 þús. kr. vegna tjóns af völdum bifreiða. Ekki liggur fyrir, hver áhrif þessi hækkun á vátryggingarfjárhæðum muni hafa á iðgjöld ábyrgðartrygginganna, en miðað við frjálsa tryggingu samkvæmt gildandi iðgjaldaskrá og óbreytta eigin áhættu að krónutölu mun hækkunin vera um 6—8%. Hins vegar mundi hækkunin ekki verða eins mikil, ef um almenna hækkun vátryggingarfjárhæða væri að ræða, og trúlega engin, ef eigin áhætta tvöfaldaðist að krónutölu. Hins vegar er ljóst, að bifreiðatryggingafélögin telja þörf á hækkun iðgjalda af öðrum ástæðum, sem eigi skal rakið frekar að sinni, enda liggja ekki fyrir endanlegir útreikningar af hálfu vátryggingafélaganna um það efni. Munu þeir útreikningar væntanlega liggja fyrir á næstunni og þn. þá e. t. v. hafa aðstöðu til að kynna sér það atriði frekar.

Með breytingu á umferðarlögum á árinu 1970 voru lögfest ákvæði um Umferðarráð, sem sett hafði verið á stofn í ársbyrjun 1969 í beinu framhaldi af starfsemi framkvæmdanefndar hægri umferðar, sem þá lét af störfum. Umferðarráð er skipað 16 mönnum skipuðum af dómsmrh. til þriggja ára í senn. Eiga eftirtaldir aðilar rétt samkvæmt 80. gr. umferðarlaga á að tilnefna einn fulltrúa í ráðið og annan til vara: Bandalag íslenskra leigubifreiðastjóra, Bifreiðaeftirlit ríkisins, Bindindisfélag ökumanna, dóms- og kirkjumálaráðuneytið, Félag íslenskra bifreiðaeigenda, fræðslumálastjórn, það er nú menntmrn., Landssamband vörubifreiðastjóra, Landssamtök klúbbanna Öruggur akstur, Reykjavíkurborg, ríkislögregla, lögreglustjórinn í Reykjavík, Samband ísl. sveitarfélaga, Samband ísl. tryggingafélaga, Slysavarnafélag Íslands, Vegagerð ríkisins og Ökukennarafélag Íslands. Dómsmálaráðherra skipar formann Umferðarráðs án tilnefningar, en varaformann skipar hann úr hópi ráðsmanna. Hlutverk Umferðarráðs er skilgreint í 84. gr. umferðarlaganna, og skal það vera sem hér segir:

1) Að beita sér fyrir því, að haldið sé uppi umferðarfræðslu í landinu.

2) Að vera fræðsluyfirvöldum, umferðarnefndum sveitarfélaga og samtökum, er vinna að bættri umferðarmenningu, til hjálpar og ráðuneytis, eftir því sem óskað er og aðstæður leyfa.

3) Að standa fyrir útgáfu fræðslurita og bæklinga um umferðarmál og hafa milligöngu um útvegun kennslutækja og annarra gagna til nota við fræðslustarfsemi.

4) Að hafa milligöngu um umferðarfræðslu í Ríkisútvarpi, hljóðvarpi og sjónvarpi, og öðrum fjölmiðlum.

5) Að beita sér fyrir bættum umferðarháttum.

6) Að sjá um, að á hverjum tíma sé til vitneskja um fjölda, tegund og orsakir umferðarslysa í landinu.

7) Að vera stjórnvöldum og öðrum til ráðuneytis um umferðarmál.

8) Að fylgjast með þróun umferðarmála erlendis og hagnýta reynslu og þekkingu annarra þjóða á því sviði.

9) Að leitast við að sameina sem flesta aðila til samstilltra og samræmdra átaka í umferðarslysavörnum og bættri umferðarmenningu.

Umferðarráði ber að hafa samvinnu við fræðsluyfirvöld, lögregluyfirvöld, umferðaryfirvöld sveitarfélaga, Slysavarnafélag Íslands, samtök bifreiðaeigenda og bifreiðastjóra, vátryggingafélög, svo og öll önnur félög og stofnanir, sem fjalla um umferðarmál í landinu og láta sig umferðaröryggi skipta.

Eins og af þessari upptalningu má sjá er hlutverk Umferðarráðs æði margþætt, og er því mikið undir því komið, að það hafi viðunandi fjárræði til að geta sinnt þessari víðtæku starfsemi, sem því er ætluð. Þegar ákvæði um Umferðarráð voru lögfest, voru ekki ákvæði um fjármögnun til starfsemi ráðsins, en gert ráð fyrir því, að sá kostnaður yrði greiddur úr ríkissjóði, að því leyti sem aðrir aðilar stæðu ekki undir honum.

Frá upphafi hefur fjárskortur sett mót sitt á starfsemi Umferðarráðs, og hefur það því ekki getað framkvæmt hlutverk sitt nema að takmörkuðu leyti. Hins vegar er óumdeilanlegt að það verkefni, sem Umferðarráð hefur getað sinnt fram til þessa, hefur stuðlað að bættri umferðarmenningu og átt sinn þátt í því að draga úr slysum

í umferðinni og vekja vegfarendur til umhugsunar um umferðaröryggismál og þann mikla vanda, sem á þessu sviði er við að stríða.

Það er ekki hægt hér að telja upp öll þau verkefni, sem Umferðarráð hefur haft með að gera á undanförnum árum, en ég skal þó drepa á fáein þeirra.

Árlega hafa verið gerðar skýrslur um umferðarslys í landinu samkvæmt lögregluskýrslum, þar sem fram kemur fjöldi umferðarslysa, skipt eftir mánuðum og eftir afleiðingum, þar sem fram kemur fjöldi slysa með dauða og fjöldi slysa með meiðslum, svo og fjöldi dáinna og slasaðra, skipting slysa eftir umdæmum milli þéttbýlis og strjálbýlis og ýmsar aðrar tölulegar lýsingar um umferðarslys. Þá hefur verið gerð athugun á slysum á börnum í Reykjavík, tekið saman heildaryfirlit yfir kærur vegna ölvunar við akstur. Sérstök skýrsla hefur og verið gerð um umferðarslys á Reykjanesbraut á árunum 1968—1970.

Á sviði forskólafræðslu hefur Umferðarráð starfrækt Umferðarskólann svokallaðan, „Ungir vegfarendur", sem er eins konar bréfaskóli, og fá nemendur, sem eru á aldrinum 3—6 ára, 6—8 verkefni á vetri hverjum. Þátttakendur í Umferðarskólanum eru rúmlega 16 þús. börn í 36 sveitarfélögum, en sveitarfélögin standa að verulegu leyti undir kostnaði við rekstur skólans. Auk þess hefur Umferðarráð skipulagt námsefni fyrir börn í 6 ára deildum barnaskóla og átt hlut að umferðarfræðslu fyrir börn í útvarpi og sjónvarpi og á barnaheimilum. Einn þáttur er umferðarfræðsla í skólum. Hefur Umferðrráð frá upphafi lagt á það ríka áherslu, að efld verði umferðarfræðsla innan skólakerfisins, en hún hefur að áliti ráðsins verið í algeru lágmarki, og er þess að vænta, að bót fáist á því með nýrri skólalöggjöf og endurskoðun námsskráa. Hefur verið reynt að vinna að því máli með ýmsum hætti. Tvívegis, árið 1970 og 1972, fór fram á vegum Umferðarráðs og í samvinnu við fræðslumáladeild menntmrn. spurningakeppni skólanna um umferðarmál með þátttöku allra 12 ára skólanemenda. Fór keppnin fram í þrennu lagi: innan skólanna, í útvarpi og í sjónvarpi, þar sem tvö lið kjördæma kepptu til úrslita. Dreift hefur verið í upphafi skólaárs bréfi, sem ber nafnið „Leiðin í skólann" til foreldra þeirra barna, sem þá hefja skólagöngu í fyrsta sinn, þar sem vakin er athygli á hættu þeirri, sem fylgir fyrstu skólagöngunni. Dreift hefur verið á vorin viðurkenningarmiðum vegna reiðhjólaskoðunar. Umferðarráð hefur beitt sér fyrir því, að bætt yrði dreifing kennslubóka á vegum Ríkisútgáfu námsbóka og ætlar fjárframlagið að hluta til endurskoðunar kennslubóka um umferðarmál fyrir skólabörn. Á síðasta hausti stóð Umferðarráð fyrir því, að hingað til lands kom skólaráðgjafi um umferðarmál í Noregi, og hélt hann hér námskeið fyrir kennara og lögreglumenn auk opinbers fyrirlestrar. Þá hefur Umferðarráð haft milligöngu um það, að nokkrir Íslendingar, kennarar og lögreglumenn, hafa sótt námskeið um umferðarmál í Noregi.

Almenn upplýsingastarfsemi á vegum Umferðarráðs hefur verið ýmiss konar. Á sumrin hefur verið haldið uppi verulegu fræðslustarfi um akstur á þjóðvegum. Hefur það að verulegu leyti beinst að hvatningu til notkunar öryggisbelta, fræðslu um hættu, sem börnum er búin í framsætum bifreiða, auk almennrar fræðslu um akstur á þjóðvegum. Um þetta efni hefur m. a. verið ágætt samstarf við útvarpið, sem flutt hefur stutta þætti í léttum dúr, samda sérstaklega á vegum ráðsins, auk þess sem útvarpið hefur haldið uppi þætti um umferðarmál í samvinnu við Umferðarráð. Um verslunarmannahelgar hefur Umferðarráðið í samvinnu við lögregluna og Ríkisútvarpið haldið uppi upplýsingamiðstöð fyrir ferðafólk. Umferðarráð hefur beitt sér fyrir dreifingu og sölu endurskinsmerkja með góðum árangri í vetur, en þá var dreift 26 þús. endurskinsmerkjum, aðallega með aðstoð Mjólkursamsölunnar og kaupfélaga. Þá hefur ráðið staðið að fræðslustarfi um umferð í myrkri og bættri og aukinni notkun ökuljósa.

Samstarf við fjölmiðla hefur verið mikið. Hér hefur verið vikið að fræðslustarfi í útvarpi. Á síðasta ári hófst víðtækt samstarf milli sjónvarps og Umferðarráðs um gerð stuttra þátta um umferðarmál. Voru gerðir 14 þættir, sem nú í vetur hafa verið fluttir vikulega, og er þeim nýlokið.

Hér hafa í stórum dráttum verið rakin nokkur atriði úr starfsemi Umferðarráðs. Fjölmörg atriði önnur hafa að sjálfsögðu komið til kasta ráðsins, en eigi hefur verið hægt að sinna því öllu, þar sem fjárskortur hefur staðið ráðinu fyrir þrifum. Starfsemi ráðsins hefur að mestu hvílt á framkvæmdastjóranum, upplýsingafulltrúa ritara og forskólaráðgjafa í hálfu starfi. Er starfsliðið allt nema framkvæmdastjórinn lausráðið. Innan Umferðarráðs starfar sérstök þriggja manna framkvæmdanefnd, skipuð af dómsmrh.

Á fjárlögum yfirstandandi árs eru veittar úr ríkissjóði 5 millj. 104 þús. kr. til starfsemi Umferðarráðs, en að auki er gert ráð fyrir tekjum að fjárhæð um 1540 þús. kr. Það eru framlög sveitarfélaga vegna Umferðarskólans „Ungir vegfarendur", þannig að til ráðstöfunar eru 6 millj. 644 þús. kr. Fjárlagatill. Umferðarráðs námu hins vegar 10 millj. 340 þús. kr. Auk launagreiðslna til áðurnefnds starfsliðs og rekstrar skrifstofu var í till. gert ráð fyrir því, að ráðinn yrði sérstakur skólafulltrúi til starfa hjá Umferðarráði. Hefur ráðið leitað eftir heimild til ráðningar slíks starfsmanns, er fylgist með því, að lögboðin umferðarfræðsla í skólum fari fram, að sjálfsögðu í samstarfi við menntmrn., en auk þess hafi fulltrúinn með að gera dreifingu fræðsluefnis á þessu sviði og umsjón með gerð þess. Telur Umferðarráð ráðningu þessa fulltrúa forsendu þess, að verulegt átak verði gert í umferðarfræðslu í skólum. Þá er í till. gert ráð fyrir því, að auknar verði athuganir á umferðarslysum og haldið áfram með sama hætti rekstri Umferðarskólans „Ungir vegfarendur". Á sviði umferðarfræðslu í skólum var gert ráð fyrir því, að hafin yrði útgáfa vinnubókablaða og haldið námskeið fyrir kennara, auk fleiri verkefna, eins og útgáfu foreldrabréfs og spurningakeppni. Loks var gert ráð fyrir fjárveitingu til ýmissar almennrar umferðarfræðslu, einkum árstíðabundinnar, svo sem um sumarakstur, akstur í hálku, notkun endurskinsmerkja o. fl., og gerð sér-

stakra þátta til flutnings í útvarpi og sjónvarpi. Auk þessa var gert ráð fyrir allverulegri fjárhæð eingöngu til kennslu og hvatningar um notkun öryggisbelta, og var það hugsað sem aðalverkefni ársins. Ljóst er, að með núverandi fjárveitingu er ekki unnt að framkvæma allt það, sem hér hefur verið rakið.

Til að bæta úr brýnni fjárþörf til umferðarslysavarna er með frv. þessu lagt til, að 1.5% af iðgjaldatekjum vegna hinnar lögboðnu ábyrgðartryggingar ökutækja, þ.e. bráttóiðgjöldum að frádregnum bónus, renni til Umferðarráðs í þessu skyni. Heildariðgjöld ábyrgðartryggingar á árinu 1972, en það er síðasta árið, sem reikningar liggja fyrir um, námu 268 millj. kr., og hefðu því skv. þessum reglum um 4 millj. kr. gengið til umferðarslysavarna á síðasta ári, auk fjárlagaframlags, sem var þá 3 millj. 724 þús. Ætti því með tekjustofnum þessum, að vera skapaður grundvöllur fyrir mjög aukinni starfsemi Umferðarráðs, enda er þá að sjálfsögðu gert ráð fyrir því, að framlag ríkissjóðs falli ekki niður, þótt þessi tekjustofn verði lögfestur.

Það er ekki óeðlilegt, að vátryggingafélög, sem hafa fengið leyfi til rekstrar þessarar tryggingargreinar, greiði þetta framlag, enda verður að ætla, að með aukinni starfsemi Umferðarráðs á sviði umferðarslysavarna dragi úr tjóni af völdum ökutækja og umferðin í heild verði öruggari. Fjáröflun með þeim hætti, sem hér er lögð til, á sér nokkra hliðstæðu í okkar löggjöf, en með l. nr. 55 1969, um brunavarnir og brunamál er þeim vátryggingarfélögum, sem annast brunatryggingar, skylt að greiða hluta af vátryggingariðgjaldi vegna brunatrygginga sem brunavarnagjald til Brunamálastofnunar ríkisins. Þá má benda á það, að á Norðurlöndum njóta stofnanir hliðstæðrar Umferðarráði verulegs fjárhagsstuðnings frá vátryggingarfélögum, og í Finnlandi hefur umferðarmálastofnunin fastan tekjustofn frá bifreiðatryggingafélögum.

Þess skal svo getið hér, að áskoranir um aukið fjármagn til Umferðarráðs hafa komið frá ýmsum aðilum, sem um umferðarmál fjalla, m. a. hafa aðalfundir Samvinnutrygginga og margir fundir á vegum klúbbanna „Öruggur akstur“ lagt til þá tekjuöflunarleið, sem frv. þetta gerir ráð fyrir.

Það er að sjálfsögðu svo, að þótt nauðsynlegt sé að halda uppi umferðarfræðslu, má ekki einblína á þann þátt einan, þegar rætt er um bætta umferðarmenningu. Á því sviði koma ýmis önnur atriði til og má þar til nefna endurskoðun umferðarreglna, sem nú fer fram á Norðurlöndunum í kjölfar nýlegrar alþjóðasamþykktar, aukin viðurlög bæði í formi refsingar og tíðari ökuleyfissviptingar, greiðari meðferð dómsmála, endurskoðun ökukennslu og ökuprófa. Hefur af hálfu Umferðarráðs og rn. verið fylgst með þróun þessara mála.

Þetta frv. er í sjálfu sér einfalt í sniðum, en ég hef talið rétt að fara nokkrum almennum orðum um þau mikilvægu mál, sem hér er um að ræða, umferðarmálin og ráðstafanir til þess að reyna að tryggja umferðaröryggi, eftir því sem hægt er. Það er sannfæring mín, að einn þátturinn í því sé að styrkja Umferðarráð til þess að geta sinnt því hlutverki á sómasamlegan hátt, sem því er ætlað í lögum. Með þessu frv., ef að lögum verður, mundi nokkuð verða bætt úr fjárþörf þess. Hitt er jafnaugljóst, að það er þörf á hækkun vátryggingarfjárhæða, eins og ég hef rökstutt. Það stendur nú þannig á, að gjalddagi á þessum tryggingum mun vera um n. k. mánaðamót, og þess vegna langar mig til að fara fram á það við þá hv. n., sem fær málið til meðferðar, og hv. þd., að reynt verði að hraða afgreiðslu þess svo sem kostur er. Ég vona, að unnt sé að verða við þeim tilmælum, af því að hér er um tiltölulega einföld atriði að ræða. Að vísu má segja, að það getur lengi verið álitamál og deilumál, hvort á að hækka fjárhæðirnar eins og hér er gert eða í einhverja aðra upphæð, og eins getur verið deilumál, hvort á að láta sjálfsábygðina haldast í sömu skorðum hlutfallslega og áður. En þetta er, eins og ég nefndi tiltölulega einföld atriði, sem auðvelt er í raun og veru að átta sig á og gera sér grein fyrir.

Ég vil svo, herra forseti, mælast til þess, að frv. verði að lokinni þessari umr. vísað til 2. umr. og hv. allshn.

Halldór Blöndal: Herra forseti. Ég skal ekki tala langt mál um þetta frv., eins og hæstv. forsrh. sagði, er það einfalt í sniðum. Ég tel samt óhjákvæmilegt að vekja athygli á tveim atriðum í frv. strax við 1. umr., sem hljóta að valda mönnum a. m. k. nokkurri umhugsun.

Það er annars vegar, eins og hæstv. forsrh. sagði, spurningin um það, hvað eðlilegt sé, að eiginábyrgðin sé há. Hér er lagt til, að hún tvöfaldist, verði 15 þús. kr. í stað 7500 kr. Ég vek athygli á því í þessu sambandi, að ef tjón verður, eins og reglurnar eru núna, þá eru þau útgjöld, sem bifreiðareigandi, sem hefur fullan bónus, verður vegna umferðarslyss í kringum 30 þús. kr. Það er alltaf álitamál, hversu hátt er hægt að fara með eiginábyrgðina að þessu leyti.

Hitt tel ég miklu vafasamara, sem gert er ráð fyrir í 2. gr., að leggja nýjan skatt á bifreiðaeigendur í landinu, 1½% af iðgjöldum. Skattarnir á umferðina eru nú orðnir býsna margir og háar fjárfúlgur af þeim renna beint í ríkissjóð, og ég fæ ekki betur séð en það hefði verið eðlilegt, að eitthvað af því fé hefði verið tekið til þess að standa undir störfum Umferðarráðs. Ég viðurkenni, og það er öllum ljóst, að nauðsynlegt er að efla starfsemi Umferðarráðs. Það sýndi sig m. a., þegar hægri handar akstur var upp tekinn, að hægt er að ná geysimiklum árangri í sambandi við bætta umferðarmenningu með aukinni fræðslu og áróðri og margvíslegri kynningu. Það er áreiðanlega hægt að fyrirbyggja slys með þeim hætti. Hins vegar hef ég verið þeirrar skoðunar, að það sé nú kominn tími til að fækka sköttunum frekar en fjölga þeim, og er þess vegna a. m. k. í fyrstu lotu andvígur nýjum sköttum, hverju nafni sem þeir nefnast. Það er nú einu sinni svo, að borgararnir greiða til ríkisins með margvíslegum hætti. Þeir greiða tekjuskatt, þeir greiða tolla og söluskatt og hvað þetta allt saman heitir. Svo á að fara að hækka bensínið. Það er óvíst, hvað það verður mikið, en það

verður áreiðanlega hækkað verulega á þessum vetri, og þar fram eftir götunum. Ég tel þetta því mjög vafasamt. Er ég þó engan veginn að draga úr þörf Umferðarráðs fyrir meira fé, en álít, að það hefði verið eðlilegra, að fjvn. hefði metið þarfir þess og ætlað fé til þess af þeim 30 milljörðum, sem fjárlagafrv. nemur.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 11 shlj. atkv. og til allshn. með 13 shlj. atkv.

Skipulagslög, frv. (þskj. 273, n. 361). — 2. umr.

Frsm. (Björn Fr. Björnsson): Herra forseti. Frv. það, sem hér ræðir um, kemur frá Nd., þar sem það var samþ. eins og það liggur fyrir þessari hv. d. Félmn. d. hefur fjallað um frv. Ég vil í örfáum orðum geta um efni þess.

Eins og kunnugt er, fjalla skipulagslög frá 1964 um Skipulagsstjórn ríkisins og um verkefni þau, sem þessari stjórn er falið að inna af höndum. Í þessum lögum er m. a. ákveðinn sérstakur tekjustofn til að standa undir þeim kostnaði, sem leiðir af skipulagsstjórn. Það er svokallað skipulagsgjald, sem er 3‰ *af brunabótamati nýbygginga.* Árið 1972 námu þessi gjöld röskum 13 millj. kr.

Skipulagsstjórn ríkisins hefur haft yfirumsjón með skipulagsmálum hvarvetna í landinu og unnið að skipulagi, eins og kostur hefur verið á *hverjum stað og eins og mannafla* þeirrar stofnunar hefur verið háttað hverju sinni. En einstök sveitarfélög hafa í vaxandi mæli sýnt hug sinn til þess, að skipulagsmál séu einnig unnin að einhverju leyti á vegum sveitarstjórna, og svo er um mörg sveitarfélög, að skipulagsvinna hefur verið á hendi þeirra, en undir yfirstjórn Skipulagsstjórnar ríkisins. Reykjavíkurborg sjálf hefur mjög með sitt skipulag að gera, en þó undir yfirumsjón Skipulagsstjórnar ríkisins.

Það er fyrir löngu vitað, að Skipulagsstjórn ríkisins hefur engan veginn haft á að skipa þeim mannafla, sem nauðsynlegur er til þessara verka. Skipulagsskyldir staðir eru orðnir fjöldamargir víðs vegar um land, og þeim fjölgar stöðugt, svo sem eðlilegt má kalla. Þær auknu kröfur, sem eru gerðar á hendur sveitarfélögum og Skipulagsstj. ríkisins um vinnu í þessu efni, gera að sjálfsögðu ráð fyrir því og krefjast þess, að auknar séu þær tekjur, sem renna skulu til þessara mála, og er fyrir löngu vitað, að Skipulagsstjórn ríkisins hefur haft alveg sérstakan áhuga á að hafa sem mest samstarf við sveitarstjórnir að þessu leyti og vill ætla þeim mikið svigrúm að störfum í þessari grein.

Það frv., *sem hér er á ferðinni, gerir ráð* fyrir því, að auknar verði tekjur til skipulagsmála, þannig að ríkissjóður greiði a. m. k. sem nemur helmingi skipulagsgjalda innheimtra á árinu og það renni beint til þessara mála. Í Nd. virðist enginn ágreiningur hafa ríkt um þetta mál, og eins var í félmn. þessarar hv. d. Hún hefur shlj. samþykkt að mæla með framgangi frv., þó með einni breytingu, þ. e. að í 2. gr. frv. er gert ráð fyrir, að lögin öðlist gildi 1. jan. 1974, en af skiljanlegum ástæðum þarf hér breytingar við, og hana gerir n. í sínu nál., að orðalag 2. gr. verði: „Lög þessi öðlast þegar gildi.“

ATKVGR.

1. gr. samþ. með 14 shlj. atkv..
Brtt. 361 (ný 2. gr.) samþ. með 14 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 14 shlj. atkv.

Vinnslustöðvar á sviði sjávarútvegs, frv. (þskj. 357). — 1. umr.

Flm. (Steingrímur Hermannsson): Herra forseti. Á síðasta þingi flutti ég frv. um sama efni. Það varð ekki útrætt þá, en í meðferð sjútvn. bárust fjórar umsagnir um það frv. Þær voru frá Sölumiðstöð hraðfrystihúsanna, Framkvæmdastofnun ríkisins, sjútvrn. og Útvegsbanka Íslands. Allar þessar umsagnir nema umsögn Sölumiðstöðvar hraðfrystihúsanna voru jákvæðar. Er í þeim öllum talið eðlilegt og jafnvel nauðsynlegt að samræma byggingu vinnslustöðva á sviði sjávarútvegs, þ. e. a. s. á þeim sviðum, þar sem aflatakmarkanir eru ráðandi. Ég hef skoðað þessar umsagnir og gert á því frv., sem ég hef nú lagt fram, nokkrar breytingar í samræmi við þær. Mun ég koma að þeim hér á eftir.

Ég flutti að sjálfsögðu framsögu fyrir frv. þessu eða mjög svipuðu frv. á síðasta þingi og ætla því ekki að hafa um það mörg orð. Þó vil ég aðeins draga fram örfá dæmi, sem sýna nauðsyn samræmingar, ekki síst vegna þeirra aðila, sem leggja í að reisa dýrar vinnslustöðvar á sviði sjávarútvegs, sem svo eiga e. t. v. aðeins skamman tíma rekstrargrundvöll, og sömuleiðis og ekki síður vil ég vekja athygli á þeirri nauðsyn, sem slíkt er þeim byggðarlögum, sem byggja e. t. v. að meira eða minna leyti á þeim veiðum og þeirri vinnslu, sem um er að ræða í einstökum tilfellum.

Ég hygg, að ég skýri mál mitt best með því að nefna dæmi frá Húnaflóasvæðinu. Þar er, eins og hv. þm. vita, rækjuvinnsla töluverð, hefur þróast þar á undanförnum 10 árum. Strandamenn riðu þar á vaðið, eftir að þorskveiði brást á Húnaflóasvæðinu, og má segja, að rækjuvinnsla hafi beinlínis haldið við byggð á Hólmavík og Drangsnesi og þá að sjálfsögðu á langtum stærra svæði þau 10 ár, sem síðan eru liðin. Aðrir hafa sótt í þessa rækjuvinnslu, eins og vel er skiljanlegt. Er nú komin upp vinnsluvél á Skagaströnd og önnur á Hvammstanga. Samkv. nýlegum upplýsingum er framleiðslugeta þeirra véla og vinnslustöðva nú samtals 4215 tonn á ári. Hins vegar hafa fiskifræðingar ekki talið öruggt að leyfa veiði nema á 1700 tonnum á vertíðinni 1972—1973 og sama magni á þeirri vertíð, sem nú stendur yfir. Þetta er aðeins 41.2% af framleiðslugetu þessara vinnslustöðva. Nú hefur frést, m. a. birst í fjölmiðlum, að til standi að setja upp jafnvel tvær stórvirkar vinnsluvélar á Blönduósi. Ég held, að menn geti verið sammála um, að þá muni keyra um þverbak. Framleiðslugetan verður þá orðin marg-

falt meiri en það rækjumagn, sem fiskifræðingar telja öruggt, að veiða megi.

Því lagði ég fram fsp. til hæstv. sjútvrh. um þetta mál fyrir nokkrum dögum. Þar komu fram ýmsar athyglisverðar upplýsingar. Hæstv. ráðh. lýsti því, að hann væri sammála um., að þarna þyrfti að verða samræming á. Hann lagði hins vegar áherslu á, að ekki væri til lagaheimild, sem gerði sjútvrn. kleift að takmarka vinnslustöðvar, þótt það hefði samkv. lögum um botnvörpuveiðar heimild til að setja ýmis skilyrði með þeim undanþágum, sem rn. veitir samkv. 10. gr. þeirra laga til rækjuveiða. Ég skal viðurkenna, að ég varð fyrir nokkrum vonbrigðum með þetta svar, og satt að segja hafði ég dregið að leggja þetta frv. fram að nýju, því að ég taldi mig hafa ástæðu til að ætla, að unnt væri að koma í veg fyrir óeðlilega fjölgun vinnslustöðva með þeim takmörkunum, sem sjútvrn. getur sett fyrir leyfum til rækjuleyfa. Mér hefur auðsýnilega skjátlast þar, og teldi ég því rétt að endurflytja frv. þetta án tafar.

Í þeim umsögnum, sem ég minntist á áðan og jákvæðar eru, þ. e. þrjár af þeim fjórum, sem bárust, kemur fram, að menn eru nokkuð óákveðnir um það atriði, hvernig beri að takmarka byggingu vinnslustöðva, hvort það beri að gera með leyfum, eins og lagt er til, eða gegnum lánastofnanir. Nú er hins vegar ljóst, að lánastofnanir hafa ekki að öllu leyti vald á þessu. Sumar slíkar stöðvar eru reistar án þess, að leita þurfi eftir fjármagni til lánastofnana, og er þá ljóst, að ekki verður með því móti komið í veg fyrir, að þær verði reistar. Einnig kemur fram hjá þessum aðilum, að þarna þurfi að verða nokkur samræming á. Sömuleiðis er ljóst, að byggðasjónarmið þarf að taka til greina, og það verður að líkindum ekki vel gert í sambandi við stofnlánasjóði, sem starfa ekki samkv. þeim reglum, sem um það verða að gilda.

Því er það meginbreyting, sem ég hef gert á því frv., sem ég flutti í fyrra, að ég geri nú ráð fyrir því, að þriggja manna n., sem sjútvrh. skipar, afgreiði umrædd leyfi. Ég geri ráð fyrir, að einn verði skipaður samkv. tilnefningu stjórnar Framkvæmdastofnunar ríkisins, annar samkv. tilnefningu stjórnar Fiskveiðasjóðs Íslands, sá þriðji án tilnefningar. Mér virðist, að með þessu móti fái öll þau sjónarmið aðgang að slíkri leyfisveitingu, sem nauðsynleg eru, þ. e. a. s. það fáist samræming milli þeirra fjármálastofnana, sem veita fjármagn til byggingar vinnslustöðva, þar komi inn byggðasjónarmið, sem fulltrúi Framkvæmdastofnunar ríkisins hlýtur að hafa mjög í huga, og þar komi loks inn sjónarmið sjútvrn., sem það hefur lagt til grundvallar leyfisveitingum til veiði á viðkomandi svæði.

Þá hef ég einnig í þeim breytingum, sem ég hef gert, fylgt ábendingum sjútvrn. um heimild til þess að ákveða nánar um framkvæmd laganna með reglugerð, og er það fram tekið í 4. gr. frv.

Ég vil geta þess hér, að sjútvrn. ræðir einnig í umsögn sinni um viðurlög við brotum. Að athuguðu máli þótti mér ekki nauðsynlegt að setja slíkt í frv. Rn. hefur þetta í hendi sér. T. d. getur það óumdeilanlega bundið leyfi til veiða því skilyrði, að afla verði ekki landað við vinnslustöðvar, sem starfandi eru án leyfis, þannig að mér sýnist, að slíkt þurfi ekki að óttast.

Eins og ég hef sagt áður, hef ég fyrr mælt fyrir þessu frv. og vil stytta mál mitt. Ég vil taka fram, að það er aldrei eftirsóknarvert að þurfa að binda framtak manna leyfum. Því hefur þó ekki orðið komist hjá, m. a. vegna þess, að sá afli, sem fiskimiðin gefa okkur, er takmarkaður. Við höfum samþ. hér, allir hv. þm., að svo þurfi að verða um ýmsar veiðar, eins og t. d. rækju, humar eða annan skelfisk o. s. frv. Mér sýnist því, að skrefið sé þar í raun og veru stigið. Þessar veiðar eru takmarkaðar og því jafnframt eðlilegt í þessu tilfelli, að bygging vinnslustöðva sé samræmd þeim leyfum, sem veitt eru til afla.

Ég vil loks leggja áherslu á, að þessar veiðar flestar eru ákaflega mikilvægar viðkomandi byggðum, eins og í því dæmi, sem ég hef hér sérstaklega nefnt, á Húnaflóasvæðinu. Má segja, að heil byggðarlög byggist að meira eða minna leyti á þessum veiðum. Því er alls ekki þolandi, að utanaðkomandi aðilar, e. t. v. án nokkurra hagkvæmnistengsla við byggðarlögin sem slík, fari þar inn og valdi á þeim náttúruauðæfum, sem hér er um að ræða, miklu tjóni og ómetanlegu tjóni fyrir byggðarlög á þessu svæði. Mér sýnist, að allt öðru máli gegni um það, þótt byggðarlög á slíku svæði, sem eru í erfiðleikum, sæki um leyfi til að reisa vinnslustöð. Þá koma byggðasjónarmiðin þar inn í, og þá þarf að meta það, hvort réttmætt sé að skipta þeim afla, sem til skipta er, með tilliti til slíkra þarfa og byggðasjónarmiða.

Ég vil svo leyfa mér að óska þess, að þessu frv. verði að lokinni þessari umr. vísað til 2. umr. og hv. sjútvn.

Oddur Ólafsson: Herra forseti. Því ber ekki að neita, að þar sem aflamagn er takmarkað og fjöldi báta við veiðar kannske einnig takmarkaður, þá er ekki óeðlilegt, þó að það geti vafist fyrir mönnum, hvort eðlilegt sé, að upp rísi fleiri fiskvinnslustöðvar en þær, sem geta aðeins annað þeim afla, sem á land kemur. Hins vegar finnst mér vera algert neyðarúrræði, að sjútvrn. eigi að ráða því, hvar fiskvinnslustöðvar eru settar niður á landinu. Og ég held, að þegar við lítum á rækjuna og annan skelfisk, þar sem sífellt er verið að finna ný mið og þar sem við vonum, að stutt sé í að afla rækju á djúpmiðum, þá sé varla ástæða til þess að vera að setja sérstök lög um þessi atriði.

Mér finnst nú, þar sem meginuppistaðan í ræðu hv. 1. flm. var Húnaflóasvæðið, að það sé ekki aðgengileg byggðastefna að útiloka eitt byggðarlag af fimm frá að geta hagnýtt sér þennan mikilvæga atvinnuveg. Mér sýnist, að Blönduós sé eina byggðarlagið við Húnaflóa, sem eftir er, og það sé ekki eðlilegt, að það sé útilokað. Hitt sé jafneðlilegt, að höfð sé hönd í bagga með, hvaða aðilar séu þar að verki, og ég held, að það sé heimamanna að ráða þar um, en ekki rn.

Ég veit, að rækjuvinnsla er mjög þýðingarmikill atvinnuvegur víða úti um landið og þá ekki síst þar, sem hv. flm. nefndi. En mér finnst

það ekki vera eðlilegt að útiloka eitt byggðarlag frá því að hagnýta sér þennan aðgengilega atvinnuveg og verði að leita annarra ráða en slíkra til þess að koma í veg fyrir, að vinnslustöðvarnar geti ekki haft nægileg verkefni.

Stefán Jónsson: Herra forseti. Ég hefði gjarnan viljað verða meðflm. að frv. því, sem hér um ræðir, og hefði sennilega gerst meðflm. að því, ef svo hefði ekki staðið á, að nokkurn veginn var augljóst, að ég yrði ekki staddur á þingi við atkvgr. um frv., og gafst ekki tóm til að ræða það við hv. þm. Helga F. Seljan, sem ég kem hér í staðinn fyrir.

Enda þótt kveikjan í þetta frv. sé vandamál þeirra í rækjuútgerðinni við Húnaflóa, hefur það almennt grundvallargildi í því, sem lýtur að byggðastefnu og skynsamlegri hagnýtingu fiskimiða. Ég er í sjálfu sér ekki hissa á því, þótt hv. þm. Oddur Ólafsson mælti heldur gegn þessu frv., hagsmunir umbjóðenda hans hafa um langt árabil verið þess háttar, þeim hefur, m.a. vegna offjölgunar fiskvinnslustöðva hér við Faxaflóa, verið nauðsynlegt að sækja mjög mikið hráefni á mið, sem eðlilegt væri, að nytjuð væru frá hinum næstu byggðarlögum. Ég er þeirrar skoðunar, að umfram allt beri að stefna að því, að þeir sjómenn og útvegsmenn hafi forgangsrétt til miða, þar sem hægt er að sækja að morgni og koma að á kvöldi, þar sem sjómennirnir geta haldið áfram að gegna eðlilegu félagslegu hlutverki í byggðarlögum sínum. Það er vafalitið, að ein meginástæðan fyrir því, hvílík gróska hefur hlaupið í byggðarlögin við Faxaflóa, er sú, að fólk, sem stundaði og sótti vetrarvertíð á svæðinu við Faxaflóa, settist hér að, sjómenn að austan og vestan, réðu sig síðan á stækkandi skip, sem höfðu bolmagn til þess að sækja fiskinn að sumrinu til, utan vetrarvertíðar, á miðin, sem þeir höfðu áður sótt á heiman frá sér fyrir austan og vestan. Fiskurinn var síðan fluttur á þetta svæði og verkaður hér.

Ein rækjuverkunarstöð, sem ofaukið væri við Húnaflóa, kynni að leiða til þess, að bátar sæktu til hennar rækju á mið utan Húnaflóasvæðisins.

Það fer ekki á milli mála, að tilvera fiskiðjuvera, stundum óhentugra og of margra fiskiðjuvera, hefur haft raunveruleg áhrif á ráðstafanir, sem gerðar hafa verið til verndunar fiskstofna. Okkur er það í fersku minni, þegar opnað var fyrir dragnót hér í Faxaflóa vegna frystihúsa, — ekki vegna fólks, sem hafði atvinnu af því að verka fisk, ekki vegna sjómanna, sem veiddu fisk, heldur vegna frystihúsa, sem voru illa stödd vegna skorts á hráefni. Ég tel alveg vafalaust, að nauðsynlegt sé að hafa nokkurn hemil á því, með hvaða hætti fiskiðjuverum, hvort heldur það eru rækjuverkunarstöðvar eða önnur fiskiðjuver, er komið upp, og draga með þeim hætti verulega úr hættunni á því, að þörf fiskiðjuvera, sem sett eru niður af kjánaskap, ráði því, með hvaða hætti fiskstofnarnir á hinum ýmsu miðum verða nytjaðir.

Flm. (Steingrímur Hermannsson): Herra forseti. Aðeins örstutt leiðrétting á misskilningi, sem mér þótti koma fram hjá hv. 3. þm. Reykn. Ég geri ekki ráð fyrir því í frv., að sjútvrn. ákveði þetta. Það er breyting frá því, sem áður var, vegna þeirra ábendinga, sem komu, einmitt þess efnis, að þarna þyrftu byggðasjónarmið og lánasjónarmið að komast að. Þetta vildi ég undirstrika. Það er þess vegna, sem ég geri ráð fyrir þriggja manna n. í þeirri von, að þarna komist þessi sjónarmið öll að.

Í öðru lagi vil ég leggja ríka áherslu á, að það er alls ekki hugmynd mín að útiloka eitt byggðarlag af fimm, eins og hv. þm. tók fram. Ég lagði áherslu á, að mér sýnist, að ef önnur byggðarlög þyrftu af eigin byggðarástæðum á vinnslustöð að halda, væri að mínu viti þeirri n., sem þarna á um að fjalla, skylt að skoða slíkt. Hinu get ég alls ekki leynt, að vitanlega er þörf byggðarlaganna mjög misjöfn, og staðreyndin er sú, að sem betur fer hefur atvinnulíf á Blönduósi byggst upp á öðrum grunni. Þar hefur skapast töluverður iðnaður, og þar er landbúnaður mjög ríkur í kring, og ég hef engan hitt, sem telur þar mikla þörf slíkrar vinnslustöðvar. En út af fyrir sig er það algert aukaatriði. Ef svo skyldi reynast, að þarna þyrfti að koma upp vinnslustöð, ætti að sjálfsögðu að athuga það. Hins vegar vil ég leggja áherslu á, að það er að mínu viti ekki eðlilegt, að aðkomumenn flytji vélar á slíkan stað og kippi e.t.v. grundvellinum undan lífsafkomu hinna fjölmörgu byggða í kring, ekki aðeins á Strönd-unum, heldur Skagaströnd og víðar, þannig að ég tel, að það þurfi að skoða hvert einstakt tilfelli.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 12 shlj. atkv. og til sjútvn. með 12 shlj. atkv.

Framkvæmdastofnun ríkisins, frv. (þskj. 362). — 1. umr.

Flm. (Steingrímur Hermannsson): Herra forseti. Á þskj. 362 flyt ég ásamt hv. þm. Stefáni Jónssyni frv. til l. um breyt. á l. nr. 93 frá 1971, um Framkvæmdastofnun ríkisins. Ég vil taka það fram í upphafi, að frv. þetta er flutt á vegum mþn. í byggðamálum.

Mþn. þessi var kjörin á síðasta þingi samkv. þál., sem samþ. var 18. apríl s.l. Í n. eiga sæti auk mín og hv. þm. Stefáns Jónssonar, sem situr þar í forföllum Helga F. Seljans, hv. þingmenn Lárus Jónsson, Matthías Bjarnason, Ingvar Gíslason, Karvel Pálmason og Pétur Pétursson. Í þál. þeirri, sem til grundvallar liggur kjöri þessarar n., er gert ráð fyrir því, að n. marki almenna stefnu í byggðamálum, og eru þar settar fram allítarlegar ábendingar um það starf. En í till. er jafnframt tekið fram, að n. skuli þegar á þessu þingi leggja fram þær till. til breytinga, sem hún telur, að brýnastar séu vegna byggðamála.

Fljótlega, líklega í lok næstu viku, verður lögð fram skýrsla þessarar n. hér á hv. þingi, eins og þál. gerir ráð fyrir, og skal ég ekki fjölyrða um það starf. Ég vil þó geta þess, að

n. hefur unnið grundvallarverk að mótun almennrar stefnu í byggðamálum. En eftir að þetta þing hófst, hefur hún fyrst og fremst lagt áherslu á að kanna einstök mál í samræmi við anda þál. Því sendi n. hæstv. forsrh. bréf 8. nóv. s. l. og gerði honum grein fyrir þeim málum, sem hún hafði þá ákveðið að beita sér fyrir.

Í þeirri upptalningu voru fremst á blaði húsnæðismál dreifbýlisins. Nm. eru allir á einu máli um það, að íbúðaskortur sé víða í dreifbýlinu versti þrándur í götu eðlilegrar byggðaþróunar. Í raun og veru er óþarft að nefna miklar tölur í þessu sambandi. Ég hygg, að allir þm., sem hafa einhver kynni af þessum málum dreifbýlisins, — og það hafa sem betur fer allflestir, — þekki þessa staðreynd. Víða er atvinnuástand mjög blómlegt og hefur eflst verulega, t. d. við komu skuttogara, byggingu og endurbætur á frystihúsum o. s. frv. Víða, þar sem svo er ástatt, og kannske víðast hefur orðið vart við vaxandi fjölda yngri manna og kvenna, sem vilja setjast þar að, ekki aðeins fólk, sem á ættir sínar að rekja eða hefur búið í þessum byggðarlögum, heldur einnig ótrúlegur fjöldi aðkomufólks, sem hefur viljað freista gæfunnar á slíkum stöðum. E. t. v. kennir þar nokkurrar þreytu á þéttbýlinu og öllum þeim hraða, sem þar er. E. t. v. er þarna farið að bera á vilja fólksins til að sumu leyti einfaldara og betra lífs. En það hefur staðið mjög í vegi fyrir þessari ánægjulegu þróun, að íbúðarhúsnæði hefur ekki verið fáanlegt nema í örfáum tilfellum. Að vísu er það svo, að á þessum stöðum mörgum hefur fækkað. Þá spyrja menn: Er þá ekki íbúðarhúsnæði til? En því er til að svara, að það íbúðarhúsnæði, sem til er og aflögu er, er yfirleitt orðið ákaflega úr sér gengið og fullnægir hvergi nærri nútímakröfum um hollustuhætti og heilbrigði í íbúðarmálum eða þeim eðlilegu kröfum, lágmarkskröfum, sem ungt fólk hlýtur að setja.

Í grg. með þessu frv., sem er allítarleg, eru reyndar birtar töflur, sem gefa að mínu viti ágætlega til kynna, hvernig þróun þessara mála hefur verið upp á síðkastið. Í töflu I er birtur heildarfjöldi fullgerðra íbúða í kauptúnum og kaupstöðum allt frá 1960 til 1972, og er það samkvæmt upplýsingum frá Framkvæmdastofnun ríkisins. Þarna kemur fram, að hundraðshluti íbúða, sem fullgerðar hafa verið, þegar honum er skipt á landshluta, nær hvergi hundraðshluta íbúa viðkomandi landshluta nema á Reykjanessvæðinu og í Reykjavík. Á Reykjanessvæðinu hafa á þessum 10 árum verið fullgerðar 25.5% allra íbúða í kauptúnum og kaupstöðum og á Reykjavíkursvæðinu 48.3%, en íbúafjöldi þessara svæða var á Reykjanesi í des. 1972 19.4% og í Reykjavík 39.9%. Má öllum jafnframt vera ljóst, að þetta hlutfall hefur verið enn lakara á fyrri árum þessa tímabils, þegar fólksfjöldi var hér nokkru minni tiltölulega. Í öllum öðrum landshlutum eru fullgerðar langtum færri íbúðir en íbúafjöldi gefur til kynna.

Í töflu II hef ég jafnframt sett fram heildarútlán Húsnæðismálastofnunar ríkisins frá árinu 1955 til 1972. Þar er sömu söguna að segja, þegar borið er saman við íbúafjölda. Í töflu III eru útlán Húsnæðismálastofnunar ríkisins á árunum 1970, 1971 og 1972 skipt á landshluta, og er niðurstaðan þar enn hin sama. Og loks í töflu IV, sem er e. t. v. einna fróðlegust í þessu sambandi, er útlán Húsnæðismálastofnunar ríkisins árið 1972 og lánsupphæð á hvern íbúa eftir landshlutum. Þar kemur í ljós, að í Reykjavík er lánsupphæð á hvern íbúa 5 618 kr., Kópavogi og Seltjarnarnesi 4 447, á Reykjanessvæðinu 6 914, en síðan fellur þetta niður, þ. e. a. s. á Vesturlandi 1 700, Vestfjörðum 1 726 og kemst hæst í dreifbýlinu upp í 3 700 rúmlega á Norðurlandi eystra og á Suðurlandi. Þarna kemur fram ákaflega mikill mismunur.

Ég hef einnig fengið yfirlit yfir lánveitingar 1973, þ. e. a. s. fyrri hluta lána til þeirra, sem höfðu gert fokhelt frá 1. jan. til 15. ágúst 1973. Því miður eru þær upplýsingar enn meir dreifbýlinu eða landsbyggðinni í óhag. Þar kemur fram, að til Reykjavíkur hafi farið 44.9% þess fjármagns, sem lánað hefur verið, í Reykjaneskjördæmi 40.89%, en fellur síðan niður, í Vesturlandskjördæmi 2.91%, Vestfjarðakjördæmi 1%, á Norðurlandi vestra 0.16%, Norðurlandi eystra 1.98%, í Austfjarðakjördæmi 2.77% og Suðurlandskjördæmi 5.39%. Ekki horfir því vænlega, ef leggja á þessar upplýsingar til grundvallar. Þetta mun þó, þegar á árið er litið í heild sinni, að öllum líkindum vera nokkru skárra. Það var því ekki undarlegt, að n., sem ber að láta byggðavandann sig skipta, kaus að leggja svo ríka áherslu á íbúðamálin í fyrstu atrennu.

N. benti í bréfi sínu til hæstv. forsrh. á ýmis atriði, sem lagfæra þarf. Hún benti í fyrsta lagi á örvunarlán til almennra íbúðabygginga í dreifbýli, og mun ég fjalla um það nánar síðar, enda er frv. um þann þáttinn.

Hún benti einnig á það, að lög um byggingu verkamannabústaða yrðu endurskoðuð þannig, að þau verði, ef ég má orða það svo, framkvæmanleg fyrir minni byggðir um landið. Nú er framkvæmdin þannig, að fjöldi íbúða er bundinn af framlagi viðkomandi sveitarfélags. Afleiðingin verður sú, að minni sveitarfélög eru e. t. v. 5, 6 eða 7 ár að safna sér fyrir byggingu þriggja, fjögurra eða fimm verkamannabústaða. N. telur, að framlag hins opinbera eigi að vera hærri hluti en nú er og framlag sveitarfélagsins að sama skapi minni hluti, og n. telur jafnframt eðlilegt, að fjöldi verkamannabústaða verði ekki bundinn við framlag, heldur við börf.

Þá hefur einnig verið bent á það, að lög um byggingu íbúða til útrýmingar heilsuspillandi húsnæðis eru að ýmsu leyti og raunar að sama skapi og verkamannabústaðalögin erfið í framkvæmd fyrir dreifbýlið og beri að endurskoða það.

Í fjórða lagi telur n. mjög mikilvægt, að byggingaáfangar verði stækkaðir á hinum smærri stöðum, t. d. með því að skipuleggja þá saman fyrir fleiri staði og reyna að koma þar við mestu hagkvæmni, sem ekki er unnt að koma við í þeim litlu áföngum, sem víða eru. Á þetta að sjálfsögðu fyrst og fremst við um byggingu verkamannabústaða og byggingu íbúða til útrýmingar heilsuspillandi húsnæði.

Þá bendir n. í fimmta lagi á það, að verktaka

beri að efla um landsbyggðina. Það er ljóst, að þar sem verktakar hafa eflst, t. d. á Akureyri, er ástand íbúðamála allt annað en áður var. Verktakar geta fremur komið við góðri tækni. Þeir hafa betri aðgang að lánastofnunum, sérstaklega bönkum, en einstaklingar og geta þannig fengið nokkra fjármögnun umfram það, sem einstaklingar yfirleitt ná í. Þetta má vitanlega gera í hinum ýmsu landshlutum. Það má veita verktökum sérstaka fyrirgreiðslu, styðja þá til þess að eignast góðan véla- og tækjakost og veita þeim fjármagn til rekstrar, þannig að þeir geti snúið sér að þessum málum af krafti. Þetta er einnig ákaflega mikilvægt víða, þar sem iðnaðarmenn eru bókstaflega ekki fáanlegir. Oft er það svo á smærri stöðum, að þegar byggingarmeistarinn er fenginn, þá er múrarinn farinn og svo öfugt. Þarna mætti koma við flokkum iðnaðarmanna á vegum slíkra verktaka.

Að lokum benti n. á, að athuga bæri innflutning eða smíði innanlands á tilbúnum húsum í ríkara mæli en gert hefur verið. Það flýtir að sjálfsögðu mjög fyrir, bætir þannig úr þeim brýna húsnæðisskorti, sem víða er. Þessi þáttur er þegar í athugun á vegum Húsnæðismálastofnunar ríkisins og Rannsóknastofnunar byggingaiðnaðarins.

Þessum till. var ágætlega tekið af hæstv. ráðh. Hæstv. félmrh., sem við ræddum ítarlega við um þessar till., tjáði sig í öllum meginatriðum hlynntan þeim, tók þeim vel, og að sjálfsögðu yrðu þær skoðaðar í sambandi við þá almennu endurskoðun á húsnæðismálalöggjöfinni, sem mun vera í undirbúningi.

Aðeins um fyrstu till., þ. e. a. s. örvunarlán, gegndi nokkuð öðru máli. Að vísu hefur hún hlotið ágætan stuðning þeirra aðila, sem við hefur verið rætt, en mönnum hefur þó sýnst, að ekki væri eðlilegt að fela húsnæðismálakerfinu að mismuna íbúum landsins, ef ég má kalla það svo, eftir búsetu. Í raun og veru lítum við svo á, að hér sé ekki um mismunun í þeim skilningi að ræða, heldur fremur uppbót fyrir ýmsa erfiðleika og ýmislegt, sem í vegi stendur fyrir eðlilegri íbúaþróun á viðkomandi landshlutum. Að athuguðu máli var talið rétt að fela þetta verkefni Byggðasjóði, sem að sjálfsögðu hefur það sem sitt frumhlutverk að veita íbúum dreifbýlisins viðbótarfjármagn til ýmiss konar framkvæmda. Því var ákveðið að milliþn. beitti sér sjálf fyrir flutningi þessa frv. um breyt. á l. um Framkvæmdastofnun ríkisins, þar sem gert er ráð fyrir því, að við Byggðasjóð starfi íbúðalánadeild, sem veiti lán til sérstakrar örvunar almennum íbúðabyggingum til viðbótar lánum úr byggingarsjóði Húsnæðismálastofnunar ríkisins. Hins vegar er gert ráð fyrir því, að þessi lán verði afgreidd með öðrum lánum Húsnæðismálastofnunar, þau verði afgreidd í samræmi við ákvörðun stjórnar Framkvæmdastofnunar ríkisins með tilliti til lánsupphæðar, skiptingar á landshluta o. s. frv. Þessu á ekki að fylgja neitt frekara umstang fyrir íbúðabyggjendur. Þeim yrðu boðin þessi lán með öðrum lánum Húsnæðismálastofnunar, með tilliti til þess svæðis, sem þeir byggja, og þyrfti þá ekki að leggja inn aðra umsókn. N. gerði sér vonir um, að unnt yrði að fá fjármagn til þessa þegar á fjárlögum ársins 1974, og ég get lýst vonbrigðum mínum og allra nm. með það, að slíkt tókst ekki. Eins og allir menn þekkja, eru margir um þann bita, sem þar er og reyndist svo við lok afgreiðslu, að ekki var talið fært á þessu stigi að veita fé í þessu skyni.

Í þessu frv. er jafnframt gert ráð fyrir því, að Framkvæmdastofnunin hafi heimild til lántöku allt að 100 millj. kr. á næstu árum hjá Framkvæmdasjóði Íslands til þessarar lánadeildar. Hitt er ljóst, að lánsfé deildarinnar verður ekki byggt upp, svo að vel sé, með því lánsfé, sem fáanlegt er á almennum markaði. Þarna verður að koma til fjárveiting hins opinbera, til þess að þessi lán geti orðið sambærileg við þau lán, sem húsnæðismálastjórnarkerfið almennt veitir. Það er því skoðun flm. og trú og n., sem þetta hefur undirbúið, að svo hljóti að verða á fjárlögum ársins 1975. Hins vegar þótti rétt, að frv. þetta yrði þegar að lögum, svo að á það mætti reyna, hvort unnt yrði að útvega fjármagn þegar á þessu ári til þeirra lána, sem hér um ræðir.

Grg. með þessu frv. er allítarleg og ég sé ekki ástæðu til að fjölyrða um málið. Ég hygg, að öllum mönnum sé það ljóst, eins og ég sagði áðan, að þarna verður að gera sérstakt átak. Það er satt að segja í mörgum tilfellum heldur haldlítið og tilgangslítið að veita mikið fjármagn til kaupa á skuttogurum og alls konar atvinnuuppbyggingar í laundshlutunum, ef ekki er sköpuð þar sú aðstaða fyrir fjölgun íbúa, sem verður að fylgja slíkri þróun. Þetta er einnig ljóst í sambandi við þær byggðaáætlanir, sem nú er unnið mjög að. Það er tilgangslítið að binda þær eingöngu við atvinnuuppbyggingu. Þær verða að ná til hinna fjölmörgu þátta mannlegs lífs á viðkomandi stöðum. Hér er aðeins tekið á einum þeirra að vísu, en að mati milliþn. í byggðamálum þeim þættinum, sem einna mikilvægastur er nú. Það er von flm., að slík örvunarlán geti orðið til þess að rjúfa þann vítahring, sem hefur ríkt í íbúðamálum dreifbýlisins. Þar hefur víða ríkt viss tregða við fjárfestingu. Menn hafa talið fé sínu betur borgið á höfuðborgarsvæðinu og ekki að ástæðulausu og því haldið fremur að sér höndum við að festa það í íbúðabyggingum á hinum ýmsu smærri stöðum.

Auk þess er það skoðun okkar, að venjulega fylgi meiri kostnaður íbúðabyggingum í dreifbýli. Ég gæti nefnt um það mörg dæmi, en ég læt nægja að vísa til þeirrar staðreyndar, að mjög verulegan hluta af byggingarefni þarf að flytja frá höfuðborgarsvæðinu, af honum þarf að greiða flutningskostnað, alls konar tafir valda miklum kostnaðarauka, iðnaðarmenn verður mjög oft að fá frá fjarlægum stöðum o. s. frv. Það er því von okkar, að þetta átak megi verða til verulegra úrbóta í íbúðamálum dreifbýlisins. Hitt vil ég leggja ríka áherslu á, að eflaust þarf fleira að koma til, svo að fullnægjandi sé.

Ég vil svo að lokum mælast til, að í lok þessarar umr. verði málinu vísað til 2. umr. og félmn.

Umr. frestað.

Neðri deild, 61. fundur.

Miðvikudaginn 13. febr., kl. 2 miðdegis.

Umræður utan dagskrár.

Pétur Sigurðsson: Herra forseti. Þótt margir mundu ætla svo, þá mun það ekki verða mitt erindi nú í ræðustól utan dagskrár að ræða þann harmleik, sem hefur gerst austantjalds og öllum er í fersku minni eftir fréttir fjölmiðla á þessum degi, heldur þær fregnir, sem nú hafa borist þjóðinni með fjölmiðlum, að loðnuveiðiskip þurfi nú að dæla þegar fengnum afla í hafið aftur. Auk þess mun hafa verið losað hina síðustu daga úr loðnunótum tugir eða hundruð tonna af loðnu, vegna þess að skiptingin milli hrygnu og hængs reyndist við athugun ekki sú æskilega fyrir þá, sem kaupa loðnu til frystingar. Eru slík vinnubrögð með öllu forkastanleg að mínu mati og auk þess fordæmanleg. Hlýtur sú spurning að vakna, hvort allt hafi verið gert, sem mögulegt er að gera, af ráðamönnum þjóðarinnar til að leysa þann vanda, sem að þjóð okkar steðjar í yfirstandandi vinnudeilum.

S. l. fimmtudag spurði ég hæstv. forsrh. utan dagskrár á fundi í Sþ. efnislega þess, hvað ríkisstj. hefði gert til að fyrirbyggja þá vá, sem fyrir dyrum væri, ef á skylli allsherjarverkfall eða því sem næst í næstu viku. Hæstv. forsrh. lét þá von í ljós, að samningaumleitanir um s. l. helgi mundu vonandi móta efnislega lausn þessara viðtæku vandamála. Ég taldi gott að vita um von hans, en áréttaði þá ósk mína, að hæstv. ríkisstj. gæfi í byrjun þessarar viku skýrslu um gang þessara vandasömu mála og þátt ríkisstj. til lausnar þeim. Að lokinni s. l. helgi berast þær fréttir einar, að það, sem gerst hefur þrátt fyrir öll skáskot hinna æfðu stjórnmálamanna, sé það, að bræðsluverksmiðjur, a. m. k. á Suðvesturlandi, hafi tilkynnt um lokun fyrir móttöku á loðnu til bræðslu, hins vegar hafi þessar verksmiðjur heitið að taka við úrgangsloðnu frá þeim frystihúsum, sem taka loðnu til frystingar, meðan boðaðar vinnustöðvanir loka ekki fyrir þann þátt þessarar framleiðslu. Er vitað mál, að sá úrgangur, sem til verður í þróm þessara verksmiðja, þegar verkfall skellur á, mun verða úrgangsvara að nokkrum dögum liðnum, þótt búin sé rotvarnarefnum svo sem mögulegt er á.

Þetta mál mitt nú utan dagskrár og fsp., sem ég mun beina til hæstv. sjútvrh. að þessu sinni, er m. a. vegna frámunalega vitlausrar yfirlýsingar, sem einn samninganefndarmaður Alþýðusambandsins lét eftir sér hafa í dagblaði kommúnista, að mig minnir í gær. En skoðun hans var sú, að þjóðnýta ætti einstaklings-, félaga- og sveitarfélagaverksmiðjur, svo að þær fengjust til að taka á móti loðnu til bræðslu, þótt fyrirsjáanlegt sé, að verkfall við móttöku og vinnslu í þessum sömu verksmiðjum standi fyrir dyrum og tugmilljóna verðmæti hráefnis í þróm þeirra liggi undir skemmdum að nokkrum dögum liðnum, ef verkfall skellur á.

Enn þá hefur ekkert heyrst frá hæstv. ríkisstj. opinberlega um, hvað hún ætli að gera til lausnar á hinum almennu vinnudeilum. Krafa Alþýðusambandsins var m. a. lækkun tekjuskatta og úrbætur í húsnæðismálum auk hækkunar launa til að mæta óðaverðbólgu og síminnkandi kaupmætti. Loforð hæstv. ríkisstj. voru um hið sama. En í gærmorgun höfðu t. d. engar upplýsingar um hugmyndir stjórnvalda um breytingar á skattal. borist til samninganefndar yfirmanna á flotanum, þrátt fyrir loforð hæstv. sjútvrh. þar um í síðustu viku, að ekki sé talað um úrbætur í húsnæðismálum. En þær einar hugmyndir munu uppi í sambandi við þau mál hjá stjórnvöldum, að taka eigi fé, sparifé má kalla það, þessa sama fólks og lána því það aftur og segja: Sjá, hvað við höfum gert fyrir yður.

Það, sem ég hef hér lýst, er að gerast í mestu aflauppgripum íslensku þjóðarinnar, frá því að útgerðarsaga okkar hófst. Ég leyfi mér nú í framhaldi fsp. minnar utan dagskrár fyrir viku að spyrja hæstv. sjútvrh. þessa:

1. Hvað hefur hann ásamt hæstv. ríkisstj. gert, til þess að haldið verði áfram móttöku loðnu til bræðslu og frystingar?

2. Hefur hæstv. ríkisstj. beitt áhrifum sínum við verkalýðsfélögin á þann veg, að þau leyfi áframhaldandi móttöku og vinnslu loðnu til bræðslu og frystingar, t. d. upp á væntanlega samninga?

3. Hvað líður samningum við sjómenn, og hvað hefur hæstv. ríkisstj. gert til þess að auðvelda samninga útgerðarmanna og sjómanna utan svokallaðs loðnufrv.?

Sjútvrh. (Lúðvík Jósepsson): Herra forseti. Ég vil fyrst taka það fram, að mér var nú fyrst að berast vitneskja um þessar fsp., þegar ég kom hér inn í salinn. Út af fyrir sig hefur það ekki mikil áhrif á það, sem ég mun svara, ég þarf ekkert að undirbúa undir það. En ég ætla, að ég eigi þá a. m. k. sama rétt, þegar að því kemur, að mega spyrja, án þess að menn fái langan undirbúningstíma. Auk þess vil ég svo segja það, að þegar spurt er utan dagskrár um hluti, sem auðvelt er að gera fyrirspurn um samkv. þingsköpum, og í auninni ekkert rekur á eftir með að kalla á svör við sérstaklega, þá er eðlilegt, að hið síðara sé gert, nema þá ætlunin sé að taka upp hinn háttinn, að spyrja almennt úr ræðustóli um allt.

Hv. 10. þm. Reykv. lagði hér þrjár spurningar fyrir mig. Í fyrsta lagi var spurt um það, hvað ég og ríkisstj. hefðum gert, til þess að loðnuverksmiðjur og frystihús gætu haldið áfram móttöku sinni á loðnu, þannig að rekstur gæti gengið áfram með eðlilegum hætti.

Um þetta þurfti út af fyrir sig ekki að spyrja, því að það er alveg nýlega búið að gefa tilkynningu um þetta, m. a. frá þeim, sem hér eiga hlut að máli. En ég get bætt því við, að ég hef átt tvo fundi alveg sérstaklega með eigendum loðnuverksmiðjanna hér á Faxaflóasvæðinu og lagt þar mjög að þeim, að þeir héldu áfram loðnumóttöku, eins og verksmiðjueigendur almennt í landinu gera, því að það eru aðeins þeir hér við Faxaflóann og þó ekki allir við Faxaflóann, heldur aðeins nokkrir, sem hafa tilkynnt, að þeir treysti sér ekki til að taka áfram á móti loðnu, eins og áður hafði verið. Þeir hafa eins og ég sagði, birt tilkynningu um það, að þeir hafi vegna eindreginna tilmæla ríkisstj. fallist á það að halda áfram móttöku á úrgangi frá frystihúsunum, þannig að

frystihúsin á þessu svæði gætu haldið áfram sínum rekstri, þ.e.a.s. frystingu á loðnu. En það var auðvitað það atriði í þessum efnum, sem mestu máli skipti, vegna þess að verksmiðjurnar hér voru þegar búnar að taka á móti því hráefni, sem þær gátu tekið á móti, og þannig er ástatt um margar þessar verksmiðjur, að þær gera ekki betur en hafa rétt undan frystihúsunum með þann úrgang, sem frá frystihúsunum kemur. Þegar fer hins vegar að ganga eitthvað á birgðirnar hjá þeim, sem meiri afköst hafa, og það eru aðallega þær tvær verksmiðjur, sem eru í Reykjavík, þá auðvitað kemur að því, að þær verða að svara því endanlega, hvort þær ætla að skera sig úr leik og taka ekki á móti, þegar rými opnast hjá þeim á nýjan leik. En það er ekki komið að því með eðlilegum hætti a.m.k.

Þetta er sem sagt svar mitt við fyrstu fsp., sem til mín var beint, hvað við hefðum gert til þess, að þessir aðilar fengjust til að halda áfram loðnumóttöku.

Önnur spurningin var um það, hvaða ráðum ríkisstj. hefði beitt til þess að hafa áhrif á það, að samningar gætu tekist.

Ríkisstj. hefur átt marga viðræðufundi við báða aðila um þá launasamninga, sem nú eru í gerð, og hún hefur þrýst á aðila, eftir því sem hún hefur talið rétt á þessu stigi málsins, að þeir reyndu að ná samningum á eðlilegan hátt og hún hefur svarað þeim fsp., sem fyrir hana hafa verið lagðar af aðilum og varðað hafa málið. Ríkisstj. hefur, eins og líka hefur verið tilkynnt hér um áður, skipað sérstaka sáttanefnd og fylgst með störfum þeirrar sáttanefndar. Hún hefur ástæðu til þess að ætla, að nú miði allverulega áfram við þessa samningagerð og málið sé komið inn á rétta braut. Ég hef lýst því yfir nokkrum sinnum og get endurtekið það hér, að það er skoðun mín, að það komi ekki til verkfalla. Ég get auðvitað ekki frekar en nokkur annar fullyrt neitt um það, en þetta er skoðun mín. Ég dæmi þar út frá þeim forsendum, sem ég hef þar út frá að ganga. Ég sem sagt geri mér vonir um það, að þeir samningar, sem eru komnir allverulega áleiðis, leiði til þess, að ekki þurfi að koma til verkfalla. — Það hefur aldrei þótt hyggilegt, og ég álít, að það sé með öllu rangt, að ríkisvaldið grípi inn í með beinni valdbeitingu, meðan aðilar sitja við samningaborðið og telja, að sér miði verulega áfram.

Að því er varðar það, að ríkisstj. hafi sérstök áhrif á verkalýðsfélögin, sem eru að boða vinnustöðvun, að þau veiti undanþágu frá verkföllum sínum til þess að vinna upp það hráefni, sem fyrir væri þá í geymslum, — tel ég, eins og ég hef sagt, að það sé ekki verulega líklegt, að það komi til verkfalla. Verkalýðsfélögin hafa þegar svarað beiðni, sem fram hefur komið um þetta, og liggja til þess ýmsar ástæður, sem þessi hv. þm. ætti að þekkja, að verkalýðsfélög eru ekki alltaf viljug að gefa formlegar undanþágur varðandi slík efni, enda leiðir þá eitt af öðru. En sem sagt, þau hafa svarað því alveg greinilega, að þau gætu ekki fallist á það að svo komnu máli, og ríkisstj. hefur ekki talið rétt að grípa frekar inn í það, enda er hér um algeran misskilning að ræða, að því hráefni, sem liggur fyrir í geymslum, sé einhver voði búinn strax á eftir. Það vita allir, sem þekkja til þessarar vinnslu, að það er hægt að vinna það hráefni, ekki síst þennan hluta ársins, löngu eftir að lokið er löndun, og eru allmörg dæmi þess, að vinnslan hefur staðið fullan mánuð á eftir. Það er a.m.k. ekki mikill vandi að sjá um, að vinnsla geti farið fram, þótt vitanlega verði það eins og alltaf, að hráefni rýrna og einstaka aukaafurðir geta orðið eitthvað lakari en ella, en það er það, sem fylgir þessari vinnslu allajafna, jafnvel þó að engin verkföll grípi inn í.

Þá var í þriðja lagi spurt um það, hvað liði samningum við sjómenn, ef ég man rétt. Um það er það að segja, að ég hef fylgst með þeim samningaviðræðum, sem þar hafa farið fram, og tók m.a. beinan þátt í þeim viðræðum, sem fram fóru á milli útgerðarmanna og yfir- og undirmanna í fiskiskipaflotanum í gærdag og stóðu fram á kvöld eða þar til allir aðilar töldu ekki ástæðu til að halda þá lengur áfram. Ég álít, að þar sé deilt um slík atriði, að aðilar þurfi talsverðan tíma til að sætta sig við sjónarmið hvors annars. Þeir hafa ekki boðað nein verkföll, og það verður sennilega ekki auðvelt að leysa þar suma þætti, á sama tíma, sem útgerðarmenn segja, að þeir ætli sér að knýja fram verulega lækkun á þeim kjörum, sem gilt hafa nú um þriggja ára skeið á skuttogurunum, en fulltrúar sjómanna segja, að það muni dragast, ekki aðeins í nokkur ár, heldur áratugi, áður en þeir samþykki slíkt. Það er vandamál út af fyrir sig, hvernig fer með þá samninga. En þar gengur nú allt án árekstra, þó að þessar viðræður eigi sér enn þá stað. Ég álít því, að það sé ekki tilefni til þess, eins og sakir standa, að gera mjög mikið úr þeim ágreiningi, sem er á milli útgerðarmanna og sjómanna og er yfirleitt minni háttar samningsatriði, fyrir utan þetta eina stóra, sem ég nefndi og vitað er um, að hefur verið ágreiningur um þeirra á milli í langan tíma.

Hv. þm. vék hér að því, að það hefði gerst nú, að loðnuskip hefðu gripið til þess ráðs að dæla loðnunni aftur í hafið og fleygja veiði sinni á þann hátt. Í tilefni af því vil ég segja það, að sjútvrn. mun láta kanna þessar sögusagnir, að hve miklu leyti þær séu réttar. Ég hygg, að það hafi ekki verið mikil brögð að þessu, þó að það kunni að hafa gerst. Það hefur sem sagt komið upp, að nokkuð af þeirri loðnu, sem menn hugðu, að væri hægt að frysta til útflutnings, hefur reynst óhæft til frystingar vegna átu, sem ekki hefur komið fram í loðnunni áður. Þegar svo um er að ræða litla báta, sem telja sér alls ekki fært að fara þangað með sína farma, sem verksmiðjur eru opnar, m.a. vegna veðráttunnar, þ.e.a.s. sigla norður fyrir land eða austur fyrir land, þá kann að vera, að einhver hafi gripið til þessa óyndisúrræðis. En það hlýtur þá að byggjast á mikilli tregðu og furðulegri framkomu þeirra verksmiðjueigenda hér á þessum slóðum, sem ekki hafa tekið litla farma af litlum bátum. Ég hef oftar en einu sinni leitað til forstöðumanna verksmiðjanna hér við flóann til þess að bjarga í slíkum tilfellum, og þeir hafa alltaf orðið við því að bjarga þessum litlu bátum. En hafi þetta gerst, þykir mér, að það hafi verið einkennilegt samband á milli verksmiðjueigenda og þeirra útgerðarmanna, sem þarna hafa átt hlut

að máli, að þurfa að grípa til þessa óyndisúrræðis.

Að öðru leyti tel ég svo ástæðu til þess að minnast á það, að þegar það gerist eins og nú, að veiði er mikil og um fleiri báta að ræða, sem stunda veiðarnar, en áður og það er um löndunarstöðvun að ræða, þá koma að sjálfsögðu þær spurningar, hvort nægilega hafi verið unnið að því að auka við vinnsluafköstin. Það er auðvitað alltaf álitamál. En í þessum efnum vil ég undirstrika þetta: Tvær verksmiðjur allafkastamiklar bættust hér við á þessari vertíð að mestu leyti. Það eru Vestmannaeyjaverksmiðjurnar, sem lítinn þátt gátu tekið í vinnslunni á síðustu vertíð. Það hafa farið fram nú á milli vertíða mjög miklar og kostnaðarsamar umbætur svo að segja í öllum verksmiðjum landsins. Í þær umbætur hefur verið varið á þessu ári nokkrum hundruðum millj. kr. Þar er hvort tveggja um að ræða þó nokkra afkastaaukningu, en þó fyrst og fremst umbætur í vinnslunni og breytta móttökuaðstöðu, en nýjar verksmiðjur hafa ekki verið byggðar. Ég býst við því, að jafnvel þó að ráðist hefði verið í slíkar framkvæmdir, er ótrúlegt, að þær hefðu verið komnar, þessar nýju verksmiðjur, í notkun fyrir þessa vertíð. Þá hafa frystihúsin einnig gert ráð fyrir því að meira en tvöfalda sína móttöku á loðnu frá því, sem áður var, og haft í frammi mjög mikinn og kostnaðarsaman undirbúning. — Ég sé ekki ástæðu til þess að fara fleiri orðum um þetta.

Hv. 10. þm. Reykv. sagði, að sér væri kunnugt um, að yfirmenn á fiskiskipunum hefðu ekki fengið neinar upplýsingar um þær skattamálatill., sem fyrir lægju frá ríkisstj., þrátt fyrir loforð frá mér þar um. Þar er fyrst þess að geta, að ég hef áður látið þá hafa þau gögn, sem fram voru komin og segja mest af því, sem enn er hægt að segja í þessu máli. Auk þess er það svo, að eins og ég sagði, var ég með þeim á fundum allan seinni hluta dagsins í gær og fram á kvöld og hafði einmitt sagt þeim þar, að viðbótarfréttir, sem ekki væru ýkjamiklar, af þessum málum hefði ég með mér. En enginn þeirri óskaði sérstaklega eftir þeim á þessum viðræðufundum. Það er eina ástæðan til þess, að ég bætti ekki þeim litlu fréttum við, sem hefði verið hægt að veita þeim, en er auðvelt fyrir þá að sækja hvenær sem er. Og ég ætla, að þeir þurfi ekki neinn meðalgöngumann eins og hv. 10. þm. Reykv. til þess að fá þessar upplýsingar, því að þeir vita, að þær hafa legið alveg á lausu.

Ég vil svo vænta þess, að hv. þm. sjái, að það er varla hægt að ætlast til þess, að ríkisstj. gefi hér daglega ítarlegar skýrslur um gang samningaviðræðna á milli atvinnurekenda og verkamanna, því að ég veit ekki annað en það hafi verið endurtekið svo að segja daglega í fréttamiðlum, að aðilar, sem þarna sitja að samningum, óski ekki eftir því, að miklar frásagnir af því, sem fer fram við samningaborðið hjá þeim, færu út af þeirra fundum. Það er því vitanlega engin aðstaða fyrir ríkisstj. að birta hér neina ítarlega skýrslu um það, annað en þetta, sem ég hef sagt, að ég tel, að viðræðunum miði mjög eðlilega áfram og full ástæða sé til að vænta þess, að ekki verði hér um nein verkföll að ræða.

Pétur Sigurðsson: Herra forseti. Það er í sjálfu sér ákaflega erfitt að gera hér aðeins stutta aths., eins og hæstv. forseti tilkynnti, eftir sumt af því, sem fram kom hjá hæstv. ráðh. út af þessum tiltölulega einföldu spurningum, sem ég leyfði mér að beina til hans. Hann fullyrti, að hann hafi ekki neitt vitað um þessa fsp., þótt einkaráðunautur hans í rn. hafi fengið um það að vita í morgun, að efnislega slíkar spurningar yrðu lagðar fyrir hann, hann hefði ekkert vitað um þær og, eins og hann tók til orða, ræki ekkert eftir slíkri munnlegri fsp., það mætti vel koma fram með prentaða fsp. Hæstv. ráðh. Lúðvík Jósepsson telur nú, að ekkert reki á eftir slíkri fsp., þegar það liggur fyrir, að allsherjarverkfall eða því sem næst er boðað á næstu dögum. Öðruvísi mér áður brá, þegar þessi maður, hæstv. núv. ráðh., var í stjórnarandstöðu og stóð hér upp nær daglega til þess að spyrja þáv. ríkisstj., hvernig samningamálum háttaði. Þótt hann haldi, að samningar séu fram undan, álít ég, að svo geti farið, að verkfall skelli yfir. Við skulum vona, að ég vona það með hæstv. ráðh., að til þess komi ekki, og veit ég, að það gera allir, hvort sem þeir eru samningamenn úr röðum verkalýðsfélaga, sjómannafélaga eða frá atvinnurekendum, og að sjálfsögðu hlýtur þetta að vera meginósk þeirra, sem fara með stjórn þjóðmála. Þetta vita auðvitað allir.

En spurningin er sú, sem ég lagði fram: Hefur verið gert það, sem gera þarf? Það hefur komið fram mikil gagnrýni á þetta frá verkalýðsfélögunum og öðrum aðilum, sem í samningum standa. (Gripið fram í.) Já, líka frá aðilum verkalýðsfélaga, hæstv. ráðh.

Ég sagði, að aðilar úr samninganefnd yfirmanna hefðu í gærmorgun ekki fengið þær upplýsingar, sem hæstv. ráðh. lofaði í s.l. viku. Hann segir: Ég var með þetta í vasanum. Vera má, að þeir hafi ekki spurt um það, vegna þess að þeim hafi verið kunnugt um það eftir öðrum leiðum, að þetta var hætt að varða þá. Þetta var svo ómerkilegt og lítið, að þetta varðaði þá ekki í þeirra samningum, og þá kannske halda þeir sig frekar við harðari og hærri kröfur en máske hefði verið haldið á og mun verða haldið á hjá mörgum aðilum, ef slíkt kæmi til greina, eins og fyrirgreiðsla opinberra stjórnvalda í þessum tveim greinum, sem ég minntist á, og þar á ég við til skattalækkunar og til úrbóta í húsnæðismálum. Það rengir enginn þau orð mín, að það hefur bæði verið krafa Alþýðusambands Íslands, allrar verkalýðshreyfingarinnar og loforð ríkisstj. að reyna að koma þar á móti í þessum málum. (**Fjmrh.:** Það er búið að vinna að því margar vikur.) Ég veit, að hæstv. fjmrh. hefur verið að vinna í þessu dag og nótt að undanförnu. Ég þekki til einnar till., sem frá honum kom og hans starfsmönnum fyrir nokkrum vikum, og ég minni hann á það, hvaða afgreiðslu sú till. fékk hjá sömu samtökum. Að vísu veit ég líka, að það hefur verið unnið að úrbótum á þeim till., og ég vona það hreinskilnislega, að út úr því megi koma eitthvað til úrbóta fyrir þessa aðila.

En mér finnst harla undarlegt, þegar hæstv. sjútvrh. tekur undir þessar vitleysislegu yfirlýsingar frá mönnum úr samninganefndum verkalýðsfélaganna, að það sé sjálfsagt að halda áfram

að taka við loðnu í þær verksmiðjur, sem hefur verið boðað til vinnustöðvunar hjá. Hvaða sveitarfélag, hvaða samvinnufélag, hvaða einstaklingur getur leyft sér að reka fyrirtæki upp á þetta, þótt hæstv. ráðh. haldi því fram hér í hv. þd., að þetta hráefni verði hið sama, jafnvel þótt það bíði í mánuð? Jú, hann bætir því við: Það er engin hætta á verkfalli, það verður ábyggilega samið, fullyrðir hann. Ég veit ekki, hvaðan hann hefur leyfi til að fullyrða slíkt. Ekki þekki ég til þess. Hitt veit ég, að slíkt hráefni, sem geymt er með rotvarnarefnum er farið að láta á sjá þegar liðnir eru nokkrir dagar, og orðið minna að verðmæti en áður var, og þegar mánuður er liðinn, spái ég því, að slíkt hráefni sé ónýtt.

Herra forseti. Ég skal ekki níðast á góðmennsku þinni með því að hafa þessi orð miklu fleiri, þótt það væri ærin ástæða til að ræða þetta mál miklu ítarlegar. Það er furðulegt, að bæði hæstv. ráðherrar og forsetar skuli ekki leyfa, að þessi mál séu rædd frekar en gert hefur verið hér á Alþingi Íslendinga. Ég skal fylgja þeim þingsköpum, að þetta hafi aðeins verið aths. hjá mér, þótt margir menn hafi kvatt sér hljóðs til þess að ræða um þetta mál, og hefði kannske verið full ástæða milli þm. að ræða þetta jafnt eins og milli þm. og ráðh.

Það var þó eitt atriði, sem ég verð að gera aths. við í máli hæstv. ráðh. Hann sagði í sambandi við eina fsp. mína, að loðnuverksmiðjur á Suðvesturlandi mundu halda áfram að taka á móti loðnuúrgangi vegna eindreginna tilmæla ríkisstj. hefði verið ákveðið að halda þessari móttöku áfram. Nú geri ég ráð fyrir, að það komi ýmsar aðrar skoðanir fram frá aðilum og m.a. þessum aðilum innanlands, m.a. þær, að þetta eins og kannske sumt annað, sem þessi hæstv. ráðh. hefur farið með hér á Alþ. á undanförnum missirum og árum, séu ekki alveg sannleikanum samkv. held ég, að þetta sé ekki þannig í pottinn búið eins og hæstv. ráðh. vill láta í veðri vaka. Ég held, að þannig hafi staðið á, að þessar verksmiðjur hafi verið búnar að lofa frystihúsunum, sem taka á móti loðnu til frystingar, að taka á móti úrgangi til vinnslu, a.m.k. þar til kæmi til vinnustöðvunar, en þá hafi verið hringt úr Stjórnarráði Íslands til þeirra og beðið um að láta þess getið, að þetta væri ósk ríkisstj., ekki ákvörðun þeirra. Vera má, að þetta sé rangt, en það mun þá verða leiðrétt. En alla vega veit ég það, að þótt hæstv. ráðh. leiðrétti þessi orð mín nú á þann veg, að þau séu röng, þá mun koma önnur fullyrðing í fjölmiðlum á morgun um, að það sé rétt, sem ég er að segja núna.

Ég skal, herra forseti, láta þessum orðum mínum nú lokið í sambandi við þetta mál. En eins og ég tók fram áðan, væri full ástæða til að ræða ýmis ummæli hæstv. ráðh. í löngu máli og þó sérstaklega þau ummæli hans og skoðun, að ekki sé hætta á því, að verkfall skelli yfir, og kannske þá skoðun hans um leið og aðgerðir, að óhætt sé að sofa á málum, þar til kemur að sjálfu verkfallinu. Ég veit ekki, hvaðan hann hefur þær fullyrðingar eða af hverju hans skoðun sé sú, að ekki komi til verkfalls, eftir að staðið hefur verið í samningaumleitunum í rúma 4 mánuði og ekkert hefur miðað frá sjónarmiði almennings. Auðvitað vitum við, sem fylgjumst með samningunum, að nokkuð hefur miðað, og við skulum vona, að samningar geti tekist. En hvernig hæstv. ráðh. getur haft þá vitneskju, að ekki komi til verkfalls, það er mér algerlega útilokað að sjá. Og ég geri ráð fyrir því, að fleiri séu sama sinnis.

Ég vil aðeins að lokum segja það, herra forseti, að ég er sammála hæstv. ráðh. um það, að auðvitað er ekki heppilegt, að það sé gripið inn í samninga verkalýðsfélaga eða launþega og vinnuveitenda með beinum aðgerðum ríkisvaldsins. Hins vegar þekkjum við það á undanförnum árum og áratugum, hálfum öðrum áratug, að það hefur oft verið farsælt, ef ríkisstj. í viðkomandi tilfelli hefur beitt sér fyrir lausn, sem báðir aðilar gætu fallist á. Þetta hefur oft verið á grundvelli ýmislegra félagslegra úrbóta, eins og við þekkjum dæmi til. En það er ekki von, að blitt gangi um þessar samningaviðræður, þegar ekkert verður úr úrlausn þeirra félagslegu úrbóta, sem lofað er í byrjun samninga, um leið og kröfur koma fram, og engar úrbætur sjást, sem ríkisstj. hefur þó máske lofað. Og það er máske þessi spurning, sem vakir fyrir mörgum aðilum, sem í samningaumleitunum standa nú og ekki vita um það. En hins vegar má vera, að flokks- og félagsmenn hæstv. ráðh. viti eitthvað um þetta. Þeir munu mest hafa leitt þá samninga, sem nú hafa staðið og eru lengstu samningaviðræður, sem átt hafa sér stað á Íslandi til þessa. Þeir hafa leitt þessar samningaviðræður fram til þessa dags.

Jón Snorri Þorleifsson: Herra forseti. Ég skal reyna að verða við tilmælum forseta um að hafa það stutt, sem ég segi hér. Ég get gert það af ýmsum ástæðum. Enda þótt samningar verkalýðshreyfingarinnar við atvinnurekendur hafi nú staðið yfir í 4 mánuði, eru þeir á því stigi nú, að ég tel ekki rétt sem einn af þátttakendum í þeim samningum að fara að ræða það mál ítarlega hér á Alþ.

Það, sem gaf mér tilefni til að koma nú upp í ræðustól, voru ummæli hv. 10. þm. Reykv. um félaga mína, sem eru í samninganefndum verkalýðshreyfingarinnar, þar sem hann talar um, að þeir séu að gefa vitlausar yfirlýsingar. Það var í fyrri ræðunni. En úr stuttu aths. á eftir skrifaði ég orðrétt, að ég held, en sé það rangt hjá mér, þá óska ég leiðréttingar á því, en ég skrifaði orðrétt. „Vitlausar yfirlýsingar samninganamanna verkalýðsfélaganna."

En það var ýmislegt, sem kom fram í ræðu þessa ágæta þm., sem er athyglisvert fyrir einmitt fulltrúa verkalýðshreyfingarinnar, sem í samningunum standa. Eins og kunnugt er, voru fyrstu svör atvinnurekenda, þegar loksins einhver svör komu frá þeim, kauplækkunartill., m. a. frá þeim atvinnurekendum, sem síðar urðu reiðir yfir því að fá ekki undanþágu frá verkfalli til loðnumóttöku og svöruðu með því að neita að taka á móti loðnu. Það er athyglisvert, að það skuli vera 10. þm. Reykv., sjómaðurinn Pétur Sigurðsson, sem sér ástæðu til þess að koma hér nú á viðkvæmu augnabliki í samningamálum verkalýðshreyfingarinnar og taka undir þá kröfu atvinnurekenda, að gefin sé undanþága

til loðnumóttöku. Þetta hygg ég, að fleiri samninganefndarmönnum en mér mundi þykja athyglisvert orð af hálfu sjómannsins Péturs Sigurðssonar. Ég harma, að þetta skuli koma einmitt frá honum.

Það var einungis þetta, sem ég vildi vekja hér athygli á, ég skal reyna að standa við það að hafa ekki þessi orð fleiri. Ég vona, að ég hafi ekki hagað orðum mínum þannig, að hv. þm., — ég held, að hann megi ekki taka til máls aftur, er það ekki rétt? — ég hef ekki gefið honum ástæðu til mikilla aths. hér á eftir.

Sverrir Hermannsson: Herra forseti. Ég vil beina því til hæstv. forseta, að þegar svo mikilvægt mál er til umr. sem þetta hér, verði þessari nýju reglu þeirra um takmarkaðan ræðutíma ekki beitt svo harkalega sem raun ber vitni um.

Ég hygg, að ég geti svarað fyrir hv. 10. þm. Reykv. að því er laut að ummælum hans um vitlausar yfirlýsingar, frámunalega vitlausar yfirlýsingar, eins og hann orðaði það í fyrri ræðu sinni. Hann sagði þar orðrétt, að það hefði verið frámunalega vitlaus yfirlýsing eins af samningamönnum verkalýðshreyfingarinnar, sem þarna átti hlut að máli. Og það verður að segjast eins og er, að ég hygg, að það verði ekki með rökum sýnt fram á það, að þetta hafi ekki verið frámunalega heimskuleg yfirlýsing, svo að ekki sé meira sagt, um þau ráð, sem hann vildi grípa til í tilefni af því, að fyrirsvarsmenn verksmiðja á Suðvesturlandi höfðu ekki talið sér fært að taka við loðnu, þar sem boðuð höfðu verið verkföll nú innan örfárra daga. Það má á það minna, að ég hygg, að ég hafi heyrt það rétt í fjölmiðlum í gær, að þegar loðnuþrær hjá Síldar- og fiskimjölsverksmiðjunni á Kletti hér í Reykjavík eru fullar, muni verðmæti hráefnisins sjálfs nema milli 40 og 50 millj. kr. Það er rétt, að það má með góðri umhirðingu geyma loðnu alllengi, þannig að hún verður eftir sem áður sæmilegt hráefni, en glatar vitanlega mjög miklu af verðmæti sínu.

Það, sem málið snýst kannske aðallega um, og það, sem orðfært hefur verið hér áður í umr. í þessu efni, er þetta, að hæstv. ríkisstj. hefur verið gagnrýnd fyrir það, að á henni hafi staðið alveg sérstaklega með tilliti til úrbóta í tveimur mjög þýðingarmiklum þáttum hagsmunamála verkalýðsins, sem hún hafði fyrir einum fjórum mánuðum dregist ákveðið á að veita. Þær úrbætur hafa látið á sér standa. Þetta eru úrbætur í skattamálum, sem þegar í upphafi var sett fram ákveðin krafa um af hálfu verkalýðshreyfingarinnar, og í húsnæðismálum. Það hefur tekið hæstv. ríkisstj. miklu lengri tíma að leggja fyrir þessar úrbætur og lagfæringar á skattamálunum en tók hana haustið 1971 að setja öll núgildandi skattalög. Og ég verð að skjóta því hér inn í, að það kom fram í umr. um daginn hjá hæstv. forsrh., að *mig minnir*, að fyrir samninganefnd verkalýðsins hefðu verið lögð drög að breytingum á skattalögum. Ég verð nú að segja það alveg eins og er, að mér hefði fundist fullkomin ástæða til þess, að hv. alþm. hefðu fengið að líta á þessi drög. Það hefði getað sparað tíma, ef þeir hefðu getað gert sér grein fyrir því, hvað hér væri um að tefla. Það hefði gjarnan mátt afhenda þetta sem trúnaðarmál. Vitanlega er það að fara aftan að hlutunum að ræða við hvaða aðila sem er í þjóðfélaginu um þýðingarmikil löggjafaratriði og ganga alveg fram hjá hinu háa Alþ. í því sambandi. Þetta hefði verið hægt án þess að hætta neinu til um það, að þetta hefði þurft að verða opinbert mál, — hefði getað skapað skilning og sparað tíma til þess að vinna þessu máli framgang.

Ég vil aðeins víkja að því, sem fram kom hjá hæstv. sjútvrh., sem sagði um sjómannasamningana, að fulltrúar sjómanna hefðu látið þess getið, að útgerðarmenn hefðu í frammi þær kröfur um breytingar á kjarasamningum á skuttogurum, að það mundi taka ár eða áratugi að ná þeim fram. Ég skal ekkert um þetta dæma. En hann hefði kannske átt að láta þess getið í leiðinni, hvers vegna slíkar kröfur eru fram komnar. Þær eru ekki komnar fram vegna þess, að útgerðarmenn telji, að starfsmenn þeirra á skipunum séu of hátt launaðir, þótt hásetahlutur fari e. t. v. að jafnaði upp í 100 þús. kr. á mánuði eða losi það, fyrir utan klæði og ýmiss önnur hlunnindi, þ. á m í skattamálum. Það er ekki höfuðatriðið, heldur það, að rekstrargrundvöllur fyrir þessi skip er ekki fyrir hendi. Og með einhverjum hætti reyna þessir útvegsmenn að sjá málum sínum borgið. Það hefur a. m. k. ekki verið gert hingað til af hæstv. ríkisstj., enda þótt hæstv. sjútvrh. hafi fyrir löngu haft um það góð orð og hafi, að því er ég best veit, haft starfandi n. manna til þess að rannsaka stöðu þessa útvegs. Útgerðarmenn beina e. t. v. huga sínum að þessu atriði af þeim sökum, að nú í dag, þegar fækkað hefur verið mönnum um borð í þessum nýju skipum vegna tækninýjunga úr 31 í 23, þá skuli samt sú staðreynd blasa við, að nákvæmlega jafnmiklu af afla er skipt milli þessara 23 manna og milli 31 áður.

Ég legg áherslu á það, að höfuðatriði málsins má ekki verða það, að það sé sérstaklega beint geiri sínum að kjörum skipverjanna sjálfra. Úrbætur verða að nást með öðrum hætti, vegna þess að þótt þeir séu sæmilega haldnir í kaupi og kjörum, þá er það ekki of í lagt, miðað við, að þessir menn dvelja helftina úr árinu, og þó miklu meira, að heiman frá sér og fjarri sínni fjölskyldu, og ýmislegt annað kemur þar til greina, sem óþarft er að telja eða tína til nú.

Ég held, að það liggi fyrir og niðurstaða þeirrar n., sem skipuð var til þess að rannsaka þessi mál, sé, að rekstrargrundvöllurinn er ekki fyrir hendi, og þá er augljóst mál, að ekki eru líkur fyrir því, að samningar gangi greiðlega, þegar svo ber til, að annar samningsaðilanna telur sig ófæran um að ganga frá samningum um kaup og kjör, vegna þess að staða atvinnuveganna er með þeim hætti, að þess er enginn kostur að standa undir þeim útgjöldum, sem þeir væru þá að undirrita samninga um. Þetta má alveg augljóst vera, og væri gjarnan mjög þénugt að fá um það einhver orð frá hæstv. ráðh., hvort hann hefur ekki fljótlega í huga að bera fram till. til úrbóta í þessu efni.

Ég tek undir það, að auðvitað er varhugavert að hafa í frammi á viðkvæmum stigum samninga-

mála háværar umr. um hina ýmsu þætti þeirra. En alla vega, eins og málum er komið nú, þegar hæst stendur í stönginni varðandi loðnuveiði, sem eru einhver mestu uppgrip, sem við höfum nokkru sinni haft, þegar þannig standa mál og fyrir liggur, að e. t. v. muni verða að hætta þeim veiðum vegna yfirvofandi verkfalla, þá er ekkert eðlilegra og sjálfsagðra en hið háa Alþ. taki málið til alvarlegrar yfirvegunar og gefi sér betri tíma en hæstv. forsetar hafa skammtað til slíkra umr.

Hv. 8. þm. Reykv. hneykslaðist á og undraðist mjög, að Pétur Sigurðsson, hv. 10. þm. Reykv., hefði tekið undir þá áskorun vinnuveitenda að gefa undanþágu í þessu efni. Pétur Sigurðsson er að sjálfsögðu í fyrirsvari fyrir verkalýðssamtök. En það má vera forherðing hugarins, ef það er hjá hv. 8. þm. Reykv. eitthvað hliðhallt við réttsýni, að fulltrúi sjómanna, sem nú stunda loðnuveiðar t. d. og eiga slík uppgrip í boði sem þar eru, hvetji til þess, að á það verði litið sérstaklega af verkalýðshreyfingunni, að þessi miklu uppgrip verði ekki stöðvuð, uppgrip til handa umbjóðendum hans og til handa þjóðfélaginu öllu. Það má vera orðin vönduð spilamennska og háþróuð innan þessarar verkalýðshreyfingar, ef það er ekki leyfilegt einu sinni fyrir mann, sem þó er í fyrirsvari þar, að leggja áherslu á, að slíkum ókjörum linni og tekið sé sérstakt tillit til þess arna til þess að bjarga verðmætum, sem okkur ríður lífið á að draga í land og vinna til fullnustu.

Ég hef kannske orðið langorðari en ég ætlaði og reynt á þolinmæði hæstv. forseta. En ég legg áherslu á, að hér er um svo mikilsvert mál að ræða, að við hljótum að gefa okkur tíma til að staldra við og velta því vandalega fyrir okkur. Ég endurtek, að það er alveg ljóst, og það er aðalinnihald þessara umr., að það stendur upp á hæstv. ríkisstj., það stendur stórlega upp á hana, hún á kannske höfuðsök á því, hversu óhæfilega þessir samningar hafa dregist á langinn. Það stendur upp á hana, af því hún hafði axlað og að sér tekið að bera fram úrbætur í þessum geysilega þýðingarmiklu málaflokkum, sem verkalýðshreyfingin hefur fyrir löngu lýst yfir, að væru eitt meginatriði kjarabaráttunnar nú.

Forseti (Gils Guðmundsson): Í tilefni þeirra ummæla hv. 4. þm. Austf., að forsetar hafi tilhneigingu til þess að beita harkalega nýrri reglu í sambandi við umr. utan dagskrár, vil ég aðeins taka fram, að ég tel, að ég hafi ekki beitt neinni nýrri reglu sérlega harkalega, hvorki nú né áður. Hins vegar hafa það verið tilmæli mín og okkar forseta til hv. þm. og hæstv. ráðh., að umr. utan dagskrár beinist að tilteknum spurningum og þá ákveðnum svörum við þeim, en verði ekki almennar stjórnmálaumr., því að þá kynni að vera stefnt í óefni, ef svo færi, þar sem verkefni þingsins eru margvísleg.

Ég tel ástæðu til að benda á, að í ýmsum þeim tilvikum, þegar fsp. er beint til ráðh. utan dagskrár, virðist mér auðvelt að gera það á hinn venjubundna hátt, með því að leggja hana fram skriflega. En ég viðurkenni, að það eru slík undantekningartilfelli, þegar um mál er að ræða, sem koma upp skyndilega, sem eru algerlega tímabundin, að þá er eðlilegt, að umr. um þau fari fram utan dagskrár. En þó hlýtur að verða að taka tillit til þess, að þær verði ekki að almennum stjórnmálaumr., þar sem tiltölulega er mjög auðvelt að koma hverju máli að, sem ekki kemur upp á skyndilega, með eðlilegum þinglegum hætti.

Ég vil aðeins árétta þetta með því að benda á, að í þingsköpum Alþingis er mér vitanlega ekki eitt einasta atriði um umr. utan dagskrár og það virðist því vera algerlega á valdi forseta hverju sinni, hvort þeir heimila þær og þá með hvaða takmörkunum.

Ég tel ástæðu til að víkja að þessu, að ég tel mig ekki hafa beitt neinni nýrri reglu harkalega, en hef æskt þess, sem hv. þm. og hæstv. ráðh. hafa yfirleitt tekið til greina, að úr slíkum umr. utan dagskrár verði ekki almennar stjórnmálaumr.

Sjútvrh. (Lúðvík Jósepsson): Herra forseti. Það er sýnilegt, að þetta eru almennar stjórnmálaumr., hvað sem þær eru kallaðar. Það er búið að gera þær að því, því að hér hefur ekki dugað að koma fram með fsp. og fá svör við þeim, heldur vilja menn fara að ræða öll samningamál og allt, sem gerst hefur í þeim síðustu 4 mánuði.

Auðvitað vissu allir, að það var auðvelt í sambandi við það, sem hér hefur verið spurt um, loðnumálin, að spyrjast fyrir um það í máli, sem hér er á dagskrá, þar sem er frv. um loðnumál. Það var aðeins þetta, að hv. 10. þm. Reykv. vildi endilega fá mynd af sér á sjónvarpsskermi og láta geta sín alveg sérstaklega. Þá þurfti hann að troða sér upp hér utan dagskrár og gera sig merkilegan. Hann vissi mætavel, að ef hann hefði spurt um þetta sama á venjulegan hátt í umr., hefði hann fengið svör. (**Gripið fram í:** í umr. um hvað?) Um loðnufrv., sem er hér á eftir. Við skulum ræða um það þá. En hér þurfti sem sagt annað til. Hv. þm. þurfti endilega að ná sér í mynd af sér á skerminn á þennan hátt. Hvað um það, hann hefur gaman af að horfa á þá mynd, þótt aðrir hafi það kannske ekki.

En í sambandi við það, sem hefur komið fram hjá hv. 10. þm. Reykv., vil ég sérstaklega vekja athygli á einu. Hann hefur sagt hér, að frá einum tilteknum manni hafi komið sérstaklega fáránleg yfirlýsing um það, hvernig ætti að fara að tryggja löndun á loðnu, ef verksmiðjur við Faxaflóa lokuðu fyrir loðnumóttöku. Ég verð að segja það, að sú yfirlýsing, sem hv. 10. þm. Reykv. hefur gefið hér, er furðuleg og hennar mun verða minnst, því að hann sagði beinlínis, að hann væri hissa á því, að ráðh. hefði tekið undir þessa skoðun, að ætlast til þess, að verksmiðjur hér héldu áfram að taka við loðnu, þó að yfirvofandi væri verkfall. (Gripið fram í.) Já, það var aldeilis óskaplegt að hugsa sér það, að verksmiðjurnar hér við Faxaflóa héldu áfram að taka við loðnu, þangað til verkfall hefur skollið á, eins og allar aðrar verksmiðjur í landinu gera. Hann er ekki að hugsa um hagsmuni

sjómanna, sá sem talaði á þennan hátt. Hann er meira að hugsa um að reyna að koma á verkfalli, reyna að koma á stöðvun, — hann er meira að hugsa um það, því að hann mælir upp í þeim, sem taka sig einir út úr og neita að taka við loðnu til bræðslu, eins og allir aðrir gera, og ætlar að ásaka hina fyrir ábyrgðarleysi, sem leyfa sér að taka loðnu til vinnslu, sem þó er mikill meiri hl. verksmiðja í landinu.

Sannleikurinn er sá, að það hefur ekki enn þá reynt á þetta, þótt uppi hafi verið hafðar hótanir um það, einkum frá einni verksmiðju hér í Reykjavík, að hætta að taka á móti loðnu til vinnslu vegna þeirrar áhættu, sem því fylgir, að eitthvað kunni að verða eftir óunnið. Það hefur aðeins reynt á það lítillega hjá þessari einu verksmiðju, sem hafði tekið nokkurn veginn í sitt rými. Hjá öðrum verksmiðjum hefur ekki reynt á þetta enn þá, því að þær hafa haldið áfram að taka við úrgangsloðnu sem nemur álíka miklu og þær afkasta daglega. Og ég er satt að segja ekki farinn að trúa því, að stjórnendur fiskimjölsverksmiðjanna hér í Reykjavík standi við þetta, að neita einir allra að taka við loðnu til vinnslu, þegar allir aðrir gera það og þegar sérstaklega er haft í huga, að ýmsir stærstu útgerðarmenn landsins eiga einmitt verksmiðjuna hér í Reykjavík, jafnvel þó að hv. 10. þm. Reykv. skori á þá á óbeinan hátt að stöðva móttöku og jafnvel þó að hv. 4. þm. Austf., Sverri Hermannssyni, þyki þetta líka eðlilegt, af því að hráefnið í geymslu verksmiðjunnar geti numið í kringum 40 millj. kr. Ætli það nemi ekki álíka miklu hjá öðrum, sem geta tekið jafnmikið? Eða er hv. 4. þm. Austf. að ásaka alla hina fyrir ábyrgðarleysi, sem taka nú við loðnu í sínar þrær og hafa þó sömu áhættu yfir sér? (**Gripið fram í:** Hver er áhættan?) Vissulega er alltaf einhver áhætta, það umflýr það enginn, þegar verkföll skella á. Ef svo fer, verður um einhverja áhættu að ræða. En ég tel, að það sé engin slík áhætta á ferðinni fyrir þessar verksmiðjur, að sé ástæða til þess fyrir þær að taka sig út úr á þennan hátt, og aðrar verksmiðjur hér í nágrenninu hafa ekki viljað taka undir þetta. En það hefur hver sína skoðun á þessu. mín skoðun er sú, að það hefði verið eðlilegt, að verksmiðjurnar hér hefðu tekið á móti loðnu, þar til a. m. k. fullséð varð, að verkfall skylli á. Hv. 10. þm. Reykv. og hv. 4. þm. Austf. eru hins vegar á þeirri skoðun, að þær eigi að hætta móttöku, það sé of mikið ábyrgðarleysi af þeim að taka við loðnunni af bátunum. Þeir um það, þó að þeir hafi þessa skoðun.

Hv. 10. þm. Reykv. sagði hér hvað eftir annað, að ég hefði fullyrt, að ekki kæmi til verkfalls. Hann er álíka nákvæmur venjulega í sínum málflutningi. Ég tók það beinlínis fram og margsinnis, að það væri mín skoðun, að auðvitað gæti enginn fullyrt um það, hvort það yrði verkfall eða ekki, það væri ekki á valdi manns að fullyrða um það. En þó að ég segði þetta, kom hv. þm. hér upp og sagði, að ráðh. hefði fullyrt, að það yrði ekkert verkfall. Svona er nákvæmnin hjá þessum hv. þm. En það er ekki aðeins í þetta skiptið, hún er svona yfirleitt.

Þá hafði hv. 10. þm. Reykv. þá furðulegu sögu að segja um verksmiðjurnar hér við Faxaflóa, þær sem hafa gefið yfirlýsingu um, að þær hafi fallist á að taka við loðnu til bræðslu frá frystihúsum vegna eindreginna tilmæla ríkisstj., hann sagði það á sinn sérstaka hátt, að þær væru að segja ósatt, þó að þær hafi birt um þetta tilkynningu. Hann segir, að þær hafi verið búnar að ákveða þetta, en hafi verið beðnar um að segja, að ríkisstj. hefði beðið um það. Hún hefur auðvitað aldrei gert það. Og hann bætti því við á venjulega Morgunblaðsvísu, að það skipti engu máli, þó að ráðh. mótmæli þessu og segi, að þetta sé ósatt, við munum fullyrða annað í Mogganum á morgun, það mun birtast á morgun önnur fullyrðing, segir hann. Já, þetta er auðvitað hægt. Ég efast ekkert um, að hann getur birt svona fullyrðingu. Hann getur haldið því áfram. En hvað um það, hitt liggur nú fyrir og verður ekki hlaupið frá því, að ég hef rætt við eigendur þessara verksmiðja, bæði á sunnudag og mánudag, um þessa loðnumóttöku, og þeir hafa orðið við þessu. Það er rétt, þeir hafa þegar látið undan miklum þrýstingi frá ýmsum aðilum um það að taka við loðnu af einstaka bátum. En eigi að síður lá fyrir yfirlýsing þeirra og opinber tilkynning um, að þeir tækju ekki á móti meiri loðnu, og þeir breyttu þeirri tilkynningu og gátu þess, að þeir hefðu gert þetta m. a. vegna sérstakrar beiðni frá ríkisstj. Hv. þm. getur auðvitað haldið áfram að stagast á því, að þetta sé ekki rétt. Hann má gera það, hann gerir aðeins sjálfan sig hlægilegan á því.

En annað var það svo, sem kom hér fram í þessum umr., bæði hjá hv. 10. þm. Reykv. og eins 4. þm. Austf., að ástæðan til þess, að ekki væri búið að semja í verkföllunum, væri sú, að það hafi staðið á ríkisstj., það væri mergurinn málsins, sagði hv. 4. þm. Austf. og þóttist þar allt vita. En það var rétt það eins og hann vissi ekki, að staðið hafa yfir samningar á milli verkalýðsfélaganna í landinu og atvinnurekenda nú mánuðum saman. Ríkisstj. hefur fyrir sitt leyti t. d. tekið ákvörðun um það, að hún væri reiðubúin til að gera ákveðið tilboð til verkalýðsfélaganna um samningsgrundvöll af sinni hálfu varðandi sín ríkisfyrirtæki, en vegna eindreginna tilmæla bæði atvinnurekenda og nokkurra forustumanna úr verkalýðshreyfingunni hefur ríkisstj. látið bíða að gera þetta tilboð, af því að þessir aðilar hafa fullvissað ríkisstj. um það, að þeim miðaði verulega áfram í þá átt að ná samningum. Fulltrúar verkalýðshreyfingarinnar hafa margsinnis lýst því yfir í votta viðurvist, að það væri rangt, að það stæði sérstaklega á svörum frá ríkisstj. varðandi skattamál og húsnæðismál. Þeir hafa tekið það greinilega fram, að þeir væru ekki viðbúnir að segja til um afstöðu sína til þeirra hugmynda, sem þarna hafa verið settar fram, fyrr en þeir sæju, hvernig færi með launakjaramálin almennt. Það er því algerlega þýðingarlaust fyrir þessa fulltrúa Sjálfstfl. að ætla að skjóta atvinnurekendum undan ábyrgð í þessu máli, það hvíli engin ábyrgð á þeim, ábyrgðin sé öll á ríkisstj., af því að það hafi staðið á henni. Þetta er auðvitað bara fleipur. Auðvitað hefur staðið á því, að atvinnurekendur hafa ekki getað fallist á þær till., sem verkalýðshreyfingin hefur gert til þeirra. Fulltrúar verkalýðshreyfingarinnar vita alveg um þær hugmyndir, sem

fram komu fyrir löngu frá ríkisstj. um það, hvað hún hefði fram að færa í skattamálum og húsnæðismálum. En það er alveg rétt, þar er um flókin mál að ræða, sem fulltrúar verkalýðshreyfingarinnar hafa talið, að þeir þyrftu að fá að skoða nánar, hvernig þeir vildu koma þessum hlutum fyrir. Það er því gersamlega út í loftið að segja, að það standi eitthvað á ríkisstj. í þessum efnum. En svo geta menn svona farið nærri um það, hversu gagnlegt það væri að fara að ráðum hv. 4. þm. Austf., Sverris Hermannssonar, að það hefði mátt greiða fyrir málinu með því að ræða hér á Alþ. þær hugmyndir, sem fram hafa komið í skattamálum og húsnæðismálum, eins og líka tónninn er hjá honum og öðrum, sem um þessi mál ræða, sem virðast ekki hafa neinn annan áhuga á þessum málum en að reyna að koma illu til leiðar varðandi lausn þessara deilumála.

Eins og ég sagði hér áðan, er afar einfalt mál að halda þessum umr. áfram, og ég vil segja við þessa tvo hv. þm.: Ég hef nógan tíma til að tala við þá í dag, og ég skal gjarnan ræða við þá hér í dag, ef þeir vilja. Hér er frv. á dagskrá um loðnumál, og þar er hægt að ræða við þá um þessi mál og engin þörf á því að gera það hér utan dagskrár. Og þegar hv. 4. þm. Austf. kemur hér og fitjar upp á umr. um launakjör á skuttogurum í þessum umr. um loðnumál, þá sjá menn auðvitað, hvert stefnir. Það er hægt að ræða við hann um launakjör á skuttogurum, ef hann vill. Það stendur ekkert á mér að gera það. En hann verður auðvitað að koma hér upp með enn öðrum hætti, t. d. utan dagskrár á morgun, til þess að reyna að fá af sér mynd í sjónvarpið, ef hann vill ná sama marki og hv. 10. þm. Reykv., til þess síðan að fara að tala hér um mál, sem engin þörf er á að ræða hér utan dagskrár. (PS: Ráðh. hefur sést í sjónvarpi án þess að hafa komið í þingið). Já ætli það ekki. En það er ekki farið svona vel með hv. 10. þm. Reykv., og af því brýst hann um á þennan sérkennilega hátt.

Forseti (Gils Guðmundsson): Þessar umr. utan dagskrár hafa nú staðið nokkuð á annan klukkutíma, og þær verða nú skornar niður senn. Tveir hv. alþm. höfðu kvatt sér hljóðs, þegar ég ákvað að skera þessar umr. niður, og ég mun gefa þeim kost á að leggja enn nokkur orð til þessara mála. Annar þeirra kemst væntanlega af með stutta aths. og hinn, sem þegar hefur talað tvisvar, væntanlega með örstutta, en þó verð ég að segja, að þar sem hæstv. ráðh. hefur nú beint til hans allmörgum orðum, mun ég láta gott heita, ef hann gerir stutta aths., þó að hún verði ekki örstutt.

Halldór S. Magnússon: Herra forseti. Ég skal verða við tilmælum forseta um að hafa aths. stutta. Ég er alveg sammála forseta um það, að umr. utan dagskrár eru orðnar úr hófi fram hér á hv. Alþ. Við lásum nýlega í dagblöðum, að það væri þjóðsaga, að þm. hefðu ekki nóg að gera, og það er vissulega alveg rétt. Það er auðvitað hægt að láta þá hafa enn meira að gera, ef menn halda áfram sýknt og heilagt að koma með ótímabærar og ónauðsynlegar fsp. og umr. utan dagskrár.

Ég vil aðeins benda þeim hv. þm., sem hér hafa talað, og sérstaklega þeim, sem vakti máls á þessu utan dagskrár, að ef svo er sem þeir vilja vera láta, að ríkisstj. hafi staðið sig dómadagsilla í þessu máli og nauðsynlegt sé að sýna alþjóð fram á það, og þeir hafa þá væntanlega fram að færa einhverjar ákveðnar till. í þessum málum, þá er auðvitað rétta aðferðin að óska eftir útvarpsumr. um stefnu stjórnarinnar og aðgerðir í þessum málum og þá væntanlega á móti stefnu þessara hv. þm. og þeirra þingflokka. Það fæst þó ekki fram nema með samþykki heils þingflokks, og vonandi er það svo, að þetta sé ekki nema stráksskapur einstakra þm. í einum þingflokki, að rjúka upp með þessar ónauðsynlegu umr.

Ég held, að það sé öllum hv. þm. ljóst, að umr. sem þessar um mál eins og samningamál, sem eru á viðkvæmu stigi, eru ekki neinum til góðs og eru síst til þess að leysa þá deilu, sem yfir stendur. Samningarnir eru í eðlilegum farvegi, það vita þessir hv. þm. sem aðrir. Aðild ríkisstj. að þessum samningum hefur verið með eðlilegum hætti og í fullu samræmi við óskir þeirra aðila, sem í samningum standa, og þess vegna eru langar stjórnmálaumr. um þetta mál algerlega ónauðsynlegar, og í samræmi við það sjónarmið mitt læt ég orðum mínum lokið.

Pétur Sigurðsson: Herra forseti. Ég skal fúslega verða við tilmælum, ekki aðeins forseta, heldur og sjútvrh., að beina máli mínu til hans, þegar kemur að því máli á dagskránni, sem varðar loðnumál. Hann er mjög áhyggjufullur yfir því, að við munum ekki ræða það mál og þá þessi kannske um leið, þegar að því kemur. En svo mun þó verða, ég skal heita honum því. En þar fyrir utan vil ég aðeins nota þetta leyfi forseta og vil taka undir það með honum sjálfum, að hann er allra manna lýðræðislegastur, þegar kemur að því að leyfa okkur að taka til máls utan dagskrár, enda minnist hann sjálfsagt þeirra tíma, þegar hann var í stjórnarandstöðu og m.a. hæstv. sjútvrh. tók til máls utan dagskrár því nær á hverjum einasta fundi í d. og í Sþ., líklega til þess að hans mjög svo fallega persóna fengist að sjást í sjónvarpi eða koma fram í öðrum fjölmiðlum, því það er meginmál hans nú, þegar hann er að svara mér, að erindi mitt hingað væri til þess að fá mynd af mér í sjónvarpinu. En það er fjarri því, hæstv. sjútvrh., og ég vil gjarnan beina því til sjónvarpsins, að í stað þess að birta mynd af mér, þá kæmu báðir vangar af Lúðvík Jósepssyni í sjónvarpinu fram á mynd, því að þá mundu sjónvarpsáhorfendur sjá, að það er ekki sama andlitið, því að þessi maður kann að tala með tveim tungum, og það er ekki sama tungan, sem talar í hvorum vanga.

Hv. síðasti ræðumaður er alveg einstakur í sinni röð, þegar hann lætur okkur heyra það hér nú, að samningar allir séu í eðlilegum farvegi. Er það eðlilegur farvegur í samningum, að þeir skuli standa mánuðum saman? Það er eðlilegur farvegur, þegar þeir menn ráða ferðinni í málinu, sem hlaupa yfir borðið og semja við

sjálfa sig, — það er eðlilegur farvegur, að hans mati. Það er ekki eðlilegur farvegur að mati annarra. Og ég mótmæli því algerlega þeirri furðulegu upphrópun ráðh., að það séu einhverjir menn hér inni, sem óski eftir og stefni að verkföllum. Ég minni hann á það, að bæði ég og aðrir björguðum honum út úr skömm, sem hann var kominn í í sambandi við verkfallsmál á s.l. ári, og það var ekki vegna þess, að við æsktum eftir verkföllum eða gerum það nú.

Auk þess voru alveg furðulegar yfirlýsingar, sem komu fram frá hv. trésmiðnum, hv. alþm. Jóni Snorra, þegar hann álítur, að menn, sem standa hér upp á þingi, séu bara komnir til að tala fyrir sitt stéttarfélag. Menn taka til máls utan dagskrár m.a. vegna þess, að það er vandamál, sem steðjar að þjóðinni í heild og líka máske þeirra eigin stéttum. Og það er enginn vafi á því, eins og hv. 4. þm. Austf. tók fram, að svo er nú, ekki aðeins fyrir sjómenn, heldur og verkamenn, útgerðarmenn og alla þjóðina. En þeir ætla að halda áfram að fljóta sofandi að feigðarósi, þessir menn, og telja, eins og hv. síðasti ræðumaður sagði, að þetta sé allt í eðlilegum farvegi, þó að það sé allsherjarverkfall fram undan, ef ekkert er gert á næstu dögum. Þetta er eðlilegur farvegur þessara nýju háskólamenntuðu verkalýðsleiðtoga, sem eru komnir á þing sem slíkir.

Sverrir Hermannsson: Herra forseti. Ég vil taka það fram út af orðum hæstv. forseta, að það er mikið rétt, að hann hefur ekki beitt niðurskurði á umr. eins hart og t.d. hæstv. forseti Sþ., sem stendur með skeiðklukkuna í hendinni og telur upp úr mönnum sekúndurnar, þannig að þetta á ekki eins við um hæstv. forseta hv. deildar.

Ég ætla ekki að blanda mér í myndamál þeirra hæstv. sjútvrh. og hv. 10. þm. Reykv., en ég tek undir það með honum, til hvers voru refirnir skornir, þegar hann og hæstv. iðnrh. stóðu hér á blistri árum saman dag eftir dag og tóku til umr. jafnt verkfallsmál sem önnur mál á hinu háa Alþ.? Þetta er öllum mönnum kunnugt um.

Hv. þm. Halldór S. Magnússon taldi allt í eðlilegum farvegi og áleit réttast, að ef menn vildu orðfæra þessi mál, þá væri ekkert annað en biðja um útvarpsumræður. Það er naumast, að þeir eru orðnir viðkvæmir fyrir því, að rædd séu jafn þýðingarmikil mál og hér eru á ferðinni. Og hæstv. sjútvrh. ætlaði alveg að sleppa sér af æsingi yfir þessu og hneykslan, að menn skyldu leyfa sér að hefja máls á þessum þýðingarmestu málum, sem nú eru á dagskrá.

Hann hneykslaðist á ónákvæmni hv. 10. þm. Reykv. En hvar var hans nákvæmni í málflutningnum? Tók hann ekki fram, að mér hefði þótt eðlilegt, að þessar verksmiðjur hættu móttöku loðnu? Hvar kom það fram í mínu máli? Ég benti hins vegar á, hvað væri í húfi fyrir þær. Það kom aldrei fram í mínu máli, að ég teldi það eðlileg viðbrögð. En hann var spurður að því, hvort ekki væri eðlilegt fyrir hæstv. ríkisstj. að hafa samband við verkalýðshreyfinguna um það, hvort ekki væru möguleikar af hennar hálfu líka að hliðra eitthvað til til þess að bjarga þessum óhemju verðmætum, og hann svaraði því ekki á annan veg en þann, að menn vissu, að þeir væru tregir til slíkra hluta, þegar til slíkra úrslitaátaka væri komið. Og nákvæmni hans kom m.a. fram í því, að hér væri erindi okkar hv. 10. þm. Reykv. það eitt að koma illu til leiðar í sambandi við þessi mál. Þetta eru engar smáræðissakir, sem á okkur eru bornar, og ég vísa þeim á bug. Hins vegar minnist ég þess á liðnum áratugum, þegar ég átti sæti í samninganefndum verkalýðsins, að þar varð oft vart við hæstv. sjútvrh. bakdyramegin, þegar hæst stóð í stönginni um úrslit mála í samningum, án þess þó að ég ætli í neinu að bera á hann sakir þar að lútandi.

Hann lýsti því yfir, að fulltrúar verkalýðsins hefðu tekið fram, að ekki stæði á ríkisstj. varðandi þau þýðingarmiklu atriði, sem hún hafði lofað að leggja fram sérstaka lausn á. Hvaða fulltrúar verkalýðsins hafa lýst þessu yfir? Það væri gaman að fá að vita það. Hvar hefur það komið fram? Það virðist liggja nokkuð ljóst fyrir og mátti marka af þeim umr., sem fóru fram á dögunum, að þá höfðu nýlega verið lagðar fyrir fulltrúa verkalýðsins till. um úrbætur í skattamálum, þá nýlega eftir nær fjögurra mánaða þóf, a.m.k. heildartill. Og nákvæmni hæstv. ráðh. felst enn fremur í því, að hann sagði, að ég hefði rætt það hér, að átt hefði að leggja skattamálin fram til umr. hér. Ég tók nákvæmlega fram, og því má fletta upp, að það hefði átt að afhenda þm. þetta til athugunar og þá sem trúnaðarmál. Það má víða fletta upp í nákvæmni þessa hæstv. ráðh.

Hann fullyrti enn fremur, að ég hefði látið þess getið, að atvinnurekendur væru „stikkfrí“ í þessu máli. Það kom aldrei fram í minni ræðu. Mér er nákvæmlega kunnugt um það, að það veldur ekki einn, þegar tveir deila, og ég er hreint ekkert að bera blak af þeim í þessu sambandi. Hins vegar vitum við það, að ýmsir þættir atvinnurekstrarins, og ég kom að einum þeirra, sem hann orðfærði þó alls ekkert sjálfur, eiga mjög í vök að verjast, og það eru fleiri þættir en skuttogaraútgerð. Það er t.d. iðnaðurinn í landinu. Og ég veit ekki, hvernig hæstv. ríkisstj. ætlast til þess, að þeir aðilar undirskrifi samninga um stórhækkað kaup, þegar það liggur fyrir, að a.m.k. allur útflutningsiðnaður annar en fiskiðnaður, er rekinn með stórtapi.

Umræður utan dagskrár.

Jónas Árnason: Herra forseti. Í dag hafa farið fram umræður utan dagskrár í báðum deildum. Í þessari hv. d. hefur verið rætt um loðnuna, kjaramál o.fl., en í Ed. hefur verið rætt mál rússneska rithöfundarins Solzhenitsyns. Ég heyrði með öðru eyranu nokkuð af þeim umr. áðan, þegar ég stóð í því herbergi, sem við nefnum ráðherraherbergi. Þrír hv. þm. Sjálfstfl. fordæmdu framkomu rússneskra stjórnvalda gagnvart Solzhenitsyn, þeir Halldór Blöndal, Þorvaldur Garðar og formaður flokksins, Geir Hallgrímsson. Mér finnst hæfa, að einnig í þessari hv. d. heyrist einhverjar raddir varðandi þetta mál.

Ég þarf vonandi ekki að taka það fram, að ofsóknir þær og sú kerfisbundna grimmd, sem þessi ágæti rússneski rithöfundur hefur orðið að sæta af hálfu stjórnvalda í heimalandi sínu, valda mér og öðrum Alþb.-mönnum engu minni gremju, engu minni réttlátari reiði heldur en hv. þm. Sjálfstfl. Í hádegisfréttunum áðan var frá því sagt, að Solzhenitsyn væri kominn til Vestur-Þýskalands, og þessa stundina dvelst hann að líkindum heima hjá Heinrich Böll. Það er sannarlega ánægjulegra að vita af honum þar heldur en til að mynda á geðveikrahæli eða í dýflissu, jafnvel í dýflissu dauðadæmdra, eins og margir óttuðust, að mundu verða afdrif hans eftir handtökuna í gær.

En hinu skulum við ekki gleyma, að Solzhenitsyn fór þessa ferð nauðugur. Þrátt fyrir allt vildi hann, þessi mikli ættjarðarvinur, vera heima. Hann var tekinn með valdi og sendur í þessa útlegð, og þar voru þeir að verki, sem í krafti kerfisins, í krafti opinberrar skrumskælingar á réttu og röngu telja sig þess umkomna að úrskurða, hvað sé sönn rússnesk ættjarðarást, og þá um leið það, að þessi maður, Solzhenitsyn, hinn sannasti allra rússneskra ættjarðarvina, sé þjóðníðingur og landráðamaður. Sú niðurlæging mannréttinda, sem þessir aðilar byggja vald sitt á og m.a. valdið til þess að taka Solzhenitsyn nauðugan og senda hann í útlegð, það kerfi heldur áfram þar austur frá, og sú staðreynd er síður en svo neitt fagnaðarefni.

Auðvitað hljótum við Íslendingar að láta í ljós samúð og siðferðilegan stuðning við Solzhenitsyn og aðra þá, sem orðið hafa að sæta afarkostum af hálfu rússneska ranglætisins, ella mættum við níðingar heita. En við skulum ekki gleyma því, að það er fleira ranglæti í heiminum en rússneskt ranglæti, og það er von mín, að þessir atburðir verði til þess, að við Íslendingar tökum upp manndómslegri hegðun heldur en við höfum hingað til tamið okkur varðandi ranglæti, sem aðrir sýna baráttumönnum frelsis og mannréttinda, — ranglæti, sem oft á tíðum er síður en svo afsakanlegra, síður en svo mildara en hið rússneska ranglæti.

Ofsóknunum gegn hinum bandarísku ættjarðarvini, David Ellsberg, þeim sem var kærður fyrir „þjóðhættulegt“ athæfi eins og Solzhenitsyn, birtingu Pentagonskjalanna svonefndu, þar sem skýrt var frá margvíslegum og viðbjóðslegum glæpaverkum bandarískra ráðamanna, þeim ofsóknum hefur aldrei verið mótmælt, svo að um muni af hálfu okkar Íslendinga, og er okkur lítill sómi að því.

Í skjóli þess hernaðarbandalags, sem við Íslendingar erum aðili að, í skjóli þess herveldis, sem við Íslendingar leyfum afnot af landi okkar, í skjóli þess viðgengst fasistískt stjórnarfar í Grikklandi, stjórnarfar, sem hneppt hefur margan grískan Solzhenitsyn í fangelsi og pyntað og hrakið og tekið af lífi. Þeirri fasistastjórn og þeim ódæðum öllum höfum við Íslendingar sýnt svo mikið umburðarlyndi, svo mikið afskiptaleysi, að við hljótum að bera kinnroða fyrir.

Það herveldi, sem hefur herstöð hér á Íslandi til þess að vernda frelsi og mannréttindi samkv. útleggingu vissra samlanda okkar, þetta herveldi hefur líka herstöðvar á Spáni, þar sem tíu verkalýðsforingjar voru nýlega dæmdir fyrir mannréttindabaráttu ýmiss konar í 12—20 ára fangelsi hver. Sú svívirða lét okkur Íslendinga svo lítt snortna, að af öllum íslenskum fjölmiðlum var aðeins eitt dagblaðið, sem sagði frá henni.

Ég vil leyfa mér að vona það af einlægni, að allir góðir Íslendingar hugleiði þetta núna, þegar við sameinumst um að mótmæla vegna þeirra dæða, sem hið rússneska ranglæti drýgir. Ég vænti þess, að allir góðir Íslendingar séu mér sammála um það, að jafnframt því sem við fordæmum slíkt ódæði, þá hljótum við einnig og ekki síður að fordæma þau ódæði, sem unnin eru af ýmsum þeim, sem standa okkur nær í því veraldarkerfi, sem nú ríkir, og eru sumir raunar bandamenn okkar. Það eigum við að gera og hljótum að gera, ella megum við svo sannarlega níðingar heita.

Ingólfur Jónsson: Herra forseti. Meðferðin á rússneska rithöfundinum minnir okkur Íslendinga á, hversu þakklátir við megum vera að búa í landi, þar sem fullt frelsi ríkir. Við höfum leyfi til þess að hugsa, við höfum leyfi til þess að tala, og við höfum leyfi til þess að skrifa. Á Íslandi er engin skoðanakúgun, og við búum í þeim hluta heimsins, sem virðir persónufrelsið.

Rússneski rithöfundurinn er kominn til Vestur-Þýskalands. „Honum líkar það ekki,“ sagði hv. ræðumaður hér áðan, og það mun vera rétt, vegna þess að hann vill helst vera heima. Hann þorði ekki að fara til Svíþjóðar til þess að taka við Nóbelsverðlaunum, vegna þess að hann bjóst við, að hann yrði útlægur ger fyrir það. Hann mátti ekki taka við þeirri sæmd, sem honum var boðin, Nóbelsverðlaununum.

Þessi rithöfundur hefur dvalið langdvölum í þrælabúðum, og hann fer ófögrum orðum um stjórnarfarið í Rússlandi. Það er enginn vafi á því, að undir því stjórnskipulagi, þar sem einræði ríkir, er fólkið kúgað og hrjáð, og það er þess vegna sem við Íslendingar erum þakklátir fyrir að mega búa við annað þjóðskipulag, lýðræðisþjóðskipulag, þar sem frelsi ríkir á flestum sviðum. Vitanlega má oft benda á ýmsa misbresti í þessu stjórnarfari. En við skulum ekki bera það saman.

Hv. síðasti ræðumaður minntist hér á varnarliðið og varnarstöðina í Keflavík og fór ófögrum orðum um Bandaríkin, vegna þess að rithöfundur þar hafi verið kúgaður, og vildi jafna því saman við það, sem gerst hefur austan járntjalds. Þetta er ekkert sambærilegt. Í Bandaríkjunum er unnið fyrir opnum tjöldum og rannsóknir gerðar og rannsóknardómur settur á forsetann og æðstu menn þjóðarinnar. Þetta gerist ekki, þar sem einræði er. Þar er engin rannsókn þoluð á hendur þeim, sem með völdin fara.

Varnarliðið er hér á Íslandi samkv. samkomulagi og samningum við íslensk stjórnvöld. Þess vegna er rangt að tala hér um hersetu, og samkv. þessum samningi fer varnarliðið frá Íslandi, þegar Íslendingar vilja það. Ísland er þess vegna ekki hersetið land, vegna þess að við getum látið varnarliðið fara, þegar við viljum. En löndin í Austur-Evrópu eru hersetin, vegna þess að íbúar þeirra ráða því ekki, hvort her er í landinu

eða ekki. Það er tilgangslaust fyrir Austur-Evrópuþjóðirnar að segja við Rússa: Við viljum ekki hafa varnarlið í landi okkar. — Rússnesk stjórnvöld hlýða því ekki. Þau fara ekki með herlið frá Tékkóslóvakíu, þau fara ekki með herlið frá Austur-Þýskalandi, Póllandi, Rúmeníu eða öðrum Austur-Evrópulöndum. Þau hafa herlið í þessum löndum og ráða miklu um stjórnarfarið þar og skapa ófrelsi. Þess vegna skulum við ekki bera þetta saman. Við getum verið þakklátir fyrir það, að við búum við frelsi, sem einræðisþjóðirnar fá ekki notið. Og við skulum vera sammála um það, allir Íslendingar, hvaða stjórnmálaskoðun sem við höfum, að sýna rússneska rithöfundinum samúð, og við skulum vera sammála um að vegsama aldrei ofbeldið, vegsama aldrei ofbeldið, hver sem beitir því.

Matthías Á Mathiesen: Herra forseti. Hv. 5. þm. Vesturl. hóf hér umr. utan dagskrár um mál, sem hann gat um, að hefði verið til umr. utan dagskrár í upphafi þingfundar í hv. Ed. Hann vék að því í ræðu sinni, að þar hefðu þrír þm. Sjálfstfl. lýst hryggð sinni yfir þeim atburðum, sem hafa verið að gerast í Sovétríkjunum gegn hinum kunna Nóbelsrithöfundi. Hann vildi taka undir það, sem þar hafði verið sagt. Hann hafði heyrt það eins og ýmsir aðrir þm., sem gengu þar um d. eða voru í hinu svokallaða ráðherrabergi. Þm. vék hins vegar ekki að því, að utan dagskrár í Ed. hefði verið varpað fram fsp. til hæstv. utanrrh., hvort þær fregnir, sem sjónvarpið sagði frá í gær, gætu verið réttar, að í utanrrn. hefði komið fulltrúi úr sendiráði Sovétríkjanna til þess að gera aths. við ummæli hæstv. menntmrh., sem hann viðhafði í sjónvarpinu fyrir nokkru varðandi þennan rithöfund og þá meðferð, sem hann hafði hlotið í Sovétríkjunum.

Ég skal ekki lengja þessar umr. Ég tek undir það, sem hér hefur verið sagt, og lýsi hryggð minni yfir því, með hvaða hætti hér er að farið. Ég tel hins vegar ekki smekklegt að gera það með þeim hætti, sem hv. 5. þm. Vesturl. gerði, en hv. 1. þm. Sunnl. vék að því hér í sinni ræðu.

Mig langar til að beina því til hæstv. utanrrh., hvort hann vildi ekki skýra þessari hv. þd. frá þeim staðreyndum, sem í þessu máli eru, og endurtaka hér í hv. Nd. þær upplýsingar, sem hann gaf hv. Ed. varðandi komu þessa fulltrúa sendiráðs Sovétríkjanna í utanrrn. til þess að gagnrýna orð hæstv. menntmrh. í íslenskum fjölmiðli um það mál, sem hér hefur verið rætt, ef hæstv. utanrrh. vildi gera svo vel.

Utanrrh. (Einar Ágústsson): Herra forseti. Með því að trúlega hafa ekki allir hv. þdm. verið í ráðherraherberginu, þegar ég svaraði fsp. frá hv. 5. þm. Vestf. um tiltekið atriði, er ekki nema sjálfsagt, að ég endurtaki það hér í hv. d., sem ég hafði um það að segja. En í Ed. bar hv. 5. þm. Vestf., Þorv. Garðar Kristjánsson, fram til mín þrjár spurningar, sem efnislega voru eitthvað á þessa leið:

1. Hvort rétt væri það, sem skýrt var frá í sjónvarpi í gær, að maður frá rússneska sendiráðinu hefði komið í utanrrn. tiltekinna erinda, sem þar voru nánar greind.
2. Hverju hefði verið svarað.
3. Hvort slíkt hefði komið fyrir áður.

Ég flutti svar rn. í hv. Ed. og skal endurtaka það hér, það er hvort sem er mjög stutt.

Það er rétt, að þegar fulltrúi frá sovéska sendiráðinu kom í utanrrn. hinn 5. febr. s.l., ræddi hann m.a. nefnt sjónvarpsviðtal við Pétur Thorsteinsson ráðuneytisstjóra. Hann tók fram, að hér væri ekki um að ræða formleg mótmæli af hálfu sendiráðsins, en sagði eitthvað á þá leið, að telja yrði óviðurkvæmilegt, að háttsettir menn í ábyrgðarstöðum eins og menntmrh. töluðu um málefni annars ríkis eins og hann hefði gert í sjónvarpsviðtalinu, og vonandi mundi slíkt ekki endurtaka sig. Ráðuneytisstjórinn kvaðst mundu koma þessari kvörtun áfram til hlutaðeigandi aðila. Sendiráðsmaðurinn benti ekki á nein sérstök ummæli menntmrh. í sjónvarpsviðtalinu, sem væru ámælisverð.

Ég bætti svo við þetta svar því, að það hefur ekki komið fyrir áður, svo að ég viti, að erlendir sendimenn hafi borið fram kvartanir um efni í útvarpi eða sjónvarpi. Að síðustu sagði ég svo örfá orð um það, að ég léti í ljósi hryggð yfir þeim atburðum, sem hér hafa verið gerðir að umtalsefni, þ.e. baráttunni gegn tjáningarfrelsi sovéska rithöfundarins Alexanders Solzhenitsyns, og þau ummæli vil ég mjög gjarnan endurtaka hér.

Jónas Árnason: Það skal tekið fram, að ég er á sama máli og hv. þm. Sjálfstfl., að ég tel það í hæsta máta óviðurkvæmilegt, þegar sendimenn erlendra sendiráða koma og veita okkar æðstu embættismönnum áminningu. En ég held, að við mættum allir vera mjög miklir hræsnarar, ef við neituðum því, að önnur sendiráð hér í Reykjavík hefðu einhvern tíma beitt svipuðum vinnubrögðum.

Hv. þm. Ingólfur Jónsson stóð hér upp til að benda okkur á, að við mættum vera glaðir yfir því að búa í lýðfrjálsu landi. Ég tek undir það, að við megum vera þakklátir fyrir það. En mér er ekki grunlaust um, að einn íslenskur rithöfundur, sem heitir Guðmundur Daníelsson, kynni að gera aths. við þetta. Hann var ritstjóri blaðs fyrir austan fjall og skrifaði um landhelgismálið öðruvísi en hinum æðsta manni þóknaðist, og hann var rekinn. Ég verð að segja, að mikið megum við líka vera þakklátir fyrir það, Íslendingar, að sá maður skuli, a.m.k. þegar þessi gállinn er á honum, ekki ráða nema yfir einu blaði á Selfossi.

Að öðru leyti þetta: Ég benti hér á óheilindin, sem eru í málflutningi margra Íslendinga varðandi ofríki og kúgun. Menn býsnast ekki, nema þegar þetta á sér stað á vissum parti hnattarins. Hv. þm. Ingólfur Jónsson og hv. þm. Matthías Á. Mathiesen sýndu í ræðum sínum, að þeir voru engu nær um það, sem ég var að segja. Þarna komu fram dæmigerðir fulltrúar þess fólks, sem beitir sér fyrir því, að við skulum endilega hafa hersetu áfram á Íslandi. Þetta fólk er alveg ómóttækilegt fyrir nokkur rök, gersamlega. Mér dettur í hug það, sem einn gamall kennari sagði um nemendur sína, þegar hann var spurður um árangurinn: Enginn, enginn. Það er frosið fyrir öll skilningarvit.

Benedikt Gröndal: Herra forseti. Ég vil taka mjög undir öll þau ummæli, sem fallið hafa hér um atburði, sem gerst hafa í Sovétríkjunum, og brottrekstur hins snjalla rithöfundar, Solzhenitsyns, úr því landi. Ég þarf ekki að verja frekari tíma til að endurtaka þessi orð, en vil aðeins bæta því við, að ég skammast mín fyrir það, að á Alþingi Íslendinga skuli þurfa að draga umr. um slíkan viðburð niður á það svið að vera að tala um deilur Guðmundar Daníelssonar við aðra menn á Selfossi. Við ættum að geta haldið okkur örlítið ofan við það.

En tilefni þess, að ég kveð mér hljóðs, eru þær upplýsingar, sem hæstv. utanrrh. veitti um mótmæli sovéska sendimannsins. Þegar slík mótmæli eru lögð fram, á utanrrn. þriggja kosta völ: að neita að taka við mótmælunum, að taka við þeim og bregðast á engan hátt við eða þá að taka við þeim og svara þeim. Þessi mótmæli voru munnleg, svo að það var heldur erfitt að neita að taka við þeim. En mér líkar ekki, að rn. skuli segja við sendimanninn, að þessari umkvörtun verði komið á framfæri við viðkomandi aðila. Ég held, að utanrrn. hefði átt að taka á móti þessu þegjandi, en ekki veita þessum mótmælum þá viðurkenningu, að þau væru þess virði að flytja þau til viðkomandi aðila. Nú veit ég ekki, hvort viðkomandi aðili í þessu tilfelli er ráðh., sem viðhafði ummælin, sem kvartað var undan, hvort hann hefur fengið þessi boð, eða hvort viðkomandi aðili er sjónvarpið og er það þó líklegra, því að sjónvarpið vissi af mótmælunum og sagði frá þeim. Tel ég ekki vera rétt af rn. að flytja slík mótmæli til opinbers fjölmiðils á Íslandi.

Það er ekki nýtt, að erlend ríki eða erlend sendiráð mótmæli skrifum íslenskra fjölmiðla, þ. e. íslenskra blaða. Ég veit ekki dæmi þess, að þetta hafi komið fyrir áður um útvarp eða sjónvarp, en þetta er gömul saga varðandi blöðin. Nasistarnir í Þýskalandi voru óþreytandi að mótmæla skrifum íslenskra blaða, og ég hef það fyrir satt, að einu sinni, þegar íslenskur sendimaður var í Berlín til að tala um viðskipti, hafi bunka af Alþýðublaðinu verið fleygt á borðið, áður en umr. hófust. Sjálfur hef ég lifað það að skrifa grein, sem var um Sovétríkin og sovétkommúnismann og var þess eðlis, að rússneska sendiráðið hér lét í ljós við utanrrn. mótmæli. Þessi mótmæli voru ekki flutt af rn. til mín, þeir tóku við þeim og þögðu. En ég frétti af þeim persónulega nokkru seinna og óformlega. — Ég tel þetta að sjálfsögðu ekki stórt atriði, en taldi þó rétt, að þessar skoðanir mínar kæmu fram.

Utanrrh. (Einar Ágústsson): Herra forseti. Það má sjálfsagt deila um það, hvernig bregðast eigi við slíkum orðsendingum, ég get fallist á það. Það, sem ráðuneytisstjórinn gerði, var einungis, að hann sagði mér frá þessu og ég aftur menntmrh. Okkur hefur aldrei komið til hugar að beina neinum slíkum tilmælum til sjónvarps, útvarps eða annarra fjölmiðla, að þeir væru ófrjálsir að því að skrifa, tala eða flytja það, sem þeim þætti rétt. Þetta vildi ég láta koma fram í tilefni af ummælum hv. 8. landsk., en skal að öðru leyti ekki blanda mér í þessar umr.

Matthías Á Mathiesen: Herra forseti. Ég vil gjarnan þakka hæstv. utanrrh. svör hans, sem hann hafði áður lesið upp í hv. Ed. En ég vil taka undir orð hv. 8. landsk. þm. í sambandi við viðbrögð utanrrn. í slíkum tilfellum. Ég skal hins vegar ekki fjölyrða um það hér, en vildi hins vegar leggja áherslu á, að slíkum sendiboðum, sem koma til utanrrn., verði mótmælt og viðkomandi rn. geri sendiráðinu grein fyrir slíku. Ef slíkt er ekki gert, mætti að sjálfsögðu búast við því, að þeim færi að fjölga, sendiferðunum, undir slíkum kringumstæðum.

Forseti (Gils Guðmundsson): Ég vil aðeins að nokkuð gefnu tilefni segja það, að ég taldi eðlilegt og sjálfsagt að gefa hér kost á umr. um málefni rússneska rithöfundarins Solzhenitsyns, en ég hefði ekki séð ástæðu til þess að láta hefja hér umr. utan dagskrár um málefni vinar míns Guðmundar Daníelssonar á Selfossi.

Ingólfur Jónsson: Herra forseti. Ég skal ekki fara mörgum orðum um málefni mín og vinar míns Guðmundar Daníelssonar. Það getur vel verið, að það séu einhverjir hér í hv. d., sem halda, að okkur komi ekki vel saman. En ég verð að segja, að það er mesti misskilningur. Við erum jafnmiklir vinir og við vorum ég og Guðmundur Daníelsson, og það er ekki satt, að hann hafði verið rekinn frá blaðinu Suðurlandi á s. l. sumri, eins og hv. þm. Jónas Árnason sagði. Ég kæri mig ekkert um að fara að rekja þá sögu, það er okkar mál, hvers vegna Guðmundur Daníelsson hætti, en ekki þingmál, og það hefur ekki valdið neinni misklíð á milli okkar. Þetta get ég nú sagt hér.

Hv. þm. Jónas Árnason var áðan að tala um staurblindu ýmissa manna, þegar minnst væri á hermál eða hersetu. En hver skyldi vera staurblindari heldur en hann, þessi góði drengur, hv. þm. Jónas Árnason, þegar hann talaði um það hér áðan og vildi gefa í skyn, að ýmis önnur sendiráð hefðu sent sendiboða á fund íslenskra stjórnvalda í eitthvað svipuðum erindagjörðum og rússneski sendimaðurinn fór með? Ég held, að hæstv. utanrrh. hafi nú sannað það að mestu, að slíkar heimsóknir í stjórnarráðið eru sjaldgæfar. Að vísu hefur hæstv. utanrrh. ekki verið mjög lengi í stjórnarráðinu, en ráðuneytisstjórinn hefur verið þar talsvert miklu lengur, og það var hann, sem tók á móti sendimanninum, og það hefur áreiðanlega verið fyrsta heimsóknin af slíku tagi, sem hann hefur tekið á móti. Það er þess vegna eðlilegt, að bæði hæstv. ráðh. og ráðuneytisstjórinn hafi verið í augnablikinu í vafa um, hvernig við þessu skyldi taka. Og ég vil afsaka það, því að ég er sannfærður um, að bæði hæstv. ráðh. og ráðuneytisstjórinn vita, hvernig ber að taka slíkum sendimönnum og slíkum boðskap, og munu fara örugglega rétt að, næst þegar hann kemur.

Ég held, að Jónas Árnason, hv. þm., verði að afsaka mig, þótt ég efist um, að hann hafi rétta dómgreind á stundum, þegar hann fer að tala um utanríkismál. Mér kemur ekki til hugar annað en það, að hann vill vera góður Íslendingur og hann vill vera réttsýnn, hann vill

Íslendingum hið besta. En þegar hann er að jafna saman austrænu stjórnarfari og vestrænu lýðræði, þá er það staurblinda, þá er það rakaleysa, og þegar þessi hv. þm. reynir að verja það, sem ekki er verjanlegt í Rússlandi eða austantjaldslöndum, finnst honum alltaf sjálfsagt í öðru orðinu að afsaka það með því að leita uppi einhverjar misgerðir, sem hafi gerst annars staðar.

Það er nú svo, að misgerðir verða vitanlega alls staðar gerðar, hvernig sem stjórnarfarið er, og þá má alltaf benda á það. En við skulum ekki blanda saman lýðræði og einræði. Munurinn er eins og svart og hvítt. Og hafi hv. þm. Jónas Árnason ekki komið austur fyrir járntjald, ráðlegg ég honum að gera það. Ég hef einu sinni farið þangað, til Austur-Berlínar, til Austur-Þýskalands, og það var fróðleg ferð. Hún sannfærði mig um, hversu mikill munur er á því að búa hér í Vestur-Evrópu við frelsi eða í fangelsinu austan járntjalds, þar sem ferðafrelsi er ekki fyrir hendi, ekki ritfrelsi og ekki fundafrelsi, þar sem fólkið verður alltaf að biðja valdhafana og fá leyfi hjá þeim, hvað það megi gera, og þar sem fólkið lifir í stöðugum ótta og hvíslast á í staðinn fyrir að tala frjálslega.

Sjálfskuldarábyrgð á lánum til kaupa á fiskiskipum og ferjuskipi, frv. (þskj. 198, n. 351, 352). — Frh. 2. umr.

ATKVGR.

1. gr. samþ. með 31 shlj. atkv.

2. gr. samþ. með 26:4 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: MÁM, ÓE, ÓlJ, PP, StefG, SV, SvH, VH, ÞÞ, ÁÞ, BGr, EystJ, FÞ, GS, GuðlG, GunnG, GTh, HES, IngJ, IG, JSk, JónasÁ, JJ, HM, LJóns, ÁS.

nei: PJ, PS, BGuðn, BP.

RH, JSÞ, SM, GilsG greiddu ekki atkv.

6 þm. (SvJ, EBS, GÞG, HV, JóhH, LárJ) fjarstaddir.

Brtt. 352 (ný gr., verður 3. gr.) samþ. með 32 shlj. atkv.

3. gr. (verður 4. gr.) samþ. með 32 shlj. atkv.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Frv. vísað til 3. umr. með 32 shlj. atkv.

Neðri deild, 62. fundur.

Fimmtudaginn 14. febr., kl. 2 miðdegis.

Varamaður tekur þingsæti.

Forseti (Gils Guðmundsson): Mér hefur borist svo hljóðandi bréf:

„Reykjavík, 14. febr. 1974.

Samkv. beiðni Hannibals Valdimarssonar, 3. þm. Vestf., sem farinn er til útlanda í opinberum erindum, leyfi ég mér með skírskotun til 138. gr. l. um kosningar til Alþingis að óska þess, að 1. varamaður SF í Vestf., Hjördís Hjörleifsdóttir húsmæðrakennari, taki sæti á Alþingi í fjarveru hans.

F. h. þingflokks SF,
Halldór S. Magnússon."

Hjördís Hjörleifsdóttir hefur áður tekið sæti á Alþingi á þessu kjörtímabili, og hefur kjörbréf hennar því verið rannsakað. Býð ég hana velkomna til starfa.

Sjálfskuldarábyrgð á lánum til kaupa á fiskiskipum og ferjuskipum, frv. (þskj. 378). — 3. umr.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 29:1 atkv. og endursent Ed.

Efri deild, 57. fundur.

Fimmtudaginn 14. febr., kl. 2.15 miðdegis.

Sjálfskuldarábyrgð á lánum til kaupa á fiskiskipum og ferjuskipum (þskj. 378). — Ein umr.

Of skammt var liðið frá 3. umr. í Nd. — Afbrigði samþ. með 11 shlj. atkv.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 11 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 384).

Sameinað þing, 56. fundur.

Fimmtudaginn 14. febr., að loknum fundi í neðri deild.

Varamaður tekur þingsæti.

Forseti (Eysteinn Jónsson): Mér hefur borist svo hljóðandi bréf:

„Steingrímur Hermannsson, 1. þm. Vestf., hefur í dag ritað mér á þessa leið:

„Þar sem ég er á förum til útlanda í opinberum erindum og mun ekki geta sótt þingfundi á næstunni, leyfi ég mér að biðja um fjarvistarleyfi og með skírskotun til 138. gr. l. um kosningar til Alþ. að óska þess, að 1. varamaður Framsfl. í Vestf., Halldór Kristjánsson bóndi, taki sæti á Alþ. í fjarveru minni."

Þetta er yður, herra forseti, hér með tilkynnt.

Eggert G. Þorsteinsson,
forseti efri deildar."

Halldór Kristjánsson hefur áður setið þing á þessu kjörtímabili og kjörbréf hans verið samþ., og býð ég hann velkominn til starfa.

Beislun orku og orkusala á Austurlandi, þáltill. (þskj. 367). — Hvernig ræða skuli.

Að till. forseta var ákveðin ein umr.

Nýting jarðhita, þáltill. (þskj. 150). — Frh. einnar umr.

ATKVGR.

Till. vísað til allshn. með 34 shlj. atkv. og umr. frestað.

Rafvæðing dreifbýlisins, þáltill. (þskj. 245). — Frh. einnar umr.

ATKVGR.

Till. vísað til allshn. með 34 shlj. atkv. og umr. frestað.

Leit að nýjum karfamiðum, þáltill. (þskj. 268). — Frh. fyrri umr.

ATKVGR.

Till. vísað ttil síðari umr. með 34 shlj. atkv. og til fjvn. með 34 shlj. atkv.

Heyrnarskemmdir af völdum hávaða í samkomuhúsum, þáltill. (þskj. 332). — Frh. einnar umr.

ATKVGR.

Till. vísað til allshn. með 35 shlj. atkv. og umr. frestað.

Byggingarsvæði fyrir Alþingi, ríkisstjórn og stjórnarstofnanir, þáltill. (þskj. 201). — Fyrri umr.

Flm. (Ragnar Arnalds): Herra forseti. Flutningur þessarar þáltill. á sér einkum tvenns konar orsakir. Í fyrsta lagi er illt til þess að vita, hve æðsta stjórn landsins, Alþingi og ríkisstjórn, býr við lélegan húsakost. Ástæðan til þessa er þó hvorki ráðdeildarsemi í meðferð opinbers fjár né ónógur vilji til úrbóta af hálfu æðstu ráðamanna, hvorki nú né á undangengnum árum, heldur hitt, að vafist hefur fyrir, hvar ætti að setja niður nýjar byggingar Alþingis og ríkisstj. Í öðru lagi er það framtíð gamla miðbæjarins í Reykjavík, sem rekur flm. til að flytja þessa till. Við höfum horft á það eins og aðrir landsmenn, að reynt er að troða nýjum og nýjum stórbyggingum, veglegum höllum úr stáli og gleri, niður í þessa litlu kvos, sem afmarkast af tjörn og höfn og lágum holtum til austurs og vesturs. Fyrst var það ráðhúsið mikla, síðan stjórnarráðshús og seinast seðlabankahöll. Og í öllum tilvikum hefur komið upp mjög megn andstaða gegn þessum áformum með þeim afleiðingum, að allt er í óvissu, hvar þessum byggingum verður valinn staður.

Við, sem till. þessa flytjum, teljum eðlilegast, að Alþ. og ríkisstj. taki þessi mál loksins föstum tökum og láti rannsaka, hvort helstu stofnunum ríkisvaldsins verði til frambúðar ætlaður staður í núverandi miðbæ Reykjavíkur með þeim miklu breytingum og skipulagsvandamálum, sem það mun hafa í för með sér, eða hvort ekki sé gæfulegast, að tekið verði af skarið um það, að hér í gamla miðbænum sé ekki rúm fyrir þessar stofnanir og hyggilegast sé því að velja þeim nýjan og rúmbetri stað. Í þessu skyni er lagt til, að Alþ. kjósi 7 manna mþn., sem hafi náin samráð við skipulagsyfirvöld við gerð tillagna.

Þegar rætt hefur verið um byggingu stjórnarráðshúss, hafa fyrst og fremst þrjár hugmyndir heyrst um staðarval. Í fyrsta lagi hefur heyrst sú hugmynd — eða heyrðist sú hugmynd öllu heldur, að byggð yrði nokkuð aflöng bygging á bak við gamla stjórnarráðshúsið við Lækjartorg. Í öðru lagi heyrðust hugmyndir um, að byggingin yrði stærri en á svipuðum slóðum og mundi teygja sig yfir Bankastrætið. Í þriðja lagi var hugmyndin að reisa stjórnarráðshús á svokallaðri Bernhöftstorfu, þ. e. a. s. sunnan megin við Bankastræti. Þessar hugmyndir allar eru afleitar, fyrst og fremst vegna þess, að verið er að reyna að troða niður stórhýsi, sem þarfnast rúmgóðs umhverfis og bílastæða, á stöðum, þar sem bersýnilega er ekkert pláss fyrir þess háttar hús.

Nú væri ekki úr vegi að spyrja, hvers vegna ekki hafi verið bent á betri stað, — stað, sem hefði meira rými. Ég held, að svarið sé ósköp einfaldlega það, að mönnum hafi fundist, að ef farið yrði að velja stjórnarráðshúsi stað t. d. í væntanlegum nýjum miðbæ sunnan við Miklubraut og austan við Kringlumýrarbraut, þá væri stjórnarráðshúsið í allt og mikilli fjarlægð frá Alþingi og öðrum byggingum ríkisstofnana. Hvort sem mönnum líkar það betur eða verr, er það greinilega ofarlega í hugum æðimargra, að mikið hagræði fylgi því, að þessi tvö hús, alþingishús og stjórnarráðshús, séu nærri hvort öðru. Að sjálfsögðu er það ekkert skilyrði, að svo sé. Það er að sjálfsögðu hægt að byggja þessi hús í allmikilli fjarlægð hvort frá öðru. En ég held, að það dyljist engum, að að því væri þó mikið hagræði, að þau væru nærri hvort öðru.

En þá er spurningin sú, hvar sé helst að finna rúmgott og glæsilegt byggingarsvæði fyrir þessar stjórnarstofnanir, þessar mikilvægustu stofnanir. Ég held, að það fari ekkert á milli mála, að ýmsir staðir geti komið þar til greina, og ég tel ástæðulaust að hafa uppi fullyrðingar um það á þessari stundu, hver staðurinn sé heppilegastur, enda er það einmitt tilgangur till., að þetta verði nánar skoðað. Ég vil þó aðeins minna á það svæði, sem ég nefndi áðan, væntanlegt nýtt miðbæjarsvæði í Reykjavík sunnan við Miklubraut og austan við Kringlumýrarbraut, þar sem hallar niður í Fossvoginn. Þessi staður er ágætur að flestra dómi, held ég, og óvíða í borgarlandi Reykjavíkur er glæsilegra útsýni en einmitt þaðan. Aðrir staðir geta aftur á móti komið til greina, og fer þá eftir því, hversu framsýnir menn vilja vera, gera ráð fyrir miklum vexti borgarinnar á komandi áratugum. Ef menn miða

við þarfirnar að nokkrum áratugum liðnum, er ekki ósennilegt, að eðlilegasta svæðið kynni að vera austan við Elliðaár, jafnvel austur við Rauðavatn.

Byggðin umhverfis höfuðborgina, tveir kaupstaðir og tvö fjölmenn sveitarfélög, Hafnarfjörður, Kópavogur, Seltjarnarnes og Mosfellssveit, allt er þetta að verða nokkuð samfelld byggð. Núv. miðbær er hins vegar úti á nesi, og ég held, að mönnum sé að verða æ ljósara, að það er ekki sérlega hyggilegt að stefna að því í framtíðinni, að vaxandi umferð og umsvifum sé einungis beint út á þetta þrönga nes, og hyggilegra sé því að velja miðbæjarsvæði, sem sé meira miðsvæðis.

Það fer ekkert milli mála, að höfuðborgarsvæðið þarf nýjan miðbæjarkjarna. Um þetta hefur verið lengi talað, og þó er í raun og veru allt í óvissu, hvernig til tekst með þennan margumtalaða miðbæjarkjarna Reykjavíkurborgar sunnan við Miklubraut og austan við Kringlumýrarbraut. Til þess að það geti orðið að veruleika, er áreiðanlega ekki vanþörf á því, að ríkisvaldið taki þátt í því ásamt Reykjavíkurborg að velja stórbyggingum stað á þessu svæði. En mér skilst, að opinberar stofnanir hafi fram að þessu verið nokkuð tregar að flytja sig á þetta svæði eða sem sagt velja sér stað á þessu svæði til frambúðar. Þar við bætist, að ég held, að okkar kynslóð ætti að vara sig á því að taka fljótfærnislegar ákvarðanir um örlög gamla miðbæjarins í Reykjavík og fara að fórna merkum byggingum frá liðnum tíma eða valda óþörfum náttúruspjöllum á þessu fornhelga svæði, heldur væri það öllu frekar skylda okkar að varðveita gamla miðbæinn sem miðstöð verslunar og þjónustu og leyfa byggðinni á þessum slóðum að þróast fremur hægt og af fyllstu varkárni.

Eins og mörgum alþm. er kunnugt, hefur það gerst, eftir að þessi þáltill. var flutt, að hæstv. forseti Sþ. hefur snúið sér til þingflokkanna með till. þess efnis, að hugmyndasamkeppni fari fram um húsnæði fyrir Alþingi á þinghúslóðunum hér við Tjörnina og um skipulag þessa svæðis í framtíðinni, og e.t.v. gerir hann betri grein fyrir þeirri hugmynd hér í umr. á eftir, ef honum finnst ástæða til. En ég vil taka það skýrt fram, að flm. þessarar till. eru að sjálfsögðu ekki svo ákafir talsmenn þess, að Alþingi verði valinn nýr staður, að þeir geti ekki hugsað sér, að hugmyndasamkeppni af þessu tagi fari fram. En þá telja þeir um leið óhjákvæmilegt, að aðrir staðir verði skoðaðir samtímis. Það er áreiðanlegt, að enn eru margir, sem ekki vilja endanlega útiloka þann möguleika, að Alþingi geti verið á þeim slóðum, sem það hefur verið í eina öld, og sjálfsagt er að skoða það og sjá, hvað kæmi út úr hugmyndasamkeppni af þessu tagi, enda er till. okkar ekki um annað en það, að rannsókn fari fram á því, hvar hugsanlegt væri að velja þessum stofnunum nýjan stað.

Í sjálfu sér skiptir auðvitað ekki öllu máli, hvort mþn. fær málið til meðferðar, sérstök n., eða þinghúsnefnd hefur það áfram til umfjöllunar. En ég vil þá minna sérstaklega á það, að till. okkar fjallar um fleiri hús er alþingishúsið. Hún snertir sem sagt byggingarsvæði fyrir helstu stofnanir ríkisins, og ég held, að það sé alveg ljóst, að það er í almesta lagi, að Alþingi gæti rúmast hér í miðbænum, og vandamálið verður þá jafnbrýnt varðandi aðrar byggingar. Aðalatriðið er, að ef slík hugmyndasamkeppni fer fram, verði ekki frá öndverðu einblínt á þennan eina stað.

Að lokum vil ég aðeins segja það, að hvar svo sem Alþingi verður valinn staður til frambúðar, er að sjálfsögðu ljóst, að það verður á núverandi höfuðborgarsvæði, ekki hvað síst vegna þess, að til þess að Alþingi og ríkisstj. gæti verið annars staðar, þyrfti breytingu á stjórnarskrá lýðveldisins, og ég hef ekki trú á því, að jafnvel þeir, sem hefðu hug á því, að Alþingi væri annars staðar en á höfuðborgarsvæðinu, mundu hafa kraft í sér til þess að knýja í gegn breytingu af því tagi á stjórnarskipunarlögum. Aftur á móti er ljóst, að sú stefna á vaxandi fylgi að fagna, að stjórnarstofnunum ríkisins sé almennt dreift meir um landið en gert hefur verið, og þess vegna hefur flm. þótt eðlilegt að taka það atriði um leið inn í till. Bæði til þess að koma í veg fyrir þann misskilning, að um sé að ræða stjórnarstofnanir almennt, og til þess að Alþingi staðfesti þá stefnu, að stjórnarstofnunum sé meira dreift um landið en gert hefur verið, er sem sagt að því vikið í þáltill. og því slegið föstu, að ríkisstofnunum, sem ekki eru háðar æðstu stjórn landsins í daglegum störfum sínum, verði í framtíðinni valinn staður í þéttbýliskjörnum úti um land utan höfuðborgarsvæðisins.

Ég sé ekki ástæðu til að hafa fleiri orð um þessa till., en vil leyfa mér, herra forseti, að leggja til, að að lokinni umr. verði henni vísað til hv. allshn.

Eysteinn Jónsson: Herra forseti. Ég sé ástæðu til þess að láta í ljós þá skoðun mína, að hér sé um merka till. að ræða og tímabært að taka þessi mál til skoðunar nokkuð í heild á svipaðan hátt og gert er ráð fyrir í till. Þó hef ég nokkuð aðrar skoðanir á ýmsu í því sambandi heldur en þar koma fram, eins og ég mun gera grein fyrir í örfáum orðum. En það breytir ekki því, að hér er hreyft mjög nauðsynlegu máli.

Fyrst vil ég segja þá skoðun mína, að ég tel, að það sé t.d. orðið alveg ljóst, að ekkert hæfilegt rúm fyrir stjórnarráðsbyggingu er í miðbænum. Sá staður, sem menn höfðu hugsað sér fyrir stjórnarráðsbyggingu, þ.e. við Lækjargötu, er slíkur frá mínu sjónarmiði séð, að ekki ætti að koma til greina að reisa slíka byggingu þar. Þar á ég við „Torfusvæðið“, sem farið er að kalla. Þótt ekki væri nema af þessari ástæðu, sýnist mér afar nauðsynlegt að taka þessi mál upp, ekki kannske með ólíku sniði og hér er gert ráð fyrir, því að þetta á þá ekki einungis við um stjórnarráðið, heldur nokkrar aðrar stofnanir, en einkanlega þó stjórnarráðið. Eins og við vitum, eru rn. nú orðin dreifð víðs vegar um borgina og er stórfellt óhagræði að á allan hátt. Ef í stjórnarráðsbyggingu er safnað saman öllum rn., verður þar um stórhýsi að ræða, sem ég get ekki séð, að komi til greina að setja nokkurs staðar á því svæði, sem við í daglegu tali köllum miðbæinn — eða miðborgina á nútíma máli.

Ég vil um leið taka fram, að mér sýnist ekki ástæða til að hnýta saman á þann hátt, sem gert er í þessari þáltill., húsnæðismál Alþingis og annarra ríkisstofnana, eins og t.d. stjórnarráðsins, því að það er skoðun mín, að ekki þurfi endilega að þjappa öðrum ríkisstofnunum, svo sem stjórnarráðinu né þess háttar stofnunum, þétt saman umhverfis alþingishúsið. Ég tel, að þótt sjálfsagt sé, að þessar stofnanir, stjórnarráðið og Alþ., séu í höfuðborginni, megi gjarnan vera þar nokkurt bil á milli og þurfi ekki að valda neinum vandkvæðum. Ég vil því skilja nokkuð á milli framkvæmda í húsnæðismálum Alþingis og annars efnis, sem þáltill. fjallar um, og mér finnst, að gæti vel komið til greina að taka húsnæðismál Alþingis út úr þáltill. Þó er það til athugunar. Ég slæ engu föstu um, að ég muni leggja það til, en ég vil, að þetta sjónarmið komi greinilega fram strax við fyrri umr.

Árið 1961 var samþykkt svofelld þáltill., með leyfi hæstv. forseta:

„Alþingi ályktar að fela forsetum þingsins í samvinnu við fulltrúa þingflokkanna að gera tillögur um framtíðarhúsnæði Alþingis.“

Þetta gerðist árið 1961, og þá var sett á fót eins konar þinghúsnefnd. En hún hefur sáralitlu komið áleiðis á þessum árum, þinghúsnefndin, og liggja til þess margar ástæður. M. a. hefur það komið fram, að sumir í þinghúsnefndinni hafa heldur hallast að því, að Alþingi leitaði sér samastaðar annars staðar í borginni en hér á þinghúslóðinni eða þinghúslóðunum, en sumir í n. hafa talið, að stefna ætti að því, að Alþingi gæti verið áfram á þessum þinghúslóðum.

Málið allt hefur verið í mikilli sjálfheldu, vegna þess að fyrir nokkrum árum ákváðu borgaryfirvöld Reykjavíkur að reisa ráðhús við norðurenda Tjarnarinnar, og enn fremur vegna þess, að sett var í aðalskipulag Reykjavíkur, að framlengja skyldi Grettisgötu, ryðja henni braut áfram vestur á bóginn í gegnum byggðina, niður með Menntaskólanum, í gegnum byggðina fyrir vestan Lækjargötu, rétt við stafninn á Hótel Borg og milli hótelsins og Dómkirkjunnar, um hlaðið á þinghúsinu og utan í Austurvelli, þar á milli, og áfram vestur úr. Þessi ákvörðun við aðalskipulagið, að leggja aðalumferðaræð þarna beint í gegnum, og svo hin ákvörðunin, að reisa ráðhús norðanvert í Tjörninni, hefur sett húsnæðismál Alþingis í mörg ár í algera sjálfheldu, og mönnum fannst skynsamlegt að taka sér nokkurn frest og sjá, hverju fram yndi og hvað úr þessu öllu yrði.

Nú hefur þannig skipast, að ég hygg óhætt að fullyrða, og byggi ég það m. a. á því, sem borgarstjórinn í Reykjavík hefur látið hafa eftir sér, og hefur líka verið að sýna í þá átt, að ráðhús verði ekki byggt við norðurenda Tjarnarinnar. Enn fremur þykist ég vita með nokkurn veginn vissu, að skipulaginu verður breytt þannig, að það verður ekki lögð aðalumferðaræð hér í gegn á milli Austurvallar og alþingishússins, því að það er ekki í samræmi við hugmyndir manna nú um, hvernig miðhluti borgarinnar skuli vera. Það eru gerbreytt viðhorf í öllum umhverfismálum á örfáum árum, og ég þykist vita með fullri vissu, að við þá endurskoðun, sem fer fram á aðalskipulagi Reykjavíkur, verður þessu breytt og verður ekki lögð aðalumferðaræð við Dómkirkjuna eða fyrir framan þinghúsdyrnar.

Í þessu sambandi vil ég gera grein fyrir því, að forsetar Alþingis hafa hvað eftir annað snúið sér til borgaryfirvalda Reykjavíkur á s. l. ári og farið þess á leit, að bílaumferð yrði hætt um Kirkjustræti, þannig að það gæti orðið friðsælt bæði í Alþingi og Dómkirkjunni og sunnan við Austurvöll. Í viðtölum við borgaryfirvöld Reykjavíkur hefur verið látið í ljós, að það væri mikill skilningur á því í sambandi við endurskoðun allra þessara mála, sem fer fram á vegum Reykjavíkurborgar og þróunarstofnunar hennar, að hér þyrfti í raun og veru að verða friðsælt svæði. Mín persónulega skoðun er sú, sem ég hef látið í ljós þráfaldlega, að í raun og veru þyrfti að stefna að því, að engin bílaumferð yrði um Kirkjustræti, ekki heldur Vonarstræti og orðið gæti frá Austurstræti og suður fyrir Tjörn eins konar útivistarsvæði, og þyrfti þá helst að stefna að því, að á þessu svæði yrðu engar byggingar aðrar en byggingar Alþingis og Dómkirkjan. Þetta eru mínar persónulegu hugdettur í sambandi við þessi mál, að það ætti að stefna að því að koma upp þess háttar friðsælum reit í hjarta borgarinnar og í þeim reit gæti Alþingi haft aðsetur ásamt Dómkirkjunni. Þau hafa verið hér lengi saman, eins og kunnugt er, þessi hús, og farið vel á því.

Þessi n. hefur, samkv. þáltill. frá 1961, litlu komið áleiðis, því að þetta mál hefur legið mjög óskýrt fyrir, a. m. k. til að velja á milli þessara tveggja stefna eða úrræða, sem menn hafa bent á, annars vegar, að Alþingi flytti sig á alveg nýjar stöðvar, og hins vegar, að Alþingi kæmi húsakynnum sínum fyrir hér framvegis. En nú sýnast mér þessi mál liggja þannig fyrir, að hægt sé að taka þau upp, án þess að menn séu þvingaðir af einu eða neinu, það sé rétti tíminn nú til að taka þessi mál upp við borgaryfirvöld Reykjavíkur og reyna að gera upp við sig, hvað skynsamlegast sé í þessu tilliti. Þess vegna lagði ég fram í n. nú í jan. uppástungu, sem hv. frsm. sagði hér frá og er til athugunar á milli funda hjá nm. Hún er svohljóðandi, með leyfi hæstv. forseta, þessi till., sem liggur fyrir til skoðunar og hefur ekki neina afgreiðslu hlotið enn:

„Þinghúsnefnd Alþingis efni í samráði við skipulagsyfirvöld Reykjavíkur og Arkitektafélags Íslands til samkeppni um húsnæði fyrir Alþingi á þinghúslóðunum á milli Kirkjustrætis og Vonarstrætis annars vegar og Tjarnargötu og Templarasunds hins vegar og nýtingu svæðisins alls.“

Þarna er sett fram sú hugmynd, að samkeppnin yrði ekki aðeins um þau hús, sem þyrftu að koma til, heldur um svæðið allt, um tilhögun á svæðinu öllu, hvernig færi best á því að nota þetta svæði framvegis. Mínar persónulegu hugmyndir um þetta svæði setti ég fram áðan, hvað mér finnst, að þar ætti að vera. Ætti að mínu viti að stefna að því, að þetta yrði eins konar friðsæll reitur í hjarta borgarinnar, en á þessum reit yrði Alþ. og Dómkirkjan og helst ekkert annað.

Ég á erfitt með að trúa því, að snjallir arki-

tektar geti ekki leyst þetta mál vel, að á þessum stóru lóðum, sem hér eru til umráða, kæmu fallegar byggingar samkv. því, sem Alþ. hentaði. Við verðum að gá að því, að hér er ekki um neitt smáræðissvæði að ræða, því að Alþingi á nú allar lóðir og öll hús á ferhyrningi á milli Templarasunds annars vegar og Tjarnargötu hins vegar og Vonarstrætis annars vegar og Kirkjustrætis hins vegar, nema Oddfellowhúsið. Mér finnst, að fyrsta skrefið í þessum efnum, eins og nú er komið, ætti að vera að kaupa Oddfellowhúsið og leggja það einnig til Alþingis, hvað svo sem yrði við það gert að lokum.

Ég tel, ákaflega vel farið, að Alþ. á nú allar þessar lóðir og öll þessi hús. Auðvitað er þetta alþingishús orðið allt of þröngt, eins og við þekkjum sjálfsagt manna best, enda hefur Alþingi þrjú önnur hús til afnota, og hefur það bætt vinnuaðstöðu Alþingis mikið að fá þau hús. Eitt af þeim er leiguhúsnæði, en tvö af þeim á Alþingi sjálft. En þó að sæmilega fari um menn nú eins og stendur, er mjög óhagfellt að dreifa þessari starfsemi í mörg hús, eins og verður að gera með þessu móti, og á engan hátt er það til frambúðar, þegar lengra er litið, þannig að það má ekkert hægja á í þessu máli, þó að aðstaðan hafi skánað ögn um stundarsakir við þær ráðstafanir, sem gerðar hafa verið upp á síðkastið. Þess vegna er ég sammála flm. þessarar þáltill. um, að það er meir en mál til komið, að skarað sé í þessu máli alla vega, þinghúsmálinu, alveg eins og hinum húsmálunum, sem þáltill. fjallar um.

Ég held, að ekki sé ástæða til þess fyrir mig að hafa þessi orð fleiri. Ég vildi, að þessar upplýsingar kæmu hér fram til íhugunar fyrir menn. Þetta er mín persónulega skoðun. Ég get ekki séð neina ástæðu til þess fyrir Alþ. að flytja sig, þegar það hefur möguleika til að vera á þessum stað, sem að mínu viti er glæsilegasti staður borgarinnar, ef þessi mál eru leyst af stórhug og framsýni. Það þýðir auðvitað, að menn verða að búa þannig um Alþingi á þessum myndarlega reit í hjarta Reykjavíkur, að vel fari það hús, sem reist yrði fyrir Alþingi til viðbótar, og umhverfi staðarins yrði um leið gert þannig úr garði, að það væri sómi fyrir landið, prýði fyrir borgina og hentugt fyrir Alþingi.

Svava Jakobsdóttir: Herra forseti. Mér þótti fróðlegt að heyra í ræðu hv. síðasta ræðumanns, frásögnina af þál. frá 1961 og afdrifum hennar og um orsakir þess, að árangur varð svo lítill sem raun ber vitni. Í þessu sambandi langar mig einnig til að rifja upp frv., sem Einar Olgeirsson flutti árið 1965 um heildarskipulag miðbæjarins í Reykjavík.

Í frv. var gert ráð fyrir, að ákveðið yrði heildarskipulag miðbæjarins í Reykjavík með það hvort tveggja fyrir augum að varðveita gamlar sögulegar byggingar miðbæjarins og svip hans, eftir því sem við ætti, og tryggja fegurðarsamræmi í þeim byggingum, sem reistar yrðu, sérstaklega þó hinum opinberu byggingum. Í þessu frv. gerði Einar Olgeirsson ráð fyrir, að skipuð yrði n., skipulagsnefnd miðbæjarins, sem skyldi sérstaklega vinna að staðsetningu og teikningu alþingishúss, stjórnarráðshúss og ráðhúss Reykjavíkur, ef ráðlegt þætti, að þær væru allar á miðbæjarsvæðinu.

Annað atriði í frv. Einars Olgeirssonar var mjög afgerandi, en það var það atriði, að hann gerði ráð fyrir, að bannað yrði að reisa varanlegar byggingar á miðbæjarsvæðinu, þar til þessi skipulagsnefnd hefði lokið störfum. M. ö. o. í þessu ákvæði fólst alger friðun miðbæjarsvæðisins. Ég hygg, að ef þetta atriði hefði náð fram að ganga, hefði margt farið betur en raun ber vitni í miðbænum í dag og hefði verið hægt að varast mörg slys og tilviljunarkennt athæfi, sem hafa orðið á þessum tíma.

Þetta frv. Einars Olgeirssonar náði ekki fram að ganga. Meiri hl. n., sem um málið fjallaði, mælti gegn samþykkt þess á þeim forsendum, að borgarstjórn Reykjavíkur hefði þegar samþykkt skipulag miðbæjarins í Reykjavík. Ég verð að játa, að mér þykir þetta undarleg afstaða hjá þeim meiri hl., sem þá fjallaði um málið, því að með röksemdum sínum voru þeir að afsala sér áhrifum og afskiptum af því, hvar alþingishús og stjórnarráðsbygging ættu að standa.

Við flm. þessarar till., sem til umr. er nú, fögnum því og treystum, að alþm. séu nú annarrar skoðunar um, hvað sé tilhlýðilegt, að alþm. myndi sér skoðun um, og þeir líti svo á, að þeir eigi í hæsta máta að hafa áhrif á, hvar þessum byggingum skuli valinn staður. Við teljum þó sjálfsagt, eins og fram kemur, að haft verði samráð við skipulagsyfirvöld Reykjavíkurborgar.

Í sambandi við þessa till. vil ég sérstaklega leggja áherslu á sóma Reykjavíkur sem höfuðborgar. Það er álit mitt, að sem höfuðborg hafi Reykjavík engan veginn verið nægilegur sómi sýndur. Hana skortir því miður þann myndarbrag, sem á að einkenna höfuðborgir hvers lands. Þessi einkenni eða tákn höfuðborgarinnar eru fyrst og fremst byggingar æðstu stjórnvalda landsins. Þarf ekki að hafa mörg orð um vanrækslu okkar Íslendinga í þeim efnum. Það er í rauninni ekki nema eitt hús, sem við getum verið stolt af að sýna sem aðsetur stjórnvalda, og það er gamla stjórnarráðshúsið. Þegar við bendum á menntmrn., þá er gestum í rauninni ekki vel ljóst, hvort við erum að benda á bifreiðavarahlutaverslun eða menntmrn., og er sannarlega tímabært, að við hugleiðum, hvort ekki sé kominn tími til, að menningarþjóð komi sér upp veglegra menntmrn. Þá er öllum kunnugt, hversu mikið óhagræði það er á allan hátt fjárhagslega og vegna starfsaðstöðu að leigja ýmsar byggingar úti í bæ, jafnvel þótt þar kunni að vera annað í forgrunni en bifreiðavarahlutir.

Eins og kom fram í ræðu 1. flm., erum við mjög gjarnan til viðræðu um það, að reynt verði að finna nýju alþingishúsi stað hér í miðbænum, enda þótt við viljum í væntanlegri hugmyndasamkeppni gera ráð fyrir fleiri stöðum. Ég óttast það hins vegar, að ef ákveðið verður, að nýtt alþingishús verði reist hér, muni koma fram þær raddir, sem knýja á um stjórnarráðsbyggingu á þessu svæði á þeim forsendum, að þessar byggingar þurfi að vera nærri hvor ann-

arri. Ég hygg því, að rétt sé, að hugmyndasamkeppnin geri ráð fyrir fleiri stöðum.

Hugmynd hv. síðasta ræðumanns um friðsæla reitinn, svo að ég noti hans eigið orðalag, er mjög aðlaðandi, einkum og sér í lagi ef það verður gert, eins og hann gerði raunar ráð fyrir, með heildarskipulag alls miðbæjarins í huga. Í þessu sambandi eru tímabær orð 1. flm. um, að nú sé kominn tími til að huga að örlögum gamla miðbæjarins. Þar hafa þegar of mörg slys gerst. Seinagangur á því að friða þetta svæði, meðan verið er að skipuleggja, hefur haft örlagarikar afleiðingar, m. a. þær, að nágrenni þessa gamla miðbæjar er ekki lengur skemmtileg og aðlaðandi íbúðarhverfi, heldur skrifstofu- og verslunarhverfi. Nægir þar að nefna Grjótaþorpið, Garðastræti og svæðið austan við miðbæinn allt upp að Skólavörðuholti. Þetta hefur afdrifarikar afleiðingar fyrir mannlíf allt í þessari borg, og ber sannarlega að taka til höndum hið bráðasta til að sporna við þessari þróun.

Ég þarf ekki að hafa fleiri orð um þetta mál, herra forseti, eftir framsöguræðu hv. 1. flm., en ég vil fagna því í lokin, að hæstv. forseti Sþ. hefur sýnt þessu máli þann skilning, sem fram kom í ræðu hans.

Ásberg Sigurðsson: Herra forseti. Ég álít, að þetta mál sé mjög tímabært. Við sjáum það, að gamli miðbærinn, sem okkur þykir vænt um, a. m. k. Reykvíkingum, er að deyja. Bankarnir hafa lagt undir sig aðalpartinn í miðbænum, Austurstræti, og ég sé ekki, að þar sé staður fyrir þær stofnanir á vegum ríkisins, sem vantar húsnæði. Við vitum, að það er víða vandamál. Okkur vantar dómhús, okkur vantar alþingishús og okkur vantar stjórnarráðshús. Allir þrír þættir ríkisvaldsins eru á hrakhólum, það er staðreynd í dag. Og þessum stofnunum verður ekki komið fyrir í miðbænum. Ég vil láta lífga upp á miðbæinn minn. Ég vil heldur sjá borgarleikhúsið hér við Tjörnina, lítil hótel, eitthvað til að lífga upp bæinn, eins og hann var í gamla daga, þegar maður gekk suður með Tjörninni og Laufásveginn. Ég vil, að gömul rómantík geti færst yfir okkar gamla miðbæ.

En hvar á þá að koma fyrir opinberum byggingum? Það er ekki hægt í gamla miðbænum, og það er ekki hægt í hinum nýja fyrirhugaða miðbæ við Kringlumýri. Þar er þegar orðið algert umferðaröngþveiti, og er ekki á það bætandi. Við verðum að fara lengra. Við verðum að fara allt austur fyrir Elliðaárnar til að finna okkur stað til frambúðar. Við Elliðaárnar eru þegar komin umferðarmannvirki, sem geta flutt mikla umferð til Kópavogs og Hafnarfjarðar. Að vísu er væntanleg hraðbraut ekki algerlega komin til Hafnarfjarðar, en hún kemur innan tíðar. Í Ártúnshöfðanum eða þar sem kartöflugeymslan og Árbær er og þar í hallanum mundi ég telja, að færi vel um glæsilegar byggingar íslenska lýðveldisins. Þarna mætti koma fyrir alþingishúsi, stjórnarráðshúsi, e. t. v. ráðhúsi, dómhúsi, útvarpshúsi o. fl. Það eru margar stofnanir, sem vantar húsnæði, og ég held, að þarna á bökkum Elliðaánna og í hallanum þarna á stóru svæði og jafnvel líka í Ártúnshöfðanum mætti koma fyrir með góðu móti þeim byggingum, sem hið opinbera þarf á að halda.

Nú kunna menn að segja, að þetta sé svo út úr. Ef við lítum á byggðakjarnann hérna, Stór-Reykjavík, þá eru um 10 km. frá Elliðaánum að Ráðagerði á Seltjarnarnesi. Það eru um 10 km í Hafnarfjörð. Þetta er, þrátt fyrir það að þetta eru mörg sveitarfélög, eitt samfellt byggðasvæði, sem þarf að hafa viðskipti við opinberar stofnanir, þannig að ég tel, að þetta sé þegar mjög miðsvæðis miðað við Stór-Reykjavík. Svo vitum við, að Breiðholtshverfið er þarna nálægt með 15—20 þús. íbúum, Árbæjarhverfið er komið inn fyrir Elliðaár og á næstu árum verður byggt á löndum bæjarins í Korpúlfsstaðalandi og uppi í Mosfellssveit, þannig að ég hygg, að innan 10—15 ára verði þetta hið raunverulega miðbik Stór-Reykjavíkursvæðisins. Ástandið eins og það er, að vera með borgarfógetaembætti á Skólavörðustíg, borgardómaraembætti vestur í bæ í leiguhúsnæði, er fyrir neðan allar hellur. Það er að vísu dýrt að gera þetta. En ég held, að það sé ekki vansalaust fyrir land, sem telur sig sjálfstætt ríki, að huga ekki að því að koma upp eigin húsnæði fyrir höfuðþætti valdsins, sem sagt löggjafarvaldið, dómsvaldið og framkvæmdavaldið. Þetta hús hérna er gamalt og virðulegt. Það gæti sem best verið aðsetur hæstaréttar.

Það, sem ég legg alveg sérstaka áherslu á, er, að við verðum að hverfa frá því að troða miklu fleiri opinberum byggingum í gamla miðbæinn. Við eigum að reyna að lífga hann upp, gera hann okkur hjartfólginn. Tjörnin og þessi gamli miðbær á sterkar rætur í okkur, a. m. k. Reykvíkingum, og við eigum að reyna að gera hann eins aðlaðandi og mögulegt er. Það er hægt að byggja hér t. d. borgarleikhús eða hótel. Umferð af slíkum stofnunum er minni um verslunartímann og aftur meiri að kvöldinu. Ég álít þessa till. um að setja þetta mál í mjög rækilega athugun mjög athyglisverða, og ég nota tækifærið til að benda á, að í Ártúnshöfðanum eða austan Elliðaánna er möguleiki til að koma þessum byggingum fyrir á mjög góðan hátt, ef að því yrði horfið.

ATKVGR.

Till. vísað til síðari umr. með 31 shlj. atkv. og til allshn. með 32 shlj. atkv.

Rannsókn á gerð nýrrar hafnar á suðurströndinni, þáltill. (þskj. 310). — Fyrri umr.

Flm. (Ingólfur Jónsson): Herra forseti. Við þm. Sunnl. allir höfum leyft okkur að flytja till. til þál. á þskj. 310 um rannsókn á gerð nýrrar hafnar á suðurströndinni.

Á síðasta þingi var samþ. till., sem gekk nokkuð í þessa átt. Sú till. var samþ. í tilefni gossins í Vestmannaeyjum. Tekið var fram í till., að tekið skyldi til athugunar, hvar best væri að byggja nýja höfn á suðurströndinni. N. var skipuð samkv. till., sem vann að nokkru leyti að þessu starfi, en þó ekki að leita eftir nýju hafnarstæði, heldur til að leysa hafnarmálin að nokkru leyti, eins og nm. munu hafa sagt,

þessari brautargengi og tryggja nægilegt fjármagn á næstu fjárl."

Frá þjóðminjaverði barst n. allítarleg umsögn. Hún er mjög fróðleg um allt þetta mál og greinargóð, og ég leyfi mér til upplýsinga fyrir hv. alþm. að lesa nokkrar glefsur úr þessari umsögn, með leyfi hæstv. forseta. Í upphafi þessarar umsagnar segir svo m. a.:

„Mér er næst að ætla, að frv. þetta sé að nokkru leyti runnið frá mínum rótum, því að ég hafði fært þessi mál í tal við annan flm. till., áður en hún var flutt. Vissi ég, að hann hafði áhuga á þessum málum, hafði enda skrifað mikið um farmennsku og sjósókn og einnig um sjóminjasöfn erlendis. Hafði ég hvatt hann til að taka þetta mál að sér, enda þótt ég byggist ekki við, að svo skjótt yrði brugðist við sem raun varð á.

Ég hef um alllangan tíma talað um það við ýmsa aðila, að nauðsyn sé að koma hér upp myndarlegu og vel búnu sjóminjasafni, sem sýni og skýri sjósókn Íslendinga og farmennsku, fiskveiðar, fuglatekju, hagnýtingu rekaviðar og yfirleitt öll þau not, sem landsmenn hafa haft af sjónum þær ellefu aldir, sem þeir hafa búið í landinu. Hef ég oft fundið til þess, að þetta svið minjaverndar og kynningar til almennings hefur ekki verið rætt sem skyldi, og er það því afleitara sem þjóðin á efnahag sinn og tilveru alla undir sjónum komið. Að vísu hefur oft áður verið vikið að stofnun sjóminjasafns og málið meira að segja komist inn á Alþingi áður. En einhvern veginn hefur svo til tekist, að málið hefur dagað uppi hverju sinni, áður en það yrði til lykta leitt. Samt hafa þessar umr. orðið til þess að bjarga ýmsu á safn, sem sjómennskunni tilheyrir, og er þá helst að minnast sjóminjasýningarinnar 1939, er til stóð að koma upp sérstöku sjóminjasafni. Haldin var myndarleg sýning og dregið að margt muna í þessu sambandi, en þá fór eins og áður, að tími var ekki kominn fyrir safnið, en gripir þeir, sem safnað hafði verið, lentu í varðveislu þjóðminjasafnsins."

Um staðarval safnsins segir svo — með leyfi hæstv. forseta — í umsögn þjóðminjavarðar:

„Í þáltill. er gert ráð fyrir, að safnið verði sett niður í Hafnarfirði. Það á sér vissar orsakir, en ein aðalástæðan er sú, að í Hafnarfirði er fyrir hendi mikill áhugi ráðamanna bæjarins á sjóminjasafni og þar reynist vera til margt muna frá útgerð og sjómennsku, enda Hafnarfjörður gróinn útgerðarbær. Hitt veldur þó ekki minnstu, að þar þýðst mjög skemmtilegur staður í hrauninu vestan við bæinn, þar sem safnið fær að kalla ótakmarkað rými, bæði fyrir bygginu og útisýningu hluta. Þarna er ákveðið að varðveita óskerta væna spildu af hrauninu, sem er með afbrigðum sérstætt og fallegt, hraunbollar og kvosir, hryggir og gróðurvinjar, niðri við sjóinn, en safnið yrði sett í útjaðar hins friðaða svæðis. Tel ég, að þetta hafi mikið aðdrátarafl ekki síst fyrir erlenda ferðamenn, sem ekki þekkja slíkt landslag. Hafnarmynnið í Hafnarfirði blasir við og siglingar skipa og báta að og frá höfininni svo að segja rétt framan við fjöruna. Mætti innan úr safninu fylgjast með skipaferðum og tengsl við sjóinn yrðu mjög eðlileg og skemmtileg. Mér finnst þessi staður hafa svo margt fram yfir aðra, að tvímælalaust ætti að setja safnið þarna."

Þjóðminjavörður lýkur umsögn sinni um þessa þáltill. með þessum orðum:

„Ég hef enga aths. við þáltill., heldur styð ég hana til fullnustu og fagna því, að hún skuli hafa komið fram. Leyfi ég mér að leggja eindregið til, að hún verði samþ. og afgreiðslu hennar hraðað svo sem auðið er, þannig að fast land fáist undir fæturna í þessu máli. Þá yrði að öllu leyti auðveldara að ganga í söfnunarmálin og undirbúning safnsins, auk þess sem ýmsir aðilar mundu fúsari að styðja málstaðinn, er þeir vita ákvörðun Alþingis. Áhugi meðal sjómanna og útvegsmanna er mikill og þó ekki síður meðal alls almennings, og veit ég, að málstaðinn á visst fylgi fjölmargra, sem vilja stuðla að stofnun og viðgangi safnsins með gjöfum og annarri fyrirgreiðslu. Væru það mikil vonbrigði, ef málið dagaði enn uppi, og leyfi ég mér að skora á hv. alþm. að veita till. fullan stuðning, þannig að mál þetta megi ná fram að ganga á næstu árum."

Þannig lýkur umsögn þjóðminjavarðar. Í framhaldi af þessum tveimur umsögnum, sem ég hef gert grein fyrir, varð allshn. einhuga um að mæla með samþykki till.

Gils Guðmundsson: Herra forseti. Ég vil af hálfu okkar flm. flytja allshn. þakkir fyrir afgreiðslu hennar á málinu, bæði skjóta og góða, og ég vil einnig fyrir okkar hönd og allra annarra, sem áhuga hafa á þessu máli, þakka þann eindregna stuðning, sem þegar hefur komið fram við málið, í fyrsta lagi frá bæjarstjórn Hafnarfjarðar, sem eins og frsm. n. lýsti hefur gert ályktun um fullan stuðning við þetta mál, og frá þjóðminjaverði, sem vissulega á sinn stóra hlut í því, að málið er að þessu sinni komið inn á Alþ.

Ég skal aðeins til viðbótar þessum þökkum mínum skýra frá því, að mér er um það kunnugt, að nú um skeið hefur verið unnið að undirbúningi að stofnun áhugamannafélags um að koma upp sjóminjasafni og vinna að ýmsum þáttum í sambandi við það. Undirbúningsfundur hefur verið haldinn fyrir alllöngu, og ég hygg, að það verði ekki öllu lengri dráttur á því, að félagið verði formlega stofnað, — félag, sem hefur það markmið fyrst og fremst að vinna að því að koma upp sjóminjasafni og styðja hugmyndina á ýmsan hátt. Þess má og geta, að á fjárl. þessa árs hefur fengist lítils háttar aukafjárveiting til sjóminjasafns, til þess að vinna að söfnun sjóminjasafns og sérstaklega að því, sem þjóðminjavörður telur allra brýnast, að hægt verði að bjarga frá glötun nokkrum ágætum gömlum áraskipum og árabátum, sem þjóðminjasafn ýmist á nú þegar eða getur eignast annað tveggja að gjöf eða gegn mjög vægu gjaldi. Þessir bátar og skip eru af ýmsum gerðum og verða varðveitt sem sýnishorn af þeim bátagerðum, sem hér voru mjög mismunandi á áraskipatímanum. Þjóðminjavörður telur eðlilega mjög brýnt, að þessum bátum verði komið þannig fyrir, að þeir eyðileggist ekki. Sú fjárveiting, sem

hann hefur nú fengið í þessu skyni, mun tvímælalaust koma í miklar og góðar þarfir og hefði raunar þurft að vera ríflegri, en gæti væntanlega orðið það á næsta ári, þar sem svo ríkur skilningur er nú, að því er virðist, bæði innan þings og utan á þessu merka máli, sem of lengi hefur beðið framkvæmda.

Nú vænti ég þess og tel raunar víst, að hv. Alþ. láti uppi viljayfirlýsingu í málinu með samþykkt þeirrar till., sem hv. allshn. hefur einróma mælt með, og þá tel ég, að næsti áfangi í málinu hljóti að vera sá, að skipuð verði af hálfu ríkisstj. eða menntmrn. undirbúningsnefnd til þess að ræða um hina einstöku þætti málsins og undirbúa framkvæmdir. Ég hef rætt þetta mál við hæstv. menntmrh., og mér er kunnugt um, að hann hefur skilning og áhuga á þessu máli. Ég treysti því þess vegna, að nú, þegar Alþ. væntanlega lýsir vilja sínum í þessu máli, eindregnum, þá verði haldið áfram undirbúningi málsins á þann hátt að skipa undirbúningsnefnd til að gera frekari till. um framkvæmdaatriði þessa mikilvæga máls.

Ég endurtek svo þakkir mínar til n. fyrir afgreiðslu á málinu.

Halldór S. Magnússon: Herra forseti. Söfn eru tvímælalaust nauðsynlegur þáttur í menningarlífi einnar þjóðar. Það ætti að teljast sjálfsagður hlutur á Íslandi með tilliti til atvinnuhátta landsmanna, að sjóminjasafn væri eitt af þeim fyrstu söfnum, sem byggð væru hér. Það þarf að tryggja, að menningarverðmæti, sem svo mjög eru tengd lífi og starfi þjóðarinnar sem minjar um sjósókn landsmanna, varðveitist. Staðsetning slíks safns þarf að vera með þeim hætti, að greiður aðgangur sé að safninu sem flestum landsmönnum og auk þess sé það í tengslum við lifandi starf í sjávarútvegi. Þessi skilyrði uppfyllir Hafnarfjörður tvímælalaust öðrum stöðum fremur. Auk þess má minna á, eins og fram hefur komið hjá hv. þm., sem hér hafa talað, að áhugi Hafnfirðinga á því, að sjóminjasafn rísi þar, er mjög mikill og þeir hafa reyndar lengi haft mikinn hug á því, að af því gæti orðið. Ég vil fagna því, að allshn. skuli hafa fljótt og greiðlega afgreitt þetta mál og mælt með samþykkt þeirrar þáltill., sem til umr. er.

Í framhaldi af samþykkt till., sem ég dreg ekki í efa, að verði samþykkt, þarf að sjálfsögðu að vinda bráðan bug að undirbúningi byggingar. En jafnhliða og ekki kannske síður þarf að vinna ötullega að söfnun og varðveislu muna, sem til safnsins mættu heyra. Það hefur vissulega verið svo á undanförnum árum og áratugum, að ýmis verðmæti í munum um sjósókn hafa glatast, og þeir munir verða sífellt fleiri með hverju árinu sem líður, án þess að eitthvað róttækt sé gert í því að safna þeim saman og tryggja, að þeir varðveitist. Að vísu hefur, eins og hv. síðasti ræðumaður minnti á, hv. 4. þm. Reykn., verið veitt á fjárl. lítilsháttar fjárhæð til að tryggja varðveislu slíkra muna. En það þarf vissulega að gera mun meira en þar er gert. Þetta mál hefur bæði á hv. Alþ. og utan þings hjá þeim, sem um málið hafa fjallað, hvort sem er í bæjarstjórn Hafnarfjarðar eða innan ríkisstj. eða hvar sem málið hefur á góma borið, fengið mjög góðan hljómgrunn. Þess vegna leyfi ég mér að vænta þess, að það verði staðið rösklega að því að útvega fjármagn til þessara tveggja þátta starfsins, sem á eftir koma, í fyrsta lagi að vinna að undirbúningi byggingar safnsins og í öðru lagi að vinna að söfnun muna, svo að koma megi í veg fyrir, að enn fleiri munir en hingað til glatist ævarandi.

Ég vil svo aðeins að lokum endurtaka þakklæti mitt til n. fyrir að hafa afgreitt málið svo rösklega, svo og bera fram þakkir til flm. fyrir að hafa flutt þetta mjög svo merkilega mál á þingi. Og ég leyfi mér að lokum að vona, að að framhaldinu verði staðið eins rösklega og staðið hefur verið að málinu hingað til.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Efri deild, 58. fundur.

Mánudaginn 18. febr., kl. 2 miðdegis.

Umræður utan dagskrár.

Alexander Stefánsson: Herra forseti. Ég stend hér upp í tilefni greinar, er herra biskup Íslands, Sigurbjörn Einarsson, ritaði í Morgunblaðið s. l. laugardag um prestskosningar. Í þessari grein er biskup áhyggjufullur yfir því, að frv. um prestskosningar, er nú liggur fyrir hæstv. Alþingi, muni daga hér uppi, en frv. þetta hefur verið í n. eftir fyrstu umr. hér í hv. Ed. Frv. um prestskosningar hefur hlotið miklar umræður í landinu á undanförnum árum, og á mörgum kirkjuþingum hefur verið um það fjallað og nú síðast fengið þar nær einróma samþykki.

Ég vil leyfa mér að fara þess á leit við hæstv. forseta, að hann hlutist til um, að þetta frv. fái hraða meðferð í þeirri nefnd, sem það nú liggur í, og að hæstv. Alþingi sjái ástæðu til að afgreiða þetta mál sem allra fyrst, en afgreiðsla þess hefur örugglega mikla þýðingu fyrir málefni kirkju landsins.

Skipulagslög, frv. (þskj. 377). — 3. umr.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 11 shlj. atkv. og endursent Nd.

Neðri deild, 63. fundur.

Mánudaginn 18. febr., kl. 2 miðdegis.

Umræður utan dagskrár.

Ragnhildur Helgadóttir: Herra forseti. Í hádegisfréttum Ríkisútvarpsins í gær var frá því skýrt, að nokkrir Íslendinga væru meðal þeirra, sem væru á mælendaskrá á fundi Norðurlandaráðs í Stokkhólmi. Var sérstaklega tekið fram, að á mælendaskránni væri meðal annarra hæstv. ráðh. Magnús Kjartansson og mundi hann m. a. fjalla um varnarmál. Þetta þótti ýmsum hér uppi á Íslandi nokkrum tíðindum sæta, því að Íslendingar a. m. k. hafa ekki fengið um það að vita, að ríkisstj. hafi komið sér saman um stefnu í varnarmálunum, hvað þá að þau yrðu tekin til umr. á fundi erlendis. Það var því með nokkurri eftirvæntingu, sem margir biðu þess að heyra sagt frá þessum fundi í Norðurlandaráði í gær, og svo fór, að þessi fundur þótti tíðindum sæta. Í fréttum Ríkisútvarpsins í gærkvöldi var komist svo að orði, með leyfi hæstv. forseta:

„Fundarhöld á þingi Norðurlandaráðs í Stokkhólmi í dag fóru fram á þann hátt, að dæmi munu ekki til áður. Magnús Kjartansson iðnrh. ásakaði stjórnir Norðurlandanna fyrir að hafa ekki stutt Íslendinga í landhelgisdeilunni, en undanskildi þó finnsku stjórnina."

Í fréttaauka sjónvarpsins í gærkvöldi, þegar Ólafur Ragnarsson fréttamaður talaði frá Stokkhólmi, var m. a. sagt svo, með leyfi hæstv. forseta:

„Það verður ekki annað sagt en að flest mál hafi fallið í skuggann á varnarmálum Íslands hér á þingi Norðurlandaráðs, því að varnarmálin hafa gengið eins og rauður þráður í gegnum umr., jafnvel þótt utanríkis- og varnarmál teljist utan viðfangsefna Norðurlandaráðs. Það var engu líkara en Magnús Kjartansson ráðh. hefði varpað sprengju í friðsælan reit, er hann tók varnarmálin til umr. í dag, því að fram að því höfðu menn yfirleitt rætt ýmsa þætti norræns samstarfs í mesta bróðerni hér á þingi Norðurlandaráðs. En yfirlýsingar Magnúsar leiddu til deilna íslensku þingfulltrúanna sín á milli og einnig svara og aths. fulltrúa hinna Norðurlandanna."

Það er eðlilegt, að menn velti því fyrir sér, hvað það var, sem olli svo miklum umr. og deilum á þessum umrædda fundi. Í ræðu sinni réðst Magnús Kjartansson sérstaklega hart að frændum okkar Norðmönnum og taldi, að þeir hefðu gerst sekir um beina íhlutun um íslensk innanríkismál, er ríkisstj. Lars Korvalds sendi orðsendingu eða lagði fram orðsendingu hér á NATO-fundi í fyrra, þar sem skýrð voru viðhorf Norðmanna til öryggismála. Fyrir þetta og ýmislegt annað réðst ráðh. mjög hart að Norðmönnum. Í annan stað vó hann mjög hart að frændþjóðum okkar, vegna þess að hann taldi, að þær hefðu auk þess að hans dómi að svíkja okkur í varnarmálunum einnig svikið okkur í landhelgismálinu, að undanskildum þó Finnum, sem veitt hefðu okkur eindregin stuðning. Um það vil ég segja hér, að vissulega var stuðningur Finna lofsverður. En óneitanlega hnykkti mörgum við að heyra þessi ummæli íslensks ráðh. á fundi Norðurlandaþjóðanna um viðhorf annarra Norðurlandaþjóða til landhelgismálsins. Sérstaklega voru þó ummælin mjög óviðeigandi gagnvart Norðmönnum. Á það má minna, að vel má vera, að það, sem verulega munaði um s. l. sumar, hafi einmitt verið breytt afstaða Norðmanna, því að þeir sem forustuþjóð í fiskveiðum lögðu áherslu á stuðning við 200 mílurnar. Enn fremur veitti Danmörk okkur stuðning á vissan hátt með því að leggja áherslu á sérstakan rétt strandríkja, sem hefðu sérstöðu vegna sinnar landfræðilegu stöðu. Þannig virðist manni hér heima þarna vera um ákaflega ómaklegar ásakanir að ræða, sem fyllsta ástæða hefði verið til fyrir íslenska fulltrúa að svara, ekki síst þegar minnst er drengilegs stuðnings annarra Norðurlandaþjóða í ýmsum vandamálum Íslendinga, sem upp hafa komið, t. d. í sambandi við eldgosið í Vestmannaeyjum á síðasta ári og í ótalmörgum fleiri atriðum, sem óþarft er upp að telja. Ég hygg, að það sé dómur flestra Íslendinga, að góð samvinna Norðurlandaþjóðanna sé einn af hornsteinum íslenskrar utanríkisstefnu, hafi verið frá upphafi Íslandsbyggðar og eigi að vera áfram. Þeim mun alvarlegra er það, ef ekki hefur komið rækilegt andsvar af hálfu Íslendinga á þessum umrædda fundi.

Ég hef gert tilraunir til þess í morgun að afla mér eintaks af þeim ræðum, sem haldnar voru á þessum fundi í gær. Ég hélt satt að segja, að það hlyti að vera einfalt mál að ganga að

þessum ræðum í utanrrn., þar sem fjallað var um einhver viðkvæmustu utanríkismál Íslendinga í þessum ræðum. Það hefði e.t.v. verið ástæða til, að rn. okkar hefði útvegað eintak af ræðum þeim, sem þarna voru haldnar, og hefur kannske stundum verið talin ástæða til að leggja í einhvern símakostnað af minna tilefni. Sérstaklega er það aðfinnsluvert, að hæstv. utanrrh. hefur ekki séð ástæðu til að láta vera til eintak af ræðum í rn. til stuðnings og athugunar einmitt nú þessa dagana, þegar utanrrh. Noregs er hér í opinberri heimsókn til viðræðna við hæstv. utanrrh. Þetta verður að teljast sérstakt umhugsunarefni út af fyrir sig, hvort þarna er ekki um einstakt sleifarlag að ræða.

Í fréttum Ríkisútvarpsins í gær var frá því sagt, að Gylfi Þ. Gíslason hefði verið meðal þeirra, sem kvöddu sér hljóðs utan dagskrár. Þegar norrænir ráðh. höfðu svarað mjög hart ræðu Magnúsar Kjartanssonar og Trygve Bratteli borið af sér alvarlegar sakir í þeirri ræðu, tók Gylfi Þ. Gíslason til máls og lagði áherslu á, að ræða Magnúsar Kjartanssonar hefði ekki túlkað skoðanir íslensku þjóðarinnar, ekki stefnu Alþingis og ekki íslensku ríkisstj., þetta væru eingöngu skoðanir flokks Magnúsar, sem í ræðunni hefðu komið fram. Gylfi Þ. Gíslason kvað íslensku ríkisstj. ekki enn hafa komið sér saman um afstöðu sína í viðræðunum, sem fram færu við Bandaríkjamenn um framtíð varnarliðsins á Keflavíkurflugvelli. Og enn fremur sagði í fréttunum, með leyfi hæstv. forseta:

„Stjórnarandstaðan telur þörf endurskoðunar varnarsamningsins, en ekki uppsagnar, og hann sagðist ekki geta fullyrt, að meiri hluti flokks forsrh. væri sama sinnis."

Þetta voru orð úr fréttaauka, sem Ólafur Ragnarsson flutti í Ríkisútvarpinu í gær.

Síðan talaði hæstv. forsrh. Ef ég má lesa orðrétt það, sem sagði í þessum fréttaauka, hljóðar það svo:

„Ólafur Jóhannesson forsrh. tók til máls í umr. og sagðist telja, að utanríkis- og varnarmál væru utan við starfssvið Norðurlandaráðs. Hann sagðist vilja frábiðja sig því, að menn færu hér að ræða íslensk innanríkismál og sömuleiðis afstöðu Íslendinga til endurskoðunar eða uppsagnar varnarsamningsins. Forsrh. sagðist verða að bera til baka það, sem Gylfi Þ. Gíslason hefði sagt um Framsfl. og afstöðu hans til varnarmálanna. Varðandi bréf Norðmanna til íslensku ríkisstj., sem borið hefði á góma í umr., kvaðst Ólafur Jóhannesson vilja segja, að hann hefði ekki litið á það sem nokkra íhlutun um íslensk málefni og það muni að sjálfsögðu ekki hafa nein úrslitaáhrif á ákvörðun íslensku ríkisstj. í varnarmálunum."

Þetta var eina atriðið, sem kom fram í fréttum, að forsrh. Íslands hefði andmælt af því, sem kom fram í ræðu Magnúsar Kjartanssonar. Forsrh. sagði að vísu, að utanríkis- og varnarmál væru utan við starfssvið Norðurlandaráðs. Ég veit ekki, við hvaða reglur hæstv. forsrh. hefur stuðst, þegar hann mælti þetta, en í 1. gr Helsingforssáttmálans, sem fjallar um starf Norðurlandaráðs, segir svo, með leyfi hæstv. forseta:

„Samningsaðilar skulu kappkosta að varðveita og efla enn betur samstarfið milli landanna í réttar-, menningar-, félags- og efnahagsmálum, svo og um samgöngur."

Í 41. gr. þessa sama sáttmála segir svo:

„Auk þeirra málaflokka, sem sérstaklega er um samið, skal ráðið, þegar tími vinnst til, fá tækifæri til að tjá sig um mikilsverð efni norrænnar samvinnu."

Nú getur hver og einn spurt sjálfan sig, hvort varnarmál Íslendinga heyra ekki með nokkrum hætti þarna til í almennum umr. Hvað er við það að athuga, þótt öryggismál eins af Norðurlöndunum komi til umr. í almennum umr. á dagskrá Norðurlandaráðs? Það, sem forsrh. íslenski hafði um þetta að segja, var einfaldlega þetta: Hér á ekki að ræða varnarmál Íslendinga. — Þetta segir enga sögu um það, hvort þau ummæli, sem hæstv. ráðh. Magnús Kjartansson viðhafði í sinni ræðu, hafa verið sögð með samþykki íslensku ríkisstj. Ef þau hafa ekki verið sögð með samþykki íslensku ríkisstj., er æskilegt að fá að vita, hvort þau hafa verið í frammi höfð með vitund íslensku ríkisstj., og hafi svo verið, hvort ríkisstj. telji það viðeigandi, að einn af ráðh. hennar hafi þau ummæli í frammi á fundi Norðurlandaráðs, sem raun var á í gær.

Þessum spurningum vil ég leyfa mér að beina til annars hvors þeirra ráðh., sem hér eru staddir. Ég gerði ráðstafanir til þess, að hæstv. utanrrh. fengi að vita af því, að það væri ætlunin að gera aths. í tilefni af þessum atburði utan dagskrár. Ef litið er yfir dagskrá hinnar opinberu heimsóknar Frydenlunds, utanrrh. Noregs, sést, að hæstv. utanrrh. er að vísu bundinn yfir borðhaldi með þessum hæstv. ráðh. í hádeginu, og því borðhaldi mun eftir þessari dagskrá verða lokið kl. 14.30 Síðan ætlaði hinn norski ráðh. að skoða ýmis söfn í Reykjavík, og hefði ég þá ekki talið úr vegi, að hæstv. utanrrh. sæi sér fært að skreppa hingað á fund í Alþ., meðan hinn norski starfsbróðir hans skoðaði söfnin. En þetta taldi hæstv. utanrrh. ástæðulaust. Ég verð að segja, að ef menn hver af öðrum sjá ástæðu til þess á fundi í Norðurlandaráði að spyrja um þessi atriði utan dagskrár, eru það þá ekki mjög hógværleg tilmæli, að Alþingi Íslendinga sjálfu sé gerð grein fyrir því, hvernig afstaða ríkisstj. er til þessara ummæla og hvað hún yfirleitt hugsar sér að gera, ef hún er þeim ekki sammála.

Að einu atriði þessu skyldu vil ég víkja um leið, og það varðar frétt um heimsókn norska utanrrh. Frá henni var mjög skilmerkilega sagt í fréttum sjónvarpsins í gærkvöld, og síðan sagði svo, með leyfi hæstv. forseta:

„Fréttastofa sjónvarpsins hafði samband við Einar Ágústsson utanrrh. og spurði hann álits á ummælum Magnúsar Kjartanssonar iðnrh. á þingi Norðurlandaráðs í dag. Ráðh. kvaðst ekkert geta sagt á þessu stigi."

Þetta svar kannast hv. þm. e.t.v. við, en svo að tilvitnuninni sé haldið áfram:

„Ráðh. sagðist ekkert geta sagt á þessu stigi, en vísaði í ummæli Ólafs Jóhannessonar forsrh. á þinginu. Einar bætti við, að hann teldi Norðurlandaráð engan vettvang til þess að ræða varnarmálin."

Þá var ráðh. spurður um, hvaða mál hann mundi ræða við Knud Frydenlund, utanrrh. Noregs, í morgun. Ráðh. sagði, að ýmis mál væru

á dagskrá, en ekkert yrði rætt um herstöðvamálið. Síðan var lesin frétt frá norsku fréttastofunni NTB. Í þeirri frétt sagði frá hinni opinberu heimsókn norska utanrrh. til Íslands, og þar var sérstaklega tekið fram, að meðal þeirra mála, sem ráðh. mundu ræða sín í milli, væru öryggismál ríkjanna. Þetta atriði varpar mjög skýru ljósi á það, hvílík upplausn virðist ríkja innan ríkisstj. í þessum viðkvæmu málum, nema á þessu sé einhverja aðra skýringu að finna, sem hæstv. ráðh., sem hér eru staddir, er kunnugt um, og verður að ætla, að þeir hljóti að kunna þá skýringu, sé allt með felldu í þessum málum.

Fjmrh. (Halldór E. Sigurðsson): Herra forseti. Hæstv. utanrrh. hafði samband við mig núna um hádegið og sagðist hafa fengið fregnir af því, að hv. 12. þm. Reykv. mundi gera fsp. utan dagskrár til sín, en hann væri með fjarvistarleyfi frá þingstörfum í dag vegna komu norska utanrrh. Ég tók því að mér það vandasama verk að flytja hæstv. utanrrh. frásögn af spurningu hv. 12. þm. Reykv., en verð að viðurkenna það, eftir að hafa hlustað á ræðuna, að þar hef ég tekið að mér of mikið verk, því að ræðan var svo yfirgripsmikil, að endursögn af minni hálfu af þeirri ræðu þarf að vera nokkuð mikil, ef hún á að vera nákvæm, enda var komið við hjá þremur hæstv. ráðh. í ræðu hv. 12. þm. Reykv. Ég geri ráð fyrir því, að hæstv. forsrh. komi heim í dag og verði hér á hv. Alþ. á morgun og þá muni hann svara fyrir sig, að því leyti, sem hann telur ástæðu til.

Ég ætla ekki að fara út í efnisatriði ræðunnar, enda verð ég að játa, að til þess skortir mig undirbúning að fara í öll þau atriði, sem þar var á gripið. Hins vegar skal ég koma því til utanrrh., um hvað hv. 12. þm. Reykv. spurði, svo að hann geti verið undir það búinn að svara því. Verður það að gerast með því að fá honum afrit af ræðunni, svo að þetta verði allt ljóst, og ég mun óska eftir því, að hann fái það, svo að hv. 12. þm. Reykv. geti fengið svar við spurningum sínum.

Hvort hæstv. utanrrh. telur sig þurfa að svara því, af hvaða ástæðu hann er bundinn annars staðar, frekar en hann gerði með því að boða, að hann væri bundinn vegna komu norska utanrrh. hingað skal ég ekki segja, en það mun hann skýra síðar.

Sjútvrh. (Lúðvík Jósepsson): Herra forseti. Það var býsna sérkennileg ræða, sem hér var flutt af hv. 12. þm. Reykv., ekki venjulegar fsp., heldur býsna einkennileg ræða um ræðu, sem hún hafði ekki heyrt af nema á skotspónum, ekki getað útvegað sér og vissi í rauninni ekki, hvað stæði í. (**RH:** það var í Ríkisútvarpinu, hæstv. ráðh.) Ræðan var ekki í Ríkisútvarpinu, og þm. sagði ég einmitt — (**Gripið fram í: Átti ráðh.** afrit af henni heima?) Ég skal segja þessum hv. þm., að ég var búinn að lesa þessa ræðu og ég veit vel, hvað stóð í ræðunni. (**Gripið fram í:** Hvað stóð í henni?) Ég vil taka það skýrt fram, ég er sammála hverju orði, sem var flutt í þessari ræðu, og tel, að þar hafi ekkert verið ofsagt.

Það eru einkum tvö atriði, sem hafa vakið nokkurt umtal, af því, sem fram kom í þessari ræðu. Hið fyrra var það, að Íslendingum fyndist, að í mjög þýðingarmiklu máli, landhelgismálinu, hefðu þeir ekki notið þess stuðnings frá samstarfsþjóðunum á Norðurlöndum, sem þeir hefðu ætlast til. Ég efast ekkert um það fyrir mitt leyti, að þetta er almenn skoðun Íslendinga, jafnvel þó að til séu nokkrir forhertir sjálfstæðismenn, sem telja, að undirtektir Norðmanna, Dana og Svía hafi verið alveg nógar við málstað Íslendinga í landhelgismálinu. Það var skýrt tekið fram varðandi þetta atriði í ræðu Magnúsar Kjartanssonar, að þrátt fyrir þá afstöðu, sem opinberlega kom fram frá ríkisstj. þessara landa í landhelgismálinu og olli okkur Íslendingum — mörgum eða flestum — vonbrigðum, þar sem þessar ríkisstjórnir treystu sér ekki til að lýsa yfir stuðningi við stefnu Íslands í landhelgismálinu, þá var þó skýrt tekið fram, að ein af Norðurlandaþjóðunum, hin finnska hefði hins vegar tekið dyggilega undir okkar afstöðu. Það kom einnig fram, að þrátt fyrir þessa afstöðu hefðu margir einstaklingar í þessum löndum og mörg félagasamtök tekið mjög dyggilega undir afstöðu Íslendinga. Þetta getur hv. 12. þm. Reykv., sem ekki hefur séð ræðuna og ekki veit, hvernig hún er, og á eftir að sjá hana, þegar hún verður birt hér, talað um, að hæstv. iðnrh. Magnús Kjartansson hafi ráðist á ódrengilegan hátt á Norðurlandaþjóðirnar fyrir að segja þetta. En slíkt er vitanlega út í hött og sagt aðeins af þeim, sem ekki veit, hvað hann er að tala um.

Hitt atriðið, sem vakti allmikla athygli og umtal í ræðu Magnúsar Kjartanssonar, var um það, að varla yrði til að bæta samstarf Norðurlandaþjóða, þegar í viðkvæmu innanríkismáli væri staðið þannig að, að ríkisstj. t. d. Noregs hefði sent íslensku ríkisstj. skrifleg tilmæli, þar sem gerð var sérstaklega grein fyrir afstöðu ríkisstj., sem þá var í Noregi, — það er ekki Bratteli-stjórnin, sem nú situr þar við völd, — þar sem afstaða Noregs var mjög á annan veg en yfirlýst stefna íslensku ríkisstj. Það hefur auðvitað ekki farið fram hjá neinum, sem fylgst hefur með málum hér á Íslandi, að þessi skriflega orðsending norsku ríkisstj. frá því í sept. var notuð mjög af þeim, sem börðust fyrir áframhaldandi hersetu hér á landi, og þeir hafa hvað eftir annað í blöðum vitnað til hennar og bent á, að norska ríkisstj. væri annarrar skoðunar en hin íslenska varðandi þetta mál. Það á eflaust eftir að koma að því, að þessi orðsending verði birt, þó að hún hafi ekki verið birt enn, svo að það komi skýrt í ljós, hvað var verið að gera með þessari orðsendingu.

Það er sem sagt skoðun mín og Magnúsar Kjartanssonar og ábyggilega mjög margra annarra Íslendinga, að þessi orðsendingaskipti hafi ekki verið eðlileg, eins og þau komu fram á sínum tíma.

Það er svo mál út af fyrir sig, að núv. ríkisstj. í Noregi vill í rauninni afneita þessu og segist ekki vilja skipta sér af þessum málum á einn eða neinn hátt. Það getur hver og einn metið þetta eins og hann vill. Það er auðvitað hægt að meta þetta þannig að segja: Þó að þeir hafi skýrt afstöðu sína og telji, að halda eigi herstöðinni í Keflavík þrátt fyrir gagnstætt álit margra Ís-

lendinga þar um, séu þeir ekki að blanda sér í okkar innanlandsmál. Aðrir álíta hið gagnstæða.

Það voru þessi tvö atriði, sem ég hef nefnt, sem gerð hafa verið að umtalsefni úr ræðu Magnúsar Kjartanssonar. Er vitanlega algerlega tilhæfulaust að segja, að hann hafi ráðist á nokkurn hátt ómaklega á ríkisstjórnir Norðurlanda. Hér hefur verið bent á mjög mikilvæg atriði frá okkar hálfu, sem við eigum að benda á, þegar er verið að ræða í almennum umræðum um samskipti Norðurlandaþjóða. Það er með öllu þýðingarlaust að halda uppi samstarfi á milli Norðurlandaþjóða eingöngu í því formi, að ekkert sé nema þakklætisræður og einhverjar sérstakar yfirborðskurteisisræður. Það á vitanlega að ræða þau mál, sem varða á varanlegan hátt samstarf Norðurlandaþjóða. Og það verður vitanlega ekki aftur tekið, að því miður var afstaða ríkisstjórnanna í Svíþjóð, Danmörku og Noregi þannig í sambandi við okkar landhelgismál og deilur okkar við ýmsar þjóðir út af landhelgismálinu, að þessar ríkisstj. treystu sér ekki til að taka undir afstöðu okkar í landhelgismálinu.

Þetta gekk svo langt, því miður, eins og hefur verið minnst á áður á Alþingi, að þegar norska ríkisstj. sóttist eftir því að fá sérstaka undanþágu fyrir veiðiskip sín innan 50 mílna fiskveiðilandhelginnar við Ísland, neitaði hún formlega, um leið og hún sótti um að fá þessa undanþágu, að fallast á nokkra viðurkenningu á okkar 50 mílna landhelgi. Þegar þá var stungið upp á því af okkar hálfu, að ekki yrði minnst í þessu samkomulagi einu einasta orði á viðurkenningu eða ekki viðurkenningu, var því einnig neitað af hálfu norsku ríkisstj. og þess krafist, að ef samkomulag ætti að verða, yrði tekið skýrt fram, hver væri almenn afstaða þeirra til útfærslu landhelgi, þannig að þeir gætu örugglega túlkað það, hvar sem væri, að þeir hefðu ekki á nokkurn hátt viðurkennt landhelgina hér við land. Auðvitað særði þetta marga Íslendinga, þó að það hafi ekki sært hv. 12. þm. Reykv. og marga íhaldsmenn. Þeim þótti allt of langt gengið af okkur Íslendingum í landhelgismálinu, og þeir voru ánægðir með þetta allt saman.

Mér er líka vel kunnugt um, að það hefur komið fram bæði í þessari ræðu Magnúsar Kjartanssonar og fleirum full viðurkenning af hans hálfu og okkar Íslendinga yfirleitt á því, hvað það er þýðingarmikið, að við Íslendingar eigum gott samstarf við Norðurlandaþjóðirnar, og við metum það, sem þær hafa vel við okkur gert á ýmsum tímum. En það á ekki að þýða, að við þorum ekki að minnast á það, sem við teljum að sé ekki af réttum toga.

Ég skal ekki eyða löngu máli í að ræða um ræðu hv. 12. þm. Reykv. að öðru leyti. Hún var á margan hátt furðuleg. Eitt af því, sem sannaði, eftir því sem hv. 12. þm. Reykv. sagði, slóðaskap utanrrh., var það, að hann hefði hér ekki handbært afrit af ræðum manna á fundum Norðurlandaráðs, rétt eins og hv. þm. byggist við því, að það lægju hér í utanrrn. afrit af öllum þeim ræðum, sem Íslendingar flytja á þessum ráðsfundum. En sem sagt, þetta gat þó orðið a. m. k. tilefni til að bera slóðaskap á utanrrh., að þetta hafði ekki fundist. Eins er um það, þegar þessi hv. þm. var búinn að greina frá því, að Einar Ágústsson hefði skýrt frá því í íslenskum fréttamiðlum, að það stæði ekki til að ræða um herverndarmálið við norska utanrrh., sem hér er nú staddur, en hins vegar hefði norska fréttastofan NTB sagt, að þessi mál mundu verða rædd, þá sagði þm.: Þetta varpar skýru ljósi á ástandið í íslensku ríkisstj. — Ja, þvílíkt! Vegna þess að einhver fréttastofa úti í heimi fer með einhverja vitleysu, þvert ofan í það, sem upplýsingar liggja fyrir um hér heima, sannar það, hvers konar ástand er ríkjandi í íslensku ríkisstj. En ætli það varpi ekki öllu heldur ljósi á það, í hvers konar hugarástandi þm. Sjálfstfl. eru. Þeir finna sér allt til í þessum efnum, þjóta upp út af ræðum, sem þeir hafa ekki lesið, en heyrt aðeins hrap úr, ásaka menn fyrir, að það skuli ekki liggja hér fyrir handbært afrit af þessum ræðum, og fullyrða svo, að íslenskur ráðherra erlendis hafi verið að ráðast á erlendar þjóðir og borið þeim á brýn m. a. svik við okkur í varnarmálum eða landhelgismálum. Ekkert slíkt orðalag var haft í frammi. — Það var svo eitt hneykslið, að utanrrh. skyldi ekki yfirgefa norska utanrrh., hlaupa úr fylgd hans hér til þess að svara ræðu af þessari tegund.

Forseti (Gunnar Gíslason): Ég vil vinsamlega biðja hv. þm. að stilla ræðutíma sínum í hóf og helst að halda sig við þau þingsköp, sem við eru höfð, er almennar fsp. eru til umræðu í þinginu.

Ellert B. Schram: Herra forseti. Ég tek undir það með hv. 12. þm. Reykv., að það urðu margir forviða, er þeir heyrðu fréttir í gær í Ríkisútvarpinu frá Norðurlandaráðsfundi. Þar var sagt frá því, að íslenskir ráðherrar hefðu hafið deilur á þeim vettvangi og að íslenski forsrh. hefði þurft að hirta meðráðh. sinn hæstv. iðnrh., Magnús Kjartansson. Allt var þetta mál mjög undarlegt í frásögnum og fréttum, en er reyndar enn þá undarlegra eftir ræðu hæstv. sjútvrh., því að hann upplýsir, að hann hafi séð þessa ræðu og lesið hana, áður en hæstv. iðnrh. fór úr landi. M. ö. o.: hæstv. ráðh. Magnús Kjartansson semur ræðu, vandlega undirbúna ræðu hér á Íslandi, ber hana undir Alþýðubandalagsráðh., Lúðvík Jósepsson, án þess að láta íslenzku forsrh. hafa hugmynd um hana, hvað þá utanrrh. Hvers konar vinnubrögð eru þetta? Varpa þau ekki enn betur ljósi á það ástand, sem ríkjandi er í ríkisstj.? Ráðh. talast ekki við. Þetta er til vansæmdar fyrir íslensk stjórnvöld og sérstaklega fyrir Alþýðubandalagsráðh. sjálfa.

Hæstv. sjútvrh. upplýsir, að í þessari ræðu hafi einkum verið tvö atriði. Annars vegar hafi Magnús Kjartansson, hæstv. iðnrh., verið að kvarta undan því, að Norðurlandaþjóðirnar hefðu ekki stutt okkur nægilega vel í landhelgismálinu. Allir Íslendingar, að ég held, hörmuðu þessa afstöðu, jafnvel forhertir sjálfstæðismenn. Hitt er annað mál, að Norðurlandaþjóðirnar gerðu íslenskum stjórnvöldum grein fyrir þessari afstöðu sinni, bæði opinberlega og að ég held í trúnaði, gerðu grein fyrir þeirri afstöðu sinni, að þeim væri ekki fært að fylgja okkur í einu og öllu í þessu máli, vegna þess í fyrsta lagi, að það stríddi gegn innanlandsafstöðu þeirra í þess-

um málum, og í öðru lagi, að það stríddi gegn þeirri almennu stefnu, sem Norðurlandaþjóðirnar hefðu tekið varðandi útfærslu landhelgi.

Enda þótt við Íslendingar hörmum það, að við eigum ekki samleið með hinum Norðurlanda þjóðunum að öllu leyti í landhelgismálinu, verðum við vissulega að skilja þessa afstöðu, og þeir gerðu grein fyrir henni, það fór ekkert á milli mála.

Það þýðir ekkert fyrir okkur Íslendinga, hvað sem okkur finnst um þessa afstöðu, að vera að panta stuðning og vera svo að kvarta undan því, á slíkum samkundum eins og í Norðurlandaráði, að okkur sé ekki fylgt í einu og öllu. En þetta leyfir hæstv. ráðh. Magnús Kjartansson sér að gera, á sama tíma sem hann kvartar svo líka yfir því, að þeir séu að hafa skoðanir og taki afstöðu varðandi öryggismál. Þessi tvö mál eru fyllilega sambærileg, alþjóðlegs eðlis, og ekkert við það að athuga, þótt ýmsar þjóðir hafi mismunandi afstöðu og láti það í ljós. Norðurlandaþjóðirnar hafa látið í ljós afstöðu sína gagnvart stefnu Íslendinga í landhelgismálinu, og Norðmenn hafa nú gert grein fyrir afstöðu sinni varðandi öryggismál og stefnunni í þeim hér á norðurhveli jarðar. Þetta er mergur málsins og enda þótt Alþb. hér heima og ráðh. þess þyki það ekki eðlileg afstaða, eins og hæstv. ráðh. sagði hér áðan, verða menn að sætta sig við það. Menn geta ekki pantað skoðanir úr öllum áttum. Og fara svo að flytja ræður og skammast út af afstöðu annarra.

Ég stóð hins vegar hér upp til að taka undir orð 12. þm. Reykv. Mér finnst full ástæða til að minnast á þetta mál, jafnvel þótt hæstv. ráðh. belgdi sig hér út af einhverri vandlætingu yfir því, að á þetta mál skuli minnst. Minna tilefni hefur orðið til þess, að menn hafi staðið hér uppi á þingi. En mér finnst jafnframt kominn tími til, að íslensk stjórnvöld birti opinberlega þá skýrslu eða þá skriflega orðsendingu, eins og ráðh. kallaði það, sem Norðmenn sendu Íslendingum. Ég held, að það sé kominn tími til þess, að Íslendingar fái að vita, hvaða afstöðu Norðmenn hafa til öryggismála Íslendinga og þeirra þjóða, sem búa hér á norðurhveli jarðar. Ræða hæstv. ráðh. Magnúsar Kjartanssonar ræður úrslitum um það, að ekki er stætt á öðru en að birta þessa yfirlýsingu Norðmanna og það strax í dag.

Pétur Sigurðsson: Herra forseti. Ég skal leitast við að verða við ósk forseta um að gæta fundarskapa og lengja ekki um of umræður nú utan dagskrár. Ég vænti þess einnig, að minn ágæti flokksbróðir, forseti d. á þessum fundi, áminni hæstv. sjútvrh. um þetta sama. Sá maður er einna frægastur hér á Alþingi fyrir að brjóta öll fundarsköp og öll mannsæmandi viðbrögð gagnvart sannleika og öðru slíku, sem hann á að fara með.

Það er undarlegt að hugsa til þess, að það skuli vera ráðist að hv. 12. þm. Reykv. vegna þessarar fsp., jafnvel samhliða því, að hæstv. sjútvrh. leyfir sér að segja: Ég var búinn að lesa ræðu Magnúsar Kjartanssonar og ég er sammála hverju orði, sem í henni stóð. — Hæstv. utanrrh., sem biður hæstv. fjmrh. að svara fyrir sig, þeir vita hvorugur hvað þarna er á ferðinni. Forsrh. Íslands vissi auðvitað ekkert um hvað í þessari ræðu stóð. Og ég veit, að form. utanrn., hv. þm. Þórarinn Þórarinsson, hefur ekki heldur haft hugmynd um það, nema hann hafi samið hana með Magnúsi Kjartanssyni og Lúðvík. Það er auðvitað til athugunar. En þetta hlýtur að teljast furðulegt hjá okkur, sem sitjum á Alþingi Íslendinga, að það skuli vera hægt að semja slíkar ræður, sem valda ágreiningi milli fulltrúa Íslands á fundi í Norðurlandaráði, þegar þær eru fluttar, að það skuli þó ekki vera borið einu sinni undir okkar fulltrúa í utanrmn., þegar verið er að flytja ræður, sem eiga að vera túlkandi fyrir utanríkisstefnu Íslands.

Nú minnist ég þess, að þessi sérkennilega afstaða núv. hæstv. ríkisstj. til þess, hvað eigi að heita sjálfstæð utanríkisstefna, hefur nokkuð komið á dagskrá á undanförnum árum. Mætti tala langt mál þar um og þó sérstaklega um það, hvernig hæstv. ríkisstj. hefur hagað sér í afstöðunni til Norðurlandanna í sambandi við það mál. Það var í eina tíð, sem þeir töldu sjálfstæða utanríkisstefnu fólgna í því einu, að ef Olof Palme, forsrh. Svíþjóðar, lyfti læri sínu, þá tóku þeir ofan. En Guði sé lof, þeir tóku upp aðra stefnu, þegar þeir sáu, að við höfum hag í okkar utanríkisstefnu af því að eiga samskipti við aðrar þjóðir en eingöngu Norðurlandaþjóðirnar. Ég er ekki með þessu á neinn hátt að ráðast að Norðurlandaþjóðunum, heldur vil ég frekar nota þetta tækifæri til þess að undirstrika þakkir okkar Íslendinga til þeirra í sambandi við afstöðu þeirra til þeirra hörmunga, sem yfir okkur gengu á s. l. ári.

Hæstv. sjútvrh, harmar og segir: Af hverju gátu þær ekki staðið betur með okkur, Norðurlandaþjóðirnar, í landhelgismálinu heldur en þær gerðu? — Ég spyr hæstv. sjútvrh.: Af hverju stóðu ekki Sovétríkin og fylgiríki þeirra betur með okkur en þau hafa gert? Getur hann svarað því? Hann er hér með fullyrðingu um þessi nágranna- og vinaríki okkar, sem hafa óbeint hjálpað okkur á einn og annan hátt í samskiptum við þær þjóðir, sem hafa verið okkur erfiðar. Af hverju getur hann ekki alveg eins komið hér og sagt: Þarna voru margar þjóðir, sem stóðu með okkur, þarna voru okkar vinaþjóðir? — Nei, við skulum ekki gleyma því, að í baráttu okkar fyrir stækkaðri landhelgi, eins og annars staðar, þegar verið er að glíma á vettvangi utanríkismála, koma auðvitað fram einkahagsmunir hvers ríkis fyrir sig.

Nú, ég verð að taka undir það, sem kom fram hjá síðasta ræðumanni, um þau orðsendingaskipti, sem urðu á milli ríkisstjórna Noregs og Íslands, að það er orðið tíambært, að þetta sé birt. Ég geri mér hins vegar grein fyrir því, að það er ekki hægt að birta þetta öðruvísi en með leyfi norsku ríkisstj., jafnvel þótt önnur ríkisstj. sitji þar að ríkjum, en þegar orðsendingin var send.

Þá vil ég aðeins víkja að furðulegum orðum þessa furðulega hæstv. ráðh., þegar hann fullyrðir, að við sjálfstæðismenn höfum alltfa haldið, að of langt væri gengið í landhelgismálinu. Þetta er sami ráðh., sem hugsar með skelfingu til þess, að það voru sjálfstæðismenn, sem fluttu

till. um að færa út í 200 mílur. Svo segir hann að við höfum jafnvel verið á móti útfærslu í 50 mílur. Má ég minna þennan hæstv. ráðh. á afstöðu hans gagnvart undanlátssamningnum við Breta? Hann var búinn að lýsa honum í Þjóðviljanum, nokkrum dögum áður en hann kom svo hér fram á Alþingi og slefaði upp hendi sinni með hjálp hinnar handarinnar til að greiða atkv. með þessum undanláts- og landráðasamningi, sem þannig var lýst í Þjóðviljanum. Ég vissi ekki betur en það væru þó nokkrir þm. Sjálfstfl., sem væru á móti þeim saningi. Hins vegar varð það ofan á hjá meirihl. míns flokks, að vegna þeirra aðstæðna, sem fyrir lágu, og vegna þess að forsrh. hafði lagt sig fram um að ná þessum samningum, væri þó skömminni skárra að samþykkja þá heldur en láta þá falla hér á Alþ., sem ég tel persónulega, að hefði verið réttast.

Herra forseti. Ég sé ekki ástæðu til að halda frekar áfram umr. um þetta mál. Ég vil aðeins undirstrika og taka undir þær fsp., sem komu fram hjá hv. 12. þm. Reykv., og ég vil sérstaklega benda á það atriði, sem kom fram í ræðu hennar, þegar hún leitar eftir að fá svör hjá þeim ráðh., sem þó er á landinu þessa stundina, hjá hæstv. utanrrh., en er í veislu og má ekki vera að því að mæta hér til þess að svara slíkum spurningum. (**RH:** Veislunni er lokið). Veislunni er lokið, en hann þurfti sjálfsagt að fara og skoða Þjóðminjasafnið. En hér er einn ráðh. nú mættur. Þeir eru 7 talsins svo kallaðir í dag, hæstv. ráðh. Auk þess hafa þeir notað heimildir og ekki heimildir til þess að ráða sér aðstoðarráðh., og þeir munu nú vera orðnir, eins og segir í Þjóðsögum Jóns Árnasonar, ekki jólasveinarnir 1 og 8, heldur jólasveinarnir 1 og 12 eða 13, og vitna ég til vísunnar um Tífiltút, Bagga og Lút, Rauð og Redda, og geta svo aðrir flett upp og fengið lokanöfn. Og þeir geta kannske glímt við það á næsta ríkisstjórnarfundi að geta sér til um, hvaða ráðh. og aðstoðarráðh. eigi þessi nöfn. En meðan við þurfum að horfa upp á það að greiða 12—13 ráðh. og aðstoðarráðh. laun, þá er einn ráðh. mættur hér á þingi, á sömu tímum og vofir yfir allsherjarstöðvun atvinnuveganna. Ég veit ekki til þess, að enn þá liggi fyrir samningar, þótt Guði sé lof hafi nokkuð miðað áleiðis í þeim um síðustu helgi, sem er að vísu viku seinna en hæstv. forsrh. vonaði. En ráðh. fara til veisluhalda á Norðurlöndum, þeir stunda veislur hér í Reykjavík. Hér kemur einn, og hann segir í öðru orðinu og skýrir frá því, sem hann veit um spurningar, sem eru lagðar fyrir aðra ráðh., þótt þeir ráðh., sem eiga að svara, hafi ekki hugmynd um það, hverju þeir eigi að svara þessum sömu spurningum frá þm., sem eiga fyllstu kröfu á að fá svör við þeim hér á Alþingi Íslendinga.

Þórarinn Þórarinsson: Herra forseti. Ég skal reyna að verða við þeim tilmælum að vera stuttorður. Ég ætla mér ekki heldur að blanda mér í þær umr., sem hér hafa orðið um þau ræðuhöld og orðaskipti, sem urðu á fundi Norðurlandaráðs í gær. Ég hef ekki haft nema óljósar fréttir af því, sem þar gerðist, og treysti mér þess vegna ekki til að dæma um það, sem þar gerðist. En ég vil hins vegar víkja örfáum orðum að því, sem kom fram í ræðu hv. 12. þm. Reykv. í tilefni af þeim ummælum, sem hún vitnaði til, að utanrrh. hefði viðhaft í sjónvarpsviðtali í gær. En þar greindi hann m. a. frá því, að í viðræðum hans og norska utanrrh., sem hér er staddur nú, verði ekki rætt um varnarmálin.

Þessi yfirlýsing hæstv. utanrrh. er nákvæmlega hin sama og norski utanrrh. gaf, áður en hann fór frá Noregi. S. l. föstudag birtist viðtal við hann í Arbeiderbladet um þessa ferð. Hann tekur skýrt fram, að hann muni hvorki nota för sína til Íslands eða önnur tækifæri til að blanda sér í íslensk-bandarísku viðræðurnar um Keflavíkurherstöðina. Hann tekur jafnframt skýrt fram, að hann álíti það mál Íslendinga einna að ráða fram úr því máli. Enn fremur segir hann í þessu viðtali, að þegar hann varð utanrrh. á s. l. hausti, hafi það verið persónuleg ósk hans, að Ísland yrði fyrsta landið, sem hann heimsækti. Hann hefði hins vegar frestað för sinni í nóv. og des., vegna þess að þá stóð til, að viðræður færu þá fram á milli Íslands og Bandaríkjanna um varnarmálin, og hann hefði ekki viljað koma til Íslands á þessum tíma, svo að ferð hans yrði ekki sett í samband við þessar viðræður. En vegna þess að þessar viðræður hefðu dregist á langinn, kæmi hann hingað nú á þessum tíma og gæti ekki frestað þessari ferð lengur, en hún stæði ekki að neinu leyti í sambandi við varnarmálin eða Keflavíkursamningana, eins og hann reyndar tók strax fram í upphafi máls síns og merkt var greinilega með aðalfyrirsögn í blaðinu, að hann muni ekki skipta sér neitt af Keflavíkurviðræðunum og það sé Íslendinga einna að ráða fram úr því máli.

Sama dag og þetta viðtal birtist við norska utanrrh. í Arbeiderbladet, fór fram umr. í Stórþinginu, sem snerti þessi mál. Einn af þm. Sósíalska kosningabandalagsins hafði borið fram fsp. um það, hvert væri efni þeirrar orðsendingar, sem fyrrv. stjórn Noregs hefði sent stjórn Íslands í sambandi við þessi mál. Bratteli forsrh. tók skýrt fram þar, og það er merkt mjög greinilega með fyrirsögn í Arbeiderbladet, að framtíð Keflavíkur væri mál Íslendinga einna og Norðmenn mundu ekki á neinn hátt blanda sér í þær viðræður, sem fram færu milli Bandaríkjanna og Íslands um þessi mál.

Þetta finnst mér rétt, að komi hér fram, því að það staðfestir fullkomlega það, sem utanrrh. lét hafa eftir sér í sjónvarpinu í gær, að á fundum hans og norska utanrrh. hér í Reykjavík muni varnarmálin ekki bera neitt á góma, heldur verði rædd þar önnur mál, eins og hafréttarráðstefnan, öryggismálaráðstefnan og önnur mál, sem nú eru efst á baugi í samskiptum landanna.

Mér finnst rétt í sambandi við þetta að láta það koma fram, að við Íslendingar metum mikils þá afstöðu norska forsrh. og norska utanrrh., — þó að þeir hafi að sjálfsögðu sínar skoðanir á varnarmálum, — að þeir ætli ekki að blanda sér neitt inn í þær viðræður, sem fram fara á milli Íslendinga og Bandaríkjanna um þessi mál, og þeir árétta það, að það sé Íslendinga einna að ráða fram úr þessum málum.

Hér hefur nokkuð borið á góma, vegna hvers sú orðsending hefur ekki verið birt, sem norska

stjórnin sendi íslensku ríkisstj. í sept. s.l. um þessi mál. Það hefur verið farið fram á það, — ég hygg af fulltrúum Sjálfstfl. í utanrmn., — að þessi orðsending yrði birt. Utanrrh. hefur sérstaklega kynnt sér það, að ekkert er til fyrirstöðu af okkar hálfu, að hún verði gerð opinber. En að sjálfsögðu þótti rétt að bera það undir norsku stjórnina, hvort hún teldi rétt fyrir sitt leyti, að þessi orðsending yrði birt, en það svar hefur komið frá norsku stjórninni, að hún óski helst ekki eftir því, að eftir því verði gengið, að orðsendingin verði birt, og að sjálfsögðu er rétt af okkur Íslendingum að taka tillit til þess.

Ragnhildur Helgadóttir: Herra forseti. Ég verð að segja, að það hryggir mig nokkuð, að hæstv. fjmrh., sem hér varð fyrir svörum í upphafi, er nú horfinn af vettvangi, annars hefði hann e.t.v. getað svarað ítrekaðri spurningu minni, sem sérstakt tilefni gefst til að bera fram, eftir að við höfum hlustað á ræðu hæstv. sjútvrh. Annar hæstv. ráðh. sagði, að ræða mín hefði verið svo yfirgripsmikil, að það væri erfitt að fara í einstök atriði hennar. Ástæðan til þess, að ræða mín kann að hafa virst vera yfirgripsmikil, var einfaldlega sú, að ég tók inn í þessa ræðu ágrip af þeim fréttum, sem fluttar voru í fjölmiðlum ríkisins í gær. Það var vegna þess, að ég bjóst við, að hér væru margir hv. þm., sem e.t.v. hefðu ekki heyrt þessar fréttir, og nauðsynlegt var að rekja þær að nokkru til þess að undirbyggja þær spurningar, sem ég hafði hugsað mér að bera fram. Og það, hversu hæstv. sjútvrh. virtist ræða mín afskaplega undarleg, stafar af því einu, að þessar fréttir, sem ég byggi ræðu mína á, voru ákaflega undarlegar. Og vegna þess, hve þessar fréttir voru undarlegar, sá ég ástæðu til að fá orðið hér utan dagskrár til þess að fá skýringar á afstöðu ríkisstj. til þess, sem fram fór í Norðurlandaráði í gær.

Hæstv. ráðh. fannst ekkert sérstakt tilefni til þess að láta sér detta í hug, að utanrn. hefði að tilmælum utanrrh. séð ástæðu til þess að afla eintaka af þessum ræðum. En ég ítreka þá skoðun mína, að mér finnst fyllsta ástæða til þess, þegar fjallað er um svo viðkvæm mál sem öryggismál Íslands og íslenskur ráðh. setur fram sjónarmið, sem fjölmiðlafregnir segja, að íslenska ríkisstj. sé ekki sammála um. Sé ég ekki annað en það sé beinlínis verkefni utanrrh. að afla sér þeirra gagna sem fyrst, sem hann getur byggt sínar athuganir á, og þá því heldur, þegar það er upplýst, að hæstv. sjútvrh. á eintak af þessari ræðu, annaðhvort hér í tösku sinni eða einhvers staðar annars staðar. — Ég sé, að hæstv. ráðh. hristir höfuðið, svo að væntanlega er þetta frumritið, sem hæstv. ráðh. Magnús Kjartansson hefur haft með sér til Norðurlandaráðs og ekki til eintak af þessari frægu ræðu hér heima. — En spurning í tilefni af þessu er einfaldlega sú: Sá ríkisstj. þessa ræðu, eða sá hún hana ekki? Eða var þarna um að ræða leyndarplagg fyrir ráðh. Alþb.?

Hæstv. sjútvrh. talaði um, að ég hefði gert hér að umræðuefni ræðu, sem ég hefði ekki heyrt, ekki séð, aðeins byggt upplýsingar á skotspónafregnum. Eru það skotspónafregnir, sem Ríkisútvarpið og sjónvarpið flytja frásagnir af, bæði í sérstökum fréttaauka beint frá Stokkhólmi og í almennum fréttatíma? Ég get ekki séð annað en að það séu þær fregnir, sem eru taldar fullgóðar fyrir allan landslýð. Ef maður eftir öllum opinberum leiðum, bæði gegnum utanrrn. og hjá fjölmiðlum, reynir að afla sér þeirra umr. orðrétt, sem fregnirnar eru byggðar á, og þær tilraunir takast ekki, þá liggja fyrir allar þær upplýsingar, sem hægt er að ætlast til með nokkurri sanngirni, að menn hafi í dag um þetta mál, — þeir, sem ekki hafa notið þess sérstaka trúnaðar, sem hæstv. sjútvrh. hefur notið og e.t.v. ríkisstj. að öðru leyti. Um það er ómögulegt að fá svör, að því er virðist.

Ég skil út af fyrir sig, að hæstv. fjmrh. færist undan því að fara að ræða um utanríkismál landsins í einstökum atriðum, enda vakti það alls ekki fyrir mér. Það var aðeins að fá að vita þetta: Eru ummæli Magnúsar Kjartanssonar uppi höfð með samþykki og vitund ríkisstj. eða ekki? — Þessu ætti hver ráðh. að geta gefið svar við.

Það hneykslaði hæstv. sjútvrh., að ég teldi það varpa ljósi á ástandið innan ríkisstj., hve mismunandi fregnir bárust af því umræðuefni, sem ætti að vera á dagskrá utanrrh. hér á Íslandi í dag. Hann kvað þessa fsp. eða þessa staðhæfingu mína aðeins varpa ljósi á sálarástand þm. Sjálfstfl. Það er rétt. Þessi spurning gerir það, þessi staðhæfing mín gerir það vissulega, því að ég efast um, að þm. Sjálfstfl. og margir aðrir þm., bæði í Alþfl. og öðrum flokkum þingsins, þessir þm. hafi varla af öðru meiri áhyggjur þessa dagana en því, hvernig öryggismálum landsins virðist vera komið í höndum þeirrar ríkisstj., sem hér situr að völdum.

Hæstv. ráðh. sagðist geta tekið undir hvert orð, sem hann las í ræðunni góðu eftir flokksbróður sinn, Magnús Kjartansson, og honum þótti hið mesta hneyksli, að norska ríkisstj. væri annarrar skoðunar í einhverjum einstökum atriðum utanríkismála heldur en íslenska ríkisstj., eins og hún setti sín sjónarmið fram í sínum málefnasamningi, sem var óglöggur mjög. Auðvitað getur íslenska ríkisstj. ekki ætlast til þess, að hver einasta ríkisstj. á Norðurlöndum sé sammála þeim sjónarmiðum, sem hún, vinstri stjórn á Íslandi, eins og hún er saman sett, setur fram í öllum utanríkismálum. Geri ég ekki ráð fyrir, að nokkrum manni detti það í hug.

Hv. formaður utanrmn., 4. þm. Reykv., gaf hér ýmsar upplýsingar úr norska Arbeiderbladet og sagði frá viðtölum þar við norska utanrrh., þar sem hann skýrir frá því, að hann muni ekki nota för sína til Íslands til þess að blanda sér í íslensk-bandaríska samninginn. Þó ekki væri. Hverjum hefur dottið í hug, að norski utanrrh. ætlaði sér að fara að blanda sér í samninga Íslands við önnur ríki? Þetta hrekur alls ekki það, sem sjónvarpið sagði um umræðuefni hæstv. utanrrh., Einars Ágústssonar, og hins norska utanrrh., vegna þess að það er munur á því, hvort ráðh. annars ríkis er að blanda sér í samningaviðræður hins við þriðja ríkið eða hvort þeir ræða mikilvæg mál sín á milli. Þetta er tvennt ólíkt.

Hv. 4. þm. Reykv. minntist hér á ummæli Trygve Brattelis, að vitanlega væru þessi mál ákvörðunarefni Íslendinga einna. Það hefur allt-

af legið ljóst fyrir. Það lá líka ljóst fyrir, þegar bréfið kom frá Korvald-stjórninni norsku, að svo væri, þó að norska ríkisstj. tjáði þar sín sjónarmið.

Hv. 10. þm. Reykv. sagði í ræðu sinni, að það væri sannarlega tími til þess kominn, að birt væri þetta margumrædda norska bréf. En ég verð að segja, að miðað við þær litlu upplýsingar, — ég vil segja miðað við það, að engar upplýsingar hefur verið hægt að fá fram frá ráðh. úr ríkisstj. Íslands um þetta mál, sem ég hef gert hér að umtalsefni, — þá sýnist mér augljóst, að utanríkismálum Íslands sé stefnt í það óefni í höndum þeirrar stjórnar, sem nú situr að völdum, að það sé fyllilega tími til kominn, að hún segi af sér.

Sjútvrh. (Lúðvík Jósepsson): Herra forseti. Það er í rauninni alveg óþarfi að halda þessum umr. miklu lengur áfram. En það voru nokkur atriði, sem mig langaði þó til þess að víkja að.

Hv. 12. þm. Reykv., sem var að enda við að tala, sagði, að mér hefði þótt það hið mesta hneyksli, að ríkisstj. Noregs skyldi hafa aðra skoðun á t. d. varnarmálunum hér en íslenska ríkisstj. hefði. Auðvitað hefur mér aldrei dottið í hug að segja þetta. Ég hef satt að segja ekkert við það að athuga, þó að aðrar ríkisstj. hafi sínar skoðanir á ýmsum málum. Það var hitt sem ég taldi aðfinnsluvert, þegar norsk ríkisstj. sér ástæðu til þess að fara að senda skriflega orðsendingu til íslensku ríkisstj. og leggja þar mikla áherslu á og mæla með allt annarri stefnu í tilteknu innanríkismáli Íslendinga heldur en íslenska ríkisstj. hefur lýst yfir sem sinni stefnu. Það er þetta atriði, sem sker úr um það, að ég tel fyrir mitt leyti, að þetta eigi ekki við og það sé rétt, sem kom fram í ræðu Magnúsar Kjartanssonar, að slíkt sem þetta auki ekki á gott samstarf þjóða í milli. Mér hefur hvorki dottið í hug að ráðast á norsku ríkisstj. né aðra fyrir það, þó að þær hefðu allt aðra skoðun á þessu en við ýmsir höfum hér á landi.

Hv. 12. þm. Reykv. spurði enn einu sinni um það, hvort ríkisstj. hefði séð ræðu Magnúsar Kjartanssonar, áður en hún hafi verið flutt, eða hvort hér hafi verið um leyniplagg að ræða. Ég get svarað því alveg strax. Ríkisstj. sá ekki þessa ræðu, hún var ekki flutt í nafni ríkisstj. Það var Magnús Kjartansson, sem flutti þessa ræðu. Og það er alveg nýtt, sem kemur fram í þessum umr., að þannig er talað hér af fulltrúum Sjálfstfl., að þeir virðast álíta, að sá háttur hafi verið hafður á, að ef íslenskur ráðh. eða fulltrúi í Norðurlandaráði haldi þar ræðu, þá sé búið að ritskoða hana af ríkisstj. Má ég spyrja: Var sá háttur hafður á í tíð fyrrv. ríkisstj., viðreisnarstj., að þeir Alþfl.menn, sem mættu á þingi Norðurlandaráðs, fengju ekki að halda þar ræðu, nema Sjálfstfl. væri búinn að ritskoða hana fyrst? Var þessi háttur hafður á? Og er það þetta, sem hv. 12. þm. Reykv. er að óska eftir, að fulltrúar Íslands, t. d. á fundum Norðurlandaráðs, megi ekki tala, nema sé búið að samþykkja, hvað þeir megi segja? (Gripið fram í.) Hvað? (Gripið fram í.) Mikið ósköp líður sjálfstæðismönnum illa. Eru þeir nú alveg að bresta? En þeir verða að taka því, þegar þeir efna til svona umr., að við þá sé talað. Ég hef sparað það nokkuð að ræða við þessa hv. þm. að undanförnu, ég hef satt að segja ekki haft neinn tíma til þess að elta ólar við það, sem þeir hafa sagt. Stundum hef ég tíma til að tala við þá, og þá eiga þeir heldur ekki að vera að kvarta.

Það var býsna athyglisvert, að það kom hér fram hjá einum fulltrúa Sjálfstfl., sem hér talaði, Ellert B. Schram, að hann sagði, sem auðvitað er rétt, — hann sagði: Allir Íslendingar hörmuðu þessa afstöðu Norðurlandaþjóðanna til landhelgismálsins okkar. — Og hann bætti reyndar við í tilefni af því, sem ég hef sagt hér: Jafnvel forhertir sjálfstæðismenn hörmuðu þetta líka.

Var það þá einhver dauðasynd af Magnúsi Kjartanssyni að taka það fram í almennum umr. á Norðurlandaráðsfundi, að við Íslendingar hörmuðum þessa afstöðu, að þeir skyldu ekki sjá sér fært að styðja okkur í þessu máli? Vitanlega gátu þeir haft sína afstöðu. En við höfum líka leyfi til að láta þá vita um það, hvert okkar viðhorf var til þessa. Við þurfum ekki að fara í neinar felur með það. Satt að segja man ég ekki betur en að forsrh. okkar hafi vikið að þessu á mjög athyglisverðan hátt á næsta fundi Norðurlandaráðs á undan, þar sem hann sagðist ekki vilja draga neina dul á það, að Íslendingar hörmuðu afstöðu Norðurlandanna til þessa þýðingarmikla máls okkar.

Það er nú eins og allajafna áður, að það er í rauninni ekki mikil þörf á að svara því, sem hér kemur fram í umr. frá hv. 10. þm. Reykv., Pétri Sigurðssyni. Orðbragðið er af þeirri tegund, að það hefði einhverjum þótt nóg um, og m. a. hefði það einhvern tíma verið tilefni til þess að segja, að það væri talað allóvirðulega um jafnvel forsrh. sumra Norðurlanda, sumt af því, sem fauk úr munni þessa hv. þm., m. a. um forsrh. Svía. Það skiptir vitanlega engu máli í þessum efnum, þegar vikið er að ummælum íslenskra aðila á fundi Norðurlandaráðs varðandi afstöðu ríkisstj. á Norðurlöndum til okkar landhelgismáls, hver var afstaða Rússa. Þetta er bara að blása eitthvað út í bláinn. Það er rétt, afstaða þessara ríkisstj. á Norðurlöndum var afskaplega svipuð og afstaða Rússa. Hvorir tveggja viðurkenndu okkar landhelgismörk í reynd, brutu ekki okkar 50 mílna reglu. En frá þeim var ekki að fá nokkra minnstu viðurkenningu. — Eða þá að ætla að réttlæta allt það, sem gerst hefur í þessum málum með því, að sjálfstæðismenn hafi flutt till. um 200 mílur. Engar 200 mílur, ekki einu sinni tvisvar sinnum 200 mílur, geta réttlætt ýmislegt af því, sem sjálfstæðismenn sögðu og gerðu, á meðan áreynslan var mest í landhelgismálinu, hversu oft sem hv. 10. þm. Reykv. reynir að segja eitthvað slíkt.

Hv. 12. þm. Reykv. sagðist ekki hafa byggt fréttir sínar hér á neinum hlaupafréttum um það, hvað gerst hefði á fundi Norðurlandaráðs. En þessi hv. þm. sagði hér miklu meira en það, sem kom fram um málið í ríkisútvarpinu. Þessi hv. þm. sagði í sinni ræðu, að iðnrh. hefði ráðist að ríkisstjórnum annarra Norðurlanda, og sagði enn fremur, að hann hefði borið svik á ríkisstjórnir þeirra í sambandi við okkar landhelgismál. Ekkert af þessu stóð í fréttinni í Ríkisútvarpinu. Hér var aðeins um fullyrðingar þessa hv. þm. að ræða

um ræðu, sem þm. hafði ekki séð og ekki lesið, og auk þess var hér rokið upp utan dagskrár til þess að vega að fjarstöddum þm. Myndarskapurinn var nú ekki meiri en þetta. Auðvitað mun gefast tími til að ræða þetta mál miklu nánar síðar, þegar m. a. þessi ræða liggur fyrir. En það er ekki ástæða til þess, úr því sem komið er, að hafa um þetta fleiri orð hér utan dagskrár.

Ingólfur Jónsson: Herra forseti. Ég geri ekki ráð fyrir, að ég þurfi langan tíma, en ég vildi byrja á því að svara fsp. hæstv. *sjútvrh.*, og það er þó virðingarvert, að hann gefur sér tíma til að vera hér í hv. d., einn af sjö ráðh. Þessi hæstv. ráðh. er viðurkenndur fyrir dugnað og að láta sig ekki vanta á skrifstofunni og ekki heldur hér í þinginu, nema sérstaklega standi á, og hér væri vitanlega alls ekki fundarfært í dag, ef þessi hæstv. ráðh. væri ekki viðstaddur. Það væri a. m. k. ekki unnt að ræða svo mikilvæg mál sem þessi, ef enginn ráðh. væri hér staddur.

Hæstv. ráðh. spurði að því, hvernig það hefði verið í fyrrv. ríkisstj., hvort Alþfl.-menn hefðu ekki mátt tala á fundum Norðurlandaráðs nema með leyfi eða eftir að samkomulag hafði verið gert um það í ríkisstj. Það var vitanlega alls ekki þannig um almenn mál. En um mikilvæg stefnumál eins og utanríkismál var samstaða í fyrrv. ríkisstj. Það var samstaða um mikilvægustu mál, og það var oft, sem ræður hæstv. ráðh., sem þeir ætluðu að flytja á erlendum vettvangi, voru skrifaðar og sendar hinum ráðh. til *yfirlestrar, áður en farið var á alþjóðlegar ráðstefnur* eða fundi. Þannig var það í mikilvægum stefnumálum, en alls ekki í almennum málum.

Þetta vildi ég segja hæstv. ráðh. til leiðbeiningar, ef *hann gæti notfært sér það í þeirri ríkisstj.*, sem hann nú situr í. En ég geri alls ekki ráð fyrir því, að það sé mögulegt, og alls ekki í varnarmálum Íslands, því að í ríkisstj. er engin samstaða og litlar líkur til, að nokkur samstaða náist á milli núv. stjórnarflokka í þessu mikilvægasta máli þjóðarinnar. Við vitum, hvernig þessum málum er varið. Hv. Alþb.-menn vilja engar varnir. Þeir vilja varnarlaust land, og er það alveg óskiljanlegt. Ekki dettur mér í hug að ætla, að Alþb.-menn vilji Íslandi illt. Mér dettur ekki í hug að ætla það. En hvernig stendur á því, að þeir eru svona blindir, þar sem Ísland hefur þá legu á hnettinum, sem það hefur, að þeir skuli keppa að því að gera landið varnarlaust í þessum kalda og grimma heimi, sem við búum í? Einnig eru menn að reyna að blekkja sig á að halda því fram, að það séu friðartímar í heiminum, þótt það sé vitað og ljóst, að ekki aðeins stórveldin, heldur flestar aðrar þjóðir vígbúast af kappi. Alltaf er einhvers staðar verið að berjast á jarðkringlunni og engin leið að segja um, hvenær logar upp úr.

Það hefur oft verið talað um friðartíma, og það hafa verið haldnar skálaræður í tilefni af friðartímum fáum dögum áður en styrjaldir hafa skollið á. Ísland má ekki vera varnarlaust. Við erum sjálfstæð þjóð, og við þurfum varnir. Við höfum ekki neinn innlendan her. Við höfum ekki afl til þess og höfum ekki óskað eftir því að stofna innlendan her. En nágrannaþjóðir okkar, Norðmenn, Danir, Svíar og aðrar Vestur-Evrópuþjóðir verja miklum fjármunum til landvarna. Norðmenn t. d. verja stórum hluta af sínum þjóðartekjum til landvarna. Við Íslendingar höfum gert samning um varnarstöðina í Keflavík og enginn vafi er á því, að stór meiri hluti Íslendinga vill hafa varnir á meðan viðhorfið til heimsmálanna er eins og það er í dag. Aftur á móti vill enginn Íslendingur hafa hér her um aldur og ævi. Allir Íslendingar óska eftir því, að þeir tímar komi sem allra fyrst, að þjóðirnar hætti að hervæðast, að alþjóðasamningar verði gerðir um afvopnun og takist að eyða tortryggni og hernaði þjóða í milli. Þegar þeir tímar koma, getum við látið varnarliðið fara.

Ræða hæstv. iðnrh. á Norðurlandaráðsfundinum hefur orðið að umtalsefni hér í hv. d. í dag. Það er ekkert óeðlilegt, þótt það sé rætt hér í dag, að hæstv. ráðh. talaði bæði um varnarmálin og landhelgismálið eins og hann gerði. Norðurlandaþjóðirnar eru að mörgu leyti í sama báti *og við Íslendingar í varnarmálum.* Árás á Ísland er einnig árás á Norðurlöndin, og árás á Norðurlöndin er einnig árás á Ísland. Þess vegna er eðlilegt, að það sé nokkur samstaða á milli *frænda okkar Norðmanna og Íslendinga.* Orðsending sú, sem íslenska ríkisstj. fékk frá norsku ríkisstj. á s. l. hausti, hefur verið gerð hér að umtalsefni. Þessi orðsending hefur ekki verið birt. Og það hefur verið sagt, að með þessum orðsendingaskiptum hafi Norðmenn jafnvel ætlað sér að blanda sér í íslensk mál. Það er alger misskilningur. Norðmenn hafa alltaf tekið fram, að þeim detti ekki í hug að blanda sér í íslensk málefni. Hins vegar létu þeir íslensku ríkisstj. vita, hvaða augum þeir litu á þessi mál, hvaða augum þeir líta á það, ef Ísland verður gert varnarlaust og Keflavíkurstöðin verður lögð niður. Nú spyr ég: Var ekki norsku ríkisstj. frjálst að gera þetta? Er það tiltökumál, þótt norska ríkisstj. vildi láta íslensku ríkisstj. vita, hvaða augum hún lítur á þessi mál? Það er langt frá því, að norska stjórnin hafi ætlað sér að blanda sér í það, hvað íslenska ríkisstj. gerði, þrátt fyrir þetta. Og ég vil taka undir það, sem hér var sagt áðan, að það er vitanlega nauðsynlegt að birta þessa orðsendingu almenningi á Íslandi, úr því að farið er að tala um hana í þeim tón eins og Norðmenn hafi ætlað að fara að blanda sér í íslensk málefni. Ég trúi því ekki, að Norðmenn *hafi nokkuð á móti því, að þessi orðsending* verði birt. Ég tel, að það sé alveg nauðsynlegt, að það verði gert.

Hæstv. forsrh. talaði á Norðurlandaráðsfundinum, eftir að iðnrh. hafði haldið sína ræðu. Hann sá ástæðu til þess að mótmæla því, sem Gylfi Þ. Gíslason hélt fram, að meiri hl. Framsfl. vildi hafa varnir. Ég geri ráð fyrir, að það sé erfitt að sanna það í dag, en víst er, að margir framsóknarmenn hafa tekið vel undir undirskriftasöfnunina um varið land. Ég þekki hóp af framsóknarmönnum, sem vilja ekkert síður varið land en sjálfstæðismenn. Og ég hef sagt, að þetta væru hinir gætnari og ábyrgari framsóknarmenn. Ég hef stundum sagt, að þetta væri betri helmingurinn. Það er ekkert skrýtið, þótt hv. þm. Jónas Árnason brosi, þegar þannig er komist að orði. En hvað sem því líður, þá er það alveg öruggt, að mikill hluti framsóknarmanna

er á sama máli og við sjálfstæðismenn og flestir Alþfl.-menn í varnarmálunum.

En landhelgismálið hefur einnig borið hér á góma. Hæstv. sjútvrh. sagði hér áðan, — vitanlega meinti hann það ekki, — að við sjálfstæðismenn hefðum stundum komið illa fram í landhelgismálinu. Hann gaf það hér í skyn í dag, að við hefðum verið dragbítar á því og ekki viljað ganga eins langt og hæstv. ríkisstj. gerði. Þetta stangast vitanlega algerlega á við allar staðreyndir. Og þeir, sem vilja lesa sér til í því máli, bæði í þskj. og annars staðar, geta sannfært sig um það, hvaða afstöðu sjálfstæðismenn hafa fyrr og síðar haft í landhelgismálinu. Og nú er svo komið, að það eru tiltölulega fáir, sem tala um, að það sé nokkurt takmark í sjálfu sér að fá 50 mílurnar viðurkenndar. Nú eru það 200 mílur, sem allir tala um, og það er takmarkið nú. Kannske er það ekki endanlegt takmark, en það er það takmark, sem við nú keppum að og munum fá. Á Hafréttarráðstefnunni verður ekki rætt um 50 mílur, það verður rætt um 200 mílur, og meiri hl. þjóðanna, sem mæta þar, er á þeirri skoðun, að það eigi að taka 200 mílna landhelgi. Jafnvel Bretar eru farnir að tala um 200 mílur sem hagsmunamál fyrir sig. Og þá held ég, að við ættum að hætta að tala um 50 mílna landhelgi. Sannleikurinn er sá, að það var vitanlega áfangi út af fyrir sig, meðan ekki var tímabært að tala um að ganga lengra, að fá 50 mílur. En enn sem komið er hefur ríkisstj. ekki yfir neinu að státa í því efni. Ég held, að við ættum ekki að vera að brigsla hver öðrum um viljaleysi eða áhugaleysi í landhelgismálinu. Ég vil vænta þess, að við hér á hv. Alþ. verðum öll sammála um 200 mílur og enginn hv. þm. verði þeirrar skoðunar, að hann verði stimplaður sem dragbítur í því máli.

Herra forseti. Það var víst ekki ætlast til þess, að ég talaði lengi. En ég vil aðeins endurtaka það, að ég tel eðlilegt, að þessi mál komi til umr. hér í hv. Alþ., þegar farið er að ræða þau á erlendum vettvangi, á Norðurlandaráðsþingi. En það er vitanlega miklu verri aðstaða að ræða málin, þegar allir hæstv. ráðh. eru fjarverandi nema hæstv. sjútvrh. einn, sem hefur tekið að sér að halda hér uppi vörnum fyrir varasama málsmeðferð á Norðurlandaráðsþingi.

Pétur Sigurðsson: Herra forseti. Aðalerindi mitt hingað í ræðustól er að leiðrétta þau furðulegu ummæli, sem hæstv. ráðh. hafði út af mínum orðum um það, að ég hafi ráðist óviðurkvæmilega að forsrh. Svíþjóðar. Í þessu er mikill misskilningur fólginn, og vænti ég þess, að hann láti jafnskjótt og Stefán Jónsson samþm. hans fyrrv. lét taka upp orð sín af segulbandi hér hjá þingritara, þá láti hann fletta upp á mínum orðum til þess að sannfæra sig um, að það, sem í mínum orðum segir, er ekki annað en það, að ég er að finna að hræðslu þeirra Íslendinga, sem hafa farið með íslensk utanríkismál eða fóru alla vega með þau fyrstu missirin, eftir að núv. ríkisstj. tók við völdum. En þá mátti ekkert gera og ekkert framkvæma öðruvísi en það félli sérstaklega í geð þeirra vinstri sósíalista, sem ráða ríkjum í Svíþjóð og hafa þar farið með stefnu í utanríkismálum á undanförnum árum. Get ég fundið þessum orðum mínum margt til sönnunar.

Ég skal taka til greina það, sem forseti d. segir, og ekki vera langorður. Þó get ég ekki varist því vegna orða hæstv. ráðh. að benda á þær andstæður, sem koma fram í ræðu hans, þegar hann leggur það okkur til lasts, sjálfstæðismönnum, að við teljum eðlilegt, — og það geri ég persónulega, — að þegar ábyrgir aðilar eða sendinefndir, sem koma fram í nafni Íslands á erlendum vettvangi, tjá sig þar, sé búið að ræða nokkuð um á milli samstarfsmanna og flokka, að ég tali nú ekki um innan ríkisstj., hvað eigi að segja á slíkum ráðstefnum.

Ég minnist þess, þegar alvarlega var farið af stað á alþjóðavettvangi með kröfuna um útfærslu á okkar landhelgi, um landgrunnið allt, sem var í utanrrh.-tíð Emils Jónssonar, — ég tala opinberlega, ekki allt, sem var búið að vinna á bak við tjöldin þá, — en það var á Evrópuráðsþinginu í Strasbourg veturinn 1970. Það var sérstök ráðstefna, sem þar var haldin til þess að ræða um hafbotnsmálin í beinu framhaldi af því, sem þá hafði verið ákveðið á þingi Sameinuðu þjóðanna. Þá ræddum við, sem vorum valdir til þeirrar farar, — við vorum valdir til þess þrír, frá Sjálfstfl., Alþfl. og Framsfl., — við ræddum þetta að sjálfsögðu við utanrrh. þáv., Emil Jónsson. Og hann sagði við okkur: Það skal ekkert til sparað. Þið náið þeim árangri, sem þið þurfið að gera. — Við vorum sammála um það, ég og fulltrúi Alþfl., sem þá var Bragi Sigurjónsson, að fela fulltrúa Framsfl., þáv. þm., Helga Bergs bankastjóra, að mæla því máli, sem við þurftum að láta mæla fyrir málstað íslensku þjóðarinnar á þessu þingi Evrópuþjóðanna. Okkur kom ekki til hugar að vera að koma þar fram sem einstaklingar með einhverja þurrabúðarpólitík Alþb. héðan heiman af Íslandi og flytja á vettvangi þjóða Evrópu. Slíkt á ekki við. Þeir menn eru best geymdir heima. Eða það ætti að senda þá með flugvél og láta þá annað en til Stokkhólms, sbr. meðferðina á Solzhenitsyn. Það hefði verið nær að láta Magnús Kjartansson fara í þveröfuga átt, láta hann ekki hafa viðkomu í Stokkhólmi, en halda áfram austur um.

Ég skal taka undir þau orð, sem hv. 1. þm. Sunnl. viðhafði þess efnis, að auðvitað ber að þakka hæstv. sjútvrh. það að mæta hér og vera til viðtals í þinginu á auglýstum fundartíma þingsins, enda er ekki verið að fárast út í hann sem slíkan. Ég skal fúslega taka undir það, að hann er einn þeirra ráðh., sem hvað best mæta hér, og er alltaf reiðubúinn, eins og hann hefur margboðið, að ræða við þm. um ein og önnur málefni. En það breytir ekki hinu, að það hlýtur að vera gagnrýnisvert gagnvart öðrum ráðh., sem ekki mæta hér dögum saman og leyfa sér, þegar slík mál eru á dagskrá og eru boðuð, jafnvel þótt utan dagskrár séu, að halda því fram, að þeir megi ekki vera að því að mæta hér niðri í þingi. Bersýnilegast er auðvitað dæmið, sem kemur fram í orðum hæstv. fjmrh., þegar hann svaraði fyrir hönd hæstv. utanrrh í byrjun fundar. Hann virtist ekki hafa hugmynd um, að það væri þing Norðurlandaráðs í dag eða í gær, það standi yfir, því að hann vissi ekkert, hvað þar hafði skeð. Auðvitað ber að hafa afsakaðan hæstv.

félmrh., sem allir vita, að stendur nú í erfiðu samningastappi og hefur verið þar nætur og daga upp á síðkastið. Það skal a.m.k. ekki vera mitt að ráðast að honum fyrir það.

En að lokum vil ég aðeins koma að því, sem hæstv. sjútvrh. sagði í sambandi við afstöðu okkar sjálfstæðismanna í landhelgismálinu. Hann sagði, að *jafnvel ekki tvisvar sinnum 200 mílur* mundu bæta fyrir okkar aðgerðir þar, — reikna ég með, að hann hafi átt við baráttu fyrir 50 mílunum. Sú saga verður skoðuð nánar, áður en yfir lýkur, hver þáttur Lúðvíks Jósepssonar hefur verið í að ná fram stækkaðri landhelgi fyrir okkar þjóð og hvort það hafi verið endilega skynsamlegasta leiðin, sem hann vildi og þeir flokkar, sem styðja núv. ríkisstj., að nota það sem beina kosningabeitu að segja 50 mílur og ekkert annað en 50 mílur og 50 mílur á þessum ákveðna degi, sem þeir völdu. Við skulum láta það liggja milli hluta nú, enda erum við allir sammála um það, og við samþykktum það, sem í stjórnarandstöðunni erum, að ganga með þeim til þessa leiks, vegna þess að við vildum láta þjóðina vera sammála út á við í málinu. En hitt er öllu einkennilegra, þegar hæstv. sjútvrh. telur það hreinan hégóma, þegar verið er að ræða um 200 mílurnar. Hann veit þó vel, hvaða stefnu þetta mál hefur tekið síðustu missirin hjá þeirri nefnd Sameinuðu þjóðanna, sem er að undirbúa Hafréttarráðstefnuna, sem mun byrja að hausti. Hann veit líka vel, hvaða þjóð hafi forustu um það þar að fara í 200 mílurnar, en það eru einmitt Norðmenn. Máske hefðum við getað náð meiri samstöðu með þeim, ef við hefðum rætt við þá á fyrra stigi um það. En ég veit ekki til þess, að væntanlegur friðarverðlaunahafi Nóbels, hæstv. sjútvrh., fyrir sínar sérstöku tilraunir að ná friði í þorskastríðinu, hafi beitt sér fyrir þessu.

Herra forseti. Ég skal láta máli mínu lokið. En ég endurtek það, sem ég sagði í minni fyrri ræðu, að ég tek heils hugar undir þær fsp., sem komu fram hjá hv. 12. þm. Reykv., og ég satt að segja lið önn fyrir hæstv. ríkisstj., að það skuli ekki hafa verið hér aðrir menn, sem betur hafa unnið að þessum málum, til þess að svara þeim spurningum, sem lagðar hafa verið fyrir hæstv. ráðh. Sá, sem maður hélt, að hefði vitsmuni, hljóp burt. Maðurinn, sem las ræðuna og á sjálfsagt afrit af henni heima hjá sér, getur ekkert sagt um, hvernig hún sé eða hvað þurfi sérstaklega að taka fram eða svara fyrir af hendi þess, sem flutti hana, hæstv. iðnrh., Magnúsar Kjartanssonar.

Benedikt Gröndal: Herra forseti. Ég hefði haldið, að hæstv. sjútvrh. ætti í dag fullt í fangi með *að útskýra fyrir þjóðinni þá stjórnarstefnu* í sjávarútvegsmálum, sem kemur fram í því, að loðnu er dælt í sjóinn fyrir utan hafnarmynnið á verstöðvum hér í nágrenninu. Ég held, að það geti varla verið til þyngri dómur um stefnu og stjórn sjávarútvegsmála en það, að sjómennirnir þurfa að dæla aflanum aftur beint í sjóinn. En það hefur gerst enn sem oft fyrr, að hæstv. iðnrh. hefur skotið félaga sínum ref fyrir rass og raunar bjargað honum frá hinu vandamálinu hvað daginn í dag snertir a.m.k., með þeirri ræðu, sem hann hefur flutt á þingi Norðurlandaráðs.

Nú ætla ég ekki að taka þátt í ítarlegum umr. um þessa ræðu af þeirri einföldu ástæðu, að við höfum ekki séð texta ræðunnar ennþá og ekki séð *texta af ræðum hæstv. forsrh., formanns* Alþfl. eða annarra þingfulltrúa, sem töluðu í tilefni af ræðu Magnúsar Kjartanssonar, hæstv. iðnrh. Af þeim lauslegu fréttum, sem við höfum haft, er þó augljóst, að iðnrh. hefur flutt meiri háttar ræðu um utanríkismál, sem hefur vakið stórfellda athygli um mörg lönd. Í öðru lagi, að forsrh. var viðstaddur, þar sem þessi ræða var flutt. Hún virtist koma algerlega flatt upp á hann, og hann varð að standa upp. Ég vil ekki fullyrða, að hann hafi beinlínis andmælt ræðu iðnrh., en hann þurfti að gefa skýringar á því, að þar væri a.m.k. ekki talað fyrir alla ríkisstj. Það þarf ekki meiri fréttir en þetta til að sjá, að á alþjóðlegum vettvangi hefur gerst það hneyksli, að þar er valinn staður og tími til þess að auglýsa, að núv. ríkisstj. hefur enga stefnu í utanríkismálum. Þar ríkir algert ósamkomulag og stefnuleysi.

Í öðru lagi kom í ljós, að innan þessarar ríkisstj. ríkja ekki einu sinni venjulegir mannasiðir, þegar forsrh. verður undrandi að standa upp til að gefa fulltrúum allra Norðurlandanna skýringu á ræðu, sem hæstv. iðnrh. hefur sýnilega legið yfir að semja, því að hann mun hafa dvalist utanlands í viku eða meira. Það er augljóst, að hér er um stórfellt hneyksli í íslenskum utanríkismálum að ræða, sem hlýtur að draga dilk á eftir sér, fyrst og fremst innan ríkisstj., og hlýtur að koma til nánari umr. hér á Alþ., þegar við fáum orðréttan texta af því, sem sagt var.

Það hefur verið dregið inn í þessar umr., að Norðurlöndin hafi ekki veitt okkur nægilegan stuðning í landhelgismálunum. Þetta er ekki nýtt mál. Fyrir sum Norðurlandanna er þetta erfitt mál, af því að þau búa við allt aðrar aðstæður en við. Ef Svíar ættu að fá 50, ég tala nú ekki um 200 mílna landhelgi, þá mundi hún ná langt inn í Austur-Þýskaland, Pólland, Sovétríkin og Finnland, svo að menn hljóta að sjá, að aðstaðan er þar nokkuð önnur. En ég vil undirstrika það mjög, að Norðmenn hafa fylgt þeirri stefnu að styðja 200 mílna hugmyndina á alþjóðlegum vettvangi, þar sem fjallað hefur verið um landhelgismálið. Undanfarin missiri, hefur verið náið samband milli Íslendinga, Norðmanna, Suður-Ameríkuþjóðanna, Afríku- og Asíuþjóða um þessi efni. Norðmenn og Íslendingar eru kjarni í svokölluðum fimmtudagsklúbbi, þar sem barátta*n* í þessum efnum er mótuð frá viku til viku *innan Sameinuðu þjóðanna, og það er því ekki* ástæða til þess að ráðast á þá fyrir neitt annað en það, að þeir skyldu ekki senda norska flotann til orrustu við þann breska með okkur. En um þetta gefst sjálfsagt færi til þess að ræða frekar, ef ræða iðnrh. hefur gefið tilefni til þess, eins og ætla má af lauslegum fréttum af henni.

Ég vil ítreka það, að ég tel þetta vera mjög alvarlegt mál, ekki aðeins innan ríkisstj., heldur

einnig fyrir Alþ., og að það þurfi sannarlega að taka til athugunar, hvernig vinnubrögð okkar eiga að vera í utanríkismálum í framtíðinni, eftir það, sem gerst hefur nú um helgina.

Sjútvrh. (Lúðvík Jósepsson): Herra forseti. Það er nú kominn nýr þáttur í málið. Hér var að ljúka ræðu hv. 8. landsk. þm. og sagði, að hann héldi, að ég hefði átt að hafa annað að gera en að ræða um það mál, sem hér hefur verið rætt um nú, þar sem ég hefði þurft að verja þá stefnu ríkisstj. í sjávarútvegsmálum, sem miðaði að því að dæla loðnu aftur í sjóinn. Þetta var heldur smekklegt hjá hv. þm. Hann heldur því fram, að það sé stefna núv. ríkisstj. í sjávarútvegsmálum, að sjómenn veiði loðnu og dæli henni aftur í sjóinn. Svona var málflutningur þessa hv. þm. En það hefur komið fyrir oftar en einu sinni og í tíð margra ríkisstj., að til þess hafi borið, að sjómenn hafi ekki getað komið afla sínum í verð og þurft að henda honum. Það þekkja þeir, sem eitthvað þekkja til sjávarútvegsmála. En það er sennilega of mikið að gera kröfu til þess, að þessi hv. þm. flokkist undir það. En vitanlega er það svo í þeim tilfellum, sem það kemur fyrir, að sjómenn neyðast til þess að kasta afla sínum aftur, að það er ekki gert vegna þess, að þeir vilji það. Þau atvik hefur þá borið að, að þeir hafa verið hreinlega neyddir til þess. Ríkisstj. hefur ekki neytt neinn til þess, það veit þessi hv. þm. Ríkisstj. hefur þvert á móti greitt fyrir því, eins og hún hefur getað, að þeir gætu losnað við afla sinn. En það er ekki enn á valdi ríkisstj., nema þá að sett séu um það sérstök lög að skylda ákveðna aðila til að kaupa aflann, ef meira aflast en mögulegt er að koma í verð. En sem betur fer hefur nú ekki verið um mikið að ræða í þessum efnum, þó að þetta hafi komið fyrir nú. Það hefur staðið yfir sérstök rannsókn á því, í hve mörgum tilfellum þetta hefur átt sér stað og hvernig á því getur staðið, að slíkt kemur fyrir. Mér er satt að segja alveg óskiljanlegt, að það skuli hafa komið fyrir, að litlum bátum, sem hafa aðallega orðið fyrir þessum erfiðleikum, skuli hafa verið neitað um það af verksmiðjum að taka við afla þeirra. Það mál verður auðvitað athugað. En vitanlega er ekki hægt að kenna ríkisstj. um það á neinn hátt. Hún ræður ekki þessum veiðum, hún ræður ekki veðurfari, hún ræður ekki yfir sérstökum skemmdum, sem geta komið í aflann.

Hv. þm. gat þess í leiðinni, að hann ætlaði ekki að fara að tala hér um þá ræðu, sem hann hefði hvorki lesið né heyrt. En svo fór hann auðvitað að tala um ræðuna á eftir og sagði, að þessi ræða hefði verið sérstök auglýsing um ósamstöðu ríkisstj. í utanríkismálum, þó að hann væri nýbúinn að segja, að hann vissi ekki, hvað í ræðunni hefði staðið. (**BGr:** Hverjir töluðu?) Hverjir töluðu? Nú, er það eitthvert vitni um það, hvernig samstaðan er í ríkisstj., þó að fleiri en einn tali? (**BGr:** Þegar ráðherrarnir deila.) Ráðherrarnir deildu ekki. Þessi hv. þm. sagðist ekki einu sinni geta haft það eftir, að forsrh. hefði verið að hrekja neitt af því, sem hinn ráðh. hefði sagt, af því að hann vissi það ekki. En þessum hv. þm. þótti það sæmandi að vera með niðrandi orð hér í garð þm., sem er fjarstaddur, segir, að hann hafi legið við í langan tíma að semja ræðu, legið við í frii erlendis til þess að semja ræðu. Þetta gat hann sagt um þennan þingbróður sinn, þó að búið væri að upplýsa það hér, að þessi margumtalaða ræða hafði verið samin, áður en þm. fór á þennan fund, og ég hafði m.a. lesið ræðuna. En þetta er svona um vopnaburðinn. Það er gripið til að ráðast að fjarstöddum þm. með dylgjur, jafnvel í þeim tilfellum, þegar þm. hefur enga aðstöðu til þess að segja neitt um það mál, sem er til umr.

Það er auðvitað alveg rangt, sem þessi hv. þm. lét liggja hér að og hafði komið fram í þessum umr. hjá öðrum, að ræða Magnúsar Kjartanssonar hafi verið þess eðlis, að hann hafi verið sérstaklega að tala um stefnu íslensku ríkisstj. í öryggismálum eða varnarmálum, heldur aðeins það, sem ég hafði sagt hér áður, að hann lét orð um það falla í almennum umr. á þessum fundi, að afskipti á þann hátt, sem komu fram í orðsendingu norsku ríkisstj., væru ekki til þess fallin að efla góða samstöðu á milli Norðurlandanna. Það var þetta, sem hann sagði. Þetta er vitanlega ekki að hefja almennar umr. um öryggismál Íslands. Slíkt er vitanlega hrein fjarstæða.

En það breytir auðvitað engu um efni þessa máls, þó að hv. 8. landsk. fullyrði, að hér hafi verið um hneykslismál að ræða af hálfu iðnrh. Fullyrðingar hans í þeim efnum verða teknar álíka alvarlega og þegar hann segir, að það sé stefna íslensku ríkisstj. í sjávarútvegsmálum, að menn hendi afla sínum aftur í sjóinn. Það verður tekið álíka alvarlega. Hvort tveggja er jafn ómerkilegt.

Ragnhildur Helgadóttir: Herra forseti. Hæstv. sjútvrh. bar mig hér þeim sökum, að ég hefði ráðist að fjarstöddum þm. Mér er spurn, hvaða þm? (**Sjútvrh.:** Veit þm. ekki, um hvern hún hefur verið að tala?) Ég hef ekki verið að ráðast að neinum fjarstöddum þm. persónulega. Ég hef rætt hér um hæstv. iðnrh., hv. 7. þm. Reykv., Gylfa Þ. Gíslason, hæstv. forsrh. og síðan þá ráðh., sem hér eru staddir. Ég hef rætt þau orð, sem sagt hefur verið frá í fréttum fjölmiðla ríkisins. Ég hef ekki veist að öðru leyti að hv. þm., sem með þau ummæli fór, sem hér hafa verið gerð að umtalsefni. Ég hef aðeins beint spurningum mínum til þeirra hæstv. ráðh., sem hér hafa verið staddir, um afstöðu þeirra til þessara ummæla. Hins vegar kann að vera, að sá, sem hefur lesið ræðuna, eins og hæstv. sjútvrh., telji hana þess eðlis, að ummæli um hana hljóti að fela í sér einhverja árás efnislega. Ég hef ekki rætt efni þessara ummæla, heldur aðeins það, að þau voru sögð við þetta tækifæri, og hef óskað svara um afstöðu ríkisstj. til þess.

Ef hæstv. ráðh. efast um, að það hafi í fréttum fjölmiðla verið talin árás á hinar Norðurlandaþjóðirnar, sem hæstv. iðnrh. lét sér um munn fara, þá skal ég með mestu ánægju láta honum í té ljósrit orðrétt af þeim fréttum, sem fluttar voru í Ríkisútvarpinu og sjónvarpinu í gær um þetta efni. Og ef hæstv. ráðh. vill heyra úr heimild Ríkisútvarpsins um þetta efni, þá hljóðar viss kafli þess svo, með leyfi hæstv. forseta,

ef ég má lesa það á minni lélegu norsku, orðrétt eins og það er skrifað:

„Opner den islanske venstre sosialist, industriminister Magnús Kjartansson, for en slik debatt igen om et kraftigt angreb blandt andet på Norge, for innblandning i islandsk innenrikspolitik." „Et kraftig angreb" — ég skil ekki, að það geti útlagst öðruvísi á íslensku en harkaleg árás. Þá hefur hæstv. ráðh. það. Þetta er beint tekið upp úr þeim fréttum, sem sendar voru Ríkisútvarpinu í gær, en er ekki mín uppfinning.

Við þetta bætist, að í fréttaskeytum, sem borist hafa, segir, að norskir blaðamenn tali um þessa ræðu sem harkalega árás á Norðmenn, þeir bendi á, að ræðan hafi verið flutt í sama mund og Frydenlund utanrrh. var að stíga á land á Íslandi í opinberri heimsókn.

Það er þeim mun meiri ástæða til að nefna þessi atriði hér, að eitt þeirra atriða, sem Ríkisútvarpið sagði, að hæstv. iðnrh. hefði sagt í Stokkhólmi í gær, var, að svar við spurningum hans, þeim sem hann bar fram í þessari umræddu ræðu, gæti haft úrslitaáhrif á þátttöku Íslendinga í samstarfi Norðurlandaþjóða. Ég veit ekki, hvaðan hæstv. ráðh. kemur umboð til þess að hóta slitum á samstarfi við Norðurlandaþjóðir. En það virðist augljóst, að ýmsir ráðh. telja sig hafa valdið, fleiri en þeir, sem hér eru staddir. En um það fáum við væntanlega að vita næstu daga. Og alla vega eru þessi ummæli þess eðlis, að það er alls ekki að ófyrirsynju, að um afstöðu til þessa máls sé spurt.

Ég mun ekki taka meiri tíma og þakka forseta fyrir, að ég fékk að taka hér aftur til máls.

Orlof, frv. (þskj. 71, n. 369). — 2. umr.

Frsm. (Ólafur G. Einarsson): Herra forseti. Það er vel við hæfi að fara að ræða um orlof að loknum þessum tveggja tíma umr. um öryggis- og varnarmál. En á þskj. 369 er álit félmn. um frv. til l. um breyt. á l. nr. 87 24. des. 1971, um orlof. Álit félmn. er svo hljóðandi, með leyfi hæstv. forseta:

„N. hefur athugað frv. og orðið sammála um að mæla með samþykkt þess. Fjarverandi afgreiðslu málsins voru Garðar Sigurðsson, Gylfi Þ. Gíslason og Stefán Valgeirsson."

Nú þyrfti ég e. t. v. ekki að segja meira, ef ekki væri um að ræða umsögn um þetta frv., sem félmn. barst frá félmrn., en þangað hafði n. sent frv. til umsagnar. Í umsögn rn. segir svo, með leyfi hæstv. forseta:

„Rn. lítur svo á, að réttarstaða skólanema til orlofstöku rýmki ekki við frv. þetta. Í 1. mgr. 3. gr. l. nr. 87 1971 segir, að orlof skuli vera tveir dagar fyrir hvern unninn mánuð á síðasta orlofsári. Menn geta því ekki öðlast rétt til orlofstöku, fyrr en það orlofsár er liðið, er orlofsréttur er áunninn á, að óbreyttri 3. gr. l. Orlofstímabilið er aftur á móti frá 2. maí til 15. sept. Raunveruleg breyting á réttarstöðu skólanema yrði því, að þeir hefðu möguleika til útborgunar orlofsfjár 1. maí næsta árs í stað 2. maí að óbreyttum lögum."

Félmn. lítur svo á, eftir að hafa kannað þetta mál ítarlega, að hér sé um misskilning að ræða hjá félmrn. Það má vel vera, að það sé hægt að misskilja frv., ef sérstakur vilji er fyrir hendi að misskilja, en félmn. skilur þetta ekki eins og rn. gerir. Orlofsárið telst frá 1. maí til 30. apríl, en orlofstímabilið frá 2. maí til 15. sept., eins og segir í umsögn rn. Í 4. gr. orlofslaga segir, að af orlofinu skuli a. m. k. 21 orlofsdagur veittur á tímabilinu frá 2. maí til 15. sept. Ef orlof er skemmra en 21 dagur, þá skal veita það í einu lagi á þessu tímabili, en afganginn af orlofinu skal einnig veita í einu lagi, en það má veita á öðrum tímum árs. Þarna er strax komin heimild til að taka hluta orlofsins á öðrum tíma en orlofstímabilinu, þ. e. frá 2. maí til 15. sept. Í 2. mgr. 4. gr. orlofsl. er svo heimild til að veita allt að helmingi orlofsins utan orlofstímabilsins vegna vinnu við landbúnað og síldveiðar. Það frv., sem hér er til umr., gerir svo ráð fyrir, að skólafólki, sem stundar nám við viðurkennda skóla, sé þó heimilt að taka allt orlof sitt utan orlofstímabilsins. Það er þess vegna ekki um neitt nýmæli að ræða, að heimild sé veitt til að taka orlof utan orlofstímabilsins, heldur aðeins um að ræða tiltekinn hóp, þ. e. skólafólk, sem ekki hefur þessa heimild samkv. gildandi l. Ætti því öllum að vera ljóst, við hvað er átt með þessu frv., sem hér er til umr. Með hliðsjón af því, sem ég hef hér sagt, og með þessum skilningi leggur félmn. til, að frv. verði samþ. óbreytt.

Halldór S. Magnússon: Herra forseti. Við höfum hlýtt á ræðu frsm. hv. félmn. um nál. um frv. til l. breyt. á l. um orlof. Hann las m. a. upp álit félmrn. og lýsti því sjónarmiði n., að í umsögn rn. væri fólginn misskilningur. Ég er n. ekki sammála að þessu leyti. Ég hygg, að álit rn. sé alveg hárrétt. Ég vil í því sambandi leyfa mér að lesa upp úr 3. gr. l. um orlof, með leyfi forseta, en þar segir svo:

„Orlof skal vera 2 dagar fyrir hvern unninn mánuð á síðasta orlofsári. Orlofsárið er frá 1. maí til 30. apríl."

Hver maður skal hafa rétt til þess að taka orlof, sem nemur tveimur dögum fyrir hvern þann mánuð, sem hann hefur unnið á síðasta orlofsári, þannig að frá og með 1. maí hvert ár getur hver og einn maður tekið orlof eins og hann hefur áunnið sér á því orlofsári, sem þá er liðið. Þetta er skýrt í 3. gr. l. Síðan kemur í 4. gr. skilgreining á því, á hvaða tímabili menn skulu taka orlof, og það skal samkv. 1. mgr. 4. gr. almennt tekið á tímabilinu frá 2. maí til 15. sept. og þá það orlof, sem menn hafa áunnið sér fyrir það orlofsár, sem þá er rétt nýliðið. Þarna er svo undanþága fyrir þá, sem vinna við landbúnað og síldveiðar, og samkv. því frv., sem hér liggur fyrir, er lagt til, að undanþága verði einnig veitt fyrir skólanema, að þeim sé heimilt að taka allt orlof sitt utan orlofstímabilsins. Í frv. er hins vegar alls ekki lagt til, að gerð sé breyting á 3. gr. l., þar sem stendur, eins og ég sagði áðan, að orlof sé tveir dagar fyrir hvern unninn mánuð á síðasta orlofsári. Samkv. frv. er því skólanemum, ef frv. yrði að l., heimilt að taka orlof utan orlofstímans, ekki á sumrin, heldur einnig yfir vetrartímann og þá næsta

vetur þar á eftir, þannig að skólanemar, sem eru nú í vetur í skóla og hafa áunnið sér á s. l. sumri orlofsréttindi, fengju samkv. þessu ekki rétt til að taka sitt orlof á þessum vetri, sem nú er að líða, heldur hefðu þeir til viðbótar því, að þeir hafa rétt til að taka orlofið næsta sumar, rétt til þess að taka orlofið næsta vetur þar á eftir. Mér er nú spurn: Er þetta til hagsbóta fyrir skólanemendur? Ég vil leyfa mér að vænta þess fastlega, að hv. félmn. skoði þetta mál ögn betur, a. m. k. ef meiningin hefur verið að framkvæma hér einhverja svonefnda réttarbót fyrir skólanema.

Ég vil svo aðeins til viðbótar þessu segja það, að mér er það fullkomlega til efs, að það sé einhver hagsbót að því fyrir skólanemendur að fá í orlofslög heimild til þess að taka orlof yfir vetrartímann. Ég veit satt að segja ekki, hvernig það er hugsað, hvort það er hugsað þannig, að þeir taki sér frí frá skólastörfum til þess að taka sitt orlof, eða hvort þetta er hugsað einungis til þess, að þeir geti tekið út sitt orlofsfé, en stundi áfram vinnu í skólanum. Samkv. orlofslögum er mönnum ekki heimilt að vinna vinnu, sem er svipuð þeirri, sem þeir hafa áunnið sér orlof við á orlofstímanum. En væntanlega yrði skólavinna ekki talin svipuð neinni annarri vinnu, þannig að samkv. l. væri þá væntanlega heimilt að vinna vinnu í skóla, þótt menn teldust vera í orlofi vegna áunninna orlofsréttinda við önnur störf. En ég er sannfærður um, að álag á skólanemendur hér á landi er slíkt, að það er fullkomin ástæða til þess, að þeir taki sitt orlof ekki síður en aðrir vinnandi menn. Það er ekki eðlilegt, að skólanemar stundir strangt skólanám í 7—8 mánuði, vinni síðan það sem eftir er ársins hörðum höndum til þess að sjá sér farborða og hafi aldrei tíma til þess að taka sér orlof. Það má kannske segja, að til þess að þeim sé kleift að taka sér orlof, þurfi að tryggja þeim hærri námslán eða námsstyrki en nú er. En það er reyndar allt annað en hér er til umr., og skal ég því ekki fara inn á það frekar.

En skoðun mín er þessi í stuttu máli: Ég held, að það sé fullkomin nauðsyn til þess, að skólanemar taki orlof, og þegar ég segi taki orlof, þá meina ég, að þeir taki sér frí frá störfum og fari í orlof, sem nemur þeim orlofsréttindum, sem þeir hafa áunnið sér. Hins vegar sé það alls ekki í þeirra þágu, að þeir geti fengið sitt orlofsfé útborgað, á meðan þeir eru í skóla, og þar með tekið út sitt orlofsfé, án þess að taka sér raunverulega nokkurt orlof.

Jónas Árnason: Herra forseti. Hér er á ferðinni gott mál, sjálfsagt réttlætismál, og er vel, að það skuli hafa fengið svo góðar undirtektir hjá hv. félmn. Er þess að vænta, að frv. geti hindrunarlaust og fljótlega orðið að lögum. En af því að þetta mál er hér á dagskránni og það varðar einkum og sér í lagi nemendur tveggja skóla, eins og hv. flm., hv. þm. Pétur Sigurðsson, bendir á í grg. með frv., þ. e. a. s. það varðar sérstaklega nemendur Stýrimannaskólans og Vélskólans, þá vænti ég þess, að hæstv. forseti taki það ekki illa upp fyrir mér, þó að ég noti þetta tækifæri til þess að fjalla nokkuð um ýmis önnur mál, sem ekki eru góð mál eins og þetta mál, heldur vond mál, eins og unga fólkið mundi segja, mál, sem bitna sérstaklega á nemendum þessara skóla, þ. e. Stýrimannaskólans og Vélskólans.

Ég hef af vissum ástæðum nú undanfarnar vikur rætt mikið við nemendur þessara skóla og þá sérstaklega nemendur Stýrimannaskólans, og þeir hafa vakið athygli mína á ýmsu, sem er þess eðlis, að ég tel skyldu mína að leiða einnig að því athygli hv. starfsbræðra minna hér á Alþ., þótt einhverjir segi kannske, að það muni að mestu leyti verða unnið fyrir gýg, þar sem svo fáir þm. eru staddir hér í salnum. En það er þó bót í máli, að þeim mun fleiri nemendur Stýrimannaskólans og Vélskólans eru staddir á pöllum, og veri þeir velkomnir.

Nú s. l. hálfan mánuð hafa háskólastúdentar verið að fá greiddan seinni helminginn af þeim námslánum, sem þeir eiga rétt á þetta skólaárið. Fyrri helminginn fengu þeir aftur í haust. Það heita haustlán. Nemendur Stýrimannaskólans og Vélskólans hafa hins vegar orðið að bíða eftir sínum lánum alveg þangað til núna, þó að þeir hafi að sjálfsögðu engu minni þörf fyrir þessa fjárhagsaðstoð heldur en háskólastúdentar, m. a. vegna þess, að í þeirra hópi eru áreiðanlega engu færri fjölskyldumenn en í hópi háskólastúdenta að tiltölu. En það er sem sé fyrst núna, þegar komið er langt fram yfir miðjan vetur og búið er að afhenda háskólastúdentum öll þau lán, sem þeir eiga að fá, þá kemur loksins röðin að nemendum Vélskólans og Stýrimannaskólans.

Þetta finnst þeim dálítið skrítið, nemendum Vélskólans og Stýrimannaskólans. Ég verð að segja það alveg eins og er, að mér finnst þetta líka dálítið skrítið. Èg er ekki að segja, að háskólastúdentar séu ofhlaðnir af þeim lánum, sem þeir fá, en ég skil ekki, hvaða réttlæti mælir með því, að þeir hafi þennan forgang. Einhverjum dettur kannske í hug sú skýring, að þeir, sem sett hafa reglurnar um úthlutunina, líti svo á, að tilvonandi embættismenn séu svona miklu merkilegri persónur, svona miklu þýðingarmeiri persónur fyrir þetta þjóðfélag okkar heldur en tilvonandi skipstjórar og vélstjórar. Og liggi sá skilningur þarna til grundvallar, væri vissulega ástæða til þess að mótmæla og mótmæla harðlega.

En skýringin, sem nemendur Stýrimannaskólans og Vélskólans fá á þessu, er sú, að farið sé eftir meðaltekjum nemenda í viðkomandi skóla, þegar ákveðið er, hvaða skóli skuli afgreiddur fyrst og hvaða skóli skuli bíða lengst. Meðaltekjur háskólastúdenta eru tiltölulega lágar. Þess vegna kemur Háskólinn á undan hinum tveim skólunum þar sem meðaltekjur eru einna hæstar og hæstar líklega af öllum skólunum. Nemendum Vélskólans og Stýrimannaskólans líkar þetta ekki alls kostar. Þeim líkar ekki alls kostar þessi skýring, og lái þeim það hver sem vill. Sá nemandi, sem hefur brýna þörf fyrir fjárhagsaðstoð vegna lágra tekna sinna, hefur að sjálfsögðu lítið gagn af því, þó að einhver bekkjarbróðir hans hafi haft háar tekjur. Eða hvað mundum við segja, alþm., ef réttindi okkar ættu að skerðast í hlutfalli við meðaltekjur alþm. í heild? Ég segi a. m. k. fyrir mína parta, að ég mundi mótmæla,

ef t.d. réttindi mín yrðu skert í hlutfalli við þær tekjur, sem ónefndir stórbændur hafa, þeir sem sitja hér á Alþ. Ég nefni engin nöfn. Að sjálfsögðu ættu nemendur að fá lán sín úr lánasjóðnum, hvort heldur þeir sitja í Háskólanum, Stýrimannaskólanum eða Vélskólanum, eftir þeirri röð, sem réðist af þörfum hvers einstaklings, og engu öðru.

En það kemur fleira skrýtið í ljós, þegar maður fer að rabba við nemendur þessara skóla um þau kjör, sem þjóðfélagið býr þeim. Það er fleira skrýtið í þessum kýrhaus, og mætti halda um það langa ræðu, en til þess er ekki tækifæri hér. Ég ætla aðeins að bæta við einu dæmi, og það varðar skattamál þessara nemenda. Nemendur Stýrimannaskólans eru að sjálfsögðu allir sjómenn, en það gegnir nokkuð öðru máli um Vélskólann, þótt nemendur þess skóla séu að vísu mjög margir líka sjómenn. En víst er, að nemendur Stýrimannaskólans nota allan þann tíma, sem þeir hafa lausan frá skólanáminu, til þess að fara út á sjó og afla sér tekna til þess að halda áfram náminu. En sjómannafrádrátturinn svonefndi, hinn sérstaki skattfrádráttur sjómanna vegna starfs þeirra, — og hér er ég að tala um hinn svokallaða hærri skala, lægri skalinn skiptir reyndar engu máli, þar er um að ræða helberan tittlingaskít, — en þessi skattfrádráttur er háður því skilyrði, að menn hafi verið 26 vikur á sjó. Þeir verða að geta sýnt fram á það, að þeir hafi verið skráðir á skip 26 vikur það árið, sem þeir ætla að fá þennan frádrátt.

Tökum nú dæmi um nemanda, sem er á fyrsta ári í Stýrimannaskólanum eða Vélskólanum. Hann hefur unnið duglega, áður en hann hóf námið, og veitir ekki af. Eftir fyrsta veturinn fær hann því mjög háa skatta. Það líða 6 mánuðir, og þar er ég að tala um nemendur á fyrsta ári í Stýrimannaskólanum, það líða 6 mánuðir, frá því að hann lýkur prófi úr 1. bekk og þangað til hann byrjar aftur í 2. bekk. Segjum, að hann vinni allan þann tíma og fái tekjur, sem nema 300—400 þús. kr. Það er allgott kaup fyrir 6 mánuði. En vegna teknanna árið áður má gera ráð fyrir því, að hann verði að borga skatta, sem nema ⅔ hlutum af þessum tekjum þetta árið, þ.e.a.s. það verði ekki eftir nema 100—150 þús. kr., sem hann hefði þá úr að spila sér til framfæris. Og allt eins líklegt er, að þetta sé fjölskyldumaður. Ekki nóg með þetta. Af því að bráttótekjurnar eru þetta háar, þ.e. yfir 300 þús. kr., missir nemandinn þarna um leið allan rétt til námslána. Þar við bætist, að þó að hann hafi varið öllum sínum tíma, sem gafst á milli bekkja, til þess að vinna á sjónum, er mjög hæpið, að hann nái nógu löngum skráningartíma, til þess að hann fái sjómannafrádráttinn. Það vantar kannske ekki nema tvær vikur. Og til þess að ná þeim vikum til viðbótar er aðeins eitt ráð, margir þessara manna nota það ráð, og það er að fara á sjóinn einnig í jólafríinu. Þeir kalla það að fara jólatúrinn. Þeir ráða sig sem sé á togara eða fragtskip og fara til starfa á sjónum einnig um jólin. Þar fá þeir þessar tvær vikur til viðbótar, sem á vantar, til þess að þeir öðlist réttinn til sjómannafrádráttar. M.ö.o.: til þess að þessir menn geti tryggt sér sjómannafrádráttinn, verða þeir að nota hverja einustu stund, sem þeir hafa aflögu eða hafa sig lausa frá skólanáminu, til þess að vinna á sjónum.

Þessir menn hafa beðið mig að beina því til þeirra, sem fjalla um skattamálin, hvort það væri nokkur goðgá, þó að styttur væri þessi tími, 26 vikna skráningartími, sem er skilyrði þess, að þeir fái sjómannafrádráttinn, þessi tími yrði styttur t.d. um tvær vikur, niður í 24, svo að þeir þurfi ekki endilega líka að taka jólatúrinn. Ég leyfi mér að nota þetta tækifæri til þess að koma fram þessum tilmælum, þó að þetta sé að vísu nokkuð utan við það mál, sem er á dagskránni. Ég tel mjög brýnt, að þessi tilmæli komist á framfæri, enda tel ég þessi tilmæli mjög sanngjörn. Mér virðist, að sleitulaus vinna þessara manna á sjónum allan þann tíma, sem þeir hafa lausan á milli bekkja, þ.e.a.s. frá skólasetunni, sú vinna ætti að nægja til þess að veita þeim rétt til sjómannafrádráttar. En hitt væru næsta harðir skilmálar, ef þeir ættu líka endilega hreint að bæta við jólafrii sínu. Það eru sem sé vinsamleg tilmæli þessara manna, að þannig sé séð um, að þeir geti einhvern tíma fengið sér eitthvert ofurlítið frí.

En það ranglæti, sem bitnar á mörgum þessara manna, sbr. skatta, t.d. þegar þeir hafa kannske ekki nema 100—150 þús. kr. eftir að frádregnum sköttum, en missa um leið allan rétt til námslánanna, — þetta ranglæti mætti leiðrétta að nokkru með því m.a. að miða þennan rétt ekki við bráttótekjur manna, heldur við raunverulegan lífeyri þeirra, það, sem eftir væri, þegar skattarnir hefðu verið teknir.

Læt ég svo þetta nægja að sinni, þó að ýmislegt fleira mætti til tína af aths., sem nemendur þessara skóla vildu gjarnan gera varðandi kjaramál sín og margs konar skilningsleysi, sem þeir eiga að mæta af hálfu þeirra, sem fjalla um þessi mál. Það skilningsleysi kemur m.a. fram í því, að þessir nemendur eru settir skör lægra en aðrir námsmenn og einkum og sér í lagi háskólastúdentar. Samt fer því fjarri, eins og allir vita, að háskólastúdentar séu ánægðir með sinn hag. Tónninn í samþykktum þeirra og ályktanir margvíslegar eru síður en svo í þeim dúr yfirleitt, að þeir telji, að þjóðfélagið leggi sig eitthvað sérstaklega fram um að mylja undir þá. Kröfur háskólastúdenta eru sjálfsagt réttmætar. En hitt fullyrði ég, að þó að hátt láti oft í háskólastúdentum og lægra láti jafnan í nemendum Vélskólans og Stýrimannaskólans, eru kröfur hinna síðarnefndu yfirleitt enn þá réttlátari en kröfur hinna fyrrnefndu.

Ingvar Gíslason: Herra forseti. Ég hef lítið veitt þessu frv. athygli, en það hefur komið fram, bæði í grg., sem kom frá félmrn., og eins í ræðu hv. 7. landsk. þm., að það orðalag, sem hv. flm. hefur valið á 1. gr. frv. síns, fullnægi ekki því, sem að er stefnt með frv.-flutningnum. Ég hygg, að það kunni nokkuð að vera til í þessu. Þegar farið er að athuga, hvert sé vandamálið, sem hér er við að stríða, þá sýnist það vera það, að nemendur fá ekki greitt orlofsfé sitt á þeim tíma, þegar þeir eru í skóla og vilja gjarnan hafa rýmri fjárráð og þurfa þess, þ.e.a.s. á tímabilinu frá því í sept. og fram til 1.

maí. Þess vegna held ég, að það væri langumbúðaminnst að reyna að orða þetta skýrt og greinilega og láta það koma fram í meginmálinu, hvað við er átt. Þess vegna vil ég gera það að till. minni, — og raunar ætla ég nú fyrst og fremst að skjóta því til n., sem fjallar um þetta hér í d., en það má líka vera skrifl. till. mín, — að efnisatriði gr. orðist þannig: „Heimilt er að greiða skólanemendum, sem stunda nám við viðurkennda og fasta skóla, út orlofsfé sitt, þegar þeir óska.“

Umr. frestað.

Sameinað þing, 57. fundur.

Þriðjudaginn 19. febr., kl. 2 miðdegis.

Umræður utan dagskrár.

Forseti (Eysteinn Jónsson): Nú hafa tveir hv. alþm. beðið um orðið utan dagskrár um tvö óskyld efni, að mér skilst. Í því tilefni vil ég segja, að dagskrárnar eru ætíð fullar af málum, sem eru flutt með þinglegum hætti, og flm. þeirra eiga rétt á því, að þau komist að og séu tekin fyrir til umr. Það mun ekki verða breytt þeirri venju að sjálfsögðu að veita mönnum orðið utan dagskrár til þess að gera fsp., enda er það mjög gömul þingvenja. En við hljótum að gera okkur grein fyrir því, að þegar innleitt var þetta nýja snið fsp., var það gert í trausti þess, að umr. utan dagskrár gætu orðið með öðru sniði en þær voru farnar að verða, þ. e. a. s. það yrðu þá bara stuttar fsp., stutt svör og stuttar aths. Ég vænti, að við getum sæst á, að ekki er eðlilegt, að fsp. utan dagskrár hafi meiri rétt og það miklu meiri og allt annan rétt en þær fsp., sem bornar eru fram eftir ákvæðum þingskapa. Ég vil þess vegna fara þess á leit við hv. þm., að þeir hafi góða samvinnu um að hafa fsp. sínar stuttar og svörin stutt og aths. stuttar, þannig að sem næst geti gengið venjulegum reglum um fyrirspurnaumr.

Jón Árm. Héðinsson: Herra forseti. Ég bið nú um orðið utan dagskrár í Sþ., þar sem ekki var svigrúm til þess í Ed. vegna mikillar málgleði í hv. Nd. í gær. Eftirfarandi spurningar vil ég leggja fyrir hæstv. sjútvrh., vegna þess að ég met það þannig, að það þoli ekki bið að fjalla um málið:

1. Hvers vegna er ekki bannað að veiða loðnu og dæla henni síðan í sjóinn aftur?
2. Hefur skipulögð athugun farið fram á, hvort einhverjir aðilar misnoti eða brjóti reglur loðnunefndar?
3. Hvað er búið að selja mikið af loðnumjöli, og hvert er meðalverð pr. 1000 kg fritt um borð?
4. Hvað lána viðskiptabankarnir og Seðlabankinn út á hvert framleitt tonn?

Fyrir nokkrum dögum bárust fréttir af því, að allmörg loðnuveiðiskip hefðu neyðst til þess að henda verulegu magni af loðnu aftur í sjóinn vegna neitunar nokkurra verksmiðja um móttöku og ringulreiðar í löndun á loðnunni. Þetta er ekki þolanlegt. Við Íslendingar megum ekki og getum ekki verið þekktir fyrir að veiða fisk og henda honum svo aftur í hafið. Gildir hér einu, um hvaða tegund veiði er að ræða, það samræmist einfaldlega ekki grundvallarboðskap okkar í landhelgismálinu. Þótt mörgum finnist mikið til af loðnunni, getur svo farið, að fáránleg vinnubrögð við veiðarnar hafi hörmulegar afleiðingar innan skamms. Ég er þess fullviss, að enginn skipstjóri gerir þetta nema algerlega tilneyddur, en koma verður í veg fyrir, að slíkt ástand ríki, að menn neyðist til að standa þannig að veiðum, að henda þurfi miklum afla aftur í hafið. Þess vegna vil ég fá umr. um þetta mál nú til þess að fyrirbyggja, að slíkt endurtaki sig. Ég tel, að banna eigi svona veiðar, með tilvitnun í landgrunnslögin frá 1948 um verndun fiskimiða okkar.

Eins og kunnugt er, samþykktu 5 verksmiðjur hér suðvestanlands að hætta móttöku vegna yfirvofandi verkfalls, og orsakaði þetta gífurlegan glundroða í loðnuveiðunum, og nemur beint tjón af því þegar mörgum tugum millj. Þetta er vægsem vera skal, keppast við að bræða og taka á huga, að allar aðrar verksmiðjur á landinu, hvar ast sagt furðuleg ákvörðun, þegar það er haft í móti loðnu. Að mínu mati var það yfirskin eitt, að verkfall væri fram undan hjá þessum verksmiðjum, og sannaðist það reyndar þegar í morgun vegna fréttatilkynningar, sem kom frá einni verksmiðjunni. Hér var í raun um verðstríð að ræða. Þetta sannast einnig best á því, að s. l. föstudag komu nokkrir verksmiðjueigendur saman og samþykktu eftirfarandi grg., með leyfi forseta, — fréttatilkynning Félags ísl. fiskmjölsframleiðenda er þannig:

„Aukafundur í Félagi ísl. fiskmjölsframleiðenda, haldinn 15. febr. 1974 í Reykjavík, beinir þeirri eindregnu ósk til fulltrúa í Verðlagsráði sjávarútvegsins fyrir félög síldar- og fiskmjölsverksmiðja, að þeir segi upp samningum um loðnuverð til bræðslu fyrir 21. þ. m., þannig að núgildandi loðnuverð nái aðeins til loka febrúarmánaðar. Við nýja verðlagningu eftir 1. mars verði að sjálfsögðu tekið fullt tillit til þess gífurlega verðfalls, sem orðið hefur á loðnumjöli og öðru fiskmjöli frá því loðnumjölsverði, sem áætlað var, að fást mundi, við verðlagningu fyrir fyrsta verðtímabil. Einnig verði tekið tillit til hækkunar á farmgjöldum svo og stórfelldrar hækkunar á brennsluolíu og fleiri rekstrarvörum.“

Mætti hafa hér mjög langt mál um verðlagningu á loðnu undanfarin ár og nú, en það ætla ég ekki að gera að sinni. Tækifæri til þess mun gefast seinna, er hinn ákveðni loðnuskattur kemur til umr. síðar í hv. Ed. Ég vil aðeins minna á, að á s. l. ári, er loðnuverð til báta lækkaði um 20 aura, úr kr. 1.96 í kr. 1.76, fór mjölverð mjög hækkandi, og þá heyrðist ekki uml í verksmiðjueigendum. Útkoma s. l. árs sýnir, að verksmiðjurnar hafa grætt um 400—500 millj. Það er því ósvífni næst að fara að væla um tap, löngu áður en nokkur hefur selt á lægra verði. Þetta vil ég undirstrika. Í raun og veru væri það nauðsynlegt að taka öll sölumál verksmiðjanna til rækilegrar athugunar og kanna, hvernig staðið hefur

verið að sölu fyrir yfirstandandi vertíð. Hvers vegna hafa sumar þeirra ekki selt neitt mjöl? Það er eðlilegt með verksmiðjurnar í Vestmannaeyjum, en var „spekúlasjónin“ hjá hinum í algleymingi?

Nú er það staðreynd, að varla veiðist nokkur loðna í Noregi, og mest má veiða þar allt að 700 þús. tonn og þar af mikið í frost. Þarna verður því ekki um mikla samkeppni að ræða.

Frá Perú berast þær fréttir, að mest muni verða leyft að veiða um 1.5 millj. tonna, sem er miklu minna en verið hefur undanfarin ár. Hættan þaðan á miklu framboði er því einnig mun minni en verið hefur.

Ég sé því ekki ástæðu til þess, að sú skoðun sé boðuð nú, að hér sé voði á ferðum fyrir mjölframleiðendur og þeir geti í skjóli þeirrar skoðunar þvingað fram óeðlilegt verð á loðnunni til útgerðar og áhafna. Því mótmæli ég mjög ákveðið. Í því sambandi mætti vitna í greinar Einars Sigurðssonar í Morgunblaðinu. Hér eru a. m. k. 8 stórir mjölútflytjendur, og er athyglisvert, að skoðanir á þessum málum eru mjög skiptar. Vel væri athugandi, hvernig þeir standa að útboðum á mjöli og hvernig sagt er frá afla okkar erlendis. Ekki nær nokkurri átt að túlka afstöðu okkar þannig erlendis, að kaupendur hafi það á tilfinningunni, að við séum í mjög veikri aðstöðu sem seljendur, það er stórhættulegt. Okkar styrkur verður að byggjast á því, að héðan séu þær fréttir, að mjöl sé ekki seljanlegt fyrir hvað sem vera skal.

Síðasti liðurinn fjallar um útlánastarfsemi bankanna, en verksmiðjurnar hafa mjög kvartað yfir því núna, að þær ættu erfitt með rekstur sinn, vegna þess að bankakerfið lánar lítið út á framleitt mjöl, og er nauðsynlegt, að þær fái úrbætur í því efni.

Sjútvrh. (Lúðvík Jósepsson): Herra forseti. Það er ætlast til, að sjútvrh. svari og geri ekki annað en að svara. En svör mín eru á þessa leið.

Í fyrsta lagi er spurt: Hvers vegna er ekki bannað að veiða loðnu og dæla henni síðan í sjóinn? — Um leið og heyrðist í fréttum, að þetta ætti sér stað, fór sjútvrn. þess á leit við Fiskifélag Íslands, að það kannaði, í hve miklum mæli þetta væri og hvernig væri í rauninni með þessar fréttir. Þessari athugun Fiskifélagsins er ekki lokið enn, hún er ekki komin enn frá Fiskifélaginu og get ég ekki sagt um það á þessu stigi, hvað hér er um mikið magn að ræða. Sennilegt er, að hér sé aðeins um fá tilvik að ræða. En ég er sem sagt sammála hv. fyrirspyrjenda að því leyti til, að ég er sannfærður um, að enginn skipstjórnarmaður og enginn sjómaður veiðir afla bara til þess að drepa fiskinn sér til gamans, að kasta honum aftur í sjóinn. Hann gerir þetta hreinlega til neyddur, og kæmi þá að litlu gagni, þó að búið væri að banna að gera þetta. En þetta mál er í athugun, og ef unnt er að reisa skorður gegn því, að menn misnoti veiðirétt sinn, þá verður það gert.

Í öðru lagi er spurt: Hefur skipulögð athugun farið fram á, hvort einhverjir aðilar misnoti eða brjóti reglur loðnunefndar? — Um þetta hefur nú nýlega verið gefin ítarleg skýrsla í útvarpi og sjónvarpi. Ég er með þessa skýrslu hér í höndum. Ég sé ekki ástæðu til að fara að lesa hana alla upp, hún hefur verið lesin yfir öllum landslýð. Allveruleg brot hafa átt sér stað í höfnum hér sunnanlands í þessum efnum, og loðnunefnd hefur strax gripið til gagnráðstafana, refsiaðgerða gagnvart þeim, sem brotið hafa af sér. En til þess að spara tíma fer ég ekki að lesa þetta allt upp.

Í þriðja lagi er spurt: Hvað er búið að selja mikið af loðnumjöli, og hvert er meðalverð pr. 1000 kg fritt um borð? — Það er búið að selja fyrir fram af loðnumjöli um 18 þús. tonn, og verðið fritt um borð er í kringum 50 þús. kr. á tonnið.

Þá er spurt: Hvað lána viðskiptabankar og Seðlabankinn út á hvert framleitt tonn? — Lán bankanna eru á þessa leið eftir þeim upplýsingum, sem ég hef getað fengið: Lán Seðlabankans út á hvert framleitt tonn af loðnumjöli er nú 19 þús. kr. Lána viðskiptabankarnir síðan 28.2% til viðbótar við þessi lán Seðlabankans.

Þetta eru svörin við þessum spurningum, og ég vænti, að þau verði að teljast fullnægjandi, miðað við þann tíma, sem hér er um að ræða.

Umræður utan dagskrár.

Ragnhildur Helgadóttir: Herra forseti. Í gær urðu í Nd. Alþ. umr. utan dagskrár vegna ræðu, sem hæstv. ráðh. Magnús Kjartansson flutti á fundi Norðurlandaráðs s. l. sunnudag. Ræðu þessa fékk ég í morgun frá hæstv. forsrh., nokkru eftir að ég hafði lesið hana í Þjóðviljanum. Ummæli hæstv. forsrh. og fleiri fulltrúa á þingi Norðurlandaráðs í tilefni af ræðunni hef ég hins vegar enn ekki fengið.

Ástæða er til þess að endurtaka hér í dag þær spurningar, sem ég lagði í gær fyrir þá ráðh., sem þá voru viðstaddir, vegna þess að nú er hér kominn til þings hæstv. forsrh., sem sjálfur var staddur á fundi Norðurlandaráðs. Ýmis efnisatriði ræðu hæstv. ráðh. Magnúsar Kjartanssonar verða væntanlega rædd hér á þingi síðar. Spurningar mínar í gær voru þessar:

Í fyrsta lagi: Voru ummæli hæstv. ráðh. Magnúsar Kjartanssonar, þau sem hann hafði uppi á fundi Norðurlandaráðs, sögð með samþykki ríkisstj.? Ef svo var ekki, voru þau þá sögð með vitund ríkisstj.? Ef hvorugu þessu var til að dreifa, hver verða þá viðbrögð ríkisstj. við þessum ummælum?

Í öðru lagi gerði ég að umtalsefni þær fregnir, sem fluttar höfðu verið í Ríkisútvarpinu um dagskrá og umræðuefni á utanríkisráðherrafundi hér í Reykjavík í sambandi við hina opinberu heimsókn norska utanrrh., en þar bar ekki saman fregnum frá sjálfum hæstv. utanrrh. og frá Noregi um það, hvort varnarmál yrðu rædd á þeim fundi eða ekki. Um það væri gott að fá upplýsingar, sem fram væru bornar hér á Alþingi.

Ég vil aðeins minna á eitt atriði í sambandi við þessa ræðu, sem mér finnst nauðsynlegt að forma raunar sem viðbótarspurningu, en það atriði kom sérstaklega í ljós, þegar ræðan var lesin nú í morgun. Það hafði komið fram hjá einum talsmanni Íslendinga á Norðurlandaráðsfundin-

um, að ummæli Magnúsar Kjartanssonar væru ekki sögð í umboði íslensku ríkisstj. Það var raunar hv. þm. Gylfi Þ. Gíslason, sem það sagði. Hins vegar voru ummæli í þessari ræðu þess eðlis, að það er augljóst, að hæstv. ráðh. hefur talið sig hafa umboð ríkisstj. til að fara með þau, og það gengur í berhögg við það, sem hæstv. sjútvrh. sagði hér í gær, þar sem hann sagði, að Magnús Kjartansson hefði talað sem einstaklingur í þessari ræðu, en ekki sem ráðh. fyrir hönd ríkisstj. Samkv. Þjóðviljanum í morgun, þar sem ræðan er prentuð orðrétt í íslenskri þýðingu, sagði Magnús Kjartansson, með leyfi hæstv. forseta:

„Hins er ekki að dyljast, að ríkisstj. Íslands finnst hún hafa haft ákaflega lítinn stuðning frá ríkisstjórnum annarra Norðurlanda í þessu örlagaríka máli“ — og var þá átt við herstöðvamálið.

Af þessari setningu er augljóst, að hæstv. ráðh. telur sig tala í umboði ríkisstj., og vil ég leyfa mér að vænta þess, að hæstv. forsrh. gefi skýringu á þessu.

Forsrh. (Ólafur Jóhannesson): Herra forseti. Það kannske sannast hér eins og stundum endranær, að seint er um langan veg að spyrja sönn tíðindi. Ég hef að vísu ekki átt þess kost að heyra, hvernig sagt hefur verið frá þessum málum í útvarpi og sjónvarpi hér. Ég efast ekki, að þar hafi verið farið rétt með, svo langt sem sú frásögn hefur náð. Hins vegar hygg ég, að það hafi ekki verið kostur á því að flytja alla ræðu Magnúsar Kjartanssonar ráðh. í útvarp eða sjónvarp hér, og þá gæti kannske hugsast, að fréttamenn hefðu látið leiðast af því fréttamennskusjónarmiði, sem stundum gætir, að leggja mismunandi áhersluþunga á ýmis atriði í ræðunni.

Ég verð að segja það, að eftir því sem ég hef lesið hér í blöðum og lesið um þær umr., sem hér fóru fram utan dagskrár í gær, virðist mér hafa verið gert helst til mikið veður út af þessari ræðu. Nú vil ég að vísu ekki draga úr því á neinn hátt, að Magnús Kjartansson hafi flutt þarna athyglisverða ræðu að ýmsu leyti. En ég held samt, að það verði varla sagt, að henni hafi verið gefið mjög fyrirferðarmikið rúm í þeim sænskum blöðum t. d., sem ég sá, og ég held, að það fari ekkert á milli mála, hvaða ræða það var, sem mesta athygli vakti allan sunnudaginn í Norðurlandaráði og blöð og fjölmiðlar slógu upp, það var ræða Trygve Bratteli, forsrh. Noregs, um olíumálin, olíuvinnsluna og hugsanlega og væntanlega samvinnu Norðurlandanna um þau efni, og svo svarræða Palme þar við.

Ég held, að það megi segja með sanni, að verulegur hluti af ræðu Magnúsar Kjartanssonar fjalli um mál, sem ekki er óeðlilegt, að séu rædd á Norðurlandaráðsfundi, og eru ofarlega á baugi í almennum stjórnmálaumr., eins og t. d. ég veit, að hv. fyrirspyrjandi hefur séð, þegar hann las ræðuna, um afstöðuna eða sambandið á milli stjórnmálamanna og fólksins, stöðu smáríkja og sitthvað fleira. Hins vegar er það rétt, að hann vék sérstaklega að tveimur málum þarna, landhelgismáli og varnarmálum. Og á eftir ræðu Magnúsar Kjartanssonar urðu nokkur orðaskipti, sem nokkrir tóku þátt í, og þær ræður hef ég nú hér með. Þar tók m. a. til máls góðvinur okkar Íslendinga, K. B. Andersen, fyrrv. utanrrh. Danmerkur, og var, að mér fannst, óvenjulega hvassyrtur. En einnig tóku til máls bæði fyrrv. og núv. forsrh. Noregs og gerðu aths. út af einu tilteknu atriði í ræðu Magnúsar Kjartanssonar.

Í þessum orðaskiptum tók svo þátt, eins og hv. fyrirspyrjandi sagði, einn af íslensku fulltrúunum, Gylfi Þ. Gíslason alþm., og sumpart urðu ummæli hans til þess, að ég fann mig knúinn til þess að gera nokkrar aths., örstuttar að vísu. Það var af því, að mér fannst Gylfi Þ. Gíslason gerast nokkur offari í orðum sínum þarna á þinginu. Hann sagði fyrst, að hann vildi segja það, að ræða Magnúsar Kjartanssonar væri ekki haldin í nafni íslensku þjóðarinnar, ekki í nafni Alþingis og ekki heldur fyrir hönd íslensku ríkisstj. Hann fullyrti í þessu stutta svari sínu, að íslenska ríkisstj. hefði ekki orðið enn sammála um, hvaða stöðu ætti að taka í viðræðum við Bandaríkjamenn um framtíð stöðvarinnar í Keflavík. En síðan sagði hann það, sem hann má gjarnan segja fyrir mér, að hann þyrði að fullyrða, að stjórnarandstaðan væri alveg einhuga um það, að varnarsamninginn ætti að endurskoða, en honum ætti ekki að segja upp, en síðan sagði hann það, sem mér fannst nú heldur ofsagt, að hann þyrði líka að fullyrða, að meiri hl. innan flokks forsrh. væri á því máli, að samninginn ætti að endurskooða, en ekki að segja honum upp. Ég mundi kjósa, að hv. þm. Gylfi Þ. Gíslason gerðist fyrst félagi í Framsfl., áður en hann færi að tala svo bert í hans nafni.

Við þetta gerði ég örstutta aths., sumpart eins og ég sagði, vegna þessara ummæla íslensks fulltrúa, og í öðru lagi vegna vissra tiltekinna ummæla í ræðu Magnúsar Kjartanssonar, sem voru þess eðlis, að mér þótti sem þau gætu verið misskilin, ef ekkert kæmi fram frekar varðandi þau. Og það voru nokkur atriði, sem ég tók fram í þessari örstuttu aths., sem ég gerði. Í fyrsta lagi var það, að ég lagði áherslu á, að utanríkismál og varnarmál heyrðu ekki undir Norðurlandaráð. Það er skýrum stöfum og ótvírætt tekið fram í samþykktum Norðurlandaráðs, að þau málefni eru undanskilin verkefnum Norðurlandaráðs, og til þess liggja ástæður, sem allt of langt er að fara hér út í og ég fór ekki heldur út í þar, enda er þetta óumdeilt. Síðan sá ég mig tilneyddan til að mælast til þess, að menn hér á Norðurlandaráðsþingi færu ekki að ræða íslensk innanríkismál. Í þriðja lagi tók ég fram, að ég yrði að mælast til þess, að menn væru ekki á þessum vettvangi, í Norðurlandaráði, með neinar fullyrðingar um, hvernig staðan á Íslandi væri varðandi spurninguna um endurskoðun eða uppsögn varnarsamningsins. Og í fjórða lagi, sem aukaatriði, tók ég það fram, með mjög kurteislegum orðum þó, að ég yrði að hafa allan fyrirvara á um þau ummæli, sem Gylfi Þ. Gíslason hefði haft um minn eigin flokk. Og loks sagði ég það, — einmitt út af ummælum, sem komu fram í ræðu Magnúsar Kjartanssonar og til þess að fyrirbyggja misskilning, — að hvað varðaði það erindi, sem íslenska ríkisstj. á sínum tíma eða utanrrh., — mér var reyndar gert kunnugt um líka, — fékk frá norsku ríkisstj., að ég hefði ekki skil-

ið það sem neina íhlutun í íslensk málefni, og tók fram, að sú orðsending mundi að sjálfsögðu ekki hafa neina úrslitaþýðingu fyrir þá afgreiðslu, sem þetta mál fengi á Íslandi.

Það er alveg skýrt, að ræða Magnúsar Kjartanssonar ráðh. var ekki að neinu leyti né á nokkurn hátt flutt á vegum íslensku ríkisstj. eða í nafni ríkisstj., hafði ekki verið samþykkt af ríkisstj. né samin eða flutt sérstaklega með vitund ríkisstj. (**Forseti:** Ég verð að þrýsta á hæstv. ráðh. eins og þm. Ég treysti hæstv. ráðh. til að hraða sér.) Já ég skil það, en af því að ég var fjarverandi í gær, yrði kannske litið á það. (**Forseti:** Ég verð að þrýsta á það, að hæstv. ráðh. ljúki þessu sem fyrst.)

Ræða Magnúsar Kjartanssonar lýsti að sjálfsögðu hans skoðun — og hans skoðun eingöngu, þó að ég efist ekki um það, að margir hér á landi geti verið sömu skoðunar og hann hélt þar fram. Ég held, að það hafi ekki nokkur maður á Norðurlandaráðsþingi litið á hana þannig, að hún væri fultt í nafni íslensku ríkisstj. Ég hitti ekki nokkurn mann, sem lét slíkt uppi. Ég held, að það sé alls ekki einsdæmi, að einstakir ráðh. á Norðurlandaráðsþingi flytji ræður, sem að einhverju leyti víkja frá þeim skoðunum, sem t. d. forsrh. þess lands hefur haldið fram á Norðurlandaráðsþingi. Ég held, að ég muni slík dæmi, þegar um hefur verið að ræða samsteypustjórnir, — við skulum segja t. d. í Finnlandi. Þetta er ekki títt, en ég held, að það sé alls ekkert einsdæmi. Auðvitað er það grundvallarreglan, sem við hljótum að fylgja, að það á að ríkja skoðanafrelsi og tjáningarfrelsi. Það er mikið rætt um það nú hér og annars staðar, og það má ekki vera neinn einkaréttur fyrir skáld og rithöfunda, heldur eigum við stjórnmálamenn líka að njóta góðs af því og geta haldið fram þeim skoðunum, sem við höfum og við viljum túlka. Ef á að líta á einhverja ræðu, sem flutt er á Norðurlandaráðsþingi, sem flutta á vegum ríkisstj., þá er það að sjálfsögðu ræða forsrh. Ég flutti ræðu á laugardag, og ég hef sent blöðum hana nú, og þar geta menn skoðað hana, ef blöðin hirða um að birta hana. Ég vænti þess, að þar sé ekkert, sem ekki getur staðist sem talað — ég vil segja í nafni þjóðarinnar.

Af því, sem ég hef þegar sagt, liggur í augum uppi, að það verður ekki um nein frekari viðbrögð af hálfu ríkisstj. að ræða við þessari ræðu Magnúsar Kjartanssonar. Hann hefur aðeins flutt þarna sitt mál, lýst sínum skoðunum.

Viðvíkjandi því, sem fyrirspyrjandi spurðist líka um, hvort það yrðu rædd varnarmál hér á fundi utanrrh., þá er það að vísu um það að segja, að ég hef ekki átt þess kost að sækja þá fundi eða taka þátt í þeim viðtölum. En ég tel alveg óhætt að fullyrða, að það verði ekki rætt þar um varnarmál, og það kemur auðvitað ekki til greina, enda var það margítrekað einmitt af hálfu forsrh. Noregs á þessu þingi, að auðvitað væri hér um að ræða mál, sem Íslendingar einir ættu að taka ákvörðun um. Ég er þess fullviss, að norski utanrrh. mun ekki í þessari vináttuheimsókn vera með nein slík umræðuefni.

Benedikt Gröndal: Herra forseti. Mér þykir athyglisvert, þegar hæstv. forsrh. stendur upp til að svara spurningum um ræðu hæstv. iðnrh. Magnúsar Kjartanssonar á Norðurlandaráðsþingi, að hann eyði allt að því eins miklum tíma í að ræða um stutta aths., sem hv. 7. þm. Reykv., Gylfi Þ. Gíslason, gerði þar, og er það væntanlega til þess gert að reyna að draga athyglina frá sjálfu umræðuefninu, sem er ræða Magnúsar. Ég held, að Gylfi geti vel staðið við það, sem hann sagði, og satt að segja getur enginn maður tekið það sem annað en einkaálit stjórnarandstöðuþm. Hins vegar efast ég um, að hann þurfi að ganga í Framsfl. til að sjá, hvernig ástandið er þar í utanríkismálum. Það blasir við sjónum allrar þjóðarinnar, þannig að ekkert er eðlilegra en að maður lýsi þeirri skoðun sinni, að viðhorf Framsfl. kunni að vera eins og Gylfi fullyrti, að hann teldi þau vera.

Athyglisverðara er það við svörin, sem fengust varðandi ræðu hæstv. iðnrh. Magnúsar Kjartanssonar, að hæstv. forsrh. hefur afneitað ræðunni algjörlega. Hann hefur tekið það skýrt fram, að ræðan hafi ekki verið flutt á vegum ríkisstj. og ekki verið samþykkt af ríkisstj., þó að það hafi verið upplýst í gær, að tveir af ráðh. stjórnarinnar hafi verið að kokka þessa ræðu a. m. k. viku fyrir þingið.

Annars vegar getum við glaðst yfir því og þakkað fyrir það, að forsrh. skuli taka skýrt fram, að ræðan er ríkisstj. óviðkomandi og að hann lítur sjálfur ekki svo á, að Norðmenn hafi gert sig seka um neina íhlutun í íslensk málefni. Hins vegar er aðalatriði málsins orðið það, hvers konar stjórnarfar er á Íslandi, þegar iðnrh. flytur á alþjóðlegri ráðstefnu ræðu um utanríkismál, sem forsrh., er situr í sama sal á sömu ráðstefnu, veit ekkert um fyrir fram, hefur ekki heyrt nefnda og verður að standa upp á eftir til þess að afneita. Hvers konar ríkisstj. er þetta? Hvers konar mynd af íslensku stjórnarfari gefur slík framkoma? Og hvers konar stjórnmálamaður er það, sem hegðar sér þannig gagnvart samráðherrum sínum í samsteypustjórn, ekki aðeins að tala þannig, heldur að tala þannig á bak við fors- og utanrrh.

Segjum svo, að hann hafi rætt þetta við þá og sagt þeim, að hann teldi óhjákvæmilegt að flytja slíka ræðu. Það hefði verið heiðarlegt, svo langt sem það náði. Það er ekki um að ræða neina takmörkun á málfrelsi manna eða skoðanafrelsi. Spurningin er um það, hvort starfhæf og forsvaranleg ríkisstj. er á Íslandi eða ekki. Hvað ætla forsrh. og flokkur hans og hvað ætlar utanrrh. að þola slíka framkomu af samráðherrum sínum lengi? Hvað oft ætlar Ólafur Jóhannesson að láta niðurlægja sig á alþjóðlegum ráðstefnum af þessum félögum sínum? Það eru spurningar, sem ekki aðeins við vilium fá svör við, heldur geri ég ráð fyrir, að margir velti fyrir sér á Norðurlöndum í dag. Því verður ekki neitað, að viðbrögð norskra blaða eru þannig, að þau líta á þessa ræðu sem harða árás á Noreg. Það er alvörumál, sem snertir forsrh. ekki síður en aðra ráðh. í ríkisstj. Þetta er kjarni málsins.

Geir Hallgrímsson: Herra forseti. Hæstv. forsrh. sagði, að ræða Magnúsar Kjartanssonar væri ekki að neinu leyti flutt á vegum ríkisstj., ekki

nafni hennar og ekki samþykkt eða flutt með vitund ríkisstj. Þá er það upplýst, að hæstv. iðnrh. hefur verið að blekkja þingheim Norðurlandaráðs, þegar hann segir, eins og hv. þm. Ragnhildur Helgadóttir gat um og vitnaði í ræðu Magnúsar Kjartanssonar orðrétt: Hins er ekki að dyljast, að ríkisstj. Íslands finnst hún hafa ákaflega lítinn stuðning frá ríkisstj. annarra Norðurlanda í þessu örlagaríka máli.“ Þarna talar ráðherrann í nafni ríkisstj., þegar sjálfur forsrh. er viðstaddur, án þess að hafa til þess umboð eða bera sig saman við forsrh., þótt upplýst sé, að ræðan var samin viku fyrir fram.

Spurningin er þess vegna: Hvað ætlar hæstv. forsrh. að gera? — Hann svaraði því til, að það væri ekki að vænta neinna viðbragða af hans hálfu eða ríkisstj. Hér er ekki um lítillæti að ræða af hálfu hæstv. forsrh. Hér er um ótrúlega lítilþægni að ræða af hálfu forsrh., sem á auðvitað að tala í nafni ríkisstj., ef ríkisstj. ætlar sér að gefa yfirlýsingar. Og með því að ekki eru ráðgerð sérstök viðbrögð eða ráðstafanir vegna þessara ummæla, þá má spyrja hæstv. forsrh: *er hann sammála því, að ríkisstj. finnist* hún hafa lítinn stuðning frá ríkisstj. annarra Norðurlanda í varnarmálum? Það er sú spurning, sem hlýtur að vakna upp, þegar svör hæstv. forsrh. eru skoðuð.

Það er athyglisvert, að annars vegar er kvartað yfir litlum stuðningi frá ríkisstj. annarra Norðurlanda í varnarmálum og hins vegar er kvartað yfir orðsendingu Norðmanna frá sept. s. l. sem ótilhlýðilegri íhlutun um íslensk innanríkismál. Hér stangast eitt á annars horn. Það, sem úrslitum ræður, er ekki, að Norðmenn sendi Íslendingum orðsendingu og tjái vilja sinn, heldur hver vilji Norðmanna er, hver skoðun Norðmanna er. Vegna þess að skoðun Norðmanna er ekki í samræmi við skoðun Magnúsar Kjartanssonar, þá er um að ræða, íhlutun í íslensk innanríkismál, en í sömu andrá er samt kvartað yfir litlum stuðningi annarra Norðurlanda. Stuðningurinn átti að vera fólginn í því, að Norðurlöndin áttu að fallast á sjónarmið Alþb.-manna og kommúnista. Þetta er siðfræði kommúnista uppmáluð. Það er *allt í góðu lagi* að taka á móti orðsendingum annarra þjóða, ef efni þeirra er í samræmi við vilja þeirra sjálfra, en ef svo er ekki, þá er um ótilhlýðilega íhlutun um íslensk innanríkismál að ræða.

Þá kom það fram í ræðu Magnúsar Kjartanssonar, að fundið var að því, að fulltrúar frjálsra félagssamtaka í Noregi komu undir forustu norska stórþings forsetans í heimsókn til skoðanaskipta við sams konar samtök hér á landi um vestræna samvinnu. Slík frjáls skoðanaskipti eru ekki að skapi kommúnista og beinlínis talað um, að þau séu til þess fallin að hafa áhrif á ríkisstj. Íslands. En um sömu helgi og þessir ágætu gestir frá Noregi komu var fimm dálka fyrirsögn í Þjóðviljanum, blaði Alþb., með tilkynningu um, að tilgreindur norskur stórþingsmaður mundi verða á ferðinni næstu helgi þar á eftir til þess að túlka sjónarmið andstæð sjónarmiðum fulltrúa vestrænna samtaka í Noregi. Það er m. ö. o. ámælisvert að taka á móti norskum gestum, sem tjá hug sinn í varnar- og öryggismálum, ef þeir eru á öndverðum meiði við Alþb., en hins vegar er það fagnaðarefni að taka á móti gestum frá Noregi, ef þeir eru á sama máli og Alþb. Menn geta af þessum dæmum og samkvæmni gert sér ljósa grein fyrir því, hvaða ástand væri hér á landi og hvernig frjáls skoðanaskipti væru hér á landi, ef Alþb-menn réðu *hér lögum og lofum*.

Það var eðli orðsendingar Norðmanna frá sept. s. l. að gera Íslendingum grein fyrir afstöðu Norðmanna innan Atlantshafsbandalagsins og þar með gefa íslensku ríkisstj. tækifæri til að tjá hug sinn og andsvör við þessari orðsendingu Norðmanna, áður en til fundar Atlantshafsbandalagsráðsins kæmi, þar sem endanlega væri gengið frá umsögn þess um endurskoðun varnarsamningsins.

Nú vildi ég spyrja hæstv. forsrh.: Hefur íslenska ríkisstj. svarað orðsendingu Norðmanna og tjáð skoðun sína um efni og innihald orðsendingar Norðmanna? Það væri eðlileg málsmeðferð, ef íslenska ríkisstj. hefði nokkra aths. við þá orðsendingu að gera, og ég tel það einmitt æskilegt, að sjónarmið íslensku ríkisstj. komi fram gagnvart norska utanrrh. í sambandi við heimsókn hans hingað til lands.

Það er athyglisvert, að kurteisi hæstv. iðnrh. er slík að velja ræðu sinni þann tíma, þegar norski utanrrh. er hér í vináttuheimsókn. Við enga þjóð aðra viljum við Íslendingar eiga frekar vinsamleg og góð samskipti en Norðmenn, og við teljum, að Norðmenn hafi verið okkur styrk stoð á mörgum sviðum á alþjóða vettvangi. Við eigum að rækta þá vináttu og frændsemi, en það gerum við ekki með slíkri ræðu sem fram hefur komið af hálfu hæstv. iðnrh. Hún gerir okkur mikinn skaða, og því er nauðsynlegt, að hæstv. forsrh. taki af öll tvímæli, að hann afneiti þeim skoðunum, sem hæstv. iðnrh. hefur flutt í sinni ræðu.

Ég vil ljúka orðum mínum, sem ég hér hef flutt, með því að ítreka þá spurningu: Telur hæstv. forsrh., að ríkisstj. hafi ekki fengið þann stuðning frá ríkisstj. annarra Norðurlanda í varnar- og öryggismálum landsins, sem hann eða ríkisstj. átti von á?

Forsrh. (Ólafur Jóhannesson): Herra forseti. Íslenska ríkisstj. væntir sér ekki sérstaklega neins stuðnings við stefnu sína í varnarmálum frá Norðurlöndum. Hún fer ekki fram á það, mun ekki fara fram á það. Hún lítur á það sem algjörlega íslenskt málefni, sem við sjálfir tökum ákvörðun um út frá okkar eigin hagsmunum. Þetta er Norðmönnum að sjálfsögðu vel kunnugt um. Þetta sjónarmið setti ég fram á sínum tíma við norska sendiherrann, þegar hann flutti þessa orðsendingu, sem var nánast munnleg orðsending, þó að hann setti hana sjálfur á blað. Og þessari stefnu mun verða fylgt af íslensku ríkisstj. Sú stefna er algjörlega viðurkennd og var undirstrikuð af sjálfum norska forsrh. einmitt á þessu Norðurlandaráðsþingi, svo sem hann raunar hafði áður gert í norska Stórþinginu.

Ragnhildur Helgadóttir: Herra forseti. Mikið er rólyndi hæstv. forsrh. að hafa geð í sér til

að standa fyrir ríkisstj., þar sem algjör upplausn ríkir í mikilvægustu málum. Með hverjum deginum sem líður kemur það berlega í ljós. **Forsrh.**: *Það hafa víst aðrir meiri áhyggjur af því en ég.)* Já, hæstv. forsrh., og það er ekki að ófyrirsynju, að aðrir hafa af því meiri áhyggjur. Og borgarar þessa lands hafa vafalaust af því þungar áhyggjur, að ríkisstj. líðst að sitja áfram í óbreyttu formi og það fyrir tilstilli hins ágæta manns, hæstv. forsrh. Í ræðu hæstv. iðnrh. Magnúsar Kjartanssonar sagði hann fullum fetum, að 1971 hefði ríkisstj. ákveðið, að bandaríska herstöðin skyldi lögð niður. Þessu lýsir hæstv. iðnrh., eftir að sjálfur utanrrh. hefur gert till. um annað og eftir að sjálfur forsrh. hefur lýst því yfir, að málefnasamning ríkisstj. beri alls ekki að skilja á þennan veg. Svo afgreiðir hæstv. ráðh. þessi ræðuhöld hæstv. iðnrh. á alþjóðavettvangi einungis með því að segja: „Þetta eru hans persónulegu skoðanir.“ Og síðan leggst hæstv. forsrh. rólegur á koddann sinn og sofnar værum svefni. Það er áreiðanlegt, að það eru fleiri en ég á þessu landi, sem hafa þungar áhyggjur af því, að það ríkir augljóslega fullkominn glundroði í utanríkismálum innan þessarar ríkisstj., án þess þó að vikið sé einnig að þeim glundroða, sem öllum mun ljóst, að er í efnahagsmálum, þegar ríkisstj. lofar ýmiss konar breytingum á kjörum almennings með því að gera þessar og þessar breytingar á lögum, sem hún hefur alls ekki vald til að gera.

Jóhann Hafstein: Herra forseti. Það kom mjög skýrt fram í ræðu hv. þm. Ragnhildar Helgadóttur, að hún undraðist, hvers konar stjórnarfar væri í þessu landi, og hv. þm. Benedikt Gröndal spurði beinlínis: Hvers konar stjórnarfar er í landinu? Mér koma í hug orð eða spakmæli Hávamála:

„Haltur ríður hrossi,
hjörð rekur handar vanur.“

Það eru fleiri en þeir, sem eru inni í þessum sölum, sem í dag spyrja: Hvers konar stjórnarfar er í þessu landi?

Ég get fallist á þá skoðun hæstv. forseta Sþ., að almennar umr. geti tæpast orðið um þessi mál hér utan dagskrár. Ég vil hins vegar ekki fallast á það, sem hefur komið fram hjá hæstv. forseta Sþ. nú og reyndar áður, að þegar sú breyt. var gerð á þingsköpum, að sérstök takmörkun var gerð á spurningatíma, hafi verið til þess ætlast, að sams konar breyt. væru á ræðuhöldum utan dagskrár, eins og nú fara fram. Þetta er mér ekki kunnugt um, og þetta var ekki rætt, — það hefur þá farið fram hjá mér, hafi það verið rætt. Ég get fallist á, að það sé eðlilegt, að við stefnum að því að takmarka ræðutíma utan dagskrár, eins og nú, en ég held, að *þetta sé ekki rétt með farið af hæstv. forseta.*

Að öðru leyti vil ég segja það, að ræða hæstv. forsrh. olli mér miklum vonbrigðum, því að það er auðvitað allt annað það, sem óbreyttir þm. segja í Norðurlandaráði, en það, sem ráðherrar segja. Ráðherrarnir eru ekki kosnir á Norðurlandaráð. *Þeir eru stjórnarfulltrúar, sem eiga* sæti samkv. reglum ráðsins á Norðurlandaráðsfundum. Hins vegar eru kosnir þar fulltrúar, og á þessum tveimur hópum manna er gerður sá munur, að í myndabókinni frá Norðurlandaráði *eru birtar myndir sérstaklega af ráðherrunum,* hins vegar af fulltrúunum, sem þangað eru kosnir. Samkv. eðli málsins lítur auðvitað allt öðruvísi út það, sem ráðh. segir, og hvaða ábyrgð fylgir því varðandi stjórnmál viðkomandi lands.

Ég leyfði mér í fyrra eða næstsíðast á Norðurlandaráðsfundi í Noregi að ræða íslensk málefni. Fyrrv. forsrh. Dana, Krag, hafði þá miklar áhyggjur af aðstöðu Færeyinga í landhelgismálinu og það gæti orðið þeim þungt í skauti, sem Íslendingar stefndu að. Ég hafði auðvitað ekkert umboð til að segja það frá ríkisstj., enda stjórnarandstæðingur, en leyfði mér þó að segja út af orðum fyrrv. utanrrh. Dana, að þeir mættu vera vissir um það, að við Íslendingar mundum fara þannig að í landhelgismálinu gagnvart Færeyingum, að þeir mundu mega vel við una, og afgreiða þeirra mál af þeirri fyllstu vinsemd, sem við gætum. Við þetta hafði enginn að athuga, og það spunnust engar deilur á þinginu. Hæstv. forsrh. var á því þingi, — hvort hann var farinn heim, man ég ekki, — og aðrir ráðh. voru þar, m. a. Magnús Kjartansson. Og hæstv. ríkisstj. *hefur afgreitt mál Færeyinga í landhelgismálinu* þeim mjög svo í hag, e. t. v. kannske miklu meira í hag en þeir nokkurn tíma gátu búist við, að mundi verða gert.

Mér hefði ekki þótt undarlegt, þó að hæstv. forsrh. hefði komið frá Norðurlandaráðsþingi og hingað á Alþingi, stigið hér í ræðustól og tilkynnt, að hann væri búinn að senda forseta Íslands lausnarbeiðni fyrir hönd iðnrh., Magnúsar Kjartanssonar.

Forseti (Eysteinn Jónsson): Út af orðum 1. þm. Reykv. tek ég undir það með honum, að ég varð ekki var við, að það væri neitt formlegt samkomulag í sambandi við þingskapabreytinguna um að stytta ræðutíma í umr. utan dagskrár. Það er laukrétt hjá honum, og það var ekki ætlun mín, að það mætti skilja mig þannig, heldur meinti ég, að það hlyti að verða að skoðast sem eðlileg afleiðing af þeirri breyt., þegar fram í sækti, að þessi háttur yrði á hafður. Ég læt í ljós ánægju mína mína yfir því, að hv. 1. þm. Reykv. *sagði,* að hann *teldi* eðlilegt að koma svipuðu sniði á þessar umr. utan dagskrár og við erum að reyna.

Bjarni Guðnason: Herra forseti. Það hafa nú verið ýmsar umr. um ræðu Magnúsar Kjartanssonar í Stokkhólmi og ýmis sjónarmið komið í ljós, en ég hygg þó, að kjarninn sé eftirfarandi:

1. Ríkisstj. virðist ekki geta komið sér saman um, hvernig eigi að leysa hin svonefndu varnarmál.

2. Ríkisstj. er að bila.

Varnarmálin, sem eru svona erfið viðureignar, virðast ekki hafa neina fyrirsjáanlega lausn. Um þessi mál, varnarmálin, sem menn urðu ósáttir um, hefur ríkisstj. ekki tekist að komast *á neinn traustan grundvöll, og eftir því* sem tíminn líður, þeim mun erfiðara verður það.

Ef þessi ríkisstj. hefði ætlað sér að standa við málefnasamninginn, hefði þegar um áramót átt að hafa til viðræðugrundvöll við Bandaríkin. Ræða Magnúsar Kjartanssonar er framhald af þeirri óeiningu, sem ríkir í ríkisstj. um þetta mál og virðist ætla að halda áfram.

En þetta er líka annað og meira. Það er merki um það, að ríkisstj. er að bila. Nú eru að koma verkföll, eins og menn vita. Óðaverðbólgan stígur nú tröllaukinn dans. Nú er ekki aðeins spurning um vikurnar, nú fara dagarnir að skipta máli. Það er af því að ríkisstj. getur ekki lengur stjórnað þessu landi.

Sjútvrh. (Lúðvík Jósepsson): Herra forseti. Þær eru býsna einkennilegar, þessar umr., ekki síst þegar þær eru nú skoðaðar í framhaldi þeirra umr., sem hér fóru fram í gær. Í gær var um það spurt, hvort sú ræða, sem Magnús Kjartansson flutti í Norðurlandaráði, hefði verið flutt með samþykki ríkisstj. og samkv. ákvörðun hennar. Það voru gefnar hér upplýsingar um það, að ræðan hefði ekki verið borin undir ríkisstj., ekki samþ. af ríkisstj. og hefði verið ræða hans persónulega. En auðvitað þurfa sömu ræðumenn, sem fengu þetta upplýst hér í gær, að gera sér enn ferð upp í ræðustólinn og spyrja um það sama, spyrja um nákvæmlega það sama. Síðan kom það fram í umr. í gær og liggur nú skjalfest fyrir, þegar ræðan hefur verið birt, að hér var um tvö efnisatriði að ræða, sem valdið hafa nokkrum deilum og umtali í þessari ræðu. Hvaða atriði voru þetta?

Annað var það, að orð voru látin falla um það, að við Íslendingar hefðum orðið fyrir vonbrigðum vegna undirtekta Norðurlanda í sambandi við landhelgisdeiluna. Þetta var annað atriðið. Það fór auðvitað þannig í umr. hér í gær, að einn af þm. Sjálfstfl. gafst gersamlega upp á því að vera að karpa um þetta atriði. Hann varð að játa hér í ræðustóli, að allir Íslendingar hefðu orðið fyrir vonbrigðum, einnig forhertustu sjálfstæðismenn, eins og hann orðaði það. Það er rétt, einnig þeir höfðu orðið að viðurkenna það, að þeir höfðu orðið fyrir vonbrigðum vegna undirtekta Norurlandanna í sambandi við okkar landhelgismál. Þessi þáttur úlfaþytsins hefði þá átt að vera úr sögunni, ef ekki hefði verið eitthvað annað að þeim sjálfstæðismönnum.

Hinn þátturinn var svo sá, að Magnús Kjartansson vék að því, að sú ríkisstj., sem var í Noregi í sept. s. l., hefði sent Íslendingum skriflega orðsendingu varðandi það áform ríkisstj. að leggja niður herstöðina í Keflavík. Og þessi skriflega orðsending norsku ríkisstj. fór gersamlega í bága við yfirlýsta stefnu íslensku ríkisstj. Magnús Kjartansson hafði komist þannig að orði, að hann teldi, að þetta væri síður en svo að veita okkur stuðning í þýðingarmiklum málum og yrði ekki til þess að bæta yfirleitt norræna samvinnu. Auðvitað er það svo, að þeir, sem vilja ríghalda í Keflavíkurstöðina, eins og sjálfstæðismenn vilja gera, eru óðir og uppvægir og vilja níða þá menn niður, eins og Magnús Kjartansson, sem vilja gjarnan loka stöðinni, að hann skuli dirfast að segja það erlendis, að hann sé á móti því, að norska ríkisstj. sé að blanda sér í þetta mál. En alveg óumdeilanlega er það svo, að sú ríkisstj., sem var í Noregi í sept. s. l., blandaði sér hér í viðkvæmt innanríkismál. Um þetta verður ekki deilt. (**Gripið fram í:** Með hvaða hætti?) Með þessari orðsendingu. (Gripið fram í.) Eg var m. a. að enda við að segja það. (Gripið fram í.) Það hefur verið upplýst hér, að Norðmenn hafi óskað eftir því að birta ekki þessa orðsendingu. Eg hef lesið þessa orðsendingu, eins og aðrar í ríkisstj. og utanrmn.-menn, og ég segi þetta vegna þess, að þetta er álit mitt, eins og það er álit Magnúsar Kjartanssonar. En það var álit sjálfstæðismanna, sem skrifuðu um þetta í Morgunblaðið hvað eftir annað, að þessi orðsending væri afskipti þeirra af herstöðvamálinu, vegna þess að Norðmenn væru á sömu skoðun og þeir, að við ættum ekki að loka stöðinni. Þetta var búið að skrifa í Morgunblaðið margsinnis áður.

Menn geta auðvitað haft á þessu misjafnar skoðanir, og menn geta haldið áfram að skamma Magnús Kjartansson fjarverandi fyrir að segja þetta og þetta sé hans álit. (**LárJ:** Í nafni ríkisstj.) Hann hefur ekki flutt þessa ræðu í nafni ríkisstj., það er búið að upplýsa það hér. Hvers konar steinhausar eru það, sem geta ekki skilið svona einfaldan hlut, þó að búið sé að margsegja mönnum það? Hvernig stendur á því, að þeir klifa á þessu. (**Gripið fram í:** Í nafni hvers talaði ráðh. úti í Stokkhólmi?) Hann talaði vitanlega sem persóna þar.

Það virðist vera, að það sé orðin skoðun sjálfstæðismanna hér á þingi, að ráðh., sem mæta á fundi Norðurlandaráðs, megi ekki tala um neitt, ekki halda neina ræðu, nema sé búið að samþykkja hvert orð þeirra í ríkisstj. Það var eðlilegt, að ég spyrði um það í umr. í gær, hvort sá háttur hefði verið hafður á t. d. um Alþfl. í fyrrv. ríkisstj., hvort þeir hefðu aldrei fengið að tala á fundum Norðurlandaráðs, nema sjálfstæðismenn hefðu verið búnir að samþykkja það áður. Einn af ráðh. úr fyrrv. ríkisstj., Ingólfur Jónsson, sagði, að það hefði verið síður, þegar það hefði verið stórmál, að líta yfir það, annars hefðu menn mátt segja ýmislegt í hinum málunum. En um þetta má auðvitað karpa og af þeirri smekkvísi að ráðast í sífellu á mann, hér er fjarstaddur.

Ég vil vekja athygli á því, að það er ekki þessi ræða Magnúsar Kjartanssonar eða þessi atriði, sem hér hefur verið deilt um, sem hér skipta máli. Það er hugarástand þeirra sjálfstæðismanna, þeir eru alveg að tryllast. Þeir hafa orðið fyrir óskaplegum vonbrigðum með, að forsrh., þegar hann kom heim, skyldi ekki tilkynna, að hann væri búinn að reka Magnús, og fyrir enn meiri vonbrigðum, að það skyldu ekki verða verkföll, sem gætu fellt ríkisstj., og enn meiri vonbrigðum, að ríkisstj. skuli ekki falla. Þetta er alveg voðalegt, að hún skuli ekki falla, segja þeir með öndina í hálsinum. Það er þetta, sem er að, og eftir því sem þessir menn verða fyrir meiri vonbrigðum, eftir því verða þeir órólegri og fjasa meira út í loftið á þann hátt, sem þeir hafa verið að gera í þessum umr. í gær og í dag.

Geir Hallgrímsson: Herra forseti. Það er upplýst í þessum umr., að hæstv. iðnrh. Magnús

Kjartansson hefur sagst tala í nafni ríkisstj., án þess að hafa nokkra heimild til þess, eftir því sem hæstv. forsrh. hefur sagt. Þetta er staðreynd málsins. Hæstv. forsrh. sagði, að við hefðum ekki óskað eftir stuðningi Norðurlandanna í varnarmálum, en hæstv. iðnrh. sagði, að við hefðum orðið fyrir vonbrigðum af því að fá ekki þann stuðning, sem óskað hefði verið eftir eða vænta hefði mátt. Þetta er samræmi í lagi og þarfnast fyllri upplýsinga og skýringa.

Auðvitað eigum við Íslendingar að taka einir og óháðir ákvörðun í varnar- og öryggismálum okkar í samræmi við hagsmuni Íslands, í samræmi við það, sem við álítum nauðsynlegt til að tryggja öryggi Íslands og sjálfsákvörðunarrétt þjóðarinnar. Um það er ekki deilt, heldur vil ég undirstrika það út af þeim orðum, sem hæstv. forsrh. sagði.

Hitt er allt annað mál, að við höfum ekki talið það fyrir neðan okkar virðingu, Íslendingar, að hafa samráð bæði við Norðmenn og Dani. Þegar við t.d. gengum í Atlantshafsbandalagið og gerðumst stofnaðilar þess, þá var Framsfl. heils hugar þeirrar skoðunar, að sjálfsagt væri að hafa samráð við Norðmenn og Dani, undir forsæti, að því er mig minnir, núv. hæstv. forseta Sþ. Þess vegna er það ekki fyrir neðan virðingu okkar Íslendinga að líta á orðsendingu Norðmanna í því ljósi, hvort við okkar eigin hagsmuna vegna höfum eitthvað af henni að læra. Og að svo miklu leyti sem orðsending er í andstöðu við sjónarmið okkar, eigum við auðvitað að láta þá andstöðu og gagnrýni í ljós við Norðmenn og nota t.d. það tækifæri, sem nú býðst við heimsókn norska utanrrh. Við eigum ekki að vera með þá vanmáttarkennd að vilja ekki ræða mál eins og öryggis- og varnarmál þessa heimshluta við vina- og nágrannaþjóðir. Við erum í Atlantshafsbandalaginu einmitt til þess að hafa samráð við aðrar þjóðir í varnar- og öryggismálum, og samkv. varnarsamningnum sjálfum er það áskilið, að Atlantshafsbandalagsráðið gefi umsögn um þörf varna hér á landi. Það er þessi umsögn, sem var ástæðan fyrir orðsendingu Norðmanna, og því var orðsending Norðmanna mjög eðlileg og sjálfsögð.

Ég held nú, að hæstv. sjútvrh. þurfi ekki að lýsa taugaspennu annarra hv. þm., svo augljóslega er hann sjálfur taugaspenntur nú í sinni ræðumennsku og ræðuhöldum, þannig að þar stóð ekki stafur yfir staf, og er ekki ástæða til að fjölyrða nánar um hans ræðu. Ég er hins vegar alveg sammála honum um það, þegar hann leggur þá skoðun í okkar hug, stjórnarandstöðunnar, að það er voðalegt, meðan núv. hæstv. ríkisstj. fellur ekki. Það er voðalegt vegna hagsmuna þjóðarheildarinnar. Og ef núv. hæstv. ríkisstj. hefur ekki vit á því að biðjast lausnar fyrr en síðar, þá er það alveg ljóst, miðað við frammistöðu hennar, bæði í utanríkis- og innanríkismálum, að landsmenn munu í frjálsum kosningum sjá svo um, að hún falli, svo að eftir verði munað.

Sverrir Hermannsson: Herra forseti. Það var sama æðið á hæstv. sjútvrh. og við höfum orðið vitni að í umr. hér á hinu háa Alþ. undanfarið, í gær og fyrir viku t.d., og hann svaraði engu nema útúrsnúingi og afgæðingi, eins og hans er háttur, þegar hann verður skelfingu lostinn. Hann er að vísu kjarkmikill maður, en það getur sótt að honum ótti út af einu, og það er, ef hann óttast um stólinn sinn. Og nú er þetta mál þannig vaxið, að hann hrökk illilega við.

Hann kallar þetta einkennilegar umr. nú í framhaldi af þeim umr., sem áttu sér stað í gær. Þó taldi hann þær umr. gersamlega út í hött, af því að það lægi ekki fyrir, hvað hefði verið sagt í þessum frægu umr. á Norðurlandaþingi. Nú, þegar það liggur fyrir, eru þessar umr. út í hött og með ólíkindum, eins og hann nefnir það.

Það hefur borið mjög á góma í umr., að við höfum orðið fyrir vonbrigðum með afstöðu Norðmanna til landhelgisdeilunnar. Ég sé ekki ástæðu til þess að orðfæra það sérstaklega og draga þau mál hér inn í þessar umr. Hins vegar liggur það alveg ljóst fyrir, að eins og landhelgismálið allt var fram lagt og að því staðið af hálfu núv. hæstv. ríkisstj., þá endaði það með því, að sú ráðagerð öll reyndist óframkvæmanleg og við vorum neyddir til þess að ganga að nauðungarsamningum. Og hæstv. sjútvrh. var líka neyddur til þess, áður en lauk.

Málið snýst ekki um það, að hæstv. iðnrh. hafi ekki leyfi til að segja sínar persónulegu skoðanir á þingi Norðurlandaráðs. Við vitum öll, hverjar eru persónulegar skoðanir hæstv. ráðh. Hitt liggur alveg ljóst fyrir, að þegar einn ráðh. úr ríkisstj., eins og úr ríkisstj. Íslands nú, stendur upp á þingi Norðurlandaráðs og tekur til umræðu mál, sem hæstv. forsrh. Íslands segir, að eigi þar ekki heima, og talar með þeim hætti sem hann gerir, þá er litið svo á, að þarna sé verið að tala í nafni ríkisstj. Íslands, enda hefði forsrh. Íslands ekki farið að mótmæla því, taka það sérstaklega fram á þinginu að hann talaði ekki í nafni íslensku ríkisstj., nema af því að svo hlaut að verða litið á, — eða a.m.k. væri mikil hætta á því, — að þarna væri hann að tala í umboði ríkisstj.

Það hefur verið rætt um það hér og hneykslast á því, og það kom fram í ræðu Magnúsar Kjartanssonar hæstv. iðnrh., að norskir stórþingsmenn hefðu komið til Íslands til að ræða við okkur um varnarmál. Einnig var getið um, að fulltrúi úr öðrum samtökum með öðru hugarfari hefði hingað komið, sérstaklega í Þjóðviljanum. En ég verð að segja það eins og er: Er nokkuð óeðlilegt, þótt Norðmenn gefi okkur til kynna afstöðu sína til slíkra mála eins og þessara með orðsendingu eins og þeir gerðu? Það hefði verið óheilbrigðara, ef þeir hefðu komið síðar meir, eftir t.d. að hæstv. ríkisstj. hefði gert landið varnarlaust, og sagt, að við hefðum farið aftan að þeim í þessu máli.

Ég er alveg að ljúka máli mínu, og mér þykir í svo viðamiklu máli, að hæstv. forsrh. skaki of ótt skellu sína að hv. þm., sem þurfa að ræða þetta mjög mikilvæga mál, og trúi ég ekki, að hann sýni ekki örlitla þolinmæði, meðan ég vík að því, eins og sagt var, að ráðh. megi ekki ræða neitt á fundum Norðurlandaráðs. Það kom í ljós t.d. hjá hv. þm. Ingólfi Jónssyni í gær, að vitanlega höfðu þeir líka í tíð fyrrv. rríkisstj. fullkomið leyfi til þess að ræða hver þau mál sem

á dagskrá voru, en samstaða var í þeirri stjórn með þeim hætti, að þar hlaut að koma til sameiginlegrar afgreiðslu í þýðingarmiklum málum, en ekki með þeim dæmalausa hætti, sem við nú höfum fyrir augum, með þessum skammarlega hætti, vil ég segja. En hæstv. iðnrh. hefur orðið Íslandi til háborinnar skammar í þessu máli á erlendum vettvangi.

Lárus Jónsson: Herra forseti. Ég stóð nú upp í þeirri veru að spyrja hæstv. sjútvrh., hvort hann myndi eftir því, hve oft hann hefði byrjað ræður sínar hér á hv. Alþingi s.l. vetur á því: „Þetta eru undarlegar umræður", „þetta eru furðulegar umræður", og hvaða ónöfn hann hefur kallað okkur hv. þm. í þessum ræðum. Í síðustu ræðu nefndi hann okkur steinhausa, og ég man ekki, hver fleiri ónefni hann tíndi til. Ég verð að láta í ljós afskaplega mikla undrun mína yfir þessari stórfurðulegu undrun hæstv. ráðh. Hvorir eru undarlegri við hv. þm. eða hæstv. ráðh., að láta svona

Þessar umr. hafa spunnist út af því, að hæstv. iðnrh., sem við þekkjum að því, að vera afskaplega hógværan mann, lítillátan og hógværan í málflutningi, flutti nokkuð skelegga ræðu á þingi Norðurlandaráðs. Og þar sagði hann m.a.: Ríkisstjórnin telur þetta, ríkisstj. telur hitt. — Það er upplýst í þessum umr., að hæstv. ráðh. samdi þessa ræðu í samráði við meðráðherra sinn úr hans flokki hæstv. sjútvrh., viku áður en hann fór á þetta þing. En hann bar hana ekki undir forsrh., og forsrh. vissi ekkert um hana, þegar þessi ræða var flutt á því þingi, sem hann sjálfur var á. Við, þessir steinhausar, sem hér erum á hv. Alþingi, hvaða ályktanir getum við dregið af því, þegar er sagt við okkur: Hæstv. iðnrh. talar bara sem privatmaður á þingi Norðurlandaráðs. — Samt segir hann: Ríkisstj. telur þetta, ríkisstj. telur hitt, — og ræðst með offorsi á aðra þjóð, vinaþjóð okkar, Norðmenn. Hvað getum við, þessir gapuxar, sem hér erum, hugsað? Við verðum að ályktа sem svo: Hæstv. iðnrh. er ríkisstj. Þegar hann talar privat, kemur fram skoðun ríkisstj. Ríkið, það er ég.

Starfsemi Viðlagasjóðs, fsp. (þskj. 349). — Ein umr.

Fyrirspyrjandi (Pálmi Jónsson): Herra forseti. Viðlagasjóður var stofnaður með l. nr. 4 1973, um neyðarráðstafanir vegna jarðelda í Vestmannaeyjum. Hlutverk sjóðsins skv. l. þessum er sem hér segir:

1. Að tryggja hag Vestmanneyinga og stuðla að vernd og endurreisn byggðar þeirra.
2. Að greiða kostnað vegna björgunarstarfs, flutninga og röskunar á högum vegna eldsumbrotanna í Vestmannaeyjum.
3. Að bæta tekjumissi og eignatjón af völdum eldgossins á Heimaey.
4. Að draga úr áhrifum náttúruhamfara í Vestmannaeyjum á afkomu og atvinnulíf Vestmanneyinga og þjóðarheildarinnar og gera hvers konar fjárhagsráðstafanir í þessu skyni.

Sjóðnum hefur verið aflað tekna með eftirtöldum hætti:

1. Með óafturkræfum framlögum frá erlendum og innlendum aðilum.
2. Með svokölluðu viðlagagjaldi á eftirgreinda skattstofna: a) 2% á söluskattsstofn frá 1. mars 1973 — 28. febr. 1974, b) 30% álagðan eignarskatt 1973, c) 35% þess hundraðshluta aðstöðugjalds, sem lagt var á í hverju sveitarfélagi 1971, d) 1% á útsvarsskyldar tekjur 1973, e) 10% á álagt landsútsvar 1973.
3. 160 millj. kr. frá ríkissjóði.
4. Heimild fyrir Atvinnuleysistryggingasjóð að leggja fram 160 millj. kr.

Þess má geta í sambandi við þessa tekjustofna, að gætt hefur nokkrar óánægju hjá sveitarfélögunum, vegna þess að þeim hefur verið gert að innheimta og standa skil á sínum hluta viðlagagjaldsins án þess að fá nokkra greiðslu fyrir, þótt ekki verði séð, að l. ætlist til þess, að sú regla sé tekin upp. Í l. segir um viðlagagjald á á aðstöðugjaldsstofn og útsvarsskyldar tekjur, að um álagningu og innheimtu þessara gjalda skuli gilda sömu reglur og um aðstöðugjöld og útsvör. Virðist því, að l. geri ráð fyrir því, að um innheimtulaun sé að ræða.

Alþingi samþykkti á sínum tíma lög um þetta efni með shlj. atkv. Óhætt er að segja, að þjóðin hafi tekið þeim álögum, sem af samþykkt þeirra leiddi, með óvenjulegum skilningi, enda lögðu ýmis fátæk sveitarfélög fram allt upp í 3—4 þús. kr. á íbúa til viðbótar.

Öllum er þó ljóst, að ýmis konar röskun hefur fylgt í kjölfar þessarar byrðar, sem þjóðin í heild hefur tekið á sig til þess að bregðast við hinum gífurlega vanda, sem jarðeldarnir ollu. Hér hefur verið um mikla fjármagnsflutninga að ræða. Með hliðsjón af því, þykir mér tímabært, að frá því verði greint hér á hv. Alþingi, hver sé í stórum dráttum staða Viðlagasjóðs nú, hvernig tekjustofnar sjóðsins hafi staðist og hvort fjármagn sjóðsins dugi til að fullnægja því hlutverki, sem honum var ætlað. Ég hygg, að allir óski þess, að svo sé, ekki síst með tilliti til þess, að ný og okkur óviðráðanleg vandamál hafa skotið upp kollinum í okkar þjóðfélagi. Fyrir því hef ég leyft mér að bera fram svofellda fsp. til hæstv. forsrh. á þskj. 199:

„1. Hverjar hafa tekjur Viðlagasjóðs orðið til þessa eftir hinum ýmsu tekjuliðum?

2. Hver hafa útgjöld sjóðsins orðið á sama tíma, og hverjir eru helstu útgjaldaþættir hans?

3. Hvaða horfur eru á, að fjármagn sjóðsins, sbr. tekjustofna í l. nr. 4 frá 1973, fullnægi því hlutverki, sem honum er þar ætlað?"

Forsrh. (Ólafur Jóhannesson): Herra forseti. Svar við 1. lið:

Miðað við síðustu áramót hafa tekjur Viðlagasjóðs orðið þessar:

a) Viðlagagjald af útsvari og aðstöðugjöldum, innheimt af sveitarfélögum, 177.280.000 kr.
b) Viðlagagjald af eignarskatti 50 millj.
c) Viðlagagjald af söluskatti 759.985.210 kr.
d) Framlag ríkissjóðs 90 millj.
e) Framlag Atvinnuleysistryggingasj. 80 millj.
f) Gjafir Norðurlandaráðs 1.181.011.500 kr.
g) Aðrar gjafir 179.599.412 kr.

Samtals 2.517.882.131.40 kr.

Svar við 2. lið:

Miðað við sama tíma hafa útgjöld sjóðsins verið sem hér segir:

Húsakaup 1.432.568.081 kr.

Vélakaup 77.800.071 kr.

Lán 403.651.307.50 kr.

Rekstur skiptist í ýmsa undirliði, en ég mun ekki fara að lesa þá undirliði, það eru björgun og varnir, hreinsun gosefna í kaupstaðnum, flutningar, ýmis þjónustustarfsemi, eins og lögregla, póstur og sími, tryggingar, matskostnaður o. fl., en samtals eru þessi útgjöld 754.626.928 kr.

Vaxtakostnaður er 37.147.761 kr., og bætur greiddar 596.796.886.30 kr.

Útgjöld samtals 3.302.591.035.60 kr.

Mismunurinn, 784.708.904.20 kr., hefur verið tekinn að láni hjá Seðlabanka Íslands.

Svar við 3. lið:

Í dag getur enginn fullyrt með vissu, hver útgjöld Viðlagasjóðs verða. Stærstu útgjaldaliðirnir, sem enn eru óvissir, eru bætur til Vestmannaeyjakaupstaðar, viðgerðir uppistandandi húsa og hugsanlegar rekstrarbætur til fyrirtækja. Auk þessa er að sjálfsögðu óvíst, hvort sjóðnum tekst að selja eignir sínar affallalaust, svo sem vélar og Viðlagasjóðshús, og auk þess veit enginn, hversu ört húsin kunna að seljast. Jafnvel þótt svo vel takist til, að fullt verð fáist fyrir eignir sjóðsins, tekur mörg ár að losa úr þeim fjármagn, sem gæti gengið til greiðslu á skuldbindingum sjóðsins.

Spurningin um fjármagnsþörf Viðlagasjóðs er því tvíþætt: Upphaflega þarf sjóðurinn að geta greitt bætur, þegar þær skuldbindingar falla, og í öðru lagi að eiga fyrir skuldum við endanlegt uppgjör sjóðsins.

Til þess að gera sér grein fyrir þessum atriðum hefur stjórn Viðlagasjóðs og bankastjórn Seðlabankans látið gera greiðsluáætlun fyrir sjóðinn árið 1974 og 1975. Miðað við þær áætlanir, er það mat stjórnar Viðlagasjóðs, að núverandi tekjustofnar nægi ekki til þess að ljúka því verkefni, sem sjóðnum er ætlað. Stjórn stjóðsins hefur því sent beiðni um framlengingu á 2% viðlagagjaldi af söluskatti til ágústloka 1974. Skrifaði ég þingflokkunum bréf þar um fyrir nokkru, eða 24. jan. s. l., þar sem ég óskaði eftir, að þingflokkar nefndu mann í n. til að athuga málin, og lagði til í samræmi við meðferð málsins í fyrra, að frv. yrði flutt af þm. úr öllum flokkum. Fylgdi grg. stjórnar Viðlagasjóðs með beiðninni. Ég vænti þess, að innan skamms geti það legið fyrir, að samkomulag geti legið fyrir um það meðal þingflokkanna, að frv. verði flutt um þann tekjustofn, sem álitið er, að muni duga Viðlagasjóði á næstunni. Þá geri ég ráð fyrir, að þessi mál geti öll skýrst nánar. Mér er ljóst, að það er erfitt að gera sér grein fyrir þessu eftir lestri talna, sem ég hef lesið upp en hv. fyrirspyrjandi getur fengið þetta skriflegt hjá mér.

Fyrirspyrjandi (Pálmi Jónsson): Herra forseti. Ég vil þakka hæstv. ráðh. fyrir svörin, að svo miklu leyti sem hann taldi sig geta gefið svör við fsp. mínum. Ég hlýt að harma það, að horfur eru á, að tekjustofnar sjóðsins, sem honum voru fengnir með lögum á síðasta ári, virðast ekki munu duga, og horfur eru á því, að þurfi að að framlengja ákveðna þætti þeirra, til þess að hlutverki viðlagasjóðs verði fullnægt.

Um ýmsa þætti þessara mála komu harla litlar upplýsingar fram hjá hæstv. ráðh., t. d. hvað ríkisstj. hyggst fyrir í sambandi við söluskatt og innflutning tolla af húsum og öðrum tækjum til Viðlagasjóðs, hvort það sé meining ríkisstj. að halda því til streitu, að innflutningsgjöld og tollar af þessum innflutningi falli til ríkisins, og hvort það sé réttmætt, að þær neyðarráðstafanir, sem gerðar hafa verið til þess að mæta eyðileggingunni í Vestmannaeyjumð verði til þess, að ríkissjóður hagnist þannig á þeirri starfsemi, sem Viðlagasjóður þarf að inna af hendi. Hefði ég óskað eftir, að hæstv. ráðh. gæfi upplýsingar um þetta.

Ég vil trúa því, þangað til annað kemur í ljós, að þessi innflutningsgjöld og söluskattur verði felld niður. Ég vil í því sambandi minnast á það, að frá því var greint í fréttum Ríkisútvarpsins fyrir fáum kvöldum, að ákveðið hefði verið að flytja hingað til landsins svokallaðan dýraspítala og ríkisstj. hefði séð ástæðu til að gefa eftir söluskatt og innflutningstolla af þeim innflutningi. Ég hygg, að a. m. k. hefði ýmsum mönnum sýnst meiri ástæða til að gefa eftir í sambandi við þá starfsemi, sem fram hefur farið í Vestmannaeyjum.

Einnig kom það mjög ógjörla fram hjá hæstv. ráðh., hvað áætlað er, að miklar bætur yrði að greiða í sambandi við það tjón, sem varð í Vestmannaeyjum, t. d. í sambandi við tjón á íbúðarhúsum, tjón á fyrirtækjum og lausum eignum, þ. á m. innbúi fólks og bifreiðum. Ég hygg þó, að það ætti að hafa komið í ljós nú þegar við þá starfsemi, sem Viðlagasjóður hefur rekið til þessa, hvað ætla mætti, að þessar fjárhæðir muni nema miklu.

Í þriðja lagi gaf hæstv. ráðh. í skyn, að svo kynni að fara, að um það leyti sem Viðlagasjóður lyki sinni starfsemi, sæti hann uppi með miklar eignir, og teldi ég, að sinna þyrfti þeim þætti málsins á þann veg, að unnt yrði að koma eignum hans í verð, áður en starfsemi sjóðsins lýkur.

Ég skal ekki orðlengja þetta frekar að þessu sinni. Ég óska eftir því, að hæstv. ráðh. og hæstv. ríkisstj. láti frá sér fara skriflega grg. um þetta mál, vegna þess, eins og ráðh. raunar gat um, að það er ákaflega erfitt að átta sig á þeim talnalestri, sem hann flutti og fluttur kann að verða munnlega um þetta efni. Og ég vænti þess, að hann sjái til þess, að um það leyti, sem talin kann að verða þörf á því að framlengja einhverja þætti af tekjustofnum sjóðsins, þá verði gerð skrifleg skýrsla um þessi efni og henni útbýtt og eins þegar starfsemi Viðlagasjóðs lýkur.

Fullvinnsla iðnaðarvara, fsp. (þskj. 371). — Ein umr.

Fyrirspyrjandi (Pétur Pétursson): Herra forseti. Það er öllum kunnugt, að íslenskur iðnaður á við óvenjulega erfiðleika að etja um þessar

mundir, og alveg sérstaklega á þetta við um þann iðnað, sem nefndur hefur verið útflutningsiðnaður. Meginorsakirnar fyrir þessum erfiðleikum eru auðvitað tvær: annars vegar hin ofboðslega verðbólga og launaskrið innanlands og hins vegar gengissveiflur, bæði hérlendis og erlendis.

Það eru aðeins örfá ár, síðan farið var að flytja út íslenskar iðnaðarvörur að nokkru marki. Voru þessar vörur fluttar út fyrir 1636 millj. á s. l. ári, án þess að ál sé með talið. Undir venjulegum kringumstæðum hefði mátt gera ráð fyrir umtalsverðri aukningu á þessu ári. En því miður er ekkert venjulegt ástand í þessum efnum. Uppistaðan í útflutningi iðnaðarvara, fyrir utan ál og fyrir utan kísilgúr, eru lagmetisvörur og svo skinna- og ullarvörur. Ég vil taka það skýrt fram, að fyrirspurn mín beinist eingöngu að þeim iðnaðarvörum, sem ætti að vera hægt að fullvinna í landinu.

Ef við snúum okkur fyrst að lagmetisiðnaðinum, þá er þar um mesta hörmungarástand að ræða. T. d. eru grásleppuhrogn, fryst þorskhrogn, söltuð þorskhrogn flutt út sem hráefni, vegna þess að fullvinnsla þessara hráefna kostar of mikið hér á landi. Þessar vörur væri tæknilega hægt að fullvinna hér á landi, og nægilegur tæknilegur útbúnaður er að mestu leyti fyrir hendi. Hins vegar geta keppinautar okkar keypt þetta sem hálfunna vöru og boðið fyrir lægra verð á heimsmarkaðinum en okkur er unnt, íslenskt hráefni, sem hefði verið hægt að fullframleiða innanlands, ef aðstæður væru eðlilegar. Um loðsútað skinn skiptir nokkuð sérstöku máli. Feldskerar eru mjög sérþjálfað fólk, sem er fátt hér á landi. Hins vegar eru þessar vörur *mjög vel seljanlegar á alþjóðamörkuðum, ef* verðið væri samkeppnisfært, sem ekki er vegna ástandsins innanlands. Íslenskur ullarfatnaður hefur unnið sér talsverðan markað erlendis á síðustu árum. Nú er hins vegar farið að tala um í fullri alvöru, að þessi framleiðsla verði að eiga sér stað erlendis, til þess að hægt sé að ná viðunandi samningum, þrátt fyrir þá staðreynd, að starfandi saumastofur hér á landi *hafa lítil verkefni. Hér er um beint gjaldeyristap* fyrir okkur að ræða upp á tugi millj.

Ég held, að þessi dæmi hljóti að sýna, hvernig komið er fyrir útflutningsiðnaði okkar. Mér finnst þetta ekki vera góð byrjun á þeirri iðnbyltingu, sem boðuð hefur verið. Þess vegna hef ég beint þeirri fsp. til hæstv. viðskrh., hvað hann eða ríkisstj. hyggist gera til að sporna við þessari augljósu þróun varðandi útflutningsiðnaðinn. Það *mætti t. d. spyrja: Er hægt að greiða sérstakar* bætur vegna útflutningsiðanaðarvara, eða er hægt að stöðva útflutning hálfunninna vara og fullvinna þær hér heima, en tryggja samt viðkomandi fyrirtækjum sæmilega afkomu? Að því er varðar íslenskan iðnað, þá eru engar forsendur fyrir tveimur gengishækkunum á s. l. ári.

Af áðurnefndum ástæðum hef ég því leyft mér að bera fram eftirfarandi spurningu til hæstv. viðskrh.: „Hvaða ráðum hyggst ráðh. eða ríkisstj. beita til að koma í veg fyrir, að hálfunnið hráefni sé flutt úr landi til vinnslu iðnaðarvara í öðru landi, þar sem laun eru lægri en hér og ýmsar aðstæður hagstæðari? Hér er átt við iðnaðarvörur, sem annars væri hægt að fullvinna hér á landi.“

Sjútvrh. (Lúðvík Jósepsson): Herra forseti. Spurt er um það, hvaða ráðum ráðh. eða ríkisstj. hyggist beita til að koma í veg fyrir, að hálfunnið hráefni sé flutt úr landi til fullvinnslu iðnaðarvara í öðru landi, þar sem laun eru lægri en hér og ýmsar aðstæður hagstæðari. Hér er átt við iðnaðarvörur, sem annars væri hægt að fullvinna hér á landi. — Ég vil sem svar við þessari fsp. segja það, að yfirleitt verður sú stefna ráðandi að heimila ekki útflutning á hálfunnum eða óunnum vörum, sé þess kostur að fullvinna vöruna innanlands með eðlilegum hætti. Ef það kemur í ljós, að vinnulaun hér eða annar tilkostnaður reynist vera of hár, til þess að hægt sé að fullvinna vöruna hér, verður auðvitað að taka það til sérstakrar athugunar. Ég vil ætla, að það sé fremur undantekning en aðalregla, að vinnulaun hér þurfi að vera hærri á hverja einingu en annars staðar í okkar aðalviðskiptalöndum. Þó munu vera dæmi um það, að vinnulaun erlendis séu talsvert lægri og þetta geti því komið upp, og þá þarf auðvitað að huga sérstaklega að því, hvort það þyki fært að grípa þarna til sérstakra útflutningsbóta eða fjárhagslegs stuðnings við útflutninginn með einhverjum hætti. En þetta er sem sagt sú aðalregla, sem við í viðskrn. teljum, að eigi að fara eftir og viljum halda okkur við.

Hv. fyrirspyrjandi minntist á, að það hefði orðið um minni framleiðslu að ræða í útflutningsiðnaði á síðasta ári en vonir hefðu staðið til og þar hefðu m. a. verið að verki þessar *tvær meginástæður: annars vegar of mikill fram*leiðslukostnaður hér innanlands, sem dregið hefði úr okkar framleiðslugetu, og svo aftur óhagstæðar gengisbreytingar fyrir okkar útflutningsiðnað. Það er eflaust rétt, að í vissum greinum hefur þetta komið alveg skýrt fram. Ég býst við því, að fyrir okkar tiltölulega unga og veika útflutningsiðnað hafi þær gengishækkanir, sem ákveðnar hafa verið, komið sér illa. Það er skoðun mín, að taka þurfi það mál til sérstakrar athugunar, hvort ekki verði að gera almennar ráðstafanir til þess að veita útflutningsiðnaðinum stuðning, þegar slíkar ráðstafanir eru gerðar, eins og nú hafa verið gerðar með hækkun okkar gjaldmiðils, vegna þess að sú hækkun er miðuð við forsendur annarra greina í okkar útflutningi, sem getur staðið miklu betur á með, eins og hefur tvímælalaust gert nú á þessu ári, *og þau mál eru í athugun.*

Hins vegar er það nú svo, að á árinu 1973 hefur orðið um umtalsverða aukningu að ræða í útflutningi iðnaðarvara, þó að álið sé þar undantekið. Þær tölur, sem fyrir liggja um það, sýna, að á árinu 1973 hafi heildarverðmæti útfluttra iðnaðarvara, annarra en áls, numið 1 milljarði 636 milljónum, en á árinu á undan 1 milljarði 165 milljónum, verðmætisaukningin er í þessum greinum 40%, og um nokkra beina magnaukningu er þarna að ræða. Þetta er mjög mismunandi á hinar einstöku greinar. Í sumum greinum er um mjög verulega aukningu að ræða, en í öðrum aftur miklu minni. En það,

sem sérstaka athygli vekur, er, að verðlag yfirleitt virðist hafa hækkað tiltölulega minna á mörgum okkar útfluttu iðnaðarvörum en það hefur almennt gert á okkar útflutningsvörum, og þar koma auðvitað sjávarafurðirnar til.

Ég þykist vita, að þessi fsp. kemur hér fram m. a. vegna þess, að á það hefur verið bent í fréttum að undanförnu, að eitt tiltekið fyrirtæki hafi horfið að því ráði að láta nokkuð af sinni framleiðslu til fullvinnslu í nálægu landi, þar sem það getur fengið ódýrara vinnuafl en hér innanlands. Þetta mál er enn í athugun á vegum viðskrn. En viðkomandi aðilum hefur verið tilkynnt, að þeir fái ekki heimild til þess að reka slíka starfsemi, nema einhver sérstök rök verði færð fram, sem okkur eru ekki ljós á þessu stigi málsins. En það er auðvitað rétt, að það getur komið til þess og hefur auðvitað oft komið til þess, að það hefur þótt réttara að veita leyfi til að flytja út hálfunnar vörur, sem hefði verið hægt að vinna hér á landi, en hefur þó ekki þótt borga sig. Slíkur útflutningur hefur átt sér stað í allríkum mæli lengi, og verður sennilega ekki hægt að útiloka hann í öllum tilfellum. En meginreglan verður sem sagt þessi, að *heimila ekki eða veita ekki útflutningsleyfi* fyrir hálfunnum vörum, sé hægt að vinna þær með eðlilegum hætti hér í landinu. Og það fara nú fram sérstakar athuganir á því að veita útflutningsiðnaði sérstakan fjárhagslegan stuðning með tilliti til óhagstæðs gengis, þegar um er að ræða, að innanlandskostnaður verður að teljast úr hófi fram eða óeðlilegur fyrir iðnaðinn.

Fyrirspyrjandi (Pétur Pétursson): Herra forseti. Ég vil þakka hæstv. viðskrh. fyrir svör hans, svo langt sem þau náðu, og þóttist skilja af ræðu hans, að það væri fullt af góðum vilja til þess að koma til stuðnings við útflutningsiðnaðinn, en yfirleitt ekki verið mikið gert. Hann sagði, að það væri yfirleitt stefnan að leyfa ekki útflutning á hálfunnum vörum, ef hægt væri að framleiða þær innanlands með eðlilegum hætti. Þetta er nákvæmlega mergurinn málsins. Það er ekki hægt að framleiða ýmsar útflutningsiðnaðarvörur í landinu með eðlilegum hætti vegna þess, að það verðlag, sem við þurfum að bjóða þessar vörur fyrir á erlendum mörkuðum, stenst ekki samkeppni við aðrar þjóðir, jafnvel þó að þær þjóðir hafi keypt hráefnið af okkur og framleiði síðan sjálfar. Þetta er auðvitað mjög alvarlegt atriði. Sumpart er þetta sjálfsagt vegna þess, að okkar ungi útflutningsiðnaður er ekki búinn að ná þeirri tækni, sem aðrar þjóðir eru búnar að ná, en svo eru það hins vegar heimatilbúnir erfiðleikar.

Ég sakna þess að heyra ekki frá hæstv. ráðh., til hvaða ráða hæstv. ríkisstj. hyggst grípa í þessum efnum. Ég er ákaflega hræddur um, að enda þótt það hafi orðið aukning á milli áranna 1972 og 1973 og nokkur verðhækkun, þá verði enn þá erfiðari róðurinn nú á árinu 1974, og ég raunar veit það. Og það eru þessir fyrirsjáanlegu erfiðleikar, sem nú eru að koma yfir sem óðast, sem gera það að verkum, að þeir sem eru að fást við útflutning á iðnaðarvörum nú, eru að komast í strand. Það eru að koma þau mörk, að það er ekki hægt að selja, hvorki lagmetisiðnaðarvörur, fatnaðarvörur né ýmsar aðrar iðnaðarvörur, eingöngu vegna þessara erfiðleika. Þess vegna hef ég óskað eftir að fá að vita, hvenær sé líklegt, að viðhlítandi ráðstafanir verði gerðar og í hvaða formi, en um þetta heyrði ég því miður ekkert frá hæstv. viðskrh.

Skipulagning björgunarmála, fsp. (þskj. 371). — Ein umr.

Fyrirspyrjandi (Halldór S. Magnússon): Herra forseti. Ég hef leyft mér að bera fram svohljóðandi fsp. til dómsmrh. á þskj. 371. „Hvað líður störfum nefndar, sem skipuð var 1. des. 1972 til þess að skipuleggja björgunarmál í landinu samkvæmt þál. frá 18. maí 1972?“

Þáltill, sem ég vitna til, er svo hljóðandi, með leyfi forseta:

„Alþingi ályktar að fela ríkisstj. að skipa samstarfsnefnd fulltrúa hinna ýmsu hjálparsveita og björgunaraðila í landinu til að vinna að skipulagningu björgunarmála. Í n. verði fulltrúar frá þessum aðilum: Almannavörnum, flugbjörgunarsveitum, Flugmálastjórn, Landhelgisgæslu, Landssambandi hjálparsveita skáta, lögregluyfirvöldum og Slysavarnafélagi Íslands. Dómsmrh. skipar formann n.“

Eins og í þál. segir, er ætlast til þess, að samstarfsn. vinni að skipulagningu björgunarmála, en með björgunarmálum mun átt við hvers konar björgunaraðgerðir. Þáltill. var flutt af tveimur hv. þm., sem báðir höfðu sem fulltrúar sinna þingflokka tekið þátt í störfum ráðstefnu um björgunarmál, sem Landssamband hjálparsveita skáta efndi til. Á þessari ráðstefnu voru mættir fulltrúar flestra eða allra aðila, sem sinna björgunarmálum, bæði opinberra aðila og einkaaðila og samtaka þeirra. Á þessari ráðstefnu kom fram greinilegur áhugi þátttakenda á því, að efnt yrði til víðtæks samstarfs þeirra aðila, sem björgunarmálum sinna, og munu flestir hafa verið sammála um nauðsyn þess, að þau mál yrðu skipulögð á þann veg, að ljóst væri, hvert væri hlutverk hvers aðila í hverju einstöku tilviki.

Óhætt er að fullyrða, að ekki hafa komið fram skoðanir frá neinum, sem málið varðar, um að ekki sé þörf skipulagningar björgunarmála. Skipun þeirrar nefndar, sem hér er spurst fyrir um, vakti því vonir allra þeirra, sem láta sig björgunarmál varða, um, að nú fari að rofa til í því sambandsleysi og skipulagsleysi, sem hefur því miður ríkt í sambandi við þessi mál. Þessar spurningar eru nú fram bornar til þess, að svör fáist við því, hversu langt n. er komin með verkefni sín.

Forsrh. (Ólafur Jóhannesson): Herra forseti. Hv. fyrirspyrjandi hefur lesið þá þál., sem hér er um að ræða. Með bréfum, dags. 26. sept. 1972, var óskað eftir tilnefningu fulltrúa í n. og skipaður formaður í nefndina Ólafur Walter Stefánsson skrifstofustjóri dómsmrn. Að fengnum tilnefningum var nefndin skipuð 1. des. 1972, og eiga sæti í henni auk formanns eftirtaldir menn:

Benedikt Guðmundsson, stýrimaður, tilnefndur af Landhelgisgæslunni, Bjarki Elíasson yfirlögregluþjónn, tilnefndur af lögreglustjóranum í Reykjavík, Guðjón Petersen fulltrúi, tilnefndur af Almannavörnum ríkisins, Leifur Magnússon varaflugmálastjóri tilnefndur af Flugmálastjórn, Ólafur Proppé kennari, tilnefndur af Landssambandi hjálparsveita skáta, Ragnar Þorsteinsson bankamaður, tilnefndur af Slysavarnafélagi Íslands, Sigurður M. Þorsteinsson aðstoðaryfirlögregluþjónnn, tilnefndur af flugbjörgunarsveitum.

Af störfum nefndarinnar er það að segja, að hún hefur enn ekki lokið störfum né skilað áliti. Samkvæmt upplýsingum formanns nefndarinnar hefur hún haldið nokkra fundi, en hlé hefur verið á fundum nefndarinnar nú um skeið. Hef ég óskað þess, að n. hraði störfum sínum, þannig að niðurstöður geti legið fyrir, áður en langt um líður.

Það er rétt, eins og hv. fyrirspyrjandi rakti, að þessa þál., sem gerð var 18. maí 1972, má rekja til ráðstefnu, sem haldin var um björgunarmál að tilhlutan Landssambands hjálparsveita skáta, og á þessari ráðstefnu var fjallað allítarlega og skiplega um björgunarmál almennt, svo og sérskipulega um björgunarmál almennt, svo og sérþriggja flokka slysa: flugslysa, landslysa og sjóslysa, og var talið nauðsynlegt að skipuleggja björgunarmál landsins betur með tilliti til aukins árangurs og samvinnu allra aðila, er um málið fjalla.

Þess er skylt að geta í þessu sambandi, að björgunarstarfsemi hér á landi hefur frá upphafi byggst á hjálpsemi samborgaranna, óskipulagðri eða skipulagðri. Með tímanum hafa þeir, sem að björgunarstörfum hafa unnið eða hafa haft áhuga á slíku starfi, stofnað með sér félög til að ná meiri árangri. Þessir hópar hafa síðan myndað heildarsamtök, eins og t. d. Slysavarnafélag Íslands á sínum tíma, Landssamband hjálparsveita skáta, flugbjörgunarsveitirnar, þótt þar sé reyndar ekki um eins skipuleg samtök að ræða. Þessir hópar eru og hafa ætíð verið reiðubúnir til starfa og hafa unnið ómetanlegt starf við björgun mannslífa og eigna, og gildir það einnig um aðra hópa, sem standa utan þessara þriggja samtaka, sem ég nefndi. Störf þessara áhugamanna verða aldrei fullþökkuð.

Þótt björgunarstarfsemin hafi, eins og ég sagði, hvílt að allverulegu leyti á herðum áhugamanna, hafa opinberir aðilar lögum samkvæmt eða eðli málsins margvíslegu forustuhlutverki að gegna, eftir því, um hvers konar björgun er að tefla, og nefni ég þar fyrst Landhelgisgæslu, lögregluyfirvöld og Flugmálastjórn, auk Almannavarna við sérstakar aðstæður í þjóðfélaginu. Starfa þessir opinberu aðilar í ýmsum tilvikum saman, en jafnframt í nánu samstarfi og samvinnu við björgunarsveitirnar, og án góðrar samvinnu við þær væru hinir opinberu aðilar oft og einatt vanmáttugir, þar sem skortir að mörgu leyti mannafla og búnað við þær aðstæður, sem upp koma við björgun og leit. Samstarf allra þessara aðila er því mjög brýnt, og hefur komið fram, að það væri þörf á því að reyna að koma einhverju heildarskipulagi á þessi mál. Þar koma margvísleg atriði til greina, svo sem forustuhlutverk hinna opinberu aðila, stjórn aðgerða, samstarf aðila, sem að aðgerðunum standa, samskipti við aðra aðila, sem látið geta aðstoð í té.

Ég held, að þó að þetta sé nauðsynlegt, verði samt mjög að gæta þess í allri skipulagningu varðandi þessi mál, að samstarf allra aðila, bæði opinberra aðila og áhugamanna, sem að þessum málum vinna, verði sem best, og umfram allt, að ekki sé neitt það gert, sem gæti dregið úr því, að starfsgleði og félagsandi þessara frjálsu áhugamannasamtaka geti notið sín. En ég vil vona, að árangur af starfi þessarar nefndar geti legið fyrir sem allra fyrst.

Fyrirspyrjandi (Halldór S. Magnússon): Herra forseti. Ég þakka hæstv. dómsmrh. svör við fsp. minum og vil af því tilefni láta í ljós ánægju mína yfir þeim áhuga, sem hann hefur á málinu, og því, að hann skuli hafa rekið á eftir störfum þessarar nefndar. Að öðru leyti ollu svör hans hins vegar talsverðum vonbrigðum, þar sem greinilegt er, að nefndin hefur verið mjög starfslítil. En þess er að vænta, að breyting verði þar á.

Því miður er það svo, að það eru vissir menn hér á landi, sem telja, að ekki sé nein þörf á því að skipuleggja björgunarmál á Íslandi. Sannleikurinn er sá, að við erum svo lánsamir að eiga fjölda björgunarsveita, sem allar eru skipaðar hinum dugmestu mönnum. Þær eru að vísu misjafnlega vel búnar tækjum, og mennirnir eru misjafnlega vel þjálfaðir, en þær hafa það sameiginlegt, að félagar þeirra eru ávallt reiðubúnir að veita alla þá aðstoð, sem þeir megna, hvenær sem er og hvar sem er. Þessar björgunarsveitir þurfa í starfi sínu að hafa samstarf við fjölda annarra aðila, opinbera aðila, svo sem lögreglu, Landhelgisgæslu, Flugmálastjórn, Landssíma og ýmsa aðra, auk fjölda einkaaðila. Ég efast alls ekki um, að flestir þeir aðilar, sem að björgunarmálum vinna, vilja heils hugar stuðla að sem nánustu samstarfi og samvinnu um þau mál. Stöku tilhneigingar hefur þó gætt til þess hjá einstaka mönnum að vilja líta á sitt félag sem sjálfskipaðan forustuaðila í öllu björgunarstarfi. En sem betur fer eru það undantekningar, sem sanna regluna. Þessir aðilar hafa hins vegar oftlega rekið sig á það, að skortur á reglum hefur valdið margvíslegum vandræðum og beinlínis skaðað það starf, sem unnið er. Sem dæmi má nefna, að engar reglur eru til um það, hvaða aðili skuli hafa á hendi yfirstjórn björgunaraðgerða.

Það er vissulega ekki hægt að lá mönnum það, þó að þeir hafi áhuga á því, að þeirra eigin björgunarsveit hafi forgöngu um aðgerðir. Þegar engar reglur eru til, kann svo að fara, að erfitt verði að koma á fullu samstarfi á milli þeirra mörgu aðila, sem að aðgerðunum vinna. Í flestum tilvikum hefur samstarf aðilanna verið með ágætum, en hitt hefur einnig skeð, að samvinna hefur verið lítil eða engin. Oftast hafa slík tilvik stafað af misskilningi eða persónulegum ástæðum einstakra manna. Það skiptir raunar ekki máli, hver ástæðan er, það er jafn slæmt fyrir því.

Ég nefni eitt dæmi um atvik, sem gerst hefur, máli mínu til stuðnings. Maður hefur týnst, og tvö landssamtök björgunarsveita eru beðin að senda lið til leitar. Hvort um sig kallar út fjölda manna úr sveitum sínum. Af hálfu hvors aðilans um sig eru skipaðir leitarstjórar. Þeir koma sér saman um skipulag leitarinnar og skiptingu leitarsvæða og annað, er máli skiptir. Samband milli þeirra er með ágætum, og þeir hafa stöðugt samband sín á milli, meðan á leitinni stendur. Einhverra hluta vegna tekur annar maðurinn við stjórn annars leitarhópsins, meðan á leitinni stendur. Hann fyrirskipar, að leita skuli á sama svæði og hinn leitarhópurinn hafið tekið að sér. Mistök sem þessi ber að fyrirbyggja

Rétt er að benda á, að þær björgunarsveitir, sem hér eru starfandi, hafa hver sitt aðsetur. Það er kannske barnalegur metnaður þeirra, en staðreynd engu að síður, að hver þeirra um sig á erfitt með að hugsa sér, að öllum aðgerðum sé stjórnað frá bækistöð einhverrar annarrar sveitar. Þessi vandamál og önnur af viðlíka tagi verða ekki leyst nema fyrir forgöngu opinberra aðila, enda virðist eðlilegast, að þeir hafi forgöngu þar um. Hvað er t. d. eðlilegra en að til sé ein sameiginleg stjórnstöð fyrir hvers konar björgunaraðgerðir? Væri stöð Almannavarna ekki rétti staðurinn? Ég hef undir höndum skipulagskerfi fyrir björgunar- og leitarstarfsemi eða drög að því, sem samið var fyrir nokkrum árum og lagt fyrir Almannavarnir ríkisins. Það var við því tekið, síðan var því stungið undir stól, og síðan hefur ekki verið á það minnst.

Ég veit satt að segja ekki, hvaða aðili væri eðlilegri en Almannavarnir til að hafa forgöngu um skipulag björgunarmála. Því miður hefur hins vegar ríkt sú skoðun meðal forsvarsmanna þeirra, að slíkt heyri ekki undir verksvið Almannavarna. Sú skoðun hefur verið þar uppi, að hlutverk Almannavarna væri að taka við yfirstjórn aðgerða í stórslysum, án þess þó að talin væri ástæða til að vinna skipulag um það, hvernig að björgunaraðgerðum væri staðið. Það skal viðurkennt, að Almannavarnir unnu mikið starf, eftir að Vestmannaeyjagosið hófst, og vissulega ber að þakka þeim, sem það unnu. Ég er hins vegar ekki í nokkrum vafa um það, að margt hefði farið betur, ef til hefði verið áætlun um það, hvernig að slíkum björgunaraðgerðum skyldi standa. En þar sem engin slík áætlun var til, fór óhjákvæmilega svo, að starfið varð að sumu leyti losaralegt fyrstu dagana, en tókst þó betur en unnt var að ætlast til við þær aðstæður, sem þá ríktu. Við getum rétt aðeins leitt hugann að því, hvaða ástand hefði getað skapast í Vestmannaeyjum, þegar gosið hófst, ef Vestmannaeyjaflotinn hefði ekki verið allur í höfn.

Að lokum aðeins þetta: Ég leyfi mér að vona, að nefnd sú, sem hér hefur verið gerð að umtalsefni, taki nú á sig rögg og taki til við að leysa verkefni sín. Eftir því bíður fjöldi manna víðs vegar um landið, — menn, sem eru reiðubúnir til að fórna hverju sem er, hvenær sem er og hvar sem er öðrum til aðstoðar í neyð. Þeir eiga vissulega betra skilið en skilningsleysi.

Bankaútibú í Ólafsvík eða á Hellissandi, fsp. (þskj 374). — Ein umr.

Fyrirspyrjandi (Benedikt Gröndal): Herra forseti. Ég leyfi mér að leggja fyrir hæstv. viðskrh. fsp. um bankaútibú í Ólafsvík eða á Hellissandi. Fsp. er í tveimur liðum og hljóðar svo, með leyfi hæstv. forseta:

„1. Hvað veldur því, að ekkert hinna 57 bankaútibúa í landinu er í jafnmiklum framleiðslubyggðum og Ólafsvík eða Hellissandi?

2. Er ráðh. reiðubúinn til að beita sér fyrir og samþykkja, að úr þessu verði bætt?"

Segja má, að nú sé ríkjandi sú stefna, að nauðsynlegt sé að fækka bönkum og öðrum peningastofnunum og einnig að fækka afgreiðslustöðum þeirra, sem séu óhóflega margir í landinu. Í ítarlegu nál. um þessi mál, sem fyrir liggur, kemur jafnframt fram viðurkenning þeirrar nefndar á því, að hugsanlega þurfi þrátt fyrir fækkunina að setja upp einhvers staðar ný útibú, þar sem einhver svæði landsins kunni þrátt fyrir fjölda núverandi útibúa og afgreiðslustaði að hafa ófullkomna þjónustu. Ég tel, að þannig hagi til á utanverðu Snæfellsnesi, þar sem ekkert bankaútibú er fyrir utan Grundarfjörð.

Í Ólafsvík og á Hellissandi er mikill fjöldi fyrirtækja og einstaklinga, sem fást við útgerð og flytja þar mikinn og verðmætan afla að landi. Þar er einnig fjöldi fiskverkunarstöðva af ýmsum gerðum og stærðum, og enn fremur er þar fjöldi þjónustufyrirtækja, bæði sem veita útgerðinni og fiskvinnslunni þjónustu, svo og fyrirtæki, sem veita bæjarfélaginu og borgurum almennt ýmiss konar þjónustu. Yfirleitt er reynslan sú, að forustumenn þessara fyrirtækja verða að fara alla leið til Reykjavíkur til þess að fá viðunandi bankaþjónustu, og þarf ég ekki að lýsa því, hversu mikinn tíma þetta tekur frá þeim og hversu mikill kostnaður er fyrir þá að þurfa að sækja um svo langan veg, svo að segja hvað lítið erindi sem leysa þarf fyrir starfsemi þeirra. Ég tel því mjög nauðsynlegt, að komið verði upp bankaútibúi á þessu svæði og það muni verða til mikils gagns fyrir íbúana og hina miklu framleiðslustarfsemi, sem þar er stunduð, svo og opinbera aðila, sveitarfélögin og einstaklinga.

Ég beini þessari fyrirspurn til hæstv. ráðherra í þeirri von, að með því að vekja athygli á þessu máli geti þingið stuðlað að framgangi þess.

Sjútvrh. (Lúðvík Jósepsson): Herra forseti. Spurt er um í fyrsta lagi, hvað valdi því, að ekkert hinna 57 útibúa er í jafnmiklum framleiðslubyggðum og í Ólafsvík eða á Hellissandi. Ástæðurnar munu vera þær, að það hafa ekki komið fram neinar formlegar beiðnir, hvorki frá viðskiptabönkunum né öðrum aðilum, um að setja upp bankaútibú á þessum stöðum. Það mun hafa verið hafður sá háttur á yfirleitt, að bankaútibú hafa verið ákveðin af bönkunum sjálfum eða með þeim hætti, að þeir hafa óskað eftir heimild til að setja upp bankaútibú, og síðan hefur verið á valdi Seðlabankans og bankamrh. að segja til um það, hvort bankarnir fengju leyfi til að setja upp bankaútibú. En nú er einmitt unnið að því, m. a. með þeim

tillögum, sem fyrir liggja og væntanlega koma fyrir Alþingi næstu daga í frv.-formi, að taka nokkuð öðrum tökum á þessum málum, þ. e. a. s. að búa sig undir að skipuleggja á nýjan hátt útibúakerfi bankanna, þannig að það verði ekki með þeim hætti, sem verið hefur, þar sem þeir stríða í rauninni um það, hvar þeir hafi útibú og hvar þeir hafi ekki útibú, eins og nú á sér stað.

Ég vil taka fram, að það er skoðun mín, að á margan hátt hefði verið æskilegt, að það hefði verið a. m. k. eitt myndarlegt bankaútibú, sem tekið hefði að sér sem meginverkefni allt Snæfellsnesið og alla þá starfsemi, sem þar er, sem viðskiptabanki með fleiri afgreiðslustöðum. En þetta svæði er á margan hátt dæmigert um það, hvernig ástandið er í þessum efnum í okkar bankamálum. Einn af ríkisbönkunum hefur á þessu svæði útibú, þ. e. a. s. Búnaðarbankinn í Stykkishólmi, og auk þess er svo Samvinnubankinn með útibú í Grundarfirði. En hinir bankarnir, ríkisviðskiptabankarnir, Útvegsbankinn og Landsbankinn, munu hafa mikinn meiri hluta af bankaviðskiptum þessa svæðis á sínum vegum, en ekkert útibú.

Það fer raunverulega fram viss togstreita innan bankakerfisins um, hver eigi að sinna þessu eða hinu svæðinu og hver eigi að hafa rétt til að vera með útibú eða opna bankastarfsemi á viðkomandi svæðum. Það er þetta, sem þarf að taka til lausnar án þess að fá það út úr þessum málum, sem því miður hefur komið fyrir áður, að fá áður en varir þrjá, fjóra eða jafnvel enn fleiri banka á einum tiltölulega litlum stað, en svo engan á mörgum öðrum.

Ég viðurkenni, að þeir staðir, sem hér eru nefndir, Ólafsvík og Hellissandur, eru svo þýðingarmiklir framleiðslustaðir, að það væri fullkomlega eðlilegt, að þar væri bankaútibú eða igildi þess frá myndarlegu útibúi á þessu svæði, þannig að öll bankaþjónusta gæti farið þar fram á lipurlegan og eðlilegan hátt.

Annar liður spurningarinnar er um það, hvort ég sem ráðherra vilji beita mér fyrir því, að þarna verði gerð bót á og komið upp útibúum á þessum svæðum. Því hef ég í rauninni svarað og tel, að með þeim tillögum, sem nú er verið að gera um breytt skipulag ríkisviðskiptabankanna, eigi að vera hægt að ná tökum á þessu máli, þannig að það ætti að vera hægt að tryggja, að staðir eins og þessi fái bankaútibú eða jafngildi þess og að hægt sé að losna við þó nokkuð af þeirri óþægilegu togstreitu, sem á sér stað í bankakerfinu á þessu sviði. Ég hygg, að aðalástæðan til þess, að þarna er ekki komið upp útibú, sé sú, að bankarnir sjálfir hafa ekki gert neinar tillögur um það.

Friðjón Þórðarson: Herra forseti. Hv. fyrirspyrjandi, 8. landsk. þm., lét í ljós undrun sína yfir því, að ekki skyldi vera bankaútibú í Ólafsvík eða á Hellissandi, í svo miklum framleiðslubyggðum. Það er hverju orði sannara, að þarna er um miklar framleiðslubyggðir að ræða. Á undanförnum árum hafa útibú bankanna risið víða um land, svo að sumum þykir nóg um. Það er alveg ljóst mál, að það er ekki viðcigandi, að viðskiptabankar ríkisins iðki samkeppni innbyrðis og útibú séu stofnuð í fullkomnu skipulagsleysi, þannig að jafnvel séu tvö eða þrjú útibú frá ríkisbönkunum hlið við hlið á svo til sama stað. En það er ekki nema eðlilegt með þeim viðskiptaháttum, sem nú tíðkast, að allur almenningur þurfi að eiga aðgang að þeirri þjónustu, sem viðskiptabanki getur veitt.

Hæstv. viðskrh. svaraði þessari fyrirspurn þannig, að ekki hefðu borist neinar formlegar beiðnir um þetta vestan af Nesi. Það stæði til að skipuleggja þetta allt á nýjan hátt. Óeðlileg togstreita ríkti á milli bankanna. Ég held, að á þessum stöðum á Útnesinu sé ekki neitt um það að villast, að þar er Landsbankinn aðalviðskiptabanki manna, þannig að ef þarna á að koma útibú, er eðlilegt, að það verði frá Landsbankanum.

Hæstv. viðskrh. talar um skipulagsleysi. Ég vek athygli á því, að á undanförnum árum hefur enginn viðskiptabanki mátt stofna útibú án leyfis Seðlabankans, þannig að Seðlabankinn hefur vanrækt sína skyldu, ef þarna brestur mikið á.

En það er eitt, sem ég vil að lokum benda á: Það er ekki einhlítt að stofna bankaútibú. Það verður að kynna sér fyrst hug heimamanna. Á þessum svæðum eru starfandi tveir myndarlegir sparisjóðir, og það er ekki rétt stefna að mínum dómi, að viðskiptabankar ríkisins setji sig niður við hlið myndarlegra sparisjóða á landsbyggðinni til þess að keppa við þá og leggja þá í rústir.

Alexander Stefánsson: Herra forseti. Ég vil lýsa ánægju yfir því, að þetta mál skuli hafa komið hér fram í fyrirspurnarformi. Þetta er stórt mál fyrir okkur Snæfellinga á Útnesinu og hefur lengi verið í brennidepli.

Eins og fram hefur komið, er þannig háttað á utanverðu nesinu, að þar er mikil og vaxandi útgerð og mikil fiskvinnsla og mikil framleiðsla. Er þar um að ræða útflutningsframleiðslu, sem nemur hundruðum millj., sem fara í gegnum hendur þessara aðila á hverju ári. En öll þessi viðskipti og alla þá fyrirgreiðslu, sem þessi þjónusta þarf að fá og þessi framleiðsla verður að sækja til Landsbanka Íslands, sem er aðalviðskiptabanki, með því að fara til Reykjavíkur. Og þannig er ástatt, að það er ekki einu sinni til peningageymsla. Mér er kunnugt um, að það hefur verið sótt um það til Seðlabankans frá hendi Sparisjóðsins, að sett verði upp seðlageymsla í Ólafsvík, en því hefur ekki verið sinnt.

Það er talað um það hér, að ekki hafi verið sótt um þessa fyrirgreiðslu frá aðilum á þessum stöðum. Þetta er ekki rétt. Bæði útgerðarmenn og fiskverkendur hafa sent bréf um þetta efni til Landsbanka Íslands. En þannig hittist á, að einmitt þegar það var gert, var í gangi hin svokallaða bankamálanefnd, og var ekki talið eðlilegt að taka þetta mál til afgreiðslu, fyrr en þær niðurstöður lægju fyrir. Enn fremur vil ég segja frá því hér, að sveitarstjórinn í Ólafsvík hefur óskað eftir því við stjórn Sparisjóðsins, að hann tæki upp eða hefði frumkvæði um það að taka upp viðræður við Landsbanka Íslands um framtíðarskipan bankamála á utanverðu Snæ-

fellsnesi með bankaútibú sem takmark. Það er mjög mikilvægt, að þarna takist vel til, og við teljum, að það væri æskilegast, að sparisjóðirnir á þessu svæði mynduðu þessa forustu og sæju um leið um það í samningnum, að þegar bankaútibú kæmi frá Landsbankanum, þá fengist ekki minni þjónusta í ýmsum smærri greinum en sparisjóðirnir eru nú færir um að veita, svo sem lán til húsbyggjenda.

Ég vænti þess, að þetta mál fái ítarlega skoðun og fái þann framgang, sem æskilegastur er og í samræmi við þær framfarir og atvinnuþróun, sem augljóslega er á þessu svæði.

Fyrirspyrjandi (Benedikt Gröndal): Herra forseti. Ég vil þakka hæstv. ráðh. fyrir svör hans við fsp. minni og þó alveg sérstaklega fyrir þær skoðanir, sem hann lét í ljós á bankaútibúsmálum, sem fara að verulegu leyti saman við mínar. Ef sú hreyfing er á útibúsmálunum, sem hann skýrði frá, vil ég láta í ljós þá von, að það vandamál, sem hér hefur verið rætt fáist leyst á þeim vettvangi og í þeim vinsamlega anda skilnings sem kom fram hjá ráðh. Það hafa komið fram skýrari og frekari röksemdir fyrir þörfinni á bankaútibúi og bankaþjónustu á þessu svæði, og ég vil aðeins segja að lokum, að ég lít á það sem sjálfsagðan hlut, að svona mál verði leyst í vinsamlegri samvinnu við sparisjóði og sveitaryfirvöld á þessu svæði.

Sameinað þing, 58. fundur.

Þriðjudaginn 19. febr., að loknum 57. fundi.

Verkleg kennsla í sjómennsku o. fl., þáltill. (þskj. 380). — Hvernig ræða skuli.

Að till. forseta var ákveðin ein umr.

Varaforði af sáðkorni, þáltill. (þskj. 381). — Hvernig ræða skuli.

Að till. forseta var ákveðin ein umr.

Starfsréttindi kennara, þáltill (þskj. 382). — Hvernig ræða skuli.

Að till. forseta var ákveðin ein umr.

Kaup á jarðbor, þáltill. (þskj. 383). — Hvernig ræða skuli.

Að till. forseta var ákveðin ein umr.

Boð til Alexanders Solzhenitsyn, um búsetu á Íslandi, þáltill. (þskj. 385). — Hvernig ræða skuli.

Að till. forseta var ákveðin ein umr.

Efri deild, 59. fundur.

Umræður utan dagskrár.

Miðvikudaginn 20. febr., kl. 2 miðdegis.

Þorv. Garðar Kristjánsson: Herra forseti. Þessa dagana barst okkur váleg tíðindi frá Vestfjörðum. Yfirgangur breskra togara á bátamiðum Vestfirðinga færist nú í aukana. S. l. laugardag keyrði um þverbak, þegar bátar frá Bolungarvík, Suðureyri og Þingeyri urðu fyrir miklum ágangi breskra togara í miðunum norðan til í Víkurál. Frá þessum atburði hefur verið skýrt í fjölmiðlum.

Einn skipstjóri þessara báta sagði í viðtali við fréttastofu sjónvarpsins, að bátarnir hefðu verið að byrja að draga línuna, þegar bresku togararnir nálguðust. Skipstjórar bátanna hefðu haft samband við íslensk varðskip á þessum slóðum, sem síðan tilkynnti breska eftirlitsskipinu Miröndu, hvar bátarnir væru með veiðafæri sín. En þá skeði það furðulega. Þegar gefnar höfðu verið leiðbeiningar um, hvar bátarnir væru með veiðarfæri sín, gerðu bresku togararnir hreint og beint aðsúg að bátunum og allur flotinn togaði yfir veiðarfæri bátanna.

Annar skipstjóri átti viðtal við fréttastofu hljóðvarpsins um þennan sama atburð. Hann skýrði efnislega eins frá þessum aðförum bresku togaranna. Hann tekur fram, að svo hafi virst sem Bretarnir hafi færst allir í aukana, er þeir hafi fengið upplýsingar um, hvar lína bátanna lá. Hann lét þess einnig getið í þessu samtali við hljóðvarpið, að íslenskir varðskipsmenn hafi sagst ekkert geta gert til aðstoðar bátunum.

Þetta er ófögur lýsing, en því miður er hér ekki um einsdæmi að ræða um framferði Breta á Vestfjarðamiðunum. Ég hef hér fyrir framan mig afrit af bréfi til sjútvrh. frá fiskideildinni Tálkna á Patreksfirði, dags. 3. þ. m. Þar segir m. a., að það sem af er yfirstandandi vertíð hafi komið í ljós, að línubátar frá Patreksfirði og Tálknafirði hafi orðið fyrir gífurlegum ágangi togara á svæði því við Víkurál, sem bátarnir frá framangreindum stöðum hafa sótt mestan afla sinn á á undanförnum árum á vetrarvertíðinni. Og bætt er við, að með nýja samningnum við Breta um veiðar innan 50 mílna markanna sé breska togaraflotanum bókstaflega stefnt á bátamið Vestfirðinga á vetrarvertíðinni, eins og það er orðað í þessu bréfi.

Fyrr í vetur gerði skipstjórafélagið Bylgjan á Ísafirði samþykkt, þar sem skorað var á stjórnvöld að gera ráðstafanir til þess að koma í veg fyrir yfirgang breskra togara á Vestfjarðamiðum. Nú hafa útvegsmenn á Vestfjörðum óskað eftir því, að stjórnvöld geri ráðstafanir til verndar gegn yfirgangi breskra togara. Í gær var dómsmrn. send ályktun Útvegsmannafélags Vestfjarða, svo hljóðandi, með leyfi hæstv. forseta:

„S. l. laugardag gerðust þau tíðindi innan íslenskrar fiskveiðilögsögu út af Vestfjörðum, að margir breskir togarar toguðu yfir veiðarfæri báta og ullu tjóni, sem áætlað er, að nemi 1—2 millj. kr. Það er auðséð, að þessi spellvirki voru unnin vísvitandi og breska eftirlitsskipið vissi

um þennan verknað. Skipstjórum íslensku bátanna tókst að ná skrásetningarnúmerum sumra togaranna. Stjórn Útvegsmannafélags Vestfjarða vill því óska eftir því, að íslensk stjórnvöld geri ráðstafanir til þess, að veiðisvæða út af Vestfjörðum verði betur gætt til þess að reyna að koma í veg fyrir, að slík óhæfuverk endurtaki sig. Og jafnframt er þess krafist, að gerðar verði ráðstafanir til að láta viðkomandi svara til saka fyrir brot sín og bæta tjónið."

Hér lýkur ályktun Útvegsmannafélags Vestfjarða. Af þessu má ljóst vera, hve alvarlegum augum Vestfirðingar líta á yfirgang Breta á bátamiðum þeirra. Að sjálfsögðu þurfa engum að koma á óvart þessi viðbrögð Vestfirðinga. Hér er verið að veitast að lífsbjörg þeirra, hér er vegið að þeirri undirstöðu, sem gerir búsetu fólks á Vestfjörðum lífvænlega.

Vestfirðir hafa sérstöðu í íslenskum sjávarútvegi af tveim ástæðum. Annars vegar er atvinnulíf landsmanna hvergi svo einhæft og bundið sjávarútveginum sem þar. Hins vegar eru Vestfirðingar langsamlega stærstu framleiðendur frystra sjávarafurða, annarra en loðnu. Heildarframleiðsla vestfirsku frystihúsanna í dag er um 26% af heildarframleiðslu landsmanna, miðað við magn, en hærri, ef miðað væri við verðmæti vegna gæða aflans, sem er frystur að stærstum hluta í neytendapakningar fyrir Ameríkumarkað. Af þessu er ljóst, að ef kippt er stoðum undan sjávarútveginum á Vestfjörðum, gerist tvennt í senn: annars vegar flýr fólkið þaðan, hins vegar verður höggvið það skarð í þjóðarframleiðslu okkar Íslendinga, sem við megum ekki við. Ég er ekki að spá því, að þetta eigi eftir að henda. Við vonum, að frá þessu verði forðað. En aðgát skal höfð. Hér er mikið í húfi. Þess vegna er nauðsynlegt að viðurkenna sérstöðu Vestfjarða í þessu efni. Þetta hefur mönnum verið ljóst stundum — stundum ekki.

Þegar landhelgissamningarnir voru gerðir við Breta og Vestur-Þjóðverja 1961, var tekið tillit til sérstöðu Vestfjarða. Þessir aðilar fengu þá engan rétt til að veiða innan landhelgi úti fyrir Vestfjörðum, þótt þeim hlotnaðist það annars staðar í íslenskri landhelgi. Þessu var hins vegar á annan veg farið, þegar ólánssamningurinn var gerður við Breta á s. l. hausti. Þá var sérstaða Vestfirðinga fótum troðin. Þá var breska togaraflotanum hleypt inn á fiskimið Vestfirðinga svo sem annars staðar í íslenskri landhelgi. Slíkt glapræði er ófyrirgefanlegt. Þetta ásamt fleiru var ástæða þess, að við hv. 2. þm. Vestf., Matthías Bjarnason, greiddum atkv. hér á Alþ. 13. nóv. s. l. gegn uppgjöfinni í landhelgismálinu eða hinu svokallaða bráðabirgðasamkomulagi við Breta um veiðar breskra togara.

Ég ætla ekki að ræða hér um þennan landhelgissamning né landhelgismálið. Ég minnist aðeins á samninginn vegna þess, að hann er orsök þess vanda, sem Vestfirðingar eru nú í vegna ágangs breskra togara á bátamiðum þeirra. Samningurinn leggur þá siðferðilegu skyldu á herðar þeim, sem ábyrgð ber á honum, að gera ráðstafanir til að draga úr þeim áföllum, sem Vestfirðingar verða óhjákvæmilega fyrir vegna hans. Með tilliti til þessa leyfi ég mér að spyrja hæstv. dómsmrh.: Hvaða ráðstafanir ætlar ríkisstj. að gera til að halda uppi lögum og rétti á bátamiðum Vestfirðinga með það fyrir augum að koma í veg fyrir, að slík óhæfuverk endurtaki sig, sem breskir togarar gerðu sig seka um s. l. laugardag?

Bjarni Guðbjörnsson: Herra forseti. Það eru aðeins örfá orð. — Ég vil leyfa mér að taka undir þau orð hv. þm. Þorvalds Garðars, þar sem hann var með umkvartanir vegna vestfirskra báta og nýafstaðinna árekstra við breska togara. Ég vil leggja áherslu á það, að Vestfirðingar eru sérstaklega settir. Þeir hafa um árabil, lengst allra landsmanna, stundað línuveiðar, og línumið þeirra liggja svo djúpt úti, að það kemur oft og tíðum fyrir, að þeir leggja línu 30—50 mílur undan landi. Þess vegna, þegar þeir samningar hafa verið gerðir, sem voru gerðir bæði 1961 og nú aftur á s. l. ári, hlaut það að leggja auknar skyldur á herðar Landhelgisgæslunni að gæta sérstaklega hefðbundinna línumiða á þessum svæðum. Þetta gildir jafnt um Víkurál og Djúpálinn fyrir norðanverðum Vestfjörðum.

Ég vil aðeins ítreka það, að gert verði allt, sem unnt er, til að friða þessi bátamið og gæta þess þegar breskir togarar vita um, hvar lína liggur, og breska eftirlitsskipið á að vita það líka, að þá endurtaki það sig ekki æ ofan í æ, að togararnir þrátt fyrir vitneskju togi yfir veiðarfæri bátanna. Eins og ég sagði, er þarna ædimikil sérstaða á Vestfjörðum, því að línumiðin liggja djúpt. En það leggur ríkari skyldur á herðar Landhelgisgæslunni að gæta þessara miða.

Forsrh. (Ólafur Jóhannesson): Herra forseti. Eins og fram kom hjá hv. fyrirspyrjanda, 5. þm. Vestf., hér áðan, urðu allmargir vestfirskir línubátar fyrir veiðarfæratjóni s. l. laugardag, 16. febr., norðan Víkuráls, norðvestur af Kóp, 35—45 sjómílur undan landi. Varðskip, sem við gæslu var við Vestfirði, var þá um morguninn statt við Hornbjargsvita með vistir og vitavörð, sem þar átti að fara í land. Kom kall frá línubátunum við Víkurál laust fyrir kl. 10 um morguninn um, að breskir togarar væru að toga yfir línur þeirra. Varðskipið hafði þá strax samband við eftirlitsskipið Miröndu og skýrði frá atburðum, og kvaðst hún mundu koma þessum ábendingum áleiðis til togaranna, að þeir væru að skemma veiðarfæri og væru beðnir að halda sig frá línubátunum. Varðskipið kom svo á svæðið kl. 19.20, og voru þá á um 40 fermílna svæði 18 breskir togarar, Miranda og 4 íslenskir línubátar að auki, sem voru að ljúka drætti, og nokkru vestar voru þrír línubátar að auki, alls 7 línubátar. Gáfu bátarnir varðskipinu upp veiðarfæratjón sitt og voru þeir af varðskipinu hvattir til að gefa sem fyrst skýrslu fyrir dómi um atburðina og veiðarfæratjón sitt, þannig að koma mætti á framfæri með sem skýrustum hætti umkvörtunum og bótakröfum.

Þegar þetta gerðist, voru 5 varðskip á sjó, eitt við Suðvesturland, eitt við Suðausturland, eitt fyrir miðju Norðurlandi, áðurnefnt skip við Vestfirði, varðskipið Þór, og eitt við stauraflutninga vegna símabilunar. Fyrir s. l. áramót, þegar árekstrar urðu við Vestfirði hvað mestir, voru um

alllangt bil að jafnaði tvö varðskip við Vestfirði. Það má kannske segja, að nú eftir áramótin hafi lengst af ekki verið nema eitt varðskip þar, enda er mér tjáð, að það hafi verið fremur atburðalítið þar á þeim tíma, enda hafa veður einnig verið mjög erfið. En þó er það svo, að í febrúarmánuði hafa verið til 20. þ. m., eitt til tvö varðskip allan þann tíma, þó að það hafi stundum og eins og þarna stóð á ekki verið nema eitt varðskip.

Það þarf sjálfsagt ekki að fara mörgum orðum um það hér eða benda hv. alþm. á, að varðskipin hafa allajafna æðimörgum verkefnum að sinna, né heldur á það, hver nauðsyn hefur verið á því undangenginn mánaðartíma og verður enn um sinn að halda uppi stöðugri öryggisgæslu vegna veiðiskipa við loðnuveiðarnar, því að það hefur því miður komið fyrir og á það reynt, að það hefur þurft að aðstoða skip, sem þar hafa lent í vanda af ýmsum ástæðum, stundum kannske vegna þess, að hleðsla hefur verið fullmikil og veður verið misjöfn, eins og gengur. Auk þess fer sá tími í hönd, að vertíð færist með eðlilegum hætti í aukana allt umhverfis landið, og þá er ekki hægt að komast hjá því að láta varðskip, eftir því sem kostur er, vera þar nálægt til aðstoðar, ef á þarf að halda.

Það er fullkominn misskilningur, ef einhver skyldi halda, að hér væri um alveg nýtt vandamál að ræða, árekstra nú á milli togveiða og báta með línu- og netaveiði. Og það er ekkert nýtt fyrirbæri við Vestfirði, að því er línuveiðar varðar. Það hefur gerst oft áður. Og það er ekki heldur og hefur ekki heldur verið bundið við Vestfirði. Ég minnist þess t. d. sérstaklega, að fyrir allmörgum árum skeði það, að stórkostlegar kvartanir bárust frá bátum hér við Suðurlandið yfir því, að íslenskir togarar hefðu farið yfir veiðarfæri bátanna og eyðilagt þau í stórum stíl.

Við skulum vona, að hér sé yfirleitt um að ræða aðeins yfirtroðslur breskra togara. Hitt er þó staðreynd, að veiðiskip, með hvaða veiðarfæri sem þau eru, sækja allajafna þangað, sem fiskurinn er, og þess vegna hafa þessir árekstrar oft og einatt átt sér stað, sem auðvitað ber að harma. En það er sennilega ekki gott að koma algerlega í veg fyrir þá, nema því aðeins að hægt sé að koma sér saman um eitthvert nýtt fyrirkomulag í þessum efnum og þá með þeim hætti, að bátarnir hafi meira afmörkuð veiðisvæði. En það er rétt, eins og fram kom áðan hjá þeim, sem töluðu, að það er dálítið erfitt sjálfsagt að koma því við fyrir Vestfjörðum, einmitt af því að bátarnir sækja og hafa jafnan sótt mjög langt út.

Ég held, að það sé alger óþarfi að fara að blanda inn í þetta mál bráðabirgðasamningnum við Breta. Þó að það sé rétt, sem hv. 5. þm. Vestf. sagði, að við samningana 1961 hafi verið undanskilin ákveðin svæði, sem bátar einir máttu veiða á, en breskum togurum var meinað að fara inn á, þá var þar aðeins um að ræða svæði á milli 6 og 12 sjómílna, landhelgin þá var ekki stærri en 12 sjómílur. En það er staðreynd, að við þessa atburði voru bátarnir staddir, eins og segir í skýrslu frá Landhelgisgæslunni, sem ég hef undir höndum, og merkt er inn á kort, 35—45 sjómílur undan landi, svo að það hefði verið lítil stoð að jafnvel hliðstæðu ákvæði og var í samningnum frá 1961. En ég held, að við ættum ekki að blanda þessum bráðabirgðalandhelgissamningi inn í þetta mál. Ég tel víst, að hv. 5. þm. Vestf. telji ekki sérstaka þörf á því. Hann hefur undirstrikað, hvaða sjónarmið hann hafi í því máli, og það liggur skjalfest í Alþingistíðindum, og þar með ætti hann vel við að una að hafa frjáð sig alveg af því máli og reist sér þar minnisvarða, sem verður sjálfsagt eftir tekið í framtíðinni.

Annars er það um sókn breskra togara fyrir Vestfjörðum í febrúar að segja, að hún hefur verið þannig samkv. upplýsingum Landhelgisgæslunnar, að við landið allt hafa að meðaltali á dag verið 39 togarar breskir, þar af hafa 26 að meðaltali á dag verið við Vestfirði. Því miður eru ekki fyrir hendi sambærilegar tölur frá febrúarmánuði 1973, af því að þá voru varðskipin öðrum verkefnum að sinna, þau voru á bundin við Vestmannaeyjar. En mér er nær að halda, að fáir muni efast um það, að þá hafi fjöldi breskra togara verið æðimiklu meiri fyrir Vestfjörðum en nú.

En þó að það sé svo, eins og ég sagði, að við gerum ráð fyrir því, að hér sé yfirleitt um yfirtroðslur af hálfu breskra togara að ræða, þá skulum við ekki heldur gleyma því, að við höfum verið og erum að fjölga okkar íslensku togskipum í ríkum mæli, og þess vegna er ekki hægt að girða fyrir, að það komi til einhverra árekstra milli þeirra og þeirra báta, sem stunda línuveiðar.

Ég harma að sjálfsögðu þennan atburð og legg áherslu á, og það var þegar lögð áhersla á það frá varðskipinu og hefur verið lögð áhersla á það af hálfu dómsmrn., að sem gleggstar skýrslur komi fram um þessa atburði.

Það liggur fyrir í skýrslu Landhelgisgæslunnar, hvert það veiðarfæratjón var, sem bátarnir töldu sig hafa orðið fyrir. Samkv. þeirri skýrslu er það Kristján Guðmundsson, Súgandafirði, sem taldi sig missa 32 lóðir, Sigurvon, Súgandafirði, 32 lóðir, Fjölnir, líklega Þingeyri, 16 lóðir, Sólrún, Bolungarvík, sem mest hefur misst, 50 lóðir, Vestri, Patreksfirði, 8 lóðir, Framnes, Þingeyri, 8 lóðir, og mun reyndar hafa talið sig hafa misst 15. febr. aftur 24 lóðir, og svo Jón Þórðarson, Patreksfirði, hann mun ekki hafa misst neitt 16., en 15. febr. taldi hann sig hafa misst 8 lóðir.

Ég efast ekki um, að þarna sé algjörlega rétt frá skýrt af bátanna hálfu. En til þess að hægt sé að koma fram skaðabótakröfum og rökstuddum umkvörtunum, þarf að undirbyggja mál þar um með sem bestum hætti, og þess vegna er nauðsynlegt, að stjórnendur báta, sem orðið hafa fyrir tjóni, mæti fyrir dómi og þar séu skýrslur teknar af þeim.

Í morgun, þegar haft var samband bæði við sýslumanninn á Patreksfirði og bæjarfógetann á Ísafirði, hafði enginn skipstjóranna mætt þar til þess að gefa þvílíka skýrslu. (**Gripið fram í:** Þeir voru á sjónum.) Það er sjálfsagt afsakanlegt, þeir stunda sjóinn fast, og það getur verið erfitt fyrir þá að koma þessu við. Eigi að síður verð ég að segja, að það er mjög nauðsynlegt, að þeir geri það, því að það gefur auga leið, að það getur orðið erfitt að koma fram kröfum, nema þær séu réttilega þannig undirbyggðar, og það því fremur, sem því ber ekki saman, sem skipstjórar bátanna segja, og svo aftur því, sem

togaraskipstjórar bera fram, samkv. þessari skýrslu, sem frá Landhelgisgæslunni kemur. Skilaboðin, sem komu til varðskipsins Þórs frá togurunum í gegnum Miröndu, voru þau, að þeir hefðu ekki togað yfir nein veiðarfæri, þeir hefðu verið á þessu svæði síðustu 36 stundirnar, en línubátar hefðu nú lagt á þeirra svæði. Það er fjarri því, að ég sé með þessu að draga á nokkurn hátt í efa frásagnir hinna vestfirsku skipstjóra. Þetta er eigi að síður staðreynd, að þarna ber ekki saman þeim aðilum, sem hlut eiga að máli. Því segi ég það enn og aftur, að það verður ekki nógsamlega brýnt fyrir þessum aðilum að fara réttar boðleiðir í þessum efnum, en þær eru auðvitað þær að kæra til varðskips, sem næst er statt, en svo líka að kæra til dómsmrn. og senda því skýrslur og umkvartanir og gefa skýrslu fyrir dómi. En ég verð að segja það alveg eins og er, að mér virðist, virtist það í vetur líka, þegar engin kæra barst til dómsmrn. út af þeim ágangi, sem þeir töldu sig þá verða fyrir, að þeir hafi frekar þann hátt á, hvort sem þeir eiga upptökin að því eða aðrir, að láta birta viðtal við sig í útvarpi eða senda blöðum fregnir um þetta. Það getur út af fyrir sig verið ágætt til síns brúks að vekja athygli á málunum þannig, en ég hygg, að hitt væri ekki síður líklegt til árangurs.

Ég leyfi mér sem sagt að endurtaka, að ég legg áherslu á, að sem gleggstar skýrslur verði gerðar um þessa atburði, en lýsi því jafnframt yfir, að ég mun taka upp viðræður við sjútvrn. um mögulegar aðgerðir, — varnaraðgerðir skulum við segja, — og þá t. d., hvort geti komið til greina frekari afmörkun veiðisvæða. Auðvitað mun Landhelgisgæslan leggja áherslu á og reyna, eftir því sem best má verða, að vera íslensku veiðiskipunum til aðstoðar. Og það mun einnig verða lögð áhersla á að hafa samband við bresk stjórnvöld um þetta og reyna að fá togara til að haga sínum veiðum á þann hátt, að þeir reyni að forðast það að valda tjóni á veiðarfærum bátanna. Ég vil ekki ætla neinum svo illt, hvorki innlendum né erlendum, ekki heldur Bretum, að þeir af ásettu ráði vilji beinlínis fara að eyðileggja veiðarfærin. En það getur verið, að þarna komi til árekstra, vegna þess að þeim sé ekki kynnt fyrir fram, hvar línan liggur í sjó, ekki kannske um nægilegar merkingar að tefla o. s. framvegis.

Ég held, að við þurfum að hyggja að öllum þessum atriðum og reyna með þeim hætti, sem nokkur kostur er, að afstýra því, að svona árekstrar eigi sér stað. Það verður sjálfsagt erfitt að koma algerlega í veg fyrir, að það geti komið til slíkra árekstra og þá, að ég vil vona, frekar vegna þess, að um slysni sé að ræða en beinan ásetning. En þá er sjálfsagt að reyna að koma fram bótakröfum og ekki nema sanngjarnt, að þeir greiði bætur, sem þannig valda tjóni á veiðarfærum.

Það var minnst á bréf frá Bylgjunni, og var sagt, að það hefði verið sent sjútvrn. Ég kannast ekki við að hafa fengið nein bréf þarna að vestan varðandi þetta og yfirleitt ekki dómsmrn., og þessi ályktun, sem var sagt að mundi verða send, er, að ég best veit, ekki komin til dómsmrn. En mér heyrðist hv. 5. þm. Vestf. skýra frá því, að í dag eða gær hefði verið gerð einhver samþykkt þar um, en hún kemur þá væntanlega og verður tekin til athugunar.

Það er sjálfsagt að taka þessi mál til athugunar, og ég vil reyna að gera mitt til þess, að það sé hægt að rétta hlut manna, sem orðið hafa fyrir skakkaföllum í þessu sambandi, og jafnframt vinna að því, ef mögulegt er, að hægt sé að koma á þarna einhverju fyrirkomulagi, sem gæti dregið úr líkunum á því, að til svona árekstra komi, og legg ég enn áherslu á, að það er nauðsynlegt, að þessir aðilar snúi sér til réttra stjórnvalda og mælist til þess við þau.

Eins og ég sagði áðan, voru 5 varðskip á sjó, þegar þetta skeði. Vonandi geta þau orðið eitthvað fleiri, og þá verður reynt, eins og ég sagði, að auka gæsluna fyrir Vestfjörðum, enda þótt menn verði að skilja þá staðreynd, að það verður að gæta að víða, ekki bara til vörslu, heldur líka til öryggis, því að á þessum tíma, alveg sérstaklega meðan loðnuveiðarnar standa yfir, er óhjákvæmilegt, að verið sé á varðbergi.

Ég vona, að þessar upplýsingar, sem ég hef hér tiltækar og hef hér gefið frá Landhelgisgæslunni, geti að nokkru upplýst það, sem hv. fyrirspyrjandi spurðist fyrir um, og viðvíkjandi áskorun hans um, að reynt yrði að gera það, sem hægt væri, þá tek ég að sjálfsögðu jákvætt undir það, að það verði reynt.

Alexander Stefánsson: Herra forseti. Ég vil vekja athygli á því við þessar umr., að það eru fleiri svæði á vertíð nú, þar sem fiskimenn eru í vanda, heldur en aðeins fyrir Vestfjörðum. Ég vil vekja athygli á því, að frá Breiðafjarðarhöfnum eru gerðir út núna milli 60 og 70 bátar, sem stunda línu- og netaveiðar út af Breiðafirði. En við setningu reglugerðar um friðunarsvæði innan landhelginnar hér á hv. Alþ. varð það slys að mínu mati, að togurum eru leyfðar veiðar inn að 4 mílum og 6 mílum út af þessu svæði, og þar með eru bestu neta- og línusvæðin út af Breiðafirði og Snæfellsnesi útilokuð fyrir bátana á þessu svæði vegna þess öryggisleysis, sem þeir eiga við að búa fyrir ágangi erlendra og innlendra togara. Ég veit, að það hefur þegar orðið tjón á þessu svæði hjá þeim bátum, sem hafa hætt sér út fyrir 6 mílna línuna, þó að það hafi ekki verið kært. Hins vegar er tjónið enn þá meira fyrir þá að geta ekki notað þetta svæði, sem er besta svæðið til línu- og netaveiða. (Gripið fram í.) Ég segi það ekki á þessum stað, hver var valdur að því, það var ekki kært.

En það, sem er aðalatriðið í þessu máli og ég vil koma hér að, er, að útvegsmenn og hreppsnefndir á þessu svæði sendu til sjútvrn. og Fiskifélagsins ákveðnar óskir um sérstakt friðunarsvæði fyrir neta- og línuveiði á ákveðnu tímabili nú á þessari vertíð. Þetta hefur ekki enn fengist afgreitt, hvernig sem á því stendur.

Ég tel, að það sé alveg öruggt, að besta ráðið til að forðast slíka árekstra, sem hér hafa orðið, og enn fremur til að tryggja fiskimönnum frið með bestu veiðarfærin á þessu svæði, sé, að settar séu ákveðnar reglur um sérstök svæði, sem njóti um ákveðinn tíma friðunar og eftirlits, til þess að það fólk, sem byggir alla sína af-

komu á sjávarútvegi, fái að stunda þessar veiðar í friði. Þess vegna mælist ég til þess, eins og raunar kom fram hjá hæstv. ráðh., að það verði teknar upp alvarlegar viðræður milli rn. um að reyna að finna lausn á þessu máli nú þegar, þar sem nú stendur yfir hávertíð og allir mæna á það að geta dregið afla á land.

Jón Árm. Héðinsson: Herra forseti. Ég skal ekki eyða mörgum orðum að þessu, en ég vil aðeins undirstrika orð beggja hv. þm. Vestf. um, að hér er um alvarlegan atburð að ræða, sem verður, — eins og hæstv. dómsmrh. gaf í skyn og ég veit, að hann stendur við, — að koma í veg fyrir, eftir því sem nokkur leið er, að endurtaki sig. Það er meginatriðið, sem ég vildi undirstrika hér. Það er kvöð beggja aðila að lýsa svæði sitt með ljósbaujum og helga sér þannig fullkominn rétt. Verður hann þá ekki vefengdur, og eiga þeir þá fulla bótakröfu á hendur þeim, er tjóni veldur. En sé svo, eins og kemur fram í skýrslu breskra togara, að þeir hafi verið 36 tímum áður á þessu veiðisvæði, þá voru þeir skyldaðir til þess að draga á milli svokallaðra ljósbauja. Hafi þeir ekki gert það, eru þeir réttlausir. Þetta vildi ég undirstrika.

Ég talaði vestur, þegar ég heyrði um þennan atburð, og mér var tjáð, að svo undarlega hefði brugðið við, eftir að línusvæðið hafði verið tilkynnt, þá hefði ekki verið annað hægt að sjá en stefna hefði verið tekin á svæðið. Það er sá alvarlegi atburður, sem við verðum að mótmæla mjög eindregið. Þetta er sagt af íslenskum skipstjórum, og ég vænti þess, að þeir muni geta staðfest þetta sjónarmið sitt fyrir rétti. Það verður að gera breskum yfirvöldum það fullkomlega ljóst, að á slíku atferli verður ekki tekið með neinum silkihönskum. Eins og 1. þm. Vesturl. drap á hér áðan, eru í hættu stór svæði hjá þeim og einnig síðar á vertíðinni undan Reykjanesi. Hafa árekstrar átt sér stað þar undanfarin ár, og við óttumst sumir hverjir, að þeir muni endurtaka sig á komandi vertíð. Það verður að leggja áherslu á það, bæði fyrir Íslendingum og útlendingum, að það er ekki verjandi annað en hafa veiðarfæri sín löglega merkt og veiðisvæði.

Ég vil harma þennan atburð sannarlega. En ég vil einnig, að þegar í stað sé breskum yfirvöldum tilkynnt um það, að við lítum mjög alvarlega á slíka árekstra og við lítum í raun og veru miklu alvarlegar á það að Bretar fari yfir línuna, heldur en þó að íslenskir fiskimenn geri það. Ég geri það a. m. k. persónulega. Við vitum um togstreitu innbyrðis hjá okkar fiskimönnum, og hún er miklu skiljanlegri en það að Bretar sýni hér yfirtroðslu. Frá mínu sjónarmiði er það.

Hæstv. dómsmrh. talaði um, að varðskipin hafi mikið að gera. Það er auðvitað hlutverk þeirra að vera á varðbergi, eins og frekast er unnt. En sumum finnst að þau liggi dálítið hér í höfn, og væri fróðlegt að heyra um úthaldsdaga hvers skips fyrir sig fram að miðjum þessum mánuði, frá því að samkomulagið við Breta var gert. Það má birta það eftir á. Það á ekki að birta áætlun fyrir fram, en það má vel birta hana eftir á. Sögusagnir eru á kreiki um, að það sé óvenjulega lítið úthald núna. Ég legg engan dóm á það, en það er langbest að eyða sögusögnum með staðreyndum og leggja þá fyrir alla alþm. skýrslu um það. Þá sjáum við, hvað þau hafa verið upptekin.

Sem sagt, ég vil undirstrika orð Vestfirðinganna um, að það verði tekið á þessum málum með festu, mennirnir mæti fyrir dóm, við göngum frá okkar skýrslum og tjónið verði bætt.

Þorv. Garðar Kristjánsson: Herra forseti. Ég vil þakka hæstv. dómsmrh. fyrir svar hans við fsp. minni. Hæstv. ráðh. kom nokkuð víða við í sínu svari, og er síst að lasta það. Hann benti á, að varðskipin og Landhelgisgæslan hefðu mörgum störfum að sinna, og gerði grein fyrir, hvernig hefði verið háttað verkefnum varðskipanna á laugardaginn var, þegar sá atburður varð á Vestfjarðamiðum, sem er tilefni fsp. minnar. Ég hef að sjálfsögðu ekkert við hans ummæli eða skýrslu í þessum efnum að athuga. Ég efast ekki um, að þar sé rétt greint frá.

Það er gott að vita þetta, og af þessu má draga nokkrar ályktanir. En áður en lengra er haldið, vil ég víkja að nokkrum öðrum atriðum, sem hv. ráðh. vék að. Hann sagði, að þeir atburðir, sem skeð hefðu s. l. laugardag á Vestfjarðamiðum, væru ekki nýtt vandamál, slíkt hefði komið fyrir áður, og auðvitað er það rétt. Hér er ekki um nýtt vandamál að ræða í þeirri merkingu, að áþekkir atburðir hafi aldrei skeð áður.

Við eigum langa sögu af árekstrum á miðunum og sérstaklega árekstrum við Breta. Hæstv. ráðh. sagði, að hann vildi ekki ætla neinum svo illt, að hann af ásettu ráði stofanði til slíkra atburða og árekstra. Ég held, að það verði að taka þessi ummæli hæstv. ráðh. með nokkrum fyrirvara. Við megum ekki gleyma sögunni í þessu sambandi. Við þekkjum svo mörg dæmi um grímulaust ofbeldi og yfirgang breskra togara gagnvart landsmönnum og okkar fiskimönnum, að ég held, að það sé óþarfi hér á hv. Alþ. að gefa slíkar yfirlýsingar, að það sé útilokað, að hér geti verið um viljaverk að ræða. — Ég ætla ekki að fara að rekja þetta. Það tilheyrir Íslandssögunni atburðurinn, þegar vegið var að sýslumanni Ísfirðinga, Hannesi Hafstein, á sínum tíma í Dýrafirði. Og það er hægt að greina frá mörgum atburðum nokkuð í þá átt. En ég ætla ekki að gera slíkt.

Það er rétt hjá hæstv. dómsmrh., sem hann kom inn á, að það þyrfti að gera ráðstafanir til þess að skipta veiðisvæðunum og vernda sum vegna línuveiðanna. Þetta er það, sem nauðsynlegt er að gera. Og það er gert ráð fyrir því í l., sem tóku gildi varðandi friðunarmálin 1. jan. s. l., að þetta sé gert. Ég vitnaði áðan í bréf frá fiskideildinni Tálkna á Patreksfirði til sjútvrh. og gat þess, að það bréf væri skrifað 3. þ. m. En einmitt í þessu bréfi er þess farið á leit við hæstv. sjútvrh., að notuð verði heimild í l. um friðun fyrir togveiðum á línubátasvæðum. Heimamönnum vestra þykir hafa orðið nokkur dráttur á afgreiðslu þessa máls, og mér finnst rétt að nota þetta tækifæri til að óska eftir, að hæstv. forsrh. inni nú félaga sinn, hæstv. sjútvrh., eftir þessu máli og leggi lið í þá átt að flýta afgreiðslu þessa máls.

Ég vil aðeins víkja örfáum orðum að hugleiðingum hæstv. ráðh. um það, hvernig menn eigi að haga sér, sem verða fyrir þessum ágangi bresku togaranna. Hann gat um, að skipstjórarnir, sem s. l. laugardag urðu fyrir ofbeldi Bretanna, hefðu ekki komið fyrir rétt enn þá. Þeir þurfa að fara nokkurn veg, og það eru ekki greiðar samgöngur til Ísafjarðar og naumast hægt að fara nema sjóleiðina. Það mundi þýða, að það féllu niður sjóferðir hjá þessum bátum, ef skipstjórar þeirra tækju sér á hendur ferð til Ísafjarðar. Nú vill svo til, að einmitt í þessum mánuði hefur verið aftaka gæftaleysi, svo að ég hygg, að það sé ekki hægt að finna þessum skipstjórum til foráttu, þó að þeir hyggist nota næsta dag, er ekki gefur á sjó, eða verkfallið, sem búið er að boða, til þess að sinna betur þessum málum. Ég hygg, að þeir tapi engum rétti við það og það sé óþarfi að gera því skóna, að þeir hafi ekki fullan áhuga á því að koma sínum málum á framfæri við rétta aðila.

Hæstv. ráðh. sagði, að það hefði komið í ljós, að mönnum bæri ekki saman, þegar slíkir atburðir yrðu eins og s. l. laugardag á Vestfjarðamiðum. Ég hygg, að það sé ekki í frásögur færandi. Ég hygg, að í flestum slíkum tilfellum beri mönnum ekki saman. Þeim, sem beita aðra ofbeldi og yfirgangi, er yfirleitt ekki tamt að viðurkenna staðreyndirnar og viðurkenna sig seka. Og auðvitað er það eins í þessu sambandi og mörgum öðrum áþekkum.

Þá vék hæstv. dómsmrh. að því, að ekki væri ástæða til þess að blanda þessu máli saman við landhelgissamninginn við Breta, sem við gerðum í nóv. Ég er honum algerlega sammála um þetta, enda tók ég það sjálfur fram í ræðu minni áðan, að ég ætlaði ekki að fara að ræða þessi mál. Ég aðeins vék í einni setningu eða svo að þessu máli til þess að leggja áherslu á það, að samningurinn væri orsök þess vanda, sem vestfirskir fiskimenn lentu í s. l. laugardag, vegna þess að með samningnum hefði Bretum verið hleypt inn í landhelgina. Í öðru sambandi ætla ég ekki að ræða þetta. En ég sagði og lagði mikla áherslu á, að það yrði að viðurkenna sérstöðu Vestfjarða, það yrði að viðurkenna það, hve háðir þeir eru umfram aðra landsmenn sjávarútveginum og hve þjóðarframleiðslan í heild á mikið undir því, að þar verði ekki brestur á. Og ég sagði, að þessi sérstaða hefði stundum verið viðurkennd og stundum ekki, hún hefði verið viðurkennd, þegar landhelgissamningarnir voru gerðir 1961, en ekki viðurkennd, þegar samningurinn var gerður nú í haust. Þetta eru staðreyndir, sem við skulum ekki deila um. Það er ekki hægt að deila um þetta. Þess vegna var það næsta máttlaust, sem hæstv. dómsmrh. sagði í þá átt, að þetta skipti ekki máli. Þetta mundi enginn Vestfirðingur geta skilið, að það skipti ekki máli mismunurinn á landhelgissamningunum 1961 og 1973. Ég ætla ekki að fara að tefja hér tímann með því að fara að útlista þennan mun hér. Ég hygg að allir hv. dm. skilji þetta, og raunar efast ég ekki um, að hæstv. dómsmrh. skilji, að hér er um mismun að ræða.

Ég er þakklátur hæstv. dómsmrh. fyrir að vilja beita áhrifum sínum til þess, eins og hann sagði, að sjútvrn. beitti sér fyrir afmörkun veiðisvæða. Ég er einnig þakklátur fyrir það, sem hann sagði, að Landhelgisgæslan mundi gera allt eftir bestu getu varðandi þessi vandamál Vestfirðinga, — allt eftir bestu getu. Ég hef raunar ekki efast um, að hæstv. dómsmrh. væri velviljaður í þessu máli og vildi gera allt eftir bestu getu. En það er ekki nægilegt að segja þetta. Það verður að skapa möguleika til þess, að það sé hægt að halda uppi öflugri gæslu fyrir Vestfjörðum en gert hefur verið. Og ef geta er ekki til þess í dag, af hvaða ástæðum sem það er, þá verður að bæta úr því. Vestfirðingar eiga siðferðislega kröfu til hæstv. núv. ríkisstj., að hún sinni þessu verkefni, vegna þess að það er hún, sem ber ábyrgð á þeim vanda, sem hlýst af því, að ekki var viðurkennd hin sérstaka aðstaða Vestfjarða í sambandi við landhelgissamninginn. Ríkisstj. ber, fyrst hún vildi ekki viðurkenna sérstöðu Vestfirðinga við samningsgerðina, að viðurkenna sérstöðu Vestfirðinga við framkvæmd samningsins, og það er mergur málsins nú. Við skulum ekki deila hér um það, sem búið er og gert. Við skulum heldur beina athyglinni að framkvæmd samningsins, framkvæmd þessara mála. Og ég vænti þess, að hæstv. dómsmrh og forsrh. beiti nú áhrifum sínum til þess, að svo megi verða, að nokkuð verði bætt úr þeim áföllum, sem Vestfirðingar hafa hlotið af landhelgissamningum 1973.

Ríkisábyrgð á launum við gjaldþrot, frv. (þskj. 232, n. 376). — 2. umr.

Frsm. (Björn Fr. Björnsson): Herra forseti. Ákvæði þess frv., sem hér er til umr., má telja að sé nýmæli í íslenskri löggjöf. Í 1. gr. frv. segir:

„Ríkið ábyrgist samkv. lögum þessum greiðslu á launakröfum á hendur vinnuveitanda, sem úrskurðaður hefur verið gjaldþrota."

Í 2. gr. frv. eru svo fyrirmæli um það, til hverra launa frv. taki. Eru það vinnulaun, sem forgangsréttur fylgir samkv. ákvæðum í skiptal. frá 1878, og eru þar tilgreind nánar. Ábyrgð ríkissjóðs tekur einungis til kröfu, sem lýst hefur verið lögformlega við gjaldþrotaskipti, þ. e. komið fram við innköllun skulda í gjaldþrotabú. Félmrn. innir greiðslur af hendi samkv. lögunum. Nánari reglur eru settar um framkvæmdina, og sýnast þær vera með eðlilegum hætti.

Sams konar löggjöf og hér er á ferð hjá okkur er komin á bæði í Svíþjóð og í Danmörku, og í Noregi er í undirbúningi löggjöf um sama efni eða líkt. Í þessu frv. er ekki gert ráð fyrir sérstökum skatti til að standa undir greiðslum ríkissjóðs, en bæði dönsku og sænsku lögin hafa ákvæði um, að atvinnurekendur greiði skatt í þessu skyni, en hjá okkur á ríkissjóður að standa undir þessum launagreiðslum. Þessi skipan þykir í raun og veru, eins og á stendur og við upphaf þessarar löggjafar og fyrstu framkvæmd, einföld og ekki eins kostnaðarsöm og það væri að leggja á sérstakan skatt til innheimtu, þótt að sjálfsögðu geti til þess komið síðar.

Ég veit ekki til þess, að fyrir liggi neinar skýrslur eða sérstakar athuganir á því, hve háar slíkar greiðslur kynnu að vera, miðað við gjaldþrotabú og launagreiðslur í sambandi við þau bú. Að sjálfsögðu fer það mjög eftir því, hvernig atvinnuvegum okkar gengur hverju sinni. Það þarf að minni hyggju ekki að búast við því, að þessar greiðslur verði sérstaklega umfangsmiklar fyrsta kastið og eins og á stendur í þjóðfélaginu. Hins vegar mætti gera ráð fyrir því, ef verr áraði, og þá yrði að hafa hliðsjón af því og íhuga þá væntanlega um skatt í þessu formi. En það er von mín og annarra, sem hafa fjallað um þetta mál, að til þess komi ekki, að þetta verði sérstaklega þungur baggi. En hér er oft um mjög nauðsynlegar greiðslur að ræða, sem vinnuveitandinn hefur ekki getað innt af höndum, og þá kemur ríkissjóður þar til skjalanna og leysir út laun til viðkomandi launþega.

Félmn. þessarar d. sendi þetta frv. til umsagnar Vinnuveitendasambands Íslands og Alþýðusambands Íslands. Umsögn barst frá Vinnuveitendasambandinu, þar sem það mælir eindregið með samþykkt frv. Hins vegar hefur A.S.Í. ekki sent umsögn til n. þrátt fyrir beiðni þar um. En okkur í n. þótti ekki vera rík ástæða til að draga þetta mál á langinn fyrir þá sök, að það vantaði umsögn, vegna þess að við gerðum ráð fyrir því, að Alþýðusamband Íslands hefði ekki á móti framgangi þessa frv. Því leggur félmn. d. einróma til, að frv. verði samþ., en með breyt. um gildistökutíma, þannig að frv. taki lagagildi, þegar það hefur verið staðfest af réttum aðilum, og er þeirrar breytingar getið í nál. félmn.

ATKVGR.

1. gr. samþ. með 12 shlj. atkv.
2.—12. gr. samþ. með 13 shlj. atkv.
Brtt. 376 (ný 13. gr.) samþ. með 13 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 13 shlj. atkv.

Neðri deild, 64. fundur.

Miðvikudaginn 20. febr., kl. 2 miðdegis.

Útflutningsgjald af loðnuafurðum, frv. (þskj. 337, n. 346). — 2. umr.

Frsm. (Garðar Sigurðsson): Herra forseti. Á hv. d. um frv. til l. um sérstakt útflutningsgjald af loðnuafurðum til staðfestingar á brbl. frá 11. jan. s.l.

Efni frv. er í stuttu máli það, að taka skal 5% af útflutningsgjaldi loðnuafurða og setja í sérstakan sjóð. Er gert ráð fyrir, að sjóðurinn geti numið um 250 millj. kr. Verja á 25 millj. kr. til lífeyrissjóða sjómanna, en 225 millj. kr. til að greiða niður tilfinnanlega vaxandi olíukostnað fiskiflotans. Sýnist n., að setning þessara brbl. hafi greitt verulega fyrir ákvörðun fiskverðs um áramótin og muni styrkja rekstrargrundvöll þeirra greina sjávarútvegsins, sem veikast standa gagnvart olíuhækkuninni. Ég vil vekja athygli á, að ráðstafanir þessar eru gerðar í samráði við hagsmunasamtök í sjávarútvegi.

Í nál. segir, að sjútvn. hafi orðið sammála um að leggja til, að frv. yrði samþ. Vegna þess vil ég vekja athygli á því, að 3 nm. voru fjarverandi. Tveir þeirra, hv. 10. þm. Reykv. og hv. 5. landsk. þm., höfðu rætt frv. við 1. umr. málsins. Það kom skýrt fram af máli hv. 10. þm. Reykv., að hann var samþykkur frv., en hv. 5. landsk. ekki. Um afstöðu hv. 2. þm. Reykn. var okkur ókunnugt, en það er ljóst, að minnst 5 og jafnvel 6 af 7 nm. eru meðmæltir því, að frv. verði samþ.

Sverrir Hermannsson: Herra forseti. Ég vil taka það fram þegar í upphafi, að ég er sammála þeirri aðferð, sem í þessu frv. er lagt til, að viðhöfð verði, að leggja á 5% útflutningsgjald af fob.-verði loðnuafurða framleiddra á árinu 1974 til þess að verja til niðurgreiðslu á olíu til fiskiskipa.

Sú skoðun hefur raunar komið fram, að þetta væri ekki með öllu eðlileg aðferð, þar sem aðeins hluta af fiskiskipaflotanum eða þeim aðilum, sem veiða og verka loðnu, er gert að greiða þetta gjald, til þess að flotinn í heild sinni njóti góðs af. Ég vil taka það fram, að sem einhver regla getur þetta auðvitað ekki gilt, en í þessu tilfelli sýnist mér þetta alveg réttlætanlegt. Það verður tæplega talið, að þetta mikla happ og þessi miklu uppgrip, sem loðnuveiðin er, ný uppgrip að kalla, eigi að teljast happ einvörðungu til viss hluta af útgerð og fiskvinnslu í landinu, heldur verður að líta á þetta sem happ fyrir þjóðfélagið í heild, og þeir, sem skyndilega bera mikið úr býtum, verða að sjá af hluta þess til samfélagsþjónustunnar, svo sem eins og hátekjumenn verða að bera þyngstu byrðarnar í sköttum og axla stærri hluta af samfélagsþjónustunni en hinir, sem minna bera úr býtum. Þess vegna er það og með sérstöku tilliti til þess, að hér hefur orðið samkomulag við viðkomandi aðila um þessa aðferð, þá er ég henni alveg fylgjandi.

En í sambandi við þetta mál væri ástæða til þess að orðfæra hér örfá atriði, sem snerta veiði og verkun loðnunnar. Allir hafa fylgst með því, bæði í fjölmiðlum og einnig hér í Alþ., hvað hefur átt sér stað undanfarið, þeir ógæfuatburðir, að sjómenn hafa neyðst til þess að dæla veiðiafla sínum í sjóinn aftur, vegna þess að þeir hafa ekki haft tök á því að selja hann til vinnslu. Slíkt ástand er auðvitað hið ömurlegasta ófremdarástand, enda þótt ég fái ekki séð, að það megi kenna neinum sérstökum einum aðila þar um. Ástæðan er kannske fyrst og fremst sú ókyrrð, sem nú er ríkjandi á vinnumarkaðnum. En ég held, að það liggi þó alveg ljóst fyrir, að nokkurt misferli, ef svo má segja, hafi átt sér stað varðandi loðnulöndunina, — misferli, sem reglurnar um loðnulöndunarnefnd áttu að girða fyrir. Ég hygg og eftir þeim upplýsingum, sem fyrir liggja, að þetta mál hafi verið tekið til

rannsóknar og unnið að leiðréttingu gagnvart þeim aðilum, sem þarna hafa farið óeðlilega að ráði sínu, svo að ekki sé meira sagt. Við væntum þess, að fljótlega kyrrist um á vinnumarkaðnum, samningar náist, þannig að vinnudeilur verði ekki til þess að torvelda eða kannske eyðileggja að einhverjum hluta fyrir okkur þennan verðmæta sjávarafla, sem við eigum annars í boði.

En ég vildi aðeins víkja að þeim þætti, sem snertir útflutning á loðnuafurðum. Það ástand er í hæsta máta örðugt, sem skapast hefur hér, að mjög hefur hangið í lausu lofti um verðlagningu á þessum afurðum erlendis. Bæði á þetta við um mjölið, og liggja þar til ákveðnar ástæður, að kaupendur hafa haldið nokkuð að sér höndum, vegna þess að þeir áttu von á, sem raunar hefur komið á daginn, að nokkrar breyt. yrðu þar á, sérstaklega með afstöðu Perú. En allt að einu er verðlag á þessum afurðum mjög hátt, lýsi og mjöli, þannig að afkoman ætti alla vega að verða mjög góð, enda þótt hún verði e. t. v. ekki eins góð og menn höfðu í upphafi gert sér vonir um.

Eins og menn vita, hafa Japanir verið kaupendur að frystri loðnu, og hefur sá útflutningur farið stórvaxandi á síðustu 3—4 árum. Ég hygg, að fyrsta árið, sem að marki má segja, að þeir hafi keypt af okkur frystar loðnuafurðir, hafi verið 1970. Síðan hefur þetta farið stórvaxandi og skiptir orðið verulegu máli sem útflutningsmarkaður. Aðalkaupandinn á liðnum árum hefur verið fyrirtæki, sem nefnt hefur verið Tokyo Maroitsi, og þeir samningar, sem við það fyrirtæki hafa verið gerðir, hafa reynst mjög hagkvæmir. En á undanförnum árum hefur orðið vart nokkurs ókyrrleika á markaðnum í Japan, þar sem annað fyrirtæki, Misvitsi, hefur greinilega gert til þess tilraunir og heppnast að sprengja þennan markað upp með sérstökum samningum við annan útflutningsaðila, þar sem ekki var ákveðið um verð á frystu loðnunni, heldur skyldi það vera miðað við að vera um 5% hærra en það verð, sem samdist um við Tokyo Maroitsi. Nú hefur þetta heppnast, og ýmisleg atriði í þessu sambandi eru þess virði, að þeim sé gefinn sérstakur gaumur. Spurningin er, hvort við þurfum ekki að fá á þessu sérstaka rannsókn. Tokyo Maroitsi lagði til, að í Japan yrði stofnað sameignarfyrirtæki Íslendinga og þeirra. Í nokkru þófi stóð um þetta um hríð. Till. þeirra voru þær, að þeir ættu 50%, útflutningsmiðstöð Sambands ísl. samvinnufélaga 25% og Sölumiðstöð hraðfrystihúsanna 25%. Þessi mál hafa komið í þann stað niður, að aðeins Sölumiðstöðin hefur gengið til þessa leiks, og þetta fyrirtæki hefur verið stofnað. Ég tek það fram, að ég hef ekki nægilegar upplýsingar í höndum til þess að fullyrða neitt um þetta mál, þess vegna er ég að ræða það og víkja að því, að e. t. v. þyrftum við að rannsaka þetta betur. Mér hefur skilist, að þetta sameignarfélag Sölumiðstöðvarinnar og Maroitsi í Japan, þeir samningar gangi ekki út á ákveðið verð, heldur skuli við það verð miðað, sem útflutningsmiðstöð SÍS og Norðmenn ná á þessum markaði. Ég veit ekki, hvort menn álíta, að þetta sé eðlilegur framgangsmáti í þessum viðskiptamálum. Annað kemur til, sem hlýtur að vekja mjög athygli okkar, og það er stóraukið framboð Rússa á þessari vöru. Nú skilst mér, að þeir bjóði um 70 þús. smálestir, sem er nokkurn veginn talið vera það, sem neyslan í Japan verður á þessu ári. Er þó nokkur hætta á því, að hún kunni að verða minni vegna olíuskortsins. Að vísu er ekki um flokkun að marki að tefla hjá Rússum, þannig að verð er þar miklu lægra. Þar er einvörðungu miðað við 50% hrygnu af aflanum. Allt að einu er framboðið það mikið og verð með þeim hætti, að okkar markaðir hljóta að vera allmjög í hættu þarna, ég tala nú ekki um, ef Rússar tækju upp á því að flokka loðnuna. Þá er ég hræddur um, að við þyrftum að gá alveg sérstaklega að okkur.

Allur er þessi málatilbúnaður um söluna á Japansmarkaðnum með þeim hætti, að ég mundi vilja leggja til, að þetta mál yrði allt saman rannsakað ofan í kjölinn, hvernig þessi mál eru í pottinn búin.

Það er enn fremur ljóst, að það hefur mjög mikil áhrif á afstöðu Japana í sambandi við verðákvörðun á þessum afurðum, að þeir verða að senda skip sín af stað frá Japan að sækja afurðirnar, áður en framleiðslu er lokið í landinu, og t. d. fyrst í stað hygg ég, að útflutningsaðilarnir hér hafi orðið að ganga að því, ef það magn væri ekki fyrir hendi, þegar frystiskipin tækju hér land, að borga þá fragt, sem ella hefði nýst í því rúmi, sem autt yrði, þegar skipin sigldu til baka. Það er greinilegt, að það hefur mjög mikil áhrif á verðhugmyndir Japana, að þeir verða að senda flota sinn af stað að sækja þær, áður en tryggt er, að þær hafi verið framleiddar.

Þá komum við að því atriði, að það sýnist vera, ef við eigum að byggja mjög á þessum útflutningi, sem við hljótum að gera, að við þurfum að hugsa fyrir því að byggja frystigeymslur, þannig að geyma mætti loðnuna, þangað til Japönum þætti henta að sækja hana á sínum skipum. Er talið af kunnugum mönnum, að það muni þurfa frystirými fyrir um 15 þús. tonn, til þess að nokkurs öryggis mætti vænta í þessum sökum. Þessu þurfum við alveg sérstaklega að huga að.

Eins er um markaðsleit fyrir þessa vöru. Af sýnishornum, sem send hafa verið til Nígeríu, af árangri þeirrar markaðskönnunar er helst að sjá, að þar kunni að vera mikill markaður fyrir þessa vöru. En skilyrði til þess, að þangað megi flytja hana og dreifa henni, er, að byggðar yrðu frystigeymslur þar í landi. Og í heild má segja bæði um markaðsleit vegna þessarar vöru og okkar útflutningsvöru yfirleitt, að ég hygg, að mjög skorti á um alla markaðsleit. Við þurfum að leggja stóraukna áherslu á markaðsleit. Mér skilst, að útflutningsfyrirtæki okkar taki mjög lítil umboðslaun fyrir fiskafurðir, sem fluttar eru úr landi, og kann að vera af þeim sökum, að þau geti ekki staðið undir miklum kostnaði við markaðsleit. En ef svo er og svo reynist, að þau hafi ekki á því fjárhagsleg tök að annast aukna markaðsleit, er það skoðun mín, að það hljóti að vera hins opinbera að koma þar til skjalanna.

Eins og ég minntist á, þykir mér bera til þess brýna nauðsyn, að rannsakaðir verði allir þættir þessa máls, hvað varðar útflutning frystu loðn-

unnar til Japans. Það hefur margt verið að ske stórt í þeim sökum undanfarnar vikur og mánuði, sem ég hef ekki haft tök á að fá neinar upplýsingar um, sem teljast geta í áttina við það að vera fullnægjandi, og þess vegna er það, að ég mundi eindregið vilja leggja til við rétta aðila, eins og hæstv. sjútvrh., að hann beitti sér fyrir því, að okkur yrði gefin skýrsla um, hvernig þessum málum er háttað. Það getur ekki verið neitt einkamál þeirra aðila, sem þennan útflutning stunda, heldur varðar þetta alla heildina, hvernig að málunum er staðið og unnið.

Ég hef svo ekki fleiri orð um þetta, en ég fylgi alfarið þessari aðferð, sem lagt er til í frv., að viðhöfð verði.

Sjútvrh. (Lúðvík Jósepsson): Herra forseti. Ég vil nú fyrst þakka sjútvn. fyrir greiða afgreiðslu á þessu máli og einnig fyrir góðar undirtektir við það hér í hv. d. Mér sýnist, að samstaða eigi að geta orðið um framgang málsins.

En í sambandi við þær umr., sem hér hafa farið fram, hefur hv. 4. þm. Austf., sem nú var að enda að tala, vikið að einum mjög þýðingarmiklum þætti í sambandi við útflutning okkar á loðnuafurðum. Í fyrsta lagi vék hann nokkuð að því, að það ríkti nokkur óvissa um sölu á loðnumjöli, og ýmis vandamál hafa komið einnig upp í sambandi við löndun á loðnu, eins og menn þekkja nú að undanförnu. Það er rétt, að það er um mikla óvissu að ræða varðandi það verð, sem við væntanlega fáum fyrir útflutninginn á okkar loðnumjöli. En ég tel fyrir mitt leyti, að það sé til lítils gagns að ræða það, eins og málin standa nú. Við verðum þar að bíða nokkuð átekta og sjá, hvernig fer með verðlagsþróunina. Það er eins og sagt hefur verið hér í umr. á Alþ., að það er ýmislegt, sem bendir til þess, að verðið eigi eftir að koma upp aftur og eigi eftir að hækka á nýjan leik, þannig að hægt verði að fá fyrir alla framleiðsluna svipað verð og við höfum fengið fyrir þann hluta framleiðsunnar, sem þegar er seldur. En vissulega getur þetta líka orðið þannig, að við stöndum frammi fyrir talsverðri verðlækkun á mjölinu frá því háa verði, sem við höfum fengið fyrir þann hluta, sem seldur er. En það verður að bíða enn um sinn og sjá, hvað gerist í þeim efnum, því að framleiðendur og útflytjendur eru allir sammála um að bíða og selja ekki, eins og sakir standa, á því verði, sem nú er almennt í boði.

Hv. 4. þm. Austf., Sverrir Hermannsson, ræddi þó einkum og sérstaklega hinn nýja og þýðingarmikla útflutning okkar á loðnuafurðum til Japans, þ. e. a. s. sölu okkar á frystri loðnu á þann markað. Þar er um mjög þýðingarmikinn markað að ræða og alveg nýja útflutningsgrein, má í rauninni segja, og skiptir auðvitað miklu máli, hvernig til tekst með þann útflutning. Við höfum fengið að okkar dómi mjög hagstætt verð fyrir þessar vörur, og það hefur farið hækkandi. Ég get ekki á þessu stigi málsins gefið hér neina ítarlega skýrslu um það, hvernig staðið er að eða hvernig ætlunin er að standa að sölunni á þennan markað. En þó má gefa þær upplýsingar, sem komu sumpart fram hjá hv. þm., að fram að þessu ári hefur það verið svo, að frá okkar hálfu hefur verið um tvo útflytjendur að ræða og þó aðallega einn, þ. e. a. s. samtök frystihúsanna í landinu. Sölumiðstöð hraðfrystihúsanna annars vegar og Samband ísl. samvinnufélaga hins vegar hafa staðið saman að því að bjóða fram og selja þessa vöru á Japansmarkaðinn. Og það eru þessi tvö stóru félagasamtök, sem hafa haft á sínum vegum nær alla framleiðsluna eða yfirgnæfandi meiri hl. hennar. En auk þess hefur verið um einn annan aðila að ræða, sem hefur haft leyfi til þess að selja á þennan markað, hefur selt mjög lítið magn og hefur leyfi til þess enn. En það er mjög lítið magn, sem hann hefur selt á þennan markað.

Nú hefur það hins vegar gerst á þessu ári, að það samstarf, sem var á milli þessara tveggja stóru aðila, þ. e. a. s. Sölumiðstöðvar hraðfrystihúsanna og Sambands ísl. samvinnufélaga, rofnaði og þeir tóku það upp að selja hvor í sínu lagi á Japansmarkað. Við treystum okkur ekki í viðskrn. að knýja fram okkar vilja í þessum efnum, en létum skýrt í ljós, að við teldum, að það væri á margan hátt sterkast fyrir okkur, að þetta samstarf þeirra á milli héldist áfram og við byðum í rauninni helst fram sem einn aðili þessa vöru á Japansmarkaðinn með eðlilegu eftirliti og umsjá viðskrn., eins og verið hefur. En hjá þessum aðilum, sem starfa sjálfstætt að útflutningi hvor í sínu lagi í öðrum greinum, fór svo, að þeir gátu ekki haldið samstarfinu áfram og byggðu upp hvor sinn sjálfstæða útflutning.

Í þessum efnum varð það úr, að Sölumiðstöð hraðfrystihúsanna sækir um að fá að verða aðili að sérstöku fyrirtæki í Japan, sem þá væri byggt upp með þeim japanska aðila, sem hefði aðallega keypt loðnuna áður héðan frá Íslandi. Þar með var farið inn á þá braut, að stærsti útflytjandi hér, Sölumiðstöð hraðfrystihúsanna, byggði upp sérstakt félag með þeim, sem hafði verið aðalinnflytjandinn í Japan, og hér var orðið um útlent félag að ræða, sem íslenskur aðili var aðeins hluthafi í, og þá gert ráð fyrir því, að þetta félag, sem þannig yrði byggt upp í Japan, keypti framleiðsluna héðan aðallega frá Sölumiðstöð hraðfrystihúsanna. En það er ekki rétt, að um það sé að ræða, að þetta japanska félag, sem svona er byggt upp, eigi að fá vöruna héðan á einhverju óákveðnu verði. Það verður að greiða fast verð fyrir vöruna, — verð sem ákveðið er hér á hverjum tíma af viðskrn., svo að þeir fái ekki að selja þessa vöru í neinni umboðssölu, heldur verður hið japanska fyrirtæki, sem svona er uppbyggt, að kaupa vöruna á föstu verði. Hitt getur svo að sjálfsögðu komið út úr þessu dæmi, að þetta japanska fyrirtæki sýni hagnað, sem íslenskur aðili á sinn þátt í. En ég skal ekki fara út í það á þessu stigi málsins að lýsa neinni afstöðu til þessarar sérstöku uppbyggingar. Hún er nokkuð sérstæð og fellur ekki almennt inn í okkar form í sambandi við utanríkisviðskipti, en er þó ekki óþekkt. Hins vegar er Samband ísl. samvinnufélaga eins og áður sjálfstæður útflytjandi og selur til ákveðinna innflytjenda í Japan og verður einnig að

hlíta því verði, sem viðskrn. samþykkir, að gildi um útflutningsverð vörunnar á hverjum tíma. Og sama er að segja um þriðja aðilann, Útflutningsmiðstöðina, sem flytur út minni háttar magn. Hún hefur leyfi til þess nú eins og áður.

Það er enginn vafi á því, að það er þýðingarmikið að fylgjast með því, eins og hv. þm. vék hér að, hvernig tekst til með sölustarfsemi okkar á þessum japanska markaði, þannig að það verður reynt að koma í veg fyrir það, að íslensk fyrirtæki keppi þar á óeðlilegan hátt hvert við annað eða við verðum á nokkurn hátt til að lækka verð okkar vöru vegna þeirrar skiptingar, sem þarna er komin fram á sölunni á þennan markað. Ég vil aðeins nefna það sem dæmi, að Norðmenn, sem líka hafa verið á þessum markaði allan þann tíma, sem við höfum verið þar, hafa haldið sig fast við að bjóða þar fram vörur á vegum eins aðila. En ég held, að þeir samningar, sem hafa verið gerðir nú af öllum þessum þremur íslensku útflytjendum, séu allir í sams konar formi og tryggi sambærilegt verð, og var talið eftir allmikla athugun á því, að það væri besta verð, sem um væri að ræða, eins og nú stóðu sakir.

En það er rétt, að á þessum markaði í Japan hafa Rússar verið líka, þó að þeir vinni þar á dálítið öðrum grundvelli. Þeir geta auðvitað verið mjög stórir aðilar, og þarf að gefa þeim gaum í þessum efnum.

Ég get tekið undir það, sem hv. 4. þm. Austf. sagði, að það þarf sannarlega að gefa því gaum, hvernig staðið er að markaðsleit varðandi þessar nýju framleiðsluvöru, eins og reyndar aðrar. Er fylgst með því af hálfu viðskrn., þó að því sé ekki að neita, að þar sem um er að ræða hjá okkur stór félagasamtök, eins og t. d. Sölumiðstöð hraðfrystihúsanna eða Samband ísl. samvinnufélaga, sem annast meginhluta útflutnings í tiltekinni grein, þá má segja, að markaðsleitin og vinnan á hinum erlendu mörkuðum sé langsamlega að mestu leyti í höndum þessara aðila, sem við teljum, að séu nokkuð sterk samtök til að vinna að sölu á sínum útflutningsvörum með eðlilegu eftirliti af hálfu ríkisvaldsins. En það er ekki ríkisvaldið nema að litlu leyti, sem tekur að sér sölusamninga, ef það tekur að sér beinlínis að vinna á þessum mörkuðum. Þetta skipulag hefur gilt hér.

Ég treysti mér ekki til að ræða þetta öllu frekar á þessu stigi málsins. Það er alveg skýrt, að af hálfu viðskrn. verður fylgst með því, hvernig staðið er að þessum markaðsmálum og sölumálum, og gripið inn í, ef okkur þykir bein ástæða til, ef sú skipting, sem þarna hefur komið upp, verður að okkar dómi þannig, að hún geti skaðað okkar almennu útflutningshagsmuni, því að það er skoðun okkar, að almennt séð væri sterkara, að hér væri um einn aðila á þessum markaði fyrir okkar hönd að ræða, en ekki marga. En hins vegar hikum við við að neita gamalgrónum og sterkum útflutningssamtökum, sem starfað hafa sjálfstætt að útflutningi á frystum afurðum, um að fá að vinna hvort í sínu lagi, á meðan við a. m. k. teljum, að þau geti haft sín á milli eðlilegt samstarf þrátt fyrir vissa samkeppni.

Ég vænti svo, að þetta frv. geti fengið hér greiða fyrirgreiðslu í gegnum deildirnar.

ATKVGR.

1. gr. samþ. með 22 shlj. atkv.
2.—3. gr. samþ. með 21 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 21 shlj atkv.

Starfskjör launþega, frv. (þskj. 76, n. 368). — 2. umr.

Frsm. (Ágúst Þorvaldsson): Herra forseti. Þetta frv. um starfskjör launþega er komið til Nd. frá Ed., var samþ. þar einróma. Félmn. Nd. hafði málið til athugunar og leggur til, að frv. verði samþ. hér óbreytt. Ég skal taka það fram, að á þeim fundi, þegar málið var afgreitt, voru 3 nm. fjarverandi.

ATKVGR.

1. gr. samþ. með 21 shlj. atkv.
2.—5. gr. samþ. með 21 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 21 shlj. atkv.

Hjúkrunarlög, frv. (þskj. 190, 375). — 3. umr.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Brtt. 375,1 samþ. með 21 shlj. atkv.
— 375,2 samþ. með 21 shlj. atkv.
Frv., svo breytt, samþ. með 21 shlj. atkv. og endursent Ed.

Orlof, frv. (þskj. 71, n. 369). — Frh. 2. umr.

Frsm. (Ólafur G. Einarsson): Herra forseti. Vegna umr., sem urðu um þetta mál s. l. mánudag, þarf ég að segja nokkur orð til viðbótar því, sem ég sagði þá, þegar ég mælti fyrir áliti félmn. d. um frv.

Frv. sjálft er skýrt og ég held öllum skiljanlegt. Það er um, að skólafólki, sem stundar nám við viðurkennda skóla, sé þó heimilt að taka allt orlof sitt utan orlofstímabilsins. Þetta þýðir, að orlofið megi taka á öðrum tíma en frá 2. maí til 15. sept.

Eins og fram kom hjá flm. þessa frv., hv. 10. þm. Reykv., þegar hann mælti fyrir frv., er það flutt að beiðni Sjómannafélags Reykjavíkur vegna óska stýrimannaskólanemenda. Þessir nemendur vinna stuttan tíma ársins, en falla ekki undir það, sem verður að teljast meginsjónarmið orlofslaganna, að veita hvíld því verkafólki, sem vinnur hörðum höndum allt árið, eins og flm. komst að orði. Samkv. gildandi l. geta þessir skólanemendur fengið orlofsgreiðslur sínar að sjálfsögðu, en þó ekki fyrr en eftir á, á næsta ári. Tilgangurinn með frv. var að breyta þessari reglu, að því er tæki til skólafólks, þannig að þessir nemendur gætu fengið orlof og orlofsfé greitt utan orlofstímabilsins, en þyrftu ekki að bíða með það þar til árið eftir. Flm. taldi sig ná þessu

markmiði með því að orða frvgr. eins og hann gerði, og félmn. taldi, að svo væri einnig og að umsögn félmrn. byggðist á misskilningi.

Félmn. eru að sjálfsögðu ljós ákvæði 3. gr. orlofsl. þar sem segir, að orlof skuli vera 2 dagar fyrir hvern unninn mánuð á síðasta orlofsári. Umsögn félmrn. byggist á þessu ákvæði, og undir þá skoðun tók hv. 7. landsk. þm. í umr. hér á mánudag og taldi samkv. því eins og rn., að samþykkt frv. yrði ekki til hagsbóta fyrir skólafólk. Félmn. lagði sem sagt þann skilning í málið, að þrátt fyrir ákvæði 3. gr. væri skólafólki heimilt að taka orlof sitt utan orlofstímabilsins, ef frv. yrði samþ.

Ég lít svo á, að vilji sé fyrir því að veita skólafólki þennan rétt. A. m. k. er sá vilji ótvírætt fyrir hendi í félmn. Hins vegar er ágreiningur um það, hvort þessi réttur næst með því að samþykkja frv. óbreytt.

Hv. 1. þm. Norðurl. e. hreyfði þeirri hugmynd í umr. á mánudag, hvort ekki mætti leysa málið með því að orða gr. þannig, að heimilt væri að greiða skólanemum, sem stunda nám við viðurkennda fasta skóla, út orlofsfé sitt, þegar þeir óska. Mér sýnist sjálfsagt að taka þessa hugmynd til athugunar og alla vega að skoða það betur, hvor skilningurinn er réttur, sá, sem félmn. heldur fram, eða félmrn. Ég viðurkenni hins vegar, að óþarfi ætti að vera að orða lagagreinar þannig, að lesa þurfi yfir umr. á Alþ. til þess að komast að því, við hvað er átt. Þess vegna vil ég fara þess á leit við hæstv. forseta, að *hann fresti þessari umr., til þess að félmn.* gefist færi á að skoða málið nánar, og þá með það í huga, að þau réttindi, sem frv. stefnir að, náist og á því leiki enginn vafi, við hvað er átt.

Halldór S. Magnússon: Herra forseti. Ég vil aðeins taka undir tilmæli frsm. félmn. og fagna því, að það skuli vera vilji fyrir því í félmn. að skoða málið örlítið betur, svo sem mér sýnist full þörf á, eins og ég gat um í minni fyrri ræðu. Ég vil hins vegar aðeins til viðbótar því ítreka þá skoðun mína, að þó að ég telji í sjálfu sér mjög óheppilegt að samþykkja frv. eins og það er nú, þar sem það nái ekki þeim tilgangi, sem til er ætlast með því, þá tel ég þó raunverulegra enn óheppilegra að samþykkja frv. þannig, að það nái þeim tilgangi, sem til er ætlast af hálfu flm. og félmn.

Eins og frsm. félmn gat um, orðaði flm. frv. það í sinni framsögu, að orlofsl. gætu varla átt við um skólanema, þar sem þau ættu fyrst og fremst við um verkafólk, sem ynni hörðum höndum allt árið. Ég leyfi mér að halda fram þeirri skoðun, að skólanemar sem flestir hverjir vinna, eins og það er kallað, hörðum höndum, þ. e. a. s. vinna almenna vinnu, þá sumarmánuði, sem þeir eru í orlofi frá skóla, þeir vinni líka hörðum höndum allt árið. Ég leyfi mér að halda því fram, að skólanám sé síst minni vinna, eins og nú háttar í íslensku þjóðfélagi, heldur en hvert annað starf. Ég held þess vegna, að það sé alls engin ástæða til þess og síst til hagsbóta fyrir skólanemendur, að þeim sé gert kleift að taka út sitt orlofsfé, þegar þeir óska, og stuðla þannig að því, að þeir taki alls ekki sitt orlof, þ. e. a. s. fari ekki í leyfi, taki sér ekki frí frá störfum. Ég held, að skólanemum, sem vinna önnur störf *þann tíma, sem þeir eru ekki í skóla, veiti ekkert* síður af því en öðrum launþegum að taka orlof, taka sér frí frá störfum. Þeirra vinna í skóla og við önnur störf er síst minna erfiði en vinna þeirra, sem vinna almenn störf allt árið. Ég vil þess vegna leyfa mér að vænta þess, að þetta mál verði skoðað örlítið nánar frá þessum sjónarhóli líka.

Umr. frestað.

Sveitarstjórnarkosningar, frv. (þskj. 388). — 1. umr.

Flm. (Guðlaugur Gíslason): Herra forseti. Ég hef leyft mér að flytja hér á þskj. 388 frv. til l. um breyt. á l. um sveitarstjórnarkosningar. Það þarf ekki að lýsa ástæðum þess, að þetta frv. er flutt. Ég hygg, að þær liggi nokkuð augljóslega fyrir, að við þær náttúruhamfarir, sem urðu í Vestmannaeyjum í byrjun s. l. árs, skapaðist ástand hjá því fólki, sem þar bjó, sem er óvenjulegt í þessu þjóðfélagi og á vonandi aldrei eftir að endurtaka sig, þegar þarf að taka upp heila byggð, 5 þús. manna byggð, og flytja hana til fyrirvaralaust. Svo er þó forsjóninni fyrir að þakka, að að mörgu leyti hefur farið mun betur, ræst mun betur úr í sambandi við náttúruhamfarirnar heldur en menn óttuðust á tímabili, þannig að nú er kominn til Vestmannaeyja aftur um helmingur af því fólki, sem þar bjó áður. *Það liggur hins vegar fyrir, að ekki mun verða* mikið um flutninga á fólki til Vestmannaeyja nú í vetur og þá ekki fyrr en á næsta sumri. En eins og vitað er, eiga kosningar til sveitarstjórna að fara fram 26. maí n. k., og kemur þá til með að standa svo á hjá þeim, sem á kjörskrá eru í Vestmannaeyjum, að helmingur þeirra mun verða utan heimabyggðar sinnar og þyrfti því að neyta atkvæðisréttar síns með því að kjósa utan kjörstaðar, eins og það er kallað, eða leita til næsta yfirvalds og fá þar að greiða atkv. eftir þeim reglum, sem þar um gilda. En eins og allir, sem við kosningar hafa fengist, vita, eru í sambandi við það ýmsir erfiðleikar, sérstaklega fyrir eldra fólk, að þurfa að neyta atkvæðis síns utan kjörstaðar.

Frv. þetta er því flutt í þeim tilgangi einum, eins og fram kemur í grg., að létta því fólki, sem ekki verður komið heim til Eyja aftur á kjördag, að geta neytt atkvæðisréttar síns á venjulegan hátt í kjördeild, eins og almennt tíðkast. Ég get *ekki séð neina vankanta á því, að þetta sé* framkvæmanlegt, en tel hins vegar mjög nauðsynlegt, að bæjarstjórn Vestmannaeyja fái, að fengnu samþykki yfirkjörstjórnar, heimild til að setja upp kjördeildir á þeim þremur stöðum, sem tilteknir eru í frv., en það er á Selfossi, Reykjavík og Keflavík. Þessir staðir eru sérstaklega tilgreindir vegna þess, að stærstur hluti kjósenda, sem verða á kjörskrá í Vestmannaeyjum í vor, dvelur einmitt á þessum stöðum eða í námunda við þessa staði.

Ég tel ekki, að ég þurfi um þetta frekari rökstuðning. Frá mínu sjónarmiði er málið mjög einfalt og frv. flutt, eins og fram kemur í grg., í þeim tilgangi einum að mæta því fólki, sem

kemur til með að dvelja utan heimabyggðar sinnar, á kjördegi, — mæta því með því að gera því eins létt fyrir og mögulegt er að neyta atkvæðisréttar síns við kosningarnar, sem fram eiga að fara 26. maí.

Ég leyfi mér, herra forseti, að leggja til, að málinu verði að lokinni þessari umr. vísað til 2. umr. og félmn.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 22 shlj. atkv. og til félmn. með 21 shlj. atkv.

Sameinað þing, 59. fundur.

Fimmtudaginn 21. febr., kl. 2 miðdegis.

Stórvirkjun á Norðurlandi vestra, þáltill. (þskj. 386). — Hvernig ræða skuli.

Að till. forseta var ákveðin ein umr.

Ráðstafanir til að sporna við raflínubilunum, þáltill. (þskj. 387). — Hvernig ræða skuli.

Að till. forseta var ákveðin ein umr.

Vararaforkustöðvar á Ólafsfirði og víðar, þáltill. (þskj. 395). — Hvernig ræða skuli.

Að till. forseta var ákveðin ein umr.

Sjóminjasafn, þáltill. (þskj. 4, n. 340). — Frh. einnar umr.

ATKVGR.

Tillgr. samþ. með 34 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Till. samþ. með 37 shlj. atkv. og afgr. sem ályktun Alþingis (þskj. 407).

Rannsókn á gerð nýrrar hafnar á suðurströndinni, þáltill. (þskj. 310). — Frh. fyrri umr.

ATKVGR.

Till. vísað til síðari umr. með 37 shlj. atkv. og til allshn. með 37 shlj. atkv.

Neðri deild, 65. fundur.

Fimmtudaginn 21. febr., að loknum fundi í sameinuðu þingi.

Tollskrá o. fl., frv. (þskj. 303, n. 316 og 317, 314, 325, 389). — 2. umr.

Frsm. meiri hl. (Vilhjálmur Hjálmarsson): Herra forseti. Þessu frv. var vísað til fjh.- og viðskn. nokkru áður en þm. fóru í jólaleyfi. Fjh.- og viðskn. ræddi þá frv. á nokkrum fundum, þ. e. a. s. fyrir jólaleyfið. Varð ekki samkomulag um afgreiðslu málsins í n. Í áliti meiri hl. er lagt til, að frv. verði samþ.

Eftir áramótin tók n. svo til nánari skoðunar ýmsar aths., sem fram höfðu komið og verið beint til n., flestum bréflega, og þetta var athugað allt nokkru nánar í n. allri, og ég hygg, að þær brtt., sem ég flyt á þskj. 389, njóti einnig stuðnings annarra nm. en þeirra, sem undirrita álit meiri hl.

Eins og hæstv. fjmrh. gerði grein fyrir við 1. umr., er megintilgangur þessa frv. nánast þríþættur: 1) Að framkvæma umsamdar tollalækkanir vegna aðildar Íslands að EFTA og vegna samnings Íslands við Efnahagsbandalagið. 2) Að lækka tolla á ýmsum verndarvörum frá löndum utan þessara samtaka þar til samræmis. 3) Að koma á nokkrum nánast leiðréttingum á tollskránni, en að venju hafa fjmrn. borist ýmsar beiðnir og ábendingar þar að lútandi síðan tollskrá var síðast til meðferðar hér á hv. Alþ. Breytingar þær, sem frv. inniheldur, eru sem sagt takmarkaðar af þessum ramma.

Eins og ég sagði áðan, bárust fjh.- og viðskn., bæði áður en hún skilaði áliti og eins eftir það, nokkur erindi frá innflytjendum og einnig frá samtökum atvinnugreina um frekari breytingar. Þessi erindi voru að sjálfsögðu rædd í n. M. a. kvaddi n. sér til ráðuneytis fulltrúa fjmrn., sem með tollamál fer, og ræddi þessar hugmyndir allar við hann. Till. þær, sem ég flyt á þskj. 389, eru sumar til komnar vegna þessara erinda, og allar þessar brtt. eru innan þess sama meginramma, sem frv. var í upphafi við miðað. Má geta þess, að í Ed. voru gerðar nokkrar breytingar á frv., og mun mega segja alveg það sama um þær. Þær eru allar innan þess ramma, að undanskilinni einni breytingu, sem felst í bráðabirgðaákvæði því, sem nú er komið inn í frv., þ. e. a. s. varðandi tekjuöflun á móti tollalækkuninni með álagningu söluskatts. Ég skal gera grein fyrir brtt. með örfáum orðum aðeins.

Þær brtt., sem eru undir tölul. 1, eru flestar til komnar af tæknilegum ástæðum eða þá til samræmis við önnur tollskrárnúmer. Þar er ýmist um að ræða aðeins textabreytingar, og svo er um allar breytingar í tölunúmeri 85 19, eða þá í einstaka tilvikum, að um er að ræða breytingar á tollum, en það er þá nánsat gert til leiðréttingar og samræmis. Sú breyting, sem felst í tölunr. 48 21 13, um toll af drykkjarmálum, er til komin vegna hagsmuna innlends framleiðanda og til þess gerð, að ekki dragi jafnört úr tollvernd þessarar innlendu framleiðslu og ráð hafði verið fyrir gert í frv. í upphafi. Breytingar í nr. 84 10 stafa af því, að tollur í einstökum undirnúmerum þessa númers, sem frv. gerir ráð fyrir, hefur við nánari athugun reynst valda óeðlilegu misræmi milli skyldra vara, og þessar breytingar miða að því, að úr því misræmi verði dregið sem mest. Með breytingum á nr. 85 07 01 er tollur af sauðaklippum lækkaður til samræmis við toll af handverkfærum. Þetta var einnig talin eðlileg leið-

rétting. Það var mismunur á tolli eftir því, hvort þessar klippur voru loftknúnar eða rafknúnar. Þótti rétt að færa það til samræmis.

Brtt. þær, sem hér eru fram bornar við 3. gr. frv. undir tölul. 2 á þskj., skýra sig að mestu leyti sjálfar, og er ástæðulaust að fjölyrða um þær. Í d-lið, sem verður 60. tölul. 3. gr., er gert ráð fyrir endurgreiðsluheimild til handa iðnaðinum, til að þær greinar iðnaðarins, sem urðu fyrir aukinni samkeppni frá síðustu áramótum vegna tollalækkana á verndarvörum frá EFTA og EBE, þurfi ekki að þola hina rýrðu tollvernd óbætta, og er fyrirhugað, að fjmrn. setji nánari reglugerð um þessar endurgreiðslur að þessu máli afgreiddu á Alþ.

Í 3. lið brtt. eru svo ákvæði um gildistöku l. og um niðurfellingu eldri laga og eldri ákvæða.

Ég held, að ég orðlengi þetta ekki frekar. Hæstv. fjmrh. gerði grein fyrir meginefni þessa frv. við 1. umr., og ég sé ekki ástæðu til að fara að endurtaka neitt af því, sem hann sagði hér. Ég vil aðeins árétta það að lokum, að brtt. okkar á þskj. 389 eru innan þeirra í raun og veru þröngu marka, sem miðað var við, þegar frv. var samið.

Meiri hl. fjh.- og viðskn. leggur til, að frv. verði samþ. með þeim breytingum, sem fyrir liggja á þskj. 389, *og eins og ég sagði áðan*, munu væntanlega fleiri hv. nm. fylgja þeim. Ég vil einnig taka það fram, að meiri hl. mælir ekki með öðrum brtt., sem hér liggja fyrir.

Frsm. minni hl. (Matthías Á. Mathiesen): Herra forseti. Við 1. umr. þessa máls gerðu fulltrúar stjórnarandstöðunnar grein fyrir afstöðu þingflokka hennar í hv. Nd. til frv. þessa og lýstu yfir stuðningi sínum við þann hluta frv., sem fjallar um tollalækkanir, lýstu hins vegar andstöðu sinni við það bráðabirgðaákvæði, sem stjórnarmeirihl. fékk samþykktan og settan inn í frv. í Ed., þ. e. a. s. um heimild til hækkunar á söluskatti um 1% til að mæta því tekjutapi, sem ríkissjóður yrði fyrir við samþykkt þeirrar tollalækkunar, sem frv. gerir ráð fyrir. Við gerðum grein fyrir sjónarmiðum Sjálfstfl. og Alþfl. í sambandi við tollalækkunina, röktum sögu þess máls og hvernig að því máli hefði verið staðið af þessum tveimur flokkum og þeir mundu fyrir sitt leyti gera það, sem í þeirra valdi stæði, til þess að hægt yrði að standa við þá samninga, sem gerðir voru við Friverslunarbandalag Evrópu við inngöngu Íslands í það bandalag, og við viðskiptasamning við Efnahagsbandalag Evrópu. Þá lýstum við yfir stuðningi okkar við lækkun tolla á hráefnum og vélum íslensks iðnaðar og lækkun á öðrum tollum, þar sem þess væri þörf af viðskiptaástæðum.

Andstaða okkar við bráðabirgðaákvæðið, sem stjórnarflokkarnir fengu samþ. í Ed., er í fyrsta lagi vegna þess, að hér er um algerlega óeðlilega lagasetningu að ræða. Sérstök lög gilda um söluskatt og eðlilegt væri, að sérstakt frv. væri flutt um hækkun söluskatts, en ekki að búinn yrði til úr tollskrárfrv. bandormur, sem blandaði saman tollum og söluskatti. Þeim mun frekar, þar sem nú eru bráðum liðnir tveir mánuðir frá áramótum, hefði það eðlilega átt að gerast, að við þessa umr. væri flutt af hálfu ríkisstj. brtt. við þetta frv., eins og það nú liggur fyrir, um niðurfellingu bráðabirgðaákvæðisins, og flutt yrði af hálfu stjórnarinnar, ef ástæða þætti til, breyting á l. um söluskatt. Þetta hefur ekki verið gert.

Hitt atriðið, sem var forsenda andstöðu okkar við þetta ákvæði, er, að með bráðabirgðaákvæðinu hyggst ríkisstj. afla sér tekna töluvert mikið umfram þá tollalækkun, sem frv. gerir ráð fyrir. Í fjárl. fyrir 1974 er þegar búið að gera ráð fyrir um það bil 200 millj. kr. tekjuöflun til ríkissjóðs vegna þessarar tollalækkunar. 1% söluskattur mun vera um það bil 650 millj. á ársgrundvelli í minnsta lagi, eins og dæmið var, þegar þetta frv. var flutt. En að sjálfsögðu má reikna með því, að mun meiri tekjur verði á árinu 1974 heldur en reiknað var með, þegar söluskattsstigið var reiknað út á s. l. hausti. Einnig má gera ráð fyrir miklu meiri tolltekjum en fjárl. gera ráð fyrir, þannig að sú tollalækkun, sem er stefnt að með þessu frv., mun sennilega ekki vega stórt fyrir ríkissjóð, ef gert er ráð fyrir þeim 200 millj., sem í fjárlagafrv. eru nú, og þeim tekjuauka, sem má gera ráð fyrir vegna aukins innflutnings á árinu 1974.

Ég sé ekki ástæðu til að fjölyrða meira um *málið*. *Við gerðum grein fyrir því, eins og ég* sagði áðan, við 1. umr., auk mín hv. 7. þm. Reykv., Gylfi Þ. Gíslason, og gefum út, minni hl. fjh.- og viðskn., sameiginlegt nál. á þskj. 317, þar sem við í samræmi við það, sem kom fram við 1. umr., lýsum yfir stuðningi okkar við þær tollalækkanir, sem frv. gerir ráð fyrir, en andstöðu við það bráðabirgðaákvæði, sem sett var inn í frv. í Ed.

Hv. þm. Vilhjálmur Hjálmarsson, formaður fjh.- og viðskn., gerði í ræðu sinni grein fyrir brtt., sem hann flytur og ræddar hafa verið í n. og nm. standa að. Þar er um að ræða samræmingar- og leiðréttingartill. til samræmis við það meginsjónarmið, sem frv. er byggt á. Ég held, að það hafi enn komið erindi til n., og ég vænti þess, að þau verði skoðuð á milli 2. og 3. umr.

Ég hefði haldið, að réttast væri að fresta þessari umr. Hér er hæstv. fjmrh. ekki til staðar, fjarverandi af fundinum. Eðlilegt hefði verið, að hann hefði getað gert grein fyrir breyttum sjónarmiðum, frá því að þetta frv. var lagt fyrir, svo og því, hvernig við var brugðist af hálfu ríkisstj., en í brtt. þeim, sem formaður fjh.- og viðskn. flytur, hefur verið tekið upp, að í frv. verði heimild til rn. að endurgreiða gjöld af hráefnum og vélum til iðnaðar, sem tollafgreidd hafa verið á tímabilinu frá 1. jan. til gildistöku þessara laga, þannig að sú leið, sem ríkisstj. fór til að koma fram tollalækkununum, verði samþ. af þinginu. Ég tel eðlilegt og rétt, að umr. verði frestað, þannig að gefist tækifæri á næstu fundum, eftir því sem ástæða væri til, að koma að brtt. Ekki var óeðlilegt, að fyrir málinu væri talað í dag, enda þótt hæstv. fjmrh. væri fjarstaddur. Ég hefði þó talið eðlilegt, að hann gerði d. grein fyrir, með hvaða hætti þessi mál hefðu verið afgreidd á tímabilinu frá því um áramót og til dagsins í dag.

Minni hl. n., eins og fram er komið, leggur til, að samþ. verði ákvæðin um lækkun tolla, en mun

greiða atkv. gegn bráðabirgðaákvæðinu, sem stjórnarflokkarnir fengu samþ. í hv. Ed.

Ólafur G. Einarsson: Herra forseti. Þá hefur hæstv. ríkisstj. mannað sig upp í það að halda áfram með tollskrárfrv., sem hér er nú til umr. Mál þetta var, eins og menn rekur minni til, tekið út af dagskrá, þegar 2. umr. skyldi hefjast á síðustu dögum þingsins fyrir jólaleyfið. Þá heyktist ríkisstj. á því að reyna að koma frv. í gegn, þar sem ljóst var, að ekki var meiri hl. í Nd. fyrir frv., eins og það kom frá Ed., en þar hafði verið bætt inn ákvæði til bráðabirgða um heimild til að leggja 1% gjald á söluskattsstofn. En nú á sem sagt að reyna aftur.

Það er lærdómsríkt að sjá, hvernig sú hugmynd hefur þróast hjá hæstv. ríkisstj. að tengja saman svo óskyld mál sem tollalagabreytingar og hækkun söluskatts. Fyrst er söluskattshækkun sett inn í grg. með frv., þar sem segir beinum orðum, að líta verði á samþykkt þessa frv. sem skuldbindingu um hækkun söluskatts, sem nemi a. m. k. 1 söluskattsstigi. Við meðferð málsins í hv. Ed. þótti stjórninni ekki nóg að gert, og til þess að taka af öll tvímæli var söluskattshækkunin sett inn í frv. í ákvæði til bráðabirgða.

Þetta strandaði sem sagt fyrir jólin, en nú á að reyna aftur.

Það hefur verið bent á það í umr. hér í þinginu oftar en einu sinni, að með því að tengja saman í einu frv. óskyld mál virði ríkisstj. ekki leikreglur þingræðisins. Hv. 12. þm. Reykv. benti á það hér fyrir nokkru, að þetta hefði gerst a. m. k. fjórum sinnum í tíð núv. ríkisstj. Það sakar ekki að nefna það einu sinni enn. Þetta var gert, þegar ákvæði um sérstakan launaskatt voru sett í lög um almannatryggingar. Þetta var gert, þegar 7 millj. dollara lántökuheimild vegna hafnarframkvæmda var laumað inn í frv. um almenna lántökuheimild. Þetta var gert fyrir nokkru, þegar ferjuskipin voru hér til umr., laumað inn í frv. um ábyrgð vegna kaupa á fiskiskipum. Og svo er þetta mál, sem hér er til umr. Þá beindi hv. 12. þm. Reykv. því til hæstv. forseta, að hann beitti sér fyrir því, að svona lagað gerðist ekki. Sá hæstv. forseti er að vísu ekki hér núna, en sjálfsagt er þýðingarlaust að fara fram á slíkt.

Í grg. þessa frv. segir, að tekjutap ríkissjóðs vegna tollalagabreytinganna sé áætlað 615 millj. kr. Ég verð að segja, að þessi áætlun er ekki sannfærandi, og hún er ósönnuð. En þótt við segðum, að tekjutapið væri 615 millj., þá kemur það líka á daginn, að ríkisstj. sér ekki aðra leið en nýja skatta á móti. Hún sér ekki leið sparnaðar eða aukinnar ráðdeildar, hún sér ekki skynsamlegri efnahagsstefnu, það eru skattar, sem eru hennar ær og kýr. Og það á vafalaust eftir að koma enn betur í ljós. Í sambandi við þá samninga, sem nú standa yfir, er gert ráð fyrir ýmsum skattalagabreytingum. Það er gert ráð fyrir lækkun beinna skatta, sem nemi um 2.5 milljörðum, en á móti á svo söluskattur að hækka, að því er áætlað er um 3.5 milljarða. Eflaust verða þær tekjur, sem ríkissjóður fær, meiri vegna sífelldra verðhækkana, sem eiga sér stað og gefa enn meira í söluskatti.

Ég læt í ljós efa um, að tekjutap ríkissjóðs vegna tollalagabreytinganna verði eins mikið og af er látið. Ég byggi þá skoðun á hinum miklu verðhækkunum, sem nú eiga sér stað á ýmsum vörutegundum, sem við kaupum erlendis frá. Væntanlega ber ríkisstj. ekki á móti því, að slíkar verðhækkanir eigi sér stað. Ég veit ekki betur en hæstv. fjmrh. og reyndar fleiri hafi sífellt verið að reyna að sanna það, að verðbólgan hér innanlands sé að mestu leyti innflutt, og þeir hæstv. ráðherrar eru líka að basla við að finna einhverjar leiðir til að berjast gegn verðbólgunni. En hvers vegna er þá ekki tekið tillit til þessa í þessu frv? Það er einfaldlega vegna þess, að ríkisstj. ætlar beinlínis að notfæra sér þessar miklu verðhækkanir erlendis til að hafa af þeim beinar tekjur í ríkissjóð. Þetta er umhyggjan fyrir því að halda verðlagi í skefjum hér innanlands. Svona vinnubrögð eru óþolandi, og ber að mótmæla þeim með öllum tiltækum ráðum. Þau ráð, sem Alþingi hefur yfir að ráða, eru þau einu, sem duga, þ. e. að gera breytingar á þessu frv.

Ég hef leyft mér ásamt 2. landsk. þm. að flytja eina brtt. við þetta frv. Brtt. er á þskj. 325 og er við liðinn 27 10 29, annað bensín. Till. er á þá leið, að í stað 50% tolls eins og er og ætlunin er að haldist, komi 264 kr. pr. 100 kg. Ég vil með örfáum orðum skýra till. og tilganginn með flutningi hennar.

Tilgangurinn er í fyrsta lagi sá að draga úr áhrifum hinna miklu verðhækkana, sem orðið hafa erlendis á bensíni, og fyrirsjáanlegra hækkana, með því að binda tollinn við ákveðna upphæð miðað við þunga.

Í öðru lagi er tilgangurinn sá að koma tollinum niður hlutfallslega, segjum í 25% á einhverju árabili, en telja verður, að 50% tollur af bensíni sé allt of hár. Till. um að miða tollinn við kr. 2.64 pr. kg eða 264 kr. pr. 100 kg þýðir raunverulega óbreytan toll frá því, sem var, þegar bensínlítrinn kostaði 23 kr. á s. l. hausti.

Það er rétt, að ég skýri aðeins frá því, hvernig sundurliðun verðsins var þá. Þá var cif.-verðið kr. 3.89 pr. lítra, tollur 50% kr. 1.95, sem jafngildir kr. 2.64 pr. kg., þar sem eðlisþyngdin er 0.74. Í þriðja lagi var ýmis kostnaður kr. 0.43, dreifikostnaður milli landshluta kr. 3.86, söluskattur kr. 2.60, vegasjóðsgjald kr. 9.87 og verðjöfnunarsjóður kr. 0.40. Þetta gerir kr. 23.00. Þarna er tollurinn sem sagt kr. 1.95. Hann er kominn upp í kr. 2.80, þegar verðið pr. lítra er komið upp í 26.00.

Ríkisskattar á bensíni eru samkv. þessu kr. 14.42 eða 64% miðað við kr. 23.00 verðið á lítra, en eru kr. 16.13 miðað við kr. 26.00. Af þessu er reiknaður söluskattur, af hreinni sérskattheimtu, þar sem er vegarsjóðsgjaldið, og verður það að teljast í hæsta máta undarleg ráðstöfun, þar sem söluskattur af vegasjóðsgjaldinu einu er kr. 1.28 pr. lítra, en af veggjaldi dísilbíla er ekki reiknaður söluskattur, þótt um samsvarandi skatt sé að ræða. Það væri vissulega eðlilegt að fella slíkan söluskatt niður, eða ef menn geta ekki fallist á það, þá verði hann lagður í vegasjóð.

Ef 50% tolli verður haldið og bensínverð tvöfaldast, verður tollinnheimta ríkisins tölulega

jafnhá innkaupsverði að viðbættum flutningskostnaði, eins og innkaupsverðið var í októbermánuði s. l. Ég sé þá ekki betur en ríkisstj. sé að setja sig á bekk með þeim ríkjum, sem ráða olíusölu í dag og gera sér vandræði annarra að féþúfu.

Skattlagning á umferðina er þegar komin fram úr öllu velsæmi. Sú staðreynd ein ætti að vera nægileg ástæða fyrir lækkun bensíntollsins. En það á enn að bæta á Brúnku. Ef söluskatturinn hækkar, við skulum nú segja bara í 15%, þýðir það eitt nálægt 50 millj. kr. hækkun á ári af bensíninu einu, og að sjálfsögðu verður haldið áfram að leggja söluskatt á sjálft vegasjóðsgjaldið. Þetta væri sök sér, ef hækkun bensínverðs færi til vegaframkvæmda, en það er ekki ætlunin.

Það mætti spyrja, eins og reyndar hefur verið spurt oft áður, hvað sé orðið af áhuga hæstv. núv. fjmrh. á því þarfa máli, að tekjum ríkissjóðs af umferðinni verði varið til vegamála. Innan við 50% af þessum tekjum ríkisins er varið til vegaframkvæmda. Hér verður að koma til breyting. Sú till., sem ég hef hér lýst, er liður í þeirri viðleitni að breyta þessu hlutfalli og jafnframt að draga úr áhrifum þeirra miklu hækkana, sem orðið hafa og fyrirsjáanlegar eru á bensíni.

Ég sagði áðan, að skattlagning á umferðina væri nú þegar komin fram úr öllu velsæmi og því full ástæða til að nema staðar. Þess er þó vart að vænta, að það sé ætlun hæstv. ríkisstj. Fyrir utan áframhaldandi hækkanir á bensíni á næstunni, sem valda því að lítrinn fer í kr. 32.00 a. m. k. á næstunni, með óbreyttri stefnu að því er tollinn varðar, þá á enn sjálfsagt eftir að hækka söluskattinn, og áreiðanlega mun stjórnin finna einhver fleiri ráð til að skattpína borgarana. Aukna skattlagningu á umferðina fáum við vafalaust að sjá, þegar vegáætlunin verður lögð hér fram innan tíðar. Er nú ekki mál að linni, þegar tekjuaukning ríkissjóðs — ekki vegasjóðs — er áætluð minnst 300 millj. kr. vegna hækkaðs bensínverðs.

Umr. frestað.

Efri deild, 60. fundur.

Mánudaginn 25. febr., kl. 2 miðdegis.

Nafnskírteini, frv. (þskj. 391). — 1. umr.

Menntmrh. (Magnús T. Ólafsson): Herra forseti. Frv., sem lagt er fram á þskj. 391, fjallar um breytingu á fyrirkomulagsatriðum varðandi útgáfu nafnskírteina. Þetta frv. er borið fram að fenginni reynslu af framkvæmd núgildandi ákvæða um nafnskírteinaútgáfu. Útgáfa þessara skírteina hefur um allmörg undanfarin ár verið í höndum Hagstofunnar, og frv. það, sem hér er lagt fram, er undirbúið af hagstofustjóra.

Það kom brátt í ljós, eftir að nafnskírteinaútgáfa var hafin, að í öndverðu hafði ekki verið búið svo um hnúta, að ekki gæti verið um ýmiss konar vandkvæði og misnotkun að ræða á nafnskírteinum, og hefur nú smátt og smátt í framkvæmdinni verið leitast við að ráða bót á þeim annmörkum. En nú telur framkvæmdaaðilinn, Hagstofan, að lengra verði ekki komist innan ramma gildandi laga, og því er þetta frv. borið fram til að afla heimilda til frekari ráðstafana, sem þörf er talin til að gera nafnskírteinakerfið eins traust og menn sjá tök á. Það skiptir að sjálfsögðu verulegu máli, bæði fyrir notendur nafnskírteinanna og þá eftirlitsaðila, sem þurfa að krefjast framvísunar þeirra, að skírteinin séu eins traust heimild um það, sem þau eiga að sýna, aldur einstaklinga og hverjir þeir séu, og unnt er að koma í kring.

Því er ekki að leyna, að mjög fljótt, eftir að nafnskírteinaútgáfa hófst, kom í ljós, að ýmis ráð voru til að breyta nafnskírteinum eða falsa þau. Þetta hafði að sjálfsögðu í för með sér, að vantraust á þessum skilríkjum varð útbreitt hjá aðilum, sem ráku sig á, að brugðið gat til beggja vona um, hversu skilrík heimild þau voru. Að sjálfsögðu hafa ýmsir saklausir þarna liðið fyrir seka. Það veldur þeim, sem eru með rétt nafnskírteini, gjarnan óþægindum, ef eftirlitsaðilar, sem krefjast, að þeim sé framvísað, bera í brjósti tortryggni til slíkra plagga vegna fenginnar reynslu, að þau kunni að vera fölsuð eða á annan hátt misnotuð.

Er það einkum tvennt, sem lagt er til í frv., að gert sé til að efla nafnskírteinagerð. Annað er það að hækka nafnskírteinisaldurinn um tvö ár, úr 12 árum, eins og nú er, í 14 ár, og ákvæðið um þetta er í 1. gr. frv. Ástæðan til, að lagt er til að gera þessa breytingu, er fyrst og fremst sú, að á aldursskeiðinu frá 12 ára aldri til 14 ára, á gelgjuskeiðinu, verða afar miklar og örar breytingar á útliti æskumanna. Það veldur því, að myndir, sem teknar eru við 12 ára aldur og festar í nafnskírteini, eru gjarnan orðnar töluvert ólíkar viðkomandi einstaklingi að tveim eða þremur árum liðnum, einmitt þegar fer fyrst verulega að reyna á notkun nafnskírteinanna við aðgang að stöðum eða á sölustöðum. Auðvitað var það úrræði hugsanlegt að gera að skyldu að skipta um mynd við 14 eða 15 ára aldur og gefa þá út ný skírteini. En að athuguðu máli kemur öllum aðilum saman um, að það væri bæði óþarfur kostnaður og óþörf fyrirhöfn, því að notin fyrir nafnskírteinin á aldrinum 12—14 ára séu alls ekki það mikil, að ástæða sé til að binda nafnskírteinaaldurinn við 12 ár. Því er hér lagt til að höfðu samráði við ýmsa aðila, sem mest fjalla um notkun nafnskírteina, að hækka aldurinn úr 12 árum í 14 ár.

Hin meginbreyting frá núgildandi l. felst í 4. gr. Þar er svo kveðið á, að lögreglustjóri geti ákvarðað, að í hans umdæmi skuli nafnskírteini á aldrinum 18—23 ára því aðeins vera gilt sönnunargagn um aldur, að einstaklingur, sem í hlut á, hafi undir höndum sérstaklega útgefið skírteini fyrir þennan aldursflokk með öðrum lit á skírteiniseyðublaðinu en er á hinum almennu nafnskírteinum, sem gefin verða út við 14 ára aldur, samkv. ákvæðum þessa frv. Hér er litið til þess, að á þessum aldri 17 eða 18 ára, tekur þorri unglinga bílpróf. Þurfa þeir því hvort eð er að verða sér úti um nýja andlitsmynd, og því er með tiltölulega litlum kostnaði hægt að sameina, ef hlutaðeigandi lögreglustjóri sér ástæðu til, útgáfu nafnskírteinis og útgáfu ökuskírteinis. Ákvæðið um sérstakan lit á þessum skírteinum eldri flokksins er auðvitað haft til þess, að auðvelt sé að greina á milli þessara tveggja flokka, sem væru þá frá 14 til 18 ára og 18 ára til 23 ára. En þá er talið, að lokið sé því tímabili, sem gera má ráð fyrir, að fólk almennt þurfi að sanna aldur sinn með nafnskírteini, að því búnu sé útlitið næg sönnun.

Í 2. og 3. gr. frv. er lagt til, að gerðar verði tvær aðrar breytingar á nafnskírteinalögunum, óskyldar þessum megintilgangi frv. að treysta nafnskírteinakerfið í framkvæmd.

Í 2. gr. er lagt til, að 4. málsgr. 1. gr. núgildandi laga falli niður. Þar er kveðið á um, að nafnskírteini árituð í skýrsluvélum þurfi ekki að bera undirskrift hagstofustarfsmanns. Eftir að farið er að nota nafnskírteini þó nokkuð erlendis, einkum þó á Norðurlöndum, þykir það bagi, að ekki skuli skylt, að þau beri undirskrift, því að árituð þykja þau mun trúverðugri þeim erlendu embættismönnum, sem þeim er framvísað við.

Síðan er lagt til í 3. gr., að í stað orðanna „nafnnúmer Þjóðskrár“ í 2. málsgr. 2. gr. núgildandi laga komi: auðkennisnúmer Þjóðskrár. Þessi till. réttlætist af því, að í auknum mæli er nú farið að nota svonefnt fæðingarnúmer Þjóðskrár jöfnum höndum og þá talnaröð, sem ber heitið nafnnúmer Þjóðskrár.

Ég sé svo ekki ástæðu til, herra forseti, að fara fleiri orðum um þetta mál, en legg til að endingu, að því verði að þessari umr. lokinni vísað til hv. allshn.

Helgi F. Seljan: Herra forseti. Frv. þetta til l. um breyt. á l. um notkun nafnskírteina vekur upp hjá mér ýmsar áleitnar hugsanir. Í sjálfu sér hygg ég, að aðalbreytingar þær, sem hér eru lagðar til, skipti engu meginmáli. Um sumt eru þær eflaust til bóta, einkanlega hér í þéttbýlinu, þar sem notkunin er þýðingarmest að mörgu leyti. Ég held t. d., að aldurstilfærslan sé um margt réttmæt, en auðvitað ber að gera skírteinin þannig úr garði, að um sem minnsta

möguleika sé að ræða til fölsunar eða misnotkunar.

Um hitt meginatriðið má segja, að með því sé einnig verið að gera misnotkun erfiðari, þó ég sé nú ekki alveg með á samkvæmni í því, að nafnskírteini séu gerð öruggari sem sönnunargagn, en eigi að síður skuli lögreglustjóra heimilt að krefjast annars sönnunargagns um aldur viðkomandi. En eflaust er hér um að ræða einnig vanda, sem Reykjavíkursvæðið á sérstaklega við að glíma og getur réttlæst af því í einhverju. En aðalspurningin, sem hjá mér vaknar, er um það, hversu alvarlega nafnskírteinin séu tekin í einstökum tilfellum og hvort þau séu alls staðar látin þjóna þeim tilgangi, sem þau hafa.

Nú er það svo, að sá hæstv. ráðh., sem hér mælir fyrir þessu frv. sem æðsti yfirmaður Hagstofu Íslands, hefur ekki með hinn þáttinn að gera, sem lýtur að framkvæmdinni á hinum ýmsu þáttum varðandi notkun nafnskírteinanna, þar sem dómsmrh. á yfir þeim þætti að segja. Því má segja, að sumt af því, sem ég segi hér, sé út í hött gagnvart þessum hæstv. ráðh., en kemur þeim mun meira inn á það, sem viðkemur dómsvaldinu í landinu og hæstv. dómsmrh. þá um leið.

Nú vitum við, að aldur unglinga til að sækja almennar danssamkomur er bundinn við 16 ár, og munu margir segja, að það sé nógu snemmt, miðað við ástand þessara samkundna yfirleitt. Það væri reyndar að mínu viti miklu meira og alvarlegra íhugunarefni, hvernig á því stendur, að hegðun hins svokallaða fullorðna fólks á þessum samkomum er slík, að þangað eigi unglingar ekki erindi og megi hreinlega ekki stíga þar sínum fæti. Þar er reyndar komið að því ömurlega ástandi íslensks skemmtanalífs, sem vissulega væri þörf á að taka alvarlega á, en það skal ekki gert hér að öðru leyti en því, að ef menn hafa séð í vínveitingahúsum og auknu frelsi til vínnautnar lausn okkar skemmtanalífs, að með þeim hætti mætti hefja það á hærra stig, þá hefur þar orðið á önnur raun, og þarf engum á óvart að koma. En hvernig er svo nafnskírteinareglunni framfylgt gagnvart þessum unglingum? Ég veit satt að segja um góðan vilja fjölmargra í þessu efni. En sannleikurinn er sá, að hér er misjafn sauður í mörgu fé, bæði hjá unglingunum og eins hjá þeim, sem með málin eiga að fara, löggæslumönnunum, og því vill oft fara verr en skyldi. Ég veit t. d. um allt of mörg dæmi þess, að þessari reglu hefur verið beitt af fullkominni hörku — við skulum segja réttlátri — gagnvart unglingum þess staðar, sem t. d. dansleikurinn hefur verið á, en um aðra lengra aðkomna hafa gilt aðrar reglur og vægari, týnd nafnskírteini og aðrar afsakanir verið látnar duga. Á þessu hefur þó orðið nokkur framför, en dæmin munu þó finnanleg allt of víða. Einnig hefur hér verið um alvarlegan og mikinn mismun að ræða milli einstakra skemmtistaða. Ég veit t. d. mætavel um dreng, sem fór 15 ára gamall á alla þá dansleiki, sem hann yfirleitt kærði sig um að fara á, fór það um allt Austurland. Hann notaði til þess mismunandi aðferðir, fjölbreyttar, og þær tókust allar. Ég skal ekki gera lítið úr erfiðleikum lögreglumanna og dyravarða í þessu efni. Þeir eru vissulega ærnir. En þó verður að gera hér allt, sem unnt er, til þess að fyllsta réttlætis sé gætt. Þegar verið er að breyta l. um notkun nafnskírteinanna og útfæra þau enn frekar, þá koma þessi atriði gjarnan í hugann. Hvað stoðar öll lagasetning í þessum efnum, ef ekki fylgir eftir sem réttlátust og best framkvæmd?

Ég veit enda fullvel, að hæstv. dómsmrh. hefur í þessu góðan vilja og afar jákvæð viðhorf. En kannske einmitt þess vegna er ég hér sérstaklega að minna á þetta. Ég hef þó enn meiri áhyggjur af öðru atriði, er snertir einnig notkun nafnskírteina, en þar kem ég að áfengislöggjöf okkar. Í henni er skýrt fram tekið eftirfarandi, með leyfi hæstv. forseta: „Yngri mönnum en 20 ára má ekki selja, veita eða afhenda áfengi með nokkrum hætti. Ávallt þegar ástæða er til að ætla, að kaupandi eða viðtakandi áfengis hafi ekki náð þessum aldri, skal sá, sem selur, veitir eða afhendir það, láta hlutaðeigandi sanna aldur sinn á þann hátt að sýna nafnskírteini með mynd eða á annan fullnægjandi hátt.“ Hér er ég hræddur um, að verði misbrestur á í framkvæmd og komi margt til. Auðvitað vitum við, að leynivínsalar eru ævinlega tilbúnir til aðstoðar við þá, er ekki hafa náð aldri til að kaupa áfengi. Þeir eru hins vegar varla verðir neinnar umræðu, enda hef ég ætíð talið þá til þess úrhraks manna, er aumast má telja. Á þeim verður aldrei of hart tekið.

En hvað um áfengisútsölurnar og hvað um póstafgreiðslurnar? Hafa þessir aðilar hreinan skjöld? Vonandi, að svo væri. En margt styður þó að því áliti mínu, að þar eigi sér stað vítaverð vanræksla, vísvitandi sviksemi við lögin, einmitt í skjóli þess almenningsálits, sem ríkir í landinu í áfengismálum yfirleitt. Það er a. m. k. ekki einleikið, hve auðvelt er fyrir unglinga að ná sér í áfengi á allan hátt. Einhverjar skýringar verður a. m. k. að finna hér á, ef allir hafa hér hreinan skjöld. Ég hef lengi haft það í huga, að hér þyrfti rækilega rannsókn á orsökum, og ég hef lengi haft það í huga einnig, hvernig úr mætti bæta, hvað mætti gera til þess, að á þessu fengist einhver bót. Mér hefur t. d. dottið það í hug í fullri alvöru, þó að mörgum þyki það e. t. v. broslegt, að sérstök áfengiskaupaskírteini skyldu gilda samkv. áfengislögum og í sambandi við þau yrði tekin upp sérstök stimplun hjá útsölum og póstafgreiðslum, þannig að t. d. mætti sjá með tiltölulega hægu móti, ef um óeðlilega mikil áfengiskaup væri að ræða hjá sama aðila, og þannig mætti e. t. v. rekja slóð einhverra leynivínsala. E. t. v. er hugmyndin fráleit, e. t. v. óframkvæmanleg, en það er von, að um sé hugsað og einhverra ráða leitað. En hér ber allt að sama brunni. Ég hreinlega vantreysti þeim aðilum, sem um þetta eiga að sjá, til nógu heiðarlegrar framkvæmdar á slíkri skipan mála. Ég ber ekki til þeirra fullt traust í þessum efnum.

Hér kunna mönnum að þykja alvarlegar sakir á menn bornar. En einhvers staðar er ekki allt með felldu, og þessir aðilar hafa þá afsökun, að þeir eru eins og fleiri háðir tísku tíðarandans. Ég hlýt einnig að vænta í þessu máli mikils af dómsmálayfirvöldum. Ég hygg, að þau hljóti að hafa í þessum málum heilbrigða og ómengaða afstöðu, ég á við ómengaða af þeim anda, sem ríkjandi er í þessum málum, því

andvaraleysi sofandaháttarins, sem einkennir þessi mál öll í okkar þjóðfélagi.

Ástand okkar áfengismála yfirleitt væri vissulega efni í enn lengri og ítarlegri ræðu, en út í það fer ég ekki hér, þá væri ég kominn of langt frá dagskrármálinu og skal því ekki gert, þótt freistandi væri. En nafnskírteinin eiga að vera nauðsynleg hjálpargögn m.a. í baráttunni við þau miklu vandamál, og þá hlýtur að vera sjálfsögð krafa, að þar sé ítrasta eftirlits gætt og allt sé gert, sem unnt er, til þess að þau komi að tilætluðum notum og hér verði fyllsta réttlætis gætt í hvívetna. Það væri betur, að þetta frv., sem hér er til meðferðar, gæti á einhvern hátt orðið til þess að leiðrétta hér eða laga ástandið eitthvað, þó að ég satt að segja dragi það út af fyrir sig stórlega í efa.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 12 shlj. atkv. og til allshn. með 13 shlj. atkv.

Ríkisábyrgð á launum við gjaldþrot, frv. (þskj. 403). — 3. umr.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 13 shlj. atkv. og afgr. til Nd.

Olíubirgðastöð á Norðurlandi, frv. (þskj. 372). — 1. umr.

Flm. (Ragnar Arnalds): Herra forseti. Eins og kunnugt er, hefur Alþb. barist fyrir því alla tíð, síðan flokkurinn varð til, að olíuverslunin yrði þjóðnýtt. Við erum að vísu ekki áhugamenn um, að allur rekstur, hverju nafni sem hann nefnist, sé almennt rekinn af ríkinu. Við teljum, að margs konar rekstrarform geti komið til greina, jafnvel þótt verslun og vörufram-leiðsla verði síðar meir sett undir félagslega stjórn, og ekki eigi að stefna að því, að ríkið verði eini rekstraraðilinn, þegar málum er þannig skipað. En á ákveðnum sviðum, þar sem óhjákvæmilegt er að skipuleggja þjónustu fyrir landið í heild, er alveg sérstaklega nauðsynlegt og sjálfsagt, að ríkisvaldið sé rekstraraðili, og þetta á ekki hvað síst við í orkumálum.

Ég held, að því verði ekki neitað, að skipulag olíumála á Íslandi er mjög skynsamlegt. Ríkisvaldið semur við erlendan aðila um svo til öll innkaup á olíum til landsins, en síðan er þessi samningur afhentur þremur olíudreifingarfyrirtækjum, sem byggt hafa upp þrefalt dreifingarkerfi í landinu. Afleiðingin af þessari þróun hefur orðið sú, að í fyrsta lagi er milliliðakostnaður vegna olíudreifingar óeðlilega mikill hér á landi og olíur óeðlilega dýrar af þeirri ástæðu. En í öðru lagi og þá að sjálfsögðu einkum vegna þess, að olíufyrirtækin hafa mest verið með hugann við að ná sem stærstum hagnaði út úr sínum rekstri, hefur minna verið hugsað um, að fyllsta öryggis væri gætt varðandi olíubirgðir í landinu á hverjum tíma.

Á landinu öllu mun nú vera geymarými fyrir gasolíu, bensín og svartolíu sem nemur 153 þús. tonna. Og þar sem ljóst má vera, að ekki geta allir geymarnir verið fullir stöðugt á sama tíma, er nær að segja, að raunverulegt birgðarými af þessum olíum í landinu sé ekki nema 60% af þessari tölu eða um 92 þús. tonn. Ef tekið er til hliðsjónar, hve mikil eyðsla er af þessum olíutegundum hér á landi, eru menn fljótir að finna það út, að lágmarksendingartími olíubirgða er að meðaltali aðeins rúmir 2 mánuðir af þessum olíum, eða nánar tiltekið 2.3 mánuðir af gasolíu, 1.7 af bensíni og 2.2 af svartolíu.

Hér er að sjálfsögðu um mjög alvarlegt ástand að ræða, ef eitthvað það gerist, sem stöðvar olíuflutninga til landsins. Þá eru sem sagt birgðir okkar af olíum þrotnar að rúmlega tveimur mánuðum liðnum. Mér er óhætt að fullyrða, að fáar þjóðir hér um slóðir, þ.e.a.s. í norðanverðri Evrópu, eru jafnóforsjálar í þessum efnum og búa við jafnlitlar olíubirgðir. Í Danmörku, Noregi og Svíþjóð hafa einmitt verið gerðar umfangsmiklar ráðstafanir á síðustu árum til þess að koma upp öryggisbirgðum.

Í fyrirspurnatíma á Alþ. ekki alls fyrir löngu benti ég á, að það væri einkar viðeigandi sem fyrsta skrefið í þá átt að þjóðnýta olíuverslunina, að ríkið tæki að sér að byggja stóra olíuinnflutningsstöð, þar sem komið yrði upp geymslurými fyrir a.m.k. 4 mánaða birgðir af olíu til viðbótar þeim birgðum, sem fyrir eru, þannig að alltaf væru fyrir hendi a.m.k. hálfs árs birgðir af olíu í landinu. Ef þetta væri gert, þýddi það að sjálfsögðu, að ríkið tæki raunverulega alla heildsölu á olíu í sínar hendur, ekki aðeins samningsgerðina sjálfa, eins og nú er, heldur heildsöluna sem slíka, og þá skapaðist um leið aðstaða til að taka á móti olíuflutningaskipum af allra stærstu gerð, en það er ein ákjósanlegasta leiðin, sem hægt er að fara til að lækka verulega olíuverðið.

Síðan þessar umr. fóru fram, hef ég tekið mér sérstaklega fyrir hendur að rannsaka og reikna út skv. upplýsingum, sem ég hef aflað mér frá olíufélögunum, hvernig ástatt er í þessum málum á Norðurlandi. Niðurstaða þeirrar rannsóknar var sú, að á Norðurlandi væri geymarými fyrir um 25 þús. tn. af gasolíu, bensíni og svartolíu, en giska má á, að árseyðslan á Norðurlandi af þessum 3 mikilvægustu olíutegundum sé um 79 þús. tn., og er því ljóst, að ef miðað er við lágmarksendingartíma birgða og þar af leiðandi ekki tekið tillit til nema 60% af þessu geymarými, sem ég nefndi hér áðan, þá er svipað ástatt á Norðurlandi og landinu í heild, að lágmarksendingartími birgða er ekki, talinn í mánuðum, nema rúmir 2 mánuðir, af gasolíu 2½ mánuður, bensíni 1.4 og svartolíu 2.3.

Það hefur verið um margra ára skeið sérstök hrollvekja fyrir Norðlendinga að hugsa til þess, hvernig ástatt yrði fyrir norðan, ef hafís yrði landfastur fyrir öllu Norðurlandi og lokaði höfnum um nokkurra mánaða skeið. Að sjálfsögðu er alls ekki fráleitt að reikna með því, ef þetta gerðist, að sjóleiðin lokaðist, að þá yrði land-

leiðin einnig erfið. Hafísvetrum, þá sjaldan þeir koma, fylgir gjarnan mikið frost, tíð norðanveður og mikil fannkoma, sem skapað getur algert samgönguleysi á landi. Og þó að þetta gerist kannske ekki oft og hafi ekki gerst um mjög langt skeið, — kannske gerist þetta ekki nema einu sinni til tvisvar á hverri öld, — þá er hitt ljóst, að ef þetta gerist, þá er mikil vá fyrir dyrum einmitt á Norðurlandi. Olíueyðsla þar hlyti að aukast stórlega, bæði vegna kaldara tíðarfars og vegna truflana á raforkuframleiðslu með vatnsorku, sem engin leið er að fyrirbyggja, en þá yrði gífurleg notkun olíu í dísilstöðvum.

Miðað við venjulega notkun er, eins og ég áðan sagði, aðeins um að ræða olíubirgðir á Norðurlandi til tveggja mánaða. En reikna má með, að þessi tími yrði talsvert styttri við óvenjulegar aðstæður. Það er fyrst og fremst með þetta í huga, að ég flyt hér ásamt varaþm. Alþb., Stefáni Jónssyni, sem nú er ekki lengur á þingi, frv. á þskj. 372 um olíubirgðastöð á Norðurlandi. Samkv. 1. gr. þessa frv. á ríkisstj. að láta reisa olíubirgðastöð fyrir norðan, þar sem hagkvæmast þykir. Í þessu frv. er að því stefnt, að stöð af þessu tagi gegni tvenns konar hlutverki: Í fyrsta lagi, að hún uppfylli það skilyrði, að jafnan séu fyrir hendi birgðir af þessum 3 mikilvægustu olíutegundum, sem nægja mundu Norðlendingum í allt að 6 mánuði, ef sem sagt einhvern tíma gerðist það, sem gerast kann, að hafís lokaði höfnum norðanlands. En í öðru lagi gegndi þessi stöð því hlutverki að lengja endingartíma öryggisbirgða í landinu um a. m. k. 1 mánuð, þ. e. a. s. 50% frá því sem nú er. Þriðja hlutverk stöðvarinnar yrði þá hugsanlega það, þó að það sé að vísu allt óljósara og þurfi nánari rannsóknar við, að taka á móti olíu frá stórum flutningaskipum, sem flytja olíuna beint erlendis frá, til þess að draga úr flutningskostnaði. Að sjálfsögðu veltur það, að þetta sé mögulegt, á því, hvernig stöðin er úr garði gerð, hversu stór hún er, og þarf að sjálfsögðu að athuga það nánar, hvort unnt er að koma því við að flytja olíuna beint erlendis frá til þessarar stöðvar. En þó að stöðin gegndi ekki nema hinum tveim hlutverkunum, sem ég hef áður nefnt, held ég, að það væri fullkomlega nægileg réttlæting til þess, að út í þetta væri farið.

Því er haldið opnu í 2. gr. frv., að tankrými fyrir öryggisbirgðir yrði á fleiri en einum stað á Norðurlandi, ef það þætti hagkvæmara að rannsökuðu máli, vegna þess að það kann að vera, að stöð á einum stað gegni ekki nægilega vel því öryggishlutverki, sem stöðinni er ætlað að gegna.

Um aðrar gr. frv. er ekki margt að segja. Í 3. gr. er ríkissjóði ætlað að leggja fram fé til þessara framkvæmda og taka lán í þessu skyni, og er ríkisstj. heimilt að taka erlent lán allt að 300 millj. kr., en lántaka til byggingar stöðvarinnar er hér miðuð við 100 millj. kr. Að sjálfsögðu þarf að skoða nánar þessar tölur, og ég verð að játa, að þær eru settar fram að lítt rannsökuðu máli og eru áætlunartölur.

Hér er gert ráð fyrir því í 4. gr., að olíubirgðastöðin mundi síðan selja olíu bæði til olíufélaga, til olíusamlaga og til annarra aðila, sem hugsanlega vilja kaupa mikið magn af olíu í einu, á sérstöku heildsöluverði skv. ákvörðun viðskrn. Þetta felur að sjálfsögðu í sér þá stefnumótandi ákvörðun, að með þessu væri ríkisvaldið að hafa með höndum heildsölu á olíu, sem það gerir ekki í dag.

Í 5. gr. er gert ráð fyrir því, að ekki sé farið að setja upp neina nýja stofnun til að annast þessa þjónustu. Þess virðist ekki gerast þörf, og er því lagt til, að Innkaupastofnun ríkisins fari með stjórn, fjárreiður og bókhald olíubirgðastöðvarinnar.

Ég vil leyfa mér að leggja til, herra forseti, að að lokinni þessari umr. verði frv. vísað til hv. fjh.- og viðskn.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 11 shlj. atkv. og til fjh.- og viðskn. með 11 shlj. atkv.

Gatnagerðargjöld, frv. (þskj. 392). — 1. umr.

Flm. (Alexander Stefánsson): Herra forseti. Ég flyt á þskj. 392 frv. til l. um gatnagerðargjöld.

1. gr. frv. hljóðar svo: „Heimilt er sveitarstjórn að ákveða með sérstakri samþykkt, sem ráðh. staðfestir, að innheimta skuli gatnagerðargjald af hverri lóð, áður en þar er veitt byggingarleyfi. Heimilt er að krefja gatnagerðargjald, ef reist er nýtt hús á lóð, sem áður var byggð. Sama gildir, ef húsið er stækkað, að því er stækkunina varðar.

2. gr. Gatnagerðargjaldi skv. 1. gr. skal varið til gatnagerðarframkvæmda í sveitarfélaginu, og má það nema allt að áætluðum meðalkostnaði við að undirbyggja götu með tilheyrandi lögnum og slitlagi.

3. gr. Sveitarstjórnum er heimilt að ákveða með sérstakri samþykkt, sem ráðherra staðfestir, að innheimta sérstakt gjald, sem varið skal til framkvæmda við að setja bundið slitlag á götur í sveitarfélaginu og til lagningar gangstétta. — Heimild til að leggja á slík gjöld er bundin við það, að sveitarfélagið hafi ekki áður innheimt gatnagerðargjald skv. 1. gr. af hlutaðeigandi fasteign.

4. gr. Gjald skv. 3. gr. má innheimta af öllum fasteignum við þær götur, sem bundið slitlag er sett á og þar sem gangstéttir eru lagðar. Má gjaldið nema allt að áætluðum meðalkostnaði við þessar framkvæmdir.

5. gr. Við ákvörðun gjalda, skv. 1. og 3. gr. l. þessara skal miða við lóðarstærð og/eða rúmmál bygginga, eftir því sem nánar er ákveðið í samþykkt. Gjöld mega vera mismunandi eftir notkun húss, t. d. eftir því, hvort um er að ræða hús til íbúðar, verslunar, iðnaðar o. s. frv. Þá mega gjöld af íbúðarhúsum vera mismunandi eftir því, hvort um er að ræða einbýlishús, raðhús, fjölbýlishús o. s. frv.

6. gr. Gatnagerðargjald skv. 1. gr. skal vera gjaldkræft, þegar sveitarstjórn krefst, eftir því sem nánar er ákveðið í samþykkt. — Sérstakt gatnagerðargjald skv. 3. gr. skal gjaldkræft, þegar lagningu bundins slitlags og gangstéttar við hlutaðeigandi götu er lokið. Þó skal sveitarstjórn heimilt að ákveða í samþykkt, að greiðslu slíks

gjalds sé dreift á tiltekið árabil, eftir því sem nánar er tiltekið í samþykkt.

7. gr. Lög þessi öðlast þegar gildi."

Skv. 10. gr. sveitarstjórnarlaga er það eitt af höfuðverkefnum sveitarfélaga að annast gatna- og vegagerð. Er þetta í dag eitt af meiriháttar verkefnum flestra þéttbýlissveitarfélaga á Íslandi.

Umhverfi mannsins hefur á síðustu árum gefið tilefni til endurmats á mögum sviðum í þjóðlífinu. Mengun er nú talin einn af verstu vágestum mannkynsins, og óhætt er að fullyrða að rykið og forin á götum og vegum sé mikill mengunarvaldur hér á landi.

Auknar kröfur um þrifnað eru háværar og sérstaklega um hollustuhætti í matvælaiðnaði. Nýjar reglur þar um krefjast verulegra framkvæmda á vegum sveitarfélaga, þar sem staðsett eru fyrirtæki, sem framleiða matvæli til útflutnings. Þá má og fullyrða, að ein höfuðforsenda byggðar þéttbýlisstaða úti um land sé varanleg gatnagerð og hreinlegt umhverfi.

Þetta er því miður óleyst verkefni í mörgum sveitarfélögum um landið. Með tilkomu samtaka sveitarfélaga í öllum landshlutum hefur þó skapast nýr vettvangur til umræðna og samstarfs til að leysa þetta mál. Hafa samtökin þegar stuðlað að sameiginlegum framkvæmdum sveitarfélaga, sbr. gatnagerð á Austfjörðum á s. l. ári, og í undirbúningi er samvinna og samstarf sveitarfélaga á Vestfjörðum og Vesturlandi.

En aðalvandamálið er enn óleyst, þ. e. fjármögnun. Með hliðsjón að því, að hér er um miklar fjárhæðir að ræða, sem ekki er mögulegt að fjármagna eingöngu með þeim tekjustofnum, er sveitarfélög ráða yfir skv. l., né heldur með miklum óhagstæðum lántökum, ber nauðsyn til að leita nýrra viðráðanlegra úrræða.

Skv. niðurstöðu af könnun sveitarfélaga í Austurlandskjördæmi mun varanlegt slitlag á 10 þéttbýlisstöðum á Austfjörðum í fyrsta áfanga á næstu 2—3 árum kosta um 130—150 millj. kr. Var gert þar stórátak á s. l. ári, sem gjörbreytir búsetuskilyrðum á þessum stöðum. Á Vestfjörðum hafa samtök sveitarfélaga þegar gert kostnaðaráætlun í 7 sveitarfélögum um varanlega gatnagerð. Er heildarkostnaður nálægt 100 millj. kr. Í Suðurlandsáætlun er gert ráð fyrir, að varanleg gatnagerð í 8 kauptúnum Suðurlands muni kosta um 430 millj. kr. Samtök sveitarfélaga á Vesturlandi tóku saman kostnaðaráætlun um varanlega gatnagerð í öllum kauptúnum og kaupstöðum á Vesturlandi, og er kostnaður áætlaður 450 millj., en lengd ófullgerðra gatna á þessum stöðum á Vesturlandi er um 43 km. Upplýsingar er ég ekki með frá Norðurlandi. Rétt er að geta þess hér, að verðmiðun við þessa útreikninga er talsvert mismunandi, og hafa þessar tölur vafalaust hækkað stórlega vegna aukins tilkostnaðar.

Á öllum fundum sveitarstjórnarmanna hafa þessi mál verið eitt aðalviðfangsefnið, hvernig hægt væri að fjármagna svo miklar framkvæmdir á sem skemmstum tíma, vegna þess að framkvæmdin þolir ekki bið, sbr. kröfurnar um hollustuhætti og bættan aðbúnað við fiskvinnslustöðvar í landinu. Öllum er ljóst, að ekki er hægt að framkvæma slíka gatnagerð með lánsfé nema að mjög litlum hluta, enda erfitt að fá slíkt lán. Tekjustofnar sveitarfélaga, þ. e. útsvör, aðstöðugjöld, fasteignaskattar, holræsagjöld og þéttbýlisvegafé, duga hér skammt.

Þegar frv. til laga um tekjustofna sveitarfélaga, nr. 8 frá 1972, var samið, gerði n., er samdi frv., till. um heimild fyrir sveitarfélögin að leggja á sérstakan fasteignaskatt til að standa straum af ákveðnum framkvæmdum tengdum fasteignum, svo sem gatna-, holræsa- og vatnsveituframkvæmdum og sorphreinsun. Var gert ráð fyrir, að sveitarfélög legðu fram sérstaka framkvæmdaáætlun um slíkar framkvæmdir, sem félmrn. kannaði, áður en leyfi til að leggja á slíkan aukafasteignaskatt yrði gefið. Þetta ákvæði var sett í frv. skv. ósk Sambands ísl. sveitarfélaga. En þegar frv. var lagt fyrir Alþingi, var þetta ákvæði fellt niður. Veit ég, að sveitarstjórnarmenn almennt töldu miður, að svo skyldi fara, en telja heimild til innheimtu gatnagerðargjalds, eins og hér er gert ráð fyrir, koma að góðum notum.

Sveitarstjórnarmenn vilja, að sveitarfélögin fái stóraukin framlög úr Vegasjóði til gatnagerðar. Reglur um úthlutun þéttbýlisfjár verði endurskoðaðar með tilliti til íbúafjölda og ófullgerðra verkefna í gatna- og vegagerð viðkomandi staða. Hluti ríkisins í lagningu varanlegs slitlags þjóðvega, sem liggja um kaupstaði og kauptún, verði stóraukinn og sveitarfélögin fái heimild í lögum til að taka gatnagerðargjöld. Sementsverksmiðja ríkisins fái heimild til að lána sveitarfélögum sement til gatnagerðar á kostnaðarverði til nokkurra ára.

Frv. það, sem hér liggur fyrir um gatnagerðargjöld, er flutt til að auðvelda sveitarfélögunum að leysa þetta verkefni og fá í lög heimild til að taka gatnagerðargjöld, en slík heimild er ekki til í lögum að öðru leyti en því, er fram kemur í 2. mgr. 30. gr. skipulagsl., nr. 19 frá 1964, en gjaldtaka sú, er þar um ræðir, er eingöngu bundin við land í einkaeign og breytt í byggingalóðir. Er raunar lítt skiljanlegt, hvers vegna þetta hefur ekki verið sett í lög, eins og þörfin er knýjandi fyrir þennan tekjustofn.

Nokkrir kaupstaðir og kauptún hafa á undanförnum árum tekið upp gatnagerðargjöld í sambandi við nýbyggingar, en án lagaheimildar. Er þetta drjúgur tekjustofn þessara sveitarfélaga. Sem dæmi má nefna, að í Reykjavík er lágmarksgjald fyrir einbýlishús 1973 396 200 kr. Í Garðahreppi er fast gjald 152 þús. kr. fyrir einbýlishúsalóð, auk þess 177 kr. pr. ferm. lóðar. Í Hafnarfirði er þetta gjald 312 þús. kr.

Gatnagerðargjöld af leigulóðum munu fyrst hafa verið tekin upp í Kópavogi, en hafa verið innheimt af leigulóðum, sem úthlutað hefur verið í Rvík eftir 15. júlí 1958. Gjald eins og t. d. það, sem krafið er í Reykjavík, er ekki skattur, heldur samningsbundin greiðsla í sambandi við úthlutun leigulóða.

Gatnagerðargjaldið er fyrst og fremst hugsað sem endurgjald fyrir þann kostnað eða hluta þess kostnaðar, sem er við að gera lóð byggingarhæfa. Hér er um að ræða kostnað við að gera götuna, þ. e. að endurbyggja götuna með tilheyrandi lögnum fyrir varanlegt slitlag. Þetta á við um 1. og 2. gr. frv., sem yrði þá lögfest fyrir öll sveitarfélög í landinu.

f mörgum sveitarfélögum er ástandið þannig, að ekki hefur verið fjármagn til að undirbyggja götur, áður en byggingar rísa, og varanlegt slitlag á þessar götur ekki heldur til. Má öllum vera ljóst, hvernig er að búa við slíkt ástand árum saman. Til að auðvelda slíka framkvæmd er í frv. þessu lagt til, að sveitarstjórn fái heimild til að innheimta sérstakt gjald, sem verja skal til framkvæmda við að setja bundið slitlag á slíkar götur í sveitarfélögunum og til lagningar gangstétta, enda er slík gjaldtaka bundin því skilyrði, að ekki hafi áður verið innheimt gatnagerðargjald af viðkomandi fasteign.

Að mati sveitarstjórnarmanna er mjög aðkallandi að fá þessa heimild, þar sem slíkt gjald mundi ekki aðeins flýta fyrir framkvæmdum við viðkomandi götur, heldur einnig jafna að nokkru það misræmi, sem er í því að innheimta gatnagerðargjald hjá þeim, sem byggja nýbyggingu, ekki aðeins við nýjar götur, heldur einnig við götur, sem eru ófullgerðar og áður byggt við án gjaldtöku. Heimilt er að dreifa innheimtu gjalds þessa á fleiri en eitt ár. Ætti það að létta greiðslubyrði húseigenda. Sum sveitarfélög hafa gert tilraun til að láta fara fram atkvgr. meðal íbúa tiltekinnar götu um aukagjaldtöku vegna varanlegs slitlags á götuna. En árangur hefur orðið lítill, þar sem alger samstaða hefur ekki náðst. Getur slík aðferð einnig skapað ósamræmi í framkvæmdum.

3. gr. frv. bætir úr þessu ástandi verulega og kemur til móts við eðlilegar óskir sveitarstjórnarmanna og verður til þess, að hægt verður að hraða verulega að gera ófullgerðar götur, sem búið er að byggja við áður, fullgerðar með varanlegu slitlagi. En eins og áður hefur komið fram, hefur þetta ekki verið heimilt og valdið leiðindum, þar sem reynt hefur verið að fara samningaleið.

Ég vil þó taka fram, að þótt þetta frv. verði að lögum, sem ég veit, að sveitarstjórnarmenn í landinu óska, leysir það ekki nema að litlum hluta fjárþörf sveitarfélaga til þess að gera varanlega gatnagerð að veruleika á næstu árum. En ég fullyrði, að það auðveldar þetta átak. Sveitarstjórnir ákveða sjálfar, hvað þær treysta sér til að hafa þessa gjaldtöku mikla og eins á hve mörg ár þær dreifa gjaldinu. Ég veit, að sveitarstjórnir munu vanda til um þessa ákvörðun og ekki ganga lengra í gjaldtöku en gjaldþol gjaldenda og framkvæmdaþörf frekast leyfir. Ég fullyrði, að íbúar þéttbýlisstaða úti um allt land, sem búa við lélegt ástand og jafnvel ófremdarástand hvað varðar varanlega gatnagerð, eru fúsir til þess að taka á sig sérstakt gatnagerðargjald í eitt skipti fyrir öll, ef það verður til þess, að þessi aðstaða verður til staðar. Það verður því að teljast eðlileg krafa íbúa allra þéttbýlisstaða, hvar sem er á landinu, að búa við hreinlegt umhverfi, og varanlegt slitlag á götur er frumskilyrði þess, að svo geti orðið. Löggjafarvaldið og stjórnvöld verða því að gera allt, sem hægt er, til þess að gera þeim sveitarfélögum, sem standa höllum fæti við framkvæmd þessarar frumskyldu, mögulegt að hefja varanlega gatnagerð, sem um munar. Þetta frv., ef að lögum verður, getur orðið til að auðvelda framkvæmdir. Ég treysti því á skilning hv. alþm., að þeir styðji þetta frv., svo að það verði að lögum á þessu þingi.

Herra forseti. Ég legg til, að frv. verði að lokinni þessari umr. vísað til 2. umr. og félmn.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 12 shlj. atkv. og til félmn. með 12 shlj. atkv.

Ríkisreikningurinn 1971, frv. (þskj. 397). — 1. umr.

Fjmrh. (Halldór E. Sigurðsson): Herra forseti. Ríkisreikningurinn fyrir árið 1971 var lagður fram á síðasta Alþ., en ekki útræddur á því þingi. Hann er nú lagður fram í annað sinn og vonandi til afgreiðslu hér á hv. Alþ. Eins og venja er, þegar ríkisreikningur er lagður fram til fullnaðarafgreiðslu og úrskurðar Alþ., hafa yfirskoðunarmenn ríkisreikningsins yfirfarið reikninginn og gert sínar aths. og fengið svör við þeim.

Aths. yfirskoðunarmanna ríkisreikningsins fyrir árið 1971 eru tiltölulega litlar og ekki veigamiklar heldur, og hafa þeir fengið svör við þeim, sem skýra málin og þeir telja fullnægjandi. Eru svör þeirra við aths. birtar hér á bls. 369—372.

Vil ég fyrst vekja athygli á því, að það kemur fram í aths. yfirskoðunarmanna ríkisreikningsins, sem hefur verið að gerast á síðustu árum, að innheimta innheimtumanna ríkissjóðs hefur farið hlutfallslega batnandi ár frá ári, var betri árið 1971 en hún hafði verið áður, og áfram hefur haldið í þessa átt og er mjög vel, að svo er. Þetta meta yfirskoðunarmenn ríkisins réttilega og benda á, að það eru sárafáir af innheimtumönnum ríkissjóðs, sem skulda nokkuð sem heitir af óinnheimtu, eða frá 38% niður í rúm 10%, þegar þeir taka 5 þá, sem mest skulda, og er það ekki mikil fjárhæð, miðað við þær innheimtur, sem þar fara fram.

Þau atriði, sem yfirskoðunarmenn gera einna mestar aths. við, eru breytingar þær, sem gerðar voru á innheimtudeild Ríkisútvarpsins. Það hafði komið fram í aths. við ríkisreikninginn fyrir árið 1970 aths. frá þáv. yfirskoðunarmönnum um, hve kostnaðarsöm breyting sú varð, sem gerð var á kaffistofu sjónvarpsins, nær 20 millj. kr., sem yfirskoðunarmönnum fannst of fjárfrek framkvæmd, án þess að hefði verið haft samráð við viðkomandi rn. eða fjárveitingavaldið á einn eða annan hátt. Á árinu 1971 hafði svo verið gerð sérstök breyting á innheimtudeild Ríkisútvarpsins, og gera yfirskoðunarmenn aths. við þetta, sem telja verður af svipuðum toga spunna og fyrri aths. um, að Ríkisútvarpið hafi ekki samráð við sitt rn. eða fjárveitingavaldið um svo stórfelldar framkvæmdir sem þarna eiga sér stað, þó að í breytingarformi séu.

Þá er og fundið að því, að lögfræðingur hafi verið ráðinn til innheimtu hjá Ríkisútvarpinu í 24. launaflokki opinberra starfsmanna, en hann hélt eftir sem áður áfram að reka eigin lögfræðiskrifstofu, þó að hann gegndi þessu starfi hjá útvarpinu og væri í svo háum launaflokki sem raun bar vitni um. Mun starfsemin að ein-

hverju leyti hafa verið rekin innan þeirrar stofnunar Ríkisútvarpsins.

Enn fremur kemur það fram í aths. yfirskoðunarmanna, að enda þótt þeir telji, að formlega hafi verið að staðið um samþykktir á skiptum á sendiherrabústaðnum í Kaupmannahöfn, þar sem sá gamli var seldur og nýr keyptur, og fjvn. Alþingis fjallaði um málið, eins og til stóð, þá má heyra á aths. þeirra, að þeir telja samt, að um hæpna ráðstöfun hafi verið að ræða. Hér var um kaup á stóru húsi að ræða og verðmætri lóð, sem því fylgir. Hefur komið fyrir áður, að sendiherrabústaður hefur verið keyptur, sem hefur verið óþarflega íburðinn, og sérstaklega langt umfram þennan, og orkaði sú ráðstöfun tvímælis, en var hins vegar réttlætt með því, hve vel hafði tekist að selja þann, sem fyrir var, og ekki orkar það tvímælis, að þennan mundi vera hægt að selja með verulegum hagnaði.

Það kemur fram í svörum yfirskoðunarmanna ríkisreikningsins, að þeim hefur verið svarað öllum atriðum, sem um var spurt, og hafi skýrt það, hvað þeir telji, að þeir hafi þar frekari aths. við að gera. Eru það fyrst og fremst þessi atriði, sem að útvarpinu snúa, sem ég hef þegar gert grein fyrir.

Eins og kemur fram og ég mun gera grein fyrir, þegar frv. til fjáraukalaga verður rætt, er um allmiklu hærri tölur að ræða á útgjaldahlið og teknahlið þessa ríkisreiknings en ráð var fyrir gert, enda þarf engan að undra það, því að þegar fjárlög fyrir þetta ár voru afgreidd, var verið að gera kjarasamninga fyrir ríkisstarfsmenn, sem verkuðu aftur fyrir sig, og voru ekki færð inn á sérstaka útgjaldaliði fjárlaga það ár, þau útgjöld, sem leiddi af þessum kjarasamningum, og í fjárlagaafgreiðslunni í heild var gert ráð fyrir lægri tölu þar en raun varð á. Enn fremur var eftir afgreiðslu fjárl. afgreitt hér á hv. Alþ. frv. til hækkunar á bensínskatti og aukin útgjöld til vegamála. Og svo var síðar á árinu ákveðið af ríkisstj. að flýta gildistöku almannatryggingalaga, sem afgr. voru þá á þingi, en ekki hafði verið gert ráð fyrir, að tækju gildi fyrr en um áramót. Er því hér um nokkurn mismun að ræða, sem mun verða skýrður, þegar fjáraukalögin verða til umræðu í hv. Sþ.

Ég sé ekki ástæðu til, herra forseti, að fara frekar út í skýringar á ríkisreikningnum, þar sem hann skýrir sig sjálfur með þeim athugasemdum, sem honum fylgja. Ég legg til, að honum verði vísað til 2. umr. og hv. fjh.- og viðskn. og treysti því, að hv. nefnd láti hann hafa eðlilegan hraða í afgreiðslu, svo að hv. Alþingi afgreiði hann að þessu sinni.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 11 shlj. atkv. og til fjh.- og viðskn. með 13 shlj. atkv.

Vegalög, frv. (þskj. 393). — 1. umr.

Flm. (Alexander Stefánsson): Herra forseti. Ég flyt hér frv. til l. á þskj. 393 um breyt. á vegalögum, nr. 80 10. júlí 1973.

„1. gr. 1. málsgr. 32. gr. laganna orðist svo:

Árlega skal veita ákveðna fjárhæð til lagningar þjóðvega í kaupstöðum og kauptúnum, sem hafa 200 íbúa eða fleiri, og skal skipting fjárins fara eftir íbúafjölda og ófullgerðum verkefnum við lagningu þjóðvegarins á staðnum. Skal árlegt framlag vera 20% af heildartekjum vegamála það ár samkvæmt XIV. kafla laga þessara. Ráðherra er þó heimilt að undanskilja tekjur vegamála, sem varið er til framkvæmda við hraðbrautir.

2. gr. 34. gr. laganna orðist svo:

Af heildarframlagi því, sem veitt er til lagningar þjóðvega í kaupstöðum og kauptúnum samkvæmt 32. gr., skal árlega halda eftir 20%, og skal því fé ráðstafað eftir till. vegamálastjóra til að flýta framkvæmdum, þar sem sérstök ástæða þykir til að ljúka ákveðnum áfanga, stuðla að hagkvæmari vinnubrögðum og til að hraða framkvæmdum við lagningu þjóðvegar, þar sem almenn umferð gegnum viðkomandi kauptún eða kaupstað er sérstaklega mikil og um leið mikilvæg.

3. gr. Lög þessi öðlast þegar gildi."

Kröfur um varanlega gatnagerð í þéttbýli eru settar fram á þeirri meginröksemd, að ein höfuðforsenda byggðar þéttbýlisstaða um landið sé varanleg gatnagerð og hreinlegt umhverfi, enda eðlilegt, að fólkið í landinu búi við sem jafnasta aðstöðu hvað þetta varðar. Þrifalegt umhverfi er ein af forsendum þess, að fólk vilji búa á viðkomandi stað.

V. kafli vegalaga, um þjóðvegi í kaupstöðum og kauptúnum, er augljóslega settur í lögin til að auðvelda sveitarfélögum að ná þessu marki. En miðað við, hve víða er mikið óleyst af þessu verkefni og fjárhagsleg geta sveitarfélaga takmörkuð, er það fjármagn, sem veitt er samkv. 32. gr. laganna, 12½% af heildartekjum vegamála, of lítið. Því er lagt til í frv. þessu, að það verði aukið í 20%.

Á s.l. ári nam þéttbýlisvegafé 156.6 millj. kr., og nam þéttbýlisvegagjaldið til sveitarfélaga um kr. 785.90 á íbúa. Að óbreyttum lögum er áætlað, að þéttbýlisvegafé 1974 verði um 910 kr. á íbúa. Er það talsvert lægri fjárhæð en reiknað var með í upphafi og sveitarfélög hafa nú byggt fjárhagsáætlun sína á fyrir árið 1974. Þessi lækkun er fyrst og fremst vegna þess, að framlag til hraðbrauta verður miklu hærra en áætlað var, og vil ég sérstaklega vekja athygli hv. alþm. á þessu atriði. Ef þetta frv. verður að lögum hækkar þéttbýlisframlag í ca. 1350—1400 kr. á íbúa. Er þá gert ráð fyrir, að heildarfjárhæð til vega í kaupstöðum og kauptúnum 1974 verði um 320 millj. í stað tæplega 190 millj. að óbreyttu frv. Yrði þetta talsverð hækkun til sveitarfélaga, sem auðveldaði framkvæmdir. Þó er rétt að taka fram, að hraðbrautarframlag getur lækkað þessar tölur 1974 verulega.

Það hefur verið gagnrýnt meðal sveitarstjórnarmanna, að skipting þessa fjár sé eingöngu miðuð við íbúafjölda. Er hér þörf á breytingu í þá átt, að tekið sé tillit til ófullgerðra verkefna við lagningu þjóðvegarins á viðkomandi stað. Virðist þetta sanngjörn breyting, þar sem í mörgum kaupstöðum og kauptúnum er varanleg gatna-

gerð að þessu leyti langt komin, en víða um landið algjörlega á frumstigi.

Þá er lagt til í frv. þessu, að kauptún með 200 íbúa í stað 300 íbúa, eins og er í núgildandi lögum, komi inn í skiptingu fjárins. Auðveldar það myndun nýrra þéttbýliskjarna. Þetta er réttlætismál, sem lengi hefur verið bent á, að þyrfti að breyta.

Lagt er til í frv. þessu, að 34. gr. vegalaga breytist þannig, að árlega verði haldið eftir 20% af heildarframlagi til lagningar þjóðvega í kaupstöðum og kauptúnum í stað 10% áður. Þetta fjármagn nam í árslok 1973, þ. e. frá því að byrjað var að mynda þennan sjóð, 66.3 millj., og þessu fjármagni hafði verið varið þannig, að Kópavogur hafði fengið 51.3 millj., Selfoss 12.3 millj., Hveragerði 0,7 millj. og Dalvík 1.8 millj. Nú hefur ríkið yfirtekið lán Kópavogskaupstaðar.

Eins og sjá má af framansögðu, hafa sárafáir staðir í landinu notið lána eða styrkja af þessu geymslufé. En með auknu fjármagni og þegar dýr framkvæmd eins og Kópavogsgjá er ekki lengur með, má vænta þess, að þetta fjármagn verði í auknum mæli til að hraða framkvæmdum sveitarfélaga.

Sérstök ástæða er til að undirstrika nauðsyn þess, að með þessu fjármagni verði hraðað lagningu þjóðvega í gegnum kaupstaði og kauptún, er hafa mikinn umferðarþunga gegnum miðju byggðarinnar, bæði hvað varðar atvinnulíf viðkomandi staðar og almenna umferð um þjóðveginn.

Þá verður einnig að telja eðlilegt, að vegamálastjóri hafi samráð við viðkomandi sveitarstjórnir um skiptingu þessa fjár, en það hefur ekki verið gert áður.

10% sjóðurinn var 1973 15.7 millj. kr., en ef í gildi hefði verið sú breyting, sem hér er lögð til, hefði þessi fjárhæð orðið um 50 millj. Ef þetta frv. verður að lögum og 20% verða lögð í sjóðinn, yrði fjárhæðin á árinu 1974 um 60 millj. kr. í stað 18—19 millj. að óbreyttum lögum.

Ég vil sérstaklega vekja athygli hv. alþm. á því, að ég lét setja sem fylgiskjal með þessu frv. skrá yfir framlög til vega í kaupstöðum og kauptúnum samkvæmt V. kafla vegalaga frá upphafi. Þar er gerð grein fyrir á öllu þessu árabili, hvað þetta hefur verið mikið á íbúa og hvernig skiptingin hefur orðið, miðað við kauptún og kaupstaði landsins. Og þar má sjá, að þetta fjármagn hefur, miðað við það form, sem á þessari skiptingu er, farið fyrst og fremst til Reykjavíkur og þéttbýlisstaðanna.

Herra forseti. Ég tel ekki ástæðu til að hafa lengri framsögu um þetta nauðsynjamál. Ég vænti þess, að hv. alþm. taki málið til athugunar og reynt verði að hafa áhrif á, að það nái fram að ganga á þessu þingi, því að þetta er réttlætismál, og stórt mál fyrir sveitarfélögin í landinu. Ég vil leyfa mér að mælast til þess, að strax að lokinni þessari umr. verði frv. vísað til 2. umr. og samgmn.

Helgi F. Seljan: Herra forseti. Ég vil í fyrsta lagi lýsa yfir stuðningi mínum við þetta frv. Ég fagna hverri tilraun, sem gerð er til að létta hlut sveitarfélaganna í þessu þýðingarmikla verkefni þeirra, — verkefni, sem þau eru nú farin að telja eitt af sínum höfuðverkefnum og kannske allra mest aðkallandi.

Ég flutti ásamt hv. þm. Jónasi Árnasyni fyrr í vetur till. til þál. um aukinn stuðning við varanlega gatnagerð í þéttbýli og um leið rykbindingu þjóðvega. Sú till. fór mjög í sömu átt og þetta frv., sem hér liggur fyrir, þó að þar hafi verið aðeins bent á nokkrar þær leiðir, sem fara mætti til að fjármagna þessar framkvæmdir sveitarfélaganna á annan og betri hátt en þann, sem gert hefur verið. Meðmæli með þessari þáltill. okkar hafa verið mjög eindregin frá sveitarstjórnum og sveitarstjórnasamtökum, og er varla hægt að reikna með öðru en að sú till. fái samþykkt, svo jákvæðar undirtektir þm. sem hún fékk einnig, þegar hún var hér til umr.

Ég vil aðeins minna á það, að í þessari till. var talað um að leita eftirtalinna leiða til að ná því marki, að sveitarfélögin gætu gert verulegt átak á þessu sviði við 5 ára framkvæmdaáætlun: Að ríkið útvegi sveitarfélögunum sérstakt lánsfé til framkvæmdanna, þ. e. a. s. á framkvæmdaáætlun ríkisins skuli hvert ár vera ákveðin upphæð til varanlegrar gatnagerðar í þéttbýli, sem lána skuli sveitarfélögunum með hagstæðum kjörum. Í öðru lagi, að hlutur sveitarfélaga af bensínskatti verði aukinn, svo að hið svokallaða þéttbýlisvegafé tvöfaldist, en að því er einmitt sérstaklega vikið í 1. gr. þessa frv., þar sem lagt er til, að árlegt framlag skuli vera 20% af heildartekjum vegamála hvert ár, í stað 12½% nú. Einnig var þar kveðið svo að orði, að endurskoðaðar verði reglur um úthlutun fjárins og fólksfjöldatakmörk þeirra sveitarfélaga, sem fjárins njóta. Þar er átt við það, sem einnig er vikið að í þessu frv., að fjárhæð til lagningar þjóðvega í kaupstöðum og kauptúnum skuli veita til allra þeirra staða, sem hafa 200 íbúa eða fleiri. Einnig var í þessari till. vikið sérstaklega að stóraukinni hlutdeild í rykbindingu þeirra þjóðvega, sem liggja beinlínis um kaupstaði og kauptún, og sérstaklega með tilliti til umferðarþungans þar. Einnig var vikið að því að rykbinda þjóðvegi, þar sem þeir liggja um bæjarsvæði bænda og ræktunarlönd.

Ég vík aðeins að þessu hér, ekki til þess að vekja sérstaka athygli á þessari till., heldur aðeins vegna þess, að í framhaldi af þessum tillöguflutningi og reyndar af fleiri ástæðum tók byggðanefnd þetta mál sérstaklega sem eitt aðalhagsmunamál sveitarfélaga úti um landsbyggðina. Tók hún þetta mál alveg sérstaklega fyrir á fundum sínum í vetur. Hún hefur rætt sérstaklega við vegamálastjóra um þessi mál, og hún hefur einnig rætt sérstaklega við samgrh. um þessi mál og fengið mjög jákvæð viðbrögð við sínum till., sem hljóta að koma fram.

Við erum að vona að vísu, að eitthvað af þessu komi fram nú þegar í stj.frv. til breyt. á vegalögum. T. d. hef ég mikla von um það, að íbúafjöldinn verði ekki lengur miðaður við 300, heldur 200 íbúa, að það verði lagt til í breyt. á vegalögunum frá ríkisstj. En ég geri mér einnig von um árangur í ýmsu öðru. Að öðru leyti hefur n. haft í undirbúningi till. eða frv.-flutning um þær úrbætur, sem m. a. ganga í þá átt, sem hér er

ráð fyrir gert. En við vildum aðeins sjá, hverju hægt væri að koma til leiðar nú þegar og hvað ríkisstj. teldi sig þegar tilbúna til að gera með breyt. á vegalögunum, áður en við lögðum í þennan tillöguflutning eða frv.-flutning okkar.

Ég styð eindregið þær gr., sem eru í þessu frv., og get reyndar bætt því við, að ég tel mjög sanngjarnt og eðlilegt og sjálfsagt, að það frv., sem hv. flm. mælti hér fyrir áðan, um gatnagerðargjöldin, nái einnig fram að ganga. Það er einnig mjög jákvætt skref, því að sannarlega hafa sveitarfélögin verið allt of hikandi í því að koma á hjá sér gatnagerðargjöldum. Það stafar einfaldlega af því hins vegar, hvað ástand gatnanna hefur verið bágborið í þessum sveitarfélögum, að sveitarstjórnir hafa ekki treyst sér til annars en gera fyrst verulegt átak, áður en þær gætu farið að innheimta þessi gjöld.

Hvort tveggja er þetta sem sagt til bóta, og ég vona, að það nái fram að ganga, þó að ég fyrst og fremst voni, að ríkisstj. sjái sér fært að koma til móts við marg ítrekaðar óskir sveitarfélaganna og komi því nú þegar í lög eða beri fram frv. um þær breytingar á vegalögum, sem teljast sjálfsagðar og eðlilegar, til þess að óskum sveitarfélaganna verði mætt.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 11 shlj. atkv. og til samgn. með 11 shlj. atkv.

Neðri deild, 66. fundur.

Mánudaginn 25. febr., kl. 2 miðdegis.

Neyðarráðstafanir vegna jarðelda á Heimaey, frv. (þskj. 408). — 1. umr.

Of skammt var liðið frá útbýtingu frv. — Afbrigði samþ. með 22 shlj. atkv.

Flm. (Eysteinn Jónsson): Herra forseti. Það má kalla kraftaverk, hversu úr hefur ræst í Vestmannaeyjum, miðað við það, hvernig horfði þar fyrir 13 mánuðum, þegar eldgosið hófst á Heimaey. A. m. k. helmingur Eyjabúa er kominn heim, og framleiðsla þessarar miklu aflstöðvar í þjóðarbúskapnum er þegar rekin af miklu fjöri og þrótti, svo sem áður hefur tíðkast.

Baráttan við gosið verður ekki rakin hér af mér, en stórmerki tel ég, að komið hefur í ljós, að unnt er að hafa veruleg áhrif á hraunstraum í kröftugu eldgosi með öflugri vatnskælingu, og helst er að sjá, að stórmyndarlegar framkvæmdir af því tagi hafi átt sinn þátt í því að bjarga Vestmannaeyjahöfn og mörgu öðru í bænum. Verður það hreinlega ekki í tölum talið, hverja þýðingu það hefur fyrir Íslendinga eða alla afkomu þjóðarbúsins, að höfnin slapp.

Sú reynsla, sem hér hefur fengist í viðureigninni við hraunstrauminn, hefur einnig ómetanlega þýðingu framvegis í baráttu við eldsumbrot, og verður það ekki nánar rakið hér.

Hér verður ekki heldur reynt að gera grein fyrir því margbrotna starfi, sem framkvæmt hefur verið til bjargar og uppbyggingar í Vestmannaeyjum, t. d. með stuðningi Viðlagasjóðs, sem Alþingi stofnaði með l. um ráðstafanir vegna jarðeldanna á Heimaey. Það gerir stjórn Viðlagasjóðs að sjálfsögðu, jafnóðum og tímabært er talið.

Það var upphaf þessa máls, sem hér er flutt í frv.-formi nú, að stjórn Viðlagasjóðs sneri sér til hæstv. forsrh. og gerði honum grein fyrir því, að tekjur Viðlagasjóðs mundu alls ekki hrökkva til að kosta þær framkvæmdir, sem gera þarf til bjargar og viðreisnar í Vestmannaeyjum samkv. löggjöfinni, sem um þau efni hefur verið sett, og ekki heldur þótt til komi allt það mikla fé, sem Norðurlandamenn af stórum höfðingsskap hafa fram rétt í þessu skyni, og aðrar gjafir, sem einnig koma þarna til. Óskaði Viðlagasjóðsstjórnin eftir því, að tekjustofn Viðlagasjóðs, þ. e. a. s. 2% á söluskattsstofninn, yrði framlengdur til ársloka 1974.

Forsrh. óskaði þess, að flokkarnir settu n. í þetta mál. Var það gert, og hefur hún starfað, og er frv. þetta ávöxtur af því samstarfi á milli allra flokka þingsins, sem um þetta mál hefur tekist nú enn, eins og varð á sinni tíð, þegar við þessum voveiflegu tíðindum var brugðist á sínum tíma með löggjöfinni um neyðarráðstafanir vegna jarðeldanna á Heimaey, en í henni eru ákvæðin um stofnun Viðlagasjóðs. Samkv. því hafa flm. þessa frv. undanfarið kynnt sér nokkuð fjárhag Viðlagasjóðs í samráði við ýmsa af ráðh. og reynt að mynda sér skoðun á því, hvað líklegt sé, að mikið fé þurfi fram að leggja úr Viðlagasjóði til þess að standa við þau fyrirheit, sem felast í l. um neyðarráðstafanir vegna jarðelda á Heimaey, en það veit ég, að allir hv. þm. leggja kapp á, að við þau fyrirheit verði fullkomlega staðið.

Í ljós kom, að ógerningur er að gera sér þess nú fulla grein, hversu mikið fé þarf til að koma. En svo mikið er ljóst að dómi flm., að Viðlagasjóður má ekki missa allar tekjur sínar nú um næstu mánaðamót. Hefur því orðið samkomulag um að flytja þetta frv., en efni þess er að leggja 1% viðlagagjald á söluskattsstofn næstu 12 mánuði í staðinn fyrir 2%. Flm. álíta, að síðar verði að afla fjár enn til viðbótar í Viðlagasjóð, ef í ljós kemur, að þetta fé nægir ekki til þess, að hægt sé að standa við fyrirheit laganna um stuðning við uppbygginguna í Vestmannaeyjum. Það skal tekið fram, að þess er vænst, að Seðlabankinn aðstoði Viðlagasjóð framvegis eins og hingað til, þannig að greiðslur úr sjóðnum geti orðið með eðlilegum hætti.

Ég mun ekki gera tilraun til þess að gefa hér neitt tæmandi yfirlit um hag eða horfur Viðlagasjóðs, því að það er ógerningur að gera sér grein fyrir því, hvers með þarf að lokum. En ég vil þó aðeins segja frá því, að samkv. yfirliti, sem við höfum til skoðunar, hafa útgjöld sjóðsins fram að þessu orðið 3 milljarðar 216 millj. og skiptast þannig: Húsakaup 1398 millj., blokkbygging 34 millj., skuldabréfalán 228 millj., afborganir og vextir 88 millj., vélakaup 77 millj., ýmsir rekstrarliðir í Vestmannaeyjum, þ. á m. baráttan við hraunstrauminn og margs konar björgunarráðstafanir, 705 millj., annar rekstur 49 millj., vaxtakostnaður 37 millj., bætur til Vestmannaeyja-

kaupstaðar 78 millj., fyrirtækjabætur 80 millj., bætur fyrir hús 226 millj. og aðrar bætur 211 millj. Samtals eru þetta 3 milljarðar 216 millj. Og þessu hefur verið mætt fram að þeim tíma, að uppgjörið er dagsett: Með viðlagagjaldi, sem miðast við útsvarsstofn, 177 millj. Með viðlagagjaldi, sem leggst á söluskattsstofn og eignarskattstofn, ríkissjóðsframlagi og framlagi Atvinnuleysistryggingasjóðs 979 millj. Frá Norðurlöndum hafa komið 1181 millj., og annað gjafafé hefur orðið 179 millj. Greiðslur gengu þannig út og inn, að skuld var við Seðlabankann 784 millj.

Ég geri ekki tilraun til þess að giska á, þótt við höfum skoðað þetta nokkuð og rætt við fróða menn um, hversu miklu þarf við að bæta af ýmiss konar bótum o. fl. En það er alveg augljóst mál nú þegar, að heildarútgjöld Viðlagasjóðs verða aldrei undir hálfum fimmta milljarði og þó líklega mun meiri, en þetta fer að sjálfsögðu mikið eftir því, hvernig til tekst með sölu Viðlagasjóðshúsanna. Hér veltur á mjög stórum fjárhæðum til og frá, svo að best er að vera ekki að reyna að gera neinar tilraunir til að áætla þetta, en leggja sterka áherslu á þá sameiginlegu skoðun allra flm., að komi það í ljós, að þessir fjármunir dugi ekki, verður að bæta við því, sem þarf. Það er aðalatriðið, og enn fremur þá von, að bótagreiðslur geti gengið eðlilega með stuðningi Seðlabankans.

Þá er við að bæta, að það hefur dregist hjá sveitarfélögunum að skila viðlagasjóðsgjaldinu, sem lagt er á útsvarsstofninn og sveitarfélögin innheimta fyrir Viðlagasjóð. Þetta er fé, sem sveitarfélögin innheimta fyrir Viðlagasjóð. Það hefur dregist að skila þessu gjaldi, og þess vegna er sú till. í 2. gr. frv., að heimild verði til þess að tryggja þessi skil með því, að framlög til sveitarfélaga úr Jöfnunarsjóði gangi upp í vanskilin, uns fullkomlega er úr bætt. Þetta er eðlilegt ákvæði og sjálfsagt, og hefur enginn ágreiningur verið manna á milli, sem að þessu máli hafa komið, að þetta væri sjálfsagt ákvæði til að tryggja, að fénu verði skilað þangað, sem það á að fara, því að það er innheimt fyrir Viðlagasjóð. Þetta eru hans peningar.

Loks er að geta þess, eins og kemur fram í grg., að Ingólfur Jónsson, Gylfi Þ. Gíslason og Bjarni Guðnason taka fram, að þeir telja, að innflutningstollar og söluskattar af Viðlagasjóðshúsunum eigi að ganga til uppbyggingar í Vestmannaeyjum, jafnóðum og húsunum er komið í verð, en tollarnir hafa ekki verið innheimtir af þessum húsum, en gert ráð fyrir, að þeir verði greiddir jafnóðum og húsin verða seld, þ. e. a. s. jafnóðum og einhverjir aðrir eiga að njóta þeirra en þeir, sem áttu að fá í þeim húsnæði vegna áfallsins.

Hins vegar taka 3 af flm., þeir Eysteinn Jónsson, Gils Guðmundsson og Halldór S. Magnússon, fram, að upplýst sé, að ríkisstj. hefur samkv. heimild í 8. gr. 32. lið gildandi fjárl. ætlað þetta fé, þ. e. a. s. það, sem kæmi inn í Viðlagasjóð, jafnóðum og húsin eru seld frá honum, í hafnarframkvæmdir, sem teknar voru ákvarðanir um í beinu sambandi við náttúruhamfarirnar í Vestmannaeyjum. Nægir í þessu efni í raun og veru að vísa til umr., sem hér urðu á sínum tíma í sambandi við fjárl., og þeirrar heimildagr., sem þar kemur til í fjárl. Þá er þess að geta, að þótt þessi skoðanamunur komi fram varðandi þessa fjármuni, er samkomulag um að blanda þeim skoðanamun ekkert inn í afgreiðslu þessa máls, og munu engar tilraunir af hendi þeirra, sem að þessu máli standa, verða gerðar til þess að trufla á nokkurn hátt afgreiðslu þess með því að blanda þessum atriðum inn í. Ef menn vilja stefna að því, að eitthvað nánar verði fjallað um þetta, þá munu menn gera það með öðru móti en því að blanda því inn í þetta mál. Mótast það ekki síst af því, að þetta mál verður að ganga rösklega fram, því að þessir tekjustofnar falla niður nú fyrir helgina, ef ekki er búið að ganga frá þessu öllu kirfilega áður, og það verður að gera, hvað sem tautar.

Nú hefði í sjálfu sér ekki verið nein ástæða til þess að vísa þessu máli til n., þar sem það er undirbúið á þennan hátt af fulltrúum allra flokkanna og fjallað um það jafnóðum í öllum flokkunum frá stigi til stigs, eins og gert var um Vestmannaeyjamálið í fyrravetur. Það hefur verið sami háttur á hafður og þá. En ég ætla samt að leggja til, að þessu máli verði vísað til hv. fjh.- og viðskn. d. og þá í trausti þess, að hún geti skoðað það í skyndi og það verði tekið fyrir aftur á morgun til 2. og 3. umr. og þá í Ed. líka, þannig að frv. geti orðið að lögum á morgun. Mun verða hagað fundum í Sþ. með tilliti til þess, að slíkt megi eiga sér stað. Það er engin ástæða til þess að tefla á tæpt vað með afgreiðslu á þessum málum, eins og búið er að vinna að þeim. Það er því ósk mín, að fjh.- og viðskn. Ed. verði fengin til að líta á málið með Nd.-nefndinni, þannig að það geti gengið liðlega áfram.

Ég legg því til, herra forseti, að málinu verði vísað til hv. fjh.- og viðskn. með þessari ósk.

Ingólfur Jónsson: Herra forseti. Það er rétt, sem hv. 1. flm. þessa frv. sagði, að þetta frv. þarf að ganga fljótt í gegn, það þarf að verða að lögum og staðfest fyrir næstu mánaðamót.

Út af fyrir sig er ekki ástæða til þess að fara mörgum orðum um þetta frv. Það skýrir sig sjálft. Hv. alþm. eru minnugir þess, að fyrir rúmlega ári tók Alþ. ábyrgð á vissum atriðum í sambandi við náttúruhamfarirnar í Vestmannaeyjum. Ábyrgðin var staðfest með l. um Viðlagasjóð 7. febr. 1973. Með stofnun Viðlagasjóðs sameinaðist Alþ. um það að gera ráðstafanir til, að allir landsmenn tækju þátt í því að bæta tjónið í Vestmannaeyjum og eiga þátt í uppbyggingarstarfi þar, eftir því sem í mannlegu valdi stæði. Viðlagasjóður hefur fengið fé samkv. l. frá Alþ. og gjafir frá innlendum aðilum og erlendis frá, mjög myndarlegar gjafir, eins og oft hefur verið vitnað til, sérstaklega frá nágrönnum okkar og frændum á Norðurlöndum.

Það er ekki unnt að gera sér grein fyrir ýmsum atriðum enn sem komið er, en þó er vitað, að Viðlagasjóð vantar fé til þess að geta staðið við þær skuldbindingar, sem gefnar voru, um leið og sjóðurinn var stofnaður.

Frv. það, sem hér er til umr., er flutt af fulltrúum allra þingflokka. Er lagt til að framlengja í eitt ár helming af Viðlagasjóðsgjaldi, sem lög-

fest var með stofnun Viðlagasjóðs. Er gert ráð fyrir, að það nemi um 750 millj. kr. á ársgrundvelli. Þá er tekið fram í grg. með frv., að fjár verði aflað í Viðlagasjóð á árinu 1975, ef þörf krefur. Gert er ráð fyrir, að Seðlabankinn veiti fyrirgreiðslu, eftir því sem þörf er á, til þess að greiðslur úr Viðlagasjóði geti farið fram með eðlilegum hætti. Til mála kom að innheimta til ársloka 1974 2% Viðlagasjóðsgjald eða framlengja l. til næstu áramóta, eins og lög um Viðlagasjóð nú eru. Hefði það gefið í tekjur til næstu áramóta um 1150 millj. kr. 1% viðlagasjóðsgjald í 12 mánuði auk tolltekna og söluskatts af Viðlagasjóðshúsum gefur í heildartekjur yfir 1200 millj. kr. Með því að innheimta áfram 2% Viðlagasjóðsgjald hefði verið unnt að greiða upp fyrr skuld Viðlagasjóðs við Seðlabankann, sem mun vera um 700 millj. kr., eins og nú er. En þess ber að geta, að Viðlagasjóður átti óinnheimtar tekjur, 1409 millj. kr., sem voru gjaldfallnar um áramót og gjaldfalla til aprílloka. Það er þess vegna víst, að Viðlagasjóður fær mikið fjármagn í kassann nú um þessar mundir og þá sérstaklega eftir að þetta frv. hefur verið lögfest og ráðstafanir gerðar til, að sveitarfélögin greiði það, sem þau skulda Viðlagasjóði. Þess vegna er 2. gr. þessa frv. nauðsynleg, og hún tryggir, að Viðlagasjóður fái það, sem sveitarfélögin hafa haldið hjá sér fram að þessu.

Það er ekki vitað, hvernig gengur að selja Viðlagasjóðshúsin. Það fer vitanlega eftir því, hvernig greiðsluskilmálarnir verða og hvaða verð verður á húsunum, en af eðlilegum ástæðum hefur stjórn Viðlagasjóðs ætlað sér að fá kostnaðarverð fyrir húsin. Líklegt er, að það megi takast, ekki síst vegna þess, að húsaverð fer nú hækkandi með hverjum mánuði sem líður. En það er vitanlega nauðsynlegt að veita lán og greiðsluskilmála á þessum húsum í samræmi við það, sem gerist yfirleitt með húsasölur.

Tolltekjurnar og söluskattstekjurnar af Viðlagasjóðshúsunum koma ekki inn fyrr en eigendaskipti verða, eins og hér var tekið fram áðan. Er talað um, að Seðlabankinn veiti nauðsynlega fyrirgreiðslu, til þess að ekki þurfi að verða tafir á greiðslum úr Viðlagasjóði, og er það nauðsynlegt. Er ekki ástæða til að ætla annað en Seðlabankinn verði fús til að gera það, þar sem yfirlýsing Alþingis liggur fyrir um, að Viðlagasjóði verði séð fyrir nægilegum tekjum. Ef þetta 1% dugir ekki og aðrar ráðstafanir, sem gerðar verða, þá verður séð fyrir að afla fjár á næsta ári. Út á þá tryggingu mun Seðlabankinn lána, og get ég sagt það hér, að ekki er ástæða til annars en að sú fyrirgreiðsla verði innt af hendi reglulega og að þeir, sem bætur eiga að fá eða greiðslur úr Viðlagasjóði, geti fengið þær með eðlilegum hætti og án þess að dráttur verði á því.

Það er ánægjulegt til þess að vita, að Alþ. er sammála um að halda áfram á þeirri braut, sem mörkuð var með l. um Viðlagasjóð 7. febr. á s. l. ári. Alþ. er sammála um að afla þess fjár, sem þarf til þess, að uppbyggingu í Vestmannaeyjum verði hraðað. Alþ. er sammála um að gera þær ráðstafanir, sem þarf til þess, að greiðslur til Vestmanneyinga verði inntar af hendi með eðlilegum hraða. Þess skal getið, að á morgun verður lagt fram frv. til l. vegna innflutningsgjalda og söluskatts af Viðlagasjóðshúsum til þess að tryggja, að þau gjöld gangi til uppbyggingar í Vestmannaeyjum. En það er rétt, sem hv. 1. flm. þessa frv. sagði áðan, að það hefur verið talað um að blanda ekki umr. um það mál inn í umr. um þetta frv., því að það gæti tafið afgreiðslu málsins. En það gefst tækifæri til þess að ræða það, þegar það frv. verður lagt fram.

Nú munu vera um 3 þús. manns fluttir til Vestmannaeyja aftur, og er ánægjulegt til þess að vita, að unnið er að endurreisnarstarfinu í Vestmannaeyjum af fullum krafti. Og til þess að það megi verða með fullum hraða, má ekki vanta fjármagn, og er engin ástæða til að ætla, að svo verði. Þetta frv. er liður í því að tryggja, að ekki verði fjármagnsskortur við uppbyggingarstarfið.

Tolltekjur og söluskattur af Viðlagasjóðshúsum er einnig liður í þessu máli. Fyrirgreiðsla Seðlabankans með yfirlýsingu Alþ. um fjáröflun áfram, ef nauðsyn krefur, tryggir allar nauðsynlegar greiðslur til hlutaðeigandi aðila, þótt kostnaðurinn verði meiri en áætlanir sýna.

Þegar hugsað er um náttúruhamfarirnar í Vestmannaeyjum, munu flestir vera þakklátir. Margir hafa lagt fram fé og starf, sem ber að þakka og meta. Og fyrir ári var útlitið dökkt og margir reiknuðu með því, að Vestmannaeyjar yrðu ekki í framtíðinni byggðar. Það hefði orðið mikið tjón fyrir íslenska þjóðarbúið, ef verstöðin í Vestmannaeyjum hefði lagst niður. Nú er unnið í Vestmannaeyjum af fullum krafti. Nú er loðna unnin þar, og þar er ekkert verkfall. Það er gott til þess að vita, að Vestmannaeyjar munu áfram eiga stóran þátt í því að auka tekjur íslenska þjóðarbúsins. Það er ástæða til þess að óska Vestmanneyingum til hamingju með uppbyggingarstarfið og þann sýnilega árangur, sem nú er að fást í sambandi við það. Og þjóðin öll mun njóta góðs af því, hversu vel hefur tekist, þrátt fyrir slæmt útlit vegna hamfaranna í Vestmannaeyjum. Uppbyggingarstarfið í Vestmannaeyjum er hafið. Það verður ekki héðan af tafið. Alþ. mun standa við sínar skuldbindingar gagnvart Vestmanneyingum, og er ánægjulegt til þess að vita, að samstaða er um það í hv. Alþingi.

Gylfi Þ. Gíslason: Herra forseti. Þingfl. Alþfl. studdi í fyrra frv., sem var samþ. shlj. hér á hinu háa Alþingi, um neyðarráðstafanir vegna jarðelda á Heimaey og fagnaði því mjög, að algjör samstaða skyldi nást meðal allra 60 alþm. um þær ráðstafanir, sem í því frv. fólust.

Nú hefur n. skipuð fulltrúum allra 6 þingfl. samið það frv., sem hér er til umr., og styður þingfl. Alþfl. framgang þess af heilum hug. Það er sjálfsagt að standa við þær skuldbindingar, sem Alþingi tókst á hendur með samþ. l. í fyrra, og þetta frv. miðar að því, að unnt sé að standa við þær skuldbindingar. Að skoðun minni er ekki þörf á því, að þetta mál gangi til n., þingfl. Alþfl. fyrir sitt leyti er reiðubúinn til að greiða því atkvæði án athugunar í nefnd.

Eins og fram kemur í grg. fyrir frv. og fram kom einnig í ræðu hv. frsm., var ágreiningur um það í n., hvernig ráðstafa skuli tolltekjum og söluskattstekjum af Viðlagasjóðshúsunum, þ. e.

a.s. þeim húsum, sem frændþjóðir okkar á Norðurlöndum gáfu til uppbyggingar í Vestmannaeyjum. 3. nm. vildu, að tolltekjur og söluskattur, sem féllu til við innflutning húsanna, rynnu í ríkissjóð, en 3 nm., við hv. þm. Ingólfur Jónsson og hv. þm. Bjarni Guðnason, teljum eðlilegt, að tolltekjur og söluskattstekjur af innflutningi húsanna renni til Vestmanneyinga sjálfra, þ.e.a.s. í Viðlagasjóð. Hins vegar varð samkomulag um það, sem sjálfsagt er að standa við, að blanda umr. um þetta ágreiningsefni ekki inn í umr. um þetta mál. Á morgun mun verða lagt fyrir hv. Nd. frv. um, að aðflutningsgjöld og söluskattur af þeim húsum, sem flutt hafa verið inn vegna jarðeldanna í Heimaey eða flutt kunna að verða inn fyrir árslok 1975, skuli renna í Viðlagasjóð til uppbyggingar í Vestmannaeyjum.

Þessum fáu orðum mínum vildi ég ljúka með því að láta í ljós einlæga gleði og ánægju yfir því, hversu vel hefur tekist til um umbyggingarstarfið í Vestmannaeyjum, og vona, að svo megi áfram verða, og ég óska Vestmanneyingum öllum alls hins besta í því sambandi.

Forsrh. (Ólafur Jóhannesson): Herra forseti. Ég vil aðeins leyfa mér að þakka þeim þm. frá öllum flokkum, sem hafa unnið að þessu máli og komið sér saman um að flytja þetta frv. Það er ánægjulegt, að um það hefur náðst full samstaða allra flokka, með því er sæmd þingsins aukin, en hitt hefði verið fullkomin vansæmd, ef það hefði komið til ágreinings í sambandi við þetta mál eftir þau stóru fyrirheit, sem gefin voru á síðasta Alþingi, bæði siðferðilegs og lagalegs eðlis, um samábyrgð allrar þjóðarinnar á því tjóni, sem Vestmanneyingar yrðu fyrir vegna jarðeldanna. En þá stóð svo á, að enginn lifandi maður gat sagt um, hverjar afleiðingarnar yrðu. Sem betur fer hefur framvindan í Vestmannaeyjum orðið öll önnur og á betri veg en jafnvel bjartsýnustu menn þá þorðu að vona. Bæði var það svo, að jarðeldarnir sjálfir hættu fyrr en var a.m.k. hægt að gera ráð fyrir með nokkurri vissu, og enn fremur er hitt hægt að segja, að þannig hefur verið unnið að hreinsunarstarfi, uppbyggingarstarfi og endurreisnarstarfi í Vestmannaeyjum, að það hefur tekið styttri tíma en menn gerðu almennt ráð fyrir. Þar er mörgum að þakka, og ég ætla ekki að fara að nefna nein nöfn í því sambandi.

Stjórn Viðlagasjóðs gerði uppkast að frv. um áframhaldandi tekjuöflun fyrir sjóðinn og sendi mér það. Ég taldi eðlilegast í framhaldi af þeirri skipan, sem höfð var á málinu hér í fyrra, að það yrði þingið sjálft, sem hefði frumkvæði í því, og sendi því frv. þingfl., eins og það kom frá Viðlagasjóðsstjórninni, með beiðni um, að þeir tilnefndu menn í n. til þess að kanna þetta mál og flytja það.

Þetta frv., sem hér liggur fyrir, er að vísu í nokkuð annarri mynd en það frv. var, sem kom frá stjórn Viðlagasjóðs, eins og hér hefur verið gerð grein fyrir, þar sem var gert ráð fyrir, að 2% héldust, en aðeins til áramóta, en nú er gert ráð fyrir því, að um 1% viðlagagjald verði að ræða, en það gildi í eitt ár, til 28. febr. 1975. Má ætla, að munurinn á þessu sé á milli 300 og 400 millj. kr.

Ég dreg ekki í efa, að sú hv. þm.-nefnd, sem hefur um málið fjallað, hafi kannað þá reikninga og þær áætlanir, sem fyrir lágu, og niðurstaða hennar sé byggð á þeirri skoðun, að þessar tekjur, sem hún gerir ráð fyrir, að nú séu samþykktar, nægi til þess, að hægt verði að standa við þær skuldbindingar, sem á Viðlagasjóði hvíla, og ekki þurfi að verða neinn verulegur dráttur á því, að greiðslur geti farið fram úr sjóðnum með eðlilegum hætti. Það er að sjálfsögðu svo, eins og hér hefur líka komið fram, að þeir útreikningar og þær spár, sem um þetta hafa verið gerðar, eru allar gerðar með fyrirvara, vegna þess að þar eru mörg óviss atriði, sem koma til greina, og þess vegna getur auðvitað skakkað einhverju í þeim áætlunum til eða frá. Ég gæti þó allt eins búist við, að ekki hefði veitt af þeirri fjárhæð, sem gert var ráð fyrir af hálfu stjórnar Viðlagasjóðs. Það er enn þá eftir að meta ýmislegt tjón í þessu sambandi, og þess vegna ekki hægt að segja um það með fullri vissu, hverju það muni nema. Þess er enn fremur að gæta, að þótt eign sé og sjálfsagt góð eign í Viðlagasjóðshúsunum, er ekki hægt að segja um það á þessu augnabliki, hversu fljótt sala þeirra getur gengið, og hitt er jafnvíst, að þau verða ekki seld með þeim hætti, að þau verði greidd út í hönd, heldur verður sjálfsagt um alllangt skeið að standa í þeim nokkur fjárhæð, sem hugsanlegt er auðvitað, að Viðlagasjóður geti samt komið í peninga með einhverjum hætti og fyrir velvild. Er tekið fram í frv., að treyst sé á það, að Seðlabankinn veiti fyrirgreiðslu, ef á þarf að halda. Ég ber ekkert vantraust til hans í þessu sambandi, enda má segja, að hann hafi verið mjög liðlegur í þessum viðskiptum á s.l. ári og það kannske að einhverju leyti um getu fram, þar sem um s.l. áramót stóðu inni í Seðlabankanum á milli 7 og 8 hundruð millj. kr.

Ég vil svo taka undir það, sem hér hefur verið sagt, að við Íslendingar höfum mikið að þakka í sambandi við þetta. Okkur hefur verið sýnd vinsemd, og veitt höfðingleg hjálp í þessu sambandi frá okkar frændþjóðum, sumpart beint til Viðlagasjóðs, en ekki má gleyma því, að margar stórar og góðar gjafir hafa farið fram hjá Viðlagasjóðnum og beint til Vestmanneyinga til þess að bæta úr þeim þörfum, sem þar hafa verið fyrir hendi. Þar er um að ræða yfirleitt frjáls framlög einstaklinga, ekki síst frá Norðurlöndunum, en líka komin víðar að. Þetta verður seint fullþakkað.

Ég vil taka undir þau tilmæli, sem komu fram hjá hv. frsm. þessa frv., að afgreiðslu þess verði hraðað á þann veg, að það sé tryggt, að það geti orðið að lögum fyrir mánaðamótin, og ég efast ekki um, að þau tilmæli verði tekin til greina. Þau tilmæli gilda raunar einnig um það frv., sem hér verður rætt um á eftir og segja má, að sé í nokkrum tengslum við þetta. Þess vegna tel ég eðlilegt, að þetta frv. og það frv., sem á eftir kemur, fari bæði til sömu n. Ég tel líka eðlilega og sjálfsagða tillitssemi gagnvart Ed., að nm. þar fái tækifæri til að fjalla um málið ásamt nm. Nd., þar sem svo hittist nú á að flm. og þeir, sem hafa fjallað um undirbúning

þessa máls, eru úr Nd, en ekki Ed. Ég vænti, að það þurfi ekki að verða til þess að tefja neitt afgreiðslu málsins, heldur geti hún farið fram með þeim hætti, sem flm. gerði ráð fyrir, að n. skili áliti á morgun, og hægt verði að afgreiða það hér í d. og taka það svo fyrir í hv. Ed. í beinu framhaldi af því.

Ég vil svo endurtaka þakklæti mitt til þingfl. og þeirra manna, sem unnið hafa að þessu, og tel það sýna, að þótt oft sé deilt hér á Alþingi, eru þó alltaf til mál, sem allir þm. geta sameinast um, hvar í flokki sem þeir standa.

Garðar Sigurðsson: Herra forseti. Ég átti ekki von á því, — vissi ekki af því, — að þetta mál kæmi fyrir á þingfundi í dag, og er þess vegna allsendis óviðbúinn því að ræða það í smáatriðum eða svo vel sem ástæða er til. Hér hafa á undan talað forustumenn flokka, þ. á m. forsrh. og hæstv. forseti Sþ.

Vissulega er ástæða til þess, að menn geti orðið svolítið undrandi yfir þessu frv., sem maður sá fyrst fyrir 3 stundarfjórðungum, því að ég vissi ekki betur en hæstv. forsrh. hefði mælst til þess, að Viðlagasjóður fengi áfram tekjur, sem næmu 2% í söluskatti, en með þessu frv. eru tekjur skornar niður um helming. Það er alveg sýnilegt á því, hvernig hefur verið unnið að þessu máli að undanförnu, að þarna hefur stjórnarandstaðan komið til, og mun ég kannske víkja aðeins að því á eftir.

Fyrir rúmu ári hófst eldgos í Vestmannaeyjum. Íslendingar eru svo sem ekkert óvanir eldgosum, en það hefur aldrei komið fyrir, að eldgos brytist út á viðlíka stað og það gerði þá, þ. e. a. s. í þéttri byggð og meira að segja í því plássi, sem er eitt lífvænlegasta pláss landsins. Sannleikurinn er sá, að gangur alls gossins hefur verið ein samfelld runa kraftaverka, og þyrfti ekki að nefna nema örfá atriði í því efni. Í fyrsta lagi kemur gosið upp austan við byggðina. Í öðru lagi hafði lægt það fárviðri, sem gengið hafði daginn áður í Eyjum, þannig að veður var gott og allur flotinn í höfn. Það mætti segja, að það sé eitt af kraftaverkunum einnig að á meðan á gosinu stendur og mest af lausum gosefnum kemur upp úr sprungunni, þá er — þvert ofan í áratuga- og aldareynslu — vestanátt, í staðinn fyrir að venjan er, að í þessum mánuði sé austanátt 70—80% að meðaltali. Hefði það verið eftir venju, væri bærinn fyrir löngu horfinn.

Hv. þm. Eysteinn Jónsson talaði um það í upphafi síns máls, að furðu sætti, hversu vel hefði gengið að bæta úr þessum ósköpum í Vestmannaeyjum. Það er alveg rétt, að ýmsir *hlutir hafa gengið vel. Hreinsunin gekk vel, og* það hefur gengið vel að koma atvinnutækjunum í gang. Í því sambandi mætti geta þess, að það frystihús, sem var fyrst tilbúið til þess að taka á móti loðnu, var það frystihús, sem fékk hraunið inn í miðjan vélasalinn á s. l. ári. Vestmannaeyjar eru hæsta löndunarstöðin, og vonandi verða Vestmanneyingar áfram til þess að sýna það, að Vestmannaeyjar eru mjög mikilvægur hlekkur í þjóðarbúskapnum, og höfnin í Vestmannaeyjum ein mikilvægasta höfn fiskiflotans á Íslandi, þó *að þess hafi ekki gætt í fjárveitingum til hennar* á undanförnum árum.

Til þess að vinna að þessum vandamálum öllum saman, setti Alþ. á stofn Viðlagasjóð og setti honum stjórn, sem skyldi vinna að þessu. Í þeirri stjórn áttu sæti menn úr öllum stjórnmálaflokkum, og ég held, að mér sé óhætt að fullyrða, að þar hafi hingað til verið mjög góð samvinna undir ágætri — ég vil segja frábærri stjórn formanns stjórnarinnar, Helga Bergs. Þessi stjórn, sem hæstv. Alþ. kaus til að standa fyrir lausn málanna, gerði einmitt uppkast að frv. um áframhaldandi tekjur. Ég sé ekki betur en að það sé vantraust á þessa menn, sem þarna starfa, og á form. stjórnarinnar að skera þessar óskir um tekjur til sjóðsins niður um helming.

Það er augljóst hverjum manni, að Viðlagasjóður þarf mjög auknar tekjur, staða hans er slæm. Um áramótin var yfirdráttur sjóðsins í Seðlabankanum 786 millj. kr., og af þessum yfirdrætti reiknar Seðlabankinn að sjálfsögðu fulla vexti. — Það má auðvitað stilla fjárhagsdæmi Viðlagasjóðs þannig upp, að ekki þurfi meira en það, sem er farið fram á í frv. En þess ber að gæta, að mjög mikið af *fjármagni sjóðsins* er bundið í fasteignum hér uppi á landi, og þetta fjármagn þarf að sjálfsögðu að losa, þ. e. a. s. með því að selja margnefnd Viðlagasjóðshús, sem nokkrir og ég held flestir hv. þm., sem töluðu hér áðan, minntust á. Það vita allir, að þegar á að selja slíkar fasteignir, er dálítið undir því komið, á hvað góðum kjörum er hægt að selja hlutaðeigandi eignir. Það hefur komið fram hjá húsnæðismálastjórn, að hún geti ekki veitt venjuleg húsnæðismálalán til þessara húsa, enda eru þau nálægt 500, þannig að þarna yrði um 500 millj. kr. lánveitingu að ræða. En það hefur einnig komið fram sú skoðun hæstv. ráðh. Björns Jónssonar, að hann teldi húsnæðismálastjórn ekki hafa fé til þess að veita lán í þessi hús né til uppbyggingar í Vestmannaeyjum.

Eins og ég sagði áðan, hafa flestir hlutir gengið mjög vel og framar öllum vonum í Vestmannaeyjum til þessa, en það er skoðun mín, að einmitt núna sé aðalvandinn að byrja við að byggja upp bæinn og nú megi þess vegna alls ekki slá neitt af. Ef ekki kemur til fjármagn til að aðstoða við uppbyggingu í Eyjum, er ég hræddur um, að *verr geti farið*.

Það var reiknað út, hvort sem það var af sérfræðingum hjá stjórn Viðlagasjóðs eða Seðlabankanum, að vaxtagjöld sjóðsins væru til ársloka 1975 líðlega 300 millj. kr. með óbreyttum tekjum. Það gerir ekkert til, þó að hv. þm. fái að heyra það, að sama fjármagn og þó heldur minna þurfti til þess að hreinsa bæinn og grafa hann upp. Og ég hygg, að það skaði ekki heldur að geta þess í sambandi við þann fagnaðartón, sem hér heyrðist áðan, að um síðustu áramót höfðu Íslendingar greitt í sjóðinn frá sveitarfélögum, ríki og Atvinnuleysistryggingasjóði samtals 1157 millj. kr., en gjafir frá öðrum námu 1360 millj. kr., þ. e. a. s. gjafir frá öðrum hafa numið talsvert hærri upphæð en við Íslendingar höfum sjálfir lagt til þess að bæta úr þessum ósköpum.

Ég vil ekki, herra forseti, tefja þessar umr. neitt að ráði og mun þess vegna fara að stytta

mitt mál, en ég vil leggja á það áherslu, að þeir menn, sem hæstv. Alþ. valdi til að stjórna þessum sjóði, sem skyldi stuðla að uppbyggingu í Vestmannaeyjum og bjarga því, sem bjargað varð, hafa lagt fram till. að fá 2% í söluskatti í tekjur handa sjóðnum, en vegna þessa samkomulags hefur þurft að fara niður í 1%, sem þýðir það, að hv. stjórnarandstaða hefur lagst gegn till. stjórnar sjóðsins og tilmælum hæstv. forsrh. í þessu efni. Er leitt til þess að vita, að þ. á m. og líklega fremstur í flokki skuli vera hv. 1. þm. Sunnl. og þar með Vestmanneyinga. Það sést á því, sem hv. 1. þm. Sunnl. boðaði í sinni ræðu um flutning á frv. í sambandi við tolla af Viðlagasjóðshúsunum, að hann gerir sér það alveg ljóst, að þessar tekjur nægja ekki fyrir sjóðinn. Hið boðaða frv. felur nefnilega í sér um það bil 500 millj. kr. tekjuaukningu. Þetta er þess vegna frá hans sjónarmiði aðeins spurning um aðferðir.

Það er auðvitað hugsanlegt að flytja brtt. við þetta frv. En það gæti þá orðið til þess kannske að drepa málið alveg, þar sem mér heyrist, að allir hv. þm. standi að því að afgreiða málið á þennan hátt. En það var ómögulegt annað fyrir mig sem einn af stjórnarmönnum Viðlagasjóðs en að minna á nokkur atriði í þessum efnum. Og ég harma það, að hv. stjórnarandstaða undir forustu hv. 1. þm. Sunnl. og Vestmanneyinga skuli verða til þess að draga úr greiðslugetu og rýra lausafjárstöðu Viðlagasjóðs umfram það, sem áætlað var.

Ingólfur Jónsson: Herra forseti. Ég held, að hv. 5. þm. Sunnl. sé farinn að búast við kosningum á næstu vikum eða mánuðum. En ósköp er málflutningurinn haldlítill. Ósköp eru nú þetta létt og aum högg, ef hv. þm. hefur ætlað að ná sér niður á andstæðingi með þessum málflutningi, sem hann viðhafði hérna áðan. Þetta er aum frammistaða af hv. 5. þm. Sunnl. Og hv. þm. fær engar þakkir frá Vestmanneyingum fyrir að haga sér eins og fífl hér í sölum Alþingis. Það er fíflaháttur að tala eins og hv. þm. gerði, tala um það, að stjórnarandstaðan hafi beitt sér fyrir því að skera niður tekjur Viðlagasjóðs, þegar stjórnarandstaðan og stjórnarstuðningsmenn koma sér saman um að afla fjár eins og þarf í sjóðinn, til þess að Alþ. geti staðið við þær skuldbindingar, sem það tók á sig á síðasta þingi með l. um Viðlagasjóð. Það er illt verk að reyna að sundra því samstarfi, sem náðst hefur hér í hv. Alþ. um að afla þess fjár, sem þarf, eins og tekið var fram af hv. 1. flm., forseta Sþ., eins og tekið var fram af hæstv. forsrh. og eins og allir hv. alþm. ætla sér að gera og standa við.

Í því frv.-uppkasti, sem hæstv. forsrh. sendi þingflokkunum, var gert ráð fyrir að framlengja 2% Viðlagasjóðsgjaldið til áramóta. Það er vitað, hvað það hefði gefið í tekjur fyrir sjóðinn. Í þessu frv.-uppkasti var ekki tekið fram, að það skyldi haldið áfram á árinu 1975 að afla fjár, ef með þyrfti. Það var ekki nefnt, það var ekki á það minnst. Eigi að síður efast ég ekkert um, að þeir, sem stóðu að því frv., höfðu ætlað sér að gera það, ef þessi 2% dygðu ekki. Þeir, sem gerðu ráð fyrir 2% gjaldtöku, höfðu einnig búist við því, að tolltekjur af Viðlagasjóðshúsunum og söluskatturinn, sem af þeim fengist, rynni í ríkissjóð, en ekki uppbyggingu í Vestmannaeyjum. En tolltekjur og söluskattur af Viðlagasjóðshúsunum + 1% söluskattur í Viðlagasjóð í 12 mánuði gefa yfir 1200 millj., en 2% söluskattur í 10 mánuði gefur svipaða upphæð. Svo segir hv. 5. þm. Sunnl., að það sé verið að skera niður tekjur í Viðlagasjóð. Þessi hv. þm. hefur verið reikningskennari í Vestmannaeyjum, við barnaskólann (Gripið fram í.) Gagnfræðaskólann þá, því verra, ef hann heldur því fram, að með þessum aðgerðum sé verið að skera niður tekjuöflun fyrir Viðlagasjóð. Svona málflutningur er algerlega ósæmandi hér í hv. Alþ., þegar því er svo bætt við, að ef þær tekjur, sem hér er reiknað með, nægja ekki, þá verði gerðar ráðstafanir á næsta ári til að afla tekna fyrir sjóðinn. Hv. þm. er að reyna að gera þetta mál tortryggilegt, og fyrir það fær hann ekki þakkir frá neinum. Fyrir það verður hann minni maður.

Hv. þm. efast væntanlega ekki um, að Seðlabankinn muni lána áfram eins og þarf í þessu skyni. Þegar gert var ráð fyrir 2% í Viðlagasjóð á þessu ári, var búist við, að skuld Viðlagasjóðs yrði greidd tiltölulega fljótt. Við, sem stöndum að því að taka aðeins 1% og dreifa álögunum á lengri tíma, gerum ráð fyrir því, að þessi skuld við Seðlabankann verði því aðeins greidd, að tekjur sjóðsins nægi til þess, skuldin bíði til ársins 1975 eða 1976, ef með þarf. Við erum allir, sem stöndum að flutningi þessa frv., sammála um, að það eigi ekki að tefja greiðslur úr sjóðnum til uppbyggingar í Vestmannaeyjum. En það er eitthvað breytt viðhorf, ef þessi hv. þm. vill endilega fara að hlífa Seðlabankanum.

Hv. þm. talar um vaxtagreiðslur, 300 millj. kr. vaxtagreiðslur. Það þarf ansi háa fjárhæð, til þess að vextirnir verði 300 millj. Við getum reiknað það bæði í huganum og á blaði, en ég held, að við getum frestað því til 2. umr. eða þangað til síðar, það breytir ekki dæminu.

En það er ástæða til þess að spyrja, hvort 1409 millj., sem voru útistandandi um áramót og gjaldfalla fyrir aprílok, hafi verið vaxtalausar, hvort það hafi verið ómögulegt fyrir Viðlagasjóð að fá einhverjar vaxtatekjur á móti af 1409 millj. kr. Ég efast ekkert um, að a. m. k. formaður Viðlagasjóðsstjórnarinnar væri líklegur til þess að gera ráðstafanir til þess, þótt hv. 5. þm. Sunnl. hefði kannske gleymt því. Yfirdrátturinn hjá Seðlabankanum, milli 700 og 800 millj. kr., það er ekki svo mikið, þegar útistandandi eru 1409 millj.

En hér er ekki um það að ræða að skera niður tekjur Viðlagasjóðsins. Hér er ekki um það að ræða, að nokkur vilji tefja uppbygginguna í Vestmannaeyjum. Þvert á móti eru allir alþm. með því að hraða því sem mest má verða, og þá er það ósæmilegt, að 5. þm. Sunnl. tali hér á hv. Alþ. í sundrungartón og vanþakklætistón til sumra þm. og dragi upp svarta bletti og sletti úr klaufunum og haldi því fram, að sumir í stjórnarandstöðunni séu að tefja fyrir framkvæmdum og hindra það, að nægilegt fjármagn fáist. Þetta er ósæmilegt og það er ódrengilegt.

Sá, sem hagar sér þannig hindrar það, að hann verði tekinn gildur í samningum eða samstarfi.

Ég sé ekki ástæðu til að segja öllu meira um þetta að svo stöddu. Ef við eigum það eftir, ég og hv. 5. þm. Sunnl., að fara í framboð á Suðurlandi, þegar kosningar verða, hvort sem þær verða á þessu ári eða næsta, þá getum við talað um þetta mál og fleira, og þá er ástæðulaust að hlífa hv. 5. þm. Sunnl. Þá getum við rætt um þessi mál og önnur og sjáum til, hvort það þykir sæmilegt í Vestmannaeyjum að halda því fram, að ég hafi hindrað, að Viðlagasjóður fái nægilegt fjármagn til uppbyggingarstarfsins. En hv. 5. þm. Sunnl. lét sér sæma að segja, að stjórnarandstaðan undir minni forustu hafi verið dragbítur í þessu efni.

Halldór S. Magnússon: Herra forseti. Í tilefni af þeim umr., sem hér hafa farið fram um frv. til l. um breyt. á l. um neyðarráðstafanir vegna jarðelda á Heimaey, vil ég taka fram eftirfarandi:

Þingflokkur SF er einróma sammála um nauðsyn þess að tryggja Viðlagasjóði auknar tekjur til þess að standa undir skuldbindingum sjóðsins. Þingflokkurinn var enn fremur samþykkur þeirri aðferð, sem við var höfð í þessu máli, að leitast við að ná samstöðu allra þingflokka um þann vanda, sem við var að etja, á sama hátt og gert var, þegar l. voru sett í byrjun síðasta árs.

Ég vil hins vegar segja, að ég harma það, að ekki skuli hafa tekist samstaða um tillögur um hærri tekjur til handa Viðlagasjóði en raun ber vitni. Ég tel hins vegar, að það loforð, sem gefið er í grg. með þessu frv. um, að ef það fjármagn, sem hér er ákvarðað, að í Viðlagasjóð skuli ganga, nægi ekki, þá verði Viðlagasjóði aflað meiri tekna. Ég tel þetta loforð vera mjög þýðingarmikið og tryggingu fyrir því, að Viðlagasjóður fái þær tekjur, sem hann þarf á að halda til þess að sinna því hlutverki, sem honum er falið. Ég held, að það sé þess vegna ekki ástæða til þess að deila svo mjög um það, úr því sem komið er, hvort það fé, sem ætlað er samkv. því frv., sem hér er til umr., nægir eða ekki, þar sem þess ber að vænta, að treysta megi því vilyrði, sem gefið er í grg. með frv. og þar með standi þingheimur almennt við það, sem heitið hefur verið frá upphafi þessa máls, að sjá til þess, að Viðlagasjóður geti sinnt þeim verkefnum, sem honum hafa með lögum verið falin.

Garðar Sigurðsson: Herra forseti. Það er sannarlega hæpið, að mörgum hafi dottið það í hug, að þessi hvíthærði, landsföðurlegi forustumaður þm. af Suðurlandi mundi láta verða af því hér í sölum hv. Alþ. að bregða ofan af sér sauðargærunni. Ég varð dálítið undrandi yfir þessu og reyndar einnig yfir mörgu því, sem hv. fyrrv. landsfaðir lét út úr sér. Í öllu því vandasama starfi, sem fylgt hefur þessu Vestmannaeyjagosi, höfum við þm. allra flokka reynt að vinna, að svo miklu leyti sem mögulegt hefur verið, að því að blanda ekki inn í þessa hluti neins konar flokkspólitík. Vissulega hafa menn einstaka sinnum orðið varir við einstaka smábrodda í þá veru, en ég get fullvissað hv. 1. þm. Sunnl. um, að þeir hafa ekki verið frá mér. Ég hef ekki vanið mig á það, hvorki nú né endranær, að miða alla mína hegðun og talsmáta við kosningasmölun, sem ég hef ansi mikinn grun um, að ýmsir aðrir hv. þm. hafi gert.

Ég vil ekki — með virðingu fyrir hv. þd. — leyfa mér að lepja upp alla þá óhugnanlegu orðaleppa, sem hv. fyrrv. ráðh. Íslendinga lét velta upp úr sér áðan. Hann talaði m.a. um „ósæmilegt“, „vanþakklætistón“, „sundrungartón“, „sletta úr klaufunum“ og „haga sér eins og fífl“. Þetta er munnsöfnuður, sem ég kann ekki við að bera mér í munn. Og ég mun ekki í þeim efnum fara niður á plan í rökræðum, sem hv. 1. þm. Sunnl. virðist vera eðlilegast innst inni.

Það, sem ég sagði hér áðan, var það í örfáum orðum, að lausafjárstaða Viðlagasjóðs væri afarslæm, greiðslugeta hans að óbreyttum tekjum væri mjög lítil og skuld við Seðlabankann mundi ekki minnka, heldur vaxa, ef ekki væri úr bætt. Og í því sambandi vil ég vekja athygli á því, að þegar ég talaði um þessar vaxtagreiðslur áðan sagði ég: að óbreyttum tekjum Viðlagasjóðs. Þessar vaxtagreiðslur hef ég ekki reiknað út, eins og ég gat um áðan. En það er eins og annað hvert orð villist í gegnum höfuðið á þessum hv. þm. og út hinum megin. Ég hélt aðeins fram þeirri skoðun, sem var skoðun stjórnarmanna í Viðlagasjóði. Að vísu skal ég taka fram hér, til þess að það valdi ekki misskilningi, að einn hv. stjórnarmaður greiddi ekki atkv. við þessa atkvgr., og það var hans afstaða og hans skoðun, og ég skal ekkert setja út á það.

Einnig minntist þessi hv. þm. á það, að hæstv. forsrh. hefði tekið fram, að hann hefði mælt með því, að þetta yrði eins og nú stendur til að afgreiða það. Hann sagði í sinni ræðu, að hann væri þeirrar skoðunar, að líklega hefði þurft að hafa þetta 2%. Maður á kannske eftir að fá að heyra hv. 1. þm. Sunnl. hafa uppi aðrar eins orðræður við hæstv. forsrh.

Ég skal ekki eyða tíma þingsins í að vanda um við 1. þm. Sunnl.. Ég nenni ekki heldur að rökræða mikið við hann um það, hver munurinn er á því að fá 2% fullt til áramóta. Allir vita hvað síðustu mánuðirnir gera nú í söluskatti á árinu, og allir vita, hver munur er að fá miklar tekjur inn á stuttum tíma, þegar skuldir eru miklar og vaxtagreiðslur háar. En reikning mun ég ekki taka að mér að kenna hv. 1. þm. Sunnl., þó að það hafi gengið þokkalega með unglingana. (Gripið fram í.) Það er víst langt í það, hv. þm.

En ég vil aðeins að lokum, vegna þess, að hann vildi gefa mér svolitla áminningu í hótunarstíl um það, að hann mundi ekki hlífa mér í væntanlegu framboði okkar tveggja, ef til kæmi á Suðurlandi. Ég kvíði því alls ekki að eiga við hann glímu, hvort sem er í rökræðu um þetta mál eða önnur. Við höfum bitist lítilsháttar áður, og ég get ekki séð, að hann hafi gengið þar með betri hlut frá borði heldur en ég, og ég vænti þess, að það muni ekki hallast á mig, þegar þar að kemur.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 30 shlj. atkv. og til fjh.- og viðskn. með 30 shlj. atkv.

Gjald til að draga úr áhrifum olíuverðhækkana, frv. (þskj. 412). — 1. umr.

Of skammt var liðið frá útbýtingu frv. — Afbrigði samþ. með 31 shlj. atkv.

Forsrh. (Ólafur Jóhannesson): Herra forseti. Ég hleyp hér í skarðið fyrir hæstv. viðskrh., sem varð að hverfa af fundi, og skal þess vegna fylgja þessu frv. úr hlaði með aðeins örfáum orðum, enda ætti ekki að vera þörf á því að hafa mörg orð um það, það skýrir sig sjálft. En þetta er frv. þess efnis, að lagt verði á sérstakt gjald til þess að draga úr áhrifum olíuverðhækkana.

Það þarf auðvitað ekki að fara mörgum orðum um það, hverjar afleiðingar olíuverðhækkanirnar hafa haft, m.a. á hækkun hitunarkostnaðar í íbúðarhúsum, og hvert ójafnvægi hefur af því skapast á milli annars vegar þeirra, sem verða að hita upp hús sín með olíu, og hins vegar þeirra, sem búa við það að njóta jarðvarma til hitunar í húsum sínum. Um þetta hefur verið rætt mikið að undanförnu, og ég hygg, að öllum sé ljóst, að það er bæði sanngjarnt og nauðsynlegt að gera ráðstafanir til að jafna þennan aðstöðumun nokkuð og draga úr þeim verðhækkunaráhrifum, sem hafa orðið af völdum olíuverðhækkunarinnar á hitakostnað. Eins og nánar er gerð grein fyrir í stuttri grg. með þessu frv. og fram kemur, er það svo, að það hefur verið áætlað, að kyndingarkostnaður með olíu hafi verið um 50% meiri á meðalíbúð á árinu 1972 heldur en hitaveitukostnaður. Þetta hefur hins vegar vegna þeirra verðbreytinga, sem hafa átt sér stað, farið þannig, að nú keyrir um þverbak, þar sem talið er, að nú stefni í það, að olíukyndingin verði þrefalt dýrari en hitaveitukostnaðurinn.

Efni þessa frv. er að afla nokkurra tekna, sem hægt sé að nota til að jafna nokkuð þennan aðstöðumun. Er gert ráð fyrir því, að á tímabilinu frá 1. mars 1974 til 28. febr. 1975 verði lagt 1% gjald á söluskattsstofn allra sömu aðila og lög nr. 10 1960, um söluskatt, taka til, og gilda ákvæði þeirra og reglugerða settra samkv. þeim að fullu um álagningu og innheimtu þess gjalds svo og um aðra framkvæmd. Gjald þetta kemur í stað hálfs viðlagagjalds, sbr. 1. lið 1. mgr. 8. gr. l. nr. 4 1973, um neyðarráðstafanir vegna jarðelda á Heimaey, og skal á sama hátt ekki valda hækkun kaupgreiðsluvísitölu. Af þessu leiðir, að það er nokkurt samband á milli einmitt þessa frv. og þess frv., sem við vorum að ræða hér áðan.

Mér skilst, að um þetta hafi einnig verið fjallað af þm., og mér skilst, að náðst hafi samkomulag um það að hafa þennan háttinn á varðandi fjáröflunina. En í þessu frv. er aðeins um það að ræða, að það er heimild til fjáröflunarinnar. Hins vegar er skýrt tekið fram, að innan skamms verði lagt fram frv. um ráðstöfun á því gjaldi, sem þetta frv. fjallar um, þannig að hér er aðeins um heimild til gjaldtökunnar að tefla. Og vegna tímatakmarkana, sem í frv. eru, eiga sams konar ástæður við og í því frv., sem rætt var hér áðan, að miðað er við, að gjaldheimtan hefjist 1. mars, og þess vegna sama nauðsyn á því, að þetta frv. hljóti skjóta afgreiðslu, jafnskjóta afgreiðslu og hitt frv. Vona ég, að menn geti fallist á það, ef þeir eru á annað borð sammála um að velja þessa leið til að reyna að greiða fram úr þessu tvímælalaust stórfellda vandamáli, sem hér er á ferðinni.

Þess vegna, herra forseti, skal ég ekki hafa fleiri orð um þetta frv., heldur mælast til þess, að því sé að þessari umr. lokinni vísað til 2. umr. og hv. fjh.- og viðskn., og mælast til þess, að hún hafi sama hátt á og við hitt frv., kalli til sín samsvarandi n. úr Ed. og gefi henni kost á að fylgjast með málinu, þannig að það sé hægt að greiða fyrir framgangi þess.

Bjarni Guðnason: Herra forseti. Það mál, sem hér um fjallar, lýtur að því að leggja sérstakt gjald á þjóðina til þess að draga úr áhrifum olíuverðhækkana. Eins og kom fram hjá hæstv. forsrh., var þetta rætt í þeirri sömu n. sem fjallaði um Viðlagasjóðsgjaldið. En ég vil, að það komi fram, að ég hafði nokkurn fyrirvara á varðandi þetta atriði, þ.e.a.s. um, að annað Viðlagasjóðsstigið af söluskatti skyldi fara til jöfnunar á olíukyndingu. Mig langar til að koma með nokkrar hugleiðingar í þessu sambandi.

Í fyrsta lagi er ég alveg sammála hæstv. forsrh. um, að það er sanngjarnt og jafnvel nauðsynlegt að mæta þeim vanda hjá þeim aðilum, sem kynda hús sín með olíu, vegna verðhækkana. Þetta liggur alveg ljóst fyrir. Því er þó ekki að leyna, að þarna blandast inn í það, að ríkissjóður vill ekki láta af hendi fyrir nokkurn mun þær tekjur, sem aflast með Viðlagasjóðsgjaldinu. Þegar 2% Viðlagasjóðsstigin voru samþ. í fyrra, hafði ég óljóst hugboð um það, að ríkissjóður mundi aldrei láta greipar sínar af þessum tveimur söluskattsstigum, það yrði þá einhver annar málatilbúnaður hafður uppi, og þetta hugboð mitt hefur reynst rétt. Nú þykir nægja 1% söluskattsstig í Viðlagasjóð, og hitt fer þá í olíujöfnunarsjóð eða til olíujöfnunar.

Ég vil segja eins og er, að ég lít ekki á þennan þátt málsins í neinni samlíkingu við þann þjóðarvoða, sem blasti við, þegar eldgosið var í Vestmannaeyjum. Þá var þetta eðlilegt og sjálfsagt mál, eins og allir hv. þm. vita. En að halda áfram með söluskattinn á einföldum verðjöfnunargrundvelli er allt annað mál. Hér er ekki um þjóðarvoða að ræða, eins og var, þegar Viðlagasjóðsgjaldið komst á. Hér er tekinn upp sá háttur að jafna verð einnar vöru með því að leggja á eitt söluskattsstig. Ég vil líta svo á, að þetta sé hluti af miklu stærra vandamáli. Við vitum, að dreifbýlismenn þurfa víða að greiða 10—15% hærra verð fyrir ýmsar vörur. Af hverju er þá verið að jafna eingöngu olíu? Af hverju að taka ekki þetta vandamál upp í heild? Þetta er angi af miklu stærra vandamáli, þetta er ekki eingöngu olíujöfnunarhlutverk, heldur bara almennt að jafna aðstöðumun, sem er á milli þess að búa í þéttbýlinu, búa við hitaveitu, og búa í dreifbýlinu, búa við olíukyndingu. Þetta er angi af miklu stærra vandamáli. Og ég tel það dálítið vafasamt, af því að svona hagar til, að koma með sérstakt söluskattsstig til að jafna þennan verðmun. Það merkir náttúrlega, og ég vil nú enn

gerast spámaður, að þessu söluskattsstigi verður haldið óendanlega. Þar með verður engin breyting á.

Þá má benda á, að söluskattsstigið skilar um 730 millj. á ári. Olíukostnaðurinn við húsahitun tvöfaldast á árinu, þ. e. a. s. verður um 700 millj. Þá er spurning, hvort það sé eðlilegt að láta eitt söluskattsstig skila 700 millj. og greiða allan þennan mismun. Mér finnst ekki óeðlilegt, ef olían verður dýrari, — hún verður það reyndar áfram, — að reyna þá heldur að taka þá stefnu að flýta fyrir því, að ýmsir staðir í dreifbýlinu fái hitaveitu. Það væri miklu skynsamlegra að mínu viti, að t. d. helmingurinn af þessu söluskattsstigi færi þá í sjóð eða til handa plássunum úti á landi til þess að reyna að koma sér upp hitaveitu, þar sem það er hægt, þ. e. a. s. reyna að ráðast að vandanum beint, en ekki að því leyti að reyna þá að örva ekki menn til þess að halda áfram með olíukyndingu, m. ö. o. reyna að snúa sér beint að vandanum, en ekki bara greiða fé, sem leysir í sjálfu sér engan vanda. Þess vegna hefði verið miklu þekkilegra að mínu viti, að eitthvað af þessu fjármagni, t. d. helmingurinn, færi í sjóð, sem yrði þá til þess að lána sveitarfélögunum til þess að leggja hitaveitu til þess að vinna bug á vandanum.

Svo er annað mál líka, sem kemur upp. Það er sjálf olíudreifingin, olíufélögin. Nú er það í málefnasamningi ríkisstj. að taka olíudreifinguna til gagngerðrar endurskoðunar. Við, þessir gárungar margir, erum nú hættir að taka mikið mark á málefnasamningnum, en engu að síður stendur það í honum, og þess vegna kemur upp í sambandi við þetta vandamál, hvort ekki væri vert að taka olíumálin, olíufélögin og dreifinguna, undir félagslega stjórn, eins og virðist vera þróunin erlendis. Það er að vakna, eins og þið vitið t. d. í Bandaríkjunum, jafnvel í því kapítalíska landi, þar er þingheimur að vakna til vitundar um, að það þarf að hafa eftirlit með olíufélögunum. Að vísu er ekki talað um að setja þau undir félagslega stjórn. En þróunin í heiminum stefnir í þá átt, að ríkisvaldið þarf að hafa meiri og meiri umsjón með olíufélögunum, og ég hygg, að það muni eftir 2—3 áratugi gerast t. d. á Norðurlöndum, að olíufélögin verði felld undir félagslegt eignarhald. Þannig hugsa ég, að verði líka á Íslandi, þó að þingheimur sé nú ekki reiðubúinn að taka slíka ákvörðun. En það gerist, og ég hygg, að úr því að þetta stendur í málefnasamningi ríkisstj., þá væri vert að taka olíudreifingarmálin og olíufélögin til heildarathugunar og athuga, hvort ekki mætti vinna þar og spara fé, sem mætti þá koma dreifingu til góða og jafnvel verða til þess að lækka verð á olíu.

Einu atriði líka vil ég bæta við, og það er vert að athuga það, að bensín, sem er náttúrlega skyld vörutegund olíunni, hækkar líka í verði. Það má gera ráð fyrir því, að ríkissjóður hirði um 300 millj. kr. í auknum tekjum af bensíni, og þá er spurningin, hvort ekki væri eðlilegt, að einhver hluti af þessari miklu, óvæntu inntekt ríkissjóðs rynni þá fyrst í olíujöfnunarsjóð. Mér fyndist það koma fyllilega til greina. Svo vil ég líka bæta við, að mér þætti líka koma til greina, að athuga, hvort ekki mætti skera niður í fjárl. einhvers staðar svo sem 200—300 millj. og láta það fé renna beint í olíujöfnunarsjóð. Sannleikurinn er sá, að það er ýmislegt við þetta að athuga, og ekki síst virðist mér vera það, að það er óljóst, hvernig framkvæmdin verður. Hætt er við, að svona almennt dreififé til almennings verði eitthvað misnotað, og ég hygg, að það sé aldrei hægt að setja reglur, sem fyrirbyggi misnotkun. En hvernig framkvæmdin verður, það náttúrlega sést ekki af þessu frv.

Og þá er líka ein smáspurning, sem hefur vaknað: Hvernig er með þá aðila, sem hafa rafmagnshitun í húsum? Ég hygg, að það sé mjög dýrt, og sums staðar mun verðið á rafmagni vera mun meira jafnvel heldur en á olíunni. Er þá skynsamlegt að spyrja, hvort þeir, sem hita hús sín með rafmagni, megi ekki njóta einhvers, ef kynding þeirra er miklu dýrari en þeirra, sem hafa hitaveituna. M. ö. o., mér er alveg ljóst, að í sambandi við þetta vakna ótal spurningar. En niðurstaða mín er eiginlega sú, að þetta mál er byggt á sanngirnisgrundvelli. Það þarf einhvern veginn að koma til móts við þá, sem nota olíuhitun í húsum, þannig að ég vil styðja að því að draga úr þessum aðstöðumun. Hins vegar er ég andvígur því, að þetta söluskattsstig sé notað á þann hátt, og hefði talið eðlilegast, að auknar tekjur af bensíni og einhver niðurskurður á ríkisútgjöldum kæmu á móti til þess að greiða þetta eitthvað niður.

Ég skal ekki hafa þessi orð lengri að sinni, en bendi á, hvernig málið er komið í hendur þingsins, eins og segir hér í grg., með leyfi hæstv. forseta:

„Frv. þetta er lagt fram samtímis frv. til l. um breyt. á l. nr. 4 frá 7. febr. 1973, um neyðarráðstafanir vegna jarðelda á Heimaey.“

M. ö. o.: þetta er tengt frv. um jarðeldana á Heimaey. En ég tel, að hér sé um gerólíkt mál að ræða. Annað snýr að Vestmannaeyjum og Heimaey. Þar er samstaða allrar þjóðarinnar að bregðast við þeim mikla voða, sem Vestmannaeyjum og allri þjóðinni bar að höndum. En hér virðist mér grundvallaratriðið vera það, að ríkisstj. vill ekki fyrir nokkurn mun missa af öðru Viðlagasjóðsstiginu, og þess vegna kemur þetta inn samtímis. Og það eitt með öðru veldur því, að ég vil leysa þetta mál, sem þarna er á döfinni, á annan hátt en gert er ráð fyrir í frv., eins og ég hef þegar skýrt frá.

Ingólfur Jónsson: Herra forseti. Það er rétt, sem hér hefur verið sagt, að þetta frv. var til umr. í n., sem áður er getið um, og ég get sagt það, að ég fyrir mitt leyti er því hlynntur, að þessi sjóður sé stofnaður. En ég tók það fram, þegar rætt var um þetta, að ég vildi hafa allan fyrirvara um, hvernig þetta verður framkvæmt, hvernig fénu verður varið og hversu viðtæk olíuniðurgreiðslan ætti að verða.

Þegar hæstv. viðskrh. afhenti mér uppkast að þessu frv., tók ég fram við hann, að ég teldi eðlilegt að binda þetta ekki við íbúðarhúsnæði og strika bæri íbúðarhúsnæði út, en nefna aðeins húsnæði, og hélt ég, að hæstv. ráðh. ætlaði að gera það. En ég sé að það hefur ekki verið gert, og vil ég vekja athygli þeirrar n., sem málið

fær, á því, að skv. 1. gr. er aðeins átt við íbúðarhúsnæði.

Ástæðan fyrir því m.a., að ég vakti athygli á þessu, er bréf, sem Sjálfstfl. skrifaði hæstv. ríkisstj. og vakti athygli á því, að nauðsynlegt væri að gera ráðstafanir til þess að greiða niður olíu, eftir að hún hefur hækkað eins og raun ber vitni, og sýnilegt er, að hún muni hækka enn þá meira. Í bréfinu var vakin athygli á þeim mikla mismun, sem einnig væri í atvinnurekstrinum. Þeir, sem þyrftu að nota dýru olíuna við atvinnureksturinn, hefðu vitanlega allt aðra aðstöðu heldur en hinir, sem hefðu raforku eða hitaveitu í sambandi við atvinnureksturinn. Bréfið var skrifað hæstv. ríkisstj. áður en málið komst á dagskrá eða umræðugrundvöll. Sjálfstfl. heldur sig að sjálfsögðu við þetta bréf.

Ég skildi hæstv. viðskrh. þannig, að hann ætlaði að taka fram, þegar hann talaði fyrir þessu frv. hér í hv. d., að hann vildi hafa samráð við stjórnarandstöðuna um samningu þess frv., sem verður flutt um framkvæmd á notkun þess sjóðs, sem stofnaður er með þessu frv., ef að lögum verður. Ég geri fastlega ráð fyrir því, að hæstv. viðskrh. standi við það, og þætti mér vænt um, að það bærist til hans, að ég hef haft orð á þessu hér.

Það er vitanlega vandamál, hvernig framkvæmdin á að verða. Það er vandi að framkvæma þetta á réttlátan hátt. Í bréfi okkar sjálfstæðismanna var á það bent, að það væri nauðsynlegt að gera ráðstafanir til þess, að kostnaðarmismunurinn ykist ekki. Það er vitað mál, að það hefur alltaf verið mikill munur á olíukostnaði og hitaveitukostnaði. Það hefur verið misjafn munur á rafmagnsnotkuninni, vegna þess að rafmagnsverðið er ekki eitt og það sama víðs vegar um land, það er mjög misjafnt. En það er rétt, sem hér var minnst á áðan, að þetta þarf einnig að hafa í huga, þegar gengið verður frá því, hvernig þetta skuli framkvæmt.

Ég tel ekki ástæðu til þess að segja miklu meira um þetta mál að svo stöddu. Ég er því hlynntur, að sjóðurinn verði stofnaður, og ástæðan til þess, að þetta frv. er flutt nú í þessu formi, er sú, að það þótti eðlilegt að lögfesta sjóðsstofnunina fyrir mánaðamót, af því að það er óneitanlega óeðlilegt að lækka söluskattinn um 1% um næstu mánaðamót og hækka hann svo aftur eftir einn mánuð. Það er miklu eðlilegra, að söluskatturinn sé þá óbreyttur frá næstu mánaðamótum og gjaldið fari að hálfu í Viðlagasjóð og að hálfu í þennan niðurgreiðslusjóð.

Ég get tekið undir það með hv. þm., sem talaði hér áðan, Bjarna Guðnasyni, um, að vitanlega væri æskilegast, að það þyrfti ekki að nota þetta gjald til þessarar sjóðsstofnunar, að ríkissjóður gæti tekið af tekjum sínum þá upphæð, sem til þess þarf, með því að spara útgjöld af þeim háu fjárl., sem nú eru. En það hefur ekki gefist tími til þess núna fyrir mánaðamótin að fá samkomulag um það við hæstv. ríkisstj. Ég vil aðeins minna á það, að það eru 360 millj. kr., sem búist er við, að ríkissjóður græði á bensínhækkuninni beinlínis, bæði í söluskatti og tolltekjum. Ég geri ráð fyrir, að það komi krafa um, að sú upphæð gangi til Vegasjóðs frekar en til olíuniðurgreiðslusjóðs. Og það vita allir hv. þm., að fyrir höndum er endurskoðun á vegáætluninni, og þar virðist vera mikil fjárþörf. Ég vil leggja til, að hæstv. fjmrh. afhendi Vegasjóði þennan óvænta gróða, sem ríkissjóður fær af bensínhækkuninni.

Ég tel, herra forseti, ekki ástæðu til að hafa þessi orð fleiri, en vek athygli á því, að ég skildi hæstv. viðskrh. þannig, að hann vildi hafa samráð við stjórnarandstöðuna um samningu þess frv., sem kemur í kjölfar þeirra laga, sem af lögfestingu frv. leiðir.

Forsrh. (Ólafur Jóhannesson): Herra forseti. Út af því, sem hv. 1. þm. Sunnl. sagði, þá er vafalaust rétt, að viðskrh. hafi látið einhver orð falla á þá leið, sem hann tók fram, því að þetta atriði hefur verið rætt í ríkisstj. og verið gert ráð fyrir því, að haft yrði samráð við stjórnarandstöðuna um samningu á því frv., sem þarf til að koma varðandi ráðstöfun á tekjum þessa sjóðs, þannig að ég geri ekki ráð fyrir, að það verði nein fyrirstaða á því. Þó að hæstv. viðskrh. sé ekki viðstaddur, tel ég mér óhætt að heita því í nafni stjórnarinnar, að þannig verði á þessu máli haldið. Ég undirstrika enn, eins og ég gerði áðan, að hér er aðeins um að ræða heimild til lögfestingar á gjaldinu, en tekið skýrum stöfum fram, að um ráðstöfun fjárins verði flutt sérstakt frv.

Það má auðvitað í sambandi við þetta mál segja og spyrja eins og hv. 3. landsk. þm.: Af hverju eru þessi mál ekki tekin fyrir meira heildstætt? Það er mismunur á aðstöðu á mörgum öðrum sviðum eftir því, hvar menn eru búsettir. — Það er alveg rétt. Ég held þó, að hér sé um alveg sérstakar aðstæður að ræða, — aðstæður, sem hafa komið til með sneggri og óvæntari hætti en menn gátu almennt séð fyrir, og stendur að því leyti öðruvísi á en um ýmsan annan aðstöðumun. Annars vil ég í sambandi við það geta þess, að það eru starfandi, eins og menn þekkja, nefndir til að athuga þessi atriði, t. d. nefnd til að kanna möguleika á jöfnun flutningskostnaðar og svokölluð byggðanefnd, sem er kjörin af Sþ., og í henni eiga sæti fulltrúar frá öllum flokkum, sem eiga að fjalla um þessi mál almennt í heild. En einmitt hún tók þetta vandamál alveg sérstaklega út úr og skrifaði ríkisstj. bréf um þetta olíuvandamál og þau vandræði, sem risu út af þeim aðstöðumun, sem hlytist af þeirri verðbreytingu, sem þarna væri að eiga sér stað og ætti sér stað. Auk þess er það rétt, sem hv. 1. þm. Sunnl. sagði, að það kom bréf frá Sjálfstfl. einmitt um þetta atriði. Ég held því, að það séu gildar ástæður til þess, að þetta málefni sé alveg sérstaklega tekið út úr. Auðvitað hefði mátt hugsa sér aðrar leiðir til að safna fé í sjóð til að jafna þennan aðstöðumun. Auðvitað hefði mátt hugsa sér einhvers konar verðjöfnun í þessu sambandi, að láta þá, sem búa við hitaveitu og bera minni kostnað, taka þátt í þessu með því móti, að þeir legðu eitthvað af mörkum. Má segja, að vissulega væri það ekki óeðlileg leið. En þá er á það að líta, að þannig stendur á, að einmitt ýmsar hitaveiturnar eru með miklar fyrirætlanir um öra uppbyggingu og vilja gjarnan reyna

að nota fé, sem þeim áskotnaðist e.t.v. í sambandi við einhverja hækkun á hitaveitugjöldum, til slíkrar uppbyggingar. Þess vegna held ég, að það geti verið eðlilegra, þegar alls er gætt, að leggja þetta gjald á alla landsmenn, láta alla landsmenn taka þátt í því, dreifa því þannig.

Hugleiðingar þær, sem hv. 3. landsk. þm. var með um ýmis atriði í þessu sambandi, eiga auðvitað rétt á sér. T.d. er sérstakt mál, sem hlýtur að koma til athugunar í sambandi við frekari athugun á þessu máli og ráðstöfun fjár úr þessum sjóði, þau hús, sem hituð eru með rafmagni, því að þar eru líka dæmi, þar sem er um mjög misjafna aðstöðu að ræða. Vissulega geta komið til athugunar ýmsar leiðir til þess að reyna að draga úr þessum aðstöðumun, og þá er auðvitað ekkert óeðlilegt, þó að upp í hugann komi þetta, sem kom fram hjá honum, að það væri æskilegt, að það væri hægt að nota eitthvað af slíkum sjóði til þess að létta undir með þeim mörgu aðilum, sem hafa hug á því nú að taka jarðvarma til upphitunar í stærri stíl en áður. Og ég hygg, að allir séu sammála um, að það sé hin mesta nauðsyn á að gera það átak í þeim efnum, sem kleift er, að sem flestir geti og sem fyrst komið því við að hita hús sín upp með jarðhita eða rafhitun. Þó að þetta frv. sé svona orðað og beri þetta heiti, get ég ekki séð, að það útiloki, að í sambandi við ráðstöfun á tekjum úr þessum sjóði komi slíkar og þvílíkar hugleiðingar til athugunar. Ég lít svo á, að það sé mjög óbundið og í rauninni algjörlega óbundið, hvernig nánar verður hagað ráðstöfun á fé úr þessum sjóði. Mér er ljóst ekki síður en öðrum, að það geta ýmis vandamál risið upp í því sambandi, og verður auðvitað að gefa sér góðan tíma til að athuga þá hlið málsins. Þess vegna er einmitt þessi háttur hafður á, að hér er um að ræða lögfestingu á tekjulindinni. En hitt var mönnum ljóst, að það var ekki hægt í skyndi að fara að setja saman reglur um úthlutun á því fé, heldur yrði að gefa sér betra tóm til þess að athuga margvíslegar hliðar á því málefni.

Auðvitað má segja það og getur verið sjónarmið hjá sumum, að það mætti spara á einhverjum lið og þyrfti ekki að afla sérstakra tekna, það væri ekki vandi að spara 200—300 millj., eins og hv. 3. landsk. þm. sagði og virtist ekki vera sérlega stórtækur í þetta sinn. Samt er það svo, að þó að það sé ekki stærri fjárhæð nefnd en þetta, þá getur vafist fyrir honum eins og fleirum að nefna það alveg ákveðið, hvað eigi að fella niður úr fjárl. og hvað eigi að spara. Það er miklu þægilegra að tala um þetta almennum orðum heldur en benda á þá liði, sem niður eigi að falla. Og ég býst við því, að það geti orðið erfiðleikar á því, þegar á að fara að skera eitthvað niður, þó að auðvitað geti komið til slíks, að þá leið verði að taka til athugunar.

Ég vil fyrst og fremst undirstrika og staðfesta það, sem hv. 1. þm. Sunnl. sagði, að það stendur, sem sagt hefur verið, að samráð verður haft við stjórnarandstöðuna, áður en gengið verður frá frv. um ráðstöfun á þessu fé, og jafnframt vil ég taka það fram, að ýmsar þær hugleiðingar, sem hv. 3. landsk. þm. var með, geta eðlilega komist að í sambandi við framhaldsmeðferð á málinu, þegar rætt verður um ráðstöfun fjárins.

Guðlaugur Gíslason: Herra forseti. Ég vil láta það koma fram hér við 1. umr. um þetta mál, að ég er mjög hlynntur því, að aflað verði tekna til niðurgreiðslu á olíu til kyndingar til húshitunar. Það hefur verið bent á það hér réttilega, að hér er aðeins um hluta af mun stærra vandamáli að ræða, mismun, sem er fyrir þá, sem búa í dreifbýlinu annars vegar og hins vegar þá, sem búa á þéttbýlissvæðinu hér við Faxaflóa. En eins og hæstv. forsrh. réttilega benti á, vita þm., að um þetta mál í heild eru starfandi n., og er þess að vænta, að þær skili Alþ. innan ekki langs tíma áliti sínu um það, hvernig best verður við komið jöfnun þarna á milli.

Hv. 3. landsk. þm. benti á það sem möguleika, hvort ekki væri réttara að nota það fjármagn, sem frv. þetta mun gefa í tekjur, til stofnunar á sjóði, sem aftur yrði til þess að hraða uppbyggingu víðs vegar um land í sambandi við aukna möguleika á raforku til húshitunar eða þá vinnslu jarðvarma, þar sem hann er fyrir hendi. Vissulega væri mjög gott, ef hægt væri að mynda slíkan sjóð. En þetta mál, sem hér liggur fyrir, er að mínum dómi það aðkallandi, að ekki verður beðið eftir þeim aðgerðum, sem í framtíðinni hljóta að verða gerðar í sambandi við aukna orkuöflun til húshitunar. Ég held, að það fari ekkert á milli mála, að sú stökkbreyting, sem varð á olíuverði nú á síðustu mánuðum, geri þann mismun, sem við öll þekkjum, og aðstöðumun fólks í dreifbýlinu og á þéttbýlissvæðunum, það mikinn umfram kannske flest annað, að fram úr þessu máli verður að mínum dómi að ráða með einhverju slíkum aðgerðum eins og hér er lagt til.

Mér sýnist á því, sem fram kemur í grg. með frv., að ef annað söluskattsstigið, sem áður rann til Viðlagasjóðs, verður notað til niðurgreiðslu á olíuverði til húsahitunar, þá muni olíuverð árið 1974 til þessara hluta geta orðið svipað og það var árið 1973. Það er talið í skýrslum, sem er að finna í grg. með frv., að hitunarkostnaður með olíukyndingu hafi árið 1973 orðið 620 millj., en áætlað, að það verði 1350 millj. árið 1974. Nú er vitað, að áætlað er, að hvert söluskattsstig gefi 700—730 millj., þannig að ef það stenst, ætti hitunarkostnaður 1974 með fyrirhugaðri niðurgreiðslu að verða sá sami og hann varð 1973. Ég tel þetta mjög mikið réttlætismál og er því mjög fylgjandi, að þetta frv. nái fram að ganga og verði að lögum fyrir næstu mánaðamót.

Það liggur ljóst fyrir, að menn eru ekki sammála um, hvernig framkvæma á niðurgreiðslu á olíunni. Ég hygg þó, að þegar búið er að skoða það mál til hlítar, geti þm. orðið nokkuð sammála um, að einfaldasta aðferðin til þess hlýtur að verða sú að greiða olíuna beint, þannig að ekki komi til, að einstakir aðilar fari að fá endurgreiðslu. Ég hygg, að það kerfi yrði miklu þyngra í vöfum og hægari aðstæður til að misnota það heldur en ef gengið verður hreint til verks og olían beinlínis greidd niður, þannig að menn vissu strax á fyrsta stigi, hver þeirra hitunarkostnaður raunverulega væri. En þetta er mál,

sem kemur hér til meðferðar síðar í þinginu, og ekki ástæða til að ræða það, fyrr en séð verður, hvernig það verður langt fram.

Ég vil undirstrika það, sem ég sagði hér í upphafi, að ég tel, að ekki megi draga það neitt að afla fjár til niðurgreiðslu á olíu til húsahitunar, því að þetta er það mikið mál fyrir dreifbýlið, að ef það yrði ekki gert, þá óttast ég mjög, að það mundi verulega auka á fólksflutninga utan úr dreifbýlinu og hingað á þéttbýlissvæðið. Það hefur verið reiknað út, að þetta geti munað kannske allt upp í 60—80 þús. kr. á fjölskyldu á ári, og segir sig sjálft, að slíkt væri mjög hvetjandi fyrir fólk, ef það á annað borð hefði aðstöðu til þess að skipta um búsetu og flytja sig á það svæði, þar sem mun ódýrara væri að framfleyta fjölskyldunni að þessu leyti.

Lárus Jónsson: Herra forseti. Ég skal ekki lengja þessar umr. meira en góðu hófi gegnir, enda fámennt heldur orðið hér í hv. d. En ég taldi rétt að kveðja mér hljóðs út af þessu máli, ekki síst til þess að fara nokkrum orðum um það, sem kom fram í máli hv. 3. landsk., Bjarna Guðnasonar.

Ég vil þá fyrst gera aths. við það, sem hann taldi hér, að þetta væri í raun og veru ekkert sérstakt mál, sem hér væri á ferðinni. Hin mikla verðhækkun á olíu til upphitunar húsa sé aðeins hluti af því, sem menn hafa kallað byggðavandamál, og málið beri að leysa í samræmi við það. Ég er ekki alveg á sömu skoðun í þessum efnum. Ég lít á þetta sem alveg sérstakan vanda. Að vísu má til sanns vegar færa, að þetta snerti hið svonefnda byggðavandamál nokkuð. En ég vil benda á það í fyrsta lagi, að hér er um mjög snöggan og óvæntan vanda að ræða, sem steðjar að allri þjóðinni, og að þarna er um að ræða, að þetta bitnar ekki aðeins á fólki, sem býr úti í dreifbýlinu, eins og kallað er, á landsbyggðinni, heldur í þéttbýlinu líka, því að við vitum, að það búa ekki nærri allir hér í þéttbýlinu við hitaveitu. Ég vil líka benda á það, að kannske er þetta miklu stærra vandamál en komið hefur fram í þessum umr., sem hér eru. Nú er olían komin upp í 7.70 lítrinn til húshitunar, en það er jafnvel búist við því, að hún fari í 14 kr. og jafnvel meira, og þá mundi hækkunin valda, að mér skilst, um 800—900 millj. kr. bagga á það fólk, sem hitar hús sín með olíu, til viðbótar því, sem það borgar nú, en það er sennilega nokkru meira en helmingi meira en það fólk greiðir, sem býr á hitaveitusvæði. Ég vil vekja athygli á því, að með þessu frv. er ekki gengið lengra en svo, að það mundi e.t.v. vera hægt að draga nokkuð úr áhrifum þessara miklu hækkunar, en jafnast alls ekki bilið, sem er á milli þeirra, sem kynda hús sín með olíu, og hinna, sem nota til þess hitaveitu. Ég vil vekja athygli á því líka, að eins og hér hefur komið fram, þá er talið, að þessi hækkun ein á olíunni geti valdið um 60—80 þús. kr. útgjöldum fyrir hverja fjölskyldu. Sú útgjaldahækkun verður að greiðast af launum manna, og eins og menn vita, eru ⅔ launþega í hæsta skattþrepi. Þeir verða því að hafa nokkru hærra en 60—80 þús. kr. tekjur til þess að borga þessa hækkun, sem kemur á þá ofan á þann mismun, sem nú er fyrir um upphitunarkostnað hjá þeim og hinum, sem búa við hitaveitu. Mér reiknast svo til, að venjuleg fjölskylda þurfi að hafa um 120—130 þús. kr. tekjur til þess að greiða þennan mismun vegna þess, hvernig nú er háttað skattkerfi okkar, að langflestir eru í hæsta skattþrepi með nálægt 55% skatt af sínum tekjum.

Ég ætla ekki að fara frekari orðum um þetta nú. Ég lofaði því að vera stuttorður, þegar ég tók hér til máls. En ég vil enda á því að segja, að hér er hreyft miklu sanngirnismáli. Það má eflaust deila um það, hvernig tökum á að taka slíkt mál, og þá ekki síst, hvernig á að afla fjár til þess að standa straum af þessum ráðstöfunum. En ég held, að hér sé spor í rétta átt í þessum efnum, þótt það sé jafnframt rétt, sem hér hefur komið fram, að að mörgu þarf að hyggja í sambandi við þetta mál og þá ekki síst að því að gera veruleg átök í því að virkja innlenda orkugjafa til þess að hita upp okkar húsnæði. Í því sambandi vil ég ljúka máli mínu með því að benda á það, að ég flutti hér strax í haust frv. til l. um breyt. á orkulögum, sem miðaði að því að styðja örlítið betur við bakið á sveitarfélögunum í þeim efnum, þegar þau eru að leita að jarðhita. Það er mjög mikil ástæða til að örva þau til þess meira en áður tíðkaðist vegna þeirra breyttu viðhorfa, sem nú blasa við í þessum málum. Og ég vildi vekja athygli á því, að þetta mál þarf að taka upp og það þarf að fá þinglega meðferð, hvort sem það verður samþ. í breyttu eða óbreyttu formi.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 23 shlj. atkv. og til fjh.- og viðskn. með 23 shlj. atkv.

Efri deild, 61. fundur.

Þriðjudaginn 26. febr., kl. 2 miðdegis.

Hjúkrunarlög, frv. (þskj. 402). — Ein umr.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 12 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 402).

Neðri deild, 67. fundur.

Þriðjudaginn 26. febr., kl. 2 miðdegis.

Skipulagslög, frv. (þskj. 377, 417). — Ein umr.

Fjmrh. (Halldór E. Sigurðsson): Herra forseti. Þegar verið var að undirbúa þetta mál, var það lagt fyrir í okkar þingflokki af einum af flm. þess, hv. 2. þm. Sunnl., og það var okkar niður-

staða að fylgja málinu eftir. Nú var þetta mál ekki afgreitt, þegar fjárlög voru afgr. í vetur, svo að ég hef rætt við hv. flm. um það, að frv. taki gildi 1. jan. 1975. Ég hef fulla ástæðu til að ætla, að því máli verði vel tekið af þeirra hálfu, og munu þeir gera grein fyrir afstöðu sinni þar um.

Stefán Gunnlaugsson: Herra forseti. Við flm. þessa frv., sem hér er til umr., sem viðstaddir vorum hér í d. í gær, höfum fallist á að verða við óskum hæstv. ráðherra um að gera breytingu á 2. gr. frv. á þá leið, sem hann hefur óskað eftir, þannig að 2. gr. orðist svo: „Lög þessi öðlast gildi 1. jan. 1975.“ Að þessari brtt. standa Stefán Gunnlaugsson, Ólafur G. Einarsson, Ágúst Þorvaldsson og Lárus Jónsson.

ATKVGR.

Brtt. 417 samþ. með 33 shlj. atkv.
Frv., svo breytt, samþ. með 31 shlj. atkv. og endursent Ed.

Neyðarráðstafanir vegna jarðelda á Heimaey, frv. (þskj. 408, n. 418). — 2. umr.

Of skammt var liðið frá útbýtingu nál. — Afbrigði samþ. með 34 shlj. atkv.

Frsm. (Vilhjálmur Hjálmarsson): Herra forseti. Nál. á þskj. 418 hefur verið útbýtt hér fjölrituðu. Fjh.- og viðskn. hefur rætt þetta frv. á fundi sínum í dag, og orðið sammála um afgreiðslu þess. Ég vil geta þess, að einn nm., Gils Guðmundsson, var fjarstaddur, þegar málið var afgreitt í n., en hann dvelur erlendis og hefur tafist þar vegna verkfalls.

Í n. var dálitið rætt um það, hvort setja bæri ákvæði í l. um meðferð hugsanlegs tekjuafgangs Viðlagasjóðs að Vestmannaeyjamálunum fulluppgerðum. Þetta var nokkuð rætt í n., en nm. urðu ásáttir um, að slíkt kæmi til aðgerða Alþingis á sínum tíma eðli málsins samkv., og fóru ekki inn á það að flytja brtt. við frv. í þessa stefnu. N. leggur sem sagt til, að frv. verði samþ. óbreytt.

Matthías Á. Mathiesen: Herra forseti. Eins og fram kom hjá hv. frsm. fjh.- og viðskn., var rætt í n. um meðferð hugsanlegs tekjuafgangs Viðlagasjóðs. Ég vil aðeins undirstrika það sjónarmið, sem kom hér fram hjá frsm. og formanni nefndarinnar.

Guðlaugur Gíslason: Herra forseti. Mér þykir hlýða að fara nokkrum almennum orðum um þetta mál áður en það verður afgreitt hér út úr d.

Ég held, að það fari ekki milli mála, að þegar Alþingi stóð frammi fyrir þeim vanda, sem skapaðist, er eldgosið hófst í Vestmannaeyjum í byrjun síðasta árs, hafi menn mjög óttast, að um miklu stærra vandamál yrði að ræða heldur en sem betur fer kom síðar í ljós. Ég ætlaði að sjálfsögðu ekki að fara að rekja gang málsins hér, hann er öllum kunnur, en eins og á hefur verið bent, held ég, að allir, sem fylgst hafa náið með því, sem gerðist í Eyjum á árinu 1973, trúi því, að þarna hafi margt gerst, sem margir hafi kannske átt erfitt með að skilja, talið þar í sumum tilfellum, að hafi jafnvel verið um kraftaverk að ræða, eins og einn ágætur þm. komst hér að orði í gær.

Ég held, þegar til baka er litið, að örlagastund Vestmannaeyja hafi verið laugardaginn fyrir páska í fyrra, þegar svo stóð á, að allir vissu, sem í Eyjum voru, að einmitt það kvöld eða þá nótt mundi eitthvað verulegt ske. Þeir, sem þar voru, horfðu á það, að eldgígurinn var orðinn fullur af rennandi og fljótandi hraunleðju, og eftir öllum kenningum að dæma, jarðfræðinga og annarra, reiknuðu allir með því, að norðurhlið fjallsins mundi springa frá og hraunið þá flæða yfir bæinn og án efa fylla höfnina og jafnvel fara norður úr höfninni. Þetta var sú mynd, sem við öllum blasti þetta kvöld. En kl. 4 um nóttina skeði það óvænta, sem enginn hafði reiknað með, ég held hvorki fræðimenn né aðrir, að það varð suðurhlið fjallsins, sem lét undan, neðsti hluti fjallsins, og þar myndaðist nýtt op, sem hraunið rann út úr, rann stanslaust út úr í nokkrar vikur og það mikið magn, að ég held, að það þýði ekki að vera að reyna að segja neinum það, sem ekki horfir á það. Ég var þarna staddur, þegar hraunrennslið var þarna í hámarki, og maður getur vel líkt því við, þegar maður horfir af brúnni ofan í Þjórsá eða Ölfusá, hraunrennslið, sem þá fór fram úr fjallinu og niður í sjó. Hefði þetta farið eins og allir reiknuðu með, að mundi gerast, að þetta hefði farið norður úr gígnum, þá væri saga Vestmannaeyja öll í dag. En svo er forsjóninni fyrir að þakka, að það gerðist ekki, og nú er aftur að rísa þar blómleg byggð, og Alþingi sér fram á, að það muni verða kleift með nokkuð eðlilegum hætti að veita þá fjármuni, sem með þarf, til þess að þarna geti byggð aftur endanlega risið og byggðarlagið komist í samt lag og áður var.

Ég vil leyfa mér að þakka þá samstöðu, sem hér hefur verið á Alþingi um allar aðgerðir í sambandi við þetta mál, og vonast til, að það eigi eftir að sýna sig, að Vestmannaeyjar eigi eftir að verða í framtíðinni sú styrka stoð í þjóðfélaginu, sem allir eru sammála um, að þær hafi verið fram að þessu.

ATKVGR.

1. gr. samþ. með 32 shlj. atkv.
2.—3. gr. samþ. með 32 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 30 shlj. atkv.

Tollskrá o.fl., frv. (þskj. 303, n. 316 og 317, 314, 325, 389, 421, 422). — Frh. 2. umr.

Frsm. meiri hl. (Vilhjálmur Hjálmarsson): Herra forseti. Enn hefur fjh.- og viðskn. þessar hv. d. haft tollskrárfrv. til athugunar, og enn þá ber ég fram allmargar brtt. á tveimur þskj., þskj. 421 og þskj. 422. Ég hygg, að allir nm. séu sammála um þessar brtt.

Ég vil fyrst geta þess, áður en ég geri grein fyrir brtt., nú fluttum, að brtt. á þskj. 389, sá

hluti hennar, sem fellur undir tölunúmer 48 10 01 til 09, er hér með tekinn aftur. Þá vil ég einnig, áður en ég greini frá efni þessara nýju till., árétta það, sem ég áður tók fram, þegar ég gerði grein fyrir brtt. mínum á þskj. 389, varðandi endurgreiðslur þær, sem þar um ræðir, að þær eru við það miðaðar, að þær nái til véla og hráefna tollafgreiddra frá 1. jan. s. l. til gildistöku lagabreytingar til sams konar iðnaðar, sem varð fyrir rýrðri tollvernd frá áramótum.

Nýju brtt. lúta að því flestar að flýta lækkun tolla af vélum til iðnaðar frá því, sem ráðgert var í frv. og í fyrri brtt. Hér er um það að ræða að koma til móts við iðnaðinn vegna væntanlegra söluskattshækkana. Þessar till. eru gerðar í samráði við fulltrúa iðnaðarins, og þær eru fram settar í sambandi við lausn þeirrar kjaradeilu, sem nú er verið að ljúka við að leysa. Hér er um að ræða tolla af öllum þeim vélum, sem greindar eru í tollnúmerinu 84, og raunar nær þetta til nokkurra fleiri véla, sem á sama hátt áttu að lækka í tveimur áföngum úr núverandi tolli og niður í núll á árinu 1976. Í þessum till. er lagt til að lækka tolla af þessum vélum strax ofan í núll. Það liggja ekki fyrir neinar nákvæmar áætlanir um það, hverju þessar lækkanir nemi, en mjög gróft metið er talið, að þessar tollalækkanir mæti nokkurn veginn þeim auknu útgjöldum, sem fyrirhuguð hækkun söluskatts hefði í för með sér fyrir viðkomandi iðngreinar, og hefur verið ætlað, að heildarupphæð á þessum tveimur liðum, sem þarna ættu að mætast nokkurn veginn, nemi á bilinu frá 30 til 40 millj. kr. En ég tek það fram, að þessar áætlanir eru mjög grófar.

Auk þessa, sem ég nú greindi, eru á þskj. 422 tvær breytingar, sem að nokkru má skoða sem leiðréttingar. Þar er annars vegar um að ræða lækkun á tilteknum flokkum myndavéla. Þetta er borið fram af tveimur meginástæðum. Ljósmyndaiðnaðurinn sætir vaxandi samkeppni erlendis frá, og hins vegar er hér um að ræða það, sem kallað er smyglnæmur varningur, þar sem þessi tæki eru. Þetta er í b-lið í 1. brtt. á þskj. 422. Hitt er um lækkun tolla í tollaflokki 91 01 00: vasaúr, armbandsúr, o. s. frv. Og þetta er nánast talað gert til samræmis við tollalækkanir á öðrum fríhafnarvörum. Þetta snertir líka hið svokallaða smyglnæma góss.

Þá er enn að geta þess, að á nefndu þskj., 422, er undir tölulið 2 lagt til, að ákvæði til bráðabirgða falli niður. Eins og hv. þdm. muna, var þetta ákvæði sett inn í frv. í Ed., á þá leið, að til þess að mæta því tekjutapi fyrir ríkissjóð, sem leiðir af samþykkt þessara laga, er ríkisstj. heimilt að leggja 1% gjald á söluskattsstofn allra sömu aðila og lög nr. 10 1960, um söluskatt, taka til o. s. frv. Hér er lagt til að fella þetta ákvæði niður. Vitað er, að fyrirhugað er að gera miklu víðtækari og stærri breytingar á söluskatti, og þá þykir eðlilegt að meta þennan þátt söluskattsmálsins um leið og hér kemur til meðferðar stærri breyting á þeim tekjustofni.

Ég held, að ég geri þá ekki nánari grein fyrir þessum brtt. Það er tilgangslaust að fara að rekja hin einstöku númer og greina efni þeirra, og mun það ekki heldur hafa verið venja við fyrri breytingar á tollskrá.

Frsm. minni hl. (Matthías Á. Mathiesen): Herra forseti. Fulltrúar Sjálfstfl. og Alþfl. í fjh.- og viðskn. mæla með brtt. þeim, sem form. n. flytur og hefur nú gert grein fyrir. Við teljum það tekjutap, sem ríkissjóður verður fyrir, ef brtt. þessar verða samþykktar ekki af þeirri stærðargráðu, að ástæða sé til sérstakrar tekjuöflunar þar á móti, frekar en vegna samþykktar frv. sjálfs, eins og fram kemur í nál. minni hl. fjh.- og viðskn. beggja deilda.

Bjarni Guðnason: Herra forseti. Ég hef flutt á þskj. 314 brtt. við þetta frv., sem lýtur að því að fella niður 14. tölulið 3. gr. Þessi 14. tölul. hljóðar svo, með leyfi hæstv. forseta:

„Að veita undanþágu frá greiðslu aðflutningsgjalda af bifreiðum ráðherra og sendiráðsstarfsmanna í samræmi við reglur um bílamál ríkisins."

Í upphafi þessa þings flutti ég frv. sama efnis, þ. e. a. s. um að fella þennan lið niður. Þetta var 7. mál þingsins og hefur ekki komist úr n. og kemst þaðan aldrei, svo að ég ætla nú að grípa gæsina, þegar hún gefst, og bera fram þessa brtt., Ég vil benda hv. þm. á rökstuðning fyrir þessari brtt. í þskj. 7, en ég ætla aðeins að segja nokkur orð til viðbótar við það, sem ég sagði hér í upphafi þings.

Sá undarlegi háttur er á hafður í sambandi við bifreiðar ráðherra, að hann er með tvennu móti. Annars vegar er sá háttur á, að ríkissjóður eigi bifreiðarnar, þær séu merktar og það sé óheimil notkun þeirra nema í embættisþágu. Þetta er hin eðlilega og sjálfsagða leið og tíðkast í öllum menningarlöndum, mér vitanlega. Síðan hefur það einhvern veginn gerst í þessu okkar ágæta stjórnarfari, það er eins og gömul saga, að það er til sú leið að gefa ráðh. að mestu leyti bílinn, en láta þó ríkissjóð standa undir öllu saman. Í reglugerð um bifreiðamál ríkisins segir svo, með leyfi hæstv. forseta:

„Ráðherra, sem ekki óskar að fá til umráða ríkisbifreið, á þess kost að fá keypta bifreið, er hann tekur við embætti, með sömu kjörum og gilt hafa um bifreiðakaup ráðherra, er hann lætur af embætti" — þ. e. eftirgjöf á aðflutningstollum og ég hygg söluskatti líka og jafnvel flutningskostnaði o. s. frv. — „Heimilt," segir hér enn fremur, „er að veita ráðh. í eitt skipti lán til slíkra kaupa með sömu kjörum og gilda um ríkisforstjóra, sem haft hafa ríkisbifreið til afnota." M. ö. o.: þeir fá ekki aðeins eftirgjöf á aðflutningsgjöldum og söluskatti, heldur fá þeir líka lán. Ég held, að það séu 350 þús. kr. með 5% vöxtum til 10 eða 15 ára. Það má heita, að þegar menn setjast í ráðherrastól, þá gefi þeir sér nýja bíla. Þetta er mjög glæsilegt.

Varðandi sendiráðsmenn, sem einnig eru þar nefndir, segir um þá í reglugerð um bifreiðamál ríkisins, með leyfi hæstv. forseta:

„Heimilt er að veita starfsmönnum utanríkisþjónustunnar undanþágu frá greiðslu aðflutningsgjalda af bifreið, er þeir flytja heim eftir eigi skemmra en þriggja ára samfellt starf erlendis. Gildir þetta þó ekki nema einu sinni á 7 ára fresti. Undanþágan verður því aðeins veitt, að utanrrn. mæli með henni hverju sinni. Ambassadorar, sem flytja heim, njóta framangreindra

hlunninda án tímatakmarkana. Bifreið, sem hefur verið innflutt þannig, má ekki selja fyrr en að þremur árum liðnum frá heimflutningi, nema aðflutningsgjöld séu greidd."

Ég sé í rauninni engin skynsamleg rök til þess, að starfsmenn utanríkisþjónustunnar eigi að hafa þessi forréttinndi umfram aðrar starfsstéttir, þótt þeir dveljist erlendis um þriggja ára skeið eða lengur. Hygg ég, að það muni vera sannmæli, að afkoma eða tekjur starfsmanna utanríkisþjónustunnar, sem dveljast erlendis, muni vera síst lakari en okkar heimamanna, og ég fæ ekki séð annað en þarna séu bara gömul forréttindi, sem síðar virðist illgerlegt að afnema.

M. ö. o.: brtt. mín felur í sér að afnema þessi forréttindi þessara aðila. Þessi brtt. er ekki úrslitaatriði fyrir ríkissjóð, en það er þrifnaðarverk að losna við þetta.

Ég skal nú ekki tala meira um þetta, en ég vil aðeins láta í ljós nokkra undrun, að ríkisstj. skuli hafa lagt fram tollskrárfrv. í óbreyttri mynd að heita má og hafa hug á því að ná sér í 1% söluskattshækkun, um leið og þessar tollalækkanir eiga sér stað, þar sem vitað er, að erlendar hækkanir hafa verið það miklar, að það kemur í ríkissjóð veruleg upphæð á móti þeim tollalækkunum, sem eiga sér stað. Og ég vil bara til gamans láta þau orð falla, að þessi söluskattsmanía, sem tröllríður hér húsum, er farin að verða nokkuð ágeng. 1% sölustig í sambandi við tollalækkun, 1% sölustig í sambandi við olíujöfnunarsjóð og 5 stig í sambandi við kerfisbreytingu á sköttum. Það má segja, að ríkisstj. sé komin á eitt allsherjar söluskattskennderí.

Ingólfur Jónsson: Herra forseti. Það eru aðeins örfá orð. Þetta frv. dagaði uppi rétt fyrir jólin, vegna þess að Alþ. var ekki tilbúið að samþykkja 1% söluskattshækkun, sem hnýtt var aftan í það. Nú er boðað, að það þyki ekki taka því að leiða það mál til úrslita, það sé tekið aftur þangað til síðar, að beðið verður um meira. Hv. alþm. vita, hvað þetta meira er, það er 5% eða 6% söluskattur, sem hæstv. ríkisstj. samdi um við verkalýðsforustuna í sambandi við þá kerfisbreytingu, sem fyrirhuguð er á sköttum. Hæstv. ríkisstj. ætlar sér með kerfisbreytingunni að fá í ríkissjóð 3 700 millj. kr., en hún ætlar að gefa til baka 2 400 millj. kr., og af mildi sinni ætlar hún svo að gefa allt að 400 millj. kr. vegna hliðarráðstafana til þeirra, sem ekki hafa greitt tekjuskatt.

Tollskrárfrv. er út af fyrir sig góðra gjalda vert. Það er flutt vegna þess m. a. og kannske eingöngu vegna þess, að við erum skuldbundnir vegna EFTA-aðildar að lækka tolla í áföngum. Tollar voru lækkaðir um 30% árið 1970, m. a. vegna EFTA-aðildar. En ríkissjóður fær miklar tekjur og stöðugt auknar tekjur vegna verðbólgunnar, sem nú geisar í landinu.

Þegar fjárlagafrv. var lagt fram í haust, voru söluskattstekjur auðvitað á tekjuhlið frv. Þá var gert ráð fyrir, að hvert söluskattsstig gæfi 550 millj. kr. Þegar komið var fram í desember, var talið alveg öruggt, að hvert söluskattsstig gæfi 600 millj. kr., því að söluskatturinn gefur meira í ríkissjóð eftir því sem verðlag á vörum og þjónustu hækkar, og nú fyrir stuttu hefur verið reiknað út í reikningsstofnun, að hvert söluskattsstig gefi 728 millj. kr. Er þá miðað við verðlagið, eins og það verður 1. mars n. k. Á miðju ári verður það vitanlega miklu meira en 728 millj., það gæti orðið 800 millj. Hvað það gefur að meðaltali á árinu, er þess vegna ekki gott að fullyrða um, en talið hefur verið eðlilegt að áætla 750 millj. kr. Með þessu móti hækka tekjur ríkissjóðs. Í fjárlögum er reiknað með, að ríkissjóður fái í tekjur af söluskatti á árinu 1974 6 702 millj. kr. Þá var reiknað með að söluskattsstigið gæfi 600 millj. Sé hins vegar reiknað með, að söluskattsstigið gefi 730 millj., verða tekjur ríkissjóðs af söluskatti 8 157 millj. Mismunurinn er 1 455 millj. á þessum eina lið, sem ríkissjóður fær umfram það, sem reiknað er með í fjárlögunum.

Ég tel ástæðu til að benda á þetta í dag, vegna þess að innan skamms er boðuð mikil gjaldheimta á allan landslýð af hendi ríkisstj. og ég bendi á, að þetta er aðeins á þessum eina lið. Aðrar tekjur ríkissjóðs aukast einnig mjög mikið vegna verðbólgunnar og þá fyrst og fremst tolltekjurnar, innflutningstollar, sem geta hækkað vegna verðbólgunnar um milljarða umfram það, sem áætlað er í fjárlögunum. Þá mun tekjuskatturinn einnig verða miklu meiri en áætlað var. Má þess vegna segja, að þótt almenningur tapi á verðbólgunni, þá hagnist ríkissjóður.

Ég ætla ekki að hafa þessi orð öllu fleiri, en tel ástæðu til, þegar þetta mál er rætt, að vekja athygli á þessu. Það er ástæða til að gera upp á sem raunhæfastan hátt þá tekjuaukningu, sem ríkissjóður mun fá vegna aukinnar verðbólgu umfram það, sem áætlað er í fjárlögunum. Ef það verður reiknað nákvæmlega út, má vera, að hv. Alþ. verði sammála um, að það sé óþarft að leggja á viðbótarsöluskatt, þótt eitthvað verði gefið eftir af tekjuskatti, eins og um hefur verið talað. Mætti segja, ef hætt væri við að leggja söluskatt á, eins og talað hefur verið um, eftir að sú athugun hefur farið fram, sem ég nú minntist á, að þá mundi almenningur ekki tapa eins mikið og útlit er fyrir vegna verðbólgunnar, en ríkissjóður gæti eigi að síður haldið fullu jafnvægi.

Frsm. meiri hl. (Vilhjálmur Hjálmarsson): Herra forseti. Ég vil aðeins árétta það, sem kom fram frá minni hálfu, þegar þetta mál var síðast til umr. hér í hv. d., að ég er andvígur þeim brtt., sem liggja fyrir á þskj. 214 frá hv. þm. Bjarna Guðnasyni og á þskj. 325 frá hv. þm. Ólafi G. Einrassyni og Pétri Péturssyni.

Varðandi till. á þskj. 325 bendi ég aðeins á það, að hér er um stóran tekjustofn að ræða, og það er alveg fráleitt að fara með hann úr verðtolli yfir í þungatoll fyrirvaralaust og athugunarlitið. Slíkt kemur ekki til mála. Ég legg eindregið til, að sú till. verði felld.

Varðandi till. frá hv. þm. Bjarna Guðnasyni vil ég benda á það, að þetta mál þarf áreiðanlega dálitla skoðun, áður en slík breyting er gerð, t. d. í sambandi við sendiráðsstarfsmenn, og ég

hlýt því einnig að leggja til alveg eindregið að sú till. verði felld hér við þessa umr.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Neðri deild, 68. fundur.

Þriðjudaginn 26. febr., að loknum 67. fundi.

Neyðarráðstafanir vegna jarðelda á Heimaey, frv. (þskj. 408). — 3. umr.

Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði samþ. með 32 shlj. atkv.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 34 shlj. atkv. og afgr. til Ed.

Tollskrá o. fl., frv. (þskj. 303, n. 316 og 317, 314, 325, 389, 421, 422). — Frh. 2. umr.

ATKVGR.

Afbrigði um brtt. 421 og 422, sem voru of seint fram komnar, samþ. með 33 shlj. atkv.

Brtt. 325 felld með 18:17 atkv.

Brtt. 389, liðurinn 84 10 01—09, tekin aftur.

— 389,1 samþ. með 32 shlj. atkv.

— 421 samþ. með 32 shlj. atkv.

— 422,1 samþ. með 33 shlj. atkv.

1. gr., svo breytt, samþ. með 32 shlj. atkv.

2. gr. samþ. með 33 shlj. atkv.

Brtt. 314 felld með 19:9 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: ÁS, PS, BGuðn, BP, JSÞ, GS, GuðlG, JSk, JónasÁ.

nei: MÁM, ÓE, ÓlJ, RH, StefG, SV, SvJ, VH, ÞÞ, ÁÞ, EBS, EystJ, GÞG, HES, IngJ, IG, HM, LJós, SM.

PJ, SvH, FÞ, HjH, JJ, LárJ, GunnG greiddu ekki atkv.

5 þm. (PP, BGr, GilsG, GTh, JóhH) fjarstaddir.

Brtt. 389,2 samþ. með 34 shlj. atkv.

3. gr., svo breytt, samþ. með 34 shlj. atkv.

4.—38. gr. samþ. með 33 shlj. atkv.

Brtt. 389 samþ. (ný 39. gr.) með 29 shlj. atkv.

Brtt. 422,2 (ákv. til brb. falli niður) samþ. með 33 shlj. atkv.

Fyrirsögn frv. og fyrirsagnir kafla þess samþ. án atkvgr.

Frv. vísað til 3. umr. með 34 shlj. atkv.

Neðri deild, 69. fundur.

Þriðjudaginn 26. febr., að loknum 68. fundi.

Tollskrá o. fl., frv. (þskj. 426). — 3. umr.

Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði samþ. með 30 shlj. atkv.

Ellert B. Schram: Herra forseti. Ég ætla að leyfa mér að leggja fram litla brtt. við þetta frv., — brtt., sem verður að vera skrifleg, og óska ég eftir, að forseti leiti samþykkis d. fyrir því, að hún sé tekin hér til umr., en það er brtt., sem er við lið 84 15 11 og felur í sér að lækka tolla á afgreiðsluborðum og sýningarskápum fyrir verslanir og varahluti í þá. Það hefur komið fram við athugun á þessu frv., að ýmis tæki og áhöld til notkunar í verslunum vegna sölu og vinnslu á framleiðslu matvæla njóta ekki sömu tollfríðinda og önnur framleiðslutæki, sem notuð eru í matvælaiðnaði. Það er mat kunnugra, að hér sé um nokkurt og óeðlilegt misræmi að ræða, þar sem verslanir séu síðasti liðurinn í framleiðslu matvæla, auk þess sem um verulega beina framleiðslu er að ræða á matvælum í mörgum verslunum. Þá er á það bent, að þær vörutegundir, sem sérstaklega er um að ræða, ýmsar kjöt- og fisktegundir, hafi mjög lága álagningu og krefjist mikillar fjárfestingar í áhöldum og tækjum. En þessi till. gengur út á að lækka tolla af þessum vörum úr 35% niður í 7%, og vænti ég þess, að hv. d. sýni þessu máli velvilja og taki undir það sjónarmið, sem að baki þessari till. býr, að verslunin þurfi að sitja við sama borð og aðrar atvinnugreinar.

ATKVGR.

Afbrigði um skrifl. brtt. (sjá þskj. 427) samþ. með 24 shlj. atkv.

Bjarni Guðnason: Herra forseti. Ég er nú ekki af baki dottinn, þó að till. mín hafi verið felld við 2. umr. Þessi 14. liður er tvíþættur. Annars vegar varðandi það, að ráðh. fái hálfgefins bíla, og þeir virðast hafa mikinn hug á því og hafa ekki manndóm til þess að rétta þetta við, og svo það, sem lýtur að sendiráðsmönnum. Mér hefur skilist það á ýmsum hér í d., að þeir hafi nokkra samúð eða skilning á kjörum eða þörfum sendiráðsmanna, og ég skal ekki deila um það. En ég hef, af því að liðurinn er tvíþættur, leyft mér að koma með svofellda brtt. við 14. liðinn:

„14. tölul. orðist svo: Að veita undanþágu frá greiðslu aðflutningsgjalda af bifreiðum sendiráðsmanna samkv. nánari reglum fjmrn.“

M. ö. o.: Þá verður haldið því, sem lýtur að sendiráðsmönnum, en eftirmönnum núv. ráðh. verður ekki leyft að skara eld að sinni köku, og ég vænti þess fastlega, að þm. skilji þessa hluti. Þetta er hreingerning og ekkert annað, og ef alþm. skilja ekki, hvað um er að ræða, hljóta að vakna upp ýmsar spurningar. Ég legg þessa brtt. fram og mælist til þess, að hæstv. forseti leiti afbrigða, þannig að hún megi fá formlega meðferð.

ATKVGR.

Afbrigði um skrifl. brtt. (sjá þskj. 428) samþ. með 23 shlj. atkv.

Frsm. meiri hl. (Vilhjálmur Hjálmarsson): Herra forseti. Það eru aðeins örfá orð. Ég vil

segja það út af till. hv. 9. landsk. þm., að þetta atriði, eins og raunar mörg fleiri, sem ekki eru tekin upp í till. fjh.- og viðskn., var rætt í n., en n. varð ekki ásátt um að taka upp brtt. um það. Þar sem mér virðist, að sú tollabreyting, sem till. hans fjallar um, rúmist ekki innan þess ramma, sem þetta frv. var upphaflega sniðið eftir og þær brtt. einnig, sem hér hafa verið samþ. inn í það, legg ég til, að till. verði felld.

ATKVGR.

Brtt. 427 felld með 17:12 atkv.

— 428 felld með 18:8 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: BGuðn, BP, EBS, GuðlG, JónasÁ, ÁS, PS, RH.

nei: SV, SvJ, VH, ÞÞ, ÁÞ, JSÞ, EystJ, GÞG, HES, IngJ, IG, JJ, HSM, LJós, SM, MÁM, ÓlJ, StefG.

SvH, FÞ, GS, HjH, LárJ, ÓE, GunnG greiddu ekki atkv.

7 þm. (BGr, GilsG, GTh, JóhH, JSk, PJ, PP) fjarstaddir.

Frv. samþ. með 28 shlj. atkv. og endursent Ed.

Efri deild, 62. fundur.

Þriðjudaginn 26. febr., kl. 3.36 síðdegis.

Neyðarráðstafanir vegna jarðelda á Heimaey, frv. (þskj. 408). — 1. umr.

Of skammt var liðið frá 3. umr. í Nd. — Afbrigði samþ. með 14 shlj. atkv.

Forsrh. (Ólafur Jóhannesson): Herra forseti. Það frv., sem hér liggur fyrir, er þmfrv., en samt sem áður þykir mér rétt að fylgja því úr hlaði með örfáum orðum.

Það er forsaga þessa máls, að það kom í ljós eftir áramótin, að Viðlagasjóð mundi skorta allverulegt fé til þess að standa við þær skuldbindingar, sem á honum hvíla lögum samkv. Þá sendi stjórn Viðlagasjóðs mér till. eða uppkast að frv. um tekjuöflun fyrir sjóðinn, sem var fólgin í því, að framlengt yrði viðlagagjaldið, 2%, til áramóta. Ég taldi eðlilegast í samræmi við þann hátt, sem á var hafður á þessu máli í fyrra, að þingflokkarnir fjölluðu um málið, og þess vegna ritaði ég þingflokkunum bréf, þar sem ég fór fram á, að þeir tilnefndu einn mann í n. til að fjalla um málið, kanna það og koma sér saman um flutning á frv. Það hefur síðan verið gert, og hefur náðst fullkomið samkomulag á milli þingflokkanna um það frv., sem hér liggur fyrir, en er að vísu ofurlítið í breyttri mynd frá því, sem stjórn Viðlagasjóðs lagði upphaflega til, þar sem hún gerði ráð fyrir óbreyttu viðlagagjaldinu til áramóta, en í frv. er gert ráð fyrir einu stigi til Viðlagasjóðs, sem gildi til 28. febr. 1975.

Þetta frv. hefur gengið í gegnum hv. Nd., og þar var mælst til þess, að sú n., sem þar fékk það til meðferðar, fjh.- og viðskn., hefði samband við fjh.- og viðskn. þessarar hv. d., að þær störfuðu saman að málinu, og hygg ég, að það hafi verið gert. Þess vegna held ég, að það sé ekki nauðsyn, að þetta frv. gangi hér til n., og ég vil mælast til þess, að það væri hægt að komast hjá því, vegna þess að það er nauðsyn á, að þetta frv. hljóti skjóta afgreiðslu, vegna þess að gildistími innheimtu gjaldsins fellur niður 28. febrúar. Þess vegna þarf frv. að afgreiðast nú og hljóta tilskilda staðfestingu og birtingu og er tíminn allnaumur.

Ég vildi aðeins segja þessi fáu orð hér og lýsa ánægju minni yfir því, að enn sem fyrr hefur orðið samkomulag á milli þingflokka og þm. um þetta frv. Það tel ég mikils virði. En ég sé ekki ástæðu til að fara út í efnisatriði frv. að öðru leyti né heldur að fara hér út í hugleiðingar um væntanlega afkomu Viðlagasjóðs, hvorki greiðslugetu hans á þessu ári né heldur endanlega afkomu, þegar allt verður upp gert. En í því dæmi eru auðvitað enn þá margir óvissir þættir. Ég legg til, að frv. megi nú ganga til 2. umr.

Geir Hallgrímsson: Herra forseti. Ég kveð mér hljóðs til þess að lýsa yfir stuðningi okkar sjálfstæðismanna við þetta frv. Við munum greiða fyrir því, að það fái afgreiðslu. Ég tel ekki óeðlilegt, eins og hæstv. forsrh. lagði til, að frv. þessu verði vísað til 2. umr., án þess að það fari til n., þar sem um frv. var fjallað á sameiginlegum fundi fjh.- og viðskn. Ed. og Nd., eins og hann raunar gat um.

Ég vil þó taka fram í tengslum við þetta frv., að ástæða er til að leggja áherslu á, að tekjuöflun Viðlagasjóðs og ráðstafanir á fé úr Viðlagasjóði hljóta að vera í samræmi við lagasetningu Alþingis þar um. Verði fjármagn eftir í Viðlagasjóði, þegar hann hefur gegnt hlutverki sínu samkv. l. þeim, er Alþ. setti um hann á s. l. ári, er það skilningur okkar, að Alþ. kveði á um, hvernig því fjármagni skuli ráðstafað. Það liggur ekki ljóst fyrir, hvort fjáröflun Viðlagasjóðs, eins og lög gera nú ráð fyrir og þetta frv. þ. á m., nægi til þess að standa undir skuldbindingum, sem sjóðurinn hefur tekist á hendur lögum samkv., en verði þarna um fjármagn að ræða, sem eftir yrði í Viðlagasjóði, þá sýnist sjálfsagt, að Alþ. fjalli um ráðstöfun þess.

Ég hlýt enn fremur að vekja athygli á því, að í Nd. hefur verið flutt sérstakt frv. til l. af þeim hv. þm. Guðlaugi Gíslasyni, Gylfa Þ. Gíslasyni, Bjarna Guðnasyni og Ingólfi Jónssyni um það, að tekjur af tolli og söluskatti af þeim húsum, sem flutt hafa verið inn á vegum Viðlagasjóðs, renni til Viðlagasjóðs sjálfs. Við teljum það eðlilegt og raunar annað ósæmilegt en að þessar tekjur renni í Viðlagasjóð. Ef svo yrði, hygg ég, að vonir standi fyllilega til, að Viðlagasjóður geri jafnvel meira en að standa undir sínum skuldbindingum og þar með sé honum gert kleift að inna hlutverk sitt af höndum lögum samkv.

Ég vildi láta þetta koma fram við þessa umr.

um frv., en ítreka stuðning okkar sjálfstæðismanna við frv., eins og það liggur fyrir.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 15 shlj. atkv.

Efri deild, 63. fundur.

Þriðjudaginn 26. febr., að loknum 62. fundi.

Neyðarráðstafanir vegna jarðelda á Heimaey, frv. (þskj. 408). — 2. umr.

Of skammt var liðið frá 1. umr. — Afbrigði samþ. með 14 shlj. atkv.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

1. gr. samþ. með 16 shlj. atkv.
2.—4. gr. samþ. með 16 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 16 shlj. atkv.

Efri deild, 64. fundur.

Þriðjudaginn 26. febr., að loknum 63. fundi.

Neyðarráðstafanir vegna jarðelda á Heimaey, frv. (þskj. 408). — 3. umr.

Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði samþ. með 16 shlj. atkv.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 16 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 429).

Sameinað þing, 60. fundur.

Þriðjudaginn 26. febr., að loknum deildafundum.

Umræður utan dagskrár.

Forseti (Eysteinn Jónsson): Vegna þess, hve aðþrengt er, vil ég mjög eindregið biðja um samvinnu hv. þm. enn einu sinni um það, að hafa þessar umr. mjög í þeim stíl, sem fyrirspurnaumr. eru. Veit ég, að menn sjá í hvert óefni er að stefna með umr. utan dagskrár, og vona ég, að hv. þm. séu samvinnufúsir um þessi efni.

Ragnar Arnalds: Herra forseti. Eins og þingheimi er kunnugt, hefur að undanförnu farið fram söfnun undirskrifta með talsverðu brauki og bramli undir þá kröfu, að Ísland verði varanlega hersetið land. Söfnun þessi, sem nú er að ljúka, er vissulega heldur ömurlegt fyrirbrigði, en verður ekki gerð hér frekar að umtalsefni. Hins vegar er nú komin á daginn önnur hlið á þessari söfnun, eftirleikur, sem engan óraði fyrir.

Í Morgunblaðinu s.l. sunnudag upplýsir einn af forustumönnum þessarar söfnunar, að undirskriftaskjölin hafi verið unnin á tölvuforrit og gerð gataspjaldskrá yfir alla þátttakendur í söfnuninni. Og í hvaða tilgangi er þetta gert? Talsmaður samtakanna segir í Morgunblaðinu, að þetta hafi verið unnið til að koma í veg fyrir, að nafn sama mannsins gæti komið fyrir tvisvar. Þetta er vægast sagt einkennileg skýring, en ekkert skal ég segja um, hvort hún er rétt eða ekki. Hitt er ljóst, að tvíritanir hefði auðveldlega mátt fyrirbyggja með því t.d. að merkja við sérhvern undirskrifenda í eitt afrit af íbúaskrá og sjá svo til, hvort fram kæmu tvær undirskriftir með sama nafni og sama heimilisfangi. Þetta er einmitt það, sem gert er í venjulegum kosningum og látið duga, og að sjálfsögðu hefði þetta einnig verið einfaldasta og ódýrasta aðferðin í þessu tilviki. Samtökin Varið land láta sér hins vegar ekki nægja minna en nákvæma tölvuspjaldskrá yfir alla undirskrifendur. Kunnugir hafa sagt mér, að tölvuvinnslan og allt, sem henni fylgir, muni hafa kostað milli 350 og 400 þús. Mér er einnig tjáð af þeim, sem séð hafa lista úr þessum tölvuskrám, að sérstakt auðkennisnúmer sé við hvert nafn á gataspjöldunum. Mér er að vísu ekki kunnugt um, hvort hér er um að ræða nafnnúmer eða eitthvað annað númer, en allir, sem þekkja nokkuð til tölvutækni, munu vita, að einmitt við auðkennisnúmer gerbreytir þess háttar skrá um eðli og getur þá gegnt miklu víðtækara hlutverki en áður.

Hér er sem segt um að ræða fyrstu pólitísku tölvuskrána á Íslandi, skrá, sem skiptir þjóðinni í tvennt eftir afstöðu fólks til bandarísku herliðsins. Þessa skrá má nota með ýmsum ólíkum hætti. Það má vissulega nota hana til að finna tvíritanir sömu nafna, en hún er gagnleg til fleiri nota. Á aðeins 5 mínútum er unnt að búa til afrit af sjálfri segulspólunni, sem geymir upplýsingar um alla undirskrifendur. Mjög auðvelt er að gera afrit af spjaldskránni, hvort heldur miðað er við nafn, heimilisfang, aldursflokk eða aðrar forsendur, á tiltölulega mjög skömmum tíma. Síðar meir má svo að sjálfsögðu bæta við skrána nýjum upplýsingum, halda henni við og leiðrétta hana, og notendur skrárinnar geta orðið margir. Slík skrá er að sjálfsögðu einkar hagkvæm fyrir þá, sem vilja vita um pólitíska afstöðu manna, áður en þeir ráða þá í vinnu, og þetta er satt að segja mjög gagnleg skrá fyrir ákveðið sendiráð hér í borg, svo að annað dæmi sé nefnt. Að sjálfsögðu þarf ekki að taka það fram, að þessi skrá er ómissandi hjálpartæki fyrir Sjálfstfl. í næstu kosningum, ef flokkurinn á þess kost að verða sér úti um eintak.

Í sambandi við gerð þessarar pólitísku tölvu-

skrár vekur hið leynilega ráðabrugg alveg sérstaka athygli og þá ekki síður óheilindin, sem vinnubrögðin sýna. Vinnan við tölvuspjaldskrána hófst fyrir mörgum vikum, en var haldið stranglega leyndri, þar til undirskriftasöfnuninni var lokið. Fólkið hefur verið látið lána nöfnin sín í algeru grandaleysi, án þess að það hefði hugmynd um, að það væri með þessu að láta skrá skoðanir sínar á umdeildu, stórpólitísku máli inn á gataspjöld og segulspólur til hugsanlegrar notkunar fyrir óhlutvanda menn síðar meir, jafnvel um langa framtíð. Því miður eru engin lög á Íslandi, sem banna athæfi af þessu tagi berum orðum. Stjórnarskráin verndar friðhelgi heimilisins, og samkv. hegningarlögum telst það refsivert að hnýsast um einkahagi manna, en ótvírætt bann við skipulögðum persónunjósnum með vélrænum aðferðum nýjustu tölvutækni er því miður hvergi að finna. Í ýmsum nálægum löndum er hins vegar ýmist verið að setja lög eða búið að festa ákvæði í lög, sem banna, að gerðar séu persónuskrár með tölvutækni í pólitískum tilgangi. Í Sviþjóð mundi tölvuskráning pólitískra skoðana af því tagi, sem samtökin Varið land hafa staðið fyrir undanfarnar vikur, varða fangelsi allt að tveimur árum samkv. nýlega settum lögum.

Eins og eðlilegt er, höfum við hér á Íslandi verið algerlega andvaralausir gagnvart þessari nýju og stórvirku tölvutækni, sem breytir venjulegri gamaldags undirskriftasöfnun í tröllvaxnar persónunjósnir af versta tagi. En hér verður greinilega að stinga við fótum. Vinnubrögð af þessu tagi verður að banna að íslenskum lögum, og fyrrnefnd tölvugögn verður tvímælalaust að eyðileggja. Við skulum trúa því, að þessi mikla tölvuskráning hafi verið gerð til að leiðrétta villur á undirskriftalistunum. Ef tilgangurinn var enginn annar en þessi, ættu forsvarsmenn söfnunarinnar ekki að hafa neitt við það að athuga, að tölvugögnin verði aldrei notuð í öðrum og verri tilgangi, heldur afhent að notkun lokinni, um leið og sjálfir undirskriftalistarnir. Ég vil því ljúka máli mínu með því að spyrja hæstv. forsrh., hvort hann telji ekki eðlilegt og hvort hann vilji stuðla að því, að um leið og margnefndir undirskriftalistar verða afhentir, verði samtímis afhent þau tölvugögn, svo sem gataspjaldskrá, segulspólur, tölvuforrit, vélunnir listar og önnur skýrsluvélagögn, sem gerð hafa verið á grundvelli þessarar undirskriftasöfnunar.

Forsrh. (Ólafur Jóhannesson): Herra forseti. Eins og hv. fyrirspyrjandi tók fram, eru ekki í íslenskum lögum nein almenn ákvæði um það efni, sem hann fjallaði um. Þess vegna er það að sjálfsögðu svo, að þó að ég færi fram á það, ef þessi gögn verða mér einhvern tíma afhent eða listar, að fá tölvugögnin afhent, þá hef ég ekkert vald til þess. Það er á valdi þessara aðila, sem hafa þessi gögn í hendi sér nú, hvort þeir afhenda þau eða ekki.

En ég vil segja það, að þetta efni, sem hv. fyrirspyrjandi vakti athygli á, er almennt séð og án tillits til þess tilefnis, sem hann byggði fsp. sína á, athyglisvert, og það er málefni, sem hann vék líka að, sem menn eru að athuga, t. d. á Norðurlöndunum. Þar hygg ég, að sé verið að athuga að setja löggjöf um þessi atriði, og ég tel sjálfsagt fyrir okkur að fylgjast með því, sem gerist þar, og athuga, hvort ekki er þörf á því að setja löggjöf um þetta efni, því að það er auðvitað svo, að menn eiga rétt á því, að vissum upplýsingum um einkahagi þeirra sé haldið leyndum og þær séu ekki bornar á torg og menn eigi almennt ekki aðgang að þeim.

Þessi nýja tækni, sem er komin til sögunnar í sambandi við ýmsa skrifstofuvinnu, véltæk gataspjöld, vélframleiddar skrár og skýrslur af ýmsu tagi og segulbönd, gerir það að verkum, að möguleiki er á því að setja ýmiss konar upplýsingar inn í slíkar skrár og geyma þær. Slíkar skrár eru náttúrlega nú þegar fyrir hendi í ýmsum opinberum stofnunum. Þess vegna er að mínum dómi tímabært að athuga um þessi málefni, hvort það er ekki rétt að fara að huga að því að setja löggjöf um þessi efni.

Í því tilfelli, sem þarna er um að tefla, eru það að vísu einkaaðilar, sem hafa þetta í hendi sér. En ég hygg, að athygli manna, t. d. á Norðurlöndum, og undirbúningur löggjafar þar hafi líka beinst að því og það sé gert ráð fyrir því, að það þurfi jafnvel opinbert leyfi til að færa eða halda eða geyma slíkar persónuskrár. Ég minni á það í þessu sambandi, þó að það sé aðeins óbeint, að í frv. um upplýsingaskyldu er einmitt í 2. gr. tekið fram: „Skjöl, sem snerta hvers konar persónuleg eða fjárhagsleg málefni einstaklinga, nema sá, sem í hlut á, fallist á, að menn kynni sér skjalið.“ Þetta er undantekning frá upplýsingaskyldunni. En þetta ákvæði, þótt að lögum yrði, tekur í sjálfu sér ekki beint til þessa atriðis, sem hv. fyrirspyrjandi talaði um.

Það er alveg rétt, að það er enginn kominn til með að segja það, að þeir, sem hafa skrifað undir þessi skjöl í dag, óski eftir því eftir 10 ár, að það liggi einhvers staðar fyrir, að þeir hafi skráð nafn sitt þarna. Og það er engin ástæða til þess að vera að geyma slíkt. Menn eiga í sjálfu sér að vera verndaðir gegn því, að það sé hægt að hnýsast í þeirra einkahagi.

Herra forseti. Ég get því miður ekki veitt neitt skýrara svar við þessum spurningum, og hv. fyrirspyrjandi svaraði í raun og veru spurningum sínum að nokkru leyti sjálfur, þar sem hann vissi það og veit það eins vel og ég, að það eru ekki til nein bein lagaákvæði um þetta. Þessar skrár hafa ekki enn verið afhentar mér, og ég veit ekki með hvaða hætti það verður gert.

Jónas Árnason: Herra forseti. Ég vil nota þetta tækifæri til þess að vekja athygli á öðru máli, sem er náskylt því máli, sem hér er til umr.

Það liggja fyrir upplýsingar um það, að í svonefndum Öryggis- og rannsóknarskóla norska hersins eru m. a. kennd þau fræði, að samtök ungra Íslendinga úti í Noregi, námsmanna þeirra, sem ötullega hafa unnið að því að kynna landhelgisbaráttu okkar Íslendinga og afla henni fylgis þar í landi, séu hættuleg öryggi Noregs. Frá þessu var m. a. skýrt í fréttaauka frá Noregi, sem fluttur var í hádegisfréttatíma íslenska útvarpsins s. l. sunnudag. Fréttaauki þessi fjallaði um ýmsar upplýsingar, sem fram hafa komið vegna réttarhalda yfir ungum norskum hermanni,

sem ljóstraði því upp, að heræfingar, sem Atlantshafsbandalagið hélt í Norður-Noregi á s. l. vori, stefndu ekki að því að efla viðbúnað gegn hugsanlegri utanaðkomandi árás, efling svonefnds „innra öryggis“ var meginmarkmiðið, og þessum heræfingum var stefnt gegn ýmsum vinstri sinnuðum samtökum í Noregi, sem hernaðaryfirvöld norsk nefna einu nafni „5. herdeild“.

Það er út af fyrir sig ærið umhugsunarefni fyrir okkur Íslendinga, hvaða lærdóm við, þessi NATO-þjóð með NATO-her í landi okkar, getum dregið af þessum NATO-boðskap, hvaða nöfn íslensk á samtökum og einstaklingum séu líklegust til að fyrirfinnast í sams konar NATO-skýrslum, sem án efa hafa verið gerðar, ég fullyrði það, varðandi „5. herdeildina“ hér á Íslandi. En látum þetta liggja milli hluta að sinni.

Það, sem ég vildi fyrst og fremst leggja áherslu á hér og nú, er þetta: Í skóla norska hersins er mönnum kennt það, að innan „5. herdeildarinnar“ séu samtök, sem norsk hernaðaryfirvöld nefna „Islandsfronten“. Utanrrn. okkar hlýtur að sjálfsögðu að krefjast skýringar á þessu. Samkv. þessum fréttaauka s. l. sunnudag er varla nokkur vafi á því, að með „Islandsfronten“ er átt við fyrrnefnd samtök íslenskra stúdenta. Virðist því líka fullkomin ástæða til þess, að utanrrh. okkar mótmæli og mótmæli harðlega. Utanrrn. getur ekki látið það afskiptalaust, að ungir Íslendingar séu skráðir á svartan lista hjá hernaðaryfirvöldum Noregs, séu taldir vargar í véum hjá þessari frændþjóð okkar fyrir það eitt, að því er virðist, að þeir hafa af einurð og dugnaði barist fyrir sjálfsögðum rétti eigin þjóðar.

Geir Hallgrímsson: Herra forseti. Það er bersýnilegt, að formaður Alþb. er algerlega farinn á taugum, og þeir hv. þm., sem hér hafa talað, bera þess augljósan vott. Það er hinn glæsilegi árangur undirskriftasöfnunarinnar Varið land, sem hefur leitt til þessa. Ég vona, að þeir öðlist ró sína og andlegt jafnvægi að nýju.

En þessi undirskriftasöfnun hefur haft þann glæsilega árangur í för með sér, að nærfellt helmingur kjósenda hefur tjáð vilja sinn um það, að Ísland skuli vera varið land og ekki skuli vera haldið áfram ótímabærum ráðagerðum um það að krefjast uppsagnar varnarsamningsins við Bandaríkin. Það er allsendis ósatt, að í þessum undirskriftum felist áskorun um, að hér á landi verði ævarandi erlendur her.

Það minnir á, að í sjónvarpsþætti um daginn gat formaður Alþb. þess, að fyrir nokkrum árum hefði farið fram undirskriftasöfnun á vegum samtaka, sem honum eru að skapi, og hann gerði þá að umtalsefni, að þar hefðu safnast um 20 þús. undirskriftir. Ég hef fyrir satt samkv. áreiðanlegum heimildum, að ekki hafi þá safnast meira en 2—3 þús. undirskriftir í þeim tilgangi að opna landið og gera það varnarlaust. Ég trúi vel þeim upplýsingum og betur en þeim upplýsingum formanns Alþb., að undirskriftirnar hafi verið 20 þús., vegna þess að sannleikurinn var sá, eins og staðreyndir bera vitni um, að þessum undirskriftaskjölum var aldrei skilað til réttra aðila. Forgöngumenn þessarar undirskriftasöfnunar létu undir höfuð leggjast að fara að vilja þeirra, sem skrifuðu undir og óskuðu eftir því við íslensk stjórnvöld að opna landið og gera það varnarlaust. Hver var ástæðan? Skyldi hún ekki hafa verið sú, að árangur þeirrar undirskriftasöfnunar var svo lélegur, að forgöngumennirnir fyrirvörðu sig fyrir.

Ég vil benda á, að undirskriftasöfnun Varins lands er nú talin gagnrýnisverð, en undirskriftasöfnun fyrir nokkrum árum til þess gerð að opna landið og gera það varnarlaust, stofna öryggi þess í hættu, var hins vegar talin af hinu góða, það var allt í góðu lagi með þá undirskriftasöfnun. En það er lærdómsríkt fyrir alþm. að bera saman árangur af hinni fyrri undirskriftasöfnun og þeirri, sem nú hefur átt sér stað með þeim glæsilega árangri, sem raun ber vitni um.

Hv. þm., formaður Alþb., talaði um, að það væru auðkennisnúmer, er gætu verið nafnnúmer, sett á þessar undirskriftir. Ég man ekki betur en Þjóðviljinn, blað þessa hv. þm., hafi fundið sérstaklega að þessari undirskriftasöfnun vegna þess að undirskrifendum hafi ekki verið gert að skyldu að geta um nafnnúmer sitt. Tölvuútskriftin er aðeins gerð í þeim tilgangi að sjá svo um, að það séu aðeins menn, sem hafa kosningarrétt, sem skrifa undir, og enginn skrifi undir oftar en einu sinni.

Ég vil gera það að lokum að umtalsefni, herra forseti, að þeir hv. þm., sem hér töluðu af hálfu Alþb., eru með þessum ræðuhöldum að reyna að ógna Íslendingum frá því að láta í ljós skoðanir sínar og hafa áhrif á framgang mála. Þeir, sem skrifuðu undir áskorunina um varið land, hafa tjáð skoðun sína opið og hreinskilið, og til þeirra skoðana ber Alþ. að taka tillit.

Forseti (Eysteinn Jónsson): Það er mjög þreytandi að standa í þessu þrasi við hv. þm. út af þessum umr. utan dagskrár, og ég vil biðja þá að hafa betri samvinnu um það að hafa aths. stuttar og fylgja nokkurn veginn fyrirspurnareglum. Það er ákaflega óviðkunnanlegt, að hér er dag eftir dag haldið uppi umr. utan dagskrár, og eins og ég segi, mjög þreytandi að standa sífellt í því að brýna fyrir þm. að hafa þær í hófi, hafa þær stuttar, en á sama tíma verða forsetar þráfaldlega fyrir ámæli út af því, að málin komast ekki áfram á dagskránum. Ég mun halda mig fast við það að reyna að halda þessum umr. innan hæfilegra marka og bið hv. þm. að taka þátt í því.

Guðlaugur Gíslason: Herra forseti. Ég held, að það sé full ástæða fyrir þm. að fá úrskurð um það vald, sem forseti og forsetar hér á Alþ. eru að taka sér í sambandi við umr. manna hér. Ég skal viðurkenna, að ég hef ekki lesið þingsköpin það nákvæmlega, að ég geti bent á þá gr., sem þeir vitna til. En ég held, að það verði að fara að ganga úr skugga um, hvort er verið að beita þm. réttum þingsköpum eða ekki. Ég skal láta þetta nægja um þetta atriði í bili.

Það þarf lítið um að fjölyrða, að ástæðan fyrir því, að þetta mál var dregið hingað inn í þingsalina af formanni Alþb., er sú, sem hv. 2. þm.

Reykv. benti hér á. Það er gripin um sig almenn hræðsla hjá þessum pólitíska flokki við þá undirskriftasöfnun, sem átt hefur sér stað. Og það, sem nú fer mest í taugarnar á honum, er, að það er verið að tryggja það, að skrárnar verði örugglega réttar. Það er alveg vitað, að þeir hafa ætlað sér að geta gagnrýnt það og kannske getað fundið einhvern þar, sem ekki væri með kosningarrétt, eða einhvern, sem væri tvískráður. En það er búið að tryggja það, að þetta verður ekki, með spjaldskránni, þess vegna verður hræðslan og vonskan út í þetta nú.

Ég skal aðeins skjóta því til gamans að hv. 5. þm. Vesturl., fyrst hann var að tala hér um 5. herdeildarmennina á Íslandi, að það situr kannske frekar á öðrum en honum að tala um þá. Hann stóð hér upp fyrir ekki mörgum árum, 3—4 árum, og benti á þá hættu, sem íslensku þjóðinni stafaði af því, að Íslendingur, sem væri búsettur í Bandaríkjunum, væri að ferðast um hans kjördæmi, Snæfellsnes, með alls konar njósnir í sambandi við skólamál og mál unglinga. Honum fylgdi jafnvel ameríkur prófessor. — Þessi ágæti maður er nú fyrir tilstilli m. a. þessa hv. þm. orðinn fræðslumálastjóri landsins, getur vel verið, að prófessorinn fylgi honum enn þá. Þetta var Bragi Straumfjörð. Ég minnist þess, að þm. stóð hér upp utan dagskrár og benti þingheimi á þá hættu, sem af þessu kynni að stafa. (**JónasÁ**: Hann hét Bragi Jósefsson en ekki Bragi Straumfjörð.) Hann hét Bragi Straumfjörð þá og heitir víst enn þá, en skrifar sig nú Jósefsson. Þetta sýnir aðeins, hvernig menn geta farið kringum sjálfa sig og gegnum sjálfa sig, þegar þeir eru að fikta við það að brigsla öðrum mönnum um landráð og annað slíkt, og ég held, að þeir ættu þá að skoða í eigin barm frekar en að brigsla öðrum um það.

Svava Jakobsdóttir: Herra forseti. Það er athyglisvert, að þeim hv. þm. Sjálfstfl., sem hér hafa talað, hefur orðið tíðræddara um hinn glæsilega árangur undirskriftasöfnunarinnar, eins og þeir orða það, en meðferð undirskriftanna, sem er það atriði, sem hér er raunverulega til umr.

Það er rétt, sem kom fram í ræðum hv. þm., Ragnars Arnalds, og hæstv. forsrh., að við eigum ekki lög til þess að vernda einstaklinga gegn slíku. En því verður ekki með nokkrum rétti haldið fram, að hér hafi verið skákað í því skjólinu, að mönnum hafi verið ókunnugt um afleiðingar slíkrar meðferðar sem þessarar. Forsvarsmenn þessara undirskrifta skipa margir hverjir æðstu embætti við Háskóla Íslands. Eigum við að ætla þeim, að þeim sé algerlega ókunnugt um, hvernig megi nota upplýsingar, sem koma út úr tölvu og unnar eru eins og hér hefur verið gert? Leyndin, sem hvílt hefur yfir þessari tölvunotkun allt fram til hins síðasta, bendir til hins gagnstæða. Hún bendir eindregið til þess, að þessum mönnum hafi sjálfum verið ljóst, að þeir voru að fremja ámælisverðan verknað.

Ég vil í þessu sambandi vekja athygli hv. þm. á því, að þessir menn eiga greiðari aðgang að tölvu háskólans en flestir aðrir. Og mér þykir því rétt að spyrja að því í þessum umr. og vænti þess, að talsmenn þessara samtaka, sem hér eru inni, upplýsi hvaða tölva hefur verið notuð, hvort tölva háskólans hafi verið notuð, og sé svo, væri fróðlegt að vita, hvort það sé að vilja og skapi háskólayfirvalda, að tölva háskólans sé notuð í því skyni að búa til pólitíska skrá yfir íbúa landsins.

Í öðru lagi væri fróðlegt að vita, hvaðan greiðsla hefði komið og hvað hún hefði verið mikil. Það kom fram hér áðan, að kostnaður við tölvuvinnslu muni ekki vera minni en 400 þús., og þegar þetta bætist ofan á allan annan kostnað við þessa undirskriftasöfnun, skrifstofuhald á fleiri en einum stað á landinu með húsaleigukostnaði, símakostnaði að ótöldum sjónvarpsauglýsingum, þá gefur auga leið, að þessi upphæð er miklu hærri en sú, sem komið hefur fram í blöðum. Mig minnir, að hafi verið nefndar 200 þús. kr., sem hafi safnast í frjálsum samskotum.

Ragnar Arnalds: Herra forseti. Mér þykir harla athyglisvert, að hv. þm., formaður Sjálfstfl., Geir Hallgrímsson, skyldi ekki á þeim tveim mínútum, sem hann talaði hér, eyða einu einasta orði að efni þess máls, sem hér er verið að ræða um. Hér er verið að ræða um það, að verið er að breyta almennri undirskriftasöfnun í allt annað en það, sem fólk hélt, að þarna væri um að ræða, og þar af leiðir, að það er bara að snúa sig út úr málinu að fara að tala um undirskriftasafnanir almennt fyrr og nú.

Ég vil þakka hæstv. forsrh. fyrir svör hans, sem ég taldi eðlileg, eins og á stendur, enda lofaði hann að íhuga tilmæli mín nánar. Ég lagði á það áherslu hér, að sett yrðu lög, sem banna, að nútímalegri tölvutækni sé beitt til þess að koma upp pólitískri spjaldskrá. Það er að sjálfsögðu framtíðarverkefni, spursmál, sem Alþ. verður að taka til athugunar. Það, sem nú er um að ræða aftur á móti og er í raun og veru kannske bara dagaspursmál, er, að stemma á að ósi. Ef tilgangurinn með því að gera þessa tölvuspjaldskrá er enginn annar en sá, sem hann er sagður vera, og t. d. sá, sem hv. 3. þm. Sunnl. nefndi hér áðan, þ. e. a. s. sá að kanna listana nánar, þá trúi ég ekki að óreyndu, að aðstandendur undirskriftasöfnunarinnar fáist ekki til þess að afhenda þessi tölvugögn, sem ella geta orðið grundvöllur persónunjósna í stærri stíl en áður hefur þekkst hér á landi. Mér sýnist því eðlilegast að fara fram á það við forsrh., að hann beini þeim kurteislegu tilmælum til aðstandenda undirskriftasöfnunarinnar, að um leið og þeir afhenda listana, þá afhendi þeir öll gögn, sem gerð hafa verið, því að þá hlýtur að hafa verið búið að nota þau. Ég trúi því ekki að óreyndu, að allir hv. þm. geti ekki verið sammála mér um réttmæti þessara tilmæla.

Ragnhildur Helgadóttir: Herra forseti. Hér gerist það, að tveir hv. þm. stíga í ræðustól og bera borgara utan þingsins mjög alvarlegum sökum. Hv. 2. þm. Reykv. tekur hér til máls og er að svara þeirri ræðu, þegar hjalla og fundarhamar hæstv. forseta dynur án afláts, án þess

að hv. 2. þm. Reykv. fái fullkomið tækifæri til þess að gera aths. við það athæfi, sem hér er haft í frammi. Ég verð að segja, að ég tel það höfuðnauðsyn, að hæstv. forseti beiti valdi sínu á þann veg, að það sé ekki liðið í sölum Alþingis, að menn séu bornir jafnalvarlegum sökum og hv. þm. hafa hér gert, án þess að við það séu gerðar aths. af hálfu annarra þm.

Vegna þess að það hefur komið fram í blöðum, að gerð hefur verið skrá í sambandi við margnefnda undirskriftasöfnun Varins lands, bregðast hv. þm. Alþb. ókvæða við af ótta við, að þessi skrá verði afhent einhverjum í annarlegum tilgangi. Hv. þm. Ragnar Arnalds tekur jafnvel fram, að eithvert ákveðið sendiráð geti haft gagn af slíkri skrá. Ég er ekki alveg viss um, hvaða sendiráð hv. þm. á við eða hvort um væri að ræða yfir höfuð, að sendiráð fremur en einhver annar gæti haft gagn af slíkri skrá, ef um nokkurt gagn væri þar þá að ræða.

Hv. þm. bendir á, að það sé sjálfsagt að eyðileggja öll gögn, eins og þessa skrá, sem umrædd er. Síðar í ræðu sinni nefnir hann, að sjálfsagt sé að krefjast þess, að skráin verði afhent. Af hverju? Er ekki hið fyrra fullt eins eðlilegt? Til hvers ætlar hv. þm. að nota þessa skrá? Af hverju vill hann fá hana afhenta? (Gripið fram í.) Hv. þm. óskaði eftir því, að þannig yrði með skrána farið. En sannleikurinn er sá, að það liggur í augum uppi, að þessir fáu menn, sem að undirskriftasöfnuninni standa, hafa ekki mannafla til þess að handvinna slíkt verkefni eins og það að kanna, hvort allar undirskriftir séu réttar. Þess vegna er gripið til notkunar tölvunnar í hagræðingarskyni. Þetta virðist liggja alveg í augum uppi.

Ef hv. þm. er rórra við að vita það, tel ég mér heimilt að segja, að þær skrár, sem til eru í sambandi við þessa undirskriftasöfnun, verða ekki afhentar til notkunar í neinu pólitísku skyni. Þær eru aðeins gerðar til þess að kanna, hvort um samviskusamlega unnið verk er að ræða, hvort um er að ræða það, að aðrir kunni að hafa tekið þátt í undirskriftasöfnuninni heldur en heimilt er eftir þeim reglum, sem upphaflega voru settar í sambandi við aldursmark, og einnig, að þar komi ekki oftar fyrir en einu sinni sama nafnið. Tilgangurinn er m. ö. o. sá að viðhafa þarna samviskusamleg vinnubrögð. Og í tilefni af því, að menn vilja hafa það satt og rétt, sem þarna er skrifað, og vinna það samviskusamlega, þegar almenningur í landinu er spurður ráða, eru viðbrögð hv. alþm. úr röðum Alþb. þau, að mönnum, sem að því standa að spyrja almenning í landinu álits, er borið það á brýn að ætla að nota þessar undirrskriftir e. t. v. í þeim tilgangi að svíkja það fólk, sem ritað hefur undir þá viljayfirlýsingu, sem þar er um að ræða.

Halldór Blöndal: Herra forseti. Ég vona, að það verði ekki talið óeðlilegt, þótt það sé aðeins gert að umtalsefni hér, að sérlegur sendisveinn eins ráðh., hv. 5. þm. Vesturl., heldur því hér fram, að það sé kennt í norskum skólum, að Íslendingar í Noregi séu hættulegir öryggi þess lands. Þetta var það, sem hv. þm. segir. Ég verð að beina þeirri fsp. til hæstv. forsrh., hvort honum hafi borist nokkrar upplýsingar eða kvartanir um það þar frá eða hvort þetta hafi verið rætt frekar.

Hvernig skyldi annars standa á þessari skyndilegu rógsherferð þm. Alþb. á hendur Noregi? Nú er allt sett í gang til þess að reyna að sverta Noreg í augum Íslendinga. Fyrst er það hæstv. iðnrh., svo kemur hæstv. sjútvrh., og þá stendur ekki á þriðja sveininum, — Gísli, Eiríkur og Helgi, þeir eru ævinlega þrír. Það er hálfundarleg starfsemi, sem þessir hv. þm. hafa hér í frammi, og afskaplega ógeðfelld íslensku þjóðinni, því að það vita allir menn, að það hefur engin þjóð staðið eins á bak við Íslendinga og einmitt Norðmenn. Og ég efast um, að það sé hægt að benda á eina einustu þjóð, sem lítur frekar á okkur sem sína jafningja heldur en Norðmenn. Það eru því algerlega óhæfilegar dylgjur, sem þessi hv. þm. fer með, og algerlega í ætt við — ég veit ekki hvað ég á að kalla það — steinbarn, sem hann gengur með í maganum.

Út af því, sem hv. 4. þm. Norðurl. v. sagði, — hv. 5. þm. Vesturl. hefur barið í borðið, — þá vil ég spyrja þessa þm., úr því að þeir hafa svona miklar áhyggjur af þessari undirskriftasöfnun nú, sem verður áreiðanlega skilað: Hvar eru allar undirskriftasafnanirnar frá „Gegn her í landi"? Hvað var gert við þær? Af hverju eru þeir svona hræddir um, að þetta verði misnotað? Af hverju er ekki gerð grein fyrir því hér? Af hverju er verið að tala um það, um leið og talað er um þessar undirrskriftasafnanir, að aðrar undirskriftasafnanir skipti ekki máli? — Þær voru ekki afhentar þeim, sem lofað var að afhenda þær, þegar gengið var með þær milli fólks. Það væri rétt að fá það upplýst.

Ég vil svo almennt talað lýsa yfir undrun minni yfir því, að formanni Framkvæmdastofnunar ríkisins skuli koma það á óvart, þótt menn grípi til nýmóðins aðferða við að skrá fólk. En þetta lýsir kannske þeim litla árangri, sem hefur orðið af þeirri stofnun, að þeir eru allir í gamaldags, úreltum vinnubrögðum, enda hefur árangurinn enginn orðið, og er ein allsherjar upplausn í íslensku efnahagslífi.

Sjútvrh. (Lúðvík Jósepsson): Herra forseti. Hv. síðasti ræðumaður sagði, að ég hefði unnið að því að sverta Noreg. Mér er ekki kunnugt um, hvað hann hefur átt við með því, nema þetta slettist úr klaufunum hjá honum hér, en ég efast um, að hann hafi haft mikið á bak við sig, þegar hann sagði þetta. En sem sagt, þetta orðalag var notað af hv. þm. í sambandi við upplýsingar, sem komu fram um það og hafa birst í íslenska útvarpinu, að íslenskir námsmenn í Noregi hefðu verið til sérstakrar athugunar þar í landi í sambandi við NATO-heræfingar, sem nokkurs konar 5. herdeild þar í landi. Ef sagt er frá því hér á Alþ., að þessi frétt hafi komið í íslenska útvarpinu, þá heitir það á máli þessa hv. þm., að sá þm. sé að sverta Noreg. Ekki vantar nú rökhyggjuna þarna megin. En hitt er öllu nær að tala um, að það sé verið að sverta íslenska námsmenn, sem eru í Noregi, með því að beina slíku að þeim. En þeim þm. Sjálfstfl.,

sem hér tala nú, stendur sýnilega nær að verja allar aðgerðir NATO heldur en verja sína eigin landsmenn, eins og íslenska námsmenn í Noregi.

En það, sem hér hefur aðallega verið til umr., er, að hafður hefur verið á alveg sérstakur háttur í sambandi við ákveðnar undirskriftir, sem átt hafa sér stað hér í landi að undanförnu. Það vita allir, að undirskriftir hafa oft átt sér stað áður, það er ekkert nýtt, og út af fyrir sig gátu þessar undirskriftir, sem nú fóru fram, farið fram á svipaðan hátt og áður. En það, sem nú gerðist, er, að það var farið að vinna upp úr þessum undirskriftum með nokkuð sérstökum hætti, — á þann hátt, sem óumdeilanlega varðar við lög í öðrum löndum, — á þann hátt, að alveg augljóst er, að verið er að stefna að persónunjósnum. Það er verið að byggja upp ákveðið kerfi í sambandi við persónunjósnir. Þeir, sem reyna að réttlæta þessar aðgerðir, segja, að hér hafi aðeins verið unnið á samviskusamlegan hátt að því að kanna, að ekki væri um tví- eða margritun að ræða. Ef þetta er svona, að það er ekki meira á bak við, hvers vegna má þá ekki, þegar þessu verki er lokið, eyðileggja gögnin? Af hverju á þá að geyma allar spjaldskrárnar? Af hverju á þá að nota þær persónulegu upplýsingar, sem þarna eru fengnar? Hvað er það, sem gerir, að menn vilja halda í þær? Það er spurning, sem ekki hefur verið svarað hér enn þá. Og það þarf vitanlega að svara þessari spurningu, því að það er alvarlegt mál, þegar það gerist, að menn fara að byggja upp persónunjósnir af þessu tagi,, sem hér er unnið að.

Jónas Árnason: Herra forseti. Hv. þm. Ragnhildur Helgadóttir var hér áðan full vandlætingar yfir því, að menn væru að ráðast hér á fólk, sem væri statt utan þings, væri ekki statt hér í salnum. Þetta er sá sami þm., sem spratt hér upp utan dagskrár um daginn til þess að ráðast á Magnús Kjartansson ráðh., þegar hann var staddur úti í Svíþjóð, og reyndar byggði hún árás sína á ræðu, sem hún hafði mjög svo ófullkomnar upplýsingar um. Ég sé ekki ástæðu til þess fyrir þennan hv. þm. að býsnast yfir svona löguðu.

Hún spyr full sakleysis: Haldið þið virkilega, að það eigi að fara að nota þessar upplýsingar í pólitískum tilgangi, einhverjum miður þokkalegum tilgangi? Ég vil leyfa mér að koma hér með fullyrðingu: Ég er sannfærður um það, að Sjálfstfl. notar þessar upplýsingar í næstu kosningum. (Gripið fram í.) Ég er alveg sannfærður um það, og ég er hissa á því, að framsóknarmenn skuli ekki gera einhverja aths. við þetta.

Og svo komum við að þeim hausum, sem hæstv. sjútvrh. nefndi um daginn tréhausa Sjálfstfl. (**Gripið fram í:** Steinhausa.) Eða steinhausa. Hér stendur upp hv. þm. Guðlaugur Gíslason og talar til mín eins og ég hafi verið að gefa í skyn, að hann væri samkv. NATO-kenningum talinn partur af 5. herdeild. Ég ætla að segja hv. Guðlaugi Gíslasyni það, að mér dettur ekki í hug, að honum væri sýndur sá heiður. Ég átti við mig sjálfan og mína flokksmenn og aðra slíka, að við erum taldir samkv. rituali NATO, 5. herdeild, nákvæmlega eins og skoðanabræður okkar í Noregi eru taldir 5. herdeild þar. Og svo virðist hann hafa lagt þann skilning í ræðu mína, að ég hefði verið að mæla með persónunjósnum og það kæmi illa heim við það, sem ég hefði sagt hér einu sinni um mann, sem hét þá Straumfjörð, en núna Jósefsson, og hefði býsnast yfir því, að hann færi hér um landið og héldi næstum því rannsóknarrétt yfir nemendum. Ég býsnaðist yfir því þá, vegna þess að ég tel slíkt allt saman óviðurkvæmilegt.

Að lokum: Hv. þm. Halldór Blöndal stendur hér upp, og það vantar ekki heldur vandlætinguna í hann. Og hann spyr, hvernig á því standi, að við Alþb.-menn séum allt í einu farnir að *rægja Norðmenn*. Ég stóð upp til þess að benda á það, að landar okkar úti í Noregi eru rægðir í skólum norska hersins. Ég var ekki að tala um norsku þjóðina í því sambandi. Ég var að tala um skóla norska hersins og boðskap norskra hershöfðingja. Ég verð að spyrja: Eru engin takmörk fyrir því, hvað menn geta verið lágreistir, þegar verið er að ræða alvörumál eins og þetta? Er aldrei hægt að standa beinn, þegar um er að ræða rétt okkar sjálfra? Þarf þá alltaf að standa í keng?

Halldór Blöndal: Herra forseti. Er aldrei hægt að standa beinn? Þarf alltaf að standa í keng? Ég veit ekki, hvort fleirum en mér hefur dottið í hug við þessi ummæli þessa hv. þm., þegar hann var svo *borubrattur hér í stólnum* að líkja Guðmundi Danielssyni við Solzhenytsin skáld. Hann stóð ekki beinn þá. Þegar kemur að Sovétríkjunum, þá stendur þessi hv. þm. ekki beinn.

En út af því, sem hæstv. sjútvrh. sagði, hef ég tvennt við hann að segja. Í fyrsta lagi þetta: Ég man ekki betur en þessi hæstv. ráðh. hafi lýst því yfir hvað eftir annað úr þessum ræðustól, að Norðmenn og norska þjóðin hafi haft bein afskipti af íslenskum innanríkismálum. Og hvað er þetta annað en að sverta þá þjóð í hugum Íslendinga? Og hvernig stendur á því, að hæstv. sjútvrh. skuli koma með þetta hér upp í ræðustólinn eftir dúk og disk? Svo langar mig til að segja við þennan hæstv. ráðh. í öðru lagi, að hann hafði ekki algerlega sömu ummælin og hv. 5. þm. Vesturl., hæstv. sjútvrh., þegar hann var að bera mér á brýn eitt og annað hér í stólnum áðan og hafði ekki rétt eftir. Það, sem þessi hv. þm. sagði, var, að í skóla norska hersins væri það kennt, að íslensk ungmenni í Noregi væru hættuleg öryggi landsins. Þetta var það, sem þessi hv. þm. sagði. Hann sagði, að skóli, sem væri undir stjórn norska ríkisins, kenndi það, að íslensk ungmenni væru hættuleg öryggi Noregs. Ef þetta er ekki að sverta Noreg og norsku ríkisstj. í augum Íslendinga, þá veit ég ekki, hvað þetta er. Þá tala ég ekki sama tungumál og hæstv. ráðh.

Ég vil svo vekja athygli á því, að hv. 5. þm. Vesturl. tók hér aftur til máls án þess að gera grein fyrir því, hvað varð um undirskriftasafnanirnar, sem hann tók þátt í að safna gegn her í landi. Hvar eru þær niður komnar? Hvernig voru þær notaðar?

Geir Hallgrímsson: Herra forseti. Taugaveiklunin hjá þeim Alþb.-mönnum breiðist út. Hæstv. sjútvrh. hefur hér tekið til máls, og orð hans báru sannarlega vitni um taugaveiklun. Hann sagði, að stefnt væri að persónunjósnum með þessari undirskriftasöfnun. Hér er um fjarstæðukennda staðhæfingu að ræða. Eins mætti segja, að hver og ein undirskriftasöfnun, sem fer fram hér á Íslandi, væri líkleg til að stefna í átt til persónunjósna. Ef menn álíta undirskriftasafnanir leyfilegar, að menn hafi tækifæri til að tjá hug sinn og vilja, þá er með slíkum áburði verið að reyna að koma í veg fyrir það, að menn geti tjáð hug sinn í deilumálum og stefnumótandi málum, sem varða heill og hag alþjóðar. (RA: Þm. veit, að það er verið að tala um tölvuna, en ekki undirskriftasöfnun.) Það er ljóst mál, að þessar undirskriftir eru stílaðar til ríkisstj. og Alþ., og í fyllingu tímans verða þær afhentar forsrh. og forseta Sþ., og væntanlega liggja þessar undirskriftir hér á lestrarsal Alþingis frammi fyrir öllum alþm. og þeim, er þar hafa aðgang að.

Ég vil taka það fram í þessu sambandi, að hæstv. sjútvrh. spurði: Hvers vegna má ekki eyðileggja gögnin? Hvað vilja menn halda upp á þessi gögn? Ég verð að segja það eins og er, að ég mundi í sporum forgöngumanna þessarar undirskriftasöfnunar óska eftir því að fá þessi gögn í sínar hendur aftur, vegna þess að hv. formaður Alþb. og aðrir hv. þm. Alþb., þ. á m. hæstv. sjútvrh., hafa svo afskaplega mikið hugmyndaflug, þegar þeir láta sér detta allt mögulegt í hug, hvernig megi nota þessar skrár þeim til tjóns, sem undir áskorunina hafa skrifað. Það skyldi þó ekki vera samkv. kokkabókum kommúnista og þeirra Sovétmanna, sem eru alkunnir að slíkum aðferðum.

Ég tel þess vegna, að það sé svo, að við alþm. eigum og okkur beri að taka þessa áskorun mjög alvarlega til íhugunar, og þ. á m. hv. þm. Alþb., vegna þess að það er ekki á hverjum degi, sem helmingur þeirra Íslendinga, sem kosningarrétt hafa, sendir áskorun til Alþingis og ríkisstj. Þessir Íslendingar vita það, að nafn þeirra er bundið þessari skoðun og þessari sannfæringu þeirra, þeir munu standa við þá sannfæringu og þá skoðun, og þeir munu ekki láta ógnanir Alþb.-manna hræða sig frá því að halda fast við þá sannfæringu sína.

Sigurður Magnússon: Herra forseti. Ég get ekki stillt mig um annað en að taka þátt í þessum umr., en mér leiðist, að það skuli ekki vera fleira af venjulegu fólki til að hlusta á þessar annars mjög fróðlegu umr. hér í Sþ.

Það hefur glöggt komið fram, að forustumenn Sjálfstfl. gera engan greinarmun á venjulegri undirskriftasöfnun og tilraunum til persónunjósna af hinu versta tagi. Ragnhildur Helgadóttir taldi sig mega upplýsa hér í umr. áðan, að það hefði verið farið út í þessa tölvuvinnslu vegna þess, að samtökin Varið land hefðu ekki því starfsfólki og áhugafólki á að skipa, að þau gætu farið yfir skrárnar og leiðrétt þær, ef um rangfærslur væri þar að ræða. Þetta virðist mér heldur ósennileg skýring, þegar haft er í huga, að það er mikill fjöldi manns, sem tekur þátt í þessari herferð Varins lands, og maður skyldi ætla, þegar haft er í huga allt það fjármagn, sem streymt hefur inn til samtakanna, því að allt hefur þetta kostað mikið fé, að stór fjöldi fólks standi á bak við allar þær fjárgjafir.

Nei, maður hlýtur að ætla, að það sé tilgangur, sem valdi því, að út í þetta er farið. Það er t.d. býsna athyglisvert, að einn af aðalforsvarsmönnum þessarar undirskriftasöfnunar er eini starfandi erindreki Atlantshafsbandalagsins á Íslandi. Það væri býsna hentugt fyrir slíkan fulltrúa Atlantshafsbandalagsins að fá að vinna þessa undirskriftasöfnun í slíkt tölvukerfi.

Eins langar mig aðeins að taka undir það, sem hv. þm. Jónas Árnason hefur sett hér fram í umr., þ.e.a.s. þá alvarlegu atburði, sem við höfum verið að frétta af frá Noregi s.l. vikur. Hefur komið í ljós, að NATO-herinn þar hefur verið að halda heræfingar til þess að verjast árásum innanlands frá, eins og segir, þ.e.a.s. árásum vinstri sinnaðra samtaka og þ. á m. samtaka íslenskra stúdenta í Osló. En því miður er þetta dæmi frá Noregi ekki það eina, sem við fréttum af frá löndum Atlantshafsbandalagsins. Við vitum, að eftir valdarán herforingjanna í Grikklandi, að mig minnir 1967, kom í ljós, að stuðst hafði verið þar einmitt við áætlun Atlantshafsbandalagsins í þessum efnum, og svona upplýsingar hafa einnig komið frá NATO-ríki eins og Ítalíu. Hver veit nema einhverjar slíkar áætlanir séu til á Íslandi, og kannske má í því sambandi finna tengslin við þann starfsmann þessara undirskriftasöfnunar, sem jafnframt er starfsmaður Atlantshafsbandalagsins.

Ég ætla ekki að orðlengja þessar umr. mikið, en það er býsna fróðlegt fyrir íslenskan almenning að fá að skyggnast inn í huga þeirra sjálfstæðismanna, sem vilja greinilega koma í veg fyrir það, að settar séu hömlur við persónunjósnakerfi á Íslandi. Við skiljum kannske betur eftir þetta fyrri afstöðu þeirra, er fréttist um víðtækar persónunjósnir og spillingu í bandarísku stjórnmálalífi. En það virðist ekki hafa haft hin minnstu áhrif á afstöðu sjálfstæðismanna til forustu Bandaríkjanna í sambandi við vestrænt lýðræði. Þar hefur enginn blettur á fallið, og maður getur vel haldið, að þessir fulltrúar Sjálfstfl. teldu sér sóma að því að taka þátt í slíku stjórnmálastarfi.

Matthías Á. Mathiesen: Herra forseti. Sá glæsilegi árangur, sem samtökin Varið land hafa náð, virðist hafa náð hámarki sínu hér á Alþ. í dag. Sá fjöldi undirskrifta, sem hefur safnast, sýnir sig hafa farið svo í taugar þeirra Alþb.-manna, að þeir hafa ekki kunnað að dylja vonbrigði sín, heldur talið ástæðu til þess að koma hér inn á Alþ. til þess að ræða um löggjöf vegna notkunar upplýsinga varðandi undirskriftir. Einhvern tíma hefði ég haldið, að þeir ráðamenn þingsins í dag hefðu ekki talið ástæðu til þess að eyða tíma þingsins utan dagskrár til þess að ræða slíka lagasetningu. En þessi taugaveiklun,

sem hér hefur komið fram, staðfestir þann mikla árangur, sem þessi samtök hafa náð. Það er meiri hluti kjósenda í landinu, sem hefur lýst skoðun sinni, skorað á ríkisstj. og Alþ., og þeir aðilar, sem þola það ekki, hafa sýnt taugaveiklun sína hér í dag.

Að afhenda þau gögn, sem frá tölvunni koma, til þess að eyðileggja og ekki sé hægt að nota einhver gögn í framtíðinni, þetta eru auðvitað hlutir, sem þessir aðilar geta verið með í sínum hugarheimi. En gera menn sér ekki grein fyrir því, að þau skjöl, sem lögð eru inn á lestrarsal Alþingis, eru komin inn í skjalasafn ríkisins, verða þar geymd og eru hverjum manni til aflestrar, hvenær sem er í framtíðinni? Það, sem hér er verið að ræða um, er því aðeins til þess að finna eitthvað upp til að reyna að berjast gegn þeim glæsilega árangri, sem þetta fólk hefur náð, ef það mætti verða til þess með einhverju móti að vega gegn þessu. En það tekst þeim ekki. Þetta fólk hefur þegar sagt sína skoðun, og Alþ. og ríkisstj. komast ekki hjá því að taka tillit til þess.

Út af orðum hv. þm. Sigurðar Magnússonar, þar sem ég veit, að hann á við ákveðinn mann hér í Reykjavík, þá get ég upplýst hann um það, að sá maður er ekki einn af þeim, sem eru í forustu fyrir samtökunum Varið land.

Ég tel mjög gott, að þessar umr. skyldu fara fram hér í dag, til þess að þjóðinni sé ljóst, hver taugaveiklunin er orðin í Alþb.-mönnunum vegna þess árangurs, sem Varið land hefur náð.

Garðar Sigurðsson: Herra forseti. Ég skal aðeins hafa þetta örstutta aths. Hv. fulltrúar Sjálfstfl. hafa mikið talað hér um taugaveiklun og hversu alvarlegt ástand sé á taugum Alþb.-manna. Það mætti halda, að hv. þm. Halldór Blöndal hefði þá í sér taugar Alþb.-manna, ef miða mætti við ræðu hans hér áðan. Hann vék að því, að hv. 5. þm. Vesturl. hefði líkt Guðmundi Danielssyni við Solzhenitsyn. Það, sem hv. 5. þm. Vesturl. sagði, var, að Íslendingar mættu þakka fyrir, að einn hv. þm. hér inni frá Suðurlandi réði ekki yfir nema einu blaði á Selfossi. Auðvitað er ákaflega mikill munur á því, hvað gert hafi verið við hugverk Guðmundar Danielssonar eða Solzhenitsyns. En það er að mínu mati aðeins stigsmunur. Það hefði ekki orðið svo mikill hávaði út af þessu, ef handritið að bókinni hefði verið brennt eða því fleygt í Ölfusána þarna eystra, eins og sagt er, að hafi verið gert við Suðurland.

Forsvarsmenn Varins lands hafa lagt í 400 þús. kr. kostnað til þess að koma í veg fyrir ónákvæmni, þ.e. að nöfn manna komi ekki fyrir oftar en einu sinni á undirskriftalistunum. Hver er mórallinn í þeim mönnum, sem eru svo ákafir í að berjast fyrir því, að herinn verði, að þeir reyni að skrifa nöfn sín sem oftast undir listann? Og það mætti líka segja: Það er ónákvæmni á fleiri sviðum, sem þyrfti að reyna að koma í veg fyrir, eins og t.d. þegar einn maður skrifar undir þessa lista fyrir marga.

Forseti tók öll dagskrármálin af dagskrá.

Alþt. 1973. B. (94. löggjafarþing).

Sameinað þing, 61. fundur.

Þriðjudaginn 26. febr., að loknum 60. fundi.

Öll dagskrármálin voru tekin af dagskrá.

Efri deild, 65. fundur.

Miðvikudaginn 27. febr., kl. 2 miðdegis.

Tollskrá o.fl., frv. (þskj. 426). — Ein umr.

Of skammt var liðið frá útbýtingu frv. — Afbrigði samþ. með 17 shlj. atkv.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 19 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 433).

Gjaldmiðill Íslands, frv. (þskj. 406). — 1. umr.

Sjútvrh. (Lúðvík Jósepsson): Herra forseti. Með frv. þessu er gert ráð fyrir því, að veitt verði heimild til þess að fella niður í rauninni myntsláttu á 10-eyringum og 50 aura peningum. Hefur komið fram, að það er skoðun Seðlabankans, að það sé orðið mjög tímabært að taka ákvörðun um þessi efni, þar sem þessar mynteiningar séu orðnar minni hér hjá okkur að verðmæti en minnstu mynteiningar í flestum löndum í kringum okkur, og veldur auðvitað aukinni vinnu og auknum kostnaði á marga vegu að vera að halda í þessar mynteiningar, úr því sem komið er.

Um þessi mál hefur verið rætt hér oft áður og hliðstæð frv. legið hér fyrir, svo að ég sé ekki ástæðu til að hafa um þetta mörg orð.

Það er skoðun mín, að það eigi að verða við þessari beiðni og hér sé stefnt í rétta átt. Þó að við höldum okkur við það, að minnsta mynteining okkar sé ein króna, sýnist mér, að við séum ekki að ganga of langt á neinn hátt og það eigi ekki að valda okkur erfiðleikum á neinu sviði.

Ég vil vænta þess, að það sé hægt að afgreiða þetta mál, án þess að farið sé að blanda inn í það í rauninni miklu stærra máli, þar sem uppi hafa verið stundum hugmyndir um það að gera miklu meiri og stærri breytingar á okkar verðmæli.

Herra forseti. Ég legg til, að þessu frv. verði vísað til hv. fjh.- og viðskn. til fyrirgreiðslu.

Jón Árm. Héðinsson: Herra forseti. Sjálfsagt er þetta frv. í takt við tímans rás. En mér kom í hug gamalt spakmæli: Græddur er geymdur eyrir. — Líklega verður því nú snúið við og sagt: Glötuð er geymd króna, — miðað við þá þróun, sem verið hefur undanfarin ár.

Efni þessa frv. er ekki stórkostlegt í sniðum, en þó markar það nokkur tímamót í sögu okkar

myntsláttu, þegar við fellum nú niður notkun aura manna í meðal almennt í viðskiptum. Sjálfsagt er, eins og hæstv. ráðh. sagði, ekki annað að gera en taka þessa ákvörðun, og efnislega er ég ekki á móti frv. sem slíku, því að mér er kunnugt um það, að margir aðilar í viðskiptalífinu hafa nú þegar notað þessa aðferð í raun, hækka ef fram yfir er hálfa krónu og fella niður, ef minna er en 50 aurar, þannig að hér er nánast um staðfestingu á venju margra aðila í viðskiptalífinu að ræða. Ég vildi aðeins vekja athygli á þessari þróun, og ég skal verða við orðum hæstv. ráðh. að fara ekki að blanda í þetta stærra máli, ákvörðun um að skera heldur aftan af og mynda nýja, þunga krónu. Það er miklu stærra mál. En ég vildi aðeins vekja athygli á þessu, að orðtakið gamla virðist vera orðið dautt með þessari ákvörðun.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 17 shlj. atkv. og til fjh.- og viðskn. með 17 shlj. atkv.

Skattaleg meðferð verðbréfa o. fl., frv. (þskj. 423). — 1. umr.

Fjmrh. (Halldór E. Sigurðsson): Herra forseti. Frv. á þskj. 423 er um skattalega meðferð á verðbréfum, sem ríkissjóður selur, og er flutt eingöngu vegna þess, að við fjárlagaafgreiðsluna í vetur var tekin inn á fjárlög heimild til að selja verðbréf, eins og verið hefur, vegna þess lánsfjár sem ríkissjóður þarf að afla sér til ákveðinna ríkisframkvæmda. Hins vegar á með þessu frv. að ákveða, að þau hlunnindi eða þau réttindi, sem þau verðbréf njóta og hafa notið á undanförnum árum, verði framlengd og gildi einnig um þau bréf, sem gefin verða út samkv. því, sem gert er ráð fyrir í fjárlögum. Hér er um að ræða að gera þetta með þeim hætti, að framvegis gildi það um þau ákvæði, sem kynnu að verða í fjárl. um útgáfu spariskírteina og happdrættisskuldabréfa ríkissjóðs, samkv. heimildum í fjárl., að þau njóti þeirra réttinda, sem áður hafa gilt þar um. Hér er því ekki um neitt nýmæli að ræða, heldur aðeins formbreytingu vegna þeirrar ákvörðunar að láta framkvæmdaáætlunina fylgja fjárlagaafgreiðslunni.

Ég legg til, herra forseti, að að lokinni þessari umr. verði málinu vísað til 2. umr. og hv. fjh.- og viðskn.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 14 shlj. atkv. og til fjh.- og viðskn. með 15 shlj. atkv.

Neðri deild, 70. fundur.

Miðvikudaginn 27. febr., kl. 2 miðdegis.

Varamaður tekur þingsæti.

Forseti (Gils Guðmundsson): Mér hefur borist svo hljóðandi bréf:

„Reykjavík, 27. febr. 1974.

Þar sem ég er á förum til útlanda að læknisráði mér til heilsubótar, mun ég ekki sækja fundi Alþingis fyrst um sinn. Ég leyfi mér því að óska þess, að 1. varamaður Sjálfstfl. í Reykjavík, Birgir Kjaran, taki sæti mitt á Alþingi á meðan.

Virðingarfyllst,
Jóhann Hafstein.

Til forseta neðri deildar Alþingis.“

Ég býð Birgi Kjaran velkominn til starfa.

Gjald til að draga úr áhrifum olíuverðhækkana, frv. (þskj. 412, n. 419). — 2. umr.

Of skammt var liðið frá útbýtingu nál. — Afbrigði samþ. með 34 shlj. atkv.

Frsm. (Vilhjálmur Hjálmarsson): Herra forseti. Fjh.- og viðskn. hefur athugað þetta frv., og eins og segir í nál. á þskj. 419, leggur n. til, að það verði samþ., en einstakir nm. áskilja sér þó rétt til að flytja eða fylgja brtt., sem fram kunna að koma.

Það varð nokkur orðræða um það í n., hvort rétt kynni að vera að rýmka ákvæðið, sem felst í orðinu „íbúðarhúsnæði“, og þá m. a. með tilliti til þess, að í 2. gr. segir, að tækjum af gjaldi þessu verður ráðstafað samkv. sérstökum lögum, það er m. ö. o. eftir að setja nánari ákvæði um ráðstöfun fjárins. En við nánari athugun varð það ekki niðurstaðan, að n. flytti neina brtt. í þessa átt. Bæði var það, að mönnum sýndist, að fjárhæð sú, sem hér er um að ræða, yrði varla til skiptanna, miðað við þau gífurlegu áföll, sem þeir verða fyrir af olíuverðshækkuninni, sem olíu þurfa að nota til hitunar íbúða sinna, og eins hitt, að það er visst samhengi í því annars vegar, að hér er ætlunin að draga úr áhrifum til verðhækkana á olíu til hitunar íbúðarhúsnæðis og að það gjald, sem tekið er, skuli ekki valda hækkun kaupgreiðsluvísitölu. Með tilliti til þessa samhengis þótti það einnig óeðlilegt að fara út fyrir einkanotkunina. En fyrirvari sá, er einstakir nm. hafa tekið sér varðandi það að flytja eða fylgja brtt., mun lúta að þessu atriði. En sem sagt, n. leggur til, að frv. verði samþykkt.

Ingólfur Jónsson: Herra forseti. Flestir munu vera sammála um, að nauðsynlegt sé að greiða niður olíu til húsahitunar. Þetta frv. er flutt til þess að fá það lögfest fyrir n. k. mánaðamót, til þess að söluskattur, sem hefur gengið í Viðlagasjóð, falli ekki niður við næstu mánaðamót. Var rætt um það í n., sem skipuð var þm. úr öllum flokkum, að þetta væri nauðsynlegt. Hæstv. viðskrh. hafði afhent uppkast að frv., þar sem gert var ráð fyrir framkvæmdinni á olíuniðurgreiðslunni. En menn voru ekki alveg sammála um það frv. og töldu, að það væri vandasamt verk að ákvarða framkvæmdina, að til þess gæti ekki unnist tími fyrir n. k. mánaðamót. Þess

vegna er þetta frv. flutt, sem ætti ekki að valda neinum ágreiningi, og ákveðið samkv. 2. gr. þessa frv., að því fé, sem kemur í olíuniðurgreiðslusjóð, skuli ráðstafað samkv. sérstökum lögum, sem verða væntanlega afgreidd á hv. Alþ. í næsta mánuði.

Það er eitt orð í 1. gr. frv., sem getur valdið misskilningi. Í þeirri n., sem ég áðan minntist á, gat ég um bréf, sem Sjálfstfl. skrifaði hæstv. ríkisstj. um nauðsyn þess að gera ráðstafanir vegna hinnar miklu hækkunar, sem orðin er og fram undan er á olíu. Í því bréfi var ekki talað aðeins um íbúðarhúsnæði, heldur var á það minnt, að það gæti komið til greina, að nauðsyn bæri til að jafna einnig aðstöðuna í sambandi við atvinnurekstur. Nú vil ég, vegna þess að samkomulag varð sérstaklega gott í fyrrnefndri nefnd og hæstv. viðskrh. kom til fundar í henni, spyrja hæstv. viðskrh., hvort það sé ekki hans álit, að þótt frv. verði afgreitt óbreytt, sé eftir sem áður opin leið, þegar frv. verður samið um ráðstöfun á olíusjóðnum, að taka til athugunar niðurgreiðslu á olíu til annars húsnæðis en íbúða. Ef hæstv. viðskrh. væri á svipaðri skoðun og ég í þessu efni, tel ég enga ástæðu til að flytja brtt. við frv.

Sjútvrh. (Lúðvík Jósepsson): Herra forseti. Eins og hér hefur komið fram, er tilgangurinn með þessu frv. aðeins sá að ákveða gjaldtöku til þeirrar ráðstöfunar, sem hér er um að ræða, þ. e. a. s. verðlækkunar á olíu til húsakyndingar. Hefur þótt nauðsynlegt að flytja sérstakt frv. um gjaldtökuna, til þess að hún geti átt sér stað nú um næstu mánaðamót, þegar það gjald að öðru leyti fellur niður, sem er gert ráð fyrir, að verði varið í þessu skyni. En þá mundi um leið skapast nokkru rýmri tími til að athuga um það, hvaða form eða fyrirkomulag væri best hægt að hafa á því, hvernig koma á þessari endurgreiðslu til þeirra, sem hér eiga hlut að máli.

Í frv. er gert ráð fyrir því, eins og hv. 1. þm. Sunnl. minntist á, að þessi gjaldtaka sé vegna niðurgreiðslu á hitunarkostnaði íbúðarhúsnæðis. En að sjálfsögðu er það fullkomlega opið, þegar ný lög verða sett um fyrirkomulag á þessari greiðslu, það er ekkert, sem getur bundið það, að þá verði ekki annað ákveðið. Hins vegar er því ekki að neita, að þessi gjaldtaka er miðuð við þetta og einnig það fyrirkomulag, sem er varðandi meðferð á þessu gjaldi að öðru leyti. En það er sem sagt ljóst, að með samþykkt þessa frv. er ekki á neinn hátt skotið loku fyrir það, hvaða ákvæði kynnu að verða sett um ráðstöfun gjaldsins í því frv., sem sett yrði síðar. En gjaldtakan er við þetta miðuð, að hér sé um fjáröflun að ræða til þess að lækka hitunarkostnað í íbúðarhúsnæði.

Ég vænti sem sagt, að samstaða geti orðið um að afgreiða þetta frv. út úr d. í dag og helst af öllu úr Ed. líka, svo að gjaldið þurfi ekki að falla niður neinn tíma. Sýnist þá vera nægur tími til þess að ganga frá því frv., sem lagt verður fram um ráðstöfun á gjaldinu, og verður haft samráð við fulltrúa allra stjórnmálaflokka um, hvernig það frv. verður úr garði gert.

Ellert B. Schram: Herra forseti. Eins og menn heyra af þeim ræðum, sem hér eru nú fluttar, og sjá má af nál., hefur verið gert samkomulag milli stjórnar og stjórnarandstöðu um afgreiðslu á þessu máli. Því má búast við, að umr. um frv. verði tiltölulega lítilfjörlegar og muni því miður ekki varpa ljósi á tildrög frv. og þá málsmeðferð, sem hér er viðhöfð. Ég hef þó talið eðlilegt, að stjórnarandstaðan hefði átt að grípa öðruvísi á þessu máli og skoða það í stærra samhengi, því að sannleikurinn er sá, að málatilbúnaður þessi er eitt af mörgum atvikum, sem þessa dagana renna stoðum undir þá staðreynd, að ríkisstj. hefur ekkert bolmagn til að stjórna þessu landi.

Hér í d. ríkti í gær fullkomin ringulreið og óvissa vegna þessa máls og afgreiðslu þess, og ég tel, að vinnubrögðin í gær hafi verið enn einn votturinn um vanmátt og samtakaleysi ríkisstj., þegar hún frestaði hér hvað eftir annað afgreiðslu málsins og síðan til dagsins í dag, og var að sjálfsögðu sú einfalda skýring á því, að þeir í stjórnarherbúðunum, og þeir, sem að þessu frv. standa, vissu ekki fyrir víst, hvað þeir voru raunverulega að leggja fyrir þingið.

Nú gerist það, að þegar á að hrinda málinu með kappi í gegnum þingið í dag, þá stendur einn af nm., sem undirbjuggu frv., upp og spyrst fyrir um, hvernig eigi að skilja frv. Og það er út af fyrir sig merkileg fsp., vegna þess að í 1. málsl. 1. gr. segir, með leyfi forseta: „Til að draga úr áhrifum verðhækkunar á olíu til hitunar íbúðarhúsnæðis“ o. s. frv. Síðan er staðið upp og spurt, hvort ekki megi skilja orðalagið „íbúðarhúsnæði“ með öðrum hætti en stendur með einföldum hætti í frv. Og til þess að bæta gráu ofan á svart stendur hæstv. viðskrh. upp og segir: Jú, þetta er alveg rétt, það á að skilja þetta öðruvísi en stendur í frv. Það er alveg rétt, segir hann og tekur undir það, að þó að það standi íbúðarhúsnæði í frv., þá eigi alls ekki að skilja það þannig, það gildi um allt húsnæði, og hann segir, að það sé ekkert, sem bindi það, að það þurfi að halda því eingöngu við íbúðarhúsnæði. En samt á að fara með málið svona í gegn.

Ég vil leyfa mér að upplýsa, að í fyrstu mun hugur ríkisstj. hafa staðið til þess að afla tekna til niðurgreiðslu á olíuverðinu með sérstökum skatti á þá aðila, sem njóta húshitunar með öðrum hætti en með olíukyndingu. M. a. voru orðaðar hugmyndir um sérstakan hitaveituskatt. Þá mun jafnframt hafa staðið til að ákveða 1% útsvarsálagningu í líkingu við það, sem gert var til tekjuöflunar fyrir Viðlagasjóð, og var síðan ætlunin að láta sveitarfélögin innheimta það gjald. Það var ekki fyrir tilstilli hæstv. ríkisstj., að horfið var frá þessum ráðagerðum. Þar réð andstaða stjórnarandstöðunnar.

Ríkisstj. er ljóst, að hún hefur ekki afl til þess að koma neinum frumvörpum í gegnum þingið, sem einhverju máli skipta, nema með aðstoð stjórnarandstöðunnar. Og ég held, að það hefði orðið þjóðinni holl lexía, ef hún hefði fengið tækifæri til að sjá það svart á hvítu, hvað fyrir ríkisstj. vakti í þessu máli. Þess vegna er ég þeirrar skoðunar, að það hafi ekki verið skynsamleg ráðagerð af hálfu stjórnarandstöðunnar

að koma í veg fyrir, að sú tillögugerð sæi dagsins ljós.

Þessu til viðbótar vil ég upplýsa, að í bígerð mun hafa verið að ráðstafa þeim tekjum, sem með þessari söluskattshækkun fást, með styrkveitingum eftir ákveðinni höfðatölureglu. Það hafði meira að segja verið útbúið frumvarpsuppkast, sem gerði ráð fyrir þeirri aðferð, að hver fjölskylda fengi greiddan styrk eftir fjölskyldustærð. Ætlunin hefur m. ö. o. verið að útbúa nýtt styrkjakerfi, útdeila peningum pr. höfuð án tillits til þarfa, olíunotkunar eða annarra aðstæðna. Þegar í ljós kom, að andstaða var gegn slíku frv., var sú hugmynd dregin til baka, a. m. k. í bili, og farin sú leið, sem hér liggur fyrir framan okkur.

Að mínu viti er þessi leið hálfu verri en að koma til dyranna eins og menn eru klæddir. Í stað þess að segja, hvernig þessu fé skuli ráðstafað, er nú lagt fyrir hv. Alþ. að samþykkja þessa tekjuöflun. Hv. þm. eiga að gleypa hana hráa, og með aðstoð stjórnarandstöðunnar á að fylla hér út ávísun og segja við ríkisstj.: Gerið svo vel, nú er það ykkar að ákveða, hvernig þessum 700 millj. skuli ráðstafað. — Að vísu er sagt, að það eigi að gera í samráði við stjórnarandstöðuna. En ég spyr: Hvaða menn og hvaða aðila í stjórnarandstöðunni? — Ríkisstj. þarf aðeins eitt atkv. til viðbótar frá stjórnarandstöðunni til að koma sínum málum í gegnum d. og gegnum þingið, og hvort sem það á að gerast með lögum eða öðrum hætti, þá skiptir það máli, hvort hún fær þetta eina atkv. sér til stuðnings til þess að koma sínum hugmyndum í gegn eða ekki. Ég spyr t. d. þá þm. Sjálfstfl., sem hafa verið í fullri andstöðu við þær hugmyndir, sem komu fram um ráðstöfun á þessu fé, og reyndar tjáð sig um, að það væri forsenda fyrir stuðningi við málið, að þeir fengju að hafa hönd í bagga með, hvernig því yrði varið, — ég spyr þessa menn: Verður haft samráð við þá, og hver er þeirra afstaða, þegar og ef t. d. ríkisstj. snýr sér til Alþfl.? — Og hver verður afstaða Alþfl., ef ríkisstj. snýr sér til Sjálfstfl. og hefur samráð við hann án þess að tala við Alþfl.? Og hver verður afstaða Alþfl. eða Sjálfstfl., ef ríkisstj. snýr sér til Bjarna Guðnasonar og hefur samráð við hann um, hvernig ráðstafa skuli þessu fé? Sú ráðstöfun getur orðið í fullri óþökk fjölmargra, sem nú hyggjast styðja þetta frv. í þeirri góðu trú, að við þá verði höfð samráð. Ég óska þeim þm. til hamingju, þegar í framhaldi af þessu frv. verður búið að samþykkja eitthvert risavaxið og meingallað styrkjakerfi til úthlutunar á þessum 700 millj. kr. Hér er ríkisstj., sem sannanlega hefur ekki meirihlutavald á þingi, að skáskjóta máli í gegn í skjóli stjórnarandstöðu, sem telur sig taka ábyrga afstöðu.

Það er rétt, að það er ábyrg afstaða að horfast í augu við vandamálin, olíuhækkunina og þann aukna hitunarkostnað, sem henni er samfara. Og ég vil fyrir mitt leyti taka þátt í því að leysa þann vanda. Að því leyti stóð ég að því bréfi, sem þingflokkur Sjálfstfl. ritaði ríkisstj., þegar flokkurinn bauð upp á samstarf í þessum efnum. Enda þótt ég vilji leysa vandann og hafi fullan skilning á honum, er ég á móti þeirri aðferð, sem hér er viðhöfð og felst í þessu frv. Ég er andvígur þessu frv. og þeim vinnubrögðum, sem hér eru viðhöfð, og því mun ég greiða atkv. gegn þessu frv. Og rök mín eru m. a. eftirfarandi:

Í fyrsta lagi hefur hvorki mér né öðrum verið boðið upp á neina valkosti í þessum efnum. Hér er sama aðferð notuð og áður: annaðhvort fáið þið þennan skattinn eða einhvern annan enn þá verri. Þetta eru hvimleið vinnubrögð og óverjandi með öllu. Og það er til háðungar, að stjórnarandstaða, sem gagnrýnt hefur þessa ríkisstj. fyrir öngþveiti í efnahagsmálum, skuli láta bjóða sér upp á þessi vinnubrögð. Þessi ríkisstj. hefur þrefaldað fjárlög, hún stuðlar að geigvænlegri spennu í framkvæmdum, pínir fólk með sköttum, eyðir hverri krónu og nær þó vart endum saman. Útflutningsverðmæti eru meiri en dæmi eru til áður. Þjóðarframleiðsla vex ár frá ári, en ríkissjóður stendur eftir sem áður galtómur vegna óráðsíu og ábyrgðarleysis ríkisstj. Og svo þegar eitthvað bjátar á, eins og núna, þegar stjórnvöld standa frammi fyrir því að mæta erfiðleikum, sem þó eru ekki meiri en hver ríkisstj. getur búist við, þá er ekki í önnur hús að venda en að leggja nýja skatta á þjóðina. Þá fórna menn höndum og stilla þjóðinni og þm. upp við vegg og segja: Þennan vanda verðum við að taka á okkur með nýjum sköttum. — Það er eins og engum manni detti í hug, að slík áföll geti átt sér stað, að ríkissjóði sé nauðsyn að safna einhverju fé í varasjóð til þess að mæta skakkaföllum. Mér er ekki kunnugt um, að rætt hafi verið um önnur úrræði eða annað en nýja skatta. A. m. k. hafa þau úrræði ekki verið sýnd mér eða mínum þingflokki. Meðan það hefur ekki verið gert, mótmæli ég slíkum afarkostum og greiði atkv. gegn slíkum vinnubrögðum.

Í öðru lagi er sá vandi, sem skapast af olíuhækkuninni, engan veginn leystur með þessu frv. Hér er um að ræða þá einföldu aðferð að seilast lengra og neðar í vasa borgaranna, rétt eins og þeir vasar séu ótæmandi, án þess að einu orði sé minnst á það, hvernig eða hvort koma megi varanlega í veg fyrir þá mismunun, sem skapast hefur í hitunarmálum. Ef þetta væri frv., sem fæli í sér fyrirhugaðar framkvæmdir um hitaveitu og rafvæðingu, ef fyrir lægju einhverjar raunhæfar áætlanir um, að taka ætti fyrir vandamálin á næstu misserum, þá væri þetta frv. verjandi. En um það er ekki stafkrókur í frv., aðeins till. um að fylla út tékka stílaðan á reikning skattborgaranna. Það er engin trygging fyrir því, að þessi söluskattshækkun verði afnumin að ári, — ekkert, sem bendir til annars en þannig verði þetta framlengt ár frá ári. Auðvitað þarf ekki að spyrja að því, að sú gamla saga endurtekur sig, að eftir að skattprósentan er komin í gildi, verður hún ekki afnumin. Ef menn verða varir við leka í húsum sínum, gera þeir ekki það eitt að fá til sín menn með fötu til að bera út vatnið. Þeir kalla á menn til viðgerðar á lekanum. Hér er höfð sú aðferð Bakkabræðra að kalla á mennina með föturnar, en ekkert hirt

um viðgerðina. (Gripið fram í.) Þetta er Bakkabræðraaðferð, sagði ég. Hún er álíka og þegar þeir báru inn sólskinið, það er rétt.

Í þriðja lagi tel ég alls ekki tímabært að taka ákvörðun um þetta mál nú í svo mikilli skyndingu. Það liggur fyrir, að fyrir Alþ. mun nú næstu daga verða lagt frv. um 5% hækkun á söluskatti, og má gera ráð fyrir, að þetta frv. verði lagt fram eftir 2—3 daga. Hver verða örlög þessa frv.? Hvernig hyggst ríkisstj. standa að því? Og hvernig hyggst stjórnarandstaðan taka á *því máli*? Það var haft eftir félmrh. Birni Jónssyni í kvöldfréttum í fyrradag, þegar var verið að ræða við hann um kjarasamningana, að hann tryði því ekki, að neinn hér á þingi stæði í veginum fyrir frv., sem væri forsenda kjarasamninga, stæði í veginum fyrir 5% söluskattshækkun. Hver þorir að vera á móti því? sagði ráðh. Þessi ummæli lýsa raunar í hnotskurn þeim vinnubrögðum, sem viðhöfð eru í þessari ríkisstj., og þau lýsa því áliti, sem ríkisstj. hefur á stjórnarandstöðunni. Fyrst eru gefnar yfirlýsingar um lagabreytingar án samráðs við stjórnarandstöðuna, og svo er hneykslast á því, að stjórnarandstaðan skuli dirfast að vera á móti því. Ríkisstj. telur sig geta ögrað og hótað stjórnarandstöðunni með afarkostum og sagt: Annaðhvort þetta, sem við erum búnir að semja um utan þings og án samráðs við ykkur, eða þá allt er komið í voða. — En svo, þegar þarf á stjórnarandstöðunni að halda, standa þessir ráðh. hér upp og segja blíðlega: Að sjálfsögðu munum við hafa samráð við ykkur. — Ég er þeirrar skoðunar, að hug ríkisstj. lýsi betur það, sem kom fram í orðum félmrh. í útvarpinu, heldur en þau fögru loforð, sem hér eru gefin um samráð, — *þeim hug, sem segir nánast*: Við tölum við stjórnarandstöðuna, þegar okkur sýnist. — Nei, ég spyr nú: Hvað ætlar stjórnarandstaðan að láta bjóða sér af slíkri tvöfeldni og slíkum hráskinnaleik?

Menn haga sér hér eins og þetta séu tvö óskyld mál, söluskattur núna á miðvikudegi og söluskattur á föstudegi eða mánudegi. Hér er um það að ræða að afla ríkissjóði tekna í einu og öðru skyni. Og maður getur ekki sagt a, en neitað að segja b. Það á að vera krafa stjórnarandstöðunnar að fá upplýsingar um meðferð þessara mála beggja, áður en hún ljær máls á því að hækka söluskattinn núna. Í mínum augum kemur ekki til mála að afgreiða 700 millj. kr. tekjufrv. til ríkisstj., fyrr en eitthvað frekar liggur fyrir, hvernig ríkisstj. hyggst leysa það efnahagsöngþveiti, sem nú blasir við. Og ég tel sjálfsagt og eðlilegt, að þessi mál haldist í hendur, þegar verið er að ræða á annað borð um svo stórfelldar tekjuleiðir. Við skulum svo sjá til, hvaða samráð ríkisstj. hefur við stjórnarandstöðuna um þær leiðir, sem hún vill fara í því skyni að létta á almennri skattpíningu og draga úr verðbólgu, áður en þetta mál fær afgreiðslu.

Í fjórða lagi er þetta frv. sem slíkt, ef maður ræðir það sérstaklega eins og það liggur fyrir, gerandi ráð fyrir, að það verði samþykkt, þá er það allsendis ófullnægjandi. Það er opið í báða enda. Þingfl. Sjálfstfl. og þingfl. Alþfl. hafa báðir látið í ljós skilning á þeim erfiðleikum, sem skapast hafa vegna hækkunarinnar á olíuverðinu. En það er ekkert leyndarmál, að jafnframt því sem einstakir þm., einkum í stjórnarandstöðunni, hafa lýð máls á þessari söluskattshækkun, þá er það jafnmikilvægt í þeirra augum, hvernig þessum olíupeningum verði ráðstafað. Nú er búið að kaupa þá til fylgis við þetta frv. með því að lofa því að hafa samráð við stjórnarandstöðuna. En ég spyr þessa sömu hv. þm.: Hver verður þeirra aðstaða, eftir að þetta frv. er samþykkt? Hvað verður þá boðið upp á? *Tvo slæma kosti? Þrjá slæma kosti?* Og hverju ræður þingfl. Sjálfstfl. einn sér eða þingfl. Alþfl. einn sér, eða Bjarni Guðnason einn sér um þá málsmeðferð? — Ég held, að úr því að ríkisstj. þarf á stuðningi stjórnarandstöðunnar að halda í þessu máli, hefði stjórnarandstaðan átt að notfæra sér það og ganga frá því máli kirfilega og sameiginlega, þannig að hún hefði úrslitaáhrif á það, hvernig með þessa peninga verði farið. En hér er verið að snúa á stjórnarandstöðuna, láta hana taka þetta inn í smáskömmtum, og afleiðingin er sú, að ríkisstj., sem stjórnarandstaðan segir þjóðinni, að sé óalandi og óferjandi, situr áfram og væntanlega brosir í laumi.

Það vaknar að sjálfsögðu sú spurning, til hvers stjórnarandstaðan sé, hvaða hlutverki hún á að gegna. Eru það æskileg vinnubrögð yfirleitt, að stjórnarandstaðan sitji að samningum við ríkisstj. til þess að segja henni, hvernig hún eigi að leggja málin fyrir, til þess að hún fái þau samþykkt? Erum við hér í stjórnarandstöðu til þess að leiða þessa ríkisstj. yfir þær torfærur, sem hún hefur að mestu leyti hlaðið upp sjálf? Eða hvert er það aðhald, sem stjórnarandstaðan á að veita, þegar samið er við stjórnina fyrir fram um umdeilanlegt mál og það síðan keyrt af ofurkappi í gegnum þingið? Þessir forkólfar ríkisstj. hafa talað digurbarkalega um, að þeim sé engin hætta búin hér í þinginu, þeir muni skáskjóta málum þar í gegn. Og hvað eru þeir að gera í þessu máli? Þeir eru einmitt að skáskjóta einu slíku máli í gegn og það með dyggri aðstoð stjórnarandstöðunnar. Það er sagt við okkur nú, að þetta mál sé sérstaks eðlis, óvænt og alvarleg hækkun á olíuverði, og þessi hækkun sé slíkt áfall og það skapist slíkt misræmi í lífskjörum fólks, að þjóðin verði öll að axla þá byrði. Og rökin fyrir því að setja niður deilur milli stjórnar og stjórnarandstöðu eru þau, að hér séu utanaðkomandi, óviðráðandi atvik valdandi. Og síðan koma mennirnir með ábyrgðartilfinninguna og segja okkur, að nú sé þörf á samstöðu og málið sé hafið yfir gagnrýni. En er þetta svona einfalt? Ef nauðsyn ber til að skapa allsherjar samstöðu um þann vanda yfirleitt, sem stafar erlendis frá, hvaða samræmi er þá í því að flytja hér ræður um getuleysi ríkisstj. í efnahagsmálum, varðandi verðbólguna í landinu, þegar t. d. viðurkennt er af flestum, að af rúmlega 30% verðbólgu á síðasta ári eru 12% vegna erlendra verðhækkana? Er þá ekki kominn tími til, að ábyrg stjórnarandstaða slái af gagnrýni sinni um 12%? Það mætti líka spyrja: Hver voru viðbrögð fyrrv. stjórnarandstöðu við þeim þjóðarvanda, sem hér skapaðist á árunum 1967 og 1968, þegar verðfall erlendis átti stærstan þáttinn í því, að þjóðar-

tekjur minnkuðu um 60%? — Þau viðbrögð voru ekkert sérstaklega kærleiksrík, og þurfti þó ekki aðstoð þeirrar stjórnarandstöðu, sem þá var, til þess að gera viðeigandi og réttar ráðstafanir. Þá sátu þessir karlar ekki og hlógu hér eins og fífl yfir ræðum manna.

Fyrrv. stjórnarandstaða var nefnilega sannarlega ekki á þeim buxunum að hlaupa til og samþykkja ráðstafanir, sem vissulega komu illa við þjóðina þá, rétt eins og söluskattshækkunin gerir nú, og er þó ólíku saman að jafna. Ég er ekki að halda því fram, að stjórnarandstaðan eigi að vera á móti bara til að vera á móti. Hér er um að ræða vanda, sem þarf að leysa. En ég tel, að ríkisstj. hefði ekki verið vorkunn í því mikla góðæri, sem nú ríkir, að mæta þessum vanda án þess að leggja á nýjar álögur. Mál af þessari stærðargráðu ættu auðveldlega að geta fallið í ramma fjárlaga eða núverandi tekjuöflun ríkisins, án þess að stofna þurfi til hækkaðra skatta. Það er ekki sök stjórnarandstöðunnar, ef ekki er mögulegt að benda á slík úrræði nú. Það er vesaldómur og óráðsía þessarar ríkisstj., sem þar um veldur. Ef ríkisstj. getur ekki mætt skakkaföllum, sem ekki eru meiri að vöxtum en þetta, með öðrum hætti en frv. sem þessu, þá á hún að segja af sér. Og ef ríkisstj. getur ekki fengið slík frv. samþykkt nema með aðstoð stjórnarandstöðu, á hún enn frekar að segja af sér. Stjórnarandstaðan vill vera ábyrg í þessu máli. Og hún, að mér skilst, vill skilja erfiðleikana. En hún gerir bara eitt annað í leiðinni. Hún framlengir lífdaga þessarar ríkisstj. Og ef stjórnarandstaðan vill vera ábyrg, þá á hún auðvitað að fella þessa ríkisstj., vegna þess að það er ábyrgðarleysi að halda hlífiskildi yfir stjórn, sem vegna óstjórnar og eyðslusemi er ekki fær um að ráða fram úr minni háttar vandamálum, eins og hér um ræðir.

Herra forseti. Ég lýk senn máli mínu. Ég lýsti þeirri skoðun minni, að sjálfsagt sé að jafna mismunun og koma til móts við þann kostnaðarauka, sem hækkun á olíuverði hefur í för með sér fyrir marga landsmenn. Ég hef hins vegar leitt rök að því, að þetta tekjuöflunarfrv. er og getur ekki annað en verið í tengslum við þá söluskattshækkun, sem boðuð hefur verið næstu daga, — í tengslum við lausnina á efnahagsvandanum í heild sinni. Ég hef mótmælt þeim vinnubrögðum, sem viðhöfð hafa verið við undirbúning málsins. Ég hef lýst eftir fleiri möguleikum, fleiri úrræðum, og ég tel það sök ríkisstj. og hennar stefnu í fjármálum ríkisins, ef ekki er um önnur úrræði að ræða en hækkaðan söluskatt. Og síðast, en ekki síst er hér bent á, að þm., sér í lagi þm. stjórnarandstöðunnar, eru að kaupa hér köttinn í sekknum með því að samþ. þetta frv. Þeir eru að koma til móts við þá fyrirætlun ríkisstj. að sitja áfram við völd með þeirri aðferð að skáskjóta málum gegnum þingið. Í því felst ábyrgðarleysi, en ekki ábyrgð. Þingfl. hafa gert með sér samkomulag um stuðning við þetta frv. Ég tek ekki þátt í því samkomulagi, og enda þótt ég rói einn á þeim báti, þá mun ég ekki breyta afstöðu minni. Ég greiði atkv. gegn þessu frv.

Sjútvrh. (Lúðvík Jósepsson): Herra forseti. Það er kannske ekki ástæða til þess að ræða hér í löngu máli þá einkennilegu ræðu, sem hér var flutt, vegna þess að hv. þm. er kannske, eins og hann sagði, einn á báti, og hann verður því að hafa það. En það, sem hann sagði hér, gat gefið til kynna, að haldið hefði verið á þessu máli á allt annan veg en gert hefur verið.

Það hafði komið hér fram í umr. á Alþ. nokkrum sinnum, að ríkisstj. hafði til athugunar, hvernig hægt væri að snúast við þeim vanda, sem upp var kominn með gífurlegri hækkun á olíuverði, þar sem það lá fyrir, að um helmingur landsmanna þarf að búa við það að hita húsnæði sitt með olíu, sem er orðin mjög dýr, á sama tíma sem um helmingur landsmanna býr við miklu hagstæðari kjör. Það hafði komið fram frá ég ætla öllum stjórnmálaflokkum, að hér þyrfti að grípa inn í og reyna að koma við leiðréttingu. Þingfl. Sjálfstfl. hafði m.a. ritað ríkisstj. *bréf um, að hann væri reiðubúinn til samstarfs* í þessum efnum, því að hér þyrfti að bregðast skjótt við, eins og sagði í bréfi flokksins, og hann skoraði á ríkisstj. að leggja fram till. til að draga úr þessum mikla aðstöðumun, sem upp kæmi. Flokkurinn lýsti sig þar andvígan því, að farið yrði að leggja á sérstakt orkugjald, þ.e.a.s. gjald á hitaveitur. Þar fór skoðun Sjálfstfl. alveg saman við skoðun ríkisstj. þegar hún hafði málið til athugunar, komst hún fljótlega að þeirri niðurstöðu, að það væri alrangt að fara þá leið.

Af þessum ástæðum var það, að ríkisstj. sneri sér til formanna þingflokka stjórnarandstöðunnar og ræddi hugmyndir sínar við þá, og þeim var gerð grein fyrir því, hvernig ríkisstj. teldi, að eftir atvikum yrði helst hægt að bregðast við þessum vanda. Á þessum till. hefur ekki verið nein launung á neinn hátt, og væri hægt að sýna hv. þm. þessar hugmyndir, ef hann óskaði eftir því, því að fulltrúar hans þingflokks hafa fengið þessar hugmyndir.

Hér var um það að ræða, að gert var ráð fyrir því að fara þá tekjuöflunarleið í þessu skyni, sem m.a. hafði verið farin í sambandi við tekjuöflun til Viðlagasjóðs á *sínum tíma*, að leggja aukagjald á útsvör, sem næmi 10% á útsvör eða 1% á útsvarsstofn, og að þessi fjárhæð yrði notuð *til* þess að *draga úr* þessum mikla aðstöðumun, sem upp var kominn. Var gert ráð fyrir því, að tekjuöflun eftir þessari leið *mundi gefa 550—600 millj.* kr. á *ársgrundvelli*. Í viðræðum við fulltrúa stjórnarandstöðunnar kom í ljós, að þeir hölluðust að því að *afla fremur teknanna í þessu skyni* með því að nota annað prósentustigið af söluskatti, sem hafði runnið til Viðlagasjóðs, ef samkomulag tækist um, að Viðlagasjóður léti sér nægja 1%, en ekki 2% áfram, eins og till. var komin fram um. Það er því beinlínis svo, að sú tekjuöflun, sem er lögð til grundvallar í þessu frv., hefur komið fram í þeim viðræðum, sem átt hafa sér stað á milli ríkisstj. og fulltrúa stjórnarandstöðunnar, þar sem fulltrúar stjórnarandstöðunnar lögðu áherslu á, að þeir óskuðu frekar eftir þessari tekjuöflunarleið en hinni, sem ríkisstj. hafði minnst á. En ég ætla, að allir sjái, að á því er tiltölulega mjög lítill munur, hvor leiðin er valin, þó að nokkrir aðilar komi þarna til með að borga við-

bótargjald við söluskattsstigið, sem hefðu ekki þurft að borga það eftir útsvarsleiðinni, enda fæst með þessari söluskattsleið nokkru hærri fjárhæð.

Það hefur sem sagt tekist samstaða á milli stjórnmálaflokkanna hér um að velja þessa tekjuöflunarleið í þessu skyni, þar sem allir voru sammála um, að vandamálið þyrfti að leysa.

En það voru líka lagðar fram hugmyndir um það, hvernig ætti að standa að því að koma þessum greiðslum til þeirra, sem fyrir vandanum verða. Af skiljanlegum ástæðum komu þar upp mismunandi sjónarmið. Menn vildu gjarnan fá að athuga betur, hvort annar háttur væri þar á hagkvæmari, og var engin fyrirstaða að fallast á það, að menn fengju lengri tíma til að athuga þær hugmyndir, sem fram hafa komið. Það er t. d. hægt að sýna þessum hv. þm., sem hér var að enda við að tala, þessar hugmyndir. Það er engin launung á því, og ég ætla líka, að þær eigi eftir að koma hér fram á Alþingi, hvernig réttast sé að dreifa fénu til þeirra aðila, sem hér verða hart úti. Ég heyri hins vegar á málflutningi þessa hv. þm., að hann er hér á allt annarri skoðun. Hann er á, að það eigi ekki að leysa olíuvandamálið, sem menn standa frammi fyrir, nema þá ríkisstj. víki frá völdum, og það eigi að reyna að stöðva jafnt þetta mál sem önnur, ef mögulegt væri. Hann er á þessari skoðun. Þessi skoðun hefur ekki komið fram hjá þeim fulltrúum stjórnarandstöðunnar, sem ríkisstj. hefur talað við um málið og gáfu sig strax fram og sögðu, að þeir væru viljugir til samstarfs um að leysa þetta sérstaka vandamál.

Það er auðvitað alger fjarstæða að tala um það, að hækkunin á olíuverði og sá mikli vandi, sem komið hefur upp gagnvart vissum aðilum í þjóðfélaginu af þeim ástæðum, standi eitthvað í sambandi við tekjur ríkissjóðs eða hinar almennu stjórnmáladeilur, sem eru uppi á Alþingi. Það má heita býsna furðulegt, ef þeir eru margir hér á Alþ., sem hafa þá skoðun, að það eigi ekki að reyna að leysa þann mikla vanda, sem þeir standa frammi fyrir, sem þurfa að hita upp húsnæði sitt með olíu, eins og nú er komið, heldur eigi að reyna að tvinna þau mál saman við aðrar deilur og jafnvel gersamlega óskyldar deilur. En það er mjög fróðlegt að fá að heyra það og sjá, að þeir menn eru einnig til á Alþ., sem slíka skoðun hafa.

Í sambandi við það, sem hv. 9. landsk. þm. sagði, að ég hefði svarað fsp. hv. 1. þm. Sunnl. á þann hátt, að það ætti að skilja ákveðið orð í frv. á allt annan veg en orðið segði til um, þá er hér auðvitað um hreinan útúrsnúning hjá þessum hv. þm. að ræða. Ég sagði ekkert á þá leið. Ég sagði, að það bæri að skilja orðið eins og orðið á að skilja, það er væntanlega skilið af öllum, að íbúðarhúsnæði er alveg ákveðið. Hins vegar sagði ég, bæði eftir að hafa hugleitt það sjálfur og borið mig undir aðra, að þó að frv. með þessu orðalagi sé hér samþ., tekur það engan rétt af Alþ. til þess að ákveða annað í síðari lögum, sem Alþingi setur. Auðvitað stendur það opið, þegar gjaldinu verður ráðstafað. Ef Alþ. vill ráðstafa því á enn annan hátt, hefur Alþ. alveg óbundnar hendur í þeim efnum. Það er það eina, sem ég hef sagt. En þessi gjaldtaka er gerð í því skyni að draga úr kyndingarkostnaði við íbúðarhúsnæði, og það er skoðun mín, að það eigi að binda þetta eingöngu við það. Hitt er alveg ljóst, að þegar frv. verður hér lagt fram um ráðstöfun á þessu fé og fyrirkomulag á greiðslunum, getur Alþ. ákveðið, að gjaldið skuli renna til fleiri aðila eða á annan hátt en hér er ákveðið. Það er ekkert slíkt vald tekið af Alþ. Þetta er það, sem ég sagði, og þannig ber vitanlega að skilja þetta, án þess að út úr orðum manns sé snúið á nokkurn hátt.

Það hefur komið hér fram áður, að m. a. hv. 1. þm. Sunnl. vill a. m. k. fyrir sitt leyti hafa það opið, að það sé hægt að ráðstafa þessu gjaldi til fleiri aðila en þeirra, sem hita upp íbúðarhúsnæði. Það er ekkert við því að segja. Hann athugar það á sínum tíma, hvort hann vill flytja till. um það eða ekki. En vegna þess, hvernig þessi gjaldtaka er og við hvað hún er miðuð, þá vil ég ekki standa að því að flytja hér till. um annað en þessu sé varið í sambandi við íbúðarhúsnæði.

Ég skal svo ekki á þessu stigi efna til frekari umr. Það var auðvitað margt, sem kom fram hjá hv. 9. landsk. þm., af því tagi, að það hefði verið ástæða til að ræða það hér, en það mundi verða til þess, að umr. færu út á svo breiðan grundvöll, að ég skal ekki gefa frekari tilefni til þess. En ég legg á það mikla áherslu, að málið fái afgreiðslu í dag, svo að þessi gjaldtaka geti hafist strax um næstu mánaðamót og það söluskattsstig, sem hér er um að ræða að framlengja, falli ekki niður. Takist það ekki, sýnist mér, að komið sé í óefni, og þá er verið að fara með þetta mál þannig, að það sé verið að stefna því í beina hættu. Kemur þá auðvitað til mála, að ríkisstj. leggi fram sína till. um tekjuöflun og það verði þá að ráðast, hvernig það fer, hvort menn vilja leysa þetta vandamál eða ekki. En ég trúi því ekki, fyrr en ég tek á, að það samkomulag, sem gert hefur verið um þessa tekjuöflunarleið, eigi ekki eftir að standa við afgreiðslu þessa máls.

Pétur Sigurðsson: Herra forseti. Þrátt fyrir stjórnvisku þeirra, sem ráða ríkjum á hv. Alþ. og í ríkisstj. Íslands, vakti það nokkra athygli á fundi í hv. d. í gær, að mjög var tafsamt að koma fram frumvörpum ríkisstj. Hins vegar vakti það nokkra athygli, að til höfðu verið kallaðir sjónvarpsmenn og þeir höfðu stillt sér upp í þá gætt, sem þeir eru vanir að stilla sér upp í, væntanlega þá til þess að mynda það, sem fram færi á fundi, annaðhvort í Nd. eða Sþ. Allir fengu svo að vita, af hverju þeir höfðu verið boðaðir, þegar fundur hófst í Sþ., enda hafði hv. 5. þm. Vesturl., hv. þm. Jónas Árnason, oftlega gengið til þeirra sjónvarpsmanna og miðað út, hvort öruggt væri, að hitt yrði á ræðumann í ræðustól, þegar hann tæki til máls. En því miður voru þeir horfnir á braut, þegar hv. formaður Alþb., Ragnar Arnalds, og hann sjálfur tóku til máls, og verður því miður að lá sjónvarpinu það að birta ekki myndir af flokksbræðrum hæstv. sjútvrh., en hann kvartar mjög um það, að myndir komi fram af hans pólitísku andstæðingum.

En ég hef veitt því athygli, að sjónvarpið er aldrei kvatt til, þegar hæstv. ríkisstj. er að leggja

fram nýjar till. um nýjar skattaálögur á vora þjóð. Ég sé þá aldrei standa hér í gættinni, þegar hæstv. ráðh. leggja fram till. um það: Við skulum bæta 1% í dag við söluskattinn, við skulum bæta við 5% á morgun, við skulum leggja fram þennan skattinn í kvöld og svo annan í fyrramálið, — enda sé ég, að hv. fjármálaspekingur Framsfl. borar upp í nefið á sér núna, því að hann veit ekki, í hvora löppina hann á að stíga, þegar hann er beðinn um að flytja þetta fram á hv. þingi.

Nú skal ég taka það fram, að ég, eins og aðrir þm. Sjálfstfl., var sammála um það, og er sammála um það, að við þurfum og þurftum að koma til móts við þann mikla vanda, sem blasti við þjóðinni, þegar hinar miklu olíuhækkanir skullu yfir. En ég held, að hæstv. ríkisstj. og hæstv. viðskrn. verði að svara þeirri spurningu, um leið og þetta frv. á að ná fram, hvort þetta sé jafnnauðsynlegt nú og það var þá. Við hvað var miðað og hvað er fram undan í þessum viðskiptum? Alls staðar kemur sú hin sama spá fram, að olíuverð muni lækka á næstunni. Ef svo er, þá finnst mér, eins og hv. 9. landsk. hv. þm., Ellert B. Schram, tók fram, að það vanti ekki einungis ákvæði um það, hvernig eigi að nýta þetta fé, sem kemur inn vegna þess söluskatts, sem nú á að leggja aftur á þjóðina, heldur vanti máske líka ákvæði um það, hvernig eigi að nýta, ef eitthvað verður þarna afgangs. Eða mættum við kannske eiga von á bótum, ef olíuverð lækkaði það mikið, að olíuhitun gæti orðið ódýrari, ef um fjölmenna fjölskyldu væri að ræða, fyrir jafnfjölmenna fjölskyldu, sem býr á hitaveitusvæði?

Það eru margar spurningar, sem hljóta að koma upp í sambandi við þetta mál, og ég held og tel persónulega, að það sé ekki hægt að afgreiða það öðruvísi en frv. um það, hvernig eigi að innheimta og hvernig eigi að útdeila þessu fé, liggi fyrir jafnframt.

Til þess að undirstrika enn betur þá skoðun mína, að ríkisstj. sjálf geti ekki talið jafnmikla alvöru fylgja hækkun olíuverðs á heimsmarkaði og áður var, bendi ég á nýgerða kjarasamninga verkalýðsfélaganna. Það er ekki ýkjalangt liðið, síðan ríkisstj. beitti sér fyrir samkomulagi við opinbera starfsmenn, sem m. a. byggðist á þáverandi heimsmarkaðsverði á olíu. Í sambandi við nýgerða samninga Alþýðusambands Íslands, — eða hluta Alþýðusambands Íslands, því að enn eru margir kjarasamningar ógerðir, — hefur ekki verið minnst á olíuverð á heimsmarkaði einu orði og reyndar nýgerðir samningar farið langt fram úr því, sem gert var við opinbera starfsmenn, þannig að í fljótu bragði mætti ætla, að þessi vá væri ekki fyrir dyrum, eins og var á sínum tíma.

Þegar rætt var í þingfl., a. m. k. í mínum þingfl., um þessa vá, sem fyrir dyrum var þá og að sjálfsögðu er enn þá, — því að það viðurkenna allir menn, að á móti þessum vanda verður og á að koma, en okkur er auðvitað ekki sama, hvernig það eigi að gerast, — þá sagði ég m. a. við mína flokksbræður og systkin, að ég teldi ekki rétt, að lagður yrði á hitaveituskattur, það ætti ekki að refsa okkur hér í Reykjavík, Húsavík eða Sauðárkróki fyrir að hafa lagt á okkur sjálf skatt á undanförnum árum til þess að nýta þau landsgæði, sem við búum við og auðvitað hafa skapað búsetu á þessum stöðum og mest fjölmenni hér, vegna þess að landsgæðin eru mest. Það á ekki að leggja á okkur aukaskatt fyrir að hafa gert þetta, eins og ég sagði. Hitt er annað mál, að þeir, sem búa við betri kjör í þessu landi, hvort sem farið er eftir búsetu eða eftir öðrum kjörum, eiga að koma á móti, þegar bregður til hins verra fyrir aðra, og hjálpa þeim, þegar þannig stendur á, og því er ég með því, að þessi skattur verði lagður á þjóðina. En mér er ekki sama, hvernig honum verður útdeilt. Ég tel ákaflega varasamt, að honum verði útdeilt á þann hátt, eins og hugmyndir hafa komið fram um, einfaldlega vegna þess að ég held, að það verði um mikla misnotkun þar að ræða. Ég fæ t. d. ekki séð, hvers þeir eigi að gjalda, smáatvinnurekendur, þó að við undanskiljum alla aðra, eins og vörubílstjórar, þeir, sem gera út sína trillu, hvort sem hún er gerð út frá Norðfirði eða annars staðar, eða þeir, sem þurfa að nýta sína traktora, hvort sem það er í Rangárvallasýslu eða annars staðar, eða heyvinnuvélar eða annað þess háttar. Og því má jafnvel bæta við, að það getur verið margt nauðsynlegt húsnæði, sem þarf að nýta, annað en íbúðarhúsnæði. Það getur verið sameiginlegt húsnæði félaga, félagasamtaka, það geta verið félagsheimili. Af hverju skyldi ekki mega greiða niður olíu hjá slíkum aðilum, sem virkilega þurfa á því að halda ekki síður en margir einstaklingar, sem búa í sínum einkaíbúðum? Mín fyrsta skoðun var því sú, að auðvitað ættum við að nýta það fé, sem inn kæmi, til þess að lækka olíuverðið og um leið ættum við að hjálpa íbúðareigendum að sjálfsögðu fyrst og fremst. En við þyrftum að líta til margra annarra um leið. En það, sem ríkisstj. er að fara, er þetta, að hún vill halda vísitölu niðri, og þess vegna er farið inn á þessa leið. Það er gott og vel. Auðvitað hljótum við allir að reyna að hjálpa aumingja ríkisstj. við að ná þeim árangri, og ekki skal standa á mér við það. En ég held samt sem áður, að við þurfum að líta á ýmsa meinbugi, sem koma fram um framkvæmd þessa máls, og ég held, að við ættum að flýta okkur hægt í þessu máli og við þyrftum hér í hv. þd. að fá að sjá, hvernig ríkisstj. hyggst útdeila þessu fé, þegar skatturinn verður kominn á.

Ég endurtek spurningu mína til hæstv. félmrh.: Ef afgangur skyldi verða, hvernig verður hann nýttur? Og ég endurtek aðrar spurningar mínar og þá kannske að síðustu þá spurninguna: Hefur hæstv. ríkisstj. og þá sérstaklega hæstv. viðskrh. leitað eftir því, hvort við getum náð fram kaupum á olíu á lægra verði en við höfum keypt hana á að undanförnu? Og kannske er það meginmál og mál málanna, hvort við getum ekki náð betri samningum um kaup á olíu en við höfum notið að undanförnu.

Bjarni Guðnason: Herra forseti. Ég hef áður lagt orð í belg varðandi þetta mál, þannig að ég skal nú stytta mál mitt mjög. Engu að síður eru tvö, þrjú atriði, sem ég vil víkja nánar að.

Það, sem komið hefur fram hér í umr. og blasir

við hverjum þm., er sá ágalli, að ekki skuli fylgja þessari tekjuöflunarleið frv., sem greini frá því, hvernig ráðstafa skuli fénu, því að afstaða mín og ýmissa annarra þm. mótast af því, hvernig ráðstöfun fjárins er háttað. Ég vil benda á tvennt í því sambandi, sem ég tel algera forsendu þess, að ég geti stutt svona fjáröflunarleið. Það er í fyrsta lagi, að helmingurinn af söluskattsstiginu, sem yrði þá væntanlega 350—400 millj., færi í stofnsjóð, sem sveitarfélögin hefðu aðgang að til þess að leita að öðrum orkugjafa en olíu til að kynda hús sín. Þetta tel ég algerlega nauðsynlegt til þess að velta ekki vandanum á undan sér, heldur ráðast að vandanum með raunhæfum aðgerðum. Hæstv. forsrh. vék að þessu, þegar málið var síðast til umr., og virtist mér hann hafa mjög svipaða skoðun á þessu.

Ef af þessu yrði, kæmi væntanlega hálft söluskattsstig til úthlutunar, þ. e. a. s. til ráðstöfunar til þeirra, sem kaupa olíu. Þar er vandinn sá, að ekki spretti upp í kringum þetta alls konar skrifstofubákn, einhvers konar umsýsla, sem kaffæri þessa hluti og erfitt verður síðar meir að losna við. En það er alltaf einkenni í okkar þjóðfélagi, að það spretti upp alls konar skrifstofubákn, sem ógerningur er síðan að losna við. Og þess vegna hef ég við nánari íhugun talið heppilegustu leiðina að afhenda olíufélögunum þessa upphæð, þannig að þau seldu olíuna beint til neytenda á því verði, sem niðurgreiðslan segði til um, þannig að þá þyrftu ekki neytendur síðar meir að greiða hærra fyrir olíuna, en síðan koma með nótur og alls konar kröfugerð til annarra um niðurgreiðslur. Þetta væri langauðveldasta leiðin, og ég hygg, að það mætti *komast hjá verulegum kostnaði, ef þessi leið* væri farin. En að sjálfsögðu þarf að hafa eitthvert aðhald með olíufélögunum, að þar verði ekki nein misnotkun á. En m. ö. o., ég tel meginatriði, að þessu fylgi kosnaðarlaus umsýsla og ekki skrifstofubákn.

Ég get tekið mjög undir margt af því, sem hv. 9. landsk. þm. sagði, hvað varðaði það, hvernig þetta mál bæri að. Mér virðist þess gæta verulega, og það kom fram í máli hæstv. viðskrh., að þetta söluskattsstig mætti undir engum kringumstæðum falla niður úr innheimtu. Hérna komum við nefnilega að dálítið merkilegu máli. Hvergi má slaka á skattheimtunni. Og þetta er að vissu leyti angi af miklu stærra máli, þeirri söluskattsástríðu, sem gripið hefur núna stjórnarliðið og óvíst er, að séð sé fyrir endann á.

Við skulum gera okkur ljóst, að verðbólgan er vaxandi í þjóðfélaginu og þessi háttur, að innheimta söluskatt og dreifa honum síðan til neytenda, eykur enn á verðbólgu. Hér hefði verið miklu skynsamlegra að fara þá leið, sem ég hef margsagt, að skera niður fjárlög um 500 millj. og leggja til þessa olíusjóðs. Á það hefur verið margbent og m. a. síðast af hæstv. forsrh., að þá þyrftu að koma fram beinar till. um það, hvar ætti að skera niður, og þetta er satt og rétt. Ég hygg, að það væri ráð fyrir þingflokkana að setjast nú niður og koma sér þá saman um, hvar ætti að skera niður. Ég vil benda á, að mér virðast sumar fjárveitingarnar í fjárl. vera af því tagi, að það sé ekki mannafli til þess að sinna ýmsum framkvæmdum. Fjárveitingarnar eru á sumum liðum í fjárl. meiri en mannaflinn beinlínis heimilar. Og það er alveg sama, hvað menn berja höfðinu lengi við steininn, það kemur að því, að við þurfum að fara að breyta um efnahagsstefnu. Við þurfum að fara að snúa við hlutunum. Þess vegna hefði verið skynsamlegast, að allir þingfl. hefðu sest niður, borið sameiginlega ábyrgð á þeirri óvinsælu ráðstöfun, sem er að skera niður, og láta það fé fara þá í þennan olíusjóð, og það mundi að mínu viti horfa til þess að dempa niður verðbólguna. En minn ágæti og elskulegi vinur, hæstv. fjmrh., hefur nú ekki mikinn skilning á því.

M. ö. o.: sú hugmynd að greiða niður olíuverð, eins og nú háttar, er fullkomið sanngirnismál, og til þess þarf að afla fjár. Ég hefði kosið, að það hefði verið með öðrum hætti og þannig, að um leið hefði verið hægt að ráðast að verðbólgunni með því að skera niður liði á fjárl. En því miður er aðferðin alltaf sú sama, að hún örvar verðbólguna, sem fyrir er í þjóðfélaginu, og því miður virðist núv. stjórn ekki gera sér ljósa grein fyrir þeirri þróun, sem á sér stað í efnahagsmálum, og svo einn góðan veðurdag síðla sumars standa hér upp íslenskir stjórnmálamenn og segja: Nú er allt í voða, nú þarf gengisfellingu, nú er um ekkert annað að ræða. — Og allir hjartanlega sammála; ekkert til nema gengisfelling. Þannig þróast málin. Og þá er engin önnur leið til, hvort sem það sitja hægri eða vinstri menn í stjórn á Íslandi, ekkert til nema gengisfelling, því miður.

Eysteinn Jónsson: Herra forseti. Ég ætla ekki að blanda mér í umr. um þetta mál, en stóð upp vegna þess, að mér fannst gæta alvarlegs misskilnings hjá hv. 10. þm. Reykv. um samband sjónvarps og Alþingis, og máske eru fleiri hv. þm. þannig settir, að þeir vita ekki til fulls, hvernig því er háttað, og því tel ég rétt að upplýsa það. Sjónvarpsmenn eru ekki kallaðir hingað á Alþingi. Sjónvarpið ræður því alveg sjálft, hvenær það sendir sína fulltrúa hingað. Á hinn bóginn er það skoðun mín, og ég hygg, að mér sé óhætt að segja skoðun forsetanna, að þetta ætti að vera sem oftast. Þeir vita það vel hjá sjónvarpinu a. m. k., að það er mín skoðun, að þeir ættu að koma hér sem oftast. En þeir ráða því á hinn bóginn alveg sjálfir, hvenær þeir koma. Það er nauðsynlegt, að þetta sé alveg skýrt. Og þetta álít ég heilbrigða reglu. Ég álít að sjónvarpið eigi að meta það sjálft, hvenær það vill taka upp efni hér á Alþingi, og Alþingi eigi ekki að fara út á þá braut að panta sjónvarpið hingað. Þetta er reglan, og þetta vil ég, að sé alveg ljóst.

Jónas Árnason: Herra forseti. Maður heyrir æðioft *bull hér í þessum sal. Það er ekki alltaf* sams konar bull. Stundum er það skemmtilegt bull. Að mínum dómi er hv. þm. Pétur Sigurðsson sérfræðingur í skemmtilegu bulli. En honum fatast stundum, og þá getur orðið úr þessu leiðindabull.

Hann byrjaði ræðu sína hér áðan á þeirri

fullyrðingu, að sjónvarpsmenn, sem komu hingað í gær, hefðu verið hér á mínum vegum, enda hafi ég sést tala við þá, ég hefði jafnvel verið að fikta við apparötin hjá þeim, til þess að þau hittu á sjálfan mig, þegar þau yrðu sett í gang. Það er rétt, að ég vék mér að þessum sjónvarpsmönnum og spurði sí-svona: „Hefur íhaldið aftur hringt og látið vita, að nú eigi að fara upp utan dagskrár?“

Það skeði nefnilega tvo daga í röð, að sjónvarpsmenn voru hér niður frá með myndavélar, og það var sagt rækilega frá framsöguræðu hv. þm. Ragnhildar Helgadóttur, þegar hún fór upp utan dagskrár út af ræðu, sem flutt var úti í Stokkhólmi. Það var ljósmyndari og tilheyrandi. Og þetta skeði í tvo daga í röð. Og ég er ekki í neinum vafa um það, að sjálfstæðismenn hringdu, og hvernig sem þeir hafa orðað þetta, þá hefur það leitt til þess, að þetta fólk kom hingað niður eftir. Þess vegna spurði ég í gær: „Hvað? Ætlar íhaldið enn þá einu sinni upp?“ Þetta var nú ástæðan til þess, að ég talaði við þessa sjónvarpsmenn.

Ég skil satt að segja ekki, hvað veldur þessum aths., margendurteknu aths. í þessum dúr hjá hv. þm. Pétri Sigurðssyni varðandi mig. Ég virðist verka afskaplega „inspírerandi“ á manninn, — svoleiðis jafnvel að oft, þegar ég er að tala, hleypur andagiftin með hann í gönur, hann er alltaf að grípa fram í. Stundum hefur þetta gengið svo langt, að mér hefur komið í hug maður einn á togara, sem þessi gamli sjómaður hefur kannske heyrt um. Hann hafði viðurnefnið „Lásagleypir“. Hann talaði afskaplega mikið. Hann var alltaf talandi, grípandi fram í fyrir öðrum mönnum. Einu sinni fór hann til ljósmyndara. Þegar ljósmyndarinn var búinn að stilla á hann vélinni, þá dokaði hann við, smellti ekki af strax, heldur sagði: „Vilduð þér ekki gjöra svo vel að loka á yður munninum eitt andartak, svo að maður geti séð, hvernig þér eruð í framan.“

Pétur Sigurðsson: Herra forseti. Ég held, að við þekkjum báðir Guðmund lásagleypi, ég og hv. þm. Hins vegar eru til fleiri viðurnefni á gömlum togarasjómönnum og þ. á m. þau, sem ég skal fara með fyrir hv. þm. annað kvöld. En ósköp er leiðinlegt, þegar þessi hv. þm. er að ásaka aðra þm. fyrir bull í salnum. Maðurinn er frægastur fyrir þetta sjálfur hér í sölum Alþingis, frá því að hann kom hingað fyrst á þing fyrir — mér liggur við að segja tugum ára, með eitthvað 18 atkv. á bak við sig, eitthvað þess háttar, og flutti till. um leturborð á ritvélum. (**JónasÁ:** Atkv. voru 67.) 67 voru atkv., sem maðurinn hafði. Það er ekki lítið. (**Jónas Á:** Það var talinn farmur í einn strætisvagn.) Já, það hefur líklega verið sá strætisvagn, sem gengur í Reykholt.

En við skulum ekki vera að eyða tíma þingsins í rifrildi um það, hvort ég hafi á réttu að standa um sjónvarpsmenn eða hann. Ég tók eftir orðum hæstv. forseta Sþ., og ég trúi honum í þessu eins og sumu öðru, og skulum við láta þar við sitja.

Hins vegar ætla ég að leiðrétta það við hv. 5. þm. Vesturl., að hér hafi verið sjónvarpsmenn, þegar hv. þm. Ragnhildur Helgadóttir var að tala hér um daginn. Það er langt frá því. Mín orð voru t. d. komin fram af því, að hæstv. ráðh. orðaði það á þann veg einu sinni, að ég teldi mér nauðsynlegt að taka hér til máls utan dagskrár og ég hefði pantað mynd af mér í sjónvarpinu. Ég bað bæði hann og aðra að koma þeim skilaboðum til sjónvarps, að það yrði ekki birt mynd af mér, heldur þessar tvær frægu af honum. Það hefur ekki enn þá verið gert, en það mætti gjarnan gera það. Hins vegar veit ég, að það þarf 26 tommu skerm, til þess að báðar tungurnar komist fyrir.

Benedikt Gröndal: Herra forseti. Það er orðið svo, að venjulegir þm. þora varla að koma hér upp í pontuna, þegar úrvalsskemmtikraftar okkar hafa verið hér spriklandi.

Ég get sagt það af alllangri reynslu, að þess munu vera fá eða engin dæmi, að flokkar eða einstakir þm. hafi reynt að panta sjónvarpseða útvarpsmenn hingað, og ég leyfi mér að fullyrða, að ef einhver reyndi það, mundi það hafa þveröfug áhrif á starfsfólkið á fréttastofunum. Varðandi s. l. mánudag eða þriðjudag, þá voru hér engar sjónvarpsvélar, sem ég gat séð a. m. k. Hins vegar var hér fréttamaður frá sjónvarpinu á þriðjudaginn, ekki með myndatökumenn með sér, og ég ræddi við hann um allt annað en kemur við Alþingi. Það kom í ljós, að erindið, sem hann átti hingað, var að panta viðtal við forsrh., sem var þá nýkominn til landsins og hafði að sjálfsögðu það fréttnæmasta að segja.

Annars ætlaði ég ekki að skipta mér af þessu frekar en að segja, að það eru til dæmi um það, að alþm. hafi hringt í fréttastofurnar eftir á og kvartað um meðferð. Það eru ekki mörg ár síðan einn ágætur alþm. sat við útvarpið með stoppúr til að mæla það, að þar væri jafnmikið gert fyrir alla flokka. En ég hygg, að þetta séu undantekningar og fréttastofnanir Ríkisútvarpsins ráði því sjálfar, hvað þær gera.

Meginástæðan til þess, að ég kveð mér hljóðs, er sú að taka undir þau orð, sem hæstv. forseti Sþ. sagði um vinnubrögð varðandi fréttir, og þann vilja hans og hinna forsetanna, að fulltrúar þessara fréttamiðla komi hér sem mest. Það er að vísu alltaf fulltrúi frá Ríkisútvarpinu í húsinu, og hann sendir sínar skrifuðu fréttir bæði á fréttastofu sjónvarps og hljóðvarps, og síðan vinnur sjónvarpið eftir því. En ég vildi gjarnan fá upplýst og fá það staðfest, að fréttamenn hljóðvarpsins og sjónvarpsins hafi rétt til að fá afnot af segulböndunum af ræðum þm. án þess að þurfa að spyrja um leyfi hjá einstökum þm. í hvert og eitt skipti. Við liggjum allir undir meiri eða minni ákærum um, að við breytum og fölsum afskriftir af ræðum okkar, og það væri ágætt, ef það lægi fyrir í eitt skipti fyrir öll, að þessum fréttamiðlum er heimilt að nota hluta af segulböndunum. Við veitum þá heimild í því trausti, að þeir fari vel með hana.

Gunnar Thoroddsen: Herra forseti. Ég vona, að það sé rétt skilið hjá mér, að til umr. sé

hér á dagskránni frv. til l. um álagningu sérstaks gjalds til að draga úr áhrifum olíuverðhækkana.

Það bar nokkuð á góma áðan hjá hæstv. sjútvrh., að hann hefði um þetta mál átt viðræður við fulltrúa stjórnarandstöðunnar. Ég vil í örfáum orðum gera grein fyrir því, að það var fyrir réttum 4 vikum, að Sjálfstfl. tók þá ákvörðun að skrifa ríkisstj. sérstakt bréf út af þessum málum. Þá var ljóst, að verðhækkanir á olíu voru svo miklar, að valda mundi stórkostlegum vandræðum fyrir það fólk víðs vegar úti um land, sem þarf að hita hús sín með olíu. Meginatriði þessa bréfs, sem sent var 30. jan. til hæstv. ríkisstj. að leggja fram hið allra fyrsta till., vandi á höndum, að það væri skoðun þingflokks sjálfstæðismanna, að ekki mætti dragast lengur, að gerðar væru ráðstafanir til að létta útgjöld þeirra, sem verða að kaupa þetta dýra eldsneyti. Því skoraði þingflokkur sjálfstæðismanna á ríkisstj. að leggja fram ahið allra fyrsta till., sem feli í sér það mikla lækkun á olíu til húsahitunar, að kostnaðurinn á kyndingu með olíu, raforku og jarðvarma aukist ekki frá því, sem hann var, áður en olíuverðið fór að hækka. Þessu til viðbótar var svo bent á þá örðugleika, sem sá atvinnurekstur, sem háður er olíu sem orkugjafa, ætti við að búa, og þyrfti að gera ráðstafanir í því sambandi einnig.

Skömmu eftir að þingflokkur sjálfstæðismanna hafði sent ríkisstj. þetta bréf, ræddi hæstv. sjútvrh. við mig um málið og hélt nokkru síðar sameiginlegan fund með okkur hv. 7. þm. Reykv., Gylfa Þ. Gíslasyni. Þá hafði ríkisstj. þær hugmyndir, að lagður yrði sérstakur skattur á í þessu skyni, til þess að greiða niður olíu til húsahitunar. Sú tekjuöflun yrði fólgin í því að leggja á útsvarsálag, þ. e. a. s. ellefta prósentið á útsvarsstofn, og það fé skyldi notað til niðurgreiðslu á olíu í einu eða öðru formi. Það voru raunar ákveðnar till., sem ríkisstj. hafði þá að gera um, með hverjum hætti þetta skyldi koma til framkvæmda.

Það var skoðun okkar Gylfa Þ. Gíslasonar, að það væri óæskileg tekjuöflun að leggja þannig ofan á útsvörin og önnur leið væri æskilegri. Hún væri sú, að í stað þess, að ríkisstj. hafði þá í huga að framlengja tvö söluskattsstig vegna Viðlagasjóðs, sem stjórn Viðlagasjóðs hefði farið fram á, væri athugandi, hvort 1% mundi ekki nægja a. m. k. um sinn fyrir Viðlagasjóð, en 1% söluskattssins mætti nota til niðurgreiðslu á olíunni eða sem olíustyrk.

Eftir nokkrar athuganir og viðræður varð þessi niðurstaðan. Hæstv. ríkisstj. féll frá því að framlengja Viðlagasjóðsgjaldið um bæði söluskattsstigin og að leggja nýtt útsvarsálag á vegna olíumálanna. Niðurstaðan varð því sú að framlengja söluskattsstigin tvö og rynni annað prósentið til Viðlagasjóðs, en hitt til olíumálanna, eins og þetta frv. fer fram á. Þannig má segja, að viðhorf stjórnarandstöðunnar hafi ráðið því í þessu máli að losa landslýðinn við þetta álag á útsvörin, sem hæstv. ríkisstj. hafði í huga. Er vel að minu áliti, að samkomulag hefur náðst um þetta milli hæstv. ríkisstj. og stjórnarandstöðunnar.

Varðandi tilhögun þess, hvernig eigi að greiða niður olíuna eða veita olíustyrki, þá hefur, eins og raunar hefur komið fram, aðallega verið rætt um þrjár leiðir. Ein er sú að viðhafa beinar niðurgreiðslur á olíuverðinu. Önnur er sú að miða greiðslur til þeirra, sem nota olíuhitun, við stærð íbúða eða stærð húsnæðis. Og þriðja leiðin er sú að greiða ákveðinn styrk á hvern fjölskyldumeðlim þeirra fjölskyldna, sem þurfa að nota olíu til hitunar. Vegna þess að nokkuð eru skiptar skoðanir um, hvaða aðferð sé heppilegust, varð að ráði að fresta þeirri ákvörðun nú, og segir því í þessu frv., að tekjum af gjaldi þessu verði ráðstafað samkv. sérstökum lögum. Þegar þau lög verða lögð fyrir Alþ., þá er það að sjálfsögðu á valdi Alþingis að ákveða, hver aðferðin verði höfð. Vegna þessa ákvæðis í 2. gr., að tekjum af gjaldinu skuli ráðstafað samkv. sérstökum l. síðar, finnst mér, að hefði verið eðlilegra að fella niður úr 1. gr. orðin „til hitunar íbúðarhúsnæðis“, þar sem hvort sem er á að taka til meðferðar síðar, hvernig á að haga þessum málum. Ég vildi aðeins láta þetta koma fram í framhaldi af því, sem hæstv. sjútvrh. rakti hér réttilega um þessar viðræður okkar.

Ég vil taka það fram, að þingflokkur sjálfstæðismanna styður þetta frv. eins og það liggur fyrir, en að sjálfsögðu eru einstakir þm. nú eins og ella frjálsir um það, ef þeir hafa aðrar skoðanir, að láta þær koma fram í umr. og atkvgr.

Það væri ástæða til þess að ræða þessi mál nokkru nánar. En ég skal ekki lengja þessar umr., þar sem ætlunin mun að reyna að afgreiða frv. sem fyrst. Vissulega er það eitt af meginverkefnum Alþingis nú á næstunni að vinda bráðan bug að stórvirkjum í orkumálum, að nýta þær miklu orkulindir, sem við höfum í vatnsföllum okkar og jarðvarma, hið allra fyrsta, til þess að við höfum minni og minni þörf fyrir dýra erlenda orkugjafa eins og olíuna. Hér eru svo miklar auðlindir, svo miklir fjársjóðir í þessu fólgnir hjá okkur, að leggja þarf höfuðáherslu á, að virkjun þessara auðlinda verði hraðað sem allra mest. Um það, með hverjum hætti það skuli gert, og hverjar áætlanir yrðu þar um gerðar, skal ég ekki ræða hér, til þess gefst tækifæri síðar.

ATKVGR.

1. gr. samþ. með 35:1 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: BK, JSk, JónasÁ, JJ, HSM, LárJ, LJós, SM, ÁS, MÁM, ÓE, ÓlJ, PJ, PP, StefG, SV, SvJ, SvH, VH, ÞÞ, ÁÞ, BGr, BP, EystJ, FÞ, GS, GuðlG, GunnG, GTh, GÞG, HES, HjH, IngJ, IG, GilsG.

nei: EBS.

RH, BGuðn greiddu ekki atkv.

2 þm. (PS, JSÞ) fjarstaddir.

Einn þm. gerði svofellda grein fyrir atkv. sínu:

Bjarni Guðnason: Herra forseti. Ég er sammála því, að brýna nauðsyn ber til að greiða niður olíuverð eftir þær hækkanir, sem hafa orðið á olíunni, en tel hins vegar, að fjáröflunarleið sú, sem farin er, sé alröng og stefni í verðbólguátt, eins og sú fráleita veiðleitni ríkisstj. að fjölga sífellt söluskattsstigunum. En með til-

liti til þeirrar brýnu nauðsynjar, sem hér er um að ræða, þá vil ég ekki leggjast gegn frv. og greiði því ekki atkv.

ATKVGR.

2.—3. gr. samþ. með 36 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 35 shlj. atkv.

Neðri deild, 71. fundur.

Miðvikudaginn 27. febr., að loknum 70. fundi.

Gjald til að draga úr áhrifum olíuverðhækkana, frv. (þskj. 412). — 3. umr.

Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði samþ. með 35 shlj. atkv.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 34 shlj. atkv. og afgr til Ed.

Umræður utan dagskrár.

Forseti (Gils Guðmundsson): Nú hygg ég, að það sé öllum hv. þdm. ljóst, að forsetar þingsins telja ekki æskilegt, að hér verði umr. utan dagskrár sem fastur daglegur dagskrárliður. En með hliðsjón af því, að einn hv. alþm., sem mun hverfa af þingi í dag eða eftir daginn í dag eða eftir daginn á morgun, hefur óskað þess að segja hér nokkur orð utan dagskrár, þá mun ég verða við því.

Hjördís Hjörleifsdóttir: Herra forseti. Ég vil byrja á því að þakka þá vinsemd, sem mér hefur verið sýnd. Það mál, sem liggur mér á hjarta, hefur verið þannig vaxið, að ég hef ekki getað komið því fram á annan hátt en þennan, vegna þess, hve minn þingtími hefur verið stuttur. Annars mundi ég hafa flutt hér þáltill. Ég vona, að þetta tefji ekki þingstörf að mun, því að mér sýnist, að það hafi ekki legið svo mikið á þá daga, sem ég hef verið hér í þinginu, að koma ýmsu áleiðis, og það verður kannske ekki á næstunni og kannske ekki oftar, sem ég hef tækifæri til þess að segja fáein orð um það mál, sem mér hvílir á hjarta.

Sem sagt, hv. alþm. Ég fékk hér í það fyrra skipti, er ég kom inn á þing, plagg til undirskriftar, nokkurs konar eiðstaf, þar sem ég hét því, að í öllum málum skyldi ég fyrst og fremst fylgja sannfæringu minni, bera sannleikanum vitni að því marki, sem ég hef vit og getu til. Ég tók mark á þessu plaggi. Þess vegna hef ég risið upp og stigið í þennan merkisstól, timburhólfið, þaðan sem rödd sannleika, vísdóms og ættjarðarástar er ætlað að hljóma út og suður.

1. maí fyrir tveimur árum stóð ég á torgi og hlustaði á hefðbundnar ræður hefðbundinna manna á svölum Alþýðuhúss Ísafjarðar. Að baki þeirra voru reist þrjú stór og mikil spjöld. Áritunin var: Frelsi, jafnrétti og bræðralag. Hann var hvass, og vindhnútar köstuðust yfir söfnuðinn. Allt í einu sá ég, hvar jafnréttið og bræðralagið hófust á loft og bárust eitthvað út í buskann, í sjóinn að líkindum, en enginn hefur séð þau síðan. Þarna var höfðuðskepna að verki, sem þreif úr höndum óviðbúinna manna tvö verðlítil pappaspjöld. Hér í sölum hins háa Alþingis er sannarlega enginn goluþytur, sem kastast af hnjúkum snjótypptra fjalla. En það er annars konar rok, hættulegur dragsúgur, sem hvirflast út úr munni hv. alþm., er leitast við að þeyta út úr hverju brjósti ekki aðeins jafnréttinu og bræðralaginu, heldur frelsinu líka.

Sá, sem á útkjálka býr og kemur ekki til höfuðborgarinnar nema á margra ára fresti, annaðhvort til að láta gera við skemmda tönn eða, sem sjaldnar vill þó til, taka setu á Alþingi, njóta þeirrar óvæntu náðar að setjast við viskubrunninn, nema af spekingum og ráðamönnum, hefur þó ýmislegt fleira í huga. Hann langar gjarnan að lyfta sér upp um leið. Ég t. d. var ákveðin í því að skjótast í leikhús, ef tími gæfist. Í fávisku minni hélt ég, að þau væru aðeins tvö og þangað yrði ég að fara og kaupa mér miða. En svo lengi lærir sem lifir.

Mánudaginn 18. þ. m. uppgötvaði ég allt í einu mér til stórrar furðu, að ég sat í aðalleikhúsinu, að vísu ekki í stúkusæti, en þó í allgóðum stól. Og án alls fyrirvara upphófst það furðulegasta sjónarspil, sem ég á allri samanlagðri ævi minni hef séð. Ekki veit ég, hvað þessi kómedía eða öllu heldur tragedía hefur heitið. Hafi hún verið kynnt með nafni, þá fór það a. m. k. alveg fram hjá mér. Ég er ekki skarpari en í meðallagi, svo að hv. þm. fyrirgefa mér vonandi, þótt eitthvað hafi farið fyrir ofan garð og neðan. T. d. verð ég að játa rúmri viku síðar, að ég veit ekki, hverjar voru aðalpersónur og hverjar auka. Það mátti svo virðast sem hv. þm. frú Ragnhildur Helgadóttir væri primadonna nr. eitt. Henni lá a. m. k. mikið á hjarta. Hæstv. iðnrh. hafði að sögn fjölmiðla móðgað útlenska svo freklega, að líklega mun aldrei um heilt gróa. Samt hef ég óljósan grun um, að hún hafi bara verið statisti, aðalleikararnir hafi allan tímann staðið að tjaldabaki, kannske með kvef, hver veit, það er að ganga. Á tímabili leit svo út sem senuþjófur væri kominn í pontuna, Pétur hv. alþm. Sigurðsson. Ég vissi ekki fyrr, hve feiknalegur ræðuskörungur sá maður er. Þarna fer líka allt saman, látbragðið, hreyfingarnar (sem gátu þó alls ekki notið sín vegna þrengslanna), og síðast, en ekki síst framúrskarandi heflað málfar. Hann talaði um, að Ólafur nokkur Palme mætti vart lyfta læri án þess að einhverjir menn, ég greip ekki alveg hverjir, stjörfnuðu af aðdáun og forundran. Hann sagði, að hæstv. sjútvrh. hefði slefað upp annarri hendi með hinni til að greiða atkv. sitt með sáttabréfi Breta. Auminginn ég, sem aðeins hafði lesið Þórberg og Kiljan, varð að kyngja þeim beiska sannleika, að þeir menn, sem ég taldi nota tunguna af hvað mestri íþrótt, fölnuðu í skini þessarar nýju stjörnu. Og má ég skjóta því hér inn í, að ræða hv. þm. rétt áðan jók enn á aðdáun mína.

Ég skal viðurkenna, þótt fávíslegt sé, að í upp-

hafi hélt ég, að einhver væri að meina eitthvað. En þegar á leikinn leið, rann upp fyrir mér sá grái sannleikur, að öll þessi súpa af orðum, allur þessi taugaveiklunarkenndi hávaði táknaði ekki nokkurn skapaðan hlut. Á tveggja klukkustunda meiningarlausan vaðal mátti kannske hlusta í þessu virðulega þjóðarleikhúsi, þegar sýningin var ekki bara ókeypis, heldur einnig borgað þokkalega fyrir að vera áheyrandi. Mig varði síst, að þetta væri bara fyrsti þáttur.

En næsta dag, þriðjudaginn 19., var skellt á mann senu nr. 2, og nú voru plöggin um ævintýri iðnrh. komin í réttar hendur, svo að menn gátu tekið til við að húðstrýkja hver annan í fúlustu alvöru. Að vísu var skotið inn einum og einum aukaþætti, eins og þegar einn aðalleikarinn skellti því á vesalings stjórnina okkar, að stefna hennar væri sú að láta fávísa sjómenn veiða loðnu til þess að hafa svo ánægju af því að neyða þá til að sturta henni steindauðri í sjóinn aftur. Ekki efa ég, að þm. hafi þarna talað af fyllstu sannfæringu. Fljótlega í upphafi 1. þáttar hafði læðst að mér sá grunur, að hér væru maðkar í mysunni. En þegar 2. þáttur var til enda leikinn, var eins og hula væri dregin af augum mér. Sá skelfilegi sannleikur leyndist sem sé ekki lengur, ef maður hafði kjark til þess að sjá hann, að fólkið, sem landsmenn höfðu kosið ið til þess að vinna og hugsa af ábyrgð og samhug um mikilsverð þjóðþrifamál, leyfði sér að hafa uppi auvirðilegustu kúnstir, allt í þeirri trú, að orð þess og athafnir kæmust út í fjölmiðlana, næðu til fólksins í landinu, svo að það gæti glaðst yfir bragðvísi og skylningakúnstum foringja sinna.

Hvar er sú þjóð, sem best er komin, að kyntir séu eldar sundurlyndis og haturs í brjósti hennar? Hvar er sú þjóð, sem á það skilið að vera svikin af forsvarsmönnum sínum í öllum þeim málum, sem mestu skipta? Hvar er sú þjóð, sem á það skilið, að þm. hennar séu svo óeðlilega skapaðir, að þeir hafi tungur tvær og tali sitt með hvorri? Er það íslensk þjóð? Sé svo, þá er hún lánlausari en ég hafði vonað.

Á meðan kvöl og neyð plaga svo til hvern einasta Íslending meðvitað og ómeðvitað, blygðast hv. alþm. sín ekki fyrir að eyða mjög svo dýrmætum tíma í fáránlegar orðahnippingar út af engu. Og það sem verra er, þeir vita gjörla, að fjas þeirra snýst um fánýti, ekkert. Emil Zola ákærði á sínum tíma sumt af sínu fólki fyrir andstyggð, sem það hafði framið gegn Alfred Dreyfusi. Ég er ekki Emil Zola, ég er ekki heldur hv. alþm. Hannibal Valdimarsson, ég er ekki einu sinni hv. alþm. Ellert B. Schram, og þó leyfi ég mér að hrópa út yfir þennan þingsal, já, út til ykkar allra: Ég ákæri hvern einasta þm., er hér hefur sæti, fyrir misnotkun á því valdi, sem honum er léð, og ég ákæri ekki síst sjálfa mig fyrir að hafa þagað til þessa, þó að mér hafi ekki verið auðvelt um vik.

Ég nefndi kvöl og neyð. Hver er þá sú hin mikla kvöl og neyð, sem knýr mig til að kveða upp svo þungan dóm yfir yður, þér alþm., með leyfi hæstv. forseta? Grein úr Tímanum föstudaginn 22. febrúar 1974. Yfirskriftin er: „Við viljum ekki deyja, — við viljum lifa lengur, — heyrðu lögreglumenn barnið segja fyrir innan læstar dyrnar.“

„Um kl. 2 í fyrrinótt var hringt til lögreglunnar úr fjölbýlishúsi í vesturbænum og hún beðin um að koma þegar í stað til að kanna ástæðuna fyrir miklum látum, sem kæmu úr kjallaraíbúð hússins. Þegar lögregluþjónar komu að dyrum íbúðarinnar, var þar allt slökkt og ekkert hljóð heyrðist. En þegar þeir lögðu við hlustirnar, heyrðu þeir barnsrödd segja: „Við viljum ekki deyja, við viljum lifa lengur.“ Var barninu auðheyrilega mikið niðri fyrir, og réðust lögregluþjónarnir þá á hurðina og brutu hana upp. Þar inni fundu þeir litla telpu og konu, sem var með mikið sár á höfði, og yfir þeim stóð líðlega þrítugur maður. Konan skýrði lögreglunni frá því, að maðurinn, sem hún þekkti, hefði komið í heimsókn fyrr um kvöldið. Hann hefði verið drukkinn og verið með hótanir við sig, ef hún hætti að hafa samneyti við hann, en það hafði hún tilkynnt honum áður. Hann hafði haft með sér byssu, og þegar hún vildi ekki ræða við hann lengur, tók hann hana upp og skaut að konunni skoti. Fundu lögreglumennirnir far eftir kúluna í vegg bak við sófa, sem konan sat í, þegar hann hleypti skotinu af. Þarna var um að ræða einskota byssu, svokallaða kindabyssu, og hafði hann stolið henni í húsi, þar sem hann býr fyrir austan fjall. Eftir að maðurinn hafði skotið að konunni, sló hann hana með byssunni í höfuðið og ógnaði henni og dóttur hennar, þar til lögreglan kom. Maðurinn var settur í járn og síðan fluttur í fangageymslu lögreglunnar. Við yfirheyrslu í gær neitaði hann að hafa ætlað að skjóta konuna, en aðeins verið að hræða hana með því að skjóta í vegginn. Hann hefur nú verið úrskurðaður í 60 daga gæsluvarðhald og til geðrannsóknar.“

Og má ég skjóta hér inn í, að nærri því 100% af afbrotum, sem framin eru í þessu þjóðfélagi, eru gerð af mönnum, sem eru undir áhrifum víns, og herra Bjarki Elíasson yfirlögregluþjónn upplýsti ekki alls fyrir löngu í útvarpinu, að Íslendingar væru að því marki frábrugðnir öðrum þjóðum, að þeir legðu yfirleitt aldrei á ráðin um glæpi fyrir fram.

Snertir þessi grein um þetta litla vesalings barn og þá konu, sem í hlut á, ekki strengi í nokkurs manns brjósti? Þorið þið — ég segi: þorið þið að yppta öxlum, horfa hvert á annað og yppta öxlum? Hafið þið um óttuskeið haft í örmum ykkar 17 ára gamalt stúlkubarn, grátandi, kalt og klæðvana, titrandi inni í innstu kviku síns unga lífs af ótta við krumlu vinguðsins, sem sett hafði á hana sín dökku fingraför? Dettur einhverjum ykkar kannske í hug að yppta öxlum og afgreiða málið á þennan andstyggilega hefðbundna hátt: Blessuð góða, á svona löguðu er ekki mark takandi. Það volar, flest þetta fólk, þegar það er orðið einum of hífað? — Hefur ekkert ykkar þurft að hirða pilt upp úr forinni, séð tómleikann, óttann og vonleysið skína í gegnum ölmóðuna? Þetta er nú skemmtun, sem bragð er að, skal ég segja ykkur. Ef þið eruð alveg reynslulaus á þessu sviði, þá get ég fullvissað ykkur um, að þið þurfið ekki að ganga um þvera götu á venjulegu föstudagskvöldi, til

þess að færi gefist á að reyna svona forkostulegt ævintýri. Frelsarinn talaði um kalkaðar grafir. Vonandi þarf ekkert okkar að taka það til sín. Tölur, sannfæra þær nokkurn mann? Eitthvert langbesta tæki til að blekkja og rugla fólk eru tölur, mjög svo mikið notaðar af nútíma stjórnmálaskörungum. En örfáar tölur koma hér samt, tiltölulega auðvelt er að komast að því, hvort þarna er enn ein tölulygin á ferðinni.

Sumir taka mark á rússneskum hagfræðingum. Hvað segja þeir? 10% minni þjóðartekjur vegna vinneyslu. — Aðrir halla sér meira til vesturs, trúa bandarískri tölvísi. Þeirra hæfustu hagfræðingar segja nákvæmlega það sama: 10% meira verðmæti handa á milli, væri hægt að útrýma drykkjusýki. — Og hvað með heimaslóðir? Mælt er af ábyrgum mönnum, er best þekkja til, að nálægt 90% af þeim börnum, er koma til meðferðar á taugadeild Barnaspítala Hringsins, séu í þessu sjúklega ástandi vegna drykkjuskapar aðstandenda. Hugsið þið, 90% af litlum börnum með sjúkdóm, sem kannske verður aldrei, aldrei á þeirra ævi læknaður og þau koma til með að líða alla ævi fyrir. Og hvað um heimaslóðir,? sagði ég. Má ég spyrja: Úr hverju eruð þið eiginlega gerð, herrar mínir og frúr, ef þið ætlið enn að láta sem ykkur sé þessi skelfilega vitneskja óviðkomandi? Þótt margt sé hægt í okkar tölvísa þjóðfélagi að mæla og reikna út, þá veit ég ekki enn nokkurn þann hagfræðing með tól eða tölvu, sem gæti sett inn á gataspjald kvöl og böl og sorg þúsunda í þessu landi, sem eru í klóm Bakkusar eða eiga sína í þeim darraðardansi. Mér hefur t.d. verið tjáð, að tölur þær, sem gefnar eru út um fjölda sjúklinga á Kleppspítala vegna ofdrykkju, nái og geti í rauninni eingöngu náð til þeirra sem beinlínis hafa verið eða eru haldnir þessum sjúkdómi. Á þeim stað er það hald manna, að eigi séu þeir færri, er þar dvelja vegna taugaveiklunar og enn átakanlegri sjúkleika, sem orsakast beinlínis af því að hafa búið við drykkju hins sjúka manns, þangað til jörðin skriðnaði undan fótum þeirra, þrekið til að bera harmana brast. Ég hef drepið á ungt fólk. Illa komið ungt fólk hvirflast út í svallið. Hvað þá með hina ráðsettu, vitru og þroskuðu kynslóð, sem kallast nú fullorðin. Er hún ekki fyrirmynd hinnar ungu, sem dugir til viðmiðunar og stuðnings? Maður skyldi nú halda það.

Þingveisla fer í hönd. Hún verður líklega þurr að vanda. Vonandi er, að þar verði einhver ungmenni til að læra, hvernig á að drekka á fínan máta. „Hvað höfðingjarnir hafast að, hinir meina sér leyfist það.“

Úr því að enginn annar hefur haft uppi verulega tilburði til að segja sannleikann um þessi mál, þar sem þau eiga heima, er mér það fullkomin ofraun að þegja lengur, ekki vegna þess, að ég viti ekki, að ég er svo sem ekki mikil kerling, heldur einmitt vegna þess, að ég veit, að hér er ég ekki nein sérstök stærð eða hátt skrifuð, óþekkt varaskeifa komin utan af landi rétt til að fylla út í autt sæti um hálfs mánaðar skeið og því einu búist við og ætlast til af mér, að ég þegi og rétti upp höndina, þegar það á við, en hafi svo vit á að halda henni undir borði á réttum stað og réttri stundu. Þó er ég hrædd eða öllu heldur líkami minn er hræddur, svo hræddur, að fætur mínir skjálfa, og ég verð að halda mér, þótt ég treysti fótum mínum til að bera mig allt til enda þessarar tölu. En það sem meira er og sjálfsagt enn óheyrilegra, ég treysti almáttugum guði til að veita orðum mínum brautargengi, sjá til þess, að eyru ykkar heyri og augu ykkar sjái. Og nú er ég heldur betur búin, að gefa á mér höggstað, því að það mega sannarlega vera stórar stundir í sögu þjóðarinnar, til þess að nokkur hér hætti sér út á þann hála ís að nefna drottins nafn. Hann á nefnilega bara heima á ákveðnum stöðum á ákveðnum stundum vegna gamallar hefðar, t.d. í upphafi þings, þegar allur skarinn gengur í hátíðaskrúða úr dómkirkjunni yfir í alþingishúsið.

Ég skal ekki dirfast að gera lítið úr nokkrum manni eða geta mér til um skoðanir hans í þessu máli. En hitt finnst mér stundum furðulegt, svo að ekki sé fastar að orði kveðið, að jörðin skuli þurfa að skjálfa og rifna og spúa eldi og eimyrju yfir blómlega byggð, til þess að fólki hinnar íslensku þjóðkirkju þyki óhætt að nefna guðs nafn án þess að halda, að það sé lagt sér út til skammar eða athlægis. Þá er hrinan er hjá liðin ætla menn enn á ný að stjórna ferðinni og látast þá hafa ráð undir rifi hverju. Í nafni drottins starfa stórir skarar fólks, bæði hérlendis og erlendis, til hjálpar þeim nauðstöddu, þeim sem vinið tók allt frá. Það þarf býsna kokhraust fólk til að lemja höfði við stein og segja, að þessi leið sé svo sem ekki betri en önnur, þegar sannað er með tölulegum rökum, að sú aðferðin gefst langtum betur en nokkur þeirra, sem viðhafðar eru eftir félagslegum leiðum. Þetta fólk, sem er brennandi í andanum og að sögn formanns áfengisvarnaráðs sífellt tilbúið að rétta fram hendur sínar af kærleika og óeigingirni, er nánast þagað í hel, fær naumast nokkra fjárhagsfyrirgreiðslu.

Þó veit ég, að hér eru til nokkrir menn, sem vilja gera sitt besta. En það nægir bara svo ógnarstutt, og hið íslenska fjármálakerfi malar svo hægt, að meðan verið er að ganga frá Heródesi til Pílatusar, verður margur maðurinn úti. Hugleysið og hugsunarleysið ríður hér húsum. Þó að helftin af þjóðinni sé á dúndrandi svalli frá föstudegi og fram á mánudag, margir þannig á sig komnir, að þeir mæta ekki til vinnu sinnar í upphafi viku, hellið þið ykkur af fjálgleika í margra klukkustunda umr. út af því, hvort z eigi að hverfa úr íslensku máli eða ekki. Hvílík reisn! Hvílík reisn á Alþingi Íslendinga. Hvernig vogið þið ykkur að viðhafa svona vinnubrögð og gera jafnframt tilkall til þess að vera virt og að mark sé á ykkur tekið? Heil íþróttaþing leysast upp í svalli. 17. júní er drukknaður, dottinn út úr vitund þjóðarinnar öðruvísi en fyrirkvíðanlegur dagur, dagur þjáninga og skammar. Ekki eru nema tæp tvö ár síðan lögreglan varð að koma örbjarga börnum til síns heima fram á rauða morgun að aflokinni þjóðhátíð í Reykjavík. Það virðist vera alveg gleymt.

Tvö ár í röð er búið að koma hér á framfæri till., fluttri af mönnum allra flokka, um það,

að hæstv. stjórnvöld þessa lands veiti ekki vín í opinberum veislum. Þetta á að þegja í hel. Þess vegna kalla ég ykkur huglaus. Þið þorið ekki að mótmæla. Hugsanlegt væri, að slíkt sé ekki skynsamleg pólitík. Þess vegna á að þegja svo lengi og dyggilega, að málið hreinlega dagi uppi. Hvernig er það? Tók svona langan tíma fyrir hv. þm. að skammta sér kaupið sitt?

Ljósið, sem í ykkur er, hvar er það? Ég vil ekki og get ekki trúað því, að það sé ekki lengur lifandi, þótt í mínum augum skíni það ekki bjart þessa stundina. Vitið þið kannske ekki, að það pólitíska munstur, sem íslenskir stjórnmálamenn hafa lifað og hagað sér eftir s.l. 30—40 ár, er vonlaust, dautt og einskis nýtt. Veit ég vel, að það þarf að reisa hús, hlaða vegi og byggja brýr. Það þarf að endurbæta hafnir, hlynna að bændum og búaliði, sjómönnum og öðru vinnandi fólki um allt Ísland. En það þarf fyrst og fremst að snúa sér að því, sem nauðsynlegt er, hætta að vera Marta og taka sér Maríu til fyrirmyndar, hætta að vantreysta hverri sál og koma til dyranna eins og maður er klæddur. Þjóðin fylgist með gerðum ykkar, orðum og athöfnum. Verulegur hluti hennar trúir ekki lengur neinu, sem þið segið eða gerið. Áratuga gömul plata hefur ekki lengur nein áhrif á þjóðina, sem þið eigið að stjórna. Ef þið sjáið þetta ekki sjálf, þá uggir mig, að þið verðið látin sjá það innan örfárra ára. Þið hafið, stjórn og stjórnarandstaða, unnið að því ljóst og leynt að gera hvort annað ómerkilegt í augum þjóðarinnar. Því eruð þið sjálf orðin nokkurs konar ómerkingar. Enginn segir, að ekki sé hægt að sjá að sér. Enginn segir, að sá þurfi endilega að vera ofurseldur aðhlátri, sem áttar sig á þeim táknum, sem sífellt eru að birtast.

Íslensk þjóð getur smæðar sinnar vegna verið til fyrirmyndar, því að hún er nánast lítið annað en ein stór fjölskylda. Þetta verður oft berlegt á stóru stundunum. En þær eru snöggtum færri en hinar venjulegu mannlífsstundir.

Ég veit, drottinn, að örlög manns eru ekki á hans valdi né það heldur á valdi gangandi manns að stýra skrefum sínum. Nemið staðar við veginn, litist um og spyrjið um gömlu göturnar, hver sé hamingjuleiðin, og farið hana, svo að þið finnið sálum yðar hvíld. — Ég þakka fyrir.

Efri deild, 66. fundur.

Miðvikudaginn 27. febr., kl. 3 miðdegis.

Skipulagslög, frv. (þskj. 425). — Ein umr.

Of skammt var liðið frá 3. umr. í Nd. — Afbrigði samþ. með 16 shlj. atkv.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 12 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 434).

Efri deild, 67. fundur.

Miðvikudaginn 27. febr., kl. 3.30 miðdegis.

Gjald til að draga úr áhrifum olíuverðhækkana, frv. (þskj. 412). — 1. umr.

Of skammt var liðið frá 3. umr. í Nd. — Afbrigði samþ. með 12 shlj. atkv.

Sjútvrh. (Lúðvík Jósepsson): Herra forseti. Eins og fram hefur komið í umr. á Alþ. nokkrum sinnum áður, hefur ríkisstj. haft til athugunar, til hvaða ráða væri hægt að grípa til þess að draga úr þeim mikla aðstöðumun, sem skapast í landinu við hina miklu olíuverðhækkun, þar sem kyndingarkostnaður á íbúðarhúsnæði hækkar svo gífurlega sem raun er á hjá mörgum í landinu eða öllum þeim, sem búa við olíukyndingu. Það kom einnig fram sérstakt bréf frá þingfl. Sjálfstfl. til ríkisstj., þar sem sá þingfl. tjáði sig fúsan til samstarfs um að leita ráða í þessum efnum. Ríkisstj. hefur í framhaldi af þessu unnið að málinu og haft samráð við þingflokka Sjálfstfl. og Alþfl. um, hvernig væri hægt að afla nauðsynlegra tekna til að draga úr þessari miklu verðhækkun á olíu hjá þeim, sem búa við það að þurfa að kynda hús sín með olíu.

Það hafði verið hugmynd ríkisstj. að fara þá leið að leggja aukagjald á álögð útsvör á hliðstæðan hátt og gert var til tekjuöflunar fyrir Viðlagasjóð fyrir ári, þ. e. a. s. bæta þar 1% við, þannig að útsvarsálagið yrði þá 11% í staðinn fyrir 10%. Á þennan hátt hefði verið hægt að afla fjár til þessa, sem næmi á ársgrundvelli 550—600 millj. kr. Í viðræðum við fulltrúa frá Sjálfstfl. og Alþfl. kom í ljós, að þeir óskuðu fremur eftir því, að farin yrði sú tekjuöflunarleið, sem gert er ráð fyrir í þessu frv., þ. e. a. s. að öðru söluskattsstiginu, sem runnið hefur til Viðlagasjóðs, yrði varið til að lækka verð á olíu, ef samkomulag tækist um það, að hitt söluskattsstigið yrði látið duga fyrir Viðlagasjóð fyrst um sinn.

Nú hefur einnig komið í ljós, að ýmsar leiðir koma til greina um, hvernig hagkvæmast sé að koma þessum fjárgreiðslum til þeirra, sem verða fyrir auknum útgjöldum vegna olíuverðhækkunarinnar. Nauðsynlegt þótti, ef horfið yrði að því ráði að nota þessa tekjuöflunarleið, — þ. e. a. s. annað söluskattsprósentustigið, sem runnið hefur til Viðlagasjóðs, — að það yrði ákveðið nú fyrir mánaðamót, en þá rennur sú gjaldtaka úr gildi. Þurfti að gera sérstakar ráðstafanir til að framlengja það gjald í þessu skyni, ef að þessu ráði yrði horfið, en taka sér þá nokkru lengri tíma til að athuga það, með hvaða hætti ætti að koma þessum greiðslum til þeirra, sem njóta eiga. Af þessum ástæðum er þetta frv. í því formi, sem það liggur hér fyrir, að í rauninni er aðeins um það að ræða að ákveða gjaldtökuna í þessum efnum, en síðar verður flutt frv., sem unnið verður að í samráði við alla flokka hér á Alþ., um það, hvernig greiðslunum skuli komið til þeirra, sem eiga að fá þær.

Ég veit, að vegna þess að búið er að vinna að

þessu máli alllangan tíma í samráði við alla flokka, að öllum hv. þm. er vel kunnugt um það málefni, sem hér er fjallað um, og er í rauninni engin þörf á því að lengja hér framsögu um það. En það er orðinn lítill tími eftir, til þess að þetta mál nái fram að ganga í tæka tíð, og því vil ég óska eftir því, að hv. Ed. sjái sér fært að afgreiða nú málið, helst af öllu í dag, svo að þannig verði tryggt, að hægt verði að fá þann tekjustofn, sem að er stefnt.

Það er reiknað með því, að þessi tekjustofn, 1%, geti gefið, þegar allt gjaldið hefur verið innheimt, á ársgrundvelli um það bil 700 millj. kr. En það er alveg sýnilegt, að þó að sú fjárhæð öll verði notuð, mun hún ekki ná því marki að lækka svo verð á olíu til húsakyndingar, að hægt sé að segja, að þeir, sem búa við slíka aðstöðu, verði ekki fyrir a. m. k. eins mikilli hækkun og hinir, sem búa við hitaveitu eða rafmagnsupphitun. Hér verður því aðeins um það að ræða að draga nokkuð úr þeim mun, sem upp hefur komið hjá aðilum af þessari sérstöku olíuverðhækkun, en það verður varla hægt með þessari fjárhæð að jafna til fulls. Það getur því ekki verið um það að ræða að mínum dómi, að hægt sé að verja þessari upphæð til annars en þess að greiða niður með einum eða öðrum hætti kostnaðinn af kyndingu íbúðarhúsnæðis. Eftir stendur svo það sérstaka mál, hvernig á að mæta þeim vanda, sem upp kemur í ýmsum atvinnugreinum vegna þeirra auknu útgjalda, sem þær verða fyrir vegna olíuverðhækkunarinnar.

Herra forseti. Ég sé ekki ástæðu til að orðlengja þetta frekar. Ég geri ekki till. um að vísa málinu til n., en hef að sjálfsögðu ekkert á móti því, að það sé gert, ef deildin telur, að á því sé þörf, að n. fjalli um málið. En verði málinu vísað til n., fer ég fram á það, að n. sjái sér fært að afgreiða það fljótlega. Hér er um mjög einfalt mál að ræða, sem ég ætla, að öllum hv. þdm. sé vel kunnugt um og að þeir að meira eða minna leyti standi að samkomulagi um að hafa þennan hátt á.

Jón Árm. Héðinsson: Herra forseti. Það er rétt hjá hæstv. ráðh., að um þetta mál var höfð samvinna í undirbúningsnefnd við stjórnarandstöðuna, og ég mætti þar fyrir hönd flokks míns. Ég sagði þá frá því, að það væri meirihlutaskoðun okkar að gera ekki athugasemd við frv., en ég tók þó fram, að persónulega væri ég óánægður með form þess. Ég vil þó ekki fara að hefja hér langar umr. um frv., aðeins undirstrika það, að ég mun ekki fara að pexa á móti því. En ég segi það og í fullu trausti þess, að orðið „íbúðarhúsnæði" standi óbreytt og það verði ekkert reynt að fikta við það síðar meir af hálfu Alþingis. Ég geng út frá því sem gefnu, ella færi ég ekki hér niður úr stólnum næstu klukkutímana, — það eru alveg hreinar línur, — og tæki málið upp á miklu víðari grundvelli, því að hér er verið að auka verðbólguna tvímælalaust, og það gerum við ekki með glöðu geði, það er ég viss um. Þó að við séum til neyddir að takast á við þennan vanda, sem olíuhækkunin er í sjálfu sér, þá skal ég láta kyrrt liggja í trausti þess, að eins og um var talað, mætum við þessum vanda með því að leggja á alla þjóðina nokkrar byrðar, sem nema þó 700—750 millj. kr., og helmingur þjóðarinnar tekur það gagnvart sjálfum sér og fær það til baka, en eingöngu í því skyni að lækka upphitunarkostnað á íbúðarhúsnæði. Það er mín skoðun. Ég treysti því, og ég held ég hafi skilið það rétt á sínum tíma í viðræðum við hæstv. ráðh. í nefndinni, að það væri hans skilningur líka. Ég held ég fari rétt með það — eða ég túlka það svo.

Í leiðinni vildi ég forvitnast um þáltill., sem ég flutti ásamt Stefáni Gunnlaugssyni í fyrra, var 9. mál og var vísað til hæstv. ríkisstj., um að gera átak í útvegun lánsfjár til að flýta fyrir hitaveituframkvæmdum. Nú hafa verið gerðir myndarlegir samningar um hitaveituframkvæmdir við Reykjavíkurborg, og það þarf mikið fé. Það er ekki hægt að ætlast til, að Reykjavíkurborg ráði einhliða við allt það, því að það eru geysimiklar framkvæmdir, sem hún er að taka að sér fyrir nágrannasveitarfélögin. En það er víðar, sem þarf að ráðast í skjótar framkvæmdir, m. a. á Suðurnesjum og jafnvel víðar um landið. Ég vildi forvitnast út af samþykkt þessarar till., hvort hæstv. ríkisstj. hafi hafist handa, meira en að skipa umræddа n., sem var gert fyrir nokkrum vikum eða mánuðum, til að athuga málið. Við þurfum að fá fjármagn og það sem fyrst til þess að draga m. a. úr áhrifum hækkandi olíukostnaðar.

Að svo mæltu skal ég ekki eyða tíma hv. dm. í umr. um málið, en treysti því, að við förum ekki að fikta í orðinu „íbúðarhúsnæði" og breyta því eða laga það í síðari tíma meðförum.

Sjútvrh. (Lúðvík Jósepsson): Herra forseti. Í sambandi við lántöku eða lánsútvegun fyrir hitaveituframkvæmdir get ég aðeins upplýst það, að ríkisstj. hefur samþykkt að heimila Hitaveitu Reykjavíkur að taka þau lán til sinna framkvæmda, sem hún hefur óskað eftir. Er nú unnið að því á vegum Seðlabankans og Reykjavíkurborgar að útvega þessi lán, öll þau lán, sem þar hefur verið leitað eftir. Ég hygg, að með því að þau lán fáist, svo sem vonir standa til, eigi að vera hægt að halda uppi fullum framkvæmdahraða í sambandi við þær áætlanir, sem eru þegar tilbúnar til framkvæmda.

Geir Hallgrímsson: Herra forseti. Frá afstöðu okkar sjálfstæðismanna hefur verið skýrt í Nd., og ég sé ekki ástæðu til að endurtaka það í þessari deild. En að gefnu tilefni síðustu orða hæstv. viðskrh. vil ég ekki láta undir höfuð leggjast, að það komi fram, að vegna stefnu ríkisstj. í verðlagsmálum Hitaveitu Reykjavíkur og vegna tregðu hennar á afgreiðslu á beiðnum Hitaveitunnar til að geta haft það verðlag, sem legði grundvöll að frekari hitaveituframkvæmdum, hafa hitaveituframkvæmdir í næsta nágrenni Reykjavíkur tafist um marga mánuði, jafnvel meira en heilt ár. Það er mjög illa farið og mjög miklir fjármunir, sem þar hafa farið í súginn. Nú hefur ríkisstj. hins vegar séð að sér, en ekki fyrr en nú á þessum vetri, eftir að olíukreppan hófst, og afgreitt í bili beiðni Hitaveitunnar, sem fyrir lá um hækkun á hitaveitugjöldum, og beiðni Hitaveitunnar um leyfi til lántöku, sem ætti að vera til þess fall-

in, að nú væri unnt að hefja framkvæmdir af fullum krafti. Hins vegar er ekki fyrir það að synja, að núverandi taxtar Hitaveitunnar eru bundnir verðlagi, eins og það var í okt. eða nóv. s. l., en það hefur farið mjög hækkandi síðan, þannig að búast má því miður við, að nauðsynlegt verði að hækka enn hitaveitugjöldin. Þau eru samt sem áður miklum mun lægri en kostnaður manna af olíukyndingu eða rafmagnshitun. Er því engum blöðum um það að fletta, að það, sem skiptir mestu máli til lengri framtíðar til úrlausnar á þessu vandamáli, er að flýta hitaveituframkvæmdum, og með því að flýta þeim á höfuðborgarsvæðinu er hægt að auka fjölda þeirra, sem njóta þess hagræðis, sem hitaveita hefur í för með sér, og spara þúsundir og jafnvel tugi þúsunda.

Ég vonast til þess, að hæstv. ríkisstj. standi ekki frekar í vegi fyrir hitaveituframkvæmdum en hún hefur þegar látið á sig sannast.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 18 shlj. atkv.

Efri deild, 68. fundur.

Miðvikudaginn 27. febr., að loknum 67. fundi.

Gjald til að draga úr áhrifum olíuverðhækkana, frv. (þskj. 412). — 2. umr.

Of skammt var liðið frá 1. umr. — Afbrigði samþ. með 16 shlj. atkv.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

1. gr. samþ. með 17 shlj. atkv.
2.—3. gr. samþ. með 17 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 17 shlj. atkv.

Efri deild, 69. fundur.

Miðvikudaginn 27. febr., að loknum 68. fundi.

Gjald til að draga úr áhrifum olíuverðhækkana, frv. (þskj. 412). — 3. umr.

Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði samþ. með 16 shlj. atkv.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 16 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 435).

Sameinað þing, 62. fundur.

Fimmtudaginn 28. febr., kl. 2 miðdegis.

Öryggi sjómanna á loðnuveiðum, fsp. (þskj. 349). — Ein umr.

Fyrirspyrjandi (Oddur Ólafsson): Herra forseti. Ég hef á þskj. 349 leyft mér að leggja eftirfarandi fsp. fyrir samgrh.:

„1. Hvaða reglur gilda um hleðslu íslenskra fiskiskipa.

2. Er þeim reglum fylgt t. d. á loðnuveiðum?

3. Er fylgst með hæfni fiskiskipa af minni gerðum til þess að beita hinni viðamiklu loðnunót?“

Nokkrum dögum eftir að loðnuvertíð hófst, gaf að líta í dagblaði mynd af veiðiskipi, er var á leið til hafnar drekkhlaðið af loðnu. Manni virtist, að aðeins hnýfill og hekk stæði upp úr. Þegar manni verður svo hugsað til þess, að þessi skip þannig hlaðin sigla klukkustundum saman, jafnvel heilan sólarhring, stundum jafnvel umhverfis hálft landið gegnum verstu straumrastirnar í misjöfnu veðri, þá undrast maður í raun og veru, að slysin skuli ekki vera fleiri en þau eru. Á hverri vertíð verða þó óhöpp fleiri en eitt, þótt blessunarlega sjaldan hljótist manntjón af. Þó hefur því miður gerst á þessari vertíð, að mannslíf hefur tapast og skip sokkið. Augljóst virðist þó, að oft skellur hurð nærri hælum hjá þeim sjómönnum, sem þarna starfa. Fyrsti hluti fsp. beinist þess vegna að því að fá upplýsingar um það, hvernig reglum varðandi hleðslu fiskiskipa sé hagað.

Loðnuvertíðin fer fram á erfiðasta og hættulegasta tíma ársins, þegar allra veðra er von. Vegna ört vaxandi verðlags á loðnu og tregfiskis á öðrum veiðum hópast nú skipin okkar, stór og smá, á loðnuveiðar. Þau munu hafa verið 65 í fyrra og nú munu þau yfir 130. Hluti af okkar loðnuskipaflota er nýlegur, stór skip, gerð til þess að flytja mikinn afla að landi, skip, þar sem lestar eru vel hólfaðar og lokun örugg. Þrátt fyrir þetta má þó rýra öryggi og sjóhæfni þessara skipa með dekklest og háum skjólborðum, þannig að sjór og afli eigi örðugt með að renna nógu ört út, þótt nauðsyn krefji. Fleiri eru þó þau hin smærri skipin, þar sem ekki er unnt að gera jafnfullkomnar öryggisráðstafanir, og enn fremur skip, sem hafa verið lengd og lestar þannig stækkaðar, en slíkar breytingar á burðarhæfni geta haft mikil áhrif á sjóhæfni skipanna. Þessi skip hafa opna ganga, þar sem erfitt reynist að fyrirbyggja, að sjór geti komist inn í skipið. Þau eru einnig mjög viðkvæm, ef lestir eru ekki fullar. Þá getur farmur slegist til, og loðnan er jafnvel verri en síldin að því leyti, að hún liggur eins og klessa. Þess vegna er b-liður fsp. minnar: Hvernig er háttað eftirliti með því, að reglum sé framfylgt?

Minnstu loðnuskipin eru án efa þau varasömustu, og þeim hefur fjölgað mjög nú á þessari vertíð. Vegna grófs garns og vegna þess, hve loðnunótin er þétt riðin, er hún mörgum sinnum þyngri en síldarnót af sömu stærð. Á síldarárunum veittist mörgum bátum erfitt að verjast

áföllum, þegar verið var að spila inn nótina. Þess vegna er mjög líklegt, að þarna sé viðkvæmur punktur hjá litlu loðnubátunum. Það hlýtur því að vera mikil nauðsyn að hafa sem fullkomnasta þekkingu á hæfni bátanna og mikil ástæða til, að eftirlit sé gott, einkum þegar verið er að draga þunga nót fulla af níðþungri loðnu. Þess vegna spyr ég: Hefur athugun farið fram á hæfni litlu bátanna til að meðhöndla loðnunótina?

Félmrh. (Björn Jónsson): Herrra forseti. Ég hef leitað til siglingamálastjóra um svör við þessari fsp., sem hér hefur verið borin fram og er í þremur liðum. Svör siglingamálastjóra eru svo hljóðandi:

Um fyrstu spurninguna: „Hvaða reglur gilda um hleðslu íslenskra fiskiskipa?“ segir hann þetta:

Í 29. gr. l. um eftirlit með skipum segir svo:

„Þau íslensk skip, sem hleðslumerkjasamþykkt, gerð í London 5. apríl 1966, nær til, skulu hafa alþjóðahleðslumerkjaskírteini. — Ráðh. setur reglur um hleðslumerki annarra íslenska skipa. — Siglingamálastjóri ákveður hleðslumerki skipa og gefur út hleðslumerkjaskírteini samkv. þeirri, er um ræðir í 1. mgr., og reglum, er ráðh. setur.“

Ef fiskiskip flytja farm milli landa, sem ekki er eigin veiði, þá skoðast þau sem flutningaskip og þurfa þá að hafa alþjóðahleðslumerki og alþjóðahleðslumerkjaskírteini. Þessi alþjóðahleðslumerki ná þó ekki til fiskiskipa í veiðiferðum.

Um fiskiskip við veiðar gilda því eingöngu íslenskar reglur. Reglugerðarákvæði um takmörkun hleðslu fiskiskipa eru frá 30. des. 1963 og heita Reglur um hleðslu síldveiðiskipa á vetrarsíldveiðum. Reglur þessar hafa þó verið taldar gilda líka fyrir loðnuveiðar, enda tilgangur reglnanna óvefengjanlega að auka öryggi skipanna með takmörkun á hleðslu þeirra, og er þá loðnan engu hættuminni sem laus farmur í lest en síld. Reglur þessar gilda um öll fiskiskip, sem stunda vetrarveiðar mánuðina okt.—apríl. Á öðrum tímum árs gilda engar íslenskar reglur, sem takmarka hleðslu fiskiskipa. Hins vegar er sú krafa gerð til skipstjórnarmanna, að þeir sjái ávallt um, að skip þeirra sé hvorki svo hlaðið né vanhlaðið, að það verði talið óhaffært af þeim sökum.

Fyrrgreindar reglur um hleðslu á vetrarveiðum mæla svo fyrir, að eigi megi lesta skip dýpra en að efri brún þilfars við skipshlið. Auk þess eru ýmis ákvæði í þessum reglum varðandi frágang og farm í lest og á þilfari, vatnsþétta lokun, austursop o. fl.

Í öðru lagi er spurt: „Er þeim reglum fylgt t. d. á loðnuveiðum?“ Fyrir nokkrum árum, þegar veiði var mest á síld og loðnu, er ekki því að neita, að verulega voru brotnar þessar hleðslureglur. Skipaeftirlitsmenn og skipaskoðunarmenn voru þá um nokkurt skeið á verði í ýmsum höfnum til að fylgjast með ofhleðslu fiskiskipanna. Í fyrstu var einn skipaskoðunarmaður við þetta í hverri af aðallöndunarhöfnunum. Hann mældi ofhleðslu og gaf skýrslu, sem síðan kom til ákvörðunar dómstóla. Þetta eftirlit var mjög illa þokkað starf, og stofnunin missti nokkra ágæta skoðunarmenn úr starfi vegna þess. Hleðslueftirlitið hafði líka þau áhrif, að á þeim höfnum, sem eftirlitið var best, kvörtuðu heimamenn undan því, að færri skip lönduðu þar en á höfnum, þar sem eftirlitið var minna með ofhleðslunni. Þegar nokkur kærumál komu fyrir dóm, var talið, að tveir eftirlitsmenn þyrftu að vera saman við hvert skip til að mæla og votta um ofhleðslu. Var þá úr því bætt, þar sem hægt var. En þegar dómar féllu, voru sektir svo lágar, að ekkert aðhald var að þessu starfi öllu, sem auk þess kostaði Skipaskoðun stórfé á mælikvarða takmarkaðrar fjárveitingar, enda mikið af þessu starfi unnið í næturvinnu.

Eftir þessa reynslu hefur Siglingamálastofnun ríkisins ekki séð sér fært að sjá um skipulegt eftirlit með hleðslu loðnuveiðiskipa við komu til hafna landsins, en treysta meirra á viðtal við skipstjórnarmenn og einstakar óreglulegar eftirlitsferðir skoðunarmanna. Í fjárlagatillögum Siglingamálastofnunarinnar fyrir þetta ár, — og ég get bætt við samgrn., — var farið fram á að fá 3 skipaskoðunarmenn til viðbótar utan Reykjavíkur: einn á Ísafirði, einn á Akureyri og einn á Norðfirði, en þessari aukningu skoðunarmanna var synjað af fjárveitingavaldinu.

Hér vil ég bæta því inn í þennan lestur á svari siglingamálastjóra, að ég hef nú nýlega breytt gjaldskrá fyrir skipaskoðun, þannig að hún getur sjálf staðið undir þeim mannafla, sem við höfum óskað eftir að fá til þessara starfa, og vænti ég, að þá verði sú breyting á, að ekki verði gegn því staðið af þeim aðilum, sem fjalla um aukningu á starfsliði.

Síðan heldur siglingamálastjóri áfram og segir:

Óhætt er að fullyrða, að skilningur skipstjórnarmanna á nauðsyn á takmörkun á hleðslu fiskiskipanna til að halda hæfilegum stöðugleik og sjóhæfni hefur aukist verulega á undanförnum árum. Þess vegna og vegna nauðsynjarinnar á almennu bættu eftirliti með smíði og viðhaldi íslenskra fiskiskipa er mjög bagaleg sú tregða til að auka og styrkja eftirlit með skipunum, einkum utan Reykjavíkursvæðisins. Því er hins vegar ekki að neita, að aukið eftirlit hefur í för með sér aukinn kostnað, og þá er matsatriði, hve mikinn kostnað ber að leggja í til að auka á þann hátt öryggi mannslífa á hafinu og öryggi íslenskra fiskiskipa. Þó að mannslífin verði ekki metin til verðs, þá er ekki ofreiknað, að íslensku fiskiskipin ein séu að verðmæti nálægt 18 milljörðum kr., og verður því að telja eðlilegt, að hagkvæmt sé, að töluverðum fjármunum sé eytt til að auka öryggi þessara verðmæta.

Í þriðja lagi er spurt: „Er fylgst með hæfni fiskiskipa af minni gerðum til þess að beita hinni viðamiklu loðnunót?“ Ef fyrirspyrjandi á við, hvort opinbert eftirlit sé haft með því, hvort hægt sé að leyfa ákveðna stærð af loðnunót á ákveðnu skipi, þá er svarið neitandi. Hins vegar er hverjum skipstjórnarmanni samkv. lögum skylt að sjá um, að fiskiskip sé sjófært með þeim veiðarfæraútbúnaði, sem notaður er, eins og þegar um er að ræða hleðslu skipanna. Siglingamálastofnun ríkisins gerir kröfu um stöðugleikaútreikninga fyrir öll íslensk fiskiskip og fer yfir og metur stöðugleikann eftir útreikning-

unum. Mörg eldri skipanna og þá sérstaklega minni skipin hafa þó enga stöðugleikaútreikninga, en siglingamálastjóri hefur nýlega birt grein um öryggi loðnuveiðiskipa, þar sem þessi mál eru skýrð og rakin nánar til leiðbeiningar fyrir skipstjórnarmenn og útgerðarmenn. Grein þessi birtist m. a. í Siglingamálum, riti Siglingamálastofnunar ríkisins, desemberhefti 1973, og mun því hafa verið dreift til hv. alþm.

Ég hef þennan lestur ekki öllu lengri. Ég vil þó bæta því við þetta svar Siglingamálastofnunarinnar, að að sjálfsögðu hef ég áhuga á því að bæta hér um, eftir því sem við verður komið. En ég tel, að grundvallarskilyrði þess, að það verði gert, sé, að gagnvart þeirri stofnun, sem á að sjá um það öryggi, sem felst í settum reglum, séu ekki dregnar um of við sig fjárveitingar til þeirra hluta og það sé hægt að ráða nauðsynlegan fjölda fastra starfsmanna til að annast það eftirlit, sem ég tel, að brýn nauðsyn sé á.

Fyrirspyrjandi (Oddur Ólafsson): Herra forseti. Ég þakka hæstv. ráðh. greið og góð svör, og eins og kom fram í hans svörum, er örugglega ástæða til þess að bæta hér nokkuð um. Þegar svo er, að fiskur er nægur og verðlag hátt, er eftir miklu að slægjast, og þá er freistingin mikil að tefla á tæpasta vað, og er lítill vafi á því, að nú daglega er fjöldi af okkar sjómönnum í verulegri lífshættu. Og í raun og veru byggist það mest á hæfni og varfærni skipstjóranna, að ekki fari illa. Þess vegna er nauðsynlegt, að ráðamenn sjái þyrjandi skipstjórum fyrir nauðsynlegri fræðslu í þessum efnum og einnig að starfsmenn Siglingamálastofnunarinnar séu tíðir gestir í bátum og fylgist með, hvort öryggisaðgerðir séu nægar, og jafnvel bendi stjórnendum skipa á hætturnar öðru hverju í útvarpi. Sannarlega er ástæða til að leggja á það áherslu, að ekki verði sparað fé til svo nauðsynlegra starfa. Á síldarárunum, þegar veiðarnar voru langt fram á haust, var það allalgengt, að bátunum hlekktist á, og þá komu í gildi reglur, er heimiluðu að sekta skipstjóra fyrir ofhleðslu. Vafasamt er, hvort þessar reglur gilda á loðnuveiðum, en eitthvert eftirlit, og þarf að gera ráð fyrir, að möguleg sé einhver refsing, ef úr hófi fram ógætilega er að farið. Það er alveg víst, að mörg af þeim skipum, sem nú stunda loðnuveiðar, eru ekki sérlega vel hæf, og til þess að ekki fari illa, er ekkert nema ítrasta varkárni, úrvals sjómennska, ábendingar og árverkni yfirvalda, sem getur forðað áföllum.

Eggert G. Þorsteinsson: Herra forseti. Það er nú ekki bein aths., heldur aðeins til að árétta það, sem áður hefur gerst í sambandi við þessi öryggismál sjómanna, að mig langar að koma því að, sem sjálfsagt er á vitorði allra hv. alþm.

Fyrir um það bil 4—4½ ári var sett hér á svokölluð tilkynningarskylda, að bátar skyldu tilkynna stöðu sína tvisvar á sólarhring, hvar þeir væru. Þessi tilkynningarskylda, sem gerð var í minni ráðherratíð að tillögu Slysavarnafélags Íslands, mætti allmikilli andspyrnu á þeim tíma meðal skipstjórnarmanna. Ég hygg þó, að sú andspyrna hafi dvínað allverulega, þegar mönnum fór að skiljast, að það var ekki bara sjálf staðsetning skipsins, hvar það var að veiðum, heldur hitt, að í landi biðu kannske fimm sinnum fleiri aðilar, sem gjarnan vildu vita um stöðu skipsins. Og reynslan hefur leitt í ljós, að þarna var um skynsamlega till. Slysavarnarfélagsins að ræða, sem ég hygg, að enginn efist um í dag, þó að mætt hafi andspyrnu í upphafi. Það er vissulega hverju orði sannara í sambandi við öryggismál og ekki síst á sjó, jafnmikið og við eigum undir því, að þá verður aldrei of langt gengið í þeim efnum að kanna þessa hluti og aldrei of miklu fé til þeirra hluta eytt að fylgjast með og tryggja líf þeirra, sem að þessum störfum vinna. Hins vegar er ljóst, að hvaða lög og reglur sem við setjum hér á hv. Alþ. í þessum málum, þá verðum við um ófyrirsjáanlega framtíð að treysta á skipstjórnarhæfileika skipstjóranna. Líftaugin á milli þeirra og skipsins er sú, sem jafnvel enginn skoðunarmaður fær skilið. Þeir skilja, hvað má hlaða það skip, sem þeir eru á á hverjum tíma, og mismuninn á því, sem hlaða mátti skipið, sem þeir voru með næst á undan. En vitanlega þurfa þessir menn alveg eins og við allir eitthvert aðhald og reglur. Og ég hygg, að í þeim efnum verði aldrei nægjanlega til kostað, því að þar skortir mest á, að um nægjanlegt vinnuafl sé að ræða.

Pétur Sigurðsson: Herra forseti. Það er að gefnu tilefni, bæði í svari hæstv. ráðh. og í ræðu hv. síðasta ræðumanns. Það skal tekið undir það, að tilkynningarskyldan er líklega eitt stærsta skrefið, sem stigið hefur verið til þess að auka öryggi sjófarenda við strendur landsins. Þetta mál átti langan aðdraganda. Byrjun þess var sú, að ég flutti hér þáltill. í þinginu um daglegt eftirlit með fiskiskipum að gefnu því hörmulega tilefni, að fiskiskip með 11 manna áhöfn fórst við Reykjanes og enginn vissi um það í 3 eða 4 daga. Með fullri virðingu fyrir Slysavarnafélaginu, þá munu það hafa verið skipstjórnarmannafélögin hér í Reykjavík, sem beittu sér fyrir því, að þessari tilkynningarskyldu væri komið á fót og þá undir eftirliti og stjórn Slysavarnafélagsins, en meðal starfsmanna þar hafa alltaf verið miklir áhugamenn um þetta mál.

Í svari hæstv. ráðh. kom fram, að það hafi þurft að breyta gjaldskrá Skipaskoðunarinnar, til þess að nauðsynlegu eftirliti væri haldið uppi í flotanum. Verður auðvitað að harma, að fjárveitingavaldið skuli ekki hafa sinnt ítrekuðum tilmælum skipaskoðunarrrstjóra eða siglingamálastjóra og félaga sjómanna, bæði yfir- og undirmanna. Um langt árabil, jafnt í tíð fyrri ríkisstj. eins og þeirrar, er nú situr, hefur verið skorað á ríkisstj. og Alþ. að gera þarna bragarbót á. Ég tel, eins og þegar hefur komið fram, að það sé alls ekki nóg að hækka þessa gjaldskrá til þess að mæta þeim kröfum, sem gerðar eru til þessarar stofnunar.

En það var aðeins ein stutt fsp. í framhaldi af þessum alvörumiklu málum, sem mig langaði

til að beina til ráðh. Hún er um það, hvort hann og siglingamálastjóri hafi nokkuð hugsað sér að verða við óskum manna, sem gott vit hafa á þeim málum, og óskum frá þingi Farmannasambandsins að taka upp halla- og stöðugleikaprófun á hinum minnstu þilfarsbátum. Mér er kunnugt um, að maður austan af landi átti viðtal við hæstv. ráðh. um þetta á s. l. hausti eða nú í vetur og benti þá m. a. á þau hörmulegu slys, sem hefðu orðið austanlands á skipum af þessari stærð. Er enginn vafi á því, að þar hefur bæði farið saman vanbúnaður skipanna og vankunnátta skipstjórnarmanna, sem í hlut áttu í það og það skiptið.

Félmrh. (Björn Jónsson): Herra forseti. Ég hef ekki miklu að bæta við það, sem ég hef sagt áður. En út af fsp. hv. 10. þm. Reykv. vil ég skýra frá því, að ég hef rætt þetta við siglingamálastjóra með óskum um athugun á því, hvað hægt væri að gera miklu meira í þessum efnum, og það mál er enn þá á athugunarstigi í stofnuninni. Ég hygg, að ef það strandar ekki á skorti á mannafla og fjárveitingum, þá sé þar fullur vilji fyrir því, að þessar rannsóknir eða þessar prófanir séu auknar verulega frá því, sem nú er. En eins og ég gat um áðan, er fjárhagur stofnunarinnar þröngur, og fjárveitingavaldið hefur ekki séð sér fært að verða við óskum, hvorki stofnunarinnar né þess rn., sem ég veiti forstöðu, um það fjármagn, sem við teljum, að þurfi hér til að koma. Málið er í athugun, og ég vona, að áður en langir tímar líði beri sú athugun tilætlaðan árangur.

Björgunarstarfsemi varnarliðsins á Keflavíkurflugvelli, fsp. (þskj. 349). — Ein umr.

Fyrirspyrjandi (Stefán Gunnlaugsson): Herra forseti. Við og við á liðnum árum hefur komið fram í fjölmiðlum, þegar skýrt hefur verið frá slysförum, björgun fólks úr lífsháska eða atvikum, þegar talið var, að fólk kynni að vera í nauðum statt, að björgunarsveit varnarliðsins á Keflavíkurflugvelli hafi verið kölluð til aðstoðar og komið við sögu í slíkum tilfellum. Erfitt er að gera sér grein fyrir í fljótu bragði, hversu mikilvægt eða lítilfjörlegt þetta verkefni hefur verið, því að ekki hefur farið mikið fyrir þætti þessarar björgunardeildar í frásögnum fjölmiðla af atburðum af þessu tagi yfirleitt, þótt á það hafi verið minnst á stundum a. m. k., þegar við hefur átt undir slíkum kringumstæðum. Sjálfsagt hafa frásagnir fjölmiðla af þætti umræddrar björgunardeildar í slíkum frásögnum verið í réttu hlutfalli við mikilvægi framlags hennar í hverju tilfelli. Við skulum a. m. k. gera ráð fyrir því, að svo hafi allajafna verið.

En nú er mikið talað um, að herinn á Keflavíkurflugvelli eigi að fara af landi brott. Að vísu er ekki séð fyrir, hvernig því máli reiðir af, eins og sakir standa. Samt er ekki úr vegi að minum dómi að reyna að gera sér grein fyrir því nú þegar, hvaða afleiðingar það hefði fyrir slysavarnir, sjúkravarnir og almannavarnir í landinu, ef björgunarsveit varnarliðsins hyrfi héðan á brott, og hvort ekki sé nauðsynlegt að gera sérstakar ráðstafanir til að fylla upp í það skarð, sem eftir yrði á þessu sviði við brottför þess.

Til þess að unnt sé að fá nokkra mynd af þætti varnarliðsins við framkvæmd þessara mála hér á landi með það fyrir augum, að leitast verði við að *gera ráðstafanir í tíma, til þess að* ekki dragi úr slysavörnum, sjúkravörnum og almannavörnum við hugsanlega brottför björgunardeildar Bandaríkjamanna á Keflavíkurflugvelli, hef ég lagt fram nokkrar fyrirspurnir til hæstv. *utanrrh. Af svörum hans má e. t. v.* ráða, hvort eða hverra aðgerða sé þörf í þessum efnum. En spurningar mínar eru þessar, þær eru á þskj. 349:

„1. Hve margar flugvélar og þyrlur og af hvaða gerðum og hvaða önnur tæki notar varnarliðið á Keflavíkurflugvelli við björgunarstörf?

2. Hve mikinn mannafla notar varnarliðið beint eða óbeint við björgunarstörf?

3. Hve oft hefur björgunarsveit varnarliðsins á Keflavíkurflugvelli og aðrar deildir þess látið í té aðstoð við fólk í nauðum statt að beiðni opinberra aðila íslenskra á árinu 1973? Hvernig flokkast þessi aðstoð eftir tegundum neyðartilfella?

4. Telur ráðh. nokkuð því til fyrirstöðu, að Íslendingar gætu tekið þessa björgunarstarfsemi að sér?“

Utanrrh. (Einar Ágústsson): Herra forseti. Fyrsta spurningin er: „Hve margar flugvélar og þyrlur og af hvaða gerðum og hvaða önnur tæki notar varnarliðið á Keflavíkurflugvelli við björgunarstörf?“

Svarið er: Í björgunarsveit varnarliðsins eru 3 flugvélar af Herkúlesgerð og 3 stórar þyrlur af HH-3E-gerð. Þessi flugvélakostur er svo aukinn með öðrum flugvélum frá varnarliðinu, þegar sérstaklega stendur á, t. d. þegar umfangsmikil leit á stóru svæði stendur yfir. Auk alls konar tækja og viðleguútbúnaðar svo sem klifurútbúnaðar, sem tíðkast hjá björgunarsveitum, má nefna talstöðvar-, snjóbelta-, vatna- og fjallabifreiðar.

Önnur spurning fjallar um mannaflann. Svarið við henni er: Varnarliðið hefur jafnan til taks 45 æfða þyrluflugmenn og 94 flugmenn fyrir Herkúlesvélarnar. 53 þessara manna eru eingöngu við störf hjá björgunarsveitinni á vöktum, en hinir eru til vara. Landgöngulið flotans (um 125 menn) er þjálfað til björgunarstarfa á landi og kallað út, þegar á þarf að halda, svo og læknar og hjúkrunarlið. Auk þessa má nefna þá menn, sem annast viðgerðir, eftirlit og þjónustu við flugvélar, bifreiðar og tækjakost.

Þriðja spurningin er um það, hve oft björgunarsveit varnarliðsins hafi verið beðin um aðstoð á árinu 1973 og hvernig þessi aðstoð flokkist eftir tegundum neyðartilfella? Í sambandi við þessa spurningu var leitað til Slysavarnafélags Íslands, og hefur borist þaðan skýrsla um þá aðstoð, sem varnarliðið hefur látið í té, frá því að þyrlurnar HH-3E komu hingað til lands seint á árinu 1971. Þar kemur fram m. a., að á árinu 1972 hefur Slysavarnafélagið leitað alls 23 sinnum til varnarliðsins um aðstoð, en skýrslan greinir aðeins frá þeim þáttum, er snerta samstarf félagsins við varnarliðið. Ég tel þó ekki

ástæðu til að fara nánar út í þessa aðstoð, þar sem í fsp. er talað um aðstoð á árinu 1973, en þá eru aðstoðarbeiðnir Slysavarnarfélagsins alls 20 og eru eins og hér greinir:

22. jan. kl. rúmlega 6 um kvöldið óskaði S & R varnarliðsins þess, að S V F Í skipulegði leit báta norður af Garðskaga, þar sem herþota nauðlenti á sjónum í aðflugi og væri flugmannsins saknað. S V F Í varð við þeirri beiðni, og undir miðnætti fannst ýmislegt brak úr vélinni, er sannaði örlög vélar og flugmanns.

23. jan. leit haldið áfram á Faxaflóa af þyrlum varnarliðsins og bátum frá Akranesi. Kl. um 2 var S V F Í tilkynnt um eldsumbrotin í Vestmannaeyjum. Var þá þegar haft samband við yfirmenn S & R og þess óskað, að frekari leit á Faxaflóasvæði yrði hætt, en þyrlur og þær flugvélar, er gætu lent í Vestmannaeyjum, yrðu þegar hafðar til reiðu vegna fólksflutninga frá Vestmannaeyjum. Var þegar orðið við þeirri beiðni, og þar með hófst hinn ómetanlegi þáttur varnarliðsins við hjálp og aðstoð í Vestmannaeyjum.

2. febr. Leitar- og björgunarflugvél af Herkúlesgerð tók þátt í leit að v/b Maríu KE 84, fjögurra manna áhöfn, er farist hafði í róðri kvöldið áður, án þess að nokkurt neyðarkall heyrðist frá bátnum. Þyrlur varnarliðsins voru hafðar til reiðu, er á þyrfti að halda.

11.—21. febr. Alla þessa daga stóð yfir ein umfangmesta leit í sögu S V F Í og jafnframt erfiðasta, en 11. febr. fórst v/b Sjöstjarnan KE 8 á leið frá Færeyjum til Íslands, en tíu manna áhöfn komst í tvo gúmmíbjörgunarbáta. Leitar- og björgunarflugvélar af Herkúlesgerð fóru tíu leitarleiðangra, flugtími þeirra samtals 64.5 klst. og leitarsvæði 16 500 fersjómílur.

27. febr. Um kvöldið óskaði S V F Í eftir sjúkraflugi til Ólafsvíkur vegna veikrar konu, er þurfti að koma í sjúkrahús. Þyrla varnarliðsins var þegar send áleiðis, en varð frá að hverfa vegna dimmviðris og snjókomu á utanverðu Snæfellsnesi.

1. mars. Þyrla varnarliðsins leitaði innanverðan Faxaflóa um Snæfellsnes að v/b Íslendingi HU 16, tveggja manna áhöfn, sem farið hafði frá Reykjavík daginn áður áleiðis til Hvammstanga og ekkert frekar af ferðum hans frést. Sömuleiðis leitaði Herkúlesflugvél á djúpslóðum.

11. mars. Sótti þyrla varnarliðsins alvarlega slasaðan íslenskan sjómann til Stykkishólms, en flugbrautin þar var ófær vegna aurbleytu. Herkúlesvél aðstoðaði við sjúkraflug þyrlunnar.

27. marz. Aðstoðuðu þyrlur frá varnarliðinu við leit að Beechtcraft flugvélinni TF VOR, er týnst hafði á leið frá Akureyri til Reykjavíkur með 5 mönnum. Þyrlan flutti lík mannanna til Reykjavíkur. Auk þess flutti þyrlan rannsóknarnefnd slysins að flaki flugvélarinnar.

6. apríl. Sótti þyrla varnarliðsins fárveika konu að Staðarfelli í Dölum og flutti hana til Reykjavíkur, þar sem hún var lögð á sjúkrahús.

29. maí. Sótti þyrla varnarliðsins hermann til Akraness, er slasast hafði í umferðarslysi.

19. júní. Aðstoðaði þyrla varnarliðsins við að losa eins hreyfils flugvél úr sandbleytu á Skeiðarársandi, er hún lenti þar með tvo erlenda jarðfræðinga. Fylgdi þyrlan vélinni til Reykjavíkur.

15. júlí. Þyrla frá varnarliðinu ásamt Herkúlesvél aðstoðuðu við leit að litilli flugvél af gerðinni Moony 21 TF-REA, er týnst hafði á leiðinni frá Reykjavík til Þórshafnar með fjórum um borð.

18. júlí. Flutti þyrla varnarliðsins slasaðan mann, er fallið hafði af hestbaki og hálsbrotnað, frá bænum Hátúnum í Skriðdal til Egilsstaða, þar sem áætlunarflugvél beið mannsins og flutti á sjúkrahús í Reykjavík.

27. júlí. Sótti þyrla varnarliðsins fárveikan botnlangasjúkling um borð í m/s Goðafoss, er staddur var um 150 sjómílur suðvestur af Garðskaga á leið frá Bandaríkjunum til Íslands, og flutti hann á spítala í Reykjavík, þar sem hann var samstundis skorinn upp. Leitar- og björgunarflugvél af Herkúlesgerð var send á vettvang til að staðsetja og fylgjast með ferðum skipsins og gegndi jafnframt hlutverki radíóvita eins og jafnan í slíkum ferðum til að auðvelda flug þyrlunnar, meðan á sjúkraflugi stóð.

3. ágúst. Sótti þyrla varnarliðsins fársjúkan pólskan sjómann af verksmiðjutogaranum Virgo, er var um 90 sjómílur suður af Reykjanesi, og flutti til Reykjavíkur, þar sem hann var lagður á sjúkrahús. Herkúlesvél aðstoðaði og fylgdist með þyrlunni, meðan á fluginu stóð.

8. ágúst. Sótti þyrla varnarliðsins fjóra menn (þar af þrjá slasaða) og flutti þá til Reykjavíkur. Eins hreyfils flugvél af gerðinni Cessna 177 TF-BKA hafði hlekkst á í flugtaki á flugbrautinni að Skálmarnesi á Barðaströnd.

25. ágúst. Bjargaði þyrla varnarliðsins dönskum flugmanni af Cessna 310, vél, er nauðlenti á sjónum í aðflugi á Keflavíkurflugvöll. 13 mínútum eftir að flugvélin lenti á sjónum var flugmanninum bjargað af þyrlunni.

26.—27. ágúst. Leitaði þyrla frá varnarliðinu ásamt froskmönnum úr björgunarsveitinni að íslenskum kafara, er fenginn var til að staðsetja flak flugvélarinnar, er nauðlenti á sjónum daginn áður.

28. ágúst. Sótti þyrla varnarliðsins móður og nýfætt barn til Hafnar í Hornafirði og flutti þau til Reykjavíkur, þar sem bæði voru lögð á Fæðingardeildina. Móðirin hafði misst mikið blóð við fæðinguna, og íslenskur læknir frá Fæðingardeildinni ásamt sjúkraliða þyrlunnar önnuðust konuna allan tímann, meðan á fluginu stóð.

21. nóv. Nauðlenti Navy C-117 á Sólheimasandi. Áhöfn vélarinnar, 7 manns, var flutt með þyrlu varnarliðsins til Keflavíkurflugvallar. Björgunarsveit S V F Í — Víkverji — Vík í Mýrdal veitti varnarliðsmönnum mikla aðstoð við að gæta flugvélarinnar, auk þess sem þeir höfðu 24 klst. hlustvörslu í talstöðvarbílum við flak flugvélarinnar.

Þetta var sú skýrsla, sem borist hefur frá Slysavarnafélagi Íslands um samvinnu við varnarliðið á árinu 1973 um björgunarstörf.

Eins og ég sagði áðan, voru þessar beiðnir Slysavarnarfélagsins 20 á s.l. ári, en alls voru aðstoðarbeiðnir opinberra aðila samtals 52 á árinu, mest út af eldgosinu í Vestmannaeyjum. Þessu má skipta þannig, að farin voru 25 sjúkraflug, 12 leitarflug, 4 björgunarflug, og 11 ferðir voru farnar vegna brottflutnings frá hættusvæði.

Á tímabilinu frá 23. jan. 1973, þegar Vest-

mannaeyjagosið byrjaði, og til 15. mars sama ár, lagði varnarliðið fram um 50 þús. vinnustundir til aðstoðar, t. d. fóru yfir 1000 hermenn til hjálparstarfs á Heimaey. Flugvélar varnarliðsins fluttu um 850 tonn af húsgögnum, birgðum, tækjum, búsmala og matvælum. Þær fluttu og yfir 1500 flugfarþega til og frá Heimaey. Einnig má nefna, að varnarliðið annaðist flutning á nærri 600 gámum frá Þorlákshöfn til Reykjavíkur á 5 dögum í upphafi gossins. Það lagði til slökkvibifreiðar og alls konar slökkvitæki, auk ýmiss konar útbúnaðar. Að lokum er rétt að minnast á það, að varnarliðið og Bandaríkjaher lögðu fram mikið starf við að safna saman dælum, vatnshönum og leiðslum í Bandaríkjunum fyrir kælikerfið, sem notað var gegn hraunstraumnum.

Fyrir utan þá aðstoð, sem nú hefur verið minnst á, má geta þess, að samkomulag er um það við varnarliðið að flytja nýrnasjúklinga til Kaupmannahafnar, hvenær sem á þarf að halda, en þegar skipta þarf um nýra í fólki, mega ekki liða margir klukkutímar frá því að gjafari deyr og þar til nýtt nýra af réttum flokki er komið á sinn stað í líkama sjúklingsins.

4. spurningin er um það, hvort ég telji nokkuð því til fyrirstöðu, að Íslendingar geti tekið þessa björgunarstarfsemi að sér. Ég tel ekki vafa á því, að Íslendingar geti haft þessi störf með höndum, ef þeir fá fulla þjálfun. Það er hins vegar alltaf matsatriði, hve öflug slík björgunarsveit þarf að vera, til þess að fullkomið öryggi sé fyrir hendi, og um það get ég ekki dæmt. Hins vegar er ljóst, að spurningin er fyrst og fremst fjárhagslegs eðlis, og ef hafa ætti samskonar rekstur á Keflavíkurflugvelli og nú er þar í höndum varnarliðsins, er enginn vafi á því, að um mjög háar fjárhæðir væri að ræða.

Fyrirspyrjandi (Stefán Gunnlaugsson): Herra fremst fjárhagslegs eðlis, og ef hafa ætti samshefur komið í ræðu hæstv. utanrrh., að það björgunar- og slysavarnastarf, sem björgunarsveit varnarliðsins á Keflavíkurflugvelli hefur unnið, virðist vera allmikilvægt. Ef niðurstaðan verður sú, að varnarliðið verði látið fara af landi brott með alla sína starfsemi, þá sýnist í fljótu bragði a. m. k. augljóst, að grípa verður til sérstakra ráðstafana til að fylla upp í það skarð, sem yrði eftir hvað þessa björgunarstarfsemi áhrærir. Í því efni kemur náttúrlega ýmislegt til greina, eins og t. d. að stórefla Slysavarnafélag Íslands til að sinna þessum málum betur en það hefur til þessa haft aðstöðu til. Það eru sjálfsagt ýmsar aðrar leiðir, sem þar kæmu til álita. En sé það ásetningur hv. stjórnarliða að framfylgja þeirri kröfu Alþb.-manna að láta herinn fara með allt sitt hafurtask og alla sína starfsemi, áður en langt um líður, þarf að taka til höndunum tafarlaust, til þess að þessi mál komist ekki í vandræði, þegar að því kæmi.

Fjölgun starfsmanna í stjórnarráðinu, fsp. (þskj. 371). — Ein umr.

Fyrirspyrjandi (Gylfi Þ. Gíslason): Herra forseti. Æskilegt er, að upplýst verði, hver hefur orðið fjölgun starfsmanna í stjórnarráðinu á undanförnum árum. Þess vegna hef ég leyft mér að beina þeirri fsp. til hæstv. fjmrh., hversu margir starfsmenn hafi verið í stjórnarráðinu annars vegar 1. júlí 1971, þegar hæstv. ríkisstj. tók við völdum, og hins vegar 1. jan. s. l. Hef ég beðið um grg. fyrir því, hversu margir fastráðnir starfsmenn hafi verið í hverju rn. á hvorum tímanum um sig og hversu margir lausráðnir.

Fjmrh. (Halldór E. Sigurðsson): Herra forseti. Svar mitt við fsp. hv. 7. þm. Reykv. á þskj. 371 um starfsmenn Stjórnarráðs Íslands er miðað við fjárlagaafgreiðslu fyrir árið 1971 annars vegar, eins og þar var ákveðið, og 1974 hins vegar, svo að þar á að vera um sambærilegar tölur að ræða.

Í forsrn. voru 5 fastir starfsmenn 1971, nú eru þeir 7 fastir og ½ lausráðinn, svo að fjölgunin er 2½.

Í menntmrn. voru 35½ fastráðnir starfsmenn, enginn lausráðinn, nú eru þeir 42 fastráðnir og ½ maður lausráðinn, svo að fjölgunin er 7 menn.

Í utanrrn. voru 25 fastráðnir, ½ lausráðinn, alls 25½, nú eru þeir 25 fastráðnir, enginn lausráðinn, fækkun er ½ maður.

Í landbrn. voru 7 starfsmenn fastráðnir, nú eru 7 menn fastráðnir og 1½ lausráðnir, fjölgunin er 1½ maður.

Í sjútvrn. voru 5 fastráðnir, enginn lausráðinn, nú eru 6 fastráðnir, einn lausráðinn, alls 7 menn, fjölgunin 2 menn.

Í dómsmrn. voru 11 fastráðnir starfsmenn, 2 lausráðnir, alls 13, nú eru 11 fastráðnir starfsmenn þar, 1 lausráðinn, og fækkunin er 1 maður.

Í félmrn. voru 7 menn fastráðnir, enginn lausráðinn, nú eru 8½ fastráðinn og ½ lausráðinn, hér er því um 9 menn að ræða, en fjölgunin er 2 menn.

Í heilbr.- og trmrn. voru 4 menn fastráðnir, enginn lausráðinn, nú eru þar fastráðnir 9 menn, fjölgunin er 5 menn.

Í fjmrn. voru 15 menn fastráðnir, nú eru fastráðnir þar 20 menn, fjölgunin er 5 menn.

Í ríkisbókhaldinu voru 9 menn fastráðnir, 2 menn lausráðnir, alls 11, nú eru þar 16 menn fastráðnir, fjölgunin er 5 menn.

Ríkisfjáhirslan, þar voru 5 menn fastráðnir, nú eru þar 6 fastráðnir, fjölgunin er einn maður.

Í samgrn. voru 5 menn fastráðnir 1971 og ½ maður lausráðinn, eða 5½ maður, nú eru 6½ fastráðnir, ½ maður lausráðinn, 7 menn alls, fjölgunin 1½ maður.

Í iðnrn. voru 4 menn fastráðnir, enginn lausráðinn, nú eru þar 6½ fastráðnir, 1 maður lausráðinn, alls 7½, fjölgunin er 3½.

Í viðskrn. voru 11 menn fastráðnir, nú eru þar einnig 11 menn fastráðnir og ½ maður lausráðinn, fjölgunin er ½ maður.

Í Hagstofu Íslands voru 25 menn fastráðnir, 4 menn lausráðnir eða alls 29, þar starfa nú 27 fastráðnir, 4 menn lausráðnir eða 31 maður, fjölgunin er 2 menn.

Í ríkisendurskoðuninni voru 26½ maður fastráðnir, 3 lausráðnir eða 29½ maður, nú eru 30½ maður fastráðnir, 2 lausráðnir, alls 32½, fjölgunin 3 menn.

Í fjárlaga- og hagsýslustofnuninni voru 4 menn fastráðnir, enginn lausráðinn, nú eru þar 6 menn fastráðnir, fjölgunin er tveir menn. Alls er því um að ræða aukningu á lausráðnum og fastráðnum mönnum 42 á þessu tímabili.

Til viðbótar þessu vil ég geta þess, að hjá ríkisbókhaldinu hefur orðið sú breyting á, að ríkisbókhaldið hafði á hendi uppgjör fyrir 28 stofnanir 1971, en hefur nú á hendi uppgjör fyrir 98 stofnanir. Sama er að segja um ríkisendurskoðunina, að hjá henni hefur verkefnum fjölgað verulega. Einnig er það svo með launadeild fjmrn., að á árinu 1973 fengu þar 15 þús. einstaklingar einhverjar launagreiðslur. Eru það 15% af framteljendafjölda landsins. Launaupphæðin var 4 milljarðar 400 þús. eða 10% af heildarlaunagreiðslum í landinu samkv. því, sem lesið verður úr upplýsingum um launaskatt. Launaafgreiðslum fylgir innheimta opinberra gjalda. Alls var þannig innheimt í útsvör og þinggjöld á árinu 1973 870 millj. kr., þar af Gjaldheimtan í Reykjavík með 550 millj. kr., sem er rúmlega 10% af innheimtu slíkra gjalda hjá Gjaldheimtunni. Þetta leiðir af því, að til útborgunar hjá launadeild fjmrn. hafa komið 70 stofnanir á þessu tímabili, sem hér um ræðir.

Þetta svar, vona ég, að nægi hv. þm. við fsp. hans.

Fyrirspyrjandi (Gylfi Þ. Gíslason): Herra forseti Ég þakka hæstv. fjmrh. svör hans og tel þau alveg fullnægjandi. Efni svarsins ræði ég að sjálfsögðu ekki á þessum vettvangi.

Bjarni Guðnason: Herra forseti. Aths. skal vera örstutt. Hér er vikið að ákveðnu máli, sem snertir ekki aðeins rn., heldur embættismannabáknið í heild, og þá kemur upp í huga minn, að vinstri stjórnin í Danmörku, sem á við mikla erfiðleika í efnahagsmálum að etja eins og við Íslendingar, hefur nú í huga, að því er ég hef lesið í blöðum, að stöðva allar fastráðningar nýrra manna til ríkisins fram til 1. ágúst og taka upp þetta heildarvandamál, þ. e. a. s. fjölda starfsmanna, þörfina og athuga, hvernig málin standa. Ég held, að það væri vert í sambandi við þá efnahagsörðugleika, sem uppi eru með þjóðinni, að hæstv. fjmrh. stöðvaði um skeið frekari mannaráðningar og gerði úttekt á embættismannabákninu í heild, þannig að ekki yrði um óeðlilega fjölgun að ræða. Þetta er eitt af þeim vandamálum, sem við eigum við að glíma, og það er vert að gera þetta.

Að lokum þetta: Þetta snertir ekki aðeins rn. Mér virðist Seðlabankinn hafa meira starfslið heldur en öll rn., og það er útþensla víðar en hjá rn. En við þurfum að kunna okkur hóf, og hæstv. fjmrh. ætti að taka rögg á sig og gera heildarúttekt á þörfinni og hinni eðlilegu aukningu, sem kann að teljast í rn. Það er vert að íhuga, að eitt rn., menntmrn., vex, en mér er sagt, að þjónustan minnki.

Fjmrh. (Halldór E. Sigurðsson): Herra forseti. Ég vil aðeins vekja athygli á því í tilefni af því, sem hv. 3. landsk. þm. sagði, að einmitt með því að færa inn til ríkisbókhaldsins, ríkisfjárhirslurnar og til endurskoðunarinnar stofnanir, sem áður höfðu sjálfstætt bókhald og sjálfstætt uppgjör, hefur verið dreginn saman mannafli hjá slíkum stofnunum og komið í veg fyrir fjölgun hjá öðrum. Ég greindi frá því, að um 70 slíkar stofnanir hefðu verið teknar inn til þessara starfsgreina, sem ég nefndi hér áðan, svo að það getur átt við, sem hv. 3. landsk. þm. benti á, að ríkisbáknið sé dregið saman, þótt þessi fjölgun hafi átt sér stað þarna.

Ríkisjarðir, fsp. (þskj. 371). — Ein umr.

Fyrirspyrjandi (Pálmi Jónsson): Herra forseti. Að undanförnu hafa farið fram allmiklar umr. um jarðeignir og mál, er þær snerta, þ. á m. hvaða eignarform sé æskilegast á jörðum. Svo sem kunnugt er, liggja nú fyrir Alþ. nokkur mál, er þetta snerta, þ. á m. eitt, sem er þáltill., er miðar að því, að landið allt, þar með allar jarðeignir bænda, skuli verða ríkiseign. Þetta hefur leitt hugi manna meira en ella að því, hvernig meðferð á jarðeignum ríkisins sé háttað og hvort þar sé að finna sönnun fyrir því, að þar sé um hið æskilegasta eignarform að ræða. Flestum þeim, sem hafa fyrir augunum í sínu heimahéraði mismun á leigujörðum og sjálfseignarjörðum bænda, virðist þó samanburðurinn vera sjálfseignarjörðunum mjög í hag hvað búskaparhætti snertir, enda þótt enginn rannsókn í þessu efni hafi farið fram.

Meðal þess, sem fengur væri í að fá vitneskju um, er, hve margar af jarðeignum ríkisins séu byggðar til ábúðar, eins og lög gera ráð fyrir, og einnig væri forvitnilegt að vita, hvort sambærilegt hlutfall væri í byggingu ríkisjarða og jarða í eigu einstaklinga. Þetta efni eða þetta hlutfall, ætlast ég þó ekki til, að upplýst sé hér að þessu sinni.

Svo sem kunnugt er, kveða gildandi ábúðarlög á um, að hver sá, sem á jörð og rekur ekki á henni búskap sjálfur, skuli byggja hana hæfum umsækjanda að dómi úttektarmanna. Ýmsum jörðum ríkisins er auðvitað ráðstafað samkv. l. með þeim hætti, að samrýmist ekki venjulegum búrekstri. Um þetta allt er þó eðlilegt, að fyrir liggi glöggar upplýsingar, og ætla verður, að það sé talið eðlilegt, að meðferð á jarðeignum ríkisins sé með þeim hætti, að samrýmist sem best gildandi ábúðarlögum, ekki síður en á jarðeignum einstaklinga. Með hliðsjón af þessu m. a. hef ég leyft mér að bera fram fsp. til hæstv. landbrh. á þskj. 371, svo hljóðandi:

„1. Hvað voru ríkisjarðir margar við síðustu áramót?

2. Hve margar þeirra voru þá í lögformlegri ábúð?

3. Hvaða aðilar hafa haft afnot af öðrum jarðeignum ríkisins árið 1973 og með hvaða kjörum?“

Fjmrh. (Halldór E. Sigurðsson): Herra forseti. Út af fsp. hv. þm. Pálma Jónssonar á þskj. 371

vil ég geta þess, að fyrir réttu ári eða þriðjudaginn 27. febr., svaraði ég fsp., sem var hér um bil shlj. þessari fsp., frá hv. þm. Helga Seljan. Sú fsp. var í 5 liðum, en þeir voru þessir:

„1. Hver er fjöldi bújarða í eigu ríkisins í hverju kjördæmi?

2. Á hve mörgum þeirra er búið sjálfstæðu búi?

3. Hve margar jarðir eru nytjaðar frá öðrum bújörðum?

4. Hve margar ríkisjarðir eru leigðar öðrum en bændum?

5. Til hve langs tíma eru jarðir að jafnaði leigðar, og eftir hvaða reglum er farið við ákvörðun um það, hverjum skuli leigja þær jarðir, er losna á hverjum tíma."

Fsp. hv. 5. þm. Norðurl. v. nú varðandi ríkisjarðir er í þrem liðum. Svar mitt til hv. þm. Helga Seljans er að finna í 16. hefti Alþingistíðinda, sem nær yfir tímabilið 26. febr. til 1. mars 1971.

Um fyrstu tvo liðina má því vísa til þessa svars. Á síðasta ári hafa orðið litlar breytingar á fjölda jarða í ríkiseign og ábúð á þeim. Jarðeignasjóður keypti 2 jarðir á árinu, en 3 jarðir voru seldar. Þannig eru ríkisjarðir nú taldar 819. Í fyrra töldust 626 jarðir í fastri ábúð. Á árinu hefur ein jörð fallið úr ábúð, en mun byggjast í vor og ein eyðijörð byggjast að nýju.

3. tölul. fsp. skil ég þannig, að spurt sé um, hverjir hafi árið 1973 haft afnot jarða í ríkiseign, sem ekki voru í fastri ábúð. Svar við þessari spurningu er þess eðlis, að ég tel ekki rétt að eyða tíma hv. Alþ. í þá upptalningu, sem því fylgir að telja upp hverja jörð eða jarðarskika. Um 120 þessara jarða hafa bændur til afnota til að bæta búskaparaðstöðu sína, mest með því að *nýta jarðirnar til beitar*. Sumar eru jafnframt notaðar til heyöflunar, þar sem tún eru varin og í sæmilegri rækt. Um 40 jarðir eru á vegum ríkisstofnana, þ. á m. Landgræðslu ríkisins, Skógræktar ríkisins, vitamálastjórnar o. fl. Auk þess eru allmargar eyðijarðir, sem ekki er ráðstafað og enginn hefur bein samningsbundin not af. Flestar eru jarðir þessar í byggðarlögum, sem eru algerlega komin í eyði.

Ég vona, að þetta svar sé nægilegt fyrir hv. þm., en mun þessu til viðbótar afhenda honum lista yfir þessar jarðir og jarðarskika, sem spurt er um í 3. lið fsp., þar sem ég tel ekki vera hægt að fara að lesa hann upp hér á hv. Alþ.

Fyrirspyrjandi (Pálmi Jónsson): Herra forseti. Ég þakka hæstv. ráðh. fyrir svör hans. Það er rétt, sem fram kom í svari hans, að fyrir ári var lögð fram hér á Alþingi fsp. svipaðs efnis, en ekki þó eins, nema að því leyti er snertir fyrstu tvo tölul. þessarar fsp. Þeir voru hins vegar hafðir með í minni fsp. sem nauðsynleg forsenda þess, að unnt væri að skýra greinilega frá því, sem spurt er um í hinum þriðja lið, og hann er vitaskuld meginatriði þeirrar fsp., sem ég hef hér lagt fram.

Ég tek það fram, að ég tel það algerlega fullnægjandi hjá hæstv. ráðh., að hann gefur mér svör við þeim lið skriflega, enda þótt hann hafi drepið á nokkra grófa drætti, er snerta svar við þeim lið. Það kemur í ljós, að 193 jarðir ríkisins eru ekki í fastri ábúð samkv. ábúðarlögum, og eins og ég tók fram í minni fyrri ræðu, getur það allt verið með eðlilegum hætti, og skal ég ekki um það segja, fyrr en ég hef fengið í hendur hina skriflegu skýrslu hæstv. ráðh. Að öðru leyti ætla ég ekki að ræða þetta efni hér. Ég vil einungis þakka hæstv. ráðh. og vænti þess að fá hina skriflegu skýrslu hans í mínar hendur.

Regnbogasilungseldi Skúla Pálssonar, fsp. (þskj. 379). — Ein umr.

Fyrirspyrjandi (Oddur Ólafsson): Herra forseti. Ég hef á þskj. 379 leyft mér að bera fram fsp. til hæstv. landbrh. um afskipti stjórnvalda af regnbogasilungseldi Skúla Pálssonar í Laxalóni.

Hinn 16. apríl 1951 veitti landbrn. Skúla Pálssyni leyfi til þess að flytja til landsins regnbogasilungsstofn frá Danmörku. Ætlun Skúla var að koma hér á fót *regnbogasilungseldi* með það að markmiði að selja regnbogasilung á erlendan markað til neyslu. Ýmis skilyrði fylgdu leyfinu, og er ekki annað sannað en þau hafi verið uppfyllt. Nokkru eftir að Skúli flutti inn hrognin frá Danmörku, fór að bera á alvarlegum sjúkdómi í regnbogasilungnum þar í landi. Einkum var um svonefnda kýlapest að ræða, en síðar einnig veirusjúkdóma.

Afleiðing þessa varð sú, að hinn 13.8. 1955 ritaði landbrn. Skúla bréf, þar sem talin er nauðsyn á því að áliti sérfræðinga öryggis vegna að rannsaka heilbrigði regnbogasilungsins í stöð hans. Í bréfinu var tekið fram, að rn. setti bann við flutningi á fiski eða hrognum frá stöðinni, þar til umrædd athugun hefði farið fram.

Rn. fól veiðimálastjóra í samráði við Tilraunastöð háskólans á Keldum að framkvæma rannsóknina. Rannsóknin fór svo fram á árunum 1955 og 1956. Að rannsókn lokinni barst rn. bréf frá veiðimálastjóra, þar sem segir m. a., með leyfi forseta:

„Er þar með umræddri rannsókn á heilbrigðisástandi regnbogasilungs í eldisstöðinni á Laxalóni lokið, og hafa kýlaveikismitberar ekki fundist í regnbogasilungi þar. Líkur fyrir, að sjúkdómurinn sé í stöðinni, eru innan við 1%, og telur Páll A. Pálsson það mikið öryggi fengið með rannsókninni, að óþarft sé að hafast frekar að. Skal því lagt til, að banni því, sem verið hefur á um burtflutning lifandi vatnafiska úr eldisstöðinni, sbr. bréf hins háa rn., dags. 13. ágúst 1955, verði aflétt."

Sú varð raunin á, að á næstu árum seldi Skúli fiska og hrogn til tveggja aðila innanlands með leyfi landbrn. En 1964 átti Skúli enn kost á að selja eldisfisk úr stöðinni, en þá synjaði rn. um leyfi og enn vegna mögulegrar smithættu. Þetta gerðist 13 árum eftir innflutning hrogna frá Danmörku og 8 árum eftir að áðurnefnt bréf um heilbrigði kom. Þetta er því

furðulegra, þar sem eldisstöð Skúla er við bæjardyrnar hjá heimsþekktri dýra- og veirusjúkdómastofnun, þ. e. Tilraunastöð háskólans að Keldum, sem maður hefði haldið, að hefði mjög góða aðstöðu til þess að rannsaka sjúkdóma í dýrum. Þess vegna er 1. liður spurningar minnar þannig:

„Hvernig hefur heilbrigðiseftirliti með eldisfiski í eldisstöðinni í Laxalóni verð hagað frá stofnun hennar til þessa dags? Hafa smitnæmir sjúkdómar fundist í stöðinni?“

Eldisstöð Skúla er í nágrenni einnar mestu og bestu laxveiðiár á landinu, Elliðaánna. Skúli hefur auk regnbogasilungs ræktað í stöð sinni bæði lax og bleikju á undanförnum árum. Ef yfirvöld hafa yfirleitt haft grun um sjúkdóm hjá Skúla, er vægast sagt mjög undarlegt, að þau skuli hafa heimilað honum eldi laxfiska þar. Þess vegna spyr ég, hvort komið hafi upp sjúkdómar í nálægum eldisstöðvum eða ám, er hægt sé að rekja til stöðvarinnar í Laxalóni. Mér skilst, að yfirvöld hafi í meira en 20 ár haft grun um sjúkdóm í þessum stofni. Þótt rannsóknir hafi e. t. v. ekki verið stöðugar eða fullnægjandi, er þá ekki augljóst, að ef um smitnæman sjúkdóm væri að ræða, þá mundi hann nú herja á laxfiska víða um land?

Regnbogasilungur er mikil búgrein víða um heim. Í Evrópu munu vera framleidd um 70 þús. tonn árlega. En vegna sjúkdóma í stofninum erlendis eru hrogn úr heilbrigðum fiski mjög verðmæt og mjög góð útflutningsvara. Þeir útlendingar, sem hafa kynnt sér stofn Skúla, telja hann heilbrigðan, máske eina heilbrigða stofninn í Evrópu. Hins vegar er ekki hægt að nýta sölumöguleika, nema fullkomið heilbrigðisvottorð fáist, og þess vegna er honum bráð nauðsyn að fá ákvörðun sem allra fyrst um ástand stofnsins.

Það sama gildir um Skúla og marga aðra, sem rekið hafa fyrirtæki í jaðri Reykjavíkur. Borgin þrengir að honum, svo að hann þarf að flytja starfsemi sína. Hann hefur þegar skapað sér möguleika á aðgengilegum stað, en fær nú ekki leyfi til þess að flytja regnbogasilunginn á hinn nýja stað. Og enn er það smitunarhættan, sem veldur. Verði ekki breyting á afstöðu yfirvalda til atvinnurekstrar Skúla, liggur ekki annað fyrir en að drepa þennan verðmæta stofn niður. Skúli hefur varið milljónum króna til þess að halda þessum stofni við í 23 ár, og mér skilst, að hann hafi fengið aðeins 49 þús. kr. styrk frá ríkinu til þess. Nú virðist hann hafa ótakmarkaða möguleika til að flytja út hrogn til sölu, og væri vægast sagt hörmulegt, ef hann þyrfti nú að gefast upp og drepa niður stofninn eftir að hafa í 23 ár barist við þetta uppeldi. Þess vegna er 3. liður spurningar minnar svo:

„Sé svo ekki eftir meira en 20 ára veru regnbogasilungsstofnsins í landinu, er þá eðlilegt að neita um flutning stöðvarinnar á annan og heppilegri stað?“

Fjmrh. (Halldór E. Sigurðsson): Herra forseti. Út af fsp. hv. 3. þm. Reykn. á þskj. 379 er svar mitt eingöngu byggt á áliti fisksjúkdómanefndar, sem fékk það mál til meðferðar, og er það álit hennar, sem ég les hér, með leyfi hæstv. forseta.

Fyrsta spurningin: „Hvernig hefur heilbrigðiseftirliti með eldisfiski í eldisstöðinni í Laxalóni verið hagað frá stofnun hennar til þessa dags? Hafa smitnæmir sjúkdómar fundist í stöðinni?“

Svar við þessari spurningu er þannig:

Eins og kunnugt er, voru regnbogasilungshrogn flutt frá Danmörku á árinu 1951 að eldisstöðinni að Laxalóni við Grafarlæk. Af hálfu landbrn. voru þá sett ýmis skilyrði fyrir þessum innflutningi í varúðarskyni, svo sem varðandi heilbrigðisvottorð, sótthreinsun hrognanna og einangrun þeirra. Talið er að skilyrði þessi hafi ekki verið haldin að fullu af innflytjanda. Hrogn þau, sem hér um ræðir, komu frá dönskum fiskræktarmanni. Við þann bæ er veiki kennd, og það er banvænn veirusjúkdómur í regnbogasilungi, sem valdið hefur dönskum fiskræktarmönnum þyngri búsifjum en allir aðrir fisksjúkdómar undanfarna tvo áratugi og hefur kostað danska ríkið óhemju fjárútlát. Er nú reynt að útrýma sjúkdómnum með niðurskurði og fiskskiptum í þeim eldisstöðvum, þar sem hann gerir mest tjón.

Fyrstu árin, eftir að regnbogasilungshrognin komu til landsins, var stofninum haldið einangruðum. Síðan var sú kvöð lögð á eiganda regnbogasilungsins, að lifandi fisk mætti ekki flytja frá Laxalóni nema með leyfi landbrn. Hins vegar hafa aldrei verið lagðar neinar hömlur af hálfu hins opinbera á ræktun og eldi regnbogasilungsins innan stöðvarinnar til slátrunar og sölu, en það var að sögn eiganda tilgangur hans með innflutningi og eldi regnbogasilungs.

Til frekara öryggis voru að frumkvæði landbrn. gerðar sýklarannsóknir á regnbogasilungnum í eldisstöðinni árin 1955—1956. Einnig voru rannsakaðir fiskar úr Grafarlæk, en í hann fellur frárennsli eldisstöðvarinnar í Laxalóni, og þar hefur regnbogasilungur verið að staðaldri um margra ára skeið. Fiskar þessir voru rannsakaðir af Tilraunastöðinni á Keldum og sérstök leit gerð að sýklum þeim, sem valda kýlapest í laxfiskum. Ekki fundust sýklar þessir við rannsóknir. Miðað við úrtök þau, sem rannsökuð voru, var talið, að litlar líkur væru á því, að þessi sjúkdómur leyndist í stofninum, þótt ekki væri með öllu útilokað.

Eftir því sem þekking manna á veirusjúkdómum óx síðustu áratugi, komu í ljós veirusjúkdómar í fiski víða um lönd, þar sem vatnafiskur er alinn, ekki síst í Danmörku, þaðan sem regnbogasilungurinn var kominn og áður er að vikið. Var því af stjórnvöldum talið varlegast að leyfa ekki flutning á lifandi regnbogasilungi eða hrognum til annarra staða innanlands.

Í l. um lax- og silungsveiði, sem tók gildi 25. júní 1970, var gert ráð fyrir, að sjúkdómum vatnafiska sé sinnt sérstaklega. Í l. þessum er gert ráð fyrir, að n. sérfróðra manna, fisksjúkdómanefnd, starfi stjórnvöldum til ráðuneytis. Frá því snemma á árinu 1971 hefur héraðsdýralæknirinn í Reykjavík að frumkvæði fisksjúkdómanefndar haft eftirlit með eldisstöðinni að Laxalóni sem og öðrum eldisstöðvum í umdæmi hans, sbr. reglugerð, er síðar var sett um þetta

efni, nr. 70 1972. Eftirlit þetta felst í því, að dýralæknirinn kemur óvænt í heimsókn í stöðvarnar, skoðar fiskseiði og hrogn, sem þar eru í eldi, með tilliti til sjúkdómseinkenna. Ef ástæða er talin, tekur hann sýni til krufningar eða frekari rannsóknar.

Þar sem aðstaða til rannsóknar á veirusjúkdómum í fiski hefur ekki verið fyrir hendi hér á landi, hafði landbrn. forgöngu um það, að fenginn var danskur fisksjúkdómasérfræðingur til þess að rannsaka sýni úr eldisstöðum hér á landi með tilliti til þess, hvort veirusjúkdómar kynnu að leynast þar. Þær rannsóknir hófust haustið 1973 og gert ráð fyrir eðli málsins skv., að þær standi yfir í eitt ár hið skemmsta. Rannsóknir á einu úrtaki frá eldisstöðinni í Laxalóni hafa þegar verið gerðar, og fundust ekki veirur í sýnunum. Blóðsýni, sem tekin voru á liðnu hausti úr stálpuðum regnbogasilungi frá Laxalóni, reyndust innihalda mótefni gegn svonefndri IPN-veiru, en óvíst, hvernig beri að túlka þær niðurstöður. Þá munu IPN-veirur hafa fundist í sumum þeim fiskum, sem aldir voru upp í Danmörku af regnbogasilungshrognum frá Laxalóni. En á því gæti verið sú skýring, að þessi silungur hafi sýkst í Danmörku, þar sem slíkar veirur eru landlægar.

Af þeim ástæðum, sem hér eru raktar, og þeirri bitru og dýrkeyptu reynslu, sem Danir og aðrir hafa orðið fyrir af völdum fisksjúkdóma, hefur verið talið rétt að ljúka þeim veirurannsóknum, sem nú eru í gangi, áður en breytt verður frá þeirri stefnu, sem mörkuð hefur verið varðandi bann við flutningi á lifandi regnbogasilungi og regnbogasilungshrognum frá Laxalóni til annarra staða hér innanlands.

Til þess að fyrirbyggja misskilning, sem nokkuð hefur gætt, skal tekið fram, að engar hömlur hafa verið lagðar á útflutning laxfiska eða hrogna úr laxfiskum, en hins vegar hafa ýmis lönd lagt hömlur á slíkan innflutning hin síðari ár, og veita þau aðeins innflutningsleyfi frá Íslandi gegn vissum skilyrðum hverju sinni.

Önnur spurning: Hafa komið upp sjúkdómar í nálægum eldisstöðum eða ám, sem rekja mætti til eldisstöðvarinnar í Laxalóni?"

Svar: Sem betur fer er ekki vitað til þess, að staðfestir hafi verið sjúkdómar í vatnafiski, sem rekja má til eldisstöðvarinnar í Laxalóni, enda vill svo heppilega til, að vatn það, sem rennur í gegnum eldisstöðina í Laxalóni, fellur í lítinn læk, Grafarlæk, beint til sjávar skamman veg. Fiskeldisstöð sú við Grafarlæk, sem hv. fyrirspyrjandi fékk á sínum tíma heimild til að reisa ásamt öðrum á landi ríkisins, fær vatn beint úr tærum uppsprettulindum í landareign ríkissjóðs, en notar ekki vatn úr Grafarlæknum, svo að vitað sé.

Þriðja spurning: „Sé svo ekki eftir meira en 20 ára veru regnbogasilungsstofnsins í landinu, er þá eðlilegt að neita um flutning stöðvarinnar á annan og heppilegri stað?"

Svar: Eins og þegar hefur komið fram, stendur nú yfir rannsókn á því, hvort leynast kunni veirusjúkdómar í eldisstöðvum hérlendis, m. a. í Laxalóni. Eftir reynslu síðari ára geta smitberar leynst í eldisfiski árum saman, þar sem skilyrði eru hagstæð, án þess að nokkurn gruni. Áætlað er, að rannsókn þessi standi eitt ár hið skemmsta og verði sýni tekin á mismunandi árstímum.

Óþarft ætti að vera að minna hv. alþm. á þá hörmulegu og dýrkeyptu reynslu, sem Íslendingar hafa orðið fyrir af völdum smitsjúkdóma búfjár, þrátt fyrir mikla varfærni í þeim málum, oft og tíðum. Á ég þar við hina alþekktu sauðfjársjúkdóma, mæðiveiki, garnaveiki, riðuveiki, kýlapest o. s. frv., sem hingað hafa borist með innflutningi. Þess eru mörg dæmi, að smitsjúkdómar í fiskum hafi borist landa á milli með hrognum og seiðum og oft valdið stórfelldu tjóni. Afleiðing þess er m. a. hinar ströngu hömlur á innflutningi vatnafisks og hrogna, sem ýmsar þjóðir, t. d. Bandaríkjamenn og Danir, hafa sett hin síðari ár og bitnað hafa á okkur Íslendingum. Þeim mun minni sem þekking manna er á fisksjúkdómum, miðað við sjúkdóma annarra dýrategunda, þeim mun meiri ástæða er til að sýna ítrustu varfærni í þessum málum.

Við flutning regnbogasilungsstofns á nýjan stað austanfjalls ber að hafa í huga, að hér er um að ræða nýja tegund í lífríki landsins, sem gæti dreifst um stærsta vatnasvæði landsins, hvernig sem um hnútana væri búið. Hvaða afleiðingar það gæti haft, kann víst enginn full svör við. Í þessu máli mun landbrn. sem hingað til því fara með fyllstu gát.

Hér hef ég lokið við lestur á bréfi því, sem er svar fisksjúkdómanefndar við fsp. þessari.

Fyrirspyrjandi (Oddur Ólafsson): Herra forseti. Ég þakka hæstv. landbrh. hans ágæta svar. En ég verð að segja, að það hefði ekki alltaf þótt aðgengilegt eða gott, ef grunur væri um smitnæman sjúkdóm, hvort sem væri í mönnum eða dýrum, að vera 23 ár að komast til botns í því, hvort um þennan sjúkdóm væri að ræða eða ekki. Ég hef alltaf haldið, ef grunur væri um smitandi sjúkdóm, að eitt höfuðatriðið væri að komast sem allra fyrst að niðurstöðu um, hvort sjúkdómurinn væri fyrir hendi. Er það ekki aðeins vegna þess, sem dýrin á eða fiskana, heldur vegna fjölda annarra, allra þeirra, sem við fiskrækt fást í landinu.

Ég vil taka það fram, að ég held, að það sé algerlega ósannað, að heilbrigðisvottorð hafi ekki fylgt hrognum Skúla, þegar þau komu upp. Hitt er svo annað mál, að þetta vottorð fyrirfinnst hvergi. En annað eins hefur komið fyrir á Íslandi og að eitt vottorð gæti farist fyrir í meðferð opinberra stofnana, ekki síst þar sem skipt var um stofnun, sem hafði með þessi mál að gera, á tímabilinu.

Ég vil leggja áherslu á, að það er ekki óeðlilegt, þó að Skúli Pálsson sé að gefast upp á eldi þessa fisks. Hann er búinn að leggja í þetta mikið fjármagn, og mér finnst það vera mjög erfitt, ef hann á að bíða endalaust eftir því, að hægt sé að ganga úr skugga um, hvort fiskurinn sé sýktur eða heilbrigður. Og ég vil sérstaklega taka þetta fram vegna þess, að ég held, að það séu alveg sérstaklega góðar aðstæður til þess að finna út, hvort um sjúkdóm geti verið að ræða, þar sem veirusjúkdómastofnun er á næsta leiti, og reyndar, eins og kom fram í svari ráðh.,

mun vera tekið til við að rannsaka þetta. En ég vil líka segja það, að ég hef haft samband og persónulega talað við aðila úti í Danmörku, sem hefur haft regnbogasilung frá Skúla Pálssyni í tvö ár í sinni stöð og hefur látið gera veirusjúkdómarannsóknir á stofninum og allar þær rannsóknir, sem gera þarf og krafist er þar, og hann álítur þennan stofn fullkomlega heilbrigðan. Ég held, að það væri ekki úr vegi, að rn. leitaði sér upplýsinga hjá þessum aðilum, ekki bara um heilbrigði stofnsins hjá Skúla, heldur einnig hvers virði er að eiga þennan heilbrigða stofn hér á landi og eiga kost á að selja hrogn til útflutnings næstu ár.

Þessi misskilningur eða hvað á að kalla það með heilbrigðisvottorðið byggist á því, að enda þótt Skúli Pálsson kunni að geta fengið heilbrigðisvottorð hjá fisksjúkdómanefnd, þá getur hann ekki fengið fullkomið heilbrigðisvottorð. Ef ég vil fá vottorð um heilbrigði manns, er ekki nóg, að ég fái vottorð um, að hann sé ekki holdsveikur, og það er sama, sem skeður hér. Ég býst við, að Skúli geti nú orðið fengið vottorð um það, að fiskurinn hans hafi ekki kýlapest. En hins vegar getur hann ekki fengið vottorð um, að hann hafi ekki veirusjúkdóma, og meðan svo er, er útilokað, að hann geti fengið sín hrogn seld eða flutt til útlanda. Þetta ætti nú öllum okkar yfirmönnum á þessu sviði að vera ljóst, að Skúli getur ekki heldur selt matarfisk til þeirra landa, sem eru mjög varfærin á þessu sviði.

Á sama hátt er það hjá okkur. Ef gin- og klaufaveiki kemur upp í einhverju landi eða ef grunur er þar um, þá er útilokað að ætla sér að flytja eina pylsu frá því landi eða nokkra þá vöru, sem gæti á nokkurn hátt borið með sér smitið.

Ég vil leggja áherslu á það, að þessi árafjöldi ætti að vera besti mælikvarðinn á það, hvort fiskurinn er sjúkur eða heill. Ef hrognin hefðu í upphafi verið sjúk, hvers konar ástand búast menn við, að væri í okkar fiskræktarmálum? Verið er að varast þessa sjúkdóma einmitt vegna þess, að þeir smita gjarnan frá sér og eyðileggja stofna, sem heilbrigðir eru.

Það verður ekki rætt til fullnustu um þetta á þessum vettvangi. Ég vil þó geta þess, að einmitt vegna þessa gruns hefur ýmiss konar misskilningur komið upp og varfærni gagnvart fiskum Skúla, þannig að þetta hefur að sjálfsögðu haft mjög alvarleg áhrif á alla hans starfsemi þessi mörgu ár. Það væri kannske nægjanlegt að geta um grein sem birtist í dagblaðinu Tímanum nú nýlega, þar sem þessum regnbogasilungi var líkt við minkinn. Og í Morgunblaðinu nýlega telur veiðimálastjóri, að svo geti verið, að stangveiðimenn í íslenskum ám gjaldi þess, að hrogn voru flutt inn frá Danmörku fyrir 23 árum.

Ég ætla ekki að hafa þetta lengra. En mér finnst, að mjög sé óvenjulegt, hvernig að hefur verið farið hér, og það er fyrst og fremst ámælisvert, hve langur tími hefur farið í að rannsaka þetta mál.

Jón Árm. Héðinsson: Herra forseti. Ég vil nú þakka fyrirspyrjanda fyrir að hreyfa þessu máli. Ýmsir, sem hafa fylgst með laxaræktarmálunum, hafa fylgst með þeim vanda, sem laxaræktarbóndinn Skúli Pálsson hefur átt við að etja undanfarin ár. Og þegar þær upplýsingar liggja fyrir, sem hæstv. ráðh. hefur lesið hér upp, er málið enn furðulegra.

Ég hef raunar ekki miklu við að bæta orð fyrirspyrjanda. Hann talar af mikilli reynslu í þessu efni sem vísindamaður og læknir og ber skynbragð á öðrum okkar fremur, hvernig á að standa að rannsóknum og athugunum. Ég vil aðeins undirstrika það, sem kom ekki fram í ræðu hans, að Skúli gerir ekki aðeins að ala upp regnbogasilung, hann hefur alið upp lax og haft laxaklak og selur seiði út um allt land. Ef í stöðinni væri sjúkdómur eftir aldarfjórðung og hann væri útbreiddur í stöðinni í dag, væri búið að dreifa honum um allt land, það er gersamlega útilokað annað. Þetta blandast allt saman.

Ég hef hér afrit af bréfum til rn. og til yfirdýralæknis, þar sem Skúli margbiður um það fyrir mörgum árum, að stöðin sé alvarlega rannsökuð og allt sé gert, sem í mannlegu valdi stendur, til þess að komast að raun um, ef einhver hætta væri hér á ferðinni. Hann er bara ekki virtur svars. Það er staðreynd. Loksins í fyrra er ráðinn hingað danskur sérfræðingur til að hefjast handa við að rannsaka þetta gaumgæfilega, og það er mjög jákvætt út af fyrir sig. Og það er mjög gleðilegt, ef þessari rannsókn lýkur á þessu ári og við fáum niðurstöðu. Það er bókstaflega lífsnauðsynlegt. Meðan þetta stendur svona, er það til tjóns fyrir fiskræktarmálin í landinu og alveg útilokað að halda því áfram.

Það er raunar undravert, að maður skuli hafa barist við yfirvöldin nærri aldarfjórðung og ekki fengið jákvæðar undirtektir né eðlileg viðbrögð. Hann er bókstaflega hunsaður. Það er alveg sérstakt. Menn eru að tala um Solzhenitsyn hér á Íslandi í dag. En mætti ekki tala um svona vinnubrögð? Það er alveg furðulegt, að þetta skuli geta átt sér stað, að maður skuli berjast svona við að reyna að fá nýja atvinnugrein inn í landið og fær til þess tilskilin leyfi og allt og svo er hann settur í einangrun og það á að berja þetta niður og gera ómögulegt. Ég vil bara undirstrika það og bera þá ósk fram til hæstv. landbrh., að málinu verði hraðað og það fái sómasamlega niðurstöðu.

Fjmrh. (Halldór E. Sigurðsson): Herra forseti. Út af því, sem fram hefur komið í ræðu tveggja síðustu hv. ræðumanna, vil ég taka það fram, að að sjálfsögðu fer ég ekki út á það hála svell að svara í þessu máli, sem er sérfræðilegs eðlis. Ég efast ekkert um, að hv. þm. Oddur Ólafsson, 3. þm. Reykn., gerir sér grein fyrir því, að hann muni ekki sem læknir vilja láta ólæknisfróðan mann segja sér fyrir verkum í einu eða neinu, sem að slíku starfi lýtur. Þess vegna vil ég taka það fram, að niðurstaða mín, meðan ég er landbrh., hlýtur að byggjast á áliti þeirrar n., sem fer með þessi mál og lög ákveða, að skuli gera það, því að ég ætla ekki að taka á mig þá ábyrgð, sem fólgin væri í því að reyna að

grípa fram fyrir hendur slíkrar sérfróðrar nefndar.

Hins vegar vil ég segja það, að mín persónulegu afskipti af þessum málum sem ráðh. hafa verið þau, að á s. l. vetri komu til mín Skúli bóndi á Laxalóni og lögfræðingur hans, sem mun heita Sveinn, og ræddu þetta mál við mig. Ég hafði tal af yfirdýralækni morguninn eftir, og árangurinn af því varð sá, að þá þegar var leitað til dönsku stöðvarinnar, sem hafði með veirurannsóknir að gera, þar sem sjáanlegt er, að hér á landi er hvorki vegna mannafla né kostnaðar hægt að koma upp slíkri stöð nú. Þetta tel ég, að hafi verið gert af minni hendi eins fljótt og vel og mögulegt er. Og ég vona, að sú rannsókn, sem þessi stöð innir af hendi, leiði til niðurstöðu í þessu máli. En að sjálfsögðu mun ég halda mig við álit sérfræðinganna hér um, því að annað tel ég mér ekki fært.

Sandárvirkjun, fsp. (þskj. 399). — Ein umr.

Fyrirspyrjandi (Jónas Jónsson): Herra forseti. Ég hef leyft mér að bera fram á þskj. 399 eftirfarandi fsp. til hæstv. iðnrh. varðandi athuganir á Sandárvirkjun í Þistilfirði. Fsp. hljóðar þannig, með leyfi forseta:

„Hefur verið athugað, hvort virkjun Sandár í Þistilfirði kynni að vera heppileg sem einn liður í lausn á raforkumálum á austanverðu Norðurlandi miðað við þær aðstæður, sem nú hafa skapast í orkumálum almennt, og það ástand, sem þar ríkir?“

Það hefur lengi verið áhugi á virkjun Sandár í Þistilfirði í Norður-Þingeyjarsýslu. Fyrst mun hafa verið gerð áætlun um þessa virkjun árið 1949 af Bárði Daníelssyni verkfræðingi. Í lögum nr. 65 frá 8. maí 1956, 4. lið, er heimild til að virkja Sandá í Þistilfirði til raforkuvinnslu í allt að 2900 hestafla orkuveri og einnig til að leggja frá því aðalorkuveitu til Þórshafnar og Raufarhafnar eða til að leggja aðalorkuveitu frá Laxárvirkjun um Norður-Þingeyjarsýslu. Þrátt fyrir þessa heimild og væntanleg áform, sem þá hafa verið uppi um Sandárvirkjun eða að leggja línu frá Laxárvirkjun til Norður-Þingeyjarsýslu, var hvorugt gert á næstu árum, enda tók þá við tímabil í virkjunarmálum, sem nefna mætti dísilstöðvatímabil eða dísilstöðvastefnu viðreisnarstjórnarinnar sálugu, þannig að Raufarhöfn og Þórshöfn fengu sínar dísilstöðvar og sátu með það rafmagn þar til fyrir 2—3 árum, að fyrst kom lína frá Laxárvirkjun austur yfir Reykjaheiði til Kópaskers og Raufarhafnar, en nú á nýliðnu ári var það fyrst, að Þórshöfn var tengd við orkuveitukerfið. Línur þessar, sem liggja eins og landi háttar þvert á aðalvindátt á Norðurlandi, hafa þegar orðið fyrir bilunum. Þar er ákaflega mikil ísingarhætta, og reynsla er fyrir því, að línum, sem liggja þvert á norðanáttina, er ákaflega hætt við sliti af völdum ísingar.

Árið 1969 voru hugmyndir um Sandárvirkjun endurvaktar og vaknaði áhugi á því að taka þær til athugunar. Þá voru eldri áætlanir dregnar fram í dagsljósið, og munu hafa verið gerðar kostnaðaráætlanir á vegum Rafmagnsveitna ríkisins og borinn saman kostnaður eða hagkvæmni þess að virkja Sandá eða leggja línu frá Laxá. Línan hefur orðið ofan á, eins og raun ber vitni. Þess má geta, að þá var áætlað, að virkjanir, sem hugsanlegar voru í Sandá, mundu kosta frá rúmlega 20—40 millj. kr. á þess tíma verðlagi. En á þeim tíma reiknuðu yfirmenn orkumála með því, að Laxá yrði fullvirkjuð. Einnig voru orkuspár allar aðrar og lægri þá heldur en reyndin hefur orðið.

Nú hafa viðhorfin enn breyst verulega. Tímabundinn orkuskortur er á Norðurlandi, orkan er orðin verulega dýrari og þá sérstaklega dísilorkan, og truflanir hafa orðið á línum, eins og ég hef áður getið. Og í vetur hafa menn fengið reynslu af því víða um landið, að náttúruhamfarir hafa gert mönnum orkuna alla miklu ótryggari. Því hugsa menn miklu meira til þess, að það muni vera hyggilegt að hafa um fleiri kosti að velja í orkuöflun, og er m. a. vegna þessa, sem ég hef rakið nú, verulegur áhugi meðal héraðsmanna um, að athugað verði nákvæmlega, hvort Sandárvirkjun gæti ekki átt rétt á sér. Þó að aðalstefnan eigi sjálfsagt að vera sú að virkja stórt, vegna þess að það er að jafnaði ódýrast, er alls ekki sagt með því, að litlar virkjanir geti ekki átt fullan rétt á sér, eins og t. d. Sandárvirkjun, þar sem staðarval er þannig og tíma getur verið þannig háttað, að þær falli vel inn í heildarvirkjunarmyndina.

Heilbr.- og trmrh. (Magnús Kjartansson): Herra forseti. Ég hef beðið Orkustofnun að svara fsp. hv. þm., og er svar hennar á þessa leið:

Með l. nr. 65 frá 8. maí 1956 var ríkisstj. heimilað að fela Rafmagnsveitum ríkisins að virkja Sandá í Þistilfirði til raforkuvinnslu í allt að 2900 hestafla eða 2134 kw orkuveri og leggja frá því aðalorkuveitu til Þórshafnar og Raufarhafnar eða leggja aðalorkuveitu frá Laxárvirkjuninni um Norður-Þingeyjarsýslu. Svo sem kunnugt er, hefur þessi næstum því 20 ára virkjunarheimild ekki verið notuð, en í þess stað hafa Rafmagnsveitur ríkisins lagt aðalorkuveitu frá Laxárvirkjun til Þórshafnar og Raufarhafnar.

Áður en áðurnefnd lagaheimild var samþ., lét raforkumálastjóri gera frumáætlun um virkjun Sandár. Nokkrar, en mjög takmarkaðar mælingar voru gerðar sem grundvöllur þeirrar frumáætlunar. Engar jarðfræðirannsóknir munu hafa legið fyrir, þegar áætlunin var gerð. Þessi áætlun er að sjálfsögðu úrelt fyrir löngu. Heppilegra þótti að leggja orkuveitu frá Laxá. Frekari rannsóknir hafa engar farið fram síðan við Sandá, þó með þeirri mikilsverðu undantekningu, að reglubundnar vatnamælingar hafa verið gerðar við Sandá allt síðan 1956, en vatnamælingar eru jafnan tímafrekasti þáttur virkjunarrannsókna. Ef taka ætti virkjun Sandár til endurskoðunar, liggur þessi veigamikli þáttur fyrir, en allt annað er ógert. Óhjákvæmilega yrði að endurskoða virkjunartiltögunina frá 1956 frá rótum, þar eð nú yrði virkjað inn á allt Norðurlandskerfið, en ekki eingöngu fyrir Raufarhöfn og Þórshöfn, eins og ráðgert hafði verið 1956. Nauðsynlegt yrði að kortleggja mun stærra svæði en áður, og rannsaka verður jarðfræðiaðstæður. Raunar er

þess að vænta, að þær séu góðar, þegar á heildina er litið, en samt er ekki forsvaranlegt að ráðast í virkjun án þess að kanna það.

Örðugt er að segja nákvæmlega til um, hve langan tíma þessar rannsóknir taka, en varla er þó unnt að ljúka þeim á skemmri tíma en tveimur sumrum.

Ekki er þess vænst, að Sandá gefi ódýra raforku á þann mælikvarða, sem nú á tímum verður að miða við, þ. e. a. s. verð frá allt að 10 sinnum stærri virkjunum en um yrði að ræða við Sandá. Þetta er ástæðan til þess, að Sandá hefur ekki verið rannsökuð, síðan hætt var við virkjun þar upp úr 1956.

Virkjun Sandár er ekki fljótvirk lausn á orkuvanda Norðurlands nú, svo sem ljóst verður af því, sem hér að framan er sagt um nauðsynlegan rannsóknartíma. Að auki mundi hún duga skammt fyrir allt Norðurland, jafnvel þótt hún yrði höfð mun stærri en ráðgert var 1956.

Þess skal getið hér, þótt það snerti ekki fsp. beinlínis, að mestu vatnsorkuna á Norðausturlandi er væntanlega að finna í ám, er falla til Vopnafjarðar. Þar er allmikil vatnsorka tæknilega virkjanleg, en fátt bendir til, að virkjunarstaðir þar standi samanburð hvað kostnað varðar við þann hluta vatnsaflans í landinu, sem hagkvæmastur er.

Fyrirspyrjandi (Jónas Jónsson): Herra forseti. Ég vil leyfa mér að þakka hæstv. iðnrh. greið svör við fsp. minni. Ég hef ekki miklu við þetta að bæta. Það er að sjálfsögðu Orkustofnunin, sem er sá aðili í landinu, sem fæst við þessar rannsóknir og á að meta slíkt og vega, hvert rétt sé að beina rannsóknum, og ég er ekki með neitt vantraust á hana í því efni. Ég get aðeins getið þess, að það er eins og ég sagði fyrr, það er áhugi á þessu í héraðinu. Mér er kunnugt um, að heimamenn hafa litið svo til, að þetta gæti e. t. v. verið tiltölulega skjótvirk lausn og eins konar tryggingarvirkjun fyrir ákveðið svæði, sem er tengt við aðalorkuverið eða stærra orkuveitusvæðið með línum, sem hafa reynst tiltölulega veikar. Að þessum upplýsingum fengnum munu heimamenn væntanlega endurskoða afstöðu sína, og er ekki gott að segja, hvort meira verður gert í málinu eða ekki.

Sameinað þing, 28. febr.

Sjóefnaverksmiðja á Reykjanesi.

Skriflegt svar iðnaðarráðherra við fyrirspurn Halldórs S. Magnússonar um sjóefnaverksmiðju á Reykjanesi á þskj. 394, afhent þm. 28. febr.

Óskað er skriflegs svars við þessum spurningum:

1. Hvað líður rannsóknum vegna byggingar og rekstrar sjóefnaverksmiðju á Reykjanesi?
2. Hvenær er þess að vænta, að fullnaðarniðurstöður liggi fyrir, þannig að unnt sé að taka ákvörðun um það, hvort og með hvaða hætti verksmiðjan yrði byggð?

Svar iðnaðarráðherra:

Rannsóknaráð ríkisins skilaði skýrslu sinni um 250 000 tonna saltverksmiðju á Reykjanesi haustið 1972. Meginniðurstöður voru þær, að bygging og rekstur slíkrar verksmiðju væri tæknilega gerleg og fjárhagslega hagkvæm. Vísaði rannsóknaráð málinu síðan til ríkisstjórnarinnar.

Ríkisstjórnin ákvað að leita nákvæmra umsagna um málið og fól Verkfræðistofu Sigurðar Thoroddsen að framkvæma athugun á tæknilegum hliðum málsins og Hagrannsóknadeild Framkvæmdastofnunar ríkisins að kanna viðskiptalega og hagræna þætti. Voru þessar athuganir, sem urðu allumfangsmiklar, unnar á s. l. ári, og barst endanleg umsögn Hagrannsóknadeildar um s. l. mánaðamót.

Hin tæknilega athugun málsins, sem Verkfræðistofa Sigurðar Thoroddsen vann í samvinnu við bandaríska ráðgjafafyrirtækið DSS-Engineering, leiddi í ljós, að allar meginforsendur og tæknilegt fyrirkomulag, sem gert er ráð fyrir í skýrslu rannsóknaráðs hafa staðist og eru í samræmi við niðurstöður tæknilegra rannsókna á hliðstæðum verkefnum annars staðar. Síðan eru gerðar tillögur um uppbyggingu verksmiðjunnar í þrepum á sjö ára tímabili og um nauðsynlegar vinnslutilraunir á undirbúnings- og hönnunartímanum.

Niðurstöður af athugun Hagrannsóknadeildar Framkvæmdastofnunar eru þær, að þrátt fyrir miklar verðhækkanir á ýmsum sviðum, frá því að skýrsla rannsóknaráðs var gerð, hefur hagkvæmni fyrirtækisins heldur styrkst. Áætlaður stofnkostnaður verksmiðju hefur hækkað úr 12.24 milljónum US$ upp í 14.36 milljónir US$ miðað við verðlag í október s. l. Árlegur rekstrarkostnaður hefur hækkað úr 1.72 millj. US$ samkvæmt áætlun Rannsóknaráðs ríkisins upp í 2.32 millj. US$ samkvæmt áætlun Hagrannsóknadeildar, og er það aðallega vegna hækkana launaliða á þessu tímabili. Afurðaverð hefur hins vegar einnig hækkað hlutfallslega mikið, og niðurstaðan er sú, að reiknað er með, að fyrirtækið skili 20% árlegri ávöxtun stofnfjár fyrir skatta miðað við það, að fyrirtækið standi ekki undir stofnkostnaði af vegagerð og mannvirkjagerð við útflutningshöfn. Þessi ávöxtun verður að teljast allgóð, og eru allar horfur á því, að samkeppnisstaðan batni fremur en hitt, því að þau erlendu fyrirtæki, sem framleiða sömu afurðir og saltverksmiðja með eimingu, hljóta að verða mun meira fyrir áhrifum hækkandi orkuverðs en hérlent fyrirtæki, sem byggir á nýtingu jarðvarma.

Að mínu mati virðist því ekkert því til fyrirstöðu, að hafist verði handa um undirbúning, sem miðar að framkvæmdum, og hefur iðnaðarráðuneytið byrjað athugun á því, með hvaða hætti staðið yrði að málinu, og mun málið verða tekið upp í ríkisstjórninni fljótlega.

Efri deild, 70. fundur.

Mánudaginn 4. mars, kl. 2 miðdegis.

Öll dagskrármálin voru tekin af dagskrá.

Neðri deild, 72. fundur.

Mánudaginn 4. mars, kl. 2 miðdegis.

Útflutningsgjald af loðnuafurðum, frv. (þskj. 337). — 3. umr.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 29 shlj. atkv. og afgr. til Ed.

Veiðar með botnvörpu, flotvörpu og dragnót í fiskveiðilandhelgi, frv. (þskj. 414). — 1. umr.

Sjútvrh. (Lúðvík Jósepsson): Herra forseti. Með frv. þessu er gert ráð fyrir einni minni háttar breytingu á nýlega settum lögum um veiðar með botnvörpu, flotvörpu og dragnót í fiskveiðilandhelginni. Eins og fram kemur í grg. þessa litla frv., urðu nokkur mistök í sambandi við setningu laganna, eða eins og segir nánar í grg. frv., þá urðu þau mistök við gerð uppdrátta, sem sýndu fyrirhugaðar togveiðiheimildir fyrir Norðurlandi, að það gleymdist að taka með í reikninginn þá staðreynd, að með reglugerð nr. 189 1972, um fiskveiðilandhelgi Íslands, voru felldir niður grunnlínupunktarnir Siglunes, Flatey og Lágey. Af þessari ástæðu var uppdráttur á fskj. með ofangreindu frv., sem sýndi togveiðiheimildir samkv. því, ekki réttur, miðað við texta 2. gr. A. 1 frv., nú laga nr. 102 1973. Hins vegar var það ætlun fiskveiðilaganefndar, að 12 sjómílna línan, sem getið er í 2. gr. A. 1, yrði sú sama og landhelgislínan var fyrir útfærsluna í 50 sjómílur, eins og sýnt var á uppdrætti í ofangreindu fskj. II. með frv.

Það, sem hér hefur gerst, er, að þær fiskveiðiheimildir, sem ætlað var að veita fyrir Norðurlandi, þ. e. a. s. á litlu svæði bæði fyrir austan og vestan Grímsey, — þær fiskveiðiheimildir, sem veita átti íslenskum skipum, urðu af þessum ástæðum nokkru minni en ætlast var til og við hefur t. d. verið miðað í sambandi við veiðiheimildir breskra togara á þessu svæði. Því þykir nauðsynlegt að breyta þessu á þann hátt, sem til var ætlast, þó að þetta hafi orðið svona við kortagerð og vissan misskilning, sem varð í sambandi við málið.

Hér er um litla breytingu að ræða, sem þyrfti að fá afgreiðslu hið fyrsta. Hér getur ekki verið um neinn efnislegan ágreining að ræða, og ég vil því vænta þess, að hv. sjútvn. sjái sér fært að afgreiða þessa litlu breytingu tiltölulega fljótt, svo að hún megi komast inn í gildandi lög fljótlega. Sé ég ekki ástæðu til að ræða frekar þá breytingu, sem í þessu frv. felst, en legg til, að að lokinni þessari umr. verði málinu vísað til hv. sjútvn. til fyrirgreiðslu.

Lárus Jónsson: Herra forseti. Ég skal ekki lengja umr. um þetta mál úr hófi fram. Ég tek undir það með hæstv. sjútvrh., að þetta mál er þess eðlis, að því þarf að hraða í gegnum þingið, og hefði raunar þurft að vera fyrr á ferðinni. En ég get ekki tekið undir það með honum, að þetta sé svo lítilvægt atriði eins og fram kom í ræðu hans. Hér er m. ö. o. um það að ræða, að á 515 ferkm svæði í geirum, sem eru utan 12 mílna radíusar sitt hvoru megin við Grímsey, er Bretum heimilt að veiða með botnvörpu fyrir Norðurlandi, en ekki Íslendingum, samkv. núgildandi lögum og samningunum við Breta. Hér er því um mál að ræða, sem er ekki lítilvægt, en ástæða til að undirstrika, að þurfi að leiðrétta hið bráðasta.

En í sambandi við þetta mál vil ég gjarnan spyrja hæstv. ráðh., hvernig hann hugsar sér að framkvæma reglur, sem eru misjafnar gagnvart Bretum og Íslendingum við Suðvesturlandið. Það er heimilt fyrir Íslendinga að veiða á Selvogsbanka frá 20. mars til 20. apríl, en fyrir Breta frá 20. mars til 1. maí, að mér skilst, þannig að þar er um að ræða, að Bretar hafa heimild til þess að veiða á einhverju viðkvæmasta hrygningarsvæði við landið lengur en Íslendingar með botnvörpu samkv. núgildandi lögum og reglugerðum. Ég vildi spyrja hæstv. ráðh., hvað hann hugsaði í þessum efnum, hvort hann hugsaði sér að knýja Breta til að virða þetta svæði jafnlangan tíma og Íslendingar.

Þá vildi ég einnig spyrja hæstv. ráðh. í tengslum við þetta mál, hvað hann hygðist gera út af nótaveiði við Norðurland. Eins og hv. þm. er kunnugt, hafa smærri bátar við Norðurland haft heimild til að veiða þorsk í nót fram að þessu ári, en eftir þetta ár skyldi því hætt samkv. reglugerð, sem sjútvrh. hafði gefið út. Nú er þarna um að ræða verulegan flota smærri báta, sem hafa sáralitla möguleika á annarri veiði á ákveðnum árstíma en með þessu veiðarfæri. Því hefur stundum verið haldið fram, að í þetta veiðarfæri veiddist minni fiskur en í önnur veiðarfæri. En þeir, sem að því standa, telja, að það sé rangt, og hafa margoft óskað eftir fiskifræðilegum athugunum á því, hvort veiðarfæri þeirra drepi meiri smáfisk en önnur. Mér er ekki kunnugt, að þessar athuganir hafi farið fram, heldur ganga klögumálin á víxl í þessum efnum, og þetta tel ég alveg ótækt. Ég lít svo á, að ef eigi að gera svo afdráttarlíkar ráðstafanir, sem algert bann á veiðarfæri, sem þannig kippir að verulegu leyti grundvellinum undan útgerð í stórum landshlutum, þá verði það að vera byggt á einhverri vísindalegri athugun, sem menn geti lagt fram með slíkum aðgerðum. Ég spyr sem sagt hæstv. ráðh., hvað hann hugsi sér að gera í þessu efni, hvort hann ætli ekki að framlengja um einhvern tíma leyfi fyrir þessum veiðiskap og hafa jafnframt með honum strangt eftirlit og sjá til, hvort þarna er um að ræða þann voða, sem ýmsir hafa viljað vera láta.

Sjútvrh. (Lúðvík Jósepsson): Herra forseti. Ég þarf að svara því, sem um er spurt. — Það er í fyrsta lagi friðaða veiðisvæðið á Selvogsbanka yfir hrygningartímann, sem hafði verið lokað fyrir öllum veiðum á tímabilinu frá 20. mars til 20. apríl, en reglum hefur verið breytt um það þannig, að þetta svæði skuli vera lokað nokkru lengri tíma eða út aprílmánuð, alveg í samræmi við þær óskir, sem fram höfðu komið. Þessi breyting var af hálfu sjútvrn. tilkynnt utanrrn. og það beðið um að koma því á framfæri við Breta og sjá til þess, að þeir virtu þetta, og við höfum fulla ástæðu til að ætla, að þeir virði þessa reglu í samræmi við það, sem áður hafði komið fram hjá þeim. Það verður að sjálfsögðu gengið fast eftir því, að það gildi eitt og sama um íslensk skip eins og bresk á þessu svæði.

Varðandi fsp. um nótaveiði fyrir Norðurlandi get ég upplýst það, að þetta mál er nú til sérstakrar athugunar í rn. Hafði verið gert ráð fyrir því að banna að fullu og öllu veiðar í nót, en ákveðin undanþága var varðandi þessar veiðar fyrir hluta af Norðurlandi, og var búið að tilkynna mönnum með alllöngum fyrirvara, að að þessu væri stefnt, enda lágu þá fyrir mjög einróma samþykktir samtaka útvegsmanna um þetta og álit flestra þeirra, sem um málið höfðu fjallað, að rétt væri að stefna að því að banna þessar veiðar með öllu. Vegna þess var sú ákvörðun tekin. En nú kemur það sem sagt upp, eins og oft vill verða, þegar bannið á að taka gildi, að þá er óskað eftir því að fá annaðhvort lengri framlengingu eða a. m. k. undanþágur fyrir vissa aðila frá banninu. Þetta er nú til sérstakrar athugunar. Mér er vel kunnugt um, að á hluta Norðurlands er nokkuð um það, að smærri bátar stunda svona veiðar og hafa gert allmikið gagn með þessu veiðarfæri. Því er hins vegar ekki að neita, að ýmiss konar vandkvæði hafa fylgt því að nota þetta veiðarfæri, bæði við veiðina og eins við vinnsluna. Og þeir aðilar eru æðimargir, sem hafa verið að sækja á um það að fá að kaupa sér veiðarfæri af þessari tegund, fleiri en þeir, sem stundað hafa veiðar með þessu veiðarfæri að undanförnu, og er hætt við, að ef hér yrði um verulega framlengingu að ræða, þá mundu bætast í hópinn allmargir aðilar, sem stunda mundu veiðar með þessu veiðarfæri.

Ég get sem sagt ekki sagt um það á þessari stundu, hvort vikið verður frá þessum reglum og veitt frekari undanþága. Málið er í athugun í samráði við fulltrúa frá Norðurlandi, sem hér eru staddir og hafa rætt við rn. um málið, og málið er í athugun einnig í samráði við Fiskifélagið, hvernig þessum málum megi koma fyrir, þannig að samkomulag geti tekist um það. En sem sagt, frekari niðurstöður get ég ekki sagt af þessu máli að svo stöddu.

Pálmi Jónsson: Herra forseti. Ég skal ekki tefja þessar umr. Ég vil einungis lýsa fylgi mínu við þetta frv. og vonast til þess, að það fái sem skjótasta afgreiðslu á hv. Alþ., eins og hæstv. sjútvrh. bar fram óskir um. Jafnframt vil ég þó lýsa furðu minni, að slík mistök skuli geta átt sér stað eins og þau, sem hér er um að ræða og verið er að leiðrétta með flutningi þessa frv. Það er ekki að undra, þótt sjómönnum sárni það, eftir að hið svokallaða samkomulag við Breta hefur tekið gildi, að þá skuli koma í ljós, að Bretar fá að stunda togveiðar á þessu tiltekna svæði mun nær landi en Íslendingar sjálfir. Ég ætla ekki að rekja gang þeirra mála, er snerta samningana við Breta, en sú saga öll er með þeim hætti, að vel hefði átt að vanda til þess, að slík mistök ættu sér ekki stað sem hér hafa orðið og þannig kveikt í þeim mönnum, sem þetta mál snertir.

Ég ætla ekki að hafa um þetta fleiri orð, en ég vænti þess, að frv. þetta fái skjóta afgreiðslu, til þess að bætt verði úr þeim mistökum, sem leitt hafa af sér það ranglæti, sem þarna er um að ræða.

Ingvar Gíslason: Herra forseti. Um meginefni þessa frv. er fátt eitt að segja. Hér hafa orðið tæknimistök, sem komið hafa upp, eftir að lög voru samþ. um veiðar með botnvörpu og flotvörpu í fiskveiðilandhelginni. Hæstv. ráðh. leggur nú til, að þessi tæknilegu mistök verði leiðrétt. Er út af fyrir sig ekkert við þessu að segja. Hér hafa orðið mistök, sem eru mannleg, má segja, þó að leið séu, og ég hygg, að við græðum lítið á því að fara að karpa um þetta að ráði, því að auðvitað fær málið framgang hér í hv. d. og í þinginu öllu.

En ég vil segja nokkur orð í sambandi við nótaveiðina, sem hér hefur borið á góma, og þau orð, sem hæstv. ráðh. lét falla um það efni. Hann upplýsti, að þetta mál sé til sérstakrar skoðunar í rn., og er það vel. En ég vil taka undir þau orð, sem komu fram hjá hv. 5. þm. Norðurl. e. um nótaveiðina almennt. Hér er um verulegt vandamál að ræða, og nauðsynlegt er að finna skynsamlega leið út úr þessum vanda. Ég vil benda hæstv. ráðh. á, að þó að það kunni að vera eitthvað mismunandi skoðanir norðanlands um þessi efni, er ákaflega margt, sem mælir með því, og miklir hagsmunir og áhugamál margra, að áfram verði heimilað að veiða í nót að nokkru fyrir Norðurlandi. Það eru býsna margir bátar, sem stunda þær veiðar. Þó að það sé ekki mikill fjöldi miðað við alla báta landsins, er það býsna stór floti miðað við einstaka staði og miðað við Norðurland í heild, þannig að illa kann að fara, ef ekki verður fundin skynsamleg leið út úr þessum vanda. Ég vil vænta þess, að hæstv. ráðh. og menn hans í rn. leiti allra skynsamlegra leiða til að leysa þetta vandamál.

Guðlaugur Gíslason: Herra forseti. Það var í sambandi við þá fsp., sem hér kom fram varðandi friðun Selvogsbankasvæðisins, og það svar, sem hæstv. ráðh. gaf, sem ég taldi ástæðu til að kveðja mér hljóðs.

Ég skildi það þannig nokkurn veginn afdráttarlaust, þegar verið var að ræða samninginn við Breta, að það mætti alveg treysta því, að þeir mundu virða þá friðun, sem er ákveðin í hinni íslensku reglugerð. Og ég vil ekki trúa því, fyrr en á það reynir, að svo verði ekki, enda væri það að sjálfsögðu alveg óverjandi, ef erlendum

skipum yrði liðið að veiða þarna, en íslenskum skipum ekki.

En það var annað, sem ég vildi spyrja hæstv. ráðh. um í sambandi við Selvogsbankasvæðið. Um það var nokkur orðrómur á s.l. vetri, að friðunin, eins og hún var ákveðin þá, hefði ekki verið virt, hvorki af erlendum né íslenskum skipum. Það má vel vera, að einhver brögð hafi verið að þessu. En það var kannske afsakanlegra þá, þar sem þetta var í fyrsta skiptið, sem veiðar voru bannaðar þarna, og Landhelgisgæslan, sem á að hafa eftirlit með veiðum á þessu svæði eins og annars staðar, mun hafa haft öðrum hnöppum að hneppa þá. En mig langar að fá hér fram yfirlýsingu frá hæstv. sjútvrh. um það, hvort hann muni ekki fara fram á það við Landhelgisgæsluna, að hún muni sjá um, að þetta svæði verði alfriðað, eins og reglugerðin segir til um, yfir þann tíma, sem gert er ráð fyrir, eða frá 20. mars til 30. apríl. Ég tel, að ef nokkur mistök eða misbrestur verði á þessu í framtíðinni, sé alveg tilgangslaust fyrir Alþ. að vera að setja friðunarsvæði. Við verðum að geta treyst því, að okkar sjólögreglu verði beitt alveg miskunnarlaust og fortakslaust til þess að fylgja eftir öllum lögum, sem varða friðun á þeim svæðum, sem Alþ. ákveður, að friðuð skuli hverju sinni.

Sjútvrh. (Lúðvík Jósepsson): Herra forseti. Ég vil aðeins taka það fram í tilefni af því, sem hér hefur komið fram, að ég er algerlega sammála um, að það þurfi að veita því alveg sérstaka aðgát, að þetta svæði verði varið vel og friðunin fái að vera raunveruleg á þessu svæði, meðan á hrygningartímanum stendur. Ég mun beita mér fyrir því og leggja á það áherslu við Landhelgisgæsluna, að hún geri sérstakar ráðstafanir til þess, að nákvæmlega verði litið eftir þessu svæði. Við vitum, að mikil veiði er stundum allt í kringum þetta tiltölulega litla svæði og mikil tilhneiging er eðlilega til að notfæra sér það að fara þarna yfir mörkin og inn á svæðið, og var nokkuð undan því kvartað á síðustu vetrarvertíð. En ég hygg þó, að það hafi verið minni háttar, sem þetta var brotið, og hafi verið reynt að standa býsna fast á því af Landhelgisgæslunni að gæta svæðisins. Sem sagt, ég mun gera það, sem í mínu valdi stendur, til þess að reyna að fá því framgengt, að Landhelgisgæslan gæti alveg sérstaklega að þessu viðkvæma svæði þennan stutta tíma.

Það hafði komið fram, eins og kunnugt er, að þetta svæði virtist vera mikið hrygningarsvæði á síðustu vertíð, svo að það virtist hafa verið tiltölulega vel varið svæði, og friðunin hefur ábyggilega náð tilgangi sínum þarna í öllum meginatriðum. Er auðvitað mjög mikilvægt, að svo verði áfram.

Ég hef engu við það að bæta, sem ég sagði hér áður varðandi nótaveiðina fyrir Norðurlandi. Málið er í athugun. En þó að mér sé ljóst, að þarna sé um viðkvæmt mál að ræða hjá þeim, sem þarna eiga beinan hlut að máli, þeim, sem þarna hafa stundað veiðar, þá er líka rétt að hafa það vel í huga, að hér er um tiltölulega grófa veiði að ræða með stórtæku veiðarfæri, sem veiðir bæði stórt og smátt og alveg upp í fjöru svo að segja, og árangur margra báta með þetta veiðarfæri á litlu svæði hefur verið geysilega mikill. Umkvartanir margra annarra sjómanna hefur verið meiri út af þessum veiðum en nokkrum öðrum veiðum, svo að hér er nokkur vandi á höndum. Hins vegar skal játað, að hér er ekki um mjög mikla veiði að ræða. Hér er ekki um neitt verulega afkastamikla báta að ræða. Og það verður kannske að reyna að sigla þarna bil beggja og gefa mönnum einhvern kost á því að geta stundað þessar veiðar áfram, sérstaklega ef hægt væri að koma þarna við eitthvað frekari aðgát en verið hefur með þessum veiðum.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 26 shlj. atkv. og til sjútvn. með 26 shlj. atkv.

Starfskjör launþega, frv. (þskj. 76). — 3. umr.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 24 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 442).

Ábyrgð á launum við gjaldþrot, frv. (þskj. 403). — 1. umr.

Félmrh. (Björn Jónsson): Herra forseti. Þetta frv. er stjfrv. og komið frá hv. Ed., þar sem það hefur verið samþ. einróma að fengnum meðmælum aðila vinnumarkaðarins.

Um þetta frv. vil ég segja það fyrst, að í málefnasamningi núv. ríkisstjórnarflokka er vikið að því, að sett verði löggjöf, sem tryggi verkafólki greiðslu vinnulauna þrátt fyrir gjaldþrot atvinnurekenda, en löggjöf, sem gengur í þá átt, hefur verið sett fyrir alllöngu um flest Norðurlönd. Rök fyrir slíkri löggjöf eru svo augljós, að ekki þarf mörg orð um að hafa. Í velferðarþjóðfélagi þykir það óhæfa, að verkamaður verði fyrir meira eða minna fjárhagstjóni, þótt fyrirtæki verði gjaldþrota af ástæðu, sem hann fær að engu um ráðið og á engan þátt í að skapa. Í samræmi við þetta hefur félmrn. látið semja þetta frv., sem hér liggur fyrir og er ætlað að tryggja vinnulaun í gjaldþrotatilfellum með ábyrgð ríkisins að fullnægðum þeim skilyrðum, sem eðlilegt hefur þótt að setja og frv. gerir ráð fyrir.

Við samningu frv. hefur verið stuðst við lög um ríkisábyrgð á launum, sem sett voru í Svíþjóð 1970 og gengu þar í gildi 1971, og enn fremur hefur verið stuðst við dönsk lög um sama efni frá 1972 og uppkast að frv. um þessi mál í Noregi.

Sænsku l. taka eingöngu til gjaldþrotatilvika, og greiðir ríkið kostnað við framkvæmd laganna, en fær síðan kostnaðinn endurgreiddan úr sérstökum sjóði, sem fær tekjur sínar af sérstökum skatti atvinnurekenda, sem á þá er lagður í þessu sambandi.

Í Danmörku gilda þær reglur, að Tryggingа-

sjóður launþega ábyrgist réttar kröfur launþega við gjaldþrot, en einnig, ef sannað þykir, að atvinnurekandi geti ekki greitt kröfurnar, þótt ekki sé tekið til gjaldþrotaskipta.

Í norsku drögunum að samsvarandi löggjöf er gert ráð fyrir ríkisábyrgð á launakröfum við gjaldþrot og sérstökum viðbótarskatti til almannatrygginga frá atvinnurekendum til að standa undir kostnaði.

Í því frv., sem hér liggur fyrir, er farið að hætti Svía að því leyti, að ríkisábyrgðin nær aðeins til þeirra vinnulauna, sem forgangsréttur fylgir samkv. l. um skipti á dánarbúum, félagsbúum o. fl., og til bóta vegna riftunar á vinnusamningi eða uppsagnar á vinnusamningi, svo og orlofsgreiðslu. Ábyrgðin tekur samkv. 3. gr. frv. einungis til kröfu, sem lýst hefur verið lögformlega við gjaldþrotaskipti. Þetta gildir þó ekki um bú, sem reynast eignalaus og innköllun er því ekki gefin út.

Frv. gerir ráð fyrir, að félmrn. inni af höndum greiðslur þær, sem ríkissjóði ber að greiða samkv. því, ef það verður að lögum. En eigi má sú greiðsla fara fram, fyrr en úrskurður um gjaldþrotaskipti hefur gengið, og eigi heldur fyrr en krafan er komin í gjalddaga.

Við samningu þessa frv. hefur verið haft í huga að einfalda framkvæmd, eftir því sem frekast er kostur, þannig að af ákvæðum þess leiddi ekki neina óþarfa skriffinnsku. Hefur því m. a. ekki verið horfið að því ráði að leggja sérstakan skatt á atvinnurekendur, svo sem gert er í Svíþjóð og Danmörku. Þykir réttara að fara þá leið að taka tillit til þeirra útgjalda, sem af samþykkt frv. mundi leiða, í annarri skattgreiðslu atvinnurekenda, sem í ríkissjóð rennur, en hér yrði tæpast um mjög miklar hækkanir skatta að ræða. Má í því sambandi geta þess, að á þingi Norðurlandaráðs árið 1971 var lagt til, að fjár yrði aflað í þessu skyni með launaskatti, sem talið var þá, að hæfilega yrði metinn 0,5‰. Virðist því ekki fjarri lagi að hækka núverandi launaskatt eða þann skatt, sem ákveðinn yrði án tillits til ákvæða þessa frv., um upphæð af slíkri stærðargráðu, meðan reynsla fengist af því, hvaða upphæð hér gæti orðið um að ræða. En útgjöld þau er auðvitað harla erfitt að áætla af nákvæmni, þar sem fjöldi gjaldþrota hlýtur jafnan að fylgja að mestu árferði hjá atvinnuvegum þjóðarinnar.

Herra forseti. Um frekari skýringar á einstökum frvgr. leyfi ég mér að vísa til ítarlegrar grg., er fylgir frv., en vil að lokum segja það, að með frv. er komið til móts við mjög ákveðnar kröfur verkalýðssamtakanna, sem fram hafa verið settar um árabil. Hugsanlegt kann að vera, að launþegasamtökunum þyki sum ákvæði frv. í þrengra lagi, og það er rétt, að hér er gætilega af stað farið, þannig að síðar gætu einstök atriði staðið til bóta að fenginni nauðsynlegri reynslu.

Ég legg svo til, herra forseti, að frv. verði að þessari umr. lokinni vísað til 2. umr. og hv. félmn.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 27 shlj. atkv. og til félmn. með 27 shlj. atkv.

Verðtrygging fjárskuldbindinga, frv. (þskj. 360). — 1. umr.

Flm. (Ellert B. Schram): Herra forseti. Ég hef leyft mér að flytja frv. til l. um breyt. á l. nr. 71 frá 1966, um verðtryggingu fjárskuldbindinga. Þar er lagt til, að við 2. gr. l. bætist ný málsgr., svo hljóðandi:

„Þrátt fyrir ákvæði 1. gr. er heimilt að kveða svo á í kaup- og verksamningum um hús, húshluta eða önnur mannvirki, sem eigi eru fullgerð á samningsdegi, en seljandi eða verksali skuldbindur sig til að afhenda fullgerð eftir minnst 12 mánuði, að sá hluti söluverðs, sem svarar til þess byggingarhluta, sem ófullgerður er, skuli breytast í samræmi við breytingar á verðlagsvísitölu til afhendingardags."

Af efni og forsendum l. nr. 71 árið 1966, um verðtryggingu fjárskuldbindinga, má ráða, að höfuðtilgangur þeirra var að skapa nauðsynlegan grundvöll að verðtryggingu lánsfjársamninga. Stefnt var að því að taka upp verðtryggingu að einhverju leyti við innlánsstofnanir, fjárfestingarlánasjóði og jafnvel lífeyrissjóði. Jafnframt mun hafa verið reynt að taka af öll tvímæli um lagagrundvöll verðtryggingar, en fram að setningu þeirra voru lög ekki afgerandi um heimildir til að beita verðtryggingu nema á tveimur sviðum. Annars vegar hafði veðdeild Landsbankans fengið almenna heimild til sölu vísitölutryggðra vaxtabréfa á almennum markaði vegna þarfa Byggingarsjóðs. Hins vegar höfðu lög sett við gengisbreytingar krónunnar jafnan endurtekið gamalkunnugt ákvæði, að óheimilt væri að lána með skilmála um breytileika á grundvelli skráningar krónu miðað við erlendan gjaldeyri, nema um endurlánað erlent lánsfé væri að ræða.

Þó að tilgangur verðtryggingarlaga hafi fyrst og fremst verið sá, sem að framan greinir, var þó, að því er virðist, gengið lengra í lagasetningunni, og er orðalag 1. gr. það víðtækt, að túlka má það svo, að það nái yfir allt fjármálasviðið, nema löggerninga á sviði kaupgjaldsmála.

Reyndin hefur orðið sú, að löggjöfin hefur haft verulega þýðingu á sviði lánsfjársamninga, og má telja hana fyrst og fremst eðlilega og gagnlega að því marki.

Á hinn bóginn hafa l. skapað nokkra óvissu um gildi löggerninga, sem mjög algengir og mikilvægir eru í viðskiptum, einkum húsaleigusamninga, sölusamninga um húsnæði og verksamninga. Hefur skapast áratuga hefð að leggja vísitöluviðmiðun til grundvallar í slíkum samningum, og hefur sú venja verið látin óátalin í skjóli ákvæða l. frá 1966. Því til áréttingar vísast m. a. í lög nr. 30 frá 1970, um Húsnæðismálastofnun ríkisins, en gert er ráð fyrir því í 12. gr. þeirra laga, að stofnunin megi taka mið af breytingu byggingarvísitölu á byggingartíma húsnæðis, þegar afstaða er tekin til endanlegs söluverðs íbúðar og lán er veitt til slíkra bygginga.

Nú skeði það í febr. 1973, að kveðinn var upp í borgardómi Reykjavíkur dómur, sem stangast algerlega á við áðurnefnda hefð og lýsir þar ógildan húsaleigusamning eða það ákvæði hans, sem lýtur að vísitöluviðmiðun. Krafa stefnanda í því máli var reist á ákvæði leigusamnings um,

að leigugjald skuli hækka eftir tiltekinn tíma, eða 15. mars 1968, samkv. byggingarvísitölu, en síðan segir í dómnum, með leyfi forseta: „Fallast má á það með stefndu, að umrætt samningsákvæði brjóti í bága við 1. gr. l. nr. 71 frá 1966 og sé því ógilt, enda eigi undantekningarákvæði laganna ekki við. Krafa reist á slíkum grunni fær því ekki staðist, og ber að sýkna stefnda af kröfum stefnanda.“

Þessi dómur, sem kveðinn var upp í febr. 1973, gengur ótvírætt þvert gegn þeirri hefð, sem skapast hefur um verðtryggingarákvæði í samningum, og dómurinn gefur til kynna, að slíkir samningar séu almennt ógildir. Eins og fyrr segir, er alkunna, að allflestir byggingaraðilar, flestir verktakar, sem samið hefur verið við um verk, og þ. á m. við opinberar stofnanir, hafa áskilið sér vísitölukvöð, og í sölusamningum um íbúðir, sérstaklega eftir að framkvæmdir á vegum Byggingarsjóðs ríkisins komu til skjalanna, hefur þetta viðgengist sem algeng og alger regla.

Í 12. gr. l. nr. 30 frá 1970, sem ég hef vitnað hér til, um Húsnæðismálastofnun ríkisins, er Húsnæðismálastofnuninni falið að taka mið af breytingu byggingarvísitölu á byggingartíma húsnæðis, þegar afstaða er tekin til endanlegs söluverðs íbúðar, og hefur verið litið svo á, að með þessum l. hafi löggjafinn gefið byggingaraðilum undir fótinn um að beita vísitölukvöð í sölusamningum íbúða, þannig að verðhækkana á byggingartíma geti gætt í söluverði. En ein forsenda framkvæmdalána er, að byggingaraðili tilkynni húsnæðismálastjórn grunnverð íbúðar í umsókn um framkvæmdalán. Hliðstæð ákvæði er að finna í velflestum verksamningum um stærri framkvæmdir, m. a. þar sem bæði ríki og sveitarfélög eiga hlut að máli. Slíkir samningar sem þessir hafa verið látnir óátaldir af hinu opinbera um alllangt skeið, og má segja, að þeir hafi þannig verið samþykktir með þögninni.

Hinn 20. des. 1972 gaf Seðlabankinn út tilkynningu til áréttingar fyrstu tveim greinum l. frá 1966, og eftir því sem ég hef fengið upplýst, mun ætlunin hafa verið að sporna við gullklásúlum í sölusamningum við innflutning vara frá útlöndum. En tilkynning Seðlabankans vakti menn til umhugsunar, og strax eftir að hún birtist bárust til Seðlabankans fjölmargar fsp. frá aðilum í byggingariðnaðinum, sem hafa í allríkum mæli áskilið sér vísitöluviðmiðun í sínum sölusamningum. Viðbrögð Seðlabanka Íslands voru þau að hafna öllum beiðnum um undanþágur. Ég hef litið svo á og tel mig hafa fengið heimildir fyrir því að fullyrða, að Seðlabankinn hafi ekki treyst sér til að taka afstöðu til þessara beiðna. Í framhaldi af þessari afstöðu bankans, féll hins vegar annar dómur hjá borgardómi Reykjavíkur, sem gengur nokkuð í aðra átt. Þar er fjallað um það mál, sem höfðað var gegn byggingarsamvinnufélagi hér í borg, þar sem viðkomandi einstaklingur hafði gengið til baka með kaup á íbúð hjá þessu byggingarsamvinnufélagi og krafðist þess að fá vísitölutryggingu ofan á hið umsamda kaupverð. Í þessum dómi er vitnað til l. nr. 36 frá 1952, 20. gr., sem fjallar um byggingarsamvinnufélög, en sú gr. hljóðar svo, með leyfi forseta:

„Söluverð slíkrar íbúðar, hversu oft sem eigendaskipti kunna að verða, má aldrei verða hærra en stofnverð hennar að viðbættri verðhækkun samkv. vísitölu byggingarkostnaðar og virðingarverði þeirra endurbóta, sem gerðar hafa verið, en að frádreginni hæfilegri fyrningu, hvort tveggja samkv. mati dómkvaddra manna.“

M. ö. o. er gert ráð fyrir því í l. um byggingarsamvinnufélög, að þau geti tekið tillit til hækkunar á vísitölu. En í dómsorðum segir, með leyfi forseta:

„Stefndi er byggingarsamvinnufélag og stofnað með heimild í lögum þessum. Í 10. gr. samþykkta stefnda er tekið upp samhljóða ákvæði og er nefnt í 20. gr.,“ — sem ég var að lesa hér upp áðan í l. frá 1952, — „en samþykktir þessar hafa verið staðfestar af félmrn. Eigi er ætlandi, að það hafi verið tilgangur löggjafarvaldsins með setningu laga nr. 71 frá 1966 að fella margnefnt ákvæði 20. gr. l. nr. 36 frá 1952 úr gildi og þar með samsvarandi ákvæði í samþykktum stefnda og annarra byggingarsamvinnufélaga, þar sem slíkt hefði haft mjög afdrifaríkar og óvægar afleiðingar í för með sér, einkum fyrir þau byggingarsamvinnufélög, sem við sölu íbúða hafa farið eftir meginreglu nefndrar 20. gr. laganna.“ Af þeim dómum, sem ég hef hér vitnað til, má sjá, að þar eru mismunandi niðurstöður, og skapar það að sjálfsögðu nokkra óvissu á þessum vettvangi.

Nú mætti í sjálfu sér spyrja, hvort nokkuð væri óeðlilegt við það, að l. frá 1966 væru túlkuð með þeim hætti, að vísitöluviðmiðun væri bönnuð eða ógild, og þá mætti jafnframt spyrja, hvort nokkurs væri að sakna, enda þótt þessi vísitöluviðmiðun væri felld úr samningum. Ég skal ekki leggja dóm á þá dóma, sem ég hef vitnað til, né halda því fram, að þau mál séu einhver prófmál í þessum efnum. En það er vissulega rétt, að það finnst mörgum kaupanda súrt í broti, að ofan á samningsbundið kaupverð bætist veruleg upphæð, sem seljandi bætir á verðið vegna vísitöluhækkana á samningstíma. En hitt verður í þessu sambandi að vera alveg ljóst, að hér er að sjálfsögðu ekki um að ræða fé, sem tekið er á þurru, eins og sagt er, heldur sannanleg hækkun á samningstímabilinu, kostnaðarauki, sem bæst hefur við vegna hækkunar á launum eða efni eða öðrum tilkostnaði vegna byggingarframkvæmda. Þess er og að gæta í þessu sambandi, að vegna gífurlegrar verðbólgu á síðustu tímum reynist kaupverð plús vísitala yfirleitt mun hagstæðara verð en markaðsverð á þeim afhendingartíma, sem um er samið, og má nefna mörg dæmi þess. Vísitölukvöðin má því að þessu leyti skoðast hagkvæm fyrir kaupanda, því að ef seljandi gerði enga slíka samninga, en seldi gegn afhendingu eða á afhendingartíma, þá má, miðað við reynslu og miðað við þá verðbólgu, sem hér hefur ríkt, gera ráð fyrir, að verð yrði miklum mun hærra en þó tíðkast í dag. En í þessu sambandi er líka rétt að hafa í huga, að það eitt, að ákvæði um vísitölukvöð verði dæmd ógild, getur haft í för með sér, að skaðabótakröfur ógildi samninga og fjöldagjaldþrot hér í þjóðfélaginu og það langt út fyrir það, sem menn gera sér grein fyrir. Er þá höfð hliðsjón af því, að flestallir

byggingaraðilar áskilja sér verðtryggingu, svo og allir verktakar, hvort sem þeir semja við einstaklinga eða opinbera aðila. Innkaupastofnun ríkisins mun t. d. hafa það fyrir venju að viðurkenna slíka vísitöluviðmiðun, og mér er ekki kunnugt um neitt meiri háttar verk eða verksamninga hér á landi, þar sem ekki hefur verið samið um vísitöluviðmiðun.

Nú hefur hins vegar skapast það ástand vegna þeirrar óvissu, sem ríkt hefur, að lesa má eftirfarandi klásúlu í sölusamningum, sem gerðir eru núna um fasteignir, — ég tók með mér afrit af uppkasti að samningi, sem mér barst í hendur fyrir skömmu, en í þessu afsali eða kaupsamningi er klásúla svo hljóðandi, með leyfi forseta, — það er gert ráð fyrir verðbótum í þessum samningi, en síðan segir:

„Neiti kaupandi að greiða umsamdar verðbætur, greiði þær með fyrirvara eða ef svo skyldi fara, að dómstólar teldu, að lög nr. 71 1966 banni vísitölubindingu kaupverðsins með þeim hætti, sem í samningi þessum greinir, eru forsendur fyrir sölu þessari brott fallnar, og skal seljanda þá rétt að leysa íbúðina til sín með því að endurgreiða kaupanda greiðslu hans með 9% vöxtum“ o. s. frv.

Ákvæði sem þetta er að sjálfsögðu mjög óhagkvæmt fyrir kaupanda og á reyndar alls ekki að eiga sér stað í kaupsamningum eða afsölum, því að það felur í sér slíkan fyrirvara, að ekki er við það unandi. En ákvæði sem þetta og óvissan vegna áðurnefndra dóma og afstöðu Seðlabankans veldur óneitanlega verulegri ringulreið og býður heim misjöfnum og jafnvel vafasömum aðferðum til að komast í kringum efni málsins. Byggjendur og seljendur fasteigna munu fara alls kyns leiðir til þess að komast fram hjá þessum l., en þó þannig, að þeir geti tryggt sig fyrir því að fá þær verðhækkanir inn í kaupverðið, sem verða á umsömdum tíma.

Það verður að draga í efa, að það samrýmist réttarvitund manna að skerða að þessu leyti möguleika til samninga, og sérstaklega á það við á tímum jafnmikillar verðbólgu og nú er. Það er líka ljóst, að erfitt er við slíkt bann að una, þegar ljóst er, að verðákvörðun í upphafi samnings getur ekki staðist fyrir seljanda nema með fyrirvara um breytileika vörunnar í samræmi við verðþróun á samningstíma. Banni við slíkum ákvæðum er vonlítið að framfylgja, og eins og fyrr segir, er ávallt ráð til að komast fram hjá slíkum bönnum með ýmsum ákvæðum, ef aðeins vísitala eða hliðstæður verðmælir er ekki nefndur.

Ég er þeirrar skoðunar, að það yrði til óþurftar fyrir kaupendur, ef vísitöluviðmiðunin um heimildir þessar yrði felld úr lögum. Eins og fyrr segir, getur bindandi verðákvörðun í samningi til lengri tíma en eins árs ekki staðist í því verðbólguþjóðfélagi, sem við búum við. Það byði heim öðru tveggja, að verðið yrði ákveðið of hátt til óhagræðis fyrir kaupandann ellegar of lágt, með þeim afleiðingum, að ýmist dragist að skila verkinu eða byggingunni, verkið verði ekki eins vel unnið eða í versta falli, að verktakinn gefist upp á verkinu, verði gjaldþrota til óbætanlegs skaða fyrir kaupandann, og þekkjum við dæmi þess úr okkar þjóðfélagi.

Lögin frá 1966 hafa verið túlkuð á þann veg, að þau banni verðtryggingu og samninga hvers konar um leigu, sölu eða verð. Seðlabankinn hefur ekki viljað gefa leyfi til slíkrar verðtryggingar, eins og honum væri þó heimilt samkv. lögum. Hann hefur á sama tíma óbeint viðurkennt með þögninni þá hefð, sem skapast hefur um slíka vísitöluviðmiðun. Vegna þessarar óvissu, vegna þeirra dóma, sem ég vitnaði til, og allra atvika, tel ég rétt, að löggjafarvaldið kveði upp úr með það, hvað skuli ráða í þessum efnum, og ég hef hér lagt til, að það verði staðfest, að vísitöluviðmiðun sé heimil. En alla vega held ég, að það sé nauðsynlegt, að Alþ. taki afstöðu til þessa máls. Fyrir byggingariðnaðinn er það stórkostlegt hagsmunamál, að vissa ríki um lögmæti þeirra samninga, sem venja hefur verið um að gera um áraraðir, og fyrir verktaka og verksala er óhjákvæmilegt, að verðtrygging sé heimil, ef þeir aðilar eiga að vera færir um að bjóða í verk og standa við þær skuldbindingar. Það er ekki hagur þeirra, sem skipta við slík fyrirtæki, eða fyrir þjóðfélagið í heild, ef það á í framtíðinni að vera undir hælinn lagt, hvort verk verða unnin fyrir útlögðum kostnaði eða á því verði, sem ríkir hverju sinni. Til að taka af öll tvímæli um þessi efni er frv. þetta flutt. Ég vil þó taka fram, að óhreyfð standa öll nauðsynleg ákvæði verðtryggingarlaganna, sem sporna við notkun valútukrónu og gefa Seðlabankanum nauðsynlegar heimildir til notkunar vísitöluákvæða, þar sem fjármálayfirvöld telja þau eiga við. Mundi Seðlabankinn eftir sem áður hafa eftirlit með öðrum samningum, sem áfram mundu falla undir l. óbreytt.

Ég tel óþarfa að skýra þetta frv. nánar, nema sérstakt tilefni gefist til, en vil leggja til, að málinu verði að lokinni 1. umr. vísað til 2. umr. og fjh.- og viðskn.

Bjarni Guðnason: Herra forseti. Á öllum málum eru til tvær hliðar, og eins er það um þetta mál, sem hér liggur nú fyrir til umr. Hv. flm., Ellert B. Schram, hefur lagt til að verðtryggja fjárskuldbindingar, sem lúta að kaupsamningum um íbúðir í smíðum, en eins og hann gerði rækilega grein fyrir, er bannað með l. frá 1966 að setja vísitöluákvæði inn í samninga. Mér finnst gæta nokkuð hjá hv. flm., að hann gerir sér ekki alveg nægilega grein fyrir því, hvernig húsamarkaðurinn er í raun og veru, byggingarmarkaðurinn. Í grg. nefnir hann sem röksemd fyrir þessari verðbindingu, að á tímum mikillar verðbólgu skerði þetta bann samningsfrelsi manna. Samningsfrelsið á íbúðamarkaðinum er í raun og veru ákaflega lítið. Framboðið er miklu minna en eftirspurnin, og ástandið er þannig, eins og margir hv. þm. vita, að kaupendur kaupa eiginlega hvað sem í boði er. Og það tíðkast jafnvel, þótt ótrúlegt sé, en satt, að menn greiða fé fyrir fram fyrir húsnæði, sem þeir hafa ekki séð. Það er alkunnugt, að stór þáttur í byggingariðnaðinum er að reisa íbúðir fyrir fé kaupandans, áður en hann hefur í raun og veru séð húsnæðið. M. ö. o.: samningsfrelsi í þeim skilningi, að kaupandi geti valið úr

mörgum íbúðum og jafnvægi sé yfir markaðnum, er ekki til að dreifa. Hér er sú aðstaða á íbúðamarkaðnum, að það liggur við algerri upplausn. Ég tel því mjög vafasamt, að gera kaupendum skylt að greiða vísitölubætur við kaupsamning fyrir íbúðir, vegna þess að það er í raun og veru verðtrygging gróðans. Seljandinn á við þær markaðsaðstæður, sem ríkja núna, nánast alls kostar við kaupandann, og gætu af þessu sprottið ýmsir undarlegir verslunarhættir. Byggingarvísitalan vex svo óðfluga, að ekki munu vera önnur dæmi um það í þjóðfélaginu. Mér var sagt t. d., að sala íbúða eða verð íbúða hefði hækkað um 40—50% á s. l. ári, og það mundi fela í sér, að það væri engin leið fyrir kaupandann að gera sér grein fyrir verði þeirrar íbúðar, sem hann er að kaupa. Og seljandanum væri beinlínis hagur í því að draga að afhenda íbúðina um nokkurt skeið til þess að geta bætt við verðið byggingarvísitölu, því að hér er um stórar upphæðir að ræða.

Með þessu frv. er í raun og veru fyrst og fremst verið að tryggja hag seljandans, svo sem væri fullkomlega eðlilegt við eðlilegar markaðsaðstæður. En við þær aðstæður, sem ríkja á íbúðamarkaðnum, tel ég, að staða kaupandans verði með þeim hætti, að ekki sé skynsamlegt að verðbinda kaupsamninga fyrir íbúðir í smíðum. Ég vil líka benda á eitt atriði, sem skiptir nokkru máli. Undirstaðan til þess að verðtryggja svona kaupsamninga hlýtur að sjálfsögðu að vera fyrir kaupandann, að hann fái lán, sem hækkar jafnhliða byggingarvísitölunni. Það er ekki hægt að bjóða neytanda, að húsnæðismálastjórnarlánið fylgi ekki byggingarvísitölu, en svo á neytandinn að tryggja seljandanum greiðslu í samræmi við byggingarvísitöluna. Ég held, að allir hljóti að sjá, að þetta er ekki gerlegt við þær aðstæður, sem ríkja á íbúðamarkaðnum.

Eins og hv. flm. minntist á, er bannað bókstaflega með 1. frá 1966 að setja vísitöluákvæði í kaupsamninga fyrir íbúðir í smíðum. Samt hefur þetta verið gert. Og margir kaupendur hafa orðið fyrir barðinu á þessu og ekki áttað sig á, hvað um hafi verið að ræða. En það virðist svo sem yfirvöld hafi látið þetta afskiptalaust, þó að það stangist á við gildandi lög, og það er í sjálfu sér mjög alvarlega. Hins vegar virðast þessir kaupendur ekki hafa átt auðvelt með að ná rétti sínum þrátt fyrir núgildandi lög.

Ég skal ekki hafa fleiri orð um þetta, en ég vil benda á það að lokum, að ég tel, að ef þetta frv. verði að lögum, sé kaupandinn nánast ofurseldur seljandanum sökum þess, hvernig aðstæðurnar eru á húsnæðismarkaðinum. Ég tel því ekki eðlilegan grundvöll, eins og sakir standa, að breyta því lagaákvæði, sem fyrir er um þetta atriði, og tel jafnframt skylt fyrir yfirvöldin og ríkisstjórn og sérstaklega hæstv. félmrh. að sjá til þess, að núgildandi lögum sé hlýtt, þannig að ekki séu sett vísitöluákvæði inn í kaupsamninga fyrir íbúðir í smíðum.

Flm. (Ellert B. Schram): Herra forseti. Hv. 3. landsk. gengur sjálfsagt gott eitt til um það að taka upp hanskann fyrir kaupendur, og ekki skal ég gera lítið úr því sjónarmiði, enda tel ég mig reyndar vera með flutningi þessa frv. að gæta hagsmuna kaupenda engu síður en seljenda.

Hv. 3. landsk. segir, að ég hafi lagt til með þessu frv. að heimila verðtryggingu á samninga. En ég er ekki að leggja það til. Ég er aðeins að fara fram á það, að Alþingi staðfesti þá venju, sem verið hefur. Hv. þm. segir, að það hafi verið bannað skv. lögum, en sagði síðar frá því í ræðu sinni, að yfirvöld hafi látið það afskiptalaust. Og það er einmitt mergurinn málsins. Það má túlka lögin og þau hafa verið túlkuð með þeim hætti, að það sé bannað að verðtryggja samninga. En engu að síður hefur þetta verið látið óátalið af yfirvöldum og þessi venja hefur skapast, þannig að það má um það deila, hvort það standist gagnvart lögum nú að banna þessa vísitölukvöð svo skyndilega.

Hv. þm. fjallaði nokkuð um ástandið á fasteignamarkaðinum og ræddi um þá þenslu, sem þar ríkti, og ég get vel undir það tekið. En ég er ekki að gera tilraun til að leysa það með þessu frv. Það er auðvitað allt annað og miklu stærra mál. Ég er einfaldlega að taka mið af því ástandi, sem er staðreynd, og reyna að greiða þannig úr samningum og viðskiptum manna á þessum vettvangi, að bót fáist á því ástandi, sem ríkir. Ég held, að það verði að liggja ljóst fyrir, að við verðum að taka tillit til þeirrar verðbólgu og þeirrar þenslu, sem á sér stað í þjóðfélaginu, hvort sem okkur líkar betur eða verr, þangað til við sjálf tökum fyrir það.

Hv. þm. ræddi um verðtryggingu gróðans. Ég reyndi að skýra það út í framsöguræðu minni, að ég tel vera ómaklegt að tala um, að hér sé um aukna gróðastarfsemi að ræða hjá þeim, sem byggja og selja, vegna þess að þeir einfaldlega telja sér ekki fært annað en að taka inn í slíka samninga ákvæði, sem gera ráð fyrir þeim kostnaðarhækkunum, sem verða á samningstímanum. Reynslan og sagan hafa sýnt okkur það, hvort sem í hlut eiga svokallaðir braskarar, eins og hv. 3. landsk. vill kalla þá, sem byggja og selja, eða um er að ræða verktaka, aðila, sem taka að sér alls kyns verk fyrir einstaklinga, ríki og sveitarfélög, að þessir aðilar eru allir á einu máli um, að ekki sé hægt að gera slíka samninga nema hafa slík vísitöluákvæði með. Og ég held, að allir geti áttað sig á því, ef þeir vilja vera sanngjarnir, að þegar samið er til eins árs eða lengri tíma á þeim tímum, sem eru núna, þá er útilokað annað en að taka tillit til þeirra hækkana, sem eiga sér stað nánast frá degi til dags.

Við verðum að skoða þetta mál einmitt í því ljósi, hver sé staða t. d. kaupandans, ef vísitöluákvæði eru bönnuð. Ég var að benda á það áðan, að í fyrsta lagi má gera ráð fyrir því, að farið verði fram hjá þessu með einhverjum aðferðum, sem umdeilanlegar eru og eru miklu minni trygging fyrir kaupandann en ella. Í öðru lagi má gera ráð fyrir því, að aðilar, sem byggja og selja, þeir selji einfaldlega ekki, þeir bjóði ekki til sölu fyrr en húsin séu tilbúin til afhendingar, annað hvort tilbúin undir tréverk eða fullgerð, og sannleikurinn er sá, að þá verður verðið miklu hærra en það er nú í dag, þegar samið er fyrir fram. Einstaklingur, sem kaupir íbúð í dag upp á það, að hún verði afhent eftir eitt ár,

gerir samning, sem gerir ráð fyrir vísitölukvöðum, fær íbúðina á umsömdum tíma, greiðir umsamið verð með vísitölubreytingunni eða vísitöluhækkuninni, hann fer betur út úr þeim kaupum heldur en ef hann drægi að kaupa íbúðina í eitt ár og keypti hana þá. Verðið verður honum hagstæðara. Ég get nefnt mörg dæmi máli mínu til sönnunar, hvað þetta snertir. Þriðji kosturinn er auðvitað sá, að það sé samið um verð, sem sé allt of lágt fyrir byggjandann að ráða við, hann ræður ekki við það að geta afhent íbúðina á þessu verði, hefur ekki upp í kostnað, og hann fer á höfuðið með allar sínar byggingar og allar sínar framkvæmdir, og auðvitað verður það mestur skaði fyrir kaupendurna.

Þetta eru rök, sem ég tel renna stoðum undir þetta frv. og staðfesta þá skoðun mína, að það sé kaupandanum til hagræðis, að vísitöluheimild sé fyrir hendi.

Ég skal ekki fjalla frekar um þetta mál. Ég held, að ég hafi vikið að þeim atriðum, sem fram komu í ræðu hv. 3. landsk. Það sýnist sitt hverjum um þetta, og auðvitað er hægt að mistúlka slík ákvæði og tala um verðtryggingu gróðans. En ef menn skoða málið af sanngirni og taka mið af þeim staðreyndum, sem blasa við í þjóðfélaginu, þá held ég, að menn hljóti að vera á einu máli um það, að slík vísitöluskilyrði séu nauðsynleg, a. m. k. að einhverju vissu marki.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 23 shlj. atkv. og til fjh.- og viðskn. með 24 shlj. atkv.

Stofnlánadeild landbúnaðarins, frv. (þskj. 396). — 1. umr.

Flm. (Pálmi Jónsson): Herra forseti. Á þskj. 396 hef ég ásamt tveim öðrum þm. Sjálfstfl. flutt frv. til l. um breyt. á l. nr. 45 1971, um Stofnlánadeild landbúnaðarins, landnám, ræktun og byggingar í sveitum. Aðrir flm. frv. eru hv. 4. þm. Vesturl. og hv. 2. þm. Norðurl. v. Frv. þetta felur það í sér, að hækkað verði ríkisframlag til byggingar íbúðarhúsa í sveitum úr 120 þús. kr. í 200 þús. kr., og með sama hætti, að framlag til endurbyggingar íbúðarhúsa geti hækkað allt að þessu marki, ennfremur að framlög til byggingar og endurbyggingar gróðurhúsa hækki úr 120 kr. á fermetra í 200 kr. á fermetra.

Framlög til byggingar íbúðarhúsa í sveitum voru fyrst tekin í lög árið 1957 með þeim breytingum, sem þá voru gerðar á l. um landnám, ræktun og byggingar í sveitum. Var framlag þetta þá 25 þús. kr. Síðan hafa framlög þessi verið hækkuð 4 sinnum, og þá nokkurn veginn til samræmis við verðlagsbreytingar. Fyrsta hækkunin var með samþykkt stofnlánadeildarlaganna 1962, og var framlagið þá hækkað í 40 þús. kr. Með breyt. á þeim l. árið 1963 voru framlögin hækkuð í 50 þús. kr. og aftur í 60 þús. kr. 1964. Síðast var þessu ákvæði breytt með setningu laga um Stofnlánadeild landbúnaðarins o. fl. 1971, og var framlagið þá ákveðið 120 þús. kr. Frá þeim tíma eru nú bráðlega liðin 3 ár, án þess að þetta framlag og framlög til gróðurhúsabygginga hafi verið hreyfð. Öllum er þó kunnugt, að á þessu tímabili hafa orðið gífurlegar verðhækkanir og verðlagsbreytingar meiri en nokkru sinni fyrr í okkar þjóðfélagi. Á þessu tímabili, frá 1. júlí 1971 til 1. nóv. 1973, hefur byggingarvísitalan hækkað úr 535 stigum í 913 stig eða um 70.65%. Enn er ekki búið að gefa út byggingarvísitölu frá 1. mars s. l., og er hún ekki væntanleg fyrr en nú um miðja þessa viku, en spádómar hafa verið uppi um það, að þá mundi byggingarvísitalan fara upp í 970 stig, og ef svo verður, þá verður hækkun hennar frá 1. júlí 1971 81,3%. Hér er því sannað, svo sem verða má, að um gífurlegar verðhækkanir hefur verið að ræða á þessu tímabili, og byggingarkostnaður þó kannske aukist hraðar en flestar verðlagsbreytingar aðrar. Það virðist því vera kominn tími til að fara að huga að því að hækka framlög til þessara framkvæmda, ef það er ekki meining núv. stjórnvalda að hverfa frá þeirri stefnu, sem mörkuð hafði verið, að réttmætt væri að styðja þessar framkvæmdir.

Í frv. þessu er gert ráð fyrir því, að byggingarframlögin til íbúðarhúsa hækki úr 120 þús. kr. í allt að 200 þús. kr. Enda þótt þessi hækkun sé lögð hér til, er hún ekki að fullu í samræmi við byggingarvísitölu, því að hér er um að ræða hækkun, sem nemur einungis 66.7%. En vísitalan hefur þegar hækkað til 1. nóv., eins og ég sagði, um 70.65%, og hækkar til muna meira nú eftir fáa daga.

Eðlilegt er að skoða þessi mál í samhengi við lánveitingar til þessara framkvæmdaþátta. Á árinu 1971 voru lán Stofnlánadeildar landbúnaðarins til íbúðarhúsabygginga í sveitum 600 þús. kr. að hámarki. Nú eru þessi lán 800 þús. kr. Ef þeirri reglu hefði verið fylgt, að hækka lán til íbúðarhúsa í sveitum í samræmi við byggingarvísitölu, eins og hún var 1. nóv. s. l., ættu þessi lán nú að vera 1 millj. og 23 þús. kr. Ef byggingarvísitalan fer í 970 stig 1. mars, þyrftu þessi lán að vera 1 milljón og 87 þús. kr. Það er því auðséð, að lánin, enda þótt þau hafi nokkuð verið hækkuð, eru miklu lægri að raunvirði en þau voru árið 1971, þegar núv. hæstv. ríkisstj. kom til valda. Séu báðir þessir þættir teknir saman, sem eðlilegt er að gera, nam framlag og lán 1971, þegar núv. ríkisstj. kom til valda, 720 þús. kr., en nema nú 920 þús. kr. En ef höfð væri hliðsjón af byggingarvísitölu og miðað við 1. nóv. s. l., þá þyrfti framlag og lán að vera 1228 þús. kr. í stað 920 þús. kr., eins og er í dag. Og ef byggingarvísitalan fer í 970 stig 1. mars, þá þyrfti þetta að vera 1283 þús. kr. í stað 920 þús. kr., eins og raun ber vitni í dag

Æskilegt væri að fá upplýsingar um það hjá hæstv. ríkisstj., enda þótt enginn ráðherra þeirrar ríkisstj. sjái ástæðu til þess að vera við umr. hér í hv. Nd., hvort það sé meining ríkisstj. að láta framlög og lánveitingar til þessara framkvæmdaþátta í sveitum, þ. e. íbúðarhúsa og byggingar gróðurhúsa, étast upp í eldi verðbólgunnar og verða að engu.

Rétt áðan var verið að útbýta tveimur frv. frá hæstv. ríkisstj. Enda þótt ekki hafi gefist tími til að skoða þau frv. svo að nokkru nemi, sést þó strax, að þar er gert ráð fyrir því að færa þau framlög, sem um er rætt í því frv., sem ég hér er að mæla fyrir, úr höndum Landnáms ríkisins til annarra aðila: annars vegar framlög til gróðurhúsa til Búnaðarfélags Íslands, og greiðist það framlag út eftir jarðræktarlögum, og á hinn bóginn framlög til íbúðarhúsa í sveitum til Stofnlánadeildar landbúnaðarins, og skulu þau þaðan greidd út. Hér skal ekki vikið að þessum efnisbreytingum. Til þess gefst væntanlega tími, þegar þessi frv. koma hér til 1. umr. Hins vegar sést einnig á þessum frv., að þar er gert ráð fyrir óbreyttu framlagi til þessara tveggja framkvæmdaþátta. Enda þótt hæstv. ríkisstj. sjái nú ástæðu til að leggja fram sérstök frv., sem m. a. kveða á um, hvernig með þessi framlög skuli farið á næstunni, sér hún ekki ástæðu til að gera neinar till. um hækkanir á þeim. Þar með birtir hún þá stefnu sína, að þau skuli standa óbreytt og étast upp af eyðingarmætti verðbólgunnar, sem geisar undir handarjaðri hæstv. ríkisstj.

Ég tel eðlilegt að freista þess, að fá því framgengt hér á hv. Alþ., að framfylgt verði þeirri venju, sem fyrrv. hæstv. ríkisstj. hafði við meðferð þessara mála, sem sé þá að hækka þessi framlög nokkurn veginn til samræmis við verðlagsbreytingar, sem þá voru. Fáist það ekki fram, er það staðfesting á því, sem ætla má, eftir því sem birtist í frv. hæstv. ríkisstj., sem lögð eru fram hér í dag, að það sé stefna hennar að draga með hjálp verðbólgunnar í landinu úr þeirri aðstoð, sem bændastéttin fær til þess að byggja yfir sig, og þá um leið að draga úr þeirri aðstoð, sem hið opinbera veitir til þess að koma áfram mannvirkjum til gróðurhúsaræktar. Þetta virðist vera sú stefna, sem núv. hæstv. ríkisstj. ætlar sér að starfa eftir.

Ég skal ekki á þessu stigi, vegna þess að enginn hæstv. ráðh. er hér viðstaddur til andsvara, fara fleiri orðum um það, sem virðist vera stefna ríkisstj. í þessum efnum. Ég vil þó vonast til þess, að hún ráði ekki það miklu hér á hv. Alþ. og að sanngirni og dómgreind Alþ. sé svo mikil, að það láti ekki þessa stefnu ríkisstj. ráða, heldur afgreiði mál þetta með hliðsjón af því, sem lagt er til í því frv., sem við þrír sjálfstæðismenn höfum hér flutt og er algerlega í samræmi við það, sem gert var í tíð fyrrv. ríkisstj., sem kennd var við viðreisn og var stundum nefnd því nafni með háðsmerki fyrir aftan af hv. talsmönnum Framsfl.

Ég tel ekki ástæðu til, herra forseti, að eyða fleiri orðum að þessu sinni til að mæla fyrir þessu frv., en legg til, að því verði að lokinni þessari umr. vísað til 2. umr. og hv. landbn.

Friðjón Þórðarson: Herra forseti. Hv. frsm., 1. flm. þessa frv., hefur gert glögga grein fyrir málinu, og þarf ég raunar sáralitlu við það að bæta. Hann gat þess, að hin sérstöku framlög til íbúðarhúsabygginga og endurbyggingar íbúðarhúsa í sveitum hefðu verið tekin í lög 1957. Var þá styrkur þessi 25 þús. kr. Síðan hefur hann verið hækkaður smátt og smátt með vaxandi dýrtíð og verðbólgu og nam samkv. l. frá 1971, um Stofnlánadeild landbúnaðarins o. fl., 120 þús. kr. Í því frv., sem við flytjum nú þrír sjálfstæðismenn, er gert ráð fyrir því, að styrkur þessi hækki í 200 þús. kr. og fylgi þar með nokkurn veginn, þó ekki alveg, þeim verðbreytingum, sem orðið hafa, síðan fjárhæðin var síðast ákveðin.

En það er dálítið táknrænt, að í sama mund og talað er fyrir þessu frv. er dreift á borð hv. alþm. stjfrv. til l. um breyt. á l. um Stofnlánadeild landbúnaðarins o. fl. og virðist því slegið föstu þar, í 3. gr., í eitt skipti fyrir öll, að umræddur styrkur skuli aldrei komast yfir 120 þús. kr. Það er rétt að vekja alveg sérstaka athygli á því, að hingað til eða allt frá árinu 1957 hefur verið fylgt nokkurn veginn sambærilegri þróunarstefnu í þessum málum, en í því frv., sem hæstv. ríkisstj. leggur fram í dag, er vikið þvert úr þeirri leið. Það er algerlega breytt stefna, sem segir, að héðan í frá skuli þetta hámark sett, sem ég áðan nefndi. Að vísu er það svo, þegar maður lítur lauslega yfir þetta frv. hæstv. ríkisstj., að þá er eins og það sé flutt til samræmis við annað, sem búið sé að gera og ákveða, en þegar það er skoðað nánar, er þar um eintómar tilvitnanir að ræða í frv., sem aðeins eru á umræðustigi og ekki orðin að lögum. Þetta er alveg í samræmi við meginstefnu hæstv. ríkisstj. í þessum málum, sem hún markaði, þegar hún ákvað að láta endurskoða lög um jarðir, Landnám ríkisins, Stofnlánadeild o. fl. Þá var það sett og haft að höfuðmarkmiði að tæta Landnám ríkisins í sundur og dreifa verkefnum þess í allar áttir án þess að láta svo mikið sem rannsaka eða reyna að komast til botns í því, hvort slík skipulagsbreyting leiddi til nokkurs sparnaðar eða aukinna þrifa í þjóðfélaginu. Ég tel þetta dálítið táknræn vinnubrögð á 1100 ára afmæli Íslandsbyggðar, ef það á að vera haft að höfuðmarkmiði og yfirskrift í landbúnaðarmálum þjóðarinnar, að Landnám ríkisins skuli lagt í rústir. Þess vegna tel ég fyllstu ástæðu til að styðja að því máli, sem hér hefur verið rakið nokkuð, og reyna að koma þessari sanngjörnu breytingu fram, að styrkir til íbúðarhúsabygginga utan þéttbýlis hækki með vaxandi dýrtíð og verðbólgu til samræmis við það, sem gerst hefur á undanförnum árum.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Sameinað þing, 63. fundur.

Þriðjudaginn 5. mars, kl. 2 miðdegis.

Norðurlandsáætlun í samgöngumálum, fsp. (þskj. 399). — Ein umr.

Fyrirspyrjandi (Lárus Jónsson): Herra forseti. Ég hef leyft mér á þskj. 399 að leggja eftirfarandi fsp. fyrir hæstv. forsrh.:

„1. Hvað líður gerð Norðurlandsáætlunar í samgöngumálum?

2. Má búast við, að vegaþáttur áætlunarinnar verði tilbúinn fyrir árið 1974 og 1975, þegar Alþ. fær almenna vegáætlun til meðferðar á næstunni?
3. Hvað hefur tafið gerð Norðurlandsáætlunar í samgöngumálum?“

Samgönguáætlun Norðurlands hefur verið formlega í undirbúningi hjá ríkisstofnunum frá vorinu 1971, en fyrr hafði áætlunargerðin verið undirbúin frá hálfu heimamanna á vegum Fjórðungssambands Norðlendinga. Áætlanagerðin á því þriggja ára afmæli í ríkiskerfinu á þessu vori, fyrst í Efnahagsstofnuninni og síðar Framkvæmdastofnun ríkisins. Samt sem áður er það svo, að enn hefur samgönguáætlun Norðurlands ekki séð dagsins ljós í heild. Hlutar áætlunarinnar hafa verið gerðir fyrir hvort ár í senn, 1972 og 1973, en þessir þættir hafa verið skornir við nögl og ekki komið fram fyrr en allt of seint til þess að koma að tilætluðu gagni. Sem dæmi má taka, að fundur var með alþm. Norðlendinga um áætlunina fyrir árið 1973 seint í maí á því ári. Geta má því nærri, hve aðstaða var slæm hjá Vegagerð ríkisins til þess að undirbúa verk, þegar þannig er að ákvörðunum staðið af hálfu ríkisvaldsins. Með slíkum vinnubrögðum er útilokað að nýta helstu kosti áætlunargerðar, sem eru auðvitað heildaryfirsýn yfir einstök verkefni um nokkurra ára skeið og stefnumótun að fjáröflun til þeirra.

Snemma á s. l. hausti flutti ég ásamt fleiri þm. sjálfstæðismanna á Norðurlandi till. til þál. um að hraða þessari áætlunargerð, ekki síst vegna þess, að nú á næstunni stendur fyrir dyrum endurskoðun almennrar vegáætlunar. Ég gerði mér vonir um, að sú till. mundi ýta á hæstv. ríkisstj. í þessu efni og að hún mundi fela Framkvæmdastofnuninni að hraða áætlunargerðinni, þó að ekki væri nema vegna þess, að útilokað er að taka með nokkurri skynsemi á endurskoðun almennrar vegáætlunar, að því er varðar Norðurland, nema a. m. k. vegaþáttur Norðurlandsáætlunar sé ákveðinn fyrir árin 1974 og 1975 a. m. k. Því miður hefur sú ekki orðið raunin á og ekki bólar enn á fullnaðargerð samgönguáætlunar fyrir Norðurland næstu ár, þótt vitað sé, að endurskoðun vegáætlunar sé á næsta leiti.

Tilgangur minn með því að bera fram þessar fsp., sem ég hef lagt hér fyrir hæstv. forsrh., er að vekja enn athygli á þessu máli og þessum fráleitu vinnubrögðum, sem ég vil kalla, og fá svör við því, hverju þetta sæti. Ég hef áður gert grein fyrir því, hvernig hringlað hefur verið með einstaka verkþætti áætlunarinnar fram á síðustu stundu og hvernig farið hefur um vilja Alþingis um fjárframlög, og ætla ekki að endurtaka það hér, en vænti þess að fá upplýsingar um það, sem ég hef spurt hér um, frá hæstv. forsrh.

Forsrh. (Ólafur Jóhannesson): Herra forseti. Ég get því miður ekki á þessu stigi gefið endanlegar upplýsingar um þau atriði, sem hv. fyrirspyrjandi spurði um. Ég sendi þessa fsp. til Framkvæmdastofnunarinnar og fékk hjá henni mjög stutt svar, þar sem segir:

Varðandi fsp. frá Lárusi Jónssyni um gerð Norðurlandsáætlunar í samgöngumálum. Sami þm. átti aðild að till. til þál. um að hraða gerð samgönguáætlunar fyrir Norðurland. Óskaði allshn. Sþ. umsagnar um þá till. Fylgir ljósrit af svarbréfi hér með. Og þetta svarbréf, sem er dags. 7. febr. 1974 og er til allshn. Sþ., er svo hljóðandi:

„Með bréfi, dags. 25. jan., hefur allshn. óskað umsagnar um till. til þál. um að hraða gerð samgönguáætlunar fyrir Norðurland. Í þessu sambandi vill stofnunin upplýsa, að unnið hefur verið að samningu samgönguáætlunar Norðurlands í heild á undanförnum mánuðum. Voru áætlunardrög til umræðu á fundi stjórnar Framkvæmdastofnunarinnar 29. jan. s. l. Var þá ákveðið að taka skiptingu ársáfanga vegamálaþáttarins 1974 og í frumdrögum fyrir 1975 til meðferðar á næsta stjórnarfundi. Ýmsar grundvallarákvarðanir um umfang, stærð og áfangaskiptingu áætlunarinnar þarf að taka, áður en lengra er haldið. Til þess að ráða þeim málum til lykta hefur Framkvæmdastofnunin nú ritað samgrn., forsrn. og fjmrn. það bréf, sem hér fylgir í afriti. Er þar óskað skjótra viðræðna um þessi mál, svo að unnt sé að flýta endanlegri samningu áætlunarinnar.“

Bréf þau, sem þarna er vitnað til, eru í athugun í ráðuneytunum, en endanlegar viðræður og ákvörðunartaka hefur ekki enn farið fram. Framkvæmdastofnunin telur sér því að svo komnu á þessu stigi ekki unnt að gefa frekari svör við fsp. um, hvað líði gerð Norðurlandsáætlunar í samgöngumálum.

Óhætt er að segja, að það hefur verið unnið mikið verk í þessu efni, og þau frumdrög, sem liggja fyrir í rn., eru þess eðlis, að ég get ekki farið að birta neitt úr þeim hér, enda yrði það allt of langur lestur. Það eru auðvitað mörg atriði þar, sem er óskað eftir nánari ákvörðun á, áður en endanlega verður gengið frá ýmsum atriðum varðandi þá stefnu, sem á að vinna eftir nánar við þessa áætlunargerð. En hún er umfangsmikil og tekur langan tíma, og er ekkert óeðlilegt við það, þar sem hér er um að ræða áætlun, sem hugsað er, að nái yfir æðimörg ár.

Ég vona, að það verði alveg á næstunni hægt að ganga frá þessu í rn. Hafa annir, sem öllum þm. er kunnugt um, mætt t. d. sérstaklega á hæstv. samgrh. að undanförnu, og þess vegna hefur þetta aðeins dregist.

Í öðru lagi er spurt: Má búast við, að vegaþáttur áætlunarinnar verði tilbúinn fyrir árin 1974 og 1975, þegar Alþ. fær almenna vegáætlun til meðferðar á næstunni?“ Ég vil segja já við þeirri spurningu. Það er að því stefnt og það er mín ákveðin von, að það verði hægt. Hvað valdi töf á þessu, það fer ég ekki nánar út í að skýra, ef annars á að segja, að hér sé um töf að ræða.

Fyrirspyrjandi (Lárus Jónsson): Herra forseti. Ég þakka hæstv. ráðh. fyrir svörin, að svo miklu leyti sem þau voru afdráttarlaus svör við spurningum mínum. Það kom fram eða ég skildi hæstv. ráðh. svo, að það, sem nú stæði á í sambandi við gerð Norðurlandsáætlunar í samgöngumálum, væru ýmsar grundvallarákvarðanir, sem taka þyrfti af hálfu hæstv. ríkisstj., það skorti

á, að þessar ákvarðanir lægju fyrir, m.a. um það, hversu mikið fjármagn yrði til ráðstöfunar á hverju ári í þessu efni. Nú er það svo, að í vegáætlun, sem afgreidd var fyrir rúmum tveimur árum hér á hv. Alþ., var gert ráð fyrir ákveðnum fjárhæðum til að framkvæma samgönguáætlun Norðurlands í vegamálum á árunum 1974 og 1975 — og raunar líka 1972 og 1973, þannig að það er spurning, hvort eigi að endurskoða þessar fjárhæðir, og þá á ég að sjálfsögðu við það, hvort eigi að endurskoða þær til lækkunar frá því, sem vera mundi, ef fylgt væri verðlagsbreytingum. Ég vil láta í ljós ugg minn yfir því, ef það er hugmynd hæstv. ríkisstj. að draga þannig úr áformum um samgöngubætur á Norðurlandi. Ég fæ ekki séð, að það geti verið annað, sem tefur þessa áætlunargerð, en það vanti að taka ákvarðanir af hálfu hæstv. ríkisstj. um það, hvað hún ætlar að leggja mikið fé fram í þessum efnum eða telur, að hægt sé að leggja fram í þessum efnum.

Það er glöggt, að þessi áætlunargerð hefur tafist úr hófi fram. Á s.l. vori var, eins og ég vék að í ræðu minni áðan, áætlunin fyrir 1973 ekki til fyrr en í maílok. Á þeim tíma fjölluðu þm. um áætlunina, eftir að Alþ. var lokið, og fengu þá skýrslu frá Framkvæmdastofnun ríkisins. Fyrsta setningin í þessari skýrslu, sem er dags. 11. maí 1973, hljóðar þannig, með leyfi forseta: „Undirbúningur að samgönguáætlun Norðurlands er kominn á lokastig.“ Áætlunargerðin var sem sagt komin á lokastig í maí 1973, en þó getur hæstv. forsrh. ekki annað en sett fram frómar vonir og óskir um, að okkur gefist kostur á því að sjá þessa áætlunargerð, áður en almenn vegáætlun kemur til afgreiðslu. Ég vil mjög átelja þessi vinnubrögð. En ég vil taka undir óskir hæstv. forsrh. um, að við fáum þó þrátt fyrir allt að sjá þá áætlunargerð, áður en almenn vegáætlun verður afgreidd, vegna þess að það er útilokað að vinna að almennri vegáætlun, ef við höfum enga hugmynd um, hvað eigi að felast í Norðurlandsáætlun í vegamálum.

Pálmi Jónsson: Herra forseti. Ég fæ ekki betur séð en meðferð þessa máls hjá hæstv. ríkisstj. sé henni til mestu vanvirðu. Þrátt fyrir margítrekaðar áskoranir um, að þessi áætlun verði tilbúin í tæka tíð, áður en þurfi að fara að vinna að og afgreiða næstu vegáætlun, er ekki enn hægt að setja fram neinar ljósar skýringar á því, hvenær samgönguáætlun Norðurlands verði tilbúin. Fyrir fáum dögum vorum við þm. Norðurl. v. hjá vegamálastjóra, og þá hafði ekki verið haft samband við Vegagerð ríkisins um undirbúning vegaþáttar samgönguáætlunar Norðurlands. Og enn hefur ekki verið haft samband við þm. Norðurl. um gerð þessarar áætlunar fyrir árin 1974 og 1975. Þetta tel ég algerlega óviðunandi vinnubrögð. Þegar hæstv. forsrh. svarar nú fsp., þegar er komið fram í mars, getur hann engar ljósar upplýsingar gefið um það, hvenær þessi áætlun verði komin á hreint, og ekkert sett fram annað en frómar óskir um, að hún verði tilbúin, áður en þarf að fara að ljúka við endurskoðun og samningu nýrrar vegáætlunar. Þessi vinnubrögð hlýtur að verða að átelja, og ég get ekki látið umr. um þetta mál ljúka svo, að ég veki ekki athygli á, hve þessi mál eru í miklum seinagangi og hæstv. ríkisstj. til mikillar vanvirðu.

Lánveitingar úr Byggðasjóði, fsp. (þskj. 399). — Ein umr.

Fyrirspyrjandi (Stefán Gunnlaugsson): Herra forseti. Á þskj. 399 hef ég lagt fram fsp. til hæstv. forsrh. um lánveitingar úr Byggðasjóði, svo hljóðandi:

„1. Hver er heildarfjárhæð lánveitinga úr Byggðasjóði árin 1972 og 1973 og skipting hennar eftir tegundum lána og landshlutum bæði árin?

2. Hverjar eru lánaúthlutunarreglur Byggðasjóðs?“

Það er skoðun margra, að mikils óréttlætis gæti í lánaúthlutunum Byggðasjóðs eftir landshlutum. Landshluti eins og Reykjaneskjördæmi hefur verið ákaflega afskiptur hvað lánveitingar úr þessum sjóði áhrærir. Slíkt misrétti sem ástæða er til að ætla, að eigi sér stað í þessum efnum, verður að afnema að mínum dómi. Meiri hl. stjórnar Framkvæmdastofnunar ríkisins, en sú stjórn tekur ákvarðanir um lánveitingar úr Byggðasjóði, eins og kunnugt er, afsakar þetta ráðslag með því að vísa til 29. gr. l. um Framkvæmdastofnun ríkisins, en þar segir m.a., að hlutverk Byggðasjóðs sé að stuðla að jafnvægi í byggð landsins með því að veita fjárhagslegan stuðning til framkvæmda og eflingar atvinnulífs og til að bæta aðstöðu til búsetu í einstökum byggðarlögum. Þessu markmiði hugðist meiri hl. stjórnar Framkvæmdastofnunar ríkisins ná með því að setja það fráleita ákvæði í lánaúthlutunarreglur vegna fiskiskipakaupa, að einungis væri heimilt að veita lán vegna fiskiskipa á svæðinu frá Akranesi vestur, norður og austur um land til Þorlákshafnar, að báðum stöðum meðtöldum, svo og í Vestmannaeyjum. M.ö.o.: það átti að útiloka einn landshluta, Reykjanes, frá lánafyrirgreiðslu úr þessum sjóði.

Ég var á fundi stjórnar Framkvæmdastofnunar ríkisins, þar sem ég á sæti sem varamaður, þegar frá þessum lánareglum var gengið 27. mars s.l., og mótmælti þeirri fráleitu reglu að ætla að útiloka einn landshluta, Reykjaneskjördæmi, frá fyrirgreiðslu úr þessum sjóði og greiddi einn stjórnarmanna atkv. gegn slíkri tilhögun og lét fylgja svo hljóðandi bókun: „Tel ástæðulaust, að skilgreint sé með þeim hætti, sem gert er í 1. gr. starfsreglnanna, hvar þau fiskiskip skuli staðsett, sem heimilt er að veita lán til.“ Það kemur væntanlega í ljós í svari hæstv. ráðh. hér á eftir, hvort þessi fáránlega lánaregla er enn við lýði. Að fiskiskip sé staðsett eða skrásett á einum stað eða öðrum, þarf ekki í sjálfu sér að vera ákvarðandi um, hvort það út af fyrir sig stuðli að eflingu atvinnulífs á viðkomandi stað, þótt svo geti að sjálfsögðu verið í ýmsum tilfellum, þar sem fiskiskip leggja oft upp fiskafla á öðrum stöðum, jafnvel að staðaldri, en þar sem þau eru staðsett eða skrásett, þegar þau eru keypt. Út frá því sjónarmiði einu er sú regla fráleit að ætla að útiloka íbúa Reykjaneskjördæmis frá fyrirgreiðslu um lán úr Byggðasjóði til fiskiskipakaupa. Auk þess er svo hitt, að þessi

stefna Byggðasjóðs hefur orðið til þess, að endurnýjun fiskiskipaflota Reyknesinga hefur orðið með öðru leitt til þess, að vart hefur orðið við atvinnuleysi, t. d. í Keflavík, þar sem 90 manns voru skráðir á atvinnuleysisskrá í s. l. mánuði. Slíkt er með öllu óviðunandi, að fyrirtæki þar, sem gætu bætt úr þessu ástandi, fá ekki sömu fyrirgreiðslu og sambærileg fyrirtæki, sem staðsett eru annars staðar á landinu.

Forsrh. (Ólafur Jóhannesson): Herra forseti. Svar það, sem ég les hér, er frá Framkvæmdastofnuninni, nánar tiltekið lánadeild. Upplýsingar um lánveitingar Byggðasjóðs 1972 er að finna í ársskýrslu Framkvæmdastofnunar ríkisins. Þar eru lánin sundurliðuð eftir tegundum og landshlutum, og auk þess birtist þar ítarleg skrá yfir einstakar lánveitingar með nafni hvers lántakanda, tilgangi lánsins og fjárhæð þess.

Árið 1972 voru veitt 432 lán og styrkir úr Byggðasjóði að fjárhæð samtals 480 millj. 400 þús. kr. Um sundurliðun og flokkun lána þessara vísast til ársskýrslu Framkvæmdastofnunarinnar, en henni var útbýtt til allra alþm. á s. l. vori, og eru í þessari skýrslu sérstakar upplýsingar um lánveitingarnar úr Byggðasjóði á bls. 55 og bls. 86—98, og les ég þær ekki hér.

Árið 1973 veitti Byggðasjóður 339 lán og styrki að fjárhæð samtals 357 millj. 300 þús. kr. Þau lán skiptast þannig eftir framkvæmdum:

1. Nýsmíði fiskiskipa, 5% lán, bátar 24 millj. 400 þús., skuttogarar 6 millj. 900 þús., eða samtals í nýsmíði fiskiskipa, 5% lán, 31 millj. 300 þús.
2. Nýsmíði fiskiskipa, 10% lán, bátar 21 millj 100 þús. og samtals 21.1 millj.
3. Kaup á notuðum fiskiskipum, bátar 19.7 millj., skuttogarar 41.7 millj., eða samtals 61 millj. 400 þús. kr.
4. Endurbætur fiskiskipa 9.8 millj.
5. Fiskiskip, sérstök fyrirgreiðsla, bátar 2 millj., skuttogarar 7 millj., eða samtals 9 millj.
6. Fiskvinnsla 71.9 millj.
7. Niðursuða 4 millj.
8. Fiskimjölsverksmiðjur 3.4 millj.
9. Framleiðsluiðnaður 48.3 millj.
10. Þjónustuiðnaður 23.9 millj.
11. Sveitarfélög 41.5 millj.
12. Vaxtastyrkir vegna raflínulagna á sveitabýli 700 þús.
13. Annað ósundurliðað 30.9 millj., eða samtals, eins og áður er sagt, 357 millj. 300 þús. kr.

Skrá yfir skiptingu lána þessara eftir landshlutum og listi yfir einstakar lánveitingar mun birtast í ársskýrslu Framkvæmdastofnunarinnar fyrir árið 1973, en skýrsla sú er nú í prentun og verður tilbúin innan skamms. Sé ég ekki ástæðu til að fara að lesa þær skrár hér, enda yrði það of langt mál.

Um reglur þær, er gilda um úthlutun lána úr Byggðasjóði, vísast fyrst og fremst til l. um Framkvæmdastofnun ríkisins, nr. 93 1971. Þar segir í 29. gr. um hlutverk Byggðasjóðs:

„Hlutverk Byggðasjóðs er að stuðla að jafnvægi í byggð landsins með því að veita fjárhagslegan stuðning til framkvæmda og eflingar atvinnulífs með hliðsjón af landshlutaáætlunum, sbr. 8. gr., og til að bæta aðstöðu til búsetu í einstökum byggðarlögum og koma í veg fyrir, að lífvænlegar byggðir fari í eyði."

Þá eru í gildi sérstakar reglur um lánveitingar Byggðasjóðs til fiskiskipa, sem stjórn Framkvæmdastofnunarinnar samþykkti 27. mars 1973, en þær eru þessar:

1. Heimilt er að veita lán vegna fiskiskipa á svæðinu frá Akranesi vestur, norður og austur um land til Þorlákshafnar, að báðum stöðum meðtöldum, svo og í Vestmannaeyjum. Heimilt er þó að víkja frá þessu ákvæði, verði um alvarlegt atvinnuleysi að ræða.
2. Á umræddu svæði skulu umsóknir metnar til lánshæfni og lánsupphæðar með tilliti til þess, að stuðla þurfi að atvinnuöryggi og jafnvægi í byggð landsins eða framkvæmd landshlutaáætlana, er gerðar kunna að verða.
3. Hámark lána, er veitt kunna að verða í samræmi við 2. lið, skal vera 5% af kaupverði notaðs skips og 15% af virðisaukningu vegna endurbóta skips samkv. mati Fiskveiðasjóðs Íslands. Þó skal ekki veitt hærri fjárhæð til endurbóta en 500 þús. kr., nema sérstaklega standi á að dómi sjóðsstjórnar.
4. Heimild til að veita sérstök byggðalán á framangreindu svæði vegna nýsmíði fiskiskipa umfram almenn lán til nýsmíði fiskiskipa, sem í gildi eru á hverjum tíma. Hámark þessara sérstöku byggðalána skal vera 5% af kostnaðarverði skips, skv. mati Fiskveiðasjóðs. Lán þessi skulu háð því skilyrði, að lánsupphæð falli öll í eindaga, ef skipið er selt eða útgerð þess hætt úr því byggðalagi, sem það var upphaflega smíðað fyrir. Ef skipið er selt á annan útgerðarstað á framangreindu svæði, getur sjóðsstjórn þó ákveðið, að framangreint lán fylgi skipinu.
5. Lánveiting vegna skipakaupa er bundin því skilyrði, að seljandi kaupi skip í stað þess, sem selt er. Þó er heimilt að víkja frá þessu ákvæði í sérstökum tilvikum.
6. Heimilt er að veita sama eiganda fjárhagsaðstoð til þess að halda skipi sínu, ef sjóðsstjórn telur útgerðina ekki betur komna í höndum annars aðila á staðnum.
7. Hvíli lán frá Byggðasjóði eða Atvinnujöfnunarsjóði á skipi, sem lánað er til, lækkar veitt lán sem því nemur, að undanskildum endurbótalánum.

Af öðrum reglum, sem stjórn Framkvæmdastofnunarinnar hefur sett um lán úr Byggðasjóði, má nefna reglur um lán til kaupa á vinnuvélum, en þær eru þessar:

Um lán úr Byggðasjóði til kaupa á nýjum vinnuvélum gildir sú regla, að lánið fari ekki fram úr 30% af kaupverði vélanna. Það skal vera skilyrði, að öflun viðkomandi vélar stuðli að aukinni og bættri þjónustu við íbúa sveitarfélags á þeim sviðum, sem sveitarfélaginu ber að veita þjónustu. Slík lán skulu veitt sveitarfélagi eða verktaka, ef sveitarfélagið hefur ekki sjálft með höndum þá þjónustu, sem vélinni er ætlað að veita. Umsögn sveitarstjórnar um verkefni vinnuvélar skal liggja fyrir, áður en lán er veitt. Í þeirri umsögn skal sveitarstjórn láta koma í ljós mat sitt á því, hvort umbeðin vinnuvél ryri verkefni annarra verktaka og vinnuvéla, sem fyrir eru á svæðinu og hafa áður þjónað því.

Ekki er um aðrar einsakar lánareglur að ræða hjá Byggðasjóði. Stjórn Framkvæmdastofnunarinnar hefur sett framangreindar lánareglur, sem viðmiðunarreglur til að auðvelda afgreiðslu þessara lánaflokka. Reglum þessum getur stjórn Framkvæmdastofnunarinnar breytt, hvenær sem ástæða þykir til. Raunar er ekki talið æskilegt, að Byggðasjóður byggi um of á sjálfvirkum lánareglum, eins og sumir aðrir stofnlánasjóðir. Lán Byggðasjóðs miðast fyrst og fremst við að sinna þörfum, sem ekki verða leystar af öðrum stofnlánasjóðum. Lán Byggðasjóðs eiga ekki að koma í stað lánveitinga annarra stofnlánasjóða, heldur koma þeir til viðbótar slíkum lánum, þegar brýn þörf er fyrir viðbótarfjármagn. Er slík fyrirgreiðsla bundin við þá staði, sem sérstaklega þarfnast aukinnar atvinnustarfsemi og bættra lífsskilyrða. Það eru því fyrst og fremst slík byggðasjónarmið, sem gilda um lánveitingar Byggðasjóðs.

Fyrirspyrjandi (Stefán Gunnlaugsson): Herra forseti. Ég þakka hæstv. forsrh. fyrir svör hans. Af þeim kemur fram, að það á sér stað mismunun í lánveitingum eftir landshlutum hjá Byggðasjóði, og í þessum svörum hæstv. ráðh. finnst mér að felist staðfesting á því, að atvinnurekstur í Reykjaneskjördæmi hefur orðið afskiptur um fyrirgreiðslu frá þessum sjóði varðandi lánveitingar, t. d. til fiskiskipakaupa. Eins og ég sagði áðan, vil ég undirstrika það, að í þessu felst óréttlæti að mínum dómi, sem er óviðunandi með öllu. Það eru ekki fullnægjandi rök fyrir þeirri stefnu, sem haldið hefur verið uppi í þessum málum af hálfu stjórnar Byggðasjóðs, að halda því fram, að hlutverk Byggðasjóðs sé að stuðla að jafnvægi í byggð landsins og af þeim ástæðum sé ekki hægt að greiða fyrir íbúum Reykjaneskjördæmis með lánveitingum til skipakaupa. Það vita allir, eins og ég tók fram hér áðan, að þótt skip sé skrásett á einum stað, er það oft gert út frá öðrum og leggur þar upp afla sinn. Hins vegar er það út af fyrir sig ekki mælikvarði á það, sem hér er um að ræða. Svo er hitt, sem er mjög alvarlegt mál, að endurnýjun skipaflota Reyknesinga verður á eftir, miðað við ýmsa aðra landshluta, ef þessari stefnu verður haldið fram, sem stjórn Byggðasjóðs hefur mótað sér í þessum málum. Ég óska eindregið eftir því, að hæstv. forsrh. beiti áhrifum sínum við stjórn sjóðsins um það, að hún breyti stefnu sinni í þessum málum hvað snertir Reykjaneskjördæmi.

Ragnar Arnalds: Herra forseti. Ég hélt satt að segja, að öllum hv. þm. væri kunnugt um það, að lán úr Byggðasjóði eru ekki almenn stofnlán, heldur er þar um að ræða viðbótarlán, sem hafa verið hugsuð til þess að vega upp á móti þeim þunga straumi fólks og fjármagns, sem sótt hefur inn á Faxaflóasvæðið og þá alveg sérstaklega höfuðborgarsvæðið. Stofnlánasjóðirnir lána yfirleitt frá 50 og upp í 75%. Reyndar hefur varðandi fiskiskip verið veitt enn meiri opinber fyrirgreiðsla, allt upp í 80%, og að því leyti hafa allir setið við sama borð. Síðan hefur Byggðasjóður komið með sérstök viðbótarlán, sem hafa átt að hvetja menn til að setja upp fyrirtæki eða hefja útgerð í hinum fjarlægari byggðum. Ég held, að þegar lögin um Byggðasjóð voru sett, hafi ekki verið nokkur maður, sem ímyndaði sér, að hann yrði almennur stofnlánasjóður, sem lánaði jafnt til allra landshluta eftir sjálfvirkum lánareglum. Þá væri engin þörf á því að setja upp sjóð af því tagi.

Ég vil taka fram, að það var að vísu svo árið 1972, að þá gilti þessi regla ekki um fiskiskip, þ. e. a. s. þá var lánað til fiskiskipa á Reykjavíkur- og Reykjanessvæðinu. En þá fór líka svo, að fjármagn, sem veitt var úr Byggðasjóði til Reykjaneskjördæmis, var litlu minna en það, sem veitt var til annarra landshluta, eins og t. d. Suðurlands eða Norðurl. v. Var ljóst, að sjálfvirku fiskiskipalánin gleyptu allt of stóran hluta af því fjármagni, sem tiltækt var, þannig að óhjákvæmilegt var að afnema þessar sjálfvirku lánareglur með öllu, líka varðandi fiskiskip. Af því leiddi, að lán inn á Reykjavíkur- og Reykjanessvæðið voru ekki veitt eftir það.

Ingvar Gíslason: Herra forseti. Það var greinilegt í ræðu hv. fyrirspyrjanda, að hann er fyrst og fremst sár út af því, að Reykjaneskjördæmi hefur orðið afskipt að hans áliti um lánveitingar úr Byggðasjóði. En ég vil minna á það, sem hann gerði raunar sjálfur í sinni ræðu, að hlutverk Byggðasjóðs er fyrst og fremst að stuðla að jafnvægi í byggð landsins. Stjórn Byggðasjóðs, þar sem ég á sæti, hefur verið nokkuð einhuga um að útiloka, — ef ég má nota það orð, — að útiloka Reykjaneskjördæmi og Reykjavíkursvæðið. Það hefur verið einskonar meginstefna í framkvæmd lána á vegum stjórnar Byggðasjóðs. Stjórn Byggðasjóðs hefur þann skilning, að það mundi ekki ná tilgangi laganna og ekki markmiði sjóðsins að fara að lána á aðalþenslusvæði landsins. Þvert á móti mundi stjórninni þykja undarlegt, ef sú krafa yrði gerð til hennar, og ég segi fyrir mig, að mér þætti það undarlegt, ef það fengist meiri hluti fyrir því í stjórn Byggðasjóðs. Ég held, að það sé engin ástæða til að lá stjórninni þetta, því að það er áreiðanlega réttur skilningur. Það er ekki ætlast til þess, að Byggðasjóður láni til þessara svæða, vegna þeirra sérstöku aðstæðna, sem hér eru, miðað við landsbyggðina almennt. Því miður er nú ekki tími til að ræða þetta meira, en ég vil taka fram í sambandi við það, sem hér hefur komið fram af hálfu fyrirspyrjanda, að hann er fyrst og fremst sár, en færir ákaflega lítil rök fyrir máli sínu.

Gils Guðmundsson: Herra forseti. Ég held, að ég megi til með að nota þær 2 mín., sem mér eru skammtaðar hér, til að vekja athygli á þeim ummælum, sem tveir hv. stjórnendur Byggðasjóðs hafa hér viðhaft og hinn síðari orðaði bókstaflega þannig, að meginstefna stjórnar Byggðasjóðs sé að útiloka tvö kjördæmi frá því að njóta nokkurs úr þessum sjóði, þ. e. a. s. Reykjavík og Reykjaneskjördæmi. Ég vil lýsa því yfir, að ég tel, að sú regla, sem Byggðasjóður hefur sett um

viðbótarlán til skipakaupa og útilokar gjörsamlega tvö kjördæmi frá því að njóta slíks, hvernig sem ástatt er í hinum einstöku byggðarlögum þeirra kjördæma, — eða Reykjaneskjördæmis, Reykjavík er kannske út af fyrir sig nokkuð, — hún er að mínu viti fráleit. Ég var að efast um, hvort ég ætti heldur að nota orðið fráleit eða fáránleg, en til þess að það fari ekki á milli mála, hvað ég meina, vil ég nota bæði orðin.

Halldór S. Magnússon: Herra forseti. Það virðist nú þegar greinilegt, að það verða allfjörugar umr. um þetta mál hér. Ég vil í tilefni af þessum umr. aðeins segja þetta:

Sú regla, sem stjórn Byggðasjóðs hefur sett um lánveitingar til kaupa á fiskiskipum, á einungis við um fiskiskip. Sú regla er enn fremur ekki án undantekninga, eins og dæmin reyndar sanna. Ég tel rétt að upplýsa hv. þm. um það, að Byggðasjóður hefur gert undantekningu, að því er þá reglu varðar, um lánveitingu til kaupa á fiskiskipum, sem keypt hafa verið til staða í Reykjaneskjördæmi, ef sérstaklega hefur verið ástatt um atvinnumál í viðkomandi byggðarlagi. Ég tel það hins vegar alls ekki í samræmi við stefnu Byggðasjóðs, sem sé að stuðla að jafnvægi í byggð landsins og stuðla að því að efla atvinnulíf á þeim stöðum, þar sem það er veikt. Ég tel það hins vegar alls ekki í smaræmi við stefnu og anda laga um Byggðasjóð, að Byggðasjóður verði almennur fjárfestingarlánasjóður, sem láni án tillits til atvinnuástands og byggðarsjónarmiða á hverjum stað.

Í þessu sambandi vil ég enn fremur vekja athygli á því, að í stjórn Byggðasjóðs hafa á undanförnum fundum farið fram umræður um það, hvort ekki væri ástæða til að taka til endurskoðunar lánareglur Byggðasjóðs, og þá hafa umræður fyrst og fremst hneigst í þá átt, að ástæða væri til að þrengja enn frekar lánareglur Byggðasjóðs, heldur en að útvíkka þær. Ég get fullkomlega tekið undir þetta sjónarmið og hef marglýst því á fundum sem stjórnarmaður í stjórn Byggðasjóðs. Ég tel, að það sé fullkomin ástæða til þess fyrir stjórn Byggðasjóðs að vera öllu íhaldssamari um lán til kaupa á fiskiskipum en stjórnin hefur verið, og þess vegna sé fullkomlega ástæða til að fara að meta meira en gert hefur verið í einstökum tilvikum, hvort um brýnt atvinnuspursmál sé að ræða fyrir það byggðarlag, sem í hlut á. En höfuðatriðið er, að það er alls ekki rétt, sem hér hefur verið sagt, að stjórn Byggðasjóðs hafi markað þá stefnu að útiloka einhver ákveðin kjördæmi eða einhver ákveðin byggðarlög frá því að geta fengið lán úr Byggðasjóði. Það hefur ekki verið gert. Það hefur að vísu verið sett sem almenn regla, að ákveðin svæði skuli ekki hljóta lán, en undantekningar heimilaðar frá þeirri reglu, þegar brýna nauðsyn ber til.

Benedikt Gröndal: Herra forseti. Ég vil leggja á það mjög ríka áherslu, að deilur um þessi mál eru nálega eingöngu um fiskiskip, en um mörk allra annarra lánveitinga sjóðsins hafa verið miklu minni deilur. Þetta er ekki óeðlilegt vegna þess, hve fiskiskip eru „hreyfanleg" atvinnutæki, svo að maður noti það hugtak, og þau ganga mjög kaupum og sölum á milli staða í landinu. Jafnvel í þessum efnum hefur ekki, eins og síðasti ræðumaður benti á, verið haldið við þá reglu, sem stjórn Byggðasjóðs setti sér, því að nýbúið er að veita leyfi fyrir einum togara, sem á að vísu að vera fyrir Hafnir, en verður gerður út í Keflavík, af því að hann kemst ekki að bryggju í Höfnum. Og það er ekki langt síðan Sjöstjörnunni í Keflavík var veitt leyfi fyrir stóru skipi. Hvernig á að verja það gagnvart öðrum íbúum Keflavíkur, að þeir geti ekki fengið þessi lán? Þetta er vandinn. Eiga þeir að neyðast til að fá einhverja til að leppa skip fyrir sig úti á landi og gera þau síðan út í Keflavík?

Ég er þeirrar skoðunar, að Byggðasjóður hafi e.t.v. látið leiða sig allt of langt út í lánveitingar til fiskiskipa. Fiskiskipin eru svo mikilvæg fyrir okkur, að við verðum að koma lánamálum þeirra fyrir á annan hátt. Vandamál hefur ekki komið alvarlega upp á neinu öðru sviði útlána og fjárfestingar, en það er óleyst á þessu sviði, og ég skil því mætavel, að Reyknesingar kvarti. Við verðum að finna einhverja betri lausn á þessu máli en að veita lán til skipa á Reykjanesi á einum fundi, en neita um þau á þeim næsta.

Jón Skaftason: Herra forseti. Ég vil taka undir það, sem hér hefur komið fram, að það væri í sjálfu sér fráleitt, ef ætti að útiloka skip skrásett á Reykjanessvæðinu frá því að geta hlotið viðbótarlán úr Byggðasjóði, því að eins og flestum er kunnugt, mun Reykjanessvæðið eða Suðurnesin frá gamalli tíð og enn í dag vera eitt af aðalútgerðarsvæðum landsins með mikla fjárfestingu í landi til þess að vinna úr sjávarafla, sem einhvern veginn þarf að tryggja. En eins og hér hefur komið fram og var raunar ástæðan til þess, að ég kvaddi mér hljóðs, hefur þessi regla ekki verið undantekningarlaus hjá Byggðasjóði. Eins og hv. síðasti ræðumaður sagði, er nýlega búið að veita úr Byggðasjóði 5% lán út á togara, þar sem eigendurnir eru búsettir í Höfnum og á Keflavíkur-Njarðvíkursvæðinu, og ég vil taka undir það, að mér finnst ekki á nokkurn hátt hægt að gera upp á milli umsókna. Mér er kunnugt um, að þegar liggur fyrir umsókn um viðbótarlán úr Byggðasjóði út á skuttogara, sem á að kaupa til Njarðvíkur og Keflavíkur, og ég fæ ekki séð, með hvaða rétti slíkri umsókn yrði neitað, eftir að nýverið er búið að afgreiða aðra svipaða umsókn.

Ég treysti því, að stjórnendur Byggðasjóðs láti ekki til þess koma.

Ingvar Gíslason: Herra forseti. Það er stundum vandlifað. Ég heyri ekki betur en minn ágæti sessunautur hafi gert sitt til að sproksetja mig svolítið, en ég sagði í stuttu máli, að stjórn Byggðasjóðs hefði þá meginreglu að lána ekki í Reykjaneskjördæmi og til Reykjavíkur. Ég notaði að vísu orðið útilokaður í þessu sambandi,

en þó held ég, að ég hafi sagt það þannig, að ég hafi reynt að draga svolítið úr orðinu. En ég held, að eftir standi aðalatriði þessa máls, að stjórn Byggðasjóðs er nokkuð einhuga um það og væri ákaflega óeðlilegt að láta undan — ég vil segja nokkuð áköfum kröfum margra Reyknesinga um að fara að lána almennt úr Byggðasjóði inn á Reykjanessvæðið. Ég tel og ég vona, að stjórn Byggðasjóðs standist slíka ásókn, því að það er áreiðanlega ekki í samræmi við markmið laganna um Framkvæmdastofnun, ef þannig yrði að unnið. — Þetta vil ég láta verða mín síðustu orð um þetta efni.

Halldór S. Magnússon: Herra forseti. Í framhaldi af því, sem ég sagði áðan, vil ég vekja athygli hv. þm. á því, út á hvað þessar umræður hafa raunverulega gengið. Þær hafa gengið út á það, að hér hafa annars vegar talað þm. landsbyggðarinnar, sem hafa verið mjög glaðir yfir því, að í gildi hafa verið hjá Byggðasjóði svo til sjálfvirkar reglur um lán vegna fiskiskipa, og hins vegar þm. Reykn., sem hafa talað mjög um það, hve nauðsynlegt sé að gera þessar lánareglur líka sjálfvirkar fyrir Reykjaneskjördæmi og væntanlega Reykjavík þá líka. Það hefur nánast enginn þeirra hv. þm., sem talað hafa, minnst á, að nein ástæða væri til að brjóta niður þessar sjálfvirku lánareglur og taka upp nánari skoðun á hverju einstöku máli með tilliti til byggðarsjónarmiða á hverjum stað. Hv. 2. þm. Reykn. taldi fráleitt, að ekki væri hægt að lána öllum þeim, sem sæktu um lán vegna kaupa á fiskiskipum á Reykjanesi, vegna þess að lánað hafði verið til kaupa á einu fiskiskipi, sem er gert út frá Höfnum og kemur til með að leggja meginhluta af afla sínum upp þar. En allir vita, að Hafnir eru staður, sem er sambærilegur við marga þá staði úti á landsbyggðinni, þar sem mjög bágt atvinnuástand er. Þar sem Byggðasjóður vill lána til kaupa á fiskiskipi á slíkan stað til þess að efla atvinnulíf á þeim stað, þá segir hv. þm., að lána verði öllum á Reykjanesi. Þetta er stefna, sem hefur verið ríkjandi bæði hjá þeim hv. þm., sem hér hafa talað, bæði þeim, sem eru kjörnir þm. fyrir Reykjaneskjördæmi, svo og þeim, sem eru kjörnir þm. fyrir önnur kjördæmi úti á landsbyggðinni. Þeir vilja helst allir hafa sjálfvirkar lánareglur, sumir fyrir meginhluta landsins, en aðrir fyrir allt landið. Meginkjarni málsins er sá, hversu mönnum gengur illa að koma sér saman um að viðhalda því sjónarmiði, sem Byggðasjóður er byggður á, að líta á málin út frá byggðarsjónarmiði í hverju einstöku tilviki.

Jónas Jónsson: Herra forseti. Mér finnst þessar umr., sem hér hafa farið fram, nánast allundarlegar. Ég held, að það séu allir stjórnmálaflokkar, sem hafa lýst því yfir núna, að þeir vilji stuðla að jafnvægi í byggð landsins. Það var lesið hér upp, að tilgangur Byggðasjóðs væri að stuðla að jafnvægi í byggð landsins og að koma í veg fyrir, að lífvænlegar byggðir fari í eyði. Þetta mun vera megintilgangur sjóðsins. Nú hefur sjóðurinn farið út í það, og það er sjálfsagt réttlætanlegt frá þessum sjónarmiðum að veita lán út á fiskiskip. Það eru mjög mikilvæg atvinnutæki fyrir þær byggðir, sem standa höllum fæti. Hins vegar hefur hann þar farið út á mjög hálan ís, og væri sjálfsagt réttast fyrir hann að draga sem allra mest þar í land. Það má minna á, að það er margt fleira en fiskiskip, sem getur stuðlað að jafnvægi í byggð landsins, ákaflega margt, og það þarf ekki einu sinni að vera bundið við sjávarútveg og sjávarþorp. Margt er það í landbúnaði og iðnaði, sem getur stuðlað að þessu jafnvægi. Hitt er svo augljóst, að einhver mörk varð að draga. Og þegar Reyknesingar koma hér og telja upp, að þeir ættu að vera réttu megin við þessi mörk, þá kæmi auðvitað Reykjavík á eftir og þetta væri algjörlega flatt út. Hvernig væri það t. d., ef þeir, sem stunda landbúnað, segðu: Við þurfum viðbótarlán, við skulum fá þessi viðbótarlán til byggingar á ákveðnum svæðum? Ég held, að það væri ekki heillavænleg stefna. Ég held, að Byggðasjóður verði að hafa meginreglur, sem byggjast á þessum höfuðatriðum, og þannig nær hann ábyggilega best tilgangi sínum með því að útiloka sem mest af höfuðþéttbýli landsins.

Gils Guðmundsson: Herra forseti. Ég efast um, að mér dugi tvær mínútur til að leiðrétta margvíslegan misskilning, sem virðist koma fram bæði hjá stjórnendum Byggðasjóðs og öðrum þeim, sem eðlilega láta sér annt um þann sjóð. Ég ætla mér nú að reyna það samt. Ég hef ekki gagnrýnt reglur Byggðasjóðs almennt. Það er aðeins sú regla, sem sett hefur verið í sambandi við viðbótarlán til skipakaupa, sem við Reyknesingar teljum, að sé algerlega óhæf, og þá fyrst og fremst á þeirri forsendu, að með því að setja slíkar reglur varðandi skipakaup er verið að segja, að allar verstöðvar í Reykjaneskjördæmi, verstöðvar eins og Grindavík, Sandgerði, Vogar, Hafnir og Keflavík, séu einhvers konar annars eða þriðja flokks verstöðvar. Ég hef aldrei getað skilið, að það sé neinn eðlismunur á þessum verstöðvum og öðrum verstöðvum, sem eru eitthvað svolítið fjær Reykjavík, og jafnvel verstöðvum á Norður-, Vestur- og Austurlandi. Ef hins vegar væri sett sú regla, að því er varðar stuðning við fiskiskipakaup, að þar sem verstöð stendur höllum fæti, sé réttlætanlegt að veita viðbótarlán, þá er það allt annars eðlis en hitt að setja ákveðin kjördæmi í bann hvað þetta varðar.

Alexander Stefánsson: Herra forseti. Mér finnst þessar umræður bera vitni þess, að alþm. almennt skilji gildi Byggðasjóðs. Ég vil taka undir það, sem síðasti ræðumaður sagði hér áðan, að mér finnst, að það sé ástæða til að endurskoða reglur um útlán í sambandi við fiskiskip. En ég kom nú hingað upp aðeins til að segja það, að mér finndist áhugavert, að þm. tækju nú höndum saman og gerðu það, sem væri raunveruleg byggðastefna, og það er að auka fjármagn Byggðasjóðs.

Leiga og sala fasteigna, fsp. (þskj. 390). — Ein umr.

Fyrirspyrjandi (Ragnar Arnalds): Herra forseti. Á s.l. vetri flutti ég þáltill. um leigu og sölu á íbúðarhúsnæði. Fól hún í sér áskorun á ríkisstj. að láta undirbúa frv. um þessi mál og leggja það fyrir Alþingi. Í frv. skyldi vera ákvæði um hámarksleigu íbúðarhúsnæðis og jafnframt sérstaklega fjallað um skipulag fasteignasölu í landinu. Tillögu þessari var vísað til ríkisstj. 6. apríl 1973. Í því fólst að sjálfsögðu ekki nein efnisleg afstaða til málsins frekar en endranær, þegar till. er vísað til ríkisstj., en miðað við þær umr., sem fóru fram hér á Alþingi, þegar till. var afgreidd, virtist ekki leika nokkur vafi á, að þm. væru þeirrar skoðunar, að um þessi mál væri þörf á lagasetningu, enda þótt sú leið væri valin við afgreiðslu málsins að binda ekki hendur ríkisstj. um ákveðna stefnumótun við undirbúning þessarar löggjafar.

1. liður fsp. minnar er því svo hljóðandi: „Mun félmrh. eiga frumkvæði að því, að sett verði lög um leigu og sölu fasteigna í samræmi við þáltill., sem vísað var til ríkisstj. 6. apríl 1973?“

Í öðru lagi spyr ég: „Er ráðherra hlynntur því, að sett verði ákvæði um hámarksleigu íbúðarhúsnæðis?“

Ég hef sem sagt aldrei skilið, hvers vegna svo treglega gengur að fá því framgengt, að einhver ákvæði verði sett um hámarksleigu íbúðarhúsnæðis, t.d. með því að miða hámarkið við ákveðinn hundraðshluta af fasteignamatsverði á ári hverju. Ég veit vel, að öll lög má sniðganga og brjóta. En það er engin afsökun fyrir því að setja ekki fastar reglur, sem yfirgnæfandi meiri hluti eigenda leiguhúsnæðis mundi vafalaust virða, ef þær væru til. Ég er einnig sannfærður um, að finna má ýmsar leiðir til að hafa eftirlit með því, að lögum um hámarksleigu yrði framfylgt, án þess að það kostaði hið opinbera óþarflega mikið fé eða óhóflega fyrirhöfn. Þess vegna spyr ég ráðherra, hvort hann sé ekki hlyntur því, að reynt verði að koma á einhverjum úrbótum á þessu sviði.

Í tengslum við þetta mál spyr ég einnig, hvort hæstv. ráðherra vilji ekki beita sér fyrir því, að húsaleiguútgjöld verði frádráttarbær við álagningu tekjuskatts, enda virðist það ekki óeðlilegt, bæði til að auðvelda eftirlit, ef sett verða hámarksákvæði um húsaleigu, til þess að ýta undir rétt framtöl eigenda leiguhúsnæðis og vegna þess að þetta virðist sanngjörn og eðlileg regla, meðan í gildi er heimild til þess að draga frá við álagningu tekjuskatts vexti af byggingarskuldum.

4. spurningin er svo borin fram að gefnu tilefni, eins og flestum er kunnugt, og skýrir sig nokkuð sjálf, en hún er svo hljóðandi: „Verða ráðstafanir gerðar af hálfu Húsnæðismálastofnunar ríkisins til þess að tryggja, að íbúðir, sem byggðar hafa verið í Breiðholti í þágu láglaunafólks af Framkvæmdanefnd byggingaráætlunar, séu ekki misnotaðar í hagnaðarskyni?“

Félmrh. (Björn Jónsson): Herra forseti. Spurt er í fyrsta lagi: „Mun félmrh. eiga frumkvæði að því, að sett verði lög um leigu og sölu fasteigna í samræmi við þáltill., sem vísað var til ríkisstj. 6. apríl 1973?“ Þeim hluta þessarar spurningar, sem tekur til lagasmíðar um leigu fasteigna, mun ég svara undir næsta lið. Hvað viðvíkur setningu laga um sölu fasteigna, heyrði sá málaflokkur samkv. lögum nr. 47 1938, um fasteignasölu, undir atvinnumrn., en nú eftir skiptingu þess rn. undir dómsmrn., og fellur því lagasetning á því sviði undir dómsmrh., en ekki mig.

2. liður fsp. er svo hljóðandi: „Er ráðherra hlynntur því, að sett verði ákvæði um hámarksleigu íbúðarhúsnæðis?“ Þessari spurningu vil ég svara játandi, enda þótt mér sé vel ljóst, að torvelt muni reynast að setja í lög almenn ákvæði um hámark húsaleigu, sem verði virt í framkvæmd. Reynslan af húsaleigulögunum frá 1943, nr. 39, og l. um hámark húsaleigu frá 1952, nr. 30, var á þann veg, að ég hygg, að það muni nú vera fáir, sem séu fýsandi þess að vekja upp aftur húsaleigunefndirnar til að meta húsaleigu og til að hafa eftirlit með því, að hámarksákvæðum um húsaleigu verði fylgt. Að mínu viti er eina skynsamlega leiðin í dag til þess að gera eitthvað raunhæft í þessum málum sú að veita sveitarstjórnum, sem þess kynnu að óska, heimild til þess að setja ákvæði um hámark húsaleigu í hlutaðeigandi sveitarfélögum, t.d. eins og gert var í bráðabirgðaákvæði l. nr. 39 1943, og er það mál til athugunar í félmrn. Kemur þá jafnframt til greina að taka fleiri atriði inn í slík heimildarlög heldur en beint hámark húsaleigu. Þar gæti t.d. líka verið um að ræða ákvæði um nýtingu húsnæðis, sem víða er mjög ábótavant um.

Í þriðja lagi er spurt: „Vill ráðherra beita sér fyrir því, að húsaleiguútgjöld verði frádráttarbær við álagningu tekjuskatts?“ Ég vil svara þessu hiklaust játandi. Ég tel, að engum, sem um þessi mál hugsar, geti blandast hugur um, að mikil bót í þessu efni mundi hljótast af því, ef l. um tekju- og eignarskatt yrði breytt þannig, að leigutaka yrði heimilað að draga leigugjald fyrir íbúð á fullu verði frá skattskyldum tekjum. Slíka ráðstöfun mundi ég vilja styðja, hvaðan sem hún kæmi fram og hvernig sem hún væri fram borin. Ákvæði í þá átt mundu svo jafnframt, eins og einnig kom fram hjá hv. fyrirspyrjanda, tryggja betur framtal leigutekna leigusala en nú er. En í þessu sambandi kemst ég ekki hjá að minna á það, að þar sem lög um tekjuskatt heyra undir fjmrh., verður að sjálfsögðu að koma til hans kasta um forustu af hálfu ríkisstj., ef slíkar breytingar verða á l. um tekjuskatt að hennar tilhlutun.

Í fjórða og síðasta lagi er spurt: „Verða ráðstafanir gerðar af hálfu Húsnæðismálastofnunar ríkisins til að tryggja, að íbúðir, sem byggðar hafa verið í Breiðholti í þágu láglaunafólks af Framkvæmdanefnd byggingaráætlunar, séu ekki misnotaðar í hagnaðarskyni?“ Þessu vil ég hiklaust svara játandi, að það sé fullur vilji, bæði hjá húsnæðismálastjórn og félmrn., til þess að fyrirbyggja þetta. Reglugerð hefur verið gildandi um þessi efni frá 23. apríl 1968, þar sem lagt er bann við leigu á íbúðum, sem byggðar eru af Framkvæmdanefnd byggingaráætlunar í

Breiðholti, nema til komi leyfi Húsnæðismálastofnunar ríkisins. Slík leyfi veitir stofnunin hins vegar ekki, nema íbúðareigandi geti sýnt fram á nauðsyn þess, að hann þurfi að dvelja utan lögsagnarumdæmis Reykjavíkur um alllangt skeið af heilsufarsástæðum, vegna atvinnu sinnar eða af öðrum þeim ástæðum, sem stofnunin metur gildar. Á fundi húsnæðismálastjórnar 29. jan. s. l. voru þessar reglur að gefnu tilefni gerðar ítarlegri og m. a. sett eftirfarandi ákvæði:

1) Að leyfi yrðu ekki veitt til lengri tíma en 12 mánaða. Að þeim tiltekna tíma liðnum bæri íbúðareiganda að bjóða Húsnæðismálastofnun ríkisins forkaupsrétt að íbúð sinni, ef hann ætlaði ekki að flytja í íbúðina sjálfur.

2) Að íbúðareigandi, sem stæði í vanskilum við veðdeild Landsbanka Íslands vegna þeirra lána, sem hvíldu á íbúðinni, og Byggingarsjóð ríkisins, gæti ekki fengið leyfi til að selja á leigu íbúð sína. Sama gildir, þegar um er að ræða vanskil við sjóði, sem löglega hafa verið stofnaðir af íbúðareigendum.

3) Að árleg leiga fyrir íbúðir þessar skyldu ákveðin af húsnæðismálastjórn í janúarmánuði ár hvert. Skyldi höfð hliðsjón af vöxtum af lánum þeim, sem veitt væru til íbúða þessara úr Byggingarsjóði ríkisins, fasteigna- og brunabótaiðgjöldum af viðkomandi íbúð, svo og kostnaði, sem skiptist á hverja íbúð eftir stærð, vegna rekstrar á þeim hluta byggingar, sem er sameiginlegur fyrir allar íbúðirnar. Heimilt væri að áætla þennan kostnað.

4) Húsnæðismálastofnun ríkisins lætur gera sérstakt eyðublað fyrir leigusamninga og leigusölu á FB-íbúðum. Skal þar koma fram m. a., hver leigufjárhæðin skuli vera, hversu greiðslu skuli háttað, til hve langs tíma íbúðin sé leigð og hver uppsagnarfrestur skuli vera. Samningar þessir skulu úr gildi falla án uppsagnar að leigutíma liðnum. Leigusala er skylt að gera leigusamninga á það eyðublað, sem stofnunin lætur í té, og er óheimilt að víkja þar í nokkru frá þessum ákvæðum, án heimildar stofnunarinnar.

5) Leigusamningur skal gerður í þríriti, og skal hvor aðili halda sínu eintaki, en hið þriðja skal sent Húsnæðismálastofnun ríkisins.

Húsnæðismálastofnun ríkisins er heimilt að segja upp án fyrirvara öllum þeim lánum, sem veitt hafa verið til íbúðar, brjóti íbúðareigandinn gegn þeim reglum, sem hér hafa verið settar. Reglur þessar voru settar með stoð í reglugerð nr. 122 23. apríl 1968. Með setningu þessara reglna tel ég, að húsnæðismálastjórn hafi gert hreint fyrir sínum dyrum varðandi reglur um þessi efni, og hef fulla trú á því, að hún muni fylgja þeim að fullu í framkvæmd.

Fyrirspyrjandi (Ragnar Arnalds): Herra forseti. Ég vil þakka hæstv. félmrh. fyrir svör hans og fyrir hinar jákvæðu undirtektir, sem í þeim fólust. Ég játa, að mér var ekki fyllilega ljóst, að sala fasteigna heyrði ekki undir sama ráðh. og leiga fasteigna, en þetta mun rétt vera, og ég vil þá aðeins beina til hæstv. dómsmrh., að hann taki þessa þáltill., sem var vísað til ríkisstj. í fyrra, til sérstakrar athugunar.

Ég vil sérstaklega fagna því, að hæstv. félmrh. lýsti sig hlynntan því, að sett yrðu ákvæði um hámarksleigu íbúðarhúsnæðis. Ég get hins vegar viðurkennt og er honum fyllilega sammála um, að skipulag það, sem tíðkaðist um þessi mál um og eftir síðustu heimsstyrjöld, var ekki sérlega skynsamlegt til eftirbreytni, enda varð það nánast sjálfdautt. Þá var reynt að binda hámarksleigu við ákveðna upphæð í l., miðað við fermetrafjölda, og síðan settar upp sérstakar n., sem áttu að sjá um framkvæmdina. Mér virðist, að allt hafi þetta skipulag verið með nokkuð óskynsamlegum blæ, enda mun það ekki hafa reynst vel. Ég hef talið hins vegar, að það væru til aðrar leiðir í þessum efnum, og væri t. d. sjálfsagt og eðlilegt að miða húsaleigu við fasteignamatsverð. Má vera, að þetta hafi ekki verið ýkjaraunhæft á sínum tíma. Þetta er að verða fyllilega raunhæft í dag, eftir að komið er nýlegt fasteignamat, og einmitt nú liggur fyrir þinginu frv. um fasteignamat, sem væntanlega verður að lögum á þessu þingi. Ég tel, að eftirlitið ætti t. d. að vera fólgið í því, að allir húsaleigusamningar skyldu stimplast hjá opinberum aðila og þannig væri fengið nokkurt eftirlit með því, hver leigan væri, þótt ég viðurkenni hins vegar, að auðvitað er hægt að brjóta öll lög.

Ég sé ekki ástæðu til þess að orðlengja um þetta mál frekar, en ég vil sem sagt endurtaka, að ég er hæstv. ráðh. þakklátur fyrir jákvæðar undirtektir hans.

Bjarni Guðnason: Herra forseti. Ég ætla aðeins að leggja örfá orð í belg. Ég tel, að þessar fsp. frá hv. þm. Ragnari Arnalds snerti ákaflega veigamikinn þátt og marga aðila í þjóðfélaginu. Við höfum sinnt mjög hag byggjenda, þeirra sem reisa sér húsnæði, en hlutur leigjenda hefur verið fyrir borð borinn. Þess vegna tel ég þessar fsp. einmitt sérstaklega mikilvægar, því að ég tel, að stjórnvöld ættu nú að reyna að sinna fremur hag leigjenda en gert hefur verið á undanförnum árum.

Hagur leigjenda er vissulega ekki góður í verðbólguþjóðfélagi, því að eins og kunnnugt er, hagnast þeir, sem reisa sér hús og leggja fé í húsnæði, óbeint á verðbólgunni, en þeir, sem leigja sér húsnæði, gera það ekki og standa því mjög illa að vígi.

Hæstv. félmrh. var mjög jákvæður í sambandi við þau atriði, sem hér bar á góma, t. d. um 3. liðinn, þ. e. húsaleigugjöld verði frádráttarbær við álagningu tekjuskatts. Ég er sannfærður um, að ríkið mundi ekki skaðast neitt við það, því að þá kæmi hin raunverulega húsaleiga betur fram. Hæstv. félmrh. benti á, að þetta væri eiginlega mál hæstv. fjmrh. En ég vil beina því til hans, að þetta er verkefni hans nánast og væri því vert, að hæstv. félmrh. beitti sér fyrir þessari úrbót sem raunar öðrum, sem þarna koma fram. Ef hæstv. félmrh. gerði nú verulegt átak til þess að styðja og bæta hag leigjenda, hefði hann ekki til einskis setið í ráðherrastóli.

Brúargerð yfir Álftafjörð, fsp. (þskj. 431). — Ein umr.

Fyrirspyrjandi (Friðjón Þórðarson): Herra forseti. Á þskj. 431 hef ég leyft mér að flytja fsp. til hæstv. samgrh. um brúargerð yfir Álftafjörð á Snæfellsnesi. Á árinu 1968 flutti ég till. til þál. um þetta efni, svo hljóðandi:

„Alþingi ályktar að fela ríkisstj. að hlutast til um, að Vegagerð ríkisins láti rannsaka aðstöðu til brúarbyggingar yfir Álftafjörð á Snæfellsnesi og geri kostnaðaráætlun um framkvæmd verksins, ef hagkvæmt þykir."

Þessi till. varð ekki útrædd á því þingi. Ég leyfi mér að minna á örfá atriði í grg. þessarar till. Þar segir m.a.:

„Vegabætur í Álftafirði eru nauðsynlegar af mörgum ástæðum. Leiðin er fjölfarin. Hún er verslunar- og viðskiptaleið Skógstrendinga til Stykkishólms. Þar er haldið uppi áætlunarferðum milli Dala og Snæfellsness. Mjólkurflutningar eru tíðir á þessari leið vegna samvinnu mjólkursamlaganna í Búðardal og Grundarfirði, einnig aðrir vöruflutningar, sérstaklega ef Hvammsfjörður er ísi lagður, eins og fyrir getur komið á köldum vetri. Þá er og brýn nauðsyn til þess, að umrædd leið sé vel fær og örugg, þegar að kalla sjúkraflutningar til sjúkrahússins í Stykkishólmi. Enn fremur má benda á, að vegabætur í Álftafirði eru forsenda þess, að Heydalsvegur geti komið byggðarlögum sunnan Breiðafjarðar að verulegum notum. Loks má nefna það í leiðinni, að við umrædda framkvæmd gæti skapast ákjósanleg aðstaða til fiskiræktar í Álftafirði, en það er önnur saga."

Loks er á það bent, að vegabætur í Álftafirði, Heydal og á Laxárdalsheiði séu í raun og veru „greinar á sama meiði, sem miða að því að stórbæta samgöngukerfið á þessum slóðum. En að því er varðar Álftafjörð sérstaklega þarf að kanna hið fyrsta, hvort hentara er að velja leiðina yfir fjörðinn eða fyrir hann."

Öll þessi rök eru í fullu gildi enn í dag. Heydalsvegur var, svo sem kunnugt er, opnaður til umferðar haustið 1971. Hann var tekinn í þjóðvegatölu árið 1944, svo að segja má, að þessi ágæti fjallvegur, sem reynst hefur vel undanfarna vetur, hafi verið æðilengi á leiðinni. Samkv. vegáætlun, sem byggð er á vegalögum, telst Snæfellsnesvegur af Vestfjarðavegi við Stóraskóg um Hörðudal, Skógarströnd, Helgafellssveit og Grundarfjörð á Ólafsvíkurveg við Fróðá. Segja má, að þessi leið sé nú öll orðin nokkurn veginn greiðfær. En þó er einn mikill og erfiður þröskuldur á þessari leið, en það er einmitt Álftafjörður. Þetta hefur verið viðurkennt með því, að á vegáætlun 1972 og 1973 hefur verið varið nokkurri fjárhæð til þess að rannsaka þetta mál. Voru 200 þús. kr. veittar í þessu skyni árið 1972 og 300 þús. árið 1973. Enn mun þurfa meiri rannsóknir að gera, áður en ákvarðað er, hvor leiðin verður valin. Þess vegna hef ég leyft mér að spyrja nú hæstv. samgrh.: „Hvað líður athugun á vega- og brúargerð yfir Álftafjörð á Snæfellsnesi?"

Félmrh. (Björn Jónsson): Herra forseti. Ég hef leitað upplýsinga hjá Vegagerð ríkisins varðandi þessa fsp. og byggi svar mitt á þeim upplýsingum, sem ég hef fengið þaðan.

Í vegáætlun 1972 og 1973 voru samtals veittar 0.5 millj. kr. til rannsókna á framtíðarvegarstæði fyrir eða yfir Álftafjörð. Unnið hefur verið að þessum athugunum undanfarin tvö ár, og hafa þær beinast að því að bera saman kostnað við veglínu inn fyrir fjörðinn annars vegar og leið yfir fjörðinn milli Birgishöfða og Krákuness hins vegar. Leiðin yfir fjörðinn verður 5.8 km styttri en leiðin inn fyrir fjörðinn. Mæld hefur verið veglína að mestu inn fyrir fjörðinn og svæðið milli Birgishöfða og Krákuness kortlagt. Gerðar hafa verið jarðvegsathuganir í firðinum og borað niður á 20 m dýpi, án þess að fastur botn fyndist, og einnig tekið sýnishorn af efstu jarðlögum í firðinum, sem reyndust vera mjög lífræn. Þá hafa verið gerðar athuganir á sjávarföllum í Álftafirði og umferð talin á þessari leið sumarið 1972 og sumarið 1973. Reyndist meðalumferð yfir sumarmánuðina 1973 vera 75 bifreiðar á dag, og var áætlað, að ársumferðin væri um 60% af sumarumferðinni, þ.e.a.s. um 45 bifreiðar á dag.

Gerður hefur verið lauslegur samanburður á kostnaði við veginn fyrir fjörðinn og yfir fjörðinn á grundvelli þeirra athugana, sem þegar hafa verið gerðar. Benda þessar frumáætlanir til þess, enda þótt vegagerð yfir fjörðinn verði örugglega til muna dýrari en inn fyrir fjörðinn, geti samt verið um hagkvæma fjárfestingu að ræða, miðað við þær umferðartölur, sem mælst hafa á s.l. ári, og eru þá lagðar til grundvallar reikningsreglur Alþjóðabankans um mat á hagnaði umferðarinnar af styttingu vegarins. Þessi frumáætlun byggist á ákveðnum forsendum um sig á vegfyllingu yfir fjörðinn. Til þess að fá úr því skorið, hvort þær forsendur eru réttar, þarf að gera mun umfangsmeiri jarðvegskannanir í firðinum en gerðar hafa verið til þessa, þar sem sig vegfyllingar ræður úrslitum um hagkvæmni verksins. Til þess að fá tæmandi upplýsingar um þetta þarf að kanna dýpt hinna lausu setlaga í firðinum með skjálftamælingum og einnig jafnvægisástand hinna mismunandi jarðlaga, en til þess þarf að taka sýnishorn af jarðlögum og gera einhverjar kannanir á rannsóknarstofum. Jafnframt þyrfti að gera líffræðilegar rannsóknir í firðinum í samvinnu við Náttúruverndarráð, veðurathuganir og frekari dýptarmælingar til þess að fá upplýsingar um hæstu væntanlegu ölduhæð, sem er ákvarðandi um hæð vegarins yfir sjó. Einnig þyrfti að athuga sérstaklega, hvort með vegagerð yfir fjörðinn skapist skilyrði til fiskiræktar innan við væntanlega uppfyllingu, en landeigendur í firðinum munu hafa sýnt verulegan áhuga á því máli. Gera má ráð fyrir, að þær athuganir, sem eftir er að gera, mundu kosta um 2 millj. kr. og taka a.m.k. eitt ár.

Fyrirspyrjandi (Friðjón Þórðarson): Herra forseti. Ég þakka hæstv. samgrh. fyrir svörin. Þó að rannsóknum í þessu efni sé ekki lokið, virðast mér þær benda fyllilega til þess, að hentara verið að fara yfir fjörðinn heldur en fyrir hann. Það hefur sagt mér maður mjög kunnugur á

þessum slóðum, Guðmundur Ólafsson frá Dröngum, og sem lengi annaðist þarna póstferðir og þekkir þessa leið allra manna best í vondum veðrum að vetrarlagi, að hann telji útilokað að leggja öruggan veg fyrir fjörðinn, nema sá vegur yrði þá færður alveg niður undir sjó, niður að fjöruborði, og þá gefur auga leið, að þar þyrfti að vera um algera nýlagningu vegar að ræða og mjög dýra framkvæmd. En það er svo margt, sem þarf að rannsaka nú á tímum, áður en ráðist er í ákveðnar framkvæmdir, að ekki er hægt að kippa sér upp við það, þó að þarna þurfi að gera meiri rannsóknir, en ég legg áherslu á, að þær verði framkvæmdar og það sem fyrst.

Eins og ég áðan sagði, er Álftafjörður nú meginþröskuldurinn á allri þeirri leið, sem ég áðan nefndi, öllum Snæfellsnesvegi, sem svo er kallaður. Áskoranir og hvatningar streyma úr öllum áttum að hraða þessum athugunum og þessu verki, bæði frá viðkomandi sýslunefndum og öðrum aðilum. Ég vil því mega vænta þess, að undirbúningsrannsóknum öllum verði hraðað svo sem unnt er, fjár aflað og framkvæmdir hafnar hið allra fyrsta.

Sameinað þing, 64. fundur.

Þriðjudaginn 5. marz, að loknum 63. fundi.

Framkvæmd iðnþróunaráætlunar, þáltill. (þskj. 400). — Hvernig ræða skuli.

Að till. forseta var ákveðin ein umr.

Hagnýting vindorku með vindrafstöðvum, þáltill. (þskj. 413). — Hvernig ræða skuli.

Að till. forseta var ákveðin ein umr.

Vinna framhaldsskólanemenda við framleiðslustörf, þáltill. (þskj. 18, n. 355). — Frh. einnar umr.

Frsm. (Stefán Gunnlaugsson): Herra forseti. Á þskj. 18 er till. til þál. um vinnu framhaldsskólanemenda við framleiðslustörf á vetrarvertíð. Till. er svo hljóðandi:

„Alþingi ályktar að fela ríkisstj. að láta athuga, hvort unnt reynist að haga árlegum kennslutíma í framhaldsskólum á verstöðvum á Suðvesturlandi og annars staðar, þar sem skortur er á mannafla til framleiðslustarfa á vetrarvertíð, þannig, að elstu nemendurnir, sem áhuga hefðu á að sinna framleiðslustörfum í mars og apríl, gætu fengið sig lausa frá skólanámi þann tíma. Verði við það miðað, að námstími þeirra flytjist til á árinu sem því nemur.

Þessi athugun fari fram með það fyrir augum, að reynt verði að leysa úr þeim vanda, er sjávarútvegurinn hefur átt við að etja yfir helstu vertíðarmánuðina vegna skorts á vinnuafli.

Jafnframt verði leitast við, að fjölbrautarskólar geti hið allra fyrsta boðið nemendum upp á námsbrautir, þar sem virk þátttaka í atvinnulífinu, svo sem við fiskveiðar og fiskverkun á vetrarvertíð, sé mikilvægur liður í námi þeirra.“

Allshn. hefur haft þessa till. til meðferðar og hefur leitað umsagnar nokkurra aðila. Í fyrsta lagi var leitað umsagnar Sölusambands ísl. fiskframleiðenda. Í umsögn þess segir, með leyfi hæstv. forseta, um þessa till.:

„Á fundi stjórnar SÍF í dag var umrædd till. rædd, og ákvað stjórnin að mæla eindregið með því, að þáltill. þessi verði samþ. Bent var á það á fundinum til athugunar, að í framkvæmd yrði vinnufrium hagað þannig, að einum bekk í hverjum aldursflokki væri gefið frí í eina viku í einu og að þeim tíma liðnum tæki næsti bekkur við, þar til reynsla væri komin á þessa tilhögun.“

Enn fremur fékk n. umsögn frá Landssambandi ísl. útvegsmanna. Í þeirri umsögn kemur fram, að aðalfundur LÍÚ, sem haldinn var dagana 28. og 30. nóv. s.l., ályktaði um þessa till. og mælti með henni, svo sem orðrétt segir í ályktun þessa fundar, með leyfi hæstv. forseta: „Mælir fundurinn með því, að þessi mál verði til frambúðar könnuð rækilega á grundvelli þáltill. á þskj. 18, sem flutt hefur verið á yfirstandandi Alþingi.“

Í þriðja lagi fékk n. umsögn Landssambands framhaldsskólakennara, en þar segir svo orðrétt, með leyfi hæstv. forseta: „Stjórn Landssambands framhaldsskólakennara telur sig ekki geta mælt með samþykkt umræddrar till., þar eð af því leiddi veruleg röskun á starfstíma og starfskjörum viðkomandi kennara og þar af leiðandi mismun í starfsaðstöðu. Stjórnin vill hins vegar benda á nauðsyn aukinnar starfsfræðslu í skólum og nánari tengsla nemenda við undirstöðuatvinnuvegi þjóðarinnar. Viku til hálfs mánaðar vinna nemenda, skipulögð í hverju skólahéraði af skólanefnd, skólastjóra og kennurum, kemur vel til greina sem liður í skólastarfinu til þess að ná því marki. Ekki ætti að vera þörf á að lengja skólatíma fram á sumarið af þeim sökum.“

Með hliðsjón af þeim umsögnum, sem n. bárust, og til þess að leitast við að mæta að nokkru því viðhorfi, sem kemur fram í þessari síðast töldu umsögn frá Landssambandi framhaldsskólakennara, varð n. einhuga um að leggja til, að orðalagi þáltill. yrði lítillega breytt, og er því brtt. n. svo hljóðandi:

„Alþingi ályktar að fela ríkisstj. að láta athuga hvort unnt reynist að haga árlegum kennslutíma í framhaldsskólum í verstöðvum á Suðvesturlandi og annars staðar, þar sem skortur er á mannafla til framleiðslustarfa á vetrarvertíð, þannig, að þeir nemendur, sem því hefðu áhuga, gætu unnið skólanámsins vegna við slík störf takmarkaðan tíma í mars og apríl.

Jafnframt stuðli ríkisstj. að því, að fjölbrautaskólar geti hið allra fyrsta gefið nemendum sínum kost á námsbrautum, þar sem virk þátttaka í atvinnulífinu, svo sem við fiskveiðar og fiskverkun á vetrarvertíð, sé mikilvægur liður í námi þeirra.“

Umr. (atkvgr.) frestað.

Tónlistarnám, þáltill. (þskj. 203). — Ein umr.

Flm. (Helgi F. Seljan): Herra forseti. Ég hef leyft mér að flytja till. til þál. um bætt skipulag tónlistarnáms. Till er svo hljóðandi:

„Alþingi ályktar að skora á ríkisstj. að taka til gagngerðrar endurskoðunar allt tónlistarnám í landinu. M. a. skal starf hinna einstöku tónlistarskóla samræmt skyldunáminu og almenn tónlistarkennsla skipulögð, þar sem engin er nú. Skal að því stefnt að færa undirstöðukennslu í hljóðfæraleik inn í alla skyldunámsskóla nemendum að kostnaðarlausu. Við þessar aðgerðir, svo og aðrar, sem nauðsynlegar reynast, skal stuðst við álit tónmenntunarnefndar menntmrn. frá 30. ágúst 1972."

Það skal þegar tekið fram, að ég hef hér fyrst og fremst í huga landsbyggðina, alveg sérstaklega þá fjölmörgu staði, þar sem aðstaða til tónlistarnáms er engin eða aðeins nafnið tómt. Ég veit, að með samþykkt grunnskólafrv. verður stigið stórt skref til aukningar alls tónlistarnáms á skyldustiginu. Ég get varla efast um, að grunnskólafrv. í einhverri mynd hljóti að ná fram að ganga með öllum þeim kostum, sem það hefur, m. a. í þessu sérstaka tilliti. Hitt er þá eftir allt of víða, að koma á því skipulagi, sem frv. gerir ráð fyrir í framkvæmd, og seint mun takast að gera það alls staðar.

Ég hef sem skólamaður staðið í því ár eftir ár að tryggja nemendum mínum, þótt ekki væri nema smávegis innsýn í tónmennt, en það hefur allt saman komið fyrir lítið. Söngurinn t. d. sem skyldugrein hefur allt of víða setið algerlega á hakanum, sumpart fyrir skilnings- og viljaleysi, sumpart fyrir skort á hæfum kennurum til að taka verkefnið að sér. Átak í þessum málum, sem tryggði lágmarksárangur, yrði því vissulega að vera stórt, og þess þyrfti víða að sjá stað, ekki síst í skipulagðri menntun nægilega stórs hóps kennara, sem gætu sinnt verkefninu sómasamlega. Þar er kannske brýnasta verkefnið að finna.

Það þarf mikið átak til þess að koma upp aðstöðu til vissrar tónmenntunar hvarvetna á landinu, og það er líka sannarlega meira en að segja það. Í þessari grein erum við það langt á eftir, það margt er þar óunnið, að engum kemur til hugar, að úr sé hægt að bæta á auðveldan að ekki sé nú talað um ódýran hátt. Hins vegar álít ég það eina af frumskyldum menntayfirvalda að huga vel að þessari grein einmitt vegna þess, hversu afleitt ástand hennar er, og þá einnig vegna þess, hve greinin er í raun þýðingarmikil sem uppeldis- og þroskagjafi.

Hið ágæta framtak menntmrn. að fela sérstakri n. það verkefni að gera ítarlega till. um tónmennt á skyldustigi er vissulega þakkarvert, og álit n., sem till. mín vísar sérstaklega til, er góð undirstaða allra skynsamlegra athafna í málinu. Á hinn bóginn er ætíð fyrir hendi sú hætta, að því stærra sem vandamálið er og torleystara, því erfiðara sé um vik að koma á umbótum, hvað þá framkvæma allt það, er þyrfti.

Fjarri sé það mér að vanmeta allt það starf, sem unnið hefur verið að tónmenntunarmálum hér á landi, og allar þær framfarir, sem þar hafa orðið. Margir skólar hafa átt á að skipa ágætum starfskröftum til söngskennslu, enda starf þeirra borið ríkulegan ávöxt, en því tilfinnanlegri verður hlutur hinna enn fleiri, sem við allsleysi hafa búið í þessum efnum.

Ekki skal ég heldur gera lítið úr því ágæta áhugastarfi, sem unnið hefur verið víða, ótrúlega víða, jafnt gagnvart söng og kennslu í hljóðfæraleik. Þar hafa tónlistarskólarnir og félögin, sem þá hafa rekið, oftlega sýnt undraverðan árangur, þó að ýmislegt væri af vanefnum gert, og hefur góður andi og óbilandi áhugi skilað margföldum arði. En aftur kemur þá í hugann hlutur hinna allt of mörgu, sem hér hafa borið skarðan hlut frá borði eða engan af einhverjum ástæðum, oft óviðráðanlegum með öllu. Ekki skal ég vanmeta stuðning ríkis og sveitarfélaga í þessum þætti, stuðning þeirra við tónlistarfélög og tónlistarskóla almennt. Þar hefur gjarnan verið stórmannlega að staðið og af ríkum skilningi, þótt um hitt sé einnig dæmi. En allt þetta sannar það, að bætt skipulag þessara mála ásamt miklu átaki og góðu þarf til að koma, ef viðunandi árangur á að nást, ég tala nú ekki um viðunandi jöfnuð, þannig að sveitabarnið eigi sem líkasta möguleika og Reykjavíkurbarnið til að njóta söngiðkunar, — þannig að barn hins fátækasta eigi sömu möguleika til að læra hljóðfæraleik og barn hins ríkasta. Og auðvitað ber allt að sama brunni hér sem í öðru. Það er ekki hið svokallaða frjálsa einkaframtak, sem leysir vandann í heild. Það er samhjálp og aðgerðir ríkisvaldsins, sem geta ein leitt til þess, að þessi grein megi hljóta þann sess hjá öllum, sem hún á skilið.

Að sjálfsögðu er hér ekki gert ráð fyrir öðru en því, að einstakir tónlistarskólar og tónlistarfélög, sem að þeim standa, starfi áfram sem fullkomlega sjálfstæðir aðilar að öðrum verkefnum sínum, sem eru ærin. Aðeins er til þess ætlast, að sá þáttur í starfsemi þeirra, er beint getur samræmst hinu eiginlega tónlistarnámi skyldustigsins, verði sem best nýttur í þágu skólafólksins og þar verði sem bestri og mestri samræmingu á komið.

Þá er komið að till. beint og efni hennar. Ég dreg enga dul á það, að ég álít söngkennsluna eina ekki nægilega sem hlut skólakerfisins í tónmennt okkar. Það hlýtur að vera okkar markmið að taka í æ ríkari mæli fleiri greinar tónmennta inn í námskerfi okkar, og að því stefnir grunnskólafrv. ótvírætt. Sumir skólar, sem við besta aðstöðu búa, hafa þegar útvíkkað starfsemi sína á þennan hátt. Sem uppeldis- og þroskagjafi hefsérgrein fárra, hann á að vera sameign sem ur tónlist mikið gildi, — gildi, sem hafið er yfir allan efa. Þessi þroskagjafi má ekki vera sérgrein fárra, hann á að vera sameign sem allra flestra. Sumar þjóðir, svo sem Ungverjar, hafa náð ótrúlega langt á þessu sviði, og þeir telja sig t. d. engan veginn geta verið án þessa þáttar í uppeldi ungu kynslóðarinnar. Sem áfangi að þessu marki þarf að koma til samræming þeirra tónlistarskóla, sem víða eru úti á landi, og hins eiginlega skólastarfs. Víða er þetta gert að hluta og hefur mér vitanlega hvarvetna reynst ágætlega. Hér þarf ekki mikið átak að mínu viti til að samhæfa nám og námsefni sem best til góða fyrir nemendur, einkum þá, sem ekki treysta

sér efnahags vegna til að kaupa dýra einkatíma. Hitt veit ég, að verður erfiðara, að finna lausn á vanda hinna mörgu staða, sem enga tónlistarmennt hafa, en þar dugir eflaust engin ein allsherjarlausn á vandanum.

Ég benti á það, þegar ég skaust hér snöggvast inn fyrir 17 árum, að hvað söngkennsluna snerti gæti ráðið verið umferðarkennsla í söng, þar sem erfiðast væri að koma stöðugri samfelldri kennslu við. Og enn dettur mér þetta ráð í hug, þar sem allt annað þrýtur. Mér sýnist tónmenntunarnefndin einnig gera ráð fyrir þessari leið í erfiðustu tilfellum. Það hlýtur að vekja eftirtekt mína í sambandi við þetta, að sú till., sem ég bar þá fram hér á hv. Alþ. og fól einmitt í sér þessa umferðarkennslu í söng og samþykkt var, var að mínu viti aldrei nema pappírsgagn. Mér er ekki kunnugt um, að nokkurn tíma hafi verið gert nokkuð til þess að framkvæma eitt eða neitt af því, sem hún gerði ráð fyrir.

Það er fullljóst, að margra leiða þarf að leita að þessu marki og velja síðan í hverju tilviki þá leið, sem líklegust er til árangurs. Sá liður till., sem lýtur að því að færa undirstöðukennslu í hljóðfæraleik inn í skyldunámið, er tvímælalaust hinn viðameiri, og þykir e. t. v. mörgum, að of mikið sé hér fært í fang. Ég minnti á það áðan, að ýmsir best settu skólarnir hefðu þegar farið að nokkru inn á þessa braut, og verði framkvæmd grunnskólafrv. eða væntanlegra l. í samræmi við fyrirheit, er mjög til móts við þetta sjónarmið gengið. Aðalástæða þess, að lagt er til, að í þessa átt sé stefnt, er það misrétti, sem sannarlega viðgengst í þessum efnum, ekki aðeins milli einstakra skóla, heldur einnig hinu, hve hér er um kostnaðarsama hluti að ræða. Slíkt nám má ekki og á ekki að heyra til forréttinda hinna betur stæðu í neinu. Þar þurfa allir að eiga sem jafnasta aðstöðu, og hún fæst ekki nema með einhverjum þeim hætti, sem í till. er nefndur, þ. e. að færa a. m. k. undirstöðukennsluna inn í skólakerfið og auka svo við smátt og smátt, eftir því sem möguleikar leyfa. Ég tek það enn fram, að hér eigi fyrst og fremst að tala um nemendur landsbyggðarinnar. Ég veit, að hér í Reykjavík eru ýmsir möguleikar fyrir hendi, þótt einnig þar þurfi betur að gera og ná meiri jöfnuði, þannig að allir eigi þar jafna möguleika til náms. Nú rétt fyrir áramótin, var t. d. vakin á því sérstök athygli í dagblaði einu hér í höfuðstaðnum, hver forréttindi hinna betur stæðu um tónlistarnám eru hér í raun í dag.

Ég tel óþarfa að hafa framsögu þessa máls lengri. Fyrir tillöguflutningi þessum liggja þær ástæður helstar, sem hér hafa verið raktar, þótt margar fleiri mætti til tína. Þrátt fyrir ýmislegt, sem til bóta horfir í þessum efnum nú, taldi ég rétt að vekja á málinu sérstaka athygli, því að sannarlega er á því þörf. Það er mál, að þeim forréttindum ljúki sem fyrst, sem hér hafa gilt, að sameign þessara verðmæta verði sem allra mest í staðinn. Ef þessi till. mætti stuðla að því, þótt í litlu væri, væri tilgangi hennar náð.

Ég vil svo, herra forseti, leyfa mér að leggja til, að að lokinni þessari umr. verði málinu vísað til allshn.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Kostnaðaráætlanir við stjórnarfrumvörp, þáltill. (þskj. 329). — Ein umr.

Flm. (Bjarni Guðnason): Herra forseti. Ég hef árætt að bera hér fram till. til þál. um kostnaðaráætlanir við stjórnarfrumvörp. Þessi þáltill. hljóðar svo með leyfi hæstv. forseta:

„Alþingi ályktar að beina því til ríkisstj., að frumvörp, sem fela í sér ný útgjöld fyrir ríkissjóð, séu ekki lögð fram án þess, að þeim fylgi rækilegar kostnaðaráætlanir."

Í raun réttri þarf ég ekki að fylgja þessari þáltill. úr hlaði með mörgum orðum, því að öllum þm. er fyllilega ljóst, hvað hér er um að ræða. Það hefur komið mér alveg sérstaklega á óvart sem þm. og hef þó ekki nema 2—3 ára reynslu, hversu stjórnvöld varpa hér inn í þingsalina frumvörpum, sem hafa bersýnilega kostnað í för með sér, án þess að gerð sé nein áætlun um hann. Að vísu fylgir sumum frv. lausleg áætlun, öðrum nokkuð rækileg, en þau eru ekki fá, þar sem ekki er hirt um að gera grein fyrir, hvað það kostar ríkið eða almenning, ef viðkomandi frv. verður að lögum.

Þetta er að sjálfsögðu blöskrunarefni, og beint tilefni til þess, að ég lagði þessa þáltill. fram, var frv. til l. um Félagsmálaskóla alþýðu, 178. mál þessa þings og er á þskj. 305. Það er lagt fram af félmrn. Þar er gert ráð fyrir, að stofnaður sé nýr skóli, nefndur Félagsmálaskóli alþýðu, og greiðist allur kostnaður við hann úr ríkissjóði, þar með talinn byggingarkostnaður skólahúss. Í grg. með frv. segir orðrétt, með leyfi hæstv. forseta:

„Áætlun um stofnkostnað og rekstrarkostnað skólans liggur ekki fyrir nú. Ef frv. þetta verður að lögum, mun félmrn. gera áætlun um kostnað vegna skólans og hlutast til um, að fé verði varið til hans í fjárl. samkv. áætlun rn."

M. ö. o.: þingheimi er boðið að samþykkja stofnun nýs skóla, rekstur nýs skóla, án þess að hafa hugmynd um, hvað það muni í reynd kosta Alþ. og almenning.

Þetta frv. kom til umr. í Ed. fyrir skömmu, og ég sá þá í Alþingistíðindum, að ekki einn einasti þm. hafði séð ástæðu til að kynna sér eða athuga, hvað þetta frv. mundi kosta, og enginn hafði hreyft aths. við frv. í sambandi við þennan frágang.

Nýlega var frv. flutt hér í hv. Nd., sem heitir: Frumvarp til laga um tryggingadóm. Það er 198. mál. Þar er ætlunin að setja á laggirnar tryggingadóm, sem er nýmæli í lögum, og segir í 26. gr. þessa frv.: „Kostnaður vegna tryggingadóms greiðist úr ríkissjóði." En hvað kostar þessi tryggingadómur? Það virðist ekki skipta svo ýkjamiklu máli.

Þannig mætti tína til fjölda frv. af hálfu ríkisstj., þar sem ekki er talin ástæða til að gera þingheimi grein fyrir því, hvað frv. muni koma til með að kosta, ef það verði að lögum. Þetta tel ég með öllu óviðunandi, og eins og sakir standa í fjármálum ríkisins ætti það að vera skylda þm. að sjá til þess, að frv. af þessu tagi fengju ekki afgreiðslu. Og svo er hinn angi málsins, hvort ríkisstj., sem situr við völd, getur í raun og veru leyft sér svona vinnubrögð. Ég hygg, að þetta hafi tíðkast mjög lengi á Al-

þingi Íslendinga, sérstaklega vegna þess, að meirihlutastjórnir hafa setið við völd, þ. e. a. s. stjórnir, sem hafa stuðst við meiri hl. þm. og ekki haft þá ástæðu til að gera sér grein fyrir því, hvað hlutirnir kostuðu. En það skiptir ekki máli, hvort ríkisstj. styðst við meiri hl. alþm. eða minni hl. Þetta eru nauðsynleg vinnubrögð, að kostnaður sé kannaður hverju sinni við þau frv., sem lögð eru fram.

Að sjálfsögðu koma fram önnur frv., t. d. þmfrv., sem hafa kostnað í för með sér. Ég vil ekki gera jafnmikla kröfu til þmfrv., vegna þess að einstakir þm. hafa miklu verri aðstöðu til þess að meta kostnað, og eins hitt, að það er alls ekki tryggt, að slík þmfrv. fái fljóta afgreiðslu, heldur munu þau flest detta út fyrir einhvers staðar á leiðinni gegnum þingið. Hitt er miklu alvarlegra, þegar frv. ríkisstj. eru lögð fram, því að nær alltaf er þeim tryggður fyrir fram þingmeirihluti.

Hér er líka um að ræða að sýna alþm. nokkra virðingu. Ég tel, að það sé virðingarleysi gagnvart alþm. og Alþ. sem stofnun að leggja fram frumvörp af þessu tagi. Og svo er það hin hliðin, þ. e. a. s. að ríkisbáknið, eins og við vitum, þenst út, og kann ég ekkert orð yfir þá útþenslu. Mig brestur orð yfir hana. En einhvern tíma kemur að því, að Alþingi Íslendinga þarf að fara að beita sér gegn þessari útþenslu og miklu fremur fara að taka í taumana og skera ýmislegt niður.

Ég skal ekki hafa þessi orð fleiri. Ég vænti þess, að stjþm., sem hafa engar áhyggjur af efnahagsástandinu, leggist nú ekki á þetta mál og láti það sofna í n. Ég hygg, að þetta sé almennt skynsemisatriði, og ég veit, að þm. hafa nokkuð sæmilegt brjóstvit, þannig að ég treysti því, að þessi till. til þál., sem hér er lögð fram, fái skjóta og góða afgreiðslu í þinginu.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Sjóvinnubúðir fyrir unglinga í Flatey á Skálfanda, þáltill. (þskj. 347). — Ein umr.

Flm. (Jónas Jónsson): Herra forseti. Flatey á Skjálfanda liggur á norðan- og norðvestanverðum Skjálfandaflóa. Hún er um 2.5 km. frá landi, þar sem heitir Flateyjardalur, en það er raunar strandlengjan frá norðaustanverðum skaganum á milli Eyjafjarðar og Skjálfandaflóa. Upp frá þeirri strönd gengur dalur, sem fer fyrst hækkandi til landsins og lækkar síðan aftur og gengur niður í Fnjóskadal. Sá dalur er reyndar nefndur Flateyjardalsheiði. Upphaflega var eyjan, dalurinn og heiðin, sem öll voru þá byggð, einn hreppur með Fnjóskadalnum, og hét hann Hálshreppur. Hálshreppi var skipt 1907, og Flatey og Flateyjardalur mynduðu Flateyjarhrepp.

Flatey er talin 262 ha. að stærð og er um 2.5 km á lengd og 2 km á breidd. Öll er eyjan lág úr sjó og rís hæst um 22 m. Hún er nú nær öll grasi gróin, og þar eru um 45 ha. tún. Flateyjar er snemma getið í heimildum. Um 1200 er þess getið, að þangað sé sótt skreið. Eyjan hefur alla tíð þótt eftirsótt verstöð. Upphaflega var Flatey ein jörð og var þá 60 hundruð að fornu mati. Síðan fjölgaði býlum þar, og urðu þau flest 13 að tölu, en auk þess tvær þurrabúðir. Flestir urðu eyjabúar um 120 að tölu. Það var skömmu eftir 1940. Íbúðarhús urðu flest 17 og þar af 10 steinhús. Vélbátaútgerð hófst í Flatey 1907, og 1919 var þar stofnað Fisksamlag Flateyinga. Byggðin var öll á sunnanverðri eynni, og var þar góð lending, og síðan var þar gerð bryggja. Árið 1968 var svo gerð höfn í Flatey, og þykir það góð framkvæmd, þó að svo tækist til, að það ár legðist niður föst búseta í eyjunni. Íbúarnir, sem þá voru eftir, fluttust nær allir til Húsavíkur, en höfnin hefur verið notuð og er lífhöfn fyrir báta, sem lenda í vondum veðrum út af Eyjafirði eða vestarlega á Skjálfandaflóa. Allt að 150 tonna bátar gátu lagst að bryggju í Flatey.

Þótt Flatey þætti forðum heldur rýr að venjulegum landkostum, var sjávargagn og hlunnindi þar ríkulegt. Þar var eggver, selveiði og hrognkelsi og eins og fyrr segir útræði hið besta. Sjávargagnið var á öllum öldum meginbústoðin, þó að þar væri ræktað verulega, og þar var flest um 1000 fjár, sem flutt var til afréttar á Flateyjardal, og kýr höfðu Flateyingar fyrir sig. Á blómatíma Flateyjar, eftir að vélbátaútvegur hófst og efldist og fram undir 1960, var þar mikilla verðmæta aflað á sjó, og oft var þar aðkomufólk í fiskverkunarvinnu á sumrin.

Eftir að síðasti hópurinn fluttist til Húsavíkur 1968, hafa Flateyingar og raunar einnig aðkomubátar frá Eyjafjarðarhöfnum stundað hrognkelsaveiðar í Flatey og haft þar viðlegu. Í Flatey eru allir möguleikar fyrir hendi til smábátaútgerðar og handfæraveiða. Þar er góð höfn, eins og fyrr getur, fiskverkunarhús og íbúðarhús, sem vel mætti gera með litlum eða kannske nær engum tilkostnaði hæf til sumarbúsetu. Þar var sameiginleg raflýsing, þar var útibú Kaupfélags Þingeyinga, og standa hús þessi öll enn.

Hér hef ég að nokkru lýst aðstæðum, og kem ég þá að því að skýra og rökstyðja tilgang þeirrar þáltill., á þskj. 347, sem ég ásamt 1. þm. Norðurl. e., Ingvari Gíslasyni, hef leyft mér að flytja.

Tilgangur till. er tvíþættur: Í fyrsta lagi að nýta og koma í veg fyrir, að eyðist og spillist verðmæti í mannvirkjum og náttúrufari, sem eru í eynni, og í öðru lagi og með sömu aðgerðum að stuðla að þjóðhollri starfsemi, sem væri rekstur sjóvinnubúða fyrir unglinga, — starfsemi, sem væri þroskavænleg fyrir unglinga, sem hennar nytu, en með henni yrði jafnframt stuðlað að kynningu og tengslum unglinganna við einn mikilvægasta atvinnuveg þjóðarinnar. Með þeirri kynningu og þeim tengslum ykist skilningur unga fólksins á mikilvægi framleiðslugreinanna og líkur ykjust til þess, að dugmiklir unglingar kæmu síðar sem fullvaxta fólk til starfa við atvinnuveginn.

Um fyrra atriðið, þ. e. verndun verðmæta í Flatey, er það að segja til viðbótar því, sem ég hef að framan rakið, að það er augljóst, að þar sem byggð hefur verið í hartnær ellefu aldir, er mönnum eftirsjón í því, að nær allt leggist í auðn. Og enginn veit raunar, hvenær fólk kynni að vilja setjast að með fastri búsetu í Flatey á ný. Með aukinni og breyttri samgöngutækni og ekki síður breyttum hugsunarhætti hefði slíkt orðið fyrr en varir. Mannvirki eru þarna veruleg,

sem mundu grotna niður, ef ekki yrði fundin fyrir þau einhver not. Höfninni, sem eins og áður er getið er lífhöfn fyrir þetta svæði, þar sem mjög mikil smábátaútgerð er einmitt stunduð af Eyjafirði og frá Húsavík og víðar, yrði einnig hætt við að skemmast, og hún þarf umhirðu við. Búseta í eyjunni, þótt ekki væri nema um vor- og sumartímann, yrði líka til þess að tryggja þar náttúruverðmæti. Varp- og fuglalíf hvers konar mundi varðveitast betur. Ef eyjan er algerlega í eyði, yrði sífellt hætta á því, að aðvífandi menn spilltu þarna fuglalífi og öðru.

Þá kem ég að því, sem ég tel mest um vert, en það er það, að ef hægt væri að gera þarna alvarlega tilraun til að koma upp sjóvinnubúðum fyrir unglinga, sem eru undir þeim aldri, að þeir gangi á hinn almenna vinnumarkað, þá væri það mikils virði. Þessum unglingum fer hlutfallslega fjölgandi, en tækifærum þeirra til að taka þátt í atvinnulífi þjóðarinnar fer aftur á móti fækkandi, sérstaklega í þeim atvinnugreinum, sjávarútvegi og landbúnaði, sem brýnast er, að unga fólkið tengist. Þjóðinni er fátt brýnna á þessum tímum en það, að unglingarnir, sem nú alast upp í borg og bæjum, slitni ekki úr tengslum við atvinnulífið, að sem allra flest af unga fólkinu kynnist og alist upp með þeim atvinnuvegum, sem skapa okkur frumverðmætin. Í þessu felst ekkert vanmat á öðrum atvinnuvegum, svo sem iðnaði eða hvers konar þjónustustörfum.

Sem betur fer er það svo enn þá, að fjöldi unglinga á þess kost að njóta hollrar og þroskandi dvalar í sveitum landsins á sumrin. Það er bæði sveitunum og unglingunum hollt og eftirsóknarvert. Kaupstaðarbörnin tengjast sveitunum og fólkinu þar oft ævilöngum böndum. Þetta skapar aukinn skilning. Margir kaupstaðarunglingar koma t. d. í bændaskólana síðar, og er augljóst, að áhugi þeirra á því hefur skapast af kynnum af landbúnaðinum með sumardvöl í sveit, og nokkuð margir þeirra verða síðan bænur. Gera mætti miklu meira að því að skapa unglingum, hvaðan sem þeir koma, möguleika á því að komast í snertingu við sjóinn. Fiskveiðar og fiskverkun, handfæraveiðar og saltfiskverkun eru mjög vel til þessa fallnar. Það væri lokkandi og spennandi fyrir unglinga að fá að stunda slíkar veiðar. Undir stjórn reyndra sjómanna á smábátum lærðu þeir undirstöðuatriði sannrar sjómennsku. Eyjalíf kynni einnig að vera lokkandi og hafa sinn sjarma fyrir unglingana.

Til þess að koma upp slíkum búðum sem hér er bent á þyrfti ekki stórmikinn tilkostnað. Það þyrfti að sjálfsögðu báta og veiðarfæri og nægilega marga reynda sjómenn, sem vildu vinna með unglingunum og fást við þetta. Ef ríkið legði til þá aðstöðu, sem það á í Flatey, er ekki ólíklegt, að bæjarfélög eða önnur félagasamtök vildu leggja nokkuð af mörkum til þess að reka slíkar búðir. Ýmis félög gera þetta þegar, ýmis félög, sem eru á vegum kirkjunnar, reka sumarbúðir fyrir unglinga, og er það vissulega þakkarvert. En víst er það, að starfið hlýtur að vera guði jafnþóknanlegt og að slíkar búðir, sem væru tengdar starfinu, hafa verulega mikið þroskagildi. Þær leiddu unglingana í snertingu við undirstöðuatvinnuvegi þjóðarinnar. Ef þessir atvinnuvegir, eins og sjávarútvegur og landbúnaður og fiskverkun, afmannast og við þurfum e. t. v. að fara að flytja inn fólk til að draga fyrir okkur fiskinn og vinna hann, þá er örugglega illa komið fyrir þjóðinni. Og því miður óttast ég það verulega, að skóla- og menntakerfi okkar allt mennti fólkið of mikið frá atvinnuvegunum og það sliti það of mikið úr tengslum við þá, í staðinn fyrir að þetta okkar ágæta kerfi ætti að geta menntað fólkið jafnt til atvinnuveganna. Við þurfum gott og vel menntað fólk í þessa atvinnuvegi eins og hvarvetna í atvinnulífið um landið. Og þessi atriði verður að hafa ríkt í huga við setningu allrar löggjafar um menntamál í landinu.

Tilraunir með sjóminnubúðir, með skólaskip, með landgræðslustörf skólaæskunnar o. fl. gætu allt verið spor í rétta átt í þessu efni.

Herra forseti. Ég legg til, að umr. verði frestað og till. vísað til hv. allshn.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Tekjustofnar sýslufélaga, þáltill. (þskj. 358). — Ein umr.

Flm. (Friðjón Þórðarson): Herra forseti. Á þskj. 358, hef ég leyft mér að flytja till. til þál. um aukna tekjustofna sýslufélaga ásamt hv. 4. þm. Sunnl. Till. er á þessa leið:

„Alþingi ályktar að skora á ríkisstj. að gera nú þegar ráðstafanir til að auka tekjur sýslufélaga, svo að þeim verði gert kleift að sinna lögboðnu hlutverki og aðkallandi viðfangsefnum."

Í 76. gr. stjórnarskrárinnar segir, að rétti sveitarfélaganna til að ráða sjálf málefnum sínum með umsjón stjórnarinnar skuli skipað með lögum. Nú gilda um þessi efni hin almennu sveitarstjórnarlög, nr. 58 frá 1961, og í þeim l. fjallar IV. kafli sérstaklega um sýslufélög. Í 1. gr. þessa kafla, 92. gr. sveitarstjórnarlaga, er fjallað um helstu verkefni sýslufélaga, og eru þau ærið margþætt, eins og upptalningin ber með sér. Sýslufélögum ber að annast m. a. eftirlit með fjárreiðum allra hreppa innan sýslufélagsins, endurskoðun á úrskurðum ársreikninga þeirra og allra fyrirtækja, sem rekin eru á vegum hreppanna, umsjón með, að hreppsnefndir starfi yfirleitt í sveitarstjórnarmálum samkv. gildandi lögum og reglugerðum. Sýslunefndum ber að annast setningu reglugerða um notkun afrétta, fjallskil, fjárheimtur, smalanir haust og vor og fleira af slíku tagi, sjá um, að markaskrár séu prentaðar eigi sjaldnar en 10. hvert ár yfir fjármörk, o. s. frv. Þá ber sýslufélögum einnig að hafa umsjón og stjórn vegamála samkv. vegal. og sýsluvegasamþykktum, og er þetta allstór þáttur starfa þeirra. Þá er um að ræða afskipti af forðagæslu samkv. búfjárræktarlögum og fleira á því sviði. Þá fjalla sýslunefndir um setningu byggingarsamþykkta fyrir sýsluna samkv. l., enn fremur um álitsgerðir mála, er varða einstaka hreppa sýslunnar eða sýsluna í heild, enda skal engu slíku máli til lykta ráðið, fyrr en álitsgerðar sýslunefndar hefur verið leitað.

Þá er rætt um í 92. gr., að eitt af verkefnum

sýslunefndar sé að tilnefna þrjú hreppstjóraefni, þegar skipa skal hreppstjóra. Enn fremur er rætt um, að á vegum sýslufélaga fari fram stjórn allra sveitarstjórnarmála, er varða sýsluna í heild, svo og till. um hvað eina, sem verða má sýslunni til gagns eða til að afstýra bjargarskorti eða hallæri. Og loks ber sýslunefnd að fjalla um önnur þau störf, er lög og reglugerðir mæla fyrir um.

Af þessari upptalningu má ráða, að hlutverk sýslunefnda er ærið margþætt. En þó vil ég vekja sérstaka athygli á næstsíðasta lið, sem þarna er talinn, en samkv. honum ber að fjalla á vegum sýslunnar eða í sýslunefnd um till. um hvað eina, sem verða má sýslunni til gagns. Þetta er æði víðtækt orðalag, grípur yfir allt það, sem verða má héraðinu til gagns og heilla. Þá má segja, að af þessu leiði jafnframt, að sýslunefndir hafa verið nokkuð misjafnlega starfsamar.

Þegar um svona víðtækt hlutverk er að ræða, fer óneitanlega oft þannig, að sumir láta sér nægja það, sem nauðsynlegast er að framkvæma úr verkefnaskránni, en aðrir — í þessu tilviki aðrar sýslunefndir — leggja sig fram um að fjalla um flest, sem til gagns og heilla má horfa. Þess vegna er það svo, a. m. k. sumir sýslusjóðir, þar sem ég hef þekkt til á undanförnum árum, láta stórfé af hendi rakna til margra málaflokka. Má nefna menntamál, heilbrigðismál og atvinnumál, sem síðan flokkast í ótal undirgreinar. En þessum verkefnum verður ekki unnt að gera skil í stuttu máli. Þau eru, eins og segir í grg., óteljandi og ótæmandi. Það er vikið að því hér, að á vegum sýslnanna og sýslunefnda hafa verið reknir skólar, byggð bókasöfn, komið á fót byggðasöfnum og héraðsskjalasöfnum, staðið að byggingu og rekstri elliheimila, sjúkrahúsa, læknisbústaða og hafnarframkvæmda, og þannig mætti lengi upp telja. Þá er og vitað, að mörg sýslufélög hafa af fremsta megni og af fátækt sinni, ef svo má segja, reynt að styðja að margs konar menningar- og líknarstarfsemi í héraði, svo sem styrkt íþrótta- og ungmennafélög, kvennasamtök, björgunar- og sjúkrahjálp. Einnig hafa margar sýslunefndir látið náttúruverndarmál, skógrækt og gróðurvernd og annað slíkt mjög til sín taka og lagt fram af litlum efnum fé til margs konar málefna, svo sem til jarðhitaleitar, til þess að hraða framkvæmdum í raforkumálum, svo að dæmi séu nefnd.

Þá vil ég einnig vekja athygli á því, að um langa tíð hefur það viðgengist, að nágrannasýslufélög hafa tekið höndum saman til þess að ýta áfram stórum málum. Ég nefni t. d. samstarf sýslna í byggingarmálum, skólamálum og orkumálum. Þar get ég nefnt dæmi af Vesturlandi, þar sem hinu ágæta fyrirtæki, Andakílsárvirkjun, sem starfað hefur frá árinu 1947, ef ég man rétt, er komið á fót í samstarfi Mýra- og Borgarfjarðarsýslna við Akraneskaupstað. Þetta fyrirtæki hefur mjög vel gefist, og það eru margir á Vesturlandi, sem telja nú, að samstarf sýslnanna á þessu sviði eigi að auka, þannig að Andakílsárvirkjun færi út starfssvæði sitt og taki til alls Vesturlands, þar starfi allar sýslur á Vesturlandi ásamt Akraneskaupstað að því að fullnægja þörfum og óskum íbúanna í orkumálum.

En þegar kemur að þeim ákvæðum í sveitarstjórnarlögum, sem fjalla um tekjustofna sýslufélaga, og þó einkum 101. gr., horfist maður í augu við, hvaða fé sýslurnar hafa úr að spila til þess að geta staðið straum af öllum þeim mörgu og margþættu verkefnum, sem ég hef nú gert nokkra grein fyrir. Segir í 101. gr., að sýslunefnd skuli á aðalfundi semja áætlun um tekjur og gjöld sýslusjóðs fyrir yfirstandandi ár. Síðan segir: „Því, sem á vantar, að tekjur sýslusjóðs hrökkvi fyrir útgjöldum hans, skal jafnað niður á hreppana“ eftir vissum reglum, sem þar eru nánar upp taldar. Þetta orðalag, sem mun hafa staðið svona óbreytt a. m. k. alllengi, virðist augljóslega benda til þess, að sýslusjóðir eigi að hafa aðgang að öðrum tekjustofnum en þarna eru taldir. En það gengur verr að finna þá tekjustofna, og í raun er það svo, að sýslusjóðsgjaldið, sem kemur út úr þeirri niðurjöfnun, sem rætt er um í 101. gr., er svo til hinn eini og einasti tekjustofn sýslufélaganna, þær tekjur, sem sýslurnar verða að nýta til að standa straum af öllum þeim útgjöldum, sem þeim ber að standa undir. Og það er svo með þetta sýslusjóðsgjald, að því er fyrst og fremst jafnað niður á íbúa viðkomandi byggðarlags, þannig að þarna getur orðið um tilfinnanleg útgjöld að ræða, einkum þar sem eiga í hlut fámennir og fátækir hreppar. En yfirleitt eru sveitarfélögin á Íslandi þannig stödd, að þau hafa nóg að gera við tekjustofna sína. Það vill verða svo, að bæði ríki og sveitarfélög séu síleitandi að auknum tekjustofnum til margháttaðra útgjalda og gengur stundum treglega að finna slíka tekjustofna.

Ekki fer hjá því, að okkur flm. er fullljóst, að það getur verið erfitt að finna tekjustofn, sem kæmi til greina til að styrkja hag sýslufélaganna. Í niðurlagi grg. nefnum við sem dæmi, að til greina geti komið t. d. einhver hluti af söluskatti. Einnig nefnum við Byggðasjóð, en við vitum allir, að hlutverk hans er að stuðla að jafnvægi í byggð landsins. Fleira mætti sjálfsagt nefna. Við vitum, að þessi tekjustofnamál, bæði ríkis og sveitarfélaga, hafa lengi og árum saman verið til umr., bæði hér á hv. Alþ. og á mörgum öðrum stöðum, og eru enn. Það hefur verið bætt úr fyrir þessum aðilum að ýmsu leyti, en ég tel, að hvað tekjustofna snertir hafi hv. alþm. algerlega sparað sér ómakið að hugleiða tekjustofna sýslufélaga, og sýslufélög hafa að þessu leyti orðið eftirbátur bæði ríkis og sveitarfélaga. Má því vera fullljóst af þessu, sem ég nú hef nefnt, að hina brýnustu nauðsyn ber til þess að efla sýslusjóðina og auka tekjustofna þeirra.

Þessum málum hefur að vísu verið hreyft. Það var snemma á áratugnum 1960—1970 flutt hér þáltill. um að endurskoða tekjustofna sýslufélaga, og hún var meira að segja samþykkt, en lítið sem ekkert í málinu gert. Ég spuðist fyrir um þetta mál á hv. alþ. í fyrra, en fékk mjög lítil svör hjá þeim hæstv. ráðh., sem ég beindi fsp. til. Ég sá mér því ekki annað fært en að hreyfa þessu máli í þessu formi ásamt hv. 4. þm. Sunnl. til þess að vekja athygli á því, að

hér er mál, sem hefur verið vanrækt af hálfu hv. alþm. í öllu því tekjustofnatali, sem hér hefur farið fram á undanförnum árum. Ég held, að mér sé óhætt að segja, að við flm. teljum þetta mál, aukningu tekjustofna sýslufélaga, tvímælalaust í flokki hinna allra mikilvægustu byggðamála. Okkur hefur verið sagt, að þau fjárlög, sem gilda fyrir þetta ár, séu byggðafjárlög, byggðamál er á hvers manns vörum, og jafnvægi í byggð landsins hefur verið það mjög lengi. En hér er mál, sem menn geta látið til sín taka, ef þeir vilja hugsa um þessi mál í fullri alvöru.

Ég hef þessi orð mín ekki fleiri að sinni, en legg til, þegar umr. verður frestað, að málinu verði vísað til hv allshn.

Alexander Stefánsson: Herra forseti. Í sambandi við þetta mál, tekjustofna sýslufélaga, vil ég vekja athygli á því, að á síðari árum hefur orðið vart við vissa þróun í sveitarstjórnarmálum á Íslandi. Þessi þróun hefur gengið í þá átt, að sveitarstjórnarmenn í landinu hafa talið ástæðu til að gera veigamiklar breytingar á sveitarstjórnarlögum. Það er farið út á þá braut, að stofna landshlutasamtök sveitarfélaga, sem nú eru orðin veruleiki í öllum landshlutum, og þessi landshlutasamtök hafa þegar haslað sér völl í lögum á vissum sviðum. Og það, sem nú er að gerast, er, að yfir stendur endurskoðun sveitarstjórnarlaga, og þá kemur einnig inn í þá endurskoðun þátturinn um sýslufélögin, sem er hefðbundinn þáttur í sveitarstjórnarlögum á Íslandi. Ég tel ástæðu til að minna á þetta hér, þegar talað er um að taka þennan þátt einn út úr í sambandi við nýja tekjustofna. Þegar tekjustofnar sveitarfélaga voru síðast til meðferðar, var einmitt þetta sjónarmið efst á baugi, að það yrði að taka sveitarstjórnarlögin til endurskoðunar í sambandi við tilkomu landshlutasamtaka sveitarfélaga, því að það fer ekki fram hjá neinum, sem um þessi mál fjalla, að verulega fara saman þau verkefni, sem landshlutasamtökum sveitarfélaga er ætlað, og verkefni sýslufélaga, eins og þau eru tiltekin í lögum. Ég vil þess vegna benda á það, að þrátt fyrir þessa till., sem ég er ekki að tala gegn, tel ég mjög tímabært, að niðurstaða fáist um skipan þessara mála í framtíðinni, því að ekki er hægt að hugsa sér, að þarna verði um tvenn samtök að ræða, sem geta e. t. v. orðið árekstrar um. — Ég vil aðeins vekja athygli á þessu atriði.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Viðlagasjóðshús, þáltill. (þskj. 359). — Ein umr.

Flm. (Oddur Ólafsson): Herra forseti. Ég hef á þskj. 359 leyft mér að flytja till. til þál. um ráðstöfun viðlagasjóðshúsa. Till. hljóðar svo:

„Alþingi ályktar að skora á ríkisstj. að stuðla að því, að sveitarfélögum verði gefin kostur á því að kaupa innansveitar viðlagasjóðshús á kostnaðarverði, er þau verða auglýst til sölu nú á næstunni, enn fremur, að 80% söluverðsins verði lánað sveitarfélögunum með hagkvæmum kjörum, enda verði húsin nýtt sem elliheimili, sem íbúðir fyrir aldraða og öryrkja eða leigð þeim íbúum viðkomandi sveitarfélags, er hafa ekki efni á að koma sér upp eigin húsnæði."

Hvers vegna viðlagasjóðshús? Þegar hörmungarnar dundu yfir í Vestmannaeyjum, stóðu uppi 1200—1300 fjölskyldur, sem urðu húsnæðislausar á einni nóttu. Þá var farin sú leið meðal annarra að flytja inn 550 hús til að skapa þessu fólki öryggi og gefa því kost á varanlegu húsnæði, þar eð búist var við, að langur tími mundi líða, uns þetta fólk ætti afturkvæmt til sinnar heimabyggðar. Þessi hús hafa verið sett niður í 20 sveitarfélögum á landinu, og í fjölda þessara húsa búa nú Vestmanneyingar. En svo blessunarlega hefur tekist til, að nokkur fjöldi þeirra er nú á förum heim til Vestmanneyja aftur eða farinn, og þess vegna munu viðlagasjóðshúsin vera til ráðstöfunar til annarra nota.

Þarfir sveitarfélaganna fyrir leiguhúsnæði eru viðurkenndar. Það hefur verið nefnt hér á Alþ., að bygging leiguhúsnæðis á vegum sveitarfélaga væri þjóðþrifamál. Vitað er, að fjöldi sveitarstjórnarmanna hefur sýnt þessu máli mikinn áhuga, því að enda þótt milli 80 og 90% af fjölskyldum í þessu landi búi í eigin húsnæði, er það þó svo, að af ýmsum ástæðum eru vissir hópar þjóðfélagsins, sem jafnan þurfa að treysta á aðstoð og hjálp sveitarfélaganna til þess að geta búið í viðunandi húsnæði. Ég hef þá einkum í huga aldraða, öryrkja, ungt fólk, sem er að byrja búskap, fólk, sem ekki hefur efni á því að kaupa sér íbúðir á gangverði og þarf að búa í leiguhúsnæði í 5—10 ár, uns fjárhagurinn leyfir flutning í eigið húsnæði, og enn fremur sérfrótt fólk, sem kemur til starfa úti í sveitarfélögunum í stuttan tíma, vill ógjarnan kaupa sér húsnæði á stöðunum eða byggja, en þarf á húsnæði að halda. Er nauðsynlegt fyrir sveitarfélögin að geta útvegað slíku fólki leiguhúsnæði, annaðhvort á eigin vegum eða a. m. k. sjá til þess, að hægt sé að fá leiguhúsnæði innan sveitarfélagsins. Að öðrum kosti er líklegt t. d., að unga fólkið drifi sig burtu til staða, þar sem lausn þessa aðalframfærsluvandamáls er auðveldara, og enn fremur, að verr en ella gangi að fá kennara, heilbrigðisstarfsfólk og fleiri sérfróða aðila til starfa.

Varðandi aldraða hafa erfiðleikar þeirra hvað eftir annað verið ræddir hér á hv. Alþ. Öllum er ljóst, að húsnæði vantar fyrir aldrað fólk. Þótt þörfin sé e. t. v. mest fyrir hjúkrunarþurfandi aldraða, er þó allmikill fjöldi þeirra, bæði inni á stofnunum og í heimahúsum, sem gæti mjög auðveldlega búið í húsum slíkum sem þeim, sem hér er um að ræða, búið við skilyrði, þar sem þeim yrði séð fyrir sameiginlegri þjónustu og ýmis önnur þjónusta veitt, sem ekki er í venjulegum íbúðarhúsum. Þetta fyrirkomulag, að hafa aldraða í litlum íbúðarhúsum, þar sem þeir fá sérstaka fyrirgreiðslu og eftirlit frá sameiginlegri þjónustumiðstöð, hefur t. d. verið í framkvæmd í Ási í Hveragerði árum saman og reynst þar hið besta. Er því enginn efi á því, að hér er fyrir hendi mjög aðgengilegur möguleiki til að bæta stórlega úr húsnæðisörðugleikum aldraðs fólks.

Hvaða fólk er nú þetta, sem hér er um að ræða? Þetta aldraða fólk er fólkið, sem fæddist um og eftir aldamótin, fólkið, sem fermdist í heimsstyrjöldinni fyrri eða í lok hennar, fólkið, sem hóf starfsferil sinn gjarnan fyrir fermingu eða á fermingaraldri, þegar Ísland var nýlenda, hóf starfsferil sinn í fátæku, nær örbirgu þjóðfélagi, þar sem m.a. húsnæði var mjög ófullkomið. Og þetta er fólkið, sem hefur unnið landi sínu í meira en hálfa öld, og fólkið, sem hefur stuðlað að allri þeirri uppbyggingu, sem hefur orðið í þessu landi, m.a. á sviði íbúðarhúsnæðis, frá því í lok fyrri heimsstyrjaldar. Þetta fólk býr nú sumt af því í kjallarakompum, á háaloftum og í öðru óaðgengilegu húsnæði og býr þar vegna þess, að það hefur ekki efni á því að búa í því góða húsnæði, sem almenningur í þessu landi býr í. Mér finnst, að ef það er rétt, sem ég held, að við eigum kost á því að leysa þennan vanda gamla fólksins að verulegu leyti með því að nýta þessi hús fyrir þetta fólk, þá eigum við að finna leiðir til að gera það. Og ég tel, ef vilji væri fyrir hendi, bæði hjá opinberum aðilum, hjá sveitarfélögum og hjá Viðlagasjóði, að þá ætti þessi lausn að vera tiltölulega auðveld. Varðandi öryrkja gildir raunverulega hið sama og um þarfir þeirra öldruðu, að öðru leyti en því, að öryrkjarnir eru frekar fjölskyldufólk, en hins vegar eru það aðilar, sem vegna fjárhagsörðugleika, vegna takmörkunar á vinnugetu geta ekki aflað sér þeirra tekna, sem almenningur í þessu landi getur, og því ekki búið í eigin dýru húsnæði, þarf þess vegna mjög á leiguhúsnæði að halda. Þetta fólk ásamt öldruðum eru þeir aðilar þjóðfélagsins, sem bæði hér og erlendis búa yfirleitt í lélegasta húsnæðinu, fólk, sem sveitarfélögin gjarnan þurfa að sinna og sjá til þess, að búi í viðunandi húsnæði eins og aðrir í þjóðfélaginu.

Á síðasta þingi voru samþ. breytingar á l. nr. 30 frá 12. maí 1970, um Húsnæðismálastofnun ríkisins. Þar var húsnæðismálastjórn heimilað að veita lán til byggingar leiguíbúða á vegum sveitarfélaga, og má lánsupphæð nema allt að 80% af byggingarkostnaði húsanna, lánstíminn 33 ár og vextir þeir sömu og af aðallánum Húsnæðismálastofnunarinnar. Reiknað var með því, að á næstu 5 árum yrði lánað út á allt að 1000 leiguíbúðir. Hefur verið leitað álits sveitarfélaga um ósk þeirra í þessu efni, og kom í ljós við fyrstu könnun, að beiðnir bárust frá 49 sveitarfélögum um lán samkv. þessari heimild, og þarna var um yfir 1072 íbúðir að ræða. Hins vegar þurfa íbúðarhúsabyggingar alllangan tíma til undirbúnings, og er ólíklegt, að mörg sveitarfélög verði reiðubúin til að hefja undirbúning að þessum byggingarframkvæmdum á þessu ári. Einmitt vegna þess hefur komið til tals að flytja inn íbúðarhús. Aftur á móti álít ég það varla ráðlegt. Við höfum gert nokkrum sinnum tilraunir til þess að flytja inn hús. Það hefur venjulega verið gert undir einhverjum erfiðum og annarlegum kringumstæðum, og þótt þau hafi komið að góðu haldi, hefur reynslan venjulega orðið sú, að þau hafa orðið jafndýr og síst betur búin en hús, sem við byggjum hér sjálfir. En þessi hús eru nú hér fyrir hendi, og þau hafa gengt sínu mikilvæga og merka hlutskipti. Þá kemur að því, að við þurfum að ráðstafa þeim og að minu viti á þann heppilegasta hátt, sem hægt er. Og þá lít ég svo á, að þarna sé möguleiki til þess að tvennu leyti, að þau geti komið að góðu haldi, í fyrsta lagi til þess að leysa úr bráðum vanda og í öðru lagi, að Viðlagasjóður geti fengið það verð, sem hann þarf fyrir þessi hús, og fengið sína peninga á þeim tíma, sem honum hentar.

Ég legg svo til, herra forseti, að till. verði að umr. lokinni frestað og vísað til allshn.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Smíði eða kaup standferðaskips, þáltill. (þskj. 363). — Fyrri umr.

Flm. (Vilhjálmur Hjálmarsson): Herra forseti. Þáltill. sú, sem við hv. 7. landsk. þm. flytjum hér á þskj. 363 um heimild fyrir ríkisstj. til að láta smíða eða kaupa strandferðaskip, er á þessa leið:

„Alþingi ályktar að heimila ríkisstj. að láta smíða eða kaupa skip til strandferða. Jafnframt heimilast ríkisstj. að taka nú þegar skip á leigu til sömu nota."

Ég ætla ekki að tala langt mál fyrir þessari till., en ég hlýt þó að greina frá helstu forsendum fyrir flutningi hennar.

Fyrir fáum árum átti ríkið fjögur almenn strandferðaskip auk Herjólfs, sem einkum þjónaði Vestmanneyingum. Tvö af fjórum þessara skipa höfðu stórt farþegarými. Nú var ákveðið að selja skipin fjögur og smíða tvö ný véruflutningaskip með tiltölulega mikilli flutningsgetu. Hraðað var sölu, en farið hægt í smíðar. Ferðir urðu því um hríð strjálli og stopulli en þekkst hafði hér við land í áratugi og með þeim afleiðingum m.a., að véruflutningar færðust í vaxandi mæli yfir á bíla á þeim árstímum öllum, þegar nokkurt viðlit var að brjótast landleiðina. Eftir það koma svo til nota með um það bil árs millibili tvö sérsmíðuð véruflutningaskipa. Þau hafa síðan verið í hringferðum yfirleitt með tiltölulega litlum frávikum.

Hér var í rauninni brotið blað í strandsiglingunum. Farþegaflutningar á sjó með ströndum Íslands landshluta í milli voru hér niður lagðir — alveg má segja. Það er utan sviðs þessarar till. að ræða um þann þáttinn, þ. e. farþegaflutninga á sjó. Ég vil þó rétt segja það hér, að ég hef aldrei getað sætt mig við það, að þetta sé eðlileg þróun. Ég trúi því ekki, að það sé eðlilegt ástand, að strandþjóð eins og Íslendingar eigi ekkert farþegaskip, hvorki til siglinga með ströndum fram né landa á milli.

Fyrir að mig minnir 3—4 árum flutti ég ásamt fleiri þm. till. til þál. um athugun á smíði og rekstri farþegaskips. Eg var búinn að flytja hana aftur, en hún var samþ. að lokum, og það hefur einhver athugun farið fram á þessu máli. Það hafa þó ekki verið birtar opinberlega niðurstöður þeirrar athugunar, og væri raunar þörf á því, en þær niðurstöður munu ekki vera jákvæðar. En ég tel þó fyrir mína parta fulla ástæðu til þess, að slíkum athugunum verði haldið áfram og þessu máli haldið vakandi.

Með sölu strandferðaskipanna fjögurra var einnig önnur meginbreyting sú, að síðan hafa aðeins tvö flutningaskip siglt með ströndum fram í stað fjögurra áður.

Reynslan af tveggja skipa kerfinu er að því er varðar þjónustu við fólkið ekki nægilega góð. Flutningsgetan sjálf er ekki nóg á annatímum a. m. k. Sem einstök dæmi skal ég bara nefna tvennt: Annars vegar það, að oft er mjög löng bið eftir því að fá pláss fyrir bíla, sem flytja þarf úr Reykjavík austur á firði, það er mér persónulega kunnugt um. Og fyrir skömmu varð að skilja eftir hér í Reykjavík 45 tonn af fóðurblöndu, sem átti að fara austur á Reyðarfjörð frá Reykjavík. Svona tilvik geta verið býsna alvarleg, t. d. þetta seinna, sem ég nefndi. Það getur haft ófyrirsjáanlegar afleiðingar og valdið beinu tjóni, ef menn geta ekki haldið áfram að gefa búfé fóðurbæti.

Ferðirnar eru of strjálar með tveimur skipum. Skipin fara úr Reykjavík með 11—14 daga millibili samkvæmt áætluninni. Þetta er ófullnægjandi, eins og nú er háttað atvinnulífi og mannlífi yfir höfuð. Og sem frávik frá þessari reglu, sem áætlunin inniheldur, þessari almennu reglu í áætluninni, má nefna það, að nú fyrir áramótin, í nóv., voru tvívegis 15 dagar á milli brottfarar frá Reykjavík hjá þeim skipum, sem sigldu austur um. Og síðasta áætlunarferð austur fyrir jól var 6. des., fyrsta ferð eftir áramót 5. jan. Þarna leið heill mánuður á milli áætlunarferða vöruflutningaskipa austur á firði. Á þessum árstíma er landleiðin oftast lokuð og flug ákaflega stopult, og þannig var þetta þá, að í raun og veru er enginn möguleiki til flutninga fyrir hendi milli höfuðstaðarins og Austurlands, sem verulegt gagn var í, nema um loftið. Og auðvitað nýtist ekki flug nema að takmörkuðu leyti til vöruflutninga, síst á þessum árstíma. Þá vil ég minna á það, að þegar skip fer í slipp vegna eftirlits, strjálast ferðirnar óhjákvæmilega frá því, sem er gert ráð fyrir í áætluninni. Og ef um meiri háttar aðgerðir er að ræða, t. d. vegna sjótjóns, sem er alls ekki fátítt á siglingum með ströndum fram, verður strax algert öngþveiti í vöruflutningum, á meðan svo háttar eins og nú, að aðeins eru til tvö strandferðaskip. Þetta þarf ekki að skýra fyrir hv. þm. Þetta má öllum ljóst vera, sem út í það hugsa, að þegar annað skipið af þessum tveimur er úr leik, þá er ófremdarástand skollið á jafnskjótt.

Enn er svo þess að geta, að á nokkrum stöðum eru svo erfið hafnarskilyrði, að til stórvandræða horfir, síðan Herðubreið og Skjaldbreið voru seldar. En unnið er að því að sjálfsögðu að ráða bót á þeim vanköntum.

Þessi till. er aðeins um heimild fyrir ríkisstj. til að afla nýs strandferðaskips og til bráðabirgða að taka skip á leigu. En það þarf vissulega fleira til, að vöruflutningar á sjó skipi eðlilegan sess í samgöngukerfinu, og skal ég hér aðeins nefna aðstöðu Skipaútgerðar ríkisins í Reykjavík, sem lengi hefur verið fyrir neðan allar hellur. Síðan ég kom á þing öðru sinni 1967, hef ég og fleiri þm. æ ofan í æ hamrað á því með tillöguflutningi og á annan hátt, að hér yrði ráðin bót á, og Alþ. gerði á sínum tíma ályktun í þessa stefnu. Nú standa þessi mál þannig í stuttu máli sagt, að samið hefur verið um aðstöðu fyrir Skipaútgerðina í gömlu höfninni vestanverðri. Er verið að gera þar fyllingu fyrir þessa aðstöðu. Arkitektar eru með frumdrög að nýju húsnæði á teikniborði sínu, og samgrn. hefur veitt heimild til að teikna. Og ég verð að segja, að minna gat þetta varla verið eftir allan þann tíma, sem þetta ástand hér í Reykjavík hefur verið til stórvandræða. Ef nú yrði mót venju, verð ég að segja, vel á eftir þessu fylgt, mætti ætla, að grundvöllur væri fyrir ákvörðun og fjáröflun til framkvæmda þegar á næsta ári.

En meðan hér er beðið úrbóta í formi nýbygginga, verður að gera bráðabirgðaráðstafanir til að bæta afgreiðsluna hér í Reykjavík og sennilega jafnframt meðferð farmsins um borð og svo á ströndinni. Það er varla einleikið, verð ég að segja, hve oft maður heyrir talað um skemmd á vörum, sem fluttar eru sjóleiðis hafna í milli, stundum af hnjaski og stundum af bleytu. Seinast nú fyrir fáum vikum bárust mér fréttir um það, sem ég hef enga ástæðu til að rengja, að til Neskaupstaðar voru fluttar pappaumbúðir og rafsuðuþráður, sem hvort tveggja varð ónýtt vegna bleytu, og sendingar af gólfteppum, sem einnig urðu blautar. Og það er a. m. k. alveg óþolandi, sem ég og margir fleiri verða þrásinnis varir við, fá þrásinnis að heyra, þegar fyrirtæki hér í Reykjavík eru beðin að senda minni háttar sendingar með ríkisskipum, þá eru svörin nálega alla tíð á þá leið, hvort það sé ekki mögulegt að senda þetta með einhverjum öðrum hætti, senda með bíl, senda með flugvél, bara ekki með skipunum, vegna þess, hve erfitt sé að koma vörunni á afgreiðslu hér í Reykjavík. Þetta er náttúrlega alveg óþolandi ástand.

Þessi þátturinn er utan við efni þeirrar till., sem hér er til umr., enda held ég, að úrbætur á aðstöðu Skipaútgerðarinnar hér í Reykjavík séu komnar á það stig, að það sé óþarft að gera þær að sérstöku þingmáli enn einu sinni. En ég vil nota þetta tækifæri til þess að skora mjög alvarlega á Skipaútgerðina og samgrn. í fyrsta lagi að hraða varanlegum úrbótum, svo sem framast er unnt, og í öðru lagi að gera þegar í stað einhverjar þær ráðstafanir til bráðabirgða, sem bætt gætu aðstöðuna hér í Reykjavík, og loks taka um leið til rækilegrar athugunar, hvað hæft er í kvörtunum um óeðlilegar vöruskemmdir, og bæta um, ef þær kvartanir reynast á rökum reistar.

Um till. sjálfa vil ég svo að lokum aðeins segja það, að ég tel mig hafa leitt veigamikil rök að því, að bein þörf sé á þriðja vöruflutningaskipinu á ströndina og það nú þegar til þess að auka tíðni ferða, til þess hreint og beint að anna flutningaþörfinni á annatímunum og til öryggis, þegar skip tefjast af einhverjum ástæðum. Flm. þessarar till. leggja áherslu á báða þætti till.: heimild til að láta smíða eða kaupa skip og til bráðabirgða heimild til að taka skip á leigu. Vegna íslenskra staðhátta og vegna veðurfars hér við land er nægur skipakostur til strandsiglinga okkur brýn nauðsyn. Og fyrst við þurfum að eiga skipin, ber okkur auðvitað að nýta þau vel. Vöruflutningar á sjó eru líka þjóð-

hagslega séð réttmætir, þar sem þeim verður við komið með eðlilegum hætti. En út í það verður ekki nánar farið að þessu sinni.

Ég vil svo leyfa mér að leggja til, herra forseti, að till. verði vísað til fjvn.

Helgi F. Seljan: Herra forseti. Ég get fyllilega tekið undir þessa till. Hún hlýtur að vera hvort tveggja í senn, tímabær og eðlileg. Þessi vetur hefur sýnt og sannað okkur það og kennt okkur ýmislegt um okkar samgöngumál. Hann hefur m. a. sannað það, að þrátt fyrir bætta tækni og stórvirkari vélar getur allt stöðvast engu að síður, þegar vetrarríkið og fannfergið er sem mest. Gildi góðra samgangna á sjó sannast einmitt þá, og þá rekum við okkur á það, að við, þessi mikla siglingaþjóð, búum hér við mikil vanefni og slæma aðstöðu í hvívetna. Ég hygg það t. d., að augu Austfirðinga hafi rækilega opnast fyrir þessari staðreynd nú fyrir jólin, þegar leiðin frá Egilsstöðum til Reyðarfjarðar var í raun og veru ein fær, en þaðan var svo allt ófært, þó að gott skip hefði miklu getað bjargað um alla flutninga og þá sérstaklega fólks milli fjarðanna. Þessi spurning um fólksflutningana er kannske eitthvað utan við ramma þessarar till., því að hér er fyrst og fremst verið að fara fram á skip til vöruflutninga, að því er mér skilst, en kemur engu að síður hér töluvert inn í.

Inn í alla slíka flutninga fléttast auðvitað ótal margt, m. a. hinn gífurlegi kostnaður, sem oft stafar af gangstiltum snjómokstri í svipuðu tíðarfari og var t. d. á Austfjörðum í vetur. Með góðum samgöngum á sjó væri e. t. v. hægt að losna við eitthvað af þeim kostnaði, sem annars er oft að mestu unninn fyrir gýg. Ég vil þó á engan hátt mæla með því, að slíkar umbætur ættu á nokkurn hátt að draga úr eðlilegri opnun þjóðvega að vetrarlagi.

Ég vildi aðeins í framhaldi af þessu víkja að atriði, sem ég hef nokkuð hugleitt og verið tekið til meðferðar í n., sem ég á sæti í. Það fer auðvitað ekki hjá því, eins og flm. nefndi, að rekstur og starfsemi Skipaútgerðar ríkisins kemur hér inn í varðandi þennan tillöguflutning. Það er hins vegar of langt og ítarlegt og viðamikið til að fara út í það náið. En mig langar til að víkja hér að einu tilteknu atriði. Það má að vísu segja, að þar sé um að ræða grundvallarbreytingu á rekstri Skipaútgerðarinnar. En ég vil rétt aðeins drepa á þetta, þó að þar á móti megi eflaust mæla ýmislegt, sem þarf að vega og meta.

Sú skoðun hefur komið fram, og ég held, að það sé rétt að orðfæra hana nokkuð hér einmitt varðandi þessa till., að hagkvæmt og rétt geti verið að skipta starfsemi Skipaútgerðar ríkisins í tvo sjálfstæða þætti. Þetta yrði nokkurn veginn hugsað á þann veg, að að hluta til væri Skipaútgerðin staðsett á Austurlandi og að hluta til á Vestfjörðum, vitanlega með sinni nauðsynlegu, sjálfsögðu aðstöðu í Reykjavík, þó að auðvitað þurfi stefnan að vera sú, að þangað þurfi a. m. k. Austfirðingar sem minnst að sækja, heldur fái vöru sína beint utanlands frá að sem mestu leyti. Einmitt þetta, svo að ég taki nú Austfirðina sérstaklega, aðalhöfn á Austurlandi með dreifingu á vörum þaðan til nágrannastaðanna, er nauðsyn, og um leið er það öflug röksemd með því, að Skipaútgerð ríkisins hafi þar sitt annað aðsetur og annist dreifingu að miklu leyti. Það má eflaust margt svipað segja um Vestfirðina.

Ég vík að þessu sérstaklega hér vegna þess, að í svokallaðri stofnananefnd hafa þessar hugmyndir um tvískiptingu Skipaútgerðar ríkisins verið ræddar töluvert og fengið þar byr. Ég vil ekkert segja um það, hvort n. muni fara í það að flytja fullmótaðar till. um þetta, en ég reikna þó með því, að hún muni benda mjög sterklega á, að þetta sé hagkvæmt, og leiða þar að rök. Ég tel mig ekki brjóta neinn trúnað, þó að ég minni á þetta hér og minnist á þetta hér, vegna þess að eflaust hefur þetta verið rætt oftar og víðar en í þessari einstöku n. Skipaútgerðin ætti þá að mínu viti um leið að hafa hentugan farkost til flutninga að vetrarlagi, þ. e. a. s. fólksflutninga, og manni sýnist það engin goðgá, allra síst með tilliti til Akranesskipsins fræga, sem hlýtur þó að teljast öllu óþarfara en slíkur farkostur væri fyrir þessa landshluta tvo. A. m. k. sýnist mér, að þessi tillöguflutningur sé eðlilegur og sjálfsagður sem rök eða framhald m. a. af síðustu aðgerðum í skipakaupum okkar.

Fyrr á þessu þingi var flutt till. til þál. um farþegaskip, sem gengi frá Reyðarfirði til Norðurlandanna. Það mál kæmi hér einnig inn í, ef mönnum sýndist, að það væri skynsamlegt að fara þá leið, sem þar var lögð til. Ef sú till. yrði samþ., kæmi það mál inn í þennan rekstur einnig.

Það er því ýmislegt, sem ég held, að mæli með rekstri Skipaútgerðarinnar í þessu tvískipta formi. Hvor þáttur um sig gæti verið um flest sjálfstæður, að öðru leyti en tæki til sameiginlegrar aðstöðu hér í Reykjavík. Stjórn heimamanna að hluta væri líka sjálfsögð, og ég hygg, að það yrði alveg efalaust, að þá yrði betur séð um hagsmuni þeirra byggða, sem eiga að njóta þjónustunnar, en manni virðist stundum, að gert sé.

Ég vík aðeins að þessu hér. Það er eflaust rétt, að bíða þeirra niðurstaðna, sem stofnananefndin leggur til í málinu. Ég sé því ekki ástæðu t. d. til að flytja neina viðaukatill. hér við um sérstaka athugun á þessu breytta rekstrarformi Skipaútgerðarinnar. En ég vil á hinn bóginn taka það fram að lokum, að það er jafnsjálfsagt að mæla með samþykkt till. til að bæta úr brýnni þörf, þó að um leið sé áreiðanlega þörf stórs átaks til að bæta þjónustuna yfirleitt hjá Skipaútgerð ríkisins.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Beislun orku og orkusala á Austurlandi, þáltill. (þskj. 367). — Ein umr.

Flm. (Sverrir Hermannsson): Herra forseti. Fátt eða ekkert hefur borið hærra í umr. undanfarna mánuði en orkumálin og hinn mikla vanda, sem þjóðir heims eiga við að etja í þeim efnum. Vandamálið hefur borið að fljótar og harkalegar en menn varði, sérstaklega vegna átaka fyrir botni Miðjarðarhafs. En ljóst má vera, að um var að ræða tímaspursmál, hvenær vandann bæri

að höndum, þar sem olíuuppsprettur heims eru ekki óþrjótandi orkulindir. Arabaþjóðir mundu hvort sem er fyrr en seinna hafa orðið sparsamari og dýrseldari á olíu sína. Eini munurinn er sá, að nú fá olíuneytendur skemmri tíma til aðlögunar hinum breyttu aðstæðum en ella. Þess vegna er nú skyggnst til allra átta eftir nýtanlegri og sem hagkvæmastri orku.

Á fundi Norðurlandaráðs nýverið var rætt um samvinnu Norðurlandaþjóða á þessu sviði. Íslendingar þurfa a. m. k. ekki að vera þiggjendur á því sviði, en ljóst er, að við þurfum mjög að hugsa ráð okkar í því sambandi, og er alveg óþarft að fara rasandi að neinu, hver sem í hlut á, hvort heldur eru frændur vorir á Norðurlöndum eða aðrir.

Okkur hefur lengi verið ljóst, að við ættum mikinn auð fólginn í fallvötnum okkar. Aðeins örlítið brot af virkjanlegu vatnsafli hefur enn verið virkjað. Veldur þar að sjálfsögðu mestu um fjármagnsskortur, en einnig deyfð og lítil sinna við að leita að kaupendum að orku okkar. Þess má geta, að um árabil hafði Noregur sérstakan sendiherra í förum milli þjóða heims að leita eftir aðilum, sem vildu fjárfesta í Noregi, og þá sérstaklega þeim, sem álitlegastir voru kaupendurnir að orku til stóriðju. Ekki minni maður en Trygve Lie gegndi slíku sendiherrastarfi um hríð fyrir Norðmenn.

Engum orðum verður hér farið um þá afturhaldsmenn, sem legið hafa á því lagi að reyna að telja Íslendingum trú um, að þeir, sem lögðu áherslu á að leita slíkra kaupenda með stóriðju staðsetta í landinu fyrir augum, væru með því að tefla sjálfstæði þjóðarinnar í hættu, enda er svo að sjá sem þeir séu nú annarrar skoðunar, þegar þeir halda sjálfir um stjórnvölinn. Fyrrv. ríkisstj. gerði stórátak í þessum efnum með virkjun Þjórsár og byggingu álversins í Straumsvík. Var þó á brattann að sækja vegna harðrar andstöðu úrtölumanna, raunar hinna sömu sem nú bera sig að við að leita sömu ráða. Ljóst er þó, að núv. hæstv. ríkisstj. hefur illa ávaxtað þann arf, sem hún tók við af fyrrv. ríkisstj. í orkumálum. Af reynslu þessa vetrar ráðum við, að í velflestum landshlutum hefur haldið við hreint öngþveiti í orkumálum, og er nú mál til komið að taka rösklega til höndum.

Stefnan í orkumálum þyrfti að vera tvíþætt: Í fyrsta lagi beislun orku til almenningsþarfa, aukið öryggi með smærri virkjunum og sem mestri samtengingu orkuveitna. Í öðru lagi stórvirkjanir með orkusölu til stóriðju fyrir augum aðallega, en þó almenningsnota eftir því sem þörf krefur. Mikill markaður er enn innanlands fyrir raforku og fer vaxandi. Stefna þarf að því, að á þeim svæðum, þar sem jarðvarma nýtur ekki við, verði íbúðarhúsnæði hitað með raforku.

Það er skoðun mín, að næg örugg og ódýr raforka sé einn mikilvægasti þátturinn í að ná æskilegu byggðajafnvægi í landinu. Nauðsynlegt er þó að láta ekki hreppasjónarmið ráða ferðinni um staðarval orkuvera, heldur hagkvæmnisjónarmið. Með dreifikerfinu siglum við fyrir þau sker, að skipti höfuð máli, hvar orkuverum er valinn staður.

Önnur sjónarmið ráða ferðinni hvað staðarval snertir. Ég vil þó benda á, að mikið fljótræði væri að binda meginhluta virkjanlegrar orku Suðurlands í stóriðju, þar sem ljóst má vera, að hennar verður þörf í miklum mæli til almennra þarfa á langmesta þéttbýlissvæði landsins. Fyrir nokkrum árum gerðu sérfróðir menn sér ljóst, að geysileg vatnsorka var í boði til virkjunar á Austurlandi. Árið 1970 var hafist handa um rannsóknir og þær stundaðar af krafti á árunum 1970 og 1971. Árið 1972 dró mjög úr þeim, og má heita, að þær hafi lagst af með öllu á árinu 1973.

Hér er skýrt dæmi um sinnuleysið og framtaksleysið á sviði orkumála. Allar forrannsóknir benda þó til, að þarna sé þeirra kosta völ um virkjun vatnsafls, sem glæsilegastir verða að teljast í landinu. Í áætlun um forrannsóknir á vatnsorku á Íslandi, sem Orkustofnun birti í ágúst 1969, segir svo, með leyfi hæstv. forseta:

„Svo er í áætlun þessari nefnt svæðið meðfram norður- og austurbrún Vatnajökuls, þaðan sem gert er ráð fyrir að safna vatni í eina stóra virkjun, Austurlandsvirkjun, við innanverðan Fljótsdal. Hér er um að ræða nýtingu á upptakakvíslum Jökulsár á Fljótsdal, Brú og Fjöllum í einu lagi auk smærri áa í grenndinni. Virkjun þessi yrði hin langstærsta hér á landi. Áætluð vinnslugeta er um 8 þús gwst. á ári og uppsett afl um 1 millj. kw. Í megindráttum er hér um að ræða að sameina í eina virkjun þrjár virkjanir, sem áður voru hugsaðar á þessum slóðum, þ. e. tvær í Jökulsá á Brú og ein í Jökulsá í Fljótsdal, en að auki er gert ráð fyrir að safna vatni af hálendinu austan Vatnajökuls og leiða það í Jökulsá í Fljótsdal og sækja vatn í upptakakvíslar Jökulsár á Fjöllum og veita því yfir í Jökulsá á Brú. Fallhæð Austurlandsvirkjunar er um 600 m. Þessi mikla fallhæð veldur því, að hver kílólítri vatns ofan virkjunarinnar geymir mikla orku, og því getur það svarað kostnaði að leiða vatn langan veg til nýtingar, sem ekki borgar sig við lægri fallhæðir."

Í megindráttum er tilhögun Austurlandsvirkjunar hugsuð sem hér segir: Jökulsá í Fljótsdal er stífluð við Eyjabakkafoss og þar myndað uppistöðulón. Inn í það lón, Eyjabakkalón, er safnað með jarðgöngum vatni frá smáám og lækjum á hálendinu austur af Vatnajökli. Úr Eyjabakkalóni er vatni veitt um skurði og göng eftir brún Fljótsdals norður í Gilsárvötn. Þar er myndað lón, Gilsárlón, með stíflum um lægðir í grennd vatnanna. Úr Gilsárlóni er vatnið leitt um jarðgöng um neðanjarðarstöð undir hlíð Fljótsdals og þaðan í Jökulsá í Fljótsdal. Fallið er um 600 m, sem er mesta fallhæð í nokkurri framtíðarvirkjun hér á landi. Þessi mikla fallhæð veldur mestu um stærð virkjunarinnar. Til samanburðar má geta þess, að fallhæð Búrfellsvirkjunar er aðeins um 120 metrar. Til þess að fá virkjun þessari meira vatn til vinnslu, er Jökulsá á Brú stífluð í Hafrahvammagljúfrum með 200 metra hárri stíflu. Í nálægar lægðir eru gerðar lágar aukastíflur. Við það myndast lón, Hafrahvammalón, sem nær fram undir Vatnajökul. Vatnsborð þess verður það hátt, að leiða má vatn úr því um jarðgöng yfir í skurðinn frá Eyjabakkalóni í Gilsárlón og það fyrir því, þótt

dregið sé talsvert niður í Hafrahvammalóni til miðlunar. Er Jökulsá á Brú þar með veitt úr farvegi sínum austur í Gilsárlón. Til þess að auka vatnið enn meir er gert ráð fyrir að gera veitigarða yfir aura Jökulsár á Fjöllum suður að Vaðöldu skammt norðan jökulsins og beina þeim vatnsflaumi auranna til austurs og gegnum stuttan skurð eða göng austur í vatnsuppistöðu, Kreppulón, sem myndað er í farvegi Kreppu með því að stífla hana við Fagradalsfjall. Úr Kreppulóni er vatn leitt um jarðgöng í Sauðá, þaðan sem það fellur í Hafrahvammalón, vatnsuppistöðuna í Jökulsá á Brú. Með þessu eru upptakakvíslar Jökulsár á Fjöllum, Brú og Fljótsdal sameinaðar í eitt. Þessi samsöfnun vatnsins ásamt mikilli fallhæð myndar grundvöll Austurlandsvirkjunar.

Þrátt fyrir veitur þessar verður meðalrennslið inn í Gilsárlón nokkru minna, en að vísu ekki miklu minna en Þjórsá við Búrfell. Svo þurr eru vatnasvið þessara straumvatna. Rennsli Jökulsár á Fjöllum minnkar að sjálfsögðu við veituna austur, og minnkar virkjanleg orka hennar sem því svarar. En það vinnst upp nálægt því tvöfalt í Austurlandsvirkjun, þar eð sama vatnið nýtist þar á um það bil tvöfalt hærra falli en í Jökulsá á Fjöllum. Þetta liggur í því, að efri hluti Jökulsár á Fjöllum, frá 300 m yfir sjó og upp úr, er lítt fær til virkjunar. Athuganir, sem gerðar hafa verið á þessum kafla, benda eindregið til þess, að þær borgi sig alls ekki. Veldur erfið jarðfræði þar mestu um, en landslagið er einnig fremur illa til virkjunar fallið, en fallhæðin dreifist á langa vegalengd. Þrátt fyrir þessa rýrnun vatns er talið víst, að hagkvæmt sé að virkja Jökulsá á Fjöllum við Dettifoss.

Í till. þeirri, sem hér liggur fyrir á þskj. 367, er lagt til, að lokið verði hið fyrsta rannsókn á byggingu Fljótsdalsvirkjunar eða 1. áfanga Austurlandsvirkjunar, sem hér var getið. 1. áfangi Austurlandsvirkjunar er stíflun Jökulsár í Fljótsdal við Eyjabakkafoss. Í það miðlunarlón, Eyjabakkalón, yrði Kelduá veitt og fleiri ám, og er sú vatnsveita nefnd Hraunveita. Miðlunarlón á Eyjabökkum er talið vera 1100 gígalítrar eða 1100 millj. lítrar. Úr Eyjabakkalóni yrði lagður veituskurður um 22 km veg í Gilsárlón. Er reiknað með, að sá skurður flytji um 50 rúmmetra vatns á sekúndu. Úr Gilsárlóni yrði vatnið leitt um jarðgöng nær lóðrétt um 600 m fall í orkuver staðsett í Fljótsdal nær miðja vegu milli Valþjófsstaðar og Hóls. Hagkvæmasta stærð þeirrar virkjunar er talin vera 230—240 mw. samkv. áætlun Orkustofnunar eða um 30—40 mw. stærri en Búrfellsvirkjun.

Þótt háspennulína yrði lögð í byggð niður Fljótsdal og yfir Fagradal, er þar aðeins um 60 km leið að ræða. Á þessu svæði er veðráttan með þeim hætti, að mjög litlar líkur eru á, að raflínur lægju undir áföllum veðráttunnar vegna. Þá er þess að geta, að Austurlandsvirkjun er staðsett á því landssvæði, sem ásamt Miðnorðurlandi og Vestfjörðum verður að teljast öruggast með tilliti til hvers konar náttúruhamfara.

Að öðru leyti vísa ég til grg. með till. og eins hvað varðar staðsetningu stóriðju í Reyðarfirði, en þar segir m. a., að „Reyðarfjörður er sá eini af Austfjörðum, sem er í góðu vegasambandi við Fljótsdalshérað og þar með Egilsstaðaflugvöll. Héraðið er mjög góður landbúnaðarbakhjarl fyrir það þéttbýli, sem skapast í kringum slíka stóriðju. Nýi hringvegurinn kemur til með að tryggja nokkuð öruggar vetrarsamgöngur við þéttbýli Suðvesturlands. Hafnarskilyrði við Reyðarfjörð eru ákjósanleg, hafíshætta lítil sem engin. Frá sjónarmiði samgangna er því Reyðarfjörður með Egilsstaði og Fljótsdalshérað í bakgrunni mjög vel settur. Landrými er meira í Reyðarfirði en víðast hvar annars staðar á Austfjörðum, en slíkt er nauðsynlegt fyrir þéttbýlismyndunina. Einnig mundi háspennulínulögn frá Fljótsdal til Reyðarfjarðar vera ein sú stysta, sem völ er á. Aðeins Breiðdalsvík og Vopnafjörður geta keppt við Reyðarfjörð um landrými, en flestar aðrar aðstæður eru á hinn bóginn Reyðarfirði í vil."

Ekki þarf að fara mörgum orðum um hina miklu og brýnu þörf, sem er á raforku. Þess má aðeins geta, að til viðbótar því, sem rætt er um sölu á meginhluta þessarar orku til þessarar stóriðju, bíða ótal verkefni úrlausnar, sem mikillar orku er þörf við. Vil ég þar nefna alla frekari nýtingu sjávarafurða, nýtingu landbúnaðarafurða, enn fremur það mikilvæga verkefni, sem er heyverkun, og mætti vel hugsa sér, að í náinni framtíð mundi vera hægt að beita raforku til þurrkunar á fóðri. Við eigum í Fljótsdal mikið land, t. d. í Vallanesi eina 400 ha., sem eru góðir undir ræktun. Mætti hugsa sér, að mætti fá af þeim eina 20 þús. hestburði eða svo. Fyrir öllu þessu þurfum við að hugsa, svo að við getum dregið stórlega úr þeim rándýru fóðurbætiskaupum, sem nú eru tíðkuð, held ég megi segja milli 20 og 25 kr. kg, og sem mest beita okkur fyrir því að styðjast við innlent fóður, enn fremur með tilliti til þess, að ekki veiti sveltandi heimi af því, að til annarra hluta en að fóðra íslenskan búsmala verði kornbirgðir heims notaðar.

Að undanförnu hafa menn velt mjög vöngum yfir, með hvaða hætti mætti tryggja fullnýtingu þess áfanga Lagarfossvirkjunar, sem nú er í smíðum. Ljóst er, að þar verður miðlun að koma til. S. l. haust varð vatnsþurrð slík í Lagarfljóti, að virkjunin hefði aðeins nýst að 1/6 eða 1/7 hluta. Öll vatnsmiðlun í Lagarfljóti sjálfu hefur í för með sér, að dýrmætu landi verður sökkt undir vatn, eða svo virðist öllum dómbærum mönnum vera. Allra annarra ráða verður að leita, áður en á slíkt ráð er brugðið. Miðlun á Eyjabökkum leysir alveg þennan vanda. Vatnsmagn þessa 1. hluta Austurlandsvirkjunar er nokkurn veginn nákvæmlega það, sem Lagarfossvirkjun þarfnast til þess að skila fullum afköstum. Einnig skal ekki gert lítið úr möguleikum til aukinna fiskræktarskilyrða í Lagarfljóti, sem þessi framkvæmd mundi skapa, því að á því sviði á Lagarfljót að öllum líkindum ótrúlega mikla framtíð fyrir sér og þverár þess. Að finna kaupendur að orkunni, eins og nú háttar í orkumálum umheimsins, ætti að vera auðvelt og samningakostir hinir hagstæðustu. Er þó enn góður tími og nægur til að vinna að þeim þætti málsins, þar sem mikið verk er fyrir höndum, áður en orkuframleiðsla getur hafist, enda er á hinn bóginn rétt að fara sér ögn hægt um hríð í orkusölumálum. Skynsamlegast

virðist að sjá aðeins til, hvernig setjast muni til í þeim grugguga polli, sem orkumál öll eru nú í. Þó þarf hagstæður orkusölusamningur að vera fyrir hendi, samtímis því sem lokaákvörðun er tekin um virkjunarframkvæmdir.

Vík ég þá að þriðja og síðasta lið tillögugerðarinnar, sem er, að hraðað verði rannsóknum á hagkvæmni virkjana í Fjarðará og Geithellnaá. Um nauðsyn þess vísa ég til þess, sem ég áður sagði um nauðsyn hraðra framkvæmda við smærri virkjanir til að bæta úr hinni brýnu orkuþörf. Í frumáætlun um virkjun Geithellnaár, sem verkfræðistofa Sigurðar Thoroddsens gerði í júní 1973, er gert ráð fyrir 5.5 mw. virkjun í Geithellnaá í Álftafirði. Áætlaður stofnkostnaður, miðað við verðlag þá, var 296 millj. kr. Af áætluninni má marka, að virkjun þessi virðist að mörgu leyti vera hagstæð. Með virkjun Geithellnaár er sérstaklega haft í huga að tengja hana orkuveitu Smyrlabjargaár, en vegalengd þaðan til Hafnar í Hornafirði er mæld eftir þjóðvegi 71 km, en til Djúpavogs um 29 km. Óþarft er að rifja hér upp það neyðarástand, sem varð í orkumálum í Austur-Skaftafellssýslu s. l. haust. Sú saga mun endurtaka sig, ef ekki er flutt orka annars staðar frá. Raunar gildir það um allt Austurland, að þar má ekkert út af bera, svo að ekki leiði til stórfellds ófarnaðar, auk þess sem meginhluti núverandi orku er rándýr dísilorka.

Um Fjarðará í Seyðisfirði er það að segja, að áratugir eru liðnir síðan hafist var handa um rannsókn á virkjun hennar. Raunar var hún með fyrstu ám, sem virkjaðar voru, í smáum stíl til rafmagnsöflunar fyrir Seyðisfjörð. Árið 1947 bentu verkfræðingarnir Höskuldur Baldvinsson og Sigurður Thoroddsen á Fjarðará sem ákjósanlega til virkjunar. Töldu þeir, að með tveimur virkjunum í Fjarðará mætti fá um 5 þús. kw. orku. Ítarlegar mælingar og rannsóknir aðrar munu liggja fyrir um virkjun árinnar, og ætti því að taka skamman tíma að ganga úr skugga um hagkvæmni virkjunar þar.

Ég legg svo að lokum mikla áherslu á nauðsyn þess, að till. þessi fái sem greiðastan framgang, svo að hefjast megi handa hið allra fyrsta um þau brýnu verkefni, sem tillögugerðin fjallar um. Ég vil svo, herra forseti, leggja til, að umr. um till. verði frestað og málinu vísað til hv. allshn.

Eysteinn Jónsson: Herra forseti. Við þm. Austf. könnumst vel við efni þessarar þáltill., vegna þess að við höfum unnið saman að þessum málum undanfarið, m. a. átt fund með hæstv. raforkuráðh. til þess að halda fram efni þess, sem stendur í 1. og 3. tölulið þessarar ályktunar, og lagt í því sambandi ríka áherslu á þann orkuskort, sem sýnilega verður mjög fljótlega á Austurlandi, og að leitað verði með sem mestum hraða nýrra skynsamlegra leiða til þess að bæta úr honum.

Við það, sem hv. flm. sagði um þessa liði, hef ég því raunar einu að bæta, að mér finnst vanta inn í þetta einn lið, sem við höfum bæði rætt okkar í milli og eins við hæstv. raforkuráðh., og það er, að athugað verði til fulls um hagkvæmni þess að tengja Austurland öðrum landshlutum, eða réttara sagt að fá tengilínu að norðan og austur eða að austan og norður eftir því, hvernig menn vilja orða það, sem sé að tengja raforkukerfi Austurlands raforkukerfi Norðurlands og þar með vonandi raforkukerfi landsins alls. Mér finnst þetta vera atriði, sem þyrfti að leggja sérstaka áherslu á, vegna þess að ég hef ekki trú á því, að raforkumál landsins komist í rauninni úr því öngþveiti, sem þau hafa siglt inn í, með öðru móti en því að tengja sem allra mest saman kerfin. Þegar það hefur verið gert, verður hægt að virkja eftir því sem hagkvæmast er fyrir heildina og leiða rafmagnið til og frá, eftir því sem skynsamlegast er. Og þá hverfur, held ég, nokkurn veginn öll hreppapólitík úr raforkumálum, sem óneitanlega hefur gert verulegt tjón í ýmsum dæmum.

Ég set ekki hér langa ræðu til þess að rekja kosti þess að tengja kerfin saman. Það hefur oft verið gert, en mér finnst, að það þyrfti að koma inn í þáltill. sem einn kröftugur liður að vinna með sem mestum hraða að því að komast að fullri niðurstöðu um þetta mál og hrinda því í framkvæmd.

Ég vil leggja áherslu á það með flm., að þessar leiðir allar til þess að efla raforkuframleiðsluna verði athugaðar sem flestar og með sem mestum flýti, því að hér liggur sannarlega mikið á.

Þá vil ég fara nokkrum orðum um annan lið þáltill.: „að leitað verði eftir kaupanda raforku með stóriðju staðsetta á Reyðarfirði fyrir augum“. Ég er með því að gera Reyðarfjörð að iðnaðarmiðstöð og koma þar upp mögnuðum iðnaði, en ég vil, að sá iðnaður verði á vegum Íslendinga sjálfra. Ég tel það höfuðatriði, að sá iðnaður, sem þjóðin kemur upp framvegis, verði á vegum Íslendinga sjálfra, þannig að þeir hafi a. m. k. meirihlutaeign í þeim félögum, sem sett verða upp til að reka iðnað, og geti ráðið sjálfir þeim atvinnurekstri.

Ég hef enga trú á því, að dvergþjóð eins og Íslendingar, — og ég hef sagt það kannske 100 sinnum áður, — ég hef enga trú á því, að dvergþjóð eins og Íslendingar haldi raunverulegu sjálfstæði sínu, ef verulegur hluti af atvinnurekstri landsmanna verður á vegum útlendra aðila. Það er óhugsandi. Þess vegna verður að mínu viti að fylgja fast fram þeirri stefnu, að iðnaðurinn verði á vegum Íslendinga sjálfra. Við eigum svo mikla möguleika í sambandi við þessi mál, eftir að við höfum fært út landhelgina og tekið upp skynsamlega stefnu í atvinnumálum, að það á að vera hægt að koma þessu þannig fyrir.

Í annan stað álít ég, að við eigum ekki að koma upp mengunariðnaði, hvorki á Reyðarfirði né annars staðar. Við þurfum þess ekki. Við getum lifað án þess. Í raun og veru er kannske hreint loft, ómengað vatn og viðkunnanlegt umhverfi ríkustu þættirnir í okkar þjóðarauði, ef við lítum rétt á málin. Og við erum ekki í neinu því hraki með bjargræðisvegi, að við þurfum að líta við því óráði að koma hér upp mengunariðnaði. Þess vegna eigum við að vera mjög vandlát með þann iðnað, sem við komum hér upp og notum raforkuna til þess að reka, — mjög vandlát.

Í sambandi við það, sem rætt er um okkar mikla vatnsafl og annað slíkt, þá vil ég taka

undir það, sem hv. flm. sagði, að við eigum að fara okkur hægt um hríð í orkusölumálum. Það er sannarlega full ástæða til þess að taka undir þessi orð hv. þm. Í fyrsta lagi er það, að þær tölur, sem hér hafa verið notaðar um vatnsaflið, virkjanlegt vatnsafl, eru alveg úreltar orðnar. Þær eru settar upp gersamlega án tillits til umhverfissjónarmiða, alveg án tillits til þeirra. Þær eru beinlínis byggðar á því, að stórir hlutar landsins séu settir undir vatn, en engum dytti nú í hug að líta við að fara þannig að. Og þessar tölur eru notaðar enn. Ég tók eftir því, að forráðamenn landsins, sem komu fram í Norðurlandaráði, nota enn þessar tölur. En um þessi efni hefur m. a. formaður Landsvirkjunarstjórnarinnar, Jóhannes Nordal, sagt, að hann gerði ráð fyrir því, að það yrði e. t. v. að lækka þessar tölur um þriðjung, miðað við þau viðurkenndu sjónarmið í umhverfismálum, sem nú væru efst á baugi og mundu verða hér eins og annars staðar.

Einmitt þessi atriði eru til þess fallin að opna augu okkar fyrir því, að við verðum að endurskoða öll þessi mál frá rótum í ljósi þeirra nýju viðhorfa, sem eru búin að vinna sér fylgi og menn eru farnir að koma sér niður á. Það verður að endurskoða allar áætlanir um virkjanlegt vatnsafl á Íslandi frá rótum og þar með allar eldri fyrirætlanir um stóriðju og annað slíkt í því sambandi. Og það er ekki síst ástæða til að gera þetta vegna þess, að við hljótum að gera okkur ljóst, að það verður beinlínis sótt á að koma inn á okkur mengunariðnaði á næstunni. Það verður beinlínis sótt á að koma hér upp iðnaði, sem aðrir vilja vera lausir við.

Iðnrh. Sviþjóðar hefur nýlega lýst því yfir, að líklega væri það aðeins helmingur af ónotuðu vatnsafli, sem þeir vilja nýta frá umhverfissjónarmiði séð, og þannig mætti rekja. Norðmenn hafa endurskoðað allar sínar áætlanir í þessu tilliti frá sama sjónarmiði og lækkað áætlanir sínar um virkjanlegt vatnsafl út frá þessum viðhorfum.

Það verður auðvitað sótt á frá ýmsum stöðum að koma upp hér ýmsum iðnaði. Það verður áreiðanlega enginn vandi að fá erlenda aðila til þess að koma hér upp iðnaði á næstunni, það er alveg víst. En við verðum að vera mjög vandlát frá mínu sjónarmiði séð í þessum efnum og líta raunsætt og af fullri skynsemi á þessi mál og hafa þá ekki síst þau sjónarmið í huga, að við ráðum sjálfir yfir okkar eigin atvinnurekstri.

Það verða áreiðanlega ekki mikil vandkvæði fyrir okkur að fá fjármagn til þess að koma upp góðum iðnaðarfyrirtækjum á næstunni, án þess að þurfa að hafa þau í eigu erlendra aðila. Það er ekki um að villast, að það verður engum erfiðleikum bundið, eins og þessi mál eru að snúast og með jafngóða aðstöðu og við höfum í orkumálum, þótt við þurfum að endurskoða okkar eldri áætlanir. Þess vegna lít ég afar björtum augum á framtíðina, bæði í orkumálum og iðnaðarmálum.

Ég ætla algerlega að leiða það hjá mér að ræða smáglósur, sem hv. flm. var með í þessu sambandi um óraunsæi þeirra, sem hafa varað við ýmsu, sem gert hefur verið. Ég vil ekki vera að blanda inn í þetta umr. t. d. um það, hversu raunsætt það var, að raforka væri að verða einskis virði, menn þyrftu að flýta sér að selja hana og koma upp sem flestum stóriðjuverum, áður en hún yrði einskis virði, o. s. frv. Við getum endalaust verið að kýta um slíkt, en ég mun ekki gera það og láta nægja að minna á, að við ættum að gera okkur grein fyrir því, að viðhorfin í þessum málum eru gerbreytt og við þurfum að endurskoða þetta allt frá rótum. Og eins og ég sagði áðan, tek ég mjög undir það, sem hv. þm. sagði um það, að við þurfum að fara okkur hægt um hríð í þessum málum, einmitt til þess að átta okkur á því, hvað raunverulega er að gerast.

Kosti eigum við mjög mikla í þessu, um það er ekkert að villast, og við ættum að geta komið hér á fót miklum iðnaði með stuðningi okkar orkulinda án þess að ganga of nærri landinu. Ég er sannfærður um, að það er hægt. En þá megum við náttúrlega ekki vera of ógætin í því að láta orkuna. Við verðum í því tilliti auðvitað fyrst og fremst að hugsa um okkar hag, hvað heppilegast yrði fyrir okkur að láta mikið af orku í þetta eða hitt, og ekki vakna upp við það einn góðan veðurdag, að við séum búin að ráðstafa allt of miklu af orkunni í það, sem við gjarnan vildum vera laus við og vildum heldur nota hana í annað. Við verðum einnig að gefa því góðan gaum, að orkunotkun til alls konar rekstrar og þarfa vex með tröllaskrefum og miklu hraðar en nokkur hefur getað gert sér grein fyrir. Þetta allt verður að hafa í huga.

Ég hef undanfarið stundum verið að hugsa um að flytja þáltill. í þá átt, að þessi mál yrðu öll endurskoðuð frá rótum í ljósi þessara nýju viðhorfa. Ég hef ekki gert það, enda hafa aðrir flutt hér mál, sem koma mjög nærri því að fjalla um það efni.

Helgi F. Seljan: Herra forseti. Þessi till., sem hér liggur fyrir, er um margt eðlileg. Ástandið í orkumálum Austurlands og landsins alls reyndar er orðið mikið umræðuefni manna á meðal, og spurningar hafa vaknað um það, hvernig þar mætti best úr bæta, og ástandið á Austurlandi m. a. hefur orðið tilefni mikilla umræðna um það, á hvern hátt raforkumálum þar yrði best háttað.

Ég þarf litlu við það að bæta, sem hv. 1. þm. Austurl. talaði um áðan í sambandi við þau höfuðatriði, sem taka ber tillit til varðandi alla orkuöflun, varðandi heildarstefnuna í okkar orkumálum. Ég hygg, að það séu æ fleiri að verða sammála um það, að ekki dugi að horfa beinlínis á megawatta-töluna og láta hana eina gilda. Það þurfi fleira að koma inn í og það séu fleiri verðmæti, sem þurfi að athuga, en aðeins þau verðmæti, sem orkan getur skapað í iðnaðarframleiðslu eða einhverju öðru ámóta. Menn eru sem sé orðnir á því, held ég, og það koma fram einnig í ræðu hv. flm., að menn eru farnir að leggja aukna áherslu á vistfræðina í þessu efni, áherslu á umhverfismálin, á hvern hátt þau blandast þar inn í, og að þar beri að varast allar sveiflur, sem geti orðið til óheilla um ófyrirsjáanlega framtíð.

Ég hygg, að það sé fullkomlega tímabært, að

þessu máli sé hreyft, og því hefur þegar verið hreyft við raforkuráðh., eins og 1. þm. Austurl. gat um hér áðan. Og ég sé ekki ástæðu til að ræða sérstaklega um 1. lið till. og reyndar ekki þann 3. heldur. Það er sjálfsagt, að að því verði stefnt, að lokið verði hið fyrsta rannsókn á byggingu Fljótsdalsvirkjunar, 1. áfanga Austurlandsvirkjunar, eins og lagt er til í 1. liðnum. Það verður sérstaklega að leggja áherslu á það, sem heimamenn hafa þar haft til málanna að leggja, alveg sérstaklega þó þeir menn, sem hv. 1. þm. Austurl. er alveg sérstakur fulltrúi fyrir raunar, þ. e. a. s. þá náttúruverndarmenn, sem hafa í sambandi við öll þessi mál lagt höfuðáherslu á vistfræðisjónarmiðin, að þau skipi þegar við upphaf athugana um orkuöflun jafnan sess á við verktæknileg atriði, bæði varðandi rannsóknir og ákvarðanatöku. Og ég held, að á það verði ekki lögð of þung áhersla, að það verði gert. Ég sé það t. d., að flm. segir í sinni grg., að landspjöll af völdum slíkrar stórvirkjunar séu í lágmarki. Ég hygg, að þarna vanti töluvert upp á, að fullnaðarrannsókn liggi fyrir, að það sé hægt að fullyrða slíkt beinlínis, þó að eflaust megi fara út í það vægan áfanga þar, að það verði ekki.

Það er sem sagt ýmislegt, sem kemur upp í hugann varðandi þessi mál, þegar rætt er um orkuöflun og nauðsyn þess að bæta þar úr.

En það var raunar aðallega 2. liðurinn, sem ég vildi hér minnast örlítið á. Hv. flm. var áðan að ræða um afturhaldsmenn, sem hefðu litið stóriðju óhýru auga. Þetta þótti mér fulleinföld afgreiðsla hjá hv. flm., að telja það aðeins bera vott um afturhaldssemi. Menn hafa vissulega verið nokkuð fullir efasemda í sambandi við stóriðju og þá sérstaklega þá tegund stóriðju, sem getur haft stórkostlega mengun í för með sér. Ég held, að öll varnaðarorð í því sambandi geti ekki talist til afturhaldssemi. Þau hljóta að teljast til sjálfsagðrar varasemi, ekki síst hjá lítilli þjóð, sem þarf líka að varast annars konar mengun en þá, sem kemur úr útblástursrörunum. Hún þarf líka að varast þá mengun, sem stafar af því, að útlend fyrirtæki eigi of stóran hlut í þjóðarframleiðslunni. Ég get að því leyti tekið fullkomlega undir með hv. 1. þm. Austurl. um það.

Ég sé ekki heldur beint, að við þurfum endilega, þrátt fyrir það að flm. hafi bent á það sérstaklega, að taka inn í þetta spurninguna um stóriðjuna, þó að við séum að huga að orkumálum og orkuöflun á Austurlandi yfirleitt. Við hljótum að líta á þetta sem hluta af heild í samtengingu orkuveitusvæðanna. Við hljótum að reikna með því, að slík stórveita yrði nýtt á heildarmarkaði landsmanna, að þetta yrði ekki lokuð eining, heldur hluti af samtengingunni í heild. Mér féll þess vegna miklu betur við þann hluta í ræðu hv. flm., sem laut að matvælaframleiðslunni, sem hann lagði í lokin mikla áherslu á. Það þótti mér góður kafli í ræðu hans að raforkuna ætti einmitt að nota til meiri og stærri verkefna í því skyni. Ég skal ekki draga á það neina dul, að mér er öll stóriðja, næstum að segja hverju nafni sem hún nefnist, heldur ógeðfelld fyrir okkar litla þjóðfélag, og ég skal ekki heldur draga á það neina dul, að fátt gæti ég hugsað öllu verra hlutskipti mínum heimastað en að fá þangað inn reykspúandi verksmiðju með tilheyrandi áhrifum. Þegar hv. þm. Jónas Pétursson flutti um þetta till. á Alþ. á sínum tíma, voru ýmsir góðir sveitungar mínir á Reyðarfirði fullir hrifningar og lotningar yfir þessum tillöguflutningi og töldu, að loksins væri kominn maður á Alþingi Íslendinga, sem tæki eitthvert tillit til þarfa og óska Reyðfirðinga. Þessi till. mun hafa verið samþ. (Gripið fram í.) Um stóriðju í Reyðarfirði. Ég hygg, að hún hafi verið samþ. Hún hefur a. m. k. komið frá n. samhljóða, þar sem segir svo: „Enn fremur að hefja nú þegar könnun til undirbúnings stóriðju á Reyðarfirði eða öðrum stað á Austfjörðum," mun það víst vera. Það kann vel að vera, að þetta sé rangt hjá mér, að hún hafi verið samþykkt, en alla vega hefur þetta komið þannig frá n., og ég reiknaði með því, að afgreiðslan hefði orðið jákvæð. En það kann vel að vera, að þetta sé rangt, svo að ég sé ekki að stela neinum heiðri eða þá öfugt frá hv. flm.

En varðandi þetta mál, kom það fljótt á daginn, að menn höfðu ýmsar efasemdir um þetta og báru í brjósti nokkurn ugg. Fyrst ætluðu menn að setja þessa stóriðju fyrir botni fjarðarins, eins og hv. flm. bendir á, þar sem landrými er nokkurt. En reynslan af reyknum úr okkar saklausu bræðslu hafði bent til þess, að reykur úr slíkri verksmiðju mundi liggja allþétt yfir í lognkyrrunni, sem oft er þarna eystra. Þeir hrifnustu voru því farnir að færa sig nokkuð með þessa stóriðju og settu hana ekki lengur fyrir fjarðarbotninum, heldur voru jafnvel komnir með hana allt út á Vattarnes. Þeir voru sem sagt ekki orðnir alveg eins hrifnir í lokin.

Ég vil alvarlega vara við þessum lið till., og ég vildi einfaldlega óska eftir því, að hv. flm. endurskoðaði afstöðu sína til þessa liðar till., vegna þess að að öðru leyti er till. fyllilega tímabær og fyllilega athugandi. Ég held, að við eigum ekki að stefna að þessu. Ýmislegt, sem fram hefur komið varðandi stóriðju, alveg sérstaklega inni í þröngum, tiltölulega lokuðum fjörðum, bendir til þess, að það muni fátt gott af því leiða.

Einn er sá maður, sem mikinn áhuga hefur sýnt mínum heimastað, Reyðarfirði, og nefnt hann sem líklegan stað til að verða stóran á Austurlandi. Sá maður heitir Valdimar Kristinsson og hefur bent á það í ýmsum ritgerðum sínum um byggðakjarna.

Í júní-desemberhefti Fjármálatíðinda ræðir Valdimar Kristinsson enn þennan möguleika, og hann kemur einmitt inn á þetta mál, sem um getur í lið 2 hjá flm., þ. e. a. s. stóriðju á Reyðarfirði. En ég held, að við ættum báðir, hv. flm. og ég, að líta örlítið á, hvað Valdimar segir. Ég er hræddur um, að í orðum hans liggi nokkur sannleikur, og við mættum gjarnan reyna að athuga málin í ljósi þess, sem þar kemur fram. Með leyfi hæstv. forseta, segir Valdimar Kristinsson í þessari grein orðrétt, — hann er að tala um Austurland og uppbygginguna þar:

„Síðast, en ekki síst eru það svo orkumálin. Frumrannsóknir benda til, að á Austurlandi megi koma upp gríðarstóru vatnsorkuveri, sem geti orðið undirstaða mikils iðnaðar. Verði úr fram-

kvæmdum af þessu tagi, sýnist eðlilegt, að meginhluti orkunnar verði notaður á Austfjörðum". Og svo segir Valdimar: „Leggja mætti einn fjörðinn, svo sem Reyðarfjörð undir stóriðjuna, og þeir, sem við hana ynnu," — hann reiknar yfirleitt ekki með öðru á þessum stað en stóriðjunni þá, — „en vildu ekki búa í næsta nágrenni, gætu sem best komið sér fyrir á næstu fjörðum eða á Egilsstöðum." Og svo heldur hann auðvitað áfram og segir: „Í þessum möguleika liggja skilyrði til mikillar uppbyggingar og borgarmyndunar á Austurlandi, sem gæti haft mikil og heillavænleg áhrif á allt þjóðlífið."

Það er a. m. k. ljóst af framansögðu, að Valdimar Kristinsson hefur skipt töluvert um skoðun varðandi Reyðarfjörð sem borg á Austurlandi, því að þar reiknar hann allt eins vel með landauðn, ef þangað kæmi stóriðja. Ég ætla alla vega að vona það og þykist reyndar vita, að hv. flm. ætlist ekki til þess, að sú stóriðja, sem kemur á Reyðarfjörð og hann er þarna að geta um, sé af því tagi, sem Valdimar Kristinsson reiknar með. Og ég ætla einnig að vona, m. a. í ljósi þessa og í ljósi fjölmargra staðreynda varðandi stóriðjuna, sem ég ætla ekki að fara að rekja hér og hættuna af henni, að hv. flm. muni geta orðið mér sammála að lokum um það, að þessi liður megi að skaðlausu niður falla.

Flm. (Sverrir Hermannsson): Herra forseti. Ég vil leyfa mér að þakka hv. 1. þm. Austurl. og hv. 6. landsk. fyrir góðar og rétt sæmilegar undirtektir í flestu við tillögugerð þessa.

Hv. 6. landsk. fann það þessari tillögugerð helst til foráttu, að í 2. lið hennar er gert ráð fyrir því, ef kaupendur finnast að raforku í svo ríkum mæli, að stóriðja yrði staðsett í Reyðarfirði, og vitnaði í Valdimar Kristinsson, sem veit náttúrlega ekkert meira um þetta en við. A. m. k. hef ég ekki verið upplýstur um það, að hann hafi aflað sér sérþekkingar á því sviði. Hér get ég auðvitað ekkert um það sagt eða í það spáð, hvað eða hvers lags iðnaður kæmi þarna til. Þetta verður að vera orkufrekur iðnaður. Ég er ekki viss um, að slíkur iðnaður þyrfti að hafa stófellda mengun í för með sér.

Ég tek það fram, að því fer víðs fjarri, að ég sé nálægt því nægjanlega kunnugur slíku, en vitanlega þurfum við, eins og kom fram í ræðu hv. 1. þm. Austf., að gá mjög að því að reyna að forðast hvers kyns mengun umhverfisins, enda hygg ég, að allir menn séu nú sammála um að vanda sem best til allra efna í því. En ég hygg, að í slíka virkjun sem þessa verði ekki ráðist, við öxlum ekki það miklar fjárhagsbyrðar, sem slíkri framkvæmd fylgja, nema með því að við finnum kaupanda að meginhluta orkunnar, a. m. k. til að byrja með, því að þetta er það mikið stórvirki, sem þarna yrði í ráðist.

Það er alveg hárrétt, sem fram kom hjá hv. 1. þm. Austurl., að viðhorfin hafa gerbreyst. Öll viðhorf hafa tekið stórfelldum stakkaskiptum á örfáum árum. Og svo kann að verða, að þannig haldi áfram, að ný viðhorf skapist. Það er t. d. ekki lengra síðan en um það bil sem hafist var handa um virkjun Búrfells, að menn héldu því fram og trúðu því statt og stöðugt, að það væri hver síðastur að beisla vatnsorkuna, þar sem kjarnorkan mundi bráðum skáka henni gersamlega í verði, vatnsorkan yrði ekki samkeppnisfær. Nú hins vegar er því haldið fram og raunar hefur það verið upplýst, að á þessu er engin hætta, kjarnorkan kemur ekki til með um fyrirsjáanlega framtíð að verða samkeppnisfær við vatnsorkuna. Auðvitað hlýtur það að gerbreyta viðhorfunum. Og ég tek undir það, eins og ég líka tók fram í minni framsöguræðu, að við eigum að fara okkur hægt í öllum þessum efnum, en við eigum að leggja megináherslu á allar rannsóknir, sem nauðsynlegt er að unnar séu, áður en hafist er handa. Ég vil taka það fram einmitt vegna þess, sem fram kom í ræðu hv. 1. þm. Austurl., að ég er ekki — blátt áfram að segja — tilbúinn til þess, að hreyft verði við einum steini í landinu, nema fyrir liggi ítarleg rannsókn á öllum aðstæðum og öllu því, sem yfirleitt gera skal. Að sökkt verði undir vatn t. d. stórum landflæmum, án þess að öll vistfræði þess og umhverfisins og lífkerfið sjálft sé rannsakað sem ítarlegast, kemur ekki til mála að mínum dómi. Ég vil nefna sem dæmi þær hugmyndir, sem uppi hafa verið um að gera mikla vatnsmiðlun með stíflum í Þjórsárveri, að þótt ekki sé nema fyrir það, að þarna er stærsta heiðargæsabyggð í heimi, að talið er, þá mundi ég ekki láta mér til hugar koma að greiða slíkri framkvæmd atkvæði. Og eins er það varðandi mengun og hvað eina, sem að þessu lýtur. Ég legg alla áherslu á það, að ítarlegustu rannsóknir og nákvæmustu yfirveganir hafi átt sér stað af þar til færustu mönnum, áður en lokaákvarðanir eru teknar um framkvæmdir.

Hv. 1. þm. Austurl. gat þess, að þarna hefði þurft að vera einn liður til viðbótar um samtengingu orkuvera í landinu. Ég gat þess í grg. með frv., taldi það til kosta við þessa virkjun, að auðvelt væri að tengja hana raforkukerfi Suðurlands sérstaklega og Suðvesturlands, og enn fremur, að með tilliti til þess, hversu veðráttа er ólík á þessum tveim svæðum, þá eykur þetta mjög öryggið, vegna þess að það er mjög sjaldgæft, að tvö vatnsföll séu vatnslítil samtímis á báðum þessum svæðum. Ég tók það enn fremur fram í minni framsögu, að annar mikilvægasti þátturinn í stefnu okkar í orkumálum ætti að vera samtenging orkuveitna, og ég held, að engum blandist hugur um það og menn séu að kalla sammála í því efni. Hins vegar, meðan við erum að athuga okkar gang allan, eigum við að leggja höfuðáherslu á smærri virkjanir, hagkvæmar smærri virkjanir og samtengingu þeirra innan landshlutanna t. d., því að það margfaldar allt öryggi, eins og dæmi sanna.

Ég get fyllilega tekið undir það, að vitanlega getum við ekki stefnt til iðnaðarframkvæmda í landinu, nema hafa á þeim fulla stjórn sjálfir. Ég tek undir þá skoðun, og ég hygg, það komi ekki til með að verða þessum framkvæmdum og stóriðjuhugmyndum fjötur um fót. Ég hygg, að svo mikil verði eftirspurnin eftir þessari orku, að við ættum að geta valið alveg nægjanlega góða kosti. Þess vegna ber að leggja á það alla áherslu, að við höfum ótvírætt vald á og ráð yfir þeim fyrirtækjum eða þeim framkvæmd-

um, sem í verður ráðist í framhaldi af beislun okkar hagkvæmu og miklu orku.

Ég hygg, að það sé ekki miklu fleira, sem ég hafði hugsað mér að taka fram í þessu sambandi. Ég vil geta þess, að þótt ég hafi rakið í minni framsöguræðu hugmyndirnar, sem liggja að baki allri Austurlandsvirkjun, er það fjarlægast mér að leggja nú til, að neitt verði gert í þá átt strax að framkvæma slík stórvirki og e.t.v. hervirki, sem það kynni að vera að veita stórum jökulám á milli landsfjórðunga. Ég rakti aðeins til upplýsingar og fróðleiks þær hugmyndir, sem að allri þessari stóru virkjun liggja, sem fróðustu menn telja, að muni e.t.v. vera beislanleg orka, samkv. þessum hugmyndum sem nemur upp undir 1500 mw.

Aðal ástæðan fyrir þessum tillöguflutningi, sem ég hafði fengið sérfróðan mann til þess að undirbúa fyrir mig frá því í haust, er að ýta sem fastast á eftir því, að hafist verði handa um rannsóknir á öllu málinu. Það má öllum vera ljóst, að það er feiknavinna, það líða ár, mörg ár, þangað til málið verður komið á þann rekspöl, að þess sé kostur að hefjast handa. Hins vegar er það álit þeirra manna, sem gerst og best til þekkja í þessum efnum, að þarna eigum við í heild tekið gífurlega góðra kosta völ hvað varðar virkjun vatnsafla á Íslandi og að á Austurlandi séu þessir kostir einna glæsilegastir.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Verkleg kennsla í sjómennsku, þáltill. (þskj. 380). — Ein umr.

Flm. (Vilhjálmur Hjálmarsson): Herra forseti. Á þskj. 380 flytjum við 4 þm. Austurlandskjördæmis till. til þál. um verklega kennslu í sjómennsku og fiskveiðum og um útgerð skólaskipa. Tillgr. er svo hljóðandi:

„Alþingi ályktar að fela ríkisstj. að láta undirbúa löggjöf um verklega kennslu í sjómennsku og fiskveiðum og um rekstur skólaskipa. Skal að því stefnt að gera út að sumarlagi eitt eða fleiri fiskiskip í hverjum landsfjórðungi, þar sem ungu fólki gæfist kostur á að læra algengustu handtök við sjómennsku og fiskveiðar. Jafnframt skal stefnt að því að gefa ungmennum kost á sams konar þjálfun á almennum fiskiskipum, enda komi til samþykki sjútrn., hverju sinni. Fela skal Fiskifélagi Íslands að sjá um framkvæmdir."

Ég vil láta það koma hér fram, að hvatinn að þessum tillöguflutningi er kominn austan af fjörðum, frá Seyðisfirði, nánar tiltekið frá Ólafi Ólafssyni útgerðarmanni, sem er mikill áhugamaður um allt, sem að útgerð lýtur. Þessi hugmynd er ekki ný. Mér er t.d. kunnugt um það, að á Seyðisfirði var í bæjarstjórn fyrir 10—15 árum flutt till., sem gekk í sömu átt og þessi till. okkar. Mér er einnig kunnugt um það, að bæjarstjórinn í Neskaupstað hafði uppi málaleitan um stuðning við útgerð skólaskips fyrir fáum árum. En ekki varð að framkvæmdum þar, fremur en á Seyðisfirði. Aftur á móti hefur útgerð á skólaskipi verið reynd á Patreksfirði vestur með ágætum árangri. Fyrir þeirri tilraun mun hafa staðið Jón Magnússon skipstjóri þar, og er mér sagt, að mikill áhugi hafi verið fyrir að komast að á skólaskipi Jóns skipstjóra og að frekast hafi verið erfiðleikar í þá átt að losna við ungu mennina, sem vildu halda áfram á veiðum, eftir að þeirra æfingatíma var lokið. Þá hefur einnig verið reynt á skipulegan hátt, þótt á takmörkuðu sviði hafi verið, að senda unga menn til þjálfunar sem aukaskipverja á varðskipunum. Þetta hefur verið reynt nokkur undanfarin ár í samræmi við ályktun, sem Alþingi gerði um þetta efni á sínum tíma.

Tilgangurinn með þessum tillöguflutningi er fyrst og fremst sá að greiða fyrir því, að unnt sé að manna fiskveiðiflota Íslendinga hverju sinni. En samhliða því að stuðla að mönnun flotans er það ætlun flm., að ungt fólk hafi gott af því á allan hátt að kynnast þessum þætti atvinnulífsins, fá beina snertingu við hann á þann hátt, sem verkleg kennsla í því formi, sem hér er vikið að, mundi veita. Við flm. álítum, að það mundi glæða skilning unga fólksins á gildi þessa undirstöðuatvinnuvegar Íslendinga og verða til þess að þroska það á margan hátt. Við höldum sem sagt, að það hafi alveg tvímælalaust uppeldislegt gildi fyrir ungt fólk á þessu landi að komast í snertingu við frumatvinnuvegi okkar. Við álítum, að vaxandi þörf sé fyrir þetta.

Áður fyrr voru kaupstaðirnir minni. Menn fengu uppeldi sitt í sjóþorpunum í nánum tengslum við smábátaútgerðina, sem var allsráðandi yfir höfuð að tala fyrir nokkrum áratugum. Nú hafa bæirnir stækkað, sér í lagi hér suður frá, en einnig víðar hafa bæir stækkað og um leið komið fleiri starfsgreinar, sem á vissan hátt er auðveldara að komast í tengsl við heldur en við sjómennskuna, og þannig leiðist hugur unga fólksins í vaxandi mæli frá þessum undirstöðuatvinnuvegi. Það kemur líka til, að nú er yfir höfuð að tala seta á skólabekk orðin miklu lengri en hún var fyrir nokkrum áratugum. Allt þetta veldur því, að þörf fyrir beina og skipulagða kynningu á sjómennskunni fer vaxandi. Mér finnst líka vert að benda á það alveg sérstaklega, að beina verklega kennslu í sjómannsstörfum er raunar hvergi að finna í skólakerfi landsmanna hinu almenna, og hún er einnig mjög takmörkuð í sjómannaskólanum sjálfum. Þar er lögð stund á annað meir en beina verklega kennslu í sjómennsku, eins og kunnugt er. Þess er einnig að gæta, að sá skóli er aðeins fyrir lítið brot af sjómannastéttinni, þ.e.a.s. fyrir yfirmenn, skipstjóraefni og vélstjóra.

Þó að við flm. þessarar till. séum sammála um það og ekki í nokkrum vafa um, að nauðsyn er á aðgerðum eins og þeim, sem till. fjallar um, hljótum við að viðurkenna, að ekki er vandalaust að setja löggjöf um þetta efni. Við erum ekki með fastmótaðar hugmyndir um, hvernig forma skyldi slíka löggjöf. Þess vegna er það, að till. okkar felur í sér að skora á ríkisstj. að láta undirbúa málið. Við hugsum okkur þá, að ríkisstj. fái til þess færa menn, í nánum tengslum við sjávarútveginn, t.d. frá Fiskifélagi Íslands, frá samtökum skipstjórnarmanna og öðrum samtökum sjómanna og frá útvegsmönnum.

Þó að vafalaust megi við lagasmíð þá, sem hér

um ræðir, styðjast að einhverju leyti við erlenda reynslu og að einhverju leyti við vísi að innlendri starfsemi, sem þegar er til, eins og ég vék að áðan, sýnist mér, að það megi alveg eins búast við því, að reynslan verði síðar að leiða í ljós, hver eru heppilegustu formin á þeirri starfsemi, sem till. fjallar um. Jafnvel þó að færustu menn fjölluðu um undirbúning löggjafarinnar, kæmi mér ekki á óvart, þó að svo færi, vegna þess að lítil reynsla er komin á slíka starfsemi hér á landi, að fljótlega kynni að þurfa að breyta löggjöfinni á einhvern hátt. En mestu máli skiptir að okkar dómi, að hafist sé handa.

Í till. okkar, eins og hún liggur fyrir á þskj., felast í raun og veru aðeins þrjár ábendingar. Það er bent á útgerð skólaskipa. Við hugsum okkur, að það yrðu skip, sem tekin yrðu á leigu, fyrst og fremst um sumartímann. Ég gæti ímyndað mér, að slík skip flyttu sig á milli verstöðva, tækju hópa til æfinga á einum stað nú og öðrum síðar, þetta yrðu eins konar hreyfanlegar æfingabúðir.

Í annan stað bendum við á þann möguleika að veita tilsögn og þjálfun á almennum fiskiskipum undir leiðsögn valinna skipstjóra, og þau skip yrði að viðurkenna hverju sinni. Það er svo með nýju skipin mörg, þessi stóru og glæsilegu skip, að þau hafa mörg hver rýmri íbúðir en þarf fyrir hina föstu áhöfn, eins og hún er venjulega. Hefur, eins og ég sagði áðan, þegar verið gerð tilraun með þetta á varðskipunum. Þar er auðvitað ekki um neina tilsögn að ræða í fiskveiðum, heldur aðeins sjómennsku, en þarna gæti orðið um tvöfalda þjálfun að ræða, miðað við það, sem þar á sér stað. Ég held, að sú tilraun, sem gerð var á varðskipunum, hafi gefið svo góða raun, að það sé alveg sjálfsagt að reyna einnig á þessu sviði.

Þriðja ábendingin, sem kemur fram í þessari till., er varðandi framkvæmdina. Við leggjum til, að Fiskifélaginu sé falið að annast hana. Það hefur þegar ýmsa starfsmenn í sinni þjónustu, bæði ráðunauta og erindreka, og það hefur a. m. k. fylgst með starfsemi í þessa átt. Þar á ég við sjóvinnunámskeið, sem haldin hafa verið á ýmsum stöðum á landinu. T. d. nú í vetur hefur verið kennsla í sjóvinnu á Seyðisfirði. Hún er kostuð af heimamönnum að mestu eða öllu leyti, en hún var sett af stað og fer fram undir handleiðslu Fiskifélags Íslands. Að dómi okkar flm. er eðlilegt framhald á þessari starfsemi og alveg sjálfgefið að taka upp slíka kennslu á sjó og fela Fiskifélaginu forgöngu á þessu sviði. Það væri alveg tvímælalaust eðlilegt, að verkleg kennsla á sjó yrði einn liður í okkar skólakerfi, einn þáttur í verknámi því, sem framkvæmt er innan hins almenna skólakerfis. E. t. v. getur það orðið þegar með fyrstu löggjöf, sem sett yrði um þetta efni. En þó þykir mér sennilegra, og að því laut það, sem ég áðan sagði, að við leggjum til að fela Fiskifélaginu forgöngu um þetta, að það bíði síðari tíma að fasttengja verklega kennslu á sjó skólakerfinu sjálfu.

Ég vil taka fram, að flm. þessarar till. vilja ekki láta skilja tillöguflutning sinn sem vanmat á nokkurn hátt á viðleitni útgerðarmanna, skipstjóra og annarra skipverja, sem nú þegar hefur sýnt sig í þá átt að þjálfa ungt fólk til sjómennskustarfa. Það ber að virða alla slíka viðleitni.

Þó að smábátaútgerðin í mörgum verstöðvum sé ekki lengur allsráðandi og önnur stærri útgerð tryggi jafnari atvinnu, er fyllilega ástæða til að vekja athygli á því, hvernig þessi smábátaútgerð hjálpar til að veita mönnum fyrstu æfingu á sjó, ekki einasta á þann hátt, að þegar menn hrinda á flot trillum sínum, sem nú eru kallaðar og margar eru reyndar þilskip, þá verður þar pláss fyrir marga unga menn, sem um líkt leyti eru kannske að losna úr skólum, heldur einnig á þann hátt, að yfir á smábátana fara alltaf einhverjir skipverjar af stærri skipunum, það er a. m. k. reynsla, þar sem ég þekki best til, og þá losnar á þeim skipum pláss, sem a. m. k. í ýmsum tilfellum nýtast fyrir yngri kynslóðina, sem enn er t. d. í skólum í bóklegu námi. Þrátt fyrir þetta sýnir reynslan, að ástæða er til að vera hér vakandi og gera enn betur, sbr. það, sem ég hef aðeins vikið að hér að framan, og sbr. t. d. það, að fáar tilkynningar eru algengari á vissum tímum árs heldur en sú, sem byrjar svona: „Vanan háseta vantar.“ Þetta er því að dómi okkar flm. áreiðanlega tímabært frá því sjónarmiði séð.

Ég orðlengi þetta svo ekki frekar, en leyfi mér að leggja til, að till. verði vísað til atvmn.

Pétur Sigurðsson: Herra forseti. Fjarri er mér að draga úr slíkri till. eða öðrum, sem hafa komið fram á því sviði að auka menntun og reynslu þeirra manna, sem sjó stunda á fiskiskipum okkar Íslendinga. En undarlegt þykir mér, ef hægt er að flytja slíka till., sem fellur undir verklega kennslu sjómanna á hinum minni fiskiskipum sérstaklega, ef ekki er um leið haft í huga það, sem auðvitað er grundvallarreglan og hlýtur að vera undirstaðan í sambandi við kennslu á þessum sviðum, þ. e. að kenna öryggi á sjó. En öryggi á þessum skipum verður ekki kennt, nema þar komi nokkur kostnaður til.

Við hlustuðum á það fyrir nokkrum dögum í Sþ., að það var ekki hægt að beita fullu öryggi, vegna þess að ekki hafði fengist fjárveiting frá fjárveitingavaldinu, þar sem hv. flm. og frsm. fyrir þessari till. m. a. á sæti. Það var ekki hægt að ná fjárveitingu fram til að mæta því öryggi, sem nauðsynlegt er á þessum skipum, sem hann mælti sérstaklega fyrir, að þyrfti að kenna unglingum að starfa á.

Við höfum haft aðra till. hér í dag í sambandi við það að gera nokkurs konar flotastöð í Flatey á Skjálfanda, gera þar sjóvinnubúðir. Það er gott, ef þetta verður ekki kallað einhvern tíma í framtíðinni Gulag eyja fangabúðirnar, þegar verður farið að flytja unglinga þangað til þess að vera þar.

Ég hefði álitið samt sem áður, að það mætti sameina þessar tvær till. og koma nokkuð á móti hv. flm., eins og þegar hefur legið fyrir hv. Alþ. árum saman, að við getum verið í sambandi við sjóvinnuna, með fljótandi skólaskip, sem getur farið á milli staða og kennt unglingum, verið 2—3 vikur á hverjum stað. Vera má, að staðar-

sjónarmiðin ráði svo miklu hjá þeim, að það verði endilega að ákveða þá. Ég held, að það þurfi ekki endilega. Verkleg kennsla í sjómennsku, eins og hv. flm. orðaði það, er góðra gjalda verð, og við eigum að styðja hana. En ég held, að við þurfum að skoða málið töluvert betur en fram kemur í tillögu hans.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Varaforði sáðkorns til nota í kalárum, þáltill. (þskj. 381). — Ein umr.

Flm. (Steinþór Gestsson): Herra forseti. Ég hef leyft mér að bera fram ásamt hv. 5. þm. Norðurl. v. till. til þál. um ráðstafanir til að tryggja í landinu varaforða sáðkorns til nota í kalárum. Till. er á þskj. 381 og er svo hljóðandi, með leyfi hæstv. forseta:

„Alþingi ályktar að skora á ríkisstj. að gera nú þegar ráðstafanir til að Innkaupastofnun ríkisins í samráði við sáðvöruinnflytjendur flytji inn og hafi á boðstólum í vor umtalsvert magn af sáðkorni umfram þau venjulegu ársnot, sem grípa mætti til fyrirvaralaust til grænfóðurræktar, ef í gróandanum kæmi fram kal í túnum, sem hugsanlega getur orðið eftir hinn óvenjulanga svellavetur og leitt til fóðurvöntunar, ef ekki er að gert. Við ákvörðun magns og tegunda sáðvaranna skal innflytjandi hafa samráð við Búnaðarfélag Íslands og Rannsóknastofnun landbúnaðarins."

Eins og fram kemur í grg. með till., eru bændur uggandi um grasbrest á komandi vori, þar sem þeir óttast, að hin óvenjumiklu svellalög í byggðum landsins geti leitt af sér kal í túnum og ræktarjörð. Það er öllum vitanlegt, að allt frá byrjun nóv. hefur hitastig verið óvenjulágt, og hefur það haft þau sýnilegu áhrif að hleypa jörðinni í gadd og magna frerann á öllu flatlendi, þ. e. a. s. það hefur skapast hættuástand um fóðuröflun bænda í sumar.

Bændur eru ekki einir um að meta horfurnar viðsjárverðar. Sérfræðingar telja, að af völdum köfnunarkals séu tíðastir kalskaðar hérlendis og að þess megi vænta, að svell muni liggja á túnum lengi fram eftir. Sérfræðingar eru og sammála um, að sú leiðin, sem tiltækilegust sé til að koma í veg fyrir fóðurskort af völdum kalskemmda, sé ræktun grænfóðurs, því að í flestum árum fá einærar grænfóðurjurtir nægan vaxtartíma til góðrar uppskeru, ef sáðkorn er fyrir hendi, þegar fullséð er, hvort um kalskemmdir er að ræða eftir veturinn.

Ekki þarf að óttast það, að grænfóðurræktun fari í handaskolum. Bændur eru orðnir þaulvanir þeirri ræktun og nota hana mjög árlega til þess að auka á fjölbreytni fóðursins, um leið og hún er liður í varanlegri ræktun landsins. Mér skilst, að árið 1971 hafi verið um 3200 ha. undir grænfóðri og um 3500 ha. árið 1972. Nú er talið, að venjuleg túngrös gefi í meðalári um 1750 fóðureiningar af ha. Hins vegar má ætla, að grænfóðurtegundir þær, sem helst kæmi til greina að hagnýta í þessu skyni, gætu gefið af ha.: hafrarnir um 2500 fóðureiningar, byggið um 2000 fóðureiningar og rýgresi álíka uppskeru. Þótt grænfóðurræktunin sé að nokkru mun kostnaðarsamari að því er varðar áburð og útsæði en önnur ræktun, á hún fullan rétt á sér og er raunar, eins og áður sagði, eina leiðin til bjargar, ef túngrösin bregðast.

Dr. Sturla Friðriksson getur þess í blaðaviðtali fyrir nokkrum dögum, að nauðsyn beri til vegna kalhættunnar að útvega varaforða af sáðkorni, þar sem þörfin fyrir það verði oft ekki kunn fyrr en síðla vors, en þá er örðugt að afla sáðvöru og skammur tími til stefnu, uns of seint yrði að sá.

Eins og áður sagði, rækta bændur árlega grænfóður í miklum mæli. Það mun láta nærri, að innflutningur sáðkorns sé í meðalári um 500 tonn. Með hliðsjón af því má áætla, að varabirgðir þær, sem till. þessi tekur til, þyrftu a. m. k. að vera 300—500 tonn. Hér er því um svo mikla birgðaaukningu að ræða, að ekki er hægt að gera þá kröfu til innflytjenda sáðkorns, að þeir festi fé í svo miklu magni. Þar sem hér er um hagsmuna- og öryggismál að ræða, sem má heita sameiginlegt öllum landsmönnum, er eðlilegt, að ríkisvaldið hafi um málið forgöngu og tryggi til þess fjármagn. Ráðlegast virðist vera að fela þeim fyrirtækjum, sem þegar starfa að sáðvöruinnflutningi, framkvæmdina með fyrirgreiðslu ríkisins eða einhverrar ríkisstofnunar að bakhjarli, og er í till. lagt til, að Innkaupastofnun ríkisins verði sá aðili, enda hefur hún að undanförnu notið aðstoðar innflytjenda um útvegun sáðkorns fyrir grænfóðurverksmiðjur ríkisins. Það er rétt að geta þess hér, að till. gerir einnig ráð fyrir því, að við ákvörðun magns og tegunda sáðvaranna skuli innflytjandi hafa samráð við Búnaðarfélag Íslands og Rannsóknastofnun landbúnaðarins.

Á því búnaðarþingi, sem nú er nýlega lokið, lá fyrir erindi frá jarðræktardeild Rannsóknastofnunar landbúnaðarins um innflutning sáðkorns, og var það afgreitt frá þinginu með svofelldri samþykkt, með leyfi hæstv. forseta:

„Vegna þeirrar kalhættu, sem stafar af miklum svellalögum um mestan hluta landsins í vetur, felur Búnaðarþing stjórn Búnaðarfélags Íslands að beita sér fyrir því, að bændum verði tryggt nægilegt fræ af heppilegum grænfóðurtegundum til sáningar á komandi vori, enn fremur, að kannað verði, með hvaða hætti unnt verði að tryggja til frambúðar nægilegar sáðvörur til grænfóðurræktar, sem unnt yrði að nota í kalárum."

Svo sem heyra má, gengur þessi samþykkt Búnaðarþings mjög í sömu átt og sú þáltill., sem hér er til umr. Sú samþykkt tekur sem sagt kröftuglega undir till. okkar hv. 5. þm. Norðurl. v., og er það einmitt það, sem við vissum, að mundi gerast. Svo almennur er óttinn við skaða af völdum hins óvenjulanga svellaveturs. Þótt hina síðustu daga hafi brugðið til betra veðurfars, er engan veginn séð fyrir endann á því enn, hverjar afleiðingarnar af þeim svellalögum verða.

Nú er orðið svo áliðið vetrar, að hið bráðasta þarf að ganga frá pöntunum erlendis á því sáðkorni, sem á að koma til notkunar við ræktun á komandi vori. Afgreiðsla þessarar till. má því ekki dragast úr hömlu og þyrfti að ganga

hraðar í gegnum þingið en gengið hefur til þessa, þar sem liðinn er hartnær mánuður, síðan till. var lögð fram, en er núna fyrst að koma til umr. í Sþ. Hér er að mínum dómi of mikið í húfi, til þess að svo megi lengur ganga. Ég treysti því, að menn komi auga á það nú og málið fái framgang með hliðsjón af því.

Herra forseti. Ég kýs ekki að hafa að sinni fleiri orð um till. þessa, en ég legg til, að umr. um hana verði á einhverju stigi frestað og málinu vísað til hv. atvn. til meðferðar.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Starfsréttindi kennara, þáltill. (þskj. 382). — Ein umr.

Flm. (Halldór Blöndal): Herra forseti. Í till. þessari til þál. á þskj. 382 er lagt til, að Alþingi álykti að skora á ríkisstj. að hlutast til um, að fræðsluyfirvöld haldi námskeið fyrir starfandi kennara á barna- og gagnfræðaskólastigi, sem hafi ekki kennararéttindi. Skal við það miðað, að þeir hafi verið settir um óákveðin tíma eða gegnt fullu starfi í a. m. k. 5 ár, enda mælir viðkomandi skólastjóri og fræðsluráð eða skólanefnd með því. Námskeið þetta skuli vera eitt sumar og haldið tvívegis a. m. k., sumurin 1974 og 1975. Að því loknu skuli viðkomandi kennari hafa full starfsréttindi á því stigi, sem hann kennir við.

Ástæðan til þess, að þessi till. er fram borin, er sú, að eins og ástandið hefur verið í skólamálum, hefur mikið skort á það, að kennarar með full starfsréttindi hafi fengist til þess að kenna við hina ýmsu skóla víðs vegar um landið. Þannig er nú talið t. d., að um 100 skólakennarar á barnaskólastigi hafi ekki full kennararéttindi, og sömu sögu er að segja úr gagnfræðaskólunum, að það er verulegur hópur kennara starfandi þar, sem ekki hefur lokið tilskildum prófum. Réttarstaða þessara kennara er mjög óörugg og nánast þannig í mörgum tilfellum, að kennararnir eru ráðnir frá ári til árs, en verða síðan að víkja, ef um stöðu þeirra sækir maður með full réttindi, jafnvel þótt þannig standi á, að nokkurn veginn megi segja með fullri vissu, að viðkomandi kennari muni ekki dveljast til langframa á þeim stað, sem um ræðir. Margir þessara réttindalausu kennara hafa rækt störf sín með mikilli prýði um árabil og beinlínis bjargað því, að unnt hefur verið að halda uppi skólastarfi. Þetta fólk hefur lagt mikið á sig í sjálfsnámi og að auki öðlast gegnum langt starf mikla reynslu og þekkingu, sem er áreiðanlega virði þó nokkurrar skólagöngu. Á hinn bóginn hlýtur það að vera skylda ríkisvaldsins að kosta nokkru til þess, að þeir menn, sem við kennslu fást, hafi nauðsynlega undirbúningskunnáttu og fræðslu, og sýnist sanngjarnt, bæði gagnvart nemendum og eins gagnvart þessum kennurum, að Alþingi taki af skarið um það, að þetta starfsfólk njóti þess, sem það hefur vel gert á liðnum árum, og efnt verði til sumarnámskeiðs fyrir það. Hér er um fullorðið fólk að ræða, sem mundi nota slíkt námskeið mjög vel og hafa mikið gagn af því. Þetta fólk mundi leggja sig fram um að geta notið alls þess, sem þar fer fram, og áreiðanlegt er, að það yrði auðvelt fræðsluyfirvöldum að leiðbeina þessu fólki um það, hvernig það gæti undirbúið sig, áður en námskeiðin hæfust, þannig að fólkið væri með á nótunum um það, sem þar væri að fara fram.

Að mínu áliti er það ekki sæmandi af ríkisvaldinu að nota starfskrafta þessa fólks, á meðan ríkisvaldið þarf á því að halda, en síðar meir, þegar fólkið er farið að reskjast, þá eigi kannske að kasta því út á kaldan klakann og láta það taka upp aðra atvinnu, sem það hefur ekki gegnt. Þá er önnur alvarleg hlið á þessu máli, og það er sú reynsla, sem orðið hefur af Kennaraháskólanum, síðan hann tók til starfa, með 7 ára nám að loknu landsprófi. Eins og Kennaraskólinn var áður, útskrifuðust þaðan um 200 kennaraefni á hverju ári og nægði þó ekki til þess að fullnægja eftirspurninni. Nú eru horfur á því, að fullærðir kennarar verði árlega frá 12 og upp í 20 á næstu árum, og þarf ekki mörgum orðum að fara um það, hvert stefnir í þessum efnum, að við erum síður en svo þannig á vegi stödd og það hefur ekki verið staðið þannig að, að við getum búist við fullmenntuðum kennurum í öll þau störf, sem losna, hvað þá að taka við störfum af þeim kennurum, sem vel hafa reynst á undanförnum árum.

Ég vil í þessu sambandi geta þess, sem vel er gert. Nú er starfandi á vegum fræðsluyfirvalda og undir umsjón Kennaraháskólans kennaranámskeið, bréfaskóli, fyrir réttindalausa kennarar eiga erfitt um vik að nýta bréfaskólvissum skilyrðum. Ætlunin er, að námskeiðið haldi áfram næsta sumar og verði þá um tveggja mánaða skeið. Hefur komið í ljós, að ýmsir kennarar eiga erfitt u mvik að nýta bréfaskólann sem skyldi, m. a. vegna þess, að kennarar hafa ekki getað dregið úr kennslu eins og þeir hefðu kosið vegna brýnnar þarfar við þær kennslustofnanir, þar sem þeir starfa, þannig að það hefur sýnt sig, að þetta fyrirkomulag hefur ekki reynst jafnvel og vonir stóðu til, þótt að sjálfsögðu sé það rétt, að sumir kennaranna hafa getað staðið við að leysa þau verkefni, sem þeim hafa verið send. Ég álít, að reynslan af þessu námskeiði sýni okkur, að við eigum að stefna að því að reyna að hafa námskeiðin lengri að sumrinu til og búa þannig um, að úr þessu verði samfellt nám, sem hægt sé að ganga að eins og hverri annarri vinnu, en ekki eins og verið hefur, að slíta kennarana frá kennslunni með bréfaskóla, þó að það sé, eins og ég sagði, miklu betra en ekkert slíkt væri.

Ég vil taka það skýrt fram, að tilgangurinn með þessum tillöguflutningi er ekki sá að gera lítið úr því, að kennarar komi vel menntaðir til starfa. Það, sem hér er verið að leggja til, er að kennurum, sem ekki hafa kennararéttindi, en eru þó starfandi kennarar og hafa verið um margra ára skeið, takist að fá kennararéttindi, enda hafi þeir áður setið kennaranámskeið, lokið tilskildum prófum og fræðsluyfirvöld, annaðhvort skólanefnd eða fræðsluráð auk skólastjóra, mæli með því, að þessir kennarar fái heimild til að sitja kennaranámskeiðið. Það er rétt, að það hefur verið á undanförnum árum nokkur hópur af fólki, sem hefur farið úr einum skólanum í annan og ekki festst í sessi, og hér er ekki lagt

til, að það fólk fái að sitja þessi námskeið. Hér er miðað við það, að viðkomandi hafi kennt, eins og ég sagði, 5 ár í fullu starfi eða verið settur um óákveðinn tíma. Það á að vera nægileg trygging fyrir því, að einungis hæfir kennarar sæki viðkomandi námskeið og fái skipun í stöður sínar eftir þau.

Ég vil að lokum aðeins segja það, að það hefur lengi verið baráttumál t. d. Landssambands framhaldsskólakennara að fá botn í kennaramálin, eins og þau eru, og ég álít, að til þess að hægt sé að setja fyllstu kröfur um starfsréttindi kennara, eins og komið hefur til tals, sé nauðsynlegt, að þessi undirbúningur hafi áður farið fram.

Ég vil svo að lokum aðeins lýsa þeirri skoðun minni, að ég álít, að það geti ekki komið til greina, að menn, sem gegna sömu störfum svo að árum skiptir, séu flokkaðir í mismunandi launaflokka eftir þeirri menntun, sem þeir hafa upphaflega hlotið. Ég álít, að við eigum að stefna að því, að menn, sem gegna sömu störfum, fólk, sem er látið gegna sömu stöðum og er þar af leiðandi frá sjónarmiði ríkisvaldsins hæft til að gegna þeim, eigi að bera jafnmikið úr býtum.

Ég legg svo til, að umr. um þessa þáltill. verði frestað og henni vísað til allshn.

Helgi F. Seljan: Herra forseti. Það mál, sem hér er til umr., starfsréttindi kennara, kemur inn á mál, sem hefur verið mikið vandamál, sérstaklega úti á landsbyggðinni. Má kannske segja, að fyrst og fremst hefði þurft að hugsa um það á umliðnum árum að knýja á um raunhæfar úrbætur, til þess að landsbyggðin nyti sem bestra starfskrafta í kennarastétt, að það þyrfti fyrst og fremst að fá hæfa réttindamenn til starfa, og vissulega hefur orðið á þessu nokkur breyting til bóta nú síðustu árin. Sannleikurinn er, að hið mikla offjölgunarvandamál, sem varð í Kennaraskólanum fyrir nokkrum árum, varð til þess, þótt slæmt væri fyrir skólastofnunina sem slíka, að fleiri kennarar fengust til starfa, fleira fólk fékkst út á landsbyggðina til þess að kenna. Ástandið í þessum málum, eins og vitnað er í þarna og hv. flm. minnti á áðan, er að vissu leyti ekki gott, en það var þó fyrir t. d. 3 árum líklega nær þrisvar sinnum verra en það er þó nú. A. m. k. var það þannig á Austurlandi, að ég hygg, að þá hafi verið þar fjórum sinnum fleiri réttindalausir kennarar en eru þó þar í dag. Þar hefur orðið sú breyting á til batnaðar.

Ég verð að taka fyllilega undir það með hv. flm., að ég óttast mjög, að nýtt fyrirkomulag kennaramenntunarinnar, þ. e. a. s. það, að kennaranámið hefur verið lengt svo mjög og fært á annað stig, dragi úr aðsókn nemenda í þetta starf, og ég held, að þar verði einmitt sú raunin á, að landsbyggðin verði þar harðast úti, þegar fram í sækir. Ég skal játa það hér, að á sínum tíma, þegar þetta mál kom til umr. á kennaraþingi, vorum við aðeins þrír Austfirðingar, sem þar greiddum atkvæði á móti þessari breytingu og vorum vissulega kallaðir miklir afturhaldsmenn fyrir bragðið, að vilja ekki þessa auknu menntun kennarastéttarinnanr, sem ein gæti orðið til þess að bæta launakjör kennara. Það voru þá ein helstu rök þeirra manna, sem stóðu fyrir þessari breytingu, að það yrði miklu léttari leikur fyrir kennarastéttina að sækja sinn rétt í launamálunum á eftir.

En ég skammast mín nú út af fyrir sig ekkert fyrir að hafa gert þetta og hafa allan tímann verið heldur tortrygginn á þessa breytingu yfir í Kennaraháskóla. Ég tel, að það hafi þurft að gera umtalsverðar breytingar á kennaranáminu, en það hefði mátt gera með öðrum hætti en hefur verið gert og raunin hefur nú á orðið.

Ég ræði þetta mál eingöngu hvað barnastigið snertir. Það hefur verið meira á reiki um réttindi á gagnfræðaskólastiginu. Eins og hv. flm. benti á, hefur Landssamband framhaldsskólakennara haft af þessu máli í sínum röðum alveg sérstakar áhyggjur og það skiljanlega. Ég hef lengi haft þetta vandamál í huga, og ástæðurnar eru mjög augljósar. Þær eru úr mínu eigin starfi. Ég hef t. d. haft ágæta kennanra ólærða til þess starfs, og ég nefni það aðeins sem dæmi um það, hvað slíkur maður, sem er búinn að fá góða starfsreynslu og er að öðru leyti vel hæfur maður til starfs síns, getur í raun og veru verið góður starfskraftur, að þessi kennari hjá mér, hann t. d. einn, reyndist vera fær um það og vildi taka það að sér að gegna skólastjórastörfum í forföllum, þegar skólastjórinn veiktist, og voru þó 3 réttindamenn við skólann, sem hvorki treystu sér til þess né fólk út af fyrir sig treysti almennilega til þess að taka þetta verk að sér. Þetta starf leysti hann svo með miklum sóma, og er það út af fyrir sig engin sönnun eða afsönnun í sambandi við gildi þess arna, en kemur þó inn á þetta mál. Sá maður, sem hér um ræðir, er horfinn úr því starfi einmitt vegna þess öryggisleysis, sem hann varð við að búa, eftir að hafa verið í því í 12 ár, samfleytt, hann hreinlega gafst upp, og á mínum heimastað er hans sárt saknað úr starfi, bæði af nemendum og eins af foreldrum.

Ég játa það fullkomlega, að þetta er mjög erfitt og viðkvæmt mál fyrir mína stétt. Mín stétt, stétt barnakennara, hefur verið afar andvíg öllum tilslökunum, og ég verð að líta á það sem eðlilegt og sjálfsagt að mörgu leyti. Hver stétt heldur fast á réttindum sínum og vill, að þau séu metin, og vill ekki láta aðra komast þar upp með neitt múður. Og ég skil menn mætavel, þegar þeir segja, að úr því að þurfi aukalega 4 ára nám, eins og hefur verið hingað til, til að öðlast kennararéttindi, þá sé nokkuð hart aðgöngu og hæpið, að réttindi fáist út á starf, þó að það sé unnið í nokkur ár, jafnvel með sóma, þar sem um ekkert lágmarksnám sé að ræða. Ég skil sem sagt afstöðu stéttar minnar mjög vel, þó að ég hafi þar lent upp á kant við ýmsa starfsbræður mína, einfaldlega af því að ég þekki svo vel til hinnar hliðar málsins og hún er ekki síður mannleg en hin stéttarlega hlið, sem ég minntist á áðan.

Kennaraskorturinn úti á landsbyggðinni hefur verið svo geigvænlegur, að oft hefur verið gripið til þess ráðs að fá aðila, sem menn hafa treyst, á heimastaðnum til að hlaupa undir bagga, oft ár eftir ár, án nokkurs atvinnuöryggis. Og það hefur komið fyrir æ ofan í æ í þessum tilfellum, að kennaralærður maður hefur getað vikið til hliðar slíkum aðila, t. d. aðeins eitt ár, — maður, sem aðeins hefur verið að kanna aðstæðurnar

á staðnum, aðeins verið að afla sér peninga til þess að halda áfram námi eða eitthvað því um líkt, og síðan hefur skólanefndin á staðnum orðið að ganga til þess réttindalausa manns, sem áður hafði verið í starfinu, árið eftir til að biðja hann um að koma í starfið að nýju.

Þetta fólk hefur sannarlega miklu bjargað. Ég hef alltaf litið svo á, að eftir vissan starfstíma ætti þetta fólk að fá einhverja umbun, það ætti á einhvern hátt að létta því möguleikana til að ná þessum réttindum. Menn hafa séð ýmsar leiðir til að flýta þessu og öðlast réttindi. Sumir hafa t. d. tekið það ráð, ef þeir hafa verið svolítið liprir í líkamanum, að þeir hafa farið í Íþróttakennaraskólann og lokið þar námi, fengið þar sín íþróttakennararéttindi eftir eitt ár. Það gerðu menn, að ég veit, á tímabili. Sumir, sem hafa verið mjög liprir til handanna, hafa farið í handavinnudeild Kennaraskólans, sem hefur ekki verið nema 2 ár, og sloppið þannig við að þurfa á þessu 4 ára *námi að halda*. Með því móti hafa þeir getað náð réttindum, að vísu takmörkuðum við þessar greinar, en víðast hvar hefur raunin orðið sú, að þessir menn hafa verið ráðnir í stöðurnar og skipaðir hreinlega í þær á eftir.

Ég sem sagt get lýst yfir hvað meginefni þessarar till. snertir fylgi mínu við hana. Ég tel, að námskeið sé nauðsynlegt, það sé í raun og veru lágmarkskrafa. Hvernig því eigi að vera háttað, hef ég nú ekki almennilega gert upp við mig, hvort það eigi að vera jafnvel meira en hér er fram á farið. Það er kannske fulllítið að vera með aðeins eitt námskeið, og ég held, að þar megi við bæta, að það megi auka þetta nám. Alveg sérstaklega verður að gera þær kröfur til þess fólks, sem er í þessu starfi, að það sæki vel þau námskeið, sem fræðsluyfirvöld efna til, þar sem verið er að kynna nýjungar. Það verður að fylgja þessu í raun og veru. En hingað til hefur þetta fólk yfirleitt gert það af þeirri einföldu ástæðu, að það hefur ekki séð neinn tilgang í því að auka þannig við þekkingu sína án þess að eiga nokkurt atvinnuöryggi. Margir hafa þó þrátt fyrir allt gert það. Ég álít, að meðmæli skólanefndar séu þarna sjálfsögð. Þeir eiga einir að njóta hér góðs af, sem hafa staðið sig í sínu starfi. Það er svo aftur annað mál, að kennarar eru misjafnir, og mætti sjálfsagt á hinn bóginn einnig benda á ýmsa, sem hafa sín fullu réttindi og fín próf, en ættu aldrei að hafa nálægt kennarastólnum komið. En það er annað mál, sem ekki er hér til umræðu. Hitt er rétt, að ég álít, að meðmæli skólanefndarinnar hljóti að vera sjálfsögð.

Það er eitt aðeins, sem ég vildi gera athugasemd við. Það er síðasta málsgrein, þar sem stendur: „Að því loknu skal viðkomandi kennari hafa full starfsréttindi á því stigi, sem hann kennir við.“ Hjá mér vaknar sú spurning, hvort þessi síðasta málsgr. sé ekki of sterk, hvort réttindin eigi ekki að vera staðbundin, bundin við þann skóla, sem kennarinn hefur kennt við, og þá á ég við barnastigið. Þessu háttar öðruvísi til á gagnfræðastiginu. Ég held t. d., að það sé tvímælalaust aðalatriðið hvað snertir fólkið sjálft, þetta fólk, sem hefur verið að starfa í þessu réttindalaust. Ég held, að nær allir, sem ég þekki til og hafa starfað réttindalausir í þessu starfi um nokkurra ára skeið, mundu telja sínu málu fullborgið með því að hafa réttindi til kennslu á þeim stað, þar sem þeir hafa reynst vel, þeim hefur gengið vel að kenna, og þetta væri ekki fullnægjandi hvað þá snertir. Örlítið vafasamt er einnig, vafasamur greiði við þá jafnvel að fara að gera þetta að fullum starfsréttindum. Þar kann þó annað að vera til staðar á gagnfræðastiginu, en um það stig ræði ég hreinlega ekki, það er allt annars eðlis.

Ég vil sem sagt, að þessi till. fái jákvæða skoðun, og þrátt fyrir það að menn ættu kannske að vera stéttvísir og halda fast á rétti sinnar stéttar, sé ég þá hlið málsins, sem vakir fyrir flm. og hlýtur að verða að athuga með tilliti til þess mikla starfs, sem þetta fólk hefur unnið til þessa, ég vil segja björgunarstarfs, sem það hefur víða unnið í skólum landsins.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Kaup á jarðbor, þáltill. (þskj. 383). — Ein umr.

Flm. (Halldór Blöndal): Herra forseti. Ég get verið stuttorður um þessa till. Efni hennar er það, að þegar í stað verði gerðar ráðstafanir til þess, að keyptur verði jarðbor, sem geti borað niður í allt að 2 km dýpi, enda henti hann til borunar við Kröflu.

Ástæðan fyrir því, að þessi till. er borin fram, er sú, að hér á landi er aðeins einn jarðbor, oft nefndur gufubor, sem er nægilega stór, til þess að hægt sé að nota hann við þær boranir, sem nauðsynlegar eru við Kröflu og fram eiga að fara á næsta sumri, sumarið 1975 og sumarið 1976, að því er mér hefur verið tjáð. Gufuborinn, þessi eini bor nægilega stór hér á landi, mun verða algerlega upptekinn allt næsta ár við verkefni hér á Suðvesturlandi vegna hitaveitaframkvæmda og borana fyrir Reykjavíkursvæðið. Verður því ekki hægt að nota þann bor nyrðra á sumrinu 1975. Á hinn bóginn er orkuskorturinn á Norðurlandi svo mikill, að það þolir enga bið að reisa gufuvirkjun á háhitasvæðinu við Kröflu.

Mér er ekki kunnugt um, að af opinberri hálfu hafi verið haft neitt frumkvæði að því að kaupa hentugan jarðbor til landsins, þó að fyrirsjáanlegt sé, að nú nálgumst við kúf af verkefnum næstu 3—4 árin vegna orkuskortsins í heiminum. Það er rétt, að bor af þessu tagi er nokkuð dýr, hann kostar kannske 150 eða 200 millj. kr. Það er þó ekki meira en svo sem einn skuttogari. Þeir eru nú farnir að skipta tugum hér á landi, þó að afraksturinn af hverjum þeirra fyrir sig verði ekki sambærilegur við þennan bor, ef vel tekst til. Ég álít, að það sé kominn tími til þess að taka af skarið um þetta. Mér hefur fundist, að sá sofandaháttur, sem verið hefur um rannsóknirnar í Kröflu á undanförnum árum og eins nú við afgreiðslu fjárlaga, beri með sér, að það sé ekki raunverulegur áhugi fyrir hendi hjá yfirvöldum, að þessar boranir fari fram, og ég óttast mjög, að því verði borið við á næsta ári að af tæknilegum ástæðum verði

ekki hægt að gera þær boranir við Kröflu, sem lofað hefur verið. Ég fæ ekki skilið, að tómlæti hæstv. iðnrh. í þessum efnum geti átt sér aðrar orsakir.

Ég þarf ekki að taka fram, að hjá umbjóðendum mínum á Norðurlandi er mikill áhugi á þessu máli. Menn óttast mjög, hvað við tekur fyrir norðan. En eins og ástandið er núna og oft hefur verið rætt um hér á hinu háa Alþingi, er nú komið svo, að menn fá ekki rafmagn til húsahitunar á Norðurlandi, nokkrum mánuðum eftir að ný virkjun hefur tekið til starfa, og ekki hefur heyrst frá hinu opinbera ein einasta rödd um það, hvernig staðið skuli að þeim málum né heldur hvernig unnt verði að útvega iðnaðinum á Norðurlandi þá raforku, sem nauðsynleg er.

Af verkefnum fyrir bor af þessu tagi má benda auk Kröflu á boranir á Þeistareykjasvæðinu og auk þess boranir í sambandi við væntanlega sjóefnaverksmiðju. Þá má einnig líta svo á, að hér sé einungis um endurnýjun á verkfærum að ræða. Gufuborinn er kominn til ára sinna og eðlilegt og tími kominn til þess að endurnýja hann.

Loks vil ég svo geta þess, að áhugi hefur vaknað fyrir því hér sunnanlands að framleiða rafmagn með gufuafli, eins og rætt er um í Kröflu, og skapar það að sjálfsögðu aukin verkefni fyrir slíkan bor. Mér skilst, að það geti einnig komið til álita, að fá bor af þessu tagi leigðan erlendis frá. Það mun þó vera dýrara, þegar á dæmið er litið í heild, heldur en beinlínis að kaupa borinn nú, þar sem leigan er mjög há. Hins vegar ætti að vera auðvelt að selja borinn, ef ekki er þörf fyrir hann.

Ég legg til, herra forseti, að till. verði vísað til fjvn.

Alexander Solzhenitsyn verði boðin búseta á Íslandi, þáltill. (þskj. 385). — Ein umr.

Flm. (Pétur Sigurðsson): Herra forseti. Ég hef lengi velt því fyrir mér og þá frá sjónarmiði þess, sem bæði þekkir til og hefur kynnst slíkum hlutum, hvað það sé, sem valdi því, að einstaklingur og stundum lítill hópur manna gengur svo fram, þegar hætta steðjar að öðrum en þeim sjálfum, að þeir setja eigið líf í bráða hættu, stundum svo, að fram undan virðist opinn dauðinn og ekkert fái bjargað nema yfirnáttúrlegir líkams- og sálarkraftar, auk þess sem einskærar tilviljanir virðast í mörgum tilfellum ráða, hvort um líf eða dauða sé að tefla. Engin þjóð á betur að vita um slíka reynslu en einmitt Íslendingar. Barátta okkar Íslendinga við þau náttúruöfl, sem er barist við á hafinu af sjómönnum og á landi af fólki, sem býr t. d. á hinum erfiðu stöðum, sem búið er á hér á landi, — þessi barátta er tíðari og það er öflugri mótstaða, sem þetta fólk fær, heldur en gerist t. d. hjá okkar nágrannaþjóðum. Ég hef sérstaklega dregið fram þetta atriði á sjó, en auðvitað, eins og ég hef þegar tekið fram, þekkjum við þetta líka á landi. En sú spurning hlýtur að koma upp: Hvað veldur þessu? Hvað veldur þessum viðbrögðum þessara manna? Er þetta heimska eða hugrekki? Og þá mætti þá kannske segja til viðbótar: Hvað er þetta hugrekki? Er þetta vit eða vitfirring? Er þetta vinátta við þá, sem í hættunni og erfiðleikunum standa, eða er það einhver innibyrgður vilji til sjálfstortímingar?

Allar þessar spurningar og hundruð annarra kom upp, þegar mál Alexanders Solzhenitsyns er rætt. Það veit ég, að allir aðrir rithöfundar taka undir, að það lýsir miklu hugrekki, að einstaklingur í Sovétríkjunum, sem sjálfur hefur reynt þrælavinnubúðafyrirkomulagið þar í ríki á annan áratug, skuli hafa hug og þrek til að berjast fyrir þeirri frjálsu hugsun og frelsi einstaklingsins, sem hann hefur gert, að þessi maður skyldi voga sér, eftir það sem undan var gengið, með þrjú kornung börn sín á framfæri og fósturson, að ráðast einn með að vísu samhjálp nokkurra mikilmenna andans — gegn ómanneskjulegu þjóðskipulagi, sem annar Nóbelsverðlaunahöfundur, Halldór Kiljan Laxness, hefur lýst að væri fasismi, og að þessi sami maður skyldi verða sigurvegari í okkar augum, sem stöndum fjær. Þetta er meira en hugrekki í mínum augum. Þetta er meira en hugrekki þess, sem fer á stað með þetta. Þetta er það, sem ég tel hreysti þess, sem sigrar. Og ég held, að Alexander Solzhenitsyn hafi sigrað í sinni baráttu. Auðvitað vita allir, að þessi heimsfrægi rithöfundur harmar þau örlög, sem honum voru búin með dómi þess eina réttar, þess einræðisfyrirkomulags, sem ræður í Sovétríkjunum. Með þessum dómi, sem orsakar hans brottflutning, er hann sviptur tengslum við sína eigin þjóð, við vini sína og fósturjörð og máske einnig við fjölskyldu sína, — við vitum ekki um það enn þá. Þau örlög þessa manns, sem auðvitað verður ekki talinn annað en einn með mestu andans mönnum á þessari öld, og höfum við þó marga slíka til viðmiðunar, m. a. hér á Íslandi, sem hafa boðið sig fram sem slíka, — þau örlög hljóta auðvitað að beina hug okkar Íslendinga að örlögum forfeðra okkar, sem gengu þessum sömu örlögum á vald, m. a. vegna þess, sem hefur verið orðað sem hugrekki, — eða örlagavaldur, eins og einhver góður maður orðaði það einu sinni, — en kannske þvert gegn staðreyndum bæði náttúruafla og þess, sem varð séð fyrir, að mundi valda þeirra dauða, eða þá því, sem ég vitnaði til fyrst í máli mínu, að þeir fórnuðu sjálfum sér og máske öðrum til bjargar þeim, sem verr voru á vegi staddir.

Nú er ég einn af þeim, sem hafa marglýst því yfir, og ég hef marglýst yfir, bæði erlendis og hér heima, að ég hef enga trú á því, að það fólk, að íbúar Sovétríkjanna sjálfra, sem ég hef — guði sé lof — mörgum kynnst og að öllu góðu, — að þetta fólk hafi á nokkurn hátt, hvorki með því að sýna það í framkomu né að það hafi það í hugsun, að það vilji heyja styrjöld við einhverja nágranna sína eða fjarlæga þjóðir og allra síst kannske hin kapítalísku ríki, þótt sumir haldi, að svo sé. Ég held, að þetta sé alrangt. Ég átti kost á því fyrir mörgum árum, rétt eftir síðustu heimsstyrjöld, að kynnast nokkuð alþýðumönnum í Rússlandi, og þau kynni voru mér ákaflega geðþekk. Ég átti kost á því á s. l. sumri að kynnast enn fleiri úr þeirri stétt, og þau kynni voru enn geðþekk-

ari í mínum huga. Og ekkert er mér fjarlægara en halda, að þetta fólk óski eftir því að standa í einhverjum styrjöldum eða öðru slíku gagnvart nágrönnum sínum eða öðrum, sem í okkar heimi eru. M. a. dreg ég það af því, þegar ég kom í hinn fræga kirkjugarð í Leningrad, þar sem grafin eru lík milljón manna, sem stóðu í því að verja Leningrad á sínum tíma gegn árás nasista, og þegar við áttum þess kost, þeir sem þá voru þar á ferð, að kynnast því og sjá það, sem ég hafði reyndar séð nokkuð mörgum árum áður, að sjá það fólk, sem enn þá mundi þær hörmungar, sem dundu yfir þeirra borg og land. Auðvitað dettur engum það í hug, að þetta geti komið til vegna óska þessa fólks. Ég held, að það sé enginn maður svo vitlaus að halda það.

Það er hins vegar skipulagið hjá þessari þjóð, það er þjóðskipulagið, það er einræðið, það er kúgun hugans, það er kúgun skoðana, það er það, sem við kannske hræðumst mest hér á Vesturlöndum, sem viljum og höfum reynt að halda okkar frelsi, m. a. gegn því, sem við sáum fyrir í stríðslok og sjáum enn fyrir, með því að ganga í varnarbandalag með öðrum þjóðum. Og hvernig eigum við að geta gert annað, þegar við höfum það fyrir framan okkur einn af þekktustu og virtustu höfundum heimsins í dag, Nóbelsverðlaunahöfundinn Alexander Solzhenitsyn, sem m. a. hefur ásamt Morgunblaðinu á Íslandi upplýst það, að þetta þjóðskipulag í Sovétríkjunum stendur á þeim merg, að það þurfi vinnubúðaþræla til þess að standa undir hagvexti þar? Ég leyfi mér að spyrja þá, sem vilja gylla þetta þjóðskipulag: Er þetta það, sem koma skal? Eða eru einhverjir rithöfundar á Íslandi, sem máske vilja taka upp slíkt þjóðskipulag til þess að koma verkum sínum á framfæri og þá kannske að aðrir, sem verr eru settir, séu fluttir úr landi, að þeir séu kannske settir með valdi upp í Loftleiðaflugvél og þeir séu settir út einhvers staðar á viðkomustað og sagt: Hér skalt þú vera. Þú ert sviptur ekki aðeins landsréttindum, sviptur vinnuréttindum, þú ert sviptur öllum réttindum? — Enga trú hef ég á því, að nokkur Íslendingur vilji þetta. Hitt er annað mál, að við verðum að hafa það í huga, að sú þróun, sem hefur átt sér stað í þessu stóra ríki, sem við skulum ekki segja annað hér á Íslandi heldur en hafi verið okkur vinveitt í sambandi við viðskipti, þótt mörgum þyki kannske nokkuð hallað undir flatt upp á síðkastið, m. a. máske vegna þeirra undirskrifta, sem hafa átt sér stað hér á Íslandi, þar sem er mótmælt brottför varnarliðsins, sem ég tel þó að þeim ágætu mönnum komi ekkert við frekar en öðrum, þetta er innanríkismál okkar. En það hafa hins vegar ýmsir aðilar tekið þar til máls og komið að máli við okkar ráðamenn og sagt: Þið eigið að gera öðruvísi, — vegna þess að þeir kannske töldu, að við Íslendingar ættum að haga okkur og hugsa öðruvísi en við höfum gert.

Staðreyndin hlýtur að vera ljós fyrir þá, sem horfa á úr fjarska. Hún er sú, að það er hvorki einstaklingurinn né Nóbelsverðlaunahöfundurinn, sem hugsað er um, þegar hann er tekinn úr samstöðu við sína þjóð og fluttur úr landi. Hins vegar er verið að reyna að breiða yfir það, að hann hefur upplýst öllum öðrum frekar um þá staðreynd, að þrælabúðalíf viðgengst enn þá í Sovétríkjunum og allt það, sem sagt hefur verið um þá ömurlegu staðreynd á undanförnum áratugum, er satt og rétt.

Auðvitað er öllum kunnugt, hver örlög hafa verið búin Alexander Solzhenitsyn nú á síðustu dögum, — örlög, sem stjórnarfar og ráðamenn Ráðstjórnarríkjanna hafa búið honum og fjölskyldu hans, sem er kannske hvað ömurlegast. En ég held, að hinu verði ekki á móti mælt, að baráttuþrek þessa einstaklings hafi vakið óskipta athygli og aðdáun. Hann hefur af óbilandi kjarki barist gegn misbeitingu þess, sem við köllum lögregluvald, — og við köllum það misbeitingu lögregluvalds, hvar í heimi sem það er, hvort sem það var austan haft eða vestan, — fangabúðaþrælkun, sem við heyrum ekki sögur um nema að austan. En hann hefur líka barist fyrir rit- og skoðanafrelsi. Hann hefur barist gegn stjórnarháttum, sem eru á móti þessu hvoru tveggja og hann hefur barist á móti þeim stjórnarháttum, sem hafa látið í sér heyra öðru hvoru á undanförnum áratugum, t. d. með atburðunum í Eystrasaltsríkjunum, þegar þau voru bundin í ánauð, með vopnuðu ofbeldi gegn verkamönnum bæði í Póllandi og Austur-Þýskalandi, með blóðinu í Ungverjalandi og með vopnaðri innrás í Tékkóslóvakíu og nú með þessari tilraun til að drepa Alexander Solzhenitsyn bæði andlega og út á við, ef ég mætti orða það svo í mjög veikum orðum.

Við Íslendingar eigum einn rússneskan fósturson. Það er maður, sem er heimsfrægur vegna sinna lista. Hann hefur stundum verið kallaður tengdasonur Íslands, giftur íslenskri listakonu með íslenskan ríkisborgararétt samkvæmt ákvörðun Alþingis Íslendinga, börn sín íslensk, og með þá heitustu ósk hans sjálfs, að faðir hans aldraður fái að koma í heimsókn til Íslands, þess föðurlands, sem hann hefur valið sér, eftir að hann slapp úr fangelsinu stóra, m. a. til að sýna afa barnanna sinna, hver þau væru, hvernig þau litu út. Þessi maður hefur ekki fengið fararleyfi, jafnvel þó að tengdasonur Íslands eigi í hlut. Hins vegar hefur þessi maður okkar íslensku þjóðar sagt það, og hann hefur sagt það við opinbera fjölmiðla, að það væri stærsti vináttuvottur, sem hægt væri að gera við þetta mesta andans stórmenni í dag, Alexander Solzhenitsyn, að við byðum honum það, sem við leggjum hér til með okkar till. Vegna hvers? Jú, hann kann hvergi við sig í fjölmenni. Hann vill vera á norðlægum slóðum. Hann vill vera í fámenni. Hann vill vinna að sínum ritstörfum. Og það væri verulegur bústaður fyrir hann að vera móti gamla kommúnistanum, — gamla sósialistanum vildi ég nú frekar kalla það og leiðrétti mín orð hér með, — Halldóri Kiljan Laxness uppi í Mosfellssveit, og mætti íslensk þjóð einhvern tíma búa við þá staðreynd, að þessir tveir Nóbelsverðlaunahafar byggju þar.

Ég minntist á það og hef heyrt getið um það, að Valdimír Ashkenazy, sá hinn heimsfrægi listamaður, hafi sagt þessi orð, sem ég vitnaði til. Og ég vil líka undirstrika þau orð hans, að það væri sérstakur vináttuvottur við alla þá, sem stæðu í baráttunni við þetta ómanneskjulega

vald, sem m. a. við Íslendingar eigum að vera hreyknir af að berjast gegn, — þetta ómanneskjulega vald stjórnunarmanneskjunnar, sem við, sem höfum flutt þessa till., viljum m. a. taka undir, að við séum á móti, með því að óska eftir því, að Alþingi Íslendinga samþykki till.

Ég held, að það væri tímabært að láta skrá hér í þingsögu Íslendinga, hvað þessi tengdasonur Íslands hefur sagt á alþjóðavettvangi, og því leyfi ég mér, herra forseti, að vitna nokkuð til orða hans, auk þessara orða, sem ég hef þegar haft um, að það væri stærsti vináttuvottur, sem hægt væri að sýna Alexander Solzhenitsyn nokkru sinni, ef eitt þjóðþing samþykkti, að honum væri það boðið, sem við leggjum nú til. Hann segir m. a. í viðtali, sem hann átti við eitt af dagblöðunum hér í Reykjavík, og ég vænti, að enginn fari að gagnrýna það, að rétt sé með farið, þótt ég kannske geti búist við, að svo verði síðar meir, — en með leyfi forseta, segir Vladimir Ashkenazy á þessa leið:

„Fyrstu viðbrögðin við síðustu atburðum varðandi Alexander Solzhenitsyn eru þau, að brottvísun hans úr landi sé hápunkturinn í baráttu flokksins gegn sérhverri tilraun fámenns hóps hugrakkra Rússa til að segja sannleikann og dreifa sönnum upplýsingum. Hjá því verður ekki komist að álíta enn á ný, að í þessum aðgerðum felist enn ein hreinskilin viðurkenning á öryggisskorti af hálfu ríkjandi einræðisstjórnar. Eina leiðin til að viðhalda óbreyttu ástandi er að varpa rýrð á virðingu og verk Solzhenitsyns, m. ö. o. að lýsa hann lygara, föðurlandssvikara og þar af leiðandi fjandmann þjóðarinnar. Sú leið að láta hann halda áfram starfi sínu, jafnvel undir stöðugum ofsóknum, hafði stöðugt meiri áhættu í för með sér, þar sem áhrif hans jukust svo ört og voru orðin yfirvöldunum sú ögrun, sem krafðist svars. Útilokað er orðið að virða að vettugi ásakanir hans í garð yfirvaldanna, og nú vitum við svar þeirra. Efni og inntak aðgerða sóvéskra yfirvalda er beint til þjóðarinnar, og meining þeirra er: Enginn hefur heimild eða fær heimild til að segja neitt það, sem flokkurinn telur ekki rétt eða ekki viðeigandi. — Afleiðingin, sem beitt var við aðgerðirnar, á að höfða til vestrænna ríkja og segja þeim: Sjáið, hvað við erum mannúðlegir. Við sleppum honum heilum á húfi vestur yfir, og þar getur hann án efa fengið að lifa þægilegu lífi."

Og áfram heldur Vladimir Ashkenazy: „Það er mikils virði að láta ekki blekkjast af þessari mannúð. Þetta er ítarlega íhuguð mannúð og ekkert annað. Helst hefðu yfirvöldin viljað varpa Solzhenitsyn í sitt illræmda fangabúðaútlegðarkerfi. En hann er of þekktur og nýtur óvenjulega öflugs og almenns stuðnings í öðrum hlutum heims. Hugsanlegt píslarvætti hans í fangelsi yrði sóvéskum yfirvöldum of þung byrði að bera. Möguleikar sóvésku stjórnarinnar á að fá vilja sínum framgengt á öryggisráðstefnu Evrópu og varðandi bætta sambúð ríkja yrðu enn minni en þeir hafa verið til þessa. Þess vegna kom fangelsi ekki til greina."

Og áfram heldur Vladimir Ashkenazy, þessi heimsfrægi listamaður, sem í sjálfu sér er flóttamaður frá þessu sama ríki, — hann segir: „Við megum ekki gleyma þeim tugum minna þekktra manna í Sovétríkjunum, sem hafa látið lífið og eru að því í fangelsunum, á geðveikrahælunum fyrir jafnvel enn minni sakir en Solzhenitsyn, heldur minnast þeirra, þegar við dæmum þessar nýjustu aðgerðir stjórnvaldanna."

Ég skal ekki hafa frekari tilvitnanir í þessi ummæli Ashkenazys. Ég vil þó minna á það, að þessi maður hefur m. a. orðað það, sem hefur skeð á þessum vettvangi, sem harmleik. Og þetta er harmleikur, að það skuli geta gerst í hinu mesta vísinda- og að nokkru leyti menningarríki allra þjóða, Sovétríkjunum, að þau skuli geta leyft sér að setja einn af mestu andans mönnum þeirra upp í flugvél og segja: „Þú ferð úr á næsta áfangastað, og þú mátt aldrei koma hingað aftur." Þetta er eitt af því ómanneskjulegra, fyrir utan allt hitt, sem áður hafði skeð, og sem við hér á landi þekkjum í sögu frjálsrar hugsunar, frá því að þeir voru að brenna þá á torgum í Róm og hengja þá á dögum nasistanna og brenna bækur þeirra. Það er auðvitað það, sem komið hefur í dagsins ljós með þennan höfund í Sovétríkjunum, að hann hefur ekki fengið að birta sín ritverk þar, eftir að það fyrsta var birt, heldur hafa þau verið bönnuð, en hins vegar pöntuð bönn bæði á hann sjálfan, fjölskyldu hans og ritverk.

Við Íslendingar höfum fyrir okkur ákveðnar staðreyndir, sem ég hef þegar bent á, sumar og við eigum ekki að gleyma því hér á þjóðþingi Íslendinga, að fólk um alla veröld hefur fylgst með þessari herferð gegn þessum sovéska rithöfundi. Við, sem kunnum slíkt að meta, og allur heimurinn höfum dáðst að einstöku andlegu og reyndar líka líkamlegu þreki þessa manns, sem hefur leyft sér að bjóða stjórnendum annars voldugasta ríkis veraldar byrginn. Og það er auðvitað ekkert gleggra dæmi um einræðisstjórn kommúnimans, en þegar einstaklingur, sem hefur þor til að tjá hugsanir sínar, er lagður undir vald allrar Sovétstjórnarinnar og hún grípur til þess ráðs að svipta hann ríkisborgararétti og reka hann úr landi — og ekki aðeins reka hann úr landi, heldur flytja hann nauðugan úr landi. Það er staðreynd í framhaldi af þessu, að þetta skipulag í Sovétríkjunum, — og ég undirstrika aftur mín fyrri orð um almenning og alþýðu manna, sem þar lifir, — en þetta skipulag gat ekki þolað þennan rithöfund, það gat ekki þolað Alexander Solzhenitsyn, og þeir komust líka að þeirri niðurstöðu, þeir sem þar ráða ríkjum, að hann væri betur geymdur í útlöndum heldur en í þrælabúðunum, sem allir vita, að fylgja þessu þjóðskipulagi, eða í fangelsunum mörgu í Moskvu, sem eru líka til. En staðreyndin er sú, þegar þeir hinir mörgu, sem tala gegn fasisma og fasistisku stjórnarfari, tala sem hæst, þá eru þeir líka að tala gegn þessu sama stjórnarfari, því að þetta er nákvæmlega hið sama. Það er sama fasistíska hugarfarið, sem ræður ríkjum í þessu ríki, þessu þjóðfélagi, og annars staðar í heiminum, sem stundum er vitnað til.

Ég held, að okkur Íslendingum væri gott að hafa það í huga, að það getur verið gott stundum í ríkjum, þaðan sem engar fréttir berast, annaðhvort að skjóta menn eða hengja þá eða

fela þá í fangelsum. En það getur líka verið hættulegt að hafa þá innan sinna vébanda í sínu eigin ríki. Þess vegna var Alexander Solzhenitsyn fluttur úr landi. En við skulum muna, það, og veit ég, að margir á hv. Alþingi Íslands munu muna, að það er erfitt að stinga upp í rithöfunda og ekkert kemst víðar eða meðal fleiri heldur en einmitt það, sem rithöfundur lætur fara frá sér. Við vitum, að ritverk Alexanders Solzhenitsyns verða ekki stöðvuð héðan í frá, boðskapur hans eða upplýsingar hans. Enda var það ekki að ófyrirsynju, þó að sumir vilji meina annað, þegar illa stendur á fyrir þeim, að Svíar veittu honum Nóbelsverðlaunin. Held ég, að allur heimurinn viðurkenni í dag ritverk hans og bókmenntaleg afrek.

Ég ætla ekki að gera lítið úr því, að þessi rithöfundur mun auðvitað valda þáttaskilum í heiminum, og vonandi mun hann gera það innan síns heimalands, þar sem hann bendir m. a. á, að það þjóðskipulag, sem hann átti sjálfur þátt í að byggja upp og byggði upp, var ekki annað en það, sem hann barðist sjálfur á móti í heimsstyrjöldinni síðari, það var sjálfur fasisminn. Það var sú yfirskilvitlega stjórnun fámenns hóps, sem gat haft í höndum sér líf og heilbrigði og alla trú á framtíðina. Það gátu þessir menn haft í höndum sér með því að stjórna eins og þeir stjórnuðu.

Herra forseti. Við flm. segjum í okkar till., orðrétt, með leyfi forseta, að þessi rithöfundur hafi verið fluttur nauðugur frá ættlandi sínu, sviptur þar öllum réttindum. Við segjum enn fremur, að sérhverri lýðfrjálsri þjóð beri skylda til að bjóða honum alla þá aðstoð, sem í té má láta, og fyrir því er þessi till. fram borin, ef Solzhenitsyn vill þiggja boð okkar. Sjálfstæðis- og frelsiskennd hefur ávallt verið aðalsmerki íslensku þjóðarinnar, og við ljúkum þessari greinargerð okkar á þeim orðum, að við bjóðum með einlægum hug þessu stórmenni andans þau réttindi, sem þjóðin á dýrmætust, og það er búseta og þegnréttindi í hinu lýðfrjálsa landi — Íslandi. Við teljum, að þeir, sem vilja tjá sig í orði eða á borði, eigi hvergi betri aðstöðu en á Íslandi. Við eigum eitt andans stórmenni, sem hefur flúið frá þessu sama landi hingað og telur sig sælan að eiga hér aðsetur sem slíkan. Ég skal fúslega viðurkenna, að með þessari till. erum við máske, ef hún verður samþykkt, að firra einhverjar aðrar þjóðir ábyrgð, sem þær eiga ekki síður að bera, þegar slíkur maður lendir á þeim hrakhólum sem hann er í dag, gegn þessu, eins og ég hef áður orðað það, ómanneskjulega þjóðskipulagi. En ég held samt sem áður, að það væri bæði göfugt og gott verk fyrir íslensku þjóðina eða þjóðþing íslensku þjóðarinnar að samþykkja þessa till. Við skulum ekki gleyma því, um leið og við tölum oft frjálslega í ræðum, — ég tala nú ekki um okkar forustumenn á Norðurlandaráðsþingum, og við þekkjum mikið til Norðurlandabókmennta, — að við Íslendingar þekkjum ekki minna til rússneskra bókmennta og máske hafa rússneskar bókmenntir ekki haft minni áhrif á okkar rithöfunda og ritverk okkar Íslendinga en bókmenntir Norðurlandaþjóðanna, og má vera, að sumir þeir, sem hér eru inni, þekki eitthvað til þess.

En áður en ég lýk máli mínu, verður auðvitað að koma að því, sem hlýtur að vera mál málanna líka, og það er sú einstaka staðreynd, að enginn utan einn maður í einu dagblaði þjóðarinnar skuli minnast á það, hafandi í huga, að stór hópur þjóðarinnar yrði æpandi og skrækjandi út af áhrifum, sem kæmu frá sjónvarpi og útvarpi frá Keflavík, að áróður hefur verið leiddur út meðal þjóðarinnar frá erlendri áróðursmiðstöð, rússneskri áróðursmiðstöð, sem m. a. hefur gert það hér á landi að ráðast gegn stærstu þjóð heimsins, Kínverjum, og dreifa meðal Íslendinga áróðri gegn þjóð, sem hefur verið okkur hvað vinsamlegust í okkar landhelgismáli á erlendum vettvangi, meðan sú hin sama þjóð, sem breiðir þetta út, hefur ekki einu sinni látið neitt í té um það að hún muni styðja okkur, en hins vegar allt annað. Einum enskum fréttasnigli var vísað úr landi réttilega á sínum tíma. Hví í ósköpunum tekur ekki íslenska ríkisstj. og þeir, sem nú hafa völd, sig til og vísa þessum mönnum úr landi voru, þegar þeir líka ráðast að þessum manni, sem ég kalla mesta andans stórmenni, sem hefur komið fram á þessari öld, Alexander Solzhenitsyn? Bæði til að mótmæla því, sem kemur fram hjá þessum aðilum, þessari áróðursmiðstöð, og til þess að taka undir það, að við viljum hafa sjálfstæða utanríkisstefnu, þá tel ég, að Alþingi Íslendinga eigi að samþykkja þessa till. okkar þessa ályktun um, að ríkisstj. verði falið að bjóða rússneska rithöfundinum Alexander Solzhenitsyn og fjölskyldu hans búsetu á Íslandi með fullum þegnréttindum.

Svava Jakobsdóttir: Herra forseti. Það er áreiðanlega alveg hárrétt, sem kom fram í ræðu hv. þm. Péturs Sigurðssonar, að okkur Íslendingum er í blóð borið að standa vörð um frelsi andans og frelsi á öllum sviðum. Þess vegna er það mjög undarlegt, að þeim, sem tala máli Solzhenitsyns, virðist illa við, að málið sé rætt á víðtækari grundvelli og að menn reyni að sýna víðsýni varðandi vandamál, sem er stórfellt harmrænt vandamál fyrir rithöfunda hvarvetna í heiminum. Þegar Alþb.-menn hafa fordæmt aðgerðirnar gegnvart Solzhenitsyn, hefur Morgunblaðið ætlað að ærast af geðvonsku, í stað þess að gleðjast yfir því að eiga bandamenn til að standa vörð um þetta frelsi andans, sem þeir bera svo mjög fyrir brjósti. Ég held, að mér sé óhætt að fullyrða, að þetta sé í algjörri andstöðu við þann málflutning, sem alþjóðasamtök rithöfunda nota í sinni baráttu. Á vegum alþjóðasamtaka rithöfunda, Penklúbbsins, er starfandi nefnd, sem berst fyrir hinu frjálsa orði, sem best í þágu rithöfunda, sem fangelsaðir hafa verið hvarvetna um heim, sem berst í þágu fjölskyldna þessara manna, sem hafa hvorki til hnífs né skeiðar langtímum saman. Á vegum þessarar nefndar er starfandi sjóður. Nóbelsverðlaunaskáldið Heinrich Böll gaf 10% af Nóbelsverðlaunum sínum í þennan sjóð með þeim fyrirvara, að þeim skyldi varið til hjálpar þessum rithöfundum, hvar í heimi sem væri, án tafar, vegna þess að þörfin væri svo brýn. Fyrir tæpu ári átti ég þess kost að sitja fund framkvæmdanefndar Penklúbbsins í Stokkhólmi. Í sambandi við þennan

fund voru haldnar hringborðsumræður, sem stóðu í þrjá daga, og var boðið þangað mörgum helstu rithöfundum heims. Þangað hafði boðað komu sína gríska skáldið Yannis Ritsos. Á síðustu stundu sendi hann afboð, vegna þess að hann hafði rökstudda ástæðu til að ætla, að stjórnvöld landsins mundu ekki hleypa sér aftur heim. Á þetta þing átti að koma formaður gríska Penklúbbsins Coutsoheras. Hann gat ekki einu sinni sent afboð, því að fáum dögum fyrir brottförina var honum svo misþyrmt af fasistalögreglunni í Grikklandi, að hann var kominn á spítala, hafði misst sjón á öðru auga, og var hætt við, að hann yrði alveg blindur. Hins vegar kom gríska skáldið Vassili Vassilikos á þingið, vegna þess að hann er útlagi í París. Þar var hann staddur, þegar gríska herforingjastjórnin tók völdin, og var ekki þorandi fyrir hann að snúa aftur heim. Á þetta sama þing hafði boðað komu sína tyrkneska skáldið Yasar Kemal, — ég get upplýst hv. síðasta ræðumann um, að þetta eru allt mjög frægir rithöfundar, — á þetta sama þing hafði boðað komu sína tyrkneska skáldið Yasar Kemal. *Á síðustu stundu sendi hann afboð,* því að kona hans átti yfir höfði sér handtöku fyrir að hafa þýtt nokkrar greinar, sem stjórnvöldum landsins þóttu vinstri sinnaðar, og hann þorði ekki að skilja hana eina eftir í landinu.

Ég vildi beina þeim tilmælum til hv. flutningsmanna þessarar till. og þeirra, sem fjálglegast hafa talað um það „varnarbandalag“, sem við erum aðilar að, hvort þeir gætu ekki beitt áhrifum sínum til að þessir bandamenn þeirra hætti þessum ofsóknum. Ég trúi ekki öðru en að NATO færi að óskum hv. þm. Péturs Sigurðssonar og Sverris Hermannssonar að því leyti, og ég trúi ekki öðru en að hugur þeirra sjálfra standi til þess að reyna að hjálpa þessum mönnum, eftir allt, sem þeir hafa sagt. (Gripið fram í.) Ég býst ekki við, að hv. þm. þurfi leyfi mitt til þess. Ef hann kemur með brtt., er honum það í sjálfsvald sett.

Ég geri ráð fyrir því, að ég sé nánast komin undir fallöxi Morgunblaðsins, því að í Reykjavíkurbréfinu síðasta sunnudag eða sunnudaginn þar á undan, í grein um mál Solzhenitsyns, voru höfð stór orð um þá rithöfunda, sem dirfðust að ræða mistök á Vesturlöndum í sömu andrá og ofsóknir í Sovétríkjunum. Og Morgunblaðið sagði: „Það verður fylgst með þeim mönnum, sem jafna saman ofsóknum í Sovétríkjunum og mistökum á Vesturlöndum.“ Hvað er þetta? Er þetta ekki hótun? Hvernig verður fylgst með þeim og hvað verður gert? Það væri gott ef Morgunblaðið vildi hugsa hugsun sína til enda og upplýsa okkur um það, hverjar verða afleiðingarnar fyrir þá, sem dirfast að ræða málið út frá þeim hliðum, sem þeir kjósa sjálfir.

Herra forseti. Ég hef talið nauðsynlegt að draga þetta fram, bæði til þess að lýsa yfir andúð og viðbjóði á sýndarmennsku í málflutningi Morgunblaðsins og sjálfstæðismanna, þegar þeir ræða um frelsi andans, — það frelsi andans, sem á ekki að þekkja nein landamæri, og vegna þess, að ég tel nauðsynlegt, að þetta vandamál sé gert Íslendingum miklu kunnara en það virðist vera. Ég álít það ekki sæmandi menningarþjóð að deila á andstæðinga fyrir það, að þeir skuli taka málið upp á viðsýnni og viðtækari grundvelli.

Sverrir Hermannsson: Herra forseti. Því fer víðs fjarri, að erindi mitt hingað sé að halda uppi vörnum fyrir ófrelsi, hvort heldur það tíðkast í Tyrklandi eða Grikklandi eða Portúgal, ófrelsi gegn manneskjunni sjálfri, hvort heldur það er allur almenningur eða rithöfundar. Því fer víðs fjarri. Ég á aðeins lítið erindi til þess að styðja við þá till., sem hér hefur verið fram borin.

Ég hafði haldið, að hv. 4. landsk. þm. hefði komið hér upp í ræðustólinn til þess að leggja lykkju á leið sína og orðfæra aðeins það, sem bókstaflega er lagt til í þessari till., sem hér er til umr. En því var ekki að heilsa, heldur var meginerindið að víkja sérstaklega að Morgunblaðinu, þessum gamla vinnuveitanda sínum.

Hv. 4. landsk. þm. sagðist hafa átt það aðalerindi að lýsa andúð og viðbjóði á þeirri sýndarmennsku, sem fælist í málflutningi Morgunblaðsins og Sjálfstfl., þegar þeir væru að ræða um frelsi andans. Hv. þm. minntist ekkert á nýjustu fréttir, sem dreift hefði verið út frá fréttastofu APN, þar sem m.a. er sagt um Solzhenitsyn, að hann sé nú ormurinn, sem dottinn er úr eplinu og mun lifa í grasi gleymskunnar. Hún minntist ekki einu orði á þetta, en *býsnaðist yfir því,* að Morgunblaðið hefði verið með hótanir.

Hvað sagði Morgunblaðið í Reykjavíkurbréfi hinn 24. febr. s.l.? Þar segir svo orðrétt, með leyfi hæstv. forseta:

„Við skulum fylgjast vandlega með því, hver reynir að sverta Solzhenitsyn. Við skulum hlusta á rödd hans, rödd skáldsins og hetjunnar. Ekki síst skulum við fylgjast með þeim, sem leggja að jöfnu ofbeldi gegn Solzhenitsyn og mistök í lýðræðislöndunum.“

Ég geri ráð fyrir því, að það hafi verið þetta, sem hv. 4. landsk. vitnaði til. Ég hefði vænst þess, að hv. þm. hefði tekið beina og bókstaflega afstöðu til þeirrar till., sem hér liggur fyrir til umr., en það gerði hún alls ekki, heldur tók að ræða önnur mál. Ég er ekki að segja, að þau séu að öllu leyti alls óskyld þessu, því að ófrelsi manna um allan heim er skylt. Það er ekki sama, hvernig að málum er staðið.

Hv. þm. tók fram, að Morgunblaðið ryki upp með æði miklu, eða í þá áttina var það, þegar þeir Alþb.-menn hefðu fordæmt aðfarirnar gegn Solzhenitsyn. Á hv. þm. kannske við það, að Morgunblaðinu fannst seilst um hurð til lokunar, þegar hv. þm. *Jónas Árnason vildi jafna* saman framkomu, ef svo má segja, hv. 1. þm. Sunnl. við Guðmund Daníelsson og þessum nýjustu aðferðum Sovétveldisins við Nóbelsverðlaunaskáldið Solzhenitsyn?

Hv. 10. þm. Reykv. minntist aðeins á þær fréttir, sem dreift hefði verið út frá fréttastofnun, *sem starfar hér í landi nú,* APN-Novosti, sem lætur ekki hendi óveifað til þess að fara svívirðingarorðum um skáldið Solzhenitsyn. Ég nefni aðeins eitt dæmi, af því að það er mér ofarlega í huga.

Þegar þar á góma, að við flyttum þessa till., sem hér liggur fyrir til umr., þá var maður auð-

vitað í vafa um réttmæti slíks. Fyrir því var það, að við ákváðum að ná sambandi við Vladimir Ashkenazy og bera undir hann, hvernig honum litist á slíka tillögugerð, eða öllu heldur, hvert álit hann hefði á því, að slíkt boð yrði gert af þjóðþingi Íslendinga. Og hann sagði og gaf til þess leyfi, að það mætti bera sig fyrir þeim orðum, að hann teldi það stórbrotinn vináttuvott.

Það má auðvitað setja á langa tölu um óréttlætið, sem ríkir í heiminum, gegn rithöfundum sem öðrum, og ekki eru þeir öfundsverðir, sem við ofríki, kúgun og vopnað ofbeldi grískra herforingja búa. Það dettur engum í lifandi hug að bera blak af þeim. En um leið og hv. 4. landsk. þm. rifjar það upp og ber það saman, minnist hún ekki einu einasta orði á það, hvort sé rétt af okkur Íslendingum að stíga slíkt skref eins og þetta, að sýna það, sem annar landflótta Rússi kallar stórbrotinn vináttuvott, — hvort sé rétt af þjóðþingi okkar Íslendinga að stíga slíkt skref. Ef hún hefði rætt þetta mál efnislega, þá till., sem hér liggur fyrir, og lýst afstöðu sinni til hennar, þá er auðvitað ekkert við því að segja, ef hún er á gagnstæðri skoðun, að við eigum ekki að gera Solzhenitsyn og hans fjölskyldu þetta boð. Því var það, að ég varð fyrir miklum vonbrigðum, að það skyldi ekki koma fram í máli hv. 4. landsk., hvert væri hennar álit bókstaflega á þessu boði. Það er undirstaðan, að það fáist úr því skorið, enda mun það fram koma, þegar þessi till. kemur til atkv. hér á hinu háa Alþ. Þá hefði ég betur getað skilið, að hv. þm. notaði tækifærið til þess að rifja upp önnur dæmi um stórkostleg misferli, kúgun og ofbeldi, sem eiga sér stað í þessum hrjáða heimi okkar gegn rithöfundum sem öðrum.

Ég sé ekki ástæðu til þess, að setja á lengri tölu um þetta nú. En ég verð að segja það alveg eins og hv. 10. þm. Reykv., að eftir að hafa séð ljósmyndir af þeim fréttaskeytum og fréttasendingum, sem berast frá þessari áminnstu fréttastofnun um Solzhenitsyn, þá hygg ég, að það hljóti að koma til álita, að slíkri stofnun verði lokað. Að vísu erum við Íslendingar ákaflega frjálslyndir í þeim sökum og viljum ganga mjög langt í skoðanafrelsi. En þarna tekur út yfir í þessu efni. Fæ ég ekki betur séð, ef þetta á að líðast, eins og dæmi sanna, en að það sé okkur til skammar og við getum ekki horft á það aðgerðarlausir, því að hversu skiptar sem skoðanir manna ella eru í stjórnmálum, þá geta allir menn í sjónhendingu séð, að í þessum áróðurspistlum er hallað réttu með ósköpum. Það geta allir menn séð, til hvers refarnir eru skornir í þessu dæmi, og einhvers staðar hljóta að vera takmörk fyrir því, hvað við viljum þola, enda þótt við viljum vera fremstir í flokki þeirra, sem leyfa vilja sem mest frjálsræði í orði sem og á borði. En sem sagt, þegar við þóttumst vera að leggja til, að þjóðþing Íslendinga sýndi þessum hrjáða snillingi stórbrotinn vináttuvott, þá notaði hv. 4. landsk. tækifærið til þess sérstaklega að lýsa andúð sinni og viðbjóði á sýndarmennsku í málflutningi Morgunblaðsins og sjálfstæðismanna og þá vitanlega, af því að við vorum orðfærðir sérstaklega, í málflutningi okkar flm. þessarar till., sem hér liggur fyrir til umr.

Halldór Blöndal: Herra forseti. Sú ræða, sem hv. 4. landsk. þm. flutti hér áðan, gefur ekki tilefni til langra aths. Kjarni málsins er sá, að þessi hv. þm. þolir ekki að horfast í augu við þá staðreynd, að hin einmanalega og hetjulega barátta skáldsins Solzhenitsyns við mesta lögregluríki veraldarsögunnar er orðin tákn fyrir frelsisbaráttuna í veröldinni. Barátta þessa skálds er táknræn. Þarna er meira í húfi en þessi eini einstaklingur. Þarna er það í húfi, hvort við, menn á Vesturlöndum, erum menn til þess að taka á okkur þær byrðar, sem hljóta að fylgja því að þora að standa með frelsisbaráttunni, hvar sem er í heiminum. Ég lýsi jafnframt vonbrigðum mínum yfir því, að svo margir rithöfundar sem raun ber vitni og eiga sæti hér á hinu háa Alþ. skuli gera svo lítið úr sér eins og að reyna að drepa þessu máli á dreif. Ég harma það enn fremur, að þessi hv. þm. skyldi leyfa sér að tala um það í þriðju persónu hér áðan, þegar hann sagði orðrétt: „mjög undarlegt, að þeim, sem tala máli Solzhenitsyns“, og tók ekki sig sjálfa með í þeim hópi. Vona ég sannarlega, að það séu mismæli og þessi hv. þm. sé maður til þess að koma hér upp og leiðrétta þetta og jafnframt lýsa stuðningi við þá till., sem hér er borin fram.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Vararaforkustöðvar á Ólafsfirði, Dalvík, Grenivík og Kópaskeri, þáltill. (þskj. 395). — Ein umr.

Flm. (Lárus Jónsson): Herra forseti. Ég hef ásamt hv. 2. þm. Norðurl. e., Halldóri Blöndal, leyft mér að flytja á þskj. 395 till. til þál. um vararaforkustöðvar á Ólafsfirði, Dalvík, Grenivík og Kópaskeri. Till. er svo hljóðandi:

„Alþingi ályktar að skora á ríkisstj. að fela Rafmagnsveitum ríkisins að reisa vararaforkustöðvar á Ólafsfirði, Dalvík, Grenivík og Kópaskeri og endurbæta vélbúnað í stöðinni á Raufarhöfn.“

Það kom nýlega áþreifanlega í ljós, þegar mikið óveður geisaði á Norðurlandi, að nokkrir þéttbýlisstaðir á Norðurl. e. eru illa settir með vararaforku. Hér er fyrst og fremst um að ræða Ólafsfjörð, Dalvík og Grenivík, en einnig væri þörf á að reisa varastöð á Kópaskeri fyrir sveitirnar í kring og hyggja að endurbótum á vélum vararaforkustöðvar á Raufarhöfn. Á þessum stöðum, sem ég nefndi hér og fram kom í tillgr., voru milljónatugaverðmæti í hættu vegna rafmagnsskorts, svo að sólarhringum skipti, eftir að línur frá Laxárvirkjun og Skeiðsfossvirkjun biluðu í umræddu óveðri. Hér var bæði um að ræða heimili fólks, sem beint og óbeint þarfnast raforku á þessum stöðum til upphitunar, og hvers konar atvinnurekstur og hraðfrystihús, en þar eru milljónaverðmæti í hættu, ef raforku nýtur ekki við, auk þess tjóns, sem verður á starfrækslu þessara fyrirtækja. Ekki er óraunsætt að **áætla, að** frosinn fiskur í geymslu hraðfrystihúsa á þessum stöðum hafi numið að verðmæti 30—40 millj. kr., þegar orkuskortur kom í veg fyrir, að hægt væri að halda við frosti á geymsluklefum hraðfrystihúsanna. Í þetta sinn fór allt vel. En sú áhætta, sem tekin er með núv. fyrirkomulagi, er gífurleg.

Það styður mjög þessa tillögugerð, að á Norðurl. v. og e., sem nú eru að verða eitt raforkusvæði, er útlit fyrir, að verði að grípa til þess ráðs til þess að afla nægilegrar raforku að stórauka dísilvélakost. Hæstv. iðnrh. hefur staðfest á Alþingi, að Norðlendingar fái ekki örugga orku frá Landsvirkjun fyrr en sumarið 1976, jafnvel þótt háspennulína um byggðir eða öræfi rísi fyrr. Ýmsir kunnáttumenn bera brigður á, að þessi áætlun standist. En jafnvel þótt hún standist, er þörf á stórfelldri raforku frá dísilstöðvum á Norðurlandi næstu ár, ef ekki á að verða þar algert öngþveiti og stöðnun vegna orkuskorts.

Þegar svo er ástatt sem að framan greinir um orkumálin á Norðurlandi, er einsýnt að nota tækifærið til þess að koma þessum varaaflsstöðvum fyrir við helstu þéttbýlisstaðina eða í helstu þéttbýlisstöðunum, þannig að þessar stöðvar nýtist þar, ef um línubilanir er að ræða, ekki síst þegar stefnt er að því að afla orku um nokkurt skeið um línur þvert og endilangt yfir landið.

Ég tel óþarft að rökstyðja þessar till. nánar. Um orkumál á Norðurlandi hafa orðið verulegar umr. og eiga sjálfsagt eftir að verða meiri umr. á þessu þingi, þannig að hv. þm. er nokkuð vel kunnugt um þau mál. Tel ég, að þessi till. og sú grg., sem með henni fylgir, styðji sig sjálf og skýri sig svo sjálf, að frekari orðræður í framsögu séu óþarfar.

Ég legg svo til, herra forseti, að umr. um þessa till. verði frestað og henni verði vísað til hv. allshn.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Efri deild, 71. fundur.

Miðvikudaginn 6. mars, kl. 2 miðdegis.

Kosningar til Alþingis, frv. (þskj. 353, n. 430, 370). — 2. umr.

Frsm. (Björn Fr. Björnsson): Herra forseti. Frv. það, sem hér er til umr., fjallar um fjölgun utankjörfundarstaða og fjölgun kjörstjóra til utankjörfundarstaða og fjölgun kjörstjóra við fara um þetta mál nokkrum orðum.

Samkv. gildindi l. skal utankjörfundaratkvgr. einungis fara fram á þessum stöðum: Í skrifstofu sýslumanns eða bæjarfógeta, í skrifstofu eða á heimili hreppstjóra, um borð í íslensku skipi, þar sem skipstjórinn hefur fengið nauðsynleg gögn til atkvgr., og loks hjá íslenskum sendiráðum og útsendum ræðismönnum eða kjörræðismönnum, sem eru af íslensku bergi brotnir og mæla á íslenska tungu.

Svo sem kunnugt er, hefur mjög verið kvartað yfir því, að erfitt og jafnvel ókleift hafi verið íslenskum námsmönnum erlendis að neyta þar kosningarréttar síns, sendiráðin væru fá og dreifð, en námsmenn margir og þeir sótt nám víðs vegar um lönd.

Í annan stað hafa of þröngar skorður verið markaðar utankjörfundaratkvgr. þeirra, sem eigi hafa getað vegna heilsubrests komist til kjörstjóra og eigi komið því við af þeirri sök að greiða atkvæði.

Með frv. þessu er ætlunin að bæta nokkuð úr í þessum efnum. Í fyrra lagi er sú breyting gerð með frv., að utanrrn. verði falið að ákveða og auglýsa fyrir hverjar kosningar, hvar utankjörfundaratkvgr. eigi að fara fram hjá kjörræðismönnum. Þetta er veruleg breyting, og þá eru kjörræðismenn, sem hér um ræðir, einnig þeir, sem eigi mæla á íslenska tungu. Þannig mundi mega fjölda mjög utankjörfundarstöðum erlendis. Í því sambandi ber að hafa í huga, að kjörræðismenn eru ólaunaðir og hafa ekki skyldu að vera til viðtals á sínum skrifstofum, að því er varðar íslensk málefni. Það er því engan veginn hægt að skipa þá til þess að vera viðstadda í sambandi við utankjörfundaratkvgr. og síst af öllu allan þann tíma, sem slík atkvgr. má fara fram, sem mun vera um 4 vikur fyrir kjördag. Er lagt til, að utanrrn. að höfðu samráði við viðkomandi kjörræðismenn auglýsi, hvenær atkvgr. geti farið fram hjá þeim.

Eins og ég sagði áður, munu flestir þessara ræðismanna eigi kunna íslensku, hvorki mæla hana né skilja. Því er gert ráð fyrir, að allar kosningaleiðbeiningar og skjöl varðandi utankjörfundarkjör verði a. m. k. á einu erlendu tungumáli og svo fylgi þýðing á texta allra nauðsynlegra fylgibréfa á því máli.

Um kjör í sambandi við utankjörfundaratkvgr. erlendis er sem sagt mjög vikkaður ramminn og ætti að vera fremur til hægari verka en væri að óbreyttum lögum. En þessi utankjörstaðaatkvgr. erlendis getur aldrei verið með þeim hætti, eða a. m. k. mjög seint, að námsmönnum, hvar sem þeir eru, geti orðið kleift að greiða atkvæði.

Í síðasta lagi er svo kjörstjórum, þ. e. sýslumönnum, bæjarfógetum og hreppstjórum, heimilt að láta kosningu fara fram á sjúkrahúsi eða dvalarheimili aldraðra, enda sé kjósandinn sjúklingur eða vistmaður á þessari stofnun. Kjörstjóri, sem þessa heimild hefur, auglýsir að sjálfsögðu á þann hátt, sem venja er til á hverjum stað, hvenær atkvgr. í slíkri stofnun geti farið fram, og atkvgr. á þessum stofnunum fari fram að höfðu samráði við umráðamenn stofnunar.

Sjúkrahús og dvalarheimili aldraðra, þetta eru þau atriði, sem bætt er við þá löggjöf, sem fjallað er um. Sjúkrahús eru skilgreind nánar í l. um heilbrigðisþjónustu frá 1973, og enn fremur eru dvalarheimili aldraðra skilgreind í l., sem fjalla um það efni, einnig frá árinu 1973.

Skilgreiningin í l. um heilbrigðisþjónustu á sjúkrahúsum er mjög víðtæk, nær yfir ýmsa dvalarstaði sjúklinga. Ég ætla að leyfa mér — með leyfi hæstv. forseta — að lesa upp þessa skilgreiningu á sjúkrahúsum:

1. Sværðissjúkrahús er sjúkrahús, sem eitt sér eða í samvinnu við önnur veitir sérfræðiþjónustu í öllum eða nær öllum greinum læknisfræði, sem viðurkenndar eru hérlendis.

2. Deildasjúkrahús er sjúkrahús, sem veitir sérhæfða meðferð í helstu greinum lyflæknisfræði, skurðlæknisfræði o. s. frv.

3. Almennt sjúkrahús er sjúkrahús, sem ekki hefur sérdeildir, en hefur á að skipa sérfræðing-

um eða almennum læknum og tekur við sjúklingum til rannsóknar og meðferðar.

4. Hjúkrunar- og endurhæfingarheimili, vistheimili fyrir sjúklinga, sem búið er að sjúkdómsgreina, en þarfnast meðferðar, sem hægt er að veita utan almennra og sérhæfðra sjúkrahúsa.

5. Sjúkraskýli, húsrými í heilsugæslustöð eða annars staðar, sem eingöngu er ætlað til gæslu eða athugunar sjúklinga um skamman tíma.

6. Vinnu- og dvalarheimili eða stofnanir, sem taka til vistunar geðsjúklinga, drykkjusjúklinga líkamlega bæklaða eða fávita til dvalar eða starfs.

7. Gistiheimili er dvalarstaður sjúklinga, sem eru til meðferðar á öðru sjúkrahúsi, en geta eigi dvalist í heimahúsum.

Í þessari lagagrein, sem ég hef lesið upp að hluta til, eru skilgreind sjúkrahús, og í upphafi greinarinnar segir: „Sjúkrahús skiptast í eftirfarandi flokka eftir tegund og þjónustu.“ Þetta er því orðið allvíðtækt.

Það verður vafalaust að halda sér innan ramma þessara laga eða þessarar lagagreinar, nema um stofnanir sé að ræða, sem með fullum rétti geta jafnast á við þær, sem þarna eru taldar upp.

Það er gert ráð fyrir, að í þessum stofnunum fari kosningaathöfn að öllu leyti fram með sama hætti og nú er að lögum á skrifstofu eða á heimili kjörstjóra. Er gert ráð fyrir, að viðkomandi kjörstjóri, eins og ég gat um áður, ákveði í samráði við forstjóra stofnunar, hvenær atkvgr. fari fram. Er svo gert ráð fyrir því, að ráðuneyti dómsmála setji nánari reglur um meðferð máls í þessu efni. En væntanlega yrði framkvæmdin sú, að það væri tiltekinn ákveðinn tími á örfáum dögum, kannske aðeins einum degi, þar sem kjör færi fram.

Það er auðsætt, að í þessu frv. er lagt til að rýmka að verulegu leyti um aðstöðu til atkvgr. fyrir þá, sem vegna sjúkdóma, líkamlegrar bæklunar eða ella þurfa að dveljast í sjúkrahúsum eða á dvalarheimilum aldraðra, þegar um kosningar er að ræða. Það er að hyggju okkar í allshn., að með skynsamlegri framkvæmd verði að ætla, að eigi verði með þessu farið yfir eðlileg mörk í sambandi við utankjörfundarkjör. En eins og hv. þm. í þessari hv. d. vita að sjálfsögðu, hefur oft verið hugað að rýmkun ákvæða í sambandi við utankjörfundarkjör. Einkum var það áður og fyrr meir, jafnvel þegar kjör mátti fara fram á einstökum heimilum, eins og mun hafa verið og þótti allt of langt gengið. Stjórnmálamenn hafa ævinlega verið haldnir nokkrum ótta við það, ef farið væri mjög rúmt í slíka atkvgr., því að vissulega má misnota hluti, ekkert síður góða heldur en hina, sem eru af lakara taginu. En hvað um það, þá er hér um mikið hagræði að ræða fyrir þann hluta kjósenda, sem nýtur góðs af. Verður að vænta þess, að vel fari um framkvæmd í þessu efni.

Þá vil ég rétt geta þess, að brtt. liggur fyrir frá hv. þm. Oddi Ólafssyni um að bæta inn sem kjörstöðum öryrkjastofnunum. Í ræðu, sem hann flutti, þegar hann lagði þessa brtt. fram, taldi hann sig flytja hana til öryggis, að slíkar stofnanir yrðu ekki útundan, og þess var von og vísa af hans hálfu.

Í allshn. þar sem hv. þm. Oddur Ólafsson á einnig sæti, var þessi brtt. tekin til umr. að sjálfsögðu, og ég held, að ég megi segja, að nm. öllum hafi komið saman um það, að þessar stofnanir heyrðu beint undir hugtakið sjúkrahús, samkv. skilgreiningu þess hugtaks í l. um heilbrigðisþjónustu. Flm. þessarar till. hefur fallist á þá niðurstöðu og taldi af sinni hálfu engin vandkvæði á því, að till. yrði tekin til baka. Ég leyfi mér að segja þetta hér, ég vona, að ég hafi fullt leyfi hv. þm. til þess.

Að lokum vil ég svo aðeins geta þess, sem ljóst má vera, að allshn. hefur af sinni hálfu samþ. að mæla með framgangi þessa máls.

Umr. frestað.

Vélstjóranám, frv. (þskj. 438). — 1. umr.

Menntmrh. (Magnús T. Ólafsson): Herra forseti. Þegar ég mælti í hv. d. fyrir nokkru fyrir frv. á þskj. 276 um breyt. á l. um Hótel- og veitingaskóla Íslands, gat ég þess, að í vændum væru tvö svipuð frv. um að veita fulltrúum nemanda setu í skólanefndum framhaldsskóla. Þau liggja nú fyrir og eru á þskj. 438 og 439. Frv. á þskj. 438 fjallar um breyt. á l. nr. 67 frá 1966, um vélskólanám, og frv. á þskj. 439 fjallar um breyt. á l. nr. 55 frá 1971, um fiskvinnsluskóla. Frv. eru að öllu leyti hliðstæð. Vil ég leyfa mér að mæla fyrir þeim báðum í senn og geri mér vonir um, að engir sjái ástæðu til aths. við, að sá háttur sé á hafður.

Þessi frv. fela það í sér, að skipun skólanefnda við skólana, sem í hlut eiga, Vélstjóraskólann og Fiskvinnsluskólann, sé færð til samræmis við það fyrirkomulag, sem á nokkrum undanfarandi árum hefur orðið að reglu í framhaldsskólum, sem sé að fulltrúar kjörnir af nemendum eigi sæti í skólanefnd eða skólastjórn, eftir því sem við á. Þessi skipan hefur komist á smátt og smátt, ýmist í heilum flokkum framhaldsskóla eða í einstökum sérskólum, eftir því sem löggjöf um þá hefur komið til endurskoðunar.

Nú er þróunin svo langt komin í þessu efni, að í þeim skólum, sem eftir eru, mega nemendur teljast lakar settir og búa við rýrari rétt en jafnaldrar þeirra í öðrum skólum. Því hefur þótt rétt að bera fram frv. um þessa einu breytingu á l. um nokkra skóla, að nemendur þeirra fái aðild að skólanefnd.

Þessu fyrirkomulagi fylgir nokkur breyting á tveim atriðum varðandi skólanefndirnar, annars vegar um skipunartíma þeirra, hins vegar hversu málum sé ráðið til lykta í þessum nefndum. Þykir einsætt, að fulltrúar nemenda séu ekki skipaðir til lengri tíma en eins árs, þótt fulltrúar annarra aðila, sem í skólanefndunum sitja, hafi þann skipunartíma, sem áður hefur ríkt, að jafnaði 4 ár. Þá verður tilkoma nýs fulltrúa í nefndunum, fulltrúa nemenda, til þess, að þar er ekki lengur um oddatölu nefndarmanna að ræða. Til þess að ráða málum til lykta, ef atkvæði verða jöfn, er kveðið svo á, að atkvæði formnans ráði úrslitum.

Ég vil leyfa mér að leggja til, herra forseti, að eftir þessa umr. verði málum þessum báðum, á þskj. 438 og 439, vísað til hv. menntmn.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 14 shlj. atkv. og til menntmn. með 14 shlj. atkv.

Fiskvinnsluskóli, frv. (þskj. 439). — 1. umr.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 15 shlj. atkv. og til menntmn. með 15 shlj. atkv.

Útflutningsgjald af loðnuafurðum, frv. (þskj. 337). — 1. umr.

Sjútvrh. (Lúðvík Jósepsson): Herra forseti. Hér er um að ræða frv., sem flutt er til staðfestingar á brbl., sem út voru gefin 11. jan. á þessu ári. Brbl. þessi voru sett til þess að leita eftir lagabindingu á samkomulagi, sem gert var í sambandi við verðákvörðun á loðnuafurðum og fiskverði almennt um áramótin. Frv. gerir ráð fyrir, að lagt verði sérstakt nýtt útflutningsgjald á loðnuafurðir, þ. e. a. s. á loðnumjöl, loðnulýsi og frystar loðnuafurðir til manneldis. Þessu gjaldi er síðan ætlað að verja á þann hátt, að fyrst og fremst verði það notað til að greiða niður verð á brennsluolíum til fiskiskipaflotans nú á vetrarvertíð, þannig að hægt sé að tryggja fiskiskipunum sama verð á brennsluolíum og hér var í gildi í nóvembermánuði s. l. Þá er einnig gert ráð fyrir því, að 25 millj. kr. af þessu útflutningsgjaldi verði látnar renna til lífeyrissjóða sjómanna, og þá um leið leitað eftir samkomulagi við þá um að færa niður aldursmörkin í sambandi við eftirlaunagreiðslur til sjómanna úr lífeyrissjóðunum.

Það er gert ráð fyrir því, að þessi gjaldtaka, þetta nýja 5% útflutningsgjald á loðnuafurðum, muni nema í kringum 250 millj. kr., og mundu þá renna um 225 millj. kr. til verðlækkunar á olíu til fiskiskipaflotans á þessu tímabili, en 25 millj., eins og ég sagði, til lífeyrissjóða sjómanna.

Ástæðurnar til þess, að þessi leið var farin í sambandi við verðákvörðunina á sjávarafurðum nú um áramótin, voru þær, að þegar var þá skollin á mikil verðhækkun á brennsluolíum og ekki sýndust vera möguleikar á því að tryggja fiskiskipunum eðlilegan rekstrargrundvöll, miðað við þau skiptakjör, sem í gildi eru, ef útgerðin yrði látin borga að fullu það nýja og fyrirsjáanlega verð, sem vitað var um, að mundi verða á brennsluolíum. Þá var sem sagt samkomulag gert á milli aðila, sem störfuðu í Verðlagsráði sjávarútvegsins, um að ráðstafa nokkrum hluta af verðmæti væntanlegs loðnuafla á þennan hátt, að í stað þess, að annars hefði þessi fjárhæð að mestu leyti eða öllu leyti runnið í Verðjöfnunarsjóð sjávarútvegsins, þá skyldi henni varið á þessu tímabili á þennan hátt, sem gert er ráð fyrir í þessu frv.

Frv. þetta er því í rauninni flutt til þess að staðfesta með l. það samkomulag, sem varð í yfirnefnd Verðlagsráðs sjávarútvegsins, þar sem þeir aðilar, sem raunverulega eiga það fé, sem hér er um að ræða, urðu sammála um að ráðstafa því á þennan hátt. Þrátt fyrir þessa gjaldtöku hefur verið unnt að tryggja mjög verulega verðhækkun á loðnu til fiskiskipanna og sjómanna frá því, sem áður var. Lætur nærri, að verð á loðnu til frystingar hafi hækkað um 100% frá árinu á undan og verð á loðnu til vinnslu í bræðslum hafi hækkað um 70—90% eftir því, við hvaða tíma er miðað á árinu. Hér var sem sagt um miklu meiri hækkun á þessum fiski að ræða til framleiðenda en var til annarra í sambandi við aðra fiskframleiðslu.

Það hefur verið bent á það í sambandi við þessa ákvörðun, að það gæti verið hæpið að færa á þennan hátt fjármuni frá einni framleiðslugrein yfir til annarrar, og ég er m. a. í þeim hópi, að ég tel, að það beri að fara mjög varlega í slíkum efnum og að meginreglan verði að sjálfsögðu að vera sú, að hver einstök framleiðslugrein verði að búa við sína eigin afkomu, njóta hennar, þegar hún er góð, en gjalda þess þá að einhverju leyti, þegar um rekstrarerfiðleika eða lakari afkomu er að ræða. Ég tel þó fyrir mitt leyti, að í þessu tilfelli hafi þetta verið fyllilega réttlætanlegt, þar sem þannig stóð á, að ein framleiðslugreinin skar sig þarna mjög úr frá öllum hinum. Hér var um miklu betri afkomu að ræða, meiri hækkun til framleiðslunnar en til allrar annarrar, og þó voru kjörin fyrir tvímælalaust betri en í öðrum greinum. Hægt var að tryggja þessari framleiðslugrein mjög góða afkomu þrátt fyrir þessa gjaldtöku, þannig að því varð ekki neitað, að hér yrði þrátt fyrir þetta um það að ræða, að nokkur hætta yrði á óeðlilegum tildrætti í sambandi við framleiðslustörfin. Enda hefur óneitanlega borið á því, að sú mikla hækkun, sem ákveðin var á verðinu á loðnu til fiskiskipa og sjómanna að þessu sinni, hefur orðið til þess, að fleiri hafa sótt eftir því að stunda þessa framleiðslu en fyllilega hafa aðstöðu til þess með góðu móti að stunda þessar veiðar á þessum árstíma. Það hafa sem sagt ýmsir hneigst til þess að sækja eftir þessu háa verði, sem ákveðið hefur verið, og fara frá annarri nauðsynlegri framleiðslu vegna þess, hve hér var um miklu betri afkomu að ræða en í öðrum framleiðslugreinum. En ég vil leggja áherslu á, að það, sem hér er um að ræða, er þó fyrst og fremst það, að fjármunum, sem annars, miðað við þá verðlagningu, sem samkomulag varð um, hefðu runnið í Verðjöfnunarsjóð, því að eftir sem áður rennur allmikið í Verðjöfnunarsjóð af þessari framleiðslu, — þeim er varið á þennan hátt og þeim er varið af eigendum þessa fjármagns samkv. þeirra eigin samkomulagi.

Þetta frv. hefur fengið afgreiðslu í hv. Nd., þar sem mjög sterk samstaða var um afgreiðslu málsins, og ég vænti, að það geti einnig orðið í þessari hv. d. Ég tel ekki þörf á að hafa fleiri orð um þetta mál hér við 1. umr., nema sérstakt tilefni gefist til lengri umr. af minni hálfu, en vil óska eftir því, herra forseti, að að lokinni þessari umr. verði frv. vísað til 2. umr. og hv. sjútvn. til fyrirgreiðslu.

Jón Árm. Héðinsson: Herra forseti. Hæstv. sjútvrh. hefur nú gert grein fyrir þessu frv. í stuttri ræðu, þó að hér sé farið inn á nýtt svið, eins og hann drap réttilega á, og sagði sig vera í hópi þeirra manna, er varlega vildu fara í því efni að láta ákveðinn hóp taka á sig almenna byrði. Vænti ég, að hann muni standa við þau orð, vegna þess að hér er fitjað upp á nýju atriði í sameiginlegri lausn, sem rekstrarvandræði togaraflotans eru.

Það þarf ekki að gera hv. þm. grein fyrir því, ég vænti þess, að þeim sé það kunnugt, að sjávarútvegurinn hefur lagt á sig í marga áratugi, held ég, kvaðir, sameiginlegar kvaðir, þannig að menn hafa borið hver eftir sinni getu. En jafnvel þó að bátar hafi haft erfiðan rekstur, hefur verið tekið af öllum þeirra afurðum eilitil prósenta og lagt í sameiginlegan sjóð, aflatryggingasjóð og aðra sjóði, sem hinir hafa auðvitað lagt meira í, sem hafa aflað betur, og þannig fært á milli. Nú er þetta samkomulag eða þessi venja, réttara sagt brotin. Við allmargir í hópi útvegsmanna mótmæltum þessu nýmæli mjög ákveðið. En það var kokkað á öðrum stöðum og vildi helst enginn gangast við faðerninu á þessu fyrirkomulagi, þegar á reyndi. Það kom greinilega fram á fundinum, sem fjallaði um málið, að enginn vildi bera ábyrgð á þessum óskapnaði, sem vonlegt er. Við lögðum til, útgerðarmenn, að hinu gamla kerfi yrði haldið um sameiginlegar byrðar og við tækjum okkar stóra skerf í því, en það væri ekki fitjað upp á nýju formi. Um það stóð ágreiningurinn. Og ég held, að ég geti sagt það frá sjónarmiði þeirra manna, sem deildu um þetta fyrirkomulag, að þeir voru allir tilbúnir að taka á sig ákveðnar kvaðir, en brjóta samt ekki þá grundvallarreglu, sem hefur hér gilt um árabil, þ. e. að hafa þetta sameiginlegt af heildarflotanum heldur en láta 1500 sjómenn taka á sig svo stórar kvaðir sem hér er um að ræða, því að það er óneitanlega gert af 80—90 útgerðarfyrirtækjum.

Það er alveg út í hött, og það get ég eytt löngum tíma í að tala hér um, — það er alveg út í hött að segja, að loðna hafi hækkað gífurlega mikið í prósentum talið og ef það hefði ekki verið fallist á þetta samkomulag, þá hefði allt runnið í Verðjöfnunarsjóð. Í fyrsta lagi deildi hæstv. sjútvrh. mjög á það, þegar viðreisnarstjórnin stofnaði sjóðinn, og fann honum allt til foráttu. Er hægt að fletta því upp og lesa það upp, ef menn vilja standa hér í umr. í nokkra klukkutíma.

Það liggur nú fyrir skjalfest, og geta hv. þm. flett því upp í skjölum á borðunum hjá sér, vegna þess að við höfum fengið Hagtíðindin núna, og þá kemur í ljós, að verðlagningin á loðnunni í fyrra var útgerðinni feikilega óhagstæð, svo að ekki sé meira sagt, og annað eins hefur líklega aldrei átt sér stað áður á Íslandi, svo að það er ósanngjarnt að taka mið af því, að loðnan hafi hækkað núna um 60—80%, eða jafnvel upp í 100%, eins og er um frystu loðnuna. Í fyrra var um tilraun að ræða. Okkur var sagt að byrja varlega og því heitið að hafa ekki mið af því síðar meir. En nú er það lokað, svo að það er alger þversögn í því efni. Hins vegar kom það fram í fyrra, að verðlag á loðnu var 1.96 kr. framan af vertíð, miðað við það verð, sem mjöl hafði selst á og lýsi, síðan lækkaði það niður í 1.76, en þá hækkaði mjölið verulega. En sjómenn og útvegsmenn fengu ekki verðhækkunina. Það voru aðrir, sem stungu henni á sig. Það var ekki einu sinni Verðjöfnunarsjóður, sem stakk henni á sig að verulegu leyti, heldur verksmiðjurnar. Þær munu hafa haft margar hverjar a. m. k. á aðra krónu frítt út úr kg, þegar útgerðin og báturinn fengu innan við krónu brúttó, og sjómenn taka helming af brúttóafla eftir þessum skiptakjörum.

Nú skeði það aftur um daginn, að verð lækkar á almennum markaði. Þó að sölur hafi ekki farið fram héðan, þá segja verksmiðjurnar upp verðinu og hópa: Eldur, eldur, allt sé að fara í kaldakol. Og þær knýja fram verulega verðlækkun þrátt fyrir stóraukinn rekstrarkostnað við öflun. Og það er barið í gegn. Þannig stendur dæmið núna. Afkoma bátaflotans er allt önnur en þegar þetta var til umr. á sínum tíma um áramót.

Ég og margir fleiri, sem vorum á þessum fundi, marglögðum til, að við fengjum tækifæri til þess að leggja sjálfir eitthvað til hliðar til þess að mæta óvæntum áföllum, það yrði aldrei skipt öllu upp. Það náðist ekki fram. Því miður er afkoma togaraflotans mjög léleg. Ég vil skjóta hér inn spurningu til hæstv. ráðh., að hann upplýsi okkur eitthvað um störf svonefndrar togaranefndar. Hann hefur sérstakan mann í sinni þjónustu, sem er kallaður sérfræðingur í útgerðarmálum, og hann hefur starfað nú undanfarnar vikur og sérstaklega fengist við það, að mér er tjáð, að rannsaka afkomu togaraflotans. Ég vil fá að vita eftir svona margra vikna athugun, hvernig sú staða er í dag. Mér hefur borist í hendur löng grg. um afkomu norska togaraflotans, sem ég hef hér á borðinu og ætla ekki að fara að lesa upp úr núna eða standa í endalausu málaþrasi. En það væri gaman að gera samanburð á afkomu íslenska togaraflotans og norska togaraflotans, ef maður fengi þessi gögn í hendur hér á Íslandi. Fyrst við erum að fást við vandamál togaraflotans í þessu frv. og jafnvel á fleiri sviðum, þá á að leggja vandamálið á borðið. Ég veit það og man það, að hæstv. ráðh. var ekkert hrifinn af því á sínum tíma, þegar helmingaskiptastjórnin tók upp 5 þús. kr. skattinn á bíla til að leysa rekstrarvandræði togaraflotans. Það var ekkert gert í því að leysa vandann sjálfan, heldur bara sagt: Gerðu svo vel, hér eru peningar. — Ég trúi því ekki, að hann ætlist til þess í dag, að það sé lagður ákveðinn skattur og sagt: Gerið svo vel, togaraútgerðarmenn, hér eru peningar, haldið áfram. — Það leysir vandann í augnablikinu. Við verðum að vita, í hverju vandinn er fólginn. Ég trúi ekki öðru en hann hugsi eins og hann gerði fyrir 20 árum í þessu efni.

Hæstv. ráðh. felldi úr gildi 11% kvöðina, sem fiskkaupendur áttu á herðum sér frá viðreisn, og réti að fiskkaupendum á sínunm tíma. Ef þessi 11% hefðu verið í dag, stæði íslenska togaraútgerðin mun betur að vígi. Það hefur margsinnis komið fram, að frystihúsin segjast hafa það góða afkomu, þau segja það frjáls og óþvinguð flest hver, að þau hafi það góða afkomu, að þau geti fært á milli frá fiskvinnslunni yfir í öflunina til

togaranna. Þetta þýðir það auðvitað, að sjómennirnir, sem eru á togurunum, hafa minna úr býtum en þeim ber og náttúrlega útgerðin líka á þessum minni togurum, — ég tala nú fyrst og fremst um þá, þeir eru miklu fleiri, þeir eru með nokkurn veginn helmingsskipti.

Það er deilt núna um kjörin á þessum skipum, og sumir segja, að hásetinn hafi of góðar tekjur. Ég held nú, að hann vinni fyrir sínu þarna um borð. Hins vegar get ég fallist á, að það séu rök fyrir því að taka ákveðna prósentu, eins og 3% eða 5% af brúttóafla, í svokallað tækjagjald, eins og sumir hafa nefnt, og draga það frá óskiptu. Það kemur hæði hásetum til góða og útgerðinni sjálfri og mundi nokkuð létta á vissum þætti, þegar í þessi skip er komið mjög mikið af tækjum til að létta vinnu og betri vinnuaðstaða hefur verið fengin, sem kostar auðvitað stóraukið fjármagn. En um þetta er ekki samkomulag.

Því miður þarf að snúast við þessum vanda mjög skarplega, því að hann er mikill, en hér er verið að leysa vanda til bráðabirgða, — eingöngu til bráðabirgða. Það kemur ekkert fram, hvað á að gerast um mitt ár. Það er aðeins verið að leysa vandann til bráðabirgða, og það liggur ekkert fyrir, nema það komi í ljós í þessari umræddu skýrslu, sem er verið að biðja um upplýsingar úr, að fundin sé lausnin. Og þá hefði ég viljað fá þá skýrslu, a. m. k. í n. alveg hiklaust. Það liggur líka ekkert fyrir, hvernig þeir bátar, sem hafa stundað síldveiðar í Norðursjó og fiskveiðar fyrir rúman milljarð í fyrra, eiga að mæta því stórhækkaða olíuverði, sem þeir búa við í Danmörku. Við vildum nokkrir gefa þeim færi á að leggja til hliðar af loðnunni eitthvað, svo að þeir gætu sjálfir starfað seinni hluta ársins, mennirnir, sem afla peninganna, bæði skipshöfnin og útgerðin. En það náðist ekki aldeilis samkomulag um það. Slík fyrirhyggja var ekki hátt skrifuð. En ætli það gæti ekki komið einhverjum að gagni, að sá floti væri starfandi, þrátt fyrir að hann hafi misjafna afkomu. Og það er alveg eins á loðnunni.

Ef við lítum á loðnuaflann í dag, — og því miður lítur út fyrir, að loðnan sé að fjara út og við náum kannske ekki nema 400 þús. tonnum, við náðum 440 þús tonnum í fyrra á 92 báta, en nú eru komnir 136 bátar, sem afla svipað magn, — þá sjá auðvitað allir í sjónhending, að kostnaðurinn við það er gerólíkur. Það eru enn aðeins rúmlega 90 bátar af þessum fjölda, sem hafa náð 1000 tonnum og meira, þ. e. a. s. um 40 bátar hafa fiskað fyrir um 4 millj. kr., og þó hafa margir lagt í kostnað 3—6 millj. til þess að útbúa sig á loðnuna. Og það eru hin óheillavænlegu áhrif, sem hæstv. ráðh. drap á, að þessi hugsanlegi gróði í loðnunni setti þjóðfélagið úr jafnvægi, bæði suma minni báta og útvegsmenn og ýmsa aðra. Efnahagsstofnunin og ýmsir spekingar og ríkisstj. sáu, að þessi mikli afli setti allt þjóðfélagið úr jafnvægi, og það varð að koma einhvern veginn í veg fyrir það. Féð mátti ekki fara inn í Verðjöfnunarsjóð, það varð að fara í olíuna til að hjálpa annarri starfsgrein. Það varð samkomulag um það. Ég veit nú alveg, hvernig það samkomulag átti sér stað. Mönnum var stillt upp við vegg og sagt: Annaðhvort þetta eða ekkert, hreinar línur með það. — Og þeir gátu ekkert annað en tekið við því, þeir menn, sem hér áttu beinan hlut að máli. Það var ekkert val um annað. Spurningin var aðeins, hve há prósentan átti að vera. Þegar menn eiga ekki kost á neinu öðru, þá auðvitað taka þeir við því til að halda skipum sínum gangandi. En fulltrúi togaramanna margtók fram, að þetta væri nauðvörn og það væri leiðinlegt að þurfa að taka við þessu. Hann margtók það fram. Hann margundirstrikaði það líka, að þess væri að vænta, að þeir gætu einhvern tíma skilað þessu til baka, sem ég auðvitað geng út frá og aðrir, að það verði aldrei hægt.

Nú er ekki aðeins, að þessar álögur hvíli á loðnunni. Loðnan hefur verið látin bera miklu miklu meiri byrðar en þetta í ýmsu öðru formi, sem menn hafa ekkert kvartað undan. En það er ekki hægt að halda svona áfram, það er það, sem ég vil undirstrika. Það er ekki hægt annað en ráðast að þeim vanda, sem fyrir er hjá togaraútgerðinni og annarri útgerð, og finna lausn á honum. Ég vil taka þátt í því. Ég ræddi það hér í fyrra, þegar við vorum að breyta útflutningsgjaldi á sjávarafurðum, að ég væri til viðtals um að meta það, með hvaða hætti við gætum breytt l. um Verðjöfnunarsjóðinn, svo að hann verkaði og hjálpaði einmitt í þessum tilfellum, einmitt þegar eitthvað svona óvænt ætti sér stað, alveg sérstakt, því að það er engin ástæða til þess að safna svona miklu fé í hann og láta það rýrna í höndunum á okkur. Það er engin ástæða til þess, þó að hluti hans hafi verið verðtryggður. Það eru alveg rök fyrir því, að hann hjálpi núna um 100—200 millj. í þessu sérstaka tilfelli varðandi olíuna. Og það skyldi nú aldrei vera, að lausnin lægi þannig um mitt ár að taka úr Verðjöfnunarsjóðnum þá með brbl. Ég kem í fljótu bragði ekki auga á neitt annað. Þá væri gott, að þingið hefði samþykkt svona óvenjuleg vinnubrögð, og þá geta þm. raunverulega ekkert sagt í framtíðinni.

Þegar ég lít nú hér til hægri og sé formann Sjálfstfl., hvað ætlar hann að segja í framtíðinni varðandi svona vinnubrögð? Flokkur hans, hefur það á stefnuskrá sinni, að menn fái að starfa eðlilega og heilbrigt í þjóðfélaginu. Ef hann fellst á svona hugmyndir, sem eru gersamlega á móti hans grundvallarstefnuskráratriði nr. eitt, ja, guð hjálpi mönnunum, — ég segi nú ekki meira. (Gripið fram í.) Já, ekki veitir af.

Nei, það, sem við margir vildum, var, að það gamla trygga kerfi, sem við höfum haft í þessi erfiðleikaár, fái að njóta sín á þessu sviði eins og öðrum. Við teljum ekkert eftir okkur að taka á okkur eðlilegar kvaðir, en við erum á móti því, hvort sem hér er um að ræða loðnu eða eitthvað annað, að ákveðinn hópur manna taki á sig slíkar almennar byrðar. Það er ekki þeirra hlutverk. Við getum farið út í aðrar stafsgreinar, við getum sagt: Uppmælingamennirnir í Breiðholti, eiga þeir að fara að borga núna vélstjórunum hér í vélsmiðjunum, sem vantar mörg hundruð manns í? Hvernig haldið þið, að menn tækju því? Það er alveg hliðstætt. Þegar þenslan er svona gífurleg í byggingabransanum, eru þeir á tvöföldu og þreföldu kaupi, og því ekki að taka þann óvænta gróða og flytja hann yfir í vélsmiðj-

urnar? Það er upplýst um áramótin, að það vanti nærri 300 menn í vélsmiðjurnar, og tugir skipa hafa farið nú á hálfu ári til þjónustu erlendis, af því að við höfum ekki menn í þessari grein. Hví ekki að borga þessum mönnum 350 kr. á tímann eins og iðnaðarmönnum í byggingariðnaði og leysa vandann þannig. Við verðum að gá að því, út í hvað við erum að fara með þessu kerfi.

Svo er annað í þessu efni, það er lánaþátturinn. Þeir bátar, sem standa að þessari hjálp núna, voru þessir viðreisnarkoppar, sem fengu hér orð í eyra fyrir úrelt fyrirkomulag og hvað annað. Nú eru þeir góðir. Þeir fengu verri lánakjör. Það var brotist um hér á hæl og hnakka, hvað við hefðum staðið illa að málunum á sínum tíma við endunýjun flotans og mörg þung orð sögð í okkar garð í því efni. Nú er þetta eini flotinn, sem virkilega bjargar sér og bjargar sér það vel, að rósin hjá ríkisstj. fölnar, ef hann kemur ekki upp að hliðinni og gefur henni lífsneistann. Þessi stóri, myndarlegi togarafloti á fullkomlega tilverurétt, og ef einhver vill snúa út úr orðum mínum þannig, að ég öfundist yfir því, að hann skuli vera kominn, þá er það alger misskilningur. Það eina, sem ég get sagt og skal standa við, er að ég tel, að svona stór kaup á svona stuttum tíma hefðu mátt dreifast á eitt ár í viðbót. Það tel ég, að hefði verið skynsamlegt, vegna þess að það fylgja þessu slíkir vaxtarverkir sums staðar, að það skapar mönnum aukin vandkvæði. Móttakan var ekki fyrir hendi, hafnaraðstaða var ekki fyrir hendi, ýmislegt annað var ekki fyrir hendi, því miður, og þetta hafði það í för með sér, að ýmsir hlutir þróuðust ekki eðlilega. En endurnýjunin var auðvitað alveg sjálfsögð, það stóðu allir að því og þjóðin í heild fagnar því. Spurningin var aðeins, hve ört við áttum að kaupa skipin. Hitt er, að þegar við sjáum verðbólguna í dag út um allan heim, hve hún er mikil, þá megum við vera ánægðir með, að átakið hafi verið svona stórt, því að skipin hefðu annars hækkað verulega í verði, þannig að það sýnir sig, að það verður léttir í framtíðinni.

Menn hafa sagt, að það sé aldrei hægt að láta nýjan togara bera sig. Það getur vel verið, að nokkuð sé til í því. Ef verðið á aflanum er svo lágt, að ekki megi sýna sómasamlega afkomu í því efni og það eigi að millifæra, láta frystihúsin eiga skipin og sjálfstæð togaraútgerð eigi ekki að vera til á Íslandi nema sem einn báttur í starfrækslu frystihússins, þá er þetta vel hugsanlegt. En ég tel, að þannig sé ekki rétt að standa að hlutunum, það megi alveg eins tryggja, að öflunin eigi tilverurétt, eins og vinnslan eða salan.

Nei, þetta samkomulag er til orðið vegna alveg sérstæðra aðstæðna. Það var sagt úr stjórnarráðinu. Ef þið samþykkið ekki ákveðinn skatt, þá rennur hann allur í Verðjöfnunarsjóðinn. Slík tilskipun er náttúrlega forkastanleg út af fyrir sig. Í öðru lagi er hér furðuleg beita í 2. mgr., og maður eiginlega undrast það, að fulltrúar sjómanna skuli vera svo glámskyggnir, að þeim séu réttar 25 millj., en sjálfir taka þeir, ef afli verður það mikill, að þessi heildarskatttala næst fram, raunverulega á sig af sínum launum hátt í 100 millj., — en það er sagt, að þeir fái til baka 25 millj., — því að þeir eiga fjórðung úr öllum afla, heildarverðmætinu, minnst og helming á móti útgerð. Ef útreikningar hagsýslunnar sýna, að 600—800 millj. séu nettó, þegar allir hafa fengið sitt, yrðu þá til ráðstöfunar, þá eru rök fyrir því að segja, að verksmiðjurnar eigi helminginn, útgerðin 1/4 og áhöfnin 1/4 og þessu sé síðan skipt upp að mestu leyti í gegnum útflutningsgjaldið og verðið hækkað nokkuð og 250—300 millj. fari í olíusjóðinn. En sjómennirnir fá ekkert til baka af olíunni. Hins vegar fær útgerðin til baka og verksmiðjurnar fá til baka. Þess vegna fæ ég þá niðurstöðu, að þeir borga sjálfir fast að 100 millj. úr eigin vasa, en fá á móti 25 millj. Það eru góð viðskipti, og litur út fyrir, að ríkisstj. sé svo snjöll, að hún hafi líka sannfært launþegana um það nú í nýgerðum kjarasamningum, að það sé um að gera að leyfa henni að innheimta mun meira en nauðsyn sé. En hvort það á eftir að fara gegnum Alþingi, er önnur saga og mun koma brátt í ljós.

Mér skilst, að Sjálfstfl. sé mjög ánægður með þessa breytingu, og ég óska honum til hamingju með að fallast á slíkt hugmyndakerfi eins og hér er boðað. En ég tel, að við séum hér að fara inn á braut, eins og hæstv. ráðh. undirstrikaði, sem sé varhugavert og hann sé í þeim hópi, sem telji það varhugavert og þetta sé að mestu leyti nauðvörn og þess vegna sé þetta gert. Við, sem höfum andmælt þessu á öðrum stað, töldum allt í lagi að leggja ákveðinn skatt á, en vildum hafa formið annað — um það stóð deilan, — hafa hann með sama fyrirkomulagi og við höfum staðið að um margra ára skeið. Ég held, að enginn hafi talið eftir sér í sjálfu sér að taka á sig miklar kvaðir til að halda heildaratvinnulífinu gangandi. Deilan stendur ekki um það, heldur stóð hún um þetta sérstæða form, að binda það eingöngu í þessu formi, eins og þetta frv. gerir ráð fyrir.

Sjútvrh. (Lúðvík Jósepsson): Herra forseti. Það voru nokkur orð í tilefni af því, sem hv. 5. þm. Reykn. sagði hér. Mér fannst hann tala þannig um málið, að það væri í rauninni engu líkara en hann hefði misskilið það í grundvallaratriðum, sem ég get þó varla ætlað honum eftir að hafa fjallað um þetta mál allítarlega í samtökum útgerðarmanna, þar sem málið var rætt og um það gerð samþykkt.

Mér fannst hv. þm. gera allmikið úr því, að hér væri á ferðinni sérstök skattinnheimta til stuðnings togaraútgerðinni, og hann spurði allmikið um, hvað liði þeirri endurskoðun, sem fram hefði farið á vegum sjútvrn. um afkomu togaraútgerðarinnar, og hann vildi fá þau gögn í hendur, til þess að hann gæti áttað sig þar betur á rekstrarstöðunni. Það er auðvitað mikill misskilningur að telja, að þetta frv. sé á einhvern hátt flutt til þess að leysa rekstrarvandann í togaraútgerð. Hér er um að ræða alla fiskiskipaútgerð landsmanna. Það er rétt, togararnir voru ekki undanskildir. (Gripið fram í.) Ég verð að tala á þennan hátt, sem ég geri, vegna þess að ég hygg, að það hafi kannske fleiri skilið þessi orð á þann hátt, sem ég skildi, og vegna þess þykir mér a. m. k. allur varinn bestur að skýra það, hvernig þetta er í raun og veru. Hér er um það að ræða, að tiltekin fjárhæð, sem áætluð

er 225 millj. kr., skuli renna til þess að greiða niður verðið á brennsluolíum til fiskiskipaflotans, einnig til loðnubátanna. Það er vafamál, hvað þeir tapa miklu á þessu, ef það mál er tekið út af fyrir sig. En það er rétt, það þótti engum af þeim, sem þátt tóku í því að gera þetta samkomulag, ástæða til þess að ætla að fella togarana þarna út úr. Auðvitað er þarna um ákveðna tilfærslu fjármuna að ræða. Við vitum, að þorskveiðiflotinn allur, sem gerður er út hér við Suðurland á vetrarvertíð, þorskveiðiflotinn allur, sem gerður er út á Vestfjörðum, Norðurlandi og annars staðar við landið, verður þess arna aðnjótandi, að búa við lægra olíuverð en hann hefði þurft að borga núna á vetrarvertíð til mailoka, ef þessar ráðstafanir hefðu ekki verið gerðar. Og það sama má segja um togaraflotann. Það er rétt, hann býr líka við lægra verð en hann hefði þurft að borga fyrir sína olíu á þessum tíma. En það fjármagn, sem hér er um að ræða, þessar 225 millj., sem áætlaðar hafa verið, er tekið af andvirði loðnuframleiðslunnar, og má segja, að það sé tekið sameiginlega af annars vegar útgerðinni og sjómönnum, sem gróft tekið eiga helming andvirðisins, og svo af vinnslunni, verksmiðjunum, hinn helmingurinn. Þessi helmingur, sem er í eigu sjómanna og útgerðarmanna, rennur síðan til fiskiskipanna. Það er mikill misskilningur, að þetta renni til verksmiðjanna, vegna þess að þeir einu, sem þarna verða að borga, eru loðnuverksmiðjurnar, því að af þeim er tekin þessi fjárhæð, og þær fá enga niðurgreiðslu af sinni olíu, þó að þær noti mikla olíu. Það var gert ráð fyrir því, að þær yrðu að bera þennan bagga og þær samþykktu það sjálfar, fulltrúar þeirra samþykktu það. Sjómenn stóðu þannig að þessari samningagerð, að þeir töldu fyrir sitt leyti, að það væru engar líkur til þess og í raun og veru engin sanngirni að ætlast til þess, að þeir fengju hærra hráefnisverð en um var samið, svona mikla hækkun frá árinu á undan, eins og ég greindi frá áðan. Þeir töldu því, að þeir hefðu fengið það, sem þeir stefndu að. En það er rétt, þeir slepptu eignarhaldi sínu á því, sem annars hefði farið í Verðjöfnunarsjóðinn, á því, sem þeir eiga í honum sameiginlega, gegn því, að þeir fengju þær 25 millj., sem hér er um að ræða og notaðar eru í þeirra sérstöku þágu.

Hér er sem sagt um þetta að ræða. Vitanlega er það alrangt á allan hátt að tala um, að hér sé verið að gera einhverjar sérstakar aðgerðir til þess að bjarga togaraútgerðinni, því að um það var ekki að ræða. Þeir aðilar, sem voru að ákveða um fiskverð um áramótin, þ. e. a. s. fulltrúar sjómanna og útgerðarmanna og fulltrúar fiskkaupenda, voru ekki að fjalla sérstaklega um rekstrarmál togaranna, heldur fiskiskipanna almennt, og þá fyrst og fremst bátaflotans.

Ég held, að það sé með öllu óþarfi, a. m. k. á þessum stað, að ætla að bera eitt eða neitt fram um það, að sjómenn hafi samið af sér í þessu tilfelli. Þeir hafa tekið sínar ákvarðanir og samþykktu einróma till. sinna fulltrúa, og ég held, að þeir hafi í þessum efnum gert fyllilega rétt. Þeim var líka ljós sá vandi, sem fyrir lá, að það var ekkert þægilegt fyrir þá, sem eru að semja almennt um hag einnar starfsstéttar, að láta kaupið aðeins til einnar greinar á stuttum tíma þjóta upp og skekkja í rauninni alla mynd, og þeir hlutu að taka talsvert mikið tillit til þess að geta tryggt einnig afkomu umbjóðenda sinna, sem voru að starfa við aðrar greinar. En þeir voru í þessu tilfelli einmitt að ná samkomulagi um það mál. Það er líka rangt að tala um, að í þessu tilfelli sé verið að skattleggja alveg sérstaklega 1500 sjómenn og 80—90 útgerðarfyrirtæki. Það er, eins og ég sagði, í raun og veru ekki hægt að tala um neina skattlagningu á útgerðarfyrirtæki, því að það eru þau, sem fá þessa upphæð. En þessir sjómenn eru líka sömu sjómennirnir, sem verða svo á vetrarvertíðinni, ef svo fer nú t. d., sem hv. þm. greinilega óttast og ég óttast með honum um, að loðnuvertíðin fari að verða búin, þá snúa þessir sömu sjómenn til annarra veiða og starfa fram í mailok og verða að búa að því, sem út úr því rekstrartímabili kemur. Þeir koma því til með að njóta góðs af því, að útgerð geti einnig gengið á þeim tíma.

Mér fannst líka það, sem hv. þm. sagði hér varðandi verðlagsmálin, bæði fyrr og síðar, gefa alranga mynd af því, sem er í þeim efnum og ég tel nauðsynlegt, að allir hv. þdm. átti sig á. Það er vitanlega alrangt að tala um það, að ríkisvaldið hafi ákveðið þetta eða hitt verðlag í sambandi við sjávaraflann og ríkisvaldið hafi stillt mönnum upp við vegg í þessum tilfellum. Það er út í bláinn sagt. Hér eru ákveðin lög um það, hvernig fiskverð skuli ákveðið hverju sinni, og þar mætast fulltrúar frá seljendum og kaupendum. Annars vegar við borðið eru í þessum tilfellum fulltrúar útgerðarmanna og sjómanna, sem eru að selja fiskinn. Hins vegar eru svo fulltrúar fiskverkunarfyrirtækjanna, sem eru að kaupa fiskinn, og samkvæmt lögum hafa þessir aðilar rétt til þess að semja um fiskverðið. Þegar þeir koma sér ekki saman, tilnefna þeir ákveðna oddamenn, tilnefna þeir menn frá sinni hálfu, og það er mynduð yfirnefnd með einum oddamanni, sem er ákveðinn embættismaður. Og bæði í fyrra og nú liggur það fyrir, að þessir aðilar koma sér saman, fyrst kaupendurnir samþykkja verðið, fyrst seljendurnir samþykkja verðið. Þetta er verð, sem þeir hafa ákveðið, og fulltrúi hv. 5. þm. Reykn., sem jafnframt er útgerðarmaður, hefur auðvitað ekki við neinn að sakast um það fiskverð, sem ákveðið hefur verið í þessum efnum, nema þá fulltrúa sína við þetta samningaborð. Þegar útgerðarmennirnir velja ákveðna menn til þess að semja um fiskverð og hafi þeir gert um það samkomulag, þá er það vitanlega þeirra og þeim dettur ekki í hug að skjóta sér undan því og segja, að einhver ytri máttarvöld hafi sagt þeim fyrir verkum, þar sem þeir hafa lögin með sér. Þeir hafa gert ákveðið samkomulag.

Varðandi svo þessa sérstöku ráðstöfun, þar sem þetta gjald var lagt á og þessi millifærsla gerð, þá er málið þannig, að það mun vera rétt, að frá oddamanni hafi þessi hugmynd upphaflega komið fram. En það eru fulltrúar seljanda og kaupenda, sem gera með sér þetta samkomulag og óska eftir því við ríkisvaldið, að þetta samkomulag fái lagagildi. Það er þannig, sem að þessu er staðið. Hér er því aðeins um það

að ræða, hvort Alþ. vill fallast á það, eins og áður hefur verið gert, að lögbinda samkomulag, sem þessir aðilar hafa gert sín á milli.

Ég veit vel um það, að hv. 5. þm. Reykn. var í sínum samtökum á móti þessu. En hann stóð frammi fyrir því, að mikill meiri hluti útvegsmanna í þessum samtökum vildi hafa samkomulagið og samþykkti það, staðfesti það á fundum sínum. Hitt er svo allt annað mál, að það geta verið skiptar skoðanir um, hvað langt á að ganga í þeim efnum að láta fjármuni frá einni strfsgrein renna til annarrar. Ég fyrir mitt leyti er á þeirri skoðun, að það beri að fara varlega í þeim efnum, mjög varlega.

Það, sem gerðist í þessum efnum, tel ég ekki mikið, vegna þess að það er alveg augljóst, að öll sú upphæð, sem hér ber á milli og á að nota til þess að greiða fyrir olíuna, hefði annars runnið í Verðjöfnunarsjóð, einfaldlega af því, að þó að þessi upphæð væri tekin, þá er samt látið renna allmikið af verðmætinu í Verðjöfnunarsjóð. Það datt nefnilega afskaplega fáum í hug og a. m. k. engum í verðlagsnefnd, ekki heldur í yfirnefndinni, að hægt væri að ákveða verðið á loðnunni öllu hærra en gert var. Það er svo mál út af fyrir sig, eins og vill verða, að fulltrúar verksmiðjueigenda samþykktu það verð, sem ákveðið var á loðnunni. Þeir samþykktu það eins og fleiri, að vísu út frá þeim forsendum, sem þá var vitað um, þeim upplýsingum, sem þá lágu fyrir um væntanlegt söluverð á afurðunum. En vegna þess að það var ekki búið að selja nema lítið magn fyrir fram af framleiðslunni, gerðu þeir þann fyrirvara, sem seljendurnir, fulltrúar útgerðarmanna og sjómanna, samþykktu líka, þeir gerðu þann fyrirvara, að þeir mættu á loðnuvertíðinni segja upp verðinu og taka það til endurskoðunar, ef kringumstæður hefðu breyst. Þetta var líka í þeirra samkomulagi. Og þegar málin stóðu þannig að það leit út fyrir, eins og lítur út fyrir í dag, að verð á loðnumjöli geti lækkað allmikið, þá væntanlega notfærðu fulltrúar verksmiðjanna sér þetta ákvæði og kröfðust þess, að endurskoðun færi fram, og verðið var lækkað nokkuð. Ég er þeirrar skoðunar, að bæði útgerðarmenn og sjómenn megi mjög vel við una það loðnuverð, sem ákveðið hefur verið, og ég skal segja það alveg hiklaust, að ég skil mætavel, að verksmiðjueigendur séu ekki alls kostar rólegir að kaupa loðnuna á því verði, sem er í dag. Mér finnst því ekki ástæða til að fara um það mörgum orðum, þó að verðið hafi lækkað á þann hátt, sem það gerði núna, enda vildu auðvitað verksmiðjueigendur ekki samþykkja þetta nú. Nú varð að koma til úrskurður oddamanns með fulltrúum seljenda til þess að ákveða verðið á þann hátt, sem gert var, því að verksmiðjueigendur töldu, að verðið ætti að lækka miklu meira.

Það er sem sagt alger misskilningur, að af hálfu ríkisstj. þá hafi verið beitt nokkrum þvingunum í sambandi við það samkomulag, sem gert var í þessum efnum, og það er enginn vafi á því, að ekkert slíkt hefði verið gert í þessu tilfelli eins og að leggja þetta sérstaka útflutningsgjald á loðnuafurðirnar og greiða niður verð á olíu, ef fulltrúar þeirra, sem mættu þarna að samningaborðinu og áttu þetta fé, hefðu ekki komið sér saman um það.

Varðandi það, sem hv. þm. minntist hér á um þær athuganir, sem fram hafa farið varðandi rekstur togaranna, þá get ég upplýst, að þessi athugun er komin mjög langt áleiðis og ég býst við því, að skýrsla um þessa athugun liggi fyrir næstu daga og þá er sjálfsagt að veita allar upplýsingar um þær niðurstöður, sem þar koma fram. Þessar niðurstöður hef ég ekki fengið enn, en ég hygg þó, og þar miða ég við þær athuganir, sem áður hafa verið gerðar, að í ljós muni koma, að það sé ekki hægt að tala um sérstaklega mikinn hallarekstur t. d. hjá minni skuttogurunum borið saman við önnur okkar fiskiskip eftir þær fiskverðsbreytingar, sem nú hafa verið ákveðnar, og miðað við þau rekstrargjöld, sem nú eru. Það er þó hætt við því að þessi skip hafi ekki svo góða rekstrarafkomu, að reksturinn standi að fullu undir afskriftum. Það er mjög hætt við því, að þar vanti eitthvað upp á, eins og er mjög algengt með ný fiskiskip okkar, þar sem er um toppverðlag að ræða. Hins vegar eru allmiklar líkur á því, að afkoma stærri togaranna sé miklu lakari og þar verði ekki undan því vikist nú frekar en verið hefur undanfarin ár, að þar komi til einhver almenn aðstoð ríkisvaldsins. En hún getur vitanlega aldrei orðið í því formi að ætla þeim einum einhverja niðurgreiðslu á olíu, sem tekin verði með fjármunum frá einhverjum öðrum starfsgreinum. Um það er ekki að ræða. En hitt hefði mér fundist óeðlilegt, að niðurgreiðsla á olíunni núna, sem gerð var með þessum hætti, hefði ekki komið togurunum til góða eins og bátaflotanum. Það voru engar ástæður til að skilja þá sérstaklega frá í þessu tilfelli, enda fer ekki nema minni hlutinn af þessum greiðslum beint til þeirra.

Ég skal svo ekki ræða þetta frekar. Ég veit, að hv. 5. þm. Reykn. er í eðli sínu á móti því að gera millifærslur af þessari tegund, sem hér er um að ræða, og ég deili ekki á hann fyrir það. Ég veit það líka, að hann er á þeirri skoðun, að loðnuskipin hefðu átt að njóta alls þessa verðs, annaðhvort í enn hækkuðu verði á loðnunni til skipanna eða þá til þess að safna fyrir í Verðjöfnunarsjóðinn enn meira en gert er. Það er mál út af fyrir sig. Ég hygg, að loðnuskipin hefðu ekki komið miklu betur út, ef þau hefðu þurft að borga sitt fulla olíuverð, þrátt fyrir þetta. Það er rétt, að kaup sjómanna á loðnuveiðum hefði orðið enn hærra, ef þetta hefði verið sett út í verðið, og tildrátturinn í sambandi við útgerðarreksturinn í landinu hefði orðið enn meiri en hann hefur orðið nú og ábyggilega engum til hagsbóta, þegar litið er á málið frá hærri sjónarhól. Ég vil ætla, að árangurinn um þetta, einnig við hv. þm., sé ekki mikill í rauninni og það geti skapast um þetta mál í þessari deild eins og í Nd. góð samstaða úr öllum flokkum.

Geir Hallgrímsson: Herra forseti. Ég vil ekki láta hjá líða að þakka góðar fyrirbænir hv. 5. þm. Reykn., sem mér og flokki mínum eru ákaflega mikils virði. Til viðbótar vildi ég aðeins taka

fram í sambandi við þetta frv., sem hér er á dagskrá, að ég tel það bera þau tvö einkenni, sem helst marka stjórnarathafnir núverandi hæstv. sjútvrh. og hæstv. ríkisstj.: annars vegar að beita úrræðum, sem gagnrýnd voru, þegar núv. stjórnarsinnar voru í stjórnarandstöðu, og hins vegar að fleyta hlutunum áfram til bráðabirgða frá viku til viku eða mánuði til mánaðar, án þess að um nokkra heildstæða lausn sé að ræða.

Við þm. munum, að núv. hæstv. sjútvrh. og núv. stjórnarsinnar gagnrýndu mjög þá breytingu á hlutaskiptum, sem gerð var í tengslum við gengisbreytingar, sérstaklega 1968. Auðvitað er hér ekki um annað að ræða, þegar sérstakt 5% útflutningsgjald á tollverðmæti loðnuafurða er sett á, en breytingu á hlutaskiptunum. Það er verið að taka af hlut sjómannanna, og breytir þar engu um, hvort sjómennirnir hefðu fengið hækkunina strax í sinn vasa eða hefðu átt hækkunina geymda í Verðjöfnunarsjóði. Það er jafnvel enn þá alvarlegra að ræna sjómennina möguleikanum á því að eiga þessa upphæð geymda í Verðjöfnunarsjóði, vegna þess að til hans verður gripið, þegar verðlag á sjávarafurðum lækkar. Hins vegar bendi ég ekki á þetta til þess að tjá mig andvígan þessari lausn. Ég er aðeins að benda á þetta til að sýna fram á, að hæstv. sjútvrh. og stjórnarsinnar eru ekki sjálfum sér samkvæmir.

Varðandi hitt atriðið, að þessi lausn er aðeins til bráðabirgða gerð, er það að segja, að samkomulagið við útvegsmenn og væntanlega einnig við sjómenn tókst aðeins vegna þess, að ríkisstj. gaf út yfirlýsingu um, að sama olíuverð til fiskiskipa skyldi gilda allt árið, það mun hafa verið orðað eitthvað á þá leið, að rekstrargrundvöllurinn yrði ekki lakari en var síðustu mánuði s.l. árs. Í þessu felst, að tekjuöflun með þessu útflutningsgjaldi af tollverðmæti loðnuafurða er ekki nægileg til þess að greiða niður olíuverðið nema fyrstu 5 mánuði ársins, og þá er spurningin: Til hvaða ráða verður gripið til þess að greiða niður olíuverðið það sem eftir er ársins? Hér mun vera um að ræða upphæð, sem nemur um 350—400 millj. kr. Ég vil spyrja hæstv. sjútvrh., hvaða ráðstafanir hann hyggst gera í þeim efnum.

Þá er einnig ástæða til að spyrja hæstv. ráðh., hvað hann telji, að þessi tekjuöflun af 5% útflutningsgjaldinu nemi nú í dag, sérstaklega þar sem hann sagðist vera svartsýnn á áframhald loðnuvertíðarinnar. Við vonum allir þm., að loðnuvertíðin sé ekki á enda. En því miður er slík svartsýni sem hæstv. ráðh. lét í ljós og reyndar hv. 5. þm. Reykn. e.t.v. ekki óeðlileg, eins og á stendur. Og þá er spurningin: Þarf enn frekari tekjuöflun til þess að mæta niðurgreiðslu olíu til fiskiskipa fyrstu 5 mánuði ársins, til viðbótar því, sem á vantar til niðurgreiðslu olíunnar seinna á árinu.

Sjútvrh. (Lúðvík Jósepsson): Herra forseti. Ég sé nú, að hv. 2. þm. Reykv. hefur ekki heldur áttað sig á því, um hvað þetta frv. raunverulega snýst, að hér er um það að ræða að staðfesta með lögum samkomulag, sem þeir aðilar hafa gert með sér, sem hafa lögum samkv. rétt til þess að ákveða fiskverð um áramót. Hann talar hér um það, að ég sem ráðh. sé að beita sérstöku stjórnskipunarvaldi og sérstakri pólitík. Það er ekki ég, sem hef ákveðið þetta, heldur hafa aðilar gert með sér samkomulag, sem óskað er eftir staðfestingu á. Ef hann þarf að finna eitthvað sérstaklega að því, þá ætti hann að beina skeytum sínum til annarra en ríkisstj. Hún aðeins fellst á það og þykir réttlátt að staðfesta þetta, eins og gert hefur hér verið margsinnis áður, þegar þessir aðilar hafa gert með sér samkomulag. Þetta ætla ég, að hv. þm. skilji, a.m.k. þegar búið er að benda honum á það, þó að hann kannske kjósi að halda áfram að stagast á einhverju öðru.

Þá segir hv. 2. þm. Reykv., að það sé eins og fyrri daginn, hér sé aðeins um það að ræða að gera bráðabirgðaráðstafanir, en ekki um heildarráðstafanir að ræða. Hér er, eins og ég sagði, verið að staðfesta samkomulag, sem var miðað við bæði ákvörðun á fiskverði og ákveðinn rekstrargrundvöll, sem var aðeins til tiltekins tíma, til maíloka. Hér var ekki verið að gera almennar ráðstafanir að öðru leyti. Ég hygg, að það séu fáir, sem treysta sér til þess, miðað við þær aðstæður, sem við búum við nú í dag, að segja til um það, hvaða ráðstafanir skuli gilda út allt árið, hvað þá lengra fram í tímann, varðandi m.a. rekstraraðstöðu þeirra, sem mjög verða að byggja á olíuverði. (Gripið fram í.) Já, ég ætlaði einmitt að koma að því, af því að þessi hv. þm. fór þar auðvitað rangt með eins og í öðrum greinum. Það er því sjálfsagt að upplýsa hann um það. Það er ekki rétt, eins og hann hefur lesið í Morgunblaðinu, að það hafi verið lofað að hafa óbreytt olíuverð út allt árið. Það er auðvitað rangt. Hv. þm. verður að passa sig á því og reyna að trúa með gætni því, sem stendur í því blaði. Hið rétta var samt sem áður birt víða, og hann hefði getað aflað sér upplýsinga um það. Það, sem ríkisstj. sagði í sinni yfirlýsingu í sambandi við þetta samkomulag, var á þessa leið:

„Ríkisstj. telur, að við ákvörðun almenns fiskverðs hinn 1. júní n.k., þegar næst byrjar verðlagstímabil, beri að stefna að því, að rekstrargrundvöllur þorskveiðibáta raskist ekki í meginatriðum frá því, sem við er miðað við fiskverðsákvörðunina um áramótin 1973—74."

Síðan heldur áfram: „Hækki olíuverð frá því, sem við er miðað um áramót, umfram það, sem fiskverðshækkun, annar tekjuauki eða létting gjalda fyrir útgerðina getur staðið undir með eðlilegum hætti, þyrftu að koma sérstakar ráðstafanir til þess að tryggja rekstur þorskveiðiskipa, sem landa afla sínum hérlendis, á síðari helmingi ársins, og munu verða gerðar ráðstafir í þeim efnum, eftir því sem nauðsynlegt kann að reynast."

Það, sem hér er sagt er það, að sá grundvöllur, sem samið var um um áramótin varðandi rekstrarafkomu fiskibátsins, sem lagður er til grundvallar, væri þannig, að stjórnvöld viðurkenna, að það þurfi að tryggja hliðstæða afkomu og þar var samið um, komi í ljós við næstu fiskverðsákvörðun, að útgerðin geti ekki sjálf með eðlilegum hætti staðið undir gjöldum sínum. Ef

einhver gjöld hafi komið til, sem fara þar fram úr, verði að gera ráðstafanir til þess, að þessari útkomu verði náð. En sem sagt, það getur enginn sagt um það á þessu stigi, hvað verður olíuverðið þá né annar rekstrarkostnaður. Við getum ekki heldur sagt um, hvað verður þá gildandi fiskverð á okkar útflutningsmörkuðum eða hverjar aðrar tekjur hafa komið til hjá útgerðinni. En hitt er viðurkennt, að það verði að reyna að ná þeim jöfnuði, sem gengið var út frá í þessum samningi. Það var auðvitað skýrt tekið fram af hálfu ríkisstj. á þessum tíma, að hér væri ekki nein skuldbinding um niðurgreiðslu á olíuverði út allt árið eða aðrar slíkar ráðstafanir. Það yrði að fara eftir aðstæðum þegar þar að kæmi.

En hvað verður þá gert, þegar kemur að næsta verðtímabili? Því get ég ekki svarað. Ég treysti mér ekki til þess, og ég efast um, að það geti nokkur maður sagt það, m. a. vegna þessa, að þá verður að meta það, úr hvaða tekjum útgerðin hefur þá að spila og hvaða þýðingarmiklar breytingar hafa þá orðið á rekstrarútgjöldum, sem ekki var búið að taka tillit til við áramót. Það verður sem sagt að bíða að taka ákvarðanir um það. Mér er vel kunnugt um, að fulltrúum útgerðarinnar var ljóst, að annað væri með öllu útilokað. Þeir vita ekki sjálfir, við hvaða fiskverð ætti að miða eða við hvað þeir geta sætt sig, þegar að þeim tíma kemur. Þeir áskilja sér allan rétt til að bíða fram að þeim tímamörkum til þess að sjá, hvernig aðstæður verða þá. En hitt er eðlilegt, að útgerðin geri kröfu til þess að ná nokkurn veginn jöfnuði í rekstri sínum.

Þá sagði hv. 2. þm. Reykv., að hér væri um sams konar aðgerð að ræða og þá, sem gerð var með lögum 1968, þegar hlutaskiptakjörunum var breytt. Þetta er auðvitað alrangt. Mér er vel kunnugt um það, að við fiskverðsákvörðun nú um áramótin komu fram mjög stífar kröfur um það, m. a. frá fulltrúum útgerðarinnar, að fá fram breytingar á hlutaskiptakjörunum. Því neituðu fulltrúar sjómanna algerlega, sögðust ekki taka það í mál. Þeir gerðu sér auðvitað fulla grein fyrir því, eins og allir gera, sem eitthvað þekkja til þessara mála, að það er vitanlega allt önnur gerð að breyta hlutaskiptakjörum eða fallast á það, að tiltekna fjárhæð, sem átti að renna í geymslusjóð, mætti nota í því skyni, sem hér er um að ræða. Á því er auðvitað grundvallarmunur. Svo getur hv. 2. þm. Reykv. og aðrir slíkir leikið sér að tala um það, að fulltrúar sjómanna við þetta samningaborð hafi staðið að því að ræna sjómenn, eins og hann sagði hér. (Gripið fram í). Já, „ræna sjómenn". Það var orðalagið sem hv. þm. getur auðveldlega fundið á spólunni, ef hann lætur leika hana fyrir sig aftur (Geir H: Ég var að nota orðalag hæstv. ráðherra). Kannske það hafi verið. En þá hefur hann fundið það á einhverjum einkennilegum stað, ef hann ætlar að halda því fram að ég hafi talað um það.

Þá spurði hv. 2. þm. Reykv., hvort líkur væru á því, að áætlaðar tekjur af þessu 5% útflutningsgjaldi kynnu að nema minni upphæð en ráðgert hefði verið og mundi því þurfa að afla sérstaklega viðbótartekna við þær, miðað við þær horfur, sem nú væru á loðnuvertíðinni. Ég tel, að það sé alveg öruggt, að það verði ekki, nema þá að verði miklu meira verðfall á mjölinu en búist er við í dag. Þá sýnist mér, að þar sem aflinn mun nú vera kominn yfir 360 þús. tonn, en áætlað var, að aflinn mundi verði í kringum 400 þús. tonn eða nokkru minni en hann var í fyrra, eftir þessum áætlunum og einnig miðað við það, sem búið er að frysta, og þá verðflokka, sem frystir hafa verið, þá sýnist mér, að það sé engin hætta á því, að ekki náist a. m. k. sú upphæð, sem áætluð var til þess að standa undir þessari olíuniðurgreiðslu. Því geri ég ekki ráð fyrir því, að það þurfi að fara í neina nýja tekjuöflun af þeim ástæðum. Hitt getur hæglega komið til, að það þurf að gera býsna erfiðar ráðstafanir til þess að tryggja afkomu útgerðarinnar á síðari hluta ársins. Það skal ég ekkert um segja.

Ég vil svo aðeins að lokum leggja áherslu á það, að málið er þannig, eins og ég hef bent á hér áður: Hér er um það að ræða að fá staðfestingu á samkomulagi, sem réttir aðilar hafa gert með sér, en hefur ekki verið upp á þá þvingað á einn eða neinn hátt af hálfu ríkisavldsins. Þetta var vandi, sem þeir stóðu frammi fyrir, og þeir kusu að hafa þennan hátt á. Að sjálfsögðu hefðu þeir þegið að leggja þessa fjármuni í Verðjöfnunarsjóðinn og eiga hann, ef ríkissjóður hefði viljað bjóða þeim að láta þá hafa þessa upphæð annars staðar frá. En um það var ekki að ræða, svo að þeir urðu að leysa mál sín á þann hátt, sem þeir gerðu sem ábyrgir aðilar. Og ég tel, að þessi lausn þeirra hafi verið mjög eðlileg miðað við allar kringumstæður.

Jón Árm. Héðinsson: Herra forseti. Ég hélt, að það hefði ekki farið fram hjá neinum, að í sambandi við dæmið, hvernig ég fyndi út, hvað sjómenn bæru, tók ég fram, að auðvitað renna peningarnir til skipanna aftur. Þess vegna má meta það á þann veg, sem ég gerði, hvernig þáttur sjómanna væri í þessari greiðslu. Ég undirstrikaði ekki sérstaklega, vegna þess að það kemur svo skýrt fram í frv., að það er „að greiða niður verð á brennsluolíu til íslenskra fiskiskipa", svo að það var ekki um neinn misskilning að ræða hjá mér, að þetta væru bara togararnir. Það, sem ég var að benda á eða ætlaði að reyna að benda á, var það, að togararnir tækju sjálfir ekki neinn þátt í þessu, ekki einu sinni þeir, sem sigla, þó að þeir selji fyrir fjórfalt hærra verð en gildir á Íslandi. Það er ekki einu sinni, að það sé lögð nein kvöð á þá. Það, sem við undirstrikuðum nokkrir, var að halda þessu gamla kerfi okkar, að allir tækju þátt í hjálpinni, hver eftir sinni getu, þeir mest, sem afla mest. En jafnvel litli báturinn er látinn taka á sig kvöð í sambandi við vátryggingarkerfið með útflutningsgjöldum. Það var þetta, sem við vildum. Ágreiningurinn stóð um þetta. Það veit ég, að hæstv. ráðh. er kunnugt um. Með þessu móti, að leggja þetta einhliða á aðeins einn þátt, bara loðnuna, þá er það hún, sem ber það. En bátarnir, sem stunda loðnuna, fara síðan á net. Þeir fá sína olíu niðurgreidda. Það hefur engum manni dottið annað í hug, enda skýrt tekið fram í frv. En togararnir fá hana líka niðurgreidda, þó að þeir komi hvergi nærri. Sumir segja: Þeir eru ekki aflögufærir út af

fyrir sig. En þeir, sem eru að sigla og fá fjórfalt hærra verð, þurfa þeir á öllu þessu að halda og hrekkur það ekki til? Það mætti kannske upplýsa alþjóð um það og fá að vita, hver ávinningurinn er í þessum siglingaferðum. Ég dreg í efa persónulega, að það sé nokkurt vit í því að láta báta sigla með 30—50 tonn að haustlagi og fram yfir áramót. Ég tel þetta persónulega, bæði vegna áhættu og tímalengdar. Einhvern tíma hefði slíkt verið bannað, bara frá þjóðhagslegu sjónarmiði.

Nei, hér er verið að staðfesta samkomulag, sem var mótað með þeim hætti, að enginn vildi gangast við faðerninu. Það er staðreynd. Og hvers vegna? Vegna þess, að það var ákveðinn þrýstingur frá yfirvöldunum. Þrátt fyrir lög um verðákvörðun á sjávarafurðum er ákveðinn þrýstingur um að hafa þetta innan viss ramma. Það var fundin út ákveðin prósentuhækkun á bolfiski. Það var líka höfð hliðsjón af, hvað loðnan mætti hækka til skipa, svo að það setti ekki allt kerfið úr jafnvægi. Þetta vita menn.

Fór hæstv. ráðh. niður í Verðlagsráð bara til að fá sér kaffi hjá mönnunum, meðan þeir sátu á löngum og erfiðum fundum? Nei, hann talar við mennina þar, og það er allt í lagi út af fyrir sig. Hann segir þeim sínar skoðanir, en svo auðvitað ákveða þeir verðið samkv. l., en hann beitir áhrifum sínum, eins og eðlilegt er frá sjónarmiði ríkisstj., til að hafa hemil á hlutunum. Það er langbest að viðurkenna það hreinlega, en ekki vera að ásaka okkur tvo aðra þm. fyrir dylgjur í þessu efni. Það er verið að staðfesta ákveðið samkomulag, sem varð til undir vissum áhrifum frá ríkisvaldinu. Það eru alveg hreinar línur og hægt að leiða menn til vitnis um það á öðrum stað, ef á þarf að halda.

Það er rétt hjá hæstv. ráðh., að það kemur fram í þingtíðindum í dálki 1821, ræðu hans í Nd., að hann segir, að það verði athugað rækilega, að hvað miklu leyti útgerðin geti síðar staðið undir olíuverði án þess að raska afkomugrundvellinum, það hefði aldrei verið lofað að hafa óbreytt olíuverð út árið, enda ekki hægt með þessari skattgerð. Það hefur enginn maður sagt það. En það, sem hefur verið gefið fyrirheit um, er, að hliðstæður rekstrargrundvöllur sé tryggður síðari hluta ársins og um var samið núna. Ég er auðvitað þakklátur fyrir það, og það eru allir menn í þessum atvinnugreinum þakklátir fyrir það, að ríkisstj. mun leitast við að gera slíkt. En við spyrjum í stjórnarandstöðunni: Með hvaða hætti? Ég lét mér detta það í hug, að það yrði gert á þann veg, þegar allt um þryti, að grípa til Verðjöfnunarsjóðsins og láta hann þá borga. Ég taldi í fyrra skiptið, sem ég talaði hér, að vel hefði mátt athuga þá leið strax og gera það upp við sig, hvernig við gætum staðið að breiðari lausn. Ég talaði líka um það hér fyrir rúmu ári, þegar við vorum þá að fjalla um útflutningsgjöldin til þess að færa á milli atvinnugreinanna, vegna þess að við eigum alltaf von á þessum sveiflum, og þá er skynsamlegt að vera við því búinn að geta lagt til hliðar í góðærinu og dregið svo úr þeim fyrningum, þegar hallar undan fæti aftur. Ég held, að allir hv. alþm. ættu að vera sammála um slíkt, en ekki eyða öllu fé í verðþenslu. Það er þetta, sem ég deili á.

Það er rétt hjá hæstv. ráðh., að það er ekki mikill munur á okkar skoðun í því að við viljum leggja á kvaðir. Það er framkvæmdaatriðið í þessu tilfelli, sem ágreiningurinn stendur um. En ég sætti mig ekki við þennan hátt í þessu einstaka tilfelli og við allmargir, sem stöndum í þessum atvinnurekstri. Einhver kann að segja, að hér sé um feikilega einkahagsmuni að ræða og jafnvel að hv. þm. mættu ekki fjalla um það. Það væri þá ekkert síður, þegar fulltrúar bænda, bændur á hv. þingi, fjalla um mál þeirrar stéttar, þá eru þeir að fjalla um sín mál. Það er almennt til hagsbóta í þjóðfélaginu, bæði til lands og sjávar, að árferði sé tryggt eða afkoma þeirra, sem við þá atvinnuvegi, starfa, sem jöfnust.

Ég þarf ekki að tefja tímann miklu lengur um þetta. Sjálfsagt fer þetta í gegn. En ég get ekki fallist á frv., eins og það er. Það er sjálfsagt tilgangslaust að vera að koma með brtt. um, að málið sé athugað á breiðari grundvelli. En miklu geðþekkara væri mér að gera það og fást við þann vanda á breiðari grundvelli, sem við eigum við að etja núna í sjávarútveginum, vegna þess að við höfum orðið að sæta mjög háu olíuverði. Við höfum orðið að sæta mikilli verðbólgu, bæi hér heima og erlendis, sem við getum ekki flutt út aftur. Þess vegna kann að fara svo síðari hluta ársins, að aðalatvinnugreinin, sem er nú að verða, rekstur togaranna, eigi í erfiðleikum, og slíkt má ekki henda. Það má ekki henda þessi stóru og miklu aflaskip, slíkir bjargvættir sem þau eru víða um land, að þau séu bundin við bryggju. Því miður hefur það hent, að vissar n. hafa orðið að sitja hér í hliðargöngum Alþingis og ræða við þm. um skyndiráðstafanir til að halda togurunum gangandi og beðið um allstórar upphæðir, svo að nemur millj. fyrir suma staði. Þetta er vandamál, sem Alþingi á að fylgjast vel með og jafnvel þjóðin öll, því að það á ekkert að vera að dylja það, hvað hér þarf að gera, svo að þessi atvinnutæki fái að starfa á heilbrigðan og eðlilegan hátt. Það á ekkert að vera að dylja það. Ef einn staður þarf 10 millj., annar 3 millj. og svo einn 20 millj., þá á þjóðin að fá að vita það hreinskilnislega. Það eru líka staðir, sem fá miklu minna og eru ekki einu sinni að biðja um sérstaka styrki, en vilja þó fá heilbrigð og eðlileg lán, til þess að sjávarútvegurinn, sem þar er, geti snúist með eðlilegum hætti og sómasamlega.

Ég hirði ekki um að svara öðru, en ég vildi bara undirstrika það, að ég geri mér grein fyrir, að þetta kemur auðvitað á allan flotann til baka. Það, sem við vildum, svo að ég segi það enn einu sinni, var, að þetta stæði, þetta gjald væri sett á breiðari grundvöll og jafnvel að 100—200 millj. væru tryggðar úr Verðjöfnunarsjóði, ef svo illa tækist til, að aflabrestur yrði á loðnunni. Það veit enginn í upphafi vertíðar, hvað aflamagnið verði, hvernig takist til um mjölverð og lýsis, vegna þess að við höfum nú það fyrirkomulag í útflutningi á mjöli og lýsi, sem ekki gildir í hinum stóru þáttunum, að það er frjáls útflutningur á þessu. Sumir segja, að þetta

sé gott, aðrir telja þetta varhugavert, eins og reynsla 2—3 s.l. ára bendir til. Sumar verksmiðjurnar hafa gert góða sölu, aðrar alls enga, og þær hafa ekkert fjármagn. Hér er um svo stóra tölu að ræða, ef illa tekst til, að þá eru þær farnar á hausinn. Það þjónar ekki neinum tilgangi, að mikilvæg atvinnutæki úti um landið séu þannig sett að þær hafa ekki bolmagn til að taka á sig smásveiflur, sem verða í þessu, eða jafnvel miklar sveiflur. Þess vegna hef ég verið talsmaður þess og það eru margir fleiri, að það verði sett hliðstætt kerfi í mjölsöluna og á sér stað í freðfiski, saltfiski og fleiri greinum, að verksmiðjurnar störfuðu saman að sölumálum og tryggðu sér meira öryggi en gert er með slíkri „spekúlasjón" eins og reynslan sýnir, að hefur átt sér stað undanfarið.

Jón Árnason: Herra forseti. Þessar umr. hafa nú farið á allmiklu breiðara svið en felst í þessu frv., sem hér er til umr., og segja má, að það sé út af fyrir sig eðlilegt. Þegar við erum að ræða um einhvern þátt í sjávarútveginum, er ekkert óeðlilegt, að fleiri þættir komi inn í heildarmyndina, sem verið er að ræða hverju sinni.

Í sambandi við frv., sem hér liggur fyrir, vil ég segja það fyrir mitt leyti, að ég tel, að það hafi verið samkomulag um það, sem efnislega felst í þessu frv., á milli sjómanna, útvegsmanna og fiskimjölsverksmiðjueigenda, þeirra aðila, sem hér eiga sérstaklega hagsmuna að gæta. Það er skoðun mín, að það hafi náðst samkomulag um þetta, og ég tel, að það samkomulag, sem náðist, hafi verið rétt að gera, og ég mun fyrir mitt leyti fylgja þessu frv., þegar það kemur til afgreiðslu síðar í þessari deild.

Hitt er svo annað mál, og það er ekkert óeðlilegt, þegar rætt er um þessar ráðstafanir, að þá komi upp í hugum manna nokkrar áhyggjur í sambandi við áframhaldið. Það er mjög skammt eftir af þeim tíma, sem þessar ráðstafanir ná, eða í lok maímánaðar, það eru rúmir 2 mánuðir þangað til, og hvað tekur þá við? Það er ekki óeðlilegt, að það sé farið að hugsa eitthvað um þá erfiðleika, sem þá hljóta að eiga sér stað og verður að sjá fyrir einhverri úrlausn á.

Ég tel, að það sé rétt, sem hér kom fram hjá hæstv. sjútvrh., að verulegur hluti af því verðmæti loðnuaflans, sem fer í þennan oliusjóð, hefði gengið í Verðjöfnunarsjóðinn. Verðjöfnunarsjóður sjávarútvegsins er tiltölulega nýtt fyrirkomulag hjá okkur Íslendingum til að mæta miklum verðsveiflum í verðlagi. Það er enginn vafi á því, að þó að hér sé ekki um ráðstafanir að ræða, sem eiga að langa reynslu að baki, þá höfum við Íslendingar séð, að við höfum farið þar inn á réttar leiðir á sínum tíma, þegar viðreisnarstjórnin beitti sér fyrir því að koma þessari löggjöf á. Þessar ráðstafanir hafa þegar í dag sannað sitt gildi.

Hitt er svo annað mál, þegar maður fer að hugsa um sjávarútvegsmálin í heild, hvernig staða þeirra er, að það hlýtur að vekja mikinn ugg hjá mönnum, nú þegar búið er að ganga frá kaupgjaldssamningum, sem fela í sér 50—60% hækkun á kaupgjaldi. Fiskverðið var hækkað um 15% nú í byrjun vertíðar. Ýmsar neysluvörur sjávarútvegsins, svo sem umbúðir, hafa hækkað, og t.d. olían, sem flestar vinnslustöðvarnar í landi þurfa á að halda, hefur stórhækkað í verði til þeirrar orku, sem vinnslustöðvarnar þurfa á að halda. Allir þessir liðir koma að sjálfsögðu inn í myndina og verður að mæta. Svo kemur til viðbótar, — við skulum vona, að það eigi ekki við rök að styðjast eða að framtíðin beri annað í skauti sér, — að fréttir berast um það frá okkar aðalviðskiptaþjóð, Bandaríkjunum, að fiskflök hafi lækkað um 10 kr. kg nú síðustu vikurnar og stöðvun hafi komist á afhendingu á frystum afurðum, sem liggja í Bandaríkjunum, nú á undanförnum vikum. Þetta allt gefur manni fyllstu ástæðu til þess að vera áhyggjufullur í sambandi við afkomu sjávarútvegsins. Við vitum, að þau vertíðarskil, sem næst eru fram undan, bera ekki í sér neinar vonir um auknar tekjur af því, sem þá tekur við. Við vitum líka, að vetrarvertíðin hefur alltaf verið sá kjarni í heildarúthaldi fiskiskipanna, sem hefur orðið að bera uppi verulegan hluta af heildarkostnaðinum yfir árið, eða a.m.k. hefur orðið að leggja miklu meiri hluta á útgerðar- og fiskvinnslukostnaðinn á vertíðinni heldur en bara sem nemur því tímabili, sem vetrarvertíðin sjálf stendur yfir. Við vitum, að þetta er fyrst og fremst af því, að á vetrarvertíðinni berst meginhluti þess afla — þorskafla sérstaklega, sem aflast á bátaflotann yfir allt árið, og öll úthöld á öðrum árstímum eru veigaminni og miklu minni vonir um góða afkomumöguleika á þeim heldur en yfirleitt hefur verið á vetrarvertíðinni. Ég segi: Þetta eru mál út af fyrir sig, sem ekki koma því máli við, sem við erum að ræða hér í dag, en þetta hefur spunnist inn í umr., og má segja, að sé ekkert óeðlilegt. Það vill oft verða svo, þegar verið er að ræða um einn þátt, að þá eru aðrir skyldir þættir, sem koma inn í myndina um leið.

En ég vil segja í sambandi við það, sem fram kom hjá hv. 5. þm. Reykn. áðan, þegar hann var að tala um fjórfalt hærra verð hjá togurunum en hjá bátunum hér heima, — þeim togurum, sem sigla út, að ég tók eftir því og mér þótti það athyglisvert, sem kom fram í blöðunum nú nýlega. Þar var skýrsla yfir togarana, sem hafa siglt með aflann út að mestu leyti, og svo aðra togara, smærri togarana, 500 tn. togaranna og þar um bil, sem hafa að mestu leyti látið afla sinn á land hér, að það er hvort tveggja, að aflinn var ekki miklu minni hjá þeim, sem bestum árangri hafa náð, eins og einum Ísafjarðartogaranum, sem tilgreindur var, og hann skilaði líka miklu verðmæti. Til viðbótar kemur svo vinnsla á þessum fiski. Ég er alveg sannfærður um, að fyrir þjóðarbúið í heild er tap að þessum siglingum. Það er svo mikið, sem dregst frá, bæði í tollum og löndunarkostnaði erlendis og ýmsum öðrum aukakostnaði, að ég álít, að það ætti að taka til sérstakrar athugunar, hvort það er ekki einmitt þjóðhagslega óhagstætt að halda uppi útgerð á þessum skipum með þeim hætti, sem verið hefur. Mér finnst, að það, sem var upplýst þarna og kom fram í blöðunum nú nýlega, bendi til þess, að við eigum að athuga þessi mál nánar og gera okkur betur grein fyrir því en gert hefur verið, hvort það er ekki meiri hagsýni í því, að verulega meira magn af tog-

araaflanum verði unnið hér á landi, en ekki sent og selt sem hráefni, eins og hefur verið gert á undanförnum árum.

Ég skal ekki orðlengja frekar um þetta mál. Ég hef sagt um það sjálft það, sem ég vildi segja, en ég taldi líka rétt, af því að þetta mál hefur farið inn á víðara svið í þessum umræðum, að segja nokkur orð í sambandi við það.

Geir Hallgrímsson: Herra forseti. Ég skal ekki lengja þessar umræður. Ég drap á tvö atriði í minni fyrri ræðu, sem ég tel, að standi algerlega óhögguð.

Hið fyrra var, að áhrif af setningu 5% útflutningsgjalds af fob.-verðmæti loðnuafurða jafngiltu breytingu á hlutaskiptum. Það kemur í einn og sama stað niður, hvort tekin er ákveðin upphæð eða ákveðið hlutfall af aflaverðmætinu óskiptu og afhent að meginhluta til útgerðarmanna, eins og í þessu tilfelli, áður en aflanum er skipt, og svo hins vegar að breyta hlutaskiptareglunum. Það voru ekki mín orð, að 1968 hefðu sjómenn verið rændir einu eða neinu, né heldur voru það mín orð, að svo væri verið að gera nú með þessu útflutningsgjaldi. Hins vegar minnist ég þess, að hæstv. sjútvrh. taldi verið að ræna sjómenn með breytingu á hlutaskiptareglum 1968. Ef hann hafði rétt fyrir sér þá, er eins verið að ræna sjómenn nú. Það er ósamkvæmni hæstv. ráðh., sem ég var að benda á.

Þá sagði hæstv. ráðherra, að hann eða ríkisstj. hefði ekki skuldbundið sig til að tryggja fiskiskipaflotanum óbreytt olíuverð eða til þess að gera aðrar ráðstafanir þess í stað. En hann las upp yfirlýsingu ríkisstj., sem tók af öll tvímæli að þessu leyti og sannar, að það, sem ég sagði í fyrri ræðu minni, er rétt. Auðvitað er hér um samkomulag að ræða milli útgerðarmanna, sjómanna og verksmiðjueigenda, sem svo er staðfest af þeim nefndum, sem ákveða fiskverð. En þetta samkomulag var bundið ákveðnu skilyrði. Þetta samkomulag hefði ekki verið gert, nema ríkisstj. hefði gefið út ákveðna yfirlýsingu, skuldbundið sig til ákveðinna aðgerða. Auðvitað er það ekki nein veruleg skuldbinding, sem í því felst, að stefna beri að því, að rekstrargrundvöllur þorskveiðibáta raskist ekki í meginatriðum frá því, sem við er miðað við fiskverðsákvörðun um áramótin 1973—1974. Hafi sú fiskverðsákvörðun haft við rök að styðjast og verið sanngjörn og eðlileg, má búast við því, að hér sé um sjálfsagðan hlut að ræða. En það er framhald yfirlýsingarinnar, sem hér skiptir máli og staðfesta orð mín í minni fyrri ræðu. Þar segir: „Hækki olíuverð frá því, sem miðað er við um áramót, umfram það, sem fiskverðshækkun, annar tekjuauki eða létting gjalda fyrir útgerðina getur staðið undir með eðlilegum hætti, þyrftu að koma sérstakar ráðstafanir til þess að tryggja rekstur þorskveiðiskipa, sem landa afla sínum hérlendis á síðari helmingi ársins, og munu verða gerðar ráðstafanir í þeim efnum, eftir því sem nauðsynlegt kann að reynast.“ Það er þessi skuldbinding, sem ég spurði hæstv. ráðherra, hvað hann mæti mikils í fjárupphæð. Talið var af hálfu útgerðarmanna, að hér væri um að ræða 350—400 millj. kr. að öðrum atriðum óbreyttum, og ég held mig við þá tölu, meðan aðrar upplýsingar liggja ekki fyrir. En eftir þessa yfirlýsingu getur hæstv. ráðherra ekki komið hér í ræðustól og sagt, að ríkisstj. hafi ekki lofað óbreyttu olíuverði fyrir útgerðina eða öðrum samsvarandi ráðstöfunum. Það er einmitt það, sem hæstv. ríkisstj. hefur skuldbundið sig til, og spurt er: Hvað er talið nú, að þessi skuldbinding þýði í útgjöldum fyrir ríkissjóð, fyrir Verðjöfnunarsjóð eða í annarri fjáröflun á vegum hins opinbera.

Sjútvrh. (Lúðvík Jósepsson): Herra forseti. Það er rétt aðeins til að leiðrétta það, sem hv. 2. þm. Reykv. sagði nú síðast. Hann virðist alveg hlaupa yfir það í þessari yfirlýsingu, þar sem hann segir: „Hækki olíuverð frá því, sem miðað er við um áramótin, umfram það, sem fiskverðshækkun, annar tekjuauki eða létting gjalda fyrir útgerðina getur staðið undir með eðlilegum hætti, þyrftu að koma til ráðstafanir.“ Auðvitað er það skiljanlegt mál, að þegar búið er að lýsa því yfir, að reiknað sé með því, að sanngjarnt sé, að útgerðin búi við sams konar rekstrarafkomu og þarna var lögð til grundvallar, verður að gera ráðstafnair, ef olíuverðið helst t. d. óbreytt og enginn tekjuauki kemur til. En ef það kemur tekjuauki til, þá getur farið svo, að það þurfi ekki að gera neinar ráðstafanir. (Gripið fram í.) Vissulega getur það átt sér stað. Sumar afurðirnar hafa hækkað umfram það, sem gert var ráð fyrir í áætlunum um áramót. (**Gripið fram í:** En önnur útgjöld útgerðarinnar?) Það var búið að reikna með því. Það hefur ekkert komið af útgjöldum hjá henni nú, sem ekki var reiknað með í áætlunum um áramót. Hitt er annað mál, að það er alveg ómögulegt að segja um það, hvaða grundvöllur verður fyrir rekstrinum, þegar kemur fram á sumar. Því er auðvitað fjarstæða að tala um, að það sé búið að slá því föstu, að það verði að afla einhverrar viltekinnar fjárhæðar.

Sannleikurinn er sá, að útvegsmenn mundu ekki fallast á það í dag, þó að þeim væru jafnvel boðnar 300 millj. kr. Þeir mundu segja, eins og þeir sögðu um áramótin: Við verðum að láta gera upp dæmið, hvernig það stendur. Það getur líka komið til þess, að það hafi orðið svo miklar launabreytingar í landinu á þessu tímabili, sem við getum ekki enn sagt um, hvað verða miklar, að það hafi grundvallandi breytingar í för með sér á launagreiðslum útgerðarinnar. Það þýðir ekki að miða aðeins við olíuverðið, heldur afkomuna hjá útgerðinni.

Það er sem sagt þetta, sem liggur fyrir, að gert er ráð fyrir því að reyna að tryggja útgerðinni seinni hluta ársins hliðstæða afkomu og á fyrri hlutanum. Þá verður að taka tillit til þeirra tekna, sem útgerðin þá býr við, og þeirra útgjalda, sem hún þá stendur frammi fyrir. En það er ekki með neinu móti hægt að segja um það á þessu stigi málsins hversu mikill vandi þetta verður. Það er um allt of marga óvissa liði að ræða. Hitt er rétt, að það hefur verið við það miðað að reyna að tryggja útgerðinni svipaða afkomu seinni hluta ársins og fyrri hluta ársins. Mér þykir það satt að segja furðulegt,

ef einhver er, sem ekki viðurkennir, að það sé eðlilegt.

Halldór Blöndal: Herra forseti. Það er ekki beint þessu máli viðvíkjandi, sem ég sá mig knúinn til að segja nokkur orð, heldur útreikningar hæstv. sjútvrh. hér í hv. d., er hann gerði áðan lítið úr þeim vanda, sem smærri skuttogararnir standa frammi fyrir. Ég lít svo á, að þessi ummæli hæstv. ráðherra hafi verið sögð í nokkru fljótræði og hafi ekki við rök að styðjast. Þvert á móti held ég, að það hafi sýnt sig víðs vegar úti um landið í þeim plássum, þar sem ráðist hefur verið í kaup á skuttogurum, að þar hafa orðið miklir erfiðleikar á því að halda togurunum úti, og í sumum tilfellum hefur verið vafamál, hvort togararnir séu jafnvel í þann veginn að stöðvast.

Ég viðurkenni, að það var mikil bjartsýni ríkjandi í sumum þessara kauptúna, þegar ráðist var í skuttogarakaupin, og þetta hafði í för með sér mikla bjartsýni og ánægju þeirra manna, sem þar bjuggu. En þeim mun meira verður líka höggið, ef svo fer, að selja verður þessa skuttogara burt frá stöðunum, eins og nú lítur jafnvel út fyrir að fara kunni.

Ég álít, að það sé ekki hægt að ýta þessu vandamáli á undan sér öllu lengur. Þetta vandamál kom upp strax á s. l. sumri, og mér er kunnugt um það, að útvegsmenn höfðu haft tal af sjútvrh. um þessi efni. Ég held ég fari rétt með það, að strax á s. l. hausti og síðan hafi komið upp erfiðleikamál vegna þess einmitt, að rekstrargrundvöllur þessarar útgerðar er ekki nógu traustur, og vegna þess, að það er fyrirsjáanlegur mjög verulegur hallarekstur á þessum togurum nú á þessu ári, svo að nemur allverulegum og ég vil segja mjög háum upphæðum. Ég álít, að ríkisvaldið verði að hlaupa þarna undir bagga með einhverjum hætti.

Ég vil líka segja það, að þetta getur komið mjög þungt við suma landshluta, eins og t. d. Norðurl. eystra, þar sem nú hefur mjög verið þrengt að togbátunum. Ég vil einnig benda á það, að frá síðustu áramótum hefur t. d. nótaveiðin verið bönnuð, en við vitum, að yfir sumarmánuðina hafa nótabátarnir einmitt fært mjög verulegan hluta aflamagnsins í frystihúsin, og sumir smáútgerðarmenn eru svo bölsýnir að segja, að þar með verði rekstrargrundvellinum kippt undan þessum bátum, ef þessi veiði verði algjörlega stöðvuð, en ég ætla ekki að fara út í það núna. En það er sannarlega kvíðvænlegt, eins og ástandið er í útvegsmálunum almennt, t. d. á Norður- og Norðausturlandi.

Ég verð að vona, að hæstv. sjútvrh. hafi ekki meint það bókstaflega, sem hann sagði hér áðan, að það væru fyrst og fremst stóru skuttogararnir, sem þyrftu á einhverri aðstoð að halda. Ég held, að í mörgum tilfellum þurfi smærri skipin það einnig, og þar eru í húfi heil byggðarlög, að frystihúsin þar hafi nægilegt hráefni og fólkið vinnu.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 13 shlj. atkv. og til sjútvn. með 13 shlj. atkv.

Neðri deild, 73. fundur.

Miðvikudaginn 6. mars, kl. 2 miðdegis.

Varamaður tekur þingsæti.

Forseti (Gils Guðmundsson): Mér hefur borist svo hljóðandi bréf:

„Reykjavík, 5. mars 1974.

Þar sem ég er á förum til útlanda í opinberum erindum og mun því ekki geta sótt þingfundi á næstunni, leyfi ég mér að biðja um fjarvistarleyfi og með skírskotun til 138. gr. l. um kosningar til Alþingis að óska þess, að 1. varamaður landsk. þm. Alþfl., Bragi Sigurjónsson bankaútibússtjóri, taki sæti á Alþ. í fjarveru minni.

Stefán Gunnlaugsson,
1. landsk. þm."

Bragi Sigurjónsson hefur áður tekið sæti á Alþ. á þessu kjörtímabili. Hefur rannsókn á kjörbréfi hans því farið fram, og tekur hann nú sæti hér á þingi sem 5. landsk. þm. Býð ég hann velkominn til starfa.

Stofnlánadeild landbúnaðarins, frv. (þskj. 396). — Frh. 1. umr.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 22 shlj. atkv. og til landbn. með 22 shlj. atkv.

Jarðræktarlög, frv. (þskj. 440). — 1. umr.

Fjmrh. (Halldór E. Sigurðsson): Herra forseti. Frv. á þskj. 440 er flutt í samræmi við frv. á þskj. 441 um breytingar á Stofnlánadeild landbúnaðarins. Er það tengt þeirri breytingu, sem fyrirhugað er að gera í sambandi við það að leggja Landnám ríkisins niður. Með frv. þessu er lagt til, að framlag til byggingar og endurnýjunar gróðurhúsa, sem greitt hefur verið samkv. lið í 61. gr. l. nr. 45 16. apríl 1971, um Stofnlánadeild landbúnaðarins, landnám, ræktun og byggingar í sveitum, verði greitt með öðrum framlögum til jarðræktar og húsabóta samkv. jarðræktarlögum. Er það í samræmi við það, sem gert hefur verið áður um breytingu á jarðabótastyrk, sem nú er að öllu leyti greiddur út á vegum Búnaðarfélags Íslands og í einu lagi.

Ég sé ekki ástæðu til að orðlengja þetta frekar, en legg til, að frv. verði vísað til 2. umr. að lokinni þessari umr. og hv. landbn.

Ingólfur Jónsson: Herra forseti. Hæstv. ráðh. sagði, eins og rétt er, að þetta frv. á þskj. 440 er tengt öðru frv., sem hér er á dagskránni, á þskj. 441, þar sem lagt er til, að Landnám ríkisins verði lagt niður. Í þessu frv. um breyt. á jarðræktarl. er gert ráð fyrir því, að greiðslur til gróðurhúsa á garðyrkjubýlum, sem hafa farið fram hjá Landnámi ríkisins, verði eftirleiðis greiddar af Búnaðarfélagi Íslands, eins og jarð-

ræktarstyrkurinn yfirleitt er. Má segja, að þetta sé ekki mikilvæg breyting ein út af fyrir sig, en það má einnig segja, að hún sé ástæðulaus. Þetta hefur farið vel fram frá Landnáminu, enda ekki undan því kvartað, heldur er þetta gert, eins og hæstv. ráðh. sagði, vegna þess að fyrirhugað er að leggja Landnám ríkisins niður og flutt stjfrv. um það. Ég efast um, að meiri hl. sé á hv. Alþ. fyrir því, að það verði gert. Eitthvað mun stjórnarliðið vera skipt, a. m. k. sýnist það vera, þegar athugaðar eru brtt. frá hv. meiri hl. landbn. í Ed. um jarðræktarlagafrv. Í frv. til jarðalaga er gert ráð fyrir því, að Landnám ríkisins verði lagt niður, en meiri hl. landbn. í Ed. leggur til, að sá kafli í frv. til jarðalaga, sem kveður á um að leggja Landnámið niður, verði felldur úr frv. Þeir, sem að þessum brtt. standa, eru formaður Búnaðarfélags Íslands, hv. 1. þm. Vesturl., og fleiri hv. framsóknarmenn. Ég get ekki ímyndað mér, að þeir, sem hafa flutt þá brtt. í Ed., geti staðið að því að samþykkja frv. hæstv. landbrh. um, að Landnám ríkisins verði lagt niður. Þetta ber dálítið einkennilega að, og er ekkert skrýtið, þótt varalandbrn. kveðji sér hljóðs til þess að gefa hv. þingheimi skýringu á þessu. Slíkt hefur tæplega komið fyrir áður, að mál bæri að með þessum hætti, að það væri flutt stjfrv. um að leggja niður eina stofnun í annarri d., en í hinni d. komi stjórnarliðar með till. um, að það skuli ekki gert.

Sannleikurinn er sá, að hæstv. landbrh. hefur flutt nokkur frv. um landbúnaðarmál á þessu þingi. Hæstv. ráðh. hefur flutt frv. til jarðalaga, sem er í Ed. og hv. meiri hl. landbn. hefur flutt nokkrar brtt. við. Þetta frv. til jarðalaga hefur verið til umsagnar hjá ýmsum aðilum víðs vegar um land. Það var sent til umsagnar búnaðarsamböndunum, Sambandi ísl. sveitarfélaga og landshlutasamtökunum. Umsagnir um þetta frv. hafa komið og verið mjög neikvæðar. Hefur margt verið fundið frv. til foráttu. Í öllum þessum frumvörpum er gert ráð fyrir því sem sjálfsögðum hlut, að Landnám ríkisins verði lagt niður, án þess að fylgi virðist vera fyrir því á Alþingi.

Hvers vegna skyldi það vera, að svo mikil áhersla er á það lögð að leggja Landnám ríkisins niður? Er það vegna þess, að Landnám ríkisins hafi starfað eitthvað illa, að það hafi ekki gegnt því hlutverki, sem til er ætlast? Nei, það er ekki vegna þess, það er viðurkennt. Er það vegna þess, að það sé dýrt í rekstri og það gæti verið sparnaður í ríkiskerfinu að leggja það niður og færa starfsfólkið inn í landbrn. eða Búnaðarfélag Íslands? Það er einnig sagt nei við því og það af hv. stjórnarliðum sjálfum. Hvers vegna þá að gera þetta? Ekki getur verið, að það eigi að hefnast á Landnámi ríkisins fyrir að hafa staðið vel í stöðu sinni, fyrir að hafa gegnt starfi sínu það vel, að félagssamtök úti á landi og bændur, sem viðskipti hafa haft við Landnámið, óska eftir, að það fái að starfa áfram. Starf Landnáms ríkisins er mikið fram undan, eins og kunnugt er, ekki síst í sambandi við skipulagsstörf og byggðaáætlanir. Má minna á, að hv. 1. þm. Vestf. hefur flutt þáltill. nú nýverið um að fela Landnámi ríkisins veigamikil verkefni. Ekki getur sá hv. stuðningsmaður hæstv. ríkisstj. ætlast til, að Landnám ríkisins verði lagt niður. Og kunnugt er það, að hv. þm. Hannibal Valdimarsson hefur farið góðum orðum um Landnám ríkisins fyrir að vinna ötullega að svokallaðri Inn-Djúpsáætlun, sem ekki er enn lokið. Tæplega getur sá hv. þm. ætlast til þess, að Landnám ríkisins verði lagt niður, áður en því verki verði a. m. k. lokið.

Það má því segja, að þetta beri allt saman undarlega að, og ekki furða, þótt hv. varalandbrh. skrifi og undirbúi sig undir það, sem hann ætlar að segja hér á eftir. Og það verður fróðlegt að hlusta á skýringar hv. vararáðh., þegar áhersla er á það lögð að leggja niður Landnám ríkisins þvert ofan í það, sem þeir óska, sem þess eiga að njóta og Landnám ríkisins starfar fyrir. Stjfrv. er lagt fram á sama degi og hluti af stuðningsliði hæstv. ríkisstj. gerir till. um það í annarri d., að Landnám ríkisins skuli ekki lagt niður. Hægri höndin veit ekki, hvað sú vinstri gerir.

Þetta frv. til breyt. á jarðræktarl. á þskj. 440 er táknrænt á annan hátt. Þar er lagt til, að styrkur til gróðurhúsa skuli vera óbreyttur frá því, sem verið hefur. Þrátt fyrir alla dýrtíðina, þrátt fyrir verðbólguna er ekki lagt til að gera neina breytingu þar á. Einhvern tíma hefði það þótt fréttnæmt, á meðan hæstv. ráðh. var í stjórnarandstöðu og á meðan hv. vararáðh. var aðeins varaþm. hér á Alþ. í stjórnarandstöðu. Þegar þessir hv. þm. töluðu um landbúnaðarmál í stjórnarandstöðu, var það í öðrum tón en nú kveður að. Og það er ekki skrýtið, þótt það sé gert mikið úr flutningi slíkra frv. sem þess, sem hér um ræðir.

Það er í sjálfu sér ekki ástæða til að ræða þetta frv. meira, og það er sennilega ekki ástæða til að fara heldur mörgum orðum um það frv., sem er á dagskránni hér næst á eftir, vegna þess að það eru litlar líkur til, að það nái fram að ganga. Þeir hv. þm., sem hafa látið skoðanir sínar í ljós, sem er gagnstæður vilja hæstv. landbrh., munu tæplega greiða atkv. alveg þvert ofan í það, sem þeir hafa lagt til á sama tíma og frv. er lagt fram. Í þessum frv. öllum, frv. til jarðalaga, frv. um að leggja Landnám ríkisins niður, frv. um breyt. á jarðræktarl., að greiðslur til gróðurhúsa fari fram í Búnaðarfélaginu, en ekki hjá Landnámi ríkisins, frv. til ábúðarlaga, í öllum þessum frv. er gert ráð fyrir því sama, að Landnám ríkisins verði lagt niður. Í öllum þessum frv. er ákveði að finna, sem bændur eru á móti, og í öllum þessum frv. má finna misbresti, sem þarf að lagfæra. Þess vegna er eðlilegt, að þessum frv. verði öllum vísað til ríkisstj. til frekari endurskoðunar. Hv. minni hl. landbn. í Ed. hefur skilað nál. við frv. til ríkisstj. til endurskoðunar í samráði við Landnám ríkisins, í samráði við skipulagsstjórn ríkisins og í samráði við Samband ísl. sveitarfélaga.

Samband ísl. sveitarfélaga hefur margt við jarðalagafrv. að athuga, vegna þess, eins og sveitarstjórnirnar segja, að það er verið að draga valdið frá heimamönnum og flytja það yfir til annarra. Skipulagsstjórn ríkisins hefur vitanlega margt við þetta að athuga, vegna þess að jarðalögin og skipulagslögin þurfa að fylgjast að. Í okkar tækniþróaða þjóðfélagi þarf allt land að verða skipulagsskylt, og það þarf að

teikna þetta allt upp og gera ráðstafanir, áður en ráðist er í mannvirki og framkvæmdir, til þess að horft sé fram í tímann og það, sem unnið er, sé unnið skipulega og án þess að spilla nokkru. Þess vegna er ekki tímabært að afgreiða jarðal., nema skipulagsl. fylgi með. Ábúðarl. þarf einnig að endurskoða í samræmi við þær breyt., sem gerðar verða á þessum l. Frv. til l. um heykögglaverksmiðjur ríkisins, sem einnig er hér til umræðu, kemur einnig við Landnám ríkisins. Hæstv. ráðh. sagði hér við 1. umr. um það mál, að það mætti vel athuga að breyta því í það horf, sem ég lagði til, að heimamenn hefðu stjórn heykögglaverksmiðjanna áfram, eins og er nú, því að með því nýtist sá kunnugleiki og þekking, sem heimamenn hafa, og með því móti verður stjórnarkostnaðurinn miklu minni en ef farið er að setja upp eina stjórn með skrifstofubákni í Reykjavík. Það er þess vegna áreiðanlega best að skoða þessi mál öll betur.

Það þarf að fyrirbyggja jarðabrask, eins og boðað er í jarðalagafrv. En það gerist ekki með því að setja upp 23 byggðaráð og taka valdið frá sveitarstjórnunum. Það gerist ekki með því að setja upp eitthvert bákn, sem kostar bæði ríkissjóð og héruðin stórfé. Jarðabrask er helst hægt að fyrirbyggja með því að efla vald sveitarstjórnanna og tryggja það, að sveitarstjórnirnar geti haft sem sterkust ítök og ráð á því, hvernig farið er með jarðirnar í sveitarfélaginu. Ég held, að það sé enginn vafi á því, að besta ráðið til að fyrirbyggja braskið væri að setja strangari ákvæði í ábúðarl. heldur en nú eru, um það, að hver sem á jörðina, þá sé skylt að byggja hana til ábúðar með hæfilegum leigukjörum, ekki svo háum, að búinu sé ofvaxið að standa undir þeim greiðslum, heldur með hæfilegum kjörum. Ef það væri komið í lög, held ég, að viljinn og óskin að eignast land, sem á engan hátt gæti rentað sig, hlytu að minnka.

Það er eðlilegt, að þessi löggjöf öll sé endurskoðuð. Tímarnir eru alltaf að breytast. Það má segja, að það sé yfirleitt venjan að endurskoða mikilvæga lagabálka, ekki síst þá, sem snerta beint atvinnuvegina, á 5—6 ára fresti. Þess vegna er eðlilegt, að landbúnaðarlöggjöfin og ýmsir þættir hennar komi til endurskoðunar nú í sambandi við það, sem hér er á ferðinni. En það er miklu mikilvægara að gefa sér góðan tíma til endurskoðunarinnar heldur en flaustra henni af. Það skiptir litlu máli, hvort þessi frumvörp verða að lögum á þessu ári eða t. d. næsta ári. Verði þessum frv. öllum vísað til ríkisstj. með ósk um, að þau verði endurskoðuð í samráði við þá aðila, sem ég áðan nefndi, má setja það inn í nál., að endurskoðuninni skuli lokið fyrir næsta haust og þá geti næsta Alþ. tekið málið til meðferðar og frv. yrðu þá lögfest á árinu 1975. En þá væri búið að sníða af þeim öllum þá agnúa, sem menn kvarta nú yfir og stynja undan. Margir bændur kvíða fyrir þessu. Fjórðungssamband Norðlendinga, búnaðarsamböndin, sveitarstjórnarsamböndin, Búnaðarsamband Suðurlands og fleiri aðilar óska eftir því, að þessi mál verði endurskoðuð betur. Hér er vitanlega aðeins eitt mál til umr., en ég held, að miðað við það, hvernig þetta ber allt samna að, verði mér fyrirgefið, þótt ég hafi farið út fyrir dagskrármálið.

Jónas Jónsson: Herra forseti. Ég fyrir mitt leyti fyrirgef hv. 1. þm. Sunnl., þó að hann fari vítt og breitt, svo hryggur var hann og sár yfir því, hvernig landbúnaðarmálin væru nú komin, þegar þau væru ekki lengur í hans höndum, það væri mikil raunasaga, hvernig væri farið með þessi mál.

Ég kem hér upp aðeins til að leiðrétta mjög lítinn misskilning, sem ætti að vera hægt að átta sig á. Það var einfaldlega þetta: Það var óþarfi, að það væri tekið fram í tvennum lögum, Landnám ríkisins skyldi lagt niður, það nægir að taka það fram í einum lögum. Nm. í hv. landbn. Ed. vissu, að þetta frv. var væntanlegt, þeim var gert það ljóst, og þess vegna mátti nema þetta úr jarðlagafrv. Það er mjög eðlilegt, að þetta verði gert með sérstökum l., vegna þess að það kann að vera, að menn blandi þessu nokkuð saman, jarðlagafrv. og þeirri ákvörðun að leggja niður Landnám ríkisins, og er eðlilegt, að það sé tekið sem sjálfstæð ákvörðun.

Að öðru leyti voru ekki rök eða atriði í ræðu hv. 1. þm. Sunnl., sem ég nenni að fara að rekja lið fyrir lið. Hann spurði, hvort það ætti að vera sparnaður að leggja Landnámið niður. Hann svaraði því engu, færði a. m. k. engin rök að því, að það væri ekki sparnaður að því. Það má þó til að taka einstök dæmi benda á, að það var verulegur sparnaður að því og hagræði að greiða jarðræktarframlög hjá einum aðila, en ekki tveimur, eins og gert var. Á sama hátt má ætla, að það sé sparnaður að því, að sami aðili og lánin veitir, þ. e. a. s. Stofnlánadeild landbúnaðarins greiði byggingarstyrk. Það má líka benda á það, að Búnaðarfélag Íslands, sem safnar langmestu af gögnum frá bændum árlega, eins og fóðurbirgðaskýrslum og jarðræktarskýrslum, það á langhægast með að halda jarðaskrá. Þannig má rekja þetta lið fyrir lið.

Þó að ég beri fulla virðingu fyrir stofnuninni Landnámi ríkisins og hafi enda verið í stjórn hennar um nokkurt árabil og þykist þekkja störfin og söguna vel, finnst mér nú tímabært að gera þessa skipulagsbreytingu og er viss um, að hún er landbúnaðinum til góðs og til hagræðis. Mér finnst sjálfsagt að líta á það raunsætt, þó að menn kunni að sjá eftir nafni góðrar stofnunar, sem ágætir menn hafa stýrt lengi.

En í sambandi við jarðlagafrv. og reyndar fleira, sem hv. 1. þm. sagði hér, var margt dálítið skrýtið. Hann fór ekkert nákvæmlega með staðreyndir. Hann var ekkert að gera með það, þó að Búnaðarþing sé tvisvar búið að fjalla um jarðlagafrv. og mæla með því, ekki einróma, með einu mótatkv. á síðasta Búnaðarþingi, og einnig með frv. um heykögglaverksmiðjur, og var þá alveg ljóst, að hverju stefndi með Landnám ríkisins. Það er kannske reynsla fyrir því, að í hans augum sé stofnun eins og Búnaðarþing ekki mikils virði og það séu aðrar raddir, sem hann hlustar frekar á í landbúnaðarmálunum, því að hann var að tala um fólk, sem styndi undan þessum voðalegu áformum núv. landbrh. um yfirleitt

öll landbúnaðarmál. Þetta væri allt saman voðalegt í hans höndum, fannst manni.

Hv. 1. þm. Sunnl. talaði annars vegar um, að það ætti að koma upp stórum báknum, eins og 23 byggðaráðum, en nefndi ekki, að það á að leggja niður jafnmargar landnámsnefndir, og hvort verður meira bákn, er ekki gott að segja. Sennilega verður stærð þessara aðila í beinu hlutfalli við verkefni þeirra. Byggðaráðin verða ekkert meiri bákn en þau hafa verkefni til að vinna. Og hann sagði, að Fjórðungssamband Norðlendinga hefði mælt gegn þessu og fleiri fjórðungssambönd. Mér er kunnugt um, að það var ekki stjórn Fjórðungssambands Norðlendinga, sem mælti gegn þessu, heldur framkvæmdastjóri þess. Hafi Búnaðarsamband Suðurlands mælt gegn því, þykir mér einkennilegt, hvernig fulltrúar þess á Búnaðarþingi greiða atkv. Samband ísl. sveitarfélaga getur þess, að ekki megi setja svona skipulagsleg atriði inn í jarðalög. Það er ekkert minnst á það, að í l. um Landnám ríkisins er kveðið á um, að það eitt, stofnun í Reykjavík, sem er stjórnað af mönnum kjörnum af Alþ., sem sagt miðstjórn, eigi að stjórna skipulagsmálunum í sveitum. En þegar talað er um, að ráð, sem eru úti í héruðunum, eigi að taka þátt í skipulagningu, þá er sagt, að verið sé að taka valdið burt frá sveitunum. Þetta finnst mér allt snúa öfugt í munni þessara manna. Jarðalögin eru ekki skipulagslög í þeim skilningi, að það geti ekki verið önnur skipulagslög við hliðina á þeim. Þau eru lög, sem ná til landbúnaðar landsins og hvernig með skuli fara, og er ekki dregið vald frá sveitarfélögunum. Það eru byggðaráðin, sem eiga að vera sveitarfélögunum til halds og trausts. Sveitarfélögunum er gert miklu auðveldara að komast yfir jarðirnar en nú er og trygging fyrir því. Þetta er því flest, eins og ég hef áður nefnt, öfugt og raunatala mikil.

Ingólfur Jónsson: Herra forseti. Það eru aðeins nokkur orð. Hv. þm. segir, að ég hafi flutt hér raunatölur. Hafi það verið, er það vegna þess, hvernig málið var tilbúið af hendi stjórnvalda, því að ég hélt mig við þau frumvörp, sem liggja fyrir, bæði í þessari hv. d. og eins í hv. Ed.

Mér fannst satt að segja hv. þm. hafa tiltölulega lítið að segja eftir að hafa hlustað á það, sem hann kallaði raunatölu frá minni hendi. Hann var að tala um, að það hefði falist sparnaður í því, að jarðræktarstyrkurinn væri greiddur á einum stað, en ekki tveimur. Þetta er vitanlega alger misskilningur. Það hefur enginn sparnaður verið að því.

Hv. þm. talar um, að Búnaðarfélag Íslands hafi besta yfirsýn yfir jarðir ríkisins og það hafi besta aðstöðu til að halda jarðaskrá. Ég efast ekkert um, að Búnaðarfélag Íslands vill gera þetta og gerir það eftir bestu getu. En ég held, að það sé enginn vafi á því, að Landnám ríkisins hefur gleggsta og nákvæmasta jarðaskrá. Og enginn vafi er á því, að það fólk, sem er fátt og vinnunr við Landnám ríkisins, verður flutt í aðrar stofnanir. Starfsfólki verður ekki fækkað, vegna þess að það fólk, sem starfar við Landnám ríkisins, hefur haft nóg störf og hefur mikilvæg störf fram undan að vinna.

Hv. þm. talaði um, að Búnaðarþing hefði mælt með jarðalagafrv. Rétt er það, það gerði það. Það var meira að segja ekki nema einn maður á móti í fyrra og tveir eða þrír sátu hjá. En það eru ýmsir búnaðarþingsmenn, sem hafa nú áttað sig á því, að það þarf að laga ýmislegt í þessu frv. Og þótt ég beri virðingu fyrir Búnaðarþingi og vilji oft taka tillit til þess, þá tek ég meira mark á því, sem kemur frá bændunum sjálfum, utan úr hinum dreifðu byggðum.

Hv. þm. virtist vilja rengja það hér áðan, að Fjórðungssamband Norðlendinga og búnaðarsamböndin hefðu eitthvað við þetta að athuga. Ég vildi gera hv. þm. greiða, ef hann hefði ekki kynnt sér álit Fjórðungssambands Norðlendinga, og upplýsa, hvað það hefur við þetta að athuga. Það segir m. a. í áliti, sem það hefur sent frá sér:

„Það er vægast sagt ekki vammlaus vinnubrögð hjá n. þeirri, sem bjó frv. í hendur Alþingis, að hafa ekki formlega samráð við samtök sveitarfélaganna í einstökum landshlutum og við sýslunefndir. Í sumar var ekki höfð hirða á því að senda frv. til athugunar hjá ýmsum aðilum á milli þinga. Því verður að vara við öllum einstefnuakstri í meðferð þessara mála, sem getur stefnt árangri af samstarfi um þessi mál í tvísýnu."

Þetta segir Fjórðungssamband Norðlendinga, og það segir miklu fleira, sem hv. þm. geta kynnt sér.

Það væri líka fróðlegt að vita, hvað Búnaðarsamband Suður-Þingeyinga hefur um þetta mál að segja, hv. síðasti ræðumaður er kunnugur þar. Stjórn Búnaðarsambands Suður-Þingeyinga gerir tilteknar aths. við frv., en lýkur umsögn sinni með þessum orðum:

„Stjórn Búnaðarsambandsins telur valdsvið byggðaráða í frv. svo mikið og margþætt, að mjög þurfi til þessara löggjafar að vanda. Við teljum því rétt að fresta afgreiðslu jarðalagafrv. á yfirstandandi Alþ. til þess að tryggja sem besta samstöðu um meginstefnu þess, bæði frá búnaðarsamböndum, búnaðarfélögum og sýslunefndum. Það skiptir að okkar dómi minna máli, hvort löggjöf þessi verði afgreidd árinu fyrr eða síðar, nái frv. fram að ganga með einhuga stuðningi bænda í landinu, sem er forsenda fyrir því, að löggjöfin *nái tilgangi sínum*. Af þessu tilefni sendir stjórn Búnaðarsambands Suður-Þingeyinga engar till. til breytinga á frv. að svo komnu máli."

Þetta er skýrt og ótvírætt hjá Búnaðarsambandi Suður-Þingeyinga og alveg eins ákveðið og hjá Fjórðungssambandi Norðlendinga. Mætti lesa upp fleiri umsagnir, sem eru í þessum tón. Er unnt annað en að hlusta á þetta og taka það til greina? Mér finnst það ekki.

Hv. þm. talaði um, að landnámsnefndirnar yrðu lagðar niður, þegar byggðaráðin tækju við. Landnámsnefndirnar hafa verið sama sem ólaunaðar, þær hafa ekki kostað neitt. En það er gert ráð fyrir, að byggðaráðin verði launuð, að hálfu af ríkinu og að hálfu af héruðunum. Og er það ekki að taka valdið frá heimamönnum, þegar byggðaráðin eru sett upp til höfuðs sveitarstjórnunum? Byggðaráðin eru sett yfir sveitarstjórnirnar. Orðaleikur um þetta sýnist mér alveg ástæðulaus, vegna

þess að þetta er skýrt og ákveðið. Varðandi það, að skipulagslögin séu sérstök lög og geti komið á eftir, held ég, að það fari miklu betur á því, að þau komi samtímis og þessi löggjöf.

Ég sé svo, herra forseti, ekki ástæðu til að hafa þessi orð fleiri. Mér finnst þetta allt liggja svo ljóst fyrir, að það sé ekkert vafamál um það, að þetta allt þurfi að endurskoða betur.

Jónas Jónsson: Herra forseti. Það eru aðeins tvær aths. Það má lesa upp umsagnir um jarðlagafrv. Þær mæla langflestar með því, ekki allar. Þegar umsagnir eru ekki allar samhljóma, ekki hægt að fara eftir þeim öllum, það verður að velja á milli, jafnvel þótt Búnaðarsamband Suður-Þingeyinga hafi talið, að það mætti draga um eitt ár að setja þessi lög. Hitt vil ég endurtaka, að mér er að fullu kunnugt um það, að stjórn Fjórðungssambands Norðlendinga stóð ekki að því svari, sem margir hafa undrast. Það er að engu frá Fjórðungssambandinu, það er eingöngu á ábyrgð framkvæmdastjóra þess.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 23 shlj. atkv. og til landbn. með 25 shlj. atkv.

Stofnlánadeild landbúnaðarins, frv. (þskj. 441). — 1. umr.

Fjmrh. (Halldór E. Sigurðsson): Herra forseti. Á þskj. 441 er frv. til l. um breyt. á l. um Stofnlánadeild landbúnaðarins, landnám, ræktun og byggingar í sveitum. Ég hafði hugsað mér að fylgja þessu frv. úr hlaði með nokkrum orðum, en ekki langri ræðu, en að vísu sé ég, að það er á margan hátt óþarfi, því að hv. 1. þm. Sunnl. hefur tekið það ómak af mér. Munu þess fá dæmi í hv. d., að mál sé tekið til meðferðar, áður en það er raunverulega tekið til umr., eins og þessi hv. þm. gerði. Raunar var nú betur en það, því að hann tók einnig til meðferðar mál í hv. Ed., sem þar hefur verið til meðferðar. Hv. þm. gat betrumbætt þetta allt saman, svo að ekki reyndist honum neitt erfitt að fást við öll þessi mál, sem eru til umr. eða hugsanlega koma til meðferðar hér í hv. d., á einum og sama vettvangi.

Það er alllangt síðan ég lét þá skoðun í ljós hér á hv. Alþ., að ég teldi, að rétt væri að leggja niður Landnámið sem sérstaka stofnun í þessu landi. Það var meðan ég var í stjórnarandstöðu og hv. 1. þm. Sunnl. var landbrh., sem þessi skoðun mín var látin í ljós. Ég lét þá líka í ljós þá skoðun, að hægt væri að leggja niður Vélasjóð ríkisins. Mundi vera hægt að sinna þeim verkefnum alveg eins vel eftir sem áður, vegna þess að verkefnin og möguleiki til að leyst þau væru gerbreytt frá því, sem verið hefði, þegar þessar stofnanir hefðu verið settar á stofn. Það var ekki af vanmati á þessum stofnunum eða starfi þeirra manna, sem við þær hafa unnið, sem ég lét þessa skoðun mína í ljós, heldur hinu, að það bæri nauðsyn til að reyna að þjappa saman í ríkiskerfinu, eins og mögulegt væri. Það heyrist a. m. k. stundum um það rætt að of lítið sé að því gert. Þess vegna kemur það á óvart, ef verið er að reyna að gera tilraun í þá átt, þegar viðbrögðin eru slík, að á móti er talað, áður en fyrir slíku máli er talað.

Það frv., sem hér er til meðferðar nú og ég tala fyrir við 1. umr., er afleiðing af þeim frumvörpum og þeim lögum, sem áður hafa verið afgreidd og ganga í þá átt að fá einum og sama aðila verkefni, en ekki skipta þeim milli margra stofnana. Þannig var gert með jarðræktarl., að þar var horfið að því ráði, að styrkur sá, sem veittur er til jarðræktar í landinu, er nú allur greiddur á vegum Búnaðarfélags Íslands, og eins fer styrkur sá, sem greiddur er vegna húsbygginga, í gegnum Stofnlánadeild landbúnaðarins í Búnaðarbankanum. Þetta frv. gengur því í sömu átt og var upp tekið með þeirri stefnu, sem þá var mörkuð, og er framhald af henni.

Það er ekki ætlunin með þessu frv., að dregið verði úr þeirri þjónustu, sem Landnám ríkisins hefur annast til þessa, áætlanagerð og annað því um líkt, heldur verði aðeins um breytt vinnulag að ræða þar að lútandi, en ekki að eigi að draga úr þessum áætlanagerðum, heldur að vinna að þeim áfram af engu minni orku en gert hefur verið, og ber ekki að vanmeta það, sem Landnámið hefur gert í því efni.

Þetta frv. kveður á um það í 2. gr. og gerir skýrara ákvæðið um hlut ríkisins til greiðslu á mótframlagi vegna stofnlánadeildargjaldsins, vegna þess að það þótti ekki nógu tvímælalaust, hvernig taka ætti niðurgreiðslurnar til greina í því sambandi, ef þær væru notaðar á landbúnaðarvörur. Hins vegar mun framkvæmdin hafa verið sú, að greiðslan mun hafa verið miðuð við verðlagið óniðurgreitt, en ekki við útsöluverð á niðurgreiddri vöru. Um þetta eru tekin af öll tvímæli með þeirri breyt., sem hér er gerð.

Hin breyt., sem er aðalefni þessa frv., er sú, að lagt er til, að Landnám ríkisins verði lagt niður sem sérstök stofnun. Er þá miðað við það að fela þau verkefni, sem það hefur nú með höndum, öðrum stofnunum, sem fyrir eru og vinna að þessum verkefnum einnig.

Það er kunnara en frá þurfi að segja, að Landnám ríkisins á margar jarðir, en ríkið á einnig mikið af jörðum, sem jarðeignadeild ríkisins fer með, og ekkert er eðlilegra en sameina þetta í eitt og láta jarðaeign ríkisins vera á einum og sama stað, enda fer best á því, að svo sé gert, bæði þegar litið er á málið frá sjónarmiði kostnaðar og einnig þegar litið er á málið frá því, sem er hagkvæmt fyrir þá, sem um þessi mál vilja vita og fjalla, og sé þá jarðaskráningin í landinu einnig á sömu hendi.

Þá liggur og fyrir Alþ. nú frv. til l. um heykögglaverksmiðjur, þ. e. heildarskipulag á uppbyggingu heykögglaverksmiðjanna. Það miðar einnig við það, að um heildarskipulag sé að ræða á þessum eignum ríkisins, sem heykögglaverksmiðjurnar verða. Ég geri það ekki að neinu stórmáli, hvort yfir hverri einstakri sé sérstök stjórn, en það verður að vera sameiginleg heildarstjórn fyrir þær allar til þess að sjá um þá

höfuðþætti, sem eru sameiginlegir fyrir þessar heykögglaverksmiðjur.

Þá er gert ráð fyrir því í jarðalagafrv., sem hv. 1. þm. Sunnl. gerði hér mjög að umræðuefni áðan, að skipulag byggðar í sveitum verði fært heim í héruðin, og það fer alls ekki saman, að skipulag ríkisins eigi að fara með skipulag í sveitum. Ég vil líka segja, að það fer ekki heldur saman, að samtök sveitarfélaganna eigi að ráða nema að takmörkuðu leyti um sérmál sveitanna. Það vita allir, sem til þekkja, að í samtökum sveitarfélaganna ráða bæirnir og stærri kauptúnin meginmálunum, en sveitahreppparnir ekki. Þess vegna er ekki nema eðlilegt, að þau mál, sem sérstaklega varða þá, séu annar staðar en hjá slíkum samtökum. Það segir hins vegar ekki, að dregið skuli úr samstarfi, enda munu þær breytingar, sem hafa verið gerðar á frv. í Ed., hafa miðað í þá átt að tryggja betur þetta samstarf. Ég skildi ekki, hvað hv. 1. þm. Sunnl. taldi, að þar hefði gerst, sem væri sönnun þess, að frv. næði ekki fram að ganga.

Þá hefur jafnhliða þessum frumvörpum verið flutt frv. að nýjum ábúðarl., og inn í þetta fellur félagsræktun, stofnun nýbýla og endurbygging og sameining jarða, stofnun grænfóðurverksmiðja, eins og ég gat um, og úthlutun ríkisframlaga til landbúnaðarins samkv. þeim l., sem þar að lúta.

Það er því ekki nema eðlilegt, að þessi frumvörp, sem hér eru á ferðinni, séu fylgifiskar þeirra frv., sem er búið að leggja fram hér á hv. Alþ. í tengslum við þessi frumvörp.

Hv. 1. þm. Sunnl. gerði mikið úr því hér áðan um undirbúning að þessum málum, að nauðsyn bæri til, að menn fengju að fjalla betur um þau. Í því sambandi vil ég minna á, að þessi frv. voru lögð fram á hv. Alþ. á síðasta vetri, þá til kynningar. Þau hafa farið fyrir Búnaðarþing, þau hafa farið fyrir aðalfund Stéttarsambands bænda, og þau hafa verið kynnt á kjörmannafundum og fundum búnaðarsambanda. Og ég dreg í efa, að önnur frv., er landbúnað snerta, hafi verið meira kynnt en þessi frv. hafa verið. Hv. 1. þm. Sunnl. má svo hafa sína skoðun á þeim málum mín vegna, það breytir engu þar um.

Ég vil að lokum undirstrika það, að ég ætla ekki að fara að flytja hér langa ræðu eða fara í miklar kappræður um þessi mál, hafði ekki hugsað mér það, en hef að vísu eytt of miklum tíma í að víkja að því, sem hv. 1. þm. Sunnl. gat hér um áðan, vegna þess að efni frv. er svo einfalt, að það þarf ekki sérstakra eða margvíslegra skýringa við. Hinu geta hv. þm. haft misjafna skoðun á, hvort stefnan, sem tekin er með því, sé rétt eða rétt ekki. En ég vil að lokum endurtaka, að það, sem hér er verið að gera, er, að það er verið að reyna að sameina verkefnin hjá þeim stofnunum, sem fyrir eru í landinu, eins og Búnaðarfélag Íslands, landbrn. og slíkum stofnunum, og hafa ekki þriðju stóru stofnunina, sem fjallar um þessi mál, sem öll ganga í sömu átt. Ég er líka sannfærður um það, að hvort sem þetta mál nær fram að ganga á þessu þingi eða ekki, þá nær það fram að ganga, því að hér er stefnt í rétta átt. Ég er líka sannfærður um það, að framkvæmdin á þessum málum verður auðveldari með þeim hætti en áður hefur verið. Hér er ekki verið að stefna að því að vega að einum eða neinum, heldur er verið að gera skipulagsbreytingu til hagræðis, miðað við þær aðstæður, sem við nú búum við. Það segir ekki, eins og ég tók fram áðan, að þessi mál séu ekki jafnnauðsynleg og þau voru, þegar um tilveru þeirra var upphaflega að ræða, og þau hafi lokið sínu verki. En eins og nú er komið, er ástæðulaust að vera með svo marga aðila, sem fjalla um sömu þætti, eins og hér hefur verið.

Ég legg svo til, herra forseti, að að lokinni þessari umr. verði málinu vísað til 2. umr. og hv. landbn.

Pálmi Jónsson: Herra forseti. Frv. það, sem hér liggur fyrir til umr. á þskj. 441, hefur þann megintilgang, eins og fram kom í ræðu hæstv. landbrh., að leggja niður Landnám ríkisins. Frv. er væntanlega endahnykkurinn í málatilbúnaði hæstv. ríkisstj. og hæstv. landbrh. í þessu skyni. En eins og fram kom í ræðu hans og hv. alþm. er kunnugt, hafa verið flutt allmörg mál, er snerta landbúnaðarlöggjöfina, sem öll hafa að meira eða minna leyti þennan sama tilgang. Það skal því mikið við þurfa til þess að koma þessari ríkisstofnun fyrir kattarnef.

Hæstv. landbrh. sagði í ræðu sinni hér áðan, að meginmarkmiðið með þessum aðgerðum öllum væri að koma á bættu skipulagi og hnika þessum málum þannig til hagkvæmni og sparnaðar í ríkiskerfinu og jafnframt að gera þá þjónustu, sem veitt yrði, ekki minna virði fyrir landbúnaðinn og þá, sem hennar eiga að njóta. Hæstv. ráðh. skýrði frá því áðan, að hann yrði að mæla verið í þessu skyni, og ekki er mikil þörf á að endurtaka það. — Ég hlýt að harma það, ef hæstv. ráðh. er svo tímabundinn, að hann má ekki vera að því að sitja hér í salnum til að hlýða á umr. um þessi mál. Ég óska eftir því við hæstv. forseta, að hann léti kanna, hvort tími ráðh. er svo naumur, að hann geti ekki verið hér við umr. (**Forseti:** Ég vil geta þess, að hæstv. ráðh. skýrði frá því áðan, að hann yrði að mæla fyrir öðru máli í hv. Ed., og ég hygg, að hann sé bundinn í umr. þar nú. Hins vegar get ég orðið við tilmælum um að fresta um skeið umr. um þetta mál, ef ræðumaður æskir þess.) Ég vil óska eftir, að það verði kannað, hvort ráðh. getur ekki verið hér við og frestað því máli, sem hann þarf að sinna í Ed., og hafa ekki of mörg mál í takinu í senn. Meðal þess, sem væntanlega horfir að í dómi hæstv. ráðh. í átt til betra hagræðis, aukins sparnaðar og hagkvæmara skipulags í landbúnaðarlöggjöfinni, er það, að um leið og Landnám ríkisins er lagt niður, þá skuli í sama mund sett á stofn önnur ríkisstofnun, sem fái til meðferðar einn þátt þeirra mála, sem Landnám ríkisins starfar nú að og hefur haft með höndum frá upphafi. Þar á ég við Heykögglaverksmiðjur ríkisins, sem ætlað er að koma á fót með sérstökum lögum, sem frv. að liggur nú fyrir hv. Alþ. Um leið og lagðar eru niður landnámsnefndir í héruðunum, sem eru ólaunaðar ráðgjafandi nefndir, er ætlunin að koma á fót 23 svokölluðum byggðaráðum, sem eiga að verða

valdstofnanir og ætla má, að þurfi veruleg laun, auk þess sem leggja þarf út annan kostnað við þær stofnanir, ef að líkum lætur. Ég fæ ekki séð, að þessi dæmi sanni, að þessar skipulagsbreytingar horfi til þeirrar áttar, að um aukna hagkvæmni og sparnað í ríkiskerfinu verði að ræða.

Þeir, sem hafa kynnt sér kostnað, er leitt hefur af störfum Landnáms ríkisins, hafa getað sannfærst um, að þar hefur ekki verið farið með mikla fjármuni. Ég skal ekki rekja það hér, en ég hygg, að þar hafi verið haldið spart á málum, að því er snertir rekstrarkostnað, miðað við það, sem gerist hjá ríkisstofnunum.

Um það, að ekki eigi að draga úr þeirri þjónustu, sem Landnám ríkisins hefur veitt, þá vil ég leggja á það mikla áherslu, að sá þáttur, sem hvað þýðingarmestur er nú í mínum augum af störfum Landnáms ríkisins og lítið hefur til þessa verið sinnt, er skipulags- og áætlanagerð í sveitum landsins. Hæstv. ráðh. gat þess, enda þótt með óljósum orðum væri, að þessir þættir yrðu látnir heyra undir aðra aðila, og að því er best verður séð af þeim málatilbúnaði, sem hér hefur verið hafður í frammi, þá eigi það helst að heyra undir landbrn. og hin svokölluðu jarðalög. Nú er það svo, að ég er hæstv. ráðh. sammála um það atriði, er hann gat um, að skipulagsmál í sveitum ættu ekki að heyra undir skipulagsstjórn ríkisins. Ég lít svo á, að skipulag í sveitum sé það sérstakt mál, að það réttlæti það, að um það fjalli stofnun, sem hefur sérþekkingu á landbúnaðarmálum, og þarna hygg ég, að við hæstv. ráðh. séum sammála. Sú stofnun, sem um þessi mál fjallar nú, er Landnám ríkisins, og enginn dregur í efa þekkingu þeirrar stofnunar og starfsmanna hennar að því er þetta varðar. Ég vil ekki kasta því fyrir róða, að þessi stofnun fjalli um þennan málaflokk áfram, og fá í staðinn annað skipulag, sem allt er mjög óljóst í sniðum, og ég fæ ekki enn áttað mig á, hvernig muni að þessum málum vinna.

Það er kunnara en frá þurfi að segja, að fyrsta verkefni, sem Landnám ríkisins hefur fjallað um á þessum vettvangi, er hin svokallaða Inn-Djúpsáætlun. Landnám ríkisins vann það verk í nánu samráði við sveitarstjórnir og forráðamenn búnaðarsamtaka og sambands sveitarfélaga á Vestfjörðum, og ég hygg, að heimamenn þeir, sem að þessum málum hafa komið, hafi þá sögu eina að segja, að þáttur Landnáms ríkisins í þessu starfi hafi verið mjög til fyrirmyndar og frumkvæði þess að hrinda þessum málum áfram lofsvert. Það er enda svo, að allir þm. Vestf., þ. á m. 4 stuðningsmenn núv. hæstv. ríkisstj., hafa flutt um það till. til þál. hér á Alþ. að fela Landnámi ríkisins framkvæmd þeirrar áætlunar, sem gerð hefur verið, og þar með að auka við starfssvið þeirrar stofnunar, sem hæstv. ráðh. er nú að mælast til, að lögð verði niður. Þetta eru mjög einkennileg vinnubrögð, og tek ég undir það, sem fram kom í upphafi ræðu hv. 1. þm. Sunnl.: það er eins og vinstri höndin viti ekki, hvað sú hægri gerir. Svo virðist sem á sama tíma sem hæstv. landbrh. er að leggja til, að Landnám ríkisins sé lagt niður, vilji ýmsir stuðningsmenn þessarar hæstv. ríkisstj. fela því aukin verkefni.

Því er svo háttar um allt starf Landnáms ríkisins, er lýtur að skipulagsmálum í sveitum og lýtur að hverju einu atriði, er hefur áhrif á þróun byggðar í sveitum, sem frá upphafi hefur verið eitt af meginverkefnum Landnámsins, að engar ákvarðanir eru teknar án þess að hafa um það náið samráð við hlutaðeigandi sveitarstjórnir og landnámsnefndir, sem hæstv. ráðh. hefur gert lítið úr og telur ekki miklu skipta, þótt lagðar séu niður. Þetta er algerlega viðtekin regla í öllu starfi Landnámsins, og er ég því gerkunnugur, þar sem ég á sæti í stjórn þess. Þetta er einmitt sú höfuðregla, sem ég vil að haldist, að til sé stofnun, sem hafi yfir starfsmönnum að ráða, er hafi sérþekkingu á landbúnaðarmálum og helst skipulagsmálum strjálbýlis, sem sé samræmingaraðili og aðili, sem hefur frumkvæði og úrslitavald um skipulagsmál, en starfi samt í nánum tengslum við þá aðila heima fyrir, sem eru bærastir þess að veita umsögn og alla nauðsynlega staðháttaþekkingu og auk þess að koma fram sínum vilja í sambandi við meðferð mála. Þessu skipulagi vil ég halda, þessu skipulagi vil ég ekki kasta fyrir róða.

Enda þótt frv. til jarðalaga sé hér ekki á dagskrá, hafa bæði hv. þm. og eins hæstv. ráðh. blandað því inn í þessar umr., svo að það ætti ekki að reynast mér saknæmt, þótt ég víki þar aðeins að, enda þótt ræða megi það mál frekar, þegar eða ef það kemur til þessarar hv. d. Með því að fela þessi skipulagsmál svokölluðum byggðaráðum, sem skipuð eru af ráðh. og eiga að starfa í nánum tengslum við rn. og Búnaðarfélag Íslands, hygg ég, að a. m. k. yrðu lausari bönd á öllum þessum málum. Það er einnig verið að fara fram hjá sveitarstjórnunum í landinu, eins og berlega er gagnrýnt í umsögnum sveitarstjórnarmanna víðs vegar af landinu um frv. til jarðalaga. Ég hygg, að skynsamlegra sé að halda því skipulagi, sem vel hefur gefist, því skipulagi, sem ætla verður, að falli best í geð bæði bændunum sjálfum og sveitarstjórnarmönnum um land allt, með því að þessir aðilar komi sínum sjónarmiðum að í gegnum landnámsnefndirnar og sveitarstjórnirnar og hafi í gegnum þær samráð við Landnám ríkisins, eins og nú er.

Mér hefur orðið nokkuð tíðrætt um skipulagsþáttinn í störfum Landnáms ríkisins vegna þess, hversu þar er gífurlega mikið verk óunnið, og það er verk, sem verður að vinna, hvort sem Landnám ríkisins verður lagt niður eða ekki. Ég treysti þessari stofnun betur fyrir því starfi heldur en nokkurri annarri. En enda þótt Landnámið verði lagt niður, þarf að sinna þessu verki. Verkefnin hverfa ekki, þó að ein stofnun verði úr sögunni. Þess vegna hygg ég, að bæði sé svo með þetta verkefni og önnur þau, er nú eru til meðferðar hjá Landnámi ríkisins, að enn þurfi mannafla til þess að sinna þeim störfum, enda þótt Landnámið sé lagt niður.

Það væri fróðlegt að heyra einhverjar áætlanir um það frá hæstv. ráðh., hvar hann hyggist koma við sparnaði í sambandi við þessa skipulagsbreytingu. Og mér hefði þótt vænt um það, ef þeir, sem eru talsmenn þessara breytinga, létu koma fram einhverjar tölulegar upplýsingar um það, með hvaða hætti þessi sparnaður kemur fram. Með hliðsjón af því, að hæstv. ráðh.

og hæstv. aðstoðarráðh. landbúnaðarmála hafa hér báðir lýst því yfir, að það hafi haft sparnað og hagkvæmni í för með sér að færa tiltekin framlög úr höndum Landnáms ríkisins yfir til annarra stofnana, þá vænti ég, að þessar umsagnir þeirra séu byggðar á einhverjum raunhæfum tölum. Nú skal ég ekki mæla því í mót, að slík breyting geti verið hagkvæm og átt rétt á sér. En úr því að ráðh. tala svo hiklaust um þessi efni, þá vænti ég, að þeir geti gefið þar frekari upplýsingar um.

Það hefur verið rætt um það hér, að vel megi fela öðrum aðilum að halda jarðaskrá fyrir landið, og víst getur það verið. Staðreyndin er hins vegar sú, að jarðaskrá hefur löngum verið haldin af tveimur stofnunum hér á landi, í fyrsta lagi hjá Landnámi ríkisins og í annan stað hjá Búnaðarfélagi Íslands. Einhvern veginn hefur það reynst þannig, að sú jarðaskrá, sem Landnám ríkisins hefur haldið, hefur reynst fullnægjandi og örugg, en því hefur ekki alltaf verið að heilsa með þá jarðaskrá, sem annars staðar hefur verið skráð. Þetta á sér þær orsakir, að skráning allra býla í sveitum landsins er í höndum Landnámsins og raunar þarf, eins og gildandi lög gera ráð fyrir, samþykki landnámsstjórnar, til þess að nýbýli verði sett á stofn, tvær jarðir sameinaðar eða aðrar þær breytingar gerðar, er hafa áhrif á þróun byggðar í sveitum, sem þetta snertir. Þess vegna er það ekki að undra, að einmitt sú stofnun, sem þetta starf hefur með höndum, skuli halda rétta jarðaskrá.

Mér hefði þótt vænt um það, að hæstv. landbrh. yrði hér áfram við þessar umr. En kannske heyrir hann svo vel, að þó að hann sé í öðrum sal, þá heyri hann það, sem sagt er hér í þessari deild.

Annar þáttur þessa frv., sem er miklu veigaminni heldur en sá, sem ég hef hér vikið að, fjallar um það að færa framlög til íbúðarhúsa og endurbyggingar íbúðarhúsa í sveitum úr höndum Landnáms ríkisins til Stofnlánadeildar landbúnaðarins. Það er eðlilegt, ef Landnám ríkisins er lagt niður, að þessi þáttur, sem aðrir af störfum þess sé færður í hendur annarra aðila. Það, sem vekur sérstaklega athygli í sambandi við þetta efni, er þó það, að gert er ráð fyrir því, að þessi framlög standi óbreytt að krónutölu frá því, sem verið hefur nú nálega 3 ár. Á mánudaginn var mælti ég hér fyrir frv., sem ég hef flutt ásamt tveimur öðrum þm. Sjálfstfl. um breyt. á l. um Stofnlánadeild landbúnaðarins, landnám, ræktun og byggingar í sveitum. Þar er lagt til að hækka þessi framlög úr 120 þús. kr. í 200 þús. kr. Ég gat þess þá, að sú væri saga þessara framlaga, frá því að þau komu fyrst inn í löggjöfina 1957, að þau hefðu verið hækkuð öðru hverju nokkurn veginn til samræmis við verðlagsbreytingar. Vegna þess að enginn hæstv. ráðh. var í salnum, þegar ég flutti þessa framsögu, vil ég rifja upp örfá atriði, sem ég sagði um þetta mál þá.

Ef svo væri haldið á málum að hækka þessi framlög nokkurn veginn til samræmis við verðlagsbreytingar, þá er rétt að átta sig á því, að byggingarvísitala hefur hækkað frá 1. júlí 1971 til 1. nóv. 1973 um 70.65%. Enn hefur ekki verið gefin út byggingarvísitala frá 1. mars s. l., en ég hygg, að hún sé væntanleg á morgun eða svo. Ég hef heyrt spásagnir um það, að sú byggingarvísitala muni fara upp í 970 stig og hafi þá hækkun byggingarvísitölunnar frá 1. júlí 1971 numið 81.3%. Það er því augljóst svo sem verða má, að á þessu tímabili, þessum nálega þremur árum, hafa orðið gífurlegar verðlagsbreytingar í landinu, og kemur það víst engum á óvart; það þekkja allir af eigin raun. Ef það ætti að gerast, svo sem gerðist í tíð fyrri ríkisstj., sem kennd var við viðreisn, að hækka þessi framlög nokkurn veginn til samræmis við verðlagsbreytingar, þá þyrftu þessi framlög að hækka a. m. k. í 200 þús. Þó er það ekki nægilegt til þess að fylgja verðlagsþróuninni eftir að fullu, jafnvel þó að einungis sé miðað við 1. nóv. s. l., því að hækkun framlaganna úr 120 þús. kr. í 200 þús. kr. er hækkun, sem nemur 66.7%.

Það fer ekki hjá því, að það komi ýmsum á óvart, þegar hæstv. ríkisstj. leggur fram frv. um þetta efni, að þá skuli gert ráð fyrir því, að þessi framlög standi óbreytt. Sömu sögu er að segja um þau framlög til gróðurhúsabygginga, sem um var fjallað í frv. áðan, á þskj. 440. Það er nákvæmlega sama sagan með það. Ég hlýt að spyrja hæstv. landbrh., hvort það sé stefna hans og hæstv. ríkisstj., að svo skuli með þessi framlög fara, að þau verði látin eyðast upp í eldi verðbólgunnar. Ef þau verða látin standa óbreytt, verða þessi framlög næsta lítils virði að skömmum tíma liðnum og eru raunar þegar orðin það. Og ef framhaldið verður svo sem verið hefur nú undanfarna mánuði, þá verða þau sama og einskis virði að fáum misserum liðnum. Mér þætti vænt um að heyra það hjá hæstv. ráðh., hvort þetta séu fyrirætlanir hans og hæstv. ríkisstj. hvað þetta snertir.

Það má segja, að eðlilegt sé að skoða framlög til íbúðarhúsabygginga í sveitum í samræmi við lánveitingar til þeirra framkvæmda. Lán til íbúðarhúsa í sveitum voru 1971 600 þús. kr., en eru nú 800 þús. kr. Það er því mjög fjarri því, að lánin hafi hækkað til samræmis við verðlagsbreytingar. Ef tekin væru saman framlög og lán, eins og þau voru 1971 og eins og þau þyrftu að vera nú, miðað við verðlagsbreytingar, þá var framlag og lán til íbúðarhúsa í sveitum að hámarki 1971 720 þús. kr., en ef miðað er við byggingarvísitölu 913, eins og hún var 1. nóv. s. l., þyrfti framlag og lán að vera 1228 þús. kr., en ekki 920, eins og raun ber vitni í dag.

Ég skal ekki fara fleiri orðum um þennan þátt, en ég hef lagt fram spurningar til hæstv. ráðh., og ég vænti þess, að svör fáist frá honum um þetta efni.

Það er sjálfsagt ekki ástæða til þess fyrir mig að orðlengja þetta öllu frekar nú. Ég vil þó aðeins ítreka það, að ástæða væri til þess fyrir hæstv. ríkisstj. og Alþingi í heild að hrapa ekki mjög að þeim breytingum, sem hér eru fyrirhugaðar, enda þótt þær eigi sér nokkuð langan aðdraganda og það sé rétt, sem hæstv. ráðh. sagði, að hann hefur gefið yfirlýsingar, sem ganga í þessa átt, í nokkuð mörg ár. Þessar breytingar valda svo mikilli gagnrýni, ekki einungis frá pólitískum andstæðingum þessa hæstv. ráðh., heldur einnig víða hvar úr röðum hans eigin flokksmanna, að ástæða væri til þess að skoða þessi mál öll betur. Það væri réttast að fella það frv., sem hér er á dagskrá, en ég skal

ekki skýra frá því, hvaða afstöðu ég tek til þess se maðrir af störfum þess sé færður í hendur í þeirri n., sem mælst hefur verið til, að frv. gangi til, þ. e. landbn. þessarar hv. d. Það má vel vera, að ég leggi þar til, að frv. verði fellt. En það væri e. t. v. þægilegra fyrir hæstv. ráðh. og fylgismenn hans hér á hv. Alþ., að þessu máli og öllum fylgifiskum þess verði vísað að nýju til ríkisstj., eins og hv. 1. þm. Sunnl. lagði til áðan.

Það hafa borist það margar umsagnir um sum af þessum frv., sem nú liggja fyrir hv. Alþ., þar sem mörg atriði eru gagnrýnd og ýmist er lagt til, að þeim verði vísað til ríkisstj. að nýju eða þau séu jafnvel felld, að ástæða væri til þess að hafa þann hátt á, sem ég hef lagt til og hv. 1. þm. Sunnl. Ég skal svo ekki að sinni orðlengja þetta frekar.

Fjmrh. (Halldór E. Sigurðsson): Herra forseti. Það hefur verið áberandi í þessum umr., að þær hafa orðið almennt umr. um þau frv., sem eru í samhengi við það frv., sem hér er nú á dagskrá. Þeir hv. tveir stjórnarandstöðuþm., sem hafa talað hér, hafa lagt á það áherslu, að nauðsyn bæri til að vanda undirbúning þessara mála og hafa meira samráð við fólkið í landinu en gert hefði verið í þessu sambandi. Ég verð að segja það út af málum eins og frv. til jarðalaga, að upphaf þeirra var með þeim hætti, að Búnaðarþing skoraði á landbrh. að skipa n. til þess að semja frv. að jarðalögum og endurskoða ábúðarlög og önnur þau lög, sem vörðuðu ábúð og setu á jörðum. Eitt af fyrstu verkefnunum, sem Búnaðarfélag Íslands bar upp við mig sem landbrh., var einmitt þetta mál. Og nauðsynin, sem Búnaðarþing taldi á tilveru þessarar löggjafar, var einmitt sú þróun, sem þeir töldu, að fyrirsjáanleg væri, að það gengi í þá átt, að jarðir færu meira og minna í brask hér á landi og í það verð, að á þeim yrði ekki búandi, þess vegna bæri nauðsyn til að koma í veg fyrir þessa þróun, og í öðru lagi, að með þessum hætti, að nýta landið á skipulegan hátt, væri einnig hægt að tryggja það, að þéttbýlisfólkið hefði aðgang að landinu, það gæti orðið útilokað jafnt sem hinir, ef nokkrir fjársterkir menn ættu að kaupa upp helstu jarðir landsins. Og það voru ekki valdir ómerkari menn til þess að semja þessi lög heldur en formaður Búnaðarfélags Íslands, núv. ráðuneytisstjóri í landbrn. og starfsmaður Stéttarsambands bænda. Þessir tveir, formaður Búnaðarfélagsins og starfsmaður Stéttarsambandsins, voru tilnefndir af þessum félagssamtökum bændanna,, en þriðji án tilnefningar. Og formaðurinn í þessari n. var formaður Búnaðarfélags Íslands.

Mér finnst, að á þeim tíma, sem liðinn er síðan farið var að vinna að þessum málum, hafi það sýnt sig, að hér var tímabæru máli hreyft, því að með hverju ári sem líður hafa skapast meiri og meiri vandræði úti um sveitir landsins vegna þess að fjársterkir menn vilja kaupa þar upp jarðir, sem ýmist slíta í sundur byggðina í viðkomandi sveitum eða jafnvel hefði getað komið í veg fyrir það, að bændur gætu komið fénaði sínum á fjall. Og það eru orðin æðimörg tilfellin, sem hefur verið leitað til landbrn. til þess að aðstoða sveitarfélögin með fjárútvegun til þess að kaupa þessar jarðir, svo að þær lentu ekki í höndunum á þessum bröskurum. Og það var nú síðast fyrir jólin, að þá átti að fara að selja hálft kot, eyðikot, vestur á Mýrum fyrir hvorki meira né minna en 6 millj. kr. Þessi jörð var þannig staðsett, að ef braskarar, sem voru að verki, hefðu náð alveg tökum á jörðinni, gátu þeir lokað upprekstrarlandinu fyrir bændunum í sveitinni. Hér var ekkert smámál á ferðinni. Og það var ekkert lítið mál, þegar svo fámennt sveitarfélag sem þarna var aðili að varð að leggja á sig þá kvöð að bjarga sér frá þessari hættu.

Ég held, að það sé því tómt mál að tala um, að Alþ. eigi að sitja aðgerðalaust í slíku stórmáli sem þessu og láta leggja landið þannig undir fáa auðjöfra. Þá er það hvorki til gagns né gleði fyrir bændur landsins eða aðra þegna þessa þjóðfélags. Og það kom fram í sjónvarpsviðtali, sem 4 fulltrúar á Búnaðarþingi áttu í s. l. viku, að þeir töldu þetta hina merkustu löggjöf, sem nauðsyn bæri til að fá, og þeir bentu á, að einmitt með þessari löggjöf væri hægt að koma í veg fyrir, að jarðir færu í eyði í sveitum landsins, og einnig að koma í veg fyrir að þéttbýlisfólkið fengi að njóta landsins. Með skipulegum hætti væri einmitt hægt að koma þessu á þann veg, að báðir þessir aðilar gætu notið. Ég verð að segja, að ég átta mig ekki á því, að í þessari hv. d. skuli vera hafður uppi áróður gegn þessu frv., áður en það kemst hér á dagskrá. Það má vel vera, að hæstv. fyrrv. landbrh. geti kímt í kampinn yfir slíkri framsýni að berjast á móti máli, sem bændastéttin í landinu með forustumönnum sínum og heildarsamtökum óskar eftir, að verði lögfest, og það má vel vera, að hann haldi, að hann sé að vinna þar gæfuspor. En reynslan mun hvorki sýna honum né öðrum það. Það þarf enginn að halda því fram hér á hv. Alþ., að samtök eins og Búnaðarfélag Íslands, Stéttarsamband bænda, búnaðarsamböndin í landinu, kjörmannafundirnir, þetta séu allt ómerkar samkomur, sem eigi minna að ráða um þessi málefni sveitanna, sem eru grundvallaratriði fyrir byggð í sveitum landsins, heldur en skipulagsstjórn ríkisins, með fullri virðingu fyrir henni og þeim verkefnum, sem hún á að sinna, eða Samband ísl. sveitarfélaga, sem hefur auðvitað miklu víðtækara svið en þetta og yfirgnæfandi meira að segja um þetta en þéttbýlisstaðina og áttar sig ekki á, hvað þetta er mikils virði fyrir þéttbýlismálin. Ég held því, að hv. þm. verði að skoða hug sinn betur og gæta að, hvað hér er á ferðinni, og a. m. k. að bíða með gagnrýnina, þar til frv. sjálft kemur hér til meðferðar.

Það er engin ánægja og það verður engin ánægja að lenda í mörgum Votmúlamálum, því skulu hv. þm. gera sér fullkomlega grein fyrir. En þau verða mörg Votmúlamálin, sem sveitir landsins eiga eftir að lenda í, ef Alþ. hefur ekki manndóm í sér til þess að reisa hér skorður við. Og aðrar þjóðir, eins og frændur okkar á Norðurlöndunum, hafa séð, að hér er hætta á ferðinni, þeirra löggjöf um þessi efni er margfalt þrengri en það frv., sem hér er lagt til að samþ. verði og enn þá er í meðförum Ed.

Þá hefur inn í þessar umr. verið blandað málum eins og heykögglaverksmiðjum ríkisins.

Þar er fyrst og fremst um það að ræða að setja yfir þær heildarstjórn og móta heildarstefnu í sambandi við heykögglaverksmiðjurnar. Þetta er alveg nýr þáttur í okkar sögu. Þegar Fóður og fræ var sett upp í Gunnarsholti, var engin löggjöf um það eða verið fjallað um það hér á hv. Alþ. Það var bara tekin ákvörðun um það. Slíkt er hægt að gera um einstakar verksmiðjur e. t. v., en ef á að vera heildarstefna í þessum málum, er ekki hægt að hafa slík vinnubrögð.

Ég tek undir það og fagna því, að hv. 5. þm. Norðurl. v. skyldi vera mér sammála um, að skipulagsmál sveitanna eru annars eðlis en skipulagsmál þéttbýliskjarnanna. Það eru allt önnur sjónarmið, sem koma þar til greina, og þess vegna ber brýna nauðsyn til að hafa annan hátt á yfirstjórn þeirra mála heldur en gert er með því, sem er í skipulagslögunum. Þar er fyrst og fremst átt við skipulag, þar sem byggður er upp þéttbýliskjarni. Ég tek líka undir það, að brýna nauðsyn ber til þess, enda til þess ætlast, að hafa samráð bæði við búnaðarfélags- og sveitarstjórnir um þessi mál. Og framkvæmd á þessum málum kemur ekki að notum, nema samráð sé haft við þessa aðila báða, enda er til þess ætlast.

Ég tek líka undir það, að sérþekking þurfi að koma til í sambandi við byggðaáætlanir og fleira þessu líkt. Á það vil ég minna, því að menn virðast álíta, að óhugsandi sé, að þetta sé hægt að framkvæma, ef breyting verður á forminu þar um, að í landbrn. er starfandi maður, sem hefur sérþekkingu á búnaðarhagfræði og áætlunargerð. Ég hygg, að hann muni hverjum öðrum jafnfær til að vinna að slíkum málum og það sé eðlilegt, að rn. sjálft taki þau mál í sínar hendur, enda er það á ýmsan hátt eðlilegt. Þar yrði að sækja til fjárveitinga í sambandi við aðstoð slíka sem þessa, auk þess sem það yrði alltaf að kveðja til í þessu sambandi bæði héraðsráðunauta og fá aðstoð Búnaðarfélags Íslands og slíkra sérfræðimenntaðra manna, sem fjalla um einstaka þætti í sérfræði landbúnaðarins, því að það er enginn vafi á því, að ef á að gera vel skipulagðar áætlanir um uppbyggingu heilla héraða, eins og t. d. Inn-Djúpsáætlunina, þá þarf að kveðja þar til marga menn, til þess að reynt sé að tryggja, að allir þættir séu teknir með. Það er ekki nóg að ákveða, að búin skuli vera svo og svo stór, heldur þarf einnig að athuga, hvaða möguleikar eru fyrir það landssvæði, sem liggur að þessum héruðum, til að framfleyta búum af þeirri stærð, sem um er rætt. Þess vegna verða slíkar áætlunargerðir aldrei unnar af einum aðila, heldur verða þar fleiri að koma til. Og það er ekki nema eðlilegt, að landbrn. hafi yfirstjórn á slíkum málum.

Út af því, sem hv. 5. þm. Norðl. v. spurði um sparnað í sambandi við verk þau, sem Stofnlánadeild landbúnaðarins hefur unnið, en áður voru hjá Landnáminu, þá er því til að svara, að kostnaðurinn við rekstur Stofnlánadeildar landbúnaðarins hefur heldur minnkað en aukist á s. l. árum og var hvað minnstur á s. l. ári þrátt fyrir þessa aukningu eða þá fyrirhöfn, sem hún hefur af þessu verki, enda er hún náttúrlega hverfandi lítil. Það leiðir svo af sjálfu sér, að það hlýtur alltaf að leiða til sparnaðar að leggja niður stofnun með húsnæði og þann vinnukraft og annað, sem henni fylgir. Ég er alveg sannfærður um, að þessi breyting leiðir til sparnaðar, og ég er líka sannfærður um það, að þegar fram líða stundir, þá leiðir hún til betra skipulags, vegna þess að þá er verið að vinna að sama málaflokki með einni yfirstjórn og sömu aðilum, í staðinn fyrir það, að nú er þetta gert af mörgum aðilum, eins og t. d. jarðaskráning, sem mun vera á þremur stöðum, en mundi verða á einum stað eftir slíka breytingu og yrði miklu handhægari, eftir að væri búið að gera slíkt.

Ég skal svo ekki fara langt út í að ræða við hv. 5. þm. Norðurl. v. um framlög til gróðurhúsabygginga og til íbúðarhúsa í sveitum og að undir viðreisn hafi alltaf verið fylgt verðhækkunum þar um. Verð ég að játa, að ég hef ekki það sterkt minni, að ég treysti mér til þess að muna allar hennar syndir í þeim efnum frekar en öðrum. En ég hygg, að ef að væri gáð, mundi finnast misbrestur á því, enda kannske ekki neitt við það að athuga, þó að smábrestir séu. Mig minnir líka, að talan, sem hv. þm. gaf upp um lánin 1971 út á íbúðarbyggingar, hafi ekki verið hækkun ákveðin haustið 1971, þar sem var fært upp í 600 þús. úr 450 þús. Mig minnir þetta, ég þori ekki að fullyrða það, því að ég hef ekki hjá mér tölur þar um, en mig minnir, að þegar stjórnarskiptin urðu, hafi lánin verið árið áður 450 þús. og hafi haustið 1971 verið hækkuð í 600 þús. Vel má vera, að mig misminni þar um, ég hef ekki haft möguleika til þess að athuga þetta.

Ég held líka, að það sé alveg óþarfi fyrir hv. þm. að hafa áhyggjur af því, að stefna núv. ríkisstj. muni rýra aðstoð við landbúnaðinn í landinu. Ég held, að það komi fram í öllum umr. um landbúnaðarmál, að afkoma bænda og landbúnaðarins í heild nú 2—3 síðustu árin sé sú besta, sem nokkurn tíma hefur verið. Ég hygg, að bændur hafi aldrei verið nær því að ná verðlagsgrundvallarverði heldur en þeir voru á s. l. ári, þó að ég hafi ekki enn þá tölur þar um. En á árinu 1972 varð á því veruleg breyting.

Það er alveg rétt hjá hv. þm., að það er ekki ástæða til að vera að rasa um ráð fram í breytingum sem þessum. Ég hins vegar held, að það sé ekki hægt að segja það um þetta mál, það er búið að vera það lengi á döfinni. Það hefur verið stefnt að því með flutningi þeirra frv., sem sýnd voru hér í fyrra og hefur áður verið greint frá, að að þessu væri stefnt, svo að það sé ekki hægt að segja, að hér sé hrapað að. Hitt verður svo að ráðast, hvort hv. þm. eru það sinnaðir, að þeir telji ríkisstofnanir meira virði en stofnanir, sem eru samansettar af félagssamtökum bænda, eins og Búnaðarfélag Íslands og slíkar stofnanir, því að til þeirrar stofnunar mundi megnið af þessum verkefnum fara. Að sumu leyti mundu þau líka ganga í Stofnlánadeild landbúnaðarins, það sem þar ætti eðlilega heima, og að einhverju leyti í rn. sjálft. Um þetta getur hver haft sína skoðun, og ætla ég enga fordóma að vera með þar um. Hitt er ég sannfærður um, að hér er á ferðinni málefni, — og er þar að minni hyggju jarðalagafrv. veigamest, — málefni, sem varðar landbúnaðinn meira en við gerum okkur grein fyrir í dag og varðar

í raun og veru þjóðfélagið allt, því að það er spurningin um það, hver á að eiga landið, hvort það eigi að vera bændurnir, sveitarfélögin eða ríkið í einstaka tilfellum eða hvort það eigi að vera fámennur hópur fjársterkra manna, sem nær þessu til sín, af því að lítil sveitarfélög eiga ekki kost á að keppa við þá um hátt kaupverð, sem ekki er einu sinni trygging fyrir, að þeir hafi boðið. Það er engin trygging fyrir þeim tilboðum, sem sveitarstjórnirnar eru kúgaðar með að kaupa, að viðkomandi kaupandi ætli í raun og veru að kaupa á þessu verði. Og ég held að það væri gifta löggjafans að koma í veg fyrir slíka þróun.

Pálmi Jónsson: Herra forseti. Hæstv. ráðh. hóf mál sitt á því að átelja okkur þm., sem tekið höfum þátt í þessum umr., fyrir að drepa þessum umr. á dreif. Hæstv. ráðh. gekk lengra í þessu efni en aðrir, sem hér hafa tekið til máls, og hann gerði það einnig í sinni fyrri ræðu. Það, sem ég sagði í sambandi við, að við skyldum ekki hrapa að þessum skipulagsbreytingum og að við skyldum skoða betur og fresta afgreiðslu þeirra til næsta þings a. m. k., var m. a. sagt með tilliti til þess frv., sem hér liggur fyrir til umr., og þess frv., sem var á dagskrá hér næst á undan. Auðvitað er rétt, að inn í það fléttast einnig jarðalagafrv., frv. um heykögglaverksmiðjur ríkisins og ábúðarlagafrv.

Það er út af fyrir sig rétt hjá hæstv. ráðh., að undirbúningur jarðalagafrv. er orðinn alllangur, og ég skal ekki kasta neinum steinum til þeirra manna, sem staðið hafa að samningu þess, eða varpa rýrð á þá á nokkurn hátt. Þeir hafa sínar skoðanir og eru þess fullfærir að standa fyrir þeim. Hitt verða þeir að skilja, að aðrir kunna að hafa að einhverju leyti aðrar skoðanir, og þannig eru skoðanaskipti byggð upp í okkar lýðfrjálsa landi.

Í sambandi við jarðalagafrv. tek ég undir það, að það er rétt, sem fram kom hjá hæstv. ráðh., að þar er við mikinn vanda að stríða, sem sé þann að finna ráð til þess, að eignarráð á landbúnaðarlandinu séu sem mest í höndum þeirra manna, sem búrekstur stunda, og að öðru leyti í höndum þeirra, sem eru heimilisfastir í hverju byggðarlagi. Þetta er vandi, sem þarf að leysa og þarf að taka á, og mér er kunnugt um það, að jarðalagafrv. var samið í þeim tilgangi að reyna að taka á þessum vanda. Því miður tel ég, að það hafi ekki tekist sem skyldi og að fjölmargt í því frv. sé með þeim hætti, að ég geti ekki fellt mig við, og það snertir þó ekki nákvæmlega allt tilraunir til úrbóta á þessu vandamáli. Það er önnur saga, og við hæstv. ráðh. vil ég aðeins segja það: við skulum ræða þetta mál, þegar og ef það kemur á dagskrá þessarar hv. d. En vegna þessa kafla í ræðu ráðh., sem hann talaði af nokkrum þjósti og í ávítunartón til okkar, sem tekið höfum þátt í þessum umr., get ég aðeins sagt, að enda þótt ég viðurkenni vandamálið og að þörf sé að taka á því, þá er ekki þar með sagt, að rétt sé að gleypa allt það, sem fram kemur og fer í bága við þá skoðun, sem ég tel að þurfi að hafa í heiðri í sambandi við þessi mál.

Hæstv. ráðh. minntist aðeins á heykögglaverksmiðjurnar, og ég drap á þær aðeins einnig í minni fyrri ræðu. Með því frv. er stefnt að því að koma á fót nýrri ríkisstofnun, nýju „apparati“ í ríkiskerfinu í stað Landnáms ríkisins, sem á að leggja niður, og hæstv. ráðh. talar um það á þann hátt, að þetta sé nauðsynlegt að gera til þess að koma á einhverri heildarstjórn þessara mála. Hæstv. ráðh. ætti að vita það eins og aðrir, að heildarstjórn á meðferð grænfóðurverksmiðjanna er nú í höndum Landnáms ríkisins, og enda þótt hún sé færð í hendur nýrrar ríkisstofnunar með miklu sterkari tökum rn. en er í gildandi lögum, er það ekki gert til þess að koma á einhverri heildarstjórn þessara mála. Hún er fyrir hendi. Það er gert einungis vegna þess, að það er árátta þessa hæstv. ráðh., að Landnámið skuli lagt niður. Þá verður auðvitað að koma á fót nýrri ríkisstofnun til þess að fara með þennan þátt mála. Verði Landnámið ekki lagt niður, er þetta frv. gersamlega óþarft.

Um skipulagsmálin sagði ráðh., að auðvitað þyrfti að hafa samráð við sveitarstjórnirnar og auðvitað þyrfti að hafa samráð við búnaðarsamtökin, eins og nú er gert í gegnum landnámsnefndirnar. En það er einmitt þetta, sem ég er að gagnrýna, að með því skipulagi, sem verið er að koma á fót, er ætlunin að meira eða minna leyti að fara fram hjá þessum aðilum. Það þýðir ekki að koma hér á eftir og segja: Auðvitað þarf að hafa samráð við þessa aðila. — Hæstv. ráðh. segir, að það þurfi að koma sterkari tökum yfir þessi mál, væntanlega með því að færa þetta í hendur rn. sjálfs, eins og hann raunar gat um og upplýsti, að þar væri þegar til staðar sérmenntaður maður til að fást við þetta viðfangsefni. Ég held, að tryggilegra sé að hafa á það skipulag, sem vel hefur reynst að flestra dómi, sem þurft hafa við það að búa. Ég held, að það væri ágætt fyrir ráðh. að hafa tal af þeim mönnum, sem t. d. störfuðu fyrir hönd heimamanna að gerð Inn-Djúpsáætlunar, og vita, hversu þeim hefur þótt um afskipti Landnáms ríkisins af þessum málum. Ég hygg, að þar verði starfsmönnum Landnáms ríkisins ekki borin illa sagan.

Hæstv. ráðh. taldi, að sparnaður hefði orðið í rekstri Stofnlánadeildar landbúnaðarins, og taldi það sönnun þess, að þessi skipulagsbreyting væri til hins betra og hún hefði hagkvæmni í för með sér. Nú er það svo, að meginhlutinn af þeim viðfangsefnum, sem flutt hafa verið frá Landnámi ríkisins til þessa, eru í höndum Búnaðarfélags Íslands, og eins og ég sagði áður, má vel vera, að það henti, að t. d. öll framlögin séu greidd út á einum stað. En það hefur engin breyting orðið á í sambandi við samskipti Stofnlánadeildar landbúnaðarins og Landnámsins, svo að hér er ekki um neina sönnun að ræða í þessu efni, það er alveg út í hött.

Hætsv. ráðh. vék sér undan að svara því, hvort það væri stefna hæstv. ríkisstj. að halda framlögunum í sama horfi og verið hefur þrátt fyrir verðhækkanir. Hæstv. ráðh. sagði eitthvað á þá leið: Ég man nú ekki viðreisn, og það má vel vera, að það megi finna þar einhverjar vanrækslusyndir. — Hann vonast raunar til, að það takist, vegna þess að þar mætti þá kannske finna afsökun fyrir því, að svo slælega er á

málum haldið, eftir að hann kemur í þetta embætti. En ég gæti rakið það fyrir hæstv. ráðh., að þegar íbúðarhúsaframlögin voru fyrst tekin í lög 1957, þá voru þau ákveðin 25 þús. kr. Með stofnlánadeildarlögunum 1962 voru framlögin ákveðin 40 þús., með breytingu á þeim lögum 1963 hækkuð í 50 þús. kr., 1964 hækkuð í 60 þús. kr. Síðan verður alllangt bil, enda voru þá sérstakir erfiðleikar í þjóðfélaginu, eins og menn muna, en 1971 voru þessi framlög til íbúðarhúsa í sveitum færð í 120 þús. kr., og þar við situr enn. Dettur þó engum í hug að segja, að sérstakir erfiðleikar hafi verið í þjóðfélaginu nú eða að þess vegna hafi þurft að kreppa að í sambandi við aðstoð hins opinbera til landbúnaðarins á þessu sviði, og hið sama gildir alveg nákvæmlega um framlög til gróðurhúsa.

Út af íbúðarhúsalánunum, sem hæstv. ráðh. kom inn á og kvaðst ekki muna með vissu, þá leitaði ég upplýsinga Stofnlánadeildar landbúnaðarins, og hún gaf mér þau svör, að 1971 hefðu verið veitt lán út á byggingu íbúðarhúsa í sveitum 600 þús. kr. Hvort ákvörðun var tekin fyrir eða eftir stjórnarskipti, það því miður láðist mér að spyrja um og man ekki til hlítar. Það skiptir ekki heldur höfuðmáli, vegna þess að á þeim tíma, 1971, þegar þessi hús eru reist, er byggingarvísitala 1. júlí 535 stig, en er 1. nóv. 1973 komin í 913 stig, svo að það skiptir ekki máli, hver var við stjórnvölinn, þegar lánin voru ákveðin þetta. Tölurnar breytast ekki við það, og verðlagsþróunin hefur sannanlega orðið þessi í tíð hæstv. ríkisstj. Ég hlýt því að taka það sem ákvörðun og vilja núv. hæstv. landbrh. og ríkisstj. í heild, að þessum þætti af aðstoð hins opinbera til landbúnaðarins sé haldið niðri með þeim hætti, sem birtist í þeim frv., sem hér liggja fyrir. Ég vænti þess þó, að í meðferð Alþingis sýni hv. alþm. þá sanngirni og þann manndóm að fara ekki að vilja ríkisstj. í þessu efni, heldur afgreiða þetta með þeim hætti, sem skaplega megi við una fyrir bændastéttina.

Hæstv. ráðh. gat þess, að það þyrfti ekki að kvarta fyrir hönd landbúnaðarins, afkoma bænda væri betri nú 2—3 ár heldur en oftast áður og mætti finna um það ummæli frá hinum ýmsu bændaleiðtogum. Ég er ekkert að draga úr þessu. Afkoma landbúnaðarins hefur verið með betra móti. En það hefur líka gerst annað, sem hæstv. ráðh. lét undir höfuð leggjast að minnast á. Veðurfar og árferði hefur verið með eindæmum gott á þessu tímabili, og það þökkum við forsjóninni og drottni, en ekki þessari hæstv. ríkisstj. Það er fjarri mér að óska þess, að breyting verði í því efni. Allir óskum við þess, að árferði megi reynast gott áfram, svo sem verið hefur 2—3 ár, og það er sama, hver heldur um stjórnvölinn. En færi svo, að brygði til hins verra, þá dugði ekki annað en standa betur í ístaðinu fyrir landbúnaðinn en nú er gert, og það hygg ég, að þessi ríkisstj. mætti reyna, ef svo brygði við, meðan hún situr að völdum.

Ég skal ekki orðlengja þetta frekar. Ég vænti þess, að það verði vandlega skoðað, ekki einungis af hæstv. ráðh. og þeim mönnum, sem honum standa næstir, heldur einnig af öðrum þeim, sem styðja þessa ríkisstj. eða stutt hafa til þesssa, hversu með skuli fara þessi frv., sem hér hafa verið rædd, og hvort ekki muni reynast heillavænlegast að fresta afgreiðslu þeirra á þessu þingi, annað tveggja fella þau eða vísa þeim að nýju til ríkisstj.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Efri deild, 72. fundur.

Fimmtudaginn 7. mars, kl. 2 miðdegis.

Landsvirkjun, frv. (þskj. 432). — 1. umr.

Heilbr.- og trmrh. (Magnús Kjartansson): Herra forseti. Frv. þetta er flutt sem liður í fjármögnunaráætlun Sigölduvirkjunar, sem samþ. hefur verið af eignaraðilum, ríkinu og Reykjavíkurborg, og það er liður í þeirri fjármögnunaráætlun, að ríkissjóður láni Landsvirkjun virkjunarlán að upphæð 350 millj. kr. Láninu er ætlað að standa að baki stofnlánum annarra aðila til virkjunarframkvæmdanna, þannig að árlegar greiðslur afborgana og vaxta af því verði háðar nettótekjum Landsvirkjunar að frádregnum öðrum lánagreiðslum á hlutaðeigandi fjárhagsári Landsvirkjunar. Auk þess er gert ráð fyrir, að greiðslur afborgana og vaxta af láninu hefjist ekki fyrr en að virkjunarframkvæmdunum loknum, og er þannig létt greiðslubyrði Landsvirkjunar, meðan á þeim stendur. Þetta er sami háttur og á var hafður í sambandi við Búrfellsvirkjun. Þá var veitt heimild til slíkra lánveitinga, og nú er lagt til, að þætt verði við þá heimild.

Það, sem farið er fram á í frv., er annars vegar það, að ríkisstj. verði heimilt að ákveða, að ríkissjóður láni Landsvirkjun allt að 350 millj. kr. með þeim kjörum, sem fjmrh. ákveður, enda standi slíkt lán að baki stofnlánum annarra aðila til virkjunarframkvæmdanna. Í annan stað er lagt til, að ríkisstj. fái heimild til að taka lán og endurlána Landsvirkjun í þessu skyni. Ég held, að óþarft sé að fara fleiri orðum um þetta frv., og vil vænta þess, að hv. alþm. gefi því verulegan framgang hér á Alþ.

Ég legg svo til, herra forseti, að frv. verði að lokinni 1. umr. vísað til 2 .umr. og hv. iðnn.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 11 shlj. atkv. og til iðnn. með 12 shlj. atkv.

Heimilisfræðaskóli, frv. (þskj. 446). — 1. umr.

Menntmrh. (Magnús T. Ólafsson): Herra forseti. Frv. til l. um heimilisfræðaskóla, sem fram er lagt á þskj. 446, er verk nefndar, sem skipuð var 29. nóv. 1971 til þess að endurskoða gildandi lög um húsmæðrafræðslu og Húsmæðrakennaraskóla Íslands. Þessa n. skipuðu Steinunn Ingimundardóttir skólastjóri, samkv. tilnefningu skólastjóra húsmæðraskólanna ,og var hún skipuð formaður n., Björn Halldórsson skrifstofustjóri, skipaður samkv. tilnfeningu Smbands ísl.

sveitarfélaga, Halldóra Eggertsdóttir formaður kennarafélagsins Húsmæðrakennaraskóla Íslands, skipuð samkv. tilnefningu þess félags, Sigríður Haraldsdóttir kennari, skipuð samkv. tilnefningu Kvenfélagasambands Íslands, og Vigdís Jónsdóttir skólastjóri Húsmæðrakennaraskóla Íslands, skipuð án tilnefningar.

Ástæðan til, að þessi n. var sett á laggirnar og henni falið þetta hlutverk, var fyrst og fremst sú, að eins og hv. alþm. mun fullkunnugt, hefur nú um nokkurt skeið verið mjög dræm aðsókn víða að húsmæðraskólum og kvennaskólum. Sums staðar hefur verið gripið til þess ráðs að halda uppi í þessum menntastofnunum tímabundnum námskeiðum, og hefur fengist allgóð aðsókn að þeim víða. En sums staðar hefur þess ekki þótt kostur, og þá hafa þessir skólar starfað með mjög fámennum námsmannahópum. Húsmæðraskólarnir eru reknir í sameiningu af ríki og héruðum, og þegar það blasir við, að aðsókn er mun minni en kennaralið gæti annast, verða að sjálfsögðu fjárhagsbyrðarnar tilfinnanlegri, bæði fyrir ríki og þá sér í lagi heimaaðila, sem víðast eru sýslusjóðir, sem eru, eins og kunnugt er, allfjárvana til að mæta þeim verkefnum, sem á þeim hvíla.

Þegar þessi n. var skipuð, var allra manna mál, að það væri á mörkunum, hvort verjandi væri að halda uppi kennslu í sumum húsmæðraskólunum vegna nemendafæðar. Menn hafa nokkuð bollalagt um orsakir þessa, en þar er skemmst af að segja, að allra ræður koma þar niður, að meginástæðan sé breyttir þjóðfélagshættir, atvinnuhættir og heimilishættir, sem geri ekki eins eftirsóknarvert og áður þótti fyrir ungar stúlkur að leita sér þeirrar menntunar, sem húsmæðraskólarnir veita. Þegar svona var komið, þótti einsýnt, að áður en gripið yrði til úrræða, væri rétt, að hópur þeirra manna, sem kunnugastir eru starfi og rekstri þessara skóla, bæri saman bækur sínar og legði á ráðin, hvað vænlegast væri til að koma þessum skólastofnunum á heilbrigðari og lífvænlegri grundvöll en fyrir liggur. Árangur af nefndarstarfinu er þetta frv. og annað, sem fyrir liggur á þskj. 445 og verður rætt hér á eftir.

Það er kjarni þeirra nýmæla, sem lagt er til að lögfest verði með frv. til l. um heimilisfræðaskóla, að skólar þessir, húsmæðraskólarnir, verði lagaðir að þörfum tímans á þann hátt, sem útskýrt er í greinum frv. Lögð er til sú meginbreyting á rekstri skólanna, að þeir verði ríkisskólar að fullu. Þetta þykir eðlilegt, bæði vegna þess breytta hlutverks, sem skólunum er ætlað, og þó ekki síður vegna þess, að reynslan sýnir á síðari árum, að það er algerlega undir hælinn lagt, hvort aðsókn að skólunum er úr þeim héruðum, sem að þeim standa. Það er miklu frekar, að þar blandist nemendahópur úr öllum landshlutum. Síðan verður aðsóknin og reynslan að sýna, hve víða er verjandi að halda uppi þeim skólum, sem gert er ráð fyrir í frv.

Öllum, sem um málið fjalla, og hv. alþm. vafalaust ekki síður er kunnugt, hversu viðkvæm þessi mál eru á ýmsum stöðum, þar sem starfa húsmæðraskólar, margir með langan og nytsaman feril að baki. En ég held, að það sé orðið allra mál, að reynslan sýni, að engum sé til góðs, að barist sé við að halda uppi fleiri skólum en aðsókn réttlætir.

Vík ég þá að ákvæðum frv. um heimilisfræðaskóla.

Í I. kafla frv. er kveðið á um hlutverk þessa skóla, sem nefndur er heimilisfræðaskóli fyrir þá sök, að gert er ráð fyrir, að hann geti engu síður sótt karlar en konur. Einnig er kveðið á um starfstíma hans, 9 mánuði á ári, og sömuleiðis í 3. gr. um að stofna skuli til framhaldsnáms fyrir þá, sem hyggjast veita forstöðu mötuneytum og viststofnunum, eftir því sem ástæða þykir til.

Í 4. gr. eru ákvæði um inntökuskilyrðin, að þau séu lok skyldunáms, og síðan í 5. gr. um námsefnið.

Í 7. gr. er kveðið á um, að menntmrh. skipi skólastjóra að fengnum till. skólanefndar, og þykir það eðlilegur háttur að áorðinni þeirri breytingu, að þessir skólar séu alfarið ríkisskólar. Síðan er í 8. gr. ákvæði um skipun skólanefndar. Lagt er til, að auk formanns, sem skipa skal án tilnefningar, sitji í henni tveir menn eftir tilnefningu héraðssambands kvenfélaga í því byggðarlagi, sem í hlut á, tveir tilnefndir af landshlutasamtökum sveitarfélaga og loks einn tilnefndur af nemendum.

Í IV. kafla frv. eru í 13. gr. ákvæði um, að heimilisfræðaskólar skuli vera ríkisskólar, og í 14. gr. eru ákvæði um, hver sé stærð skóla, sem miða skuli við, hún sé hið minnsta fyrir 36—40 nemendur. Í verklegum greinum sé nemendafjöldi ekki lægri en 12 í hópi að jafnaði.

Í 15. gr. frv. er ákvæði um, að þegar fé er veitt til, skuli stofna 36 vikna handíðaskóla í tóvinnu, vefnaði, saumum og fleiri handíðum. Þykir best á fara, að sérkennsla í þessum greinum, sem mikla þýðingu hafa fyrir ýmiss konar listiðnað, auk þess sem unnið er til heimilisprýði, fari fram í sérstökum skóla, því að erfiðleikum þykir bundið að flétta þetta öðru námi í heimilisfræðaskóla, ekki síst vegna þess, að kennsla í þessum greinum krefst mun meiri kostnaðar við kennslutæki og búnað en kennsla í öðrum verklegum greinum heimilisfræðaskóla.

Svo er í 16. gr. ákvæði um, að eftir sem áður skuli heimilt að starfrækja í heimilisfræða- og handíðaskólum sérstök námskeið, eftir því sem tilefni gefst til.

Loks er í 19. gr. ákvæði um, hversu haga skuli yfirtöku ríkis á starfandi húsmæðraskólum, þegar óskað er af hálfu forráðamanna skólanna í héruðunum. Meðan slík yfirtaka hefur ekki átt sér stað, skal starfsemin fara fram eftir gildandi lögum. Loks er tekið fram í niðurlagi 19. gr., að yfirtöku ríkisins á eignum og skuldum skólanna fylgi ekki kvöð um, að þeir verði áfram reknir sem húsmæðraskólar, nema aðsókn að skólunum fullnægi því marki, sem nauðsynlegt telst til þess að halda skólastarfi uppi.

Ég legg svo til, herra forseti, að að lokinni þessari umr. verði frv. vísað til 2. umr. og hv. menntmn.

Halldór Blöndal: Herra forseti. Það er vissulega ástæða til þess að fagna því, að frv. af þessu tagi skuli borið fram hér á hinu háa Alþ.

Eins og okkur er öllum kunnugt, hafa húsmæðraskólarnir nú um langt árabil átt við mjög mikla örðugleika að stríða, sem vafalaust má fyrst og fremst rekja til þess, að þeir hafa ekki haft stöðu innan íslenska menntakerfisins að öðru leyti en því, sem varðar Húsmæðakennaraskólann, og þeir hafa ekki heldur veitt nemendum sínum atvinnuréttindi af neinu tagi, eins og sést strax í 1. gr. þessa frv. Er þar gert ráð fyrir því að marka húsmæðraskólunum, sem nú á að kalla heimilisfræðaskóla, bás með því, að þar séu nemendur búnir undir framhaldsnám í æðri skólum, t. d. kennaraskólum, félagsmálaskólum, fóstruskólum, hjúkrunarskólum, hótelskólum o. fl.

Það má lengi hugleiða, hvers konar markmið eðlilegt sé að veita skólum af þessu tagi, og má kannske segja, að í þessa upptalningu vanti starfsgreinar, eins og að ein grein í heimilisfræðaskóla gæti verið að undirbúa nemendur undir ráðskonustörf eða matsveinastörf á fiskibátaflotanum eða eitthvað því um líkt. Húsmæðraskólarnir hafa upp á síðkastið beitt sér á þessum vettvangi og hafa haldið námskeið í því skyni að undirbúa menn undir störf af því tagi. Ég vil í því sambandi m. a. nefna mjög góðan árangur, sem orðið hefur í húsmæðraskólanum á Akureyri, sem var lokaður um margra ára skeið, þangað til farið var að reka hann með nýju sniði nú fyrir nokkrum árum. Vegna mikils dugnaðar og góðra hugmynda forstöðukonunnar og stjórnarinnar tókst að koma nýjum grundvelli undir skólann, þannig að hann hefur nú miklu hlutverki að gegna.

Ég sé ástæðu í sambandi við þetta frv. að gera aths. við 6. gr., þar sem gert er ráð fyrir því, að próf skuli vera samræmd í ákveðnum fjölda námsgreina, sem menntmrn. ákveður hverju sinni. Það er skoðun mín, að sú reynsla, sem orðin er af samræmdu prófunum, sé ekki nægilega góð, og ég álít, að það þurfi mjög athugunar við, áður en slík samræming er tekin upp á fleiri sviðum. Það hefur t. d. komið fyrir í sambandi við samræmdu prófin, að ný gerð af prófum hefur verið undirbúin í samráði við kennarana hér í Reykjavík og á Reykjavíkursvæðinu, en hins vegar hafa kennarar úti um land átt erfiðara með að fylgjast með nýjungum á því sviði. Og áreiðanlega hafa prófkröfur stundum komið kennurum úti um land í opna skjöldu. Það er skoðun mín, að það sé nauðsynlegt að gefa skólunum nokkurt svigrúm til þess að þróast nokkuð hver á sinn hátt, þó innan ákveðins ramma, og ég tel t. d., að það komi mjög til greina einmitt í sambandi við heimilisfræðaskólana, þar sem verið er að reyna að skapa þeim nýjan grundvöll, að opna möguleika fyrir því, að þeir geti nokkuð þróast hver á sinn hátt, en þó þannig, að prófkröfur og próf verði háð samþykki fræðsluyfirvalda eða menntmrn. Mér finnst óþarfi að binda það með þessum hætti í lögum að prófin skuli vera samræmd, og mundi fella mig miklu betur við, ef það væri sett í vald hæstv. menntmrh. að ákveða það hverju sinni, hvort þannig skuli farið að, og eins, hvort rétt þyki, að próf í öllum skólunum verði samræmd með sama hætti.

Það má vera, að þetta þyki smáatriði. Ég hygg þó, að það hafi orðið mjög til góðs fyrir íslenskt fræðslukerfi á sínum tíma, að t. d. menntaskólarnir allir þróast hver með sínum hætti og halda sínu námsefni nokkuð hver með sínu sniði, þó að ég viðurkenni, að því fylgi að sjálfsögðu þeir kostir að samræma námsefni og prófkröfur sem mest, að nemendur eiga þá betra með að flytja á milli skóla, ef um slíkt er að ræða.

Ég álít sem sagt, að við eigum að stefna að því, að heimilisfræðaskólar hafi meira svigrúm í námsefni og í kennslu en gert er ráð fyrir í 6. gr. Ég vil óska þess, að þetta sé athugað, hvort ekki sé hægt að hafa þarna rýmra orðalag.

Í sambandi við V. kafla, Handíðaskóla, langar mig til að varpa fram þeirri fsp. til hæstv. menntmrh., hvort það hafi komið til tals, að þessi handíðaskóli verði staðsettur annars staðar en í Reykjavík. Það er mjög mikill áhugi á því nú að reyna að dreifa ríkisstofnunum sem víðast um landið, og ég held, að það gæti verið gott í þessu tilfelli að hugleiða, hvort ekki væri t. d. hægt að staðsetja þennan skóla á Akureyri, en þar er, eins og við vitum, rótgróinn iðnaður einmitt í þessum greinum og mikil spurning, hvort ekki væri rétt að hafa þennan skóla þar.

Ég vil svo aðeins að lokum ítreka ánægju mína yfir því, að þetta frv. skuli fram komið. Þar er áreiðanlega um mikla bót að ræða frá núverandi skipulagi, þar sem húsmæðraskólarnir hafa orðið út undan, eins og aðsóknin að þeim sýnir. Ungt fólk nú á dögum sættir sig ekki við það að ganga í skóla, án þess að skólagangan hafi markmið og komi því til góða síðar á lífsleiðinni, t. d. í auknum atvinnuréttindum, og þess vegna held ég, að þetta frv. sé mjög tímabært.

Menntmrh. (Magnús T. Ólafsson): Herra forseti. Ég fagna að sjálfsögðu góðum undirtektum hv. 2. þm. Norðurl. e. undir frv., sem fyrir liggur. Erindi mitt í ræðustól er að leitast við að veita þau svör, sem unnt er, við fsp. hans um, hvar staður kunni að verða valinn fyrir handíðaskólann, sem um er fjallað í V. kafla frv.

Þar er því til að svara, að engin skipuleg könnun hefur farið fram á staðarvalinu. Það, sem ég segi hér, er aðeins almennt viðhorf mitt til þess máls. Það byggist á því, að gera má ráð fyrir, að þróunin verði sú, að ekki verði almennir heimilisfræðaskólar í öllum þeim húsmæðraskólum, sem reknir hafa verið. Því hljóti að koma til álita að nýta þau húsakynni, sem fyrir kunna að verða á einhverjum stað fyrir handíðaskóla. Í öðru lagi tel ég liggja í augum uppi, að atvinnuhættir eru þannig, að sá listiðnaður og þær handíðir, sem þessi skóli á að kenna, eru í meira mæli stundaðar utan helsta þéttbýlissvæðisins. Þegar slík störf eru stunduð í atvinnuskyni, er það reynsla bæði hér og annars staðar, að slíkur atvinnurekstur á best skilyrði þar, sem ekki er of hörð samkeppni við stórrekstur af ýmsu tagi. Þess vegna tel ég öll rök hniga að því, sem mér er kunnugt um, að skólinn verði utan þéttbýlissvæðisins hér við Faxaflóa. Um nánara staðarval get ég ekki sagt að sinni, vil þó aðeins taka fram, að vegna þess, hversu tamt þeim er á Norðurl. e. að nefna Akureyri, þegar rætt er um, að stofnanir geti verið víðar

en í Rvík, að landsbyggðin er ekki eintóm Akureyri.

Halldór Blöndal: Herra forseti. Ég sé ástæðu til þess að láta í ljós ánægju mína yfir því, að þessi handíðaskóli muni koma utan Reykjavíkur, og ég tek undir það með hæstv. menntmrh., að mér væri enn meiri ánægja að því, ef menntmrn. treysti sér til að hafa þennan skóla einnig utan þéttbýlisins á Akureyri.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 14 shlj. atkv. og til menntmn. með 14 shlj. atkv.

Hússtjórnarkennaraskóli Íslands, frv. (þskj. 445). — 1. umr.

Menntmrh. (Magnús T. Ólafsson): Herra forseti. Frv. til l. um Hússtjórnarkennaraskóla Íslands á þskj. 445 er samið af sömu n. og gekk frá frv. um heimilisfræðaskóla á þskj. 446. Í störfum n. varð niðurstaðan, að breytingar á húsmæðraskólunum, sem gert er ráð fyrir í frv., þurfi og eigi að haldast í hendur við breytingar á Húsmæðrakennaraskólanum.

Meginnýmælið í þessu frv. er það, að af Húsmæðrakennaraskólanum skuli taka við stofnun, sem nefnist Hússtjórnarkennaraskóli Íslands og skuli hann skiptast í tvær deildir, önnur annist menntun hússtjórnarkennara, en hin menntun matráðsfólks, en síðan séu ýmsar greinar sameiginlegar báðum þessum aðaldeildum. Í kennaradeildinni skal búa nemendur undir kennslu í heimilisfræðum, en í matráðsdeild mennta starfsmenn til að veita forstöðu mötuneytum sjúkrahúsa, heimavistarskóla, vistheimila og annarra slíkra stofnana. Í 3. gr. er kveðið á um, að lokapróf frá Hússtjórnarkennaraskóla Íslands skuli veita réttindi til þeirra starfa, sem talin eru í 2. gr. Gert er ráð fyrir, að Hússtjórnarkennaraskólinn sé þriggja ára skóli og námstími alls 110—120 vikur.

Í II. kafla eru ákvæði um inntökuskilyrði og er, eins og fram kemur í grg. n., höfuðviðmiðunin sú, að inntökuskilyrði sé stúdentspróf ásamt 20 vikna hússtjórnarnámskeiði. Síðan er nánari útlistun, hvað talið er samsvara þeirri undirbúningsmenntun.

Eins og fram kemur einnig í grg., eru starfsmenn í menntmrn., sem um málið hafa fjallað, ekki eins sannfærðir og n. um, að hér skuli við stúdentspróf miðað, og er þetta atriði, sem ástæða er til fyrir þn. að gefa sérstakan gaum, þegar hún fjallar um málið.

Þau nýmæli, sem lagt er til í frv. að leidd verði í lög, leiðir í einu orði sagt að því breytta hlutverki, sem ætlast er til að þessi skólastofnun gegni. Kveðið er á um kennsluæfingar utan skólans og sér í lagi um verklega kennslu fyrir nemendur matráðsdeildar, sem gert er ráð fyrir að fari fram í stofnunum ríkis og Reykjavíkurborgar eftir samkomulagi við forstöðumenn þeirra.

Ég hirði ekki að rekja í einstökum atriðum ákvæði um skipun skólanefndar né kennararéttindi, þau eru að mínum dómi sjálfsögð, eins og þeim er komið fyrir í þessu frv. Ég legg svo til, herra forseti, að málinu verði að lokinni þessari umr. vísað til hv. menntmn.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 14 shlj. atkv. og til menntmn. með 13 shlj. atkv.

Ríkisreikningurinn 1971, frv. (þskj. 397, n. 436). — 2. umr.

Frsm. (Ragnar Arnalds): Herra forseti. Fjh.- og viðskn. d. hefur haft til athugunar ríkisreikninginn 1971, eins og hann hefur verið lagður fram endurskoðaður af þingkjörnum endurskoðendum. N. mælir með því einróma, að ríkisreikningurinn verði samþykktur án breytinga.

ATKVGR.

Frvgr. samþ. með 12 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 12. shlj. atkv.

Vöruhappdrætti Sambands íslenskra berklasjúklinga, frv. (þskj. 404). — 1. umr.

Flm. (Oddur Ólafsson): Herra forseti. Ég hef á þskj. 404 leyft mér að bera fram ásamt þeim Birni Fr. Björnssyni, Geir Gunnarssyni og Jóni Árm. Héðinssyni frv. til. l. um breyt. á l. nr. 18 frá 1959, um vöruhappdrætti fyrir Samband ísl. berklasjúklinga.

1. gr. frv. hljóðar svo:

„Fyrri málsliður a-liðar 1. gr. orðist svo: Hlutatalan má ekki fara fram úr 75 þús.“

Vöruhappdrættislög SÍBS eru frá 1949, og þeim var breytt árið 1959. 1. gr. þeirra laga hljóðar í heild þannig:

„Heimilt skal SÍBS að reka vöruhappdrætti með eftirfarandi skilyrðum:

a) Hlutatalan má ekki fara fram úr 65 þús. Draga skal í 12 flokkum á ári hverju, og skal dráttur fara fram fyrir einn flokk 10. jan. ár hvert og síðan 5. dag hvers mánaðar.

b) Hlutina má selja í heilu eða hálfu lagi. Iðgjöld fyrir hvern hlut ákveður fjmrh. að fengnum till. frá stjórn SÍBS.

c) Vinningar skulu vera að verðmæti samtals a. m. k. 50% af iðgjöldunum samantöldum í öllum 12 flokkum.

d) Dráttur skal fara fram opinberlega í Reykjavík.“

Þá segir í 3. gr. laganna:

„Ágóða af happdrættinu skal varið til að greiða stofnkostnað við byggingarframkvæmdir vinnuheimilisins að Reykjalundi, til byggingar og rekstrar vinnustofu fyrir öryrkja og til annarrar félagsmálastarfsemi SÍBS, sem viðurkennd er af ríkisstj.“

Vöruhappdrætti SÍBS hefur því 1950 verið aðaltekjulind SÍBS og staðið undir framkvæmdum við byggingu vinnuheimilisins að Reykjalundi. Vinnuheimilið að Reykjalundi þekkja flestir og þess merku starfsemi. Það var stofnað 1945 til þess að endurhæfa berklasjúklinga. En vegna þeirrar miklu og snöggu breytingar, sem varð

á högum berklasjúklinga varð strax eftir 1950 sýnilegt, að hægt var að nota þá uppbyggingu og þá starfsemi, sem þar fór fram, til endurhæfingar öryrkjahópa. Og sú hefur orðið raunin á, að enda þótt berklasjúklingum hafi stórfækkað, hafa aðrir hópar öryrkja tekið við, þannig að nú er aðeins mjög lítill hluti af þeim vistmönnum, sem eru á Reykjalundi, þar vegna fyrrverandi berklaveiki.

Reykjalundur hefur sífellt verið að stækka og vaxa, og nú stendur yfir mjög mikil stækkun og aukning þeirrar starfsemi, sem þar fer fram. Eru byggingarframkvæmdir þar í gangi, sem munu kosta 50—60 millj. kr. eða jafnvel meira. Þeim er ætlað í fyrsta lagi að fjölga rúmum þar, í öðru lagi að bæta almenna þjónustu og í þriðja lagi, að bæta skilyrði til starfsendurhæfingar.

Eitt af þeim verkefnum, sem Reykjalundur hefur frá upphafi annast, er starfsendurhæfing. Þetta er tiltölulega ný vísindagrein, og þar af leiðandi verða miklar og örar breytingar á starfsendurhæfingu á hverjum áratug og jafnvel á hverju ári. Þetta hefur það í för með sér, að sú stofnun, sem ein í landinu á að sinna starfsendurhæfingu, verður að hafa fjármagn og fjárráð til þess að geta fylgst með nýjungum og til að geta tekið í notkun og notfært sér þær nýjungar, sem verða í starfsendurhæfingu. Í þeim tilgangi er sú uppbygging framkvæmd, sem nú fer fram á Reykjalundi, og þetta er ein af ástæðunum til þess, að SÍBS er nauðsyn að hafa svo mikil not happdrættis síns sem kostur er á.

Undanfarin ár hefur ástandið verið þannig, að í mörgum umboðum félagsins úti um landið hafa happdrættismiðar verið uppseldir við hver áramót, og af þeim yfir 130 umboðum, sem munu vera starfrækt um allt land, var uppselt í 50 umboðum við síðustu áramót. Þess vegna telur stjórn sambandsins nauðsyn fyrir sig að fá heimild til að fjölga hlutamiðum úr 65 þús. og upp í 75 þús.

Varðandi þá uppbyggingu, sem nú fer fram á Reykjalundi, vil ég taka fram, að Reykjalundur hefur nú um langt árabil gegnt því hlutverki að hafa allmarga svonefnda langlegusjúklinga, sem eru þá ýmist þar í endurhæfingu eða til langlegu. Þetta er nú eitt af mestu nauðsynjaverkum í þessu landi núna, að skapa pláss fyrir langlegusjúklinga. Það er ein mest aðkallandi þörf úrbóta einmitt núna fyrir landið allt. Í þessu sambandi þá er ætlast til, að hægt verði að fjölga verulega rúmum á þessu ári og því næsta, getur farið upp í 175—200 rúm eftir því, hve mikið af húsnæði verður að taka undir starfsfólk.

Ég vonast svo til þess, að þetta frv. fái greiða afgreiðslu. Ég held, að það sé nauðsynlegt að fá það samþykkt nú á þessu þingi, svo að sambandsstjórnin geti farið að undirbúa þá fjölgun á hlutamiðum, sem farið er fram á.

Ég vil svo leggja til, herra forseti, að frv. verði að lokinni þessari umr. vísað til 2. umr. og heilbr.- og trn.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 14 shlj. atkv. og til heilbr.- og trn. með 14 shlj. atkv.

Jarðalög, frv. (þskj. 48, n. 410 og 437, 105, 411). — 2. umr.

Frsm. meiri hl. (Páll Þorsteinsson): Herra forseti. Landbn. hefur haft til athugunar frv. til jarðalaga. Afgreiðsla í n. fór á þann veg, að n. varð ekki sammála um afstöðu til málsins, og liggja því fyrir 2 nál., þ. e. nál. meiri hl. á þskj. 410, þar sem lagt er til, að frv. verði samþykkt, og nál. minni hl. þskj. 437, þar sem lagt er til, að frv. verði vísað til ríkisstj.

Tilgangurinn með flutningi þessa frv. er að tryggja, eftir því sem kostur er með löggjöf, að nýting lands utan skipulagðra þéttbýlissvæða sé eðlileg og hagkvæm frá þjóðhagslegu sjónarmiði og að eignarráð á landi og búseta á jörðum sé í samræmi við hagsmuni sveitarfélaga og þeirra, sem landbúnað stunda.

II. kafli frv. fjallar um skipulag, sem á að miða að því, að þessi tilgangur náist. Skv. gildandi l. eiga sveitarfélög forkaupsrétt að jarðeignum, sem seldar eru í hlutaðeigandi sveitarfélagi. Frá þessari aðalreglu eru samt nokkrar undantekningar. Með þessum hætti fá sveitarstjórnir nokkra aðstöðu til að fylgjast með og hafa áhrif á ráðstöfun fasteigna innan sveitarfélags. Reynslan hefur þó sýnt á undanförnum árum, að sveitarstjórnir hafa of veika aðstöðu í þessu efni og í reynd mjög takmörkuð áhrif á, hvernig jarðeignum er ráðstafað.

Skv. frv. þessu skal í hverri sýslu starfa byggðaráð, skipað 3 mönnum, og skulu þeir kunna góð skil á byggð og búháttum í sýslunni. Allir byggðaráðsmenn skulu vera búsettir á starfssvæði byggðaráðs. Það vald, sem byggðaráðum er fengið skv. frv., er fært í hendur heimamanna. Byggðaráðunum er ætlað að vera sveitarstjórnum til fulltingis um þau mál, sem frv. þetta tekur til. Í byggðaráði á sjónarmið sýslunefndar og sjónarmið búnaðarsambands að geta komið fram. Búseta byggðaráðsmanna innan starfssvæðis þeirra á að tryggja þekkingu á staðháttum og hagsmunum í byggðalaginu. Til þess að það sé ótvírætt, að ekki er ætlunin að fara á bak við sveitarstjórnir með þau mál, sem hér er um að ræða, leggur meiri hl. n. til með brtt., sem ég mun skýra nánar síðar, að orðalag um þetta sé gert enn skýrara en það er í frv. sjálfu.

Í l. um Stofnlánadeild landbúnaðarins, landnám, ræktun og byggingar í sveitum segir svo í 27. gr.: „Í hverri sýslu skal vera landnámsnefnd, skipuð 3 mönnum. 2 nm. skulu kosnir af hlutaðeigandi búnaðarsambandi, að viðhafðri hlutfallskosningu, ef óskað er, en einn skipaður af landnámsstjórn, og er hann formaður."

Jafnframt því, að byggðaráð verða skipuð, er miðað við að lándnámsnefndir leggist niður. Með hinni nýju skipan, sem frv. kveður á um, verður nefndum því ekki fjölgað, en verksvið byggðaráðs í hverri sýslu verður mun víðtækara en verksvið landnámsnefndar.

III. kafli frv. fjallar um forkaupsrétt. Þau nýmæli, sem felast í þessum kafla frv., miða að því að auka rétt sveitarfélaga til þess að kaupa jarðeignir. Í samræmi við það eru ákvæði í V. kafla um Jarðasjóð, sem miða að því að styrkja aðstöðu sveitarstjórna, til þess að þær geti í

reynd f. h. sveitarfélags neytt forkaupsréttar, þegar jarðir eru seldar.

Í gildandi l. segir: „Hafi leiguliði haft ábúð og búsetu á leigujörð sinni a. m. k. 3 ár samfleytt, áður en söluumleitanir hefjast, hefur hann kauprétt á undan sveitarsjóði.“ Þetta tímamark er í frv. fært í 10 ár. En með brtt., sem meiri hl. n. flytur og síðar verður vikið að, er gert ráð fyrir, að tímamark þetta verði miðað við 8 ár. Jafnframt er það skilyrði sett, að leiguliði, sem öðlast forkaupsrétt á undan sveitarstjórn og neytir þess réttar, taki jörðina til ábúðar og fullra nytja. Noti ábúandi sér ekki kaupréttinn, verður forkaupsréttur sveitarfélags aftur virkur.

Þá er það nýmæli, að tilkynningaskylda er hjá fógeta gagnvart forkaupsréttarhafa, eigi að selja jarðeign á nauðungaruppboði.

Ákvæði frv. um forkaupsrétt koma þó ekki til framkvæmda, þegar jarðeigandi selur eða afhendir jörð maka sínum, barni sínu, barnabarni, kjörbarni, fósturbarni, systkini eða foreldri, enda taki viðtakandi jörðina til ábúðar og fullra nytja. Þau koma ekki heldur til framkvæmda, þegar ríkissjóður ráðstafar fasteignarréttindum.

Sé söluverð eignar óeðlilega hátt, miðað við líklegt raunverð, að áliti byggðaráðs, getur forkaupréttarhafi skv. frv. krafist mats á eigninni, og verður þá niðurstaða matsins látin gilda sem söluverð.

IV. kafli frv. fjallar um jarðir í opinberri eigu. Þar er kveðið svo á, að jarðadeild landbrn. fari með málefni jarða í ríkiseign, nema annað sé ákveðið í lögum, og að allar eignir ríkissjóðs í landi og lausafé, sem verið hafa í vörslu Landnáms ríkisins, falli undir forræði jarðadeildar landbrn.

Í 30. gr. er kveðið svo á, að ráðh. sé heimilt að selja jarðir eða jarðarhluta í ríkiseign þeim sveitarfélögum, sem jarðirnar eru í, enda mæli byggðaráð með sölu og geri till. um söluverð, sem endanlega er ákveðið af ráðh. eða skv. mati.

V. kafli frv. fjallar um Jarðasjóð. Þessi kafli er að stofni byggður á lögum, sem í gildi eru um þetta efni. En með þessu frv. er sjóðnum ætlað allmiklu víðtækara hlutverk en verið hefur. Það er hvað mikilvægast, að Jarðasjóði skal vera heimilt að veita sveitarfélögum lán til jarðakaupa, þegar þau neyta forkaupsréttar. Þá skal og heimilt að veita framlög úr Jarðasjóði til að tryggja ábúð jarða, sem hætt er við að fari í eyði, en mikilvægt er að halda í byggð. Jarðasjóði skal skv. frv. ætlað það fjármagn á fjárlögum, að hann geti sinnt hlutverki sínu. Skal framlag til sjóðsins vera að lágmarki 12 millj. kr. ár hvert. Auk þess skal greiða andvirði seldra ríkisjarða í sjóðinn.

VI. kafli frv. fjallar um óðalsjarðir. Hann er tekinn í þetta frv. nálega óbreyttur, eins og samsvarandi ákvæði eru í l. nr. 102 frá 1962, um ættaróðul, ættarjarðir, erfðaábúð og sölu þjóð- og kirkjujarða. Í umsögnum um frv. hefur verið á það bent, að ekki beri nauðsyn til, að þessum kafla sé haldið í lögum. En hér er um heimildarákvæði að ræða, og meiri hl. landbn. telur ástæðulaust og ekki rétt að fella niður úr lögum þau ákvæði, að jarðeiganda sé heimilt með þeim skilyrðum, sem lögin áskilja, að gera jörð sína að ættaróðali.

Frv. þetta hefur verið alllengi í undirbúningi. Á Búnaðarþingi 1971 var samþykkt ályktun þess efnis, að skorað var á landbrh. að skipa n. til að endurskoða ýmis lagaákvæði, sem fjalla um jarðir, eða nánar tiltekið lög um kauprétt á jörðum, nr. 40 frá 5. apríl 1948, ábúðarlög, nr. 36 29. mars 1961, lög um ættaróðul, ættarjarðir, erfðaábúð og sölu þjóð- og kirkjujarða, nr. 102 21. des. 1962, og lög um Jarðeignasjóð ríkisins, nr. 54 27. apríl 1967.

Í framhaldi af þessari ályktun Búnaðarþings 1971 skipaði landbrh. n. til þess að starfa að þessu verkefni. N. skipuðu Ásgeir Bjarnason alþm., Sveinbjörn Dagfinnsson skrifstofustjóri og Árni Jónasson fulltrúi, en þeim til ráðuneytis var dr. juris Gaukur Jörundsson prófessor. N. þessi skilaði svo áliti og frv. í hendur landbrn. snemma á árinu 1973, s. l. ári.

Meðan málið var í vörslu landbrn., var frv. sent Búnaðarþingi 1973 til athugunar og afgreiðslu. Búnaðarþing tók frv., eins og það var þá úr garði gert, til nákvæmrar athugunar og lagði til, að gerðar yrðu nokkrar breytingar á einstökum ákvæðum frv., en aðaltill. Búnaðarþings var sú, að frv. yrði lögfest svo fljótt sem því yrði við komið.

Þegar þetta álit Búnaðarþings 1973 var fram komið, lét landbrh. enn athuga frv., og voru þá flestar brtt. Búnaðarþings teknar til greina og felldar inn í frv. Þegar svo var komið, var frv. lagt fram á síðasta Alþingi, en hlaut þá ekki afgreiðslu. Snemma á þessu þingi var frv. borið fram aftur og er nú hér til afgreiðslu.

Þess skal einnig geta, að frv. var lagt fyrir aðalfund Stéttarsambands bænda 1973, en sá fundur var haldinn á Núpi í Dýrafirði 31. ágúst og 1. sept. Aðalfundur Stéttarsambandsins kynnti sér þá frv., eftir því sem tök voru á og tími leyfði, og gerði um það ályktun, þar sem skorað er á landbrh. að beita sér fyrir því, að frv. til jarðalaga og frv. til ábúðarlaga, sem lögð voru fram á síðasta Alþingi, verði gerð að lögum á næsta þingi, 1973, með þeim breytingum, sem Búnaðarþing lagði til og nánar eru tilgreindar hér. Í afriti af þessari ályktun, sem ég hef fengið í hendur, segir, að till. þessi hafi verið samþ. með shlj. atkvæðum.

Eftir að frv. þetta hafði verið hér í hv. d. til 1. umr., tók landbn. d. það til gaumgæfilegrar athugunar og lét ekki við það eitt sitja að kynna sér þær till., sem gerðar höfðu verið um málið á Búnaðarþingi og á Stéttarsambandsfundi bænda, heldur sendi landbn. frv. enn til umsagnar ýmsum aðilum.

Frv. var m. a. sent öllum búnaðarsamböndum í landinu, og hafa umsagnir borist frá þeim, a. m. k. flestum eða öllum. Þær eru á þá leið, að fimm búnaðarsambönd mæla eindregið með frv., án þess að gera við það nokkrar sérstakar athugasemdir, fjögur búnaðarsambönd mæla með eða lýsa sig ekki mótfallin frv. í heild, en gera við það ýmsar athugasemdir, en eitt búnaðarsamband leggur til, að málinu sé frestað að þessu sinni og það tekið til nánari athugunar.

Enn fremur sendi landbn. frv. til umsagnar Sambandi ísl. sveitarfélaga og landshlutasamtökum. Umsagnir hafa borist til n. frá þessum aðilum. Ég tel, að sú umsögn, sem hefur borist

frá Sambandi ísl. sveitarfélaga, sé hvað veigamest eða efnisríkust, af þessum umsögnum frá sveitarfélagasamtökum.

Umsögn Sambands ísl. sveitarfélaga er á þá leið, að það telur suma kafla frv. vera til bóta, svo sem kaflann um Jarðasjóð, kaflann um forkaupsrétt og kaflann um jarðir í opinberri eigu, en hefur ýmsar ábendingar uppi og athugasemdir í sambandi við önnur ákvæði frv., einkum að því er varðar skipulagsmál, og telur, að með þessu frv. sé um of gengið inn á það verksvið, sem sveitarfélögum beri fyrst og fremst að hafa með höndum, þ. e. um skipulag lands í sveit.

Landshlutasamtökin svara á þá leið, að tvö þeirra mæla með frv. athugasemdalaust, eitt er fremur meðmælt frv., en gerir ýmsar athugasemdir, tvö lýsa sig mótfallin frv. og eitt leggur til, að málinu sé frestað.

Þessu til viðbótar hefur landbn. kynnt sér viðhorf Náttúruverndarráðs til málsins, og umsögn þess er á þann veg, að það mælir alls ekki gegn því, að frv. verði samþ., en gerir ábendingar um fá tiltekin atriði, sem má segja að snerti svið Náttúruverndarráðs.

Umsögn hefur og borist frá skipulagsstjóra ríkisins, þar sem hann fjallar nær eingöngu um þann þáttinn, sem lýtur að skipulagi lands, og kemur þar með ýmsar ábendingar í því efni og athugasemdir.

Loks hefur landbn. fengið í hendur umsögn landnámsstjóra. Það er ekki umsögn stofnunarinnar Landnáms ríkisins, heldur stendur landnámsstjóri einn að þeirri álitsgerð. Ég er ekki, þó að ég taki þetta fram, að gera lítið úr því að fá umsögn þessa ágæta og reynda embættismanns, en bendi aðeins á, að hann stendur einn að henni, en ekki stofnunin í heild. Það er hliðstætt því, að sveitarstjóri taki sér fyrir hendur að svara erindi án þess að bera það undir hreppsnefnd. Og landnámsstjóri hefur ýmislegt við frv. að athuga, einkum að því leyti sem það snertir þá stofnun, sem hann vinnur við og veitir forstöðu, þar sem gert er ráð fyrir því, að sum af þeim verkefnum, sem Landnámið hefur haft með höndum, falli undir byggðaráðin. Kemur fram í umsögn landnámsstjóra, að hann telur það skipulag betra, sem verið hefur, að Landnámið haldi áfram störfum, en byggðaráðum verði ekki komið á fót.

Mér hefur þótt rétt að greina frá þessum viðhorfum þeirra, sem leitað hefur verið til um álit á þessu máli. Þegar þetta er tekið saman í heild, kemur það miklu víðar fram, að þeir, sem láta í té umsögn um málið, eru því meðmæltir, að það nái fram að ganga, þó að ýmsir aðrir geri nokkrar athugasemdir.

Það er kunnara en frá þurfi að segja, að í löggjafarstarfi okkar er oft tekið til athugunar og vitnað til þess, hvernig farið er með samsvarandi greinar í löggjafarstarfi á hinum Norðurlöndunum, og mér virðist það fara í vöxt. T. d. í tryggingamálum er orðinn í sumum greinum gagnkvæmur réttur hjá okkur hér og hjá hinum Norðurlöndunum. Mér þykir því ekki úr vegi að víkja að því, hvernig farið er með hliðstæð málefni á Norðurlöndunum í því máli, sem hér er til umr., en um það eru gefnar skýringar í fylgiskjölum með frv., því að n., sem frv. samdi, kynnti sér mjög rækilega, hvernig þessi mál hafa þróast í nágrannalöndum okkar.

Í Noregi er þessu háttað á þann veg, að samkv. l., sem sett voru á tímabilinu frá 1909—1920, þarf leyfi landbrn. til, að eigandaskipti geti orðið á landeignum utan skipulagðra svæða, og gildir það jafnt, hvort heldur um er að ræða skóglendi, mýrlendi, fjalllendi eða ræktað land. Ákvæðum þessara l. hefur verið beitt allt til þessa dags, þannig að hvenær sem eigendaskipti eru áformuð á landi eða bújörð, verður að leggja fram beiðni um heimild til eigendaskiptanna, áður en þau eru endanlega framkvæmd.

Í norskum l. frá 18. mars 1955, jarðalögum, er ákvæði um forkaupsrétt ríkisins á bújörðum, skóglendum og fjalllendum, sem áformað er að selja eða láta af hendi á annan hátt. Tilgangur þessara lagaákvæða er að reyna að tryggja það, að land verði nýtt á sem hagkvæmastan hátt fyrir þjóðfélagið og þá, sem hafa afkomu sína af landbúnaði. Enn fremur er tilgangurinn að gæta þess, svo sem tök eru á, að hafa hamlandi áhrif á miklar verðhækkanir lands. Mörg dæmi eru þess, að norska landbn. hafi neitað að heimila eigendaskipti að jörð, þar sem að mati rn. hefur verið um of hátt kaupverð að ræða. Slíkar neitanir byggjast gagngert á því að gera það, sem tök eru á, til þess að halda verðlagi lands niðri. Slík afstaða er m. a. rökstudd með því, að norska ríkið hafi aukið verðmæti lands með framlögum og eigin framkvæmdum. Beiðni um eigendaskipti að landi, þar sem ástæða er til að ætla, að áformað sé að skipta landi niður í hagnaðarskyni, t. d. í sumarbústaðalóðir, er að jafnaði neitað. Norska ríkinu er ekki skylt að kaupa land, sem það leyfir ekki sölu á. Ákvæði er í l. um það, að engri þeirri jörð, sem hægt er að nota til landbúnaðar, megi skipta niður, nema að áður fengnu sérstöku samþykki landbúnaðarstjórnar viðkomandi héraðs.

Í Svíþjóð hafa verið í gildi lög allt frá 1916, sem hafa í för með sér vissar takmarkanir á rétti manna til þess að hafa frjáls eigendaskipti á bújörðum. Nú gilda um þetta efni lög nr. 209 frá 1965. Í 1. gr. þeirra l. segir, að ekki megi verða eigendaskipti á fasteign, sem sé skattlögð sem jörð, nema með leyfi viðkomandi landbúnaðarráðs, ef um er að ræða kaup, skipti eða gjöf, viðbót við fyrri eign eða skipti út úr eign. Landbúnaðarráð eru lögboðin í öllum lénum Svíþjóðar. Undantekningar frá þessu ákvæði l. er m. a., ef eignin er keypt af ríki eða sveitarfélagi, ef eignin er keypt á nauðungaruppboði eða ef þéttbýli er skipulagt á henni. Í l. segir, að umsókn um leyfi til eigendaskipta sé heimilt að neita, ef ástæða er til að ætla, að aðaltilgangurinn með kaupunum sé ekki sá að reka landbúnað á eigninni. Enn fremur segir í l., að þegar ríkið neitar um leyfi til eigendaskipta á fasteign, sé það skylt, ef seljandinn hefur rekið þar landbúnað, til þess að kaupa eignina á því verði, sem seljandinn átti kost á að fá fyrir eignina, en skyldan nær ekki til þess að kaupa, ef verðið telst óeðlilega hátt.

Í Danmörku eru einnig ákvæði, sem reisa má á skorður við óeðlilega háu verðlagi, þegar um ráðstöfun á fasteignum er að ræða. En samkv. dönskum l. er skylt að reka bú á bújörðum, en

landbrn. getur veitt undanþágu frá þeirri skyldu, þegar sérstakar ástæður eru fyrir hendi.

Eins og ég gat um fyrr í ræðu minni, leggur meiri hl. landbn. til á þskj. 411, að gerðar verði nokkrar breyt. á frv. Þessum brtt. má að efni til skipta í fernt eða fjögur efnisatriði.

Í fyrsta lagi er á nokkrum stöðum lagt til, að því sé bætt inn í frv. eða tilsvarandi frvgr., að sveitarstjórn sé höfð með í ráðum, þegar ráðstafa á fasteignum, og stofnun nýrra býla er háð samþykki sveitarstjórnar. Það var frá upphafi tilgangur þeirra, sem sömdu frv., að framkvæmdin yrði á þann veg, að það yrði alls ekki farið á bak við sveitarstjórnir á nokkurn hátt í sambandi við framkvæmd málsins. En til þess að þetta sé enn ákveðnara en orðalag sumra frvgr. bendir til, leggur meiri hl. landbn. til, að orðalag á nokkrum greinum sé gert ótvírætt um þetta efni. Að þessu lúta 4., 5., 6. og 7. brtt. á þskj. 411.

Í öðru lagi leggur meiri hl. landbn. til, að dregið sé mjög úr ákvæðum frv. um það, að byggðaráð hafi afskipti af skipulagi lands í dreifbýli. Það er gert m. a. til þess að taka til greina þær ábendingar, sem komið hafa fram og ég gerði áðan grein fyrir, frá Sambandi ísl. sveitarfélaga, skipulagsstjóra ríkisins o. fl. Reyndar er í frv. gengið skemmra í því að fela byggðaráðum afskipti af skipulagi en lög um landnám kveða á um, að lagt er á vald landnámsstjórnar eða landnámsstjóra. En þrátt fyrir það vill meiri hl. með brtt. sínum taka þessar ábendingar til greina á þann hátt að fella niður nokkur ákvæði í frv., sem draga úr því valdi, sem byggðaráðin kynnu annars að fá til afskipta af skipulagi dreifbýlis, og koma þannig í veg fyrir, að nokkur ágreiningur komi upp í því efni á milli sveitarstjórnar eða skipulags ríkisins annars vegar og byggðaráða hins vegar.

Í þriðja lagi leggur meiri hl. til, að sú breyting verði gerð á 9. gr. og 27. gr. frv., þar sem kveðið er á um, að seljandinn geti krafist mats dómkvaddra manna um söluverð, að þá sé það nánar tiltekið í löggjöfinni en orðalag frv. gefur til kynna, hvernig það mat skuli framkvæmt. Till. meiri hl. er sú, að það mat fari fram á sama hátt og gerist og gerst hefur um langt árabil, þegar ábúandi hættir búskap á leigujörð, en á þar eignir, sem jarðareiganda ber að kaupa. Ef ágreiningur verður um kaupverð, fer niðurstaða málsins, söluverð, eftir mati. Þetta mat er þannig framkvæmt, að úttektarmenn sveitarfélags meta eignirnar, sem um er að ræða. En vilji aðilar ekki una því mati, geta þeir krafist yfirmats, og í hverri sýslu á að starfa dómur, sem ákveður þetta yfirmat. Sýslumaður er formaður dómsins, tveir eru tilnefndir af sýslunefnd, og heimilt er að kveðja til í dóminn jarðræktarráðunaut og byggingarfulltrúa, sem eiga að hafa sérþekkingu umfram aðra á ræktun og á verðmæti bygginga, og sá úrskurður, sem þessi dómur fellir, gildir sem matsverð.

Í fjórða lagi felst í brtt. meiri hl. n. smávægilegar leiðréttingar, sem mér þykir ekki ástæða til að gera sérstaklega að umtalsefni. Þess vil ég þó að lokum geta, að 18. brtt. á þskj. 411 mælir fyrir um það, að niður falli úr frv. þau ákvæði, að III.—XI. kafli laga um Stofnlánadeild landnám, ræktun og byggingar í sveitum falli niður. Það er till. okkar, að það sé ekki ákveðið með þessu frv., hvort Landnám ríkisins verði lagt niður eða ekki. Þótt þetta frv. yrði samþ., þyrfti í sjálfu sér ekki að verða árekstur út af því. En fyrir hv. Nd. liggur nú þegar sérstakt frv., og það mun ráða úrslitum um það, hvort sú ákvörðun verður tekin eða ekki hér á hv. Alþingi að leggja Landnám ríkisins niður.

Umr. frestað.

Skattaleg meðferð verðbréfa, frv. (þskj. 423, n. 448). — 2. umr.

Frsm. (Ragnar Arnalds): Herra forseti. Fjh.- og viðskn. hefur haft til athugunar frv. til l. um skattalega meðferð verðbréfa, en samkv. frv. er um að ræða ríkisskuldabréf, spariskírteini og happdrættisskuldabréf, sem hafa verið gefin út samkv. heimildum í fjárlögum fyrir árið 1974.

Spariskírteinin hafa verið gefin út um alllangt skeið með sömu fríðindum og felast í frv. því, sem hér liggur fyrir. Þó er það ekki nema þriggja ára gamalt, að farið er að skrá skírteinin á nafn eiganda. Happdrættisskuldabréfin, sem hér um ræðir, eru, eins og kunnugt er, fyrst og fremst tengd ákveðnum framkvæmdum, sem eiga sér stað, þ. e. a. s. lagningu hringvegarins, og ákvæði um þau hafa ávallt verið með nokkuð öðrum hætti en ákvæði um spariskírteinin og ríkisskuldabréfin. En rétt er að geta þess, að ríkisskuldabréf hafa ekki verið gefin út með þeim fríðindum, sem hér um ræðir, og í raun og veru hefur því aðeins verið um spariskírteini að ræða, þótt heimildin hafi verið bundin við ríkisskuldabréf einnig og sé það líka í því frv., sem hér liggur fyrir.

Eftir að frv. kom til n., hafði n. samráð við fulltrúa í fjmrn. og við ríkisskattstjóra og ræddi ýmis atriði frv., og kom í ljós, að það mundi ekki þannig úr garði gert, að við svo búið mætti standa. Var þar einkum um að ræða 1. gr. frv., þar sem stillt er saman í einu lagi ríkisskuldabréfum, spariskírteinum og happdrættisskuldabréfum. Virðist einhver misskilningur hafa ráðið gerð þessarar 1. gr., og leikur enginn vafi á því, að eðlilegast er að fella happdrættisskuldabréfin úr 1. gr., þannig að hún eigi eingöngu við ríkisskuldabréf og spariskírteini.

Í ítarlegri grg. og umsögn, sem n. fékk frá ríkisskattstjóra, er bent á það misræmi, sem er í aths. við frv. annars vegar og svo hins vegar í 1. gr. frv., og hann mælir mjög eindregið með því, að gerðar séu tilteknar breytingar á frv.

Fulltrúar fjmrn. voru einnig þeirrar skoðunar, að gera þyrfti lagfæringar á frv. til samræmis við þær reglur, sem gilt hafa um þessi bréf. Þess vegna hefur niðurstaðan orðið sú hjá fjh.- og viðskn. að mæla með samþykkt frv. með tilteknum breytingum.

Breytingarnar koma fram í nál. á þskj. 448, og þær eru í því fólgnar, að orðið happdrættisskuldabréf er fellt út úr 1. gr. frv., svo að hún á einungis við ríkisskuldabréf og spariskírteini. Síðan er gerð breyting á 2. gr. frv., að ekki er

aðeins sagt, eins og stóð í frv. í 2. gr., að happdrættisskuldabréfin skyldu lúta ákvæðum laga nr. 99 frá 1971 um verðtryggingu og aðra skilmála, eftir því sem við getur átt, heldur hefur verið bætt við þetta ákvæði, að viðkomandi skuldabréf lúti ákvæðum viðkomandi laga um framtalsfrelsi, skattfrelsi og verðtryggingu og aðra skilmála, eftir því sem við getur átt. Sem sagt, viðbótin er í því fólgin, að tekið er skýrt fram, að um framtalsfrelsi og skattfrelsi happdrættisskuldabréfanna gildi sömu reglur og eru fram settar í lögum nr. 99 1971.

Með þessum breytingum mælir n. með því, að frv. verði samþ.

Halldór Blöndal: Herra forseti. Ég get ekki látið hjá líða að gera athugasemdir við þau vinnubrögð, sem hæstv. ríkisstj. virðist hafa í frammi í sambandi við meðferð mála hér á hinu háa Alþingi. Þannig er það nú farið að koma fyrir oftar en einu sinni, að upplýsingar, sem gefnar eru í þskj., eru ýmist villandi eða beinlínis rangar, svo sem er um aths. við 1. gr. þess frv., sem hér er til umr., en þar er komist svo að orði, með leyfi hæstv. forseta, um 1. gr.:

„Engin efnisbreyting er hér gerð frá fyrri lögum og ákvæðið um nafnskráningu er óbreytt."

Eins og fram kom í ræðu hv. þm. Ragnars Arnalds, var frv. sent til umsagnar ríkisskattstjóra, og í umsögn hans við 1. gr. segir svo, með leyfi hæstv. forseta:

„Í öðru lagi er hér um að ræða happdrættisskuldabréf, sem gefin verða út samkv. 6. gr. LXVI. lið fjárlaga fyrir árið 1974. Ákvæðin um, að verðbætur þeirra og vinningar skuli undanþegin framtalsskyldu og skattlagningu á sama hátt og sparifé, sbr. 21. gr. l. nr. 68 1971, svo og ákvæðin um nafnskráningu þeirra eru alger nýmæli.

Í 2. gr. l. nr. 99 1971 eru skýr ákvæði þess efnis, að happdrættisskuldabréfin eru út gefin til handhafa, og í 5. gr. greindra laga segir svo orðrétt: „Skuldabréfin eru undanþegin framtalsskyldu og eignarsköttum, en vinningar svo og verðbætur undanþegin tekjuskatti og tekjuútsvari." Þau happdrættisskuldabréf, sem heimiluð var á útgáfa samkv. 5. gr. l. nr. 8 1973 lúta þessum sömu ákvæðum.

Framtalsfrelsi bréfanna, þar með skattfrelsi til eignarskatts, svo og tekjuskatts og tekjuútsvars, og frelsi vinninga og verðbóta er á engan hátt tengt eða háð skilyrðum 21. gr. l. nr. 68 1971 og kemur því aldrei til skattlagningar, jafnvel þótt eigendur þeirra uppfylli ekki skilyrði 21. gr. l. nr. 68 1971 varðandi skuldir."

Það verður að átelja, eins og ég sagði áðan, að slík vinnubrögð séu höfð í frammi hér á hinu háa Alþ. Hlýtur að valda röskun eða jafnvel truflun og töfum á þingstörfum, ef stjórnarandstaðan þarf að vera undir það búin hverju sinni að athuga sérstaklega, hvort rétt sé farið með staðreyndir í grg. hæstv. ríkisstj.

Eins og fram kom í ræðu frsm. n., voru það hans óbreyttu orð um frv., eins og það var lagt fram, með leyfi hæstv. forseta: „Kom í ljós, að það var ekki þannig úr garði gert, að við svo búið mætti standa." Jafnframt gat hv. þm. þess, að fulltrúar fjmrn. hefðu einnig verið þeirrar skoðunar, að gera þyrfti lagfæringar.

En það er ekki aðeins, að frv. ríkisstj. séu illa úr garði gerð að þessu leyti, heldur hefur það einnig komið fram, m.a. í sambandi við 210. mál þingisins, frv. til l. um breyt. á umferðarlögum, að þar virðist einnig sem vinnubrögðin séu nokkuð undarleg.

Í því frv. er lagt til, að leggja skuli nýjan skatt á landsmenn, en þó virðist svo nú sem þetta atriði hafi ekki verið full rætt innan stjórnarflokkanna, og þetta ákvæði ásamt ýmsum öðrum hefur svo valdið því, að afgreiðsla frv. hefur dregist, þó svo að lög þessi hefðu þurft að taka gildi eigi síðar en 1. mars s.l.

Í sambandi við það frv., sem hér er til umr., vil ég svo að lokum aðeins segja það, að það orkar tvímælis, hvort rétt sé að binda það í l., að nýjar útgáfur ríkisskuldabréfa skuli lúta ákvæðum þessara laga. En það er annað mál, og um það var ekki gerður ágreiningur í n.

Frsm. (Ragnar Arnalds): Herra forseti. Hv. 2. þm. Norðurl. e., Halldór Blöndal, fjallaði hér um mistök þau, sem átt hafa sér stað við undirbúning þess frv., sem hér um ræðir, og kvað þar upp nokkuð harða dóma og óvægilega. Ég verð að segja það, að mér sýnist, að hann sé farinn að leita að ansi smásmugulegum tilefnum til þess að kveðja sér hljóðs og halda uppi árásum á ríkisstj.

Út af fyrir sig ætla ég ekki að fara að afsaka hér þau mistök, sem orðið hafa við gerð þessa frv., enda þótt flestum muni ljóst, að slík mistök geta alltaf orðið. En ég vil láta það koma skýrt fram, að sama daginn og fjh.- og viðskn. fjallaði um frv., barst mér fyrir hennar hönd bréf frá rn., þar sem óskað var, að gerð yrði sú leiðrétting á frv., sem hér um ræðir, þannig að þeim í rn. var raunverulega orðið ljóst, um það bil sem n. hóf störf, að mistök höfðu átt sér stað, og voru þegar komnir af stað að koma fram leiðréttingu. Sú skýring fylgdi þessum mistökum, að frv. hefði verið sent ýmsum aðilum til umsagnar, ýmsum ríkisstofnunum, og þessir aðilar hefðu gert breytingar á frv., sem hefðu síðan eitthvað skolast til og villst með, þegar frv. var sent þinginu. En að menn standi síðan hér upp og kalli þetta herfileg mistök núverandi ríkisstj., er auðvitað eins og hver önnur endileysa, því að ég get næstum því leyft mér að fullyrða, að hæstv. fjmrh. er ekki enn búinn að uppgötva, að þessi mistök hafi átt sér stað, enda hefur hann ekkert um málið fjallað og málið verið á vegum starfsmanna hans. Er því alveg efnislega séð út í hött að gera hann eða ríkisstj. ábyrga fyrir því, sem þarna hefur gerst.

Hv. þm. kvartaði mjög yfir því, að þetta ylli töfum og truflunum á þingstörfum. En ég verð að minna hv. þm. á, að það er nú okkar hlutskipti að setja löggjöf á ýmsum sviðum, og þá verður hann eins og aðrir að axla þá byrði að verða fyrir ýmiss konar töfum og truflunum, meðan verið er að ljúka því verki hverju sinni.

Ég vil svo að lokum taka það fram varðandi ríkisskuldabréfin, sem hv. þm. nefndi hér áðan og taldi, að óeðlilegt væri að bundið væri í l., að þau væru undanþegin framtalsskyldu og skatt-

lagningu, að þetta hefur verið gert 11 sinnum í löggjöf á undan þessari, ekki aðeins af þeim stjórnarherrum, sem nú sitja í valdastólum, heldur einnig þeim, sem áður sátu þar og eru hv. þm. kannske eitthvað hugleiknari en þeir, sem nú eru í valdastólum. Þetta hefur sem sagt verið gert í 11 ár í röð, án þess að yfir því væri kvartað. En rétt er að taka fram, að þetta hefur aldrei verið framkvæmt í reynd, svo að ekki virðist þetta skipta ýkja miklu máli.

Halldór Blöndal: Herra forseti. Mér þótti ræða hv. alþm. Ragnars Arnalds að mörgu leyti athyglisverð, eins og m. a. sú fullyrðing hans, að hæstv. fjmrh. hafi enn ekki uppgötvað, að það stjfrv., sem hann sjálfur flytur, þurfi lagfæringar við, það sem fulltrúar fjmrn. hafi einnig talið, að þyrfti lagfæringar við. Sýnir það að sjálfsögðu nokkuð undarleg vinnubrögð í því háa rn., ef undirmenn ráðh. geta tekið með þeim hætti jákvæða afstöðu til breytinga á frv., sem sjálfur hæstv. ráðh. hefur áður flutt. Ég verð að segja, að ég trúi því tæplega, að þannig geti þetta verið, en viðurkenni hins vegar, að ef vinnubrögðin eru með þessum hætti, þá gæti það skýrt margvíslegan málatilbúnað hér á hinu háa Alþingi.

Hv. þm. segir, að þetta sé smásmugulegt tilefni. Mér finnst það ekki smásmugulegt tilefni, þegar upplýst er, að opinberar stofnanir hafi fengið þetta frv. til laga til umsagnar og gert till. og breytingar við það, sem síðan hafi skolast til og villst með inn á hið háa Alþingi. Mér þykir þetta ekki smávægilegt tilefni, og ég verð að segja, að þó að ég hafi kannske ekki gert mér háar hugmyndir um frumvarpsgerð og tillöguflutning hæstv. ríkisstj., þá hef ég þó aldrei nokkurn tíma fellt neinn slíkan áfellisdóm yfir vinnubrögðum hennar. Það hefur mér aldrei hvarflað í hug, og ég hygg, að slíkt eigi sér ekkert dæmi í þingsögunni, að yfirlýsing af þessu tagi hafi komið fram frá einum af aðalleiðtogum stjórnarflokka.

ATKVGR.

Brtt. 448, 1 (ný 1. gr.) samþ. með 13 shlj. atkv.
Brtt. 448, 2 (ný 1. gr.) samþ. með 13 shlj. atkv.
3.—4. gr. samþ. með 13 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 13 shlj. atkv.

Húsnæðismálastofnun ríkisins, frv. (þskj. 405). — 1. umr.

Flm. (Oddur Ólafsson): Herra forseti. Á þskj. 405 flyt ég frv. til l. um breyt. á lögum nr. 30 1970, um Húsnæðismálastofnun ríkisins. 1. gr. frv. hljóðar svo:

„4. málsgr. A-liðar 8. gr. l. orðist svo:

Húsnæðismálastjórn er heimilt að verja allt að 120 millj. kr. árlega til lánveitinga til kaupenda eldri íbúða og til endurbóta á eigin húsnæði öryrkja. Ráðh. setur með reglugerð ákvæði um úthlutun, lánstíma og tryggingu slíkra lána, að fengnum till. húsnæðismálastjórnar.“

Breytingin er í því fólgin að hækka um 50% heimildina til lána vegna kaupa á eldri íbúðum og vegna endurbóta á eigin húsnæði öryrkja, þ. e. a. s. svonefnt B-lán.

Sú nýbreytni, sem tekin var upp 1970, að heimila að veita lán til kaupa á eldri íbúðum, hefur mælst mjög vel fyrir og komið að miklu haldi. Ekki er hér síst um að ræða hjálp fyrir ungt fólk, sem hefur ekki efni á að leggja í byggingu eða kaup á hinum nýtískulegu íbúðum, sem við búum yfirleitt í, og verður að láta sér nægja til að byrja með að kaupa eldri íbúðir, en þær þurfa þá oft endurbóta við. Og ekki síst nú á tímum er nauðsynlegt að eiga kost á nokkurri lánsfjárhæð til þess að geta fest kaup á húsnæði.

Enn fremur er það svo, að enda þótt seint hafi gengið að setja reglugerð um það ákvæði, er sett var inn í þessa löggjöf 1972 um heimild til að lána til endurbóta á eigin húsnæði öryrkja, er augljóst, að sú heimild getur komið að miklu haldi. Hins vegar er það svo, að síðan þessi lög voru samþ., hefur orðið mikil breyting á kostnaði við húsnæðiskaup og endurbætur á húsnæði, og eins og við höfum heyrt í blöðum undanfarið, er það svo, að fasteignir hafa hækkað í verði um 48% á einu ári. Þær höfðu á árinu á undan hækkað um 30—40%, og má því segja, að síðan þessar greinar tóku gildi hafi orðið svo stórfelld hækkun á kostnaði við húsnæðiskaup og endurbætur, að það, sem hér er farið fram á, nægi ekki einu sinni til þess, að lánin geti haldið sama verðgildi og þau höfðu upphaflega, þá er lögin voru sett. En vegna þess að við heyrum svo mikið þessa dagana um örðugleika Húsnæðismálastofnunarinnar og erfiðleikana við að fjármagna hennar skyldur, vildi ég ekki fara hærra en svo að hækka þetta úr 80 millj. og upp í 120 millj.

Frá því farið var að lána út á kaup á eldra húsnæði, er það svo, að það virðist aldrei vera hægt að sinna þessu eins og til stóð. Ætlunin var og heimildin, að þessi lán yrðu allt að helmingi E-lánanna, þ. e. a. s. 400 þús. kr. út á hverja íbúð nú. En þetta hefur einhvern veginn ekki verið hægt, og meðalupphæð, sem lánuð hefur verið út á eldra húsnæði, mun vera á milli 150 og 200 þús. kr. Hér hefur þegar í upphafi verið of hægt af stað farið og þessi heimild kemur ekki að þeim fullu notum, sem þyrfti að vera. Enn fremur er sýnilegt, að vegna þeirra miklu verðbreytinga, sem verða jafnan hjá okkur á byggingarkostnaði, er nauðsynlegt að gera breytingu á húsnæðismálastjórnarlögunum, þannig að þetta ákvæði fylgi hækkunum á E-lánum, þessi lán geti hækkað til jafns við E-lánin, þ. e. a. s. þegar þau hækka upp í 1 millj. kr., þá verði heimild til að lána 500 þús. út á eldra húsnæði. Er þá einnig nauðsynlegt að hækka heildarupphæðina þess vegna. En vegna þess að það hefur sýnt sig, að þetta kemur í mjög góðar þarfir og hefur komið mörgum að miklu og góðu haldi, finnst mér nauðsynlegt að draga ekki að fá þessa breytingu fram.

Ég vonast svo til, herra forseti, að að lokinni 1. umr. verði þessu frv. vísað til hv. félmn.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 12 shlj. atkv. og til félmn. með 13 shlj. atkv.

Neðri deild, 74. fundur.

Fimmtudaginn 7. mars, kl. 2 miðdegis.

Stofnlánadeild landbúnaðarins, frv. (þskj. 441). — Frh. 1. umr.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 23 shlj. atkv. og til landbn. með 23 shlj. atkv.

Skattkerfisbreyting, frv. (þskj. 449). — 1. umr.

Fjmrh. (Halldór E. Sigurðsson): Herra foseti. Á þskj. 449 er frv. til l. um skattkerfisbreytingu. Um skattamál hefur verið allmikið rætt á því þingi, sem nú stendur yfir, og reyndar nokkuð lengur, því rekja má umr. um skattamál og tekjur ríkissjóðs allt aftur til þess, þegar ákvörðun var tekin hér um að ganga í EFTA, og þá var um leið mörkuð sú stefna, að tolltekjur ríkissjóðs mundu verða minni þáttur í ríkistekjunum heldur en áður hefur verið. En umr. þær, sem átt hafa sér mest stað innan veggja þessarar hv. d. og Alþ. yfirleitt, hafa að verulegu leyti snúist um það, að hve miklu leyti ætti að mæta tekjum ríkissjóðs með beinum sköttum og að hve miklu leyti með óbeinum sköttum. Ég minnist þess frá umr. um skattalagafrv. ríkisstj. á árinu 1972, að hv. 5. þm. Reykv., Gunnar Thoroddsen, flutti þá ræðu, sem var málefnaleg, eins og hans er oft von og vísa, og ræddi þá þennan þátt skattamálanna meira en aðrir þm. gerðu.

Í þeim umr., sem fram hafa farið um skattamál, hefur það jafnan komið fram og svo hefur verið í því, sem ég hef talað hér af hálfu hæstv. ríkisstj., að það, sem skorti á fyrir stjórnvöld í landinu til þess að meta, hvort beinir eða óbeinir skattar ættu að ráða meiru í tekjuöflun ríkissjóðs, það væri valið á milli þess að fá skattana án vísitöluáhrifa eða með vísitöluáhrifum og væri ekki hægt að gera þessa ákvörðun upp, nema vísitöluáhrifa gætti ekki í skattheimtunni.

Í ársbyrjun 1973 fóru fram viðræður á milli mín og forustumanna Alþýðusambands Íslands, páv. forseta þess og formanns verkamannafléagsins Dagsbrúnar, um breytingu á skattakerfinu í þá átt að lækka beina skatta, en hækka óbeina, og það yrði gert með þeim hætti, að vísitalan hefði ekki áhrif á óbeinu skattana. Þessar umr. voru nokkuð á veg komnar, þó ekki verulega, þegar gosið kom upp í Vestmannaeyjum, en eftir það féllu þær niður.

Á s. l. hausti hafa verið flutt hér á hv. Alþ. till. til þál. frá Alþfl., sem hefur gengið í þá átt að lækka beinu sktatana og hækka óbeina skatta, og frv. frá Sjálfstfl., sem gekk í þá átt að lækka beina skatta. Á kjaramálaráðstefnu ASÍ í Reykholti 27. og 28. ágúst s. l. og í Reykjavík 12. og 13. okt. s. l. voru samþykktar ályktanir um skattamál, sem fólu í sér ósk um lækkun tekjuskatts einstaklinga, eins og það var orðað, og þessar till. voru sendar ríkisstj. Ríkisstj. ákvað því að taka upp viðræður við forseta ASÍ og formann samninganefndar ASÍ um kjaramál á grundvelli þessara ályktana, sem gerðar hefðu verið á þessum ráðstefnum. Þeim var svo auðvitað í sjálfsvald sett, hvaða fleiri aðilar kæmu inn í þessar umr.

Þessar umr. hófust á s. l. hausti og urðu alllangar og veigamiklar. Þær snerust um það, að tekjuskattur einstaklinga yrði lækkaður verulega, en á móti því kæmi aftur hækkun á söluskatti, svo að ríkissjóður yrði skaðlaus af þessum kerfisbreytingum og söluskatturinn, sem innheimtur væri vegna þessara breytinga, gengi ekki inn í kaupgjaldsvísitölu. Allmargir fundir voru um þetta mál haldnir, og vorum við þrír ráðh. úr ríkisstj., sem tókum þátt í þeim, auk mín þeir hæstv. ráðh. Björn Jónsson og Lúðvík Jósepsson. Inn í þessar umr. kom það einnig, að nauðsyn bæri til, ef að þessu ráði yrði horfið, að tryggja það, að þeir tekjulægstu og skattlausu, sem yrðu að greiða söluskatt að einhverju leyti, yrðu ekki bara fyrir barðinu á söluskattinum, heldur yrði þeim bætt það með öðrum hætti, — það yrði að taka upp nokkurs konar neikvæðan skatt, sem bætti þeim upp kostnaðaraukann af söluskattshækkuninni. Framhald þessara viðræðna varð svo í framkvæmdinni það, að af hálfu ASÍ voru kjörnir sérstaklega fulltrúar til þess að vinna að málinu frá þeirra hendi, — það voru þeir Björn Þórhallsson, Guðmundur J. Guðmundsson og Þórólfur Daníelsson, af hálfu ríkisstj. Jón Sigurðsson hagrannsóknastjóri og Jón Sigurðsson ráðuneytisstjóri í fjmrn. Ásamt þeim unnu að málinu Ólafur Davíðsson hagfræðingur og Höskuldur Jónsson skrifstofustjóri.

Árangurinn af þessum viðræðum er yfirlýsing sú um skattamál, sem er að finna í grg. þessa frv. sem fskj. á bls. 7—9 og er undirrituð af okkur þeim þremur ráðh., sem ég vitnaði til áðan. Sú yfirlýsing, sem þar er gefin, var síðan samþykkt af 30 manna samninganefnd ASÍ með miklum meiri hl. atkv., en yfirlýsingin er svo hljóðandi, með leyfi hæstv. forseta:

„Yfirlýsing um skattamál:

Ríkisstj. mun beita sér fyrir, að breyt. verði gerðar á skattal. í samræmi við eftirfarandi:

1. Tekjuskattur einstaklinga 1974 verði lækkaður, þannig að heildarfjárhæð álagðra skatta á forsendum tekjuáætlunar fjárl. lækki um ca. 2700 millj. kr., sbr. breyt. á skattstiga og persónufrádrætti samkv. 2. tölul. hér á eftir. Á móti þessari lækkun komi hækkun söluskatts frá 1. mars 1974 að telja, 5%-stig.

2. Við lækkun tekjuskattsins verði miðað við skattstiga og persónufrádrátt sem hér segir:

a. Skattstigi tekjuskatts verði: 0—100 þús. kr. 20%, 100—200 þús. kr. 30%, og 200 þús. kr. þar yfir 40%.

b. Persónufrádráttur eða önnur persónuívilun verði þannig, að hún sé ígildi persónufrádráttar: hjóna 425 þús. kr., einhleypur 280 þús. kr. og barna 58 þús. kr. — Endanlegar tölur um skattprósentur og/eða persónufrádrátt ráðist af því, hvernig nauðsynlegar hliðarráðstafanir vegna hinna tekjulægstu verða framkvæmdar, en við það verði miðað, að tekjuskattur verði ekki greiddur af lægri tekjum en ofangreindur persónufrádráttur segir til um.

3. Í lögum um breyt. á l. um tekjuskatt verði ákvæði til þess að tryggja, að engum launþegahópum verði íþyngt með þessari kerfisbreytingu. Lagt er til, að þær hliðarráðstafanir, sem til

þessa eru hugsaðar, verði í formi sérstaks skattafsláttar, sem nýtist bæði til þess að lækka tekju skatt og önnur opinber gjöld. Við ákvörðun skattafsláttarreglna verði við það miðað, að þær hagsbætur, sem í kerfisbreyt. felst, verði sem jafnastar fyrir alla launþega án tillits til tekna.

Ef reiknaður skattafsláttur nýtist ekki til lækkunar skatta eða annarra skulda viðkomandi gjaldþegns við ríkis- eða sveitarsjóð, má t. d. verja eftirstöðvum til að auka með félagslegum hætti fjárhagsaðstoð við námsmenn eða til beinnar útgreiðslu, ef þannig stendur á.

4. Útreikningi kaupgreiðsluvísitölu verði breytt þannig, að hækkun framfærsluvísitölu vegna framangreindrar söluskattshækkunar verði ekki reiknuð með í kaupgreiðsluvísitölunni. Frekari viðræður um K-vísitölukerfið og stöðu skattbreytinga í því verði teknar upp á öðrum vettvangi.

5. Endurskoðun tekjuöflunar ríkisins. Haft verði samráð við fulltrúa launþegasamtakanna um endanlega gerð lagafrv. þess (eða þeirra), sem ríkisstj. hyggst flytja til þess að framkvæma liðina 1.—4. hér að framan. Með till., sem lýst er hér að framan, er mikilvægt skref stigið í þá átt að lækka beina skatta og taka upp almennt skattafsláttarkerfi. Við framhaldsendurskoðun yrði unnið að því að einfalda tekjuskattinn og e. t. v. sameina algengustu bætur almannatryggingakerfisins (einkum fjölskyldubæturnar), þeim vísi að skattafsláttarkerfi, sem hér er ráðgerður. Þar með væri stefnt að því að sameina og samræma tekjuskiptingarafskipti ríkisins í almennu tekjujöfnunarkerfi. Við þessa endurskoðun yrði tryggt, að byrði beinna skatta þyngdist ekki frá því, sem að er stefnt með till. 1. og 2. hér að framan. Endurskoðun söluskatts með upptöku virðisaukaskatts í hans stað á næstu árum fyrir augum yrði einnig liður í þessu samráði. En með þeim breyt. yrði m. a. stefnt að því að létta óbeinum sköttum af framleiðslunauðsynjum.

Fulltrúar ASÍ leggja á það áherslu, að með því að fallast á 5%-stiga hækkun söluskatts sé tekið mið af skertri álagningu á árinu 1974. Á árinu 1975 verði því að taka tillit til þess við skattákvarðanir, þannig að þá verði metið, hvað 5%-stiga hækkun á söluskatti nemi yfir árið, og jafnframt, hvað skattalækkun þá nemi miklu samkv. nýja skattstiganum, og að því leyti sem söluskattur verður talinn nema hærri upphæð, þá verður sá hluti, sem umfram er, metinn inn í kaupgjaldsvísitölu."

Þetta er sú yfirlýsing, sem þetta frv. byggist á, eins og ég hef áður greint frá. Vinnubrögð við samningu þessa frv. hafa verið þau að, Jón Sigurðsson hagrannsóknastjóri hefur haft forustu um undirbúning málsins og þeir embættismenn, er greindi áðan, hafa unnið verkið með honum. Þó forfallaðist Jón Sigurðsson ráðuneytisstjóri vegna veikinda, en Árni Kolbeinsson fulltrúi í fjmrn. bættist í hópinn. Af hálfu ASÍ tilnefndi forseti ASÍ þá sömu menn og áður greindi til að vinna að gerð frv., og einnig fékk forseti ASÍ málið í sínar hendur á undirbúningsskeiði. Ríkisskattstjóri hefur og farið yfir frv. á síðasta stigi þess, þegar það var í prófarkalestri. Algert samkomulag var um gerð frv. af hálfu starfsmanna ríkisstj. og fulltrúa ASÍ, og töldu þeir, að frv. væri í fullu samræmi við áðurgreinda yfirlýsingu. Til viðbótar er á bls. 11 miðri að finna svo hljóðandi yfirlýsingu, er þeir gáfu fyrir hönd ASÍ, sem ég ætla að leyfa mér að lesa, með leyfi hæstv. forseta:

„Í samráði við fulltrúa ASÍ við endanlega gerð frv. kom fram, að þeir telja fleiri aðferðir koma til greina til að jafna mun söluskattshækkunar og tekjuskattslækkunar (ásamt skattafslætti) á árinu 1975, ef til kæmi, en hækkun kaupgreiðsluvísitölu. Þessi met mætti jafna með hvers konar skattbreytingum."

Í framhaldi af þessu vil ég leyfa mér að lýsa helstu atriðum frv., en þau eru fólgin í fyrsta lagi í persónufrædrætti og persónuafslætti. Eins og greinir á 1. síðu frv., er persónufrádráttur einhleypra 238 þús., hjóna 355 þús., og fyrir hvert barn er hann 50 þús. Enn fremur kemur það fram í 4. gr. frv., hvernig skattafsláttur sá, sem um ræðir í yfirlýsingunni, hefur verið framkvæmdur, og kemur fram á bls. 8, hvað raunverulegur persónufrádráttur er, þegar honum hefur verið bætt við. En í II. lið í 4. gr. frv., bls. 2, segir svo, með leyfi hæstv. forseta:

„Heimilisföstum mönnum hér á landi, sem skattskyldir eru samkv. 1. þessum, sbr. 1. gr., skal veita skattafslátt frá tekjuskatti eins og hann er ákveðinn samkv. I. tölul. þessarar greinar. Skattafslátturinn skal vera sem hér segir:

A. Fyrir einstaklinga 11000 kr.

B. Fyrir hjón 18500 kr., telji þau fram hvort í sínu lagi 11000 kr. hjá hvoru.

C. Fyrir hvert barn, sem er á framfæri skattþegns og ekki er fullra 16 ára í byrjun þess almanaksárs, þegar skattur er á lagður, 3300 kr. Hér með teljast stjúpbörn, kjörbörn og fósturbörn, sem meðlag er ekki greitt með. Ef foreldrar búa saman ógift, skal skattafsláttur vegna barna skiptast til helminga milli þeirra. Búi foreldrar ekki saman og annað þeirra hefur barnið hjá sér, en hitt greiðir meðlag, skal skattafsláttur einnig skiptast til helminga milli þeirra.

D. Fyrir einstætt foreldri, sem heldur heimili og framfærir þar börn sín, 6500 kr. auk afsláttar samkv. A-lið og 600 kr. fyrir hvert barn auk afsláttar samkv. C-lið."

Þegar þetta dæmi hefur verið gert upp á þennan hátt, sem hér greinir, lítur það þannig út, að til þess að fara að greiða tekjuskatt þarf einhleypur maður barnlaus að hafa tekjur, sem eru hærri en 293 þús. í nettótekjur. Barnlaus hjón þurfa að hafa tekjur, sem eru hærri en 448 þús. Hjón með tvö börn þurfa að hafa tekjur, sem eru hærri en 572 þús., og einstætt foreldri með eitt barn þarf að hafa hærri tekjur en 500 þús., áður en til skattlagningar kæmi. Þetta ákvæði er eins og ég sagði áðan haft til þess að jafna metin á milli þeirra, sem hafa það lágar tekjur, að þeir hafa ekki möguleika á því að greiða skatt af tekjum sínum, af því að tekjurnar eru svo lágar.

Til frekari áherslu um framkvæmd á þessum lið vil ég — með leyfi hæstv. forseta — lesa hér áfram á bls. 2 í 4. gr. um skattafsláttinn, en þar segir:

„Skattafsláttur samkv. liðum A—D að framan

má þó aldrei verða meiri en 6% af skattskyldum tekjum framteljanda samkv. 7. gr.“

Þetta ákvæði er sett inn í gr. til þess að koma í veg fyrir það, að hlutaðeigandi skattgjaldandi hafi beinlínis hag af því umfram það, sem hann hefur kostnað af söluskattinum, að þessi skattbreyting er gerð. Svo kemur hér áfram:

„Sé manni ákveðinn hærri skattafsláttur samkv. liðum A—D og málsgr. næstu hér að framan en nemur tekjuskatti samkv. I. tölul. og þá eins þegar tekjuskattur samkv. I. tölul. er enginn, skal ríkissjóður leggja fram fjárhæð, sem þessum mun nemur. Þessu fé skal fyrir hvern mann ráðstafað sem hér segir og í þessari forgangsröð, meðan það endist:

1. Til greiðslu þinggjalda, sem á manninn eru lögð á greiðsluárinu.

2. Til greiðslu útsvars og annarra gjalda til sveitarsjóðs, sem á manninn eru lögð á greiðsluárinu, að undanskildum fasteignagjöldum.

3. Sé framlag ríkissjóðs samkv. 3. mgr. þessa liðar hærra en greiðslur samkv. 1. og 2. lið hér að framan, skal því, sem umfram þær er, ráðstafað sem hér segir: a. Til jöfnunar á námskostnaði, sbr. lög nr. 69/1972“, — en þar er átt við lög um jöfnun námskostnaðar vegna nemenda utan af landsbyggðinni, sem ekki geta dvalið heima hjá sér, þegar þeir eru við nám, — „og til Lánasjóðs ísl. námsmanna eða annarrar fjárhagsaðstoðar ríkisins við námsmenn, þegar í hlut eiga menn, sem njóta frádráttar vegna námskostnaðar á skattárinu.“ — Hér er um aukna aðstoð að ræða við unga fólkið í landinu og er þá átt við námsfólkið. Áfram er svo haldið: „b. Til greiðslu ógoldinna þinggjalda mannsins frá fyrri árum og síðan til greiðslu fasteignagjalda hans og ógoldinna gjalda til sveitarsjóðs frá fyrri árum, þegar í hlut eiga aðrir menn en um gat í a hér að framan.

4. Sé fé enn óráðstafað að loknum greiðslum samkv. 1.—3. hér að framan, skal það greitt viðkomandi manni.“ — Vil ég vekja athygli á því, að hér er prentvilla í þskj., þar á að standa, að fé, sem þá er eftir, að það skuli greitt viðkomandi manni. Þetta „hann“ og „greiddur“ er rangt, það á að koma: „skal það greitt viðkomandi manni“.

„Ráðh. ákveður með sérstakri reglugerð alla meðferð skattafsláttar samkv. þessum lið.“

Eins og ég gat um áðan, er hér um að ræða aukna aðstoð við unga fólkið í landinu, en áður hafa í tíð þessarar ríkisstj. verið felldir niður persónuskattar þess til trygginga og sjúkrasamlaga, sem mundu hafa numið, eins og fjárl. gerðu ráð fyrir þeim greiðslum, 22 þús. hjá ungri konu og 24 þús. hjá ungum karlmanni, en mundu hækka á árinu vegna þess að þessi gjöld koma til með að aukast lífeyristryggingar á yfirstandandi ári, vegna þeirra hækkana, sem orðið hafa bæði við kjarasamninginn og hækkun vísitölu. Auk þess hafa svo námslánin verið hækkuð um einar 400 millj. kr. og svo aukið verulega við námsaðstoðina við dreifbýlisfólkið samkv. því, sem ég áður greindi frá hér um. — Það er gert ráð fyrir því, að reglugerð um þetta ákvæði, hvernig með skuli fara, verði sett í samráði við stjórnir þessara námssjóða.

Þá gerir frv. ráð fyrir því, að skattstigarnir breytist svo: 1. Að frá 0 til 100 þús. kr. verði greiddur 20% skattur, en áður var það svo, að þar var 25% skattur upp í 77 þús. 2. Að frá 100—200 þús. kr. verði greiddur 30% skattur, en þar var um að ræða 35% skatt, sem náði ekki eins langt upp og hér er gert ráð fyrir. 3. 40% skattur af þeim skatttekjum, sem eru hærri en 200 þús. hjá einstaklingi.

Um skatt hjá öldruðu fólki er það að segja, að það heldur fullkomlega öllum þeim fríðindum, sem það áður hafði, í samræmi við þær breyt., sem á slíku verður nú með þessari löggjöf.

Þetta eru aðalatriði frv., sem snúa að tekjuskattsbreytingunni.

Eins og áður hefur verið boðað eða hefur komið fram í ræðum mínum, t. d. í fjárlagaræðunni á s. l. hausti, og kemur fram í skýrslu þeirrar n., sem unnið hefur að tekjuöflun ríkissjóðs, er gert ráð fyrir því að reyna að fella tekjustofna ríkissjóðs saman í eina heildarlöggjöf, og má segja að þetta frv. sé spor í þá átt, þó að það sé ekki nema að litlu leyti. Þess vegna er gert ráð fyrir, að í þessu frv. séu allir þeir þættir, sem um var samið í sambandi við nýgerða kjarasamninga, bæði að því er varðar lækkun tekjuskatts, hækkun söluskatts og launaskattinn.

Sá hluti frv., sem snýr að söluskattinum, er fyrst og fremst sá, að tekin er upp hækkun á honum með þeim hætti að taka upp söluskattauka, sem er 5%, og sá hluti, sem þar er tekinn upp, rennur óskertur í ríkissjóð, en af 11%, sem fyrir eru af söluskatti, ganga 8% í Jöfnunarsjóð sveitarfélaga. Aðalákvæðin, sem snúa að söluskatti, eru í sambandi við framkvæmd á söluskattsinnheimtu og eftirlit með söluskattinum. Er gert ráð fyrir því að herða mjög öll viðurlög, er víkja að söluskatti, enda er hægt að segja, að nauðsyn beri til þess, þar sem þau ákvæði eru síðan söluskatturinn var upphaflega settur um 1960 og þegar hann var þá 3%. Þá er einnig gert ráð fyrir því, að hægt verði að taka upp í öllum fyrirtækjum, þar sem söluskattur er innheimtur, sérstaka peningakassa, þar sem stimplaður er inn allur söluskattur, svo að starfsmenn fjmrn. eigi auðvelt með að fylgjast með, hvort skattinum er skilað, og auðvelda þannig eftirlitið með skattinum frá því, sem það nú er. Þetta ákvæði komst í lög fyrir nokkrum árum, þó að takmörkuðu leyti, en nú eru hins vegar tekin af öll tvímæli um, að fjmrh. hefur heimild til að koma þessu í framkvæmd og gefa fyrirskipun um, að þessi háttur skuli á hafður viðvíkjandi söluskattsinnheimtu. Þá eru og sektarákvæði um söluskatt hækkuð verulega, og getur farið svo, að sekt vegna brota á söluskatti, ef um umfangsmikið mál er að ræða eða ítrekun, geti orðið allt að 10 millj. kr. Enn fremur er það atriði tekið upp í frv. að gera refsingu við broti á söluskattsl. eins og um refsingu væri að ræða í almennum hegningarl. fyrir auðgunarbrot, sem getur verið starfssvipting og fangelsisvist allt að 6 árum. Þetta ákvæði er nýmæli og er í samræmi við það, sem áður hefur verið skýrt hér frá, að eðlilegt væri varðandi söluskattinn að herða það eftirlit svo, að með þetta sé farið eins og hvert annað tilvik, þegar viðkomandi aðili skilar ekki því fé, sem hann hefur innheimt og ríkissjóður á.

Þá er og í þessu frv. ákvæði að finna um samkomulag, sem varð milli ríkisstj. — og undirritað er af sömu aðilum og ég greindi hér áðan, — og alþýðusamtakanna um launaskatt, sem gangi til húsbygginga. Er gert ráð fyrir því, að þessi skattur muni gefa á þessu ári ca. 300 millj. kr., ef hann verður lagður á frá 1. apríl. Gengur hann eingöngu, eins og ég áður sagði, til Byggingarsjóðs ríkisins.

Um málið að öðru leyti vil ég svo sérstaklega að því er varðar tekjuöflunina gefa nokkra frekari skýringu en ég hef þegar gert í því, sem ég hef sagt hér á undan, enda hafa nokkrar umr. orðið um tekjuöflunina, en hún er bundin í þessu samkomulagi alveg eins og skattlækkunin. Hvort tveggja þetta er í samhengi hvort við annað, og ber að láta það fylgjast að, því að það er málið í heild sem um er að ræða og algert samkomulag var um.

Ég vil í þessu sambandi gera hér frekari grein fyrir söluskattinum og styðst ég þar við álitsgerð Hagrannsóknadeildarinnar en á vegum þeirrar stofnunar voru útreiknaðar allar þær tölur sem eru í þessu frv., er varða tekjuöflun og kostnað við útgjaldaaukningu vegna frv. Um það segir svo í grg. frv., á bls. 10, með leyfi hæstv. forseta:

„Í fjárl. ársins 1974 er innheimtur söluskattur í ríkissjóð áætlaður 6 milljarðar 702 millj. kr. eða nær 610 millj. kr. fyrir hvert stig söluskatts. Áætlun þessi var miðuð við, að álagður söluskattur á árinu 1974 að meðtöldum hluta Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga nemi nær 7400 millj. kr. eða um 670 millj. kr. fyrir hvert stig söluskatts. Af þessari upphæð koma um 616 millj. kr. í hlut ríkissjóðs. Þar sem söluskattur er innheimtur mánaðarlega eftir á, kemur desemberálagning ársins ekki til innheimtu fyrr en í jan. á næsta ári, en í ár er hins vegar innheimt álagning í des. á s.l. ári. Í fjárlagaáætlun var miðað við verðlag, eins og það var í des. s.l. óbreytt.

Í þjóðhagsspá hagrannsóknadeildar fyrir árið 1974, sem birtist í riti deildarinnar, Þjóðarbúskapurinn, nr. 4, des. 1973, var sett fram mat á þjóðhagshorfum ársins, byggt á ýmsum forsendum um helstu þjóðhagsstærðir, sem nánar er greint frá í skýrslunni. Meginforsendur um kauplag og verðlag á árinu 1974 voru þær, að kaupmáttaraukningin yrði í átt við aukningu þjóðarframleiðslu og þjóðartekna til lengri tíma litið, og áætlun um hækkun verðlags og verðlagsbóta á laun var reist á mati á innlendum og erlendum verðhækkunartilefnum, eins og þau voru metin í lok árs 1973. Í þjóðhagsspánni var hins vegar ekki gerð nein tilraun til þess að spá beinlínis niðurstöðum almennra kjarasamninga, sem þá stóðu yfir. Hækkun söluskattstofnsins var áætluð 9% meiri en lagt var til grundvallar tekjuáætlun fjárl., sem eins og áður sagði tók beint mið af verðlagi í des. 1973.

Niðurstöður framangreindrar þjóðhagsspár lágu til grundvallar í viðræðum ríkisstj. við launþegasamtökin um breytingu á tekjuöflun ríkisins. Samkv. þessari áætlun nemur hvert stig í álagningu söluskatts nær 730 millj. kr. á öllu árinu 1974, að teknu tilliti til ráðgerðrar lækkunar tekjuskatts og þeirrar veltuaukningar, sem henni fylgir. Miðað við álagningu frá 1. mars (sem þó ekki næst, þar eð lagasetningunni er ekki lokið fyrir þann tíma), nemur álagningin 610—620 millj. kr. fyrir hvert stig á árinu 1974. Samkv. þessu nemur 5 stiga hækkun söluskatts frá 1. mars, sem öll renni í ríkissjóð, um 3050—3100 millj. kr. í álagningu á árinu 1974. Af þessari upphæð innheimtist desemberálagning ekki fyrr en á næsta ári, þannig að af framangreindri fjárhæð koma um 2750—2800 millj. kr. til innheimtu á árinu, og þar af greiðir ríkissjóður sjálfur nær 100 millj. kr. vegna aukinna söluskattsútgjalda.

Nú er ljóst, að almenn veltubreyting verður meiri í ár en gert var ráð fyrir í forsendum þjóðhagsspár frá í des. s.l. Niðurstöður nýrra kjarasamninga fela í sér mun meiri hækkun kauplags en þá var gert ráð fyrir, en afar erfitt er að spá um verðlagsáhrif samninganna og þar með um frekari kauphækkanir. Auk þess ríkir óvissa um bæði innlendar og erlendar verðhækkanir af öðrum toga. Mjög lauslegar áætlanir benda til þess, að almenn veltubreyting (án verðlagsáhrifa söluskattshækkunar) gæti numið 8—10% umfram forsendur þjóðhagsspár. Miðað við slíka veltuaukningu gæti hvert stig söluskatts numið nær 800 millj. kr. í álagningu á öllu árinu 1974 eða um 680 millj. kr. á tímabilinu mars—desember. Í þessum tölum hefur verið gert ráð fyrir veltuaukningu í kjölfar tekjuskattslækkunar samkv. I. kafla þessa frv. Hækkun söluskatts um 5 stig næmi þannig 3400 millj. kr. á árinu 1974, og þar af kæmu rúmlega 3000 millj. kr. til innheimtu á árinu. Af þeirri upphæð greiðir ríkissjóður þó sjálfur nærri 100 millj. kr. vegna aukins söluskatts af útgjöldum hans.

Af því, sem hér hefur verið rakið, er ljóst, að sé miðað við áætlaða innheimtu á árinu 1974, er fyllilega þörf á 5% hækkun söluskatts til þess að vega á móti ráðgerðri lækkun tekjuskatts og þeim hliðarráðstöfunum, sem skattafsláttarkerfið felur í sér hinum tekjulægri til hagsbóta. Þannig má sjá af tölunum hér að framan, að þótt gert sé ráð fyrir, að 5 söluskatts %-stig gefi á ársgrundvelli um 4000 millj. kr., innheimtast ekki í ríkissjóð nema um 3000 millj. kr. á árinu 1974 (og raunar ekki nema 2900 millj. kr., því að útgjaldaauki ríkissjóðs á árinu vegna söluskattsaukans nemur um 100 millj. kr.), og er þá raunar miðað við, að söluskatturinn taki gildi 1. mars 1974. Með sama hætti eru nettótekjur ríkissjóðs á álagningargrundvelli 1974, miðað við 10 mánuði (sem þó nást ekki að fullu) um 3300 millj., eða því sem næst sama tala og lækkun tekjuskattsálagningar og útgjaldaauki vegna skattafsláttar nemur. Áhrifin á afkomu ríkissjóðs vegast því nokkurn veginn á, og er óhætt að fullyrða, að tæpara má dæmið ekki standa, því við ríkjandi verðbólguástand væri full ástæða til að styrkja stöðu ríkissjóðs fremur en veikja, ekki síst þar sem verð- og launahækkanir valda ríkissjóði fyrirsjáanlega miklum útgjaldaauka á árinu."

Í sambandi við þetta er rétt að geta þess, hvað gert er ráð fyrir, að þessi tekjuskattslækkun nemi á árinu 1974, og er þá einnig miðað við áætlun fjárl., því að ljóst er, að ef tekjuskattur reynist meiri en þar er ráð fyrir gert, reynist afslátt-

urinn einnig meiri en hér er gert ráð fyrir. Vil ég í því sambandi leyfa mé að vitna enn í grg. frv., með leyfi hæstv. forseta:

„Í fjárlögum ársins 1974 er innheimtur tekjuskattur einstaklinga áætlaður 5864 millj. kr. að meðtöldu byggingarsjóðsgjaldi. Þessi áætlun er á því reist, að álagður tekjuskattur einstaklinga verði um 6400 millj. kr. Helstu forsendur þessara áætlana eru þær, að meðal breyting tekna á milli áranna 1972 og 1973 verði 25—26% og að innheimta tekjuskatts verði með líkum hætti og 1973“ — þ. e. 75%.

Sú lækkun tekjuskatts, sem frv. felur í sér, veldur því, að álagður tekjuskattur einstaklinga verður 3700 millj., miðað við forsendur tekjuáætlunar fjárl. um tekjur skattþegna á árinu 1973.

Hér er þannig um að ræða lækkun álagðs tekjuskatts um 2700 millj. kr. eða um 42%.

Auk lækkunar tekjuskatts hjá þeim, sem tekjuskatt bera, gerir frv. ráð fyrir „neikvæðum“ tekjuskatti, þ. e. skattafslætti, sem einnig kemur þeim til góða, sem ekki bera tekjuskatt.

Kostnaður ríkissjóðs af skattafsláttarkerfinu á árinu 1974 er áætlaður 550 millj. kr., en megintilgangur þess er að tryggja hag hinna tekjulægri.“

Þegar þetta er borið saman, sést, að mismunurinn á þessari upphæð, sem hér er greind, er um 350 millj. kr. ríkissjóði í óhag. Þá er því við að bæta, að við kjarasamningana, sem gerðir voru fyrir stuttu, var fallist á að láta tollalækkun þá, sem átti að koma til framkvæmda 1976 hjá iðnaðinum, taka gildi núna, og mun sú lækkun verða nokkrir tugir millj., sem ekki er reiknað með í þessu dæmi.

Herra forseti. Ég skal nú fara að stytta mál mitt, en vil að lokum leggja áherslu á nokkur atriði, er máli skipta í sambandi við það mál, sem hér er til umr.:

1. Hér er um stórkostlega tekjuskattslækkun að ræða, a. m. k. 42% og reyndar hærri, ef miðað er við álagningu skattsins.

2. Meiri afsláttur en 2700 millj. kr. verður af tekjuskattinum, ef hann fer fram úr áætlun fjárl. Þá gefur það auga leið, að það verður um hærri upphæð að ræða.

3. Söluskattur er miðaður við algert hámark. Meiri áhöld eru um, að hann skili sér sem tekjustofn, heldur en tekjuskatturinn, því að hann er lagður á þær tekjur, sem aflað var í fyrra og nú eru þekktar. Í sambandi við söluskattinn ræður árferðið og afkoman mestu um, hvernig til tekst, og það kaupæði, sem átt hefur sér stað nú síðustu dagana, mun að sjálfsögðu draga úr sölunni, þegar eftir að þessi skattbreyting hefur tekið gildi.

4. Ég held, að það verði ekki með nokkrum rökum sagt, að það sé hægt að beita meiri samviskusemi um áætlun við að meta mínus og plús af þessum skattkerfisbreytingum heldur en gert er í þessu frv., enda er hagrannsóknastjóri og hans stofnun þekkt að sérstakri vandvirkni í öllum slíkum dæmum. Það sýnir sig líka fullkomlega, að það hefur verið gert, og allt tal um, að ríkissjóður kunni að hagnast af þessum skiptum, er talað út í bláinn. Ég geri ekki ráð fyrir því, að þeir hv. þm., sem vilja láta taka orð sín alvarlega og leiða rök að máli sínu, leyfi sér slíkan málflutning.

5. Þá vil ég vekja athygli á því, að samkomulag var um það, að málið yrði endurskoðað á næsta ári, þegar söluskatturinn gæfi tekjur á heilu ári, miðað við árið 1975, og þá gengi ekki inn í vísitölu eða því yrði ráðstafað á annan hátt, með skattafslætti eða sliku, sem fram yfir væri talið, að söluskatturinn gæfi meira en tekjuskatturinn mundi þá gefa. En að sjálfsögðu mundi hann þá gefa meiri fjárhæð en hann gefur við álagningu á þessu ári.

6. Með þessu frv. er í fyrsta sinn tekinn upp neikvæður skattur til að jafna á milli gjaldenda og þá fyrst og fremst þeim í hag, sem ekki hafa tekjur til þess að geta greitt skatt. Er þetta spor í þá átt að tengja saman tryggingakerfið og skattakerfið til þess að gera tryggingakerfið að raunverulegu tryggingakerfi fyrir þá þegna þjóðfélagsins, sem minna mega sín.

7. Ég vil vekja athygli á því, að öll viðurlög og eftirlit með söluskatti eru hert mjög frá því, sem verið hefur. Ber brýna nauðsyn til þess, þegar skatturinn er orðinn svo hár eins og raun ber nú vitni um. Ég er sannfærður um það, að framhaldið í skattamálum í þessa átt verður það að taka upp virðisaukaskatt. Þetta verður undanfari þess. Verður þá að góðu liði að hafa hert þetta eftirlit.

Nokkuð hefur verið um það rætt, hvort þessar till. og þetta frv. kunni að hafa þingfylgi til þess að ná fram að ganga hér í hv. d. Út í spádóma skal ég ekki fara að þessu sinni, en tel mig þó hafa rökstuddan grun um það, að svo muni verða, enda fyndist mér það vera að fara aftan að siðunum, ef það væri ekki, miðað við allt tal hv. þm. um að hverfa frá of háum beinum sköttum yfir í óbeina skatta. Ég vil líka vekja athygli á till. Alþfl., sem flutt var í vetur þar um, þar sem einmitt er vikið að þessari leið, raunverulega alveg eins og hún er útfærð hér. Í þingtíðindunum, 8. hefti 1973, 26.—29. nóv., er að finna ræðu 1. flm., hv. 7. þm. Reykv., Gylfa Þ. Gíslasonar. Þar gerir hann grein fyrir því og þar segir, með leyfi hæstv. forseta:

„Augljóst er, að jafnstórfelld lækkun á tekjuskatti til ríkisins og hér er gert ráð fyrir mun hafa í för með sér verulegt tekjutap fyrir ríkissjóð. Í gildandi fjárl. er gert ráð fyrir því, að einstaklingar greiði 4.1 milljarða í tekjuskatt. Sú lækkun tekjuskatts, sem gert er ráð fyrir í till., mundi samkv. áætlunum, sem gerðar hafa verið, lækka þessa eða hliðstæða tekjuskattsinnheimtu um 2/3 hluta, þannig að tekjutap ríkissjóðs mundi verða 2.5—3 milljarðar kr., miðað við fjárlög þessa árs. Þennan tekjumissi þarf að sjálfsögðu að bæta ríkissjóði. Till. um tekjuskattslækkun, sem ekki gerðu ráð fyrir því að bæta ríkissjóði tekjutapið, mætti með réttu nefna sýndartill. Slíkar till. gerir þingflokkur Alþfl. ekki. Þess vegna er í till. einnig um það fjallað, hvernig ætlast sé til, að ríkissjóði sé bættur tekjumissirinn.

Aðalatriðið í því sambandi er, að gerð verði till. um, að sú hækkun söluskatts, sem runnið hefur í Viðlagasjóð, skuli haldast, en hún nemur sem kunnugt er 2% og ætti að falla niður 1. mars

að óbreyttum lögum. Ef söluskattinum, sem rennur nú í Viðlagasjóð, yrði haldið og söluskatturinn hækkaður um 2—3 stig umfram það, sem hann er nú, yrði ríkissjóði bættur sá tekjumissir, sem hann yrði fyrir vegna lækkunar tekjuskattsins. Jafnframt er bent á það að kanna möguleika á, að söluskattur sé ekki innheimtur af brýnustu nauðsynjum."

Um þetta vil ég segja það, að þarna er einmitt bent á, að það þurfi um 5% söluskattsstig til þess að mæta tekjuskattslækkun, sem nemur svipaðri fjárhæð og hér er á ferðinni, eða um 3000 millj. kr., en það er rúmlega það, þegar á hvort tveggja er litið, bæði tekjuskattslækkunina og einnig skattafsláttinn. Ég tel, að hér sé mætt þessu máli með skilningi, enda tel ég mig hafa orðið varan við það, þegar ég hef rætt þetta mál við formann og varaformann Alþfl., sem ég hef gert og gert þeim grein fyrir því, hvernig þetta mál stæði. Ég tel líka fullkomna ástæðu til að ætla, að margir hv. þm. Sjálfstfl. beri fullkominn skilning og velvilja til þessa frv., því að það gengur í þá átt, sem þeir hafa lýst, að stefna Sjálfstfl. væri, og ég hef enga ástæðu til að ætla annað en þeir vilji fylgja henni eftir. Sama hefur hv. þm. Bjarni Guðnason gert. Hann hefur talið nauðsyn bera til að lækka tekjuskattinn, svo að allt ber að sama brunni.

Ég vil að lokum undirstrika það, sem ég gat um áðan, að þetta frv. er samkomulag milli ríkisstj. annars vegar og alþýðusamtakanna hins vegar. Ég tel, að þeir fulltrúar alþýðusamtakanna, sem unnu að þessu máli, hafi verið fullkomlega færir um að gera sér grein fyrir málinu í heild og hafi gert það, enda var unnið fyrir þá og greitt úr öllum þeim spurningum, sem þeir báru fram, og þeir fengu allar þær upplýsingar, sem þeir óskuðu etfir og nauðyn bar til. Ég tel, að það hafi því verið rétt metið af þeirra hálfu, að það þyrfti að mæta tekjumissinum með 5 söluskattsstigum, enda hefur þegar komið í ljós, að þar mun heldur halla á en hitt. Ég teldi, að það væri óvirðing, sem alþýðusamtökunum væri sýnd, ef hv. Alþ. mæti ekki þetta samkomulag, og þeir hafi verið færir um að meta fullkomlega sína stöðu út úr þessu máli í heild. Ég verð því að segja það, að ég tel mig ekki hafa ástæðu til neinnar svartsýni um þetta mál. Fari svo, að þingið felli það, þá bý ég að sköttunum, sem nú eru til staðar, eins og þeir hafa verið, og þá hafa þeir fengið meira traust en ég hafði gert ráð fyrir hér á hv. Alþ. Út af fyrir sig hef ég svo sem ekkert við því að segja. En ég mun beita mér, að því leyti sem ég get, til þess að ná því, að þetta samkomulag nái fram að ganga, því að í þeim tilgangi var það gert.

Svo leyfi ég mér, herra forseti, að leggja til, að frv. verði að lokinni þessari umr. vísað til 2. umr. og hv. fjh.- og viðskn., og leyfi mér að fara fram á það við formann fjh.- og viðskn. þessarar d., að hann óski eftir því, að fjh.- og viðskn. Ed. vinni með þeim við athugun þessa frv.

Gunnar Thoroddsen: Herra forseti. Það eru úrslitakostir, sem Alþingi Íslendinga eru settir í dag. Það kom glöggt fram af ræðu hæstv. fjmrh., kom þó enn þá gleggra fram í samtali hans s. l. föstudag, 1. mars, í sjónvarpinu, því að þar lýsti hæstv. ráðh. því skýrt og skorinort yfir, að annaðhvort verði þingfylgi við málið allt í heild, eins og samið var um, eða ekki. Það er ekkert annað sem dugir, sagði hæstv. ráðh. Og þegar fréttamaður spurði hann: Sem sagt, ef ekki fæst fylgi við 5 stiga söluskattshækkun, þá er tekjuskattslækkunin úr sögunni? — Já, kvað fjmrh.

Það er því augljóst, að hér er um úrslitakosti að ræða. Nú skyldi maður ætla, að þegar ein ríkisstj. leggur svo mikið undir, mundi hún gera ráð fyrir að segja af sér, ef hún fengi ekki fram slíkt stórmál, sem snertir hag hennar og heiður. En það er nú eitthvað annað, því að í þessum yfirlýsingum hæstv. fjmrh. hefur hann fyrirvara um, að hann ætli alls ekki að segja af sér né ríkisstj. Þegar hæstv. ráðh. var um þetta spurður í sjónvarpinu, komst hann svo að orði, út af spurningunni um það, að ef þetta mál færi ekki í gegn, mundi þá stjórnin segja af sér, — þá svaraði hæstv. fjmrh.: Ég sé ekki ástæðu til þess fyrir stjórnina að segja af sér, þó að þetta mál nái ekki fram að ganga. — Maður hefði haldið, að hún mundi leggja líf sitt við, en svo er ekki. Enda er það svo, eins og einn hæstv. ráðh. komst að orði ekki alls fyrir löngu, að það væri ótrúlega mikil teygja í þessari ríkisstj. Í raun inni virðist hún ætla að streitast við að sitja, þótt hún hafi glatað og fyrirgert trausti þjóðarinnar, og mér virðist, að það sé aðeins tvennt til um hennar líf. Hún yrði að sjálfsögðu að víkja fyrir vantrausti, ef það yrði samþ., eða þá, sem öllu er líklegra, að hún muni á sínum tíma sálast úr innanmeini.

En hæstv. ríkisstj. ætlar í fyrsta lagi alls ekki að segja af sér, þótt þetta frv. nái ekki fram að ganga. Hún ætlar að lifa lengi. Það kemur fram í þessu frv., að hún ætlar sér ekki aðeins að lifa út þetta kjörtímabil, heldur það næsta og fram á það, sem þar kemur á eftir, því að hún er búin að gera samning við fulltrúa verkalýðsfélaganna, þar sem m. a. segir svo, á bls. 11 í grg. þessa frv., í yfirlýsingu um húsnæðismál, að ríkisstj. lýsir því yfir, að hún muni beita sér fyrir því m. a.:

„að á árunum 1976—1980 verði framhald á byggingu hentugra íbúða fyrir efnalitið fólk í stéttarfélögum innan Alþýðusambands Íslands... og skal að því stefnt, að eigi minna en þriðjungur af áætlaðri íbúðaþörf landsmanna á þessu tímabili verði leyst á þessum grundvelli."

Hún virðist gera ráð fyrir því að lifa a. m. k. til 1980.

Nú er það mál út af fyrir sig, þingræðismál, hvort ríkisstj. treystir sér til eða leyfir sér að skrimta, eftir að stórmál hafa ekki verið samþ. fyrir henni. Nú skal ég engu spá um það, hversu þessu máli reiðir af, hvort samkomulag næst um það. En ég tel ólíklegt, að hæstv. ríkisstj. fái málið samþ. óbreytt, eins og hún leggur það fyrir. Það eru úrslitakostir, sem hæstv. ríkisstj. leggur fyrir Alþ. Og hún byggir það á því, að þetta sé samkomulag við Alþýðusambandið og ef einhverju væri breytt í þessu frv., væri það óvirðing við verkalýðssamtökin á Íslandi. Nú er sjálfsagt, að hver ríkisstj. reyni að hafa sem allra best samband og samstarf við launþegasam-

tökin, og m. a. er eðlilegt og sjálfsagt, að hæstv. ríkisstj. kannaði það, hverjar væru óskir launþeganna í sambandi við skattamál. Raunar er það löngu ljóst, að fulltrúar Alþýðusambands Íslands, Landssambands ísl. verslunarmanna, Verslunarmannafélags Reykjavíkur og ýmissa fleiri samtaka hafa látið frá sér fara alveg ákveðnar till. í skattamálunum og krafðist þar umbóta á tekjuskattsl. — umbóta, sem ganga miklu lengra en þetta samkomulag, sem hæstv. ráðh. hefur gert nú. Væri það óvirðing við alþýðusamtökin, ef Alþ. vildi t. d. lækka tekjuskattinn á alþýðu manna meira en hæstv. ráðh. hefur viljað ganga inn á og leggur til í frv.? Væri það óvirðing við verkalýðssamtökin eða brigð á samkomulagi við þau, ef söluskatturinn yrði hækkaður eitthvað minna en þessi 5 stig, sem ríkissjóður heimtar? Væru það brigð við alþýðusamtökin, ef reynt væri að ráðast á einn helsta verðbólguvald í þjóðfélaginu, hin ofboðsháu fjárlög, og draga eitthvað úr útgjöldum? — Nei, því fer fjarri, m. a. vegna þess að þetta eru allt saman atriði, sem fulltrúar alþýðusamtakanna hafa hreyft í viðræðunum við ríkisstj., en verið kveðin þar niður af hæstv. fjmrh. og hann ekki viljað sinna.

Þegar Alþ. er hins vegar sýnd sú óvirðing, að hæstv. ríkisstj. leyfir sér að setja því úrslitakosti eins og nú, verða alþm. að skoða hpg sinn, og ég tel, að það sé skylda þess að kanna þetta mál ofan í kjölinn, — kanna, hvort það er nægileg lagfæring á þeim endemislögum um skattamál, sem núv. ríkisstj. hefur komið á, hvort fjárhagshorfur ríkissjóðs eru með þeim hætti, að nauðsyn beri til að stórhækka álögur á landslýðinn, eins og gert er ráð fyrir í þessu frv. Allt þetta mál ber að sjálfsögðu að skoða og skoða það sem rækilegast. Það er skoðun mín, að það sé skylda Alþ. að gera það, vegna þess að það er Alþ. og það eitt, sem hefur heimild til að setja fjárlög, það er Alþ. og það eitt, sem hefur heimild til að ákveða skatta í landinu. Í stjórnarskránni, 40. gr. hennar, segir, að engan skatt megi á leggja né breyta né af taka nema með lögum.

Það er líka alveg sérstök ástæða til að gæta nokkurrar varúðar við till. þessarar hæstv. ríkisstj. í skattamálum, þegar af þeirri ástæðu, að fyrir tveim árum beitti ríkisstj. sér fyrir því og knúði fram ný tekjuskattslög gegn alvarlegum aðvörunum stjórnarandstöðunnar, — tekjuskattslög, sem reyndust með þeim endemum, að þegar verkalýðssamtökin á s. l. hausti fóru að setja fram kjarakröfur sínar, var eitt aðalatriði þeirra krafna í fyrsta sinn í sögunni, að gjörbreyta yrði skattaálögum og létta af þeirri óþolandi skattabyrði, sem þessi ríkisstj. hafði á komið. Þegar þannig er höfð í huga skammsýni núv. ríkisstj., fljótfærni hennar og ábyrgðarleysi í skattamálum, ber ekki að taka því sem sjálfsögðum hlut og kyngja því athugasemdalaust, sem hún kann að leggja til í þessum málum. Þetta verður að skoðast allt nánar og það vandlega. Ég vísa algerlega á bug þeim ummælum og mótmæli þeim hugsanagangi ríkisstj., að þessi ríkisstj., eins og hún er nú á sig komin, sé þess umkomin að setja Alþingi úrslitakosti.

Á hitt er að sjálfsögðu að líta, að hér hefur orðið stefnubreyting hjá hæstv. ríkisstj. Frá þeirri skattaáþján, sem núv. ríkisstj. lögleiddi og landslýðurinn hefur orðið að búa við í tvö ár, er nú orðin breyting, því að nú leggur hún til að lækka að töluverðu marki tekjuskattinn. Hvers vegna? Er það vegna þess, að hún hafi séð að sér, að hún hafi komist á þá skoðun, að of langt hafi verið gengið með skattaáþjáninni? Nei, því fer fjarri. Þetta stafar af því, sem einn orðhagur, merkur maður á sínum tíma kallaði hræðslugæði. Það er ótti ríkisstj. við almenningsálitið, það er þungi almenningsálitsins, það eru kröfur verkalýðssamtakanna, það eru kröfur, frumvörp og tillögur stjórnarandstöðunnar, sem valda því, að ríkisstj. hefur guggnað. Vissulega er ástæða til að lýsa ánægju yfir þessari stefnubreytingu, þó að um leið sé rétt að taka fram, að þessar breyt. á tekjuskattsl. ganga allt of skammt. Ég vil einnig nota þetta tækifæri til þess að þakka verkalýðssamtökunum á Íslandi fyrir að hafa þrýst ríkisstj. þó þetta frá villu síns vegar.

Mér virðist Alþ. verða að athuga meginatriði málsins, sem eru þessi að mínu áliti: Í fyrsta lagi vill Alþ. lagfæra tekjuskattsl. meira en gert er með þessu frv., og þá um leið vill Alþ. lagfæra tekjuskattsvitleysuna á annan veg en frv. gerir ráð fyrir. Enn fremur þarf að skoða, hvort það sé rétt mat, sem fram kemur í frv. og það byggist á, að tekjuþarfir ríkissjóðs vegna breyt. á skattal. sé 2700 millj. að viðbættum rúmum hálfum milljarði vegna skattauppbótanna eða svokallaðs skattafsláttar. Og Alþ. þarf að skoða, með hverjum hætti ætti þá að mæta því tekjutapi, sem ríkissjóður kann að verða fyrir við lækkun tekjuskattsins. Á að gera það með lækkun á útgjöldum ríkisins, útgjöldum fjárl. á þessu ári? Á að gera það með hækkun söluskatts, og þarf sú hækkun þá að vera 5 stig? Eða kemur hér til greina að líta á það atriði, hversu mjög tekjur ríkisins almennt aukast fram úr áætlun fjárl. á þessu ári? Ég skal víkja nokkuð að þessum atriðum.

Skoðun mín er sú, að lagfæringar á tekjuskattinum nái of skammt. Sjálfstfl. hefur lagt fram frv. fyrir þetta þing um gerbreytingu á l. um tekju- og eignarskatt. Stefnan, sem þar kemur fram, er fólgin í tvennu: annars vegar að Sjálfstfl. vill, að heildarskattabyrðin á landsfólkinu sé minnkuð, og í öðru lagi, að skattakerfinu sé breytt þannig, að horfið sé að verulegu leyti frá hinum beinu sköttum og yfir til óbeinna skatta. Fer því fjarri, að með þessu frv. sé gengið í áttina til hins fyrra atriðis. Skattabyrðin er ekki minnkuð, heldur ætla ég, að réttir útreikningar og samanburður sýni fram á, að það á að þyngja skattabyrðina með þessu frv. Um hitt atriðið er það að segja, að þessar lagfæringar á tekjuskattinum eru of smátækar til þess að þær séu á nokkurn hátt fullnægjandi.

Ef þetta er borið saman við það frv., sem sjálfstæðismenn lögðu fram á þessu þingi, kemur m. a. fram, að skattahlutföllin eru önnur. Í stað þess, að prósenturnar voru hjá okkur lægst 15%, eru þær í þessu frv. 20%, í staðinn fyrir 25% eru 30%, í staðinn fyrir 38% eru 40%. En það, sem er þó kannske alvarlegra, er það, hversu þrepin milli þessara prósenta eru þröng. Þetta kemur m. a. fram í því, að millistéttirnar í þjóðfélaginu

verða miklu verr úti í skattlagningu samkv. þessu frv. heldur en frv. sjálfstæðismanna.

Ef við lítum á grg. þessa frv. til þess að leita að því, hvaða tekjur eru algengastar í landinu, kemur það fram á bls. 18, í yfirliti á fskj. I. í töflu 1 um breytingu skattbyrðar eftir fjölskyldustærð og tekjuhæð, — þá kemur í ljós, að brúttótekjur á s. l. ári, 1973, voru langsamlega algengastar 900 þús. og 1 millj. kr. Ef við lítum á þessa skrá og tökum hjón með tvö börn, sem algengast er að miða við, er það 1331 framteljandi, sem hafði 900 þús., 2493, sem höfðu 1 millj. í brúttótekjur. Þetta eru langsamlega fjölmennustu tekjuflokkarnir. Á þessum tekjubilum m. a., — ég nefni þau vegna þess, sem kemur fram í þessari skýrslu, — er ljóst, að hér verður geysistórt bil milli till. ríkisstj. og frv. sjálfstæðismanna.

Í þetta frv. vantar m. a., því miður ákvæði um sérsköttun hjóna, sem við sjálfstæðismenn teljum sjálfsagt réttlætismál, að stefna beri að og lögleiða sem fyrst.

Ég vil nefna annað atriði, sem er mjög hæpið í þessu frv. Það er um skattvísitöluna. Þar er gert ráð fyrir að halda áfram því fyrirkomulagi, sem ég veit, að hefur verið þyrnir í augum verkalýðssamtakanna, að skattvísitalan sé ákveðin á hverju ári í fjárl., sem leiðir til þess, að ríkisstj., fjmrh., metur það eftir aðstæðum hverju sinni, hve mikið sé rétt að taka í tekjuskatt. Í frv. okkar sjálfstæðismanna var farin allt önnur leið. Í 6. gr. þess frv. var ákveðið, að skattvísitalan skyldi ákveðin af kauplagsnefnd ár hvert í samræmi við breytingar á almennum launatekjum, og er það sú trygging, sem launþegasamtökin óska eftir að fá.

Í þessu frv. er eitt merkilegt nýmæli. Það er hinn svokallaði neikvæði tekjuskattur, sem stundum hefur verið kallaður viðurkenningarskattur. Hér er talað um skattafslátt. Mætti kalla það tekjubót eða tekjutryggingu. Hér er farið inn á þá braut, og er það vissulega mjög athyglisvert. Hins vegar er, eins og í öðrum efnum þessa frv. að því er snertir kjarabætur eða umbætur, allt of skammt gengið og ákvæðin á ýmsa lund óheppileg. Þessi viðurkenningarskattur eða neikvæði tekjuskattur hefur verið að undanförnu til gagngerðrar athugunar hjá Sjálfstfl. Það mál var rætt nokkuð í sambandi við landsfund flokksins á síðasta ári, og um síðustu áramót lét þingflokkurinn semja mjög ítarlega og gagnmerka grg. um þetta mál. En kunnugt er, að í sumum öðrum löndum hefur þetta mál verið mjög til umr. á undanförnum árum og alveg sérstaklega í Bretlandi. Það, sem hér er um að ræða, er auðvitað fyrst og fremst það, að í ýmsum löndum hafa skattkerfi og tryggingakerfi þróast hvort í sínu lagi. Engu að síður grípa þau hvort inn í annað á marga lund. Sú hugsun, sem liggur á bak við þetta kerfi, er fyrst og fremst sú almenna viðurkenning, að þjóðfélagið eigi að tryggja hverjum einstaklingi lágmarksviðurværi, lágmarkstekjur. Til þess að svo megi verða og um leið til þess að endurbæta og einfalda allt kerfið, sé rétt að slá saman tryggingakerfinu og skattkerfinu, m. a. þannig, að greiðslur fjölskyldubóta og persónufrádráttur í skatti falli saman. Með því að vinna á þessum grundvelli, með samræmingu tryggingakerfis og skattkerfis, byggjandi á því, að allir þjóðfélagsborgarar njóti vissra lágmarkstekna í þjóðfélaginu, er hægt, um leið og þessu félagslega markmiði er náð, að gera bæði skattkerfið og félagsmálakerfið allt einfaldara og ódýrara í sniðum.

Í sambandi við þetta er þó rétt að taka fram, að í rauninni er tómt mál að tala um framkvæmd þessa kerfis, nema um leið verði komið á staðgreiðslu opinberra gjalda, eða a. m. k. er það mjög mikilvægur liður í þessu máli. Að þessu teljum við sjálfstæðismenn, að beri að stefna. Og það er vissulega góðs viti, að í þessu frv. er stigið spor í þessa átt. Hins vegar er það skref of lítið og að ýmsu leyti gallað. Þetta merka mál hefði átt að bera að með öðrum hætti.

Í þessu frv. er gert ráð fyrir, að allir fái vissan skattafrádrátt. Og þeir, sem eru skattlágir, skattlausir, hvað um þá? — Þeir eiga líka að fá þessa uppbót. En þó eru hér ýmsir annmarkar á, m. a. vegna þess, að eftir því sem tekjur manna minnka, skerðist tekjuuppbót, þannig, að mér skilst á frv., að ef tekjur manns fara niður fyrir 183 300 kr. brúttó, byrji uppbótin að skerðast. Ég ætla, að það séu ekki fáir borgarar í þessu þjóðfélagi, sem muni þannig verða að sæta skerðingu á þessari uppbót. Ég held, að það sé varlega áætlað, að það séu a. m. k. um 20 þús. borgarar, sem þannig mundu ekki ná þessum fullu bótum, líklega nokkru meira. Þeir, sem eru tekjulausir með öllu, eins og getur verið bæði um sjúka menn, um námsmenn, virðast eftir frv. enga uppbót fá. Á annan veg verður II. tölul. 4. gr. ekki skilinn. En annað atriði er vissulega vert athugunar og að mínu viti ámælisvert. Það er svo ákveðið í 4. gr. frv., að þessi skattafsláttur skuli í fyrsta lagi renna til þess að greiða þinggjöld o. s. frv., en síðan segir, að Lánasjóður ísl. námsmanna skuli hirða nokkuð af þessum afslætti. Það segir svo í 4. gr. frv., með leyfi hæstv. forseta:

Þessu fé, — þessum afslætti, — skal fyrir hvern mann ráðstafa sem hér segir og í þessari forgangsröð, meðan það endist:

1. Til greiðslu þinggjalda.

2. Til greiðslu útsvars og annarra gjalda til sveitarsjóðs.

3. Þegar því er lokið eða þegar ekki er um það að ræða, þá til jöfnunar á námskostnaði, sbr. l. nr. 69 frá 1972, og til Lánasjóðs ísl. námsmanna eða annarrar fjárhagsaðstoðar ríkisins við námsmenn.

Þetta fólk, sem minnstar tekjurnar hefur og berst í bökkum, á að missa af þessum skattafslætti til ríkissjóðs. Ríkissjóður ætlar að hirða þetta af þessum smælingjum til þess, að því er virðist, að draga sem því svarar úr framlagi sínu til Lánasjóðs ísl. námsmanna eða til jöfnunar á námskostnaði. Mér finnst þetta furðulegt ákvæði, og ég vil beina því til hæstv. fjmrh., hvort hann hafi látið gera áætlun um það, hversu mikið af þessum 550 millj., sem á að greiða í skattafslátt, ríkissjóður ætlar að hirða af þessum smælingjum til sín til þess að spara sér fé til námslánasjóðsins. Væntanlega hefur verið gerð athugun á því.

Um leið og ég geri þessar aths., vil ég endurtaka, að með þessu frv. er hreyft nýmæli, hinum svokallaða neikvæða tekjuskatti, sem er mjög athyglisvert og ég vona, að verði á næstunni skoðað í réttu samhengi og á víðtækum grundvelli.

Næsta atriði, sem rétt er að víkja að, er, hver yrði tekjumissir ríkissjóðs af þessari skattalagabreytingu. Þetta er reiknað út í grg. frv., og kemur það fram á bls. 9 í frv., þar sem segir, að álagður tekjuskattur einstaklinga, sem fjárlögin byggðu á eða væri forsenda fjárl. að óbreyttum lögum, væri 6400 millj. Forsendur þessara áætlana eru, að meðalbreyting tekna milli áranna 1972 og 1973 verði 25—26%. Sú lækkun tekjuskatts, sem frv. felur í sér, veldur því, að álagður tekjuskattur verður 3700 millj, miðað við forsendur tekjuáætlunar fjárl. M. ö. o.: ríkissjóður missir 2700 millj. — Þó að þetta sé rétt eins og það er orðað í grg. af hálfu sérfræðinganna, að það sé miðað við forsendur tekjuáætlunar fjárl. fyrir 1974, tel ég, að þessi samanburður sé rangur og þessar upplýsingar villandi, vegna þess að það er komið í ljós, að almenn tekjuhækkun í landinu frá árunum 1972—1973 er miklu meiri en gert var ráð fyrir, þegar fjárlög voru samin. Þessi tekjuhækkun verður ekki milli 25 og 26% heldur um 30% eða að því er margir ætla yfir 30%.

Nú vil ég spyrja hæstv. fjmrh., hvort hann hafi ekki látið fara fram úrtaksathugun á framtölum þeim, sem þegar liggja fyrir, eins og oft hefur verið gert áður í sambandi við skattalög, og hvort þær tölur, sem ég nefni muni ekki fá fulla stoð í þeim úrtökum. Ég held, að enginn vafi sé á því, að þetta er rétt. Í síðustu grg. hagrannsóknastjóra, sem gefin var út í des., telur hann, að tekjuhækkun manna milli áranna sé ekki 25—26%, heldur er hann þar kominn upp í 29%, og ég held, að nýrri athuganir hafi sýnt, að hún sé a. m. k. 30%, væntanlega meiri. Hvað þýðir þetta? Það þýðir það, að álagður tekjuskattur í ár verður ekki 3700 millj., eins og segir í grg. frv., heldur milli 600 og 700 millj. meira Þegar svo þessi upphæð er þannig dregin frá þeirri upphæð, sem komið hefði eftir gildandi lögum, 6400 millj., þá koma út þessar 2700 millj. En hin raunverulega tekjuminnkun miðað við fjárl. verður miklu minni, milli 600 og 700 millj. minni en þessi upphæð.

Hér er um að ræða mjög alvarlega skekkju. Ég vil taka fram, að sérfræðingarnir orða þetta réttilega þannig í grg., að þessir útreikningar séu miðaðir við forsendur tekjuáætlunar fjárl. En það var skylda hæstv. ríkisstj. að taka þennan útreikning og þessa áætlun einnig með inn í sitt dæmi.

Til viðbótar þessu má svo kannske spyrja, hvað hæstv. fjmrh. muni spara mikið af þessum framlögum, um hálfum milljarði, til skattafsláttar með þeim frádrætti frá þeim tekjulágu eða tekjulausu, sem ég gat um áðan.

Þegar þetta allt er virt, er augljóst, að grundvöllur þessa frv. og till. um 5 söluskattsstig er hruninn. Nú koma auðvitað mörg önnur rök, sem benda til þess, að ekki sé þörf á þessum 5 stigum til þess að bæta upp tekjumissi ríkissjóðs.

Ég vil þá í fyrsta lagi geta þess, að í rauninni hefði hæstv. fjmrh. átt að leggja fyrir Alþ. nú áætlun um það, hverjar tekjur ríkissjóðs yrðu, eftir því sem hægt er að gera sér grein fyrir nú, umfam áætlun fjárl. Það hefur vissulega komið í ljós, að m. a. vegna verðhækkana á ýmsum vörum erlendis og aukinnar veltu hér í landi og meiri tekjuhækkunar milli ára en fjárl. byggðu á, verða tekjur umfram fjárlög verulegar. Þetta er m. a. atriði, sem verður að skoða vandlega, þegar málið er til meðferðar í þinginu. Ég vil aðeins á þessu stigi halda því fram, að tekjur af aðflutningsgjöldum, af Áfengis- og tóbaksverslun, af núgildandi 11% söluskatti, af launaskatti, af tekjuskatti félaga og eignarskatti og öðrum tekjum, umfram fjárlög muni nálgast 3 milljarða, eftir því sem fyrir liggur nú. Ég vænti þess, að sú n., sem fær málið til meðferðar, muni kanna þetta til hlítar. Þegar verið er að leggja hér fram till. um stórfellda skattahækkun, söluskattshækkun, finnst mér skjóta nokkuð skökku við annars vegar, að hæstv. ríkisstj. telur tekjumissinn af tekjuskattinum miklu meiri en hann verður í raun og veru og í annan stað nefnir ekki þær tekjur, sem ljóst er í dag, að nást umfram fjárlög svo að milljörðum skiptir.

Nú mun hæstv. ráðh. vafalaust svara því, að það sé ákaflega mikið af útgjöldum, sem einnig verði umfram fjárlög, og það veiti ekki af þessum tekjum, sem komi umfram, til þess að mæta þeim. Virðist það raunar vera árátta hjá þessari ríkisstj., að hún má aldrei heyra niðurskurð á útgjöldum ríkisins nefndan. Ef koma einhver ófyrirséð útgjöld, þarf að hækka skattana, þá þarf að ná inn nýjum tekjum. En það virðist ekki hvarfla að hæstv. ríkisstj., að af 30 milljarða fjárl. sé hægt að spara einn einasta eyri.

Þegar þetta mál í heild er virt, koma auðvitað ýmsar leiðir til að bæta ríkissjóði það tekjutap, sem hann kann að verða fyrir af tekjuskattslækkuninni.

Fyrsta leiðin, sem manni kemur í hug, er að draga úr útgjöldum. Ég nefni þetta ekki aðeins vegna þess, að við sjálfstæðismenn höfum jafnan haldið því fram og tekið skýrt fram í grg. okkar skattalagafrv., að þessa leið beri að reyna fyrst. En ég nefni hana líka vegna þess, að mér er kunnugt um, að í viðræðum fulltrúa Alþýðusambandsins við hæstv. fjmrh. og hæstv. sjútvrh. var því sérstaklega hreyft, hvort ekki væri unnt að mæta einhverju af þessari tekjuskattslækkun með því að draga úr útgjöldum ríkissjóðs. Það mátti ríkisstj. ekki heyra nefnt, hún var ekki til viðtals um þá leið. Mér virðist, að mjög kæmi til orða, að um leið og ákveðið yrði að lækka tekjuskattinn, helst töluvert meira en gert er ráð fyrir í þessu frv., ákvæði Alþ. að draga úr ríkisútgjöldum á þessu ári um einhverja ákveðna upphæð, við skulum nefna sem dæmi 1.5 milljarð, sem er ekki meira en 5% af heildarútgjöldum fjárl. Þegar slíkt væri ákveðið, mundi að sjálfsögðu fjvn. og fjmrn. bera saman ráð sín til þess að framkvæma þennan sparnað, sem allir hv. þm. vita, að er vel hægt að gera ef vilji er fyrir hendi.

Annað atriði, sem vissulega kemur til athugunar, áður en farið er að samþ. stórfelldar nýjar

skattaálögur, er matið á, hversu miklar tekjur verða umfram fjárlög, svo sem ég rakti hér nokkuð áðan.

Í þriðja lagi kemur það svo til, hvort og þá að hve miklu leyti ætti að hækka óbeina skatta eða söluskatt, til þess að dæmið gengi upp. Í þessu öllu ber þó að hafa í huga, að við lækkun á tekjuskatti er ljóst, að hann innheimtist betur en áður, og auk þess ber að hafa í huga, að sá skattafrádráttur, sem lagt er til, að lögfestur verði í þessu frv., á einnig að ganga til greiðslu á opinberum gjöldum. Allt þetta þýðir, að innheimtuprósenta ætti að verða hærri en hún hefur verið og reiknað hefur verið með.

Það, sem stefnt er að af hálfu okkar sjálfstæðismanna í skattamálum, eru réttlátir skattar, sem fólkið unir, — skattar, sem verða til þess að örva framtak manna, þar með auka þjóðartekjurnar og bæta lífskjörin, í stað þess að draga úr því og lama það, — skattar, sem særa ekki réttarvitund fólksins, — skattar, sem skapa það almenningsálit, að mönnum þyki sjálfsagt og rétt að telja heiðarlega fram. Í rauninni má segja, að allar umbætur í skattamálum missi nokkuð marks, — ég skal ekki segja, að þær séu unnar fyrir gýg, en missi nokkuð marks, — meðan verðbólgan setur allt úr skorðum og kaupháskkanir, kjarabætur og umbætur í skattamálum farast í flaumi verðbólgunnar.

Nú er það eitt af stefnuskráratriðum hæstv. ríkisstj. að draga úr verðbólgunni, og það er orðað svo, með leyfi hæstv. forseta:

„Ríkisstj. leggur ríka áherslu á, að takast megi að koma í veg fyrir þá háskalegu verðlagsþróun, sem átt hefur sér stað í efnahagsmálum undanfarin ár og leitt hefur til siendurtekinna gengislækkana og óðaverðbólgu. Hún mun leitast við að tryggja, að hækkun verðlags hér á landi verði ekki meiri en í helstu nágranna- og viðskiptalöndum.“

Nú hefur þetta tekist með þeim hætti, að vísitala vöru og þjónustu hefur, frá því að stjórnin tók við á miðju ári 1971 og þangað til í febr. 1974, hækkað úr 161 stigi í 268 eða um 66.5%. Þetta mun vera að meðaltali 26½% á ári. Hækkun sams konar vísitölu vöru og þjónustu eða neysluvöruvísitala í nágrannalöndum hefur verið þetta 5—6% fyrra árið og nú á síðasta ári nokkru meiri eða milli 8 og 9%. Samtals er því óhætt að segja, að vöxtur dýrtíðarinnar hér hafi verið a. m. k. þrefaldur og upp í fjórfaldur á móts við það, sem er í helstu nágranna- og viðskiptalöndum. Hér virðist því hafa slæðst inn smávilla í stefnuskrá ríkisstj., átti að standa: Stjórnin vill leitast við að tryggja, að hækkun verðlags verði ekki nema þrefalt eða fjórfalt meiri en í helstu nágranna- og viðskiptalöndum.

En þegar ríkisstj. lagði ríka áherslu, eins og það er orðað, á að hverfa frá braut gengislækkana og stöðva óðaverðbólgu eða hafa nokkurn hemil á henni, þá þekkjum við allir alþm. og þjóðin raunar öll, hversu ríkisstj. er gersamlega andvaralaus í þeim efnum og máttlaus. Þetta furðulega andvaraleysi og skilningsleysi hæstv. ríkisstj. í þessum málum kom í rauninni fram í ræðu hæstv. fjmrh. áðan, því að hann sagði, að það hefði nú gripið um sig kaupæði. Það varð ekki vart við, að honum þætti það svo slæmt, að öðru leyti en því, sem hann hafði við kaupæðið að athuga, að þegar liði á árið, mundi söluskatturinn kannske ekki verða eins mikill og annars, ef kaupæði væri ekki. — Þessar eru áhyggjurnar út af óðaverðbólgunni og kaupæðinu.

Herra forseti. Ég læt þessar aths. nægja. Að sjálfsögðu verður að skoða málið allt vandlega milli 1. og 2. umr. og fá sem gleggstar upplýsingar, og ég vona fastlega, að þær upplýsingar fáist og að skoðun þeirra leiði til þess, að hæstv. ríkisstj. sjái að sér, hætti við þau áform að setja slíka úrslitakosti eins og hún hefur hingað til orðað, hún fallist á, að þetta mál verði afgreitt með eðlilegum hætti, þannig að tekjuskatturinn verði lækkaður meira en frv. gerir ráð fyrir og söluskatturinn hækkaður miklu minna en frv. gerir ráð fyrir.

Gylfi Þ. Gíslason: Herra forseti. Ég tel rétt að hefja mál mitt með því að leiðrétta þann mjög villandi málflutning hæstv. fjmrh. í Ríkisútvarpinu í gærkvöld og raunar einnig við önnur tækifæri, að hann hafi ástæðu til að ætla, að þingflokkur Alþfl. styðji þetta frv., eins og það er. Hann hefur rætt málið við fulltrúa þingflokks Alþfl. og Sjálfstfl., en af einhverjum ástæðum virðist hann hins vegar ekki hafa rætt málið við þm. Frjálslyndaflokksins. Ég veit auðvitað ekki, hvað farið hefur á milli hæstv. fjmrh. og fulltrúa þingflokks Sjálfstfl. En ég veit hins vegar, hvað farið hefur á milli hæstv. fjmrh. og fulltrúa þingflokks Alþfl. Við höfum sagt hæstv. fjmrh. skýrt og skorinort, þannig að ómögulegt hefur verið að misskilja, að við mundum styðja lækkun tekjuskattsins, eins og ráð er fyrir henni gert í frv., og jafnframt skattafsláttarkerfið. Við höfum enn fremur sagt honum í framhaldi af þeirri afstöðu okkar, að við værum reiðubúnir til þess að styðja þá hækkun á söluskatti, sem við teldum, að nauðsynleg væri vegna kerfisbreytingarinnar. Við höfum tekið það skýrt fram við hæstv. fjmrh., að við teldum 5 stiga hækkun söluskatts óþarfa í sambandi við skattkerfisbreytinguna og við mundum því ekki samþykkja hana.

Þetta höfum við raunar ekki aðeins sagt við hæstv. fjmrh., heldur einnig oftar en einu sinni í fjölmiðlum. Það er því vægast sagt í hæsta máta undarlegt, að hæstv. fjmrh. skuli enn vera að gera því skóna, að þetta frv. í heild eigi í vændum stuðning þingflokks Alþfl. Það er óraunhæfari óskhyggja en nokkur fjmrh. má leyfa sér.

Ég vil ekki bera hæstv. fjmrh. á brýn, að málflutningur hans sé vísvitandi rangur eða óheiðarlegur, en hann er engu að síður rangur. Hann á að vita betur. Hann á að vita, að þm. Alþfl. munu ekki samþykkja 5 stiga hækkun á söluskattinum. Við höfum að vísu ekki sagt honenn, hversu mikla hækkun söluskattsins við séum reiðubúnir til þess að samþykkja, en fyrir því mun ég gera grein í ræðu minni hér á eftir.

Á s. l. hausti fluttu þm. Alþfl. till. til þál., þar sem mörkuð var ný stefna í íslenskum skattamálum. Hugmyndir till. voru þær, að tímabært væri orðið að gera gagngera breytingu á skatt-

kerfinu á Íslandi. Kjarni breytinganna skyldi verða sá, að horfið skuli frá því, að meginþorri einstaklinga greiði tekjuskatt til ríkisins af tekjum sínum, heldur greiði gjöld sín til hins opinbera í staðinn í formi óbeins skatts, söluskatts. Þeim, sem hafa mjög háar tekjur, var þó ætlað að greiða áfram stighækkandi tekjuskatt, og sömuleiðis var lagt til, að áfram yrði greiddur stighækkandi tekjuskattur af hagnaði af atvinnurekstri. Á hinn bóginn var gert ráð fyrir sérstakri tekjuöflun, sem verja átti til að hækka tekjur þeirra, sem lægstar tekjur hafa og ætla mætti, að greiða mundu meira vegna hækkunar söluskatts en þeir hefðu greitt í tekjuskatt. Hér var m. ö. o. sett fram hugmyndin um svonefndan neikvæðan tekjuskatt.

Meginástæða þess, að þingflokkur Alþfl. setti á s. l. hausti fram víðtækar till. um nýtt skattkerfi, var sú, að ljóst var orðið, að byrði beinna skatta væri orðin óbærilega þung og álagning þeirra að mörgu leyti mjög ranglát. Álagningarkerfið hefur undanfarin ár orðið óeðlilega flókið og veitt skilyrði til margháttaðra undanbragða undan réttlátri skattgreiðslu, bæði löglegra undanbragða og ólöglegra.

Eftir þá breytingu, sem núv. ríkisstj. gerði á skattalögum, skömmu eftir að hún tók við völdum, hefur hlutfall tekjuskatts af tekjum orðið svo hátt, að almennir launþegar eru farnir að greiða frá þriðjungi og allt að helmingi tekna sinna í beina skatta af tekjum sínum. Þessi óhóflega skattheimta hefur í mörgum tilfellum orðið og verður í æ fleirum fjötur á framtakssemi og vinnuvilja, hefur þannig beinlínis orðið hemill á heilbrigðan og eðlilegan vöxt þjóðartekna.

Gallar mjög víðtæks og flókins tekjuskattskerfis með mjög háum skattstigum eru ekki aðeins orðnir vandamál á Íslandi, heldur einnig í nálægum löndum, þar sem um er að ræða víðtæka og vaxandi gagnrýni á slíka skattheimtu. Þegar vitað er, að um eða yfir helmingur viðbótartekna fer til greiðslu tekjuskatts, getur ekki hjá því farið, að það hafi áhrif á allt viðhorf manna til tekjuöflunar, að ekki sé talað um þýðingu þess við hvers konar kjarasamninga. Þegar stighækkandi tekjuskattur var upphaflega lögfestur hér og annars staðar, var hann eitt helsta tækið, sem fyrir hendi var til þess að jafna tekjur. Síðan hafa fjölmargir aðrir möguleikar komið til skjalanna til þess að ná tekjujöfnunarmarkmiðinu, fyrst og fremst almannatryggingakerfið, en einnig ókeypis eða ódýr þjónusta af hálfu hins opinbera á fjölmörgum sviðum, einkum á sviði heilbrigðismála og skólamála, og enn fremur margs konar niðurgreiðslur á neysluvörum almennings. Er óhætt að fullyrða, að álagning stighækkandi tekjuskatta hafi minni áhrif til tekjujöfnunar hér á landi en almannatryggingakerfið, ókeypis menntunarskilyrði og niðurgreiðslur. Hins vegar er tekjuskattskerfið orðið lamandi afl í þjóðfélaginu, auk þess sem það er ranglátt, þar eð reynslan hefur sýnt, að fjölmargir aðilar koma sér undan að greiða þá skatta, sem þeim ber samkv. kerfinu, bæði með því að hagnýta heimild laganna til frádráttar, svo sem vaxtafrádráttar, með vafasömum hætti og með beinum undandrætti tekna.

Þegar óbeinn skattur eins og söluskattur er greiddur, ræður skattgreiðandinn meiru um það sjálfur, hversu mikið hann greiðir, með því að ákveða, hvað og hversu mikið hann kaupir umfram nauðþurftir.

Að síðustu má nefna, að framkvæmd tekjuskattsinnheimtu er óhemju dýrt og miklu dýrari en innheimta söluskatts. Mikill kostnaður mundi sparast við niðurfellingu þeirrar tekjuskattsheimtu, sem framkvæmanleg er. Enginn teljandi aukinn kostnaður er því hins vegar samfara að hækka hundraðstöluhlutfall söluskatts.

Í till. Alþfl. var gert ráð fyrir því, að afnumin væri greiðsla tekjuskatts af launatekjum, sem hjá hjónum væri lægri en 750 þús. kr., og þá jafnframt gert ráð fyrir, að fjárhæð þessi breytist í hlutfalli við framfærslubyrði með hliðstæðum hætti og gert er ráð fyrir í gildandi lögum. Með þessu móti var til þess ætlast, að tekjuskattsgreiðsla félli niður hjá öllum þeim, sem hafa ríflegar miðlungstekjur. Hefði þá orðið um að ræða meiri hl. allra þeirra, sem greitt hafa tekjuskatt. Hins vegar var ekki talið eðlilegt, að tekjuskattur væri felldur niður hjá þeim, sem hafa hærri tekjur en ríflega miðlungstekjur, en gera ráð fyrir, að þeir einstaklingar greiði nú í ár um þriðjung tekjuskatts einstaklinga. Tekjutap ríkissjóðs af þessari niðurfellingu tekjuskatts, sem till. Alþfl. gerðu ráð fyrir, var í haust áætlað um 2700 millj. kr., miðað við fjárlög þess árs. Till. Alþfl. gerðu ráð fyrir að bæta ríkissjóði þetta tekjutap með hækkun á söluskatti, þ. e. a. s. fyrst og fremst með því að framlengja þau söluskattsstig, sem runnið hafa í Viðlagasjóð. En í haust var almennt gert ráð fyrir því, að ekki þyrfti að framlengja tekjuöflun í Viðlagasjóð og hækka söluskattinn umfram það, þannig að tekjur af honum næmu 2700 millj. kr. á ársgrundvelli. Jafnframt var í till. lagt til, að athugaðir yrðu möguleikar á því að undanþiggja brýnustu nauðsynjar söluskatti, en leggja hins vegar viðbótarsöluskatt á óhófsvörur.

Þá var í till. gert ráð fyrir því að framlengja nokkra tekjustofna, sem lögfestir höfðu verið í viðlagasjóðslögunum og áætlað var, að gefið gætu um 600 millj. kr. tekjur á ársgrundvelli. Var lagt til, að þessar tekjur rynnu í sérstakan sjóð, sem notaður skyldi til þess að auka tekjur þeirra, sem greiða mundu hærri söluskatt en því næmi, sem þeir spöruðu vegna lækkunar tekjuskatts, eða m. ö. o. til að standa undir kostnaði við svonefndan neikvæðan tekjuskatt eða skattafsláttakerfi.

Þessar till. Alþfl. vöktu mikla athygli á s. l. hausti. Þær voru í fullu samræmi við sjónarmið, sem uppi voru í verkalýðshreyfingunni í sambandi við undirbúning kjarasamninga. Forustumönnum launþega var orðið ljóst, að tryggasta kjarabótin mundi einmitt verða fólgin í því að koma í veg fyrir þá óhóflegu og ósanngjörnu tekjuskattsheimtu, sem einkum og sér í lagi hafði siglt í kjölfar skattalöggjafar núv. ríkisstj. Sem dæmi um það ranglæti, sem ríkt hefði í tekjuskattsheimtu, síðan síðustu skattalög voru samþ., má nefna, að barnlaus hjón, sem höfðu í fyrra 454 þús. kr. í hreinar tekjur, ættu í ár að greiða 55% af sérhverri krónu, sem væri umfram þær tekjur, í tekjuskatt og tekjuútsvar.

Hjón með þessar tekjur væru m. ö. o. komin í hæsta tekjuskattsstiga og þar með talin hátekjufólk. Ef hjónin ættu þrjú börn og hefðu í fyrra haft 593 þús. kr. í tekjur, yrðu þau að greiða 55% eða meira en helming af viðbótartekjum sínum í tekjuskatt og útsvar. Það þarf væntanlega ekki fleiri orðum um að fara, að slíkt kerfi er komið út í algerar öfgar og á í raun og veru ekkert sammerkt með skynsamlegri og réttlátri skattheimtu. Þetta var allur almenningur farinn að gera sér ljóst. Breyting á skattheimtu ríkisins var orðin augljós nauðsyn. Þess vegna féllu till. Alþfl. um þetta efni í góðan jarðveg.

Það er því í sjálfu sér fagnaðarefni, að ríkisstj., þótt að vísu of seint hafi verið, lýsti því yfir við fulltrúa launþega í kjarasamningaviðræðunum nú nýlega, að hún væri reiðubúin til þess að beita sér fyrir skattkerfisbreytingu, sem væri grundvölluð á sömu meginhugsun og till. Alþfl. á s. l. hausti, þ. e. a. s. lækkun tekjuskatts, hækkun söluskatts og skattafsláttarkerfi í því sambandi. Um þessi atriði fjallar frv. það til l. um skattkerfisbreytingu, sem nú er hér til 1. umr. Ég mun að sjálfsögðu ekki ræða frv. í einstökum atriðum við 1. umr., heldur aðeins meginatriði þess.

Gert er ráð fyrir minnkun á tekjum ríkissjóðs vegna lækkunar tekjuskatts um 2700 millj. kr. Skattafsláttarkerfið er talið munu kosta um 550 millj. kr., þannig að tekjur þær, sem ríkissjóður þyrfti að fá bættar, nema um 3250 millj. kr. Til þess að vega upp á móti þessu gerir frv. ráð fyrir hækkun söluskatts um 5 stig.

Í fjárl. þessa árs er söluskattur í ríkissjóð áætlaður 6700 millj. kr. eða sem svarar 610 millj. kr. á hvert söluskattsstig. Auðvitað er um gerbreyttar aðstæður að ræða, síðan þessi áætlun var gerð, ekki hvað síst vegna nýgerðra kjarasamninga. Er þetta að sjálfsögðu játað í grg. frv. Þar er gert ráð fyrir því, að nú megi telja hvert söluskattsstig svara til um það bil 800 millj. kr. á yfirstandandi ári, og er það áreiðanlega mjög varlega reiknað. Rökstuðningur frv. fyrir nauðsyn á 5 söluskattsstiga hækkun er byggður á því, að á þessu ári muni ekki innheimtur söluskattur nema í 9—10 mánuði, í ár muni því hækkun söluskattsteknanna ekki nema 4000 millj. kr. vegna 5 stiga hækkunar, heldur 3100—3200 millj. kr. og sé það nokkurn veginn sú upphæð, sem ríkissjóður þurfi á að halda í ár. Hér er hins vegar um að ræða veigamestu villuna í sambandi við gerð þessa frv. Frv. heitir „Frumvarp til laga um skattkerfisbreytingu“, og meginatriði þess fjalla um það grundvallaratriði að breyta álagningu tekjuskatts í innheimtu söluskatts ásamt tilteknum tekjujöfnunarráðstöfunum. Þessari skattkerfisbreytingu er ekki einungis ætlað að gilda á árinu 1974, heldur um ófyrirsjáanlega framtíð. Frv. fjallar ekki um fjármál ríkisins á árinu 1974, um það fjalla gildandi fjárlög. Engu að síður ber ríkisstj. í grg. frv. saman álagðan tekjuskatt á árstekjum annars vegar og innheimtan söluskatt í 9—10 mánuði hins vegar. Slíkt er augljóslega rangur samanburður, fyrst um kerfisbreytingu til frambúðar er að ræða.

Ef ræða ætti fjárhagsafkomu ríkisins á yfirstandandi ári, ætti að sjálfsögðu ekki einungis að ræða um áhrif þessarar skattkerfisbreytingar á þær tölur, sem standa í fjárl. yfirstandandi árs, heldur einnig allar þær breytingar aðrar, sem orðið hafa á aðstæðum í þjóðfélaginu, síðan fjárlög voru samin, og hljóta að hafa víðtæk áhrif á tölur fjárl. Horfur varðandi innflutning hafa auðvitað breyst verulega síðan fjárl. voru samin og þar af leiðandi mat á væntanlegum tolltekjum, að söluskattstekjum meðtöldum. Um breyttar forsendur er og að ræða á fjölmörgum öðrum sviðum.

En þetta mál getur ekki verið til umr. hér og nú í þessu sambandi. Um afleiðingar gerbreyttra viðhorfa síðan fjárlög voru samin, verður að ræða sérstaklega og í öðru sambandi. Það, sem hér er til umr., er skattkerfisbreyting, sem standa á til frambúðar. Þá verður að sjálfsögðu að meta þá tekjurýrnun, sem ríkissjóður verður fyrir vegna tekjuskattslækkunarinnar á árstekjum, þann útgjaldaauka, sem hann verður fyrir vegna skattafsláttarkerfis á árstekjum, og þá einnig þá tekjuaukningu, sem hann hlýtur, vegna hækkunar söluskatts á árstekjum. Allur annar reikningur er rangur. Ef reiknað er eins og ríkisstj. gerir í grg. frv., er engu líkara en hún ætlist til, að skattkerfisbreytingin gildi einvörðungu á árinu 1974. Það getur þó ekki verið tilætlun ríkisstj. Þess vegna er rökstuðningurinn í grg. rangur.

Ef ríkisstj. telur sig vanta tekjur á árinu 1974, á hún að leggja það vandamál fyrir Alþ. í heild og vitna ekki einungis til þess, að hún fái ekki tekjur af söluskattshækkun nema í 9—10 mánuði á móti niðurfellingu tekjuskatts á árstekjum, heldur þarf hún þá um leið að endurmeta aðra tekju- og gjaldaliði fjárl. í ljósi hinna nýju aðstæðna. Það er með öllu óforsvaranlegt að ræða almenna skattkerfisbreytingu, sem gilda á til frambúðar, á grundvelli afkomu ríkissjóðs á árinu 1974 einvörðungu.

Ríkisstj. telur sjálf, að tekjumissirinn vegna lækkunar tekjuskattsins muni nema á árstekjum um 2700 millj. kr. Hún telur sjálf, að eitt söluskattsstig svari nú til 800 millj. kr. tekna. Það er því einfalt reikningsdæmi, að 3½ stigs söluskattshækkun svarar til tekjumissisins af tekjuskattslækkuninni.

Í till. Alþfl. hafði einmitt verið gert ráð fyrir því, að á móti lækkun tekjuskatts skyldi koma hækkun á söluskatti, að söluskattur skyldi hækka um nákvæmlega sömu upphæð og tekjuskattur lækkaði. Þar skyldi koma króna á móti krónu. Í till. Alþfl. hafði hins vegar verið gert ráð fyrir því, að tekna í skattafsláttarsjóðinn skyldi aflað með sérstökum hætti. Breyttar aðstæður hafa valdið því, að eðlilegt er að gera nú aðrar till. varðandi þetta efni en settar voru fram í haust. En þingflokkur Alþfl. heldur fast við það sjónarmið, að ekki eigi að nota tekjur af söluskatti sem tekjustofn fyrir skattafsláttarsjóðinn. Hann er einmitt hugsaður til þess að auka tekjur þeirra, sem söluskattshækkunin bitnar á. Það er því órökrétt og ranglátt að afla tekna í slíku skyni með viðbótarhækkun á söluskatti. Tekna í því skyni verður að afla með öðrum hætti.

Þingflokkur Alþfl. telur sér skylt að benda á tekjur, sem staðið geti undir þeim 550 millj. kr. útgjöldum, sem ríkisstj. gerir ráð fyrir vegna skattafsláttarkerfisins. Í þessu sambandi vil ég

leyfa mér að benda á tvennt: Í fyrsta lagi er öruggt, að tekjuaukning einstaklinga milli ára 1972 og 1973 verður meiri en gert er ráð fyrir í fjárl. Tekjuskattur í ár verður því hærri en þar er reiknað með. Þótt ekki sé gert ráð fyrir nema 3% tekjuaukningu umfram það, sem fjárl. miða við, en það er mjög varlega áætlað, nemur það a. m. k. 350—400 millj. kr. aukningu á tekjuskatti umfram það, sem gert var ráð fyrir í fjárl. Í öðru lagi var mat eigin húsnæðis til tekjuskatts miðað við 2% af fasteignamati í tekjuáætlun fjárl. Þetta hefur nú verið hækkað í 3% við álagningu á þessu ári. Jafngildir það aukningu tekjuskatts um a. m. k. 150—200 millj. kr. Á þessum tveim liðum er því sannanlega um að ræða vantalda tekjuáætlun, sem nemur um 550 millj. kr. Þessar sannanlegu tekjur umfram fjárlagaáætlun ber ríkisstj. að nota til þess að standa undir skattafsláttarkerfinu. Með hækkun söluskatts um 3½ stig og með ákvörðun um að nota væntanlegar umframtekjur af tekjuskatti vegna þessara tveggja ástæðna í sambandi við skattkerfisbreytinguna, væri þess vegna fullkomlega séð fyrir því, að jöfnuður væri á milli tekjumissis og útgjaldaauka annars vegar og tekjuauka hins vegar. Með þessu móti væri um að ræða sanngjarna og nauðsynlega skattkerfisbreytingu, þar sem tekjur og gjöld stæðust á miðað við ársgrundvöll, um þá ófyrirsjáanlegu framtíð, sem skattkerfisbreytingunni er ætlað að gilda. Öll skattheimta í formi hækkaðs söluskatts, sem væri umfram þetta, væri í raun og veru óskyld skattkerfisbreytingunni. Þar væri um að ræða söluskattshækkun, þ. e. a. s. tekjuöflun, sem væri tengd árinu 1974, og þó aðeins hluta af því dæmi öllu.

Búast má við, að því verði haldið fram af hálfu ríkisstj., að reikna þurfi með ýmsum útgjaldaauka ríkissjóðs á þessu ári, og er það meira en sennilegt, eins og á málum hefur verið haldið. Í framhaldi af því er eflaust spurt, hvernig þingflokkur Alþfl. telji, að mæta eigi slíkum útgjaldaauka. Um þetta er það að segja, að hér er um að ræða allt annað vandamál en það, sem þetta frv. fjallar um. Á tímum slíkrar óðaverðbólgu og nú ríkir hér á landi, er eflaust nauðsynlegt að endurskoða í reynd gildandi fjárl., og það meira að segja þegar fyrir miðbik þessa árs. En það verða ekki aðeins útgjöld fjárl., sem aukast í sambandi við aukna verðbólgu, heldur munu tekjurnar einnig aukast stórlega. Allt þetta dæmi, fjárlagadæmið í heild, er miklu stærra en dæmið, sem við er að etja í sambandi við skattkerfisbreytinguna, sem hér er til umr. Jafnvel þótt í ljós kæmi, að fjárhagsástand ríkissjóðs væri að verða með þeim hætti, að einhver ný skattheimta væri nauðsynleg, til þess að ríkissjóður væri ekki rekinn með miklum halla á mestu verðbólgutímum, sem um getur í sögu þjóðarinnar, nær engri átt að blanda umr. um það og ráðstöfunum í því sambandi saman við breytingu tekjuskatts í söluskatt og verða þess valdandi, að það dæmi sé rangt reiknað, þ. e. a. s. að almenningi sé talin trú um, að skattkerfisbreytingin sjálf kosti miklu meira en hún kostar í raun og veru. Með því væri verið að blekkja allan almenning og gera skattkerfisbreytinguna tortryggilegri og minna vinsæla en efni standa til og rétt er.

Þegar fjármál ríkisins í heild eru rædd, er að sjálfsögðu ekki aðeins nauðsynlegt að ræða endurskoðun á tekjuliðum og gjaldaliðum vegna breyttra aðstæðna í sambandi við óðaverðbólguna, heldur ber einnig sannanlega að taka til athugunar möguleika á lækkun útgjalda og frestun framkvæmda. Á það verður að minna í þessu sambandi, að fjárlög hafa þrefaldast á skömmum tíma. Ef aðstæður væru eðlilegar, ætti því að vera svigrúm til þess að draga úr útgjöldum eða fresta einhverjum framkvæmdum. Ef ríkissjóður er í raun og veru í miklum greiðsluerfiðleikum, væri slíkt að sjálfsögðu miklu eðlilegri og hyggilegri leið en að auka á þær drápsklyfjar óhóflegrar skattheimtu, sem hvílt hafa á herðum almennings nú um nokkurt skeið.

Í sambandi við þetta frv. vil ég að síðustu minna á tvennt, sem um var fjallað í till. okkar Alþfl.-þm. í haust, en ekki er fjallað um í þessu frv. Annars vegar var þar fjallað um nauðsyn þess að endurskoða reglurnar um skattgreiðslu hjóna og minnt á till. Alþfl. um að gera hvort hjóna að sjálfstæðum skattþegn án tillits til þess, hvort hvor aðilinn um sig aflaði sér sjálfstæðra tekna eða ekki, þ. e. a. s. ynni utan heimilis eða á heimili. Sú nauðsyn verður æ brýnni að bæta úr því ranglæti, sem samsköttun hjóna hefur í för með sér. Þá er og í till. Alþfl. minnt enn á nauðsyn þess að gera ráðstafanir til réttlátari skattheimtu en á sér stað. Það er kunnara en frá þurfi að segja, að undanbrögð undan skatti, bæði söluskatti, tekjuskatti, útsvörum og eignarskatti, eru alvarlegt þjóðfélagsmein á Íslandi og valda gífurlegu fjárhagslegu misrétti. Í þessu frv. eru engar ráðstafanir gerðar í þá átt. En við höfum í till. okkar í haust lagt sérstaka áherslu á, að samfara kerfisbreytingunni verði gert alvarlegt og viðtækt átak til réttlátari skattheimtu en á sér stað.

Niðurstaða þingflokks Alþfl. varðandi þetta frv. um skattkerfisbreytingu er því sú, að við munum styðja ákvæði þess um lækkun tekjuskatts og skattafsláttarkerfi. Hins vegar teljum við okkur sýna fram á það með fyllstu rökum, að ekki sé þörf á 5 stiga hækkun söluskatts í þessu sambandi. Við teljum, að tekjumissi ríkissjóðs vegna tekjuskattslækkunar eigi að bæta með hækkun á söluskatti. Samkv. þeim tölum, sem ríkisstj. sjálf miðar við, duga 3½ stigs hækkun á söluskatti til þess að bæta ríkissjóði tekjumissinn vegna tekjuskattslækkunarinnar. Við munum því ekki samþykkja meiri hækkun á söluskatti en því nemur. Við munum greiða atkv. gegn ákvæði frv. um 5 stiga hækkun söluskattsins.

Við sýnum einnig fram á, að með því að ráðstafa tekjuskattsauka, sem sannanlega verður umfram það, sem gert var ráð fyrir við samningu fjárl., til skattafsláttarkerfisins megi tryggja því þær tekjur, sem ríkisstj. sjálf telur nauðsynlegar, þ. e. a. s. 550 millj. kr. Þessi afstaða þingflokks Alþfl. er bæði raunhæf og ábyrg. Hann er eindregið fylgjandi þeirri skattkerfisbreytingu, sem hér er um að ræða. Hann var fyrstur þingflokka til að setja fram hugmynd um slíka skattkerfisbretyingu, og er sannfærður um, að hún mundi leiða til hagsbóta fyrir launþega í landinu. En því aðeins verður hún til hagsbóta, að hún sé ekki jafnframt notuð til þess að lauma

auknum álögum, óþörfum álögum, á bak launþega, eins og ríkisstj. virðist því miður hafa í huga. Það er von Alþfl., að ríkisstj. sjái sig um hönd í þessum efnum og hverfi frá óeðlilegum fyrirætlunum sínum um að hækka söluskattinn um 5 stig. Það er von okkar, að ríkisstj. reynist fús til þess að standa að heiðarlegri og heilbrigðri framkvæmd skattkerfisbreytingarinnar. Slík framkvæmd væri fólgin í því að lækka tekjuskattinn, taka upp skattafsláttarkerfi og hækka söluskatt um 3½ stig. Slíka skattkerfisbreytingu vill Alþfl. styðja. En hann mun greiða atkv. gegn óþarfri hækkun á söluskattinum. 5 stiga hækkun á söluskattinum er óþörf í sambandi við skattkerfisbreytinguna.

Umr. frestað.

Efri deild, 73. fundur.

Föstudaginn 8. mars, kl. 2 miðdegis.

Skattaleg meðferð verðbréfa, frv. (þskj. 458). — 3. umr.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 11 shlj. atkv. og afgr. til Nd.

Lántökuheimildir erlendis, frv. (þskj. 444). — 1. umr.

Fjmrh. (Halldór E. Sigurðsson): Herra forseti. Á þskj. 444 er frv. til l. um lántökuheimildir erlendis. Með fjárl. fyrir árið 1974 var hætt að lögfesta sérstaka framkvæmda- og fjáröflunaráætlun ríkisstj., svo sem gert hafði verið árlega allt frá 1963, og var framkvæmdahluti þessarar áætlunar nú sameinaður fjárlögum. Hið sama gildir um hinn innlenda hluta fjáröflunarinnar. En talið hefur verið eðlilegra, að heimild til lántaka erlendis styðjist við sérstök lög, enda vafasamt, að heimild í fjárl. sé nægilega tryggur grundvöllur slíkra aðgerða. Því er nú lagt fram sérstakt frv. um þetta efni, eins og boðað var í aths. með fjárlagafrv., svo og annað frv. um skattalega meðferð verðbréfa, spariskírteina og happdrættisskuldabréfa, sem ríkissjóður selur. Frv. þetta er að vísu nokkru síðbúnara en þar var gert ráð fyrir, en stafar einkum af því, að ljóst var, að ríkið mundi leita frekari lánsheimilda en ráðgert var í fjárlagafrv. til að standa undir auknum framkvæmdum orkumála. Þær útgjaldaákvarðanir eru hins vegar ekki fullmótaðar fyrr en nú fyrir stuttu.

Á fskj. I hér er sýnd sundurliðun á fjáröflun til opinberra framkvæmda 1973 og 1974. Fyrra árið er ákvæði um lánsfjáröflun í l. nr. 8 1973, en síðara árið er hliðstætt ákvæði að hluta í fjárl. fyrir árið 1974 og að hluta í frv. því, sem hér er lagt fram. Yfirlitið leiðir í ljós, að fjáröflun eykst úr 1168 millj. kr. og verður 2169 millj., sem skiptist þannig: 255 millj. eru endurgreiðslur eldri spariskírteina, 220 millj. ný verðbréfaútgáfa og 526 millj. erlendar lántökur, en gert er ráð fyrir, að hin sérstaka lánsfjáröflun til framkvæmda í orkumálum og við landshafnir á árinu 1974 fari fram erlendis, sbr. aths. við 1. gr. frv.

Á fskj. II er síðan gerð grein fyrir því, hvernig framangreindri lánsfjáröflun er ráðstafað til helstu málaflokka. Þar eru fyrirferðarmestar Rafmagnsveitur ríkisins með 538 millj. og Rafmagnsveitur til lengingar lána 50 millj., Laxárvirkjun 100 millj., stofnlína um Norður-Suðurland 300 millj., orkurannsóknir 127 millj., sveitarafvæðing 110 millj., Skeiðarársandur 400 millj., Hafnarfjarðarvegur í Kópavogi 80 millj., aðrir vegir á vegáætlun 100 millj. Sérstakar hafnarframkvæmdir eru svo 290 millj. og endurlán vegna þeirra 56 millj. kr. 18. millj. eru til landshafna.

Ég sé ekki ástæðu til, herra forseti, að orðlengja frekar um þetta frv., enda skýrir það sig sjálft. Ég legg til, að því verði að lokinni þessari umr. vísað til fjh.- og viðskn. hv. d. og treysti því, að hv. n. geti afgreitt málið fljótt, og jafnframt, að málinu verði vísað til 2. umr.

Geir Hallgrímsson: Herra forseti. Ég mun ekki gera þetta frv. ítarlega að umtalsefni við 1. umr. hér í d. nú, þar sem ég á sæti í fjh.- og viðskn., sem ég býst við, að fái frv. til meðferðar samkv. till. hæstv. fjmrh.

Ég vil þó vekja athygli á því þegar á þessu stigi málsins, að hér er um að ræða lántökuheimildir erlendis, en þær eru auðvitað til þess fallnar, ef nýttar eru, að auka á eftirspurnina eftir vinnuafli, vörum og þjónustu innanlands, auka á spennuna í þjóðfélaginu, og þar af leiðandi hljóta slíkar lántökur erlendis, eins og aðstæður eru nú hér á landi, að verða til þess að kynda undir verðbólgubálinu.

Ég vil enn fremur vekja athygli á því, að sumar þessar lántökuheimildir byggjast á heimildargreinum fjárl., sem smeygt var inn í fjárlagafrv. á síðasta stigi meðferðar þess, og er ætlunin að nýta það fjármagn til framkvæmda, sem mjög eru ýmist umdeildar eða vanundirbúnar.

Sem dæmi þessa vil ég nefna flutningslínu raforku Norður-Suðurland, en gert er ráð fyrir að verja til hennar 300 millj. kr. Sagt er að vísu, að leggja eigi þessa línu í sumar, þannig að hún komist í notkun á næsta ári. Á næsta ári verður ekki til nein raforka hér sunnanlands til þess að flytja norður um, og því er nokkurn veginn ljóst, að þessi lína verður til lítils eða einskis gagns fyrsta árið, sem hún stendur tilbúin, og ekki fyrr en í fyrsta lagi 1976, þegar Sigölduvirkjun er lokið, ef áætlanir standast varðandi lok framkvæmda þar. Það hefur ekki verið upplýst hér, hvort búið sé að hanna þessa framkvæmd, en samkv. fróðustu manna upplýsingum er talið, að framkvæmdin ein kosti 800 millj. kr. Ef hún ber engan arð fyrsta árið og lítinn arð upp úr því, sjá allir, hversu mikil forsjálni er viðhöfð í sambandi við þessa lántöku, svo að hún sé sérstaklega gerð að umræðuefni.

Það má nefna hér fleiri dæmi. Ég get sérstaklega um ráðstöfun lánsfjár til opinberra framkvæmda að því er varðar Rafmagnsveitur ríkis-

ins, en til þeirra er gert ráð fyrir, að varið sé í heild 538 millj. kr. Þetta fyrirtæki ríkisins er nú rekið með miklum halla, og er talið, að skorti yfir 400 millj. kr. til þess að geta staðið við skuldbindingar sínar á yfirstandandi ári. En engar till. um, hvernig ráða skuli bót á fjárskorti þessa fyrirtækis, hafa séð dagsins ljós af hendi hæstv. ríkisstj.

Í heild er gert ráð fyrir, að lánsfjáröflun til opinberra framkvæmda hækki milli ára um 86%, og þótt hluti af þeirri hækkun skýrist af dýrtíðaraukningunni og verðminni krónum, er það út af fyrir sig vitnisburður um óheilbrigða verðbólguþróun, auk þess sem aukning umfram dýrtíðarhækkunina er enn til þess fallin að kynda undir verðbólgubálið. Það er hvort tveggja í senn, að þessar lántökuheimildir erlendis eru til þess fallnar að auka á dýrtíðina, að auknar lántökur bæði erlendis og innanlands eru til þess fallnar að auka á spennuna innanlands, svo að þetta frv. beri vitni um stjórnleysi í efnahagsmálum. Ég tel því, að fjh.- og viðskn. d. þurfi að kanna þetta frv. mjög nákvæmlega, áður en það kemur til 2. umr.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 11 shlj. atkv. og til fjh.- og viðskn. með 13 shlj. atkv.

Ríkisreikningurinn 1971, frv. (þskj. 397). — 3. umr.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 12 shlj. atkv. og afgr. til Nd.

Framkvæmdastofnun ríkisins, frv. (þskj. 362). — Frh. 1. umr.

Þorv. Garðar Kristjánsson: Herra forseti. Það er nú alllangt um liðið, síðan ég kvaddi mér hljóðs, en mér þótti ástæða til að gera það að lokinni ræðu hv. 1. þm. Vestf. Mér þótti rétt að tjá mig um nokkur atriði varðandi frv., sem hér er til umr., áður en það fer til nefndar.

Frv. byggist á þeirri hugsun, að það eigi að gera sérstakar ráðstafanir til þess að efla íbúðarhúsabyggingar í strjálbýlinu til jafnvægis í byggð landsins. Ég er algerlega samþykkur þessari hugsun og þessari stefnu, en ég er óánægður með það, hvernig þetta frv. er. Mér þykir það hvergi nógu vel sniðið til þess, að það geti stuðlað að lausn á svo mikilvægum vanda sem hér er um að ræða.

Í þessu frv. segir, að starfa skuli við Byggðasjóð íbúðalánadeild, sem veiti lán til sérstakrar örvunar almennum íbúðabyggingum til viðbótar lánum úr Byggingarsjóði Húsnæðismálastofnunar ríkisins, þar sem skortur á íbúðarhúsnæði stendur í vegi fyrir eðlilegri byggðaþróun. Hér er mótuð stefna þessa frv., og það er þetta, sem ég er efnislega sammála.

En það segir lítið meira í þessu frv. Það segir ekkert um það, hvað hér er um miklar aðgerðir að ræða, hvað þessi örvunarlán eiga að vera mikil, hver eiga að vera lánskjör þeirra, hvað eigi að verja miklu fjármagni til þeirra eða hvenig eigi að afla fjármagns, nema að því leyti, að í 3. gr. frv. segir, að Byggðasjóði sé heimilað að afla íbúðalánadeildinni lánsfjár allt að 100 millj. kr. á ári næstu 5 árin. En það er gert ráð fyrir því í frv., að um hin mikilvægu atriði, sem ég gat um, að engin ákvæði væru um, ætti að kveða á í reglugerð. Hvernig sú reglugerð verður, er ekki hægt að ráða af þessu frv. Það er því hendi næst að glugga í grg. Og þó að grg. sé alllöng og með ýmsum upplýsingum, segir hún ekki mikið um þessi efni, nema að því leyti, að það hlýtur að verða um stórkostleg vonbrigði að ræða.

Það er talað um það í grg., að komið geti til greina, að þessi lán, hin svokölluðu örvunarlán, nemi 30% til viðbótar við lán Húsnæðismálastofnunar ríkisins, og þá er gert ráð fyrir, að húsnæðismálalán, hin almennu lán, verði 1200 þús. kr. á íbúð. Það er fyrst að geta þess, að þó að ég hafi lagt til, bæði í þáltill. og í frv. á þessu þingi, að íbúðarlánin yrðu hækkuð í 1200 þús. á íbúð, og þó að hv. 1. þm. Vestf. virðist hafa talið það sjálfsagða till., því að hann miðar við þá upphæð, hafa stjórnvöld eða húsnæðismálastjórn ákveðið að gera þetta ekki. Ákveðið hefur verið, að lánin verði 1060 þús. kr., í staðinn fyrir 1200. Þetta gerir nokkurt strik í reikninginn. En þetta er kannske ekki aðalatriðið. Það er frá mínu sjónarmiði alger óhæfa, ef menn meina eitthvað með því að gera veruleg átök í þessu efni, að miða við, að örvunarlánin nemi 30% af hinum almennu lánum Byggingarsjóðs ríkisins, hvort sem þau eru í ár 1060 þús. kr. á íbúð eða 1200, því að þær upphæðir eru ekki hærri en það, að lánin eru milli 30 og 40% og nær 30% af byggingarkostnaði. Ef 30% bætast við það, lætur nærri, að það, sem verið er að tala um og verið er að gera skóna með þessu frv., sem sérstaklega er ætlað að aðstoða strjálbýlið til eflingar byggðajafnvægis, sé ekki meira en svo, að lánið nemi 50% af byggingarkostnaði. Þetta er gert á sama tíma sem lánuð eru 80% af byggingarkostnaði Breiðholtsíbúðanna hér í Reykjavík. Það er furðulegt, að menn skuli hreyfa slíkum hugmyndum, og enn þá furðulegra, að þeir skuli telja, að hér sé um stórar aðgerðir að ræða til að rétta hlut dreifbýlisins. Og það er ekki hugsað hærra eða stefnt hærra með þessu frv. en svo, að fólkið úti á landsbyggðinni, sem þarf að aðstoða, sé hálfdrættingar á við það fólk, sem sérstakar ráðstafanir eru gerðar til að aðstoða hér í Reykjavík.

Ég held og leyfi mér að vona, að hv. 1. flm. frv., hv. 1. þm. Vestf., hafi í raun og veru ekki gert sér grein fyrir, hvað hann var að tala um. Það er mjög miður, að hann skuli ekki vera hér, því að ég held, að hann hefði gott af því að fá nokkrar upplýsingar um þessi mál. Ýmislegt, sem hann ræddi um í sinni framsöguræðu, fannst mér vægast sagt bera vott um það, að hann hefði ekki kynnt sér sem skyldi ýmsar hliðar þess máls, sem hann var að ræða um. Kannske er það í samræmi við það, sem þessi hv. þm. sagði á síðasta Alþ., þegar við vorum

að ræða um þessi mál, að húsnæðismálalöggjöfin væri svo flókin, að það væri í raun og veru ekki á neins eins manns færi að setja sig inn í hana. En eins og ég sagði þá er hér um mikinn misskilning að ræða. Það getur hver og einn gert með því að gefa sér aðeins örlitinn tíma til að hugsa málin.

Mér þótti rétt að benda á, að hér er ekki um að ræða neitt verulegt átak til að bæta úr mikilli þörf, og það er nánast sagt háðung, að þetta skuli vera lagt til og ekki tekið af meiri myndarskap á málinu.

Ég sagði, að sumt af því, sem hefði komið fram í ræðu hv. 1. þm. Vestf., bæri kannske vott um það, að hann hefði ekki hugsað þetta mál eins og vert væri. Hann lagði í ræðu sinni og í grg. mikla áherslu á, að það væri mikil bót að því að hækka lánin til húsbygginga úti á landsbyggðinni. Þetta er sjálfsagt mál. Hann benti á í því sambandi, að það hefði líka verið miklu minna lánað út á landsbyggðina hlutfallslega en á Reykjavíkursvæðið. Hann benti líka réttilega á það, að menn veigruðu sér oft og tíðum við að fjárfesta í íbúðarhúsabyggingum úti á landsbyggðinni, þar sem mikil húsnæðisekla er og sérstakra aðgerða er þörf til þess að efla jafnvægi í byggð landsins, vegna þess að þeir óttuðust að tapa á þeirri fjárfestingu, ef þeir þyrftu að flytja í burtu. Þetta er alveg rétt.

En það kom fram hjá hv. þm. að eina leiðin væri að hækka lánin. Ég vil ekki gera lítið úr þýðingu þess að hækka lánin, þó þessi hv. þm. geri nú till. í því efni, sem mega sín lítils. En hér kemur annað til, sem þarf að gera. Það þarf að gera ráðstafanir til að koma í veg fyrir það, að einstaklingar haldi að sér höndum um íbúðarhúsabyggingar úti á landsbyggðinni af þeim ástæðum, að þeir geti ekki treyst því að fá sannvirði sinnar fjárfestingar, ef þeir þurfa að flytjast burt. Það eru þessar ráðstafanir, sem þarf að gera. Það er augljóst, að hér er um mikið vandamál að ræða.

Það er misskilningur, ef menn halda, að húsnæðismálastjórn mismuni landsbyggðinni miðað við Reykjavíkursvæðið í lánveitingum. Það er ekki gert. Þar sitja allir við sama borð í þessum efnum. En staðreyndin er sú, að það er sótt um hlutfallslega miklu færri lán utan af landsbyggðinni heldur en af Reykjavíkursvæðinu af þeim ástæðum, sem ég hef greint frá.

Í grg. þessa frv. er gerð grein fyrir þessum vanda, en ekki lausn á þessum vanda. Það er augljóst, að það verður ekki horft fram hjá þessu vandamáli og verður að snúast gegn því, og skal ég koma lítillega að því síðar.

Þá eru í grg. með þessu frv. hugleiðingar um, að það þurfi að endurskoða lögin um verkamannabústaði, til þess að þau geti þjónað betur tilgangi sínum. Ég veit ekki, hvers vegna er farið sérstaklega að tala um verkamannabústaði í sambandi við ráðstafanir til þess að efla jafnvægi í byggð landsins, vegna þess að verkamannabústaðakerfið er algerlega sérstaks eðlis og þjónar því hlutverki að aðstoða þá þegna þjóðfélagsins, sem eru verst settir og eiga erfiðast með að koma sér upp þaki yfir höfuðið, og þetta fólk er jafnt í þéttbýli sem strjálbýli. Að mínu viti á ekki að gera á þessum vettvangi neitt meira fyrir strjálbýlið heldur en þéttbýlið. Það er algerlega óraunhæft að vera að tala um slíkt. Fátækur maður er alltaf fátækur, hvort sem hann býr í Reykjavík eða úti á landi, og við berum skyldur við báða.

Hv. 1. þm. Vestf. segir, að núgildandi lög um verkamannabústaði séu óraunhæf, vegna þess að sveitarfélög hafi ekki bolmagn til að hagnýta sér þessa löggjöf. Þetta þarfnast skýringar. Það var viss galli á l. frá 1970 að því leyti, að það voru sett takmörk fyrir því, hvað sveitarfélögin gætu lagt í miklar framkvæmdir, og þau takmörk voru miðuð við, að framlag sveitarfélagsins mætti ekki nema meiru en sem svarar til 400 kr. á hvern íbúa. Ég og hv. 1. þm. Vestf. og fleiri góðir menn fluttu till. til breytinga í þessu efni, þannig að í staðinn fyrir 400 kr. á íbúa var miðað við 1200 kr. á íbúa. Þetta bætti mikið úr, enda hafa orðið samkv. hinni nýju löggjöf töluverðar framkvæmdir í verkamannabústaðabyggingum. En það er ekki nóg að gert. Það er ekki heldur þetta formsatriði, sem mest kreppir að, heldur það, að sveitarfélögin hafa í raun og veru mjög takmarkaða möguleika fjárhagslega til að standa undir sínum hlut af byggingu verkamannabústaða. En hlutur sveitarfélaganna samkv. núgildandi l. og allt frá því að verkamannabústaðakerfið var stofnað fyrir um 40 árum hefur verið 50% á móti 50% frá ríkinu. Ég held, að það þurfi í raun og veru lítið að endurskoða lögin. Menn ættu að sjá, að það, sem þarf að gera, er að auka hlut ríkisins og minnka hlut sveitarfélaganna í framlaginu til Byggingarsjóðs verkamanna, að óbreyttum tekjustofnum sveitarfélaga. Ég kem aðeins inn á þetta að gefnu tilefni, vegna þess að hv. 1. þm. Vestf. ræddi sérstaklega um þetta og það hefur verið rætt sérstaklega um þetta í grg., þó að þetta efni sé ekki í beinum tengslum við efni frv.

Ég sagði hér áðan, að ég væri algerlega sammála stefnumörkun þessa frv., þ. e. a. s. að gerðar séu sérstakar ráðstafanir til þess að efla íbúðahúsabyggingar til jafnvægis í byggð landsins, en hér væri því miður um algerlega ófullnægjandi aðgerð að ræða, eins og frv. er, vil ég leyfa mér í því sambandi að benda á frv., sem ég hef sjálfur flutt um þessi efni og er til meðferðar í hv. félmn. Þar er í fyrsta lagi lagt til, að hin almennu lán Húsnæðismálastofnunar ríkisins verði 1200 kr., eins og hv. fyrri flm. þessa frv. virðist gera ráð fyrir, að sé eðlilegt, þar sem hann miðar við þá upphæð. Þá er gert ráð fyrir í mínu frv., að veitt séu sérstök lán til þeirra byggðarlaga, sem þarf að efla til jafnvægis í byggð landsins, þannig að þau lán fái allir aðilar, hver sem byggir húsið, hvort sem það er einstaklingur, byggingarfélag eða sveitarfélag og hvort sem um eigin íbúðir er að ræða eða leiguíbúðir. Það er tekið fram, hver kjör eigi að vera á þessum lánum, og það eru nákvæmlega sömu kjör og sama lánsupphæð og ákveðið er nú í Breiðholti hér í Reykjavík, þ. e. a. s. gert ráð fyrir því, að hlutur dreifbýlisins verði ekki minni en hlutur þeirra Reykvíkinga, sem njóta góðs af Breiðholtsframkvæmdum ríkisins. Í þessu frv. er svo tekið upp nýmæli um verðtryggingu íbúða, og þannig tel ég, að verði rofinn vítahringur sá, sem nú er

fólginn í því, að fólk úti á landsbyggðinni veigrar sér við að leggja fjármuni í íbúðabyggingar, vegna þess að menn eru hræddir um, að þeir fái ekki sannvirði slíkrar fjárfestingar, ef þeir flytjast í burtu.

Ég ætla ekki að fara að lýsa þessu frv. mínu, en ég bendi á þessi atriði í frv. mínu til áréttingar og áherslu þeirri skoðun, sem ég lét í ljós áðan, að þetta frv., sem hér er til umr., gengi allt of skammt og væri nánast efnislega, hvorki fugl né fiskur, þó að þar væri mörkuð rétt stefna í almennu orðalagi.

Að lokum aðeins nokkur orð um úrlausn í sambandi við verkamannabústaði. Hv. 1. þm. Vestf. talaði um, að það eigi að endurskoða þetta. En ég hygg, að ef hann hefur athugað þetta mál, sem hann hefur haft aðstöðu til eins og aðrir þm., þá hljóti hann að vera sammála um, að það er ákaflega einföld lausn á þessu máli. Lausnin er sú, eins og ég legg til í frv. mínu um breyt. á verkamannabústaðakerfinu, að breyta hlutfallinu milli framlags ríkisins og sveitarfélaga til Byggingarsjóðs verkamanna. Í frv. mínu er lagt til, að í staðinn fyrir, að sveitarfélögin leggi fram 50% af fjármagni til Byggingarsjóðs verkamanna, leggi þau fram einungis 25%, en ríkið 75% í stað 50%, sem nú er. Nú er gert ráð fyrir í fjárlögum, að ríkið veiti til byggingar verkamannabústaða 100 millj. kr. í ár gegn jafnháu framlagi frá sveitarfélögunum. Ef till. mín verður samþ., þýðir það þreföldun á framlagi ríkisins að óbreyttu framlagi sveitarfélaganna eða samtals 400 millj. kr. til verkamannabústaðakerfisins. Ég hygg, að það sé naumast hægt að gera meiri kröfur í þessu efni en felast í þessum till. En svo er að sjá sem hv. 1. þm. Vestf. vilji gera jafnvel meiri kröfur, eftir því sem greinir í grg frv. og hann gat um í framsöguræðu sinni fyrir þessu máli. Hann sagði, að hann teldi jafnvel eðlilegt, að fjöldi verkamannabústaða verði ekki bundinn við framlag, heldur við þörf. En hvað er meint með þörf í þessu efni? Það verður að hafa í huga, hvers eðlis verkamannabústaðakerfið er og hvaða þörfum því hefur verið ætlað að þjóna. Það hefur alltaf verið reiknað með því, að verkamannabústaðakerfið ætti að sinna þörfum hinna verst settu, þ. e. a. s. að því væri beitt aðeins á takmörkuðu sviði. Þetta hefur verið gert með því að setja ákvæði bæði um hámarkstekjur og hámarkseign þeirra, sem hefðu aðstöðu til að njóta þessara hagkvæmustu lána, sem þjóðfélagið hefði að bjóða í húsbyggingarmálum. Þegar lögin um verkamannabústaði hafa verið endurskoðuð á undanförnum árum, hefur verið lagt til grundvallar, að um 10% eða rúmlega 10% íbúðahúsabyggjenda á landinu ættu að njóta aðstoðar þessa kerfis, ekki fleira fólk, vegna þess að kerfið og þjóðfélagið í heild hefði ekki efni á því að gera svo vel við fleiri, og til þess að geta gert vel við þá, sem verst eru settir, yrði að takmarka þetta þannig.

Ég minni á þetta vegna þess, að mér fannst liggja í orðum hv. 1. þm. Vestf., að það ætti að rýmka verkamannabústaðakerfið frá því, sem það hefur verið allt frá stofnun þess. Ég held, að það sé ekki rétt stefna að leggja höfuðáherslu á það, heldur, að það sé hægt að gera sem best og hafa lánin sem stærst og hagkvæmust fyrir þá, sem njóta þessara sérstöku kjara. Við skulum vona, að hægt verði í framtíðinni að bæta almennt lánakjörin, svo að það verði ekki eins skörp skil á milli verkamannabústaðakerfisins og annarra lánveitingarkerfa til íbúðahúsabygginga. En enn þá er langt í land í þeim efnum.

Ég skal ekki hafa þessi orð fleiri. Ég vildi aðeins, að þessar almennu athugasemdir kæmu hér fram þegar við 1. umr. málsins.

Helgi F. Seljan: Herra forseti. Þetta skal vera örstutt, enda mála sannast, að það er eiginlega hálfgerð skömm að því að vera að blanda sér í þessar venjulegu innanlandserjur þeirra þm. Vestf. En það er líka rétt að minna hv. síðasta ræðumann á það, vegna þess að hann virtist tala eingöngu við 1. þm. Vestf., að vitanlega stendur milliþn. í byggðamálum öll að þessu máli, og það á auðvitað eins við um hans flokksmenn þar og aðra. Hitt skil ég mætavel, bæði af því að hv. 1. þm. Vestf. hafði hér framsögu og eins af því, að þessum hv. þm. er sérstaklega hugleikið að tala við hann og hann beindi máli sínu sérstaklega til hans.

Ég held, að það sé alveg nauðsynlegt að minna á það hér, að milliþn. í byggðamálum hefur athugað húsnæðismálin mjög gaumgæfilega í heild og hinar ýmsu leiðir, sem þar ætti að fara til úrbóta. Er bent á þetta í grg. með þessu frv. Þó að ég hafi ekki átt þess kost að sitja þá fundi byggðanefndar, sem fjölluðu um þetta mál sérstaklega á síðasta stigi málsins, er mér ekki kunnugt um, að innan n. hafi verið nokkrar teljandi deilur eða nokkrar teljandi mismunandi skoðanir varðandi þetta mál.

Það er sagt frá því í grg., að ítarlegar viðræður hafi farið fram bæði við félmrh. og framkvæmdastjóra Húsnæðismálastofnunar ríkisins og ýmsa aðra aðila, sem að húsnæðismálum starfa. Því er það, að hér er aðeins um einn einangraðan þátt þessa máls að ræða, sem verið er að fara hér inn á. Og auðvitað vaknaði sú spurning í n., sem ég veit að hv. frsm. hefur talað um, þegar hann mælti fyrir málinu, hver ætti að vera hinn rétti aðili til útdeilingar þessa fjár, hvort það ætti að vera Byggðasjóður eða hvort það ætti að vera Húsnæðismálastofnun ríkisins. Niðurstaðan varð sem sagt sú, að það var ákveðið, að þetta heyrði undir Byggðasj. og hljóta veigamikil rök að mæla með því, að það sé gert.

Ég vil aðeins segja það, að hv. 5. þm. Vestf., Þorvaldur Garðar Kristjánsson, lagði á það mikla áherslu hér áðan, að þetta frv. væri ekki næg lausn. Um það erum við, sem erum í milliþn. í byggðamálum, áreiðanlega allir sammála. Hér er ekki farið fram á neina fullnægjandi lausn til handa fólki úti á landsbyggðinni varðandi t. d. þann viðbótarkostnað, sem leggst á húsnæði þess, vegna flutningskostnaðar o. fl.

Hins vegar er rétt að benda sérstaklega á það, að hér er verið að fara út á nýja braut. Byggðanefnd er sammála um, að þar sem verið er að fara hér algerlega nýja leið, eigi ekki að fara þar of geyst í sakirnar til að byrja með, ekki setja fram neinar óraunhæfar till., sem gersamlega ómögulegt er svo að framkvæma. En það

fer auðvitað ekkert á milli mála, að réttarbótin fyrir fólkið á landsbyggðinni, ef þetta frv. nær fram að ganga, er tvímælalaus.

Hver örvunarlánin eigi að vera og hvort þessar 100 millj. kr. á ári, sem þarna er gert ráð fyrir, sem sagt sú upphæð, sem þarna er, sé hin eina rétta, — ég held, að engum okkar detti í hug að halda því fram, að þarna höfum við fundið eina allsherjarlausn á málinu með þessari tölu. En hún hefur eflaust verið sett að vel athuguðu máli, þótt ég kæmi ekki nálægt endanlegri afgreiðslu þess.

En ég vildi aðeins varðandi þetta, segja: Hér er verið að fara nýja leið. Hér er sannarlega verið að vinna myndarlega að því að leiðrétta að nokkru hlut landsbyggðarfólksins. Þá langar mig til að spyrja, af því ég er kannske þessu máli svo ókunnugur og hv. þm. Vestf. Þorvaldur Garðar talaði hér um þá miklu háðung, sem þetta frv. væri, hvað lítill myndarskapur væri yfir því, það væri nánast hvorki fugl né fiskur og annað því um líkt. Það er sannarlega gaman að heyra þetta, og ég er sannfærður um, að hv. þm. talar hér ekki um efni fram. Það væri sannarlega gaman, fyrir a. m. k. mig, sem væri þessu þá svona ókunnugur, að heyra sambærilegar tölur um aðstoð við landsbyggðarfólkið í tíð þeirrar viðreisnarstjórnar, sem hv. þm. studdi hvað dyggilegast og hafði mjög mikil áhrif í húsnæðismálum einmitt. Ég hefði sannarlega gaman af því að heyra sambærilegar tölur frá þeim tíma. Og þá, þegar ég er búinn að heyra þær og sannfærast um, að þá hafi verið betur gert við fólk landsbyggðarinnar alveg sérstaklega, skal ég taka undir með honum, ef þær tölur eru svona glæsilegar eins og hann gaf í skyn, að vafalaust er lítill myndarskapur yfir þessu frv.

Flm. (Steingrímur Hermannsson): Herra forseti. Það mun vera rétt hjá hv. 5. þm. Vestf., að hann flytur á þessu þingi frv. um svipað mál, húsnæðismál dreifbýlisins. Ég hélt satt að segja, að hann hefði þegar haldið framsöguræðu og hún jafnvel birst í Morgunblaðinu, og ég sé ekki ástæðu til þess, að þessu máli hafi verið frestað svo mjög til þess eins að koma þeirri ræðu aftur á framfæri. Ég heyrði sáralítið nýtt.

Ég get raunar að flestu leyti vísað til hv. síðasta ræðumanns. Hann svaraði ágætlega fyrir hönd milliþn. í byggðamálum, og þarf ég ekki að hafa mörg orð um það. Því miður gat, að því er virtist, hv. 5. þm. Vestf. ekki verið inni og hlustað á það, en ég vísa honum þá á Alþingistíðindi. Hann getur lesið það þar, þannig að ég get sleppt að svara að verulegu leyti.

Ég vil aðeins leggja áherslu á það, sem kom fram hjá síðasta hv. ræðumanni, að hér er að sjálfsögðu um að ræða frv., sem milliþn. allra flokka í byggðamálum stendur að. Á það er lögð áhersla í grg. N. var vel kunnugt að sjálfsögðu um frv. hv. 5. þm. Vestf. En líklega hefur n. ekki talið það raunhæft, svo að hún taldi þess vegna nauðsynlegt að flytja þetta mál.

Ég vil vekja athygli á því, sem kom raunar einnig fram hjá hv. þm. Helga Seljan, að hér er aðeins um að ræða einn þátt í þeirri leiðréttingu, sem þarf að gera og er verið að gera á íbúðamálum landsbyggðarinnar. Bygging 1000 leiguíbúða er að hefjast, þar sem sömu kjör eru boðin og við Breiðholtsframkvæmdirnar. Þar er um ákaflega mikilvægan þátt í þessari leiðréttingu að ræða. Auk þess kemur fram í þeirri grg., sem fylgir þessu frv., og kom einnig fram í framsöguræðu minni, að milliþn. í byggðamálum hefur vakið athygli ráðamanna á ýmsum öðrum þáttum og fengið mjög góðar undirtektir hæstv. félmrh. N. er sannfærð um, að þeim málum verður hreyft við endurskoðun á húsnæðismálalöggjöfinni, sem er væntanleg, og þar mun enn fást mikilvæg leiðrétting á þessu máli.

Ég get út af fyrir sig skilið það ákaflega vel, að fyrir hv. þm., sem átti hlut í Breiðholtsframkvæmdunum, sem bundnar voru í lögum við Reykjavík eina, sé knýjandi að standa á leiðréttingum á þeim órétti, sem landsbyggðinni var með þeim gerður.

Ég vil loks einnig geta þess, að þetta frv. hefur verið samið að viðhöfðu samráði við landshlutasamtökin utan Reykjavíkur og Reykjanessvæðisins. Milliþn. í byggðamálum hefur átt fundi með öllum þessum samtökum, á öllum þeim fundum hafa húsnæðismálin mjög verið rædd, og á öllum þessum fundum komu fram þær hugmyndir, sem fram koma í frv. Þetta kemur enn fram í samþykkt eða ályktunum, sem samstarfsnefnd Vestfirðinga, Austfirðinga, Norðlendinga og Vestlendinga gerði á fundi á Hótel Sögu 6.—7. mars 1974, þ. e. a. s. í gær. Þar er minnst á þetta frv. — þetta frv. eitt — og lögð á það rík áhersla, að frv. þetta fái afgreiðslu á þessu þingi. Þarna kemur því fram, að það nýtur mjög mikils stuðnings þessara samtaka.

Ég ætla ekki að fara út í almennar umr. um verkamannabústaðina og fleira. Þeir koma til umr. síðar og þar verður gerð breyting á, það er ég sannfærður um. Þá fást tækifæri til að ræða þau mál nánar.

Ég vil aðeins endurtaka það, að ég harma, að dráttur hefur orðið á afgreiðslu þessa máls hér í d. En ég treysti því, að málið fái hins vegar skjóta afgreiðslu í n., enda er ljóst af því, sem ég vísaði til áðan, að það nýtur almenns stuðnings.

Alexander Stefánsson: Herra forseti. Mér finnst ástæða til þess að taka aðeins þátt í þessum umr., því að þetta mál og húsnæðismálin raunar almennt snerta landsbyggðina mikið, og er mjög þýðingarmikið, að hreyft sé við þessari löggjöf í því skyni að auka fjármagn til bygginga úti um landsbyggðina.

Ég vil taka undir það, sem hv. fyrri flm. þessa frv. tók fram áðan, að á fundum landshlutasamtaka sveitarfélaga, hefur byggðanefnd, milliþn. í byggðamálum, kynnt rækilega þessi mál og fengið um þau á þingum sveitarstjórnarmanna í landinu mjög haldgóðar upplýsingar um, hversu víðtækt þetta vandamál er um landsbyggðina. Og eins og hann tók fram áðan, hafa þessi landshlutasamtök enn ítrekað það, að þau telja, að þetta frv. miði í rétta átt. Ég vil hins vegar taka undir það, sem 5. þm. Vestf. sagði hér áðan, að að sjálfsögðu gengur þetta ekki nægjanlega langt. Um það getum við allir sjálfsagt verið

sammála. Ég vil segja það hér, að mér finnst till. hans um húsnæðismál, sem hér liggur fyrir, vera mjög æskileg á margan hátt, ef mögulegt væri að framkvæma hana, þ. e. a. s. ef nokkur hugsanlegur möguleiki væri á því að fá fjármagn til að framkvæma þá hugsun, sem á bak við hana býr. En því miður er ástandið þannig í okkar málum og hefur verið um margra ára bil, eða frá því fyrst var sett löggjöf um húsnæðismálastofnun, að fjármagn hefur alltaf skort, og raunverulega er það mergur málsins, því miður, að við komumst sjaldan nægjanlega langt á þessu sviði einmitt vegna þess, að fjármagnið er ekki til.

Í sambandi við verkamannabústaðina vil ég segja það, úr því að því hefur verið hreyft hér í framsögu og grg. með þessu frv., að það, sem landsbyggðin hefur fyrst og fremst haft út á löggjöfina um verkamannabústaði að setja, er, að minni sveitarfélög í landinu hafa ekki getað hagnýtt sér þessa merku löggjöf, sem allir eru sammála um, að hefur verið það frá fyrsta degi og hefur komið mörgu góðu til leiðar í sambandi við húsnæðismál í landinu. En minni sveitarfélögin hafa ekki getað hagnýtt sér þetta, vegna þess að þann áfanga, sem lögin gera ráð fyrir og væri nauðsynlegt að framkvæma, hefur ekki tekist að fjármagna með framlagi sveitarfélaganna. Ef það væri hægt að koma þeirri breytingu inn í lögin, að hluti ríkisins til byggingar verkamannabústaða í smærri sveitarfélögunum yrði hækkaður í allt að því, sem hv. 5. þm. Vestf. leggur til, þá væri það spor í rétta átt.

Ég vil benda á það, að í grg., sem fylgir þessu frv., er í 6 liðum farið inn á málefni byggingamálsins í heild. Allir þessir liðir hafa verið mjög til umræðu á vegum sveitarfélaganna í landinu, og einmitt þar er minnst á þau atriði, sem hafa gert þessi mál mjög erfið.

Ég held, að það sé rétt tekið fram, að sveitarstjórnarmenn, sem mest fjalla nú um þetta í landshlutunum, hafa verið sammála um, að þetta frv., sem hér liggur fyrir, sé spor í rétta átt til þess að leysa þetta vandamál. Ég vil þess vegna leggja á það áherslu, að ég tel, að það sé nauðsynlegt, að þetta frv. nái fram að ganga. Jafnframt vil ég undirstrika, að það er alveg hárrétt, sem hv. 5. þm. Vestf. segir, að það er ekki hægt að una við það öllu lengur, að lán til húsbygginga almennt skuli ekki ná þeirri fjárhæð, sem hækkun byggingarvísitölu gefur til kynna á hverjum tíma. Það væri út af fyrir sig mikil framför í sambandi við lánveitingar til húsbygginga, ef það væri hægt að koma því í framkvæmd, að lán til húsbygginga hækkuðu sjálfkrafa í samræmi við byggingarvísitölu á hverjum tíma.

Ég vil svo í sambandi við Breiðholtsframkvæmdirnar, sem eru margrætt mál, lýsa því, að það var óréttur gagnvart landsbyggðinni á sínum tíma, þegar þetta fyrirkomulag var tekið upp, að það skyldi ekki hafa verið séð um, að það næði einnig út á landsbyggðina. Ég tel, að þess vegna sé enn brýnna en áður, að við fáum í staðinn framkvæmdir og lánafyrirgreiðslu, sem jafnar þessi met, sem óneitanlega eru mörgum byggðarlögum nú þegar til stórtjóns. Ég trúi því, að ef menn leggjast á eitt og hv. alþm. vilja í raun og veru leiða þetta mál fram til hins betra fyrir landið í heild, hljóti að vera hægt að finna tök á því að gera hinum dreifðu byggðum, mörgum byggðarlögum, sem þetta stendur fyrir þrifum, mögulegt að greiða fyrir húsbyggingum, svo sem er mjög brýnt, eins og nú er háttað.

Þorv. Garðar Kristjánsson: Herra forseti. Ég hef nú ekki í raun og veru miklu að svara, en mér þykir þó rétt að standa hér upp.

Ég vil leyfa mér að þakka hv. síðasta ræðumanni, hv. 1. þm. Vesturl., Alexander Stefánssyni, fyrir það, sem hann sagði m. a. í sambandi við frv. það, sem ég flyt um húsnæðismál, og hefur komið hér lítillega til umr. Ég hygg, að þær skoðanir, sem komu fram hjá honum, séu einmitt mjög almennar hjá þeim mönnum, sem mest hafa hugsað um þessi mál úti á landsbyggðinni og mest hefur mætt á í sambandi við húsnæðismálin. Ég held, að það sé nánast vandfundinn sá maður, sem mótmælir því, að æskilegt væri, að gera þær ráðstafanir, sem ég legg til í þessu efni. Annað mál er það, að menn hafa, eins og oft er, kannske mismunandi skoðanir á því, hvað sé framkvæmanlegt, og menn hafa mismunandi skoðanir á því, hvað sé hægt að treysta núv. ríkisstj. til þess að gera mikið í þessu efni. Ég er kannske of bjartsýnn í því efni, þegar ágætir stuðningsmenn ríkisstj. treysta sér ekki til þess að reyna að stefna fram á við í þessum málum, eins og ég hefði viljað að gert væri.

Hv. 1. þm. Vestf. sagði í raun og veru ekki mikið, sem ég þarf að svara. Ég vona, að við séum sammála um, að það þurfi að gera raunverulegt átak til þess að efla íbúðarhúsabyggingar úti á landsbyggðinni og þar með að efla jafnvægi í byggð landsins.

Ég tók það fram í minni fyrri ræðu, að ég væri algerlega samþykkur þeirri stefnumörkun, sem fælist í þessu frv. Ég margtók það fram. Og ég verð að segja, að mér þótti hálf undarleg ræða, sem hv. þm. Helgi Seljan flutti, þar sem hann virtist leggja höfuðáherslu á að gera orð mín tortryggileg í því efni, að ég væri ekki samþykkur þessari stefnu. Ég sagði ekki, að hún væri háðung. Ég sagði hins vegar, að það skorti á raunhæfar aðgerðir samkv. þessu frv. til þess að framkvæma þessa stefnu. Það var meginkjarninn í þeirri ádeilu, sem ég flutti hér. Og ég held, að það hljóti allir að vera mér raunverulega sammála um þetta, þegar menn hafa í huga, að samkv. þeim hugleiðingum, sem settar eru fram í sambandi við þetta frv., verða þessar sérstöku ráðstafanir við landsbyggðina ekki meiri en þær, að það verði lánað um 40% af byggingarkostnaði íbúða, á sama tíma og hin sérstaka aðstoð til hinna verst settu í Reykjavík, þeirra sem byggja hinar svokölluðu Breiðholtsíbúðir, er sú, að það eru helmingi hærri lán eða 80% af byggingarkostnaðinum. Þetta er það, sem mér þykir háðung, og ég fyrirverð mig ekki fyrir að segja það: þetta er háðung.

Hv. 1. þm. Vestf. og raunar hv. þm. Helgi Seljan komu inn á Breiðholtsíbúðirnar og hlut fyrrv. ríkisstj. í því sambandi og í húsnæðismálunum yfirleitt, eins og mér skildist, að hv. þm. Helgi Seljan vildi gera. Ég ætla nú ekki að fara

að hefja eldhúsdagsumræður um svo viðamikið mál sem þetta. Ég vil aðeins leiðrétta misskilning. Þegar lögin, sem heimiluðu Breiðholtsframkvæmdirnar, voru sett, voru þau ekki einungis miðuð við Reykjavík, heldur var það almenn löggjöf, og ríkisstj. gat staðið fyrir hliðstæðum framkvæmdum, hvar sem var á landinu. Hins vegar var hafist handa í Reykjavík af sérstökum ástæðum, vegna þess að þessar framkvæmdir bar að sem lið í kaupgjaldssamningum 1965. En það var alltaf hugmynd mín o. fl., að það ætti að halda áfram á sömu braut úti á landsbyggðinni og það yrði að gera. Það kann að vera, að fyrrv. ríkisstj. hafi ekki brugðið nógu fljótt við til að hefja slíkar framkvæmdir úti á landsbyggðinni, jafnvel þó að ekki væri lokið þessu mikla átaki hér í Reykjavík. En þegar núv. ríkisstj. ætlar að fara að gera hluti til stuðnings við dreifbýlið, er það ekki í stærra formi en það, eins og ég hef hér bent á, að það er helmingi minni aðstoð en veitt var í Breiðholtinu og hægt var að gera samkv. hinni almennu löggjöf, sem Viðreisnarstjórnin fékk setta, ef það væri manndómur í núv. stjórnvöldum, til þess að framkvæma slíka löggjöf. Þetta er sannleikurinn og samanburðurinn um þennan þátt húsnæðismálanna. Ég held, að ég hlífi hv. þm. Helga Seljan við að gera almennan samanburð á frammistöðu Viðreisnarstjórnarinnar í húsnæðismálunum og núv. ríkisstj. Það er á allra vitorði, hvernig ástandið er í þessum málum. Eftir að við erum smám saman búnir að sækja fram í tíð Viðreisnarstj. til þess að efla íbúðalánastarfsemina, hækka lánin, lengja lánstímann, gera þau meiri hluta af byggingarkostnaði en áður var, hefur á síðustu árum allt snúist í þessu efni á öfuga hlið. Þetta eru staðreyndir, sem ekki þarf að rekja hér, og ég skal ekki angra hv. dm. með því að rifja það frekar upp.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 11 shlj. atkv. og til félmn. með 11 shlj. atkv.

Neðri deild, 75. fundur.

Föstudaginn 8. mars, kl. 2 miðdegis.

Orlof, frv. (þskj. 71, n. 369, 452). — Frh. 2. umr.

Frsm. (Ólafur G. Einarsson): Herra forseti. Þegar mál þetta var til umr. hér fyrir nokkru, var nokkur meiningarmunur um það, hvort frv., eins og það var þá orðað, næði þeim tilgangi, sem ég held, að öllum hafi verið ljóst, hver væri. Ég fór þá fram á það, að umr. yrði frestað, til þess að félmn. gæfist tóm til þess að skoða málið betur. Félmn. hefur gert það og til þess að taka af öll tvímæli hefur n. lagt fram brtt., sem er svo hljóðandi:

„1. gr. orðist þannig: Á eftir 2. mgr. 4. gr. laganna komi ný málsgr., er orðist svo:

Þrátt fyrir ákvæði 1. málsl. 3. gr. laga þessara er skólafólki, sem stundar nám við viðurkennda skóla, þó heimilt að taka allt orlof sitt utan orlofstímabilsins og fá orlof sitt greitt, ef það óskar, á því orlofsári, sem orlofsréttur myndast.“

Með þessu móti, eins og brtt. er nú orðuð, sýnist mér, að ekki ætti að leika neinn vafi á því, við hvað er átt, og tekin verði af öll tvímæli.

ATKVGR.

Brtt. 452 (ný 1. gr.) samþ. með 22 shlj. atkv.
2. gr. samþ. með 27 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 27 shlj. atkv.

Neðri deild, 76. fundur.

Föstudaginn 8. mars, að loknum 75. fundi.

Orlof, frv. (þskj. 71). — 3. umr.

Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði samþ. með 26 shlj. atkv.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 27 shlj. atkv. og afgr. til Ed.

Skattkerfisbreyting, frv. (þskj. 449). — Frh. 1. umr.

Bjarni Guðnason: Herra forseti. Þetta frv., sem hér liggur fyrir til umr., ber fyrirsögnina „frumvarp til laga um skattkerfisbreytingu“. Engu að síður er ljóst, að í sambandi við þetta frv. gefst tilefni til og reyndar nauðsyn að ræða nýgerða kjarasamninga atvinnurekenda og ASÍ, einnig verðlagsþróunina í landinu og loks efnahagsmálin í heild. Allt er þetta nátengt. Að sjálfsögðu mun ég ekki fara út í þessi atriði öll. En engu að síður þykir mér ástæða til að fara nokkrum orðum um nýgerða kjarasamninga, vegna þess að þeir eru beint tilefni til þess frv., og enn fremur að fara nokkrum orðum um þá verðbólgu, sem tröllríður nú þjóðfélaginu, áður en ég kem að sjálfu frv., sem hér er til umr.

Eins og kunnugt er, voru nýlega gerðir kjarasamningar aðila vinnumarkaðarins til tveggja ára og virtist árangurinn vera harla fagur. Fyrir utan margvíslega sérsamninga fyrir einstök verkalýðsfélög var það álit margra, að almenn kauphækkun verkafólks í landinu nálgaðist allt að 20%. En jafnframt þessu greiddi núv. ríkisstj. fyrir samningum með því að gera samkomulag við samninganefnd ASÍ um lagfæringu á tekjuskattinum og úrbætur í húsnæðismálum. En um þetta má segja, að ekki er allt gull, sem glóir. Strax að lokinni samningagerð lýstu fyrirsvarsmenn bæði Alþýðusambands Íslands og atvinnurekenda yfir því, að hér væri um verðbólgusamninga að ræða, atvinnuvegirnir gætu ekki borið uppi þessa kauphækkun og launabæturnar hlytu að koma fram

í hækkuðu verðlagi. Á þetta sjónarmið virtist ríkisstj. raunar hafa fallist, og þannig voru allir aðilar: samninganefnd ASÍ, atvinnurekendur og reyndar ríkisstj. á einu máli um, að kaupbæturnar færu fljótlega eða nánast strax út í verðlagið, árangurinn yrði þá lítill sem enginn og gengisfelling jafnvel á næstu grösum. Þó má geta þess, að hagspekingar tala um nýja tegund gengisfellingar, sem á að gerast í smáskömmtum, smáskammtalækningar, en ekki í stórum stökkum, og eru það mikil fagnaðartíðindi í stjórnarherbúðunum.

Og verðhækkanirnar létu ekki á sér standa. Það hefur tekið marga mánuði að fá fram nýja kjarasamninga og launabætur, en áður en blekið var þornað á samningunum og áður en vikukaupsmenn höfðu notið hinna nýju launabóta, var tilkynnt um mikla hækkun búvöruverðs, sem ekki nam minna af hundraði en sjálf grunnkaupshækkunin, og jafnframt hringdi svo dýrtíðarbjallan og glumdu í eyrum almennings nýjar og nýjar hækkanir á vörum og þjónustu, farmgjöld, fluggjöld, rafmagn, hitaveita, bensín o. s. frv., o. s. frv., endalaus röð af verðhækkunum, sem ekki voru mældar í 1 og 2%, heldur í tugum prósenta og jafnvel upp í 40—50%. M. ö. o.: margra mánaða kaupgjaldsbarátta verkafólks í landinu hverfur eins og dögg fyrir sólu á nokkrum vikum eða jafnvel á nokkrum dögum. Eftir sitja svo launþegar með sárt ennið, og atvinnurekendur stynja þungan og telja, að rekstrargrundvöllur fjölmargra fyrirtækja sé jafnframt brostinn eða nálega brostinn.

Ég hef gert hér smáathugun á kaupmætti verkafólks í sambandi við verð á búvöru, eins og það var í upphafi valdaferils núv. ríkisstj. og eins og það er í dag. Ég vil biðja hv. þm. að hafa á þessu tilhlýðilegan fyrirvara, en mér hefur reiknast dæmið á þessa lund:

Þetta er um kaupmátt vikukaups Dagsbrúnar samkv. 5. taxta, hafnarvinna. Er hér getið í dæminu 100 14. júlí 1971, þegar ríkisstj. tók við völdum. Þá var vikukaup samkv. þessum taxta 3859 kr., en er nú 8304 kr. samkv. sama taxta, hvort tveggja reiknað með fullri vísitölu og með fullri starfshækkun. Gagnvart búvöru er kaupmáttur Dagsbrúnartaxtans nú þessi, og tel ég þá hér kaupmáttinn 100 14. júlí 1971:

Nýmjólk, 1 lítra hyrna kostaði 14. júlí 1971 12.60, nú kostar hún 4. mars 32.60 kr. Það merkir, að kaupmátturinn er 83.2. Skyr, 1 kg kostaði 14. júlí 1971 27.30, nú kostar það 73 kr., kaupmáttur 80.5. Rjómi, 1 lítra ferna kostaði 119.20 1971, núna 266 kr., kaupmáttur 96.4. Smjör, 1 kg, 1. fl., 130 kr. 1971, nú 464 kr., kaupmáttur 60.3. Ostur, 45%, 14. júlí 1971 122 kr., nú 313 kr., kaupmáttur 83.9. Dilkakjöt, 1. flokkur, 101.50 1971, núna 269 kr., kaupmáttur 81.2. Súpukjöt, 1 kg, 112 kr. 1971, nú 290 kr., kaupmáttur 83.1. Léttsaltað, 1 kg, 137 kr. 14. júlí, nú 341 kr., kaupmáttur 86.5. Og loks kartöflur, 5 kg pokinn kostaði 14. júlí 1971 50 kr., nú kostar hann 182 kr., kaupmáttur 59.1. — Þetta er ömurlegur lestur.

Flestum þeim mönnum, sem komnir eru til vits og ára, er ljóst, að hér stefnir í fullkomið óefni. Má vel vera, að hæstv. fjmrh. teljist ekki í þeirra tölu. Stjórnin virðist láta gersamlega reka á reiðanum, og þegar málin eru komin í þetta, þá er vert, að þm. spyrji, og raunar öll þjóðin: Hvar eru úrræði ríkisstj. til þess að reyna að hefta eða draga úr þessari óheillaþróun? Enginn ætlast til þess, að ríkisstj. geti stöðvað verðbólguna, enda er hún öðrum þræði alþjóðlegt fyrirbæri. En ríkisstj. ber vissulega skylda til að reyna að draga úr innlendum forsendum til verðbólgumyndunar. Mér virðist þvert á móti flestar aðgerðir hennar hafa verið af þeim toga að kasta olíu á verðbólgubálið, og ríkisstj. er í raun og veru með stefnu sinni komin inn í einhvers konar vítahring. Ríkisstj. eyðir og eyðir, pumpar stöðugt meiru og meiru fé út í þjóðfélagið, sem auðvitað glæðir verðbólguna og eykur þar af leiðandi kostnaðinn. Þess vegna þarf ríkisstj. meira og meira fé í ríkissjóð. Og þess vegna hefur það orðið hið ömurlega hlutskipti þessarar ríkisstj., að það er eitt meginverkefni hennar að reyna að ná í meira og meira fé af almenningi, ná með öllum hugsanlegum leiðum fé af almenningi, meiri og meiri skattheimtu, þannig að þetta er nátengt, eyðsla og skattheimta, þetta er vítahringur og er orðið eitt helsta auðkenni núv. ríkisstj. Og verðbólgan er samkv. opinberum skýrslum á árinu 1973 28% á ári hér á Íslandi. Það er eitt land í Evrópu, sem hafði svipaða verðbólgu, og ríkisstj. til mikillar ánægju get ég nefnt það land, það er Grikkland. Önnur ríki voru með verðbólgu frá 7 og upp í 12%. Og nú eru horfur á því, að verðbólgan verði um 40% á árinu 1974, ef ekkert er að gert. Þess vegna spyr ég aftur: Treystir ríkisstj. sér í raun og veru að láta þetta dankast áfram endalaust?

Að sjálfsögðu munu margir þm. úr stjórnarherbúðunum, sem ég taldist einu sinni til, bera mér á brýn, að ég sé að bregðast stjórninni, og það er náttúrlega pólitískur málflutningur þeirra. En ég hygg satt að segja, að það sé ríkisstj., sem hafi hlaupist frá stefnumálum sínum. Og til þess að sanna það ætla ég nú að koma með örlítið innskot í þennan málflutning minn, þm. til ánægju og sérstaklega hæstv. fjmrh., og lesa örlítið upp úr Ólafskveri, þ. e. a. s. stefnuskrá ríkisstj., til þess að sjá, hvernig stefnumiðin koma heim við þá stefnu, sem rekin er hér í efnahagsmálum. Þannig segir í dæmi 1 með leyfi hæstv. forseta:

„Ríkisstj. leggur ríka áherslu á, að takast megi að koma í veg fyrir þá háskalegu verðlagsþróun, sem átt hefur sér stað í efnahagsmálum undanfarin ár og leitt hefur til síendurtekinna gengislækkana og óðaverðbólgu. Hún mun leitast við að tryggja, að hækkun verðlags hér á landi verði ekki meiri en í helstu nágranna- og viðskiptalöndum.“ — Það var nú það. — „Í því skyni mun hún beita aðgerðum í peninga- og fjárfestingarmálum og ströngu verðlagseftirliti.“ — Hvar er þetta niður komið? — „Til þess að ná þessu marki vill stjórnin hafa sem nánast samstarf við samtök launafólks og atvinnurekenda um ráðstafanir í efnahagsmálum.“

Mér eru þær gerókunnar, þessar ráðstafanir í efnahagsmálum, sem eiga að leggjast gegn verðbólguþenslu í þjóðfélaginu. Þetta var þáttur 1.

Þáttur 2, með leyfi hæstv. forseta:

„Auk þeirra kjarabóta, er að framan greinir, telur ríkisstj., að með nánu samstarfi launafólks og ríkisstj. sé mögulegt að auka í áföngum

kaupmátt launa verkafólks, bænda og annars láglaunafólks um 20% á næstu tveimur árum, og mun hún beita sér fyrir, að því marki verði náð.“

Ef ég fer með rétt mál varðandi kaupmátt verkafólks gagnvart búvöruverði, hefur ekki kaupmáttur launa vaxið um 20%, heldur rýrnað verulega.

3. þáttur, með leyfi hæstv. forseta:

„Ríkisstj. mun beita sér fyrir eftirtöldum ráðstöfunum í efnahagsmálum: Að söluskattur á ýmsum nauðsynjavörum verði felldur niður.“

Þetta er meira að segja tekið orðrétt upp úr stefnuskrá Framsfl., og það var eitt helsta baráttumál núv. hæstv. fjmrh. að berjast gegn hækkun söluskatts, þegar hann var í andstöðu við ríkisstj. Nei, nú á ekki að fella niður söluskatt á ýmsum nauðsynjavörum, heldur koma söluskattinum upp í þær upphæðir, sem varla er hægt að teygja sig til.

Og síðan kemur 4. atriði, með leyfi hæstv. forseta:

„Að gagnger athugun fari fram á núgildandi verðlagningu á sem flestum sviðum í því skyni að lækka verðlag eða hindra verðlagshækkanir.“

Svo mörg eru þau orð. Ég spyr: Eru svona orð án framkvæmda tekin upp úr Speglinum eða stefnuskrá núv. ríkisstj. á Íslandi?

Af þessum sökum leyfi ég mér að draga þá ályktun, að það sé enginn fótur fyrir því, þegar er verið að bera þær ádeilur á mig, að ég hafi brugðist ríkisstj. í efnahagsmálum, þvert á móti. Það er ríkisstj., sem hefur ekki haft tök á því eða ekki getu til þess að fylgja fram þeim málefnasamningi, sem ég stóð að í upphafi ásamt öðrum stjórnarþm. En af þessu hefur leitt, að ég á ekki lengur samleið með núv. ríkisstj. í efnahagsmálum. Ég vil orða þetta eins og hv. þm. Björn Pálsson gerir stundum: Ég tek ekki þátt í svona hringavitleysu. Þess vegna er nú málum komið svo hér á Alþ., að ríkisstj. hefur ekki þinglegt bolmagn til þess að seilast frekar ofan í vasa almennings, og þá eru góð ráð dýr.

Jú, ein leið var til. Það var að fá samtakamátt alþýðusamtakanna til þess að samþykkja skattbreytingu og þannig reyna að koma með þessi mál inn um bakdyrnar, ef svo mætti segja. Áður en ég kem að vandamálinu um það, að hve miklu leyti Alþingi Íslendinga beri að taka tillit til samþykkta af þessu tagi, vil ég aðeins koma með smáforsögu.

Ég las það í blöðum, að ríkisstj. hefði á vissu stigi samningaviðræðnanna borið upp þá till. við samninganefnd Alþýðusambands Íslands, að hún samþykkti tollalækkanir, en jafnframt samþykkti þá ASÍ 1% söluskattsstig í staðinn. M. ö. o.: ríkisstj. Íslands hafði ekki haft bolmagn til þess að koma þessu fram á þingi rétt fyrir jól, en þá á að fara að ræða þessi mál við fulltrúa samninganefndar Alþýðusambands Íslands, hvort samninganefndin fallist á tollalækkanir og 1% söluskattsstig á móti. Hvað er hér verið að gera? Þetta er beinlínis svívirðing við Alþ. sem stofnun. Hugmyndin er sú hjá ríkisstj., að því er virðist, að reyna að fá svona samþykkt og reyna svo að standa í þeirri trú, að þm. séu gungur og samþykki svona hluti, af því að það kemur með stuðningi forustumanna Alþýðusambands Íslands. Hér átti m. ö. o. að nota þessa stöðu til þess að knýja þm. til þess að samþykkja eitt söluskattsstig, sem ekki hafði þingfylgi. Ef þetta er rangt meðfarið hjá mér, þá leiðréttir hæstv. fjmrh. það, en þetta las ég í blöðum oftar en einu sinni og hef það fyrir satt, meðan ég veit ekki betur. (**Gripið fram í:** Hvaða blöðum?)

Nú er komið að miklu vandamáli. Það er, að hve miklu leyti samþykktir, sem gerðar eru milli ríkisstj. og samninganefndar ASÍ, eigi að hafa áhrif á gerðir alþm? Um þetta má margt segja, en ég vil þó í upphafi segja það, að sú þróun að draga inn í samningagerð við verkafólk úrbætur í skattamálum og húsnæðismálum er óeðlileg. Úr því að hér situr við völd ríkisstj., sem kallar sig stjórn vinnandi fólks, ber henni þá ekki skylda til að leysa þessi mál sjálfstætt? Þarf virkilega kaupgjaldsbaráttu verkalýðsins, til þess að ríkisstj. hefjist handa um úrbætur í húsnæðismálum eða skattamálum? Auðvitað ber ríkisstj., sem vill bera nokkra ábyrgð, að reyna að leysa þessi mál eftir félagslegum leiðum í anda hins vinnandi fólks í landinu og þá jafnvel kanna, ef hún vill, hvaða óskir þessi máttugu félagssamtök hafa í þessum efnum. Hún á að leysa þessi mál sjálf. Eða hvaða vit er í því að sitja mestmegnis auðum höndum í húsnæðismálum á þriðja ár og þá allt í einu fara að tala um úrbætur í húsnæðismálum í sambandi við launabaráttu verkafólks og meira að segja gefa úrbætur upp sem einhvers konar víxil fyrir næstu stjórn: þetta á að gerast í tíð næstu stjórnar? Og í sambandi við skattamálin, ég spyr, á ekki ríkisstj. að reyna að leysa skattamálin og hafa skattheimtuna þannig, að hún sé viðunandi fyrir verkafólk í landinu? Þarf samtakamáttur verkalýðsins að koma til, svo að stjórn hins vinnandi fólks lagfæri skattamálin? Mér er spurn. Og svo þegar vinnubrögð eru af þessu tagi og ríkisstj. gerir þessa samninga við verkafólk, þá telur hæstv. fjmrh., að það sé óvirðing við alþýðusamtökin, ef Alþ. samþykkir ekki einróma þessa skattbreytingu, sem hér um ræðir.

Ég vil benda á eitt: Verkafólk og launþegar óskuðu eftir því að lækka tekjuskattinn. En verkafólki og launþegum kemur ekki ýkjamikið við í reynd, á hvern hátt það er gert. Það er í raun og veru ekki samningsatriði, og það er Alþingis að ákveða slíka hluti. Það eru ekki hagsmunahópar úti í bæ, sem búa hér til löggjöf. Það er sjálfsagt og nauðsynlegt að hafa fullt samstarf og fulla samvinnu við alþýðusamtökin, en hitt, að afhenda löggjafarvaldið til ákveðinna hópa, það er ekki gerlegt, enda ekki ætlunin, og ég tala nú ekki um, þegar forustumenn verkalýðsins virðast eins gersamlega sneyddir viti á skattamálum og verðbólgumálum og kemur fram í þeirri skattbreytingu, sem hér um ræðir.

M. ö. o.: ég vil leggja áherslu á það, að löggjafarvaldið er á hinu háa Alþ., og það er gagnslaust að beita þeirri aðferð við þm. að gera samning við Alþýðusambandið og telja svo, að Alþ. sé að sýna alþýðusamtökunum óvirðingu,

þó að forustumenn alþýðusamtakanna séu svo vitlausir að gera svona samninga eins og um skattatilfærsluna.

Ég lít svo á, að þetta frv., sem hér liggur fyrir, sé af tvennum toga spunnið: Í fyrsta lagi að lækka tekjuskattinn, sem full nauðsyn er á og ég hef hvað eftir annað vakið máls á og reynt að berjast fyrir. Ríkisstj. hefur ekki hlustað á það fyrr en fyrst núna, að verkalýðurinn þarf með samtakamætti sínum að knýja ríkisstj. til þess. Og svo er það hinn þátturinn í þessu frv., að reyna um leið að seilast til meira fjármagns en tekjulækkuninni nemur, og það held ég, að sé eitt meiginatriðið í þessu frv. þrátt fyrir allt.

Varðandi frv. sjálft verð ég að segja það, að það er illt yfirferðar og torlæsilegt. Í fyrsta lagi ægir þarna saman ýmsum breytingum: breytingum á tekjuskatti, breytingum á söluskatti og launaskatti, allt í einni bendu. Mér er óskiljanlegt, hvað veldur því, að hækkun launaskatts er tekin inn í þetta frv. Mér skilst, að frv. heiti „frumvarp til laga um skattkerfisbreytingu". Ég fæ ekki séð, að það sé verið að breyta launaskattinum neitt nema bara hækka hann, ekki er það skattkerfisbreyting. Það er sagt, reyndir þm. segja mér, að þetta tíðkist. En engu að síður er þetta mesti óskapnaður, því að hér ægir öllu saman. En hinn pólitíski tilgangur mun væntanlega vera sá, að ef 5 söluskattsstigin verða felld, þá eigi hin mikla ábyrgð að hvíla á öxlum hinna sömu þm., að þá verði engin tekjuskattslækkun og ekki fáist meira fé í Byggingarsjóð ríkisins. Þetta er þvingun, þetta er þvingunartækni, sem beitt er við þm. Hún hefur tíðkast áður, ég þykist vita það, en þetta er þvingunartækni, sem tíðkast kannske hér í stjórnmálunum.

Ég hef lengi talið nauðsynlegt, eins og ég sagði áður, að lækka tekjuskattinn, enda hefur hann í tíð núv. ríkisstj. hækkað um 320%. En ég hef líka talið, að hin eðlilega og einfalda lækkun væri fólgin í því að skera niður ríkisútgjöldin, t. d. 5% af fjárl. eða þá um 1.5 milljarða. Þetta vekur og leiðir hugann að því, að ég hygg, að það sé nauðsynlegt við gerð fjárl. að ríkisstj. ákvarði, hve há fjárlög mega vera miðað við forsendur þjóðarbúskaparins. Ég hygg, að það sé óverjandi lengur að fara að safna verulega í sarpinn og vera í óvissu um, hverjar verða niðurstöðutölur fjárl. Ég hygg, að það hljóti að verða að taka upp skipulegri hætti í þessum efnum. Það er annað líka, þessi leið dempar verðbólguna, sem er að mínu viti eitt höfuðatriðið, en söluskattshækkunin beinlínis örvar verðbólguna, jafnvel þó að söluskatturinn fari ekki inn í kaupgjaldsvísitöluna.

Verkalýðshreyfingin hefur óskað eftir lagfæringu á tekjuskattinum, og það ber að hafa fullan skilning á því. Hins vegar er það ekkert samningsatriði við Alþýðusamband Íslands, hvernig ríkisstj. stendur að þessari tekjuskattslækkun. Það hlýtur að vera meginatriði fyrir verkafólk og launþega að fá tekjuskattslækkun. En ég sé ekki, að það sé neitt atriði í þessu sambandi og e. t. v. samningsatriði, þó að tekjuskattslækkunin sé gerð með öðrum hætti en að hækka söluskattinn um 5 stig.

Ég skal nú ekki ræða meira um almenn atriði, aðeins taka nokkur atriði um sjálft frv.

Ég tel, eftir því sem ég fæ best séð, að 5 söluskattsstig gefi meira fé í ríkissjóð en sú tekjuskattslækkun, sem ríkisstj. hefur í huga. Það er viðurkennt í grg., að 5 stig gefa á ári 4000 millj, en hin raunverulega tekjuskattslækkun er 2700 millj. Ég vil leyfa mér að vísa til rökstuðnings hv. 7. þm. Reykv., Gylfa Þ. Gíslasonar, um þetta efni, þar sem hann benti réttilega á, að ekki væri rétt að telja tekjurnar af söluskattinum eingöngu á þessu ári, vegna þess að söluskatturinn er ekki álagður eingöngu fyrir þetta ár, heldur líka fyrir árið 1975 og framvegis. Menn verða að líta á heildarmyndina. Þetta er ekkert einstakt dæmi um þetta eina ár, 1974, heldur verða menn að taka mið af heildartekjum söluskattsins á næstu árum og sjá, hvernig það fellur inn í mótun efnahagslífsins. Ég fæ því ekki séð annað en hér sé um stórvægilega auknar álögur að ræða, sem verða þeim mun meiri sem lengra líður. Ég vil minna á, að árið 1971, þegar núv. ríkisstj. kom til valda, taldist söluskattsstigið vera um 450 millj. Nú telst það gefa 800 millj. Það er mjög líklegt, að söluskattsstigið verði um 900 millj. síðla árs, og ég er sannfærður um, að það verður yfir 1 milljarð, þegar komið verður fram á árið 1975 með óbreyttri stefnu, þannig að menn verða að átta sig á því, hvaða álögur menn eru að leggja hér á þjóðina.

Þá kemur það mér mjög spánskt fyrir sjónir, þegar hæstv. fjmrh. vill ekki taka með næsta desembermánuð inn í söluskattsdæmið, af því að hann bókstaflega kemur fram á árinu 1975. Ég tel þetta bara spaug. Dettur hæstv. fjmrh. ekki í hug, að við þurfum að borga söluskatt hér í des., þó að ríkissjóður bókfæri þetta í jan? Svona röksemdir verða náttúrlega bara til uppi í fjmrn.

En það, sem ég tel alvarlegast í þessu dæmi, er verðbólguaukningin, sem fylgir þessu. Ég vil minna á það, að Svíar voru að lækka núna virðisaukaskattinn um 2½ stig, og ég heyrði það í hádegisútvarpinu í dag, að sérfræðingar Breta í þessum málum voru að ráðleggja Wilson, að helsta ráðið til þess að draga úr verðbólgunni væri að draga úr skattheimtunni. Þetta hljómar undarlega hér á Íslandi. En þetta er satt engu að síður, því að aukin skattheimta og aukin eyðsla spenna upp verðbólguna.

Annars verð ég að segja það, að útreikningar þeir, sem fylgja frv., eru harla merkilegir, en um þá má náttúrlega deila eftir því, hvaða forsendur menn gefa sér. En það, sem mér þótti skemmtilegast við útreikninginn, var í raun og veru, að það á að lækka tekjuskattinn um 2700 millj. Til þess að gera það og leggja 550 millj. í einhvers konar jöfnunarsjóð, þá þarf að auka álögurnar á almenning um 550 millj., til þess að koma fram kerfisbreytingunni. En allir græða. Ég skil þetta ekki almennilega. Það þarf að leggja 550 millj. á þjóðina, til þess að kerfisbreyting geti átt sér stað, en allir græða, nema bara vesalings ríkissjóðurinn náttúrlega. Allir græða, þó að álögurnar verði meiri. Ef maður les hér um einhleypinga, foreldri með börn, allar mögulegar tekjur, græða allir, — þó að álögurnar aukist, græða allir á breytingunni. Þetta verður bara til uppi í fjmrn. A. m. k. á ég mjög erfitt

með að átta mig á svona útreikningi. Hverjir eiga þá að borga þetta? Hverjir eiga að borga gróðann? Annars ætla ég ekki að ræða þessa töflu meira, því að ég tel, að þetta sé allt saman meira og minna reist á sandi. Ég vil benda á t. d. til gamans, að hér er sagt, að tekjuskattur hjóna með tvö börn og árstekjur 800 þús. lækkar um 51500, söluskatturinn hækkar um 25 þús. M. ö. o.: beinir peningar, beinar og harðar krónur og drjúgar í vasann 26500 kr. Þetta væri nú gott og blessað. En ég get ekki látið vera að minna á, að hvað skyldi nú húsnæðið hækka á árinu, hæstv. fjmrh.? Lítil íbúð, sem kostar 2 millj., það er líklega kjallaraíbúð, mér er ekki kunnugt um það, kostar líklega í árslok 3.5 millj. Íbúðarhúsnæði tvöfaldaðist á síðasta ári. Og þetta heldur áfram, svo að það er von, að hæstv. fjmrh. sé stoltur yfir að geta náð í 26 þús. Hér er nefnilega komið að kjarna málsins. Það er sjálf verðbólgan, sem er viðfangsefnið, en ekki svona gutl.

Hér er búið til nýtt kerfi, sem er kallað afsláttarkerfi, og það er myndað til þess að greiða þeim aðilum til baka fé, sem ekki hafa greitt tekjuskatt eða lítinn tekjuskatt. Þetta er einhvers konar jöfnunarsjóður, til þess að hinir tekjuskattslágu eða tekjuskattslausu fái líka ávinning af þessari kerfisbreytingu. Hugsunin á bak við þetta er allra góðra gjalda verð. Þarna er verið að reyna að ná tekjujöfnun á þennan hátt. Og ég skal ekki lasta það, síður en svo. En inn í þetta dæmi koma ýmsir hlutir, sem vekja mann til umhugsunar. Mér virðist, að með svona kerfi sé í raun og veru verið að hjálpa ríki og bæ til þess að ná inn vanskilasköttum láglaunafólks, sjúklinga og námsmanna og annarra, sem ekki hafa af ýmsum ástæðum getað greitt sín gjöld. Það er sagt í frv., að með þessu muni ráðstöfunartekjur aukast. En varla verður það hjá sumum aðilum, því að þetta er fé, sem viðkomandi gat hvort sem er ekki greitt, þannig að ráðstöfunartekjur hans á því ári munu ekki aukast. Ég vil benda á, að í þessari 4. gr. er meira að segja kveðið svo á: „til greiðslu ógoldinna þinggjalda mannsins frá fyrri árum“. Menn eiga að fara að greiða gamlar syndir út á þetta. Og það læðist að mér sá grunur um þessar 550 millj., sem eiga að fara í jöfnunarsjóðinn, að það muni stór hluti af þessum 550 millj. vera kyrr í kistunni hjá honum Halldóri. Mig grunar, að þetta verði m. ö. o. til þess að greiða að hluta vanskilagjöld, sem ríkissjóður hefur ekki haft bolmagn til þess að ná inn.

Þessar 550 millj. má kalla framfærslustyrk til ríkisins, þetta er eiginlega sveitarstyrkur færður yfir í skatt. Og það veldur líka öðru, mér sýnist hér verið að taka verkefni af Tryggingastofnuninni. Sú þróun hefur átt sér stað alls staðar, þar sem ég þekki til, að samræma tryggingastofnun ríkisins og skattkerfið, þannig að tryggingastofnun ríkisins sé jöfnunarstofnun, en ekki komið með einhverja nýja tegund jöfnunarstofnunar innan skattkerfisins. Mér þætti gaman að vita, hvort hæstv. fjmrh. gæti bent á nokkur hliðstæð dæmi um þetta, úr sögu Íslendinga eða annarra þjóða, að taka upp svona kerfi. Það væri mjög fróðlegt að vita það. Ég fæ ekki betur séð en hérna sé bara enn verið að auka á ringulreiðina í tryggingamálunum. Það er bara verið að búa til skrifstofubákn og gera hlutina miklu flóknari en þörf er á. Verkefnið hjá Íslendingum er að sjálfsögðu að færa tekjujöfnunarkerfið eingöngu til Tryggingastofnunar ríkisins. En með þessu er verið að koma með alveg nýtt tekjujöfnunarkerfi og ég held mjög óheppilegt og kostnaðarsamt.

En svo er líka annað í þessu. Eins og menn vita, hafa ýmsir sæmilega stæðir útgerðarmenn ekki greitt tekjuskatta til ríkisins, og þ. á m. eru ýmsir menn, umsvifamenn og umsýslumenn í þjóðfélaginu. Þá merkir það, að þeir þurfi að fá greiddan skattafsláttinn til baka. M. ö. o.: það á að taka á framfæri ýmsa mektuga útgerðarmenn, sem greiða ekki tekjuskatt, gera þá að þurfalingum á tekjuskattsframfæri hjá ríkinu. Ég vil nefna það, að einn mjög merkur verkalýðsforingi, meira að segja sérfræðingur skattanefndar ASÍ, mun ekki greiða háan tekjuskatt, svo að viðkomandi maður gæti líklega fengið eitthvað af þessu. M. ö. o.: snillin er fólgin í því að koma ýmsum mönnum, m. a. sæmilega stæðum útgerðarmönnum ýmsum duglegum verkalýðsforingjum á þurfamannatal, á skattframfæri hjá ríkinu. Og þetta er heldur óskemmtilegt. Ég held, að svona hugmyndir séu þess virði að kynna t. d. frændum okkar á Norðurlöndum þessar aðferðir. Þetta er alveg ný tækni, að fara að greiða stórríkum mönnum og verkalýðsforingjum uppbætur á tekjuskattinn, sem þeir greiða ekki. Ég tel, að þessi hugmynd hæstv. fjmrh. sé útsöluvara og það megi vafalaust koma henni einhvers staðar í fé. En ég er ekki viss um, að neinn vilji taka við henni.

Svo er eitt atriði í þessu, sem ég hef ekki komist hjá, og það er, að hátekjumennirnir græða mest. Það á að lækka hæsta skattþrepið úr 44% niður í 40%. Hvað merkir það? Það merkir það, að hátekjumennirnir græða mest á þessari breytingu, þeir fá 4% lækkun. Þeir menn, sem eru með 3 millj. í tekjur, hagnast bara á þessari lækkun upp undir 120 þús. kr. Væri nú ekki betra að líta betur á þessa hluti, áður en er farið út í svona lagað?

Ég er nú víst búinn að vera allmargorður um þetta. En ég vil segja það, að ég tel, að tekjuskattslækkun sé nauðsynleg, en ekki gerð á þennan hátt, sem frv. gerir ráð fyrir. Það, sem skiptir þó mestu máli, er það, að ég vil beina því eindregið til ríkisstj. og geri það af góðum hug, að hún reyni nú að fara að taka á þessum verðbólgumálum, á dýrtíðarmálunum. Mér virðast ýmis úrræði koma til greina. Ég tel t. d. koma mjög til greina verðtrygging inn- og útlána, að verðtryggja sparifé almennings og fá jafnvægi á peningamarkaðnum. Ein meginorsök verðbólgunnar er eftirsókn eftir fjármagni, þar sem menn greiða miklu minna en þeir fá í hendur af verðmæti, og þess vegna ráðast menn í framkvæmdir, sem ekki eru nauðsynlegar, veita sér ýmsa hluti, sem ekki eru nauðsynlegir, því að það er gefið fé að fá lánað. Hins vegar rýrnar sparifé manna, og það eru eigendur þess, sem borga. Ég held, að það ætti að athuga það mjög gaumgæfilega, hvort ekki ætti að taka upp verðtryggingu sparifjár. Að vísu þyrfti þá að gera ýmsar hliðarráðstafanir í sambandi við húsnæðis-

markaðinn, því að einhvern veginn þarf að styðja við bakið á ungu fólki, en þá verður að taka það upp sem sérstakt verkefni við hliðina á þessum hlutum. Ég held, að við hljótum að þurfa að fara að gera eitthvað í þessum málum. Mér er óskiljanlegt annað. Og það er annað: Ef okkur tækist að verðtryggja sparifé, þá munum við fá traust „kapítal" í landinu. Það hagar þannig hjá okkur, að við þurfum alltaf að sækja til erlends lánamarkaðar til þess að fá fjármagn. Skuldirnar við útlönd aukast stöðugt og náttúrlega í erlendum gjaldeyri. Væri nú ekki ráð að reyna að mynda og verðtryggja hér einhvern „kapítal"-markað, og þá væri unnt að fjármagna ýmis verkefni með innlendu fjármagni? Ætli það væri ekki dálítið meira vit í því?

Hér er varla hægt að snúa sér við með einhverja hluti, án þess að allir séu með lántökur erlendis, og menn vita, hvaða áhrif það hefur á þjóðarbúið og verðbólguna. Hér þarf auðvitað margt að koma til, ekki aðeins verðtrygging innlána og útlána. Það þarf að gera úttekt á ríkisbákninu, það þarf niðurskurð á útgjöldum til ríkis og sveitarfélaga, það þarf ýmsar samræmdar aðgerðir til þess að hægja á verðbólgunni. Þetta hygg ég, að sé meginatriðið, og þetta er skylda hverrar ríkisstj., að reyna að bregðast við vandanum eftir bestu getu, en ekki láta reka á reiðanum.

Ég mun nú láta þetta nægja að sinni, enda er þetta 1. umr. Það má vel vera, að ég þreyti hv. þm. með því að taka aftur til máls um þetta frv.

Lárus Jónsson: Herra forseti. Þetta frv., sem hér er til umr., um skattkerfisbreytingu, hefur ýmsa kosti og galla og öllu meiri galla en kosti. En þó hefur það vissa kosti, m. a. þann, að með þessu frv. liggur það ljóst fyrir, að launþegasamtökin í landinu hafa knúið hæstv. ríkisstj. til þess að breyta að nokkru leyti um stefnu í skattamálum. Þetta er meginkostur þessa frv. Annar kostur þessa frv. er sá, að hér er hreyft í fyrsta sinn hugmynd að skattafsláttarkerfi. Þó að það kerfi sé að minni hyggju gallað, eins og það kemur fram í þessu frv., er þetta allrar athygli vert, og vil ég vekja athygli hv. þm. á því, að ef þetta yrði lögfest, mundi Ísland vera fyrsta landið í heiminum, sem hefði slíkt kerfi.

En megingallar frv. eru þeir, að hér er um allt of litla kerfisbreytingu að ræða, hér er gengið allt of skammt í því að breyta um frá tekjusköttum yfir í neysluskatta, eyðsluskatta. Að vísu er nægilega langt gengið, — og ég mun sýna fram á það hér, — í að taka upp neysluskatta og söluskatta, en allt of lítil breyting gerð á tekjusköttunum. Það er stefnt með þessu frv., álít ég, að stórfelldri heildarskattheimtu, og skattafsláttarkerfið er ófullkomið, eins og ég benti á áðan. Ég vil benda á það í sambandi við það mál, að ég fæ ekki almennilega skilið, hvernig hægt er að framkvæma það kerfi á sæmilega skynsamlegan hátt öðruvísi en að tekið sé upp staðgreiðslukerfi skatta. Skattafsláttarkerfið, ef það er tekið upp eins og er gert ráð fyrir í frv., þá verkar það árið eftir að viðkomandi hefur haft það litlar tekjur, að hann fær skattafslátt. Nú getur málið staðið þannig af sér, að hann hefði haft þörf á því frekar að fá þessa aðstoð á því ári, sem hann varð svona tekjulítill, og öfugt, þannig að það er afskaplega mikill galli á þessu kerfi, ef það yrði tekið upp, að ekki er staðgreiðslukerfi. En hv. þm. er kunnugt um, að það mál er mjög flókið og erfitt viðureignar.

Þá er annar galli við þetta skattafsláttarkerfi, að inn í það er ekki tekið fjölskyldubótakerfið og ýmsar tryggingabætur, en það væri í raun inni það, sem þyrfti að gera, ef ætti að taka upp slíkt kerfi af einhverju viti.

Þegar ég fékk þetta frv. í hendur, — kl. 4 í fyrradag, held ég, að hafi verið, — þá vaknaði sú spurning með mér, hvort ekki væri verið að endurtaka hér söguna frá 1972. Þá lagði hæstv. ríkisstj. fyrir frv. um skattamál, og í þeim frv. var fólgin skattkerfisbreyting að sögn ríkisstj. og í þeim var í raun fólgin skattkerfisbreyting, þ. e. a. s. það voru felldir niður nefskattar, sem kallaðir voru svo, að nokkru, en teknir upp verulegir tekjuskattar, og það var hugvitssamlega útreiknað þá, að þetta kerfi mundi létta allverulegum sköttum af þjóðinni. Ég held, að það sé rétt munað hjá mér, að í nál. hv. meiri hl. fjhn. þessarar hv. d. hafi komið fram, að með þessu kerfi yrði létt 370 millj. kr. skattbyrði af þjóðinni. Reynslan varð nokkuð önnur, eins og við hv. þm. reyndum að benda hæstv. fjmrh. á á þeim tíma. Og ég held, að það sé að endurtaka sig sama sagan nú. Þá var gamla kerfið, sem kallað var, metið á þann hátt, að það var miðað við skattvísitölu 106.5, en hefði verið sanngjarnt að meta það miðað við skattvísitölu 121.5, og með þessum reikningskúnstum fann hæstv. ráðh. það út, að það væri verið að létta sköttum af þjóðinni. Hann hefur sennilega ekki áttað sig á því gullvæga heilræði, sem hv. þm. Björn Pálsson gaf honum einu sinni, að ef hann setti vitlausar tölur inn í tölvu, þá fengi hann áreiðanlega vitlausa útkomu.

En það var annar megingalli á því kerfi, sem þá var tekið upp, að það kom mjög illa við eldra fólk, ellilífeyrisþega og örorkulífeyrisþega. Við nokkrir þm. reyndum að benda hæstv. ráðh. á þetta, og m. a. skrifaði ég grein um þetta í Morgunblaðið, sem hæstv. ráðh. hæddist sérstaklega að í umr. En ef hann hefði lesið þessa grein kvölds og morgna með málefnasamningnum sínum, hefði hann ekki þurft að gefa út brbl. tveim eða þrem mánuðum seinna til þess að létta sköttum af gamla fólkinu. En þetta er nú útúrdúr.

Hvað felst í raun og veru í þessu frv., sem hér er til umr.? Ég fæ ekki betur séð en það felist í því í fyrsta lagi, að tekjuskattslækkunin, sem í veðri er látin vaka í frv., sé allmiklu minni en þar segir. Hins vegar sé ég ekki betur en stefnt sé að stórfelldari skattálögum í óbeinum sköttum heldur en nokkurn fær í raun og veru órað fyrir, sem ekki gáir vel að, hvað er að gerast. Ég vil aðeins vikja að þessum fullyrðingum mínum og færa fyrir þeim nánari rök.

Þá vil ég fyrst nefna það, sem ég kalla skollaleikinn með skattvísitöluna. Þessi skollaleikur hæstv. ráðh. með skattvísitöluna ýkir stórlega raunverulega tekjuskattsvilnun, sem þetta frv. hefur í för með sér, eða er sagt, að það hafi í för með sér. Lauslega áætlað sýnist mér, að þessi

skollaleikur auki á pappírnum þessa tekjuskattslækkun um 1000 millj. kr. Eftir stendur þá raunveruleg tekjuskattslækkun samkv. þessu frv. Hún er ekki 2700 millj., heldur 1700 millj. Þessi niðurstaða er ofur auðskilin. Í fjárl. 1973 var skattvísitala ákveðin 128 stig, en 1974 aðeins 154 stig. Hækkun hennar og þar með auðvitað persónufrádrátta og skattþrepa hefði því einungis numið 20.3%, miðað við gildandi fjárlög og skattalög. Á hinn bóginn er óhætt að fullyrða, að bæði launatekjur og framfærslukostnaður hefði hækkað um ekki 20.3% á þessu tímabili, heldur 30% milli skattáranna. Sú ákvörðun ráðh., að skattvísitalan skyldi aðeins vera 154 stig fyrir árið 1974, merkir það, að ráðh. hefði seilst ofan í vasa skattborgara í landinu eftir tekjuskatti, sem væri um 1000 millj. kr. hærri en á árinu 1973. Þetta frv. verður því að metast þannig, að það sé *leiðrétting á óréttlætanlegri skattvísitölu að því* marki, 1000 millj. kr.

Ég vil geta þess, að ég hef borið saman persónufrádrátt í skattstiga gömlu, góðu tekjuskattslaganna og núv. hæstv. ríkisstj. og ákvæði þessa frv., miðað við það, sem ég vildi kalla réttlætanlega skattvísitölu árið 1974. Þessi vísitala er 166 stig eða 30% hærri en árið 1973. Niðurstaðan er þessi: Samkv. skattvísitölu 166 og lögum, sem eru *í gildi, fengju einhleypingar 240 þús. í frádrátt, en* fá samkv. frv. 238 þús. Þeir fá sem sagt 2000 kr. minna með þessu frv. heldur en væri eftir núgildandi l., ef rétt skattvísitala væri höfð. Hjón fengju 10 þús. kr. minna með þessu frv. í persónufrádrátt heldur en vera mundi með óbreyttum l., ef rétt skattvísitala væri viðhöfð. Barn fær 200 kr. minna og einstakt foreldri 3600 kr. minna. Persónufrádráttur er sem sagt í öllum tilvikum etfir þessu frv. ívið lægri en vera mundi, ef skattvísitala milli áranna 1973 og 1974 hefði hækkað um 30%, eins og sanngjarnt var og eðlilegt vegna bæði 30% hækkana á launum, *sem talin er lágmarksáætlun, og hækkunar á* framfærslukostnaði. — Ég vil í þessu sambandi minna á það, að hæstv. ráðh. getur vart haft nokkuð við þessa útreikninga að athuga og þeir stjórnarþm. fluttu á sínum tíma frv. um það, að skattvísitalan hækkaði eftir framfærslukostnaði. En hvað þýðir þetta, ef litið er á það á annan hátt? Það merkir í raun og veru, að launþegum er ætlað að greiða á annað prósentustig í söluskatti, í söluskattshækkun óbættri, til þess að fá fram þann sjálfsagða og eðlilega rétt sinn, að skattvísitala sé rétt metin á þessu ári. Það, sem veldur því, að tekjuskattar lækka engu að síður um 1700 millj. kr. vegna þessa frv. og miðað við rétta skattvísitölu, þótt persónufrádráttur yrði svipaður í báðum tilvikum, eru skattþrepin. Þau eru nokkru hagstæðari í þessu frv. skattgreiðendum heldur en vera mundi í gildandi l., þótt rétt skattvísitala væri viðhöfð. Skattstigarnir mundu verða þannig eftir gildandi l. og vísitölu 166: Skattskyldar tekjur frá 0—83 þús. yrðu skattlagðar með 25%, frá 83 þús. upp í 125 35% og frá 125 og þar yfir 44% skattálagning. En samkv. frv., eins og hv. þm. vita, er þessi stigi örlítið hagstæðari, og mestu munar um það, eins og kom hér fram í ræðu hv. þm. Bjarna Guðnasonar, að af tekjum yfir 200 þús. kr. eru tekin 40% í stað 44% af tekjum yfir 125 þús. kr., ef rétt væri með núgildandi lög farið.

Þá hverf ég frá skollaleiknum með skattvísitöluna, sem er hliðstæður þeim, sem hv. þm. kynntust 1972 í umr. hér á hv. Alþ. og þjóðin ásamt hæstv. ríkisstj. hefur sopið seyðið af síðan. Ég vík þá að öðru meginatriðinu, sem ég vildi ræða og ræddi áðan, en það er sú stórfellda aukna skattheimta, sem ríkisstj. stefnir að í óbeinum sköttum. Á sama hátt og um skollaleikinn með skattvísitöluna er einkar ljóst, hvað ríkisstj. hyggst fyrir í þessu efni. Verðbólgustefna hennar, sem hefur verið geigvænleg og batnar ekki á þessu ári, að því er séð verður, m. a. vegna áhrifa nýrra kjarasamninga og stórhækkunar á innflutningsverðlagi, — það er verðbólgan, sem er lykillinn að þessum auknu skattpíningaráformum. Dæmið lítur þannig út:

Ef innflutningur eykst í krónutölu eins á árinu 1974 og reynslan varð á árinu 1973, er tekjuáætlun fjárl. vanreiknuð um 750 millj. kr. í tolltekjum, og hefur þá verið dregin frá 400 millj. kr. tollívilnun samkv. nýju frv. um tollskrá. — Herra forseti. Ætli hæstv. ráðh. sé einhvers staðar nálægur? Mér þætti skemmtilegra, að hann sýndi d. þá virðingu að vera viðstaddur umr. (**Forseti:** Hann hefur þurft að bregða sér frá. *Ég geri ráð fyrir, að hann komi að vörmu spori. Ég skal láta* kanna það.)

Ef söluskattsstofn hækkar eins á árinu 1974 og reynslan varð 1973, eru tekjur af 11% söluskatti vantaldar í fjárl. um 780 millj. kr. Ef laun hækka um 30% frá síðasta ári í stað þess, að það var miðað við 25—26% í fjárl., þá er launaskattur vantalinn um 300 millj. kr. Ef hækkun á áfengi og tóbaki verður á árinu 1974 svipuð og verið hefur, má varlega áætla, að tekjur ríkissjóðs á þeim lið séu vantaldar um nálega 600 millj. kr. Þetta eru samtals 2430 millj. kr., og eru þá ótaldar vanáætlaðar tekjur af innflutningi *bifreiða, sem vafalaust verða miklar* vegna kaupæðis, tekjur vegna hækkunar á eigin húsaleigu, sem talin er gefa ríkissjóði um 150 millj. kr. í tekjuskatt umfram áætlun fjárlaga, bensinhækkunin er þá ótalin og hækkun tolltekna af þeim sökum o. s. frv., o. s. frv. Því lætur nærri, að áætla megi, að tekjur ríkissjóðs vegna óbeinna skattálaga aukist sjálfkrafa a. m. k. um 3000 millj. kr. umfram áætlun fjárl., þegar allt er talið, ekki síst ef haft er í huga, að innflutningsverðlag hækkar stórlega frá fyrra ári og veltuhraðinn og auknnigin í þeirri óðaverðbólgu, sem nú ríkir, verður vafalítið meiri á yfirstandandi ári en á árinu í fyrra.

En þessu til viðbótar ætlar hæstv. ríkisstj. að taka 5% stiga hækkun á söluskatti, sem hún segir sjálf að gefi 4000 millj. kr. á ársgrundvelli, og hækka launaskatt um 600 millj. kr., sem auðvitað lendir meira eða minna á almenningi í skertu svigrúmi atvinnuveganna til kaupgreiðslna og kemur auk þess niður í hækkuðu vöruverði. Það er mál út af fyrir sig, sem sýnir, hvað einblínt er á hag ríkissjóðs í þessu frv., að reiknað er einungis með innheimtum söluskatti á árinu 1974, en ekki þeim söluskatti, sem almenningur greiðir á árinu, þótt hann verði ekki kominn í ríkiskassann, og engin grein er gerð fyrir því,

hvort ætlunin er að lækka söluskatt um næstu áramót, en á árinu 1975 gæfi 5 stiga söluskattshækkun ekki einungis 4000 millj., heldur miklu, miklu hærri tölu en það.

Að sjálfsögðu hækka útgjöld ríkissjóðs á móti öllum þessum álögum vegna verðbólgunnar. En hversu mikið hækka útgjöld ríkissjóðs? Er virkilega þörf á öllum þessum hækkunum í hítina til þess að fá fram raunverulega tekjuskattslækkun, sem nemur einungis 1700 millj. kr., og 550 millj. kr. á ársgrundvelli í nýtt skattafsláttarkerfi? Eru þetta ekki spurningar, sem krefjast afdráttarlausra svara, áður en Alþ. er fært um að taka raunsæja afstöðu til þessa máls?

Að sjálfsögðu höfðu forustumenn launþegasamtakanna enga aðstöðu til að meta þetta í því margflókna samningaþófi, sem þeir stóðu í. Á hinn bóginn á Alþ. skýlausa kröfu á því að fá þessar upplýsingar í hendur, og það er skylda þess að meta það í ljósi tiltækra upplýsinga um afkomu ríkissjóðs, hve langt á að ganga í hækkun söluskatts og launaskatts eða hvort yfirleitt er þörf á slíku við þær aðstæður, sem nú ríkja.

Þessar tölur um auknar óbeinar skattálögur ríkissjóðs umfram tekjuáætlun fjárl. eru miðaðar við reynslu s. l. árs, eins og ég veit best, að hún hafi verið, og það frv., sem hér er til umr. Það hefur auðvitað ekki gefist langur tími til að grandskoða þetta dæmi. Ég fullyrði þó, að sú mynd, sem ég hef hér brugðið upp af tekjuhlið ríkisfjármálanna og áhrifum þessa frv., sýnir, svo að ekki verður um villst, að það væri algert glapræði að hrapa að afgreiðslu þessa frv. og alger lágmarkskrafa, að hæstv. ráðh. geri Alþ. grein fyrir ríkisfjármálunum í heild, áður en frv. verður afgreitt.

Það, sem ég hef sagt hér að framan, verður að skoðast á þeim bakgrunni, hvernig ríkisstj. hefur staðið að skattheimtu á undanförnum árum. Um það hef ég tekið saman nokkrar tölur, sem lýsa vel þessu skattæði, ef svo mætti að orði kveða. Álagður tekju- og eignarskattur var 1971 einungis 1525 millj. kr., 1972 var hann 4449 millj. kr., 1973 var hann kominn í 5759 millj. kr., en þetta er 377% hækkun í tíð núv. hæstv. ríkisstj. Á fjárl. 1974 er þessi skattur áætlaður 7190 millj., og ef dregin er frá sú lækkun, sem þetta frv. gerir ráð fyrir, en bætt við þeirri skattahækkun, sem verður, vegna þess að álagningarstofninn var vanáætlaður, — ef þetta er reiknað út, kemur samt tekju- og eignarskattur í ríkissjóð á árinu 1974 þrátt fyrir þetta frv. að upphæð yfir 5000 millj. kr., sem er 337% hækkun frá síðustu fjárl. fyrrv. ríkisstj. — En það er ekki bara þessi skattur, sem hefur hækkað svona. Hæstv. ráðh. segir vafalaust við þessu: En man hv. þm. ekki eftir því, að nefskattarnir voru felldir niður, persónuskattarnir, og það hefði gefið 3300 millj. kr. í ríkissjóð á þessu ári, að mig minnir, að hann segði í umr. við afgreiðslu fjárl. Víst man ég eftir því. En það eru fleiri skattar, sem hæstv. ráðh. hefur hækkað, heldur en bara tekjuskatturinn. Hann hélt 1½% af launaskatti, hann hækkaði innflutningsgjöld af bílum, og hann hefur, eftir því sem við hv. þm. höfum komist næst, hækkað áfengi og tóbak nokkrum sinnum, síðan hann kom í ráðherrastól, þannig að ef teknar eru allar þessar skattahækkanir hæstv. ráðh., þá fer nú glansinn að fara af lækkun svonefndra persónuskatta. Enda er það svo, þegar maður athugar aðrar skattálögur ríkisstj., aðrar en tekju- og eignarskatt, að aðflutningsgjöld hafa hækkað um 219% í tíð þessarar ríkisstj., söluskattur hefur fram til þessa hækkað um 278% og mundi, ef þetta frv. yrði að l., hækka upp í 330%. Persónuskattarnir eru — viti menn — nokkurn veginn nákvæmlega þeir sömu hjá þessari hæstv. ríkisstj. og hinni fyrri, og það er öll niðurfelling persónuskattanna. En launaskatturinn hefur hækkað um 426%, ef þetta frv. verður að lögum. Söluskatturinn verður þá kominn í 11 milljarða á ársgrundvelli og launaskatturinn í 1800 millj. kr., en söluskatturinn var aðeins 3241 millj. árið 1971 og 422 millj. launaskattur. Þannig hefur verið staðið að skattheimtunni í tíð þessarar hæstv. ríkisstj., og menn verða að virða sumum til vorkunnar, þó að þeir fórni ekki höndum og blessi ríkisstj. fyrir þetta frv., sem hún er að leggja hér fram og er afskaplega óveruleg breyting á þeirri stefnu, sem hún hefur haft, að því er varðar tekju- og eignarskatta, en stórfelld, — ég fullyrði það, — stórfelld áform um hækkun á söluskatti fram yfir það, sem hún hugsar sér að lækka tekjuskattinn um.

Að lokum vil ég svo koma inn á eitt mál í sambandi við þetta, sem ég tel einna alvarlegast, þegar skoðuð eru skatta- og efnahagsmál okkar. Ef það er rétt, sem ýmsir halda fram, að það muni ekki verða samdráttur í innflutningi á þessu ári, — en fjárlög eru miðuð við það, að innflutningurinn aukist einungis um 15—16%, og viðskiptajöfnuður okkar við útlönd er miðaður við það, — ef það er rétt, að innflutningurinn jafnvel vaxi á þessu ári frá því, sem var í fyrra, þá verður viðskiptahalli okkar ekki bara 4100 millj. eða 4400 millj. kr., eins og sérfræðingar hafa spáð, heldur mundi hann verða nær tvöfalt meiri, eða 8000—10000 millj. kr., að óbreyttum þeim útflutningi, sem menn búast við að verði á þessu ári. Þegar þetta er skoðað í ljósi þeirrar geigvænlegu skuldasöfnunar erlendis, sem átt hefur sér stað á undanförnum árum, metgóðærisárum, þá er vissulega vá fyrir dyrum. En þetta leiðir hugann að því, að það er í raun og veru algerlega útilokað að taka raunsæja afstöðu til slíks frv. eins og hæstv. ríkisstj. hefur hér lagt fyrir Alþ., nema fyrir liggi upplýsingar um ástand efnahagsmálanna yfirleitt og áform ríkisstj. til að stemma stigu við því verðbólguflóði, sem eykst nú dag frá degi og hv. þm. Bjarni Guðnason lýsti hér áðan. Þetta tel ég, að sýni ljóslega, að það er meira en hæpin fullyrðing hjá hv. 7. þm. Reykv., Gylfa Þ. Gíslasyni, að þetta frv. beri að ræða og skoða í þeim þrönga skilningi að bera saman krónu í tekjuskattslækkun á móti krónu í söluskattshækkun. Verðbólgan og væntanleg kollsteypa í efnahagsmálum, ef ekki er að gert, margfalda söluskattsálögur ríkisstj., en tekjuskattslækkunin er ákveðin, vegna þess að menn borga skatta af launum sínum, sem eru þegar orðin, og jafnframt er auðvelt að taka þessa tekjuskattslækkun aftur í skollaleik skattvísitölunnar á næsta ári, ef hæstv. ríkisstj. býður

svo við að horfa. Þó að ekki væri af öðru en þessu, er svo þröng umr. og athugun á þessu máli ósamboðin hv. Alþ.

En ég vil svo aðeins að lokum spyrja hæstv. fjmrh., hvort hann telji ekki þörf á því núna að gera almennar ráðstafanir í efnahagsmálum til þess að hamla við þeirri óðaverðbólgu, sem ekki hefur fundist orð yfir. Hæstv. ráðh. notaði þetta orð í tíð fyrrv. ríkisstj., og það hafa ekki fundist orð yfir þá verðbólgu, sem hefur verið, á meðan hann hefur setið í ráðherrastóli. En ég nota nú þetta orð engu að síður, það má kannske segja: bandóð verðbólga. Telur hæstv. ráðh. ekki ástæðu til þess að gera einhverjar ráðstafanir til að sporna við þeirri þróun, og er það virkilega svo, að ríkisstj. áformi ekkert í því efni? Og hvenær verða þá þær till., sem ríkisstj. hefur í pokahorninu, ef hún hefur einhverjar í þessum efnum, lagðar fyrir hv. Alþingi?

Forseti (Gils Guðmundsson): Ég hef gert mér vonir um og geri mér raunar enn vonir um, að hægt verði að ljúka þessari 1. umr. ekki öllu seinna en um hálffimmleytið í dag. Það eru nú þrír hv. þm. á mælendaskrá.

Ingólfur Jónsson: Herra forseti. Það er til of mikils ætlast af hæstv. forseta, ef hann gerir ráð fyrir því að skera niður umr. um þetta mál. Þetta mál er svo stórt, að það er fullkomin ástæða til þess að ræða það hér í sölum Alþ. (Gripið fram í.) Það er sama, hvort það er 1. umr. eða ekki, það er ástæða til þess að ræða þetta mál, áður en það fer til n., og fá upplýsingar, sem nauðsynlegar eru, til þess að alþm. geti tekið raunhæfa afstöðu í málinu.

Þetta frv. hefur sennilega verið samið á Loftleiðahótelinu, og hæstv. fjmrh. hefur látið sér sæma að segja við alþm.: Ef þið samþykkið ekki frv. óbreytt, verður ekkert gert, sem ætlast er til í sambandi við skattabreytingu, sem birtist í þessu frv. — Það er ekki sæmandi að fara þannig að, og um það hefur verið rætt hér áður og á það bent. Enda er ekki nokkur hætta á því, að hæstv. ráðh. standi við þessi stóru orð. Mikið held ég, að hann hafi verið feginn í gær, þegar hv. 7. þm. Reykv. gaf næstum því tilboð, en þó ekki bindandi, að mér skildist, að Alþfl. væri nú tilbúinn til þess að samþykkja 3½% söluskattshækkun. Ég er alveg sannfærður um, að hæstv. fjmrh. gleypir þrátt fyrir stóryrðin við þessu, þegar hann á kost á því.

En nú er það með hv. 7. þm. Reykv. eins og aðra, að hann á vitanlega rétt á því að endurskoða afstöðu sína í réttu ljósi, þegar upplýsingar liggja fyrir um það, hver tilgangurinn er með þessu frv. umfram kerfisbreytinguna. En tilgangurinn er að moka fjármunum í ríkissjóð langt umfram það, sem ætlað er að gefa til baka. Hv. 5. þm. Norðurl. e. minntist á það hér áðan, að tekjuskattslækkunin væri raunverulega ekki nema 1700 millj., ef um það væri að ræða, að skattvísitalan væri í samræmi við tekjuhækkun á milli ára, eins og oftast hefur verið. En skattvísitalan hefur verið ákveðin, og það er áreiðanlegt, að hæstv. fjmrh. ætlar sér ekki að breyta henni. Þess vegna er ekki um annað að ræða í þessu dæmi heldur en 2700 millj. Og það er rétt, að menn geri sér ljóst, að raunverulega hefði hæstv. fjmrh. með þessu, að ákveða skattvísitöluna 154 í stað 166, haft einn milljarð af skattborgurunum umfram það, sem réttlætanlegt er.

En þetta frv. á sína sögu, eins og kunnugt er og kynnt hefur verið. Það er sagt, að það sé byggt á samkomulagi við launþegasamtökin. Launþegasamtökin hafi óskað eftir kerfisbreytingu í skattamálum. Launþegasamtökin hafa stunið undan skattabyrðinni eins og aðrir landsmenn. Í Reykholti s. l. sumar var stefnan mörkuð af launþegasamtökunum. Skattabyrðin hefur alltaf verið að þyngjast, síðan núv. hæstv. ríkisstj. tók við völdum. Það er eðlilegt, að launþegarnir, sem gerðu sér í fyrstu háar vonir um þessa hæstv. ríkisstj., vilji nú fylgja fast eftir að fá skattbreytingu og skattalækkanir. En forustumenn launþeganna höfðu ekki aðstöðu til á Loftleiðahótelinu að skyggnast inn í leyndardóma fjármálanna, og þess vegna er hætt við, að þeir hafi látið blekkjast af hæstv. fjmrh., þegar þeir féllust á 5% söluskattshækkun fyrir þá tekjuskattslækkun, sem þeim var gefinn kostur á.

Það er eðlilegt, að um þessi mál sé rætt, og það er nauðsynlegt fyrir hv. alþm. að gera sér glögga grein fyrir stöðu ríkissjóðs og fyrir því, hvað ríkisstj. ætlar í rauninni að innheimta og leggja í nýjum sköttum á skattborgarana og hvað það er, sem hún ætlar sér að gefa til baka. Það má merkilegt heita, að hæstv. ríkisstj. skuli endilega þurfa á hverju ári að auka álögur á fólkið í landinu. Þessi hæstv. ríkisstj. tók við góðu búi á miðju ári 1971, eins og kunnugt er, og enginn efast um, að svo hafi verið, eftir að hæstv. forsrh. gaf skriflegt vottorð þar um í sölum Alþ. haustið 1971. Hæstv. forsrh. sagði, að eftir athugun á þjóðarbúinu og stöðu atvinnuveganna hefði ríkisstj. talið sér fært að lofa 20% kaupmáttaraukningu á tveimur árum, stytt ingu vinnuvikunnar og ýmsum öðrum fríðindum launþegum til handa. Góðæri hefur verið, síðan hæstv. ríkisstj. komst til valda. Þess vegna hefði verið eðlilegt, að hæstv. ríkisstj. hefði staðið við þau loforð, sem gefin voru í upphafi valdaferils hennar. En það er nú flestum ljóst, að hæstv. ríkisstj. hefur brugðist þeim loforðum, sem hún hefur gefið. Nú er það svo, að þegar menn hittast og taka tal saman, ef annar hefur verið stuðningsmaður hæstv. ríkisstj., þá er gjarnan að því spurt: Ert þú enn þá stuðningsmaður ríkisstj.? — Og sumir segja: Já, ég er það enn þá. — Aðrir segja eins og hv. þm. Bjarni Guðnason: Nei, það er ég ekki. — Það er enginn vafi á því, að nú er svo komið, að hæstv. ríkisstj. verður að gera sér grein fyrir því, að hún er að missa það fylgi, sem hún hefur haft í landinu. Þjóðin treystir ekki þessari ríkisstj. lengur, vegna þess að hún hefur brugðist þeim loforðum, sem hún hefur gefið, og vegna þess, að í því stjórnleysi, sem nú ríkir í landinu, er beinlínis háski á ferðum.

Ég tel rétt, að það sé athugað rækilega, hversu mikið ríkisstj. þarf raunverulega að innheimta, ef það verður sett í lög að gefa eftir 2700 millj. af tekjuskatti, miðað við þá skattvísitölu, sem nú hefur verið ákveðið, og miðað við þær 550 sem ríkisstj. telur nauðsynlegt að taka með í

reikninginn til bóta fyrir þá, sem ekki hafa greitt tekjuskatt. Ég hef reynt að gera mér grein fyrir þessu. Ég get sagt eins og einhver sagði hér áðan: Það er sjálfsagt að hafa allan fyrirvara á slíkum dæmum. Þau eru vitanlega til endurskoðunar. En ég vil benda á, að í fjárl. fyrir árið 1974 er áætlað, að kauphækkun milli áranna 1972 og 1973 hafi verið 26%. En raunveruleg hækkun mun hafa verið 32 eða allt upp í 34%. Ég reikna aðeins með 32%. Þá er hækkun frá því, sem áætlað var, 23%. Tekjuskattur einstaklinga í fjárl. 1974 er áætlaður 5806 millj. kr. 23% hækkun gefur 1335 millj. kr., sem tekjuskatturinn ætti að hækka samkv. þessum útreikningi umfram það, sem hann er áætlaður í fjárl. Innflutningur mun verða mikill á árinu, því að það er rétt, sem hæstv. fjmrh. sagði hér í gær, að kaupæði hefur gripið fólkið. Flestir búast við gengislækkun og hækkuðu vöruverði og flýta sér því að kaupa það, sem talið er þörf á að eignast, ef mögulegt er að útvega fjármagn til þess.

Hækkun erlendis hefur vitanlega mikið að segja auk innlendra ráðstafana til hækkana, en það má segja, að hæstv. ríkisstj. hafi gert ýmsar ráðstafanir til þess að hækka vöruverð og þjónustu innanlands. Má gera ráð fyrir a. m. k. 25% aukningu á innflutningi á þessu ári umfram það, sem áætlað er í fjárl. Í fjárl. eru innfluttningstollar áætlaðir 8514 millj. kr. og 880 þús. 25% aukning á tollum gerir 2128 millj. 720 þús. kr. Söluskattur í fjárl., sem rennur til ríkissjóðs, er áætlaður 6702 millj. kr. Var reiknað með, að hvert stig gæfi til ríkissjóðs 609 millj. kr. Verður því mikill tekjuauki af 11% söluskattinum umfram það, sem áætlað var, þegar fjárlög voru samþ., hvort sem söluskattsstigið er áætlað gefa 800 millj. eða 900 millj., eins og hv. þm. Bjarni Guðnason sagði hér áðan. Ef óðaverðbólgan heldur áfram, er mjög líklegt, að söluskattsstigið gefi a. m. k. 900 millj. En sé söluskattsstigið reiknað á 800 millj., eins og gert er í þessum dæmum, verður tekjuaukning 4000 millj. kr. á ársgrundvelli.

Launaskattur er áætlaður á fjárl. 1200 millj. kr., og er þar tekið með 2.5% gjaldið. Launahækkunin milli ára mun hafa verið, eins og áður er sagt, 32% í stað 26%, og gefur 23% hækkun því 276 millj. kr. á þessum lið, launaskatturinn hækkar um þá upphæð.

Ég nefni ekki þá óvæntu hækkun, sem ríkissjóður fær vegna bensínhækkunarinnar, en innflutningsgjald af bensíni og söluskattur munu verða 360 millj. kr. hærri vegna verðhækkunarinnar heldur en áætlað er í fjárl. Þessi upphæð á ekki að ganga til ríkissjóðs, heldur í vegasjóð, sem nú er mjög fjárþurfi, og mörg hundruð millj. kr. mun vanta, til þess að unnt verði að sinna allra nauðsynlegustu verkefnum í vegagerð. Ég tek þess vegna ekki þessa upphæð inn í dæmið sem auknar tekjur fyrir ríkissjóð.

Ef þær upphæðir aðrar, sem ég hef nefnt, eru dregnar saman, verður það allmikil fúlga, sem tekjuaukning ríkissjóðs verður vegna verðbólgunnar umfram það, sem áætlað er í fjárl., auk hinna nýju gjalda, sem fyrirhugað er að lögfesta með þessu frv. Eru það rúmlega 9 milljarðar kr., þessar tölur, sem ég hef nefnt, samanlagt, eða 9150 millj. kr. Ég hef ekki áætlað auknar tekjur af aukinni áfengis- og tóbakssölu, og það eru fleiri tekjuliðir í fjárl., sem ég hef ekki áætlað neina tekjuaukningu af, þó að um aukningu sé vitað. Ég tel rétt að hafa það í varasjóði fyrir auknum útgjöldum, sem ég kann að hafa ekki reiknað með, en ég hef reiknað með stærstu útgjöldum, sem kunna að aukast vegna verðbólgunnar.

Ég er sannfærður um það, að þegar farið er ofan í þetta dæmi, mun mörgum sýnast, að tekjuaukningin verði meiri, jafnvel 10—11 milljarðar. En mér þótti vissara að vera í neðri kantinum í þeirri áætlun, sem ég hef hér gert. Það má auk þess minna á, að það eru ýmsir fleiri tekjuliðir í fjárl., sem hækka, eins og ég áðan nefndi. En ríkissjóður mun að sjálfsögðu verða fyrir auknum útgjöldum umfram það, sem áætlað er í fjárl., vegna hinnar miklu verðbólgu, sem geisar, auk skattkerfisbreytingarinnar, sem fyrirhugað er að lögfesta. Má ætla, að gjöldin aukist mikið, eða um 6550 millj. kr., og verður þá hækkun tekna umfram gjöld 2600 millj. kr. Í tekjuáætluninni er reiknað með 5% söluskatti, sem gæfi 4000 millj. kr., en tekjur umfram gjöld í áætluninni voru, eins og áður segir, 2600 millj. kr. En þá upphæð má draga frá fyrirhuguðum 5% söluskattstekjum, 4000 millj. kr. Mismunur á þessu dæmi verður þá 1400 millj. kr., eða tæplega sú upphæð, sem 2% söluskattur mun gefa. Það er því nægilegt að samþykkja 2% söluskattshækkun til þess að ná þeim tekjum, sem þarf vegna breytinga á skattakerfinu, sé miðað við frv. En við sjálfstæðismenn teljum, að tekjuskattur verði að lækka meira, ef mögulegt er að koma því við, og er það í samræmi við frv. sjálfstæðismanna um skattamál, sem lagt var fram í vetur.

Það kemur vissulega til álita, hvort þörf er á að samþykkja nokkra söluskattshækkun, hvort ekki væri eðlilegra nú í verðbólgunni að stefna að því að lækka útgjöld ríkissjóðs og draga úr eyðslu og ríkisútgjöldum vegna þenslu í ríkiskrefinu. Tölur þær, sem ég hef hér nefnt, er sjálfsagt að endurskoða, þótt þær séu byggðar á allnákvæmum áætlunum.

Skattrán ríkisstj. hefur orðið mörgum þungt í skauti, bæði einstaklingum og atvinnurekstrinum. Verðbólgustefna ríkisstj. brennir upp gjaldmiðilinn, rýrir kaupmátt launanna og íþyngir atvinnurekstrinum og einstaklingunum. 5% söluskattshækkun gerir atvinnurekstrinum erfiðara fyrir og hækkar allt vöruverð og þjónustu í landinu. Allt efni til iðnaðar hækkar. Samkeppnisaðstaða atvinnuveganna versnar. Iðnaðurinn horfir nú til erfiðra tíma. Fyrir landbúnaðinn er hár söluskattur mjög óþægilegur og kostnaðarsamur. Ein dráttarvél til heimilisþarfa hækkar um nálægt 30 þús. kr. við 5% söluskattshækkun. Allar vélar, varahlutir, viðgerðir o. fl. hækka við söluskattsaukninguna. Sjávarútvegur, samgöngur og allar atvinnugreinar verða að taka á sig nýjar byrðar með fyrirhugaðri söluskattshækkun. Söluskatturinn fer út í verðlagið og hækkar vöruverðið og öll þjónustustörf.

Hér geisar óðaverðbólga. Það er öllum ljóst nema e. t. v. hæstv. ríkisstj. Ríkisstj. kyndir undir og hangir í valdastólunum án þess að stjórna. Hún

situr aðgerðalaus og horfir á, hvernig efnahagsmálin fara úr skorðum og atvinnuvegunum er ógnað í verðbólguflóðinu. Ríkisstj. virðist ekki hugsa um atvinnuvegina eða lífskjör almennings í landinu. Hún bætir stöðugt auknum byrðum á almenning og atvinnuvegina.

Þetta frv. boðar hækkun launaskatts. Hefur Félag ísl. iðnrekenda mótmælt launaskattshækkuninni kröftuglega.

Þegar söluskatturinn hækkar stöðugt, er ekki sanngjarnt að ætlast til, að hann verði innheimtur að kostnaðarlausu. Innheimtunni fylgir kostnaður og aukin ábyrgð með hækkuðu gjaldi. Þegar skatturinn var greiddur ársfjórðungslega til ríkissjóðs, höfðu fyrirtækin skattinn í rekstrinum um þriggja mánaða skeið. Var það nokkurs virði og sparaði vaxtagreiðslur af rekstrarfé. Nú er ekki um það að ræða, eftir að skattinum er skilað mánaðarlega. Ábyrgðin er mikil, sem fylgir innheimtunni, þar sem brot gegn réttum reglum geta varðað allt að 6 ára fangelsi eða 10 millj. kr. sekt, eins og lagt er til að lögfest verði með þessu frv. Það getur ekki verið sanngjarnt að ætlast til, að þjakaðir atvinnuvegir taki að sér að vinna umfangsmikil ábyrgðarstörf án sanngjarnrar þóknunar. Það þarf að breyta frv. á þann veg, að sanngjörn greiðsla komi fyrir innheimtu og skil á söluskattinum.

Þjóðin hefur búið við mikið góðæri s. l. 3—4 ár. Aflabrögð hafa verið góð. Útflutningsverð sjávarafurða hefur stöðugt farið hækkandi. En þjóðin hefur ekki notið góðærisins sem skyldi vegna verðbólgunnar. Ríkisstj. lofaði því, að verðhækkanir hér á landi yrðu í samræmi við það, sem gerist í viðskiptalöndum okkar. En alþjóðlegar skýrslur sýna, að verðhækkanir í viðskiptalöndum okkar eru tæplega ⅓ af því, sem gerist hér. Á viðreisnarárunum frá 1960—1971 voru árlegar verðhækkanir til jafnaðar um 10%. Var það nokkru meira en gerðist í mörgum viðskiptalöndum okkar, en var mörg ár nærri því, sem þar var. Á árunum 1967—1968, þegar útflutningstekjur þjóðarinnar lækkuðu um nær 50%, voru gerðar nauðsynlegar ráðstafanir í efnahagsmálum, sem ollu verðhækkunum á innfluttum vörum. Varð það til þess, að áðurnefnt meðaltal var 10—11% á 12 ára tímabili. Árið 1972 var 20% verðbólga hér á landi, á s. l. ári 30%, og búist er við, að á árinu 1974 geti verðbólgan orðið 40—45%.

Ríkisstj. talar mikið um erlendar verðhækkanir, og ekki skal gert lítið úr þeim. Af þeim geta komið erfiðleikar. En það er staðreynd, að ekki meira en ⅓ verðhækkananna hefur átt sér stað vegna erlendra áhrifa. ⅔ hækkananna eru því heimatilbúnir.

Ríkisstj. hefur ekki valdið verkefnunum og brugðist loforðum og fyrirheitum. Ríkisstj. hefur kallað sig „stjórn hinna vinnandi stétta“ og lofað að auka kaupmátt launa. Hvernig hefur það loforð verið haldið? Hefur ríkisstj. einnig svikið það loforð eins og flest önnur? Hvað segja launþegar um það? Verkamenn sögðu á s. l. hausti, þegar við þá var talað, hvort sem þeir voru á hafnarbakkanum í Reykjavík eða annars staðar á landinu, að þeir væru miklu fjær því nú en áður að geta lifað á 8 stunda vinnu, nú yrðu þeir að vinna 12—14 tíma á dag til þess að hafa fyrir brýnustu nauðsynjum. Þannig fór með kaupmáttaraukninguna, sem ríkisstj. lofaði, þegar hún tók við völdum. Vegna vanefnda ríkisstj. í þessum efnum höfðu launþegar á þessum vetri uppi kröfugerð um meiri kjarabætur en áður og áttu í hörðu stríði við ríkisstj. í marga mánuði. Og enn er ósamið við sjómenn og ýmsar fleiri launastéttir.

Á árinu 1973 hækkaði kaupgjald með vísitölu-hækkuninni yfir 30%, en í því fólst ekki kjarabót. Verðbólgan tók allt til baka í hækkuðu vöruverði og hækkaðri þjónustu. Menn spyrja nú: Verða kjarabætur að nýgerðum samningum milli atvinnurekenda og launþega? Ekki reikna menn almennt með því. Verðbólguhjólið snýst hraðar en nokkru sinni fyrr. Málin horfðu öðruvísi við á viðreisnarárunum. Þá jókst kaupmáttur launa, þótt árferði væri ekki eins gott og það hefur nú verið. Á 13 mánaða tímabili, frá 1. júní 1970 til 30. júní 1971, jókst kaupmáttur launa um 19.5%. Þetta hefur verið staðfest í opinberum skýrslum og ekki rengt. Sýnir það, að ekki er sama, hvernig á málum er haldið, hvort spyrnt er gegn verðbólgunni eða hvort allt er látið reka á reiðanum, eins og nú virðist vera.

Menn óttast, að gengislækkun komi, nema aflabrögð stóraukist og útflutningsverð afurðanna hækki enn meira en orðið er. Almenningur nýtur ekki góðærisins vegna verðbólgunnar, sem grefur undan heilbrigðri atvinnustarfsemi. Hér hefur verið minnst á launþegana, sem kvarta undan vanefndum ríkisstj. vegna minnkandi kaupmáttar launa, þótt krónunum fjölgi. Í góðærinu ættu atvinnuvegirnir að eflast. Forustumenn vinnuveitenda hafa talað og lýst því yfir, að atvinnuvegirnir gætu ekki veitt grunnkaupshækkanir þrátt fyrir góðærið. Eigi að síður var samið um talsverðar grunnkaupshækkanir. Að loknum samningum létu samningamenn frá báðum aðilum í ljós ótta um, að samningarnir mundu ýta undir verðhækkanir, sem gætu leitt til gengisbreytingar.

Forustumenn iðnaðarins í flestum greinum hafa talað og lýst áhyggjum sínum. Forustumenn annarra atvinnuvega hafa tekið í sama streng. Í landbúnaðinum hefur verið góðæri síðustu 4 ár. Árið 1970 hækkuðu tekjur bænda um 40%, árin 1971, 1972 og 1973 hefur afkoma landbúnaðarins verið sæmileg, en ekki eins góð og ætla mætti í góðærinu vegna verðbólgunnar og stöðugt hækkandi rekstrarvara. Alltaf hefur vantað nokkuð á, að bændur fái tekjur í samræmi við aðrar stéttir. Eftir 1960 batnaði hlutur bændanna með breyttri landbúnaðarlöggjöf. Þá var tekið í lög að ábyrgjast verð útfluttra landbúnaðarvara, og hefur það tryggt bændum miklu betri kjör en áður var.

Árferði var gott frá 1960—1965, og bættu bændur hag sinn mjög á þeim árum. Þeir byggðu upp íbúðarhús, peningshús og ræktuðu meira en nokkru sinni fyrr. Þeir tóku tæknina og vélarnar í þjónustu sína í mjög ríkum mæli. Árið 1964 höfðu tekjur bænda hækkað mikið frá því, sem áður var, og voru það ár 84.3%, miðað við þær tekjur, sem aðrar stéttir, iðnaðarmenn, verkamenn og sjómenn, höfðu það ár. 1965 voru tekjur bænda 86.2% af tekjum áðurnefndra stétta.

Á kal- og harðindaárunum lækkaði tekjuhlutfallið og var árið 1970 76.8%, en 1972 nokkru meira, 78.9%. Hvert tekjuhlutfall bænda var 1973, liggur ekki enn fyrir. Óvíst er, að það hafi hækkað frá því 1972. Mikið vantar á, að bændur hafi náð því tekjuhlutfalli, sem var í góðærinu 1965. Er það ekki bændum eða forustumönnum þeirra að kenna, heldur því stjórnarfari, sem allir þjóðfélagsþegnar búa við og gjalda fyrir. Það er verðbólgunni að kenna.

Ríkisstj. virðist vera rúin öllu trausti. Eigi að síður ætla ráðh. að sitja í stólunum án þess að stjórna, vera aðgerðalausir, meðan verðbólguhjólið snýst með auknum hraða. Það er þjóðarnauðsyn að efna sem fyrst til alþingiskosninga og mynda starfhæfa ríkisstj., sem styðst við ríflegan þingmeirihluta og hefur getu og vilja til þess að rétta við það, sem nú er úr skorðum gengið. Þjóðarhag verður ekki þjónað, nema það verði gert sem allra fyrst.

Eins og ég áðan sagði, er það reikningsdæmi, sem ég las hér upp, til endurskoðunar. Ég kemst að þeirri niðurstöðu, að þótt frv. verði ekkert breytt, sé ríflegt að samþykkja 2% söluskatthækkun. Ég tel einnig, að það sé vel til athugunar, hvort ekki beri að draga úr útgjöldum ríkissjóðs, draga úr eyðslunni og þenslunni í ríkiskerfinu. Hv. fjhn. þessarar d., sem fær frv. til athugunar, hlýtur að endurskoða frv. og öll þau gögn, sem fyrir liggja. Og það er nauðsynlegt að komast að raunhæfri niðurstöðu í þessu máli. Það er engin meining í því að leggja hærri álögur á þjóðina en nauðsyn ber til. Og það er vitanlega algerlega rangtúlkað, þegar sagt er, að það sé móðgun við launþegastéttirnar, Alþýðusambandið og verkalýðsfélögin, að samþykkja ekki þetta frv. algerlega óbreytt. Við skulum vera sammála um, að launþegastéttirnar vilji fá þessa kerfisbreytingu. En við getum einnig verið sammála um, að launþegastéttirnar vilja helst fá þessa breytingu án þess, að söluskatturinn eða aðrar álögur verði auknar á alþýðu manna.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 31 shlj. atkv. og til fjh.- og viðskn. með 32 shlj. atkv.

Efri deild, 74. fundur.

Mánudaginn 11. mars, kl. 2 miðdegis.

Orlof, frv. (þskj. 462). — 1. umr.

Helgi F. Seljan: Herra forseti. Ég áttaði mig ekki á því, að þetta mál var fyrst á dagskránni. Það var ekki beinlínis út af þessu frv. sjálfu, sem ég kvaddi mér hér hljóðs, heldur af því að hæstv. félmrh. er hér í deildinni, þá langar mig aðeins að ræða þetta mál almennt í sambandi við orlofið og má vera örstutt.

Það hefur orðið svo í sambandi við þær breytingar, sem gerðar voru í sambandi við framkvæmdina á orlofslögunum í sambandi við póstþjónustuna, að þar hafa orðið á ýmsir örðugleikar, og þeir hljóta að vera eðlilegir með tilliti til þess, að þetta er framkvæmd, sem er í byrjun. En sannleikurinn er sá, að margir launþegar eru mjög uggandi, einkanlega yfir því, að í ljós hafa komið margar vitleysur frá póstþjónustunni varðandi orlofsgreiðslur. Eflaust verður það allt leiðrétt, og við skulum segja, að það verði í lagi. Ég reikna með því, að hér sé um byrjunarörðugleika að ræða, og margt spinnst þarna eflaust inn í. Ég hef verið spurður svo mikið um þetta af launþegum t. d. eystra, þar sem framkvæmd þessara mála hefur áreiðanlega verið með einhverjum misbrestum og póstþjónustan þar kannske ekki nógu vel undir það búin í dag að taka við þessu verkefni. Því langaði mig til að spyrja hæstv. félmrh., hvort framkvæmdin á þessu hafi í heild orðið svipuð og reikna mátti með vegna byrjunarörðugleika, hvort þetta sé nokkuð, sem hafi yfirleitt verið reiknað með í upphafi, að þetta gengi svona seint, og eins þá alveg sérstaklega um það, hvort þess megi ekki vænta engu að síður, þó að þarna hafi orðið misbrestur á, að þetta geti gengið nokkurn veginn nú á síðara hluta þessa tímabils, þannig að málið verði komið nokkurn veginn í lag við lok orlofstímabilsins og þá muni vera hægt að sinna skyldunni við launþega, sem orlofslögin fela í sér. Þetta vil ég aðeins þiðja hæstv. ráðh. um að gera grein fyrir hér, ef hann gæti, vegna þess að um þetta er mikið spurt, og launþegar eru vissulega nokkuð uggandi um að þetta muni ekki takast.

Félmrh. (Björn Jónsson): Herra forseti. Það eru aðeins örfá orð út af fsp. hv. 6. landsk. þm. í sambandi við framkvæmd orlofsins, þ. e. a. s. þess þáttar sem snýr að póstgíróþjónustunni.

Ég er ekkert undrandi yfir því, þó að um þetta sé spurt, því að á sjálfum mér hafa dunið fsp. af svipuðu tagi, og það er alveg rétt, sem kom fram hjá honum, að menn hafa verið uggandi yfir því, að þetta fyrirkomulag blessaðist ekki eins og til var ætlast.

En þar er þá fyrst til að taka, að merkjakerfið hafði gefist mjög illa og reyndar því verr sem lengur hafði liðið, vegna þess sérstaklega, að mjög fáir virtu það. Meiri hluti atvinnurekenda var farinn að greiða orlofsfé út með kaupi og jafnvel á sumum miklum atvinnustöðum á landinu var það svo til eingöngu. Sem dæmi um þetta man ég það, að t. d. í Vestmannaeyjum komu fram merki fyrir um 50 þús. kr. á ári. Sjá þá allir, hvernig það kerfi hefur gengið þar. Og þó að það hafi kannske verið af lakari endanum, þá var ábyggilegt, að þetta kerfi var ekki í lagi að því leyti, að það fé, sem átti að kosta menn til þess að geta tekið sitt sumarfrí með eðlilegum hætti, var ekki fyrir hendi. Það hafði komið með kaupinu og horfið með kaupinu í venjulegar nauðþurftir.

Það var því orðin ákaflega brýn nauðsyn á að breyta þarna til. Og það, sem gert var, var gert í samráði við verkalýðssamtökin og þá n., sem undirbjó orlofslögin í þeirri mynd, sem þau eru núna. Lögunum var breytt 1972, eins og menn muna, eftir kjarasamningana þá, og þá var horfið að því ráði og samkomulag allra aðila um, að þetta skyldi sett í póstgírókerfi. Reynslan af því hingað til hefur verið að sumu leyti góð og að sumu leyti slæm. Hún hefur verið góð að því leyti, að það er greinilegt, að það kemur mörgum sinnum meira fé í gegnum þetta kerfi heldur en merkjakerfið. Ég geri ráð fyrir, að það sé ekki fjarri lagi, að giska á það, að þegar orlof kemur fyrst til greiðslu í vor í maímánuði, þá muni orlofssjóðurinn, sem stofnunin hefur með höndum, verða um 700 millj. kr. á móti innan við 200 millj. kr., sem fóru í gegnum merkjakerfið. Að þessu leyti er alveg greinilegt, að um stórkostlega mikla framför er að ræða.

En það er líka rétt, og það er kannske aðalerfiðleikinn, sem fram hefur komið fram að þessu, að grg. frá póstgíróþjónustunni eru ekki nægjanlega fljótar að fara í gegnum kerfið, þannig að menn fá ekki upplýsingar um orlofsgreiðslur sínar nægilega snemma, til þess að það sé traustvekjandi. Það er einnig rétt, sem kom fram hjá hv. 6. landsk. þm., að það hafa líka komið fram verulegar skekkjur, sem hefur þurft að leiðrétta. Ég hef margrætt þetta við póst- og símamálastjórnina og sérstaklega við þann mann, sem ber þarna mesta ábyrgð og hefur forstöðu fyrir þessari stofnun, og eftir því sem mér er tjáð, tel ég fyrst og fremst um byrjunarörðugleika að ræða, sem góðar vonir standa til, að hægt sé að bæta úr. Hér er m. a. um það að ræða, að vélar, sem eru nauðsynlegar í sambandi við gagnavinnslu og skýrslugerðir, hafa ekki verið fyrir hendi fyrr en nú fyrir mjög stuttum tíma, fyrir nokkrum vikum, og það hefur tekið tíma bæði að kenna fólki að fara með þessar vélar og eins hafa komið fram byrjunarörðugleikar í sambandi við notkun þeirra. En allt er þetta þess eðlis, að menn gera sér góðar vonir um, að þetta komist í lag, og ég tel mig hafa gert það, sem í mínu valdi hafi staðið, með því að liðka til með það, að nægilegt starfslið vinni við þetta, og eins í sambandi við útvegun á nægilegum vélakosti. Geri ég mér vonir um, að hér sé ekki um neina óyfirstíganlega erfiðleika að ræða og að þessir hlutir verði komnir í lag um það leyti eða helst fyrr en sumarfrí hefjast.

Hitt er svo annað mál, að einn örðugleika hefur mönnum sést yfir, sem er ekki enn komin niðurstaða um, hvernig farið verður með, og ég

tel alveg ástæðulaust að leyna, þó að hann hafi ekki verið orðaður hér, en það er vegna þess, að orlofsárið er eftir núgildandi lögum, ef ég man það rétt, frá 30. apríl til 1. maí, menn geta farið í sumarfrí strax í byrjun maímánaðar. En það er algerlega útilokað, að greiðsla, sem er tæplega gjaldfallin á mánaðamótum, geti verið komin í gegnum kerfið, hversu gott sem það væri. Þarna kann að þurfa að koma til einhver lagabreyting í sambandi við þetta, því að einhver tími verður auðvitað að líða, frá því að atvinnurekandi greiðir og þangað til það er komið í gegnum kerfið og í því tilfelli, að menn séu að taka sitt sumarfrí, í hendurnar á viðtakanda. Menn hafa ekki gætt þess fullkomlega, að þegar skipt yrði yfir í þetta kerfi, þá er þarna vandamál á ferðinni, sem ráða verður fram úr í tæka tíð. Ég hef gert ráðstafanir til þess að samtök launþega og vinnuveitenda ræði þetta mál og geri tillögur um það, á hvern hátt með þetta sérstaka vandamál verði farið.

En um tæknilegu hliðina vil ég segja það, að ég ber a. m. k. þá von í brjósti, að hún verði komin í sæmilegt og helst gott lag með vorinu. Ég veit ekki betur en að því sé unnið af kappi og áhuga, að þarna verði ekki árekstrar, sem hljóta að verða, ef þessir hlutir komast ekki í betra lag en þeir hafa verið fram að þessu.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 14 shlj. atkv. og til félmn. með 14 shlj. atkv.

Jarðalög, frv. (þskj. 48, n. 410 og 437, 105, 411). — Frh. 2. umr.

Frsm. minni hl. (Steinþór Gestsson): Herra forseti. Eins og fram kemur í nál. á þskj. 437, gat landbn. þessarar hv. d. ekki orðið sammála um afstöðu til jarðalagafrv., sem hér er til 2. umr. Minni hl. n., en hann skipa auk mín hv. 2. þm. Vesturl., Jón Árnason, og hv. 5. þm. Reykn., Jón Árm. Héðinsson, hefur skilað sérálíti.

Ég hefði nú vænst þess, að þegar þetta mikilvæga frv. væri hér til umr., hefði hæstv. landbrh. verið viðstaddur. Ég sé, að svo er ekki, og þykir mér það heldur miður. En ég mun þó ekki gera kröfu til þess, að hann verði sóttur, en mér sýnist, að það lýsi ekki umhyggju fyrir því málefni, sem hér er fram borið, að hann skuli ekki sinna því, þegar það er til umræðu.

En ég mun í þessu máli mínu leitast við að gera frekari grein en í nál. fyrir þeirri ákvörðun okkar að leggja til, að frv. verði vísað til ríkisstj. til gaumgæfilegrar endurskoðunar.

Í minnihlutaáliti okkar birtum við lítið sýnishorn af þeim fjölmörgu umsögnum, sem bárust til n. Flestar þeirra eru jákvæðar, þannig að menn telja þörf á endurskoðun lagaákvæða um jarðir, nýtingu þeirra og ráðstöfun. En brtt. frá ýmsum umsagnaraðilum eru svo margar og viðamiklar og fjölmargar á styrkum rökum reistar að dómi okkar í minni hl. n., að þær þarf að skoða vel, og eðlilegast verður og vænlegast til þess að ná góðum árangri að endursemja frv. til þess að tryggja, að því marki verði náð, sem að er stefnt, en það er, að eignarráð á landi til búsetu á jörðum sé í samræmi við hagsmuni sveitarfélaga og þeirra, sem landbúnað stunda, eins og segir í grg. með frv. Ég er sammála um, að þessu marki þarf að ná, en ég tel, að frv., eins og það liggur fyrir og eins og áformað er að afgreiða það frá þinginu, stuðli ekki að því, svo sem þörf er á. Ég tel nauðsynlegt til upplýsingar fyrir hv. þdm. að kynna nokkru nánar umsagnir ýmissa þeirra aðila, sem leitað var til.

Form. landbn., sem mælti hér fyrir meirihlutaálitinu á dögunum, fór nokkrum orðum um þær umsagnir, sem borist höfðu, og geri ég engar athugasemdir við það, sem hann sagði um það. En eigi að síður og með tilliti til þeirrar ræðu hans hér á dögunum tel ég þörf á að kynna nokkra þætti úr þeim umsögnum, sem hafa borist.

Ég mun þá fyrst snúa mér að því að geta umsagnar, sem barst frá skipulagsstjórn ríkisins sem skipulagsstjóri skrifar undir í umboði skipulagsstjórnar. Þar segir m. a.:

„Skipulagsstjórn ríkisins telur, að stefna beri að því, að landið verði allt skipulagsskylt og þar með verði felld niður sú aðgreining, sem nú er í l. milli þeirra staða, sem skipulagsskyldir eru, og annarra. Jafnhliða því þyrfti sjálfsagt að breyta stjórn skipulagsmála og starfsliði Skipulags ríkisins. Á þessu stigi þykir ekki ástæða til að ræða það frekar, en að sjálfsögðu er skipulagsstjórnin reiðubúin til viðræðna um það, ef óskað er.

Af þessum ástæðum telur skipulagsstjórn ekki ráðlegt í nýrri löggjöf að viðhalda og jafnvel auka aðgreiningu, sem nú er í lögum milli skipulagsskyldra staða og annarra, eins og í I. kafli frv. virðist gera ráð fyrir. Á það skal bent, að nú þegar eru ýmis sveitarfélög, bæði hrein strjálbýlissveitarfélög og sveitarfélög, sem eru að langmestu leyti strjálbýl, að eigin ósk orðin skipulagsskyld. Samkv. 1. mgr. 4. gr. virðist svo sem skipulagsskylda ýmissa sveitarfélaga samkv. skipulagslögum nr. 19 1964, félli niður, ef sú grein yrði samþykkt óbreytt. Svo virðist sem úrskurðarvald landbrh. um, hvað sé þéttbýlissvæði, sbr. 2. mgr. 4. gr., geti rekist á 4. mgr. 4. gr. skipulagslaga, en samkv. þeirri grein úrskurðar félmrh. um skipulagsskyldu. Að auki er vandséð, hvernig þéttbýlissvæðin verða skilgreind. Slíkur vandi gæti t. d. risið í einhverju eftirtalinna sveitarfélaga, sem nú eru skipulagsskyld.“ — Og þar telur skipulagsstjóri upp 20 sveitarhreppa í landinu, sem eru að nokkru leyti með strjálbýli og nokkru leyti með þéttbýli, sem nú þegar hafa vegna eigin áhuga tekið á sig skipulagsskyldu. Ég hirði ekki að telja upp nöfn þeirra sveitarfélaga, það hefur ekki þýðingu.

„Skipulagsstjórn virðist sem byggðaráðum, sem stofna á samkv. l., séu fengin í hendur verkefni, sem þau hafa varla skilyrði til að leysa, t. d. að gera till. um skipulagsmál í sveit, sbr. upphaf 13. gr. Nú er vitað, að gerð skipulags er bæði flókið og kostnaðarsamt verkefni og til þarf að koma atbeini ýmissa sérhæfðra aðila, ef vel á að vera. Er vandséð, hvernig ráðið verður fram úr þessu þrátt fyrir ákvæði 3. mgr. 21. gr. frv. Að vísu segir í 2. tölul. 6. gr., að byggðaráð skuli eiga samvinnu við hlutaðeigandi

sveitarstjórn og skipulagsyfirvöld um skipulag dreifbýlis.“

Ég vil aðeins í þessu sambandi benda á, að það er ein af till. meiri hl. n. að fella niður 2. tölul. 6. gr., þar sem gert er ráð fyrir að fella þetta út, að byggðaráðin skuli eiga samvinnu við hlutaðeigandi sveitarstjórn og skipulagsyfirvöld um skipulag dreifbýlis, en öðrum skipulagsákvæðum við haldið. Þá heldur áfram umsögn skipulagsstjórnar:

„Að sjálfsögðu þarf til að koma náin samvinna við sveitarstjórn, sem í hlut á. En þær sveitarstjórnir, sem frv. tekur til, geta tæplega veitt þá aðstoð, sem nauðsynleg er við sjálft skipulagsstarfið. Ekki verður séð, hvaða skipulagsyfirvöld átt er við. Helst mætti ætla, að átt væri við skipulagsstjórnina, en þá kemur á móti, að verksvið skipulagsstjórnar er algerlega bundið við þá staði, sem skipulagsskyldir eru samkv. skipulagslögum.

Í frv. er t. d. í 3. tölul. 6. gr. og 13. gr. talað um gerð till. um úthlutun lands til ákveðinna þarfa og skipulagsmála að öðru leyti, en ekki verður séð, hvernig fari um meðferð þeirra till., t. d. hver taki við till., hvort þær skuli lagðar fram opinberlega, staðfestar og þá af hverjum o. s. frv.

Ekki eru í l. veittar neinar leiðbeiningar um efni slíks skipulags, sem frv. fjallar um, sambærileg ákvæðum 13. gr. skipulagslaga, sbr. og reglugerð n. 21 1966, um gerð skipulagsáætlana.

Í 5. tölul. 6. gr. virðist sem byggðaráðum sé ætlað að hafa með höndum byggingareftirlit að vissu marki, en slíkt er fengið öðrum aðilum samkv. l. nr. 108 1945, um byggingarsamþykktir fyrir sveitir og þorp, sem ekki eru löggiltir verslunarstaðir.

Rétt þykir að vekja athygli á, að ákvæði í 2. mgr. 13. gr. frv. virðast óeðlileg, þegar um er að ræða nauðsynlega útfærslu byggðar eða framkvæmd skipulags, og varla samrýmast ákvæðum 26. og 28. gr. skipulagslaga eða a. m. k. vera óþarflega þung í vöfum.

Skipulagsstjórn virðist sitthvað í frv. horfa til bóta, en telur hins vegar rétt, eins og áður segir, að benda á framangreind atriði til íhugunar í sambandi við meðferð málsins á Alþingi.“

Ég verð að segja, að okkur, sem í minni hl. erum, þykir þessi umsögn skipulagsstjórnar vera svo vel rökstudd, þegar hún er borin saman við frv. að jarðalögum og þau lagaákvæði, sem bent er til í umsögninni, að til hennar hefði verið rík ástæða til að taka miklu meira tillit en gert er í meðförum Alþ., ef frv. verður samþykkt með þeim breytingum, sem meiri hl. gerir ráð fyrir.

Í nál. bendum við lauslega á umsögn landnámsstjórnar eða landnámsstjóra. Ég vildi til frekari skýringar kynna hér 2—3 atriði úr umsögninni. Ég má segja, að frsm. meiri hl. hafi haft orð á því, að þessi umsögn væri gefin af landnámsstjóra einum, en ekki landnámsstjórn, og það er rétt. En ég vil vekja athygli á því, að stjórnarmönnum í Landnáminu mun hafa þótt fullt eins eðlilegt, þar sem meiri hl. þeirra á sæti á Alþ., að viðhorf þeirra kæmi fram á Alþingi sjálfu, eins og þeir færu að gefa umsögn sína í landnámsstjórn, og fólu þess vegna framkvæmdastjóra stjórnarinnar, sem er landnámsstjóri, að gefa umsögnina. En á þessa þætti langar mig að benda í umsögn landnámsstjóra.

„Sú stefna, sem fram kemur í frv. til jarðalaga um að sameina í einu frv. lög um afmarkaða þætti í landbúnaðarlöggjöf okkar, tel ég nokkuð vafasama í þeim tilvikum, er hér um ræðir. Má í því sambandi benda á lög um Jarðeignasjóð. Mér fyndist eðlilegra að fela t. d. Búnaðarbankanum gæslu þess sjóðs eða efla veðdeild Búnaðarbankans til þess að annast þau viðfangsefni, sem fram koma í 33. gr.“

Þetta er atriði, sem mér sýnist, að vel hefði mátt taka til athugunar, og þess vegna vil ég benda á það í ræðu minni.

Í öðru lagi: „Núverandi fyrirkomulag í skipulagsmálum í dreifbýli var mótað með l. nr. 45 1971, um Stofnlánadeild landbúnaðarins, landnám, ræktun og byggingar í sveitum, og hefur sú stefnumótun smátt og smátt verið að taka á sig fastara form. Má í því sambandi nefna, að jarða- og ábúendaskráning er óðum að komast í rétt horf og þegar orðin grundvöllur að skráningu í lífeyrissjóð bænda og auk þess til viðmiðunar í Stofnlánadeild landbúnaðarins.“

Ég vil hér minna á það og benda á, að sú skráning, sem landnámsstjórn hefur með höndum um jarðir og ábúendur, er sú eina skráning um slíkt efni í landinu, sem er tæmandi. Það er sagt, að Fasteignamatið hafi sína skráningu, og það er rétt, að hún er fyrir hendi, en þar er allt í óvissu um, hverjir eru ábúendur á jörðum, og það er ekki endurnýjað og lá ekki einu sinni alls staðar fyrir, þegar gengið var frá fasteignamatinu. Í annan stað hefur verið talað um, að Búnaðarfélag Íslands hafi jarðaskráningu með höndum, og það er rétt að vissu marki. Það skráir alltaf, þegar einhver breyting verður á í ræktun á hverri jörð í landinu. Aftur á móti hefur Búnaðarfélagið ekki fylgst með ábúendum jarða, og ef ekki verður hreyfing í jarðabótum á viðkomandi jörðum, geta þær fallið niður úr skráningu hjá Búnaðarfélaginu, þannig að það er engin önnur skráning til, sem er tæmandi en er hjá landnámsstjórn.

Þá heldur landnámsstjóri áfram:

„Landbúnaðaráætlanir eru komnar af stað og línur að skýrast, hvernig unnið verði að þeim málum. Má í því sambandi benda á Inn-Djúpsáætlun, sem væntanlega kemst á framkvæmdastig á þessu ári. Þá hefur verið byrjað lítillega á landamerkingum, sem er einn liður í samstarfi við Landmælingar Íslands og Rannsóknastofnun landbúnaðarins og Fasteignamat ríkisins um landamerkingar, grunnkortagerð, gróðurdreifingu og skráningu lands, en þetta starf er grundvöllur, sem þarf að vinna, áður en eiginlegt skipulagsstarf getur hafist á einstökum jörðum og skráning fasteigna kemst í raunhæft form, að því er landið varðar. Ég álít því, að það muni ekki flýta fyrir þróun eða framkvæmd þessara verkefna að flytja þau inn í landbrn. og leggja niður landnámsstjórn og Landnám ríkisins.“

Ég gat þess við 1. umr., að ég væri vantrúaður á, að það væri til hagræðis að gera þá breytingu, sem hér er lagt til í þessum lögum, að leggja niður Landnám ríkisins og fella fjölmörg

verkefni þess undir landbrn. Það er skoðun mín, að það væri sönnu nær og líklegra til þess, að af því yrði jákvæður árangur, að flytja fremur jarðeignadeild ríkisins undir Landnámið heldur en fella Landnámið niður og flytja það inn í landbrn. Það er eitt af þeim atriðum, sem ég tel, að hefðu verið til athugunar í þessu sambandi og hefði þurft að ræða í alvöru, þegar frv. var til athugunar.

Þá langar mig að minna á þennan kafla í umsögn landnámsstjóra:

„Ég tel, að það skipti mestu máli í sambandi við búsetu á þeim jörðum, sem sveitarstjórnir og viðkomandi stjórnvöld vilja halda í ábúð, nú landnámsstjórn, að einfalda ákvæði ábúðarlaga og gera þau ákveðnari og á þann hátt að auðvelda sveitarstjórnum að tryggja fasta búsetu á jörðum og byggja þær hæfum bændum, hver sem er eigandi jarðar eða jarðarhluta. Ég álít, að þetta skipti meira máli en hver á jörðina. Ef jarðeigendum yrði ljóst, að ekki væri hægt að kaupa eða eiga jörð án þess að leigja hana með eðlilegum kjörum og eðlilegu frjálsræði ábúenda um framkvæmdir, þá held ég, að ásókn í jarðir minnkaði og jarðaverð kæmi til með að verða eðlilegt. Þar á ég ekki við kyrrstöðu í verði í krónum, heldur að verð á jörðum og mannvirkjum sé í samræmi við verðþróun peningamála."

Ég vil sérstaklega undirstrika þennan kafla í umsögn landnámsstjóra. Ég held, að þarna sé komið að veigamiklu atriði í þessu stóra máli, sem hér er til umr., þ. e. að það er skipulagið og það eru kvaðirnar um ábúð, sem hafa langmesta þýðingu um það, hvaða verðlagsþróun jarðamálin taka, og eins hitt, hvernig fer um nýtingu jarða.

Frsm. meiri hl. n. gat um það réttilega, að frv. hefði verið sent búnaðarsamböndunum í landinu til umsagnar. Mér skilst, að 4 þeirra hafi ekki sent svör. 5 búnaðarsambönd mæla með samþykkt frv., eins og það er, og ræða það ekki frekar. 4 þeirra hafa óskað eftir breytingum á þeim í fleiri eða færri atriðum. Ég vil kynna hér lítils háttar viðhorf þeirra til þessa máls. Mér finnst eðlilegt, að það sé gert, ekki síst fyrir þá sök, að þetta frv. lá fyrir næstsíðasta Búnaðarþingi og fékk þar heilmikla athugun og voru gerðar við það brtt., sem að miklu leyti og líklega flestu leyti hafa verið teknar til greina og verið felldar að frv., áður en það nú er lagt fyrir Alþ., þó að allar hafi þær ekki komist þangað. Því hefur jafnvel verið haldið fram, að það hafi þess vegna verið afgreitt mál meðal bændasamtakanna, sagt, að þau væru ánægð með frv. eins og það lægi fyrir. En mér sýnist, að brtt. og umsagnir frá þessum fjórum búnaðarsamböndum, sem einhverjar till. hafa um breytingar, sýni, að svo er ekki enn, og er það ekkert til að furða sig á. Málið er stórt og yfirgripsmikið, og þarf enginn að segja mér, að það verði skoðað ofan í kjölinn á örstuttum tíma.

Ég ætla þá að snúa mér að því að fara lítils háttar niður í þær umsagnir frá búnaðarsamböndunum, sem gera ráð fyrir breytingum á frv. Kem ég fyrst að umsögn formanns Búnaðarsambands Suðurlands, Stefáns Jasonarsonar bónda í Vorsabæ. Hann segir svo, með leyfi hæstv. forseta:

„Ég hef yfirfarið frv. og fagna því, að svo virðist sem tilgangur þess, ef að lögum verður, sé fyrst og fremst að tryggja sem öruggasta búsetu á bændabýlum, þar sem lífvænleg aðstaða er til búrekstrar, svo og að bæta úr ýmsum ágöllum, sem torveldað hafa kynslóðaskipti að undanförnu. Mér er og ljóst, að frv. þetta nær yfir yfirgripsmikinn þátt í íslensku þjóðlífi og verður varla fullmótað í einum áfanga né þannig afgreitt frá Alþingi, að ekki megi betur gera að ýmissa áliti, enda þótt þar um fjalli menn, sem vilji gera sitt besta í þessu efni.

Ekki hefur gefist tækifæri að gera allsherjarkönnun á efni frv. meðal sunnlenskra bænda á vegum Búnaðarsambands Suðurlands. Hins vegar hef ég leitast við að kynna efni þess ýmsum bændum hér í héraðinu og leitað álits þeirra um efni frv. Það, sem bændur leggja áherslu á, að fram komi við afgreiðslu frv. á Alþ., er m. a. þetta:

1. Jarðasjóður verði það öflugur fjárhagslega, að hann geti sem best skilað því hlutverki, sem honum er ætlað, sbr. 33. gr.

2. Að tryggt verði sem best samstarf milli byggðaráðs og sveitarstjórna í sambandi við eigendaskipti fasteigna, sbr. 6. gr.

3. Að tryggt verði, að söluverð jarða til búrekstrar verði ekki hærra hverju sinni, miðað við verðlag búvara og búrekstraraðstöðu, en það að kynslóðaskiptin geti farið fram með farsælum hætti, svo að áframhaldandi búskapur verði sem víðast tryggður í íslenskum sveitum.

4. Jafnan verði höfð hliðsjón af fasteignamati við matsgerðir bújarða.

5. Komið verði í veg fyrir, að fjársterkir aðilar, sem ekki eiga lögheimili í viðkomandi sveitarfélagi og ekki hafa búskap í huga, geti haldið góðum jörðum án ábúðar árum saman.

6. Þær bújarðir, sem gerðar verða að óðalsjörðum, sbr. VI. kafla frv., verði afhentar óðalserfingja með gögnum og gæðum á sem bestum kjörum, enda sé óðalserfingja skylt að halda við húsum, ræktun og öðrum mannvirkjum á jörðinni.

Stjórn Búnaðarsambands Suðurlands hefur ekki fjallað um efni frv. sameiginlega.

Ég vil að lokum leggja áherslu á það persónulega álit mitt, að mikils er um vert, að vel takist til með afgreiðslu frv. til jarðalaga á Alþ.

Virðingarfyllst.
Stefán Jasonarson."

Í sambandi við þá umsögn, sem ég hef hér kynnt frá formanni Búnaðarsambands Suðurlands, vil ég vekja sérstaka athygli á því, að hún fellur saman við skoðanir mínar á frv. í vissum atriðum, sem ég tók fram við 1. umr. um þetta jarðalagafrv., sem sé það, að það kemur í ljós t. d. í sambandi við Jarðasjóð, að honum eru nú ætluð svo miklu, miklu stærri verkefni en áður var, að það verður að efla hann miklu meira en gert er ráð fyrir í frv. Þetta undirstrikar formaður Búnaðarsambandsins. Það þarf einnig að tryggja sem best samstarf milli byggðaráðs og sveitarstjórna, segir hann. Þar greinir okkur nokkuð á. Ég tel, að byggðaráðin

séu óþörf og sveitarstjórnum megi fela þau verkefni, sem byggðaráðum eru ætluð.

Þá vil ég geta um, að hann bendir sérstaklega á, að það sé mikilvægt að hafa þau fyrirmæli í l., að eigendur geti ekki haldið góðum bújörðum án ábúðar árum saman. Þessu hygg ég, að sé auðveldast að ná fram í gegnum skipulagið, eins og komið var að áðan í umsögn skipulagsstjórnar ríkisins.

Þá er það eitt atriði enn, sem Stefán Jasonarson minnist hér á og mér finnst vera mjög mikilvægt, að sé undirstrikað, og það er, að þegar jarðir eru keyptar af ríkinu og gerðar að óðalsjörðum, þá verði þær afhentar óðalserfingja með gögnum og gæðum. Það er tekið fram í þessu frv., að hlunnindi skuli vera undanskilin við afhendingu, þ. e. gögn og gæði landsins. Ég tel það hins vegar mikilvægt, að ekki verði farið öðruvísi að með þær jarðir heldur en aðrar jarðir í landinu, þar sem ekki má skilja að hlunnindi og jörð.

Þá vil ég hér aðeins kynna stutta umsögn frá Búnaðarsambandi Snæfellinga. Hún er á þessa leið:

„Stjórn Búnaðarsambandsins mælir eindregið með því, að frv. til jarðalaga verði lögfest á Alþingi í vetur, með þeim fyrirvara, að hert verði nokkuð á ákvæðum eignarnámsheimildar sveitarfélaga og ríkisins á landi, sem ekki er nýtt til búrekstrar. Þá telur stjórn sambandsins, að lengja eigi frest um veitingu forkaupsréttar samkv. 24. gr. um 5 sólarhringa í 10 sólarhringa. Einnig verði hækkað framlag í Jarðasjóð úr 12 millj. í 20 millj. Æskilegt væri, að skipuð yrði sérstök stjórn fyrir sjóðinn. Þetta tilkynnist hér með.

Virðingarfyllst,

f. h. Búnaðarsambands Snæfellinga,
Leifur Kr. Jóhannesson.“

Hér kemur Búnaðarsamband Snæfellinga að þessu sama með jarðeignasjóðinn, að til þess að hann geti svarað sínu hlutverki, þarf að efla hann meira en gert er ráð fyrir, og einnig kemur Búnaðarsambandið hér að því, sem ég gat um áðan og komið hefur um till. frá öðrum stöðum, að sérstök stjórn yrði fyrir sjóðinn, en heyrði ekki beint undir rn.

Þá sé ég ástæðu til að minna hér lítils háttar á umsögn Búnaðarsambands Skagfirðinga. Þeir gera ákveðnar brtt. við jarðalagafrv. um vissar greinar þess. Ég ætla ekki að lesa þær brtt., aðeins þær skýringar, sem stjórnin gefur um þessar brtt., sem mér þykir ástæða til að kynna, svo að menn átti sig betur á þeim:

„1. Áríðandi er, að sveitarstjórnir séu jafnan hafðar með í ráðum og leitað umsagnar þeirra varðandi mörg þau mál, er byggðaráð kemur til með að fjalla um, þannig að sem viðtækust samstaða skapist heima fyrir um þær ákvarðanir, sem teknar kunna að verða og snerta hin einstöku sveitarfélög.“

Ég vil taka það fram hér, að ég sé að vísu, að í brtt. meiri hl. n. hefur verið fallist á þetta sjónarmið að nokkru leyti, þar sem orðinu „sveitarstjórn“ hefur verið bætt inn í frv. á einum 4—5 stöðum frá því, sem áður var. — Enn fremur segir svo:

„2. Fráleitt er að heimila að undanskilja hlunnindi, svo sem námuréttindi, rétt til efnistöku, vatns- og hitaréttindi umfram heimilisþörf, þegar um sölu á ríkisjörðum er að ræða. Þetta ákvæði 31. gr., eins og það er nú í frv., er alger mótsögn við tilgang og anda frv. Engin frambærileg rök eru til fyrir þessu ákvæði og því rökrétt að fella það niður úr frv.“

Þetta kemur heim við það, sem Stefán Jasonarson hafði á orði í sinni umsögn, að bændur leggja mikla áherslu á það, munu gera það og gera, að þarna verði ekki gengið á rétt landeigenda í þessu efni. — Enn segir svo:

„3. Frv. gerir ekki ráð fyrir, að Jarðasjóður hafi sérstaka stjórn, en starfi á vegum jarðadeildar.“

Stjórn Búnaðarsambands Skagfirðinga telur miklu eðlilegra, að sjóðurinn starfi undir sérstakri stjórn, og tekur því upp till. Búnaðarþings 1973 þar að lútandi.

„4. Vegna hinna sífelldu verðhækkana á öllum sviðum verður að gera ráð fyrir verulegu árlegu fjármagni til Jarðasjóðs, svo að hann geti sinnt hlutverki sínu. Þetta framlag verður einnig að fylgja verðlagsbreytingum. Því er lagt til, að það hækki í hlutfalli við ríkisframlag til jarðræktar og húsabóta hverju sinni.

5. Eðlilegt þykir, að Jarðasjóður greiði kostnað við fjallskil vegna eyðijarða í eigu sjóðsins, m. a. vegna þess, að hluti tekjustofna fjallskilasjóða er stundum reiknaður af landverði jarða.

6. Þá teljum við, að VI. kafli frv. hafi litinn tilgang,“ — þ. e. kaflinn um óðalsjarðir, — „þar sem jörð er yfirleitt ekki gerð að óðali, nema menn séu skyldaðir til þess vegna kaupa á ríkisjörð. Þá má benda á, að lög þessi skapa í mörgum tilfellum misrétti milli barna óðalseigenda.“

Þetta eru greinargerðir með till. Búnaðarsambands Skagfirðinga, sem öll stjórnin skrifar undir: Gunnar Oddsson, Marinó Sigurðsson, Jónas Haraldsson, Bjarni Halldórsson og Haraldur Hermannsson. Ég tel, að í þessum ábendingum Búnaðarsambands Skagfirðinga sé einnig að finna mikilvægar ábendingar um það, sem betur mætti fara í frv., og ég tel, að þess hafi ekki verið gætt við afgreiðslu n. á því.

Ég rakti stuttan kafla úr umsögn Búnaðarsambands Suður-Þingeyinga í nál. okkar í minni hl. Ég sé ástæðu til að bæta hér litlu við og einmitt úr þeirra nál. Er það svo hljóðandi, með leyfi hæstv. forseta:

„Stjórn Búnaðarsambands Suður-Þingeyinga hefur tekið til meðferðar frv. það til jarðalaga, er henni var sent til umsagnar. Stjórnin hefur orðið sammála um að styðja þá meginstefnu, sem í frv. felst, að torvelda með löggjöf óæskilegt jarðabrask í hagnaðarskyni, án þess að frelsi bænda til eðlilegs raunverðs á fasteignum þeirra verði skert óeðlilega með löggjöf umfram eignir annarra þjóðfélagsborgara í landinu. Af þessu tilefni leggur stjórn sambandsins áherslu á, að öll eignarskerðingarákvæði frv. verði endurskoðuð, en enn frekar með hliðsjón af gildandi ákvæðum stjórnarskrárinnar, svo að tryggt sé, að endanleg afgreiðsla frv. verði í fullu samræmi við hana. Þá telur stjórnin hæpin þau ákvæði frv.

að leggja Landnám ríkisins niður að svo komnu máli, þar sem það hefur á jákvæðan hátt stuðlað að raunhæfu viðnámi gegn byggðaeyðingu í sveitum landsins og auk þess sinnt veigamiklu hlutverki í uppbyggingu og rekstri fóðurvinnslu úr íslensku grasi, sem ber að efla sem mest á næstu árum.“

Ég ætla ekki að vitna í lengra máli í umsögn Búnaðarsambands Suður-Þingeyinga. Hefur verið fellt inn í nál. niðurlag umsagnarinnar, sem ég vænti, að menn hafi veitt athygli, þar sem Búnaðarsambandið leggur til, að frestað sé afgreiðslu málsins, það endurskoðað og athugað betur. En undir þessa álitsgerð skrifar öll stjórn Búnaðarsambands Suður-Þingeyinga: Hermóður Guðmundsson, Baldvin Baldursson og Teitur Björnsson.

Ég hef nú rakið hér umsagnir búnaðarsambandanna, sem höfðu eitthvað um málið að segja, þ. e. a. s. sem höfðu sýnilega farið ofan í það og kynnt sér það að verulegu marki og höfðu við það brtt. Ég tel, að margar þeirra hafi verið þess eðlis, að það hefði verið fullkomin ástæða til að taka þær til greina að verulegu leyti, og þess vegna hef ég viljað kynna þær hér frekar til þess að leggja áherslu á þýðingu þeirra.

Ég kemst ekki hjá því að taka hér upp lítils háttar úr umsögn sveitarfélaganna í þessu efni. Ég hef í nál. bent á vissa þætti úr umsögn Sambands ísl. sveitarfélaga, en umfram það, sem þar er sagt, hefði ég viljað benda hér á einhverja stutta kafla úr umsögn Samtaka sveitarfélaga í Suðurlandskjördæmi. Þar segir svo:

„Stjórn Samtaka sveitarfélaga í Suðurlandskjördæmi hefur fjallað ítarlega um frv. og þó einkum þær hliðar þess, er snúa að sveitarstjórnarmálum. Stjórnin vill með þessari umsögn sinni benda á það, sem henni þykir betur mega fara í frv., og leggur áherslu á það, að ekki verði reynt að lögfesta það í núverandi mynd.“

Ég ætla að sleppa hér 1. liðnum, hann fellur nokkurn veginn alveg saman við umsögn skipulagsstjórnar ríkisins. Ég tel því ástæðulaust að vera að þylja það hér upp. Hins vegar vil ég benda á, að það fellur þar saman.

„2. Í 3. gr., sbr. grg. frv., er gert ráð fyrir, að landbrn. sjái um, að haldin verði skrá af einum aðila yfir allar jarðir, svo og að gerðir verði uppdrættir með landamerkjum af sveitum landsins. Í þessu sambandi skal á það bent, að með frv. til l. um skráningu og mat fasteigna er gert ráð fyrir, að sérstök stofnun taki til starfa, Fasteignaskrá, og hún hafi þessi störf m. a. með höndum, og að sú stofnun heyri undir annað rn, fjmrn.

Í 4. gr. frv. er gert ráð fyrir, að landbrh. skeri úr ágreiningi um það, hvað telja skuli þéttbýlissvæði, en í skipulagslögum er gert ráð fyrir, að félmrh. skeri úr í þessu efni. Hér er alveg á sama hátt dæmi um ósamræmi milli þeirra l., sem í gildi verða, ef þetta frv. verður lögfest. Þá sem sagt rekast á jarðalög og skipulagslög.

Í 5. gr. frv. fjallar um byggðaráð. Þar er gert ráð fyrir, að sýslunefndir, búnaðarsambönd og ráðh. tilnefni byggðaráð. Á það skal bent, að mikið hefur verið rætt og ritað um ofvöxt ríkiskerfisins. Hér er ætlunin að stofna nýtt kerfi með ráðum, sem gætu orðið alls 24, með þremur aðal- og þremur varamönnum. Með þessu er jafnframt gengið á rétt hinna einstöku sveitarfélaga, sem til þessa hafa farið með þau verkefni, sem byggðaráðinu eru m. a. ætluð. Þá skal á það bent, að sýslunefndir eru af flestum taldar í mjög lausum tengslum við sveitarstjórnirnar í landinu, svo að ekki sé fastar að orði kveðið. Til þess að bæta úr því, sem ekki hefur tekist með starfi sýslunefnda, voru stofnuð landshlutasamtök sveitarfélaga í öllum kjördæmum landsins. Löggjafinn hefur viðurkennt tilvist þeirra og rétt með fjölmörgu móti. Varðandi landshlutasamtökin skal minnt á lög um tekjustofna sveitarfélaga, lög um Framkvæmdastofnun ríkisins og frv. til l. um grunnskóla, og loks skal minnt á áðurnefnt lagafrv. um skráningu og mat fasteigna, 18. gr. Það er þess vegna till. stjórnarinnar, að fundin verði önnur leið í samráði við sveitarfélögin og samtök þeirra um það, hvernig ná megi því, sem að er stefnt í II. kafla frv.“

Þessi umsögn hnígur að því að benda á, að byggðaráðin séu þarna óeðlileg og þau störf, sem þarf að vinna, verði fremur unnin á vegum sveitarfélaganna.

„13. gr. frv. gerir ráð fyrir því, að byggðaráðin verði enn einn aðili, sem fari með skipulagsmálin í landinu. Stjórnin telur frekar þörf að samræma og efla stjórn þessara aðila að skipulagsmálum í landinu í heild, áður en gengið er að því að setja upp nýtt kerfi á vegum ríkisins. Með þessu vill þó stjórnin alls ekki hafa á móti virkari aðild Búnaðarfélags Íslands um skipulagsmál í sveitum landsins. Má þar benda á, að t. d. gæti þótt eðlilegt, að Búnaðarfélag Íslands öðlaðist rétt til að tilnefna fulltrúa í skipulagsstjórn ríkisins.“

Ég held, að ég taki ekki fleira upp úr þessari umsögn, til þess að lengja ekki mál mitt a. m. k. ekki allt of mikið, en vil þó hafa hér yfir síðustu orð umsagnarinnar: „Það fer m. ö. o. ekki mikið fyrir hlut sveitarfélaga í frv., en við nánari lestur kemur í ljós, að ætlunin er að færa valdsvið sveitarfélaga og eignar- og umráðarétt bænda í ríkum mæli yfir í hendur ríkisvaldsins.“

Undir þetta álit skrifa formaður sambandsins, Ölver Karlsson, og framkvstj. þess, Sigfinnur Sigurðsson.

Þá vil ég að lokum aðeins kynna hér ályktun, sem mér hefur borist í hendur frá Landeigendafélagi Austur-Húnavatnssýslu um frv. til jarðalaga. Þangað var þetta frv. að vísu ekki sent til umsagnar, en mér hefur borist þessi ályktun, og ég vildi gjarnan fá að kynna hana hv. þdm. Er hún á þessa leið, með leyfi hæstv. forseta:

„Stjórn Landeigendafélags Austur-Húnavatnssýslu hefur haft til athugunar frv. til jarðalaga, er liggur fyrir Alþ. því, er nú situr. Telur stjórnin ýmis ákvæði þess í veigamiklum atriðum svo gölluð eða orka svo tvímælis, að ekki sé viðunandi að óbreyttu.

Segja má, að eignar- og umráðaréttur landeigenda sé svo stórlega skertur, að stappi næst því, að þeir séu sviptir sjálfsforræði til að ráðstafa jörðum sínum til sölu á frjálsan hátt, næstum hvernig sem á stendur, og verða að sæta mati á sölu, sem þýðir í flestum tilfellum miklu

lægra verð en fáanlegt væri fyrir þær á frjálsum markaði.

Til að benda á nokkur atriði lítur stjórnin svo á, að byggðaráði sé ætlað óeðlilega mikið vald til hvers konar afskipta og íhlutunar í sambandi við kaup og sölu jarðeigna, og álítur, að í stað byggðaráðs væri eðlilegt, að sýslunefnd og búnaðarsamband kysu sinn manninn hvort til fjögurra ára í senn til að vera sveitarstjórnum og öðrum forkaupsréttarhöfum til aðstoðar og ráðgjafar, ef með þyrfti. Þess vegna vill stjórnin fella niður öll ákvæði um íhlutun Búnaðarfélags Íslands og landbrh. í frv. þessu, nema um ríkisjarðir sé að ræða. Álítur stjórnin, að allt það vald, sem þessum aðilum er ætlað í frv., eigi að vera í höndum heimaaðila, þ. e. sveitarstjórna með aðstoð búnaðarsambands og sýslunefndar, — ekki meira vald til opinberra aðila í Reykjavík. Það virðist ganga sem rauður þráður í gegnum frv., að náist ekki samkomulag um söluverð jarða, þá skuli mat dómkvaddra manna ráða. Meðan sams konar ákvæði um sölu fasteigna í kaupstöðum er ekki áformað eða í lög leitt, getur stjórnin ekki fallist á þetta og mótmælir því, enda vafasamt, að slík skerðing á eignarrétti stæðist samkv. ákvæði stjórnarskrár um friðhelgi eignarréttarins.

Eftir atvikum getur stjórnin fallist á kaflann um Jarðasjóð ríkisins, nema 39. gr. Þar er bersýnilega verið að draga allt vald úr höndum bænda til embættismanna utan bændastéttarinnar, og vísast til þess, sem áður er fram tekið, að það verði í höndum heimamanna. Þá virðist sjóðnum ætlað of lítið fjármagn til að valda hlutverki sínu.

Um óðalsjarðir: Vafasamt er, að þessi kafli eigi nokkurn rétt á sér, a. m. k. í því formi, sem frv. gerir ráð fyrir. Víst má telja, að fáir bændur verði fúsir til að binda jarðir sínar í þær viðjar að verða að afhenda þær jafnvel til fjarskyldra ættingja fyrir hálft fasteignamat eða jafnvel ekki neitt, ef á þeim hvíla skuldir. Gert er ráð fyrir í frv., að l. um ættarjarðir falli úr gildi, og er það vel.

Blönduósi, 8. febrúar 1974.

Konráð Eggertsson,
Sigurður Þorbjarnarson,
Pétur Hafsteinsson,
Erlendur Eysteinsson,
Björn Jónsson.“

Fyrst mér barst þetta í hendur, þótti mér rétt að kynna það hv. þdm. Í því eru ýmis atriði, sem eru athyglisverð og ég tel, að rétt væri að hafa til athugunar, ef farið yrði að till. okkar um að endurskoða frv. nánar.

Ég tel, að næst væri eðlilegt að víkja lítils háttar að þeim breyt., sem meiri hl. landbn. hefur lagt til, að gerðar yrðu á frv., til þess að sjá, að hverju þær stefna og hvers megi vænta af þeim.

Nokkrar þeirra eru einungis gerðar til leiðréttingar, eins og 1. till.

2. till., sem ég hef nú aðeins lítilsháttar fjallað um hér, er um það, að 2. liður 6. gr. falli niður, en hann er um það, að byggðaráðum er ætlað að stuðla að skipulagi dreifbýlis, m. a. með ábendingum og tillögugerð sveitarstjórnar. Ég hygg, að þetta muni vera lagt til þess að undirstrika það, að byggðaráðin megi ekki verða skipulagsaðilar. En það er fjarri því, að þetta nægi til þess, því að það er gert ráð fyrir því blátt áfram í 6. gr., að byggðaráð á að gera till. um úthlutun landssvæða til ræktunar, byggingar sumarbústaða og almennra útilífsnota, þar sem þörf er talin fyrir land í þessu skyni. Byggðaráð á að fylgjast með töku hvers konar jarðefna. Byggðaráð á að gæta þess, að mannvirki verði ekki reist án heimildar réttra yfirvalda. Það sem sagt stendur eftir, að byggðaráðin eigi að fjalla um skipulagsmálefni, þó að þessi eini liður sé felldur burt, þar sem gert er ráð fyrir, að þau eigi að stuðla að skipulagi dreifbýlis með ábendingum til sveitarstjórna.

Þá er 3. brtt., sem mér finnst dálítið einkennileg. Hún er við 10. gr. 10. gr. fjallar um það, að ef byggðaráð neiti að samþykkja áformaða sölu fasteignar og rn. staðfestir þá ákvörðun, þá getur eigandi eða umráðamaður jarðeignarinnar gert kröfu til þess, að ríkissjóður kaupi þá eign, sem hann vildi láta af hendi. Náist ekki samkomulag um verð, skal mat dómkvaddra manna ráða. Í þessari gr., eins og hún er í frv. eru að vísu ekki nein fyrirmæli um það, til hverra hluta eigi að taka tillit við það mat, sem framkvæmdt yrði, svo að það má segja, að hún yrði nokkuð botnlaus. Ég geri ráð fyrir því, að meiri hl. hafi ætlað að setja þarna skýrari ákvæði með þeirri brtt., sem lagt er til, að gerð verði, þar sem er gert ráð fyrir, að síðasti málsl. verði orðaður eins og segir í brtt.: Náist ekki samkomulag um verð, skal kaupverð eignarinnar ákveðið samkv. IX. kafla l. nr. 36 1961: — Það munu vera ábúðarlög. Nú er áformað að fella þau úr gildi með nýjum ábúðarlögum. Ég hef lesið yfir þennan IX. kafla l., og ég sé þar aðeins þetta eina ákvæði, sem getur orðið til leiðsagnar um það, við hvað eigi að miða matsgerð. Þar segir svo í 51. gr.:

„Við matsgerðir þessar ber úttektarmönnum að taka tillit til almennra verðbreytinga, sem orðið hafa á mannvirkjagerð.“ Ég tel það óeðlilegt að setja inn í ný lög ákvæði laga, sem ætlað er að nema úr gildi. Ég geri ráð fyrir, að þetta standist, en mér finnst þetta andkannalegt.

4., 5., 6. og 7. brtt. meiri hl. miða allar að því að taka tillit til tillagna sveitarstjórnanna, þannig að þessu eina orði, „sveitarstjórn“, er bætt inn í frvgr., svo að samþykkis sveitarstjórna verði leitað í ýmsum efnum, og er það vel, að þetta er tekið upp. Það er strax til bóta, þó að ég telji það alls ekki fullnægjandi.

8. brtt. er mjög lítilvæg. Hún er aðeins frekari skýring á skiptingu á kostnaði við byggðaráðin.

Í 9. brtt. miðar að því, að forkaupsréttur vinnist við 8 ár á ábúð í stað 10 ára áður í frv. Ég hef engar aths. við það að gera.

10. brtt. er um fresti vegna forkaupsréttarákvæða, sem ég tel mjög eðlilegt að breyta í þá átt, sem þar er gert. Í stað 5 sólarhringa komi 10.

11. brtt. miðar í sömu átt og sú, sem ég var að lýsa áðan. Þar er tekin ákvörðun um það, við hvaða mat skuli miða, og er það gert með sama hætti og ég taldi hér fram áður.

Þær brtt., sem hér koma á eftir, eru meira

til leiðréttingar og ekki mikilvægar, að mér sýnist.

Að síðustu er svo 18. brtt., sem ég vildi aðeins koma lítillega að. Hún er við 65. gr. l., gildistökugr., þar sem gert er ráð fyrir í frv. að fella úr gildi nokkur ákvæðin lagafyrirmæli. M. a. er þar talað um að fella niður III.—XI. kafla l. nr. 45 1971, en XI. kaflinn er um Landnám ríkisins. Eins og ég hef bent á hér að framan, eru ýmsir aðilar, sem hafa um þetta frv. fjallað, sem telja sig andvíga því að leggja niður Landnám ríkisins. Ég hafði haldið, þegar ég sá þessa 18. till. frá meiri hl., að þeir hefðu fallist á þetta sjónarmið, því að till. er um það, að „orðin" og III.-XI. kafli l. nr. 45 1971" falli niður", sem sagt miðar að því að halda ákvæðum um Landnám ríkisins í gildi enn um sinn. Ég átti ekki svo mjög erfitt með að trúa því, að þetta gæti verið þannig, að nm. hefðu fallist á þetta. Ég vil í því sambandi minna á það, að í umr. á Alþ. 31. jan. í vetur, þegar 1. þm. Vestf. ræddi um framkvæmd Inn-Djúpsáætlunar, fór hann mjög lofsamlegum orðum um vinnubrögð Landnáms ríkisins. Ég vil, með leyfi forseta, fá að vitna hér í mjög stuttan kafla úr ræðum hans:

Árið 1971 fóru fram viðræður milli landnámsstjóra og stjórnar búnaðarfélaga þessara hreppa, sem ég hef nefnt. Um svipað leyti skrifaði Ræktunarsamband Nauteyrar- og Snæfjallahrepps til Búnaðarfélags Íslands út af fjárhagserfiðleikum af rekstri við vélar sambandsins, og var það erindi sent landnámsstjóra til umsagnar. Þá fjallaði Stéttarsamband bænda í sept. 1971 um erindi oddvita og formanna búnaðarfélaga áðurnefndra hreppa, þar sem farið er fram á aðstoð til að auka ræktun við Inn-Djúp vegna kals og harðæris undanfarin ár og treysta búsetu á þessu svæði. Á þeim aðalfundi var samþykkt till., þar sem stjórn Stéttarsambandsins var falið að leita eftir því við landnámsstjóra, að Landnám ríkisins tæki að sér endurskipulagningu á ræktun í Inn-Djúpi. Landnámsstjórn tók þessi mál fyrir á fundi í okt. 1971 og fól landnámsstjóra að vinna að málinu og kanna möguleika á endurskipulagningu ræktunarmála í þessum fjórum hreppum. Má segja, að þar með hafi hafist forusta Landnáms ríkisins um frumkönnun og áætlunargerð fyrir bústofn á jörðum fyrir Inn-Djúpið."

Og í lok ræðu sinnar sagði hv. þm. svo:

„Ég vík að lokum að þáltill. Mönnum var að sjálfsögðu ljóst, að nauðsynlegt var að fela einhverjum einum aðila framkvæmd Inn-Djúpsáætlunar. Það er ekki nóg að gera áætlun, það verður að tryggja framkvæmd hennar. Þótti mönnum þá eðlilegast að fara þess á leit við Landnám ríkisins, að það hefði yfirumsjón með framkvæmd Inn-Djúpsáætlunar, enda hefur Landnámið haft þar þá forustu, sem vel hefur tekist."

Vegna þessara ummæla m. a. þóttist ég skilja, að það væri í alvöru meint, að sú skoðun væri komin upp, að Landnám ríkisins skyldi ekki fellt niður. En það má segja um það, að Adam var ekki lengi í Paradís. Og ég held, að daginn eftir að brtt. frá meiri hl. n. voru lagðar fram hér á Alþ. var lagt á borð okkar alþm. stjfrv. til l. um breyt. á l. um Stofnlánadeild landbúnaðarins, landnám, ræktun og byggingar í sveitum, og 4. gr. þess frv. hljóðar nákvæmlega eins og brtt. meiri hl. n. að öðru leyti en því, að þær stefna hvor gegn annarri. Frv. er flutt til þess eins að leggja niður Landnám ríkisins. Og þá verð ég að segja það, að mig furðar á þessum vinnubrögðum. Ég á erfitt með að átta mig á því, hvers konar blindingsleikur það er, sem hér er leikinn í þessum málum. Ég held, að ég þurfi ekki að fara fleiri orðum um það. Það sjá allir heilvita menn, að svona vinnubrögð eru algerlega ósæmileg, því að þótt þeir, sem standa að meirihlutaáliti landbn. séu ekki ráðh., þá vænti ég þess, að þeir hafi einhverja hugmynd um, hvað er að gerast um stjfrv., sem lögð eru fram á þingi. Það hélt ég, að væri þingvenja.

Við, sem stöndum að áliti minni hl. n., höfum sannfærst um það við athugun á frv., að á því verði að gera veigamiklar breytingar, svo að það nái megin tilgangi sínum. Hann er svo mikilvægur, og okkur ber að búa svo um hnútana, að líklegt sé, að hann náist. Því miður virðist það ekki vera svo, að þær brtt., sem meiri hl. ber fram, valdi því að gera frv. betur úr garði að þessu leyti. Umsagnir þær, sem borist hafa til n., undirstrika þá skoðun okkar, að breytinga sé þörf. Það kemur líka í ljós, að ekki hefur verið haft samráð við þær stofnanir, sem mesta reynslu hafa um meginviðfangsefni þess mikla málefnis, sem frv. fjallar um, en þar á ég við skipulagsstjórn ríkisins, landnámsstjórn ríkisins og Samband ísl. sveitarfélaga.

Þegar 1. umr. fór fram um jarðalagafrv. fyrr á þessu þingi, gerði ég aths. við það í stuttu máli. Ég benti þá á, að auðveldast væri að hafa vald á nýtingu og eignarrétti jarða með því að færa út skipulagsskylduna, færa hana út yfir strjálbýlið allt. Þess finnast nú þegar dæmi, að sveitarstjórn hefur gripið inn í um ráðstöfun lands í krafti skipulags sveitarfélagsins. Þess er skemmst að minnast fyrir mig. Ég á aðild að því að hafa umráð yfir einni verðmætri jörð austur í Árnessýslu. Stjórn sveitarfélagsins, sem hún er í, hafði fyrir nokkru gert sveitarfélagið skipulagsskylt. Svo vildi til, að ágætir menn hér í Reykjavík, starfsmannahópur, hafði óskað eftir því að fá nokkra landsspildu úr þessari jörð til þess að reisa á sumarbústaði. Stjórnendur jarðarinnar voru nokkuð í vafa um, hvort það væri rétt að fara að því ráði að setja þar upp sumarbústaðahverfi. En eigendurnir þurftu ekki lengi að brjóta heilann um málið, því að sveitarstjórnin, sem hafði gert sveitarfélagið skipulagsskylt, tók málið í sínar hendur og bannaði, að landinu yrði ráðstafað til þessara hluta. Ég held, að þetta dæmi hafi sýnt mér það betur og sannað en nokkuð annað í sambandi við þessi mál, að það er einmitt skipulagið, sem á að koma þarna til, þegar ráðstafað er jörð og ákveðið um nýtingu á landi.

Í ræðu minni fyrr í vetur benti ég einnig á, að það væri með öllu óeðlilegt að fella úr gildi lögin um Landnám ríkisins, og nægir hér að vitna til umsagnar t. d. frá Búnaðarsambandi Suður-Þingeyinga, sem ég kynnti hér áðan og styður þetta álit okkar í minni hl. Að vísu virðist meiri hl. hafa fallist á þessa skoðun, sbr. brtt., sem ég lýsti hér áðan. En eins og ég gat um þá,

virðist öll þessi saga vera í alveg furðulegum kaflaskiptum, og ég átta mig ekki á, hvar eru settir punktarnir í þeim málum.

Þá benti ég á, að þau verkefni, sem hin svokölluðu byggðaráð eiga að sinna, væru í eðli sínu sveitarstjórnarmálefni og því sjálfsagt, að sveitarstjórnirnar, sem skipaðar eru lýðræðislega kjörnum fulltrúum allra íbúa í viðkomandi byggðarlögum, hafi með höndum flest þeirra mála, sem byggðaráðunum er ætlað að annast. Við íhugun þessa frv. verður það æ ljósara, að byggðaráðin eru alls óþarfar stofnanir, og með góðu móti má leysa þau af hólmi með því að fá stofnunum, sem fyrir eru í stjórnkerfinu, öll þeirra störf í hendur.

Minni hl. leggur á það áherslu, að þrátt fyrir hinar 18 brtt., sem meiri hl. flytur, er frv. litlu nær því en áður að ná þeim megintilgangi að fyrirbyggja, að jarðeignum sé ráðstafað með óeðlilegum hætti miðað við viðskiptavenjur, né að koma í veg fyrir brask með jarðeignir í hagnaðarskyni. Að okkar mati hefur ekki tekist með ákvæðum þessa frv. að ná þessum höfuðmarkmiðum þess. Haldbetra væri að ganga þannig frá skipulagsmálum strjálbýlisins og ákvæðum um ábúð jarða, að eigendum þeirra væri skylt að halda jörðum í ábúð með hæfilegum leigukjörum og nauðsynlegu frjálsræði ábúenda til framkvæmda á þeim.

Minni hl. landbn. telur, að þar sem ekki hefur tekist samstaða nm. um að færa frv. til þess horfs, að viðunandi sé á því Alþ., er nú situr, þá beri að hafna því. Minni hl. leggur til, að því verði vísað til ríkisstj. til endurskoðunar, sem væri unnin í samstarfi við Samband ísl. sveitarfélaga, Landnám ríkisins og skipulagsstjórn ríkisins.

Umr. frestað.

Neðri deild, 77. fundur.

Mánudaginn 11. mars, kl. 2 miðdegis.

Skattaleg meðferð verðbréfa, frv. (þskj. 458). — 1. umr.

Fjmrh. (Halldór E. Sigurðsson): Herra forseti. Á þskj. 458 er frv. til l. um skattalega meðferð verðbréfa o. fl., sem ríkissjóður selur innanlands. Ástæðan til þess, að þetta frv. er flutt, er sú, að þegar fjárlög voru afgreidd hér fyrir jól s. l., var ákveðið, hvað ríkissjóður seldi mikið af verðbréfum innanlands. Hins vegar var ekki talið fært í fjárlögum að geta þeirra hlunninda eða réttinda, sem þessi verðbréf hafa á innlendum markaði. Með þessu frv. er hins vegar gerð grein fyrir þeim, en þau eru þau sömu og verið hefur. Frv. gengur hins vegar í þá átt, að framvegis nægir heimild í fjárlögum til útgáfu og sölu slíkra bréfa, því að ákvæðin um réttindi þeirra eru tryggð í þessu frv., ef að lögum verður, og verður svo, þangað til breyting kann að verða á því gerð.

Þetta frv. var flutt í hv. Ed. og fékk þar fljóta fyrirgreiðslu, og nauðsyn ber til, að það verði einnig í þessari deild. Um það hafa ekki orðið neinar umr., og ég leyfi mér að fara þess á leit við hv. fjh.- og viðskn., að hún taki þetta mál til meðferðar á fundi sínum í dag, svo að það geti orðið hér á dagskrá á morgun, og leyfi ég mér þá að fara fram á það við hæstv. forseta, að það verði tekið hér á dagskrá á morgun, þar sem nauðsyn ber til að ganga frá því sem lögum.

Ég legg svo til, herra forseti, að að lokinni þessari umr. verði málinu vísað til 2. umr. og hv. fjh.- og viðskn.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 29 shlj. atkv. og til fjh.- og viðskn. með 29 shlj. atkv.

Veiðar með botnvörpu, flotvörpu og dragnót í fiskveiðilandhelgi, frv. (þskj. 414, n. 456). — 2. umr.

Frsm. (Garðar Sigurðsson): Herra forseti. Á þskj. 456 liggur fyrir nál. frá sjútvn. hv. d. um frv. til l. um breyt. á l. um 102 1973, um veiðar með botnvörpu, flotvörpu og dragnót í fiskveiðilandhelgi. Þetta frv. er til leiðréttingar á mistökum, sem hafa, eins og segir í grg., orðið við gerð uppdrátta, sem sýndu fyrirhugaðar togveiðiheimildir fyrir Norðurlandi. Þá gleymdist sem sagt að taka með í reikninginn þrjá grunnlínupunkta, frá Siglunesi, Flatey og Lágey. Með þessu frv. leiðréttast þessi mistök.

Sjútvn. hefur rætt frv. á fundum sínum og leggur til, að það verði samþ. óbreytt.

Ég vil að lokum leyfa mér að mælast til þess við hæstv. forseta, að afgreiðslu þessa máls verði hraðað svo sem kostur er.

Sverrir Hermannsson: Herra forseti. Varðandi þetta frv. sérstaklega tek ég það fram, að ég er að sjálfsögðu samþykkur því. Að vísu er leitt til þess að vita, að örskömmu eftir að heildarlöggjöf hefur verið sett í þessu efni, skuli þurfa að grípa til þessara lagfæringa. En satt að segja er þeim, sem að þessu stóðu, nokkur vorkunn, þar sem þær reglur, sem settar voru, voru mjög svo flóknar, og eins og áður hefur verið bent á, þá er það spauglaust við að etja, þar sem mönnum þótti bera nauðsyn til þess helst að skjalfesta sérvisku hvers einasta hreppsnefndarmanns í landinu. En um það ætla ég ekki að fara fleiri orðum.

En það, sem ég ætlaði aðeins að minnast á hér, er það, sem nýtt er varðandi friðunaraðgerðir í landhelgi okkar, en það er um friðun í Víkurál vestra. Þar skilst mér og veit það eftir nýlegri ákvörðun frá sjútvrn., að friðað hefur verið svæði u. þ. b., að mér skilst, 20 mílur á kant. Þetta hefur valdið mikilli óánægju þar vestra, og það sem verra er, því hefur verið haldið fram af togaraskipstjórum þar, að þessi friðunaraðgerð hafi einvörðungu komið vinum vorum Bretum til góða, þar sem íslensku skipin hafi að sjálfsögðu hlýtt þessum friðunarfyrirmælum, en það hafi hins vegar Bretar ekki gert.

Ég hefði nú óskað eftir því að fá upplýsingar um, hvaða rök lágu til þess, að þessi ákvörðun var tekin. Ég hef sannar spurnir af því, að þeir, sem best þekkja til, telja að þetta sé misráðið. Ég vil enn fremur beina því til hæstv. sjútvrh., hvaða skoðanir stofnanir okkar sérfræðinga hafa í þessu efni, eins og t. d. Hafrannsóknastofnunin og Fiskifélag Íslands. Þetta tel ég ástæðu til þess að ræða sérstaklega og fæ ekki betur séð en það eigi eðlilega við, þegar rætt er um frv. til l. um breyt. á l. um veiðar með botnvörpu, flotvörpu og dragnót í fiskveiðilandhelginni.

Það er auðvitað sjálfsagður hlutur, það er mín bjargföst sannfæring, að veiðum okkar í landhelginni eigi einmitt að stjórna með lipurlegum hætti, að hægt sé með reglugerðarákvæðum og heimildum til þess að beita reglugerðum að breyta til, banna veiðar þar, sem sýnt þykir, að þær geta orðið til tjóns, t. d. vegna dráps á ungfiski, en ekki að hafa þetta eins og nú er niðurnjörvað í lögum. En það er annað mál, sem kemur áreiðanlega fyrr en síðar til kasta þingsins. Þessu tvennu vildi ég sérstaklega fá svör við, þ. e. varðandi þá nauðsyn, sem til þess lá, að þessi friðunaraðgerð var framkvæmd, og enn fremur, hvað hæft kunni að vera í því, að friðuninni sé ekki sinnt af erlendum veiðiskipum, og þá hvaða ráðstafanir eru uppi um að bægja slíku frá.

Sjútvrh. (Lúðvík Jósepsson): Herra forseti. Það er aðeins til að svara þeirri fsp., sem fram kom hér varðandi hið auglýsta línuveiðisvæði út af Vestfjörðum, sem ákveðið var nú fyrir stuttu. Það er rétt, að það hefur komið upp greinilegur ágreiningur um það, hvort ástæða hafi verið til að lýsa það svæði, sem þar um ræðir, eingöngu sem línuveiðisvæði fyrir báta. Og þá kemur það upp, eins og skiljanlegt er, að það eru togaramenn, sem eru óánægðir með það, að þarna er af þeim tekið svæði um stuttan tíma. Ástæðurnar til þess, að rn. féllst á að auglýsa á þessum stað um þennan stutta tíma friðunarsvæði, sem væri ætlað eingöngu fyrir línuveiðar, voru þær, að borist höfðu til ráðuneytisins mjög eindregin tilmæli frá útgerðarmönnum og sjómönnum á sunnanverðum Vestfjörðum, og þessi tilmæli höfðu verið margítrekuð, þar sem þeir kvörtuðu mjög undan ágangi togara, erlendra og innlendra, á línum sínum, og þarna höfðu orðið mjög alvarlegir árekstrar. Eftir að rn. hafði kannað málið og engir þeirra aðila, sem um voru spurðir og til var leitað, höfðu mælt gegn þessu, þá var orðið við beiðninni um að lýsa þetta svæði sérstaklega friðað fyrir línu á þessum tíma, eða fram til 15. þ. m. Það eru nú eftir 4 dagar eða svo, þar til þetta rennur út. En síðan hefur það komið upp, — og kom okkur ekki alveg á óvart og hafði komið reyndar fram í umr. á Alþingi, þegar þm. Vestf. hafa sérstaklega verið að leita eftir því, hvort möguleikar væru á því að skipuleggja veiðarnar fyrir vestan á þennan hátt, — að það er talsvert vandasamt að setja reglur eins og þessar, þannig að allir séu ánægðir. Og það hefur komið mjög berlega fram í þessu tilfelli. Verður eflaust dráttur á því, að friðunarsvæði af þessari tegund verði sett fyrir vestan, a. m. k. meðan Vestfirðingar koma sér ekki betur saman um það en raun hefur á orðið.

Varðandi svo hitt atriðið, að þetta svæði sé opið fyrir Breta, en aðeins lokað fyrir Íslendingum, er það algjörlega rangt. Landhelgisgæslan hefur upplýst, að hún hafi stuggað breskum togurum þar frá, ekki síður en íslenskum, og fréttir voru nú að berast um það í hádegisútvarpinu, að Landhelgisgæslan hefði rekið útlendu togarana út af þessu svæði og þeir væru síðan farnir að skeyta skapi sínu á íslenskum togurum fyrir að fá ekki að veiða á þessu svæði.

Allt þetta þekkjum við, að þetta gerist auðvitað, þegar gripið er inn í veiðireglurnar á þennan hátt. Það er sem sagt ekki vandalaust að ætla að stjórna þessum veiðum á lipurlegan hátt, eins og hv. þm. sagði, því að það er erfitt að gera í þessum efnum, svo að öllum líki. En við höfum séð af þessu tilfelli, sem þarna hefur orðið, að það er jafnvel þörf á því að kanna umsóknir enn betur en gert var í þessu tilfelli, einnig heima í héruðum. Þó að almenn samtök útvegsmanna og sjómanna og opinberir aðilar, eins og sveitarstjórnir, stæðu að beiðninni og ekki væri vitað um nein mótmæli, komu þau upp síðar. Hitt er svo alveg ljóst, að við höfum leyfi til þess að auglýsa friðun með þessum hætti eða að ætla sérstökum veiðarfærum forgangsrétt á tilteknum tímum og svæðum. Útlendingum ber skylda til að virða þessi svæði, ef þau eru auglýst á eðlilegan hátt. En það er auðvitað alveg ljóst, að það er hætta á því, að þarna geti orðið um einhverja árekstra að ræða á milli mismunandi hagsmuna, sem koma upp hjá okkar eigin landsmönnum í hverju tilfelli fyrir sig.

Ég vil svo vænta þess, að umr. um þetta atriði þurfi ekki að vera til þess að tefja enn þær breytingar, sem nauðsynlegt er að gera með því frv., sem hér liggur fyrir og ég hefði vænst, að hægt hefði verið að afgreiða héðan úr deildinni í dag.

Forsrh. (Ólafur Jóhannesson): Herra forseti. Það var aðeins út af síðara atriðinu, sem hv. 4. þm. Austf. drap á, að það hafa ekki borist neinar kærur til dómsmrn. yfir veiðum breskra togara á þessu svæði, og mér er ekki kunnugt um það eftir fregnum frá Landhelgisgæslunni, að þeir hafi veitt á þessu svæði. Þegar þetta var ákveðið, var utanrrn. beðið að tilkynna það breska sendiráðinu, og það var gert.

Það er kannske ástæða til þess, þó að það sé ekki vert að tefja umr. um þetta mál, en úr því að það er farið að minnast á það í þessu sambandi, að rifja upp, hvert tilefnið var til þess, að þessar reglur voru settar. Það var m. a. það, að fyrir rúmri viku eða hálfum mánuði stóð einn hv. þm. upp í Ed. utan dagskrár og beindi til mín fsp. um það, hvað væri gert til þess að vernda veiðar báta á þessum svæðum, sem þeir teldu, að þeir ættu hefðbundinn rétt til. Þá voru taldir upp, ef ég man rétt, í skýrslu, sem hann var þar með, um 11 eða 12 bátar, sem töldu sig hafa orðið fyrir veiðarfæratjóni, og var talið upp, hversu stórfellt það var. Og þá voru breskir togarar bornir þeim sökum að vera að veiða

þarna, en íslenskir togarar voru ekki nefndir í því sambandi og þess ekki látið getið, að þeir væru að veiða á þessu svæði. Ég óskaði þá eftir því, að þessir bátaskipstjórar gæfu skýrslu um tjón sitt fyrir viðkomandi sýslumönnum, bæði á Ísafirði og á Patreksfirði, til þess að það væri hægt að undirbyggja skaðabótakröfur á hendur breskum skipstjórum. En mér er ekki kunnugt um, að þessar skýrslur hafi verið gefnar enn, nema e. t. v. ein. En jafnframt lét ég þess getið, að ég mundi snúa mér til sjútvrn. með þetta, þar sem það heyrði undir það, að setja reglur um friðun. Ég hygg þess vegna, að það hafi ekki verið að tilefnislausu, að það var gripið til þess að setja þessar reglur. Hitt er svo annað mál, að það kemur sjálfsagt á daginn, eins og ég sagði þá í umr., að þar sem fiskur er, þangað leita allir, jafnt togarar og þeir, sem stunda annars konar veiðar. En eins og hæstv. sjútvrh. gat um, er ekki löng bið í það, að þetta endi að þessu sinni, þar sem það er miðað við 15. þ. m.

ATKVGR.

1. gr. samþ. með 32 shlj. atkv.
2. gr. samþ. með 34 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 33 shlj. atkv.

Neðri deild, 78. fundur.

Mánudaginn 11. mars, að loknum 77. fundi.

Veiðar með botnvörpu, flotvörpu og dragnót í fiskveiðilandhelgi, frv. (þskj. 414). — 3. umr.

Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði samþ. með 29 shlj. atkv.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 31 shlj. atkv. og afgr. til Ed.

Ríkisreikningurinn 1971, frv. (þskj. 397). — 1. umr.

Fjmrh. (Halldór E. Sigurðsson): Herra forseti. Á þskj. 397 er frv. til l. um samþykkt ríkisreikningsins fyrir árið 1971. Yfirskoðunarmenn ríkisreikningsins gengu frá endurskoðun hans 10. apríl 1973, en það mun hafa verið um það leyti sem Alþingi lauk störfum á þeim vetri.

Eins og venja er til, fylgja þessum ríkisreikningi fyrirspurnir yfirskoðunarmanna ríkisreikningsins um allt, sem þeir spurðu um, og svör við því, sem þeir spurðu um. Kemur fram hjá yfirskoðunarmönnum ríkisreikningsins, að þeir hafa fengið svör við fsp. sínum, sem þeir telja fullnægjandi og skýra málið á þann veg, sem þeir óska. Þau atriði, sem þeir hafa helst við að athuga og vekja sérstaka athygli á, eru kostnaður við framkvæmdir hjá Ríkisútvarpinu, er þar um að ræða innheimtustofnun Ríkisútvarpsins og kaffistofu sjónvarpsins, sem lauk á því ári, en hafði áður komið hér við sögu, og enn fremur að einum lögfræðingi hafði verið fengin yfirstjórn innheimtunnar. Sá lögfr. hafði opna skrifstofu á eigin vegum og rak hana í stofnuninni. Við þetta hafa yfirskoðunarmenn athugasemdir að gera, telja það óheppilegt og vilja sérstaklega vekja athygli á því. Önnur atriði í athugasemdum þeirra eru ekki þess eðlis, að ástæða sé til að gera þau að umræðuefni.

Eins og venja er til, fóru á þessu ári gjöld nokkuð fram úr því, sem gert var ráð fyrir í fjárlögum, enda ekki undarlegt, því að þegar fjárlög voru afgreidd fyrir það ár, var ekki búið að ganga frá kjarasamningum við ríkisstarfsmenn, og var þá gert ráð fyrir einni tölu til þess að mæta þeim útgjöldum, en í reikningnum hefur þetta verið fært á hvern lið fyrir sig.

Ég sé ekki ástæðu til að ræða ríkisreikninginn frekar, hann fór ath.semdalaust í gegnum hv. Ed. Alþingis, en legg til, herra forseti, að að lokinni þessari umr. verði frv. vísað til 2. umr. og hv. fjh.- og viðskn. Ég treysti hv. n. til að hraða svo störfum, að reikningurinn verði afgreiddur á þessu þingi.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 26 shlj. atkv. og til fjh.- og viðskn. með 29 shlj. atkv.

Neyðarráðstafanir vegna jarðelda á Heimaey, frv. (þskj. 409). — 1. umr.

Flm. (Guðlaugur Gíslason): Herra forseti. Ég hef leyft mér ásamt þremur öðrum þm., þeim hv. 7. þm. Reykv., hv. 3. landsk. þm. og hv. 1. þm. Sunnl., að flytja hér frv. á þskj 409 um breyt. á l. nr. 4 7. febr. 1973, um neyðarráðstafanir vegna jarðelda á Heimaey. Grg. með frv. er stutt, og satt að segja tel ég málið vera svo einfalt, að ekki þurfi heldur um það langa framsöguræðu.

Málið snýst einfaldlega um það, hvort aðflutningsgjöld og söluskattur af hinum svonefndu Viðlagasjóðshúsum skuli renna til ríkissjóðs eða látin ganga til Viðlagasjóðs.

Á fundi Norðurlandaráðs, sem haldinn var í Osló á s. l. vetri, samþykktu fulltrúar hinna Norðurlandanna, þ. e. Noregs, Svíþjóðar, Danmerkur og Finnlands, að leggja fram úr ríkissjóðum landa sinna samtals 100 millj. danskra kr. vegna náttúruhamfaranna í Vestmannaeyjum. Í lauslegri þýðingu hljóðar upphaf 2. mgr. umræddrar samþykktar Norðurlandaráðs svo, með leyfi forseta:

„Norðurlandaráð lætur í ljós samúð með Íslendingum í þessari erfiðu aðstöðu. Hin Norðurlöndin telja sér skylt að gera allt, sem í þeirra valdi stendur, til að vinna með Íslendingum við að draga úr áhrifum náttúruhamfaranna og endurbyggja það, sem eyðilagst hefur."

Ég undirstrika, að framlag hinna Norðurlandanna er látið í té, eins og þar segir, til að „draga úr áhrifum náttúruhamfaranna og endurbyggja það, sem eyðilagst hefur" í eldgosinu í Vestmannaeyjum. Þannig hljóðaði samþykkt

Norðurlandaráðs varðandi þetta atriði, og á þessum forsendum hefur bæði hæstv. forsrh. og hv. 2. þm. Reykn., Jón Skaftason, á fundum ráðsins þakkað þetta rausnarlega framlag og réttilega undirstrikað það vinarþel og þá útréttu bróðurhönd, sem þessi samþykkt Norðurlandaráðs bar vott um. Og á þessum forsendum veittu Íslendingar framlaginu móttöku. Fram hjá því verður ekki gengið.

Stjórn Viðlagasjóðs, sem falið var að veita fénu móttöku, ræddi það að sjálfsögðu á fundum sínum, hvernig fénu yrði best ráðstafað innan ramma og í samræmi við yfirlýsingar Norðurlandaráðs. Varð stjórn sjóðsins um það sammála, að framlaginu yrði best varið með því að kaupa frá Norðurlöndunum tilbúin verksmiðjuframleidd hús til þess að ráða á sem skjótastan hátt fram úr því vandamáli, sem við blasti, er um 1350 fjölskyldur í Vestmannaeyjum urðu í einu vetfangi húsnæðislausar, er eldgosið hófst á Heimaey, og draga þannig úr áhrifum náttúruhamfaranna, eins og segir í samþykkt Norðurlandaráðs, og nota afganginn, ef einhver yrði, til uppbyggingar í Eyjum, þegar byggð hæfist þar aftur.

Þegar mál þessi voru rædd í stjórn Viðlagasjóðs, kom oftar en einu sinni fram sú spurning, hvort ríkissjóður mundi innheimta aðflutningsgjöld og söluskatt af hinum innfluttu húsum. Bæði ég og fleiri í stjórninni töldum og héldum því ákveðið fram, að ekki kæmi til mála að innheimta þessi gjöld af húsunum, þar sem þau væru keypt fyrir gjafafé Norðurlandanna, heldur rynni hugsanlegur ágóði af sölu húsanna, þegar til kæmi, til Viðlagasjóðs sem auknar tekjur. Aðrir stjórnarmenn töldu, að eðlilegt væri að innheimta aðflutningsgjöld og söluskatt af húsunum til að skapa ekki fordæmi, en töldu jafnframt, að gjöldin ættu þá að renna til Viðlagasjóðs sem auknar tekjur. Má segja, að fjárhagslega hafi það ekki skipt máli fyrir Viðlagasjóð, hvor leiðin yrði farin. En ég fullyrði og vil undirstrika, að engum stjórnarmeðlimi Viðlagasjóðs datt í hug þá, að hluti af framlagi Norðurlandanna yrði dreginn út úr Viðlagasjóði og yfirfærður til ríkissjóðs sem auknar tekjur og óvæntar tekjur, sem þá leiddu til þess, að ríkissjóður Íslands beinlínis hagnaðist fjárhagslega á eldgosinu í Heimaey, á sama tíma og hin Norðurlöndin greiddu úr ríkissjóðum sínum verulegt framlag til að draga úr áhrifum náttúruhamfaranna og til að endurbyggja það, sem eyðilagst hefur, sem er grundvöllurinn fyrir framlagi Norðurlandanna, sem látinn var í té í sambandi við jarðeldana á Heimaey, eins og ég hef áður bent á. Satt að segja verður að telja það fjarstæðukennt og ekki sæmandi íslensku þjóðinni að láta slíkt henda sig.

Í 6. gr. fjárl. er ríkisstj. veitt heimild til að nota aðflutningsgjöld og söluskatt af Viðlagasjóðshúsunum til hafnarframkvæmda í Grindavíkurhöfn, í Hornafirði og í Þorlákshöfn. Ég vil mjög undirstrika, að hér er aðeins um heimildarákvæði að ræða, sem ríkisstj. þarf auðvitað ekki að nota og mundi að sjálfsögðu ekki nota, ef Alþingi léti nú í ljós vilja sinn, að fé yrði frekar notað í samræmi við yfirlýstan vilja Norðurlandaráðs. Afsökun hæstv. fjmrh. fyrir því að umrædd heimild var tekin inn í 6. gr. fjárl., var sú, að hafnarframkvæmdir á þeim stöðum, sem þar eru tilgreindar, þ. e. Grindavík, Hornafjörður og Þorlákshöfn, mætti heimfæra undir aðstoð við Vestmanneyinga. Ég tel, að hér sé um grundvallarmisskilning að ræða. Bátafloti Vestmanneyinga er sem betur fer allur kominn heim og gerður út þaðan, frá heimahöfn sinni, og má í rauninni alveg snúa dæminu við, því að staðreynd er fyrir hendi um það, að Vestmannaeyjar eru hæsta löndunarstöð í sambandi við loðnulöndun nú í vetur, og hafa bátar bæði frá Grindavík, Hornafirði og Þorlákshöfn að sjálfsögðu notað löndunaraðstöðuna í Eyjum jafnt og aðrir landsmenn, en Vestmanneyingar hafa aftur á móti ekkert eða sáralítið þurft að nota þessar hafnir. Það fær því ekki með nokkru móti staðist, að nokkur rök séu fyrir því að nota hluta af Norðurlandaframlagi til hafnarframkvæmda á umræddum stöðum. Þessar hafnir verður auðvitað að fjármagna eftir venjulegum leiðum. Segja má þó, að bætt hafnaskilyrði í Þorlákshöfn komi Vestmanneyingum til góða í sambandi við samgöngumál þeirra, og væri því ekki óeðlilegt að mínum dómi, ef fénu verður ráðstafað eins og lagt er til í frv., að Viðlagasjóður legði fram sem lánsfé hluta af kostnaði við að byggja sérstöðu í Þorlákshöfn sem afgreiðslu og löndunarstöð fyrir væntanlegt Vestmannaeyjaskip. Slíkt væri beint í þágu Vestmanneyinga og því í samræmi við óskir Norðurlandanna um ráðstöfun á framlagi þeirra.

Í sambandi við ráðstöfun á umræddu fé, þ. e. aðflutningsgjöldum og söluskattinum af hinum innfluttu húsum, ef það verður látið renna til Viðlagasjóðs, tel ég eðlilegast, að stjórn sjóðsins meti, á hvern hátt það kæmi best að notum við uppbygginguna í Vestmannaeyjum. Þar er sannarlega margt, sem til greina kemur og að kallar, og alveg víst að uppbyggingin í Eyjum útheimtir mikið fjármagn, bæði í sambandi við byggingu íbúðarhúsa og endurbyggingu þeirra bæjarstofnana, sem forgörðum fóru í eldgosinu.

Ég vil svo að lokum, herra forseti, undirstrika það, sem ég held, að flestum ætti þó að vera ljóst, að þrátt fyrir þær bætur, sem reglugerð Viðlagasjóðs heimilar, hafa Vestmanneyingar vegna eldgossins orðið fyrir stórfelldu fjárhagslegu tjóni, sem þeir verða sjálfir að bera. Er þar um að ræða bæði bæjarfélagið sjálft og einstaka íbúa þess. Ég vil í þessu sambandi benda á, að í eldgosinu fóru forgörðum um 400 íbúðarhús með sennilega um 450 íbúðum samtals. Sárafáir af þeim, sem þessar íbúðir áttu, voru með nokkrar hugleiðingar um að skipta um húsnæði og ráðast í nýbyggingu. Húseignir sínar fengu menn bættar, eins og kunnugt er, með brunabótamati eins og það var hinn 15. okt. s. l. Nú standa þeir aðilar, sem misst hafa hús sín og áfram ætla að búa í Eyjum, frammi fyrir þeim vanda, að þeir eru neyddir til að hefjast handa um íbúðarbyggingu á ný, margir hverjir komnir um og yfir miðjan aldur, og verða í því sambandi að taka á sig vegna verðhækkana fjárhagskvaðir að nýju, sem nema, að ég hygg, frá 1½ millj. til 2 millj. kr. á hvert íbúðarhús. En þó hefðu ábyggilega flestir kosið að búa áfram í sínum eldri húsum. En hér er aðeins um að ræða hluta

af því beina tjóni, sem margir hverjir urðu fyrir, og er þá ekki reiknað með fjárhagstjóni bæjarfélagsins, sem án efa kemur til með að nema mörgum hundruðum millj. kr. Ég held, að það sé ekkert of í lagt, þó að það beina tjón, sem Vestmanneyingar verða fyrir af völdum eldgossins og ekki verður bætt samkv. ákvæðum reglugerðarinnar um Viðlagasjóð, ef túlka á hana eins og meiri hl. þeirrar stjórnar gerir, verði 1—2 milljaðar kr., en þó sennilega nær 2 milljörðum. Hér er vissulega um mjög tilfinnanlegt fjárhagslegt tjón að ræða fyrir ekki stærri samfélag, og má benda á, að þetta er sennilega álíka há upphæð og jafnað verður niður í útsvörum á þessum stað á næstu 10—15 árum samtals.

Ég vil að gefnu tilefni, herra forseti, undirstrika mjög það, sem ég hef sagt hér um hið beina fjárhagstjón Vestmanneyinga, vegna þess að maður hefur ekki komist hjá að heyra það, að margir hafa ætlað, að það væri allt annað og miklu minna en það raunverulega er. Og því miður fer svo, ef uppbygging dregst eitthvað, þá verður tjónið enn þá meira en maður getur séð fram á, að það verði nú í dag. Ég tel því full rök fyrir því, að það væri mjög misráðið af hv. Alþ., ef það ætlar að draga fé út úr Viðlagasjóði um ½ millj. kr. og yfirfæra það til ríkissjóðs til hafnarframkvæmda annars staðar á landinu. Ég tel, að Viðlagasjóður eigi að halda öllum sínum tekjum, bæði þessum tekjum og öðrum, og fé eigi eftir mati stjórnar Viðlagasjóðs að nota til uppbyggingar í Eyjum, bæði í sambandi við uppbyggingu einstaklinga og eins bæjarfélagsins í heild.

Ég leyfi mér svo, herra forseti, að leggja til, að frv. verði að lokinni þessari umr. vísað til 2. umr. og hv. fjh.- og viðskn.

Fjmrh. (Halldór E. Sigurðsson): Herra forseti Það er í sjálfu sér leiðinlegt að þurfa að vera að ræða um þetta mál hér, því að sjáanlega er verið að reyna að gera úr því allt annað mál en raunverulega er um að ræða.

Á s. l. sumri var skipuð n. til að athuga möguleika á því, hvernig ætti að tryggja það, að Vestmannaeyjaflotinn hefði örugga höfn þegar á þessum vetri, ef svo færi, sem gert var ráð fyrir, að Vestmannaeyjahöfn yrði ekki komin í það gagn, sem síðar mundi verða. Ástæðan til þess, að þessi n. var skipuð, var m. a. sú, að fyrir lá boð frá Alþjóðabankanum um að lána Íslendingum fé til hafnargerða vegna áfallsins í Vestmannaeyjum. Og var þá miðað við það, að út í aðrar hafnargerðir yrði að fara í bili til þess að tryggja, að Vestmanneyingar yrðu ekki fyrir meiru tjóni af eldgosinu en þörf væri á. Í þessari n. voru með leyfi hæstv. forseta — Jón Sigurðsson hagrannsóknastjóri, sem var formaður, Aðalsteinn Júlíusson vita- og hafnamálastjóri, Björn Guðmundsson útgerðarmaður í Vestmannaeyjum, sem var tilnefndur af Útvegsbændafélagi Vestmannaeyja, Högni Magnússon gjaldkeri sjómannafélagsins Jötuns í Vestmannaeyjum, sem var tilnefndur af sjómanna- og verkalýðsfélögum í Vestmannaeyjum, séra Ingimar Ingimarsson í Vík, sem var tilnefndur af Sambandi sveitarfélaga á Suðurlandi, Jón Bergsson verkfræðingur í Hafnarfirði, tilnefndur af skipulagsstjórn ríkisins, og Magnús H. Magnússon bæjarstjóri, sem var tilnefndur af bæjarstjórn Vestmannaeyja. Í þessari n. voru m. a. þrír Vestmanneyingar, sem fjölluðu um þetta mál. Þessi n. vann verk sitt af miklum dugnaði og skilaði áliti með tiltölulega miklum hraða, og niðurstöður hennar er að finna m. a. á bls. 7 og 8. Hér segir svo, með leyfi hæstv. forseta, á bls. 8 neðan til:

„Fjórar hafnir eru á suðurströndinni frá Dyrhólaey og vestur um: Stokkseyri, Eyrarbakki, Þorlákshöfn og Grindavík. Af þessum 4 stöðum er Stokkseyri talin síst til hafnarbóta fallin og aðstæður til hafnargerðar slíkar, að útilokað má telja, að hún komi til greina. Hugsanleg stækkun og endurbætur Eyrarbakkahafnar til þess að ná þar aðstöðu fyrir nokkra tugi báta eru að öllu leyti ígildi byggingar nýrrar hafnar, og tæki rannsóknarundirbúningur og framkvæmdir, er fýsilegar teldust, því allt að 5—6 ár. Þá eru í rauninni aðeins Þorlákshöfn og Grindavík eftir. Innsiglingin í Grindavík er þröng og viðsjárverð, sérstaklega í sunnan- og suðvestanveðrum. Þegar inn er komið, er höfnin kyrr, en viðlegurými skortir. Ekkert er því til fyrirstöðu að auka viðlegurými inni í höfninni strax á þessu ári, þannig að þar mætti fá viðlegu fyrir 20—30 fleiri báta en nú er. Raunar er þegar unnið að slíkum framkvæmdum að nokkru.“ En það er alkunna, að í fyrravetur var byrjað að vinna að slíkum framkvæmdum fyrir fé, sem Viðlagasjóður lánaði. „Þá eru taldar líkur til þess,“ segir hér áfram, „að hægt sé að gera verulegar bætur á innsiglingunni með dýpkun og breikkun á hafnarmynninu og betri siglingamerkjum á 6—12 mánuðum. Hvort þetta er mögulegt á svo skömmum tíma, ræðst þó af gerð botnsins, sem ekki er fullkönnuð. Grindavík býður þannig upp á möguleika til endurbóta, sem kæmu að gagni strax næsta vetur.

Hins vegar er það álit Vestmanneyinga, að Grindavík liggi mun verr við fiskimiðum þeirra en Þorlákshöfn, og kom það t. d. fram á s. l. vetri í því, að innan við 10 Eyjabátar höfðu fasta hafnaraðstöðu í Grindavík, en sennilega 40—50 bátar í Þorlákshöfn, þrátt fyrir mikil þrengsli. Möguleikarnir til skjótra hafnarbóta í Þorlákshöfn munu vera lakari en í Grindavík, en þó er talið, að þar megi á 18 mánuðum skapa um 30 bátum til viðbótar þolanlega aðstöðu og bæta hafnaraðstöðuna í heild, þótt erfitt verði að byggja þar á svo skömmum tíma örugga allra veðra höfn.

Fulltrúar Vestmannaeyja í nefndinni leggja á það mikla áherslu, að hafnaraðstaðan í Þorlákshöfn verði bætt sem allra fyrst, með það í huga, að þaðan sé heppilegast að sækja á heiðbundin mið Eyjabáta, meðan ekki er hægt að hafa fulla aðstöðu í Eyjum. Þá benda þeir og á, að í framtíðinni sé Þorlákshöfn heppileg höfn fyrir ferju milli Eyja og lands.

Nefndarmenn eru sammála um, að ef tæknilegar aðstæður og kostnaður leyfa, kæmu skjótar hafnarbætur í Þorlákshöfn að beinustu gagni fyrir Eyjabáta, og einnig, að hafnarbætur í Grindavík, sem kæmu fljótt í gagnið, geti beint og óbeint verið þáttur í lausn vandans, einkum

með því að létta ásókn á Þorlákshöfn. Í þessu sambandi er og til þess að líta, að í sumum veðrum, t. d. suðaustanátt, er Grindavíkurhöfn betur sett en Þorlákskhöfn, sem alltaf verður erfið í þeirri átt. Eins eru áraskipti og mánaða að því, hvar fiskgengd er mest fyrir suðurströndinni, og hafnirnar tvær geta því bætt hvor aðra upp að nokkru leyti.

Nefndin leggur til, að þegar verði hafist handa með nauðsynlegan undirbúning skjótra hafnarbóta á báðum þessum stöðum, sem miði að því að skapa sem fyrst viðunandi aðstöðu fyrir a. m. k. 20—30 báta til viðbótar á hvorum stað. Nefndin bendir á, að mikilvægt sé, að hafnarbætur þessar komi í gagnið, ef þess er nokkur kostur, strax á næstu vetrarvertíð. Þessa tillögu nefndarinnar mætti án efa bæði rökstyðja ítarlegar en hér hefur verið gert — og sennilega gagnrýna — en nefndin bendir á nauðsyn skjótra ákvarðana í þessu efni og telur, að á báðum þessum stöðum geti þessar hafnarbætur fallið inn í eðlilega framtíðarþróun, þegar tímabundin vandræði Eyjabáta verða afstaðin. Hér yrði þessari þróun aðeins flýtt.“

Alþjóðabankinn gaf ríkisstj. kost á láni til bættrar aðstöðu fyrir Eyjabáta í nágrenni við þeirra fiskimið. Ríkisstj. samþ. málið fyrir sitt leyti. Bankinn fór fram á skjóta ákvörðun í þessu máli. Það lá líka fyrir, þegar þessi afgreiðsla var gerð, að það yrði erfiður vandi úr að leysa fyrir okkur Íslendinga að láta í þessar tvær hafnir, því að það eru raunar tvær hafnir, sem taka þá fjármuni, sem um er að ræða, — það mótframlag, sem við þyrftum að láta á svo skömmum tíma sem um væri að ræða. Ríkisstj. gerði sér einnig grein fyrir því, að þessi ákvörðun mundi kalla á aukin framlög til hafna annars staðar á landinu enda held ég, að hv. þm. eigi að vera minnugir þess, að þegar umr. fóru hér fram á s. l. hausti um þessi mál, kvað við þann tón hjá mörgum hv. þm., að hér væri um mikla rausn að ræða af hálfu ríkisstj., sem aðrir hlytu að verða að njóta líka. Þetta var talið því aðeins framkvæmanlegt, að ákvörðun hafði ekki verið tekin um það, hvernig með yrði farið aðflutningsgjöld af Viðlagasjóðshúsunum. Þau höfðu ekki verið gefin eftir. Hins vegar hafði verið leyft að afgreiða þau án þess að tollafgreiðsla færi fram. Og af hálfu ríkisstj. var talið, að hér væri verið að tengja þetta inn sem þátt í einum hluta Vestmannaeyjamálsins, enda er það svo. Verður að telja, að þeir Vestmanneyingar, sem stóðu að þessu nál., hafi haft sömu skoðun, að hér væri um mál að ræða, sem varðaði Vestmannaeyjar ekkert síður en þá staði, sem þarna ræðir um. Þess vegna held ég, að hv. þm., hvað sem þeir vilja nú um þetta segja eða hvaða orð sem þá langar til að nota um mig eða aðra ráðh. í sambandi við þetta mál, megi þeir gjarnan hafa það hugfast, á hverju ríkisstj. byggði sína ákvörðun. Það var hennar skoðun, að hún væri með þessari ákvörðun að tryggja það, eins og n. áleit, að Vestmannaeyjaflotanum væri greiði gerður með ákvörðuninni, en ekki hið gagnstæða. Hitt er jafnljóst, að ef á að ráðstafa þessum tekjum í annað, þá lenda þessi verk í vandræðum, því að þau eru byggð á því að fá þennan hluta af aðflutningsgjöldunum af Viðlagasjóðshúsunum, og ýmsir hafa gert sér grein fyrir því, að það gæti farið svo, að yrði að brúa það bil með öðrum hætti, þangað til þetta innheimtist. Og þegar ákvörðun var tekin í fyrravetur um að fara í framkvæmdirnar í Grindavík, var það gert alveg án tillits til nýafgreiddra fjárl., vegna þeirrar nauðsynjar, sem var vegna eldgossins í Vestmannaeyjum. Þáv. samgrh. var eins og við aðrir í ríkisstj. sanntrúaður á, að hann væri að vinna gott verk til þess að aðstoða Vestmannaeyjaflotann við sitt úthald á vertíðinni í fyrravetur og síðar, ef á þyrfti að halda. Og ég held, að þess vegna sé alveg óþarfi að vera með nokkur brigslyrði í þessu sambandi. Sem betur fór leystust málefni Vestmannaeyja fyrr og betur en n. reiknaði með í þessu nál. En ákvörðunum um þessar framkvæmdir var ekki hægt að hætta, eins og þá var komið. Það var búið að ganga frá lánamálum og búið að undirbúa málin á allan þann veg, sem hægt var að undirbúa, og það leiddi náttúrlega til mikilla leiðinda, ef til þess þyrfti að grípa að stöðva slíkar framkvæmdir, eftir að af stað er farið.

Það hafa ekki verið um það deilur hér á hv. Alþ. að vilja leysa málefni Vestmannaeyja. Það var t. d. á einum fundi í hæstv. ríkisstj., sem ég lagði fyrir bréf hv. þm. Sunnl. um ábyrgð vegna Vestmannaeyjaskipsins, og það var afgreitt á þeim fundi samtímis af þeirri einföldu ástæðu, að þar sem fyrr vildu ráðherrarnir leggja sig fram um að koma til móts við óskir Vestmanneyinga. Og ég held, að það megi segja, að það hafi verið reynt að gera það á flestum sviðum, þar sem þær hafa komið fram. Hitt getur mönnum yfirsést, og það má vel vera, að það hafi verið yfirsjón að sjá það ekki fyrir, að gosið væri að hætta og höfnin kæmist fyrr í not en reiknað er með í þessu nál., en öryggið, var meira virði að dómi þeirra, sem í n. sátu, og þess vegna var samþykktin gerð.

Hitt er svo jafnljóst, að það skapar ekkert nema erfiðleika, ef frá þessu ætti að hverfa, og ég trúi því ekki, að hv. þm. ætlist til þess. En eins og annars staðar verða menn að gera sér grein fyrir þeim afleiðingum, sem það hefur að byggja slíkar hafnir eins og þessar. Tvær hafnargerðir, sem kosta nærri milljarð, eru meira en við höfum gert, Íslendingar, áður. Það er miklu meira átak heldur en við höfum gert áður. Ég efast ekkert um, að fjárveitingar til hafnarmála á yfirstandandi ári voru langtum meiri en nokkru sinni fyrr, og þetta mál hafði þar sitt að segja, því að auðvitað fór eins og vitað var, að á það var sótt úr öllum áttum að fá fjárveitingar til sinnar hafnar, þegar svo vel var gert við tvær hafnir sem hér var lagt til.

Ég ætla mér ekki að fara að eyða miklum tíma í að ræða um þessi mál. Ég er búinn að gera það hér á hv. Alþ. áður, gerði það fyrir jólin, þegar var verið að margræða þetta mál. Ég efast ekkert um það, að hv. þm. átta sig á, að hér er ekki verið að gera neitt að gamni sínu, hér er ekki heldur verið að reyna að sniðganga Vestmanneyinga, hér er ekki einu sinni verið að blanda saman fjárreiðum ríkissjóðs og þessara mála, því að þessu máli er haldið alveg sér, og hefði ekki verið tekin ákvörðun um það í þessu

skyni á þeirri stundu, sem það var gert, nema vegna þess, að það þurfti að ákveða sig í sambandi við þessar hafnarframkvæmdir, og þær voru tengdar Vestmannaeyjum, en ekki venjulegum hafnarframkvæmdum. Og það er líka ljóst, að það hefði ekki verið farið út í svo stórstígar framkvæmdir í þessum höfnum þegar á þessum árum, sem ætlast er til, ef þetta hefði ekki komið til.

Ég vil svo endurtaka það, sem ég sagði hér fyrir jólin í vetur, að fari svo, að tekjur af Viðlagasjóðshúsunum reynist meiri en gert er ráð fyrir eða framlag til þessara hafna þarf að vera, þá ganga þeir peningar til Vestmannaeyja og ekkert annað, að því leyti sem ég kann um það að ráða, og gætu menn fengið staðfestingu á því, hvar og hvenær sem væri. Það er ekki hugur manna, að þetta sé notað nema í tengslum við Vestmanneyinga og Vestmannaeyjar. Það var hins vegar skilningur ríkisstj., að hér væri verið að nota fé eingöngu í tengslum við Vestmannaeyjar samkv. till. n., sem starfaði út frá Vestmannaeyjagosinu og 3 Vestmanneyingar áttu sæti í og skiluðu einróma áliti.

Gylfi Þ. Gíslason: Herra forseti. Ég átti fyrir hönd míns flokks sæti í þeirri n., sem undirbjó frv., sem nú er orðið að l., um framlengingu Viðlagasjóðsgjaldsins. Í sambandi við þetta mál tel ég nauðsynlegt að minna á, hverjar voru frumtill. hæstv. ríkisstj. í því máli. Þær voru um það, að algerlega óhjákvæmilegt væri, — að bráðnauðsynlegt væri að framlengja tveggja stiga hækkun söluskattsins í þágu Viðlagasjóðs. Á því var hamrað af hálfu fulltrúa stjórnarflokkanna í þessari n., að Viðlagasjóði dyggði ekkert minna en fá framlengingu á *tveggja söluskattsstiga gjaldi* eða tekjum af tveim söluskattsstigum. Fulltrúar stjórnarandstöðuflokkanna ásamt Bjarna Guðnasyni, formanni Frjálslynda flokksins, lýstu því yfir, að þeir mundu ekki sætta sig við framlengingu söluskattsins um 2 stig. Um skeið leit þannig út, að þessi undirbúningsnefnd mundi klofna og það mundu koma fram tvö frv. um málefni Viðlagasjóðs, annað frá fulltrúum stjórnarflokkanna um tvö söluskattsstig sem tekjustofn handa Viðlagasjóði og hitt frá fulltrúum stjórnarandstöðuflokkanna ásamt Bjarna Guðnasyni um eitt stig handa Viðlagasjóði. Sem betur fer fór málið ekki þannig. Það hefði verið til leiðinda, það hefði verið til vansa, ef sú samstaða, sem ríkti á Alþ. í fyrra og hefur ríkt allar götur síðan um málefni Viðlagasjóðs og Vestmanneyinga, hefði rofnað þarna. En samstaðan hélst, því að stjórnarflokkarnir létu undan og játuðu, að fjárþörfin væri ekki eins mikil og þeir hefðu í fyrstu talið. A. m. k. væri óvissan um fjárþörf Viðlagasjóðs svo mikil, að það væri verjandi að láta við það sitja að tryggja Viðlagasjóði aðeins eitt söluskattsstig í bráð a. m. k.

Meðal þeirra raka, sem við andstæðingar tveggja söluskattsstiga til handa Viðlagasjóði færðum fram, var sú, að ríkisstj. vildi ekki reikna með tolltekjum af Viðlagasjóðshúsunum sem tekjustofni fyrir Viðlagasjóð. Þegar við vorum að bollaleggja, var söluskattsstigið metið á 550—600 millj. kr., en væntanlegar tolltekjur af Viðlagasjóðshúsunum um 450—500 millj. kr., svo að hér var ekki mikill munur á, það mætti segja, að í stórum dráttum svöruðu tolltekjurnar til upp undir eins söluskattsstigs. Og þetta voru ein rökin, sem við bárum fram fyrir því, að ekki þyrfti nema eitt stig, því að auðvitað væri eðlilegt, að tekjur af Viðlagasjóðshúsunum væru tekjustofn fyrir Viðlagasjóðinn sjálfan.

En ef það var rétt hjá hæstv. ríkisstj. á sínum tíma, að Viðlagasjóður þyrfti í raun og veru tvö stig, ef hún kynni enn að trúa á þennan málflutning sinn, en hafa aðeins látið undan og sætt sig við eitt stig til að stofna ekki til klofnings um málið, þá ætti ríkisstj. auðvitað að taka því fegins hendi, að nú yrði með samþykkt þessa frv. tekin ákvörðun um, að tolltekjur af húsunum rynnu í Viðlagasjóð. Ef hún beitir sér gegn því, eins og mér virtist hæstv. fjmrh. gera í ræðu sinni áðan, þá er það frekari undirstrikun þess, að ríkisstj. hafði rangt fyrir sér í frumtill. sínum varðandi Viðlagasjóðinn. Þá ætlaði hún m. ö. o. að nota málefni Viðlagasjóðs til þess að leggja óþarfar byrðar á landsmenn. Hún hefur e. t. v. ætlað sér, þó að gert hafi verið ráð fyrir því, að hugsanlegum afgangi yrði ráðstafað með samþykki Alþingis, að láta vesælan ríkissjóð njóta góðs af því, að óþarflega mikið væri innheimt í Viðlagasjóðinn. En auðsjáanlega er annað hvort rangt. Annað hvort er rangt, að Viðlagasjóður hafi þurft tvö stig á sínum tíma, eða hitt, að standa gegn því, að þetta frv. verði samþ. og Viðlagasjóður njóti tollteknanna af hinum innfluttu húsum. Ég vísa til þess, sem 1. flm. frv. sagði um það efni, að auðvitað væri fullkomlega óeðlilegt að nota tolltekjur af húsum, sem Vestmanneyingum eru gefin vegna náttúruhamfaranna, í einhverju öðru skyni en beinlínis í þágu Viðlagasjóðs, þ. e. *til beinna þarfa* Vestmanneyinga sjálfra. Og það var vægast sagt óeðlilegt, raunar alveg óheimilt af ríkisstj., að taka ákvörðun um það á sínum tíma, — hún gerði það í því formi, að hún aflaði sér heimildar í fjárl., — að láta þessar tolltekjur ganga til einhvers annars en þarfa Viðlagasjóðs, þ. e. a. s. til þess að fullnægja beinni uppbyggingu í Vestmannaeyjum sjálfum. Þessi afstaða ríkisstj. á sínum tíma og ákvörðun hennar um heimildaröflunina var í hæsta máta óeðlileg, henni verður að breyta. Henni er auðvitað hægt að breyta með setningu nýrra laga, sem kveða beinlínis á um, að tolltekjurnar skuli ganga í Viðlagasjóð.

Alþfl. styður þetta frv. Sjálfstfl. styður það líka. Og Bjarni Guðnason hefur lýst því yfir, að hann muni styðja það, þannig að frv. hefur auglóslega 20 atkv. hér í þessari hv. d. Örlög frv. eru því undir því komin, hvort einhver af stuðningsmönnum ríkisstj. ljær því fylgi eða ekki. Og þá hlýtur athyglin sérstaklega að beinast að afstöðu þm. þess kjördæmis, sem Vestmannaeyjar eru í, þ. e. a. s. afstöðu þm. Sunnl. og þá ekki síst þeirra, sem sjálfir eru Vestmanneyingar. Það hefur ekki farið leynt, að ýmsir þeirra þm. Sunnl. hafa látið í ljós, að auðvitað væri eðlilegt, að tolltekjur af húsunum rynnu í Viðlagasjóðinn sjálfan, — auðvitað væri það eðlilegt. En þá vaknar spurningin um, hvort þeir ætla að haga atkv. sínu eftir því, sem þeir sjálfir telja eðlilegt, eða eftir hinu, sem hæstv. fjmrh. biður þá

um að gera. Þetta er sú mikla spurning, sem nú hlýtur að brenna á vörum þeirra manna, sem eiga e. t. v. eftir að hlusta á einhverja þessara hv. þm. halda ræðu hér úr þessum ræðustól. Það er m. ö. o. spurningin, hvort þeir fylgi því, sem Vestmanneyingar allir hljóta að telja rétt og eðlilegt, þ. e. a. s. að tolltekjurnar renni í Viðlagasjóð, eða hvort tryggð þeirra við núv. ríkisstj. og þó einkum hæstv. fjmrh. og þau víxlspor, sem hann hefur stigið í þessu máli, verður því yfirsterkari, sem ég þykist vita, að þeir sjálfir persónulega telja eðlilegt og réttlátt. Við bíðum og sjáum hvað setur.

Ingólfur Jónsson: Herra forseti. Það eru örfá orð í tilefni af því, sem hæstv. fjmrh. sagði hér áðan um þetta mál. Hæstv. ráðh. las upp úr skýrslu n., sem skipuð var á s. l. ári til þess að athuga um hafnarframkvæmdir á suðurströndinni. Ég vil benda hæstv. ráðh. á, að það er enginn ágreiningur um það, að haldið verði áfram með þessar hafnarframkvæmdir. Við flm. teljum það alveg sjálfsagt og nauðsynlegt. Við teljum, að það komi ekki til mála að hætta við það. Þorlákshöfn er landshöfn, og hún er ekki notuð aðeins af Sunnlendingum einum saman, heldur jafnvel að helmingi til af Suðurnesjamönnum. Það er einnig nauðsynlegt að gera höfnina betri í Grindavík heldur en hún er. Það er þess vegna ekki verið að deila um hafnarframkvæmdir, hæstv. ráðh. Það var því alger óþarfi að lesa upp úr þessari skýrslu, sem allir hv. þm. vita um. Við erum að ræða um, hvort það á að kosta hafnargerðirnar af svonefndum gospeningum.

Heldur finnst mér það lélegt af hæstv. ráðh. að segja, að ekki hefði komið til mála að gera þessar hafnarframkvæmdir á suðurströndinni, nema af því að gosið kom. Þetta viljum við ekki heyra. En við viljum ræða um það í fullri alvöru, hvort ekki er hægt að snúa við af þeirri villunnar braut, sem hæstv. fjmrh. hefur farið og ákveðið, þ. e. að nota fé Vestmanneyinga til þess að leggja í þessar hafnir, Grindavík, Þorlákshöfn og Höfn í Hornafirði. Á meðan Vestmannaeyjahöfn var lokuð, notuðu Vestmannaeyjabátar Grindavík að talsverðu leyti, Þorlákshöfn vitanlega líka, Eyrarbakka og Stokkseyri. Eyrarbakki og Stokkseyri fá ekkert af þessum peningum. Höfn í Hornafirði, hygg ég, að hafi verið lítið notuð á þeim tíma, kann þó að vera. En Vestmanneyingar borguðu með sér fyrir aðstöðuna í Grindavík, því að Viðlagasjóður lánaði Grindavíkurhöfn 44 millj. til þriggja ára, til þess að flýta fyrir hafnarbótum þar. Það má þess vegna segja, að Vestmanneyingar hafi borgað vel fyrir sig þessa einu vertíð, sem þeir voru í Grindavík. Nú eru, eins og allir vita, Vestmannaeyjabátar farnir frá Grindavík, og þeir leggja lítið upp í Þorlákshöfn, úr því sem komið er. Þeir nota sína eigin höfn. Það er svo annað mál, að það vantar fjármagn í þá höfn til þess að gera nauðsynlegar endurbætur á höfninni.

Hafnarbætur í Grindavík, Þorlákshöfn og Höfn í Hornafirði eru nauðsynlegar, og það er talið, að þessar hafnarbætur kosti 1 milljarð. En það á ekki að vinna þetta verk aðeins á einnu ári, á þessu ári. Verkið verður unnið á þremur árum, að því er vitamálastjóri segir mér, kannske fjórum. En við skulum reikna með, að þetta verði unnið á þremur árum. Þá eru það rúmlega 300 millj. á ári. Ríkissjóður á að leggja fram 40% á móti Alþjóðabankaláninu. Alþjóðabankalánið er 600 millj., sem nota verður á þremur árum, og framlag Íslands er 400 millj., sem nota verður á þremur árum. Á þessu ári þarf að nota um 100 millj. af innlendu fé til þessara framkvæmda. Það er allt og sumt. Það er búið að undirskrifa samning um lántöku í Alþjóðabankanum, og það er náttúrlega ekki í alvöru sagt, þegar talað er um að snúa við og hætta við þessar framkvæmdir, sem þegar eru undirbúnar og að nokkru byrjað á. Verkinu verður haldið áfram, þótt ekki fáist peningar frá Vestmanneyingum, sem á að nota til uppbyggingar þar. Hæstv. ráðh. verður að hætta við þessar ákvarðanir, og það er engin ástæða til þess að fara í illdeilur við hann út af því, þótt hann í villu hafi haldið þessu fram. En við gefum þetta ekki eftir, það kemur ekki til greina. Hæstv. ráðh. verður að útvega 100 millj. kr., sem þarf að nota í ár, með öðrum hætti. Hæstv. ráðh. má ekki segja, að hann geti það ekki, það væri alveg augljós uppgjöf fyrir hann og hæstv. ríkisstj., að hann gæti ekki útvegað 100 millj. í innlendum kr., sem nú eru ekki orðnar stórar. Það getur hæstv. ráðh. ekki sagt, því að Alþ. vill gefa heimild til þess. Hæstv. ráðh. getur ekki heldur í alvöru haldið því fram, að Alþjóðabankinn vilji ekki lána til Íslands 600 millj. kr., nema hann fái Vestmannaeyjafé, þ. e. tolltekjurnar af Viðlagasjóðshúsunum eða söluskattinn. Það má ekki halda því fram í alvöru. En hæstv. ráðh. hefur sagt, að Alþjóðabankinn hafi sett það skilyrði að fá þessa peninga. En það er ekki hægt í alvöru að halda því fram. Alþjóðabankinn setti það að skilyrði, að það yrði lagt 40% á móti, en hvaða peningar það voru, það skipti ekki máli. Það má segja, að Alþjóðabankinn hafi kennske viljað vita, hvernig hæstv. ríkisstj. ætlaði að útvega fé, vegna þess að það gæti verið, að Alþjóðabankinn hefði takmarkað traust á hæstv. ríkisstj. En ég vil þá kenna hæstv. fjmrh. ráð. Ef hæstv. ríkisstj. hefur ekki traust hjá Alþjóðabankanum og bankinn vill ekki taka mark á því, sem hæstv. ríkisstj. segir eða skrifar undir, þá er ekki um annað að ræða heldur en fá bankaábyrgð fyrir þessari upphæð, það verður tekið gilt. Þess vegna er þetta ekki eins mikið vandamál og hæstv. fjmrh. vill vera láta. Þennan hnút þarf að leysa. Hæstv. ráðh. fékk heimild í 6. gr. fjárl. til þess að nota fé á þennan hátt, sem hann lýsti. Hv. stjórnarstuðningsmenn greiddu atkv. með því, stjórnarandstaðan á móti. Eins og hér kom fram áðan, er vitanlega engin skylda að nota heimildina. Það er hægt að vera laus við það. Af þessari innlendu fjáröflun er gert ráð fyrir, að Grindavík fái 148 millj. kr. Ég hef heyrt það eftir mætum mönnum í Grindavík, að þeir vilji alls ekki taka við þessu fé frá Vestmannaeyingum, þeir vilji fá sína hafnarframkvæmd, en þeir vilji ekki taka þetta fé frá Vestannaeyingum.

Það er minna, sem Höfn í Hornafirði er ætlað, það eru aðeins 12 millj. kr., 160 millj. kr. til þessara tveggja hafna og 240 millj. kr. til landshafnarinnar í Þorlákshöfn, sem þarf að nota á þrem-

ur árum. Hæstv. ráðh. er með hótanir um, að verkið verði stöðvað, ef hann fær ekki fé frá Vestmanneyingum til framkvæmdanna. Hæstv. ráðh. verður fyrirgefið, þótt hann hefði þessar fullyrðingar hér uppi, ef hann breytir um stefnu í þessu máli, og eins og ég sagði, er engin ástæða til að vera með illyrði út af þessu, ef málið vinnst, sem það verður að gera.

Það er kunnugt, að það er enn óljóst, hversu mikið fjármagn Viðlagasjóður þarf að fá til bótagreiðslna og uppbyggingar í Vestmannaeyjum. Það er mjög líklegt, að 2% söluskattur til áramóta í 10 mánuði, eins og till. kom um, hefði orðið of lítið. 1% í 12 mánuði er sennilega of lítið. Þess vegna þótti sjálfsagt að gefa fyrirheit um, að það yrðu framlengd lög um Viðlagasjóð 1975 eða ráðstafanir til þess gerðar að útvega Viðlagasjóði meira fjármagn, ef með þyrfti. Það var einnig tekið fram, og þm. allra flokka voru sammála um það, að greiðslur Viðlagasjóðs yrðu að halda áfram með eðlilegum hætti. Höfðu menn þá í huga, að fresta yrði því að greiða upp skuld við Seðlabankann, ef með þyrfti. Það er nauðsynlegt fyrir Viðlagasjóð að hafa ráð á þessu fjármagni, sem inn kemur af innflutningstolli og söluskatti Viðlagasjóðshúsanna. Húsin eru nú boðin til sölu. Ég skal ekkert segja um, hvernig þau seljast. Ég er hræddur um, að í byrjun þyki þau nokkuð dýr. Hitt er eins víst, að eftir 1—2 ár þykja húsin ekki dýr, og kannske seljast þau strax, vegna þess að margir hafi þá staðreynd í huga. En áreiðanlega er gott fyrir Viðlagasjóð að hafa svigrúm, sem hann mundi fá, ef hann hefði í hendi sér innflutningsgjaldið og söluskattinn, sem er 800—900 þús. af hverju húsi. Það væri þá möguleiki til að slaka til á verðinu, ef um gallað hús væri að ræða eða annað þess konar. Annars er það orðað svo í 1. gr. þessa frv. að nota þetta fé til uppbyggingar í Vestmannaeyjum, — til uppbyggingar í Vestmannaeyjum, sem þarf að hraða og kostar mikið fé. Ef það er rétt, sem hv. 3. þm. Sunnl. sagði hér áðan, að beint tjón Vestmanneyinga mundi verða 1—2 milljarðar, enda þótt þeir fengju greiðslur eins og reglugerð við lög um Viðlagasjóð mælir fyrir, þá finnst mér það mikið. Það gæti verið sanngjarnt að bæta aukalega að einhverju leyti þetta tjón, sem reglugerðin hefur ekki reiknað með, — eða er þá ekki þörf á að endurskoða reglugerðina?

Ég þarf ekki að hafa þetta öllu fleiri orð, herra forseti. Ég vil aðeins mælast til þess, að hæstv. fjmrh. og hæstv. ríkisstj. endurskoði afstöðu sína og að það geti orðið fullt samkomulag hér í hv. Alþ. um þetta mál, eins og um Vestmannaeyjamálið yfirleitt fram að þessu. Það er enginn vafi á því, að það verður eftir því tekið hjá vinum okkar á Norðurlöndum, sem gáfu mest í Viðlagasjóðinn, hvort við tökum innflutningstoll og söluskatt af þessum húsum og látum það ganga í ríkissjóð, því að í ríkissjóð fer það, þó að það verði síðar meir greitt sem framlag til ákveðinna hafna í landinu. Ég vona, að það fáist samstaða um málið, þegar menn hafa athugað það í ró. Það er ekki sæmandi að tala um það í þessu sambandi, að hætt verði við áðurnefndar hafnarframkvæmdir, ef ríkissjóður fær ekki til sín fjármagn, sem Vestmanneyingar eiga siðferðilega og lagalega kröfu á að fá.

Garðar Sigurðsson: Herra forseti. Ég hafði ekki hugsað mér að flytja neina ræðu um þetta mál að þessu sinni. Ég sagði mína meiningu um fjármagnsskort Viðlagasjóðs hér fyrir skömmu, þegar rætt var um það, hvort Viðlagasjóður ætti að halda 2% söluskattsstofni eða aðeins að fá 1%. En ég vil leyfa mér að gera örfáar aths. við það, sem hér hefur verið sagt.

Það virðist svo, að þegar hinir þaulvönustu stjórnmálamenn koma hér í pontuna til að færa rök fyrir máli sínu, þá er eins og þeir hafi einhverja þörf fyrir að reyna að koma sér hjá að segja allan sannleikann, reyna að sleppa einhverju, jafnvel þó að það skipti talsverðu máli.

Hæstv. fjmrh. las upp úr nál. frá n., sem skipuð var af ríkisstj. til þess að athuga um staðsetningu nýrrar hafnar á Suðurlandi. Hluti af því, sem hann las upp úr þessu áliti, fjallaði um álit þessara manna, hvað gera þyrfti nauðsynlega og það sem fyrst í Grindavík og Þorlákshöfn, fyrir vertíðina, sem er að líða, þ. e. a. s. á þessu ári. Ég vil aðeins segja það í sambandi við þetta lán, sem miðað er við þrjá staði, Grindavík, Þorlákshöfn og Höfn í Hornafirði, að í nál. er hvergi minnst á Höfn í Hornafirði, a. m. k. ekki af Vestmanneyinga hálfu, en samt er það inni í lánsupphæðinni. Þær framkvæmdir, sem þegar hefur orðið af í Grindavík og Þorlákshöfn, eru ekki fyrir þessa vertíð, að þeim var ekki unnið nema að mjög litlu leyti fyrir þetta lánsfé, nema um sprengingarnar í Grindavík sé að ræða. En um aðrar hafnarbætur, þ. e. a. s. bætt viðlegurými í Grindavík og dýpkun í Þorlákshöfn, var unnið fyrir annað fé, — það fé, sem Viðlagasjóður lánaði til framkvæmdanna.

Ég greip fram í fyrir hæstv. fjmrh., þegar hann flutti hér sitt mál, og spurði, hvenær hefði verið ákveðið að taka lánið, en hæstv. ráðh. gat ekki svarað því, sagðist ekki hafa með sér dagsetningarnar. En dagsetningarnar skipta talsverðu máli í þessum efnum, vegna þess að gosinu lauk í júní á s. l. ári og meira að segja er samþykkt um að það sé hætt, löglega útgefin 3. júlí á s. l. ári. En hvenær var svo samið um lánið? Það var samið um lánið dagana 10.—14. sept. á s. l. ári, löngu eftir að séð er, að gosið er hætt, lánssamningur undirritaður 26. okt., sem tók ekki gildi fyrr en annan í jólum, 26. des. 1973, og þá voru næstum því eins margir fluttir til Vestmannaeyja og eru þar nú í dag. Þetta finnst mér, að hefði mátt koma fram í ræðu hæstv. ráðh., vegna þess að það skiptir ákaflega miklu máli, hvenær ákveðið er að taka peninga af þessum tolltekjum.

Ég heyrði ekki betur en hæstv. fjmrh., sem því miður virðist ekki hafa tíma til að hlusta hér á aðra þm. og lætur sér nægja eigin rök í málinu, eins og ýmsum stjórnmálamönnum er því miður tamt, hann segði, — ég er víst ekki með það orðrétt, — en hann sagði eitthvað á þá leið, að framkvæmdir við þessar hafnir uppi á landi byggðust hreinlega á þessum tolltekjum. Ég hefði viljað leyfa mér að spyrja hæstv. ráðh: Hvaðan hefði þetta mótframlag ríkissjóðs komið, ef Viðlaga-

sjóður hefði ákveðið að byggja eingöngu hús hér innanlands úr innlendu efni og þessar tolltekjur hefðu alls ekki komið til?

Mér er alveg fyllilega ljóst, að Viðlagasjóð vantar tekjur, eins og ég sagði hér á dögunum, þegar það var til umr. Nú hefur hins vegar verið ákveðið, að 1% skuli gilda, og hv. 1. þm. Sunnl. lýsti því hér yfir áðan í ræðu, eins og hann gerði reyndar við þær umr. einnig, að ef til þess kæmi, að Viðlagasjóð vantaði tekjur, þá hefur því verið lýst yfir, að þá skuli lögin aðeins framlengd, þegar þar að kemur.

Ég hjó eftir því í ræðu hæstv. fjmrh., að málefni Vestmanneyinga hefðu leyst fyrr og betur en nokkurn hefði órað fyrir. Þó að margt hafi vissulega farið miklu betur í Vestmannaeyjum en menn grunaði, þá er nú svo, að það er mitt álit, að nú sé einna mestur vandinn eftir, þ. e. öll uppbyggingin og að útvega það fjármagn, sem til hennar þarf.

Annar hæstv. ráðh. í núv. ríkisstj. hefur sagt, að húsnæðismálakerfið réði ekki við það að lána húsnæðismálalán út á innfluttu húsin. En einmitt í þessum innfluttu húsum er bundið fjármagn upp á næstum því tvo milljarða kr., og það er fjármagn Viðlagasjóðs. Hæstv. félmrh. hefur einnig sagt, að hæpið sé, að framkvæmdalán eða húsnæðismálalán geti fengist á þær íbúðir, sem kemur til með að þurfa að reisa í Vestmannaeyjum í sumar. Röksemdir hans eru einfaldlega þær, að uppbyggingin í Vestmannaeyjum og allt þar að lútandi sé lögum samkv. hlutverk Viðlagasjóðs, en Viðlagasjóður getur að sjálfsögðu ekki tekið á sig meiri byrðar en hann hefur tekjur til að standa undir.

Hv. 3. þm. Sunnl. lét þau orð falla í sinni ræðu, að það væri mikilvægt, að Viðlagasjóður héldi öllum sínum tekjum, bæði þessum tekjum, þ. e. a. s. tolltekjum, og öðrum. Og eins og ég hef oft sagt, er ég alveg sammála honum í því, að Viðlagasjóður þarf á tekjum að halda. Þess vegna varð ég undrandi, að hann skyldi fallast á að fara þá leið, sem farin var hér, að fara niður í 1% af söluskattsstofni. Hitt er svo annað mál, — ég skal viðurkenna, að það kemur ekki beint þessu máli við, — það er verið að ræða um það, hvert tollarnir eigi að renna. Það er mál út af fyrir sig.

Hv. þm. Gylfi Þ. Gíslason kom hér í pontuna glansandi af skemmtilegheitum, sem voru reyndar eins og fyrri daginn á annarra kostnað, og lét nú þingheim enn einu sinni heyra, að hann væri þess umkominn að leggja fyrir menn rökfræðilegar gátur eða skrýtlur. Það var álit Gylfa Þ. Gíslasonar og stjórnarandstöðunnar á sínum tíma, að Viðlagasjóður þyrfti ekki nema 1%, og Gylfi sagði eitthvað á þá leið: Ef ríkisstj. hefur talið, að það þyrfti 2% af söluskattsstofni í Viðlagasjóð, þá væri þeirri sömu ríkisstj. kærkomið tækifæri að fá þessa viðbót, þessar 500 millj. af tolltekjunum. En þá vil ég spyrja hv. þm. Gylfa Þ. Gíslason: Ef hv. stjórnarandstaða hefur talið nægilegt fyrir Viðlagasjóð að fá 1%, hvernig stendur þá á því, að nú örfáum dögum síðar telur hún nauðsynlegt að bæta þessum 500 millj. við? Mér er auðvitað alveg ljóst, eins og alltaf er verið að segja og kannske aldrei of oft, að Viðlagasjóður þarf á auknum tekjum að halda. Til uppbyggingarinnar og til húsnæðismálalána úti í Vestmannaeyjum og einnig til þess að greiða fyrir sölu Viðlagasjóðshúsanna úti á landi þarf fjármagn. Mér er út af fyrir sig alveg sama, hvort það fjármagn kemur með þessum tolltekjum eða öðrum hætti, en það er eitt, sem víst er, að ef það kemur ekki af þessum tekjum, þá verður hæstv. ríkisstj. að lýsa því yfir, hvaðan eigi að taka þá peninga.

Jón Skaftason: Herra forseti. Það var nú ekki ætlun mín að taka til máls um þetta frv. til l., en ég verð að segja, að ýmislegt, sem hér hefur verið sagt, verkar á mig — vægilega til orða tekið — dálítið einkennilega, svo einkennilega, að ég sé mér ekki annað fært en leggja hér nokkur orð í belg í sambandi við þær umr., sem hafa orðið um frv. þetta.

Mér sýnist, að þær forsendur, sumar hverjar a. m. k., sem frv. byggist á og koma fram í grg., séu fullkomlega rangar. Í grg. segir m. a. svo, með leyfi hæstv. forseta:

„Fullvíst má telja, að enginn ráðamaður Norðurlandaþjóðanna, sem máli þessu lagði lið, hafi látið sér koma til hugar, að allverulegur hluti af framlaginu yrði látinn renna sem tolltekjur eða söluskattur til almennra þarfa ríkissjóðs, sem þá beinlínis hagnaðist fjárhagslega á eldgosinu í Eyjum, þar sem hér er um óvæntar tekjur að ræða, sem áætlað er, að nemi 477 millj.“

Þetta er út af fyrir sig furðulegur samsetningur. Ég veit ekki til þess, og það hefur þá algerlega farið fram hjá mér, ef ætlunin er af hálfu hæstv. ríkisstj. eða meiri hl. Alþ. að skerða það 100 millj. danskra kr. framlag, sem á að ganga til Viðlagasjóðs, um einn eyri. Það eru alveg ný tíðindi fyrir mig, ef það á að gera það. Ég veit ekki betur en þessar hundrað millj. danskra kr. gangi til Viðlagasjóðs. Hér er tvennu óskyldu ruglað saman. Það er talað um, að tolltekjur og söluskattstekjur af þeim húsum, sem innflutt eru frá Norðurlöndum og eru keypt fyrir hluta af þessu framlagi, eigi að taka í ríkissjóð, m. a. til þess að standa undir ríkissjóðsframlagi vegna hafnargerða í Grindavík, í Þorlákshöfn og í Höfn í Hornafirði. En tolltekjurnar af þessum húsum, þegar þau verða seld hér innanlands, eru allt annað en framlag Norðurlandaþjóðanna. Ég hef þá meira en lítið misskilið hlutina, ef það er meiningin að skerða 100 millj. kr. danskra framlagið, sem á að ganga til Viðlagasjóðs, og ef þetta er réttur skilningur minn, þá er málflutningur og raunar sjálft frv. að mínu viti byggt á röngum forsendum.

En það er fleira en þetta, sem ég vildi gjarnan víkja örfáum orðum að. Ég hef hlustað á það hér undanfarnar vikur og undanfarna mánuði hjá mörgum hv. þm. og þá ekki síst hv. þm. Bjarna Guðnasyni, 3. landsk. þm., að hér sé allt að fara úr böndunum í okkar þjóðfélagi, vegna þess að framkvæmdir, vöxtur fjárl. og annað í þjóðfélaginu sé að keyra allt á bólakaf. Á vissan hátt er talsvert til í þessu hjá hv. þm. En hv. þm. Bjarni Guðnason er einn af flm. þessa frv., sem þýddi væntanlega í reynd, ef það verður samþ., að þá verði ríkissjóður að afla sér nýrra viðbótartekna til þess að hægt verði að halda áfram hafnar-

framkvæmdum á þeim þrem stöðum, sem ég nefndi hér áðan. Það er búið að halda tugi af ræðum á vegum stjórnarandstöðunnar um sukkið og skattpíninguna í þjóðfélaginu, og svo eru það þeir sömu menn, sem hafa flutt þessar ræður, sem gerast til þess að flytja frv., sem er til þess fallið, ef samþykkt verður, að auka mjög verulega á skattaálögur og skattheimtu til ríkissjóðs til þess að standa undir þörfum í þjóðfélaginu, sem vissulega eru brýnar. En það er nú einu sinni svo, að við getum ekki framkvæmt allt í einu, Íslendingar, frekar en aðrir.

Ég held, að það hafi verið hv. þm. Gylfi Þ. Gíslason, sem sagði áðan, að stuðningur við þetta frv. væri 100%, bæði hjá Alþfl. og Sjálfstfl. og hv. þm., Bjarna Guðnasyni. Og það, sem á vantaði, væri einasta að fá stuðning þm. stjórnarflokkanna úr Suðurlandskjördæmi, sem sæti ættu í þessari hv. d. Nú skal ég ekki fullyrða, hvort þessi málflutningur Gylfa Þ. Gíslasonar hefur nokkur áhrif á þá þm. En í framhaldi af því langar mig til þess að segja, að ég á eftir að sjá þm. Sjálfstfl. og Alþfl. úr Reykjaneskjördæmi í hv. d. standa að samþykkt frv., sem fyllilega getur teflt í tvísýnu hafnarframkvæmdum m. a. í Grindavík. Ég á eftir að sjá þá greiða því atkv.

Ég ætla ekki að fara miklu nánar út í þetta mál. En ástæðurnar til þess, að ég kvaddi mér hljóðs til að segja þessi örfáu orð, eru þær tvær, að mér virðist í fyrsta lagi, að þær forsendur, sem menn gefa sér fyrir frv.-flutningnum, séu rangar, og í öðru lagi get ég ekki staðist þá freistingu að vekja athygli á þeirri tvöfeldni, sem mér virðist koma fram í málflutningi þeirra, sem einn daginn hamast yfir mikilli skattheimtu ríkissjóðs og óráðsíu á vegum hans, en svo hinn daginn leggja til að samþykkja frv., sem þýðir, að ríkissjóður þarf að fá hundruð millj. kr. í viðbótartekjur til framkvæmda.

Fim. (Guðlaugur Gíslason): Herra forseti. Það eru aðeins nokkur orð til að leiðrétta það, sem hv. 2. þm. Reykn. vildi halda fram, að hér væri um tvö óskyld mál að ræða, annars vegar tolltekjur af Viðlagasjóðshúsunum og hins vegar framlag Norðurlandanna. Ég vil benda á, að framlag Norðurlandanna nemur um 1530 millj. Af því hefur verið notað sem innkaupsverð Viðlagasjóðshúsanna röskur 1 milljarður. Þá er eftir um ½ milljarður ónotaður af því fé. Og það vill svo til, að þetta er að heita má nákvæmlega sama upphæðin og Viðlagasjóður þarf að greiða út til ríkissjóðs í tolltekjur og söluskatt af húsunum. Ég sé ekki, hvernig þessi hv. þm., sem vissulega gerði það, sem ætlast var til af honum, þegar hann stóð upp á fundi Norðurlandaráðs og þakkaði fyrir framlagið og þann drengskap, sem Norðurlöndin sýndu með því að veita það framlag, ætlar að fara að verja hér á Alþingi Íslendinga að taka þriðja hlutann af framlaginu til handa ríkissjóði til almennra útgjalda.

Framlög úr ríkissjóði til hafnarframkvæmda, hvort sem er í Grindavík eða annars staðar, eru almenn útgjöld. Ég vil sjá þennan hv. þm. standa upp í Norðurlandaráði og standa frammi fyrir því, að þegar Norðurlöndin eru að leggja á sína skattþegna stórar kvaðir til þess að aðstoða Íslendinga, þá ætlar hann að standa að því hér á hv. Alþ., að það verði ríkissjóður Íslands einn, sem beinlínis græðir á eldgosinu í Vestmannaeyjum. Ég hélt satt að segja, að maður þyrfti ekki að segja þetta á hv. Alþ. eða benda neinum þm. á, í hvaða aðstöðu er verið að setja Íslendinga, ef á að nota þá heimild, sem er að finna í 6. gr. fjárl.

Þessi hv. þm. sagðist ekki trúa því, að þm. úr Reykjaneskjördæmi mundu vilja standa gegn því, að þetta fé yrði notað til hafnarframkvæmda í Grindavík. Ég vil benda á, að einn af aðalforsvarsmönnum í Grindavík, Tómas Þorvaldsson, hefur ritað forseta Sþ. bréf, ítarlegt bréf, þar sem hann gerir kröfu til þess, að aðflutningsgjöld og söluskattur af Viðlagasjóðshúsunum verði látin renna til Viðlagasjóðs, en ekki ríkissjóðs, og ég hygg, að það sé rétt, sem kom fram hér hjá hv. 1. þm. Sunnl., að það sé mjög almennur vilji fyrir því í Grindavík, að þetta fé verði ekki notað þar í hafnarframkvæmdir. Við skiljum auðvitað aðstöðu Vestmanneyinga betur en kannske hv. síðasti þm., sem hér var að tala, virðist gera. Þeir gera sér grein fyrir því, að þana er um hlut að ræða, sem ég tel, að ekki megi henda Alþ. Íslendinga, að það stuðli að því, að ríkissjóður einn græði á eldgosinu, þegar ríkisstj. annarra Norðurlanda leggja kvaðir á skattþegna sína til að létta undir byrðina með þeim Íslendingum, sem urðu fyrir þessu áfalli.

Jón Skaftason: Herra forseti. Það kemur fram hjá hv. þm. Guðlaugi Gíslasyni nákvæmlega sami misskilningur og gætir í þeirri grg., sem ég var að lesa upp hér áðan, og ég sé, að mér hefur ekki tekist að koma því inn í höfuðið á honum með þeim fáu orðum, sem ég var að segja, að málflutningur hans er byggður á röngum forsendum, eftir því sem ég best veit. Aðalatriði þessa máls er það, — og ég skora á hv. þm. að sýna mér það, ef það er rangt, og afsanna það, — að ég veit ekki til þess, að eigi að skerða Norðurlandahjálpina í Viðlagasjóðnum um eina einustu krónu. Ég veit ekki betur en hundrað millj. danskra kr. eigi að ganga þangað. Hitt er annað mál, eins og ég sagði áðan, að tolltekjur af þessum húsum„ sem keypt eru fyrir hluta af þessari aðstoð, er mál, sem er annars eðlis. Ég veit ekki til þess, að það hafi verið ákveðið að taka þær tolltekjur af Norðurlandaráðsframlaginu. Þetta er aðalatriði málsins. Ég veit ekki til þess, að það eigi að skerða aðstoðina um eina einustu krónu.

Mér þykir það satt að segja dálítið harðir kostir, bæði fyrir okkur hv. alþm. og þá ekki síður þjóðina, að þrástagast sé á því, að ríkisstj. og þá væntanlega þingmeirihl. vilji græða á því óhappi, sem gerðist í Vestmannaeyjum, þegar jarðeldar brutust þar út. Það þarf talsvert mikla kokhreysti til þess að halda því fram, að þjóðin og þ. á m. ríkisstj. og þingmeirihl. sá, sem hana styður, hafi ekki viljað gera það, sem hægt hefur verið að gera og með nokkrum rétti hægt að

krefjast af þeim að gera til þess að bæta það tjón, sem Vestmanneyingar hafi orðið fyrir. Mér finnst satt að segja dálítið hart að þurfa að hlýða á þetta ítrekað, eins og við höfum þurft hér á hv. Alþ. Ég veit ekki betur en það liggi fyrir ítrekaðar yfirlýsingar ráðamanna, m. a. hæstv. ráðh., að ætlunin sé að útvega Viðlagasjóði allt það fé, sem nauðsynlegt er, til þess að ljúka megi endurreisnarstarfinu í Eyjum. Þetta hygg ég, að hv. þm. viti alveg eins vel og ég. Við erum nýbúnir á hv. Alþ. að ganga í það að framlengja tekjustofn, sem átti að hverfa út 1. mars, framlengja hann að hluta vegna þeirra þarfa, sem fyrir hendi eru í Vestmannaeyjum til uppbyggingar. Ég segi fyrir mig, að ég læt ekki bjóða mér það, að ég sé ásakaður um að vilja ekki leggja það á mig og þá, sem ég kann væntanlega að tala fyrir, — að við viljum ekki gera allt, sem í okkar valdi stendur og við getum á nokkurn hátt gert til þess að stuðla að uppbyggingu í Eyjum. Svo mikið eigum við undir því, að blómleg byggð rísi aftur í Eyjum og þar verði hægt að stunda kraftmikla útgerð og mikla fiskvinnslu. Það væri skrýtinn Íslendingur, sem vildi ekki standa að því að gera þetta mögulegt eins fljótt og verða má.

Flm. (Guðlaugur Gíslason): Herra forseti. Það virðist vera erfitt að fá hv. 2. þm. Reykn. til að skilja það, sem raunverulega hefur gerst í sambandi við framlag Norðurlandanna. Ég vil vitna til þess, sem hæstv. fjmrh. sagði hér áðan. Hann sagði, að rn. hefði gefið Viðlagasjóði frest á því að að greiða umrædda tolla. Tollarnir yrðu innheimtir, og hvaðan á að taka fé nema úr Viðlagasjóði til að greiða tollana? Og hvaða fé verður það? Auðvitað hluti af framlagi Norðurlandanna. Þetta er sú sorglega staðreynd, sem fyrir liggur, að þannig gengur málið fyrir sig. Ef tollarnir verða innheimtir, eins og þegar er búið að ákveða, og þeir renna ekki í Viðlagasjóð, þá verður fénu þarna snarað út til ríkissjóðs. Og það er hægt að segja með fullum rökum og fullum rétti, að það fé, sem Viðlagasjóður hefur til að standa skil á, er hluti af fé Norðurlandanna. Þetta liggur hreinlega fyrir og ætti ekki að þurfa að vera að deila neitt um.

Ég ætla ekki að fara að ræða við hv. þm. um stuðning stjórnvalda og Alþ. í sambandi við Vestmannaeyjagosið. Ég hef áður lýst því yfir og ég hef látið ánægju mína í ljós með þær undirtektir, sem þetta mál hefur fengið, og þær afgreiðslur, sem það almennt hefur fengið á hv. Alþ. En hérna skilja því miður leiðir. Það er ekki eingöngu vegna þess, að það standi ekki á sama raunverulega, hvaðan fé komi til Viðlagasjóðs. Því er lýst yfir, að það muni verða séð fyrir fjármagni til Viðlagasjóðs til uppbyggingar þar og bótagreiðslna. Þetta liggur fyrir. En ég tel, að það megi ekki, eins og ég hef sagt áður, henda Alþ., að það sé nokkurs staðar hægt að benda á það, að ríkissjóður fari að hagnast á þeim náttúruhamförum, sem skeðu í Vestmannaeyjum. En það skeður, ef dæmið gengur þannig fyrir sig, sem ég hef hér rætt um.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Efri deild, 75. fundur.

Mánudaginn 11. mars, kl. 3,15 miðdegis.

Veiðar með botnvörpu, flotvörpu og dragnót í fiskveiðilandhelgi, frv. (þskj. 414). — 1. umr.

Of skammt var liðið frá 3. umr. í Nd. — Afbrigði samþ. með 13 shlj. atkv.

Sjútvrh. (Lúðvík Jósepsson): Herra forseti. Hér er um að ræða frv., sem gerir ráð fyrir minni háttar breytingu á nýlega settum l. varðandi veiðar með botnvörpu, flotvörpu og dragnót í fiskveiðilandhelginni. Það hefur sem sagt komið í ljós, að við afgreiðslu l. fyrr á þessu þingi hafa orðið mistök, sem stafa frá því, að uppdráttur, sem birtur var með þeim till., sem þá lágu fyrir til afgreiðslu, hefur ekki reynst nákvæmlega réttur á einu tilteknu svæði fyrir Norðurlandi, þ. e. a. s. á svæðinu fyrir austan og vestan Grímsey. Það er því nauðsynlegt að koma fram leiðréttingu á þessum mistökum, og vænti ég, að það verði enginn ágreiningur um að koma þessu fram.

Málið hefur þegar hlotið afgreiðslu í hv. Nd., og ég vil mælast til þess, að sú hv. n., sem tekur við málinu hér til athugunar, hv. sjútvn., afgreiði málið fljótlega, og þannig yrði þá hægt að koma fram þessum leiðréttingum á l., sem ég hygg, að allir séu sammála um.

Á meðan l. standa eins og þau eru, er það svo, að *réttur til fiskveiðiheimildar í landhelginni* er nokkru meiri fyrir erlend skip eða breska togara en fyrir íslenska togara, og var það vitanlega aldrei tilætlunin. Þarf því að leiðrétta þetta hið fyrsta.

Þar sem ég þykist vita, að allir hv. þdm. kannist við þetta mál, sé ég ekki ástæðu til að ræða það frekar. Það er ljóst, að hér hefur orðið um mistök að ræða, þar sem ekki hafði verið tekið með í reikninginn, að tilteknir grunnlínupunktar höfðu verið felldir niður úr reglugerð með ákvörðunum um 50 mílna landhelgi, en voru í gildi hins vegar, meðan 12 mílna landhelgin var í gildi. Fiskveiðiheimildirnar eru hins vegar miðaðar við 12 mílna landhelgina eða þá línu, og af þeim ástæðum hafa þessi mistök orðið.

Herra forseti. Ég legg til, að að lokinni þessari umr. verði málinu vísað til 2. umr. og hv. sjútvn. til athugunar.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 15 shlj. atkv. og til sjútvn. með 15 shlj. atkv.

Kosningar til Alþingis, frv. (þskj. 353, n. 430 og 370). — Frh. 2. umr.

Utanrrh. (Einar Ágústsson): Herra forseti. Þegar þetta mál var hér til 1. umr. og raunar við upphaf þessarar umr., gat ég því miður ekki verið viðstaddur til að gera grein fyrir skoðun utanrrn. á efni frv. Ég vil, þótt seint sé, koma á framfæri aths. rn., áður en frv. fær endanlega afgreiðslu hér í hv. d., en aths. fara hér á eftir.

Frv. er samið af dómsmrn., en það rn. hefur borið undið utanrrn. till. um hið nýja fyrirkomulag á utankjörfundarkosningum erlendis. Aðalbreytingin, miðað við eldri reglur er sú, að fela á utanrrn. að ákveða og auglýsa fyrir hverjar kosningar, hvar utankjörfundaatkvgr. fer fram hjá kjörræðismönnum. Ekki er lengur sett að skilyrði, eins og áður var, að kjörræðismenn þurfi að vera íslenskir borgarar eða af íslensku þjóðerni og mæla á íslenska tungu. Utanrrn. hefur lagst gegn því, að þessi leið verði farin, og eru ástæðurnar fyrst og fremst þær, að mjög erfitt getur orðið að ákveða, hjá hvaða kjörræðismönnum utankjörfundaratkvgr. eigi að fara fram, og auk þess er mikil hætta á formgöllum, sem kunna að eyðileggja atkv. Segja má, að reglurnar séu ekki flóknar, þ. e. gerðabók, vitundarvottar o. s. frv. En fyrir útlendinga er ekki eins auðvelt að átta sig á þeim og ætla mætti, eins og komið hefur í ljós varðandi nokkra þá kjörræðismenn, sem íslensku tala. Og loks er þess að gæta, að eins og segir í aths. með lagafrv., eru kjörræðismennirnir ólaunaðir og hafa ekki skyldu til að vera alltaf til taks á skrifstofu sinni. Að vísu er sá varnagli sleginn í frv., að utanrrn. auglýsi að höfðu samráði við hlutaðeigandi kjörræðismenn, hvenær atkvgr. mætti fara fram hjá þeim. Í reynd yrðu væntanlega ákveðnir fáir dagar til slíks og tiltölulega stuttur tími hvern dag. Hætt er við, að þetta verði talið ófullnægjandi. Í stað ofangreinds fyrirkomulags hefur utanrrn. lagt til, að fylgt verði í stórum dráttum eftirfarandi reglum:

1. Kjósandi erlendis óskar eftir því við kjörstjórn í bréfi eða símskeyti, að hún sendi honum kjörseðil.

2. Kjörstjórn athugar, hvort viðkomandi aðili er á kjörskrá, og sé svo, sendir hún honum kjörseðil í ábyrgðarpósti ásamt leiðbeiningum.

3. Kjósandi útfyllir kjörseðilinn, lokar honum, límir hann aftur og fer með hann til íslensks ræðismanns, þ. e. hvaða ræðismanns Íslands sem er, og sannar með vegabréfi sínu eða á annan hátt, hver hann er. Við kjörseðilinn er fest blað, þar sem prentaður er texti, sem að mestu leyti er samhljóða því, sem nú er á utankjörfundarseðlum. Helstu breytingar miðað við núverandi fyrirkomulag eru þær, að ekki yrði krafist vitundarvotta, enda sýnist þess ekki full þörf, og ekki yrði beinlínis um kjörstjóra að ræða, er færi gerðabók o. s. frv., heldur mundi ræðismaður aðeins staðfesta, að um rétta undirskrift sé að ræða. Að fengnu vottorði ræðismanns setur kjósandi atkvæðaseðilinn í þar til skilið umslag, er hefur sama númer og kjörseðillinn, og kemur því til réttrar kjörstjórnar í pósti eða á annan hátt. Hann verður sjálfur að sjá um sendinguna, en ekki ræðismaðurinn.

Með þessu fyrirkomulagi mundu sérstakar reglur gilda um íslenska kjósendur erlendis, og útbúa yrði nýtt form kjörseðla í þessu skyni. Gert er ráð fyrir, að utankjörfundarkosning innanlands og í sendiráðum Íslands yrði með sama sniði og nú. Verði þetta fyrirkomulag ofan á, er hugsanlegt að heimila íslenskum kjósendum erlendis að fá undirskrift sína undir kjörseðil staðfestan af fulltrúum annarra Norðurlanda erlendis, sendiráðum eða ræðismönnum.

Hvað snertir fyrirkomulag utankjörfundaratkvgr. erlendis, eru til fleiri leiðir en þessi. T. d. hafa Belgíumenn þá reglu, að kjósendur erlendis geta veitt manni heima fyrir í sömu kjördeild umboð til að greiða atkv. fyrir sig. Þar gildir líka sú regla, að sjúklingar og vissir starfshópar, þjónustufólk á sjúkrahúsum, við fólksflutninga, málmiðnað, fljótabáta o. fl., geta greitt atkv. bréflega, án þess að koma á kjörfund.

Utanrrn. hefur ekki hafnað algerlega þeirri aðferð við utankjörfundarkosningar erlendis, sem stungið er upp á í frv., en bendir á, að hún hefur mikla annmarka.

Þetta er sú umsögn, sem ráðuneytisstjóri utanrrn. hefur látið í té um það frv., sem hér er til umr., og ég vil láta þessar aths. koma fram, hvort sem hv. d. sér ástæðu til að taka þær til greina eða ekki. Ef mönnum sýnist þær umhugsunar- og athugunarverðar, þá er sjálfsagt hægt að sinna þeim með tvennu móti. Í fyrsta lagi er hægt að fresta afgreiðslu málsins nú, fresta 2. umr. um sinn, meðan n. tekur þessar aths. til athugunar. Í öðru lagi mætti hugsa sér að athuga umsögnina milli umr. Ég legg það algerlega í vald formanns hv. allshn., hvor leiðin verður farin, um leið og ég bið afsökunar á því, hversu seint aths. eru fram bornar. En um það er við mig einan að sakast og stafar af því, að ég var ekki viðstaddur vegna opinberra starfa í fyrra tilvikinu og veikinda í síðara tilvikinu, þegar málið hefur áður verið til umr.

Frsm. (Björn Fr. Björnsson): Herra forseti. Um þann ágreining, sem virðist ríkja á milli utanrrn. og dómsmrn. um viss ákvæði í því frv., sem hér er til 2. umr., vissi n. ekki, og það lá ekkert fyrir um það, þegar hún var að störfum. Hæstv. utanrrh. beindi til mín, hvora leiðina ég teldi rétt að fara, að fresta 2. umr. nú og að allshn. tæki þessar ábendingar frá hæstv. utanrrh. til athugunar eða málinu lyki hér við 2. umr. og milli 2. og 3. umr. færi svo fram athugun af hálfu n. í þessu efni. Ég tel fyrir mína parta réttara að ljúka 2. umr., svo kæmi n. saman og athugaði þessar ábendingar, sem hæstv. utanrrh. hefur komið fram með.

ATKVGR.

1. gr. samþ. með 13. shlj. atkv.
2.—3. gr. samþ. með 13 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 14 shlj. atkv.

Neðri deild, 79. fundur.

Þriðjudaginn 12. mars, kl. 2.05 miðdegis.

Skattaleg meðferð verðbréfa, frv. (þskj. 458, n. 471). — 2. umr.

Of skammt var liðið frá útbýtingu nál. — Afbrigði samþ. með 24 shlj. atkv.

Frsm. (Vilhjálmur Hjálmarsson): Herra forseti. Fjh.- og viðskn. d. hefur athugað þetta frv. Sams konar ákvæði voru áður í l. um heimildir fyrir ríkisstj. til þess að taka lán. Nú voru þessar heimildir felldar inn í fjárl. Þess vegna er nauðsynlegt að setja um þetta sérstök lög. Nú er jafnframt gert ráð fyrir því, sbr. 3. gr., að þessi ákvæði gildi áfram, þar til öðruvísi verður ákveðið, en áður fylgdu þau heimildarlögum hverju sinni.

Þetta frv. var afgreitt shlj. frá Ed., og afgreiðsla fjh.- og viðskn. er einnig shlj., en n. leggur til, að frv. verði samþykkt.

ATKVGR.

1. gr. samþ. með 23 shlj. atkv.
2.—4. gr. samþ. með 23 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 23 shlj. atkv.

Neðri deild, 80. fundur.

Þriðjudaginn 12. mars, að loknum 79. fundi.

Skattaleg meðferð verðbréfa, frv. (þskj. 458). — 3. umr.

Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði samþ. með 25. shlj. atkv.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 23 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 473).

Sameinað þing, 65. fundur.

Þriðjudaginn 12. mars, kl. 2 miðdegis.

Bundnar innistæður í Seðlabanka Íslands, fsp. (þskj. 344). — Ein umr.

Fyrirspyrjandi (Karvel Pálmason): Herra forseti. Ég hef leyft mér að bera fram á þskj. 344 fsp. til hæstv. viðskrh. um það, hversu hárri fjárhæð bundnar innistæður banka, sparisjóða og innlánsdeilda námu hjá Seðlabanka Íslands um s. l. áramót og hvernig fé þetta skiptist eftir kjördæmum.

Sjútvrh. (Lúðvík Jósepsson): Herra forseti. Spurt er um, hversu hárri fjárhæð námu bundnar innistæður banka, sparisjóða og innlánsdeilda hjá Seðlabanka Íslands um s. l. áramót? — Þær upplýsingar, sem ég hef fengið um þetta mál, eru frá Seðlabankanum og eru á þessa leið:

Bundið fé innlánsstofnana hjá Seðlabankanum nam 6797 millj. kr. í árslok 1973. Eins og kunnugt er, miðast bindiskyld fjárhæð við heildarinnlánsfé hjá hverri stofnun. Er bindiskyldan reiknuð út og greidd í einu lagi fyrir hverja stofnun. Útibú viðskiptabankanna hafa því ekki sérstaka bundna reikninga í Seðlabankanum, og Seðlabankinn reiknar ekki sérstaklega út bindiskyldufjárhæð hvers útibús.

Spurningunni um skiptingu bundna fjárins á kjördæmi verður því ekki svarað með því að líta á það, hverjir eru reikningshafar bundinna reikninga í Seðlabanka. Á hinn bóginn er unnt að veita upplýsingar um, hvernig heildarinnistæður hjá innlánsstofnunum skiptast á afgreiðslustaði í einstökum kjördæmum. Endanlegar innistæðutölur liggja ekki fyrir hjá öllum innlánsstofnunum í árslok 1973, en í lok sept. 1973 skiptust innistæður þannig: Reykjavík 17569 millj. kr. eða 57.8%, Reykjanes 2529 millj. eða 8.3%, Vesturland 1534 millj. eða 5%, Vestfirðir 1180 millj. eða 3.9%, Norðurl. v. 1156 millj. kr. eða 3.8%, Norðurl. e. 2660 millj. eða 8.8%, Austurland 1170 millj. kr. eða 3.9% og Suðurland 2588 millj. kr. eða 8.5%. Sé bundnu fé í árslok skipt í sömu hlutföllum á milli kjördæma, verður niðurstaðan svo sem hér segir: Ef gengið er út frá sömu skiptingu áfram og með þessum fyrirvara, sem greindur er, að þetta er miðað við afgreiðslustaði, þá hefði verið bundið frá Reykjavík 3929 millj. kr. eða 57.8%, Reykjanesi 564 millj., Vesturland 340 millj., Vestfjörðum 265 millj., Norðurl. v. 258 millj., Norðurl. e. 598 millj., Austurlandi 265 millj. og Suðurlandi 578 millj., eða samtals bundið 6797 millj. kr.

Þetta eru sem sagt þau svör, sem ég hef fengið varðandi þær fsp., sem hér voru fluttar, og vænti ég, að það verði að teljast fullnægjandi.

Fyrirspyrjandi (Karvel Pálmason): Herra forseti. Ég vil þakka hæstv. ráðh. svörin og þær upplýsingar, sem komu fram í hans máli. Mér finnst þær upplýsingar a. m. k. þess verðar að hugleiða það aðeins, hve þarna er um háa fjármuni að ræða. Þarna er um að ræða nærri 7 milljarða kr., sem bundið er orðið í Seðlabanka Íslands vegna þessara ákvarðana.

Ég held, að ég muni það rétt, að þegar þetta var gert á sínum tíma, höfðu talsmenn núv. stjórnarflokka æðimargar aths. við þetta fram að færa og gagnrýndu það mjög harkalega, sem ég og tel, að hafi verið réttilega gert. Ég er ekki í neinum vafa um það, að eins og þessar upplýsingar bera með sér, þá er þarna um mikla fjármuni að ræða, sem dregnir eru frá landsbyggðinni hingað til þéttbýlissvæðanna.

Ég vil því í framhaldi af þessu spyrja hæstv. ráðh. alla um það, hvort nokkrar hugmyndir séu uppi í hæstv. ríkisstj. um, að þarna verði á breyting í náinni framtíð, hvort þeir hafi hugsað sér nú að breyta þessum ákvæðum, skila aftur, þó ekki nema að hluta væri, til dreifbýlisins þeim fjármunum, sem safnað hefur verið saman í Seðlabankanum frá þessum svæðum á undanförnum árum.

Ég er þeirrar skoðunar, að það mundi a. m. k. vera óhætt og í raun og veru kannske nauðsynlegt að breyta þessu á þann veg að vera ekki að frysta frá þeim svæðum fé í Seðlabanka Íslands, sem eru eftir á í uppbyggu og þurfa nauðsynlega á þessu fjármagni að halda. Hins vegar tel ég réttlætanlegt í því ástandi, sem

nú ríkir í landinu, að þar sem mest spennan er, þ. e. hér á þéttbýlissvæðinu, mætti gjarnan draga úr. En ég vil sem sagt í framhaldi af þessu spyrja hæstv. ráðh. um það, hvort nokkrar hugmyndir séu uppi um það, að þessum ákvæðum verði breytt.

Sjútvrh. (Lúðvík Jósepsson): Herra forseti. Það voru aðeins örfá orð í sambandi við þær aths., sem hér voru gerðar af hv. fyrirspyrjanda.

Það er rétt, að oft hafa staðið deilur um það, hversu langt ætti að ganga í þeim efnum að draga inn fé til Seðlabankans með þeim hætti, sem gert er samkv. þessum reglum. En það er misskilningur, sem ég hef heyrt, að ég hafi t. d. sérstaklega verið á móti því. Það er fjarri því. Ég tel, að það þurfi einmitt að draga inn fé með þessum hætti. En það er ekki sama, með hvaða hætti það er gert. Þegar þessar reglur voru upphaflega settar, komu þær inn í frv. varðandi Seðlabankann einmitt í tíð fyrrv. vinstri stjórnar, en þeim hefur hins vegar ekki verið beitt að neinu ráði, fyrr en allmiklu seinna.

Það er ekki rétt að mínum dómi, að þessar bindireglur stefni sérstaklega að því að draga fé frá dreifbýlinu til þéttbýlisins, og þegar litið er í reikninga bankanna, verður því ekki haldið fram, að það hafi verið meginstefnan, síður en svo. Miklu frekar væri hægt að segja, að fé hafi verið dreift út til landsbyggðarinnar á þennan hátt í gegnum bankakerfið. Ég vil hins vegar ekki leggja neinn dóm á það að svo stöddu, hvað langt þessi binding á að ganga eða hvort þörf er á því að beita bindingunni jafnt á allar peningastofnanir í landinu. Það kemur fyllilega til mála að undanþiggja þar viss landssvæði af efnahagslegum ástæðum. Það er alveg rétt. Ég held hins vegar, að það sé enginn vafi á því, að eins og peningamálum okkar er nú háttað, verður ekki undan því vikist að draga inn nokkuð af því fé, sem kemur inn í bankakerfið, og ráðstafa því með hliðsjón af því, sem talið er nauðsynlegt fyrir heildina. — Því get ég svarað, að það eru ekki uppi neinar beinar till. um að breyta þessu að svo komnu máli. En ég fyrir mitt leyti get vel hugsað mér það, eins og ég hef sagt, að það yrði linað eitthvað á bindiskyldunni gagnvart vissum svæðum, sem þá væri liður í ákveðinni efnahagslegri uppbyggingu. En ég held, að ekki sé slíkt ástand ríkjandi hjá okkur nú, að það sé ástæða til þess að draga úr bindiskyldunni almennt séð.

Landshlutaáætlun fyrir Norður-Þingeyjarsýslu, fsp. (þskj. 399). — Ein umr.

Fyrirspyrjandi (Jónas Jónsson): Herra forseti: Ég hef á þskj. 399 leyft mér að bera fram eftirfarandi fsp. til forsrh.:

„1. Hvað líður gerð landshlutaáætlunar fyrir Norður-Þingeyjarsýslu?

2. Til hvaða þátta atvinnulífs og þjónustu er ætlað, að áætlunin nái?“

Með þál. frá Alþ. 25. apríl 1972 var ályktað, að gera skyldi landshlutaáætlun fyrir Norður-Þingeyjarsýslu og sveitirnar þar austur af eða nyrstu sveitir N.-Múl. Héruðin á Norðausturlandi, þau sem ganga upp af Öxarfirði, Þistilfirði og Bakkaflóa, hafa vissa sérstöðu. Þar er aðallega um landbúnað að ræða, en einnig um nokkur heldur smá sjávarþorp. Því er ekki að leyna, að menn hafa haft vissar áhyggjur af þróun byggðar á þessu svæði. En það er ekki vegna þess, að þarna skorti landkosti. Þarna eru góð landbúnaðarhéruð og óvíða er betra til sauðfjárræktar, þó að markaðir séu þarna nokkuð fjarri, sérstaklega fyrir mjólkurafurðir. Fiskimið eru þarna góð og liggja nærri, bæði frá Þórshöfn og Raufarhöfn. Allir þekkja þátt Raufarhafnar í síldveiðisögu landsins. Þar bárust á land óhemjumikil verðmæti fyrir allt þjóðarbúið. Hins vegar er það staðreynd, að þar varð lítið eftir af þeim verðmætum, sem þar voru borin á land, og þykir mörgum heimamönnum þar, að þjóðin eigi nokkra skuld að gjalda.

Því er ekki að leyna, að þessi héruð eru ekki í höfuðalfaraleið um landið, eins og straumar hafa legið, og þess vegna finnst mönnum sem þau séu nokkuð út úr. Benda má hins vegar á hringveginn um landið. Hann er ekki aðeins að opna leið um Skaftafellssýslur, hann er raunverulega þjóðfélagsleg hugmynd. Hann er sú hugmynd, að í kringum allt landið sé óslitin byggðakeðja og þar liggi leiðir, sem tengja eina byggð við aðra, þannig að þessi keðja sé hvergi rofin. Héruðin eiga að vera hlekkir í þessari keðju og þessi héruð, sem ég hef hér minnst á, eru þannig landkostum búin, að þau geta verið þar styrkur hlekkur. En það, sem veldur því, að þau hafa staðið höllum fæti, eru alveg sérstakar náttúrlegar aðstæður. Ég hef nefnt það, þegar síldin hvarf, var það geysilegt áfall fyrir þessi héruð. En á sama áratug herjaði þar mjög mikið kal, veðrátta versnaði, og það hafði mjög mikil áhrif á þessi héruð, sem liggja nyrst á landinu, þannig að þegar veðrátta versnar, sverfur þarna meira að en annars staðar. Þetta er allt saman tímabundið. Þrautseigja fólksins í þessum héruðum hefur verið mjög mikil. Bændurnir þraukuðu af kalið, og íbúarnir í þorpunum byggðu upp aðra atvinnuvegi, þegar síldin brást. Þess vegna þykir full ástæða til þess, að komið sé til móts við þessi héruð. Og það má aðeins minna á það, að það eru ekki landkostirnir, sem skortir. Það er öllu meira það, sem þjóðfélagið í heild lætur af hendi, svo sem eins og heilbrigðisþjónusta, samgöngur, jafnvel hlutir eins og sími, rafmagn, póstþjónusta, sjónvarp, útvarp o. fl. Menn hugsa sérstaklega til þess, að þessi héruð eru vel í stakk búin hvað snertir landkosti. Þar eru stundaðir ágætir frumatvinnuvegir, en þarna þyrfti að koma meiri þjónusta og meiri þjónustuiðnaður. Þetta vildi ég nefna, um leið og ég legg fram þessa fyrrgreinda fsp.

Forsrh. (Ólafur Jóhannesson): Herra forseti. Út af fsp. hv. þm. Jónasar Jónssonar hef ég þetta að segja, en upplýsingar mínar hef ég frá Framkvæmdastofnun ríkisins, áætlanadeild hennar:

Sökum forgangs annarra verkefna var þessi áætlunargerð falin Verkfræðiskrifstofu Guðmundar Óskarssonar með stuðningi margháttaðra gagna frá áætlanadeild. Hafa ýmsar undirbún-

ingsathuganir verið gerðar og haft víðtækt samráð við heimamenn. Jafnframt þessum athugunum og í tengslum við þær hafa heimaaðilar notið ráðgjafar og fyrirgreiðslu af hendi verkfræðiskrifstofunnar. Frumskýrslu um þessar athuganir átti að leggja fram fyrir tveim vikum til umræðu með áætlanadeild og framkvæmdaráði, en fórst fyrir vegna veikindaforfalla, og er stefnt að þeim fundi n. k. miðvikudag. Af þessum sökum er að svo stöddu minna hægt að upplýsa en ella.

Um síðari lið fsp. er það að segja, að engin grein atvinnulífsins hefur fyrir fram verið útilokuð frá athugunum og tillögugerð, þótt í fyrstu væri lögð megináhersla á atvinnulíf þéttbýlisstaða. Þegar þykir ljóst, að leggja verður rækt við bættan verkstæðarekstur og þjónustustarfsemi. Í þessu sambandi er rétt að taka fram, að sjávarútvegur þéttbýlisstaðanna hefur verið til sérstakrar meðferðar innan ramma hraðfrystihúsaáætlunar og skuttogaraáætlunar. Enn fremur hefur áætlanadeild nýlega lokið sérstakri athugun á rekstri og efnahag Jökuls h/f á Raufarhöfn til afnota við ákvarðanir um hugsanlega sérstaka fyrirgreiðslu vegna þessa fyrirtækis og um leið sveitarfélagsins.

Þessar upplýsingar fékk ég að vísu 25. febrúar, og ég verð því miður að játa, að þegar ég ætlaði að hafa samband í morgun við forstöðumann áætlanadeildar og fá upplýsingar um það, hvort af þeim fundi, sem þarna er nefndur, hefði orðið eða hvað hafi gerst í málinu síðar, þá tókst mér ekki að ná sambandi við hann, þar sem hann var á fundi í annarri n. annars staðar í bænum, og ég verð því miður að biðja afsökunar á því.

Fyrirspyrjandi (Jónas Jónsson): Herra forseti. Ég leyfi mér að þakka hæstv. forsrh. fyrir þessi svör. Ég vil taka undir það, að það er mjög eðlilegt, að áætlun sem þessi beinist sérstaklega að uppbyggingu þéttbýlisstaðanna. Þó mætti auðvitað líta á ýmsan hátt til sveitanna þarna. Ferðaútvegur er orðið, sem menn bera sér í munn nú, og þessar sveitir búa yfir sérstakri og einstæðri náttúrufegurð. Fleira mætti hugsa sér.

Ég vil undirstrika það, sem ég sagði reyndar áðan, að það er ýmislegt í þjónustu þjóðfélagsins við þessi héruð, sem mætti bæta. Ég vil benda á, að fólk á þessu svæði bindur alveg sérstakar vonir við þessa áætlunargerð. Hún mun vera þannig til komin, að það var Gísli heitinn Guðmundsson alþm., sem flutti þá þáltill., sem ég vitnaði hér til, en forsaga þess var sú, að fundur var haldinn haustið 1971 á Kópaskeri fyrir forgöngu félagasamtaka þarna, og hann gerði ýmsar áætlanir og m. a., að gera skyldi slíka áætlun fyrir landshlutann. Fólkið fylgist því vissulega með því, hverju fram vindur í þessum efnum.

Halldór Blöndal: Herra forseti. Ég hlýt að harma það, hvaða seinagangur hefur orðið á því, að þessari sérstöku landshlutaáætlun fyrir Norður-Þingeyjarsýslu sé komið á það stig, að hægt sé að hefja framkvæmdir samkv. henni. Mér er ekki kunnugt um, að þessar frumskýrslur liggi fyrir, sem hæstv. forsrh. talaði um áðan. Síðast í morgun reyndi ég að afla mér upplýsinga um, hvort nokkur slík plögg væru til, sem alþm. mættu rýna í, og ég held, að mér sé óhætt að fullyrða, að málið er ekki komið á það stig enn þá.

Það var alltaf hugsað svo — eða ég tók það þannig, að það yrði reynt að haga þessari landshlutaáætlun þannig, að unnt yrði að byrja að vinna samkv. henni, áður en hún yrði endanlega tilbúin. Nú er það svo í Norður-Þingeyjarsýslu, að heimamenn þar eru orðnir býsna óþolinmóðir eftir, að eitthvað fari að sjást, og mig langar af því tilefni til að spyrja hæstv. forsrh., hvort nokkuð liggi fyrir um það nú eða hvort um það hafi verið rætt, hversu mikið fjármagn yrði veitt til þessarar landshlutaáætlunar nú á þessu ári, og jafnframt um það, hvað hugsað sé, að þessi landshlutaáætlun nái til margra ára. Það var minnst á það í fjhn. beggja þd. í gær eða fyrradag, hvort eitthvað lægi fyrir um það, hvernig fjármagni Framkvæmdastofnunar ríkisins yrði varið á þessu ári, og okkur skildist, að enn hafi ekki verið gerð áætlun um það. Þess vegna er þessi fsp. til hæstv. forsrh. fram borin.

Forsrh. (Ólafur Jóhannesson): Herra forseti. Mér eru ekki tiltækar upplýsingar um það, sem hv. 2. þm. Norðurl. e. spurði um, og get þess vegna ekki gefið nein svör við því. En eins og kom fram í þeim upplýsingum, sem ég fékk frá áætlanadeildinni, segir hún, að það hafi verið haft víðtækt samráð við heimamenn um gerð þessara áætlunardraga a. m. k., ef þarna er ekki um fullkomna áætlun að ræða, sem enn virðist alls ekki vera, þar sem talað er um frumskýrslu.

Halldór Blöndal: Herra forseti. Það fór raunar eins og mig grunaði, að enn lægi ekki neitt fyrir um það, hvaða fjármagn yrði veitt til þessarar landshlutaáætlunar á þessu ári, og eru það vissulega vond tíðindi. Það er orðið mjög áríðandi einmitt í þessum landshluta, að hið opinbera fari að gera það upp við sig, hvort það vill í alvöru stuðla að því og standa við það, að þarna haldi áfram að vera byggð, og m. a., eins og hæstv. forsrh. minntist á, er nauðsyn á verulegri fyrirgreiðslu vegna erfiðleika, sem þar eru í sjávarútveginum og rætt hefur verið um, bæði innan ríkisstj. og meðal þm. þessa kjördæmis. Ég vil því vænta þess, að hæstv. forsrh. geri það, sem í hans valdi stendur, til þess að flýta fyrir þessu máli, svo að það fái einhverja afgreiðslu nú á þessu ári.

Ingvar Gíslason: Herra forseti. Það er út af þessum orðaskiptum milli hv. 2. þm. Norðurl. e. og hæstv. forsrh., að ég vil aðeins grípa inn í. Ég vil minna á það, að sú landshlutaáætlun, sem hér er til umr., er ein af mörgum landshlutaáætlunum, sem nú er unnið að á vegum Framkvæmdastofnunarinnar eða fyrir hennar hönd. Og það verður að segjast eins og er, að það er ekki langt síðan hafist var handa um þetta. Framkvæmda-

stofnunin tók til starfa í ársbyrjun 1972, og það er varla við því að búast, að hún hafi skilað af sér öllum þeim áætlunum, sem hafin er vinna við, og þannig er einmitt farið um þessa áætlun. Ég tel, að það sé alveg útilokað, að á þessu stigi sé hægt að fara að áætla fjármagn til áætlunar, sem enn er í smíðum. Ég vil leggja alveg sérstaka áherslu á það, enda kom það skýrt fram hjá hæstv. forsrh., að það er verið að vinna að þessari áætlun, og ég tel, að það sé verið að vinna að henni á fullkomlega eðlilegan hátt og það sé ekkert fram komið, sem bendi til þess, að áætlunin geti ekki orðið tilbúin á eðlilegum tíma. En um það hefur verið rætt innan Framkvæmdastofnunarinnar, að þessi áætlun mætti verða til á þessu ári og ekki síðar en á árinu 1975. Fyrir mér er það höfuðatriðið, að það skuli vera unnið að þessari áætlun, og er auðvitað skylt að gera þá kröfu, að það verði unnið að henni markvisst og eðlilega. Hitt tel ég fullkomna ofætlun, að krefjast þess, að hún sé til nú og það sé möguleiki á því að fara að ákveða fjármagn til áætlunar, sem enn er í smíðum.

Endurskoðun á tryggingakerfinu, fsp. (þskj. 399). — Ein umr.

Fyrirspyrjandi (Björn Pálsson): Herra forseti. Ég hef á tveimur undanförnum þingum flutt þáltill. um endurskoðun á tryggingakerfinu, til þess að gera tryggingakerfið einfaldara, ódýrara og réttlátara. Ég hef ekki tíma til að ræða málið ítarlega nú á fáum mínútum, en um einfaldleikann er það að segja, að lögboðna tryggingakerfið er tvöfalt eða þrefalt, og gefur auga leið, hvort það er hentugt, t. d. með sjúkratryggingarnar. Þá veit ég, að mörg félög hafa komið sér upp sérstökum sjúkrasjóðum, þannig að atvinnurekendur voru látnir borga t. d. 1% af kaupi til sjúkrasjóðanna.

Í gegnum hið lögboðna tryggingakerfi meðlima stéttarfélaga og bænda eiga að koma bæði til örorku- og sjúkratryggingar, og nú er ríkið búið að taka að sér sjúkratryggingarnar. Gefur auga leið að það væri ódýrara að hafa þetta einfalt, því sennilega eru eitthvað um 30 tryggingasjóðir að myndast. Þeir eru eftirlitslitlir, svo ekki sé meira sagt, ef ekki eftirlitslausir, og það er ógerlegt að stjórna útlánastarfsemi þessara sjóða, hafa yfirstjórn með þeim og stjórna af fullkominni hagsýni fyrir þjóðarbúið í heild með því kerfi, sem nú er ríkjandi. Viðvíkjandi ranglætinu get ég aðeins bent á það, að opinberir starfsmenn þurfa ekki að greiða iðgjöld nema í 30—35 ár í hæsta lagi, og það er verðtryggt hjá þeim. Óbreyttur verkamaður þarf að fara að greiða 16 ára gamall og þarf að greiða til 67 ára aldurs. Raunar fá menn, sem eru í skóla, 4% endurgreidd, en 6% frá atvinnurekandanum eru auðvitað ekkert annað en kaup, því að atvinnurekandinn getur alveg eins borgað launþeganum það í kaup. Það er tekið af 10%. Þeir geta fengið 4% endurgreidd, líkt og sjómenn hafa vanalega fengið, en 6% eru hirt, þeim er stolið af þeim.

Ég hef látið fara fram athugun á því, hve mikill munur er á að greiða iðgjöld í 50 ár eða 30 ár. Ég lét gera þetta 1970, og þá reiknaði ég með 330 þús. kr. launum. 10% af því eru 33 þús., og það gerir á 30 árum 6 millj. 971 þús., en sama upphæð, 33 þús. á ári með 10% vöxtum og vaxtavöxtum, gerir í 40 ár 16 millj. 66 þús., það nærri þrefaldast. Og á fimmta áratugnum a. m. k. fjórfaldast upphæðin. Ég hef látið athuga það, — ég athugaði það raunar sjálfur, — að af 600 þús. kr. kaupi, sem ekki mun óalgangt að hjón hafi yfir árið, ef þau eru gift, fara 60 þús. á ári í iðgjöld, og með 10% vöxtum og vaxtavöxtum í 40 ár gerir það hvorki meira né minna en 29 millj. 211 þús. Þetta er reytt af fólkinu. Nú er þetta óverðtryggt að miklu leyti, og vitanlega fær fólkið aldrei aftur nema örlítið brot af því, þannig að þarna er um algera féflettingu að ræða. Nú er greitt í gegnum ríkiskerfið yfir 10 milljarðar í tryggingarnar. Þeir hafa gert áætlun um það, hagrannsóknastjóri og ég held Jóhannes Nordal, þeir hafa birt það, að það muni verða 4 milljarðar, sem þessir lífeyrissjóðir hafa til umráða nú í ár. Það er ekkert eftirlit með þessu og ekki hægt að líta eftir því, að þessu sé varið á hagnýtan hátt, þannig að þetta stefnir í algjörar ógöngur. Í gegnum ríkiskerfið eru borgaðir yfir 10 milljarðar til tryggingamála og svo í gegnum lífeyrissjóðina eitthvað 4 milljarðar, og þetta verður yfir 20% af kaupi fólksins samanlagt. Nú er annar hver maður dauður, áður en hann verður 67 ára og á að fara að fá þetta, því að meðalaldur karlmanna er ekki nema 71 ár. Þá er þetta bara hirt.

Í þáltill., sem ég flutti í fyrra, gat ég þess í 4. lið till., að ef það er nauðsynlegt fyrir þjóðfélagið að afla lánsfjár, þá sé frekar farið inn á skyldusparnað. Það er allt annað.

Ég hef eftir föngum reynt að gera fólk óánægt með, hvernig það er féflett í gegnum þessa lífeyrissjóði, og það ekki að ástæðulausu, því að það er farið verst með þá, sem eru fátækastir og mega sín minnst, og best með þá sem eru ríkastir og mega sín mest, þannig að það er eiginlega furðulegt, að verkalýðssamtökin skuli ekki vera búin að sjá þetta. Raunar eru flestir búnir að sjá það. En það verður einhvern veginn ekkert úr því, að þeir vinni að breytingu í þessu efni. Það hefði verið miklu nær fyrir þá á Loftleiðahótelinu um daginn að reikna þetta út og laga það heldur en reyna að búa til aðra — raunar ekki eins mikla vitleysu, en hátt í það.

Heilbr.- og trmrh. (Magnús Kjartansson): Herra forseti. Ég get í mörgu tekið undir þau sjónarmið, sem fram komu hjá hv. fyrirspyrjanda. Ég tel, að það lífeyrissjóðakerfi, sem við höfum nú hér á Íslandi, sé hreinn vanskapnaður, frumskógur, sem komið er upp af sögulegum rökum, eins og menn vita, vegna þess að verkalýðshreyfingin fékk ekki nægilega snemma þau réttindi, sem menn áttu rétt á, og það leiddi til þess, að félögin sjálf tryggðu sér viss lífeyrisréttindi í sambandi við kjarasamninga. Það hefur komið í ljós, að það er mjög erfitt að fá verkalýðsfélögin til þess að samþykkja það á þessu stigi, að ástæða sé til að sameina þetta kerfi allt saman, m. a. vegna þess, að það er ekki aðeins lífeyristryggingarétturinn, sem þarna er um að ræða, heldur einnig margvíslegir lánamöguleikar og fjárhagsleg fyrirgreiðsla, sem veitt er í gegnum þessa sjóði, þannig að þetta

er orðið ákaflega erfitt vandamál og torvelt á því að taka. Það mun taka sinn tíma að ná einfaldari og betri skipan þessara mála. En ég er alveg sammála hv. fyrirspyrjanda um það, að á þessu vandamáli verðum við að taka á sama hátt og á þessu hefur verið tekið hér í nágrannalöndum okkar á Norðurlöndum.

Að því er sjálfa fsp. snertir, hvað gert hafi verið í tilefni af þeirri ákvörðun Alþingis að vísa til ríkisstj. þáltill. hv. þm., vil ég geta þess, að ég skipaði haustið 1971, n., sem fékk það verkefni að endurskoða allt tryggingakerfið. Í upphafi fjallaði n. nokkuð um lífeyrissjóði og almannatryggingakerfi, og m. a. fengu hv. alþm. þá grg. Þóris Bergssonar tryggingafræðings um lífeyrissjóði. Síðan hefur n. hins vegar að mestu fjallað um önnur atriði tryggingamála og undirbúið einstök lagafrv., eins og alþm. kannast við.

Í fyrravor fól ég n. að taka til athugunar till. þá til þál. um endurskoðun á tryggingakerfinu, sem samþ. var að vísa til ríkisstj. 14. apríl 1973 og hv. fyrirspyrjandi innti eftir meðferð á. N. fékk Guðjón Hansen tryggingafræðing til þess að gera grein fyrir, á hvern hátt mætti tengja saman almennar tryggingar og lífeyrissjóði í samfellt tryggingakerfi. Tryggingafræðingurinn hefur skilað n. ítarlegri álitsgerð. Hann telur þar vart koma til greina að stofna allsherjarlífeyrissjóð með þátttökuskyldu fyrir alla, sem atvinnutekjur hafa, og innlima núverandi lífeyrissjóði í þann sjóð. Hins vegar bendir hann á þrjár hugsanlegar leiðir til þess að koma á samfelldu tryggingakerfi.

Það er þá fyrst um að ræða allsherjar lífeyrissjóð með þátttökuskyldu fyrir alla, sem atvinnutekjur, og réttindavinnslu frá stofnun sjóðsins. Samkv. þessu kerfi mundu núverandi lífeyrissjóðir sjálfir þurfa að standa við skuldbindingar sínar vegna liðins réttindatíma í samræmi við lög og reglugerðir hlutaðeigandi sjóða. Væntanlega mundu flestir þeirra hins vegar hætta starfsemi sinni að öðru leyti, þótt þeim yrði heimilt að starfa sem viðbótarsjóðir við almannatryggingar og hinn nýja allsherjarsjóð. Þetta er sú leið, sem Svíar og Norðmenn völdu, þegar þeir settu löggjöf um heildarkerfi grunntryggingar og allsherjar lífeyrissjóð.

Önnur leiðin, sem bent er á í þessari álitsgerð, er sú að stofna lífeyrissjóð fyrir þá, sem ekki eru þegar orðnir félagar í einhverjum þeirra sjóða, sem nú eru starfandi. Þessi leið mundi hafa það í för með sér, að núverandi lífeyrissjóðir gætu starfað áfram með þeirri breytingu, að lokað yrði fyrir þátttöku nýrra sjóðsfélaga. Starfandi sjóðsfélögum þessara sjóða mundi fækka smám saman, og meðalaldur þeirra mundi fara hækkandi. Allsherjarsjóðurinn mundi lengi vel verða að mjög miklu leyti skipaður ungu fólki, og það yrði ekki fyrr en að röskum 50 árum liðnum, að allir, sem atvinnutekna öfluðu, yrðu orðnir félagar í honum.

Þriðja leiðin, sem tryggingafræðingurinn bendir á, er að stofna lífeyrissjóð með þátttökuskyldu fyrir þá, sem ekki eru skyldugir að vera í öðrum lífeyrissjóðum eða eiga með öðrum hætti aðild að þeim. Þessi leið er í samræmi við frv., sem samið var vorið 1971 að tilhlutan þáv. fjmrh. Er þar gert ráð fyrir, að núverandi lífeyrissjóðir geti starfað áfram og jafnframt verði heimilt að setja á stofn nýja sjóði.

N., sem fjallar um tryggingamál á vegum rn., hefur ekki enn tekið afstöðu til þessara till., en ég sé ekki ástæðu til þess að rekja niðurstöðurnar í álitsgerð Guðjóns Hansen ítarlega hér. Ég hef gert ráðstafanir til þess, að grg. hans verði send hv. alþm. mjög fljótlega. Í henni er mikinn fróðleik að finna, og ég hygg, að þar sé um að ræða gagnlega vitneskju fyrir þá, sem áhuga hafa á þessum málum, sem vissulega eru mjög brýn og valda mikilli mismunun í þjóðfélaginu þar að auki. Ég vil afhenda hv. fyrirspyrjanda eintak af þessari skýrslu Guðjóns Hansens, en hún mun verða afhent þm. síðar.

Fyrirspyrjandi (Björn Pálsson): Herra forseti. Ég þakka svör ráðh. Ég var nokkurn veginn ánægður með, að þessari þáltill. var vísað til ríkisstj. í fyrra. Ég veit það af kunnugleika mínum við hæstv. trmrh., að hann hefur gott höfuð, og ég álít, að til þess að leiðrétta þetta allt saman hafi hann ekki þurft að fá vit að láni. Þetta er ákaflega einfalt mál, ef maður vill ekki gera málið flókið. Okkar gamla tryggingakerfi var uppbyggt samkv. tryggingakerfi Dana. Svo benti ég á í þáltill., að Norðmenn færu nokkuð aðra leið. Nú er núv. ríkisstj. búin að breyta þessu tryggingakerfi, afnema þetta danska tryggingakerfi, nú á ríkissjóður að borga allt saman. Ég hef ekkert við það að athuga, þótt ríkissjóður borgi almannatryggingagjöldin. En það var yfirsjón að taka lögreglukostnað og sjúkratryggingar, vegna þess að þeir liðir verða miklu dýrari, ef ríkið hefur með það að gera. En hvað um það.

Þá benti ég á það í þáltill., að það er ósköp einfalt að taka upp norska eða sænska kerfið. Það er svipað, og þá eru þessi iðgjöld látin ganga beint inn í heildartryggingakerfið. Í Noregi eru 8.8%, sem atvinnurekandinn greiðir, 4% greiðir launþeginn, auðvitað er þetta sama sem kaup allt saman, og atvinnurekendur eru tryggðir þannig, að 7.8% eru greidd af nettótekjum. Þetta rennur allt í einn sjóð, og þetta er aðaltryggingaféð og ríkið greiðir sama og ekkert, nema dálítið til sjúkratrygginga. Ef þetta kerfi væri tekið upp, gætum við sparað verulegan hluta af tryggingagjöldunum, sem núna eru, og ef hálf sjúkrasamlagsgjöldin væru færð heim í byggðirnar, þá gætum við sparað þau að hálfu. Þá þyrfti ekkert að vera að jagast hér yfir söluskatti og lækkun á tekjuskatti. Það væri hægt að lækka tekjuskattinn án þess að koma með nokkurn söluskatt. Og meira að segja bara með því að taka hálf sjúkrasamlagsgjöldin og lögreglukostnað, er hægt að lækka útgjöld ríkisins svo mikið, að það væri hægt að lækka þennan blessaðan tekjuskatt. En nú er tryggingakerfið gert eins dýrt og erfitt í framkvæmd og mögulegt er. Það er eðlilegt, að það þurfi mikla peninga til þess að standa undir þessari vitleysu. En eins og ég segi, þá er það alveg ólíkt betra að taka upp norska kerfið. Það er einfalt fyrir ráðh. að fá bara þessa löggjöf, hann er fluglæs á erlend tungumál. Hann getur fengið einhvern góðan

mann til að þýða þetta og yfirlesa það. Hann þarf enga n. og allra síst n. manna, sem ekki hafa kynnt sér þessi mál. Í fyrsta lagi þarf góðan haus til að skilja þetta. Í öðru lagi þarf mikla vinnu í það. Ég er búinn að leggja mikla vinnu í þetta kerfi. En það þýðir lítið að vera að skipa ótal nefndir til að koma með vitlaus frv., svo verður þingið að strita við að koma í veg fyrir, að þessi frv. verði samþ., eins og núv. ríkisstj. hefur gert allt of mikið að.

Um það, hve gáfulegt þetta kerfi er, má benda á, að lögin um lífeyrissjóð bænda voru svo vitlaus, að það er ómögulegt að framkvæma þau, og það er kosturinn við þau.

Ég skrifaði ríkisstj. afar vinsamlegt bréf í fyrra og benti henni á, hvernig hún gæti lagað þetta með hægu móti. Þetta er ákaflega einfalt fyrir trmrh., og það væri mikið verk, sem lægi eftir hann, ef hann semdi, — og væri best, að hann gerði það sjálfur og hefði enga n. til að gera allt vitlaust, — ef hann semdi löggjöf um þetta efni. Jafnvel þó að frv. lægi bara fyrir, þegar hann yfirgæfi stólinn, þá væri það mikið og virðulegt verk, sem hann hefði unnið, jafnvel þó að það væri ekki komið í gegnum þingið, því að það gengur nú alltaf tregt að koma því, sem viturlegt er, í gegnum þessi blessuð þing. Þetta væri mjög þarft verk, ef hann vildi gera það. Og ef ég gæti lið honum eitthvert lið til þess, þá skyldi ég vera með honum eina eða tvær kvöldstundir fyrir ekki nokkurn skapaðan hlut til að gera þetta.

Öryggisráðstafanir fyrir farþegaflug, fsp., (þskj. 415). — Ein umr.

Fyrirspyrjandi (Benedikt Gröndal): Herra forseti. Ég sé, að dómsmrh. Keflavíkurflugvallar ætlar að svara þessari spurningu. Enda þótt hún sé stíluð á íslenska flugvelli yfirleitt, skal ég að sjálfsögðu ekkert hafa á móti því, — dómsmrh. eru báðir jafngóðir til þess að svara að þessu leyti.

Fyrir nokkru gerðist það, að maður, sem ekki sagði til sín, tilkynnti í síma á Keflavíkurflugvelli, að sprengja væri í Loftleiðaflugvél, sem þá var að búa sig til flugtaks. Að sjálfsögðu voru í skyndi gerðar viðeigandi ráðstafanir, fólk og varningur var flutt úr flugvélinni og leitað að sprengjum, sem ekki fundust. Í þeirri fregn, sem ég heyrði fyrst af þessum atburði, var þess enn fremur getið, að kallaðir hefðu verið til sprengjusérfræðingar varnarliðsins til að framkvæma sprengjuleitina. Þetta varð í rauninni til þess, að mér datt í hug að leggja fram fsp. um það, hvort íslensk yfirvöld séu ekki þess búin að annast sprengjuleit í farþegaflugvélum, þegar tilefni gefst til.

Ég spyr ekki síst vegna þess, að farþegaflug er orðið mikill atvinnuvegur hér á Íslandi, og við rekum, þar fyrir utan, mikið innanlandsflug, tvö allstór flugfélög á millilandaleiðum og erum eigendur að fleirum.

Í þessu sambandi kom mér einnig til hugar að spyrja um það almennt, hvaða öryggisráðstafanir væru gerðar á íslenskum flugvöllum til verndar farþegaflugvélum gegn hættu á flugvélaráni, ferðum hermdarverkamanna og annars slíks. Ég þarf ekki að útlista fyrir nokkrum manni, hvers konar ástand er í farþegaflugi um allan heim um þessar mundir. Flugvélar virðast vera ótrúlega viðkvæmar og opnar fyrir hvers konar illvirkjum, hvað sem fyrir þeim kann að vaka, og eru það nálega daglegir viðburðir, að stórum hópum farþega sé stofnað í hættu, að ekki sé talað um viðkomandi verðmætum. Það hefur komið í ljós af fréttum, að þessar hættur hafa stöðugt breiðst út um allan heim, og ég tel tvímælalaust, að við séum hér á Íslandi engin undantekning frá þessum hættum.

Ég tel, að það sé ekki æskilegt að ræða mjög ítarlega um einstök atriði varðandi mál sem þetta á opinberum vettvangi. Ég ætla því ekki að fara frekari orðum um það, hvers konar hættur gæti verið um að ræða hér á landi og hvers konar ráðstafanir mætti ætla að hér þyrfti að gera. Ég lýsi því nú þegar yfir, að ég mun ekki ganga á ráðherrann með nánari upplýsingar um einstök atriði, ef honum sýnist svo, svo framarlega sem hann getur fullvissað Alþingi um, að fyrir þessu máli hafi raunverulega verið hugsað og hér séu að jafnaði gerðar einhverjar ráðstafanir, sem gætu orðið flugfarþegum til öryggis, ef til ótíðinda drægi. En til slíkra vanrdæða þarf ekki nema einn, e. t. v. sjúkan mann.

Utanrrh. (Einar Ágústsson): Herra forseti. Fsp. hv. 8. landsk. þm. var send til hæstv. dómsmrh., en hann óskaði eftir því, að utanrrh. svaraði fsp., þar sem svo til allt millilandaflug fer um Keflavíkurflugvöll. Að vísu skildi ég spurninguna þannig, að þar væri átt við öryggi á öðrum flugvöllum jafnframt, en ég get ekki svarað fyrir annað en Keflavíkurflugvöll, og mun gera grein fyrir því í stuttu máli. Þær upplýsingar, sem ég hef um það að flytja, eru frá varnarmáladeild utanrrn.

1. spurning er: Hvaða öryggisráðstafanir eru gerðar á íslenskum flugvöllum til verndar farþegaflugvélum gegn hættu á flugvélaráni, ferðum hermdarverkamanna og annars slíks?"

Svarið er: Í fyrsta lagi er spurt um ráðstafanir vegna hugsanlegra flugvélarána. Á Keflavíkurflugvelli er fyrir hendi aðstaða til þess að leita á farþegum og í handfarangri þeirra. Við leit á farþegum eru notuð málmleitartæki af viðurkenndri gerð, sem ríkissjóður keypti árið 1972. Þessi búnaður og aðstaða hefur verið notuð reglulega af tveimur erlendum flugfélögum, sem hafa hingað áætlunarflug. Þessi aðstaða er til reiðu fyrir öll þau flugfélög, sem óska að nýta hana. Þetta fyrirkomulag er með svipuðum hætti og í nágrannalöndunum, enda voru á sínum tíma fengnir erlendir sérfræðingar til ráðuneytis um þessi mál. Ekki er leitað í ferðatöskum, nema að gefnu tilefni.

Og í öðru lagi er spurt um ferðir hermdarverkamanna og annars slíks. Mál þessi eru fyrst og fremst í höndum útlendingaeftirlitsins og hinnar almennu löggæslu, sem fá daglega allar upplýsingar um ferðir grunsamlegra aðila frá Interpol eða lögregluyfirvöldum einstakra ríkja. Sérstaklega er samvinna Norðurlandanna mjög náin í þessum efnum. Er þá fylgst með því, að þessir aðilar komist ekki inn í landið.

Önnur spurning: „Geta íslensk yfirvöld annast sprengjuleit í farþegaflugvélum, ef tilefni gefst til?“

Svar: Á Keflavíkurflugvelli hefur það komið samtals fimm sinnum fyrir, að um sprengjuhótun hafi verið að ræða varðandi farþegaflugvélar. Í slíkum tilfellum er fyrsta verk að koma öllum farþegum og handfarangri þeirra út úr flugvélinni. Því næst er flugvélin færð á fyrir fram ákveðinn stað fjarri allri byggð. Ef ástæða þykir til, er allur annar farangur tekinn úr flugvélinni og rannsakaður í viðurvist farþega. Þessi verk annast eigandi viðkomandi flugvélar eða umboðsmaður hans. Jafnframt er leitað í flugvélinni hátt og lágt. Það gerir áhöfn flugvélarinnar eða aðrir starfsmenn flugfélagsins, sem gjörþekkja viðkomandi flugvélategund og vita, hvað á að vera á hverjum stað. Reynslan sýnir, að þessi starfsaðferð er vænlegust til árangurs, enda annast íslensk yfirvöld ekki sprengjuleit í flugvélum.

Í þeim tilfellum, þegar um sprengjuhótun hefur verið að ræða, hafa engar sprengjur fundist. Við sprengjuleit hafa þó alltaf verið til kvaddir sprengjusérfræðingar frá varnarliðinu, reiðubúnir til þess að gera sprengjur óvirkar, ef þær kynnu að finnast, og til að rannsaka torkennilega hluti, sem gætu verið sprengjur.

Að endingu skal þess getið, að hinir erlendu fagmenn, sem áður var á minnst, héldu hér námskeið fyrir flugvallarstarfsmenn, löggæslumenn og starfsmenn flugfélaganna, þar með taldar áhafnir. Jafnframt er enn verið að vinna að þessum málum. Ég vil svo aðeins að endingu upplýsa það, að hér á landi eru tveir íslenskir sprengjusérfræðingar. Annar þeirra starfar hjá Landhelgisgæslunni, en hinn hjá lögreglustjóraembættinu í Reykjavík. Þessa menn væri að sjálfsögðu hægt að kalla til að vera viðstadda í stað þeirra varnarliðsmanna eða sérfræðinga þaðan, sem fengnir hafa verið til þess að vera viðstaddir sprengjuleitina. En sem betur fer hefur ekki reynt á sérkunnáttu þeirra, þar eð sprengjur hafa ekki fundist.

Fyrirspyrjandi (Benedikt Gröndal): Herra forseti. Ég þakka hæstv. ráðherra fyrir svör hans. Mér fannst þau leiða í ljós það, sem ég vildi fá fram, að íslensk yfirvöld hafi gert sér ljóst, að hér er um hættu að ræða, sem verður að reyna að fyrirbyggja, og nokkuð hefur verið til þess gert að þjálfa Íslendinga í þeim störfum, sem nauðsynleg eru, til þess að hægt sé að hafa uppi lágmarkseftirlit. Ég mun svo, eins og ég sagði fyrra sinnið, ekki fara út í frekari umr. um einstök hugsanleg atvik, en ítreka þakkir mínar til ráðherrans.

Sameinað þing, 66. fundur.

Þriðjudaginn 12. mars, að loknum 65. fundi.

Íþróttahús Menntaskólans við Hamrahlíð, þáltill. (þskj. 443). — Hvernig ræða skuli.

Að till. forseta var ákveðin ein umr.

Vinna framhaldsskólanemenda við framleiðslustörf, þáltill. (þskj. 18, n. 355). — Frh. einnar umr.

ATKVGR.

Brtt. 355 (ný tillgr.) samþ. með 32 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Till. samþ. með 33 shlj. atkv. og afgr. sem ályktun Alþingis (þskj. 487).

Tónlistarnám, þáltill. (þskj. 203). — Frh. einnar umr.

ATKVGR.

Till. vísað til allshn. með 32 shlj. atkv. og umr. frestað.

Kostnaðaráætlanir við stjórnarfrumvörp, þáltill. (þskj. 329). — Frh. einnar umr.

ATKVGR.

Till. vísað til fjvn. með 32 shlj. atkv. og umr. frestað.

Sjóvinnubúðir fyrir unglinga í Flatey á Skjálfanda, þáltill. (þskj. 347). — Frh. einnar umr.

ATKVGR.

Till. vísað til atvmn. með 32 shlj. atkv. og umr. frestað.

Viðlagasjóðshús, þáltill. (þskj. 359). — Frh. einnar umr.

ATKVGR.

Till. vísað til allshn. með 32 shlj. atkv. og umr. frestað.

Smíði eða kaup strandferðaskips, þáltill. (þskj. 363). — Frh. fyrri umr.

ATKVGR.

Till. vísað til síðari umr. með 33 shlj. atkv. og til fjvn. með 33 shlj. atkv.

Beislun orku og orkusala á Austurlandi, þáltill. (þskj. 367). — Frh. einnar umr.

ATKVGR.

Till. vísað til allshn. með 33 shlj. atkv. og umr. frestað.

Verkleg kennsla í sjómennsku, þáltill. (þskj. 380). — Frh. einnar umr.

ATKVGR.

Till. vísað til atvmn. með 33 shlj. atkv. og umr. frestað.

Varaforði sáðkorns til nota í kalárum, þáltill. (þskj. 381). — Frh. einnar umr.

ATKVGR.

Till. vísað til atvmn. með 32 shlj. atkv. og umr. frestað.

Starfsréttindi kennara, þáltill. (þskj. 382). — Frh. einnar umr.

ATKVGR.

Till. vísað til allshn. með 33 shlj. atkv. og umr. frestað.

Kaup á jarðbor, þáltill. (þskj. 383). — Frh. einnar umr.

ATKVGR.

Till. vísað til fjvn. með 33 shlj. atkv. og umr. frestað.

Alexander Solzhenitsyn verði boðin búseta á Íslandi, þáltill. (þskj. 385). — Frh. einnar umr.

ATKVGR.

Till. vísað til allshn. með 33 shlj. atkv. og umr. frestað.

Vararaforkustöðvar á Ólafsfirði, Dalvík, Grenivík og Kópaskeri, þáltill. (þskj. 395). — Frh. einnar umr.

ATKVGR.

Till. vísað til allshn. með 33 shlj. atkv. og umr. frestað.

Tekjustofnar sýslufélaga, þáltill. (þskj. 358). — Frh. einnar umr.

ATKVGR.

Till. vísað til allshn. með 33 shlj. atkv. og umr. frestað.

Stórvirkjun á Norðurlandi vestra, þáltill. (þskj. 386). — Ein umr.

Flm. (Pálmi Jónsson): Herra forseti. Á þskj. 386 hef ég ásamt hv. 2. þm. Norðurl. v., Gunnari Gíslasyni, leyft mér að flytja till. til þál. um stórvirkjun á Norðurl. v. Till. hljóðar svo með leyfi hæstv. forseta:

„Alþingi ályktar að fela ríkisstj. að láta hraða svo sem mögulegt er öllum nauðsynlegum undirbúningi, til þess að unnt sé að taka ákvörðun um stórvirkjun á vestanverðu Norðurlandi, er verði næsta stórvirkjun landsmanna og verði annaðhvort í Blöndu eða Jökulsá eystri eða vestri í Skagafirði. Skal allur undirbúningur, þ. á m. lokarannsóknir og hönnun, við það miðaður að hefja megi virkjunarframkvæmdir eigi síðar en árið 1977. Þá skal og við það miðað, að sem minnst spjöll verði á landi, og hafa um þau efni náið samráð við hlutaðeigandi sveitarstjórnir og gróðurverndarnefndir."

Að undanförnu hafa farið fram miklar umr. um orkumál. Þetta á sér þær rætur fyrst og fremst, að þegar olíukreppan reið yfir heiminn á s. l. hausti, vöknuðum við Íslendingar eins og aðrar vestrænar þjóðir við vondan draum. Þessi orkugjafi, sem við notum í gífurlegum mæli, olían, kostaði tvöfalt til þrefalt á við það sem verið hafði að undanförnu. Enn er ekki séð fyrir endann á því, hvert verður verð olíunnar og raunar spádómar í þá átt næsta fánýtir. Nýlega hefur olía til húsahitunar hækkað upp í 11.50 kr., og er talið, miðað við núverandi innkaup og samninga um olíuverð, að hún muni á næstunni hækka upp í 12.50 kr. Hvað síðar verður, skal ekki hér getum að leitt, en það er í hinni mestu óvissu, eins og þegar er að vikið.

Í annan stað hefur orsökin til þeirra miklu umr. um orkumál, sem hér hafa átt sér stað á hv. Alþ., verið sú, að nóv. og des. s. l. voru óvenjulega kaldir, sem orsakaði það, að orkuskorturinn kom skýrar í ljós en ella hefði gerst. Þetta tvennt opnaði augu okkar Íslendinga fyrir því, að við höfum með óhæfilegum hætti vanrækt að nýta okkar eigin orkulindir á undanförnum árum og nú er ekki eins og skyldi unnið að því að undirbúa og koma í framkvæmd virkjunum, sem nægðu til þess að útrýma orkuskortinum. Þessi orð eru fjarri því sögð hér til þess að vekja um þetta efni deilur, heldur er nauðsynlegt að gera sér grein fyrir því, að það er okkur lífsspursmál að vinna að því með svo miklum hraða sem unnt er og veita til þess aukið fjármagn að undirbúa fleiri virkjanir og hagnýta bæði raforku og jarðvarma fyrir okkar eigin þjóð.

Nú er það ljóst af þessum orsökum, að eftirspurn eftir raforku vex stórkostlega á næstu árum. Nú er meiri eftirspurn eftir raforku til húsahitunar en nokkru sinni fyrr, og er það ekki að undra, miðað við hinar gífurlegu verðhækkanir á olíu, sem ég hef þegar drepið á. Ef að því væri horfið að koma upp raforkuverum, sem gætu framleitt orku, til þess að allir Íslendingar, sem ekki eiga kost á jarðvarma, gætu hitað upp hús sín með raforku, þá er ljóst, að gera þarf stórkostlegt átak, til þess að því megi verða hrundið í framkvæmd.

Það hefur komið fram í fjölmiðlum, að talið er, að unnt kunni að vera að teygja jarðvarmahitun til allt að 65% landsmanna. Þau 35%, sem þá eru eftir, verða að miklu leyti um sinn að sæta því að hita hús sín með olíu. Til upphitunar með raforku þarf fyrir þennan hluta landsmanna, að því er talið er, allt að 800—1000 gwst. á ári. Þessar 800—1000 gwst. samsvara því, að til þyrfti virkjanir, er væru nálega 200 MW.

Eins og hv. alþm. er kunnugt, eru nú hafnar framkvæmdir við Sigölduvirkjun, og er talað um, að Sigalda gefi um 100 MW. Enn fremur er til meðferðar Alþingis frv. um heimild til að

virkja jarðgufu við Kröflu, og yrði sú virkjun 55 MW. Það er því svo ljóst sem verða má, að enda þótt þessar virkjanir kæmust í gagnið, sem vonandi verður á árunum 1976—1978, duga þær ekki til þess að mæta orkuþörf landsmanna til húsahitunar, þó að ekkert annað sé talið. Er þá ekki vikið að því, sem allir vita í dag, að orkuskorturinn í landinu, miðað við aðra þætti, er gífurlegur, og auk þess þarf að gera ráð fyrir stóraukinni orku til iðnvæðingar og jafnvel stóriðju, eins og raunar þegar er á dagskrá, og ætlunin er, að hluti af orkuframleiðslu Sigölduvirkjunar verði notaður til.

Það er því augljóst, að það er alger nauðsyn að taka sem allra fyrst ákvörðun um næstu stórvirkjun landsmanna og stefna að því með þeim hraða sem unnt er að ljúka öllum nauðsynlegum rannsóknum og undirbúningi og hefja síðan byggingarframkvæmdir með þeim hraða sem mögulegt er til þess að ráða bót á þessu stórkostlega vandamáli.

Það er ósk okkar allra, að vel takist til við að koma áfram þeim virkjunarframkvæmdum, sem í gangi eru eða eru í undirbúningi. Um Kröfluvirkjun er þó að segja, að þar hafa enn ekki farið fram boranir, sem nægja til þess, að vita, hvort um tilskilið gufuafl er að ræða, en talað er um, að ef það bregst, muni verða virkjað við Námafjall. Óskandi er, að þær vonir, sem bundnar eru við þessa virkjun, bregðist ekki, og þrátt fyrir það, að þar verði árangur svo góður sem vonir og óskir standa til, þá er eigi að síður nauðsyn á því að hefja sem allra fyrst undirbúning og framkvæmdir við nýja virkjun.

Í till. þeirri, sem hér er flutt, er lagt til, að tekin verði ákvörðun um, að næsta stórvirkjun landsmanna verði á Norðurlandi vestra. Í till. er bent á tvo virkjunarkosti, þ. e. við Blöndu og Jökulsárnar í Skagafirði. Þessir kostir eru á marga lund svipaðir, að því er sérfræðingar Orkustofnunar telja, en þar skilur þó á milli, að rannsóknir eru nokkru lengra á veg komnar á Blöndusvæðinu en við Jökulsárnar. Rétt er að átta sig á því, hvað mikilvægast er að hafa í huga, þegar velja skal orkuvinnslufyrirtæki stað og þá ekki síst stórvirkjun. Hingað til hefur eitt atriði verið nálega allsráðandi fyrir mönnum við staðarval orkuvinnslufyrirtækja, og það er hagkvæmni. Hagkvæmni hlýtur alltaf að verða a. m. k. eitt af þeim skilyrðum, sem nauðsynlegast er að kanna, þegar athuga skal nýja virkjunarstaði. Hingað til hefur öðrum þáttum verið miklu minni gaumur gefinn, og á ég þá fyrst og fremst við öryggi. Öryggi er þáttur í þessum efnum, sem gefa verður sívaxandi gaum og hefur sívaxandi þýðingu vegna þess, hve allt okkar líf er háð raforku og vaxandi notkun hennar. Aðrir þættir, sem þetta mál snertir, eru m. a. náttúruverndarsjónarmið, að forðast það að spilla landi, náttúruminjum eða valda vistfræðilegri röskun, og einnig tel ég réttmætt, að höfð sé hliðsjón af byggðasjónarmiðum. Þau styðja fyrst og fremst þá stefnu að dreifa orkuverum um landið .

Ef vikið er að því, hvernig þetta ástand er í dag í sambandi við dreifingu orkuvera og með hliðsjón af öryggi landsmanna, þá er það ekki í nándar nærri eins góðu lagi og vera þyrfti. Búrfellsvirkjun og Sigölduvirkjun, sem hafið er að framkvæma, eru báðar á mesta jarðelda og jarðskjálftasvæði landsins. Kröfluvirkjun, sem yrði þriðja stærsta virkjun landsmanna af þeim, sem má segja að ákveðnar séu, er einnig á hinu sama eldfjalla- og jarðskjálftasvæði, en þetta eldfjallasvæði er á belti eftir móbergssvæðinu, sem liggur frá norðaustri til suðvesturs þvert yfir landið og fylgir sömu stefnu og Atlantshafshryggurinn og sú sprunga, sem talin er liggja eftir honum endilöngum. Það er sannarlega ósk mín og allra Íslendinga, að þær virkjanir, sem nú eru byggðar og eru í byggingu á þessu svæði, megi standast um alla framtíð. Við höfum þó reynslu fyrir því, Íslendingar, að eldsumbrot geta orðið það hörð, að engin mannvirki standast. Það er fjarri mér, að ég sé með neina spádóma um það, að til slíkra óskapa komi í nánd þeirra virkjana, sem hér um ræðir. Það væri þó fásinna, ef framhald yrði á þeirri stefnu að setja niður á þetta svæði allar helstu stórvirkjanir landsmanna á næstu árum. Í því mundi felast slíkt ábyrgðarleysi og slík áhætta, að ekki væri verjandi fyrir neina ráðamenn í þessu landi.

Hér skal ekki vikið fleiri orðum að þessum þætti málsins. En ég get ekki látið hjá líða að minna á það, að einungis nafnið Sigalda hefur ekki góð áhrif á mann. Það væri fróðlegt að fá að vita, við hvað það örnefni er bundið. Og þó að það sé kannske ekki vitað, gefur það í skyn, að þar hafi orðið jarðsig eða hreyfing á jarðlögum.

Það hefur verið vikið að því á yfirstandandi Alþingi, hver nauðsyn er að dreifa orkuverum um landið, og hefur hv. 1. þm. Vestf. ásamt fleirum flutt till., sem styður það sjónarmið.

Þegar vikið er að þeim virkjunarkostum, sem um er rætt í þeirri þáltill., sem hér er til umræðu, benda rannsóknir til þess, að virkjun Blöndu og Jökulsánna í Skagafirði bjóði upp á mjög mikla hagkvæmni. Þar er um stórar virkjanir að ræða. Talað er um 150 MW Blönduvirkjun og álíka stóra virkjun í Jökulsá vestri í Skagafirði. Auk þess er álitlegt að virkja allt að 50—60 MW í Jökulsá eystri. Að áliti starfsmanna Orkustofnunarinnar er hagkvæmni slík á þessum stöðum, að vænta megi þess, að framleiðsla á hverja kwst. yrði þar frá ⅙ til ⅓ hagkvæmari en við Sigölduvirkjun. Það þýðir það, að ef t. d. verð á kwst. frá Sigölduvirkjun yrði 60 aurar, þá mundi samsvarandi verð frá Blöndu eða Jökulsárvirkjun verða 40—50 aurar. Hér er því um mjög mikinn mismun að ræða, mjög mikla hagkvæmni, sem óvíst er að unnt sé að finna meiri annars staðar. Þetta atriði eitt ætti að nægja til þess, að hraðað yrði svo sem verða mætti lokarannsóknum við þá virkjunarkosti, sem hér um ræðir. Fleiri atriði eru þarna mjög jákvæð.

Eins og fram hefur komið margsinnis hér á hv. Alþingi og landsmenn raunar allir vita, hefur verið tekin ákvörðun um það af núv. ríkisstj. að tengja saman Laxárvirkjunarsvæðið og Landsvirkjunarsvæðið með svokallaðri byggðalínu. Raforkulínur eru dýrar í byggingu, en þær hafa ýmsa kosti, enda þótt umdeildar hafi verið til þessa. Þær geta, ef rétt er á haldið, aukið mjög öryggi landsmanna til þess að njóta raforku. Það gerist þó því aðeins að raforkuverum sé dreift hæfi-

lega með tilliti til flutnings orkunnar eftir þessum línum. Ef ætti að standa þannig að þessum málum að flytja raforku úr einni átt og frá raforkuverum á takmörkuðu svæði til fjarlægra landshluta, fylgir því mikið öryggisleysi. Ef unnt er að flytja orku frá stórum orkuverum úr fleiri áttum, býður það aftur á móti upp á aukið öryggi. Reynslan sýnir, að raforkulínur bila. Línan frá Búrfellsvirkjun hefur bilað hvað eftir annað, og er þar þó um nýlegt mannvirki að ræða. Þar er einnig um mannvirki að ræða, sem tæpast er hægt að segja, að liggi á svæði, þar sem óveður geisa hörðust á landinu. Í þeim tilraunum, sem fram fóru á s. l. vetri um línubút uppi á öræfum upp af Eyjafirði, þá kubbuðust fingursverir vírar í sundur hvað eftir annað eftir upplýsingum, sem ég hef fengið hjá starfsmönnum Rafmagnsveitna ríkisins. Línubilanir eru tíðar hér á landi, eins og nýleg og eldri dæmi sanna. Hins vegar er það fátítt, að línubilanir verði nema á tiltölulega takmörkuðu svæði í senn, og þess vegna er höfuðatriði fyrir notendur orkunnar að eiga þess kost að fá raforku úr fleiri en einni átt.

Orkuver í Blöndu eða Jökulsánum eystri og vestri í Skagafirði liggur sérstaklega vel hvað þetta snertir. Með því móti ætti t. d. þéttbýlið hér við Faxaflóa, með þeirri gífurlegu raforkuneyslu, sem hér er, þess kost að hljóta raforku bæði frá orkuverum á Þjórsársvæðinu og eins úr gagnstæðri átt frá Blöndu eða Jökulsárvirkjun. Sömu sögu er að segja um Laxárvirkjunarsvæðið, sem ætti þá þess kost að fá raforku frá Laxárvirkjun og væntanlega Kröflu eða Námafjalli og einnig úr gagnstæðri átt frá Blönduvirkjun eða Jökulsárvirkjun. Í þessu er fólgið mjög mikið öryggi, sem, eins og ég hef þegar tekið fram, ber að leggja sívaxandi áherslu á.

Um þá virkjunarkosti, sem hér um ræðir, skal að öðru leyti segja það, að virkjanir í Blöndu og Jökulsánum eru taldar sérstaklega öruggar og auðveldar í framkvæmd. Vatninu er veitt um uppistöðulón og vötn, að stöðvarhúsi. Það veldur því, að aurframburður botnfellur og ístruflanir verða hverfandi litlar í þessum virkjunum, að því er talið er. Einnig að þessu leyti eru þessir virkjunarkostir sérstaklega hagstæðir. Um Blönduvirkjun er það eitt að segja, sem hægt er að kalla neikvætt, að þar er talið, að nokkurt land fari undir vatn. Ég vil taka það fram, að það atriði ber að skoða sérstaklega vel. Ég lít þó svo á, að þar sé fyrst og fremst um það að ræða, að virkjunaraðilar eigi að hafa samstarf við heimamenn um það og leitast við að ná samkomulagi um, hvort bætur geti komið í stað þess lands, sem tapast, og ekki síður hitt, hvort unnt sé að bæta landið upp með öðru móti, þ. e. með því að rækta upp annað land og auka gróðurlendi á öðrum svæðum, sem koma mætti í stað þess, sem tapast við virkjunarframkvæmdir. Þetta er eitt af því, sem enn er ekki fullkannað í þeim rannsóknum, sem farið hafa fram við Blönduvirkjun, en nú er verið að kortleggja þetta svæði allt og draga inn á það hæðarlínur og þegar því verki er lokið, er fyrst unnt með fullu að átta sig á því, hvað hér er um mikið landssvæði að ræða. Það er þó nokkurn veginn ljóst, að unnt er að hafa þarna veruleg áhrif á með því að þrengja þau uppistöðulón, sem um er að ræða og draga saman það land, sem við fyrstu yfirsýn virðist mundu hverfa undir vatn. Að þessu leyti er ekki hægt að segja, að neinir meinbugir séu á, að því er séð verður, í sambandi við Jökulsárvirkjun. Það kann að vera hið eina, sem bendir til þess, að Jökulsárvirkjanir yrðu hagstæðari en Blönduvirkjun, og ber að skoða það atriði sérstaklega. Í till. er að því vikið, að allt það, er snertir landspjöll og hugsanleg spjöll á náttúrufari, náttúruminjum og röskun á vistfræði, verði nákvæmlega skoðað í samráði við hlutaðeigandi sveitarstjórnir og gróðurverndarnefndir.

Í sambandi við fiskrækt og laxgengd er það að segja, að Blanda er mjög góð laxveiðiá. Laxveiðiá getur hún þó naumast kallast á því svæði, sem Blönduvirkjun mundi hafa áhrif á. Hins vegar hefur það þó borið við, að lax hafði veiðst mjög framarlega í Blöndu eða allt fram við Haugakvísl eða jafnvel fram við Seyðisá. Við virkjunarframkvæmdir mundi taka fyrir laxgengd þangað, en ekki verður séð á þessu stigi, að af því mundi verða tjón, svo að neinu nemi. Hins vegar virðist mega gera fastlega ráð fyrir því, að áin sem heild mundi batna verulega sem laxveiðiá, við það, að ánni er veitt í uppistöðulón og um stöðuvötn á leið til stöðvarhúss. Þá mundi taka fyrir aurframburð að verulegu leyti, rennsli mundi verða jafnara, og vatnið mundi hlýna á leiðinni til byggða við að geymast í uppistöðulónum með mjög mikinn yfirborðsflöt. Vatnið yrði því hlýrra, það yrði hreinna og rennslið yrði jafnara. Allt eru þetta atriði, sem benda til þess, að áin mundi að stórum mun batna sem laxveiðiá. Jökulsárnar í Skagafirði eru, að því er tekur til þess, sem virkjanir mundu hafa áhrif á, ekki, svo að mér sé kunnugt, laxveiðiár og ekki um fiskgengd í þeim að ræða.

Ég minntist aðeins á það fyrr í þessari ræðu, að mikilvægt er að hafa byggðasjónarmið í huga, þegar virkjunarstaðir eru ákveðnir. Allir virðast a. m. k. í orði kveðnu vilja styðja byggðastefnu og veita til þess nokkurt fjármagn. Ég skal láta ósagt um það, hver reynslan hefur orðið. Hitt er þó öllum ljóst, að verulegar tilraunir hafa verið gerðar til þess að jafna nokkuð aðstöðu þeirra, sem í hinum strjálu byggðum búa, miðað við þá, sem búa á höfuðþéttbýlissvæði landsins, nú um nokkurra ára skeið. Raforkuskorturinn hamlar nú eðlilegri þróun byggðar á mörgum svæðum landsins og ekki hvað síst Norðurlandi. Eins og nú er, er orkuvinnsla með dísilvélaafli meiri á Norðurlandi v. en orkuvinnsla með vatnsafli. Þessi staðreynd felur það í sér, að orkuvinnslan verður nú sí og æ kostnaðarsamari, og hætt er við því, að orkuverðið frá Rafmagnsveitum ríkisins, sem hafa þessa orkuöflun að mestu með höndum, verði æ hærri. Það er ekki einungis, að þeir einstaklingar og þau heimili, sem þurfa raforku til daglegra nota, verði að sæta dýrari raforku, heldur verður einnig atvinnureksturinn á þessu svæði að kaupa miklu dýrari orku en gerist víða annars staðar á landinu og þá fyrst og fremst hér á Landsvirkjunarsvæðinu, þar sem raforkan er bæði ódýrari og orkuskortur ekki tilfinnanlegur. Það er augljóst mál, að raforka er undirstaða atvinnu-

rekstrar, um leið og hún er undirstaða alls mannlegs lífs, hvar sem er á landinu. Þegar það gerist, að þar sem orkuskorturinn er mestur, er orkan einnig dýrust, þá er ekki von, að það sé hvetjandi fyrir fólk til þess að setjast þar að og reisa atvinnufyrirtæki, og er þarna um að ræða einn þáttinn í orsökum þess mikla misvægis í byggðaþróun, sem átt hefur sér stað hér á landi á undanförnum áratugum. Þessi atriði er vert að hafa í huga og réttmætt að taka með í reikninginn, þegar verið er að velja stóriðjufyrirtæki stað hér á landi, eins og gert er ráð fyrir með þessari till., gert hið allra fyrsta.

Ég gat þess áðan, að jafnvel þó að Sigölduvirkjun og Kröfluvirkjun kæmust í gagnið t. d. 1977—1978 og sú orka yrði öll notuð til rafhitunar húsnæðis í landinu, mundi hún samt ekki duga til þess, að þeirri þörf yrði fullnægt. Það er því augljóst, að það má ekki seinna vera að fara að taka ákvörðun um næstu stórvirkjun landsmanna. Með hliðsjón af því, að hér er um svo gífurlegan orkuskort að ræða sem raun ber vitni um, þá dugir ekki að hika við, heldur verður að taka ákvörðun um þetta hið allra fyrsta.

Oft hefur heyrst, að tæpast sé unnt að virkja stórt á Íslandi án þess að selja orkuna til orkufreks iðnaðar eða stóriðju, sem svo er kölluð. Þegar eru í undirbúningi eitt eða fleiri slík fyrirtæki, og ef að líkum lætur rísa þau í einhverjum mæli á komandi árum. Það er enda svo, að við olíukreppuna og þann mikla orkuskort í heiminum, sem af henni hefur sprottið, verður eftirspurn eftir raforku til stóriðju miklu meiri en verið hefur á undanförnum árum. Líklegt má og telja, að unnt verði að selja orku í þessu skyni með mun hagkvæmari kjörum en gert hefur verið til þessa. Hér er um enn eitt atriði að ræða, sem þrýstir á, að orkuöflunarmálum okkar Íslendinga verði hraðað svo sem mögulegt er. Í þessari þáltill. eru ekki gerðar neinar beinar till. um, að stóriðja fylgi í kjölfar þeirra virkjana, sem hún stefnir að, að hrundið verði í framkvæmd. Það er þó engri loku fyrir það skotið, ef orkuskortinum verður bægt frá, að reisa slík fyrirtæki á Norðurl. v. eins og hvar annars staðar á landinu, og engu minni ástæða, ef t. d. er höfð hliðsjón af byggðasjónarmiðum og öðrum þáttum, eins og t. d. að byggja upp hafnarmannvirki og þess háttar. Þessum þætti málsins er nauðsynlegt að gefa gaum í sambandi við framvindu þessa máls, enda þótt ekki sé að því vikið með beinum orðum í sjálfri till. Höfuðatriðið er að taka hið allra fyrsta ákvörðun um næstu stórvirkjun landsmanna, og þeir kostir, sem ég hef hér talið upp með virkjunarmöguleikum í Blöndu og Jökulsá eystri og vestri í Skagafirði, eru svo miklir, að það væri fásinna og gengi glapræði næst að ganga fram hjá þeim og hefja ekki þegar undirbúning að því, að sú stórvirkjun verði reist þar. Þó að ég hafi hér ekki greint á milli þeirra tveggja virkjunarkosta, sem til greina koma á Norðurl. v., þá hlýtur auðvitað að verða að gera það. Þær rannsóknir, sem þegar hafa farið fram, gefa til kynna, að það ætti að vera unnt að skera úr þegar á næsta sumri. Og það er alger nauðsyn að gera það til þess að geta þá þegar sett fullan kraft í það að undirbúa virkjunarframkvæmd á öðrum hvorum staðnum.

Með þessari till. er ekki einungis að því stefnt að leysa hin margumtöluðu og hrikalegu orkuvandamál Norðlendinga. Ég lít á þetta sem stærra mál. Þrátt fyrir það er ekki hægt að skilja svo við þetta mál, að á þau sé ekki minnt. Ég skal ekki hér fara að rifja upp neinar þær deilur, sem um þessi efni hafa staðið, eða varpa hnútum að einum eða öðrum í sambandi við framkvæmd mála hvað orkuöflun til Norðlendinga snertir á síðustu árum. En staðreynd er, að þarna er við mikinn vanda að etja, — vanda, sem leita verður allra bragða til þess að leysa í bráð og lengd. Fyrr á þessu þingi voru fluttar till. til þál. um virkjun Fljótaár og virkjun Svartár í Skagafirði af varaþm. Eyjólfi Konráð Jónssyni og fleiri þm. Norðurl. v. Þær till. voru fluttar í því skyni að reyna að hafa áhrif á það, að ráðist yrði í þessar virkjanir nú þegar, vegna þess að þarna er um fullhannaðar virkjanir að ræða. Þar er hins vegar um smávirkjanir að ræða, sem einungis mundu duga til að draga úr þeim orkuvandamálum, sem við er að etja í dag. Með þeim væri þó stigið mjög þýðingarmikið skref til þess að leysa þennan vanda, eins og nú standa sakir. Hins vegar er þar ekki um neina frambúðarlausn að ræða. Með þeirri till., sem hér er flutt, er hins vegar stefnt að því að leysa orkuvandamál Norðlendinga um fyrirsjáanlega framtíð og hafa stórkostleg áhrif í þá átt að leysa orkuvandamál landsins í heild, auk þess sem hún mundi, eins og þegar er rakið hér að framan, veita ómetanlegt öryggi fyrir Norður-, Vestur- og Suðvesturland a. m. k. með tilliti til flutningslína. Hér er því um ákaflega þýðingarmikið mál að ræða, sem snertir alls ekki einvörðungu það kjördæmi, sem ég er fulltrúi fyrir hér á Alþ., heldur miklu víðara landssvæði.

Ég skal ekki lengja þessa ræðu meir. Ég lít svo á, að ákvörðun um næstu stórvirkjun megi ekki dragast. Ég lít svo á, að þeir kostir, sem taldir hafa verið upp í sambandi við virkjunarmöguleika í Blöndu og Jökulsánum í Skagafirði, séu það sterkir og veigamiklir, að naumast ætti að vera áhorfsmál, að Alþingi samþykkti þá till., sem hér liggur fyrir, og að till. yrði síðan hrundið í framkvæmd. Ég vil ljúka þessum orðum með því að óska þess og treysta því fastlega, að svo verði staðið að málum.

Ég legg svo til, herra forseti, að till. verði vísað til hv. allshn. og umr. frestað.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Ráðstafanir til að sporna við raflínubilunum, þáltill. (þskj. 387). — Ein umr.

Flm. (Friðjón Þórðarson): Herra forseti. Á þskj. 387 hef ég leyft mér að flytja till. til þál. um ráðstafanir til að sporna við raflínubilunum. Till. þessa flyt ég ásamt hv. 2. þm. Norðurl. v., en hún hljóðar svo:

„Alþingi ályktar að fela ríkisstj. að láta kanna, með hvaða hætti unnt sé að draga úr eða koma í veg fyrir hinar alvarlegu bilanir, sem oft eiga sér stað í raflínum víðs vegar um land í vetrarveðrum.“

Það er kunnara en frá þurfi að segja, að í hinum mikla óveðraham, sem gekk yfir landið í s.l. mánuði, urðu víða gífurlegar skemmdir á rafmagnslínum og stórtjón sigldi í kjölfarið. Línur slitnuðu og staurar brotnuðu í hundraðatali. Samkv. upplýsingum Rafmagnsveitna ríkisins munu hafa brotnað á öllu landinu alls yfir 300 rafmagnsstaurar, þar af yfir 30 á sunnanverðu Snæfellsnesi. Af þessum sökum urðu mjög mörg býli og byggðarlög rafmagnslaus með öllu um lengri eða skemmri tíma, önnur höfðu raforku af mjög skornum skammti. Af þessu er ljóst, að tjónið hefur orðið gífurlegt, bæði hið beina og óbeina tjón. Það má raunar segja, að við getum aldrei byggt svo sterkar línur eða komið upp það sterklegum veitum, að þær standi af sér öll vetrarveður. En hinu er ekki að neita, að þegar svona stórfellt tjón á sér stað, verðum við að hugsa málið og reyna að finna á því einhverja lausn, þannig að öryggi verði meira. Ég veit það, og okkur flm. er það ljóst, að það er áreiðanlega hægara sagt en gert að búa svo um hnútana í þessum efnum, að fullt öryggi verði og að raflínur, sem lagðar eru um landið, standi af sér öll vetrarveður. En hitt er sjálfsagt, þó að málið sé erfitt viðfangs, að leita allra ráða og bragða í þessu skyni.

Það er mikið rætt um þessar mundir um nauðsyn þess að gera stórátök í rafvæðingarmálum, og okkur öllum er ljóst, að orkuþörfin vex hröðum skrefum um allt land. Það má því segja, með fullum sanni, að landsmenn eru orðnir svo háðir rafmagninu, að þeir geti ekki án þess verið stundinni lengur.

Ég leyfi mér að bregða upp dálítilli mynd af því, sem varð m.a. í síðasta óveðri í þessum efnum, og leyfi mér þar að vitna í grein, sem Gunnar Guðbjartsson bóndi á Hjarðarfelli, formaður Stéttarsambands bænda, skrifaði í Tímann hinn 27. f.m., og þó að inn í þá grein blandist að vísu önnur mál og stærri, þ.e.a.s. það er ekki allt hægt að rekja til bilana af völdum óveðurs, þá ætla ég að leyfa mér að vitna í nokkrar setningar úr þessari grein, en hún ber yfirskriftina: „Á að leggja alla byggð á sunnanverðu Snæfellsnesi í auðn með orkusvelti?“ Ég leyfi mér að vitna í þessa grein, með leyfi hæstv. forseta. Þar segir svo:

„Nú er nær allri orkuþörf heimila á þessu svæði mætt með rafmagni, öll lýsing, eldamennska og upphitun húsa, annað hvort beint eða þá með aðstoð rafdælingar á olíukerfi. Útvarps- og sjónvarpsnot, geymsla matvæla o.fl. er háð rafmagni. Enn fremur eru bústörf, svo sem mjaltir, kæling mjólkur, dæling á vatni og margt annað því háð.“

Síðar segir: „Það er óviðunandi að búa í köldum og myrkum húsum um hávetur. Það er óviðunandi að eiga yfir höfði sér að geta ekki mjólkað kýrnar reglubundið vegna orkuskorts. Það er óviðunandi að eiga á hættu að skemma matvæli, þar með talda mjólkurframleiðslu heimilanna, vegna þess að kælitækin verða óvirk. Það er óviðunandi að verða vatnslaus dögum saman og útilokaðir frá að njóta útvarps og sjónvarps. Þannig mætti halda lengi áfram að telja.“

Þessi till., sem hér er flutt, stefnir að því að reyna að auka öryggi í þessum málum. Eins og ég sagði áðan, er vafalaust mjög erfitt eða ókleift að leggja svo sterkar línur, að þær standi af sér öll veður, en að málinu verður þó að hyggja. Sums staðar mætti e.t.v. leysa þetta með lagningu jarðstrengja, þó að ég búist við, að fagmenn telji það óhugsandi vegna hins háa tilkostnaðar. Á öðrum stöðum mætti styrkja línurnar, því að þær eru að sjálfsögðu misjafnlega sterkar. Loks má reyna að hamla á móti í þessu mikla vandamáli með því að hafa varastöðvar í lagi. Það minnir okkur einnig á, hversu hinar minni virkjanir eru dýrmætar. Það er mikils virði að hafa virkjun nálægt sér, þó að hún sé ekki ýkjastór. Þessu megum við ekki gleyma, þó að meginstefnan á síðari áratugum hafi verið að reisa stór orkuver. En vitanlega þarf að meta þetta allt og vega, þar sem fé er að jafnaði af skornum skammti til slíkra framkvæmda.

Ég læt þessi fáu orð nægja til að fylgja þessari till. úr hlaði. Ég veit, að hér er um stórt og erfitt vandamál að ræða, en það er eigi að síður mikilvægt. Þess vegna töldum við flm. rétt og skylt að hefja máls á því, vekja á því sérstaka athygli og hvetja til þess, að allar tiltækar leiðir verði kannaðar til úrbóta, þar sem svo stórfelldir hagsmunir eru í húfi fyrir land og þjóð.

Ég læt þessum orðum mínum lokið, en legg til, að till. þessari verði vísað til hv. allshn., þegar umr. verður frestað.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Efri deild, 76. fundur.

Miðvikudaginn 13. mars, kl. 2 miðdegis.

Afgreiðsla mála úr nefndum.

Halldór Blöndal: Herra forseti. 30. jan. s.l. var frv. til l. um jarðgufuvirkjun við Kröflu eða við Námafjall í S.-Þing. vísað til iðnn. þessarar hv. d. Síðan hefur málið ekki fengið afgreiðslu frá n., þrátt fyrir það að brýna nauðsyn beri til þess, að þetta lagafrv. verði sem fyrst afgr., til þess að jarðhitadeild Orkustofnunar geti sett á fullan kraft þær rannsóknir og þann virkjunarundirbúning, sem fyrirhugaður er við Kröflu eða við Námafjall.

Þegar hæstv. iðnrh. mælti fyrir þessu frv., komst hann m.a. svo að orði, með leyfi hæstv. forseta: „Með hliðsjón af orkumálum á Norðurlandi telur ríkisstj. æskilegt að afla sér nú þegar heimildar til að reisa og reka jarðgufuaflstöð á öðru hvoru þessara jarðhitasvæða og leggja þaðan orkuveitu til tengingar við meginorkuflutningskerfi Norðurlands. Þessi heimild er nauðsynleg, til þess að hægt sé að hraða framkvæmdum eins og unnt er.“

Eins og fram kemur í þessum ummælum hæstv. ráðh., er heimild Alþingis til þessara virkjana algjör forsenda þess, að unnt sé að hraða framkvæmdum eins og unnt er. Ég vil í því sambandi minna á, að nefnt hefur verið, að með því að láta undirbúning virkjana við Kröflu eða Námafjall hafa algjöran forgang, sé hugsan-

legt, að unnt kunni að vera að taka slíka jarðgufuvirkjun í notkun síðast á árinu 1976 eða á árinu 1977, miðað við það, að frumhannanir slíkrar virkjunar yrðu gerðar í lok þessa árs. Hins vegar virðist svo nú sem horfið hafi verið frá því að hraða málinu eins og unnt er, og er nú rætt um það af Orkustofnun, að þessi virkjun verði ekki tilbúin fyrr en í fyrsta lagi á árinu 1978, og það sé þó mjög vafasamt.

Ég vil benda á í þessu sambandi, að enn liggur ekkert fyrir um það, með hvaða jarðbor verði haldið áfram virkjunarborunum á jarðhitasvæðinu við Kröflu á sumrinu 1975, ef jákvæður árangur fæst af þeim rannsóknarborunum, sem fram eiga að fara í sumar. Mér er kunnugt um, að jarðhitadelid Orkustofnunar hefur haldið að sér höndum í þessu efni, á meðan heimildin frá Alþingi kemur ekki. En um leið og slík heimild lægi fyrir og ljóst væri, að það væri raunverulegur áhugi fyrir því af stjórnvöldum að hraða þessari virkjun, mundi jarðhitadeildin að sjálfsögðu þegar í stað gera ráðstafanir til þess að fá leigðan eða keyptan bor, sem mundi henta til slíkra borana.

Herra forseti. Ég sé ekki ástæðu til þess að hafa þessi orð lengri. Ég átel þann seinagang, sem hefur orðið í þessu máli hjá iðnn., því að hér er um brýnt hagsmunamál fyrir alla Norðlendinga að tefla. Það er talað um að leysa orkuskortinn á Norðurlandi nú með byggðalínu, sem eigi að leggja norður. Slík byggðalína hefur þó ekki fengið samþykki Alþingis, er enn ekki fullhönnuð og algjörlega óvíst, hvenær hún verður tilbúin, m. a. vegna langs afgreiðslufrests.

Ég vænti þess, að hv. iðnn. og form. hennar, sem er ekki við hér, því miður, muni taka tillit til þessara óska um að hraða þessu frv. vegna þeirra brýnu hagsmuna, sem hér eru annars vegar fyrir hinar norðlensku byggðir.

Jón Árnason: Herra forseti. Þó að það sé ekki beint í sambandi við þetta mál, sem hér var verið að vekja athygli á, sé ég í sambandi við vinnubrögð í n. ástæðu til þess að taka til máls. Ég tel það fyrir neðan allar hellur, hvernig vinnubrögð eru í n. við að skila málum, sem komin eru til n., og það megi ekki eiga sér stað, að það séu söltuð mál og ekki skilað áliti um þau til þingsins. Vitanlega geta verið skiptar skoðanir um einstök mál. Alltaf er í þinginu andstaða við frv., sem flutt eru, en að það réttlæti það, að mál, sem flutt eru, séu söltuð ár eftir ár og ekki skilað áliti frá n., slíkt er ekki hægt að láta óátalið.

Í þessu sambandi vil ég sérstaklega víkja að frv., sem ég flutti um miðjan desembermánuð, ásamt hv. 6. þm. Sunnl. um breyt. á l. nr. 67 1971, um almannatryggingar. Þetta frv. var flutt mjög svipað að efni til á síðasta þingi og þá sjálfsagt sent til umsagnar, þannig að það hefði átt að ganga greiðara fyrir sig nú að afgreiða málið frá n. Samt sem áður bólar ekkert á, að málið fái afgreiðslu eða komi hingað til þingsins aftur. Ég tel þetta alveg óforsvaranleg vinnubrögð. Það geta, eins og ég sagði, verið skiptar skoðanir um málið, en ég tel, að hér sé um nauðsynjamál að ræða, og við hv. 6. þm. Sunnl., leiðréttingu varðandi þátttöku hins opinbera í að greiða kostnað við lyf og annað þess háttar, sem kemur sérstaklega þungt niður á öldruðu fólki og fólki, sem á við langvarandi vanheilsu að stríða og er því háð mikilli lyfjanotkun. Ég vænti þess því, að hv. form. þessarar n. láti ekki undir höfuð leggjast að afgreiða nú málið sem fyrst, svo að Alþingi geti þá tekið afstöðu til málsins, hvort sem um er að ræða með eða móti.

Steingrímur Hermannsson: Herra forseti. Mér skilst, að hv. þm. Halldór Blöndal sé farið að leiðast eftir Kröflufrv. Ég vil róa hann með því, að það er fundur í iðnn. í fyrramálið, boðaður kl. 9½ og ég geri ráð fyrir, að á þeim fundi verði það frv. afgreitt. Þegar n. tók málið fyrir, var rætt um það, hvort þörf væri á, að senda frv. út til umsagnar. Okkur þótti sjálfsagt, að það hlyti skjóta afgreiðslu, en við nánari athugun var talið rétt að leita umsagnar nokkurra aðila, fyrst og fremst Norðlendinga. Ég var síðan fjarverandi nokkurn tíma. Þegar ég kom heim, athugaði ég málið, og þá voru umsagnir ekki komnar. Þær eru komnar núna og ekkert því til fyrirstöðu, að málið verði afgreitt. Ég sé ekki betur en málið sé tímanlega á leið þannig, að ekkert eigi að stöðva afgreiðslu þess á þessu þingi. Það kemur fyrir þessa deild strax eftir næstu helgi.

Eggert G. Þorsteinsson: Herra forseti. Það er víst ekki samkv. venju, að stjórnarandstæðingar svari fyrir stjórnarliða. En í sambandi við þá eðlilegu og réttmætu umkvörtun að mínu viti, sem hv. þm. Jón Árnason kom með varðandi frv., sem hann flutti varðandi almannatryggingar, þá vil ég aðeins upplýsa það, því að ég sé að form. þeirrar hv. n., hv. þm. Helgi Seljan, sem málið er hjá, er ekki mættur, að í gærmorgun var ákveðið á fundi n. að senda sér í lagi 3. gr. þess frv., sem hv. þm. ræddi um, til umsagnar Tryggingastofnunar ríkisins.

Eftir þær umr., sem fram fóru á nefndarfundinum, var upplýst, að 1. og 2. gr. frv. munu vera meðal till. þeirrar n., sem nú endurskoðar tryggingalöggjöfina, og málið ætti því að því leyti að vera komið allvel áleiðis. En sér í lagi um 3. gr. var talið nauðsynlegt að fá umsögn Tryggingastofnunarinnar, og þannig standa mál þessi nú.

Ég sé, að form. n. gengur nú í salinn, þannig að hann hefði getað svarað þessu, en ég vildi, að það lægi fyrir, að þannig standa nú mál um þetta frv.

Halldór Blöndal: Herra forseti. Ég fagna því, að frv. um virkjun við Kröflu eða Námafjall skuli loksins fá afgreiðslu úr n., og vona, að form. n. standi við það, svo að málið geti fengið afgreiðslu úr d. sem fyrst. Sá dráttur, sem hefur orðið á afgreiðslu frv., hefur þegar valdið verulegum töfum í þessu máli, vegna þess að engin alvara er á bak við það hjá stjórnvöldum að reyna að greiða fyrir þessu máli. Þess vegna er

nauðsynlegt, að þingið láti til sín heyra um það og veiti þegar í stað þessa heimild, til þess að nauðsynlegur skriður komist á virkjunarframkvæmdirnar fyrir norðan til að bæta úr þeim orkuskorti, sem þar er.

Jón Árnason: Herra forseti. Ég skal ekki tefja þessar umr. frekar, en þetta sýnir, hvað það var rétt, sem ég hélt fram hér áðan. Vinnubrögðin í n. eru fyrir neðan allar hellur, að það skuli hafa tekið þrjá mánuði að ákveða að senda frv. til umsagnar, — frv., sem búið er að liggja hér fyrir í þinginu fyrir einu ári, alveg hliðstætt frv. Síðan fréttir maður í dag, að það sé fyrst í gær verið að taka ákvörðun um að senda það til umsagnar. Það er ekki von, að það gangi vel með afgreiðslu mála hér á Alþingi með svona vinnubrögðum, það verð ég að segja.

Helgi F. Seljan: Herra forseti. Út af þessum ummælum í sambandi við vinnubrögð í n. vil ég leyfa mér að mótmæla þeim harðlega varðandi þá n., sem ég veiti forstöðu, þó að mér sé málið skylt.

Það er auðvitað enginn mælikvarði á það, þótt frv. hafi verið lagt fram í des. og síðan bætt við þeim mánuði frá miðjum des. og fram yfir 20. jan., sem þarna er um að ræða. Þar af leiðandi má nú segja, að þarna sé um tvo mánuði að ræða, en ekki þrjá, eins og ræðumaður sagði hér áðan.

Í öðru lagi var ég, form. n., fjarverandi í mánuð, og á meðan var enginn fundur haldinn í þessari n., enda mun þetta hafa verið eina málið, sem þar lá fyrir. En það, sem skiptir máli, er það, að þessi n. mun sennilega hafa hvað hreinastan skjöld allra n. í þinginu. (**Gripið fram í:** Nokkrar undantekningar þó.) Er það? Það er gott. Það er sem sagt búið að afgreiða frá henni öll mál nema þetta eina, sem var sent til umsagnar og ég hafði hreinlega sagt gleymt. Ég skal biðja hv. ræðumann afsökunar á því, að ég hafði gleymt þessu máli, vegna þess að ég hafði verið lengi fjarverandi. En það er ekki til marks um nein slæm vinnubrögð í n., því að n. hefur starfað á fullkomlega eðlilegan hátt og ekki verið neitt að hennar störfum umfram aðrar nefndir a. m. k. Ég vil þess vegna mótmæla þessu algjörlega, og taka það fram, að ég mun að sjálfsögðu beita mér fyrir því, að þetta mál fái þinglega meðferð. En það er miklu meira en hægt er að segja um fjölmörg mál önnur, sem eru til meðferðar hér í þinginu.

Dýralæknar, frv. (þskj. 460). — 1. umr.

Fjmrh. (Halldór E. Sigurðsson): Herra forseti. Á þskj. 460 er frv. til l. um breyt. á l. nr. 31 5. maí 1970 um dýralækna, síðasta mgr. 9. gr. þeirra laga orðist svo, með leyfi hæstv. forseta: „Ráðherra setur reglugerð um framkvæmd eftirlits þessa og nauðsynlegar ráðstafanir til að stöðva sölu á mjólk, sem vegna sjúkdóma eða óþrifnaðar gæti talist varasöm fyrir heilbrigði neytenda.“

Þetta er efni frv., og ástæðan til þess, að það er flutt, er sú, að eitt af verkefnum dýralækna er að fylgjast með framleiðslustöðum mjólkur og heilbrigði nautgripa. Mjólkin er vandmeðfarin matvara, eins og kunnugt er, og við framleiðslu hennar verður að gera hinar ströngustu kröfur um hreinlæti og heilbrigði gripa. Nauðsynlegt er, að dýralæknar hafi heimild að lögum til þess að stöðva sölu á mjólk frá þeim stöðum, sem fullnægja ekki kröfum laga og reglugerða um hreinlæti og heilbrigði. Heimild dýralækna til slíkra aðgerða hefur verið vefengd, og til þess að taka af öll tvímæli er þetta frv. flutt. Á ekki að orka tvímælis, að þetta er hlutverk dýralækna.

Ég sé ekki ástæðu til að orðlengja þetta frekar, en leyfi mér, herra forseti, að leggja til, að frv. verði að lokinni þessari umr. vísað til 2. umr. og hv. landbn.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 14 shlj. atkv. og til landbn. með 12 shlj. atkv.

Mat á sláturafurðum, frv. (þskj. 461). — 1. umr.

Fjmrh. (Halldór E. Sigurðsson): Herra forseti. Frv. á þskj. 461, sem flutt er sem breyt. á l. nr. 61 19. maí 1971 og breyt. á eldri l. um mat og skoðun á sláturafurðum, er flutt vegna þess, að um s. l. áramót rann út frestur sá, sem ráðh. hafði heimild til að veita slátrun í ólöggiltum sláturhúsum. Þó að mikið hafi áunnist í endurbyggingu sláturhúsa, er fyrirsjáanlegt, að enn um sinn verður að leyfa slátrun í ólöggiltum húsum, þar sem slátrun verður framkvæmd á viðunandi hátt að mati yfirdýralæknis og héraðsdýralæknis. Ber því brýna nauðsyn til að framlengja heimild ráðh. til þess að leyfa slátrun í slíkum sláturhúsum.

Þá er í frv. gert ráð fyrir, að samhljóða meðmæli yfirdýralæknis og viðkomandi héraðsdýralæknis þurfi að vera til grundvallar undanþáguleyfi til slátrunar. Ákvæði þetta er að þessu leyti aftur samhljóða 2. málsgr. 2. gr. l. nr. 30 frá 1966, en greininni var breytt með l. nr. 61 1971 á þann veg, að nægjanlegt var þá talið, að annaðhvort yfirdýralæknir eða héraðsdýralæknir mælti með slátrun í viðkomandi húsi, til þess að ráðh. gæti veitt slíkt sláturleyfi. Það þykir hins vegar henta, að það sé hvort tveggja héraðsdýralæknir og yfirdýralæknir, sem mæli með því, að þetta leyfi sé gefið.

Efni frv. er ekki annað, en það, sem ég hef hér greint. Ég vil því leggja til, herra forseti, að að lokinni þessari umræðu verði frv. vísað til 2. umr. og hv. landbn.

Steinþór Gestsson: Herra forseti. Þetta frv., sem er um breyt. á l. um meðferð, skoðun og mat á sláturafurðum, er með eðlilegum hætti hér fram borið, þar sem fyrri ákvæði um þetta efni eru fallin úr gildi, en þau þarf að framlengja, því að talið er, að hin löggiltu sláturhús geti ekki annað öllum verkefnum sláturhúsanna.

Þess vegna er nauðsynlegt að framlengja þær undanþágur, sem áður hafa verið í gildi. Ég er því ekki að andmæla því, að þetta lagafrv. sé fram borið, og ég mun styðja það. En ég átta mig ekki vel á því, vegna hvers þarf að breyta orðalagi, sem á þessari grein var í þeim lögum, sem giltu. Ég sé ekki neina sérstaka ástæðu til þess.

Næst hér áður var mælt fyrir frv. um breyt. á l. um dýralækna. Þar er getið um það, að verkefni dýralækna sé að fylgjast með framleiðslustöðum mjólkur og heilbrigði nautgripa. En þá er ekki talin þörf á að kveðja til nema einn dýralækni, og er það þó miklu viðameira málefni að ganga úr skugga um það, hvernig þar er ástatt um, heldur en það, hvort eitt sláturhús, sem notað hefur verið, sé þess megnugt að ganga sómasamlega frá sláturafurðum. Ég vildi mælast til þess, að það yrði ekki brugðið frá því orðavali, sem var á þessari lagagrein í lögunum frá 1971. Annað erindi átti ég ekki í ræðustólinn að þessu sinni.

Fjmrh. (Halldór E. Sigurðsson): Herra forseti. Ástæðan til þess, að þetta var ekki tekið upp óbreytt eins og það var í eldri lögum, var sú reynsla, sem landbn. taldi, að væri fyrir hendi, að yfirleitt hefðu héraðsdýralæknir og yfirdýralæknir verið báðir í ráðum, er slík leyfi hefðu verið gefin. Ég hef hins vegar ekki haft neinn sérstakan áhuga á því, á hvern hátt þetta sé gert, og tel ekki um að efast, að n. sú, sem fær þetta mál til meðferðar, leiti álits hjá yfirdýralækni um það. Hann getur gefið þær upplýsingar, sem bestar eru um þetta mál að hafa. Rn. taldi, að þetta yrði svipað í framkvæmd eftir breyt. og áður, og því var þetta orðað á þennan hátt.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 15 shlj. atkv. og til landbn. með 15 shlj. atkv.

Veiðar með botnvörpu, flotvörpu og dragnót í fiskveiðilandhelgi, frv. (þskj. 414, n. 467). — 2. umr.

Frsm. (Bjarni Guðbjörnsson): Herra forseti. Frv. það, sem hér liggur fyrir, hefur verið rætt í sjútvn. og n. orðið sammála um að mæla með því óbreyttu.

Þegar lögin um veiðar með botnvörpu, flotvörpu og dragnót í fiskveiðilandhelgi voru afgreidd á Alþingi 19. des. s. l., urðu þau mistök, að ekki var tekið tillit til grunnlínupunkta, sem áður höfðu verið niður felldir. Það eru grunnlínupunktarnir Siglunes, Flatey og Lágey. Af þessari ástæðu voru þau fylgiskjöl, sem fylgdu frv., ekki í fullu samræmi við það, sem átti að vera. Það var alltaf ætlun fiskveiðilaganefndarinnar, að 12 sjómílna línan, sem getið er í 2. gr. fiskveiðilaganna, yrði sú sama og landhelgislínan var fyrir útfærsluna í 50 mílur. En eins og nú er háttað, er þetta þannig, að skapast hefur ósamræmi milli togveiðiheimilda íslenskra og breskra togara á tveimur svæðum suðaustur og suðvestur af Grímsey, þar sem íslenskir togarar njóta minni veiðiheimilda en þeir bresku. Til þess að leiðrétta þann misgáning, sem varð þarna við afgreiðslu fiskveiðilagafrv., er þetta frv. flutt, og sjútvn. hefur orðið sammála um að mæla með því óbreyttu.

ATKVGR.

1. gr. samþ. með 15 shlj. atkv.
2. gr. samþ. með 16 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 14 shlj. atkv.

Efri deild, 77. fundur.

Miðvikudaginn 13. mars, að loknum 76. fundi.

Veiðar með botnvörpu, flotvörpu og dragnót í fiskveiðilandhelgi, frv. (þskj. 414, n. 467). — 3. umr.

Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði samþ. með 11 shlj. atkv.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 13 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 491).

Jarðalög, frv. (þskj. 48, n. 410 og 437, 105, 411). — Frh. 2. umr.

Frsm. meiri hl. (Páll Þorsteinsson): Herra forseti. Það er orðið alllangt síðan nál. var skilað um þetta frv., og ég vil fyrir mitt leyti stuðla að því, að málið geti fengið afgreiðslu eftir 2. umr. nú á þessum fundi. Ég ætla mér því ekki að bæta mörgum orðum við það, sem ég hef áður sagt til skýringar þessu máli og afstöðu meiri hl. n., en vil þó í fáum orðum drepa á einstök atriði, eftir að ég hef hlýtt á ræðu frsm. minni hlutans.

Í nál. minni hl. n. segir, að megintilgangi frv., sem oftast hefur verið horft á og margir hafa lagt áherslu á í umræðum, er vissulega nauðsynlegt að ná, þ. e. að fyrirbyggja, að jarðeignum sé ráðstafað með óeðlilegum hætti miðað við viðskiptavenjur, svo og að komið verði í veg fyrir brask með jarðeignir í hagnaðarskyni. Þegar svo afdráttarlaust kemur fram hjá minni hl., að málefni það, sem hér er um að ræða, sé nauðsynlegt, hefði mátt ætla, að samstaða hefði tekist í n. um afgreiðslu frv. Það fór þó á annan veg, eins og hv. þd. er kunnugt. Afstaða minni hl. hlýtur því að byggjast á því, að markmiðið með frv. sé í sjálfu sér æskilegt og gott, en að minni hl. geti ekki fallist á þá leið, sem gert er ráð fyrir með frv., að farin verði til þess að ná markmiðinu. Og í ræðu frsm. minni hl. virtist mér það vera aðallega fjögur efnisatriði, sem hann vildi færa fram þessari afstöðu til rökstuðnings: Að umsagnir frá ýmsum fælu í sér athugasemdir við frv. og bentu til þess, að ástæða

væri til að athuga allt málið betur; að með frv. væri gengið um of inn á verksvið sveitarstjórna í sambandi við skipulagsmál; að byggðaráðin, sem ráðgert er að koma á fót, séu óþörf — og að Jarðasjóði séu ætlaðar of litlar tekjur eða of lítil fjárhæð samkv. ákvæðum frv. Ég vil leyfa mér að fara örfáum orðum um þessi atriði í því skyni að skýra nánar en orðið er afstöðu meiri hl. til þessara efnisatriða.

Ég verð þá fyrst að rifja það upp, að Búnaðarþing átti frumkvæðið að því, að frv. þetta var samið, að Búnaðarþing 1973 fékk aðstöðu til að athuga frv. mjög nákvæmlega og gera við það athugasemdir, og síðan frv. kom fram nú í vetur, hefur Búnaðarþing verið haldið, og því fór víðs fjarri, að það ræddi um það, að máli þessu yrði frestað. Þvert á móti hef ég ástæðu til að ætla, að áhugi margra búnaðarþingsmanna hafi verið óbreyttur á því að fá þetta frv. lögfest. Ég vil enn fremur rifja það upp, að stéttarsambandsfundur bænda fékk aðstöðu til að yfirfara frv., og hann gerði um það samhljóða ályktun árið 1973. Þessar tvær stofnanir, sem eru skipaðar fulltrúum bænda, sem kosnir eru þó á mismunandi hátt, eru þær stofnanir, sem öðrum fremur eru í fyrirsvari gagnvart félagsmálum og félagsmálabaráttu bændastéttarinnar. Það er því ekki hægt annað en að meta afstöðu þessara stofnana mjög mikils í sambandi við viðhorf bændanna um þetta mál. En einnig liggja fyrir þessu til viðbótar umsagnir frá búnaðarsamböndunum, og þær eru margar jákvæðar. Ég skal aðeins stikla á því stærsta í því efni.

Búnaðarsamband Austurlands segir: „Búnaðarsamband Austurlands mælir eindregið með því, að Alþ. lögfesti frv. til jarðalaga, 46. mál, er fyrir þinginu liggur.“ — Búnaðarsamband Dalamanna segir svo: „Stjórn Búnaðarsambandsins hefur yfirfarið frv. og mælir með samþykkt þess.“ — Fyrir hönd Búnaðarsambands Kjalarnesþings sendir erindi Jóhann Jónasson, og hans afstaða fyrir hönd þess búnaðarsambands er þannig: „Frv. til jarðalaga var lagt fyrir síðasta Búnaðarþing, og þar voru gerðar á því nokkrar brtt., sem ég samþykkti þá, og þar sem ég er enn þá sama sinnis, sé ég ekki ástæðu til að bera fram nýjar breytingar.“ — Búnaðarsamband A.-Skaftfellinga segir svo, eða niðurstaða í umsögn þaðan er á þessa leið: „Stjórnarfundur Búnaðarsambands Austur-Skaftfellinga, haldinn að Seljavöllum 3. febr. 1974, leggur til, að frv. til jarðalaga, 46. mál, verði samþykkt á Alþingi.“ — Búnaðarsamband Snæfellinga mælir eindregið með því, að frv. til jarðalaga verði lögfest á Alþingi í vetur með þeim fyrirvara, að hert verði nokkuð á ákvæðum eignarnámsheimilda sveitarfélaga og ríkisins á landi, sem er ekki nýtt til búrekstrar. Þá telur stjórn sambandsins, að lengja eigi frest um beitingu forkaupsréttar, sbr. 24. gr., úr 5 sólarhringum í 10 sólarhringa, einnig að framlag verði hækkað í Jarðasjóð úr 12 millj. í 20 millj. Æskilegt væri, að skipuð væri sérstök stjórn fyrir sjóðinn.

Í nál. minni hl. er bent á það, að Búnaðarsamband Vestur-Húnvetninga, Búnaðarsamb. Skagfirðinga og Búnaðarsamband Snæfellinga geri nokkrar athugasemdir við einstök ákvæði frv. Ég hef þegar greint frá því, sem fram kemur frá Búnaðarsambandi Snæfellinga. Um Búnaðarsamband Skagfirðinga er það að segja, að því miður virtist mér, að hv. frsm. minni hl. henti það óhapp að láta sér sjást yfir aðalatriðið í umsögninni, þ. e. a. s. niðurstöðuna, en hún er á þessa leið: „Stjórn Búnaðarsambands Skagfirðinga lýsir yfir eindregnum stuðningi við efni og tilgang frv. og leggur til, að það verði lögfest á Alþ. því, er nú situr, með eftirfarandi breyt.“ Það eru hér svo bendingar um nokkrar breyt. við einstök atriði. Vegna þess að í nál. er einnig minnst á Búnaðarsamband Vestur-Húnvetninga, er það rétt, að þar hafa verið gerðar ábendingar um einstök atriði, en því miður virtist mér þar henda svipað óhapp, þegar hv. frsm. minni hl. gerði að umræðuefni þessa umsögn, að hann lætur sér sjást yfir niðurstöðuna í lok umsagnarinnar, en hún er þannig: „Ég vil að endingu leggja áherslu á afgreiðslu þessa frv. Öllum ætti nú orðið að vera ljós nauðsyn þess að koma betri skipan á þau málefni, sem þetta frv. fjallar um.“ — Ég ætla, þegar þetta allt er athugað, þótt ekki sé lengra farið í umræðum um þetta atriði eða skýringar á þessu atriði, að þá sé ekki hægt annað en draga þá ályktun af því, sem fyrir liggur, að samstaða bændanna um þetta mál sé mjög mikil.

Þá ætla ég að víkja örfáum orðum að öðru efnisatriði, þ. e. skipulagsmálunum. Það er rétt, að í umsögnum frá skipulagsstjóra ríkisins og frá Sambandi ísl. sveitarfélaga og frá ýmsum landshlutasamtökum, er að því vikið, að með þessu frv. kunni að vera um of gengið á það verksvið, sem með eðlilegum hætti eigi að vera hjá sveitarstjórn. Frsm. minni hl. las talsvert mikið af því máli, sem hér liggur fyrir í umsögnum, er þetta varðar. Ég vil ekki lengja umræðurnar með því að fara að endurtaka það, því að það er d. nú þegar kunnugt. En sannleikurinn er sá, að skipulagsmál í sveitum eru nú að óbreyttum lögum í höndum tveggja aðila a. m. k. Í lögum um Stofnlánadeild landbúnaðarins, landnám, ræktun og byggingar í sveitum er beinlínis ákveðið, að Landnámið skuli annast skipulagningu byggða í sveitum landsins, og landnámsstjóri á að gera till. um skipulag byggðarinnar og leita umsagna viðkomandi hreppsnefndar, landnámsnefndar Búnaðarfélags Íslands og Byggingarstofnunar landbúnaðarains, og hann á að leitast við að meta afkomuöryggi og framtíðarmöguleika þeirra jarða, sem fyrir eru í sveitinni, og sveitarfélagsins í heild o. s. frv. Nú hefur það farið nokkuð í vöxt á síðustu árum, að sveitahreppar óski þess að verða skipulagsskyldir, svo sem fram hefur verið tekið í þessum umræðum. Þá falla þau málefni undir verksvið sveitarstjórnar og skipulagsstjórnar ríkisins. En sannleikurinn er sá, að þó að þetta hafi þróast þannig að undanförnu, þá hefur ekki orðið þess vart, svo að mér sé kunnugt, að árekstur eða ágreiningur hafi orðið um þessi mál milli Landnáms ríkisins annars vegar og sveitarstjórna eða skipulagsstjórnar ríkisins hins vegar, enda er verksvið hvers um sig nokkuð afmarkað, þar sem skipulagslögin taka fyrst og fremst til svæða, þar sem búa 100 menn eða fleiri, og í þessum lögum er ætlast til, eins og sagt er blátt áfram í frv., að skipulögð þéttbýlissvæði, þar sem 100

íbúar eða fleiri hafa fasta búsetu, eru undanskilin ákvæðum þessara laga. Einnig er það svo, að skipulagsstjórn ríkisins og félmrn. hafa víða ákveðið skipulagsskyldu í sveitahreppum á þann veg, að framkvæmdir á bújörðum bænda eru undanskildar. Þetta er augljóst, ef litið er í Stjórnartíðindi og athugaðar þær auglýsingar, sem félmrn. hefur gefið út um þetta efni fyrir ýmis sveitarfélög.

Ég hef hér í höndum eitt hefti af Stjórnartíðindum, og þessu máli til stuðnings ætla ég aðeins að benda hér á eina auglýsingu um þetta efni. Það er auglýsing um staðfestingu félmrn. um skipulag í Nesjahreppi í Austur-Skaftafellssýslu. Það er orðað þannig:

„Að fengnum till. skipulagsstjórnar ríkisins hefur rn. samkvæmt heimild í 4. gr. 2. málsgr. skipulagslaga nr. 19 21. maí 1964, ákveðið, að ákvæði skipulagslaga nr. 19 1964 skuli ná til Nesjahrepps, að undanskildum nauðsynlegum byggingum vegna búrekstrar á lögbýlum."

Margar auglýsingar af þessu tagi eru orðaðar á þennan hátt, og um það hefur verið haft fullt samráð við hreppsnefndir. Nú virðist mér, að í áliti minni hl. komi fram, að hann vilji halda þessu skipulagi óbreyttu, að Landnámið starfi áfram og hafi með höndum skipulag sveitabyggða, skipulag jarða í sveitum, en jafnframt sé því haldið áfram, að sveitarhreppar gerist skipulagsskyldir og sveitarstjórnir og skipulagsstjórn ríkisins hafi þá jafnframt með höndum þetta verkefni eða hluta af þessu verkefni. Ég fæ ekki betur skilið en að þetta sé það skipulag, sem minni hl. vill helst, að haldist til frambúðar.

Nú er þetta frv. miðað við það, að hluti af þessu verkefni, sem varðar skipulag, færist frá Landnáminu yfir til byggðaráðs á hverjum stað, eða frv. var miðað við það, að þau færðust frá Landnáminu yfir til byggðaráðs, og þá eru höfð í frammi þau rök, að ef hliðstæð verkefni og Landnámið hefur nú, færist til byggðaráða, þá muni rísa upp ágreiningur milli þeirra annars vegar og sveitarstjórnar og skipulagsstjónar ríkisins hins vegar. Álit okkar, sem stöndum að meirihluta álitinu, er, að þessi ótti sé með öllu ástæðulaus. Byggðaráðin eru skipuð heimamönnum, og það er engin ástæða til að ætla, að fremur komi upp ágreiningur um þessi skipulagsmál, þó að þau geri till. um þau, fremur en reynslan sýnir, að verið hefur eins og þetta er nú, þar sem þau eru að verulegu leyti í höndum Landnáms ríkisins. Í þessari röksemdafærslu út af fyrir sig er því ekki samræmi hjá minni hl. n. En þá ber þess að gæta, að í frv. var gert ráð fyrir því, að byggðaráðin hefðu minna vald í þessu efni eftirleiðis heldur en Landnámið hefur haft og hefur nú, — minna vald. Byggðaráðin eiga að sönnu samkv. frv. að gera till. til sveitarstjórna, en sveitarstjórnir hafa valdið. Nú hefur meiri hl. n., eins og ég gerði grein fyrir í fyrri ræðu minni, þó viljað líta á þetta sjónarmið og ber fram till. um, að nokkuð sé dregið úr því, sem fyrirhugað var um afskipti byggðaráðs af skipulagsmálum, og það verði þá þeim mun ótvíræðara, að þetta verkefni sé fyrst og fremst í höndum sveitarstjórna.

Þá kem ég að þriðja efnisatriðinu, sem ég ætlaði stuttlega að gera að umræðuefni. Eitt af rökum minni hl. eru þau, að byggðaráðin, sem stofna á í hverri sýslu, séu óþörf. Ég hef áður bent á, að n. verður ekki fjölgað með því að koma byggðaráðum á fót, því að landnámsnefndir, sem nú starfa í hverri sýslu, verða jafnframt lagðar niður. Hér er aðeins um það að ræða, að verksvið byggðaráðanna verður nokkru víðtækara en landnámsnefnda er. Ég vil enn fremur ítreka það, að byggðaráðin eiga að öllu leyti að vera skipuð heimamönnum, þ. e. a. s. mönnum búsettum í því héraði, þar sem starfssvið þeirra er, og með því á að reyna að sjá fyrir því, að þeir séu kunnugir högum og háttum í héraðinu. Ég tel þessa skipun byggðaráðanna, að það sé n. í hverri sýslu, eðlilegri og hagkvæmari, a. m. k. í sumum landshlutum, heldur en þetta væri lagt í hendur landshlutasamtaka, sem teygja starfsemi sína yfir mjög víðtæk svæði, a. m. k. sums staðar á landinu.

Fjórða atriðið, sem ég ætla aðeins að lokum að minnast á, er sú skoðun, sem fram kemur hjá minni hl., að tekjur Jarðasjóðs verði of litlar samkv. ákvæðum frv. Ég er sammála því sjónarmiði og við í meiri hl., að Jarðasjóður þurfi út af fyrir sig að hafa svo miklar árlegar tekjur, að hann geti með góðu móti gegnt því hlutverki, sem honum er ætlað samkv. frv., og það er raunar stefnan, sem mörkuð er í frv., því að þar segir berum orðum:

„Jarðasjóði skal ætlað það fjármagn á fjárlögum, að hann geti sinnt hlutverki sínu samkvæmt lögum þessum."

Þetta er meginstefnan, sem mörkuð er í frv. og við hljótum að vera sammála um. En tekjustofnarnir, sem Jarðasjóður á að fá, eru í fyrsta lagi andvirði seldra ríkisjarða, það á að renna í Jarðasjóð, og í öðru lagi árlegt framlag á fjárl., sem að lágmarki er ákveðið í frv. 12 millj. kr. Ég legg áherslu á þetta: að lágmarki. Það lokar ekki þeirri leið, að strax við setningu næstu fjárl. verði veitt meira fé í þessu skyni. Ef hv. Alþ. metur það þá svo, að þess sé þörf. Það er rétt, að það komu fram ábendingar um, að þessi lágmarksfjárhæð ætti að vera ákveðin nokkru hærri. Er mikið álitamál, hvort það á nákvæmlega að setja þarna 12 millj. eða 15 millj. eða einhverja aðra tölu. En ég held, að það sé ástæðulaust að hindra framgang þessa frv. út af þessu. Reynslan hlýtur að leiða það í ljós, hver fjárþörfin verður, og þá hefur Alþ. það í hendi sér, m. a. við setningu fjárl., án breytinga á þessu frv., ef að lögum verður, að bæta þar úr.

Ég gerði grein fyrir eða skýrði efni brtt. þeirra, sem meiri hl. flytur, í fyrri ræðu minni og vil ekki eyða tíma í að endurtaka það og læt svo máli mínu lokið, nema sérstök ástæða gefist til þess að segja fleiri orð um málið, en vildi fyrir mitt leyti leggja áherslu á, að hæstv. forseti láti þetta mál ná afgreiðslu nú eftir 2. umr., helst á þessum fundi.

Helgi F. Seljan: Herra forseti. Hér er, eins og frsm. meiri og minni hl. landbn. hafa drepið ítarlega á, um mikið og víðtækt mál að ræða. Frsm. hafa þegar rakið frv. svo ítarlega og þá sérstaklega frsm. meiri hl. n., en þar stend ég ásamt honum að nál., að ég hef í raun og veru

litlu við það að bæta. Ég vil aðeins taka það fram, að þegar þetta mál kom til 1. umr., fagnaði ég megintilgangi þessa frv. Það má segja, að e. t. v. séu öll atriði þessa frv., nákvæmlega öll, ekki eftir mínu höfði. Ég benti þá t. d. á kaflann um óðalsjarðirnar sérstaklega, sem væri mér nokkur þyrnir í auga og er það reyndar enn, þótt ég sjái ekki ástæðu til þess að leggja til, að sá kafli verði niður felldur. Ég tel hann óþarfan engu að síður og sé ekki út af fyrir sig neina ástæðu til þess, að hann sé þarna. En á það virðist vera lögð býsna mikil áhersla, m. a. af þeim bændum, sem ég hef sent þetta frv. til umsagnar, og því vil ég ekki gera þetta atriði út af fyrir sig að neinu ágreiningsefni.

Ég vil taka það fram, eins og reyndar kemur fram í okkar nál., meiri hl., og eins kom fram hjá frsm., að einstakir nm. hafa áskilið sér rétt til þess að flytja eða fylgja frekari brtt. en þarna eru gerðar. Þar á ég sérstaklega við till. hv. þm. Ragnars Arnalds, sem ég lýsti yfir fylgi við við 1. umr. og vonast til, að hv. þd. taki til greina og samþykki.

Ég gerði við 1. umr. nokkrar aths. við skipan byggðaráðanna. Ég taldi, að sýslunefndirnar væru of veikar og jafnvel deyjandi einingar í okkar stjórnkerfi. En úr því að þær eru nú enn við lýði og sums staðar auk þess í fullu fjöri og starfa vel, þótt það sé mjög misjafnt eftir sýslufélögum, þá finn ég kannske ekki heppilegri aðila og eðlilegri til þess að tilnefna mann í þessi ráð. Ég held sem sagt, að það sé hæpið að veita landshlutasamtökunum þennan rétt, vegna þess hve þau ná yfir stórt svæði, og það væri þá aðeins spurning um hvert einstakt sveitarfélag og þá kannske sérstaklega í hverju einstöku máli, sem snerti það út af fyrir sig, að byggðaráðin kölluðu til fulltrúa frá þeim sérstaklega. En það væri mjög erfitt í framkvæmd og þungt. Því held ég, að þrátt fyrir það, að ég hafi ekki verið sérlega hrifinn af þessu, m. a. með tilliti til vissrar reynslu af minni eigin sýslunefnd, þá mun ég fella mig við það, að sýslunefnd tilnefni mann í þetta byggðaráð.

Hér hafa verið raktar margar umsagnir um þetta frv. Ég var að vísu fjarverandi meginafgreiðslu málsins í n. og kynnti mér þessar umsagnir aðeins lítillega. Það er rétt, eins og hér hefur komið fram, að þessar umsagnir hafa verið mjög misjafnar og um sumar vil ég segja, einkennilega misjafnar, sérstaklega hvað snertir umsagnir landshlutasamtakanna. Það er ekkert undarlegt við það, að skoðanir séu eitthvað skiptar, en mér finnst álit manna, sérstaklega í þessum stofnunum, fara hér undarlega á mis vegna þess að þarna hefði mátt vænta þess, að hagsmunir væru líkir og sjónarmið þá nokkuð svipuð vegna þess. Eins verð ég að segja það, að það hefur komið mér nokkuð á óvart eftir þá eindregnu afstöðu, sem Búnaðarþing tók í málinu, að einstök félagasamtök bænda, landeigenda og annarra slíkra jafnvel hafa verið að koma með sterk og mikil mótmæli gegn þessu frv. Þetta er ósamræmi, sem mér gengur nokkuð illa að koma heim og saman, vegna þess að ég hef alltaf skilið það svo, að bændur almennt væru þessu frv. mjög samþykkir og um það væri mjög lítill ágreiningur og sá ágreiningur hefði þá átt að koma fram t. d. mjög glögglega og skýrt á Búnaðarþingi, en það mun hann ekki hafa gert.

Það má kannske dæma það út frá þessu, að Búnaðarþing sem slíkt gefi kannske ekki alveg fullkomna mynd af skoðunum bændastéttarinnar í landinu, og það er þá líka kannske til athugunar og umhugsunar, hvort skipan Búnaðarþingsins, sem er, að mér skilst, með einum fulltrúa eða svo frá flestum búnaðarsamböndunum, sé kannske of þröng. Það kann vel að vera. En samt dettur mér einna helst í hug í sambandi við þetta, að hér sé verið á eftir að blása upp einhverja jafnvel ímyndaða andstöðu við þetta frv., því að svo sterk orð eru nú höfð um ýmis atriði þess af einstökum talsmönnum bænda, að ég eiginlega furða mig á því.

Hér hefur verið nokkuð rætt um það, hvað þetta frv. til jarðalaga fer inn á hlutverk Landnáms ríkisins, og ég verð auðvitað að játa það út af fyrir sig, að það kann að vera rétt, að það sé óheppilegt að tengja ekki slík frv. um hliðstæð efni nokkuð saman, því að nú er búið að leggja fram í Nd. frv. einmitt til l. um Stofnlánadeild landbúnaðarins, landnám og hvað sem það nú heitir. Kann að vera, að það sé að sumu leyti erfiðara að átta sig á þessu, þegar frv. eru lögð svona fram sitt í hvorri d. og jafnvel ekki á sama tíma, og það er kannske rétt, að það mál ætti að athuga eitthvað með tilliti til þess frv., sem nú er komið fram einmitt í Nd. varðandi Landnám ríkisins. Það kann vel að vera. En ég sé nú ekki samt sem áður beina ástæðu til þess að óska sérstaklega eftir því hér, því að ég hef talið þá skipan mála, sem lögð er til í þessu frv. og snertir Landnám ríkisins, vera nokkuð sjálfsagða og eðlilega.

Ég skal ekki hafa um þetta miklu fleiri orð. Ég vildi aðeins undirstrika það hér, að ég stend með megintilgangi þessa frv. Ég hef kannske ekki fengið allar þær breytingar fram við frv., sem ég hefði viljað fá, eða fengið þær nákvæmlega eins og ég vildi hafa, en ég tel, að þær breytingar, sem við í meiri hl. höfum gert við frv., séu allar til bóta og muni gefa frv., ef að lögum verður, aukið gildi.

Ég vil aðeins ljúka þessu með því að segja frá því, sem reyndar er eins og hver annar sjálfsagður hlutur, að ég hef sent þetta frv. víða til umsagnar greinargóðra bænda. Ég tek sem sagt fullt eins mikið mark á hinum óbreytta bónda hingað og þangað um landið eins og á sjálfum forustumönnunum. Allir þessir bændur, sem ég sendi þetta frv. til, — og þeir voru margir, — og hafa tjáð sig um það, hafa verið á einu máli. Þeir hafa allir verið á því máli, að þetta frv. ætti að ná fram að ganga og þyrfti að ná fram að ganga. Frá þeim hefur engin neikvæð rödd komið beinlínis gagnvart frv. sjálfu, þótt þeir hafi gert ýmsar aths. við sumt, sem betur mætti fara, og sumt, sem hefði verið lagfært.

Ég vildi aðeins bæta við, að það, sem ég vildi helst segja um höfuðnauðsyn og kosti þessa frv., kemur fram í umsögn bónda eins á Austurlandi, aldins bónda þar, sem hefur verið mjög ötull og duglegur bóndi og jafnframt allstífur á rétti bænda einnig. Ég vil leyfa mér að taka hér að

lokum örstuttan kafla úr hans umsögn um jarðalögin, með leyfi hæstv. forseta:

„Það frv.“, þ. e. a. s. jarðalögin, „tel ég stórum mikilvægara og hef því undirstrikað 1. gr. þeirra sérstaklega. Takist að ná þeim tilgangi með ótvíræðri lagasetningu, er stórt og afdrifaríkt skref stigið til verndar tilveru og hagsæld búnaðar og landsbyggð. Það er lífsnauðsyn þjóðarinnar að útiloka peningavaldið og braskarana frá ítökum í landinu. Í öllum greinum er það höfuðbölvaldurinn, en hvergi þó eins háskalegur. Mér sýnist, ef þetta frv. nær lögfestu, að verulegar skorður séu við því reistar, ef þeir, sem á verðinum eiga að vaka, bregðist ekki.“

Þetta geta verið mín orð einnig.

Frsm. minni hl. (Steinþór Gestsson): Herra forseti. Í raun og veru sé ég ekki, að ég þurfi að kveðja mér hljóðs að nýju. Ég hygg, að þeir, sem hér hafa talað á undan mér og haft aths. fram að færa í sambnadi við mitt mál, fengju best svörin með því að lesa aftur þá ræðu, sem ég flutti hér við þessa umr. En fyrst það dugir ekki, verð ég að fara um þetta nokkrum orðum.

Hv. frsm. meiri hl., Páll Þorsteinsson, hafði orð á því í upphafi sinnar ræðu, að fyrst um nauðsynlegt mál var að ræða í þessu frv., þá hefði mátt ætla, að samstaða hefði getað náðst um frv. Ég veit ekki, hvernig hlustað hefur verið á mál mitt eða hvernig nál. okkar í minni hl. hefur verið lesið, ef það kemur ekki greinilega fram í því, að við teljum, að tilgangur þessa frv. sé sá, sem beri að keppa að. Að hluta til get ég tekið undir þau ummæli, sem síðasti hv. ræðumaður, Helgi Seljan, hafði hér yfir eftir öldnum bónda á Austurlandi. Hann sagðist sjálfur fagna megintilgangi frv., og þetta erum við allir að tala um og ber ekki á milli um það. En okkur ber aftur á móti mjög á milli um það, hvernig á að ná þessu marki. Og ég hefði getað lýst hér umsögnum miklu fleiri en ég lýsti í minni ræðu. Ég hefði alveg eins og frsm. meiri hl. getað líka tekið upp ummæli þeirra, sem skilyrðislaust vilja fá þetta jarðalagafrv. lögfest, vegna þess að það stefnir að ákveðnu marki. En þeir geta ekkert um það, þessir menn, sem eru jákvæðir gagnvart þessu frv., hvort það séu líkindi til þess, að þetta lagafrv. nái þeim tilgangi, sem því er ætlað að ná.

Ég vísa því algerlega á bug, að okkur í minni hl. hafi sést yfir meginatriði þessa máls, það er svo fjarri því. Við getum í minni hl. nákvæmlega á sama hátt og Búnaðarsamband Skagfirðinga lýst yfir fylgi við stefnu frv., þó að við höfum fram að færa till. um breytingar við það, alveg eins og Búnaðarsamband Skagfirðinga hefur með sinni umsögn. Og það er ekki rétt að leggja fyrst og fremst áherslu á það, eins og áðan var gert af hv. 3. þm. Austf., Páli Þorsteinssyni, að Skagfirðingar lýstu yfir eindregnum stuðningi við frv. og vildu, að það yrði lögfest á því þingi, sem nú situr. Þetta er rétt. En þeir vildu það því aðeins að þeir kæmu fram þeim till. til breyt., sem þeir geta um í sinni umsögn. Það er þetta, sem er aðalatriði, og ég veit, að bæði hv. þm. Páll Þorsteinsson og aðrir þeir þdm., sem hér eru inni, vita það, að þannig verður ekki unnið að farsælli lagasmíð að einblína aðeins á það, hvert verði lokatakmarkið, og ætla að asast yfir málið án þess að kryfja það til mergjar. En ég vil samt fara örfáum orðum að nýju um það, sem ég tel, að sé aðalatriði í þessum efnum.

Ég tel, að því aðalatriði, sem frv. er ætlað að ná, megi best ná í gegnum skipulag. Það er fjarri því, að þeir, sem sömdu þetta frv. til jarðalaga, hafi með þeim ákvæðum, sem þeir hafa sett í frv. um skipulagsmál, náð því, að þau geti orðið virk. Það nægir í því sambandi að minna á það, sem skipulagsstjóri segir um þetta efni í sinni umsögn, sem ég lýsti hér í ræðu minni fyrr, þar sem hann bendir á það sérstaklega, að verði jarðalagafrv. lögfest í því formi, sem það er nú, þá sé ekki annað fyrirsjáanlegt en það rekist í ýmsu falli á við þau skipulagslög, sem í gildi eru, og ef þau gera það, þá eru þau ákvæði um skipulagsmál í þessu frv. lítils virði miðað við það, sem þau annars þyrftu að vera til þess að ná tilgangi sínum. Ég vil minna á það, sem skipulagsstjóri segir hér í sinni umsögn:

„Á það skal bent, að nú þegar eru ýmis sveitarfélög, bæði hrein strjálbýlissveitarfélög og sveitarfélög, sem eru að langmestu leyti sjálf strjálbýl, að eigin ósk orðin skipulagsskyld. Samkv. 1. mgr. 4. gr. virðist svo sem skipulagsskylda ýmissa sveitarfélaga samkv. skipulagsl. nr. 19 1964 félli niður, ef sú gr. yrði samþ. óbreytt. Svo virðist sem úrskurðarvald landbrh. um, hvað sé þéttbýlissvæði, sbr. 2. mgr. 4. gr., geti rekist á 4. mgr. 4. gr. skipulagslaga, en samkv. þeirri gr. úrskurðar félmrh. um skipulagsskyldu. Að auki er vandséð, hvernig þéttbýlissvæðin verða skilgreind. Slíkur vandi gæti t. d. risið í einhverjum eftirtalinna sveitarfélaga, sem nú eru skipulagsskyld“ — þar sem hann taldi upp 20 sveitarfélög, sem svo stóð á um.

Mér þykir rétt í þessu sambandi að segja nokkur orð vegna ummæla hv. 3. þm. Austf. áðan um skipulagsskyldu ýmissa sveitarhreppa. Hann lýsti hér auglýsingu um skipulag í Nesjahreppi, sem var um það, að hreppurinn er auglýstur skipulagsskyldur að undanskildum nauðsynlegum byggingum á bændabýlum. Ég veit, að víða er á sama hátt búið um hnúta um skipulag sveitahreppa eða strjálbýlishreppa. En það raskar þó ekki því, sem ég lagði áherslu á í ræðu minni fyrr við þessa umr., að þótt skipulagsskyldan nái ekki til nauðsynlegra bygginga á bændabýlum, þá er hún eigi að síður sá hemill á öðrum framkvæmdum innan sveitarfélagsins, að það mundi verða nægilegt gagn að þeim fyrirmælum. Ég benti á það í ræðu minni hér, hvernig fór um jörð austur í Árnessýslu, þar sem umráðamenn jarðarinnar hugðust jafnvel ráðstafa undir sumarbústaði nokkrum hluta lands. Þá tók sveitarstjórnin til sinna ráða, vegna þess að hreppurinn þar var orðinn skipulagsskyldur, og synjaði um leyfi til þessara hluta. Og ég hygg, að það sé einmitt það, sem gera þarf til þess að minnka spennuna, hina óeðlilegu spennu í verði bújarða. Hitt verður aldrei talið, að hafi neina meginþýðingu, hvort meira eða minna er byggt af nauðsynlegum byggingum á bændabýlum, svo að ég tel, að sú röksemd, sem átti

að ganga gegn þessari skoðun minni og hv. þm. benti hér á áðan, hafi algerlega misst marks.

Það hefur verið bent á það hér af þeim, sem að meirihlutaálitinu standa, að samstaða bænda um þetta jarðalagafrv. virtist vera mjög mikil, og er þá tíðast bent á það, að næstsíðasta Búnaðarþing fjallaði um frv. og tók þá afstöðu til málsins, að það samþykkti frv. með brtt., sem það lét fylgja umsögn sinni til rn. Eftir því sem ég kemst næst, hefur rn. fellt flestar þessar brtt. inn í frv. nú, að undanskilinni þó einni, *sem er veigamikil till. og lítið hefur verið rætt* um hér, en bændasamtökin og búnaðarsamböndin sum hafa lagt töluvert ríka áherslu á í sínum umsögnum um málið, og það er, að Jarðasjóður hafi sérstaka stjórn. Ég verð að segja það, að mér sýnist það hafa verulega þýðingu fyrir sveitarfélögin varðandi ráðstöfun bújarða í sveitum, að þeir, sem það mál skiptir verulega, hafi hönd í bagga um stjórn sjóðsins, og þess vegna hefði verið eðlilegt að fara eftir þessum till. bændasamtakanna. Ég er ekki að segja, að það hafi verið nauðsynlegt að fela Búnaðarfélaginu að kjósa einn mann og Stéttarsambandinu annan eða fara eftir þessum venjulegu leiðum, eins og lagt er til. Það hefði mátt skoða fleiri leiðir í þessu efni. En sú leið, sem mér sýnist, að hefði legið næst að fara, var sú að fella Jarðasjóðinn undir Stofnlánadeild landbúnaðarins, því að þar hafa bændur sína kjörnu fulltrúa, eins og lögum er nú háttað. Bændur munu trúa sínum fulltrúum best til þess að fjalla um málefni þessara *fjárfestingarsjóða landbúnaðarins*.

Það eru ýmis fleiri atriði, sem á sama hátt hefði mátt taka betur til athugunar en gert hefur verið, og það, sem við í minni hl. leggjum áherslu á í okkar nál., er, að málið sé svo stórt, málið sé svo viðamikið og málið sé svo þýðingarmikið, að það sé ekki rétt að hraða því í gegnum þingið, þegar fram hafa komið jafnveigamiklar ábendingar um breytingar og raun ber vitni, þegar farið er yfir umsagnirnar, sem hér hafa verið raktar.

Ég vil að lokum aðeins benda á það, að þrátt fyrir það að talsmenn frv. telji, að byggðaráðin séu færust um að hafa á því vald, hvernig fer um verðlagsþróun jarða og hvernig fer um nýtingu þeirra, þá hafa þær ræður ekki sannfært mig um, að svo sé. Ég er sannfærður um, að það er haldbetra að ganga þannig frá skipulagsmálunum í strjálbýlinu og ákvæðum um ábúð á jörðum, að það væri skylt að halda jörðum í ábúð með hæfilegum leigukjörum og nauðsynlegu frjálsræði ábúenda til framkvæmda á þeim. *Og ég held, að þessu hefði mátt ná með því að* fella þetta allt undir skipulag. Vegna þeirrar skoðunar okkar í minni hl. leggjum við til, að frv. sé endurskoðað í samstarfi við Samband ísl. sveitarfélaga, Landnám ríkisins og skipulagsstjórn ríkisins.

Ég tel ekki ástæðu til að fara mörgum fleiri orðum um þetta frv. En ég vil þó segja það að lokum, að ef það skyldi nú koma á daginn, að álíka haldgóðar væru þær tillögur, sem meiri hl. stendur hér að við þetta jarðalagafrv., eins og sú till., sem síðust er á tillögulistanum, þar sem lagt er til, að Landnám ríkisins starfi áfram, án þess að það hafi í raun og veru nokkur verkefni, og svo ætla hinir sömu menn að stuðla að því í gegnum annað lagafrv., að Landnám ríkisins verði fellt út, þá munu þessi vinnubrögð ekki verða til þess að sannfæra okkur, sem erum andvígir frv., eins og það liggur fyrir, um að breytingarnar séu til bóta. Þeim hinum sömu mönnum hefur áreiðanlega mistekist að ganga þannig frá till. sínum, að þær kippi þessu frv. til betri vegar.

ATKVGR.

Till. á þskj. 437 um að vísa frv. til ríkisstj. felld með 11:9 atkv.

1. gr. samþ. með 11:7 atkv.
2.—3. gr. samþ. með 11 shlj. atkv.
Brtt. 411, 1 samþ. með 11 shlj. atkv.
4. gr., svo breytt, samþ. með 11 shlj. atkv.
5. gr. samþ. með 11 shlj. atkv.
Brtt. 411, 2 samþ. með 11 shlj. atkv.
6. gr., svo breytt, samþ. með 11 shlj. atkv.
7.—9. gr. samþ. með 11 shlj. atkv.
Brtt. 411, 3 samþ. með 11 shlj. atkv.
10. gr., svo breytt, samþ. með 11 shlj. atkv.
11.—12. gr. samþ. með 11 shlj. atkv.
Brtt. 411, 4 (ný 13. gr.) samþ. með 11 shlj. atkv.
Brtt. 411, 5 (ný 14. gr.) samþ. með 11 shlj. atkv.
Brtt. 411, 6 (ný 15. gr.) samþ. með 11 shlj. atkv.
Brtt. 411, 7 samþ. með 11 shlj. atkv.
16. gr., svo breytt, samþ. með 11 shlj. atkv.
17.—21. gr. samþ. með 11 shlj. atkv.
Brtt. 411, 8 (ný 22. gr.) samþ. með 11 shlj. atkv.
22. gr., svo breytt, samþ. með 11 shlj. atkv.
Brtt. 411, 9 samþ. með 11 shlj. atkv.
23. gr., svo breytt, samþ. með 11 shlj. atkv.
Brtt. 411, 10 samþ. með 11 shlj. atkv.
24. gr. svo breytt, samþ. með 11 shlj. atkv.
25.—26. gr. samþ. með 11 shlj. atkv.
Brtt. 105 tekin aftur til 3. umr.
Brtt. 411, 11 (ný 27. gr.) samþ. með 11 shlj. atkv.
28. gr. samþ. með 11 shlj. atkv.
29.—30. gr. samþ. með 11 shlj. atkv.
Brtt. 411, 12 samþ. með 11 shlj. atkv.
31. gr., svo breytt, samþ. með 11 shlj. atkv.
32.—34. gr. samþ. með 11 shlj. atkv.
Brtt. 411, 13 samþ. með 11 shlj. atkv.
35. gr., svo breytt, samþ. með 11 shlj. atkv.
36. gr. samþ. með 11 shlj. atkv.
Brtt. 411, 14 samþ. með 11 shlj. atkv.
37. gr., svo breytt, samþ. með 11 shlj. atkv.
Brtt. 411, 15 samþ. með 11 shlj. atkv.
38. gr., svo breytt, samþ. með 11 shlj. atkv.
39.—40. gr. samþ. með 11 shlj. atkv.
41.—62. gr. samþ. með 11 shlj. atkv.
Brtt. 411, 16 samþ. með 11 shlj. atkv.
63. gr., svo breytt, samþ. með 11 shlj. atkv.
Brtt. 411, 17 samþ. með 11 shlj. atkv.
64. gr., svo breytt, samþ. með 11 shlj. atkv.
Brtt. 411, 18 samþ. með 11 shlj. atkv.
65. gr., svo breytt, samþ. með 11 shlj. atkv.

Fyrirsögn frv. og fyrirsagnir kafla þess samþ. án atkvgr.

Frv. vísað til 3. umr. með 11:4 atkv.

Kosningar til Alþingis, frv. (þskj. 353). — 3. umr.

Frsm. (Björn Fr. Björnsson): Herra forseti. Samkv. tilmælum hæstv. utanrrh. fyrr í umr.

um þetta mál hefur allshn. tekið til athugunar á fundi sínum í gær þær ábendingar, sem utanrrn. hefur að gera varðandi utankjörfundaratkvgr. hjá kjörræðismönnum. Ábendingarnar eru þess eðlis í stórum dráttum að víkja að nokkru frá þeim almennu reglum, sem gilda og hafa gilt um nokkuð langan tíma að því er varðar kjörstjóra, tryggingu með vitundarvottum, og enda nokkru fleiru. Þessar ábendingar höfum við lítillega íhugað og höfum komist að þeirri niðurstöðu, að með ákvæði frv., sem fjalla um utankjörfundaratkvgr., verði náð því nauðsynlega öryggi, sem lengi hefur verið talið, að þyrfti að ríkja í þessu efni. Og það verður að segja eins og er, að íslensk löggjöf um utankjörfundarkjör hefur jafnan verið mjög á varðbergi um, að slíkt kjör færi fram með sem tryggustum hætti. Frjálsleg meðferð um utankjörfundarkjör, ef að henni er stefnt, þarf mjög athugunar og grandskoðunar við og ætið vandséð, hversu langt á að ganga í þá stefnu.

Samkv. frv. er gert ráð fyrir því, að utanrrn. hafi með framkvæmd að gera að því er varðar þetta sérstaka efni, þ. e. a. s. utankjörfundarkjör hjá kjörræðismönnum, sem ekki mæla á íslenska tungu eða skilja ekki íslenskt mál. Og við teljum í allshn., að utanrrn. sé mjög vel ætlandi að halda þannig á, að því er varðar framkvæmd í þessu efni, og sjálfsagt mun við nokkra byrjunarörðugleika að etja, að sjá svo um, að það verði mun færri íslenskir kjósendur erlendis, sem koma því ekki við að geta greitt atkv. við kosningar, ef þetta frv. nær fram að ganga.

Hins vegar þykir okkur miður, ef hæstv. utanrrh. legði mikið kapp á að koma fram breytingum við frv. í þá stefnu, sem hann gat um. En ég geri ráð fyrir því og vænti þess, að svo mikill ágreiningur ríki ekki í þessu efni, að hæstv. ráðh. geti ekki fallist á þessa skoðun okkar í allshn., og þannig verði þá séð, hvernig fer um framkvæmdina. Það má vel vera, að það komi fram, að ýmsir örðugleikar verði á leiðinni, og við þá reynslu má þá styðjast og koma þá fram á sínum tíma nauðsynlegum breytingum.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 16 shlj. atkv. og afgr. til Nd.

Neðri deild, 81. fundur.

Miðvikudaginn 13. mars, kl. 2 miðdegis.

Skattkerfisbreyting, frv. (þskj. 449, n. 476, 478 og 480, 479, 481, 484, 486). — 2. umr.

Of skammt var liðið frá útbýtingu nál. og brtt. — Afbrigði samþ. með 25 shlj. atkv.

Frsm. meiri hl. (Þórarinn Þórarinsson): Herra forseti. Eins og kemur fram í nál. meiri hl., leggur hann til, að frv. verði samþykkt að viðbættum þeim brtt., sem form. n. flytur á sérstöku þskj. og hann mun gera nánari grein fyrir hér á eftir.

Eins og rakið er í nál., er þetta frv. byggt á samkomulagi, sem gert var á milli ríkisstj. og verkalýðssamtakanna í sambandi við nýgerða kjarasamninga. Samkv. samkomulaginu skal tekjuskattur, sem lagður er á einstaklinga, lækka mjög verulega, en í staðinn kemur 5% söluskattur, sem kemur ekki inn í vísitöluna. Þá var samið um sérstakar bætur til handa þeim, sem ekki njóta neins hagnaðar af tekjuskattslækkuninni og yrðu ella að taka á sig söluskattshækkunina óbætta.

Eins og kom fram hér við 1. umr. frv., hafa staðið allmiklar deilur um það, hvort nemi hærri upphæð, tekjuskattslækkunin, sem frv. felur í sér, og þau aukaútgjöld ríkissjóðs, sem henni fylgja, annars vegar og svo söluskattshækkunin hins vegar. Þegar þetta samkomulag var gert milli ríkisstj. og verkalýðssamtakanna, var áætlun fjárl. lögð til grundvallar um þetta atriði. Skv. fjárl. er gert ráð fyrir, að álagður tekjuskattur á einstaklinga á árinu 1974 verði um 6.4 milljarðar. Reiknað var með, að skv. þeirri lækkun á tekjuskatinum, sem samið var um, mundi álagður tekjuskattur ekki verða nema 3.7 milljarðar kr., Þannig að skv. þessum útreikningum átti tekjuskattslækkunin að nema 2.7 milljörðum kr.

Síðan þetta samkomulag var gert, hefur farið fram endurmat á tekjuskattinum með tilliti til nýrra upplýsinga, því að nú liggja fyrir tekjuframtöl, og útdrættir úr tekjuframtölum leiða í ljós, að tekjurnar á síðasta ári hafa orðið nokkru hærri en áætlað er í fjárlögum. Skv. nýjustu áætlunum embættismanna, sem nú liggja fyrir, er gert ráð fyrir, að álagður tekjuskattur á þessu ári nemi 7 milljörðum kr. skv. gildandi skattalögum, en muni verða 4.1 milljarður kr. skv. skattalagabreytingunni, þannig að skv. þessu mun lækkunin verða 2.9 milljarðar kr. eða 200 millj. kr. meiri en áætlað var, þegar samkomulagið var gert milli ríkisstj. og verkalýðssamtakanna.

Skv. þessum upplýsingum, sem ég minntist nú á, þessum nýju áætlunum, nemur tap ríkissjóðs á tekjuskattslækkuninni 2.9 millj. kr. Við þetta bætist svo, að ríkið verður að taka á sig aukaútgjöld vegna hins svonefnda skattafsláttar. Það er greiðsla til þeirra, sem ekki greiða nú tekjuskatt og njóta því ekki neins hagnaðar af tekjuskattslækkuninni. Er áætlað, að þessar greiðslur nemi um 550 millj. kr. Og loks er reiknað með því, að útgjöld ríkisins aukist vegna söluskattshækkunarinnar um 100 millj. kr., þannig að samanlegat verði tekjutap ríkisins og útgjaldaaukning vegna þessara ráðstafana um 3.6 milljarðar kr.

Þetta, sem ég nú hef greint, er byggt á útreikningum sérfræðinga, sem eiga að vera alveg hlutlausir um þessi mál.

Þá er að reikna það, sem fæst við söluskattshækkunina. Nú áætla sérfræðingar, að eitt söluskattsstig muni nema um 800 millj. kr. á ársgrundvelli. En nú er þess að gæta, að meira en 2 mánuðir eru liðnir af árinu, og þeir áætla, að eitt söluskattsstig nemi á 10 mánaða tímabili um 680 millj. kr. Skv. því mundu þær tekjur, sem ríkið fengi af 5% söluskattshækkuninni á þessu ári, nema um 3.4 milljöðrum kr., þannig að það vantar nokkra upphæð upp á, að þessi hækkun bæti það tekjutap og þá útgjaldaaukn-

ingu, sem ríkissjóður verður fyrir vegna skattlagabreytingarinnar. Þess ber einnig að gæta, að í þeirri söluskattsáætlun, sem ég nefndi hér áðan, er miðað við greiðslur í 10 mánuði, en nú er þegar liðinn hálfur marsmánuður eða verður liðinn, áður en þetta frv. verður samþykkt, ef að lögum verður, þannig að þessi upphæð verður nokkru lægri en ég hér greindi.

Það er þess vegna alveg ljóst skv. þeim nýjustu upplýsingum, sem fyrir liggja um þessi mál, að ríkið hagnast ekki á þessari skattlagabreytingu á þessu ári, heldur verður frekar halli á henni. Hins vegar er rétt að geta þess, ef miðað er við ársgrundvöll, þannig að þessi söluskattshækkun yrði innheimt allt árið, að þá mundi koma fram nokkur hagnaður, því að eins og ég áðan sagði, þá er reiknað með, að söluskattsstigið gefi 800 millj. kr. á ársgrundvelli og 5 stiga hækkun mundi þá gefa um 4 milljarða eða nokkru meira en útgjaldaaukning ríkisins nemur á þessu ári. En það er líka tekið skýrt fram í samkomulaginu, sem gert var milli ríkisstj. og verkalýðssamtakanna, að þessi mál skuli tekin til nýrrar athugunar við næstu áramót, við fjárlagagerðina þá, og þá skuli tekið tillit til þess, hvort ríkissjóður hagnast á þessari breytingu eða ekki. Og þá verður gert annaðhvort að auka skattafrádráttinn ellegar þá að taka eitthvað af þessum söluskatti inn í kauplagsvísitöluna.

Því hefur verið haldið fram af ýmsum, að ríkið þyrfti ekki á þessum 5% söluskatti að halda sökum þess, að verðbólgan gerði það að verkum, að þeir tekjustofnar, sem ríkissjóður styðst við nú, muni gefa meira af sér en nemur þeirri útgjaldaukningu, sem hlýst af verðbólgunni. Í tilefni af þessu er rétt að geta þess, að vegna óska frá okkur, sem erum í fjhn., hafa embættismenn gert lauslegar áætlanir um það, hvaða áhrif verðbólgan sé líkleg til að hafa á fjárlögin á þessu ári. Niðurstaða þeirra er í stuttu máli sú, — og þá er miðað við þá skattlagabreytingu, sem hér liggur fyrir, — að útgjöldin muni aukast um 3.7 milljarða, en tekjurnar muni aukast um 3.1 milljarð, þannig að breyt. ríkissjóði í óhag frá því, sem er í fjárl., nemur um 600 millj. kr. Sjá allir á þessum útreikningum, sem hlutlausir embættismenn ríkisins hafa gert, að ríkissjóður kemur ekki til með að græða á verðbólgunni, og þess vegna verður ekkert aflögu þar til að mæta tekjuskattslækkuninni.

Mér finnst rétt að víkja að því í nokkrum orðum, vegna hvers meiri hl. hefur ekki getað fallist á þær till., sem liggja hér fyrir frá minni hl., en minni hl. er tvískiptur, þannig að fulltrúi Alþfl. er sér og fulltrúar Sjálfstfl. sér.

Eins og ég hef rakið, vegur 5% söluskattshækkun ekki á móti þeirri tekjuskattslækkun, því tekjutapi og þeirri útgjaldahækkun, sem ríkissjóður verður fyrir, heldur verður frekar nokkur halli. En í till. minni hl., er gert ráð fyrir verulegri lækkun á þeirri tekjuöflun, sem ríkið á að fá til að vega á móti tekjuskattslækkuninni.

Kem ég þá fyrst að till. Alþfl. Fulltrúi Alþfl. leggur til, að tekjuskattslækkunin verði sú hin sama og gert er ráð fyrir í frv., og hann gerir einnig ráð fyrir því, að skattafrádrátturinn verði sá sami og gert er ráð fyrir í frv. Skv. þessu mundi tekjutap ríkisins og útgjaldaaukning verða nákvæmlega sú sama skv. till. hans og skv. till. ríkisstj. og verkalýðssamtakanna, þ. e. að tekjutap og útgjaldahækkun ríkisins mundu nema 3.6 milljörðum kr. á þessu ári. Það, sem fulltrúi Alþfl. leggur svo til að komi á móti þessu, er hækkun söluskatts um 3½% Sú hækkun mundi gefa af sér á 10 mánuðum ársins um 2.4 milljarða, þannig að tap ríkisins á þessum viðskiptum mundi nema 1.2 milljörðum kr. Sennilega mundi verða einhver örlítil lækkun á þeim útgjöldum, sem ríkið verður fyrir vegna söluskattshækkunarinnar, þar sem hún verður ekki nema 3½% í staðinn fyrir 5%, en það verður ekki sem neinu verulegu nemur. En sem sagt, skv. þessum till. Alþfl. mundi verða halli hjá ríkissjóði, sem nemur 1.2 milljörðum kr. — Þetta er að sjálfsögðu ástæðan til þess, að meiri hl. taldi útilokað að fallast á þessa till., þar sem stefnt var beinlínis að verulegum halla hjá ríkissjóði með því að fallast á þessa leið.

Ef litið er á till. Sjálfstfl., verður dæmið enn óhagstæðara. Mér er sagt, að þeir reikni með því, að skv. þeirra till. lækki tekjuskatturinn verulega miklu meira en gert er ráð fyrir í frv., en nákvæmir útreikningar á því eru ekki enn fyrir hendi. En til viðbótar gera þeir ekki ráð fyrir nema 2% hækkun á söluskattinum, sem mundi ekki gefa af sér nema 1.4 milljarða kr. á þessu ári, þannig að það er nokkurn veginn augljóst að skv. þeirra till. mundi hallinn á ríkisrekstrinum vegana skattalagabreyt. verða 3—4 milljarðar kr., a. m. k. það. Að vísu segir í þeim till., sem hefur verið útbýtt frá þeim hér í d., að þeir geri ráð fyrir því, að útgjöld ríkisins verði lækkuð með sérstakri heimild til handa ríkisstj. um 1.5 mllljarða kr. En það liggja engar till. fyrir um það, hver þessi útgjaldalækkun eigi að vera. Það er alveg lagt samkv. þeirri till. í hendur ríkisstj. að ákveða það. Ég man ekki eftir, að það hafi verið flutt tillaga á Alþ., sem feli í sér öllu meira traust til ríkisstj. en það, að henni skuli vera gefin heimild til að breyta fjárl. eftir vild. Ég hef ekki mikla trú á því, að það standi mikil alvara á bak við þessa till. Það er meira að segja tekið fram í henni, að ríkisstj. eigi að hafa heimild til þess að lækka fjárlagaútgjöld, sem eru bundin í öðrum lögum. Ég held, að þessi till. sé flutt hreinlega í blekkingaskyni, vegna þess að hv. þm. Sjálfstfl. treysta sér ekki til þess að koma fram með neinar beinar brtt. sjálfir. Af málamyndaástæðum til að geta sagt, að þeir séu með einhverri útgjaldalækkun, leggja þeir þetta af handahófi í vald ríkisstj. að nafninu til. En þeir vita ósköp vel, að inn á slíkar brautir er ekki hægt að ganga. Ef á að lækka útgjöldin, eiga að liggja fyrir beinar og ákveðnar till. um slíkar lækkanir, og þingið á að sjálfsögðu ekki að afsala sér valdi í þeim efnum að ákveða, hvenær lækkanir séu gerðar, heldur á það að ákveða það sjálft, en ekki láta ríkisstj. ákveða það af einhverju handahófi. Þessar till. Sjálfstfl. er því alls ekki hægt að taka alvarlega.

Ég held, að það sjáist glöggt á því, sem ég nú hef rakið, að það er nauðsynlegt fyrir ríkissjóðinn að fá 5% söluskattshækkunina, ef hann á að sleppa hallalaus út úr þessum viðskiptum. Og því frekar er þetta nauðsynlegt, þar sem endurskoðun eða ný spá í sambandi við fjárl.

sýnir, að staða ríkissjóðs hefur heldur versnað en batnað, síðan fjárlögin voru samþ., vegna þeirra hækkana, sem áttu sér stað á þessum tíma. — Ég trúi því heldur ekki, að þetta geti verið endanlegar till. stjórnarandstöðunnar. Stjórnarandstaðan hlýtur að sjá, að þessar till. eru svo fjarri veruleikanum, að hún hlýtur að taka þær til endurskoðunar að nýju.

Ég vil annars, áður en ég lýk máli mínu, lýsa ánægju yfir tveimur málum, sem hafa verið flutt á Alþ. að þessu sinni. Ég held, að ég hafi komið upp í þennan stól í næstum samfleytt 12 ár og prédikað það fyrir þáv. ríkisstj., að beinir skattar væru orðnir allt of háir. Ég man ekki, hve oft ég hef t. d. flutt hér á þinginu frv. um leiðréttingu á skattvísitölunni. Þessi málflutningur minn fékk engar undirtektir þá. Á þeim tíma, þegar veiðreisnarstjórnin fór með völd, var ekki neinn áhugi á lækkun beinna skatta, heldur miklu frekar hið gagnstæða. Ég man t. d. eftir því, að á þeim tíma, — ég held, að það hafi verið á þeim tíma, sem hv. 5. þm. Reykv., form. þingfl. Sjálfstfl., var fjmrh., — að þá voru persónuskattarnir eitt árið svo háir, að sérfræðingar ríkisstj. lögðu til, að skattborgararnir fengju sérstök lán til bráðabirgða til að borga skattana. Þannig var nú ástandið stundum í skattamálunum á þeim tíma. En þrátt fyrir það fékk það engar undirtektir þá að lækka beinu skattana. Og það má minnast þess í þessu sambandi, að á síðasta þinginu, þegar viðreisnarstjórnin fór með völd, voru samþykkt hér lög um breyt. á tekjuskattinum. Þau lög fólu ekki í sér, að það ætti að lækka persónuskattana, þeir voru látnir standa óbreyttir, þrátt fyrir það að fyrir lægi, að skattvísitalan væri fölsuð eða röng. Aðalefni þess frv. var að undanþinggja hlutabréf skatti. Það voru hlutabréfaeigendurnir, sem þá áttu samúð þeirrar ríkisstj., en ekki launamennirnir, sem greiða tekjuskatt. Og svo langt var gengið í þessum efnum af hálfu Sjálfstfl., skv. vitnisburði eins þm. Alþfl., sem hér situr, að Sjálfstfl. hótaði að stöðva tiltölulega litlar leiðréttingar á tryggingabótum, ef hlutabréfaeigendurnir fengju ekki þetta skattfrelsi fram. En það var ekki verið að setja slíkt skilyrði þá í sambandi við tekjuskattinn, sem lagður er á einstaklinga. Því miður, þó að ég reyndi að flytja allskeleggar ræður á þessu 12 ára tímabili um nauðsyn þess að lækka beina skatta, fékk það ekki undirtektir hjá núv. stjórnarandstöðuflokkum. Það var fyrst eftir að þeir komu í stjórnarandstöðu, sem þeir fengu áhuga á lækkun beinna skatta. Og það liggur annars vegar fyrir í frv. í þinginu, frá Sjálfstfl. og hins vegar í þáltill. frá Alþfl., að þeir eru komnir að þeirri niðurstöðu, að það sé nauðsynlegt að lækka verulega beinu skattana. En það er ekki nóg að flytja frv. og ekki nóg að flytja þáltill. til að sýna vilja sinn í verki. Það verður að sýna viljann í verki með atkvgr. á Alþ. Og það þýðir ekki að sýna viljann í verki á þann hátt að lækka aðeins beinu skattana, heldur skilja menn, að það verður að koma einhver tekjuöflun á móti. Ef það er ekki stutt jafnhliða, þá er að sjálfsögðu engin alvara í því að lækka beinu skattana. Þetta tvennt verður að fylgjast að. Þess vegna verð ég nú að segja, að á sama tíma og ég gleðst yfir þeirri stefnubreytingu hjá Sjálfstfl. og Alþfl. að flytja till um lækkun beinna skatta, hryggist ég yfir því, að þeir eru með alls konar krókaleiðir nú til að reyna að komast hjá því að samþykkja tekjuskattslækkunina. Þeir eru að reyna að finna alls konar krókaleiðir, sem eru fólgnar í því að tryggja ríkinu ekki nægilegar tekjur á móti, og nota það sem tylliástæðu til að láta tekjuskattslækkunina falla. Þetta er a. m. k. viðhorfið, sem blasir við í dag.

En ég vil ekki trúa því, hver sem niðurstaðan verður við þessar umr., að þetta sé endanleg afstaða stjórnarandstöðuflokkanna. Ég vil trúa því, að áður en afgreiðslu þessa máls á Alþ. lýkur, komi í ljós, að þeim sé hér nokkur alvara og þess vegna falli þeir frá þeim hundakúnstum, sem ég vil orða svo, sem þeir eru að leika hér núna, og taki ábyrga og jákvæða afstöðu til þessa máls, sýni í verki, að þeir vilji tekjuskattslækkun eða lækkun beinna skatta, með því að standa að nægilegri tekjuöflun til að vega þar á móti, því að þeim hlýtur að vera ljóst, að fyrir stjórnarflokkana er ekki hægt að fallast á framkvæmd þessa máls með þeim hætti, að það stuðli að stórkostlegum halla hjá ríkissjóði. Mér hefði þótt það saga til næsta bæjar, þegar hv. 5. þm. Reykv. var fjmrh., að hann hefði verið tilbúinn að gera þá verslun, sem hann vill, að núv. fjmrh. geri, þ. e. að hann afsali sér raunverulega 3—4 milljörðum kr. í tekjur án þess að fá nokkuð á móti og láti verða jafnmikinn halla á ríkissjóði. Ég held, að það sé fjarri öllu lagi, að hann hefði fallist á slíkt.

Ég sé, að hv. 7. þm. Reykv., Gylfi Þ. Gíslason, er hér í salnum, en það mun vera starf hans ásamt þingmennskunni að kenna ungum mönnum rekstrarhagfræði. Hann rækir þetta af svo mikilli trúmennsku, að ég verð iðulega að fresta fundum í utanrmn., til þess að hann geti komist upp í háskóla til að kenna. — Ég trúi því ekki, að hann kenni þessum ungu mönnum þá rekstrarhagfræði, sem felst í þeim till., sem liggja fyrir frá honum í sambandi við þetta frv. Ég trúi því ekki, að hann kenni þeim, að þegar þeir semji um það að láta af hendi um 3.6 milljarða kr. og ætli að hafa jöfn kaup, að þá eigi þeir að sætta sig við að fá bara 2.4 milljarða í staðinn, — en það er það, sem hann er að leggja til með till. sinni. Ég held, að hann hljóti að kenna þessum ungu mönnum, sem læra hjá honum rekstrarhagfræði, að þegar um jöfn skipti er að ræða í fjármálum, þá verði það að gerast með öðrum hætti en þær till. eru, sem hann flytur hér í sambandi við þetta frv. nú við 2. umr.

Ég skal svo ekki hafa öllu fleiri orð um þetta mál að sinni. Ég vil aðeins láta þá von í ljós að lokum, eftir að prédikanir mínar um lækkun beinna skatta á undanförnum árum og svo það, að nú eru Sjálfstfl. og Alþfl. komnir í stjórnarandstöðu og líta kannske nokkuð öðruvísi á þessi mál en áður, eigi það eftir að reynast, áður en endanlegri afgreiðslu þessa máls lýkur, að þeir vilji raunverulega lækkun beinna skatta og sýni það í verki með því að tryggja nægilega tekjuöflun á móti. En ef þeir gera það ekki, þá eru þeir á móti lækkun beinna skatta, hvað sem yfirlýsingum þeirra líður að öðru leyti, því að þessi vilji verður ekki sýndur réttur í verki, nema

fylgist að lækkun beinu skattanna og nauðsynleg tekjuöflun á móti.

Frsm. 1. minni hl. (Matthías Á. Mathiesen): Herra forseti. Í frv. því um skattkerfisbreytingu, sem hér liggur fyrir, viðurkennir ríkisstj. réttmæti þeirrar stefnu Sjálfstæðisfl. í skattamálum, að femur beri að skattleggja eyðslu en verðmætasköpun. Sú staðreynd er á hinn bóginn eftirtektarverð, að ríkisstj., sem í upphafi valdaferils síns nefndi sig stjórn hinna vinnandi stétta, hefur verið knúin til þessara stefnubreytingar af launþegasamtökunum. Sá er þó gallinn á, að ríkisstj. hyggst nota þá skattkerfisbreytingu, eins og hún kallar það, til þess að koma fram stórfelldum auknum skattálögum á þjóðina umfram lækkun tekjuskatts í því skyni að halda áfram þeirri eyðslustefnu, sem hún hóf strax við valdatöku sína.

Þm. Sjálfstfl. eru andvígir þessu og freista þess með brtt. við frv. á þskj. 486, að í senn verði raunverulegri skattkerfisbreytingu náð, tekjuskattslækkun verði í samræmi við skattafrv. Sjálfstfl. frá s. l. hausti, dregið úr eyðslu ríkissjóðs og hamlað gegn því verðbólguflóði, sem orð skortir til að lýsa og vex dag frá degi. Við teljum, að með sparnaði í ríkisrekstri, er næmi 1500 millj. kr. og 2% stiga söluskattsauka væri ríkissjóði bætt það tekjutap, sem till. okkar gera ráð fyrir, eða sem svarar lækkun tekjuskatts um 3000 millj. kr.

Það er öllum ljóst, hver staða þjóðarbúsins var, þegar núv. ríkisstj. og hv. núv. þm. Frjálslynda flokksins settust niður og skemmtu sér við að setja á blað, hvernig útdeila skyldi því, sem þjóðin átti sjálf í varasjóðum og traustri stöðu og hlaut að koma henni til góða með einhverjum hætti hvort eð var, auk þess að setja á blað formúlu fyrir þeirri leið, sem fara skyldi í efnahagsmálum. Nú skyldi brotið blað í sögu þjóðarinnar. Auk þess að fá þennan góða heimanmund hefur ríkisstj. verið svo lánsöm, að einstaklega vel hefur árað fyrstu búskaparárin. Árið 1971 hækkuðu þjóðartekjur um 13.1%, 1972 um 5%, 1973 um 7.5%, og spáin fyrir 1974 hljóðar upp á rösklega 4%. En það þarf sterk bein til að þola góða daga. Fyrir utan það, að búskapurinn hefur verið stundaður af fádæma fyrirhyggjuleysi í þeirri trú, að búvöruverð færi sífellt hækkandi og að vinsældir meðal búliða ykjust í hlutfalli við eyðslu búsins, þá hefur óspart verið stofnað til nýrra lána, þannig að erlendar lántökur hafa aukist um 50% á valdatíma þessarar ríkisstj., og skattbyrðin hefur aukist, eins og öllum er kunnugt og þetta frv., sem hér er til umr., er talandi tákn fyrir.

Í áramótaræðu sinni lítur forsrh. yfir sitt blómlega bú og sér alls staðar framfarirnar blasa við og ánægjuleg andlit við vinnu sína. Jafnómerkileg atriði eins og bókhaldið gleymast á slíkum hátíðastundum, og það loforð kannske gefið í hljóði að standa sig nú betur næsta ár. Allt er eins og vera ber á uppleið. Þeir telja sér trú um, að enginn hafi í reynd á móti verðbólgunni og þetta slampist allt saman einhvern veginn. Fjmrh. telur sig vera að bisa við að draga úr verðbólgunni, ef marka má ummæli hans, en það er eins og hann hvorki greini tilganginn með því né rati þær leiðir, sem þarf að fara.

Árin þrjú hafa liðið, og hvernig hefur formúlan, sem ríkisstj. setti sér í upphafi valdatímabilsins, reynst? Hver hefur árangurinn orðið? Reynslan er ólygnust og hefur sýnt, hvílíkt afhroð stefna núv. ríkisstj. í efnahagsmálum hefur beðið, enda var þannig til stofnað í upphafi.

Í málefnasamningi ríkisstj. segir svo um stefnu hennar í efnahagsmálum, með leyfi forseta:

„Ríkisstj. leggur áherslu á, að takast megi að koma í veg fyrir þá háskalegu verðlagsþróun, sem átt hefur sér stað í efnahagsmálum undanfarin ár og leitt til síendurtekinna gengislækkana og óðaverðbólgu. Hún mun leitast við að tryggja, að hækkun verðlags hér á landi verði ekki meiri en í helstu nágranna- og viðskiptalöndum."

Hvernig hefur ríkisstj. tekist þetta? Hefur henni tekist að halda verðbólgunni á Íslandi ekki meiri en í helstu nágranna- og viðskiptalöndum okkar? Tölur um þetta tala sínu máli og það skýrt. Verðlag vöru og þjónustu hækkaði nær þrefalt hér á landi árið 1972 samanborði við nágrannalönd okkar. Hér nam hækkunin 14%, en þar um 5%. Árið 1973 var verðbólgan hér á landi sömuleiðis þreföld á við nágrannalönd okkar. Neysluvöruverðlag hækkaði hjá okkur um 24%, en umhverfis okkur um 8%. Það má vel vera, að stjórnarsamningurinn hafi verið misskilinn. Það má vel vera, að einhverjir okkar hafi haldið, að það hafi ekki verið hugsunin að halda verðbólgunni hér á landi ekki meiri hlutfallslega en í nágrannalöndunum, heldur að meint hafi verið, að ekki skyldi hún vera hærri en samtals í okkar næstu nágrannalöndum. Þannig sýnist þróunin miklu fremur hafa orðið.

Þessar tölur, sem ég las nú upp sýna, að það er vonlaust fyrir ríkisstj. að skjóta sér á bak við erlendar verðhækkanir, þar sem nágrannalönd okkar öll, eins og Norðurlönd eru mjög háð utanríkisverslun. Því er það hlálegt að heyra stjórn hinna vinnandi stétta halda því fram, að verðbólgan sé innflutt. Þar með er hún að segja, að engin verðmætasköpun eigi sér stað innanlands. Staðreyndin er hins vegar sú, að erlend aðföng eru vart meira en þriðjungur heildarvirðis framleiðslunnar. Því er unnt með þeim %, sem myndast hér innanlands, að jafna niður áhrifum erlendra verðhækkana, ef vel er á málunum haldið.

Í skýrslu hagrannsóknadeildar Framkvæmdastofnunar ríkisins, Þjóðarbúskapurinn, yfirlit 1972 og horfur 1973, frá júlí 1973, á bls. 61, er að finna svar við þessum staðhæfingum ríkisstj. Þar er spáð hækkun vísitölu vöru og þjónustu um 22% frá nóv. 1972 til nóv. 1973., en varð raunar meiri. Hlutfallsleg áhrif einstakra þátta á hækkunina eru talin þessi:

1. Bein áhrif gengisbreytinga 22.2%.
2. Bein áhrif breytinga innflutningsverðs í erlendri mynt 18.2%.
3. Bein áhrif breytinga óbeinna skatta 13.6%.
4. Áhrif annarra þátta, einkum launakostnaðarbreytinga, m. a. vegna verðlagsuppbóta, 45.5%. — Samtals 100%.

Hvað segja svo þessar tölur? Þær segja, að 18.2% eða minna en ⅛ af verðbólgunni er af

erlendum toga spunnið. Slíkri verðbólgustefnu er ekki hægt að fylgja eftir öðru vísi en með síaukinni skattheimtu, eins og staðreyndirnar sýna.

Strax á fyrsta þingi núv. kjörtímabils réðust núv. stjórnarflokkar í breyt. á skattal., sem voru í senn vanhugsaðar og án þess að þeir gerðu sér nokkra grein fyrir því, hvaða áhrif breyt. hefðu á einstaklinga, atvinnurekstur eða skatttekjur ríkisins í heild.

Sjálfstæðismenn snerust gegn þessum breyt. og vöruðu við þeim og afleiðingum þeirra, en á það var því miður ekki hlustað. Ljóst var, að þær breyt., sem gerðar voru, hefðu í för með sér verulega aukna skattbyrði á meginþorra gjaldþegna þjóðfélagsins. Við lögðum þess í stað til, að haldið yrði áfram þeirri vel undirbúnu endurskoðun, sem fram fór á árunum 1969—1971, og frestað yrði lögfestingu á þeim brtt., sem fólust í frv. vinstri stjórnarinnar.

Mér þykir rétt að víkja hér að örfáum atriðum í nál. 1. minni hl. fjhn. þessarar deildar, þegar fyrsta skattafrv. vinstri stjórnarinnar var til afgreiðslu, en 1. minni hl. skipaði auk mín hv. þm. Matthías Bjarnason. Í þessu nál. er gerð grein fyrir sjónarmiðum sjálfstæðismanna og varað við þeim afleiðingum, sem samþykkt á frv. vinstri stjórnarinnar þýddi, og segir í 3. kafla þessa nál., með leyfi hæstv. forseta:

„Þar sem ljóst er, að frv. þessi, ef að lögum verða,“ — hér er átt bæði við breyt. á l. um tekjuskatt og l. um tekjustofna sveitarfélaga, — „munu auka skattbyrði einstaklinga og félaga, og með hliðsjón af því, sem að framan hefur verið sagt, og því ástandi, sem skapast hefur í skattamálum þjóðarinnar vegna ósæmandi vinnubragða ríkisstj., leggjum við fulltrúar Sjálfstfl. í fjhn. til, að frv. verði vísað frá og endurskoðun skattalaganna fram haldið. Við álagningu skatta ársins 1972 vegna tekna, sem aflað var á árinu 1971, verði skattvísitalan á grundvelli gildandi laga ákvörðuð 121.5 stig í stað 106.5, sem gert var ráð fyrir við gerð fjárlagafrv. fyrir árið 1972. Þessi hækkun skattvísitölunnar verði ákveðin með hliðsjón af almennri hækkun launatekna á s. l. ári, sem er framhald af því, sem fyrrv. fjmrh. ákvarðaði í fyrra, þegar hann hækkaði skattvísitöluna um 20% í þeim tilgangi að vinna upp það, sem tapaðist á þeim tveimur árum, þegar útflutningsverðmæti afurða okkar stórlækkaði og samdráttur varð í atvinnulífinu af þeim sökum. Þannig var ætlunin að vinna upp á þessu ári og næsta, að skattvísitalan fylgdi hækkunum almennra launatekna hverju sinni, miðað við eðlilega þróun í atvinnumálum þjóðarinnar, en sú stefna var mörkuð í upphafi viðreisnartímabilsins.

Við undirritaðir leggjum til, að heildarendurskoðun á tekjum ríkis og sveitarfélaga haldi áfram á þeim grundvelli, sem fyrrv. ríkisstj. markaði, með nánu samstarfi við samtök sveitarfélaga, landshlutasamtaka, samtök launþega, vinnuveitenda og bænda.

Við vitnum til þess, að Sjálfstfl. telur, að skattlagningunni til ríkis og sveitarfélaga eigi að haga á þann veg, að hún örvi einstaklinginn til framtaks og sparnaðar, og búið sé að atvinnurekstrinum þannig, að áhugi almennings fari vaxandi fyrir því að vera beinn aðili að atvinnufyrirtækjunum.

Til þess að gera þennan ásetning að veruleika ber fyrst og fremst að skattleggja eyðsluna og gæta hófs í skattlagningu sparnaðar. Í samræmi við þetta þarf að halda áfram þeirri viðleitni að draga úr beinum sköttum og stefna þar að ákveðnu marki á tilteknu árabili.“ — Vel má vera, að hv. frsm. meiri hl. fjhn.- og viðskn. hafi aldrei lesið nál., eftir því sem heyra mátti á ræðu hans hér áðan. En ég held áfram: „Gera þarf ákveðnar till. um breytta tekju- og verkaskiptingu milli ríkis og sveitarfélaga með það fyrir augum að auka hlut sveitarfélaga eða landshlutasamtaka í stjórn opinberra mála og jafnframt ábyrgð á þjónustu, framkvæmdum og fjármögnun til þeirra. Í þessu sambandi kemur mjög til athugunar, hvort ekki sé rétt, að sveitarfélögin ein fái alla beina skatta til sinna þarfa, en ríkissjóður byggi í framtíðinni tekjuöflun sína eingöngu á óbeinni skattlagningu. Kannað verði, hvort virðisaukaskattkerfið henti íslenskum aðstæðum betur en núv. söluskattskerfi. Í stað þess að gera skattkerfið flóknara, eins og frv. núv. ríkisstj. stefnir að, minnum við á stefnu fyrrv. ríkisstj. í þessum efnum um einföldun skattkerfisins, m. a. vegna fyrirkomulags staðgreiðslukerfis, ef upp verður tekið.

Við leggjum því til, að skattar og útsvör á tekjur einstaklinga og félaga verði ávallt miðuð við nettótekjur, og teljum eðlilegt og sanngjarnt, að tekjum hjóna verði skipt til helminga á milli þeirra við álagningu skatta til ríkis og sveitarfélaga.

Við teljum, að eignarskattur hafi með löggjöfinni frá s. l. vori verði ákvarðaður út frá eðlilegum og sanngjörnum sjónarmiðum. Frv. núv. ríkisstj. hefur mjög íþyngjandi áhrif í sambandi við eignarskatta, sem við teljum, að komi óréttlátlega niður og geti dregið úr sparnaði almennings.

Það er skoðun okkar, að fasteignaskattar séu þjónustuskattar til sveitarfélaga og beri að stilla þeim í hóf. Sveitarfélögum sé í sjálfsvald sett innan ákveðins hámarks í lögum, hvort og að hve miklu leyti þau nýta þennan tekjustofn. skatta, sem gert er ráð fyrir í frv., sérstaklega Við vörum við svo mikilli hækkun fasteignaef aðrir tekjustofnar sveitarfélaga eru svo naumir, að þau neyðist almennt til að nota heimildir til álags á fasteignaskatta.

Við leggjum ríka áherslu á, að hinum ýmsu formum atvinnurekstrar verði ekki mismunað í skattgreiðslu, eins og frv. gerir ráð fyrir, og við höfum varað alvarlega við því á fundum n. Jafnframt því, að sveitarfélögin fái allar beinar skattatekjur, er eðlilegt, að aðstöðugjöld lækki meira en frv. gerir ráð fyrir. Samfara því verði sveitarfélögum séð fyrir réttlátari tekjustofni vegna þjónustu þeirra við atvinnufyrirtæki.

Frv. ríkisstj. gerir ráð fyrir, að atvinnurekstrinum sé verulega íþyngt. Sú stefna verður að teljast háskaleg með tilliti til þeirrar gífurlegu dýrtíðaraukningar, sem orðið hefur í kjölfar þeirrar stjórnarstefnu, sem nú hefur verið tekin upp samfara sívaxandi samkeppni á erlendum mörkuðum.

Í nokkrum tilvikum teljum við eðlilegt og

nauðsynlegt, að tiltekin frávik sé skilt að gera frá hinum almennu skattaálagningarreglum, og er það skoðun okkar, ellilífeyrir og bætur örorkuþega eigi að vera undanskilin skattlagningu, og við erum andvígir þeirri till. ríkisstj., að niður verði felldur sérstakur frádráttur vegna aldraðs fólks.“

Ég hef hér rakið nokkur atriði úr því ítarlega nál., sem fulltrúar Sjálfstfl. í fjhn. lögðu fram, þegar frv. vinstri stjórnarinnar um breyt. á skattal. og tekjustofnal. var til umr. Það er ekki úr vegi, að menn geri sér grein fyrir því, hvernig það, sem hér er fram sett, hefur reynst í verunni, — hvort sá spádómur, sem við hér erum með, hefur reynst raunverulegur eða hvort hér hafi verið um að ræða falsspádóma. Það er eins í þessu tilfelli og áður, tölurnar eru ólygnastar. Og mig langar til þess að rekja nokkuð, hvernig útkoman hefur orðið s. l. ár, og bera það saman við skattlagninguna frá 1971—1973. Við álagningu 1972 kom í ljós, að allt, sem stjórnarandstaðan hafði sagt í þessu nál., var rétt. Ríkisstj. staðfesti þetta sjálf og varð að grípa til brbl., til þess að gamla fólkið sligaðist ekki undan þeirri þungu skattbyrði, sem stjórnarflokkarnir höfðu samþykkt. Þá kom í ljós, að innheimtir tekju- og eignarskattar fóru nær 1 milljarð fram úr áætlun 1972 og skattbyrðin jókst um rúm 20%. Enn var haldið áfram á sömu braut. Við álagningu 1973 námu tekjuskattar einstaklinga 4 milljörðum 678 millj. kr. að meðtöldu 1% álagi í Byggingarsjóð ríkisins, en við álagningu 1971 var sambærileg tala 1 milljarður 117 millj. kr. Þetta jafngildir 318.8% hækkun frá árinu 1971 til 1973, á sama tíma og bruttótekjur framteljenda hækka aðeins um 60% Sömu hneigðar gætir í fjárlagafrv. því, sem Alþ. hefur nýlega samþ. Þar er gert ráð fyrir, að tekjuskattur nemi 6795 millj. kr., þar af tekjuskattur einstaklinga 5806 millj. og tekjuskattur félaga 922 millj. Og áfram heldur ríkisstj. á sömu braut með því frv., sem hér er til umr.

Á árinu 1973 lentu 72% allra tekjuskattsgreiðenda í hæsta skattþrepi, en þá er tekjuskatturinn orðinn 44.4%. Að viðbættu útsvari og kirkjugarðsgjaldi og viðlagasjóðsgjaldi runnu því í flestum tilvikum 55.69% hverrar krónu, sem aflað var til viðbótar, til opinberra aðila. Ef álagning fer fram 1974 samkvæmt óbreyttum lögum og skattvísitölu 154 stig, sem er hækkuð aðeins um 20.3% frá fyrra ári, lenda um 90% tekjuskattsgreiðenda í hæsta skattþrepi, enda hefur skattvísitalan ekki verið látin fylgja meðaltekjuaukningu, sem er talin verða rúmlega 30% frá árinu 1972 til 1973.

Út af ummælum hv. 4. þm. Reykv. hér áðan, Þórarins Þórarinssonar frsm. meiri hl., þá er ekki úr vegi að geta þess og benda honum á, hversu stór prósenta skattgreiðenda er árið 1959, hver hún var 1960 eftir breyt. skattal. þá og hvernig þróunin hefur orðið síðan núv. ríkisstj. tók við.

1959 eru 79.2% skattgreiðendur, þeir, sem ekki greiða skatt, 20.8%. 1960 eru það 20.84%, sem greiða skatt, en skattlausir 79.16%. Það er hér, sem upp er tekin stefna viðreisnarstjórnarinnar og þá sjá menn, hver munur er á. Nú, 1973, er þetta hlutfall snúið við á ný og skattgreiðendur verða 57.5% á móti skattlausum 42.5%. Þetta sýnir, hvernig þróunin hefur orðið, síðan núv. ríkisstj. tók við.

Ég hef hér vikið aðallega að því, hvernig efnahagsmálum er nú komið og hver þróun hefur verið í þessum málum, frá því að núv. ríkisstj. tók við. Ég hef jafnframt gert grein fyrir því með þeim tölum, sem koma frá opinberum aðilum og eru hlutlausar. Ég hef jafnframt vikið að því, hvernig farið hefur í skattamálum á vegum núv. ríkisstj., hver þróunin hefur þar verið, og eru það jafnframt tölur frá opinberum aðilum, sem eru hlutlausir í þessum efnum.

Áður en vikið verður að frv. í einstökum atriðum, svo og brtt. þeim, sem við sjálfstæðismenn flytjum, er nauðsynlegt að víkja að fjárl. 1974 og þeim breyt., sem talið er, að verði á fjárlagatölunum í ljósi þeirrar vitneskju, sem nú liggur fyrir, eða með hliðsjón af því, sem ætla má um hag ríkissjóðs 1974. Það var furðulegt að heyra rökstuðning frsm. meiri hl. fjh.- og viðskn. áðan, þegar hann annars vegar bar saman þær tölur, sem fram komu í skýrslu sérfræðinganna, sem mættu á fundi í fjh.- og viðskn., um hag ríkissjóðs og breyttar áætlanir um tekjur og gjöld ríkissjóðs og þær ímynduðu tölur, sem hann var með grundvallaðar á prósentuaukningu, sem ekki er möguleiki á að gera, þegar saman er borið fjárlagafrv. annars vegar og sú tekjuáætlun, sem lögð var fyrir fjh.- og viðskn., eins og hann m. a. gat um. Það er hins vegar forkastanlegt, að ríkisstj. skuli leggja frv. um skattkerfisbreytingu fyrir Alþingi án þess að leggja fram nýja tekjuáætlun og útgjaldaáætlun ríkissjóðs, þannig að alþm. geti raunverulega skoðað málið ofan í kjölinn og axlað þá byrði, sem þeir verða að bera með afgreiðslu fjárl. og skattkerfisbreytingu. Eins og málið er lagt fyrir, veit þingheimur nánast ekkert, hvað lagt er til að hann samþykki, og er beinlínis dulin staðreyndum, sem fengnar voru, þegar fulltrúar stjórnarandstöðunnar óskuðu eftir því í fjh.- og viðskn., að þær yrðu lagðar fram. Mér þykir rétt að gera örstutta grein fyrir þeirri áætlun, þar sem af eðlilegum ástæðum eru þær brtt., sem við leggjum fram, byggðar á þeim grundvelli annars vegar og samanburði við fjárl. 1974, því að annar samanburður getur ekki verið með nokkru móti raunverulegur í sambandi við skattalækkun eða söluskattshækkun. Það hlýtur að vera ljóst mál, að þegar lækka skal skatta eða hækka, verður að líta á það dæmi, sem Alþ. hefur samþ., þ. e. a. s. fjárlög fyrir árið 1974, og greiðslur úr ríkissjóði grundvallast á og þær áætlanir, sem síðar eru til komnar, og út frá þessum samanburði er reiknað, hvert og hvernig ríkissjóður fer í sambandi við þær till., sem fram eru bornar.

Tekjuhlið ríkissjóðs í fjárl. eru upp á 29 milljarða og 180 millj. Miðað við meðalverðlag og kaupgjald 1974 hækkar þessi tekjuáætlun upp í 32 milljarða 268 millj. kr. Þegar við hér einskorðum umr. við tekjuskatt annars vegar og tekjuskattslækkun og söluskatt og söluskattshækkun hins vegar, þá er rétt að skoða þau tilfelli hvert fyrir sig. Fjárl. gera ráð fyrir innheimtum söluskatti á árinu 1974 5 milljarða 806 millj. kr. Það hlýtur að vera sú tala, sem gengið verður út frá, þegar skoðað er, hvað þarf að

bæta ríkissjóði varðandi þær till. um skattalækkun, sem eru til meðferðar við 2. umr. nú. Í endurskoðaðri áætlun um innheimtar tekjur kemur einnig fram, að að breyttum skattalögum samkv. till. ríkisstj. muni innheimtur tekjuskattur nema 4100 millj. kr. Hér er um að ræða lækkun upp á 1 milljarð og 700 millj. kr. frá því, sem fjárlagafrv. gerir ráð fyrir, og ef till. ríkisstj. væru í samræmi við það, þarf ekki þann söluskattauka, sem þar er gert ráð fyrir, eins og hver heilvita maður sér, enda í grg. fyrir frv. gert ráð fyrir, að söluskattaukinn komi til með að mæta útgjöldum upp á 2900 millj. kr. En þar er dæmið lagt fyrir alþm. grundvallað á fjárl. miðað við ákveðna prósentuaukningu, án þess að tekið sé til greina, hvert raunverulegt fjárlagadæmi er, heldur er það gefið sérstaklega til samanburðarins.

Frv. ríkisstj. um skattkerfisbreytingu er flutt, eins og ég gat um áðan, samkv. yfirlýsingu, sem ríkisstj. var neydd til að gefa í sambandi við þau kjaramál og þær kjaradeilur, sem undanfarið hafa staðið yfir og sem betur fer hafa leyst.

Annars vegar er ekki úr vegi að bera saman þá yfirlýsingu, sem ríkisstj. gefur við samningsgerðina, svo og frv. og svo hins vegar þær tölur, sem gefnar eru upp í grg. frv. og þá endurskoðuðu tekjuáætlun, sem ég gat um áðan, sérstaklega varðandi tekjuskattinn. Það má vel vera, að það sé ekki mitt að benda á, en ég get ekki með nokkru móti fengið dæmið til að ganga upp, þar sem stendur í yfirlýsingu ríkisstj., að persónufrádráttur hjóna skuli vera 425 þús. kr., hjá einhleypingi 280 þús. kr. og 58 þús. kr. hjá barni. Þessi frádráttur er reiknaður út með tvennum hætti. Þar er farið inn á nýtt atriði í skattamálum. Ríkisstj., sem ætlaði að einfalda skattal., kemur nú með nýjan álagningarstofn. Ríkisstj., sem ætlaði að einfalda skattal. 1972, bætti þá enn einum nýjum skattstofni við til útreiknings og viðmiðunar, og nú er sá þriðji kominn, þegar persónufrádráttur er annars vegar reiknaður með beinum frádrætti og svo hins vegar reiknaður með skattafslætti.

Persónufrádráttur samkv. frv. er 238 þús. fyrir einstaklinga og gert ráð fyrir 11 þús. kr. tekjuskattslækkun og látið í það skína í grg. frv., að hér sé um að ræða persónufrádrátt upp á 293 þús. kr. Það er rétt, að hjá einhleypingi verða nettótekjur skattfrjálsar miðað við fyrstu 293 þús. kr. En þegar þessi einstaklingur fer að hafa meiri tekjur en 293 þús. kr., gengur persónufrádrátturinn niður á við, þannig að þegar þessi aðili er kominn upp í á sjötta hundrað þús. kr. tekjur, skortir 5800 kr. upp á að hann hafi persónufrádrátt einstaklings.

Barnlaus hjón eru sögð hafa persónufrádrátt upp á 448 þús. kr. í grg., og það er fundið með beinum frádrætti upp á 355 þús. kr. og 18500 kr. skattafslætti. Þegar þessir aðilar, þ. e. a. s. barnlausu hjónin, koma á tekjubilið um 600 þús. kr., fer persónufrádrátturinn að verka öfugt, þ. e. a. s. þegar komið er upp í 675000 kr. tekjur, skortir 9600 kr. á, að hjónin hafi persónufrádrátt samkv. þessu frv.

Varðandi barnið skilar dæmið sér þannig, að það er 100 kr. hagnaður, þegar upp er staðið.

Þetta er aðeins til þess að benda á, með hvaða aðferðum hér er verið að reikna út. Þeir, sem á annað borð gera sér grein fyrir því, hvernig þetta verkar, átta sig á því, að það er töluvert annað að fá 11 þús. kr. skattfrádrátt og 238 þús. kr. persónufrádrátt eða hvort persónufrádrátturinn er 245 þús. kr. og fyrstu 100 þús. k. í tekjuskatti 20%. Miðað við það að fá 11 þús. kr. tekjuskattsafslátt, minnkar fyrsta stig í skatti, þannig að raunverulega verða ekki nema 45 þús. kr. með lægsta skatti, hjá hjónum aðeins 8500 kr., þannig að eftir að þau hafa fengið 8500 kr. með 20% skatti, þá stíga þau upp í 30% skatt, og þegar komið er upp í efsta skattþrep, í 40%, þá kemur út að þau hafa skaðast á þessum útreikningi um 9600 kr.

Ég skal láta útrætt um þetta atriði, en vildi þó ekki láta hjá líða að vekja athygli á ósamræminu á milli yfirlýsingarinnar og frv.

Þá vil ég vekja athygli á því, hvernig farið er með skattafsláttinn gagnvart þeim, sem minnst mega sín, en í 4. gr. frv. segir, að „skattafsláttur samkv. liðunum A-8 að framan má þó aldrei verða meiri en 6% af skattskyldum tekjum framteljenda.“ Hér er það ljóst mál, að aðili, sem ekki hefur möguleika á því að afla sér tekna og verður skattlaus vegna einhverra ástæðna, er ekki kominn á ellilífeyrisaldur, getur e. t. v. ekki fengið sig úrskurðaðan sem öryrkja, hann getur ekki unnið, hann verður annaðhvort að lifa á sínum eignum eða þá á framfærslu annars staðar frá og hlýtur að bera 5% söluskattsaukninguna, eins og frv. gerir ráð fyrir.

Þær till., sem við fulltrúar Sjálfstfl. í fjh.- og viðskn. berum fram, eru grundvallaðar á 2% söluskattauka og skattafsláttur reiknaður í samræmi við það. Það er gert ráð fyrir í þeim till., að þeir, sem ekki njóta persónufrádráttarhækkunarinnar, fái þann skattafslátt, en þeir, sem fá fullan persónufrádrátt, njóti ekki afsláttarins, þannig að hjá einstaklingi fari þessi afsláttur minnkandi úr 310 þús. kr. ofan í 250 þús. kr., sá, sem hefur 250 þús. kr. og þar fyrir neðan, hafi fullan skattafslátt. Nú kemur einhver til með að spyrja: Hvernig er þá um aðilana, sem engan skatt hafa vegna skattal. varðandi fyrningar, sérstaklega fyrningar í atvinnurekstri? Í okkar till. er séð fyrir því, þar sem gert er ráð fyrir því, að verði einstaklingur skattfrjáls vegna slíkra fyrninga, njóti hann ekki heldur þess skattafsláttar, sem þar er gert ráð fyrir.

Í grg. með frv. eru settar fram tölur varðandi það tekjutap, sem ríkissjóður verður fyrir, og með hvaða hætti ríkisstj. leggur til, að við því verði brugðist. Því er haldið fram, að tekjutap ríkissjóðs nemi 3250 millj. kr., og gert er ráð fyrir að bæta það upp með söluskattauka að 5%-stigum. En hvernig er þetta tap ríkissjóðs fundið út? Jú, það er fundið út með þeim aðferðum, sem hv. 4. þm. Reykv. beitti hér áðan. Hann velur sér tölur og tekur síðan endurskoðaða tekjuáætlun ríkissjóðs, ber þær saman og fær dæmið til þess að ganga upp. Það eina, sem hægt er að gera í þessu tilfelli, er að bera saman áætlaðan innheimtan tekjuskatt 1974 samkv. fjárl. og það, hvaða tekjutapi ríkissjóður verður fyrir vegna þeirra till., sem lagðar eru fram um lækkun á tekjuskattinum. Það kemur í ljós, þegar skoðuð

er skýrsla sérfræðinganna, að tekjutap ríkissjóðs vegna skattalækkunarinnar nemur 1.7 milljarði, 1700 millj. kr. Og það er það tap, sem ríkissjóði þarf að bæta samkv. till. ríkisstj., en ekki 2900 millj. eða 3250 millj., eins og látið er í veðri vaka, þegar þessi grg. er rituð. Skattakerfið, eins og till. ríkisstj. gera ráð fyrir, að það verði, gefur ríkissjóði 1700 millj., og þá hlýtur í því að vera falin skattendurgreiðsla sú, sem gert er ráð fyrir varðandi söluskattauka.

Aðrar gr. þessa frv. fjalla að verulegu leyti um innheimtu og innheimtuaðferðir og þau viðurlög, sem við skal hafa, ef út af er brugðið, og það gert mun strangara. Ég skal ekki eyða tíma hv. þm. í umr. um þær greinar, en gera grein fyrir þeim brtt., sem bornar eru fram af mér ásamt hv. 2. þm. Vestf., Ásberg Sigurðssyni. Þær brtt. eru í samræmi við það frv., sem lagt var fram á Alþ. í haust af fulltrúum Sjálfstfl. í fjh.- og viðskn. og er flutt á vegum Sjálfstfl. Þar er í fyrsta lagi gert ráð fyrir því, að sérsköttun hjóna verði upp tekin. Það er lagt til að breyta einstökum frádráttarliðum í samræmi við þann grundvöll, sem það frv. er byggt á, sem ég gat um áðan, eða sú lögfesting, sem átti sér stað 1961, — þann grundvöll, að almennar launatekjur verði skattfrjálsar. Þá er gerð till. um breyt. á skattþrepum og síðan till. um það, með hvaða hætti skattvísitalan skuli útreiknuð.

Þegar þetta frv. var hér lagt fram, gerði ég ítarlega grein fyrir því máli, og ég sé ekki ástæðu til þess að rekja hverja gr. út af fyrir sig, en þær eru, eins og ég gat um áðan, grundvallaðar á þessu meginsjónarmiði um sérsköttun hjóna, skattfrelsi almennra launatekna og svo breyttum tekjuskattsstiga, þannig að af fyrstu 125 þús. greiðist 15%, af næstu 250 þús. 25% og af því, sem þar er yfir, 38%.

Þá er að gera grein fyrir því, hvað raunverulega felst í þessu frv. og jafnframt brtt. okkar og hvert verður tekjutap ríkissjóðs, verði það að lögum. Samkv. þeim útreikningum, sem unnir hafa verið fyrir okkur, mundi ríkissjóður tapa í tekjum, ef okkar brtt. yrðu samþykktar, um 3000 millj. kr. Með hvaða hætti við viljum bæta ríkissjóði það tekjutap, er að finna í 7. gr. frv., svo og 10. gr. frv., en í 7. gr. er gert ráð fyrir, að til þess að mæta þessu tekjutapi, komi 2% söluskattur, og í 10 gr. verði gert ráð fyrir samþykkt heimildar til fjmrh. að lækka fjárveitingar fjárlaga 1974 um 1500 millj. Þær till. byggjast, eins og ég gat um í upphafi ræðu minnar, á sparnaði að upphæð 1 milljarður 500 millj. kr. og á söluskattauka, sem gefa mundi ríkissjóði það, sem eftir er af þessu ári, 1400 millj. kr., samtals 2900 millj., en tekjutap ríkissjóðs eru tæpir 2.9 milljarðar kr. Til þess að mæta þeirri söluskattsaukningu er, eins og ég hef áður gert grein fyrir, lagt til í frv. að bæta þeim lægst launuðu, þeim sem ekki fá hækkun persónufrádráttar, upp með auknum skattafslætti.

Þær tölur, sem ég hef nú gert grein fyrir, eru grundvallaðar á *þeim tölum, sem koma fram* í skýrslu sérfræðinganna, annars vegar hluti af tekjuskatti óinnheimtum frá fyrri árum og hins vegar innheimtum tekjuskatti á þessu ári. Samtals gerir þessi upphæð 2910 millj. kr., þegar frá er dregin 150 millj., sem gert er ráð fyrir, að fari til greiðslu skattafsláttarins.

Ef við skoðum nánar þessar tölur og gerum okkur grein fyrir því, hvað felst í frv. ríkisstj., þá kemur í ljós, að hún hyggst fá á þessu ári 1200 millj. kr. tekjuauka með samþykkt þeirra till., sem hún hefur lagt til. Ef þessar till. eru skoðaðar á ársgrundvelli 1975, miðað við meðalverðlag 1974, kemur í ljós, að tekjuauki ríkissjóðs 1975 verður 2300 millj. umfram þá skattalækkun, sem *gert er ráð fyrir í þeirra till., 1700* millj. kr. skattalækkun, eða samtals er upphæðin 4 milljarðar. Af þessu er ljóst, hvert frv. stefnir.

Það var vikið að því hér af hv. 4. þm. Reykv., Þórarni Þórarinssyni, að honum fyndist hlægileg brtt. okkar á þskj. 486, þ.e. um sparnað í ríkisrekstrinum. Það er miklu hlægilegra að heyra þennan hv. þm. koma hér í ræðustólinn og tala eins og hann talaði hér áðan. Hann veit sjálfsagt ekki, að þessi till., sem hér er borin fram, er shlj. till., sem borin var fram hér á Alþ. samkv. brbl., sem hæstv. fjmrh. gaf út 1972, nákvæmlega eins orðuð, um heimild til hans til þess að lækka greiðslur fjárl. og enn fremur til þess að lækka greiðslur, sem eru jafnframt ákveðnar í öðrum lögum en fjárl. Fyrirmyndin er frá hæstv. fjmrh., og verð ég að biðja hann um að taka það til greina, ef hann kærir sig um, sem hv. þm. sagði hér áðan um þessa brtt. okkar.

Við *gerum hins vegar grein fyrir því* í nál. okkar, að þessi lækkun á útgjöldum ríkissjóðs verði gerð samkv. till. frá fjvn. Við teljum það svo sjálfsagt, að það verði gert, að það þurfi ekki að setja það inn í lagagr. Fjmrh. mun sennilega ekki hafa þurft að notfæra sér þá heimild, sem hann aflaði sér í brbl. frá 1972, en ég trúi vart, að nokkur fjmrh. mundi gera slíkt öðruvísi heldur en bera það undir þá n., sem starfar á vegum fjvn. við samningu fjárl. milli þinga. En að það sé kallað hlægilegt að koma með till. um að spara, það er alveg nýtt fyrir mér. Ég er sannfærður um það, að fjvn. og þeim aðilum, sem þar eiga sæti, mundi takast að skera niður um 1500 millj. kr. af fjárl. og þeir væru ekki í nokkrum vandræðum að benda hæstv. fjmrh. á, hvar ætti að spara. Ég minnist þess, að í ræðu, sem haldin var hér við 3. umr. fjárl., gerði frsm. 1. minni hl., hv. þm. Matthías Bjarnason, þá grein fyrir því, með hvaða hætti fulltrúar Sjálfstfl. í fjvn. teldu rétt að standa að afgreiðslu fjárl. þá. Þeir buðu fram, að í stað þess að ein eyðslufjárlög enn yrðu afgreidd á Alþ. þá rétt fyrir jólin, fælu þingflokkarnir fulltrúum sínum í fjvn. það í þinghléinu að gera till. um sparnað í ríkisútgjöldum og þannig yrði reynt að stefna að því að koma þaki á fjárl. og afgreiða þau með mun skynsamlegri hætti en verið hefur þá tíð, sem núv. ríkisstj. hefur setið. Í þessari ræðu sinni vék Matthías Bjarnason að fjölmörgum atriðum, sem hann benti á í sambandi við ríkissjóð, með hvaða hætti hægt væri að spara á vegum ríkissjóðs, en ég tel ekki ástæðu til að telja það upp.

Við sjálfstæðismenn erum reiðubúnir til að taka slíkt mál og skoða það í fjvn. og vinna að því á þessum grundvelli, og ég segi: Það er ekki óábyrg stjórnarandstaða, það eru ekki óábyrgar till. í sambandi við fjárlagagerð, að menn

komi með till. um að spara. — Það getur hver litið í eigin barm, hvað það snertir. Þegar einstaklingurinn telur, að hann hafi í sínum áætlunum ofmetið tekjur sínar, hvað gerir hann þá? Þá gerir hann till. til sjálfs sín um sparnað í ákveðnum tilvikum til þess að láta enda ná saman. Þannig á að fara að í þessu dæmi, og í stað þess að samþykkja vaxandi skattbyrði, í stað þess að halda áfram þeirri eyðslustefnu, sem núv. ríkisstj. hefur haft á stefnuskrá sinni allt frá upphafi, þá leggjum við sjálfstæðismenn til, að litið verði í eigin barm og við skoðum, hvar eigi að líta á okkar eigið dæmi og ráðast á ríkisbáknið, sem hefur þanist út meira en nokkru sinni fyrr í tíð þessarar stjórnar.

Hv. 4. þm. Reykv. gerði að umræðuefni sérstaklega það áhugaleysi, sem við sjálfstæðismenn hefðum sýnt hér á Alþ. í þau 12 ár, sem okkar fulltrúar sátu í ríkisstj., varðandi skattamálin, og það, að við hefðum ekki haft áhuga á skattkerfisbreytingu, á tilfærslu úr beinum sköttum í óbeina skatta. Ég rakti þetta örlítið áðan, og ég vek athygli hv. 4. þm. Reykv. á því nál., sem ég las upp úr áðan, svo og þeim staðreyndum, sem birtar eru í nál. 1. minni hl. fjvn. við afgreiðslu fjárl. nú fyrir 1974, þar sem borið er saman, með hvaða hætti og hvernig þessi mál koma út.

Ég sé svo ekki ástæðu til þess að fjölyrða meir um frv. og þær brtt., sem við flytjum. Þær eru fluttar til þess að sporna við þeirri stefnu, þeirri verðbólgustefnu, sem hefur ríkt í þessu landi. Fyrir valdatöku ríkisstj. kallaði hæstv. fjmrh. þáv. efnahagsstefnu verðbólgustefnu, en þegar hann kom í sjónvarpið, eftir að hann hafði sjálfur tekið við, og hann var spurður að því, hvað sú verðbólga, sem hann stæði fyrir væri kölluð, þá átti hann ekki nokkurt orð, hann varð orðlaus. Það er þessi stefna, sem við viljum breyta. Við viljum hverfa aftur til þeirrar stefnu, sem ríkti hér á árum viðreisnar, og koma þessum málum, sem nú eru hér til umr., þannig frá okkur, að það verði Alþingi til sóma heldur en hitt. Við höfum gert till. um breytingar. Þær felast í mikilli skattalækkun til skattþegnanna í samræmi við það frv., sem við höfum áður flutt. Þær ganga lengra en þær till., sem ríkisstj. hefur komið með, sem eru þó ekki í samræmi við yfirlýsingu ríkisstj. varðandi launasamningana nýafstöðnu, og við teljum þess vegna farsælast, að þær till., sem við flytjum, verði hér samþykktar.

Frsm. 2. minni hl. (Gylfi Þ. Gíslason): Herra forseti. Á s. l. hausti fluttum við þm. Alþfl. tilll., þar sem mörkuð var ný stefna í íslenskum skattamálum. Við töldum orðið tímabært að gera gagngera breytingu á skattkerfinu á Íslandi. Meginbreytingin skyldi vera fólgin í því, að horfið yrði frá því, að meginþorri einstaklinga greiði tekjuskatt til ríkisins af tekjum sínum, heldur greiði gjöld sín til hins opinbera í staðinn í formi óbeins skatts, söluskatts. Jafnframt var sett fram sú hugmynd, sem nú er kölluð skattafsláttarkerfi.

Meginefni þessa frv. er byggt á sömu grundvallarhugmyndum. En á frv. og till. Alþfl. er einn grundvallarmunur. Í okkar till. var og er nú gert ráð fyrir því, að söluskattur hækki um nákvæmlega jafnmikið og lækkun tekjuskattsins nemur, þ. e. a. s. um 3½ stig. Í frv. ríkisstj. er hins vegar gert ráð fyrir 5 stiga hækkun söluskattsins, þ. e. a. s. 1200 millj. kr. meiri skattheimtu en nauðsynlegt er vegna lækkunar tekjuskattsins. Ríkisstj. blandar m. ö. o. saman skattkerfisbreytingunni annars vegar og fjárhagsvandræðum ríkissjóðs á yfirstandandi ári hins vegar, en það eru tvö óskyld mál.

Það er einfalt reikningsdæmi að sýna fram á, að okkar niðurstaða er rétt. Lækkun tekjuskattsins er talin kosta ríkissjóð 2700 millj. kr. Hvert söluskattsstig er talið gefa 800 millj. kr. á ári. 3½ söluskattsstig færa því ríkissjóði þær tekjur, sem hann missir vegna lækkunar tekjuskattsins. Skattaafsláttarkerfið er talið kosta 550 millj. kr. Við höfum einnig bent á tekjur, sem nota megi í þessu skyni. Afstaða okkar þm. Alþfl. er því einföld og skýr, og hún er raunhæf og ábyrg. Við samþykkjum tekjuskattslækkunina og skattafsláttarkerfið, en við samþykkjum ekki meiri hækkun söluskatts en 3½ stig. Sjálfstfl. og hv. þm. Bjarni Guðnason eru á sömu skoðun. Till. ríkisstj. um 5 stiga hækkun hlýtur því að falla hér í hv. d., og þá ætti ríkisstj. auðvitað eftir öllum venjulegum þingræðisreglum að segja af sér.

Þetta er kjarni þess máls, sem hér er um að ræða. Sumir einstaklingar eru því marki brenndir að gera sér ekki grein fyrir breyttum aðstæðum. Því veldur ýmislegt: óraunsæi, þrái eða bara einfaldlega skringilegheit. Þess eru dæmi, að menn klæðist sumarfötum að morgni, þótt nokkurn veginn víst sé, að rigning verði síðdegis. Þess eru jafnvel dæmi, að menn gangi með regnhlíf í sólskini. Atvinnurekendur auka stundum framleiðslu sína, þótt allt bendi til þess, að söluhorfur fari minnkandi. Þess eru ótal dæmi, að einstaklingar auki eyðslu sína, þótt tekjur þeirra fari minnkandi. Þess eru líka dæmi, að menn, sem misst hafa völd, halda sig enn ráða miklu og hegða sér eftir því.

Þetta, sem ég nú hef sagt, á í ríkum mæli við um núv. hæstv. ríkisstj. Hún áttar sig ekki á breyttri aðstöðu, hvorki aðstæðum í efnahagsmálum í kringum sig né heldur á sinni eigin aðstöðu hér á hinu háa Alþ. Ríkisstj. hegðar sér í efnahagsmálum í algeru ósamræmi við það ástand, sem hefur verið að skapast og er orðið og verður enn alvarlegra á næstu mánuðum. Hún tekur ekkert tillit til þess arna. Og hún hefur ekki heldur áttað sig á því, að því er virðist, að hún hefur misst meiri hl. í annarri deild Alþingis. Hún hegðar sér eins og hún hafi enn þá óskoraðan meiri hluta á Alþingi. Þetta kemur t. d. fram í því, að hún hefur fyrir skömmu lofað voldugum og mikilsvirtum almannasamtökum aðgerðum í efnahagsmálum án þess að athuga, hvort hún gat staðið við loforðið eða ekki. Hér á ég auðvitað við þá skattkerfisbreytingu, sem þetta frv. fjallar um. Ef ríkisstj. hefði áttað sig á breyttri aðstöðu sinni hér á hinu háa Alþ., hefði hún auðvitað átt að láta svo lítið að ræða við stjórnarandstöðuna, Alþfl. og Sjálfstfl. og fulltrúa Frjálslynda flokksins hér á hinu háa Alþ., sem nú verður að telja til stjórnarandstæðinga. En það gerði hún ekki. Hún hegðaði sér eins og hún

hefði sömu aðstöðu hér á þingi og hún hafði, þegar hún kom til valda í júní 1971. En það hefur hún bara ekki.

Sannleikurinn er sá, að auðvitað hefði ríkisstj., þegar einn helsti stuðningsmaður hennar í upphafi sagði henni upp trú og hollustu, þ. e. a. s. hv. þm. Bjarni Guðnason, þá hefði hún auðvitað átt að draga þá þingræðislegu ályktun af því og segja af sér og leita til forseta Íslands um það, hvort ekki væri hægt að skapa með öðrum hætti starfhæfan meiri hl. í báðum deildum Alþingis. En það gerði hún ekki. Hún hegðar sér eins og maðurinn, sem klæðist sumarfötunum að morgni, þó að hann viti, að það komi rigning eftir klukkutíma. Hún hegðar sér eins og atvinnurekandinn, sem eykur framleiðsluna, eykur athafnir sínar, þótt hann viti, að söluhorfur fari minnkandi. Henni fer eins og óforsjálum einstaklingi, sem heldur áfram að auka eyðsluna og óhófslifnaðinn, þótt hann viti, að tekjur hans fari minnkandi. Hún hegðar sér eins og hrokafullur valdsmaður, sem heldur áfram, heldur fast við hroka sinn, þótt hann viti, að öllum grundvelli sé kippt undan völdum hans. Auðvitað hefði ríkisstj. átt að vera búin að segja af sér, því að henni ætti að vera jafnljóst og öllum íslenskum almenningi er nú ljóst, að henni hafa mistekist hrapallega þau meginverkefni, sem hún tók að sér, þegar hún tók við völdum fyrir tæpum þremur árum.

Ég skal aðeins nefna tvö dæmi um þetta. Getur nokkur verið í vafa um það, að þessari ríkisstj. hefur mistekist stjórn efnahagsmála hrapallegar en nokkurri annarri ríkisstj., síðan stjórnin fluttist inn í landið? Þetta er almenningi vel ljóst, meira að segja skynsömum og grandvörum stuðningsmönnum núv. ríkisstj. í öllum stuðningsflokkum hennar. Ég þarf ekki að nefna annað dæmi til sönnunar þessari staðhæfingu minni en það, að árið 1974, þjóðhátíðarárið, árið, sem við höldum hátíðlegt 1100 ára afmæli byggðar í landinu, verður mesta verðbólguár í sögu landsins. Ég hef athugað svolitið verðbólgusögu Íslendinga s. l. 30 ár. Það er fróðleg saga og merkileg að mjög mörgu leyti, því að allar götur í meira en 30 ár hefur verið við verðbólgu að etja á Íslandi og allar ríkisstj. reynt að hafa hemil á henni, með afar misjöfnum árangri þó. Ég hef aðeins getað fundið eitt stutt skeið í sögu Íslendinga s. l. þrjá áratugi, þar sem verðbólga hefur á hálfu ári vaxið meira en hún vex nú á hálfu ári, og það er fyrri hluti árs 1942. Þá var stríð í heiminum, og þá var Ísland hernumið land, það var lokað land, gat lítil almenn innflutningsviðskipti átt við aðrar þjóðir. Hins vegar var hér mikil þörf fyrir vinnuafl, hærra verð á íslenskum útflutningsvörum en nokkurn tíma hafði áður átt sér stað í sögu landsins. Þetta olli geysilegu peningaflóði, eins og þeir menn, sem svo eru gamlir að hafa lifað þetta, eflaust muna. Hinir yngri hafa eflaust lesið um það. Það skapaðist sérstakt ástand á Íslandi vegna gífurlegra tekna innanlands, sem aftur áttu rót sína að rekja til gífurlega mikillar atvinnu og gífurlega hás verðlags erlendis. En fólk gat ekkert gert við peningana, því að það var ekki hægt að kaupa þær vörur, sem menn vildu kaupa fyrir peningana, vegna stríðsins. Þetta ásamt stjórnleysi eða illri stjórn, lítilli stjórnfestu í landinu, varð þess valdandi, að á fyrri hluta ársins 1942 var hér meiri verðbólga en áður hafði þekkst. En nú erum við að nálgast þetta fyrra met, og það er ekki á styrjaldartímum, það er ekki á hörmungartímum, heldur er það á mestu blómatímum í sögu íslensks atvinnulífs, þar sem viðskiptin við útlönd eru frjáls, bæði útflutningsviðskipti og innflutningsviðskipti, og þar sem hagur þjóðarinnar er betri eða skilyrði til góðs hags eru betri en nokkru sinni fyrr. Þá gerist það, að við náum því fyrra meti, sem styrjöldin knúði upp á okkur með hörmungum sínum á fyrri hluta ársins 1942. Er hægt að hugsa sér þyngri dóm, ömurlegri dóm um lélega stjórn en þetta, að undir þessum kringumstæðum skuli þjóðinni að þessu leyti, hvað verðbólguna snertir, farnast jafnilla og ekki varð hjá komist, að henni farnaðist um miðbik styrjaldarinnar.

Hitt dæmið, sem ég vildi nefna um stjórnleysi ríkisstj., um vanhæfi hennar til heilbrigðrar stjórnar, er meðferð hennar á varnarmálunum. Ég skal láta nægja að hafa um þetta örfá orð, bara minna á annað dæmi úr annarri átt, sem sýnir, hversu fullkomlega ríkisstj. hafi fatast tökin á stjórn mikilvægra mála. En þessi tvö mál hljóta að teljast kjarni íslenskra vandamála: efnahagsmálin annars vegar og öryggismálin hins vegar.

Ég þarf ekki að minna á, hver yfirlýsing var sett í stjórnarsáttmálann sumarið 1971, það er allri þjóðinni fullvel kunnugt. En síðan eru liðin tæplega 3 ár, og hvað hefur ríkisstj. gert með þessa yfirlýsingu sína, sem hún taldi vera einn af hornsteinum stjórnarstefnunnar? Hvað hefur hún gert í þessu máli? Bókstaflega ekki neitt. Hún hefur ekki einu sinni markað stefnu í málinu, hún hefur átt nokkra fundi. Það eina, sem hún hefur gert, er, að hún hefur áskilið sér rétt til að segja samningnum upp, — áskilið sér rétt til að segja honum upp! Háðulegra getur það varla verið. Hún hefur boðað uppsögn, boðaði uppsögn skömmu eftir að þetta nýja ár hófst, en ekkert hefur gerst. Algert aðgerðaleysi, alger aumingjaskapur, algert stefnuleysi. Það hafa verið haldnir nokkrir fundir með fulltrúum frá stjórn Bandaríkjanna, bæði í Washington og á Íslandi. Ríkisstj. hefur engar till. lagt fram á þeim fundum, hún hefur enga stefnu haft. Eftir tæplega 3 ár er hún enn að leita að stefnu sinni í viðræðum við Bandaríkjamenn. Er hægt að hugsa sér ömurlegri frammistöðu en hér á sér stað og það í því máli, sem sjálf stjórnin taldi vera eitt meginmál sitt, þegar hún var mynduð fyrir tæpum þremur árum? Og enn er ástandið þannig, enn vitum við ekkert, hvenær næsti fundur verður, enn veit enginn, hvort stjórnin hefur stefnu á þeim fundi eða enga stefnu. En ég get ekki annað en lokið þessum pistli með því að segja, að ég vona bara, að stjórnin finni enga stefnu, áður en hún leggur upp laupana. Það væri best fyrir íslensku þjóðina, að hún fyndi hana ekki og færi frá, áður en hún hefur uppgötvað hana.

Ég nefni ástandið á þessum tveim sviðum, í efnahagsmálunum og varnarmálunum, sem sönnun þess, sem óræka sönnun þess, að ríkisstj. hefur reynst gersamlega ófær um að takast á við helstu vandamálin, sem við er að etja í íslenskum þjóðmálum. Þetta hefði hún átt að sjá sjálf og draga

af því ályktun að hverfa frá völdum, að segja af sér, í staðinn fyrir að halda áfram að spóka sig í sumarfötum, löngu eftir að komin er rigning.

Nú skal ég snúa mér að því frv., sem hér er til 2. umr., þ. e. a. s. frv. um skattkerfisbreytingu. Ég gat þess í upphafi þessara orða minna, um hvað er í raun og veru deilt. Það er einfalt og augljóst, hvað ber á milli annars vegar stefnu þessa frv. og hins vegar þeirra hugmynda, sem við í þingflokki Alþfl. höfum sett fram. Ég vil vekja sérstaka athygli á því, að það er engin deila um tölur í þessu sambandi. Við deilum ekki við ríkisstj. um það, hvort tölur þær, sem hún hefur birt í frv., séu réttar eða ekki réttar. Við völdum þann kostinn að byggja allan okkar málflutning á þeim tölum, sem ríkisstj. og hennar sérfræðingar hafa lagt fram um málið, einmitt til þess að forðast það leiðindapex, sem í allt of ríkum mæli hefur um langan tíma sett svip sinn á íslenskar umr. um efnahagsmál, þ. á m. skattamál: Er þessi tala svona eða er hún hinsegin? Er þessi tala rétt eða er hún röng? Af okkar hálfu verður ekki um neinar deilur um réttar eða rangar tölur að ræða. Það, sem ég segi hér á eftir, og það, sem við höfum sagt hingað til, verður byggt á þeim tölum, sem ríkisstj. sjálf hefur lagt fram. En um eitt deilum við, og það er í raun og veru kjarni málsins. Það er um eitt grundvallaratriðið, sem deilan snýst á milli ríkisstj. annars vegar og þeirra sjónarmiða, sem Alþfl. hefur sett fram um þetta mál, hins vegar, og það er, hvernig á að meta skattkerfisbreytingu, á hvaða grundvelli á að dæma um það, með hverjum hætti einn skattur getur komið í staðinn fyrir annan.

Ef við breytum tekjuskatti í söluskatt, hvernig á að bera breyt. saman? Við höfum sagt og segjum enn og frá því munum við ekki hverfa, því að það er rétt, að þegar um skattkerfisbreytingu er að ræða, þegar tekjuskatti er breytt í söluskatt, þá á að miða við ársgrundvöll, þá á að miða við það, hvað tekjuskattslækkunin þýðir mikinn tekjumissi fyrir ríkissjóð á einu ári og hvað söluskattshækkunin veitir ríkissjóði mikla tekjuaukningu á einu ári. Við viðurkennum fúslega, að ef ríkisstj. fellst á að lækka tekjuskatt með breyt. á tekjuskattslögum og þegar hún reiknar út, sem við vefengjum ekki, að sú tekjuskattslækkun þýði tekjumissi um 2700 millj. kr. á ári, þá segjum við: Við skulum samþykkja þá hækkun söluskatts, sem gefur ríkissjóði 2700 millj. kr. á einu ári. Hreinskiptnari getur þessi afstaða ekki verið. Einfaldara getur reikningsdæmið ekki verið. Og þegar ríkisstj. sjálf segir, að eitt söluskattsstig svari til 800 millj. kr. á ári, þá þarf hún ekki að kunna annað en einfalda deilingu til þess að sjá, hvað mörg söluskattsstig þarf til þess að jafna 2700 millj. kr. tekjumissi, og það er um það bil 3½ stig. Einfaldara getur reikningsdæmið ekki verið. Á þessu byggist tilboð okkar um að samþykkja hækkun söluskattsins um 3½ stig.

En þá er eðlilegt, að menn segi: Í frv. felst meira en þetta, meira en lækkun tekjuskatts. Það felst líka í frv., að tekið skuli upp skattafsláttarkerfi, sem ríkisstj. sjálf segir, að muni kosta 550 millj. kr. Við álítum það líka skyldu okkar að benda á möguleika til þess, að hægt sé að standa undir þessum kostnaði, 550 millj. kr. Í því sambandi viljum við fyrst benda á það, að eftir að núgildandi fjárlög voru samin, tók hæstv. fjmrh. ákvörðun um nýjan tekjustofn, sem ekki er gert ráð fyrir í fjárl. Svo sem kunnugt er, var mat eigin húsaleigu við skattaframtöl metið sem ákveðinn hluti af fasteignamatsverði. Áður gilti sú regla, að húsaleiga var miðuð við 2% af faseignamati, og við þessa reglu óbreytta voru fjárl. miðuð og eru miðuð. Í jan. tók hæstv. fjmrh. þá ákvörðun að hækka þetta mat eigin húsaleigu úr 2% af fasteignamati upp í 3% af fasteignamati. Þetta er ný ákvörðun, tekin eftir að fjárlög eru samin, sem færir ríkissjóði auknar tekjur og jafngildir alveg nýjum tekjustofni. Mjög varlega áætlað mun þessi nýi tekjustofn auka tekjur ríkisins um 150—200 millj. kr. á ári.

Í öðru lagi er svo þess að geta, að tekjur af tekjuskatti eru í fjárl. ársins í ár miðaðar við það, að tekjuskattur aukist um 25—26% á milli áranna 1972 og 1973, m. ö. o.: sá tekjuskattsstofn, sem lagður verði á í ár, sé 25—26% hærri en sá, sem lagt var á í fyrra. Ég dreg ekki í efa, að þetta hafi verið samviskusamlega fengnar niðurstöður, þegar fjárl. voru samin, þ. e. a. s. í des. En athuganir í jan. og febr. hafa sýnt, að þær voru of varfærnar. Aukning tekjuskattsins verður meiri en þetta, mun meiri. Ég skal engu spá um það, hver hún raunverulega verður. Endanlegar tölur munu ekki liggja fyrir um það. En eitt þori ég að fullyrða: Aukningin verður alveg örugglega meiri en 27—28%. Það er algert lágmark að áætla hana það, hún verður meiri, líklega 29—30 eða 31%. En þó að ekki sé gert ráð fyrir því, að aukningin milli áranna 1972 og 1973 verði nema um 2—3% umfram áætlun fjárlaga, gefur það 350—400 millj. kr. aukningu á tekjuskatti umfram tölur fjárl., svo að hér er komin sú tala, sem þarf til að standa undir skattafsláttarkerfinu, 550 millj. kr. af þessum tveimur liðum, svo að ríkisstj. þarf í raun og veru ekki að gera annað en að taka einfalda ákvörðun um það, — mér skilst, að hún taki margar ákvarðanir á sínum mörgu fundum, — hún þarf bara að taka einfalda ákvörðun: Tekjurnar af hækkun skattmats eigin húsaleigu úr 2 í 3% og 350—400 millj. kr. af þeim tekjuauka, sem við fáum af tekjuskattinum, skulu renna í sérstakan sjóð, sem skal standa undir skattafsláttarkerfinu. Þá verður þeim sjóði séð fyrir nægilegum tekjum. Að þessu er þannig varið, hefur einnig komið í ljós nú alveg nýlega í skýrslu, sem embættismenn gáfu fjh.- og viðskn. í fyrradag á fundi hennar, sem eru enn þá nýrri upplýsingar og staðfesta þennan hugsunarhátt fullkomlega. Það eru nýjar tölur, sem mér var ekki kunnugt um fyrr en einmitt á fundi, sem haldinn var í fyrradag. Í skýrslu embættismanna kom fram, að tekjur einstaklinga í gildandi fjárl. eru áætlaðar 5864 millj. kr. Miðað við núgildandi forsendur eru tekjur af tekjuskattinum áætlaðar 4100 millj. kr., ef frv. er samþ. Tekjur af tekjuskatti eru m. ö. o. taldar verða aðeins 1764 millj. kr. minni en fjárlög gerðu ráð fyrir. Embættismennirnir telja nú í dag, að tekjur af tekjuskatti muni í reynd í ár verða aðeins 1764 millj. kr. minni en fjárl. gerðu ráð fyrir.

En hvað segja sérfræðingarnir um söluskattinn? Tekjur af honum eru áætlaðar í fjárl. 6702 millj. kr. En nú áætla sérfræðingarnir, að tekjur af söluskatti í reynd á árinu 1974 muni verða 10780 millj. kr. eða m. ö. o. 4078 millj. kr. hærri en fjárl. gera ráð fyrir. Niðurstaðan af ályktuninni er alveg augljós. M. ö. o.: frv. ríkisstj. er byggt á því, að tekjur af söluskatti aukist um 4078 millj. kr., en tekjur af tekjuskatti lækki ekki nema um 1764 millj. kr., m. ö. o.: tekjuaukning af söluskattinum er meira en tvöföld á við þá lækkun á tekjuskatti, sem sérfræðingarnir nú gera ráð fyrir.

Það er ekki hægt að fá gleggri sönnun en þessa, sótta til sérfræðinganna sjálfra, um það, að frv. byggir á því að taka meiri tekjur af söluskattsgreiðendum en það ætlar að skila tekjuskattsgreiðendum. Meiri en helmingi meiri tekjur ætlar ríkið að hafa upp úr söluskattinum en það, sem þeir missa í tekjum vegna lækkunar tekjuskattsins. Þetta er staðfesting á því, sem mann grunaði í upphafi og hefur fengist meiri og meiri staðfesting fyrir, að ríkisstj. ætlar sér að nota skattkerfisbreytinguna, vinsæla skattkerfisbreytingu, til þess að næla sér í viðbótartekjur — til þess að leggja nýjar álögur á skattgreiðendurna til þess að bæta úr bágum fjárhag ríkissjóðs. Þessar tölur sérfræðinganna frá því í fyrradag eru sönnun fyrir því, að þessi grunsemd var í uphafi rétt og það, sem við höfum verið að segja um þetta undanfarnar vikur og daga, t. d. þm. Alþfl., án þess að geta sannað það beinlínis. Nú er sönnunin komin. Það þurfti ekki á neinni reikningslist af okkar hálfu að halda. Sérfræðingar ríkisstj. reiknuðu þetta fyrir okkur og sönnuðu, að við hefðum haft og höfum enn rétt fyrir okkur.

Sannleikurinn er sá, að tilraunir ríkisstj. til þess að blanda saman vinsælu máli sem skattkerfisbreytingu annars vegar og óvinsælu máli, sem er að lappa upp á lélegan fjárhag ríkissjóðs, hins vegar, eru auðvitað fullkomlega óheiðarleg viðleitni, og allt, sem sagt er til að styðja hana, er óheiðarlegur málflutningur. Á það verður ekki lögð nægilega rík áhersla, að skattkerfisbreyt. er eitt mál og fjárhagsvandræði ríkissjóðs á árinu 1974 eru annað mál. Þetta eru óskyld mál, sem ekki á að ræða saman og ekki á að fjalla um í einni og sömu löggjöf. Þetta frv. heitir „frumvarp til laga um skattkerfisbreytingu". Það heitir ekki „frumvarp til laga um fjárhagsvandræði ríkissjóðs á árinu 1974". Ef það héti það, gæti maður skilið, að menn töluðu eins og hv. 4. þm. Reykv. talaði hér áðan og hæstv. fjmrh. við 1. umr. En það heitir ekki það. Ég er ekki að bera á móti því, að það væri ekki þörf á því fyrir ríkisstj. að bera fram frv. um fjárhagsvandræði ríkissjóðs á árinu 1974. Það er afskaplega alvarlegt mál. Ætti að sýna Alþ. þann sóma að bera fram frv., sem fjallaði um þetta, skulum við ræða það. En það yrði meira vandræðamál og óvinsælla en frv., sem hér er um að ræða. Ríkisstj. er nógu óheiðarleg til að gera tilraun til að blanda þessu tvennu saman, sem er þó algerlega óskylt.

Öll röksemdafærsla fulltrúa hæstv. ríkisstj. um það, að ekki megi reikna nema með 9½ mánaða tekjum af söluskattshækkuninni, er byggð á þeirri grundvallarvillu, að það sé eitt og hið sama, skattkerfisbreyting og fjárhagsvandræði ríkissjóðs á árinu 1974. En er það ekki alveg augljóst mál, að ef við berum saman tekjumissi af lækkun tekjuskatts í 12 mánuði, þá er eina talan, sem er sambærileg við þetta, tekjuaukning vegna hækkunar söluskatts í aðra 12 mánuði? Það er aðeins með einu móti, sem svona mætti hugsa, svona mætti haga málflutningi sínum. Það væri, ef skattkerfisbreytingunni væri ætlað að standa bara árið 1974. Ef hún ætti að standa bara 1974, má rökstyðja það, að þörf sé á 5 stigum. En skattkerfisbreytingunni er ekki ætlað að standa bara 1974, henni er ætlað að standa til frambúðar. (Gripið fram í.) Þá reiknum við líka tekjuskattinn á grundvelli 9½ mánaðar. (**Gripið fram í:** Við skulum bara samþykkja það 1974.) Tekjuskattinn líka? Það er kjarni málsins. Þá er enn sennilegra, að við reiknum rétt. (Gripið fram í.) Ráðh. getur talað á eftir, hann þarf ekki að nota þann ræðutíma, sem ég hef. — Kjarni málsins er sá, að annaðhvort reiknum við með 12 mánuðum báðum megin eða 9½ mánuði báðum megin, og alveg sama hvort við gerum. Annars er slagsíða á dæminu og það er það, sem ráðh. allir vilja. Þeir vilja hafa slagsíðu á dæminu eins og á sjálfri ríkisstj. En það dugir ekki að rétta slagsíðu stjórnarinnar á því að reyna að hafa slagsíðu á þeim dæmum, sem þeir setja upp, og þeim till., sem þeir flytja. Það réttir þá ekki af, þó að ég beri ekki á móti því, að þeir þyrftu eitthvað til að rétta sig reglulega af.

Þá ætla ég að víkja nokkrum orðum að því, sem nokkuð hefur verið úr gert, að ríkisstj. hafi gefið yfirlýsingu gagnvart Alþýðusambandinu, sem hún muni standa við. Að vísu er það svo, að hún hefur í hliðarherbergjum og á nefndarfundum gert ýmsar till. til okkar í stjórnarandstöðunni, sem einmitt eru um að standa ekki við yfirlýsingar gagnvart Alþýðusambandinu. Þeir eru búnir að gera mörg tilboð um að svíkja þessar yfirlýsingar, — mörg, fleiri en eitt, fleiri en tvö og fleiri en þrjú, svo að það er ekki bara umhyggja fyrir því, sem ASÍ var sagt, sem hér ræður verkum, heldur er það, sem stjórnar gerðum ríkisstj., vandræðin með ríkissjóð á árinu 1974. Það er það, sem ræður öllum till. og öllum gerðum hæstv. ríkisstj. En í þessu sambandi vildi ég benda á í fyrsta lagi, að það var engan veginn eining um þá yfirlýsingu, sem ríkisstj. fékk samþykkta í 30 manna nefnd Alþýðusambandsins. Það var tiltölulega naumur meiri hl., sem samþykkti hana. Ýmsir menn án tillits til flokka, — þarna skipti flokkapólitík ekki minnsta máli og á ekki að gera og sem betur fer gerði hún það ekki, — ýmsir fulltrúar verkalýðsfélaga greiddu atkv. gegn því að taka við þessari yfirlýsingu, margir aðrir sátu hjá, og það var naumur meiri hl. n. í heild, sem samþykkti að taka yfirlýsinguna gilda. Allt þetta eru aukaatriði. Hitt er aðalatriðið og kjarni málsins, að ríkisstj. blekkti 30 manna n. Það er auðvitað ríkisstj. til vansæmdar, en ekki 30 manna n. Það er þeim til vansæmdar, sem blekkir, en ekki hinum, sem því miður lætur blekkjast, því að þegar dæmið er skoðað niður í kjölinn kemur í ljós, að það þarf ekki 5 stig,

eins og ég er búinn að sýna fram á, sýndi fram á við 1. umr., sýndi fram á í nál. og sýni enn fram á í þessari ræðu. Það þarf ekki nema 3½ stig, til þess að staðið sé að öllu leyti við skuldbindingarnar gagnvart Alþýðusambandinu.

Það er gerður greinarmunur á því. Í yfirlýsingunni eru annars vegar skuldbindingar og hins vegar fórn, — skuldbindingar af hálfu ríkisstj. og hins vegar fórn af hálfu launþegasamtakanna. Skuldbindingar ríkisstj., sem í eiga að felast hagsbætur fyrir launþeganna, þ. e. lækkun tekjuskattsins og skattafsláttarkerfið, — þetta var það, sem ríkisstj. lofaði verkalýðshreyfingunni, og við það á hún auðvitað að standa. Hitt var fórnin, verðið, sem ríkisstj. heimtaði af launþegasamtökunum, og þar blekkti hún. Hún heimtaði 5 stig, þó að hún hefði átt að vita eða a. m. k. ætti að vita núna, ef hún skilur almennan reikning, að það þarf ekki nema 3½ stig. Það var þessi blekking, sem er hið alvarlega í málinu. Og þó að ekkert yrði af þessu öllu saman, eru það reginsvik af hálfu ríkisstj., því að hún er búin að lofa launþegunum hagsbótum í tekjuskattslækkuninni og skattakerfinu, sem hún sviki nú um, af því að hún vill ekki játa, að hún blekkti verkalýðshreyfinguna á hinum löngu næturfundum í Loftleiðahótelinu. Ég veit ekki, hvort hún ber ábyrgð á blekkingunum, það skiptir ekki máli, ég skal enga tilraun gera til þess að dæma um það, en um blekkingu var að ræða, og það er mergurinn málsins. Auðvitað hlýtur verkalýðshreyfingin að fagna því að fá þær hagsbætur, sem henni hefur verið lofað, og þurfa ekki að borga fyrir þær nema það verð, sem sannanlega þarf til að standa undir hagsbótunum.

Til þess að undirstrika þetta sjónarmið á mjög alþýðlegan hátt og með þeim orðum, sem enginn vafi er á, að hvert mannsbarn í landinu skilur, vil ég ljúka máli mínu með því að leggja eftirfarandi dæmi fyrir frsm. n., hv. 4. þm. Reykv., og biðja hann um að hugleiða það, þangað til hann talar næst, og hafa þá á reiðum höndum svör við vandamálinu í þessari stuttu dæmisögu.

Við skulum hugsa okkur, að dóttir Jóns Jónssonar komi til hans og biðji hann um að gefa sér kápu. Jón svarar og segir við dóttur sína: Hún er afskaplega dýr, hún kostar 3 þús. kr., og ég hef ekki efni á því, elskan mín, að gefa þér þessa kápu, fyrst hún er svona dýr, kostar 3 þús. kr. — Stelpan segir: Ég verð að fá kápuna, ég verð að fá hana. — Þá segir Jón við hana: Heyrðu góða, komdu á morgun, ég skal hugsa málið. — Og aftur kemur stúlkan daginn eftir og segir við hann: Heyrðu pabbi. Kápan kostar ekki nema 2000 kr. Ég fór í búðina og gáði að því, hún kostar ekki nema 2000 kr. — Hvað gerir nú Jón Jónsson í þessu efni? Lætur hann stelpuna fá 3 þús. kr.? Nei, auðvitað ekki. Hann lætur hana fá rétta verðið. Hann lætur hana fá 2000 kr., og stelpan eignast kápuna, sem hún hefur eflaust fulla nauðsyn fyrir og hefur mikla ánægju af. Það að láta hana hafa 3000 kr. hefði verið algerlega út í bláinn, algerlega óþarft. Hvað hún hefði gert við þá peninga, veit enginn, og þess vegna hefði auðvitað góður faðir alls ekki hegðað sér með þessum hætti. Nú vil ég biðja hv. þm. Þórarin Þórarinsson að hugsa um, hvað hann mundi hafa gert í sporum Jóns Jónssonar.

Fjmrh. (Halldór E. Sigurðsson): Herra forseti. Ég er ekki viss um, að ég sé eins laginn við sölu á kápum og hv. 7. þm. Reykv., sem hefur miðað verðið við það, að hann geti blekkt og slegið af því síðan og talið kaupandanum trú um, að þá hafi hann fundið rétta verðið. Ég hef víst ekki þá æfingu í verslunarháttum eða aðra leikni í pólitík, að mér hæfi slíkt.

Ég vil taka það fram, hvað sem hv. 7. þm. Reykv. kann að segja um blekkingar og önnur slík vinnubrögð í sambandi við þetta mál, að unnið hefur verið fullkomlega heiðarlega að því, og ég er sannfærður um, að ríkisstj. og þeir menn, sem að því hafa unnið, geta fengið vottorð viðsemjenda sinna um það, því að fulltrúar Alþýðusambandsins fengu, alveg eins og starfsmenn ríkisstj., aðgang að öllum þeim gögnum, sem hægt var að leggja fram í þessu máli, og þeir fengu svar við sínum spurningum og þá útreikninga, sem hægt var að gera. Og það var gert af hinum færustu mönnum. Enginn af þeim mönnum hafði í frammi neinar blekkingar. Hins vegar eru þeir jafnfúsir til að tileinka sér, ef þeir fá ný sannindi, og leggja þau fram.

Ég skal ekki fara langt út í ræður hv. þm., sem hafa talað hér, en tel mér þó skylt að víkja nokkuð að því, sem um er að ræða.

Það, sem var mergur málsins í ræðu hv. 7. þm. Reykv., var það að blanda ekki saman fjármálum ríkissjóðs og þessum skattkerfisbreytingum. Þess vegna hefur það verið mat ríkisstj., að þetta mál ætti að einangra og ekki að leiða fjármál ríkissjóðs inn í það, hvort sem um var að ræða slæman eða góðan fjárhag ríkissjóðs, það skipti engu máli. Það, sem hér er um að ræða, er að skipta á sléttu samkv. því mati, sem hægt var að gera um þessa tvo valkosti. Allt dæmið og allir útreikningar eru miðaðir við það. Þess vegna er það greinilega tekið fram í grg. þessa frv. og sýnt fram á það með rökum, hvað um er að ræða í því sambandi, hvað líkur séu fyrir, að tapist í tekjuskatti, og hvað líkur séu fyrir, að vinnist í söluskatti. Ef tekjuskatturinn skilar meiru, eins og nú er álitið, að hann muni gera, samkv. því úrtaki, sem gert var og ekki kom í hendur á hagrannsóknadeildinni og fjmrn. fyrr en nú fyrir helgina, þá er líka meira látið af hendi til þegnanna, vegna þess að reglurnar, sem reiknað er út eftir, bæði persónufrádrátturinn og skattstiginn, slá auðvitað af þeim tekjum, sem umfram eru, eins og hinum. Þá verður sú upphæð, sem látin er af hendi, meiri en 2700 millj. kr., eins og reiknað er með þarna, því að þar er reiknað út frá þessum ákveðnu forsendum. Þetta gefur auga leið, og þess vegna er um það að ræða, að ef þetta reynist meira, verður þessi afsláttur líka meiri vegna þeirra skattkerfisbreytinga, sem unnt er að gera eða gerðar yrðu samkv. frv. Hins vegar segir það ekki, að söluskatturinn þurfi að aukast, þó að tekjuskatturinn yrði hærri og afslátturinn þar af leiðandi meiri.

Hvernig í ósköpunum ætlar hv. 7. þm. Reykv. og hv. 3. landsk., sem var að tala hér á föstudaginn, þegar hann sagði, að það væri kúnst í reikningsaðferð fjmrn. að telja ekki til tekna rn. á árinu 1974 söluskattinn, sem ekki er gjaldfallinn fyrr en í jan. 1975? — hvernig ætla þessir

hv. þm. að nota þá peninga í des., sem væru ekki gjaldfallnir þeim til handa fyrr en síðast í jan? Það þarf meira en meðalreikningsmann, — sem hv. 7. þm. Reykv. er nú, því að hann reiknar dæmið venjulega þannig, að hann byrjar á útkomunni, og dæmið er svo reiknað út frá því, — en það þarf meira en meðalfæran mann til þess að fá slíka hluti í hendurnar, að nota fjárheimtu, sem innheimtist síðast í jan., til að greiða með í des. Það kunna ekki snillingarnir í fjmrn., þó að afbragðsstarfsmenn séu. (**Gripið fram í:** Það er hægt að taka lán til að greiða það.) Það er hægt að taka lán, en það þýðir ekki það sama og að greiða með eigin tekjum, það veit hv. þm., og það þýðir í reikningsfærslu á ríkisreikningi, að það kemur halli á rekstrarreikninginn vegna þess arna. Þess vegna er það svo, og ég vil endurtaka það, að hv. þingheimur heyri, að það er boðið fram af hæstv. ríkisstj. að láta þessi lög gilda til næstu áramóta, svo að það séu ekki neinar vangaveltur um það, að það eigi að fara að snuða upp á framtíðina, enda gangi þá í gildi núgildandi skattalög við næstu áramót og gildi þangað til önnur lög taki gildi. Það var samið um að endurskoða þetta mál við næstu áramót, og það er einnig boðið hér hv. þingheimi, að lögin skuli aðeins gilda til áramóta, svo að það orki ekki tvímælis, hvernig með verður farið um næstu áramót, það sé ljóst, að þá gildi bara skattal. áfram, sem nú eru í gildi, ef ekki næst samkomulag um annað. Þá fellur jafnframt niður söluskatturinn frá 1. jan., á sama tíma, og það eru engar vangaveltur um það af hálfu ríkisstj., því að það hefur ekki verið hennar hugsun að hafa neitt út úr þessu, heldur krónu fyrir krónu, og þess vegna er boðið upp á það, að lagabreyting þessi falli úr gildi um næstu áramót. Það hlýtur hv. 7. þm. Reykv. að skilja. Og hann skilur það, annað dettur mér ekki í hug að halda, þó að hann sé snúningslipur í að útfæra sínar skoðanir. En að halda því fram, að maður fái söluskattshækkunina fyrir jan. og febr. og þennan hluta, sem liðinn er af mars, það er alveg ómögulegt að gera. Það er alveg ómögulegt að halda því fram, því að það er liðinn tími, sem ekki kemur aftur, svo að þess vegna er ekki um að ræða söluskatt nema frá þeim tíma, sem lögin yrðu staðfest og tækju gildi, sem yrði seint í þessum mánuði, ef allt gengi að óskum. Ég vona enn, að hv. þm. átti sig á, að hér er verið að gera kerfisbreytingu, sem er til bóta að minni hyggju og a. m. k. ástæða til að reyna þessa mánuði, sem eftir eru af árinu, þannig að það er ekki meiri áhætta tekin en þar er fólgin í. En það er ekki hægt að innheimta söluskattinn eftir á, það er vonlaust mál. Það er ekki hugsun ríkisstj. Þess vegna er það, sem sérfræðingar hennar lögðu fram í fjh.- og viðskn. um breytingar á tekjum og gjöldum ríkissjóðs, sem þegar er vitað um og sem áætlað er, það er fyrst og fremst miðað við það, sem gæti orðið og menn halda, að verði. Sumt af þessu er þekkt, annað ekki. Aðalatriðið er þó þetta, að tekjuskattslækkunin með skattafslættinum og söluskattshækkunin standist á, og það hafa ekki enn komið fram þau rök, sem hafa hrakið þetta. Ef tekjuskatturinn gefur meira á árinu 1974 en reiknað er með, fær ríkissjóður þann pening að óbreyttum lögum. En hann gefur meira eftir með breytingunni heldur en gert er ráð fyrir í þessum útreikningum, vegna þess að þar er reiknað með lægri stofni, svo að það þarf ekkert um það að deila, það getur ekki orkað tvímælis, og þó að hann fái hærri tekjur af þeim söluskatti, sem nú er, þá kemur það ekki þessu máli við, því að það er bara annar þáttur, sem um er að ræða. En hærri tekjur af söluskattsviðaukanum en gert er ráð fyrir í þessu frv., það má merkilegt heita, ef það skilar sér. Í grg. frv. er gerð grein fyrir því, hvað er reiknað með hárri álagningu og hvað er reiknað með hárri innheimtu. Þess vegna er hér ekki verið að fela neitt í þessum málum. Og ég vil endurtaka það, að það var eins vel unnið að undirbúningi þessa máls og frekast var hægt. Ég tek það fram, að þegar Alþýðusambandið lagði þetta til, vissu þeir menn vel, hvað þeir voru að gera, og það þýðir ekki að halda því fram, hvorki að það hafi verið reynt að snúa á þá eða hafi verið hægt að snúa á þá. Ég kynntist þeim það mikið, að mér hefur verið ljóst, að þeir menn voru færir, að þeir vissu alveg, hvaða verk þeir voru að vinna. Enda var á engan hátt verið að gera neina tilraun til að snúa á neinn, það var verið að reyna að vinna að þessum málum samviskusamlega, eins og frekast var hægt, það var aðalatriðið.

Ég ætla nú ekki að fara lengra út í ræðu hv. 7. þm. Reykv., því að það tekur ekki, eins og hann sagði, að deila um tölur. Það, sem eftir er af þessu ári, eru engir 12 mánuðir, það vitum við öll, og þarf ekkert að deila um það. Það er ekki hægt að innheimta söluskatt af vörum, sem búið er að selja, og þess vegna skulum við bara halda okkur við staðreyndirnar.

Það hefur ýmislegt komið fram í þessum umr., sem ég skal nú lítils háttar víkja að. M. a. hefur verið talað um afgreiðslu málsins utan þings. Það er alveg rétt, að þetta samkomulag, sem gert var, var gert utan þings, og það var gert, — ég vil segja það í sambandi við það, sem 7. þm. Reykv. sagði hér áðan, — með verulegum meiri hl. atkv., þar sem 19 greiddu atkv. með málinu, 4 á móti, og einir 6 sátu hjá. Fleiri voru ekki á þessum fundi. Það er ekkert nýtt, að ýmis mál, sem hafa verið gerð með samningum, hafi verið afgreidd á Alþ., eftir að samningarnir hafi verið gerðir, og þannig verður oft og tíðum að leysa mál, ekki síst í slíkum málum eins og kjaramálum. Ég tel mig muna rétt, að grundvöllurinn að Atvinnuleysistryggingasjóði var lagður í samkomulagi stjórnvalda og verkalýðshreyfingarinnar í sambandi við kjarasamninga. Auðvitað voru lögin ekki samþykkt þá um leið, en þau voru á eftir lögð fyrir Alþ. og samþ., eins og var samið um. Sama er að segja um júní-samkomulagið um Breiðholtsframkvæmdirnar. Það var samið um þetta í samningum milli ríkisstj. og alþýðusamtakanna í sambandi við að leysa kjaramálin, og síðar meir var svo unnið að því. Þess verður hins vegar að geta, að hraðinn í framkvæmdunum var mun minni en samningarnir gerðu ráð fyrir, og mikið var ógert af þessu, þegar núv. ríkisstj. kom til valda. Var þó gert ráð fyrir því, að þetta nægði, þessu

yrði lokið, ef ég man rétt, 1967. En ríkisstj. samdi þarna lengur en hennar umboð var þá til, og það verða ríkisstj. oft að gera. Ég tek nú ekki til samninga, sem verður að gera á milli þjóða. Þeir eru gerðir og það er komið með þá inn á Alþ. sem þannig skjöl, að þeim verður ekki breytt, það er annaðhvort að velja eða hafna, svo að það er ekkert nýtt í sögunni, þótt þess háttar sé gert.

Um stefnubreytingu af hálfu núv. ríkisstj. í sambandi við þetta mál, þá vil ég endurtaka það, sem ég hef sagt hér oft og mörgum sinnum áður, að því hefur margsinnis verið lýst af þessari ríkisstj., að hún væri reiðubúin til þess að breyta frá beinum sköttum í óbeina, ef skattkerfið væri á sama grundvelli, þ. e. gengi ekki inn í vísitölu. Samningar um það hafa ekki tekist fyrr en nú, reyndar verið lítið reynt um það og talið óeðlilegt að gera það af hálfu launþeganna, meðan kjara- eða samningstímabil stóð yfir. Ýmislegt er í þessu, sem gengur í rétta átt, eins og viðurkennt er af hv. stjórnarandstæðingum, og ég vona, að það reynist ekki svo, að það séu þeir, sem séu nú orðnir talsmenn beinu skattanna og vilji síður, að það sé farið inn á óbeinu skattaleiðina, þótt manni finnist umr. benda til þess. Það skyldi nú ekki verða næsti þáttur í skattamálunum, að hann yrði á þá leið? A. m. k. er miklu minna talað um það nú en oft áður, að í sambandi við óbeinu skattana hafi fólkið val og geti ráðið því, hvort það kaupir kápuna eða kaupir hana ekki, og svo er náttúrlega með fleiri hluti en kápur.

Um staðgreiðslu skatta eða opinberra gjalda, sem vikið var að hér í umr. um daginn, þá kom það fram hjá hv. 5. þm. Reykv., Gunnari Thoroddsen, að hann taldi, að þetta væri spor í þá átt og það væri ekki stigið til fulls. Ástæðan til þess er m. a. sú, að það hefur orðið samkomulag milli ríkisstj. og stjórnmálaflokkanna yfirleitt, að þeir nefndu til mann til þess að taka þátt í nefndarvinnu til þess að vinna að nýju tekjuöflunarkerfi fyrir ríkissjóð, og þessi þáttur er einn af þeim, sem slík n. mundi vinna að. Það er ekki eðlilegt, að á svona máli, sem unnið er með skyndingu, sé tekið þannig, að það sé afgreitt á þann hátt, því að það þarf mikinn undirbúning.

Svo hefur í þessum umr., eins og oft vill verða, verið rætt um sparnað og það færi lítið fyrir honum hjá núv. ríkisstj. Rétt er nú það, að fjárl. hafa hækkað, og skal ég koma að því síðar, hvaða ástæður eru þar sterkastar. En það eru fleiri fjárlög, sem hækka, heldur en hjá ríkinu. Ég hef t. d. fengið hér yfirlit yfir fjárhagsáætlun Reykjavíkurborgar, sem er næststærsti opinberi aðilinn hér á landi um slíka hluti eins og fjármálagerðina. Þegar á það er litið, kemur á daginn, að fjárhagsáætlun Reykjavíkurborgar hækkar á milli áranna 1973 og 1974 um 49.5%. Hjá ríkissjóði er þetta þó ekki nema 33.3%, og þó var á þessu ári gerð kerfisbreyting, þar sem framkvæmdaáætlunin var tekin inn á fjárl. Mestur hlutinn af framkvæmdaáætlun Reykjavíkurborgar hefur hækkað verulega mikið og snöggtum meira en hjá ríkissjóði. Þess vegna er það nú svo, að þar sem aðrir ráða en þeir, sem ráða hjá ríkinu, þar geta slíkir hlutir gerst eins og þessir, að um verulega hækkun sé að ræða.

Ef við lítum á fjárl. í heild, er hægt að flokka þau í nokkra meginflokka. Í fyrsta lagi eru útgjöld, þar sem er ákveðin í lögum krónutala til þess verkefnis, sem þar er greint. Þetta eru um 610 millj. kr. Þetta eru framlög til Fiskveiðasjóðs, jarðakaupasjóðs og Stofnlánadeildar landbúnaðarins og fleiri slík framlög, sem ákveðin eru í lögum upp á krónu. Í öðru lagi er svo liður, sem er um 10200 millj. kr., og þar er um að ræða útreikninga á gjöldum, sem eru ákveðin og er ekkert nema reikningsdæmi, hvað til útgjalda skuli fara á þessum gjaldaliðum. Þetta er allt samkv. lögum og ákveðið, hve miklu skuli varið til slíkra útgjalda. Þar er Tryggingastofnunin fyrirferðarmest, og er þá tekið aðeins það, sem lögbundið er. T. d. fjölskyldubæturnar eru þar 8000 með hverju barni, og ekki tekið meira inn á þennan lið en þar til segir. En hér er um allverulega fjárhæð að ræða, eins og ég áður gat um. Þriðji útgjaldaliðurinn eru markaðir tekjustofnar, sem eru líka lögákveðnir, 3.3 milljarðar. Launaútgjöld ríkissjóðs eru 6.3 milljarðar. Þá eru aðrar samningsbundnar greiðslur, sem eru tæpar 600 millj. Hér er samtals um að ræða um 21 milljarð kr. í útgjöld. Þetta er allt saman samkv. ákvörðunum Alþingis þar um, og eigum við þó eftir að fara í þann hluta útgjaldanna, sem er gjaldfærður stofnkostnaður, eða til framkvæmda eins og skóla, hafnargerða, vega og fleira því um líkt, sem hefur verið þannig, að þm. hefur yfirleitt þótt heldur of lítið að gert en hið gagnstæða. Þegar búið er að fara í gegnum fjárl. á þennan hátt, kemur á daginn, að það er æðimikið af fjárlagaútgjöldunum, sem er ráðstafað af Alþ., og verður að breyta lögum, til þess að hægt sé þar um að þoka. Það er sáralítið, sem fjmrh. hefur til ráðstöfunar í sambandi við afgreiðslu fjárl. í raun og veru, þegar á allt er litið.

Í sambandi við það, sem kom fram bæði hjá hv. 1. þm. Reykn. og hv. 3. landsk. þm. fyrir helgina um hækkun á tekjuskattinum, þá sást þessum þm. báðum yfir að geta þess, að innifalið í þeirri fjárhæð, sem þeir þar nefndu, eru persónuskattarnir, sem niður voru felldir, en þeir voru samkv. fjárl. nú í vetur um 3600—3700 millj. kr. Eftir þá hækkun, sem nú verður á tryggingunum, fer þetta að nálgast um 4 milljarða kr. Þar á ég við bæði persónugjöldin til sjúkrasamlags og trygginga og framlag sveitarfélaga. Þetta er allt innifalið í tekjuskattinum. Og eftir þessar breytingar, ef gerðar yrðu, þær sem hér liggja fyrir, mundi fara svo, að tekjuskatturinn sem slíkur væri ekki orðinn fyrirferðarmikill, hann mundi tæplega nægja fyrir þessum útgjöldum. Þannig að það hefði alveg eins verið hægt að leggja tekjuskattinn niður, en láta greiða framlagið til trygginga með persónusköttum og framlögum sveitarfélaga að þeim hluta, sem það var, en ríkið greiddi sín 50%. En réttlátt væri það ekki að taka þannig til um framkvæmd á því, vegna þess að það mundi lenda á fólki alveg án tillits til tekna, og það er sú tekjuskattsaðferð eða tekjuinn-

heimta, sem verst er. Þess vegna er nauðsynlegt, þegar hv. þm., hver sem það annars kann að vera, ræða hækkun á tekjuskattinum, að hafa þetta hugfast, jafnhliða því að með tekjuskattslögunum og tekjustofnalögum sveitarfélaga voru útgjöld sveitarfélaga lækkuð verulega og tekjur þeirra í gegnum útsvörin einnig.

Hv. 1. þm. Reykn. sagði frá því, að þeir vildu hafa alla fasteignaskatta hóflega, og rétt er nú það, en því er til að svara, að það var mjög fjarri lagi, að þeir væru hækkaðir í fjmrn. eins og sveitarfélögin fóru fram á í vetur, að gert yrði, því að þeirra till. var að hækka þessa skatta um meira en 100%.

Einn af þeim hv. þm., sem ég ætlaði að víkja að í sambandi við ræðu, sem hann flutti hér fyrir helgina, er nú ekki í hv. d., svo að ég ætla að láta það niður falla. En það var vegna samanburðar hans á hækkun á landbúnaðarvörum og kaupmætti launa. Ég ætla þá þess í stað á eftir að gefa honum skýrslu þar um, svo að hann geti farið rétt með þau mál, þegar hann ræðir þau næst.

En ég skal ekki vera að þreyta menn með því að lengja þessar umr. mikið frá því, sem orðið er, ég tel mig hafa vikið að því, sem mestu máli skiptir, og öðru ætlaði ég ekki að víkja að.

Ég vil að lokum segja það, að það er alrangt, að í þessu samkomulagi á milli ríkisstj. og ASÍ hafi verið gerð nokkur tilraun til blekkinga eða svika. Það er líka alrangt, að það hafi verið gerð nokkur tilraun til þess að blanda fjármálum ríkisins inn í það, því að ég er sannfærður um, að ríkið hefur á þessu ári, 1974, heldur tap en hagnað af þeim breytingum.

Það, sem hér er á ferðinni, er því skattkerfisbreyting frá beinum sköttum til óbeinna, meira en verið hefur, og það er í samræmi við það, sem hefur komið fram á hv. Alþingi áður, að hv. þm. vildu hallast að því að ganga meira til móts við þá skoðun. Ég er einnig í þeim hópi, og hef talið mig vilja gera það, ef um skatt væri að ræða, sem ekki færi inn í visitöluna.

Ég vil í öðru lagi leggja áherslu á það, að frv. er sameiginleg vinna embættismanna ríkisins, fjmrn. og hagrannsóknadeildarinnar annars vegar og fulltrúa ASÍ hins vegar, og það er unnið á jafnréttisgrundvelli og á engan hátt gerð tilraun til þess að leyna neinu, enda samviskusamlega unnið í fyllsta máta. Samkomulagið er svo niðurstaða af því, sem þessir aðilar urðu sammála um, eftir að hafa unnið að málinu og kynnt sér það vel.

Ég endurtek, að ég tel, að ríkisstj. hafi haft ástæðu til að ætla, m. a. vegna viðræðna minna, að hún hefði þingfylgi fyrir því, að þetta næði fram að ganga, og þeirri trú mun ég ekki varpa fyrir borð, nema ég sjái annað.

Ég vil líka segja það, að það hefur á engan hátt verið undir það tekið frá okkar hendi að ganga frá þessu samkomulagi, því að það vil ég ekki gera. Það eina, sem hefur verið rætt, var þó aðeins að bæta þar um til hagsbóta fyrir ASÍ-félaga, en annað ekki.

Ég vil líka endurtaka það, að við fáum yfirlýsingu um endurskoðun á málinu að árinu 1974 liðnu, og vil undirstrika það, að ef það gæti orðið til samkomulags við hv. alþm., að gildistaka frv. væri miðuð við árslok og söluskattur ekki innheimtur, nema sem þá væri til fallinn, og þá gengu í gildi þau skattalög, sem nú eru í gildi, þar til um önnur yrði samkomulag og þau væru staðfest, þá er ríkisstj. reiðubúin til þess.

Vilhjálmur Hjálmarsson: Herra forseti. Ég vil með örfáum orðum gera grein fyrir brtt., sem ég flyt á þskj. 481. Þær eru ekki stórvægilegar að efni til.

1. brtt. er við 4. gr. frv. Þar er fyrst undir staflið a umorðun á upphafi 3. mgr. í rómverskum II. Þessi brtt. er fram borin til þess að taka af öll tvímæli, og er í samræmi við grg. frv. að taka af öll tvímæli um það, að skattafsláttur skv. þessu lagaákvæði teljist ekki til skattskyldra tekna. Hér er skotið inn í greinina eins og hún var: „Þetta fé telst ekki til skattskyldra tekna, skv. 7. gr.“ Þetta er um staflið a.

Um staflið b er það að segja, að hann er einnig fram borinn til þess að gera ákvæði frv. skýrari. Það er litið svo á, að það sé a. m. k. mjög erfitt að framkvæma þetta ákvæði eins og það er orðað í frv. En þarna eru tekin af öll tvímæli með því að segja, að „til jöfnunar á námskostnaði, sbr. l. nr. 69 1972, og til Lánasjóðs ísl. námsmanna eða annarrar fjárhagsaðstoðar ríkisins við námsmenn, þegar í hlut eiga menn, sem telja fram á skattárinu til frádráttar kostnað vegna náms síns.“

Þá er stafliður c. Þar er um hreina leiðréttingu að ræða. Þar átti að standa eins og hér er lagt til: „Sé fé enn óráðstafað að loknum greiðslum skv. 1.—3. hér að framan, skal það greitt viðkomandi manni.“ Í frv. stendur „hann“ í staðinn fyrir „það“. Þetta er þess vegna hrein leiðrétting.

Þá er 2. brtt. um það, að á eftir 5. gr. frv. komi ný gr., er verði 6. gr. og orðist svo: „4. málsl. 5. málsgr. 15. gr. nr. 7 1972, um breyt. á 41. gr. l. nr. 68 1971 orðist svo: „Ríkisskattanefnd skal annast útgáfu úrskurða sinna árlega.“ Í tilvitnuðum l. er gert ráð fyrir því, að ríkisskattstjóri sjái um útgáfu þessara úrskurða, en það þykir eðlilegra að hafa þennan háttinn á.

3. brtt. er 13. gr. umorðun á 6. mgr., en þar er raunar eingöngu um leiðréttingu að ræða. Þar sem í frv. stendur „gr.“, á að standa „mgr.“

Ég hef þá með örfáum orðum gert grein fyrir þessum brtt. og mun ekki að öðru leyti blanda mér í umr. að þessu sinni.

Karvel Pálmason: Herra forseti. Áður en ég kem að því að gera grein fyrir brtt. við þetta frv., sem ég ásamt 2 öðrum hv. alþm. stend að, vil ég fara aðeins örfáum orðum um nokkuð af því, sem hér hefur komið fram í ræðum manna.

Menn hafa mikið talað um það hér og þá fyrst og fremst stjórnarandstæðingar, hver kjarni málsins væri. Í mínum huga er kjarni þessa máls, sem hér er verið að ræða, sá, að hér er um að ræða gert samkomulag af hálfu verkalýðshreyfingarinnar til lausnar kjaradeilu. Þar hefur verkalýðshreyfingin í frjálsu samkomulagi samþykkt það, sem hér er um að ræða, og fer því ekkert milli mála, að hér er um að ræða vilja forustumanna og verkalýðshreyfingarinnar í heild.

Talsmenn stjórnarandstæðinga, sem hér hafa talað, hafa allir beint eða óbeint lýst því yfir og talið, að þeir forsvarsmenn verkalýðshreyfingarinnar, sem stóðu að þessu samkomulagi á sínum tíma, hafi látið ríkisvaldið plata sig. M. ö. o.: þeir stjórnarandstæðingar halda því fram, að forsvarsmenn verkalýðshreyfingarinnar í landinu, sem til þess hafa verið kjörnir að fara með umboð hennar, séu ekki menn til þess að semja um þessa hluti sem og aðra fyrir hönd hreyfingarinnar. Ég verð að segja það, að mér finnst þetta vera stór dómur af hálfu þeirra talsmanna stjórnarandstæðinga, sem hér hafa látið í sér heyra. Mér kemur það að vísu ekki á óvart, þó að talsmenn Sjálfstfl. hafi haldið slíku fram og það hafi ekki verið auðsótt að fá fylgi við óskir verkalýðshreyfingarinnar innan þeirra vébanda. Það hefur ekki verið og eru ekki líkur á, því miður, að það verði auðsóttara að fá tekið tillit til óska verkalýðshreyfingarinnar innan Sjálfstfl. undir núverandi forustu en áður var.

Lengst í þessum efnum gekk þó hv. 3. landsk. þm., sem því miður er nú ekki hér í salnum eins og stendur, en ég hefði mjög gjarnan viljað fá að tala við. Það fór ekkert milli mála, að þau orð, sem hann viðhafði um forustulið verkalýðshreyfingarinnar, eru einhver þau stærstu og verstu orð, sem uppi hafa verið höfð á almennum fundum og í áheyrn alþjóðar í garð þeirra manna, sem hafa staðið og standa enn í forustu fyrir verkalýð hér á landi. Ég þykist vita, að þarna hafi mælt maður, sem vegna ókunnugleika veit lítið, hvað hann er að tala um. Þarna er einstaklingur, sem aldrei í neinni mynd, á einu eða neinu sviði, hefur komið nálægt félagsmálastarfi innan verkalýðshreyfingarinnar og veit því sáralítið eða harla lítið, hvað hann er að tala um. Það eina, sem hann hefur sér til ágætis, ef til ágætis er hægt að kalla, í sambandi við félagsmálastarf, er að leita fulltingis dómstóla til þess að geta staðið áfram sem formaður félags, sem hann var þó búinn að vera sviptur formennsku fyrir á sínum tíma. Ég ætla því ekki, líka með tilliti til þess, að hann er ekki hér staddur, að fara frekar út í það, sem hann sagði hér, en til þess hefði vissulega verið full ástæða.

Ég var áður búinn að víkja að Sjálfstæðisfl., ég vænti ekki mikils þaðan, og þá er komið að þriðja stjórnarandstöðuflokknum, þ. e. Alþfl. Það skal viðurkennt, að meðan Alþfl. átti aðild að viðreisnarstjórninni, lét hann nota sig til ýmissa óþurftarverka í garð verkalýðshreyfingarinnar, ekki einu sinni, heldur oftar. Ég var einn af þeim og er einn af þeim, sem létu sér detta í hug, að Alþfl. hefði lært af þeirri reynslu. Ég hélt, að forustulið Alþfl. og þá kannske fyrst og fremst hv. 7. þm. Reykv., form. Alþfl., hefði lært af þeirri lexíu, sem sá flokkur og þeir menn, sem þar ráða ferðinni, hafa fengið í tvennum síðustu kosningum hjá íslenskum kjósendum. En því miður virðist sem þessir menn ætli að láta þessi varnaðarorð og þau einu, sem þeir ættu að skilja, sem vind um eyru þjóta, að því er þetta mál varðar. Hér ætlar Alþfl., eins og mál standa í dag, að standa við hlið Sjálfstfl. og Frjálslynda flokksins í því að fella eða hafna samkomulagi, sem verkalýðshreyfingin hefur gert við ríkisvaldið til að leysa kjaradeilu, sem yfir stóð á þeim tíma, sem þetta samkomulag var gert. Ég hins vegar trúi því, þar til annað sýnist, að þeir séu ekki svo forhertir, þeir forráðamenn Alþfl., að þeir ætli sér til enda að halda til streitu þessari ákvörðun. Ég trúi því ekki fyrr en ég má til, að flokkur, sem ber nafnið Alþfl., ætli að ganga til samstarfs við íhaldsöflin í landinu til þess að ganga í berhögg við óskir og gjörðir verkalýðssamtakanna í þessu máli.

Ég á eftir að sjá það, en verði svo, þá hefur forustulið Alþfl. og þinglið hans æðilítið lært af þeirri reynslu, sem hann hefur þó fengið frá þeim tíma, sem það var aðili að viðreisnarstjórninni. Ég hefði gjarnan viljað, að það hefði fylgt með hjá form. Alþfl. áðan, þegar hann var að tala um tilboð, sem ríkisstj. hefði gert Alþfl., hvaða tilboð það voru. Jafnframt kemur í huga manna, hvort þeir séu þá almennt á uppboði í þessum efnum.

En mér sýnist eða réttara sagt mér heyrðist á ræðu form. Alþfl. áðan, að hann hafi a. m. k. innst inni með sér áttað sig á þessu, því að hann virðist nú vera til þess reiðubúinn að fallast á, að það frv., sem hér er til umr., gildi ekki nema það ár, sem nú er verið um að tala, þ. e. a. s. árið 1974, og 5% söluskattsstig kæmu þá til með að gilda þetta ár. Minn skilningur var þessi á ummælum hv. þm. Gylfa Þ. Gíslasonar, og ef hann er rangur, þá sjálfsagt leiðréttir hann það hér á eftir. Ég verð því að vænta þess, að í lokin gangi verkalýðsflokkurinn, eins og þeir kalla sig og að vissu leyti eru, undir merki verkalýðshreyfingarinnar og staðfesti hennar ósk og hennar samkomulag við ríkisstj.

Mér finnst hvað sem öðrum stjórnarandstæðingum líður, að þá komi það úr hörðustu átt frá talsmönnum Alþfl. að brigsla forustumönnum íslenskrar verkalýðshreyfingar um það, að þeir kunni ekki fótum sínum forráð og viti ekki, hvað þeir eru að gera, þeir láti ríkisvaldið plata sig til hinna verstu óþurftarverka. En það er það, sem þessir menn halda fram með sínu tali hér, eins og það hefur verið.

Ég skal ekki hafa fleiri orð um þetta, en kem þá að því að gera grein fyrir brtt. á þskj. 484, sem við hv. 4. þm. Reykn. og hv. 4. þm. Reykv. stöndum að. Brtt. þessi er flutt vegna þess, að eins og frv. liggur nú fyrir og yrði það samþykkt óbreytt, þá stæðu menn frammi fyrir því, sem íslenskur almenningur hefur staðið frammi fyrir í áraraðir, að stóreignamenn og stóratvinnurekendur hafa verið tekjuskattslausir ár eftir ár. Ef þetta frv. væri samþ., eins og það nú liggur fyrir, væri ekki bara þetta, sem gerðist, heldur og hitt, að með því, sem gert er ráð fyrir í 4. gr. frv. í sambandi við skattafsláttinn, yrðu auk þess að þessir einstaklingar væru skattlausir, teknar upp greiðslur til handa þeim úr ríkissjóði beint eða óbeint. Ég fyrir mitt leyti get ekki staðið að slíkri samþykkt hér á Alþingi, vegna þess að ég tel, að það eigi miklu frekar að koma í veg fyrir, að það, sem hefur gerst, geti gerst áfram, heldur en að auka á þetta, sem um er talað.

Ég skal taka fram, að mér er fullkunnugt um, að það var vilji verkalýðshreyfingarinnar og er, að inn í þetta frv. eða reglugerð, eins og við leggjum til, komi efnislega klásúla um það, að

þetta yrði ekki í framkvæmd. (Gripið fram í.) Vegna þess að þarna var gripið fram í, þá vil ég aðeins geta þess, að fulltrúar verkalýðshreyfingarinnar lögðu á það höfuðáherslu, að slíkt kæmi inn í frv., en ýmsir sérfræðingar, sem um þessi mál hafa fjallað, töldu ýmis tormerki á því og tæknilega óframkvæmanlegt að gera slíkt. Við, sem að þessari brtt. stöndum, viljum láta á það reyna, hvort það er ekki hægt að finna upp leið til þess, að þetta verði framkvæmanlegt. Þó að við gætum ekki sett það inn í löggjöfina sem slíka, þá viljum við hafa opna leið til þess, að slíkt verði hægt að gera í reglugerð. Það er ekki eins og frv. liggur núna fyrir.

Brtt. þessi, sem við flytjum, er við 4. gr., tölul. II. Ég held, að til þess að þetta skiljist þolanlega, þá lesi ég þetta: „Sé manni ákveðinn hærri skattafsláttur skv. liðum A-D og næstu mgr. hér að framan en nemur tekjuskatti skv. 1. tölul. og þá eins þegar tekjuskattur skv. 1. tölul. er enginn, skal ríkissjóður leggja fram fjárhæð, sem þessum mun nemur.“ Brtt. er um það, að þarna bætist við: „sbr. þó ákvæði þessarar greinar um reglugerð um meðferð skattafsláttar.“ Það er breytingin, að viðbót komi þarna við, svo haldi greinin áfram.

Í öðru lagi er brtt. um það, að aftan við 4. mgr. bætist nýr málsl. svo hljóðandi en þar segir: „Ráðh. ákveður með sérstakri reglugerð alla meðferð skattafsláttar, skv. þessum lið.“ Brtt. er um, að við bætist: „Í reglugerð skal tryggja eftir föngum, að skattafsláttur njóti ekki þeir, sem skattlausir eru vegna afskrifta eða annarra hliðstæðra ástæðna.“ Það er því miður svo, að í gildandi skattalöggjöf eru afskriftir og fyrningar það rúmar, að það þarf æðimikið til, vægt til orða tekið, til þess að þeir, sem geta hagnýtt sér þessar afskriftaheimildir eða fyrningarreglur, komi til með að greiða skatt. Þess vegna teljum við flm. þessarar brtt., að það beri nauðsyn til að koma í veg fyrir, að þeir einstaklingar, sem þarna mundu falla undir, geti auk þess að vera skattlausir eða skattlitlir einnig fengið greiðslur úr ríkissjóði beint eða óbeint.

Sjútvrh. (Lúðvík Jósepsson): Herra forseti. Ég tók eftir því, að hv. 7. þm. Reykv., Gylfi Þ. Gíslason, hafði hér uppi allmikinn hávaða í málflutningi, þegar hann ræddi um þetta frv., og náði sér allhátt upp, þegar hann fór að tala um vöxt dýrtíðarinnar eða verðbólgunnar í tíð núv. ríkisstj. og taldi, að vöxtur verðbólgunnar einmitt nú upp á síðkastið sannaði best, að ríkisstj. væri ekki vaxin sínum vanda. En það var eins og með annan talnaleik hjá hv. 7. þm. Reykv. í þessu tilfelli, að það fær ekki mikið staðist af því, sem hann sagði, ef betur er að gáð. Ég hef nokkrum sinnum bent á það áður í umr., þegar rætt hefur verið um vöxt verðbólgunnar, hversu fráleitt það er, ef menn vilja í rauninni ræða um það mál í fullri alvöru, að taka mjög stuttan tíma og mæla þær verðhækkanir, sem verða á þessum mjög stutta tíma, og leggja síðan út af því, að það sé tákn um það, hver verðbólguvöxturinn í raun og veru er. Þeir, sem ætla að villa um fyrir mönnum, geta auðvitað valið þessa leið, tekið t. d. verðhækkanir, sem verða eftir slíkar breytingar sem þær, sem nú hafa gengið yfir hjá okkur, geysilega miklar kauphækkanir jafnhliða erlendum verðhækkunum, og taka svo nógu stuttan tíma og leggja út af því, hvað verðhækkanirnar hafa orðið miklar. Nú geri ég mér grein fyrir því, að það er enginn tími til þess hér við þessa umr. að fara að ræða þetta mál ítarlega við hv. þm. Gylfa Þ. Gíslason, en ég ætla aðeins að benda hér á einfaldar staðreyndir í þessu máli.

Það er í fyrsta lagi þetta, að á tímabilinu frá 1. jan. 1968 var gerð hér ný skráning á okkar vísitölu og vísitalan sett 100. Fram til 1. nóv. árið 1970, þ. e. a. s. í tæp 3 ár, vantar 2 mánuði upp á 3 ár, — þetta var síðari hlutinn af stjórnartímabili viðreisnarstjórnarinnar, — óx verðbólgan í landinu — (Gripið fram í.) Jú, hún sat lengur við völd, en lét bara ekki skrá vísitöluna, hún bara festi verðlagið, hún hreyfði það ekki, og ég ætla einmitt að koma að því. En fram að þessum tíma, 1. nóv. 1970, þegar sett var á verðstöðvun, þá sem sagt liðu tæp 3 ár, og á þessu tímabili hækkaði framfærsluvísitalan um 18,6% að meðaltali á ári. Ég vil nú sérstaklega biðja hv. 7. þm. Reykv. að skrifa þessa tölu hjá sér. Hann þarf að læra hana. Um 18.6% á ári hækkaði framfærsluvísitalan á þessu tímabili. Sé hins vegar tímabilið tekið frá þessum mörkum, þ. e. a. s. frá því að verðstöðvunin var ákveðin 1. nóv. 1970, og fram að deginum í dag, kemur í ljós, að framfærsluvísitalan hefur á þessu tímabili hækkað á ársgrundvelli um 16.4%. Hún hefur á rúmlega 3 ára tímabili hækkað um minna að meðaltali á ári en hún gerði í tíð fyrrv. ríkisstj. nokkru áður en hún fór frá völdum. Það verður ekki hægt að flýja frá þessum tölum. Þær liggja opinberlega fyrir.

Ég veit, að hv. þm. Gylfi Þ. Gíslason vill vitanlega ekki ræða um málið á þessum grundvelli. Hann vill taka örfáa mánuði út úr og leggja út af því. En það, sem er meira um vert, er, að á þessu síðasta tímabili, sem verður að skrifast á reikning núv. ríkisstj., að því leyti til sem hún getur þar um ráðið og ríkisstjórnir geta borið ábyrgð á þróun verðlags, þá hafa orðið gífurlegar erlendar verðhækkanir. Það hefur verið áður vitnað í það í þessum umr., að í riti hagrannsóknadeildar Framkvæmdastofnunar ríkisins er bent á það, að á s. l. ári, árið 1973, hafi meðaltalshækkun á innfluttum neysluvörum verið 26%. Það var engu líku til að dreifa á fyrra tímabilinu. Þá hækkaði erlent verðlag ekki. Það voru hreinlega innlendar ráðstafanir, sem leiddu til þess, að dýrtíðin jókst jafnmikið á þessu tímabili og raun varð á. (Gripið fram í.) Það er rétt. Þar komu að sjálfsögðu kauphækkanirnar inn í líka eins og nú. En það komu ekki til gífurlegar erlendar verðhækkanir.

En eins og ég sagði, ég ætla ekki að eyða of löngum tíma í það nú að ræða við hv. þm. um verðbólguna nú og verðbólguna í tíð fyrrv. ríkisstj. Það er hægt að gera það kannske, þegar betri tími er til. En það mun koma í ljós, að í tíð núv. ríkisstj. hefur meginhlutinn af hækkandi verði hér innanlands stafað beinlínis af gengisbreytingum erlendis, sem við gátum ekki ráðið við á nokkurn hátt, og af erlendum verðhækkunum, sem áttu sér stað almennt séð. En þessar verðhækkanir eru þannig, að þær hafa

auðvitað áhrif hér á verðmyndunina innanlands, ekki aðeins í formi þeirra vara, sem inn eru fluttar og reiknað er beint, heldur koma hér einnig til hækkanir, þar sem eitt leiðir af öðru í því kerfi, sem við búum við. Það liggur t. d. alveg ótvírætt fyrir, að allverulegur hluti af hækkuninni á verði innlendra landbúnaðarafurða stafar beinlínis af erlendum verðhækkunum, því að áburður hefur hækkað, af því að fóðurbætir hefur hækkað, af því að allar byggingarvörur hafa hækkað. Af þessum ástæðum stafar verulegur hluti af hækkun á landbúnaðarafurðum. Það er ekki hægt að segja, að þetta sé eingöngu af innlendum toga spunnið. M. ö. o.: það, sem hv. 7. þm. Reykv. var að segja í þessum efnum, var algerlega út í hött og hrynur um sjálft sig, ef komið er við það.

En svo ætla ég að víkja að því frv., sem hér liggur fyrir, og þá alveg sérstaklega að afstöðu stjórnarandstöðunnar til þessa frv. Þá verður fyrst að hafa það í huga, að þeir sjálfstæðismenn höfðu prédikað það um alllangan tíma, að stefna þeirra í skattamálum væri sú, að það ætti að lækka beinu skattana, en innheimta þess í stað óbeina skatta. Það væri lítill vandi að lesa hér upp úr Morgunblaðinu, úr hverjum leiðaranum á fætur öðrum alveg fram á síðasta ár, þar sem þessari stefnu var haldið fram og þar var ekkert dregið undan. Í þessum leiðurum var beinlínis sagt: Í staðinn fyrir beinu skattana, í staðinn fyrir tekjuskattinn á að koma söluskattur. — En svo er það auðvitað hrunið niður eins og annað í röksemdafærslum þeirra sjálfstæðismanna. Þegar annað vakir fyrir þeim, þá á bara að lækka beinu skattana og ekkert á að koma í staðinn, — ekkert.

Þeir Alþfl.-menn eru eilítið betri. Sérstaklega fengu þeir rösklegan kipp, þegar Glistrup náði sinni góðu útkomu í Danmörku. Þá fengu þeir kipp í skattamálum, fluttu till. um það hér á Alþ. að lækka tekjuskattinn verulega og að í staðinn fyrir þennan tekjuskatt ætti að koma söluskattur. Og form. Alþfl. hefur auðvitað haft mörg orð um það, hvað þetta væri réttlátt og nauðsynlegt. Og það má hann eiga, að hann heldur við það enn þá, hann kann ekki við að hlaupa algerlega frá því, að þetta sé réttlátt og nauðsynlegt. Það segir hann enn.

En svo gerist það, að ríkisstj. tekur undir þessa stefnu, m. a. vegna þess, að fulltrúar í verkalýðshreyfingunni töldu, að það væri orðið sér hagstætt að skipta á þennan hátt, og m. a. vegna þess, að það væri svo erfitt að gera tekjuskattinn réttlátan. Hinir almennu launamenn yrðu þar að greiða tekjuskatt svo að segja af hverri krónu, sem unnið væri fyrir. Þeir ættu ekki gott með að skjóta sér undan. En ýmsir aðrir í þjóðfélaginu, sem greiða tekjuskatt, hefðu aðstöðu til að skjóta sínum tekjum undan. Og m. a. vegna þessa lögðu þeir áherslu á, að það væri rétt að skipta hér um form. Og þá hélt maður, að það ætti ekki að standa á stjórnarandstöðunni að fallast á þetta, með tilliti til alls þess, sem á undan var gengið. En það var nú öðru nær. Þá kom annað hljóð í strokkinn. Þá gerðist það, jafnvel, þótt aðeins væru liðnir tveir mánuðir eða þar um bil síðan fulltrúar Sjálfstfl. höfðu haldið hér langar ræður og margar ræður á Alþ. í sambandi við afgreiðslu fjárlaga, þar komu allir helstu sérfræðingar flokksins fram og töldu, að afgreiðsla fjárlaga væri í rauninni algerlega ábyrgðarlaus, eins og staðið væri að henni af hálfu ríkisstj., og hv. 1. þm. Sunnl., Ingólfur Jónsson, taldi, að í raun og veru væru þessi fjárlög, eins og þau ætti að afgreiða af hálfu ríkisstj., gersamlega botnlaus og í rauninni ekkert annað en pappírsgagn, vegna þess, eins og þeir höfðu stagast á, að það vantaði augljóslega tekjur til þess að standa á móti umsömdum útgjöldum. Frsm. af hálfu Sjálfstfl. við afgreiðslu fjárlaga flutti hér langt mál um marga útgjaldaliði, sem vantaði að taka inn á fjárlagafrv. Það skipti þó nokkuð yfir einn milljarð, og hann benti á það og sjálfstæðishersingin öll í einum kór, að það væri í rauninni ekkert að marka þessi fjárlög, þetta væri allt botnlaust. Raunverulega væri verið að afgreiða fjárlög með stórfelldum tekjuhalla.

Og sjálfur leiðtoginn, hv. 2. þm. Reykv., Geir Hallgrímsson, þegar hann var búinn að endurtaka allt þetta, sem hinir spekingarnir höfðu sagt, þá bætti hann við af vísdómi sínum á þessa leið, svo að ég lesi orðrétt upp úr ræðu hans. Hann sagði: „Í þriðja lagi skyldi maður ætla, að það væri markmið við stjórn efnahagsmála, eins og nú standa sakir, að ríkisbúskapurinn væri rekinn með myndarlegum greiðsluafgangi, og tekjur væru mun hærri en gjöld.“ Það var það, sem hann vildi. En sannleikurinn er samkv. þessu fjárlagafrv., að gjöld eru hærri en tekjur. Svo líða aðeins tveir mánuðir eða svo, þá kemur öll heila hersingin hér fram og á ekki nógu mörg orð og stór yfir það, hvað út úr ríkiskassanum fljóti. Raunverulega sé enginn vandi að lækka tekjuskattinn um rúma 4 milljarða, án þess að nokkuð komi í staðinn, því að umframtekjur verði svo stórkostlegar á öllu. Er slíkt framsýni, — þetta var rétt fyrir jól, — að sjá það ekki, að tekjustofnarnir væru svona drjúgir? Nei, svona geta menn farið í gegnum sjálfa sig, þegar verið er að reyna að hylja það, sem þeir eru raunverulega að stefna að. Þetta er nákvæmlega það sama, sem gerist í þessu máli, eins og það, sem gerðist hjá fulltrúum Sjálfstfl. í sambandi við lækkunina á tollum til iðnaðarins, — frv., sem horfið var frá að samþykkja hér fyrir jól. Í fyrrv. ríkisstj. hafði Sjálfstfl. staðið að því og reyndar Alþfl. líka, að Ísland gengi í EFTA og skuldbindi sig þar til þess að lækka tiltekna tolla hér eftir ákveðinni áætlun, og því var hátíðlega lýst hér yfir, bæði í þskj., svo að það er ekki hægt að hlaupa frá því, og í mörgum ræðum, að um leið og tollalækkunin gengi yfir yrði söluskattur að hækka á móti.

Þegar fyrsti spretturinn var tekinn í tollalækkuninni, tóku þeir viðreisnarmenn 3 söluskattsstig í einu. Það kom auðvitað í ljós á eftir, að þeir höfðu tekið helmingi meira en þörf var á. En þó að þetta hafi verið yfirlýst stefna þeirra, að það ætti að lækka tollana og í staðinn ætti að koma söluskattur stig af stigi, þó að þetta lægi hér allt fyrir í þskj. og þeir væru búnir að gera samning við erlenda aðila um þetta, þegar svo átti að framkvæma þennan samning hér og lækka tollana samkv. honum og farið var fram á að hækka söluskatt á móti tekju-

lækkuninni, þá snerust þeir öndverðir gegn sinni fyrri kenningu, þá hlupu þeir frá henni eins og fyrri daginn.

Vegna hvers gerðu þeir þetta? Einfaldlega vegna þess, að þessir menn vilja gera allt, sem í þeirra valdi stendur, allt mögulegt, til að koma ríkisstj. frá. (Gripið fram í.) Allt. Það er ekkert „nema", það er allt. En málið er nefnilega þannig vaxið, að þessi ábyrga stjórnarandstaða, sem segist vera, hún er svo ábyrg í öllum greinum, að þegar hún sér, að það dugi ekki, jafnvel þó að hún hafi fengið Bjarna Guðnason til að ganga á eftir sér í öllum málum, til að koma ríkisstj. frá, þá er leiðin orðin sú. Nú er um að gera að reyna að ná af ríkissjóði öllum tekjum og láta hann verða tekjulausan og vita, hvort er ekki hægt að svæla þá út á þann hátt. Þetta er tilgangurinn. Það skipti auðvitað engu máli um það, hvernig fer með ríkissjóð og hvernig fer með afkomu þjóðarinnar. Það skiptir engu máli, ef það væri hægt bara að koma ríkisstj. frá. Þetta heitir „ábyrg stjórnarandstaða" og „samkvæmni í málflutningi". Og það vantar auðvitað ekki á það, að þeir Alþfl.-menn feti þarna á eftir íhaldinu eins og fyrri daginn.

Í því nál., sem hér liggur fyrir og form. Alþfl. hefur skrifað um afstöðu sína og síns flokks til þessa máls, segir hann, margendurtekur, að það hafi verið mikið fagnaðarefni hjá þeim Alþfl.-mönnum, þegar þeir sáu frv. Nú væri ríkisstj. að fallast á allar skoðanir Alþfl., lækka tekjuskatt, hækka söluskatt, taka upp endurgreiðslukerfi á sköttum, — allt eintómt fagnaðarefni. Og hann bætir því svo við, að á milli sín og ríkisstj. sé ekki um neinn ágreining að ræða í meðferð talna, hann fallist algerlega á þá talnalegu meðferð, sem fyrir liggi. En samt kemur upp ágreiningur við hann. Þá er það, sem hv. þm. reiknar með þessum eindæma hætti. Hann segir, að það verði að skipta hér á sléttu, króna fyrir krónu, jafnmargar krónur eigi að koma í ríkiskassann eftir söluskattshækkunina og ríkissjóður tapi með lækkun tekjuskattsins. Maður skyldi nú halda, að það ætti að geta tekist samstaða milli Alþfl. og ríkisstj., fyrst svona er. Það er ekki neinn ágreiningur um tölur. Og þetta er einmitt yfirlýst afstaða ríkisstj. Hún vill afgreiða þetta mál á þessum grundvelli, króna fyrir krónu, skipt á sléttu. En um hvaða misskilning er þá að ræða? Er það virkilega rétt, að við notum ekki sömu samlagningaraðferð eða ekki sömu margföldunaraðferð? Hvað er að?

Hv. þm. Gylfi Þ. Gíslason segir: Það verður vitanlega að jafna hér saman einu ári í söluskatti og einu ári í tekjuskatti. — Og allt þetta dæmi, sem hann er að reikna út og setur upp, er fyrir árið 1974. Uppsetningin á hans dæmi nær ekki lengra, enda er verið að bjóða honum, að lögin skuli bara ná yfir árið 1974 og ekki meir. En þá virðist hv. þm. skjótast yfir það, að það sé eitthvað liðið af þessu ári. Það er eins og hann hafi ekki tekið það með í reikninginn, að janúar er liðinn og febrúar líka og komið þó nokkuð fram í marsmánuð. Ekki dettur honum í hug, að það sé hægt að innheimta söluskattinn fyrir janúar og febrúar, fyrir þetta liðna tímabil. Ég sé ekki, að það sé með nokkru móti hægt að hafa, hvernig sem kreist er, meira út úr þessu ári héðan af en 9½ mánuð til áramóta eða þar um bil. En geti Alþfl. fengið út úr þessu 12 mánuði og það raunverulega, þá er sjálfsagt að skoða þá leið.

Hv. 7. þm. Reykv., Gylfa Þ. Gíslasyni, varð það á að segja í sinni ræðu, að það mætti segja, að hér yrði á jöfnuður, ef þessi skattlagning ætti bara að gilda fyrir þetta ár. Þá mætti segja, að það yrði á jöfnuður. Svo hefur verið upplýst, að það er búið að bjóða Alþfl. að láta lögin aðeins gilda fyrir þetta ár og þannig komi króna fyrir krónu og fullum jöfnuði verði náð. Hvernig stendur á því, að Alþfl. getur ekki fallist á þetta? Hvernig stendur á því? Af hverju segir hann nei við þessu? Er nú Sjálfstfl. að verða hræddur um Alþfl.? Ég veit, að það stóð hér einn hv. þm. Sjálfstfl. upp fyrir nokkrum dögum og sagði, að form. Alþfl. hefði bara verið að bjóða ríkisstj. samning upp á 3½%, og hann sagðist hafa séð, að ríkisstj. hefði glaðst við þetta tilboð. Það var svo sem greinilegt, að sjálfur var hann orðinn dauðskelkaður, að það mundi líklega takast samkomulag. Og eins er það með þennan hv. þm., sem hér er að grípa fram í fyrir mér, að þegar hann heldur, að ég sé að verða búinn að sannfæra Alþfl., þá auðvitað ókyrrist hann í sætinu. En ég spyr: Hvernig stendur á því, að Alþfl. getur þá ekki samþ. till. um það, að þessi skattkerfisbreyting skuli að sinni gilda bara fyrir þetta ár, og þá verði skipt á sléttu? Af hverju segir hann nei við því? Getur það verið vegna þess, að hann stefni að sama marki og Sjálfstfl., — hann vilji allt til vinna, hvað sem er, bara til að fella ríkisstj., ef það væri hægt með því að ná tekjum af ríkissjóði, og það væri allt markmiðið? (Gripið fram í.) Já, það er hárrétt, það er eflaust rétt. Sjálfstæðismenn vita, hvernig þeir hugsa í Alþfl.

Það er enginn vafi á því, að þó að fallist sé á það í þessum líkindareikningi, að tekjurnar af hækkuðum söluskatti í desembermánuði eigi að tilheyra þessu ári, þá er augljóst mál, að það þarf a. m. k. 5 söluskattsstig til þess að ná jöfnuði í þessum útreikningi, sem Gylfi Þ. Gíslason fellst á, að eigi að leggja til grundvallar. Hv. þm. Gylfa Þ. Gíslasyni verður auðvitað ekki kápan úr því klæðinu að halda því fram, að forustumenn verkalýðshreyfingarinnar hafi látið blekkja sig. Ég get sagt honum það, að þeir menn úr forustu verkalýðshreyfingarinnar, sem höfðu fjallað um þetta mál í langan tíma, í nokkra mánuði, höfðu með sér góða kunnáttumenn í þessum efnum, og ég fullyrði, að þeir eru kunnugri þessum málum og miklu öruggari reikningsmenn en hv. 7. þm. Reykv., Gylfi Þ. Gíslason. Það, sem gerðist í þessum efnum, var, að þeir fengu nákvæmlega sama út úr sínu dæmi og forstöðumaður hagrannsóknadeildar, Jón Sigurðsson. Og ég dreg í efa, að hv. 7. þm. Reykv., Gylfi Þ. Gíslason, sé orðinn svo harður, að hann þori að segja það í ræðustól á Alþingi, að það, sem Jón Sigurðsson hagrannsóknastjóri reiknar út í þessum efnum, sé rangt. Ég held, að hann ætti heldur að viðurkenna, að það, sem hann er sjálfur að reyna að segja hér, sé rangt.

Það er algjörlega rangt, að fulltrúar verkalýðshreyfingarinnar hafi nokkuð látið snúa á sig í þessum samningum. Þeir vissu alveg, hvað þeir

voru að gera, og þeir höfðu, eins og áður hefur verið sagt, fengið allar upplýsingar varðandi málið, sem þeir óskuðu eftir.

Það var býsna athyglisvert, að það, sem gerðist svo hjá hv. 7. þm. Reykv., Gylfa Þ. Gíslasyni, í röksemdafærslu hans í þessu máli, var, að hann sagði, að það bæri auðvitað að forðast að blanda saman skattkerfisbreytingunni, sem væri alveg sjálfstæð aðgerð og ætti að gerast upp út af fyrir sig, og fjárhagslegri afkomu ríkissjóðs. Það er eins og fyrri daginn. Við erum auðvitað alveg sammála um þetta, við í ríkisstj. og hv. 7. þm. Reykv. Það á að forðast þetta. Það á eingöngu að skipta þarna á sléttu varðandi kerfisbreytinguna. En hvað gerði svo hv. 7. þm. Reykv. í þessum efnum. Hann varð að fara inn á þá braut til þess að reyna að hleypa einhverjum rökum undir mál sitt um það, að verið væri að taka meira með þeirri tekjuöflunarleið, sem ráðgerð er, heldur en það, sem látið væri af hendi, þá fer hann þannig að, að hann fer að ræða um, hvað ýmsir tekjupóstar samkv. fjárl. muni fara mikið fram úr áætlun, að áætlaður tekjuskattur muni reynast meiri á árinu en gert hafi verið ráð fyrir við afgreiðslu fjárl. Þá ætlar hann að fara að taka það til að bæta hér ofan á sinn útreikning því, sem gæti orðið í umframtekjur samkv. áætlun fjárl. M. ö. o.: hann er hér farinn að blanda saman því, sem hann sagði, að mætti ekki blanda saman. Hv. þm. var auðvitað ekkert að minnast á það, að þó að ýmsir tekjuliðir samkv. fjárl. muni fara fram úr áætlun, eins og t. d. það, að söluskatturinn muni reynast hærri á árinu en ráð var fyrir gert við afgreiðslu fjárl. eða að tekjuskatturinn muni reynast hærri en gert var ráð fyrir, tekjurnar verði meiri, — hann var ekkert að minnast á það, að gjöldin yrðu líka meiri hjá ríkinu. Hann var ekki að hafa eftir upplýsingar, sem koma fram í nál. meiri hl. þar sem sagt er m. a., að nýjar upplýsingar um það, hvernig muni fara um tekjur ríkissjóðs á árinu til hækkunar og lækkunar, bendi til þess, reiknaðar út af þessari sömu stofnun, sem hefur reiknað út afkomuna á fjárl., miðað við núv. aðstæður, að útgjöldin muni hækka um 3655 millj., en tekjurnar aukast um 3088 millj., eða m. ö. o., að allt bendi til þess, að gjöldin fari meira fram úr áætlun en tekjurnar. Nei, hv. þm. þurfti auðvitað að hlaupa yfir þetta, af því að það passaði ekki í hans röksemdafærslu. Þó sagði hv. 7. þm. Reykv., að þessar upplýsingar frá ráðunautum ríkisstj. í þessum efnum bentu einmitt til þess, að málflutningur hans væri réttur, en ekki ríkisstj., vegna þess að tekjurnar á síðasta ári mundu hafa hækkað meira en ráðgert var við afgreiðslu fjárl., og því mundi tekjuskatturinn fara fram úr áætlun. Hann ætlaði auðvitað að hirða það og taka ekki neitt tillit til þess, þó að útgjöldin hækkuðu. Hann hljóp auðvitað alveg yfir það, að ef tekjurnar á árinu 1973 reynast allmiklu hærri en gert var ráð fyrir við afgreiðslu fjárl., þá þýðir líka tekjuskattstapið fyrir ríkissjóð mun meira en gert var ráð fyrir í því samkomulagi, sem gert var við verkalýðshreyfinguna. Tekjutapið með lækkuninni á tekjuskattinum, sem átti að þýða 2700 millj., var miðað við það, að tekjurnar 1973 hefðu ekki hækkað nema um 26%. Ef tekjurnar hafa hækkað um 30% eða 32%, er augljóst, að tiltekinn tekjuskattsstigi og tiltekinn persónufrádráttur þýðir það, að tekjutap ríkisins verður enn þá meira.

En það er í rauninni alveg óþarft að tala um það í þessum efnum, hvernig tölur kunna að hreyfast upp og niður vegna breytts verðlags. Það er ekki það, sem skiptir máli. Það eru engar verulegar líkur til þess, að tekjur ríkissjóðs komi til með að vaxa meira en útgjöldin, þó að verðlag breytist í landinu. Því er það, að þetta mál, sem hér liggur fyrir, á vitanlega eingöngu að gerast upp á þeim grundvelli, að það sé verið að skipta á jöfnu, með því að lækka tekjuskattinn, eins og lagt er hér til, þurfi að koma söluskattstekjur jafnháar á móti.

Það er auðvitað öllum hv. þm. ljóst, að þeir útreikningar, sem hér liggja fyrir og eru gerðir af hagrannsóknadeildinni eru réttir. En hitt er svo allt annað mál, þessi sérkennilega pólitík hjá stjórnarandstöðunni að halda eftir því striki að reyna að vinna ríkisstj. ógagn eins og hún getur á öllum sviðum, reyna að hafa af henni tekjur, ef það er mögulegt. Það er allt annað mál, og það er rétt, að það komi fram, að hverju menn eru að stefna í þessum efnum.

Það hefur einnig verið sagt í sambandi við þessar umr., að ríkisstj. ætli með því að standa fast á þeirri söluskattshækkun, sem gert er ráð fyrir í frv., að setja Alþingi kosti og það sé ekki viðeigandi. En er þetta nú svona? Er ekki sannleikurinn sá, að hér er á Alþingi 31 þm., sem styður þetta frv.? Hins vegar eru líka á Alþingi 29 þm., sem vilja ekki fallast á frv., eins og það er. Þessir 29 þm., minni hluti á Alþingi, það er hann, sem segir: Ef ég fæ ekki allt mitt fram, skal ég fella allt saman, þá fær meiri hlutinn á Alþingi ekki að ráða. — Mönnum dugir það ekki eins og við venjulegar atkvgr. hér á þingi, að þeir beri fram sinar brtt., sýni þar með þá afstöðu, sem þeir hafa til málsins, sætti sig við það, að þær falli, ef þær hafa ekki meiri hl., og þær hafa í hvorugri deild meiri hl. Þá hefði vitanlega verið eðlilegt, að menn hefðu sætt sig við þessi úrslit, ef þeir vildu fallast á það, að meiri hl. ætti að ráða. En þá er það, sem það gerist, að menn segja, jafnvel þeir, sem hafa mikil lofsyrði uppi um meginefni frv., það stefni í rétta átt og sé mörgum til hagsbóta, — þá er það sem þeir segja: Við sættum okkur ekki við þetta við venjulega atkvgr., þá skulum við heldur fella allt, ef þessir 31 beygja sig ekki fyrir 29, — þá skal heldur allt falla. — Það er þessi hótun, sem er uppi núna. Og það á vitanlega að reyna á þetta, það á að leyfa alþjóð að fá að sjá það og heyra, hversu ábyrg stjórnarandstaðan er, hversu miklir lýðræðissinnar það eru, sem halda uppi málflutningi af þessu tagi. Við því er vitanlega ekkert að segja, þó að menn noti þessa aðstöðu á Alþingi. Ef þeir telja sér það sæmandi, geta þeir vitanlega gert það. Þessi málflutningur gekk svo langt hér fyrir nokkrum dögum, að þá var um það að ræða að afla nokkurs fjár til þess að greiða niður óhóflegan olíukyndingarkostnað hjá fólki víða á landinu, sem verður að hita upp hús sín með olíu með stórhækkandi verðlagi. Þá hafði tekist hér nokkurt samstarf milli ríkisstjórnarflokk-

anna og stjórnarandstöðunnar, en vegna þessa áróðurs, sem hér er hafður uppi í tíma og ótíma, gerðist það, að einn hv. þm. Sjálfstfl., að sjálfsögðu sá yngsti og minnst reyndi, skammaði sína flokksmenn og stjórnarandstöðuna fyrir linkind: Nú hefði átt að fella þetta mál og koma í veg fyrir niðurgreiðslu á olíu til þeirra, sem bjuggu við háa verðið, og það hefði vitanlega átt að sýna stjórninni það, að hún hefði hér ekki meirihlutaaðstöðu, og fella málið. Þetta hefði stjórnarandstaðan getað gert. — Það er sem sagt þessi hugsun, að nota allar leiðir bara til að reyna að fella ríkisstj., hvernig svo sem málið er. (Gripið fram í.) Já, þeir sem hafa siðferði af takmörkuðu magni, geta haldið slíku fram. Ég hefði svo sem haft gaman af því að sjá framan í hv. 4. þm. Austf., þegar hann hefði greitt atkv. gegn því, að ráðstafanir væru gerðar til þess að greiða niður olíu hjá þeim, sem verða að hita upp hús sín með rándýrri olíu. (**Gripið fram í:** Það stóð aldrei til.) Það stóð aldrei til. En það var einn af flokksmönnum þínum, sem var að brýna ykkur á því, að þetta hefði átt að gera. (Gripið fram í.) Ég segi það, að þessi hv. þm. Austf., sem hér talar, hefði auðvitað aldrei þorað að gera þetta, aldrei, því að hann veit, að hann hefði verið flengdur, þegar hann kæmi í sitt kjördæmi. (**Gripið fram í:** Og er þó kjarkmaður.)Já, og er þó kjarkamaður, það má bæta því við: er þó kjarkmaður. En ég bendi aðeins á þetta, að þessi vinnubrögð Alþfl. og Sjálfstfl. leiða auðvitað í þessar ógöngur, fullkomið ábyrgðarleysi, og engu skeytt um það, sem menn hafa sagt áður, sem liggur fyrir skrifað áður um afstöðu þeirra. Það er hlaupið frá því öllu saman. Þó að þeir haldi því fram við hátíðleg tækifæri, að á tímum eins og þeim, sem við lifum á nú, væri ástæða til þess að hafa nokkurn tekjuafgang hjá ríkissjóði, þá skirrast þeir ekki við að leggja það til og reyna að berjast fyrir því að ganga þannig frá fjármálum ríkissjóðs, að hann verði rekinn með verulegum halla á árinu.

Hv. 7. þm. Reykv. talaði hér um það í ræðu sinni, að það væri nokkur slagsíða á ríkisstj. Ég verð að segja það, að mikil finnst mér slagsíðan á hans röksemdum, eins og þær hafa verið í þessu máli. Ég held, að hv. þm. verði að gæta að því, að hann er enn þá í býsna merkilegu starfi, á að kenna mönnum eitthvað í útreikningi og eitthvað í meðferð talna, og hann getur ekki leyft sér hvaða endileysu sem er, en eins og ég hef sýnt hér fram á, gerði hv. þm. það hér í málflutningi sínum. Það, sem hann sagði hér, var augljóslega rangt, og hann verður að finna eitthvað annað til en það, sem hann hefur látið hér í veðri vaka, að hann ætlaði að vera á móti þessu máli, vegna þess að hér væri ekki skipt á sléttu. Hér er óumdeilanlega verið að bjóða upp á það að skipta á sléttu, og hann hefur viðurkennt sjálfur, að það standi til boða að skipta á sléttu. Það hefur hann viðurkennt sjálfur, og þá stendur auðvitað hitt eftir, að hv. þm. er að leita hér að allt öðru en því að gera samkomulag um þetta mál, koma þessu máli fram, sem hann taldi sér til góða að hafa boðað hér á undan öðrum, þ. e. a. s. að taka upp þá skattkerfisbreytingu, sem er hér um að ræða.

Það er svo einnig mál út af fyrir sig, að hv. 7. þm. Reykv., Gylfi Þ. Gíslason, vill skilja frá meginmálinu þá fjáröflun, sem vitanlega þarf að fylgja í sambandi við tekjuskattslækkunina, að ríkið verður að gera gagnráðstafanir til að koma í veg fyrir það, að þeir tekjulægstu í þjóðfélaginu tapi á skattkerfisbreytingunni. Það er ómögulegt að komast fram hjá því, að ríkið verður að greiða út allverulegar fjárhæðir og varla undir þeim 550 millj., sem gert er ráð fyrir í grg. frv., að gangi til þess að bæta þeim tekjulægstu upp þessa skattkerfisbreytingu. En hv. 7. þm. Reykv., Gylfi Þ. Gíslason, sleppir þessari upphæð og talar eingöngu um tekjuskattslækkun upp á 2700 millj., en ekki 2700 millj. plús 550 millj., sem er óaðskiljanlegur hluti í þessum efnum og verður að fylgja hér með. Það er einn hluti af breytingunni að bæta þeim upp, sem ekki hafa borgað tekjuskatt, og ómögulegt að víkja sér undan því. Ég hef tekið eftir því, að hv. 7. þm. Reykv., og reyndar þm. Sjálfstfl., sem hér hafa talað, hafa ekki sagt enn þá, að þeir ætli sér að greiða atkv. á móti frv. og fella allt frv. Þeir ætla ekki að styðja það. Það þarf enginn að biðja þá um að styðja þetta, það eru hér nægilega margir þm., sem styðja þetta frv., þannig að það nær fram að ganga, ef þeir beita ekki þessum sérstöku brögðum að láta 29 þm. koma í veg fyrir það, að 31 þm. fái að ráða á Alþingi, ef þeir ætla ekki að verða þær lýðræðiskempur, sem lengi munu verða í minnum hafðar. Það verður gaman, þegar upp rennur sú stund, að atkvgr. um þetta mál fer fram.

Gunnar Thoroddsen: Herra forseti. Ræða hæstv. sjútvrh. var ákaflega athyglisverð, og margar fullyrðingar hans voru vissulega lærdómsríkar. Hann sagði, að það væri nú stefna sjálfstæðismanna og allra stjórnarandstæðinga, hvorki meira né minna, að láta ríkissjóð verða tekjulausan á árinu og þetta væri allt gert í því skyni að koma stjórninni frá, eins og hann komst að orði, til að svæla þá út á þann hátt. Það er fróðlegt að heyra, að einn ráðherranna skuli líkja ríkisstj. við tófugreni og refabæli. En hver er refurinn, hver er tófan og hverjir eru yrðlingarnir? Það segir hann okkur væntanlega í næstu ræðu.

Við viljum gera ríkissjóð tekjulausan! Það er nú þannig, að samkv. fjárl. á ríkissjóður að fá upp undir 30 milljarða, 30 þús. millj., á þessu ári, og spár manna eru á þá lund, að tekjustofnarnir muni gefa a. m. k. 3000 millj. í viðbót, og ekki höfum við ætlað að ræna ríkissjóð þessu. Staðhæfing hæstv. ráðherra er furðuleg. Það, sem hann á við með þessum gífuryrðum, er, að stjórnarandstaðan hefur ekki viljað fallast á, að jafnhliða nokkurri lagfæringu á tekjuskattslögunum eru lagðir á nýir skattar, sem þýða aukna heildarskatthyrði á landslýðinn.

Hæstv. fjmrh., kom inn á það í ræðu sinni hér áðan, að stjórnin vildi nú gera tilboð, hún vildi gera tilboð um, að frv. gildi til áramóta, en þá komi í gildi núgildandi skattalög að nýju, eins og þau eru nú æskileg, nema takist að ná samkomulagi um eitthvað annað. Ef þetta frv. hæstv. ríkisstj. ætti að gilda til áramóta og falla úr

gildi 31. des., hvað þýðir það þá í framkvæmd? Eftir nýjustu tölum sérfræðinganna, sem ríkisstj. hefur látið leggja fram í fjh.- og viðskn., tapar ríkissjóður á þessu ári, miðað við fjárl., vegna tekjuskattsfrv. 1700 millj. Til viðbótar eru líklega 500 millj. vegna skattafsláttarins, og við skulum segja 100 millj., sem ríkissjóður telur sig tapa vegna hækkaðs söluskatts. Þetta eru 2.2—2.3 millj. í tekjurýrnun fyrir ríkissjóð. En hvað mundi hann fá á móti? Eftir upplýsingum hæstv. frsm. meiri hl. fjh.- og viðskn. mundi ríkissjóður fá af söluskattinum til áramóta 3400 millj.

Ég er ekkert hissa, þótt hæstv. fjmrh. stingi upp á þessu og þyki þetta glæsilegt boð. Með þessum hætti, að frv. ætti aðeins að gilda til áramóta, mundi hann fá aukalega í sjóðinn sinn rúman 1 milljarð króna á þessu ári, miðað við fjárlagaárið. Þetta er líklega eitt af því, sem hann kallar að skipta á sléttu.

Í þessu talnaflóði öllu saman verður mörgum erfitt að fóta sig. Sumir eru að reikna út, hvernig dæmið komi út árið 1975. En í þeirri bandóðu verðbólgu, sem við eigum við að búa, er slíkt harla fánýtt. Það er varla nokkur leið að reikna út væntanleg útgjöld ríkissjóðs eða tekjur eða skatta á næsta ári, árinu 1975. Ég held, að það sé nógu torvelt að átta sig á þróuninni þjóðhátíðarárið eitt saman, þótt ekki sé farið lengra. Það sést nú m. a., hversu hæstv. ríkisstj. sjálfri er erfitt að átta sig á þessari verðbólguþróun, því að fyrir viku lagði hún fram frv. það, sem hér liggur fyrir, þar sem gert er ráð fyrir því, að tekjuskattur álagður 1974 gefi að óbreyttum lögum 6400 millj., en þrem dögum síðar, á laugardaginn var, er hann kominn upp í 7000 millj., hefur hækkað um 600 millj. á nokkrum dögum. Og þessi áætlun, 7 milljarðar, er allt of lág, hún á eftir að breytast og hækka verulega.

Ég segi, að í þessu talnaflóði öllu er auðvitað mörgum erfitt að fóta sig, og ég held, að það sé best að vera ekki með allt of miklar spár um framtíðina, hvernig muni koma út söluskattur og tekjuskattur á árinu 1975. Það veit enginn og getur í rauninni enginn áttað sig á því í allri þeirri óvissu, sem nú er. Ég held, að það sé best að reyna að halda jarðsambandi og skoða árið í ár, hvernig ríkissjóður mundi koma út varðandi tekjur og gjöld, ef þetta frv. yrði samþ., og þá mun ég einnig minnast á það, ef till. okkar sjálfstæðismanna yrðu samþ.

Auðvitað er æskilegt að marka stefnu fram í tímann. Hins vegar held ég, að við verðum fyrst og fremst að glíma við reikningsdæmið fyrir árið í ár. Stefnan, sem segja má, að sé mörkuð hér, er í samræmi við það, sem stjórnarandstaðan hefur haldið fram lengi. Það hefur löngum verið stefna okkar sjálfstæðismanna að draga úr beinum sköttum eins og tekjuskatti og ríkissjóður afli meiri tekna með óbeinum sköttum. Að því leyti má segja, að þetta frv. sé til bóta og miði í rétta átt, og að því leyti sem það er til bóta, er það ekki ríkisstj. að þakka, heldur er það öðrum að þakka, almenningi, verkalýðssamtökunum, stjórnarandstöðunni. Undan öllum þessum þrýstingi hefur ríkisstj. orðið að láta. Og ástæðan til þess, að hæstv. sjútvrh. var svo mikið niðri fyrir hér, eins og glöggt kom fram í hans ræðu áðan, er auðvitað sú, að hann finnur, að eftir að hann hefur átt sinn þátt í því ásamt öðrum hæstv. ráðh. að keyra tekjuskattinn upp úr öllu valdi, þannig að allur landslýður mótmælir og telur gjörsamlega óviðunandi, þá er ríkisstj. knúin til að hörfa frá villu síns vegar og gera nokkra bragarbót á tekjuskattinum.

Út af ummælum hv. 7. landsk. þm. Karvels Pálmasonar, að sjálfstæðismenn hafi haldið því fram, að fulltrúar verkalýðssamtakanna hafi látið plata sig, að við höfum farið niðrandi orðum um þá, þá er þetta algjör misskilningur. Það hefur einmitt verið tekið fram bæði af mér og fleirum, að við einmitt stöndum í þakkarskuld við verkalýðssamtökin á Íslandi fyrir að hafa knúið fram þessa stefnubreytingu, sem nú lítur þó dagsins ljós í þessu frv., þó að það nái of skammt. Það hefur líka komið fram, að verkalýðssamtökin eða fulltrúar þeirra hreyfðu einmitt því sama, sem fram hefur komið hér í ræðum þm. stjórnarandstöðunnar, hvort ekki væri hægt að mæta þessari tekjuskattslækkun að einhverju leyti með því að draga úr útgjöldum ríkissjóðs, og í annan stað, hvort ekki væri hægt að mæta honum að einhverju leyti með því að reikna þar tekjur umfram fjárl., sem sannarlega verða svo að milljörðum skiptir á þessu ári. Hæstv. ríkisstj. neitaði að ræða þessi atriði við fulltrúa verkalýðssamtakanna. Hún setti það ófrávíkjanlega skilyrði, að 5% söluskattauki kæmi í staðinn. Þegar það verður að samkomulagi í þessu efni, verða menn að gera sér grein fyrir því, að samkomulagið er fyrst og fremst í því fólgið, að ríkisstj. hefur lofað verkalýðssamtökunum því að beita sér fyrir lækkun á tekjuskattinum. Ég skil ekki, að nokkur maður í verkalýðsstétt muni telja það nokkra brigð, þó að tekjuskattslækkunin yrði meiri en stjórnin gerir ráð fyrir eða þó að ekki þyrfti að hækka söluskattinn eins mikið og stjórnin setti að skilyrði.

Ef þetta frv. stefnir í rétta átt, ef það er í anda okkar sjálfstæðismanna, hvers vegna styðjum við það ekki? Ástæðurnar eru tvær. Önnur ástæðan er sú, að tekjuskatturinn lækkar allt of lítið samkv. þessu frv. Við teljum einnig að heildarskattbyrðin á landslýðnum þyngist með þessu frv.

Við sjálfstæðismenn fluttum í vetur frv. um verulegar umbætur á tekjuskattslögunum, mjög til samræmis við það, sem viðreisnarstj. lét verða eitt af sínum fyrstu verkum 1960 að gera. Þar er sú meginregla, það meginsjónarmið, að almennar launatekjur verði skattfrjálsar. Þegar hv. frsm. meiri hl. fjh.- og viðskn., 4. þm. Reykv., Þórarinn Þórarinsson, kemur hér upp í ræðustólinn áðan og segir, að sig reki ekki minni til þess, að viðreisnarstj. hafi haft áhuga á lækkun beinna skatta, þá þykir mér ákaflega leitt, að hv. þm. skuli vera farið að förlast svo minni. Þetta er þeim mun lakara, þar sem hv. þm. hefur gerst sagnaritari og skrifað bók eða bækur, um þróun stjórnmála síðustu áratugi, að mörgu leyti fróðlega bók, þó að hún sé auðvitað ákaflega lituð, þar sem er rit hans um Framsfl. En það ætti þessum hv. þm. að vera ljóst, að einmitt 1960 er gerð stórfelldasta bylting í skattamálum, sem gerð hefur verið hér á landi, þar

sem hinir beinu skattar, bæði tekjuskatturinn og tekjuútsvörin, voru lækkuð stórkostlega og tekinn upp söluskattur í staðinn, sem þá var 3%. Það var allt og sumt, sem viðreisnarstj. þá lögleiddi, og er það ekki ýkjamikið í samanburði við þau 18%, sem ríkisstj. vill nú hafa.

Till. sjálfstæðismanna nú, sem hv. 1. þm. Reykn. hefur gert hér grein fyrir, eru í samræmi við þetta frv., og skal ég ekki fara út í það frekar. En ég vil undirstrika, að tillöguflutningur okkar sjálfstæðismanna nú er á því byggður, að við viljum undirstrika það, að það þarf að lækka tekjuskattinn miklu meira en ríkisstj. leggur til. Það kemur í ljós, ef örlítill samanburður er gerður. Ef við tökum t. d. nettótekjur, 700 þús. hjá hjónum með 2 börn, mundi tekjuskatturinn eftir gildandi skattalögum verða 97 þús. kr., samkv. frv. 40 þús., samkv. till. okkar sjálfstæðismanna 20 þús. Ef við förum aðeins hærra í tekjunum, sem eru þó mjög algengar tekjur hér á landi, t. d. um 900 þús nettó, yrði tekjuskatturinn 188 þús. eftir gildandi l., 115 þús. eftir frv., en 60 þús. eftir okkar till. Ég skal ekki nefna hér fleiri dæmi, en ég skýri aðeins frá þessu til þess að undirstrika, að við sjálfstæðismenn teljum frv. að þessu leyti, varðandi tekjuskattinn, stefna í rétta átt og vera nokkra bót frá því ófremdarástandi, sem ríkisstj. hefur lögleitt. En því fer svo fjarri, að það gangi nógu langt, og við teljum, að till. okkar sjálfstæðismanna mundu bæta hér verulega úr og þær hljóti að vera í samræmi við óskir alls þorra manna.

Hvernig leggjum við svo til, að tekjutapi vegna till. okkar, ef þær yrðu samþ., yrði mætt? Eins og komið hefur fram, mundi tekjutapið í ár, svo að ég haldi mér enn við fjárl. fyrir árið 1974, verða samkv. till. okkar sjálfstæðismanna um 2900 millj. Við leggjum til, að þessu yrði mætt annars vegar með 2 söluskattsstigum og hins vegar með því að draga úr útgjöldum ríkisins um 1500 millj. kr. Þessar 1500 millj. kr. eru ekki meira en 5% af ríkisútgjöldunum. Það ber svo aftur vott um hið algjöra skilningsleysi núv. ráðamanna á fjármálum og efnahagsmálum þjóðarinnar að tala um það sem fráleitan hlut, sem ekki sé einu sinni hægt að ræða, að reynt sé að draga úr 30 milljarða útgjöldum um 1½ milljarð. Hv. frsm. meiri hl., Þórarinn Þórarinsson, talar um þetta sem óábyrga stefnu og óábyrgar till. Mér er spurn: Er það ábyrg stefna í þjóðfélaginu að hækka útgjöld ríkisins ár frá ári allt hvað af tekur, og er það óábyrg stefna í fjármálum að vilja draga úr óhófseyðslu og ofsalegum útgjöldum ríkisins? Ég veit ekki hvað eru hugsanabrengl, ef þau koma ekki fram í þessum ummælum hv. þm.

Hitt atriðið, sem ég vildi nefna hér og veldur því, að við sjálfstæðismenn styðjum ekki þetta frv., er það, að við teljum, að með því sé verið að þyngja heildarskattbyrðina á landslýðnum. Nú hafa verið settar fram hér ákaflega margvíslegar tölur, bæði í umr. og í grg. frv. og í áætlunum, nýjum áætlunum, sem voru lagðar fyrir fjh.- og viðskn., um það, hvert tekjutap ríkissjóðs yrði. Ég vil endurtaka það, að ég tel enga ástæðu til þess að vera að reikna dæmi langt fram í framtíðina, og ég vil, að við höldum okkur bara við fjárlagaárið í ár. Hvernig lítur það út? Það lítur þannig út, að samkv. fjárl. á tekjuskatturinn að skila í ríkissjóð rúml. 5.8 milljörðum. Samkv. frv., eins og það liggur fyrir, mundi tekjuskatturinn verða 4.1 millj. Eftir þeim útreikningum, sem fulltrúar ríkisstj. og sérfræðingar hafa nú lagt fram, m. ö. o. samkv. upplýsingum frá ríkisstj. sjálfri, er tekjutapið vegna skattalagabreytingarinnar 1700 millj. í ár, miðað við fjárlagaárið. Þar bætast við um 500 millj. væntanlega, þ. e. skattafslátturinn. Hann er áætlaður 550 millj. Ég hef spurt um það, hversu mikið komi í ríkissjóð að nýju vegna þess, að námsmenn og tekjulágt fólk fær ekki fullan skattafslátt, heldur ætlar ríkissjóður að hirða það til að spara sér framlög í námslánasjóð. Ég hef ekki fengið upplýst, hvað þetta mundi lækka mikið, en einhver hefur getið upp á 60 millj. Ég skal ekki segja um það. En við skulum reikna með 500 millj. vegna skattafsláttar og svo þessum 100 millj., sem ríkisstj. telur, að söluskattshækkun muni valda ríkissjóði í auknum útgjöldum. Samkv. útreikningum ríkisstj. sjálfrar eru það ekki nema í mesta lagi 2.2—2.3 milljarðar á þessu ári, sem ríkissjóður tapar frá því, sem fjárl. gera ráð fyrir. Þetta liggur fyrir óumdeilanlega. En það, sem ríkisstj. ætlar að fá í staðinn, eru 3400 millj. á þessu ári, eftir síðustu upplýsingum, þ. e. a. s. í ræðu hv. frsm. meiri hl. í dag. M. ö. o.: þarna er nokkuð á annan milljarð, sem ríkisstj. ætlar sér að láta ríkissjóð taka á þurru, græða á breytingunni.

En þar með er ekki öll sagan sögð, því að þegar talað er í áætlunum sérfræðinganna um 1700 millj. tekjutap á tekjuskattinum, er það allt of há upphæð, og það liggur í því, að þegar verið er að reikna út þessar 4.1 millj., sem eiga að koma í ríkissjóð á ári, ef frv. verður samþ., þá er það fengið með því annars vegar að reikna 90% af eftirstöðvum tekjuskatts frá s. l. ári og hins vegar 72%, sem muni innheimtast á þessu ári af álögðum tekjuskatti í ár. Þessi 72% af væntanlegum álögðum skatti í ár eru hrein fjarstæða. Meðaltal af innheimtu á undanförnum árum hefur verið 80% upp í 86%. Það er ljóst, að þegar tekjuskattur lækkar, eins og gert er ráð fyrir í þessu frv., greiðist hann miklu betur, sérstaklega vegna þess, að fyrirframgreiðslurnar, sem koma inn á fyrri hluta árs, eru miðaðar við skattinn frá í fyrra, sem er miklu hærri. Það er augljóst, að innheimta á álögðum skatti í ár verður miklu hærri en 72%. Mér er miklu nær að halda, að það yrði nær 90% eða jafnvel meira, þannig að mér er næst að halda, að þessi áætlun um 1700 millj. tekjutap á þessu fjárlagaári, mundi lækka um 500—700 millj.

Það er því ljóst af þessu dæmi, þegar við höldum okkur við fjárlagaárið í ár, — og ég held, að við eigum að reyna að meta það, sem er að þessu leyti fyrirsjáanlegt, en ekki vera að reikna dæmið langt fram í tímann, — þá er það ljóst, að ríkissjóður mundi með þessu frv. auka verulega tekjur sínar, vafalaust töluvert á annan milljarð. Þetta viljum við sjálfstæðismenn ekki fallast á. Og ég verð að segja það, að mér finnst það illt, að með þessum hætti skuli vera reynt að spilla góðu máli, spilla því góða máli að lækka hina beinu skatta, en því

er spillt með því að flytja fram slíkar tölur og slíkar till. eins og ríkisstj. gerir.

Herra forseti. Þó að það væru ýmis fleiri atriði, sem ástæða væri til að rekja hér, skal ég láta þetta nægja, a. m. k. að sinni.

Lárus Jónsson: Herra forseti. Þessar umr. hafa nú orðið allmikill talnalestur, og ýmsir hafa reiknað hér mörg merkileg dæmi, þótt hæstv. sjútvrh. gerði meira að því að fullyrða án þess að nefna mjög margar tölur. En málin taka að skýrast í þessum umr., og þar ber hæst að mínu mati, að sérfræðingar ríkisstj. hafa lagt fram nýjar upplýsingar í málinu, frá því að frv. var lagt hér fram. Sérfræðingarnir hafa reiknað út tekjutap ríkissjóðs að nýju vegna þeirra breyt., sem gerðar eru á núgildandi skattal. í frv., og dæmið lítur þannig út hjá þeim, að það er áætlað, að innheimtist, ef frv. verður að lögum, 4 100 millj. kr. af tekjuskatti, en skv. fjárl. er áætlað, að innheimtist 5 800 millj. af tekjuskatti einstaklinga. Sem sagt, hið nýja mat sérfræðinga ríkisstj. sjálfrar, sem komið er fram, eftir að frv. var lagt fram á hinu háa Alþ., gerir ráð fyrir því, að tekjutap ríkissjóðs verði ekki eins og í frv. segir, heldur 1700 millj. kr. Við þetta bætist 550 millj. vegna skattafsláttar. Aftur á móti gerir frv. ráð fyrir, að innheimtist í kassann á árinu 1974 söluskattauki að upphæð 2900 millj. til þess að mæta þessu tekjutapi. Það er því orðið ljóst að mati sérfræðinga ríkisstj. sjálfrar, að þetta frv. leggur þyngri byrðar á þjóðina í auknum söluskatti heldur en sem nemur tekjutapi ríkissjóðs á þessu ári.

Hæstv. fjmrh. hefur lagt þunga áherslu á það, að hann verði að fá jafnmargar krónur í kassann af tekjuauka í auknum söluskatti, til jafns við það, sem hann ívilni fólki í tekjuskatti. Hann verði að fá jafnmargar krónur í kassann, skipta á sléttu á árinu. Með þessum nýju upplýsingum, sem fyrir liggja, svo að óyggjandi er, frá sérfræðingum ríkisstj. og ég hygg, að margir þm. hafi í fórum sínum og hæstv. ráðh. líka, er orðið ljóst, að það er jafnvel svo, að sérfræðingar ríkisstj. eru farnir að viðurkenna, að frv. felur í sér heildarskattíþyngingu.

Þetta stafar ekki af því, að sérfræðingar ríkisstj. hafi reiknað skakkt, þegar frv. var lagt fram, heldur eru forsendurnar breyttar. Það hefur komið í ljós, að tekjur milli ára hækka ekki um 25—26%, eins og reiknað var með, þegar frv. var lagt fram, heldur um 30%, og það gerir að verkum, að ríkissjóður fær meira fé í kassann, það verður minna tekjutap en reiknað var með, þegar frv. var lagt fram.

Ég hélt satt að segja, að hv. 4. þm. Reykv. ætlaði að segja okkur þetta, þegar hann nefndi nýjar áætlanir, sem lagðar hefðu verið fyrir hv. fjh.- og viðskn. þessarar hv. d. En hann tók einhvern veginn annan pól í hæðina í þessu efni, því að hann fór að tala um, að útkoman yrði verri fyrir ríkissjóð vegna þessara nýju upplýsinga. Það var reiknað með minni tekjuhækkun milli ára í frv. en kemur í ljós vegna nýrra úrtaksathugana, að tekjurnar verða meiri. Ríkissjóður hefði fengið meira í sinn hlut, jafnvel þótt hann hefði gefið fólki eitthvað eftir í sköttum. En hv. 4. þm. Reykv. fann það út af sinni alkunnu snilli í meðferð talna, að útkoman yrði verri fyrir ríkissjóð. Sú aðferð, sem hv. 4. þm. Reykv. beitti í þessari reikningskúnst, var sú, að hann fór allt í einu að tala um álagðan tekjuskatt, — ekki krónur í kassann, eins og hæstv. ráðh. hafði talað um, heldur álagðan tekjuskatt á árinu 1974, hann yrði 7000 millj. kr. skv. nýjustu áætlunum, og þá yrði tapið fyrir ríkissjóð 2 100 millj. kr., vegna þess að það væri reiknað með, að frv. gæfi 4 100 millj. álagt. Hv. þm., sem vita, hvernig fjárlög eru gerð upp, og ég vænti þess, að flestir þm. geri sér það ljóst, vita, að þetta er rangur reikningur. Fjárl. eru gerð þannig upp, að það er reiknað með því, að eftirstöðvar af tekjuskatti fyrra árs komi inn, síðan er reiknað með því, að hluti af álögðum tekjuskatti yfirstandandi árs komi einnig inn í ríkissjóð. Þannig eru fjárlög gerð upp, og þannig hefur hæstv. ráðh. lagt áherslu á, að dæmið yrði reiknað, þegar metið er, hvort króna kemur á móti krónu í þessu frv. Hann hefur lagt mjög ríka áherslu á það og talsmenn hæstv. ríkisstj., að þannig yrði á málið litið, og meira að segja hefur komið fram hér eins konar tilboð, eins konar uppboðstilboð frá þeim til hv. Alþfl.-manna um það, að frv. skuli bara látið gilda til áramóta, vegna þess að þeir hafa lagt svo ríka áherslu á að líta á dæmið þannig, hvað kæmi í kassann á árinu.

Hv. 4. þm. Reykv. gerði sér hins vegar litið fyrir og reiknaði þetta út á allt öðrum forsendum, og þess vegna kom hann ekki hér upp til að upplýsa okkur um það, hvernig dæmið liti út í raun og veru eftir hinar nýju upplýsingar sérfræðinganna, heldur til þess að fara hér með tölur, sem ég held, að hafi verið villandi fyrir flesta hv. þm.

Það er sem sagt ljóst eftir þessar nýju upplýsingar, að það er ekki ætlun ríkisstj. að taka krónur í kassann í auknum söluskatti fyrir krónur í ívilnun, heldur ætlar hún að taka 1.50—2.00 kr. í kassann í auknum söluskatti fyrir hverja krónu, sem hún ívilnar skattborgurum. Og ég legg áherslu á, að þetta dæmi er byggt á nýjustu útreikningum sérfræðinga ríkisstj., þannig að ég er ekki að fara með staðlausa stafi, heldur tölur beint frá þeim.

Þetta voru dæmin um nýjustu útreikninga sérfræðinganna sjálfra. En það er ekki sögð öll sagan með þeim, og erindi mitt í ræðustól var bæði að undirstrika þetta, sem ég hef hér sagt, og einnig að endurtaka sumt það, sem ég sagði hér við 1. umr. málsins, að vegna skattvísitöluútreikninga hæstv. fjmrh. er í raun og veru líka stórlega ýkt, hver ívilnun felst í þessu frv. Skattvísitalan hækkaði milli áranna 1973 og 1974 um 20.4%. Nú hækkuðu laun skv. nýjustu rannsóknum a. m. k. um 30% milli áranna, og framfærslukostnaður hækkaði líka um nálægt því 30% milli áranna. Ef gömlu lögin hefðu verið vegin og mæld með réttri skattvísitölu, með vísitölu, sem hefði hækkað um 30% í samræmi við þetta, þá hefði álagður tekjuskattur skv. þeim l. ekki numið 7000 millj. kr., heldur nálægt 6000 millj. Á þetta benti ég við 1. umr. málsins, þannig að með þessum skollaleik með skattvísitöluna ýkir hæstv. ráðh. stórlega þá skattívilnun, sem hann

telur vera hér á ferðinni. Hæstv. ráðh. svaraði þessum athugasemdum mínum engu í þeirri ræðu, sem hann flutti hér við 2. umr. málsins. Hann hefur kannske gleymt að svara þessu, en kannske hefur það verið af því, að hann flutti sjálfur till., er hann var í stjórnarandstöðu, um það, að skattvísitalan milli ára yrði metin, ef ekki eftir launabreytingum milli ára, þá a. m. k. miðað við framfærslukostnað milli ára. Ég er sem sagt að benda á, að ef hæstv. ráðh. hefði farið að sínum eigin till., þegar hann var í stjórnarandstöðu, þá væri það, sem hann telur sig vera að rétta þjóðinni, 1000 millj. kr. minni skattívilnun en hann vill vera láta. Ég vildi helst, að hæstv. ráðh. reyndi að hrekja þetta með einhverjum rökum og sýndi fram á, að hér væri um rangar ályktanir að ræða. Þær eru það ekki, því að þessi útreikningur er afskaplega einfaldur, að ef miðað er við 20% skattvísitölu, þá ýkir það stórlega þann afslátt, sem talinn er vera með þessu frv.

Ég gat ekki varist brosi, þegar hæstv. ráðh. kom hér upp í stólinn áðan og talaði með lítilsvirðingu um þá verslunarhætti, þegar menn færu þannig að því að hækka verðlag á vöru, til þess að þeir gætu gefið afslátt af henni síðar. Þetta er út af fyrir sig alveg rétt hjá hæstv. ráðh., en þetta er nákvæmlega það, sem hann er að gera. Hann metur sína tekjuskatta á 7000 millj. — tekjuskatta, sem í raun og veru ættu að vera 6000 millj., þannig getur hann bætt við það, sem hann telur vera að slá af, 1000 millj. á afskaplega billegan hátt. Þetta er nákvæmlega það, sem kaupmenn gera, þegar þeir hækka vörur fyrst og slá svo af þeim.

Ég sagði áðan, að sérfræðingar ríkisstj. hefðu reiknað dæmið rétt í bæði skiptin á þeim forsendum, sem þeir höfðu, bæði þegar þeir reiknuðu með 25—26% hækkun milli ára í launum og eins þegar þeir reiknuðu með 30%. Og þeir reikna líka í frv. rétt, þegar þeir hafa það sem forsendu, að skattvísitalan hækki einungis um 20.4% á milli áranna. Þá reikna þeir líka rétt á þeirri forsendu, sem þeim er gefin. En það er bara röng forsenda.

Það er önnur ástæða fyrir því, að það er afskaplega örðugt í raun og veru að meta þetta dæmi ríkisstj., króna fyrir krónu, komna í kassann, annars vegar tekjuskattslækkun og hins vegar söluskattshækkun. Hin einfalda ástæða er sú, að það er slík verðbólguþróun í landinu, að það er í raun og veru vart hægt að gera sér í hugarlund frá einum tíma til annars, hvað hvert söluskattsstig gerir. Til þess að renna stoðum undir þetta skal ég aðeins minna á það, hvernig söluskattur og aðflutningsgjöld hafa verið metin fyrir 1974, fyrst í fjárlagafrv., síðan þegar fjárlög voru afgreidd og svo nú síðar, þann 10. mars eða svo. Söluskatturinn, miðað við 11%, var talinn mundu gefa ríkissjóði í tekjur árið 1974 5 930 millj. kr. í fjárlagafrv. Um áramótin var hann hins vegar talinn gefa ríkissjóði 6 702 millj., en nú 10. mars er hann talinn gefa 7 880 millj. M. ö. o.: 11% söluskattur er metinn á aðeins fárra mánaða millibili tæplega 2 milljörðum hærra núna heldur en hann var metinn, eins og ég sagði, fyrir nokkrum mánuðum. Sama er að segja um aðflutingsgjöldin, að á nokkurra mánaða millibili er gert ráð fyrir því, að þau gefi ríkissjóði um 1100 millj. kr. meiri tekjur en ella. Þarna er um að ræða, að söluskattur og aðflutningsgjöld hafa verið hækkuð, áætlun þeirra hefur verið hækkuð á aðeins 2—3 mánuðum fyrir árið 1974 um 3000 millj. kr. Og ástæðan er ofur einföld. Sérfræðingar ríkisstj. hafa ekki við að breyta forsendum útreikninga sinna vegna þeirrar óðaverðbólgu sem ríkir. Og ég spyr: Hvað telur hæstv. ráðh., að söluskattsstigið geri á ársgrundvelli, ef það verður gerð um það áætlun t. d. í sept. í haust? Ætli það verði ekki svolítið meira en 800 millj. á ári? Það eru ekki nema 3—4 mánuðir síðan það var talið gefa 620 millj. kr., ef ég man rétt. Þess vegna er það að reikna þetta út þannig, að ríkissjóður fái krónu fyrir krónu í þessu dæmi, afar erfitt, og það er erfitt á aðeins annan veginn. Nú vita menn nokkurn veginn, hvaða tekjur menn höfðu á s. l. ári, og menn vita nokkurn veginn upp á krónu, hver breyting á tekjuskatti s. l. árs verður. En menn vita sáralítið um það, hvað hvert söluskattsstig gerir í innkomnar tekjur í ríkissjóð það sem eftir er af þessu ári, ég tala nú ekki um næsta ár.

Ástæðan fyrir þessu er einfaldlega sú, að það hefur ríkt og ríkir enn slík óðaverðbólga í landinu, að allar áætlanir um söluskattsstofn, um aukningu innflutnings verða úreltar, um leið og blekið er þornað á þeim pappír, sem þær eru skrifaðar á.

Ég vil þá aðeins víkja að því, sem hæstv. sjútvrh. kom inn á í umr. áðan. Hann talaði hér langt mál og hafði hátt og sagði margt athyglisvert. Eitt af því, sem mér fannst athyglisvert hjá hæstv. ráðh., var það, að hann reyndi að afsanna það, að á valdatíma núv. hæstv. ríkisstj. hefði ríkt nokkuð meiri verðbólga en fyrr á árum. Og til þess að sanna þetta mál sitt seildist hæstv. ráðh. svo langt, að hann miðaði við verðlag frá því í nóv. 1970. Og maður gat ekki annað skilið en það væri allt honum að þakka, hvað verðlag hefði verið frá nóv. 1970 og fram að því, að hæstv. núv. ríkisstj. kom til valda. Þegar hæstv. ráðh. fór þannig að til þess að reyna að styðja sitt mál, datt mér í hug, hvort hann vildi reyna á einhvern hátt að framlengja valdatíma sinn aftur í tímann. Þessi talnakúnst, sem kom fram hjá hæstv. ráðh., er alveg furðuleg, því að hann sem sagt tekur hluta af viðreisnartímabilinu og bætir honum við það tímabil, sem hæstv. núv. ríkisstj. situr að völdum, og reynir með þeim talnakúnstum, að fá út, að verðlag á þeim tíma, sem hæstv. núv. ríkisstj. hefur setið, hafi ekki hækkað meira en á ákveðnum tíma, sem viðreisnarstjórnin sat. Hér er um fráleita útreikninga að ræða. Ég vil aðeins í sambandi við þetta minna á það, að framfærsluvísitalan hækkaði allt viðreisnartímabilið að meðaltali 11% á ársgrundvelli. Árið 1972 hækkaði hún um 12.8%, en 1973 um 28.9%, og bjartsýnustu spár um 1974 eru a. m. k. 30% hækkun á framfærsluvísitölunni. Það er að vísu svo, þegar hæstv. ráðh. fara með svona mál eins og hæstv. sjútvrh. hér og eru að rembast við það hér á hinu háa Alþ. að reyna að sýna fram á svona dæmi eins og hann gerði, halda því fram, að verðlag hafi ekki farið meira hækkandi á síðustu árum en áður, að þá í raun og veru hitta

þeir sig sjálfa fyrir, því að allur almenningur í landinu finnur þetta og skilur. En ég vildi aðeins koma inn á þetta og sýna fram á, hversu fráleitur þessi talnaútreikningur hæstv. ráðh. var.

Út af því frv., sem hér er til umr., vil ég aðeins endurtaka það, af því að það eru ýmsir, sem eru komnir, sem ekki voru við, þegar ég hóf mál mitt, að kjarni málsins er sá, að sérfræðingar ríkisstj. hafa lagt fram nýjar tölur í þessu máli, það eru komnar fram nýjar upplýsingar, eftir að kjarasamningarnir voru gerðir, eftir að samkomulagið var gert við ríkisstj. og eftir að frv. þetta, sem hér er til umr., var lagt fram. Þessir útreikningar sýna í stuttu máli, að tekjuskattsívilnunin, sem í frv. felst, er ekki nema 1700 millj. kr. á innheimtugrundvelli, þ. e. a. s. það koma 1700 millj. kr. minna í tekjuskatt í kassann heldur en gert er ráð fyrir í fjárl., ef þetta frv. verður að lögum. Þetta stendur í skýrslu, sem sérfræðingar ríkisstj. hafa látið frá sér fara. Til viðbótar þessu kemur skattafsláttur-inn, sem er 550 millj. En á móti þessu stendur enn óhaggað, að sérfræðingar ríkisstj. sjálfir hafa áætlað, að inn heimtist 2 900 millj. kr. í söluskatt til áramóta. Þetta er sá kjarni, sem við okkur þm. blasir. Þetta eru nýjar upplýsingar, sem fram hafa komið, síðan frv. var lagt fram. Ég fæ ekki betur séð en hæstv. ríkisstj. eigi þann einn kost að viðurkenna þetta og lagfæra þetta frv., ef hún heldur áfram uppteknum hætti um að vilja knýja frv. í gegn. Þá standa ekki bara orð stjórnarandstöðunnar um það, að hún ætlar að knýja í gegn með þessu aukna skattpíningu á þjóðina, heldur orð sérfræðinga hennar sjálfrar.

Ragnhildur Helgadóttir: Herra forseti: Það munu hafa verið fleiri en ég, sem biðu þess með mikilli eftirvæntingu, að það frv., sem nú er til umr., sæi dagsins ljós.

Það eru einkum 3 atriði, sem mig langar til að ræða lítillega í sambandi við þetta mál: Það er í fyrsta lagi aðferðin við framlagningu þess. Í öðru lagi það atriði, að í þetta frv. skortir ákvæði, sem margir höfðu búist við, að þar væri að finna varðandi skattamál hjóna. Í þriðja lagi, að í frv. vantar ákvæði, sem margir höfðu einnig búist við eftir yfirlýsingum ráðherra um einföldun og nokkurt samspil milli skatta og tryggingakerfisins. Auk þess langar mig til að víkja lítillega að launaskattinum.

Ef ég vík fyrst að aðferðinni við framlagningu málsins, hlýtur það að vekja nokkurn ugg, að ekki sé meira sagt, að sú hugsun virðist eiga meira fylgi að fagna innan ríkisstj., að það sé engin sérstök ástæða til að vera að hafa áhyggjur af þessu Alþ. né hvað þar kunni að verða sagt eða gert. Hæstv. ráðh. segja frá því með hinni mestu rósemi, löngu áður en frv. til skattalaga er lagt fram á Alþ. eða nokkur alþm., svo að vitað sé, fær að sjá efni þessa frv., að uppkast að þessu frv. sé til athugunar hjá félagasamtökum úti í bæ. Hversu góðra gjalda verð sem þau samtök eru, þá er það fullkomin vanvirða við Alþ. að hunsa þingræðisreglur, að haga svo málum eins og þarna var raun á og þar á ofan að tilkynna Alþ., án þess að láta sér bregða, að frv. til nýrra skattalaga sé til athugunar hjá samninganefnd vinnumarkaðarins úti í bæ. Það má satt vera, sem hæstv. ráðh. sögðu hér þá, að vitanlega væri hagræði að því að vita, hver afstaða aðila vinnumarkaðarins yrði til slíks máls. En það breytir í engu því, að það er algert virðingarleysi við Alþ. að sýna alþm. a. m. k. ekki það mál, sem til athugunar var, og taka eins við þeirra till. og annarra.

Þegar málið hafði verið athugað hjá þessum samtökum utan þings, heyrðist það í útvarpi frá hinum ágæta hæstv. félmrh., að hann léti sér ekki til hugar koma, að það yrði fellt á Alþ., sem aðilar vinnumarkaðarins hefðu komið sér saman um. Slíkt hefði aldrei komið fyrir og það mundi vitanlega ekki koma fyrir nú.

En það er eins og þessi hæstv. ríkisstj. hafi ekki látið sér detta í hug, að þegar fjallað hefur verið um mál, löggjafarefni, utan þings, þá hafi einnig á sama tíma verið fjallað um þau innan þings, þm. sjálfir hafi lagt á ráðin, — jafnvel *þó að málið hafi ekki verið lagt formlega* fram, þá hafi menn a. m. k. getað athugað það sem trúnaðarmál, og ég sé ekki, að það sé minni ástæða til að sýna alþm. trúnað, heldur en mönnum á öðrum þingum.

En það er því miður ekki þetta eina mál, sem bendir til þess, að afstaða hæstv. ríkisstj. til almennra þingræðisreglna sé mjög háskaleg, ef ég má orða það svo. Það hefur áður verið rætt, og ég hef leyft mér að benda á það áður í umr. hér í vetur, hve það hefur færst í aukana, að ólíkum málum sé blandað saman í frv. til þess eins að koma einhverjum ákveðnum lagabreytingum í gegnum þingið á einhvern fljótlegri hátt en eðlilegt er. Ég mun ekki fara sérstaklega út í þau atriði núna, en eins og til að kóróna þessa afstöðu ríkisstj. virðist mér vera afskaplega athyglisverður leiðari, sem lesa mátti í dagblaðinu Tímanum í gær. Ég verð að segja það sessunaut mínum, hv. 4. þm. Reykv., til hróss, að þessi leiðari er dálítið skemmtilegur að mínu viti og vel skrifaður, og það má ráða hann á ýmsa vegu. Ég leyfi mér að lesa örfáar klausur úr þessum leiðara og vona, að mér verði ekki lagt það þannig út, að meining brenglist, þó að setningar séu svo teknar úr samhengi, því að sem betur fer er þessi leiðari þannig skrifaður, að samhengið helst allan tímann. Til þess eins að sýna hv. þm., hvað ég á við með því, að þarna taki út yfir í afstöðu ríkisstj., og ég hlýt að líta svo á, að afstaða ríkisstj. eða a. m. k. nokkurs hluta hennar birtist í þessum leiðara, þá hljóða nokkrar setningar úr honum svo, með leyfi hæstv. forseta:

„Reynslan hefur sýnt, að minnihlutastjórnir hafa oft gefið skárri raun en reiknað hafði verið með. Sambræðslustjórnir, sem stuðst hafa við ólíka flokka, hafa oft ekki þótt gefa neitt betri raun, en galli á þeim þótt vera sá, að þá hefur stjórnmálamakk meira farið fram að tjaldabaki.“

Nú vil ég leyfa mér að skjóta hér inn, að það þarf engan veginn að vera um meirihlutastjórn að ræða, til þess að það séu ólík öfl að verki innan stjórnarinnar og nauðsynlegt sé, að ýmiss konar stjórnmálamakk fari fram að tjaldabaki.

Við búum við ríkisstj., sem er ekki alveg sýnt, hvern meiri hl. hefur, en hún er haldin öllum göllum sambræðslustjórnar sem meirihlutastjórn væri. Og hún hefur líka ýmsa galla minnihlutastjórnar, vegna þess að hún getur ekki komið fram mikilvægum málum, sem hún ætlar sér á þinginu.

Ég vil svo aftur vitna til þessa ágæta leiðara. Mér finnst of mikið að lesa heilan leiðara úr Tímanum hér í þingræðu. (Gripið fram í.) Hann er mjög vel skrifaður, prýðilega, og svo segir í leiðaranum:

„Það er hins vegar ljóst, að verði minnihlutastjórnir meira og minna algengar í þingræðislöndunum, hlýtur það að hafa ýmsar verulegar breytingar í för með sér. Hin stærri ágreiningsmál þokast þá meira til hliðar og verða að bíða. Flokkur eða flokkar minnihlutastjórnarinnar verða þá að sætta sig við, þó að þeir geti ekki komið ýmsum stefnumálum sínum fram.“ — Það þurfa kannske fleiri að sætta sig við það. — Þessum kafla lýkur með þessum orðum: „Stjórnarandstaðan verður jafnframt að sýna aukna ábyrgð og tillitssemi.“ Þetta var úr Tímanum: „Stjórnarandstaðan verður að sýna aukna ábyrgð og tillitssemi.“

Og síðasta klausan, sem mig langar til að lesa úr þessum leiðara, hljóðar svo: „Þær raddir heyrast nokkuð, að minnihlutastjórnirnar, sem nú fara með völd í nágrannalöndum okkar, séu merki um minnkandi stjórnmálaþroska og óheillavænlega stjórnmálaþróun. Svo þarf þó ekki að vera. Þær geta hins vegar verið merki um nýja tíma og breyttan hugsunarhátt, þannig að kjósendur láti ekki binda sig í tvær eða þrjár fylkingar, heldur ætli sér svigrúm og vilji vera sem mest óbundnir. Menn verða að forðast að hugsa þannig, að allt þurfi að falla í sömu farvegi og skapa þörf um tiltekið árabil, annars sé allt í voða. En breytingarnar mega ekki hafa það í för með sér, að ábyrgðartilfinningin minnki. Einkum gildir þetta um stjórnarandstöðuna.“

Það eru ýmsar setningar í þessu, sem eru ákaflega torskildar, og ég ætla mér ekki þá dul að ráða, hvað í þeim felst. En það fer þó ekki milli mála, hvað átt er við, þegar ritstjórinn segir: „Breytingarnar mega ekki hafa það í för með sér, að ábyrgðartilfinningin minnki.“ Vitanlega tökum við öll undir það. En þó finnst mér dálítið athyglisvert, að einkum gildir þetta um stjórnarandstöðuna. Mér finnst þessi setning, — skoðuð í ljósi þess, sem á undan er ritað í þessari ritstjórnargrein, — hljóma eins og einhvers konar neyðaróp, einhvers konar hróp um hjálp.

Ef þess verður vart innan einnar ríkisstj., að það sé skortur á ábyrgð eða tillitssemi manna þar hvers til annars, þá er ósköp eðlilegt, að innan þeirrar ríkisstj. sé hrópað á hjálp og tillitssemi og ábyrgð frá stjórnarandstöðunni. En spurningin er: Er þetta ekki alveg nýr skilningur á þingræði? — Svo virðist mér. Ég get ekki séð, að það sé þingræðisleg stjórn, sem verður að byggja á því, að stjórnarandstaðan sérstaklega sýni hinni veiku stjórn tillitssemi.

Það kann að vera, og það dettur manni í hug, þegar hv. 4. þm. Reykv. ritar hér um minnihlutastjórnir í öðrum Evrópulöndum, að þannig sé í sumum þeirra. En þá stendur þannig á, að um það er samið, annaðhvort við stjórnarandstöðuna eða einstaka flokka utan ríkisstj. Ef við lítum til Svíþjóðar, sem hæstv. ríkisstj. er nú gjarnt að gera, sjáum við, að ríkisstj. þar semur við einn stjórnmálaflokk utan stjórnar um það, að ríkisstj. skuli varin falli, og jafnvel við stjórnarandstöðuna í einhverjum mikilvægum málum. En ég held, að það sé alveg nýr skilningur á þingræðinu, að minnihlutastjórn geti átt nokkurn minnsta rétt á því að sitja í valdastólum, ef um samning við aðra flokka er ekki að ræða um það að verja ríkisstj. falli. Slíkt er þá a. m. k. algert bráðabirgðaástand, sem öllum er ljóst, að hlýtur að ljúka mjög fljótlega með nýjum kosningum, eins og t. d. í Bretlandi, þannig að ég get ómögulega séð, að þessi líking við minnihlutastjórnir í öðrum löndum geti átt við, jafnvel þótt hæstv. núv. ríkisstj. upp götvi það eftir 1 eða 2 daga, að hún sé, eins og hún er skipuð minnihlutastjórn.

Annars vil ég ekki fara hér frekar út í aðrar meiningar, sem e. t. v. mætti leggja í þennan snilldarlega skrifaða leiðara, en vildi sérstaklega vekja athygli á því, að mér finnst mjög varhugaverðar þessar hugleiðingar, sem benda til þess, að mönnum finnist ekki skipta máli, að þingræðið sé í heiðri haft, og það því heldur þegar við búum í landi, sem hefur eitt elsta þing veraldar og hefur talið þingræðið helstu prýði á stjórnarfari sínu frá upphafi.

Ef ég vík að öðru atriði, sem mér fannst ástæða til að benda sérstaklega á í sambandi við þetta frv., þá vil ég minna á það, að við umr. um tekjuskattsfrv. á þinginu 1971 var talsvert rætt um skattamál hjóna, ýmsar reglur um sérsköttun hjóna. Þær voru ekki að öllu leyti eins og þær till., sem um þetta efni komu fram. En í tilefni af þeim till., sem hér voru ræddar, gaf hæstv. fjmrh. yfirlýsingu, sem ég vil leyfa mér að minna á. Hinn 9. mars á því þingi, 9. mars 1972, sagði hæstv. fjmrh. m. a.:

„Við framhaldsathugun og vinnu við tekjuskattsfrv. eða tekjuskattslögin verður unnið að því að kanna um sérsköttun hjóna, athuga það mál alveg niður í kjölinn. Ég hafði óskað eftir því, þegar n. var að vinna að þessum málum í haust, að koma því inn í frv., en ekki var talið, að það væri hægt, of skammur tími væri til þess, að það væri hægt að koma því að, svo að fullunnið væri. Þess vegna“ — og ég vil biðja hv. þm. að taka vel eftir því, að hæstv. fjmrh. sagði: „Þess vegna skal það vera tryggt af minni hendi, að þetta mál fái fullkomna athugun og afgreiðslu við framhaldsvinnu að tekjuskattslögunum.“

Það var því að vonum, að margir byggjust við því, að nú kæmu nýjar reglur um þetta efni, þegar boðuð var skattkerfisbreyting.

Þessar yfirlýsingar sínar ítrekaði svo hæstv. fjmrh. síðar í umr. um þetta sama frv. og sagði þá, að hann hefði lýst því yfir orðrétt, að við þá endurskoðun, þ. e. a. s. framhaldsathugun skattalaganna, verði stefnt að því, að þeir, sem tekna afla, og einnig þeir, sem skattskyldar eignir eigi, verði gerðir að sjálfstæðum skattþegnum án tillits til hjúskaparstéttar.

Það hefur oft verið á það bent, að það orkaði tvímælis réttlætið í þeim reglum, sem við búum

nú við um skattlagningu hjóna. Það er að vísu svo, að hjón geta, ef þau telja sér það hagfelldara, óskað eftir því að verða skattlögð sitt í hvoru lagi. En langoftast mun raunin vera sú, að hjónum sé það hagfelldara, að 50% af tekjum eiginkonu séu dregnar frá, áður en skattur er á þær lagður, og þá að það, sem eftir er af hennar tekjum, leggist við tekjur bóndans og þau síðan skattlögð sameiginlega. Það vefst oft fyrir þeim konum, sem missa eiginmenn sína, af hverju þær búi eftir það við enn þá óhagstæðari skattlagningu, þessi frádráttur falli niður. Þær segja sem svo: „Af hverju mátti ég, meðan bóndi minn var á lífi, draga 50% frá tekjum mínum, áður en þær voru skattlagðar, en ekki lengur? Nú þarf ég miklu meira á því að halda," segir konan, sem þannig stendur á fyrir. Þetta hefur talsvert til síns máls, og þess vegna er það, að mönnum hefur þótt, að þarna hefðu þurft að koma reglur, sem skapa meira jafnrétti milli hinna ýmsu þegna, heldur en þær, sem við nú búum við. Og af öllum þeim reglum, sem athugaðar hafa verið, sem ég veit til, að athugaðar hafi verið í þessu sambandi, þykja mér vera réttlátastar þær, sem lagðar eru fram í tillöguformi núna í brtt. sjálfstæðismanna við þetta frv. Það er sú aðferð, sem kemst næst því að leggja að líku starf húsfreyju, sem vinnur á heimili, og starf hinnar, sem vinnur utan heimilis. Og það er líka þessi regla, sem kemst næst því að leggja það að líku, hvort hjónanna það er, sem innir heimilisstörfin af hendi, og hvort hjónanna það er, sem aflar teknanna utan heimilisins eða innan.

Ég vil gjarnan, ef hæstv. ráðh. hefur einhverjar upplýsingar um það, hvernig á þessu stendur, að þessu máli er ekki á neinn hátt hreyft í frv., að hann skýri þá þingheimi frá því. Það eru ýmsir, sem um þetta hafa spurt og fyllsta ástæða til, að hæstv. ráðh. sé minntur á það loforð, vil ég segja, sem hann gaf um það, að þessi mál hlytu nákvæma athugun ofan í kjölinn.

Þá er þriðja atriðið, sem ég vildi aðeins nefna í sambandi við frv., sem við erum að ræða, og það er það, sem hæstv. ráðh. nefndi í framsögu sinni, að með þessu frv. væri aðeins farið inn á þá braut að einfalda og sameina skatta- og tryggingakerfi. Þetta held ég, að sé alger misskilningur. Ég held, að það sé rétt, sem hv. 3. þm. Norðurl. v. sagði hér í umr., að það er ekki verið að einfalda hlutina með þessu frv., það er verið að gera þá flóknari. Einfaldasta leiðin til þess að sameina skatta- og tryggingakerfi er í gegnum fjölskyldubæturnar. Vitanlega hefði þá þurft að liggja fyrir samtímis frv. til l. um breyt. á tryggingal., en þetta hefur oft verið boðað í svo mörgum ræðum ráðh., að ég hefði talið fyllstu ástæðu til þess að vænta, að inn á slíka braut væri farið í þessu frv. Með slíkri aðgerð, með því að afnema fjölskyldubæturnar í því formi, sem þær nú eru, og láta þær fremur verka í gegnum skattkerfið, — í slíkri aðferð fælist stórfelldur sparnaður fyrir hið opinbera og mikil einföldun. Á þann hátt kæmu fjölskyldubætur mest til góða þeim, sem tekjulágir væru og þyrftu mest á þessum greiðslum að halda, sem í raun og veru er varla hægt að kalla tryggingabætur í venjulegum skilningi, þó að ákvæði um þær séu nú í tryggingalögum. E. t. v. er slíkra breyt. að vænta einhvern tíma síðar, ef þessari hæstv. ríkisstj. verður lengri lífdaga auðið, en einhvern veginn finnst mér það ekki trúlegt, fyrst hér er á borð borin heil skattkerfisbreyting og ekki minnst á þetta atriði.

Fjórða atriðið, sem mig langaði til að leggja sérstaka áherslu á, er nauðsyn þess, að úr þessu frv. hverfi nokkur hluti af launaskattinum, sem gert er ráð fyrir, að áfram standi. Mér finnst það einhvern veginn afskaplega öfugmælakennt, að skattur, sem lagður er á til þess að stöðva verðlag í landinu, skuli enn þá vera til, þegar verðlag heldur með meiri hraða upp á við en við þekkjum nokkur dæmi til. En 1½% launaskatturinn, verðstöðvunarlaunaskatturinn, sem síðan var lætt inn í tryggingalögin á sínum tíma, eins og menn muna, er þarna enn á ferðinni. Menn ætlast til, að hann haldi sér og íþyngi atvinnuvegum okkar áfram á þessum miklu verðbólgutímum.

Ég vona, að enginn lái mér, þó að ég minnist hér á verðbólgutíma eftir þá klukkutíma ræðu, sem hæstv. viðskrh. hélt í dag, þegar hann reyndi að afsanna fyrir okkur, að hér væri nokkur verðbólga. Hann gat þess, að í ritinu góða, Þjóðarbúskapnum, stæði, að smásöluverð á innfluttum neysluvörum hefði hækkað um 26% í krónum, en hann gat þess ekki, sem skiptir nú kannske dálitlu máli í því sambandi, hve stór hluti af öllum innfluttu vörunum þessar neysluvörur eru, og þá hve þungt þær vega í heildardæminu. Það stendur á næstu síðu í þessu sama riti, hinum megin á opnunni, að af 28% heildarverðhækkun vöru, þjónustu og húsnæðis á árinu 1973, olli erlend verðhækkun á innfluttum neysluvörum beint um 4%. Það er allt og sumt, sem erlenda verðhækkunin á innfluttum neysluvörum olli beint í heildarverðhækkuninni. (Gripið fram í.) Jú, jú, ég les lengra. Þetta er sjöundi parturinn af allri verðhækkuninni. Svo les ég lengra. En hækkun landbúnaðarafurða og annarra innlendra neysluvara stafar einnig að talsverðu leyti af verðhækkunum erlendra aðfanga, auk þess sem innflutningsverðhækkunin veldur hækkun kaupgreiðsluvísitölu, sem aftur leiðir til frekari verðhækkana. Það er öllum ljóst, að verðhækkun á innfluttum vörum hlýtur að verka inn í fleira en þessi 4%, sem hún verkar beint. Það er alveg ljóst. En ef ég les enn þá lengra, stendur í þessu riti, með leyfi hæstv. forseta:

„Það er þannig ljóst, að innflutningsverðhækkanir eiga drjúgan þátt í hinni öru verðbólgu að undanförnu, en að meiri hluta eiga verðhækkanirnar sér þó innlendar orsakir."

Ég sé ekki, að það sé með nokkru móti hægt að komast fram hjá því, að það eru innlendu orsakirnar, sem eru langþyngstar á metunum, hvað sem líður allri hinni gífurlegu hækkun á ýmsum innfluttum vörum. Hvað sem henni líður, eru innlendu orsakirnar miklu þyngri á metunum. Þetta fannst mér ástæða til að lesa hér einu sinni enn, svo ákveðin fannst mér hæstv. viðskrh. í því að reyna að afsanna, að innlendar ástæður væru nokkrar fyrir hendi í sambandi við þessa verðbólgu, sem við eigum við að etja. Það var sérstaklega með þetta í huga, sem mér

fannst það vera heldur andstætt að hugsa til þess, að skattlagning vegna verðstöðvunar stæði enn þá inni í íslenskum lögum þegar við erum óralangt frá öllum stöðugleika verðlags.

Pétur Sigurðsson: Herra forseti. Ég skal reyna að vera stuttorðari nú en ég hafði ætlað, að ég hefði ástæðu til, vegna þess vináttuvottar, sem þeir félagar mínir, sem eru á undan mér á mælendaskrá, hafa sýnt mér með því að gefa mér tækifæri nú að taka til máls, vegna nauðsynjar minnar að hverfa á brott um stund.

En vegna þess að sumir þeirra, sem í þeim hópi eru, eru andstæðir mér í þeim málum, sem ég vildi helst taka líka til umræðu hér, og vegna orða hv. 7. þm. Reykv., sem hann hafði við hér í kvöld, vil ég benda, um leið og við ræðum þessi mál, á þau orð, sem Þjóðviljinn, málgagn Alþbl., viðhafði í ritstjórnargrein sinni í dag. Þar sagði orðrétt, með leyfi hæstv. forseta: „Ríkisstj. Íslands ætti því ekki að vera neitt að vanbúnaði að ganga hér hreint til verks í samræmi við gefin fyrirheit og gera Miðnesheiði á ný að okkar landi.“ Og áfram held ég með beinni tilvitnun í þetta málgagn: „Þá mun eftirleikurinn við liðþjálfa Nixons í Sjálfstfl. verða auðveldari.“ (Gripið fram í.) Má ég spyrja hæstv. þm., sem er nú búinn að koma öllu sínu á hreint þar fyrir norðan og austan: Við hvað er átt? Á að ganga að andstæðingum þessara dáta eða vilhöllum mönnum eða á að fá aðra dáta í staðinn? Og hvað á að sýna þeim? Veit hv. bóndi að norðan, hv. þm. Stefán Valgeirsson, nokkuð, við hvað er átt í þessari ritstjórnargrein, eða hefur verið haft samráð við hann um það? Ætla þeir sér kannske að senda í útlegð þá 53 þús. Íslendinga, sem skrifuðu undir mótmælin gegn því, að varnarliðið á Íslandi verði látið fara burt? (Gripið fram í.) Það er rétt hjá þér. Og kannske ⅓ hluta þeirra, sem ekki hefur skrifað undir, sem eru makar og fjölskyldumenn.

Hvernig á að framkvæma þá valdbeitingu, sem þarna er boðuð? Er það ekki sama valdbeitingin og kemur fram í því frv., sem við erum hér að ræða. Er það ekki sama valdbeitingin og kemur fram í því, þegar okkur er talin trú um það hér, hv. alþm., að hér sé um fullkomna samstöðu að ræða við alþýðusamtök Íslands? Það liggur fyrir í orðum hæstv. ráðh., að þeir hafi verið að skrökva hér í kvöld. Þeir hafa skrökvað að hv. Alþ., eins og reyndar hefur legið lengi fyrir um einn hæstv. ráðh. (Gripið fram í.) Hæstv. sjútvrh., Lúðvík Jósepsson. Hann hefur leyft sér að segja, að það hafi verið farið að óskum Alþýðusambandsins um það, að það ætti að skipta á sléttu. Þetta er rangt. Það er skrök. Það var óskað eftir því, að hluti þess, sem kæmi fram í kjarasamningum, væri betrumbót á sköttum, ekki upp á það að skipta á sléttu. Og því segi ég, það er verið að skrökva að okkur alþm. Þessir menn leyfa sér að koma hér fram og segja, að það ætti að skipta á sléttu. Þetta er ekki rétt. Við fórum fram á það í Alþýðusambandi Íslands, — ég er einn af miðstjórnarmönnum þar, þó að ég sé ekki fylgjandi öllu því, sem þar hefur komið fram, — við fórum fram á 45 og yfir 50% betrumbót á okkar kaupi. Það var strax fullur skilningur á því þar, að það yrði metið til tekna, það yrði metið til kjarabóta, það sem gert yrði á sviði skattbreytinga. Af hverju halda hv. alþm., að allt í einu hafi verið samið um 18%, að sjálfsögðu að því viðbættu, sem til kom vegna taxtahækkana hjá þeim lægst launuðu og hækkana, sem verða svo á seinna tímabili, sem auðvitað mun hvergi nægja á móti þeirri ofsaverðbólgu, sem við sjáum fram undan.

Ég vil leyfa mér að segja, að þetta hafi verið ein meginkrafan, að það hafi verið vilji Alþýðusambandsstjórnar, miðstjórnar Alþýðusambandsins, að fara þessa leið. En má ég þá aftur spyrja, vegna þeirra fullyrðinga, sem hæstv. sjútvrh. hafði hér í kvöld um það, að við fylgdum ekki lýðræðinu hér á Alþ., að þetta gæti farið svo, ef það kæmi til Sþ., að þá væru 29:31, þá náttúrlega vaknar sú spurning: Af hverju kom þessari gáfuðu ríkisstj. það ekki til hugar að láta málið lenda í Sþ., þar sem þeir gátu beitt sínum meiri hl.? — En þá spyr ég hæstv. sjútvrh., en enginn þekkir betur til Alþýðusambands Íslands en hann, og ég minnist þess, að þegar ég byrjaði setu mína þar, þá var hann þar einn af fulltrúunum ásamt bæjarstjóranum á Norðfirði og öðrum slíkum höfðingjum: Af hverju í ósköpunum berjast þeir ekki fyrir sama lýðræðinu í Alþýðusambandinu? Telja þeir, að lýðræðið, sem kemur fram í meiri hl., sem samþykkir þetta skattasamkomulag, gildi í Alþýðusambandinu? Telur Lúðvík Jósepsson ráðh., að sú meirihlutakosning, sem á sér stað í Alþýðusambandinu, í stóru félögunum, ráði úrslitum um það? Er það lýðræðisleg kosning? Er það lýðræðisleg kosning, þegar fulltrúar stærsta stéttarfélagsins eru á móti þessu? Eru það lýðræðisleg úrslit þeirra mála þar, um leið og þeir telja sig fullbúna að segja: Þetta er samkomulag við verkalýðshreyfinguna? — Þetta er á sama tíma og það skeður, að það eru önnur stéttarfélög, sem eiga í samningum úti í bæ, eins og stundum hefur verið sagt, og sumir hafa ekki samið enn þá og eiga eftir mikið ósamið. Og meira að segja sumir þeirra, eins og farmennirnir, standa frammi fyrir því, að á sama tíma og þeir eru að reyna að semja, stendur ríkisvaldið fyrir framan þá og er að skerða þeirra friðindi stórkostlega. Svo halda þeir, að þessir menn bara standi upp og hneigi sig fyrir þessum herrum og semji. Þetta eru sömu mennirnir, sem voru ofsóttir eftir síðustu samninga, þegar þeir voru búnir að standa í verkfalli í 5 vikur, af þessum sömu ráðh., fulltrúum verkalýðshreyfingarinnar á þingi. Ég tala nú ekki um, hvernig þeir höguðu sér gagnvart sjómönnum í sambandi við skattamálin. Ég er þá ekki að tala um það, sem kom fram í síðustu skattalagabreytingum gagnvart fiskimönnum. Ég er að tala um það, sem farmenn höfðu þá unnið sér inn í samningum við fyrrv. ríkisvald á mörgum árum. Þeim var refsað fyrir að hafa gert þetta, og eftir að þeir höfðu staðið 5 vikur í verkfalli, þoldu þessir háu herrar ekki, að þeirra eigin fylgismenn höfðu neitað þessu. Þeir höfðu neitað því að fylgja þeirra ráðum, og þeim var refsað með því, að þessi friðindi voru tekin af þeim. Og ekki nóg með það, það er verið að taka af þeim önnur friðindi í dag. Skyldi nokkurn undra, þó að þessir menn segðu nú eitthvað

við þessu, enda er ólga meðal allra áhafna í verslunarflotanum. Má vera, að hæstv. sjútvrh. sjái hér einhver ráð til þess að fyrirbyggja, að slíkt verði í framtíðinni. En ég held, að hann megi gera töluvert meira en hann hefur gert fram að þessu.

Ég minntist nokkuð á það, vegna þess að mér datt það í hug, þegar hæstv. ráðh. talaði hér í kvöld um það, að við vildum ekki, stjórnarandstæðan, fylgja lýðræðinu og þingræðinu. Ég endurtek: Hvað er lýðræði? Hvað er þingræði? Við höfum okkar ákveðnu þingsköp, við höfum okkar ákveðnu lög, sem við eigum að fara eftir hér á Alþ. Við höfum líka ákveðin lög, sem við eigum að fara eftir í Alþýðusambandi Íslands. Þar ræður meiri hl. kosning ríkjum. Stærstu félögin ráða þar miklu. Má ég minna þennan hæstv. ráðh. á það, og það er verst, að hæstv. fyrrv. félmrh. er hér ekki til staðar eða núv. félmrh., — má ég benda þessum mönnum á þeirra lýðræðishugsjón, þegar þeir meinuðu stærstu samtökum verkalýðsins í dag, verslunarfólki og skrifstofufólki, um það að koma inn í raðir Alþýðusambandsins og við urðum að berjast fyrir því, sem þá vorum í minnihlutaaðstöðu að fá þá dæmda inn? Er það furða, þó að maður verði hlessa, þegar maður heyrir þessa herra tala um lýðræðisást?

Herra forseti. Það var erindi mitt hér upp í ræðustól í kvöld við þessar umr., aðeins að ræða, hvað hefur skeð í þessum samningum, því samkomulagi, getum við sagt, sem hér er lagt til grundvallar, og reyndar samningum, sem líka liggja til grundvallar á öðrum sviðum, en við eigum eftir að fá til meðferðar hér á Alþ. Og þá minni ég enn á, að það er lítill meiri hl., og minni á það samkomulag, sem gert var um skattamálin hjá Alþýðusambandinu eða 30 manna nefnd Alþýðusambandsins og ríkisstj. og það undir mikilli áþján viðkomandi ráðh., sem þar stóðu og buðu í danssölum Alþýðusambandsins upp í dans sumum mestu verkalýðsleiðtogum Alþb., en þeir vildu ekki dansa stundum, að manni hefur skilist af fréttum. En hitt veit ég, að það voru auðvitað allir viljugir til þess að ná samkomulagi um þetta þýðingarmikla mál, því að allir voru orðnir fullvissir um það, að þarna lá í einn stærsti grundvöllurinn fyrir því að ná verulegri kjarabót. En hvað kemur í ljós á eftir? — Á eftir, segi ég, vegna þess að ég held því fram, að þessi samtök hafi verið blekkt. Þau töldu þörfina vera svona mikla, þegar þau vissu ekki um, hve gífurlega mikil áþján lá til viðbótar annars staðar, og ég held, að það hefði aldrei verið samþ. þó með þessum nauma meiri hl. 30 manna n., með 11 eða 13 menn sitjandi hjá og 4 á móti og byggt þannig upp, að í þessum meiri hl. voru þm., miðstjórnarmenn og stærstu stuðningsmenn Alþb. og stjórnarflokkanna. (Gripið fram í: Og Sjálfstfl.) Einn, hinir voru á móti, vegna þess að hann reyndi að vinna að þessu eins og hann gat. Og hann einn gaf Halldóri E. Sigurðssyni það orð, um leið og mér skildist, að hann einn hefði líka fengið það orð á móti frá honum, að hann reyndi að vinna hvað hann gat að því að ná fram þeirri stefnu Sjálfstfl. að fara inn á tekjuskattslækkun, og hann vann að því eins og maður og náði því fram, sem náðist. Það voru ekki félagar þínir, hv. þm. Jón Snorri.

Ef við förum nánar út í, hvaða samkomulag var þarna gert, þá held ég, að við ættum að renna aðeins yfir, hvað var gert meira en að ræða um skattalækkanir og skattabreytingar. Var ekki gert eitthvað meira, sem við eigum eftir að fá hér inn á þing? Og þá vitna ég aftur til þess, sem ég hef áður vitnað til, að það er ekki nóg, að einhver lítill meiri hl. í Alþýðusambandi Íslands með þeim kosningakjörum, sem þar er boðið upp á, geti ráðið því, að okkur séu settir úrslitakostir hér á Alþ., sem eru þó kjörnir eins og við erum kjörnir, um það, hvað við eigum að gera. Ég mótmæli þessu alveg, m. a. vegna minni hl., sem er í Alþýðusambandinu og m. a. í þessari n. meðal alls þess fjölda launþega, sem hvergi kom nálægt þessu. Má ég benda á Bandalag starfsmanna ríkis og bæja, sem gerði oftsinnis samningana frægu við ríkisstj., en ég hef sterkan grun um, að forustumenn þar hafi átt baksamninga við ríkisstj., vegna þess að tveim dögum eftir að samningarnir við Alþýðusambandið voru gerðir eru gerðir nýir samningar við þá. Voru slíkir baksamningar líka við meiri hl. fulltrúa í bændasamtökunum? Þurfti endilega að skella yfir þjóðina þeim gífurlegu verðhækkunum, sem áttu sér þar stað, á sama degi og launahækkanirnar voru samþykktar? Mátti ekki einu sinni bíða eftir því, að launahækkanirnar kæmu í framkvæmd. Og þá leiðrétti ég það strax hér, að ég er ekki sá Pétur Sigurðsson, sem það samþykkti. Það vissi auðvitað hæstv. ráðh. Lúðvík Jósepsson.

En ég spyr aftur: Er það rétt að taka í munn sér, að þetta sé í nafni allrar launþegahreyfingarinnar á Íslandi? Eigum við enga aðra launþegahreyfingu en Alþýðusamband Íslands, þ. e. litinn meiri hl. þar, og Bandalag starfsmanna ríkis og bæja? Eigum við ekki eitthvað meira? Jú, við eigum líka nokkuð, sem heitir Farmanna- og fiskimannasamband Íslands. Hafa þeir verið teknir í þessar viðræður? Ég veit auðvitað ekki, hvað hæstv. sjútvrh. hefur gert, en ég efast um, að þeir hafi verið kallaðir inn í þessar viðræður, og ég veit það reyndar, að þeir hafa ekki verið kallaðir þar til. Auðvitað má kalla á ýmsa svona hópa, sem standa þar utan við og standa svo mikið utan við, að þeir eiga ekki samleið með þessum hópum. En það er mjög afskammtaður og vafasamur pólitískur meiri hl. í Alþýðusambandinu, sem leyfir sér að semja svona fyrir alla launþega Íslands. Ég efast um, að það sé jafnlýðræðislegt og hæstv. sjútvrh. taldi það vera. En þegar núv. hæstv. ríkisstj. hefur ekki meiri hl. í hv. Nd., leyfir hann sér að draga í efa, að við höfum rétt til þess að fella fyrir honum frv. og hæstv. ríkisstj. En ég vil segja honum, að við höfum fullan rétt til að gera það.

Herra forseti. Ég vil aðeins, áður en ég lýk máli mínu, vegna þess að ég vil ekki ganga á það samkomulag, sem ég gerði við mína samstarfsmenn, að lokum benda á, vegna þess að við eigum eftir að fá þetta til afgreiðslu hér í hv. Nd. og reyndar í hæstv. þingi öllu, við eigum eftir að fá fram fyrir okkur samninga, sem gerðir voru af þessum mjög takmarkaða meiri hl., sem heita samningar um launaskatt. Og þessir samningar, sem þar voru gerðir, munu

ráðast stórkostlega á smáiðnaðinn í landinu og reyndar allan iðnað. Ég ætla nú þegar að undirstrika það, að þessum samningum var mótmælt af báðum samningsaðilum iðnaðarins í landinu, í hvaða flokki sem þeir voru, hvort sem þeir voru kommúnistar, sjálfstæðismenn eða aðrir í launþegastétt, og af öllum hinum í hinum stéttunum, ég efa að það sé nokkur framsóknarmaður þar lengur, en ég veit, að því var mótmælt af báðum aðilum og það hefur komið opinber yfirlýsing frá þeim, sem hafa mótmælt. Hvaða samningar eru þetta? Hverjir semja? Það eru menn, sem eru orðnir vonsviknir á því að geta ekki lafað fram á næstu kosningar, sem gera þetta. Og auðvitað veit hv. 4. þm. Reykv., að það er ekkert annað, sem er að baki þessu.

Má ég benda á meira? Það er gert samkomulag um lífeyrissjóði launþega. Hverjir tóku þátt í því samkomulagi? Lítill meiri hl. launþega. Hvað með okkur hina, sem tókum engan þátt í þessum samningum? Á okkar hluti lífeyrissjóðanna að fara líka inn í þetta samkomulag? Ég spyr. Geta einhverjir aðilar úti í bæ farið og samið um eign okkar í þessum lífeyrissjóðum? Ég efa það. Hins vegar skal ég taka undir þau orð hæstv. trmrh., að auðvitað er lífeyrissjóðafyrirkomulagið komið á heljarþröm. Hins vegar er ekki lífeyrissjóðafyrirkomulag þeirra sjóða, sem urðu til vegna samninga á sínum tíma og börðust fyrir því og fórnuðu fyrir það kaupi sínu í samkeppninni við önnur félög, komið á neina heljarþröm og fer ekki strax, og þar á ég t. d. við lífeyrissjóði sjómanna.

Ég hef aðeins minnst á Atvinnuleysistryggingasjóðinn. Það er eitt mál, sem við fáum hér inn á þing á næstunni vegna þessa samkomulags. Eru allir reiðubúnir til að samþykkja það? Það verður auðvitað að viðurkenna, að það var Alþýðusamband Íslands og hin stóra samninganefnd þar, sem samdi um á sínum tíma, að það yrði farin þessi leið. Það var þáv. sáttasemjari, sem var settur, fyrrv. hv. þm. Emil Jónsson, sem beitti sér fyrir þessu samkomulagi, sem gert var, og eftir það var samið frv. og samþ. hér á þingi með nokkrum breytingum frá því, sem samþ. hafði verið í samningunum um þennan sjóð. En síðan hefur sú breyting orðið á, að það eru öll stéttarfélög landsins, sem borga í þetta, og allar stéttir með örfáum undantekningum, sem ég held, að séu að vísu nokkuð margir bændur. Hvernig slíkur lítill meiri hl. í verkalýðshreyfingunni getur leyft sér að semja og skipa okkur svo fyrir hér á Alþ., hvernig eigi að ráða fram úr þessum málum, fæ ég ekki skilið. En þetta hefur verið gert oftar en einu sinni.

M. a. er tekin inn í þetta ný grein, sem ég ætla síst að hafa á móti, en það hafa á undanförnum árum verið teknar margar nýjar greinar inn í þennan stóra og mikla sjóð. Það gæti komið að því, að þeir menn, sem nú þykjast ráða á Alþ., fengju það mikinn meiri hl., að þeir mundu bara setja þetta í sinn flokkssjóð. Þeir telja sig allra manna best fallna til þess að fara með málefni launþega, og það getur kannske komið að því.

Ég minntist líka nokkuð á, — og enn bið ég afsökunar þá, sem ég það um að gefa mér tækifæri til þess að tala í þessari röð, — að ég hef talið, að það væri hefndarráðstöfun núv. hæstv. ríkisstj., þegar þeir réðust að farmönnum í sambandi við þau skattfríðindi, sem þeir höfðu haft, eða tóku þau af þeim. Ég bendi þeim á það nú og enn einu sinni, að samningar voru gerðir við verkalýðsfélögin um það, að þeir lægst launuðu fengju a. m. k. um 26%. Það var samið um það undir forustu þessara manna, en þó upp í 31%, en iðnaðarmenn frá 36% upp í 38%. Það eru nokkrar stéttir, sem eiga ósamið, og ég geri ekki ráð fyrir, að þeir menn standi upp öðru vísi en þeir fái það sama. Hins vegar verður litið á það, held ég, af þeim, án þess að ég þori nokkuð um það að segja, hvort ríkisstj. sé bara til viðtals við Alþýðusambandið, hvort hún vilji nokkuð tala við aðra. Og náttúrlega efar enginn, að það er vandi ríkisstj. og löggjafans að segja til um þetta, og ég veit, að þessir menn efa það ekki heldur. En eru þessir menn tilbúnir til þess að koma eitthvað á móti ódrengilegum árásum stjórnvalda í þeirra garð? Eru þeir reiðubúnir, og er löggjafinn reiðubúinn að koma á móti þeim líka í sambandi við eftirgjöf í sköttum, eins og þeir virðast vera, ef í hlut eiga þeirra eigin kjósendur úti um land? Nú mætti tala langt mál um það, kannske ekki síst vegna ræðu, sem kom hér fram í gær frá hv. 7. landsk. þm.

Ég hef líka minnst á, að það er nokkuð eftirtektarvert, að það er samið mjög snemma við Bandalag starfsmanna ríkis og bæja. Það er samið þannig við þá, að þeir ganga á undan með samninga, sem eru auðvitað fyrir neðan allt, sem kom svo út úr hinum almennu samningum. Hins vegar um leið og upp er staðið frá samningum við hina lægst launuðu, Alþýðusambandið, þá er gengið til og hækkað beint um ákveðna prósentu og upphæð við þá. Þetta gefur auðvitað öllum mönnum, sem í verkalýðshreyfingunni standa, til kynna, að þarna hafi einhverjir baksamningar átt sér stað, olíusamningarnir svonefndu. Og ég held, að þegar upp verði staðið í raun eftir nokkur ár, þá liggi ljóst fyrir, að svo hafi verið.

Ég vildi aðeins á þessu stigi láta mínar skoðanir í ljós á því, sem hér hefur komið fram hjá hæstv. ráðh. og öðrum, þótt af mörgu væri að taka, og ég vil undirstrika það sem slíkur, — ég er miðstjórnarmaður í Alþýðusambandi Íslands, — en ég mótmæli allri þeirri málsmeðferð, sem við hefur verið höfð á þessu sviði frá hendi verkalýðshreyfingarinnar, einfaldlega vegna þess, að það hefur verið stór hluti hennar, sem hefur átt eftir að standa í samningum, meðan ákveðinn takmarkaður hópur hefur staðið í þeim og samið fyrir sig og sína. Og ég vil líka undirstrika það, að mín skoðun er sú, að það hafi aldrei verið beðið um breytingu á því sviði, að það yrði tekið aftur af launþegahreyfingunni jafnmikið og launþegar fengu í staðinn fyrir kerfisbreytinguna. Það var grundvallaratriði hjá verkalýðshreyfingunni, að hún fengi meira út úr skattkerfisbreytingunni en það að þurfa að fórna öllu aftur. Það var grundvallarskilyrði í allri kröfugerðinni á öllum ráðstefnunum, sem fram kom hjá Alþýðusambandinu, og það ætti fyrrv. forseti Alþýðusambandsins, Hannibal Valdimarsson, fyrst og fremst að vita um. Það var grundvallarskilyrði í þessari kröfugerð, að verkalýðshreyfingin vildi ekki meiri skattkröfur, ekki

meiri skattaáþján frá þessari ríkisstj. Hún fordæmdi þá stefnu ríkisstj., sem mótuð var í byrjun, að hún ætti að hafa meira til þess að skipta á milli sín og sinna aðgerða. Fólkið sjálft vildi fá að eiga sitt fé og ráðstafa því. Þetta var meginmismunurinn, sem kom í ljós ári eða svo eftir að núv. hæstv. ríkisstj. hafði skrökvað að alþýðu landsins.

Frsm. meiri hl. (Þórarinn Þórarinsson): Herra forseti. Ég skal ekki lengja mikið þessar umr., því þótt sitthvað hafi komið fram, sem ástæða væri til að gera aths. við, mun ég láta flest það liggja á milli hluta, enda samkomulag um að hafa ekki langar umr. hér. Flokkarnir hafa komið sér saman um vissa tilhögun á afgreiðslu málsins, sem þýðir það, að menn geta ekki leyft sér löng ræðuhöld, og þar sem hv. stjórnarandstæðingar gæta ekki síður þess samkomulags en við í stjórnaraðstöðunni, þá skal ég ekki taka mjög langan tíma að þessu sinni.

Ég held, að ég láti það liggja á milli hluta að ræða um þá forustugrein, sem ég skrifaði fyrir nokkrum dögum í Tímann og snertir ekki beint þetta mál, en hv. sessunautur minn, 12. þm. Reykv., hefur gert hér að allskemmtilegu umtalsefni. Ég held, að það sé betra, að við ræðum um það við annað tækifæri.

Það, sem hefur verið eitt helsta deiluefnið í þessum umr. og kemur til með að verða, er það, hvað tekjuskattslækkunin verði raunverulega mikil, — sú lækkun, sem er í frv. Hvað er það mikið, sem tekjuskattsgreiðendur koma til með að fá út úr þessu? Um þetta hafa verið fluttir hér mjög mismunandi útreikningar, og það liggur í því, að menn velja sér mismunandi forsendur. Það er hægt að taka þetta þannig, að taka það, sem kallað er álagður skattur, það, sem raunverulega er lagt á launþega, eða innheimtur skattur á viðkomandi ári, en það er að sjálfsögðu ekki á sama árinu innheimt allt, sem á er lagt, og það er hægt að taka fleiri tölur, sem þannig eru til komnar. En til þess að fá réttan samanburð verðum við að fylgja einhverri einni ákveðinni reglu í báðum tilfellunum, bæði þegar við berum saman núgildandi skatta og skattkerfisbreytinguna. Það er t. d. skrýtið, að hv. stjórnarandstæðingar hafa fengið mjög mismunandi tölur í þessum efnum. Hv. talsmaður Alþfl. hefur fengið það út úr þessu, að tekjuskattslækkunin mundi nema 2.7 milljörðum. Talsmenn Sjálfstæðisfl. hafa hins vegar fengið það út úr þessu, að tekjuskattslækkunin mundi ekki nema nema 1.7 milljarði kr. Þarna ber ekki minna á milli en um einum milljarð. Og það liggur í því, að þeir leggja fram mjög mismunandi forsendur. Ég held, að það rétta í þessu sé að athuga, hvað álagður tekjuskattur er hár í báðum tilfellunum, því að það er það, sem skattgreiðendur verða raunverulega að borga, hvort sem það er innheimt á þessu ári eða eitthvað af því verður innheimt á næsta ári. Og ég held, að í þessum efnum sé skynsamlegast, að stjórnmálamennirnir reikni þetta ekki sjálfir, heldur leggi þær tölur til grundvallar, sem sérfræðingar hafa lagt fyrir okkur og hafa áreiðanlega reiknað það af hinni mestu samviskusemi.

Samkv. nýjustu útreikningum, sem þeir hafa gert, mun álagður tekjuskattur á einstaklinga á þessu ári nema 7 milljörðum kr. Ég hef ekki heyrt neinn vefengja þessar tölur. Það hafa stjórnarandstæðingar ekki gert. Samkv. núgildandi skattal. og þeim upplýsingum, sem eru fyrir hendi um tekjurnar á síðasta ári, mun álagður tekjuskattur á þessu ári nema 7 milljörðum kr. Þetta er það, sem ríkið kemur til með að fá samkv. núgildandi skattal. Með því að leggja sömu tekjur til grundvallar, er það niðurstaða sérfræðinga, að samkv. skattkerfisbreytingunni mundi álagður tekjuskattur ekki verða nema 4100 millj. kr. Þessi tala hefur ekki heldur verið vefengd af neinum. Þegar við erum búnir að fá þannig tölurnar í báðum tilfellum, bæði í samræmi við núgildandi skattalög og í samræmi við skattlagabreytinguna, þá getum við séð, hver mismunurinn er og hvað það er, sem tekjuskattsgreiðendur fá raunverulega í sinn hlut, og það eru 2.9 milljarðar kr. Ástæðan til þess, að þessi tala er heldur hærri en sú, sem talsmaður Alþfl. komst að niðurstöðu um, er sú, að hann byggir sína tölu á grundvelli fjárl., sem er rétt út af fyrir sig og var lagt til grundvallar, þegar samkomulagið var gert við Alþýðusambandið, en síðan hafa komið fram upplýsingar um, að tekjurnar á síðasta ári voru hærri en gert var ráð fyrir, þegar fjárl. voru samin, og þess vegna hækkar þessi mismunur nokkuð, sá hagnaður, sem skattgreiðendur mundu fá samkv. skattkerfisbreytingunni. Það er óumdeilanlegt, að þessi upphæð, sem skattgreiðendur fá út úr tekjuskattslækkuninni, miðað við álagðan tekjuskatt, er að sjálfsögðu það eina, sem hægt er að leggja til grundvallar í þessu sambandi.

Þær tölur hafa ekki verið vefengdar, sem sérfræðingar hafa reiknað út, að svokallaður skattafsláttur muni hafa í för með sér útgjöld fyrir ríkissjóð, sem nemi 550 millj. kr. Það er ekki vefengt. Og það er ekki heldur vefengdur sá útreikningur sérfræðinga, að vegna söluskattshækkunarinnar, þessara 5%, muni útgjöld ríkissjóðs aukast um 100 millj. kr., þannig að samanlagt verður sú upphæð, sem ríkið missir af, ýmist sem tekjutap eða útgjaldahækkun, um 3.6 milljarðar kr. Þetta er upphæð, sem ekki er hægt að vefengja.

Það er líka staðreynd samkv. þeim útreikningum, sem sérfræðingar hafa gert, að 5% söluskattshækkun í 10 mánuði gefur í kringum 3.4 milljarða kr., svarar tæplega til þeirrar upphæðar, sem ríkið verður að láta af hendi. Ég held, að það sé alveg rétt í þessu sambandi, sem hefur komið hér fram og t. d. hv. 7. þm. Reykv., Gylfi Þ. Gíslason, lagði áherslu á, að í þessu tilfelli þarf ekki að taka sjálft fjárlagadæmið inn í, heldur hitt, hvað fæst út úr því samkomulagi, sem hér er um að ræða, hvað það er mikið, sem ríkið lætur af hendi, og hvað það er mikið, sem það fær á móti, og þá eru réttar tölur þessar, eins og ég hef nú gert grein fyrir. Þetta verður ekki vefengt.

Það hefur líka verið sýnt fram á það, að til að mæta þessum 3.6 milljörðum, sem ríkið verður að láta af hendi, ýmist sem tekjumissi eða sem útgjaldaaukningu, fást ekki upp í það samkv. till. Alþfl. nema 2.4 milljarðar á þessu

ári, þannig að hallinn verður kringum 1.2 milljarðar.

Samkv. þeim till., sem Sjálfstæðisfl. hefur lagt fram, verður þetta dæmi miklu óhagstæðara. Ég hef reynt að gera mér nokkra grein fyrir því, hvað till. Sjálfstæðisfl. þýða í reynd. Eins og ég sagði áðan, er álagður tekjuskattur á þessu ári samkv. núgildandi skattalögum áætlaður 7 milljarðar kr. Samkv. till. Sjálfstæðisfl. verður álagður tekjuskattur ekki nema 2.2 milljarðar kr. Í þeirra eigin frv. er gert ráð fyrir því, að álagður tekjuskattur verði ekki nema tæpir tveir milljarðar, en þetta hækkar nokkuð vegna þess, að tekjurnar, sem lagt verður á í ár, verða hærri en þá var gert ráð fyrir. Þeir miða þessa áætlun sína við fjárlagaáætlunina, svo að það má reikna með því, að samkv. þeirra till. verði álagður tekjuskattur 2.2 milljarðar kr. Ef það er nú nálægt 7 milljörðum, koma út 4.8 milljarðar. Það er tekjuskattslækkunin, sem verður samkv. þeirra till., 4.8 milljarðar. Þá leggja þeir enn fremur til, að 1.5% launaskattur verði felldur niður og það mun ódrýgja tekjur ríkissjóðs um 450 millj. Þá gera þeir ráð fyrir nokkrum skattafslætti, sem er að vísu minni en í till. stjórnarinnar. Og svo kemur einnig til greina nokkur útgjaldahækkun ríkisins vegna þessarar 2% hækkun söluskatts, sem þeir gera ráð fyrir. Má gera ráð fyrir, að þessi upphæð samanlagt nemi um 200 millj., kr., þannig að samanlagt nemur tekjutap og útgjaldaaukning ríkisins samkv. till. Sjálfstæðisfl. um 5.5 milljörðum kr. Hvað ætlast þeir til, að ríkið fái á móti þessum 5.5 milljörðum? Ríkið á að fá á móti 2% söluskatt, sem gefur um 1400 millj., og þar að auki á það að fá útgjaldalækkun, sem gefur 1500 millj. Samanlagt eru þetta 3 milljarðar, sem ríkið á að fá í staðinn fyrir 5½, þannig að hallinn á till. Sjálfstæðisfl. er óumdeilanlega um 2.5 milljarðar. Það er útkoman, sem mundi verða fyrir ríkissjóð á þessu ári, ef till. þeirra yrðu samþ., því að hér er eingöngu um að ræða tekjur, sem falla til á þessu ári. Það skiptir ekki aðalmáli í þessu sambandi t. d., hvort tekjuskatturinn, sem lagður verður á í ár, innheimtist ekki allur á þessu ári eða það verða einhverjar eftirstöðvar af honum.

Þetta held ég, að þurfi ekki að vefengja, svona mundu till. stjórnarandstæðinga koma út, ef farið væri alveg eftir þeim. Tapið á till. Sjálfstfl. er 2.5 milljarðar, en á till. Alþfl. 1.2 milljarðar. Liggur í augum uppi, að það getur engin ríkisstj. gengið að slíku, enda líka algerlega rangt, þar sem hér er um það að ræða að skipta á jöfnu, að á móti tekjulækkuninni, sem ríkið afsalar sér, komi jafnmikil tekjuhækkun annars staðar að.

Ég ætla svo ekki að ræða öllu frekar um þetta atriði. En ég get ekki látið hjá líða að minnast nokkrum orðum á sparnaðartill. Sjálfstfl., sem ég fordæmdi í fyrri ræðu minni, þ. e. a. s. aðferðina, og geri enn. Mér finnst þetta algerlega röng aðferð í sambandi við það, þegar á að lækka greiðslur, sem eru ákveðnar á fjárl., og greiðslur, sem eru ákveðnar með sérstökum lögum. Ég skal koma að því, sem ég veit, að hv. þm. á við, brbl. Þingið á ekki að afsala sér því í hendur ríkisstj. að ráða eingöngu um það, hvað verður gert í þeim efnum. Þingið á sjálft að taka ákvörðun um það. Og þeir, sem hafa áhuga á einhverri útgjaldalækkun og telja sig geta bent á hana, eiga að flytja frv. um hana og koma með ákveðnar till. um hana. Og það má viðreisnarstjórnin eiga, að hún kom í eitt eða tvö skipti með lækkun á fjárl., eftir að þau höfðu verið samþ., og hún gerði það í bæði skiptin í frv.-formi hér á Alþ., eða a. m. k. man ég eftir því, að í annað skiptið kom alveg sérstakt frv. fram hér á Alþ., þar sem gert var ráð fyrir vissum útgjaldalækkunum á fjárl. Þetta er rétt aðferð. Hér hafði veiðreisnarstjórnin alveg rétt fyrir sér, og þessa leið ættu sjálfstæðismenn að fara núna, ef þeir treystu sér til að benda á ákveðnar útgjaldalækkanir.

En ég skal þá víkja að því, sem hv. 1. þm. Reykn. minntist hér á og var að gefa mér ábendingu um hér áðan, að hæstv. núv. ríkisstj. setti sérstök brbl. um efnahagsaðgerðir í júlímánuði 1972 og ein gr. í þeim lögum er nokkuð svipaðs eðlis og þessi gr. í till. Sjálfstæðisfl. En það var alveg sérstakt mál, sem lá þar á bak við og var þess eðlis, að ríkisstj. átti í samningum við Atvinnuleysistryggingasjóð, að hann felldi niður vissan hluta af því framlagi, sem hann átti að fá úr ríkissjóði á því ári og var ekki öllu meiri upphæð en 100 millj. kr. Var rætt um þetta bæði við Alþýðusambandið og Vinnuveitendasambandið, þau stéttasamtök, sem hér eiga hlut að máli alveg sérstaklega, og þessir aðilar virtust ekki hafa neitt sérstakt við það að athuga undir þeim kringumstæðum, sem þá voru. — Það var líka rætt um þetta við stjórn Atvinnuleysistryggingasjóðs. En þrátt fyrir það, þó að lægi fyrir samþykki þessara aðila, þurfti ekki annað til að koma þessu í framkvæmd en fá til þess sérstaka lagaheimild. Þess vegna var sú leið farin í þessu tilfelli, að inn í þessi brbl. var sett grein, sem hljóðar nokkuð svipað og umrædd till. Sjálfstæðisfl. En það var eingöngu til að tryggja, að það væri hægt að gera mögulega þessa lækkun á framlagi Atvinnuleysistryggingasjóðs, þó að það lægi fyrir samþykki þessara aðila.

Niðurstaðan varð svo sú, að þessi lagaheimild var aldrei notuð. Það var að vísu samið um það, að Atvinnuleysistryggingasjóður gæfi eftir 100 millj. af sínu tillagi á þessu ári, en það bara færðist á milli ára og hefur verið borgað seinna. En heimildin til þess að fella þetta alveg niður, var aldrei notuð, og ríkisstj. notaði ekki þessa heimild sína, svo að ég viti, til þess að breyta nokkrum lögum, sem hafa áhrif á fjárl.

Endalok þessara brbl. urðu þau, að þau voru lögð fram hér í annarri d. og dagaði svo uppi, þannig að Alþ. í heild hefur aldrei lagt blessun sína yfir það, að slík aðferð væri höfð eins og felst í þessari till. Sjálfstæðisfl. Jafnvel þótt sjálfstæðismenn gætu bent á þetta fordæmi hjá núv. ríkisstj., sem er allt annars eðlis en í raun og veru þeirra till. og var bundið fyrst og fremst við eitt ákveðið mál, sem búið var að ná samkomulagi um við viðkomandi aðila, þá er það þannig lagað, að það á ekki að vera fordæmi að lagasetningu um þessi efni í framtíðinni. Alþ. á ekki að afsala sér valdinu í hendur ríkisstj., ef það á að lækka fjárl. eða er talið nauðsynlegt

að lækka fjárlög, að ríkisstj. geti gert það upp á eigin spýtur, án þess að Alþ. sé þá nokkurð kvatt til ráða.

Ég get vel hugsað mér það, og er því í raun og veru samþykkur, að það verði athugað mjög gaumgæfilega, hvort ekki sé hægt að lækka ýmsa útgjaldaliði hjá ríkinu, og ég gæti verið því fylgjandi, að það yrði sett sérstök n. allra flokka til þess að íhuga slík mál. En ég vil ekki gefa ríkisstj., jafnvel þó að ég treysti þessari ríkisstj. vel, heimild til að ráða því, hvaða útgjaldaliði hún lækkar. Ég vil, að slík n., að íhuguðu máli, leggi fram sínar till., þær verði bornar undir þingið og afgreiddar hér á þinglegan hátt, ríkisstj. geri það ekki. En það er alveg útilokað að gera það í sambandi við afgreiðslu þessa máls, það tekur allt of langan tíma. Ég er ekki farinn að sjá það heldur, þó að Sjálfstfl. varpi fram till. eins og þessari, þegar að því kæmi hér í þinginu að samþykkja ákveðnar útgjaldalækkkanir, að hann væri þá reiðubúinn til að gera það. Ég vil sjá það, og ég vil kanna það. Að mínu áliti er alveg sjálfsagt að taka það til athugunar, hvort ekki sé hægt að koma fram einhverjum sparnaði og lækkun á ríkisútgjöldum og m. a. lækkun á þeim ríkisútgjöldum, sem eru lögbundin. En ég álít, að til þess þurfi svo mikla athugun, að slíkt sé í raun og veru óhugsandi, svo að gagni sé, nema í sambandi við gerð næstu fjárlaga. En að ætla að fara að ákveða það nú á þessari stundu er alveg útilokað og algerlega óábyrg málsmeðferð.

Ég veit það, að þegar maður sleppir þessu máli, þá bera margir þm. Sjálfstæðisfl. og leiðtogar hans mikla virðingu fyrir þingræði, að mínum dómi, og þess vegna álít ég, að þeir gerðu það réttast að draga þessa till. aftur til að sýna það, að þeir vilji hafa þingræðið í heiðri og ekki láta þingið afsala sér jafnmiklu valdi og því að ákveða lækkun fjárlaga.

Það er alveg sjálfsagt, eins og ég sagði áðan, að taka það til athugunar, að það verði sett sérstök athugun um það, hvernig sé hægt að lækka útgjöldin. En ég álít, að það sé ekki hægt að afgreiða það í sambandi við þessi mál. Við getum ekki nefnt neina ákveðna upphæð. Eru kannske sjálfstæðismenn tilbúnir að nefna það í dag, hvaða útgjöld eigi að lækka? Eru þeir tilbúnir til að segja, að þeir vilji lækka atvinnuleysistryggingabæturnar um svona mikla upphæð? Eru þeir tilbúnir að segja, að þeir vilji lækka skólamálin? Eru þeir tilbúnir að segja það, t. d. dreifbýlisþm., að þeir séu reiðubúnir til að fella niður svo og svo miklar verklegar framkvæmdir úti um land? Ef þessir hv. þm. eru tilbúnir til þess að koma með ákveðnar till. um þetta efni, hreinar till.: við skulum lækka Norðurlandsáætlun um svona mikið, við skulum lækka Djúpveginn o. s. frv., — ég segi, ef sjálfstæðismenn eru tilbúnir til að koma fram með svona till., þá skulum við líta á þær. Það er annað mál, hvort við samþykkjum þær eða ekki. Ef þeir eru tilbúnir til þess að segja: Við skulum ekki hækka tryggingabæturnar eins mikið og gert var nú á dögunum, við skulum hækka þær eitthvað minna, við skulum draga úr framlögum til spítalanna, við skulum lækka framlögin til samgangna o. s. frv., — ef þeir koma fram með slíkar till., þá er sjálfsagt af stjórnarliðinu að athuga þær. Það er annað mál, hvort við föllumst á þær. En að kasta fram svona plaggi, þar sem engir ákveðnir útgjaldaliðir eru nefndir, það er vitanlega óforsvaranlegt.

Ég endurtek það, sem ég sagði í fyrri ræðu minni, að ég tel slík vinnubrögð alveg ábyrgðarlaus, enda finnst mér rétt að láta þá viðurkenningu koma hér fram, að Alþfl. hefur ekki í sínum till. farið inn á þessa braut. Þó hygg ég, að í ýmsum efnum væri hann ekkert ófúsari til þess að vera með ýmsum útgjaldalækkunum, sem eru taldar skynsamlegar, heldur en Sjálfstfl. En hann vill þó ekki fara inn á þessi vinnubrögð, hann hefur ekki flutt till. um það. Það verður líka að játa, að þó að hans till. séu ekki fullnægjandi til þess að mæta þeirri útgjaldalækkun, sem ríkið verður fyrir, eru þær ólíkt ábyrgari en þær till. því miður eru, sem Sjálfstfl. hefur gert.

En ég verð líka að líta þannig á, að hér sé ekki um að ræða endanlegar till. Sjálfstæðisfl. Ég lít þannig á, að þessar till. séu fluttar hér af Sjálfstfl. til að sýna stefnu hans, til að sýna það, hvernig hann vildi lækka skattamálin, geta sagt kjósendum sínum, að hann vildi lækka tekjuskattinn svona og svona mikið og hann vildi spara svona og svona mikið, þó að hann hafi ekki ákveðnar till. um það, en hann geri sér sjálfur vel ljóst, að þetta eru ekki ábyrgar till. á þessu stigi. Þess vegna trúi ég ekki öðru en því, að ef þetta mál kemur hér til frekari athugunar, t. d. í Ed., þá taki Sjálfstfl. þessa afstöðu sína til endurskoðunar og sýni í verki, að hann sé ábyrgari flokkur en þessar till. bera merki um. Og ég vil vænta þess sama af Alþfl.

Ég skal nú ekki eyða öllu meiri tíma en orðið er. Mér finnst leiðinlegt að hafa ekki viðstaddan hér fornkunningja minn, hv. 7. þm. Reykv., Gylfa Þ. Gíslason, því að ég hefði þurft að segja ýmislegt í tilefni af því, sem hann sagði. En það gildir víst bæði um hann og hæstv. forsrh., að þeir eru eðlilega forfallaðir. Ég tek a. m. k. þau forföll til greina. Ég held, að ég komist samt ekki hjá því að svara einu atriði í ræðu hans. Hann var að leggja fyrir mig ákveðið dæmi, sem hann ætlaðist til, að ég svaraði. Ég held, að ég svari því einna best með því að koma með annað dæmi.

Það er ung stúlka, sem kemur inn í búð hjá kápukaupmanni, sér þar ljómandi fallega kápu, sem hún vill fá, og spyr hann að því, hvað hún kosti. Kaupmaðurinn nefnir einhverja ákveðna upphæð, við skulum segja, að hann nefni 3500 kr. eða eitthvað þessu líkt. Stúlkan telur það vera of dýrt. Kaupmanninum líst vel á hana og vill ganga eins langt til móts við hana og hann treystir sér, og hann segir: Ég skal láta þig hafa þessa kápu alveg álagningarlaust, þú skalt fá hana á 3000 kr. Svo að maður fylgi sögunni eins og var hjá hv. 7. þm. Reykv., þá fer stúlkan heim með þetta erindi til föður síns og biður hann að láta sig hafa 3000 kr. Karl segir, að hún skuli bara prútta meira og reyna að koma kápunni meira niður og hún skuli fá hjá sér 2000 kr. Með þessar 2000 kr. fer hún til kaupmannsins. Hvað á kaupmaðurinn þá að gera, þó að honum lítist vel á stúlkuna? Á hann að

láta kápuna á 2000 kr. og tapa á því 1000 kr. eða á hann ekki að láta stúlkuna fá kápuna? Hvað mundi prófessorinn í rekstrarhagfræði í háskólanum segja nemendum sínum, að þeir ættu að gera undir þessum kringumstæðum? (**Gripið fram í:** Hvað mundi ræðumaður hafa gert?) Ja, ég mundi telja það alveg sjálfsagt undir þessum kringumstæðum, — get svarað þeirri spurningu alveg hiklaust, og það átti að vera svar mitt til hv. 7. þm. Reykv., — ég mundi ekki láta stúlkuna fá kápuna. Hún yrði að borga hana á sannvirði, hún yrði að láta sínar 3000 fyrir hana, hún fengi hana ekki á 2000 kr.

Það gildir nákvæmlega sama um afgreiðslu þessa máls. Við, sem stöndum að ríkisstj., göngum ekki að því, að ríkissjóður, svo að maður haldi þessu dæmi áfram, fórni 3000 og fái ekki nema 2000 í staðinn. Þetta er mitt svar til hv. 7. þm. Reykv.

Sjútvrh. (Lúðvík Jósepsson): Herra forseti. Í 2. gr. þessa frv. er gert ráð fyrir því að breyta gildandi ákvæðum í skattal., sem snerta sérstakan skattfrádrátt sjómanna, og þar er gert ráð fyrir því, að þeim frádrætti, sem tilgreindur er í 14. gr. skattal., verði breytt til samræmis við skattvísitölu. En þar er ekki gert ráð fyrir neinni frekari hækkun. Fulltrúar sjómannasamtakanna hafa rætt við ríkisstj. að undanförnu og óskað mjög eftir því að fá nokkra hækkun á þessum liðum, og það hefur verið til sérstakrar athugunar. Ég hef því leyft mér að flytja hér brtt. við þessa gr., þar sem gert er ráð fyrir því, að í stað 1232 kr. komi 1500 kr. og í stað 7700 kr. komi 9500 kr.

Hér er um að ræða sérstakan skattfrádrátt, sem sjómenn fá, og þessi skattfrádráttur gildir fyrir alla sjómenn, jafnt fiskimenn sem aðra. Hér er ekki um mikla hækkun að ræða, en mundi þó að sjálfsögðu kosta ríkið þó nokkuð. Það er sennilegt, að hver sjómaður, sem stundar starf sitt svo að segja allt árið, gæti fengið samkv. þessari till. aukinn skattfrádrátt, sem næmi 20 þús. kr. eða rúmlega það, og það gæti þá þýtt í kringum 8—10 þús. kr. aukna lækkun í skatti. Og hér gæti verið um heildarfjárhæð að ræða, sem gæti numið í kringum 50 millj. kr. fyrir ríkissjóð í skattalækkun til sjómanna.

Með þessari till. er sem sagt gengið til móts við þessar óskir sjómannasamtakanna, og ég tel, að það liggi margvísleg rök fyrir því og það geti orðið samkomulag um þessa till.

Ég vil geta þess, að þessi till. er flutt af mér hér í fullu samráði við fjmrh. Till. hefur þegar verið útbýtt, og er að finna á þskj. 495.

ATKVGR.

Afbrigði um brtt. 495, sem var of seint fram komin, samþ. með 22 shlj. atkv.

Frsm. 1. minni hl. (Matthías Á. Mathiesen): Herra forseti. Hv. 4. þm. Reykv., frsm. meiri hl. fjh.- og viðskn., ræddi hér áðan um það tekjutap, sem ríkissjóður yrði fyrir, ef till. ríkisstj. yrðu samþ. annars vegar, og bar svo saman við það tekjutap, sem ríkissjóður yrði fyrir, ef till. Sjálfstfl. yrðu samþ. Það var eins og mátti vænta, að hann grundvallaði ekki þann samanburð á því eina eðlilega í sambandi við þessi mál, þ. e. fjárl. annars vegar og hins vegar, hvað þær till. gefa, sem hér er verið að ræða um. En það var ekki nóg með það, að samanburðurinn væri rangur, eins og kom fram í fyrri ræðu hans, heldur sýndi hann það berlega með þeim talnaflutningi, sem hann viðhafði, að hann gerði sér ekki grein fyrir, hvernig sérfræðingarnir byggja upp þá áætlun, sem þeir lögðu fyrir fjh.- og viðskn., því að hann lagði til grundvallar till. sjálfstæðismanna 2200 millj. kr. sem álagðan tekjuskatt 1974 og dró það frá þeirri upphæð, sem hann hafði gefið sér, 7 þús. millj., og fékk út 4.8 milljarðar. Það er að vísu rétt útkoma, þegar 2200 millj. eru dregnar frá 7 milljörðum, en hann gleymdi, sá ágæti þm., að 1974 má reikna 1300 millj. eftirstöðvar frá árinu 1973 til viðbótar sem álagðan tekjuskatt, þannig að ef hann hefði kunnað þá reikninga, sem sérfræðingarnir viðhafa, þegar þeir leggja sínar skýrslur fyrir, þá hefði þessi upphæð, sem hann notaði, átt að vera annars vegar 7 þús. millj. og hins vegar 3500 millj. þar á móti. En ég skal ekki fara lengra út í umr. um útreikningana.

Í nál. 1. minni hl., okkar fulltrúa Sjálfstfl. í fjh.- og viðskn. er gerð glögg grein fyrir því, með hvaða hætti útkoman er fengin. Annars vegar er miðað við fjárlög ríkisins, eins og þau hafa verið samþykkt, og hvað þær till. um breytingu á tekjuskatti mundu þýða í tekjutapi fyrir ríkissjóð, og svo hins vegar, hvernig við leggjum til, að það verði bætt.

Þá vék þm. enn að þeirri brtt., þar sem við leggjum til, að ríkisstj. verði heimilt að lækka framkvæmdir samkv. fjárl. 1974 um allt að 1.5 milljarð, og taldi, að hér væri ekki um lýðræðislega till. að ræða, það væri að sjálfsögðu þingið, sem ætti að ákvarða þetta, en við ættum ekki að fela ríkisstj. það vald. Ég skaut því þá hér fram, að það væri sjálfsagt, ef það mætti verða til þess, að þessi hv. þm. gæti frekar fellt sig við þessa till., að flytja brtt., þar sem fram væri tekið, að þetta skyldi gert samkv. till. frá fjvn. Við hins vegar gerðum grein fyrir því í nál. okkar, að við teldum sjálfsagt og eðlilegt, að sá sparnaður, sem þarna mundi koma til, yrði samkv. till., sem fjvn. gerði til hæstv. fjmrh.

Hann sagði jafnframt, að það væri sjálfsagt að athuga slíkar sparnaðartill., en það væri bara ekki tími til þess núna, það væri ekki hægt í sambandi við afgreiðslu þessa máls, og fann alla vankanta á því, að rétt væri að taka til athugunar einhvern sparnað á þeim fjárl., sem nýlega hafa verið samþ. Ég vildi gjarnan minna þennan hv. þm. á það, sem ég reyndar gerði í framsöguræðu minni í dag, að frsm. 1. minni hl. fjvn., hv. þm. Matthías Bjarnason, einmitt vék sérstaklega að því í ræðu sinni við 3. umr. fjárl., hvort ekki væri rétt þá að setjast niður og nota þingið til þess að kanna, hvort ekki gæti náðst samkomulag um sparnað á ríkisútgjöldum og Alþingi setti þak á fjárl. Þetta máttu stjórnarherrarnir og stjórnarliðar þá alls ekki heyra. Þess vegna verður ekki mark tekið á þeim orðum hv. þm., sem hann lét hér falla áðan, að hann væri með einum

eða öðrum hætti síðar meir til viðræðu um að spara á ríkisútgjöldum eða komast að samkomulagi í þeim efnum á milli þingflokka. Hann varpaði því síðan fram: Hvers vegna koma þeir ekki með beinar till. í þessum efnum? Vilja þeir lækka þetta og vilja þeir lækka hitt? — Ég verð nú að segja eins og er, að það kemur úr hörðustu átt frá hv. 4. þm. Reykv., form. Framsfl., að koma með slíkar spurningar. Ég man ekki betur, þegar við vorum að glíma hér fyrir rúmu ári við frv. til l. um Viðlagasjóð, en að við í stjórnarandstöðunni legðum þá mjög hart að ríkisstj. og stjórnarflokkunum, að það yrði að einhverju leyti gengið í það að spara á ríkisútgjöldum til þess að mæta að einhverju leyti því tjóni, sem þjóðin varð þá fyrir. Við sjálfstæðismenn lýstum okkur reiðubúna til þess að setjast niður og skoða þessi mál og gera tilraunir til þess að ná samkomulagi um einhvern sparnað á ríkisútgjöldum. En það var því miður ekki hægt að ná samkomulagi, enda þótt að lokum væri um að ræða 200—300 millj. kr., sem í þann sjóð komu eftir þeim leiðum eða samkv. ábendingum, sem urðu til í þessum viðræðum. En á þeim orðum, sem hv. 4. þm. Reykv. viðhafði um vilja til sparnaðar, verður ekki mark tekið, miðað við það, sem á undan er gengið, og þegar ég skaut því fram hér áðan, að það væri sjálfsagt að flytja brtt. þess efnis, að fjvn. gerði till. til fjmrh., þá fór hann strax undan í flæmingi, brá sér í næsta vígi og hörfaði svo koll af kolli.

Hæstv. sjútvrh. kom í ræðustólinn áðan og geystist víða. Hann rifjaði upp umr. um fjárlög hér í des. og var furðu lostinn, að honum fannst, á þeim ræðum, sem þá voru haldnar, og því, hvernig málum er komið nú í dag. Ég fyrir mitt leyti vildi gjarnan mega vekja athygli á því, að það er ástæðulaust fyrir hæstv. sjútvrh. að vera svo furðu lostinn á þessu öllu saman. En það var einmitt mjög gott, að hann skyldi vekja athygli á þessu, því að hann var raunverulega að vekja athygli á því, hvílík óðaverðbólga væri í þessu landi, að á tölum, sem lagðar væru fyrir Alþ. í des. varðandi fjárlög ríkisins, væri ekki hægt að byggja nema kannske í 2—3 vikur, þá væri komin ný skýrsla og allar tölur orðnar miklu hærri. Umr. fóru hér fram við afgreiðslu fjárl., og þá var m. a. bent á, að það væri ekki hægt að taka inn í fjárlög gjaldapósta, sem taldir voru nauðsynlegir, vegna þess að það voru ekki tekjur á fjárl. til þess. Því var lýst yfir, að áætlanir sérfræðinga væru teygðar til hins ítrasta. Skömmu eftir að fjárlög eru samþykkt eða um það leyti kemur á borð þm. frv. til l. um breyt. á l. um tollskrá. Og í grg. þess frv. er sagt, að verði það frv. lögfest, þýði það 635 millj. kr. tekjutap fyrir ríkissjóð, en 200 millj. hafði verið gert ráð fyrir í fjárl., þannig að sjálft frv. mundi þýða 435 millj., og það þyrfti hvorki meira né minna en eitt söluskattsstig til að tryggja þetta, ríkissjóður væri svo illa kominn. Við féllumst ekki á þetta, stjórnarandstöðumenn. Hver er svo reynslan? Frv. var að vísu ekki samþ. fyrir jól, en það er búið að samþykkja þetta frv. í dag, og það þurfti ekki eitt söluskattsstig til viðbótar til þess að mæta því tekjutapi, sem ríkissjóður varð fyrir vegna tollskrárfrv. Meira að segja í þeirri tekjuáætlun, sem er lögð fyrir fjh.- og viðskn. nú á laugardaginn, koma gjöld af innflutningstolli, þegar búið er að taka tillit til þess tekjutaps, sem ríkissjóður varð fyrir vegna tollskrárfrv., með rúmlega 200 millj. kr. hærri áætlun en var í des. Fjárl. gerðu ráð fyrir 8515 millj. kr., en áætlun sú, sem fjh.- og viðskn. fékk s. l. laugardag, gerir ráð fyrir, að tekjur af gjöldum af innflutningi 1974 verði 8738 millj. kr., rúmlega 200 millj. kr. meira, og er þá búið að taka inn í dæmið það tekjutap, sem ríkissjóður varð fyrir vegna tollskrárfrv. Þannig er þetta allt saman. Það var þess vegna mjög gott, að hæstv. sjútvrh. skyldi vekja athygli á umr., sem hér fóru fram í des., í samanburði við þær umr., sem fara hér fram í dag. Síðan í des. er búið að gefa tvær skýrslur frá sérfræðingum ríkisstj. í sambandi við tekjur og gjöld ríkissjóðs, og hverjar eru þessar tölur í dag og hverjar voru þessar tölur fyrir 2½ mánuði? Hækkunin er hvorki meira né minna en 3 milljarðar, sem tekjur og gjöld ríkissjóðs í áætlun sérfræðinga hafa hækkað á aðeins 2½ mánuði. Og ég segi: Geri aðrar ríkisstj. betur. Það hefur engin gert.

Bjarni Guðnason: Herra forseti. Ég talaði um þetta mál langar stundir við 1. umr., þannig að ég mun nú stytta mál mitt mjög. En mér þykir þó skylt að koma hér í ræðustólinn til þess að draga saman eitt eða tvö atriði, sem mér þykir skipta mestu máli og hafa ekki komið fyllilega fram í ræðum þm.

Mikið hefur verið deilt um útreikninga, hversu standast á tekjuskattslækkun og söluskattshækkun, og ég skal ekki blanda mér inn í það mál. En ég vil vekja athygli á einu. Það er ekki eingöngu atriði um, hvernig reikningar standast á, heldur hitt, hvaða áhrif þessi skattbreyting hefur á efnahagslíf þjóðarinnar. Það finnst mér skipta meginmáli.

Hér er um það að ræða að leggja á 5 stiga söluskattshækkun, og væri vert að gera sér grein fyrir því, hvaða áhrif það hefur á efnahagslíf þjóðarinnar. Þetta er meginatriðið. Þess vegna er meginatriðið fyrst og fremst verðlagsþróunin í landinu. Ríkisstj. þarf að fara að gera einhverjar ráðstafanir til þess að hamla gegn verðbólgunni, og ég tel einmitt, að sú breyting, sem hér um ræðir, hamli ekki gegn verðbólgu, heldur þvert á móti örvi hana enn frekar en verið hefur. Þetta finnst mér skipta í raun og veru meginmáli. Það skiptir ekki öllu, hvort einhverjir einstaklingar hagnist á þessu um 5 eða 10 þús. kr. Það er hitt, hvert stefnir í efnahagsmálum þjóðarinnar. Það er meginkjarni málsins.

Hitt verð ég að segja, að það kemur úr hörðustu átt, þegar Framsfl. og Alþb. geta staðið að skattkerfisbreytingu af þessu tagi. Ég veit ekki betur en það standi í stefnuskrá Framsfl. að fella niður söluskatt af nauðsynjum. Þetta er endurtekið í stjórnarsáttmálanum. Ástæðan er auðvitað sú að létta byrði þess fólks, sem býr úti í dreifbýlinu, því að söluskattur leggst á flutningsgjöld, og þetta leiðir auðvitað til þess, að það fólk, sem Framsfl. telur sérstaka ástæðu til þess að styðja við bakið á, fær enn meiri byrði út af þessari söluskattshækkun. Mér kemur þetta mjög á óvart, því að ég hef haldið, að ein grundvallarstefna

ríkisstj. væri einmitt hin svokallaða byggðastefna. En ég fæ ekki séð, að þetta þjóni henni.

Alþb. er hér alveg sérstakur kapituli. Mér er óljóst, hvernig þessi verkalýðsflokkur getur komið því til leiðar innan alþýðuhreyfingarinnar að taka á sig 5 stiga söluskattshækkun á móti tekjuskattslækkun. Mér er algerlega óskiljanlegt, að menn úr röðum alþýðustéttanna skuli standa hérna og verja þessa breytingu. Þetta er alveg ný stefna, og hér er alls ekki um neina tekjuskattslækkun að ræða, heldur beinlínis kerfisbreytingu, sem að mínu viti kemur harðast niður einmitt á launþegum og barnmörgum fjölskyldum, þrátt fyrir þennan jöfnunarsjóð, sem hafður er í huga. Ég vil líka benda á það, af hverju þetta mál er komið hér fyrir þingið. Það er af því, að stjórnarflokkarnir hafa staðið að hinu óvinsæla tekjuskattsfrv. sínu. Það er þeim að kenna, að málum er komið þannig, og óvinsældir tekjuskattsins vegna þess, hve hann er hár, hafa valdið því, að jafnvel verkalýðsforingjar fallast á þessa breytingu. Þá sér maður berlega, hvernig til tókst með tekjuskattsl., sem ríkisstj. setti, að þetta skuli beinlínis knýja verkalýðinn til þess að samþykkja á sig svona óhóflega mikla söluskattshækkun. M. ö. o.: Það er dálitið undarleg staða hér í þinginu. Hinir svokölluðu vinstri flokkar, sem ráða ferðinni hér í stjórnarstólum, berjast nú fyrir hækkun söluskatts, sem þeir hafa barist gegn með oddi og egg á undanförnum áratugum. Nú er málinu alveg snúið við. Og þeir tala um þessa skattkerfisbreytingu sem einhvern heilagan sannleika og ekkert sé réttara en hækka söluskattinn um 5 stig á almúganum. En að mínu viti merkir það, að 5 stiga söluskattshækkun við þær efnahagsaðstæður, sem nú eru, er hrein uppgjöf — hrein uppgjöf. Hvað svo sem menn vilja segja um þetta á annað borð, þá er þetta hrein uppgjöf.

Það, sem hér átti auðvitað að gera, var að lækka tekjuskattinn þannig, að áhrifin drægju helst úr verðbólgunni, en ykju ekki verðbólguna. Þetta er grundvallarsjónarmið, og þá hlýtur það að vera nærtækast að draga úr ríkisútgjöldunum. Það hefur verið talað um það margoft, að þá eigum við, sem höfum þessa skoðun, að koma með beinar till. Ég hef margsagt hér, að ég væri reiðubúinn að taka þátt í n. með ríkisstj., ef hún standi að þessu og komi með till. um niðurskurð. Ég hef margsagt það. En það er bara ekki vilji fyrir hendi. Og það er eitt, sem ég held, að þingheimur ætti að átta sig á, að það gilda hér mjög svipuð efnahagslögmál og á Norðurlöndum hjá frændum okkar. Stjórnir þar, bæði vinstri og hægri stjórnir, sem svo eru nefndar, hafa orðið að fara þessu erfiðu leið að draga úr ríkisútgjöldum og það hvort sem um hefur verið að ræða sósialdemókrata, vinstri eða aðra flokka í Danmörku. Þetta er nauðsyn, sem menn hafa orðið að sætta sig við. Hér er þvert á móti haldið áfram á sömu braut og verið hefur. Það er látið reka á reiðanum, og svo til þess að sporna gegn þessum niðþunga tekjuskatti, er enn frekar anað út í fenið, þannig að það er orðið erfitt að sporna gegn verðbólgunni nema með einhverjum óhemjulega hörkulegum ráðstöfunum.

M. ö. o.: Ég legg áherslu á það, að tekjuskattsbreytingin verður ekki slitin úr tengslum við almenna þróun efnahagslífsins í landinu. Þetta eru ekki bara útreikningar. Þetta er hluti af efnahagsþróuninni í landinu, og af því að það liggur ljóst fyrir, að 5 söluskattsstig auka enn verðbólguna, gera vandamálin enn meiri, þá hlýtur þetta að vera röng stefna.

Og svo vil ég koma með smáaths. Ef svo skyldi nú fara, sem ég geri nú ekki ráð fyrir, að 5 söluskattsstigin yrðu samþ. hér á hinu háa Alþ., væri ekki með þeirri samþykkt leystur efnahagsvandi ríkisstj., því að eyðslan er svo mikil, þetta hleður allt ofan á sig. Það þarf líka nýja tekjustofna. Hvað mundi gerast á næsta ári? Þá væri farið að hækka tekjuskattinn að nýju, því að þá væri söluskatturinn orðinn svo hár, og þá væri ekki mikið unnið við þetta.

Ég skal ekki hafa þessi orð fleiri, en ég tel, að till. af þessu tagi þjóni ekki verkafólki og launþegum í landinu, og um leið er þetta uppgjöf í efnahagsmálum.

Björn Pálsson: Herra forseti. Það er sagt í sögu Hrólfs konungs kraka, þegar hann barðist við mág sinn, hann vildi drottna yfir öllu, hann Hrólfur, hann hafði kappa, sem hét Böðvar bjarki, og hann fór ekki í orrustuna, heldur reyndi hann galdur og sat inni, og ég held, að hann hafi heitið Höttur, kjáninn, sem kom og truflaði hann, og þess vegna biðu þeir ósigur. Þeir sáu ein 5 bjarndýr, meðan hann var ekki við, en ekkert bjarndýr, eftir að hann var kominn í bardagann. Ég var suður í Hafnarfirði, var þar á klúbbfundi, og þeir hafa aldrei fengið skemmtilegri mann. Þeir eru víst flestir komnir þarna á pallana, þessir góðu drengir. Þeir gátu látið mig í friði, en þeir gerðu það ekki, og þess vegna verða þeir að taka afleiðingunum af því. Ég sagði held ég fjmrh., hann var að síma í mig og hefur nú litið lagst fyrir kappann að lofa mér ekki að vera í friði, af því að ég hélt það væri öllum fyrir bestu, — ég sagði honum, að ég kæmi ekki nema að halda ræðu. Ég ætla þess vegna að halda ræðu, og þá taka þeir afleiðingunum af því að láta mig ekki vera í friði eins og Böðvar bjarka forðum.

Náttúrlega sjáið þið allir, hv. þm., að þegar þeir koma saman á Hótel Loftleiðum syfjaðir af því að rifast þarna í marga daga, senda okkur svo bara eitt frv., segja okkur að samþykkja það, þetta er fyrir neðan allar hellur fyrir Alþ. Auðvitað metum við, hvað er af viti í þessu, ef við erum menn, og hvað er ekki af viti, og vinsum úr. Ég hafði svolitla von um, að stjórnin gerði það, og hafði ég þó litla von um það satt að segja, því að ég vissi, að þeir mundu vilja samþykkja vitleysuna, en síður það, sem vit væri í, og það rættist.

Út af fyrir sig hef ég ekki nokkurn hlut á móti því að hækka söluskattinn og lækka tekjuskattinn. Ég hef alltaf haldið því fram, að tekjuskatturinn væri of hár. Raunverulega hef ég líka bent á það, að hann mætti vera hærri af hátekjumönnum, en lægri á hinu vinnandi fólki, sem stritar 16 tíma á sólarhring í fiskvinnslunni og þarf að borga 56% af kaupinu sínu í skatta.

Það er of mikið að leggja það á fólkið að vaka á nóttunni og borga 56%, en það er allt í lagi með hann Rolf Johansen, sem græðir 11 millj. á ári, þó að hann borgi meira en 56%. En ég veit, hvað það er að vinna, og það er engin ástæða fyrir fólk að vaka á nóttunni við það að vinna og svo er 56% tekið af því. Þess vegna segi ég: Það er allt í lagi, að þið takið 70% af þessum herrum, sem geta aflað milljóna króna, án þess nokkurn tíma að svitna. En þið skulið athuga, að það má ekki taka svona mikið af fólkinu, sem stritar. Þess vegna get ég gengið að því að hækka söluskattinn dálítið og lækka tekjuskattinn. Sannleikurinn er sá, að það má ekki taka nema 30% af þessu fólki, til þess að það vilji leggja á sig næturvinnuna, og þjóðin þarf næturvinnunnar með. Við búum á landi, sem heitir Ísland, og mismikið fiskmagn berst að landi. Því verður fólkið að leggja þetta á sig, og það gerir þetta ekki af peningagræðgi, það gerir þetta af því að það sér, að það þarf að vinna. Það þýðir ekki að gera verðmætin ónýt. Þess vegna eigum við að lækka tekjuskattinn. Það er allt í lagi að hækka söluskattinn, en hitt fannst mér dálítið kyndugt, þegar á að fara að borga mönnum fyrir það að borga ekki skatt. Það er alveg nýtt kerfi, sem á að setja upp á landi voru, Íslandi, líkt og lífeyrissjóðskerfið, sem við erum algerlega frumstæðir með og finnst ekki hliðstæða einu sinni meðal svertingja. Það er þessi virðulega gr. hér, þessi 4. gr. Það er ósköp einfalt að gera þetta, það þyrfti ekki neina langloku eins og þessa til þess að hækka söluskattinn um 3—5% og lækka tekjuskattinn. Nei, ónei, hér er komið alveg heilt frv., sem þeir eru búnir að semja þarna á Hótel Loftleiðum og láta Jón Sigurðsson hagrannsóknastjóra stílfæra fyrir sig, sem er mætur maður, og auðvitað veit maðurinn, að þetta er tóm vitleysa, þó að hann verði að gera þetta. Þetta er reyndar góður drengur og ekkert nema gott um hann að segja. Auðvitað gæti ég aldrei gert þetta, ég er líka bóndi. En þetta bull, þegar á að fara að borga mönnum fyrir að borga ekki skatt. Þarna myndast heilt kerfi, og ímyndið ykkur þetta kerfi.

Svo kemur Karvel. Jú, það má ekki taka afskriftir til greina, segir Karvel. Auðvitað tóm endileysa, því að afskriftir eru algerlega heilbrigðar. Ef við kaupum vél, þurfum við að borga vélina, og það er eðlilegt að afskrifa hana. Það má deila um, hvort það á að afskrifa hana á mörgum eða fáum árum, en það þarf að afskrifa hana. Þetta er nýtt kerfi. Þetta er alveg eins og hjá Bakkabræðrum, að fara að búa til svona kerfi. En þetta gerðu þeir á Hótel Loftleiðum, og svo ætlar allur þingheimur að leggja sig flatan og samþykkja þessi ósköp.

Svo var ég nú að glugga í till. sjálfstæðismanna — ég met þá alltaf mikils og ætlast til mikils af þeim, — hvort þeir hefðu ekki manndóm til þess að fella þessa vitleysu niður. Nei, ónei, það stóð allt kerfið, bara að lækka söluskattinn ofan í 2%, en kerfið stóð.

Kratarnir? Jú, jú, það stóð bara 3½% og ekkert annað hjá Gylfa, og hefur nú stundum komið meiri vitleysa frá Gylfa satt að segja. Hví í ósköpunum strika menn ekki út vitleysurnar og halda því sem vit er í? En þetta er bara það, sem ég hef oft orðið að horfa upp á hér. Þegar vinnutímastyttingin var á ferðinni, var ég einn á móti þeirri vitleysu. Auðvitað vissu sjálfstæðismenn, að þetta var vitleysa, en þorðu bara ekki að greiða atkv. á móti, héldu, að þeir mundu tapa atkv. Það hefur enginn maður skammað mig fyrir þetta. Og þegar þeir voru með barnaverndina og átti að setja menn í tugthúsið fyrir að láta 17 ára gamla unglinga reka kýrnar eftir kl. 5, þá var tveggja ára tugthús við því. Ég vissi ekki betur en ég stæði þá einn. Ég met sjálfstæðismenn mikils, þeir eru greindir og góðir menn.

En því í ósköpunum eru þeir að samþykkja þessa vitleysu? Því leggja þeir ekki til að strika þessa dellu út. Ef það fer í 6% af skattskyldum tekjum framteljanda samkv. 7. gr.? Hann er eitthvað að laga þetta, hann Vilhjálmur frá Brekku, en það skiptir engu máli. Þvílík vitleysa. Svo er það til greiðslu þinggjalda. Ég ætla að reyna að spara ykkur erfiðið við að hlusta á of mikinn lestur, — til greiðslu þinggjalda, sem á manninn eru lögð á greiðsluárinu. Þetta er það fyrsta. Í öðru lagi til greiðslu útsvars og annarra gjalda til sveitarsjóðs, sem á manninn er lögð á greiðsluárinu, að undanskildum fasteignagjöldum. Í þriðja lagi: Sé framlag ríkissjóðs samkv. 3. mgr. þessa liðar hærra en greiðslur samkv. 1. og 2. lið hér að framan, skal því, sem umfram er, ráðstafað eins og hér segir: Til jöfnunar á námskostnaði, sbr. l. nr. 69 1972, og til Lánasjóðs íslenskra námsmanna eða annarra fjárhagsaðstoðar ríkisins við námsmenn, þegar í hlut eiga menn, sem njóta frádráttar vegna námskostnaðar á skattárinu. Til greiðslu ógoldinna þinggjalda mannsins frá fyrri árum og síðan til greiðslu fasteignagjalda hans og ógoldinna gjalda til sveitarsjóðs frá fyrri árum, þegar í hlut eiga aðrir menn en um gat hér að framan. Í fjórða lagi: Sé fé enn óráðstafað að loknum greiðslum samkv. 1.—3. lið hér að framan, skal það greitt viðkomandi manni.

Það er náttúrlega gott að fá 550 millj. kr. til að verja í þessum tilgangi. Þarna myndast heilt kerfi. Sýslumennirnir eiga að hlaupa um og vita, hvað maðurinn skuldar í gömlum útsvörum, og þeir eiga að borga þetta. Ég hélt, að þeir hefðu nú nóg á sinni könnu.

Svo er nú það síðasta, þegar búið er að hjálpa upp á námskostnaðinn, þá á að greiða hinum ýmsu aðilum, þeim sem ekki hafa neinar tekjur, afganginn. Vitanlega getum við fengið einhvern fjmrh., sem getur komið þessu öllu í lóg, og ég efast ekkert um, að okkar fjmrh. núna, af því að hann er stórtækur maður og rausnarbóndi, hann mundi koma þessu öllu í lóg. En auðvitað sér hver einasti þm., sem hefur einhverja vitglóru, að þetta er tóm endileysa, að fara að borga manni fyrir að borga ekki skatt. Þetta er alveg frumstætt. Hv. 5. þm. Reykv., Gunnar Thoroddsen, mjög gáfaður maður, sagði, að það hefði eitthvað verið minnst á þetta í Bretlandi, en ekki framkvæmt. Ég veit ekki, hvort þetta er satt eða ekki, og býst ég þó við, að maðurinn sé sannorður. En við erum víst frumkvöðlar í þessu eins og með tryggingakerfið okkar. Svona vitleysu er mér alveg ómögulegt að samþykkja, ég segi það

eins og er. En nú eruð þið allir búnir að fallast á þetta: sjálfstæðismenn, kratar, framsóknarmenn, liberalir, og ég veit ekki hvað og hvað. Ég hef alltaf vitað til þess, að við værum krafðir um þinggjöld, en ekki að okkur væru borguð þinggjöld, borgað fyrir að gera ekki neitt. Og karlarnir hérna, sem drekka, eru náttúrlega ekki með nokkrar tekjur, en þeir eiga að fá mest. Svo gæti ég trúað, að stöku bóndi skytist í það eftir afskriftirnar, því vitanlega þarf að afskrifa vélar, og það verður Karvel að skilja. Ef við kaupum vél, verðum við að afskrifa vél. Sumir bændur hafa engar tekjur. Og aðstaða manna er ósköp misjöfn að gera skattskýrslur. Þeir, sem eiga marga drengi, eins og ég, ég get verið skattlaus bara ef mér sýnist, þegar ég er laus við þetta þingkaup mitt. Ég ræð því alveg sjálfur. Þetta er eins og hver önnur vitleysa. Hvernig í ósköpunum stendur á, að maður eins og Gunnar Thoroddsen getur verið þekktur fyrir að leggja ekki til, að þetta sé fellt niður, svona della?

Svo er launaskatturinn, það á að hækka launaskatt. Nú eru sjómenn og bændur undanþegnir þessum launaskatti, og þá kemur þetta mest á viðskipti og iðnaðinn. Ég held, að hann hafi fengið 20—30% hækkun á kaupið. Iðnaðurinn stóð verst að vígi áður. Ætli það verði ekki heldur lítið úr útflutningsiðnaðinum okkar á eftir, eða þá að ríkið verður að borga með honum. En hvort sem er, held ég best að sleppa iðnaðinum við þennan launaskatt.

Ég hef alltaf verið á móti launaskatti. Þetta er eins og hver annar fáránlegur hlutur að vera að tala um, að kaupið sé of hátt, leggja svo á launaskatt og ætla að láta atvinnuvegina borga þetta í uppbót á kaupið. Þetta er eins og hver annar fáránlegur hlutur.

Fyrrv. stjórn, sem var náttúrlega góð á sinn hátt, eins og allar stjórnir eru reyndar, og allir þm. eru góðir menn og greindir menn og prýðismenn, og ég hef ekkert nema gott um þá að segja, þótt þeir séu misjafnlega miklir fjármálamenn, en fjármálamenn eru ekkert betri en aðrir menn, — fyrrv. stjórn bætti við ótal aukasköttum, og ég er búinn að reikna þetta út með iðnaðarmönnum og útgerðarmönnum, það eru 25—30 aukaskattar á þessum atvinnuvegum. Þetta gildir, að ef 100 kr. eru borgaðar í kaup, — þá fer ég eftir þeim reikningum, sem ég athugaði í fyrra og hittiðfyrra, — 42 kr. í ýmis aukagjöld. Nú gefur það auga leið, að ef þessi aukagjöld væru ekki, væri hægt að borga hærra kaup. Sannleikurinn er sá, að við borgum fólkinu ekkert of hátt kaup, höfum ekki gert það. En það eru alls konar aukagjöld, m. a. lífeyrissjóðsgjöld, útflutningsgjöld og launaskattur og allt mögulegt, sem étur utan af þessu. Svo þurfa þessir vesalings menn að halda 1—2 menn hvert fyrirtæki til þess að reikna út alla þessa skatta og skila öllu þessu af sér. Þetta er furðulegt. Svo á að bæta 1½% við þessa vitleysu. En annars vil ég nú unna þessari stjórn sannmælis eins og öllum öðrum, að hún hefur ekki bætt við þessa aukaskatta, en ég átti von á, að hún fækkaði þeim. Hún var búin að lofa því og lofaði náttúrlega ýmsu, sem hún hefur ekki getað efnt eða ekki viljað efna. En hún hefur ekki gert það. Og nú á að bæta við launaskattinn, mér er ómögulegt að vera með. Ég verð að segja það eins og er, ég get ekki verið með. Það verður að fara einhverjar aðrar leiðir.

Þá eru hérna þrjár eða fjórar greinar með ægilegum hótunum yfir því, ef ekki er skilað söluskatti á réttum degi. Nú er það þannig með þessi kaupfélög okkar, að það er búið að stytta vinnutímann, sællar minningar. Menn eru þar stundum í annríki og fleiri menn í annríki, kaupmenn jafnvel líka og atvinnurekendur. Og það er ekki alveg víst, að þeir geti verið búnir með söluskattsskýrsluna á réttum degi, haft hana hárrétta. En þá á að bæta 2% við á hverjum degi, sem það dregst, þannig að eftir 5 daga séu það 10%, þá fellur gjaldið niður. Það er bara 10%, og svo er 1.5% á mánuði eftir það. Ég held að það séu óþarflega mikil viðurlög. Svo er þetta endurtekið í þremur greinum í þessu blessuðu frv., sem þeir lögðu drögin að á Hótel Loftleiðum, og alltaf heitingar og síðast kemst það upp í 10 millj. eða allt að 6 ára tugthúsi. Ég held, að það væri hægt að hafa þetta í einni grein og hafa þarna skynsamleg ákvæði, þannig að það séu ekki lögð ógurleg viðurlög, þó að það dragist í einn dag að afhenda skýrslurnar. Aðalatriðið er, að skýrslan sé rétt, þegar hún kemur. Svo er ágætt, að eftirlitið væri öllu betra en það hefur verið. Það er betra að hafa eftirlitið betra, en heitingarnar minni, og þetta kæmist fyrir í einni gr., sem hér er í þremur gr.

Auk þess á að borga mönnum 18 500 fyrir það, held ég, hjónum, ef þau eru í nógu lágum tekjuskatti, en aftur einhleypingum 11 þús. Nú skil ég ekki, hvernig stendur á, að það á að fara að refsa fólki fyrir að vera gift. Það hættir allt fólk að gifta sig, ef það fær betri kjör hinsegin, og mér er sagt, að það séu margir hér í bænum, sem séu hættir við að gifta sig, því að þeir græða á því að vera ógiftir. Ég álít, að aumingja hjónin eigi bara að sitja við sama borð og þeir ógiftu, fá sama frádrag. Það eru þessi atriði sérstaklega, sem ég hef við að athuga.

Ég hef ekkert á móti því, eins og ég sagði áður, að hækka söluskattinn en lækka tekjuskattinn, — ekkert á móti því. En það er miklu viðkunnanlegra að láta gilda heilt ár, en ekki brot úr ári, þannig að ég held, að eftir öllum atvikum væri viturlegast, og ég sannast að segja treysti nú sjálfstæðismönnum og krötum til þess að kála þessari vitleysu og svo verði þetta athugað á þinginu seinni partinn nú í ár, þá verði þetta athugað og heiðarlega unnið að því. Við værum allir jafndauðir, þótt við borguðum sama tekjuskatt í ár og losnuðum við þennan vitlausa söluskatt, sem ekki er búinn að koma nema illu til leiðar. Það er bókstaflega kaupæði í landinu og búið að rífa peninga út úr bönkunum.

En nú vildi ég fara allt aðra leið. Ég vildi ekki hækka söluskattinn. Ég vildi lækka útgjöldin. Úr því að ég var píndur til að koma í þennan stað, datt mér í hug að benda ykkur á vissa hluti viðvíkjandi því. Ég ætlaði nú satt að segja að sleppa því að halda ræðu um það. Ég skrifaði ríkisstj. í fyrra bréf um það, að hún ætti að lækka ríkisútgjöldin um 5 milljarða, helming af því ætti hún að nota til að lækka tekjuskattinn og helming af því ætti hún að nota til að fjármagna fjárfestingarsjóðina. Ég gerði þetta í góðri meiningu, af því að maður á óþægilegt með að

vera að „kritisera“ sína eigin ríkisstj. Ég var eins og góður drengur, sem benti pabba sínum á það, hvernig hann ætti að fara að því að framkvæma hlutina. Ég fór fyrst til Magnúsar Kjartanssonar, af því að það er góður haus á karli, og hann er líka trmrh. Næst fór ég til Ólafs Jóhannessonar, af því að ég veit, að hann er vitur. Svo fór ég til Lúðvíks. Og ég held, að ég hafi látið alla ráðh. hafa bréfið. En svo lét ég eitthvað 2—3 fjvn.-menn hafa það. Þetta er afar hógvært af stað farið. En aðalatriðið var þetta, það var tóm endileysa að taka allan lögreglukostnaðinn og láta ríkið taka hann að sér.

Fjmrh. okkar núverandi var bæjarstjóri áður. Það er oft svo með bændur, að þeir sjá aðeins landbúnað, og fiskimennirnir hjá bara fiskinn, þorskinn, og bæjarstjórinn sér bara bæjarútgjöldin, og bæjarfélögin voru svo lánsöm, að fjmrh. var bæjarstjóri eða ráðsmaður þarna í Borgarnesinu, og þá vissi hann um ýmis bæjarútgjöld, sem hann hafði orðið að borga. Þá var fyrsta verkið að losa bæjarfélögin við lögreglukostnað, losa þau við sjúkrakostnað, losa þau við almannatryggingar. Þetta var afar myndarlega gert, en eins og þið vitið er ekki hægt að losa einn við útgjöld, án þess að annar borgi, það skapast bara ný útgjöld. Nú hef ég ekkert við það að athuga, að almannatryggingarnar verði teknar, en sjúkrasamlögin urðu miklu dýrari, þegar ríkið tók við þeim, því að þá reyndu allir að snuða ríkið eins og þeir höfðu vit á. Nú var það þannig, að það var þrefalt lægri hjá okkur sjúkrakostnaður á Blönduósi heldur en hér í Reykjavík á Landsspítalanum, kostaði 1300 kr. hjá okkur 1970 eða 1971, síðast þegar ég athugaði það, en 4 þús. hérna, á dag. Og þegar ríkið var búið að taka allt saman, þá reyndu allir að græða sem mest, læknarnir ekkert betri en aðrir menn og seldu pillur, þó að sjúklingarnir hefðu ekkert að gera með pillur. Þetta gekk nú svona. Ég hef athugað, hvað þetta hefur hækkað.

Sannleikurinn er sá, að þegar þessi ágæta ríkisstj. okkar, sem margt hefur vel gert, tók við, þá þurfti ríkið að borga 1068 millj. til sjúkratrygginga, og það var ekki nema helmingurinn, helminginn greiddu heimabyggðirnar. En nú er þetta á fjárhagsáætluninni 4 387 millj. Þá er þetta orðið tvöfalt á tveimur árum. Þið getið reitt ykkur á, að þetta verður hærra, þegar reikningurinn kemur, heldur en áætlunin er, þannig að þarna er vitleysa á ferðinni. Og með lögreglukostnaðinn, þá þurftu allir að fá lögreglu, þegar ríkið borgaði allan kostnaðinn. Það eru ekkert nema kröfurnar. Þeir fá útsvar af lögregluþjónum og ánægju af því að hafa þá. Annars eru þeir hálfgerð plága úti á landsbyggðinni. Maður má ekki senda dreng í kaupstaðinn með traktor, án þess að þeir fari að elta hann. — Jæja, hvað sem því líður, þá er hann búinn að tvöfaldast á tveimur árum, sjúkrakostnaðurinn, og á eftir að hækka mikið og verður alveg furðulega hár að lokum. Þarna er um hreina vitleysu að ræða með bæði þessi atriði. Aftur með almannatryggingarnar er þetta allt í lagi.

Ég ráðlagði minni ágætu ríkisstj., sem ég hef stutt af trú og dyggð, að fella þetta niður og láta heimabyggðirnar sjá um þetta að hálfu. Það þarf bara að gæta þess að hafa hvorki læknirinn né sýslumanninn í þessum sjúkrasamlagsstjórnum, þá er þeim vel stjórnað. Þá er þetta miklu ódýrara. Svo geta menn hjálpað fátæklingunum með því að láta bæjarfélögin borga hlutfallslega meira. Þau borguðu fyrst helming, — það var í samræmi við dönsku tryggingarnar, — og einstaklingarnir helming, og ef bæjarfélögin tækju að sér meira, þá er hægt að leggja á þá ríku. Svo gætu menn hætt að leggja útsvör á lægstu brúttótekjur og hjálpað þannig þeim fátæku. Við þyrftum ekki að hjálpa þeim á þann hátt, sem gert er ráð fyrir hér, að verðlauna þá fyrir að borga engan tekjuskatt, sem sagt verðlauna þá fyrir að gera ekki neitt. Á þennan hátt gætu menn lækkað ríkisútgjöldin um hálfan þriðja milljarð, og þá þyrftum við ekkera að rífast um 3—5% söluskatt, heldur gætum við bara lækkað þetta.

Nú vitum við, að ríkisstj. er ekki í hreinum meiri hl. hér í þessari hv. d. Þá þarf hún að fá einhverja ágæta menn til að vinna með sér. Þess vegna þarf hæstv. forsrh. að kippa annaðhvort krötum eða sjálfstæðismönnum upp í bátinn hjá sér og sigla svo áfram fyrir fullum seglum. En þannig væri hægt að leysa þetta mál á all hagkvæman hátt, hækka ekkert söluskattinn, en lækka bara útgjöldin.

Nú er búið að stofna lífeyrissjóði, og eru tekin með lögum 10% af kaupi allra landsmanna eða hér um bil allra landsmanna. Og þetta segja Jóhannes Nordal og Jón Sigurðsson hagrannsóknastjóri, að muni gefa 4 milljarða í ár. Þetta eru alveg furðulegar upphæðir, og þetta ruglar allt fjármálakerfið. Þetta sá ég vitanlega undir eins og er búinn að margtönnlast á þessu, en þið hafið bara ekki reynt að skilja þetta. Allt sparifé Landsbankans og Útvegsbankans er 10 milljarðar. Á þremur árum mundi þetta fé, sem er tekið af fólki, verða hærra en sameiginlegt sparifé beggja þessara banka. Í fyrra lagði ég til, að þetta fé yrði tekið inn í kerfið, eins og Norðmenn og Svíar gera, og þá getum við sparað á því samkv. verðlagi í fyrra 3 milljarða, en samkv. verðlagi núna 4 milljarða, þannig að ef við tækjum þetta allt saman inn í tryggingakerfið, hefðum tryggingakerfið svipað og Norðmenn og Svíar hafa og settum helming af sjúkrasamlagsgjöldunum heim og lögreglukostnaðinn að hálfu, þá gætum við sparað 7 milljarða, bara á fjárl., sem nú eru, fyrir utan alls konar aukapósta, sem má spara.

En nú er ég búinn að sjá það, að þetta er ekki hægt. Það eina, sem getur bjargað okkar fjármálakerfi, er skyldusparnaður og að tryggja þennan skyldusparnað, þannig að féð verði eigi verðlaust, því að það er æðisgengin eyðsla, af því að fólkið veit, að ef það á peningana, eru þeir verðfelldir. Við eigum að breyta lífeyriskerfinu öllu saman þannig, að við eigum að taka þetta allt í skyldusparnað. Og við eigum að mynda sérstakan tryggingabanka. Þar á hver maður að eiga sína bankabók, leggja 10% af kaupinu sínu þar, og það á að vera verðtryggt, þá verða allir ánægðir nema bara þessir fáu menn, sem stjórna þessum lífeyrissjóðum í dag og hafa kaup fyrir það. Það er ekkert eftirlit með, hvernig þessu fé er varið. Nú líða öll fyrirtæki í landinu fyrir rekstrarfjárskort, og við getum ekki bjargað

þeim með öðrum hætti en þessum. Menn rífa sparipeningana sína út, og það þarf 20—30% meira fjármagn í ár en í fyrra til að geta rekið fyrirtækin, og þau riða, fyrirtækin, ef þessu heldur áfram.

Breyta þarf lífeyrissjóðskerfinu í skyldusparnað og verðtryggja þennan skyldusparnað, og með því getum við bjargað þessu. Á tveimur til þremur áratugum eru allir einstaklingar í þjóðfélaginu orðnir vel stæðir og þurfa ekkert að kvíða ellinni. Við getum sameinað Útvegsbankann og Landsbankann, því að þeir eiga að fást við útveginn, og látið Búnaðarbankann í friði, myndað svo í Útvegsbankahúsinu eins konar tryggingabanka, sem verður stærsti banki á Íslandi innan þriggja ára. Ég ætla að koma með þáltill. út af þessu bráðum. Ég er búinn að semja hana, en á eftir að ganga frá ýmsu viðvíkjandi henni.

Ég er nú gamall maður og gráhærður og þarf ekkert að smala atkv., og þess vegna segi ég ykkur alveg eins og ég meina. Og þetta er allt satt, sem ég hef sagt ykkur. Ríkisstj. hefur margt vel gert, og m. a. álít ég, að hafi verið haldið vel á landhelgismálinu, og hæstv. forsrh. á þakkir skilið fyrir það mál. (**Gripið fram í:** Hvað um Akranesferjuna?) Hann gerði það ekki. Það hefur verið hjálpað byggðunum úti á landi, og það er orðinn allt annar andi þar. Fólkið er bjartsýnt og vongott, fólkinu hefur fjölgað þar. Við skulum ekki gera lítið úr þessum verkum. Þetta er allt saman gott. En það er nú eins og ungum mönnum hætti til að fara dálítið geyst úr hlaði. Ég varaði þá við því. Ég held, að ég geti fullyrt það, að ég sagði hæstv. forsrh., að þeir skyldu lofa sem minnstu, þegar þeir byrjuðu að stjórna, og efna það því betur. Það var nefnilega dálítið klókt hjá krötum og sjálfstæðismönnum, þeir lofuðu bókstaflega engu öðru en því, að sjálfstæðismenn lofuðu að setja ekkert mál í gegn í þinginu, án þess að kratar samþykktu það, og kratar lofuðu því sama, að knýja ekkert mál fram, nema með samþykki „Sjálfstæðisins." Þetta var klókt, þá höfðu þeir ekkert að svíkja, þeir höfðu engu lofað. En ríkisstj. núv. gerði merkilegan sáttmála, ekki ólíkan Gamla sáttmála, sem var alveg ómögulegt að efna. Það er ómögulegt að gera allt fyrir alla, það er ekki hægt, þannig að það hefði verið betra að lofa minnu og efna meira.

Ég er búinn að minnast á lögreglukostnaðinn, ég er búinn að minnast á sjúkratryggingarnar, og ég er búinn að minnast á breytingar á tryggingakerfinu og þarf ekki að endurtaka það. (Gripið fram í.) Nei, ég er búinn að tala um hana. Þú þarft nú ekki að halda það, að ég láti þig gabba mig neitt. Það eru atvinnuleysistryggingar, það fara um 400 millj. kr. á ári þangað, helmingur frá ríkinu, fjórði partur er píndur út úr atvinnurekendum og hitt úr bæjarfélögum. Þetta eru 400 millj. á ári. Ef allt fjármálakerfið væri í lagi, væri hægt að spara þarna 196 millj. af ríkisfé. Þá er fasteignamatið, það er sístarfandi stofnun, og ég veit nú ekki, hvað þeir eru að dunda þarna. Það eru milli 10 og 20 millj., sem fara þangað. Það væri rétt að segja þeim að klára þetta, þá væri hægt að spara 10 millj.

Verðbót á línufiski er 20 millj. Ég held, að það dragi ekki sjávarútveginn langt og væri jafnvel hægt að spara þar. Svo eru ýmsir skólar á landinu, sem eru ekki nema hálffullir, m. a. garðyrkjuskóli og sumir kvennaskólarnir. Það væri hægt að sameina þetta meira. Svo kemur Háskólinn, sem hv. 7. þm. Reykv., Gylfi Þ. Gíslason, sem menntmrh. réð miklu um í mörg ár, lektorarnir og prófessorarnir eru nú orðnir um 250 og stúdentar á 3. þús. Það er búið að mynda sérstaka deild, sem á að kenna stjórnmál, og kostnaðurinn við hann er kominn hátt í 400 millj. Satt að segja held ég, að það væri hægt að leggja sumar af þessum deildum niður, svo væri hægt að takmarka þetta eitthvað. Það þyrfti að endurskoða alla þá löggjöf, og það væri hægt að spara sennilega svona 100 millj. þar þjóðfélaginu til bóta.

Grænfóðurverksmiðjur er lagt til, að fái 20 millj. Satt að segja, ef grænfóðurverksmiðjur bera sig, eiga þær rétt á sér, en ef á að gefa með þeim, þá er ekki sérstök ástæða til þess. Skógrækt ríkisins eru ætlaðar 44 millj. Það eigum við að láta fara heim í byggðirnar og láta ungmennafélögin og sýslufélögin fást við þetta. Þetta er dund til gamans, sem þeir geta gert, en þetta verður aldrei neitt hagnýtt, því Ísland er eitt lélegasa skógræktarland í veröldinni. Þjóðleikhúsið tekur 103 millj., sinfóníuhljómsveitin o. fl. Ég held, að það væri best að leigja Reykjavíkurbæ eða Leikfélaginu Þjóðleikhúsið fyrir ekki neitt og losna við þessar 100 millj. Menn hafa ýmislegt í sjónvarpinu og þurfa ekki að fara í þetta Þjóðleikhús. Þetta eru 103 millj. Náttúruverndarráð með Eystein Jónsson sem formann, þennan ágæta dugnaðarmann, 26 millj., en það er nú komin till. um að hafa það 1000 millj. og ausa áburði, sem kallað er, og fræi upp um öræfi, þar sem ekki þrífast erlend grös. Áburður ofan í tjarnir og mela eða réttara sagt klappir hefur ekkert að þýða, þannig að það væri hægt að spara þar 20 millj.

Lánasjóður námsmanna fær 486 millj., og þar að auki eru 100 millj. teknar að láni handa þeim. Eftir því sem þeir fá meiri peninga, eftir því verða þeir latari og læra minna, og svo eru þessir drengir orðnir allt of margir, þannig að það á að skipuleggja þetta, eins og Magnús Jónsson, sem því miður er ekki hér í okkar hópi núna, stakk einu sinni upp á. Við eigum að gera áætlun: Hvað þurfum við marga lögfræðinga, hvað marga lækna, hvað marga presta o. s. frv.? Þessa menn eigum við að styrkja. Vitanlega er vandi að velja úr. Svo mega hinir læra, ef þeir vilja, en ríkið á ekkert að vera að borga með þeim. Þessir drengir, sem urðu að hálfsvelta sig rétt eftir aldamótin, urðu dugandi menn, og þeir hlupu ekki til útlanda. En þegar farið er að borga fullt kaup þessum drengjum, hvort sem þeir læra eða læra ekki, þá gerum við þá bara að slæpingjum, og þetta á að skipuleggja. Ég vil ekki láta námsmenn svelta, en þá verða þeir bara að vinna. Og svo þýðir ekkert að láta fleiri læra hverja grein heldur en þjóðfélagið hefur þörf fyrir að nota. Það á að skipuleggja þetta allt saman, og þar mætti spara sennilega 200 millj.

Dagvistunarheimili 85 millj., rausnin er nefnilega svo mikil hjá ríkisstj., að hún vildi borga helst allt fyrir alla. Dagvistunarheimili eru

bæjarmál, sem bara viss bæjarfélög á landinu nota, og auðvitað eiga bæjarfélögin að sjá um þetta. Þar mætti spara 85 millj. Það er varið mörg hundruð millj. til að byggja skóla. Náttúrlega lifðum við, þó að við hægðum eitthvað svolitið á ferðinni. Annars eru skólar góðir. Hitt hygg ég, t. d. með Menntaskólann á Ísafirði, að það væri þakkarvert fyrir Vestfirðinga, ef þeir hefðu ekki fengið hann, því að þetta tekur bestu strákana frá þeim, þeir fara hér suður, verða stúdentar, dunda hér í Háskólanum eitthvað og verða aldrei að mönnum í staðinn fyrir að verða myndarskipstjórar og afreksmenn vestur á Ísafirði. Svo er mér sagt, að þeir hlaupi suður, þegar þeir séu komnir í 5. bekk, af því að það sé ekki nógu skemmtilegt á Ísafirði. Þessum byggðum er enginn greiði gerður með því að taka úrvalslið úr unga fólkinu og gera það að slæpingjum hér suður í Reykjavík.

Hjá húsameistara eru 15.2 millj., þegar búið er að draga frá vinnutekjur. Ég held, að það væri alveg eins gott að semja við einhverja arkitekta eða húsameistara að teikna það, sem ríkið þarf, og borga þeim fyrir það venjulegan taxta, og væri jafnvel hægt að fá afslátt á því og sleppa þessum 15 millj. Ég verð nú að segja það. Ég hef aldrei haft efni á svona löguðum kúnstum í mínum búskap, að borga mönnum fyrir að gera ekki neitt.

Til sérfræðilegrar aðstoðar við þingflokka, — við höfum nú hérna mann í hverjum flokki, sem á að aðstoða okkur. Ég hef aldrei þurft á þessari aðstoð að halda, og þm., sem geta ekki komist af án þess að hafa aðstoðarmann, ég held, að það sé best fyrir þá að vera ekki þm., 6 millj. í þá — og svo til blaða og flokka 32 millj. eða eitthvað svoleiðis, þannig að þetta verða um 40 millj. Það væri best að strika þetta út, því að þá færu blöðin kannske að minnka, draga úr vitleysunni. (**Gripið fram í:** Þinni vitleysu.) Minni vitleysu, já, því að það er ekkert mannbætandi að lesa þessa leiðara þeirra.

Laxeldisstöðin í Kollafirði fær 4.2 millj. Það er komið á annað hundrað millj., sem er búið að leggja í hana. Skúli Pálsson selur ódýrari laxaseiði og borgar skatt. Ég held, að það væri best að leigja þá stöð eins og húsameistarastöðina og láta hana bera sig.

Lífeyrissjóð bænda, sællar minningar, sem Þórarinn Þórarinsson og Sigurvin, vinur minn, Einarsson, sögðu, að væri allt í lagi með og ætti að endurskoða eftir 2 ár. Sú endurskoðun er ekki komin enn. Þeir sögðu, að ég væri kjáni að vilja ekki vera með í þessu. Ég var einn á móti þeirri vitleysu. Þeir eru ekki farnir að endurskoða enn og endurskoða aldrei. Vitleysan er svo mikil, að þeir gátu ekki endurskoðað hana. Og til verkalýðsfélaga fara 29 millj. Ef þessi kerfi væru komin í heilbrigt horf, þá væri það 65 millj. kr. sparnaður.

Svo eru það alþjóðastofnanirnar og ýmsir aukastyrkir, — það er ekki til sú alþjóðastofnun, þar sem Íslendingar dingla ekki með í, og þegar þeir fóru á Norðurlandaráðsþing, þá voru þeir 20. Það hefði verið hægt að komast af með færri, bara hafa þá góða menn. Það er ágætt að vera með slíkt, en við þurfum ekki að fara með heilar hersveitir, 200 þús. manna þjóð. Svo hefur nú stjórnarráðið fjölgað um 42 starfsmenn. Þeir vinna mikið þarna í stjórnarráðinu, a. m. k. af vitleysum, þannig að ég veit ekki, hvort stjórnarráðið væri neitt verr sett, þótt þeir hefðu ekki fjölgað nokkurn skapaðan hlut.

En svona er það á öllum sviðum. Það er bara eytt og eytt, og ef einhver minnist á að spara, þá verða allir vondir, kalla hann íhaldsmann og afturhaldssegg. Ég held, að við ættum að fara að athuga hlutina, stilla eyðslunni í hóf og fara að haga okkur eins og viti bornir menn. Ísland er nefnilega gott land. Við eigum einhver auðugustu fiskimið í heimi, við eigum heitt vatn, sem er okkur geysimikils virði, við eigum fossa, og þó að Ísland sé kalt, þá er jörðin frjó, og hér getur öllum liðið vel. En við megum bara ekki haga okkur eins og flón. Það er búið að hækka kaupið og allt, og menn rífa peningana út úr bönkunum og eyða og eyða alveg eins og þeir hafa vit á. Mér er sagt, að þeir kaupi bíla núna alveg villt, þannig að ríkissjóður ætti að fá nógar tekjur, hvort sem þessi söluskattshækkun er 3 eða 5%, það er algert aukaatriði. (**Gripið fram í:** Er þá landinu stjórnað heimskulega?) Þið gerið nú ekkert til að gera það viturlegra. Annars hafðir þú ekki manndóm til þess að vera á móti ferjunni. Ferjan er ekki stórt mál, en þetta er átakanleg heimska. Það er tekið eftir þessu út um allt land, því að þeir lásu núna suður í Hafnarfirði ræðuna mína, þegar ég var að tala við Jón Árnason, og þeir lesa þetta eins og faðirvorið. Ef við bara högum okkur eins og menn með viti, þá getum við lifað hér góðu lífi. En við megum ekki láta eins og kjánar.

Annars verð ég að segja það við stjórnarandstöðuna, að mér finnst þið vera alveg einstakir meinleysismenn, og satt að segja hefði verið hægt að sauma miklu betur að ríkisstj. heldur en þið hafið gert. En þið hafið ákaflega takmarkaðan húmor. Ég hefði verið búinn að skjóta betur á hana í ykkar sporum. En þið eruð drengir góðir. Þið erum að svona naggi eins og út af blessuðum söluskattinum, sem skiptir engu máli. Svo kemur Karvel, og það má ekki láta menn hafa þessar endurgreiðslur, réttara sagt að láta ríkið borga skattinn, ef það er fyrir afskriftir. Þetta er ekkert nema barnaskapur, málið er tóm endileysa. Það er tóm endileysa, að ríkið borgi mönnum peninga fyrir að borga ekki neinn skatt, það er tóm vitleysa. Það var þess vegna, sem ég vildi ekki koma hér í kvöld. Mér er óskaplega nauðugt að vera með vitleysu, ég verð að játa það. Þetta er allt satt, sem ég hef sagt, og þið hafið þetta fyrir að láta mig ekki í friði.

ATKVGR.

Brtt. 486,1 felld með 20:20 atkv.
— 486,2 felld með 20:20 atkv.
1. gr. samþ. með 26 shlj. atkv.
Brtt. 486,3 felld með 20:20 atkv.
— 495 samþ. með 31 shlj. atkv.
2. gr., svo breytt, samþ. með 30 shlj. atkv.
Brtt. 486,4 felld með 20:20 atkv.
3. gr. samþ. með 30 shlj. atkv.
Brtt. 486,5 felld með 20:20 atkv.
— 481,1 samþ. með 24 shlj. atkv.

Brtt. 484 samþ. með 21:5 atkv.
4. gr., svo breytt, samþ. með 24:2 atkv.
Brtt. 486,6 felld með 20:20 atkv.
5. gr. samþ. með 24 shlj. atkv.
Brtt. 481,2 (ný gr., verður 6. gr) samþ. með 27 shlj. atkv.
6 gr. (verður 7. gr.) samþ. með 21 shlj. atkv.
Brtt. 486,7 felld með 20:20 atkv.
— 479 felld með 20:20 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: SvH, BGr, BGuðn, EBS, FÞ, GuðlG, GunnG, GTh, GÞG, IngJ, BK, LárJ, ÁS, MÁM, ÓE, PJ, PP, PS, RH, BrS.

nei: SV, SvJ, VH, ÞÞ, ÁÞ, BP, JSÞ,, EystJ, GS, HES, HV, IG, JSk, JónasÁ, JJ, KP, LJós, MK, ÓlJ, GilsG.

Einn þm. gerði svofellda grein fyrir atkv. sínu:

Bjarni Guðnason: Herra forseti. Ég vil leyfa mér, herra forseti, að gera grein fyrir atkv. mínu á eftirfarandi hátt: Ég hefði kosið, að móti tekjuskattslækkun hefði komið eingöngu niðurskurður á fjárl., t. d. 5%, sem er 1500 millj. kr. Áunnist hefði tvennt, dregið úr skattpíningunni og um leið verið nokkur hemill gegn óðaverðbólgunni. Ég lít svo á, að hækkun söluskatts um 5 stig, eins og gert er ráð fyrir í frv., tákni í raun uppgjöf ríkisstj. gegn verðbólgunni, og var síst á bætandi, enda verður ekki annað séð en að slík hækkun stuðli að því að kippa stoðum undan atvinnurekstrinum og skerða kjör launþega. Brtt. Alþfl. um 3.5 stiga hækkun söluskatts samsvarar tekjuskattslækkun þeirri, sem boðuð er í frv., og þótt ég sé andvígur hækkun söluskatts við núverandi aðstæður í efnahagslífinu, tel ég rétt, þar sem verkalýðshreyfingin hefur við gerð kjarasamninga sinna óskað eftir þessari skattkerfisbreytingu og ekki síst þar sem mér er ljós hin knýjandi þörf að létta á drápsklyfjum tekjuskattsins, að segja já.

7. gr. felld með 20:20 atkv., að viðhöfðu nafnakalli og sögðu

já: BP, JSÞ, EystJ, GS, HES, HV, IG, JSK, JónasÁ, JJ, KP, LJós, MK, ÓlJ, SV, SvJ, VH, ÞÞ, ÁÞ, GilsG.

nei: BGr, BGuðn, EBS, FÞ, GuðlG, GunnG, GTh, GÞG, IngJ, BK, LárJ, ÁS, MÁM, ÓE, PJ, PP, PS, RH, BrS, SvH.

8. gr. samþ. með 22 shlj. atkv.
9. gr. samþ. með 23 shlj. atkv.
10. gr. samþ. með23 shlj. atkv.
11.—12. gr. samþ. með 22 shlj. atkv.
Brtt. 481,3 samþ. með 24 shlj. atkv.
13. gr. svo breytt, samþ. með 21 shlj. atkv.
14.—15. gr. samþ. með 21 shlj. atkv.
16. gr. samþ. með 21:4 atkv.
Brtt. 486,8 (ný 17. gr.) samþ. með 21:19 atkv., að viðhöfðu nafnakalli og sögðu

já: BK, LárJ, ÁS, MÁM, ÓE, PJ, PP, PS, RH, BrS, SvH, BGr, BGuðn, BP, EBS, FÞ, GuðlG, GunnG, GTh, GÞG, IngJ.

nei: IG, JSk, JónasÁ, JJ, KP, LJós, MK, ÓlJ, SV, SvJ, VH, ÞÞ, ÁÞ, JSÞ, EystJ, GS, HES, HV, GilsG.

18. gr. fellur án atkvgr.
Brtt. 486,9 tekin aftur.
19. gr. (verður 18. gr.) samþ. með 22 shlj. atkv.
Ákvæði til bráðabirgða samþ. með 21 shlj. atkv.

Frsm. 1. minni hl. (Matthías Á. Mathiesen): Herra forseti. Það kom fram aths. hér áðan, þegar ákvæði til bráðabirgða var borið upp, hvort þeir stafliðir, sem þar eru, I, II og III, væru ekki sjálffallnir, vegna þess að þeir grundvallast á því, að 7. gr. frv. hafi verið samþ. Ég get mjög vel skilið, þegar slík afgreiðsla fer fram eins og hér hefur átt sér stað, að forseti á augnabliki átti sig ekki á slíku, og vil þess vegna beina þeirri fsp. til forseta, hvort það er ekki rétt skilið, að ákvæði til bráðabirgða, I, II og III, séu sjálffallin, vegna þess að 7. gr. frv. var þegar fallin.

Forsrh. (Ólafur Jóhannesson): Herra forseti. Hvað sem þessu líður, tel ég sjálfsagt að bera upp brtt. við bráðabirgðaákvæðið, sem fyrir liggur. Hún er um sjálfstætt efni.

Frsm. 1. minni hl. (Matthías Á. Mathiesen): Herra forseti. Ég vona, að forsrh. hafi ekki misskilið mig. Ég var ekki að hafa neinar aths. uppi við það, að sú brtt., sem ég hef flutt, væri borin upp, heldur að I., II. og III. liður í ákvæði til bráðabirgða væru sjálffallnir, vegna þess að 7. gr. frv., sem þeir grundvallast á, er þegar fallin fyrr í atkvgr. Þess vegna hefði ég talið eðlilegt, að forseti hefði úrskurðað þessa þrjá rómversku liði, I., II og III, fallna og borið upp brtt. mína við bráðabirgðaákvæðið, sem yrði þá eina bráðabirgðaákvæði frv.

Forseti (Gils Guðmundsson): Ég verð að líta þannig á, að þær aths., sem hér hafa komið fram í sambandi við ákvæði til bráðabirgða, hefðu átt að koma fram áður en lýst var atkvgr. og áður en tekið var til að greiða atkv., þannig að ég verð að líta þannig á, að eðlilegt sé að halda áfram atkvgr. og láta fara fram það nafnakall um viðbót við þau ákvæði til bráðabirgða, sem þegar hafa verið samþykkt og lýst, hvernig atkv. hafa fallið um. (Gripið fram í.) Það er fleira, að því er virðist, ég hef tæplega haft tíma til að lesa þetta allt yfir. En nú lýk ég því nafnakalli, sem farið hefur verið fram á í sambandi við 10. brtt. á þskj. 486.

Brtt. 486,10 samþ. með 22:18 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: LárJ, ÁS, MÁM, ÓE, ÓlJ, PJ, PP, PS, RH, BrS, SvH, BGr, BGuðn, BP, EBS, FÞ, GuðlG, GunnG, GTh, GÞG, IngJ, BK.

nei: JSk, JónasÁ, JJ, KP, LJós, MK, SV, SvJ, VH, ÞÞ, ÁÞ, JSÞ, EystJ, GS, HES, HV, IG, GilsG.

Þrír þm. gerðu svofellda grein fyrir atkv. sínu:

Forsrh. (Ólafur Jóhannesson): Herra forseti. Ég lít á þetta sem svo einstæða traustsyfirlýsingu til ríkisstj., að ég tel sjálfsagt, að hún fari til Ed. til nákvæmari skoðunar, og segi því já.

Eysteinn Jónsson: Herra forseti. Ég vil bara benda á, að ekki verður annað séð en með þessari brtt. sé lagt til að veita ríkisstj. heimild

til þess að breyta hvaða útgjaldalöggjöf, sem er á Alþ. eftir sínu höfði. Það má mikið vera ef það er leyfilegt af Alþ. að gera ráðstöfun eins og þessa, og það hlýtur að vera algert einsdæmi, að slíkt komi til. Ég segi nei.

Gunnar Thoroddsen: Herra forseti. Ég vil taka það fram, sem raunar kom fram í umr., að þessi till. er frá orði til orðs eins og ákvæði í brbl. hæstv. núv. ríkisstj. frá því í júlí 1972 um heimild þá til þess að lækka útgjöld ríkisins um 400 millj. Nú er heimildin miðuð við 1500 millj. Það er því alger misskilningur, sem hér kom fram hjá hv. 1. þm. Austf., að hér væri um einsdæmi að ræða, heldur er fyrirmyndin frá núv. hæstv. ríkisstj. sjálfri.

Ég vil svo aðeins bæta því við, að í nál. minni hl., þar sem minnst er á þessa brtt., er tekið skýrt fram, að þetta skuli ríkisstj. gera í samráði við fjvn. Alþ. Með þessum aths., sem ég tel rétt, að komi hér fram, segi ég já.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Frv. vísað til 3. umr. með 31 shlj. atkv.

Neðri deild, 82. fundur.

Fimmtudaginn 14. mars, kl. 1 eftir miðnætti.

Skattkerfisbreyting, frv. (þskj. 497). — 3. umr.

Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði samþ. með 38 shlj. atkv.

Fjmrh. (Halldór E. Sigurðsson): Herra forseti. Með samþykkt á því að fella niður 7. gr. frv. og síðar samþykkt 19. gr. hefur verið gerð meiri breyting en mun hafa verið ætlun hv. þm., því að með samþykkt 6. gr. er gert ráð fyrir því, að sveitarsjóðir fái 8% af söluskatti í Jöfnunarsjóð, en með 2. lið 19. gr. frv., eins og hann var, falla úr gildi lög nr. 61 1964, um breyt. á l. nr. 10 frá 1960, um söluskatt, og lög nr. 3 frá 1970, um breyt. á sömu l. Ég hygg, að það hafi aldrei verið ætlun hv. alþm., að þessi breyting yrði gerð, og leyfi mér því að leggja fram skrifl. brtt. þess efnis, að 2. málsgr. 18. gr. frv., eins og það er núna, falli niður, svo að sá söluskattur, sem nú er í gildi, haldi gildi sínu áfram. Þar sem þessi till. er skrifleg og of seint fram komin, verð ég að leyfa mér að biðja hæstv. forseta að leita afbrigða fyrir henni. En efni málsins er þetta, sem ég sagði, að með því að samþykkja þessa málsgr. er verið að samþykkja að fella úr gildi þann söluskatt, sem nú er í gildi, og hygg ég, að hv. þm. hafi ekki ætlast til þess.

ATKVGR.

Afbrigði um skrifl. brtt. (sjá þskj. 498) samþ. með 37 shlj. atkv.

Frsm. 1. minni hl. (Matthías Á. Mathiesen): Herra forseti. Okkur var ljóst, að ef 7. gr. yrði felld, yrði að gera breytingu á 19. gr. frv., og ég er sammála því, sem hæstv. fjmrh. sagði, að með því að fella 7. gr. frv. hafi ekki verið hugsunin að fella þau lög úr gildi, sem nú gilda um söluskatt, og samhliða lög um greiðslu í Jöfnunarsjóð sveitarfélaga, og mun ég því styðja till. fjmrh.

Gunnar Thoroddsen: Herra forseti. Út af síðasta framígripi hæstv. sjútvrh. um, að þm. hafi verið of veiðibráðir, vil ég aðeins taka það fram, eins og hv. 1. þm. Reykn. sagði, að auðvitað var alveg ljóst, að það þyrfti að gera nokkra breytingu hér á, ef 7. gr. yrði felld. Þess vegna er eðlilegt að fallast á brtt. hæstv. fjmrh. En ástæðan til þess, hvernig komið er um þetta atriði, 11% söluskattinn, er auðvitað eingöngu sú, að ríkisstj. hefur sýnt fullkomna óbilgirni í þessu máli, sett Alþingi úrslitakosti, neitað gersamlega, — þó að hún vissi, að hún hafði ekki vald til að koma sínu máli fram hér í hv. Nd., þá hefur hún neitað öllum samkomulagstilraunum, svo að þetta er bein afleiðing af óbilgirni hennar og engu öðru.

ATKVGR.

Brtt. (sjá þskj. 498) samþ. með 33 shlj. atkv.

Frv., svo breytt, samþ. með 31 shlj. atkv. og afgr. til Ed.

Efri deild, 78. fundur.

Fimmtudaginn 14. mars, kl. 2 miðdegis.

Skattkerfisbreyting, frv. (þskj. 499). — 1. umr.

Of skammt var liðið frá útbýtingu frv. — Afbrigði samþ. með 13 shlj. atkv.

Fjmrh. (Halldór E. Sigurðsson): Herra forseti. Á þskj. 499 er frv. til l. um skattkerfisbreytingu. Þetta frv. hefur verið til umr. í hv. Nd. nú að undanförnu og gengið þar í gegnum allmikla eldskírn.

Eitt af því, sem mér þykir rétt að gera grein fyrir í upphafi máls míns hér í hv. d., er meðferð málsins, áður en það kom til þings. Eins og kunnugt er, er þetta frv. fram borið m. a. sem árangur af samstarfi ríkisstj. við heildarsamtök alþýðunnar í landinu, Alþýðusamband Íslands og þá n. manna, sem Alþýðusambandið kaus til þess að eiga viðtöl við ríkisstj. Því hefur verið haldið fram í þessum umr., að óeðlilegt væri, að slíkt samkomulag væri gert, áður en málið væri kynnt á hv. Alþingi, en ég hygg, að allmörg dæmi séu um, að slík vinnubrögð hafi verið viðhöfð. Í því sambandi leyfi ég mér að nefna lög um Atvinnuleysistryggingasjóð, en hann er upphaflega til orðinn með þeim hætti, að það var gert samkomulag í kjaradeilu álíka og þeirri, sem samið var um þetta skattalagafrv., af samninganefndarmönnum þá fyrir hönd ríkisstj., að Atvinnuleysistryggingasjóður yrði upp settur og drög að þeirri löggjöf, sem þá síðar var samþykkt, voru þar lögð.

Annað dæmi, sem ég vil nefna um slík vinnubrögð, eru Breiðholtsframkvæmdirnar, en þær voru árangur af samkomulagi, sem gert var á milli hæstv. ríkisstj. og Alþýðusambands Íslands á árinu 1965. Málið varð til við slíka samninga.

Þá vil ég enn fremur minna á landhelgissamninginn, sem gerður var á sínum tíma á milli ríkisstj. Íslands og ríkisstj. Bretlands og var af þeirri gerð, að hann var fyrir Alþingi lagður með þeim hætti, að það átti ekki kost á að breyta honum.

Þess vegna mun það ekkert einsdæmi vera, að þau mál, sem eru gerð með samkomulagi við aðila utan Alþingis, séu lögð fyrir Alþingi með þeim hætti, að það sé ekki hægt að gera breyt. á þeim málum, sem miklu máli skipta.

Enn fremur hefur verið á það bent, að um stefnubreytingu væri að ræða hjá núv. ríkisstj. að hverfa frá beinum sköttum til óbeinna. Það hefur oft verið tekið fram í umr. á hv. Alþingi, bæði af mér og öðrum fyrir hönd ríkisstj., að ríkisstj. væri til þess fús að breyta skattal. þeim, sem nú gilda, í þá átt að draga úr beinum sköttum og færa þá yfir á óbeina, ef fengist samkomulag um að gera þá breyt., án þess að tekjuöflun í óbeinum sköttum gengi inn í vísitöluna. Í skýrslu þeirri, sem skattanefndin skilaði á s.l. hausti, kemur fram, að gert er ráð fyrir því, að sú breyt. verði á, að það verði dregið úr beinum sköttum og farið yfir í óbeina skatta, og í því sambandi er virðisaukaskatturinn nefndur sem framtíðarstefna í þeim málum.

Ég vil einnig nefna það, að það hefur komið fram í þessum umr., að hv. þm. hafa tekið það sem dæmi, sem ádeilu á núv. skattalög, að fleiri greiði nú tekjuskatt en áður hafi verið. En það stafar fyrst og fremst af þeirri skattkerfisbreytingu, sem var gerð með þessum skattalögum, að þeir, sem áður greiddu persónuskatt til tryggingganna, greiða hann nú í gegnum tekjuskattinn, að því leyti sem þeir greiða þennan skatt. Og í öðru lagi hefur verið dregið úr útgjöldum eða skattálagningu sveitarfélaga og fært yfir á ríkið vegna þeirra verkefna, sem ríkissjóður hefur tekið að sér.

Í framhaldi af þessu vil ég minna á þær umr., sem hafa orðið um skattamál hér á hv. Alþingi í vetur og hafa verið allnokkrar. Þessi mál eru nú mjög til athugunar, því að nú er verið að setja á laggirnar til viðbótar þeirri skattanefnd, sem áður hefur unnið að þeim málum, fulltrúa frá stjórnmálaflokkunum, sem eiga að hafa vald til þess að hafa sömu áhrif og skattanefndarmennirnir á þann hátt, sem þeir vilja, og þá fyrst og fremst stefnt að því, að þeir geti komið sér saman um þau atriði, sem hægt er að ná saman um. Er þar lögð höfuðáhersla á, að virðisaukaskatturinn geti orðið sameiginlegt álit stjórnmálafl. í landinu. En þau atriði önnur, sem ekki er hægt að koma sér saman um, koma auðvitað til ákvörðunar stjórnvalda þeirra, sem endanlega leggja málið fyrir.

Í ræðu þeirri, sem hv. 5. þm. Reykv., Gunnar Thoroddsen, flutti hér um beina skatta og óbeina í sambandi við skattafrv. 1972, taldi hann það höfuðstefnumark Sjálfstfl. að ganga lengra í óbeinum sköttum en verið hefur og minnka aftur hlutfall beinu skattanna. Í ályktunartillögu, sem Alþýðusambandið gerði á kjaramálaráðstefnu sinni í Reykholti 27. og 28. ágúst s.l. og á framhaldsfundi í Reykjavík 12. og 13. okt. s.l., voru samþ. ályktanir um skattamál, sem fólu í sér ósk um lækkun á tekjuskatti einstaklinga, sem þeir einnig gerðu sér grein fyrir, að leiddi til hækkunar á óbeinum skötttum.

Ríkisstj. tók upp viðræður við forráðamenn ASÍ, bæði formann ASÍ og formann samninganefndar ASÍ, upphaflega á grundvelli þessarar ályktunar, sem henni barst, og þær umr. urðu svo víðtækari, fleiri nm. bættust í hópinn, og síðar beindust vinnubrögðin inn á annað svið.

Meginatriðið í þeim umr., sem fram fóru á milli ríkisstj. annars vegar og ASÍ-mannanna hins vegar, var, að tekjuskattur einstaklinga yrði lækkaður verulega, en á móti kæmi söluskattur, sem yrði hækkaður svo, að ríkissjóður yrði skaðlaus á þessu ári af skiptunum, og þau söluskattsstig, sem á móti kæmu, yrðu ekki reiknuð inn í kaupgreiðsluvísitöluna. Þeim tekjulægstu yrði þetta einnig skaðlaust, og það væri gert með því að greiða þeim neikvæðan skatt, sem bætti þeim upp kostnaðinn af söluskattaukanum.

Framhaldið af þessum viðræðum var svo í framkvæmdinni þannig, að það voru ákveðnir 3 menn frá ASÍ: Björn Þórhallsson, formaður Verslunarmannasambandsins, Guðmundur J. Guðmundsson, varaform. Dagsbrúnar, Þórólfur Daníelsson, form. Prentarafélagsins, annars vegar, en Jón Sigurðsson ráðuneytisstjóri, Jón Sigurðsson hagrannsóknastjóri, ásamt þeim Ólafi Davíðssyni hagfræðingi og Höskuldi Jónssyni skrifstofustjóra í fjmrn., unnu að málinu af hálfu ríkisstj.

Árangurinn af þessum viðræðum er yfirlýsing sú um skattamál á bls. 7—9 í grg. frv., sem var undirrituð af hálfu 3 ráðherra, sem tóku þátt í þessum umr., þ.e. hæstv. félmrh., hæstv. viðsk.- og sjútvrh. og mér, og síðar var samþ. í 30 manna n. ASÍ með miklum meiri hl. atkv., 19 greiddu henni atkv., 3 voru á móti og 6 sátu hjá.

Vinnubrögð við samningu þessa frv. hafa verið þau, að Jón Sigurðsson hagrannsóknastjóri hefur haft forustu um undirbúning málsins, og þeir embættismenn, sem ég greindi frá áðan, unnu verkið með honum. Þó forfallaðist Jón Sigurðsson ráðuneytisstjóri vegna veikinda, en Árni Kolbeinsson fulltrúi í fjmrn. bættist þá í hópinn. Af hálfu ASÍ tilnefndi forseti ASÍ sömu menn og ég hef áður greint til þess að vinna að gerð frv. Einnig fékk forseti ASÍ málið í sínar hendur á undirbúningsskeiði frv. Ríkisskattstjóri benti svo n. á ýmis tæknileg atriði, er málið varða.

Algert samkomulag varð um gerð frv. af hálfu starfsmanna ríkisstj. og fulltrúa ASÍ, og töldu þeir, að frv. væri í fullu samræmi við áðurgreinda yfirlýsingu, og gerðu við þetta viðbótaryfirlýsingu, sem er að finna á bls. 11 í grg. frv., en hún er um þá væntanlegu breyt., sem yrði á l. um næstu áramót, þegar til heils árs gæti komið.

Efni þessa frv., að því leyti sem það er breyt. frá gildandi skattalögum, er í fyrsta lagi, að einhleypur aðili hefur í persónufrádrátt 238 þús. kr., hjón 355 þús. og barn 50 þús. Enn fremur er á bls. 8 í þessu frv. að finna viðbót við þetta, sem er fram komin, eftir að skattafslátturinn hefur verið reiknaður, og eins og kemur fram í

þeirri grg. frv., er hækkunin meiri í raun en um var samið. Þetta ákvæði var notað til að jafna metin vegna þeirra tekjulægstu, eins og stefnt var að með ákvæði samkomulagsins, er ég vitnaði til. Verður persónufrádrátturinn þá eins og þar segir, að einhleypur hefur í persónufrádrátt 293 þús., barnlaus hjón 448 þús., hjón með 2 börn 572 þús., og einstætt foreldri með eitt barn 500 þús. Þetta eru þær tekjur, sem frá eru dregnar, áður en skattur er á lagður.

Þá vil ég og benda á það í sambandi við unga fólkið, sem komið er að í þessu frv. í sambandi við skattafsláttinn, að þar er tekið fram, að að því leyti sem fjármunir muni ganga til námslánasjóðsins, þá verði síðar sett í reglugerð, hvernig með skuli farið. En eins og kunnugt er, hefur aðstoð ríkisvaldsins við unga fólkið mjög verið aukin á síðustu árum. Ber þar fyrst að nefna persónuskattana, sem nú væru í reynd á milli 20 og 30 þús. kr. á hvern einstakling, ef kostnaður til trygginga og sjúkrasamlags væri framkvæmdur á sama hátt og gert var, áður en lög voru sett árið 1971 þar um. Þá hafa námslánin mjög verið aukin og aðstoð við dreifbýlisfólkið einnig samkv. þeim l., sem sett voru á þinginu 1972. Þessu til viðbótar kemur svo sá skattafsláttur, sem hér er gert ráð fyrir að framkvæmdur verði.

Um skattafsláttinn er svo það að segja, að það er ekki gert ráð fyrir því, að hann nái lengra niður en í 6% af brúttótekjum, og það ákvæði er sett vegna þess, að ef lengra er haldið eru viðkomandi farnir að fá beinar greiðslur umfram það, sem gert er ráð fyrir að þeir mundu eyða í söluskatt vegna skattkerfisbreytingarinnar. En það er ekki hugsunin með þessu frv., að lengra sé gengið í því en að bæta það upp, sem söluskatturinn kynni að taka vegna kaupa viðkomandi aðila, en tekjur, sem svo tekjulágt fólk hefði til ráðstöfunar til kaupa á söluskattsskyldum vörum, yrðu sáralitlar.

Þá inniheldur frv. annað atriði, sem er meginatriði þess, þ. e. að skattstiginn er gerður rýmri, bæði eru þrepin lengd og skattprósentan lækkuð. Í staðinn fyrir 77 þús. kr., sem var fyrsta stigið, sem á var lagt, frá 0—77 þús., kemur nú 100 þús. kr., og á þetta er lagt 20% í staðinn fyrir 25%. Í öðru lagi er svo lagt á 30% frá 100 þús. til 200 þús., en þetta skattþrep var frá 77 þús. í 115 þús. og álagningarprósentan 35%. Í þriðja lagi er svo 200 þús. og þar yfir, sem áður var 115 þús., og er það 40% í staðinn fyrir 44%, eins og er í gildandi lögum.

Þessi tvö meginatriði frv., hækkaður persónufrádráttur og breyting á skattþrepum, lægri skattprósenta, er það, sem snýr að skattamálunum veldur þeirri meginbreytingu, sem í þessu frv. er fólgin á því sviði.

Þá vil ég geta þess, að öll réttindi og annað, sem snýr að gamla fólkinu, er með svipuðum hætti og áður hefur verið, þannig að það nýtur fullkomlega þeirrar breytingar til hagsældar, sem þetta frv. gerir ráð fyrir.

Hitt meginatriði frv. er svo það að bæta ríkissjóði upp það tekjutap, sem hann verður fyrir vegna skattbreyt. og frv. gerir ráð fyrir því, að til þess að ríkissjóður verði þannig haldinn á þessu ári, 1974, að það nægi honum til þess að mæta tekjutapi, sem hann verður fyrir vegna skattalækkunarinnar, þurfi að koma á 5 söluskattsstig.

Útreikningar þeir, sem frv. fylgja, eru miðaðir við það, að frv. hefði orðið að lögum 1. febr. og söluskatturinn hefði gilt frá þeim tíma. Er gert ráð fyrir því, að tekjur af söluskatti á þessu tímabili mundu nema með álagningu fram til áramóta um 3400 millj. kr., hins vegar mundu ekki innheimtast af þessari fjárhæð nema 3000 millj. kr., en áætlun fjárl. miðar í þessu sem öðru við greiðslutöluna en ekki álagningartöluna, enda kemur ekki til nota á því ári, sem á er lagt, nema það, sem innheimt er. Þess vegna, þegar á þetta er litið, sýnir það sig, að hér stenst á það, sem gert er ráð fyrir að tapist, og það, sem gert er ráð fyrir að vinnast, nema þó að heldur hallast á ríkissjóð þar um, vegna þess, að þegar frv. var lagt fram, lá ekki fyrir áætlun um væntanlegar tekjur af tekjuskatti á þessu ári, nema sú álagningarregla, sem reiknað var með, þegar frá fjárl. var gengið fyrir jólin. Nú hafa hins vegar verið gerð úrtök, sem sýna að gera má ráð fyrir, að tekjur ríkissjóðs reynist meiri af tekjuskattinum, en gert var ráð fyrir í frv., og er reiknað með, að þar sé um að ræða 3—4 hundruð millj. kr. Þetta leiðir að sjálfsögðu til þess, að tekjuskattur sá, sem ríkissjóður gefur eftir vegna kerfisbreyt., verður einnig hærri tala, og er óhætt að fullyrða, að þar sé um að ræða a. m. k. 2.9 milljarða eða jafnvel 3000 millj. kr. En ef ég held mig við lægri töluna, sem örugg er, þá er þar um að ræða 2900 millj. kr., skattafsláttur inn er reiknaður um 550 millj., og söluskattur, sem ríkissjóður verður að greiða vegna söluskattsbreyt., er 100 millj. kr. Hér er því um að ræða fjárhæð, sem nemur 3550—3600 millj. kr. Tekjur, sem áætlað er, að ríkissjóður hafi af söluskatti, þá miðað við 1. mars, miðað við það, að hvert stig gæfi á ári um 800 millj. kr., sem eru verulega hærra en nokkurn tíma hefur verið, væru 3400 millj. á þessu tímabili.

Hins vegar er ljóst, að þó að þetta frv. verði að lögum, nýtur ríkissjóður ekki tekna af söluskattinum fyrr en seint í þessum mánuði eða jafnvel undir mánaðamót. Þar getur því ekki orðið um að ræða álagningartölu nema um 3300—3400 millj., það var það hámark, sem gert var ráð fyrir, og af þeirri fjárhæð mundu um 4400 millj. kr. færast yfir til næsta árs, vegna þess að þær innheimtust ekki fyrr en á því ári. Þess vegna má gera ráð fyrir því, að mismunurinn, ríkissjóði í óhag vegna þessarar kerfisbreyt., geti orðið 200—600 millj. kr. Þessu vildi ég vekja athygli á, því að hér er um staðreyndir að ræða, sem ekki verða hraktar.

Ég vil svo, til þess að eyða ekki of löngum tíma í að mæla fyrir þessu frv. á þessu stigi, geta þess, sem ég vil að sé höfuðþátturinn í þessum umr., að blanda ekki öðrum fjármálum ríkissjóðs inn í þetta dæmi en kerfisbreytingin gefur tilefni til. Ég hef því haldið mig algerlega við það í umr. í hv. Nd. og mun einnig gera það hér.

Ég vil leggja á það áherslu, að þetta frv. ríkisstj. stefnir í þá átt að gera verulega meiri hluta af tekjum skattþegnanna skattlausan en áður hefur verið með auknum persónufrádrætti. Það

gerir skattbyrðina einnig léttari með því að lengja þrepin á milli stiganna og lækka afsláttinn. Í þriðja lagi vil ég benda á það til viðbótar því, sem ég sagði um persónufrádráttinn, að þar kemur afsláttur inn til viðbótar því, sem greinir í 3. gr. frv. um hann. Hann er 11 þús kr. fyrir einstakling, 18.500 fyrir hjón og 3.300 fyrir hvert barn.

Ég vil líka endurtaka það, að 6% markið er miðað við það að halda því, að hér sé ekki verið að fjalla um annað en það, sem frv. hefur áhrif á og ekki verið að bæta það, sem er, miðað við þau mörk, sem söluskatturinn gæti tekið af þeim tekjulægstu. Greiðslur úr ríkissjóði fyrir þá, sem eru tekjulægstir, vegna skattafsláttar mundi því verða, eins og ég áður sagði, um 550 millj kr. Er gerð grein fyrir því í grg. frv., sem ég vísaði hér til, hvernig með skuli farið, og er það byggt á því, að vanskil frá fyrri árum og önnur gjöld á þessu ári en gjöld af tekjuskatti gangi fyrir í greiðslum, sem þeir nota þessa fjármuni til. Sama er að segja um vanskil frá fyrri árum. Vona ég, að það sé öllum ljóst, að þau á ekki að virða á þann hátt, að það sé verið að greiða mönnum fjármuni úr ríkissjóði, ef þeir skulda honum eða sveitarsjóðum, því að það er hægt að draga undan söluskatt eða tekjuskatt alveg eins með því að greiða ekki álagða skatta og að komast undan því, að þeir séu álagðir. Þess vegna kann ég ekki við rödd, sem heyrðist í hv. Nd. um það, að það væru einhver fráleit vinnubrögð að ætla sér að nota þetta til þess að greiða eldri skuld við opinbera aðila.

Ég vil svo vekja athygli á því, að í þessu frv. eru öll ákvæði, er varða söluskatt, þau sem refsingar varða, þyngd mjög frá því, sem áður hefur verið, og gert ráð fyrir, ef um stærri brot er að ræða eða ítrekuð, að þá geti það verið um 10 millj. kr. sekt og varðað fangelsi allt að 6 árum, eins og um auðgunarbrot væri að ræða í almennri hegningarlöggjöf.

Einnig er gert ráð fyrir því í frv., að hægt sé að koma upp sölukössum eða stimplunarkössum, þar sem söluskattur er stimplaður sérstaklega inn, og starfsmenn fjmrn. eða fulltrúar þess geti lesið af þeim, hvenær sem þeir koma. Þetta hefur verið reynt í öðrum löndum og mér sagt, að gefist vel, og er án efa það, sem við verðum að taka upp, þegar söluskatturinn hækkar eða virðisaukaskatturinn kemur til. Ekki orkar það tvímælis, að eftir því sem söluskatturinn verður hærri, er freistingin til þess að draga undan meiri en ella.

Það kemur fram í töflum, sem frv. fylgja, að gera má ráð fyrir, að hagnaður einstaklinga yfirleitt af þessu sé frá 2½ til 3 og jafnvel upp í 4% af skattabreytingunni í heild. Og ástæðan til þess, að svo getur verið, þó að tölurnar séu svipaðar, sem ríkissjóður ætlar sér að fá í óbeinum sköttum og hann lætur í þeim beinu, er m. a. sú, að aðrir aðilar greiða óbeina skatta. Fyrirtæki greiða af sínum rekstri og vegna fjárfestingar í eigin fyrirtækjum, og svo greiðir ríkissjóður aftur sjálfur af þeim umsvifum, sem hann hefur af söluskattsskyldri vöru. Þess vegna getur það komið heim, að einstaklingarnir í heild hafi hagnað af þessu, þó að tilfærslan sé með þessum hætti.

Þá vil ég í þessu sambandi minna á það, að við afgreiðslu á tollskrá, sem afgreidd var hér frá hv. Alþ. fyrir stuttu, var höfð hliðsjón af þessum samningum. Þetta var gert til þess að greiða fyrir samningum við iðnrekendur. Þá féllst ríkisstj. á það að lækka tollana meira en áður hafði verið ætlað, og það var gert með því að láta þá lækkun, sem átti að koma til framkvæmda 1976 vegna iðnaðarins, koma til framkvæmda nú. Enn fremur var í því sambandi fallið frá að innheimta tekjur sérstaklega vegna þessara breytinga með tilliti til þessa máls.

Það hefur nokkuð verið til umr., hvort ástæða hafi verið fyrir ríkisstj. til að ætla, að mál þetta næði fram að ganga á hv. Alþingi. Ég hef látið það koma skýrt fram, að ég hafi talið, að full ástæða væri til þess. Í því sambandi hef ég vitnað til þeirra viðræðna, sem ég átti við ákveðinn stjórnmálaflokk um þetta mál, og vil einnig, með leyfi hæstv. forseta, benda á hluta af ræðu, sem form. Alþfl., Gylfi Þ. Gíslason, flutti 27. nóv. s. l. Hún er birt í þingtíðindunum, 8. hefti, en þar segir svo, með leyfi hæstv. forseta: „Augljóst er, að jafnstórfelld lækkun á tekjuskatti til ríkisins sem hér er gert ráð fyrir mun hafa í för með sér verulegt tekjutap fyrir ríkissjóð.“ Og í framhaldi af þessu segir hann, að tekjutap ríkissjóðs af þessu mundi verða 2½—3 milljarðar, miðað við fjárlög þessa árs. „Þennan tekjumissi þarf að sjálfsögðu að bæta ríkissjóði. Till. um tekjuskattslækkun, sem ekki gerðu ráð fyrir því að bæta ríkissjóði tekjutapið, mætti með réttu nefna sýndartill. Slíkar till. gerir þingflokkur Alþfl. ekki. Þess vegna er í till. einnig um það fjallað, hvernig ætlast sé til, að ríkissjóði sé bættur tekjumissirinn. — Aðalatriðið í þessu sambandi er, að gerð verði till. um, að sú hækkun söluskatts, sem runnið hefur í Viðlagasjóð, skuli haldast, en hún nemur sem kunnugt er 2% og ætti að falla niður 1. mars n. k. að óbreyttum l. Ef söluskattinum, sem rennur nú í Viðlagasjóð, yrði haldið og söluskatturinn hækkaður um 2—3 stig umfram það, sem hann nú er, yrði ríkissjóði bættur sá tekjumissir, sem hann yrði fyrir vegna lækkunar tekjuskattsins.“

Hér er um að ræða sömu tölu og mat var hjá sérfræðingum ríkisstj. og Alþýðusambandi Íslands um það, hve mikið þyrfti til að mæta tekjutapi ríkissjóðs, til þess að ríkissjóður yrði skaðlaus af breytingunni á þessu ári.

Ég gat um það áðan, að umr. þær, sem fram hefðu farið, hefði ég ekki viljað blanda öðrum sviðum ríkissjóðs í fjármálum en sem beint leiddi af þessum breyt. Ég vil einnig geta þess, sem kom fram í hv. Nd. og ég get endurtekið hér, að ríkisstj. er reiðubúin til þess að láta þessa löggjöf um skattkerfisbreytinguna gilda til næstu áramóta, þannig að þá tækju aftur gildi þau skattalög, sem nú eru í gildi, og niður félli söluskatturinn, þannig að tekjurnar frá des. yrði síðasta innheimtan, en ekki nein álagning í jan. Þetta átti að dómi ríkisstj. að vera til þess, að hv. þm. gætu gengið sameiginlega að þessu máli, því að eins og ég hef þegar vikið að, virðast allir stefna að því, að það sé rétt að lækka beina skatta og hækka óbeina. Það verður ekki heldur hrakið með rökum, að ríkissjóður ætli sér að ná í meiri hagnað af þessum breyt. á árinu 1974 en

frv. gerði ráð fyrir, eins og það upphaflega var, áður en þær breyt., sem gerðar voru á því í hv. Nd., voru gerðar. Þess vegna er ræða mín hér miðuð við frv. upphaflega, enda er það það samkomulag, sem var gert og n. úr öllum stjórnmálaflokkum stóð að á þinginu, og kann ég ekki skil á því, hvort ríkisstjórnarmenn eða flokkarnir hafi haft þar meiri hl. eða ekki. Hitt er mér kunnugt um, að það voru menn úr öllum stjórnmálaflokkum, sem tóku þátt í afgreiðslunni með jákvæðum hætti.

Ég verð að segja það að lokum, að ég treysti enn á það, að þetta frv. nái fram að ganga með þeim hætti, að ekki verði gerðar breyt. á upphaflega frv., eins og það var lagt fram í hv. Nd., á þeim atriðum, sem eru meginatriði þess, þ. e. tekjuskattinum annars vegar og söluskattinum hins vegar. Og ég tel mig hafa rökstutt það, að ég hafi enn þá fulla ástæðu til að ætla, að svo sé, jafnvel þótt á ýmsu hafi gengið. Fari svo, að þetta mál fái þá afgreiðslu hér á hv. Alþ., að það nái ekki fram að ganga, þá er ekkert annað að gera en að taka því. Og þá verður baráttunni fyrir framgangi þess haldið áfram á öðrum vettvangi, hjá þjóðinni sjálfri, til þess að efla það lið, sem fyrir þessum breyt. stendur, og þá að láta meðhöndla á réttan hátt þá aðila, sem komu í veg fyrir það, að þessi breyt. næði fram að ganga. Hjá því verður ekki komist, þótt síðar verði, því að málinu verður ekki lokið með þeirri afgreiðslu, ef hv. Alþ. fellir það að þessu sinni.

Ég leyfi mér svo, herra forseti, að leggja til, að að lokinni þessari umr., verði frv. vísað til 2. umr. og hv. fjh.- og viðskn.

Geir Hallgrímsson: Herra forseti. Við höfum nú hlýtt á hæstv. fjmrh. fylgja úr hlaði frv. ríkisstj. um skattkerfisbreytingu. Reyndar var það ekki alveg ljóst, hvort hæstv. ráðh. var að fylgja úr hlaði því frv. um skattkerfisbreytingu, sem þessi hv. þd., Ed., hefur fengið í hendur frá Nd. og Nd. gekk frá á fundi sínum í nótt að lokum með samþykki 31 þdm. samhljóða, eða hvort hæstv. ráðh. var að fylgja úr hlaði því frv. ríkisstj., sem var lagt fyrir í Nd. í upphafi þessa máls. Á þessu tvennu er töluverður munur.

Í fyrsta lagi varð það að ráði í Nd., að 5% söluskattauki er felldur burt úr frv. og er ekki í því, eins og það kemur nú til umr. hér í Ed.

Í öðru lagi er 1½% launaskattur, er rann í ríkissjóð, felldur burtu, en fjáröflun til húsnæðismála viðurkennd með 2% launaskatti í stað 1% áður, þannig að launaskattur lækkar í heild um ½ stig.

Í þriðja lagi er samþykktur niðurskurður ríkisútgjalda um 1500 millj. kr., sem ekki var gert ráð fyrir í frv. í upphafi.

Í fjórða lagi er þess svo að geta, að allar aðrar brtt. sjálfstæðismanna og annarra stjórnarandstæðinga fengu jafnmörg atkvæði og till. stjórnarinnar í Nd.

Ég saknaði þess í ræðu hæstv. ráðh., að hann gat ekki um afstöðu sína eða hæstv. ríkisstj. til frv., eins og það nú er. Við þdm. vitum í raun og veru ekki, hvað hæstv. ríkisstj. ætlast fyrir. Það liggur ljóst fyrir, að það stendur í járnum í Nd. fylgi og andstaða til 5% söluskattauka, 3½% söluskattauka og 2% söluskattauka. Hins vegar liggur það fyrir, að það er skýr meiri hl. í Nd. fyrir afnámi 1½% launaskatts, er rennur í ríkissjóð. Og það liggur enn ljósar fyrir, að það er skýr meiri hl. fyrir niðurskurði á ríkisútgjöldum um 1500 millj. kr. Sjálfur hæstv. forsrh. gekk í lið með stjórnarandstöðunni ásamt einum stjórnarþm. öðrum. Og því verður ekki trúað, að hæstv. fjmrh. geri lítið úr hæstv. forsrh. og fylgi honum ekki að þessu leyti. Hæstv. forsrh. sagði í grg. sinni með atkv. sínu í Nd., að hann teldi till. okkar sjálfstæðismanna um niðurskurð ríkisútgjalda sérstaka traustsyfirlýsingu á ríkisstj. Látum það liggja á milli hluta. En það var aðeins auk forsrh. einn annar úr stjórnarliðinu, sem var jafngáfaður hæstv. forsrh. og skildi það eins.

Ég held því, að það sé ljóst, að stjórnarliðið er bundið við þessar tvær breyt. á frv., annars vegar afnám 1½% launaskatts og hins vegar niðurskurð á ríkisútgjöldum um 1500 millj. kr. Hér byggi ég á raunverulegum úrslitum atkvgr. í Nd., — atkvgr., sem um garð er gengin. Ég er ekki að gera þm. upp neinar skoðanir eða spá fyrir fram um úrslit mála, eins og t. d. eitt stjórnarblaðanna, Tíminn, gerir í morgun, þar sem það er tíundað í einstaka atriðum hvernig atkvæði muni falla t. d. hér í hv. Ed. Það er vitaskuld móðgun og vanvirða við þm. að ganga út frá því, áður en atkvæði falla, hvernig úrslit mála fara, sérstaklega þegar margt er óljóst, eins og raun ber vitni, varðandi þetta mál, og menn hafa ekki tjáð sig að öllu leyti. Ég hygg, að gangur þessara mála í Nd. sýni það og sanni, að ríkisstj. brestur algerlega vald á málum og framgangi þeirra. Ríkisstj., sem kemur ekki fram málum með þeim hætti, sem sannast hefur á núv. hæstv. ríkisstj., á auðvitað að segja af sér.

Hæstv. fjmrh. rakti nokkuð aðdraganda þessa máls og gat um samninga við verkalýðsfélögin. Það er athyglisvert, að brtt. ríkisstj. um skattkerfið og sérstaklega þær till., sem lúta að lækkun beinna skatta, eiga undirrót sína annars vegar í fyrri till. okkar sjálfstæðismanna og hins vegar í ábendingum og áskorunum frá launþegasamtökunum í landinu. Þessar áskoranir komu fram frá launþegasamtökunum þegar í ágústmánuði á síðasta ári og voru ítrekaðar í októbermánuði á síðasta ári,, eftir kjaramálaráðstefnu, sem Alþýðusamband Íslands hafði haldið. Þá var það ljóst, að tvennt mundu launþegasamtökin leggja höfuðáherslu á: úrbætur í skattamálum og úrbætur í húsnæðismálum. Ríkisstj. átti þá kost á að sinna þessum tveim málaflokkum og koma þannig í veg fyrir, að slíkir kjarasamningar yrðu gerðir, sem kynntu undir verðbólguna í landinu, eins og því miður hefur orðið eftir gerð og undirritun nýgerðra kjarasamninga.

Með úrbótum annars vegar í skattamálum og hins vegar í húsnæðismálum mátti koma í veg fyrir þetta. Ríkisstj. hafði tímann fyrir sér. Jafnvel þótt hún tryði ekki aðvörunum okkar sjálfstæðismanna allt frá skattalagabreyt. á þinginu 1971 —1972 um, að þar væri verið að leggja allt of þungar skattbyrðar á þjóðina, launþega engu síður en aðra, þá hafði hún aðvörun laun-

þegasamtakanna sjálfra, sem var á sömu leið, að engu.

Samningar runnu út 1. nóv. s. l., og samningaviðræður hófust nokkru fyrir þann tíma. Tíminn var látinn líða og ekkert var í rauninni aðhafst. Nokkrir fundir voru haldnir, en í raun og veru lét ríkisstj. ekki neitt til sín taka að gagni fyrr en búið var að boða til verkfalla. En það hafði þær afleiðingar, að samningar ríkisstj. við verkalýðsfélögin voru af launþegum lítils sem einskis metnir, þegar til þess kom að ganga frá raunverulegum kauphækkunum. Hefði ríkisstj. sinnt þessum málum fyrr, hefði verið meiri von til þess, að launþegasamtökin hefðu metið úrbætur í skattamálum meira og því fallist á lægri heildarhækkun í kaupi, sem því miður gengur út í verðlagið og ést upp af sjálfu sér, eins og dæmin sýna og sanna nú undanfarna daga og vikur síðan samningarnir voru gerðir, en verðhækkanir hafa verið að dynja yfir þjóðina dag eftir dag.

Það sama má í raun og veru segja um samningana um húsnæðismál. Þar er verið að gera samkomulag um ákveðið skipulag á húsnæðismálum eða tryggingu fyrir því, að ⅛ íbúðabygginga í landinu sé byggður á félagslegum grundvelli, sem svo er kallað, á árunum 1976—1980. Út af fyrir sig er það ekki brýnt úrlausnarefni í sambandi við kjarasamninga í ársbyrjun 1974. En það, sem vekur athygli í sambandi við þá samninga og þá lausn, sem menn skyldu ætla að væri til hagsbóta launþegum í sambandi við húsnæðismálin, er, að venjulegt hámarkslán úr Byggingarsjóði ríkisins, er í raun lækkað frá því, sem áður var. Þótt svo heiti, að það hækki, og fyrirheit sé gefið um hækkun þess í krónutölu úr 800 þús. í 1 millj. 60 þús. kr., þá ætti þessi hækkun að vera a. m. k. upp í 1200 þús. kr., ef fylgt væri byggingarvísitölunni og lánskjör ættu að vera jafnmikill hluti af íbúðarkostnaðarverði og var, þegar hámarkslánin voru í tíð viðreisnarstjórnar 600 þús. kr.

Ég er því þeirrar skoðunar, að þessir samningar við launþegasamtökin, hvort heldur er í skattamálum eða í húsnæðismálum, hafi ekki orðið til þess að greiða fyrir lausn kjaradeilunnar og því miður hafi seinlæti og aðgerðaleysi og kæruleysi hæstv. ríkisstj. á þessum sviðum orðið til þess, að við stöndum frammi fyrir verðbólgusamningum, sem báðir aðilar, því miður, segja, að um sé að ræða í þeim kjarasamningum, sem nýlega hafa verið undirritaðir.

Við skulum þá taka til meðferðar, hvort verið sé með brtt. okkar sjálfstæðismanna að brjóta samkomulagið við verkalýðsfélögin og ganga á bak orða ríkisstj. í þeim efnum. Hverjar eru brtt. sjálfstæðismanna? Þær eru í fyrsta lagi breytingar á tekjuskattsl., sem ganga lengra til lækkunar en þær brtt., sem frv. ríkisstj. gerir ráð fyrir. Þær eru í öðru lagi um minni hækkun á söluskatti en frv. ríkisstj. gerir ráð fyrir. Og þær eru í þriðja lagi um lækkun launaskatts. Allar þessar till. eru launþegum til hagsbóta, ýmist með þeim hætti, að þær færa launþegum beinlínis fleiri krónur í vasa þeirra, spara þeim útgjöld eða gera atvinnuvegunum kleift að standa undir launakostnaði vegna starfsmanna sinna. Það getur því ekki verið um það að ræða, að hér sé um brot á slíku samkomulagi að ræða, þótt brtt. sjálfstæðismanna væru samþykktar.

Við sjálfstæðismenn erum þeirrar skoðunar, að hæstv. ríkisstj. hafi með þessu frv. gert tilraun til þess að afla ríkissjóði meiri tekna en tekjutap ríkissjóðs af skattalagabreyt. nemur. Við teljum, að ríkisstj. sé með einum og öðrum hætti að reyna að afla tekna, að vísu til útgjalda, sem til staðar eru, en ríkisstj. horfðist ekki í augu við við gerð fjárl. í des. s. l. Á það hefur verið minnst, að bæði ég og aðrir talsmenn stjórnarandstöðunnar hafi tíundað ýmis þau útgjöld, sem fjárlagafrv. gerði ekki ráð fyrir og samþykkt fjárlög ekki heldur. Það er alveg rétt. Við getum aðeins nefnt sem dæmi, að ef halda á núverandi stigi niðurgreiðslna á neysluvörur og núverandi stigi fjölskyldubóta, þá skortir ríkissjóð um 900 millj. kr. á árinu. Þessum niðurgreiðslum og fjölskyldubótum hefur verið haldið óbreyttum frá samþykkt fjárl., en fjárveiting er ekki til þess allt árið og á það skortir þá upphæð, er ég áðan gat um. Þótt við vekjum athygli á þessari staðreynd, viljum við sjálfstæðismenn ekki, að ríkisstj. komist upp með að afla tekna til slíkra útgjalda án þess að viðurkenna þessa útgjaldaþörf og gera till. um fjáröflun til hennar sérstaklega.

Við viljum því ekki blanda saman tekjuöflun til annarra þarfa ríkissjóðs en til að mæta því tekjutapi, sem ríkissjóður verður fyrir vegna nokkurrar linunar á beinum sköttum. Ég skal ekki fara út í það með mörgum orðum, hvernig það dæmi lítur út frá sjónarmiði okkar sjálfstæðismanna, er felst í skattkerfisfrv. ríkisstj. Deilt hefur verið um það, hvernig dæmið er, annars vegar á ársgrundvelli og hins vegar á grundvelli þess tímabils, sem eftir er af yfirstandandi ári. Ég held, hvort sem staða ríkissjóðs er skoðuð á yfirstandandi ári eða á ársgrundvelli, sé ljóst, að skattbreytingafrv. ríkisstj. gerir ráð fyrir meiri tekjuöflun en tekjutapinu nemur. Samkv. skýrslu, sem sérfræðingar ríkisstj. hafa látið fjh.- og viðskn. í té, kemur fram, að í fjárl. er tekjuskattur einstaklinga áætlaður 5864 millj. kr. samkv. fjárl., en er nú eftir breyt. ríkisstj. áætlaður 4100 millj. Munurinn er rúmlega 1700 millj. kr. Á móti er það viðurkennt, að 5% söluskattauki muni nema 4300 millj. kr. Þótt þarna komi og til athugunar 500 millj. kr. útgjaldaaukning í tekjuafslætti, sjá allir, að hér er verið að afla meiri peninga en aftur eru út látnir.

Við höfum því flutt brtt., sjálfstæðismenn, í samræmi við þá stefnu okkar, að við viljum ganga lengra í lækkun beinna skatta, við viljum, að skorin séu niður útgjöld fjárl. og við viljum þar af leiðandi ekki viðurkenna eins mikla hækkun söluskatts og frv. gerir ráð fyrir. Þótt við séum kerfisbreyt. sem slíkri meðmæltir, teljum við, að nauðsynlegt sé í því árferði, sem nú er, og því ástandi, sem við mætum hvarvetna í þjóðfélaginu, að draga úr útgjöldum ríkisins.

Ekki verður hjá því komist í tengslum við þetta mál að ræða nokkuð almennt efnahagsmálin og dýrtíðarmálin. Till. okkar um niðurskurð á útgjöldum ríkissjóðs byggist á því, að við teljum nauðsynlegt að draga úr spennunni í þjóðfélaginu. Auk þess sem fjárlög hafa þre-

faldast í tíð núv. ríkisstj., hefur fjáröflun til opinberra framkvæmda, ýmist með innlendri eða erlendri lánsfjáröflun, aukist stórlega, eða nú milli áranna 1973 og 1974 um 85%. Þá er og um að ræða stórkostlega aukningu í fjárþörf fjárfestingarlánasjóðanna, sem enn er ekki séð fyrir endann á. Allt þetta gerir að verkum, að peningaveltan í þjóðfélaginu er aukin, peningamagnið, sem í umferð er, er aukið umfram framboð á vinnu, vöru og þjónustu, og sú staðreynd er e. t. v. enn frekar til þess fallin að auka dýrtíðina en þeir kjarasamningar, sem nýlega hafa verið gerðir.

Sem dæmi um þróun mála má geta þess, að í þeirri endurskoðuðu áætlun um fjárhag ríkissjóðs, sem sérfræðingar ríkisstj. létu fjh.- og viðskn.-mönnum í té, er tekjuþörf ríkissjóðs talin hafa vaxið um meira en 3 milljarða kr., frá því að fjárl. voru samþykkt fyrir rúmum 2½ mánuði. Svo ör er þróun verðbólgunnar. Samt sem áður er í þessari skýrslu mjög varlega spáð um aukningu dýrtíðarinnar á þessu ári. Það er aðeins talið, að kaupgjaldsvísitalan hækki um 23% frá 1. des. s. l. til 1. des. n. k. á móti meðaltalshækkun kaupgjaldsvísitölunnar árið áður um 28%. Hér er vitaskuld um allt of lága áætlun að ræða, enda mun ríkisstj. hafa í höndum áætlun frá öðrum sérfræðingum sínum, sem gera ráð fyrir milli 40 og 50% verðhækkunum frá árslokum 1973 til ársloka 1974.

Það er enn fremur fyrirsjáanlegt, að ekki verður um minni en 8000 millj. kr. viðskiptahalla að ræða á árinu. Í síðasta mánuði hefur gjaldeyrissjóðurinn byrjað að minnka óðfluga, og nemur sú minnkun hans frá áramótum væntanlega töluvert á annan milljarð kr. Því má búast við stórfelldri aukningu erlendra skulda á yfirstandandi ári, um 4—5 þús. millj. kr. til viðbótar þeim 21 milljarði kr., sem erlendar skuldir námu um síðustu áramót, en þær höfðu þá tvöfaldast í tíð núv. ríkisstj.

Þegar á það er svo litið, að 1. júní n. k. stöndum við frammi fyrir ákvörðun nýs fiskverðs, þar sem taka verður með í reikninginn nýgerða kjarasamninga, bæði að því er tekjur sjómanna snertir og tilkostnað fiskvinnslunnar, þá er útlitið ekki bjart.

Herra forseti. Ég tel eðlilegt og sjálfsagt, að þessu frv. verði vísað til n. og fjh.- og viðskn. þessarar hv. d. taki það til meðferðar. En ég sakna þess, að það liggur ekki fyrir við 1. umr. í seinni þd., hver afstaða hæstv. ríkisstj. er til frv., eins og það nú liggur fyrir, og hvað ríkisstj. ætlast fyrir um afgreiðslu þess hér í þessari d., en það á væntanlega eftir að skýrast. Ég beini þeirri áskorun til hæstv. fjmrh., að hann taki tillit til vilja þm. eins og hann hefur birst í Nd., og knýi ekki fram í þessari þd. breyt. á frv. í andstöðu við meiri hl. þm. í Nd. Og ég skora á hv. þdm. að ljá ekki slíkum fyrirætlunum lið, enda liggur það fyrir, að hæstv. ríkisstj. hefur ekki þingstyrk til þess að koma frv. fram, nema hún taki nægilegt tillit til vilja þm.

Í því sambandi vil ég aðeins gera að umtalsefni, áður en ég lýk máli mínu, að að því hefur verið fundið, að 29 þm. geti stöðvað fyrirætlun 31 þm., eins og ég hygg, að hæstv. sjútvrh. hafi komist að orði í Nd. í umr. um þetta mál. Við þessa gagnrýni hæstv. sjútvrh. er það að athuga í fyrsta lagi, að stjórnarskrá okkar gerir ráð fyrir skiptingu þingsins í tvær deildir, og þar af leiðandi gerir stjórnarskráin sjálf þá kröfu, að til þess að mál fái framgang í þingi, sé a. m. k. meiri hl. fyrir málinu í hvorri d. fyrir sig.

Í öðru lagi er rétt, að það komi hér fram, að ýmsar þær breyt., eins og ég gat um, að gerðar hefðu verið á frv. í Nd., voru gerðar með tilstyrk þm. úr stjórnarliðinu, og líkur eru því til, að þær hafi meirihluta þingfylgi. Ég vonast til þess, að hv. þdm., hvort heldur í stjórnarliði eða stjórnarandstöðu, líti á þetta mál, lækkun beinna skatta, sem mestu máli skiptir í þessu frv., þeim augum, að nauðsynlegt sé, að slík lækkun komist til framkvæmda, svo að þeirri skattaáþján linni, sem jókst eins og raun bar vitni við tilkomu nýrrar skattalöggjafar hæstv. ríkisstj. á þinginu 1972.

Jón Árm. Héðinsson: Herra forseti. Það er nú orðið að samkomulagi, að umr. verði heldur stuttar við 1. umr., og vildi ég fá að vita um það, hvort hæstv. fjmrh. hefur orðið að hverfa af fundi, — en þarna gengur hann aftur í fundarsalinn, svo að ég get þá beint orðum mínum strax til hans.

Mig langaði til að víkja að síðustu orðum í ræðu hans, þar sem hann gerði því skóna, að enn væri von um fylgi við upphaflegt frv. þrátt fyrir þá staðreynd, að sjálfur forsrh. lagðist á sveif með okkur í stjórnarandstöðunni í veigamiklu atriði, sem var sett inn í Nd. s. l. nótt. Ég undrast það, að hæstv. fjmrh. skuli hafa þessa bjartsýni uppi, hún er algerlega órökstudd og vonin ein, það vil ég undirstrika rækilega. Og hann gaf það í skyn ótvírætt, að fari svo, að það verði ekki fylgi í þessu efni, þá ætti að hefja baráttu með þjóðinni. Ég skil auðvitað þessi orð sem ábendingu um það, að hæstv. ríkisstj. ætli að rjúfa þing og kjósa um málið. Þá væri svolítill dugur í ráðh. Þá stæðu þeir við orð sín og sýndu, að þeir væru sannfærðir um, að þeir hefðu hér á réttu að standa, en féllu ekki fyrir því að segja: Allt eða ekkert, — eftir það, sem skeð hefur í Nd., því að frv. tók það miklum breytingum þar, að þeir verða að hugleiða stöðuna eins og hún er í dag. Hún er staðreynd í dag. Það er engin óskhyggja, hún er staðreynd. Og ef þeir trúa því ekki, þá eiga þeir eftir að reka sig á aftur í Nd. á morgun, því að mér skilst, að það sé hugmynd þeirra að fá breytingar í gegn hér í Ed. miðað við það, sem maður sér á öðrum vettvangi, og reyna á það í annað sinn í Nd., hvort slíkt gengur. En það er borin von að mínu mati.

Það er nú einu sinni svo, að verðbólgan ætlar að verða þessari hæstv. ríkisstj. gersamlega ofviða, þrátt fyrir það að staða ríkissjóðs samkv. óyggjandi mati sérfræðinga batnar að ýmsu leyti við vaxandi verðbólgu, þó að undarlegt sé. En stjórnleysið almennt er svo gífurlegt í þjóðfélaginu, að þeir ráða ekki við það, og verðbólgan verður sú þúfa, sem veltir hlassinu, hæstv. ríkisstj.

Það var á s. l. hausti, sem við þm. Alþfl. lögðum fram þáltill., sem markaði nýja stefnu í skatta-

málunum. Það var orðið tímabært að gera gagngera breyt. á skattkerfinu. Það höfðu komið fram óskir um það hjá launþegasamtökunum, að núv. skattalög væru svo þrúgandi, að þau væru óhafandi lengur, og það yrði að koma fram gagnger breyt. í þá átt. Við töldum það rétt í Alþfl. að móta hér ákveðna stefnu strax í haust, og hæstv. ríkisstj. hefur tekið í þetta frv., sem við erum að ræða hér, mikilvæg sjónarmið, sem þar voru sett fram, og það er þess vegna, sem hæstv. fjmrh. gerir sér von um það, að við fylgjum frv. í einu og öllu, en það er allt annað heldur en að geta fylgt ákveðnum þáttum í frv.

Frv. gerði ráð fyrir því, þegar það var lagt fram í Nd., að söluskattur yrði 5 stig, en það er nú borin von. Raunverulega liggur það hér fyrir, án þess að tekjutrygging sé nokkur, þó að skattalækkunin sé komin í gegn á þessu stigi. En bara til þess að gefa mönnum hugmynd um, hversu óhemjuleg verðbólgan er og hversu aukning á söluskattinum er gífurleg miðað við þessa miklu veltuaukningu, sem við sjáum, vil ég nefna það, að 1973 var febrúarsöluskatturinn 314 millj., en var skilað í des. 545 millj. kr., þ. e. a. s. aukning á árinu um 231 millj. frá skilum í febrúar til skila í des. Þetta er engin smáræðishækkun, enda kemur það fram, ef við lesum frv. eða grg. frv. og fjárlög, að í fjárl. er gert ráð fyrir og byggt á þeirri þróun, sem menn hugðu, að mundi verða, að þá gæfi 1 söluskattsstig á mánuði 630 millj. að meðaltali, en í frv. er þessi upphæð komin upp í 800 millj., eða 170 millj. kr. meiri á rúmlega tveggja mánaða tímabili. (Gripið fram í.) Jú, jú, ég var ekki búinn að ljúka máli mínu alveg. Þetta er ákveðin forsenda. Svo kemur nokkur frádráttur frá, eins og hæstv. ráðh. benti á með að grípa fram í, en þetta er ótvíræð vísbending um þá þróun, sem hér á sér stað í verðþenslu. Við getum svo deilt um það, hvort hún gefur 10—20 millj. kr. meira á mánuði eða ekki, en það er staðreynd, að það má vænta þess vel rökstutt, að í árslok verði stigið um eða yfir milljarð bókstaflega talað. Þess vegna erum við inni á því í Alþfl., að 5 stig séu ofætlun til að tryggja ríkissjóði þá tekjuöflun, sem fram kemur við lækkun eða breyt. á skattstiga, og þess vegna höfum við staðnæmst við 3½ stig.

Það er nauðsynlegt að lækka skattana. Við erum allir sammála um það. Þessi stighækkandi tekjuskattur eftir gildandi lögum frá hæstv. ríkisstj. var það mikill og það þrúgandi, að menn vildu orðið bókstaflega ekki vinna eðlilega vinnu, menn forðuðust að vinna bæði til sjós og lands umfram það, sem nauðsynlegt var og menn bókstaflega voru píndir til, vegna skattaáþjánar. Og það er staðreynd, hvað sem hæstv. ráðh. reynir að segja í því efni, að þá eru skattal. þannig, að þau eru ekki verjandi lengur undir neinum kringumstæðum. Það væri miklu skynsamlegra að meta aðstöðuna í rólegheitum og reikna með því, að 3½ stig mundu hrökkva, miðað við því miður þá þróun, sem við sjáum fram undan og ekki er samstaða um í þjóðfélaginu að hamla nægilega á móti, þrátt fyrir það að nú næst inn eða á að nást inn hækkun á víni og tóbaki fyrir utan vísitölu og einnig á þessari hugsanlegu söluskattshækkun eða skattgjaldshækkun, þannig að nú eru launþegasamtökin farin að sjá, að ekki er heilbrigt að láta þetta allt vega fullkomlega hvað á móti öðru og kynda þannig undir verðbólgubálinu. En fyrr hefðu þau eða forustumenn þeirra mátt átta sig á slíkum hlutum.

Þessi skattkerfisbreyting, sem við erum hér að ræða um, á ekki að gilda bara út þetta árið, þó að hæstv. ráðh. hafi gefið í skyn, að það geti verið hugsanleg lausn á málinu, 5 stig þannig. Ég vísa henni nú gersamlega frá (Gripið fram í.) Ja, lögin gildi aðeins út árið. Ég tel, að við eigum hér að fjalla um grundvallarskattkerfisbreyt., sem gildi meira en út árið. Málið er það viðamikið og það er samstaða hjá öllum þingfl. og launþegasamtökunum, að slík kerfisbreyt. verði gerð, sem gildi meira en í 8 eða 9 mánuði. Hún á að gilda í mörg ár. Hins vegar gaf hæstv. fjmrh. í skyn í ræðu sinni, að allir væru líka sammála um eða hefðu a. m. k. áhuga á að koma á virðisaukaskatti og tek ég undir það sjónarmið, en það er í alllangri seilingarfjarlægð og þýðir ekki að ræða það á þessu stigi málsins.

Við álítum í Alþfl., eins og síðasti ræðumaður drap á, að hér eigi að nota tækifærið til að afla ríkissjóði allmikilla tekna fram yfir beina nauðsyn, sem fælist í þessari breyt., vegna þess að staða ríkissjóðs er ekki svo slæm sem ætla mætti þrátt fyrir verðbólgu. Ég saknaði þess í framsöguræðu hæstv. ráðh., hver staða ríkissjóðs væri eftir árið 1973. E. t. v. kemur það fram við 2. umr., en það kom ekki fram núna á þessu stigi, og vitum við það ekki. Hitt vitum við, að tekjur ríkissjóðs urðu óvænt nálægt 3 milljörðum hærri en reiknað var með. Hins vegar vita allir, að útgjöld ríkissjóðs jukust verulega einnig. Hvort þessar tölur eru mjög svipaðar eða jafnar, legg ég ekki dóm á að þessu sinni.

En þrátt fyrir það er það staðreynd, að aukin verðbólga hefur fært ríkissjóði betri stöðu samkv. lauslegri áætlun, sem við höfum fengið í fjh.- og viðskn. frá hagrannsóknadeildinni og ég held rn. að nokkru leyti líka. Hins vegar má búast við því, að á vissum tímabilum ársins geti staða ríkissjóðs verið erfið. Það er ekkert nýtt, vegna þess að söluskattur skilar sér nú yfirleitt að langmestu leyti á 3 síðustu mánuðum ársins og desember-söluskattur kemur inn í jan., eins og menn vita. Verðhækkanirnar, sem dynja yfir núna, og verðbólgan er svo gífurleg, að það má búast við því, að bara verðið á landbúnaðarvörum núna þýði 25 þús. kr. útgjaldaaukningu á meðalfjölskyldu yfir árið. Og það sjá allir menn, að þetta er gersamlega stjórnlaust. Við erum því á móti því í Alþfl., að við séum að koma á ónauðsynlegri hækkun á söluskatti vegna þess fólks, sem á að njóta þess, — sem borgaði ekki beina skatta eða tekjuskatt áður. Teljum við, að ríkissjóður hafi svigrúm á öðrum vettvangi til þess að mæta þessum 500—550 millj. í útgjaldaaukningu, sem verður við þessa skattbreyt., og á ég þar við hinn neikvæða skatt. Þegar við sjáum, hver áhrif verðbólgunnar verða á lífsnauðsynjar manna, þá er nauðsynlegt að hafa þessar hækkanir söluskatts í fullkomnu lágmarki, eins og framast verður hægt. Og þegar það nálgast ⅛ af heildarveltu fyrirtækja, sem er raunar innheimtufé ríkissjóðs, þá er, eins og kom fram hjá hæstv. ráðh., freistingin orðin slík að hagnast á þessari innheimtuaðferð, að

rökrétt er að þyngja viðurlög mjög og koma því í höfn, að allur álagður söluskattur skili sér. Menn freistast til þess, þegar verðbólga er, og eru sumir nauðbeygðir til þess vegna rekstrarfjárskorts að nota allt veltufé til innkaupa á nýjum lager til að halda rekstri sínum áfram, og hér liggur gífurleg hætta í. Þegar verðbólgan er svona ör, er í vissum tilfellum a. m. k. útsala á vöru eða þjónustu ekki nægileg til að tryggja eðlilega endurnýjun á hliðstæðum efniskaupum aftur. Og þeir, sem standa í svona almennri innheimtu fyrir ríkissjóð, lenda í meiri og minni vandræðum með að skila innheimtum söluskatti. Þetta er mjög alvarlegt vandamál, þegar verðbólgan er svona gífurleg.

Það verður að koma í veg fyrir það með öllum hugsanlegum ráðum, að menn freistist til þess að nota þetta fjármagn í eigin þágu og um langan tíma, og þess vegna stend ég að því og við allir hér á Alþ. að herða viðurlög og eftirlit í þessu sambandi.

En verðhækkunin er svo gífurleg á neysluvöru, að það er ekki verjandi að áætla einu sinni einu stigi of mikið í söluskattshækkun til þess að tryggja ríkissjóði auknar tekjur umfram það, sem nauðsyn er.

Það má búast við, að allt að 40% af launahækkunni étist upp í hækkuðu verðlagi á næstu mánuðum. Þetta er önnur staðreynd, en þessar tölur hef ég frá Hagstofunni, miðað við það, sem þeir best sjá eða sá fulltrúi, sem fer með þessi mál. Þegar svo framfærslukostnaðurinn vex svo sjálfkrafa, þá er von, að launþegasamtökin vilji gera eitthvað til þess að tryggja, að launin étist ekki upp, en enn hefur ekki myndast samstaða um að koma á því kerfi, er tryggi launþegum réttan kaupmátt í þessum efnum.

Fyrir samningana í nóv. 1971 var vísitala framfærslukostnaðar 156 stig, en í febr. s. l. var hún komin upp í 242 stig, og sjá allir, hversu gífurleg verðbólgueinkenni hér eru á ferðinni. Enda er það staðreynd, að einmitt þessa dagana þurrkast búðirnar af vissum vöruflokkum: heimilistækjum, húsgögnum, svo að ekki séu nefndir bílarnir, en það mun hafa verið út af sögusögnum um gengisbreytingu, söluskattshækkun, að þau voru fluttir inn hvorki meira né minna en yfir 900 bílar í jan. s. l., en í fyrra nokkuð á þriðja hundrað. Það er eins og ég sagði hér um daginn í umr. um annað frv., að sá gamli góði málsháttur, sem var einu sinni í heiðri hafður á Íslandi: Græddur er geymdur eyrir, — hann er nú liðinn, en í staðinn er kominn: Glötuð er geymd króna.

Hitaveitugjöld hækka um 57%, rafmagn hefur hækkað um 64%, póstur og sími hefur hækkað um 100%, og nægir hvergi nærri til, hann er í gífurlegum rekstrarvandræðum og fer fram á mun meiri hækkun. Hljóðvarp og sjónvarp hækka stórkostlega um 100%, strætisvagnarnir um 35%, og svona má halda áfram að telja upp.

Ég held, að það hafi jafnvel verið meira en 35%, jafnvel nærri 40%, sem þeir hækkuðu núna um s. l. helgi, farmiðarnir með strætisvögnunum.

Við sjáum á þessu stutta yfirliti, að verðbólgan er æðisgengin og því miður hefur hæstv. ríkisstj. enga möguleika eða getu til þess að ráðast að vandanum. Þetta frv., sem hér er, leysir þann vanda alls ekki, og þrátt fyrir það, að gerðar hafa verið á því veigamiklar breyt. í Nd. í gær, er frv., eins og það liggur fyrir, ekki aðgengilegt. Við verðum að tryggja ríkissjóði einhverjar tekjur, og við í Alþfl. höfum viljað standa að 3½ stigs hækkun og lagfæringu á beinum sköttum og munum fylgja slíkri breyt. eftir. Fari svo hins vegar, að aftur komi fram tilraun til 5 stiga hækkunar, tel ég það fyrir fram vonlausa baráttu. Það er ekki nægilegt að vitna hér í ræðu, sem haldin var í haust af form. Alþfl., þar sem hann segir, að auðvitað þurfi að bæta upp tekjur ríkissjóðs. Við höfum sagt og munum standa við það að segja: króna móti krónu. Hafði hann aðrar forsendur fyrir sér í haust en ríkja í dag, en grundvallaratriðið, sem við munum standa við, er, að við viljum, að söluskatturinn nemi nákvæmlega sömu tölu og skattlækkunin gefur, og viljum þá ekki miða við 8 eða 9 mánuði, heldur að þessi kerfisbreyting gildi til frambúðar. Meðan ekki verður sýnt fram á óyggjandi, að staða ríkissjóðs sé gjörsamlega vonlaus, þýðir ekki að vera að gera því skóna, að um samstöðu um hærra prósentustig sé að ræða, og framast sem ég veit, þá er ekkert það, sem við höfum fengið í hæstv. fjh.- og viðskn., er gefur það til kynna, að rök séu fyrir hærri prósentu. Ég held mér því mjög ákveðið við það, að 3½ stig fái byr hjá okkur í Alþfl., en ekki meira.

Það hefur heyrst utan sala hér, að vilji sé sums staðar fyrir að fara að semja um jafnvel 4% og þess háttar. Svo segja aðrir, að ef talað er um að fara að breyta þessu „samkomulagi", þá fari allt úr böndunum, svo að ekki ber nú saman tóninum í vissum mönnum varðandi þetta samkomulag gagnvart launþegasamtökunum. Ég tel, að launþegasamtökin geti ekki reiðst því við einn eða neinn, þó að þau fái minni álögur en gert var ráð fyrir, þegar þetta var rætt á sínum tíma við þau, vegna þess að aðstaðan hefur breyst það mikið, að það er eðlilegt, að menn leiti að því, sem best verður séð í dag. Forsendurnar, því miður, hafa breyst það verulega, að við getum með fullum rökstuðningi sagt, að 3½ stig sé nægilegt. Frv. gerir ráð fyrir því, að 800 millj. að meðaltali náist inn í söluskatti á hvert stig á ársgrundvelli. Það gerir líka ráð fyrir, að lækkun á tekjuskatti, sem mun koma fram við skattkerfisbreyt., sé 2.7 milljarðar. Þarna er jafnvægi á milli hlutanna. Við höfnum hins vegar í Alþfl. að vera að leggja á aukaskattstig, eins og það er orðað, vegna þess að það er fyrir það fólk, sem á ekki að taka á sig auknar byrðar, alls ekki undir neinum kringumstæðum. Það er okkar grundvallarkrafa. Þess vegna getum við ekki fallist á hærri söluskatt til þess að afla þessara tekna.

Það var athyglisverð atkvgr. í Nd. s. l. nótt. Veigamiklum þáttum í frv. var breytt, og það stendur nú þannig við þessa umr., að raunverulega veit maður ekki, hvaða þróun það mun taka, nema þá að þeir setjist niður í rólegheitum, meiri hl., og geri sér grein fyrir því, hvað hægt er að fá í gegn, meti það eftir staðreyndum, sem liggja á borðinu í dag, en ekki óskhyggju. Ef á að trúa hæstv. fjmrh. svo ákveðið, að hann segi: allt eða ekkert — eins og frv. var í upphaflegri mynd, þá er það fallið. Hann lauk máli sínu með því, að þá ætti að láta málið fara til þjóðarinnar og

hefja baráttu í því sambandi. Ég óttast þá baráttu alls ekki, ekki undir neinum kringumstæðum, og væri því bara feginn, að það gerðist sem fyrst. En þora þeir að fara að heyja slíka baráttu, þótt þeir gefi það í skyn? Það er kannske ekki langt í klukkustundum talið, þangað til slíkt mun koma fram, en á meðan mun þjóðin bíða í ofvæni eftir að vita, hvort mennirnir þora að standa við eigin orð í þessum efnum sem fleiru.

Í hinum margrómaða málefnasamningi var því heitið, — en einn af stuðningsmönnum stjórnarinnar, sem þó brást á erfiðu augnabliki, sagði í gær, að óskynsamlegt hefði verið að lofa svona miklu, — en þar var því heitið, að verðbólga á Íslandi ætti ekki að vera meiri eða vera mjög litlu meiri en gerðist í nágrannalöndunum. Allir vita nú, hver reyndin hefur orðið. Og það er spá mín, að einmitt verðbólgubálið muni brenna upp hæstv. ríkisstjórn og hún heyri senn sögunni til.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 18 shlj. atkv. og til fjh.- og viðskn. með 19 shlj. atkv.

Neðri deild, 83. fundur.

Fimmtudaginn 14. mars, kl. 2 miðdegis.

Varamaður tekur þingsæti.

Forseti (Gils Guðmundsson): Mér hefur borist svo hljóðandi bréf:

„Reykjavík, 13. mars 1974.

Þar sem ég vegna veikinda mun ekki geta sótt þingfundi á næstunni, leyfi ég mér að biðja um fjarvistarleyfi og með skírskotun til 138. gr. l. um kosningar til Alþingis að óska þess, að 1. varamaður Sjálfstfl. í Norðurl. v., Eyjólfur Konráð Jónsson ritstjóri, taki sæti á Alþ. í forföllum mínum.

Gunnar Gíslason,
2. þm. Norðurl. v."

Samkv. þessu tekur Eyjólfur Konráð Jónsson ritstjóri nú sæti á Alþ. sem 2. þm. Norðurl. v., og býð ég hann velkominn til starfa.

Neyðarráðstafanir vegna jarðelda á Heimaey, frv. (þskj. 409). — Frh. 1. umr.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 23 shlj. atkv. og til fjh.- og viðskn. með 23 shlj. atkv.

Kosningar til Alþingis, frv. (þskj. 353). — 1. umr.

Forsrh. (Ólafur Jóhannesson): Herra forseti. Þetta frv. hefur gengið í gegnum Ed. og verið samþ. þar, að ég best veit shlj. og án þess að breyt. hafi þar á verið gerðar. Frv. er flutt samkv. þál., sem samþ. var á Alþ. 27. mars á fyrra ári. Sú till. til þál. var svo hljóðandi:

„Alþ. ályktar að fela ríkisstj. að leggja fyrir næsta þing till. til breytinga á kosningalögunum með það fyrir augum, að auðvelda utankjörstaðaratkvgr."

Af grg. með þáltill. og einnig umr. um hana kom glöggt fram, að það, sem fyrst og fremst var haft í huga, var að auðvelda þeim, sem dveljast erlendis, og þá fyrst og fremst íslenskum námsmönnum, að neyta kosningarréttar síns, en einnig gera þeim, sem ekki geta vegna heilsubrests ferðast til kjörstjóra, kleift að neyta kosningarréttar. Þær breyt., sem felast í þessu frv., miða að því að auðvelda þessum tveim hópum námsmönnum að neyta kosningarréttar síns, er gert með þeim hætti, að fjölgað er kjörstöðum, þar sem kjósa má utan kjörfundar. Hins vegar er ekki gert ráð fyrir því, að það verði nein breyting á kosningaathöfninni sjálfri.

Samkv. núgildandi kosningal., 63. gr. þeirra, getur utankjörstaðaratkvgr. farið fram á skrifstofu sýslumanns eða bæjarfógeta, í Reykjavík borgarfógeta; á skrifstofu sendiráðs eða útsends aðalræðismanns og svo útsends ræðismanns eða vararæðismanns Íslands eða kjörræðismanns, sem er íslenskur ríkisborgari eða af íslensku þjóðerni og mælir á íslenska tungu; á skrifstofu eða heimili hreppstjóra eða um borð í skipi í millilandasiglingum eða á fjarlægum stöðum. Eins og fram kemur, er þeim, sem vill kjósa utan kjörstaðar, samkv. þessu ætlað að koma á fund kjörstjóra á tilteknum stað. Þeim, sem ekki hafa tök á því að koma til fundar við kjörstjóra og ekki heldur geta sótt kjörfund, er því gert ómögulegt að neyta kosningarréttar síns. Þetta á að sjálfsögðu fyrst og fremst við þá, sem vegna sjúkdóms, líkamlegrar bæklunar eða af öðrum ástæðum dvelja á sjúkrahúsum eða dvalarheimilum aldraðra, en að sjálfsögðu einnig með sama hætti við þá, sem dvelja í heimahúsum, en eiga ekki heimangengt af sömu ástæðum.

Með þessu frv. er lagt til, að heimilað verði að framkvæma utankjörfundarkosningu í sjúkrahúsum og á dvalarheimilum aldraðra. Um skilgreiningu á því, hvaða stofnanir falli undir þessi heiti, vísast til laga um heilbrigðisþjónustu, nr. 56 1973, og l. um dvalarheimili aldraðra, nr. 28/1973. Í þeim kemur fram, við hvaða stofnanir hér er átt, og samkv. þessum lögum, sem vitnað var til, má enginn setja slíkar stofnanir á fót eða reka slíkar stofnanir nema með leyfi ráðh.

Eins og áður er sagt, er gert ráð fyrir, að kosningaathöfnin sjálf fari að öllu leyti fram með sama hætti og þegar kosningar fara fram í skrifstofum eða á heimakjörstöðum, hjá hreppstjóra o. s. frv. Er gert ráð fyrir því, að viðkomandi kjörstjóri, sýslumaður, bæjarfógeti, borgarfógeti eða hreppstjóri, ákveði í samráði við stjórn viðkomandi stofnunar, hvenær atkvgr. geti farið þar fram, en um þetta efni mundi dómsmrn. sjálfsagt setja nánari reglur, þ. á m. hvernig kunngera eigi kosningu í þessum stofnunum.

Eins og ég drap á áðan, eru fleiri sjúkir eða eiga erfitt um ferð til kjörstjóra en þeir, sem dvelja í sjúkrahúsum eða á dvalarheimilum aldraðra samkv. þeirri skilgreiningu, sem þar á finnst. En þetta frv. gerir samt ekki ráð fyrir því að breytt verði ákvæðum um utankjörfundaratkvgr. á þá lund, að þeir, sem í heimahúsum

dvelja, geti neytt kosningarréttar síns þar. Miðað við þær ströngu reglur um framkvæmd sjálfrar atkvgr. þykir ekki fært að heimila utankjörfundaratkvgr. í heimahúsum. Það er að vísu svo, að slík heimild var á sínum tíma sett í lög varðandi atkvgr. um sambandsslit við Dani, en það hefur ekki verið skoðun rn., að það væri rétt að hverfa að því. Það má taka fram, að það munu gilda um þetta mismunandi reglur í nágrannalöndum okkar. Í Noregi mun vera heimilt að framkvæma atkvgr. í heimahúsum. Í Danmörku hefur hins vegar verið gerð samsvarandi takmörkun og felst í þessu frv.

Íslendingum, sem dveljast erlendis við nám eða af öðrum ástæðum og eiga kosningarrétt hér, hefur á undanförnum árum fjölgað mjög, og þeir hafa verið mun dreifðari um lönd en áður var. Þess vegna er það, að þeim er í reynd í mörgum tilfellum fyrirmunað að neyta kosningarréttar síns vegna mikillar fjarlægðar við næsta kjörstjóra. En miðað við gildandi lagaákvæði getur utankjörfundaratkvgr. nú farið fram á nítján stöðum erlendis og í 10 löndum, en það er í 9 íslenskum sendiráðum og hjá einum útsendum ræðismanni, og að auki hjá 9 kjörræðismönnum, sem eru íslenskir ríkisborgarar eða af íslensku bergi brotnir og mæla á íslenska tungu. Utankjörfundaratkvgr. getur ekki farið fram hjá einum fulltrúa Íslands erlendis, fastafulltrúa Íslands hjá Friverslunarsamtökunum í Genf, en það byggist á svissneskri löggjöf.

Í þessu frv. er lagt til, að ákvæðunum um þetta efni verði breytt, og er lagt til, að felld verði niður krafan um það, að kjörræðismennirnir séu íslenskir ríkisborgarar eða af íslensku þjóðerni og mæli á íslenska tungu, en þess í stað er gert ráð fyrir því, að utanrrn. verði falið að ákveða, hverjir kjörræðismenn skuli vera kjörstjórar, og auglýsi ákvörðun sína þar um hverju sinni. Það mun vera talið svo um þessa kjörræðismenn, að þeir séu ekki skyldir til að vera við alltaf á venjulegum skrifstofutíma, og er þess vegna gert ráð fyrir því, að utanrrn. hafi samráð við viðkomandi kjörræðismann og auglýsi, hvenær geti farið fram atkvgr. hjá honum, en líklega mundi best henta, að slík atkvgr. færi fram t. d. á síðasta hálfum mánuðinum fyrir kjördag, en e. t. v. þó eitthvað mismunandi eftir fjarlægð frá Íslandi. Þar sem þessir ræðismenn flestir skilja hvorki íslenska tungu né mæla á þeirri tungu, þarf að útbúa kosningaleiðbeiningar fyrir þá, a. m. k. á einu erlendu tungumáli auk þess sem þýðing á texta þyrfti að fylgja með kjörseðlinum.

Það er álit þeirra manna, sem þetta hafa kynnt sér, að með þessari fjölgun kjörstaða, sem hér yrði komið við með þessum hætti, mundi mega leysa þau vandamál, sem upp hafa komið á undanförnum árum vegna erfiðleika þeirra, sem dvelja erlendis og ekki hafa getað neytt kosningarréttar síns vegna þess, hve langt þeir þurftu að ferðast til þess, og vegna kostnaðar, sem slíkt mundi hafa haft í för með sér.

Í þessu frv. er sem sagt ekki um neins konar allsherjar endurskoðun á kosningalögum eða jafnvel ákvæði kosningal. um utankjörstaðaatkv. að ræða, heldur beinast ákvæði frv. að og eru einskorðuð við þau atriði, sem sérstaklega var miðað við í þeirri þáltill., sem ég drap á í upphafi míns máls. Er talið, að með þessu sé gerð sú tilslökun á þeim ströngu kröfum, sem annars hafa gilt í þessum efnum, og greitt fyrir þeim, sem eiga að hafa möguleika á því að neyta kosningarréttar síns, án þess þó jafnframt að slakað sé svo á í þessu efni, að það sé nokkur hætta á misnotkun. Auðvitað eru hugsanlegar fleiri leiðir í þessu sambandi. En það er ekki hægt að segja annað en sumum þeirra getur e. t. v. verið samfara einhver hætta á misnotkun. Hitt getur svo vel verið, að það sé ástæða til þess að skoða fleiri ákvæði í kosningalögum og láta fara fram á þeim allsherjarendurskoðun, en það hefur sem sagt ekki verið gert með þessu frv. Það hefur hins vegar verið hugsunin, að þetta frv. gæti náð afgreiðslu á þessu þingi og svo tímanlega, að það gæti komið til framkvæmda við þær kosningar, sem fram fara nú í vor. Þess vegna er það tilmæli mín til þeirrar hv. n., sem fær þetta frv. til meðferðar, að hún hraði afgreiðslu þess, eftir því sem hún telur föng á.

Ég vil svo, herra forseti, ekki fara um þetta frv. fleiri orðum. Ég held, að það skýri sig alveg sjálft og sú grg., sem því fylgir, og ég þurfi ekki að hafa fleiri orð því til útskýringar, en leyfi mér að leggja til, að því verði að lokinni þessari umr. vísað til 2. umr. og hv. allshn.

Vilhjálmur Hjálmarsson: Herra forseti. Ég vil leyfa mér að láta í ljós ánægju mína yfir því, að þetta mál er komið á þennan rekspöl. Ég átti þátt í því á síðasta þingi að flytja þáltill. um þetta efni. Annars kom ég ekki upp í ræðustólinn til þess að segja þessi orð, heldur er það eitt atriði í kosningal., sem mig langar til þess að vekja sérstaka athygli á, áður en þetta mál fer til nefndar. Það er í sambandi við kosningu utan kjörfundar einnig. Það er nefnilega þannig, að kosning utan kjörfundar er, að því er kjósandann varðar, töluvert vandmeðfarnari en kosning á kjörstað. Utan kjörfundar þarf kjósandinn að skrifa bókstafinn, en við kosningu á kjörstað nægir að setja kross framan við bókstaf þess lista, sem kjósa skal. Ég hef það fyrir satt, að af ógildum seðlum í Austurlandskjördæmi við talningar á undanförnum árum hafi langflestir ógildu seðlarnir verið úr kosningu utan kjörfundar. Ég hef ekki nákvæmar tölur við þetta, en í mín eyru hefur verið giskað á, að 80 til 90% af ógildum seðlum séu þannig til komnir og þá langoftast af þeirri ástæðu, að stafurinn er ógreinilegur. Það er t. d. erfitt að þekkja sundur B og D á þessum ógreinilegu seðlum. Ég veit, að a. m. k. þar hefur aldrei neitt nálgast, að slíkir vafaseðlar, sem dæmdir hafa verið ógildir, hafi getað skipt sköpum við úrslit. En ef það kynni að koma upp á, sem auðvitað getur vel orðið hvar sem er á landinu, þá kynni málið að vandast og verða alvarlegra en það er, þegar þetta er ekkert nálægt mörkunum og þegar kjörstjórn kemur sér saman um það, gerir það með góðu samkomulagi að ógilda alla þá seðla, sem ekki eru fullkomlega greinilega merktir.

Nú er það svo einmitt með kjósendur, sem kjósa utan kjörfundar, að oft er það aldrað fólk

eða sjúkt, væntanlega vex þátttaka þess í utankjörfundaratkvgr. við breyt. Stundum framkvæma menn þessa kosningu í flýti, kannske þegar þeir eru á leið í lengra ferðalag, koma við hjá kjörstjóra o. s. frv.

Ég vil þess vegna leyfa mér að beina því til hv. n., sem fær þetta mál til meðferðar, að hún skoði vandlega 45. gr., sem fjallar um kjörgögn utankjörstaðafundaratkvgr. og hugi að því alveg sérstaklega, hvort ekki væri hægt að breyta formi þessara kjörgagna til hagræðingar fyrir kjósendur, sem kjósa utan kjörfundar. En eins og ég sagði áðan, fjölgar þeim væntanlega töluvert við þá hagræðingu, sem felst í þessu frv., sem væntanlega verður að lögum, og til hagræðis fyrir kjörstjórnir, sem vinna að talningu, því að það er allt annað að sjálfsögðu að meta krossinn heldur en þurfa að meta bókstafinn, misjafnlega greinilega skrifaðan. Ég skal ekkert fullyrða um, að þetta sé framkvæmanlegt, en ég vil biðja hv. n. að taka þetta til sérstakrar athugunar.

Svava Jakobsdóttir: Herra forseti. Ég vil fyrst lýsa ánægju minni yfir því, að þetta frv hefur verið lagt fram og að það hefur hlotið þá afgreiðslu í Ed., sem raun ber vitni, og vil ég þakka hæstv. dómsmrh. fyrir svo skjóta framkvæmd þáltill.

Eins og menn e. t. v. rekur minni til, var lagt kapp á, að frv. af þessu tagi yrði afgreitt á þessu þingi, þannig að það gæti verið búið að rýmka ákvæðin um utankjörfundaratkvgr. fyrir þær sveitarstjórnarkosningar, sem í hönd fara, og mun ég sem formaður allshn. leggja kapp á, að svo megi verða. Í mínum huga er enginn vafi á því, að samþykkja beri þessa breyt. Einnig þótti mér vænt um að heyra, að hæstv. dómsmrh. þótti ekki fráleitt, að skoða bæri aðrar leiðir í framtíðinni. Það voru till. uppi um enn rýmri ákvæði. Kann að vera, að óhyggilegt sé að fara út í það á þessu stigi málsins, að það þurfi frekari athugunar við.

Megingalla á því fyrirkomulagi, sem liggur fyrir nú, tel ég vera þann, að það er algerlega á valdi utanrrn., hversu margir kjörstjórarnir verða og hverjir þeir verða. En ég vildi leggja ríka áherslu á, að jafnframt öðrum sjónarmiðum, sem rn. hlýtur að hafa í huga, sé einnig tekið tillit til þess, hvar íslenskir námsmenn eru fjölmennastir. Ég vil í því sambandi sérstaklega nefna Finnland, en íslenskir námsmenn þar hafa ekki átt þess kost að greiða atkv. til þessa, og staði eins og Þrándheim í Noregi, og hlýt að treysta því að þessi sjónarmið verði höfð í huga jafnframt öðrum.

Ég hef ekki hug á að lengja þessar umr., herra forseti, en mun leggja allt kapp á, að málið fái skjóta afgreiðslu í allshn.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 23 shlj. atkv. og til allshn. með 24 shlj. atkv.

Sameining Flugfélags Íslands og Loftleiða, frv. (þskj. 46, n. 465). — 2. umr.

Hannibal Valdimarsson: Herra forseti. Um þetta mál á ekki að þurfa að hafa mörg orð. Þetta frv., sem flutt er til staðfestingar á brbl., sem gefin voru út að tilhlutan samgrn. 11. júlí s. l. sumar. Málið var lagt fram í hv. Ed. og hlaut þar afgreiðslu á þann veg, að allir nm. samgn. þeirrar d. lögðu til, að frv. yrði samþ. óbreytt. Þá var málið einnig rætt í samgn. þessarar hv. d, og varð þar einnig fullt samkomulag um að mæla með því, að frv. yrði afgr. óbreytt.

Málið fjallar um sameiningu Flugfélags Íslands h. f. og Loftleiða h. f., og efni frv. er þegar að öllu leyti komið til framkvæmda. Flugfélögin hafa verið sameinuð samkv. þeim reglum, sem hinu nýja hlutafélagi voru settar með þessum brbl., sem hér eru til staðfestingar. Forsöguna þekkja flestir hv. þm. Það höfðu farið fram samningaumleitanir um meira en eins árs skeið undir forustu samgrn. við bæði flugfélögin um, að þau sameinuðust undir einni yfirstjórn í einu félagi. Með þessu töldu allir, sem hlut áttu að máli, að flugstarfsemin í landi okkar yrði efld og yrði afstýrt áframhaldandi tjóni af samkeppni, harðri samkeppni á vissum flugleiðum, sem átt hafði sér stað á milli flugfélaganna um sinn og sýndist stefna frekar til ófarnaðar. Stjórnir beggja flugfélaganna féllust að lokum á þau samningsdrög, sem samgrn. lagði að lokum fram, og síðan voru samþykktir flugfélagsstjórnanna bornar í báðum félögunum undir hluthafafundi, og þar var einnig lagt samþykki á samningsgerðina.

Það þótti þó nauðsynlegt að setja ýmis lagaákvæði, þar sem ekki þótti falla alveg innan ramma hlutafélagalöggjafarinnar sá félagsrammi, sem nauðsynlegur þótti að áliti kunnugustu manna. Þess vegna voru þessi brbl. sett. Það var m. a. til þess að veita félögunum tryggingu gegn margsköttun og til þess að koma í veg fyrir þyngingu á skattbyrði hluthafa af eignarskatti, sem sameiningin gæti valdið og þeir hefðu alls ekki lent í, ef félögin hefðu haldið áfram sitt í hvoru lagi, og það þótti ekki sanngjarnt. Það þótti einnig mikilvægt að ganga sem allra vendilegast og tryggilegast frá því, að sameining félaganna tryggði lögformlegan starfsgrundvöll fyrir hið sameinaða nýja félag. Það voru færustu lögfræðingar, sem fóru í það af hendi beggja félaganna og af hendi rn. að kanna, hvaða nauðsynleg lagaákvæði þyrfti að setja sem frávik frá hlutafélagalöggjöfinni til þess að tryggja hinu nýja félagi eðlilegan starfsgrundvöll. Var ætlunin, að hið nýja sameinaða félag tæki til starfa 1. ágúst í sumar, og svo varð. Þess vegna var nauðsynlegt að setja þessi brbl. fyrir þann tíma, og það var gert, eins og ég áðan sagði, fyrir miðjan júlímánuð í sumar.

Samgn. þessarar d. hefur lagt til, að málið verði samþykkt, og ég hef ekki fleiri orð um það. Þetta er sem sé mál, sem er þannig vaxið, að það hefur aldrei verið ágreiningsmál og er samkomulagsmál, og efni frv. er að öllu leyti komið til framkvæmda, en formsins vegna þarf það þó staðfestingar þingsins að sjálfsögðu.

ATKVGR.

1. gr. samþ. með 23 shlj. atkv.
2.—7. gr. samþ. með 26 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 23 shlj. atkv.

Kaupstaðarréttindi til handa Seltjarnarneshreppi, frv. (þskj. 25, n. 470, frhn. 494). — 2. umr.

Frsm. (Ólafur G. Einarsson): Herra forseti. Á þskj. 470 og 494 er álit félmn. um frv. til l. um kaupstaðarréttindi til handa Seltjarnarneshreppi. Þetta frv. var flutt snemma á þessu þingi af 5. þm. í Reykjaneskjördæmi og hefur verið til ítarlegrar athugunar í hv. félmn. síðan í nóv. s. l., er það fyrst var rætt, en alls hefur það verið tekið fyrir á 8 fundum n. ásamt reyndar öðrum hliðstæðum frv., sem væntanlega fá afgreiðslu frá félmn. fljótlega. N. varð sammála um að mæla með því, að frv. yrði samþ. með þeim breyt., sem getur á þskj. 494 og ég mun skýra hér á eftir.

N. fékk á sinn fund ráðuneytisstjórann í dómsmrn., og málið var rætt ítarlega við hann, en sérstök ósk hafði komið fram við 1. umr. frá hæstv. dómsmrh. um, að dómsmrn. fengi að fylgjast með málinu. Síðar kom svo fram ósk frá hæstv. dómsmrh. þess efnis, að réttarfarsnefnd yrði sent málið til umsagnar, og varð n. að sjálfsögðu við þeirri ósk. Í sem allra stystu máli má segja, að félmn. hafi tekið fullt tillit til þeirra till., sem dómsmrn. lagði fram til breyt. á frv., svo og ábendingar réttarfarsnefndar. Má því ætla, að allir geti verið ánægðir nema e. t. v. Seltirningar, sem fá ekki óskir sínar uppfylltar að fullu. Þó hef ég ástæðu til að ætla, að þeir sætti sig mætavel við það, að málið verði afgreitt með þeim hætti, sem n. leggur til, enda fæst með því sú höfuðósk uppfyllt, að Seltjarnarneshreppur fær kaupstaðarréttindi.

Eins og ég gat um, var réttarfarsnefnd sent þetta mál til umsagnar, og í umsögn n. segir m. a., með leyfi hæstv. forseta:

„Hér á landi fara sömu menn," — þ. e. bæjarfógetar og sýslumenn, — „með dómsstörf, lögreglustjórn og umboðsstörf ýmiss konar. Sjálfsagt verður þess ekki langt að bíða, að núverandi skipan verði breytt hér á landi í það horf, að dómsstörf og umboðsstörf verði aðskilin. Verður þá að setja á stofn héraðsdómstóla utan Reykjavíkur, er taki við dómsstörfum bæjarfógeta og sýslumanna að verulegu leyti. Er það eitt af aðalverkefnum þessarar n. (þ. e. réttarfarsnefndar) að gera till. í þessu efni. Einnig er nauðsynlegt að taka til endurskoðunar núverandi mörk lögsagnarumræma, sem eru víða mjög óeðlileg miðað við staðhætti og breyttar aðstæður, t. d. í samgöngumálum. Við endurskoðun á þessu verður að hafa í huga hagsmuni þjóðarheildarinnar jafnt sem einstakra landshluta. Þess vegna telur réttarfarsn. æskilegt frá réttarfarslegu sjónarmiði, að sem allra minnstar einstakar breyt. verði gerðar á núverandi dómstóla- og lögsagnarumdæmaskipan, meðan heildarendurskoðun er ekki lokið, þar sem slíkt gæti valdið erfiðleikum við endurskipulagningu síðar. N. telur einnig óæskilegt, að umdæmi dómara og lögreglustjóra séu mjög fámenn, auk þess hefur fjölgun umdæma í för með sér veruleg útgjöld fyrir ríkissjóð. N. mælir því gegn því, að sett verði á stofn að svo stöddu ný bæjarfógeta-, sýslumanns- eða lögreglustjóraembætti."

N. hefur tekið tillit til þessara skoðana réttarfarsnefndar, og eru brtt. hennar í samræmi við þetta. En áfram segir í umsögn réttarfarsnefndar:

„Það er hins vegar utan verksviðs réttarfarsnefndar að gera till. um skipan sveitarstjórnarmála, en benda má á, að mörk lögsagnarumdæma og sveitarstjórnarumdæma þurfa ekki nauðsynlega að fara saman. Ekki virðist heldur óhjákvæmilegt að stofna bæjarfógetaembætti, þó að sveitarfélag, þar sem sýslumaður hefur ekki aðsetur, fái kaupstaðarréttindi. Slíkt yrði ákveðið í l. um viðkomandi kaupstað. Sami maður gæti verið bæjarfógeti í tveimur kaupstöðum á líkan hátt og hann getur í senn verið bæjarfógeti og sýslumaður. Mætti þá setja upp í hinum nýja kaupstað skrifstofu í tengslum við aðalskrifstofu bæjarfógetans."

Þetta var úr umsögn réttarfarsnefndar. Mér þótti rétt að lesa upp úr umsögn n., vegna þess að brtt. n. ganga beint í þessa sömu átt.

Till. þær, sem félmn. fékk frá dómsmrn., eru mótaðar af þessu sama sjónarmiði, þ. e. að ekki verði stofnað sérstakt embætti í hinum nýja kaupstað. Þarna var um tvo möguleika að ræða, og ég þarf aðeins að skýra það, hvers vegna félmn. hefur gefið út tvö álit. Fyrra álitið er á þskj. 470, en síðara álitið, framhaldsálitið, á þskj. 494 og þær till., sem þar greinir, koma í stað till. á þskj. 470. Fyrra álitið gerði ráð fyrir, að hin ýmsu embætti ríkisvaldsins í Reykjavík sinntu Seltjarnarneskaupstað eða Seltjarnarneskaupstaður fengi þjónustuna þaðan. Þetta voru till. dómsmrn., sem félmn. gerði að sínum. En það, sem varð þess valdandi, að félmn. athugaði málið að nýju, eins og segir á þskj. 494, var það, að hreppsnefnd Seltjarnarneshrepps hélt fund í gær og þar var m. a. til meðferðar bréf, sem hv. 1. þm. Reykn. hafði ritað hreppsnefndinni fyrir hönd þm. Reykn. af því tilefni, að komið hafði upp ágreiningur eða skiptar skoðanir í Seltjarnarneshreppi um það, hvort þeir ættu heldur að fá þjónustu frá embættunum í Reykjavík eða Hafnarfirði. Hreppsnefndin samþykkti einróma að óska frekar eftir þjónustu frá Hafnarfirði, og við það eru þessar till. félmn. miðaðar.

Með samþykkt þessa frv. eins og félmn. leggur til, að það verði samþ., fær Seltjarnarneskaupstaður að öllu leyti þau réttindi, sem kaupstaðir hafa samkv. sveitarstjórnarlögum, og af sjálfu leiðir einnig, að þau lög, sem kveða á um sérstök réttindi eða skyldur kaupstaða á annan veg en gilda um hreppa, eiga einnig hér við. Í því sambandi nefni ég þjónustu sjúkrasamlags, tryggingaumboð almannatrygginga o. fl. Ein meginástæðan fyrir óskum íbúa Seltjarnarness, að sveitarfélagið fái kaupstaðarréttindi, er einmitt sú, að þessi og önnur þjónusta, sem ríkið lætur íbúum bæjarfélagsins í té, færist inn í sveitarfélagið, auk þess sem sveitarfélagið öðlast meira sjálfstæði samkv. sveitarstjórnarlögum.

Ég legg áherslu á, að bæjarfógeti, þótt hann sitji í Hafnarfirði, hafi ákveðna þjónustu innan

hins nýja kaupstaðar. Ég á þar sérstaklega við, að veðmálabækur verði þar, en ekki í Hafnarfirði, enda verði skrifstofa bæjarfógeta opin þar um einhvern tiltekinn tíma í viku hverri.

Ég þarf ekki að hafa miklu fleiri orð um þetta mál. Ég vil aðeins undirstrika, að hér er farið inn á nokkuð nýja braut, sem snertir réttarstöðu sveitarfélaganna og þó kannske sérstaklega skipan dómsvaldsins, án þess að nokkru sé haggað við lögum um það efni. Það er viðurkennt, að stofnun nýs bæjarfógetaembættis þarf ekki nauðsynlega að fara saman við öflun kaupstaðarréttinda, eins og áður hefur verið reglan. Þau mörgu frv., sem lögð hafa verið fram á þessu þingi um kaupstaðarréttinndi fyrir ýmis sveitarfélög, vekja menn einnig til umhugsunar um nauðsyn þess, að hraðað verði endurskoðun á umdæmaskiptingu landsins yfirleitt, skipan dómsvaldsins o. fl. og ekki síst réttarstöðu sveitarfélaganna.

Ég hef áður látið í ljós þá skoðun, að öll sveitarfélög, hvort sem um er að ræða í dreifbýli eða þéttbýli, ættu að hafa sömu réttarstöðu. Við búum nú við stjórnkerfi, sem hefur orðið til við allt aðra þjóðfélagshætti en nú eru og er af skiljanlegum ástæðum að ýmsu leyti orðið úrelt. En þótt heildarendurskoðun hafi ekki farið fram og jafnvel þótt hún standi yfir, þá er ekki ástæða til að standa í vegi fyrir úrbótum, sem útlátalaust er að láta í té. Ég segi þetta vegna þess, að þær raddir hafa heyrst, að ástæðulaust væri að samþykkja þetta frv. eða önnur hliðstæð á þessu þingi, heldur bíða eftir nefndri endurskoðun. Á þetta fellst ég ekki, einfaldlega vegna þess, að það er ekki hægt að benda á, að neinu sé spillt eða komið verði í veg fyrir frekari umbætur með samþykkt þessara frv. — Þetta er útlátalaust fyrir ríkissjóð og eindreginn vilji íbúa þessa uppvaxandi sveitarfélags og annarra þeirra, sem farið hafa fram á hliðstæð réttindi. Ég vonast því til, að frv. með þeim breyt., sem getur á þskj. 494, fái greiða leið í gegnum hv. þd.

Sverrir Hermannsson: Herra forseti. Ég hef út af fyrir sig ekkert að athuga við þetta frv., sem hér liggur fyrir nema það, að ég hélt, að þetta mál þyrfti að skoðast allt í heild. Er það rétt munað hjá mér, að Eskifjörður, Dalvík, Bolungarvík, Grindavík og enn fleiri kauptún hafi sótt um þessi réttindi? Aðalatriðið og málafylgjan hjá hv. 11. landsk. var sú, að það væri búið að flytja lögregluvaldið til Reykjavíkur. Þá er spurning, hvort það væri ekki athugandi að gera þessa hosu á Reykjavík að bæjarlandi þar, sem hún á landfræðilega séð eðlilegan hlut að. Ég vil benda á, að ef það eru rök fyrir því að gera Seltjarnarnes að sérstöku bæjarfélagi, að það sparist löggjafarvald og ekki þurfi að skipa sérstakan bæjarfógeta, þá vill svo til og það mál er að vísu fyrir Ed., að Eskifjörður er þannig staðsettur, að hann hefur sýslumann búsettan þar, þannig að þar þarf engu að breyta né heldur að auka kostnað í neinu falli.

Ég endurtek það, að því fer fjarri, að ég hafi neitt á móti því, að Seltjarnarnes verði gert að kaupstað. En ég veit, að þetta er mjög vandasamt mál í heild tekið, og ég verð að segja, að ég er ofurlítið undrandi yfir því, að þetta skuli skyndilega vera slitið úr því samhengi, sem það hlýtur að vera í við þau önnur sveitarfélög, sem um þetta sækja. Ég fæ ekki séð, að Seltjarnarnes hafi neina brýnni nauðsyn fyrir þessi réttindi heldur en þau önnur byggðarlög, sem um það hafa sótt. Fyrir því er það, að ég er ekki reiðubúinn til þess að ljá þessu máli fylgi mitt.

Ég þóttist heyra það í fyrri umr., að þetta mál ætti að skoða í heild, og ég vænti þess, að fundin verði niðurstaða, áður en slík fyrirmynd verður gerð eins og lagt er til með þessum hætti. Og ég vil nú spyrja hv. frsm., hv. 11. landsk.: Voru ekki fleiri mál fyrir Nd. um kaupstaðarréttindi, og hvað er í fréttum af þeim? Hvað á að þýða að taka allt í einu þetta mál sérstaklega út úr, þar sem þetta er stórvandamál, sem við þurfum að rannsaka í heild? Er þetta að skáskjóta máli í gegn?

Stefán Valgeirsson: Herra forseti. Ég verð að taka undir við hv. síðasta þm., að mér finnst þetta dálítið einkennileg vinnubrögð. Ég á sæti í félmn., en ég var ekki boðaður á þann fund, sem þetta mál var afgr. á. Ég vissi ekki betur, — ég er þá eitthvað farinn að sljóvgast, — en það hafi verið gengið þannig frá þessu, þegar við sendum þetta til réttarfarsnefndar, að við skoðuðum þetta mál allt saman í heild. Nú hefur það verið gert, og það kemur umsögn frá réttarfarsnefnd, sem mér skilst, að hafi verið neikvæð og þar var lagt til, að ekki neitt af þessu yrði samþ. En hvernig sem þessi mál yrðu afgreidd öll, átti að líta á málið í heild. (Gripið fram í.) Ja, það þykir mér dálítið einkennilegt. Hvers vegna er þá þetta mál tekið hér út úr? Hvers vegna?

Ég vil nú vænta þess, að þetta mál nái ekki fram að ganga öðruvísi en hin málin séu skoðuð og þau verði samferða, en ekki höfð þessi vinnubrögð.

Ég ætla að endurtaka, að þetta er vandamál, og það er ekki neitt sérstakt fyrir Seltjarnarnes, það er ekki frekar réttlætismál, að þeir fái þessi réttindi, ef aðrir eiga ekki að fá þau. Og þar sem ég átti ekki kost á því að fjalla um þetta mál í n., var ekki boðaður á fundinn, óska ég eftir því, að þessu máli verði frestað og málin tekin öll fyrir og rædd og við komumst að niðurstöðu.

Hannibal Valdimarsson: Herra forseti. Það gleður mig að heyra, að hv. þm., sem síðast talaði, virðist nú vera búinn að fá áhuga á því máli, sem hann er 1. flm. að, en þegar hann seinast tók þátt í umr. um þetta mál, virtist mér hann vera orðinn andstæðingur þess, að málið yrði afgr. Það er ágætt að taka sinnaskiptum, og ég lasta það síst af öllu.

Um það, að hann hafi ekki verið boðaður á fund n. síðast, þá stendur það nú þannig, að í félmn. eru fastir fundardagar, og það hefur öllum verið gert kunnugt, að fundir þar eru á mánudögum kl. 11, og þarf ekki að tyggja það í menn í hvert einasta skipti, að ég vona. Menn eiga það því við sjálfa sig, hvort þeir gefa sér tóm til þess að mæta á nefndarfundum eða ekki. Það hefur ekki verið haldið leyndu fyrir neinum, að þetta eru fastir fundardagar, og

þá eiga menn að mæta. (**Gripið fram í:** Var hann ekki boðaður?) Fundurinn var ekki sérstaklega boðaður. Það hefði orðið að gerast á fimmtudegi, og ef menn eru svo minnislausir, að þeir muna ekki eftir sínum föstu fundardögum, þá á ég þess ekki von, að þeir muni það fremur frá fimmtudegi til mánudags.

Það virðist eins og einhver taugaveiklun hafi gripið um sig út af því, að það mál, sem snertir kaupstaðarréttindi fyrir Seltjarnarnes, er lagt hér fram sem sjálfstætt mál. Það er líka út af fyrir sig sjálfstætt mál. En það þarf enginn að vera hræddur um, að það hafi ekki í n. verið skoðað allt í heild. Þessi frv., sem eru 5 um kaupstaðarréttindi til handa Seltjarnarneshreppi, frv. til l. um kaupstaðarréttindi fyrir Grindavík, Eskifjörð, Dalvík og Bolungarvík eða Hólshrepp, — þessi mál hafa öll verið skoðuð í einni heild í n., og það er öllum nm. kunnugt, sem þar hafa yfirleitt mætt á fundum. Málin voru, eins og hér hefur verið upplýst, send til umsagnar réttarfarsn., og það hafði borist erindi frá dómsmrn. um að fá að fylgjast með þessum málum öllum. — Þess vegna var ráðuneytisstjóri dómsmrn. kallaður á fund til þess að ræða málin öll. Þegar við höfðum svo athugað málin gaumgæfilega hvað eftir annað, kom það í ljós, að dómsmrn. var reiðubúið til að gera till. til n. um lausn allra þessara frv., og það liggur nú fyrir og það hefur einnig verið látið ganga til formanns félmn. hv. Ed., til þess að afgreiðslan yrði með sama hætti þar, að því er varðar þau tvö mál, sem þar voru borin fram, en það var um kaupstaðarréttindi til handa Eskifirði og Grindavík. Það er því tryggt, að afgreiðslan í félmn. beggja deilda verður með sama hætti, út frá sömu grundvallarsjónarmiðum. En það verður samt nokkur breyting á frá einum stað til annars eftir staðháttum og eftir því, hvernig málin liggja þar fyrir, m. a. hvort það er lögreglustjóri á staðnum eða hvort það er þar sýslumaður sitjandi, — sýslumaður, sem þá yrði bæjarfógeti í hinum nýja kaupstað. Þá eru breyt. með öðrum hætti, en til þess að fá þó sömu réttarstöðu hins nýja kaupstaðar.

Ég held því, að það sé algerlega óþarft að vera neitt hræddur um, að sé verið að taka eitt mál út úr án tillits til hinna málanna. Það hefur einmitt verið litið á þetta allt í heild, og afgreiðslan verður öll með þeim hætti, sem við á, á hverjum þessara 5 staða. T. d. að því er snertir Bolungarvík, þá er það nú orðið alveg augljóst mál, að breyt. að því er þann stað varðar verður á þann veg, að 1. gr. verður þar óbreytt í frv., eins og það var lagt fram, en 2. gr. kemur til með að verða orðuð svo:

„Lögreglustjórinn í Bolungarvík verður bæjarfógeti í Bolungarvíkurkaupstað. Hann hefur á hendi sömu störf og öðrum bæjarfógetum eru falin í sínum umdæmum og með þeim kjörum, sem þeim eru ákveðin.“

Og svo er nánast um bráðabirgðákvæði að ræða þar og líklegast í öllum frv. um, að dómsmrh. skipar fyrir um, hvernig málum þeim við embætti sýslumannsins, í þessu tilfelli í Ísafjarðarsýslu, sem varða hagsmuni í Hólshreppi og ekki eru útkljáð, þegar lög þessi öðlast gildi, skuli skipt milli sýslumannsins í Ísafjarðarsýslu og bæjarfógetans í Bolungarvíkurkaupstað. Þannig er þetta með nokkuð öðrum hætti varðandi Bolungarvíkurfrv.

Það liggja fyrir till. um öll frv. að því er snertir það, að þau séu afgreidd með sama hætti. Ég sá enga ástæðu til þess að slengja saman þessum þremur frv., sem lágu fyrir n. og okkar þd., heldur afgreiða þau hvert sem sjálfstætt frv. Það skiptir engu máli um það, hvort eitt frv. er afgreitt í dag, en hin frv. á morgun eða hinn daginn, og held ég, að engin rök liggi til þess að heimta það.

Með þessu, sem ég nú hef sagt, vil ég vona, að mönnum sé ljóst, að það er ekkert verið að ota þessu máli eða pota því fram sér, þó að hin frv. verði ekki afgreidd á sama degi. Till. um lausn þeirra allra liggja fyrir og í báðum d. með sama hætti, og vona ég þá, að mönnum verði hugarhægra.

Frsm. (Ólafur G. Einarsson): Herra forseti. Ég skil ekkert í þeirri ókyrrð, sem hefur gripið þá félaga, hv. þm. Sverri Hermannsson og Stefán Valgeirsson.

Ég þarf ekki að bæta miklu við það, sem hv. formaður félmn. sagði hér áðan. Hann hefur rakið það, að það er ekki verið að taka þetta mál út úr. En það er heldur ekkert óeðlilegt við það, þótt það frv., sem fyrst var flutt af öllum þessum frv., komi fyrst til umr. hér í d. Er nokkuð óeðlilegt við það?

Hv. þm. Sverrir Hermannsson hefur kannske ekki áttað sig á því nógu snemma, að frv., sem varðar sveitarfélagið í hans kjördæmi, er alls ekki í Nd., það er í Ed. Þm. Austf. talar um það hér í ræðustól á þingi, að Seltjarnarneshreppur ætti að sameinast Reykjavík. Hvað á þetta eiginlega að þýða? Þetta er talað alveg út í vindinn og engin ástæða til þess að ansa því. Það er ekki verið að skáskjóta hér neinu í gegn, eins og ýmsir reyna nú reyndar hér á hv. Alþ., það er ekki verið að gera það í þessu máli.

Hv. formaður n. einnig svaraði hv. þm. Stefáni Valgeirssyni varðandi fundahöldin í félmn. Það eru fastir fundartímar á mánudögum, — ekki kl. 11 að vísu, heldur kl. 9, — en ég sagði hér áðan, að þessi frv. hefðu verið rædd á 8 fundum n. Af þeim hefur hv. þm. Stefán Valgeirsson setið tvo. Það er því kannske ekki að furða, þó að honum þyki, að nú þurfi hann að fara að skoða málið, eftir að það er komið hingað til umr. og út úr n. Þessi fjarvera hv. þm. Stefáns Valgeirssonar er ekki að öllu leyti af því, að hann hafi vanrækt sínar skyldur, heldur voru tveir af þessum fundum haldnir, meðan hann sat ekki á þingi, og varamaður hans tók þá þátt í störfum n. En síðustu fundi hefur hann ekki setið, og hann hefur vafalaust sínar ástæður fyrir því.

Ég þarf ekki að bæta meiru við þetta. Það hefur verið rakið, að öll þessi frv., sem eru til meðferðar í hv. félmn. Nd., hafa verið athuguð. Það hefur verið haft samráð við ráðuneytisstjórann í dómsmrn., og hann hefur skilað sínum till. og ábendingum til n. Ég held, að það sé ekki ástæða til að ætla annað en félmn. afgreiði þessi mál á næsta fundi eða næstu fundum sínum.

Stefán Valgeirsson: Herra forseti. Ég hef ekki áttað mig á því, að hv. þm. Hannibal Valdimarsson væri nú orðinn svo gamlaður eins og hann virðist vera, því að ég fór að athuga um þessa fundi í hv. félmn. Það hefur enginn fundur verið haldinn frá 11. febr. til 11. mars, a. m. k. ekki bókaður í fundargerðabókina. Ég veit ekki, hvar þeir hafa verið bókaðir. — Ef menn eiga að finna það á sér, hvenær þessir fundir séu þá versnar nú í því. Ég er ekki svo næmur, að ég geti vitað um það, hvenær hv. formaður n., Hannibal Valdimarsson, hefur fundi. En það var enginn fundur 18. febr., enginn 25. febr. eftir fundargerðabókinni og enginn 4. mars. En svo á maður að finna það algerlega á sér, hvenær fundir eru. Ég gat ekki betur heyrt en formaðurinn væri hneykslaður yfir því, að ég skyldi ekki finna það á mér. En þetta eru staðreyndir, nema þá fundirnir hafi verið haldnir annars staðar og bókaðir í aðra bók.

Ég veit ekki betur en þegar ég var á síðasta fundi í félmn., sem ég mætti á, að þá hafi verið rætt um að afgreiða þetta mál í sambandi við kaupstaðarréttindi fyrir Seltjarnarneshrepp. Þá var n. alls ekki á því að afgreiða neitt af hinum málunum, — ekki þá. Þá óskaði ég eftir því sérstaklega að senda frv. til réttarfarsnefndar og málin yrðu skoðuð öll í heild og afgreidd þannig, og ég vil endurtaka það.

Hannibal Valdimarsson: Herra forseti. Það er að sjálfsögðu rétt, að það hafa ekki verið haldnir fundir í félmn., meðan ég var á fundi Norðurlandaráðs. Þeir hafa sjálfsagt fallið niður þá. En ég hef mætt á hverjum einasta réttum fundardegi og tilkynnti það strax á s. l. hausti, að það væru fastir fundardagar n. Og meðan mál liggja hjá n. og hún hefur sína föstu fundardaga, eiga menn að hyggja að því, þá eiga þeir að mæta, allra helst ef þeir bera einhver mál sérstaklega fyrir brjósti.

Ég mun ekki hafa getið um það, hvernig orðalag yrði á till. n. um einstaka staði, nema ég tók Bolungarvík sem dæmi áðan um þá sérstöðu, sem þar er. Síðan hef ég verið spurður um það, hvernig þetta yrði t. d. með afgreiðsluna á frv. um Dalvík. Mér er ljúft að segja frá því, till. liggja fyrir og eiga bara eftir að hljóta afgreiðslu í n. Í Dalvíkurfrv. verður 1. gr. óbreytt, en 2. gr. kemur til með að hljóða svo:

„Sýslumaður Eyjafjarðarsýslu og bæjarfógeti Akureyrar skal jafnframt vera bæjarfógeti kaupstaðarins."

Svo verður lagt til, að 3. gr. falli niður, en í 4. gr. kæmi svo sennilega sem bráðabirgðaákvæði sama og um Bolungarvík, um skiptingu þeirra mála, sem nú væru á döfinni, milli embættanna. Það liggja þannig fyrir ákveðnar till. um nákvæmt orðalag fyrir hvern stað um sig, og alveg sams konar till. liggja fyrir í hv. Ed. varðandi Eskifjörð og Grindavík, svo að ég held, að þessi mál séu í engri hættu og séu algerlega komin í höfn að öðru leyti en að eftir er það formsatriði að leggja samþykki á þetta, því að þetta hafa nm. kynnt sér allt saman, og síðan á það eftir að ganga í gegnum deildirnar til skiptis.

Ég held, að þetta geti ekki verið neitt átakamál, því að þetta er mjög eðlileg lausn, eins og á stendur. Og ég held meira að segja, að að því er snertir Dalvík og umhverfi hennar, þá verði þessi þjónusta, sem nú kemur til með að verða veitt þar öllu eðlilegri en ef sérstakur bæjarfógeti hefði komið í Dalvíkurkauptún, sem þá hefði orðið kaupstaður, en umhverfi Dalvíkur hefði orðið að sækja til bæjarfógetans á Akureyri eftir sem áður. Ég held, að n. hafi gert þarna það, sem henni bar skylda til, að hafa samráð við dómsmrn., leita umsagnar réttarfarsnefndar, og svo fannst lausn, sem var á þeim línum, sem fullnægðu hvorum tveggja þessara aðila og sýndist vera góð lausn fyrir viðkomandi sveitarfélög, sem vildu verða kaupstaðir, og þar með hægt að taka tillit til vilja heimamanna, til fólksins á þessum stöðum.

Þetta var ætlunin að upplýsa hér í sambandi við þetta mál, hvort sem menn hefðu orðið svona ókyrrir í sætum sínum eða ekki.

Karvel Pálmason: Herra forseti. Ég ætla ekki að fara að blanda mér í efnisumr. um þetta mál. Ég hygg, að menn séu almennt sammála um, að það fái framgang eins og hin, sem á eftir munu koma, að því er upplýst hefur verið. En ég get ekki stillt mig um það að segja hér aðeins örfá orð, vegna þeirra umr., sem fram hafa farið um störf í hv. félmn. Það vill svo til, að ég varð heyrnarvottur að því fyrir nokkrum dögum, að hv. 3. þm. Norðurl. e. hafði uppi allharkalega gagnrýni á störf þessarar n. og þá fyrst og fremst á formanninn fyrir það, að tiltekið mál hafði ekki verið tekið þar fyrir í langan tíma. Nú upplýsist það, að þessi hv. þm. hefur mætt á helmingi af þeim fundum, sem haldnir hafa verið í þessari n., þ. e. a. s. hann hefur getað mætt á 4 af 8. Mér þykir það skrýtið og einkennilegt, ef þeir nm. í hv. nefndum þingsins, sem bera tiltekin mál fyrir brjósti og sitja í viðkomandi n., geta ekki krafist fundar um viðkomandi mál og fengið það tekið til umr. Ég verð að segja það fyrir mig, að mér finnst ekki mikill áhugi inni fyrir hjá þessum einstaklingum, hvað sem þeir hafa á vörum, ef það er ekki í þeirra valdi að krefjast funda og fá mál tekin fyrir í n., ef ástandið er þannig, að form. tiltekinnar n. heldur ekki fundi, þannig að mér finnst þessi gagnrýni út í hött. Ef tilteknir nm. bera ákveðin mál fyrir brjósti og vilja, að þau nái fram að ganga, en þau eru ekki rædd í n. eða tekin fyrir, þá hafa þeir þann rétt hver um sig að krefjast fundar og fá málið tekið fyrir. Ef þeir gera það ekki, er slík gagnrýni eins og hér hefur komið fram frá hv. þm. Stefáni Valgeirssyni út í hött og að engu hafandi.

ATKVGR.

Brtt. 470 teknar aftur.

1. gr. samþ. með 22 shlj. atkv.

Brtt. 494,1 (ný 2. gr.) samþ. með 23 shlj. atkv.

— 494,2 (3. gr. falli niður) samþ. með 21 shlj. atkv.

4.—5. gr. (verða 3.—4. gr.) samþ. með 21 shlj. atkv.

Brtt. 494,3 (ný 6. gr., verður 5. gr.) samþ. með 21 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 22 shlj. atkv.

Happdrættislán ríkissjóðs til að fullgera Djúpveg, frv. (þskj. 73, n. 466). — 2. umr.

Frsm. (Hannibal Valdimarsson): Herra forseti Samgn. fjallaði á einum fundi um frv. um happdrættislán ríkissjóðs til þess að fullgera Djúpveg og opna þannig hringveg um Vestfirði á einum fundi og varð sammála um að mæla með því, að það yrði samþ., með tveimur breyt. þó.

Í frv., sem var flutt snemma þings, hafði verið gert ráð fyrir því, að bréfaútgáfan, sem í frv. greinir, færi fram fyrir marslok 1974, en þar sem sá tími var liðinn, þegar n. afgreiddi málið, varð fullt samkomulag um það, að þessi tímamörk yrðu sett við 15. maí. Fyrir n. lá uppdráttur af Djúpvegi, einkanlega þeim kaflanum, sem hálfgerður og ógerður er enn, en það er frá bænum Skarði við Skötufjörð og Eyri við Seyðisfjörð. Þetta er rösklega 50 km vegalengd. Á þessu vegarstæði er búið að fullundirbyggja veginn að miklum hluta og aðeins eftir að leggja á hann malarslitlag, og einnig er svo með veginn að Eyri í Seyðisfirði. Það er búið að fullgera hann þangað og fullgera hann að öðru leyti en því, að eftir er að leggja á hann slitlag að bænum Kleifum við Seyðisfjarðarbotn. Algerlega er eftir að leggja veg um 4.2 km vegalengd, eftir að fullgera nokkra tugi km, en búið þó að undirbyggja veginn að öðru leyti en að 4.2 km haft er þarna af alveg ógerðum vegi. Fyrir lá líka áætlun frá Vegamálaskrifstofunni um það, að til þess að ljúka vegagerðinni þyrfti a. m. k. rúmar 105 millj. kr. Á þessa árs vegáætlun er nokkurt fé enn til Djúpvegar, og til þess að sú skuldabréfaútgáfa, sem frv. er gert ráð fyrir, nægði til þess að fullljúka Djúpvegi, þá féllst n. á að breyta upphæðinni úr 60 í 80 millj. Á þessum nefndarfundi var fjarverandi Sverrir Hermannsson, en hann lét þau boð berast fundinum, að hann væri eindreginn fylgjandi þessa máls, og virðist mér því mega fullyrða, að n. hafi verið sammála um þessa afgreiðslu málsins, að fresturinn til bréfaútgáfunnar yrði til 15. maí og upphæðin, 60 millj., hækkaði í 80 millj. Ef hv. d. fæst til að samþykkja þetta frv. svo breytt, ættu að liggja fyrir heimildir til fjáröflunar til þess að geta lokið Djúpvegi, en sú vegagerð er búin að standa yfir hátt á annan áratug og margir orðnir langeygir eftir því, að fyrir endann sjáist, eða réttara sagt, endarnir nái saman og Djúpvegur verði opnaður til umferðar. Það er líkt með þennan veg og eins og með Miklubrautina hér í Reykjavík. Það var haft sem skrýtla eftir krakka, þegar hann var spurður, — krakkinn, — að því, hvað hann ætlaði að gera, þegar hann yrði stór. Ja, hann ætlaði að vinna í Miklubrautinni eins og hann pabbi og hann afi höfðu gert.

Djúpvegurinn hefur sem sé tekið langan tíma, og enn sér ekki fyrir endann á honum. En nú reynir á það, hvort Vestfirðingar sjálfir heima fyrir eru reiðubúnir til þess að leggja nokkuð á sig til þess að ljúka þessari vegagerð, þessari nauðsynlegu samgöngubót, bæði fyrir íbúa Norður-Ísafjarðarsýslu og Ísafjarðarkaupstaðar, sem báðir hljóta gagnsemd af þessum vegi. Það er auðvitað mikils virði fyrir Ísafjarðarkaupstað að fá vegasamband við sveitabyggðirnar við Djúp og Djúpmönnum að fá beint akvegasamband við sína aðalverslunarmiðstöð. Það stendur hvorum tveggja aðilanum fyrir þrifum, að þessi vegagerð hefur ekki orðið að veruleika fyrr.

Það er von okkar flm., — en allir Vestfjarðaþm. standa að þessu frv., — að bréfasalan gangi vel og með þessum hætti takist að útvega nokkra tugi millj. kr. til þess að geta hraðað þessari vegagerð, sem svo lengi hefur staðið yfir. Um þetta vitum við auðvitað ekki, en það er okkar von, að bæði Vestfirðingar búsettir utan heimahaganna og Vestfirðingar heima í héraði hafi áhuga á þessu máli og leggi þarna líknarlófann á, að þessu verki megi fást lokið. Algert samkomulag er sem sé um málið, og ég legg til, herra forseti, að málinu verði vísað til 3. umr., þegar þessari umr. lýkur.

Lárus Jónsson: Herra forseti. Ég vil leyfa mér að gera örlitla aths. við afgreiðslu á þessu máli. Hún er í meginatriðum sú, að þetta mál er fyrir samgn., hún hefur skilað hér um þetta mál áliti. Þetta er 67. mál þingsins, en hliðstætt mál er 22. mál þingsins, það mun liggja fyrir fjh.- og viðskn., og er það út af fyrir sig aðfinnsluvert, að algerlega hliðstæð mál skuli liggja fyrir mismunandi n. í þinginu. Ég er ekki mjög þingvanur maður, en ég held, að þetta hljóti að vera afskaplega óeðlilegur háttur og óeðlileg vinnubrögð.

Þetta mál, sem ég er að ræða um hér, er happdrættislán fyrir Norðurlandsveg og var flutt mjög snemma á þinginu, 22. mál, eins og ég segi, og það liggur fyrir allt annarri n. en þessari hv. n., sem skilaði áliti um Djúpvegarmálið.

Nú er það svo, að þetta mál um happdrættislán fyrir Norðurlandsveg er afskaplega mikilvægt, ekki aðeins fyrir Norðlendinga, heldur og fyrir Vestfirðinga og þá, sem búa á Vesturlandi, jafnvel Austfirðinga, þannig að þetta er mál, sem varðar mjög marga aðila og er mikið framfaramál. Þarna er um að ræða að afla fjár til þess að gera varanlegan veg um 200 km leið.

Ég vildi sem sagt gera aths. við þessi vinnubrögð, að þessi mál skuli liggja fyrir mismunandi n., og að svo skuli að málum staðið, að þau séu ekki tekin samtímis og á þau lagt hliðstætt mat. Ég er ekki með þessu að mæla gegn þessu frv., sem hér er til umr., síður en svo, en ég vil gera mjög alvarlega aths. við þessi vinnubrögð.

Forseti (Gils Guðmundsson): Í tilefni af ummælum hv. 5. þm. Norðurl. e. um vinnubrögð og það, að þau tvö mál, sem hann ræddi hér um, hafa farið sitt til hvorrar n., þá verð ég að taka á mig þá sök að nokkru leyti. Það er að sjálfsögðu á verksviði forseta að benda á, ef uppástungur eru um, að mál fari til n., þar sem það á ekki heima. Ég skal viðurkenna það, að ég tel, að þessi tvö mál séu svo hliðstæð, að þau hafi

átt að fara til einnar og sömu n., sem ég tel þá, að sé fjh.- og viðskn., þar sem þetta er hvort tveggja mikið fjárhagsmál. En venjan er nú sú, að forseti ber upp till. viðkomandi flm., nema því aðeins að hann telji hana óeðlilega. Hér er að vísu um samgöngumál að ræða líka, en ég játa, að það hefði verið eðlilegra, að bæði málin hefðu verið hjá einni og sömu n., og verð að taka á mig þá sök að nokkru að hafa sennilega í þessum tilvikum báðum orðið við till., sem flm. hafa flutt um n.

Vilhjálmur Hjálmarsson: Herra forseti. Ég ætlaði nú að vekja athygli hv. þdm. á því, sem þegar hefur verið bent á, að hér liggja fyrir d. tvö samkynja frv., sem lent hafa sitt til hvorrar n. Þetta er ekkert eindæmi, þó að það sé óheppilegt, þegar frv. eru algerlega eða svo til algerlega samkynja. Þetta hefur oft átt sér stað áður. Ég er ekki að segja, að það sé neitt betra fyrir það, en það hefur nú þannig til tekist.

Þetta frv., sem hér er til umr., fór til samgn. Hún hefur afgreitt það, skilað nál. og mælt með þeim breyt., sem frsm. n. gerði hér grein fyrir.

Hitt frv., sem hv. 5. þm. Norðurl. e. minntist á og er frv. um happdrættislán vegna Norðurlandsvegar, fór hins vegar til fjh.- og viðskn. Sú n. hefur litið svo á, að það væri eðlilegt, að þessi mál væru skoðuð í samhengi við endurskoðun vegáætlunarinnar, sem nú stendur yfir, — öll þessi happdrættislán veganna væru skoðuð í sambandi við þá endurskoðun.

Nú vil ég síst af öllu verða til þess að torvelda vegargerð á Vestfjörðum. Það vil ég, að komi hér alveg skýrt fram. En ég teldi það samt sem áður betri hátt, að happdrættismál veganna, öll sem hér liggja fyrir, yrðu tekin til meðferðar í heild og þá, eins og ég sagði, í nokkrum tengslum við þá endurskoðun vegáætlunarinnar, sem stendur yfir og hlýtur að koma til meðferðar í Sþ. innan fárra vikna. Ég tel þess vegna, að það væri skynsamlegast að hægja nokkuð á afgreiðslu þessa máls, ef t. d. flm. og hv. samgn. gætu orðið ásátt um það, láta t. d. lokaafgreiðslu þess í d. bíða um sinn, t. d. eftir að þessari umr. væri þá lokið, og taka það svo til lokameðferðar, eftir að heildarskoðun á þessum málum hefði farið fram.

Ég vil svo láta það koma alveg skýrt fram hér, að vegna algerrar sérstöðu Vestfjarða í vegamálunum og ekki síst í sambandi við þennan veg, — hér er um að ræða að leggja bráðnauðsynlegan tengiveg, þar sem enginn vegur er fyrir, — vegna þessarar algeru sérstöðu mun ég greiða þessu frv. atkv. þrátt fyrir þær aths., sem ég hef hér látið falla um meðferð þessara mála í heild.

Hannibal Valdimarsson: Herra forseti. Það, að þessi tvö mál hafa farið sitt til hvorrar n., er, eins og hér var sagt rétt í þessu, ekkert einsdæmi. Við Vestfjarðaþm. höfum lagt til, að málið færi til samgn., og það hefur þingheimur samþ. Ég minnist þess ekki, að hv. þm., sem gerði aths. við þetta, hafi borið fram aðra uppástungu, sem hefði staðið honum opið, einkanlega þegar hann vissi um, að mál, sem hann bar fyrir brjósti, hafði farið til annarrar n., svo að þessi aths. var dálítið síðborin hjá honum, verð ég að segja.

En úr því sem komið er, held ég, að þetta mál geti aðeins með einu móti komið hinu málinu að gagni, nefnilega með því, að þetta mál verði sem allra hraðast samþykkt og rösklega. Það opnar heldur hinu málinu leið. En það að fara að leggja þetta mál á meltu með hinu, gæti orðið til þess að leggja þau bæði í eina gröf, og með því væri Norðlendingum enginn greiði gerður. Auk þess er dálitill eðlismunur á þessum tveimur málum. Djúpvegarmálið á bráðum sitt 25 ára afmæli. Vegleysur um sveitarfélögin sunnan Djúps eru búin að hrjá þetta byggðarlag, frá því að þessi vegur var tekinn á vegalög fyrir um það bil 25 árum. Það er enginn velgerningur við Vestfirðinga að leggja stein í götu þess, að þessari vegagerð verði lokið, og það veit ég, og það tók nú hv. þm. fram, að hann vildi ekki gera, og þakka ég honum það.

Þetta mál er um það að opna mjög þarfa og langþráða samgönguleið og afla fjár til þess hjá heimamönnum eða freista þess a. m. k. Þetta mál er þannig samgöngumál fyrst og fremst. Og allar upplýsingar, sem við þurfum að sækja í sambandi við afgreiðslu þessa máls, urðum við að sækja til Vegamálaskrifstofu. Rökin, sem málið hvílir á, komu þaðan, m. a. fyrir brtt., sem hér voru fluttar, byggðar á upplýsingum frá samgrn. og frá Vegamálaskrifstofunni.

Frv. um að endurbæta Norðurlandsveginn, sem er mikið nauðsynjamál, er eingöngu um fjáröflun til þess og hefur þess vegna farið á sinn rétta stað, til fjh.- og viðskn. Það eru samgöngur um Norðurlandsleiðina núna í fullum gangi, en fjárhagshliðin er óleyst: Á að gera hana að malbikuðum vegi eða olíumalarvegi? (**LárJ:** Er það ekki jafngilt samgöngumál?) Nei, það er eðlismunur á þessu, og ég vona, að hv. þm. játi það innra með sér, þó að hann geri það kannske ekki með vörunum, af því að honum finnst það ekki henta á þessari stundu. En ég álít, að það hafi verið mjög eðlilegt, að þetta samgöngumál, stærsta samgöngumál Vestfjarða í augnablikinu, Djúpvegurinn, hafi átt heima í samgn., og þaðan hefur það nú verið afgreitt. Ég vil biðja þess, að menn leggi engan stein í götu þess, því að með því mundu menn sennilega vinna Norðurlandsmálinu ógagn. Ef þetta mál er afgreitt, þá er hitt málið a. m. k. að einhverju leyti nær því að fá einnig lausn.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Efri deild, 79. fundur.

Föstudaginn 15. mars, kl. 2 miðdegis.

Vöruhappdrætti fyrir Samband ísl. berklasjúklinga, frv. (þskj. 404, n. 477).

Frsm. (Oddur Ólafsson): Herra forseti. Allshn. Ed. hefur rætt um þetta mál á fundi sínum og leggur einróma til, að frv. verði samþykkt óbreytt. Sú breyting, sem hér er um að ræða, er að fjölga hlutamiðum í vöruhappdrætti SÍBS úr

65 þús. í 75 þús. Það hefur komið í ljós á undanförnum árum, að vegna hinna mörgu umboða, sem happdrættið hefur úti um allt land, hefur það jafnvel viljað koma fyrir, að nokkur af umboðunum væru uppiskroppa með miða, og það hefur verið talið hafa áhrif á sölumöguleika happdrættisins. Hins vegar liggur það fyrir, að vegna hinna miklu verkefna, sem framundan eru hjá Sambandi ísl. berklasjúklinga, fyrst og fremst með frekari uppbyggingu vinnuheimilisins að Reykjalundi, enn fremur með starfsemi öryrkiavinnustofa hér í Reykjavík, er sambandinu þörf fyrir aukna fjármögnun og fyrir auknar tekjur. Þess vegna lítum við svo á, að það sé sjálfsagt að verða við þeirri beiðni stjórnarinnar að fjölga hlutamiðunum úr 65 og upp í 75 þús.

ATKVGR.

1. gr. samþ. með 14 shlj. atkv.
2. gr. samþ. með 15 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 15 shlj. atkv.

Umferðarlög, frv. (þskj. 364, n. 488, 482, 489). — 2. umr.

Frsm. (Björn Fr. Björnsson): Herra forseti. Um mál þetta hefur allshn. þessarar hv. d. haldið nokkra fundi. Hún hefur auk þess fengið umsagnir frá flestum, ef ekki öllum bifreiðatryggingafélögum, svo og FÍB, Félagi ísl. bifreiðaeigenda og Tryggingaeftirliti ríkisins.

Frv. fjallar um þrjú höfuðatriði:

Í fyrsta lagi, að vátryggingafjárhæðir fyrir hinar lögboðnu ábyrgðatryggingar ökutækja hækki þannig, að þær tvöfaldist. Frá 1970 hefur engin hækkun orðið á þessum vátryggingarfjárhæðum. Vegna þeirrar verðlagsþróunar, sem hefur átt sér stað frá þeim tíma til þessa dags, þykir ekki verða komist hjá þessari hækkun. 1. gr. frv. fjallar einmitt um þessar hækkuðu ábyrgðartryggingar, og n. hefur fallist á að mæla með þessu ákvæði.

Ég vil, áður en ég held lengra, aðeins minnast á þær umsagnir, sem hafa borist um 1. gr. Umsagnir aðila, sem leitað var til, hneigjast yfirleitt að því, að þetta ákvæði verði samþykkt. Einn umsagnaraðili, Tryggingaeftirlit ríkisins, hefur í umsögn sinni látið að því liggja, að þessar vátryggingarfjárhæðir, ef samþykkt væri tvöföldun frá 1970, væru allt of lágar, miðað við það tjón, sem kann að hljótast af ökutæki, sem lendir í slysi. Tryggingaeftirlitið rökstyður þessa skoðun sína allítarlega. Það verður að segja eins og er, að það er mikið rétt í þessu hjá eftirlitinu. En okkur í allshn. þótti þó að athuguðu máli rétt að halda okkur við ákvæðið í 1. gr. frv. En okkur kom til hugar, að síðar þyrfti nánar að breyta ákvæðinu og hækkaðar yrðu enn vátryggingafjárhæðir og færu þær eftir því á hverjum tíma, hvert verðgildi peninga væri, og fylgdu verðlagsþróuninni. N. sýndist þetta eðlilegt og heilbrigt framtíðaráform, en vildi ekki koma með brtt. að þessu sinni, vegna þess að það mundi tefja framgang málsins um of. Eins og hv. dm. er kunnugt, átti þessi löggjöf að koma til framkvæmda 1. mars s. l. En vegna þess að við biðum í n. eftir umsögnum og enn fremur eftir viðtölum við sérfræðinga, þá dróst nokkuð á langinn að afgreiða málið, þó að það kæmi nokkru fyrir 1. mars til n. til athugunar. — Mér þótti rétt að geta um þessa umsögn sérstaklega frá Tryggingaeftirlitinu, að því er varðar tryggingafjárhæðir.

Í 2. gr. frv. er svo gert ráð fyrir því, að tekinn verði upp nýr háttur að því er varðar fjármögnun til Umferðarráðs, þannig að vátryggingafélögum sé skylt að greiða 1½% af iðgjaldatekjum vegna lögboðinna ábyrgðartrygginga ökutækja til umferðarslysavarna, sem renni óskipt til Umferðarráðs. Um þetta ákvæði frv. ræddum við mjög í n. Sú varð niðurstaðan að lokum, að n. þótti ekki rétt að leggja þetta gjald á og hafði þá höfuðástæðu uppi, að Umferðarráð ynni ekki aðeins að slysavörnum í sambandi við bifreiðar og önnur ökutæki, heldur væri þar um nánast almennar slysavarnir að ræða, og af þeirri sök ætti ríkissjóður að greiða til Umferðarráðs það fjármagn, sem það þyrfti á hverjum tíma. Í umsögnum frá tryggingafélögunum kemur það yfirleitt fram, hjá þeim flestum, að þetta gjald eigi ekki heima á þessum stað. Eitt tryggingafélagið bendir á, að það mætti e. t. v. innheimta slíkt gjald með bensínskatti, en að öðru leyti eru þau öll á því máli, að þetta gjald, eða kostnaður við Umferðarráð eigi að greiðast úr ríkissjóði. Þannig, eins og ég sagði áður, hefur allshn. lagt til, að þessi grein falli með öllu niður.

Í 3. lagi fjallar frv. um sjálfsábyrgðarákvæði laganna. Tryggingafélögin öll eru á einu máli um það að kalla og ég held alveg, að sjálfsábyrgðin hafi leitt gott af sér og eigi að halda því ákvæði sem mest óskertu. Sum tryggingafélögin segja meira að segja, að sjálfsábyrgðarákvæðið hafi orðið að verulegu gagni. Skv. ákvæðum frv. ætti sjálfsábyrgðarfjárhæðin að hækka um 100%, þ. e. a. s. úr 7 500 kr., eins og er í dag, og upp í 15 000 kr. N. þótti þetta of hátt stökk og hefur í brtt. sínum gert ráð fyrir því, að krónufjárhæðin hækki úr 7 500 upp í 12 000 kr. eða hækki um 2‰ af vátryggingarfjárhæð, eins og hún yrði, ef frv. yrði að lögum.

Það eru þessar tvær breyt., sem n. gerir á frv., í fyrra lagi að fella niður gjaldið til Umferðarráðs og í öðru lagi, að sjálfsábyrgðin miðist við 2‰ af vátryggingarfjárhæð og yrði þá, eins og ég sagði 12 000 kr.

Ég held, að ég orðlengi ekki frekar um frv. Ég vænti þess, að okkar till. í allshn. verði vel tekið af hv. dm.

Ég sé, að hér er komin á borð dm. brtt. frá hv. þm. Eggert G. Þorsteinssyni. Brtt. lýtur að því, að eiganda dráttartækis skv. 67. gr. 1. mgr. umferðarlaga sé heimilt að kaupa tryggingu gegn endurkröfu vátryggingafélags skv. sjálfsábyrgðarákvæðum, þegar endurkrafa er sprottin af tjóni vegna dráttar á öðru ökutæki.

Hér er farið fram á nokkuð víðtæka undanþágu frá sjálfsábyrgðarákvæðinu. Við í n. ræddum um till., sem er að efni eins og þessi, og okkur kom ásamt um það, að n. sem slík gerði ekki till. í þessu efni, en einstakir nm. áskildu sér rétt til að bera fram till. eða fylgja till. að þessu leyti.

Ég held, herra forseti, að ég hafi ekki ástæðu til þess að ræða frekar um brtt. allshn., og ég er ekki að leggja það á dm., þar sem stærri mál og tímafrekari munu vera fram undan, að lesa upp umsagnir tryggingafélaganna, þó að í raun og veru séu þær margar á þá lund, að þær ættu að vekja eftirtekt og leiða til umhugsunar um vátryggingamál almennt. En það verður þá að bíða síns tíma.

Eggert G. Þorsteinsson: Herra forseti. Ég hef um sjálft aðalfrv. engu við það að bæta, sem hv. frsm. n. hefur þegar gert grein fyrir og fram kemur á þskj. 489, í brtt. n. við frv.

Ástæðan til þess, að ég stend hér upp, er aðeins vegna þeirra brtt., sem ég hef flutt á þskj. 482 og varða eitt einstakt atriði í þessu máli. En svo háttaði til á síðasta þingi, þegar sömu lög voru til umr., að erindi Sendibílstjórafélagsins Trausta kom inn við lokaafgreiðslu málsins. Þótti ekki fært þá að stöðva framgang málsins, þó að nm. þá eins og nú hefðu ekki aths. við erindi þetta að gera, og margir létu í ljós samþykkt sína á þeirri breyt., sem þar var lögð til. En það var talið, að það mundi geta torveldað framgang lagabreytinganna, sem þá voru til umr.

Ég hef þess vegna nú með sama vilja og á síðasta þingi tekið upp þessa till., þar sem hún er komin mun fyrr fram nú en þá, og kemur hún fram á þskj. 482. Ég held, að eðlilegast væri, að ég skýrði þessa brtt. mína með því bréfi, sem fylgdi beiðni umræddra aðila á síðasta þingi, og lesa það upp og hafa það sem forsendu minna till., ef til frekari skýringa mætti verða. Bréfið er dags. 9. febr. 1972 og ætti að vera, eins og ég segi, til skýringar á þeirri brtt., sem ég flyt á þskj. 482 og hafði, þó að n. flytji ekki till., að því er ég best veit og tel mig ekki halla réttu máli, fulla samúð í n., þótt ekki væri talið rétt, að n. sem slík flytti hana. A. m. k. var engum andmælum gegn henni hreyft í n. Umrætt bréf er svo hljóðandi, með leyfi hæstv. forseta:

„Til meðferðar hjá yður er nú frv. til l. um staðfestingu á brbl. um breyt. á umferðarl., nr. 40 frá 1968, er út voru gefin 11. jan. s. l. Aðalefni þessara brbl. er að leggja þá kvöð á féþótaskyldan eiganda ökutækis, að hann taki sjálfur þátt í greiðslu tjónbóta að nokkru leyti með því að endurgreiða viðkomandi vátryggingafélagi kr. 7 500, sem þá var um beðið, af hverju tjóni, er félagið bætir fyrir hann. Jafnframt banna brbl., að keypt sé trygging gegn endurkröfu vátryggingafélaganna.

Sendibílstjórar hafa um margra ára skeið veitt mörgum þá þjónustu að draga bíla þeirra í gang, þegar kalt er að vetrarlagi, svo og látið í té aðra dráttaraðstoð, þegar á þarf að halda. Er hér um að tefla varanlegan þátt í atvinnustarfsemi sendibílstjóra og jafnframt nauðsynlegan í þjónustu við almenning. Þegar bifreið dregur aðra bifreið, er sérstök slysahætta fyrir hendi. Eiga sér þá stundum stað óhöpp, sem oftast er hægt að rekja til óvarkárni eða mistaka þess, sem situr undir stýri þeirrar bifreiðar, sem dregin er. En í slíkum tilfellum lendir öll ábyrgðin á eiganda dráttartækisins, þ. e. sendiferðabifreiðarinnar, því að í 67. gr. umferðarlaga stendur: „Ef vélknúið skrásetningarskylt ökutæki dregur annað tæki og tjón hlýst af, er eigandi dráttartækisins ábyrgur.“

Af framangreindu má ljóst vera, að brbl. koma illa við sendibílstjóra og þá um leið aðra þá, er þessa starfsemi inna af hendi. Er þetta mál svo alvarlegt í þeirra augum, að þeir munu, ef eigi fæst breyting á, hætta með öllu þeirri þjónustu að draga bifreiðar vegna þeirrar sérstöku áhættu, sem þessum störfum fylgir. Sendibílstjórar treysta sér ekki til að halda þessari starfsemi áfram við þær aðstæður að eiga yfir höfði sér margar endurheimtukröfur vátryggingafélaga.

Það er eindregin ósk félags okkar, að hæstv. allshn. beiti sér fyrir nauðsynlegri breytingu á frv., er bæti úr þeim misferlun, sem rakin er hér að framan. Sennilega væri einfaldast að gera þetta á þann hátt að heimila sendibílstjórum og öðrum, sem atvinnu hafa af því að draga ökutæki, að kaupa tryggingu gegn engurkröfu vátryggingafélags í þeim tilvikum einum, þegar ábyrgð er á þá lögð sem eigendur dráttartækis.“

Þetta er það erindi, sem fyrir allshn. lá, þegar umrædd lög voru síðast til umr., og í framhaldi af því hef ég flutt þá brtt., sem birtist á þskj. 482, þar sem mér er fullljóst og veit það með vissu frá stjórn hlutaðeigandi aðila, að ef ekki fæst þessi sjálfsagða leiðrétting á, þá muni þeir draga að sér höndina, svo að ekki sé meira sagt, eða hætta með öllu þessari nauðsynlegu þjónustu. Við þekkjum þetta ósköp vel í okkar misjöfnu veðráttu, og flest okkar höfum kannske þurft að grípa til þess að kaupa þessa nauðsynlegu þjónustu. Ef henni verður hætt, er meiri vá fyrir dyrum en þó að umrædd breyt. sé gerð á l. Brtt. fjallar um það eitt, að umræddum aðilum sé heimilt að kaupa sér endurtryggingu á slíkum akstri eða þeirri þjónustu, sem hér er um að ræða.

Ég treysti því, að hv. þd. sé sama sinnis og þeir, sem ræddu um málið í n., svo að umrædd till. mín verði samþykkt.

Halldór Blöndal: Herra forseti. Eins og fram kom í ræðu hv. 2. þm. Sunnl., er ekki samstaða um það innan n., að samþykkja 1½% nýjan skatt af iðgjaldagreiðslum bifreiðaeigenda til þess að rísa undir starfi Umferðarráðs. Ástæðan fyrir því er að sjálfsögðu sú, að það var ekki talin nægileg ástæða til þess að leggja á nýjan skattstofn, miklu eðlilegra væri hitt, að undir störfum Umferðarráðs væri staðið með sameiginlegum sjóði þjóðarinnar og gert ráð fyrir því á fjárlögum. Hins vegar er ástæða til að átelja það og lýsa óánægju sinni yfir því, að afgreiðsla fjárlaga skyldi hafa orðið með þeim hætti, að Umferðarráð verði óstarfhæft á þessu ári, eins og fram hefur komið, vegna þess að ónóg framlög hafa til þess runnið. Eins og kunnugt er, hefur Umferðarráð með höndum umfangsmikla kynningar- og fræðslustarfsemi, og árangur hennar er að sjálfsögðu kominn undir því, að því takist að standa að slíkri starfsemi með eðlilegum hætti, en sé ekki svelt, eins og nú er. Það er augljóst af því, að hæstv. dómsmrh. skuli leggja þetta til. Að hans mati eru það um 6 millj.

kr., sem þarna vantar upp á, og fæ ég ekki annað séð en það hvíli sú skylda á að reyna að bjarga þessu með öðrum hætti, þannig að starfsemi Umferðarráðs geti orðið á þessu ári eins og til er ætlast.

Eggert G. Þorsteinsson: Herra forseti. Mér hefur verið bent á það, að til samræmis við lögin væri eðlilegra, að í brtt. minni á þskj. 482 stæði í stað „eiganda dráttartækis“ o. s. frv.: eiganda skrásetts dráttartækis. Og er greinin svo óbreytt að öðru leyti. Ég geri því að skriflegri till. minni, að þessi breyting verði á umræddri brtt. minni gerð.

ATKVGR.

1. gr. samþ. með 15 shlj. atkv.
Brtt. 489, 1 (ný gr., verður 2. gr., fyrri hl.) samþ. með 15 shlj. atkv.
Brtt. 482, 1 (ný gr., verður 2. gr. síðari hl.) með leiðréttingu flm., samþ. með 15 shlj. atkv.
Brtt. 489, 2 (2. gr. falli niður) samþ. með 16 shlj. atkv.
3. gr. samþ. með 16 shlj. atkv.
Brtt. 482, 2 samþ. með 16 shlj. atkv.
— 489, 3 kom ekki til atkv.
Fyrirsögn frv., svo breytt, samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 16 shlj. atkv.

Efri deild, 80. fundur.

Föstudaginn 15. mars, kl. 2.50 miðdegis.

Jarðalög, frv. (þskj. 492, 105). — 3. umr.

Ragnar Arnalds: Herra forseti. Við 1. umr. um mál það, sem hér liggur fyrir, flutti ég brtt. við 27. gr. frv., þar sem fjallað er um eignarnám á jörðum og mat á jörðum, sem fer þá fram samkv. l. um framkvæmd eignarnáms. Brtt. var svo hljóðandi, með leyfi forseta:

„Aftan við 27. gr. komi:

Við matið skal ekki taka tillit til verðhækkunar, sem stafar af því, að skipulagt þéttbýlissvæði, sbr. 4. gr. þessara l., er byggjast upp í næsta nágrenni og veldur óvenjulegri eftirspurn eftir landi, heldur ber að miða við verðmæti einstakra eigna fjarri skipulagsskyldum þéttbýlissvæðum.“

Ég geri ráð fyrir því, að öllum hv. þm. d. sé og hafi verið ljóst, hver tilgangurinn var með flutningi þessarar till. Tilgangurinn var sá að finna úrræði til að leysa það vandamál, sem upp kemur, þegar mætist þéttbýli annars vegar og landbúnaðarsvæði hins vegar og gífurlegar verðhækkanir verða á tiltölulega fáum árum. Þegar þéttbýlið er að ganga inn á landbúnaðarhéraðið, á sér stað gífurleg verðhækkun, sem verður orsök brasks í stærri stíl en yfirleitt þekkist í sveitum landsins ella. Nýjasta dæmi um fyrirbæri af þessu tagi var að sjálfsögðu Votmúlamálið svokallaða, þar sem til stóð, að jörð yrði seld sveitarfélagi fyrir 30 millj. kr. Með till. var sem sagt að stefnt að stemma á að ósi og ráðast á vandann, þar sem hann á rót sína, þ. e. a. s. tryggja það, að við matið sé miðað við verðmæti eignarinnar sem slíkrar, eins og hún hefur verið um langan aldur og er í eðlilegum tengslum við aðrar jarðir í landinu, en að ekki sé tekið tillit til þeirrar verðhækkunar, sem raunverulega stafar af því, að þéttbýli er að rísa í næsta nágrenni.

Hv. landbn. hafði till. þessa til meðferðar, eins og aðrar till., sem snerta þetta frv., en skiladi ekki áliti um það atriði. Þó er mér kunnugt um, að ýmsir nm. hugleiddu þetta mál og ræddu það við fróða menn, lögfróða menn sérstaklega, út frá því sjónarmiði, hvort hér kynni að vera um að ræða brot á þeim ákvæðum stjórnarskrárinnar, sem snerta eignarréttinn, og fengu þau svör, að svo væri vafalaust ekki. Skerðing af þessu tagi væri tvímælalaust heimil samkv. okkar stjórnarskipunarlögum, enda væru okkar ákvæði í stjórnarskipunarlögum, þ. e. a. s. 67. gr. stjórnarskrárinnar, mjög svipuð og stjórnarskrárákvæði í nálægum löndum, sem varða eignarréttinn, og þar eru einmitt í lögum hliðstæð ákvæði, sem heimila, að eins sé tekið á málum og hér er lagt til.

Ég hef fengið ábendingu um það frá mönnum, sem eru reiðubúnir til þess að styðja brtt., að rétt kynni að vera að gera á henni lítils háttar breytingar varðandi síðustu orð till., þar sem segir, að miða beri verðmæti eignanna við verðmæti hliðstæðra eigna fjarri skipulagsskyldum þéttbýlissvæðum. Þetta finnst mönnum óheppilegt orðalag, finnst, að það sé kannske verið að að gefa í skyn, að það eigi að miða við jarðir uppi í afdölum eða einhvers staðar víðs fjarri þéttbýlisstöðum, og þess gerist í raun og veru engin nauðsyn, heldur beri að sjálfsögðu að miða við jarðir, sem eru á venjulegum stöðum. Þess vegna hef ég gert breytingu á gr. og hún er nú svo orðuð, að miðað er við verðmæti hliðstæðra eigna, þar sem þessar ástæður hafa ekki verulega áhrif til verðhækkunar.

Ég hef leyft mér að bera þessa brtt. fram með venjulegum hætti, en brtt. hefur enn ekki verið útbýtt, og ég vil því leyfa mér að leggja hana hér skriflega fram. Þetta er sem sagt brtt. við brtt. á þskj. 105 við frv. til jarðalaga um það, að gr. orðist eins og hér stendur skrifað.

Ég vil leyfa mér, herra forseti, að óska eftir því, að þessi brtt. verði borin undir atkv., ég treysti því, að þdm. veiti stuðning sinn svo sjálfsögðu málefni.

Björn Fr. Björnsson: Herra forseti. Ég tel, að brtt. hv. þm. Ragnars Arnalds stefni að nokkru í rétta átt, og svo mikið er víst, eins og hann ræddi um, að t. d. frændur vorir Norðmenn hafa eitthvað þess háttar í sinni löggjöf. En það, sem ég vildi taka hér fram, er þetta: Ég tel, að ákvæði í ætt við þessar brtt. ætti fremur heima í löggjöf, sem nauðsynlegt er að koma á, þar sem raktar eru almennar grundvallarmatsreglur, en þær vantar mjög hér. Ættu þær að falla inn í eignarnámslöggjöf, eins og mun vera hjá Norðmönnum. En ég er mótfallinn því, að slík till. komi þarna inn einnig, vegna þess að í brtt. meiri hl. landbn. kom fram, að miða ætti

við matsgerðir samkv. IX. kafla ábúðarlöggjafarinnar. Að mínu mati held ég, að ekki ólík stefna þeirri, sem er í till. hv. þm., sé þar á ferðinni. En eins og ég sagði, þá er höfuðnauðsyn að koma á löggjöf um almennar reglur við matsgerðir. Það væri mikil þörf á því, að ríkisstj. léti sem fyrst vinna að slíku frv.

Ragnar Arnalds: Herra forseti. Ábending hv. þm. Björns Fr. Björnssonar á fyllsta rétt á sér, og ég get tekið undir það með honum, að breyt. af því tagi, sem ég geri hér till. um, ætti ekki síður heima í l. um framkvæmd eignarnáms. Ég tel, að eðlilegt sé, ef í ljós kemur, að till. mín um breyt. á frv., sem hér liggur fyrir til umr. um jarðalög, nær fram að ganga, og svo reynist vera, að hún eigi fylgi þingsins, og sé raunar nauðsynlegt og sjálfsagt, að flutt verði till. um breyt. á l. um framkvæmd eignarnáms, þannig að breyting af þessu tagi eigi sér stað einnig varðandi lönd, lendur og jafnvel jarðir, sem eru innan kaupstaða, í kauptúnahreppum eða á skipulagsskyldum svæðum.

Ég viðurkenni, og öllum er að sjálfsögðu ljóst, að till. mín nær ekki til nema hluta af lendum og jörðum í landinu. Hún nær aðeins til jarða utan skipulagsskyldra svæða. Ég get hins vegar ekki fallist á það, að þó að benda megi á, að gera þyrfti hliðstæða breytingu á l. um framkvæmd eignarnáms og að breytingin ætti kannske eitthvað frekar heima þar, að þá séu það nægileg rök til þess, að ekki beri að samþykkja þessa breyt. á jarðal. Þau eru hér til umr., málið snertir þau beint, og er þess vegna eðlilegast að fá hér úr því skorið, hvort meiri hl. Alþ. er því hlynntur, að farið verði út á þá braut, sem till. gerir ráð fyrir. Ef það kemur síðan í ljós, að meiri hl. er því fylgjandi, þá liggur beint við að gera breyt. á l. um framkvæmd eignarnáms.

Frsm. minni hl. (Steinþór Gestsson): Herra forseti. Ég verð að segja það, að mér finnst það ekki með ólíkindum, þó að þessi till. sé komin hér fram. Hér liggur fyrir til umr. frv. til l., sem ég fæ ekki betur séð en að flokki eignir manna úti um land í annan flokk en eignir í þéttbýli, sem sagt, eignarrétturinn er annars fokks, þar sem ekki eru skipulagsskyldir staðir. Það er þess vegna alveg nákvæmlega í sama dúr og þessi till. hv. 4. þm. Norðl. v., sem gengur í sömu átt. Ég er andvígur frv., eins og það liggur hér fyrir, og mun greiða atkv. á móti því, og á sama hátt mun ég greiða atkv. á móti þessari till., sem hv. þm. hefur borið hér fram.

Umr. (atkvgr.) frestað).

Skattkerfisbreyting, frv. (þskj. 499, n. 505, 507 og 508, 506, 511). — 2. umr.

Of skammt var liðið frá útbýtingu nál. og brtt. — Afbrigði samþ. með 14 shlj. atkv.

Frsm. meiri hl. (Ragnar Arnalds): Herra forseti. Fjh.- og viðskn. hefur athugað og rætt frv. til l. um skattkerfisbreytingu og hefur ekki orðið sammála um afgreiðslu málsins. Útbýtt hefur verið á fundinum nál. frá 1. og 2. minnihl. fjh.- og viðskn. ásamt till., en von er á, að senn verði útbýtt nál. meiri hl. n. og þeim brtt., sem meiri hl. leggur til, að gerðar verði á frv.

Eins og öllum er kunnugt, er það meginefni þessa frv., að gerð verði skattkerfisbreyting, sem byggð er á samkomulagi, sem gert var milli ríkisstj. og verkalýðssamtakanna í sambandi við nýgerða kjarasamninga. Hér er ekki um flokkspólitískt mál að ræða. Það er óhætt að fullyrða það. Hér er um að ræða mál, sem undirbúið hefur verið af fulltrúum verkalýðshreyfingarinnar, og í þeim undirbúningi hafa menn frá öllum hinum pólitísku flokkum tekið þátt. Yfirgnæfandi meirihl. samninganefndar verkalýðshreyfingarinnar samþykkti að óska eftir því við ríkisstj., að hún beitti sér fyrir breytingum af því tagi, sem frv. þetta felur í sér, og það samþykkti ríkisstj. Hún samþykkti að beita sér fyrir því, að frv. næði fram að ganga á Alþ., sem felur að sjálfsögðu fyrst og fremst í sér að leggja frv. fyrir Alþ. og gefa því kost á að afgreiða frv.

Samkv. því samkomulagi, sem gert var, skyldi tekjuskattur einstaklinga lækka mjög verulega, en á móti skyldi koma 5% söluskattur, sem ekki yrði tekið tillit til við útreikning kaupgreiðsluvísitölu, og var jafnframt um það samið, að veittar yrðu sérstakar bætur þeim, sem ekki njóta neins hagnaðar af tekjuskattslækkuninni og yrðu ella að taka á sig söluskattshækkunina óbætta.

Í öðru lagi fólst í samkomulagi þessu, sem hér birtist í frv.-formi breyt. á tekjuöflun húsnæðismálakerfisins til þess að standa við þær skuldbindingar, sem fólust í þessu samkomulagi og voru m. a. í því fólgnar, að þriðjungur af íbúðarhúsabyggingum á árabilinu 1976—1980 verði byggingar reistar með félagslegu átaki. Til þess að kosta þetta mikla skref í framfaraátt var um það samið, að lagður yrði á 1% launaskattur.

Við meðferð þessa máls í Nd. gerðust hinir undarlegustu hlutir. Frv. tók þá ýmsum kostulegum breytingum, en að vísu bæði til góðs og ills. Í Nd. var samþ. brtt. frá sjútvrh. um aukinn frádrátt fyrir sjómenn, þegar tekjuskattur er á lagður. Þar var einnig samþ. till. frá þeim hv. þm. Karvel Pálmasyni, Gils Guðmundssyni og Þórarni Þórarinssyni um, að í reglugerð skyldi tryggja eftir föngum, að skattafsláttar njóti ekki þeir, sem skattlausir eru vegna afskrifta eða annarra hliðstæðra ástæðna. Einnig voru nokkrar breyt. samþykktar eftir till. frá hv. þm. Vilhjálmi Hjálmarssyni, sem m. a. áttu rót sína að rekja til aths., sem fram komu hjá ríkisskattstjóra.

Meiri hl. fjh.- og viðskn. er þeirrar skoðunar, að eðlilegt sé, að þessar breytingar standi áfram í frv., enda eru þær allar til hins betra. En eins og ég tók fram áðan, voru gerðar fleiri breytingar á frv. og þær frekar af hinu kostulegra tagi. Í Nd. var sem sagt samþ. að lækka tekjuskatt um 3400 millj., án þess að gert væri ráð fyrir neinni þeirri tekjuöflun á móti, sem dygði til að fylla það stóra skarð. Að vísu var samþ. heimild til handa ríkisstj. að fella niður útgjöld á fjárl., sem nemur 1500 millj., en engin tilraun var þar gerð til að benda á, hvað ætti að fella niður eða hvað ætti helst að spara. Þeir, sem að þessari breytingu stóðu, voru sem sagt reiðubúnir til stórfellds niðurskurðar á fjárl. — og ekki aðeins

fjárl., heldur einnig á öðrum l., sem kveða á um lögbundna skyldu ríkisins til útgjalda, án þess að vilja taka ábyrgð á einni einustu krónu, sem skorin yrði niður.

Þar á ofan samþykkti hv. Nd., að frumkvæði stjórnarandstöðuþm. að fella niður 1½% launaskatt, en samkv. þeim upplýsingum, sem fjh.- og viðskn. hefur fengið, táknar þessi breyting, ef að l. yrði, 450 millj. kr. tekjuskerðingu fyrir ríkissjóð á árinu 1974.

Eins og kunnugt er, hefur launaskattur runnið til tvenns konar útgjaldaþarfa. Annars vegar hefur launaskatti verið varið til að styrkja Byggingarsjóð ríkisins, sem sagt í hið almenna húsnæðislánakerfi, og hins vegar hefur launaskattur verið notaður til að kosta niðurgreiðslur á vöruverði, sem hafa haft þann megintilgang að hamla gegn verðbólguþróun í landinu.

Mér þykir einsýnt, að með þeim breyt., sem gerðar hafa verið á frv. að frumkvæði stjórnarandstöðunnar, er fyrst og fremst stefnt að tvennu. Í fyrsta lagi að svipta ríkissjóð verulegum tekjustofnum, til þess með einhverjum ráðum, að koma ríkisstj. í vanda, og í öðru lagi að minnka niðurgreiðslurnar til þess að stuðla að sem allra mestri verðbólgu í landinu, því að ekki þarf að segja neinum það, að ef niðurgreiðslur eru felldar niður, þá hækkar verð á brýnustu lífsnauðsynjum sem þessu nemur, og það mundi því hafa í för með sér talsvert verulega verðbólgu til viðbótar þeirri, sem nú á sér stað í landinu.

Ég held, að allir hv. þm. geti verið nokkuð sammála um, að það ástand, sem nú er ríkjandi í efnahagslífi þjóðarinnar, er ekki eins gott og vera þyrfti. Ekki það, að ástæða sé til að líkja því við það hörmungarástand, sem ríkti á tímum síðustu ríkisstj. Það er ekki atvinnuleysi í landinu, það er ekki landflótti héðan, og fólk lifir ekki við þá stórfelldu lífskjaraskerðingu, sem þá var ríkjandi. En það skal fúslega viðurkennt, að í landinu er fullmikil þensla í efnahagslífinu. Það ríkir skortur á vinnuafli, sem er heldur um of, og almenn umframeftirspurn, sem getur haft alvarlegar afleiðingar.

Ég hélt, að það þyrfti ekki langskólagengna hagfræðinga til að skilja svo einfalda staðreynd, sem ölum, sem eitthvað hafa velt fyrir sér efnahagsmálum, ætti að vera fullkomlega ljós, að á tímum eins og þessum væri raunverulega þörf á því, að ríkissjóður skilaði verulegum afgangi. Það væri þörf á því, að ríkissjóður gæti lagt til hliðar nokkra fjárhæð, sem tekin væri úr umferð, til þess að draga örlítið úr þeirri umframeftirspurn, sem ríkjandi er. En það er svo að sjá, að stjórnarandstaðan slái striki yfir allar röksemdir af þessu tagi, því að talsmenn hennar eru ekki aðeins á móti því, að ríkissjóður standi sléttur reikningslega séð á þessu ári, heldur verður frá þeirra sjónarmiði séð fyrir hvern mun að tryggja það, að hann komi út með verulegum halla á árinu, sem sagt, að ríkissjóður sé raunverulega að ausa út í efnahagskerfið fjármagni, sem verði þá að sjálfsögðu til þess að magna enn frekar umframeftirspurnina og þensluna, sem ríkjandi er fyrir.

Við meðferð málsins í Nd. voru gefnar upplýsingar af hálfu efnahagssérfræðinga, hvað áætla mætti, að niðurstaðan yrði um tekjur og útgjöld ríkisins á því ári, sem nú er að líða, með þeirri þróun, sem nú er fyrirsjáanleg annars vegar, og þeirri þróun, sem ekki er ólíklegt að verði í verðlagsmálum. Það voru sem sagt tveir valkostir útreiknaðir. Og án þess að vera að orðlengja frekar um þá útreikninga, sem allir hv. nm. í fjh.- og viðskn. beggja d. hafa fengið í hendur og hafa ekki getað bent á að væru rangt útreiknaðir, samkv. niðurstöðum þessara áætlana er gert ráð fyrir því, að í hinu fyrra tilviki verði um það bil 800 millj. kr. halli á ríkissjóði á þessu ári að óbreyttu, ef þetta frv. nær fram að ganga, sem hér liggur fyrir, en um 567 millj. kr. halli, ef gert er ráð fyrir eitthvað meiri hækkunum á kaupgjaldsvísitölu en nú er gert ráð fyrir að verði 1. júní n. k. Sem sagt, ef við tökum lægri töluna, þá er vitað, að ef frv., eins og það nú liggur fyrir, verður að lögum, þá er halli á ríkissjóði um 600 millj. kr.

En hv. stjórnarandstaða virðist staðráðin í því, að ríkisstj. skuli nú ekki sleppa svo glatt. Halli á ríkissjóði skal vera meiri en þessu nemur á því ári, sem nú stendur yfir. Það er því till. hennar, samkv. þeim breyt., sem hafa verið gerðar á frv. í Nd., að til viðbótar þessu verði hallinn af skattkerfisbreyt. 1900 millj., þ. e. a. s. að ríkissjóður tapi 3—400 millj. vegna lækkaðs tekjuskatts, en fái á móti 1500 millj. kr. í hugsanlega lækkuðum útgjöldum á fjárlögum. Og þá er ekki öll sagan sögð. Þar við bætist svo niðurfelling launaskatts upp á 1½ stig, þ. e. a. s. 450 millj. kr. Þegar þessar tölur hafa verið lagðar saman, er heildarniðurstaðan sú, að ríkissjóður skal koma út með 2950 millj. kr. halla á árinu 1974. Þetta er staðan, eins og hún blasir við, þegar frv. kemur frá hv. Nd. Og það er þetta, sem 1. og 2. minni hl. fjh.- og viðskn. vilja að verði að veruleika með því að leggja til, að frv. verði samþ. nær óbreytt. (Gripið fram í.) Ég skal viðurkenna það vegna þessarar ábendingar, að málið var tekið fyrir og mér var falin framsaga, áður en ég hafði fengið í hendur nál. frá 1. og 2. minni hl. fjh.- og viðskn., og má því vera, að það, sem ég nú síðast fullyrti, sé ekki nákvæmlega í samræmi við veruleikann. Það má vel vera, að till. þeirra hafi eitthvað breyst síðan þær voru kynntar á nefndarfundi í morgun. En eins og málin stóðu þá, þegar n. lauk störfum, þá boðuðu 1. og 2. minni hl. n., að það væri vilji þeirra, að frv. yrði efnislega óbreytt að lögum. Öðruvísi gat ég ekki skilið afstöðu þeirra. En ef annað er nú komið í ljós, þá ber að sjálfsögðu að fagna því, að það stefnir í rétta átt.

Ég held hins vegar, að við getum a. m. k. verið sammála um það, að frv. í þeim búningi, sem það berst hv. Ed. úr sölum Nd., er alger endileysa frá upphafi til enda, og því verður þar af leiðandi að breyta í grundvallaratriðum. Satt að segja sannaðist það æðivel í Nd., hvílíkur skortur á rökhugsun og ábyrgðartilfinningu var raunverulega ríkjandi, þegar hv. stjórnarandstaða setti saman till. sínar til breyt. á frv. og knúði þær í gegn við 2. umr. málsins, því að ekki var nóg með, að það væri þá gert ráð fyrir eins stórfelldum tekjumissi af hálfu ríkissjóðs og ég hef nú gert grein fyrir, þ. e. a. s. 2950 millj. kr., heldur var frv. hreinlega þannig, þegar það kom til 3. umr. málsins, að söluskattur var ekki nema

3½ stig. Og þar hafði því ríkissjóður verið sviptur tekjum, sem námu 7½ stigi eða 5100 millj. kr. til viðbótar því, sem ég nefndi hér áðan, þ. e. a. s. samanlagt um 8000 millj. Munu víst allir sjá, að þeir, sem þarna voru að verki, voru ekki ýkjamikið að hugsa um tölulega hlið málsins, heldur einungis það, með hvaða hætti þeir gætu komið sínum pólitísku áformum best fram.

Eins og ég hef hér rakið, þá er það vilji meiri hl. hv. fjh.- og viðskn., að frv. verði samþ., en með tilteknum breyt. Og vil ég nú víkja að þeim breytingum, sem meiri hl. n. leggur til að gerðar verði á frv. En ég vil fyrst spyrja herra forseta, hvort búið sé að úthluta nál. meiri hl.? (Gripið fram í.) Er ekki búið að því? Það er búið að úthluta álitum 1. og 2. minni hl., en því miður ekki meirihlutaálitinu enn þá, en ég skal samt reyna að gera grein fyrir till. í stuttu máli. Þær eru ósköp einfaldlega á þennan veg:

Í fyrsta lagi, að bætt verði inn í frv. ákvæði um 5% söluskattauka, eins og gert var ráð fyrir í upphaflegu frv., og að það verði þá ný grein, sem komi á eftir 7. gr. frv. og verði 8. gr.

Í öðru lagi gerir meiri hl. n. till. um það, að almennur launaskattur verði 3½% og af því renni 1½% í ríkissjóð, en ákvæði 10. gr. þessara laga eigi einungis við um hluta Byggingarsjóðs af innheimtum launaskatti. Þetta ákvæði er óbreytt eins og það kom, þegar frv. var lagt fyrir Nd., og yrði ákvæði til bráðabirgða.

Í þriðja lagi þarf í samræmi við þessa till. að taka upp að nýju ákvæði IV. kafla um, að áhrif söluskattauka komi ekki inn í kaupgreiðsluvísitöluna. Það ákvæði er efnislega samhljóða því ákvæði, sem var í frv., þegar það var fyrst lagt fyrir.

Í fjórða lagi kæmi við 18. gr. ný málsgr. svo hljóðandi: „Úr gildi falla lög nr. 61/1964, um breyt. á l. nr. 10 frá 1960, um söluskatt, svo og lög nr. 3 1970, um breyting á sömu lögum.“ Þetta er að sjálfsögðu ákvæði, sem verður að setja aftur inn til þess að forðast tvítekningu í lögunum. En þetta eru ákvæði, sem snerta söluskattinn, eins og hann var hér áður fyrr.

Í fimmta lagi er ákvæði um það, að ákvæði til bráðabirgða í IV. tölulið falli niður, en það er það ákvæði, sem kvað á um það, að skera mætti niður útgjöld ríkisins sem næmi 1500 millj. kr.

Eins og skýrt kemur fram í nál. meiri hl. fjh.- og viðskn. er meiri hl. n. ekki andvígur því, að ríkisstj. fái heimild til niðurskurðar á útgjöldum fjárl., en við teljum hins vegar, að orðalag ákvæðisins sé þess eðlis, að ekki verði við unað, því að þar er með öllu ótilgreint, á hvaða fjárlagaliðum niðurskurðurinn skuli eiga sér stað. Þar er í öðru lagi tiltekið, að þetta geti einnig náð til fjárlagaliða, sem jafnframt eru ákveðnir í öðrum l. en fjárlögum. Við getum því ekki fallist á, að bráðabirgðaákvæðið verði orðað með þessum hætti. Við erum hins vegar reiðubúnir til að hugleiða það, hvort taka ætti inn við 3. umr. málsins ákvæði af þessu tagi, og þá má að sjálfsögðu velta fyrir sér nánar, hversu víðtæk þessi heimild ætti að vera og hve há upphæðin ætti að vera. En við 2. umr. málsins virðist okkur einlægast að fella algerlega út það bráðabirgðaákvæði, sem kom inn í frv., þegar það var til umfjöllunar í Nd.

Eins og ég tók fram, hefur mér ekki gefist kostur á að lesa álit 1. og 2. minni hl. n. En við umr. um mál þetta virðist mér afstaða Sjálfstfl. og Alþfl. og hv. þm., sem hér eru fulltrúar fyrir þá flokka, hafa verið nokkuð ólík. Hv. þm. Sjálfstfl. hafa nánast neitað öllum staðreyndum í sambandi við tekjutap ríkisins, reynt að snúa út úr öllum staðreyndum málsins, sem snerta tekjur og útgjöld ríkisins, og hafa nánast ekki verið til viðræðu um eitt eða neitt í þessu sambandi, enda hefur engum dulist, hvað þar bjó að baki. Þeir hafa ekki séð neitt annað en það, að útgjöld ríkisins yrðu stórlega skorin niður, og hafa þó ekki viljað nefna einn einasta lið, sem ástæða væri til að fella niður.

Afstaða Alþfl. hefur verið talsvert ólík afstöðu Sjálfstfl., því að málflutningur Alþfl. og fulltrúa hans hefur á því byggst, að út af fyrir sig væri rétt, að tekjur ríkisins og útgjöld af þessari skattkerfisbreytingu héldust nokkuð í hendur og ekki væri þar neinn teljandi munur. Þeir hafa jafnvel viðurkennt, að ríkissjóður mundi frekar skaðast á þessum styrkjum, ef miðað væri við árið 1974. En þeir hafa hins vegar bent á, að á ársgrundvelli, þ. e. a. s. grundvelli áranna 1975 og 1976, muni ríkissjóður hagnast á þessari breytingu. Mergurinn málsins er að sjálfsögðu sá, að við, sem stöndum að þessari ríkisstj., erum Alþfl. fyllilega sammála um þetta. Um þetta ríkir enginn ágreiningur. Það er sem sagt ekki aðeins, að við séum sammála Alþfl. um það meginatriði, að frá sjónarmiði ársins 1974 kemur þetta slétt út, heldur erum við einnig sammála um það, að á ársgrundvelli, þ. e. a. s. á grundvelli áranna 1975 og 1976, er ekki ólíklegt, að ríkissjóður hagnist frekar á þessari breytingu. Við höfum því lýst því yfir margsinnis, að í fyrsta lagi gætum við hugsað okkur, — og því hefur raunar verið lofað í því samkomulagi, sem gert var, — að þegar betur sést við árslok, hvernig skattkerfisbreyt. kemur út fjárhagslega séð, þá verði breyt. gerðar annaðhvort til lækkunar á söluskattinum eða ráðstafanir til þess að bæta almenningi útgjaldaaukann beint í gegnum kaupgjaldsvísitölu. Í öðru lagi hefur það verið boðið, að breyt. gilti aðeins þetta eina ár til að byrja með, þannig að menn gætu þá verið sammála um það, hvað breyt. fæli í sér, og samþykkt það í dag, en frestað málinu að öðru leyti til áramóta, og þá gæfist mönnum tækifæri til þess að taka málið til endurskoðunar.

Bæði þessi tilboð standa að sjálfsögðu áfram. Enda þótt meiri hl. n. hafi enn ekki flutt brtt. í þá átt, að frv. gildi aðeins til áramóta, þ. e. a. s. þau ákvæði frv., sem snerta kerfisbreyt., get ég upplýst það, að af hálfu meiri hl. n. er fullur vilji til þess, að svo verði, og þess vegna verður að athuga fyrir 3. umr. málsins, hvort ekki er skynsamlegast að flytja brtt. af því tagi, þannig að frv. gildi aðeins til áramóta.

Ég hef hér sem sagt rakið, að afstaða hv. stjórnarandstæðinga til þessa máls virðist vera nokkuð ólík. Og það skal fúslega viðurkennt, að afstaða Alþfl. og sjónarmið í málinu eru talsvert ábyrgðarfyllri. En meðan málið stendur svo, að Alþfl. er ekki til viðræðu um neina samninga af þessu tagi, enda þótt fyrir liggi, að um málið er enginn ágreiningur, er ekki annað að sjá

en tilgangurinn að baki þessu framferði sé hinn sami hjá báðum aðilum, þ. e. a. s. að reyna að gera ríkisstj. allt til miska.

Ég hef orðið var við það, að hv. stjórnarandstæðingar hafa orðið fyrir miklum vonbrigðum síðustu mánuðina með það, að sú ágæta hæstv. ríkisstj., sem enn ríkir í landinu, skuli ekki vera að falli komin. Þeir höfðu spáð því í vetrarbyrjun, að ríkisstj. mundi ekki lifa þennan vetur út, og þeir hafa verið að tönglast á því í tíma og ótíma. (Gripið fram í.) Já, rétt er það. 15. mars er ekki liðinn. Og ég heyri, að hv. þm. er ekki orðinn úrkula vonar. En það hefur sem sagt ekki farið fram hjá neinum, að þrátt fyrir það, að menn reyndu að hanga í voninni, eins og ég heyri, að hv. þm. gerir enn, þá hefur gremjan farið vaxandi og vonbrigðin aukist dag frá degi, því að menn hafa verið að skynja það hægt og þétt, að það væri nú ekki jafnþrælöruggt, að fall stjórnarinnar væri á næstu grösum, eins og þeir hafa verið að vona. Staðreyndin er sem sagt sú, að þessir menn sætta sig ekki við það, að ríkisstj., sem hefur að baki sér þingmeirihluta, 31 þm. gegn 29 þm., skuli áfram starfa og vera langt frá því á þeim buxunum að leggja upp laupana, enda þótt ljóst sé, að við nokkra örðugleika er að etja.

Ég tel að sjálfsögðu, að um það þurfi ekki að ræða, að þessi ríkisstj., þótt hún hafi knappan meiri hl., hefur ekki aðeins pólitíska rétt til þess að vera við völd, heldur og siðferðilegan rétt. Og hún hefur um leið bæði pólitíska og siðferðilega skyldu til þess að standa svo lengi sem meiri hl. Alþ. vill trúa henni fyrir völdum.

Ég vil benda hv. stjórnarandstæðingum á, að það er hinn mesti misskilningur, að þeir geti gert ríkisstj. eithvað illt með því að koma í veg fyrir það, að þessi skattkerfisbreyt. verði að lögum. Þeir skulu hafa það einhvers staðar á bak við eyrað, að þegar allt kemur til alls, þá munu þeir engum gera illt nema sjálfum sér, ef þeir láta það verða að veruleika að fella þetta frv.

Ríkisstj. hefur lofað að beita sér fyrir því, að þetta frv. næði fram að ganga, og það loforð hefur hún nú þegar efnt. Hún beitir sér fyrir því í báðum d. þingsins. Kannske fer nú svo, eins og raunar öll rök mæla með, að frv. þetta verði að lokum að lögum í svipaðri mynd og það var borið fram. En ekki get ég neitað því, að svo kann að fara, að meiri hl. Alþ. verði til þess að fella frv. Og þá það. Ég vil undirstrika það, að ef þetta gerist, þá breytir það að sjálfsögðu ekki einu eða neinu hvað snertir líf þessarar ríkisstj. Satt að segja sé ég ekki betur en það hljóti að vera viss léttir fyrir þá, sem með fjármálin eiga að fara af hálfu þessarar ríkisstj., ef frv. verður ekki að l., því að þá er í öllu falli komið í veg fyrir það, að ríkissjóður sé gerður allmörgum milljónhundruðum fátækari á þessu ári, sem hann greinilega verður að þola, ef frv. nær fram að ganga. Þar við bætist, að eftir að frv. kom fram, var upplýst af hálfu þeirra sérfræðinga, sem fást við að reikna út meðaltekjur fólks í landinu, að samkv. nýjustu upplýsingum væri útlit fyrir, að tekjur fólks á liðnu ári hefðu orðið talsvert meiri en áður var ráð fyrir gert, sem þýðir að sjálfsögðu það, að með óbreyttu skattakerfi verða skattar meiri en gert var ráð fyrir í fjárlagafrv. Þá þarf auðvitað ekki að taka það fram, að útgjöldin verða talsvert miklu meiri vegna ýmissa kostnaðarhækkana. En vegna þess að verið er að lækka tekjuskattinn, þá segir það sig sjálft, að þessi staðreynd veldur því, að ríkissjóður fær minna í sinn hlut við skattkerfisbreyt. en ella hefði verið og gert var ráð fyrir, þegar samkomulagið var gert.

Ef svo fer, sem ég verð að telja heldur líklegt, miðað við það, að skattkerfisbreyt. af þessu tagi hefur verið sérstakt áhugamál stjórnarandstöðuflokkanna á þingi og annar stjórnarandstöðuflokkurinn hefur meira að segja borið fram sérstakt frv. um þetta efni, — ef svo fer, að skattkerfisbreytingin nær fram að ganga, þá reikna ég með, að það verði fagnaðarefni fyrir skattgreiðendur almennt í landinu, þó að það verði ekki jafnmikið fagnaðarefni fyrir þá, sem eiga að hafa með fjármál ríkisins að gera. En ef hins vegar málið veltur á hinn veginn, að skattkerfisbreytingin verður felld og skattgreiðendur verða þar af leiðandi fyrir allmiklum vonbrigðum, þá sýnist mér, að ekki væri óskynsamlegt að prenta á skattseðilinn með rauðri yfirprentun örlitla viðbót frá því, sem vant er, þ. e. a. s. með kveðju frá Gylfa Þ. Gíslasyni, Geir Hallgrímssyni og Bjarna Guðnasyni, hv. þm., því að ljóst verður, að það eru þessir aðilar, sem bera ábyrgð á skattseðlinum, ef skattkerfisbreyt. nær ekki fram að ganga.

Frsm. 1. minni hl. (Halldór Blöndal): Herra forseti. Mér er nú ekki alveg ljóst, hvern hv. þm. Ragnar Arnalds var að sannfæra hér áðan, þegar hann var að hafa sem flest orð um það, að ríkisstj. væri ekki að falli komin. Það er a. m. k. að minni hyggju alveg öruggt mál, að hann hefur ekki fullvissað þá þm. aðra, sem hér voru inni, að svo væri ekki. Sennilega hefur hann verið að fullvissa sjálfan sig, enda munu nú miklar umr. um það innan þessarar ríkisstj., bæði vegna efnahagsmálanna og þess svarta útlits, sem þar er, einnig vegna ágreinings í varnarmálum og loks út af þessu frv., sem hér liggur fyrir núna, að endadægur ríkisstj. skuli vera skammt undan. Þetta eru ekki mín spádómsorð, sem ég hef hér, heldur var ég í gær staddur á fundi, þar sem mætti fulltrúi Alþb., og lét hann svo ummælt, að ef ekki mundi takast samkomulag við Framsfl. í þeim viðræðum, sem nú fara fram um varnarmálin, muni Alþb. kljúfa stjórnarsamvinnuna. Ekki veit ég, hvort þessi ummæli voru rétt höfð eftir, en greinilegt er, að það er mikil ólga þar inni, ekki aðeins út af þessu máli, heldur ýmsum öðrum.

Ég mun, eftir því sem tækifæri gefst, leiðrétta ýmsar missagnir, sem fram komu í ræðu hv. þm. Ragnars Arnalds síðar í máli mínu. Í upphafi máls míns tel ég nauðsynlegt að víkja nokkrum orðum að því, hverjar eru ástæðurnar fyrir þeim umfangsmiklu brtt., sem við í 1. minni hl. fjh.- og viðskn. leggjum til á þskj. 506.

Þá vil ég fyrst segja það almennt, að sú var stefna fyrrv. ríkisstj., að almennar launatekjur skyldu verða skattfrjálsar. Það var sú undirstaða, sem viðreisnin var byggð á og byggðist

á þeirri heilbrigðu stefnu, að það bæri fremur að skattleggja eyðslu en verðmætasköpun. Fólk, sem leggur mikið á sig við það stundum að bjarga verðmætum við framleiðsluna eða á annan hátt leggur á sig langan vinnudag, á að njóta þessarar vinnu sinnar, og það á að gera því kleift með heilbrigðri og réttlátri skattalöggjöf að leggja nokkuð fyrir og eignast eitthvað.

Það er eins og kunnugt er einhver helsta frumhvöt mannsins og hefur verið mjög einkennandi fyrir Íslendinga að vera ekki í rónni, fyrr en tekist hefur a. m. k. að eignast eigin híbýli og búa þau vistlega. Það er það, sem allir stefna að, og til þess að örva þessa heilbrigðu og skynsamlegu viðleitni einstaklinganna á ríkissjóður að koma þar á móti með því að skattleggja ekki verðmætasköpunina.

Eins og ég sagði, var þetta þungamiðjan í efnahagsmálastefnu fyrrv. ríkisstj. Með stjórnarskiptunum, þegar vinstri stjórnin kom til valda, settist hins vegar í stólinn ríkisstj., sem ekki vildi hafa aðhald í ríkisrekstrinum og stefndi þegar í stað til mikillar þenslu á ríkisbákninu og óhóflegrar eyðslu. Afleiðingin af því varð svo sú, að þeir tekjustofnar, sem áður höfðu verið, nægðu engan veginn þessari eyðsluglöðu ríkisstj., og af þeim sökum var í mikilli skyndingu í árslok 1971 hlaupið til og breytt skattalögum í grundvallaratriðum. Svo mikið lá á, að ekki var einu sinni haft samráð við Samband ísl. sveitarfélaga, hvað þá að talað væri við aðila vinnumarkaðsins, eins og ríkisstj. hrósar sér nú svo mikið af að hafa gert, og mun ég koma síðar að því, hvernig á því stendur. Þessi vinnubrögð hæstv. ríkisstj. voru . . . (**Forseti:** Ég verð að biðja hv. þm., því miður, að gera hlé á máli sínu, vegna þess að það hafa komið fram óskir um að fresta þingfundi til kl. 5, og þá fær hv. þm. að halda áfram máli sínu. Þingfundi er frestað til kl. 5.) — [Fundarhlé.]

Herra forseti. Ég var síðast kominn í ræðu minni, þar sem ég minnti á það, hvernig staðið var að skattafrv. núv. hæstv. ríkisstj., sem hún bar fram í árslok 1971. Frv. var, eins og ég sagði, ekki samið í samráði við Samband ísl. sveitarfélaga, með þeim afleiðingum, að verulega þrengdi að sveitarfélögunum. Urðu þau að grípa til þess mörg hver að nota álagsheimildir fasteignagjalda að fullu, og hrökk sums staðar ekki til. Á hinn bóginn voru með þessu rofin eðlileg tengsl milli atvinnurekstrarins og sveitarfélaganna, þannig að sveitarfélögin höfðu ekki sama ábata af því og áður, að atvinnureksturinn gengi vel. Má í því sambandi minna á, og mér er t. d. kunnugt um það í kauptúni úti á landi, að þar voru á s. l. ári greiddar 2 millj. kr. til ríkisins í tekjuskatt af því frystihúsi, sem þar er. Hins vegar stendur nú fyrir dyrum endurnýjun frystihússins og aðstöðunnar þar, og þess vegna kemur skattlagning af þessu tagi sér mjög illa fyrir sveitarfélagið, og þarf ekki að fara fleiri orðum um það. Á hinn bóginn vakti skattalagabreytingin mikla óánægju hjá launþegum, þegar fram í sótti, eins og ég mun koma síðar að í ræðu minni. En í þessu sambandi er það einkum eitt, sem ástæða er til að átelja mjög harðlega, og það er, eins og ég sagði, að endurskoðun þeirra skattalaga skyldi ekki höfð í samráði við Samband ísl. sveitarfélaga, í samráði við aðila vinnumarkaðarins og í samráði við bændastéttina, eins og hæstv. fyrrv. ríkisstj. gerði við þá endurskoðun, sem hún hafði undir höndum á skattalögum.

Það kom líka fram í umr. á Alþingi þegar við 1. umr., að tilgangurinn með nýju tekjuskattslögunum var að hækka beinu skattana. Vil ég í því efni vitna í Tímann 19. des. 1971, en þar segir svo, með leyfi hæstv. forseta:

„Í lok ræðu sinnar sagði hæstv. fjmrh., að það hefði verið mjög gengið inn á það á síðustu árum að gera neysluskattana ráðandi í tekjuöflun okkar, en að dómi núv. ríkisstj. væri slík stefna á margan hátt ekki æskileg. Tekjuskattarnir væru eðlilegri leið til að jafna bilið milli borgaranna í þjóðfélaginu. Ég tel hins vegar, að með þessu frv. hafi verið stillt í hóf í þessum efnum og e. t. v. finnst mörgum of skammt gengið í tekjuöfluninni," sagði fjmrh. „Það verður að metast eins og það er, en ég held, að það orki ekki tvímælis, að þetta skattafrv. er þeim verulega í hag, sem lægstar hafa tekjurnar. Það er heldur ekki gengið það langt að þeim, sem hafa verulega góðar tekjur, að ráðstöfunartekjur þeirra séu ekki neitt verulegar."

Eins og fram kemur í þessum tilvitnuðu orðum, var það hreinn tilgangur þessara skattalaga frá sjónarmiði hæstv. fjmrh., að gera tekjuskattinn hlutfallslega meiri en neysluskattana í heildartekjuöflun ríkissjóðs. Við umr. um þessar skattalagabreytingar hélt Sjálfstfl. uppi mjög harðri gagnrýni á bæði vinnubrögð í sambandi við skattabreytingarnar og einni hitt, að þessar breytingar væru að mörgu leyti svo vanhugsaðar, að þær gætu ekki staðið til lengdar. Var í því sambandi einkum bent á, hversu óréttlát ákvæði skattalaganna eða skattafrv. voru gagnvart ellilífeyrisþegum og öryrkjum. Það kom m. a. til af því, að nefskattarnir komu þessu fólki ekki til góða, en einnig átti verulegan þátt í þessu, að hæsta skattprósentan kom á raunverulegt láglaunafólk, ef það skuldaði ekki né hafði annan afslátt.

Strax og skattskráin hafði verið lögð fram sumarið 1972, mátti sjá í blöðum viðtöl við ellilífeyrisþega og voru þeir ómyrkir í máli um þessi skattalög eða þessar álögur hæstv. ríkisstj. Þannig sagði einn ellilífeyrisþeginn: „Mín heildarútgjöld hafa hækkað úr tæplega 1 þús. kr. í fyrra í um 53 þús. kr. í ár." Annar sagði: „Þetta er miklu hærra en ég bjóst við og var mun betra í fyrra. Þá borguðum við ekkert útsvar og engan skatt, en í ár þurfum við að borga aftur til ríkisins milli 20—30 þús. kr. af því, sem við fáum í ellilaun." 72 ára gömul ekkja, komst að orði á þessa leið: „Ég vissi ekki fyrr en nú, að ég væri ein af þessum, sem þeir kalla breiðu bökin." Hjá henni hafði tekjuskatturinn hækkað úr 2 þús. kr. í rúmlega 71 þús. kr. og auk þess hækkuðu fasteignagjöldi verulega.

Strax og skattskráin hafði verið lögð fram, kom fram hörð gagnrýni á þessar niðurstöður frá Sjálfstfl., og gerði þingfl. hans sérstaka ályktun í því sambandi. Einnig var í Morgunblaðinu haldið uppi harðri gagnrýni á þessa stefnu ríkisstj. Það fór líka svo, að hæstv. fjmrh. treysti sér ekki til þess að standa við skattalöggjöfina, og þegar kom fram á sumarið 1972, lagði hann

fram brbl., þar sem nokkuð var komið til móts við óskir aldraðra og öryrkja, þótt það væri engan veginn nægilegt eða jafnmikið og við sjálfstæðismenn höfðum lagt til og teljum nauðsynlegt.

Í heild komu skattaálögurnar þannig út, að tekjuskatturinn í Rvík þrefaldaðist frá árinu á undan, úr 534 millj. kr. í 1637 millj.

Þegar þessar niðurstöður lágu fyrir, var þess skammt að bíða, að hinn almenni launamaður í landinu risi upp. Menn gerðu sér grein fyrir því, hvaða misrétti launamenn voru beittir, en það fólst einkum í því, að prsónufrádrátturinn var ákveðinn allt of lágur í tekjuskattsfrv. Skattstigarnir voru of knappir og of fáir, þannig að fólk með miðlungstekjur, og jafnvel lágtekjur, lenti í hæstu skattþrepum. Loks kom það í ljós, að t. d. fólkið í fiskiðnaðinum, sem oft verður að leggja á sig langan vinnudag og vinna fram eftir nóttu, sætti sig ekki við að fá ekki að bera eitthvað úr býtum eftir þá erfiðu vinnu. Svo var komið á s. l. sumri eða á s. l. ári, að fólkið í þessum atvinnuvegi, t. d. á Snæfellsnesi, lýsti því hreinlega yfir, að ef það fengi ekki verulega leiðréttingu á sínum skattamálum, t. d. í þá veru, að eftirvinna og næturvinna í frystihúsunum yrði tekjuskattsfrjáls, mundi það ekki vinna eftirvinnu á þeirri vertíð, sem nú stendur yfir.

Innan launþegasamtakanna fóru einnig á þessum tíma að koma fram æ háværari raddir um, að tekjuskattarnir yrðu lækkaðir. Ég minnist í því sambandi þings Landssambands framhaldsskólakennara, sem haldið var vorið 1973 og samþykkti mjög einarðlegar ályktanir í þessa veru. Um þetta urðu einnig mjög miklar umræður á þingi Bandalags starfsmanna ríkis og bæja. Algerum straumhvörfum ollu svo tillögur um skattamál, sem fram komu á þingi Landssambands verslunarmanna og hjá Verslunarmannafélagi Reykjavíkur. Till. þessara aðila urðu síðan undanfari þeirrar ályktunar, sem kjaramálaráðstefna Alþýðusambands Íslands samþykkti á fundi sínum, sem haldinn var um miðjan októbermánuð. En þar var gerð svo hljóðandi áætlun um skattamál, með leyfi hæstv. forseta:

„Við gerð hverra nýrra kjarasamninga leitast verkalýðshreyfingin við að tryggja sem best varanleik þeirra kjara, sem um semst, svo sem kaupmátt launa. Verkalýðshreyfingin hefur ávallt lýst því yfir og gerir enn, að hún meti ekki síður en beinar kauphækkanir hverjar þær ráðstafanir, er tryggi kjarabætur eftir öðrum leiðum, og þá sérstaklega ef þær væru síður verðbólguvaldandi. Ráðstefna Alþýðusambands Íslands, haldin í Reykholti 27. og 28. ágúst s. l., gerði þá kröfu, að gagngerð breyting yrði gerð á skattlagningu á landinu, þannig að á almennum launatekjum yrðu skattar verulega lækkaðir. Verkalýðshreyfingin ítrekar nú þessa kröfu og telur nauðsynlegt:

a) að persónufrádráttur til skatts fyrir einstakling verði ekki lægri en 300 þús. kr. Fjárhæð þessi er miðuð við núverandi kaupgjald og vísitölu, en breytist síðan í samræmi við almennar kaupbreytingar og framfærsluvísitölu. Sama hlutfall haldist milli persónufrádráttar einstaklings og hjóna eins og er. Auk þess fái verkafólk, er vinni við fiskvinnslu sérstakan skattfrádrátt, þannig að þeir, er vinni allt að 20 vikur á ári, fái 9%, og þeir, er starfi 20 vikur á ári eða lengur, 18%.

b) Að á viðbótartekjur umfram persónufrádrátt allt að hálfum persónufrádrætti verði skatthlutfall stórlækkað.

c) Að fyrirframinnheimta opinberra gjalda verði miðuð við skattvísitölu, er fylgi framfærsluvísitölu, og við útborgun launa verði aldrei meira dregið frá til greiðslu beinna opinberra gjalda hvers árs en nemi ¾ hlutum launa.

d) Að heimildarákvæðið um lækkun og/eða niðurfellingu fasteignaskatts, sem núna nær til elli- og örorkulífeyrisþega, nái einnig til ekkna, ekkla, einstæðra foreldra og þeirra, sem búa við langvarandi veikindi eða verða fyrir slysum.

e) Að húsaleiga af íbúðarhúsnæði verði að hluta frádráttarbær til skatts.

f) Að tannlækningakostnaður verði frádráttarbær til skatts.

g) Að vaxtafrádráttur til skatts verði takmarkaður við ákveðið hámark.

h) Að heimildarákvæði í 52. gr. laga um tekju- og eignarskatt verði rýmkuð.

i) Að hraðað verði undirbúningi að því að taka upp staðgreiðslukerfi skatta, heildarinnheimta opinberra aðila verði ákveðin af meiri tillitssemi til þegnanna en gert hefur verið, og að framkvæmdir og starfsemi hins opinbera verði aðhæft eðlilegri tekjuöflun. Jafnframt því sem verkalýðshreyfingin lýsir yfir fyllsta stuðningi við hverjar þær ráðstafanir sem gerðar væru til að koma í veg fyrir skattsvik.“

Á þeim tíma, sem þessi ályktun Alþýðusambands Íslands kom fram, stóðu yfir samningaviðræður milli ríkisstj. og Bandalags starfsmanna ríkis og bæja. Í þeim samningaviðræðum, kom það einnig í ljós, enda var það álit margra aðildarfélaga þessara samtaka, að nauðsynlegt væri til þess að tryggja eðlilega samninga milli opinberra starfsmanna og ríkisvaldsins, að skattalögum yrði breytt í þá átt, sem nefnt hefur verið og einnig að gerðar yrðu nauðsynlegar ráðstafanir í húsnæðismálum.

Ríkisstj. hélt þó algerlega að sér höndum í þessu efni og var raunar ekki til viðtals við opinbera starfsmenn, fyrr en allt var komið í eindaga. Af þeim sökum var síðan hlaupið til á síðustu stundu, og í samkomulagi við Bandalag starfsmanna ríkis og bæja var lagt fram á Alþingi frv. um að gefa þriggja vikna frest til þess að reyna til hlítar, hvort ekki næðust samningar við BSRB. Eins og öllum er kunnugt náðust þessir samningar í desembermánuði. Það er allra manna mat og er raunar ekki hægt að áfellast hæstv. ríkisstj. fyrir, að þeir samningar voru ákaflega lélegir í alla staði, og má í því sambandi benda á, að BSRB lét algerlega undir höfuð leggjast að fylgja eftir kröfunni um lækkaða skatta og einnig um aðgerðir í húsnæðismálum. Jafnframt voru ákvæði þeirra samninga um vísitöluna mjög óviðunandi fyrir opinbera starfsmenn. Loks fylgdi sá böggull skammrifi í þeirri samningagerð, að ósamið var við Bandalag háskólamanna. Fóru þær kjaradeilur til Kjaradóms og féll sá dómur nú í febrúarmánuði. Það er eftirtektarvert í sambandi við þann dóm, að þar er fjölgað launaflokkum í hæstu flokkun-

um fyrir ofan 28. launaflokk. Skv. kjaradómi verða þar 9 launaflokkar í stað 5, eins og er í samningunum við BSRB. Virðist skv. því, sem heyrst hefur frá hæstv. ríkisstj., að hún ætli að halda þannig á málum í sambandi við flokkaskipan opinebrra starfsmanna, að þar skuli aðrar reglur gilda um þá, sem háskólamenntaðir eru, heldur en hina. Er með þeim hætti verið að leggja grundvöll að nýrri mismunun í launastéttunum, sem verður að harma mjög. Þá er það einnig áberandi við þessa samningagerð, að opinberir starfsmenn hafa dregist mjög aftur úr miðað við hinn frjálsa launamarkað, en það er annað mál sem er ekki þessu beint viðkomandi.

En því minnist ég á þetta, að það var ljóst, að eftir samningana við BSRB hafði skapast jarðvegur fyrir því á hinum almenna launamarkaði, að samningar ættu að takast milli vinnuveitenda og Alþýðusambandsins. Ef ríkisstj. hefði á því stigi gripið inn í um áramótin eða fyrir þau og boðið fram verulegar úrbætur í tekjuskattsmálum og húsnæðismálum, er enginn vafi á því, að samningagerðinni á hinum frjálsa vinnumarkaði hefði flýtt verulega og niðurstaða þeirra samninga hefði orðið allt önnur en hún síðar varð. Verður í því sambandi að líta á, hvað fólk á hinum frjálsa vinnumarkaði tapaði á því, hversu þeir samningar drógust, enda fóru nú að koma sérsamningar, þar sem gert var ráð fyrir allt öðrum og meira verðbólguhvetjandi og miklu hærri kjarasamningum en áður hafði verið.

Ef við síðan athugum nokkuð, hvernig andrúmsloftið var, þegar samið var á hinum almenna vinnumarkaði í febrúarmánuði, þá stóðu sakir þannig, þegar verkfall var boðað, að hvorki hafði gengið né rekið, og allt, sem ríkisstj. hafði til málanna lagt, var svo viðalitið, að engum úrslitum gat ráðið um gang mála. Það var á þeirri stundu, sem verslunarmenn gripu til þess að knýja á skjóta lausn kjarasamninganna að standa við verkfallsboðun. Enda lá það fyrir og var samþykkt einróma t. d. í trúnaðarráði Verslunarmannafélags Reykjavíkur, að hjá því yrði ekki komist, nema eithvað nýtt yrði boðið fram, og var nægilegur frestur gefinn til þess, að svo mætti verða.

Þar sem ekkert nýtt var borið fram, var óumflýjanlegt, að til vinnustöðvunar yrði að koma, og vitum við svo niðurstöðuna. Það eru þeir verðbólgusamningar, sem nú eru í gildi og eru kallaðir svo af sjálfum verkalýðsleiðtogunum. Áður og um leið og þessir samningar voru undirskrifaðir, hafði farið fram annar baksamningur milli ríkisstj. og aðila vinnumarkaðarins, sem ég mun nú víkja að.

Áður en ég get haldið áfram með sjálf skattamálin, er nauðsynlegt að athuga nokkuð, hvernig atvinnuvegirnir eru búnir undir þá miklu kauphækkun og margvíslegu auknu fríðindi, sem náðust með febrúarsamningunum. Í því sambandi er nauðsynlegt að rifja upp, að hæstv. forsrh. lýsti því yfir hér á hinu háa Alþingi strax á haustþinginu 1971, að ástandið í atvinnumálunum hefði verið þannig við stjórnarskiptin, að atvinnuvegirnir ættu að geta staðið undir 20% kjarabótum á 2 árum. Það var skýrt tekið fram í þessu sambandi af hæstv. forsrh., að þessi yfirlýsing væri gefin að vandlega íhuguðu máli og að öll gögn hefðu verið við höndina, þegar frá þessu var gengið. Um þetta er sem sagt enginn ágreiningur, og ég hef ekki heyrt, að þessi yfirlýsing forsrh. hafi verið vefengd. Vegna óheppilegra afskipta hæstv. ríkisstj. af kjarasamningunum 1971 fór þó svo, að það stefndi brátt í verðbólguátt, kannske fyrst og fremst vegna þeirrar stefnu, sem núv. hæstv. ríkisstj. hafði tekið upp í ríkisfjármálunum.

Þegar kom fram á árið 1972, varð æ meira áberandi í umr. manna og yfirlýsingum, að menn voru mjög kvíðnir fyrir því, sem fram undan var. Er skemmst að minnast í því efni yfirlýsingar, sem fram kom í ársskýrslu KEA fyrir árið 1971, en hún kom út snemma árs 1972. Þar segir, með leyfi hæstv. forseta:

„Útlit er fyrir, að ríkisstj. vilji mæta Hrunadansi kostnaðarverðbólgu með taprekstri fyrirtækja, sem því miður hlýtur að leiða til atvinnusamdráttar, þegar til lengdar lætur."

Núv. hæstv. félmrh. var í júlímánuði í sjónvarpsþætti, þar sem hann vék m. a. að þróuninni í verðbólgumálunum og atvinnumálunum, eins og þau komu honum þá fyrir sjónir, en þá var hann forseti Alþýðusambands Íslands. Eftir að hann hafði lýst þeirri óheillaþróun, sem orðið hafði í efnahagsmálum, komst hann svo að orði, með leyfi hæstv. forseta:

„Sannleikurinn er nú sá, að ef eitthvað fer úrskeiðis, þá koma þessi miskunnarlausu lögmál efnahagslífsins og segja til sín og knýja sitt fram, hvort sem hann er ljúfur eða leiður."

Ég hef hér nefnt til vitnis annars vegar hæstv. félmrh. og hins vegar kaupfélagsstjóra og stjórnarformann Kaupfélags Eyfirðinga um það, hvernig verðbólguþróunin var og hvert stefndi á árinu 1972. Það kemur fram m. a. á framfærsluvísitölu, og hún sýnir að sjálfsögðu þessa óheillavænlegu þróun, en á því ári hækkaði framfærsluvísitalan um 12.8%. Þetta var þó aðeins byrjunin, því að á árinu 1973 seig enn meira á ógæfuhliðina. Það ár hækkaði framfærsluvísitalan um 28.9%, og á tímabilinu frá 1. nóv. til 1. mars s. l. hækkaði hún um 7%. Hefur verið reynt að halda fram, að þetta stafi aðallega af erlendum verðhækkunum. Það hefur að sjálfsögðu ekki við rök að styðjast eins og fram kemur í nál. 1. minni hl. fjh.- og viðskn. Nd., en þar segir svo, með leyfi hæstv. forseta:

„Í skýrslu hagrannsóknadeildar Framkvæmdastofnunar ríkisins „Þjóðarbúskapurinn, yfirlit 1972 og horfur 1973", frá í júlí 1973, á bls. 61, er að finna svar við þessum staðhæfingum ríkisstj. Þar er spáð hækkun vísitölu vöru og þjónustu um 22% frá nóv. 1972 til nóv. 1973, sem varð raunar meiri. Hlutfallsleg áhrif einstakra þátta á hækkunina eru talin þessi:

1. Bein áhrif á gengisbreytingar 22.7%.
2. Bein áhrif breytinga innflutningsverðs í erlendri mynt 18.2%.
3. Bein áhrif breytinga á óbeina skatta 13.6%.
4. Áhrif annarra þátta, einkum launakostnaðarbreytinga, m. a. vegna verðlagsuppbóta, 45.5%.

Samtals 100%."

Í þessum tölum kemur fram, að minna en ⅙ af verðbólgunni er af erlendum toga spunninn,

svo að það má öllum ljóst vera, að þær fullyrðingar, sem hæstv. viðskrh. hefur leyft sér að hafa um hið gagnstæða, bæði hér á hinu háa Alþ. og þegar hann kemur fram á opinberum vettvangi annars staðar, eru allar úr lausu lofti gripnar. Sannleikurinn er að sjálfsögðu sá, að ríkisstj. hefur heykst á því markmiði sínu, sem hún setti sér í upphafi ferils síns og lýst er í málefnasamningnum svofelldum orðum: „Ríkisstj. leggur mikla áherslu á, að takast megi að koma í veg fyrir þá háskalegu verðlagsþróun, sem átt hefur sér stað í efnahagsmálum undanfarin ár og leitt til síendurtekinna verðhækkana og óðaverðbólgu. Hún mun leitast við að tryggja að hækkun verðlags hér á landi verði ekki meiri en í helstu nágranna- og viðskiptalöndum.“ Í þessum nágranna- og viðskiptalöndum okkar hækkaði verðlag á vöru og þjónustu um 5% 1972, á sama tíma og það hækkaði um 14% hér á landi. Árið 1973 hækkaði verðlag á vöru og þjónustu um 8% í nágranna- og viðskiptalöndum okkar. Samsvarandi tala hér á landi er 24%.

Það fór eins og forustumenn Kaupfélags Eyfirðinga spáðu, að ekki leið langur tími, áður en þess fór að gæta í atvinnurekstrinum, að of mikið hafði verið á hann lagt, og varð þó meiri dráttur á því en hægt var að sjá fyrir vegna mjög hagstæðrar verðlagsþróunar á íslenskum útflutningsafurðum erlendis. Samt sem áður er nú svo komið, að frystiiðnaðurinn, sem hefur verið rekinn með góðum ábata undanfarið, stynur nú undan auknum framleiðslukostnaði, og þar við bætist einnig, að undanfarið hefur átt sér stað óhagstæð verðþróun erlendis. Er blokkin á Bandaríkjamarkaði nú komin niður í 78 cent, en var um 82 cent á miðju s. l. ári. Það er því ekki að sjá, að framleiðendurnir, útgerðarmennirnir, geti lagt frekari byrðar á hraðfrystiiðnaðinn en nú er gert. Hraðfrystiiðnaðurinn getur einfaldlega ekki borgað meira fyrir sjávarafurðirnar en hann gerir nú, og er miklu fremur, að þar þurfi eitthvað að draga úr.

Um afkomu togaraútgerðarinnar er það að segja, að sjútvrh. hefur í höndum skýrslu um fyrirsjáanlegt tap togara á þessu ári, og er það tap verulegt, þótt í skýrslunni sé byggt á verðlagi og kaupgjaldi fyrir samningana í febrúar. Má í því sambandi minna á, að algengt er nú orðið hér á Alþingi, að menn mæti útgerðarmönnum, sem hingað eru komnir til þess að knýja á um það, að hið opinbera geri einhverjar ráðstafanir til að tryggja grundvöll togaraútgerðarinnar. Einkum á þetta við á ýmsum plássum úti um land.

Það er rétt, sem ríkisstj. hrósar sér af, að það fylgdi mikil bjartsýni nýju skuttogurunum víðs vegar um landið. Menn byggðu bjartar vonir við það, að þessir skuttogarar gætu verið á stöðunum til frambúðar og útvegað nægilegt hráefni í frystihúsin, til þess að hægt væri að halda uppi stöðugri atvinnu. Nú horfir því miður svo, ef ekkert verður að gert, að þessir staðir verði að gefast upp á þessari útgerð. Er þá miklu verr af stað farið en heima setið og hætt við, að það högg, sem slíkt yrði atvinnuvegunum víðs vegar um landið, mundi hafa mjög óheillavænleg áhrif á byggðaþróunina í landinu.

Ef litið er á verðlagsþróun á lýsi, hefur hún að vísu verið hagstæð, en hins vegar hefur mjölverð mjög farið niður á við, og er talið, að u. þ. b. helmingur þess sé óseldur, m. a. vegna þess, að beðið var eftir viðskiptasamningi við Pólverja, sem brást. Eins og sakir standa, er algjört vafamál, hvort um meiri áföll verður að ræða eða hvort mjölið stígur á nýjan leik. Einnig þetta bitnar að sjálfsögðu á frumframleiðendunum og hlýtur að valda því, að þeir fá ekki nauðsynlega hátt verð fyrir sína framleiðslu, og hvetur einnig til þess, að nauðsynlegt sé, að gengisfelling verði á þessu ári, eins og raunar er sagt, að ríkisstj. hafi lofað ýmsum atvinnurekendum í febrúarsamningunum.

Þar má minnast á lagmetisiðnaðinn. Þm. hafa fengið frá Sölustofnun lagmetisiðnaðarins fréttabréf, sem dags. er 25. febr., og þar segir, með leyfi hæstv. forseta:

„Það er bersýnilegt, að þær forsendur, sem fyrir gengishækkuninni lágu, m. a. hjá hraðfrystiiðnaðinum og mjölframleiðendum, voru ekki fyrir hendi hvað lagmetisiðnaðinn snertir. Þá er spurningin: Á að fórna lagmetisiðnaðinum á altari þess stjórnunartækis, sem gengishækkun er, eða ætla stjórnvöld að sýna sérstöðu lagmetisiðnaðarins og annarra útflutningsgreina skilning og gera ráðstafanir sem nauðsynlegar eru? Eitt er ljóst, lagmetisiðnaðurinn þolir ekki þá skráningu á gengi ísl. krónu, sem gildir nú, enda er allt útlit fyrir, að stóru samningarnir séu nú komnir í strand vegna óhagstæðrar gengisskráningar. Ef ekkert verður að gert, verður sá mikli söluárangur, sem náðst hefur, og hið árangursríka uppbyggingarstarf, sem hófst á árinu 1973, að engu og alvarleg vá og rekstrarstöðvun fyrir dyrum hjá lagmetisiðnaðinum í landinu.“

Nú lítur að vísu svo út sem samningar hafi tekist um sölu á niðursoðnu lagmeti til Japans í lok febrúarmánaðar. Að vísu hef ég ekki séð það staðfest, en ég hef fregnað það. Ef svo er, þá hlýtur það að vera gert í fullvissu þess, að um gengisbreytingu krónunnar verði að ræða, því að án þess hefðu slíkir samningar verið útilokaðir, nema með stórkostlegri styrkjapólitík ríkisvaldsins.

Annar útflutningsiðnaður er einnig dauðadæmdur, nema gengisfelling komi til. Um aðrar atvinnugreinar er það að segja, að þær, sem geta sett kauphækkanirnar út í verðlagið, munu að sjálfsögðu standa sig eitthvað, og má í því sambandi minna á, að það var einn hluti af kaupgjaldssamningunum af hendi ríkisstj. að lofa versluninni 10% hækkun á álagningu, eins og allir vita.

Það kom fram í ræðu hv. þm. Ragnars Arnalds, að hann hafði einnig mjög miklar áhyggjur af ástandinu í efnahagsmálunum. Hann játaði, að það væri ekki eins gott og vera þyrfti, og gat þess, að skortur á vinnuafli og almenn umframeftirspurn gætu haft alvarlegar afleiðingar. Þó svo að þessi hv. þm. sé stjórnarformaður Framkvæmdastofnunar ríkisins, hefur þess ekki gætt, hvorki í störfum hans hér á Alþingi né heldur sem slíks, að hann hafi verið neinn sérstakur hvatamaður þess að fara varlega í þessum efnum. Hv. þm. sagði enn fremur, að á tímum eins og þessum væri þörf á því, að ríkissjóður skilaði

nokkrum afgangi til þess að draga úr umframeftirspurn. Nú vita allir, að síðustu fjárlög hæstv. ríkisstj. voru slík, að þau voru síður en svo til þess að draga úr þenslunni, ekki afgreidd með þeim hætti, að um nokkurn afgang yrði að ræða.

Því hefur verið haldið fram af hv. þm. Ragnari Arnalds, og ýmsum fleiri talsmönnum stjórnarflokkanna, að sú verðlagsþróun, sem orðið hefur á þessu ári, hafi orðið til þess að staða ríkissjóðs sé verri nú en hún hafi verið, miðað við óbreytt verðlag og kaupgjald. Þetta er síður en svo, og eru staðreyndir málsins þær, að eftir því sem verðbólgan leikur meira lausum hala, batnar heldur hagur ríkissjóðs, svo þokkalegt sem það nú er, og var það beinlínis tekið fram af forstöðumanni hagrannsóknadeildar Framkvæmdastofnunarinnar, að ef verðbólguþróunin yrði nógu mikil í landinu á yfirstandandi ári, mundi það að lokum enda með því, að staða fjárl. mundi breytast ríkissjóði í hag. Hann tók það á hinn bóginn fram, að slík verðbólguþróun væri að sjálfsögðu ekki æskileg og miklu meiri en svo, að atvinnuvegirnir gætu með góðu móti risið undir því, og hefði að sjálfsögðu miklu skaðlegri áhrif á efnahagslífið en hitt. En eigi að síður kemur það fram í þessu, að hin mikla verðbólguþróun, sem orðið hefur, hefur öll orðið til þess að bæta stöðu ríkissjóðs, og vísa ég því á bug öllu, sem sagt hefur verið um hið gagnstæða í þessu efni, en tek undir það með hv. þm. Ragnari Arnalds, að nauðsynlegt sé að gera ráðstafanir til þess, eins og nú er komið, að nokkuð dragi úr þenslunni og umframeftirspurninni. Ég fæ ekki betur séð en eðlilegt sé, að ríkissjóður sjálfur gangi þar á undan með góðu fordæmi, en margfaldi ekki erlendar lántökur til hins gagnstæða, eins og nú virðist vera stefnan. Og af þeim toga er flutt heimildartillaga okkar Sjálfstæðismanna um niðurskurð á ríkisfjárlögunum, eins og ég kem að síðar.

Í nál. 1. minni hl. fjhn. um frv. ríkisstj. um tekju- og eignarskatt, sem lagt var fram snemma árs 1972, segir svo, með leyfi hæstv. forseta, — það er dagsett 2. mars 1972, — um þær till., sem Sjálfstfl. flutti þá til breyt. á tekju- og eignarskattsfrv. hæstv. ríkisstj., þau lög, sem nú eru í gildi:

„Þar sem ljóst er, að frv. þessi, ef að l. verða, munu auka skattbyrði einstaklinga og félaga, og með hliðsjón af því, sem að framan hefur verið sagt, og því ástandi, sem skapast hefur í skattamálum þjóðarinnar vegna ósæmandi vinnubragða ríkisstj. leggjum við fulltrúar Sjálfstfl. í fjhn. til, að frv. verði vísað frá og endurskoðun skattal. fram haldið. Við álagningu skatta ársins 1972 vegna tekna, sem aflað var á árinu 1971, verði skattvísitalan á grundvelli gildandi l. ákvörðuð 121.5 stig í stað 106.5."

Þetta er nú ekki málinu viðkomandi hér. Síðar í þessu nál. segir, með leyfi hæstv. forseta:

„Við undirritaðir leggjum til, að heildarendurskoðun á tekjum ríkis og sveitarfélaga haldi áfram á þeim grundvelli, sem fyrrv. ríkisstj. markaði, með nánu samstarfi við samtök sveitarfélaga, landshlutasamtök, samtök launþega, vinnuveitenda og bænda. Við vitnum til þess, að Sjálfstfl. telur, að skattlagningunni til ríkis og sveitarfélaga eigi að haga á þann veg, að hún örvi einstaklinginn til framtaks og sparnaðar, og búið sé að atvinnurekstrinum þannig, að áhugi almennings fari vaxandi á því að vera beinn aðili að atvinnufyrirtækjunum. Til að gera þennan ásetning að veruleika ber fyrst og fremst að skattleggja eyðsluna og gæta hófs í skattlagningu sparnaðar. Í samræmi við þetta þarf að halda áfram þeirri viðleitni að draga úr beinum sköttum, og stefna þarf að ákveðnu marki á tilteknu árabili.

Gera þarf ákveðnar till. um breytta tekju- og verkefnaskiptingu milli ríkis og sveitarfélaga með það fyrir augum að auka hlut sveitarfélaga eða landshlutasamtaka í stjórn opinberra mála og jafnframt ábyrgð á þjónustu, framkvæmdum og fjármögnun til þeirra. Í þessu sambandi kemur mjög til athugunar, hvort ekki sé rétt, að sveitarfélögin fái ein alla beinu skattana til sinna þarfa, en ríkissjóður byggi í framtíðinni tekjuöflun sínar eingöngu á óbeinni skattlagningu.

Kannað verði, hvort virðisaukaskattkerfið henti íslenskum aðstæðum betur en núverandi söluskattskerfi.

Í stað þess að gera skattkerfið flóknara, eins og frv. núv. ríkisstj. stefnir að, minnum við á stefnu fyrrv. ríkisstj. í þessum efnum um einföldun skattkerfisins, m.a. vegna fyrirkomulags staðgreiðslukerfis, ef upp verður tekið.

Við leggjum því til, að skattar og útsvör á tekjur einstaklinga og félaga verði ávallt miðuð við nettótekjur, og teljum eðlilegt og sanngjarnt, að tekjum hjóna verði skipt til helminga á milli þeirra við álagningu skatts til ríkis og sveitarfélaga. Við teljum, að eignarskattar hafi með löggjöfinni frá s.l. vori verið ákvarðaðir út frá eðlilegu og sanngjörnu sjónarmiði.

Frv. núv. ríkisstj. hefur mjög íþyngjandi áhrif í sambandi við eignarskatta, sem við teljum að komi óréttlátlega niður og geti dregið úr sparnaði almennings.

Það er skoðun okkar, að fasteignaskattar séu þjónustuskattar til sveitarfélaga og beri að stilla þeim í hóf. Sveitarfélögum sé í sjálfsvald sett innan ákveðins hámarks í l., hvort og að hve miklu leyti þau nýta þennan tekjustofn. Við vörum við svo mikilli hækkun fasteignaskatta eins og gert er ráð fyrir í frv., sérstaklega ef aðrir tekjustofnar sveitarfélaga eru svo naumir, að þau neyðast almennt til að nota heimildir til álags á fasteignaskatta.

Við leggjum ríka áherslu á, að hinum ýmsu formum atvinnurekstrar verði ekki mismunað í skattgreiðslum, eins og frv. gerir ráð fyrir, og við höfum varað alvarlega við því á fundum n.

Jafnframt því að sveitarfélögin fái allar beinar skattatekjur, er eðlilegt, að aðstöðugjöld lækki meira en frv. gerir ráð fyrir. Samfara því sé sveitarfélögunum séð fyrir réttlátari tekjustofni vegna þjónustu þeirra við atvinnufyrirtækin.

Frv. ríkisstj. gerir ráð fyrir, að atvinnurekstrinum sé verulega íþyngt. Sú stefna verður að teljast háskaleg með tilliti til þeirrar gífurlegu dýrtíðaraukningar, sem orðið hefur í kjölfar þeirrar stjórnarstefnu, sem nú hefur verið tekin upp, samfara sívaxandi samkeppni á erlendum mörkuðum.

Í nokkrum tilvikum teljum við eðlilegt og nauð-

synlegt, að tiltekin frávik sé skylt að gera frá hinum almennu skattálagningarreglum. Er það skoðun okkar, að ellilífeyrir og bætur örorkulífeyrisþega eigi að vera undanþegin skattlagningu, og við erum andvígir þeirri till. ríkisstj., að niður verði felldur sérstakur frádráttur vegna aldraðs fólks.

Þá teljum við að auka þurfi persónufrádrátt einstæðra foreldra.“

Ég taldi nauðsynlegt, að sú stefnumótun, sem felst í þessum tilvitnuðu orðum, kæmi fram nú við þessar umr. til þess að skýra þann grundvöll, sem brtt. okkar sjálfstæðismanna eru byggðar á og ég mun nú víkja að.

Ég vil þá fyrst ræða nokkuð um sjálft efni þess frv., sem hér liggur fyrir, og sýna fram á, að sá útreikningur, sem hæstv. ríkisstj. hefur á því tekjutapi, sem frv. ber með sér, stenst ekki.

Það liggur fyrir, að í fjárl. yfirstandandi árs er gert ráð fyrir því, að tekjuskattur einstaklinga nemi 5 milljörðum 806 millj. kr. án byggingarsjóðsgjalds. Ef reiknað er með byggingarsjóðsgjaldi, er þessi upphæð nokkru hærri, eða 5 milljarðar 864 millj. Hins vegar er gert ráð fyrir því, að sá tekjuskattur, sem innheimtist eftir frv. til l. um skattkerfisbreytingu sé 4.1 milljarður. Mismunurinn á þessu tvennu er 1764 millj. kr., og þótt bætt sé við 550 millj. kr. vegna skattafsláttarins, er ekki hægt að fá þessa tölu hærri en í 2.3 milljarða kr. Hins vegar er því haldið fram, m.a. af hv. þm. Þórarni Þórarinssyni, form. þingflokks Framsfl., að það, sem ríkissjóður muni græða á tekjuskattshækkuninni, sé nokkru meira eða 3.4 milljarðar, það sé sú eðlilega viðmiðun, sem rétt sé að tala um að hafa í þessu sambandi. Það er því augljóst af þessum tölum, að skattalagabreyt. er fram borin af ríkisstj. ekki aðeins til að lækka beinu skattana, heldur einnig til þess að afla nokkurra tekna aukreitis til þess að rétta af þann halla, sem er á ríkisbúskapnum. Að sjálfsögðu getur Alþ. ekki fallist á slíka málsmeðferð, og þeirri skoðun hlýtur að vera hafnað algjörlega sem óaðgengilegri, að með því sé stjórnarandstaðan að leggjast á ASÍ eða reyna að koma í veg fyrir þær tekjuskattslækkanir, sem hér er um að ræða, svo sem ég mun koma að síðar.

Við sjálfstæðismenn höfum lagt fram ítarlegar brtt. á þskj. 506. Þessar brtt. fela í sér verulega lækkun á tekjuskatti, sem nemur því, að auk óinnheimts tekjuskatts frá s.l. árum, sem innheimtist á þessu ári, munu samkv. okkar brtt. koma í ríkissjóð 3 milljarðar og 60 millj. kr. á yfirstandandi ári. Endurgreiðslur samkv. frv. munu nema 150 millj. kr., þannig að þar er um 2 milljarða 910 millj. kr. að ræða. Við leggjum til, að tekjumissirinn, sem samþykkt okkar till. hefur óneitanlega í för með sér, sé bættur annars vegar með 2% söluskatti, 1400 millj. kr., og hins vegar með niðurskurði á fjárl. um 1500 millj. kr. Samtals gerir þetta 5 milljarða 810 millj. kr., en á fjárl. er gert ráð fyrir smasvarandi tölu, 5 milljarðar 806 millj.

Þær fullyrðingar, sem hv. stjórnarsinnar hafa haft í frammi um það, að með þessu sé verið að skerða hag ríkissjóðs, eru því algjörlega úr lausu lofti gripnar og sagðar gegn betri vitund, enda liggur ekkert fyrir um það, hvernig komist er að slíkum niðurstöðum, og væri rétt, að hv. frsm. meiri hl., Ragnar Arnalds, gerði nokkru betri grein fyrir því reikningsdæmi, sem hann setti upp í ræðu sinni áðan til þess að villa um fyrir mönnum í því efni. Eins og ég segi, höfum við sýnt fram á það, að annars vegar með niðurskurði og hins vegar með nýjum tekjustofnum, söluskatti 2%, auk sjálfrar tekjuskattstill., þá bætum við ríkissjóði að fullu upp þann tekjumissi, sem hann verður fyrir, ef okkar till. verða samþ., þegar gengið er út frá fjárlagatölunni, 5 milljörðum 806 millj. kr.

Þegar rætt er um einstök atriði þessa frv., vil ég geta þess strax í sambandi við þær till., eins og þær koma fram hjá hæstv. ríkisstj., — fyrst um skattafsláttinn, eins og hann er kallaður, — að þær hugmyndir, sem hæstv. ríkisstj. er með í frv., eru mjög óaðgengilegar að okkar áliti. Í fyrsta lagi er það vegna þess, að í frv. hæstv. ríkisstj. er gert ráð fyrir því, að þeir menn fái hæstan skattafslátt, sem mestar hafi tekjurnar, en síðan minnki skattafslátturinn smátt og smátt, uns hann verði ekki að neinu, þegar komið er niður í það, að menn hafi engar tekjur. Margvíslegar ástæður geta legið til þess, að slíkt komi fyrir, t.d. að menn séu ekki komnir á ellilífeyrisaldur, en forfallist eigi að síður frá vinnu, námsmenn o.fl.

Í till. okkar á þskj. 506 leggjum við til, að skattafslátturinn sé hugsaður alveg öndvert þessu. Hann grundvallast á 2% söluskattaukanum og er miðaður við það, að þeir, sem hafi undir 250 þús. kr. í tekjur, fái fullan skattafslátt og síðan fari skattafslátturinn minnkandi, þangað til komið er upp í 310 þús. kr. tekjur, ef miðað er við einstakling. Nemur þá skattafslátturinn 4800 kr., en hjá hjónum 6800 kr. og þá séu 3400 kr. til hvors. Auk þess er 960 kr. skattafsláttur fyrir hvert barn, sem foreldri hefur á famfæri sínu. — Jafnframt er svo gengið frá í okkar till., að þeir, sem komast niður í lágar tekjur vegna fyrninga í atvinnurekstri, njóti ekki skattafsláttarins. Við teljum, að þessar reglur séu miklu eðlilegri. Hugsunin á bak við skattafsláttinn hlýtur að vera sú að koma til móts við þá, sem minnstar hafa tekjurnar, og er þess vegna eðlilegt að hafa hann með þessum hætti.

Þá er jafnframt nauðsynlegt í sambandi við skattafsláttinn að víkja nokkuð að mjög villandi upplýsingum, sem gefnar eru í frv. til l. um skattkerfisbreytingu á bls. 13. Þar er látið líta svo út, sem persónufrádráttur sé miklu hærri en hann raunverulega er með því að reikna skattafsláttinn inn í dæmið með vafasömum hætti. Ábending um þetta hefur m.a. komið fram í aths. ríkisskattstjóra. Þetta er með þeim hætti, að hjá einhleypum manni er svo komið við 364 þús. kr. nettótekjur, að þá byrjar hann að tapa vegna skattafsláttarins, og þetta skatttap hans hækkar síðan smátt og smátt, uns komið er í 480 þús. kr. tekjur, og verður þá þessi tala 5800 kr. Samsvarandi tap hjá barnlausum hjónum er 9500 kr. eftir 625 þús. kr., en minnkar smám saman frá hálfri millj. kr. Ástæðan fyrir því, að skattafslátturinn kemur út með þessum hætti, er sú, að tilkoma hans veldur því, að minni tekjur en ella koma á það bil, sem er upp í 100 þús. kr. af nettótekjum,

í 20% skatt, og skýrist af því. Eðlilegra hefði verið að draga skattafsláttinn frá á eftir, en leyfa einstaklingunum eða skattþegnunum að njóta 20% álagningar af fyrstu 100 þús. kr. óskertum. Þetta veldur, eins og ég segi, þessu tapi og minnkar því þetta bil, þannig að raunverulegur persónufrádráttur er minni en fram kemur í frv.

Þá vil ég geta þess, að sá persónufrádráttur, sem gert er ráð fyrir í till. okkar, er samsvarandi því, sem gert var ráð fyrir í till. Alþýðusambands Íslands á kjararáðstefnunni, eða um 310 þús. kr., en þar var gert ráð fyrir 300 þús. kr.

Ástæða er til að vekja athygli á ákvæðinu um sérsköttun hjóna, sem er að finna í okkar till.

Þá er verulegur munur á skattprósentum, eins og gert er ráð fyrir í okkar till. Skattprósenta samkv. till. okkar er frá 15% upp í 38% og öll þrepin miklu breiðari en í till. hæstv. ríkisstj. Ég þarf ekki að nefna tölur um það, hversu miklu munar á þessum tveimur till. Það var ítarlega gert í frv. Matthíasar Á. Mathiesen og Matthíasar Bjarnasonar, sem lagt var fram fyrr á þessu þingi, og er ástæðulaust að endurtaka það hér.

Hins vegar er nauðsynlegt, að það komi fram, að í frv., eins og það er lagt fram af ríkisstj., er ekki verið að bjóða neitt það, sem skattþegnarnir áttu ekki raunverulega, ef reiknað hefði verið með réttri skattvísitölu. Ef miðað hefði verið við skattvísitölu 166 stig, hefð persónufrádrátturinn verið ívið hærri að óbreyttum lögum en gert er ráð fyrir í skattbreytingafrv. ríkisstj. Hins vegar er rétt, að nokkru munar að því leyti til, að skattþrepin eru rýmilegri í frv.

Hæstv. ríkisstj. hefur mjög gagnrýnt það, að sjálfstæðismenn skuli leggja fram till. um, að draga úr ríkisútgjöldunum. Eigi að síður hefur þessi till. sjálfstæðismanna hlotið meirihlutafylgi í Nd., fékk 22 atkv. gegn 18, og komst hv. frsm. meiri hl. n. svo að orði um það, „að við meðferð málsins í Nd. hefðu gerst hinir furðulegustu hlutir og frv. tekið ýmsum kostulegum breyt.“ — Breyt. hefðu verið frekar kostulegar. Ég verð að segja það, að þetta er mjög harður áfellisdómur, sem þessi hv. þm. hefur á hæstv. forsrh., sem er maður að meiri, vegna þess að hann var maður til þess að standa með stjórnarandstöðunni, með því, að ákvæði um niðurskurð yrði tekið inn í þessi skattalög.

Eins og ég gat um í fyrri hluta ræðu minnar, er þensla í ríkisbúskapnum svo mikil, að leita verður allra bragða af opinberri hálfu til að draga þar úr, og er þá einfaldasta leiðin að draga úr ríkisútgjöldunum. Hv. stjórnarandstæðingar hafa haldið því fram, að við höfum ekki bent á neitt, sem draga mætti úr, í því sambandi. En ég hlýt að vísa slíku algerlega á bug. Hvort tveggja er það, að við afgreiðslu fjárl. hefur Matthías Bjarnason, hv. þm. Vestf., boðist til þess og lagt það fyrir að fresta afgreiðslu fjárl. fram yfir hátíðar til þess að athuga um það, hvort ekki finnist einhver leið, eitthvert samkomulag um það milli stjórnar og stjórnarandstöðu að draga úr ríkisútgjöldunum. Og ég vil jafnframt benda á það, að þannig var staðið að fjárl. í tíð fyrrv. ríkisstj., að hagur ríkissjóðs var mjög góður og verulegur greiðsluafgangur mörg árin.

Það má auðvitað alltaf varpa fram þeirri spurningu, hvernig auðveldast sé að draga úr ríkisútgjöldum. Enginn vafi er á því, að eitt besta ráðið í því efni er að reyna að standa á móti nýjum mannaráðningum. Það er nú einu sinni svo, að það er erfiðara að segja fólki upp stöðum, sem einu sinni er búið að ráða. Miklu auðveldara og eðlilegra er hitt, að reyna að halda þannig á málunum, að ekki þurfi að fjölga mönnum, þótt einhver hætti af einhverjum ástæðum eða verkefnum fjölgi. Að þessu leyti hefur hæstv. fjmrh. alls ekki staðið sig nógu vel. Eins er hitt, að hann hefur verið of eftirlátssamur við einstaka ráðh., m. a. hæstv. ráðh. Alþb., um margvíslegar mannaráðningar. Þeir hæstv. ráðh. hafa hópað í kringum sig alls konar sérfræðingum, flokksbræðrum sínum, og hálfpartinn falið þá fyrir Alþ. með því að lausráða þá. Mér er sagt, að ástæðan fyrir því, að þessum sérfræðingum fari meir fjölgandi en mörgum öðrum, sé m. a. sú, að þeir hafi ekki fengið innangengt í Framkvæmdastofnunina og þess vegna hafi þeir brugðist þannig við. Um þetta veit ég ekki, en á þetta hefur verið giskað.

Eins vil ég benda á það, að menntakerfið hefurf bólgnað allt of mikið út. Og svo er að sjá sem í frv. um grunnskóla eigi að halda áfram á þessum sama vegi. Enginn vafi er á því, að það má stytta daglegan námstíma nemenda verulega, án þess að það komi niður á námsefninu, og ég vil í því sambandi minna á eða vitna til þess, að í Noregi er nú verið að taka upp nýja stefnu í þessum málum, m. a. með því að fækka námsgreinum og stilla vikulegum námsgreinum nemenda nokkuð í hóf. Er talað um 30 stundir í því sambandi. Á sama tíma og verið er að gera þetta í okkar nágrannalöndum, er núv. hæstv. ríkisstj. að beita sér fyrir samþykkt grunnskólafrv., sem mun hafa í för með sér, að menntakerfið bólgnar enn út.

Annars má segja, að það komi ekki beinlínis á óvart, þótt ríkiskerfið hafi bólgnað út undir stjórn núv. hæstv. ríkisstj. Það er tilhneiging vinstri stjórna að þenja út ríkisbáknið, og af þeim sökum er erfiðara að koma við sparnaði, þegar vinstri stjórn er við völd, en ella. Þar að auki hefur sú tilhneiging gert vart við sig nú upp á síðkastið að fjölga opinberum stöðum, einfaldlega vegna þess, að menn hafi útskrifast af margvíslegum tiskufögum, eins og þjóðfélagsfræði og öðru því um líku, félagsfræði, og ber að gjalda mjög varhuga við því. Að sjálfsögðu eigum við að stefna að því að gera allt ríkisbáknið einfaldara, og ég er sannfærður um það, að ef núv. hæstv. ríkisstj. liti á það í alvöru og kæmi til samstarfs um það við stjórnarandstöðuna, mundi reynast kleift að koma fram þeim niðurskurði, sem við leggjum til í okkar frv. og hæstv. forsrh. með sinni yfirlýsingu, og með sínu atkv. í Nd. hefur jafnframt stutt.

Mér eru það þess vegna mikil vonbrigði, að meiri hl. í fjh.- og viðskn. skyldi ekki treysta sér til þess að standa á bak við forsrh. sinn í þeirri sparnaðarviðleitni, sem hann vissulega hafði í Nd. Það er enginn vafi á því, að hæstv. forsrh. meinti það, þegar hann greiddi atkv. með niðurskurðarheimildinni. Hann var og er áreiðanlega reiðubúinn til þess að draga úr

þenslunni og til þess að draga úr ríkisbákninu. Þess vegna vonast ég til þess, að meiri hl. fjh- og viðskn. þessarar d. sjái að sér, dragi till. sínar til baka og gangi til móts við stjórnarandstöðuna og sjálfan hæstv. forsrh. um það að reyna að taka til hendinni og minnka ríkisútgjöldin.

Núv. hæstv. ríkisstj. og einkum hæstv. fjmrh. hefur mjög haldið því fram, að það sé komið undir stjórnarandstöðunni, hvort takist að standa við þá samninga, sem tókust milli ríkisstj. og verkalýðshreyfingarinnar. Ég vil í því sambandi segja það, að það er alltaf vafasamt af ríkisstj. að gera samkomulag við slíka aðila án þess að tryggja sér fyrst, að eðlilegur þingmeirihluti sé á bak við slíka ákvörðun. Ríkisstj. gat að sjálfsögðu sagt sér það fyrir, þar sem hún lagði dæmið fram með þeim hætti, sem hún gerði, að hún ætlaði sér að fá fleiri krónur í ríkiskassann í stað þeirra, sem hún léti af hendi, að meiri hl. Alþ. mundi ekki á það fallast. Stjórnarandstaðan var búin að lýsa því bæði við afgreiðslu fjárl. og eins oft í umr. nú í vetur, að ekki kæmi til greina að ljá máls á því, að ríkisálögurnar yrðu auknar. Ríkisstj. hefur því við enga um að sakast nema sjálfa sig, ef frv. það um skattkerfisbreyt., sem nú liggur fyrir, verður fellt. Og það er síður en svo snúist gegn beiðni Alþýðusambands Íslands eða verkalýðshreyfingarinnar, þótt svo fari. Verkalýðshreyfingin hefur lagt á það áherslu í sínum málflutningi, að tekjuskattur af almennum launatekjum verði afnuminn. Ríkisstj. hefur ekki treyst sér að verða við þessu, en hins vegar eru till. sjálfstæðismanna um það. Alþýðusambandið gerði tilraun til þess eða fulltrúar launþega að ræða við ríkisstj., hvort ekki mætti draga úr þenslunni og ríkisútgjöldunum. Um það var ríkisstj. ekki til viðræðu. Þess vegna sætti Alþýðusambandið sig við þetta samkomulag, eins og það var, þar sem það gat ekki fengið meira fram. Nú er það hins vegar komið í ljós hér á hinu háa Alþ., að í Nd. er ekki meiri hl. fyrir þessari skattkerfisbreytingu, og í sumum dæmum, eins og í sambandi við hækkun launaskattsins, er beinlínis meiri hl. fyrir því að lækka hann, þannig að hann hefur verið skorinn niður um 1½%.

Ríkisstj. verður að taka afleiðingunum af þessu. Hún verður að söðla um, ef hún vill sitja áfram og reyna að stjórna í samræmi við vilja Alþ. Það er rétt, sem fram hefur komið, að það kann að vera, að 31 þm. sé hlynntur þessu frv., þó er það mjög vafasamt, og mér er ekki kunnugt um nema 30 hv. þm., sem hafa lýst yfir stuðningi við frv. En hvað sem um það er, þá er stjórnarskráin íslenska og þingræðisvenjur hér á landi með þeim hætti, að ætlast er til þess, að mál fari í gegnum tvær þd., og það er ævinlega svo um talað, að þinglegur meiri hl. sé 32 þm. eða meiri hl. í báðum þd. Þetta verður hæstv. ríkisstj. að sætta sig við.

Hv. þm. Ragnar Arnalds hafði stór orð um þetta og sagði m. a., að ef frv. félli, breytti það hvorki einu né neinu hvað snerti líf ríkisstj., en létti af henni. Ríkisstj. yrði vegna laganna allmörgum milljónahundruðum fátækari. Hér fer hv. þm. rangt með, eins og vikið hefur verið að. Ríkissjóður hagnast miklu meira á þessari skattkerfisbreyt. eins og ég hef áður sýnt fram á, heldur en hann tapar. En þetta er ekki eins einfalt og hv. þm. vill vera láta. Það er auðvitað mjög alvarlegt, ef ríkisstj. hefur með jákvæðum hætti skipt sér af gangi kjarasamninga og greitt fyrir lausn þeirra með því að bjóða fram verulegar breyt. á skattalögum. Það er ekki hægt að líta öðruvísi en svo á, að með þessu setji ríkisstj. líf sitt undir. Hún hlýtur að leita allra bragða, áður en hún bregst Alþýðusambandinu að þessu leyti, og útilokað er, að hún geti setið, eftir að slíkt frv. hefur verið fellt.

Það er að sjálfsögðu algerlega fáránlegt, að ein ríkisstj. sé þess umkomin að setja Alþ. úrslitakosti. Samkv. okkar þingræðisvenjum er það svo, að það er Alþ., sem setur ríkisstj. úrslitakosti. Þótt hv. 4. þm. Norðl. v. kunni að þykja málsmeðferðin í Nd. undarleg, þá mun þó hitt sönnu nær, að hæstv. forsrh. hefur annan og betri skilning á þingræðisvenjum heldur en við eigum að venjast úr stjórnarherbúðunum, og ber að virða það.

Í sambandi við þær brtt., sem við lögðum fram á þskj. 506, hefur fallið niður ein brtt. svo hljóðandi:

„Við 17. gr. Á eftir 17. gr. frv. komi ný gr., svo hljóðandi:

Við útreikning kaupgreiðsluvísitölu skal kauplagsnefnd ekki taka tillit til þeirrar hækkunar á vísitölu framfærslukostnaðar, sem hlýst af 2% söluskattauka samkv. 8. gr. þessara l. Kauplagsnefnd skal meta hverju sinni, hve miklu þessi hækkun nemur.“

Ef svo fer, sem ég vona, að till. þær, sem eru á þskj. 506, verði samþykktar, þá mun ég bera þessa till. fram til samræmis við 3. umr.

Herra forseti. Ég fer nú senn að ljúka máli mínu. Ég vil aðeins ítreka það, að í fyrsta lagi er það algerlega úr lausu lofti gripið, að í till. okkar sjálfstæðismanna sé ekki fyllilega mætt þeirri tekjurýrnun, sem ríkissjóður verður fyrir við þær skattkerfisbreyt., sem við leggjum til. Eins og ég sagði áðan, virðist þeirri tekjurýrnun mætt annars vegar með hækkun söluskatts um 2% og hins vegar með niðurskurði fjárl. um 1500 millj. kr., auk þess sem álagning tekjuskatts eftir okkar till. mun nema þeirri upphæð, sem á vantar. Ég vil einnig rifja það upp, að ég hef sýnt fram á það, að sú áætlun eða þeir útreikningar, sem hv. stjórnarsinnar hafa lagt fram um tekjutap ríkissjóðs samkv. því frv., sem ríkisstj. hefur lagt fram, standast ekki. Það nemur ekki nema 2.2 eða í mesta lagi 2.3 milljörðum kr., en hins vegar telja þeir sig fá 3.4 milljarða kr. með söluskattsaukningunni. Ég hlýt að átelja það, að hæstv. ríkisstj. skuli með þessum hætti ætla að nota sér samningsvilja og þá öldu, sem komið hefur fram fyrir lækkun beinna skatta, til þess beinlínis að koma aftan að launþegum í landinu og auka heildarskattbyrði landsmanna. Ég geri mér vonir um það, að hv. stuðningsmenn hæstv. ríkisstj. hér á Alþ. skilji það, að eins og þeir hafa lagt þetta mál fyrir hið háa Alþ., hefur það ekki við meiri hl. að styðjast, og hagi sér í samræmi við það.

Ég ítreka það, sem ég sagði áðan, að við sjálfstæðismenn erum reiðubúnir til samstarfs um það, með hvaða hætti megi draga úr ríkisút-

gjöldunum, og hörmum einungis, að ekki skuli hafa komið til slíkra aðgerða fyrr en raun ber vitni.

Að lokum hafna ég því enn sem algerlega órökstuddri og rangri skoðun, að það sé stjórnarandstaðan, sem um sé að sakast í þessu máli, ef svo fer, að þetta frv. fellur. Það er algerlega á valdi ríkisstj.. að fallast á þær till., sem við höfum flutt hér fram og allar eru við það miðaðar, að ríkissjóður fái það upp bætt, sem hann mundi tapa við þá skattkerfisbreytingu. Hins vegar getur stjórnarandstaðan að sjálfsögðu ekki fallist á það, að í ríkissjóð komi svo og svo stórar upphæðir til viðbótar því, sem gert var ráð fyrir í fjárl., og með þeim hætti eigi að reyna að mæta þeim útgjöldum, sem svikist var um eða látið var hjá líða að gera ráð fyrir í fjárlagafrv.

Frsm. 2. minni hl. (Jón Árm. Héðinsson): Herra forseti. Eins og fram hefur komið, klofnaði hv. fjh.- og viðskn. við afgreiðslu málsins. Hefur nú þegar verið gerð grein fyrir máli meiri hl., og tekur hann upp veigamiklar brtt., — vegna þess að í frv. í Nd. voru gerðar á því ýmsar breyt., sem nefndarmeirihl. flytur að ósk fjmrh. til að tryggja því upphaflegan tilgang sinn. Við í stjórnarandstöðu skilum tveimur nál., og fyrri minni hl. skilar einnig viðtækum brtt., en ég flyt á þskj. 511 eina brtt. um hækkun á söluskatti um 3½%. Kemur fram í nál. minu, að við í Alþfl. erum reiðubúnir að fallast á þetta og teljum, að með því sé séð fyrir svipuðum tekjum og skattkerfisbreyt. sjálf hefur í för með sér, og reiknum þá með því, að þetta kerfi standi meira en út árið, það verði sem sagt nokkur framtíð í því. Hins vegar erum við á þeirri skoðun, sem hæstv. fjmrh. lýsti, að rétt væri að stefna að því, að hér yrði tekinn upp virðisaukaskattur.

Það er nú búið að tala mikið um þetta mál og fundartími orðinn langur hér í hv. d., og get ég í sjálfu sér verið stuttorður um okkar afstöðu. — Form. fjh.- og viðskn. meiri hl. er ekki hér viðstaddur, og hefði ég haft áhuga á að beina nokkrum orðum til hans, en hann er nú oft ekki viðstaddur í d., þó að mikilvæg mál séu rædd, svo að það bregður ekki út af venju, enda form. stórrar stofnunar og þarf víða að að huga. En þegar hann talaði um það, að við vildum eyða miklu fé og fara gálauslega með fé, vildi ég aðeins minna hann á það, að við margaðvöruðum um það við gerð fjárl. og víðar, að rétt væri að hamla á móti. Og ég vil undirstrika það, að það er ekki lítil viðurkenning í því, að við höfum farið hér með nokkuð rétt mál, þegar það er samþykkt í Nd. að opna heimild fyrir hæstv. fjmrh. til útgjaldaminnkunar frá fjárl. allt að 1500 millj. kr. Sjá menn og m. a. s. hæstv. forsrh., að þetta er nauðsyn, og ég efast um, að nokkur annar maður nú á þessu þingi hafi talað sterkar um það en sjálfur forsrh., hversu nauðsynlegt væri að hamla á móti verðbólgunni og við værum komnir fram á ystu nöf.

Það er vel þekkt hugtak frá fyrri vinstri stjórn, þegar þáv. forsrh. horfði fram af hengifluginu og dró sig til baka með öllu sínu stuðningsliði, en núv. forsrh. hefur ekki séð ástæðu til þess enn þá. Þó varð mér á að minna form. fjh.- og viðskn., Ragnar Arnalds, á hið gamla, sem Sesar sagði, — þegar hann var að tala um það, að stjórnin væri nú ekki aldeilis dauð, — að nú væri þó eins og forðum 15. mars kominn, en ekki liðinn. En mér segir svo hugur um, að þessi 15. mars geti skipt sköpum fyrir hæstv. ríkisstj., eins og hann gerði fyrir annað mikið veldi á sínum tíma. Spurningin er aðeins um það, hvort hið síðara fall verði mikið á svipaðan hátt og Rómarveldisfallið var mikið. Það tel ég varla verða. Ég held, að ríkisstj. sé komin af fótum fram og því muni fallið ekki verða mikið né hennar saknað.

Það er mjög athyglisvert, þegar meiri hl. fæst fyrir því að draga svo mjög úr útgjöldum eins og gert var í Nd. með heimildinni um allt að 1500 millj. kr., jafnvel þótt sumir gagnrýni það, að sú heimild sé um of opin. En þá mætti bæta úr því með því að koma með viðbótartill., sem kvæði svo á, að þetta skyldi gert í fullu samráði við fjvn. Það gerði reyndar frsm. fyrir till., hann undirstrikaði, að þetta væri svo í framkvæmd eins og verið hefur, þegar um slíkar heimildir hefur verið að ræða áður í sambandi við minnkun útgjalda á gildandi fjárl. Þá hefur jafnan verið unnið í samráði við fjvn. að till. til þess að draga úr útgjöldum ríkissjóðs, og er rétt að hafa það einnig í þessu tilfelli.

Við höfum ekki rengt útreikninga Framkvæmdastofnunarinnar eða hagdeildarinnar þar um, að hvert stig gæti gefið 800 millj. á yfirstandandi ári. Við vitum það frá fyrri reynslu, að þetta er varlega metið. Það sýnir yfirlitið frá árinu 1973. Ég drap á það hér í gær, að innheimtur söluskattur í febr. þá gerði 314 millj., en í des. var hann orðinn 545 millj. eða mismunur upp á 231 millj. kr. Þessi gífurlega verðþensla, sem á sér stað í þjóðfélaginu, bætir stöðu ríkissjóðs verulega, og það kom einnig fram hjá frsm. meiri hl., að hann reiknaði með því, að þessi skattkerfisbreyt. mundi gefa ríkissjóði jákvæðari stöðu þegar á næsta ári. Hins vegar taldi hann það ábyrgðarleysi hjá okkur að tefla svo djarft núna, að við ættum það næstum öruggt, að hallinn væri 500—600 millj. á yfirstandandi fjárl. En hann gleymdi alveg að minnast á heimildina, sem ég hef drepið á hér áðan og er það mikilvægt, að vandalaust er að draga út útgjöldum, er hugsanlegum halla næmi, eins og þeir leggja dæmið fyrir. Ég fæ því ekki annað séð en fullkomið jafnvægi geti verið fyrir ríkissjóð, ef hann fær 3½ stigs hækkun á söluskatt.

Við fengum ekki neitt um það að vita í fjh.- og viðskn., hver greiðslustaða ríkissjóðs var árið 1973, þó að ég impraði á því hér í gær, að okkur yrðu gefnar upplýsingar um það, þegar vitað var, að tekjur ríkissjóðs fyrir árið 1973 voru hátt í 3 milljörðum kr. meiri en reiknað var með. Innflutningur á árinu 1973 var 31.8 milljarðar og jókst úr 20.4 milljörðum, þannig að ríkissjóður fékk aðeins á þessum eina lið gífurlega auknar tekjur. Einnig vegna tekjuhækkunar manna á milli ára gaf tekjuskatturinn mun meira en reiknað var með. Og það hefur komið fram núna,

að búast má við, að tekjur manna árið 1973 nemi a. m. k. 30% hærri tölu en var árið 1972. Þó að við lækkum núna beina skatta nokkuð, er skattstofninn mun hærri og mun gefa ríkissjóði auknar tekjur. Hefur það verið áætlað a. m. k. um 400 milj. kr. Það ber því allt að sama brunni, að ríkissjóði er sæmilega vel séð fyrir tekjum þrátt fyrir þessa skattkerfisbreyt., enda væri óeðlilegt annað en að tryggja honum eðlilegar tekjur á móti svo viðamiklum útgjöldum sem Alþ. hefur samþ. við gerð fjárl. Hins vegar teljum við ástæðulaust, eins og verðbólgan er í landinu í dag, að spenna bogann hærra en lífsnauðsynlegt er, og þess vegna viljum við í stjórnarandstöðunni fara eins varlega og framast er unnt.

Það er misskilningur, að það sé betra að hafa söluskattinn hærri og veita þá eilítið hærri afslátt á sköttunum. Mín skoðun er sú og margra annarra, að með mun hærri söluskatti, jafnvel þótt ekki sé í vísitölunni, vaxi verðbólgan meira. Það, sem við eigum að gera hér á hv. Alþ., er að leggja til þær till., er draga úr verðbólgunni eins og framast er unnt. Sú gífurlega eyðsla, sem allir verða varir við í dag, stafar fyrst og fremst af því, að fólk þorir ekki að leggja sparifé sitt inn á banka, og menn finna það hjá sjálfum sér, að glötuð er geymd króna. Það er um að gera að kaupa bíl, og það gengur svo langt núna, að jafnvel sumir einstaklingar kaupa timbur og geyma það bak við hús sitt til endursölu síðar á árinu. Þetta sýnir það vanmat, sem ríkir í dag á íslensku krónunni og er undirrót þessarar þenslu, sem skapar aukin vandræði fyrir allt atvinnulíf í landinu og þá sérstaklega útflutningsatvinnulífið.

Það hefur komið fram víða, að iðnaðurinn á nú í vaxandi erfiðleikum, og heyrst hefur sú hugmynd, að nauðsyn sé að hjálpa iðnaðinum og þá sérstaklega niðursuðuiðnaðinum með útflutningsuppbótum og það fyrr en síðar. Sjá menn þá, að hér er að hefjast nýtt tímabil útflutningsuppbóta, þar sem enginn veit, hvar endað verður.

Nú hefur svo atvikast, að bæði mjöl hefur lækkað í verði og frystur fiskur, og þarf ekki að fara mörgum orðum um, hvaða afleiðingar það hefur, sérstaklega fyrir togaraútgerðina, þegar það var viðurkennt hér fyrir nokkrum dögum af hæstv. sjútvrh. í umr. um skatt af loðnu, að það væri lífsnauðsyn fyrir togaraútgerðina að fá þessa fjármuni, þar sem hún gæti ekki staðið undir sér einhliða. Þrátt fyrir góða afkomu frystihúsanna hefur það ekki hrokkið til, sem þau hafa getað lagt togaraútgerðinni fram, og þarf meira til. Fari svo innan skamms, að frystihúsin sjálf verði ekki aflögufær, sortnar skyndilega í álinn fyrir þessi nýju og afkastamiklu skip, og það er vandamál, sem verður að horfast í augu við sem fyrst og finna lausn á.

Hærri söluskattur þýðir hærra útsöluverð á vinnu og þjónustu, og almennt mun söluverð á þjónustu á vélaverkstæðum og netaverkstæðum og ýmsum öðrum aðilum, er þjóna sjávarútveginum, vera komið í rúmar 500 kr. í dagvinnu, og þeir, sem eru með sérfræðinga í sinni þjónustu, hafa útselda vinnustund á sjöunda hundrað kr. í dagvinnu. Ef menn þurfa á skyndilegri viðgerð að halda í eftirvinnu eða næturvinnu, er útkallið fyrir minnst 4 tíma, en ein vinnustund er nú komin yfir 800 kr. undir slíkum kringumstæðum.

Menn sjá, að þegar slík verðbólgualda ríður yfir, er stutt í það, að framleiðslugreinarnar lendi í greiðsluvandræðum. Allir kvarta undan rekstrarfjárskorti. Það er alveg sama, um hvaða starfsgrein maður ræðir, hvort það er verslun, iðnaður, þjónusta eða útgerð, allir þjást af rekstrarfjárskorti.

Eins og ég gat um hér í gær, er eitt alvarlegt vandamál við að auka söluskattinn að fá svo mikið fjármagn í hendur svo geysilega mörgum innheimtuaðilum, og væri fróðlegt, ef hæstv. fjmrh. gæti upplýst okkur, hve margir aðilar á Íslandi gera skilagrein um söluskatt. Ég hef ekki séð till. um það, að við ættum að taka þessa fjárhæð á öðru stigi í versluninni. Það væri þó vel hugsanlegt, finnst mér, að við ræddum það að taka þetta sem gjald í tolli, sem gjald við framleiðslu á landbúnaðarvörum og sem gjald við umboðssölu og fækka þá þeim aðilum, er innheimta þetta gjald fyrir ríkissjóð, — ég reikna með, svo að næmi jafnvel þúsundum, — og við gætum með því tryggt örugga og góða skilagrein á svona stórum upphæðum, sem verða nú brátt yfir 10 milljarðar á ársgrundvelli. Þetta er gífurlega mikið, ef við óttumst, að 2—3% komi ekki til skila. Ég tala nú ekki um, ef er eins og sumir segja, að a. m. k. 5% vanti upp á. Einnig vil ég undirstrika nauðsyn þess, að eftirlitið sé samtímaeftirlit og menn framfylgi bókhaldslögunum varðandi það, ef þeir gefa út nótur, að hvert fyrirtæki hafi prentaðar nótur og með hlaupandi númerum, þannig að ekki verði um villst og þægilegt sé að koma á staðinn og sjá útskrift hjá þessum fyrirtækjum, það sé ekki bara einfaldlega prentaður reikningur og svo standi á honum: Staðgreiðsla — og ekkert meira, eins og tíðkast í dag. Þetta er brot á gildandi bókhaldslögum, og miklu árangursríkara að mínu viti er að tryggja það, að hvert einasta fyrirtæki hafi prentaðan reikning og framkvæmi sína reikningsskrift, eins og lög gera ráð fyrir, og það komi skýrt fram, hver innheimta á söluskattinum er.

Ég fagna því, að í frv. er gert ráð fyrir, að viðurlög við brotum séu hert og allt eftirlit sé tryggt. Það er brýn nauðsyn, þegar menn fara með svona mikla fjármuni fyrir ríkið og eiga að gera skil á því innan ákveðins tíma, sem hefur nú verið styttur, þannig að mánaðarskil eiga sér stað. Það var jákvætt spor. En það er líka mikið atriði, að allir sitji við sama borð, eins og ég drap á áðan, í því efni.

Það hefur verið talað um það, að þetta sé samkomulag við verkalýðshreyfinguna og það hafi verið, eins og form. fjh.- og viðskn. orðaði það, samþ. með yfirgnæfandi meiri hl. Eftir því sem ég hef heyrt, voru 30 manns mættir á fundinum og 18 samþykktu þetta, en hinir 12 höfðu fyrirvara eða sátu hjá eða greiddu atkv. á móti. Ég hef ekki fengið þetta nákvæmlega sundurliðað, en þetta er það, sem ég hef frétt um afgreiðslu mála á þessum fundi, er 30 menn sóttu. Það má kalla þetta allgóðan meiri hl. En á þessum stað voru samt skiptar skoðanir um þetta samkomulag. Ég hef einnig heyrt, að þess-

ari hugmynd hafi verið hreyft á sínum tíma við BSRB, og þá hefur verið sett fram hugmyndin um 5% söluskatt þegar í nóv., en því hafi verið hafnað þá. Ég veit ekki, með hvaða hætti það var gert né á hvaða grundvelli það var rætt innan þeirra samtaka, en það væri fróðlegt að fá viðtækari upplýsingar um málið þá, því að það munu hafa verið aðrar forsendur þá fyrir að nefna töluna 5%, þegar það kom fram, því að í haust gaf söluskattsstig aðeins 630 millj. kr., en eftir athugun, sem nýlega fór fram, má ætla, að það verði um 800 millj., miðað við sæmilega þróun í verðlagsmálum, en mun auðvitað hækka, ef verðbólgan verður meiri, eins og margir hverjir óttast og því miður er sennilega unnt að ganga út frá, að verði.

Ég tel, að það sé ekki brot á neinum samningum eða samkomulagi við verkalýðshreyfinguna, ef hægt er að sýna fram á það, að þörfin fyrir 5% hækkun á þessu skattgjaldi sé ekki eins brýn og menn mátu fyrir 3—4 eða 5 vikum. Ég tel, að verkalýðshreyfingin ætti að vera ánægð með að fá það nú vel staðfest, að þörfin sé ekki svona mikil og ef við föllumst á það, sem ég vil halda fram, að sé sá eini rétti skilningur, að skattkerfisbreyt. sjálf kalli aðeins fram 2700 millj. kr. lækkun á beinum sköttum, þá er nauðsyn á söluskatti, sem má reikna á 800 millj. á ársgrundvelli hvert stig, ekki meiri en svo, að 3½ stig eiga að gefa þessa tölu.

Það er svo annað mál, hvort við föllumst á, að ríkissjóður eigi í slíkum greiðsluerfiðleikum sem sagt er, að eigi sér stað. Við höfum enn ekki fengið þau gögn á borðið, er sannfæra okkur um, að svo sé að öllu leyti. Við nm. höfum séð margumrædda áætlun frá hagrannsóknadeild Framkvæmdastofnunar ríkisins, og þar er sett upp dæmi, er sýnir erfiða greiðslustöðu ríkissjóðs, en þó betri með vaxandi verðbólgu. Hins vegar vitum við fyrir fram, að þessir embættismenn áætla ævinlega varlega. Er það mjög eðlilegt og fengin reynsla fyrir því s. l. 3 ár, að veltan í þjóðfélaginu hefur verið mun örari, bæði varðandi innflutning og útflutning og allt peningamagn, en þeir hafa þorað að áætla. Þess vegna hefur ríkissjóður fengið mun meiri tekjur en jafnan er reiknað með við afgreiðslu fjárlaga eða þótt endurmat komi fram hjá þessum aðilum. En sem sagt, það er mjög skiljanlegt, að þeir meti tekjutap ríkissjóðs mjög varlega. Það væri hægt að segja, að annað væri óábyrgt hjá þessum embættismönnum, sem verða að taka tillit til margs í sínum áætlunum, og ógerningur er annað en að meta flesta eða alla þætti mjög varlega.

Ég tel, að ríkisstj. ætti að sjá að sér í þessu, ef svo má að orði komast, meta stöðuna eins og hún er núna. Það er vilji mikils meiri hl. Alþ., — ég vil segja mikils meiri hl., — að opna þann möguleika, að hæstv. fjmrh. geti dregið úr útgjöldum fjárl. Það er líka vilji fyrir því, að söluskatturinn verði ekki hærri en 3½ stig. Það færi ekki svo illa með ríkissjóð, að hann kollsigldi sig, þótt slíkt yrði samþ. Þá gæti málið haldið áfram, og þá væri ekkert samkomulag rofið, sem setti launþegasamtökin upp við vegg. Það mundu allir fagna því, að söluskattur yrði eilítið lægri en menn reiknuðu með fyrst og málið fengi góðan endi á þessum merka degi, sem er 15. mars. Annars getur fall þessa frv. verið upphaf að falli hæstv. ríkisstj. Það er svo annað mál, hversu margir mundu óska eftir því úti um landsbyggðina. Ég held, að sá meiri hl. sé verulega mikill í dag. En ef hún hefur einhvern dug í sér, eins og ég skildi hæstv. fjmrh. í gær, þá mundi hún láta kjósa um málið í flýti og sjá, hvor hefði rétt fyrir sér, stjórnarandstaðan eða þeir. Þá gætu þeir fagnað sigri, ef þeir bera meiri hl. úr býtum, annars mundum við hinir fagna sigri, og verkalýðssamtökin mundu ekki áfellast okkur fyrir það að hafa sannfært hæstv. ríkisstj. um, að 3½ stig væri sú tala, er gæfi ríkissjóði nægilega miklar tekjur til að mæta skattkerfisbreytingunni.

Þorv. Garðar Kristjánsson: Herra forseti. Hér hafa farið fram allmiklar umr. nú þegar um frv. það, sem hér liggur fyrir, og ég ætla, að það sé nokkuð almennur áhugi á því, að þessum umr. ljúki sem fyrst. Með tilliti til þess og svo með sérstöku tilliti til hinnar yfirgripsmiklu ræðu frsm. 1. minni hl. fjh.- og viðskn., hv. þm. Halldórs Blöndals, mun ég aðeins víkja hér að vissum atriðum þessa máls, sem mér þykir ástæða til. Það væri að vísu freistandi að fara nokkrum orðum um ræðu hv. frsm. meiri hl. fjh.- og viðskn., hv. þm. Ragnars Arnalds, sem hann flutti hér í dag, en ég ætla ekki að gera það. Ég kýs frekar að halda mér að aðalforsvarsmanni ríkisstj. í þessu máli, hæstv. fjmrh.

Hæstv. fjmrh. flutti hér ræðu í gær fyrir frv. þessu. Það kom þar fram, að ráðh. var að afsaka ríkisstj. eða bera af henni sakir fyrir að hafa samið um skattlagabreyt. í frv. því, sem hér liggur fyrir, í sambandi við lausn kaupgjaldsdeilu. Hann sagði, að þessari ríkisstj. væri ekki vandara um en öðrum ríkisstj. Það er rétt hjá hæstv. fjmrh., ekki verða gerðar meiri kröfur til núv. ríkisstj. en annarra ríkisstj. Sú hugsun hlýtur að vera svo fjarri, að engum kemur slíkt til hugar. Hæstv. ráðh. minnti á í þessu sambandi, að Atvinnuleysistryggingasjóði hefði verið komið á fót árið 1955 í sambandi við lausn kaupgjaldsdeilu. Þáv. ríkisstj. hefði heitið því við gerð kaupgjaldssamninga þá, að sett skyldi löggjöf um atvinnuleysistryggingar. Hæstv. ráðh. nefndi líka framkvæmdir ríkisins vegna íbúðabygginga í Breiðholtinu. Hann minnti á, að þáv. ríkisstj. hefði skuldbundið sig til þess að stofna til þessara framkvæmda til lausnar kaupgjaldsdeilu 1965. Hæstv. ráðh. lét hins vegar undir höfuð leggjast að minna líka á það, að með júní-samkomulaginu 1964 lofaði þáv. ríkisstj. að gera ýmsar ráðstafanir til lausnar í húsnæðismálunum. Þetta gerði ríkisstj. þá til lausnar kaupgjaldsdeilu. Ég hygg, að það megi finna ýmis önnur dæmi þess, að ríkisstj. beiti sér fyrir lausn kjaradeilu og verkfalla með því að lofa tilteknum ráðstöfunum, sem atbeina Alþ. þarf til að koma í framkvæmd, þ. e. a. s. ráðstöfunum, sem eru löggjafaratriði. Mér er ekki kunnugt um, að þetta hafi í sjálfu sér verið nokkurt ádeiluefni. Þvert á móti hefur það verið fagnaðarefni deiluaðilum og raunar þjóðinni í heild, ef ríkisstj., hver sem hún hefur verið,

hefur verið þess umkomin að stuðla að lausn kaupgjaldsdeilna og verkfalla og efla vinnufriðinn í landinu með þeim hætti.

Hvað er þá hæstv. fjmrh. að fara í þessu sambandi? Hann er að gera því skóna, að það sé ádeiluefni á núv. ríkisstj., að hún skuli nú hafa lofað tilteknum atriðum í skatta- og húsnæðismálum til lausnar kaupgjaldsdeilum. Hér er um herfilegan misskilning að ræða. Það er ekkert nema gott um það að segja, ef ríkisstj. getur sett niður alvarlegar deilur í þjóðfélaginu. Þetta á jafnt við, hvort sem um er að ræða hæstv. núv. ríkisstj. eða einhverja aðra ríkisstj. Það breytir engu. Við erum ekki að deila um þetta. Hvers vegna þá, hæstv. fjmrh., að vera að rugla málið með því að þusa um það, að hæstv. núv. ríkisstj. geri ekki annað en gert var 1955, 1964 eða 1965 af þáv. ríkisstj., þ. e. a. s. að leggja fyrir Alþ. ráðstafanir, sem hefur verið lofað til lausnar kaupgjaldsdeilum?

Það er ekki deilt á núv. hæstv. ríkisstj. fyrir það, að hún skuli hafa aðhafst í málinu, heldur hvernig hún hefur farið að í málinu. Það er það, sem við deilum um. Ég skal ekki fara að rekja hér söguna af afskiptum hæstv. ríkisstj. af síðustu kaupgjaldsdeilum. Undanslátturinn og úrræðaleysið þekkjum við. Tregðulögmálið, sem réð viðbrögðum hæstv. ríkisstj., verður hins vegar ekki skýrt, nema haft sé í huga, hvað hér er á ferðinni. Það voru skattamál og húsnæðismál, sem um var að tefla. Verkalýðurinn og aðrir launþegar í landinu gátu ekki lengur unað aðgerðum hæstv. ríkisstj. í skattamálunum og aðgerðarleysi hennar í húsnæðismálunum. En hvort tveggja var hæstv. ríkisstj. jafnkært, skattaáþjánin og úrræðaleysið í húsnæðismálunum.

Við verðum að hafa í huga, að eitt af skrautblómum hæstv. ríkisstj. hefur verið skattalagabreyt., sem komið var á árið 1972. Á máli ríkisstj. búum við nú við bestu skattalög, sem við þekkjum og höfum kynnst. Réttlætinu var fullnægt með því að ná til breiðu bakanna í skattheimtunni, erfiðisvinnufólks og aldraðra. Þetta er sá boðskapur, sem fólki hefur verið boðaður úr herbúðum stjórnarflokkanna á undanförnum misserum. Það kemur því eins og holskefla yfir ríkisstj., þegar fólkið rís áþreifanlega upp gegn skattaáþjáninni og öllum blekkingavef ríkisstj. í þessu efni. Þetta var það, sem gerðist s. l. sumar, þegar verkalýðssamtökin settu það efst á blað í væntanlegum kjarasamningum, að leiðréttingar yrði að gera í skattamálunum. Það var mat verkalýðshreyfingarinnar, að ekki stoðaði að gera kröfur um almennar kauphækkanir né semja um þær, nema til kæmu breyt. á skattalöggjöfinni. Þessi löggjöf, sem var yndi og eftirlæti hæstv. ríkisstj., var að dómi verkalýðsins og raunar alls almennings í landinu þröskuldur í vegi kjarabóta og bættra lífskjara í landinu. Aldrei fyrr hefur það skeð, að verkalýðssamtökin hafi sett fram slíka afdráttarlausa kröfu í kjaradeilu um breyt. á skattalögum. Og hafa ber í huga, að þessar kröfur verkalýðssamtakanna gengu þvert á stefnu stjórnarinnar í skattamálunum. Verkalýðssamtökin voru ekki að taka undir dýrðaróð ríkisstj. um skattalagabreyt. frá 1972. Verkalýðssamtökin heimtuðu fráhvarf frá ríkjandi skattamálastefnu. Þau gerðu kröfur, sem fóru saman við stefnu Sjálfstfl. í skattamálum og raunar allrar stjórnarandstöðunnar, eins og síðar hefur komið í ljós. Verkalýðssamtökin heimtuðu lækkun skatta og breytingu frá beinum sköttum til óbeinna skatta. Halda nú menn, að ríkisstj. hafi fagnað þessari afstöðu verkalýðshreyfingarinnar til skattamálanna? Hverjum kemur slíkt í hug? Það var ekkert fagnaðarefni fyrir hæstv. ríkisstj. að þurfa að kyngja öllu skrumi og glamri um skattalagabreyt. frá árinu 1972. En ríkisstj. treysti sér ekki til að gera það, sem huga hennar stóð næst, að snúast gegn skattalagabreyt. þeim, sem krafist var. Raunar átti hún ekki annars úrkosta en láta undan kröfum verkalýðshreyfingarinnar og þrýstingi almenningsálitsins. En þegar hugur fylgir ekki máli, er ekki við góðu að búast. Í því ljósi verður skiljanleg sú ólund og óhöndugleiki, sem ríkisstj. hefur sýnt af sér í þessu máli. Seinlæti og aðgerðaleysi ríkisstj. olli töfum og erfiðleikum í samningagerðum verkalýðssamtakanna og vinnuveitenda með þeim afleiðingum, að til allsherjarverkfalls kom að óþörfu, áður en samningar komust á. Loforðið, sem hæstv. ríkisstj. gaf eftir dúk og disk um skattalagabretyingu er þess eðlis, að nú stöndum við hér á hv. Alþ. í þeim vanda, sem raun ber vitni um.

Ég skal þá víkja að hinum þætti ríkisstj. í þessu máli, húsnæðismálunum. Um þann þátt málanna er ekki síður um lærdómsríka sögu að ræða. En ég ætla í þetta skipti að neita mér um að fara ítarlega út í þá sálma.

Verkalýðssamtökin settu fram kröfur til ríkisstj. um raunhæfar aðgerðir í húsnæðismálunum. Það var ekki að ófyrirsynju. Frá því að núv. hæstv. ríkisstj. kom til valda, hefur ferill hennar í húsnæðismálunum verið ömurlegur og hraksmánarlegur. Það hefur ekki skort á fögur loforð og fyrirheit. Það hefur verið lofað heildarendurskoðun á húsnæðislöggjöfinni. Það hefur verið lofað eflingu veðlánakerfisins. Það hefur verið lofað nýjum tekjustofnum til fjármögnunar í íbúðarhúsabyggingum í landinu. Það hefur verið lofað aukinni opinberri aðstoð til húsbygginga. En hvað hefur skeð? Það litla, sem hefur verið gert, hefur að miklu leyti verið skrum. Það stóra, sem lofað var, hefur verið látið ógert. Afleiðingin hefur verið afturför í þessum málum í fyrsta sinn í tæpa tvo áratugi eða síðan lög um húsnæðismálastjórn voru sett árið 1955. Frá þeim tíma vorum við að sækja fram í þessum efnum. Við vorum að hækka íbúðalánin. Við vorum að bæta lánskjörin. Við vorum að lengja lánstímann. Við vorum að verja meira fjármagni til íbúðarhúsabygginga. Við vorum að verja meira af þjóðartekjunum til þessara þarfa. Með tilkomu núv. hæstv. ríkisstj. var bundinn endi á þessa þróun. Hatrömmust er sú staðreynd í dag, að hin almennu lán Byggingarsjóðs ríkisins eru nú ekki nema brot af notagildi því, sem þau höfðu í tíð fyrrv. ríkisstj. Lánin eru langtum minni hluti af byggingarkostnaði en áður var. Við erum ekki einungis stöðvaðir á framfaraveginum, okkur miðar nú aftur á bak.

Það er kannske einkennandi fyrir stjórnarfarið, sem við búum við, að því hefur verið haldið fram, af hæstv. ríkisstj., að aldrei hafi verið betra ástand í húsnæðismálunum en einmitt nú,

aldrei hafi verið gert meira í þessum efnum en á síðustu árum. Og auðvitað hefur það verið hlutskipti þess, sem höfuðábyrgðina ber á ófremdinni, að lofsyngja dýrðina. Það hefur verið hlutverk hæstv. fyrrv. félmrh., Hannibals Valdimarssonar.

En það verður að segja hverja sögu eins og hún er. Ríkisstj. hefur þrátt fyrir allt ekki verið alls varnað í húsnæðismálunum. Hinir greindari og gætnari menn sáu auðvitað, að þetta gat ekki gengið lengur. Hannibal var látinn fara. Það var það besta, sem hæstv. ríkisstj. hefur fram til þessa gert í húsnæðismálunum. Það hefur hvílt nokkur leynd yfir ástæðum þess, að ráðherradómur Hannibals leið undir lok. En hinn óttalegi leyndardómur blasir við öllum þeim, sem sjá vilja.

En verkalýðssamtökunum var ekki nægilegt, að nýr ráðh. tæki við húsnæðismálunum. Aðalatriðið var að stemma stigu við hinni óheillavænlegu þróun, sækja fram á nýjan leik, gera raunhæfari ráðstafanir í því skyni. Það var þetta, sem verkalýðssamtökin kröfðust. Á s.l. sumri töldu verkalýðssamtökin ástand húsnæðismálanna svo óþolandi, að þau kröfðust úrlausnar í sambandi við væntanlega kjarasamninga. Árangurinn af þessu er að finna í yfirlýsingu ríkisstj. um húsnæðismál, sem fylgir í grg. þessa frv., sem hér er til umr. Ég ætla ekki að ræða hér einstaka liði þessarar yfirlýsingar um húsnæðismálin eða yfirlýsinguna í heild. Undirstaða þess, að eitthvað raunhæft sé gert í þessum málum, er aukið fjármagn til þessara þarfa.

Í yfirlýsingunni segir, að 1% aukning launaskatts, sem frv. gerir ráð fyrir í Byggingarsjóð ríkisins, gefi um 600 millj. kr. á ársgrundvelli, en að líkindum mundi þetta auka ráðstöfunarfé Byggingarsjóðs á þessu ári um 300 millj. kr. Þetta er góðra gjalda vert, en segir lítið til lausnar þeim mikla vanda, sem nú er við að glíma. Mikið atriði er því, hvað fleira kemur til greina til lausnar þessum vanda. Segir í yfirlýsingu þessari um húsnæðismálin, með leyfi hæstv. forseta:

„Yfirlýsing þessi er gefin í trausti þess, að þátttaka lífeyrissjóða stéttarfélaga í fjármögnun þessara félagslegu bygginga verði 20% af árlegu ráðstöfunarfé þeirra frá og með þessu ári. Þátttaka lífeyrissjóða í fjármögnun Húsnæðismálastofnunar ríkisins er miðuð við kaupverðtryggðra skuldabréfa með ríkisábyrgð, og skulu verðtrygging og vextir jafngilda hagstæðustu ávöxtunarkjörum, sem í gildi verða á hverjum tíma á veðskuldabréfum, sem út eru gefin á vegum ríkisins."

Nú vil ég leyfa mér að spyrja hæstv. fjmrh., eða e. t. v. ætti ég að spyrja hæstv. félmrh. um nánari skýringar á þessari yfirlýsingu. Ég spyr um, hvort það hafi verið gerðir samningar við lífeyrissjóði stéttarfélaga, sem tryggi efndir þessarar yfirlýsingar. Ég vænti þess að fá skýr og ákveðin svör við þessari sjálfsögðu spurningu.

Ég sagði áðan, að ekkert væri í sjálfu sér athugavert við það, að hæstv. ríkisstj. hefði lagt fyrir Alþ. ráðstafanir, sem hún hefði lofað til lausnar kaupgjaldsdeilu. Hins vegar er athugavert og raunar ámælisvert, hvernig ríkisstj. hefur farið að í þessu efni. Það verður ekki að ríkisstj. fundið, að hún hafi verið spör á loforðin. Hún hefur vissulega gefið loforðin af örlæti og raunar léttúð. Hún hefur komist upp á það lagið gagnvart hinum almenna kjósanda í landinu að efna ekki loforð sín. Þetta er alvarlegt almennt séð, en sérstaklega er þetta varhugavert í því tilviki, sem við hér ræðum um. Það er fullkomið ábyrgðarleysi að gefa loforð um tilteknar ráðstafanir til lausnar kaupgjaldsdeilu án þess að hafa tryggt, að við loforð þessi yrði staðið. Hæstv. ríkisstj. er staðin að þessu framferði, og þess vegna er hún sjálf völd að þeim vanda, sem hún stendur frammi fyrir í dag. Þessu framferði ríkisstj. má jafna við það, þegar maður gefur út ávísun á innistæðu, sem ekki er fyrir hendi. Allir vita, hvernig fer fyrir þeim manni, sem gerir sig sekan um slíkt athæfi. Hann gerist brotlegur við lög og á þá á hættu að verða sviptur réttinum til að gefa út ávísanir. Hæstv. ríkisstj. ætti að taka afleiðingum gerða sinna. En ríkisstj. er ekki á þeim buxunum að segja af sér, ef hún kemur ekki fram hér á Alþ. því, sem hún telur efndir á loforðum sínum gagnvart verkalýðnum í landinu. Það verður því að svipta ríkisstj. aðstöðunni til að gefa út falskar ávísanir. Og það munu kjósendur gera í næstu kosningum, ef Alþ. verður ekki búið að vinna það þarfa verk, áður en til kosninga kemur.

Hvað má nú verða ríkisstj. til halds í þessum hrellingum hennar? Hæstv. ríkisstj. biðlar nú til stjórnarandstöðunnar, biður stjórnarandstöðuna um að bjarga sér út úr vandanum, bjarga lífi sínu. Það er ekki farið fram á lítið í þessu efni. Og hvernig á stjórnarandstaðan að fara að í þessu efni? Sjálfstfl. getur ekki greitt atkv. með frv. því, sem hér liggur fyrir, eins og ríkisstj. lagði það fram. Það gengi í berhögg við þá stefnu flokksins, að létta beri skattbyrðina, en ekki auka.

Það hlýtur að vakna sú spurning við meðferð þessa máls, hvað hæstv. ríkisstj. sé mikil alvara að koma í gegn skattalagabreyt. til efnda á loforðum sínum gagnvart verkalýðshreyfingunni. Í fyrsta lagi sýnir það lítinn áhuga á framgangi málsins, að ríkisstj. skyldi fyrir fram ekkert samráð hafa við stjórnarandstöðuna til að tryggja framgang málsins á Alþ. Ríkisstj. lætur undir höfuð leggjast að tryggja sér meiri hl. á Alþ. fyrir máli þessu, svo að hún geti staðið við gefin loforð. Í öðru lagi hefur það ekki farið fram hjá mönnum, hve léttilega hæstv. ríkisstj. virðist taka því, þó að skattalagafrv. hennar nái ekki fram að ganga. Hæstv. fjmrh. talar um það eins og ekki sé mikill skaði skeður. Ef þetta frv. fellur, standa gildandi lög, segir hann, bestu skattalögin, sem við höfum kynnst, eins og ríkisstj. metur skattalagabreyt. sína frá 1972.

Það er þessi málsmeðferð og afstaða hæstv. ríkisstj., sem vekur spurninguna um það, hvað ríkisstj. sé mikil alvara með frv. sínu. Þeim mun frekar verður þessi spurning þrálát, þegar það er haft í huga, að afstöðu sína um að vera ekki til viðtals við stjórnarandstöðuna um neinar leiðréttingar, byggir ríkisstj. eingöngu á útreikningum um tekjutap ríkissjóðs af lækkun tekjuskatts og tekjuaukningu af hækkun söluskatts.

Stjórnarandstaðan viðurkennir ekki, að þessir útreikningar ríkisstj. séu réttir. Stjórnarandstaðan telur till. ríkisstj. fela í sér mikla aukningu skattbyrðarinnar á almenning í landinu. Ríkisstj. segir, að skattbyrðin sé ekki aukin eða jafnvel minnki, eins og hv. þm. Ragnar Arnalds sagði hér í ræðu sinni í dag. Nú leyfi ég mér að spyrja hæstv. fjmrh.: Ef hann er jafnsannfærður um sína útreikninga og hann lætur, telur hann ekki rétt að láta kanna, hvort stjórn og stjórnarandstaða geti komið sér saman um að sannprófa í sameiningu, hvort ekki sé hægt að reikna dæmið rétt? Er nú svo komið fyrir okkur hér á hv. Alþ., að við getum ekki komið okkur saman um, hver er rétt reikningsleg niðurstaða af tölulegu dæmi? Hefur hæstv. fjmrh. ekki komið til hugar, að í þessu efni gæti verið rétta leiðin að hlíta mati hlutlausra manna, sem stjórn og stjórnarandstaða kæmi sér saman um? — Ég spyr því hæstv. fjmrh., hvort hann geti ekki hugsað sér þessa leið út úr ágreiningi þeim, sem risinn er um þýðingu till. ríkisstj. fyrir hag ríkissjóðs? Ef hæstv. fjmrh. vill ekki hlíta slíku mati, sýnist mér augljóst, að ráðh. hafi ekki sjálfur trú á þeim útreikningum, sem hann byggir á í málflutningi sínum hér á Alþ.

Jón Árnason: Herra forseti. Ég mun nokkuð stytta mál mitt frá því, sem ég hafði upphaflega ætlað mér, þar sem alllangar og ítarlegar umr. hafa farið fram um þetta mál, bæði í hv. Nd. og svo aftur nú við 2. umr. þessa máls hér í d. í dag. Ég vil þó víkja nokkrum orðum að þessu máli og afstöðu hæstv. stjórnarliða til afgreiðslu málsins, eins og hún var frá Nd. og eins og málið lá fyrir, þegar það kom til þessarar umr.

Hæstv. fjmrh. og aðrir stjórnarliðar halda því fram, að aðalrök þess, að rétt sé að samþykkja frv. til l. um skattkerfisbreytingu, sem ríkisstj. flytur og hér er til umr., séu þau, að hér sé um framkvæmd að ræða á einum þætti þeirra kjarasamninga, sem nýlega voru gerðir á milil launþega og atvinnurekenda. Hæstv. fjmrh. sagði, að hér væri um fjölmörg fordæmi að ræða, sem eins hafði staðið á um, og hafi aldrei komið til þess fyrr, að Alþ. samþykki ekki slík ákvæði, ef um þau hefði verið samið. Víst er það rétt, að oft hefur til þess komið, eins og hér hefur verið vikið að áður, að ríkisstj. hafi þurft að hafa afskipti af gerð kjarasamninga á einn eða annan hátt og greiða fyrir samningagerð með því að lofa að beita sér fyrir nýrri löggjöf, sem í fælist kjarabót í einu eða öðru formi. Þegar slíkt hefur átt sér stað, hefur viðkomandi ríkisstj. haft hreinan þingmeirihl. í báðum þd. og með því að láta viðkomandi þingmeirihl. fylgjast með og skýra honum frá því, sem um væri að ræða, vissi ríkisstj. fyrir fram, hvort hún hafði vald á þeirri lagasetningu, sem til þurfti að grípa, eða ekki. Það er þessi reginmunur, sem um er að ræða hvað viðkemur núv. ríkisstj. Hún hefur ekki þann þingstyrk á bak við sig, sem hverri ríkisstj. er nauðsynlegur til þess að geta fylgt fram þeirri stefnu, sem hún hefur lofað að beita sér fyrir, og þess vegna á ríkisstj. að fara frá, komi hún ekki málinu í gegnum þingið.

Það hefur tekið ríkisstj. bráðum 3 ár að átta sig á því, að skattal., sem hún beitti sér fyrir í upphafi síns stjórnarferils, eru slíkur óskapnaður, að sýnilegt var, að áhrif þeirra mundu leiða til þess, að allar atvinnustéttir þjóðfélagsins og þó sérstaklega þeir, sem vinna að sjávarútvegsframleiðslunni, sem eins og allir vita er óhjákvæmilega háð mikilli yfirvinnu, mundu lýsa því yfir, að fengist ekki viðunandi leiðrétting á þeirri skattáþján, sem nú á sér stað, mundu verkalýðsfélögin grípa til þess ráðs að banna félögum sínum að vinna alla nætur- og helgidagavinnu í fiskiðjuverunum. Má öllum vera ljóst, hve alvarlegar afleiðingar slík ákvörðun mundi hafa, ef til þess kæmi, að verkalýðsfélögin gerðu alvöru úr þeirri hótun. Það er enginn vafi á því, að það er þessi ákveðna krafa verkalýðs- og sjómannafélaganna, sem hefur knúið ríkisstj. til undanhalds frá þeirri skattránsstefnu, sem hún hefur haldið uppi, það sem af er þessu kjörtímabili.

Hæstv. fjmrh. fer fram á söluskattshækkun, sem nemur 5%, þannig að heildarsöluskattsstofninn, sem rennur beint í ríkissjóð, verður þá um 16%. Þar fyrir utan er svo 1%, sem gengur áfram til Viðlagasjóðs, og 1%, sem ætlað er til niðurgreiðslu á olíuverði. Þegar fjárlagafrv. var lagt fyrir Alþ. á s. l. hausti, var gert ráð fyrir 2% söluskattshækkun, þ. e. að söluskattsstofninn yrði þá 13%. Þá var gert ráð fyrir, að söluskatturinn skilaði í ríkissjóð 7150 millj. kr. Það svarar til þess, að hver söluskattsprósenta næmi um 550 millj. kr. Það sýnir best, hvað óðaverðbólgan er gífurleg, að sami aðili, hagrannsóknadeildin, sem áætlaði tekjur fjárlagafrv. í sept. s. l. og þá hvert söluskattsstig á 550 millj. kr., telur, að nú megi reikna á sama hátt 800 millj. kr. fyrir hvert söluskattsstig. Engum dettur þó annað í hug en þegar áhrif hinna nýju kjarasamninga hafa náð að hafa til fulls áhrif á allt verðlag í landinu, að þá muni þessi tekjustofn skila enn meiri upphæð í ríkissjóð. Það kom í ljós í umr. um fjárlagafrv., að ríkisstj. hafði ekki þingstyrk til þess að koma þessu áformi sínu um söluskattshækkun í framkvæmd með löggjöf og varð að gefast upp við það áform sitt. Þá var horfið að því að láta endurreikna og gera nýja spá um væntanlegar tekjur ríkissjóðs á árinu 1974, miðað við óbreytt skattalög. Kom í ljós, að á þessu þriggja mánaða tímabili hafði óðaverðbólgan haft þau áhrif á tekjumöguleika ríkissjóðs eftir gildandi l., að allir tekjuliðir gáfu verulega meira en áður hafði verið reiknað með. Söluskatturinn á að gefa samkv. fjárl. 6702 millj. kr. í ríkissjóð, — þegar frá er tekið það, sem rennur til Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga, — en það er sem næst 610 millj. kr. fyrir hvert söluskattsstig, og þannig heldur skrúfan áfram. Nú er hins vegar upplýst, að söluskattsstigið nemi um 800 millj. kr. Ekki veit ég, hvort þá hefur verið dregið frá það, sem fer í Jöfnunarsjóð sveitarfélaga eða ekki, en allir sjá, hvað hér er um gífurlegt stökk að ræða á ekki lengra tímabili. Með þessari óðaverðbólgu, sem nú á sér stað og virðist vera það eina, sem núv. ríkisstj. getur tryggt þjóðinni, þá væri ekki óeðlilegt að áætla að söluskattsprósentan væri að þrem mánuðum liðnum komin í einn milljarð kr. En þrátt fyrir þá teygju,

sem árlega hefur átt sér stað á öllum tekjuliðum fjárl., áður en endanlega hefur verið frá þeim gengið, hefur reynslan tvö undanfarin ár orðið sú, að tekjur ríkissjóðs hafa farið langt fram úr áætlun. Samkv. ríkisreikningi fyrir árið 1972 er um umframtekjur að ræða, sem nema um 1630 millj. kr. Á nýliðnu ári er enn um gífurlegar umframtekjur að ræða, og enda þótt endanlega liggi ekki fyrir, hverjar þær umframtekjur verða nákvæmlega, má telja víst, að þær verði ekki undir 2000 millj. kr.

Í óðaverðbólguárferði, eins og nú á sér stað, er það út af fyrir sig verðbólgan og síhækkandi verðlag, sem tryggir ríkissjóði þá tekjustofna, sem mestu máli skipta í tekjubálki fjárl. Árið 1972 fara tekjur ríkissjóðs um 1630 millj. kr. fram úr áætlun. Á árinu 1973 munu umframtekjur nema ekki undir 2000 millj. kr. Og í ár, ef allt heldur fram sem horfir hvað verðbólgu og verðlagshækkanir snertir, er ekki að efa, að gæti orðið greiðsluafgangur, en umframtekjur miðað við fjárlög verða enn meiri en undirfarin ár og það enda þótt ekki komi til sú aukna skattheimta, sem ríkisstj. berst nú fyrir upp á líf og dauða að fá samþykkta.

Það hefur lengi verið stefna sjálfstæðismanna, að stefnt skuli að því að stórlækka beina skatta og afla ríkissjóði þess í stað tekna með óbeinum sköttum. Næst þessu stefnumarki var komist með skattalagabreyt., sem átti sér stað árið 1960. Þá mátti heita, að allar almennar launatekjur yrðu gerðar skattfrjálsar. Það, sem á vantaði þá, er það, sem við leggjum áherslu á, að nú verði sett inn í þetta skattbreytingalagafrv., en það er, að skylt sé að hækka eða lækka þær fjárhæðir, sem um ræðir í a- og d-liðum 13, 14. og 16. gr., þrepin í skattstiga þeim, sem um getur í 1. lið 25. gr., svo að allar þær fjárhæðir, sem um ræðir í IV. lið 25. gr., samkv. skattvísitölu, sem ákveða skal af kauplagsnefnd ár hvert í samræmi við breyt. á almennum launatekjum. Vilji menn í alvöru tryggja, að almennar launatekjur verði tekjuskattsfrjálsar, er það slík till. sem þessi, sem tryggir best, að svo skuli verða.

Það er eftirtektarvert og sýnir best þróunina í skattamálum, hver hún hefur verið undir forustu núv. ríkisstj., ef við berum það aftur saman við það, sem átti sér stað 1960 og síðar. 1959 er síðasta ár vinstri stjórnarinnar sálugu, sem áhrifa gætti í sambandi við skattamálin. Þá var það svo, að 61 900 eða 79.2% af skattgreiðendum greiddu þá skatt, en þeir, sem ekki greiddu þá skatt, voru þá 16261 eða 20.8%. 1960 breyttist hlutfallið þannig, að aðeins 20% á móti 79% árið áður greiddu tekjuskatt til ríkissjóðs eða 15080 samtals, en þá voru skattleysingjar 63620 eða 79.16%. 1973, þegar aftur fer að gæta áhrifa frá núv. ríkisstj. í sambandi við skattaálögurnar, snýst dæmið aftur við. Þá eru það 57987 eða 57% framteljanda, sem greiða tekjuskatt, en aðeins 42855 eða tæpur helmingur, 42.5%, sem greiða ekki tekjuskatt. Á yfirstandandi ári, ef lagt verður á eftir óbreyttum skattal., er talið sýnilegt, að þessi skattprósenta muni hækka enn verulega, og það er enn fremur talið fullvíst, að af þeim, sem koma til með að greiða skatt á yfirstandandi ári, muni 90% af skattgreiðendum lenda í hæsta skattstiga samkv. skattalögunum. Þetta sýnir best, hversu ríkisstj. hefur staðið við það að láta breiðu bökin bera skattbyrðina, þegar svo er komið, að svona mikill hluti af þeim, sem greiða tekjuskatt á annað borð, — og það er orðin stór hluti framteljenda, sem á að greiða tekjuskatt, — að 90% af þeim lendir í hæsta skattþrepi. Það hefur varla verið hægt að svíkja á jafnáberandi hátt gefin fyrirheit í sambandi við skattamálin og ríkisstj. hefur gert í þessum efnum.

Það er augljóst mál, að þeir þm., sem ekki vilja fallast á till. okkar sjálfstæðismanna, eru fyrir fram að koma í veg fyrir, að hlutfallsleg upphæð af heildartekjum manna, þ. e. almennar launatekjur, verði tekjuskattsfrjáls. Þessi till., sem sjálfstæðismenn báru fram í Nd., var þar felld, og það sýnir best, hvert stefnir í þessum efnum. Ríkisstj. og stjórnarflokkarnir virðast vera reiðubúnir til þess að ganga nú frá tekjuskattsstiga, sem felur það í sér, að verulegur hluti af venjulegum launatekjum verði tekjuskattsfrjáls, en það á bara að vera í augnablikinu. Síðan skekkir verðbólgan, sem heldur áfram, þetta óðar en líður, og þá kemur til þess, að fleiri og fleiri komast í hæstu þrepin við álagningu skatta, nema til komi ný og ný leiðrétting í þessum efnum, sem að sjálfsögðu hefði verið einfaldast og best að gera á þann hátt, sem sjálfstæðismenn leggja til, þ. e. að láta kaupgjaldsnefnd, hlutlausa nefnd, ákveða þetta og leiðrétta árlega.

Það er nokkurn veginn víst, ef ekki kemur til einhver slíkur öryggisventill, eins og ég hef hér talað um, inn í skattkerfisbreyt., verða skattamálin á ný fyrr en varir orðin slíkur óskapnaður sem þau eru í dag. Það, sem aðaldeilan stendur hins vegar um, er mat á stöðu ríkissjóðs, eftir að sú tekjuskattsbreyting hefur átt sér stað, sem í þessu frv. felst, og eins og það kom frá hv. Nd. Það liggur fyrir, að öll stjórnarandstaðan, að viðbættum þremur þm., sem upphaflega studdu núv. ríkisstj., hefur tjáð sig samþykka till. sjálfstæðismanna um að heimila ríkisstj. í samráði við fjvn. að lækka fjárveitingar á árinu 1974 um allt að 1500 millj. kr. Það liggur því fyrir á óvefengjanlegan hátt, að með þessari till. er beinn þingmeirihl. Stjórnarflokkarnir hafa talað hátt um, að það sé í alla staði ólýðræðislegt, að þau mál, sem meiri hl. þm. sé fylgjandi, nái ekki fram að ganga. Maður skyldi því halda, að þeir vildu fylgja þessari reglu í einu og öllu. Svo virðist þó ekki vera. Það geta menn séð af þeim brtt., sem stjórnarliðið ber fram í þessari hv. d. við þessa umr. málsins.

Hv. frsm. meiri hl. hélt því hér fram, þegar hann hélt sína framsöguræðu, að afgreiðsla málsins í Nd. hefði farið fram með kynlegum hætti, og átti þar að sjálfsögðu við þá afstöðu, sem hæstv. forsrh. tók, þegar hann greiddi atkv. með till. sjálfstæðismanna um aukinn sparnað. En ég er viss um, að hæstv. forsrh. hefur ekki verið hér með neinn leikaraskap. 4. þm. Norðurl. v. þarf ekki að ætla honum það, að honum hafi ekki verið full alvara í þessum efnum. Með því liggur það á borðinu, að fyrir þessari till., sem hæstv. forsrh. studdi í Nd. og samtals 31 þm. í Nd. studdi, er hreinn þingmeirihl. Þess vegna er það hreint vantraust, — það er hreint vantraust á

hæstv. forsrh. af stjórnarliðinu hér í hv. Ed. að ætla nú að fara að leggja til að breyta aftur og fella brott það ákvæði, sem samþ. var í Nd. með fullu samþykki hans og tilstuðlan. Ég tel, að fallist Ed. Alþ. á þetta ákvæði, sem við sjálfstæðismenn fluttum, sé með þeirri framkvæmd og 2% hækkun á söluskattsprósentunni fyllilega séð fyrir rekstrarafkomu ríkissjóðs á yfirstandandi ári.

Þegar búið er að samþykkja fjárlög og ákveða með því vissa útgjaldaliði, er sagt, að þá muni reynast erfitt að segja til um það, hver niðurskurðurinn skuli eiga sér stað. Menn vilja þá gjarnan spyrja þá, sem að sparnaðinum vilja standa: vilt þú minnka framlag til heilbrigðismála? Vilt þú minnka fjárveitingu til menntamála? Vilt þú minnka framlag til tryggingamála, svo sem ellilífeyris, sjúkrabóta eða örorkubóta o. s. frv.? — Þetta er það algengasta, sem sett er fram í þessu sambandi. Og þetta var eitt af því, sem hv. frsm. meiri hl. lét sér sæma að bera hér á borð áðan. Ég veit, að það er ofur auðvelt að kasta slíku fram, og vissulega vildu allir gera betur en gert er. En fyrir öllu eru viss takmörk, og það er það, sem núv. ríkisstj. hefur sést yfir í sambandi við efnahagsafkomu þjóðarheildarinnar. Hv. frsm. meiri hl. var að átelja minni hl. eða okkur sjálfstæðismenn fyrir að flytja þessa till. um 1500 millj. kr. sparnað, án þess að segja nákvæmlega, á hvaða útgjaldaliðum við vildum láta þetta koma fram. Það átaldi hann. En síðar í ræðu sinni var hann ekki meiri maður en svo, að hnn lýsti því yfir, að þeir mundu jafnvel við 3. umr., á síðara stigi málsins, koma með einhverja till. um niðurskurð. Ég bíð bara eftir því að sjá, hvaða einstaka liði þessi hv. þm. tilnefnir þá í sambandi við sparnað og niðurskurð. Það verður fróðlegt að sjá þá till., sem hv. 4. þm. Norðurl. v. ber þá fram í sambandi við sparnað, sem hann gaf vissulega fyrirheit um þegar hann hafði orð fyrir meiri hl. hér fyrr í kvöld.

Þessi till. okkar sjálfstæðismanna um lækkun á fjárl. er heldur ekkert nýmæli, þegar um efnahagsörðugleika er að ræða. Núv. ríkisstj. hefur sjálf átt frumkvæði að slíkri lagasetningu og ætti því einnig nú að geta fallist á þessa leið sem einn þátt í lausn þess vanda, sem fylgir þeirri skattkerfisbreytingu, sem hér er lagt til, að eigi sér stað. Þessi hálfur annar milljarður, sem samþ. var í hv. Nd. að lækka útgjöld ríkissjóðs frá því sem ákveðið var í fjárl., jafngildir sem næst tveimur vísitölustigum. Það er því í alla staði raunhæft að samþykkja til viðbótar till. sjálfstæðismanna, sem hér liggur fyrir, þ. e. 2% söluskattshækkunina.

Hæstv. fjmrh. hefur sagt, að einn aðalgrundvöllurinn í því samkomulagi, sem nú hefur nýlega náðst um laun og kjör, sé það loforð ríkisstj. að lækka tekjuskatt sem því nemur, sem í frv. þessu felst og var endanlega samþ. shlj. í hv. Nd. Hitt er svo annað mál, að endurmeta hefur þurft þá fullyrðingu ráðherranna, að til þess að ríkissjóður sleppi skaðlaus af tekjuskattslækkuninni þurfi að hækka söluskattsálagið um 5 söluskattsstig. Stjórnarandstaðan hefur fært full rök fyrir því, að verði till. ríkisstj. samþ., sé verið að leggja enn þyngri skattbyrði á þjóðina en fyrir var og það hafi aldrei verið ætlunin með samþykki launastéttanna á þessari skattalagabreytingu.

Þegar fjárlagafrv. var lagt fram á s. l. hausti, fullyrti ríkisstj., að söluskattur þyrfti að hækka um tvö söluskattsstig. Stjórnarandstæðingum tókst að lokum að sannfæra ríkisstj. um, að þessi skoðun hennar væri ekki á rökum reist. Hún féll því frá þessari ákvörðun sinni. Það sama hefur nú átt sér stað. Ríkisstj. ber því að endurskoða afstöðu sína til málsins og viðurkenna, að hún hafi haft á röngu að standa eins og í fyrra skiptið. Að öðrum kosti á hún að fylgja fram stefnu sinni og standa eða falla með henni. En það er eina leiðin, sem ríkisstj. getur valið og farið. Annarra kosta á hún ekki völ, vilji hún hafa í heiðri þær lýðræðiskenndir, sem stuðningsflokkar hennar eru gjarnir á að hampa um þessar mundir.

Staðreyndin er sú, að ríkisstj. hefur enga fastmótaða stefnu í efnahagsmálum. Þjóðarskútan berst eins og stjórnlaust rekald í ólgusjó verðbólgunnar. Það var að vísu yfirlýsing um það í stjórnarsáttmálanum, að ríkisstj. mundi sjá svo um, að verðbólgan yxi ekki hraðar hér en í nágrannalöndunum. Hver er árangurinn? Verðbólgan hefur verið allt að þrisvar sinnum meiri hér en í nágrannalöndunum, og á þessu ári kemur engum á óvart, að hún verði fjórfalt meiri en þar á sér stað. Allt ber því að sama brunni, og reyndar mátti lesa það út úr orðum hæstv. fjmrh. hér á Alþ. í gær, að ríkisstj. hefði nú gert upp við sig að gefast upp við að stjórna landinu. Færi svo, að hún kæmi ekki fram þessu frv. í einu og öllu, eins og ríkisstj. lagði það fyrir þingið, var ekki annað að heyra en að þjóðin ætti næsta leik, þ. e. að leggja dóm sinn á gerðir núv. ríkisstj.

Ég held, að ef svo fer sem hæstv. fjmrh. var að gefa í skyn, að þjóðin fái nú að leggja dóm sinn á gerðir þeirrar ríkisstj., sem farið hefur með völd í landinu á undanförnum þremur árum í einstöku góðæri og leitt þjóðina út í slíka ófæru í efnahags- og fjármálum, að vart munu dæmi um áður, þá sé til mikils að vinna að koma frá völdum þeirri ríkisstj., sem þannig hefur svikið öll sín loforð, og binda með því endi á þetta ófremdarástand.

ATKVGR.

Brtt. 506,1 felld með 11:9 atkv.
— 506,2 felld með 11:9 atkv.
1. gr. samþ. með 11 shlj. atkv.
Brtt. 506,3 felld með 11:9 atkv.
2. gr. samþ. með 11 shlj. atkv.
Brtt. 506,4 felld með 11:9 atkv.
3. gr. samþ. með 11 shlj. atkv.
Brtt. 506,5 felld með 11:9 atkv.
4. gr. samþ. með 11 shlj. atkv.
Brtt. 506,6 felld með 11:9 atkv.
5. gr. samþ. með 11 shlj. atkv.
6. gr. samþ. með 11:1 atkv.
7. gr. samþ. með 11:9 atkv.
Brtt. 508,1 (ný gr., verður 8. gr.) samþ. með 11:9 atkv.
— 511 og 506,7 komu ekki til atkv.
8.—15. gr. (verða 9.—16. gr.) samþ. með 11 shlj. atkv.

16. gr. (verður 17. gr.) samþ. með 11 shlj. atkv.
Brtt. 508,2 (ný 17. gr., verður 18. gr.) samþ. með 11:9 atkv.
Brtt. 508,3 (ný gr., verður 18. gr.) samþ. með 11:3 atkv.
Brtt. 508,4 (ný 18. gr., verður 20. gr.) samþ. með 11 shlj. atkv.
Brtt. 506,8 kom ekki til atkv.
Ákvæði til bráðabirgða I—III samþ. með 11 shlj. atkv.
Brtt. 508,5 (ákv. til brb. IV falli niður) samþ. með 11:9 atkv.
Fyrirsögn frv. og fyrirsagnir kafla þess samþ. án atkvgr.
Frv. visað til 3. umr. með 11:9 atkv.

Jarðalög, frv. (þskj. 492, 105). — Frh. 3. umr.

ATKVGR.

Brtt. 512 (umorðun á brtt 105) samþ. með 12:7 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu
já: BGuðbj, BJ, EggÞ, EÁ, GeirG, HFS, JÁH, MÓ, PÞ, RA, StH, ÁB.
nei: GH, JónÁ, HBl, OÓ, SteinG, ÞK, AuA.
BFB greiddi ekki atkv.
Frv., svo breytt, samþ. með 11:7 atkv. og afgr. til Nd.

Efri deild, 81. fundur.

Föstudaginn 15. mars, að loknum 80. fundi.

Umferðarlög, frv. (þskj. 515). — 3. umr.

Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði samþ. með 18 shlj. atkv.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 20 shlj. atkv. og afgr. til Nd.

Skattkerfisbreyting, frv. (þskj. 518). — 3. umr.

Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði samþ. með 18 shlj. atkv.

Frsm. meiri hl. (Ragnar Arnalds): Herra forseti. Hér í d. hafa nú þegar farið fram allítarlegar umr. um þetta mál, og er því ekki þörf á því að orðlengja frekar um það.

Í þessu máli hefur verið deilt hvað mest um fjárhag ríkissjóðs og hvernig ríkissjóður kæmi út úr þessum breytingum, ef að lögum yrðu, frá því sjónarmiði, hvað tekjur hans yrðu miklar og hve mikil útgjöld hans yrðu. Það er óumdeilt, hygg ég, eftir þessar ítarlegu umr., að söluskatturinn gefi á árgrundvelli 400 millj. kr. Og ég hygg, að um það sé tæpast lengur deilt, þó að lengi hafi verið reynt að halda uppi deilum um það efni og reynt að vefengja það, sem fullyrt var um það, að tekjutap ríkissjóðs af þeim breyt., sem felast í hækkun tekjuskattsins og skattafslætti, nemi a. m. k. 3400 millj. kr. Hv. talsmenn Alþfl. hafa viðurkennt, að tekjutap ríkissjóðs væri nálægt því, sem ríkið fær út úr söluskattinum á árinu 1974. Á hinn bóginn hafa þeir haldið því fram, að söluskatturinn gæfi talsvert meira en tekjuskattinum nemur á árinu 1975 eða 1976 eða á ársgrundvelli. Þetta viðurkennum við fúslega, sem að þessari skattkerfisbreytingu stöndum. Þess vegna er það næsta óskiljanlegt á grundvelli þess, hve lítið ber á milli annars vegar stjórnarflokkanna og hins vegar Alþfl. í þessu máli, að ekki skuli vera hægt að ná samkomulagi um, hvernig á þessu máli skuli haldið. (Gripið farm í.) Það hefur margsinnis verið boðið. Við skulum þá víkja að því.

Ég vil undirstrika það, að margsinnis hefur verið boðið, að þetta frv. gilti ekki nema til loka þessa árs. Það er það, sem ríkisstj. hefur boðið, að frv. gildi aðeins til loka þessa árs og þá verði það tekið til endurskoðunar. Um framhaldið er síðan um tvennt að ræða. Það er hugsanlegt að lækka söluskattinn í árslok. (**Gripið fram í:** Hvenær hefur það skeð, að skattarnir hafi lækkað?) Ég verð að játa, að mér þykja það nokkuð þungar spurningar, sem fyrir mig eru lagðar, ef ég á að rekja sögu skattamála á Íslandi á þessari öld. En ótrúlegt þykir mér, ef ekki má benda á það, að skattar hafi verið lækkaðir, og það vill nú einmitt svo til, að við erum hér að ræða breyt., sem felur í sér skattalækkun. Jafnvel þótt hægt væri að sanna það, að slíkt ætti sér fá fordæmi, þá sé ég samt ekki, eins og málin standa hér á Alþ. og miðað við það, að ríkisstj. hefur ekki öruggan meiri hl. í báðum deildum þingsins, að þá ætti ekki Alþfl. að geta verið í sams konar aðstöðu í árslok og hann er núna til þess að hafa áhrif á gang þessa máls.

En eins og ég sagði hér áðan, er næsta óskiljanlegt, þegar fyrir liggur, að um málið er ekki meiri ágreiningur en er raunverulega, og þegar fyrir liggur, að það er mikill áhugi fyrir því af hálfu verkalýðshreyfingarinnar, að þetta frv. verði að lögum, um það var samið í nýloknum kjarasamningum, og það má heita eitt af forsendum þeirra kjarasamninga, sem þá voru gerðir, og þegar fyrir liggur, að ekki er meiri ágreiningur um það, hvað í þessum samningum felst, að ekki skuli þá vera hægt að slá því föstu að láta tekjur og gjöld standast á á þessu ári og taka síðan málið til endurskoðunar í árslok.

Ég hef orðið var við það, að Alþfl. hefur boðið 3½% söluskattshækkun, en þá vantar, eins og talsmenn hans vita auðvitað sjálfir fullkomlega, töluvert á, að endar nái samna. Það vantar sem nemur 1½%. (Gripið fram í.) Ég hélt, að það hefði margsinnis komið ljóslega fram af hálfu talsmanna Alþfl., að á ársgrundvelli 1974 standast tekjur og gjöld á varðandi tekjuskattslækkunina annars vegar og söluskattshækkunina upp í 5% hins vegar, og ég varð áheyrandi að því á sameiginlegum nefndarfundi í fjh.- og viðskn. beggja deilda, að formaður Alþfl., hv. þm. Gylfi Þ. Gíslason, lýsti því yfir, að um þetta atriði væri ekki ágreiningur, heldur hitt, að ríkisstj. ætlaði sér að reikna dæmið á ársgrundvelli og það væri ekki eðlilegt, vegna þess að þessi lög ættu að gilda til

frambúðar. Hann bauð það þá fram, að söluskatturinn yrði heldur lægri, t. d. 3½%, en síðan yrði reynt að afla tekna með öðrum hætti til þess að fylla í eyðuna. Og ég held, að ég sé ekki að segja neitt það, sem mér hefur sérstaklega verið trúað fyrir, þegar ég upplýsi það, að af hálfu Alþfl. hafa komið fram hugmyndir um það, að inn í þessa eyðu gæti kannske komið hækkun á eignarskatti, sem næmi 1%, og hugsanleg hækkun á aðstöðugjaldi. Ég skal ekki segja, hvort þarna hefur verið mælt formlega af hálfu flokksins, en í öllu falli hafa hugmyndir af þessu tagi komið fram manna á meðal og verið ræddar. Það vill hins vegar svo til, að þessar hugmyndir eru ekki aðgengilegar. Út af fyrir sig væri hægt að hugsa sér það, að eignarskatturinn væri hækkaður, en að fara að hræra í aðstöðugjaldinu sem slíku, sem fellur til sveitarfélaganna, það væri mjög óheppilegt. Þar af leiðir, að málið er enn í þeim farvegi, að það liggja ekki fyrir neinar aðgengilegar till. um það, hvernig í þessar eyður skuli fyllt.

Ég verð að segja það, að ég trúi því ekki, að mál muni standa með þessum hætti þar til leiknum lýkur og að ekki verði hægt að komast að einhverju samkomulagi í málinu. Ég vil því leyfa mér að flytja hér brtt. við frv. af hálfu meiri hl. fjh.- og viðskn., sem felur það í sér, að frv. gildi til ársloka 1974. Ég trúi ekki öðru en að Alþfl. og fulltrúar hans á Alþingi geti fallist á þá lausn málsins ellegar þeir komi þá fram með einhverjar þær till., sem gefa svipaða útkomu fyrir ríkissjóð.

Brtt. meiri hl. fjh.- og viðskn. er á þá leið, að 20. gr., eins og hún er nú orðin eftir 2. umr., orðist svo:

„Lög þessi öðlast þegar gildi. I. kafli 1. kemur til framkvæmda við álagningu skatta til ríkissjóðs fyrir skattárið 1973. II. kafli kemur þegar til framkvæmda. III. kafli tekur gildi 1. apríl 1974. Gilda ákvæði 1. gr., 2. gr., 3. gr., 4. gr., 5. gr., 3. málsgr. 7. gr., 8. gr. og 19. gr. til loka ársins 1974. — Úr gildi falla lög nr. 61 1964, um breyt. á lögum nr. 10 1960, um söluskatt."

Sem sagt, það er sjónarmið okkar, að óhjákvæmilegt sé að standa fast við fyrri till. um 5% söluskattauka. En hér er það boðið fram og lagt til, að sú breyting verði gerð á frv., að það gildi aðeins til áramóta og þá sé unnt að taka málið til endurskoðunar. Ég verð að segja það, að ég trúi ekki öðru en að hv. alþm., sem hafa lýst þeim skoðunum, sem talsmenn Alþfl. hafa gert í þessum umr., geti fallist á þessa lausn málsins.

Ég hef gert grein fyrir skriflegri brtt. meiri hl. fjh.- og viðskn., og ég leyfi mér að leggja hana fram, herra forseti, og óska eftir því, að um hana verði leitað afbrigða.

ATKVGR.

Afbrigði um skrifl. brtt. (sjá þskj. 520) samþ. með 14:1 atkv.

Jón Árnason: Herra forseti. Hv. síðasti ræðumaður, 4. þm. Norðurl. v., sá ástæðu til þess að fara að hefja hér sérstakar umr. um þetta mál við 3. umr. Hann hefur ekki látið svo lítið í dag að vera yfirleitt nokkuð hér til að hlusta á umr. manna. Samt gat hann tíundað, hvað menn hefðu sagt hér í sinni ræðu við umr. í dag, og kemur manni það kynlega fyrir. Ég fylgdist með því, að það var ekki ljós á hans peru hér í ganginum lengi í dag, þegar verið var að ræða þetta mál, og kom mér það kynlega fyrir, þar sem hann var frsm. í þessu máli fyrir hv. stjórnarliða. (Gripið fram í.) Nú, það kann að vera, að það hafi verið rafmagnsfræðileg mistök, en svona var það, það var svart á perunni og maðurinn sást hvergi. En hvað sem því líður, er ekki nema eðlilegt, að það sé ýmislegt, sem kemur fram í þessari ræðu, sem við erum búnir að ræða í dag og skýtur skökku við.

Hv. þm. er að tala hér um, að við höfum komist að niðurstöðu um ákveðna fjárupphæð í sambandi við það, hverju söluskatturinn muni skila. Það liggur á borðinu, hvað geysilega miklar breytingar hafa átt sér stað á stuttum tíma á þessum tekjustofni, eftir því sem færustu menn hafa upplýst. Þeir hafa upplýst það, að í septembermánuði var gert ráð fyrir því, að söluskatturinn skilaði í ríkissjóð 550 millj. hvert skattstig. Þegar við síðan gengum frá afgreiðslu fjárl., var þessi tekjustofn kominn upp í að skila 610 millj. kr. Í dag liggja hér hins vegar á borðinu upplýsingar um, að hann muni skila á ársgrundvelli 800 millj. kr. Hvort hér er innifalinn, eins og ég sagði fyrr í dag í sambandi við þetta, sá hluti, sem á að ganga til sveitarfélaganna, skal ég láta ósagt, en samt sem áður sjá allir, hve geysilegar breytingar eiga sér stað á þessum tekjustofni á skömmum tíma, og það er ekkert óeðlilegt í því verðbólguþjóðfélagi, sem við lifum í. Það eru slíkar kollsteypur, sem eiga sér stað í verðlagsmálum, og allt verkar það á söluskattinn á sömu leið. Það hækka og hækka tekjurnar, sem renna í ríkissjóð af þessum gjaldstofni. Og hverjum dettur í hug í dag, þó að það sé reiknað nú dæmið, að söluskatturinn gefi 800 millj. kr. á ársgrundvelli, að ef dæmið verður endurskoðað að 3 mánuðum liðnum, að það eigi sér þá ekki stað sama kollsteypan og átt hefur sér stað á undanförnum tímabilum með 3 mánaða millibili. Nei, verðbólgan siglir hraðbyri sömu átt, og allt stefnir í sömu átt með það, að tekjur, tekjuskatturinn, söluskatturinn og aðrir slíkir stofnar, sem byggðir eru á verðlaginu, fara hækkandi og hækkandi og sá hluti, sem rennur til ríkissjóðs eykst að sama skapi.

Hv. ræðumaður sagði hér fyrr í dag, þegar hann hafði framsögu fyrir meiri hl. fjh.- og viðskn. um þetta mál: „Við afgreiðslu í Nd. gerðust hins vegar hinir furðulegustu atburðir," sagði ræðumaður. „Að vísu var það bæði til góðs og ills, gerðar breytingar af kostulegu tagi." Þar átti hann sjálfsagt við þá afgreiðslu, sem átti sér stað varðandi sparnaðartill., sem Sjálfstfl. flutti í Nd. og hæstv. forsrh. ásamt öðrum þm. úr stjórnarliðinu samþykkti með stjórnarandstöðunni. Það voru hinir furðulegustu atburðir, eins og hv. þm. lýsti hér fyrr í dag í þessum umræðum.

Ég verð að segja það, að það er furðuleg bjartsýni og hreint og beint vantraust á hæstv. forsrh., að stjórnarflokkarnir í þessari hv. deild skuli

ætla að knýja þetta atriði hæstv. forsrh. til baka, þannig að hann skuli breyta sinni afstöðu. Vitanlega hljóta þeir að gera það í þeirri meiningu, að hann og hv. þm. Björn Pálsson, sem stóð með honum í atkvgr., éti allt ofan í sig, þegar málið kemur aftur til Nd. (**Gripið fram í:** Ekki ég.) Nei, ég veit það, að bæði hv. þm. Björn Pálsson og hæstv. forsrh. láta ekki þessa menn segja sér fyrir verkum í þessum efnum, og það á eftir að koma á daginn, að það er þingmeirihl. fyrir hendi í sambandi við afgreiðslu þessa hluta frv., sem samþykktur var í hv. Nd., að fara í sparnaðaráttina til viðbótar við það að bæta nokkru við varðandi söluskattinn til að mæta þeim tekjumissi, sem ríkissjóður verður að sjálfsögðu fyrir í sambandi við tekjuskattslækkunina.

Hitt er svo annað mál, að í sambandi við verðbólguna eru margar aðrar ráðstafanir, sem núv. stjórnarmeirihl. hefur haft afskipti af og leiða til hins sama. Það er t. d. að ætla sér að lækka niðurgreiðslur af nauðsynjavörum til almennings um 500 millj. kr., eins og stefnt hefur verið að. Það kemur hart niður á fjölskyldumönnum að ætla sér að lækka fjölskyldubætur um 250 millj. kr. En þetta er fyrirheit, sem þessir menn hafa boðað þjóðinni, að skuli koma til framkvæmda á yfirstandandi ári. Allt er þetta að sjálfsögðu til þess að auka verðbólguna og gera þyngra undir fæti þeim mönnum í þjóðfélaginu, fjölskyldumönnunum, sem eiga erfiðast með afkomu sína.

Það er að sjálfsögðu margt fleira, sem tala mætti um í sambandi við skattamálin í heild. Nú liggur það á borðinu, að það er eina vonin hjá hæstv. stjórnarflokkum og ríkisstj., að vegna þess, hvað gildandi skattalög séu illræmd, verði hægt að kenna stjórnarandstöðunni um. Ef þau verði látin gilda eftirleiðis og þessi skattalagabreyting ekki samþykkt, muni það hefna sín á þeim, sem koma í veg fyrir, að þetta aukna skattrán, sem hér er lagt til, komi til framkvæmda, að það eigi sér stað. Stjórnarandstöðunni verði kennt um, að hún hafi komið í veg fyrir þær tekjuskattslækkanir, sem felast í þessu frv. — Nei, almenningur mun sjá í gegnum annað eins og þetta. Það er vissulega rétt, að skattránið, sem á sér stað í dag og mun leiða til þess, að 90% af þeim, sem koma til með að borga skatt eftir gildandi skattalögum á yfirstandandi ári, lenda allir í hæsta þrepi skattstigans. Ég hygg, að það sé einsdæmi hjá nokkurri þjóð í allri veröldinni, að slíkur skattstigi og slík skattalög gildi í nokkru landi.

Þessir flokkar og engir frekar hafa talað um, að það þyrfti að láta skattana koma á breiðu bökin. En hver er reynslan af þeirra framferði í sambandi við skattamálin? Reynslan talar skýru máli í þessum efnum. Það hefur farið sífellt í þá áttina, að fleiri og fleiri af skattborgurunum, sem borga tekjuskatt, hafa lent í hæsta skattþrepinu. Það á eftir að sýna sig, að ef þessi skattaleiðréting nær ekki fram að ganga, sem ríkisstj. hefur lagt fram á þessu þingi, ef hún fellur, vegna þess að ríkisstj. vill ekki sætta sig við það að fá ekki stórauknar tekjur í viðbót í ríkissjóðinn, þá verði látið sitja við það að leggja skatta á þjóðina eftir hinu illræmda skattakerfi, sem í gildi er og þessi hæstv. ríkisstj. og stjórnarflokkar beittu sér fyrir að samþykkja og koma í framkvæmd í upphafi síns stjórnarferils.

Nei, ég kvíði því engu, og við þurfum ekki að kvíða neinu í stjórnarandstöðunni í sambandi við það, að okkur verði kennt um, að of þungar byrðar verði lagðar á þjóðina, þó að þessar auknu skattaálögur, sem ríkisstj. og hennar stuðningsflokkar fara nú fram á, að við samþykkjum henni til handa, verði ekki samþykktar.

Það er auðvelt að skýra það fyrir þjóðinni, að hér er verið að gera allt annað en samið var um við launþegasamtökin. Þegar menn segja, að þeir hafi samþykkt 5% söluskattshækkunina, þá byggðist það vitanlega á því, að það voru ekki fyrir hendi nægilega greinargóðar og skýrar upplýsingar um það, hvað tekjurnar í ríkissjóð mundu aukast við þá skattalagabreytingu, sem lagt er til, að gerð verði með þsssu skattalagafrv. eða skattkerfisbreytingu, eins og það er kallað af hæstv. ríkisstjórn.

Ég er ekki í neinum vafa um, að það mun koma skýrar og skýrar í ljós með hverjum mánuðinum sem líður, hvað tekjurnar í ríkissjóð muni aukast við þá verðbólguþróun, sem á sér stað. Samkvæmt ríkisreikningi fyrir árið 1973 fóru tekjur ríkisins fram úr áætlun um 1630 millj. kr., fram úr því, sem fjárlög gerðu ráð fyrir. Á yfirstandandi ári liggja þessar tölur ekki til fullnustu fyrir enn þá, en það er nokkurn veginn víst eftir þeim upplýsingum, sem liggja fyrir núna varðandi tekjur ríkissjóðs á árinu 1973, að þær muni a. m. k. verða um 2000 millj. kr. umfram það, sem gert er ráð fyrir í fjárlagafrv. Hér er um að ræða á þessum tveimur árum hvorki meira né minna en nokkuð hátt á fjórða milljarð, hátt á fjórðu þúsund millj. kr., sem ríkisstj. hefur haft meiri tekjur en samþykkt hefur verið og gert ráð fyrir í fjárlögum. Þetta er ákaflega eðlileg afleiðing af þeirri verðlags- og verðbólguþróun, sem á sér stað í landinu. Við það, að verðlagið hækkar eins ört og átt hefur sér stað á undanförnum mánuðum og árum, þá leiðir það að sjálfsögðu af sér, að tekjustofnar, sem byggðir eru á beinu sambandi við verðlagið, hljóta að vaxa að sama skapi ört. Og það er það, sem átt hefur sér stað um þessa geysilegu hækkun á tekjum ríkissjóðs umfram það, sem gert hefur verið ráð fyrir í fjárlögum, að það er fyrst og fremst vegna þess, að verðbólguþróunin er svo ör í landinu.

Sannleikurinn er sá, að það er það eina, sem þessi ríkisstj. getur tryggt þjóðinni, það er verðbólguþróunin, það er óðaverðbólgan. Það er það eina, sem henni tekst að tryggja þjóðinni. Samt sem áður lásum við það í stjórnarsáttmálanum, sem hæstv. forsrh. og aðrir í ríkisstj. eru nú alveg hættir að minnast á, að þeir lofuðu þeirri þróun, að verðbólgan mundi ekki verða meiri en sem næmi því, sem væri hjá nágrannaþjóðunum. Hver er svo reynslan og staðreyndin í þessum efnum? Verðbólgan hefur verið þrisvar sinnum meiri á undanförnum árum hjá okkur Íslendingum heldur en hjá nágrannaþjóðunum. Samkv. þeirri töflu, sem alþjóðastofnun gerir, komumst við í næsthæsta þrepið í þeim efnum á s. l. ári. Ég held, að Grikkland hafi verið eina landið, sem var fyrir ofan okkur í sambandi við verð-

bólguþróunina. Nú er það öruggt, að við sláum Grikkland út og allar hinar þjóðirnar. Það má telja alveg fullvíst með þeirri þróun, sem á sér stað í öllum verðlagsmálum í okkar landi. Við þurfum ekki annað en að lesa í blöðunum og heyra þær tilkynningar, sem berast núna daglega í sambandi við nauðþurftir almennings, landbúnaðarvörurnar og aðrar slíkar vörur, sem almenningur þarf að kaupa daglega, hvað þar er um gífurlega hækkun að ræða. Og það segir sig sjálft með því kerfi, sem við lifum eftir í sambandi við verðlagsmálin, að kaupskrúfan og verðlagsskrúfan er í svo miklum gangi, að það hefur aldrei nokkurn tíma fyrr átt sinn líka í sögunni á þessu landi, að slík óðaverðbólga hafi átt sér stað. Svo koma þessir menn hér og eru undrandi á því, að við viljum ekki samþykkja, að svo og svo lítil upphæð muni koma út úr söluskattinum, miklu minna en á borðinu liggur, að hann muni gefa. Við vitum, að þegar áhrifanna af þessari verðlagsþróun, af hækkuðu verði, fer að gæta meira, þá fer skriðan á ný á meiri og meiri ferð. Hvar hún endar, það verður ekki séð fyrir endann á því í dag.

Hv. 4. þm. Norðurl. v., sagði í ræðu sinni í dag: Ríkisstj. hefur lofað að beita sér fyrir lagasetningu, — það mátti eiginlega skilja það svo, að skattaránið, sem þeir hafa haft, þessir skattar, sem gilda í dag og þeir eru að hóta, að gildi áfram, ef stjórnarandstaðan vill ekki leggja blessun sína yfir þær auknu skattatekjur, sem þeir fara fram á í dag, þá muni þeir að öðrum kosti halda áfram og þar sé engum nema stjórnarandstöðunni um að kenna. Ég er sannfærður um það, eins og ég sagði hér áðan, að það verður auðvelt að sannfæra þjóðina um, að stjórnarsinnar fara hér ekki með rétt mál og að þær upplýsingar, sem þeir gáfu verkalýðsleiðtogunum í sambandi við samningana og í sambandi við þann þátt í samningunum, sem skattalækkunin átti að búa, að þeir munu komast að raun um, að þar var ekki farið með réttar tölur, og þess vegna er það tilgangslaust fyrir hæstv. ríkisstj. og hennar stuðningsflokka að ætla að hóta stjórnarandstöðunni, að ef hún samþykki ekki frv. eins og það upphaflega var lagt fram hér á Alþingi, þá skuli þeir fá að kenna á því, þá skuli gömlu lögin gilda. (**Gripið fram í:** Þeirra eigin lög.) Þeirra eigin lög eiga að gilda, og það er hótunin til okkar stjórnarandstæðinga í sambandi við afgreiðslu þessa máls. Það er illt að hafa ekki önnur handhægari ráð til þess að ógna með heldur en sín eigin lög, sem þessir hv. alþm. voru búnir að hrósa svo mjög sem þeir gerðu á sínum tíma, þegar þau skattalög, sem nú eru í gildi, voru sett.

Þrátt fyrir það að þessi hv. þm. hafi gefið ærið tilefni til að fara enn víðtækar inn á þessi mál og þetta frv., þá vil ég það ekki, vegna þess að mér er kunnugt um það, varð var við, að það voru ýmsir aðrir þm., sem báðu um orðið um leið og ég og tala hér á eftir, svo að það á ábyggilega eftir að standa langur fundur enn um þetta mál, það er alveg sýnilegt. Enda eru ýmis atriði í sambandi við þann málflutning, sem stjórnarsinnar hafa haldið hér uppi varðandi þetta mál, sem væri mjög brýn ástæða til að taka til frekari umræðu og endurskoðunar. Fullyrðingar þeirra í sambandi við tekjuöflunina eru að meira eða minna leyti út í hött og eiga ekki við nein rök að styðjast, þegar farið er að skyggnast betur inn í þetta dæmi og sérstaklega í sambandi við það, sem framtíðin ber í skauti sér. Við sögðum í des., að söluskatturinn gæfi 610 millj. kr. hvert söluskattsstig. Nú segjum við, að söluskattsstigið er komið upp í 800 millj. Hvað verður eftir einn eða tvo mánuði í slíku verðbólguþjóðfélagi sem er í dag. Það er ekki hægt að segja stundinni lengur, hverjir tekjustofnarnir endanlega verða, fyrr en ríkisreikningurinn kemur á borðið hjá alþm. Enda er reynslan sú, eins og ég hef hér sagt fyrr í þessari ræðu minni, að á hverju ári, sem þessi ríkisstj. hefur setið við völd, hafa ríkistekjurnar farið langt fram úr því, þúsundir millj. fram úr því, sem fjárlagafrv. gerði ráð fyrir. Það þarf enginn að efast um það með þeirri þróun, sem er í dag í verðlagsmálum og verðbólgunni, að þá eiga tekjur ríkissjóðs eftir að fara enn meira fram úr áætlun en nokkurn tíma fyrr í sögu þingsins. Það er enginn vafi á því, að þegar við fáum ríkisreikninginn fyrir árið 1974, þá verður mismunur á niðurstöðu fjárlaga og ríkisreiknings meiri en hefur átt sér stað nokkurn tíma í sögu þingsins fyrr á árum. Það, sem ég segi nú í sambandi við þetta, er ekki sagt út í loftið, og ég skal minna hv. þm. Ragnar Arnalds á það, þegar reikningurinn kemur hér á borðið hjá þm. fyrir árið 1974, ef við verðum báðir lifandi. Þá mun þessi mismunur koma í ljós, sem ég hef hér skýrt frá.

Eggert G. Þorsteinsson: Herra forseti. Mér láðist að vísu að hafa með mér nokkra árganga af dagblöðum til þess að teygja tímann fyrir hv. stjórnarliði, enda ætlaði ég mér ekki að taka til máls í þessum umræðum. Það var sá spakvitri formaður Alþb., sem kom mér til þess að stíga í stólinn og segja hér örfá orð. Ég skildi nú takmarkað fyrri hluta ræðu hans, vegna þess að það var almennt kommúninstahjal, en svo kom raunverulega erindið í lokin, sem átti að vera eins konar smyrsl á sár þeirra, sem hér deila um þetta skattalagafrv. Ég vil segja honum í eitt skipti fyrir öll og það strax, að þessi till. skiptir engu máli. Hún breytir engu í afstöðu okkar Alþfl.-manna, því að við erum sannfærðir um það, að hér er verið að svíkjast aftan að verkalýð Íslands.

Það er talað um það, að verkalýðshreyfingin hafi sérstakan áhuga á því, að þetta frv. nái fram að ganga, og ræðumaður tví- eða þrítók þetta fram. Verkalýðshreyfingunni íslensku er ætlaður einn dagur til að komast í gegnum efnahagsvandamál núv. ríkisstj., sem er búin að láta alla sína sérfræðinga vinna í þessu síðan í sept. í haust. Sannleikurinn er sá, að verkalýðshreyfingin lagði mat á það eitt, að hún vildi kerfisbreytingu í skattakerfinu. Um það eru allir íslenskir alþm. sammála. Við erum öll sammála um það, að kerfisbreyting eigi að eiga sér stað. En það, sem við deilum um, er, hvað þessi kerfisbreyting kosti. Við teljum hana kosta 2700—2800 millj., og við erum tilbúnir að samþykkja þá skattahækkun, en ekki krónu meira. Króna á móti

krónu. Við samþykkjum það ekki, að verið sé að stela fé almennings til annars en skattbreytingarinnar. Það er það, sem við eigum við.

Hafi þessi hv. þm., framsm. meiri hl. fjh.- og viðskn., átt að bera hér einhver smyrsl á sárin, þá held ég, að hann hafi ekki haft erindi sem erfiði. Hann bætir því við, að ríkisstj. hafi boðið það, að á ársgrundvelli, að til ársloka skyldu gilda 5%. Hvað á að gera við þetta 1½ stig, sem á að stela af almenningi? Vill ræðumaðurinn ekki svara því? Hvað á að gera við 1½ stig umfram það, sem þarf vegna sjálfrar breytingarinnar? Þessu verður forustumaður láglaunafólksins, lægst launuðu verkamannanna á Íslandi, að svara. Hann hefur ekki sparað okkur orðin í stjórnarliði fyrri ára um níðingsháttt okkar í garð þessa fólks. Vill hann ekki nú svara því, hvers vegna hann vill stuðla að því, að þessum stuldi sé komið á? Geri hann grein fyrir því. Og svo þetta: Það stendur ekki til að stela af ykkur þessu lengur en til ársloka 1974, þá ætlum við að hætta þessum stuldi. — Hver trúir því? Hvenær hefur það gerst, að skattur hafi verið afnuminn, sem á hefur verið lagður, nema honum hafi verið breytt í annað heiti? Ég spyr hv. þm., því að ég veit, að hann er löglærður maður og þekkir vel til í þessum málum og ætti að geta svarað þessu. Það er ekki nóg að segja: Við ætlum að hætta að stela af ykkur um áramótin. Það er búið þá þegar að stela 1½ stigi í tæpt ár. Og það hefur enginn skattur verið lagður niður, sem á hefur verið lagður, aðeins breytt um nafn á honum. Þetta veit þm. ósköp vel. Þess vegna þýðir ekkert svona hráskinnaleikur kringum hluti, sem hann veit miklu betur um, ekki síst sem forustumaður í samtökum láglaunafólks.

Ef einnhver efast um réttmæti þeirra orða, sem ég nú hef sagt, ætti hann eins og næsti ræðumaður hér á undan að líta yfir farinn veg til óðaverðbólgu núv. ríkisstj. og trúa því svo, að skatt, sem þeir leggja á í dag, eigi að afnema um næstu áramót að einhverju eða öllu leyti. Ætli það veiti af í verðbólguhítina að bæta þá einhverju við þennan skatt? Sú er reynslan á þeim 2½ ári, sem núv. ríkisstj. hefur stjórnað, og ég hygg, að svo verði áfram, því að ekki er úr verðbólgubálinu dregið, síst af öllu með ræðu hv. þm. Ragnars Arnalds, frsm. meiri hl. nefndarinnar.

Frsm. 2. minni hl. (Jón Árm. Héðinsson): Herra forseti. Það var eins og fyrri ræðumaður sagði hér áðan, að það var undarlegt að heyra formann meiri hl. n. og frsm. koma hér allt í einu inn og fara að tala um það mál, sem við vorum að ræða hér í dag, — mann, sem lagði það ekki á sig eftir sína framsöguræðu að hlusta á það, sem við sögðum, og fara svo að gagnrýna það núna. Hann sagði, að það hefði ekki kviknað á perunni hjá sér á borðinu. Ég varð ekki var við, að hefði kviknað á perunni enn þá, því að það var alveg sýnilegt, að maðurinn kom af fjöllum, alveg gjörsamlega af fjöllum, hafði ekki einu sinni lesið þingskjölin, ekki mátt vera að því. En ég get alveg tekð undir orð fyrri ræðumanns, að það er okkur ekkert nýtt, að maðurinn hafi ekki tíma til að sitja í stól hér í hv. deild, enda er hann formaður stjórnar þeirrar stóru stofnunar, sem á að hafa efnahagskerfi landsmanna í böndum og hafa stjórn á því. En þau bönd hafa brostið beggja vegna. Og ef hann fylgist ekki betur með því, sem sú stofnun getur sett á blað handa okkur þm., skal ég lesa upp úr plaggi frá stofnuninni, sem ég treysti, að sé rétt, því að okkur liggur ekkert á. Við skulum bara taka þetta rólega. Það er dagsett 5. mars 1974, og ég fékk þetta plagg til að fá yfirlit yfir, hversu söluskatturinn hefur vaxið 1973 og raunar líka 1972. En jafnvel þó að okkur liggi ekkert á, ætla ég bara að lesa breytinguna árið 1973. Ég minntist á það í dag, en af því að hann var ekki við þá, hefur hann gott af því að heyra það, því að það eru engin einkenni þess, að verðbólgan fari minnkandi, ekki vottur, alls ekki vottur af því. Þá getur hann aðeins dregið rökrétta ályktun af því og sett það upp í kúrfu, ef hann áttar sig betur á myndrænni framsetningu en í tölulegum upplestri, hvert stefnir. Sú kúrfa mundi rísa meira en 45 gráður.

Í febrúar 1973 var skilað söluskatti 314 millj., í mars 390 millj., síðan aftur minna í apríl, 337 millj., í maí 384 millj., í júní 462 millj., í júlí 509 millj., í ágúst 519 millj., í sept. 502 millj., í okt. 509 millj., í nóv. 545 millj. Ég hef ekki fengið töluna fyrir desemberskil, sem kemur fram í janúar, en mismunurinn á þessu 10 mánaða tímabili í skilum kemur fram 231 millj. Um 231 millj. hefur það vaxið.

Eins og fjvn.-maður Jón Árnason nefndi hér áðan, fengum við, sem vorum í fjvn., tölurnar í haust, og þá var gert ráð fyrir rúmum 600 millj. af hverju söluskattsstigi. Svo heldur verðbólgan áfram, og nú reiknar Framkvæmdastofnunin út sjálf dæmið minnst á 800. Og ég margtók það fram í dag, að hún reiknar varlega. Hún reiknar varlega með verðbólgunni, og það kemur fram í frv., ef hv. þm. hefur haft tíma til að lesa frv., að hér er varlega reiknað. Það kemur líka fram í nýrri áætlun, sem ég vænti, að hann hafi undir höndum, hann fékk a. m. k. sem nm., ef hann hefur haft tíma til að lesa. Á bls. 9 í frv. er reiknað með 25—26% aukningu og að innheimta sé með svipuðum hætti og verið hefur. Ef innheimtuaðgerðir eru nú harðari, sem vonir standa til og lýst hefur verið yfir að eigi að vera, þá kannske hækkar þetta hlutfall, en hin nýja áætlun sýnir, að þeir reikna með a. m. k. 30% tekjuaukа á milli áranna. Og varlega metið gefur þetta ríkissjóði hreinar 400 millj. minnst.

Það er ekkert, sem bendir til þess, að úr verðbólgunni verði dregið, því miður. En það væri ánægjulegra, ef það yrði samstaða á Alþ. um að gera myndarlegt átak til að draga úr verðbólgunni og minnka þensluna. Ég minntist á það í dag, að hæstv. forsrh. hefði oft talað um, að það þyrfti að draga úr spennunni og það mjög verulega, og það mun sennilega hafa verið þess vegna, sem hann stóð að því með okkur í stjórnarandstöðunni ásamt öðrum þm. Framsfl., sem þegar hefur kallað hér fram í, þó að hann sé í Nd., að hann muni standa við fyrri gerðir í þessu efni, þ. e. að heimila ríkisstj. að draga úr fjárl. allt að 1500 millj. kr. til að minnka spennuna í landinu, til að minnka eftirspurn eftir vörum og þjónustu og hafa ekki mannskapinn á sprengdu uppboði í vinnu yfir stuttan tíma, þegar framkvæmdirnar

eru svona miklar og þær hrannast svona upp, heldur að atvinnulífið geti verið í jafnvægi, sem öllum er fyrir bestu, þegar fram í sækir, og það ætti hv. þm. að vita.

Hverjir græða mest á þessari verðbólgu? Hvaða flokkur manna skyldi það vera? Ætli það sé fólkið innan ASÍ? Ætli það séu mennirnir, sem eiga spariféð? Á ég að búa til einfalt dæmi hérna skyndilega? Hugsum okkur tvo menn, annan eldri, sem á 1 millj. kr. á sparisjóðsbók, og hinn ungan, segjum 25—30 ára, sem er að koma úr skóla, og hann þarf að fá lán. Hann fer niður í banka, og hann fær þessa millj. lánaða. Hann byggir fyrir það fé, og hann getur selt það, segjum eftir eitt ár eða 12 mánuði, og miðað við verðbólgu undanfarins árs getur hann selt það með 25% hagnaði a. m. k. Þó kom fram í sjónvarpinu um daginn í Landshorni, að sú verðþróun mundi líklega verða mun meiri. En segjum nú 25%. Þá seldi hann eignina, sem hann hóf að reisa í ársbyrjun, í árslok fyrir 1250 þús. kr. En maðurinn, sem átti spariféð, hvað hefur hann fengið? Segjum, að það hafi verið á bundinni bók og hann hafi fengið 11%, þá fær hann 1100 þús. Sá, sem tók lánið, hagnast um 250 þús. Sá, sem átti féð og skapaði möguleika, svo að atvinnulífið gæti starfað í þjóðfélaginu, tapar 150 þús. Ef nú allir alþm. hefðu dug í sér til að verðtryggja spariféð eða setja vísitöluna að hluta a. m. k. á lánin, segjum að hálfu á móti verðbólgunni, þá er hugsanlegt, að maðurinn, sem átti fjármagnið, hefði fengið 75 þús. kr. Það þýðir, að hann hefði þá fengið 1100 þús. + 75 þús., þ. e. a. s. náð hálft upp í það, sem hinn tapaði. Þess vegna væri nokkur jöfnuður á. Það væri myndarlegra að standa að slíku fyrir alla þm. og reyna þannig að draga úr þessari óhemjueftirspurn, sem þeir hafa og vilja, sem hafa tök á því að standa í stórframkvæmdum.

Þetta er einfalt dæmi, sem ég bý til hér úr stólnum, en ég held, að það sé ekki langt frá raunveruleikanum, eins og maður heyrði rætt um í Landshorni fyrir skömmu í sjónvarpinu. Og þar voru taldar miklu, miklu meiri breytingar, á strætisvögnum 40% verðhækkun og í margs konar þjónustu frá 25 upp í 50%. Og enn hefur ekki verið gengið frá útsölu á sumum verkstæðum, en hún er komin upp í 500—700 kr. eftir því, í hvaða flokki mennirnir eru, sem almenningur er að kaupa þjónustu af. En ég man það, að á vélaverkstæðum var útseld vinnustund 53.60 kr. 1. mars 1963 fyrir almenna keypta þjónustu, fyrir 11 árum. Þannig sjáum við, hversu óhemju stjórnlaus verðbólga hefur ríkt á Íslandi, bæði í tíð fyrri stjórnar, en þá var verðbólga, sífelld verðbólguþróun, þó að hún sé mun meiri núna og engin skipulögð átök til þess að hamla á móti henni, öðru nær, bara nógu háan söluskatt og láta kynda undir bálinu. Og svo brigslar hv. frsm. manni um það, að maður skuli ekki kyngja öllu dæminu, einfalt og búið og hallelúja eiginlega. En ég sagði það hér fyrr í dag og greip fram í ræðuna, að forðum var 15. mars kominn, en ekki liðinn, og það ætlar að fara eins og einu sinni, að það getur haft alvarlegar afleiðingar.

Það er staðreynd, að á bls. 9 í frv. hæstv. ríkisstj. stendur þannig, með leyfi forseta: „Hér er þannig um að ræða lækkun álagðs tekjuskatts um 2700 millj. kr. eða um 42%“ Nokkru neðar stendur: „Kostnaður ríkissjóðs af skattafsláttarkerfinu á árinu 1974 er áætlaður 550 millj. kr., en megintilgangur þess er að tryggja hag hinna tekjulægri.“

Hv. ræðumaður lagði þessar tölur saman áðan eða hefur fengið einhverjar nýjar, því að hann komst að þeirri niðurstöðu í einni tölu sagt, að hér væri a. m. k. um 3400 millj. að ræða. Ef ég legg þetta saman á puttunum hérna í ræðustól, þá fæ ég út 3250 millj. En þetta er kannske venjuleg nákvæmni og það skakki ekki mjög miklu, þó að það muni þarna um 150 millj. En frv. sjálft segir þessa tölu, og við í Alþfl. höfum ekki vefengt það, eins og það er sett fram, að það mætti ganga út frá því, sem í þessum plöggum stæði, og miðað okkar afstöðu við það.

Það er varlega áætlað, svo að ég endurtaki það enn einu sinni, að söluskattsstigið muni gefa um 800 millj. á ári, og því ekkert því til fyrirstöðu að ganga út frá því, að 3½ stig í söluskatti nægi fyrir þessari tekjuöflun, sem hér segir á bls. 9, að nemi 2700 millj. kr. Við í Alþfl. deilum hins vegar á það að afla tekna í þessar 500 millj., sem eiga að fara í þetta sérstaka kerfi, með því að láta þá, sem eiga að fá peningana, borga þá fyrst. Það teljum við alveg fjarstætt. Þó að fleiri komi hér inn í, er fjarstæða að leggja á þetta fólk líka aukaálögur. Kannske vill hann leggja á þessi margumræddu breiðu bök gamla fólksins víða úti um landsbyggðina, verkamanna, sjómanna og ýmissa iðnaðarmanna, sem nú eru yfir sjötugt? Hæstv. ríkisstj. var nauðbeygð á sínum tíma til að gefa út brbl., því að ráðh. skömmuðust sín svo fyrir þá skatta, sem þetta fólk bar þá, þegar skattalagningin kom út eftir þeirra eigin lögum á sínum tíma. Og svo heldur hann, að hann geti ógnað okkur með svipu vegna afleiðinga af þeirra eigin löggjöf. Hann má veifa þeirri svipu yfir höfðinu á mér, það skiptir mig engu máli, ekki minnsta máli. Þetta eru þeirra eigin verk, og þeir hlustuðu ekki á eina einustu brtt., sem kom fram á sínum tíma. Þetta var allt sögð fjarstæða, sem við sögðum. Reynslan varð bara önnur, og þeir neyddust til að gefa út brbl. á sínum tíma. Ég ætla ekki að fara að rekja þá sögu hér, þó að það væri fróðlegt út af fyrir sig, fyrst þeir hafa svo mikinn tíma, að þeim liggur ekkert á að koma þessu máli áfram, — ekki nokkurn skapaðan hrærandi hlut.

Það er undarleg glámskyggni að halda sér dauðahaldi í þessa tölu, 5 stig, vegna þess að forsendurnar fyrir þessum 5 stigum eru gerbreyttar. Ég spurði að því í dag og hef ekki fengið svar við því enn þá, hvers vegna BSRB voru boðin 5 stig í haust, mér er sagt í nóv. Það er gefið mál, að hafi þeir boðið þetta í byrjun nóv. eða í októberlok, þá var ekki forsenda til, að þessi stig væru 800 millj. kr. hvert, heldur rúmlega 600 millj. kr., þannig að það er gersamlega eðlilegt, að í dag við breyttar forsendur og breytta þróun verðlagsmála, eins og við sjáum, þá lækka prósentustigin, og því hefur ekki verið á móti mælt, að ég færi hér með rétt mál.

Ég spurði líka um greiðslustöðu ríkissjóðs 1973 í fyrstu ræðu minni hér og óskaði eftir, að við fengjum upplýsingar um það á nefndarfundi. Við í stjórnarandstöðunni vorum ekki virtir

svars, alls ekki, ekki undir neinum kringumstæðum. Og ég spyr um það enn þá, og ég vil líka minna á það, að heildarinnflutningur jókst úr 20.4 milljörðum 1972 upp í 31.8 milljarð 1973. Og þetta gefur ekki lítið auknar tekjur skyndilega fyrir ríkissjóð. Ég vil líka minna á það, þó að ég muni það ekki nákvæmlega, að það voru rúmir 900 bílar fluttir inn aðeins nú í jan. á móti 229, held ég, 1973. Af hverju er þetta? Fólkið þorir ekki að eiga krónuna lengur. Það er glatað að geyma krónuna í þessari verðbólguþróun, eins og fram undan er, og þjóðfélagið verður allt stjórnlaust fyrr eða síðar. Atvinnuvegirnir, sem þurfa að flytja verðbólguna út, geta ekki heldur selt hana á erlendum markaði, það er engin leið. Það er ekki einu sinni, að vinir hv. ræðumanns fyrir austan hafi áhuga á að kaupa hana, þó að með góðum kjörum sé kannske.

Það er merkilegt, að menn skuli ekki geta komið sér saman um prósentustigin, þegar liggja á borðinu þær tölur, sem við höfum gengið út frá, um 800 millj. á ársgrundvelli, ríkissjóður hefur tekjumöguleika til að jafna á móti öðrum útgjöldum og menn reikna með, að aukin verðbólga, eins og kemur fram í nýjustu áætlunum hjá hagrannsóknadeild og einnig frá rn. sjálfu, skapi betri stöðu ríkissjóðs. Þá er það merkilegt, að þetta skuli vera slík bitbein eins og reyndin er nú orðin á Alþ.

Því er líka haldið fram mjög ákveðið, að það hafi verið mikil samstaða í ASÍ um þetta mál. Ég spurði um þetta í dag, og hæstv. fjmrh. svaraði mér ekki hér úr ræðustóli, hins vegar rétti hann mér miða, sem ég hef hér fyrir framan mig, og rithönd hans á, og þar stendur, að 19 manns hafi verið með samkomulaginu á þessari dagstund, þegar það var kynnt, 3 á móti og 6 sátu hjá. Þetta mun vera hið rétta um afstöðu ASÍ. Það hafði verið þriggja manna undirbúningsnefnd áður, sem hafði fylgst lengur með embættismönnum, bæði úr rn. og Framkvæmdastofnuninni, og ég geri ráð fyrir, að þeir hafi haft mjög glögga og góða yfirsýn yfir vandamálið, eins og það lá fyrir. En það þarf ansi skarpa menn á stuttum fundi, þar sem tugir manna eru saman komnir, til þess að glöggva sig á svona flóknu máli og taka slíka afstöðu, sem er svo bindandi, að óhugsandi er að endurskoða slíkt. Það þarf mjög skarpa menn til þess. Ég veit ekki, hvaða menn sátu þennan fund, en það hefði verið fróðlegt að vita það, án þess að ég ætli að fara að merkja þá eftir greind. En skarpir mega þeir vera, ef þeir álíta, að það sé engin forsenda fyrir því að endurskoða söluskattsstigin þeim í hag til þess að minnka álögur á launþegana.

Ég held, að þegar hv. ræðumaður hugleiðir þetta í rólegheitum, sem við höfum verið að takast á um núna, gæti afstaða okkar nálægst. Þegar hann gefur sér tíma til að sitja í stólnum og hugleiða málið í rólegheitum, sinnir ekki öðru utan þingsala, þá sér hann, að till. um 3½ stig er raunhæf, hún er ekkert glæfraleg, og hún setur ríkissjóð ekkert úr jafnvægi, alls ekki. Og þegar það er ljóst, að á tveimur árum hefur ríkissjóður haft hátt í 4 milljarða umfram tekjur frá því, sem fjárlög reiknuðu með, þá má vel búast við því, að árið í ár gefi ríkissjóði talsverðar umframtekjur, með einföldu líkingadæmi. Ég er ekki að segja það, en það má vel reikna með því, og áhættan er ekki mikil, þegar komið er inn í frv., eins og það kom til okkar, að heimilt sé að lækka útgjöld ríkisins og þar með minnka þensluna í þjóðfélaginu og skapa aukið jafnvægi, um allt að 1500 millj. kr. Einhvern tíma hefði það verið talin skynsamleg ráðstöfun að standa að því að draga úr þenslunni, þó að það sé ekki talið skynsamlegt í dag nema af stjórnarandstöðunni og sjálfum forsrh. og besta heila Framsfl.

Ég vænti þess, að bara við rólega yfirvegun spekist nú formaður fjh.- og viðskn. svo, að hann dragi nú þessa till. til baka og frv. fái þá mynd, sem við teljum rökrétta og eðlilega, að þetta geti verið öllum til hagsbóta. Ég veit ekki, af hverju þeir eru svona þversum í því að meta þetta. Hann viðurkennir meira að segja, að á árinu 1975 sé 3½ stig vel nægilegt, og talar um, að ríkissjóður mundi hagnast það ár á að halda 3½ stigi. Auðvitað byggir hann það á því, að verðþenslan í þjóðfélaginu sé það mikil, að söluskattsstigið skili inn verulega auknum tekjum frá því, sem við göngum út frá í dag, þ. e. a. s. langt fram yfir 800 millj. kr. á ársgrundvelli.

Við í stjórnarandstöðunni teljum, að það sé ekki verið að tjalda hér til einnar nætur. Það er ekki réttlætanlegt, hreinlega sagt. Svona umfangsmikið mál er ekki sett fram til einnar nætur, og það er alveg óraunhæft að gera því skóna, að það eigi að gilda aðeins til áramóta. Miklu raunhæfara væri, að það gilti til 30. okt. og það væri þá endurskoðað, rétt þegar Alþ. kemur saman, og þá hefðum við reynt að sjá, hvað 3½ stig gerðu. Það væru miklu skynsamlegri vinnubrögð, og þau væru rökrétt. Þá sýndi það vilja Alþ. í heild til þess að leggja ekki meira á þjóðina en lífsnauðsynlegt væri. Það væri allt annað. En svona till, er út í hött, gersamlega út í hött og leysir engan vanda. Og að ætla svo að segja fólkinu, að um áramót komi bara gömlu, góðu eða illu lögin, hvað menn vilja kalla það, og allt sé í lagi, það gengur alls ekki. Verðbólgan er svo ótrúlega mikil s. l. tvö ár, að ég veit dæmi um ákveðinn mann, sem keypti 150 tonna skip norður á Akureyri fyrir rúmum tveimur árum. Það gekk misjanflega vel hjá honum að halda þessu skipi úti, — skipið kostaði 35 millj. kr., — en verðbólgan rétti honum endursölu nú fyrir áramótin upp á 55 millj. kr. Ef maðurinn hefði vitað þetta með fyrirvara, hefði verið langbest að geyma skipið í tvö ár í slippnum á Akureyri og setja það aftur á flot núna. Það var sá besti útgerðarháttur, sem hugsanlegt var. Slík er verðbólgan, slík er vitleysan í þjóðfélaginu. Og önnur þjónusta hreyfist eftir því. Söluskattur reiknast af þessari verðþróun, þar sem hann er bundið stig af bruttóveltu, og eykur upp á sig alveg eins og snjóbolti, jafnvel þó að nú sé búið að taka þá ákvörðun að hafa þessi viðbótarstig, hver svo sem þau verða, ekki í vísitölunni. Er það sérstakur áfangi út af fyrir sig. En það þótti illa mælt og illa hugsað, þegar við vorum hér í viðreisn að tala um miklu minni tölu, bæði varðandi vín, tóbak og aðra hluti. Þá þótti það ganga glæpi næst og meira en það fyrir rúmum þremur árum að hugsa slíkt, hvað þá að reyna að framkvæma

það. En nú þykir það sjálfsagt, enda eru það svo góðir menn, sem sitja í stólunum í dag, það eru vinir ASÍ-forustunnar og fleiri ágætra manna, og þá þykir sjálfsagt að hjálpa þeim með þessi atriði. Sjálfsagt er þetta skynsamlegt og raunhæft, miðað við ríkjandi ástand í þjóðfélaginu, en menn verða þá líka að vera þess minnugir, að þetta er ekki einhlítt. Það þarf að draga úr spennunni með öðru móti, og það er rökrétt, þó að það sé búið að breyta því núna við atkvgr. við 2. umr., að opna heimild fyrir hæstv. fjmrh. í samráði við fjvn. að draga úr fjárl. og hafa það opið, þó að ekki væri nema 500 millj. eða hátt í þúsund millj. til þess að draga úr þenslunni, ef verðbólguhjólið heldur svo ört áfram að snúast eins og allt bendir til. Þetta var gert á erfiðleikaárum, þetta var gert með 15% almennri heimild af núv. ríkisstj., og ég sé ekkert því til fyrirstöðu, að þetta sé gert áfram, alls ekki neitt.

Ég taldi eðlilegt að standa hér upp og mótmæla þessari till. afdráttarlaust og einnig nokkrum aths., sem ræðumaður kom inn á, þar sem hann virti okkur ekki þess að sitja hér og hlusta á okkar málflutning fyrr í dag, sem honum bar þó sérstaklega skylda til sem frsm. meiri hl.

Frsm. meiri hl. (Ragnar Arnalds): Herra forseti. Ég get nú ekki látið hjá líða að segja örfá orð um ræður þeirra, sem hér hafa talað á undan mér, með hliðsjón af því, hversu mjög þær hafa beinst að því, sem ég sagði hér áðan, enda þótt ég vilji síst af öllu fara að teygja allt of mikið úr þessum umr., þær eru víst orðnar nógu langar.

Ég stóð hér áðan upp til þess að gera grein fyrir ákveðinni till., sem við höfum þegar flutt, meiri hl. fjh.- og viðskn., um það, að frv. það, sem hér liggur fyrir, gildi til áramóta og skuli þá tekið til endurskoðunar. Ég verð að segja það, að mér þóttu viðbrögð manna við þessum tillöguflutningi merkilega einkennileg. Fyrstur spratt upp hv. þm. Jón Árnason og var töluvert æstur, eins og hér væri einhver mikil hætta á ferðinni, og leyfði sér jafnvel að brigsla mér um það, að ég hefði verið fjarverandi úr þinghúsinu í allan dag, — ég hef satt að segja ekki vikið héðan úr þinginu í allan dag, en ég held, að menn hljóti að virða mér það til vorkunnar, að ég taki mér stundum svolitla hvíld, þegar maraþonræður eru fluttar hér, án þess að í þeim finnist varla neisti af rökum. Ég býst við, að það sé svo um fleiri en mig, að menn þurfi að fá sér örlitla hvíld stundum, þegar slíkt flóð steypist yfir menn. En ég verð að segja, að ég varð svo sannarlega ekkert hissa á því í sjálfu sér, að hv. þm. Jón Árnason skyldi bregðast við á þennan máta. Ég hef ekki orðið var við, að hann eða hans líkar vildu yfirleitt ræða þetta mál með neinum rökum, og þar af leiðandi kom mér þetta ekki á nokkurn hátt á óvart. Viðbrögð hv. þm. Eggerts G. Þorsteinssonar voru aftur á móti kannske eilítið einkennilegri. Það var greinilegt, að hann vildi ekki viðurkenna þá till., sem hér var borin fram, sem nein smyrsl á sárin, eins og hann orðaði það, og það má vel vera. Það fer eftir því, hvernig till. er tekin. Það má vel vera, að í raun réttri verki þessi till. eins og salt í sárin, en það stafar þá fyrst og fremst af því, að till. kemur þeim Alþfl.-mönnum í töluvert mikinn vanda. Það stafar þá ekki af neinu öðru en því. Þetta er sem sagt tilboð, sem þarna er gert og kemur þeim óneitanlega í nokkurn vanda, sem vill hafa hreina samvisku í þeim rökræðum, sem hér fara fram.

Um málflutning hv. þm. Eggerts G. Þorsteinssonar er það kannske einna helst að segja, að sannleikanum verður hver sárreiðastur. Það hefur verið sagt um menn fyrr, að sú ræða, sem þeir flytja, kunni að segja meira um hugarangur þeirra en það, sem þeir eru sjálfir að tala um. Í fyrri hluta ræðu minnar hér var ég að rekja tölulegar staðreyndir þessa máls (Gripið fram í.) Jú, ég var í fyrri hluta ræðu minnar að tala um tölulegar staðreyndir þessa máls, og hv. þm. Eggert G. Þorsteinsson kom hér upp og sagði: Fyrri hluti ræðunnar var almennt kommúnistahjal. Það var svar hans við þeim tölulegu upplýsingum, sem ég rakti hér. Það skyldi nú ekki vera svo, að viðbrögð hv. þm. beri fyrst og fremst vott um, að hann finnur, að með till. af þessu tagi hlýtur hann að vera settur í mikinn vanda?

Hv. þm. hélt því hér blákalt fram, að fulltrúar verkalýðshreyfingarinnar hefðu verið blekktir í þeim samningum, sem áttu sér stað um þetta mál milli ríkisstj. og verkalýðshreyfingarinnar og stóðu vikum saman, þar sem allt var gert til þess að gera mönnum eins fært og hugsast gat að reikna þessi dæmi út (**EggÞ:** Einn dag.) Það er ekki rétt. (**EggÞ:** Það hefur fjmrh. sagt.) Það er ekki rétt. Menn höfðu tekið sér mjög góðan tíma til þess að skoða þetta mál, höfðu skoðað það vikum saman. En út af fyrir sig er það rétt, að lokasamkomulagið, endanlegur frágangur málsins gekk fyrir sig á síðasta degi þess undirbúnings, svo sem ævinlega hlýtur að vera. Nei, ég verð að segja það, að menn eru í æðimiklum rökþrotum, þegar menn hampa fullyrðingum af þessu tagi, og ég held, að ég verði að láta mér nægja að vitna til orða ráðuneytisstjórans í fjmrn., Jóns Sigurðssonar, sem einmitt tjáði okkur nm. í fjh.- og viðskn. Ed. og Nd. á fyrsta fundinum, sem haldinn var um málið, að hann væri þeirrar skoðunar, að engin breyting hefði áður verið gerð á löggjöf, sem snerti verkalýðshreyfinguna, breyting á löggjöf, sem gerð væri með samkomulagi við verkalýðshreyfinguna, þar sem fulltrúar verkalýðshreyfingarinnar hefðu fengið jafngott tækifæri til þess að kynna sér málið, hefðu haft jafngóða aðstöðu til þess að kanna það til botns og verið jafnljóst, hvað þeir raunverulega voru að gera. Ég var ekki viðstaddur þessa samninga, en ég held, að fullyrðing þessa embættismanns segi áreiðanlega töluvert meira um sannleik þessa máls heldur en þessi blábera fullyrðing hv. þm. Eggerts G. Þorsteinssonar, sem hann vissi sjálfur, að var sögð algerlega út í bláinn.

Ég held, að það sé sannleikur málsins, sem ég hélt hér fram í minni fyrri ræðu við þessa 3. umr. Það er ekki umdeilt í sjálfu sér, hverjar eru tölur þessa máls, milli stjórnarflokkanna og Alþfl. Það er dálítill munur á því, hvernig aftur á móti Sjálfstfl. hefur haldið á þessu máli, því að hann vill engum rökum taka, og þær tölur, sem sjálfstæðismenn setja fram, það verður hvergi hönd á fest hvað þær snertir. En það

kom skýrt fram t. d. í nál. hv. þm. Gylfa Þ. Gíslasonar, og það kom einnig skýrt fram í ræðu hv. þm. Jóns Árm. Héðinssonar áðan, að á 12 mánaða grundvelli gerir söluskatturinn, sem hér er um að ræða, 4000 millj., og það er tala, sem eðlilegt er að miða við, það er viðurkennd staðreynd. Þar af leiðandi er það einfalt reikningsdæmi, að á 9½ mánuði gerir þessi söluskattur 3160 millj. eða minna en tekjuskattslækkuninni nemur. Það er viðurkennt í því nál., sem hv. þm. Gylfi Þ. Gíslason hefur lagt hér fram, að tekjuskattslækkunin nemi 2700 millj. Og það er einnig viðurkennt hér, að útgjöldin af skattaafslættinum nemi 550 millj., þ. e. a. s. samanlagt um 3250 millj., þannig að með þessum tölum, sem hér hafa verið lagðar fram í þskj., er það viðurkennt, að 5% söluskattur á 9½ mánuði gefur minna en tekjuskattslækkunin nemur. Um þetta er ekki deilt, þetta blasir við og á ekki að þurfa að deila neitt um. (**Gripið fram í**: Hvað gefur hann mikið?) Ég veit að vísu vel, ég þarf varla að endurtaka það, ég var að enda við að segja það hér, að á 9½ mánuði gefur 5% söluskattur, miðað við 400 millj. kr. ársgrundvöll, 3160 millj. kr. Ég veit hins vegar vel, að í þessu nál. Gylfa Þ. Gíslasonar hefur hann að vísu patentlausnir á málinu, sem eru ekki í fyllsta samræmi við það, sem við í stjórnarflokkunum viljum í þessu máli, því að hann segir ósköp einfaldlega: Jú, 3½ stig á ársgrundvelli nægja til þess að jafna upp þessar 2700 millj., sem er út af fyrir sig rétt. Og svo bætir hann við: En 550 millj., í þau útgjöld er hægt að fá peninga einhvers staðar annars staðar, t. d. með því að fá þá út úr hækkun á fasteignamati, útreikningi á eigin húsaleigu miðað við 3% fasteignamat o. s. frv. Hann vill, að ríkið taki þessa peninga einhvers staðar annars staðar en þar sem áður hefur verið reiknað með þeim.

Ég held sem sagt, að ég geti undirstrikað það, sem ég sagði hér áðan, að um töluleg atriði þessa máls er í raun og veru alls ekki deilt á milli okkar og Alþfl. Það er hins vegar deilt um það, hvort eigi að reikna þetta á grundvelli ársins 1974 eða á ársgrundvelli miðað við 1975 og 1976. Og við teljum, að á þessu stigi málsins verði að miða dæmið við grundvöll ársins 1974 og bera fram till. um það, að skattkerfisbreytingin nái þá ekki lengra en til ársloka, þannig að þá sé hægt að reikna dæmið aftur.

Ég endurtek það ósköp einfaldlega, að það má vel vera, að till. af þessu tagi falli ekki í góðan jarðveg, það má vel vera, að fulltrúum Alþfl. finnist, að að sér sé sneitt með till. af þessu tagi og þeir bregðist þá illir við og reiðir. En það stafar þá ekki af neinu öðru en því, að þeir eiga erfitt með að greiða atkv. gegn þeirri sanngirnislausn, sem í till. felst.

Geir Hallgrímsson: Herra forseti. Síðasti ræðumaður sagði, að ekki væri deilt um það, hvert tekjutap ríkissjóðs væri eða tekjuávinningur, hvert yrði tekjutap af lækkun beinna skatta, tekjuskatta einstaklinga annars vegar, og hver tekjuaukning ríkissjóðs yrði af 5 stiga söluskattauka hins vegar. Ég vil mótmæla þessu og benda hv. þm. á það, að hvort heldur reiknað er á ársgrundvelli eða á grundvelli þess hluta yfirstandandi árs, sem óliðinn er, þá er ágreiningur við formælendur ríkisstj. um þetta mál og ætti þó ekki að vera. Hv. þm. Ragnar Arnalds segir, að það sé ekki um það deilt, að miðað við ársgrundvöll hafi þetta frv. um skattkerfisbreytingu í för með sér meiri tekjuöflun fyrir ríkissjóð en lækkun beinna skatta, tekjuskatta, nemur. Það er ágætt að fá þessa viðurkenningu hv. þm. Þá erum við sammála um það. Þá er frv. til þess fallið að læðast inn um bakdyrnar að skattgreiðendum í landinu til þess að flá þá enn meira en hingað til hefur verið gert.

Það á að vera einhver sérstök gæska hjá hv. þm. og hans samstarfsmönnum í fjh.- og viðskn. að bjóðast til þess, að gildistaka eða gildistími þessara laga sé aðeins til ársloka. En hvernig lítur dæmið út á yfirstandandi ári? Ég vil þá byrja með að taka góða og gilda tölu hv. þm., þá er hann viðhafði hér rétt áðan í sinni ræðu, að tekjuaukning ríkissjóðs, það sem eftir er ársins, af 5 söluskattsstigaauka muni nema 3160 millj. kr. Ég og ýmsir þeir, sem hér hafa talað á undan mér í dag, hafa bent á, að þetta er of lág áætlun og jafnvel allt of lág áætlun. En við skulum taka tölu sjálfs hv. þm. gilda og segja, að tekjuaukning ríkissjóðs verði ekki meiri á þessu ári en 3160 millj. kr. Gott og vel. Hvert er þá tekjutap ríkissjóðs af lækkun beinna skatta og skattaafslætti? Við skulum fletta upp í fjárl. Þar stendur skrifað, að tekjur af tekjuskatti einstaklinga muni nema á yfirstandandi ári 5864 millj., kr. Hver er áætlun ríkisstj. um það, hvað tekjuskattur einstaklinga samkv. þessari skattkerfisbreytingu, sem hér er til umr., muni gefa ríkissjóði í aðra hönd? Sú tala er 4100 millj. kr. Tekjutap ríkissjóðs er þess vegna 1764 millj. kr. vegna þessarar skattkerfisbreytingar. Til viðbótar skulum við svo taka skattaafsláttinn, sem nemur 500—550 millj. kr., og ef við leggjum saman 1764 millj. og 500 eða 550 millj., þá held ég, að fari ekki á milli mála, að út kemur 2250—2300 millj. kr., sem er tekjutap ríkissjóðs á yfirstandandi ári, samanborið við þá tölu, sem hv. þm. gat hér um áðan, að væri tekjuauki ríkissjóðs af söluskattaukanum það sem eftir er ársins, að upphæð 3160 millj. kr., þ. e. a. s. alla vega segir sjálfur hv. þm. Ragnar Arnalds, að ríkissjóður fái um 900 millj. kr. meira í sinn hlut á yfirstandandi ári með þessari skattkerfisbreytingu. Það er aukningin á skattbyrðum á landsmenn. Við sjálfstæðismenn tökum það alls ekki í mál að samþykkja slík lög. Við sjálfstæðismenn teljum það engu meginmáli skipta, þótt þeir meiri hl. fjh.- og viðskn. beri nú fram við 3. umr. þá till., að þessi skattránslög skuli þó ekki gilda lengur en til ársloka.

Herra forseti. Ég beindi þeirri áskorun til hv. þdm. við 1. umr. þessa máls í d., að tillit væri tekið til vilja meiri hl. Nd., og varaði við því, ef menn hefðu í huga að færa frv. aftur í sama búning og hæstv. ríkisstj. bjó því upphaflega. Stuðningsmenn hæstv. ríkisstj. í þessari d. og hæstv. ríkisstj. sjálf hefur hunsað vilja meiri hl. þm. í Nd. og ekkert tillit tekið til gagnrýni og skoðana stjórnarandstöðunnar hér á Alþ. Ég lýsi því ábyrgð á hendur ríkisstj. vegna þeirra afleiðinga, sem svo óbilgjörn og einsýn vinnu-

brögð hafa. Ríkisstj. hefur stefnt málinu í sjálfheldu. Allt útlit er fyrir, að frv. verði felit í Nd., og ef ekkert er frekar aðhafst í breytingum á núgildandi lögum um tekjuskatt, þá verður tekjuskattur lagður á landsmenn samkv. skattalöggjöf vinstri stjórnarinnar, sem hún setti á fyrsta valdaári sínu, veturinn 1971—1972, skattalöggjöf, sem vinstri stjórnin hefur hrósað sér af að hafa sett og ber alla ábyrgð á, en hefur í för með sér óbærilegar skattabyrðar á allan almenning í landinu.

Þessi núgildandi tekjuskattslög eru því óbærilegri við álagningu yfirstandandi árs, að hæstv. ríkisstj. ákvað að hækka ekki skattvísitöluna um meira en 20%, þegar tekjur í krónutölu hækkuðu um 30% á milli ára. Lagt verður því á meira en 90% skattgreiðenda samkv. hæsta skattstiga og þeim gert að greiða meira en 55% af tekjum sínum til hins opinbera. Á þessum skattránslögum ber núv. ríkisstj. alla ábyrgð. Það er skattreikningur vinstri stjórnarinnar, kveðja stjórnar, sem hefur sjálf skreytt sig nafninu „stjórn hinna vinnandi stétta“, sem mun birtast Íslendingum, þegar skattseðillinn berst þeim í hendur, ef ekkert verður að gert.

Hafi annað ekki orðið núv. ríkisstj. að aldurtila, þegar skattlagningu er lokið, þá verður skattlagningin samkv. óbreyttum tekjuskattsl. banabiti ríkisstj., því að ábyrgð á þeim getur hún ekki komið yfir á aðra, sem vöruðu við og gerðu till. til úrbóta.

Sjálfstæðismenn hafa flutt frv. til nýrri og betri tekjuskattslaga. Það frv. er nú í n. í Nd. Það er krafa okkar, það er krafa allrar þjóðarinnar, að frv. verði tekið til meðferðar og afgreitt hér á Alþ. þegar í stað og ný tekjuskattslög sett, sem unnt er að beita við skattaálagningu nú í ár, svo að forða megi þjóðinni frá þeirri skattakúgun, sem vinstri stjórnin stendur fyrir.

Meðferð þessa frv. ríkisstj. um skattkerfisbreytingu, aðdragandi þess, efni og afgreiðsla er með þeim endemum, að í ljós er leitt, að ríkisstj. hefur hvorki getu, vilja né vald til þess að koma málum fram, og ber henni því að segja af sér þegar í stað.

Frsm. 1. minni hl. (Halldór Blöndal): Herra forseti. Það er greinilegt, að hv. 4. þm. Norðurl. v. vill heldur halda uppi umr. við 3. umr. en við 2. umr., og er sjálfsagt að verða við þeirri beiðni hans. Hann kom hér upp í ræðustólinn áðan heldur kotroskinn og brigslaði okkur stjórnarandstæðingum um það, að við vildum ekki ganga til samkomulags í þessu máli, og komst m.a. svo að orði, að það væri óskiljanlegt, að ekki skyldi nást samkomulag, þegar svona lítið ber á milli. Ég vísa þessu algjörlega heim til föðurhúsanna. Ef svona lítið ber á milli, af hverju reynir þá ekki þessi hv. þm. að koma með einhverja till. til samkomulags? Af hverju er hann þá ekki samningaliprari? Hvað er það eiginlega, sem hamlar honum í því efni? Hann kom hér upp með till., að það væri einhver samkomulagstill., að allar skattalækkanirnar, sem felast í þessu frv., eigi bara að gilda til ársloka. Það var samkomulagsgrundvöllurinn.

Það er skýrt fram tekið í frv. því, sem lagt var fram, í grg. þess, og það var innifalið í því samkomulagi, sem náðist milli Alþýðusambandsins og ríkisstj., að söluskatturinn skyldi koma til endurskoðunar á þessu ári. Það var skýrt fram tekið í þessu samkomulagi. Þess vegna er það algerlega út í bláinn og sagt af hreinni fákunnáttu að halda, að það sé eitthvað boð að bjóða það núna, enda man ég ekki betur en það boð hafi komið strax fram við 1. umr. frá hæstv. fjmrh. og er ekkert nýtt í þessu máli. En í þessu plaggi segir svo, með leyfi hæstv. forseta:

„Endurskoðun tekjuöflunar ríkisins. — Haft verði samráð við fulltrúa launþegasamtakanna um endanlega gerð lagafrv. þess (eða þeirra), sem ríkisstj. hyggst flytja til þess að framkvæma 1.—4. lið hér að framan. Með till., sem lýst er hér að framan, er mikilvægt skref stigið í þá átt að lækka beina skatta og taka upp almennt skattafsláttarkerfi. Við framhaldsendurskoðun yrði unnið að því að einfalda tekjuskattinn og e.t.v. sameina algengustu bætur almannatryggingakerfisins (einkum fjölskyldubæturnar) þeim vísi að skattaafsláttarkerfi, sem hér er ráðgerður. Þar með væri stefnt að því að sameina og samræma tekjuskiptingarafskipti ríkisins í almennt tekjujöfnunarkerfi. Við þessa endurskoðun yrði tryggt, að byrði beinna skatta þyngdist ekki frá því, sem að er stefnt með till. í 1. og 2. lið hér að framan. Endurskoðun söluskatts með upptöku virðisaukaskatts í hans stað á næstu árum fyrir augum yrði einnig liður í þessu samráði. En með þeim breytingum yrði m.a. stefnt að því að létta óbeinum sköttum af framleiðslunauðsynjum.“

Hér er sem sagt því slegið föstu í þessu frv., í grg. þess, og það liggur fyrir, að því er heitið, að áframhaldandi endurskoðun skattal. eigi að fara fram. Enn fremur segir þar, með leyfi hæstv. forseta:

„Fulltrúar ASÍ leggja á það áherslu, að með því að fallast á 5%-stiga hækkun söluskatts sé tekið mið af skertri álagningu á árinu 1974. Á árinu 1975 verði því að taka tillit til þess við skattaákvarðanir, þannig að þá verði metið, hvað 5%-stiga hækkun á söluskatti nemi yfir árið, og jafnframt, hve skattalækkun þá nemi miklu samkvæmt nýja skattstiganum, og að því leyti sem söluskatturinn verður talinn nema hærri upphæð, þá verði sá hluti, sem umfram er, metinn inn í kaupgjaldsvísitölu.“

Þarna kemur það fram, sem hv. þm. Eggert G. Þorsteinsson sagði hér áðan, að það er greinilegt þegar á því, sem þarna stendur, að aldrei var meiningin að falla frá 5 stiga hækkuninni á söluskattinum hjá hæstv. ríkisstj. Þarna er því beinlínis slegið föstu, að söluskattinum eigi að halda áfram. Það er að vísu sleginn sá varnagli, að hluti ef þeirri hækkun eigi að koma inn í kaupgjaldsvísitöluna, það er ýjað í þá átt. En ætli efndirnar yrðu miklar? Ætli það yrði þá ekki komið með einhverjar aðrar eins reikningskúnstir, eins og núna eru hafðar í frammi, eins og þessi hv. þm. hafði hér áðan, þegar hann var að halda því fram þvert ofan í það, sem hann veit, að er rétt, að tekjumissir ríkissjóðs samkv. þessu skattalagafrv. muni nema 3.6 milljörðum kr. eða hvað hann sagði. Sannleikurinn í málinu er sá, eins og hv. 2. þm. Reykv. sagði hér áðan, að tekjumissirinn samkv. þessu frv. af tekju-

skatti nemur 1 milljarði 764 millj. kr. Þar á móti mun hins vegar tekjuskatturinn samkv. því, sem stendur í grg. meiri hl. fjh.- og viðskn. Nd., hækka um 3.4 milljarða kr. Til þess að sýna fram á það, að þetta eru ekki einu liðirnir í tekjuáætlun ríkissjóðs, sem munu hækka, ætla ég að lesa hér endurskoðaða áætlun um innheimtar tekjur ríkissjóðs á árinu 1974. Þar segir:

Tekjuskattur samkv. fjárlagafrv. 5 milljarðar 864 millj. kr. Samkv. frv. yrði það 4.1 milljarður, mismunur 1764 millj. kr. Almenn aðflutningsgjöld munu hækka úr 6 milljörðum 914 millj. í 7 milljarða 135 millj., hækkunin nemur 221 millj. Söluskattur mun hækka úr 6 milljörðum 702 millj. kr. í 10 milljarða 780 millj., mismunur 4 milljarðar 78 millj. Launaskattur mun hækka úr 1200 millj. í 1640 millj., mismunur 440 millj. Áfengis- og tóbaksverslun ríkisins mun hækka úr 2 milljörðum 958 millj. í 3 milljarða, hækkun 42 millj. Aðrir óbeinir skattar munu hækka úr 1151 millj. í 1220 eða hækkun 69 millj. kr. Samtals nemur hækkunin, þegar búið er að draga frá lækkun tekjuskattsins samkv. fjrl., 3 milljörðum 88 millj. kr.

Samt sem áður, þótt þessi upphæð sé svo há, lýstu þeir því yfir, bæði forstöðumaður hagrannsóknadeildarinnar og sá hagfræðingur, sem honum var til aðstoðar í þessu máli, að allar áætlanir um hækkun á tekjustofnum ríkissjóðs væru í algeru lágmarki, og létu þess getið enn fremur, að ef verðbólgan yrði nógu mikil, mundi greiðsluhallinn hjá ríkissjóði snúast upp í greiðsluafgang. Það má kannske segja, að horfurnar í þjóðfélaginu séu þannig núna, að það geti vel farið svo að óbreyttu.

Svo er annað í þessu máli. Þessi hv. þm. er að gera sig hér digran, og hann er að tala um, að það sé verið að setja okkur einhverja úrslitakosti. En hvað er það, sem hann er að bjóða? Hvað er það, sem ríkisstj. er að bjóða með því frv., sem hér er lagt fram? Eigum við aðeins að líta á það.

Á árinu 1959 voru skattgreiðendur í landinu 61900. Af þeim greiddu ekki skatt 20.8%. Árið 1960 fækkaði skattgreiðendum í 15080. Það var eftir að viðreisnarlöggjöfin var samþ., þá fækkaði þeim á þessu eina ári úr 61 900 í 15 080. Það ár voru skattgreiðendur aðeins 20.84%. Af þeim greiddu ekki skatt 79.16%. Árið 1973, þegar áhrifa af skattalagabreytingu núv. ríkisstj. fór að gæta, voru skattgreiðendur í landinu orðnir 57 987, eða 57.5%, og af þeim greiddu ekki skatt 42.5%. En það er ekki aðeins að þeim hafi fjölgað, þeir hafa hlutfallslega meira en tvöfaldast, sem borga skatt núna, miðað við þá skattalöggjöf, sem viðreisnarstjórnin setti á sínum tíma, heldur kemur í ljós, að af þessum 57 987, sem greiddu skatt á s.l. ári, eru 72% í hæsta skattflokki og mun hækka á þessu ári upp í 90%. Sem sagt, 90% af skattgreiðendum landsins eiga að greiða samkv. núgildandi skattal. 44% tekjuskatt, og álögurnar á þeim munu þá nema samtals milli 54 og 55% í beinum tekjusköttum. Og svo er þessi hv. þm. að gera sig digran hérna, þegar hann með sinni framkomu hér er að stuðla að því, að svona verði þetta áfram. Og hann er að gera því skóna, að honum verði eitthvað sérstaklega þakkað fyrir það og þessari ríkisstj. að hafa umturnað skattkerfinu í landinu með þessum hætti, sem hefur valdið því á þeim árum, sem nú eru liðin, að það er orðin aðalkrafa allra launþegasamtakanna í landinu að fá leiðréttingu á þessum málum.

Það eru allir menn fyrir löngu búnir að gera sér það ljóst, að það felast engar kjarabætur í beinum kauphækkunum, vegna þess að þær eru étnar upp í verðlaginu þegar í stað. Við sáum, hvernig fór núna 1. mars, og við vitum, að það er búið að lofa atvinnurekendum gengisfellingu. Það liggur beint fyrir, og það er augljóst, ef maður skoðar samningana, sem voru gerðir við Japani, að það er eitthvað því um líkt á döfinni, og ekkert leyndarmál. Og ég vil gjarnan rifja upp, úr því að hv. þm. gefur mér tilefni til að endurtaka það, að í þeim ályktunum, sem Alþýðusamband Íslands gerði nú í okt., var gert ráð fyrir því, að persónufrádráttur til skatts fyrir einstakling yrði ekki lægri en 300 þús. kr., og það er einmitt þessi upphæð, sem við höfum miðað við okkar till. í Sjálfstfl. Hjá okkur er persónufrádrátturinn 310 þús. kr., þar sem taka verður tillit til þess, að bruttótekjur eða tekjuaukning á s.l. ári var meiri en ætlað hafði verið, þannig að við tökum einmitt upp þessi ákvæði og þessar óskir, sem Alþýðusambandið setti fram. Ég vil einnig minna á annað atriði, sem við tökum upp af þeirra till., en þar er sérstaklega farið fram á það, að auk þess fái verkafólk, sem vinnur við fiskvinnslu, sérstakan frádrátt, þannig að þeir, er vinna í allt að 20 vikur á ári, fá 9% og þeir, er starfa 20 vikur á ári eða lengur 18%. Samkv. 2. till. okkar, sem þessi hv. þm. var að taka þátt í að fella hér áðan, er einmitt lagt til, að fjmrh. skuli vera heimilt að veita þeim, er við fiskvinnslu starfa, sérstakan frádrátt samkv. nánari ákvæðum í reglugerð.

Ég vil út af þessu segja það, að það hefur ekki vantað núna á undanförnum vikum og undanförnum mánuðum, að þeir menn, sem nú eru í stjórnarandstöðu, hafi verið að sleikja sig upp við verkamennina og við fólkið í fiskvinnslunni. Það hefur ekki vantað. En við sjáum núna, hvernig efndirnar eru. Það er á engan hátt komið til móts við óskir þeirra, og það er gengið svo langt, að nú er því hótað hér í hinu háa Alþ. að demba yfir þá aftur skattal. eins og þau eru, — skattal., sem fólkið sjálft er búið að neita að taka sig saman um, að ef þessi skattalög eigi að gilda áfram, þá muni fólkið á Snæfellsnesi neita að vinna eftirvinnu og næturvinnu til þess að bjarga verðmætum á vertíðinni í verstöðvunum þar. En þetta fólk hefur haldið áfram að vinna að framleiðslunni í krafti þess, að ríkisstj. muni standa við það að koma fram með þær tekjuskattslækkanir, sem hún var búin að lofa að koma fram með í samningaviðræðunum við Alþýðusambandið. Svo kemur þessi hv. þm. hér upp og segir: Það munar svo sem ekki neinu. — Það munar bara því, sem er aðalatriðið. Það munar því, að þetta fólk fær ekki leiðréttingu, eins og nú standa sakir. Hótunin er sú við fólkið í landinu, við launþegasamtökin, okkur alla, að ef þið fáið ekki að stela á annan milljarð á þessu ári í hærri sölusköttum en nauðsynlegt er, þá eigi að demba gömlu tekjuskattsl. aftur yfir fólkið í landinu.

En þið skuluð ekki ímynda ykkur, að fólkið

viti ekki, hver setti þessi lög. Það er fólkinu vel kunnugt um, að með skattalagabreytingunum 1972 var horfið frá þeirri stefnu viðreisnarstjórnarinnar að láta meiri hl. af tekjuöflun ríkissjóðs vera í óbeinum sköttum. Þá var horfið inn á þá braut að leggja 44% tekjuskatt á lágtekjufólkið. Og nú er ástandið orðið þannig, að það er 90% af skattþegnunum, sem lendir í hæsta skattþrepi. Og það má gjarnan minna á það líka, að það er svo sem ekkert gefið í þeim persónufrádrætti, sem lagður er til í því frv., sem hér liggur fyrir. Það er ekki eins og sé verið að gefa eitthvað nýtt og eitthvað mikið. Þetta er rétt svipað því, sem persónufrádrátturinn ætti að vera miðað við s. l. ár, ef í skattvísitölunni væri tekið tillit til þeirrar tekjuaukningar, sem orðið hefur á milli þessara tveggja ára. Það þarf sem sagt enga lagabreytingu til að gera þetta, til þess að veita þennan persónufrádrátt, það þarf ekki annað en einfalda ákvörðun. Það þurfti ekki annað.

En ríkisstj. gat ekki hugsað sér það. Og ríkisstj. hefur svikið fleiri heldur en Alþýðusambandið. Ríkisstj. hefur einnig svikið Bandalag starfsmanna ríkis og bæja, opinbera starfsmenn, því að það lá einnig fyrir þá, þegar samið var við þá, þá lá í loftinu og hefur áreiðanlega verið heitið, að um leiðréttingu á tekjuskattinum yrði að ræða. Við þurfum ekki annað en fletta upp í skattskrá s. l. árs til þess að sjá, hverjir það eru, sem borga hæstu skattana. Það er launafólkið. Við skulum bera saman í skattskránni launafólkið og þá, sem hafa mest um sig, og sjá, hvað kemur út úr því. Við vitum, að það mun halla á launafólkið í landinu. Það á að níðast á fólkinu, sem ekki getur svikið undan skatti. Það á að halda áfram að níðast á því, og sú er hótunin, sem hv. stjórnarandstæðingar eru nú að láta glymja á okkur, að það eigi að halda áfram að níðast á þeim, sem telja rétt fram. Það er von, að þessir menn tali digurbarkalega, og það er von, að þeir þurfi að æsa sig upp við 3. umr.

Hæstv. fjmrh. var að gera því skóna hér í gær, að það væri best að halda áfram baráttunni og það væri best að láta fólkið í landinu knýja fram breytingar á skattalöggjöfinni. Ég held, að þetta sé best. Það er greinilegt, að sú ríkisstj., sem nú situr, hefur ekki vilja til þess. Hún vill ekki lækka skatta á þjóðinni. Ég vissi ekki, hvort ég átti að taka orð hæstv. fjmrh. svo sem hann væri að gefa í skyn, að það yrði þingrof og nýjar kosningar, ef þetta frv. yrði ekki samþ. Ég vona, að hæstv. ríkisstj. hafi manndóm í sér til þess. Ég vona, að næstu kosningar snúist um skattamálin og snúist um verðbólguþróunina í landinu, og það mun þá sýna sig, að þeir menn, sem nú eru í valdaaðstöðu, munu tapa ögn fleiri þm. heldur en þessum fjórum, sem þeir unnu í síðustu kosningum.

Ég var að tala við mann utan af landi áðan, og hann var að undrast, var að spyrja mig um það, hvernig atkvgr. hefði farið í dag. Og þegar ég sagði honum það, að till. um niðurskurð á fjárl. ríkisins hefði verið felld, þá varð hann mjög undrandi yfir því og sagði, að það liti svo út sem hæstv. forsrh. yrði að ganga í Sjálfstfl. til þess að geta beitt sér fyrir því, að það yrði skynsamlega staðið að fjárl. og hann gæti unnið að því að lækka fjárl. Hv. stjórnarsinnar, sem eru í þessari hv. d., létu sig hafa það hér áðan að fella allir sem einn maður till., sem hæstv. forsrh. hafði greitt atkv. með við umr. í hv. Nd. Ætli það verði ekki jafn þung spor og önnur, sem þessi hæstv. forsrh. hefur orðið að stíga til þess að bjarga þessari ríkisstj., — ætli hann verði nú ekki að stíga það spor hér á eftir að falla frá því, að fjárl. verði skorin niður? Ætli það verði ekki gert að skilyrði, að hann megi ekki einu sinni hafa þá skoðun, að það eigi að reyna að takmarka ríkisútgjöldin til þess að draga úr verðbólgunni?

Þessi hv. þm. sagði hér í dag, eins og búið er að rifja upp nokkrum sinnum, að það hefðu ýmsir furðulegir hlutir gerst í Nd. og frv. tók ýmsum kostulegum breytingum. Þessi hv. þm. kallar það kostulegar breytingar, þegar vilji kemur fram um það á Alþ. að skera niður ríkisútgjöldin. Og þessi hv. þm. kallar það kostulegar breytingar á frv., að það skyldi vera meiri hl. fyrir því í Nd. að afnema 1½% launaskattinn, sem á sínum tíma var samþykktur til þess að halda niðri verðlagi í landinu. Það eru forsendur 1½% launaskattsins. En það er fyrir löngu liðin sú tíð, að þessi ríkisstj. reyni að halda niðri verðlagi í landinu, fyrir löngu liðin. Þessari ríkisstj. er því sæmst að skila aftur þessum 1½% launaskatti eða reyna að taka sig á. En eins og ég sagði áðan, virðist ekki sem það hafi fengið byr eða hljómgrunn hjá hv. stjórnarsinnum. Þessi viðleitni hæstv. forsrh. að reyna nú loksins að hægja ferðina, virðist ekki hafa byr.

Ég tek undir það með hv. þm. Jóni Árm. Héðinssyni, að það er nógur tími, það er langt til morguns, og ef ástæða þykir til af hv. stjórnarsinnum að lengja enn þessar umr., þá erum við alveg reiðubúnir til þess. Það er hægt að tala um ýmislegt fleira, það er hægt að rifja upp stöðu atvinnuveganna, það er hægt að rifja ýmislegt upp. En ég læt þetta nægja í bili, en tek undir það, sem hv. þm. Jón Árm. Héðinsson sagði, að ég er hræddur um, að það skaðist ýmsir aðrir en stjórnarandstæðingar, ef farið verður að veifa frekar en orðið er þeim skattal., sem núv. hæstv. ríkisstj. setti á árinu 1972 og áttu þá að færa launþegum í landinu miklar kjarabætur. Þá áttu þau að vera ógurlega góð fyrir alla launamenn í landinu. Nú eru þeir að reyna að hræða okkur með því að vitna til þessara sömu laga. Ég held, að þeir verði að eiga það, sem þeir hafa samþykkt. Alþfl. hefur boðið það og við greiddum atkv. með því í Nd. og einnig hér, að söluskatturinn yrði miðaður við 3½%. Við teljum, varðandi þann milljarð, sem ríkisstj. ætlar að fá þar umfram það, sem hún þarf að fá, til þess að króna komi á móti krónu, það sé óþarfi að ráðskast meira með hann.

Forsrh. (Ólafur Jóhannesson): Herra forseti. Ég skal ekki lengja þessar umr. mjög, en það hafa komið raddir fram um það, að stjórninni væri sæmst að segja af sér, ef þetta frv. næði ekki fram að ganga. Út af því vil ég aðeins segja örfá orð.

Ég hef fallist á að fylgja þessu frv. um skattkerfisbreytingu, eins og það liggur fyrir, eða

réttara sagt, ég féllst á það í þeirri von, að það mundi greiða fyrir kjarasamningum, í þeirri trú, að það mundi verða einhvers metið í þeim kjarasamningum, sem fram fóru. Ég ætla ekki að vera með neinar fullyrðingar um það hér, hvort svo hafi verið eða ekki. En samkomulag hefur verið gert við verkalýðsfélögin um þessa skattkerfisbreytingu, sem hér liggur fyrir, og við það samkomulag munu að sjálfsögðu stjórnarsinnar standa. Hins vegar tel ég enga ástæðu til að leggja launung á það, að ef ég óbundinn af öllu samkomulagi hefði átt að gera till. um breytingar á skattkerfi, þá hefðu þær verið á aðra lund en þær, sem hér liggja fyrir. En þetta eru þær till., sem byggjast á samkomulagi við verkalýðsfélögin, og við höfum heitið í því samkomulagi að beita okkur fyrir því, að yrðu samþ. á Alþ. Við það heit munum við standa. Viðsemjendum okkar var ljóst, hver staða okkar var á Alþ., og þess vegna verður ríkisstj. ekki sökuð um nein brigð gagnvart verkalýðssamtökunum, þótt henni takist ekki að koma þessu fram, hafi hún gert allt, sem í hennar valdi stóð til þess.

Að mati ríkisstj. og hennar sérfræðinga er hér ekki um auknar eða nýjar álögur að tefla, heldur aðeins um það að ræða að hverfa frá fyrra kerfi að verulegu leyti með innheimtu beinna skatta og fara yfir í óbeina skatta. Þess vegna er það, að þó að þetta frv. verði fellt, verður ríkisstj. eftir það ekkert verr í stakk búin að því er fjárráð snertir en áður. Þess vegna er engin ástæða til fyrir ríkisstj. að segja af sér, þó að þetta frv. verði fellt.

Ég heyrði líka áðan, að það var minnst á það, hvernig ég hefði greitt atkv. í Nd. um bráðabirgðaákvæði það, sem sjálfstæðismenn fluttu um niðurskurð á útgjöldum. Þar sem grg. mín fyrir atkv. minu var í styttra lagi og þar sem blöð hafa nokkuð hvert með sínum hætti lagt út af því, þykir mér ástæða til þess að fara aðeins örfáum orðum um það.

Ég verð að segja það, að ég tel till. frá stjórnarandstöðu um að veita ríkisstj. heimild til að skera niður útgjöld, jafnt ólögbundin sem lögbundin, mjög athyglisverða. Ég tel, að í slíkri till. felist mjög óvenjuleg traustsyfirlýsing til ríkisstj. Ég veit, að það eru sjálfsagt margir mér fróðari í stjórnmálasögu hér. Ég veit, að það eru mörg fordæmi fyrir því, að ríkisstj. hafi flutt og fengið samþykktar till. sér til handa um heimild til þess að skera ríkisútgjöld niður, og það er alveg rétt, sem kom fram í umr. í Nd., að það var gert með brbl. um efnahagsmál frá því sumarið 1972, þó að þar væri um aðra og miklu óveglegri upphæð að tefla heldur en í till. sjálfstæðismanna. En það var þó heimild til þess að skera útgjöld, jafnt ólögboðin sem lögbundin, niður um 400 millj.

Þessi brbl. voru lögð fyrir Alþ., eins og stjórnarskráin mælir fyrir um. Þau þjónuðu sínum tilgangi og höfðu sinn takmarkaða gildistíma og féllu þá úr gildi. Það skiptir þess vegna engu máli um gildi þeirra, þingræðislegt eða annars konar, hvort þau voru samþ. á Alþ. eða ekki. Ég hygg, að það sé varla of í lagt, að um ⅙ hluti af brbl. hafi dagað uppi á Alþ. af þeim sökum, að þau hafi þjónað sínum tilgangi og gildistími þeirra hafi verið útrunninn. Ef Alþ. gerir ekki aths. við þau, þá leggur það blessun sína yfir þau, þannig að það er hér við skýr fordæmi að styðjast, það viðurkenni ég. Hins vegar er mér ekki kunnugt um nein dæmi þess, hvorki úr íslenskri stjórnmálasögu né erlendri, að stjórnarandstaða hafi flutt till. um að veita ríkisstj., sem hún annars hefur ekki mjög mikið álit á, heimild til þess að skera niður útgjöld með þeim hætti sem gert var ráð fyrir í till. þeirra sjálfstæðismanna. En sú till. var svo hljóðandi:

„Þrátt fyrir ákvæði fjárl. ársins 1974 (l. nr. 110/1973) er ríkisstj. heimilt að lækka fjárveitingar samkv. þeim um allt að 1500 millj. kr. Tekur þetta einnig til fjárlagaliða, sem jafnframt eru ákveðnir í öðrum lögum en fjárlögum."

Lengri er nú þessi tillgr. ekki. Hér er um mjög víðtækt valdaframsal af hálfu löggjafa til framkvæmdavaldshafa að ræða. Ég veit, að það er talsvert rætt um það og umdeilt atriði á meðal lögfræðinga, hversu víðtækt valdframsal löggjafa til framkvæmdarvaldshafa megi vera. En ég held þó, miðað við fordæmi og miðað við eðli þessa máls, þar sem ekki er um eiginlega lagasetningu að tefla, heldur fjárveitingar, þá verði ekki dregið í efa, að það sé heimilt að gera þetta. Og það er engin takmörkun í þessari heimild. Stjórninni er með henni veitt vald til þess að breyta hvaða lögum sem er algerlega upp á sitt eindæmi. Það veitir enga stoð, þó að það kunni að hafa verið gert ráð fyrir því í nál., að þetta yrði gert í samráði við fjvn., né þó að slíkt hafi komið fram í umr. Lagagr. stendur og er skýr. Í henni eru engar takmarkanir. Hitt er það, að þessari ríkisstj. hefði vitaskuld aldrei dottið í hug að misnota slíka heimild sem þessa. Henni hefði auðvitað aldrei dottið í hug að framkvæma þetta með öðrum hætti en þeim að hafa samráð við fjvn. En heimildin stendur eftir sem áður, a.m.k. sem minnisvarði, og er athyglisverð.

Ég held, að það hafi verið Magnús heitinn Jónsson, sem sagði eitthvað á þá lund, að þegar steiktar gæsir flygju upp í munninn á manni, þá væri varla hægt að ætlast til þess, að maður skyrpti þeim út úr sér. Og ég verð að segja það, að þegar mér er boðið slíkt á silfurbakka, þá slæ ég ekki umhugsunarlaust á þá hönd, sem réttir mér þann silfurbakka. Ég treysti mér vel til þess að framkvæma þetta vald og fara trúverðuglega með það og vil ekki hafa á móti því út af fyrir sig, að stjórnarandstaðan sýni ríkisstj. þetta traust. Þess vegna taldi ég það og gerði þá grein fyrir atkv. minu í Nd., að ég teldi rétt, að þetta færi til Ed. til skoðunar. Ég held, að það þurfi engum að koma á óvart viðhorf mitt til þess að reyna að draga úr útgjöldum ríkisins. Ég hef margoft prédikað það, í áramótagrein, í áramótaræðu og öðrum ræðum, að það væri mitt álit, að það þyrfti að draga úr þeirri þenslu og þeirri spennu, sem hér hefur ríkt og verið ríkjandi. Og ég hef ekki skipt um skoðun í því efni. Ég veit, að það er afskaplega erfitt að skera niður fjárveitingar, sem samþykktar eru af Alþ. Ég veit, að það er alveg sérstaklega erfitt, ef sú heimild er eingöngu bundin við ólögboðin útgjöld, vegna þess að staðreyndin er sú, að það er búið að binda í lögum svo geysilega mikið af útgjöldum ríkisins, að fjvn. og fjmrh. hafa í því efni við samningu fjárl. ákaflega lítið svigrúm, nema

þetta sé einnig og einmitt tekið með, að það megi draga úr hinum lögbundnu útgjöldum. En vitaskuld er það ákaflega erfitt, og ég ásaka ekki stjórnarandstöðuna fyrir að hafa þó ekki gengið lengra en þetta og bent alveg ákveðið á þá liði, sem hún vildi skera niður. En mér finnst þetta út af fyrir sig allrausnarlega boðið hjá henni. Þess var varla að vænta, að hún treystist til þess að benda alveg ákveðið á þá liði, sem hún vildi skera niður. En ég fyrir mitt leyti held, að það eigi ekki að vera óframkvæmanlegt með fjárl., sem eru eins há og þau eru, að lækka útgjöld um svo sem einn milljarð eða hálfan annan milljarð, eins og hér er gert ráð fyrir. Það er sannfæring mín, að það sé hægt með góðum vilja, alveg sérstaklega þegar einmitt er um að ræða, að það má fara í hin lögbundnu útgjöld einnig.

Ég tel ástand og horfur þannig, að það verði naumast hjá því komist að gera á næstunni tilraun til þess að fá samþykktar ráðstafanir í efnahagsmálum. Ég tel ekki ólíklegt, að einn liður í þeim ráðstöfunum yrði einmitt að freista þess að reyna að skera útgjöld eitthvað niður. Og þá verð ég að segja það, að ég tel mikilsverða og ég met þá stefnuyfirlýsingu, sem í þessu efni hefur komið fram frá stjórnarandstæðingum. Mér dettur ekki eitt andartak í hug annað en þeir standi við þá stefnuyfirlýsingu, þó að á reyni um þetta atriði í öðru frv. og öðrum lögum en þessum. Og þetta var ástæðan fyrir því, að ég vildi veita með atkv. minu viðurkenningu á þeim vilja, sem þarna hafði komið fram.

Ég verð hins vegar að segja það, að þar sem þessu frv. hefur nú verið breytt í það horf, sem það var upphaflega lagt fram hér í Ed., og frv. fer í þeim búningi til Nd., þá tel ég þann einan hátt eðlilegan, að í Nd., þegar hún fær málið héðan til einnar umr., sé skorið alveg á hnútinn og örlög þessa frv. ráðin. Þess vegna mun ég greiða atkv. þá gegn öllum brtt., sem koma fram, vegna þess að samþykkt þeirra þýddi það, að frv. færi aftur hingað til Ed., og að því get ég ekki með neinu móti stuðlað, þó að ég teldi hættulaust og meira en það, að þetta ákvæði færi til Ed. í fyrri lotu og fengi þar athugun.

Ég hef hér leitast við að gera grein fyrir því, hvers vegna ég taldi mér eftir atvikum rétt að greiða atkv. með þessari brtt. Ég taldi mér það rétt upp á seinni tímann. Ég taldi það rétt að veita þeirri viðleitni, sem þarna kom fram, viðurkenningu, og ég spái því, að hver sem örlög þessa frv. verða, þá muni reyna á það innan skamms, hvort menn eru fúsir eða ekki að ganga í þá raun, sem óneitanlega er að skera nokkuð niður af útgjöldum. Eins og ég hef sagt, held ég, að það sé ekki ógerningur, og ég held a. m. k., að mörgum hv. alþm. muni ganga erfiðlega að sannfæra hv. kjósendur um, að það sé ekki hægt. Ég mundi a. m. k. fyrir mitt leyti telja það nokkuð erfitt. En með því að hafa þessi orð hér yfir í Ed., að gefnu tilefni, get ég sparað mér að hafa grg. um þetta í Nd., þegar frv. kemur þangað.

Eggert G. Þorsteinsson: Herra forseti. Ég skal ekki, þó að tilefni hafi verið gefið til, teygja þessar umr. öllu lengur. Mér þykir leitt að heyra í hæstv. forsrh., að hann vill ekki steiktar gæsir nema í Nd. Hann talaði um það, að þær væru gómsætar fyrir núv. ríkisstj., þær sparnaðartill., sem samþ. voru í Nd. með hans atkv. m. a. En af því að þær hefðu verið felldar út hér af hans eigin flokksmönnum m. a., þá vildi hann þær ekki lengur. Ég tel þetta ekki vera nógu rökrétt fyrir þann þjóðréttarprófessor, sem ég veit, að hann er, og þekkir alþingissöguna kannske okkar allra best, að hafa skoðanaskipti á þessum hlutum á milli deilda. En það er hans mál.

Hann sagði enn fremur, eins og hv. frsm. meiri hl. sagði hér í kvöld, að stjórnarliðið mundi reyna að standa við gerða samninga við verkalýðsfélögin. Í grg. stjórnarliðsins sjálfs er það skýrt tekið fram, með leyfi hæstv. forseta orðrétt:

„Í samráði við fulltrúa ASÍ við endanlega gerð frv. kom það fram, að þeir telja fleiri aðferðir koma til greina til að jafna mun söluskattshækkunar og tekjuskattslækkunar.“

Þetta er frá stjórnarliðinu sjálfu. Ekki höfum við búið þetta til, stjórnarandstæðingarnir. Það er m. ö. o. upplýst, að verkalýðshreyfingin sjálf taldi fleiri hluti koma til greina. Og eins og ég sagði í fyrri ræðu minni hér í kvöld, er vart mögulegt fyrir nokkurn mennskan mann að gera sér grein fyrir jafnflóknu og margbrotnu efni og hér er um að ræða á einum degi, þegar það kostar sérfræðinga 4—5 mánuði að kanna málið fyrir hönd ríkisstj. Þetta er orðrétt upp úr frv. sjálfs fjmrh., ef hann vill lesa það upp.

Það er og vitað af umr. frá fyrri þingum, að verkalýðshreyfingin taldi sjálf, að allt fikt við vísitöluna væri svik við verkalýðinn. Fékk núv. hæstv. ríkisstj. leyfi verkalýðshreyfingarinnar til þess að gera það fikt við vísitöluna, sem nú er gert? (**Gripið fram í:** Já.) Já, það er ekki sama hver er (**Gripið fram í:** Hún er vinsæl stjórnin.) Hún er vinsæl, ríkisstj., það fer ekkert milli mála. Það eru til langar ræður og ekki síst eftir hæstv. núv. félmrh., sem við urðum að sitja hér undir þing eftir þing, um þau svik, sem það væri við verkalýðshreyfinguna, að við nokkrum hlut væri þar hreyft. Nú má vera með endalaust fikt við þessa hluti.

Það er svo önnur saga, sem kannske tekur ekki að vera að tala um, þegar manni er jafnvel í skinn komið og ég er sjálfur, að ég minnist þess ekki á 22 ára þingferli, að hafður hafi verið af manni matartími til þess að þræla stjfrv. í gegn. En maður lifir allt einu sinni fyrst, og sjálfsagt er mér manna best í skinn komið ásamt vini minum hér fyrir framan mig til þess að standa það af sér að svelta eina vorvertíð eða svo.

Forsrh. sagði hér áðan og frsm. meiri hl. einnig, að það hefði verið leitað samstöðu um þá brtt., sem meiri hl. lagði fram við 3. umr. Þetta kann vel að vera. En við vitum ósköp vel, sem hér sitjum á þingstólunum, að það hafa verið langtum viðtækari samningaumleitanir á göngum hér fyrir utan þingsalina. Og við vitum líka, á hverjum þessar samkomulagsumleitanir hafa strandað. Alþb. hefur einfaldlega svarað því til: Við erum búnir að berja það mikið á okkar fólki um þessi 5%, að við getum ekki snúið við. — Það eru ekki rök fyrir því, að 3½% dugi ekki, heldur pólitísk innbyrðis átök í Alþb. Og þá fer maður að skilja, hvers vegna hv. þm. hefur af hálfbræðrum sínum í pólitík, sem standa að

blaði, sem heitir Stéttabaráttan, verið nefndur þar á sínum tíma öreigaforinginn með pappírshendurnar. Þetta er að vísu óviðkomandi þessu máli og óþarft að hafa eftir, enda er mér illa við slíkt. En sannleikurinn er sá, að á þessu máli hefur verið tekið með pappírshöndum. Ef einlægur vilji stjórnarliðsins til að ná samkomulagi um framkvæmd málsins hefði verið fyrir hendi, hefði það náðst.

Það eru allir flokkar sammála um sjálft skattbreytingakerfið, sem er meginatriði frv. Deilan stendur um, hvað þessi breyting kosti. Það er viðurkennt af ríkisstj. sjálfri, að söluskattsstigið gefi 800 millj. Þrisvar 8 eru 24 og helmingurinn af 8 eru 4. Þar með duga 3½ stig. Þessu hefur ekki verið hnekkt hér í kvöld og ekki í umr. í Nd. heldur. Sannleikurinn er því sá, að ef nokkur minnsti vilji hefði verið til þess að ganga fram hjá því að stela í leiðinni aukapeningum til annarra hluta, hefði þetta frv. verið samþ. hér einróma.

Það á að segja frá því, þegar verið er að afla tekna, til hvers þær eru ætlaðar. Við höfum boðist til þess, Alþfl.-menn, og það boð stendur enn, að styðja það, að þessar skattkerfisbreytingar geti átt sér stað, og fylgja þeim tekjuhækkunum, sem til þess þurfa, og það er einsdæmi í 20 ára sögu stjórnarandstöðu á Íslandi. Hingað til höfum við heyrt það, ef við höfum setið í stjórnarliði, að peningarnir eigi að koma hvergi að, þó að gerðar séu kröfur um síaukin útgjöld. Í dag bjóðumst við til þess að standa við tekjuþörfina til þess að koma þeirri tekjuskattsbreytingu á, sem allir eru sammála um. En þá er því hafnað. Þá þarf að fá fleiri aura til annars, en því neitum við.

Geir Hallgrímsson: Herra forseti. Það er óhjákvæmilegt að gera nokkrar aths. við ræðu hæstv. forsrh. hér áðan. Hann ræddi aðallega tvö atriði. Hann rifjaði upp, að við stjórnarandstæðingar hefðum haldið fram, að ríkisstj. ætti að segja af sér, þar sem hún gæti ekki komið málum sínum fram. Það er alveg rétt, við höfum haldið þessu fram, og ég skil raunar ekkert í hæstv. forsrh. einmitt sem slíkum að fallast ekki á þetta með okkur. Ríkisstj., sem ekki kemur málum sínum fram, er ekki fær um að stjórna landinu. Þetta liggur svo í augum uppi, að um þetta þarf ekki að deila.

Við höfum ekki fundið að því, að hæstv. ríkisstj. hafi rætt við launþegasamtökin um breytingar á skattal. í kjölfar eindreginnar kröfu launþegasamtakanna um að fá framgengt lækkun beina skatta, vegna þess að skattabyrðin var óþolandi áður og er að óbreyttum lögum. Við höfum hins vegar gagnrýnt hæstv. ríkisstj. fyrir það að hafa ekki hafist handa fyrr um breytingar á skattalöggjöfinni, hafist handa fyrr um að gera till. um lækkun beinna skatta. Og sé það svo sem mér fannst koma fram af orðum hæstv. forsrh., að hann væri ekki ánægður með það, hve mikils launþegasamtökin hefðu metið skattabreytingarnar, þá held ég, að sökin sé hæstv. ríkisstj., vegna þess að hún hófst í raun og veru ekki í alvöru handa í þessum málum, fyrr en boðað var til verkfalls með tveggja vikna fyrirvara, eftir að samningaumleitanir höfðu staðið yfir í 4—5 mánuði.

Ég held líka, að ef um það er að ræða, að kjarasamningarnir séu verðbólgumyndandi, og ég held því miður, að menn þurfi ekki að skilorðsbinda það og segja „ef“ í því sambandi, — þeir eru því miður verðbólguhvetjandi, — þá var hægt að koma í veg fyrir það með því að hafa fyrra fallið um till. til skattbreytinga. Og auðvitað þurfti að fullnægja því skilyrði, að skattbreytingarnar væru ekki þannig, að að þeim væri lítill hagur fyrir launþegana sjálfa. Ef ríkisstj. hefði haft söluskattshækkunina minni, þá er ég viss um, að launþegasamtökin hefðu metið skattkerfisbreytinguna meira en raun ber vitni. Ég skal ekki endurtaka þau rök, sem við höfum hér flutt um, að það var ekki nauðsyn að hafa söluskattshækkunina svo háa sem í frv. felst.

Það er ekki af okkar hálfu, eins og ég sagði áðan, gagnrýnt, að rætt sé við launþegasamtökin um áhugamál þeirra til þess að greiða fyrir heilbrigðum og eðlilegum kjarasamningum, miðað við ríkjandi ástand. En það er gagnrýnt, að farið er þannig að í þeim efnum að hafa ekki samráð við Alþ. meira en svo, að þegar á hólminn er komið og frv. um skattkerfisbreytingu er flutt á Alþ., kemur í ljós, að frv. hefur ekki einungis andstöðu stjórnarandstæðinga, heldur og mætir andstöðu í flokki stjórnarsinna. Ríkisstj. vanrækti samhliða samráði við launþegasamtökin að hafa samráð við Alþ. sjálft, og að því leyti til gat Alþ. ekki virðingar sinnar vegna viðurkennt, að frv. væri þannig, að engum staf í því mætti breyta. Ef sú var skoðun ríkisstj., var í raun og veru verið að flytja löggjafarvaldið úr sölum Alþ., þar sem það á að vera samkv. stjórnskrá landsins, og til samtaka úti í bæ, sem eru góðra gjalda verð og hafa sínu mikla hlutverki að gegna, en eiga ekki þrátt fyrir það að hafa löggjafarvaldið í sínum höndum. Það er fyrir þetta, sem við höfum gagnrýnt ríkisstj. Það er á þessum grundvelli, sem við segjum, að ríkisstj. eigi að segja af sér, vegna þess að hún hefur sniðgengið Alþ. og henni hefur mistekist að koma þessu sínu máli fram. Ríkisstj., sem kemur ekki málum sínum fram, er ekki fær um að stjórna landinu.

Varðandi hitt atriðið, sem hæstv. forsrh. drap á, till. okkar sjálfstæðismanna um niðurskurð á útgjöldum ríkisins, vil ég segja það, að við sjálfstæðismenn höfum mætt tvenns konar gagnrýni fyrir þennan tillöguflutning: Annars vegar þeirri gagnrýni, að það væri auðvelt að segja, að það væri hægt að lækka útgjöld ríkissjóðs um 1½ milljarð kr., en tiltaka ekki, hvernig það skyldi gert. Hins vegar hefur sú gagnrýni verið borin fram, og á þá gagnrýni lagði hæstv. forsrh. megináherslu, slík till. væri í raun og veru óvenjuleg, hún bæri vitni um traust á ríkisstj.

Það er kannske ekki rétt að segja, að þetta sé gagnrýni af hálfu hæstv. forsrh., því að væntanlega finnst engum forsrh. það gagnrýnisvert, ef menn bera traust til hans eigin ríkisstj. En hins vegar skulum við a. m. k. segja, að hér hafi verið um aths. að ræða. En ef sú aths. á við rök að styðjast, þá hljóta það að vera mikil vonbrigði fyrir hæstv. forsrh., að hann fékk í lið með sér og stjórnarandstæðingum, sem báru traust til ríkisstj. að hans áliti, aðeins einn sinna flokksmanna.

Við berum fram þessa till. í framhaldi af ábendingum okkar og raunar tillöguflutningi fyrr um það, að ríkisútgjöld hafi vaxið allt of ört í tíð núv. ríkisstj., þegar fjárlög hafa þrefaldast. Við afgreiðslu hvers fjárlagafrv., sem ríkisstj. hefur flutt hér á Alþ., frá því að hún kom til valda, hafa talsmenn okkar í þeim efnum boðið ríkisstj., að við sjálfstæðismenn skyldum ganga að því starfi með þeim að skera niður útgjöld fjárl. og bera fulla ábyrgð á slíkum niðurskurði, þótt við værum í stjórnarandstöðu. Mér er sérstaklega minnisstætt við umr. um fjárl. 1974 rétt fyrir s. l. jól, þegar hv. þm. Mathías Bjarnason gerði það að till. sinni, að fjvn. væri falið að eyða jólaleyfi sínu til þess að gera till. um niðurskurð á útgjöldum ríkissjóðs. Það var ekki hlustað á þetta tilboð hv. þm. Matthíasar Bjarnasonar, sem hann gerði í umboði okkar allra sjálfstæðismanna.

Mér er minnisstætt, að við sjálfstæðismenn vildum leysa fjárþörf vegna Vestmannaeyjagossins og afleiðinga þess með því að skera niður útgjöld ríkissjóðs fremur en að leggja svo mikla viðbótarskatta á landsmenn sem upprunalega var tilgangur og ætlan ríkisstj., og raunar var um meiri skattlagningu að ræða í því sambandi en við sjálfstæðismenn vildum, að hefði verið. Við fengum því framgengt, að ríkisstj. féllst á niðurskurð á útgjöldum ríkissjóðs að upphæð 160 millj. kr. — Það var allt og sumt — í sambandi við fjáröflun til Viðlagasjóðs.

Ég nefni þessi dæmi til þess að sýna fram á, að við höfum fyrr gert slíkar till. og talað fyrir daufum eyrum. Okkur hefur ávallt verið bent á, að þarna væri um að ræða till., sem auðveldara væri að flytja en framkvæma. Hinu síðara höfum við svarað með því að bjóðast til að bera fulla ábyrgð á slíkum niðurskurði, þótt við séum í stjórnarandstöðu. En nú er ekki lengur dregið í efa, að unnt sé að spara 1½ milljarð í útgjöldum ríkissjóðs. Sjálfur hæstv. forsrh. telur það unnt. Hann hrósar sér meira að segja af því að hafa bent á þetta í áramóagreinum og oftar. En það sorglega við það er, að hann hefur ekkert gert til að framkvæma þessi orð sín og ábendingar og vilja, sem ég skal ekki draga í efa, að sé góður í þessum efnum.

Nú bjóðumst við sjálfstæðismenn enn einu sinni til þess að standa að slíkum niðurskurði, og ekki getur hæstv. forsrh. sett það fyrir sig, að það beri vitni um traust á hans eigin stjórn. Það skiptir minnstu máli, hvernig hann túlkar það, og ég hirði ekki um að leiðrétta það. Það er að vísu misskilningur af hans hálfu. Aðalatriði málsins er að fá þessa till. samþ. og framkvæmda.

Það hefur áreiðanlega ekki átt sér stað í þingsögunni, að forsrh. ásamt einum öðrum úr stjórnarliði snýst á sveif með stjórnarandstöðu og greiðir atkv. með brtt. stjórnarandstöðu í blóra við vilja annarra stjórnarstuðningsmanna, að því er virðist. Ég vil ekki gera út af fyrir sig aths. við það, heldur miklu fremur lýsa yfir ánægju minni yfir því, hvernig hæstv. forsrh. greiddi atkv. Hins vegar kemst ég ekki hjá því að lýsa vonbrigðum mínum yfir því, að hann er hættur við þá ágætu fyrirætlan, sem birtist í atkv. hans með till. okkar sjálfstæðismanna um niðurskurð á ríkisútgjöldum, og hefur nú gefist upp á því í bili, þangað til bornar verða fram till. í efnahagsmálum, sem hann boðaði, á næstunni. Það hefði ekkert sakað, þótt strax hefði verið farið að vinna að þessum niðurskurði ríkisútgjalda og hafist væri handa um framkvæmd á þeim niðurskurði nú þegar, og því eru þetta okkur mikil vonbrigði.

Það eru líka mikil vonbrigði, að hæstv. forsrh. skuli ekki vera sterkari í sínum flokki og meðal stuðningsflokka ríkisstj. en svo, að hann geti ekki talið stuðningsmönnum sínum hughvarf og leitt þá inn á sína stefnu, niðurskurð á ríkisútgjöldum, heldur þarf hann, sjálfur forsrh., að beygja sig fyrir stuðningsliðinu.

Það fer ekki á milli mála, að það er rétt hjá hæstv. forsrh., að nauðsyn er á víðtækum samræmdum aðgerðum í efnahagsmálum. Þetta er skoðun, sem við stjórnarandstæðingar höfum haldið fram nú mjög lengi. — Á þá skoðun hefur ekki verið hlustað, undir hana ekki tekið. Áfram hefur verið siglt í andvaraleysi og hverjum degi látin nægja sín þjáning og ávallt vonast eftir, að einhver óvænt höpp hleyptu ríkisstjórnarfleytunni yfir sker og boða. Nú verður ekki lengur umflúið að hlusta á aðvörunarorð stjórnarandstöðunnar. Nú er sjálfur hæstv. forsrh. kominn á okkar skoðun. Nú loksins er honum ljós alvaran, sem við blasir. Yfir því ber að gleðjast, um leið og vonbrigði eru látin í ljós, að svo lengi dróst, að hann gerði sér þessar staðreyndir ljósar, vegna þess að sá dráttur, sem orðið hefur á því, að ríkisstj. hafi horfst í augu við vandamálin og gert tilraun til að leysa þau, er til þess fallinn að gera lausn mála erfiðari og þungbærari þjóðinni allri en ella.

Fjmrh. (Halldór E. Sigurðsson): Herra forseti Ég hafði ekki ætlað mér að taka til máls í þessum umr., enda ekki gert ráð fyrir því, að þær stæðu eins lengi og raun hefur á orðið. Ég hefði líka látið hjá líða að taka þátt í umr., þó að um málið væri deilt. En vegna þess að ég veit, að hv. 1. landsk. þm. vill hafa það, sem réttara og sannara reynist, þá vildi ég koma að skýringu í sambandi við það, sem hann sagði um samstarf ASÍ og ríkisstj. um þetta mál.

Að hans dómi var þar um eins dags vinnu að ræða í sambandi við frv. sjálft, en frv. sjálft var að sjálfsögðu ekki nema útfærsla á því samkomulagi, sem búið var að standa alllengi. Eins og ég hef skýrt frá, bæði við framsögu hér í þessari hv. d. og í hv. Nd., var búið að vinna alllengi að þessu máli á milli ríkisstj. og fulltrúa ASÍ annars vegar. Þrír ráðh. sátu fundi með forseta ASÍ og formanni samninganefndar og þeim nm. frá samtökunum, sem sérstaklega höfðu verið kjörnir til þess að fjalla um skattamál, og fleiri forustumönnum í þeim samtökum. Eftir að nokkrir fundir höfðu farið fram, sem byrjuðu á fyrra ári, — ég man ekki nákvæmlega dagsetningu, hef hana ekki hér hjá mér, — þegar var komið fram í jan. seint eða byrjun febrúar, þá var ákveðið, að vinnubrögðum skyldi hagað þannig, að við ríkisstjórnarmenn legðum þeim til sérfræðinga frá okkar hendi til þess að vinna að þessum málum og þeir legðu til sína skatta-

málamenn ásamt þeim sérfræðingum, sem þeir kvöddu sér til liðsinnis. Þessir menn unnu svo að málum áfram. Það var ekki neinn einn dagur, sem þeir voru að vinna að því, heldur alllangur tími. Það var fyrir samstarf þessara manna, sem ég greindi frá í framsöguræðu minni við 1. umr. hér í hv. d., að hefðu verið frá ASÍ: Björn Þórhallsson formaður Verslunarmannasambandsins, Guðmundur J. Guðmundsson, varaformaður Dagsbrúnar, og Þórólfur Daníelsson, formaður Prentarafélagsins, og þeirra aðstoðarmenn, — það voru þessir menn, sem unnu að því að semja sameiginlega þá yfirlýsingu, sem ríkisstj. síðar gerði að sinni í sambandi við þetta mál. Það var því búið að vinna langt starf og mikið að þessu máli og það var búið að skoða mikið af gögnum, yfirfara þau, bera saman og meta á marga vegu og svara mörgum spurningum frá þeirra hendi um þessi mál, áður en til niðurstöðu dró. Það var hinns vegar við samningu frv., sem var samið upp úr drögum yfirlýsingarinnar, að þeir fengu frv.-drögin heim til sín og unnu síðan að því að yfirfara þau með sérfræðingum, og var það lokasennan í undirbúningi þessa frv. En aðalmálið var búið að vinna áður á þann veg, sem ég hef nú greint frá. — Þetta vildi ég upplýsa hv. 1. landsk. þm. um, vegna þess að ég veit, að hann vill hafa það, sem réttara reynist, eins og ég sagði áðan. Ég vildi þess vegna, að þetta kæmi fram, áður en þessum umr. lyki.

Það er okkur öllum ljóst, að vilji okkar til þess að koma þessu máli heilu í höfn hefur verið til staðar. Út í útreikninga ætla ég ekki að fara, því að það er búið að gera það svo oft og mörgum sinnum, að við komumst víst ekki nær því, hver reiknar réttast, hvort það er gert í grg. þessa frv. eða af öðrum, sem hafa reiknað þessi mál frá sínum bæjardyrum séð. Ég treysti fullkomlega hagrannsóknastjóra og hans stofnun til þess að vinna það mál vel og samviskusamlega, en á hans vinnu og hans útskýringum er þetta mál allt byggt, þannig að útreikningar eru frá hans hendi komnir, enda hefur hann mesta möguleika til þess.

Nú hef ég ekki hugsað mér að fara að teygja hér lopann í umr., en inn á ýmislegt hefur verið farið, m. a. gerð fjárl. og boð um menn af hendi stjórnarandstöðu til þess að endurskoða fjárlagagerðina. Nú er það sem betur fer svo, að stjórnarandstaðan á sína fulltrúa í fjvn., sem vinnur að fjárlagagerðinni á hverju hausti. Ég efast ekkert um það, að þeir menn vinna vel og samviskusamlega, og ég dreg í efa, að þeir flokkar, sem hafa kosið þessa fulltrúa, veldu aðra menn betri til þess að leysa þau verkefni af hendi, sem þar eru unnin, heldur en þá, sem það gera. Hitt er svo með þessa menn sem og okkur hina, sem undirbúum fjárl., að við verðum að fara að lögum og lagafyrirmælum, sem Alþ. hefur sett. Það er ekki hægt fyrir okkur að semja fjárlög nema taka tillit til lagafyrirmæla þar um. Þess vegna er það mitt mat, að ef á að breyta því, svo að nokkru marki nemur, þá verði að breyta l., sem eru undirstaða fjárl. Ég gerði ofurlitla grein fyrir þessu við umr. um þetta mál í hv. Nd., og ég flokkaði þetta niður á þennan hátt:

Í fyrsta flokki voru útgjöld samkv. l., þar sem beinlínis er ákveðið í l., hvað fjárhæðin skyldi vera há. Í þessum flokki eru 610 millj. kr.

Í öðrum flokki eru svo útgjöld, sem eru framlög, sem eru ákveðin í l., ekki föst fjárhæð, heldur ákveðið, hvað mikil fjárhæðin skuli vera miðað við þann kostnað, sem l. ætlast til, að fjárl. annist í sambandi við ríkisbúskapinn. Hér er um að ræða 10 milljarða og 200 millj. kr. Þetta er stærsti flokkurinn. Í þessum flokki er t. d. löggjöf eins og tryggingalöggjöfin, sem hv. Alþ. er búið að afgreiða nú fyrir stuttu og hefur ákveðið, hvernig greiða skuli til. Hér er ég bara með þá tölu, sem eru bein lagafyrirmæli um. Ég er t. d. ekki með það, sem fjölskyldubætur eru umfram það, sem lög segja til um, en það eru 8 þús. með hverju barni í lögum. Fram hjá því að greiða þessa fjárhæð verður ekki komist, hvort sem fjmrh. heitir Magnús, Halldór eða Thoroddsen eða eitthvað annað. Og það verður alveg sama, hvort formaður fjvn. verður hv. þm. Geir Gunnarsson eða hv. þm. Jón Árnason, þessum tölum verður ekki breytt nema eftir því, sem útgjaldaupphæð þeirra krefst á hverjum tíma. Nú t. d. við kjarasamninga, sem gerðir voru fyrir stuttu, hækka þessi útgjöld um einn milljarð. Hér þýðir ekkert að vera að mögla á móti, því að lögin segja svo til um.

Í þriðja lagi hef ég svo tekið markaða tekjustofna. Það eru tekjustofnar, sem er ákveðið að afla sér tekna til til þess að vinna ákveðin verk. Stærsti liðurinn í þessu er til vegamálanna, en hér er um að ræða um 3300 millj. kr.

Þá koma launaútgjöldin, sem eru samningsbundin við starfsfólk ríkisins. Þá munu kannske einhverjir segja, að þarna mætti eitthvað spara með því að fækka fólki. Ég gerði grein fyrir því um daginn hér í hv. Alþ., hvað fólki hefði fjölgað í þjónustu ríkisins, síðan núv. ríkisstj. kom til valda, og var sú tala rúmir 40 á þessum árum. Það eina, sem að þessu var hjá mér, var það, að ég hafði í raun og veru oftalið, vegna þess að ég hafði tekið upp úr fjárl. þær heimildir, sem þar var gert ráð fyrir, en í sumt af þeim störfum hefur ekki verið ráðið. Þetta eru 6.3 milljarðar kr., sem þannig er varið. Og þá eru aðrar samningsbundnar greiðslur, sem eru tæpar 600 millj. kr.

Þegar þetta er lagt saman, sem allt saman er óbreytanlegt af hendi þeirra, sem stjórna ríkisfjármálunum, þá eru komnir um 21 milljarðar af ríkisútgjöldunum eða um 72%. Raunverulega er svo hægt að bæta við, að undir þetta heyri einnig önnur rekstrargjöld ríkisstofnana og rn., sem ekki verður hægt að komast hjá, og viðhald þeirra, sem er um 1.6 milljarðar kr. Þá er eftir gjaldfærður stofnkostnaður, sem er rúmir 4 milljarðar kr. Mætti kannske segja, að hjá einhverju af þessu mætti komast og það væri einstaka verk, sem væri hægt að láta dragast að koma til framkvæmda. Hinu held ég, að hv. alþm. verði að gera sér grein fyrir, að þegar þeir afgreiða löggjöf eins og heilbrigðislöggjöfina og hafnalöggjöfina, þar sem þeir hækka framlag ríkisins til þessara málaflokka, þá ætlast þeir til þess, að ríkissjóður leggi meira fé til þeirra en að öðrum kosti væri. Þess vegna er það nú svo, að ef á að ganga í verulegan niðurskurð fjárl., þarf lagabreytingar til.

Þannig er ég nú næstum því búinn að þylja upp fyrir ykkur fjárl., er kominn upp í 96—97%. Þess vegna er raunin sú, að meðferð fjárl. hverju sinni er ákveðin af löggjöf frá Alþ., og það er útfærslan á þeirri löggjöf, sem fjárveitingavaldið fer með og fjvn. vinnur að. Aðrir aðilar, hagsýsla og fjmrn., vinna að undirbúningi þessara mála, eins og hægt er. Og venjulega er það svo, að þegar fjárlagafrv. kemur frá fjmrn., er búið að skera niður mikið af óskum annarra rn., sem bárust því.

Ég er ekkert að draga úr því, að fjárlög hafa hækkað á milli ára, og það er ekki réttur samanburður að bera fjárlög saman nú eða áður vegna þeirra nýju verkefna, sem inn á fjárlög hafa verið tekin, eins og t. d. öll útgjöld tryggінga, meiri hl. útgjalda sjúkrasamlaga en áður hefur verið og allur lögreglukostnaður. En fjárl. hækkuðu á árinu sem leið í heild um 33%, og af því var rekstrarkostnaðurinn um 30%. Ég greindi einnig frá því, að í fjárhagsáætlun Reykjavíkurborgar milli áranna 1973 og 1974 hafi útgjaldaaukningin orðið þannig, að í heild hækki útgjöld Reykjavíkurborgar um 49.5% og rekstrarútgjöldin um 52.2%, svo að það eru fleiri en ríkissjóður, sem þurfa að líta í sinn barm, þegar talað er um ofþenslu í ríkiskerfinu, því að þessir aðilar eiga einnig sinn þátt í því. Við vitum hins vegar, sem þekkjum vel til þessara mála, nauðsyn þess að leysa þessi verkefni og áhuga manna fyrir þeim.

Þetta mun ég láta nægja til þess að skýra þá þætti, sem hér hafa komið fram.

Þorv. Garðar Kristjánsson: Herra forseti. Ég kvaddi mér hljóðs, þegar hæstv. forsrh. var að tala hér áðan. Síðan hefur flutt hér ræðu og var að enda við að tala, hæstv. fjmrh. Mér kom í hug undir ræðu hans, hvort þessi ágæti ráðh. hefði verið kennari. Kom mér í hug barnakennari á sínum fyrri árum. Mér kom það í hug, því að mér fannst hann vera að kenna gerð fjárl. eins og hæfði kannske frekast börnum í barnaskóla. Allt sem hæstv. ráðh. sagði í þessum efnum, held ég, að öllum hv. alþm. eigi að vera kunnugt. Ég er ekki að lasta þetta út af fyrir sig.

En ég verð að vekja athygli á því, að hæstv. ráðh. tókst að víkja sér undan því að svara spurningu, sem ég beindi gagngert til hans við 2. umr. þessa máls í dag. Ég óskaði eftir því að fá svör um það, hvort það hefðu verið gerðir samningar við lífeyrissjóði stéttarfélaga um fjármögnun þeirra til félagslegra bygginga að upphæð 20% af árlegu ráðstöfunarfé þeirra, eins og getið er um og tekið fram í yfirlýsingu um húsnæðismál, sem fylgir grg. þeirri, sem er með frv. því, sem hér er til umr. Hér er um mjög veigamikið atriði að ræða varðandi húsnæðismálin, og ég tel, að hv. d. eigi rétt á því að fá svar hæstv. ráðh. við þessu. (**Fjmrh.:** Ég tel, að það hafi verið gert. Það var sérstök n., sem annaðist það verk, gerði samninga þar um, og margir lífeyrissjóðir hafa þegar svarað.) Hæstv. ráðh. segir úr sæti sínu, að hann telji, að þessir samningar hafi verið gerðir, og er ekki nema gott um það að segja. Ég vona, að það séu góðir samningar fyrir veðlánakerfið. Það er tekið fram í þessari yfirlýsingu, sem ég vitnaði í áðan, að þátttaka lífeyrissjóða í fjármögnun Húsnæðismálastofnunar ríkisins sé miðuð við kaupverð verðtryggðra skuldabréfa með ríkisábyrgð og skulu verðtrygging og vextir jafngilda hagstæðustu ávöxtunarkjörum, sem í gildi verða á hverjum tíma á verðskuldabréfum, sem út eru gefin á vegum ríkisins. Hér er ekki um nein smáræðiskjör að ræða fyrir lífeyrissjóðina. En mér er spurn, og það væri fróðlegt að fá svar við þeirri spurningu: Hvernig á að samræma fjármagn, sem kostar svona mikið og er keypt svona dýru verði, hagstæðum lánum Byggingarsjóðs ríkisins með lægstu vöxtum, sem við þekkjum? Er það meiningin að fara þá leið að ætla Byggingarsjóði ríkisins að greiða vaxtamuninn, eða ætlar ríkissjóður að veita sérstaka fjárveitingu í veðlánakerfið til þess að standa undir þessum mun? Hér er um ákaflega þýðingarmikið atriði að ræða, vegna þess að ef ekki eru gerðar sérstakar ráðstafanir til þess að verja Byggingarsjóð ríkisins áföllum af þessum ástæðum, þá verður hann étinn upp og gerður meira og minna óvirkur á tiltölulega skömmum tíma. Er það meining hæstv. núv. ríkisstj. að nota í þessu efni Framsóknar-aðferðina, sem beitt var við landbúnaðarsjóðina á sínum tíma, þegar þeim var gert að kaupa fjármagn miklu dýrara verði en sjóðirnir höfðu heimild til þess að lána út á móti? Við vitum öll, hvaða afleiðingar þetta hafði fyrir veðlánakerfi landbúnaðarins. Á tiltölulega skömmum tíma var þetta kerfi lagt í rúst, og það kom í hlut viðreisnarstjórnarinnar að endurreisa það á ný. Ég vona, að aðgerðir hæstv. ríkisstj. í húsnæðismálunum nú verði ekki sama marki brenndar og var um aðgerðir framsóknarmanna gagnvart veðlánasjóðum landbúnaðarins, svo að ekki þurfi að koma til þess, að næsta ríkisstj. verði að reisa líka algerlega úr rústum í þessu efni. Ég skal ekki víkja frekar að ræðu hæstv. fjmrh.

Ég sagði hér áðan, að ég hefði kvatt mér hljóðs, þegar hæstv. forsrh. hélt sína ræðu. Það væri ósköp ánægjulegt, þegar hæstv. forsrh. er búinn að halda slíka ræðu sem hann hélt hér í kvöld, að þá væri hann hér viðstaddur, þegar að sjálfsögðu hljóta að fara fram umr. um ræðu hans. Ég vildi stinga því að hæstv. forseta, hvort ekki er hægt að athuga, hvort ráðh. er hér staddur í húsinu enn.

Hæstv. forsrh. hélt hér ákaflega einkennilega ræðu. Hv. 2. þm. Reykv. hefur vikið að og svarað ræðu forsrh. að ýmsu leyti, og það sparar mér því að segja ýmislegt, sem ég ella mundi hafa sagt. Eitt af því, sem hæstv. forsrh. sagði, var það, að till. okkar sjálfstæðismanna um niðurskurð ríkisútgjalda væri minnisvarði, sem mundi standa. Og hann hélt því fram, að slík till. væri algert einsdæmi í nokkru ríki, — ég ætla, að hann hafi meint í lýðræðisríkjum, — að slíkt hafi komið fram. Mér þykir hæstv. forsrh., þótt fróður maður sé, harla fróður um þessi efni. Ég leyfi mér að efast fullkomlega um, að þetta sé rétt. Hins vegar mætti segja, að sá minnisvarði, ef það er hægt að tala um minnisvarða í sambandi við þessa till., sem standi og eigi eftir að standa, sé sá viðburður, að forsrh. greiddi atkv. með stjórnarandstöðu, en gegn sínum fylgismönnum, og breytir þó engu, þó að hv. þm. Björn Pálsson hafi fylgt honum og verið sá eini.

Hæstv. forsrh. sagði, að hann hefði treyst sér vel til þess að framkvæða niðurskurðartill. okkar sjálfstæðismanna. Hann treysti sér vel. En hann tók það ekki fram, að 18 stuðningsmenn hans í Nd. treystu honum ekki, og 11 stuðningsmenn hæstv. forsrh. hér í þessari d. treysta honum ekki. Og þó að það sé mikið atriði, að hæstv. forsrh. hafi trú og traust á sjálfum sér, er það þá ekki nokkurt atriði, að stuðningsmenn hans hafi trú á honum sjálfum?

Hæstv. forsrh. sagði, að hann kynni að meta till. okkar sjálfstæðismanna um niðurskurð ríkisútgjalda sem stefnuyfirlýsingu og það væri ástæðan til þess, að hann hefði greitt henni atkv. Og hann lét þess getið, að hann hefði talið það hyggilegt upp á seinni tímann, og það mundi reyna á það innan skamms. Allt er nú þetta eins og hér séu ummæli frá véfréttinni í Delfi. Það er hægt að leggja allt í þessi ummæli hæstv. forsrh. En ég hygg, að hann ætti að geta dregið þá ályktun af því, sem gerst hefur, ef hann vill vinna í anda till. okkar sjálfstæðismanna, þá verði tryggasta leiðin til slíks fyrir forsrh. að leita inngöngu í Sjálfstfl. til þess að vera ekki á slíkum hrakhólum um framgang þeirra mála, sem hann telur, að rétt séu, eins og á daginn hefur komið.

Þá ræddi hæstv. forsrh. um till. þær, sem hér liggja fyrir um skattalagabreyt., í því sambandi, að þær till. voru gerðar til lausnar kjaradeilum, eins og við allir vitum. En það var eitt nýtt, sem hæstv. forsrh. sagði þessu viðvíkjandi. Hann sagði, að verkalýðssamtökin hafi vitað, hvernig staða ríkisstj. var á Alþ., og það lá í orðum hæstv. forsrh., að þau hefðu aldrei þurft að taka neitt mark á ríkisstj. í þessu efni. Hvers konar ríkisstj. er þetta, og hvers konar röksemdafærsla er þetta? Er hægt að bjóða hv. Alþ. upp á rök sem slík, að verkalýðssamtökin í landinu taki ekkert mark á viljayfirlýsingum og loforðum ríkisstj., hver sem hún er? Það er eins með mig og marga aðra, að við höfum ekki gert okkur háar hugmyndir um hæstv. ríkisstj. En það verður þó að segjast eins og er, að ekki höfum við talað af annarri eins lítilsvirðingu um hæstv. ríkisstj. og liggur í þessum orðum hæstv. forsrh. sjálfs.

Hæstv. forsrh. sagði annað í þessu sambandi, sem er líka vert að hafa í huga. Hann sagði, að ríkisstj. væri ekkert verr sett, ekkert verr í stakk búin, eins og hann orðaði það, þó að hún geti ekki efnt loforð sín gagnvart verkalýðshreyfingunni, vegna þess að þá haldi gildi áfram núgildandi skattalög. Þetta segir hæstv. forsrh. Það hefði verið sagt, að það væri níð af hálfu okkar stjórnarandstæðinga um hæstv. ríkisstj., ef við töluðum um ríkisstj. í þessum anda, ef við héldum því fram, að það væri ekkert mark takandi á loforðum hæstv. ríkisstj. og að ríkisstj. væri ekkert verr sett, þó að hún gæti ekki staðið við loforð sín. Hvað er hér að ske? Er það að ske, sem hlýtur að koma upp í huga manns, að allt þetta mál sé í raun og veru eitt sjónarspil, sett á svið af ábyrgðarlausri ríkisstj. til þess að sýnast, til þess að þykjast? Og ef við hugsum frekar um þetta mál og skoðum það niður í kjölinn, þá auðvitað sjáum við það, að ríkisstj. er það ekkert fagnaðarefni að bera fram þær skattalagatill., sem hér liggja fyrir. Hæstv. forsrh. sagði hér í kvöld, að hann væri ekki heldur ánægður með þessar till. og vildi hafa haft þær öðruvísi. Það var aðeins vegna þess, að ríkisstj. varð að lofa verkalýðssamtökunum þessu, sem till. voru bornar fram í þessari mynd.

Já, hæstv. forsrh. hefði viljað hafa þetta öðruvísi. Og ætli hæstv. forsrh. hafi ekki viljað hafa skattal. óbreytt? Og er það ekki þar, sem hundurinn liggur grafinn, að hæstv. ríkisstj. vill í raun og sannleika hafa skattalöggjöfina óbreytta? Og hvers vegna skyldi hún ekki vilja hafa hana óbreytta? Hún hefur haldið því fram á undanförnum árum, að þetta væri sú besta skattalöggjöf, sem við hefðum reynt í manna minnum. Þessi löggjöf væri það albesta, sem þjóðin hefði búið við. Hvers vegna skyldi ríkisstj. þá vilja breyta hér um? Hún gerði sér grein fyrir því og treysti sér ekki til þess að standa gegn kröfum verkalýðssamtakanna, uppreisn verkalýðsins í landinu gegn hinni óhóflegu skattpíningu og óréttlátu skattalöggjöf. Hún treysti sér ekki til þess að standa gegn þrýstingi almenningsálitsins. Hún varð að gera það, sem hún hefur gert. En hún meinti ekki, að hún ætlaði að gera það. Hún gerði það til þess að sýnsat. Og þarf það þá að koma yfir okkur hv. alþm., yfir almenning í landinu, yfir íslensku þjóðina að þurfa að búa við slíkt stjórnarfar, sem lýsir sér í þessari ráðsmennsku? Er ekki mælirinn einhvern tíma fullur? Og nú er ríkisstj. þess albúin að sjá fram á það, að þessu fóstri hennar, þessu frv. um skattalagabreytingar verði komið fyrir kattarnef. Hún segir, að svo verði að vera, vegna þess að ekki megi hnika neinu til, þá missi ríkissjóður af meiri tekjum við þessa skattalagabreyt., en hann fær á móti af öðrum tekjum.

Stjórnarandstaðan hefur haldið því fram, að ríkisstj. hafi ekki verið fær um að hrekja það, að með þessu frv. séu skattbyrðar á þjóðina auknar stórlega. Ég vék ákveðinni spurningu að hæstv. fjmrh. í dag viðvíkjandi þessu atriði. Honum tókst hér áðan að víkja sér undan að koma að því atriði. En ég vil nú á elleftu stundu leyfa mér að víkja aftur að þessari sömu spurningu að hæstv. fjmrh.: Getur hæstv. fjmrh. ekki verið mér sammála um, að það sé harla óeðlilegt, að við séum hér á hv. Alþ. að deila um staðreyndir? Er ekki hugsanlegt, að það sé hægt að finna þá leið, að það sé hægt að komast að réttri reikningslegri niðurstöðu í tölulegu dæmi? Ég spyr hæstv. forsrh. enn, hvort honum hafi ekki komið til hugar, að í þessu efni gæti verið rétta leiðin að hlíta mati hlutlausra manna, sem stjórn og stjórnarandstaða kæmu sér saman um? — Ég spyr því hæstv. fjmrh., hvort hann geti ekki hugsað sér þessa leið út úr ágreiningi þeim, sem risinn er um þýðingu till. ríkisstj. fyrir hag ríkissjóðs. Og ég vil segja það, sem ég sagði í dag, og leggja á það aukna áherslu, að ef hæstv. fjmrh. vill ekki hlíta slíku mati, þá sýnist mér augljóst vera, að ráðh. hafi ekki sjálfur trú á þeim útreikningum, sem hann byggir á málflutning sinn í þessu máli. Og ég verð að segja það, að ef þögnin ríkir enn hjá hæstv. fjmrh. um þetta efni, þá er það enn ein stoðin undir þá

skoðun, að allt það, sem hér hefur verið um að ræða í dag, sé ómerkilegur sýndarleikur, settur á svið af ábyrgðarlausri ríkisstj. sem ætti ekki að vera við völd stundinni lengur.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Neðri deild, 84. fundur.

Föstudaginn 15. mars, kl. 2 miðdegis.

Sameining Flugfélags Íslands og Loftleiða, frv. (þskj. 46). — 3. umr.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 25 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 514).

Vísindaleg verndun fiskimiða landgrunnsins, frv. (þskj. 92. n. 459). — 2. umr.

Frsm. (Garðar Sigurðsson): Herra forseti. Á þskj. 459 er nál. frá sjútvn. þessarar hv. d., þar sem segir, að n. hafi rætt þetta frv. um breyt. á l. frá 1948 á nokkrum fundum. Þetta mál kom fram í haust, og hefur dregist allmikið að afgreiða það. Til þess liggja ýmsar ástæður. En nú eftir áramótin hafa komið fram ítrekuð tilmæli um það að draga afgreiðsluna, menn vildu skoða þetta betur, og þar fram eftir götunum. Og til þess að halda þeim sama góða anda og verið hefur í þessari hv. n. hef ég fallist á að gera það. Nú er frv. komið úr n. með þessari afgreiðslu hennar: samþ. að leggja til, að frv. verði afgr. óbreytt. Hins vegar er rétt að geta þess, að nm. hafa verið sammála um meginatriðið í þessu frv., en jafnframt verið opnir fyrir því að setja við frv. einhverja viðbót, ef menn leggja mjög mikla áherslu á, að það sé nauðsynlegt.

Þetta mál er vissulega talsvert mikið stórmál fyrir okkur Íslendinga. Á þessum l. frá 1948 höfum við byggt alla útfærslu fiskveiðilögsögu okkar hingað til. Það er að mínum dómi mjög mikilvægt, að við getum staðið saman um afgreiðslu á þessu frv., þar sem um er að ræða breyt. á svo mikilvægum lögum.

Við 1. umr. málsins, sem fór fram hér í hv. d. um miðjan nóv. komu fram ýmsar aths. við frv. og vangaveltur um það, hvert orðalag færi till. best, en hins vegar sýnist mér, að allir hv. þm. í þessari d. hafi lýst samþykki sínu við meginatriði málsins. Aths. beindust fyrst og fremst að því, hvort ekki þyrfti að koma viðbót, eins og ég sagði áðan, við frv., þess efnis, að semja skyldi við nágrannaþjóðirnar, þar sem minna væri en 400 mílur á milli landa. Þar er að sjálfsögðu um að ræða fyrst og fremst Færeyjar og Grænland, því að eins og kunnugt er eru ekki nálægt því 400 mílur á milli landa þar, líðlega 200 mílur til Færeyja, þar sem styst er, og langt innan við 200 mílur til Grænlands, þar sem styst er.

Ég hef hérna hjá mér það eintak Alþingistíðinda, sem hefur að geyma umr. frá 1. umr. um málið, og þær umr. hafa nm. að sjálfsögðu skoðað vel og vandlega. Ég held, að það sé ekki ástæða til að vitna beint til ummæla hvers manns, því að það, sem menn finna helst að frv., er einmitt, hvort ekki væri nær að bæta við þessu atriði varðandi þau tilvik, þegar minna er en 400 mílur á milli landa. Ég vil samt leyfa mér, með leyfi hæstv. forseta, að vitna hér í lokaorð hv. þm. Benedikts Gröndals, 8. landsk., þar sem hann segir: „Ég vil því taka undir hugmyndir hv. 3. þm. Vestf. Mér kemur í hug að segja: „að 200 mílum eða samkv. samkomulagi, þegar minna en 400 mílur eru til næstu landa," eða eitthvað svoleiðis. Það eru þarna möguleikar á örlítilli viðbót, og ég tel æskilegt, að sú n., sem fær þetta mál, ræði það við lögfræðinga og aðra sérfræðinga ríkisstj., sem hafa veitt henni aðstoð við að semja þetta frv."

Ég les upp þessar línur til þess að sýna dæmi um þennan málflutning frá því í haust. Þessi hv. þm. gerir það að sínum lokaorðum, að sjútvn. leiti til sérfræðinga um þetta efni, og það var einmitt það, sem nm. voru sammála um, að gert yrði, og voru sammála um, að taka ætti mikið tillit til orða þeirra. Ég gekk þess vegna á fund þjóðréttarfræðingsins Hans G. Andersens strax og hann kom vestan frá Ameríku og ræddi nákvæmlega við hann um þetta mál og gerði honum grein fyrir aths. nokkurra hv. þm. úr þessari d., sem fram höfðu komið við 1. umr. þ. e. a. s. þeirra hv. þm. Þórarins Þórarinssonar, Benedikts Gröndals, Hannibals Valdimarssonar og Gunnars Thoroddsen. Það var skoðun Hans G. Andersens, að hann liti svo á, að ekki ætti að breyta orðalagi frv. Það væri nægjanlegt að segja: „allt að 200 sjómílum", sem helst fór nú í taugarnar á mönnum, enda væri þar um sams konar orðalag að ræða og í till. Íslands í Hafsbotnsnefnd Sameinuðu þjóðanna. Ég ræddi þetta að vísu við fleiri aðila, en þar voru allir á einu máli, að þarna væri nóg sagt, og með þessu, ekki síst með þeim aths., sem eru við lagafrv. sjálft, kemur greinilega fram, að það er alls ekki meiningin að seilast inn á annarra rétt. Það er auk þess vafasamt, hvort við ættum að slá því föstu að setja inn í þetta frv. ákvæðið um miðlínureglu eingöngu, þar sem skiptar skoðanir eru um í heiminum, hvernig eigi að ganga frá þessum atriðum, og þá er kannske óhætt að nefna Jan Mayen, þar sem ekki er víst, hver lögsaga Norðmanna er gagnvart Jan Mayen í þessum efnum.

Það er einróma álit nm., að með samþykkt þessa frv. munum við hljóta óumdeilanlegan rétt til þess að taka okkur 200 mílna landhelgi. Ég vil samt vekja athygli á því, sem kemur fram í nál., að einstakir nm. hafa áskilið sér rétt til að flytja eða fylgja brtt. í þessu máli. Það er ekki að þeirra dómi höfuðatriðið, hvort þarna er sett örlítil viðbót eða ekki, heldur meginatriðið, að frv. nái hér með samkomulagi fram að ganga.

Benedikt Gröndal: Herra forseti. Ræða sú, sem frsm. sjútvn. hélt rétt í þessu, gefur mér tilefni til að kveðja mér hljóðs og láta í ljós þakklæti til n. fyrir það, að hún hefur tekið tillit til þess,

sem bent var á við 1. umr. málsins. Hún hefur leitað ráða hjá bestu sérfræðingum okkar og komist að niðurstöðu. Þar sem leitað hefur verið til þeirra manna, sem við eigum besta á þessu sviði, mun ég sætta mig við niðurskurð og áhyggjulaust greiða atkvæði um þetta mál eins og n. leggur til. Ég vil taka það enn einu sinni fram, að þetta mál er þess eðlis, að um það verðum við að standa saman.

Ég vil rifja það upp, að við 1. umr. var rætt um vandamál, sem skapast af miðlínu milli tveggja landa, og í öðru lagi um vandamál, sem skapast af eyjum og skerjum. Þessi vandamál eru auðvitað óleyst, þó að þessi lagabreyting okkar sigli fram hjá þeim erfiðleikum. Til þess að nefna eitt dæmi um þetta mál vil ég vekja athygli á því, að Morgunblaðið hefur nú undanfarið birt flokk af greinum um hafréttarmálefni. Þetta eru mjög athyglisverðar greinar teknar saman af íslenskum sérfræðingi, sem byggir fyrst og fremst á amerísku riti. Með fyrstu greininni fylgdi kort, sem sýndi, hve mikinn hluta af heimshöfunum einstök ríki mundu leggja undir sig, ef 200 mílna svæði tækju gildi alls staðar. Eftir því sem ég gat best séð, yfirsást sérfræðingnum að benda Íslendingum á, að þetta er amerískt kort og Ameríkumenn eru á móti 200 mílunum. Þetta kort er búið þannig út, að hvert einasta sker og hver einasta smáeyja fær sinn 200 mílna hring. Það leiðir til þess að 200 mílna svæðið verður óhóflega stórt. E. t. v. gleður þetta hjörtu okkar hér uppi á Íslandi, en þetta kort er gert til þess að hræða vanþróuðu ríkin, sem vilja hafa alþjóðasvæðið sem stærst.

Ég nefni þetta sem dæmi um það, hvaða þýðingu vandamálið um eyjar hefur og hvaða hlutverki það gegnir í baráttunni fyrir 200 mílunum, að jafnvel harðir menn, sem eiga að þekkja þetta mál, eins og Íslendingar, við gleypum amerískan áróður, sem er til þess gerður að vinna fylgi fyrir einhverju minna en 200 mílum, prentum það í stærsta blaði okkar, svo að segja án þess að nokkur veiti því athygli, hvað er að gerast.

Sendinefnd Íslands á fundum Hafsbotnsnefndarinnar fékk þetta kort í hendur s. l. sumar. Mér er það minnisstætt, hvað einn af sérfræðingum okkar brást illa við, þegar hann sá, til hvers leikurinn var gerður. Við skulum ekki láta blekkja okkur í þessum efnum, og við skulum minnast þess, að vandamálin um eyjar og miðlínur varðandi 200 mílna svæðið eru mjög erfið og þau hafa enn ekki verið leyst.

Ég get endað á því, sem ég byrjaði á, að ég þakka sjútvn. fyrir meðferð hennar á þessu frv. og mun styðja það, eins og hún leggur til.

Guðlaugur Gíslason: Herra forseti. Ég hafði áskilið mér rétt í nál. til að flytja brtt. í sambandi við þetta mál, en það var ekki vegna þess, að ég væri með í huga neinar hugmyndir um breytingar. Ég hef ekki haft aðstæður til að afla mér þeirra upplýsinga í sambandi við málið, sem ég taldi nauðsynlegt, hafði ekki aðstöðu til að mæta á nefndarfundum, þegar málið var rætt þar, en ég átti síðar viðal við þann aðila, sem mest hefur fjallað um þessi mál fyrir hönd ríkisstjórnar Íslands, Hans G. Andersen, um það, sem í mínum huga var, hvort það væri ekki óeðlilegt, að í 3. gr. l. frá 1969 um yfirráðarétt íslenska ríkisins yfir landgrunninu umhverfis Ísland væri miðað við hagnýtingarmörk, en í landgrunnslögunum varðandi afnot af hafinu yfir landgrunninu væri miðað við 200 mílur. Eftir viðræður mínar við þennan aðila, sem ég hér minntist á, sé ég ekki ástæðu til að vera með neinar breytingar við frv., tel mjög eðlilegt, að frv. verði samþ., eins og það var lagt fyrir. Telur Hans G. Andersen, að þessi tvö atriði þurfi ekki að stangast neitt á. Af þeirri ástæðu og af þeim upplýsingum, sem ég hef aflað mér hjá þessum aðila í sambandi við málið, mun ég greiða atkvæði með því.

ATKVGR.

1. gr. samþ. með 27 shlj. atkv.
2.—3. gr. samþ. með 27 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 29 shlj. atkv.

Neðri deild, 85. fundur.

Föstudaginn 15. mars, að loknum 84. fundi.

Happdrættislán ríkissjóðs til að fullgera Djúpveg, frv. (þskj. 73, n. 466). — Frh. 2. umr.

ATKVGR.

Brtt. 466, 1—2 samþ. með 26 shlj. atkv.
1. gr., svo breytt, samþ. með 26 shlj. atkv.
2.—10. gr. samþ. með 25 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 26 shlj. atkv.

Efri deild, 82. fundur.

Mánudaginn 18 mars, kl. 2 miðdegis.

Orlof, frv. (þskj. 462, n. 501). — 2. umr.

Frsm. (Auður Auðuns): Herra forseti. Það frv., sem nú er til umr., er þmfrv., sem flutt var í Nd. Við umr. þar tók 1. gr. eða fyrri gr. frv. nokkrum breytingum, sem miðuðu að því að gera ákvæði skýrari.

Þetta frv. er flutt, eins og fram kemur í grg., að beiðni Sjómannafélags Reykjavíkur, eftir að því höfðu borist tilmæli frá nemendum Stýrimannaskólans um, að fram fengjust leiðréttingar á orlofslögunum, að því er þá varðar.

Þegar núgildandi orlofslög voru sett, var eitt af markmiðum þeirra að tryggja, að launþegar notuðu orlofsfé sitt raunverulega sér til hvíldar og hressingar á orlofstímabilinu, þ. e. a. s. frá 1. maí til 16. sept., en talið var, að misbrestur hefði þá verið á því, að svo hefði verið. Hins vegar er það svo, að fjöldi skólafólks stundar vinnu í sumarleyfum skólanna, en leyfin eru, eins og menn vita, einmitt á sjálfu orlofstímabilinu. Fyrir margt af þessu fólki byggist möguleiki á námi á sumarvinnunni, og þetta fólk má ekki við því að missa tekjur vegna töku orlofs á orlofstímabilinu. Samkv. núgildandi lögum og reglugerð er ekki heimilt að greiða þessu fólki áunnið orlofsfé á tímabilinu 16. sept. til 1. maí, einmitt þegar það hefur mesta þörf á fénu sér til framfæris. Til leiðréttingar á þessu er þetta frv. flutt.

Félmn. hefur haft frv. til athugunar, og eins og fram kemur í nál. á þskj. 501, leggur n. einróma til, að frv. verði samþ.

ATKVGR.

1. gr. samþ. með 14 shlj. atkv.
2. gr. samþ. með 14 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 16 shlj. atkv.

Vöruhappdrætti fyrir Samband íslenskra berklasjúklinga, frv. (þskj. 404). — 3. umr.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 16 shlj. atkv. og afgr. til Nd.

Jarðgufuvirkjun við Kröflu eða Námafjall, frv. (þskj. 292, n. 503, 468). — 2. umr.

Frsm. (Steingrímur Hermannsson): Herra forseti. Iðnn. þessarar hv. d. hefur haft til meðferðar frv. til l. um jarðgufuvirkjun við Kröflu eða Námafjall í Suður-Þingeyjarsýslu, og eins og fram kemur á þskj. 503, nál., er n. sammála um að mæla með samþykkt þessa frv. með þeirri breytingu, sem þar greinir, og á breyting þessi við 1. gr. frv., eins og ég mun nú skýra frá.

N. tók málið fyrir, strax eftir að því hafði verið vísað til hennar af d. Ákveðið var að senda það til umsagnar þriggja aðila: Laxárvirkjunar, Fjórðungssambands Norðlendinga og sýslumanns Þingeyjarsýslu. Umsagnir þessara aðila bárust um síðustu mánaðamót, og var málið endanlega afgr. á fundi 13. þ. m. Ég get þessa sérstaklega, þar sem hv. þm. Halldór Blöndal gerði hér aths. við drátt á afgreiðslu þessa máls. Ég get ekki samþykkt það, og sýnist mér satt að segja, að málið hafi haft þarna eins skjóta afgreiðslu og hægt var að gera ráð fyrir. Í þessum þremur umsögnum, sem borist hafa, er mælt með samþ. frv. Í einni þeirra, frá Fjórðungssambandi Norðlendinga, er gerð aths. við 1. gr., og er hún á þá leið, að Fjórðungssambandið telur, að aðgang að væntanlegri Norðurlandsvirkjun eigi að hafa fleiri sveitarfélög en um er getið í grg. með frv., þar sem Laxárvirkjun og Siglufjörður eða virkjun þeirra Siglfirðinga, Skeiðsfossvirkjun eru aðeins nefndar. N. taldi rétt að verða við þessu og hefur því skotið inn í 1. gr. frv. innskotssetningu, sem er þannig:

„Ríkisstj. er heimilt að fela væntanlegri Norðurlandsvirkjun, sem yrði sameignarfélag ríkis og sveitarfélaga á Norðurlandi, eða öðrum aðila“ o. s. frv. óbreytt.

N. taldi einnig rétt að líta á brtt. þá, sem tveir hv. þm. hafa lagt fram á þskj. 468. Sú brtt. er í því fólgin að gera ráð fyrir tengilínu einnig til Austurlands frá væntanlegri Kröfluvirkjun. N. varð sammála um að taka þessa brtt. upp í nál. og þá breytingu, sem n. leggur til, og bætir því við í lok gr.: „til tenginga við aðalorkuflutningskerfi Norðurlands og Austurlands.“

Ég vil geta þess, að í umsögn stjórnar Laxárvirkjunar kemur fram nokkur aths. við frv., þó að ekki sé lagst gegn því, og sýnist mér rétt, að ég lesi þá aths. Svo segir í bréfi, sem iðnn. var skrifað 10. jan. s. l.; ályktun í bréfinu er þannig:

„Í tilefni af fram komnu stjfrv. um lagaheimild til virkjunar gufu við Kröflu til raforkuframleiðslu vill stjórn Laxárvirkjunar lýsa því yfir, að hún telur eðlilegt, að umrædd virkjun verði reist og rekin af Laxárvirkjun, þar eð Krafla er á orkusvæði Laxárvirkjunar.“ N. taldi sér ekki fært að fallast á þetta sjónarmið, hins vegar sjálfsagt og eðlilegt, að Laxárvirkjun geti orðið aðili að væntanlegri Norðurlandsvirkjun eða því fyrirtæki öðru, er falið yrði að reisa og reka jarðgufuvirkjun við Kröflu.

Ég vil að gefnu tilefni af orðum hv. þm. Halldórs Blöndals hér í d. nýlega geta þess, að ég sat s. l. fimmtudag fund með orkumálastjóra, og voru þar ýmsir aðrir þm. mættir. Þar spurðist ég fyrir um það, hvort nokkuð væri hæft í því, að undirbúningur að Kröfluvirkjun hefði tafist vegna meðferðar málsins hér á Alþ. Orkumálastjóri fullvissaði mig og aðra, sem þar voru, um, að það væri algerlega úr lausu lofti gripið, undirbúningurinn væri í þeim gangi, sem hann gæti frekast verið, og alls engin töf væri af þeim sökum fram komin. Satt að segja væri fróðlegt að vita, hvaðan hv. þm. hefur haft þessar upplýsingar.

Orkumálin öll hafa verið mjög til athugunar hjá okkur Íslendingum, upp á síðkastið, sem von er vegna þeirrar kröfu, sem nú er gerð til vaxandi notkunar raforku til upphitunar húsa. Mér þykir rétt að koma hér á framfæri mjög nýlegum upplýsingum, sem ég hef fengið um þessar athuganir. Áætlað er, að á væntanlegu orku-

svæði Laxárvirkjunar og væntanlegrar Norðurlandsvirkjunar, þ. e. a. s. Suðurlandi og Norðurlandi, séu um 440 gwst., sem þarf að ráðstafa til upphitunar húsa. Fróðustu menn telja, að þetta verði ekki gert á skemmri tíma en 6—7 árum og á þeim tíma verði þó aðeins náð um það bil 80% mettun þessa markaðar. Þetta kom greinilega fram á fyrrnefndum fundi, þar sem orkumálastjóri var, fulltrúar Laxárvirkjunar og einnig fulltrúar Verkfræðiskrifstofu Sigurðar Thoroddsens, sem fjallar sérstaklega um þessi mál fyrir iðnrn. Sú orkuspá, sem að er unnið og gerir ráð fyrir að ná til þessarar upphitunar með þeim hraða, sem ég hef nefnt, gerir einnig ráð fyrir fullri orku til Áburðarverksmiðju ríkisins, gerir jafnframt ráð fyrir 140 MW til ÍSALS, eins og nú er samið um, og gerir einnig ráð fyrir 282 gwst. til ferrosiliconbræðslu í Hvalfirði, ef úr verður. Kemur fram, þegar orkuvinnslugeta þessara tveggja svæða, Norðurlands og Suðurlands, er skoðuð og gert er ráð fyrir því, að lína geti verið komin 1976, að það ár skortir 14 gwst. til þess að fullnægja þessari spá. En á árinu 1977, þegar Sigalda er komin í gagnið, yrði umframorkuvinnslugeta 199 gwst., lækkaði síðan 1978 í 82 gwst., en hækkaði síðan í 134 gwst. Til þess yrði a. m. k. ein vél Kröfluvirkjunar að verða komin í gang. Árið 1980, þegar Kröfluvirkjun væri örugglega öll komin í framleiðslu yrði umframorkuvinnslugetan skv. þessari orkuspá 180 gwst., lækkaði síðan 1981 í 45, 1982 væri hún aftur orðin negatív, þ. e. a. s. þá skorti 68 gwst. Af þessu má læra það, að nauðsynlegt er að ákveða fljótlega næstu virkjun og gera þá ráð fyrir því, að hún verði fullbúin eða a. m. k. hluti af henni kominn í starfrækslu í kringum 1981—1982.

Ég vil geta þess einnig til fróðleiks hér, þar sem þetta mál er mjög á dagskrá, að sérfræðingarnir voru allir sammála um, að það væri meira fyrirtæki að tengja þessa upphitun húsa raforkukerfinu en margir hafa viljað vona. Er talið, að það kosti um 70—90 þús. kr. fyrir hvert íbúðarhús að breyta yfir í raforkuhitun, og er áætlað, að kostnaðurinn við að styrkja dreifikerfin í bæjum og sveitum yrði ekki undir 2000 millj. Reyndar hefur hærri tala verið nefnd, allt upp í 4000 millj. við þennan kostnað. Þetta er því gífurlega mikið fyrirtæki, og satt að segja kemur í ljós, að miðað við þennan mikla kostnað þarf að skoða vandlega, hvort rafhitun er í öllum tilfellum ódýrari en olíuhitun, e. t. v. með einhverri niðurgreiðslu.

Mér þótti rétt að koma þessum upplýsingum á framfæri, m. a. til þess, að hv. þm. sjái, að þessi mál eru nú í ítarlegri skoðun og að þeim unnið af ýmsum sérfræðingum. Skýrslur þeirra munu fljótlega koma fram. En það, sem mér þótti einna fróðlegast við þann fund, sem ég nefndi áðan, er það, að sérfræðingar þessir eru allir mjög sammála um þær bráðabirgðaniðurstöður, sem ég hef nú nefnt. Þetta sýnir okkur einnig, að það þarf að hraða virkjunum m. a. Kröfluvirkjun að sjálfsögðu. Telja sérfræðingarnir aðspurðir, að ekkert eigi að vera því til fyrirstöðu, að hún geti hafið starfrækslu 1979 í síðasta lagi, jafnvel fyrr. Á það er bent, að erfiðleikar, sem kynnu að koma í ljós á Kröflusvæðinu, gætu orðið til þess, að talið yrði hyggilegra að reisa slíka virkjun við Námaskarð, en sérfræðingarnir fullyrða, að á því séu ákaflega litlar líkur, ef meta má af þeim mælingum og upplýsingum, sem þeir hafa þegar safnað.

Ég endurtek, að n. mælir eindregið með því, að frv. verði samþ. með þeirri breytingu, sem fram kemur á þskj. 503.

Halldór Blöndal: Herra forseti. Ég heyrði það á ræðu hv. þm. Steingríms Hermannssonar, að hann er heldur ókunnugur þeim umr. og þeim áætlunum, sem gerðar hafa verið og látnar uppi í sambandi við Kröfluvirkjun norðanlands af réttum aðilum. Það er rétt, sem þessi hv. þm. segir, að það er ástæðulaust að kvarta yfir því, þó að frv. af þessu tagi hafi sofnað í n. hér á hinu háa Alþ. Þrátt fyrir það að það var sagt strax í frumræðu hæstv. iðnrh., að nauðsynlegt væri að afla þessarar lagaheimildar strax, til þess að hægt væri að hefja undirbúning Kröfluvirkjunar af fullum krafti, þá er það rétt hjá þessum hv. þm., sem nú er þegar búinn að fresta Kröfluvirkjun um eitt ár, þá munar kannske ekki mikið um einn mánuð hér í hinu háa Alþ.

Ég var staddur hér með orkustjóra á fundi í fjh.- og viðskn. Ed. fyrir nokkrum dögum, og þá nefndi hann ártalið 1978, sagði að vísu, að það væri ákaflega óvíst. Nú var það ártal, sem þessi hv. þm. nefndi fyrst, árið 1979, og það er eins gott, að frv. fari að fara héðan fljótt, ef á að kosta eitt ár í viðbót hver mánuður, sem dregst að afgreiða frv. héðan frá hinu háa Alþ. Hins vegar vil ég segja það og vísa á bug öllu því, sem þessi hv. þm. sagði hér áðan, að það liggur fyrir, að með því að leggja áherslu á virkjunarboranir og virkjunarrannsóknir muni vera unnt, miðað við, að allt gangi að óskum, og miðað við, að nægilegur botnhiti sé í Kröflu til þess, að þar sé hægt að virkja og reisa gufuaflsstöð, þá mun vera unnt að koma virkjuninni í gagnið jafnvel í árslok 1976 eða fyrri hluta árs 1977, miðað við það, að frumhannanir virkjunarinnar væri hægt að gera í lok þessa árs. En talið er, að með því að hafa fullan hraða á, ætti að vera unnt að koma virkjuninni upp innan tveggja ára frá þeim tíma, sem frumhannanir hafa verið gerðar. En það, sem tefur núna, er það, að ekki hafa verið gerðar ráðstafanir til þess að útvega jarðbor til borunar á Kröflu á árinu 1975, og það er það, sem ég er að tala um, þegar ég segi, að þetta mál og undirbúningur Kröfluvirkjunar sé ekki í fullum gangi.

Það var líka eftirtektarvert, að þessi hv. þm., sem var svo önnum kafinn við að leiðrétta mig hér áðan, minntist ekki einu orði á það atriði, sem ég hef harðast gagnrýnt, en það er það tómlæti, sem af yfirvöldum er sýnt í þessu máli. Hér á landi er ekki nema einn nægilega stór bor til þess að bora við Kröflu á sumrinu 1975, og þessi bor er upptekinn allt næsta ár. Til þess að bæta úr því verður að kaupa annan bor í staðinn eða fá lánaðan erlendis frá. Það er talin betri fjárfesting að kaupa slíkan bor, enda er gamli stóri jarðborinn, sem kallaður er gufubor, kominn mjög til ára sinna, og má raunar segja, að þar sé um eðlilega endurnýjun verkfæra að ræða.

Ég hef svo oft hér á hinu háa Alþ. talað um

það ófremdarástand, sem nú ríkir í orkumálum Norðurlands, og væri raunar fróðlegt, úr því að allar þessar áætlanir liggja nú fyrir um orkuþörfina, að fá upplýsingar um það hjá þessum hv. þm., hvort gert sé ráð fyrir því í þessari orkuspá að heimila þeim, sem óskað hafa eftir því að fá að kynda hús sín upp með rafmagni, að gera það, t. d. bændum og fólki í hinum ýmsu sjávarplássum eða jafnvel kaupstöðum norðanlands, hver sé stefna Orkustofnunar í því og hvernig haldið á þeim málum í orkuspánni. Er t. d. gert ráð fyrir því, að þeir bændur, sem nú hafa sótt um rafmagn, svokölluð árskw., fái þennan taxta? Er gert ráð fyrir því, að fólkið á Þórshöfn, sem nú er að tengjast Laxárvirkjunarsvæðinu, fái að hita sín hús upp með rafmagni? Hvað segir orkuspáin um það?

Þessi hv. þm. talar um, að það sé ekki hægt að ljúka því að koma rafhitun á fyrir norðan fyrr en eftir 5—6 ár. Á þessi hv. þm. þá við það, að enginn maður fyrir norðan muni fá að hita hús sín upp með rafmagni fyrr en eftir svo og svo mörg ár? Það væri fróðlegt að fá að vita það. Það væri jafnframt fróðlegt að fá að vita, hvaða stefna verður tekin gagnvart þeim fyrirtækjum, sem vilja byggja sig upp fyrir norðan og þurfa mikið á raforku að halda. Verður t. d. reynt einhvern veginn að hamla gegn því, að slík fyrirtæki verði sett niður á Norðurlandi nú um sinn, á meðan orkuskorturinn er hvað verstur? Ég get upplýst hv. þm. um það, að nú er gufuaflsstöðin í Námafjalli úr leik í bili, og síðast þegar ég frétti af því máli var algerlega óvíst, hvenær hún kæmi í gagnið aftur, en mér skilst, að það sé borin von, að það geti orðið nú á þessum vetri, og engar aðrar sérstakar ráðstafanir hafa verið gerðar til þess að sporna við neyðarástandi fyrir norðan, ef til krapastíflu og truflana kemur í Laxá.

Það er augljóst af ræðu þessa hv. þm., að það er stefna orkuyfirvalda að láta Kröflu dragast. Það er tæknilega mögulegt, miðað við það, að allt gangi að óskum, að slík virkjun geti tekið til starfa í fyrsta lagi síðari hluta árs 1976 og í síðasta lagi fyrri hluta árs 1977, ef rétt er að staðið og ef það væri einhver vilji hjá orkuyfirvöldum til þess að standa rétt að þessari virkjun. Þetta veit ég með fullri vissu. En það er bara ekki vilji til þess. Núv. hæstv. ríkisstj. og þeir, sem að henni standa, hafa staðið á móti öllum virkjunarrannsóknum fyrir norðan, síðan þeir tóku við völdum. Frammistaða þeirra í Kröflumálinu hefur verið með þeim hætti, að þótt jarðhitadeild Orkustofnunar hafi sótt um það að fá fjárveitingar til virkjunarrannsókna í Kröflu árið 1972, var ekki eyrir veittur í því skyni. Sama sagan gerðist næsta ár. Og s. l. ár tókst að koma inn fjárveitingu með lánsheimild, og eftir henni verður unnið næsta sumar.

Það væri nú fróðlegt í þessu sambandi að fá upplýsingar um það, hvernig stendur um virkjun Skjálfandafljóts. Mér skilst, að einn aðstoðarráðh. núv. ríkisstj., Jónas Jónsson, hv. þm. Norðurl. e., hafi mjög beitt sér fyrir því og m. a. flutt till. um það, að Orkustofnun gefi út álitsgerð og láti álit sitt í ljós um það, hvort ný virkjunartilhögun, sem þar hefur verið áætluð, sé jafnhagkvæm og þar er sagt. Mér er kunnugt um, að einhver athugun hefur farið fram á þessu í Orkustofnuninni, en ég er hræddur um, að það sé ekki mikil áhersla lögð á það að ljúka þeim athugunum eða framhaldsathugunum á virkjunarrannsóknum í Skjálfandafljóti. Mig langar jafnframt til að vekja athygli á því, að það liggur ekkert fyrir um það, svo að mér sé kunnugt, — vegna þess að þessi hv. þm. minntist á Námafjall í sambandi við hugsanlega gufuaflsstöð nyrðra, — hvort slík stöð muni geta valdið mengun eða hafi slíka hættu í för með sér á þessu viðkvæma svæði, sem Mývatn er. Ég hef áður spurt um það hér í hinu háa Alþ., hvaða afstöðu heimamenn og Náttúruverndarráð hafi til gufuaflsstöðvar í Námafjalli, og ekki fengið nein svör um það. Hins vegar skilst mér, að það sé hægt að leysa það mál með mjög auðveldum hætti í sambandi við Kröflu og þess vegna sé engin mengunarhætta, þótt hún verði virkjuð.

Sannleikurinn í þessu máli er náttúrlega sá, að þegar hæstv. ríkisstj. kom til valda, mátti hún ekki heyra annað nefnt en að orkuvandi Norðurlands yrði leystur með línu að sunnan. Það lá fyrir strax við myndun þessarar ríkisstj. og eins og Laxárdeilan hafði þróast, að um stíflugerð í Laxá gat aldrei verið að ræða. Það gat enginn gengið þess gruflandi. Það lá sem sagt fyrir árið 1971, að framhaldsvirkjun í Laxá kæmi ekki til greina. Hæstv. ríkisstj. ákvað þá þegar, að um frekari virkjanir yrði ekki að ræða á Norðurlandi næstu árin. Orkuvanda Norðurlands átti að leysa með línu að sunnan. Þess vegna hélt hæstv. ríkisstj. að sér höndum í sambandi við frekari virkjunarrannsóknir, bæði á Kröflu, í sambandi við Jökulsá eystri og einnig í sambandi við Skjálfandafljót. Ekki mátti heldur heyrast minnst á virkjun Svartár, og á sumrinu 1972 kaus ríkisstj. eða hæstv. iðnrh. frekar að tengja saman orkuskortinn á Norðurl. e. og Norðurl. v. með línunni frægu, sem er orðin eins konar háðungarmerki hæstv. iðnrh. Í óveðrinu á dögunum brotnuðu nokkrir staurar á þessari línu, og væri fróðlegt að fylgjast með því, hvað viðgerðarkostnaðurinn á línunni verður orðinn mikill, þegar straumurinn kemur loksins á hana, — væri gaman að sjá, hversu margir staurar hafa þá brotnað. Það mátti ekki heldur heyrast minnst á það að virkja Skeiðsfoss.

Nú er þetta svolitið að breytast. Orkuskorturinn er orðinn svo áþreifanlegur, að hæstv. ríkisstj. treystir sér ekki lengur til þess að standa algerlega á móti frekari virkjunum norðanlands. En hún hefur þann háttinn á að reyna að tefja fyrir framgangi slíkra virkjana eftir mætti, og það kemur m. a. fram núna, þegar farið er að tala um það hér, að Kröfluvirkjun eigi ekki að koma í gagnið fyrr en eftir árið 1979. Þá fyrst eiga Norðlendingar samkv. stefnu núv. ríkisstj. að fá nýja virkjun norðanlands, og sá maður, sem flytur okkur þennan boðskap, er formaður svokallaðarar byggðanefndar. Það er skrýtin byggðastefna, sem byggist fyrst og fremst á því að hindra alla þróunarmöguleika, allan vaxtamátt byggðanna með því að loka fyrir rafmagnið.

Ég sagði áðan, að stefna hæstv. ríkisstj. gagnvart Norðurlandi í orkumálum hefði frá upphafi verið sú að tengja Norðurland við Suðurland og láta okkur fá rafmagnið að sunnan norður. Mér

hefur skilist, að þessi lína norður muni ekki komast í gagnið fyrr en í fyrsta lagi sumarið 1976. Samkv. þeim upplýsingum, sem ég hef fengið frá Orkustofnun, er eðlilegt að gera ráð fyrir því, að slíkri línulagningu sé lokið tveim árum eftir að framkvæmd hennar hefst, og það byggist m.a. á því, að afgreiðslufrestur á margs konar hlutum, sem til slíkrar línu þarf, er mjög langur og er sífellt að lengjast. Þessar upplýsingar fékk ég frá orkumálastjóra og hef áður fengið samsvarandi viðmiðun hjá rafmagnsveitustjóra ríkisins. Það er rétt að taka það fram í þessu sambandi, að ýmsir hv. þm. úr stjórnarflokkunum, einkum úr Alþb., eru að reyna að flýta fyrir línunni með því að segja: Ætli það verði ekki á árinu 1975? Það er náttúrlega hægt að tala í þeim dúr núna. En það er nú einu sinni svo, að það er ekki byrjað að leggja línuna, frumhönnun hennar er ekki lokið, og það liggur ekki einu sinni ljóst fyrir enn þá, hvaðan hún á að liggja. Það á svo langt í land.

Þetta mál mun koma frekar til umr. í sambandi við annað mál hér í þessari hv. d., og mun ég ekki fara lengra út í það. En ég hlýt að harma það enn, að þessi stefna skyldi hafa verið tekin, og lýsi algerri ábyrgð á hæstv. ríkisstj. í þessu sambandi og minni enn einu sinni á, að á s.l. ári fór þriðja hver króna af bruttótekjum Laxárvirkjunar í olíukaup, bara í olíukaupin. Svo var nú eftir viðhaldið á öllum dísilvélunum og annað, sem til þyrfti.

Sannleikurinn í þessu máli er sá, að Norðlendingar eru afskaplega illa settir. Það var rætt um það í fúlustu alvöru og gerð um það ályktun í stjórn Rafveitu Akureyrar á s.l. vetri að fela rafveitustjóra að athuga um kaup á vararafstöðvum, dísilvélum, til heimabrúks á Akureyri til þess að hindra það, að húsin, sem þar eru, eyðilegðust, ef verulegar truflanir yrðu á rafmagnsframleiðslunni. Og það var ósköp eðlilegt, að þessi samþykkt var gerð, vegna þess að á s.l. vetri var mjög nærri því, að sum nýju húsanna þar uppi á brekkunum yrðu fyrir stórskemmdum.

Ég vil svo ljúka máli mínu með því að vona, að þrátt fyrir það, sem hv. þm. Steingrímur Hermannsson sagði hér áðan, sé þó einhver von um það, — og ég treysti í því efni á hæstv. ráðh. Björn Jónsson, sem hefur haft meiri skilning á rafmagnsmálum okkar Norðlendinga en orkumrh. og hefur að mörgu leyti staðið vel að málefnum Norðlendinga í því sambandi gagnvart orkumrh. í ríkisstj., — ég geri mér enn vonir um það, að þessi hæstv. ráðh. muni geta beitt sér fyrir því innan ríkisstj. með okkur öðrum þm. þessa kjördæmis, að Orkustofnun geri þegar ráðstafanir til þess að tryggja nægilega stóran jarðbor til gufuborana í Kröflu á árinu 1975 og að okkur takist einnig að knýja það fram, að frumhönnun Kröfluvirkjunar verði lokið í árslok 1974 og þannig verði tryggt, að Norðlendingar fái nægilega mikið og öruggt rafmagn við fyrstu hentugleika. Ef rétt er haldið á málum í sambandi við Kröfluvirkjun, mun sú virkjun verða tilbúin, áður en línan kemst norður væntanlega. Að sjálfsögðu tökum við það fram yfir annað að fá rafmagn í fjórðungnum heima við bæjardyrnar með öllu því, sem slíku fylgir.

Umr. frestað.

Skattkerfisbreyting, frv. (þskj. 518, 520). — Frh. 3. umr.

ATKVGR.

Brtt. 520 samþ. með 11 shlj. atkv.

Frv., svo breytt, samþ. með 11:9 atkv. og endursent Nd.

Efri deild, 83. fundur.

Mánudaginn 18. mars, að loknum 82. fundi.

Orlof, frv. (þskj. 602). — 3. umr.

Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði samþ. með 18 shlj. atkv.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 18 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 526).

Neðri deild, 86. fundur.

Mánudaginn 18. mars, kl. 2 miðdegis.

Kaupstaðarréttindi til handa Seltjarnarneshreppi, frv. (þskj. 502). — 3. umr.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 22:1 atkv. og afgr. til Ed.

Happdrættislán ríkissjóðs til að fullgera Djúpveg, frv. (þskj. 516). — 3. umr.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 23 shlj. atkv. og afgr. til Ed.

Heimilishjálp í viðlögum, frv. (þskj. 139, n. 474). — 2. umr.

Frsm. (Garðar Sigurðsson): Herra forseti. Á þskj. 474 liggur fyrir nál. frá félmn. hv. d. Félmn. hefur rætt þetta mál á allmörgum fundum sínum. Við skoðun á þeim lögum, sem frv. þetta er flutt til breyt. á, sýnist okkur nm., að þar væru fullar heimildir til þess að veita þá hjálp, sem farið er fram á í þessu frv. Hins vegar hefur komið í ljós, að skilningur ráðamanna hefur ekki verið sá. Þess vegna féllust nm. á að færa þessa breytingu inn í lögin.

N. leggur til, að frv. verði samþykkt með þeim breyt., sem prentaðar eru á fyrrnefndu þskj.

Svava Jakobsdóttir: Herra forseti. Sem flm. þessa frv. vil ég þakka hv. n. fyrir afgreiðslu hennar á málinu. Það er hárrétt sem frsm. sagði, að það gat orkað tvímælis, hvort lagabreyt. væri

þörf, en frv. var einmitt borið fram vegna þess, að rn. og sveitarstjórnir höfðu ekki talið sig hafa nægilega lagaheimild til þess að framkvæma slíka heimilisaðstoð samkv. núgildandi lögum.

Það er mætavel kunnugt, að það er oft mjög erfitt fyrir konur að stunda vinnu sína vegna heimilisástæðna, og því hefur í æ ríkara mæli þurft að leysa vandamál, sem af þessu spretta, á félagslegan hátt. Ég vil í þessu sambandi leggja áherslu á, að frv. nær ekki eingöngu til heimilisaðstoðar vegna einstæðra mæðra. Þar er ekkert tekið fram um hjúskaparstétt, og samkv. frv. eiga giftar sem ógiftar konur að geta notið hennar.

Ég hef ekki fleira um þetta að segja, en vil í lokin ítreka þakkir mínar til n. og þakka skilning hennar á þessu máli.

ATKVGR.

Brtt. 474,1 (ný 1. gr.) samþ. með 22 shlj. atkv.
Brtt. 474,2 (ný 2. gr.) samþ. með 21 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 23 shlj. atkv.

Ríkisábyrgð á launum við gjaldþrot, frv. (þskj. 403, n. 493). — 2. umr.

Frsm. (Hannibal Valdimarsson): Herra forseti. Þetta mál er flutt til staðfestingar á brbl. Málið er komið frá hv. Ed. og var þar samþ. óbreytt. Ég hygg, að hægt sé að fullyrða það líka, að þetta er samkomulagsmál aðilanna á vinnumarkaðnum, bæði Alþýðusambands Íslands og Vinnuveitendasambands Íslands, og tilgangurinn með frv. er sá að koma í veg fyrir, að verkafólk tapi vinnulaunum, sem það á inni hjá atvinnurekenda, sem verður gjaldþrota.

Við samningu þessa frv. var mjög nákvæmlega skoðað, hvernig nágrannaþjóðir okkar, Danir, Norðmenn og Svíar, hefðu ráðið þessum málum til lykta, og kom í ljós við þá athugun, að nýlega hefur verið sett löggjöf í Noregi og Svíþjóð um þessi mál og þá hafður svipaður háttur á, að ríkið ábyrgðist þau skakkaföll, sem af gjaldþrotum atvinnurekenda gæti leitt. Hér hefur verið gerð athugun á því, hversu miklum fjárhæðum þetta kynni að nema. En það er ekki auðvelt að komast að niðurstöðu um það, því að sum árin er þarna ekki um nein slík skakkaföll að ræða, á öðrum árum getur það verið nokkuð og er mjög háð því, hvernig ástatt er á vinnumarkaði og hvernig atvinnuvegum vegnar.

Hér er ætlast til þess, að ríkið taki á sig ábyrgð af greiðslum vinnulauna í sambandi við gjaldþrot atvinnurekenda, án þess að gjald sé hins vegar lagt á atvinnurekendur, eins og tíðkast í sumum okkar nágrannalöndum. Reynslan yrði þá að sýna það, hvort þarna væri um meiri fjárhagsábyrgð og áhættu að ræða en svo, að ástæða þætti til að stofna slíkan ábyrgðarsjóð til að standa straum af þessu.

Hv. félmn. hv. d. leggur einróma til, að málið verði samþ. óbreytt. Fjarverandi við afgreiðslu málsins voru þeir Gylfi Þ. Gíslason og Stefán Valgeirsson. Það er sem sagt till. n., að málið verði samþ. óbreytt.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Almannatryggingar, frv. (þskj. 457). — 1. umr.

Flm. (Ellert B. Schram): Herra forseti. Á þskj. 457 hef ég ásamt 5 öðrum hv. þm. leyft mér að bera fram frv. til l. um breyt. á l. um almannatryggingar, sem felur það í sér, að inn í þau lög séu felld ákvæði um slysabætur til handa íþróttamönnum vegna slysa, sem eiga sér stað við íþróttaæfingar eða íþróttakeppni.

Ég tel óþarfa að hafa mjög langt mál um þetta frv. Það felur í sér sjálfsagða og löngu tímabæra breytingu, að íþróttafólk fái bætur vegna slysa, örorku eða dauða, sem á sér stað við íþróttaiðkun. Þessu máli hefur áður verið hreyft hér á hinu háa Alþingi, en hefur ekki náð fram að ganga þrátt fyrir fullan skilning, að því er virðist, bæði þm. og þn. Mun ég þess vegna freista þess enn ásamt meðflm. mínum að hreyfa þessu máli í þeirri trú, að það nái endanlegu samþykki.

Endurskoðunarnefnd sú, sem vinnur að því að fara yfir almannatryggingalögin, mun hafa í hyggju að taka þetta mál til athugunar, og mér hefur verið tjáð, að það sé vilji í þeirri n. til þess að breyta l. í þessa átt, og frv. þetta er flutt í þeim tilgangi að láta það koma fram, að samþykki Alþ. liggi jafnframt fyrir. Það ætti að þrýsta frekar á hreyfingu á málinu í viðkomandi nefnd.

Íþróttahreyfingunni hefur lengi verið ljóst, að ekki væri hægt að búa við annað en einhvers konar tryggingakerfi til handa því íþróttafólki, sem verður fyrir áföllum, hvort sem það er slys eða dauði, en ekki haft bolmagn til þess að koma til móts við það nema að mjög takmörkuðu leyti. Nú eru fyrir hendi slysatryggingasjóðir bæði á vegum Íþróttasambands Íslands og Íþróttabandalags Reykjavíkur, en báðir þessir sjóðir eru fjármagnaðir af íþróttahreyfingunni sjálfri og eru vanmegnugir þess að taka á sig nokkrar umtalsverðar bætur. Og þeir gera ekki ráð fyrir því, að örorka eða dauði sé bætt.

Til staðfestingar á því, hversu vanmegnugir þessir sjóðir eru, má geta þess, að slysatryggingasjóður Íþróttasambands Íslands greiðir núna dagpeninga að upphæð 90 kr., verði íþróttamaður fyrir slysi, sem veldur því, að hann getur ekki stundað vinnu í lengri eða skemmri tíma.

Samkv. þeim upplýsingum, sem ég hef aflað mér, munu bótaþegar árið 1970 hjá slysatryggingasjóði Íþróttasambands Íslands hafa verið 20, í bætur hafa verið greiddar 149 þús. kr., en iðgjöld á því ári voru 127 120 kr.. Árið 1971 voru bótaþegar 13, bætur 127 436 kr., en iðgjöldin 129 810 kr. Árið 1972 voru bótaþegar 12, þá voru bætur 93 041 kr., en iðgjöld 163 842 kr. Upplýsingar liggja ekki fyrir um árið 1973 eða það, sem af er árinu 1974, en ljóst er af þessari upptalningu, að þarna er ekki um marga bótaþega að ræða né heldur um stórar upphæðir. Því ætti þetta ekki að vera þungur baggi fyrir ríkissjóð ásamt íþróttahreyfingunni að standa undir, ef þetta frv. verður að lögum, svo sem ég geri mér vonir um.

En enda þótt þarna sé ekki um að ræða marga bótaþega, er hins vegar ljóst, að þarna er verið að greiða iðgjöld og þau iðgjöld koma eingöngu frá íþróttahreyfingunni sjálfri. Hún aflar tekna með ýmsum hætti. Það má t. d. benda á, að ÍBR

greiddi í bætur á árinu 1972 350 þús. kr., og á árinu 1973 mun það hafa greitt 437 882 kr. Tekjur stóðu undir þessu, en þessar tekjur voru allar teknar rú rekstri íþróttahreyfingarinnar. Íþróttabandalag Reykjavíkur hefur sínar tekjur að mestu leyti með ákveðnu prósentugjaldi af innkomnum aðgangseyri að íþróttasvæðum og íþróttahúsum í borginni. Það yrði mikill fengur fyrir íþróttahreyfinguna, ef hún losnaði við þessa fjárhagsbyrði og gæti sett sitt fé í starfsemina sjálfa og í stað þess tæki ríkissjóðir eða tryggingakerfið að sér að standa undir þessum slysabótum, sem barna er um að ræða.

Mikilvægasta nýmælið í þessu frv. er það, að auk þess sem slys fengjust bætt, dagpeningar greiddir eins og Tryggingastofnunin greiðir til bótaþega, sem verða frá vinnu vegna vinnuslysa, þá er auk þess gert ráð fyrir því, eins og fyrr segir, að bætur séu greiddar vegna varanlegrar örorku eða vegna dauða.

Sá sviplegi atburður átti sér stað á s. l. sumri, að ungur maður lést vegna slyss við íþróttaiðkanir. Af stað fór söfnun til þess að standa undir þessu áfalli að einhverju leyti, fjárhagslegu áfalli, sem ekkjan varð fyrir og fjölskylda mnansins. En allir eru mér áreiðanlega sammála um, að slík söfnun er frekar ógeðfelld og ekki við það unandi, að til slíkrar söfnunar þurfi að grípa, vegna þess að auðvitað ættu lög og tryggingakerfið okkar að koma til móts við aðstandendur þeirra, sem svo sviplega falla frá. Hér er sem betur fer ekki um algengan atburð að ræða, mjög fátítt, að svo alvarleg slys eigi sér stað, og þýðir aftur, að hér á ekki að vera um mjög mikla fjárhagslega byrði fyrir Tryggingastofnunuina eða ríkissjóð að ræða.

Í þessu frv. er ekki gert ráð fyrir því, að ríkissjóður taki iðgjöldin að sér að öllu leyti, heldur reynt að koma til móts við ríkissjóð hvað það varðar og gert ráð fyrir því, að iðgjöldin séu borin uppi sameiginlega af ríkissjóði og Íþróttasambandi Íslands, og þá er hugsunin sú, að sá höfuðstóll, sem nú eru fyrir hendi í slysatryggingasjóði Íþróttasambandsins og Íþróttabandalags Reykjavíkur, gangi til móts við iðgjaldagreiðslur næstu ára og verði framlag íþróttahreyfingarinnar til þess að standa undir þeim kostnaði næstu árin og brúa það bil eða þá erfiðleika, sem þetta getur valdið ríkissjóði í fyrstu.

Það mætti halda því fram, að þegar fólk stundar íþróttir, ætti hver að geta borið ábyrgð á sjálfum sér og taka af því áhættuna. En sömu sjónarmið eru og fyrir hendi, þegar annars vegar er fólk, sem stundar almenna vinnu, en engu að síður hefur þjóðfélagið komið til móts við slík áföll, þegar um vinnuslys er að ræða og greiðir bætur vegna vinnuslysa og annarra sambærilegra athafna. Þess vegna ætti sama sjónarmið eða sama forsenda að liggja að baki þessu máli og stuðla enn frekar að því, að málið næði fram að ganga hér á þingi. Þjóðfélagið hefur haft skilning á íþróttaiðkun og vill koma til móts við þessa hreyfingu og getur gert það einmitt með því að taka að sér iðgjaldagreiðslur og fella slys vegna íþróttaiðkana inn í hið almenna tryggingakerfi. Yfirleitt er það svo, að það er um ungt fólk að ræða, sem stundar íþróttir, — fólk, sem ekki er komið í mikil efni, er að koma sér upp heimilum og er e. t. v. með nokkra ómegð, og því ætti þörfin að vera enn þá meiri, þegar þetta unga fólk er annars vegar.

Ég held, að það væri til sóma fyrir Alþingi, og fyrir stjórnvöld, ef þau hefðu skilning á þessu máli og samþ. það í aðalatriðum, eins og það er lagt hér fram. Ég vænti þess, að ekki þurfi að útskýra það frekar, og vil því ekki hafa lengra mál að sinni, en legg til, að málinu verði vísað til 2. umr. og hv. heilbr.- og trn.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Sameinað þing, 67. fundur.

Þriðjudaginn 19. mars, kl. 2 miðdegis.

Eina dagskrármálið var tekið af dagskrá.

Sameinað þing, 68. fundur.

Þriðjudaginn 19. mars, að loknum 67. fundi.

Stórvirkjun á Norðurlandi vestra, þáltill. (þskj. 386). — Frh. einnar umr.

ATKVGR.

Till. vísað til allshn. með 32 shlj. atkv. og umr. frestað.

Ráðstafanir til að sporna við raflínubilunum, þáltill. (þskj. 387). — Frh. einnar umr.

ATKVGR.

Till. vísað til allshn. með 32 shlj. atkv. og umr. frestað.

Framkvæmd iðnþróunaráætlunar, þáltill. (þskj. 400). — Ein umr.

Flm. (Pétur Pétursson): Herra forseti. Á þskj. 400 hef ég leyft mér að flytja till. til þál. um framkvæmd iðnþróunaráætlunar, sem er á þessa leið, með leyfi hæstv. forseta:

„Alþingi ályktar að skora á ríkisstj. að hraða framkvæmd þeirrar iðnþróunaráætlunar, sem sérfræðingar Sameinuðu þjóðanna hafa lagt fram við ríkisstj., bæði að því er varðar tæknilega uppbyggingu iðnaðarins og að því er varðar markaðsmál atvinnuvegarins, vegna útflutnings iðnaðarvara.“

Þessi till. skýrir sig að verulegu leyti sjálf, en þó ætla ég að fara um hana nokkrum orðum.

Þessi iðnþróunaráætlun hefur verið í smíðum í langan tíma, og eins og þarna kemur fram, voru fengnir sérfræðingar Sameinuðu þjóðanna til að vinna að þessum málum. En til upprifjunar langar mig til að geta um nokkur atriði, sem eru nefnd í málefnasamningi hæstv. ríkisstj., með leyfi hæstv. forseta. Þar segir, að Framkvæmda-

stofnun ríkisins eigi að semja iðnþróunaráætlun og verði lögð höfuðáhersla á uppbyggingu fjölbreytts iðnaðar í eigu landsmanna sjálfra. Og á öðrum stað segir, að beina eigi auknu fjármagni til iðnaðarins með það fyrir augum, að hann verði fær um að taka við verulegum hluta þess vinnuafls, sem sjá þarf fyrir atvinnu á næstu árum. Könnun fari fram á því, hvaða greinar iðnaðar hafi mesta þjóðhagslega þýðingu, og þær látnar njóta forgangs um opinbera fyrirgreiðslu. Enn segir, að halda skuli áfram með auknum þrótti athugun á möguleikum til íslensks efnaiðnaðar og leggja áherslu á eflingu skipasmíðaiðnaðarins með það takmark fyrir augum, að Íslendingar smíði að miklu leyti skip sín sjálfir og geti annast viðhald fiskiskipa og kaupskipa.

Svo mörg eru þau orð í málefnasamningnum. Og þá vakna þær spurningar, hvernig að þessum málum hafi verið staðið á því tímabili, sem hæstv. ríkisstj. hefur starfað.

Mér finnst ekki, að það hafi verið lögð nein höfuðáhersla á uppbyggingu iðnaðarins yfirleitt í landinu, og mér finnst ekki heldur, að iðnaðurinn hafi fengið að verulegu leyti aukið fjármagn, eins og heitið var. Það var talað um þýðingarmiklar iðngreinar, sem eigi að hafa forgang, þar sem þær eru fjárhagslega mikilvægar. Eflingu á íslenskum efnaiðnaði hef ég ekki orðið mikið var við. Af því er varðar markaðsleit og sölustarfsemi vegna útflutningsiðnaðar, hefur verið talsvert unnið í sambandi við lagmetisiðnaðinn, en sáralítið varðandi annan iðnað, og allir hv. þm. vita, að sölumiðstöð iðnaðarins hefur verið svelt ár eftir ár, þannig að hún hefur ekki getað sinnt nema að mjög takmörkuðu leyti sínum verkefnum. En þegar við förum svo að athuga stöðu iðnaðarins núna, þá vitum við það, að Sölustofnun lagmetisiðnaðarins hefur gert allstóran samning við Sovétríkin alveg nýlega og gert þann samning í trausti þess, að niðurgreiðslur fáist, sem verða væntanlega einhvers staðar á milli 15 og 20%. Þetta er m. ö. o. sá munur, sem er á milli þess, sem framleiðendur telja sig geta framleitt vöruna fyrir með allra lægsta verði og þess verðs, sem kaupendur vilja kaupa hana fyrir. Loforð hefur verið gefið um þessa niðurgreiðslu. Enn fremur er mér sagt, að loforð hafi verið gefið fyrir niðurgreiðslu á talsverðu magni af peysum, sem líka hafa verið seldar til Sovétríkjanna. Er þannig komin sú stefna, að mér virðist, að það skuli greiða niður útflutningsvörur iðnaðarins. En hins vegar er þetta ekki algild eða viðurkennd stefna, að því er virðist. Ég hef hvergi séð neitt skriflegt ákvæði um þetta og hefði því haft áhuga á því, ef hæstv. iðnrh. hefði verið hér, að spyrja hann, hvort þetta sé staðreynd. Enn hefur það svo komið fyrir í ullar- og prjónaiðnaðinum, að umtalsvert magn af kápum, sem eiga að fara á ameríska markað, á að framleiða úti í Skotlandi, einfaldlega vegna þess, að umræddir samningar hefðu sennilega ekki náðst, nema af því að það var hægt að framleiða hluta af þessari pöntun í landi, þar sem vinnulaun eru snöggtum lægri en hér.

Ég hef aðallega rætt um útflutningsiðnaðinn. En það er auðvitað alveg ljóst, að samkeppnisiðnaðurinn kemur til með að fara alveg eins, verða í jafnmiklum erfiðleikum, enda hefur það glöggt komið fram hjá samtökum iðnaðarins, að ástandið er svo alvarlegt, að það er veruleg hætta á því, að íslenskur iðnaður verði nú að fara að draga saman starfsemi sína. Mér hefur raunar fundist æði oft, að það sé eins og málefni iðnaðarins almennt séu talin einhvers konar annars flokks vandamál í sambandi við efnahagsmál, og þetta á við iðnaðinn í heild, finnst mér. Þess vegna hef ég flutt þessa till., því að iðnþróunaráætlun Sameinuðu þjóðanna er virkilega vel gerð. Það var ákveðið af fyrrv. ríkisstj., að leita til Sameinuðu þjóðanna um þessi vandamál, og skýrslur þeirra hafa legið lengi að mínu mati hjá hæstv. ríkisstj., en árangur virðist mér ekki sjást enn þá. Annað er þá, að fyrir nokkrum dögum var okkur í iðnn. þessarar hv. d. fært uppkast að frv. til laga um Iðntæknistofnun. Líklega hefur ekki verið samkomulag um þetta hjá hæstv. ríkisstj., en iðnn. beðin að flytja frv., og út af fyrir sig hef ég ekkert við það að athuga að flytja það, en þar er fyrst og fremst um að ræða samsteypu hinna ýmsu rannsóknastofnanna og Iðnþróunarstofnunar Íslands. Þessar skýrslur hafa sem sé legið lengi hjá hæstv. ríkisstj. Það hefur miklu fjármagni og tíma verið eytt í þessar áætlunargerðir. Ég tel, að þær hafi verið vel unnar, og þá er spurning mín: Hvers vegna eru þessar till. ekki komnar lengra áleiðis en raun ber vitni um? Mér er raunar ljóst, að það hefur verið stofnuð n. til þess að athuga þessar áætlanir, en það er tæpast hægt að una við það, að einhver n. vinni mánuð eftir mánuð án þess að sjá neinn árangur af þeim störfum. Mér finnst, að það beri þess vegna brýna nauðsyn til þess, að Alþingi skori á hæstv. ríkisstj. að hraða framkvæmd þessarar iðnþróunaráætlunar, sem er bæði tæknilega og markaðslega gerð, og verði varla hjá því komist, ef á að líta alvarlega á þessi mál, að fara að lofa mönnum að sjá eitthvað í þessum efnum, því að ég tel, að atvinnuvegurinn sé í alvarlegri hættu. Mér hefur virst, að allir stjórnmálaflokkar hafi áhuga á því að efla iðnað í landinu, en mér finnst ganga ákaflega seint að gera það á þann hátt, að verulegur árangur sjáist.

Ég sé ekki ástæðu til að hafa um þetta fleiri orð herra forseti, en legg til, að umr. verði frestað og till. vísað til hv. atvmn.

Jón Árnason: Herra forseti. Ég vil taka undir þetta mál, sem hér hefur verið hreyft varðandi iðnþróunaráætlunina og þau mál. Og mér finnst satt að segja, að það væri full ástæða til þess að taka til umræðu mál iðnaðarins meira en gert er hér á hv. Alþ. Einn þátturinn í þessum iðnþróunarmálum er lagmetisiðnaðurinn. Það var lögð á það áhersla í stjórnarsáttmálanum, að það skyldi að því stutt, að sá iðnaður skyldi fá ríflegan stuðning til uppbyggingar og það skyldi marka tímamót í sögu þess iðnaðar. Nú er það svo, að segja má, að þessi atvinnugrein hefur ekki haft neina ákveðna bankastofnun til að leita til í sambandi við uppbyggingu. Það má þó nefna Iðnþróunarsjóðinn, hinn norræna Iðnþróunarsjóð, sem var komið á, um leið og aðild okkar að EFTA átti sér stað, svo sem kunnugt er. Þá var þar um myndarlegan sjóð að ræða. En skipulags-

reglur þess sjóðs eru á þann hátt, að það liggur ekki á borðinu fyrir hvern sem er, sem vill fara út í slíkan atvinnurekstur eða byggja upp iðnað í einu eða öðru formi, að eiga aðgang að þessum sjóði, nema fylgt sé vissum skilyrðum, sem í mörgum tilfellum eru nokkuð fjárfrek, og gert er ráð fyrir, að aðilar geti lagt fram verulega mikið fjármagn í þá framkvæmd, sem um er að ræða í iðnaðinum.

Vitanlega er það rétt út af fyrir sig, að það er æskilegt, að ekki sé farið út í neinn atvinnurekstur, nema sé um nokkuð verulegt framlag að ræða frá þeim, sem ræðst í framkvæmdina. En því miður er það svo með flestar okkar atvinnugreinar, ekki síst t.d. í sjávarútveginum, þar sem okkur er kunnugt um það, að þar eru keypt skip fyrir hundruð millj., án þess að til komi nema tiltölulega lítill hluti frá þeim, sem eru að kaupa atvinnutækið.

Það mun hafa verið núna rétt nýlega, að ríkisstj. tók ákvörðun um það, að lagmetisiðnaðurinn skyldi sækja sínar fyrirgreiðslur til Iðnlánasjóðs. Fyrr hafði ekki verið ákveðið, að nein ákveðin lánastofnun veitti fyrirgreiðslu í sambandi við þann atvinnuveg. En það er út af fyrir sig ekki nægjanlegt, þó að sé vísað á þessa lánastofnun, nema sé þá fyrir hendi fjármagn í henni til þess að koma til móts við þá, sem á fjármagninu þurfa að halda. En það vantar mikið á, að Iðnlánasjóður, þó að hann hafi verið lítið eitt efldur á síðari tímum, hafi nægilegt fjármagn til að sjá fyrir því, sem fyrir er og honum er ætlað að fjármagna, hvað þá að taka á sig nýja og stóra atvinnugrein, sem er mjög fjárfrek. Það er ekki nóg að láta gera áætlanir, sem líta vel út á pappírnum. Það er góðra gjalda vert út af fyrir sig að leggja málið niður fyrir sér, gera áætlanir um eitt og annað. En það þarf meira til að koma, eins og hér hefur verið bent á, og ég tek undir það með flm. þessarar till., að það væri æskilegt, að ríkisstj. léti sem fyrst heyra frekar frá sér um, hvað hún hygðist fyrir um framgang þeirrar iðnþróunaráætlunar, sem unnið hefur verið að.

Oddur Ólafsson: Herra forseti. Þegar brestur í smáiðnaðinum, þá er stutt í örðugleika almennings. Það er enginn vafi á því, að iðnaðurinn veitir fleirum atvinnu en aðrar atvinnugreinar. Það er einnig annað um iðnaðinn, þar er fjölbreytni í störfum miklu meiri en í öðrum atvinnugreinum. Þess vegna er mikil nauðsyn, að vel sé að iðnaði búið, ekki síst hjá smáþjóð. Okkur er það nauðsynlegra en öðrum, að allar hendur, sem unnið geta, hafi störf. Það er enginn vafi á því, að það er verr búið að iðnaðinum í þessu landi en öðrum atvinnugreinum, og þótt gerðar hafa verið tilraunir til lagfæringar á ýmsum sviðum, þá er það víst, að óðaverðbólgan eyðileggur jafnóðum það, sem verið er að reyna að bæta.

Iðnaðurinn hefur árum saman búið við léleg lánakjör og lítil, og hafi eithvað átt um að bæta, þá hefur það verið hrifið með hinni hendinni jafnóðum til baka í formi óðaverðbólgu. Þá eru háir vextir iðnaðinum þyngri í skauti en flestum öðrum atvinnuvegum. Allt þetta veldur því, að svo er nú að sjá sem samdráttur í iðnaði sé á næsta leyti. Þetta mun fljótlega hafa í för með sér verri atvinnukjör og jafnvel atvinnuleysi, ekki síst hjá þeim, sem hafa mjög takmarkað vinnusvið og vinnugetu.

Hér hafði fyrir nokkrum árum komist á vísir að útflutningsiðnaði á ýmsum sviðum: í lagmeti, í húsgögnum, bæði úr tré og stáli, í prjónlesi og á ýmsum fleiri sviðum. En það virðist svo sem vanbúnaður af hálfu stjórnvalda eigi sinn stóra þátt í því, að þessi vísir að útflutningi býr við svo þröngan kost, að sjáanlegur er samdráttur og jafnvel stöðvun.

Það er enginn vafi á því, að sú mikla verðbólga, sem hér ríkir, er iðnaðinum sérstaklega óhagstæð, og enda þótt við þurfum ekki að búast við því, að úr því verði bætt til fullnustu á næstunni, þá er enginn vafi á því, að haldi svo áfram sem horfir, þá á iðnaðurinn við ófyrirsjáanlega örðugleika að stríða í náinni framtíð.

Það hefur flogið fyrir, að greitt verði fyrir vissum grenum iðnaðarins varðandi útflutning. Þetta er í sjálfu sér stórhættulegt fyrirbrigði, sem við höfum reynt áður, og ég hélt, að allir væru komnir yfir og mundi ekki verða horfið að aftur. Hér verður sýnilega vart um annað að ræða en að almennar ráðstafanir verði gerðar til leiðréttingar á þeim erfiðleikum, sem iðnaðurinn á við að búa og að fært verði í það horf, að iðnaðarvörur geti aftur orðið samkeppnisfærar á markaðnum. Okkur er fyrir öllu í þessu landi að halda uppi nægri atvinnu, ekki aðeins fyrir þá, sem eru hinir góðu og viðurkenndu iðnverkamenn og konur, heldur einnig fyrir hið afbrigðilega vinnuafl, sem öllum stundum hefur átt innhlaup hjá íslenskum iðnaði og kannske í ríkari mæli hjá íslenskum iðnaði en víða annars staðar. Þetta er mikið og dýrmætt vinnuafl þessari litlu þjóð, en það verður það vinnuafl, sem fyrst finnur fyrir því, er verulega sverfur að.

ATKVGR.

Till. vísað til atvmn. með 33 shlj. atkv. og umr. frestað.

Hagnýting vindorku með vindrafstöðvum, þáltill. (þskj. 413). — Ein umr.

Flm. (Ásberg Sigurðsson): Herra forseti. Á þskj. 413 hef ég leyft mér að flytja till. til þál. um hagnýtingu vindorku með vindrafstöðvum. Tillgr. hljóðar þannig, með leyfi forseta:

„Alþingi ályktar að fela ríkisstj. að gera nú þegar ráðstafanir til, að fylgst verði með þeim tækniframförum, sem átt hafa sér stað í hagnýtingu vindorku til raforkuframleiðslu, ef vera má, að nýtisku vindrafstöðvar séu hugsanlegur raforkugjafi á afskekktum sveitabýlum, sem erfitt er að tengja samveitum."

Fyrsti orkugjafinn, sem mannkynið tók í þjónustu sína, er sennilega vindorkan. Frá ófrofi alda hafa menn fleytt sér áfram á trjábolum, flekum og bátum með vindorku. Allt fram á þessa öld sigldu seglskip um öll heimsins höf á vindorku einni saman. Við Íslendingar áttum fiskiskútur eða kúttera, sem eingöngu voru búnir seglum

fram yfir aldamót, en þá var almennt farið að hafa hjálparvélar í seglskipum, sem notaðar voru, þegar byr gaf ekki.

Öldum saman hafa menn notað vindmyllur til margs konar starfsemi, t. d. til að dæla upp vatni til áveitna, mala korn o. s. frv. Vindmyllurnar voru yfirleitt mjög þungbyggðar og því afkastalitlar, en eru þó enn notaðar víða í suðurlöndum.

Á árunum fyrir síðari heimsstyrjöld komu hingað til lands vindrafstöðvar og voru nokkuð víða notaðar til þess að framleiða rafmagn til ljósa. Vindrafstöðvar þessar voru mjög afkastalitlar og komu að mjög takmörkuðu gagni. Þær þurftu verulegan vindhraða til að skila fullum afköstum, en þoldu hins vegar illa stórviðri og vildu jafnvel brotna og eyðileggjast. Þessar vindrafstöðvar hafa fyrir löngu lagst niður með öllu hér á landi.

Á síðari árum hafa orðið verulegar tækiframfarir í gerð vindrafstöðva. Menn hafa gert sér grein fyrir, að í vindraforkunni er fólgið ódýrt afl, sem alls staðar er fyrir hendi. Það eru einkum Frakkar, sem hafa unnið að endurbótum á vindrafstöðvum, og eru þær nú all algengar í Frakklandi og víðar, t. d. í Noregi, Spitsbergen, Grænlandi og Alaska. Vindrafstöðvar eru aðallega settar upp á afskekktum stöðum, þar sem ekki er hægt að fá raforku frá samveitum eða þar sem erfitt er að koma við öðrum orkugjöfum, m. a. vegna erfiðleika á flutningi á eldsneyti og á eftirliti með vélaorku. Þannig eru t. d. vitar á afskekktum stöðum og eyjum lýstir með vindrafstöðvum, sömuleiðis ljósbaujur á skerjum og innsiglingarljós í þröngum fjörðum. Sama er að segja um endurvarpsstöðvar síma og sjónvarps á afskekktum stöðum á fjöllum uppi, svo að dæmi séu nefnd.

Ekki er vafi á, að til mála kemur að nota vindrafstöðvar í svipuðu skyni hér á landi. Auk þess verður að telja athugandi að koma upp vindrafstöðvum í eyjum hér á landi, sem enn eru byggðar, enda verða þær vart tengdar samveitu. Hér á landi eru mörg sveitarbýli, sem erfitt er að tengja samveitum vegna mikilla fjarlægða. Þá má nefna raflýsingu og hitun sumarhúsa, skíða- og fjallaskála.

Nýtísku vindrafstöðvar eru mun afkastameiri en áður var. Á markaðnum í dag eru aðallega stöðvar frá 1 kw upp í rúm 4 kw. En ekkert mun til fyrirstöðu að framleiða vindrafstöðvar, sem framleitt geta 12—15 kw. Stöðvar þessar eru mjög léttbyggðar og þurfa því mjög lítinn vind til að skila fullum afköstum, eða vindhraða frá 2 m á sek. til 7 m á sek., en það mun þýða golu til stinningsgolu eða 2—4 vindstig.

Hér á landi er mjög vindasamt. Logn heilan sólarhring eða lengur er sjaldgæft fyrirbæri. Nú þola vindrafstöðvar mikinn vindhraða án þess að brotna og eyðileggjast, enda eru þær oftast á fjallatoppum, t. d. í Ölpunum, þar sem stórviðri eru tíð. Allar vindrafstöðvar eru nú þolreyndar fyrir um 56 m vind á sek. eða um 200 km vindhraða á klst. og jafnvel allt upp í 300 km. vindhraða á klst., eða fárviðri. Ef algjört logn er, framleiða vindrafstöðvar ekki rafmagn. En nú eru þær tengdar rafgeymum, sem hlaðnir eru, þegar vindur er, og miðla orku í logni. Rafgeymarnir eru eins og hjálparvélar seglskipanna voru, þegar ekki gaf byr. Vindrafstöðvar endast lengi og þurfa lítið viðhald og eftirlit. Rafleiðslur frá þeim eru stuttar, og því lítil hætta á línubilunum í hörðum vetrarveðrum. Það er vandamál, sem hætt er við að verði síst minna, eftir því sem afskekktari staðir eru tengdir samveitum. Vindrafstöðvar eru loks auðveldar í uppsetningu, og þær má taka niður fyrirhafnarlítið og flytja á annan stað, ef þörf krefur.

Án rafmagns er ekki hægt að búa á Íslandi lengur. Ekki er ólíklegt, að með vindrafstöðvum megi fyrr en ella leysa raforkuþörf afskekktra býla og byggða.

Herra forseti. Ég sé ekki ástæðu til að hafa frekari orð um þessa till. Aðalatriðið er, að fylgst verði með þeim tækniframförum, sem eru að verða í hagnýtingu vindorku til rafmagnsframleiðslu, og kannað, hvort vindrafstöðvar geti komið að notum hér á landi.

Ég vil að lokum óska þess, að málinu verði að lokinni þessari umr. vísað til atvmn.

ATKVGR.

Frv. vísað til atvmn. með 32 shlj. atkv. og umr. frestað.

Íþróttahús Menntaskólans við Hamrahlíð, þáltill. (þskj. 443). — Ein umr.

Flm. (Ragnhildur Helgadóttir): Herra forseti. Við höfum nokkrir þm. úr öllum flokkum leyft okkur að flytja till. til þál. um, að hafinn skuli undirbúningur að byggingu íþróttahúss fyrir Menntaskólann við Hamrahlíð. Tildrögin til flutnings þessarar þáltill. eru þau, að fyrir nokkrum vikum kom foreldraráð Menntaskólans við Hamrahlíð saman til fundar, og þar lét rektor menntaskólans það álit sitt í ljós, að stærsta óleysta vandamál, sem þessi stóri skóli á við að etja núna, væri fólgið í því, að þar skortir algjörlega aðstöðu til leikfimiiðkana nemenda.

Fyrir tveimur árum stóð svo á, og gerir raunar enn, að tvo skóla, sem liggja svo að segja hlið við hlið við sömu götu hér í borginni, vantaði íþróttahús. Ég leyfði mér þá að gera það að till. minni, að þarfir beggja þessara skóla væru leystar samtímis með því að reisa eitt íþróttahús fyrir þá báða. Mér virðist í minni einfeldni á sviði byggingamála, að það hlyti að vera ódýrara og betri hagnýting á almannafé, að láta báða þessa skóla nota sama leikfimihúsið, það hlyti að vera hægt að spara einhverja hluti á því að nýta stærra hús betur, en hafa tvö leikfimihús, sem e. t. v. væru ekki eins mikið nýtt. En við athugun þess máls kom í ljós, og það var sameiginlegt álit bæði þeirra, sem málum þessum stjórna af hálfu menntmrn. og af hálfu fræðsluráðs Reykjavíkurborgar, að íþróttahús fyrir báða þessa skóla yrðu fullnýtt og það mundi ekki sparast neitt að ráði við það að reisa sameiginlegt hús fyrir báða skólana, vegna þess að hvor um sig væri svo stór, að ekkert veitti af leikfimisal af fullri stærð eða sölum fyrir hvorn skóla um sig. Þess vegna var það, að ekki var horfið að því ráði.

En þá þótti mönnum liggja beint við, að hafinn yrði undirbúningur að byggingu beggja þess-

ara íþróttahúsa. Svo var gert á vegum Reykjavíkurborgar, og nú eru fullbúnar, að heita má, teikningar að íþróttahúsi fyrir barnaskólann, Hlíðaskólann, og verður væntanlega útboð gert nú alveg á næstunni. Hins vegar er það svo, að því er varðar Menntaskólann við Hamrahlíð, að þar hefur ekki, svo að vitað sé, verið neitt gert af hálfu rn. til þess að undirbúa þessa byggingu. Teikningar munu ekki liggja fyrir, og till. okkar miðar að því á þessu stigi, að það verði nú hafist handa um að gera teikningar að húsi, þannig að unnt verði að leggja í framkvæmdir á næsta ári.

Mér er ekki ljóst, hvernig á því stendur, að ekki hefur verið hafist handa um þetta mál. Mér þykir líklegt, að þar sé því um að kenna, að ýmsar þarfir séu óleystar hjá menntaskólum víða um land og að einhvern veginn hafi það vafist fyrir hæstv. ráðh., hvar ætti helst að drepa niður hendi til þess að byrja að leysa úr þeim vanda, sem víða er fyrir hendi. En að því leyti gegnir öðru máli um Menntaskólann við Hamrahlíð en ýmsa aðra menntaskóla, að þar stunda mjög margir nemendur nám, í allt eru það um 1200 nemendur. Um 830 eru reglulegir nemendur, og við þann skóla starfar, eins og kunnugt er, líka fjölmenn deild að kvöldinu til, svonefnd öldungadeild, þar sem fólk á öllum aldri stundar nám. Auk þess er þetta eini menntaskólinn í borginni, sem hefur alls enga aðstöðu fyrir sína nemendur til leikfimiiðkunar. Auðvitað er augljóst, að það er fullkomið áhyggjuefni, að við svo búið skuli standa, að mörg hundruð nemendur á þroska- og vaxtaraldri skuli vera látnir stunda skólanám jafnlangan tíma dagsins og gert er í menntaskólum, án þess að hafa nokkur skilyrði til þess að njóta þeirrar heilsuverndar og hressingar, sem fólgin er í hóflegri íþróttaiðkun.

Rektor Menntaskólans við Hamrahlíð hefur skýrt frá því, að hann hafi gert miklar tilraunir til þess að fá inni fyrir nemendur skólans í öðrum íþróttahúsum borgarinnar. Þær tilraunir hafa ekki borið árangur, vegna þess að þau eru fullnýtt, þannig að eina lausnin virðist vera að byggja sérstakt leikfimihús fyrir þennan skóla.

Þannig er mál með vexti, að auk hinna almennu raka, sem liggja til þess, að ungum skólanemendum sé nauðsyn á því að geta styrkt heilsu sína með leikfimiiðkunum, þá stendur svo á þessum skóla, að þar er námið stundað eftir sérstöku, allnýstárlegu kerfi, svonefndu áfangakerfi, sem verður þannig í framkvæmd, að námstími nemenda dreifist oft yfir allan daginn frá því kl. 8 að morgninum til kl. 6 á daginn, stundum með klukkutíma hléi eða tveggja tíma hléi á milli kennslustunda. Það vill oft verða svo, að þessi tími milli kennslustunda nýtist ekki sem skyldi. Þetta fyrirkomulag gerir það að verkum, að það er enn meiri nauðsyn að hafa íþróttahús skólans í næsta nágrenni hans, eins og raunar er gert ráð fyrir á upphaflegri áætlun í sambandi við byggingu hans.

Nú eru hér um bil 8 ár síðan skóli þessi var tekinn í notkun, og ég veit, að það er einlæg ósk stjórnar þessa skóla og nemenda hans, að íþróttahús verði reist við skólann sem fyrst. Því til staðfestingar vil ég leyfa mér að lesa tvö bréf, sem ég hef hér í höndum. Annað er frá rektor Menntaskólans við Hamrahlíð og hljóðar svo, með leyfi hæstv. forseta:

„Það vekur óblandna ánægju mína að sjá þessa till. studda af þm. úr öllum flokkum. Menntaskólinn við Hamrahlíð er kominn hátt á 8. starfsár sitt og senn liðinn áratugur frá því, er bygging skólahússins var hafin. Allan þennan tíma hefur það verið eitt af alvarlegri áhyggjuefnum mínum, að skólinn skuli ekki geta boðið nemendum sínum aðstöðu til líkamsræktar af neinu tagi. Á þeim aldri, sem fólkið sækir menntaskóla, er það á viðkvæmu þroskaskeiði, líkamlega sem andlega, og það er ábyrgðarhluti að halda því við kyrrsetur langan vinnudag án þess að veita því færi á og hvetja það til að stæla líkama sinn og styrkja. Mér finnst ég stundum sjá það á nemendum skólans, líkamlegri reisn þeirra, að þeir hafa ekki fengið þau tækifæri til heilsuverndar og líkamsræktar, sem þeir hefðu þurft á að halda. Það hefur komið fyrir fyrr, að skólar hafa þurft að þrauka alllengi án íþróttahúss, en ég hygg þess engin dæmi, að jafnstór skóli hafi þurft að bíða jafnlengi án þess að eiga nokkurs staðar innhlaup í íþróttahús, því að nú er svo komið, að öll íþróttahús borgarinnar eru fullsetin. Skólinn hefur því enn ekki getað ráðið sér fastan íþróttakennara. Þessi till. á sér því mikil rök. Ég fagna henni og vona, að hún marki þau tímamót í byggingarmálum skólans, að nú verði hafist handa um undirbúning að byggingu íþróttahúss og málum hrundið það rösklega áleiðis, að framkvæmdir geti hafist fyrir áratugsafmæli skólabyggingarinnar.

Guðmundur Arnlaugsson."

Og síðan er annað bréf frá Nemendafélagi Menntaskólans við Hamrahlíð, dags. 7. mars s. l.:

„Nemendastjórn MH lýsir ánægju sinni með framkomna till. á Alþ. um byggingu íþróttahúss fyrir skólann. Íþróttir og öll hreyfing er það, sem um 800 reglulegir nemendur fara á mis við, og er það vafalaust ekki til eflingar afkasta á öðrum sviðum, því að öllum mun kunnugt um, hve líkamleg hreysti og gervileiki hefur áhrif á almenna líðan þjóðfélagsþegnanna. Því vonum við, að hið ævaforna spartverska orðatiltæki: „heilbrigð sál í hraustum líkama" — sé enn í fullu gildi." Og þeir hafa nú skrifað hér „enn í fullu (verð)gildi" innan sviga, stjórnendur Nemendafélagsins. Bréf þetta undirritar Bolli Héðinsson, forseti nemendaráðs.

Herra forseti. Ég tel, að rökin fyrir þessari till. séu svo augljós, að ekki þurfi að tíunda þau frekar. Ég hygg raunar, að það eina, sem á vantar, sé, að það komi allþungur þrýstingur frá Alþ. til menntmrn., til þess að látið verði til skarar skríða um að hefja nú teikningar að þessu húsi, þannig að nemendur þessa skóla, þessi mikli fjöldi, þurfi ekki öllu lengur að fara á mis við þessa heilsuvernd, sem nemendur flestra annarra skóla þessarar borgar njóta. Mér finnst satt að segja, að einmitt þessa dagana, þegar allir virðast vera að fyllast af vorhug og umhverfi okkar birtist svo bjart og fagurt svona snemma vors, hljótum við líka að vilja

stuðla að því, að hið unga fólk, sem stundar nám í skóla hér í borginni, verði svo heilsuhraust, að orka þess nýtist til fulls til hinna erfiðu starfa, sem það verður að teljast að stunda menntaskólanám og síðar háskólanám, svo að í lagi sé.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Bættar vetrarsamgöngur, þáltill. (þskj. 50, n. 475). — Frh. einnar umr.

Frsm. (Lárus Jónsson): Herra forseti. Allshn. hefur rætt till. til þál. á þskj. 50 um bættar vetrarsamgöngur í snjóþungum byggðarlögum. N. hefur gefið út svofellt nál.:

„Allshn. hefur fjallað um till. til þál. á þskj. 50 um bættar vetrarsamgöngur í snjóþungum byggðarlögum. N. samþykkir að mæla með samþykkt till. óbreyttrar. Bjarni Guðnason var fjarverandi afgreiðslu málsins."

Ég held, að ég þurfi ekki að hafa fleiri orð um þetta. Það var gerð ítarleg grein fyrir þessu nauðsynjamáli, þegar haldin var fyrir því framsaga, og einnig kemur það fram í grg. málsins. Ég þakka meðnm. mínum í allshn. fyrir jákvæða afstöðu til þessa máls og endurtek það, að n. mælir með því, að till. verði samþykkt óbreytt.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Breyting á fasteignamatslögum og lögum um sambýli í fjölbýlishúsum, þáltill. (þskj. 113, n. 472). — Frh. einnar umr.

Frsm. (Bragi Sigurjónsson): Herra forseti. Mál þetta, sem hér er til umr., um athugun á fasteignamatsl. og l. um sambýli í fjölbýlishúsum, hefur verið fyrir allshn., og n. hefur orðið sammála um að mæla með samþykkt þessarar þáltill. óbreyttrar. Einn nm. var fjarstaddur við afgreiðsluna, Bjarni Guðnason.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Efri deild, 84. fundur.

Miðvikudaginn 20. mars, kl. 2 miðdegis.

Aðstoð við kaupstaði og kauptún vegna landakaupa, frv. (þskj. 510). — 1. umr.

Félmrh. (Björn Jónsson): Herra forseti. Ég mæli hér fyrir stjfrv. til l. um breyt. á l. nr. 41 27. apríl 1963, um aðstoð ríkisins við kaupstaði og kauptún vegna landakaupa. Þetta mál þarfnast ekki langrar skýringar eða mikillar framsöguræðu. Hér er aðeins um að ræða breytingu á tveimur efnisatriðum í viðkomandi lögum og það er í fyrsta lagi, að lánstíminn, sem hefur verið 25 ár samkv. l., verði styttur í 15 ár, og enn fremur, að vaxtakjörunum verði breytt þannig, að í stað þess, að á lánum til landakaupa hafa verið 5% ársvextir, er með frv. gert ráð fyrir, að þeir verði hækkaðir, þannig að þeir verði 3% lægri en almennir útlánsvextir lánastofnana. Aðrar breytingar felast ekki í þessu frv.

Ég ætla, að mönnum sé ljóst, að þau lánakjör, sem lögfest voru árið 1963 með þessum l., sem þá voru sett, séu orðin úrelt miðað við almenna útlánsvexti og þá verðlagsþróun, sem nú er í landinu. Þessi breyting er fyrst og fremst flutt til þess að drýgja það fé, sem til þessara mála er veitt á fjárlögum, og reyna að bjarga því að nokkru leyti, að það brenni ekki allt upp í þeirri verðbólgu, sem hér hefur geisað.

Það er kunnara en frá þurfi að segja, að þörf sveitarfélaganna fyrir fyrirgreiðslu af þessu tagi hefur farið mjög vaxandi, og menn þurfa varla annað en að líta á fskj., þar sem er skrá yfir óafgreiddar lánsumsóknir vegna landakaupa 1. mars s. l., til þess að gera sér ljóst, að 10 millj. á ári hrökkva skammt, ef litið kemur til baka af raunverulegum verðmætum, vegna þess að lánakjörin séu miklu lægri en almennt gerist hjá lánastofnunum.

Áður en frá þessu frv. var gengið, var haft samband við þann aðila, sem kemur fram fyrir sveitarfélögin varðandi þetta mál, þ. e. a. s. stjórn Sambands ísl. sveitarfélaga, og tjáði stjórnin sig samþykka efnisatriðum frv.

Ég vænti þess, að þetta mál fái greiða afgreiðslu hér í hv. þd. og hv. þn. og geti orðið afgr. fljótlega sem lög frá Alþingi, þar sem hefur verið gert ráð fyrir því, að þessi breyting taki gildi við þá úthlutun, sem fram fer nú á þessu ári.

Ég held, að ég sjái ekki ástæðu til, herra forseti, nema sérstakt tilefni gefist, til að fara frekar út í þetta mál, það er einfalt og ætti öllum að vera augljóst, en legg til, að því verði að lokinni þessari umr. vísað til 2. umr. og hv. félmn.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 13 shlj. atkv. og til félmn. með 13 shlj. atkv.

Jarðgufuvirkjun við Kröflu eða Námafjall, frv. (þskj. 292, n. 503, 468). — Frh. 2. umr.

Frsm. (Steingrímur Hermannsson): Herra forseti. Ég skal vera stuttorður, enda er ekki rétt að vera að tefja tímann hér í þessari hv. d. með því að svara þeim furðulegu fullyrðingum, sem fram komu hjá hv. þm. Halldóri Blöndal, sem er nú ekki viðstaddur. Hann svaraði ekki fsp. minni þess efnis, hvar hann hefði fengið þær upplýsingar, að meðferð Alþingis á þessu máli tefði eðlilegan undirbúning, enda er það ekki von, því að það er uppspuni einn. Í staðinn kennir hann mér það nú, að ég hafi tafið Kröfluvirkjun um eitt heilt ár. Ég verð að segja, að meiri er minn máttur en ég gerði mér grein fyrir.

Ég mun láta nægja að leiðrétta það, sem kannske má telja, að byggist á einhverjum misskilningi hjá þessum hv. þm., þó að ætla megi, að þar sé jafnvel um staðlausar fullyrðingar einnig að ræða.

Ég las upp úr orkuspá, sem verið er að vinna að, ítarlegri orkuspá, sem fljótlega verður birt, taldi það vera upplýsingar, sem hv. þm., m. a. þessi hv. þm., hefðu fróðleik af að heyra. Þar gat ég um samanlagða orkuvinnslugetu Norðurlandsvirkjana og virkjana á núv. svæði Landsvirkjunar, og ég gat þess, að árið 1978 væri umframorkugeta þeirra virkjana, sem nú eru komnar í gang, þar með talin Sigölduvirkjun, á þessu svæði samtals 82 gwst., en 1979 yrði hún 134 að meðtalinni Kröflu, sem þá yrði þar með að vera komin í gagnið. Án Kröflu yrði orkuskortur. Vitanlega segir þetta ekki nokkurn skapaðan hlut um það, að Krafla geti ekki verið komin fyrr í orkuframleiðslu. Ég sagði ekkert um það. Ég efast persónulega um, að það geti orðið 1976, og met það fyrst og fremst af þeim langa afgreiðslufresti, sem er á vélum. Ég held, að 1977 sé það fyrsta, og það væri ágætt, ef hún yrði tilbúin 1977.

Ég get fullyrt, þó að aðrir geti betur um það upplýst, að af hálfu stjórnvalda er ekki nokkur minnsta tilraun gerð til þess að tefja þetta mál, enda trúi ég því satt að segja ekki, að hv. þm. hafi mælt það af alvöru frekar en flest annað, sem hann lét sér um munn fara hér í þessari d. um þetta mál. Það er unnið að þessu af öllum þeim krafti, sem hægt er. Það verður borað í sumar. Ákveðið er, hvaða bor það verður, og það er unnið að kaupum á nýjum jarðbor til landsins. Það er vitanlega orðin langtum meiri spenna í þessu heldur en áður var, það vita allir, vegna þeirrar skyndilegu olíuhækkunar, sem orðin er um heim allan. En það hafa einnig verið veittar meiri fjárveitingar til slíkra frmkvæmda en áður hefur þekkst í okkar landi, og ég veit, að þeir sérfræðingar, orkumálastjóri og hans menn og aðrir, vinna að þessu máli með forgangshraði, ef ég má orða það svo, með þeirri þekkingu og þeim krafti, sem þeir geta. Þetta hefur verið upplýst í viðræðum við orkumálastjóra, svo að allar fullyrðingar um allt annað eru úr lausu lofti gripnar, eins og það, sem hann hefur látið sér fleira um munn fara, m. a. fsp. í síðustu viku utan dagskrár.

Hann spyr um það, hvort bændur í Þingeyjarsýslu ættu að fá orku o. s. frv. Orkuspá eins og sú, sem ég hef hér rætt um, fjallar að sjálfsögðu ekki um einstaka bændur, en ég get sagt honum það, að í þessari orkuspá er gert ráð fyrir nákvæmlega sömu aukningu, sama hraða á húshitun með rafmagni á Norðurlandi eins og Suðurlandi, nákvæmlega sama. Gert er ráð fyrir 6.35% árlegri aukningu almennrar notkunar, bæði á Norðurlandi og Suðurlandi, og gert er ráð fyrir því í báðum landshlutum, að húshitunarmarkaðurinn mettist að 80% árið 1981. Ég sel þetta að sjálfsögðu ekki dýrara en ég keypti það. Þetta eru auðvitað allt vondir menn, sem þetta gera, og vilja hv. þm. og hans kjósendum hið versta. þannig má helst skilja orð hans. En svona hafa þeir lagt þetta fyrir okkur, og ég sé ekki sjálfur ástæðu til að vefengja það. Ég held, að þetta sé unnið vel og af fullkominni vandvirkni.

Sem sagt, ég vildi fyrst og fremst leiðrétta, að í þessu felist nokkur tilraun til þess að fresta Kröfluvirkjun, alls ekki, og ég vil sömuleiðis enn ítreka það, sem fram kom í umr. við orkumálastjóra, að meðferð þingsins á þessu hefur ekki á nokkurn máta tafið þetta mál. Ég vil benda hv. þm. á að tala við flokksbróður sinn, hv. þm. Ingólf Jónsson, um þetta, sem sagði á fundi nýlega, að raunar mætti helst gagnrýna þetta frv. fyrir það að sækjast eftir heimild til virkjunar, áður en nauðsynlegum rannsóknum væri lokið, því að venjulega ættu rannsóknir að vera á undan og heimildin síðan að koma á eftir. Það var hins vegar vilji stjórnvalda að gera þetta á þennan máta, til þess að þarna þyrfti engin töf á að verða og panta mætti vélar þegar á næsta hausti, jafnvel áður en þing kemur saman að nýju.

ATKVGR.

Brtt. 503 (ný 1. gr.) samþ. með 16 shlj. atkv.
— 468 tekin aftur.
2.—6. gr. samþ. með 17 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 17 shlj. atkv.

Landsvirkjun, frv. (þskj. 432, n. 504). — 2. umr.

Frsm. (Steingrímur Hermannsson): Herra forseti. Iðnn. hefur haft til meðferðar frv. til l. um breyt. á l. nr. 59 frá 20. maí 1965, um Landsvirkjun o. s. frv., á þskj. 432. Þetta frv. er að sjálfsögðu sprottið af þeirri þörf, að Landsvirkjun fái lánsfé vegna virkjunarframkvæmda við Sigöldu. Í því felst heimild til ríkissjóðs að lána Landsvirkjun allt að 350 millj. kr. með þeim kjörum, sem fjmrh. ákveður, og er það í samræmi við fyrri heimildir, m. a. vegna virkjunar Landsvirkjunar í Þjórsá við Búrfell á sínum tíma. N hefur orðið sammála um að mæla með frv. þessu óbreyttu, eins og fram kemur á þskj. 504. Einn nm., Geir Hallgrímsson, var fjarverandi við afgreiðslu málsins.

ATKVGR.

1. gr. samþ. með 16 shlj. atkv.
2. gr. samþ. með 15 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 16 shlj. atkv.

Skipulag ferðamála, frv. (þskj. 136, n. 450, 420, 451, 463). — 2. umr.

Frsm. (Páll Þorsteinsson): Herra forseti. Þetta frv. um skipulag ferðamála hlaut þá afgreiðslu í samgn., að n. leggur til, að frv. verði samþ. með nokkrum breyt., en einstakir nm. áskilja sér þó rétt til að flytja frekari brtt. og fylgja brtt., sem fram kunna að koma.

Ferðalög hafa aukist mjög ört á síðustu áratugum og eru enn í örum vexti. Orsakir þess eru af ýmsum toga, svo sem að batnandi lífskjör fólks ýta undir ferðalög og aukinn frítími almennings víða um heim hefur gert fólki fært að ferðast meira og lengra en áður þekktist. Öll þessi aukning byggist þó fyrst og fremst á þeirri byltingu, sem orðið hefur síðasta aldarfjórðung-

inn í flutningamálum, fyrst og fremst með tilkomu reglubundinna, tíðra og öruggra flugsamgangna um allan heim og einnig með bættum samgöngum á landi og sjó.

Tilgangurinn með flutningi þessa frv. er sá að stuðla að þróun ferðamála og skipulagningu ferðaþjónustu fyrir íslenskt og erlent ferðafólk hér á landi og að þetta geti orðið mikilvægur þáttur í íslensku félags- og atvinnulífi. Þetta á að ná bæði til ferðalaga landsmanna sjálfra og útlendinga, sem til landsins koma. Einnig skal þess gætt, að miklum straumi erlendra ferðamanna getur fylgt nokkur áhætta í sambandi við umgengni um landið og miður æskileg áhrif, einkum fyrir fámenna þjóð. Er því mikilvægt, að unnið sé skipulega að hæfilegri þróun og aukningu á ferðamannaþjónustu og ferðum manna um landið. Skipulagsbreytingar á þessu sviði samkv. frv. eru m. a. þessar:

Komið skal á fót Ferðamálastofnun Íslands, og fer hún með stjórn ferðamála undir yfirstjórn samgrn. Stofnunin verður til við sameiningu Ferðaskrifstofu ríkisins og starfsliðs ferðamálaráðs, þess sem nú starfar. Verkaskipting milli þessara tveggja aðila hefur ekki verið nægilega skýr, og á með þessum ákvæðum að reyna að bæta úr því og stuðla að aukinni hagkvæmni í störfum. Auk þeirra verkefna, sem þessum tveimur stofnunum eru nú falin með gildandi l. um ferðamál, er gert ráð fyrir ýmsum nýjum verkefnum, eins og 6. gr. frv. sýnir.

Ferðamálaþing á samkv. frv. að koma í stað ferðamálaráðstefna þeirra, sem haldnar hafa verið árlega, frá því að ferðamálaráð var stofnað árið 1964, en ákveðið verður með reglugerð, hverjir hafa þar rétt til setu. Ferðamálaþing skal samkv. frv. kjósa 7 manna ferðamálaráð, en það verður sá hluti hagsmunasamtakanna, sem hefur beint samband við stjórnkerfi ríkisins. Ferðamálaráð á síðan að kjósa 2 af 5 mönnum í stjórn Ferðamálastofnunar Íslands og 2 af 3 í ferðamálasjóðsnefnd, en hún á að fjalla um málefni ferðamálasjóðs og m. a. gera rökstuddar till. um lán eða framlög úr sjóðnum. Samkvæmt frv. verða ferðamálaþing og ferðamálaráð tengiliður milli þeirra fjölmörgu aðila, stofnana og samtaka, sem ferðamálaþjónustan varðar á einhvern hátt, og þess hluta af stjórnkerfi ríkisins, sem þessi starfsemi lýtur.

IV. kafli frv. fjallar um almennar ferðaskrifstofur. Á þeim kafla eru gerðar litlar breytingar frá því, sem er í gildandi lögum. Þess skal þó getið, að trygging sú, sem ferðaskrifstofu ber að setja, er samkvæmt frv. hækkuð úr 1.5 millj. í 3 millj. kr., þannig að leyfi til rekstrar ferðaskrifstofu má því aðeins veita, að umsækjandi setji bankatryggingu, sem eigi sé lægri en 3 millj. kr. Rekstur ferðaskrifstofa er að því leyti frábrugðinn flestri annarri atvinnustarfsemi, að viðskiptamaðurinn greiðir þar oft fyrir fram þá þjónustu, sem ferðaskrifstofan veitir. Af því leiðir, að viðskiptavinurinn á það undir heiðarleika ferðaskrifstofunnar fyrst og fremst, hvort hann fær þá þjónustu fyrir greiðslu sína, sem til var ætlast og um var samið. Þegar við þetta bætist, að ferðaskrifstofur fá í langflestum eða öllum tilfellum gjaldfrest hjá skipafélögum, flugfélögum, hótelum og greiðasölustöðum, þá liggur í augum uppi, að starfsemi ferðaskrifstofu krefst ekki mjög mikils rekstrarfjár. En nokkur freisting er þá fyrir hendi fyrir einstaklinga til þess að hefja rekstur ferðaskrifstofu í skjóli þess án þess að ráða yfir nægilegu fjármagni til þess að mæta óvæntum áföllum. Með tilliti til þessa er gert ráð fyrir að hækka það gjald, sem ferðaskrifstofu ber að setja sem tryggingu gagnvart rekstrinum. Og reynsla undanfarinna ára sýnir, að það er full ástæða til að gefa þessu atriði gaum.

Skv. frv. á að efla ferðamálasjóð verulega frá því, sem nú er, með því, að árlegt framlag úr ríkissjóði verði eigi lægra en 10 millj. kr. Einnig á að renna til sjóðsins hluti tekna af aðgöngumiðagjaldi að vinveitingahúsum skv. lögum. Enn fremur skal ferðamálasjóði heimilt að fengnu samþykki ríkisstj. að taka allt að 200 millj. kr. lán eða jafnvirði þeirrar fjárhæðar í erlendri mynt, ef árlegt ráðstöfunarfé sjóðsins nægir ekki til þess, að hann geti á viðunandi hátt gegnt hlutverki sínu.

Skv. ákvæðunum í frv. um ferðamálasjóð er gert ráð fyrir nokkru víðtækara starfssviði sjóðsins heldur en er skv. gildandi lögum. Skv. þeim má sjóðurinn eingöngu lána til framkvæmda við gisti- og veitingastaði, og er hann því í reynd ekki almennur ferðamálasjóður, heldur fyrst og fremst hótelsjóður.

Samgn. hefur orðið ásátt um að bera fram nokkrar brtt. við frv., og eru þær prentaðar á þingskj. 451. Þessar brtt. fela ekki í sér stórfelld efnisatriði, heldur er í mörgum þeirra fremur um orðalagsbreytingar að ræða, eftir því sem n. að athuguðu máli þótti mega betur fara.

1. brtt. er um það, að í greininni, þar sem rætt er um tilgang laganna, sé það tekið fram, að ferðamál eigi að vera mikilvægur þáttur í íslensku félags- og atvinnulífi. Þarna er orðinu félags eða félagslífi bætt inn í.

2. brtt. fjallar um það, að einn af 5 stjórnarmönnum Ferðamálastofnunar Íslands skuli skipaður eftir tilnefningu náttúruverndarráðs. En af því leiðir, að ráðh. skipar einn fastan starfsmann í samgrn. í stjórnina og enn fremur einn mann án tilnefningar. En í frv. er gert ráð fyrir, að ráðh. skipi svo tvo menn óbundið eða án tilnefningar. Þessi till. er flutt eftir ósk náttúruverndarráðs, en þangað fór frv. til umsagnar eins og í nokkra fleiri staði.

3. brtt. er við 6. gr. Þar er gert ráð fyrir, að felld séu niður í I. kafla 3. tölulið þessi orð: „Þ. á m. aðild að rekstri kynningarskrifstofa erlendis.“ N. sýnist vera ástæðulaust, að það sé lögbundið, að Ferðamálastofnun Íslands skuli eiga aðild að rekstri kynningarskrifstofa erlendis. Þó að þetta verði ekki lögbundið, þá verður það að sjálfsögðu frjálst val þeirra, sem að stofnuninni starfa eða stjórna henni, á hvern hátt þeir vinna að landkynningarstarfsemi.

Aðrir liðir í brtt. við 6. gr. eru orðalagsbreytingar, sem ég tel ekki ástæðu til að fjölyrða um.

4. brtt. er um að binda það ekki svo fast, sem frv. gerir ráð fyrir, í hvaða mánuði ársins ferðamálaþing skuli haldið. Í frv. er ákveðið, að það skuli vera í septembermánuði, en að athuguðu máli þykir eðlilegra, að það sé meiri sveigjanleiki

í þessu efni, en þingið verði þó eigi haldið síðar en í septembermánuði.

Í 5. brtt. felst það, að gert er ráð fyrir, að ferðamálaráð kjósi sjálft formann og varaformann úr hópi aðalmanna í ráðinu, en þeir séu ekki kosnir sérstaklega á ferðamálaþingi.

6. brtt. er um, að það sé ekki gert að ófrávíkjanlegu skilyrði til þess að geta öðlast rétt til þess að reka ferðaskrifstofu, að aðili hafi náð 25 ára aldri. Það er í samræmi við lækkun aldursmarks í ýmsum öðrum greinum, enda hlýtur það að nokkru leyti að bindast af þeim skilyrðum, sem sett eru um undirbúning og starf, áður en menn geta öðlast slík réttindi, að mjög ungur maður getur ekki fullnægt þeim skilyrðum — fengið þann rétt, sem 14. gr. frv. á að veita.

7. brtt. fjallar um það að gera nokkru víðtækari þá heimild eða þau fyrirmæli, sem í greininni felast, til Ferðamálastofnunar Íslands og hníga að því að bæta hreinlætis- og snyrtiaðstöðu á fjölsóttum ferðamannastöðum.

Í 9. brtt. felst sú orðalagsbreyting, að í stað þess, að í frv. var gert ráð fyrir heimild til þess, að greiddur skuli aðgangseyrir að fjölsóttum ferðamannastöðum, sem eru eign ríkisins, þá sé þetta orðað á þann veg, að það geti komið sanngjarnt gjald fyrir þjónustu, sem veitt er á stöðum í umsjá ríkisins. Þetta felst í 9. brtt.

Í 8. brtt. er fjallað um n. manna, sem á að hafa til athugunar málefni ferðamálasjóðs. Í frv. segir, að ráðh. skipi 3 menn til 4 ára í senn til að fjalla um málefni ferðamálasjóðs. Skuli þeir gera rökstuddar tillögur um lán eða framlög úr sjóðnum. Ferðamálaráð tilnefnir 2 fulltrúanna. En í brtt. samgn. er lagt til, að formaður stjórnar Ferðamálastofnunar Íslands eigi sæti í n., ferðamálaþing tilnefni einn nm. og hinn þriðja skipi ráðh. án tilnefningar.

Ég sé svo ekki ástæðu til að svo stöddu að fara fleiri orðum um málið. En í samræmi við það, sem ég lýsti um afgreiðslu málsins í n., þá er lagt til, að frv. verði samþykkt.

Jón Árnason: Herra forseti. Eins og fram kemur í nál. samgn., skrifuðum við hv. 6. þm. Suðurl. undir álit n. með fyrirvara. Fyrirvari okkar byggðist í fyrsta lagi á því, að við erum ekki að öllu leyti sammála þeim till., sem fluttar eru á þskj. 451, enda þótt við séum að sumu leyti efnislega sammála því, sem fram kemur í till. En hins vegar höfum við valið þann kostinn að flytja á sérstöku þskj. brtt. við frv., sem ekki náðist samstaða um innan n.

Svo sem kunnugt er, þá lá þetta sama frv. einnig fyrir síðasta þingi, en náði þá ekki að hljóta afgreiðslu. Málið var þá borið fram í Nd., og sendi samgn. Nd. málið þá til umsagnar ýmissa aðila. Þessar umsagnir, sem Alþingi bárust á síðasta þingi, voru uppistaðan í þeim umsögnum, sem n. hafði nú til hliðsjónar við athugun sína á málinu, að undanskilinni allítarlegri umsögn, sem n. barst eftir s. l. áramót frá náttúruverndarráði, eins og hv. frsm. n. hefur þegar gert grein fyrir. Meðal þeirra aðila, sem umsagnir sendu um málið, var ferðamálaráð. Það sendi allmikið álit í s. l. aprílmánuði, árið 1973, en gat þess í lok grg. sinnar, að það teldi, að málið þyrfti endurskoðunar við og að gera yrði á frv. ýmsar breytingar, en þeir mundu síðar leggja fram sínar brtt.

Þessar till. ferðamálaráðs bárust hins vegar aldrei skriflegar frá ráðinu, en þess í stað mætti hjá n. nokkur hluti ráðsins og ræddi um einstaka þætti frv. Ferðamálaráð segist vera n. þeirri, er frv. samdi, sammála um, að það orki mjög tvímælis, hvort rétt sé, að hin nýja stofnun haldi áfram þeim almenna ferðaskrifstofurekstri, sem Ferðaskrifstofa ríkisins heldur nú uppi, en leggur þó til, að svo verði gert, og byggir þær till. á því, að ferðaskrifstofureksturinn muni leggja grundvöll að fjárhagslegri afkomu hinnar nýju stofnunar. Um þessa skoðun n., hvað viðkemur arðvænlegum rekstri, munu vera skiptar skoðanir, og eftir þeim upplýsingum, sem forstöðumaður Ferðaskrifstofu ríkisins gaf samgn., er hann mætti á fundi n., er ekki óeðlilegt, að menn efist um þann fjárhagslega möguleika, sem ferðaskrifstofurekstrinn á að tryggja í sambandi við Ferðamálastofnunina.

Forstöðumaðurinn upplýsti sem sagt, að fjárhagur Ferðaskrifstofunnar væri mjög bágborinn, enda hefur verið um verulegan hallarekstur að ræða hjá stofnuninni.

Ég gat þess áðan, að ferðamálaráð hefði ekki gefið nýjar umsagnir um málið eða athugasemdir við frv., sem hér liggur fyrir, eins og það gaf þó fyrirheit um, þegar það skilaði sínu áliti eða umsögn um málið í aprílmánuði 1973. Hins vegar berst nú á borð hv. þingmanna stutt bréf frá ferðamálaráði, sem hljóðar svo, með leyfi forseta:

„Ferðamálaráð leyfir sér hér með að vekja athygli hv. samgn. Ed. Alþingis á brtt. herra alþm. Ragnars Arnalds á þskj. 420 um frv. til l. um skipulag ferðamála, sem nú er til meðferðar á Alþingi. Mál það, sem rætt er um á tilvitnuðu þskj., er að áliti ferðamálaráðs mikilvæg og nauðsynleg breyting við frv. til laga við skipulag ferðamála. Það er samdóma álit ferðamálaráðs að samþykkja beri framangreinda brtt. herra alþm. Ragnars Arnalds. Ferðamálaráð hefur til athugunar aðrar brtt., sem fram hafa komið í samgn. Margar þeirra eru athyglisverðar að dómi ferðamálaráðs. Ferðamálaráðið mun væntanlega vilja segja álit sitt á þeim síðar."

Ég verð nú að segja það, að ég er í fyrsta lagi dálítið undrandi yfir slíku bréfi sem þessu frá ferðamálaráði, að það skuli koma núna, að þeir eru enn þá að velta fyrir sér að taka afstöðu til afgreiðslu málsins, og ég veit satt að segja ekki, hvað á að gera með þetta ráð, að vera að þvælast með í íslenskri löggjöf ráð, sem ekki getur tekið afstöðu um það mál, sem hér liggur fyrir. Ferðamálaráð gaf um það fyrirheit í aprílmánuði s. l., að það mundi gera viðbótarathugasemdir skriflega. Það hefur ekki tekist enn í dag að koma því í verk. En um þessa till. hv. þm. Ragnars Arnalds vil ég segja það, að ég tel, að efnislega eigi hún fullan rétt á sér, og ég er henni sammála. Mér er einnig kunnugt um það, að hæstv. menntmrh. hefur hlutast til um það í sambandi við þessi mál á undanförnum árum, að það

yrði tekið tillit til þess, sem í þessari till. felst, þegar teiknaðir hafa verið nýjir skólar, enda er það sjálfsagt mál. En ég tel, að þessi till. eigi alls ekki heima við þessa löggjöf. Hún á heima við skólakostnaðarlögin og hvergi annars staðar, enda er það allt annað rn., sem hefur með byggingu skólanna að gera, heldur en samgrn., og þess vegna tel ég, að hv. þm. ætti að draga þessa till. hér til baka, en flytja hana á ný sem brtt. þá við skólakostnaðarl., og þar á hún fullan rétt á sér. Ég er efnislega samþykkur till. og tel, að við eigum að stefna að því að framkvæma það, sem í till. felst.

Ég vil þá gera grein fyrir þeim till., sem við hv. 6. þm. Sunnl. flytjum. Eins og fram kemur, leggjum við til, að ferðamálaráð verði lagt niður í þeirri mynd, sem það er, og teljum óeðlilegt, að slík samstarfsnefnd sé lögboðin, eftir að Ferðamálastofnunin hefur fengið sína stjórn, eins og hér er lagt til. Þá er það skoðun okkar, að Ferðaskrifstofu ríkisins eigi að reka sem sjálfstæða stofnun á jafnréttisgrundvelli við aðra sambærilega starfsemi og hún eigi ekki að njóta annarra forréttinda en þeirra, sem felast í því að hafa forgang að farmiðasölu, sem til fellur af hendi þess opinbera. Þá erum við einnig sammála ferðamálaráði um það, að ekki er fyrir hendi annar aðili en Ferðaskrifstofa ríkisins, sem frekar ætti að hafa á hendi rekstur sumargistihúsanna, sem rekin hafa verið á undanförnum sumrum í húsnæði heimavistarskólanna. Það fer saman, að hér er hagnýtt húsnæði á þeim tíma, sem það annars stæði autt og skilaði því engum arði, og hins vegar séð fyrir þeirri miklu eftirspurn, sem um er að ræða á gistiaðstöðu eða hótelplássi fyrir innlenda og erlenda ferðamenn yfir sumartímann. Það eru fyrst og fremst þessir tveir þættir ferðamálanna, sem brtt. okkar eru byggðar á.

Varðandi 1. brtt., sem n. flytur sameiginlega, hef ég engar aths. að gera. Þar var n. sammála, og hefur hv. 5. þm. Austf., frsm. n., gert grein fyrir þeirri till. 1. brtt. okkar er hins vegar við 4. gr., og hún er shlj. brtt. n. að öðru leyti en því, að í stað þess, að ferðamálaráð tilnefndi tvo menn í stjórn Ferðamálastofnunarinnar, leggjum við til, að það sé ferðamálaþingið, sem tilnefni umræddá fulltrúa. Okkur finnst það í alla staði eðlilegt með tilliti til þess, að fullvíst má telja, að þeir aðilar skipi ferðamálaþing með atkvæðisrétti, sem hafa mestra hagsmuna að gæta varðandi ferðamálin í heild, og er ekki óeðlilegt, að það komi í hlut þess að tilnefna þá nm., sem hér um ræðir, og það án tillits til þess, hvort ferðamálaráð verður lagt niður eða ekki. Ég tel, að það skipti ekki öllu máli í þessum efnum, en tel hins vegar tvímælalaust, að það sé ferðamálaþingið, þar sem saman eru komnir þeir aðilar, sem hafa mestra hagsmuna að gæta í þessum efnum, það séu þeir, sem eiga að tilnfena þessa menn, en ekki ferðamálaráðið, enda þótt því auðnist lengri lífdagar.

Þá koma brtt. við 6. gr. Er þar fyrst brtt. okkar við 1. tölul., sem við leggjum til, að orðist þannig, með leyfi forseta: „Að efla og styrkja starfsemi ferðamálafélaga og vinna að undirbúningi árlegs ferðamálaþings.“ Hér er breytingin m.a. fólgin í því að fella niður, að Ferðamálastofnunin eigi að aðstoða ferðamálaráð við dagleg störf. Það er álit allra nm., að enda þótt ferðamálaráð yrði ekki lagt niður, þá kæmi ekki til mála, að það hefði með höndum nokkuð það, sem kallast gæti dagleg störf. Þá kemur það fram í þessari till., að við teljum, að það sé í verkahring stjórnar Ferðamálastofnunarinnar að hafa á hendi undirbúning að hinu árlega ferðamálaþingi. Ég tel, að eftir að þessari yfirstjórn ferðamála, sem er Ferðamálastofnun Íslands, hefur verið komið á, þá hljóti þetta verkefni að koma í hlut þeirrar stofnunar. Við leggjum til, að kaflinn Sölustarfsemi verði felldur niður úr frv. Er það í samræmi við það álit okkar, að Ferðaskrifstofa ríkisins eigi að starfa áfram sem sjálfstæð stofnun og það sé verkefni hennar og annarra slíkra að hafa sölustarfsemina á hendi. Hins vegar leggjum við til, að í kaflann Þjónustustarfsemi komi nýr tölul., sem verði 8. tölul., og er það að mestu leyti óbreyttur 1. tölul. í kaflanum Sölustarfsemi að öðru leyti en því, að niður falla orðin „með eigin ferðum“. Er það í samræmi við það, sem ég hef áður sagt.

Þá er loks síðasta brtt. okkar við þennan kafla. Lagt er til, að á eftir 6. gr. komi ný gr., sem orðist svo:

„Stjórn Ferðamálastofnunar Íslands skal árlega gera fjárhagsáætlun fyrir næsta ár og senda samgn. svo snemma, að fylgt geti fjárlagafrv. til Alþ.“

Það er mitt álit, að hvort sem Ferðamálastofnunin hefur sjálf með höndum ferðaskrifstofurekstur eða ekki, þá verði vart hjá því komist að veita henni nokkurt fé árlega í fjárl. til að halda uppi nauðsynlegri landkynningarstarfsemi. Ég hef áður að því vikið, hvað forstjóri Ferðaskrifstofu ríkisins upplýsti um fjárhagsafkomu Ferðaskrifstofunnar, sem þó hefur allverulegar tekjur tryggðar með samningi sínum við Íslenskan markað á Keflavíkurflugvelli. Hitt tel ég sjálfsagt, að þessi stofnun eins og aðrar ríkisstofnanir geri sína fjárhagsáætlun og sendi hana til viðkomandi rn. og að slík fjárhagsáætlun liggi þá það tímanlega fyrir, að hægt sé að taka tillit til hennar við afgreiðslu fjárl.

Við III. kaflann, Um ferðamálafélög, ferðamálaþing og ferðamálaráð, hefur fallið niður till. okkar um breytingu um fyrirsögn kaflans, þar sem við leggjum til, að orðin „og ferðamálaráð“ falli niður.

8. gr. frv. leggjum við til, að orðist svo:

„Ferðamálaþing skal halda eigi síðar en í septembermánuði ár hvert. Ráðh. ákveður með reglugerð, að fengnum till. frá stjórn Ferðamálastofnunar Íslands, hvaða aðilar, samtök og stofnanir, er hagsmuna hafa að gæta, hafa rétt til að senda fulltrúa á ferðamálaþingið, svo og hverjir hafa rétt til að sitja þingið án atkvæðisréttar. Hlutverk ferðamálaþings er að fjalla um ferðamál og þróun þeirra og gera till. um þau, miðað við heildarstefnu laga þessara.“

Efnislega er hér ekki um mikla breytingu að ræða. Þó vil ég taka það fram, að enda þótt ráðh. ákveði með reglugerð, hverjir hafi rétt til að sitja ferðamálaþing með atkvæðisrétti, og það er hér einnig lagt til, þá er það síst verra fyrir viðkomandi ráðh., að hann fái ábendingar frá

Ferðamálastofnuninni hér um, áður en hann tekur sína ákvörðun. Það kom fram í viðræðum, sem við áttum við þá, sem hér eiga hagsmuna að gæta, að sept. væri í síðasta lagi sú tímatakmörkun, sem miða ætti við varðandi þinghaldið, og það er með tilliti til þess, sem orðalagið veitir meira svigrúm, eins og hér er lagt til, það er eigi síðar en í septemberlok.

Þá leggjum við til, að 9. gr. falli niður, en efni hennar er um verkefni ferðamálaráðs og annað, sem því er tengt.

Við 10. gr. erum við með þá brtt., að það sé stjórn Ferðamálastofnunarinnar, en ekki ferðamálaráð, sem boðar til ferðamálaþings og undirbúi dagskrá þess. Hér er um sömu formsatriði að ræða, sem ég áður hef minnst á, og tel ekki ástæðu til að orðlengja frekar um það.

Þá kemur næst till. okkar um Ferðaskrifstofu ríkisins. Við leggjum sem sagt til, að Ferðaskrifstofa ríkisins starfi áfram sem sjálfstæð stofnun á jafnréttisgrundvelli við aðrar ferðaskrifstofur, auk þess sem hún taki að sér það verkefni að starfrækja sumarhótel í heimavistarskólum, eftir því sem um semst við forráðamenn skóla. Ég hygg, að það séu allir á einu máli um, að þessi starfsemi sé hvergi betur komin en á vegum Ferðaskrifstofu ríkisins, og ef vel tekst til, þá ætti þessi starfsemi ekki að þurfa að vera baggi á Ferðaskrifstofunni. Það er hvort tveggja, að okkur er kunnugt um hinn þrönga fjárhag, sem Ferðaskrifstofa ríkisins á við að búa í dag, og einnig með tilliti til þess, að ríkið sem eignaraðili hlýtur að hafa vissar skyldur um fjárhagslegan stuðning við fyrirtækið, að við leggjum til í fyrsta lagi, að Ferðaskrifstofunni verði veitt nýtt stofnframlag að upphæð allt að 10 millj. kr., og enn fremur verði kveðið á um, að ríkisstj. sé heimilt að ábyrgjast allt að 10 millj. kr. að láni til viðbótar. Hver svo sem framkvæmdin verður, að ferðaskrifstofureksturinn verði liður í starfsemi Ferðamálastofnunarinnar eða horfið verði að því að reka Ferðaskrifstofu ríkisins sem sjálfstæða stofnun, þá hygg ég, að ekki verði hjá því komist að veita þá fjárhagslegu fyrirgreiðslu, sem hér er lagt til í þessu skyni.

Við kaflann um Ferðamálasjóð eru nokkrar brtt. Brtt. við 22. gr., sem n. flytur, erum við allir sammála um, og hefur frsm. n. gert grein fyrir henni. Við 26. gr. flytjum við hins vegar nýja brtt., sem er að orðalagi algerlega samhljóða till. n., nema í okkar till. er kveðið á um, að sá maður, sem ráðh. skipi án tilnefningar, skuli vera formaður n. Við teljum það sjálfsagt, að enda þótt þessi n. fari ekki með nein úrslitavöld varðandi lán úr Ferðamálasjóðnum, að úr því það er um þriggja manna n. að ræða, sem á að hafa til athugunar málefni þessa sjóðs, þá hljóti einhver af þessum þremur að vera formaður n., og er þá eðlilegast, að það sé sá maður, sem ráðh. tilnefnir.

Við 32. gr. má segja, að till. n. og okkar brtt. sé efnislega hin sama að undanskildu því, að við fellum niður aðild ferðamálaráðs, svo sem á öðrum stöðum í frv. Annað er það ekki, sem máli skiptir. Ákvæði til bráðabirgða breytist einnig með hliðsjón af sama.

Ég hef þá í stórum dráttum gert grein fyrir þeim brtt., sem við hv. 6. þm. Sunnl. flytjum á þskj. 463. Og ég tel ekki ástæðu til að orðlengja frekar um málið. Það er álit flestra, að ég hygg, að enda þótt þeir séu ekki að öllu leyti sammála einstökum ákvæðum þessa frv., þá sé sú heildarstefna, sem í frv. felst, spor í rétta átt og til ávinnings fyrir þessa mikilsverðu atvinnugrein.

Félmrh. (Björn Jónsson): Herra forseti. Ég vil byrja á því að þakka hv. samgn. fyrir afgreiðslu hennar á þessu máli. Hún hefur að vísu tekið nokkurn tíma, eins og vænta mátti, og það hefur vafist fyrir, að málið gæti verið tekið hér til umr., líka nokkurn tíma til viðbótar, þó að það sé búið að vera á dagskrá hér í um það bil hálfan mánuð. Ég vona, að þetta komi ekki að sök og að málið geti fengið framgang á þessu þingi, enda tel ég mjög mikilsvert, að það líði ekki annað þing svo eða við þurfum ekki þriðja þingið til þess að geta komið þessu máli heilu til hafnar.

Ég vil þá jafnframt lýsa sérstakri ánægju minni yfir því, að hv. samgn. hefur orðið sammála um öll þau atriði, sem ég tel meginmáli skipta varðandi þetta frv., megintilgang þess, og að hér sé um spor í rétta átt að ræða til þess að skipuleggja ferðamálin með þeim hætti, sem okkur er sæmandi, og með sérstöku tilliti til náttúruverndarsjónarmiða. En í eldri l. var yfirleitt ekki minnst á náttúruvernd, en með þessum nýju l. var það gert að einu höfuðverkefni Ferðamálastofnunarinnar að samræma eðlilega þróun ferðamála við náttúruverndarsjónarmið.

Þrátt fyrir þetta hafa verið fluttar allmargar brtt. við frv., og er ég ekkert hissa á því. Hér er um stóran lagabálk að ræða og ekki nema eðlilegt, að skiptar skoðanir geti verið um einstök atriði, enda auðséð, að það geti vafist fyrir ýmsum afstaða til sumra þeirra brtt., sem hér eru fluttar. Ég tel enga þessara brtt. vera þess eðlis, að þær muni spilla þeim megintilgangi, sem í frv. felst, og ætla mér því ekki að leggja neitt ofurkapp á það, hvernig fer um afgreiðslu þeirra. Þó vil ég segja, að ég tel þær till., sem koma frá samgn., yfirleitt ekki neitt veigamiklar, en þær séu yfirleitt til bóta, og sé ekki ástæðu til þess að fjalla sérstaklega um þær, að undantekinni 2. brtt., sem ég fyrir mitt leyti er andvígur, ekki sérstaklega kannske vegna þess, að hún hafi svo mikil áhrif á þetta frv., heldur tel ég hér vera um óeðlilega skipan að ræða, þ. e. a. s. nú, þegar tekin eru inn í íslenska ferðamálalöggjöf sérstaklega mikilsverð ákvæði um náttúruvernd, þá sé ekki jafnframt sérstök ástæða til þess að skipa eins konar sérstakan pössunarmann frá náttúruverndarráði í stjórn Ferðamálastofnunarinnar. Ég verð að segja, að ef það er ástæða til þess, að náttúruverndarráð skipi mann í stjórn þessarar stofnunar, þá væri miklu ríkari ástæða til þess, að náttúruverndarráð skipaði mann í stjórn þessarar stofnunar, til þess að gæta náttúruverndarsjónarmiða t. d. í stjórn fyrirtækja eins og álverksmiðjunnar, áburðarverksmiðjunnar eða einhvers þvílíks, sem vafi getur leikið á, að ekki sé háskalegt umhverfinu, því að ég vil ekki viðurkenna, að ferðamenn almennt, hvorki útlendingar né innlendir, séu sérstakir

skaðvaldar gagnvart íslenskri náttúru. Og ég held, að ef ofan í það væri farið, hvar ljótust eru viðskipti okkar við náttúruna, þá séu það ekki ferðamenn, sem þar eiga hlut að máli, heldur allt aðrir aðilar. Ég tel líka, að það sé kveðið svo fast á um það í þessum l. og það sé meining allra, að það sé gott samstarf við ferðamálaráð og náttúruverndarsjónarmiða gætt svo ítarlega sem kostur er, að ekki sé nein sérstök ástæða fyrir þessari einstæðu stjórnarþátttöku náttúruverndarráðs.

Ég segi þetta ekki vegna þess, að ég telji neina hættu stafa af þessu út af fyrir sig. Það hefur verið mjög gott samband og samstarf með náttúruverndarráði og samgrn. um ferðamál og önnur þau mál, sem það varðar sérstaklega, og m. a. hefur verið komið á sérstakri samstarfsnefnd með samgrn. og náttúruverndarráði. Og ég tel það ásamt þeim lagaákvæðum, sem hér er um að ræða og eiga að tryggja einmitt sérstakt tillit til náttúruverndar, vera nægilegt, þó að ekki komi til sérstök þátttaka. Ég bendi fyrst og fremst á þetta vegna þess, að sé þetta samþykkt núna, þ. e. a. s. 2. brtt. á þskj. 451, þá hygg ég, að með samjöfnuði muni leiða af því mjög víðtæka þátttöku náttúruverndarráðs í stjórnum margs konar annarra fyrirtækja en þeirra, sem fjalla um ferðamál, og það tel ég hæpið. Náttúruverndarráð hefur miklum og mjög mikilsverðum málum að sinna, og það er ekki nema gott um það að segja á allan hátt og sjálfsagt fyrir alla aðila, sem um slík mál fjalla, sem það snerta, að eiga við það góða samvinnu. En mér sýnist ekki, að það þurfi endilega að þýða, að náttúruverdarráð sé sjálfkjörinn stjórnaraðili í hinum ýmsu stofnunum, sem hér gæti verið um að ræða. Það er þess vegna síður en svo, að það sé af einhverri óvild til náttúruverdarráðs, sem ég bendi á þetta, og ég lýsi yfir, að ég er lítið hrifinn af þessari brtt., þó að ég hins vegar óttist á engan hátt, að gott samstarf geti ekki orðið með náttúruverdarráði og þeirri nýju stofnun, sem hér er gert ráð fyrir, að stofnuð verði.

Um aðrar till. á þskj. 451 ætla ég ekki að fjölyrða. Ég tel þó varðandi 5. brtt., að ef ferðamálaráð á á annað borð að vera til og starfa, sem hv. þm. Jón Árnason og Steinþór Gestsson leggja hins vegar til, að verða lagt niður, þá tel ég það vera til þess að styrkja ferðamálaráðið og samband þess milli ferðamálaþings annars vegar og Ferðamálastofnunarinnar hins vegar, að ferðamálaþingið kysi formann þess, en ekki ferðamálaráðið sjálft, en þetta er auðvitað smáatriði, sem ég ætla ekki að gera að neinu kappsmáli.

En það eru þá aðeins örfá orð líka um till. þeirra hv. þm. Jóns Árnasonar og Steinþórs Gestssonar. Þær till., sem þar skipta höfuðmáli, eru tvær. Það er annars vegar, að ferðamálaráð verði lagt niður, og hins vegar, að kaflinn um sölustarfsemi verði felldur niður úr verkefnaskrá Ferðamálastofnunarinnar, en í stað þess verði heimilað, að ríkið reki venjulega ferðaskrifstofu. Ég játa það alveg fúslega, að fyrir þeirri afstöðu, að Ferðaskrifstofan skuli ekki vera undirdeild í Ferðamálastofnun Íslands, eru talsverð rök, sem má færa, og hér getur verið um fullkomið álitamál að ræða. En það, sem gerir það, að ég tel þann hátt betur við hæfi og heppilegri, sem lagður er til í frv., heldur en þeir hv. þm. Jón Árnason og Steinþór Gestsson leggja til, eru fyrst og fremst praktískar ástæður, fjármálalegar ástæður. Það hefur verið hugmyndin, að þó að þetta frv. verði samþ., verði ekki farið að búa til neitt stórkostlegt mál, sem væri stærra eða kostnaðarmeira en það, sem nú á sér stað, þ. e. a. s. það, sem nú er falið annars vegar í starfsemi Ferðaskrifstofunar og hins vegar í starfsemi og skrifstofuhaldi ferðamálaráðs. Hér væri fyrst og fremst um að ræða sameiningu þessara tveggja þátta í okkar ferðamálastarfsemi og ætti ekki að verða miklu kostnaðarfrekara heldur en þessar tvær stofnanir eru nú. En hitt er svo rétt hjá hv. þm. Jóni Árnasyni, að venjulegum samkeppnissjónarmiðum væri e. t. v. betur þjónað með því, að þau væru algerlega aðskilin og væru rekin á nákvæmlega sama grundvelli og aðrar ferðaskrifstofur, en þó með sérstökum verkefnum, sem hann nefndi, þ. e. a. s. að sjá um farmiðaútveganir og aðra fyrirgreiðslu fyrir opinbera starfsmenn, sem ferðast til útlanda á vegum hins opinbera, og hins vegar rekstur á hótelum í heimavistarskólum. En ég tel það vera alveg auðsætt, að ef hér á að skilja algerlega í milli og hér á að vera um algerlega sjálfstæða ferðaskrifstofu að ræða, sem rekin er í svipuðum tilgangi og aðrar ferðaskrifstofur, þá verði um aukinn kostnað að ræða í sambandi við þessa starfsemi samanlagða, og það tel ég, að beri að forðast, eftir því sem frekast er unnt.

Það verður líka að gæta þess, að Ferðaskrifstofa ríkisins hefur haft og hefur allmikla sérstöðu meðal íslenskra ferðaskrifstofa. Almennar ferðaskrifstofur hafa fyrst og fremst verið reknar í þeim tilgangi að greiða fyrir ferðum Íslenginga til útlanda. En það má segja, að ferðaskrifstofur, að líklega fleiri en einni ferðaskrifstofu undantekinni, hafi einbeitt sér að þessu verkefni, en ekki að því að greiða fyrir komu útlendinga hingað. Enda er það nú svo, að það hallar heldur á. Ferðalög Íslendinga til útlanda vaxa miklu örar en ferðalög útlendinga til Íslands, þannig að þar er verulegur áhalli.

Meining þeirra, sem sömdu frv. með þessari skipan, sem lögð er til þar um þessi mál, hefur áreiðanlega verið sú að spara fé, umstang og fyrirhöfn með því að hafa þetta undir einu þaki og reka þetta að nokkru leyti sem eina stofnun. Og ég, eins og ég sagði, viðurkenni, að gegn því eru nokkuð gild rök, sem ég tel þó ekki það veigamikil, að þau jafni þarna þau fjárhagslegu met, sem um getur verið að ræða. Þess er líka að geta varðandi Ferðaskrifstofu ríkisins, að hún hefur tekið að sér verkefni, sem einkaframtakið og aðrar ferðaskrifstofur mundu ekki vera fúsar til að taka að sér, m. a. rekstur sumarhótelanna, sem hafa orðið til þess að halda uppi talsvert góðum „standard", ef svo illa má að orði komast, í hótelrekstri úti um landið, og það væri tæpast fýsilegt að bjóða hingað útlendum ferðamönnum og skipuleggja ferðir þeirra um landið, ef ekki væri þessi hótelrekstur, sem yfirleitt hefur verið til fyrirmyndar. En þar hefur þessi stofnun orðið að taka súrt með sætu, og til þess að geta myndað nokkuð samfellt og verulegt hótelkerfi um landið, þá hefur hún líka

orðið að taka á sig að reka hótel, sem hefur verið gefið tap á og ekkert einstaklingsfyrirtæki mundi hafa tekið að sér að reka.

Það er kannske rétt að koma aðeins inn á fjármál Ferðaskrifstofunnar. Ég tel það alveg rétt hjá hv. þm. Jóni Árnasyni, að þau rök, sem færð eru í frv., voru kannske gild á sinni tíð, að Ferðaskrifstofan væri mjög arðgefandi fyrirtæki og væri til þess fallin að standa undir öðrum rekstri en ferðamálum stofnunarinnar. En því er ekki fyrir að fara, eins og ástandið er núna. Það er rétt hjá honum, að fjárhagur Ferðaskrifstofu ríkisins er ákaflega erfiður um þessar mundir og ekki trúlegt, að rætist úr því a. m. k. á þessu ári, því að ferðamannastraumur til landsins mun fara sennilega minnkandi. Landið er orðið dýrt ferðamannaland núna, og allt bendir til þess, að Ferðaskrifstofa ríkisins verði ekki rekin með hagnaði þrátt fyrir þann tekjustofn, sem hún hefur, reyndar mun nú verða trúlega klipið eitthvað af, vegna þess að viðkomandi aðilar virðast ekki vera færir um að inna þær greiðslur af hendi. Þar er ekki um að ræða tekjustofn fyrir hina almennu ferðastarfsemi.

Hitt er svo annað mál, að allir, sem koma nálægt ferðamálum og eiga þar ríkastra hagsmuna að gæta eins og flugfélögin og margir slíkir, sem eiga þar mikinn hlut að máli, leggja ákaflega mikið kapp á, að Ferðaskrifstofan haldi áfram starfsemi sinni, bæði landkynningarstarfsemi og, alveg sérstaklega þeim hótelrekstri, sem fer fram í hinum svokölluðu Edduhótelum og gerir mögulegra en annars væri að laða útlenda ferðamenn til landsins. En ég tel það alveg rétt hjá hv. þm., að hér getur ekki verið um að ræða a. m. k. í bili, — við skulum vona, að úr rætist, — að Ferðaskrifstofa ríkisins geti lagt mikið fé til þessara mála, og munar minna en ekkert. En sem sagt, ég er heldur andvígur þessari till. og geri ráð fyrir, að ég greiði atkv. á móti henni, að Ferðaskrifstofan verði ekki þáttur í hinni almennu ferðamálastofnun landsins og verði gerð að sérstakri ferðaskrifstofu í beinni samkeppni við aðrar ferðaskrifstofur, sem hún raunar ekki er nema að ákaflega litlu leyti nú, því að hennar starfssvið er annað. Hún hefur lagt áherslu á svið, sem hinar ferðaskrifstofurnar hafa ekki kært sig um að sinna nema þá í ákaflega litlum mæli, en hefur hins vegar fjárhagslega og þjóðhagslega þýðingu og fjárhagslega þýðingu fyrir ýmsa, sem að ferðamálum starfa.

Um það, hvort ferðamálaráð skuli lagt niður, sem er önnur aðaltill. þeirra hv. þm. Jóns Árnasonar og Steinþórs Gestssonar, þá er ég því heldur andvígur. Ég álít, að ferðamálaráð sé og geti verið — eigi að vera samkv. frv. fastur tengiliður m. a. milli ferðamálaþings, sem ég geri ráð fyrir, að verði að verulegu leyti setið af þeim, sem hafa stundað ferðaskrifstofurekstur og hafa beina hagsmuni í sambandi við ferðamálin, og sé ekki nægilegt, að þessir aðilar komi saman árlega, ef ekki er neinn sá tengiliður, sem bindur þetta saman frá degi til dags og frá mánuði til mánaðar, þannig að ég tel tilvist ferðamálaráðs vera til bóta. Frv. gerir í raun og veru ráð fyrir, að ferðamálaráð starfi á svipaðan hátt og það nú gerir, og ég tel, að það hafi verið oft og tíðum hollur ráðgjafi og hafi haldið ýmsum málum lifandi, sem annars hefðu á ýmsan hátt orðið út undan.

Það er svo annað mál, að mér finnst ferðamálaráð ekki hafa staðið sig sérstaklega vel í sambandi við umsögn um þetta frv., og get tekið undir með hv. þm. Jóni Árnasyni um það, að mér finnst nokkuð seint, að þeir séu að tilkynna nú, þegar málið er komið úr n., að þá muni þeir einhvern tíma síðar skila sínu áliti. Hins vegar kemst ég þá ekki hjá að nefna það, að einn af þeim mönnum, sem lögðu mikið í að semja þetta frv., var framkvæmdastjóri ferðamálaráðs, og ég geri ráð fyrir því, að á hverju stigi málsins hafi ferðamálaráði verið vel kunnugt um, hvernig með það var farið, og a. m. k. hefur það haftærinn tíma nú til þess að skoða frv. niður í kjölinn og gera sínar till. Hins vegar er skipan ferðamálaráðs þannig núna, að þess er kannske ekki að vænta, nema það taki nokkurn tíma, tekst kannske tiltölulega sjaldan, að það geti verið algjörlega einhuga í slíkum málum. Og það er ekkert óeðlilegt við það, að samkomulagið geti verið þar svolítið misjafnt. Hins vegar gerir frv. ráð fyrir öðruvísi skipan ferðamálaráðs en áður hefur verið, sem ég tel heldur til bóta þessu fyrirtæki, að þessari stofnun færi frekar fram við þá breytingu heldur en því færi aftur. Þessum tveimur till. þeirra hv. fulltrúa Sjálfstfl. í samgn. er ég þess vegna heldur andvígur, en get hins vegar verið samþykkur sumum till. þeirra, eins og t. d. varðandi 8. gr., og jafnvel sumum fleiri, sem mér finnst frekar vera til bóta. En eins og ég sagði áður, þá tel ég um afdrif þessara till., bæði þeirra, sem eru frá samgn., og reyndar rekast þær að nokkru leyti á við till. þeirra minnihlutamanna, en hvernig sem um þær fer, þá tel ég, að enginn sérstakur skaði sé skeður varðandi það meginefni, sem frv. fjallar um.

Ég vil taka undir með hv. þm. Jóni Árnasyni, að ég er alveg samþykkur þeirri till., sem er á þskj. 420 frá Ragnari Arnalds varðandi húsnæði heimavistarskóla. En það má vel vera, að það sé rétt hjá honum, að sú brtt. eigi heldur heima í öðrum l., um það skal ég ekki dæma. Mér var einu sinni kennt, að það mætti allt standa í lögum, sem ekki væri bannað í stjórnarskránni, og ekki hugsa ég, að þetta sé stjórnarskrárbrot, að þetta væri í þessum lögum. En það má vera, að það sé ekki alfullkomið, óaðfinnanlegt lagaform, að þetta sé í þessum l., en ég sé þó ekki, að neinn skaði væri skeður við það. En það er auðvitað rétt, að það er annað rn., sem þarna kemur við sögu.

Herra forseti. Ég sé ekki ástæðu til þess að hafa um þetta fleiri orð, en ég vil endurtaka þakkir mínar til n. og ánægju mína yfir því, að menn eru sammála um aðalatriði þessa mikilvæga máls, sem hér er verið að ræða um.

Ragnar Arnalds: Herra forseti. Ég hef ekki hugsað mér að ræða hér um það frv. til l. um skipulag ferðamála, sem hér er til umr., almennt, heldur gera hér lítillega grein fyrir till., sem ég flyt á þskj. 420, um, að á eftir 28. gr. komi ný gr. Í till. minni er ráð fyrir því gert, að þegar og kannske öllu heldur á meðan fram fer hönnun

húsnæðis heimavistarskóla, sem ríkissjóður kostar að meira að minna leyti, skuli samráð haft við Ferðamálastofnunina um gerð hússins og innréttingu. Komist Ferðamálastofnunin að þeirri niðurstöðu, að væntanleg heimavistarbygging geti hugsanlega vel hentað til starfrækslu sumarhótels, þá hefði hún rétt til að fara fram á, að teikningum sé hnikað til, svo að húsnæðið fullnægi þeim kröfum, sem gera verður til rekstrar gistihúss nú á tímum, enda liggi þá fyrir, að annað hvort stofnunin sjálf eða viðkomandi byggingaraðili sé viðbúinn að bera ábyrgð á þeim viðbótarkostnaði, sem af breytingunum leiðir. Jafnframt er Ferðamálastofnuninni eða viðkomandi byggingaraðila heimilað að fá lán úr ríkissjóði fyrir milligöngu ferðamálasjóðs, allt að 10 millj. kr. árlega, í þessu skyni.

Till. þessi þarfnast ekki mikils rökstuðnings, en tilefni hennar er vandamál, sem hefur verið að koma upp aftur og aftur á hverju ári og er stöðugt á ferðinni. Skólar eru hannaðir með hliðsjón af þörfum heimavistarnemenda, og ríkið borgar ekki grænan eyri í byggingarkostnað heimavistarinnar umfram það, sem telst nauðsynlegt til rekstrar hennar sem skólahúsnæðis. Aftur á móti eru mörg sveitarfélög það fátæk, að þau hafa ekki efni því að leggja í viðbótarkostnað, sem af því leiðir að gera heimavistarhúsnæðið þannig úr garði, að það sé verulega vel nothæft fyrir hótelrekstur, og er þá sérstaklega um að ræða frágang á snyrtiherbergjum og önnur skyld vandamál. Nú á tímum eru gerðar kröfur um það á fyrsta flokks gistihúsum, að snyrting sé í tengslum við hvert hótelherbergi. Aftur á móti eru aðrar kröfur gerðar varðandi byggingu heimavistarhúsnæðis og aðstöðu nemenda, þannig að þessi tvö sjónarmið rekast á, og málið hefur venjulega strandað fram að þessu vegna þess, að enginn aðili hefur verið reiðubúinn til að taka á sig viðbótarkostnaðinn. Í þeim efnum hefur hver vísað á annan, og jafnvel ef sveitarfélag hefur viljað hafa eitthvert frumkvæði í þessum efnum, þá hefur það hvergi getað fengið neina aðstoð til þess, hvorki frá opinberum fjárfestingarsjóðum, sem ekki hafa talið sig eiga neinum skyldum að gegna í þessum efnum, né frá ríkisvaldinu, þannig að ekkert hefur gerst í málinu.

Till. er sem sagt flutt til þess að höggva á þennan hnút, sem mörgum hefur verið ljóst, að væri fyrir hendi og þyrfti að leysa. Ég tel líka einsýnt af undirtektum undir tillöguflutning þennan, að málið eigi miklu fylgi að fagna, bæði hefur það komið fram í ummælum þeirra, sem rætt hafa málið við 2. umr. málsins hér á undan mér, og einnig kemur það skýrt fram í umsögn ferðamálaráðs, sem hér var áðan gerð að umtalsefni og mun hafa borist á borð hv. þm., þar sem mjög eindregið er skorað á Nd. að samþykkja fram komna brtt.

Mér þykir hins vegar harla illt að heyra, ef þetta mál á nú enn að hrekjast fram og aftur, vegna þess að menn geti af formsástæðum ekki fallist á það, hvar í íslenskum lögum till. af þessu tagi eigi heima. Ég hélt satt að segja, að það væri í þessum efnum komið nóg af formsatriðunum, því að allt hefur þetta strandað á formsatriðum, að ekki ætti nú enn að bætast við, að verið væri að hrekja málið fram og aftur af slíkum ástæðum. En það var ekki unnt að skilja orð hv. þm. Jóns Árnasonar öðruvísi en svo, að hann væri beinlínis mótfallinn till. af þessari ástæðu. Málið er einfaldlega þannig, að hér er um að ræða málefni, sem snertir tvo aðila, annars vegar menntmrn. og þá aðila á vegum þess, sem hanna heimavistarhúsnæði, hins vegar Ferðamálastofnun Íslands, sem heyrir undir samgrn. Það er að vísu bersýnilegt, að um er að ræða mál, sem heyrir undir tvo aðila. En það, hvorum megin hryggjar brtt. lendir, hvort hún lendir í skólakostnaðarlögum eða hvort hún lendir í ferðamálafrv., breytir að sjálfsögðu engu um efni málsins eða meðferð þess í framtíðinni. Ég er sannfærður um það, að ef ég hefði leyft mér að flytja till. af þessu efni við frv. um skólakostnaðarlög, sem væru hér á ferðinni, eða ég hefði flutt sjálfstætt frv. um breyt. á l. um skólakostnað, þá hefði áreiðanlega sprottið upp einhver þm., sem hefði viljað gera svipaða aths., þ. e. a. s. þetta væri þó greinilega mál, sem snerti Ferðamálastofnunina miklu meira en skólana, því að hér væri ætlast til þess, að það væri Ferðamálastofnunin, sem hefði ákveðið frumkvæðið, og henni væri falið að taka lán allt að 10 millj. kr. í gegnum ferðamálasjóð, og það væri fullkomlega óeðlilegt að ætla sér að fara að troða till. af þessu tagi inn í lög um skólakostnað, það væri alveg fráleitt, ég ætti frekar að flytja frv. um breyt. á l. um ferðamálasjóð. — Ég er sem sagt sannfærður um það, að rök af þessu tagi hefðu alveg eins heyrst, þó að málinu hefði verið stillt upp á hinn veginn, vegna þess einfaldlega að málið snertir tvo aðila og svona rök geta því alltaf komið upp. Og í öðru lagi mundu þau ekki síður koma upp í hinu tilvikinu, vegna þess að ef menn skoða till., þá sjá þeir auðvitað, að málið snertir í raun miklu meira Ferðamálastofnunina. Henni er falið að eiga ákveðið frumkvæði og taka á sig ákveðna ábyrgð, og ég býst við, að það sé harla algengt í l., að í einum lagabálki sé vikið að málefni, sem snertir kannske annan lagabálk eða annað rn.

Ég vil sem sagt undirstrika það hér, að rök af þessu tagi geta ekki breytt neinu og verða að teljast algert aukaatriði. Og ég vil sem sagt fastlega vænta þess, að aths. af þessu tagi verði ekki til að rugla dómgreind manna varðandi stuðning við þessa till., sem ég hygg, að flestir geti verið sammála um, að eigi fyllsta rétt á sér.

Frsm. (Páll Þorsteinsson): Herra forseti. Ég vil nú ekki lengja þessar umr. og skal láta nægja að taka fram aðeins í örfáum orðum það, sem ég vildi segja um tvö atriði málsins. Það er fram tekið í nál., eins og ég skýrði frá, að einstakir nm. áskildu sér rétt til þess að flytja frekari brtt. heldur en þær, sem eru fluttar sameiginlega af n. Brtt. á þskj. 463 eru því fram bornar algerlega í samræmi við það, sem segir í nál., enda voru þau sjónarmið, sem þar koma fram í aðalatriðum kynnt í n. Efnisatriði í brtt. á þskj. 463 eru aðallega tvö. Annað er það, að Ferðaskrifstofa ríkisins verði látin starfa áfram sem sjálf-

stæð stofnun, og hitt er það, að ferðamálaráð verði með öllu lagt niður.

Það er eitt af meginatriðum frv. sjálfs, eins og það er úr garði gert, að sameina starfsemi núv. ferðamálaráðs og Ferðaskrifstofu ríkisins, og ég fyrir mitt leyti met þau rök, sem í frv. eru færð fyrir þessari skipulagsbreyt., og lét það koma fram í umr. í n. og mun því ekki fyrir mitt leyti geta fylgt þessum till. þeirra tveggja þm., sem flytja till. á þskj. 463.

Hitt efnisatriðið er að leggja ferðamálaráð niður. Mér þykir rétt í því sambandi að taka fram til skýringar, að þótt nafnið sé hið sama, ferðamálaráð, þá er miðað við, að það ferðamálaráð, sem starfa á samkv. frv., ef að lögum verður, sé allt önnur n. eða n. skipuð á allt annan veg heldur en það ferðamálaráð, sem starfar samkv. gildandi l., er þannig skipað, að það eru tilteknar stofnanir, sem velja menn í þá n. En það ferðamálaráð, sem á að koma á fót samkv. frv., verður framkvæmdanefnd ferðamálaþings. Það er kosið af því og á á milli ferðamálaþinga að fjalla um þau málefni, sem þar eru rædd og ályktað um.

Nú er það svo í félagsmálum hjá okkur, að það þykir sérhverjum félagssamtökum nauðsynlegt að kjósa stjórn eða framkvæmdanefnd, sem starfar milli þinga að þeim málum, sem rædd eru á þingum og snerta þá félagsmálastarfsemi, sem um er fjallað. Álit mitt er, að það muni styrkja aðstöðu ferðamálaþings að hafa slíka n. starfandi milli þinga. Þetta er það sjónarmið, sem mér þykir eðlilegt, að tekið sé til greina, og ég mun því ekki sjá mér fært að styðja það, að ferðamálaráð verði með öllu lagt niður í þeirri mynd, sem það á að starfa samkv. frv.

Út af aths. hæstv. ráðh. í sambandi við brtt. um skipun stjórnar Ferðamálastofnunar Íslands vil ég aðeins taka fram, að það sjónarmið, sem þar liggur til grundvallar, er vitanlega það, að hinir fegurstu og viðkvæmustu staðir hér á landi eru mjög eftirsóttir af ferðamönnum. Þetta eru þeir staðir, sem náttúruverndarráð á samkv. starfssviði sínu fyrst og fremst að hafa gætur á, að ekki sé ofboðið í sambandi við ferðamannahópa og umgengni þar sé eðlileg og þjóðinni ekki til vansæmdar. Með tilliti til þessa sjónarmiðs er lagt til, að náttúruverndarráð tilnefni einn mann í stjórn Ferðamálastofnunar Íslands til þess að það hafi á þann hátt bæði aðstöðu, rétt og skyldu til þess að gefa því gætur, að á þessu verði ekki misbrestur, þ. e. umgengni á hinum viðkvæmustu og fegurstu stöðum landsins í sambandi við straum innlendra og erlendra ferðamanna þangað.

ATKVGR.

Brtt. 451 (ný 1. gr.) samþ. með 16 shlj. atkv.
2. gr. samþ. með 19 shlj. atkv.
3. gr. samþ. með 19 shlj. atkv.
Brtt. 463,1 samþ. með 10:9 atkv.
— 451,2 kemur ekki til atkv.
4. gr., svo breytt, samþ. með 16 shlj. atkv.
5. gr. samþ. með 19 shlj. atkv.
Brtt. 451,3. a-c samþ. með 16 shlj. atkv.
— 451,3. d-e samþ. með 17 shlj. atkv.
Brtt. 463,2. a-b samþ. með 10:7 atkv.
— 451,3. f samþ. með 19 shlj. atkv.
— 463,2. c felld með 19:9 atkv.
6. gr., svo breytt, samþ. með 16 shlj. atkv.
Brtt. 463,3 (ný 7. gr.) samþ. með 14 shlj. atkv.
7. gr. (verður 8. gr.) samþ. með 17 shlj. atkv.
Brtt. 463,4 (ný 8. gr., verður 9. gr.) samþ. með 9:6 atkv.
Brtt. 451,4 kom ekki til atkv.
— 463,5 felld með 9:8 atkv.
— 451,5 samþ. með 12:3 atkv.
9. gr. (verður 10. gr.), svo breytt, samþ. með 14 shlj. atkv.
Brtt. 463,6 felld með 10:9 atkv.
10. gr. (verður 11. gr.) samþ. með 11 shlj. atkv.
Brtt. 463,7 tekin aftur.
11.—13. gr. (verða 12.—14. gr.) samþ. með 16 shlj. atkv.
Brtt. 451,6 samþ. með 18 shlj. atkv.
14. gr. (verður 15. gr.), svo breytt, samþ. með 17 shlj. atkv.
15.—20. gr. (verða 16.—21. gr.) samþ. með 18 shlj. atkv.
21. gr. (verður 22. gr.) samþ. með 18 shlj. atkv.
Brtt. 451,7 samþ. með 17 shlj. atkv.
22. gr. (verður 23. gr.) svo breytt, samþ. með 17 shlj. atkv.
23.—25. gr. (verða 24.—26. gr.) samþ. með 17 shlj. atkv.
Brtt. 463,8 samþ. með 15 shlj. atkv.
— 451,8 kom ekki til atkv.
26. gr. (verður 27. gr.), svo breytt, samþ. með 18 shlj. atkv.
27. gr. (verður 28. gr. — samþ. með 17 shlj. atkv.
Brtt. 420 tekin aftur til 3. umr.
28.—31. gr. (verða 29.—32. gr.) samþ. með 17 shlj. atkv.
Brtt. 451,9 (ný 32. gr., verður 33. gr.), samþ. með 13:4 atkv.
Brtt. 463 kom ekki til atkv.
33.—34. gr. (verða 34.—35. gr.) samþ. með 17 shlj. atkv.
Brtt. 463,10 tekin aftur.
Ákvæði til bráðabirgða I samþ. með 17 shlj. atkv.
Brtt. 463,11 samþ. með 17 shlj. atkv.
Ákvæði til bráðabirgða II, svo breytt, samþ. með 19 shlj. atkv. ....
Fyrirsögn frv. og kaflafyrirsagnir samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 16 shlj. atkv.

Kaupstaðarréttindi til handa Seltjarnarneshreppi, frv. (þskj. 502). — 1. umr.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 15 shlj. atkv. og til félmn. með 15 shlj. atkv.

Happdrættislán ríkissjóðs til að fullgera Djúpveg, frv. (þskj. 516). — 1. umr.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 14 shlj. atkv. og til fjh.- og viðskn. með 15 shlj. atkv.

Efri deild, 85. fundur.

Miðvikudaginn 20. mars, að loknum 84. fundi.

Jarðgufuvirkjun við Kröflu eða Námafjall, frv. (þskj. 549). — 3. umr.

Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði samþ. með 14 shlj. atkv.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 12 shlj. atkv. og afgr. til Nd.

Landsvirkjun, frv. (þskj. 432). — 3. umr.

Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði samþ. með 14 shlj. atkv.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 13 shlj. atkv. og afgr. til Nd.

Neðri deild, 87. fundur.

Miðvikudaginn 20. mars, kl. 2 miðdegis.

Ríkisábyrgð á launum við gjaldþrot, frv. (þskj. 403, n. 493). — Frh. 2. umr.

ATKVGR.

1. gr. samþ. með 27 shlj. atkv.
2.—13. gr. samþ. með 29 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 25 shlj. atkv.

Almannatryggingar, frv. (þskj. 457). — Frh. 1. umr.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 27 shlj. atkv. og til heilbr.- og trn. með 28 shlj. atkv.

Skattkerfisbreyting, frv. (þskj. 525, 532, 537. 538). — Ein umr.

Fjmrh. (Halldór E. Sigurðsson): Herra forseti. Þegar frv. um skattkerfisbreyt. hafði gengið í gegnum báðar hv. deildir þingsins, var ljóst, að ekki voru möguleikar á því að koma frv. í gegnum Alþ. óbreyttu. Það hafði þá þegar sýnt sig, að ekki var þingmeirihl. fyrir því, að 5 söluskattsstig fengjust samþykkt hér á hv. Alþ. til þess að mæta því tekjutapi, sem ríkissjóður yrði fyrir vegna skattabreytingarinnar. Ég hef því leyft mér á þskj. 532 í samráði við stjórnarflokkana að bera fram brtt. við þetta frv.

Ég vil taka það skýrt fram, að þeir útreikningar, sem sýndir eru með þessu frv., eins og það var lagt fram hér á hv. Alþ., eru af hálfu beggja aðila, bæði hagrannsóknadeildar og starfsmanna fjmrn. og viðsemjenda okkar starfsmanna Alþýðusambandsins og fulltrúa þeirra, sem að þessu hafa unnið, gerðir af hinni mestu samviskusemi. Ég er sannfærður um það, að báðir þessir aðilar voru þess fullvissir, enda þótt t. d. Alþýðusambandsmennirnir hefðu kosið að hafa söluskattinn lægri, þá var samkomulagið byggt á þeirri vinnu, sem báðir aðilar höfðu unnið, og þeim gögnum, sem fyrir lágu og sannfærðu þá um nauðsyn á því, að þetta þyrfti til að mæta því tekjutapi, sem ríkissjóður yrði fyrir.

Hins vegar var það alltaf tilgangur okkar og ríkisstj. í heild að reyna að koma þessu máli í höfn, vegna þess að það var vilji fyrir því, bæði hjá þeim, sem við var samið, og það hefur einnig sýnt sig hér á hv. Alþ., að það er vilji fyrir þessari skattkerfisbreytingu. Þess vegna er það nú ljóst, að það þýðir ekki að vera að deila um keisarans skegg, þegar hætt er að deila um keisarann sjálfann, þ. e. kerfisbreyt., sem allir flokkar eru sammála um og ríkisstj. og þeir, sem sömdu fyrir Alþýðusambandið, voru sammála um einnig. Ég er líka sannfærður um það, að ef ríkisstj. gerði ekki sitt ítrasta til þess að koma þessu máli í gegn hér á hv. Alþ., mundi það reynast þeim, sem síðar ættu eftir að semja við alþýðusamtökin í landinu, Þrándur í götu, því að það mun fara svo, hverjir sem stjórna hér á landi, að þeir verða að eiga gott samstarf við vinnustéttirnar og njóta trausts þeirra. Þess vegna er það mat ríkisstj. og mitt, sem hef staðið í þessum samningum, að þrátt fyrir það, þó að ég hafi ekki skipt um skoðun á því, að 4 söluskattsstig muni ekki nægja til þess að bæta ríkissjóði tekjutapið af tekjuskattsmissinum, sé samt betra að freista þess að koma málinu í gegnum hv. Alþ., svo að þessu trausti sé ekki tapað. Mér er það fullkomlega ljóst, að hér getur orðið um verulega erfiðleika fyrir ríkissjóð að ræða, sem gætu leitt til greiðsluhalla, en þrátt fyrir það hefur það orðið niðurstaðan að meta meira það samkomulag, sem gert var, og reyna að koma því í höfn, enda þykist ég vera þess fullviss, að þingfylgi er fyrir þessari hugsun að virða þetta samkomulag, þó að út af þessu hafi orðið að breyta á þann hátt, sem hér er lagt til. Ég mun því treysta því, að þessi lokatilraun til þess að bjarga málinu muni nægja til þess að skila því heilu í höfn.

Um aðrar breytingar á þessu frv., sem till. eru um á þskj. 532, er það eitt að segja, að þar er miðað við það, að sú tilraun, sem reynd var, að frv. fengi frekar byr með því að binda gildistöku þess aðeins við næstu áramót, sýndi sig ekki hafa byr, og því ekki ástæða til að vera með það í l., heldur láta þau gilda, þar til Alþ. kann að breyta þeim síðar, ef þau verða samþ. Við það eru a- og b-liðir þessarar till.

miðaðir, að gildistakan sé ótakmörkuð, þangað til önnur lög taka gildi. Síðasti liðurinn er aðeins leiðrétting á fyrri upptalningu um þau lög, sem úr gildi þurfa að falla, ef þetta frv. verður samþykkt.

Ég skal ekki fara hér út í neinar umr. um málið, því að það er búið að þreyta þær það mikið, að ekki er nein ástæða til þess. Ég vil bara endurtaka að lokum, að hér er gerð tilraun til þess að sveigja málið inn á þá braut, að meiri hl. fáist fyrir því á hv. Alþ., að það geti orðið að lögum og þeir, sem við okkur sömdu í góðri trú um, að svo mundi takast, þurfi ekki að verða fyrir vonbrigðum. Ekki síst er ástæða til að undirstrika það, þar sem það hefur komið fram í umr. á hv. Alþ., að stefnubreytingin sjálf hefur fylgi.

Frsm. 1. minni hl. (Matthías Á. Mathiesen): Herra forseti. Þegar frv. til l. um skattkerfisbreyt. var til meðferðar í þessari hv. d., gerðum við sjálfstæðismenn mjög ítarlega grein fyrir sjónarmiðum okkar í skattamálum, sem við reyndar höfðum áður gert í hv. þd. á þessu þingi, er frv. okkar um breyt. á skattal. var til 1. umr. Við gerðum tilraun til þess að fá frv. um skattkerfisbreyt. breytt og fluttum við það brtt. í samræmi við frv. okkar, þannig að í stað aukinnar skattbyrði, sem leiðir af samþykkt þessa frv., yrði skattbyrðin létt í samræmi við stefnu og till. okkar sjálfstæðismanna í skattamálum. Við gerðum enn fremur grein fyrir, með hvaða hætti við legðum til, að ríkissjóði væri bætt tekjutap það, sem af okkar brtt. leiddi, ef samþykktar yrðu. Nokkrar af till. okkar voru samþ. í þessari hv. d., en nú liggur frv. fyrir eftir afgreiðslu Ed. svo til óbreytt frá sinni upprunalegu mynd, þó þannig, að gildistími þess er aðeins til áramóta.

Nú hefur hæstv. fjmrh. flutt brtt. um, að í stað 5% sölusakttsauka komi 4% söluskattsauki, auk þess um breyt. á gildistíma l. Með þessari brtt. hæstv. fjmrh. um 4% söluskattsauka er ein meginforsendan fyrir frv. hans brostin, þ. e. sú forsenda, að það komi, eins og hann orðaði það, króna í stað krónu. Í Ed. var þessu frv. breytt þannig, að l. giltu aðeins til áramóta, þrátt fyrir það samkomulag, sem ríkisstj. taldi sig hafa gert við verkalýðshreyfinguna í sambandi við nýafstaðna kjarasamninga. Og nú duga 4% að dómi ríkisstj. til þess að mæta þeirri skattalækkun, sem þetta frv. gerir ráð fyrir.

Ég minni á till. ríkisstj. frá því fyrir jól, þegar hún taldi sig þurfa 1% söluskattsauka til þess að mæta þeim tollalækkunum, sem þá var gert ráð fyrir og lögfestar urðu án nokkurs söluskattsauka. Í ljós hefur komið það, sem stjórnarandstaðan sagði hér á Alþ. í des., að tolltekjurnar væru of lágt áætlaðar og það dugir meira að segja meira en til að mæta því tolltekjutapi, sem það frv. gerði ráð fyrir. Þannig er þessu enn varið. Þegar ríkisstj. með till. hæstv. fjmrh. staðfestir það, sem haldið var fram í upphafi, að um hærri upphæð væri að ræða til ríkissjóðs en sem nam skattalækkuninni, þá er komið fram það, sem stjórnarandstaðan sagði. Hins vegar gengur till. hæstv. fjmrh. ekki jafnlangt og við, sem höfum gagnrýnt þetta frv. og þá stefnu, sem í því felst, teljum, að þyrfti til þess að ná því, sem hæstv. fjmrh. sagði, krónu fyrir krónu. Lækkun söluskattsauka um 1% er yfirlýsing hæstv. fjmrh. um, að 700 millj. kr. hafi hann ætlað að afla ríkissjóði umfram það, sem átti að verða til þess að lækka tekjuskatta.

Við þessa umr. freistum við sjálfstæðismenn þess enn að fá þessu frv. breytt. Við flytjum þrjár brtt. Þá fyrstu við 4. gr. frv. um að breyta skattþrepunum þannig, að af fyrstu 150 þús. kr. skattgjaldstekna verði greidd 20%, af 150—300 þús. kr. tekjum greiðist 30%, en af tekjum yfir 300 þús. kr. greiðist 40%. Þeir, sem gera sér grein fyrir því, hvernig skattstiginn er uppbyggður og hvernig hann kemur fram með þeim skattafslætti, sem tekinn er inn í þetta frv., gera sér grein fyrir því, að flestir skattgreiðendur verða komnir í hæsta skattþrep, áður en þeir vita af. Þess vegna freistum við þess með þessari till. að haga þessu þannig að breikka skattþrepin og gera þá ráð fyrir, að hér verði um að ræða töluverða skattalækkun fyrir þá, sem millitekjur hafa.

2. brtt. okkar er að í staðinn fyrir 5%, þ. e. a. s. 5 af 100 í 8. gr. frv., eins og það kemur frá Ed., verði 3% söluskattsauki til þess að mæta því tekjutapi, sem ríkissjóður verður fyrir með samþykkt þessa frv., sem hér liggur fyrir, svo og þeirra brtt., sem við sjálfstæðismenn flytjum. Þær áætlanir og þeir útreikningar, sem lagðir hafa verið fyrir fjh.- og viðskn., sýna berlega, hversu varlega er áætlað í sambandi við tekjur ríkissjóðs af tekjuskatti. Við teljum því, að 3% söluskattsauki muni mæta því tekjutapi, sem ríkissjóður verður fyrir.

3. brtt. er svo við 18. gr. frv. um, að í staðinn fyrir það að hækka launaskatt standi launaskattur í stað, verði áfram 2½%, en í staðinn fyrir það, að 1% hefur runnið til Byggingarsjóðs ríkisins og 1½% í ríkissjóð, þá leggjum við til, að 2% renni í Byggingarsjóð, en ½% í ríkissjóð, þannig, að þau 2%, sem frv. gerir ráð fyrir til Byggingarsjóðs, standi, en það verði látið ganga út yfir þann launaskatt, sem runnið hefur til ríkissjóðs sem bráðabirgðatekjustofn frá verðstöðvuninni 1970.

Þessar till. eru fluttar á þskj. 537, en í samræmi við 2. brtt., þ. e. a. s. um lækkun söluskattsaukans úr 5 í 3%, þá leyfi ég mér að flytja hér skrifl. brtt., ásamt með hv. þm. Ásberg Sigurðssyni við 19. gr., þannig að þar sem þar stendur 5% söluskattsauki komi 3% söluskattsauki til samræmis við 2. brtt. okkar. Leyfi ég mér að óska þess, herra forseti, að leitað verði afbrigða fyrir henni hér síðar.

Eins og fram hefur komið í ræðum stjórnarandstæðinga hér á Alþ. í sambandi við þetta frv., þá er ljóst mál, að inn á nýja braut fer ríkisstj. í þessu frv. tilknúin af verkalýðssamtökunum. Hún hverfur frá þeirri skattránsstefnu, sem hún hefur haft allt frá upphafi. Hún breytir frá beinum sköttum í óbeina skatta. Þetta er, eins og hæstv. fjmrh. sagði áðan, hér á Alþ. stutt af öllum þingflokkum. Það, að þessi breyt. eigi sér stað með þeim hætti, að skattbyrði borgaranna verði aukin, er ekki í samræmi við þá stefnu og þann málflutning, sem við sjálf-

stæðismenn höfum haft hér á þingi. Við höfum viljað fara úr beinum sköttum í óbeina skatta og lækka skatta á almenningi. En þessu frv. er ekki þannig varið, jafnvel þó að svo færi sem mátti heyra af ræðu hæstv. fjmrh., að till. um 4% söluskattsauka verði samþ. hér í þessari hv. d. nú.

Það á eftir að koma í ljós, að sú skattalækkun, sem ríkisstj. hefur látið í veðri vaka, að væri fylgjandi samþykkt þessa frv., er ekki raunveruleg. Þróun þessara mála s. l. hálfan annan áratug er táknræn fyrir þær ríkisstjórnir, sem setið hafa í landinu. Á tímum viðreisnarstjórnar er létt á skattbyrðinni. Þá er þessum málum þannig hagað, að það eru hátekjumenn, sem komast í efsta skattþrepið. Á árinu 1973 er þessari þróun gersamlega snúið við, en þá er komin til valda stjórn, sem nefndi sig í upphafi stjórn hinna vinnandi stétta. Og hvernig er þessu þá varið? Þá er niðurstaðan sú, að um 72% þeirra, sem greiða skatt, eru komnir í efsta skattþrep. Og hvernig skyldi svo það frv., sem hér er til meðferðar, koma til með að hafa áhrif í sambandi við þetta? Mér mætti segja, að niðurstaðan yrði sú, að á milli 65 og 70% þeirra, sem koma til með að greiða skatt 1974, komi til með að greiða skatt samkv. hæsta skattþrepi. Þetta er tala, sem út hefur verið reiknuð samkv. þeim grunni, sem hér hefur verið gefinn, og þá sjá menn, hversu mikil bragarbót er gerð á, ef það verða 65% í staðinn fyrir 72% af skattgreiðendum, sem lenda í hæsta skattþrepi.

Ég vildi ekki láta hjá líða að vekja athygli á þessu hér, þegar mál þetta er til síðustu umr. í þessari hv. deild og vonast til þess, að þær brtt., sem við sjálfstæðismenn flytjum, nái fram að ganga. Þá mundi ég vilja segja, að nokkuð nærri stæði það, sem hæstv. fjmrh. sagði í upphafi, að út úr dæminu kæmi króna fyrir krónu.

Ég sagði það áðan um breyt. úr beinum sköttum í óbeina skatta, að það væri fyrir frumkvæði sjálfstæðismanna hér á Alþ., sem farið er inn á þá braut, en að það eigi að vera með þeim hætti, að skattbyrði borgaranna sé þyngd, það er mesti misskilningur.

Ég sé svo ekki ástæðu til að hafa fleiri orð um þetta mál. Ég vonast til þess, að þær brtt., sem við hér flytjum, verði samþykktar. Þær hafa verið lagðar fyrir ríkisstj., þar sem gerðar voru tilraunir til samkomulags, en þeim var hafnað. Ég vona engu að síður, að hér séu menn í þessari hv. d., sem muni ljá þeim lið, og þær nái fram að ganga.

ATKVGR.

Afbrigði um skrifl. brtt. (sjá þskj. 539) samþ. með 35 shlj. atkv.

Frsm. 2. minni hl. (Gylfi Þ. Gíslason): Herra forseti. Þingflokkur Alþfl. telur sig hafa sýnt fram á, að vegna skattkerfisbreyt. þeirrar, sem í þessu frv. felst, sé ekki nauðsynlegt að hækka söluskatt nema um 3½ stig. Um þetta hefur þingflokkurinn flutt till. í báðum d. þingsins, en fulltrúar stjórnarflokkanna hafa fellt þær. Af þessum sökum hefur þingflokkur Alþfl. greitt atkvæði gegn ákvæðum frv. um hækkun söluskatts um 5 stig, og hann hefur lýst því yfir, að hann mundi greiða atkv. gegn frv. í heild, ef í því væru ákvæði um 5 stiga hækkun söluskattsins. Nú hefur hæstv. fjmrh. flutt till. um, að hækkun söluskattsins nemi aðeins 4 stigum, og þannig gengið verulega til móts við sjónarmið Alþfl. Samkv. þessari till. verður sú söluskattshækkun, sem ekki á að bæta í kaupgjaldsvísitölu, 800 millj. kr. lægri en upphaflega var gert ráð fyrir.

Í gildandi fjárl. er gert ráð fyrir því, að niðurgreiðslur landbúnaðarafurða eigi að lækka um 400 millj. kr. á þessu ári, og verð landbúnaðarafurða þannig að hækka sem því svarar. Hér er um að ræða fjárhæð, sem svarar til hálfs söluskattsstigs. Ef því væri lýst yfir af hálfu hæstv. ríkisstj., að þessi hækkun landbúnaðarafurða skuli ekki koma til framkvæmda, sparar það neytendum útgjöld, sem jafngilda hálfu söluskattsstigi.

Í umr. um frv. hefur af hálfu þingflokks Alþfl. verið lögð rík áhersla á nauðsyn þess, að dregið verði úr útgjöldum ríkissjóðs, og hefur þingflokkurinn greitt atkvæði með till. um lækkun þeirra um 1500 millj. kr. Á tímum jafn alvarlegrar verðbólgu og nú er um að ræða er það meginnauðsyn, að dregið sé verulega úr útgjöldum ríkissjóðs. Þingflokkur Alþfl. leggur því ríka áherslu á, að annaðhvort verði sett í frv. ákvæði um lækkun ríkisútgjalda eða því verði lýst yfir af hálfu hæstv. ríkisstj., að slík lækkun útgjalda verði framkvæmd. Ef af hálfu hæstv. ríkisstj. verða gefnar skýlausar yfirlýsingar um þessi tvö atriði, telur þingflokkur Alþfl., að fallist hafi verið á meginröksemdir hans varðandi frv., og hefur samþ. að greiða atkv. með till. hæstv. fjmrh. um 4 söluskattsstig. Jafnframt mun hann fylgja till. þingflokks Sjálfstfl. um frekari lækkun tekjuskattsins en frv. gerir ráð fyrir.

Þingflokkur Alþfl. hefur frá upphafi umr. um þetta mál lagt megináherslu á, að almenningur yrði ekki látinn greiða meira til ríkisins í sambandi við skattkerfisbreyt. en svaraði til þeirrar upphæðar, sem hann sparaði, þannig að króna kæmi á móti krónu, en skattgreiðendur nytu góðs af heilbrigðari skattheimtu. Þetta sjónarmið mun ráða endanlegri afstöðu þingflokksins.

Forsrh. (Ólafur Jóhannesson): Herra forseti. Út af ræðu hv. 7. þm. Reykv. vil ég taka fram:

Í fyrsta lagi: Ríkisstj. hefur samþ., að niðurgreiðslur verði ekki lækkaðar frá því, sem þær eru í dag, þ. e. að ekki verði notuð sú heimild til lækkunar á niðurgreiðslum á landbúnaðarvörum, sem fyrir hendi er.

Í öðru lagi: Ríkisstj. hefur í undirbúningi till. um ráðstafanir í efnahagsmálum, er hafi það markmið að stuðla að jafnvægi í þeim efnum. Einn liður í þeim till. verður heimild um lækkun á útgjaldaliðum fjárlaga, jafnt lögbundnum sem þeim, sem einungis styðjast við fjárlög. Ég tel heimildartill. um lækkun á útgjaldaliðum fjárl. eiga betur heima í almennum l. um efnahagsráðstafanir en í þeim l. um skattkerfisbreyt., sem hér er um fjallað.

Bjarni Guðnason: Herra forseti. Það sanngirnismál að létta níðþungri skattabyrði, tekjuskattsbyrði, af láglauna- og miðlungstekjufólki í landinu er leyst með þeirri óhæfu að hækka söluskatt um 4 stig. Landsmenn hafa að undanförnu kynnst þeim gífurlegu verðhækkunum, sem eiga sér stað og virðist enginn endir á. Getur það þá verið rétt stefna að auka enn á vöruverð í landinu með þessu móti? Ég er sannfærður um það, að það er óhæfa, röng stefna, að leggja á 4 söluskattsstig, eins og nú háttar í verðlagsmálum þjóðarinnar.

Ég get ekki látið hjá líða, úr því að þetta svokallaða skattkerfisbreytnigarmál er enn á vappi í þessari d., að víkja dálítið að kjarasamningum þeim, sem voru gerðir milli aðila ASÍ og vinnuveitenda fyrir skömmu. Ég hygg, að þessir kjarasamningar séu með eindæmum í sögu verkalýðshreyfingarinnar fyrir margra hluta sakir, og vil ég þá strax koma að meginatriðinu. Stefnan var fyrst og fremst að bæta kjör láglaunafólks í landinu. Þetta var meginstefnan. Síðan gerist það nokkrum dögum síðar, að það er viðurkennt af sjálfum höfuðmönnum samningagerðar Alþýðusambandsins, að þessi meginstefna hafi í verulegum atriðum brugðist. Á nokkrum dögum eru teknar af láglaunafólkinu og flestum launþegum þær kjarabætur, sem áttu að falla þeim í skaut.

Annað atriði, sem er e.t.v. merkilegra, er, að ljóst var við saminngagerðina, að ætlunin var að velta kjarabótum launþega skjótlega yfir í verðlagið. Þetta lá fyrir, eins og þegar hefur komið fram með þeim hækkunum, sem orðið hafa á smásöluverði vörunnar. En það undarlega í þessu er það, að verkalýðssamtökin skuli leyfa sér undir þessum kringumstæðum að semja til rúmlega tveggja ára. Til hliðsjónar má hafa það, að samningar hafa átt sér stað í Svíþjóð nú fyrir skömmu, og það voru gerðir rammasamningar. Þar gerðu alþýðusamtökin samning til eins árs, vegna þess að efnahagsástandið þótti ótryggt, og þó er verðbólgan þar þrisvar sinnum minni. Það, sem ég á við, er þetta og væri vert að fá að vita, hvernig það getur átt sér stað, að verkalýðsforustan skuli við þær aðstæður, sem nú ríkja, vitandi vits, að af fólkinu eru kjarabæturnar teknar eftir 2—3 vikur, leyfa sér að semja til meira en tveggja ára. Er ekki svarið pólitískt? Þetta er ekki hagsmunabarátta launþeganna, heldur er þetta fyrst og fremst flokkspólitíska staðan í landsmálunum.

Síðan kemur þriðji anginn, og það eru þessar dæmalausu kerfisbreytingar, sem hér eru í skattamálum, sem eru angi af vandamálinu. Hér er um algera stefnubreytingu að ræða í skattamálum af hálfu Alþýðusambandsins, og þetta er samþ. á einni eða tveimur nóttum. Þá gerist það, að verkalýðshreyfingin hverfur frá því grundvallarsjónarmiði, að tekjuskatturinn eigi að vera til tekjujöfnunar í landinu, heldur almennur söluskattur, það sé helsta hagsmunamál launþegafólks. Þetta er með meiri endemum en mér er kunnugt um.

Og hverjir hagnast nú mest á skattkerfisbreyt.? Það eru fyrst og fremst hátekjumennirnir, auðvitað, eins og alltaf hefur verið .Og síðan þarf þessi ríkisstj., sem hefur verið svo óheppin, — eða hvernig menn vilja orða það, — að búa til þessa níðþungu tekjuskattslöggjöf, að losa sig frá henni. Þá er ríkisstj. að kaupa sér samtakamátt verkalýðshreyfingarinnar til þess að koma sér út úr þessari tekjuskattslöggjöf og frá henni.

Ég held því fram, að þessi skattkerfisbreyt. er launþegum og aðilum innan Alþýðusambands Íslands til mikillar óþurftar og alls ekki í samræmi við hagsmuni þeirra. Hitt er svo annað mál, að það var þörf á tekjuskattslagfæringum, og það var krafa verkalýðsfélaganna. En hvað merkja lagfæringar á tekjuskatti? Það fyrst og fremst, að tekjuskatturinn sé lækkaður og heildarskattbyrðin sé lækkuð. Og ég hygg, að það eigi eftir að verða þung raun fyrir forustumenn Alþýðusambandsins eða þeirra samningsaðila að sannfæra sína aðila síðar meir, þegar dýrtíðin vex í landinu og söluskattsstigið verður komið á annan milljarð, að þetta sé til mikilla hagsbóta fyrir launþega í landinu.

Síðan kemur svo stjórnmálahliðin á þessari vitleysu, þegar hæstv. fjmrh. fer að tala um, að það sé óvirðing við alþýðusamtökin að samþykkja ekki svona kerfisbreytingu, — óvirðing. Þetta er náttúrlega fáránlegt. Auðvitað setur Alþýðusambandið ekki löggjöf í þessu efni. Ég vil benda á það, að Alþýðusamband Íslands hefur innan sinna vébanda ekki helming af vinnandi fólki í landinu, og því skyldi þá þessi aðili taka sér það vald í hendur að leggja söluskatt á alla landsmenn. Síðan kemur hæstv. fjmrh. og er undrandi, að við skyldum óvirða alþýðusamtökin. Þetta er að snúa hlutunum við.

M.ö.o.: ég held því fram, að þessi stefnubreyting Alþýðusambands Íslands í skattamálum, eins og hún birtist, sé ekki aðilum þeirra til hagsbóta, og það sem enn verra er e.t.v., þegar á heildina er litið, er, að það er ekki til meiri fjarstæða, eins og sakir eru í efnahagsmálum, en að koma með 4 söluskattsstig ofan á það, sem fyrir er. Ég hef margsagt, að þessi stefna er fólgin í því að láta eins og ekkert sé að í efnahagsmálum þjóðarinnar.

Hæstv. fjmrh. hefur nú lagt fram till. fyrir hönd ríkisstj. um að fækka söluskattsstigunum í 4. Þetta breytir ekki minni afstöðu til þessa frv. Ég tel, að heildarstefnan sé röng, og mun því ekki styðja þetta. Hins vegar get ég ekki varist, að það kemur dálítið undarlega fyrir sjónir, þegar hæstv. fjmrh. er búinn að lýsa því yfir við öll tækifæri, í sjónvarpi, í útvarpi, hér á þingi, báðum d., hvar sem vera skal, alls staðar, að ekkert nema 5 stig koma til greina undir neinum kringumstæðum. Síðan eru stigin allt í einu orðin 4. En ég verð að segja það, að það er ekki von, að alþýða manna beri mikla virðingu fyrir stjórnmálamönnum, þegar þeir haga sér svona. Í raun og veru virðist mér ekkert að marka, hvað stjórnmálamenn segja. Þeir fullyrða hitt og þetta og síðan gerbreyta þeir um stefnu næsta dag. Það er ekki von, að þjóðin hafi mikið álit á forustumönnum sínum.

Ég fagna ummælum forsrh. varðandi niðurskurð á fjárl. Þetta er það, sem ég hef verið að prédika fyrir daufum eyrum í á annað ár, því að ég tel, að hin eina raunhæfa tekjuskattslækkun náist með niðurskurði á fjárl. Þá gerist nefnilega tvennt: Annars vegar tekjuskattslækk-

un og hins vegar verulegur þáttur í að sporna gegn verðþennslunni og verðbólgunni í landinu. Þetta gerist tvennt. Þetta merkir þá, að loksins eru stjórnarherrarnir farnir að vitkast ofurlítið og farnir að átta sig á þeim vanda, sem við er að glíma. Það er fram undan 40% verðbólga í landinu og nú loksins er farið að örla á því, að þeir hafi hug á því að gera einhverjar ráðstafanir í verðlagsmálum og verðbólgumálum. Batnandi manni er best að lifa. Ég fagna því mjög þessari yfirlýsingu hæstv. forsrh. og vona, að þessi niðurskurður verði einn liður í öðrum þeim aðgerðum, sem verða til þess að hægja á þessari verðbólgu. En ég vil aðeins leggja megináherslu á það, að ég tel söluskattshækkun hið mesta glapræði, hvernig sem á er litið. Það er algerlega í andstöðu við byggðastefnu ríkisstj. þ.e.a.s. það verður dýrari neysluvarningurinn fyrir fólkið úti á landsbyggðinni með hækkun söluskatts, því að hann leggst á flutningsgjöld, og þetta er í andstöðu við stefnu ríkisstj. Þetta er andstætt hagsmunum launafólks, þetta er andstætt heilbrigðum atvinnurekstri, og það eykur enn á erfiðleikana í verðlagsmálum, magnar verðbólguna. Hér er verið að velta vandanum á undan sér, og það þjónar ekki þjóðarhagsmunum.

Ég vil að lokum aðeins segja það, að mér virðist málin hafa þróast þannig, að það þurfi að gera róttækar og óvinsælar aðgerðir eða ráðstafanir í efnahagsmálum. Og ég hygg, að stjórnmálaflokkarnir muni vera ófúsir til þess að gera það rétt fyrir kosningar. Þess vegna tel ég nú eðlilegt og sjálfsagt, eins og málin standa, enda er ríkisstj. vængbrotin, að vísa þessum málum til þjóðarinnar, þannig að ný stjórn taki við og fái þá umboð um það langan tíma, að hægt sé að gera einhverjar raunverulegar ráðstafanir. Þess vegna verður ekki þjóðinni gerður meiri skaði en ef hér situr magnlítil ríkisstjórn, sem hefst ekkert að í þessum brýnu málum þjóðarinnar, og þess vegna er það ábyrgðarhluti að láta þetta dankast. Og þess vegna væri rétt, sjálfsagt og nauðsynlegt að hafa alþingiskosningar sem fyrst, þannig að það reynist þeim, sem við tækju, unnt að gera nauðsynlegar ráðstafanir í verðlags- og verðbólgumálum.

Ólafur G. Einarsson: Herra forseti. Það er að sjálfsögðu ekki ætlun mín að ræða þetta frv. hér að neinu ráði. Flest hefur verið sagt, sem segja þarf, en þó er hér einn þáttur, sem ekki hefur komið til umr. eða tals í þessum umr. Það eru ákvæðin í 7. gr. frv. um greiðslur ríkissjóðs til Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga. Áður en ég kem að því, get ég þó ekki stillt mig um að lýsa undrun minni yfir öllum þeim málatilbúnaði, sem beitt hefur verið. Það hlýtur að vera nokkuð niðurlægjandi fyrir hæstv. fjmrh. að þurfa nú að renna niður flestum sínum ræðum, sem hann hélt hér, þegar verið var að koma á núgildandi skattakerfi. Þá átti það að vera allra meina bót, en nú þarf sem sagt öllu að breyta og gerbylta skattakerfinu.

Það mætti nefna ýmislegt einkennilegt, sem gerst hefur í umr. um þetta mál. Ég læt mér nægja að nefna dæmið um það, þegar við umr. í hv. Ed. var breytt gildistíma frv., þ.e.a.s. tekjuskattskaflinn og söluskattsviðaukinn eigi ekki að gilda nema til áramóta. — Það hefur verið haft á orði, að það væru svik við verkalýðinn, ef þetta frv. yrði ekki samþ. óbreytt. Ég veit ekki betur en það hafi verið samið í nýgerðum kjarasamningum til liðlega tveggja ára og þá að sjálfsögðu gengið út frá því, að þessi skattkerfisbreyt. næði fram að ganga, en það eru ekki svik við verkalýðinn, þegar þessum ákvæðum frv. er ætlað að gilda aðeins til áramóta.

Ég hef leyft mér að flytja á þskj. 538 brtt. við 7. gr. frv. Ég vek athygli á því, að á þskj., sem dreift hefur verið, er villa. Þar segir, að breyt. sé við 6. gr., en á að vera við 7. gr. Brtt. mín er þess efnis, að 3. mgr. verði 2. mgr., en 2. mgr. verði 3. mgr., og við hana bætist orðin: og 2. mgr.

Stjórn Sambands ísl. sveitarfélaga sendi bréf til fjh.- og viðskn. beggja d. Alþ. nú fyrir skömmu, og þetta bréf fjallaði einmitt um þetta mál. Ég hafði vænst þess, að hv. n. mundi taka þetta erindi til afgreiðslu, en svo hefur ekki orðið. Ég vil þess vegna fara um þessi atriði örfáum orðum.

Í 7. gr. frv. er ákvæði um 11% söluskatt, eins og nú gildir og auk þess er ákvæði um 5% söluskattsauka, sem nú er lagt til, að verði 4%. Óbreytt ákvæði eru frá gildandi l. um, að hlutdeild Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga í söluskatti skuli vera 8%, en varðandi söluskattsaukann er ekkert slíkt ákvæði. Jöfnunarsjóði sveitarfélaga og þar með sveitarfélögunum er því ekki ætluð nein hlutdeild í 5% eða 4% söluskattsaukanum, hvort heldur sem verður. Sveitarfélögin í landinu hafa litið á það sem grundvallaratriði, að hlutdeild Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga í söluskatti og aðflutningsgjöldum yrði ekki skert frá því, sem verið hefur. Stjórn sambandsins sendi bréf til félmrh. 15. nóv. s.l., þar sem m.a. segir svo, með leyfi hæstv. forseta:

„Þar eð stjórn Sambands ísl. sveitarfélaga er kunnugt, að ráðgerð er á næsta ári hækkun söluskatts úr 11% í a.m.k. 13%," — þá, á þessum tíma hugsuðu menn nú svona, að hæstv. ríkisstj. mundi nægja að hækka söluskattinn í 13%, en það er nú liðin tíð, — „þá vill stjórnin taka fram, að hún leggur á það megináherslu, að hlutdeild Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga í söluskatti verði ekki skert frá því, sem hún er nú, og hún hefur verið allt frá árinu 1964, þ.e. 8%, sbr. 1. nr. 61/1964 og 1. nr. 8/1972.

Í ársbyrjun 1967 stóð til, að hlutdeild Jöfnunarsjóðs í söluskattstekjum yrði lækkuð. Þær ráðagerðir stjórnvalda mættu mikilli mótspyrnu, og var frá þeim horfið m.a. fyrir harðorð mótmæli Sambands ísl. sveitarfélaga og fjölmargra sveitarfélaga. Það verður að teljast hreint sanngirnismál, að hlutdeild Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga í söluskatti lækki ekki frá því, sem nú er. Því til stuðnings má benda á, að með l. nr. 8/1972, um tekjustofna sveitarfélaga, voru tekjustofnar sveitarfélaga töluvert skertir, og er fyrirsjáanlegt, eins og rn. er kunnugt, að mörg sveitarfélög munu eiga í miklum erfiðleikum við að koma saman fjárhagsáætlunum fyrir árið 1974. Ef það á að takast með eðlilegum hætti, þurfa að koma til auknar tekjur til að mæta útgjöldum

sveitarfélaga, sem þegar er vitað um og fyrirsjáanlegar eru á næsta ári.“

Hér lýkur tilvitnunni í bréfið frá 15. nóv. Það þarf ekki orðum að því að eyða, að hinar geysilegu verðlags- og kauphækkanir, sem þegar eru orðnar og fyrirsjáanlegar eru, hljóta að raska verulega fjárhagsáætlunum sveitarfélaganna, fjárhagsáætlunum, sem að verulegu leyti byggjast á lögbundnum tekjustofnum. Það verður því að teljast enn meiri nauðsyn nú, en þegar þetta bréf, sem ég vitnaði til, var ritað, að sveitarfélögunum verði séð fyrir auknum tekjum til þess að mæta þessari útgjaldaaukningu. Með hliðsjón af þessu hef ég leyft mér að flytja þá brtt., sem ég hér hef lýst. Ég vænti stuðnings hv. þm. við þessa till. og þá ekki síst stuðnings þingmanna hæstv. ríkisstj., sem hafa lýst yfir stuðningi sínum við sjálfstæði sveitarfélaganna í málefnasamningi ríkisstj. margnefndum, en forsenda fyrir sjálfstæði sveitarfélaganna er að sjálfsögðu, að fjárhagur þeirra sé tryggður. Það var ekki gert með tekjustofnalögunum, sem samþykkt voru 1972.

Gunnar Thoroddsen: Herra forseti. Við þessa lokaumr. hér vil ég taka það fram, er nú skal greina:

Það er stefna Sjálfstfl., að almennar launatekjur landsmanna skuli skattfrjálsar og að tekjuskatti sé að öðru leyti stillt svo í hóf, að hann dragi ekki úr framtaki og vinnulöngun. Þessi stefna er mótuð í því frv. um stórfellda lækkun tekjuskatts, sem sjálfstæðismenn hafa flutt á þessu þingi.

Núverandi stjórnarflokkar hafa gengið í þveröfuga átt við þessa stefnu. Vorið 1972 fengu þeir lögfestar skattabreyt., sem lögðu stórauknar byrðar á allan almenning. Þessi skattalög vinstri stjórnarinnar hafa vakið svo magnaða andúðaröldu að stjórninni er ekki stætt lengur á skattpíningarstefnunni. Barátta stjórnarandstæðinga, almenningsálitið og nú síðast þrýstingur frá samtökum launþega hafa knúið stjórnarflokkana til undanhalds. Ber að þakka þá viðleitni verkalýðssamtakanna að fá leiðréttingu á hinum ranglátu skattalögum, þótt sú viðleitni hafi vegna framkomu stjórnarinnar ekki borið þann ávöxt, sem við teljum æskilegan.

Stjórnarfrv., sem hér liggur fyrir, felur í sér allt of litlar umbætur á tekjuskattslögunum. Skattprósentur eru of háar, bilin milli þeirra, skattþrepin, of þröng. Skattstiginn rís of ört. Þessir alvarlegu annmarkar munu valda því, að fjöldi manna með meðaltekjur mun lenda í hámarksskatti, auk þess eru ákvæði frv. um svokallað skattafsláttarkerfi gölluð og að sumu leyti ranglát. Stjórnarflokkarnir hafa hafnað sérhverri uppástungu um lagfæringu í þessum efnum.

Sjálfstfl. getur ekki fallist á áætlanir ríkisstj. um væntanlegt tekjutap ríkissjóðs af skattbreyt. á þessu ári. Það, sem gerir áætlanir stjórnarinnar um tekjutap vafasamar í meira lagi, er m.a. þetta:

1) Stjórnin miðar ekki við þá fjárhæð tekjuskatts, sem í fjárl. stendur, heldur aðra miklu hærri hugsaða upphæð, sem núgildandi skattalög mundu skila ríkissjóði umfram fjárlög, og stjórnin heimtar allan þennan umframgróða bættan.

2) Allar líkur eru til þess, að álagður skattur í ár samkvæmt stjórnarfrv. verði töluvert hærri en stjórnin vill áætla.

3) Óruggt má telja, að innheimta tekjuskatts í ár verði miklu meiri en stjórnin áætlar.

Af þessum og fleiri ástæðum teljum við, að tekjutap ríkissjóðs af breyt. verði mun minna, svo að hundruðum millj. skiptir, en stjórnin heldur fram. Því tekjutapi, sem ríkissjóður verður fyrir, vill Sjálfstfl. fyrst og fremst mæta með því að draga úr hinum risavöxnu útgjöldum ríkisins. Þess vegna var flutt till. um 1500 millj. kr. lækkun á útgjöldum fjárl. á þessu ári. Eftir að talsmenn stjórnarflokkanna hér í d. höfðu andmælt þessari till., talið hana óframkvæmanlega með öllu, hrakti hæstv. forsrh. allar þessar fullyrðingar með atkv. sínu í Nd. og ræðu í Ed., þar sem hann lýsti þessa till. vel framkvæmanlega. Hann rak fullyrðingar talsmanna stjórnarflokkanna svo kirfilega ofan í þá, að síðan hafa þeir þagað þunnu hljóði, og þurfum við stjórnarandstæðingar engu að bæta við þá hirtingu. En samt gerist það undur, sem er raunar í samræmi við önnur furðuverk þessarar stjórnar, að þessi till. um lækkun útgjalda ríkisins, sem forsrh. greiddi atkv. með og mælti fyrir, var felld út úr frv. í Ed. Og nú hefur hæstv. forsrh. lýst því yfir, að hann mundi ekki samþykkja þessa till. hér í annað sinn. Það er víst ærið átak að fylgja rödd skynseminnar í eitt skipti í sama máli.

Samkv. frv. á að hækka launaskatt úr 2½ í 3½%. Launaskatturinn leggst þungt á atvinnureksturinn, m.a. á þann íslenska iðnað, sem keppir við erlendar iðnaðarvörur. Í reynd verkar launaskatturinn sem verndartollur fyrir erlendan iðnað. Sjálfstfl. vill ekki hækkun launaskattsins og flytur því till. um, að 2% renni í byggingarsjóð, og ½% til ríkissjóðs, m.ö.o. að hann hækki ekki frá því, sem nú er.

Ríkisstj. setti Alþ. úrslitakosti: annaðhvort 5 söluskattsstig eða ekkert tekjuskattsfrv. Hæstv. fjmrh. tók vel upp í sig. Ef 5 stigin falla, mun stjórnin sitja, en ríkissjóður fara á hausinn. Vegna hinnar ákveðnu samstöðu stjórnarandstöðunnar hefur stjórnin nú látið undan síga og lækkað sig í 4 stig. Sjálfstfl. telur heildarskattbyrðina allt of þunga fyrir og vill ekki bæta ofan á hana. Hann telur, að 5 söluskattsstig og 4 einnig muni gera töluvert meira en vega á móti tekjuskattslækkun og því þyngja heildarskattbyrðina. Ef frv. við endanlega afgreiðslu felur í sér 5% eða 4% söluskattshækkun, vill Sjálfstfl. ekki standa að slíkri skattheimtu og mun því greiða atkv. á móti frv.

Ellert B. Schram: Herra forseti. Þegar þessi skattkerfisbreyting er hér til umr. og þetta dæmi gert upp, þá er það eins og fyrri daginn, að stjórn og stjórnarandstaða komast ekki að neinni niðurstöðu, hvorki í þessum umr. né málinu í heild, vegna þess að menn nota mismunandi tölur og mismunandi forsendur. Eftir langvinnar deilur vilja menn gjarnan missa sjónar af meginatriði málsins, og afleiðingin verður nú sem fyrr sú, að almenningur á erfitt með að gera sér

grein fyrir réttu og röngu í þessu máli. Ég mun ekki gera enn eina tilraunina til þess að bera saman tölur og útkomu þessa reikningsdæmis, sem hér er til meðferðar, en tek undir málflutning og röksemdir síðasta hv. ræðumanns, hv. 5. þm. Reykv., Gunnars Thoroddsens. Ég tek aðeins fram, að ég er eins og aðrir sjálfstæðismenn fylgjandi þeirri kerfisbreytingu, sem frv. gerir ráð fyrir, þ. e. a. s. þeirri kerfisbreytingu að taka upp óbeina skatta í stað beinna, að skattleggja eyðslu manna, en ekki tekjur. Auðvitað eru á því fyrirkomulagi bæði kostir og gallar, en ég met kostina mun meir, og ég tel, að með hinum svokallaða neikvæða tekjuskatti, eða viðurkenningarskatti, sem þetta frv. gerir ráð fyrir, séu leyst, a. m. k. að einhverju leyti, þau vandamál, sem söluskattur hefur í för með sér gagnvart láglaunuðu fólki. Afstaða mín til frv., eins og það lá fyrir upphaflega, var hins vegar sú, að ég vil ekki, að þessi kerfisbreyting leiði til aukinna skatta, þegar á heildina er litið, og vil ekki, að ríkisstj. hagnist á breytingunni á kostnað skattgreiðenda. Þetta er mergurinn málsins. Það á að draga úr skattpíningu, en ekki að auka hana.

Nú velta menn fyrir sér og velta á milli sín, hvort hækka eigi söluskattinn um 4 eða 5 %-stig, rétt eins og það skipti ekki mjög miklu máli, þegar á heildina er litið. En þess er að gæta, að 1 %-stig er hvorki meira né minna en 800 millj. kr. og ég tel, að þjóðin eigi heimtingu á því, að þingið veiti viðnám, reyni að afstýra því, að þrátt fyrir svona kerfisbreyt. leiði það til hækkunar á sköttum.

Sjálfstfl. og stjórnarandstaðan fram að þessu hafa haldið því fram, að 4%-stig til viðbótar leiddu til aukinna skattahækkana, hækkaðra skatta, og meðan svo er, þá er mér lífsins ómögulegt að greiða atkv. með slíku frv. Alþfl. hefur hins vegar tekið þá ákvörðun, sem nú hefur komið fram í þessum umr., að fylgja frv., þegar það gerir ráð fyrir 4% hækkun. Það var mat þm. Alþfl., að 3½%-stig dygðu til að mæta tekjuskattslækkun frv. Nú hafa þeir fallist á 4%-stig, sem þýðir auðvitað það, að Alþfl. leggur blessun sína yfir hækkaða skatta, samkv. sínum eigin útreikningum. Yfirlýsing varðandi niðurgreiðslur á landbúnaðarvörum skipti auðvitað engu máli, þegar skattdæmið sjálft er gert upp. Það tilheyrir almennum efnahagsráðstöfunum, og er hluti af þeim efnahagsvanda, sem blasir við og ríkisstj. verður að takast á við, en við erum í þessu máli að tala um skatta, hvort sem þeir eru beinir eða óbeinir, og við verðum að reikna það dæmi út sjálfstætt. Og þá var það niðurstaða allra stjórnarandstöðufl., að 4%-stig væri of hátt, og með því að leggja blessun sína yfir þá hækkun núna er Alþfl. raunverulega að leggja blessun sína yfir það, að ríkisstj. fái aukna skatta í sína sjóði.

Stjórnarsinnar hafa að undanförnu rætt um óábyrga stjórnarandstöðu, og í Þjóðviljanum á dögunum, 17. mars s. l. mátti lesa eftirfarandi klausu, með leyfi hæstv. forseta:

„Stjórnarandstöðufl., sem kenna sig við sjálfstæði, alþýðu og frjálslyndi, en þeir hafa sem kunnugt er til samans stöðvunarvald í annarri d. þingsins, tóku skyndilega hamskiptum og lýstu því yfir, að það skyldi aldrei verða, að ríkisstj. fengi tækifæri til að tryggja verkafólki þær hagsbætur, sem um hafði verið samið, frekar skyldi núv. skattkerfi standa, það skattkerfi, sem þeir höfðu varla nógu sterk orð til að lýsa, hve hábölvað væri.“

Nú er það mál út af fyrir sig, sem er ágæt viðurkenning og rétt að það komi hér fram, að það er út af fyrir sig ánægjulegt, að stjórnarsinnar og málgögn þeirra viðurkenni, að breyt. á þeim skattalögum, sem núv. hæstv. ríkisstj. leiddi yfir þjóðina, sé til hagsbóta fyrir verkafólkið. En hitt er mjög ómaklegt og algjörlega rangt að halda því fram, að stjórnarandstaðan sé með aðstöðu sinni hér á þingi — og sjálfstfl. í þessari umr. — að koma í veg fyrir það, að verkafólk fái hagsbætur. Það verður aldrei nógsamlega ítrekað, að afstaða sjálfstfl. byggist á því, að þessar breyt. eigi sér stað, án þess að skattar hækki. Og meðan annað er ekki sannað fyrir mér eða öðrum hv. þm. sjálfstfl., þá að sjálfsögðu greiðum við ekki atkv. með skattkerfisbreyt., vegna þess að það er varla, og alls ekki, til hagsbóta fyrir verkafólkið að fá hækkaða skatta, hvort sem þeir heita beinir eða óbeinir.

Ég kem í þessu sambandi aftur að því, sem ég ræddi hér nokkuð um á dögunum, varðandi 1% söluskattshækkun vegna hækkunar á olíuverði. Þær röksemdir, sem ég flutti þá, eiga enn við nú í þessu máli. Núv. hæstv. ríkisstj. hefur haldið því fram, að hún ætlaði sér að halda verðbólgunni í skefjum. Hún hefur lofað því að lækka og jafnvel afnema söluskatt af almennum nauðsynjavörum, sbr. málefnasamning hennar. Og hún hefur lýst því yfir, að hún hyggðist beita öðrum efnahagsaðgerðum, en fyrri ríkisstj. Hæstv. ríkisstj. hefur brugðist í öllum þessum atriðum, hún hefur svikið þessi fyrirheit. Og þegar stefna einnar ríkisstj. hefur brugðist svo gjörsamlega og leitt til slíks glundroða og öngþveitis sem nú blasir við, þá er ætlast til þess, að stjórnarandstaðan hlaupi til og leysi vandamálið með hæstv. ríkisstj. Vitaskuld er ástandið í dag algjörlega á ábyrgð núv. ríkisstj. Það er hennar að leysa málið. Hún vildi fara aðrar leiðir en fyrri stjórn og núv. stjórnarandstaða, og þá verður hún að sjálfsögðu að taka afleiðingunum af því og leysa það sjálf. Ef hún getur það ekki og verður að leita á náðir annarra, stjórnarandstöðu, eða einhverra annarra, þá á hún miklu frekar að segja af sér.

Hvað sem segja má um þetta frv. og þá kerfisbreyt., sem það felur í sér, er það óhagganleg og óbifanleg staðreynd, að frv. gerir ekki minnstu tilraun til þess að leysa efnahagsvandann, til þess að dreifa sköttunum réttlátar eða til þess að lækka söluskattinn, þvert á móti. Og hæstv. fjmrh. hefur margoft sagt það, að hann hafi fallist á þessa kerfisbreyt. vegna þess, að þar kæmi kr. á móti kr. Og auðvitað er þá bein ályktun af þeim orðum hans sú, að um leið og hann hefur lækkað tekjuskattana, þá er hann að fá inn í sinn ríkissjóð jafnmikla upphæð í söluskatti, og það getur ekki nokkur maður, það er a. m. k. eftir að sannfæra mig um það, að slíkt sé hagstætt, þegar kemur kr. fyrir kr. Menn geta

ekki í öðru orðinu sagt, að þeir séu að lækka skattana, og í hinu orðinu sagt, að þeir vilji fá kr. fyrir kr.

Ríkisstj. hefur ekki heldur, eins og ég sagði áðan, gert tilraun til þess að leysa neinn efnahagsvanda eða bjóða einhverjar nýjar leiðir við lausn á efnahagsvandanum með þessu frv. Og þar sem allir eru sammála um það, að vandinn sé mestur hjá atvinnurekstrinum í landinu, þá er á sama tíma sem hæstv. forsrh. er að tala um, að nú séu á næsta leiti einhverjar nýjar efnahagsráðstafanir til þess að leysa vanda atvinnurekstrarins, með þessu frv. verið að bæta á vanda atvinnurekstrarins með hækkuðum söluskatti og hækkuðum launaskatti, svo að lítið samræmi er nú í orðum og gerðum.

Þetta ber allt að sama brunni, hér er ekki verið að breyta þeirri skattránsstefnu, sem verið hefur í tíð núv. stjórnar, það er verið að breyta kerfinu, innheimta skatta með öðrum hætti en fyrr, en áfram blasir við, að það eru sömu skattbyrðarnar og jafnmargar kr., sem eiga að koma í ríkissjóðinn, samkv. fullyrðingu hæstv. fjmrh.

Stjórnarandstaðan, eins og fyrr segir, vill gjarnan kerfisbreyt. En það er ekki hægt að fara fram á það við stjórnarandstöðuna, að hún taki undir og samþ. þetta frv. vegna þess að hún vill ekki eingöngu kerfisbreytinguna breytingarinnar vegna, hún vill lækka skatta. Það er hennar stefna. Það eru ekki ábyrg stjórnvöld, sem fyrst hækka skattana, eins og þessi stjórn gerði í upphafi síns stjórnartíma, og koma svo seinna á kjörtímabilinu og segja: Nú ætlum við að lækka skattana gegn því að fá eitthvað annað í staðinn.

Hvaða mynd hefur nú þjóðin af þinginu og ríkisstj., eftir að þetta mál er til lykta leitt? Í stól fjmrh. situr maður, sem hefur predikað það undanfarin ár, hversu söluskattur eða óbeinir skattar væru slæmir, og það er fróðlegt að lesa ræður hæstv. fjmrh., þegar hann sat í stjórnarandstöðu, vegna þess að rauði þráðurinn í öllum þessum ræðum er það, hversu söluskattur er óhagstæður og slæmur skattur. Enda var það tekið upp, sjálfsagt í samræmi við hans vilja og í samræmi við vilja annarra stjórnarsinna, í málefnasamninginn að lækka söluskattinn á nauðsynjavörum. Það var eitt af helstu loforðum þessarar ríkisstj. að lækka söluskattinn (**Gripið fram í:** Fella hann niður.) Fella hann niður jafnvel. En nú er gerð till. um það að koma honum upp í 18%, enda þótt þeir fallist á það, að hann verði 17%, og er nú varla mikill munur þar á.

Þjóðin hlustaði líka á þennan hæstv. fjmrh. gefa um það mjög afdráttarlausar og skýlausar yfirlýsingar, að frv., eins og það var lagt fram í upphafi, stæði og félli í upphaflegri og óbreyttri mynd, ekkert annað kæmi til greina en 5% hækkun, ella yrði þjóðin að sitja uppi með núgildandi skattalög. Þessa yfirlýsingu hefur hæstv. ráðh. þurft að gleypa. En hitt er líka afar fróðlegt, og sjálfsagt einsdæmi, að hæstv. ráðh. noti sín eigin skattalög sem hótun. Hann stillir stjórnarandstöðunni og þjóðinni upp og segir: Ef þið samþykkið ekki þetta, sem ég er með núna, þá sitjið þið uppi með gömlu skattana mína, — sem auðvitað er rétt hjá honum, að eru skattráns- og skattpíningarlög.

Ég held, að atburðir síðustu daga varpi ekki einungis ljósi á, að hæstv. ríkisstj. er á undanhaldi, heldur líka hitt, að þetta ástand er algjörlega óviðunandi. Hvort sem það heitir viðreisnarstjórn eða vinstri stjórn, þá leiðir slíkt ástand eins og er hér á þinginu aðeins til glundroða og öngþveitis. Það er ofur eðlilegt, að þm. séu ekki bundnir í flokksklafa, þegar um almenn mál er að ræða, en í slíkum málum sem þessum er auðvitað nauðsynlegt fyrir hverja stjórn að hafa á bak við sig sterkan meiri hluta og ráða ferðinni. Að öðrum kosti verður ekki heil brú í stjórnarfarinu í landinu, eins og kemur á daginn í þessu máli. Hæstv. forsrh. sagði hér á dögunum, að til þess að takast á við efnahagsvandann þyrfti sterka stjórn í þessu landi. Hans vandamál í dag er ekki aðeins, að hann hefur ekki sterka stjórn, hann hefur enga stjórn. Það er engin stjórn í þessu landi, og það er niðurstaðan í þessu máli.

Ég vildi að lokum, herra forseti, víkja að einni gr. þessa frv., þ. e. a. s. 12. gr., en hún hljóðar svo, með leyfi forseta:

„Ráðherra er heimilt að ákveða, að í öllum verslunum, sölu- eða afgreiðslustöðum, þar sem söluskattur er innheimtur, skuli taka upp peningakassa, sem auðvelt sé að stimpla í öll söluskattsskyld viðskipti, þannig að eftirlitsmenn fjmrn. geti gengið úr skugga um, að allur innheimtur söluskattur komi fram. Ráðh. getur sett nánari reglur um framkvæmd á ákvæðum þessarar gr."

Nú er í sjálfu sér ekkert óeðlilegt, að þetta ákvæði sé í frv., og reyndar sýnist mér, að það sé óbreytt frá fyrri l. eða núgildandi l. En nú, þegar það virðist vera orðin almenn ríkjandi stefna að beita óbeinum sköttum, þ. e. a. s. innheimtu söluskatts, sem einnar stærstu tekjuöflunar fyrir ríkissjóð, þá sýnist mér ábyrgð þeirra, sem innheimta þennan söluskatt, fara vaxandi, og meira áríðandi en áður fyrir ríkissjóð og þjóðfélagið, að þar sé haldið um af öryggi og ábyrgð. Hins vegar er það svo, að það er óviðráðandi fyrir þá aðila, sem innheimta söluskattinn, að sitja undir því að þurfa að leggja í mikinn kostnað til þess að innheimta þetta fé fyrir ríkissjóð, og spurningin er þess vegna sú, hvort það sé ekki hugmynd hæstv. ráðh., ef þetta frv. verði að l., að þá verði það ríkissjóður, sem beri kostnað af kaupum á slíkum peningakössum eða yfirleitt beri kostnað af innheimtu söluskattsins. Ég vildi gjarnan fara fram á það, að hæstv. ráðh. lýsti sínum skilningi varðandi þetta atriði. Ég geri frekar ráð fyrir því, það sé skoðun og skilningur á því hjá rn. og hæstv. ráðh., að ríkissjóður beri þennan kostnað. Slík tæki, peningakassar og annað þess háttar, kosta hundruð þúsunda króna, það skiptir milljónum samtals fyrir þessa aðila, sem innheimta fé, og ósanngjarnt að ætlast til þess, að þeir kaupi það á eigin kostnað. Ég vildi þess vegna spyrjast fyrir um þetta hjá hæstv. ráðh. og vona, að hann gefi á því þær skýringar, sem ég er að tala um, ella mundi ég þurfa að bera fram hér skriflega brtt. Ég vona, að til þess þurfi þó ekki að koma.

Ingólfur Jónsson: Herra forseti. Það vekur vitanlega athygli, að hæstv. ríkisstj. og hv. stjórn-

arliðar taka þann kostinn að tala ekki í þessu máli. Hæstv. fjmrh. flutti hér áðan örstutta ræðu og gerði nokkra grein fyrir því, hvers vegna hann hefði látið undan með það að flytja till. um 4% söluskattshækkun. Margir muna eftir því, þegar hæstv. ráðh. birtist á sjónvarpsskerminum og sagði: Annaðhvort verður að samþykkja frv. óbreytt eða menn verða að búa við mín skattalög, — sem flestum þykja nú of þung. Það var vitanlega óhyggilegt af hæstv. ráðherra, að setja hv. Alþingi slíka kosti. Frv., sem ríkisstj. lét semja úti í bæ í sambandi við samningana við verkalýðsfélögin, gat ekki verið þannig úr garði gert, að ekki mætti þar stafkrók breyta, auk þess sem það er algjörlega rangt, þegar því er haldið fram, að það sé í óþökk verkalýðsfélaganna að breyta þessum frv. Verkalýðsfélögin og allir landsmenn fagna því, ef skattkerfisbreytingin getur átt sér stað án þess að leggja á 4 eða 5% söluskattsstigshækkun eða ef hægt er að komast hjá því að auka álögurnar. Skattkerfisbreyt. á að fela það í sér að jafna álögurnar, gera þær léttbærari, en ekki að þyngja þær. Hæstv. ráðh. hafa blekkt verkalýðsforustuna, þegar þeir fengu hana til þess að fallast á 5% söluskattshækkun, og getur enginn láð verkalýðsforustunni, þó að hún hafi ekki haft aðstöðu til að setja sig nægilega vel inn í málið. Hæstv. fjmrh. sagði hér áðan í sinni stuttu ræðu: Það tekur ekki að vera að deila um keisarans skegg. — En hvernig er nú þetta keisarans skegg, sem hæstv. ráðh. var að tala um? Það er eitt söluskattsstig. 800—900 millj. kr. eru orðnar svo litlar í augum hæstv. ráðh., að það tekur ekki að vera að deila um það. Það má þess vegna segja, að ýmislegt sé breytingum undirorpið. Eða getur það verið, að það hafi átt sér stað, síðan samningarnir voru gerðir og ákvörðun tekin um 5% söluskattshækkun, að viðhorfið hafi breyst þannig, að 4% söluskattshækkun muni gera eins mikið í tekjuauka fyrir ríkissjóð, reiknað í dag, eins og 5% áður? Það er athyglisvert, að í desembermánuði var reiknað með, að söluskattsstigið mundi gefa 610 millj. kr. Það er ennfremur athyglisvert, að þegar skrifað er undir kjarasamningana, þá er reiknað með, að söluskattsstigið muni gefa 800 millj. kr. Og það gæti verið, að í dag þætti eðlilegt að reikna með, að söluskattsstigið gæti gefið allt að 900 millj. kr. Þegar kemur fram á vorið, mundi margur hugsa sem svo, að söluskattsstigið gæti gefið 1 milljarð. Ef hæstv. fjmrh. lítur þannig á málið og gerir sér grein fyrir því, að verðbólgan eykur það fjármagn, sem í ríkissjóð rennur, er kannske eðlilegt, að hann sætti sig nú við 4% hækkun, þótt hann hafi talið nauðsynlegt að fá 5% hækkun fyrir hálfum mánuði eða 3 vikum. Verðbólguhjólið snýst hratt, og verðbólgan malar fleiri og fleiri kr. inn í ríkissjóðinn, minnkandi kr. En ég held, að það sé ofmælt eigi að síður, þó að hæstv. ráðherra hafi þetta viðhorf til fjármála og efnahagsmála, að tala um, að það taki ekki að deila um keisarans skegg, þegar um 1 söluskattsstig sé að ræða, hvort sem reiknað er með, að það gefi 800 milljónir eða allt að 1 milljarði á ársgrundvelli.

Hv. 7. þm. Reykv. lýsti því hér áðan, að Alþfl. mundi styðja 4% hækkun á söluskatti, og brýtur það algjörlega í bága við fyrri yfirlýsingar Alþfl. Hv. 7. þm. Reykv. virtist leggja mikið upp úr því að fá yfirlýsingu hæstv. ríkisstj. um það, að niðurgreiðslur yrðu ekki lækkaðar á þessu ári. Sú yfirlýsing hefur verið gefin. En ég vil benda hv. 7. þm. Reykv. á það og öðrum hv. þm., að þessi spurning til hæstv. ríkisstj. var algerlega óþörf. Hæstv. ríkisstj. getur ekki lækkað niðurgreiðslurnar. Dýrtíðarhjólið snýst nógu hratt, þótt það verði ekki gert. Og það er miklu frekar ástæða til að ætla, að ef efnahagsaðgerðir verði gerðar, gangi þær í þá átt að auka niðurgreiðslurnar til þess að stemma stigu við stöðugt vaxandi verðbólgu. Getur það verið, að hæstv. ríkisstj. hafi blekkt hv. 7. þm. Reykv. til þess að ganga inn á 4% á skökkum forsendum, með skökkum röksemdum? Ég vil ekkert um það segja. Hitt veit ég, að hv. 7. þm. Reykv. og hans flokkur vilja ekki samþykkja óþarflega háan söluskatt, að þeirra áliti. En því miður hafa þeir í þessu tilfelli gengist inn á þetta af mér alveg óskiljanlegum ástæðum, því að hv. 7. þm. Reykv. er það vel að sér í visitölumálunum og niðurgreiðslumálunum, að það hefði mátt ætla, að hann hefði ekki þurft að spyrja hæstv. ríkisstj., hvort hún ætlaði að minnka niðurgreiðslur, á sama tíma og hæstv. ríkisstj. boðar, að hún ætli að beita sér fyrir efnahagsaðgerðum.

Í hverju skyldu efnahagsaðgerðir vera fólgnar nú, ef þær yrðu gerðar? Að hverju skyldi stefnt? Það getur ekki verið stefnt að öðru en því að draga úr dýrtíðinni, að hægja á snúningi verðbólguhjólsins. En því miður er engin ástæða til þess að ætla, að núv. hæstv. ríkisstj. hafi getu til þess að gera nokkuð af viti í þessu efni. Því miður. Og þess vegna er sú hætta á ferðinni, að dýrtíðin haldi áfram að aukast, ógna atvinnuvegunum, ógna atvinnuöryggi almennings, minnka kaupgetuna og minnka og draga úr þeim lífskjörum, sem almenningur í landinu hefur.

Þetta frv. hefur verið allmikið rætt, en síður en svo, að það sé of mikið. Við sjálfstæðismenn komum með till. við 2. umr. í þessari hv. d. Við lögðum til, að söluskattshækkunin yrði 2% og að dregið yrði úr útgjöldum ríkissjóðs sem næmi 1500 millj. Þetta svaraði næstum til 4 söluskattsstiga. En orsök þess, að við gerðum þetta, var sú staðreynd, að við fluttum jafnframt till. til útgjaldaauka með því að lækka tekjuskattinn meira en gert er ráð fyrir í frv. ríkisstj. og fleiri atriði í okkar till. voru til þess að auka útgjöld ríkissjóðs. Nú er þessu öðruvísi varið. Nú gilda okkar útgjaldatillögur ekki eins mikið og þær áður gerðu, þær eru færri og þær kosta minna. Og það er metið svo og reiknað nákvæmlega út, að 3 söluskattsstig dygðu nú til þess að mæta þeim auknu útgjöldum, sem fylgja skattkerfisbreyt. og þeim till., sem við höfum flutt, ef þær verða samþykktar. Það væri þess vegna nægilegt að samþykkja 3 söluskattsstig. Ekki er ástæða til, að þau séu 4, ef um það er að ræða að bæta ríkissjóði aðeins þá útgjaldaaukningu, sem felst í skattkerfisbreyt. og öðru, sem óhjákvæmilega fylgir því. Það er ofrausn að samþykkja 4%, og það eru nógar álögur á fólkinu í landinu þótt við höldum okkur aðeins við það að ná jöfnuði í því dæmi, sem hér er rætt um.

Hæstv. forsrh. boðaði hér áðan, að hann mundi beita sér fyrir efnahagsaðgerðum og það mundi

verða niðurskurður á útgjöldum fjárl. Það er nauðsynlegt að draga úr útgjöldum fjárl. Með till. okkar, sem ég áðan lýsti, gerðum við ráð fyrir að draga úr útgjöldum fjárl. til þess að lækka álögur á skattborgurunum. Með því að draga úr útgjöldum fjárl., ætluðumst við til, að söluskattshækkunin yrði aðeins 2%, enda þótt tekjuskatturinn yrði lækkaður frá því, sem er í frv. hæstv. ríkisstj.

Nú er það enginn ágóði og enginn hagnaður, hvorki fyrir skattborgarana né þjóðarbúið, ef dregið væri úr útgjöldum ríkissjóðs á þann veg, að lækka fjármagn til verklegra framkvæmda til þess að auka eyðslu eða rekstrarkostnað í ríkiskerfinu. Það gæti þess vegna skeð, að þegar hæstv. ríkisstj. kemur með sínar till. til þess að draga úr útgjöldum fjárlaga, þá gæti það borið þannig að, að ekki væri möguleiki á því að styðja þá till., því að það er undir stefnunni komið, sem fylgir slíkri tillögugerð, hvort hún kemur að gagni eða ekki. Það gæti verið gagnslítið og óréttmætt að gera till. um lækkun verklegra framkvæmda. Það er ástæða til þess að vekja athygli á því, að verklegar framkvæmdir eru aðeins 1/6 hluti af útgjöldum fjárl. Hitt er kostnaður, og það er kostnaðarhliðin, sem þarf að ráðast á, þegar till. er gerð um niðurfærslu á útgjöldum. Það þarf að vera sparnaðaráform, en ekki það að lækka nauðsynlegar verklegar framkvæmdir, sem eru lækkaðar nú með viku hverri vegna aukinnar dýrtíðar og minnkandi krónu. Það er staðreynd, að verðbólgan hefur stórlækkað fé til verklegra framkvæmda á þessu ári, þótt krónunum verði ekki fækkað frá því, sem ákveðið var, þegar fjárl. voru samin. Ég er ósköp hræddur um, að þegar farið verður að setjast niður fyrir n.k. vor, áður en framkvæmdir eiga að hefjast, uppgötvi menn þá staðreynd, að fjármagn til verklegra framkvæmda er nú á mörgum sviðum lægra og miklu minna en s.l. ár. Ég vek athygli á þessu, og þar sem hæstv. forsrh. hefur boðað niðurskurð á útgjöldum fjárl., vil ég beina því til hans, að hann beiti sér fyrir því, að niðurfærslan verði á þeim sviðum og þeim liðum fjárl., sem koma að gagni og eru í sparnaðarátt, en ekki þar sem síst skyldi vera.

Það hefur verið talað um, að þessi kerfisbreyt. á skattal. sé launþegunum til hagnaðar. En því miður efast ég um, að það sé nema að nokkru leyti og alls ekki til hagnaðar fyrir láglaunafólk eða fyrir stórar fjölskyldur, barnafjölskyldur og þar sem margt er í heimili. Söluskatturinn, 4%, ef hann verður samþykktur, eins og útlit er fyrir, fer inn í verðlagið og hækkar vöruverðið og útgjöld heimilanna stóraukast. Ég er hræddur um, að hjá mörgum heimilum verði útgjöldin meiri en það, sem skattalækkuninni nemur. Og eitt er víst, að fyrir atvinnurekstrinn er söluskattshækkunin mjög slæm. Hún er mjög slæm fyrir landbúnaðinn, fyrir iðnaðinn og annan atvinnurekstur, sem þarf að kaupa mikið af vélum, varahlutum og öðrum rekstrarvörum, sem hækka í verði vegna söluskattshækkunarinnar. Ég er hræddur um, að ef ekki verður lengra gengið í niðurfærslum tekjuskatts en boðað er í frv. hæstv. ríkisstj., þá bregði mörgum, þegar þeir fá skattseðilinn í hendur á n.k. vori. Margir búast við því, að tekjuskatturinn lækki verulega, lækki sem um munar. En ef skattþrepin verða samþykkt í því formi, sem þau nú eru, þá eru það meðallaunin, sem komast í hæsta skattstiga, eins og oft hefur verið á minnst. Og ég er hræddur um, að mörgum bregði, þegar skattseðillinn kemur, þegar þeir sjá, að skattarnir — tekjuskatturinn í krónum verður a.m.k. eins hár og hann var í fyrra. En þess ber að geta, að launin, sem á er lagt frá árinu 1973 eru hærri en launin, sem á var lagt á s.l. ári, frá 1972. Skattbyrðin verður mjög þung, beinu skattarnir verða mjög þungir þrátt fyrir þessa breytingu, ef ekki verður samþykkt sú brtt., sem við sjálfstæðismenn stöndum að, um breikkun skattþrepanna.

Ég held, að það sé ekki ástæða til að hafa þessi orð miklu fleiri að svo stöddu. Ríkisstj. virðist ætla að standa fast við þá ákvörðun sína að tala ekki meira í þessu máli hér í hv. d. og gefa ekki fleiri skýringar á málstaðnum. Hæstv. ríkisstj. hlýtur að vera ánægð með það að hafa fengið yfirlýsingu frá hv. formanni Alþfl., hv. 7. þm. Reykv., um það, að Alþfl. hefur fallist á að samþykkja 4% söluskattshækkun. Það er eðlilegt, að menn brosi, þegar talað er um afstöðu Alþfl., vegna þess að hv. Alþfl.-menn hafa sagt það fram á síðustu stundu, að það sé ekki þörf á meira en 3½%. Þess vegna er þessi breyt. á þeirra hugarfari óskiljanleg. Við teljum hins vegar, sjálfstæðismenn, að það sé alls ekki þörf á meiru en 3%, og höfum reiknað það nákvæmlega. Þegar við fluttum till. um 2%, vorum við með útgjaldatill., við vorum með niðurfærslu og till. til hærri útgjalda en nú er gert. Þannig stenst hvort tveggja og er rétt, þær till., sem við fluttum áður, og einnig sú till. um 3% söluskatt, sem við flytjum nú.

Það er enginn vafi á því, að það hefði verið eðlilegasta og besta afgreiðslan á þessu máli, ef hv. Alþ. hefði vísað því til ríkisstj. með áskorun um það, að ríkisstj. tæki upp samninga við alla þingfl. um að semja frv. að nýju og fá út úr því það, sem sanngjarnt er og eðlilegt. Það hefur verið margtekið fram, að það er ekki deilt um skattkerfisbreyt. út af fyrir sig, það virðast allir þingfl. vera sammála um hana, en það hefur verið deilt um, hvort eðlilegt væri að blanda öðrum málum saman við þetta skattafrv., t.d. niðurgreiðslum á landbúnaðarvörum og öðrum óskyldum málum, sem eðlilegt er að taka upp í öðru frv., ef hæstv. ríkisstj. kemur sér saman um að gera efnahagsráðstafanir, sem virðist vera þörf á. Það er enginn vafi á því.

Hæstv. ráðh. hafa látið í það skína, að atvinnuvegirnir séu það illa staddir nú, að þeirra vegna þurfi efnahagsráðstafanir. Eigi að síður þykir hæstv. ríkisstj. og hv. stjórnarliði hæfa að hækka launaskatt, sem kemur þungt niður á atvinnuvegunum. Þetta er ósamræmi og skilningsskortur hjá hæstv. ríkisstj., því að atvinnuvegirnir eru burðarásinn í athafnalífinu, og ef atvinnuvegirnir ganga ekki, fást ekki tekjur í þjóðarbúið. Ef atvinnureksturinn dregst saman, eins og horfur eru á í þessu verðbólguflóði, þá fer atvinnuöryggið og þá versna lífskjörin. Við atkvgr. hér í hv. d., kemur það í ljós, hvort brtt. okkar sjálfstæðismanna, sem er vissulega til bóta, þótt þær gangi ekki eins langt og þær till., sem voru felldar hér við 2. umr., verða samþ., og það kemur í

ljós, hvort hæstv. ríkisstj. fær þetta frv. samþykkt með öllum þeim göllum, sem á því eru. Ég tel nauðsynlegt að fella þetta frv., til þess að nýtt frv. og betra verði samið um það mál, sem hér um ræðir.

Guðlaugur Gíslason: Herra forseti. Ég mun ekki ræða þetta frv. mikið efnislega, það hafa aðrir flokksbræður mínir gert. Fyrir liggur, að allir flokkar eru sammála um lækkun beinna skatta og breytingu á tekjuskattsl. í þá átt. Hitt liggur einnig fyrir, að menn hefur greint nokkuð á um, hvað mikið þyrfti að koma í staðinn í hækkuðum söluskatti eða öðrum tekjum til ríkisins, og hefur þar ýmislegt einkennilegt komið fram, eins og t. d. hjá hv. 7. þm. Reykv., sem mér sýnist hafa komist nær heilan hring í sínum útreikningum og að lokum reiknað sig út úr kortum, eins og sagt er um skipstjóraefni, sem falla á prófi í stýrimannaskólanum, þar sem hann hefur nú reiknað sig út úr stjórnarandstöðunni og yfir í stjórnarliðið og þar með tekið ábyrgð á áframhaldandi lífi ríkisstj.

Það sem ég tel, að eðlilegt sé að ræða í sambandi við þetta mál, er ástand almennra efnahagsmála hjá þjóðfélaginu, eins og það er í dag. Það virðist vera nokkuð öruggt, að þegar vinstri stjórn sest að völdum hér á landi, taki það hana 2—2½ ár að koma öllu efnahagskerfi þjóðarinnar úr skorðum. Þessi varð reynslan um stjórn Hermanns Jónassonar, sem mynduð var 1956, að eftir rúm tvö ár kom hann í ræðustól og tilkynnti þjóðinni, að óðaverðbólga væri þegar skollin á og fram undan væru það miklir erfiðleikar í efnahagsmálunum, að hann sæi ekki fram á, að hann hefði samstöðu hjá stjórn sinni um, hvernig ætti að leysa málið. Hann hafði þann manndóm til að bera að biðjast lausnar fyrir sig og ríkisstj. sína. Hann kunni leikreglur stjórnmálanna og hann kunni leikreglur lýðræðisins. Þegar hann sá, að hann hafði ekki lengur meiri hl. á Alþ. til að koma fram umbótum, sem hann taldi nauðsynlegar í efnahagsmálum þjóðarinnar, baðst hann lausnar fyrir sig og ríkisstj. sína.

Þessu er því miður öðruvísi farið með hæstv. núv. ríkisstj. Hæstv. núv. forsrh. virðist ekki kunna leikreglur stjórnmálanna eða leikreglur lýðræðisins, þegar hann stendur frammi fyrir því hér á Alþ. í dag, að hann hefur ekki þingmeirihl. til að koma fram málum í gegnum Nd., heldur er hann kominn í þá aðstöðu, að hann verður að leita til stjórnarandstöðunnar, ef hann ætlar að koma sínum málum fram. Þetta er því meira ábyrgðarleysi að mínum dómi, þar sem við í dag stöndum frammi fyrir enn þá geigvænlegri verðbólgu en við stóðum þó frammi fyrir árið 1956, þegar stjórn Hermanns Jónassonar baðst lausnar. Ég segi alveg hiklaust, að áframhaldandi seta núv. ríkisstj. er hreint ábyrgðarleysi.

Það liggur alveg ljóst fyrir, að það, sem er að gerast í efnahags- og peningamálum þjóðarinnar, leiðir til þess, að þjóðfélagsþegnarnir margir hverjir verða fyrir beinu fjárhagslegu tjóni, eins og málin þróast nú. Og ég spyr: Er það heimilt fyrir nokkra ríkisstj. og getur nokkur forsrh. tekið þá ábyrgð á sig, þegar hann veit, og það liggur alveg ljóst fyrir, að þannig er málum farið, að það er verið að rýra eignir þjóðfélagsþegnanna, mjög þó misjafnlega, flestir eða mjög margir tapa, aðrir græða, — er þá leyfilegt fyrir ríkisstj. að sitja áfram og hafa ekki aðstöðu til á Alþ. að koma fram þeim umbótum, sem hún telur þó nauðsynlegar? Ég segi alveg hiklaust nei.

Hverjir eru það, sem græða á því ástandi, sem nú er að skapast í þjóðfélaginu, óðaverðbólguástandi? Það eru auðvitað þeir, sem skulda mest, og það eru þeir, sem eiga miklar eignir. Það eru þeir, sem græða. Þetta liggur alveg ljóst fyrir. Þar á móti hlýtur að koma, að einhverjir tapa. Þetta er tilfærsla eigna á milli þjóðfélagsþegnanna. Þeir, sem tapa á verðbólgu, það eru auðvitað launastéttirnar og það eru þeir, sem eiga sparifé í landinu í dag. Nú dettur kannske einhverjum í hug að halda, að það séu „fjármálaspekúlantarnir“, sem eigi sparifé í lánastofnunum landsins. Ég fullyrði, að þeir eiga þar langsamlega minnstan hlut. Sparifé, sem hefur safnast upp á undanförnum áratugum hjá peningastofnunum landsins, er eign hins almenna borgara, — manna, sem hafa lagt eitthvað til hliðar, ætla sér einhverjar framkvæmdir eða ætla sér framfæri, þegar þeir kæmust á efri ár, og trúa því, að þetta væri þeirra stoð og stytta í ellinni. Af þessu fólki er verið að taka hluta af eignum þess með áframhaldandi óðaverðbólgu, eins og nú á sér stað.

Hæstv. forsrh. hefur boðað hér aðgerðir í efnahagsmálum. Það er út af fyrir sig rétt. En ég segi: Væri það ekki meiri manndómur hjá hæstv. forsrh. að segja af sér, láta þjóðina kveða upp dóm um þá aðstöðu, sem upp hefur komið í efnahags- og peningamálum, og láta síðan þá stjórn, sem síðan tæki við og þyrfti að vera mjög sterk stjórn, glíma við vandann og lagfæra það, sem lagfæra þarf, í stað þess að sitja hér án þess að geta komið málum í gegnum Nd. og ætla sér þannig kannske, eins og nú er farið að orða það, að reyna að skáskjóta málum í gegnum þingið, annaðhvort með samningamakki við stjórnarandstöðuna eða á annan hátt.

Ég segi alveg hiklaust að það er of alvarlegt ástand í dag í efnahagsmálum íslensku þjóðarinnar til þess að það megi leika sér að því, eins og núv. hæstv. ríkisstj. gerir, að láta óðaverðbólguna halda áfram. Það hefur verið bent á það hér, sem er alveg rétt, að launþegar, sem nýbúnir eru að semja um kaup sitt og kjör til tveggja ára, hafi verið sviknir. Þetta liggur alveg ljóst fyrir. Það veit hver einasti launþegi í landinu. Einum eða tveimur dögum eftir að samningar höfðu verið undirritaðir og forustumenn launþegasamtakanna höfðu fengið það samþykkt í sínum félögum, þá skella á þær mestu verðhækkanir á helstu nauðsynjavörum, sem nokkurn tíma hafa orðið. Spurningin er: Vissu samningamenn launþega um þetta, þegar þeir voru að undirrita samningana? Og ef svo var, sögðu þeir sínum umbjóðendum frá þessu, var þetta skýrt út á fundum verkalýðsfélaga, þegar var verið að fá samþykki þeirra fyrir samningunum? Var þetta skýrt út fyrir launþegunum, að stór hluti af þeirra tekjum yrði tekinn af þeim aftur þegar á næstu dögum, eftir

2—3 daga, og því síðan haldið áfram? Nú liggur fyrir, að Alþ. er beðið að samþykkja hækkun söluskatts um 4 stig. Þetta er auðvitað aukin verðhækkun á öllum lífsnauðsynjum. Það liggur einnig fyrir, að verðlagseftirlit hefur samþykkt hækkun á álagi til þeirra, sem annast vörudreifingu og annað, og það er ósköp eðlilegt, að þeir þurfi með hækkandi kauplagi að hækka álag fyrir sína þjónustu. Það leiðir hvort af öðru. En þetta bitnar allt á launþegum, sem ekki einu sinni fá þetta bætt í vísitölunni. Næsta vísitöluhækkun kemur ekki fyrr en eftir 2½ mánuð, á meðan verða launþegar allir að bera þetta óbætt, og hver veit hvernig ástandið verður eftir 2½ mánuð í þessum málum? Ég hygg, að því miður stefni í þá átt, að það verði kannske enn þá óhagstæðara fyrir launþegana en það þó er nú í dag, og er það þó sannarlega nægjanlega slæmt.

Ég sagði áðan, að ég teldi, að hv. 7. þm. Reykv., Gylfi Þ. Gíslason, hefði farið heilan hring í sínum útreikningum í sambandi við skattalagafrv., og hann hefði reiknað sig út úr kortinu með því að ætla að styðja stjórnarliðið við að koma málinu í gegn á þeim forsendum, sem nú liggja fyrir.

Ég vil benda á, að þegar málið var hér til 1. umr., henti það frumhlaup þennan hv. þm. að slá því föstu, að hækkun söluskatts þyrfti að vera um 3½ stig. Hann hafði þá sem glöggur reiknimeistari fundið það út, að tekjuskattslækkunin mundi nema 2 700 millj. og á móti því þyrfti 3½ söluskattsstig til hækkunar. Þegar málið er skoðað í n. þessarar hv. d. milli 1. og 2. umr. kemur það í ljós, sem hv. 7. þm. Reykv. virðist ekki hafa gert sér grein fyrir við 1. umr., að tekjuskattslækkunin verður ekki 2 700 millj., hún verður 1 700 milljónir. Þarna munar um 1 milljarð, og liggur þetta ljóst fyrir skv. upplýsingum hagfræðinga ríkisstj. sjálfrar, að tekjuskattslækkunin verður ekki, eins og áður var boðað af hæstv. fjmrh. og hæstv. 7. þm. Reykv. hafði tekið með í sinn reikning, — hún verður ekki 2 700 millj., hún verður 1 700 millj. Það liggur alveg ljóst fyrir, að hv. 7. þm. Reykv. hefur þarna fallist á hækkun söluskatts um a. m. k. rúmlega 1 stig meira en eftir útreikningum ríkisstj. þarf að vera. Þrátt fyrir að það liggur fyrir, að þarna skakkar um 1 milljarð, sem tekjuskattslækkunin verður minni en þessi hv. þm. hafði reiknað út, ætlar hann að fallast á með stjórnarliðinu að hækka söluskatt enn um ½ stig eða upp í 4 stig. Það getur vel verið, að þessi hv. þm. haldi, að hann geti fengið almenning til að trúa þessu og styðja þetta. Ég held, að þetta verði ákaflega erfiður biti fyrir hans flokk að kyngja. Það vita allir launþegar, að hækkun söluskatts er hækkun daglegra útgjalda fyrir hvern einasta launþega í landinu. Og þegar þm. úr stjórnarandstöðunni eru að leggjast á sveif með ríkisstj. um að taka meiri skatta af þjóðfélagsþegnunum en nauðsynlegt er og fulltrúar sjálfrar ríkisstj. hafa bent á, þá held ég, að það verði ákaflega erfitt fyrir Alþfl. að sannfæra launþega í landinu um, að þeirra afstaða nú í dag sé rétt. Ég held, að hún sé mjög ábyrgðarlítil, vægast sagt. Stjórnarandstaðan hlýtur að eiga að gæta þess, að ríkisstj. á hverjum tíma fari ekki í skattamálum lengra ofan í vasa þjóðfélagsþegnanna en nauðsynlegt er. Það hlýtur að vera eitt af þeim atriðum, sem stjórnarandstaðan á hverjum tíma, hver svo sem hún er, hlýtur að gera sér grein fyrir og sporna við, ef hún hefur aðstöðu til þess.

Þetta hefur því miður ekki gerst í þessu tilfelli. Stjórnarandstaðan, hluti hennar, hefur hlaupið út undan sér, eins og sagt er, tekið þátt í að styðja áfram ríkisstj., sem allir vita, að ekki ræður við efnahagsmálin lengur, ekki hefur aðstöðu til að ráða við þau. Og sú ákvörðun, sem hér er verið að taka, er verðbólguaukandi og útgjaldaaukandi fyrir hvern einasta launþega í landinu og til óhagræðis fyrir þá aðila, sem síst skyldi, þ. e. þá aðila, sem sparifé kunna að hafa dregið saman til efri ára, en mjög til hagræðis fyrir alla stórefnamenn og sérstaklega fyrir þá, sem mest skulda.

Það er því næsta ófugmæli, að núv. ríkisstj. skuli kalla sig stjórn hinna vinnandi stétta, þegar þetta liggur fyrir. Það hefur engin stjórn á Íslandi, að ég hygg, sem nokkurn tíma hefur gert meira til þess að gera þá ríku ríkari og fátækari enn fátækari.

Fjmrh. (Halldór E. Sigurðsson): Herra forseti. Ég ætla ekki út í umr. í sambandi við það, sem fram hefur komið hér. Ég vil aðeins svara fsp. hv. 9. landsk. þm. um framkvæmdina á kössum þeim, sem gert er ráð fyrir í lagafrv., að upp verði settir vegna söluskattsinnheimtu. Að sjálfsögðu hafa ekki endanlegar reglur verið samdar um þetta í rn., en það, sem hefur verið rætt um í því sambandi, er í fyrsta lagi að kynna sér í samstarfi við hlutaðeigandi innheimtumenn, þar af leiðandi seljendur í smásölu, hvaða kössum væri hægt að breyta, og taka þá svo eitthvað af kössum til þess að prófa í þessu kerfi.

Það er gert ráð fyrir því, að ríkissjóður verði að hafa einhvern kostnað af þessari tilraun, sem þarna verður gerð. En í stórum mæli verður ekki farið út í þetta, heldur að prófa þetta kerfi, og þá gæti það orðið hreyfanlegt. Þetta er hugsunin, sem á bak við þetta liggur, án þess að fullkomin vinna hafi verið unnin í þessu máli.

ATKVGR.

Brtt. 537,1 felld með 20:20 atkv.
— 538 felld með 20:19 atkv.
— 532,1 samþ. með 24:16 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu:

já: ÓlJ, PP, BrS, SV, SvJ, VH, ÞÞ, ÁÞ, BGr, BP, EðS, EystJ, GS, GÞG, HES, HV, IG, JSk, JónasÁ, JJ, KP, LJós, MK, GilsG.

nei: ÁS, MÁM, ÓE, PJ, PS, RH, SvH, BGuðn, EBS, FÞ, GuðlG, EKJ, GTh, IngJ, BK, LárJ.

Einn þm. gerði svofellda grein fyrir atkvæði sínu:

Gylfi Þ. Gíslason: Herra forseti. Í upphaflegu frv. hæstv. ríkisstj., var gert ráð fyrir hækkun söluskatts um 5 stig. Það jafngilti hækkun söluskatts um 4 þús. millj. kr. á ársgrundvelli. Þingfl. Alþfl. lagði til, að söluskatturinn hækkaði aðeins

um 3½ stig, eða um 1200 millj. kr. lægri upphæð. Nú hefur hæstv. fjmrh. lækkað upphaflegu till. sína í 4 stig eða sem svarar 800 millj. kr. Jafnframt hefur því verið lýst yfir, að fyrirhuguð hækkun landbúnaðarafurða, sem nema átti 400 millj. kr., komi ekki til framkvæmda. Útgjöld almennings verða því 1200 millj. kr. minni en ráð var fyrir gert, þegar frv. var lagt fram, en að því stefndi till. Alþfl. Auk þess hefur því verið lýst yfir af hálfu ríkisstj., að ríkisútgjöld muni verða lækkuð á þessu ári, að því er hæstv. forsrh. sagði hv. Ed., um 1000—1500 millj. kr.

Þingflokkur Alþfl. telur því, að sjónarmið hans hafi orðið sigursæl í þessu máli. Þess vegna greiðir hann atkv. með till.

ATKVGR.

Brtt. 539 tekin aftur.
— 537,3 felld með 21:16 atkv.
— 532,2 samþ. með 23:1 atkv.
— 532,3 samþ. með 24 shlj. atkv.

Frv. svo breytt, samþ. með 23:16 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: EystJ, GS, GÞG, HES, HV, IG, JSk, JónasÁ, JJ, KP, LJós, MK, ÓlJ, PP, BrS, Sv, SvJ, VH, ÞÞ, ÁÞ, BGr, EðS, GilsG.

nei: EBS, FÞ, GuðlG, EKJ, GTh, IngJ, BK, LárJ, ÁS, MÁM, ÓE, PJ, PS, RH, SvH, BGuðn.

BP greiddi ekki atkv.

Einn þm. gerði svofellda grein fyrir atkv. sínu:

Sverrir Hermannsson: Herra forseti. Enda þótt ég telji, að í þessu frv. sé að finna till. um skattkerfisbreytingu, sem ég tel til bóta og fylgi alfarið og hef af þeirri ástæðu einvörðungu löngun til þess að greiða ekki atkv. gegn lokaafgreiðslu málsins, þá ber á hitt að líta, að mestallur annar málatilbúnaður hæstv. ríkisstj. í þessu sambandi er með slíkum endemum að ég neyðist til að segja nei.

Frv. endursent Ed.

Efri deild, 86. fundur.

Miðvikudaginn 20. mars, kl. 5.15 síðdegis.

Skattkerfisbreyting, frv. (þskj. 548). — Ein umr.

Of skammt var liðið frá útbýtingu frv. — Afbrigði samþ. með 14 shlj. atkv.

Geir Hallgrímsson: Herra forseti. Ég vil fyrir hönd okkar sjálfstæðismanna gera eftirfarandi grein fyrir atkv. okkar:

Við sjálfstæðismenn erum fylgjandi skattkerfisbreytingu, sem felur í sér lækkun beinna skatta, þótt það hafi í för með sér samsvarandi hækkun óbeinna skatta. Við getum þó ekki greitt þessu frv. atkv. og munum greiða atkv. gegn því af eftirtöldum ástæðum:

1) Heildarskattlagning á landsmenn hefur stóraukist í tíð núv. ríkisstj. Í stað þess að draga úr þessari skattlagningu með frv. eru óbeinir skattar hækkaðir meira en lækkun beinna skatta nemur.

2) Ekkert tillit hefur verið tekið til brtt. okkar sjálfstæðismanna um breikkun skattþrepa, lækkun skattstiga og sérsköttun hjóna, með þeirri afleiðingu, að tekjuskattar leggjast enn allt of þungt á meginþorra skattgreiðenda.

3) Launaskattur er hækkaður, á sama tíma og viðurkennt er, að gera þurfi sérstakar ráðstafanir til þess að atvinnuvegirnir verði reknir hallalaust, og í engu er sinnt till. okkar sjálfstæðismanna um, að Byggingarsjóður ríkisins fái fremur hluta þess launaskatts sem áður rann til ríkissjóðs.

4) Þótt till. okkar sjálfstæðismanna um niðurskurð á ríkisútgjöldum um 1½ milljarð hafi verið samþ. í Nd., m. a. með atkvæði forsrh., þá er nú búið að fella niðurskurð á ríkisútgjöldum burt úr frv. Slík lækkun ríkisútgjalda hefði leitt til lægri heildarskatta á landsmenn alla, einstaklinga jafnt sem atvinnuvegi. Í stað þessa hefur frv. um skattkerfisbreyt. í för með sér þyngingu heildarskattbyrða landsmanna, og var þó ekki á þær bætandi.

Með tilvísun til þess, sem hér hefur verið sagt, greiða þm. Sjálfstæðisfl. atkv. gegn frv.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 12:7 atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 552).

Efri deild, 87. fundur.

Fimmtudaginn 21. mars, kl. 2 miðdegis.

Gjaldmiðill Íslands, frv. (þskj. 406, n. 531). — 2. umr.

Frsm. (Bjarni Guðbjörnsson): Herra forseti. Fjh.- og viðskn. þessarar hv. d. hefur á fundum sínum fjallað um frv. það, sem hér liggur fyrir. Frv. þetta var sent öllum viðskiptabönkum hér í höfuðborginni og leitað umsagnar þeirra, og hafa bankastjórnir allra þeirra svarað og þær eru sammála um að leggja til, að frv. verði samþ.

Frv. þetta er flutt að tilhlutan Seðlabanka Íslands, og samkv. beiðni Seðlabankans hefur viðskrn. komið á framfæri við fjh.- og viðskn. smábreytingu, sem n. hefur tekið upp og flutt sem sína till. á sérstöku þskj.

Efni þessa frv. er í fáum orðum sagt það, að hætt skuli að slá mynt með lægra gildi en krónu. Rökin fyrir þeirri lagabreyt., sem hér er lagt til, að gerð verði, eru m. a. þau, að það er í mjög vaxandi mæli, að heil króna er almennt notuð sem lægsta eining kröfu, reiknings eða verðlagningar. Tíeyringur er orðinn svo lítils virði, að fólk er almennt hætt að nota eða hirða um hann. Hins vegar er það svo, að meðan tíeyringurinn er lögeyrir í allar greiðslur, er Seðlabankanum skylt að halda áfram sláttu þessarar myntar, þótt kostnaður við sláttu hvers tíeyrings kosti nær fjórfalt verðgildi hans. Enda þótt

sláttu tíeyringa og 50 aura peninga verði hætt, þykir ekki fært að afnema aura sem einingu í gjaldmiðlinum. Þó má segja, að allt mæli með því, að krónan verði lægsta einingin, bæði reikningslega og greiðslulega, og að ekki sé gerður á munur, hvort greitt er í reiðufé eða t. d. með ávísun á bankareikninga. Þótt þetta frv. verði að lögum, mega einstakir liðir vera í aurum, en samtala reiknings skal ávallt sléttuð út miðað við lægstu slegna einingu, þ. e. krónu samkv. þessu frv.

Brtt. sú, sem n. flytur, er tæknilegs eðlis, því að tölvutæknin lætur ekki að sér hæða hér frekar en annars staðar. Ástæðan er sú, sem fram kemur í bréfi frá viðskrn., að ef 50 aurum eða lægri upphæð er sleppt, eins og það er orðað upphaflega í frv., þyrfti að breyta öllum forskriftum, sem til eru hér á landi, og tölvunotendur mundu ekki geta notfært sér sjálfkrafa upphækkun á alþjóðlegum forskriftum eða stjórnforskriftum. En ef 50 aurar eða hærri fjárhæð er hækkuð, koma þessar forskriftir allar að fullum notum. Breyt. er sem sagt sú frá því, sem frv. gerir ráð fyrir, að 50 aurar og hærri upphæð skal hækka, í stað þess að frv. gerir upphaflega ráð fyrir, að 50 aurum og lægri upphæð verði sleppt. N. hefur orðið sammála um að verða við þessum tilmælum viðskrn. að flytja brtt., og að henni samþykktri mælir n. einróma með samþykkt frv.

ATKVGR.

Brtt. 531 samþ. með 14 shlj. atkv.
1. gr., svo breytt, samþ. með 13 shlj. atkv.
2. gr. samþ. með 13 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 14 shlj. atkv.

Lántökuheimildir erlendis, frv. (þskj. 444, n. 485, 490, 500). — 2. umr.

Heilbr.- og trmrh. (Magnús Kjartansson): Herra forseti. Á þskj. 500 hef ég lagt fram brtt. við þetta frv. um, að þar bætist við nýr stafl., sem hljóði svo: „Til Siglufjarðarkaupstaðar vegna virkjunar í Fljótaá 75 millj. kr.“ — Og í annan stað, að heildarupphæðin breytist í samræmi við þetta.

Um þessa brtt. vil ég fara örfáum orðum. Ég hef áður lýst því yfir hér í hv. þd., að ég mundi fyrir mitt leyti vilja á það fallast, að heimila viðbótarvirkjun í Fljótaá, ef eftir því yrði óskað af bæjarstjórn Siglufjarðar, og bæjarstjórnin óskaði slíkrar heimildar 20. febr. 1974. Þarna er um að ræða 1600 kw. viðbótarvirkjun, og samkv. orkul. hefur ráðh. heimild til þess að leyfa slíkt án þess að leggja það sérstaklega fyrir Alþ. Hins vegar þarf, ef í þetta á að ráðast nú þegar, eins og nauðsynlegt er, að tryggja fjármagn til þessara framkvæmda, og þess vegna er þessi brtt. flutt.

Samkv. niðurstöðum rannsókna hækkar orkuvinnslugeta vatnsaflsstöðvanna í Fljótaá um 8 gwst. á ári með tilkomu þeirrar nývirkjunar, sem hér er um að ræða. Þessi tala felur í sér þá aukningu á orkuvinnslugetu núverandi Skeiðsfossvirkjunar, sem af nývirkjuninni leiðir, enda er rétt að telja henni til tekna alla þá viðbótarorkuvinnslugetu, sem leiðir af tilkomu hennar, án tillits til þess, hvar sú aukning kemur fram.

Svo er að sjá sem ekki fylgi nein náttúruspjöll þessari virkjun, og hefur náttúruverndarnefnd héraðsins gefið okkur yfirlýsingu um það. Þó hefur málið ekki enn komið til afgreiðslu hjá náttúruverndarráði, en það verður væntanlega mjög bráðlega, þar eð ráðið hefur fengið þetta mál til meðferðar. Í grg. rafveitustjóra eru áhrif virkjunarinnar á laxveiði Fljótaár talin vera engin. Það kemur ekki fram, að þetta hafi beinlínis verið kannað, þó að vel megi vera, að það hafi verið gert, en aths. um þetta atriði koma væntanlega fram, þegar virkjunin verður auglýst, — það er raunar þegar búið að auglýsa hana, — svo fremi hún verði talin hafa einhver áhrif á laxveiðar.

Samkv. endurskoðaðri kostnaðaráætlun er stofnkostnaður við þessa virkjun rúmar 105 millj. kr. á verðlagi í byrjun þessa árs, og við árskostnað miðað við 10% stofnkostnað yrði orkukostnaður við fulla nýtingu orkuvinnslugetunnar 1.32 kr. á kwst. við stöðvarvegg. Þarna er, eins og menn heyra, ekki um ódýra raforku að ræða frá vatnsaflsstöð að vera, en kostnaður hennar er þó miklum mun lægri en breytilegur kostnaður við dísilorkuvinnslu, hvað þá heildarkostnaður slíkrar orkuvinnslu. Orkuþörfin á Norðurlandi vex nú mjög ört, eins og menn vita, ekki hvað síst vegna aukinnar húshitunar með raforku. Þess vegna nýtist vinnslugeta þessarar virkjunar mjög fljótt, ef hún er tengd við aðra hluta Norðurlands. Kostnaður við þá tengingu er ekki meðtalinn í þeim áætlunartölum, sem ég hef getið hér um, en hins vegar þarf að framkvæma þessa tengingu, jafnvel þótt engin ný virkjun sé gerð við Fljótaá. Eftir að samtenging Norðurl. e. og Norðurl. v. er komin á, virðist heppilegast að tengja Skeiðsfosssvæðið við Eyjafjörð með línu frá Dalvík um Ólafsfjörð að Skeiðsfossvirkjun. Sú lína leysir þá jafnframt flutningsþörfina frá virkjunum til Ólafsfjarðar, en núv. lína þar á milli er ófullnægjandi. Rétt er að hanna þessa línu með það fyrir augum, að hún verði liður í víðtækara flutningakerfi á þessum slóðum síðar. Talið hefur verið, að ljúka megi virkjun þeirri í Fljótaá, sem hér um ræðir, á tiltölulega mjög skömmum tíma, mun skemmri tíma en það tekur að afla Norðurlandi raforku til lengri framtíðar, og þetta er að sjálfsögðu meginkostur þessarar virkjunar og fullkomin réttlæting hennar þrátt fyrir hátt kostnaðarverð.

Það liggur fyrir, að það er hægt að fá sæmilega hagstæð lán til þessarar framkvæmdar hjá þeim, sem selja vélar og búnað erlendis, og gætu þau lán numið um 30 millj. kr., en sú lántökuheimild, sem hér er farið fram á, nemur þá mismuninum eða um 75 millj. kr.

Ég vil svo geta þess, eins og menn hafa veitt athygli, að í þessum lántökuheimildum er einnig gert ráð fyrir framkvæmdum varðandi Smyrlabjargaárvirkjun, — miðlunarframkvæmdum, sem geta aukið framleiðslugetu þeirrar virkjunar nokkuð, og er áætlað, að hægt sé að ljúka

þeim framkvæmdum á þessu sumri, og á sama hátt er til þess vonast, að hægt sé að framkvæma þessa stækkun á virkjun í Fljótaá á þessu ári.

Frsm. (Ragnar Arnalds): Herra forseti. Fjh.- og viðskn. hefur haft til athugunar frv. til l. um lántökuheimildir erlendis, en frv. þetta veitir fjmrh. heimild fyrir hönd ríkissjóðs til að taka erlent lán að jafnvirði allt að 494 millj. kr. Samkv. fskj. því, sem fylgir frv., er gerð grein fyrir lánsfjáröflun, bæði innlendri og erlendri, til opinberra framkvæmda á árinu 1974 og hún borin saman við lánsfjáröflun á s.l. ári.

Hin innlenda fjáröflun er fólgin í því, að fyrir endurgreiðslur erlendra spariskírteinalána, útgáfu spariskírteina og útgáfu happdrættisskuldabréfa er áætlað, að fáist 1405 millj. kr., sem er nánar sundurliðað í fskj. Þessum 1405 millj. er ætlað að verja í fyrsta lagi til Skeiðarársandsframkvæmda 400 millj., til Rafmagnsveitna ríkisins 439 millj., til stofnlínu milli Norður- og Suðurlands 200 millj., til sveitarafvæðingar 110 millj., til vega á vegáætlun 100 millj., til Hafnarfjarðarvegar 80 millj, til hafnarframkvæmda í Þorlákshöfn, Grindavík og Höfn í Hornafirði 20 millj. og til endurlána í sambandi við hafnarframkvæmdir 56 millj., en samanlagt gerir þetta 1 405 millj. kr.

Ef svo aftur á móti er litið á erlendu fjármögnunina, þá er þar fyrst til að taka 18 millj. kr. lánsfjármögnun til landshafna. Í öðru lagi er viðbótarfjármögnun til Rafmagnsveitna ríkisins, til viðbótar þeim 439 millj., sem koma af innlendri fjármögnun, þ.e.a.s. 159 millj. Til Landsvirkjunar er útvegað af erlendri fjármögnun 100 millj. og til stofnlínunnar, svokallaðrar byggðalínu, 100 millj.

Í n. var nokkuð rætt um fjárveitingar til orkurannsókna, en þær nema samtals 127 millj. kr., og einnig var rætt um svokallaða byggðalínu. Vegna þess að ekki er gerð grein fyrir þessum kostnaðarliðum í frv. eða grg., sem því fylgir, þykir mér rétt að gera hér grein fyrir því, í hverju þessar fjárveitingar til orkurannsókna að upphæð 127 millj. eru fólgnar, en orkumálastjóri gaf upplýsingar um það á sérstökum fundi, sem n. átti með honum.

Orkurannsóknir þessar skiptast í 5 liði.

Í fyrsta lagi er þar um að ræða áætlanir um rafhitun að upphæð 2 millj., línurannsóknir 5 millj., virkjunarrannsóknir á Norðurl. v. 4 millj. og svo sérstakar hækkanir á rekstrarútgjöldum við raforkurannsóknir 6.2 millj., eða samanlagt 17.2 millj. Jarðhitarannsóknir eru eftirtaldar: Það eru boranir í Svartsengi 13.6 millj. og aðrar framkvæmdir í Svartsengi 2 millj., boranir við Kröflu 24 millj., forhönnun við Kröflu 10 millj. og frumáætlanir um hitaveitulagnir 3 millj. og því til viðbótar aukin rekstrarútgjöld við jarðhitarannsóknir umfram það, sem fjárlög gerðu ráð fyrir, að upphæð 2.6 millj. Samanlagt gera þetta 55.2 millj. kr. Í þriðja lagi er um að ræða aukin rekstrarkostnað við hagdeild Orkustofnunarinnar að upphæð 1.6 millj., í fjórða lagi kaup á jarðborum að upphæð 47 millj. og í fimmta lagi jarðhitaleitarlán til sveitarfélaga að upphæð 6 millj. Samanlagt gerir þetta 127 millj. kr.

Hér hafa sem sagt verið raktir þeir útgjaldaliðir, sem felast í þessum sameiginlega útgjaldalið undir heitinu orkurannsóknir, 127 millj., sem reiknað er með, að aflað verði erlends lánsfjár til.

Á fundi fjh.- og viðskn. var spurt allítarlega um lagningu byggðalínunnar frá orkuframleiðslusvæði Búrfells og Sigöldu til Norðurlands, og eins og ég tók fram áðan, fékk n. orkumálastjóra, Jakob Björnsson, til að veita upplýsingar um þessa línulögn, og þykir mér rétt að láta þær upplýsingar koma hér fram við 2. umr. málsins. N. fékk þær upplýsingar, að hér væri um að ræða línu, sem yrði 132 kw. að spennustyrkleika og gæti flutt allt að 50 mw. Hún yrði reist að mestu leyti á trémöstrum, en þó hugsanlega á stálmöstrum, þar sem von væri á verstu veðrum og þá einkum yfir Holtavörðuheiði.

Tvær leiðir munu vera hugsanlegar í sambandi við línu þessa. Í fyrsta lagi, að línan liggi frá svonefndum Grundartanga í Hvalfirði, ef til þess kæmi, að þar yrði reist málmblendiverksmiðja, og línan frá Sigöldu til Grundartanga yrði þá að sjálfsögðu 220 kw. a.m.k., en síðan yrði þá línan 132 kw. þaðan norður yfir heiðar að Laxárvatni eða til Varmahlíðar, eftir nánari ákvörðun síðar. Gert er ráð fyrir því, að kostnaður við þessa framkvæmd verði 759 millj. samkv. nýlega gerðum áætlunum og miðað við núverandi verðlag. Annar möguleikinn er sá, að línan liggi frá Soginu norður í Lundarreykjadal austan við Þingvelli, og yrði það öllu lengri leið og yrði línan um 50 millj. kr. dýrari en sú leið, sem fyrr var nefnd. Við þetta mundu þó sparast 20 millj., af því að ekki þyrfti að byggja sérstaka spennistöð á leiðinni, eins og ella yrði gert við Grundartanga, og því yrði þessi lína um 30 millj. kr. dýrari heldur en sú, sem fyrr var nefnd eða mundi kosta 789 millj. Orkumálastjóri upplýsti, að gert væri ráð fyrir því, að hönnun yrði lokið eftir tvo mánuði, og hann taldi aðspurður, að hugsanlegir möguleikar væru á því, að línan yrði komin norður í Húnavatnssýslu haustið 1975, þótt hann að vísu tæki skýrt fram, að erfitt væri að gefa neinar öruggar yfirlýsingar um þetta atriði, og víst væri um það, að línan yrði tæplega að fullu reist leiðina alla norður í Skagafjörð fyrr en eftir 2 ár eða veturinn 1976.

Í fjh.- og viðskn. komu fram allmiklar efasemdir um það, að línulögn þessi gæti borgað sig og að þetta væri hyggileg framkvæmd, og svipaðar skoðanir hafa komið fram í umr. um önnur mál hér í þinginu, m.a. í umræðum um Kröfluvirkjun. En þá hélt, ef ég man rétt, — kannske hefur það verið við eitthvert annað orkumálefni, sem sú fullyrðing kom fram, en í öllu falli var það ekki alls fyrir löngu, að hv. þm. Geir Hallgrímsson fullyrti hér í þinginu, að þessi línulögn væri óskynsamleg, vegna þess að það væri ekki þörf á þessari línu nema rétt fram að þeim tíma, að Kröfluvirkjun yrði upp komin, og mætti vafalaust reikna það út, að það væri fjárhagslega óhagstætt að reisa línu, sem ekki ætti að nota nema í skamman tíma, og þyrfti að athuga gaumgæfilega, hvort það borgaði sig

ekki að gera einhverjar allt aðrar ráðstafanir til þess að útvega rafmagn á Norðurlandi frekar en að reisa þessa línu. Í öllu falli skildi ég orð hans svo, og verður það þá leiðrétt, ef það var ekki rétt skilið.

Eins og kom fram af upplýsingum orkumálastjóra, er kostnaður við þessa línulögn 800 millj. kr., og eftir þeim upplýsingum, sem ég hef aflað mér, eftir að þessar viðræður fóru fram við orkumálastjóra, má áætla, að rekstrarkostnaður og kostnaður af afkastavöxtum af línulögn af þessu tagi muni vera um 9%, þannig að reikna má út, að orkuflutningurinn þarf að skila í sparnaði milli 70 og 80 millj. kr. á ári, til þess að þessi framkvæmd standi undir kostnaðinum. Ég hef aflað mér upplýsinga um það, hvað kostnaður við að framleiða kwst. af rafmagni með olíu muni vera mikill í dag, og skv. þeim útreikningum mun það nema 4.45 kr. Jafnframt hafa kunnugir menn sagt mér, ef reiknað er með flutningskostnaði og töpum við flutning rafmagns frá Sigöldusvæðinu, sem mundi hugsanlega getað látið orku í té fyrir 75 aura kwst., að það væri í alhæsta lagi að reikna með, að raforka komin til Norðurlands kostaði upp undir kr. 1.40. Segjum við, að hún kostaði kr. 1.45, þá sjáum við, að mismunurinn á þessum tveimur kwst., annarri framleiddri með olíu, hinni framleiddri með vatnsafli, mundi vera um kr. 3.00 pr. kwst. Af þessu leiðir þá, og má draga þá ályktun, að ekki þurfi að flytja til Norðurlands eftir þessari línu nema 24 gwst. á ári, til þess að línulögnin svari kostnaði. Ef hins vegar er reynt að gera sér einhverja grein fyrir því, hve mikla orku þessi lína á eftir að flytja, þá munu allir geta verið um það sammála, ef það er skoðað niður í kjölinn, að á næstu árum er augljóst, að flutningur eftir þessari línu verður margfaldar 24 gwst. Miðað við þá orkuspá, sem nú hefur verið lögð fram um þróun orkumarkaðar á Suðvesturlandi, þ. e. a. s. orkuveitusvæði Sigölduvirkjunar og Búrfellsvirkjunar annars vegar, og hins vegar á samtengdu orkuveitusvæði fyrir norðan, í Norðurl. v. og í Norðurl. e., er útlit fyrir, að þessi lína mundi flytja a. m. k. 50 gwst. árið 1976, 100 árið 1977 og 140 árið 1978 eða samanlagt á þessum 3 árum um 290 gwst.

Af þeim útreikningum, sem ég hef hér dregið fram, má því draga þá ályktun miðað við það útlit í orkumálum, sem nú blasir við, að bygging þessarar línu mundi borga sig upp á 3 árum, — að allur kostnaðurinn mundi borga sig upp á 3 árum. Síðan má með mikilli vissu fullyrða, að þessi lína á eftir að flytja mikla orku milli Norður- og Suðurlands, í hvora áttina sem það nú verður hvert árið um sig. Það skal að vísu viðurkennt, að á árinu 1979 er skv. orkuspá ekki gert ráð fyrir ýkjamiklum orkuflutningum milli þessara landshluta, þegar Kröfluvirkjun er komin í fullan gang og Sigölduvirkjun líka, en allt útlit er fyrir, að í framhaldi af því mundu eiga sér stað miklir orkuflutningar eftir þessari línu á næstu árum þar á eftir, ekki hvað síst þegar hafist verður handa um húsahitun með rafmagni á Vestfjörðum og almennt á Norðurlandi, og því má fullyrða með nokkuð öruggum rökum, að þessi lína eigi eftir að margborga sig, að ekki sé dýpra tekið í árinni.

Ég hef gert hér grein fyrir aðalliðum í lánsfjáröflun erlendis, sem til stendur að fari fram á árinu 1974. Eins og mönnum mun nú vera ljóst, er langt frá því að hér sé um að ræða öll erlend lán, sem Íslendingar taka erlendis. Hér er aðeins um að ræða lítinn hluta af lánum Íslendinga erlendis, og þarna fyrir utan eru að sjálfsögðu bæði fjöldamargar opinberar stofnanir, opinberir sjóðir og svo einkaaðilar. Ég vil segja það sem skoðun mína, að þegar frv. af því tagi, sem hér um ræðir, er á ferðinni á Alþingi, þ. e. a. s. frv. um lántökuheimildir erlendis, þá ætti að sjálfsögðu að fylgja því glöggt heildaryfirlit yfir söfnun erlendra skulda og lántökur erlendis, bæði á liðnum árum og einnig það, sem gert er ráð fyrir að verði á þessu ári skv. þeim spám, sem fyrir liggja. Og ég tel, að það sé mikill galli á því frv., sem hér liggur fyrir, hvað þar skortir mikið af upplýsingum, sem þar ættu að vera, og vildi ég eindregið mælast til þess við fjmrn., að það bætti úr, er frv. af svipuðu tagi verða tekin til umr. eða lögð fyrir Alþ. síðar.

Ég hef reynt að bæta nokkuð úr þessu með því að reyna að afla upplýsinga um, hvernig staðan í þessum efnum er, bæði með upplýsingum, sem ég hef fengið frá hagfræðideild Seðlabankans, eftir að fjh.- og viðskn. afgreiddi þetta mál frá sér, og með þeim upplýsingum, sem ég hef fengið frá hagrannsóknadeild Framkvæmdastofnunarinnar. Ég tel, að það sé nauðsynlegt að átta sig á þessu dæmi í heildina tekið, ekki síst vegna þess, að nú í seinni tíð eru farnar að tíðkast heldur en ekki grófar fullyrðingar hv. stjórnarandstæðinga um þessi efni. Ég minnist þess t.d., þegar frv. af þessu tagi var til umr. hér á Alþ. í fyrra, að þá hafði hv. þm. Gylfi Þ. Gíslason uppi ýmiss konar áróðursglósur og fráleitar fullyrðingar um það, að Íslendingar væru að sökkva sér niður í skuldafen með óhemjulegum lántökum, og hafði uppi harðar árásir á ríkisstj. af þessum sökum, og svipaðs hefur gætt hjá talsmönnum Sjálfstfl.

Talsmenn ríkisstj. hafa að sjálfsögðu bent á það í umr. um efnahagsmál, að gjaldeyrisvarasjóður þjóðarinnar hefur heldur farið vaxandi á seinni árum, þrátt fyrir miklar hrakspár stjórnarandstæðinga. En því hefur þá gjarnan verið svarað svo, að það væri lítið að marka tölur af þessu tagi, því að hin almenna skuldasöfnun í langtímalánum væri svo gífurleg, að hitt væri eins og dropi í hafið og kæmi nánast ekki málinu við. Einmitt af þessum ástæðum tel ég, að það sé rétt að reyna að átta sig á því, hvernig á stendur um erlendar skuldir Íslendinga.

Í árslok 1973 munu erlend lán hafa numið samtals 21 173 millj. íslenskra króna, miðað við dollaragengi kr. 83.60, og höfðu vaxið um tæpar 4 þús. millj. frá árslokum 1972, þ. e. a. s. um 3 927 millj. Ef litið er á það, hver hundraðshluti af þjóðarframleiðslunni erlendar skuldir eru, þá lætur nærri, að hann sé um 23.8%. Greiðslubyrði erlendra skulda, ef greiðslubyrðin er borin saman við útflutningstekjur landsmanna, sem eðlilegt er, — það er eðlilegt að bera saman þessar tvær

tölur, — þá lætur nærri, að í árslok 1973 hafi greiðslubyrðin numið tæpum 10% af útflutningstekjum landsmanna, nánar tiltekið 9.7%.

Oft hefur það verið af hagfræðingum sett upp sem æskilegt markmið í sambandi við lántökur þjóðarinnar, bæði þessarar þjóðar og annarra þjóða, að greiðslubyrði af erlendum lánum færi ekki yfir 10% af útflutningstekjum þjóðarinnar. En það þarf ekki að taka það fram, að hér á landi hefur þetta oft farið langt upp fyrir þetta mark, og víðast er það nú erlendis, að mönnum gengur illa að halda sig við þessi takmörk. En á árinu 1973 uppfylltu þó Íslendingar þessa ströngu kröfu hagfræðinganna, því að greiðslubyrðin náði því ekki að vera 10% af útflutningstekjunum. Þetta stafar að sjálfsögðu ekki af því, að lántökur hafi minnkað á liðnu ári, heldur er skýringin að sjálfsögðu einfaldlega sú, að útflutningstekjur þjóðarinnar hafa vaxið svo stórlega á seinni árum. En sé litið til fyrri ára, þá er rétt að láta það koma hér fram, að greiðslubyrði í hundraðshlutum á útflutningstekjum nam árið 1969 16.7%, 1970 11.2% og 1971 10%, 1972 11.4% og svo, eins og ég sagði áðan, 1973 9.7%, þannig að það er að sjálfsögðu engin leið að halda því fram, að hallað hafi undan fæti fyrir Íslendingum í þessum efnum á liðnu ári, og lántökur erlendis hafa greinilega ekki verið meiri en hægt er að verja frá hagfræðilegum sjónarmiðum.

Í desemberhefti tímaritsins Þjóðarbúskapurinn, sem er gefið út af hagrannsóknadeild Framkvæmdastofnunar ríkisins, er reynt að áætla, hverjar muni verða erlendar lántökur þjóðarinnar á árinu 1974. Þar er því spáð, að erlendar lántökur verði um 6 800 millj. kr. og afborganir af erlendum lánum verði 2 800 millj., þannig að samanlagt verði innkomin löng lán 4 þús. millj. kr.

Ég hef reynt að afla mér upplýsinga um það, á hverju þessi spá er byggð, og vil gera hér stuttlega grein fyrir því. Það er gert ráð fyrir því, að lántökur opinberra aðila muni nema 3 350 millj., en afborganir 1 100 millj., þannig að samanlagt verði lántökur opinberra aðila 2 250 millj. Þessar lántökur eru í fyrsta lagi vegna hafna 270 millj., eins og reyndar kemur fram í því frv., sem hér liggur fyrir, í öðru lagi vegna kaupa á togurum frá Spáni 490 millj., vegna Landsvirkjunar 1 310 millj., vegna Pósts og síma 140 millj., vegna Rafmagnsveitna ríkisins 65 millj., lántaka, sem nefnd hefur verið á undanförnum árum PL-480 50 millj., varðskip 350 millj., Reykjavíkurborg 500 millj. og ófyrirséð 150 millj., eða samanlagt 3 355 millj. — Eins og hér hefur komið fram, má kannske reikna með því, miðað við það frv., sem hér liggur fyrir, að lántökurnar verði ívið meiri en hefur verið gert ráð fyrir í þessari spá, en þar skakkar greinilega ekki miklu.

Í öðru lagi er gert ráð fyrir því, að lánastofnanir taki lán að upphæð 1 650 millj. á þessu ári, en greiði af lánum 1 000 millj., þannig að samanlagt nemi löng innkomin lán á vegum lánastofnana 650 millj. kr. Til þess að gera grein fyrir þessu, skulu nefndar hér þessar áætlunartölur: Lán vegna lána viðskiptabanka vegna togarakaupa munu nema 620 millj., lán Framkvæmdastofnunarinnar vegna fjárfestingarlánasjóðanna munu nema 800 millj. og ófyrirséð 230 millj., þ. e. a. s. samtals 1 650 millj.

Í fjh.- og viðskn. var allmikið spurt að því af hv. þm. Geir Hallgrímssyni, hverjar yrðu lántökur fjárfestingarlánasjóðanna. Því miður var ekki unnt að svara þessari spurningu að þessu sinni frekar en endranær. Á undanförnum árum hefur ekki verið unnt að svara þessari spurningu, um leið og frv. um lántökur vegna opinberra framkvæmda hefur verið afgreitt. Það er ekki heldur hægt að gera það í þetta sinn, vegna þess að áætlun fjárfestingarsjóðanna hefur enn ekki verið afgreidd og liggur því ekkert fyrir um það, hvað verður þar um mikla erlenda lántöku að ræða. Og það eina, sem þá er hægt að upplýsa, er einungis það, að hagrannsóknadeildin hefur reiknað með, að þarna verði um að ræða lántökur, sem nemi 800 millj. kr. Þetta var sú upphæð, sem hagrannsóknadeildin reiknaði með fyrir hálfu ári. Að sjálfsögðu hefur málið síðan verið tekið til athugunar, og það kemur inn í, að menn verða auðvitað að skoða það mjög vandlega með hliðsjón af þenslunni í þjóðfélaginu og ríkjandi verðbólgu, hvort hægt sé að draga úr þessum erlendu lántökum og afla þessa fjár frekar á innlendum lánamarkaði. Vegna þess að enn er ekki fullséð um það, hvernig til tekst með það, er því miður ekki hægt að svara spurningu hv. þm. um þetta efni og það verður að bíða, þar til áætlun fjárfestingarsjóðanna verður kynnt hér á Alþ. síðar. Að lokum gerir hagrannsóknadeildin ráð fyrir því, að lántökur einkaaðila á árinu verði 1 800 millj., en að þeir greiði af lánum 1 050 millj. kr., þannig að samanlagt nemi lántaka þeirra 750 millj. kr. — Nettó gerir þetta þá samanlagt um 4 þús. millj. kr.

Mér þykir rétt að benda á, að hér hafa verið tilteknar allmargar lántökur vegna skuttogarakaupa, og beint vegna skuttogarakaupa hafa hér verið nefndar erlendar lántökur að upphæð 2 485 millj., en þar til viðbótar kemur fjáröflun Fiskveiðasjóðs vegna skuttogarakaupa, sem varla verður undir einum 300 millj. kr., þannig að samanlögð erlend fjáröflun vegna skuttogaranna mun áreiðanlega nema um 2 800 millj. og sjá menn þá, að þessar lántökur eru bróðurparturinn af þessum erlendu lántökum. (**Gripið fram í:** Á þessu ári?) Á þessu ári, þ. e. 2 800 millj. á þessu ári af 4 þús. millj. kr. nettólántöku, sem áætlunin gengur út á.

Ég bæti því aðeins við, sem komið hefur þegar fram í mínu máli, að það má kannske reikna með, að þessi tala hækki eitthvað lítillega vegna þess, að í frv., sem hér liggur fyrir, er gert ráð fyrir heldur meiri erlendum lántökum en áætlunin gerði ráð fyrir.

Ef gert er ráð fyrir því, að erlendar lántökur nemi 4 þús. millj. kr. á árinu 1974, verða erlendar skuldir Íslendinga komnar upp í rúmlega 25 þús. millj. kr., eða um 25 173 millj. á því gengi, sem gilti í árslok. Það var kr. 83.60 miðað við dollar. Í þjóðhagsspá hagrannsóknastofnunar Framkvæmdastofnunarinnar fyrir árið 1974 voru útflutningstekjur landsmanna áætlaðar rúmlega 40 þús. millj. kr., nánar tiltekið 40 160 millj., og þjóðarframleiðslan var áætluð 111 þús. millj. kr., nánar tiltekið 110 850 millj. Miðað við þjóðar-

framleiðsluna er þá heildarupphæð erlendra lána skv. þessu á árinu 1974 um 22.7% af þjóðarframleiðslunni, en þetta er lægsta hundraðstala erlendra lána miðað við þjóðarframleiðslu, sem verið hefur um mjög langt skeið. Ég vil leyfa mér að nefna samanburð miðað við fyrri ár. Á árinu 1969 var samsvarandi hundraðstala erlendra lána af þjóðarframleiðslu 34.3%. Sjálf upphæðin var 11 726 millj., og þjóðarframleiðslan var 46 340 millj. Þetta eru 34.3%. Á árinu 1970 var samsvarandi tala 25.9%, — lækkaði verulega, sem að sjálfsögðu skýrist fyrst og fremst af því, að þjóðarframleiðslan hefur aukist verulega milli þessara tveggja ára. Á árinu 1971 var þessi tala 27.1%, á árinu 1972 26%, á árinu 1973 23.8%, og eins og ég hef þegar tekið fram, er hún áætluð á árinu 1974 22.7%, gæti kannske fyllt upp í 23% miðað við það, að þessi áætlun hækki eitthvað, en verður samt, ef áætlunin stenst að öðru leyti hvað snertir þjóðarframleiðsluna, lægsta hundraðshlutfall erlendra lána miðað við þjóðarframleiðslu, sem verið hefur um margra ára skeið.

Þetta held ég að sýni það, að fullyrðingar stjórnarandstæðinga um, að Íslendingar séu að sökkva sér niður í ægilegt skuldafen og greiðslubyrðin verði þyngri og þyngri með ári hverju o. s. frv., — áróðursglósur, sem eru vel þekktar í ísl. stjórnmálum um þessar mundir, — ég held, að þessar tölur sýni, að á bak við þessar fullyrðingar stendur nákvæmlega ekki neitt, heldur eru staðreyndir þvert á móti þær, að í þessum efnum er ástandið þó heldur skárra en það hefur oft áður verið.

Eins og ég hef tekið hér fram, kann að vera, að erlendar lántökur opinberra aðila verði lítið eitt meiri en hér er gert ráð fyrir. En það ma þá minna á það líka, að í spánni var liðurinn ófyrirséð, svo að það er ekki útlit fyrir, að þar muni miklu skakka. Eins breytir það auðvitað töluverðu um þessa áætlun, hver verður hin raunverulega fjáröflun til fjárfestingarsjóðanna. Eins og ég tók fram, nemur hún skv. spánni 800 millj. kr. á þessu ári, en lánsfjárþörfin er talin munu nema í kringum 1700—1800 millj. kr. samtals miðað við þær áætlanir, sem gerðar voru í haust. Og eins og ég hef tekið fram, fer allt eftir því, hvernig til tekst með öflun innlends lánsfjár, hvað stór hluti af þessum lánum verður erlent fé.

Herra forseti. Ég hef þá ekki neinu við það að bæta, sem ég hef nú sagt, en ég vil endurtaka það, sem ég sagði hér áðan, að ég tel nauðsynlegt, að þegar frv. af því tagi, sem hér er til umr., er lagt fram á Alþ., þá fylgi því gleggri upplýsingar í fskj. heldur en gerðist með þessu frv., því það er að sjálfsögðu óhjákvæmilegt að reyna að átta sig á, hvernig heildarmyndin er varðandi erlendar lántökur. Frá því í fyrra hefur orðið sú breyt., eins og mönnum er kunnugt, að framkvæmdaáætlun ríkisins hefur nú verið tekin inn í fjárlögin, og þess vegna er ekki flutt af hálfu fjmrh. sérstök skýrsla um framkvæmdaáætlunina, eins og hefur verið gert á undanförnum árum. Og þessi breyt. kemur þá m. a. fram í því, að frv., sem hér liggur fyrir, það heitið lán vegna framkvæmdaáætlunar, en heitir nú frv. til l. um lántökuheimildir. Við það, heitir nú frv. til l. um lántökuheimildi.r Við það, að þessi skýrsla fellur niður, kann að vera, að ýmsar þær upplýsingar, sem gefnar hafa verið um þetta leyti árs á undanförnum árum, komi þá ekki jafnskjótlega fram. En úr þessu mætti bæta með því að hafa grg. gleggri hvað þetta snertir.

Geir Hallgrímsson: Herra forseti. Ég vildi óska eftir því, að hæstv. iðnrh. væri hér viðstaddur framhald umræðnanna. Ég sé, að hann er kominn í salinn, enda hafði ég nokkrar spurningar fram að færa, sem ég vænti, að hann muni svara.

Við 1. umr. um þetta frv. til l. um lántökuheimildir erlendis gagnrýndi ég það sérstaklega í fyrsta lagi, að þessar lántökuheimildir byggðust á heimildarákvæðum, sem skotið hefði verið inn í fjárlagafrv. við síðustu umr. þess. Ég taldi þetta óeðlileg vinnubrögð að skjóta inn í fjárlagafrv. á síðasta stigi meðferðar þess svo viðtækum heimildum sem þarna er um að ræða og taldi það bera vitni um ónógan undirbúning þessara fyrirhuguðu framkvæmda og vera gagnstætt þeim áætlunarbúskap, sem ég hygg, að hæstv. iðnrh. sé fylgjandi. Og ég vil lýsa yfir af minni hálfu, að ég er fylgjandi, að unnið sé að opinberum framkvæmdum á skipulagsbundinn hátt með forsjálni og framsýni, sem ég tel þarna því miður ekki vera um að ræða.

Þá gagnrýndi ég í öðru lagi við 1. umr., að hér væri bersýnilega verið að auka mjög lántökuheimildirnar frá ári til árs, en í aths. við lagafrv. þetta kemur fram, að fjáröflunin milli ára eykst úr 1 168 millj. kr. 1973 í 2 169 millj. kr. 1974 eða um 85.7%. Ég taldi þetta vafasamt í því ástandi, sem nú ríkir, þar sem spennan og eftirspurnin á vinnumarkaðnum er svo gífurleg sem raun ber vitni. Auk þess sem lánsfjáröflunin eykst gífurlega í heild, bæði innanlands og erlendis, þá er einkum athyglisvert, hve erlendar lántökur eiga að hækka, en 1973 var lánsfjáröflun erlendis til opinberra framkvæmda samtals 238 millj. kr., en á nú að þrefaldast og rúmlega það og verða 764 millj. kr. Ég tel, að þetta auki enn á spennuna innanlands og sé til þess fallið að kynda undir verðbólgunni.

Ræða hv. þm. Norðurl. v., Ragnars Arnalds, hér áðan breytir engu um þetta, því að erlendar lántökur, fé, sem flutt er inn til landsins, eykur efitrspurnina eftir vinnu, vöru og þjónustu, sem er að hluta til ekki til staðar, eða eykur eftirspurnina eftir vinnu, vöru og þjónlönd. Hv. þm. ræddi hér nokkuð um erlendar lántökur og taldi þær ekki óeðlilega miklar. Ég er á gagnstæðri skoðun. Í slíku ástandi, sem nú ríkir, ber að halda erlendum lántökum niðri eins og unnt er. Það er bersýnilega ekki gert. Ég dreg í efa þá staðhæfingu hans, að erlendar lántökur samkv. áætlunum muni aðeins auka erlendar skuldir um 4 þús. millj. kr. á þessu ári. Ég vek athygli á því, að samkv. mjög varlegum spám hagrannsóknadeildar, sem fjh.- og viðskn. voru sýndar við afgreiðslu skattkerfisfrv., bera vitni um meira en 5 þús. millj. kr. viðskiptahalla á árinu, og það er ekki unnt að bera hann uppi nema með samsvarandi erlendum lántökum. Að vísu kemur þarna til greina, að gengið verði á gjaldeyrisvarasjóð landsmanna, en þá um leið

er hann orðinn lægri en forsvaranlegt er, því að nú þegar nemur hann ekki meira en um 3 mánaða innflutningsverðmæti, sem er lágmark þess, sem viðunandi er. Ég tel meira að segja, að gjaldeyrisvarasjóðurinn sé nú orðinn lægri en 3 mánaða innflutningsverðmæti nemur, því að á hann hefur gengið mjög rösklega frá áramótum og einkum og sér í lagi síðasta mánuð.

Samkv. upplýsingum, sem ég hef fengið, mun þessi lækkun gjaldeyrisvarasjóðsins nema nokkuð á 2. milljarð kr. Ég tel því, að útlit sé fyrir það, að erlendar skuldir landsmanna muni fara töluvert fram úr því, sem hv. þm. Ragnar Arnalds gat um hér áðan, og verða til þess, að greiðslubyrði landsmanna vegna erlendra skulda, afborgana og vaxtagreiðslna, í framtíðinni muni fara langt fram yfir þau mörk, sem viðunandi megi teljast.

Ég er sammála hv. þm., að nauðsynlegt er, að heildarmynd liggi fyrir, þegar frv. sem þetta er afgreitt. Ég óskaði því eftir ýmsum upplýsingum við meðferð málsins í fjh.- og viðskn., og þær upplýsingar voru þá ekki taldar liggja á lausu eða vera til staðar. Úr þessum skorti hefur hv. þm. bætt, að ákveðnu marki, en þó ekki eins og vera ber. Því tek ég mjög ákveðið undir með honum, að úr þessu verður að bæta við afgreiðslu slíkra mála hér í framtíðinni.

Ég vil gjarnan taka frekar til meðferðar ýmsar þær tölur, sem hv. þm. gat um, annaðhvort við 3. umr. málsins eða í tengslum við önnur þingmál, því að þar var margt, sem ég tel mistúlkun.

Ég skal þá víkja að því frv., sem hér er til umr. sérstaklega, og einkum þá ræða brtt., sem við hv. 2. þm. Norðl. e., Halldór Blöndal, höfum flutt, en brtt. fjallar um það, að heimildin til að taka erlend lán til flutningslínu raforku um Suður-, Vestur- og Norðurland að upphæð 100 millj. kr. sé bundin því skilyrði, að lögð verði fram á Alþ. grg. um framkvæmd og kostnaðaráætlun um byggingu flutningslínunnar svo og hagkvæmnissamanburð mismunandi valkosta til að leysa orkuþörf Norðurlands.

Í þessu sambandi vil ég taka fram, að menn eru sammála um, að vinna beri að samtengingu landsins alls, þannig að unnt sé að flytja raforku á milli landshluta. En hins vegar hefur menn greint á um það, hvenær samtenging sé tímabær. Koma þar einkum til greina tvenn sjónarmið: annars vegar fjárhagsleg, þ. e. spurningin um það, hvort ódýrar og hagkvæmar virkjanir eru mögulegar í héraði, og hins vegar öryggissjónarmið, þ. e. a. s. að taka verður tillit til, að línurnar eru háðar veðráttu og ekki síst hálendislínur. Hv. þm. er minnisstætt, vænti ég, að hæstv. iðnrh. gaf yfirlýsingu fljótlega eftir að hann settist í ráðherrastól, að byggð skyldi lína til flutnings raforku, hálendislína milli Norðurlands og Suðurlands. Ég man ekki betur en hann hafi sagt, að þessi lína ætti að vera komin í gagnið á árinu 1973. Þá voru rannsóknir á þeirri línu ekki hafnar, en þær hafa síðan verið gerðar, í það minnsta hvað veðurfar snertir, og leitt til þess, að menn hafa hætt við hálendislínuna, sem hæstv. iðnrh. sagði, að mundi verða komin í gagnið þegar á síðasta ári.

Slík yfirlýsing var auðvitað gefin að óathuguðu máli, af fljótfærni, ef ekki af auglýsingamælsku. Nú er sagt, að byggja eigi svokallaða byggðalínu frá landsvirkjunarkerfinu á Suðvesturlandi um Vesturland til Norðurlands. Ein ástæðan fyrir þessari ákvörðun mun vera sú, að þegar hefur verið byggð lína frá Eyjafirði til Skagafjarðar í þeirri trú, að flytja mætti orku frá hinu hrjáða Laxársvæði til hins enn hrjáðara Norðvesturlands. Þessi lína er nú því miður orðin að athlægi. Það eina, sem hún flytur, er orkuskortur milli landshluta, eins og að orði hefur verið komist. Það er því ekki að ástæðulausu, að menn telja, að hyggilegt hafi verið talið að réttlæta tilvist hennar sem lið í heildarsamtengingu Norður- og Suðurlands og það sé ein forsendan fyrir svokallaðri byggðalínu. Þessi Eyjafjarðar- og Skagafjarðarlína mun kosta eitthvað milli 100 og 150 millj. kr. með tilheyrandi búnaði. Ég vil gjarnan biðja hæstv. iðnrh. að upplýsa d. um það, hvar á bilinu þessi kostnaður er, hvað línan í raun og veru kostar. Hún mun vera byggð af Rafmagnsveitum ríkisins, en framkvæmdin var þó ekki samþykkt í stjórn Rafmagnsveitna ríkisins, áður en hún hófst. Það mun vera ákvörðun hæstv. iðnrh. eins, sem þarna er um að ræða, og því hæpið, að fylgt sé ákvæðum 60. gr. orkulaga.

Á þessu ári mun vera heimild í fjárlögum um 200 millj. kr. fjárveitingu til framhalds þessarar byggðalínu, og í þessu frv. er farið fram á 100 millj. viðbótarfjárveitingu, eftir því sem mér skilst. En sannleikurinn er sá, að þm. hafa ekki fengið neina grg. um það, hver heildarkostnaður af þessari línubyggingu verður. Samkv. upplýsingum orkumálastjóra á fundi fjh.- og viðskn., má gera ráð fyrir því, að þessi kostnaður sé 760 millj. kr., og byggist það á kostnaðargrundvelli um áramót, en ekki núgildandi verðlagi, eins og hv. þm. Norðurl. v., Ragnar Arnalds, vildi vera láta. Mikil kostnaðarhækkun hefur síðan orðið, og því er ekki ósennilegt, að heildarkostnaður fari töluvert fram úr 760 millj. kr. Ekki er upplýst, hvort vextir á byggingartíma eru innifaldir eða hugsanlegar bætur til landeigenda. Mér þykir því ekki óeðlilegt að ætla, að þessi heildarkostnaður verði 1 000 millj. kr., þegar línan er fullbyggð, og raunar hærri, ef svo heldur fram sem horfir um verðlag á þessu landi.

Þá hef ég upplýsingar um það, að ráðgjafarfyrirtækjum, íslensku og norsku, hafi að vísu verið falið að rannsaka, hvort umrædd lína fái staðist raftæknilega, og er þá einkum um að ræða svonefnda stöðugleikarannsókn. Niðurstöður munu vera frekar jákvæðar, að þeim skilyrðum uppfylltum, að orka verði annaðhvort flutt til stórfyrirtækis á Norðurlandi, sem tekur 50 mw., eða suður frá Kröfluvirkjun. Hins vegar hefur millibilsástand línunnar ekkert verið rannsakað, þ. e. a. s. fram að þeim tíma, að áðurnefndur orkuflutningur fari fram, annað hvort til stórfyrirtækis á Norðurlandi eða suður á bóginn frá Kröfluvirkjun, en hún er ekki ráðgerð komin í gagnið fyrr en 1978.

Hæstv. iðnrh. hefur lýst því yfir, að þessi lína verði tengd á næsta ári, og muni þannig í bili firra frekari vandræðum á Norðurlandi. Nú hefur Landsvirkjun, að því er ég best veit, ekki beint ráðagerðir uppi um byggingu 130 kw.

línu á því ári, og því yrði að reka þessa línu með 60 kw. spennu fyrst í stað, en engin raffræðileg athugun hefur verið gerð á slíkri línu. Þá er rétt að ítreka það, sem áður hefur komið hér fram, að landsvirkjunarsvæðið mun ekki verða aflögufært á næsta ári eða veturinn 1975—1976, áður en Sigölduvirkjun er lokið. Útlit er því fyrir, að þarna sé enn a. m. k. um ársbil verið að byggja línu til flutnings á orkuskorti.

Þá er rétt að taka það fram, að þótt frumathugun á raffræðilegum stöðugleika línunnar sé lokið, eftir því sem talið er, þá megi fullyrða, að engin raffræðileg hönnun er enn hafin. Það liggja ekki fyrir upplýsingar, a. m. k. ekki fullnægjandi upplýsingar, um það hvaða áhrif væntanleg málmblendiverksmiðja í Hvalfirði muni hafa á gæði raforkunnar á téðri línu, en mér er sagt, að verksmiðjur af því tagi hafi truflandi áhrif á spennu og þurfi því helst að vera með sérstaka línu frá orkuveri eða vera tengd sterku rafkerfi.

Það er fyrst nú, sem norskt ráðgjafarfyrirtæki mun vinna að hönnun línunnar frá byggingartæknilegu sjónarmiði. Niðurstöður liggja ekki fyrir, eins og fram kom hjá orkumálastjóra á fundi fjh.- og viðskn., þar sem hann sagði, að lega línunnar væri ekki í einstaka atriðum ákveðin og ekki væri ákveðið, að hve miklu leyti línan yrði byggð með tréstaurum og að hve miklu leyti með stálstaurum. Þó eru frumathuganir hafnar á vegum Rafmagnsveitna ríkisins á efnisþörf, en ekkert hefur verið upplýst um það, hvort framkvæmdin verður boðin út eða ekki. Ég vildi spyrja hæstv. iðnrh. um það, hver ætlunin væri í þeim efnum.

Það er og ljóst, að mjög hæpið er, að þessi lína komist í gagnið á næsta ári. Það er kannske bættur skaðinn, vegna þess að á fyrsta árinu, frá 1975 til 1976, gerir hún ekki mikið gagn, eins og áður er rakið. En hún kemst væntanlega í gagnið á árinu 1976 og ekki fyrr, því að orkumálastjóri taldi byggingartíma mundi verða um 2 ár, og koma þær upplýsingar orkumálastjóra ekki heim og saman við ákveðnar yfirlýsingar hæstv. iðnrh., að þessi lína sé til þess fallin að bæta úr orkuskorti á Norðurl. þegar á næsta ári.

Af því, sem ég hef hér rakið, er eðlilegt, að við flm. brtt. teljum eðlilegt og sjálfsagt, að greinargerð um þessa framkvæmd sé lögð fram og sömuleiðis sé í þeirri grg. hagkvæmnisamanburður mismunandi valkosta til þess að leysa orkuþörf Norðurlands. En það er enn fremur til dæmis um, hve vinnubrögðin af hálfu hæstv. iðnrh. eru handahófskennd, að það er fyrst nú, löngu eftir að fjárlög voru samþykkt og nokkru eftir að þetta frv. er lagt fram hér á Alþ., að hann flytur brtt. um lántökuheimild til virkjunar í Fljótaá, 75 millj. kr., sem ég hef talið, að væri eðlileg framkvæmd, en hingað til hefur staðið á leyfi stjórnvalda, hæstv. iðnrh., svo að hún gæti hafist.

Það er kunnugt af fréttum í blöðum og útvarpi, að þessi línubygging hefur verið harðlega gagnrýnd á nýafstöðnum fundi Sambands íslenskra rafveitna og sérstaklega, hvernig að henni hefur verið staðið og undirbúningi öllum. Þá var sérstaklega gagnrýnt á þessum fundi, að ekki hefur verið notuð heimild Alþ. um virkjun Svartár og ekki leitað samninga við landeigendur þar.

Nú er það svo, að þótt þessi línubygging hefjist og sé komin í framkvæmd á árinu 1976, þá er útlit fyrir, að hún muni ekki koma að gagni nema á tímabilinu 1976—1978, vegna þess að þá kemur Kröfluvirkjun í gagnið samkvæmt áætlunum, og þá er ekki þörf á flutningi raforku norður um. En Kröfluvirkjun verður ekki heldur aflögufær eftir 1978 til flutnings á raforku hingað suður, svo að nokkru nemur, og mun ekki gera það mögulegt, að unnt sé að fresta virkjunarframkvæmdum á landsvirkjunarsvæðinu. Á tímabilinu 1978—1980 verður ný virkjun eftir Sigöldu að komast í gagnið. Þá er um þrjá valkosti að ræða, þ. e. Hrauneyjarfossvirkjun, Sultartangavirkjun eða jarðgufuvirkjun. Ákvörðun í þeim efnum verður að taka eigi seinna en um næstu áramót, til þess að slíkar virkjanir séu komnar í gagnið á þessu tímabili, 1978—1980. Þá er í raun og veru ekki nema um 1—2 ár að ræða, sem hugsanlegt er, að þessi lína geri nokkurt gagn, og kostnaður við hana er slíkur, orkuflutningskostnaðurinn, sem um er að ræða, er svo hár, að ástæða er til, að fram verði lögð greinargerð með samanburði mismunandi valkosta til að leysa orkuþörf Norðurlands, svo að menn geti a. m. k. gengið úr skugga um, hvort hér sé um réttlætanlegan kostnað að ræða eða ekki.

Ég vil biðja hæstv. iðnrh. að leiðrétta mig, ef hann telur mig ekki hafa farið með rétt mál að því er snertir byggingartíma línunnar. Ég vil spyrja hann um það, hvenær ráðgert sé, að hönnun háspennulínunnar ljúki annars vegar og hins vegar, hvenær ráðgert sé, að byggingu línunnar ljúki. Ég hef farið hér með ákveðnar upplýsingar þar að lútandi, en vil gjarnan heyra hans eigið mat að þessu leyti.

Þá vildi ég spyrja á hvaða spennu línan verði rekin, bæði fyrst í stað og síðar, og hvort samið hafi verið við orkuframleiðendur um sölu raforku inn á téða línu og hver sé áætlaður flutningskostnaður línunnar.

Ég vil spyrja hæstv. iðnrh., hvaða aðili annist undirbúning línubyggingarinnar og hver verði eigandi línubyggingarinnar?

Ég vil óska eftir því, að hæstv. iðnrh. tjái sig um þá brtt., sem við höfum hér flutt, hv. 2. þm. Norðurl. e., Halldór Blöndal, og ég, og vonast til þess, að honum finnist það eðlileg ósk af hálfu þm. að fá grg. um svo mikla framkvæmd sem hér er um að ræða.

Mig langar til þess að vita, hvort Framkvæmdastofnun ríkisins hafi fjallað um þetta mál, og hlýtur annaðhvort hæstv. iðnrh. eða hv. þm. Norðurl. v., formaður stjórnar Framkvæmdastofnunarinnar, að geta veitt upplýsingar um þetta, en ekki sýnist óeðlilegt, að Framkvæmdastofnunin, miðað við ætlunarverk hennar og hlutverk, fjalli um slíkar framkvæmdir.

Ég vildi leggja áherslu á í sambandi við þá brtt., sem við flytjum, að fram komi áætlaður kostnaður smærri virkjana á Norðurlandi, þ. á m. Skeiðsfoss, Svartár, og hve langan tíma mundi

taka að ljúka slíkum virkjunum eftir ákvörðunartöku.

Í þessu sambandi verður ekki komist hjá því að minnast á möguleika á því að taka upp samninga við landeigendur á Laxársvæðinu, því að það er viðurkennt af öllum, sem um þetta mál hafa fjallað, að þar er um að ræða langhagkvæmustu virkjunarmöguleikana til þess að leysa orkuskortinn á Norðurlandi.

Ég vil gjarnan heyra frá hæstv. iðnrh., hvort það sé rétt, að samningar við Svartá hafi aldrei verið fullreyndir.

Mér er ljóst, að hér er um margar fsp. að ræða, en ég held einnig, að það séu eðlilegar fsp. Ég tel æskilegast, að svör við þessum fsp. komi fram í þeirri grg., sem brtt. okkar fjallar um, og fellur mér ágætlega við það, ef hæstv. iðnrh. heitir því að sjá til þess.

Ég tel á þessu stigi rétt að láta hér staðar numið, en fjalla við annað tækifæri almennt um fjáröflun, bæði til opinberra framkvæmda og til fjárfestingarlánasjóða, en get þó ekki annað en undirstrikað það, að fjárskortur fjárfestingarlánasjóðanna mun vera allt að 2 milljörðum kr., eftir því sem nú horfir, og þurfa þá útlán þeirra væntanlega að aukast um þriðjung frá því, sem var á árinu 1973. Þegar þetta er haft í huga ásamt hinum stórhækkuðu lántökum til opinberra framkvæmda, er hér um að ræða ráðagerðir og fyrirætlanir, sem eru til þess fallnar að auka verðbólguna og spennuna í landinu, og er ekki á það bætandi.

Heilbr.- og trmrh. (Magnús Kjartansson): Herra forseti. Mér þótti næsta einkennileg ræða hjá hv. þm. Geir Hallgrímssyni. Það var engu líkara en þessi hv. þm. hefði ekki áttað sig á því, að nein breyt. hefði orðið varðandi orkumál á Íslandi á s.l. hálfu ári eða svo. Þegar í ljós kom í haust, að verðlag á olíu mundi hækka ákaflega mikið og það yrði jafnvel skortur á olíu, og búist var við því, að orkuverð mundi halda áfram að fara hækkandi á næstu árum, þótti ríkisstj. einsýnt, að það yrði að hefjast handa um ráðstafanir til að flýta nýtingu innlendra orkugjafa, til þess að hagnýta þá miklu örar en ráð hafði verið fyrir gert í upphafi. Ég fól í nóv. í fyrra verkfræðistofnun hér í bæ í samvinnu við Orkustofnun að gera áætlun um það, hvernig hægt væri að nýta innlenda orkugjafa í stað innfluttrar olíu með sem skjótustum hætti, og enn fremur fól ég Seðlabankanum að gera fjármögnunaráætlun í þessu sambandi. Eftir þennan tíma hafa komið hér fram á þingi fjölmargar till. um þetta efni, ekki síst frá hv. þm. Sjálfstfl. í margvíslegum myndum, sem hafa allar beinst að þessu sama verkefni. Engu að síður var svo að heyra sem þessi hv. þm., Geir Hallgrímsson, gerði sér ekki nokkra grein fyrir því, að slíkri stefnumörkun verður þó að fylgja eftir í verki.

Hann sagði í upphafi máls síns hér, að það væru óeðlileg vinnubrögð að skjóta inn á síðasta stigi fjárl. verulegum upphæðum til orkuframkvæmda. Þessu var bætt við að sjálfsögðu vegna þessa vandamáls. Ríkisstj. var það ljóst, að það þurfti að flýta ýmsum framkvæmdum og rannsóknum á sviði orkumála umfram það, sem áður var fyrirhugað, og þess vegna voru þessar till. fluttar við 3. umr. fjárl., og það var gerð grein fyrir því, í hvaða tilgangi þetta væri gert. Ég varð ekki var við það þá, að það væri neinn ágreiningur um að þannig skyldi að þessu máli staðið. Og ég varð ekki var við andstöðu hjá neinum hv. þm. við það að taka þessa liði inn í fjárlög. En nú kemur hv. þm., Geir Hallgrímsson og kvartar undan þessu, að það hafi verið tekið inn á fjárlög. Hann snýst gegn því, að varið sé fjármunum til orkurannsókna og framkvæmda á sviði orkumála. Hann virðist ekki hafa neinn áhuga á því, að við tökumst á við það ákaflega mikilvæga og brýna og stóra vandamál að nýta okkar eigin orkugjafa í stað innfluttrar olíu. Hann segist vilja skipulagsbundin vinnubrögð í þessu máli, og ég er þar alveg á sama máli. (Gripið fram í.) Hv. þm. var að gagnrýna, að þetta frv. væri flutt í þessu skyni. Hv. þm. var að gagnrýna það, hann teldi, að þetta væru óeðlileg vinnubrögð, og þetta mundi eingöngu valda þenslu og erfiðleikum í þjóðarbúinu. Hv. þm. var að kvarta undan því. Hv. þm. snerist gegn þessum fjármunum, sem við ætlum að veita til orkurannsókna og framkvæmda á sviði orkumála. Hv. þm. er staðinn að því að hafa snúist gegn þeirri stefnu ríkisstj., og það er staðreynd, sem vissulega er ástæða til að veita athygli.

Hv. þm. hafði allt á hornum sér í sambandi við þetta. Hann taldi t.d. ákaflega óeðlilegt að taka erlent lánsfé til þessara framkvæmda. Ég vil benda á það, að ef við getum nýtt innlenda orkugjafa í stað innfluttrar olíu, þá jafngildir það að sjálfsögðu gjaldeyrisskapandi framleiðslu. Og ef við getum tekið erlend lán til opinberra framkvæmda, þá eru það framkvæmdir af þessu tagi. Gagnrýni á það að taka erlend lán til slíkra hluta á engan rétt á sér. En þetta sýnir bara hina neikvæðu afstöðu þessa hv. þm.

Ég er hins vegar sammála hv. þm. um það, að við eigum að kappkosta við framkvæmdir af þessu tagi, m.a. við virkjunarframkvæmdir, að vera menn til þess að leggja fram fjármuni sjálfir. Í þjóðfélagi, þar sem þjóðartekjur á mann eru jafnháar og hér, eigum við að geta ráðist í ýmsar slíkar framkvæmdir án þess að þurfa að taka alltaf lán erlendis. En ég hef ekki orðið var við, að þessi hv. þm. eða flokksbræður hans hefðu mikinn áhuga á því, að þannig væri að verki staðið. Þeirra áhugamál beinist fyrst og fremst að því að koma í veg fyrir, að ríkið eða opinberir aðilar nái í fjármuni erlendis til þess að standa fyrir margvíslegum mikilvægum framkvæmdum, m.a. á sviði orkumála. Hann leggur til, að allt slíkt sé skorið niður og afkoma ríkissjóðs sé sem allra erfiðust, að fjárhæðunum verði varið í vaxandi einkaneyslu. Þetta er stefna þessa hv. þm. Og það situr sannarlega ekki á honum að kvarta undan því, að tekið sé lánsfé erlendis, í stað þess að við nýtum okkar eigin fjármuni. Ég er þeirrar skoðunar, að við þurfum að vera menn til þess að leggja fram mun meiri fjármuni sjálfir en við gerum til allra slíkra framkvæmda sem þessara.

Umtal hv. þm. um línuna norður er mál, sem

búið er að deila um, þrátta um og þvarga um ákaflega lengi. Ég er satt að segja algerlega undrandi á því að heyra þessar gömlu röksemdir fluttar enn einu sinni. Í sambandi við það að flýta nýtingu innlendra orkugjafa, þá liggur sú staðreynd fyrir, að um það bil 2/3 hlutar þjóðarinnar geta fengið hitaveitu frá jarðvarma, en um það bil þriðjungur þjóðarinnar yrði að fá húshitun með raforku. Ég er þeirrar skoðunar, að við eigum að gera áætlun allmörg ár fram í tímann um það, hvernig við eigum að framkvæma þessi verkefni. Það er hægt að gera stórfellt átak að því er snertir hitaveitur á næstu þremur árum. Það tekur lengri tíma að koma á rafhitun, en engu að síður verðum við að stefna að því marki, ekki síst fyrir þau byggðarlög, sem ekki eiga kost á neinum jarðvarma, og þar er sem kunnugt er um að ræða Vestfirði og Austfirði. Til þess að geta ráðist í þetta verkefni er það algert frumskilyrði, að orkuveitusvæðin séu tengd saman og allt dreifikerfið verði styrkt til mikilla muna frá því, sem nú er. Ég mun væntanlega hér á þingi flytja skýrslu um þær athuganir, sem unnar hafa verið á vegum iðnrn. að undanförnu um slíka áætlun. En ég hygg, að ég fari þar rétt með, að það hefur verið gert ráð fyrir því, að stofnlínur og dreifilínur og styrking á dreifikerfi muni kosta um 4 milljarða kr. á núverandi verði, ef stefnt er að því marki, að um 80% þeirra, sem þurfa að fá rafhitun, verði búnir að fá hana 1981. Og til þess að hægt sé að koma á slíkri rafhitun, verður að leggja þessar stofnlínur. Menn, sem snúast gegn því, að lagðar séu slíkar stofnlínur eins og þessar, eru að snúast gegn því, að við nýtum orku til að hita upp húsakynni landsmanna. Svona einfalt er það. Það er alls ekki um það að ræða lengur að deila á þessum gömlu forsendum, hvernig eigi að afla venjulegrar orku handa Norðlendingum, — þessi gömlu deilumál, sem allir þm. þekkja og sem ég nenni ekki að fara ofan í enn þá einu sinni, það er búið að gera það svo oft, bæði hér á Alþ. og annars staðar. Viðhorfið er gerbreytt. Viðhorfið er orðið gerbreytt á þessari miklu nauðsyn, að við notum raforku til þess að hita upp húsakynni þeirra landsmanna, sem ekki eiga kost á hitaveitu. Og til þess að hægt sé að gera þetta, verður sem sé að koma upp þessu línukerfi. Það er alger forsenda. Og þeir menn, sem eru á móti því, að ráðist sé í þetta línukerfi, eru á móti því, að húsakynni á Íslandi séu hituð upp með raforku, að við nýtum okkar eigin raforku í stað þess að flytja inn olíu. Svona eru viðhorfin núna. Þær spurningar, sem hv. þm. er að beina til mín um alls konar samanburð miðað við aðstæður, sem voru hér fyrir 1—2 árum, eru því algerlega út í hött. En eins og ég sagði áðan, geri ég ráð fyrir því að geta tiltölulega fljótlega, eftir eina viku eða svo, flutt Alþ. skýrslu, áfangaskýrslu um það, hvernig hægt sé að standa að þessu ákaflega stóra og brýna verkefni, að nýta innlenda orkugjafa í stað erlendra. Og þar verður tækifæri til þess að ræða þetta mál í heild. Ég skal þá reyna að gera grein fyrir ýmsum þeim atriðum, sem hv. þm. vék að í ræðu sinni áðan. Ég geri ráð fyrir, að þessari skýrslu verði útbýtt prentaðri í þinginu, þannig að þm. eigi kost á að kynna sér hana, áður en hún yrði tekin til umr. hér á þingi.

Hér er verið að spyrja spurninga, sem búið er að svara margsinnis. Það er verið að spyrja um, af hverju hafi ekki verið ráðist í virkjun Svartár. Það liggja fyrir gögn, sem ég hef margsinnis gert grein fyrir, frá þeim mönnum, sem var falið að ræða við landeigendur. Þeirra niðurstaða var sú, að það væri ekki hægt að ná samkomulagi um þetta. Þau liggja fyrir í iðnrn., og það hefur margsinnis verið gerð grein fyrir því, að það voru allar horfur á því, að það væri aðeins að rísa ný Laxárdeila. Ég held, að reynsla okkar af þeim vinnubrögðum, sem ástunduð voru í sambandi við virkjun Laxár, séu slík, að við eigum ekki að leika okkur að því að fara að gera slíka hluti aftur.

Hv. þm. taldi það vera handahófsvinnubrögð, að ég flytti nú till. um fjármagn til þess að tryggja, að hægt væri að ráðast í viðbótarvirkjun í Fljótaá. Ég hefði hafnað umsókn bæjarstjórnar Siglufjarðar um það efni. Það hefur ekki komið nein formleg umsókn um þetta til iðnrn. frá bæjarstjórn Siglufjarðar fyrr en 20. febr. s. l., og ég afgreiddi það mál með þeim hraða, sem ég taldi mestan geta orðið í því sambandi. Menn geta séð það með því að bera saman dagsetningar. En þessi gagnrýni á línuna norður er svo gersamlega út í hött, miðað við nýjar aðstæður, að ég hef hreinlega ekki geð í mér til þess að ræða málið á þeim forsendum.

Hv. þm. fór með mjög undarlegar staðhæfingar um það, að ég hefði talað um, að leggja ætti hálendislínu norður og hún yrði komin í gagnið 1973. Það var gerð samþykkt í ríkisstj. haustið 1971 um það að ákveða af hennar hálfu, að ráðist yrði í Sigölduvirkjun, og inn í þá samþykkt var tekin ákvörðun um samtengingu Suðurlands og Norðurlands. Það var í sambandi við virkjun Sigöldu, sem það mál var tekið fyrir, og rökstuðningur fyrir því var sá, að sem flestir landsmenn ættu að eiga kost á orku frá þessari nýju virkjun og markaður hennar ætti að stækka. Það hefur ekki verið fallið frá því að leggja hálendislínu. Rannsóknir á því máli eru í fullum gangi, og vitaskuld verður sú lína lögð. En byggðalínan þótti vera skynsamlegri ráðstöfun núna, og ég hygg, að ef menn hugsa sig um, þá geri sér allir ljóst, að þar er um að ræða framkvæmd, sem endist ekki bara í 1—2 ár, eins og þessi hv. þm. var að tala um, heldur framkvæmd, sem verður ein af máttarstoðunum í því kerfi, sem við komum upp hér á Íslandi, ef við ætlum að tryggja húshitun með raforku og tryggja jafnrétti byggðarlaga á þessu sviði. Slík samtenging er alger forsenda þess, að þetta sé hægt. Tal um, að hún nýtist ekki nema í 1—2 ár, er svo yfirgengileg röksemdarfærsla, að ég get ekki skilið, hvernig það getur komið upp úr hv. þm., sem er þó ákaflega vel að sér á sviði orkumála.

Ég vil sem sé endurtaka það, að ég lýsi undrun minni á þessum málflutningi. Ég skil ekki, hvernig menn geta raunar farið að því að bera hér á borð gamlar lummur, enda þótt augljóst sé hverjum manni, að aðstæðurnar hafa gerbreytt ástandinu og sannað, að þær ákvarðanir, sem teknar voru í þessu efni um samtengingu orkuveitusvæða, voru þær einu réttu.

Steingrímur Hermannsson: Herra forseti. Ég stend upp til þess að gera stutta aths. Reyndar hefur hæstv. iðnrh. minnst á það atriði, og get ég því stytt mál mitt.

Ég vil í upphafi lýsa ánægju minni með það stóra átak, sem gera á í raforkumálum og greinilega kemur fram í þessu frv. um lántökuheimildir erlendis.

Í brtt. á þskj. 490 er rætt um hagkvæmnisathugun á mismunandi valkostum til að leysa orkuþörf Norðurlands. Ég held, að þarna sé á nokkrum misskilningi byggt. Ég vil benda á, að þessi lína mun þjóna fleiri landshlutum en Norðurlandi, eins og kom reyndar fram hjá hæstv. iðnrh. Á Vestfjörðum verður varla, a.m.k. er það vafasamt, orkuþörf fullnægt með virkjunum heima fyrir. Þetta er að vísu núna í ítarlegri athugun, og hefur sérstöku verkfræðifyrirtæki verið falið að skoða þar alla kosti. Í fljótu bragði virðist, eins og ég sagði, vafasamt, að þar fáist nægilegt virkjað vatnsafl til þess að fullnægja orkuþörfinni, einnig fyrir húsahitun. Ljóst er því, að sá landshluti þarf að tengjast meginraforkukerfi landsins hið fyrsta, og raunar er líklegt, að það sé langsamlega fljótvirkasta leiðin til að fá á Vestfirðina þá raforku, sem talin verður nauðsynleg í þessu skyni, m.a. til húsahitunar. Vestfirðingar binda því einnig töluverðar vonir við þessa línu norður. Stysta leiðin til að tengjast raforkukerfi landsmanna yrði með línu frá Mjólká og í Hrútafjörðinn, og er það um 200 km leið. Þannig yrði með fljótu móti aukin raforka Vestfjarða og ekki síður, svo sem einnig er nauðsynlegt, öryggi meira en það er nú með raforku frá einni meginvirkjun. Þessari aths. vildi ég koma hér á framfæri. Þessi lína þjónar fleiru en Norðurlandi, m.a. Vestfjörðum, þótt það virðist stundum gleymast hv. þm., að sá landshluti þarf einnig og ekki síður en aðrir og jafnvel fremur en sumir aðrir að tengjast orkukerfi landsins vegna takmarkaðra virkjunarmöguleika og lítils sem einskis jarðhita þar í nálægð við stærri byggðakjarna.

Ég vil svo aðeins segja að lokum, að það er vitanlega ákaflega mikill misskilningur, að þessi lausn þjóni aðeins Norðurlandi um skamman tíma. Ég vil taka undir það, sem kom fram hjá hæstv. iðnrh. Ég hygg, að hv. flm. þessarar brtt. muni finna, er þeir kynna sér þessi mál, t.d. hjá öðrum þjóðum, nágrannaþjóðum okkar o.fl., að þar er lögð höfuðáhersla á svona samtengingu, ekki síst til þess að bæta nýtingu orkuvera og skapa það öryggi, sem nauðsynlegt er í nútímaþjóðfélagi, þegar um er að ræða notkun raforku til flest allra hluta. Ég er því þeirrar skoðunar, að samtenging orkuveitusvæða sé eitt af brýnustu málum þessarar þjóðar, og ég fagna því átaki, sem þarna er gert. Jafnframt undirstrika ég það enn einu sinni, að því þarf að fylgja eftir með tengingu Austfjarða og Vestfjarða við það samtengda orkukerfi, sem þannig skapast.

Geir Hallgrímsson: Herra forseti. Hæstv. iðnrh. var undrandi á því, að ég hafði ekki gert mér grein fyrir því, að breyting hefði orðið á orkumálum Íslands nú s.l. misseri, vegna olíukreppunnar í heiminum. Vissulega verður að taka tillit til þessa og flýta áætlunum og ráðagerðum í framkvæmdum til að afla innlendrar orku sem mest í ljósi þeirrar þróunar. En einmitt sú breyting hefur leitt í ljós, hve vanbúin hæstv. ríkisstj. og hæstv. iðnrh. var að mæta þessum nýju aðstæðum. Hér er í raun og veru ekki verið að tala um nýjar framkvæmdir aðrar en þær, sem höfðu verið á dagskrá.

Hann var að geta um það hér áðan, að þegar leyfi var veitt til virkjunar Sigöldu haustið 1971 á grundvelli lagaheimildar frá Alþ. fyrr á því ári, þá hafi verið ákveðið að byggja línu norður í land, hálendislínu. Ég minntist á það í minni ræðu sem dæmi um ófullnægjandi vinnubrögð hæstv. iðnrh., að þá hefði hann lýst því yfir, að þessi lína yrði komin í gagnið 1973, að órannsökuðu máli. Þegar rannsókn var lengra komin á veg, varð ljóst, að þessi hálendislína yrði ekki byggð á þeim tíma og lengri tíma þyrfti til rannsóknarinnar einnar, hvað þá til framkvæmdarinnar.

Þá skyldi maður ætla, að undirbúningur byggðalínu væri lengra á veg kominn en raun ber vitni, ef ætlunin var að tengja orkuveitusvæðin saman. En undirbúningur þeirrar framkvæmdar er ekki betur á veg kominn en ég gat um í minni ræðu, að rannsóknir hafa að vissu leyti farið fram, en engan veginn fullnægjandi til þess, að hönnun mannvirkjanna geti hafist fyrir alvöru, hvað þá heldur gerð útboðsskilmála. Og samt er því lýst á Alþ. æ ofan í æ, að þessi lína eigi að vera komin í not á næsta ári, sem orkumálastjóri sjálfur telur litla von til.

Ég nefni sérstaklega stofnlínuna norður, bæði fyrri hugmyndir um hálendislínu og seinni till. um byggðalínu, sem sönnun þess, að hæstv. iðnrh. hefur jafnvel ekki að því er byggingu þeirrar línu snertir staðið að málunum eins og vera bar. Hann er formælandi þeirrar línubyggingar á þessum tíma, og því ámælisverðara er í raun og veru lélegur undirbúningur hans á þessu sviði. Ég hef hins vegar talið, að þessi lína eigi að koma, en það sé ekki enn orðið tímabært og aðrir kostir séu líklega ódýrari og hagkvæmari til að bæta úr orkuskorti norðanlands.

Það er enginn ágreiningur, að samtenging á að eiga sér stað landshluta á milli, svo að raforka geti flust frá einum hluta landsins til annars. En þetta er spurningin annars vegar um öryggi og hins vegar, hvað er fjárhagslega hagkvæmast, og engar athuganir hafa í raun og veru farið fram á þessu sviði, áður en ákvörðunin er tekin um byggingu þessarar línu.

Ég vil mótmæla því harðlega, að ég sé að snúast gegn því, að úr orkuskorti sé bætt og aukin sé húshitun með rafmagni eða innlendum orkugjöfum, þótt ég vari við erlendum lántökum í svo vaxandi mæli sem fyrirhugað er, vegna þess að það ýtir undir verðbólguþróunina í landinu.

Það var stundum sagt, ég hygg af hálfu hæstv. iðnrh., a.m.k. af hálfu annarra þáv. stjórnarandstæðinga í tíð viðreisnarstjórnarinnar, að viðreisnarstjórnin þyrfti að hafa vit til þess að hraða verkefnum eftir forgangi og mikilvægi hvers þeirra um sig. Hér er auðvitað um það að ræða að leysa málin á þessum grundvelli, að ætla sér ekki of mikið í einu, að raða framkvæmdum eftir mikilvægi þeirra. Það hefur ríkisstj. ekki

gert, og þess vegna hefur hún tekið meira að sér en hún getur framkvæmt.

Þar sem hæstv. iðnrh. hefur farið úr þingsalnum, kann ég ekki við að halda hér áfram, því að orð mín voru honum ætluð. — En nú er hann kominn aftur. — Hæstv. iðnrh. var sammála mér um það, að við þyrftum að verja okkar eigin fjármunum til uppbyggingar í þessum efnum, en taldi hins vegar, að ég gerði mér ekki grein þessa, vegna þess að ég vildi auka einkaneysluna á kostnað samneyslunnar. Nú vill svo til, að ég hef haldið því fram,að eðlilegast væri að fjármagna framkvæmdir í orkumálum, t. d. að því er snertir hitaveitu hér á höfuðborgarsvæðinu, að því er snertir uppbyggingu raforkukerfisins á landsvirkjunarsvæðinu, með því að orkusalan og afkoma orkufyrirtækjanna, hvort sem um orkuöflunarfyrirtæki eða orkudreifingarfyrirtæki er að ræða, geti borið uppi eðlilegan hluta af stofnkostnaði slíkra framkvæmda með eigin fé. Þetta verður ekki gert, nema orkan sé seld á sannvirði. Hæstv. iðnrh. hefur ekki eingöngu dregið að veita heimild til hækkunar á raforku og heitu vatni, hæstv. ríkisstj. hefur ekki eingöngu neitað um slíkar nauðsynlegar hækkanir, heldur hefur hún og vísað þessum fyrirtækjum, bæði t. d. Rafmagnsveitu Reykjavíkur og Hitaveitu Reykjavíkur, á að taka erlend lán, sem jafnvel eru hærri en framkvæmdakostnaði nemur.

Ég held þess vegna, að hæstv. iðnrh. ætti að líta í eigin barm, áður en hann sakar aðra um að vilja ekki horfast í augu við það vandamál að afla innlends fjármagns til framkvæmda sem þessarar. Og hæstv. iðnrh. hefur meira að segja gagnrýnt mig fyrir það að vilja selja orkuna á sannvirði og ásakar mig fyrir að vera þannig að auka verðbólguna í landinu vísvitandi. Það er síður en svo, að slíkar verðhækkunarheimildir séu fram bornar í því skyni. Þær afleiðingar af verðbólgustefnu núv. ríkisstj., en ekki orsök verðbólgunnar.

Það er enginn ágreiningur um það, að við verðum að nýta innlenda orkugjafa í vaxandi mæli. Aðalatriði gagnrýni minnar er það, að við höfum ekki unnið nægilega vel að því. Hæstv. iðnrh. hefur af engu að státa í þeim efnum, því miður. Núverandi þróun mála að því er snertir olíumálið í heiminum breytir ekki því, að við hefðum þurft að vera komnir lengra á veg í þessum efnum, og eftir nær þriggja ára starf iðnrh. hefur í rauninni lítið sem ekkert verið gert á þessu sviði, sem nú er hægt að benda á. Og að línubyggingunni norður hefur ekki verið unnið betur en ég hef greint frá, en þó hefur hún og hugmyndin um hana staðið í vegi fyrir því, að aðrir valkostir væru rannsakaðir og framkvæmdum jafnvel hafnað, í stað þess að unnt hefði verið að velja annan kost í þeim efnum.

Ég vil gjarnan óska eftir því við hæstv. iðnrh., að hann upplýsi Alþingi betur um það, hver niðurstaða n. þeirrar eða þeirra manna, sem hann fól athugun á samningnum við landeigendur um Svartárvirkjun, hefur orðið. Það ætti að vera unnt að upplýsa það hér á Alþingi. Þær upplýsingar hafa því miður farið fram hjá mér. Það getur verið mér að kenna, og þá getur hæstv. iðnrh. væntanlega bent mér á, hvar ég geti leitað þeirra upplýsinga.

Brtt. okkar hv. 2. þm. Norðurl. e. er sanngjörn og ætti ekki að tefja fyrir málinu, byggingu stofnlínu milli Norður- og Suðurlands, ef þær upplýsingar eru til staðar, sem þarna er farið fram á, og eru þess eðlis að renna stoðum undir framkvæmdina, en það er lágmarkskrafa, áður en í framkvæmdir er ráðist. Það má vel vera, að slíkar upplýsingar liggi fyrir í skýrslu þeirri, sem hæstv. iðnrh. hefur lofað að leggja fyrir Alþingi eftir 1 eða 2 vikur, sagði hæstv. iðnrh., og þá gefst tækifæri til að ræða mál þessi nánar.

Heilbr.- og trmrh. (Magnús Kjartansson): Herra forseti. Ég skal ekki lengja þessar umr. Ég held, að það liggi ákaflega ljóst fyrir, að það er raunverulegur ágreiningur í þessu efni. Hv. þm. Geir Hallgrímsson og flokksbræður hans hafa í sífellu verið með neikvæð viðhorf til allra nýrra framkvæmda í orkumálum í tíð núv. stjórnar. Það er sama, hvað gert hefur verið, það hefur alltaf verið sama neikvæða viðhorfið. Ég minni á það t. d. í því sambandi, að Morgunblaðið hamaðist lengi gegn virkjun Mjólkár á Vestfjörðum, fór hinum verstu orðum um mig í því sambandi, að ég skyldi heimila þá virkjun. Þannig hefur verið um allar framkvæmdir á sviði þessara mála. (Gripið fram í) Já, það hefur lent á núv. ríkisstj. bæði að framkvæma Lagarfossvirkjun og Sigölduvirkjun, sem nú er hafin, eins og hv. þm. veit. Og ég vil benda hv. þm. á það, að ef maður ber saman framkvæmdir og fé til framkvæmda á sviði raforkumála, þá hygg ég, að það hafi þrefaldast frá því, sem var í tíð viðreisnarstjórnarinnar, þannig að framkvæmdir nú eru um það bil þrefalt meiri en þær voru þá. En hv. þm. talar aðeins um þetta sem vaxandi þenslu í þjóðfélaginu. Hann vill ekki, að það sé ráðist í framkvæmdir af þessu tagi, hann er andsnúinn því, enda hafði hann ekki neinn sérstakan áhuga á raforkumálum annan en þann að láta framleiða raforku til þess að selja útlendingum langt undir kostnaðarverði, eins og menn vita.

En ég stóð nú hér fyrst og fremst upp til að mótmæla því, sem þessi hv. þm. staðhæfði, að ég hefði lagt stein í götu Hitaveitu Reykjavíkur og Rafmagnsveitu Reykjavíkur. Því fer mjög fjarri. Það hefur verið leyst úr vandamálum þeirra stofnana á afar eðlilegan hátt, og það er mjög góð afkoma hjá þessum stofnunum. Rafmagnsveita Reykjavíkur hefur verið rekin með mjög góðum hagnaði. Hitt er svo annað mál, að það er ekkert óeðlilegt við það, þegar ráðist er í verulega dýrar framkvæmdir, að taka verði lán til þeirra, að það sé ekki hægt að taka það af tekjum hvers árs um sig og spara upp í mjög miklar og óvenjulegar framkvæmdir.

Í sambandi við hitaveitufranvkvæmdir í nágrannabyggðum Reykjavíkur, þá var það mál afgreitt á þann hátt, að ekki þarf að taka að láni nema u. þ. b. helming af kostnaði við þær framkvæmdir, en helminginn getur Hitaveitan framkvæmt af sínum eigin tekjum. Þetta eru að sjálfsögðu ákaflega góðar aðstæður til framkvæmda og miklu betri aðstæður en flestir aðilar búa við hér á landi. Það var farið ofan í umsóknir Hitaveitunnar um þetta efni, og málið var síðan af-

greitt skv. óskum Hitaveitunnar, — nákvæmlega skv. óskum Hitaveitunnar. Ég hef rætt um það við borgarstjórann í Reykjavík, að ef hægt sé að flýta þessum framkvæmdum umfram það, sem fyrirhugað er, þá væri ég mjög fús til samvinnu um það.

Hv. þm. spurði enn um Svartá í Skagafirði. Ég hef greint honum frá því, að það var falið mönnum að eiga viðræður við landeigendur, það var hópur manna undir forsæti Jóns Ísbergs sýslumanns, og hann skrifaði rn. bréf og taldi, að þessar samningaumleitanir hefðu orðið neikvæðar, það væri ekki unnt að ná neinu slíku samkomulagi. Á þeim forsendum þótti ekki ráðlegt að halda þar áfram vegna þeirrar herfilegu reynslu, sem fékkst af slíkum vinnubrögðum í sambandi við Laxá, og ég hygg, að allir þm. ættu að geta lært af, og ég tel, að menn eigi ekki að klifa á því, að reynt sé að leysa mál á svipaðan hátt og þar var gert.

Umr. frestað.

Neðri deild, 88. fundur.

Fimmtudaginn 21. mars, kl. 2 miðdegis.

Visindaleg verndun fiskimiða landgrunnsins, frv. (þskj. 92). — 3. umr.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 28 shlj. atkv. og afgr. til Ed.

Ríkisábyrgð á launum við gjaldþrot, frv. (þskj. 403). — 3. umr.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 22 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 560).

Heimilishjálp í viðlögum, frv. (þskj. 522). — 3. umr.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 28 shlj. atkv. og afgr. til Ed.

Heilbrigðisþjónusta, frv. (þskj. 469). — 1. umr.

Flm. (Björn Pálsson): Herra forseti. Við höfum leyft okkur að flytja hér frv. um breyt. á l. nr. 56 frá 1973, um heilbrigðisþjónustu. Efni frv. er það, að stofnað verði sjálfstætt læknishérað á Höfðakaupstað og í því læknishéraði yrðu þá Vindhælishreppur, Höfðahreppur og Skagahreppur. Þetta eru tveir sveitahreppar og eitt kauptún. Alls munu búa þar um 1000 einstaklingar. Við fluttum brtt. við heilbrigðislöggjöfina í fyrra um sama efni, og það var fellt hér í d. með eins atkv. mun. Við fengum almennar áskoranir frá íbúum Höfðakauptúns um, að þetta yrði sérstakt læknishérað. Það er fátt, sem fólkið úti í dreifbýlinu leggur meiri áherslu á heldur en öryggi í heilbrigðismálum. Það var búið að byggja þarna læknisbústað, svo að hann er fyrir hendi, en það gekk misjafnlega að fá lækna þar, áður en þessi breyting var gerð. Nú er ljóst, að það er ekki mikils virði fyrir fólkið að hafa sjálfstætt læknishérað, ef ekki fæst neinn læknir, en það virðist nú hafa orðið töluverð breyting á þessu. Læknanemum fjölgar mjög mikið, þannig að líklegt er, að læknunum í landinu fjölgi, og það hefur gengið betur að fá lækna út á landsbyggðina heldur en undanfarið. Vera má, að það sé því að þakka, að það hafi verið meiri dugnaður sýndur við að útvega læknana, en þó eru sennilega fleiri atriði, sem koma þar til greina.

Fólkinu er nú að fjölga á vissum stöðum úti á landi, fólkið er bjartsýnt og duglegt. Nú er nóg atvinna og mikill hugur í að byggja íbúðir hjá þessu fólki. T. d. var verið að byggja um 20 íbúðir í Höfðakauptúni s. l. ár, og líklegt, að það haldi áfram og jafnvel aukist, þannig að það er mjög líklegt, að fólkinu fjölgi þarna. Það er ekki hægt að ganga fram hjá því, að það er allmikill kostnaður fyrir fólk að fara langar leiðir til að leita læknis. Milli Blönduóss og Skagastrandar eru 25 km. Vegurinn er raunar sæmilegur, en að vetrinum getur oft verið mjög vont veður, norðaustanhríðarnar eru mjög vondar, og það getur verið þannig dag eftir dag, að það sjáist varla á milli húsa.

Nú er það þannig með okkur, sem heilbrigðir erum, að við finnum ekki svo mikið til þess, þó að það sé langt til læknisins, en þeir, sem eru heilsulitlir og þurfa á fárra daga fresti eða jafnvel daglega að hafa samband við lækni, finna ákaflega mikið til þess. Fæstir þessara einstaklinga geta ekið bíl sjálfir, þeir þurfa að fá bíl með sig og jafnvel að láta hann bíða, og þetta kostar ærið fé, þannig að það er ósköp eðlilegt, að fólkið leggi áherslu á að hafa öryggi í heilbrigðismálum.

Ég vona, að þið takið þessu frv. vinsamlega. Ég sé ekki ástæðu til að halda langa ræðu um það. Við stöndum allir að þessu, þm. úr þessu kjördæmi, sem erum hér í Nd., og þetta er ekkert pólitískt mál, heldur er þetta gert fyrir íbúana í heild. Ég vil enn fremur mælast til þess við þá n., sem fjallar um þetta frv., að það verði afgreitt fljótt, — málið er ekki flókið — svo að það fáist úr því skorið, hvort Alþ. getur fallist á þetta eða ekki. Við vitum, að ríkið á að sjá um þessi heilbrigðismál að öllu leyti, og það á ekki að hafa ákvæði í löggjöf, að það hindri, að þau mál séu í góðu lagi.

Ég legg svo til, að frv. verði vísað til heilbr.- og trn. að loknum umr.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 29 shlj. atkv. og til heilbr.- og trn. með 28 shlj. atkv.

Kosningar til Alþingis, frv. (þskj. 353, n. 528). — 2. umr.

Frsm. (Svava Jakobsdóttir): Herra forseti. Frv. þetta fjallar um rýmkun á ákvæðum varðandi utankjörfundakosningar. Við 1. umr. þessa máls beindi hv. 4. þm. Austf. þeim tilmælum til n., að hún athugaði, hvort þörf væri á breytingum á kjörgögnum jafnframt. N. varð sammála um, að aths. þessa hv. þm. væru fyllilega réttmætar og ástæða til þess að athuga það mál. En með tilliti til þess, að frv. það, sem hér er til umr., hefur þegar hlotið afgreiðslu í hv. Ed. og nauðsyn ber til, að það verði að lögum á þessu þingi, urðu nm. ásáttir um, að þetta atriði yrði að bíða betri tíma. N. leggur því til, að frv. verði samþ. óbreytt.

ATKVGR.

1. gr. samþ. með 25 shlj. atkv.
2.—3. gr. samþ. með 23 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 25 shlj. atkv.

Vöruhappdrætti fyrir Samband íslenskra berklasjúklinga, frv. (þskj. 404). — 1. umr.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 23 shlj. atkv. og til fjh.- og viðskn. með 24 shlj. atkv.

Jarðalög, frv. (þskj. 519). — 1. umr.

Fjmrh. (Halldór E. Sigurðsson): Herra forseti. Á þskj. 492 og 519 er að finna frv. til jarðalaga, eins og hv. Ed. gekk frá frv. til þessarar hv. d. Forsaga þessa máls er sú, að búnaðarþing 1971 samþykkti ályktun að fela stjórn sinni og búnaðarmálastjóra að hlutast til um við landbrh., að hann skipaði n. til þess að endurskoða eftirtalin lög:

1. Lög um kauprétt á jörðum, nr. 40 frá 5. apríl 1948.
2. Ábúðarlög, nr. 36 29. mars 1961.
3. Lög um ættaróðul, ættarjarðir, erfðaábúð og sölu þjóð- og kirkjujarða, nr. 102 21. des. 1961.
4. Lög um jarðeignasjóð ríkisins nr. 54 27. apríl 1967.

Hlutverk n. var að semja frv. til nýrra l. um framangreint efni eða með brtt. að breyta gildandi l. Tilgangurinn var að aðstoða sveitarfélög eða einstaklinga til búsetu innan þeirra sveitarfélaga, sem jörðin er í, og yrði það tryggt með löggjöf, að bændur hefðu forgangsrétt að jörðum til búskapar.

Hinn 18. ágúst 1971 skipaði landbrh. n. til að endurskoða þessi lög, sem ég áður greindi. Nm. voru Ásgeir Bjarnason, formaður Búnaðarfélags Íslands, Árni Jónasson, sem var tilnefndur af Stéttarsambandi bænda, en er erindreki sambandsins, og Sveinbjörn Dagfinnsson, núv. ráðuneytisstjóri í landbrn., sem var tilnefdur af ráðh. án tilnefningar frá öðrum. Ásgeir Bjarnason var skipaður formaður. N. hefur samið tvö lagafrv., sem bæði eru nú til meðferðar hér í hv. d. Auk jarðalagafrv. er frv. til ábúðarlaga, sem einnig er hér til meðferðar. Frv. voru lögð fram á síðasta búnaðarþingi, og mælti búnaðarþing með samþykkt þeirra beggja og gerði minni háttar breytingar á þeim, sem hafa verið teknar að mestu til greina í þeim frv., sem lögð hafa verið fyrir Alþingi það, sem nú situr. Þá hefur Stéttarsamband bænda mælt eindregið með samþykkt frv., en frv. höfðu áður verið kynnt á kjörmannafundum víðs vegar um landið.

Í frv. að jarðal. er tekið saman efni, sem nú er að finna í fernum lögum, auk nýmæla, sem hafa ekki áður verið í íslenskri löggjöf.

Á undanförnum árum hefur eftirspurn eftir landi til annarra nota en landbúnaðar farið stórvaxandi. Einkum hafa jarðir verið keyptar háu verði, þar sem góð aðstaða er til að setja niður sumarbústaði eða eftirsóknarverð hlunnindi fylgja jörðunum, svo sem veiði. Verð slíkra jarða er þegar orðið svo hátt, að sjaldan er viðráðanlegt fyrir bændur að kaupa þær, og reynist oft fullerfitt fyrir viðkomandi sveitarfélög, þrátt fyrir það að þau eigi lögboðinn forkaupsrétt. Afleiðingin er því sú, að margar vildisbújarðir hafa verið skákaðar niður, og það hefur torveldað eðlilegan búrekstur á mörgum þeirra, vegna þess að ekki voru möguleikar til þess að ná kaupum á jörðinni til búskapar. Ég vil taka það fram, að ég tel, að nauðsyn beri til að gefa þéttbýlisbúum og öðrum, sem sækja eftir, kost á landspildum til ræktunar og útivistar og til að reisa sumardvalarhús. Reynslan sýnir hins vegar nú þegar, að brýn þörf er á að fylgjast með slíkum ráðstöfunum lands og hafa áhrif á, hvar og hvernig landi er ráðstafað á þennan hátt. Að öðrum kosti vofir yfir stórfelld röskun á búsetuaðstöðu fólks á dreifbýlissvæðum umfram það, sem þegar er orðið, og óeðlileg verðhækkun lands.

Frv. þessu, ef að l. verður, er ætlað að veita byggðarlögum meira áhrifavald í þessu efni, styrkja aðstöðu bænda, bændaefna og sveitarfélaga til jarðakaupa, skapa aðstöðu til að fylgjast með öllum ráðstöfunum fasteigna og fasteignaréttinda utan skipulagðra þéttbýlissvæða og hafa áhrif á verðlag þeirra.

Í ákvæðum, sem eru í þessu lagafrv., eru viss hamlandi áhrif á ráðstöfun jarða umfram það, sem verið hefur, og eiga sér hliðstæðu í lögjöf nágrannaþjóða okkar, sem hafa sett lög og reglur um þetta efni. Í því sambandi vil ég leyfa mér að vitna til Norðurlandanna.

Noregur hefur allt frá árinu 1909 samkv. l. visst eftirlit og aðhald varðandi eigendaskipti á jörðum og landi utan skipulagðra svæða. M. a. þarf leyfi landbrh. hverju sinni, þegar kaup eru áformuð. Tilgangurinn með slíkum lögum er að hafa hamlandi áhrif á verðhækkanir lands. Norska landbrn. hefur margsinnis neitað um leyfi til sölu, þykir söluverð lands of hátt eða ætla megi, að land eigi að kaupa í hagnaðarskyni, t. d. að ávaxta fjármagn á þann hátt eða skáka landið niður og selja lóðir.

Í Svíþjóð gilda að sumu leyti svipaðar reglur og í Noregi að því leyti, að óheimilt er að selja bújarðir og lönd án heimildar frá landbrn., og

lögð er áhersla á, að eigendaskipti eigi sér fyrst og fremst stað þannig, að kaupendur jarðar muni stunda landbúnað sem aðalstarf. Um leyfi til sölu á landi er að jafnaði neitað, ef ástæða þykir til að ætla, að hún sé einkum áformuð til þess að hafa af því fjárhagslegan ávinning.

Danir hafa á síðustu tveimur árum endurskoðað löggjöf um bújarðir og land utan þéttbýlissvæða. Samkv. l. frá þessu ári um bújarðir og skilyrði fyrir því að geta fengið jörð til eignar eða umráða samkv. leigusamningi án leyfis landbrn. þarf m.a. viðkomandi að vera minnst 20 ára gamall, taka sér fasta búsetu á eigninni og hafa búrekstur að aðalatvinnu. Að öðrum kosti þarf sérstakt leyfi landbrn. Í l. er tekið fram, að slíkt leyfi skuli ekki veita, ef ástæða er til að ætla, að stefnt sé að því að ná umráðum yfir eign til þess að ávaxta á þann hátt fé, ef mikið ósamræmi er á milli kaupverðs eigna og raunverðs, ef eign telst óheppileg til sjálfstæðs búrekstrar og jörðinni yrði betur ráðstafað til að bæta rekstur, sem þegar er fyrir á svæðinu. Félagssamtök, stofnanir, jafnt opinberar sem einkastofnanir, geta ekki fengið ráð á jörðum eða jarðahlutum nema að fengnu samþykki landbrn.

Þau nýmæli, sem fyrst og fremst eru í þessu frv., eru í II. kafla þess, og er tilgangurinn með þeim að koma fastari skipan á heldur en verið hefur um eigendaskipti og aðra ráðstöfun bújarða og lands utan þéttbýlissvæða í því skyni, að hagsmuna bænda og annarra dreifbýlisbúa sé betur gætt en verið hefur, auk þess sem með lagafrv. þessu er stigið skref í þá átt að halda landverði niðri og hindra brask með land. En til þess að slíkt verði sem mest hindrað, þarf að auki að setja ákvæði í skattalög, ákvæði um, hvernig gróði, annar en sá, sem stafar af eðlilegum verðlagsbreytingum, skuli skattlagður. Með frv. þessu er verið að færa út í byggðarlögin visst vald, sem þau hafa alls ekki haft til þessa, þ.e. að hafa áhrif á, hvernig land er notað, og hafa áhrif á verðlag, eignar- og umráðarétt þess.

Til þess að framkvæma þetta vald úti í byggðarlögunum var gert ráð fyrir skipun byggðaráða í hverri sýslu. Í þeim mega aðeins starfa menn, sem búsettir eru í viðkomandi sýslu. Þyki einhverjum mörg ráð sett á fót samkv. frv. þessu, er rétt að benda á, að jafnmargar n. eru samtímis lagðar niður, því að samkv. 27. gr. l. nr. 45 1971, um Landnám ríkisins, skal landnámsnefnd skipuð 3 mönnum og starfa í hverri sýslu. Verði frv. þetta að l., eru dagar þessara n. þar með taldir. Auk þess að fylgjast með og hafa áhrif á eigendaskipti lands og verð þess, verði frv. að l., verði meiri aðgát höfð en verið hefur um skiptingu jarða, sem mörg dæmi eru um, að hafi verið gerð án nægilegrar forsjár. Þá er gert ráð fyrir í frv., að hægt sé að sameina að nýju jarðahluta, sem skiptir hafa verið út úr jörðum, sé bú ekki rekið á þeim. Dæmi eru þess, að sameign að jörðum, þar sem einn sameignareigenda situr jörðina, hafi skapað erfiðleika fyrir hann við rekstur bús og framkvæmdir á jörð. Í frv. þessu er opnuð leið út úr slíkum vandræðum og ráðherra unnt að heimila, að hann leysi til sín eignarhluta.

III. kafli frv. fjallar um forkaupsrétt á jörðum og jarðarhlutum. Um það gilda l. nr. 40 frá 1948. Var upphaflega gert ráð fyrir því, að til þess að ábúandi fengi forkaupsrétt á jörð, yrði hann að hafa setið hana í 10 ár, en með breytingu, sem var gerð í hv. Ed., var tíminn lækkaður í 8 ár, en hafði áður verið 3 ár.

Þá er einnig í þessu frv., — og var það atriði einnig tekið til meðferðar í hv. Ed., — ákvæði um það, að ef sveitarstjórn þyki verð hátt, þá megi kveðja menn til þess að meta, hvort um raunverulegt tilboð sé að ræða, sem eigandi eignarinnar telur sig hafa, og samkv. því, sem samþ. var í hv. Ed., ber við það mat ekki að taka tillit til þeirrar hækkunar á landinu, sem stafar af þeim framkvæmdum, sem ríkið hefur gert, eða stafa af nálægð þéttbýlis, eins og það er orðað í frv nú.

Þá er í þessu frv. rýmkuð heimild ríkisins eða stjórnvalda til ákvörðunar í sambandi við jarðasölu, svo að um hana þurfi ekki að vera sérstök lög, enda eru önnur takmörk, sem þrengja hana svo mjög, þar sem byggðaráðin eru, að ekki þykir ástæða til að hafa þetta ákvæði í l. lengur.

Þá er í 30. gr. frv. nýmæli, sem stafar af því, að um áratugaskeið hefur venja verið fyrir því, að ríkið leigði jarðir, lóðir og lendur án sérstakra lagaheimilda, og af þeirri ástæðu hefur tímalengd samninga og ýmis kjör verið mjög mismunandi. Ákvæðin í 2. mgr. 30. gr. eru um hámark þess tíma, sem leigusamningar mega gilda hverju sinni. Samkv. núgildandi l. eiga ábúendur rétt á að fá ábúðarjörð sína keypta að uppfylltum vissum skilyrðum. En eins og ég gat um áðan, hefur þessi réttur nú verið þrengdur frá því, sem er í gildandi lögum.

V. kafli frv. er um jarðasjóð. Í frv. er að finna verulegar breytingar frá því, sem nú er í l. nr. 54 1967, um Jarðeignasjóð ríkisins. Sumar af þeim breytingum hafa verið í gildi, frá því að sett voru l. nr. 11 1972, um breyt. á l. nr. 54 1967, og Jarðeignasjóður hefur nú rýmri heimildir til að kaupa jarðir heldur en áður. M.a. hefur sjóðurinn samkv. lagaheimild frá 1972 keypt um 20 jarðir af bændum, sem ekkert annað blasti við en yfirgefa jarðir sínar vegna fjárhagserfiðleika þrátt fyrir vilja þeirra að halda áfram búskap.

Í kaflanum um Jarðasjóð er veitt sérheimild til að lána sveitarfélögum til þess að neyta forkaupsréttar á jörð. Gert er ráð fyrir að hækka árlega fjárveitingu til sjóðsins úr 6 millj. í 12 millj., til þess að hann verði betur fær um að gegna hlutverki sínu, einkum með lánum til sveitarfélaganna.

VI. kaflli frv. fjallar um óðalsjarðir. Um það efni gilda í dag l. nr. 102 frá 1962 með breyt. frá 1968. Ekki er um neinar meiri háttar efnisbreytingar að ræða frá gildandi l. í þessum kafla.

Hv. Ed., sem fékk þetta mál til meðferðar, sendi það til umsagnar til allra búnaðarsambanda landsins, Sambands ísl. sveitarfélaga og landshlutasamtaka sveitarfélaga. Að fenginni umsögn þessara og fleiri aðila voru í Ed. samþ. nokkrar breyt. á frv., þannig, að nú er sveitarstjórn viðkomandi byggðarlags ásamt Búnaðarfélagi Íslands og byggðaráði aðili að allri ákvörðunartöku um jarðir, svo sem um stofnun nýrra býla, sameiningu jarða, skiptingu jarða og inn-

lausn á eignarhlutum, þar sem jörð er í sameign. Þá eiga að vera felld úr frv. ákvæði um afskipti byggðaráðs af skipulagsmálum dreifbýlis. Byggðaráðum hafði verið ætlað að gera till. um skipulagsmál dreifbýlis til viðkomandi sveitarstjórna. Þetta var af sumum, sem umsagnir gáfu um frv., túlkað á þann veg, að verið væri að seilast inn á valdsvið sveitarstjórna og skipulagsyfirvalda. Svo var alls ekki, eins og ráða má af því, að byggðaráðum var aðeins ætlað að gera till. um skipulagsmál, en samkv. l. nr. 45 1971 skal landnámsstjóri gera till. um skipulag í sveitum, leita umsagna sveitarstjórna, landnámsnefnda Búnaðarfélags Íslands og Byggingastofnunar landbúnaðarins. Þannig hefur Landnám ríkisins nú samkv. gildandi l. haft miklu meiri áhrif á skipulagsmál dreifbýlisins, þar sem viðkomandi hreppsnefndir höfðu aðeins umsagnarheimild, heldur en gert var ráð fyrir, að byggðaráðin hefðu.

Það má segja, að nokkur ástæða sé til þess, að skipulagsmál séu að verulegu leyti á einni hendi. Þó tel ég, að brýna nauðsyn beri til þess, að viðkomandi aðilar heima fyrir, bæði sveitarstjórnir og byggðaráðin, hafi þar mikið um að segja, þó að ég hins vegar geti fallist á þær breytingar, sem hafa verið gerðar í hv. Ed., til þess að hitt yrði ekki til að tefja framgang þessa máls.

Þá hafa verið gerðar breytingar á 10. gr. og 27. gr., sem fjalla um matsgerðir, sem mælt er fyrir um. Möt, eins og ég vék að áðan, skulu framkvæmd samkv. reglum IX. kafla l. nr. 36 1971, um ábúð jarða, þannig að sömu aðilar meta samkv. sömu reglum, þegar metnar eru eignir leiguliða, sem stendur upp af jörð. Auk þess hefur verið samþ. það viðbótarákvæði, sem ég gat um áðan, að við mat á fasteignum, sem sveitarstjórn hyggst neyta forkaupsréttar á og óskað er mats á eigninni, þar sem kaupverð sé hátt, skuli ekki taka tillit til verðhækkana landsins, sem stafa af nálægð þéttbýlis. Þetta atriði kom inn í frv. í meðferð hv. Ed.

Herra forseti. Ég sé ekki ástæðu til að kynna þetta mál fyrir þessari hv. d. öllu meira en þegar er orðið, enda tel ég mig hafa drepið hér á helstu atriði málsins. Auk þess fylgir frv. löng grg., og það hefur verið til meðferðar, eins og ég gat um áðan, á búnaðarþingi, á aðalfundi Stéttarsambands bænda, á kjörmannafundum og víðs vegar um landið og hefur auk þess nú fengið umsagnir búnaðarsambanda.

Ég legg svo til, að að lokinni þessari umr. verði frv. vísað til 2. umr. og hv. landbn.

Friðjón Þórðarson: Herra forseti. Hæstv. landbrh. hefur nokkuð rakið sögu þessa frv. Hún er þegar orðin alllöng. Frv. var lagt fram á síðasta Alþingi, en varð þá ekki útrætt. Það var lagt fram snemma á þessu þingi og er nú komið frá Ed. En hugmyndin að þessu frv. mun hafa vaknað á búnaðarþingi 1971, að ég ætla.

Það er ofureðlilegt, að menn velti þessum málum fyrir sér og reyni að ná góðri niðurstöðu. Það hefur verið mörgum áhyggjuefni, að ýmsar góðjarðir í sveitum landsins hafa lent í höndum braskara, eins og það er kallað, á undanförnum árum, en slíkt er vitanlega tilræði við byggðina, enda var ætlunin með því að láta endurskoða þessi l. og lögð á það áhersla, að það væri nauðsynlegt að fyrirbyggja, að jarðeignum væri ráðstafað með óeðlilegum hætti miðað við viðskiptavenjur og reynt að koma í veg fyrir brask með jarðeignir í hagnaðarskyni. Þetta held ég, að flestir geti orðið sammmála um, — það var því eðlilegt, að lagaákvæði um þessi efni væru tekin til endurskoðunar.

Þetta frv. hefur verið sent ýmsum aðilum til umsagnar, m. a. búnaðarsamböndum, landshlutasamtökum, Sambandi ísl. sveitarfélaga o. fl. En það er dálítið einkennilegt við umsagnir þær, sem borist hafa, og vekur óneitanlega athygli, að þar eru margir þættir þessa frv. gagnrýndir og komið fram með ýmsar aths. Þeir aðilar, sem m. a. gera ákveðnar aths. við frv., svo að ég nefni dæmi, eru t. d. landnámsstjóri, skipulagsstjóri ríkisins, Samband ísl. sveitarfélaga. Fjórðungssamband Norðlendinga vekur sérstaka athygli á því, að ekki hafi verið haft nægilegt samráð við samtök sveitarfélaga í einstökum landshlutum né heldur við sýslunefndir í sambandi við undirbúning þessa frv. Og sannleikurinn er sá, að búnaðarsamböndin mörg hver hafa sent ýmsar athugasemdir við frv. Vil ég nefna í því sambandi Búnaðarsamband V.-Húnvetninga og Búnaðarsamband S.-Þingeyinga. Þess vegna hefur komið upp sú hugmynd, að það væri ekki ástæða til þess að flýta málinu mjög á þessu þingi, heldur væri með hliðsjón af þessum umsögnum rétt að flýta sér ekki of mikið í þessu máli og leita nokkru nánara samráðs við þá aðila, sem þetta mál varðar. Vissulega er þetta stórmál. Það er mjög mikilvægt mál, sem snertir hagsmuni margra aðila, og er því viðkvæmt mál.

Ég mun ekki rekja frv. mjög efnislega og ekki hafa mjög mörg orð um það á þessu stigi, þó að full ástæða væri til þess. En samkv. II. kafla á að setja á fót byggðaráð. Í hverri sýslu skal starfa byggðaráð skipað 3 mönnum og jafnmörgum til vara. Sýslunefnd og búnaðarsamband hlutaðeigandi sýslu tilnefna hvort sinn mann í byggðaráð, og skulu þeir kunna góð skil á byggð og búháttum í sýslunni, en ráðherra skipar byggðaráð og formann þess án tilnefningar.

Eins og ég sagði og öllum má ljóst vera, hefur frv. þetta verið sent til umsagnar búnaðarsamböndum landsins. En hvers vegna þá ekki sýslunefndum, sem samkv. 5. gr. frv. eiga að hafa svipaðan rétt í þessu máli og búnaðarsamböndin, þ. e. a. s. tilnefna einn fulltrúa í ráðið? Það er svo annað mál, að byggðaráði eru falin hin stærstu og viðkvæmustu mál til umsagnar og mikið vald í þeim málum. Ég vek athygli á þessu, að frv. er sent til umsagnar búnaðarsamböndum, en ekki sýslunefndum. Nú er það svo, að samkv. sveitarstjórnarlögum, 92. gr. þeirra, er beinlínis tekið fram, að sýslunefndir eigi að fjalla um mál, er varða einstaka hreppa eða sýsluna, enda skal engu slíku máli til lykta ráðið, fyrr en álitsgerð sýslunefndar hefur verið leitað. Og í sömu gr. segir einnig, eins og ég hef nýlega rætt um á þingi, að sýslunefndir skulu fjalla um till. um hvað eina, sem verða má sýslunni til gagns. Nú spyr ég: Hvaða mál-

efni varðar eða á að varða sýslunefndir, ef það er ekki einmitt mál af þessu tagi, sem getur varðað byggð eða auðn að mér liggur við að segja, í sveitum landsins? Ekki nóg með það, heldur tel ég með hliðsjón af þeim tilvitnunum úr l., sem ég vitnaði til, að það sé beinlínis ólöglegt að ráða þessu máli til lykta hér á hv. Alþingi án þess að leita umsagna sýslunefnda. Ég vil vekja athygli á því, að fram undan eru sýslufundir á þessu vori í öllum sýslum landsins. Það er því kjörið tækifæri fyrir þá hv. þn., sem fær þetta mál til meðferðar, að senda það nú þegar út um landið til umsagna sýslunefnda. Þetta er stórmál, þó er það þess eðlis, að það varðar ekki öllu, að því sé ráðið til hlunns á þessu vori. Það er miklu betra að mínum dómi að undirbúa þessa lagasetningu enn betur, leita umsagna sýslunefnda, sem algjörlega hefur verið vanrækt á löglausan hátt, og leggja það síðan fyrir Alþingi á hausti komanda, eftir að þessara umsagna hefur verið leitað og eftir að þær athugasemdir, sem gerðar hafa verið við frv. af ýmsum aðilum, hafa verið krufnar til mergjar.

Að þessu mæltu ætla ég mér ekki að ræða málið efnislega í einstökum atriðum, en ítreka þá skoðun mína og vil koma henni skýrt og greinilega á framfæri við þá þn., sem fær málið til að fjalla um það, að hún veiti þessari aths. minni athygli, taki frv. til athugunar og afli um það umsagna allra sýslunefnda á landinu, eins og skylt er samkv. lögum.

Pálmi Jónsson: Herra forseti. Hæstv. landbrh. rakti í upphafi sinnar ræðu aðdraganda þessa frv., sem hér liggur fyrir. Hann rakti einnig, hvernig það er samið, og ræddi meðferð þess til þessa dags, t. d. á búnaðarþingi, og hvernig því hefur verið breytt í hv. Ed. Hér skal því ekki haldið fram, að hæstv. ráðherra hafi farið með rangt mál í því, er hann sagði um þessi efni, en ástæða hefði verið til, að hann hefði fjallað nokkru ítarlegar um þennan undirbúningsþátt málsins heldur en fram kom í hans ræðu. Það er rétt, eins og fram kom hjá honum, að samþykktir voru gerðar á búnaðarþingi um að endurskoða þau l., sem hér er fjallað um. Þar var lögð áhersla á, eftir því sem kom fram í framsöguerindum við setningu búnaðarþings nú í vetur, að það skyldi vandlega að því hyggja, að haft yrði náið samráð við sveitarfélögin í landinu um meðferð þessa máls og það skyldi tryggt svo sem verða mætti að styrkja tök sveitarfélaganna í sambandi við ábúð og eignarráð á landi til landbúnaðar. Ég hygg, að það sé ekki ofmælt, að þessi þáttur í sambandi við samningu þessa frv. hafi verið nokkuð vanræktur og það svo mjög, að verulegri gagnrýni hefur valdið, eins og fram kom í ræðu hv. 4. þm. Vesturl. hér áðan. Það er reyndar svo, að enda þótt hv. Ed. hafi í sumum greinum eflt nokkuð afskipti sveitarfélaga af þeim málum, er hér er um fjallað, miðað við það, sem frv. gerði ráð fyrir, er það upphaflega kom fram, þá gengur það að verulegu leyti á svig við sveitarfélögin, og settar eru upp nýjar stofnanir til þess að taka við verkefnum, sem með eðlilegum hætti ættu að vera í höndum sveitarstjórna.

Um afskipti búnaðarþings af þessu máli er það að segja, að það er rétt, að það hefur að mestu einróma mælt með þessu frv., og starfaði sérstök n. á búnaðarþingi 1973 til þess að fjalla um þetta mál. Eftir þá athugun var, eins og ég hef þegar sagt, samþykkt með meginþorra atkvæða gegn einu að mæla með samþykkt frv. með nokkrum breytingum. Meðal þeirra búnaðarþingsfulltrúa, sem áttu sæti í þeirri n., er um málið fjallaði á búnaðarþingi árið 1973, var, ef ég man rétt, Teitur Björnsson bóndi á Brún í Reykjadal. Nú virðist hins vegar svo, að eftir að menn hafa gefið sér betri tíma til þess að hugleiða þetta mál, hafi þeir áttað sig á því, að æskilegt sé að fara sér hægar en nú virðist stefnt að við afgreiðslu þessa frv. og taka ýmis ákvæði þess til nánari skoðunar. Til þess að sanna þetta vil ég leyfa mér, með leyfi hæstv. forseta, að lesa upp úr umsögn frá Búnaðarsambandi S.-Þingeyinga, en undir það skrifa Hermóður Guðmundsson, Baldvin Baldursson og Teitur Björnsson, sem átti sæti í þeirri n., er um málið fjallaði á búnaðarþingi 1973. Í þessari umsögn segir svo, með leyfi forseta:

„Stjórn Búnaðarsambands S.-Þingeyinga hefur tekið til meðferðar frv. það til jarðalaga, er henni var sent til umsagnar. Stjórnin hefur orðið sammála um að styðja þá meginstefnu, er í frv. felst, og torvelda með löggjöf óæskilegt jarðabrask í hagnaðarskyni, án þess að frelsi bænda til eðlilegs raunverðs á fasteignum þeirra verði skert óeðlilega með löggjöf umfram eignir annarra þjóðfélagsborgara í landinu. Af þessu tilefni leggur stjórn sambandsins áherslu á, að öll eignarskerðingarákvæði frv. verði endurskoðuð enn frekar með hliðsjón af gildandi ákvæðum stjórnarskrárinnar, svo að tryggt sé, að endanleg afgreiðsla frv. verði í fullu samræmi við hana. Þá telur stjórnin hæpin þau ákvæði frv. að leggja Landnám ríkisins niður að svo komnu máli, þar sem það hefur á jákvæðan hátt stuðlað að raunhæfu viðnámi gegn byggðareyðingu í sveitum landsins og auk þess sinnt veigamiklu hlutverki í uppbyggingu og rekstri fóðurvinnslu úr íslensku grasi, sem ber að efla sem mest á næstu árum.

Stjórn Búnaðarsambandsins telur valdsvið byggðaráðs í frv. svo mikið og margþætt, að mjög þurfi til þessarar löggjafar að vanda.

Við teljum því rétt að fresta afgreiðslu jarðalagafrv. á yfirstandandi Alþingi til þess að tryggja sem besta samstöðu um meginstefnu þess, bæði hjá búnaðarsamböndum, búnaðarfélögum og sýslunefndum. Það skiptir að okkar dómi minna máli, hvort löggjöf þessi verður afgreidd árinu fyrr eða síðar, nái frv. fram að ganga með einhuga stuðningi bænda í landinu, sem er forsenda fyrir því, að löggjöfin nái tilgangi sínum."

Í lok umsagnar Búnaðarsambands S.-Þingeyinga segir:

„Af þessu tilefni sendir stjórn Búnaðarsambandsins engar till. til breytinga á frv. að svo komnu máli."

Það er því ljóst, svo sem verða má, að enda þótt hæstv. ráðherra hafi bæði nú og áður hér á hv. Alþingi, sem og hvarvetna annars staðar, hampað því mjög, að þetta mál hafi fengið

vandlegan undirbúning og því sé tryggð samstaða bændasamtakanna og meðmæli þeirra til þess, að það verði afgreitt, þá sést, að hér er mjög málum blandað. Þegar jafnvel sumir þeirra manna, sem um þetta hafa fjallað á búnaðarþingi og mælt með frv. þar, hafa við nánari umhugsun og frekari skoðun málsins lýst því yfir, að þeir telji nauðsyn að fresta afgreiðslu frv. vegna margra mjög veigamikilla atriða, þá er augljóst, að undirbúningur þess er ekki jafngóður og alls ekki slíkur sem vera skyldi.

Ég ætla ekki í þessari ræðu að tala mjög ítarlega um þetta efni, því að frv. verður væntanlega vísað til þeirra n., sem ég á sæti í, og gefst þá væntanlega tækifæri til þess að taka það til nánari athugunar. En nokkur atriði vil ég þó nú þegar við 1. umr. þessa máls taka til nokkurrar athugunar og leggja áherslu á.

Í fyrsta lagi vil ég leggja áherslu á það, að sá vandi, sem virðist tilgangur frv. að leysa, er til staðar.

Í öðru lagi er vert að reyna að átta sig á því, hvort vandinn verður leystur með því að afgreiða þetta frv.

Í þriðja lagi, hvort lausnin sé þannig, að unnt sé að sætta sig við hana fyrir þá, sem henni eiga að hlíta?

Í framsöguræðu hæstv. ráðherra var þess getið, að tilgangurinn með þessu frv. væri m. a. sá að koma í veg fyrir óeðlilegt brask með jarðir og hindra það, að eignarráð á landbúnaðarlandinu tapaðist til þeirra, sem ekki væru taldir æskilegir með að fara, og hyrfi úr höndum þeirra, sem landbúnað stunda. Þennan tilgang, sem ég skal ekki bera brigður á, að hafi verið ætlunin að hafa í heiðri við samningu þessa frv., er allt gott um að segja. Það er augljóst, að það þarf að finna lausn á því vandamáli, sem víða er við að etja í sveitum landsins, að hætta er á því, að blómlegar landbúnaðarbyggðir rýrni við það, að hluti þeirra komist í hendur þeirra manna, sem hafa önnur sjónarmið í huga en að stunda landbúnaðarframleiðslu. Þetta vandamál er til staðar, og ég tek undir það, að á þessu vandamáli þurfi að taka. Það þarf að leysa með þeim hætti, að allir megi vel við una. Ég vil þó gera þær athugasemdir við það atriði í framsöguræðu hæstv. ráðh., að sums staðar, að hann taldi, væri þessi vandi mestur vegna þess, að jarðir væru brytjaðar niður til þess að fara undir sumarbústaðalönd. Þá vil ég leyfa mér að benda hæstv. ráðh. á það, að í gildandi náttúruverndarlögum eru ákvæði þess efnis, að hvergi má reisa sumarbústað án samþykkis hlutaðeigandi sveitarstjórnar. Sveitarstjórn í hverju sveitarfélagi hefur það því algerlega í sínum höndum að ráða því, hvort sumarbústaðir verða reistir í hennar umdæmi eða ekki. Þar þurfa ekki önnur ákvæði að koma til, og þau ákvæði, sem þetta frv. felur í sér, um að fela valdið öðrum aðilum tel ég vera síst til bóta. Auðvitað þarf að gæta þess, að þéttbýlisfólkið fái trygga leið til þess að njóta óspilltrar náttúru, að það fái aðgang að landinu til útivistar, bæði til þess að reisa sumarbústaði og til að njóta útilífs í almenningsgörðum, þjóðgörðum eða á öðrum svæðum. En það hygg ég, að væri best leyst með því, að héraðsstjórnir í hverju héraði, sveitarstjórnir og sýslunefndir skipulegðu þau mál og hlutuðust til um það, að komið væri upp svæðum til útilífsnota í hverju byggðarlagi og þau svæði væru í eigu heimamanna.

Ég skal þá víkja nokkrum orðum að frv. sjálfu og því, hvort svo virðist sem sá vandi, sem frv. er ætlað að leysa, verði leystur með samþykkt þess. Í frv. eru þau meginákvæði til breytinga frá gildandi lögum, að sett verði upp svokölluð byggðaráð í hverri sýslu, sem yrðu væntanlega 23 talsins. Þessi byggðaráð fá ærin völd. Þau fá í sínar hendur nokkuð af þeim verkefnum, sem í gildandi lögum eru hjá Landnámi ríkisins. Það eru völd til þess að hafa áhrif á þróun byggða í sveitum. Þau hafa með höndum ákvörðunarvald í sambandi við allar framkvæmdir í sveitum landsins, og svo er að sjá, að ekki megi girða girðingarspotta eða reisa nokkurt annað mannvirki, án þess að samþykki og afskipti byggðaráðs komi til. Það er því augljóst, að ihlutun og valdsvið byggðaráða verða mikil eftir þessu frv.

Í ræðu sinni hér áðan gat hæstv. ráðh. þess, að skipulagsþátturinn úr verkefnum byggðaráða hefði verið felldur niður í hv. Ed. En enda þótt svo sé, eru þeim þó fengin í hendur þau áhrif, sem Landnám ríkisins hefur haft og hefur nú í gildandi lögum til áhrifa á þróun byggðar í landinu, t. d. í sambandi við stofnun nýrra býla, sameiningu jarða og aðrar þess háttar hreyfingar í byggðaþróun sveita landsins. Þrátt fyrir það, að þessar nýju valdstofnanir eru settar á fót, þarf til að koma endanlegt ákvörðunarvald landbrn. með umsögn Búnaðarfélags Íslands. Allt er þetta mál því næsta flókið og sett upp nýtt kerfi, sem kallar á stórkostlega aukinn kostnað frá því, sem er í gildandi lögum.

Hæstv. ráðherra sagði hér áðan, að enda þótt byggðaráðin væru sett á laggir, hyrfu úr stjórnkerfinu jafnmargar nefndir og átti þar við landnámsnefndirnar. Landnámsnefndirnar eru, eins og kunnugt er, í gildandi lögum til ráðgjafar fyrir Landnám ríkisins í sambandi við þau mál, er snerta áhrif á þróun byggða í sveitum, og eru þannig settar á fót, að búnaðarsambönd hlutaðeigandi sýslu kjósa tvo menn en landnámsstjórn skipar þann þriðja, sem er formaður, og hann á að vera jarðræktarráðunautur í hlutaðeigandi héraði. Þarna er því væntanlega um þá menn að ræða, sem ætla má, að besta þekkingu hafi á búnaðarháttum og æskilegri þróun byggðar í viðkomandi héraði. Þessar landnámsnefndir eru ólaunaðar ráðgjafarnefndir og hafa þannig engan kostnað í för með sér. Byggðaráðin eru skipuð af landbrh. til sex ára í senn, og það er ljóst miðað við þau verkefni, sem þau eiga að taka að sér, að þau þurfa á skrifstofu að halda, og fer það mjög eftir því, hvaða menn veljast til þessara starfa, hvað sú skrifstofa verður umfangsmikil og hvað ætla má, að mikill kostnaður fylgi starfsemi þeirra. En með hliðsjón af því, að svo margt er sinnið sem skinnið, þá má vænta þess, að a. m. k. sum slíkra ráða hafi m. a. það takmark að hlaða utan um sig allmiklu skriffinnskubákni, sem mundi stórlega auka kostnað þeirra, enda er þegar í þessu frv. gert ráð fyrir því, hvernig sá kostnaður, er af starfi byggðaráðanna hlýst,

skuli borinn uppi. Ég tel, að það þurfi ekki fremur vitna við um það, að af þessari skipulagsbreytingu muni hljótast mjög mikill kostnaðarauki.

Byggðaráðin eiga m. a. að hafa áhrif á verðþróun á landbúnaðarlandi og fasteignum til sveita. Ég skal hér ekki um það segja með neinni vissu, hvort þau tök, sem byggðaráðunum eru ætluð í þessu skyni, komi til með að hafa þau áhrif, að með þeim yrði hafður algjör hemill á þeirri verðþróun sem við blasir í sambandi við fasteignir á þessum svæðum. Tilgangurinn er þó sá að halda niðri verði á fasteignum bænda með þeim hætti, að hverju sinni sem bændur vilja selja sínar fasteignir, þá skuli þeir verða að hlíta því að gangast undir mat tilkvaddra manna og jafnvel í sumum tilvikum sæta því, að landbrn. samþykki eða synji um kaup og sölu, eftir að mat hefur farið fram. Það er því augljóst, að með þessum lögum á að færa í lög ákvæði, er skerða ráðstöfunarrétt einnar stéttar yfir eignum sínum fram yfir það, sem aðrar stéttir þjóðfélagsins verða við að búa. Og hér er komið að einu því ákvæði þessa frv., sem ég tel fjarlægast því, sem unnt sé að samþykkja. Ég vil lýsa því strax hér við 1. umr., að það má vera mikill vandi við að fást, ef það er sannsýnilegt að hlíta því, að lausnin verði með þeim hætti að setja sérstök skerðingarlög yfir eina stétt þjóðfélagsins, — skerðingarlög, sem kveða á um, að hún skuli ekki njóta sannvirðis fyrir eignir sínar, á meðan aðrar stéttir þjóðfélagsins búa við full réttindi hvað þetta snertir.

Þessi ákvæði eru óþolandi fyrir bændastéttina, og þau lýsa einkennilegu hugarfari þeirra manna, sem þetta frv. bera fram. Þau minna á það að á þeim tíma, þegar hin fyrri vinstri stjórn ríkti hér á Íslandi, þá þurftu bændur og annað sveitafólk að sæta því að vera taldir til 2. flokks í þjóðfélaginu miðað við hina þjóðfélagsþegnana, sem voru þá í 1. flokki, að því er snertir greiðslur frá almannatryggingunum. Þá var það svo, að sveitafólk naut minni og að ýmsu leyti skertra greiðslna frá Tryggingastofnun ríkisins, ef það átti rétt á greiðslum þaðan vegna vanheilsu, elli eða slysa og annarra ástæðna, heldur en aðrir þegnar þjóðfélagsins, sem bjuggu í þéttbýli. Þetta var á þeim árum, sem hin fyrri vinstri stjórn ríkti, og var eitt fyrsta verk viðreisnarstjórnarinnar að afnema þetta ranglæti. Það verður varla talið annað en ranglæti að setja lög, sem kveða svo á, að ein stétt þjóðfélagsins eigi að hafa allt önnur og minni réttindi heldur en aðrar stéttir. Þetta atriði tel ég, að þurfi a. m. k. vandlega að skoða, hvort ekki finnast önnur skárri, áður en Alþingi Íslendinga gengur í það að samþ. slík lög.

Hæstv. ráðherra minnti á í sinni ræðu, að með þessu frv. væri ætlað að efla nokkuð Jarðakaupasjóð, sem í frv. er nefndur Jarðasjóður. Þetta er rétt, að um nokkra eflingu hans er að ræða, en þó fjarri því, að jafngildi þeirri verðlagsþróun, sem átt hefur sér stað á undanförnum árum hér á landi. Þau ákvæði, sem um Jarðasjóð fjalla í frv., eru því alls ekki með þeim hætti, að hann fái valdið því hlutverki, sem er góðra gjalda vert, að fært sé yfir á hans herðar að tryggja það, að sveitarfélögin í landinu geti nýtt forkaupsrétt á jörðum. Og ég verð að segja það, að þar er einnig stórkostlegur galli á þessu frv. Til þess að hindra það, að jarðeignir lendi í braski eða í höndum aðila, sem viðkomandi sveitarstjórn telur ekki henta hagsmunum byggðarinnar, að fái eignarráð á þeim, er nauðsynlegt að búa svo um hnúta, að sveitarfélögin geti nýtt löglegan kauprétt sinn, og það gerist ekki með öðrum hætti en þeim, að þau eigi kost á fjármagni það ríflegu, að þessi kaupréttur geti orðið að veruleika.

Um kauprétt á fasteignum vil ég aðeins segja það til viðbótar, að æskilegt væri að tryggja miklu betur en gildandi lög ákveða og miklu betur en þetta frv. sýnist bera með sér, að sveitarfélög í landinu í strjálbýli og þéttbýli, geti nýtt kauprétt í sambandi við sölu fasteigna. Ég skal ekki fara út í það hér, hvaða ráðum sýnist eðlilegt að beita í þessu efni, en þau ráð eru sannarlega til.

Ég lít sem sagt svo á miðað við það, sem ég hef hér að framan sagt, að það sé a. m. k. hæpið og að sumu leyti sýnilega fjarri lagi, að enda þótt frv. þetta verði að l., þá verði sá vandi leystur, sem við er að etja í sambandi við það að halda landbúnaðarlandinu og fasteignum í sveitum í höndum þeirra, sem þar búa. Það er einnig svo, að sú lausn, sem frv. þetta sýnist byggja á til þess að ná þessu takmarki, er að mínu mati óviðunandi og felur í sér stórlega skert réttindi til einnar stéttar þjóðfélagsins.

Þetta eru meginorsakirnar til þess, að ég get þegar við 1. umr. lýst andstöðu við þetta frv., eins og það liggur fyrir.

Í þeim málatilbúnaði hæstv. ríkisstj., sem þetta frv. er einn þáttur í og e. t. v. lykillinn að, er það einn megintilgangurinn að leggja niður Landnám ríkisins. Landnám ríkisins hefur starfað um áratugaskeið, ef ég man rétt allt frá árinu 1936, en áður hafði þó starfað um nokkurra ára skeið svokallaður Landnámssjóður, sem sinnti að nokkru því hlutverki, sem Landnámi ríkisins var síðar fengið. Landnám ríkisins hefur frá upphafi haft það hlutverk með höndum að hafa áhrif á þróun byggðar í landinu. þ. e. a. s. þróun byggðar í sveitum landsins, í þá átt, sem talið hefur verið hagkvæmt á hverjum tíma. Upphaflega var það meginmarkmið Landnámsins að stofna sem flest ný býli, og það var gert í þeim tilgangi að fjölga því fólki, sem í sveitum byggi, og auka landbúnaðarframleiðslu, auka ræktun og bæta landið. Með breyttum tíma, nýrri tækni, breyttum búskaparháttum kom það í ljós, að þessi stefna hafði gengið sér til húðar, og hlutverk Landnáms ríkisins breyttist í samræmi við það. Það gerðist fyrst og fremst, þegar lög um Stofnlánadeild landbúnaðarins, landnám, ræktun og byggingar í sveitum voru afgreidd hér á hv. Alþingi í apríl 1971. Þá var horfið frá þeirri stefnu, að það væri eitthvert aðalatriði í þessum efnum að fjölga býlum í sveitum landsins en hitt var gert að höfuðatriði, að treysta byggðina og stuðla að sem hagkvæmastri þróun byggðar í hverju byggðarlagi og þá í sumum tilvikum með því að aðstoða við sameiningu jarða, félags-

ræktun o. fl. Starfi Landnáms ríkisins að þessum málum hefur frá öndverðu verið háttað þannig, að það hefur haft náið samráð við sveitarstjórnir og síðar landnámsnefndir, eftir að þær komu til sögu, og engar ákvarðanir hafa verið teknar um þau atriði, sem hafa valdið neinu um þróun byggðar í hverju byggðarlagi, sem hafa farið í bága við vilja þessara aðila, sveitarstjórnanna og landnámsnefndanna. Landnám ríkisins hefur þannig byggt upp starf sitt í nánu samráði og sem frekast hefur verið kostur eftir vilja heimamanna, þeirra sem færastir eru til þess að fjalla um þau mál, sem þetta hefur snert.

Með þessu frv. er ætlað að taka þennan þátt mála í hendur hinna svokölluðu byggðaráða, gera hlut sveitarstjórnanna léttvægan, fella niður landnámsnefndirnar, sem í eiga sæti þeir menn, sem búnaðarsamtök á hlutaðeigandi svæði hafa treyst best, og færa lokavaldið í ýmsum atriðum til hæstv. landbrh. Til viðbótar á að vísu að æskja umsagnar Búnaðarfélags Íslands.

Landnám ríkisins er eina landbúnaðarstofnunin, sem hefur þingkjörna stjórn, þar sem allir flokkar á Alþingi hafa aðstöðu til þess að koma að sínum mönnum og koma að í gegnum þá sínum sjónarmiðum, og Landnámið hefur innan sinna vébanda á að skipa starfskröftum, sem hafa nána þekkingu á landbúnaðarmálum.

Ég gat þess hér á Alþingi fyrir nokkrum dögum, að ég teldi, að skipulag strjálbýlis, þ. e. sveitanna, ætti að skilja frá skipulagsstjórn ríkisins, það ætti að skilja að skipulag í strjálbýli og halda skipulagsmálum sveitanna í höndum þeirra aðila, sem nú fara með þessi mál, það er í fyrsta lagi sveitarstjórnanna í landinu og landnámsnefndanna, og síðan fari hin þingkjörna landnámsstjórn með yfirumsjón þessara mála, lokaafgreiðslu, og njóti þar sérþekkingar og þjálfunar sérfróðra manna um landbúnaðarmálefni. Þetta er sú skipan, sem nú gildir, og þessa skipan þarf að auka og færa út þá starfsemi, sem skipulagsmál í strjálbýli snertir.

Það virðist svo, ef litið er til hæstv. ríkisstj., að margt sé skrýtið í kýrhausnum. Hæstv. ráðherra lýsti því hér áðan, að hv. Ed., eða sá meiri hl., sem þar ræður ríkjum, hafi fellt út úr þessu frv. skipulagsþáttinn. Hæstv. landbrh. hefur flutt frv. hér á Alþingi um að fella niður Landnám ríkisins, og þetta frv. og ýmis fleiri hafa einn þann megintilgang að koma þeirri landbúnaðarstofnun fyrir kattarnef. Á sama tíma gerist það, að allir þm. eins kjördæmis landsins, þ. á m. 4, sem maður hefur talið stuðningsmenn hæstv. ríkisstj., flytja þáltill. um að fela Landnámi ríkisins aukin verkefni, framkvæmd fyrstu byggðaáætlunar í sveitum landsins, Inn-Djúpsáætlunar, sem Landnámið hafði áður haft yfirumsjón með, að gerð yrði. Nú í gær kom nál. frá þeirri þn., sem um þetta mál fjallaði, hv. allshn. Sþ., þar sem á þskj. 535 er mælt einróma með samþykkt þeirrar till. um framkvæmd Inn-Djúpsáætlunar, sem hv. þm. Vestf. hafa flutt. Undir það nál. skrifa hv. þm., sem sæti eiga í allshn. Sþ., jafnt stjórnarstuðningsmenn sem stjórnarandstæðingar. Það fer því að verða kominn tími til að spyrja hæstv. landbrh., hvað hann er að fara eða hvert sá stjórnarmeirihl., sem ræður ríkjum hér á hv. Alþ., er að fara í sambandi við þessi mál öll. Er hér verið að setja á svið einhvern leikaraskap til þess að fylgja á eftir ótímabærum og vanhugsuðum orðum hæstv. ráðh. frá fyrri árum um að leggja niður Landnám ríkisins, setja á svið með flutningi frumvarpa um alls kyns mál, sem sýnast eiga að hafa þann tilgang að leggja þessa stofnun niður, en á sama tíma flytja hinir ýmsu stuðningsmenn hæstv. ríkisstj. um það till. og heilar þn. lýsa yfir stuðningi við það, að þessi landbúnaðarstofnun fái aukin verkefni í sínar hendur og framkvæmi viðfangsefni, sem eru ný af nálinni? Þessi málatilbúnaður allur er með þeim hætti, að hlýtur að vekja undrun þingheims og landfólksins alls.

Ég sagði hér áðan, að ég skyldi ekki ræða þetta frv. mjög ítarlega hér að þessu sinni. Til þess gefst væntanlega tækifæri síðar. En hv. 4. þm. Vesturl. gat þess hér áðan, að það hefði verið leitað umsagnar fjölmargra aðila um þetta mál og þ. á m. sveitarfélagasamtaka, Landnáms ríkisins, skipulagsstjórnar ríkisins, búnaðarsambandanna og fleiri aðila, og í þeim umsögnum, sem þegar hafa borist, er margháttaða gagnrýni að finna. Ég hef þegar getið hér um eina af þessum umsögnum, vegna þess með hve sérstæðum hætti hún afsannar þá fullyrðingu hæstv. ráðh., að þetta frv. sé jafnvel undirbúið og hann hefur látið í veðri vaka, þannig að jafnvel þeir menn, sem um þetta mál fjölluðu í sérstakri þn. búnaðarþings og lögðu þá til, að það yrði samþ., þeir skulu nú með sterkum aths. leggja til, að því verði vísað frá eða a. m. k. ekki afgreitt á þessu þingi. Ég ætla aðeins hér — með leyfi hæstv. forseta — að lesa eina af þeim umsögnum, sem borist hafa um þeta frv., en sú umsögn er frá stjórn Landeigendafélags A.-Húnavatnssýslu, dags. 8. febr. s. l. Undir þá umsögn ritar stjórnin í heild, sem skipuð er 5 bændum, og mér þykir sýnt, að það megi ætla, að þeir séu úr mismunandi stjórnmálaflokkum, enda hygg ég, að þetta mál verði ekki skoðað sem flokksmál, heldur verði að skoðast í því ljósi, hvort það þrengir eða tryggir hagsmuni bændastéttarinnar og sveitanna í heild. Umsögn stjórnar Landeigendafélags A.-Húnavatnssýslu um frv. til jarðalaga er svo hljóðandi, með leyfi hæstv. forseta:

„Stjórn Landeigendafélags A.-Húnavatnssýslu hefur haft til athugunar frv. til jarðalaga, er liggur fyrir Alþingi því, er nú situr. Telur stjórnin ýmis ákvæði þess í veigamiklum atriðum svo gölluð eða orka svo tvímælis, að ekki sé viðunandi að óbreyttu. Segja má, að eignar- og umráðaréttur landeigenda sé svo stórkostlega skertur, að stappi næst því, að þeir séu sviptir sjálfsforræði til að ráðstafa jörðum sínum til sölu á frjálsan hátt, næstum hvernig sem á stendur, og verða að sæta mati á þeim við sölu, sem þýðir í flestum tilfellum miklu lægra verð en fáanlegt væri fyrir þær á frjálsum markaði. Til að benda á nokkur atriði lítur stjórnin svo á, að byggðaráði sé ætlað allt of mikið og óeðlilega mikið vald til hvers konar afskipta og ihlutunar í sambandi við kaup og sölu jarðeigna, og álítur, að í stað byggðaráðs væri eðlilegra, að sýslunefnd og búnaðarsamband kysu sinn mann-

inn hvort til fjögurra ára í senn til að vera sveitarstjórnum og öðrum forkaupsréttarhöfum til aðstoðar og ráðgjafar, ef með þyrfti. Þess vegna vill stjórnin fella niður öll ákvæði um íhlutun Búnaðarfélags Íslands og landbrh. í frv. þessu, nema um ríkisjarðir sé að ræða. Álítur stjórnin, að allt það vald, sem þessum aðilum er ætlað í frv., eigi að vera í höndum heimaaðila, þ. e. sveitarstjórna með aðstoð búnaðarsambands og sýslunefndar, ekki meira vald til opinberra aðila í Reykjavík.

Það viðist ganga sem rauður þráður í gegnum frv., að náist ekki samkomulag um söluverð jarðar, þá skuli mat dómkvaddra manna ráða. Meðan sams konar ákvæði um sölu fasteignar í kaupstöðum eru ekki áformuð eða í lög leidd, getur stjórnin ekki fallist á þetta og mótmælir því, enda vafasamt, að slík skerðing á eignarrétti stæðist samkv. stjórnarskrá — friðhelgi eignarréttarins.

Eftir atvikum getur stjórnin fallist á kaflann um jarðasjóð ríkisins, nema 39. gr. Þar er bersýnilega verið að draga allt vald úr höndum bænda til embætismanna utan bændastéttarinnar, og vísast til þess, sem áður er fram tekið, að það verði í höndum heimamanna. Þá virðist sjóðnum ætlað of lítið fjármagn til að valda hlutverki sínu.

Um óðalsjarðir. Vafasamt er, að þessi kafli eigi nokkurn rétt á sér, a. m. k. í því formi, sem frv. gerir ráð fyrir. Víst má telja, að fáir bændur verði fúsir að binda jarði sínar í þær viðjar og verði að afhenda þær jafnvel til fjarskyldra ættingja fyrir hálft fasteignamat eða jafnvel ekki neitt, ef á þeim hvíla skuldir.

Gert er ráð fyrir í frv., að l. um ættarjarðir falli úr gildi, og er það vel."

Svo hljóðar ályktun stjórnar Landeigendafélags A.-Húnavatnssýslu um það frv., sem hér liggur fyrir.

Ég skal ekki fara út í það að rekja að þessu sinni fleiri umsagnir, sem borist hafa um þetta frv., en í umsögnum ýmissa þeirra aðila, sem þó vilja samþykkja frv., eru sterkar aths. um fjölmörg atriði, sem þeir telja nauðsyn bera til, að lagfærð séu. Hv. Ed. hefur ekki, svo að neinu nemi, séð ástæðu til þess að verða við þeim ábendingum, sem yfirleitt koma fram í umsögnum búnaðarsambanda, sveitarfélaga og annarra aðila.

Ég lít svo á, að frv. þetta sé svo gallað, að það verði ekki við unað að afgreiða það með þeim hætti, sem það liggur fyrir. Ég mun geyma mér alla frekari umsögn um það til þess tíma, er hv. landbn. þessarar d. fjallar um það, en ég taldi nauðsynlegt þegar við 1. umr. þessa máls að láta koma fram þær aths., sem ég hef hér flutt.

Fjmrh. (Halldór E. Sigurðsson): Herra forseti. Ég kippi mér ekkert upp við það, þó að hv. 5. þm. Norðurl. v. eða aðrir hv. stjórnarandstæðingar flytji hér langar og stóryrtar ræður á hv. Alþ. um það, að mál séu illa undirbúin og það þurfi að koma í veg fyrir, að þau verði samþ. á þessu þingi. Um þetta efni í ræðu þeirra hv. stjórnarandstæðinga mætti segja það sama og sagt var um Friðfinn heitinn Guðjónsson, þegar hann var á leiksviði hér í Reykjavík á síðustu árum sínum, þegar hann var orðinn gamall maður og gleyminn. Þá henti það hann, að hann endurtók sömu setninguna aftur og aftur. Haraldur Á. Sigurðsson, sem lék á móti honum og beið þess að fá hina réttu setningu, gekk þá til hans, klappandi á herðarnar á honum og sagði: „Þetta sagðirðu nú áðan, Friðfinnur minn." Og þó hló enginn maður. Þannig hefur það verið með flestar ræður þeirra hv. stjórnarandstæðinga hér í vetur, sérstaklega sjálfstæðismanna, að efnið í ræðum þeirra hefur allt verið á einn veg, svona álíka og efnið í ræðu hv. 5. þm. Norðl. v. Það er endurtekning um illa undirbúin mál, fullyrðingar og aðdróttanir um það, að ekki hafi verið rétt frá skýrt um meðferð málsins, þó að skjallegar sannanir liggi fyrir, og það er ekki á valdi mínu eða annarra manna, þó að einhverjir menn kunni að hafa vinnubrögð á annan veg en venja er til.

Þetta frv. var lagt hér fyrir á hv. Alþ. í fyrra. Það var gert til þess að þeir aðilar, sem málið varðaði, gætu notað tímann á milli þinga til þess að kynna sér það, m. a. sýslunefndirnar. Þær höfðu alla möguleika á að kynna sér þetta mál, ef það var frá þeirra bæjardyrum séð svo stórt mál, að þær vildu hafa áhrif á það. Það var ekki að ástæðulausu, að málið var lagt fyrir á síðasta Alþ., heldur til þess að tími gæfist til að kynna þetta mál og fá umsagnir um það. Og það bar brýna nauðsyn til þess að mínum dómi og þeirra, sem að málinu unnu, að fá til þess góðan tíma að leita umsagna um málið. Þetta mál var svo síðan tekið fyrir á kjörmannafundum, sem voru í fyrrasumar um allt land. Það hafði áður verið tekið fyrir á búnaðarþingi, sem upphaflega hafði verið upphafsaðili að málinu, og það var síðast tekið fyrir á stéttarsambandsfundi, þar sem t. d. Hermóður Guðmundsson var, og ég hef ekki heyrt getið andmæla hans þar. Allir þessir aðilar hafa mælt með samþykkt þessa frv. Þetta eru aðilarnir, sem eru forystusveit íslenskrar bændastéttar. Nú er ekkert, þó að hv. þm. Pálmi Jónsson haldi því fram, að mönnum eins og mér geti yfirsést í þessu máli og hafi einhver annarleg sjónarmið, en að halda því fram, að forustumenn íslenskrar bændastéttar á Íslandi, búnaðarþingi og stéttarsambandsfundi, beri ekki skynbragð á þessi mál, svo að þeir sjái veilur eins stórtækar og hann lýsti, það vil ég ekki taka undir. Og ég mótmæli því harðlega, að þessir fulltrúar, sem íslenska bændastéttin treystir öðrum betur til þess að fara með sín sérmál, séu þannig gerðir.

Ég verð að segja það hins vegar, að ég hef látið alveg afskiptalaust umsagnir um þetta mál. Ég hef ekki haldið uppi áróðri, hvorki á búnaðarþingi, stéttarsambandsfundi, kjörmannafundum né neinum slíkum stöðum, vegna þess að frá mínu sjónarmiði var það ekki það, sem ég óskaði eftir, að frv. væri gallalaust, þó að það væri samið af hinum bestu mönnum, gat þeim yfirsést, heldur að þessir aðilar færu um það þeim höndum, sem eðlilegast var, án áhrifa frá öðrum. Það má vel vera, að þær samþykktir, sem nú eru að berast, séu líka til orðnar án þess að nokkrum áróðri hafi verið uppi haldið. En ég verð að segja það, að ég felli mig ekki alls kostar við það eða á bágt með að átta mig á því, að þeir menn, sem

setu hafa á búnaðarþingi og setu eiga á stéttarsambandsfundi og hafa samþykkt þar meðmæli með þessu frv., séu nú komnir á það, að hér sé um að ræða mál, sem þurfi að gjalda varhuga við.

Ég held líka, að það sé ljóst af þessu frv., að það, sem er mergur málsins, er að tryggja áhrif byggðarlaganna og tryggja, að landið nýtist fyrst og fremst til landbúnaðar.

Ég vil út af því, sem hv. 4. þm. Vesturl. sagði hér um sýslunefndirnar, segja það, að þær hefðu getað haft alla möguleika til þess að segja álit sitt á þessu máli, þar sem það var fram komið, áður en þær héldu sína aðalfundi á s. l. vori, og þeim er líka tryggður sá réttur, sem þær þurfa að hafa vegna byggðarlagsins. Ég dreg í efa, að það mundi bæta málið nokkuð frekar, þó að enn á ný yrði farið að senda það beint til þeirra, enda eru margir sýslunm. búnir að fjalla um þetta mál á kjörmannafundunum úti um landsbyggðina, vegna þess að það eru svo margir sömu fulltrúarnir, sem eru bæði í sýslunefnd og á búnaðarsambandsfundum.

Ég verð líka að segja það, að eins og þróunin hefur verið á s. l. ári um jarðaverð, þá held ég, t. d. í kjördæmi okkar hv. 4. þm. Vesturl., að ef jarðasölur eiga sér stað á þessu ári og fram til þess, að þessi lög yrðu sett, með þeim hætti, sem hefur átt sér stað nú á s. l. ári, þá verði þungt fyrir dyrum hjá mörgum sveitarfélögum í okkar kjördæmi. Við vitum það báðir ósköp vel, að þar hafa farið fram jarðasölur, sem eru búnar að setja þau byggðarlög í stórfellda hættu, þó að hafi verið reynt að bjarga áhrifum þeirra tímabundið með afarkaupum, þar sem eyðikot að hálfu hafa verið seld fyrir 6 millj., eins og átti sér stað í Álftaneshreppi fyrir jólin. Þessi jörð var þannig sett, að hún lokaði afréttarlandinu fyrir sveitarfélaginu. Með slíkri þróun getur allmikið skeð. Ekki síst þegar mál eins og þetta er til meðferðar hér á hv. Alþ. og þeir, sem fjármunina eiga, gera ráð fyrir því, að það verði að l. fyrr eða seinna, þá munu þeir verða margir, sem bjarga sér frá því, að höfð verði hamlandi áhrif á sölu jarða, einmitt áður en slík löggjöf yrði að veruleika, en það mundi kosta byggðarlögin meiri fjármuni en við gerum okkur grein fyrir í dag.

Ég held út af því, sem hv. 5. þm. Norðurl. v. sagði um að geyma meðferð þessa máls hér á hv. Alþ., þangað til allir væru orðnir sammála um það, að þá muni það seint verða afgreitt. Ég held, að þetta mál sé stærra mál en svo, að það verði nokkurn tíma afgreitt þannig, að allir íslenskir bændur verði sammála um afgreiðslu þess. Slík málsmeðferð er algerlega óhugsandi. Ég held hins vegar, að það sé búið að vinna mikið að þessu máli og einmitt á þeim vettvangi, þar sem þeir aðilar eru, sem best þekkja hagsmuni bænda og bera fyrir brjósti, og ég held líka, að það verði eins með þessa löggjöf og aðra, að hún hljóti að verða endurskoðuð hér á hv. Alþ., þegar reynsla hefur fengist af henni, svo að það sé ekki veruleg áhætta tekin, þó að hún yrði samþ. til þess að koma í veg fyrir óeðlilegt og hættulegt brask. Hv. 5. þm. Norðurl. v. sagðist viðurkenna, að vandinn, sem ég lagði áherslu á með þessu frv., væri til staðar, þ. e. sala á jörðum fyrir óeðlilega hátt verð. Ég held, að það orki ekki tvímælis, að hann er til staðar og fer vaxandi og hefur farið mjög vaxandi nú á síðustu árum. Hv. 5. þm. Norðurl. v. taldi, — ég skal nú ekki fara út í öll atriði, sem hann tók hér til meðferðar, vegna þess að hv. 4. þm. Vesturl. vék hér m. a. að sumum þeirra og ég hef þegar vikið að þeim, — en það er nú svo, að hann taldi, að þetta minnti sig á skerðingarákvæði tryggingal., og sagði, að viðreisnarstjórnin hefði breytt þeim ákvæðum. Nú skal ég viðurkenna það, að ég hef ekki nema takmarkað minni, en ef ég man rétt, þá tel ég, að því ákvæði tryggingal. hafi verið breytt undir forustu Steingríms Steinþórssonar sem félmrh. og hafi verið ákvæði í l. um gildistökuna og það hafi verið eitthvað seinna en l. sjálf tóku gildi. Ég hef því miður ekki haft tíma til þess að skoða þetta, en ég hygg, að þetta muni láta nærri. En það má líka minna á það, að ástæðan fyrir því, að þetta ákvæði var í tryggingalöggjöfinni, var m. a. vegna framlagsins, sem þegnarnir í landinu urðu að greiða þá til tryggingganna, og vegna framlagsins, sem sveitarfélögin urðu þá að greiða. Mörg sveitarfélögin úti um landsbyggðina treystu sér ekki til að greiða eða sveitafólk almennt, treysti sér ekki til að greiða persónuskattana, sem núv. ríkisstj. hefur afnumið. Þetta má hv. þm. líka gjarnan muna. Hitt mun ég svo athuga betur, hvort mitt minni sé rétt eða ekki.

Út af kaflanum í ræðu hv. þm. um Landnám ríkisins vil ég taka það fram, að ég ætla mér ekki að fara að hnýta í Landnám ríkisins eða störf þess. Það er fjarri mér að gera það, og er sama, hvort átt er við fyrrv. eða núv. landnámsstjóra, ég hef ekkert út á störf þessara manna að setja. Og það væri mjög fjarri mér, ef það félli í minn hlut að gera þá skipulagsbreytingu, að búa þannig að því, að núv. landnámsstjóri haldi ekki sínu starfi, sem er honum fullkomlega samboðið og hæfir hans hæfileikum. Og líka út af því, sem hann sagði um þáltill. um framkvæmd á Vestfjarðaáætlun, þá er það mjög fjarri mér að gera nokkurn hlut, sem getur orðið til þess að tefja framkvæmd á því máli, enda hefði ég ekki beitt mér fyrir fjárveitingum til málsins á núgildandi fjárl., ef það hefði verið ætlunin. Hins vegar fellur þetta verkefni að sjálfsögðu til þeirra aðila, sem fara með slík mál, ef breyt. verður samþ. hér á hv. Alþ. En meðan hún er ekki samþykkt, er sjálfsagt að láta vinna að málinu á þann hátt, sem best er, til þess að tryggja framgang þess. Og ég hef þá reynslu hér á hv. Alþ., að það geti dregist, að mál séu afgreidd, og meðan svo er, þarf að tryggja, að framgangur á Vestfjarða- eða Inn-Djúpsáætluninni tefjist ekki þess vegna. Ég vil taka það skýrt fram, að ég vil á engan hátt eiga þátt í því.

Hitt er svo annað mál, að ef ég stæði hér og væri að tala fyrir Landnáminu og ríkisafskiptum þar, eins og hv. 5. þm. Norðurl. v., þá veit ég, hvernig kaflinn væri í ræðu hv. þm. Þá væri hann á þessa leið: Svona er ríkisstj., reynir að koma öllu undir ríkið, gera félagsleg afskipti bændastéttarinnar í landinu sem allra minnst og belgja ríkisbáknið út. — Þetta væri langur kafli í ræðu þessa hv. þm., ef dæminu væri snúið við. En af því að það liggur nú á hinn veginn verður að finna eitthvað að því, það hljóti að vera einhver

annarleg sjónarmið, sem ráði þessu, ráðh. hafi sem þm. haft aðra skoðun og sé að reyna að koma henni í framkvæmd. Stundum er nú sagt, að hann hafi haft aðra skoðun sem þm. en sem ráðh., og við því er ekkert að segja.

Eins og hv. 5. þm. Norðurl. v. benti réttilega á, var eitt af aðalverkefnum Landnámsins fjölgun jarða í landinu. Benti hv. 5. þm. Norðurl. v. á, að nú væri þessu snúið við, þetta væri ekki lengur aðalverkefni þess, vegna þess að nú væri miklu frekar stefnt að því að sameina jarðir en að fjölga þeim, m. a. vegna þess, að reynslan hafi sýnt það varðandi jarðir, sem skipt var niður hér áður fyrr, að það hafi ekki verið rétt stefna, og það er því verið að breyta til um það. Þess vegna er hér ekki um neitt annað að ræða en eðlilega framkvæmd á breyttri verkaskiptingu og breyttu skipulagi, og það, sem á að gerast hér, er fyrst og fremst að færa þessi störf heim í byggðarlögin og til Búnaðarfélags Íslands.

Bændur í Austur-Húnavatnssýslu, ég veit ekki, hvaðan þeir eru ættaðir, ef þeir muna ekki eftir búnaðarmálastjóranum. Ég held, að þeir hafi verið eitthvað annars hugar, þegar þeir voru að gera þessa samþykkt. En að halda það, að það sé hægt að finna betri framkvæmdaaðila fyrir bændastéttina í landinu en félagslega uppbyggð samtök eins og Búnaðarfélag Íslands og Stéttarsamband bænda, það er mér alveg óskiljanlegt. Ég er líka alveg sannfærður um það, að þó að hv. 5. þm. Norðurl. v. segi, að þetta mál eigi ekki að verða pólitískt, þá hefur hann sett einhver gleraugu á nefið, þó að hann þurfi ekki að nota þau venjulega vegna þess, hve hann er ungur, áður en hann leit á málið, og mundi líta á það með öðrum hætti, ef það væru ekki pínulítið pólitísk gleraugu, sem hann hefði notað. Ég var rétt búinn að gleyma, en það var stórt atriði í ræðu hv. þm. um kvöðina, sem væri sett á jarðasöluna, og bændastéttin væri meðhöndluð öðruvísi en aðrar stéttir. Af hverju halda hv. alþm., að nágrannar okkar á Norðurlöndum virði og meti land öðruvísi en aðrar eignir? Það er vegna þess, að landið er undirstaðan undir byggð og afkomu þjóðar og getur verið undirstaða undir sjálfstæði þjóðar. Ef erlendu valdi, erlendu fjármagni tekst að ná tökum á landinu, þá fer fleira á eftir.

Grímsey var okkur ekki lítils virði á sínum tíma, þegar erlendu valdi tókst ekki að ná henni. Og það er það, sem um er að ræða, að það er ekki litið jafnt á land sem eign og hús eða húsgögn. Hér er mikill munur á. Þess vegna ríður á því að vernda landið umfram allt annað, og þess vegna er þetta frv. afleiðing af því, að það er séð fyrir, hver þróunin er að verða um ásókn fjármagnsins í landið. Og við þurfum ekki að fara langt hér út fyrir borgarmörkin til þess að sjá, hvernig þessi þróun er að verða. Og það er meira en það. Það er víðs vegar um landið, sem þannig er að verða ástatt, að fjársterkir menn hér — og síðan gætu útlendingar siglt í kjölfarið — eru að eignast landið og ná yfirráðaréttinum þar um. Og það er ekki að ástæðulausu, að Danir settu sérstök lög til að vernda sína landareign, einmitt þegar þeir voru að ganga í Efnahagsbandalagið. Það var af þeirri ástæðu, að þeir óttuðust, að í gegnum það mundi geta stafað sú hætta, að erlendir nágrannar þeirra, eins og Þjóðverjar og aðrir slíkir, gætu náð tökum á landinu. Þess vegna getum við aldrei virt og metið land á sama hátt og hús, stól eða borðstofuhúsgögn. Það er fjarri lagi. Þess vegna ríður mest á því, að landið sjálft eigi bændurnir, sem búa á jörðunum, og að öðrum kosti sveitarfélögin eða ríkið, því að ef ekki tekst að hafa þannig vald á landinu sjálfu, þá er okkar íslenska þjóðfélagi hætt. Veit ég, að hv. 5. þm. Norðurl. v. gerir sér fullkomlega grein fyrir þessu, þegar hann sest niður og hugsar málið rólega og tekur af sér pólitísk gleraugu.

Ég sé ekki ástæðu til að segja fleira að sinni, því að það verða víst framhaldsumr. um þetta síðar meir, og þá koma fleiri og taka þátt í þeim umr., fleiri en við tveir.

Umr. frestað.

Bygging staðlaðs húsnæðis til eflingar iðnaði, frv. (þskj. 521). — 1. umr.

Flm. (Lárus Jónsson): Herra forseti. Á þskj. 521 er frv. til l. um byggingu staðlaðs húsnæðis til eflingar iðnaði á landsbyggðinni. Frv. er flutt af mþn. í byggðamálum, en í henni eiga sæti ásamt mér hv. þm. Steingrímur Hermannsson, Matthías Bjarnason, Ingvar Gíslason, Karvel Pálmason, Helgi F. Seljan og Pétur Pétursson.

Í þál., sem samþ. var á Alþ. 13. apríl 1973 og mþn. starfar eftir, segir m. a. svo, með leyfi hæstv. forseta:

„Auk þess skal n. athuga till. til þál. á þskj. 383 og leggja fram þau frv. til breyt. á l. þegar í byrjun næsta þings, sem n. telur, að ekki þoli bið.“

Hér er átt við þáltill. um byggðamál, sem þm. sjálfstæðismanna úr öllum kjördæmum landsins lögðu fram á síðasta þingi. Þetta frv. er unnið og lagt fram í samræmi við framangreinda málsgr. þál. Frv. felur í sér, að tekin yrði upp alger nýbreytni hér á landi að því er varðar aðgerðir ríkisvaldsins til eflingar iðnþróun á landsbyggðinni og um leið aðgerðir til þess að hafa áhrif á byggðaþróun í landinu. Meginefni frv. eru reglur um samstarf heimamanna í hinum ýmsu byggðarlögum á landsbyggðinni, byggðasjóðs og annarra fjárfestingarlánasjóða um byggingu staðlaðs iðnaðarhúsnæðis, sem selt yrði eða leigt sjálfstæðum iðnrekendum með góðum kjörum. Gert er ráð fyrir, að Byggðasjóður og Iðnlánasjóður veiti 80% lán til slíkra bygginga, en 20% verði eigið framlag.

Þessi aðferð til þess að hvetja til iðnþróunar í þeim landshlutum, sem búa við byggðavanda vegna brottflutnings fólks og fábreytt atvinnulíf, hefur víða verið reynt í nágrannalöndum okkar, þótt í mismunandi formi sé. Má þar m. a. til nefna Breta, sem hafa reist Industrial Estates í þessu skyni um marga áratugi, og Norðmenn, sem tóku slík vinnubrögð upp eftir ítarlega könnun á þessu kerfi í Bretlandi. Í Noregi eru slíkar byggingar nefndar industri vekstanlegg, og ákvað Stórþingið að stofna ríkishlutafélag með lögum hinn 1. jan. 1968 til þess að hafa á hendi framkvæði um að byggja og reka staðlað iðnaðarhúsnæði á þeim stöðum, sem frekast voru taldir koma

til greina í því skyni. Þetta félag er nefnt Selskapet for industri vekstanlegg, skammstafað SIVA.

Þá tíðkast í Noregi eins og öðrum nágrannalöndum, að sveitarfélögin komi sér upp iðnaðarhúsnæði í sama skyni með stuðningi byggðasjóða eða viðkomandi ríkisstj. Árið 1971 hafði 171 sveitarfélag í Noregi komið sér upp stöðluðu iðnaðarhúsnæði og fengið til þess tæplega 100 millj. norskra kr. úr byggðasjóði Noregs. Munurinn á starfesmi SIVA í Noregi og á viðleitni sveitarfélaganna þar í landi í þessu efni er sá, að stefnt er að miklu stærri endanlegum byggingum hjá SIVA. Þar er gert ráð fyrir, að markið sé að fá 500 manns atvinnu í viðkomandi byggðarlagi með þessum hætti.

Með þessu frv. er ekki lagt til að koma á fót sérstöku ríkishlutafélagi eða sérstofnun til þess að koma við þessari aðferð að byggja staðlað iðnaðarhúsnæði til eflingar iðnaði á landsbyggðinni, eins og gert var í Noregi. Vegna sérstöðu okkar, m. a. vegna fámennis þeirra staða, sem til greina koma við slíkar byggingar, er með frv. lagt til, að stofnuð verði byggingarfélög iðnaðarhúsnæðis í einstökum sveitarfélögum, sem reyna vilja og hafa aðstöðu til þess að hagnýta þessa aðferð til eflingar iðnaði. Gert er ráð fyrir, að sveitarstjórnirnar hafi frumkvæði í þessu efni og leggi fram hlutafé, sem yrði fyrst og fremst í því formi, að viðkomandi sveitarfélag legði á skatta og gjöld, sem bæri að greiða til þeirra af slíkum byggingum, fram sem hlutafé og jafnframt geti aðrir áhugaaðilar gerst hluthafar. Á hinn bóginn er gert ráð fyrir, að stjórn Byggðasjóðs láti teikna og hanna staðlað iðnaðarhúsnæði og láti byggingarfélögunum í té þau gögn. Þá er lagt til, að stjórn Byggðasjóðs leggi fram verulegt lánsfé til þessara bygginga og að ríkisvaldið beiti sér fyrir samningum við aðra stofnlánasjóði, svo sem Iðnlánasjóð, um lán til bygginganna, þannig að heildarstofnlán til þeirra verði 80% af byggingarkostnaði, eins og ég minntist á áðan. Til þess að takmarka fjölda þeirra, sem byggja slíkt iðnaðarhúsnæði samtímis, og til þess að ekki verði farið út í byggingar, fyrr en fjármagn er tryggt, er sett það ákvæði í frv., að byggingarfélögunum sé ekki heimilt að hefja framkvæmdir, fyrr en fjáröflun er tryggð.

Meginkostur hugmyndarinnar um byggingu staðlaðs íbúðarhúsnæðis til eflingar iðnþróunar á landsbyggðinni er, að með þeirri aðferð getur hið opinbera haft áhrif á eflingu iðnaðar á þeim stöðum, sem hafa vaxtarskilyrði sem miðstöðvar iðnaðar í viðkomandi héruðum. Þá er einnig um ávinning að ræða fyrir iðnrekendur, sem kaupa eða leigja slíkt húsnæði. Sé þeim gefinn kostur á sæmilegum kjörum, liggur í augum uppi hagræði þeirra af því að fá slíka fyrirgreiðslu, miðað við að þurfa að koma sér upp húsnæði af eigin rammleik. Oftast eru þessir aðilar hver um sig með lítil fyrirtæki, sem eiga í erfiðleikum vegna þess, hve örðugt er oft um vik um allan iðnrekstur á landsbyggðinni. Í stöðluðu iðnaðarhúsnæði, þar sem smáir iðnrekendur hafa aðstöðu, er hægt að koma við margvíslegri samvinnu, t. d. um bókhald, skrifstofuaðstöðu o. fl. Þessir kostir, sem eru því samfara að reka iðnað í stöðluðu eiginhúsnæði, sem byggt yrði í samræmi við ákvæði frv., ráða í mörgum tilvikum úrslitum um atvinnurekstur einstakra iðnrekenda. Fyrir sveitarfélögin yrði einnig um stórkostlegt hagsmunamál að tefla. Margir smáiðnrekendur verða að reka fyrirtæki sín í smáhýsum eða skúrum, sem ekki samræmast viðkomandi skipulagi byggðarlagsins. Með því að stuðla að byggingu staðlaðs iðnaðarhúsnæðis er unnt að koma slíkum smáiðnaði fyrir í skipulegum iðnaðarhverfum og í myndarlegum og hagkvæmum byggingum.

Í þessu sambandi er rétt að geta þess, að víðast erlendis er fyrst og fremst leitast við að byggja staðlað iðnaðarhúsnæði fyrir framleiðsluiðngreinar, sem selja framleiðsluvörur sínar utan viðkomandi byggðarlaga. Ástæðan er sú, að slíkur atvinnurekstur stuðlar að því að flytja tekjur inn í viðkomandi byggðarlag, sem hafa síðan keðjuörvunaráhrif á aðra atvinnustarfsemi. Hér á landi skortir víða aðstöðu fyrir frumstæðustu þjónustugreinar, þannig að í frv. er gert ráð fyrir, að ákvæði þessi gildi bæði um húsnæði fyrir framleiðslu og þjónustuiðnaðinn, en í samræmi við gildi framleiðsluiðnaðarins fyrir byggðaþróun í heild er gert ráð fyrir, að hann njóti nokkurs forgangs í fyrirgreiðslu.

Þetta frv. felur í sér, eins og áður segir, ef að lögum verður, að tekin verður upp nýbreytni um aðgerðir ríkisvaldsins til þess að stuðla að eflingu iðnþróunar á landsbyggðinni. Hér er að sjálfsögðu aðeins um eitt úrræði að ræða af mörgum, sem ríkisvaldið getur beitt í þessu efni. M. a. mætti nefna, að ríkisvaldið getur yfirleitt haft úrslitaáhrif um staðarval stóriðju og stórfyrirtækja í landinu. Það úrræði, sem í þessu frv. felst, hefur þann meginkost, að unnt er með því að dreifa örvunaráhrifunum hæfilega mikið í hverjum landsfjórðungi, og er það því beinlínis nauðsynlegt jafnhliða því að taka upp raunhæfa stefnu á því sviði að velja stórfyrirtækjum stað utan mesta þéttbýlissvæðis landsins.

Sú hugmynd, sem er hreyft með þessu frv., er ekki alveg ný af nálinni hér á landi. Í skýrslu Norðurlandsáætlunar: Atvinnumál á Norðurlandi, sem gefin var út af Efnahagsstofnuninni í ágúst 1969, var lagt til, að hafin yrði hér á landi bygging staðlaðs iðnaðarhúsnæðis til útleigu eða endursölu á landsbyggðinni í því skyni að stuðla þar að aukinni iðnþróun. Lagt var til, að byrjað yrði á þessari starfsemi til reynslu á Akureyri. Í framhaldi af því voru teknar upp viðræður milli Atvinnujöfnunarsjóðs þáv. og atvinnumálanefndar Akureyrar. Viðræður þessar náðu því stigi, að atvinnumálanefnd Akureyrar gerði till. til stjórnar Atvinnujöfnunarsjóðs um, hvernig standa ætti að þessum framkvæmdum, en síðan hefur því miður ekkert gerst í því máli af einhverjum ástæðum.

Vífill Oddsson verkfræðingur hefur gert áætlun um slíkt staðlað iðnaðarhúsnæði, sem þetta frv. fjallar um, og gerir hann þar ráð fyrir því að skipta húsnæðinu niður í misstórar einingar, sbr., fskj. II. og fskj. III með frv. Helstu niðurstöður þessarar áætlunar eru í stórum dráttum sem hér segir. Hver eining yrði 6x26 metrar eða 120 fermetrar í vinnusal og 36 fermetrar í kaffistofu, snyrtingum og skrifstofu. Hver eigandi gæti tekið 2, 3, 4 eða fleiri einingar. Iðnrekendum gæfist þá kostur á eftirfarandi húsrými: Í

fyrsta lagi 312 fermetrum, í öðru lagi 468 fermetrum o. s. frv. Talið er, að 5 einingar séu lágmarksbyrjunaráfangi, þ. e. a. s. 1090 fermetrar að flatarmáli, en 5250 rúmmetrar að rými. Byggingarkostnaður slíks húsnæðis er nú áætlaður 4030 kr. á rúmmetra miðað við byggingarvísitölu 913 og leiga á fermetra 165 kr. á mánuði miðað við að 10% á ári fáist í vexti og afborganir.

Um aths. við einstakar gr. vísa ég til grg. með því og meðfylgjandi fskj.

Ég vil að lokum fara nokkrum almennum orðum um nauðsyn þess að gera verulegt átak í byggðamálum á næstu árum, en það er sannfæring mín, að hugmyndin um byggingu staðlaðs iðnaðarhúsnæðis á landsbyggðinni gæti orðið, ef rétt er á haldið, verulegur þáttur í þeirri viðleitni. Allir þekkja, hver þróun hefur orðið í byggð landsins síðustu áratugi. Nú býr rúmlega helmingur þjóðarinnar á höfuðborgarsvæðinu, þ. e. a. s. Reykjavík og nágrannasveitarfélögum, að meðtöldum Hafnarfirði og Kópavogi, sem nú mynda í raun eitt borgarsvæði, en 60% þjóðarinnar á svonefndu Reykjanessvæði, sem verður í vaxandi mæli ein samfelld byggðarheild. Fyrir nokkrum áratugum bjó á þessu svæði aðeins brot þjóðarinnar.

Fram til þessa má til sanns vegar færa, að sá kostur hafi fylgt misþróun byggðarinnar, að vegna hennar eignuðumst við fyrr öfluga höfuðborg, miðstöð athafna og þjóðlífs. Án slíkrar höfuðborgar fær ekkert nútímaþjóðfélag staðist. Engum blandast hins vegar hugur um, að nú höfum við eignast slíka höfuðborg, sem gegnir prýðilega því hlutverki. Þau þáttaskil eru því í byggðaþróun landsins, að nú fylgja því einungis verulegir ókostir, að fólk flytjist frá landsbyggðinni til höfuðborgarsvæðisins, en engir kostir. Þessir ókostir koma ekki síst fram í kostnaðarsömum vandamálum á höfuðborgarsvæðinu.

Því hefur verið spáð, að Íslendingar verði milli 310—330 þús. um aldamót. Miðað við reynslu á sviði fólksflutninga milli landshluta hefur það verið reiknað út, að þá muni a. m. k. 200 þús. manns búa á höfuðborgarsvæðinu, en rúmlega 100 þús. manns á öllum öðrum byggðasvæðum landsins og þar af bróðurparturinn í næsta nágrenni við höfuðborgina. Hvað hefði þessi þróun í för með sér? Á höfuðborgarsvæðinu hefði hún í för með sér, að þar þendist byggð út, svo að fullbyggt yrði frá Hafnarfirði að hlíðum Esju, eins og Valdimar Kristinsson fulltrúi í Seðlabankanum komst að orði í grein í 2. hefti Fjármálatíðinda á s. l. ári. Auðvitað kostar þessi útþensla byggðarinnar stórfé. Mengunarvandamál aukast. Nú er rætt um hundruð þús. millj. kr. í framkvæmdir til þess að forðast mengun vegna frárennsla út í Faxaflóa. Sú upphæð dygði skammt, ef framangreind þróun yrði. Bílastæðum færi að fækka ískyggilega í miðbænum, og byggja yrði yfir helstu umferðarhnútana. Allt er þetta leysanlegt, en kostar mikla fjármuni, og svo er um fleiri vandamál, sem koma upp við slíka þróun á höfuðborgarsvæðinu, sem verða ekki rakin hér.

Á landsbyggðinni mundi þessi þróun til aldamóta hafa í för með sér hægfara framþróun á öllum sviðum, verri búsetuskilyrði og örðugri aðstöðu til þess að nýta auðlindir og mannvirki þjóðarinnar. Þegar þetta er skoðað, er alveg ljóst, að við lifum þau tímamót, að áframhaldandi misþróun byggðar í landinu hefur í för með sér vaxandi og dýran þjóðfélagsvanda, en fáa eða enga kosti. Því er ekki úr vegi að staldra við og spyrja: Hvernig eru horfurnar í raun og veru í þessu efni? Hvaða þjóðfélagsleg öfl eru að verki, sem viðhalda slíkri þróun? Hversu sterk eru þau, og hvernig er hægt að sveigja þau inn á hagkvæmari brautir? Horfurnar eru því miður ekki góðar, ef ekki er haldið áfram aðgerðum til eflingar byggðar úti um land og framkvæmd samræmdari byggðastefna en tíðkast hefur. Ástæðan fyrir þessu er sú, að margvísleg þjóðfélagsleg lögmál eru að baki misþróun byggðar og aðgerðir stjórnvalda auka oft og tíðum á styrkleika þessara lögmála einmitt á þeim sviðum, sem mestu máli skipta fyrir heildarmannfjöldaþróun í hinum ýmsu landshlutum.

Fyrsta þjóðfélagslega fyrirbrigðið, sem ég vil nefna, sem hefur í för með sér vaxandi hættu á aukinni byggðaröskun frá því, sem nú er, er sérstök aldursskipting þjóðarinnar. Um 40 þús. Íslendingar verða tvítugir áratuginn 1970—1980. Þetta eru fjölmennari árgangar ungs fólks en áður hafa komið fram á vinnumarkað og einnig fólk með fjölþættari menntun og starfsþjálfun en nokkru sinni fyrr í sögu landsins. Þetta fólk velur sér að sjálfsögðu búsetu þar, sem það getur notið fjölbreyttrar menntunar sinnar, og jafnframt í umhverfi, sem er félagslega vel á veg komið, þ. e. a. s. í þéttbýlinu.

Annar þáttur, sem ég vil nefna, er sá, að frumframleiðslugreinar eru stundaðar á landsbyggðinni. Í þeim atvinnugreinum, sjávarútvegi og landbúnaði, tekur vélvæðingin að sér í sívaxandi mæli framleiðslustörfin, ef svo mætti að orði komast. Þessar atvinnugreinar taka ekki við miklum mannafla í viðbót af þeim 40 þús. manna hópi, sem bætist á vinnumarkað á yfirstandandi áratug. Því er það svo, að efla verður iðnað og þjónustu atvinnugreina á landsbyggðinni samtímis fiskveiðum og landbúnaði, ef stefna á að jafnari byggðaþróun.

Þriðji þátturinn, sem ég vil nefna og hefur stórfelld áhrif á aðflutninga fólks og fjármagns til höfuðborgarsvæðisins, er útþensla ríkisbáknsins hér í Reykjavík. Opinberar stofnanir hvers konar eru orðnar snar þáttur í atvinnurekstri á höfuðborgarsvæðinu. Allir landsmenn eru skattlagðir til þess að greiða þessu fólki laun. Það notar svo laun sín til þess að kaupa sér ýmsa persónulega þjónustu og stendur þannig undir öðrum þjónustustofnunum á höfuðborgarsvæðinu, þótt í einkaeign séu. Með þessum hætti flyst fjármagn í stórum stíl frá landsbyggðinni til höfuðborgarsvæðisins og á miklu ríkari þátt í að efla þar viðskipta- og atvinnulíf en margan grunar, enda kemur þetta skýrt í ljós, þegar að kreppir í frumframleiðslugreinum. Þá siglir almennur samdráttur í kjölfarið á höfuðborgarsvæðinu. Þegar ríkisbáknið þenst út, eykur það auðvitað á þetta fjármagnsstreymi. En það hefur einnig í för með sér, að menn flytjast til höfuðborgarinnar og ganga í þjónustu hins opinbera, oftast þeir, sem hafa einhverja verulega menntun. Miðstjórnarkerfi hins opinbera og ýms-

ar sérstofnanir þess draga til sín bæði fjármagn og ekki síst atgervi frá landsbyggðinni og þeim mun meir sem þetta kerfi þenst út.

Miklu fleira mætti nefna, sem ýtir undir misþróun byggðar í landinu. Þar mætti t. d. tala langt mál um húsnæðismál, almenna aðstöðu til heilbrigðisþjónustu, verslunaraðstöðu, samgöngur o. s. frv., o. s. frv. Einn er þó sá þáttur, sem er ónefndur. Það eru stórvirkjanir og stórfyrirtæki. Tilhneigingin hefur verið sú að velja slíkum fyrirtækjum stað nálægt höfuðborgarsvæðinu, og er svo enn. Ég hef gert lauslegar athuganir á, hvaða áhrif mismunandi staðarval slíkra stórfyrirtækja hefði á þróun byggðar í landinu. Útkoman varð sú, að ráða mætti búsetuvali nokkurra þúsunda manna með staðarvali eins slíks fyrirtækis.

Horfurnar eru því allt annað en glæsilegar um þróun byggðar í landinu. Ég er hiklaust þeirrar skoðunar, að byggðaröskun fari fremur vaxandi en hitt frá því, sem nú er, ef ekki er að gert. A. m. k. er á því veruleg hætta vegna sérstöðu í aldursskiptingu þjóðarinnar, einhæfra atvinnuhátta á landsbyggðinni, tilhneigingar til útþenslu ríkiskerfisins í Reykjavík og staðarvals stórvirkjana og stóriðju þar í grennd, þótt önnur mikilvæg og alkunn atriði komi þar einnig til. Menn mega ekki láta villa sér sýn, þótt manntalstölur á árinu 1973 bendi á yfirborðinu til þess, að horfur séu batnandi í þessum efnum. Í fyrsta lagi er fráleitt að taka mark á þróun eins árs á þessu sviði, en auðvitað alveg sérstaklega ársins 1973, þegar eldgos kom upp í Vestmannaeyjum og allir mannabústaðir á höfuðborgarsvæðinu fylltust af aðkomufólki þaðan, þannig að hvergi var hægt að fá inni fyrir fólk, sem vildi flytjast af landsbyggðinni. Því miður er það því af þessum og fleiri sökum alger tálsýn, sem sum blöð hafa verið að birta lesendum sínum um þetta efni, en ég ætla ekki að ræða nánar að sinni.

Herra forseti. Með þessu frv., sem hér er til umr., er hreyft nýmæli í íslenskri löggjöf. Tilgangur þess er sá að stuðla með sérstökum hætti að eflingu iðnaðar á landsbyggðinni og þar með hagkvæmari byggðaþróun en á horfist. Ég vænti þess, að þingheimur geri sér ljóst, hvað hér er mikið nauðsynjamál á ferðinni, og skoði það sem einn þátt nýrra átaka þjóðarinnar til þess að berjast við þann byggðavanda, sem ég hef hér lýst að nokkru. Ég vil því vænta þess, að frv. fá góðar viðtökur.

Ég legg svo til, herra forseti, að frv. verði að lokinni þessari umr. vísað til 2. umr. og hv. iðnn.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Efri deild, 88. fundur.

Mánudaginn 25. mars, kl. 2 miðdegis.

Meðferð opinberra mála, frv. (þskj. 546). — 1. umr.

Forsrh. (Ólafur Jóhannesson): Herra forseti. Frv. þetta um breyt. á l. nr. 73 21. júní 1973, um meðferð opinberra mála, er samið af réttarfarsn. skv. fyrirlagi í ákvæði til bráðabirgða í l. nr. 23 frá 1973, um breyt á l. um meðferð opinberra mála, en þau lög voru sett á Alþingi snemma á fyrra ári.

Fyrrnefndu brbákv. hafði verið bætt inn í frv. í meðferð Alþingis, og er gerð grein fyrir því í nál. allshn. Nd. á þskj. 409 frá 1973, að vegna óska, sem fram komu í erindi fulltrúa við saksóknaraembættið um, að réttarstaða þeirra yrði sérstaklega endurskoðuð í sambandi við meðferð málsins, hafi þótt rétt að hafa þann hátt á, að fela með brbákv. í l. réttarfarsn. slíka endurskoðun. Er frv. lagt fyrir hv. Ed. eins og réttarfarsn. gekk frá því. Breyt. þær, sem í frv. er lagt til að verði gerðar á gildandi l., eru ekki umfangsmiklar, þó að þær hafi kostað breytingu á allmörgum greinum, eins og menn sjá. Þær felast aðallega í breyt. á embættisheiti saksóknara ríkisins í ríkissaksóknara og jafnframt, að komið sé á fastri skipan um gæslu embættisins í forföllum yfirmanns þess, með því að skipaður sé vararíkissaksóknari, sem fari með vald hans í fjarveru hans eða forföllum eftir nánari ákvörðun ríkissaksóknara.

Þá er jafnframt heimilað, að ef ríkissaksóknari og vararíkissaksóknari anna ekki málflutningi fyrir hæstarétti, geti dómsmrh. ákveðið, að við embættið skuli starfa einn eða tveir saksóknarar.

Gert er ráð fyrir með hliðsjón af þessum breyt., að niður falli heimild gildandi l. til þess, að ríkissaksóknari feli fulltrúum sínum flutning mála fyrir hæstarétti.

Á það er bent, að ekki er með breyt. þessum nein breyting gerð á valdssviði yfirmanns embættisins frá því, sem er í gildandi l., þ. e. ríkissaksóknari skal fara með ákæruvaldið og aðrir embættismenn eru skipaðir honum til aðstoðar og skulu hlíta fyrirmælum hans.

Ég gat þess áður, að frv. er flutt í þeirri mynd, sem réttarfarsn. gekk frá því, sem sjálfsagt má telja, þegar af þeirri ástæðu, að henni var með lagaákvæðinu falin endurskoðun þess efnis, sem um er fjallað. Frv. hefur ekki heldur verið sent öðrum aðilum til umsagnar af dómsmrn. hálfu. Sýnist eðlilegast að þn. taki afstöðu til þess atriðis.

Herra forseti. Ég vil leyfa mér að leggja til, að frv. verði að lokinni þessari umr. vísað til 2. umr. og hv. allshn.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 16 shlj. atkv. og til allshn. með 16 shlj. atkv.

Heimilishjálp í viðlögum, frv. (þskj. 522). — 1. umr.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 14 shlj. atkv. og til félmn. með 16 shlj. atkv.

Gjaldmiðill Íslands, frv. (þskj. 557). — 3. umr.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 14 shlj. atkv. og afgr. til Nd.

Lántökuheimildir erlendis, frv. (þskj. 444, n. 485, 490, 500). — Frh. 2. umr.

ATKVGR.

Brtt. 490 tekin aftur til 3. umr.
— 500, a samþ. með 15 shlj. atkv.
— 500, b samþ. með 15 shlj. atkv.
1. gr., svo breytt, samþ. með 15 shlj. atkv.
2.—3. gr. samþ. með 16 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 17 shlj. atkv.

Skipulag ferðamála, frv. (þskj. 551, 420). — 3. umr.

Frsm. (Páll Þorsteinsson): Herra forseti. Við 2. umr. þessa máls lágu fyrir nokkuð margar brtt. við frv. á þskj. 451 og 463. Allmargar af þessum brtt. voru samþ., og atkvgr. fór á þann veg, að ekki var alls kostar samræmi í afgreiðslunni í sambandi við einstök atriði frv. Við, sem mæltum fyrir brtt., þ. e. ég, sem mælti fyrir brtt. á þskj. 451, og hv. 2. þm. Vesturl., Jón Árnason, sem mælti fyrir brtt. á þskj. 463, höfum lesið frv., eins og það er prentað eftir 2. umr. í Ed., þskj. 551, og borið það saman við upphaflega frv. og okkur virðist, að það þurfi varðandi tvö atriði í frv. að gera leiðréttingu, það eru ekki efnisatriði, heldur leiðréttingar.

Annað atriðið er í 6. gr., kafla II. Þjónustustarfsemi. Þar hefur svo til tekist við atkvgr. eftir 2. umr., að nálega samhljóða ákvæði er á tveimur stöðum í gr., þ. e. 8. tölul. í II. kafla og 1. tölul. í IV. kafla. Þeir eru nálega samhljóða. Þetta þarf að leiðrétta, og leggjum við því til, að 8. tölul. í II. kafla í 6. gr. falli niður.

Hitt atriðið er það, að í brtt. á þskj. 463 var lagt til, að Ferðaskrifstofa ríkisins skyldi starfa áfram sem sjálfstæð stofnun. Þetta efnisatriði í brtt. náði ekki samþykki við atkvgr., en á hinn bóginn var samþykkt orðalagsbreyting á ákvæðum til bráðabirgða I, sú orðalagsbreyting var miðuð við þær till., sem gerðar voru, að Ferðaskrifstofa ríkisins héldi áfram sjálfstæðri starfsemi. Þar sem það efnisatriði var fellt, þarf að lagfæra fyrri málsgr. í ákvæðum til bráðabirgða I í samræmi við þessa efnislegu niðurstöðu.

Ég leyfi mér því að lýsa brtt. svofelldum,

þ. e. brtt. við frv. til l. um skipulag ferðamála, frá Páli Þorsteinssyni og Jóni Árnasyni.

„1. Við 6. gr. II. kafla. Þjónustustarfsemi. — 8. tölul. falli niður.

2. Við ákvæði til bráðabirgða. 1. málsgr. ákv. til brb. I orðist svo:

Við gildistöku laga þessara tekur Ferðamálastofnun Íslands við öllum eignum, réttindum og skuldbindingum Ferðaskrifstofu ríkisins og ferðamálaráðs þess, er starfaði samkv. l. nr. 4 1969."

Ég endurtek það, að hér er einungis um leiðréttingar að ræða, en ekki ný efnisatriði. Þessar till. eru skriflegar og of seint fram komnar. Ég afhendi þær hæstv. forseta og vil mælast til þess, að hann leiti afbrigða fyrir till., þannig að þær komi til atkvgr. nú.

ATKVGR.

Afbrigði um skrifl. brtt. (sjá þskj. 570) samþ. með 16 shlj. atkv.

Ragnar Arnalds: Herra forseti. Ég vil leyfa mér að flytja hér skriflega brtt. við frv. til l. um skipulag ferðamála. Eins og hv. þdm. er kunnugt, flutti ég brtt. við 2. umr. frv., en tók hana aftur til 3. umr. Mér hefur verið bent á, að rétt væri að haga orðalagi í þessari till. á annan veg, þar sem hún væri ekki alveg nægilega ljós, og ég vil því leyfa mér að flytja á ný till. um þetta efni og draga þá hina fyrri till. til baka. Á eftir 28. gr. komi ný gr., svohljóðandi:

„Áður en hannað er húsnæði heimavistarskóla, sem ríkissjóður kostar að einhverju eða öllu leyti, skal leita umsagnar stjórnar Ferðamálastofnunar Íslands um gerð hússins og innréttingu. Telji Ferðamálastofnunin, að væntanleg heimavistarbygging henti til starfrækslu sumarhótela, getur hún farið fram á, að byggingarteikningum sé hagað svo, að húsnæðið fullnægi þeim kröfum, sem gerðar eru til rekstrar gistihúss, enda sé stofnunin eða viðkomandi byggingaraðili reiðubúinn að bera ábyrgð á þeim viðbótarkostnaði, sem af breytingunum leiðir. Jafnframt er heimilt í þessu skyni að veita Ferðamálastofnuninni eða viðkomandi byggingaraðila lán úr ríkissjóði fyrir milligöngu Ferðamálasjóðs, allt að 10 millj. kr. árlega."

Breyt. frá hinni fyrri brtt. er fyrst og fremst í því fólgin, að í fyrri till. var sagt, að „þegar hannað er, þá skuli leita umsagnar", en hér eru tekin af öll tvímæli um, að þetta skuli gert, áður en hönnun hefst, og virðist það að sjálfsögðu skynsamlegra.

Ég ætla ekki að fjölyrða frekar um þessa till. Mér hefur heyrst, að allir þeir, sem tjáð hafa sig um þessa till., séu henni efnislega sammála og telji nauðsynlegt, að ákvæði af þessu tagi verði tekið inn í lög. Aftur á móti hafa komið fram raddir um, að till. kynni að eiga frekar heima í öðrum l., þ. e. a. s. í skólakostnaðarlögum. Ég vil taka undir það sjónarmið, sem kom hér fram í umr. hér áður, að að sjálfsögðu skiptir ekki neinu höfuðmáli, hvar gr. af þessu tagi er staðsett í l. Aðalatriðið er, að hún komist til framkvæmda. Hitt er meira formsatriði. Hér er mál, sem snertir bæði skólakostnað annars vegar og Ferðamálastofnunina hins vegar, og ótvírætt snertir hún ekki síður Ferðamálastofnunina. Ég held því fast við það, að till. eigi frekar heima í þessum lögum.

Ég vil aðeins leyfa mér að spyrja menn, ef þeir eru í einhverjum vafa um þetta atriði, hvort þeir teldu viðeigandi, að í skólakostnaðarl. væri ákvæði, sem heimiluðu Ferðamálastofnuninni, að hún hefði í frammi ákveðið frumkvæði, — hvort ekki sé nokkuð ljóst, að ef borin væri fram till. af því tagi, þegar frv. til skólakostnaðarlaga væri hér til meðferðar, þá vaknaði sú spurning og það með réttu, hvort sú till. væri ekki á röngum stað og hefði ekki verið réttara að koma henni að við afgreiðslu ferðamálafrv.?

Mér finnst, að einmitt þetta atriði, að það er verið að heimila Ferðamálastofnuninni að taka lán m.a., skeri úr um það, að málið eigi miklu frekar heima í þessum lögum.

Ég vil svo að lokum minna á afstöðu Ferðamálaráðs, sem hefur skorað á hv. d. að samþykkja þessa brtt. og mælt mjög sterklega með henni, og mun afrit a fbréfi ferðamálaráðs hafa borist á borð allra hv. þdm.

Ég vil leyfa mér, herra forseti, að leggja fram þessa skriflegu brtt. og æskja þess, að leitað verði afbrigða varðandi hana.

ATKVGR.

Afbrigði um skrifl. brtt. (sjá þskj. 571) samþ. með 15 shlj. atkv.

Jón Árnason: Herra forseti. Ég get endurtekið það, sem ég hef áður sagt í sambandi við þessa till., að efnislega er ég henni samþykkur, og það hefur komið fram hjá fleiri mönnum, sem tekið hafa til máls um þetta frv., en ég er á sömu skoðun og ég hef verið, að þessi till. eigi heima sem breyt. á öðrum l. en þessum. Hún á fyrst og fremst heima í sambandi við skólakostnaðarl. Hvað viðkemur því, sem hv. þm. sagði varðandi Ferðamálasjóðinn, þá hefur ekki til þess þurft að koma. Það vita menn í sambandi við hagnýtingu á heimavistarskólunum til sumarhótelhalds, að það hefur ekki þurft til þess að koma, að þar væri um neinn ágreining að ræða. Ferðamálasjóður hefur lánað fé til þess, að það væri hægt að bæta þá aðstöðu, sem í heimavistarskólunum er fyrir hendi, til þess að þau kæmu að sem bestum notum til hótelrekstrar. Þess vegna er enginn vafi á því, að enda þótt þessi breyt. verði ekki gerð á frv. eða l. um skipulag ferðamála, þá er það jafnt fyrir hendi eftir sem áður, að Ferðamálasjóður mundi hlaupa undir bagga að einhverju leyti í sambandi við það, sem l. mundu ákveða um að hanna skólahús með tilliti til þess, að þau yrðu nýtt sem sumargistihús. Ég tel, að það sé alveg tvímælalaust, að brtt. sem þessi eigi ekki heima í þessu frv. eða þeim l., sem hér er verið að afgreiða, heldur vil ég segja það, að ég er tilbúinn til þess að vera meðflm. hv. flm. þessarar till. við að breyta l. varðandi skólana, sem væru alveg í sömu átt og felst í þessari till., en tel hins vegar, að það sé rétt, sem rétt er, og þessi till. eigi þar heima, en ekki annars staðar.

Menntmrh. (Magnús T. Ólafsson): Herra forseti. Ég vil með örfáum orðum gera grein fyrir, hvernig með þau mál, sem um ræðir í brtt. á þskj. 420, er farið sem stendur, og jafnframt koma með ábendingu, sem ég tel, að gæti kannske orðið til þess, að ekki þyrfti lengur um að deila, hvernig með skuli fara það efni, sem till. er gerð um.

Hvað varðar undirbúning að byggingu skólahúsnæðis, þá voru gefin um það mjög skýr fyrirmæli til byggingadeildar menntmrn. fyrir að mig minnir um það bil 2 árum, að gefa Ferðamálaráði kost á að fylgjast með byggingu nýs heimavistarskólahúsnæðis með því að tilkynna, þegar ákveðið væri að byggja heimavistarskóla, svo að það gæti metið, hvort að þetta væru ferðamannastaðir, þar sem hagkvæmt gæti orðið að nýta heimavistarhúsnæðið til gistihússrekstrar yfir ferðamannatímann.

Þegar er því með vinnubrögðum í rn. leitast við að fullnægja þeim tilgangi og þeim vinnubrögðum, sem gert er ráð fyrir í fyrstu setningu brtt. Er ég því algerlega meðmæltur, að þessi málsmeðferð verði lögfest, en ég hlýt að fallast á það, að slík ákvæði ætti best heima í skólakostnaðarl. Hins vegar hlýt ég líka að samþykkja það, sem hv. flm. hefur bent á, að síðari hlutinn á tvímælalaust heima í l. um ferðamál, þar sem þar er verið að ræða um Ferðamálastofnun og Ferðamálasjóð og fjárútvegun á þeirra vegum. Ég vil því beina því til hv. tillögumanns, að hann athugi, hvort ekki væri ráð að gera, eins og oft er gert, þegar tveir lagabálkar snerta hvor annan, að skilja að, þannig að þau efnisatriði, sem hvoru lagasviðinu eru skyldust, tilheyri þeim l., sem sagt, að fyrsta setningin yrði flutt sem sérstök breyt. við skólakostnaðarl., en síðan þyrfti líklega að breyta eitthvað orðalagi á þeim setningum, sem þá væru eftir, en eiga tvímælalaust heima í ferðamálalögum.

Ragnar Arnalds: Herra forseti. Ég get tekið undir með hæstv. menntmrh., að að sjálfsögðu væri eðlilegast að skipta efni þessarar till. í tvo hluta. Annar tilheyrði þá skólakostnaðarl., en hinn hlutinn l. um skipulag ferðamála. Mér fannst kannske óþarflega mikið viðhaft af ekki stærra máli að vera að flytja það í tvennu lagi og hef satt að segja ekki áttað mig á því, að það væri til mikils tjóns, þó að þetta ákvæði væri í ferðamálal. En mér þykir rétt, að tækifæri gefist til að skoða þessa hugmynd aðeins betur, og vil nú eindregið óska eftir því við forseta, af því að hér er um 3. umr. málsins að ræða, að hann frestaði umr. og gæfi kost á því, að málið yrði skoðað, þar til næst verður fundur í deildinni.

Umr. frestað.

Vísindaleg verndun fiskimiða landgrunnsins, frv. (þskj. 92). — 1. umr.

Sjútvrh. (Lúðvík Jósepsson): Herra forseti. Með þessu frv. er gert ráð fyrir, að gera þá breyt. á landgrunnslögunum frá árinu 1948, um vísindalega verndun fiskimiða landgrunnsins, að heimilt verði samkv. þeim lögum að færa fiskveiðimörkin við landið ekki aðeins út yfir allt landgrunnshafið í kringum landið, heldur allt að 200 sjómílum út frá grunnlínum, eins og segir 1. gr. frv.

Öllum hv. þdm. er kunnugt, að nú er rætt mikið um það, að ef til vill takist að fá allvíðtækt samkomulag á alþjóðavettvangi um, að strandríki megi taka sér allt að 200 mílna fiskveiðilandhelgi. Íslendingar hafa, þar sem þessi mál hafa verið rædd erlendis, tekið skýrt fram, að þeir eru fylgjandi þeirri stefnu, að strandríki fái slíkan rétt, og fulltrúar okkar hafa þegar flutt till. í þá átt. Það er því enginn vafi á því, að það er afstaða okkar Íslendinga að styðja þá meginstefnu. Það er því skoðun ríkisstj., að rétt sé að fá fram breyt. á landgrunnsl. frá árinu 1948 í þessa átt, þannig að það liggi fyrir lagaleg heimild til þess að færa landhelgismörkin allt út í 200 sjómílur frá grunnlínum, séu aðstæður að öðru leyti taldar til þess að framkvæma slíkt. Það hefur þótt rétt að setja þetta í landgrunnslögin. Á þeim lögum höfum við byggt allar okkar aðgerðir í fiskveiðilögsögumálum, síðan þau lög voru sett, og er því eðlilegt, að þessi heimild verði sett inn í þessi lög og þau verði notuð þannig áfram.

Nú verður að játa það, að þó að landgrunnslögin frá árinu 1948 miðuðu við landgrunnshafið, þá er ekki fyllilega ljóst, hvað langt það getur náð út frá landi eða við hvaða mörk skuli þar miða, m. a. vegna margbreytilegra till., sem upp hafa komið á síðari árum um það, við hvað skuli miða landgrunn. Því er það, að nauðsynlegt er að taka skýrt fram, ef ætlunin er að undirstrika þessa stefnuyfirlýsingu okkar, að það sé ekki aðeins miðað við einhverja sérstaka skilgreiningu á landgrunni, heldur einnig miðað við rétt til þess að fara allt að 200 sjómílum út frá landinu.

Mál þetta hefur þegar verið afgreitt í hv. Nd., og var algjör samstaða um það þar. Þar komu fram aths. í umr. um málið um það, að ef til vill væri rétt að gera ráð fyrir því í þeirri breyt., sem á þessum lögum yrði gerð, að þó að talað væri um allt að 200 sjómílur út frá grunnlínum, þá skyldi þó miðað við miðlínu á milli landa, þar sem skemmra væri á milli landa en sem nemur 400 sjómílum. Þetta á við í þeim tilfellum, þar sem um er að ræða landhelgismörk á milli Íslands og Færeyja og Íslands og Grænlands. En þeir sérfræðingar, sem unnu að því að semja þetta frv., töldu réttara að hafa það orðalag, sem er í 1. gr. frv., en að setja inn í frv. nokkurn hlut um miðlínureglur, m. a. vegna þess, að það eru uppi ýmis sjónarmið um það, við hvað skuli miða þessar miðlínureglur. Það hefur því ekki þótt rétt né þörf á því að setja inn sérstök ákvæði af okkar hálfu, sem bindi okkur á þann hátt við sérstaka miðlínureglu. En það gefur hins vegar auga leið, að það er ætlun okkar að ganga til samninga t. d. við Færeyinga og Grænlendinga varðandi setningu marka á milli þessara landa samkv. þessari heimild, þegar þar að kemur, og yrði þá að sjálfsögðu stuðst við þau almennu ákvæði, sem

viðurkennd væru í slíkum tilfellum af alþjóðlegum reglum.

Við þá athugun, sem fram fór á frv. í hv. Nd., varð sjútvn. þar einnig sammála um það, eftir að hafa hugað nánar að málinu, og sömuleiðis þeir hv. þm. í Nd., sem höfðu m.a. vakið máls á þessu, að réttast væri að hafa það orðalag í þessum efnum, sem er í gr., og gera hér ekki á breyt., þó að þetta væri sú hugmynd, sem á bak við stæði frá okkar hálfu, að miða við eðlilega miðlínureglu á milli landa, þar sem svona stendur á.

Ég tel mjög mikilvægt, að þessi breyt. nái fram að ganga og það sem fyrst, til þess að það liggi alveg ljóst fyrir, þegar Alþjóðahafréttarráðstefnan kemur saman, að við Íslendingar höfum þegar fest í lög hjá okkur heimild okkar til þess að taka okkur svona víðáttumikla fiskveiðilandhelgi. Það undirstrikar enn frekar afstöðu okkar í þessum efnum, og síðan yrði að sjálfsögðu á valdi íslenskra stjórnvalda að ákveða, hvenær tími er til að notfæra sér slíka heimild sem þarna væri þá komin í lög.

Ég sé ekki ástæðu til að ræða þetta mál í löngu máli hér að þessu sinni. Málið er þegar allmikið rætt og öllum vel kunnugt, og ég treysti á það, að hér geti orðið full samstaða um afgreiðslu á þessu máli, eins og tókst í hv. Nd. Ég skal því ekki lengja þessar umr. frekar, nema sérstakt tilefni gefist til.

Herra forseti. Ég legg til, að að lokinni þessari umr. verði frv. vísað til hv. sjútvn. til fyrirgreiðslu.

Geir Hallgrímsson: Herra forseti. Snemma á þessu þingi fluttum við þm. Sjálfstfl. till. til þál. í Sþ. um útfærslu fiskveiðilögsögunnar í 200 sjómílur og var í þeirri till. gert ráð fyrir því, að ríkisstj. yrði falið að undirbúa breyt. á lögum, sem nauðsynleg þætti í þeim tilgangi. Ríkisstj. flutti nokkru síðar frv. til l., sem nú er hér til 1. umr. í Ed., og vil ég lýsa því yfir, að við sjálfstæðismenn munum auðvitað fylgja því.

Í utanrmn., sem hefur til meðferðar till. okkar sjálfstæðismanna um útfærslu í 200 sjómílur fyrir árslok 1974, hefur þetta frv. verið rætt og nokkurt samráð verið haft við sjútvn. Nd. þar að lútandi.

Í þeim umr. hefur komið til orða, hvort rétt væri að sameina landgrunnslögin frá 1948 og hafsbotnslögin frá 1969. Að athuguðu máli þótti það ekki rétt. Hefur verið á það bent, að landgrunnslögin eru einmitt sterk fyrir okkar málstað, af því að þau eru sett þegar á árinu 1948, þannig að við getum bent á það í baráttu okkar fyrir víðáttumeiri auðlindalögsögu eða fiskveiðilögsögu, að við höfum þegar stigið þetta skref á árinu 1948.

Þá hefur það og komið til orða, hvort rétt væri að setja ákveðna sjómílnatölu í hafsbotnslögin, en sömuleiðis að athuguðu máli þótti það ekki rétt á þessu stigi málsins. Í hafsbotnslögunum er miðað við hagnýtingarmörk sem í ákveðnum tilfellum geta náð lengra út en 200 sjómílur, og þótti ástæðulaust á þessu stigi málsins að draga nokkuð í land í þeim efnum. En að svo miklu leyti sem um var að ræða auðlindir á hafsbotni innan við 200 sjómílur, en utan núverandi hagnýtingarmarka, þótti slík breyting ekki hafa þýðingu á þessu stigi, þar sem við gætum hvort eð er ekki hagnýtt þær auðlindir.

Ég vildi láta þessi atriði koma fram, auk þess sem ég legg áherslu á, að nú, þegar þetta frv. er komið til meðferðar í seinni deild, skili utanrmn. áliti um þáltill. okkar sjálfstæðismanna og hún hljóti jákvæða afgreiðslu hér á hv. Alþ.

Jón Árnason: Herra forseti. Ég skal vera fáorður við þessa umræðu, þar sem ég hef aðstöðu til þess að skoða málið nánar í þeirri n., sem fær málið til meðferðar, sjútvn. En ég vil aðeins segja, að vitanlega erum við sammála um að taka undir það, sem í þessu frv. felst varðandi ákvæði um landgrunnslögin, og rétt er það, að við höfum alltaf byggt okkar aðgerðir, Íslendingar, varðandi útfærsluna á landgrunnslögunum, fyrst úr 3 í 4 mílur 1952, síðan úr 4 í 12 1958, og síðasta útfærsla landhelginnar í 50 sjómílur var einnig byggð á þessum sömu lögum. Hitt er svo annað mál, sem mér finnst fljótt á litið a.m.k. orka tvímælis í sambandi við orðalag, þegar talað er um „innan endimarka landgrunnsins“, að tengja það við þessa tölu, 200 sjómílur. Ég tel, að þetta sé ekki nógu athugað mál. Við munum eftir því, þegar landgrunnslögin voru samþykkt á sínum tíma, 1948, að þá var yfirleitt miðað við 200 m. dýpi. Núna eru hagnýtingarmörkin orðin miklu meiri, og við vitum í sambandi við síðustu útfærslu, að þá erum við komnir sem næst 700 m. dýptarlínu, þannig að landgrunnið getur ekki miðast við 200 mílna landhelgi eða neitt annað, sem hægt er að ákveða í dag. Endimörk landgrunnsins hljóta að verða miklu meira en 200 mílur innan ekki langs tíma, vegna þess að hagnýtingarmöguleikarnir varðandi sjálfar fiskveiðarnar ná miklu lengra út frá ströndinni en áður. Ég tel að athuga þurfi betur, þar sem stendur í frv. „innan endimarka landgrunnsins“, að hnýta það ekki saman við 200 sjómílurnar, því að það finnst mér ekki geta staðist, og í framtíðinni hljótum við að miða sjálft landgrunnið við hagnýtingarmörk, sem um er að ræða hverju sinni.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 14 shlj. atkv. og til sjútvn. með 15 shlj. atkv.

Veiting prestakalla, frv. (þskj. 200, n. 523). — 2. umr.

Frsm. (Ragnar Arnalds): Herra forseti. Frv. til l. um veitingu prestakalla var flutt af menntmn. seint á síðasta þingi að beiðni hæstv. dómsmrh., en frv. kom fram seint, eins og ég sagði, og varð ekki útrætt. Hins vegar gafst þá tækifæri til að senda frv. til allra prófasta landsins með beiðni um, að leitað yrði umsagnar um frv. innan þess prófastsdæmis. Í haust flutti n. frv. öðru sinni og í það sinn að beiðni biskups. Í bæði skiptin var skýrt tekið fram, að í flutn-

ingi málsins fælist ekki efnisleg afstaða til þess, en frv. væri flutt til þess að gefa mönnum kost á að taka afstöðu til þess hér á Alþingi.

Vegna þess að frv. var sent til umsagnar á þinginu í fyrra, hefur n. haft aðstöðu til að fá margar umsagnir um frv., og frá þeim er greint í nál. á þskj. 523. Umsagnir um frv. voru sem sagt mjög misjafnar. Jákvæðar umsagnir bárust úr Eyjafjarðarprófastsdæmi, Austfjarðaprófastsdæmi, Skagafjarðarprófastsdæmi og frá sóknarnefnd Grensássóknar, héraðsfundi Ísafjarðarprófastsdæmis, guðfræðideild Háskóla Íslands og Prestafélagi Íslands. Andmæli bárust hins vegar frá ekki færri aðilum, þ. á m. frá dómprófasti Reykjavíkurprófastsdæmis, safnaðarstjórn og safnaðarfulltrúa Digranessóknar í Kópavogi, safnaðarnefnd Kársnesprestakalls í Kópavogi og prófasti Kjalarnesþings. Prófastur Rangárvallarprófastsdæmis ritaði n. og sagðist hafa borið þetta mál undir söfnuði sína, og bárust svör frá 8 af 16 söfnuðum, og voru þessir 8 söfnuðir allir andvígir frv. Prófastur Húnavatnsprófastsdæmis kvaðst hafa fengið jákvæðar undirtektir við frv. í 6 sóknum, en neikvæðar í öðrum 6. Prófastur Ísafjarðarprófastsdæmis ritaði sérstakt bréf, en eins og áður var fram tekið, reyndist héraðsfundur Ísafjarðarprófastsdæmis meðmæltur frv., en prófasturinn sjálfur tók það fram, að hann vildi persónulega ekki samþykkja frv. Hann væri að vísu því hlynntur, að prestskosningar yrðu afnumdar, en prest ætti að ráða í embætti eftir sama fyrirkomulagi og gildir um aðra embættismenn. Og það er rétt að taka fram, að afstaða svipuð þeirri, sem nú síðast var lýst, kom fram hjá fjöldamörgum þeim, sem sendu n. álit sitt og lýstu yfir andstöðu við frv.

Við umr. í n. komu einkum fram þrenns konar sjónarmið. Í fyrsta lagi er sá möguleikinn fyrir hendi, að prestar verði valdir til embætta með sama hætti og verið hefur. Í öðru lagi er sá möguleiki að samþykkja nýja skipan, eins og þá, sem gert er ráð fyrir í frv., sem hér er til umr., þ. e. a. s. að valdið til að velja presta verði framar öðru í höndum sóknarnefnda og safnaðarfulltrúa og að nokkru í höndum biskups. Og svo er þriðji möguleikinn, sá sem hér áður var nefndur, þ. e. a. s. að prestar yrðu valdir í embætti sín með sama hætti og aðrir embættismenn. Nm. voru á einu máli um það, að ekki væri eðlilegt að samþykkja frv., eins og það var lagt fyrir deildina, en skoðanir voru nokkuð skiptar um það, hvaða leið skyldi helst farin.

Ég get sagt það sem persónulega skoðun mína, að ég tel eðlilegt, að tekið verði til athugunar, hvort ekki sé kominn tími til að afnema prestskosningar, vegna þess að óánægja með núverandi kerfi virðist vera töluvert útbreidd og alveg sérstaklega meðal ýmissa kirkjunnar manna, svo sem presta, guðfræðinema og prófessora við háskólann. En mér finnst eðlilegast, ef að því verður horfið að fella niður prestskosningar, að þá verði prestar skipaðir í embætti sín með sama hætti og aðrir embættismenn. En ég tel, að til greina gæti komið, að safnaðarnefndir og ákveðinn hluti sóknarbúa hefðu rétt til að óska eftir prestskosningum og þá færu þær fram, ef slík ósk kæmi fram.

En þar sem nm. voru annars vegar sammála um það, að ekki væri skynsamlegt að taka upp það skipulag, sem fólgið er í því frv., sem hér er til umr., en töldu hins vegar eðlilegt, að málið yrði athugað frekar, og þá einkum, að almennir safnaðarfundir fengju meira tækifæri en verið hefur til að ræða um þetta mál, áður en það yrði til lykta leitt, var það niðurstaða n. að leggja til, að málinu yrði vísað til ríkisstj. í trausti þess, að hún legði fram nýtt frv. um breytingar á l. um veitingu prestakalla og hefði þá áður haft samráð við kirkjuþing og biskupsembættið og þá alveg sérstaklega fengið álit almennra safnaðarfunda sem allra víðast.

ATKVGR.

Till. á þskj. 523 um að vísa frv. til ríkisstj., samþ. með 16 shlj. atkv.

Neðri deild, 89. fundur.

Mánudaginn 25. mars, kl. 2. miðdegis.

Varamaður tekur þingsæti.

Forseti (Gils Guðmundsson): Mér hefur borist svohljóðandi bréf:

„Reykjavík, 22. mars 1974.

Samkv. beiðni Lárusar Jónssonar, 5. þm. Norðurl. e., sem nú er á förum til útlanda, leyfi ég mér með skírskotun til 138. gr. l. um kosningar til Alþingis að óska þess, að 2. varamaður hans, Jón G. Sólnes bankastjóri, taki á meðan sæti hans á Alþingi.

Virðingarfyllst,
Þorv. Garðar Kristjánsson.

Til forseta Nd. Alþingis."

Jón G. Sólnes hefur áður tekið sæti á þingi á þessu kjörtímabili, og býð ég hann nú velkominn til starfa.

Áður en gengið er til dagskrár, vil ég taka eftirfarandi fram: Hv. þdm. mega gera ráð fyrir því, að tvo næstu föstudaga verði fundarhöld hér á þingi og sömuleiðis tvo næstu laugardaga, ef þurfa þykir. Sömuleiðis er ekki óliklegt, að komi til kvöldfunda einhvern daginn eða einhverja daga í vikunni. Æskilegt væri, að hv. þdm. sæju sér fært að haga sínum fyrirætlunum í samræmi við þetta.

Í öðru lagi vil ég taka það fram, áður en gengið er til dagskrár, að þrír hv. þdm. hafa óskað þess að taka hér til máls utan dagskrár, og verður að sjálfsögðu orðið við þeim tilmælum. En með hliðsjón af því, að við höfum hér fyrir okkur dagskrá með 14 málum, þar sem mér sýnist, að um það bil helmingurinn séu mál af því tagi, að ekki taki langan tíma að afgreiða þau og ekki kosti mjög miklar umr., þá mun ég nú freista þess að þoka þeim málum áfram, en mun hins vegar nokkru síðar á þessum fundi gefa þeim hv. þm. kost á að taka til máls utan dagskrár, sem fram á það hafa farið, og vænti ég, að þeir sætti sig við það fyrirkomulag, sem ég hygg, að sé til bóta fyrir störf hv. þd., þar sem

allir eru á einu máli um ýmis af þeim málum, sem nú eru á dagskrá.

Bygging staðlaðs húsnæðis til eflingar iðnaði, frv. (þskj. 521). — Frh. 1. umr.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 31 shlj. atkv. og til iðnn. með 31 shlj. atkv.

Tannlækningar, frv. (þskj. 65, n. 543, 544). — 2. umr.

Frsm. (Jón Skaftason): Herra forseti. Heilbr.- og trn. þessarar hv. d. hefur að undanförnu haft til athugunar frv. til l. um tannlækningar. Málið er komið frá Ed., sem samþykkti það, sbr. nál. heilbr.- og trn. Ed., en með nokkrum brtt. Heilbr.- og trn. þessarar hv. d. mælir sömuleiðis með samþykkt þessa frv. með nokkrum breyt., sem liggja frammi á þskj. 544 og ég ætla með örfáum orðum að víkja nokkuð að.

1. brtt. n. á þessu þskj. er við 2. gr. frv. 1. mgr. Leggur n. til, að mgr. orðist svo:

„Leyfi samkv. 1. gr. skal veita þeim, sem lokið hefur prófi frá tannlæknadeild Háskóla Íslands og hefur meðmæli deildarinnar og landlæknis."

Þessi breyt. gengur út á það, að fellt er niður ákvæði 2. gr. frv. um, að skilyrði til slíks leyfis sé m. a. íslenskur ríkisborgararéttur, og aðrar minni háttar breyt. eru líka fólgnar í þessari brtt. n., sem eru ljósar við samlestur á brtt. og sjálfu frv.

2. brtt. heilbr.- og trn. lýtur að 3. gr. frv. Þar er lagt til, að 2. mgr. 3. gr. falli niður, en hún hljóðar svo:

„Tannlæknadeild Háskóla Íslands getur sett það skilyrði fyrir meðmælum sínum, að umsækjandi sanni fyrir henni, að próf hans sé sambærilegt að gæðum við próf frá deildinni."

Við teljum í n., að sú breyt., sem við leggjum til við 2. gr. og ég var hér að lýsa áðan, nái til þessa atriðis og þegar af þeirri ástæðu þurfi ekki að hafa það í frvgr.

3. brtt. lýtur að 4. gr. frv. N. leggur til, að hún falli niður. Við teljum í n. að hún sé ónauðsynleg miðað við þær breyt., sem við höfum lagt til við 2. gr. frv.

4. brtt. n. lýtur að 5. gr. frv. N. leggur til, að 1. mgr. orðist svo, A-liður:

„Ef nauðsyn krefur, má um stundarsakir fela tannlæknisefni, sem lokið hefur 10 missira námi við tannlæknadeild Háskóla Íslands, að gegna störfum tannlæknis eða aðstoðartannlæknis, þar sem aðstaða er fyrir hendi, en ekki hefur reynst unnt að fá tannlækni til starfa, og hefur hann þá tímabundið tannlækningaleyfi á meðan."

Breyt. felst í því, að hér er lagt til, að tannlæknanemi á síðasta námsári geti öðlast þessi réttindi. Þessi breyting er gerð m. a. vegna tilmæla frá tannlæknanemum, og er hún gerð í samráði við rn. eða Jón Ingimarsson, sem af rn. hálfu var skipaður sem einn af þeim nm., er undirbjuggu frv. til l. um tannlækningar.

B-liður þessarar 4. brtt. lýtur að því að fella niður úr 2. mgr. 5. gr. orðið „jafnan".

5. brtt. n. lýtur að 6. gr. frv. N. leggur til, að úr 1. mgr. falli niður „svo og tannréttingar og hvers konar gervitannagerð." Þetta er ekki mikil breyt. eða nánast engin efnisbreyt., en n. þótti réttara að leggja til, að þetta félli niður.

6. brtt. n. lýtur að 7. gr. N. leggur til, að 7. gr. orðist svo:

„Enginn tannlæknir má kalla sig sérfræðing, nema hann hafi fengið til þess leyfi ráðh. Tannlæknadeild háskólans setur reglur um nám sérfræðinga, er ráðh. staðfestir, og getur enginn fengið leyfi til þess að kalla sig sérfræðing, nema hann sanni fyrir tannlæknadeildinni, að hann hafi lokið slíku námi.

Tannlæknir á rétt á leyfi til að kalla sig sérfræðing, ef hann sannar fyrir tannlæknadeild háskólans, að hann hafi lokið tilskildu sérfræðinámi, og landlæknir mælir með leyfisveitingunni."

Þessi breyt. er gerð til samræmis við gildandi læknal. í landinu. N. fannst ástæðulaust annað en að hafa hér gildandi sambærilegar reglur um heimild tannlækna til þess að öðlast sérfræðingsheiti og gilda í hinum almennu læknalögum.

7. brtt. n. lýtur að 9. gr., sem lagt er til, að orðist svo:

„Tannlæknum er heimilt að hafa sérhæft starfsfólk, svo sem tannsmiði, tanntækna o.fl., enda hafi það, hvert á sínu sviði, hlotið löggildingu heilbrrh. að loknu viðurkenndu námi og prófi, svo sem mælt er fyrir í l. um tæknimenntaðar heilbrigðisstéttir. Enn fremur er tannlæknum heimilt að láta tannlæknisefni, sem lokið hefur 10 missira námi við tannlæknadeild Háskóla Íslands, aðstoða sig við tannlæknisstörf, að svo miklu leyti sem tannlæknir treystir þeim til og tannlæknadeild Háskóla Íslands mælir með."

Hér er ekki um veigamikla efnisbreyt. að ræða að mínu viti og skýrir brtt. sig sjálf.

Þá kem ég að síðustu brtt. n., þeirri 8. Hún lýtur að 12. gr. frv., sem n. leggur til, að falli niður. 12. gr. frv. lýtur að takmörkunum á heimild tannlækna til þess að auglýsa sjálfa sig og starfsemi sína, og er að finna í henni nokkuð sérstæðar reglur. Ástæðan til þess, að n. telur ekki þörf á og n. er alveg sammála um að hafa þessa gr. ekki inni í sjálfu frv., er sú, að í hinum almennu læknalögum er að finna reglu um heimildir lækna til auglýsingastarfsemi fyrir sjálfa sig og starfsemi sína, sem við teljum í n., að eðlilegast sé, að gildi líka um auglýsingar tannlækna. Auk þess sýnist n. eðlilegt, að Tannlæknafélag Íslands geti tekið hverjar þær aðrar reglur um þetta atriði, sem ekki er að finna í hinum almennu læknalögum, upp í sínar siðareglur, því að ég geri ráð fyrir, að tannlæknar hafi eins og margar aðrar háskólamenntaðar stéttir siðareglur til þess að fara eftir.

Ég sé svo, herra forseti, ekki ástæðu til þess að fara fleiri orðum um þetta frv. hér við 2. umr., en ítreka, að n. mælir með samþykkt frv. shlj. með þeim breyt., sem ég var að gera grein fyrir með örfáum orðum.

ATKVGR.

1. gr. samþ. með 34 shlj. atkv.
Brtt. 544,1 samþ. með 34 shlj. atkv.
2. gr., svo breytt, samþ. með 34 shlj. atkv.
Brtt. 544,2 samþ. með 33 shlj. atkv.
3. gr., svo breytt, samþ. með 34 shlj. atkv.
Brtt. 544, 3 (4. gr. falli niður) samþ. með 35 shlj. atkv.
Brtt. 544,4 samþ. með 35 shlj. atkv.
5. gr. (verður 4. gr.), svo breytt, samþ. með 35 shlj. atkv.
Brtt. 544,5 samþ. með 35 shlj. atkv.
6. gr. (verður 5. gr.), svo breytt, samþ. með 35 shlj. atkv.
Brtt. 544,6 (ný 7. gr., verður 6. gr.), samþ. með 34 shlj. atkv.
8. gr. (verður 7. gr.) samþ. með 34 shlj. atkv.
Brtt. 544,7 (ný 9. gr., verður 8. gr.) samþ. með 34 shlj. atkv.
10.—11. gr. (verða 9.—10. gr.) samþ. með 35 shlj. atkv.
Brtt. 544,8 (12. gr. falli niður) samþ. með 34 shlj. atkv.
13.—17. gr. (verða 11.—15. gr.) samþ. með 35 shlj. atkv.
Ákvæði til bráðabirgða samþ. með 34 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 35 shlj. atkv.

Kosningar til Alþingis, frv. (þskj. 353). — 3. umr.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 30 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 577).

Kaupstaðarréttindi til handa Bolungarvíkurkauptúni frv. (þskj. 161, n. 540). — 2. umr.

Frsm. (Hannibal Valdimarsson): Herra forseti. Félmn. hefur fjallað um frv. til l. um kaupstaðarréttindi til handa Bolungarvíkurkauptúni, sem raunar er frv. til l. um kaupstaðarréttindi til handa Hólshreppi í N.-Ísafjarðarsýslu.

Nokkuð samtímis og þetta frv. kom fram bárust n. einnig frv. um kaupstaðarréttindi til handa tveimur öðrum stöðum, þ. e. a. s. Seltjarnarneshreppi og Dalvíkurkauptúni. Enn fremur hafði hv. Ed. borist sams konar frv. um kaupstaðarréttindi til handa tveimur öðrum stöðum, þ. e. a. s. Eskifirði og Grindavík. Það var því sýnt, að þarna voru á ferðinni 5 frv. öll sama eðlis, þ. e. a. s. um það, að hreppsfélög vildu fá kaupstaðarréttindi. Af þessu varð strax ljóst, að ekki yrði komist hjá, ef frv. yrðu samþ., eins og þau lágu fyrir, að stofna til allmargra embætta, þ. e. a. s. bæjarfógetaembætta, a. m. k. á þeim stöðum, þar sem ekki væri fyrir lögreglustjóraembætti eða sýslumaður ætti setu, svo sem var t. d. á Eskifirði og í Bolungarvík, en þar er lögreglustjóri, en á hinum 3 stöðunum hefði orðið að stofna alveg frá grunni bæjarfógetaembætti. Nú þykjast allir vera andvígir því, að embættismannakerfið þenjist út, og það var líka fljótt ljóst í hv. n., að mönnum hraus nokkuð hugur við því að stofna til fógetaembætta í sambandi við þessi frv. Var því haft samband við dómsmrn. um það, hvort hægt væri að afgr. þessi frv. með þeim hætti, að ekki yrði stofnað til bæjarfógetaembætta með öllu því, sem þeim fylgir, þrátt fyrir það að orðið yrði við vilja fólksins í heimahéruðum um það að stofnað yrði til kaupstaðar á þessum stöðum. Dómsmrn. var sama sinnis og nm., að gera bæri ráðstafanir til þess að komast hjá þessum embættastofnunum, ef unnt væri, og gerði till. um það til n. Einnig sendi n. þessi frv. til umsagnar svokallaðrar réttarfarsnefndar, og frá henni kom einnig álit þess efnis, að æskilegt væri, að ekki væri stofnað til nýrra embætta, ef hægt væri að komast hjá því, á meðan sú n. væri að athuga svipuð mál um dómaskipunina í landinu. Nm. voru sammála um, að taka bæri tillit til óska dómsmrn. og réttarfarsnefndar, með því líka að nm. höfðu frá öndverðu haft svipuð sjónarmið gagnvart þessum frv.

Hins vegar kom sú skoðun fram í hv. n., að við það, að þessir staðir öðluðust bæjarréttindi, yrðu sýslufélögin, sem þau hafa fram að þessu verið meðlimir í, miklu veikari eftir en áður. Að því leyti sem þessi fjölmennu kauptún, sem hér um ræðir, hafa í sínum sveitarfélögum staðið undir sameiginlegum gjöldum við rekstur sýslufélagsins, en færu nú út úr sýslufélaginu, þá risi þarna nýtt vandamál, sem rétt væri með einhverjum hætti að koma til móts við, þótt ekki væri hægt að gera það í sambandi við afgreiðslu þessara frv. Ég læt það koma hér fram, að það var vilji fyrir því í félmn., að það mál yrði tekið upp til nánari athugunar, hvernig væri hægt að veita sýslufélögunum, eins og þau verða eftir þessa breyt., fjárhagslegan stuðning, sem bæti þeim það skarð, sem þarna verður fyrir skildi, við það, að þessi fjölmennu kauptún verða ekki lengur greiðendur í t. d. sýsluvegasjóði, og kann að koma fleira til.

Hefur orðið niðurstaðan í félmn. að afgreiða öll frv. um kaupstaðarréttindi, þ. e. a. s. Seltjarnarneshrepps, Dalvíkurkauptúns og Bolungarvíkur, með sama hætti, að svo miklu leyti sem við á, og er lagt til, að þetta frv. um kaupstaðarréttindi til handa Bolungarvíkurkauptúni verði samþ., en með nokkrum breyt. Skal ég nú gera grein fyrir breyt., sem n. leggur til að gerðar verði:

1. Við 2. gr. Till. er um það að hún orðist svo:

„Lögreglustjórinn í Bolungarvík verður bæjarfógeti í Bolungarvíkurkaupstað. Hann hefur á hendi sömu störf og öðrum bæjarfógetum eru falin í sínum umdæmum og með þeim kjörum, sem þeim eru ákveðin."

2. brtt. er við 3. gr., og hún er á þá lund, að gr. orðist svo:

„Dómsmrh. skipar fyrir um, hvernig málum þeim við embætti sýslumannsins í Ísafjarðarsýslu, sem varða hagsmuni í Hólshreppi og ekki eru útkljáð, þegar l. þessi öðlast gildi, skuli skipt milli sýslumannsins í Ísafjarðarsýslu og bæjarfógetans í Bolungarvíkurkaupstað."

Þannig er n. sammála um, að 3. gr. verði, en að vísu hefði alveg eins mátt skipa þessu á þann

veg, að þetta væri í bráðabirgðaákvæði, og meira er um þess háttar efnisþætti, sem ættu þar kannske frekar heima, en n. gerði að till. sinni, að þetta yrði 3. gr. frv.

Þá flytur n. enn fremur brtt. við 6. gr. um það, að gr. orðist svo:

„Lög þessi öðlast þegar gildi. Jafnframt eru úr gildi fallin l. nr. 14 frá 25. jan. 1934“ — þ. e. a. s. lögin um lögreglustjóraembætti í Bolungarvík.

Þannig breytt leggur félmn. til, herra forseti, að frv. verði samþ.

ATKVGR.

1. gr. samþ. með 25 shlj. atkv.
Brtt. 540,1 (ný 2. gr.) samþ. með 21 shlj. atkv.
— 540,2 (ný 3. gr.) samþ. með 28 shlj. atkv.
4.—5. gr. samþ. með 25 shlj. atkv.
Brtt. 540,3 (ný 6. gr.) samþ. með 26 shlj. atkv.
Ákvæði til bráðabirgða samþ. með 29 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 25 shlj. atkv.

Umferðarlög, frv. (þskj. 515). — 1. umr.

Forsrh. (Ólafur Jóhannesson): Herra forseti. Þetta frv. hefur gengið í gegnum Ed., en þar hefur það tekið breyt. Þegar það var lagt fyrir hv. Ed. á sínum tíma, fjallaði það um tvö atriði. Annars vegar fól það í sér hækkun á vátryggingarfjárhæðinni í 70. gr. umferðarl. og hins vegar sérstaka fjáröflun til umferðarráðs. Það er svo, eins og kunnugt er, að umferðarlög leggja bótaábyrgð á hendur eigendum bifreiða og annarra skráningarskyldra ökutækja vegna slysa eða tjóna, sem hljótast af notkun þeirra, og gildir það jafnvel þótt slys eða tjón verði eigi rakið til bilunar eða galla á ökutæki eða ógætni annars. Vegna hinna miklu fjárhæða, sem um getur verið að ræða í hverju einstöku tjóni, og til að tryggja hagsmuni þeirra, sem fyrir tjóni verða, hefur þótt rétt að skylda eigendur ökutækjanna til að kaupa vátryggingu fyrir þessari áhættu. Eigi hefur þó til þessa þótt fært að skylda eigendur til að kaupa fulla vátryggingu á þessari áhættu, m. a. vegna kostnaðar og vegna annmarka, sem eru á því að fá endurtryggingu á slíkri áhættu. Þess í stað hafa eigendur verið skyldaðir til þess að kaupa lágmarkstryggingu, mismunandi háa eftir því, hvort um er að ræða bifreið, bifhjól, dráttarvél eða létt bifhjól. Þessar vátryggingarfjárhæðir hafa svo verið endurskoðaðar með nokkurra ára millibili, enda hefur verðlagsþróunin fljótlega gert þær úreltar. Vátryggingarfjárhæðirnar voru síðast hækkaðar á árinu 1970 með l. nr. 55 1970, voru ákveðnar 1 millj. fyrir létt bifhjól, 1½ millj. fyrir dráttarvélar og bifhjól og 3 millj. fyrir bifreiðar, sem flytja mega 10 farþega eða færri, en vátryggingarfjárhæðin hækkar síðan um 200 þús. fyrir hvern farþega, sem flytja má umfram 10. Vegna verðlagsþróunar þeirrar, sem hefur orðið frá árinu 1970, er lagt til, að þessar vátryggingarfjárhæðir verði tvöfaldaðar, og á þetta sjónarmið hefur hv. Ed. fallist.

Hins vegar var svo jafnframt í þessu frv., þegar það var upphaflega lagt fram, ákvæði um það, að til umferðarráðs skyldi greiða 1½% af iðgjöldum. Þetta ákvæði hefur hv. Ed. fellt niður.

Í framsöguræðu minni í hv. Ed. gerði ég nokkra grein fyrir störfum og verksviði umferðarráðs, hvaða fjárráð það hefur haft, hvaða óskir það hefur haft í því efni og að hve miklu leyti þær hafa verið teknar til greina. En með því að samþ. þá fjárveitingu með þessum hætti, sem lagt var til í þessu frv., má telja, að sæmilega vel hefði verið séð fyrir þörfum umferðarráðs. Ég ætla ekki að endurtaka neitt af því, sem ég sagði um þetta efni í Ed., en vil segja það, að ég geri ráð fyrir því, að öllum hv. alþm. sé ljós þýðing þess, að sem mest og best sé unnið gegn slysum, og ég er ekki í nokkrum vafa um, að starfsemi umferðarráðs miðar að því. En þar sem ég ætla mér ekki að taka þetta ákvæði upp aftur í þessari d., þá ætla ég að sleppa því að fara um það fleiri orðum, en vil vísa hv. n., sem fær málið til meðferðar, á ræðu mína í hv. Ed. um þetta, ef hún hefur hug á því að kynna sér það.

Þá gerði hv. Ed. nokkra breyt. á þeirri sjálfsábyrgð, sem hver bifreiðareigandi ber, lækkaði hana nokkuð frá því, sem gert var ráð fyrir í upphaflega frv., en þar var gert ráð fyrir því, að sama hlutfallsgreiðsla ætti sér þar stað. Um það hef ég ekkert sérstakt að segja, það getur verið álitamál, hversu sú upphæð á að vera há. En ég fyrir mitt leyti er ekki í nokkrum vafa um, að það var rétt ákvörðun að taka upp þessa sjálfsábyrgð á sínum tíma. Hún hefur nokkuð stuðlað að því að draga úr slysum.

Ég sé svo, herra forseti, ekki ástæðu til þess að fara fleiri orðum um þetta mál á þessu stigi. Ég veit, að hv. n. mun kynna sér það og getur þá fengið þær upplýsingar, sem fyrir hendi eru í dómsmrn. varðandi þetta mál. Ég leyfi mér aðeins að óska þess, að málinu verði að lokinni þessari umr. vísað til 2. umr. og hv. allshn.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 31 shlj. atkv. og til allshn. með 31 shlj. atkv.

Landsvirkjun, frv. (þskj. 432). — 1. umr.

Heilbr.- og trmrh. (Magnús Kjartansson): Herra forseti. Með þessu frv. er lagt til, að tveimur nýjum heimildum verði bætt inn í lög um Landsvirkjun.

Í fyrsta lagi verði ríkisstj. heimilt að ákveða, að ríkissjóður láni Landsvirkjun allt að 350 millj. kr. með þeim kjörum, sem fjmrh. ákveður.

Í annan stað er lagt til, að ríkisstj. sé heimilt að taka lán og endurlána Landsvirkjun í þessu skyni.

Hér er um að ræða lið í fjármögnun Sigölduvirkjunar til viðbótar auknum höfuðstólsframlögum ríkisins og Reykjavíkurborgar, fé úr rekstri Landsvirkjunar og öðrum lántökum. Þetta er sami háttur og á var hafður í sambandi við Búrfellsvirkjun, og er gert ráð fyrir því, að lánið standi að baki stofnlánum annarra aðila til virkjunarframkvæmdanna, þannig að árlegar greiðslur afborgana og vaxta af því verði háðar nettótekjum Landsvirkjunar að frádregnum öðr-

um lánagreiðslum á hlutaðeigandi fjárhagsári Landsvirkjunar.

Þetta mál hefur verið til afgreiðslu í Ed., og um það var enginn ágreiningur þar, og ég vænti þess, að sú verði einnig raunin hér í hv. Nd. En ég vil leyfa mér að beina því til hv. iðnn., sem fær málið til afgreiðslu, að það væri mjög æskilegt, ef hægt væri að gera frv. þetta að l. sem allra fyrst. Það stendur þannig á undirbúningi að lántökunum, að það er þörf á þessari lagaheimild.

Ég legg svo til, herra forseti, að frv. verði að lokinni 1. umr. vísað til 2. umr. og hv. iðnn.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 30 shlj. atkv. og til iðnn. með 28 shlj. atkv.

Umræður utan dagskrár.

Forseti (Gils Guðmundsson): Eins og ég gat um í upphafi fundar, höfðu fyrir fund 3 hv. þdm. farið þess á leit að fá að taka til máls utan dagskrár og beina fsp. til hæstv. forsrh., og verður nú orðið við þessum tilmælum.

Matthías Á. Mathiesen: Herra forseti. Ég vil, áður en ég hef mál mitt hér utan dagskrár, taka það fram, að mér finnst það ekki óeðlilegt, til þess að þingstörfin geti haldið eins og skyldi, þá fari forseti að eins og hann hér hefur gert, ljúki þeim málum, sem ágreiningslaus eru og hægt er að koma til n., og ljúki þeim atkvgr., sem fram fara. — En ástæðan fyrir því, að ég hef hér kvatt mér hljóðs, herra forseti, utan dagskrár, eru þau skoðanaskipti 3 ráðh. og formanns Samtaka frjálslyndra og vinstri manna, sem áttu sér stað í hljóðvarpi og sjónvarpi s. l. laugardag og sunnudag vegna samkomulags ríkisstj. um viðræðugrundvöll við Bandaríkjamenn um endurskoðun varnarsamningsins, sem utanrrh. afhenti utanrmn. s. l. föstudag sem trúnaðarmál. Orsök þessara furðulegu vinnubragða ráðh. mun vera sú, sem ekki verður hægt að skilgreina öðruvísi en sem trúnaðarbrot hæstv. iðnrh., Magnúsar Kjartanssonar, þegar hann í viðtali við dagblaðið Þjóðviljann s. l. laugardag lætur hafa eftir sér, í hverju viðræðugrundvöllurinn sé fólginn og hvað hann í raun og veru þýðir. Þessi vinnubrögð eru furðuleg, og ber harðlega að gagnrýna og mótmæla. Ráðh. lætur hafa eftir sér í dagblaði frásögn um skjal, sem afhent hefur verið af utanrrh. sem trúnaðarmál, í utanrmn., en ekki hefur enn verið lagt fram á Alþ. Ráðh. hefja skoðanaskipti, jafnvel komnir í hár saman í fjölmiðlum um málefni, sem farið er með sem trúnaðarmál í utanrmn. Alþ. og þjóðinni hefur ekki verið kunngert af réttum aðilum. Það eru hafnar deilur á opinberum vettvangi, ekki á Alþ., um það, hvort viðræðugrundvöllurinn, eins og skjalið er nefnt í fréttatilkynningu ríkisstj. s. l. laugardag, sé úrslitakostir ríkisstj. og hvort neitun eins af stjórnarfl. við breytt. á umræðugrundvellinum muni leiða til þess, að forsrh. telji sér skylt samkv. samkomulagi stjórnarfl. að leggja fram á Alþ. till. um uppsögn varnarsamningsins. Það er skoðun mín, að slík framkoma sé ekki ráðh. og Alþ. samboðin. Hér er ekki um neitt smámál að ræða, hér er um að ræða öryggismál íslensku þjóðarinnar, mál, sem varðar sjálfstæði og sjálfsákvörðunarrétt hennar, og stærra mál getur ekki fyrir borið.

Eins og málum er nú komið af völdum ráðh., tel ég ekki hjá því komist, að ríkisstj. birti viðræðugrundvöllinn nú þegar, svo að Alþ. fái tækifæri til þess að skoða málið og ræða og þjóðin öll fái frá réttum aðilum það samkomulag, sem stjórnarfl. hafa gert, en þurfi ekki að mynda sér skoðanir um málið eftir orðaskiptum ráðh. í hljóðvarpi og sjónvarpi. Hvort verður hægt að fá samhljóða skýringar eða skilning stjórnarfl. á þessu samkomulagi frekar en öðrum yfirlýsingum, sem ríkisstj. hefur gefið, skal hér engu um spáð, en tilefni hefur gefist til þess að spyrja hæstv. forsrh. nokkurra spurninga, sem e. t. v. gætu nú þegar varpað ljósi á hegðun ráðh. í máli því, sem nú er rætt um, og við fengið frá forsrh. skilning hans á þeim atriðum, sem ráðh. hafa í orðsendingum sínum gert aths. við.

Spurningar mínar til hæstv. forsrh. eru þessar:

1. Telur forsrh., að viðræðugrundvöllur ríkisstj. sé úrslitakostir til viðsemjenda?
2. Ef svo er ekki, telur forsrh. það skyldu sína að leggja fram till. um uppsögn varnarsamningsins, ef einn af stjórnarfl. neitar að samþ. breyt. á viðræðugrundvellinum, eins og hann hefur verið lagður fram?
3. Hefur utanrrh. umboð ríkisstj. til þess að gera breyt. á viðræðugrundvellinum, þegar umr. fara fram um endurskoðun varnarsamningsins?
4. Er forsrh., eins og málum er nú komið, ekki reiðubúinn að birta umræðugrundvöllinn opinberlega?

Hannibal Valdimarsson: Herra forseti. Ég hef kvatt mér hljóðs utan dagskrár til þess að fá úr því skorið á óyggjandi hátt, hvers eðlis till. þær í varnarmálum séu, sem hæstv. ríkisstj. gerði á fundi sínum, ég hygg s. l. fimmtudag. Og þegar ég spyr um, hvers eðlis þessar till séu, þá á ég við það, hvort þær séu úrslitakostir til gagnaðila eða hvort þær séu drög að umræðugrundvelli en ég hygg, að ýmsir ráðh. leggi þann skilning í það mál, og veit það.

Þegar dagblaðið Þjóðviljinn kom út s. l. laugardag, sá ég, að þar var á forsíðu mikil grein, sem var í raun og veru viðtal við hæstv. iðnrh. Og af þeirri grein var ekki annað að sjá en að þarna væri um hreina úrslitakosti að ræða, og vakti það strax furðu mína, því að mér fannst tæpast vera hægt að fara þannig af stað með fyrstu till. ísl. ríkisstj., þar sem hún væri að hefja endurskoðunarviðræður sínar við Bandaríkin í raun og veru. Ég átti því tal um þetta við ráðh. Samtaka frjálslyndra og vinstri manna, þá Björn Jónsson og Magnús Torfa Ólafsson, og þegar við höfðum athugað ummæli Þjóðviljans þá kom okkur saman um, að það væri nauðsynlegt að fá birta yfirlýsingu frá okkar hendi varðandi þetta mál. Þannig hafði verið á málum haldið, að þessi frásögn hæstv. iðnrh. var birt, þegar vitað var, að engin dagblöð kæmu

út næstu daga, a.m.k. ekki til næsta þriðjudags og e.t.v. ekki um lengri tíma, þar sem verkfall hafði verið boðað. Þess vegna töldum við rétt, að það kæmi fram strax í fjölmiðlum, hljóðvarpi og sjónvarpi, að sá skilningur, sem hæstv. iðnrh. legði í þessar till., væri ekki réttur að okkar dómi. Það er rétt, að ég lesi hér orðrétt þá orðsendingu, sem við fengum birta í útvarpinu á laugardagskvöldið. Þar segir svo, með leyfi hæstv. forseta:

„Í Þjóðviljanum í dag, laugardaginn 23. mars, segir svo í forsíðugrein undir fyrirsögninni „Herinn burt“: „Nú reynir á framkvæmdina, en það mun liggja fyrir innan næstu vikna, hvort Bandaríkjamenn fallast á till. ríkisstj. eða hvort Alþ. segir upp herstöðvasamningnum, eins og ríkisstj. mun gera till. um, ef Bandaríkjamenn fallast ekki á till. ísl. ríkisstj.“

Samkv. þessu voru fyrstu till. Íslendinga í endurskoðunarviðræðunum jafnframt úrslitakostir, það dylst engum. En það er alrangt, og verður að mótmæla því harðlega. Hér er í fyrsta lagi fullyrt, að Alþ. segi herstöðvasamningnum upp, ef Bandaríkjamenn fallist ekki á þessar fyrstu till. ríkisstj. Í annan stað er hér fullyrt, að ríkisstj. muni leggja fram till. um uppsögn herstöðvasamningsins, ef Bandaríkjamenn fallist ekki á till. ísl. ríkisstj. eins og þær liggja fyrir.

Báðar þessar staðhæfingar eru rangar. Allir vita, að ekkert er kunnugt um, hvað Alþingi geri, ef þessum till. verði hafnað. Til þess kasta, þ. e. a. s. þingsins, hefur málið ekki ennþá komið. Þá er seinni fullyrðingin einnig gagnstæð hinu rétta. Ráðherrar Alþbl. hafa að undanförnu krafist þess, að till. þær, sem ríkisstj. nú legði fram, yrðu jafnframt úrslitakostir. Þeim kröfum hafa bæði ráðh. Framsóknar og SF hafnað og talið slíkt ósæmileg vinnubrögð, fyrstu tillögur af okkar hendi geta ekki jafnframt verið úrslitakostir og enginn geti bundið afstöðu sína til væntanlegra gagntill. Bandaríkjamanna fyrir fram. Það yrði þá fyrst gert, er þær hefðu borist og hlotið nauðsynlega skoðun.

Það eitt er því sannleikanum samkv. í þessu máli, að ríkisstj. hefur enga úrslitakosti sett, heldur aðeins komið sér saman um fyrstu till. af okkar hendi í viðræðunum um endurskoðun varnarsamningsins frá 1951 við Bandaríki Norður-Ameríku.

Reykjavík, 23. mars 1974.

Hannibal Valdimarsson,
formaður SF.

Magnús T. Ólafsson,
menntmrh.

Björn Jónsson,
fél.- og samgrh.“

Þegar þessi mótmæli okkar og leiðrétting hafði verið birt, þá var vikið að þessu í útvarpi á sunnudaginn og samkv. útskrift, sem ég hef frá útvarpinu um það, hvað Magnús Kjartansson iðnrh. hafði sagt, stendur þetta. Ráðh. sagði:

„Það hefur aldrei verið okkar ætlun að leggja fram úrslitakosti. Íslendingar hafa yfirleitt ekki þann hátt á, hvorki í viðræðum við aðrar þjóðir né sín á milli. Hitt er alveg ljóst, að hér hefur verið gert samkomulag á milli stjórnarflokkanna, og því samkomulagi verður ekki breytt, nema allir stjórnarflokkarnir séu sammála um það.“

Fyrst er hér viðurkennt, að ekki sé um úrslitakosti að ræða, en svo er fullyrt, að samkomulag hafi orðið á milli ríkisstjórnarflokkanna og því samkomulagi verði ekki breytt, nema allir stjórnarflokkarnir séu sammála um það.

Nú var aðallega vitnað í formála að hinni miklu grein, sem var aðdragandi að viðtalinu við hæstv. iðnrh., Magnús Kjartansson, og nú kynnu menn að segja: Hugsanlegt væri það, að dagblaðið Þjóðviljinn hafi nú einu sinni hallað réttu máli og hallað á sinn ráðh. og ekki farið rétt með hans fullyrðingar. Þess vegna tel ég nauðsynlegt að grandskoða það, hvort þetta eru fullyrðingar blaðsins og styðjist ekki við það, sem ráðh. sagði í viðtalinu. Ég fór því vandlega í gegnum viðtalið sjálft, og þar var ekkert um að villast, blaðið hafði ekki hallað orðum ráðh., heldur hafði ráðh. ekki aðeins einu sinni heldur þrisvar í viðtalinu fullyrt, að hér væri um óumbreytanlegar, endanlegar till. að ræða af hendi ríkisstj., og skal það nú rakið frá orði til orðs, eins og í viðtalinu stendur.

Það er strax í upphafi viðtalsins, sem við lesum svohljóðandi kafla, með leyfi hæstv. forseta, orðrétt:

„Nú hefur endanlega verið gengið frá brottflutningi bandaríska hersins frá Íslandi og áfangaskiptum brottflutningsins“. — Endanlega verið gengið frá brottflutningi bandaríska hersins frá Íslandi. Nokkru seinna í viðtalinu kemur að vísu afsökun um, að brottflutningurinn dragist um eitt ár, en síðan segir orðrétt: „En hitt er að sjálfsögðu meginatriði þessa máls, að nú hefur verið tekin endanleg ákvörðun um það, hvernig brottflutningi herliðsins verði háttað og settar hafi verið ákveðnar dagsetningar í því skyni.“ — Þarna er ekki verið að gefa í skyn, að hér hafi verið lögð fram drög að umræðugrundvelli, heldur er sagt, að hér sé um endanlega ákvörðun að ræða og hvernig brottflutningi herliðsins verði háttað, og settar um það ákveðnar dagsetningar. Ekki er hér með búið. Það þarf að undirstrika enn betur, að hér sé um úrslitakosti og ekkert annað að ræða, því að undir lok viðtalsins segir hæstv. iðnrh. orðrétt: „Hins vegar er nú fastmælum bundið í ríkisstj., hvernig herinn fer að fullu og öllu, og gengið hefur verið frá öllum áföngum í því sambandi. Framkvæmd á þessum ákvæðum samkomulags ríkisstj. er aðeins áfangi, en full framkvæmd þess samkomulags styrkir mjög aðstöðu okkar til að halda baráttunni áfram og að leiða hana til endanlegs sigurs.“ — Þetta er enn orðrétt eftir ráðh. haft í samtalinu: „Í þessu sambandi er afar mikilvægt, að sem allra víðtækust samstaða takist um framkvæmd þessarar ákvörðunar ríkisstj., svo að unnt verði að tryggja það, að hún verði að veruleika á tilteknum tíma.“

Hvernig er nú hægt að hefja framkvæmdir á fyrstu drögum samkomulagsgrundvallar? Það er vitanlega ekki hægt. Hér er sífellt talað um og margendurtekið, að hér sé um endanlegar ákvarðanir að ræða, fastmælum bundið í ríkisstj. að

hvika ekki frá þessu o. s. frv., og talað um framkvæmdina á þessum till. Hér er á allan hátt, þrisvar sinnum eða fjórum sinnum, endurtekið, að komið sé að framkvæmdinni í þessu máli, því að hið síðasta orð hafi verið sagt. En ráðh. míns flokks báðir segja, að þetta sé ekki rétt, hér hafi einungis verið lögð fram drög að samkomulags- eða umræðugrundvelli.

Nú er það ósk mín, að þessi ósamhljóða ummæli ráðh. séu borin undir hæstv. utanrrh. eða forsrh., ég treysti þeim báðum jafnvel til að segja þingheimi, hvað er hið rétta og sanna í þessu máli. Það hefur mikið að segja á þessari stundu, að það sé gert ljóst,hvort íslenska ríkisstj. hefur sent frá sér loka- og úrslitakosti eða hvort verið er með þessum till. að leggja grundvöll að umr. og það meira að segja drög að grundvelli umræðna. Vitnisburðum ber hér ekki saman, og hér verðum við að fá það á hreint, hvert er eðli þessara till.

Gunnar Thoroddsen: Herra forseti. Sá samkomulagsgrundvöllur, sem hæstv. ríkisstj. ákvað fyrir helgi, í varnarmálunum, hefur ekki verið birtur opinberlega, en einn ráðh. hefur skýrt ítarlega frá honum bæði í sjónvarpi og í dagblaði. Það er ljóst, að meginefni þessa samkomulagsgrundvallar er það, að Ísland skuli varnarlaust eftir tvö ár. Ég lít svo á í fyrsta lagi, að allt bendi til þess, að þessi ákvörðun ríkisstj. sé í andstöðu við vilja meiri hl. Íslendinga. Í annan stað liggur ekkert fyrir um, að meirihlutastuðningur sé á Alþ. fyrir þessum grundvelli.

Á þessum fundi er málið rætt utan dagskrár, og vitanlega varð ekki hjá því komist að hefja hér umr. um þetta stórmál á hinum fyrsta þingdegi, eftir að stjórnin tók þessa ákvörðun. Hins vegar er nauðsynlegt, að Alþ. fjalli ítarlega um málið og ræði það fyrir opnum tjöldum. Ég vil því beina þeirri áskorun til hæstv. forsrh., að hann hlutist til um, að á næstu dögum verði umr. í Sþ. um þessi mál sem sérstakur dagskrárliður, þar sem hægt er að fá nægilegt svigrúm og nægan tíma fyrir þingmenn til að ræða málið og láta í ljós skoðanir sínar. Í annan stað tel ég, eins og þetta mál er allt vaxið, að ekki komi til mála, að hæstv. utanrrh. fari til samningaviðræðna með þetta veganesti, fyrr en málið hefur verið rækilega rætt á Alþ. Ég endurtek þá áskorun, raunar þá kröfu til hæstv. forsrh., að hann hlutist til um, að næstu daga fari hér fram umr. í Sþ. um þetta mál.

Forsrh. (Ólafur Jóhannesson): Herra forseti. Þessar umr. hafa spunnist út af drögum að viðræðugrundvelli um endurskoðun á varnarsamningi Íslands og Bandaríkjanna. Og það er kannske vert að byrja á botninum hjá hv. fyrsta fyrirspyrjanda, þar sem hann spurðist fyrir um það, hvort það væri ekki hægt að birta þessi samningsdrög. Það er hægt að birta þessi samningsdrög nú, af því að þau hafa verið kynnt viðsemjendum. Þau hafa verið kynnt og birt í utanrmn., og það er sá eðlilegi háttur, þegar um utanríkismál er að tefla, af því að utanrmn. má skoða sem eins konar umboðsmann Alþ. í þeim málefnum, af því að oft eru þau mál þannig vaxin, að það er ekki heppilegt að ræða þau fyrir opnum tjöldum. Þau snerta aðra, annað ríki eða önnur ríki, og geta oft verið á því stigi, að það væri til engra bóta að fara að ræða þau opinberlega. Ég sé hins vegar ekkert því til fyrirstöðu, úr því að þessi drög að viðræðugrundvelli hafa nú verið kynnt viðsemjendum og þau hafa verið birt, að ég kynni þingheimi þau.

Þessi drög að viðræðugrundvelli um endurskoðun á varnarsamningi Íslands og Bandaríkjanna eru svo hljóðandi:

1. Varnarlið það, sem nú er á Íslandi, skal hverfa af landi brott í áföngum. Skal brottflutningnum hagað þannig, að fyrir árslok 1974 verði fjórðungur liðsins farinn, helmingur fyrir mitt ár 1975, ¾ fyrir árslok 1975 og síðasti hlutinn fyrir mitt ár 1976. — Hér er sem sagt gert ráð fyrir því, að varnarliðið hverfi brott af Íslandi í áföngum á tveimur árum. Síðan segir:

2. Til fullnægingar skuldbindingum Íslands við NATO leggur íslenska ríkisstj. til, að eftirfarandi háttur verði á hafður.

a. Flugvélar á vegum NATO hafi lendingarleyfi á Keflavíkurflugvelli, þegar þurfa þykir vegna eftirlitsflugs yfir norðurhöfum. Þó skal eigi vera hér föst bækistöð flugvéla. Um nánari ákvæði verði fjallað í samningnum.

b. Vegna slíkra lendinga hafi NATO heimild til að hafa á Keflavíkurflugvelli hóp manna, er ekki séu hermenn, til þess að sjá um eftirlit áðurgreindra flugvéla. Um tölu þessara tæknimanna fer eftir nánara samkomulagi, þó þannig, að aðeins verði um takmarkaða starfsemi að ræða.

c. Eftir brottför varnarliðsins taka Íslendingar við löggæslu á flugvellinum. Skulu Íslendingar áður þjálfaðir í þeim sérstöku löggæslustörfum, sem þörf er á.

d. Íslendingar skulu leggja til þann mannafla, sem þarf til að veita þeim aðilum, sem samkv. framansögðu hafa dvöl á Keflavíkurflugvelli, nauðsynlega þjónustu.

e. Íslendingar taka við rekstri radarstöðvanna á Suðurnesjum og í Hornafirði, þegar þjálfaður íslenskur mannafli er til taks.

f. Farþegaflug skal vera algerlega aðskilið frá þeirri starfsemi, er samkv. framansögðu verður haldið uppi á Keflavíkurflugvelli til fullnægingar skuldbindingum Íslands við NATO.

Ég tel, að þessi drög að viðræðugrundvelli um endurskoðun á varnarsamningnum séu í samræmi við málefnasamning ríkisstj. Ég held, að það þurfi ekki að koma neinum hv. alþm. á óvart, þó að ríkisstj. framkvæmi þann málefnasamning, sem hún hefur gert. Það hafa svo sem heyrst raddir um, að ríkisstj. ætlaði sér að svíkja þetta ákvæði, en það hefur aldrei verið meiningin. Ríkisstj. ætlar sér að standa við þau orð, sem hún hefur sett fram í málefnasamningi. Hún ætlar a. m. k. að gera heiðarlega tilraun til þess. En eins og í öllum öðrum málum er æðsta valdið í málefnum Íslendinga í höndum Alþ., og það verður þess vegna Alþ., sem segir síðasta orðið í þessum efnum. En ég held því fram, að einmitt þetta, að varnarliðinu er ætlað að fara eða ríkisstj. gerir fyrir sitt leyti till. um það í þeim viðræðum, sem fram eiga að fara við

Bandaríkjamenn, að varnarliðið fari brott af landinu í áföngum, sé í samræmi við málefnasamninginn. Sú till. frá hendi ríkisstj. kemur Bandaríkjamönnum áreiðanlega ekki á óvart. Og ég held, að það sé ekki hægt að segja, að það sé komið aftan að einum eða neinum með slíkum till. af hendi ríkisstj. Ég held, að það sé ekki hægt að saka ríkisstj. um að hafa farið óðslega að neinu í þessu efni.

Að því er lýtur að síðari kafla þessara draga að viðræðugrundvelli, eru þau líka algerlega í samræmi við málefnasamninginn, þar sem því er lýst yfir, að Ísland verði að óbreyttum aðstæðum í NATO, og af því leiðir, að það verður að fullnægja þeim skuldbindingum, sem á því hvíla gagnvart NATO, á meðan það er í þessum samtökum. Það tel ég það gera með þessum samningsdrögum. Auðvitað geta aðrir verið á öðru máli, og skoðanir geta verið skiptar um það hér á Alþ., og auðvitað geta viðsemjendur okkar verið á öðru máli um það, það kemur á daginn. En þarna er gert ráð fyrir því, að flugvélar á vegum NATO hafi hér lendingarleyfi, og þó að það sé í samræmi við ákvæði málefnasamningsins að tala þarna um flugvélar á vegum NATO, þá er þess að geta, að það er fullt samkomulag um það innan ríkisstj., að þarna sé í raun átt við flugvélar Bandaríkjamanna, vegna þess að hér er um að ræða samning við Bandaríkjamenn, sem að vísu var í öndverðu gerður samkv. tilmælum Atlantshafsbandalagsins og að nokkru leyti að segja má í umboði þess. En ég vil segja það sem mína skoðun, að ég er algerlega andvígur öllum hugmyndum um það, að hér verði einhverjar flugvélar frá fleiri þjóðum innan Atlantshafsbandalagsins. Ég er algerlega andvígur þeim hugmyndum og mun ekki ljá máls á þeim, á meðan ég veiti ríkisstj. forstöðu. Ég tel, að í þessu falli sé skynsamlegast og hagsmunum Íslands best borgið með því að eiga um þessi mál við Bandaríkjamenn eina.

Það er ekki miðað við það í þessum a-lið 2. gr., að ástand verði í þessum efnum óbreytt frá því, sem hér er nú. Það er ekki gert ráð fyrir því, að um verði að ræða reglubundnar skiptiflugsveitir. Það, sem við höfum í huga, er, að hér geti átt sér stað svipuð skipan og mun vera í Noregi og Danmörku, og leyfir sér enginn að halda því fram, að þar sé erlent varnarlið. En það vita líka jafnframt allir, að flugvélar NATO-ríkja hafa þar aðgang að og afnot af flugvöllum. Og það felst í þessu ákvæði eða á að felast að okkar dómi, að Ísland geti eftir sem áður með þessari skipan, sem upp verður tekin, gegnt sínu hlutverki sem hlekkur í eftirlitskerfi NATO í norðurhöfum.

Það er í b-liðnum talað um það, að NATO, — en í raun og veru er þar átt við Bandaríkjamenn, — hafi heimild til að hafa á Keflavíkurflugvelli tæknimenntaða menn til þess að sinna þjónustu við þessar flugvélar. Það er vitað mál og þýðir ekkert að loka augunum fyrir því, að þeir leyfa ekki öðrum en eigin mönnum að fara inn í þessar flugvélar, og þess vegna er það, að ef við ætlum að leyfa þessum flugvélum að lenda hér, þá verðum við líka að leyfa liði eða sveit að vera þar til staðar til þess að sinna nauðsynlegum tækniþjónustustörfum við þessar flugvélar. Það er ekki sagt í þessu ákvæði, hvað þessir menn skuli vera margir. Það er gert ráð fyrir því og sagt, að það skuli vera um takmarkaða starfsemi að ræða. Það er eins og er rétt, að það hefur verið rætt um það eða réttara sagt hefur verið nefnd sú tala í ríkisstj., að þarna gæti verið um að tefla ca. 200 manna hóp. En það segir fyrst og fremst í þessu, að um tölu þessara tæknimanna fer eftir nánara samkomulagi.

Ég held, að í sjálfu sér þurfi hin ákvæðin ekki beint skýringa við, nema hvað ég geri ráð fyrir því, að flestir Íslendingar telji það liggja í hlutarins eðli, að Íslendingar þurfi fyrr en síðar að taka að fullu og öllu í hendur sínar löggæslu á Keflavíkurflugvelli. Ég held, að flestir Íslendingar verði á það sáttir, að ekki sé annað sæmandi en að þannig sé frá málum gengið. Til þess þarf að vísu verulegt lögreglulið, og það þarf verulega sérþjálfaða menn í þeim efnum, og vitaskuld verður ekki hægt að taka þessa skipan upp, fyrr en hefur tekist að þjálfa menn fullkomlega til slíks. Þetta kostar peninga, en mér dettur ekki í hug að efast um, að það standi á nokkrum einasta hv. alþm., þegar þar að kemur að veita nægilegt fé til þess að standa undir kostnaði við þessa óhjákvæmilegu gæslu, sem verður að hafa á alþjóðlegum flugvelli.

Þetta eru, eins og ég hef margsagt, drög að viðræðugrundvelli, sem utanrrh. fer með til fundar við hlutaðeigandi aðila í Bandaríkjunum, og það var auðvitað fyrst gert ráð fyrir því, að þá fyrst yrðu þessi drög lögð fram formlega og opinberlega, þegar utanrrh. væri mættur til þess fundar. Ég vænti þess, að sá fundur geti átt sér stað fljótlega, þó að ekki geti orðið af því í þessari viku. Þá fer auðvitað sá fundur fram eins og hverjir aðrir viðræðu- og samningafundir. Það þarf ekki að ræða um það hér, að þetta eru engir úrslitakostir, það liggur ljóst fyrir. Og ég held, að það sé engin deila um það á milli ráðh. Eftir því sem ég hlýddi á skýringar og yfirlýsingu, sem kom frá Magnúsi Kjartanssyni í ríkisútvarpinu að gefnu tilefni, þá tók hann það alveg skýrt fram, að hér væri ekki um úrslitakosti að tefla, þannig að það er enginn ágreiningur um það efni á milli ráðh. Það er öllum ljóst, að hér er ekki um neina úrslitakosti að ræða. Ef svo hefði verið, hefði verið alveg óþarft að vera að senda hæstv. utanrrh. til viðræðufundar, það hefði mátt senda úrslitakostina í pósti og fá svar við þeim. Þannig högum við ekki okkar samningagerð. Ég geri ráð fyrir því, að viðsemjendur okkar muni hlýða með athygli á mál utanrrh. Ég geri ráð fyrir því, að þeir muni taka þessar till. okkar til skoðunar, e. t. v. tjá sig að einhverju leyti á þessum viðræðufundi. Hitt þykir mér ekki ólíklegt, að þeir óski eftir einhverjum fresti til þess að fjalla um þessar till., og hugsanlegt er, að þeir, að þeim fresti liðnum, leggi fram einhverjar gagntill. um þetta efni, og þá er það auðvitað svo, að ríkisstj. mun skoða þær till. Öðruvísi fara samningar ekki fram.

Hitt liggur svo í augum uppi, að með málefnasamningnum hefur ríkisstj. í þessum efnum markað sér ákveðna stefnu. Hún hefur sagt það skýrt og skorinort, að hún ætli að láta varnarliðið fara frá Íslandi í áföngum. Það er hennar stefna.

Hverjir þeir áfangar eru eða verða, er ekki markað í málefnasamningnum. En hitt gefur auga leið, að ef það er ekki lengur grundvöllur til þess að koma fram þessari stefnu á skemmri eða lengri tíma, þá er grundvöllurinn fyrir þessari ríkisstj. hruninn. Þetta er að sjálfsögðu, eins og allir gera sér ljóst, slíkt meginatriði í stjórnarsamningnum, og þess vegna hlýtur ríkisstj. að taka afleiðingunum af því, ef hún kemur ekki fram í samningaviðræðum ákvörðunum í þessa átt. Hitt er svo annað mál, eins og ég sagði áðan, að ríkisstj. hefur ekki í þessum efnum fremur en öðrum síðasta orðið. Það er Alþ. Því hefur verið marglýst yfir, bæði af utanrrh. og mér, að áður en lýkur, kemur þetta mál til kasta Alþ., hver sem niðurstaðan verður af þessum samningaviðræðum. Það er hin rétta lýðræðislega meðferð á þessu máli. Það er Alþ. Íslendinga, sem á að taka ákvörðun um mál eins og þetta, það eru kjörnir fulltrúar þjóðarinnar, kjörnir til ákveðins tíma, óbundnir af öllu nema sinni sannfæringu, óbundnir af öllum fyrirmælum frá kjósendum, óbundnir af öllum fyrirmælum frá sínum þingflokkum, sem eiga að taka ákvörðun um þetta mál. Umboð þm. er til fjögurra ára, — það verður ekki aftur kallað, eins og sums staðar er háttur, — en þeir verða að standa reikningsskap sinna gerða að kjörtímabili loknu og sækja umboð sitt að nýju til kjósenda. Þannig er lýðræði á Íslandi háttað. Hitt er ekki íslenskt lýðræði, að láta fundarsamþykktir ráða, að láta undirskriftir ráða, hvort sem þær eru fjölmennar eða fámennar. Það eru þessir menn, sem hér sitja, samkv. þeirri yfirlýsingu, sem þeir hafa undirritað, og samkv. þeirri ábyrgð, sem þeir bera, sem eiga að taka ákvörðun um þetta mál, en ekki hv. kjósendur í undirskriftasöfnun, sem ekki hafa aðstöðu til þess að meta og vega allt, sem fyrir liggur og menn þurfa að hafa fyrir augum, þegar þeir taka ákvörðun í jafnviðkvæmu og vandasömu máli og þessu.

Þess vegna er það, þó að það sé skylda ríkisstj. að fylgja fram sínum málefnasamningi, þá verður það að ráðast og sjást, hvort meiri hl. á Alþ. er sama sinnis, þegar þar að kemur. En ég held fyrir mitt leyti, að það væri skynsamlegt að spara sem flestar yfirlýsingar og afstöður um málið, þangað til spilin öll liggja á borðinu.

Ég hef sagt það áður, að ég muni telja mér skylt skv. málefnasamningnum að leggja fyrir Alþ. till. um heimild til þess að segja varnarsamningnum upp, ef ekki næst með endurskoðun á honum viðunandi lausn, og við það mun ég að sjálfsögðu standa. Hitt, hvort forsrh. telji sér skylt að leggja fram uppsagnartill., ef allir flokkarnir í ríkisstj. séu ekki sammála um það, þá held ég, að sé réttara að setja það fram á annan veg. Það verður auðvitað ekkert samkomulag í ríkisstj. um t. d. tilboð, sem koma frá gagnaðilum, nema allir ríkisstjórnarflokkarnir séu þar um sammála. Það liggur ljóst fyrir. Og ef ekki er lengur samkomulag um það, þá hefur auðvitað alltaf sá flokkur, sem ekki vill samþykkja, þann kost að segja sig úr stjórninni, en eftir sem áður mundi ég telja mér skylt að leggja slíka uppsagnartillögu fyrir Alþingi, þ. e. a. s. á meðan stjórnin væri ekki augljóslega komin í minni hl., en þá auðvitað teldi ég mér skylt að segja af mér. Það liggur nokkuð í hlutarins eðli.

Ég held, að ég hafi nú svarað þeim spurningum, sem var beint til mín, og það ætti að liggja nokkuð ljóst fyrir, hvað við teljum, að eigi að felast í þessum drögum að viðræðugrundvelli, sem utanrrh. fer með til Bandaríkjanna og ég fyrir mitt leyti hef ekki ástæðu til að efast um, að Bandaríkjamenn munu taka til alvarlegrar íhugunar.

Það er tekið skýrum stöfum fram í varnarsamningnum, að það sé og skuli vera á valdi Íslendinga sjálfra að ákveða, hver fjöldi erlendra hermanna er á Íslandi. Og það var aldrei ætlunin, þegar varnarliðið var tekið hér inn í landið, að það yrði varanleg herseta hér á landi. Þvert á móti voru ekki nema 4 eða 5 ár liðin, frá því að það átti sér stað, þangað til fitjað var upp á því á Alþ., að þessi samningur skyldi tekinn til endurskoðunar og varnarliðið skyldi látið fara. Sá flokkur, sem átti frumkvæðið að tillöguflutningi um það efni, var Alþfl. Það var Alþfl., sem flutti till. um það efni á Alþ. 1955—1956, líklega var það fyrir áramót, sem hann flutti sína till. Hins vegar varð svo samkomulag milli 3 flokka um afgreiðslu þeirrar till. og henni lítillega breytt, en þannig var hún afgreidd á Alþ. 1956. Það var því vakandi áhugi á því, að dvöl erlends varnarliðs hér yrði ekki varanleg. Sú endurskoðun, sem þá var stofnað til í því skyni, að varnarliðið færi af landi brott, komst ekki í framkvæmd vegna utanaðkomandi atvika, og það er nú svo, að við verðum að sætta okkur við það Íslendingar, að við ráðum ekki veröldinni. Það komu til utanaðkomandi áhrif og geta alltaf komið til utanaðkomandi áhrif, sem við verðum að taka tillit til. En það var gerður samningur um niðurfellingu þessara endurskoðunarviðræðna, sem birtur var 1956 og er að finna einmitt í samningum Íslands við önnur ríki. Þar lýsa Bandaríkin fullum skilningi sínum á þeim fyrirvörum, sem Íslendingar settu við inngöngu í NATO. Og meira en það, þeir undirstrika það, að þeim sé ljóst, að það sé enn og eigi að vera algerlega á valdi Íslendinga sjálfra, hvort erlendur her sé í landinu eða ekki.

Ég endurtek, að það, sem hér hefur gerst, þarf engum að koma á óvart. Það er bein skylda þessarar ríkisstj. að gera þessa tilraun til þess að ná þeim markmiðum, sem sett eru fram í málefnasamningi hennar. Og þetta eru ekki úrslitakostir, heldur munum við skoða þær till., þær hugmyndir, sem koma frá okkar viðsemjendum, og við verðum að vega það og meta, hvort þær eru þess eðlis, að þær geti farið saman við þau markmið, sem við settum í okkar málefnasamningi. Þegar það liggur fyrir og þá fyrst, þá held ég, að tími sé kominn til mikilla yfirlýsinga, og þá fyrst er kominn tími til þess að fara með þetta mál til Alþingis.

Ég held, að það sé staðhæfing hjá hv. þm. Gunnari Thoroddsen, sem hann getur ekki rökstutt, að meiri hl. Íslendinga sé í andstöðu við þetta. Hann getur að vísu sagt, að það væri órökstudd fullyrðing hjá mér, ef ég segði, að meiri hl. Íslendinga væri þessu sammála. Hvort tveggja eru staðhæfingar. En það eru hv. alþm.,

sem hér sitja, sem eiga að taka ákvörðun um þetta. Þeir hafa fengið til þess alveg fullkomið umboð frá Íslendingum, eins og til þess að taka ákvarðanir um önnur málefni, og verða svo að taka afleiðingum af því, ef meiri hl. Íslendinga er á annarri skoðun um þetta efni.

Ég get ekki skoðað hjörtu eða nýru hv. alþm., og ég get ekki verið með neinar fullyrðingar um það, eins og hv. 5. þm. Reykv., að hann efaðist um það, að meiri hl. á Alþ. væri fyrir þeirri málsmeðferð, sem hér er um að tefla. Það er hægurinn hjá þeim, sem það vilja vefengja, að bera fram till., þar sem úr fæst skorið um vilja Alþ. í því efni. Þangað til hún kemur fram og er samþykkt, mun ég hafa það fyrir satt, að þessi málsmeðferð sé í samræmi við vilja meiri hl. hv. alþm. Ég held þess vegna, að það sé ekki í sjálfu sér til neinna bóta fyrir þetta mál og fyrir okkar þjóð, að það sé farið að stofna til almennra umræðna á Alþ. um málið á þessu stigi. En ekki skal ég skorast undan því, ef aðrir vilja taka það upp. Ég held, að hitt sé, eins og ég þegar hef sagt, betra, að bíða þess og sjá, hvað kemur út úr þessum viðræðum, og þá sé réttur tími til að taka málið til umr. á Alþ. Og ég held, að þetta mál sé þannig vaxið, að það sé best að ræða það með sem minnstum hita á þessu stigi og íhuga það rólega og athuga það, hrapa ekki að neinu og spara sér of miklar fyrir fram yfirlýsingar, áður en vitað er, hvernig forsendurnar verða, þegar öll kurl eru komin til grafar.

Heilbr.- og trmrh. (Magnús Kjartansson): Herra forseti. Ég þarf ekki að bæta miklu við þessa skýru ræðu hæstv. forsrh., þar sem hann gerði grein fyrir öllum meginatriðum í sambandi við þetta mál, en vildi gera aths. við nokkur atriði, sem beint hefur verið til mín persónulega.

Hv. þm. Matthías Mathiesen, bar það upp á mig, að ég hefði framið trúnaðarbrot, og kallaði það furðuleg vinnubrögð, sem bæri að gagnrýna og fordæma, að ég hefði svarað spurningum um það, bæði í sjónvarpi og í viðtali við Þjóðviljann, hvað fælist í þeim ákvörðunum ríkisstj., sem teknar voru á síðasta fundi, á fimmtudaginn var. Það var einmitt rætt um þetta atriði á þessum ríkisstj.-fundi, hvernig ráðh. skyldu bregðast við, þegar þeir væru um það spurðir, hvað hefði gerst á fundinum og hvaða ákvarðanir hefðu verið teknar. Og það var mat manna, að ráðh. bæri að svara því efnislega, hvað í þessum till. fælist, vegna þess að það vissu allir, að þessi mál höfðu verið til athugunar hjá ríkisstj. um langt skeið. Það hefur verið greint frá hinum upphaflegu till. hæstv. utanrrh. Það hefur verið greint frá því, að SF og Alþb. höfðu flutt sínar till. um málið. Það vissu allir, hvað í þessum till. fólst í meginatriðum. Það hefur komið fram í fjölmiðlum á margvíslegan hátt, þannig að það var gersamlega ástæðulaust að fela meginefni þessara till. En að sjálfsögðu var ákveðið, að ekkert yrði um þær sagt efnislega, fyrr en búið væri að afhenda bandarísku sendiherranum í Reykjavík till. og leggja þær fyrir utanrmn., og þannig var á þessu máli haldið af okkur öllum ráðh., þannig að ásökunum um trúnaðarbrot vísa ég til föðurhúsanna.

Hv. þm. Hannibal Valdimarsson vill halda því fram, að í Þjóðviljanum hafi verið komist svo að orði margsinnis, að hér hafi verið um úrslitakosti að ræða, og hann fór hér með margar tilvitnanir í því sambandi, þar sem hvergi var að vísu talað um úrslitakosti. Nú tel ég, að minn ágæti samherji og samstarfsráðh. í tvö ár, Hannibal Valdimarsson, hefði getað haft einfaldari hátt á því að átta sig á því, hvað ég var að fara, heldur en fara með það í gegnum fjölmiðla og Alþ., t. d. bara með því að hringja til mín, vegna þess að mér hefur aldrei komið til hugar, að hér væri um úrslitakosti að ræða. Ef minn ágæti samherji Hannibal hefði haft þennan hátt á, þá hefðum við getað losnað við mikinn hávaða og margvíslega óvissu hjá almenningi. Við Íslendingar höfum ekki, eins og útvarpið hafði eftir mér í gær, þann hátt á að bera fram úrslitakosti, hvorki í samskiptum okkar við aðrar þjóðir né í samskiptum okkar innbyrðis. Við höfum ævinlega lýst yfir því, að við höfum á því fullan hug að ná samkomulagi við Bandaríkin um tilhögunina á brottför hersins. Það hefur verið sameiginleg stefna okkar að reyna að gera þetta í sem bestu samkomulagi við Bandaríkin, og að sjálfsögðu er þessi afstaða algerlega óbreytt. Þetta er það, sem við óskum eftir, vegna þess að við viljum eiga góð samskipti við Bandaríkin á öðrum sviðum eftirleiðis. Og við teljum, að þegar þetta mál, sem er tvímælalaust mjög viðkvæmt ágreiningsmál á milli landanna, er úr sögunni, þá eigi samskipti okkar og Bandaríkjanna að geta eflst á öllum eðlilegum sviðum.

En í sambandi við það verk, sem ríkisstj. hefur verið að vinna nú undanfarna mánuði, þá er það í því fólgið, að ríkisstj. hefur verið að koma sér saman um það, hvernig framkvæma skuli í einstökum atriðum þau almennu fyrirheit, sem gefin voru í málefnasamningnum, þau fyrirheit, sem samin voru af okkur, hópi manna, sem að því unnu, en í þeim hópi var m. a. hv. þm. Hannibal Valdimarsson. Við höfum verið að fjalla um það núna að undanförnu, hvernig að þessari framkvæmd skyldi staðið í einstökum atriðum, þ. e. a. s. hvernig brottflutningi liðsins skyldi háttað, og í öðru lagi, hvernig bæri að túlka skuldbindingar okkar gagnvart NATO í ljósi þeirra fyrirvara, sem settir voru 1949. Það eru þessi atriði, sem við höfum fjallað um í ríkisstj., og við höfum komið okkur saman um stefnu ríkisstj. um það, hvernig á þessu skuli haldið, lið fyrir lið. Við höfum farið ofan í þetta lið fyrir lið. Okkur hefur stundum sýnst sitt hvað, eins og gengur, en niðurstaðan er sú, að við höfum náð sameiginlegu samkomulagi. Það er um þetta samkomulag eins og öll önnur, að að sjálfsögðu verður því ekki breytt nema með samþykki allra þeirra, sem samkomulagið hafa gert. Það á ekkert frekar við um Alþb. en um SF eða Framsfl. Því samkomulagi, sem stjórnarflokkarnir hafa gert núna, verður að sjálfsögðu ekki breytt, nema samþykki þessara flokka allra komi til. Þetta er engin nýjung og ekkert, sem þarf að hrópa um. Þetta hljóta allir félagsvanir menn að vita, að þannig er að

þessum málum staðið, þegar flokkar eða aðilar hafa samvinnu sín á milli. Og þetta á við um þetta mál eins og öll önnur.

En í sambandi við tal manna um þessar viðræður okkar við Bandaríkin um tilhögun þessara mála, þá hefur mér fundist nú að undanförnu, að það er eins og sumir séu farnir að tala um eins konar tvöfalda lögsögu á Íslandi, það sé ekki málefni okkar Íslendinga einna, hvernig við högum málum á Íslandi, heldur þurfum við að semja um það við erlenda ríkisstj., hvernig við högum málum hér á okkar landi. Þennan tón hef ég séð ákaflega greinilega, m. a. í Morgunblaðinu. Og ef þetta er viðhorf, sem er uppi hjá einhverjum þorra þjóðarinnar, þá er það vægast sagt ákaflega alvarlegt. Og ég vil leyfa mér að treysta því, að það sé þó a. m. k. enginn maður hér inni á hinu háa Alþ., sem hafi slíkar hugmyndir um réttarstöðu okkar Íslendinga. Það datt engum manni neitt slíkt í hug, þegar varnarsamningurinn svokallaði var gerður 1951. Í 4. gr. hans var ákvæði, eins og hæstv. forsrh. minnti á áðan, sem var svo hljóðandi:

„Það skal háð samþykki íslensku ríkisstj., hversu margir menn hafa setu á Íslandi samkv. samningi þessum."

Og 5. gr. lýkur með þessum orðum:

„Ekkert ákvæði þessa samnings skal skýrt þannig, að það raski úrslitayfirráðum Íslands yfir íslenskum málefnum."

Þeir menn, sem gerðu varnarsamninginn, vildu gera það alveg ljóst, að þessi samningur mætti í engu raska ákvörðunarvaldi okkar Íslendinga, og það liggur fyrir, að það er ekki samningsatriði milli okkar og ríkisstj. í öðru landi, hvernig við eigum að haga málum hér á Íslandi. Þetta hljóta allir þm. að gera sér ljóst. Og eins og hæstv. forsrh. tók fram áðan, höfum við um það margfaldar yfirlýsingar bandarískra stjórnarvalda, að þau geri sér þetta ljóst að fullu. Og bandarísk stjórnarvöld vita ákaflega vel, að þegar ríkisstj. Íslands hefur tekið ákvörðun um, hvernig hún telur, að eigi að skipa málum hér á Íslandi, þá getur bandarísk ríkisstj. ekki gert um það neinar aths. af sinni hálfu. Það er okkar mál. En ef málum er virkilega svo komið, eins og mér hefur virst á Morgunblaðinu, að menn séu farnir að ímynda sér, að hér á Íslandi sé um að ræða tvöfalda lögsögu, það sé ríkisstj. Íslands og ríkisstj. Bandaríkjanna, sem eigi að koma sér saman um, hvernig málum sé háttað hér á Íslandi, þá er það sönnun fyrir því, að þetta hernám hefur staðið svo lengi, að menn eru farnir að misskilja grundvallaratriðið í íslenskum stjórnmálum.

Hv. þm. Gunnar Thoroddsen kvaðst óska eftir því, að efnt verði til almennra umr. um þessi mál á þingi og gefið fullt svigrúm til þess að ræða það. Hæstv. forsrh. lýsti því yfir, að hann teldi, að það væri skynsamlegra af okkur að ræða þessi mál ekki allt of mikið, meðan þau væru á viðkvæmu viðræðustigi. Í sjálfu sér skil ég þetta viðhorf hæstv. forsrh. mætavel. Þetta væru eðlileg vinnubrögð, ef allt væri með felldu hér á Íslandi. Það eru eðlileg vinnubrögð, þegar utanrrh. Íslands á fyrir höndum erfiðar, viðkvæmar viðræður við stjórn Bandaríkjanna, að þá sé ekki á skipulegan hátt reynt hér á Íslandi að torvelda honum þetta mikilvæga starf, að það sé ekki reynt að koma í veg fyrir, að hann geti náð sem bestum árangri fyrir íslensku þjóðina. Þannig mundi þjóðin hugsa og þannig mundi hún hegða sér, ef hún bæri gæfu til að standa saman um sín örlagaríkustu mál. En svo er því miður ekki, eins og menn vita. Því miður er þannig haldið hér á málum, að viðsemjandi okkar getur hreinlega fært sér í nyt stjórnmálaástandið á Íslandi og litið á vissa íslenska stjórnmálamenn og stjórnmálaflokka sem umboðsmenn sína í þessum viðræðum við löglega kjörin íslensk stjórnarvöld.

Þetta er ákaflega alvarlegt ástand. Við skulum leiða hugann að þjóðfélögum, sem hafa lent í ástandi af þessu tagi. Það eru til slík þjóðfélög, ekki ýkjafjarlæg okkur. Ástandið á Írlandi er afleiðing af því, að Bretum tókst að kljúfa írsku þjóðina svo djúpt niður í grunn, að hún hefur ekki getað unnið saman síðan, og allir þekkja þær afleiðingar, sem af því hafa hlotist. Ég held, að íslenskir stjórnmálamenn ættu ekki að gera sér leik að því að reyna að sundra íslensku þjóðinni í viðhorfum til grundvallaratriða, eins og gert hefur verið nú að undanförnu, því að það er vissulega grundvallaratriði, hvort við eigum að stefna að því að lifa hér einir og frjálsir í landi okkar eða búa við erlenda hersetu um ófyrirsjáanlega framtíð. Það er ágreiningur um grundvallaratriði. (**Gripið fram í:** En við viljum ekki ástandið í Tékkóslóvakíu.) Nei, það vill enginn ástandið í Tékkóslóvakíu. Ég er alveg sammála hv. þm. um það. En var það ekki svo, að því var haldið fram, að þeir sem hernámu Tékkóslóvakíu, hafi gert það samkv. pöntun í undirskriftum, og eru ekki undirskriftir í gangi hér á Íslandi, sem fara fram á það, að hér verði erlendur her um ófyrirsjáanlega framtíð? Ég las það í Morgunblaðinu fyrir nokkrum árum, að þar var sagt, að ef Alþ. Íslendinga og íslensk stjórnvöld hefðu þá lélegu dómgreind til að bera að óska eftir því, að herinn færi, þá ætti bandarískt herinn að hafa vit fyrir Íslendingum. Þetta stóð í Morgunblaðinu. (**Gripið fram í:** Það var aðsend grein.) Það var aðsend grein undir fullu nafni eftir einn helsta sérfræðing Morgunblaðsins í utanríkismálum. En þessi grein birtist í Morgunblaðinu, og Morgunblaðið hefur ekki enn andmælt henni. Kannske ég biðji hv. þm. Gunnar Thoroddsen, formann þingflokksins, að greina mér frá því, hvað skoðun hann hafi á þessari kenningu. Er hann þeirrar skoðunar, ef íslensk stjórnvöld og Alþ. Íslendinga ákveða, að bandarískt herinn eigi að fara, að herinn eigi engu að síður að sitja hér með ofbeldi?

En eins og nú er komið og vegna þess að þjóðhollusta manna er af svo skornum skammti sem dæmin sanna og eðlileg samvinna manna á viðkvæmum augnablikum, þá tel ég það algerlega óhjákvæmilegt, að um þetta fari fram sem víðtækastar umr., og ég tel alveg sjálfsagt, að það verði gerðar ráðstafanir til þess, að þær komi einnig fram á Alþ. og í sjónvarpi, því að ég tel þjóðina eiga rétt á því að fylgjast með umr. um þessi mál.

Hv. þm. Gunnar Thoroddsen sagði, að ekki

kæmi til mála, að utanrrh. færi til viðræðna við Bandaríkjamenn með það veganesti, sem samþ. var í ríkisstj. á fimmtudaginn var. Hvers vegna flytur þá þessi hv. þm. ekki till. um það veganesti, sem hann telur, að utanrrh. eigi að fara með með sér? Alþfl. hefur þó flutt till. hér á þingi um fyrirkomulag þessara mála. En hverjar eru till. Sjálfstfl.? Hvers vegna fáum við ekki að sjá í tillöguformi þann áróður, sem yfir okkur er dembt í Morgunblaðinu dag eftir dag, viku eftir viku og mánuð eftir mánuð og felst í því, að ekki aðeins eigi herinn að vera kyrr, heldur eigi að auka hann, varnirnar séu of litlar? Það er eins og sumir séu farnir að hugsa gott til glóðarinnar, til tímanna, sem voru hér milli 1951 og 1956, þegar meira en 3 þús. Íslendinga störfuðu í þágu hernámsliðsins og meira en fjórðungur gjaldeyristeknanna kom af viðskiptum við það og þegar stefnt var að því að koma upp flugvelli á Suðurlandsundirlendinu og höfn þar í þágu hins erlenda hers? Hvers vegna flytur Sjálfstfl. ekki till. um þessa stefnu sína? Þá mundi reyna á það, hvort Alþ. vildi samþykkja slíka stefnu, og ef Alþ. samþykkti hana, þá yrði hún veganestið. En eins og málin standa, þá er hér ríkisstj., sem hefur markað ákveðna stefnu í þessu, stefnu, sem mörkuð var 1971, eins og hæstv. forsrh. rakti hér áðan, stefnu, sem allir hafa þekkt síðan 1971, og það er framkvæmd hennar, sem hæstv. utanrrh. fer með sem veganesti með sér. Ef allt hefði verið með felldu á Íslandi, hefðu fylgt honum í þeim vandasömu viðræðum heilar óskir þjóðarinnar allrar, en ekki þær tilraunir til þess að sundra þjóðinni niður í grunn, sem Sjálfstfl. beitir sér fyrir.

Forseti (Gils Guðmundsson): Ég vil vekja athygli á því, að þessar umr. utan dagskrár hafa nú staðið nokkuð á aðra klukkustund, og ég hygg, að flestir þingflokkar hafi boðað þingflokksfundi nú kl. 16.30. Hins vegar er óneitanlega eðlilegt, að um slíkt stórmál geti orðið nokkrar umr. hér utan dagskrár. En ég býst við því, að það sé varla um annað að ræða en fresta senn þessum umr., ef þeim getur ekki lokið tiltölulega fljótlega, en 5 hv. þm. eru þegar á mælendaskrá, og verður þessum umr. nú haldið áfram eitthvað enn.

Gylfi Þ. Gíslason: Herra forseti. Ég skal verða við tilmælum hæstv. forseta og reyna að hafa mál mitt eins stutt og mögulegt er. En orða verður ekki bundist, því að enn hefur gerst hneyksli á vegum ríkisstj. og í þetta skipti margfalt hneyksli.

S.l. föstudag er boðaður fundur í utanrmn. Þar leggur hæstv. utanrrh. fyrir nm. drög að umræðugrundvelli um endurskoðun á varnarsamningi Íslands og Bandaríkjanna og tekur fram, að um algert trúnaðarmál sé að ræða, sem með engu móti megi skýra opinberlega frá, þótt ekki væri af öðrum ástæðum en þeim, að væntanlegum samningsaðila hafi ekki verið tilkynnt þessi drög og muni væntanlega ekki verða gert fyrr en í næstu viku. Ég bað um sérstakt leyfi til þess að mega kynna þingfl. Alþfl. þessar till., að sjálfsögðu sem algert trúnaðarmál, og tók á því fulla ábyrgð, að þeim trúnaði yrði fylgt. Þetta gerði ég strax síðdegis á föstudag, og enginn af þm. Alþfl. hefur að sjálfsögðu brotið þann trúnað, sem þeim þar með var sýndur.

En morguninn eftir les þjóðin í einu málgagni ríkisstj., Þjóðviljanum, frásögn af efnisinnihaldi þessara draga að umræðugrundvelli, og einn af ráðh. ríkisstj. er borinn fyrir, hæstv. iðnrh. Auðvitað er hér um augljóst og stórvítavert trúnaðarbrot að ræða. Hitt er þó öllu verra, að ráðh. skuli í viðtali sínu við Þjóðviljann skýra rangt frá. Hv. þm. Hannibal Valdimarsson hefur sýnt fram á það með skýrum dæmum, beinum tilvitnunum í viðtalið, að ráðh. sagði rangt frá innihaldi draganna. Það er þýðingarlaust, eins og hann gerði hér áðan, að karpa um það, hvort hann hafi notað orðið úrslitakostir eða ekki. Það er rétt, hann notaði það orð ekki. En það, sem hann sagði, jafngilti því, að um úrslitakosti væri að ræða. Frá hans sjónarmiði séð eru drögin úrslitakostir, eins og hann talaði við Þjóðviljann, og það kemur m.a. fram í því, eins og Hannibal Valdimarsson tók skýrt fram í ræðu sinni hér áðan, að ráðh. segir, að ef þessar till. verði ekki samþykktar, þá muni ríkisstj. flytja till. um uppsögn á samningnum. Og hann segir enn fremur, að hér sé um að ræða endanlega afstöðu af hálfu ríkisstj., sem ekki verði breytt nema allir þrír flokkar stjórnarinnar samþykki. Auðvitað væru þetta úrslitakostir, þó að þeir séu ekki kallaðir það. Og þó að ráðh. hafi orðið tvísaga í útvarpi og sjónvarpi og enn í ræðu sinni hér áðan, tvísaga miðað við það, sem hann sagði við Þjóðviljann, þá breytir það engu um eðli málsins. Þetta er hneyksli. Undir venjulegum kringumstæðum ætti það að gerast, að hæstv. forsrh. bæðist lausnar fyrir slíkan samstarfsmann í rn.

Hæstv. iðnrh. fremur nú hvert hneykslið á fætur öðru, bæði innanlands og utan, og ætti að vera nóg komið af slíku. Hér er að sjálfsögðu ekki ástæða til þess, í umr. utan dagskrár, sem eiga auðvitað að vera eins stuttar og mögulegt er, að ræða efni þessara draga að umræðugrundvelli. Til þess gefst ábyggilega tækifæri síðar. En ég get skýrt frá því sem niðurstöðu af umr. okkar þm. Alþfl. um þetta mál á föstudaginn var, að við teljum, að yrði gerður samningur á grundvelli þessara draga, þá fari því fjarri, að öryggis Íslendinga sjálfra yrði gætt né heldur sameiginlegra öryggishagsmuna Íslendinga og nágrannaþjóða þeirra. Ég vil, að það komi skýrt fram hér við þessa umr., í fyrsta skipti sem málið ber á góma hér á hinu háa Alþ. eftir fundinn í utanrmn. og eftir samþykkt ríkisstj. á fimmtudaginn var, að þingfl. Alþfl. er því algerlega andvígur, að þessi drög verði gerð að stefnu íslensku ríkisstj. í væntanlegum viðræðum við Bandaríkjamenn. Það er líka best, að ekkert fari á milli mála um það, að ef lögð yrði fyrir Alþ. till. um samning, gerðan á þessum grundvelli, þá mun Alþfl. beita sér gegn honum af fyllstu hörku.

Hér er ekki staður né stund, eins og ég sagði áðan, til þess að rökstyðja þessa afstöðu, til þess mun gefast tilefni síðar. Þó get ég ekki látið vera að segja, að ef gerður yrði samningur á þessum grundvelli, þá væri öryggi okkar sjálfra stefnt í beina hættu. Ef gerður yrði samningur

á þessum grundvelli, þá brygðust Íslendingar skyldum sínum við nágrannaþjóðir sínar, við bandalagsþjóðir sínar í Atlantshafsbandalaginu. Ef tekin yrði upp sú skipan, sem gert er ráð fyrir í þessum drögum, þá er ekki lengur hægt að gegna nauðsynlegum og sjálfsögðum eftirlitsstörfum frá vellinum með umferð umhverfis Ísland. En það er eitt meginhlutverk Keflavíkurflugvallar, að slíku eftirliti sé haldið uppi, því að það er ekki hægt að halda því uppi, ef gerður yrði samningur á grundvelli þessara draga. Og því má að síðustu bæta við, að ef þau kæmu til framkvæmda, sem þau vonandi gera aldrei, og ég er raunar viss um, að gerist aldrei, þá verður ekki betur séð en hægt væri fyrir fámennan hóp ofbeldismanna, sem kæmi aðvífandi, að ná tangarhaldi á vellinum og þar með stofna öryggi íslensku þjóðarinnar í alvarlega hættu.

Ég vil leggja á það sérstaka áherslu, að þessi samningsdrög grundvallast ekki á neinni athugun á hugsanlegri nýskipan mála á Keflavíkurflugvelli. Við höfum gert grein fyrir því, Alþfl.-menn, í þeim till., sem við höfum flutt um málið, og það hefur margkomið fram í málflutningi af okkar hálfu, að við teljum margs konar breytingar á skipan mála á Keflavíkurflugvelli nauðsynlegar, eðlilegar og sjálfsagðar. Og við höfum gert grein fyrir því, í hverju við teljum þær eigi að vera fólgnar í meginatriðum. En engin slík athugun hefur verið gerð af hálfu hæstv. ríkisstj. Þetta samkomulag, sem gert var s. l. fimmtudag, er niðurstaða af pólitískum hrossakaupum og ekkert annað, engin skynsamleg athugun liggur til grundvallar á því, hvað hægt væri að gera, hvað þyrfti að gera, hvað eðlilegt væri að gera til breytingar á skipan mála á Keflavíkurflugvelli.

Hæstv. forsrh. sagði í lok ræðu sinnar áðan, að hann teldi, að menn ættu að haga orðum sínum varlega í umr. um þetta mál, og hann réð frá því, að efnt yrði til umr. um málið af ótta við það, að óeðlileg harka færðist í þær umr. og það gæti skaðað málflutning Íslands á erlendum vettvangi, það gæti gert stöðu hæstv. utanrrh. erfiðari en æskilegt væri. Ég get mjög vel skilið þetta sjónarmið hæstv. forsrh., og ég vil ekkert gera og engan þátt í því eiga að gera aðstöðu hæstv. utanrrh. erfiðari en efni standa til. Þvert á móti mundi ég og minn flokkur vilja stuðla að því, að hans aðstaða yrði gerð sem sterkust í þeim samningaviðræðum, sem væntanlegar eru. En ég vil benda hæstv. forsrh. á það, hvernig samstarfsráðh. hans hegðar sér. Það þarf ekki annað en líta á forsíðu Þjóðviljans á laugardaginn var til að sjá það hugarfar, sem þar býr að baki. Er ekki þar verið að efna til stórdeilna um málið? Þar eru hótanir og brigslyrði í hverjum einasta dálki yfir alla forsíðuna, stóryrði, sem eru til þess fallin að skipta þjóðinni í tvær andstæðar, ef ekki fjandsamlegar fylkingar. Ég vildi því beina því til hæstv. forsrh., — það þarf ekki að beina því til okkar í Alþfl., — að efna ekki til ástæðulausra og skaðlegra deilna um málið. Hann ætti að beina atorku sinni að því að reyna að siða samráðh. sinn í þessu máli. Af því veitir sannarlega ekki.

Þá vildi ég að síðustu benda á, að eitt er ekki rétt, sem kom fram í ræðu hæstv. forsrh. Mig minnir, að hann hafi tekið þannig til orða, að hann vissi ekki betur en a. m. k. stjórnarflokkarnir allir stæðu að þeim drögum, sem samþ. voru í ríkisstj. s. l. fimmtudag. Það kom fram af hálfu eins þm. Framsfl. í viðtali við dagblað á laugardaginn, að hann væri samkomulaginu andvígur. Það er því þegar komið opinberlega fram, að a. m. k. einn hv. þm. úr stuðningsliði stjórnarinnar er þeirri stefnu, sem í drögunum felst, andvígur. Og það er full ástæða til þess að ætla, að hann sé ekki einn á báti, heldur séu það fleiri, sem eru sama sinnis og hann.

Síðustu orð mín skulu vera þau, verða að vera þau, að benda á, að í raun og veru er þessi ríkisstj. orðin óstarfhæf. Hér er komið eitt dæmi enn, ein sönnunin fyrir því enn, að ríkisstj. er orðin óstarfhæf og ætti auðvitað að segja af sér. Það er öllum ljóst, að ríkisstj. er orðin óstarfhæf á sviði efnahagsmála, hún hefur misst stjórn efnahagsmálanna gersamlega úr höndum sér. Það er augljóst mál, að á fyrri hluta þessa árs verður verðbólgan tvisvar, þrisvar sinnum meiri en hún hefur verið að meðaltali um margra ára skeið, og á síðari hluta ársins benda allar líkur til, að verðbólgan verði fjórum sinnum meiri en hún hefur verið að meðaltali á undanförnum áratugum. Slíkt ber auðvitað vott um, að sú ríkisstj., sem við völd situr, er orðin algerlega óstarfhæf. Og þetta, sem nú er að gerast á sviði utanríkismála, hins aðalmálaflokksins, sem við er að etja í þjóðmálunum yfir höfuð að tala, bendir einnig til þess. Hún er að missa öll tök. Hún er að missa öll tök einnig á þessu mikilvæga máli, og þau samningsdrög, sem hún nú boðar, að hún muni leggja fram í viðræðum sínum við Bandaríkjamenn, eru þess eðlis, að þau hljóta að kljúfa þjóðina í mjög fjandsamlegar fylkingar. Ég skal engar staðhæfingar viðhafa um það, hvor fylkingin sé stærri, þótt ég sé ekki í nokkrum minnsta vafa um það, að mikill meiri hl. þjóðarinnar er andvígur þeirri stefnu, sem í samningsdrögunum er. Ég geri mér ljóst, að þetta er auðvitað staðhæfing, sem ekki verður sönnuð og ekki fást endanleg úrslit um fyrr en í kosningum. En skoðun mín er engu að síður þessi. Og það er einnig augljóst mál, að með því að boða þessa stefnu og leggja hana fram, þá er Alþ. klofið í tvær fjandsamlegar fylkingar, ekki bara á milli stjórnar og stjórnarandstöðu annars vegar, heldur verður þegar vart við klofning í flokki sjálfs hæstv. forsætisráðherra. Þetta er alvarlegt mál. Þetta ætti að verða jafn grandvörum manni og honum til alvarlegs varnaðar. Það vita allir, hvaðan drögin eru upprunnin, þau eru upprunnin hjá ráðh. Alþb. og sérstaklega þeim þeirra, sem framdi það hneykslí, sem hér er verið að ræða um. En þegar hæstv. forsrh. lætur hafa sig til þess að fallast á þessi drög, sem umræðugrundvöll, er hann með því að efna til stóralvarlegs ágreinings, ekki bara með þjóðinni, heldur líka með þm. og jafnvel innan síns eigin flokks. Þess vegna held ég, að ekki sé hægt að draga aðra skynsamlegri og ábyrgari ályktun af stjórnleysi efnahagsmálanna og því, að ríkisstj. er einnig að missa tök á meðferð utanríkismálanna, en að ríkisstj. eigi að segja af sér og það strax.

Jón Skaftason: Herra forseti. Að gefnu tilefni og vegna nokkurrar óvissu, sem upp er komin um stöðu varnarmálanna nú, vil ég segja örfá orð við þessa umr. utan dagskrár, en geymi mér rétt til lengri ræðu um málið til síðari tíma, en eins og hér er fram komið, má reikna með því, að jafnvel í þessari viku verði umr. um þessi mál á hv. Alþ.

S. l. fimmtudag tókst samkomulag í ríkisstj. um drög að umræðugrundvelli um endurskoðun varnarsamnings Íslands og Bandaríkjanna. Þessi drög voru rædd í þingflokki framsóknarmanna þremur dögum áður eða mánudaginn 18. mars s. l. Í þeim umr. gerði ég ítarlega grein fyrir skoðunum mínum til þessara mála og lýsti því þá yfir, að ég gæti ekki stutt umrædd drög sem umræðugrundvöll. Ástæðan fyrir því er sú, að í þessum drögum kemur fram viljayfirlýsing um, að á örskömmum tíma verði landið gert varnarlaust og að a. m. k. eftir mitt ár 1976 verði eftirlits- og gæslustöðin hér í reynd lögð niður. Mín skoðun er sú, að slíkt þjóni ekki íslenskum hagsmunum, eins og aðstæður eru í dag. Enn fremur byggist þessi afstaða á því, að sú könnun efnisþátta öryggismála Íslands, sem lofað var að framkvæma, áður en ákvarðanir yrðu teknar í málinu, hefur aðeins að óverulegu leyti verið framkvæmd enn.

Í jan. s. l. samþykkti ég hins vegar í þingfl. framsóknarmanna drög að umræðugrundvelli um endurskoðun varnarsamnings Íslands og Bandaríkjanna með vissum fyrirvara. Þau drög voru að mínu viti verulega frábrugðin þeim, sem samþykkt voru í ríkisstj. s. l. fimmtudag, og bendi ég þá sérstaklega á II. kafla í báðum drögum. Við þá samþykkt er ég að sjálfsögðu reiðubúinn að standa. Til viðbótar þessu vil ég enn á ný lýsa yfir, að ég hef aldrei gefið neitt drengskaparloforð um að standa að uppsögn varnarsamningsins á þessu kjörtímabili. Þetta tók ég fram í þingfl. framsóknarmanna strax í upphafi, er stjórnarsáttmálinn var þar til umr., og hef ítrekað opinberlega þá afstöðu á fundum og í blöðum. Standi til boða að mínum dómi æskilegar breytingar á gildandi varnarsamningi frá 1951, styð ég þær og beiti mér þá að sjálfsögðu á Alþ. gegn uppsögn varnarsamningsins, komi fram till. um slíkt.

Ingólfur Jónsson: Herra forseti. Varnar- og öryggismál Íslands eru þau mál, sem þjóðin fylgist hvað best með nú á tímum. Fjöldi manna hefur miklar áhyggjur af þessum málum vegna þess, hvernig ríkisstj. hagar sér. Á föstudagskvöldið var sjónvarpsþáttur, þar sem rætt var um varnarmálin, og þar voru hv. 5. þm. Reykv. og hæstv. iðnrh. spurðir um ýmislegt í þessu sambandi. Ég hef heyrt það á mörgum, að áhyggjur manna hafi vaxið mjög við það, að hæstv. iðnrh. tók sér fyrir hendur að tala í umboði ríkisstj. um þessi mál og túlka málin einhliða frá sínu sjónarmiði, og menn fengu það á tilfinninguna, að hæstv. iðnrh. réði öllu í utanríkismálum Íslands. Það er þess vegna ekki furða, þótt þjóðin hafi áhyggjur af slíku, vegna þess að hæstv. iðnrh. og hans flokkur eru sama sinnis núna og ævinlega, síðan þessi flokkur varð til í landinu. Þegar rætt er um varnar- og öryggismál Íslands, þá er þessi flokkur alltaf sama sinnis. Ég minnist 30. mars 1949, þegar gengið var frá inngöngu Íslands í Atlantshafsbandalagið, þegar grjóthríðin var hér á gluggum alþingishússins. Þá var hiti í málunum. Það var vegna þess, að það var verið að tryggja öryggi þjóðarinnar með inngöngu í Atlantshafsbandalagið. En menn voru úti á gangstéttunum og hávaði hér í þingsölunum, vegna þess að þetta var gert. Enn deila Íslendingar á Alþ. um það, hvort Ísland eigi að hafa varnir eða hvort það eigi að vera varnarlaust. Hæstv. ríkisstj. hefur orðið sammála um að gera landið varnarlaust.

Það er einn ljós punktur í þessu máli, og hann er sá, sem hæstv. forsrh. benti á hér áðan. Þessu máli verður ráðið til úrslita hér á hv. Alþ. Við skulum vona, að sú gæfa fylgi íslensku þjóðinni, að Alþ. hafi vit fyrir ríkisstj., og það mun mörgum létta, þegar hugsað er til þess, að Alþ. Íslendinga hefur úrslitavaldið.

Hæstv. forsrh. sagði hér áðan, að það væri varla tímabært að ræða þetta mál hér í hv. Alþ., það gæti spillt fyrir ferð hæstv. utanrrh. til Washington, sem nú ætti að fara að gera erfiða samninga við Bandaríkin. Þetta er hreinn misskilningur. Það er nauðsynlegt fyrir hæstv. utanrrh. að vita um það, hver vilji Alþingis er í þessu efni, og kynna sér, hver vilji þjóðarinnar er í þessu máli. Það er rétt, sem hæstv. forsrh. sagði hér áðan, að alþm. eru bundnir við samvisku sína og sannfæringu. En það er eigi að síður hollt fyrir alþm. að kynna sér vilja þjóðarinnar og taka nokkurt mið af því, sem er þjóðarvilji. Ég tel víst, að hæstv. forsrh. vill gera það. Ég vil ekki gera lítið úr undirskriftasöfnun Varins lands. 55 þús. Íslendingar hafa látið skoðun sína í ljós. Það bendir til þess, að mikill meiri hl. þjóðarinnar vill hafa Ísland varið.

Hæstv. iðnrh. sagði í sjónvarpsþættinum: Meðan her er í landinu, er landið ekki sjálfstætt. — Slíka fullyrðingu hefur þessi hæstv. ráðh. og skoðanabræður hans oft látið sér um munn fara. Þetta er vitanlega fullyrðing, sem ekki stenst. Hér er varnarlið samkv. samningum við Ísland, — samningum, sem hæstv. iðnrh. var áðan að hrósa og lesa upp úr. Samningurinn kveður svo á, að Íslendingar ráði þessum málum, ráði því, hvort varnarlið er í landinu eða ekki. Ef varnarliðið eða herinn væri hér gegn okkar vilja, þá bryti það í bága við sjálfstæði okkar. Ætlar hæstv. iðnrh. að halda því fram, að Vestur-Þýskaland og önnur Vestur-Evrópuríki, sem eru með amerískt varnarlið í landinu, séu ekki sjálfstæð ríki? Er það skerðing á sjálfstæði Vestur-Þýskalands, Bretlands og fleiri Vestur-Evrópulanda, sem hafa ameríska varnarliðið, að það er þar? Það kemur engum til hugar. Hæstv. iðnrh. hefur oft farið með fullyrðingar út í bláinn, sem ekki standast.

Hæstv. ríkisstj. vill gera landið varnarlaust. Það er mikið auðnuleysi og sakleysi, sem sækir á suma hæstv. ráðh., sem í eðli sínu vilja, að Ísland sé í vestrænni samvinnu, að þeir skuli vinna svo mikið til að þóknast samráðh. sínum, sem stefna í allt aðra átt, og virðast jafnvel vilja fórna sjálfstæði Íslands og öryggi. Það er vonandi, að hæstv. ráðh. skoði hug sinn betur og

átti sig á þeim skyldum, sem á þeim hvíla sem forsvarsmönnum Íslands.

Einn hæstv. ráðh. var spurður að því, hvað fælist í þessum till. ríkisstj. Það má enginn vopnaður maður vera á vellinum, enginn hermaður, aðeins tæknimenn. Hann var spurður að því, þessi ráðh., hvernig það væri, ef óvinaflugvél kæmi með mönnum, sem vildu taka völlinn, hvort það mætti þá snúast til varnar. Nei, það má alls ekki. Íslendingar eiga nú á seinni hluta 20. aldar að vera varnarlausir, eins og þegar Jörundur hundadagakonungur kom og tók landið. Það er þetta, sem hæstv. ríkisstj. stefnir að að gera, og það er ekki hægt að hugsa sér aumara ástand en það að mega ekki og geta ekki snúist til varnar, hvað sem gerist. Við höfum ekki innlendan her. Það þýðir þess vegna ekki að jafna því saman, sem hér á að verða með till. ríkisstj., við það, sem er í Danmörku og Noregi, eins og hæstv. forsrh. gerði áðan. Hæstv. forsrh. gleymir því, að í Danmörku og Noregi er tiltölulega fjölmennt herlið, fjölmennt lið undir vopnum til þess að verjast fyrstu árás. Ísland verður sennilega eina sjálfstæða ríkið í veröldinni, sem engar varnir á að hafa. Og hvað skyldi Ísland verða lengi frjálst og fullvalda án varna í þessum kalda og stríðandi heimi, sem við búum í? Erum við ekki að bjóða hættunni heim með þessu? Ég held, að það sé nauðsynlegt, að við athugum þessi mál rækilega. Ég er sannfærður um það, að allir hv. alþm. vilja hæstv. utanrrh. vel, en ég held, að það væri best fyrir hann, áður en hann fer til Bandaríkjanna, að kynna sér rækilega, hvort meirihl. er á Alþ. fyrir þeim till., sem hann er með. Ef hann kæmist að raun um, að meirihl. Alþ. væri á móti þessum drögum, sem hann á að hafa í vasanum eða í töskunni, þá gæti hæstv. ráðh. sparað sér ferðalagið.

Hv. 2. þm. Reykn. talaði hér áðan og talaði skýrt. Það var enginn vandi að skilja hans orð. Hann segir, að þessi samningsuppdrög, þetta samningsuppkast feli í sér fullkomið varnarleysi, og hann vill ekki sýna það ábyrgðarleysi að ljá því atkv. Hv. 2. þm. Reykn. segir enn fremur, að hann hafi aldrei gefið drengskaparloforð um það að fylgja málefnasamningnum að því leyti að láta varnarliðið fara og gera landið varnarlaust. Einn hv. þm. úr stjórnarliðinu, framsóknarmaður, hefur sagt það í margra manna áheyrn, að hann hafi verið heima að búi sínu, þegar gengið var frá samningnum, og hann beri þess vegna alls enga ábyrgð á honum, ekki aðeins þessu eina atriði, heldur á sáttmálanum öllum. Það eru þá a. m. k. tveir hv. framsóknarmenn, sem ekki bera ábyrgð á þessu atriði, og fer þá að nálgast það, að það sé ljóst, hvað meiri hl. Alþ. vill. Ég held, að það sé alveg sjálfsagt og nauðsynlegt fyrir hæstv. ríkisstj. og ekki síst fyrir þá hæstv. ráðh., sem talið hefur verið, að vildu vestræna samvinnu og vildu í reynd hafa varnir á Íslandi, að lesa fræðin betur og kynna sér ýmis atriði.

Hv. 2. þm. Reykn. sagði hér áðan, að það hafi ekki enn verið kannað, á hvern hátt vörnum Íslands verður best við komið, eða aðeins að litlu leyti kannað. En er það ekki frumskilyrði til þess að geta fengið vit í þessi mál, að málið sé kannað, að það sé ekki fálmað út í loftið, án þess að hugsað sé um, hvað Íslandi er fyrir bestu? Ég hef einhvers staðar sagt það, að ég teldi mig vita, hvar hjartað slær hjá hæstv. utanrrh. Ég hef talið mig vita, að hann vildi vel í þessum málum. Ég segi því: Það er raunalegt, ef til þess kemur, að hæstv. utanrrh. verði ýtt til þess að gera það illa, sem hann vill ekki gera. Ég ann hæstv. utanrrh. betra hlutskiptis.

Þegar við erum að ræða um þessi mál, verðum við að hafa það í huga, hvað er Íslandi fyrir bestu. Við verðum að hafa hagsmuni Íslands fyrir augum. Það nægir ekki, að við getum náð samkomulagi við Bandaríkamenn, ef það fullnægir ekki hagsmunum Íslands. Það má vel vera, að Bandaríkjamenn geti fallist á þessar till. og þeir hugsi sem svo: Við skulum láta varnarliðið fara á næstu tveimur árum. Við verðum að athuga, hvort ekki er unnt að koma upp varnarstöðvum í Skotlandi og Grænlandi, og það verður athugað, hvort það fullnægir ekki okkar þörfum, vörnum Bandaríkjanna. — En hvernig erum við þá settir, Íslendingar, ef Bandaríkjamenn taka þannig á málunum? Ég held, að okkar hlutur verði þá ekki tryggður. Ég held, að það nægi okkur ekki að vera í NATO, ef við viljum ekki lána land undir varnarstöð, sem tryggir varnarmátt bandalagsins. Ég held, að ef við hrekjum varnarstöðina í burtu, verði litið á okkur sem aukaaðila í þessum félagsskap. Ég held, að við stefnum Íslandi þá í þá hættu, að við getum orðið austan tjalds, áður en við vitum.

Hæstv. iðnrh. minntist hér áðan á Írland og ástandið þar og vildi gefa í skyn, að ef við ræddum þessi mál, þá værum við að kljúfa þjóðina í tvo andstæða hópa og það gæti valdið því, að örlög okkar yrðu eitthvað svipuð og Írlands. Þannig mátti skilja orð ráðh. Þessi samanburður dugir ekki, vegna þess að hann er ekki dreginn fram á viðeigandi og sams konar forsendum. En það var eftirtektarvert, að hæstv. ráðh. minntist ekki á Eystrasaltsríkin eða önnur Austur-Evrópuríki, sem hafa fengið helsið á sig og losna sennilega seint eða aldrei undan því.

Ég geri ráð fyrir því, að ég sé farinn að níðast nokkuð á ræðutímanum. En hæstv. forseti hefur verið frjálslyndur í þessum umr. og ekki bundið sig bókstaflega við þingsköpin. Þá fyrirgefst mér það eins og öðrum, sem hér hafa talað, þótt ég hafi orðið nokkru langorðari en beinlínis er leyfilegt samkv. þingsköpum. Ég get látið máli mínu að mestu lokið, en ég vildi nota tækifærið til þess að minna hér á nokkur atriði, sem ég hef nefnt, og ég vil fullvissa hæstv. utanrrh. um, að þótt ég og aðrir sjálfstæðismenn tölum í þessu máli, þá er það ekki gert til þess að spilla fyrir ferð hæstv. ráðh. Við viljum, að það fari fram endurskoðun á varnarsamningnum, en við viljum, að samningurinn verði endurnýjaður í því formi, að öryggis Íslands sé gætt, eftir því sem verða má. Við teljum það fullkomið ábyrgðarleysi að láta varnarliðið fara, eins og enn er ástatt í heimsmálum, og gera landið varnarlaust. Við teljum það hjal út í bláinn, alveg marklaust, þegar það er fullyrt, að nú séu þeir friðartímar, að við þurfum ekkert að hugsa um okkar varnir eða öryggi Það er langt frá því að nú séu friðartímar. Það er alltaf verið að berjast einhvers

staðar á hnettinum, það er alltaf verið að framleiða fullkomnari og fullkomnari vopn, og valdabaráttan í heiminum er ekkert síðri nú en hún hefur verið. Við verðum sjálfra okkar vegna, vegna þessarar kynslóðar og framtíðarinnar að gera skyldu okkar og gæta öryggis Íslands. Sagan verður skráð hér eftir eins og hingað til. Hæstv. ríkisstj. hefur brugðist. En hún á þess kost að endurskoða afstöðu sína og bæta að nokkru fyrir þær misgerðir, sem hún nú hefur gert.

Hannibal Valdimarsson: Herra forseti. Ég tel rétt að víkja örfáum orðum að ræðu hæstv. iðnrh. áðan og staldra þá fyrst við það , að hann sór og sárt við lagði, að trúnaðarbrot hefði hann ekki framið, einhver hv. ræðumaður hafði á undan honum brugðið honum um það. Ekki skal ég leggja dóm á þetta. En svo mikið er víst, að hv. meðlimir utanrmn. telja sig hafa verið þagnarskyldu bundna. Hæstv. ráðh. sagði enn fremur, að það hefði verið um það rætt á ríkisstj.-fundi, ekki var ég þar og veit það ekki, hvort rétt er, að þeir skyldu segja frá, hvað í till. fælist, ef þeir yrðu um það spurðir, og hann lét sannarlega ekki á því standa. En ætli hann hafi ekki verið áminntur um sannsögli um leið? Það þykir mér líklegt. En svo mikið er víst, að það hefur upplýst í þessum umr., að það samrýmist ekki, að sumir ráðh. segi, að þetta væru drög að umræðugrundvelli, og hins vegar að segja, að endanlega hafi verið gengið frá hverju atriði, og margendurtaka það. Annaðhvort er ekki satt.

Svo sagði hæstv. iðnrh., að ég hefði nú valið skrýtna leið að koma þessum ágreiningsatriðum á framfæri, að fara í útvarpið og sjónvarpið, en hringja ekki til sín, bara hringja. Ég hef þann sið, ef er um mál að ræða, sem er persónulegt milli mín og einhvers annars aðila, að þá hringi ég til hans. En ég hringi ekki til hans, þegar það er mál, sem varðar þjóðina alla. Þá hringi ég ekki til neins manns, þótt það sé hæstv. iðnrh.

Þá átti ég það erindi nú í ræðustól að þakka hæstv. forsrh. fyrir hans ræðu, fyrir hans eindregnu og afdráttarlausu svör um það, að þetta séu engir úrslitakostir, þetta séu aðeins drög að umræðugrundvelli um þetta stóra mál. Ég get að því leyti líka þakkað hæstv. iðnrh. fyrir, að hann hefur líka látið orð að þessu falla. Hann segir: Það hefur aldrei verið okkar ætlun að leggja fram úrslitakosti. — En með framhaldið í næstu setningu er ég ekki eins ánægður og finnst hún ekki vera í samræmi við þetta, þegar hann segir það vera staðreynd, að gert hafi verið samkomulag milli stjórnarflokkanna og því samkomulagi verði ekki breytt, það sé óumbreytanlegt. Hvaða samkomulagi? Samkomulaginu um það að leggja nefndar till. fram sem umræðugrundvöll. Vitanlega verður þeim umræðugrundvelli ekki breytt. En það er væntanlega búið að leggja hann fram, og þurfi ekkert að taka fram, að það væri hlaupið frá honum. En úrslitatill. eru þær ekki að sögn allra annarra ráðh. en hans.

Ég er alveg samþykkur því, sem hæstv. forsrh. sagði, þegar hann lýsti, hvernig málið blasti nú við og hvert yrði framhaldið. Að framlögðum þessum umræðugrundvelli fara fram viðræður við Bandaríkjamenn. Það má vænta gagntillagna frá þeim, og fyrst þegar þær liggja fyrir, hvernig sem niðurstaðan verður, sagði hæstv. forsrh., þá verður málið lagt fyrir Alþ. Íslendinga. Ég álít það alveg rangt af sérhverjum þm. að móta afstöðu sína til málsins, eins og það liggur fyrir nú, þó að lagðar hafi verið fram frumtill. Okkur ber ekki að taka afstöðu til málsins, fyrr en það blasir við í sinni endanlegu mynd í lok endurskoðunarviðræðnanna. Þá ber okkur að taka afstöðu til málsins. Þá getur sérhver þm. borið fram sínar till. Og hæstv. forsrh. hefur sagt það og hefur raunar sagt það áður, að þá komi málið til ákvörðunar Alþ., hver sem niðurstaðan af endurskoðunarviðræðunum verður. Og ég held, að við getum beðið rólegir eftir því.

Ég held, að það séu komnir 9 mánuðir, síðan við sögðum samningnum upp til endurskoðunar, og við erum núna að senda frá okkur fyrstu till. Ætli Bandaríkjamenn gætu ekki tekið sér annan meðgöngutíma til þess að leggja fram sín svör? Ég gæti ímyndað mér það, því að þeim liggur ekkert á. En hvað sem um það verður, hvort sem þeir verða skjótir eða seinir til svara, þá er víst, að það er þá, sem við lítum á málin og tökum ákvarðanir eftir því, hvort við teljum það Íslandi hagkvæmt eða ekki.

En þegar málið hefur verið rætt svona og það upplýst, að hér er aðeins um drög að umræðugrundvelli að ræða, þá er hitt jafnljóst, að það er rangt, að hér hafi verið tekin endanleg ákvörðun um málið. Það er rangt, að það sé orðið fastmælum bundið að fullu og öllu í ríkisstj., hvernig herinn fer. Á þessu stigi, þegar fyrstu samningatill. okkar hafa verið lagðar fram, er ekki hægt að tala um framkvæmd á þessum ákvæðum samkomulags ríkisstj. Fyrstu samningatill. við hinn aðilann eru á framkvæmdastigi.

Það er sem sé búið að sanna í þessum umr., að hæstv. iðnrh. hefur farið beint af ríkisstj.-fundi til síns flokksblaðs og sagt því ranglega um innihald samninganna. Þetta tel ég alvarlegt. Hæstv. forsrh. fór ekki neinum orðum um þetta, en þarna er um mjög alvarlegan hlut að ræða, sem ég taldi ástæðu til að taka til umr. strax og gerði það og taldi það nauðsynlegt, því að það varð að vera kunnugt, hvort hér væri um úrslitakosti að ræða, eins og hæstv. iðnrh. hefði haldið fram í sínu blaði, eða hvort hér væri um drög að samkomulagsgrundvelli að ræða. Um það förum við ekki í neinar grafgötur eftir þessar umr. Hér er ósamræmi á milli. Það hefur komið í ljós, að ráðh. míns flokks höfðu sagt satt og rétt frá málinu, en hæstv. iðnrh. hafði sagt rangt frá því.

Matthías Á. Mathiesen: Herra forseti. Ég vil þakka hæstv. forsrh. svör hans við fsp. þeim, sem ég kom með hér í upphafi þessara umr. í dag. Hann las upp þau drög að viðræðugrundvelli, sem lögð voru fram á fundi utanrmn. s.l. föstudag sem trúnaðarmál þar. Hann svaraði

einnig fsp. um það, hvort hér væri um úrslitakosti að ræða, og hann svaraði því neitandi.

Þegar hann kom að fsp. um það, hvort hann teldi sér skylt að leggja fyrir Alþ. till. til uppsagnar varnarsamningnum, ef samkomulag næðist ekki í ríkisstj., þá staðfesti hann það líka. Hann hafði vangaveltur um þessi mál og sagði, að það lægi ljóst fyrir samkv. þeim málefnasamningi, sem stjórnarflokkarnir gerðu í upphafi stjórnartímabilsins, hver stefna ríkisstj. væri, og næðist ekki samkomulag um endurskoðun samningsins, þá mundi hann leggja fram till. til uppsagnar á varnarsamningnum. Hann bætti því svo við, að þeir, sem ekki gætu fellt sig við samkomulagið, gætu farið úr ríkisstj., en hann mundi leggja till. fyrir Alþ. og það væri svo Alþingis að skera úr um málið. (Gripið fram í.) Hann bætti því við, rétt er það, að ef hann teldi sig ekki hafa þingstyrk, þá mundi hann segja af sér, og þótti engum mikið, að það hvarflaði að hæstv. forsrh., að ef hann hefði ekki þingmeirihluta, þá segði hann af sér. — Hins vegar gat hann þess, að málið yrði lagt fyrir Alþ., það væri Alþ., sem endanlega mundi kveða á um í þessu máli. Þetta er ekkert nýtt, þetta hefur verið sagt alla tíð, og vonandi verður við það staðið.

En hæstv. forsrh. vék svo að þessum drögum, sem hann las hér upp, og ræddi þau út frá *stjórnarsamningnum, málefnasamningi ríkisstj.*, og vék þar m.a. að því, sem hv. 5. þm. Reykv., Gunnar Thoroddsen, sagði hér, að hann teldi ekki meirihluta fyrir þessari stefnu meðal þjóðarinnar, og það væri ekki heldur meiri hl. fyrir stefnu ríkisstj. í þessu máli hér á Alþ. Hæstv. forsrh. vefengdi þetta, sagðist að sjálfsögðu ekki heldur geta haldið öfugu fram.

Hv. 1. þm. Sunnl. rakti hér örlítið áðan, hvernig staðan í þessu máli hefur verið, og það liggur ljóst fyrir, að hæstv. forsrh. hefur aldrei haft meira en 30 þm. hér á Alþ. með þeirri stefnu, sem hann boðaði í málefnasamningi ríkisstj., þegar hún tók við völdum. Það kom hér skýrt fram í ræðu hv. 2. þm. Reykn., Jóns Skaftasonar, hver hans afstaða er og hefur verið, og eins og hv. 1. þm. Sunnl. benti á, hefur hv. 3. þm. Norðurl. v., Björn Pálsson, skýrt frá því, að hann hafi ekki verið viðstaddur, þegar málefnasamningurinn var til umr., bæri enga ábyrgð á honum, sé andvígur stefnu hans, hann hefði verið heima að rýja.

Það er svo athyglisvert að bera saman ræður þeirra hæstv. iðnrh., Magnúsar Kjartanssonar, og hv. 3. þm. Vestf., Hannibals Valdimarssonar, um ræðu hæstv. forsrh.

Mér er ljóst, hvernig hv. þm. Hannibal Valdimarsson hefur skilið ræðuna, og hann hefur gert grein fyrir því hér, hvernig hann hefur skilið hana. Það er rétt og gott, að það kemur hér fram, og það er rétt að undirstrika það. Hitt er svo annað mál, að ef það er skoðað, sem hæstv. forsrh. sagði hér áðan, þá ber ekki á milli hjá honum og hæstv. iðnrh. Hæstv. iðnrh. sagði, að það hefði verið gert samkomulag í ríkisstj. á milli stjórnarflokkanna og því samkomulagi yrði ekki breytt, nema allir stjórnarflokkarnir væru sammála um það. Og hæstv. forsrh. sagði, að ef ekki yrði samkomulag í ríkisstj. um endurskoðun samningsins, þá mundi hann leggja til við Alþ., að varnarsamningnum verði sagt upp, svo framarlega, eins og hann skaut hér inn í áðan, að hann sé enn forsrh. Þegar þetta er borið saman, þá sést, að þeim ráðh. Alþb. hefur verið veitt neitunarvald í þessu máli. (Gripið inn í.) Það er það, sem um var spurt í upphafi, hvernig hæstv. forsrh. liti á það, og hann hefur staðfest, að ráðh. Alþb. hafi neitunarvald í þessu máli.

Það mátti heyra ýmislegt fleira á ræðu hæstv. iðnrh. hér áðan, þegar hann ræddi um afstöðu Alþb. til þessarar endurskoðunar og vék orðum sínum að þeim hér í sölum Alþ. og um land allt, sem eru sannfærðir um, að það sé, eins og hann sagði sjálfur, ekki allt með felldu. Það verður aldrei allt með felldu, þegar öryggis- og varnarmál Íslands eru rædd, þegar í ríkisstj. sitja fulltrúar kommúnista. Það er staðreynd málsins. Og það var óheppilegt fyrir þennan hæstv. ráðh. að bera saman undirskriftir þess mikla fjölda Íslendinga í sambandi við öryggis- og varnarmálin og undirskriftir þær, sem látnar voru gerast í Tékkóslóvakíu eftir innrás Sovétríkjanna á sínum tíma. Það var afar óheppilegt fyrir þennan ráðh. að bera saman þessar undirskriftir, annars vegar hér hjá okkur og hins vegar hjá ríki, sem löngu áður hafði verið tekið valdaráni af Sovétríkjunum, og þeir gátu ekki viðhaldið sínum völdum þar öðruvísi en koma með sinn eigin her þangað inn aftur.

Við, sem tölum í þessu máli, vörum við þeirri stefnu, sem hér er farið inn á. Við erum að gera það, eins og hv. 1. þm. Sunnl. sagði hér áðan, til þess að tryggja öryggis- og varnarmál íslensku þjóðarinnar.

Hæstv. iðnrh. vék að því, að það hefði hvergi komið fram, hver væri stefna Sjálfstfl. í þessum málum. Það er sjálfsagt að útvega honum, ef hann hefur ekki lesið það, þá bókun, sem fulltrúar Sjálfstfl. í utanrmn. gerðu, þegar till. eða drög að viðræðum við Bandaríkjastjórn voru lögð fyrir utanrmn. s.l. föstudag. Ég skal ekki eyða tíma þingsins nú í að lesa það upp hér, en þar er skýrt tekin fram gagnrýni á þær till., sem ríkisstj. hafði komið sér saman um, annars vegar og hins vegar, hverjar voru og eru till. sjálfstæðismanna í sambandi við öryggis- og varnarmál þjóðarinnar.

Ég skal ekki orðlengja þetta meir, herra forseti. Eins og ég gat um í minni fyrri ræðu hér í dag, taldi ég eðlilegt og rétt, eins og þessum málum var komið í sambandi við það trúnaðarbrot, sem hæstv. iðnrh. framdi með því að láta eftir sér hafa í Þjóðviljanum á laugardaginn innihald þessara till., að hér á Alþ. yrði gerð grein fyrir þeim umræðugrundvelli, sem þar var lagður fram, til þess að Alþ. gæti rætt þetta mál. Form. þingfl. Sjálfstfl., Gunnar Thoroddsen, ítrekaði það hér í sinni ræðu, og vonandi stendur ekki á stjórnarliðum að taka þátt í umr. um þessi mál hér á þingi.

Eyjólfur K. Jónsson: Herra forseti. Tilefni þess, að ég segi hér örfá orð, eru ummæli hæstv. iðnrh., sem hann lét falla um skrif Morgunblaðsins m.a. En áður en ég kem að því atriði,

langar mig til að fá að víkja fáum orðum að tveim eða þrem efnisatriðum, sem ekki hafa komið fram í þessum umr., en er ástæða til að vekja athygli á.

Ég held, að enginn Íslendingur hafi á s.l. 23 árum haft um það fleiri orð en hæstv. iðnrh., hver höfuðglæpur hafi verið framinn, þegar varnarsamningurinn var gerður árið 1951. Hann hefur kallað hann flestum illum nöfnum, landráðasamning og annað í þeim dúr, sagt að þm. hafi verið smalað saman að næturlægi utan þingfunda til að svíkja land sitt o. s. frv., o. s. frv. Nú kemur þessi sami maður í ræðustól hér á hinu háa Alþ. og fer að hæla þessum samningi, lesa upp 4. gr. hans, þar sem segir, svo að ekki verður um villst, og réttilega á það bent af ræðumanni, að Íslendingar hafi auðvitað allt vald til þess að láta herinn fara, hvenær sem þeim svo sýnist.

En hvað er að gerast nú? Á grundvelli þessa samnings samþykkir þessi hæstv. ráðh. og hinn ráðh. Alþb. að taka á sig bæði pólitíska og stjórnskipulega ábyrgð á þessum ofboðslega samningi. Það fer ekki á milli mála. Á grundvelli þessa samnings á nú að semja við Bandaríkjamenn, að vísu um það, að herliðið hverfi að mestu leyti á brott og yfirleitt það lið, sem gæti verið okkur Íslendingum til varnar. En hins vegar á að ívilna bandalagsþjóðum okkar nokkuð. Það á að veita þeim aðstöðu, þ. á m. að nokkur hundruð hermenn a. m. k. verði hér „um aldur og ævi", skilst manni. Er það ekki orðalagið? Ekkert er tekið fram um það, að þeir eigi héðan að hverfa. Eða veit það ekki hver maður, bæði forsrh. og aðrir, að þeir 200 menn, sem hann nefndi, sem eiga að sjá um viðhald á herflugvélunum, eru auðvitað hermenn, þeir eru undir heraga. Hann benti á, að Bandaríkjamenn mundu ekki láta neina útlendinga fara um borð í þessar vélar, vegna þess að þær væru hernaðarleyndarmál. Þeir láta ekki heldur neina Bandaríkjamenn um borð í þær vélar, nema þeir séu undir heraga, þeir séu hermenn. Það getur vel verið, að þeir hafi verið settir í Gefjunarföt, en hermenn eru þeir engu að síður. Á þessu ætlar hæstv. iðnrh. að taka ábyrgð, stjórnskipulega og pólitíska. Þetta er rétt, að menn hafi í huga.

Annað atriði: Í viðræðugrundvellinum sjálfum stendur, að þetta og hitt eigi að gera, til þess að við Íslendingar fullnægjum skuldbindingum okkar við NATO. Hvenær höfum við Íslendingar skulbundið okkur til þess að hafa her á Íslandi um aldur og ævi? Ég spyr. Það höfum við aldrei gert. Það var tekið fram við gerð Atlantshafssáttmálans, að við mundum ekki hafa hér her á friðartímum. Það held ég, að allir viti eða ættu að vita. Nú segir hæstv. ríkisstj. og miðstjórn Alþb., að við höfum þær skuldbindingar við NATO að hafa hér her um aldur og ævi. Ég mótmæli því. Undir það vil ég aldrei gangast.

Þetta eru líka staðreyndir, sem ekki verða hraktar.

Hæstv. forsrh. svaraði fsp. hv. þm. Hannibals Valdimarssonar á þann veg, að um væri að ræða ekki bara viðræðugrundvöll, heldur drög að viðræðugrundvelli. Ef þetta væri viðræðugrundvöllur, þá liggur í hlutarins eðli, að hæstv. utanrrh. hefur rétt til þess að víkja eitthvað frá honum, hann á að ræða málin fram og til baka. En þegar það eru bara orðin drög að viðræðugrundvelli, þá getur það nú varla staðist, sem hæstv. iðnrh. segir, að þetta sé fastmælum bundið o. s. frv., o. s. frv., eins og hv. þm. Hannibal Valdimarsson vék hér réttilega að. Nei, annaðhvort er hæstv. iðnrh. opinber ósannindamaður eða hann verður að koma því á blaðamenn Þjóðviljans, að þeir hefðu falsað ummæli hans, og vel gæti ég svo sem trúað honum til þess.

Hæstv. iðnrh. hafði mjög mörg og fögur orð um það, að þetta væru engir úrslitakostir, við vildum samkomulag við Bandaríkjamenn og að utanrrh. væri að fara til Bandaríkjanna til viðkvæmra samningaumr. og þess vegna mættu vondir menn ekki vera að reyna að spilla fyrir, sundra þjóðinni o. s. frv. Í næstu setningu segir hann: Það eru til vondir menn á Íslandi, sem segja, að við eigum að semja við Bandaríkjamenn. Það voru árásirnar á Morgunblaðið, sem sagt hefði að við ættum að semja við Bandaríkjamenn. Sjálfur er hann búinn að margsegja: Þetta á allt að vera með samkomulagi, samningaviðræður eiga að fara fram. Nei, nei. Svo eru einhverjir aðrir, sem eru hreinir landráðamenn, af því að þeir hafa sagt, að við þurfum að semja við Bandaríkjamenn. Það hefur Morgunblaðið aldrei sagt. Við þurfum ekki að semja við Bandaríkjamenn um eitt eða neitt. Auðvitað getum við sagt upp herverndarsamningnum og það nú þegar. Hér í dag gæti Alþ. samþykkt það. Og Bandaríkjamenn mundu auðvitað fara í burtu. Það vita allir menn. Og svo kemur þessi maður og er að bera saman ástand á Íslandi og í Tékkóslóvakíu. Það er hans uppáhaldsiðja. Mundi rússneska herliðið fara frá Tékkóslóvakíu, ef Tékkar bæðu um það? Auðvitað ekki, það vita allir menn.

Ég fagna mjög eindregnum yfirlýsingum forsrh. um það, að málið komi til endanlegrar afgreiðslu Alþ. Hann vék að því, að stjórnarandstæðingar gætu flutt um það till., að Alþ. væri andvígt þeim drögum að viðræðugrundvelli, sem utanrrh. á að fara með til Bandaríkjanna. Ég spyr nú hæstv. forsrh.: Væri ekki eðlilegra, að hann sjálfur og ríkisstj. leitaði eftir því hér á Alþ., hvort stuðningur við þetta ákvæði málefnasamningsins, sem aldrei hefur verið undir Alþ. borið, hvort stuðningur er við þessar till., sem hæstv. utanrrh. á að fara með til Bandaríkjanna? Væri það nú ekki vel gert við hæstv. utanrrh. að leita eftir því hér á Alþ. með því, að stjórnin sjálf kannaði það? Auðvitað ber stjórnin og ráðh. — þá auðvitað lýðræðisflokkanna fyrst og fremst — mikla ábyrgð í þessu efni, og mér finnst það eðlilegra, að þeir hafi á þessu stigi að því frumkvæði, fremur en að einhver okkar stjórnarandstæðinga bæri fram þessa till. Þeim er það í lófa lagið að fá að vita um þetta. Þeir hafa aldrei kannað það, hvort Alþ. Íslendinga styður þetta ákvæði málefnasamningsins. Forsrh. gat þess réttilega og drengilega, að það væru alþm., sem að lokum tækju afstöðu, en ég held, að það væri styrkur fyrir hann og ríkisstj. í heild að vita, hvort Alþ. styður þá í þessu máli eða ekki.

Jónas Árnason: Herra forseti. Ég verð ekki langorður.

Það, sem ég ætlaði m.a. að ræða hér, er tal hv. þm. um það, að verið sé að gera landið varnarlaust. Í þessu felst væntanlega það, að það sé að verða sú breyting á, að hér hafi verið varnir, við tekur varnarleysi. Ég er sannfærður um það, að enginn þeirra hv. þm., sem hér hafa talað mikið um þetta, trúir því í raun og veru, að þessir rúmlega 3000 dátar á Keflavíkurflugvelli tryggi raunverulega einhverjar varnir, varnir gegn skyndiárás, sem verið er að tala um.

Það er alveg rétt, sem bent hefur verið á hér, að það vantar í þessar umr. till. sjálfstæðismanna varðandi þessi varnarmál. Ef hér eiga að vera raunverulegar varnir, blasir það auðvitað við, að þessir 3000 dátar duga ekki, þeir þurfa að vera tíu sinnum fleiri eða jafnvel 100 sinnum fleiri. Nei, þetta varnartal er að sjálfsögðu marklaust tal.

Það, sem hér blasir við, er, að það hefur verið gert samkomulag um að leysa mál, sem sannarlega hefur verið erfitt vandamál innan ríkisstj. Það standa vonir til þess, að það verði leyst farsællega, og þetta upphlaup af hálfu stjórnarandstöðunnar er að sjálfsögðu tengt því, að þegar okkur tekst að leysa þetta vandamál, stjórnarflokkunum, þá aukast horfurnar á því, að hér verði áfram við völd vinstri stjórn, og minnka vonirnar jafnframt hjá þeim, sem mæna á ráðherrastólana. Viðbrögð manna hafa svo sannarlega lýst þessu.

Hér hafa komið fram ýmsar, vægast sagt furðulegar fullyrðingar, og það er verið að tyggja upp spekina úr Morgunblaðinu, t.d. það, sem hv. þm. Ingólfur Jónsson nefndi hér áðan, að með því að láta þessa dáta fara af Keflavíkurflugvelli, væri verið að bjóða heim hættunni á því, að ræningjaflokkur gæti komið hingað í flugvél hvenær sem væri og tekið landið. Þessir dátar á Keflavíkurflugvelli hafa bægt þeirri hættu frá, skilst manni. Ef þeir fara, þá vofir hún yfir. En það eru fleiri flugvellir á Íslandi en Keflavíkurflugvöllur. Það er flugvöllur austur á Egilsstöðum. Þarf ekki að vera varnarlið þar líka? Norður á Akureyri er flugvöllur og meira að segja austur á Hellu. Þar gæti lent flugvél með 30 manns og tekið alla íbúa Hellu og haldið þeim gíslum. Ég sé ekki betur en að samkv. þessari röksemdarfærslu þurfi að dreifa herliðinu nokkru víðar um landið heldur en á Keflavíkurflugvöll. Í svona fullyrðingum felast í raun og veru till. um, að við dreifum hermönnum, bandarískum hermönnum, um landið, á alla þá staði, þar sem nokkrar líkur eru á, að flugvélar geti lent. Þyrla gæti lent hér á Austurvelli. Þurfum við ekki að hafa hér bandaríska hermenn, fylkingu bandarískra hermanna, til þess að hindra, að ræningjaflokkur ryðjist úr þyrlu hingað inn í salinn óðar en varir? Meira að segja á sléttum túnum, — svo er fyrir að þakka góðri landbúnaðarstefnu undanfarið, — á sléttum túnum, — þau eru víða stór, geta lent allstórar flugvélar. Það er alveg furðulegt, hvað maður getur neyðst til þess að hlusta á mikið rugl, satt að segja, þegar verið er að ræða þessi mál hér á hv. Alþ. Ef þessu heldur áfram, ef svona röksemdafærsla eins og þessi er spunnin áfram, þá má sem sagt sýna fram á, að góð landbúnaðarstefna geti verið stórhættuleg öryggi landsins.

Ég vildi aðeins benda á þetta sem eitt dæmi um þær röksemdir, þann furðulega málflutning, sem við verðum að sitja hér undir.

Aðalástæðan til þess, að ég kvaddi mér hljóðs er sú, að ég verð að lýsa hryggð minni yfir því, að gamalt átrúnaðargoð er fallið af stalli.

Ég minnist fundaferðar, sem ég fór einu sinni með hv. þm. Hannibal Valdimarssyni um Vestfirði. Þá var nú ekki verið að vanda þeim mönnum kveðjurnar, sem hér hafa staðið upp til að tala í sama dúr og hv. þm. Hannibal Valdimarsson. Þá var hv. þm. Hannibal Valdimarsson nýlega kominn úr þeim flokki, sem hann stefnir nú í. Þetta var ógleymanlegt ferðalag, og ég hefði þá ekki haldið, að í sambandi við mál eins og þetta, stæði upp hv. þm. Hannibal Valdimarsson til þess að sama sem að láta viðsemjendur okkar í þessu máli, Bandaríkjamenn, vita, að þeir eigi ekki að taka mark á till. okkar. Að vísu hefur því verið lýst yfir af hálfu ríkisstj., að þetta séu ekki úrslitakostir. En í þessum málflutningi öllum er það gefið í skyn, að það séu möguleikar að tefja málið, — hvort sem það er viljandi eða óviljandi, þá er það gefið í skyn. Bandaríkjamönnum er gefið það í skyn, að það sé hægt að tefja og tefja og hv. þm. Hannibal Valdimarsson segir hér áðan: „Ætli Bandaríkjamenn megi ekki ætla sér annan meðgöngutíma, 9 mánuði, eins og það hefur tekið að koma fram þessum till?“ Það er mjög alvarlegt að segja þetta úr þessum ræðustól. Þetta er að leggja vopnin upp í hendur þeim, sem við þurfum að ræða við. Svona mundi enginn verkalýðsforingi haga sér, ef hann væri í alvöru að semja um hag síns fólks.

En ástæðan fyrir þessu er augljós, því miður. Hún er sú, að það er verið að semja um sameiningu við flokk, sem hefur allt aðra stefnu í þessum málum heldur en ríkisstj. Formaður eins stjórnarflokksins leyfir sér þess vegna að viðhafa þennan málflutning hér á Alþ., málflutning, sem er eins og ég sagði, óneitanlega í litlu samræmi við þann glæsilega málflutning, sem ég heyrði hér um árið vestur á fjörðum. Og ég vil ljúka ræðu minni með því að segja, að mér finnst það átakanlegt, að það þurfi að kosta þessa gömlu kempu allt þetta að sameinast aftur Alþfl.

Sameinað þing, 69. fundur.

Þriðjudaginn 26. mars, kl. 2 miðdegis.

Afgreiðsla mála úr nefndum.

Karvel Pálmason: Herra forseti. Ég hef kvatt mér hljóðs utan dagskrár til þess að gera að umræðuefni þá tregðu, sem á því virðist vera, að þingmál hér á hv. Alþ. fái þinglega meðferð og afgreiðslu í n.

Á síðasta Alþ. var borin fram till. til þál. um afnám vinveitinga á vegum ríkisins. Þessi till. var rædd á sínum tíma og vísað til hv. allshn. Sþ. og virðist, að því er best varð séð, hafa sofnað þar eða verið svæfð og fékk ekki afgreiðslu.

Snemma þessa þings var borin fram till. til þál. sama efnis. Sú till. var rædd og henni enn vísað til hv, allshn. Sþ. Þessari till. var vísað til n. 27. nóv. 1973. Enn hefur ekkert um það heyrst, hvar á vegi þessi till. er stödd í þeirri eldraun, sem hún virðist þurfa að fara í gegnum til þess að fá þinglega meðferð.

Ég tel, að það sé blettur á Alþ. og störfum þess, ef það viðgengst, að mál fái ekki þinglega meðferð og eðlilega. Ég vil því eindregið spyrja hv. formann allshn. Sþ., hvar þessi till. er á vegi stödd í hreinsunareldinum, hvort megi vænta þess, að n. sjái sér fært að afgreiða hana til þingsins, þannig að hún geti fengið þinglega meðferð á þessu þingi, eða hvort það megi vænta þess enn, að hún verði svæfð í hv. nefnd.

Björn Fr. Björnsson: Herra forseti. Hv. síðasti ræðumaður byrjaði mál sitt með því að segja, að það væru miklar líkur til þess, að ýmsar n. á hv. þingi fengju högg, þar sem þm. var. En þegar lengra leið á, var það aðeins ein n., sem var illa vinnandi hér á Alþ., og sú n. var allshn. Ég get fullvissað þennan þm. og aðra hv. þm. um það, að hún er mjög vel vinnandi n., og m. a. má sjá það af dagskrá, sem liggur hér fyrir hv. þm., að af 12 málum, sem eru á dagskrá, eru afgreidd mál frá allshn. hvorki meira né minna en 7 talsins. Er þetta þó þriðja lota, sem við höfum tekið í afgreiðslu mála í n. Enn mega þm. eiga von á því, að það komi þó nokkur mál frá n., kannske ekki í þessari viku, en í upphafi þeirrar næstu, og þannig hlýt ég að geta lýst því yfir, að þessi n., sem var sérstaklega tilnefnd af hv. þm. sem illa vinnandi n., væri það ekki, heldur mætti telja hana í hinni fremstu röð, að því er vinnubrögð snertir í nefndum.

Ég gæti þá líka vikið að því, þó að hv. þm. sé ekki form. fjvn., að það eru ýmis mál í fjvn., sem hafa legið þar lengi og eru ekki síður mikilvæg, en till. sú, sem er hér til umr. frá fimmmenningunum um það, að í veisluhöldum á vegum hins opinbera skuli ekki vín haft um hönd. En að lokum get ég fullvissað þennan hv. þm. um það, að ég mun sem form. allshn. Sþ. gera mitt til þess, að þessi till. fái nú afgreiðslu úr allshn.

Karvel Pálmason: Herra forseti. Ég vil þakka form. allshn. fyrir það, sem hann sagði hér. Það er rétt, að ég sagði, að mér þætti það miður, ef n. Alþ. legðust á mál. Ég er á þessu stigi að tala um þetta eina mál, sem er fjallað um í allshn. Sþ. Það er ekki útilokað, að það sé hægt að finna fleiri dæmi, bæði innan Sþ. og eins innan deilda þingsins, og það kannske kemur að því síðar, að það þurfi að spyrja líka um það. En það er engin afsökun fyrir hv. form. þessarar n., þó að einhverjir aðrir séu líka slælegir í störfum. (Gripið fram í.)Ég tel, að menn þurfi að afsaka það, ef á að taka a. m. k. tvö þing í röð að fá afgreiðslu á máli úr n., sem er þó ekki, að því er mér hefur virst eða neinum þm., neitt ágreiningsmál hér á Alþ. Það hefur ekki mér vitanlega neinn hv. alþm. talað gegn þessu máli. Það ætti því að vera auðvelt að koma því máli út úr n. Það ætti ekki að þurfa tvö ár í röð til þess að afgreiða slíkt.

Hann vék að fjvn. Það má rétt vera, að þessi hv. þm. hafi, ef hann ber fyrir brjósti einhver mál, sem lagst hefur verið á í fjvn., hinn sama rétt og ég til þess að kvarta um það hér á þingi og gera um það umkvörtun við formann. Það hefur hann ekki gert, þannig að það verður að líta svo á, að hann hafi smaþykkt þetta með sínu þunna hljóði, þ. e., að gera ekki aths. við neitt af því, sem liggur í fjvn. Og það eru engin rök heldur fyrir því, að svona mál skuli ekki fást afgreitt út úr allshn. Sþ., sem búið er að vera í n. í tvö ár. Það er því að fara til hliðar við það, sem um er að ræða. Það hefur verið á þetta mál lagst, það var á síðasta Alþ., og ég var farinn að óttast, að það ætti líka að gera það á þessu þingi. En ég gleðst yfir því, að form. n. hefur nú lýst því yfir, að það sé von afgreiðslu fleiri mála úr allshn. en nú þegar hafa komið, og ég vænti þess fastlega og reyndar sagði hann, að þetta mál muni vera eitt af þeim. Ég þakka fyrir það, þó að seint sé.

Eyjólfur K. Jónsson: Herra forseti. Þessar fjörugu umr. gefa mér tilefni til að koma fram með eina hógværa ábendingu, en svo er mál með vexti, að á öðrum eða þriðja degi þingsins, flutti ég ásamt nokkrum hv. þm. öðrum frv. til l. um happdrættislán vegna Norðurlandsvegar. Þetta frv. er enn ekki komið úr n. Það var sent til fjv.- og viðskn., svo sem ég taldi eðlilegt og forseti hv. Nd. taldi eðlilegt, en hins vegar var flutt annað frv. svipaðs eðlis um happdrættislán vegna Djúpvegar og sent í aðra n. Hún var athafnasamari og kom málinu frá sér, og það hefur þegar verið afgreitt í Nd.

Ég vil mælast mjög eindregið til þess, að ekki verði dráttur á því, að frv. þetta komi úr n., þannig að það fái þinglega afgreiðslu. Ég tel, að landsmenn almennt séu mjög fúsir til að verja fjármunum sínum til kaupa á veðskuldabréfum með þessum hætti, einmitt vegna vegaframkvæmda. Þeir Vestfirðingar munu vafalaust kaupa happdrættisskuldabréfin vegna Djúpvegarins. Og ég hygg, að það frv. hafi í Nd. verið samþ. einróma. Ég efast ekki um, að hitt frv. fái sömu afgreiðslu og að fjár til vegaframkvæmda verði í stöðugt ríkara mæli aflað einmitt með þessum hætti. Sem sagt, ég vona, að það dragist ekki lengur, að þetta mál komi til afgreiðslu í þd.

Bjarni Guðnason: Herra forseti. Af því að hv. 7. landsk. þm. tók svona rösklega til máls og deildi mjög á allshn. Sþ., sem líklega hefur skilað frá sér flestum málum allra n., vil ég aðeins leyfa mér af því tilefni að benda á, að hv. þm. á sæti í hinni voldugu n., sem nefnist fjvn. Bar ég fyrir nokkru upp örlitla till., sem

lenti þar, þ. e. a. s. um kostnaðaráætlanir við stjórnarfrv. Það má kannske segja, að það sé ekki minna mál en það, sem olli því, að hv. þm. reis hér upp. Ég vil þá mælast til þess í framhaldi af því, að þessi hv. þm. sjái til þess, að þessi till. mín, sem er sæmilega merk og full þörf er á, eins og ýmis stjórnarfrv. sýna, að það komi fram vilji þingsins, að hér séu ekki lögð fram ný stjórnarfrv., án þess að liggi fyrir sæmileg grg. um kostnaðinn. Þess vegna vænti ég þess, að hv. þm. beiti sér fyrir því, að þessi allsæmilega merka till. mín komist hingað til afgreiðslu.

Jarðhiti til ræktunar, fsp. (þskj. 483). — Ein umr.

Fyrirspyrjandi (Jón Árnason): Herra forseti. Á þskj. 438 hef ég leyft mér að bera fram fsp. til hæstv. landbrh. varðandi hagnýtingu jarðhita til ræktunar og rannsóknir í þágu garðyrkju. Það var hv. þm. Ásgeir Pétursson, varaþm., sem sat á þingi í forföllum hv. 4. þm. Vesturl., sem flutti þessa till. á sínum tíma.

Í framsögu fyrir till. gerði flm. frekari grein fyrir því, hvað hann teldi, að helst þyrfti að athuga og rannsaka. Kom þar m. a. fram, að rannsaka þyrfti, hvaða efni reyndist best til flutnings á heitu vatni til gróðurhúsa. Svo og átti að kanna, hvort hægt væri að draga úr kostnaði við byggingu húsanna, t. d. með samræmingu á byggingaraðferðum, stærð gróðurhúsa o. s. frv. Enn fremur var lagt til að auka og hagnýta þekkingu á jarðvegsfræði, áburðarþörf og gróðurvali, sem hlýtur að skipta miklu máli fyrir þennan atvinnuveg.

Fjmrh. (Halldór E. Sigurðsson): Herra forseti. Út af fsp. hv. 2. þm. Vesturl. á þskj. 483, vil ég gefa eftirfarandi svar.

Tvær þáltill. munu hafa verið samþykktar á Alþ. snertandi ylrækt. Sú fyrri var borin fram á árinu 1969 og afgr. 17. maí það ár, flutt af hv. þm. Ásgeiri Péturssyni, hin síðari af Steinþóri Gestssyni, hv. þm., og var samþ. 5. apríl 1972.

Landbrn. leitaði álits Sölufélags garðyrkjumanna um málið og síðan Sambands garðyrkjubænda. Niðurstaða þessara aðgerða varð sú, að landbn. skipaði n. í málið, og voru þessir aðilar skipaðir í n.: Þorvaldur Þorsteinsson forstjóri Sölufélags garðyrkjumanna, Óli Valur Hansson garðyrkjuráðunautur Búnaðarfélags Íslands, Sveinn Indriðason stórkaupmaður og Axel Magnús son ráðunautur. Rannsóknaráð ríkisins hefur einnig valið ylrækt til könnunar. Fullt samstarf hefur verið á milli þessara aðila um málið. Sökum þess, hvað viðfangsefnið er viðamikið, hefur ekki enn komið fram endanleg ályktun og grg. aðila, en fljótlega mun þess að vænta. Frá hluta af hinni stjórnskipuðu n. hef ég fengið þessar upplýsingar:

„Samkv. beiðni landbrn. vegna fsp. hv. 2. þm. Vesturl., Jóns Árnasonar, til landbrh., hvað líði þál., sem samþ. var á Alþ. 17. maí 1969, um hganýtingu jarðhita til ræktunar og rannsóknir í þágu garðyrkju, viljum við upplýsa eftirfarandi:

1. Um efni til flutnings á heitu vatni. Eðlilegast væri, að þetta verkefni yrði tekið til meðferðar og úrlausnar af Rannsóknastofnun byggingariðnaðarins, að svo miklu leyti sem talin er ástæða til að kanna þetta umfram það, sem þegar er vitað og reynsla er fengin fyrir.

2. Um byggingaraðferðir, stærð og tæknibúnað gróðurhúsa viljum viðtaka eftirfarandi fram. Í ýmsum nágrannalöndum okkar eru fyrir hendi staðlaðar verksmiðjuframleiddar gróðurhúsaeiningar úr áli og stáli í breiddum allt frá 3.20 m upp í 20—25 m. Þessar gerðir húsa taka langt fram gróðurhúsum, sem unnt er að byggja hér á landi og eru hér hefðbundin. Ál- og stálhús eru þrautreynd víðs vegar og standast fyllilega þær styrkleikakröfur, sem gerðar eru hérlendis. Auk þess má benda á, að viðhald þeirra er mjög lítið.

Hér er það lítið byggt af gróðurhúsum á ári hverju, að slík verksmiðjuframleiðsla kæmi ekki til greina, nema þenslan í ylræktinni yrði mjög mikil. Verksmiðjuframleidd málmgróðurhús hafa ekki verið byggð hér, svo að heitið geti, fram til þessa. Orsakirnar fyrir því eru fyrst og fremst, í hversu háum tollflokki þær eru, þ. e. 30—40% tollur. Til samanburðar má geta þess, að t. d. í Noregi eða utan Efnahagsbandalagslandanna eru aðflutningsgjöldin lægri. Í þessum verksmiðjuframleiddu einingum er ætíð gert ráð fyrir nauðsynlegum tæknibúnaði varðandi hitastillingu, loftræstingu, vökvun, vinnuhagræðingu og margt fleira.

3. Um þann lið, sem fjallar um þekkingu á sviði jarðvegsfræði, áburðarþarfar og gróðurvals, álítum við, að eðlilegast sé, að verkefni þessi verði tekin til meðferðar af Rannsóknastofnun landbúnaðarins og Garðyrkjuskólanum á Reykjum. Einnig þurfa að koma til tilraunir í gróðurhúsum, sem eru þýðingarmiklar gagnvart hagnýtri þekkingu. Í þessu sambandi vísum við í það álit, sem fram kom á ylræktarráðstefnu Sölufélags garðyrkumanna 1970, að hér verði skipuð tilraunanefnd í garðyrkju.“ Undir þetta skrifa þeir Axel Magnússon og Óli Valur Hansson.

Frekara svar hef ég ekki við fsp. hv. þm. og vona, að þetta upplýsi það, sem um er að ræða.

Fyrirspyrjandi (Jón Árnason): Herra forseti. Ég vil þakka hæstv. landbrh. fyrir þær upplýsingar, sem hann gaf hér varðandi þetta mál. Ég tel, að hér sé um mjög merkilegt mál að ræða, og þær athuganir og rannsóknir, sem farið hafa fram varðandi þetta mál, þyrftu sem fyrst að vera birtar opinberlega, svo að þeir, sem hér eiga sérstakra hagsmuna að gæta, gætu þá hagnýtt sér þann fróðleik, sem fyrir liggur. Enda þótt það sé rétt, sem fram kom hjá hæstv. ráðh., að við byggjum ekki mikið í jarðræktarhúsum á ári hverju, þá er alltaf um nokkrar framkvæmdir í þessum efnum að ræða, og enginn vafi er á því, að ylrækt in og gróðurhúsarækt in á mikla framtíð fyrri sér í okkar landi. Öllum ber saman um, að vart er um ákjósanlegri aðstöðu að ræða til þess að geta rekið þennan

atvinnuveg með góðum árangri heldur en að notast við jarðvarmann, þar sem hann er í jafnríkum mæli fyrir hendi og hér hjá okkur Íslendingum. Ég endurtek, að ég óska þess, að þær niðurstöður, þær rannsóknir og athuganir, sem fram hafa farið í þessu sambandi, verði birtar sem fyrst öllum þeim, sem hér eiga hagsmuna að gæta og vildu nota sér þá þekkingu, sem fyrir liggur.

Greiðslur vegna Laxárdeilu, fsp. (þskj. 524). — Ein umr.

Pétur Pétursson: Herra forseti. Á þskj. 524 bar varaþm. Bragi Sigurjónsson fram svohljóðandi fsp. til hæstv. forsrh.:

„1. Hefur gerðardómur gengið (sbr. sáttasamning 19. maí 1973) um skaðabótakröfur landeigenda við Laxá og Mývatn á hendur Laxárvirkjun, og hve háar greiðslur hafa þá verið úrskurðaðar?

2. Hversu mikið hefur ríkissjóður greitt vegna kostnaðar Landeigendafélags Laxár og Mývatns af Laxárdeilu?

3. Hversu miklu af þeirri upphæð nam málflutningsþóknun Sigurðar Gizurarsonar hrl.?

4. Hvað hefur ríkissjóður greitt Laxárvirkjun vegna kostnaðar við Laxárdeilu, og hver var þóknun lögmanns fyrirtækisins?

5. Var álits Lögmannafélags Íslands leitað, áður en þóknun til hvors lögmannsins var ákveðin, og hvert var álit félagsins?“

Ef Bragi Sigurjónsson hefði enn verið á hv. Alþ., þegar fsp. var svarað, ætlaði hann að fylgja henni úr hlaði með eftirfarandi grg., sem hann hefur beðið mig að flytja:

Hinn 19. maí 1973 var undirritaður annálsverður sáttasamningur í svonefndri Laxárdeilu milli Landeigendafélags Laxár og Mývatns og Laxárvirkjunar. Fyrir þessari svonefndu sátt beitti núv. ríkisstj. sér, og undirritaði forsrh. sáttina, sem batt ríkissjóði fjárhagslegar skuldbindingar á herðar samkv. úrskurði gerðardóms í skaðabótakröfum, sem uppi voru hafðar. Einnig lofaði ríkisstj. að greiða deiluaðilum hæfilega fjárhæð, eins og það heitir í sáttinni, vegna þess kostnaðar, sem þeir hafa haft af málaferlum í sambandi við deilumál þetta. Enn fremur lofaði ríkisstj. að kosta fiskveg fram hjá virkjununum Laxárvirkjunarstjórnar í Laxá við Brúar, en slíkt telja fróðir menn hundruða þúsunda kr. fyrirtæki og athyglisvert, að ríkið telji sér skylt að greiða það að öllu, þegar þess er þá líka gætt, að lax hefur aldrei frá landnámstíma, svo að vitað sé, gengið upp í Efri-Laxá. Með sátt þessari skuldbatt ríkisstj. sig einnig til að beita sér fyrir, að fé yrði veitt úr ríkissjóði til að taka þátt í, eins og það er orðað, umframkostnaði við Laxárvirkjun, og viðurkenndi þannig óbeint, að hún væri að vernda Laxárvirkjun fyrir fjárhagslegu tjóni með því að knýja hana til samkomulags um minni og óverulegri virkjunarframkvæmdir en þegar hafði verið heimilað með l. frá 1965.

Samkv. 3. gr. sáttagerðarinnar átti gerðardómur um skaðabætur í Laxárdeilu að ljúka störfum fyrir árslok 1973, og má því ætla, að niðurstöður liggi nú fyrir. Þykir því tímabært að gera fsp. þá, sem hér er til umr., þar sem niðurstöður hafa ekki verið birtar.

Þá hefur fyrirspyrjanda borist til eyrna, að þóknun til lögmanna deiluaðila hafi verið greidd ótrúlega há og mun hærri til þess, sem sótti málið á hendur Laxárvirkjun og ríkinu, og væri lærdómsríkt leikmönnum a. m. k. að fá það skýrt af æðsta manni dómstóla í landinu. Enn hefur fyrirspyrjanda borist til eyrna, að þessi þóknun, a. m. k. til Sigurðar Gizurarsonar, sé drjúgum hærri en Lögmannafélag Íslands lagði til, er umsagnar þess á að hafa verið leitað, og væri fróðlegt að njóta uppfræðslu um það, hverjir þeir yfirburðir þessa lögfræðings eru, sem sparnaðarnefnd ríkisins telur sjálfsagt að hækka þóknun við fram yfir það, sem stéttarfélag hans leggur til, eða hvort það telst á einhvern hátt verðlaunaskylt að sækja mál á hendur opinberum aðilum og kunna til þess lagakróka, að almenningur hljóti skaða af, svo sem óumdeilanlegt er með hindrun fulllúkningar Laxárvirkjunar III.

Forsrh. (Ólafur Jóhannesson): Herra forseti. Þessari fsp. hefði réttilegar verið beint til fjmrh. heldur en forsrh. En sá misskilningur, sem þar er um að ræða, stafar sennilega af því, að ég átti þátt í því, að sættir náðust í svokölluðu Laxárvirkjunarmáli, og skipaði tvo sáttamenn til þess á sínum tíma, og tókst að lokum að koma sáttum á í því máli, og samningur sá undirritaður, sem hv. fyrirspyrjandi gat um. Síðan hef ég — guði sé lof — ekki haft nein afskipti af Laxárvirkjunarmálinu, heldur hefur það eðlilega heyrt undir hlutaðeigandi rn. og þá fjárgreiðslur samkv. þessu samkomulagi undir fjmrh. Og sú grg., sem ég les hér á eftir, er frá fjmrn., undirrituð af starfsmanni þess, Gunnlaugi Claessen, og hún er svo hljóðandi:

„Samkv. ósk yðar hef ég tekið saman nokkur atriði til upplýsingar fsp. Braga Sigurjónssonar til forsrh. um greiðslur úr ríkissjóði vegna Laxárdeilu. Fsp. var í 5 liðum, svo hljóðandi:

„1. Hefur gerðardómur gengið (sbr. sáttasamning 19/5 1973) um skaðabótakröfur landeigenda við Laxá og Mývatn á hendur Laxárvirkjun, og hve háar greiðslur hafa þá verið úrskurðaðar?

2. Hversu mikið hefur ríkissjóður greitt vegna kostnaðar Landeigendafélags Laxár og Mývatns af Laxárdeilu?

3. Hversu miklu af þeirri upphæð nam málflutningsþóknun Sigurðar Gizurarsonar hrl.?

4. Hvað hefur ríkissjóður greitt Laxárvirkjun vegna kostnaðar við Laxárdeilu, og hver var þóknun lögmanns fyrirtækisins?

5. Var álits Lögmannafélags Íslands leitað, áður en þóknun til hvors lögmannsins var ákveðin, og hvert var þá álit félagsins?“

Gerðardóminn skipa þeir Gunnar M. Guðmundsson, tilnefndur af Hæstarétti, Guðmundur Ingvi Sigurðsson, tilnefndur af Laxárvirkjun, og Þórir Baldvinsson, tilnefndur af Landeigendafélagi Laxár og Mývatns. Niðurstaða gerðardómsins liggur enn ekki fyrir, en er væntanleg með haustinu. Fyrirhuguð er vettvangsganga dómenda, en af því getur ekki orðið fyrr en í vor, er snjó hefur leyst að fullu.

Um 2. Beinar greiðslur til Landeigendafélagsins vegna kostnaðar þess nema 3 901 796 kr. Auk þess hefur rn. greitt kostnað af tveim matsgerðum, sem framkvæmdar voru að ósk Landeigendafélags Laxár og Mývatns, þ. e. 615 868 kr. í annað skiptið, yfirmatsgerð vegna 6.5 MW virkjunar í Laxá og 477 320 kr. í seinna skiptið, mat vegna skemmda á bökkum Mývatns.

Um 3. Auk framangreindra fjárhæða hefur lögmanni Landeigendafélags Laxár- og Mývatnssvæðisins, Sigurði Gizurarsyni, verið greidd málflutningsþóknun að fjárhæð 2 millj. og 250 þús. kr., en við það bætist dæmdur málskostnaður frá Laxárvirkjun honum til handa 160 þús. kr. Heildarkrafa lögmannsins um þóknun er að fjárhæð 4 millj. 694 þús. kr., auk útlagðs kostnaðar 707 938 kr. Samtals eru kröfur hans því að fjárhæð 5 401 938 kr., og er það í samræmi við ályktun gjaldskrárnefndar Lögmannafélagsins, sem metur ofangreinda þóknun hæfilega ákveðna. En umsögn gjaldskrárnefndar er út af fyrir sig ekki bindandi.

Rn. (þ. e. fjmrn.) hefur mótað þá afstöðu, að Sigurði Gizurarsyni verði greidd jafnhá þóknun og tveir lögmenn Laxárvirkjunar fengju til samans, eða alls 2 790 500 kr. Auk þess verður honum greiddur sannanlega útlagður kostnaður. Umfram þetta verður ekki um greiðslur til hans að ræða. Líta verður svo á, að álíka mikil vinna liggi að baki við rekstur þessara dómsmála hjá hvorum aðila um sig, enda hefur annað ekki verið leitt í ljós. Málskostnaðarkrafa Sigurðar Gizurarsonar var hins vegar næstum helmingi hærri en kröfur lögmanna Laxárvirkjunar. Reikningur fylgdi ekki kröfum hans umfram ályktun gjaldskrárnefndar.

Um 4. Heildargreiðsla til Laxárvirkjunar vegna kostnaðar hennar af málaferlum við Laxármál nam 4 188 508 kr. og 40 aurum. Þar af nam þóknun til Friðriks Magnússonar hrl. 2 660 500 kr. og þóknun til Hjartar Torfasonar 130 þús. kr.

Um 5. Reikningar lögmanns Laxárvirkjunar bárust ráðuneytinu ítarlega fram settir og sundurliðaðir. Eftir skoðun þeirra var það mat rn., að eftir atvikum væri unnt að fallast á þá. Þeim var því ekki skotið til stjórnar Lögmannafélagsins til úrskurðar. Ekki hefur enn reynt á það, hvort leitað verður úrskurðar stjórnar Lögmannafélagsins varðandi kröfugerð Sigurðar Gizurarsona.

22.3 1974.
Gunnlaugur Claessen.“

Sigurður Gizurarson mun hafa sent gjaldskrárnefnd Lögmannafélagsins bréf og óskað ákvörðunar hennar um sína málflutningsþóknun. Og ég get bætt hér við úrskurði þeirrar gjaldskrárnefndar eða ályktun, en hún er svo hljóðandi:

„Þóknun Sigurðar Gizurarsonar hrl. fyrir störf í þágu Landeigendafélags Laxár og Mývatns og flutning máls varðandi lögmæti virkjunarframkvæmda Laxárvirkjunar í Laxá í Þingeyjarsýslu og lögbannsmáls vegna þeirra framkvæmda telst hæfilega ákveðin 4 millj. 694 þús. kr., auk útlagðs kostnaðar.

Það skal tekið fram, að til útlagðs kostnaðar í þessu sambandi telst ekki þóknun Þórólfs Jónssonar fyrir mats- og fulltrúastörf. Þóknun lögmannsins fyrir flutning skaðabótamáls fyrir félaga Landeigendafélags Laxár og Mývatns og fyrir réttargæslu og verjendastörf er hins vegar ekki innifalin í framangreindri upphæð.“

En eins og fram kom af greinargerð þeirri frá fjmrn., sem ég las, hefur fjmrh. ekki fallist á þessa ályktun gjaldskrárnefndar Lögmannafélagsins.

Við þessa greinargerð frá fjmrn. hef ég engu að bæta.

Pétur Pétursson: Herra forseti. Ég þakka hæstv. forsrh. fyrir svör hans og ætla ekki að öðru leyti að blanda mér í þessar umr., en mun koma svörum hans til fyrirspyrjanda.

Vísitölutrygging bótafjár íbúðarhúsa vegna jarðeldanna á Heimaey, fsp. (þskj. 536). — Ein umr.

Fyrirspyrjandi (Guðlaugur Gíslason): Herra forseti. Ég hef leyft mér að bera hér fram fsp. á þskj. 536 til hæstv. fjmrh. Fsp. er svo hljóðandi:

„Hvenær er að vænta, að lagt verði fram fyrirhugað frv. til l., sem kynnt hefur verið þingflokkunum, um vísitölutryggingu bótafjár íbúðarhúsa, sem ákveðið hefur verið að bæta vegna jarðeldanna á Heimaey, enda verði féð lagt inn á tiltekinn reikning og notað aftur til íbúðabygginga í Vestmannaeyjum?“

Ég skal geta þess, að þessi fsp. er fram borin vegna þess, að ef ég man rétt, var það fyrir jól, að þingflokkunum var sent uppkast að frv. til l. varðandi þetta efni. Hingað til hefur þetta frv. ekki verið fram borið, og hefur það vissulega valdið einstökum aðilum nokkrum vanda, hvort þeir ættu að ráðstafa fé sínu eða hvort þeir ættu að bíða, þar til frv. um þetta efni kæmi fram.

Ég skal geta þess til að fyrirbyggja hugsanlegan misskilning, að þeir aðilar, sem hér eiga hlut að máli, verða vissulega fyrir mjög stórfelldu tjóni, þó svo að samþ. yrði frv. til l. um vísitölutryggingu á því fé, sem þeim hefur verið afhent sem bótagreiðsla fyrir þau hús, sem fóru forgörðum við jarðeldana í Vestmannaeyjum. Ef hús þeirra hefðu brunnið, hefðu þeir fengið bætur frá tryggingafélaginu til þess að gera innan mjög skamms tíma og þá getað hafist handa um að nota féð til endurbyggingar íbúðarinnar við það verðlag, sem þá var gildandi. Hins vegar hafa kringumstæður verið þannig í Vestmannaeyjum, eins og öllum er kunnugt, að allt fram undir þetta hefur vart verið aðstaða til þess að hefjast handa um íbúðabyggingar á ný. Það er því alveg ljóst, að þeir aðilar, sem nú eftir meira en ár, síðan þeir misstu húsin, ráðast í byggingu á ný, — miðað við allar þær verðhækkanir, sem orðið hafa á þessum tíma, — verða fyrir mjög miklum fjárútlátum, þó að þeir geri ekki meira en að byggja sams konar hús og þeir misstu. Það verður því að teljast eðlilegt, að ráðstafanir eins og þær, sem hér hefur verið rætt um, hljóti samþykki hjá hv. Alþingi, og að frv. um þetta efni verði samþykkt.

Ég skal geta þess, að mér hefur nýlega borist um það vitneskju frá hæstv. fjmrh., að hreyfing muni vera komin á málið, þannig að ég vænti þess, að það komi fram í svari hæstv. ráðherra, að það frv., sem hér er spurst fyrir um, verði lagt fyrir Alþingi innan mjög skamms.

Fjmrh. (Halldór E. Sigurðsson): Herra forseti. Út af fsp. hv. þm. Guðlaugs Gíslasonar á þskj. 536 vil ég taka þetta fram:

Á s.l. hausti fóru nokkrar umr. fram milli mín annars vegar og Seðlabanka Íslands hins vegar um það, að verðtryggðar yrðu þær bætur, sem Vestmanneyingar fengju vegna húsa sinna, til þess að tryggja það, að þetta fé færi ekki út á markaðinn þá þegar, og enn fremur til þess að tryggja það, að byggt yrði upp í Vestmannaeyjum. Út af því átti ég umr. m.a. við stjórnarandstöðuna. En í annríki síðustu daga þingsins fyrir jól var ekki unnt að koma þessu máli áfram, enda hafði ekki unnist tími til að gera sér fullkomlega grein fyrir því.

Í jan. s.l. skrifaði fjmrn. Viðlagasjóði, þar sem spurst var fyrir um það, hvort Viðlagasjóður vildi taka að sér kostnaðinn af þeirri tryggingu, sem um var að ræða, ef verðbætur yrðu ákveðnar. Svar við þessari spurningu hefur ekki borist frá Viðlagasjóði með formlegum hætti. Hins vegar hefur mér borist munnlegt svar, og ég gat ekki skilið það á annan veg en þann, að það væri ekki áhugi á því, að þetta mál kæmi fram, enda talið, að þá væri farið að greiða út, svo að spurning væri um það, hvort þetta hefði mikil áhrif. Þetta gerði það að verkum, að ég hvorki innan ríkisstj. né á öðrum vettvangi fylgdi þessu máli eftir og taldi, að það væri úr sögunni. Frv. það, sem tilbúið var um þetta efni, var lagt til hliðar vegna þess, að ég taldi, að áhugi sá, sem fyrir þessu hefði verið, væri ekki til staðar.

Hins vegar hefur nú fyrir nokkru bæjarstjórinn í Vestmannaeyjum komið til mín og óskað eftir því, að þetta frv. yrði flutt. Þar sem hann taldi, að verulegar hættur væru á því, að ef ekki væri einhver slík trygging sett fyrir þessum fjármunum, þá mundu þeir verða notaðir á markaðinum hér, en ekki til uppbyggingar í Vestmannaeyjum. Umr. um þetta efni fóru fram í s.l. viku. Inn í það blandaðist að sjálfsögðu það, hver bæri kostnaðinn af þessari verðtryggingu og hvað þar gæti orðið um mikla fjárhæð að ræða, og varð niðurstaðan af þeim umr., að vaxtamismunur, sem kæmi í sambandi við þetta, mundi þá falla ríkissjóði í hlut til þess að bera að einhverju leyti þann kostnað, sem yrði af verðtryggingunni, sem mundi að sjálfsögðu dreifast á einhvern tíma.

Í sambandi við það mál hafði ég orð á því varðandi mál það, sem við höfum þæft hér á hv. Alþ. í sambandi við hafnargerðir, að ef að þessu yrði horfið, þá vonaðist ég til, að það yrði úr sögunni, svo að menn væru ekki að þreyta sig á því lengur, og tók bæjarstjórinn vel undir það.

Niðurstaðan er svo sú, að ríkisstj. hefur samþykkt að heimila mér að leggja fyrir Alþ. frv. um það, að ríkissjóður gefi út skuldabréf að fjárhæð allt að 600 millj. kr., sem yrðu verðtryggð og eingöngu bundin við þær bætur, sem Vestmanneyingar fengju vegna húsa sinna þar, sem urðu eldinum og hrauninu að bráð. Endurgreiðsla á þessu fé verðtryggðu kæmi aðeins til greina hjá þeim, sem byggðu aftur í Vestmannaeyjum, en ekki öðrum. Ef þeir notuðu þessa fjármuni til þess að kaupa hér uppi á landi eða byggja hér, þá yrði ekki um verðtryggingu að ræða, því að tilgangurinn með þessu væri sá einn að tryggja það, að byggt yrði upp í Vestmannaeyjum aftur. Til þess að það mætti verða, yrði að skila vottorði um fokhelt, byrjuðu þá bæturnar að greiðast út, og yrði svo ákveðið, á hvað löngum tíma það yrði gert.

Þetta mál er því þannig á vegi statt, að ég geri ráð fyrir því að leggja fram hér á hv. Alþ. á morgun frv. um þetta efni, og þar sem ég hafði áður rætt málið við stjórnarandstöðuna, þegar ég var með hugleiðingar um að flytja það í vetur, þá treysti ég því, að það fái fljótan byr hér í gegnum Alþ., þar sem útborganir á næstu bótum eru bundnar við næstu mánaðamót.

Ég tel, að með þessu hafi ég svarað bæði fsp. um, á hvaða vegi málið sé statt, og einnig gert grein fyrir því, af hvaða ástæðu málið lagðist til hliðar upp úr áramótunum. En er það hefði þá ekki tafist eða komið upp önnur sjónarmið, sem ég skildi á þann veg, að ekki væri áhugi á því, þá hefði ég að sjálfsögðu fengið samþykki ríkisstj. til þess að mega leggja málið fyrir hér á hv. Alþ., eins og ég hafði hugsað mér.

Fyrirspyrjandi (Guðlaugur Gíslason): Herra forseti. Ég vil þakka hæstv. fjmrh. svar hans. En það, sem fram kom í ræðu hans varðandi þann drátt, sem orðið hefur á þessu máli, kemur mér mjög á óvart. Ég minnist þess, þegar málið var rætt í þingflokki Sjálfstfl., var einróma mælt með samþykkt frv., ef til kæmi. Þá var ekki annað vitað en ríkissjóður mundi taka á sig hugsanlegar bætur í þessu sambandi. Ég vil ekki kannast við það, að um það hafi verið gerð nokkur samþykkt hjá stjórn Viðlagasjóðs, a.m.k. minnist ég þess ekki, sem heft hefði getað eða tafið framgang málsins. Þegar þetta mál var upphaflega rætt þar, — ég hygg, að þessi hugmynd sé þaðan komin frá stjórn Viðlagasjóðs og Seðlabankanum, — þá var stjórnin mjög hlynnt því og mælti mjög með því, að slíkum verðbótum yrði komið á, ef fé yrði notað til uppbyggingar íbúðarhúsnæðis í Vestmannaeyjum aftur. Hvað síðan hefur gerst, er mér ekki kunnugt, en ég hef alltaf haldið, að það hafi staðið á því, að ríkissjóður hafi kannske ekki treyst sér til þess að taka á sig þær verðbætur, sem þarna gæti orðið um að ræða. Að stjórn Viðlagasjóðs hafi nokkuð tafið málið, vil ég ekki við kannast og hygg, að fyrir því sé engin samþykkt í fundargerðum þeirrar stjórnar. Hvort formaður stjórnar Viðlagasjóðs hefur rætt við fjmrh. um málið, er mér ekki kunnugt um. En ég vil mjög undirstrika, að mér er ekki kunnugt um að stjórn Viðlagasjóðs hafi gert nokkra þá samþykkt, sem hefði getað orðið til þess að tefja þetta mál, því að hefði svo verið, þá hefði a.m.k. ég innan stjórnarinnar mjög mótmælt því, að slík samþykkt hefði verið þar gerð.

Garðar Sigurðsson: Herra forseti. Hæstv. ráðh. nefndi hér áðan, að svar hefði ekki borist frá Viðlagasjóði varðandi bréfaskriftir rn. til sjóðsins, en borist hefði munnlegt svar, þar sem fram hefði komið að skilningi hæstv. ráðh., að áhugi væri ekki lengur til staðar. Ég vil taka undir það, sem hv. síðasti ræðumaður sagði hér áðan, að stjórn Viðlagasjóðs hefur aldrei sent slíka yfirlýsingu frá sér.

Uppbætur á útfluttar iðnaðarvörur, fsp. (þskj. 550). — Ein umr.

Fyrirspyrjandi (Pétur Pétursson): Herra forseti. Á þskj. 550 hef ég leyft mér að bera fram svo hljóðandi fsp. til hæstv. iðnrh.:

„Hefur ríkisstj. ákveðið að greiða uppbætur á útfluttar iðnaðarvörur, eða eru slíkar ráðstafanir í undirbúningi?

2) Ef svo er, hvað verða slíkar uppbætur háar?"

Tilefni þessarar fsp. er fyrst og fremst eftirfarandi: Mér er kunnugt um, að loforð hefur verið gefið fyrir, að greiddar verði 15—20% uppbætur á sölu lagmetis til Sovétríkjanna. Mér er enn fremur kunnugt um, að loforð hefur einnig verið gefið um uppbætur á sölu á ullarvörum til Sovétríkjanna. Enn er sú ástæða fyrir þessum fsp., að allstór sölusamningur hefur verið gerður í Bandaríkjunum um sölu á ullarkápum, sem mér er sagt, að verði að verulegu leyti framleiddar í Skotlandi, sem er þá væntanlega gert einungis vegna þess, hvað framleiðslukostnaður hér á landi er hár. Þetta gerist því miður á sama tíma og 6 saumastofur norðanlands og fleiri sauma- og prjónastofur, sem hafa framleitt vörur til útflutnings, eru í þann veginn að hætta starfsemi sinni vegna þess, að verkefni vantar.

Út af fyrir sig tel ég ekki, að það þurfi að vera neitt athugavert við að greiða útflutningsbætur í ýmsum tilvikum, hvort sem um er að ræða iðnaðarvörur eða aðrar vörur. Það er t. d. alkunna, að greiddar eru verulegar uppbætur á útfluttar landbúnaðarafurðir. Nú munu vera greiddar 25—50% uppbætur á útflutt dilkakjöt og um það bil helmingur af verðmæti ýmissa mjólkurvara, þó að það sé mismunandi eftir löndum og tegundum landbúnaðarvara.

Nú er hins vegar svo komið fyrir útflutningsiðnaðinum, að það verð, sem fyrir vörurnar þarf að fást, er of hátt, til þess að hægt sé að markaðssetja þær í þeim löndum, þar sem íslenskar iðnaðarvörur hafa selst hvað mest á undanförnum tveimur árum, fyrir utan Sovétríkin.

Ég vildi nefna í þessu sambandi eitt táknrænt dæmi, sem er sala og útflutningur á kísilgúr. Þetta fyrirtæki var rekið með talsverðum hagnaði á s. l. ári. Nú er fyrirtækið aftur á móti rekið með miklu tapi þrátt fyrir 20% verðhækkun á vörunni. Ég held, að það sé alveg ljóst, að ef útflutningsiðnaður á að halda áfram hér á landi, verði hann að fá uppbætur eða einhvers konar fyrirgreiðslu, sem jafngildir uppbótum, því að að öðrum kosti get ég ekki betur séð en að útflutningsiðnaðurinn stórdragist saman eða jafnvel verði að hætta í ýmsum greinum.

Hv. þm. hafa séð í fréttabréfi frá Sölustofnun lagmetis, hvernig framkvæmdastjóri þeirrar stofnunar, dr. Örn Erlendsson, lítur á sölumöguleika lagmetisins, og nákvæmlega það sama á í raun og veru við um langflest af öðrum útflutningsiðnaði. Í þessu fréttabréfi var tekið fram, að forsvarsmenn útflutningsiðnaðarins hafi lagt til við hæstv. iðnrh., að stofnaður yrði gengisjöfnunarsjóður fyrir útflutningsiðnaðinn, sem tæki mið af genginu 102,60 á dollar. Síðan hafa orðið miklar launahækkanir. Af framangreindum ástæðum hef ég leyft mér að bera fram umræddar fsp.

Heilbr.- og trmrh. (Magnús Kjartansson): Herra forseti. Þessi fsp. barst mér frá skrifstofu Alþingis laust fyrir hádegi í gær, svo að það er auðsjáanlega til þess ætlast, að við ráðh. og okkar stofnanir höfum hraðan á í afgreiðslu mála, og er kannske ekkert um það að segja, þegar um er að ræða einfalda fsp. af þessu tagi. En yfirleitt væri betra að hafa svolítið lengri tíma til þess að svara a. m. k. nokkrum spurningum. (**Forseti:** Hæstv. ráðherra getur fengið þessu frestað, ef hann vill. Það er brot á þingsköpunum að senda þetta í gær.) Ég hef búið mig undir það að svara þessari fsp. Það er líka annað mál, hvort ég er í rauninni réttur aðili til að svara þessari fsp. Þetta er kannske öllu frekar efnahagsmál og viðskiptamál.

Fyrri fsp. hv. þm. er sú, hvort ríkisstj. hafi ákveðið að greiða uppbætur á útfluttar iðnaðarvörur eða hvort slíkar ráðstafanir séu í undirbúningi.

Þegar var tekin ákvörðun um að hækka gengi ísl. kr. í apríl í fyrra, var einkum haft mið af afkomu sjávarútvegsins og ört hækkandi fiskverði á erlendum mörkuðum, enda hafa gengisbreytingar hérlendis hingað til tekið mjög einhliða mið af þessari atvinnugrein, vegna þess að þar er meginhluti okkar útflutnings. Þegar líða tók á síðasta ár, var hins vegar sýnt, að gengið var í knappasta lagi fyrir útflutningsiðnaðinn, þar sem mun minni verðhækkanir höfðu átt sér stað á iðnaðarvörum erlendis, en framleiðslukostnaður hélt sem kunnugt er áfram að hækka fram eftir árinu. Í nóvembermánuði í fyrra lét iðnrn. hagrannsóknadeild Framkvæmdastofnunar ríkisins athuga stöðu útflutningsiðnaðarins, og kom í ljós, að staða hans var mjög misjöfn eftir flokkum. Einkum var staða ullar- og prjónlesiðnaðar slök. En þar bættust við aðrir erfiðleikar, einkum í sölumálum, sem hafa verið mikið áhyggjuefni.

Á grundvelli þessara úttektar ákvað ríkisstj. á fundi sínum 13. des. í fyrra að greiða til útflutningsiðnaðarins upphæð, sem nam 34.7 millj., í formi metinnar endurgreiðslu á tollum og söluskatti á ýmis aðföng og fjárfestingarvörur. Þessi upphæð kom til greiðslu í febrúarlok. Miðast þessi upphæð við 2.5% af útflutningsverðmæti iðnaðarvara. Litið var á þessa greiðslu eins og komið væri á virðisaukaskattkerfi fyrir útflutningsiðnaðinn, þannig að ráðgert var, að hún héldi áfram, þar til virðisaukaskatti hefði verið komið á.

Í febrúar í ár var greinilegt, að framleiðslukostnaður hafði hækkað mun meira en nam erlendum hækkunum, auk þess sem kjarasamningar

stóðu fyrir dyrum. Þá var til þess að koma í veg fyrir, að stórir viðskiptasamningar færu út um þúfur, gefið almennt vilyrði fyrir því, að gerðar yrðu efnahagsráðstafanir, sem tryggja mundu útflutningsiðnaðinum rekstrargrundvöll á árinu, þannig að hann yrði samkeppnisfær á erlendum mörkuðum. Umræddum aðilum var eindregið ráðlagt að skrifa undir þá samninga, sem náðst höfðu, eftir að sérfræðingar ríkisstj. höfðu metið, að það væri um að ræða verulegar hækkanir á afurðum og þetta væri raunverulegt hámark þess, sem hægt væri að gera sér vonir um. Og sú ráðlegging var í samræmi við það almenna fyrirheit, sem ég gat um áðan, að gerðar yrðu arðvænlegar efnahagsráðstafanir, sem tryggja mundu útflutningsiðnaðinum rekstrargrundvöll á árinu. Hins vegar hafa engar uppbætur verið greiddar til útflutningsiðnaðarins skv. þessu fyrirheiti. En almennar efnahagsráðstafanir verður að sjálfsögðu að gera, þannig að þessi útflutningsstarfsemi sitji við sama borð og sjávarútvegurinn. Þessar efnahagsráðstafanir verður að sjálfsögðu að miða við útflutningsiðnaðinn í heild, en ekki við neina sérstaka viðskiptasamninga.

Fyrirheit ríkisstj. um þetta efni er sem sé algerlega almennt og er ekki bundið við neina tiltekna prósentu í sambandi við neina samninga. En ég tel ekki, að í þessari yfirlýsingu ríkisstj. felist neitt fyrirheit um uppbætur sérstaklega. Ég lít ekki á þær ráðstafanir, sem gerðar voru í fyrra, og ég rakti hér áðan, sem uppbætur. Hins vegar er þetta vandamál, sem kemur upp og hlýtur að koma upp á Íslandi í vaxandi mæli, ef við höldum áfram að reyna að beita genginu sem einhliða hagstjórnartæki. Ég hef vakið athygli á því áður, að nú þegar annar iðnaður en fiskiðnaður framleiðir í vaxandi mæli til útflutnings, þá er engan veginn öruggt, að gengisákvörðun, sem miðuð er einvörðungu við hinn hefðbundna fiskiðnað, sjávarútveg, henti öðrum útflutningsiðnaði, þannig að það er ekki hægt að gera ráð fyrir því, að gengisbreyting, hvort sem það er gengishækkun eða gengislækkun, sem gerð er í þágu sjávarútvegsins, henti öðrum útflutningsgreinum.

Ég hef lýst því, að ég teldi ástæðu til að kanna það, hvort ekki sé tilefni til að koma hér upp almennum verðjöfnunarsjóði útflutningsins, sem sé notaður til þess að jafna mismun, sem fram kemur af þessum ástæðum, og ég held, að þetta sé hugmynd, sem vert sé að athuga mjög gaumgæfilega. Slíkur verðjöfnunarsjóður er til á sviði fiskiðnaðarins, og ég er ekki með neinar hugmyndir um að ganga á þann sjóð. En ég tel, að við verðum að byggja upp slíkt kerfi, að við getum til viðbótar gengisbreytingum, ef menn telja, að þær séu nauðsynlegar einhvern tíma, beita þessum sjóði til þess að jafna metin fyrir þá, sem ekki njóta slíkra gengisbreytinga, svo sem til er ætlast, og þær ráðstafanir, sem óhjákvæmilega verða gerðar til þess að tryggja það, að við getum haldið áfram að auka útflutning okkar á iðnaðarvarningi, þær verða, eins og ég sagði áðan, almenns eðlis og ekki bundnar við neina tiltekna samninga. Sem betur fer hefur þróunin verið sú þrátt fyrir vaxandi erfiðleika, að útflutningur okkar á iðnaðarvarningi öðrum en fiski hefur farið vaxandi. Hv. þm. nefndi áðan lagmetisiðnaðinn. Mér er það mikið ánægjuefni, að Sölustofnun lagmetis hefur nú þegar á þessu ári gert sölusamninga, sem eru, að ég hygg, ámóta miklir og það magn, sem samið var um allt s.l. ár. Og það eru verulegar líkur á því, að það geti orðið um mjög umtalsverða aukningu að ræða, og að sjálfsögðu skiptir það ákaflega miklu máli, að við tryggjum það, að þessi atvinnugrein, sem er í örum vexti, — þá á ég við útflutningsiðnaðinn almennt, — hafi þau rekstrarskilyrði í landinu, að hún geti haldið áfram að sækja fram.

Fyrirspyrjandi (Pétur Pétursson): Herra forseti. Ég þakka hæstv. iðnrh. fyrir svör hans, svo langt sem þau náðu. Mér þykir leitt, ef fsp. hefur ekki komist til hans fyrr en í gær, hún var nú lögð inn í s.l. viku. En ég verð því miður að segja, að ég hef orðið fyrir nokkrum vonbrigðum af svari hæstv. ráðh. Mér fannst það vera ákaflega einfaldar spurningar, en af svörunum finnst mér helst mega ráða, að það eigi að athuga eða gera eitthvað fyrir útflutningsiðnaðinn.

Hæstv. ráðh. tók jákvætt undir það, að vel kæmi til greina að stofna verðjöfnunarsjóð fyrir útflutningsiðnaðinn, eins og lagt hefur verið til við hann, en það eru þó nokkrar vikur ef ekki mánuðir síðan þessar till. voru settar fram, og ég hef ekki orðið var við nein viðbrögð til að koma þessu í kring. En ég vil fullvissa hæstv. ráðh. um það, að hér er um mál að ræða, sem því miður þolir ekki bið, vegna þess að vissar greinar útflutningsiðnaðarins hrökkva saman og hætta, ef ekki verður eitthvað að gert mjög bráðlega. Rekstrargrundvöllur fyrir mörgum greinum útflutningsiðnaðarins er hreinlega ekki fyrir hendi, eins og sannast best á þeim samningum, sem gerðir voru við Sovétríkin, þar sem verðið var sett fast, en framleiðendur gátu ekki framleitt vörurnar nema með umtalsverðum útflutningsuppbótum. Þetta er staðreynd, sem mér finnst að þurfi að taka nokkuð fljótlega á, ef ekki á að verða slys. Ég efast ekki um, að þessi mál koma inn í almennar efnahagsráðstafanir, þegar þær koma. En það er ekki neitt komið fram um það enn þá a.m.k. Ég vil því eindregið leyfa mér að skora á hæstv. iðnrh., að hann taki á þessum málum mjög fljótlega, og þegar ég segi fljótlega, þá meina ég á allra næstu vikum, og einhverra úrræða verði leitað til að bæta þetta ástand. En ég vil endurtaka þakklæti mitt til hans fyrir að svara þessu svo fljótt.

Jón Árnason: Herra forseti. Um það mál, sem hér er hreyft, má segja, að það sé fyllilega tímabært að vekja athygli á því, og ég vil þakka hæstv. ráðh. fyrir þau svör, sem hann hefur gefið í sambandi við það. En eins og fram hefur komið í þeim umr., sem hér hafa þegar átt sér stað af hendi fyrirspyrjanda, og eins því, sem fram kom frá hæstv. ráðh., þá má öllum vera ljóst, að hér er um mjög alvarlegt mál að ræða hvað við kemur iðnaðinum í landinu og framtíðarmöguleikum hans til áframhaldandi rekstrar. Það segir sig sjálft, að eins og sveiflurnar eru miklar í sambandi við okkar útflutningsframleiðslu og þá ekki síst í sjávarútveginum, þá

hefur það áhrif á alla aðra útflutningsframleiðslu í landinu og hinn unga iðnað, sem hér hefur verið gerður sérstaklega að umtalsefni. Og þegar það er svo, eins og átti sér stað á s.l. ári, að jafnvel ein tegund af sjávarútvegsframleiðslunni er tekin út úr og látin ráða, hver gengisskráningin er, og svo verða aðrir að starfa eftir því, þá sjá allir, að það er langt frá því að vera nokkurt vit í því að vera með slíkt kák í sambandi við gengisskráninguna. Það er enn þá síður ástæða til að vera með slíkar örar breytingar í þessu sambandi, þar sem starfandi er verðjöfnunarsjóður. Það er tekinn verulegur hluti, ef um verðhækkanir er að ræða hjá sjávarútveginum, og lagður til hliðar í verðjöfnunarsjóð, sem síðan er notaður til þess að mæta verðlækkun, þegar hún á sér stað.

Það er talað um að setja á stofn verðjöfnunarsjóð fyrir iðnaðinn. Það skiptir vitanlega miklu máli, hvernig á að byggja þann verðjöfnunarsjóð upp. Hann hefur orðið til í sambandi við sjávarútveginn, eins og fram hefur komið í þessum umr., vegna þess að það hafa verið svo miklar og örar verðhækkanir, sem hafa átt sér stað. En hjá framleiðslu eins og útflutningsiðnaðinum, hinum unga atvinnuvegi okkar Íslendinga, sem hefur alltaf haft of knappan rekstrargrundvöll, ef hann á að byggja sjálfur upp verðjöfnunarsjóðinn, þá segir það sig sjálft, að hann verður seint tilbúinn undir þeim kringumstæðum. Það verður því vitanlega að byggja á því, að verðjöfnunarsjóðurinn fái framlag úr ríkissjóði, til þess að hann geti orðið nokkurs megnugur til þess að koma að gagni í sambandi við þann rekstur.

Ég vil svo aðeins segja í þessu sambandi, að þegar það liggur fyrir, að atvinnuvegirnir standa jafnhöllum fæti og upplýst er og viðurkennt, þá gegnir það furðu, þegar hæstv. forsrh. kemur inn á Alþ., þegar verið er að ganga frá skattal. hér fyrir nokkrum dögum, og upplýsir, að innan fárra daga muni hann þurfa að leggja fyrir Alþingi sérstakar efnahagsráðstafanir vegna þess, hvað atvinnuvegirnir standa höllum fæti. En um leið og hæstv. forsrh. gerir þetta, leggur hann á þessa atvinnuvegi nýja þunga skatta, eins og launaskattinn upp á 2%, sem skiptir hundruðum millj. kr. Þetta eiga þessir atvinnuvegir að bera og bæta á sig, sem síðan þarf að gera sérstakar ráðstafanir fyrir alveg á næstu dögum, að því er upplýst er af hæstv. ríkisstj. Nei, það verður að taka þessi mál alvarlegri tökum en núv. ríkisstj. gerir, það segir sig sjálft.

Ingvar Gíslason: Herra forseti. Ég vil benda á, að það hefur verið að gerast mjög ánægjuleg þróun á undanförnum árum í sambandi við útflutningsiðnaðinn. Iðnaðarvörur hafa verið mjög vaxandi þáttur í heildarútflutninginum. Hitt er annað mál, að það er jafnljóst, að núv. gengisskráning er óhagstæð útflutningsiðnaðinum, og er mikil þörf á að kanna í því sambandi sérþarfir iðnaðarins.

Ég gat ekki betur heyrt í ræðu hæstv. ráðh. hér áðan en það væri verið að kanna þessi mál hjá ríkisstj., og efa ég ekki, að svo muni vera. Og ég vil jafnframt leggja mikla áherslu á það við hæstv. ráðh. að gefnu þessu tilefni, að það er mikil þörf á því að hraða þessum málum sem allra mest, vegna þess að hagur útflutningiðnaðarins við það gengisskráningarkerfi, sem við nú búum við, er síður en svo góður. En þar með er ekki sagt, að það þurfi að taka upp neitt sérgengi eða fara að breyta genginu vegna iðnaðarins, eitthvað slíkt. Ég held, að það sé ekki heppilegri ráðstöfun. Enn sem komið er er hér ekki um svo stórar fúlgur að ræða, að ekki sé möguleiki á því að koma við öðrum efnahagsráðstöfunum, eins og t.d. því, sem hér hefur verið hreyft, að stofna sérstakan verðjöfnunarsjóð eða hreinlega að koma upp sérstöku uppbótakerfi í því sambandi. En það, sem ég vil alveg sérstaklega leggja áherslu á, er þetta, að það þarf að hraða aðgerðum til þess að tryggja hag útflutningsiðnaðarins.

Sameinað þing, 70. fundur.

Þriðjudaginn 26. mars, að loknum 69. fundi.

Íþróttahús Menntaskólans við Hamrahlíð, þáltill. (þskj. 443). — Frh. einnar umr.

ATKVGR.

Till. vísað til allshn. með 31 shlj. atkv. og umr. frestað.

Bættar vetrarsamgöngur, þáltill. (þskj. 50, n. 475). — Frh. einnar umr.

ATKVGR.

Tillgr. samþ. með 31 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Till. samþ. með 37 shlj. atkv. og afgr. sem ályktun Alþingis (þskj. 590).

Breyting á fasteignamatslögum og lögum um sambýli í fjölbýlishúsum, þáltill. (þskj. 113, n. 472). — Frh. einnar umr.

ATKVGR.

Tillgr. samþ. með 34 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Till. samþ. með 36 shlj. atkv. og afgr. sem ályktun Alþingis (þskj. 591).

Fjáraukalög 1971, frv. (þskj. 398). — 1. umr.

Fjmrh. (Halldór E. Sigurðsson): Herra forseti. Á þskj. 398 er frv. til fjáraukalaga fyrir árið 1971. Eins og fram er tekið í aths. með frv. þessu, hafa yfirskoðunarmenn ríkisreikninganna afhent fjmrn. í þessu tilfelli till. sínar til fjárveitinga í fjáraukalögum fyrir árið 1971. Þeir leggja til, að aukafjárveiting sé veitt fyrir öllum umframgjöldum, sem eru í ríkisreikningnum 1971, en á þessu ári urðu allmiklar umframfjárgreiðslur.

Á því eru nokkrar eðlilegar skýringar, m. a. vegna þess, að eftir að fjárlög voru samþykkt, var samþ. hér á hv. Alþ. frv. um breyt. á vegal. á þann veg, að bensínskattur var hækkaður verulega frá því, sem gert hafði verið ráð fyrir, þegar fjárlög voru afgreidd. Sömuleiðis var á fjárl. ekki gert ráð fyrir því að halda niðurgreiðslum þeim, sem þá voru ákveðnar, nema til 1. sept., en síðan var ákveðið að halda þeim út allt árið 1971. Í þriðja lagi reyndust útflutningsuppbætur allmiklu meiri á þessu ári en reiknað hafði verið með. Í fjórða lagi var það svo, að þegar fjárlög voru afgreidd, voru kjarasamningar opinberra starfsmanna nýgerðir, eða gerðir nóttina áður en endanlega var gengið frá fjárl. hér á hv. Alþ. og launahækkanir því ekki færðar á einstök rn., svo sem síðar var gert, þegar ríkisreikningurinn var afgreiddur.

Samkv. þessum fjáraukal. hafa fjárlagagreiðslur farið 23% fram úr því, sem fjárlög gerðu ráð fyrir á þessu ári, en hæstu umframgreiðslur, sem hafa verið, voru á árunum 1964, þá 25%, 1965 28% og 1966 24.6%.

Ég sé ekki ástæðu til að fjölyrða um þetta fjáraukalagafrv., enda gerði ég grein fyrir ríkisreikningnum, sem það er byggt á, hér í hv. d. Ég legg til, herra forseti, að að lokinni þessari umr. verði málinu vísað til síðari umr. og hv. fjvn.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Búseta á Hólsfjöllum og á Efra-Fjalli, þáltill. (þskj. 447). — Fyrri umr.

Flm. (Ingvar Gíslason): Herra forseti. Þessi till., sem hér er til umræðu, fjallar um stuðning við búsetu á Hólsfjöllum og á Efra-Fjalli, og eru flm. 10. hv. þm. af Norður- og Austurlandi, en till. hljóðar þannig og skýrir sig best sjálf:

„Alþingi ályktar að fela ríkisstj. að hlutast til um, að treyst verði til frambúðar búseta á Hólsfjöllum í Norður-Þingeyjarsýslu og Efra-Fjalli í Norður-Múlasýslu. Er ríkisstj. heimilt að gera nú þegar nauðsynlegar ráðstafanir í þessu sambandi. Skal hún m. a. beita sér fyrir því, að við gerð landshlutaáætlana þeirra, sem unnið er að fyrir Norður-Þingeyjarsýslu og Austurland, verði sérstaklega fjallað um úrræði til lausnar byggðavanda Hólsfjalla og Efra-Fjalls."

Eins og fram kemur í mjög ýtarlegri greinargerð og fylgiskjölum, sem þessari till. fylgir, vofir sú hætta yfir byggð á Hólsfjöllum og á Efra-Fjalli, að hún fari í eyði á næstu árum, ef ekki er alveg sérstaklega að gert. Það háttar nú þannig um búsetu og byggð á þessum slóðum, þ. e. a. s. á Hólsfjöllum, sem eru sérstakur hreppur í Norður-Þingeyjarsýslu, og svo á Efra-Fjalli sem kallað er, að í Fjallahreppi er búið á fjórum bæjum og þar eru 26 íbúar, en í Möðrudal og Víðidal, sem eru tveir byggðir bæir á Efra-Fjalli, búa samtals 5 manns. Þannig hefur verið nú undanfarin ár og áratug, að fólki hefur fækkað ákaflega mikið á þessum slóðum. Býli hafa fallið úr byggð, t. d. á Hólsfjöllum, og ekki annað sýnna helður en viðnámsþróttur þessara byggða sé mjög þverrandi.

Ég vil geta þess í sambandi við þetta mál, að það á sér vissan aðdraganda hér í þinginu. Þannig var, að á Búnaðarþingi, sem lauk störfum fyrir um það bil þremur vikum eða svo, var fjallað um þetta mál, flutt um það till. af tveimur búnaðarþingsfulltrúum af Norður- og Austurlandi, og sú till. þeirra fékk þá afgreiðslu, sem fram kemur í fskj. með þessari till. okkar tíminninganna. Þar kemur það fram, að Búnaðarþing ályktar í þá átt, að beint er áskorun á Landnám ríkisins að hlutast til um, að treyst verði til frambúðar byggð á Hólsfjöllum ásamt Möðrudal og Víðidal. Ályktunin er að vísu nokkru lengri, en ég sé ekki ástæðu til að rekja hana öllu meira. En ég veit, að hv. þm. allir eru mjög vel kunnugir á þessum slóðum, því að ólíklegt er, að til sé sá maður hér í þinginu, og raunar fáir fullvaxta Íslendingar, sem ekki þekkja nokkuð aðstæður á þessum slóðum og vita, hvað við er átt, þegar rætt er um byggðina á Hólsfjöllum og á Efra-Fjalli, því að allir, sem fara þjóðveg milli Austur- og Norðurlands, fara um á þessum slóðum. Þeir fara um hlað t. d. á Grímsstöðum á Fjöllum og raunar Víðidal einnig og ekki síst um Möðrudal.

Það kemur fram í grg. fyrir þessari till. og í fskj. með henni, að ef svo illa tækist til, að byggð félli með öllu niður á Hólsfjöllum og á Efra-Fjalli, þá yrði ekkert byggt ból á þeirri löngu leið, sem liggur úr Mývatnssveit austur á Jökuldal, og er óhætt að fullyrða, að það yrði langsamlega lengsta leið milli byggða eftir þjóðvegi á Íslandi nú. Þetta er ein meginástæðan til þess, að við höfum flutt þetta mál, að við viljum benda á, hvað í húfi er, ef litið er á þetta beinlínis frá þjóðhagslegu sjónarmiði og frá sjónarmiði samfélagsins í heild, að samgönguöryggi í landinu sé stórlega stefnt í voða, ef til þess kæmi, að byggð félli þarna niður. En vissulega kemur líka margt fleira til, að ástæða er til þess að hyggja að búsetunni í Fjallabyggðunum á Hólsfjöllum og á Efra-Fjalli, því að það er sannleikur, að þó að þessar byggðir liggi nokkuð langt frá sjó og frá öðrum byggðum, þá er víst, að það er mjög gott undir bú á þessum jörðum. Það er sérlega gott undir sauðfjárbú á þessum jörðum og er raunar landsþekkt. Möðrudalur t. d. er þjóðkunn bújörð. Þó að þar hafi því miður dregist mikið saman búskapur á síðari árum af ýmsum sökum, þá er þess að minnast, að það er ekki langt síðan í Möðrudal var búið kannske einna best á öllu Íslandi. Og sama er að segja um Hólsfjöllin. Þar er ekki síður gott undir sauðfjárbú, og verður fé óvíða vænna á landinu en þar. Það er því full ástæða til þess af öðrum sökum en samgönguöryggismálum, að byggð haldist á þessum slóðum. Það hefur líka búskapargildi.

Það er minnt á það í þessari till. okkar, að verið sé að vinna að gerð landshlutaáætlana fyrir Norður-Þingeyjarsýslu og fyrir Austurland, en að þessum áætlunum er unnið á vegum Framkvæmdastofnunarinnar. Við bendum á það, flm., að það sé eðlilegt, þegar fjallað er sérstaklega um þetta mál, sem við erum að ræða hér í dag, um að styðja búsetu á Hólsfjöllum og á Efra-Fjalli, þá er eðlilegt að minna á það, að þessi mál verði sérstaklega tekin til skoðunar í sambandi við gerð landshlutaáætlananna fyrir þessa landshluta, Norður-Þingeyjarsýslu og Austurland,

enda eru þessir staðir hluti af því svæði, sem þarna á að gera áætlanir um.

Það er að vísu ekki möguleiki á því fyrir mig nú að fara ítarlega út í það, hvað hægt væri að gera í þessu sambandi. En ég vil þó segja almennt um þetta, að eðlilegast er að koma til móts við þann vilja, sem fyrir hendi er um að búa áfram á þessum jörðum. Ég þori ekki að segja um það, hvernig það er á bæjunum á Efra-Fjalli, þar er ég minna kunnugur, en því er ég vel kunnugur, að á Hólsfjallabæjum, einkum á Grímsstaðatorfunni, er mjög mikill áhugi á því að viðhalda byggðinni. Þar er búið og vel búið enn, en bændur þar gerast nú að vísu nokkuð aldraðir. Hins vegar er víst, að ungir menn þaðan upprunnir hafa í huga að setjast þar að og vilja búa þar um sig til frambúðar, bæði með því að stunda þar búskap og raunar önnur störf, iðnaðrstörf og þjónustustörf, sem þeir kunna fyrir sér í. En óneitanlega eru vissir annmarkar á því fyrir ungt fólk að setjast þarna að. Það er erfitt að afla ýmissa nútímaþæginda, og vetrareinangrun er vissulega mikil. Þess vegna er það eitt af því fyrsta, sem því dettur í hug að gera þurfi, þ. e. að auðvelda þeim, sem þarna vilja búa, að afla sér nútímaþæginda á sem auðveldastan hátt og einnig að leysa sem best samgöngumálin.

Herra forseti. Ég hef nú skýrt hér í örfáum orðum það, sem fyrir okkur vakir með flutningi þessa máls. Það skiptir ekki ákaflega miklu máli, hvað mikið ég segi um þetta nú hér í hv. Alþingi. Hins vegar skiptir það afar miklu máli, hvernig viðtökur málið fær hjá þeirri nefnd, sem kæmi til með að fjalla um það hér í þinginu, og síðan, hvaða lokaviðtökur málið fær hér í hv. þingi, þegar að því kemur að afgreiða það endanlega. Grg. fyrir till. er ítarleg, og fskj., sem henni fylgja, lýsa ekki síður vel því, sem við höfum í huga með flutningi þessa máls. Ég vísa því til grg. og fskj.. um það, sem frekar mætti segja til stuðnings þessu máli.

Mér skilst, herra forseti, að það hafi verið ákveðið að hafa tvær umr. um þetta mál, og þá sýnist eðlilegast, að málið gangi til fjvn., og vil ég gera það að till. minni.

Jónas Jónsson: Herra forseti. Það er aðeins um einn ákveðinn þátt þessa máls, sem ég ætla að segja nokkur orð, og tek það fram, að það er ekki vegna þess, að þessu hafi ekki verið gerð full og góð skil í framsöguræðu þeirri, sem hér hefur verið flutt, heldur vildi ég aðeins til skýringar ræða þennan eina þátt málsins.

Ég vil þá greina frá því í upphafi, að svo hagar til nú á Hólsfjöllum, að tveir ungir menn, sem þar eru uppaldir, hafa hug á því að setjast þar að, stofna heimili og byggja sér íbúðarhús og reisa þar bú. Þessir menn eiga báðir jarðir, sem nú eru í eyði. Þeir eru uppaldir á Hólsfjöllum og þekkja þar lífið, eru heimilisfastir á Grímsstöðum, en eiga jarðirnar Grundarhóla og Víðihól. Þeir hyggjast byggja íbúðarhús sín í landi Grímsstaða sem næst Grímsstaðabæjunum af ástæðum, sem eru mjög auðsæjar, því að þannig yrði byggðin miklu sterkari og auðveldara að veita henni þjónustu. Þessir ungu menn hafa haft samband við þm. kjördæmisins og lagt fram þessar spurningar: Við hvaða skilyrði getum við vænst að búa þarna, ef við reisum okkar íbúðarhús og reisum okkar bú þarna á Grímsstöðum? Það, sem þeir nefna kannske fyrst og fremst, er, hvaða möguleika þeir hafi til þess að fá rafmagn jafngilt og aðrir landsmenn og á svipuðum kjörum, í öðru lagi, hvaða möguleika börn þeirra gætu haft til skólagöngu, og í þriðja lagi kannske, hvaða samgöngumöguleika þeir hefðu í framtíðinni.

Í sambandi við það fyrsta af þessum málum, þ. e. a. s. rafmagnið, skrifaði ég orkustofnun um þetta mál, eins og reyndar kemur fram í fskj. með þáltill. Ég fékk svar frá Orkustofnun, en ekki nema við hluta af því erindi, sem farið var fram á. Svarið var einfaldlega það, að Orkustofnun mundi veita sömu fyrirgreiðslu og öðrum aðilum, sem kæmu upp einkarafstöðvum. Lengra náði það ekki. En út af fyrir sig má segja, að málinu hafi verið sæmilega eða vel tekið.

Í öðru lagi skrifaði ég samgrn. um þetta sama mál og sendi því afrit af bréfi Orkustofnunar. En frá því hefur ekki heyrst neitt, og má þó telja, að þetta sé mál, sem er mjög snertandi samgrn., því að eins og bent hefur verið á, er hvergi um lengri fjallveg á þjóðvegum Íslands að ræða en þarna, og er geysilegt öryggisatriði að halda við byggðinni.

Í þriðja lagi var fjvn. skrifað um málið, en það bar ekki sýnilegan árangur.

Í fjórða lagi hef ég skrifað Rafmagnsveitum ríkisins um þetta og beðið þær að gera um það áætlun, enda sama erindi og farið var fram á við Orkustofnunina, þ. e. það mun vera í athugun það mál.

Þessi þáltill. er svo hér fram komin til að undirstrika þá þörf, sem er á því að viðhalda þarna byggð og gera eitthvað í þessu máli nú sem allra fyrst. Það má ekki bíða eftir því, að það sé hægt að leysa þetta eftir þeim venjulegu leiðum, t. d. rafmagnsmálin eftir venjulegum leiðum, sem það mundi geta farið. Þarna verður að taka á málinu með sérstökum hætti, það er alveg ljóst. Og það, sem verður að stefna að, er, að þeir, sem þarna búa og vilja búa geti fengið fullgilt rafmagn og með svipuðustum kjörum og aðrir landsmenn. Þetta mætti leysa á mismunandi máta, t. d. með því að veita þeim ríflegan styrk til rekstrar á sameiginlegum dísilstöðvum, sennilega tveimur stöðvum, annarri stærri og hinni minni, og ætti það ekki að vera ofverk þjóðfélagsins að gera þetta.

Ég vil aðeins að lokum segja það, að það er svo einstætt, að þessi byggð skuli vera þarna enn þá. Þarna eru 5 bæir sem afmörkuð byggð, þar sem hvergi er skemmra til annarra byggða en 40—50 km. Þó er þessi byggð í sjálfu sér blómleg. Þarna er ungt fólk, eins og kemur fram. Það vill setjast þarna að, en það spyr eðlilega, og þeir segja ungu mennirnir: Við teljum ekki rétt af okkur, þó að við vildum það, að byggja þarna nýtt hús og stofna heimili, nema það sé tryggt, að við getum notið þessarar ákveðnu þjónustu, sem er rafmagn og skólaganga og annað því um líkt.

Það er alveg ljóst, að lykilorðið að þessu er það, að þessum bæjum verði gert kleift að fá fullgilt rafmagn, og það ríður á, að þetta verði af-

greitt svo skjótt, að þessir ungu menn, sem hyggjast byggja sín nýju íbúðarhús þegar á næsta sumri, geti gert ráðstafanir í samræmi við það. Það væri ævarandi hneisa, ef þessi byggð, þessi útvörður byggða þyrfti að leggjast í eyði vegna þess, að skrifstofukerfi er seinvirkt og það eru ekki fyrir hendi þær reglur, sem heimila að gera þetta sérstaka átak, sem þarna þarf að gera. En það leysist vonandi með samþykkt þessarar þáltill.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Notagildi einfasa og þriggja fasa rafmagns, þáltill. (þskj. 43, n. 534). — Frh. einnar umr.

Frsm. (Björn Fr. Björnsson): Herra forseti. Allshn. Sþ. hefur haft til athugunar þessa þátill. Efni hennar lýtur að því, að kannað verði notagildi einfasa og þriggjafasa rafmagns, ennfremur, að gerð verði ítarleg kostnaðar- og framkvæmdaáætlun, hvernig best verði við komið breytingu úr einfasa rafmagni í þriggjafasa rafmagn í sveitum landsins, þar sem það telst nauðsynlegt og jafnframt er talið kleift.

Sá tími nálgast óðfluga, að sveitarafvæðingunni ljúki. Það er því fyllsta ástæða að huga vel að því máli, sem hér ræðir um. Það er álit fróðra manna, að aukinni tæknivæðingu í landbúnaði séu settar mjög þröngar skorður, ef einungis er búið við einfasa rafmagn, og fyrir þá sök sé þörf að íhuga og síðan að hefja endurbætur að þessu leyti. Hitt er einsætt, að það var eðlilegt, að hin ódýrari leið væri farin í fyrstunni til þess að flýta sem mest fyrir dreifingu rafmagns um byggðir landsins. En þegar henni lýkur, er það að mati allshn. rétti tíminn að hafa til fullbúnar þær áætlanir, sem þarf til frekari aðgerða.

Umsagnir liggja fyrir frá Rannsóknastofnun landbúnaðarins og Stéttarsambandi bænda, þar sem tekið er mjög undir þetta mál. Þá hefur komið frá Rafmagnsveitum ríkisins sérfræðileg grg. um þetta efni, og ég ætla að leyfa mér að lesa upp glefsur úr þeirri grg. Þar segir m.a.:

„Könnun á því, hve mikið óhagræði og kostnaðarauka þeir búa við, sem aðeins hafa einfasa rafmagn, borið saman við þá, sem hafa þriggja fasa rafmagn: Hagkvæmni þriggja fasa rafmagns fyrir býlin kemur m.a. fram í hagstæðara innkaupsverði á rafmóturum, en þriggja fasa rafmótorar eru mun ódýrari en einfasa mótarar. Aflnýting einfasa rafmagnsmótora er mun verri en þriggja fasa mótora, og veldur hér sérstaklega ójafnt álag á fasa í einfasakerfi, en fasaskekkja verður því meiri sem stærri vélar eru tengdar við kerfið, og á þetta þá sérstaklega við um súgþurrkun. Yfir sumartímann getur aflstöðull lækkað niður í 0,65 úr 0,80 yfir veturinn, þegar rafmagnshitun er meira notuð. Rekstraröryggi þriggja fasa rafmagns er mun meira. Einfasa rafmótorum er mun hættara við yfirlestun svokallaða fasaskekkju."

Niðurstaðan um þetta atriði í þáltill. er á þessa leið hjá Rafmagnsveitum ríkisins: „Dreifing þriggja fasa rafmagns um sveitir landsins er hugsanlega að verða tímabær á þéttbýlustu svæðunum. Rafvélabúnaður fjölda býla er þegar orðinn svo mikill, að hagkvæmt er, að þau fái tengingu við þriggja fasa rafmagn. Þörfin fyrir þriggja fasa rafmagn mun því á næstu árum aukast mjög mikið, og nægir að nefna í því sambandi sjálfvirka fóðrun, flórhreinsun, mykjudælingu og margt fleira, sem þegar hefur rutt sér mjög til rúms erlendis. Hins vegar er ljóst, að fjöldi býla hefur ekki þörf fyrir þriggja fasa rafmagn fyrst um sinn, frekar en flestir neytendur í bæjum. Það sýnist því vera rétt, að stofnlínur dreifikerfanna séu byggðar fyrir þriggja fasa rafmagn, þannig að stórir orkukaupendur geti tengst við þriggja fasa kerfið sem fyrst. Kostnaður við að breyta einfasa spennustöðvum í þrífasa spennustöðvar ásamt breytingum á heimtaugum gæti þá dreifst yfir alllangt framkvæmdatímabil. Nauðsyn þess að miða dreifingu þriggja fasa rafmagns við ákveðnar meðalfjarlægðir væri þá ekki fyrir hendi.

Þetta segja Rafmagnsveitur um hagkvæmni í sambandi við einfasa og þriggjafasa rafmagn. Enn fremur segir í grg. Rafmagnsveitna ríkisins:

„Áætlun kostnaðar við það að koma þriggja fasa rafmagni um sveitir landsins, þar sem nú er einfasa eða verður lagt á næstu árum: Svar: Kostnaður um 1680 þús. kr."

Um þriðja atriðið í þáltill. segja Rafmagnsveiturnar:

„Framkvæmdaáætlun, sem miðast við það, að þegar að fulllokinni sveitarafvæðingunni verði hafist handa um að koma þriggja fasa rafmagni til þeirra sveitabýla, sem fengið hafa einfasa rafmagn, þar sem það telst kostnaðarlega forsvaranlegt. Svar: Kostnaður 1000 þús. kr."

Hér hefur verið vikið að nokkru leyti að öllum þeim þrem þáttum, sem till. fjallar um, og er alveg ljóst, að þessu máli hefur verið sinnt hjá Rafmagnsveitum ríkisins og hér hafa margvísleg svör verið gefin. En með því að allshn. telur hér mjög brýnu verkefni hreyft og til úrlausnar þess verður fyrr en seinna að ganga, en ætla má hins vegar, að enn frekari úrvinnslu sé þörf á vegum þeirra opinberu aðila, sem þegar hafa unnið að málinu, þykir allshn. rétt, eins og málinu háttar, að vísa till. við svo búið til hæstv. ríkisstjórnar.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Framkvæmd Inn-Djúpsáætlunar, þáltill. (þskj. 337, n. 535). — Frh. einnar umr.

Frsm. (Björn Fr. Björnsson): Herra forseti. Allshn. hefur íhugað þessa till. til þál. um framkvæmd Inn-Djúpsáætlunar, sem er 164. mál hér á þingi. Nefndin hefur, eftir að hafa fengið umsagnir um málið, talið rétt að mæla einróma með samþykkt till. Ég ætla að leyfa mér að víkja aðeins nokkrum orðum nánar að þessu málefni.

Að frumkvæði heimamanna og Landnáms ríkisins var ákveðið á sínum tíma að kanna, hvort grundvöllur væri til þess að stækka býli og efla búskap í þeim hreppum eða á því svæði, sem till. greinir. En það eru fjórir hreppar í Norður-Ísafjarðarsýslu, sem hér koma til greina. Það er Ögurhreppur, Reykjarfjarðarhreppur, Nauteyrar-

hreppur og Snæfjallahreppur, en eins og kunnugt er hefur byggð á þessum hluta lands mjög dregist saman að undanförnu, og nyrstu hreppar þessarar sýslu, Norður-Ísafjarðarsýslu, hafa lagst í eyði, og í þessum fjórum hreppum, sem ég áður nefndi, hefur fólki mjög fækkað, svo að þarna er byggðin, ef eigi er að gert, mjög í hættu. Þess vegna hafa heimamenn ákveðið að freista þess að efla byggð þar eins og auðið er og jafnframt óska eftir aðstoð af ríkisins hálfu. Landbrh. var á sínum tíma samþykkur því að koma til móts við till. heimamanna í þessu efni og skipaði nefnd til þess að framkvæma svonefnda Inn-Djúpsáætlun um eflingu landbúnaðar á þessu svæði. Nú hefur áætlun verið lögð fram, og má segja, að öll býli í áðurnefndum fjórum hreppum hafi ákveðið að taka þátt í framkvæmd þessarar áætlunar. Samtals mun það vera 42 býli, sem áætlunin nær til. Áætlunin nær til ræktunar, bústofnaaukningar, útihúsa, nokkurra íbúðarhúsa og vélakaupa. Samtals var áætlað á sínum tíma, eða árið 1972, að kostnaðurinn yrði 127 millj. kr. á því verðlagi, sem gilti á því ári. Einnig munu bændur leggja fram að sjálfsögðu vinnu, eins og þeir hafa tök á. Auk þess er gert ráð fyrir því, að Stofnlánadeild landbúnaðarins komi þarna til hjálpar með lánum, nauðsynlegum lánum. Þá er enn fremur þess vænst, að Byggðasjóður láni til þessara framkvæmda, og þess er að geta, að á fjárlögum 1974 mun vera gert ráð fyrir fjárveitingu í þessu skyni.

En till. að sjálfsögðu fjallar um, að þess sé freistað, að tryggð verði hin skipulagða framtíðaráætlun með aðstoð ríkisins og þannig, að einn aðili hafi yfirumsjón með öllum framkvæmdum. Þá er gert ráð fyrir því, að ríkisvaldið sjálft taki að sér þessa yfirumsjón, og er einmitt tilgangurinn með þessari þáltill. að tryggja það. Það er alveg auðsætt okkur öllum, að það framtak, sem hér um ræðir, er algjörlega einstætt í sinni röð, en jafnframt mjög mikilvægt til þess, að framtíð byggðar á þessum slóðum og nærliggjandi þéttbýlissvæðum verði sem best tryggð, og þess vegna má kannske segja, að ríkisvaldinu sé skylt að veita hér alla nauðsynlega aðstoð auk þess að hafa yfirumsjón og höfuðábyrgð á öllum framkvæmdum að því er varðar áætlunina.

Eins og ég sagði í upphafi, hefur allshn. einróma samþykkt að mæla með till. og framgangi hennar hér á þingi.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Jöfnun símgjalda, þáltill. (þskj. 234, n. 533). — Frh. einnar umr.

Frsm. (Björn Fr. Björnsson): Herra forseti. Þessi till. fjallar um jöfnun símgjalda og er flutt af þm. úr öllum flokkum. Till. er á þessa lund, með leyfi hæstv. forseta:

„Alþingi ályktar að fela ríkisstj. að haga endurskoðun gjaldskrár Landssímans þannig, að sem fyrst verði náð sem mestum jöfnuði með landsmönnum í kostnaði við notkun símans og dreifbýli og höfuðborgarsvæðið beri hlutfallslega sömu byrði hinna sameiginlegu heildarsímaútgjalda. Sérstaklega ber að stefna að því, að:

1.) símgjöld innan eins svæðisnúmers eða landshluta verði hin sömu um allt land, 2.) gjöld fyrir símtöl úr dreifbýli til höfuðborgarsvæðisins lækki verulega“

Allshn. hafði og hefur haft um nokkurn tíma þessa till. til athugunar og hefur fallist einróma á að mæla með samþykkt till. óbreyttrar.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Bætt póst- og símaþjónusta, þáltill. (þskj. 81, n. 529). — Frh. einnar umr.

Björn Fr. Björnsson: Herra forseti. Í fjarveru frsm. þessa máls leyfi ég mér að mæla hér örfá orð. Þessi till. fjallar um bætta póst- og símaþjónustu úti um byggðir landsins. Hún er á þessa leið, með leyfi hæstv. forseta:

„Alþingi ályktar að skora á ríkisstj. að gera nú þegar ráðstafanir til að auka og endurbæta þjónustu Pósts og síma úti um byggðir landsins, svo að allir landsmenn geti búið við sem jafnasta aðstöðu að þessu leyti.“

Allshn. var á einu máli um að mæla með samþykkt till.

Friðjón Þórðarson: Herra forseti. Fyrir hönd flm. þessarar till. leyfi ég mér að færa hv. allshn. þakkir fyrir góða afgreiðslu málsins. Vona ég, að þessi væntanlega þál. verði til aukinna athafna og umbóta í þessum málum.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Efri deild, 89. fundur.

Miðvikudaginn 27. mars, kl. 2 miðdegis.

Skipulag ferðamála, frv. (þskj. 551, 420, 570, 571, 572). — Frh. 3. umr.

Ragnar Arnalds: Herra forseti. Við upphaf 3. umr. gerði ég grein fyrir brtt. minni á þskj. 571, og urðu þá nokkur orðaskipti um hana, og komu þá m. a. fram tilmæli frá hæstv. menntmrh. um, að ég skoðaði málið frekar með hliðsjón af hugsanlegri breytingu, sem gerð yrði á till., þannig að almennari samstaða gæti um hana tekist en útlit virtist fyrir eftir undirtektum að dæma við 2. umr., þar sem sumir þdm. hafa látið í ljós þá skoðun, að a. m. k. fyrri hl. brtt. ætti ekki heima í l. um skipulag ferðamála. Síðan þetta var, hef ég haft samráð við hæstv. menntmrh. um að orða till. á annan veg og borið þá jafnframt undir hv. 2. þm. Vesturl., Jón Árnason, sem hafði mælt gegn till. í hinu fyrra formi, og hefur hv. þm. Jón Árnason fallist á að styðja till. í þeim búningi, sem hún er nú á þskj. 572. Ég tel ástæðulaust að lesa hana hér upp, en læt þess einungis getið, að hún er algerlega samhljóða efnislega hinni fyrri till., en úr till. er sleppt þeim orðum, áður en hannað er húsnæði heimavistarskóla, sem ríkissjóður kostar að einhverju eða öllu leyti, skuli leita umsagnar stjórnar Ferðamálastofnunar Íslands um gerð hússins

og innréttingu. Menn töldu sem sé, að þessi orð ættu frekar heima í l. um skólakostnað og nægilegt væri, að í l. um skipulag ferðamála kæmi það inn, sem beinlínis snertir Ferðamálastofnunina.

Ég vil í fyrsta lagi, herra forseti, draga til baka brtt. mína á þskj. 571, en í öðru lagi óska eftir því, að leitað verið afbrigða um brtt. mína á þskj. 572.

ATKVGR.

Afbrigði um brtt. 572, sem var of seint fram komin, samþ. með 11 shlj. atkv.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Félagsmálaskóli alþýðu, frv. (þskj. 305, n. 556, 563). — 2. umr.

Frsm. (Helgi F. Seljan): Herra forseti. Félmn. Ed. hefur fjallað um frv. til l. um Félagsmálaskóla alþýðu. N. kynnti sér umsagnir aðila, er allar voru á þann veg að mæla með samþykkt frv.

Alþýðusamband Íslands mælti eindregið með samþykkt frv.

Menningar- og fræðslusamband alþýðu mælti einnig eindregið með samþykkt frv., en kom með tvær ábendingar um breytingar:

Í fyrsta lagi, að listir skyldu vera meðal námsgreina. Sá n. ekki ástæðu til þess þegar í byrjun að kveða á um slíka fræðslu, enda farið inn á vítt svið, ef veita ætti fræðslu í listum hvers konar. Þessi fræðsla á e. t. v. rétt á sér, en úr því verður þá reynslan að skera, þegar skólinn hefur komist yfir sína byrjunarörðugleika, sem hann mun örugglega eiga við að stríða, og er þá kominn á fullan skrið með þau annars mjög svo viðamiklu verkefni, sem honum eru falin einmitt í frv. þessu.

Í öðru lagi lögðu þeir í Menningar- og fræðslusambandi alþýðu til breytingar á aldursmörkum í 4. gr. vegna iðnnema sérstaklega. Lagði Menningar- og fræðslusamband alþýðu til 15 ára aldursmark, en n. þótti rétt að miða við þann aldur, sem gildir um inngöngu í stéttarfélögin, þ. e. 16 ár, og flytur um það sérstaka brtt.

Vinnuveitendasamband Íslands mælti með frv. og taldi það spor í rétta átt, en lagði til tvær breytingar.

Önnur var sú, að við námsupptalningu í 2. gr. yrði bætt fræðslu um hagfræðileg efni og meðferð og hagnýtingu hagfræðilegra upplýsinga. N. þótti rétt að bæta við 1. mgr. 2. gr. orðunum „og um hagfræðileg efni“, því að vissulega koma þau efni í æ ríkari mæli inn á svið samninga og kjaramála allra. Á hagfræðilegum útreikningum er byggt í sífellu, og hvort sem menn vilja taka þar mark á eða ekki, eru slíkir útreikningar æðioft notaðir sem forsenda fyrir till. að samningagerð. Því er það nokkuð eðlilegt, að launþegar hafi í skóla sínum möguleika á að afla sér grundvallarfræðslu um þessi mál, þótt flókin og erfið séu og greinilega illæranleg til fulls.

Hin ábendingin frá Vinnuveitendasambandi Íslands var um aðild þess að skólanefnd félagsmálaskólans. Um þessa beiðni voru skiptar skoðanir í n. Töldu sumir eðlilegt að verða við þessari ósk, en aðrir voru andvígir. Sá ágreiningur hefur glögglega komið fram með brtt., sem flutt hefur verið og lýtur að þessu og reyndar fleiri atriðum. Ég persónulega er andvígur aðild vinnuveitenda að þessari skólanefnd og sé raunar ekki erindi þeirra þar inn. Hvað sem líður öllum skilningi og samstarfi milli aðila vinnumarkaðarins, hlýtur að vera ljóst, að Félagsmálaskóli alþýðu hefur það meginmarkmið að gera félaga í verkalýðssamtökunum hæfari í félagsmálum almennt og um leið hæfari baráttumenn fyrir réttindamálum sínum gagnvart atvinnurekendum. Af þeirri ástæðu einni sé ég ekki ástæðu til aðildar þeirra samtaka, sem verkalýðshreyfingin á í höggi við, að skólanefnd hennar eigin skóla.

Hv. 5. þm. Vestf. og hv. 6. þm. Reykv. hafa lagt fram brtt. við frv. þetta, þar sem ekki er einungis gert ráð fyrir aðild Vinnuveitendasambands Íslands að skólanefnd, heldur og Bandalags starfsmanna ríkis og bæja og Farmanna- og fiskimannasambands Íslands, þ. e. a. s. um gerbreytta skipan skólanefndar. Þessi till. mun hliðstæð því, sem lagt hefur verið til í frv. um félagsmálaskóla launþegasamtakanna, sem flutt hefur verið í Nd. af hálfu þriggja hv. þm. þar með hv. þm. Pétur Sigurðsson í fararbroddi, að því leyti til sem tekur til Farmanna- og fiskimannasambands Íslands og Bandalags starfsmanna ríkis og bæja. Hins vegar er í þeirra frv. ekki gert ráð fyrir, frekar en í þessu, aðild Vinnuveitendasambands Íslands að skólanefnd. Með þessari till. er verksvið skólans að mínu viti um leið útvíkkað mjög, því að annars ættu þessir aðilar ekki erindi inn í skólanefndina. Að mínu viti fer því till. þessi út fyrir þann ramma, er frv. gerir ráð fyrir, en í aths. með frv. segir orðrétt: „Með frv. þessu er lagt til, að stofnaður verði félagsmálaskóli verkalýðshreyfingarinnar“ o. s. frv. Þessi till. á því vart rétt á sér, nema frv. verði breytt í það horf, að allir þeir aðilar, sem till. gerir ráð fyrir, standi að skólanum. Þá er komið að allt öðru atriði og óskyldu, þ. e. hvort stofna eigi skóla, sem allir þessir aðilar ættu jafnan rétt að. Frv. þetta er hins vegar aðeins um félagsmálaskóla verkalýðshreyfingarinnar, gert samkv. sérstöku samráði og samvinnu við Alþýðusamband Íslands, og því fæ ég ekki séð, að þessi skipan skólanefndar eigi rétt á sér varðandi þann skóla, sem frv. fjallar í raun og veru um. Hitt er svo allt annað mál, hvort slíkur skóli með aðild allra þessara aðila ætti ekki rétt á sér síðar, en það mál er ekki hér til umr., heldur aðeins að því, er lýtur að verkalýðshreyfingunni sjálfri. Því álít ég, að aðrir aðilar eigi ekki inn í þetta að koma, nema þá sá fulltrúi ríkisvaldsins, kostnaðaraðilans, sem lagt er til, að ráðh. skipi samkv. frv. Ég lýsi því hins vegar sem minni skoðun, að að mörgu leyti væri það æskilegt, að þessir aðilar gætu allir komið sér saman um sameiginlegan félagsmálaskóla, en því miður er ég hræddur um, að það sé býsna langt í land, að þeir geti í raun komið sér saman um slíkan skóla, og vilji jafnvel að sumu leyti vera þar nokkuð sér á báti hver aðili.

Að öðru leyti vil ég sem formaður verkalýðsfélags um mörg ár fagna frv. þessu alveg sérstaklega og undirstrika mikla þýðingu þess. Allt of víða eru erfiðleikar á því að fá hæfa menn til félagsstarfa, sem kunna þar raunverulega til verka, og á það ekkert sérstaklega við verkalýðsfélögin, en einmitt þar er nauðsynin rík, því að verksviðið er svo víðtækt, réttindamálin svo mörg og flókin að hreinlega þarf á mikilli og haldgóðri alhliða almennri þekkingu að halda, svo að úr verði leyst á viðunandi hátt.

Verkalýðshreyfingin hefur sannarlega átt og á mörgum frábærum starfskröftum á að skipa, en í nútímaþjóðfélagi kallar ótalmargt á um beina fræðslu og þekkingarmiðlun til handa þeim, sem trúnaðarstörfum þurfa að gegna í stéttarfélögum. Svo margslungin er öll samningsgerð orðin, svo fjölþætt verkefnin, sem við þarf að fást, svo mörg lög og lagabálkar grípa hér inn í, að á beinni fræðslu, góðri fræðslu er knýjandi þörf.

Hins vegar er svo eftir sá þáttur, sem lýtur að framkvæmd þessa skóla, ef að lögum verður. Þar verður að treysta á þá tvo aðila, sem skólanefndaraðild eiga samkv. frv.: Alþýðusamband Íslands og Menningar- og fræðslusamband alþýðu, sem hefur nú upp á síðkastið unnið mikið og gott fræðslu og leiðbeiningarstarf, svo og ríkisvaldið, að það standi hér vel að einnig. Alveg sérstaklega vil ég leggja á það áherslu, að 3. gr. verði framkvæmd af myndarskap, þar sem segir: „Námskeið, sem haldin eru á vegum skólans, fara fram í húsakynnum hans eða annars staðar í hinum ýmsu landshlutum, allt eftir því, sem þörf krefur og henta þykir. Ef þurfa þykir, getur skólinn einnig haldið uppi námskeiðum að sumrinu, og gilda um þau sömu reglur og aðra starfsemi skólans."

Þessi félagsmálaskóli þarf að ná sem víðast. Úti á landsbyggðinni er ekki síður verkefni en hér á þéttbýlissvæðinu við Faxaflóa, og því verður að treysta því, að landsbyggðin njóti hér fyllsta réttlætis gagnvart Stór-Reykjavíkursvæðinu, svo að gamla mismununin, sem hvarvetna á sér stað, verði ekki ofan á þarna einnig.

Ég sé svo ekki ástæðu til að fjölyrða meira um þetta mál, en félmn. mælir með samþykkt frv. með þessum tveim breytingum, sem fylgja með nál., en nm. áskilja sér að öðru leyti rétt til að flytja eða fylgja frekari brtt.

Þorv. Garðar Kristjánsson: Herra forseti. Eins og þegar hefur komið fram og hv. frsm. vék að, höfum við hv. 6. þm. Reykv. borið fram brtt. á þskj. 563. Þessi till. felur í sér bretyingu á stjórn skólans frá því, sem frv. gerir ráð fyrir.

Í frv. er gert ráð fyrir að stjórn skólans sé í höndum þriggja manna skólanefndar. Við hv. 6. þm. Reykv. leggjum til, að stjórn skólans sé í höndum 5 manna skólanefndar, sem félmrh. skipar. Skulu tveir skólanm. skipaðir eftir sameiginlegri tilnefningu Menningar- og fræðslusambands alþýðu og Alþýðusambands Íslands, það er eins og frv. sjálft gerir ráð fyrir, einn verði skipaður eftir tilnefningu Farmanna- og fiskimannasambands Íslands, einn eftir tilnefningu Bandalags starfsmanna ríks og bæja og einn eftir tilnefningu Vinnuveitendasambands Íslands. Þá gerir brtt. okkar ráð fyrir, að ráðh. skipi formann skólanefndar úr hópi þeirra, sem tilnefndir eru, og varamenn verði skipaðir með sama hætti.

Hv. frsm. n. vék að þessari till. og mælti gegn henni. Sérstaklega vék hann að þýðingu þess, ef Vinnuveitendasamband Íslands fengi aðild að þessum skóla. Taldi hv. þm., að það væri ekki spor í rétta átt og með þeim hætti væri verksvið skólans, eins og gert er ráð fyrir því í frv., útvíkkað. Það væri farið út fyrir þann ramma, sem frv. gerir ráð fyrir. Ég verð algerlega að mótmæla þessari fullyrðingu. Þvert á móti tel ég, að við fyllum eðlilega út í þann ramma, sem frv. gerir ráð fyrir, með því að ætla Vinnuveitendasambandi Íslands aðild að stjórn skólans. Þetta segi ég vegna þess, að það er skýrt tekið fram, hvert verkefni skólans eigi að vera, í 2. gr. frv. Þar er m. a. tekið fram, að Félagsmálaskóli alþýðu skuli veita fræðslu um hagsmunasamtök atvinnurekenda, starfshætti þeirra og markmið. Þetta verkefni er sett jafnfætis hinu verkefninu, sem félagsmálaskólanum er ætlað, þ. e. a. s. að veita fræðslu um sögu, starf og stjórn stéttarfélaga og baráttu þeirra fyrir bættum lífskjörum alþýðustéttanna. Ég fæ ekki betur séð en það sé í fullkomnu samræmi við þetta ákvæði einmitt að gera ráð fyrir, að Vinnuveitendasamband Íslands hafi aðild að stjórn skólans og hafi einn fulltrúa af 5 í skólanefnd.

Eins og kom fram hjá hv. frsm. mælti Vinnuveitendasamband Íslands með samþykkt þessa frv. Vinnuveitendasambandið kom með tvær ábendingar um breytingar, önnur varðar námsatriði og hin um stjórn skólans, að fá 1 fulltrúa í skólann. Eins og þegar hefur komið fram, var n. sammála um að taka tillit til óska Vinnuveitendasambandsins varðandi námsefni, og gengur því brtt. 1 á þskj. 556 í þá átt, sem Vinnuveitendasambandið óskaði. Einmitt það, að félmn. féllst á þessa till. Vinnuveitendasambandsins skýtur enn stoðum undir þá sjálfsögðu afstöðu að taka og tillit til hinnar óskarinnar, þ. e. a. s. að Vinnuveitendasambandið fái aðild að stjórn skólans. Það var ástæða til að gera slíkt, þó að þessi breyting væri ekki gerð á námsefninu, sem Vinnuveitendasambandið fór fram á, hvað þá þegar búið er að ganga til móts við Vinnuveitendasambandið í þessu efni.

Það mætti færa ýmis rök fyrir því, að sjálfsagt sé, að einmitt á þessum vettvangi mætist á vissan hátt báðir aðilar vinnumarkaðarins, Alþýðusamband Íslands og Vinnuveitendasamband Íslands. Það væri að sjálfsögðu eðlilegt, ef menn meina eitthvað með því, að stuðla að auknum skilningi milli aðila vinnumarkaðarins, sem gæti leitt til aukins vinnufriðar í landinu, en ég skal ekki fara út í þessa sálma nú. Mér virðist, að þetta sé svo augljóst mál, að þess gerist ekki þörf.

Þá er það annað atriði í brtt. okkar hv. 6. þm. Reykv., sem ég vil koma að og hv. frsm. n. vék og að. Það er till. okkar um það, að Farmanna- og fiskimannasamband Íslands tilnefndi einn mann í skólann, og Bandalag starfsmanna ríkis og bæja annan.

Það fer ekki á milli mála, hve þýðingarmikil þessi samtök bæði eru varðandi samskipti vinnuveitenda og launþega í landinu. Og í raun og veru eru öll sömu rökin fyrir því, að þessi mikilvægu samtök launþega eigi aðild að skólan., og að veita Alþýðusambandi Íslands aðild. Þó tel ég fullkomlega eðlilegt, að aðild Alþýðusambands Íslands sé meiri en þessara samtaka hvors fyrir sig, enda gerum við, sem stöndum að brtt. á þskj. 563, ráð fyrir því, að það haldist óbreytt, sem frv. sjálft gerir ráð fyrir, að Alþýðusambandið raunverulega hafi 2 fulltrúa í skólanefnd.

Mér þykir, hæstv. forseti, þetta mál vera þess eðlis, að full ástæða sé til að vænta þess, að hv. dm. sjái ástæðu til að samþykkja þessa brtt. okkar á þskj. 563, því hún mundi verða til þess að styrkja og búa betur að þeirri stofnun, sem við erum öll sammála um, að sett sé á fót, Félagsmálaskóla alþýðu.

Halldór Blöndal: Herra forseti. Ég hreyfði því strax hér við 1. umr. um þetta mál, hvort ekki væri hægt að komast að samkomulagi um það við hæstv. félmrh. og meiri hl. þeirrar n., sem tæki þetta mál til meðferðar, að meðlimum í launþegasamtökunum eins og Farmanna- og fiskimannasambandinu og Bandalagi starfsmanna ríkis og bæja yrði ætlað að skipa mann í stjórn þessa Félagsmálaskóla alþýðu. Ég hef nú orðið var við, að meiri hl. þessarar n. hefur ekki getað á það fallist, og virðist svo sem sú ríkisstj., sem nú situr og kennir sig við hinar vinnandi stéttir, ætli að fara að draga launþega í dilka eftir því, í hvaða launþegasamtökum þeir eru. Verð ég t.d. að segja það um Farmanna- og fiskimannasamband Íslands og eins um ýmsa menn innan Bandalags starfsmanna ríkis og bæja, við skulum taka starfsfólk Pósts og síma, sem er mjög lágt launað, og ýmsa aðra menn innan ríkiskerfisins, að það er ekki talið, að þetta fólk eigi að skipta miklu máli í sambandi við Félagsmálaskóla alþýðu. Það er enn fremur talið af þessum aðilum, að þetta fólk þurfi ekki að afla sér þeirrar nauðsynlegu félagslegu fræðslu og þekkingar á ýmsum þáttum þjóðfélagsins við sína samningsgerð, eins og aðrir fulltrúar verkalýðsfélaga eða trúnaðarmenn í öðrum verkalýðsfélögum á hinum almenna vinnumarkaði.

Ég sé ástæðu til þess að beina nokkrum fsp. til frsm. n.

Það er þá í fyrsta lagi, hvort hann telji, að þeir menn, sem koma úr Bandalagi starfsmanna ríkis og bæja, og það fólk, sem kemur úr Farmanna- og fiskimannasambandinu, eigi að hafa rétt til að ganga í þennan skóla eða hvort þessi skóli eigi aðeins að vera fyrir launþega úr öðrum stéttarfélögum? Í 4. gr. er sett það almenna skilyrði fyrir skólavist, að nemendur séu fullra 17 ára og séu félagar í stéttarfélagi. Hins vegar segir í 1. gr. fv.: „Hlutverk skólans er að mennta og þjálfa fólk úr alþýðusamtökum“ o.s.frv. Nú skildist mér á ræðu hv. landsk. þm. Helga Seljans, að hann teldi, að þar sem um þessa skólastofnun hefði sérstaklega verið rætt við Alþýðusamband Íslands, væri ekki eðlilegt að taka inn önnur launþegasambönd á þessu stigi, heldur gæti það komið einhvern tíma síðar, einhvern tíma eftir dúk og disk. Ég get fullvissað þennan hv. þm. um það, að sú ríkisstj., sem nú situr, og sá þingmeirihl., sem nú er, varir ekki til eilífðarnóns, og það er enginn vafi á því, að þegar aðrir menn eru hér í meiri hl. á hinu háa Alþingi, verður ekki gert upp á milli launþega. Þá verður litið svo á, að menn þurfi þessa fræðslu og þessa þekkingu, hvar sem þeir starfa, hvort sem er innan Farmanna- og fiskimannasambandsins, Bandalags starfsmanna ríkis og bæja eða Alþýðusambands Íslands.

Ég mótmæli því einnig sem algerlega óframbærilegri ástæðu, að vegna þess að hæstv. ríkisstj. hafi einungis rætt við Alþýðusamband Íslands um þessa skólastofnun, þá eigi það að vera réttlæting fyrir því, að önnur launþegasamtök fái ekki aðild að skólanum með sama hætti. Ég get ekki séð annað en þá ætti hið háa Alþ. að koma til og það ætti að leiðrétta það, sem hæstv. ríkisstj. hefur misgert við þessi samtök. En það hefur verið reynslan síðan þessi hæstv. ríkisstj. tók við völdum, að hún hefur í einu og öllu gengið á rétt t.d. opinberra starfsmanna, þeirra manna, sem hjá henni vinna, m.a. brotið á þeim lög, eins og frægt var, í árslok 1971 og olli því m.a., að efnt var til aukaþings Bandalags starfsmanna ríkis og bæja strax í jan. 1972, þar sem lagðar voru fram undirskriftir mikils fjöldi opinberra starfsmanna, og mótmælt harðlega því gerræði og samningsrofi, sem ríkisstj. þá framdi á starfsmönnum sínum.

Mig langar jafnframt til þess að spyrja form. n., hvort svo sé litið á skv. 5. gr., að skólan. skuli fastráða skólastjóra og kennara til langs tíma, eða hvort gert sé ráð fyrir því, að ný skólanefnd hafi tækifæri til þess að skipta um skólastjóra og kennara við skólann. Ég tel jafnframt nauðsynlegt að fá það upplýst á þessu stigi málsins, hvort gert sé ráð fyrir því, að þeir starfsmenn, sem við þennan skóla eiga að vinna, eigi að ganga inn sem fastir starfsmenn ríkisins, opinberir starfsmenn, og eigi sem slíkir að eiga sæti í kennarasamtökunum og hafa öll þau sömu réttindi og aðrir opinberir starfsmenn hafa. Ég held, að það sé nauðsynlegt, að þetta komi skýrt fram hér nú, eftir að málið hefur fengið skoðun í n., hvernig á því verði haldið, hver sé hugsun hæstv. ráðh. í því efni. Þá sé ég enn fremur ástæðu til að spyrja frsm. meiri hl. n. að því, hvernig það er hugsað skv. 6. gr. að tengja nám í Félagsmálaskóla alþýðu hinu almenna skólakerfi, þannig að slíkt nám veiti réttindi skv. því.

Það má vera, að hv. þm. geti ekki svarað öllum þessum spurningum, en ef svo er, þá tek ég því, en hins hlýt ég að krefjast eða fara fram á í fullu bróðerni, að hann upplýsi mig um það, hvort búist sé við því, að aðilar í Bandalagi starfsmanna ríkis og bæja, þeir sem eru innan þeirra stéttasamtaka, og þeir, sem eru innan stéttasamtaka Farmanna- og fiskimannasambandsins, fái aðild að þessum skóla.

Frsm. (Helgi F. Seljan): Herra forseti. Það er dálítið skemmtilegt og í raun og veru svolítið virðulegt að vera allt í einu kominn hátt í það í aðstöðu ráðh. hér uppi og svara spurningum

af því tagi, sem hér voru bornar fram. Ég tala nú ekki um það, eins og hv. síðasti ræðumaður talaði um, að honum fyndist ósköp eðlilegt, að ég vissi einnig hugsun hæstv. ráðh. í þessu máli. Það er vissulega mikið traust, sem mér er sýnt með því, að ég geti áttað mig á því, hver hafi verið hugsun hæstv. ráðh. í einstökum atriðum hvað frv. þetta snertir. Ég er ekki svo vel að mér, að ég geti sagt til um það, og eins er nú um sumar þessara spurninga, að þær eru hreinlega þess eðlis, að þar hlýtur ráðh. einn úr að skera, enda held ég, að það sé nú svo með flest þeirra lagafrv., sem hér eru lögð fram að þar séu ótalin atriði, sem sé blátt áfram ráðið fram úr með reglugerðarákvæðum, og þau fari hér í gegnum þingið einfaldlega án þess, að þau liggi ljóst fyrir, eins og hv. ræðumaður var að benda á.

Ég skal hins vegar alveg lýsa því yfir, að einmitt það, hvað mikið vald felst oft í hinum einstöku reglugerðum og hvað túlkun þeirra getur oft verið ákveðin á ýmsum greinum og afgerandi í sambandi við ýmsar greinar lagafrv., sú stefna að láta reglugerðirnar jafnvel stjórna að töluverðu leyti framkvæmd laganna, jafnvel meira en mætti lesa út úr sjálfum lagagr., er stefna, sem á ekki upp á pallborðið hjá mér yfirleitt. En ég reikna með því, að sum af þessum atriðum, sem hér var spurt um, eigi þarna hreinlega við hvað snertir reglugerðarákvæði og komi síðar til álita.

Hv. þm. Halldór Blöndal sagði, að hann hefði hreyft þessu hér við 1. umr. Mér þykir nú örlítið leitt, að ég skyldi ekki hafa athugað það að lesa Alþingistíðindin í sambandi við þetta mál, vegna þess að ég var fjarverandi, þegar þetta mál kom til umr. Ég vil hins vegar mótmæla því algerlega, að hæstv. ríkisstj. sé að draga launþega í einhverja dilka varðandi þennan skóla t. d. Það vill nú einu sinni svo til, að launþegasamtökin sjálf hafa dregið sig í vissa dilka, aðskilda dilka, sem ekki hefur verið allt of gott samstarf á milli oft og tíðum, og þetta veit hv. ræðumaður ákaflega vel um. Það eru þessi félög sjálf og félagsmenn þeirra, sem hafa skipað sér í hin ýmsu hagsmunafélög, og ég held, að hæstv. ríkisstj. hafi ekkert beitt sér fyrir því að skilja þar meira í sundur en saman hefur verið tengt eða til stofnað af þessum félögum sjálfum. Ég held þess vegna, að það sé misskilningur. Ég hef hins vegar litið á þetta frv., eins og ég tók fram áðan, sem frv. um félagsmálaskóla verkalýðshreyfingarinnar, eins og segir í aths. við frv. Og ég ræddi þetta mál einmitt við hæstv. félmrh., sem sagði það eindregið sína skoðun, að þetta væri félagsmálaskóli sem væri í beinum tengslum við þessi stéttasamtök, við Alþýðusamband Íslands. Þetta væri gert skv. sérstöku samkomulagi við þessi samtök. Um það vil ég svo ekki fara neitt frekari orðum, því að það er ekki rétt, að hér sé verið að hafa allt of mikið eftir fjarstöddum ráðh., ég vil ekki gera það. Og ég býst ekki við því, að hvorki félögum BSRB né Farmanna- og fiskimannasambandsins verði beinlínis meinaður aðgangur að skólanum. Ég hef ekki mikla trú á því út af fyrir sig. En ég hef bara litið svo á, að þetta væri skóli verkalýðshreyfingarinnar, og hvað sem líður öllum launamismun innan hinna einstöku samtaka, hef ég hingað til lagt þann skilning á í sambandi við verkalýðshreyfinguna, að það væru þau félagasamtök, sem væru innan Alþýðusambands Íslands. Ég er t. d. ekkert viss um það, að félagar okkar í Bandalagi starfsmanna ríkis og bæja séu á því, að þeir eigi að teljast til hinnar eiginlegu verkalýðshreyfingar, — ég stórefa það. Það er langt frá því, að ég sé í nokkru andvígur því, að slíkur félagsmálaskóli komist á fyrir alla þessa aðila. Það er langur vegur frá. Ég álít það einmitt mjög eðlilegt og sjálfsagt, að ríkisvaldið stuðli að því, að allir þessir aðilar eigi kost á að njóta þessarar fræðslu, sem hér er um rætt. Ég hef aðeins litið svo á, að þetta væri það einangrað við verkalýðshreyfinguna, og hef skilið það á hæstv. ráðh., og ef menn ætluðu að breyta þessu, þá yrði það ekki með skólanefndarskipan einni, heldur yrði hreinlega að breyta frv. verulega og taka það skýrt og skorinort fram, að þessir aðilar allir ættu hreinlega aðild og möguleika á því að sækja þennan skóla. Ég skyldi út af fyrir sig ekki hafa neitt á móti því, en þá yrði það um leið að vera tryggt, að samstarf þessara þriggja aðila: Alþýðusambands Íslands, Bandalags starfsmanna ríkis og bæja og Farmanna- og fiskimannasambandsins, um þetta mál lægi fyrir, að þessir aðilar væru reiðubúnir til þess að standa sameiginlega að slíkum skóla. Um það þori ég ekkert að fullyrða. Það kann vel að vera, að þessir aðilar séu til þess reiðubúnir, en um það þori ég ekkert að fullyrða á þessu stigi málsins. Ég hef litið á þetta sem algerlega einangrað við verkalýðshreyfinguna og hef því talið, að skólanefndaraðild í þessu tilfelli ætti að vera fyrir hana eina.

Ég skal ekki fara út í það, sem hv. 5. þm. Vestf. talaði um, þennan aukna skilning milli launþegasamtaka og atvinnurekenda. Vafalaust er mikið til í því, og ekki skal ég neita því, að þar þurfi að vera góður skilningur. En hagsmunaástæðurnar rekast þar svo harkalega á og gera ævinlega, að þar hlýtur margt annað að verða að gilda en eintómur kærleikur.

Hv. þm. Halldór Blöndal býsnaðist hér mikið yfir því, hvernig hæstv. ríkisstj. hefði misgert við Bandalag starfsmanna ríkis og bæja. Ekki skal ég fara út í það, hvort hún hefur á einhvern hátt brotið á því lög. Hafi hún gert það, þá er það auðvitað staðreynd, að það hefur áður verið gert, og það þyrfti þá fleiri að sækja til saka varðandi það atriði, ef út í það mál ætti að fara nánar. Og ég held, að við hv. þm. ættum ekkert að vera að metast á um það hér, hvor þeirra ríkisstj., hæstv. núv. ríkisstj. eða sú hæstv. ríkisstj., sem hann marglofar í sífellu af eðlilegum ástæðum, viðreisnarstjórnin, hafi meira misgert við opinbera starfsmenn. Ég vil einnig benda á það, að sú skipan mála, sem í málefnum opinberra starfsmanna hefur verið tekin upp varðandi það, þegar ekki næst samkomulag um kjör þeirra, þ. e. a. s. kjaradómur, var ekki heldur fundin upp af hæstv. núv. ríkisstj. Það var önnur ríkisstj., sem kom honum á, og við getum vafalaust deilt um það, hvort þessi kjaradómur sé réttlátur eða ekki og hversu réttlát verk hans hafa verið. En sem

sagt, ég skal standa að því með hv. þm., að koma á þeim félagsmálaskóla sem allir þessir aðilar ættu aðild að. Það skal ég svo sannarlega gera. En þá vil ég, að það sé fullkomlega tryggt og liggi ljóst fyrir og hafi áður farið fram um það viðræður milli þessara hagsmunasamtaka, að þau geti sameiginlega staðið að skóla og komið sér saman um allt fyrirkomulag þar. Það skal ekki standa á því.

En varðandi aðrar spurningar, eins og t. d. um það, hvort kennarar þessara skóla verði opinberir starfsmenn, og önnur þau atriði, sem þar eru, um þau skal ég játa mig fáfróðan. Ég hef ekki hugsað það mál til fulls eða spurst beinlínis fyrir um það, en þar sem ríkissjóður er þarna kostnaðaraðili að, þá held ég í fljótu bragði, að það hljóti að vera eðlilegast, að þeir séu opinberir starfsmenn. Ég legg líka sérstaka áherslu á það, að þeir, sem verða ráðnir að þessum skóla, og þá að félagsmálaskóla launþegasamtakanna yfirleitt, ef hann kæmist á, mega vitanlega ekki vera aðrir en vel menntaðir menn í sínum greinum og hafa til þess fulla getu, að bera þá fræðslu á borð, sem þar á að halda uppi.

Halldór Blöndal: Herra forseti. Hv. þm. Helgi Seljan verður að afsaka það, þótt ég beini ekki fsp. til hæstv. ráðh., þegar hann hefur tilkynnt veikindaforföll. Það var ekki um annað að gera en annaðhvort að láta vera að fjalla um frv. eða reyna að koma skoðunum sínum á framfæri.

Ég skal ekki tala frekar um það, að ég lýsi óánægju minni yfir því, að þannig skuli staðið að þessu máli, að ekki er ætlast til þess af hæstv. ríkisstj., að allir launþegar hafi þarna sama rétt, hvar sem þeir standa. Það eru til menn, hvernig sem litið er á orðið verkamaður, úr þeim hópi innan Farmanna- og fiskimannasambandsins og einnig innan Bandalags starfsmanna ríkis og bæja. Hvernig svo sem á það er litið og hvernig sem litið er á orðið verkalýðshreyfing, þá er ómögulegt gersamlega að útiloka þessi samtök af þeim ástæðum. Það er ekki nokkur leið, það veit þessi hv. þm. jafnvel og ég. Hinu hlýt ég að fagna, og það var tilgangurinn með því, að ég kvaddi mér nú hljóðs í annað sinn, að hv. þm. Helgi Seljan skyldi lýsa því yfir, að ekki skyldi standa á honum að standa með mér í því, að þessi félagsmálaskóli skuli ná til allra þessara aðila, bæði innan Bandalags starfsmanna ríkis og bæja, innan Farmanna- og fiskimannasambandsins og einnig innan Alþýðusambands Íslands. Ég þykist því vita það, að hvernig svo sem fer við 2. umr. þessa máls, þá muni okkur takast á milli umr. að finna á því einhvern flöt, hvernig við getum samræmt þessi sjónarmið okkar, þannig að tryggt sé, að þessi félagsmálaskóli nái til allrar launþegahreyfingarinnar, og fundin verði leið til þess, að þeim aðilum, sem fúsir eru til samstarfs um slíkan skóla, Bandalag starfsmanna ríkis og bæja og Farmanna- og fiskimannasambandið, ef það liggur fyrir, að þessi samtök vilja taka þátt í þessum skóla, verði þeim tryggt það, bæði með því að skipa mann í stjórn skólans og einnig með því að tryggja þeim skólavist. Ber að harma í því sambandi, að þessu frv. skyldi ekki hafa verið vísað til þessara heildarsamtaka af n., eins og rétt hefði verið, m. a. vegna þeirrar ábendingar, sem ég kom með strax við 1. umr. málsins.

Þorv. Garðar Kristjánsson: Herra forseti. Hv. 2. þm. Norðurl. e. hefur komið inn á ýmis atriði, sem ég hefði talið ástæðu til að víkja að, en ég skal ekki gera það þess vegna.

Ég verð að segja það, að ég varð fyrir nokkrum vonbrigðum með afstöðu hv. 6. landsk. þm., því að hann hafði í raun og veru allt á hornum sér varðandi það, að þessi launþegasamtök, sem nefnd eru í till. okkar hv. 6. þm. Reykv., skuli geta staðið að félagsmálaskólanum. En eftir því sem leið á, varð ég nokkru ánægðari með afstöðu hv. 6. landsk., og í raun og veru hef ég kannske ekki að svo stöddu undan neinu að kvarta frá hans hendi. Ég vil þó aðeins víkja að einu eða tveim atriðum, sem hann gat um eða fullyrti um.

Hann fullyrti, að það þyrfti að breyta frv. í heild, ef till. okkar hv. 6 þm. Reykv. væri samþ. um skipan skólanefndar. Ég mótmæli þessari fullyrðingu algerlega. Ég tel, að frv. þurfi af þessum sökum ekki að breyta neitt. Það eru svo rúm ákvæði um skólann, — um hlutverk hans, í 1. gr. frv., um starfsemi hans í 2. gr., og raunar um önnur atriði, sem máli skipta, að það þarf ekki að gera neina gerbreytingu á þessu frv., þó að sú regla sé tekin upp um skipan skólanefndar, sem við hér leggjum til.

Hv. þm. vildi ekki mótmæla því, að það gæti verið í sjálfu sér góðra gjalda vert, ef með þessum skóla væri hægt að stuðla að skilningi milli aðila vinnumarkaðarins. En það var svo að heyra á honum, að hann óttaðist, að það gæti verið gengið of langt í þessu efni, og hann tók það fram, að ekki mætti ríkja eintómur kærleikur þarna á milli. Ég verð að segja það, að flestir, sem hugsa alvarlega um þessi mál í dag, mundu segja, að það skaðaði ekkert og það væri hættulaust, þó að við ynnum afdráttarlaust og af eindrægni að því að efla skilning milli aðila vinnumarkaðarins, og við þyrftum ekkert að óttast, þó að kærleikurinn ykist milli þessara aðila.

Mér þykir þessi ummæli benda til nokkurs skilningsskorts hv. þm. á grundvallaratriði í okkar þjóðfélagi og þeirri þjóðfélagsuppbyggingu.

Þá sagði hv. þm., hv. 6. landsk., að það þyrfti að kanna, hvort nokkur vilji væri fyrir hendi hjá hinum fjölmennu launþegasamtökum, Farmanna- og fiskimannasambandi Íslands og Bandalagi starfsmanna ríkis og bæja, um að eiga aðild að þessum skóla, og það þyrfti að koma sér saman um fyrirkomulag þessarar aðildar. Hv. þm. talaði svo sem hann héldi, að það, sem hér væri um að ræða, væri það að leggja sérstaklega miklar byrðar og skyldur eða kvaðir á hendur þessum aðilum. Það er alger misskilningur. Í raun og veru er ekki hægt að tala um, að það yrðu lagðar neinar kvaðir á þessi launþegasamtök, þó að þau fengju réttinn til þess að skipa, hvort fyrir sig, einn mann í skólanefnd. Við skulum hafa í huga, að þetta frv. gerir ráð fyrir því, að allur kostnaður af þessum skóla verði

greiddur úr ríkissjóði. Og auðvitað mundi engin breyting verða á því, þó að launþegasamtökin, sem ættu aðild að skólanefnd, væru þrjú í staðinn fyrir eitt. En fyrst það er komin hér upp sú skoðun, að það kunni að vera svo, að þessum launþegasamtökum, Farmanna- og fiskimannasambandi Íslands og Bandalagi starfsmanna ríkis og bæja, sé ekki hugleikið að eiga aðild að skólanum, þá þykir mér, sjálfsagt að athuga þetta. Ég hygg, að það sé auðgert og fljótgert og það megi gera á milli umr. Með tilliti til þess, að ég þykist vita, að allir hv. þdm., og ekki síður hv. 6. landsk., en aðrir muni vilja hafa það, sem sannara reynist, og muni þá styðja þá brtt., sem hér liggur fyrir, ef það kemur jákvætt svar frá þeim aðilum, sem hér um ræðir, þykir mér rétt að draga brtt. okkar hv. 6. þm. Reykv. til baka við þessa umr. til 3. umr.

Eggert G. Þorsteinsson: Herra forseti. Það mál, sem hér er til umr., hefur átt sér margra ára aðdraganda hér á hv. Alþingi, og búið að ræða það með ýmsu móti, bæði sem þál. og í frv.-formi. Ég verð að játa það, sem mína persónulegu skoðun, að ég tel það mjög eðlilegt, að þær brtt., sem hér hafa verið fram lagðar, séu dregnar til baka til 3. umr., þannig að tími gefist til þess að átta sig á þeim.

Í öðru lagi vildi ég þó ekki, að þessari umr. lyki svo, að mín persónulega skoðun kæmi ekki fram á till. sjálfum. Ég tel það vera því skólaformi, sem hér er hugsað, til góðs, að þátttakendur að stjórn skólans séu fleiri aðilar en gert er ráð fyrir í hinu upphaflega frv., enda hafa Alþfl.-menn flutt um það till. oft áður. Ég tel einnig, að vinnumarkaðinum sjálfum veiti ekki af því að bæta svo sem verða má um fræðslu þeirra aðila, sem þar eigast við með eðlilegum og lýðræðislegum hætti, enda beinlínis gert ráð fyrir því, að eitt af þeim atriðum, sem um skal fjallað eða frætt um í þessum skóla, sé starfsemi vinnuveitendasamtakanna. Nú ætti það e. t. v. ekki að vera sérstakt verkefni mitt, sem Alþfl.-manns að mæla með þátttöku atvinnurekenda í stjórn skólans, en ég tel með hliðsjón af því kerfi, sem þar á í gang að komast með stofnun skólans, að þá sé eðlilegt, að ein rödd af t. d. fimm heyrðist, og gæti ekki með nokkrum hætti, að ég best fæ séð, skaðað skólann á einn eða annan hátt, heldur ætti að vera honum til frekari fyllingar í daglegu starfi. Ég sakna þess einnig, að ekki skuli vera gert ráð fyrir samtökum opinberra starfsmanna og Farmannasambandsins í slíkum skóla sem þessum. Það er svo veigamikið atriði, sem þarna á að fræða alþýðu fólks um, og að gera menn hæfari til samningagerðar með hagfræðilegum upplýsingum og öðru slíku, að ég sé ekki í dag, að það geti skaðað slíka skólastofnun á einn eða annan hátt, þó að þessir aðilar ættu þarna sinn fulltrúa í. Mér finnst málið vera sanngirnismál og gæti ekki leitt til annars en að meiri eining ríkti á þessum sviðum, sem svo mjög hefur á skort á undanförnum árum og áratugum.

Það er jafnframt alveg eindregin skoðun mín, að verkalýðssamtökin eigi að hafa þarna óskoraðan meiri hl. og ráða allri framvindu skólans. En jafnframt undirstrika ég þá skoðun mína, að ég fæ ekki í dag séð, að þátttaka fleiri aðila um stjórn skólans gæti með nokkrum hætti skaðað hann.

Vandamálið við þetta hygg ég vera það, hvar eigi að draga línuna um það, hverjir séu launþegar. Það finnst mér vera aðalvandinn. Ef við hefðum tekið inn, sem mér finnst heldur ekki óeðlilegt, BSRB og Farmannasambandið, hví þá ekki einhverja fleiri, sem í dag eru utan ASÍ. Þennan vanda skil ég vel og vil reyna að setja mig inn í og nota til þess tímann á milli umr., en mér finnst hin hliðin, sem ég áðan minntist á, um þátttöku fleiri aðila vera hreint sanngirnismál, svo eðlilegt, að ekki geti með neinum hætti skaðað skólann.

Frsm. (Helgi F. Seljan): Herra forseti. Aðeins örfá atriði, örstutt.

Það er í fyrsta lagi varðandi það, sem hv. 2. þm. Norðurl. e. talaði um hér áðan varðandi orð mín um breyt. á félagsmálaskólanum. Ég átti vitanlega við, að það yrði komið hér á félagsmálaskóla þessara aðila að undangengnum viðræðum þeirra í milli um samstarf allt varðandi skólann. En ég átti vitanlega ekki við þetta frv. út af fyrir sig, sem hér liggur fyrir. Ég dreg í efa og þyrði ekki að koma með neina fullyrðingu um það, að við gætum á skömmum tíma komist það langt, að við gætum komið á viðræðum milli allra þessara aðila þriggja og fengið sameiginlega afstöðu þeirra, gagnvart þessu frv. núna. En það sem ég átti við, var, að síðar skyldi ég standa að slíkum félagsmálaskóla, færa út starfsemi hans, þegar það lægi ljóst fyrir, að allir þessir aðilar gætu hugsað sér þarna samstarf.

Málið er bara ekki svo einfalt, að það sé spurning um það, hvort þessir tveir aðilar BSRB og Farmanna- og fiskimannasamband Íslands, vilji gerast aðilar að skólanum, og aðilar þeirra samtaka vilji komast sem nemendur þangað inn. Það er auðvitað líka spurning um það, hvað ASÍ segir um þetta. Hvað segir Alþýðusambandið um þessa útvíkkun? Samkvæmt þeim upplýsingum, sem ég hef, mun því hafa verið lofað ákveðnum atriðum varðandi það, að þessi félagsmálaskóli kæmist fram, og allt, sem væri til þess að hindra það, teldi ég slæmt, m. a. ef þyrfti að koma á stað umr., þar sem sitt sýndist hverjum, og endirinn yrði sá, að frv. dagaði uppi af þeim ástæðum. Ég held því, að afstaða Alþýðusambandsins komi hér ekkert síður inn í spurninguna um þetta, þ. e. a. s. hvaða afstöðu það hefur til aðildar þessara aðila, án þess að ég ætli nokkuð að fara að dæma um það, hvort ASÍ sé mótfallið því eða ekki. Hins vegar skulum við ekkert leyna því, að þó að vissu samstarfi hafi verið komið á milli þessara hagsmunasamtaka, BSRB og ASÍ, þá er ekki nein ástæða til að draga fjöður yfir það, að í mörgum greinum hafa leiðir þeirra ekki átt saman og í mörgum greinum hefur þau greint á og samstarf þeirra hefur á margan hátt verið allt öðruvísi en það hefði átt að vera sem tveggja stærstu launþegasamtakanna í landinu. Við skulum ekki draga

neina fjöður yfir það, og við skulum þess vegna ekki vera að gera okkur neinar sérstakar gyllivonir um það, að þessir aðilar séu endilega hjartanlega sammála um fyrirkomulag þessara mála og séu reiðubúnir til fullkomins samstarfs þar um. En batnandi manni er best að lifa, og vel getur verið, að þessir aðilar séu nú algerlega á því að standa saman að þessu, og ég mundi fagna því, ef svo væri.

Hv. 5. þm. Vestf. kvartaði undan því, að ég hefði lítinn skilning á þjóðfélagsuppbyggingunni í dag. Það er auðvitað hans mál og hans skilningur. Það er nú einu sinni svo, að við hv. 5. þm. Vestf. deilum, sem betur fer, um þjóðfélagsuppbygginguna í heild, og það, sem hann telur skilningsskort hjá mér og kemur með sinn skilning á, það get ég vitanlega talið skilningsskort hjá honum. En út í umr. um þjóðfélagsuppbygginguna í heild skulum við ekki fara nánar nú. Hins vegar vil ég leiðrétta það aðeins, að ég sagði ekki, að það mætti ekki vera kærleiki á milli vinnuveitenda og verkalýðshreyfingarinnar. Ég sagði aðeins, að þau samtök ættu í slíkum viðskiptum sín í milli, að þar gæti seint allt orðið í kærleika.

Steinþór Gestsson: Herra forseti. Ég hafði ekki hugsað mér að blanda mér í umr. um þetta mál, sem er hér til umr. Þær umr., sem um það hafa orðið í þessari hv. d. að þessu sinni, hafa orðið til þess, að ég er kominn hér í ræðustól, og mig langar til þess að segja um frv. örfá orð.

Mér sýnist, að frv. sé þannig uppbyggt, það sé óljóst að orðalagi, og þess vegna hafi þessar umr. orðið á þennan veg um málið. Ég segi, að það sé óljóst að því leyti til, að menn eru hér að tala um það, hver eigi rétt til að fara inn í skólann og hver ekki. Ég verð að segja það, að með því orðalagi, sem á sumum gr. er, á ég erfitt með að átta mig á þessu, en þó er það svo, að í 4. gr. er talað um skilyrði fyrir skólavist, og þau eru, að nemendur séu fullra 17 ára og félagar í stéttarfélagi. Það er í flestum atriðum nokkuð ljóst, hvað er stéttarfélag og hvað er ekki stéttarfélag, sem sagt það eru æðimargir, sem kæmu til með að eiga fullan rétt á að fara í þennan skóla. Ég held, að það færi ekki á milli mála, að ef einhver, sem er félagi í Stéttarsambandi bænda, vildi fara þarna inn, þá ætti hann rétt á því. Um önnur stéttarfélög er náttúrlega alveg sömu sögu að segja, en ég verð að segja það, að mér finnst þetta orðalag óljóst, og ég hygg, að höfundur frv. hafi ætlað að kveða hér miklu knappar að orði.

Í 1. gr. frv. segir, að skólinn heiti Félagsmálaskóli alþýðu. Látum svo vera. En hlutverk skólans er m.a. að efla sjálfstraust nemenda, þroska og hæfni til þess að vinna sameiginlega að bættum lífskjörum og frelsi alþýðustétta. Það er ein spurning, sem mér í því sambandi þætti vænt um að fá svarað. Hvað er alþýðustétt? Hvað er alþýðufólk á Íslandi? Hvernig vilja menn skilgreina þetta? Félagsmálaskóli alþýðu á að veita fræðslu um 3 meginatriði, eftir því sem segir í 2. gr. Hann á að veita fræðslu um sögu, starf og stjórn stéttarfélaga, — ekki aðildarfélaga ASÍ, heldur stéttarfélaga, — baráttu þeirra fyrir bættum lífskjörum alþýðustéttanna, þarna kemur aftur um alþýðustéttina. Hann á í öðru lagi að veita fræðslu um hagsmunasamtök atvinnurekenda, starfshætti þeirra og markmið. En þessi samtök, sem á að veita fræðslu um, eiga ekki að fá aðild að því að byggja upp námsskrá, þar sem þetta verður nánar skilgreint. Þó er það vel hægt, og verður vonandi gert, ef samþ. verður sú brtt., sem hér liggur fyrir, en þá fengju atvinnurekendur aðild að skólanefnd skólans. En það er einmitt sagt í 2. gr., að nánari ákvæði um námsefni skuli sett í reglugerð, sem skólanefnd og skólastjóri setja í samráði við kennara skólans. Mér sýnist því, að það sé einsætt, ef á annað borð á að kenna um hagsmunasamtök atvinnurekenda, starfshætti þeirra og markmið, að þá verði þau að fá að segja sitt orð um það, hvernig það mál er lagt fyrir.

Það er þetta aðallega, sem kom mér til þess að segja hér fáein orð, og ég vil endurtaka það, sem ég sagði í upphafi, að mér finnst, að þetta frv. sé í mörgu falli svo óljóst orðað, að það sé engin furða, þó að um það verði einkennilegar umr., eins og hér hafa orðið. Þegar litið er til þess, að það skuli geta hrokkið fram úr mönnum á þeim tímum, sem við ilfum á, það sem hv. 2. landsk. þm. sagði hér í frumræðu sinni, að hann teldi, að alþýðustéttirnar ættu í höggi við atvinnurekendur, sem átti sjálfsagt við, þegar menn berðust fyrir lífi sínu, því hygg ég, að þetta sé ekki rétt orðað, þegar verið er að leita samkomulags í launamálum nú.

ATKVGR.

1. gr. samþ. með 12 shlj. atkv.
Brtt. 556,1 samþ. með 11 shlj. atkv.
2. gr., svo breytt, samþ. með 12 shlj. atkv.
3. gr. samþ. með 12 shlj. atkv.
Brtt. 556,2 samþ. með 12 shlj. atkv.
4. gr., svo breytt, samþ. með 12 shlj. atkv.
Brtt. 563 tekin aftur til 3. umr.
5.—9. gr. samþ. með 11 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 13 shlj. atkv.

Kaupstaðarréttindi til handa Eskifjarðarhreppi, frv. (þskj. 197, n. 567). — 2. umr.

Frsm. (Björn Fr. Björnsson): Herra forseti. Mál það, sem hér fjallar um, er frv. til l. um kaupstaðarréttindi til handa Eskifjarðarhreppi. Eins og hv. þm. í þessari d. er kunnugt, hafa verið lögð fram fimm frv. til l. um kaupstaðarréttindi til handa jafnmörgum hreppum. Tvö þessara frv. hafa verið lögð fyrir þessa hv. d. og eru bæði í dag til 2. umr. Hið fyrra er það mál, sem hér er til umr., og varðar Grindavíkurhrepp. Félmn. þessarar hv. d. hefur fengið umsagnir frá tveim aðilum, annars vegar frá dómsmrn. og hins vegar frá réttarfarsnefnd. Þessar umsagnir taka til allra 5 frv., sem ég hef getið. Þá hafa verið höfð samráð við félmn. Nd. um meðferð allra frv.

Skoðun þeirra aðila, sem um mál þessi hafa

fjallað, hefur verið á einn veg, þannig að þessum frv. öllum verði veitt nauðsynlegt brautargengi á þessu þingi, en þó með þeim hætti, að í hreppunum, sem verða þá væntanlega gerðir að kaupstöðum, verði ekki stofnað til nýrra bæjarfógetaembætta. Um þetta hafa aðilar þeir, sem hafa fjallað um frv., verið algjörlega sammála. Þannig mælir félmn. þessarar hv. d. einróma með samþykkt frv. með tveim breyt., frv., sem um getur á þskj. 567.

Fyrri brtt. er um það að fella niður 3. gr. frv. Þessa ákvæðis er ekki talin þörf, vegna þess að málefni þau, sem eru dómsmál, og mál skyld þeim, sem þar greinir, heyra undir sama embætti.

Síðari brtt. fjallar um gildistöku frv., að lögin öðlist þegar gildi, en í frv. er ákveðið, að þau öðlist gildi 1. jan. 1974. Þess ber að geta, að við breyt. mun sýslumaður S.-Múlasýslu verða jafnframt bæjarfógeti Eskifjarðarkaupstaðar, þannig að hreppurinn, sem verður væntanlega kaupstaður, heyri undir sama embætti og áður var.

Ég tel svo ekki þörf að ræða frekar þetta, en eins og ég gat um áður, mælir félmn. einróma með samþykkt frv. með þeim breyt., sem getið er um í nál.

ATKVGR.

1. gr. samþ. með 11 shlj. atkv.
2. gr. samþ. með 11 shlj. atkv.
Brtt. 567,1 (3. gr. falli niður) samþ. með 11 shlj. atkv.
4.—5. gr. (verða 3.—4. gr.) samþ. með 11 shlj. atkv.
Brtt. 567,2 (ný 6. gr., verður 5. gr.) samþ. með 11 shlj. atkv.
Ákvæði til bráðabirgða samþ. með 11 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 11 shlj. atkv.

Kaupstaðarréttindi til handa Grindavíkurhreppi, frv. (þskj. 322, n. 568). — 2. umr.

Frsm. (Björn Fr. Björnsson): Herra forseti. Um þetta frv. gildir að mestu hið sama og um frv. það, sem hér var til umr. næst á undan, og vísast að því leyti til þeirra orða, sem þá féllu um það frv.

Félmn. mælir með samþykkt þessa frv. með breyt., sem eru í nál. á þskj. 568. Fyrri brtt., sem þar getur, lýtur að því, að sýslumaður Gullbringusýslu og bæjarfógetinn í Keflavík verði jafnframt bæjarfógeti kaupstaðarins. Hin síðari lýtur að niðurfellingu 3. gr. frv., þar sem þau málefni, sem í þeirri gr. getur, fara ekki á milli embætta, heldur verða eftir sem áður hjá sýslumanni Gullbringusýslu og bæjarfógeta Keflavíkur.

Ég held, að ég þurfi ekki frekar að greina frá þessu málefni. Það liggur alveg ljóst fyrir, og eins og ég sagði mælir n. eindregið með samþykkt þessa frv. með þeim breyt., sem greinir í nefndu þskj.

ATKVGR.

1. gr. samþ. með 11 shlj. atkv.
Brtt. 568,1 samþ. með 11 shlj. atkv.
2. gr. svo breytt, samþ. með 11 shlj. atkv.
Brtt. 568,2 (3. gr. falli niður) samþ. með 11 shlj. atkv.
4.—6. gr. (verða 3.—5. gr.) samþ. með 11 shlj. atkv.
Ákvæði til bráðabirgða samþ. með 11 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 11 shlj. atkv.

Erfðafjárskattur, frv. (þskj. 555). — 1. umr.

Flm. (Auður Auðuns): Herra forseti. Það frv., sem ég flyt og fylgi hér úr hlaði, er að efni til ofureinfalt. Efni þess er það að undanþiggja erfðahluta maka, eftirlifandi maka, erfðafjárskatti.

Eins og menn muna, voru gerðar allverulegar breytingar á l. um erfðafjárskatt vorið 1972. Um það leyti gekk í gildi nýtt fasteignamat, sem óhjákvæmilega kallaði á breytingar, en þær breytingar, sem þá voru gerðar, gengu býsna langt í því efni að auka skattheimtuna, því að skattheimtan, sem þá var talið að hafi verið í kringum 10 millj. á ári, var talin mundu samkv. frv. vaxa í 36 millj. kr., sem er milli þre- og ferföldunar.

Þetta þótti okkur þm. Sjálfstfl. nokkuð langt gengið í skattheimtunni, og við fluttum þá ýmsar brtt. við frv. Mig minnir, að engin þeirra hafi náð fram að ganga, en ein þeirra brtt. var sú, sem þetta frv. að efni til fjallar um, sem sé að undanþiggja erfðahluta eftirlifandi maka erfðafjárskatti.

Eins og rakið er í grg. með frv., var það svo, að þrír af þm. stjórnarflokkanna, sem greiddu þó atkvæði gegn þessari brtt., létu í ljós jákvæða afstöðu til hennar að efni til, en frv. var þá til meðferðar í síðari þd. og það var skammt í þinglausnir. Ég held ég muni það rétt, að þeir hafi tjáð sig um það, að þeir vildu ekki hætta á breytingar á frv., þannig að það þyrfti að senda það aftur til Nd. og tefla því kannske þannig í tvísýnu, að það fengi afgreiðslu á þinginu. Hins vegar kom fram í ræðum þessara hv. þm. sú skoðun, að það þyrfti fljótlega að koma því í verk að endurskoða lög um erfðafjárskatt, þar sem þetta atriði yrði þá m. a. haft til hliðsjónar og reyndar fleiri, sem bar á góma. Ég skal síðar víkja að því.

Ég vil til þess að rifja það upp, sem ég nú hef vitnað í úr umr., aðeins rekja, hvernig orð féllu hjá þessum hv. þm., en þetta var við 2. og 3. umr. frv., sem fóru fram 17. maí vorið 1972. Ég skal þá fyrst vitna hér í ummæli hæstv. núv. félmrh., sem því miður er ekki staddur á þessum fundi. Hann var frsm. fyrir meiri hl. n., sem hafði málið til meðferðar, sem sé félmn. Það má svona rétt minnast á það líka, að hann lét sér nokkuð tíðrætt um þá, hve mjög stefndi nú orðið í þá átt að taka upp markaða tekjustofna, að vísu yfirleitt alltaf til stuðnings hinum þörfustu málefnum, en hann taldi, og það hefur komið fram hjá fleiri þm. við fleiri tæki-

færi, að þetta færi að verða varhugaverð braut, að halda stöðugt áfram að auka markaða tekjustofna í löggjöfinni í stað þess að láta slíka skatta renna í einn sameiginlegan sjóð, þar sem væri yfirlit yfir þörfina hjá hinum ýmsu aðilum, sem aðstoða þyrfti, og væri þá heppilegra og skynsamlegra að miðla af slíkum sjóði, eftir því sem þarfirnar væru metnar.

En þetta var að vísu útúrdúr. En ég ætla þá — með leyfi hæstv. forseta — að lesa hér orðrétt það, sem hæstv. núv. félmrh. sagði þá um skattfrelsi erfðahluta eftirlifandi maka. Honum fórust þannig orð:

„Ég er t. d. alls ekki viss um, að það sé rétt að taka erfðafjárskatt í öllum tilvikum. Ég nefni t. d., að það ber að skoða t. d., þegar annað hvort hjóna deyr, hvort beri að taka nokkurn skatt í slíku tilfelli, og eins þegar um lágar upphæðir að ræða, lágar erfðafjárupphæðir, sem ganga til barna, sem ekki eru komin til manns. Og það fé, sem um er að ræða, er kannske tæplega nægilegt til þeirra hluta. Þetta og ýmislegt fleira tel ég að beri að skoða rækilega við framhaldandi athugun málsins."

Síðan sagði hæstv. núv. félmrh., að að svo stöddu teldi hann ekki annað mögulegt en að samþykkja frv. án breytinga og eins og honum þá fórust orð: „og þá í trausti þess, að ýmis vafa- og álitamál í sambandi við þennan skatt og þá löggjöf, sem um hann ræðir, verði athuguð síðar og þá helst á næsta Alþ."

Þá vil ég leyfa mér að rekja ummæli hv. 1. þm. Vestf., Steingríms Hermannssonar, við þessa umr. og þykir miður, að hann skuli ekki vera hér staddur á þingfundi. En honum fórust svo orð, með leyfi hæstv. forseta:

„Hins vegar sýnist mér það vera mjög mikill galli á gildandi l. og þessu frv., sem hér liggur fyrir, eins og kom fram hjá frsm. að krefja maka um erfðafjárskatt, þegar búi er skipt. Ég tel það ósanngjarnt. Og sömuleiðis sýnist mér eðlilegt að athuga, hvort taka eigi erfðafjárskatt af lágmarksupphæð, sem hverfi til barna, eins og fram kom hjá frsm. Ég greiði atkv. með áliti meiri hl., en ég legg áherslu á líka, að þetta verði tekið til endurskoðunar þegar á næsta þingi, og mun gera mitt til þess, að svo verði."

Þann sama dag fór einnig fram 3. umr. frv., og ég leyfi mér að vísa til þeirra orða, sem hæstv. utanrrh., sem er nú farinn hér úr þingsalnum, lét falla við það tækifæri, en hann sagði svo, með leyfi hæstv. forseta:

„Ég ætla þess vegna aðeins að láta nægja að vísa til þess, sem hv. 1. þm. Vestf. sagði um þetta mál, að ég tel, að hér þurfi að endurskoða ákvæði þessa frv., þótt að lögum verði, og mun eins og hann reyna að stuðla að því, að svo verði gert."

Síðan eru liðin nær tvö ár. Á þingi í fyrra lá ekki fyrir neitt frv. til nýrra laga um erfðafjárskatt eða breyt. á gildandi l., og ekki bólar á því enn og maður hefur ekkert heyrt um, að von sé á slíku frv. Það virðist því vera tímabært að fá fram þá leiðréttingu, sem ég ætla að muni hafa verulegan hljómgrunn og væntanlega meiri hl. eða e. t. v. eiga að fagna fylgi allra hv. þm. hér í þessari þd., og því hef ég flutt þetta frv.

Ég hef takmarkað mig við það eitt að láta frv. ná til erfðahluta eftirlifandi maka. Ég vil hins vegar segja um það, sem ég nú rakti og kom fram í umr. fyrir tveimur árum um réttmæti þess að undanþiggja erfðahluta barna, t. d. ófullveðja barna, erfðafjárskatti að öllu eða einhverju leyti, að ég er þeirri hugmynd fyllilega samþykk, og það getur sjálfsagt komið til athugunar í n., hvort rétt sé að bæta því inn í frv. En ég fyrir mitt leyti vildi hafa það sem einfaldast, og þarna er um að ræða breyt. á l. um erfðafjárskatt, sem áður hefur verið hér til umr. og meðferðar og eins og ég lýsti hlotið jákvæðar undirtektir.

Því verður e. t. v. borið við sem mótbáru, að þetta muni þýða nokkurn missi fyrir erfðafjársjóð. Til hans rennur nú orðið allur erfðafjárskatturinn. Ég held, að þetta geti aldrei orðið verulegur tekjumissir fyrir sjóðinn, því að þegar skipt er dánarbúum við andlát annars hjóna, eru það í langsamlega flestum tilfellum börn, niðjar, sem taka arf, og í barnlausum hjónaböndum þekkjum við, að það er ákaflega oft, að þá eru kjörbörn, sem samkv. l. eru skylduerfingjar hjónanna. Það verður þess vegna ekki nema í tiltölulega fáum tilfellum, sem eftirlifandi maki tekur meiri arf en ⅓ eftir þann látna, og þetta takmarkar að sjálfsögðu mjög mikið þá rýrnun, sem yrði á tekjum erfðafjársjóðs af þessum sökum.

Nú er það svo, að í okkar löggjöf hefur erfðahluti makans ekki verið undanþeginn erfðafjárskatti, en það var svo um langt skeið, áður en breytingin var gerð 1972, að erfðafjárskattur var það lágur og það lítt tilfinnanlegur, að það olli því ekki, að uppi væru raddir um að leiðrétta skattheimtuna að því leyti, sem þetta frv. fjallar um. Nú er orðin á þessu veruleg breyting, og ég býst við, að það verði kannske flestum ofarlega í huga í þessu sambandi, hvernig aðstæður geta orðið hjá konu, ekkju, sem hefur misst mann sinn, e. t. v. frá barnahópi. Það er í ákaflega mörgum tilfellum svo, eins og við öll þekkjum, að fólk hefur eignast íbúðarhúsnæði. Það er algengara í okkar þjóðfélagi en annars staðar, sem vitað er um, að fólk búi í eigin húsnæði, og það verður sjálfsagt svo um langt skeið, a. m. k. á meðan við ekki kyngjum þeirri hugmynd, að sem flestir eigi að verða leiguliðar hins opinbera. Og það er oft hið fyrsta, sem hugurinn snýst um, eftir að fólk stofnar heimili, að eignast húsnæði. Nú er það svo, að fasteignamatið hefur farst mjög til samræmis við gangverð á húsnæði, íbúðarhúsnæði, og erfðafjárskatturinn er ákaflega fljótur satt að segja að komast í tugi þúsunda, jafnvel af hóflegri íbúð. Ef við tökum aftur dæmið um ekkjuna, sem er e. t. v. bundin af umönnun ungra barna, og þó að hún leiti út á vinnumarkað, hefur hún allajafna rýrari tekjumöguleika en karlmaðurinn, þá getur það orðið henni lítt viðráðanlegt að greiða fleiri tugi þúsunda í erfðafjárskatt. Ég held við getum öll verið sammála um það, sem ég nú hef sagt, og ég treysti því, að þetta litla frv. mitt geti fengið hér jákvæðar undirtektir.

Ég skal svo, hv. forseti, ekki hafa fleiri orð um málið að svo stöddu, nema þá ástæða gefist til, við þessa umr., og legg til, að frv. verði að lokinni þessari umr. vísað til 2. umr. og félmn.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Kvikmyndasjóður, frv. (þskj. 566). — 1. umr.

Flm. (Ragnar Arnalds): Herra forseti. Oft hefur verið sagt og um leið stutt mörgum augljósum rökum, að kvikmyndin sé listgrein 20. aldarinnar. Víst er um það, að engin grein lista á 20. öld er útbreiddari og á sér jafnmarga aðdáendur. Og í engri annarri gerð listaverka sameinast svo margir þættir listrænnar tjáningar. Þar við bætist svo hinir einstöku eiginleikar, sem kvikmyndin hefur til að tjá einmitt þá vélvæddu tíma, sem við nú lifum á.

Kvikmyndalistin á sér ekki síður aðdáendur hér á landi en annars staðar. En hitt er sérkennandi fyrir Ísland í samanburði við nálæg lönd, að kvikmyndamenning er hér á mjög lágu stigi. Bæði er, að hér er engin löggjöf til um kvikmyndir og opinberan stuðning við íslenska kvikmyndagerð. Þess vegna hefur listsköpun á sviði kvikmyndagerðar raunverulega aldrei haft neina möguleika til að ná sér á strik. Jafnframt hafa aldrei verið settar hér lagareglur eins og í flestum nálægum löndum um réttindi og skyldur kvikmyndahúsa, sem veitt gætu kvikmyndahúsunum nokkurt aðhald og stuðlað að því, að þau væru ekki einungis rekin sem afþreyingarhús, heldur einnig sem menningarstofnanir.

Í stuttu máli sagt er það augljóst, að hér á landi er kvikmyndagerðarlistin vanræktari og á hér erfiðara uppdráttar en nokkur listgrein. Við erum vanastir því Íslendingar, þegar bent er á alvarlegar gloppur og göt í þjóðlífi okkar og menningu, að skírskota til fámennis þjóðarinnar, enda augljóst, að við höfum ekki bolmagn til átaka, sem 50 sinnum fjölmennari þjóðum veitast létt. Við gerð kvikmynda er það hinn gífurlegi stofnkostnaður, sem yfirleitt stendur í veginum. Stofnkostnaðurinn fæst að vísu endurgreiddur með aðgangseyri þúsunda áhorfenda á nokkrum tíma. En framleiðendur kvikmynda hér á landi hafa í engan sjóð að leita um lánsfé til að brúa tímaskeiðið milli útgjalda og innkominna tekna. Kostnaður við gerð 20 mínútna heimildarkvikmyndar af einföldustu gerð er talinn nema 1—2 millj. kr., og alger lágmarkskostnaður við gerð 100 mínútna leikmyndar er talinn munu nema um 7 millj. kr. Þetta eru háar fjárhæðir að útvega fyrir fjárvana einstaklinga, þótt ekki sé nema í skamman tíma, þar til kvikmynd fer að skila tekjum. Flestir gefast því upp fyrir fram og hverfa til annarra starfa.

Hér er hins vegar ekki um þvílíkar fjárhæðir að ræða, þótt þær séu ofviða einstaklingum, að þjóðarheildin geti afsakað sig með smæð sinni eða fjárskorti. Hér er um einfalt vandamál að ræða, ef við höfum einhvern vilja til að leysa það og gefum okkur tíma til þess.

Árum saman hefur verið rætt um, að sett yrði löggjöf til stuðnings íslenskri kvikmyndagerð og stofnaður sjóður, sem yrði fær um að lána nokkurt fé til framleiðenda íslenskra kvikmynda. En þessi áform hafa aðeins verið í orði kveðnu, hafa ekki einu sinni verið flutt í tillöguformi hér á Alþ., hvað þá meir. Tilgangurinn með flutningi þessa frv., sem hér liggur fyrir á þskj. 566, er einmitt að bæta nú loksins úr brýnni þörf á þessu sviði íslenskrar menningar með því að knýja nú á um setningu laga um sérstakan kvikmyndasjóð.

Okkur flm. er fullljóst, að frv. það, sem hér liggur fyrir, er aðeins einn þátturinn af mörgum í hugsanlegri heildarlöggjöf, sem setja þarf um kvikmyndamálefni. En hér er vonandi verið að stíga fyrsta skrefið í þessa átt. Áður en ég vík að efni frv., vil ég láta þess getið, að við undirbúning málsins fékk ég í hendur upplýsingar, sem menntmrn. hafði safnað með milligöngu sendiráða Íslands í Vestur-Evrópu um opinbera fyrirgreiðslu við innlenda kvikmyndagerð í Evrópulöndum. Upplýsingar þessar eða úrtak úr þessum upplýsingum er prentað í grg. Ég sé ekki ástæðu til að rekja það hér, en þar er greint frá stuðningi við kvikmyndagerð í Danmörku, Noregi, Svíþjóð og Finnlandi. En í öllum þessum löndum er um að ræða kvikmyndasjóði eða opinbera fjárhagsfyrirgreiðslu, og við kvikmyndagerð a. m. k. í Finnlandi, Danmörku og Noregi er fjár aflað með skattgjaldi á selda aðgöngumiða.

Það er aðalefni þessa frv., að með breytingu á tvennum lögum, þ. e. a. s. lögum um menningarsjóð og menntamálaráð annars vegar og l. um skemmtanaskatt hins vegar, verði stofnaður kvikmyndasjóður með 10 millj. kr. stofnframlagi úr ríkissjóði, en að öðru leyti fái sjóðurinn tekjur með 10% gjaldi, sem verði innheimt með aðgangseyri að kvikmyndahúsum. Sjóðurinn verði undir yfirstjórn menntamálaráðs og í umsjón og vörslu skrifstofu menningarsjóðs.

Hlutverk kvikmyndasjóðs er samkv. 5. gr. frv. að styrkja og efla íslenska kvikmyndagerð með beinum fjárstyrkjum, lánum, ábyrgðum og verðlaunum, að koma á fót kvikmyndasögusafni, sem heimilt er að sýna kvikmyndir sínar á sýningum, sem undanþegnar eru öllum opinberum gjöldum, og stuðla á annan hátt að bættri kvikmyndamenningu, m. a. með því að verðlauna kvikmyndahús, sem fram úr skara við val á góðum kvikmyndum og barnamyndum til sýninga.

Í 6. gr. eru ákvæði um tekjur sjóðsins, en eins og áður segir, er reiknað með, að stofnframlag úr ríkissjóði verði 10 millj. kr. Í öðru lagi gæti hugsanlega verið um að ræða framlag úr ríkissjóði á fjárlögum hverju sinni, en aðaltekjustofn sjóðsins verði þó, eins og áður var sagt, 10% gjald á bruttóverð aðgöngumiða að kvikmyndahúsum.

Í þessu sambandi er rétt að geta þess, að skemmtanaskattur af kvikmyndasýningum er nú alls 16.5%, og þessi skattur rennur að langmestu leyti í félagsheimilasjóð, að nokkru í menningarsjóð og að litlu leyti til Sinfóníuhljómsveitar Íslands, en nánari upplýsingar um þetta efni er að finna í grg. Með þeirri breytingu, sem felst í frv., er gert ráð fyrir því, að kvikmyndahúsagestir greiði 3.5% hærra gjald en áður var, þannig að skemmtanaskatturinn í heild af kvik-

myndasýningum fari upp í 20%. Jafnframt er gert ráð fyrir því, að Sinfóníuhljómsveitin, félagsheimilasjóður og menningarsjóður verði fyrir nokkrum tekjumissi af þessum tekjustofni, en að þessir aðilar fái tekjumissi sinn bættan með hækkun á svonefndu rúllugjaldi, sem greitt hefur verið fyrir aðgang að vínveitingahúsum, þ. e. a. s. að það verði hækkað úr 10 krónum í 30. Vísa ég nánar í grg. frv. til skýringar á þessu efni.

Við undirbúning málsins varð ég var við, að ýmsir hikuðu við að hækka aðgöngumiðaverð að kvikmyndahúsum meira en orðið væri og bentu á, að skattlagning á aðgöngumiða væri nú þegar orðin í hæsta lagi. En hún er til viðbótar 16.5% skemmtanaskatti 17% söluskattur og þar að auki skattur á verð aðgöngumiða samkv. l. nr. 78 4. febr. 1972, um gjald af kvikmyndasýningum. Mér er hins vegar tjáð, að þessi skattur sé óvíða á landinu innheimtur, og fullyrt hefur verið við mig, að hann væri einungis innheimtur í Reykjavík og sé í Reykjavík 5%, en samkv. heimild í l. má hann vera 10%. Ég vil láta það koma hér fram, að fljótt á litið virðist þessi skattlagning ekki eiga ýkja mikinn rétt á sér, og ef mönnum sýnist svo, að rétt sé að koma í veg fyrir hækkun á aðgöngumiðaverði að kvikmyndahúsum, virðist liggja nokkuð beint við, að þessi skattlagning verði afnumin eða lækkuð verulega, eins og getur um í grg., má skoða það mál frekar í nefnd.

Ég vil, áður en ég hverf frá fjármálahlið þessa máls, láta þess getið og leggja á það áherslu, að í sambandi við fjárveitingar af hálfu opinberra aðila til lista- og menningarmálefna verður að sjálfsögðu að gæta þess, að um eðlilegt og hæfilegt hlutfall sé að ræða milli hinna ýmsu listgreina. Helstu fjárveitingar til menningarmála í dag eru í fyrsta lagi til Þjóðleikhússins, sem fær 78 millj. kr. á yfirstandandi ári úr ríkissjóði til að halda uppi rekstri sínum, en neytendur greiða 34 millj. kr. með aðgöngumiðaverði, samkvæmt áætlun um starf leikhússins á árinu. Önnur hliðstæð upphæð er til lista almennt 79 millj. kr., og þar af renna til leiklistarmálefna 5.2 millj. og til Leikfélags Reykjavíkur 5.5 millj. Þriðja stóra upphæðin er til Sinfóníuhljómsveitarinnar, sem fær 47 millj. kr. af almannafé, en neytendur greiða í því tilviki 5.5 millj. með aðgöngumiðaverði. Fjórða stóra upphæðin er til listasafna 11 millj. kr.

Ég er síður en svo að gera því skóna með þessari upptalningu, sem ég hef hér gert, að þær listgreinar, sem hér hafa verið nefndar, og þær stofnanir, sem ég tiltók, fái of mikið í sinn hlut. Ég vil síður en svo halda því fram, að þar eigi neitt að draga úr. En með hliðsjón af þessum háu tölum hlýtur að vera enn átakanlegri sú staðreynd, að ein listgreinin hefur gleymst og er ekki með á blaði. Það er að vísu hægt að benda á, að til kvikmyndagerðar rennur á þessu ári 1 millj. kr., sem mun vera styrkveiting frá menntamálaráði og er það hæsta, sem verið hefur, en það er líka allt og sumt.

Í 2. og 7. gr. frv. er fjallað um stjórn kvikmyndasjóðsins, en eins og áður segir fer menntamálaráð með yfirstjórn sjóðsins og gerir áætlanir um tekjur og gjöld hans. Hins vegar er gert ráð fyrir því, að sérstök stofnun annist úthlutun lána og styrkja eða veitingu ábyrgða og verðlauna úr sjóðnum, og veiting fari þá fram á fundum ráðsins að til kvöddum fulltrúum frá fjórum samtökum, þ. e. a. s. samtökum kvikmyndahúsaeigenda, samtökum kvikmyndagerðarmanna, Bandalagi íslenskra listamanna og samtökum kvikmyndaklúbba, þ. e. a. s. að þessir 9 fulltrúar, 5 fulltrúar menntamálaráðs og 4 fulltrúar til kvaddir af þessum aðilum, taki ákvörðun um úthlutun lána og styrkja.

Eins og ég gat um áðan, eru í frv. ákvæði um stofnun sérstaks kvikmyndasögusafns. Ég þarf ekki að færa mörg rök að því, að mikil nauðsyn er á því, að þess háttar stofnun sé komið upp, sem safni kvikmyndum, er hafa kvikmyndasögulegt gildi eða sérstakt gildi fyrir sögu Íslands. Einmitt á þessu sviði, sem nú seinast var nefnt, þ. e. a. s. varðandi sögu Íslands, eru geysimörg viðfangsefni, sem enn hefur ekki verið sinnt. Það þarf að gera heimildarkvikmyndir um íslenskt þjóðlíf. Þar er margt, sem þarf að festa á filmu, en er að hverfa og verður um seinan að varðveita að nokkrum árum liðnum. Að vísu er sjónvarpið aðili, sem mikið gagn getur gert á þessu sviði. En eins og flestum mun ljóst, er aldrei tími eða aðstaða í þeirri stofnun til þess að vanda eins vel og þyrfti efni af þessu tagi. Ég held því, að með styrkveitingum úr kvikmyndasjóði og með kvikmyndasögusafni mætti rækja þetta verkefni með allt öðrum og miklu betri hætti en gert hefur verið fram að þessu. Ég gæti ímyndað mér, að fram kæmu raddir um, að eðlilegast væri, að fræðslumyndasafnið yfirtæki þessa starfsemi, gerði þetta að einum þætti í sinni starfsemi. En ég held, að í öllu falli sé hyggilegra að halda þessu aðgreindu. Starf fræðslumyndasafns er að sjálfsögðu gjörólíkt starfi safns af þessu tagi, því að fræðslumyndasafn starfar meira eins og skólabókasafn, en kvikmyndasögusafn hefur aftur á móti hliðstæðu hlutverki að gegna og þjóðskjalasafn eða bókmenntadeild Landsbókasafns. Þess vegna er óhjákvæmilegt, að stjórn kvikmyndasögusafns sé skipuð sérmenntuðum mönnum um kvikmyndalist. En hvort um yrði að ræða einhverja samvinnu þessara tveggja safna í reynd, t. d. að þau væru geymd á sama stað og hefðu sameiginlega afgreiðslu, er að sjálfsögðu mál, sem rétt væri að athuga nánar.

Ég held, að ég þurfi ekki að fara öllu frekari orðum um það frv., sem hér liggur fyrir. Það er ekki aðeins, að með stofnun þessa sjóðs sé skapaður grundvöllur til, að gerðar verði heimildarkvikmyndir um íslenskt þjóðlíf, heldur yrði þarna um leið skapaður grundvöllur að framleiðslu leikinna kvikmynda. Það er eins um þá hlið málsins og þá, sem ég nefndi fyrr, að sjónvarpið hefur nokkuð gegnt þessu hlutverki og tekið upp ýmsa ágæta leikna þætti, en að sjálfsögðu er meginmunur á sjónvarpsþáttum annars vegar og hins vegar vönduðum kvikmyndum. Starfsaðstaða sjónvarpsins og sá hraði, sem þar verður að tíðkast, er auðvitað þess eðlis, að þar getur sjaldnast orðið um að ræða mjög vandaða kvikmyndagerð. Þess vegna er óhjá-

kvæmilegt, að sjálfstæð kvikmyndagerð fái tækifæri til þess að dafna í landinu. Þess vegna er þetta frv. flutt.

Ég vil svo að lokum aðeins geta þess, að málefni hugsanlegs kvikmyndasjóðs hafa margoft komið til umræðu hér á Alþ., og m.a. komu þessi mál mjög til umr. við afgreiðslu laga um skemmtanaskatt á þinginu 1969—1970. Bæði í Ed. og Nd. voru þá hafðar uppi yfirlýsingar af hálfu einstakra þm., í Nd. af hálfu menntmn. um, að taka yrði málefni íslenskrar kvikmyndagerðar föstum tökum og setja lög til stuðnings íslenskri kvikmyndagerð. En einhvern veginn hefur það nú orðið svo, að ekkert hefur verið gert. Við flm. frv. teljum því ekki seinna vænna, að Alþ. taki nú loks af skarið um stuðning við þessa vanræktu listgrein.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Neðri deild, 90. fundur.

Miðvikudaginn 27. mars, kl. 2 miðdegis.

Tannlækningar, frv. (þskj. 576). — 3. umr.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 27 shlj. atkv. og afgr. til Ed.

Húsnæðismálastofnun ríkisins, frv. (þskj. 55, n. 578). — 2. umr.

Frsm. (Stefán Valgeirsson): Herra forseti. Þetta frv. var sent til Húsnæðismálastofnunar ríkisins, og mælti hún með samþykkt frv., en lagði til, að frv.gr. yrði breytt, og var félmn. sammála um að breyta gr. eftir ábendingu húsnæðismálastjórnar og leggur því til, að 1. gr. orðist svo:

„29. gr. l. orðist svo: Íbúðir, sem byggðar eru í því skyni að útrýma heilsuspillandi húsnæði, skulu geta notið lána samkv. II. kafla þessara laga eða samkv. l. um Stofnlánadeild landbúnaðarins."

Sveitabýli hafa ekki getað fengið lán samkv. þessum l. um útrýmingu heilsuspillandi húsnæðis. Þessi breyting felur í sér, að það sé hér á eftir heimilt.

Fjarverandi við afgreiðslu málsins voru hv. þm. Gunnar Thoroddsen, Gylfi Þ. Gíslason og Garðar Sigurðsson.

ATKVGR.

Brtt. 578,1 (ný 1. gr.) samþ. með 26 shlj. atkv.

2. gr. samþ. með 26 shlj. atkv.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Frv. vísað til 3. umr. með 28 shlj. atkv.

Kaupstaðarréttindi til handa Bolungarvíkurkauptúni, frv. (þskj. 592). — 3. umr.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 25 shlj. atkv. og afgr. til Ed.

Verðjöfnunargjald af raforku, frv. (þskj. 564). — 1. umr.

Heilbr.- og trmrh. (Magnús Kjartansson): Herra forseti. Frv. það, sem hér liggur fyrir um verðjöfnunargjald af raforku, er afleiðing af fjárhagsvandræðum Rafmagnsveitna ríkisins, en það er vandamál, sem hið háa Alþ. kannast mjög vel við. Þau vandamál hafa hér komið á borð þm. með nokkuð reglulegu millibili. Ástæðan fyrir þessum vandkvæðum er sú, að orkuveitusvæði Rafmagnsveitna ríkisins eru hin örðugustu vegna dreifbýlis, fjarlægðar og óhagstæðra kosta við öflunar orku. Eru þessi skilyrði þeim mun óhagstæðari sem stærstu þéttbýlisstaðir flestra svæðanna standa utan smásöludreifingar á vegum Rafmagnsveitna ríkisins. Flestir orkuvalkostir á vegum Rafmagnsveitnanna hafa til að mynda boðið 80—100 aura meðalverð eða hærra í samanburði við 40—60 aura á öðrum svæðum. Þessu til viðbótar kemur mikill kostnaður við aðalflutning orkunnar ásamt greiningu og spennubreytingu og mikilli og sívaxandi dreifingu í smásöluflutningi, og þarf ég ekki að lýsa þessum forsendum frekar. Þær þekkja allir hv. þm. og ekki síst þeir, sem í dreifbýlinu búa. Auk þess hafa fjármögnunarskilyrði Rafmagnsveitna ríkisins löngum verið mjög erfið. Það hefur tíðkast um mjög langt árabil, að safnað hefur verið upp tollalánum og öðrum bráðabirgðalánum, sem síðan hafa ýmist verið gefin eftir eftir dúk og disk eða breytt í löng lán. Erlendar lántökur bitnuðu um skeið mjög illa á fyrirtækinu vegna gengislækkana á síðasta áratug. Þá hafa Rafmagnsveitur ríkisins einnig orðið að fjármagna framkvæmdir með verðtryggðum spariskirteinalánum, sem hafa orðið mjög þungbær vegna verðbólgunnar. Eigin fjármyndun fyrirtækisins hefur því orðið því sem næst engin. Af þessum ástæðum hafa greiðsluvextir, þ.e.a.s. vextir og verðbætur, um skeið verið milli 19 og 33%. Er hér um að ræða byrgðar, sem önnur fyrirtæki á Íslandi hafa naumast þurft að bera. Er þessi saga um fjárhagsvandamál Rafmagnsveitna ríkisins orðin býsna löng og æði flókin, og sé ég ekki ástæðu til að rekja hana neitt nákvæmar hér.

Það hefur verið stefna Alþ., að þann vanda, sem stafaði af erfiðri aðstöðu Rafmagnsveitna ríkisins, vegna þess að fyrirtækið hefur framleitt, dreift og selt raforku til erfiðustu hluta landsins, yrði að nokkru að bæta af þjóðinni sameiginlega. Þess vegna var ákveðið 1965 að leggja á verðjöfnunargjald, sem nam fastri upphæð, 35 millj. kr. á ári. Gildi þessarar föstu upphæðar minnkaði síðan vegna verðbólgu, og síðari hluta árs 1969 var það tvöfaldað upp í 70 millj. kr. á ári. En vegna þess að enn var reiknað með fastri fjárhæð, hefur gildi þessarar verðjöfnunar einnig

farið rýrnandi, og má ætla, að gildi þessa verðjöfnunargjalds sé nú aðeins um 40% af því, sem það var mest. Að sama skapi hefur afkoma Rafmagnsveitna ríkisins að sjálfsögðu rýrnað. Hefur verið verulegur og vaxandi halli á Rafmagnsveitum ríkisins s. l. tvö ár. Árið 1972 nam greiðsluhalli rekstrar 3 millj., en í fyrra 123 millj. Þar við hefur bæst fjárvöntun vegna framkvæmda, sem nam 59 millj. kr. 1972 og 74 millj. 1973. Alls nema þessar upphæðir ásamt útistandandi skuldum og fleiru 294 millj. kr. á þessum tveimur árum. Þetta kom fram um síðustu áramót sem skuld við ríkissjóð og við Seðlabanka, sem nam 282 millj. kr.

Þegar áætlanir voru gerðar um rekstur ársins 1974, bentu líkur á greiðsluhalla, sem mundi nema 272 millj. kr. Og væri skyggnst lengra fram í tímann, blasti við mjög verulegur árlegur greiðsluhalli rekstrar, ef ekki yrði að gert allan þennan áratug. Af þessu tilefni skipaði ég nefnd 5. okt. s. l. haust til þess að kanna fjárhagsvandamál Rafmagnsveitna ríkisins, hvernig úr skyldi bætt. Í n. voru Bjarni Bragi Jónsson forstöðumaður í Framkvæmdastofnun, og var hann form. n., Hörður Sigurgestsson deildarstjóri í fjárlaga- og hagsýslustofnun og Sigurgeir Jónsson aðstoðarbankastjóri í Seðlabankanum. N. skilaði ítarlegri skýrslu og till. 21. jan., og var síðan ákveðið að semja frv. það, sem hér liggur fyrir, á grundvelli tillagna nefndarinnar.

Að sjálfsögðu var kannað, hver áhrif það mundi hafa að hækka verð á raforku viðskiptavina Rafmagnsveitna ríkisins til þess að jafna rekstrarhallann. Miðað við smásölu hefði þá orðið að hækka raforku um 45% umfram almenna raforkuhækkun í landinu og auka þannig stórlega þá mismunun, sem raforkunotendur á Íslandi búa við. Slík breyting var andstæð stefnu ríkisstj., og ég hygg, að hún sé andstæð stefnu hins háa Alþ., eins og hún hefur komið fram á undanförnum árum. Því var ákveðið að beita enn verðjöfnunaraðferð, hverfa frá því að hafa verðjöfnunargjaldið fasta krónutölu, en láta það framvegis fylgja söluverðmæti ákveðinnar hundraðstölu, svo að verðrýrnun þyrfti ekki að skapa árviss vandamál, eins og verið hefur að undanförnu. Þá er söluskattsstofn smásölu einna handhægust viðmiðun, enda er tilgangurinn að jafna verð til endanlegra smásölukaupenda. Til þess að draga úr þessari hækkun var jafnframt áformað, að ríkissjóður gæfi eftir bráðabirgðalán og greiddi bráðabirgðalán Seðlabanka Íslands.

Í frv., sem hér liggur fyrir, er lagt til í 1. gr., að greiða skuli 13% verðjöfnunargjald í Orkusjóð af seldri raforku á síðasta stigi viðskipta, þ. e. a. s. sölu til notenda, en notandi telst sá, sem ekki endurselur raforkuna. Verðjöfnunargjaldinu skal varið til að bæta fjárhag Rafmagnsveitna ríkisins samkv. nánari ákvörðun stjórnar Orkusjóðs og ráðherra orkumála. Síðan eru frekari ákvæði um þetta verðjöfnunargjald í 2.—11. gr., en í 12. gr. er gert ráð fyrir því, að ríkisstj. verði heimilt að veita Rafmagnsveitum ríkisins eftirgjöf á bráðabirgðalánum ríkissjóðs, sem veitt voru með gjaldfresti á aðflutningsgjöldum árin 1972 og 1973, að fjárhæð 147 millj. kr., einnig að ríkissjóði sé heimilt að endurgreiða úr ríkissjóði bráðabirgðalán Seðlabanka Íslands, sem veitt var ríkissjóði í nafni Rafmagnsveitna ríkisins árið 1973, að fjárhæð 130 millj. kr. Í 13. gr. er síðan heimild um að breyta kjörum lána eins og þar er frekar rætt.

Ég held, að frv. sjálft skýri sig. Þetta 13% verðjöfnunargjald mundi jafngilda um 10% á verði raforku, vegna þess að þarna dregst frá fyrra verðjöfnunargjaldið, sem nú er metið á rúm 3%. Má geta þess, að áhrif þessarar hækkunar á kaupgjaldsvísitölu hafa verið metin 0.15%.

Ég vil svo leyfa mér að vænta sem mestrar samstöðu hv. alþm. um að leysa þetta mikla vandamál, og veit, að það er fullur vilji á því að leysa það eftir svipuðum leiðum og fjallað er um í þessu frv.

Ég legg svo til, herra forseti, að frv. verði að lokinni 1. umr. vísað til 2. umr. og hv. iðnn.

Ingólfur Jónsson: Herra forseti. Það eru aðeins örfá orð í sambandi við þetta frv. Ég geri ráð fyrir því, að það komi engum á óvart, þó að einhverjar ráðstafanir þurfi að gera vegna Rafmagnveitna ríkisins í því verðbólgu- og verðhækkunarflóði, sem nú gengur yfir. Og rétt er það, að ekki er í fyrsta skipti nú, sem Rafmagnsveitur ríkisins hafa átt í nokkrum fjárhagsörðugleikum. Rafmagnsveitur ríkisins hafa ávallt haft erfitt verkefni með höndum. Þær hafa haft það verkefni að vinna að framkvæmdum, sem ekki eru arðbærar, þ. e. að dreifa rafmagninu út um hinar strjálbyggðu sveitir í landinu, og veitur, sem lagðar eru um þau svæði, geta vitanlega ekki orðið arðbærar. Þess vegna er það, að oft hefur orðið halli á þessum veitum og stundum álitamál, hvernig ætti að brúa bilið. En eftir að rafmagnið var komið í hina betri staði, sem báru sig betur, má segja, að það hafi verið fleiri stoðir til þess að halda uppi hinu veikara kerfi. Seinni hluta síðasta áratugs má segja, að hafi verið batnandi hagur hjá veitunum, enda þótt gripið hafi verið til verðjöfnunargjalds tvisvar til þess að styrkja rekstrarafkomuna.

En verðbólgan hefur sín áhrif, og oft er ráðist í framkvæmdir, sem ekki bera sig fjárhagslega. Það var t. d. einn maður, sem sagði áðan, þegar ég var að ganga hérna upp stigann: „Hvað skyldu Rafmagnsveitur ríkisins þurfa að borga mikinn halla af línunni milli Skagafjarðar og Eyjafjarðar, áður en hún fer að flytja raforku?“ Ég sagði við þennan mann: „Það veit ég ekki.“ Mér er ekki kunnugt, hversu mikla orku veitan hefur flutt. Einhver straumur hlýtur að hafa verið settur á línuna, þótt lítil orka sé fyrir hendi. Ég hef þess vegna ekki reiknað út, hversu mikill halli er af þessari línu, en hann hlýtur að vera mikill. En það er ekki aðalatriði þessa máls, heldur hitt, að ef ekkert væri gert í þessum málum og Rafmagnsveiturnar ættu að setja allan kostnaðinn á sína notendur, þyrfti rafmagnsverðið hjá Rafmagnsveitum ríkisins að hækka um 45%. Það er auðvitað allt of mikið. Það er alveg útilokað að gera það. Það væri ekkert betra en ef olíuverðið væri óbreytt eins og það er nú til húsakyndingar.

En það var ekki samanburður á því, sem ég ætlaði að ræða um, heldur aðeins nokkur atriði, sem þarf að taka til athugunar.

Það brýtur alveg í bága við þá stefnu, sem hæstv. iðnrh. hefur boðað, að með frv., eins og það er hækkar raforkuhitun í húsum tiltölulega meira en rafmagnsverð til annarra nota. Er það vegna þess, að rafhitun til húsa er ekki söluskattsskyld. Rafhitun til húsa hækkar því samkv. þessu frv. um 13%, en rafmagn til almenningsnota að öðru leyti um 11,1%. Sumir munu e. t. v. segja, að þetta skipti ekki verulegu máli. En þetta brýtur þó algerlega í bága við heilbrigða stefnu, vegna þess að nauðsyn ber til að hvetja menn til þess að taka upp rafhitun í húsum í stað olíukyndingar. Það á að vera stefnan að reyna að gera það mögulegt að nota innlendan orkugjafa, rafhitun, þar sem ekki er tækifæri til þess að nota hitaveitu.

Ég skal viðurkenna, að það getur verið erfitt að finna heppilegt fyrirkomulag, en það þarf að taka það til rækilegrar athugunar, að samkv. frv. verður verðjöfnunargjaldið tiltölulega hæst hjá þeim veitum, sem hafa erfiðastan rekstur. Veitur með hæstu gjaldskrá borga 13% af orkusölunni og verður gjaldið þá hæst hjá þeim veitum, sem hafa erfiðastan rekstur og hæsta gjaldskrá. Verður það til þess að auka aðstöðumuninn frá því, sem nú er. Ég er ekki tilbúinn til þess að benda á, hvernig á að komast fyrir þetta, en þetta sýnist mér, að stefni í öfuga átt og þurfi að finna leið til þess að komast hjá því.

Eins og sjá má í frv., er horfið frá þeirri stefnu, sem áður var í sambandi við verðjöfnunargjald. Þá var verðjöfnunargjaldið miðað við fasta upphæð, en nú er það prósentuhækkun. Það má segja, að til þess að verðjöfnunargjaldið nýtist í verðbólgunni, sé eðlilegt að breyta því í þetta form. Ef verðhækkanir halda áfram eftirleiðis eins og nú síðustu mánuðina eða síðustu tvö árin, er tilgangslítið að lögfesta verðjöfnunargjald í krónum, nema það sé þá alveg ákveðið að endurskoða það árlega. Það er nauðsynlegt að athuga það. Með því að hafa verðjöfnunargjaldið í fastari upphæð verður komist hjá þeim agnúa, sem ég hef minnst á.

Ég heyrði ekki, í hvaða n. þetta á að fara, hvort þetta á að fara í iðnn. (Gripið fram í.) Já, þá hef ég tækifæri til þess að skoða málið sérstaklega, og í tilefni af því get ég látið máli mínu lokið að þessu sinni.

Benedikt Gröndal: Herra forseti. Ég tel rétt að byrja á að benda á, að þetta frv. er enn eitt dæmið um, hversu komið er raforkumálum þjóðarinnar undir stjórn núv. ríkisstj. Þar stendur bókstaflega ekki steinn yfir steini, og hefur með hverjum mánuðinum, sem liðið hefur, komið betur í ljós, að þar vantar algerlega heildarstefnu, og þróunin er statt og stöðugt í öfuga átt.

Ég tel, að það sé mjög varhugavert að halda, að það verði til lengdar hægt að leysa hin augljósu vandamál Rafmagnsveitna ríkisins ein út af fyrir sig, heldur verði óhjákvæmilegt að taka þau til athugunar sem hluta af rafmagnsmálunum í heild, og má vel vera, að þannig sé háttað verkefni Rafmagnsveitnanna, að þær eigi erfitt og erfiðara en aðrir hlutar í raforkukerfinu. Það er hverjum manni ljóst. En leiðin til að bæta úr þeim vandkvæðum hlýtur að vera einhver önnur en sú að setja nýjan söluskatt á selda raforku.

Ég vil alveg sérstaklega benda á það, sem raunar kom fram hjá hv. 1. þm. Sunnl., að þessi nýi raforkuskattur mun leggjast með langmestum þunga á þau byggðarlög, sem eiga erfiðast í raforkumálum og búa við hæst raforkuverð. Ég get skýrt frá því, að rétt eftir að skýrt var frá þessu frv. í útvarpsfréttum, fékk ég fyrstu hringingarnar úr kjördæmi mínu, þar sem á stóru svæði er mjög hátt raforkuverð, og menn spurðu: Hvert stefna þessir menn? Hví er verið að tala um byggðastefnu, hví er verið að tala um jafnvægi í byggð landsins, þegar flutt er frv. um að leggja prósentuskatt ofan á rafmagn, sem leggst með margföldum þunga á þau byggðarlög, sem eiga erfiðast? Þetta er eins og svipa á lofti til að reka fólkið til Reykjavíkur og þéttbýlisins, sagði einn af þeim, sem gerðu þetta að umtalsefni. Ég tel algjörlega útilokað að ganga inn á þetta kerfi til að leysa vandamál Rafmagnsveitnanna og það verði að finna einhverja aðra leið.

Það hefur einnig verið bent á, að þessi leið til verðjöfnunargjalds leggst með þriðjungi meiri þunga á rafmagn til hitunar. Er það allt að því broslegt, að sá maður, sem hefur talað meira um rafmagn til húsahitunar á Íslandi en nokkur annar á þessu þingi, — talaði að vísu mest um það, áður en hann fékk ábyrgð á rafmagnsmálunum, — skuli nú ætla að verða til þess að hefja á loft þennan refsivönd á það fólk, sem hefur treyst sér til þess að nota raforku til að hita hús sín. Þetta tel ég, að sé stefna í ranga átt og alveg þvert á það, sem hæstv. ráðh. hefur reynt að telja þingheimi og þjóðinni trú um, að væri hans sannfæring og stefna til þessa.

Ýmislegt fleira mætti telja til. Það kann að vera, að einhverjar skýringar séu á því, hvaða iðnfyrirtæki eru undanskilin og hver ekki. Ég geri ráð fyrir því, að hæstv. iðnrh. leggi sig allan fram um að verja sig gegn árásum hæstv. raforkumráðh., þegar verið er að tala um 10% hækkun á raforku, á sama tíma sem það er upplýst, að ríkisvaldið hefur orðið að grípa til þess að greiða styrki til vissra greina útflutningsiðnaðarins. Hvers vegna Áburðarverksmiðjan er undanþegin, en t. d. Sementsverksmiðjan ekki sé ég ekki fljótt á litið, þó að það kunni að vera að einhverjir samningar bindi það mál. En eitt slíkt dæmi nægir til þess að gefa mönnum hugmynd um, hvernig skattur eins og þessi kemur fram í þjóðfélaginu. Það er ekki aðeins verið að skattleggja þá, sem kaupa raforkuna, heldur er einnig verið að skattleggja hina sem kaupa vörur og þjónustu af þessum aðilum, þegar um er að ræða fyrirtæki eða einstaklinga, sem nota raforku við vinnu sína.

Ég skal ekki hafa mörg orð um 12. gr., sem gerir ráð fyrir að taka úr ríkissjóði 277 millj. kr. og gefa eftir. Það má e. t. v. helst til sanns vegar færa, að slík eftirgjöf, veitt úr ríkissjóði, feli í sér, að byrðum Rafmagnsveitnanna sé velt yfir á þjóðina sem heild. En engu að síður er þetta grein, sem gaman væri að heyra, hvað hæstv. fjmrh. hefur að segja um, því það virðist vera svo, að félagar hans, Alþb.-ráðh., stundi þá iðju viku eftir viku, að flytja hér á Alþingi og á öðrum vettvangi hugmyndir, till., frv., sem

gera ráð fyrir stórfelldum útgjöldum og nýjum álögum, rétt eins og þeir beri ekki nokkra ábyrgð á fjárhag ríkissjóðs. En það er best, að stjórnin beri þær áhyggjur sjálf og reyni að sjá til þess, að eitthvert samræmi sé í þessum hlutum. Þegar tekin er afstaða til eins frv. ríkisstj., veit maður raunar ekkert, hvað sú afstaða kann að leiða af sér. Það getur verið að það komi á morgun eða hinn daginn enn eitt nýtt skattlagningarfrv. í beinu eða óbeinu formi, sem gjörbreytir öllu því, sem áður hefur verið gert.

Ég vil að lokum segja, að rafmagnsmálin eru komin í slíkar ógöngur, að það verður að reyna að taka þau og þar með Rafmagnsveitur ríkisins og leysa sem eina heild til frambúðar. En sú aðferð, sem lögð er til með þessu frv., er einmitt þeirrar náttúru, sem maður skyldi ætla, að ráðh., sem kenna sig við alþýðu eða alþýðubandalag, yrðu sístir manna og seinastir til að flytja.

Gylfi Þ. Gíslason: Herra forseti. Ég bið hæstv. forseta afsökunar á því, að ég skyldi ekki vera í salnum, þegar að mér kom, en ég hafði kvatt mér hljóðs. Ástæðan var sú, að ég var kvaddur í símann frá útlöndum og gat ekki látið það simtal bíða. Þess vegna getur vel verið, að hv. 1. þm. Sunnl., Ingólfur Jónsson, og sá flokksbróðir minn, sem var að ljúka máli sínu rétt áðan, hafi fjallað um þau atriði, sem ég vildi hafa nefnt. Ég vil engu að síður láta það standa, að ég hafði kvatt mér hljóðs til að segja nokkur orð um þetta stórmál, sem hér er lagt fyrir hið háa Alþingi.

Hér er lagt til, að greiða skuli 13% verðjöfnunargjald í Orkusjóð af seldri raforku á síðasta stigi viðskipta, þ. e. a. s. sölu til notenda. Þetta skilst mér, að sérfróðir menn telji jafngilda því, að raforkuverð hækki um 11.1%. Satt að segja munu margir þm. og allur almenningur hafa staðið í — vonandi góðri— trú um það, að hæstv. ríkisstj. væri búin að fá nóg af því að beita sér fyrir verðhækkunum á lífsnauðsynjum almennings, og því yrði ekki bætt ofan á það, sem gert hefur verið undanfarnar vikur, að borin væri fram till. um að hækka allt raforkuverð í landinu um 11.1% og gera það meira að segja í því formi, sem hv. þm. Benedikt Gröndal var að víkja að undir lok ræðu sinnar, að raforkuverðið á að hækka hlutfallslega jafnt, þ. e. a. s. það verð, sem er hæst fyrir, á að hækka mest, en þar, sem raforkuverðið er lægst, á hækkunin að vera minnst. Þetta eru þær hugmyndir sem ríkjandi virðast vera í raforkumrn. um skynsamlegar eða réttmætar framkvæmdir í þessum efnum.

Ég vék athygli á því, að hæstv. raforkumrh. sagði í framsöguræðu sinni hér áðan, að s. l. tvö ár, einmitt valdaár hans í iðnrn., hafi verið um stórvaxandi halla að ræða hjá Rafmagnsveitum ríkisins og að fjárvöntun vegna framkvæmda hefði farið stórvaxandi og væri nú orðin mjög mikil, þannig að nú vantaði vegna þessa tvenns, halla s. l. tveggja ára og vangreiðslu á framkvæmdafé, tæpar 300 millj., um væri að ræða óreiðuskuld af hálfu Rafmagnsveitna ríkisins, sumpart hjá ríkissjóði, sumpart hjá Seðlabankanum, sem næmi tæpum 300 millj. kr. Og þetta virðist eiga að jafna einfaldlega með því að sýna reikning eftir á og láta alla rafmagnsneytendur borga þennan reikning og fleiri slíka reikninga í framtíðinni, án þess að nokkur athugun fari fram á því, hvort hægt sé að gera raforkuframleiðslu og raforkudreifingu Rafmagnsveitna ríkisins ódýrari. Það er svolítið annað upp á teningnum, þegar önnur verkefni í þjóðfélaginu eru á döfinni. Þá þykir sjálfsagt að kanna, hvort hægt sé að haga framleiðslu eða dreifingu ódýrar en hingað til hefur átt sér stað. Hér hefur ekkert slíkt gerst. Það er tekið við gömlum sukkreikningum frá Rafmagnsveitunum og sagt: Neytendur, gjörið svo vel og borgið, þið eruð ekkert of góðir til þess. Borgið í hækkuðu rafmagnsverði um 11%. Og sá, sem hefur borið þyngsta baggann áður, skal enn bera þyngsta baggann, sá, sem bar léttasta baggann, á að sleppa best. Þetta nær ekki nokkurri átt. Það, sem gera á í þessum efnum, er auðvitað að taka rafmagnsmálin öll, orkuframleiðsluna í landinu annars vegar og dreifingu raforkunnar hins vegar, til gagngerðar athugunar.

Með frv. er ekki verið að gera annað en að lappa upp á hluta af þessu geysilega mikla vandamáli, sem hér er um að ræða. Það hefur aldrei verið annað eins ástand í raforkumálum Íslendinga og undanfarin 2—3 ár eftir að núv. ríkisstj. kom til valda. Það hefur aldrei gerst áður, að það hafi verið áberandi raforkuskortur í þremur landsfjórðungum, eins og átt hefur sér stað, átti sér stað á s. l. ári og hefur átt sér stað á þessu ári. Raforkumálin á Norðurlandi eru í fullkomnu öngþveiti og ófyrirsjáanlegt í dag, hvernig þau mál kunna að geta leyst. Samt sem áður hefur verið lagt í stórkostlega fjárfestingu við lagningu rafmagnslínu milli héraða á Norðurlandi, línu, sem hefur ekkert rafmagn að flytja. Við hvorugan enda línunnar er nokkur rafmagnsuppspretta, sem línan gæti flutt á milli héraðanna, þannig að þarna liggja stórkostlegar fjárhæðir bundnar og algjörlega verðlausar. Þarna hefur fé verið sóað um ófyrirsjáanlega framtíð. Það kann vel að vera, að einhvern tíma í framtíðinni komist á slíkt rafmagnskerfi á Íslandi, að þessi lína komi að einhverju gagni, að hægt verði að taka hana í notkun, en það verður langt þangað til, ár, ef ekki áratugir, og það vita Norðlendingar vel, og það veit allur landslýðurinn. Þarna hefur hæstv. rafmagnsmrh. reist sér óbrotgjarnan minnisvarða, sem munað verður lengur eftir en honum sjálfum.

Ég bendi á, að það dugi ekki að taka á vandamálum Rafmagnsveitna ríkisins einum sér. Það kann vel að vera, ég dreg það engan veginn í efa, að vegna ýmislegra vankanta í stjórn á Rafmagnsveitunum og rafmagnsmálunum yfir höfuð að tala, séu þær komnar í mikla fjárhagsörðugleika, sem einhvern veginn þarf að greiða úr. En þetta er hvorki rétta né réttláta lausnin til að greiða úr vandamálum Rafmagnsveitna ríkisins. Það, sem ég vildi leggja enn þá meiri áherslu á, er, að það má ekki taka vandamál hennar ein sér. Það þarf að taka raforkumálin öll, rafmagnsframleiðsluna og rafmagnsdreifinguna í landinu, til gagngerðrar athugunar og láta þar aðrar hugmyndir verða ráðandi en þær, sem ráðið hafa í iðnrn. á valdaárum núv. hæstv. iðnrh.

Þetta vildi ég láta koma fram þegar við 1. umr. og heiti á þá nefnd, sem fær málið til meðferðar,

að taka það til athugunar, til rannsóknar og athugunar og nýrrar tillögugerðar í ljósi þessara staðreynda, en ekki á grundvelli þeirra hugmynda, sem þetta plagg byggist á.

Heilbr.- og félmrh. (Magnús Kjartansson): Herra forseti. Ég ætla ekki að fara að efna til neinna meiri háttar umr. um raforkumál almennt í sambandi við þetta frv. Það kemur hér til umr. mjög fljótlega. Skýrsla iðnrn. um orkumál í sambandi við hugmyndir um nýtingu innlendra orkugjafa í stað erlendra, og ég gæti hugsað mér, að það væri ágætur vettvangur til að ræða þessi mál í heild.

Hv. þm. Ingólfur Jónsson ræddi þessi mál af fullum skilningi einmitt vegna þess, að hann þekkir þau vandamál, sem þarna er um að ræða, og veit, að sá vandi, sem við blasir núna, er ekki nýr. Hann hefur komið upp margsinnis áður af ástæðum, sem eru í sjálfu sér óviðráðanlegar þeim ráðh., sem kann að sitja í þessu starfi hverju sinni. Það er vegna þess, að þarna er fyrirtæki falið verkefni, sem er mjög erfitt að leysa. Það eru lagðar á það kvaðir og kröfur án þess að tryggja á móti eðlilegan fjárhagslegan fjárhagsgrundvöll. Það, sem um er að ræða, þegar í vanda er komið, er annaðhvort að taka þessa fjármuni með því að velta þessum tilkostnaði yfir á viðskiptavini Rafmagnsveitna ríkisins eða reyna að jafna þessu að einhverju leyti niður á þjóðina, þannig að aðstöðumunur minnki.

Það er afar undarlegt að heyra hv. þm., Benedikt Gröndal, tala um þessa lausn af mikilli vandlætingu út frá hagsmunum fólks úr kjördæmi hans, vegna þess að það liggur fyrir, að ef ekki verður gripið til einhverrar verðjöfnunar af þessu tagi, yrði raforkuverð að hækka um 45% hjá viðskiptavinum Rafmagnsveitna ríkisins, og þetta frv. er einmitt til þess, að sú hækkun þurfi ekki að koma til framkvæmda. Þetta er frv. um það, að viðskiptavinir Rafmagnsveitnanna, sem eru í kjördæmi hv. þm. Benedikts Gröndals, þurfi ekki að borga eins hátt verð og mér virtist hann vera að leggja til, að lagt yrði á þá.

Það er alveg rétt, að þetta frv. er ekki nein heildarlausn á sviði raforkumála. Ég kynnti hér á þingi fyrir tveimur árum eða meir hugmyndir um endurskipulagningu á öllu kerfi raforkumála á Íslandi, stefnuyfirlýsingu frá núv. ríkisstj., og hún tók bæði til raforkuöflunar og raforkudreifingar. Síðan hefur verið unnið á vegum rn. að framkvæmd þessarar stefnuyfirlýsingar.

Yfirlýsingar um það, að ekkert hafi verið gert í þessum málum, stangast að sjálfsögðu einnig á við þekkingu hv. þm. Gylfa Þ. Gíslasonar. Mér þótti afar undarlegt að heyra hv. þm. Gylfa Þ. Gíslason tala um tengilínuna fyrir norðan þannig, að þarna mundi engin orka fara um jafnvel áratugum saman. Hvaða hugmyndir hefur þessi hv. þm. um þróun orkumála á Íslandi? Hugsar hann sér, að orkuveitusvæðin á Íslandi verði ekki tengd áratugum saman? Ætlast hann til þess, að það ástand, sem nú er í þessum málum, haldi áfram áratugum saman? Ég gat ekki skilið þetta öðruvísi. Að sjálfsögðu mun þessi lína flytja raforku á megintíma hvers árs. Þegar raforkuskortur er að vetrinum, getur hún ekki flutt hana, en hún byrjar að sjálfsögðu að flytja raforku nú þegar, og þessi raforkuflutningur mun ákaflega fljótt borga sig í samanburði við að reka dísilstöðvar.

Ég held, að hver einasti maður, sem ber nokkurt skynbragð á þessi mál og hefur nokkuð um þau hugsað, geri sér það ljóst, að meginforsenda allra skynsamlegra framkvæmda í raforkumálum er samtenging orkuveitusvæða, og það verður að leggja í þann tilkostnað. Það verður að leggja í hann mjög verulegar fjárhæðir, eins og ég mun rekja í sambandi við þá skýrslu, sem ég flyt hér. Þetta er algjör forsenda þess, að við getum nýtt orkuver okkar á sem bestan hátt með samrekstri, með því að nýta aðstæður í þágu landsins alls, og ennfremur hitt, að næg raforka sé tiltæk, hvar sem er á landinu, og hægt sé að verðjafna hana á grundvelli þess. Þá fyrst mun raunveruleg verðjöfnun nást. Þetta frv. hins vegar er hugsað til þess að bæta úr tímabundnum örðugleikum Rafmagnsveitna ríkisins, og ég ætlast til þess, að þeir menn, sem telja, að sú lausn, sem þarna er lögð til, fái ekki staðist í meginatriðum, — mér heyrðist, að hv. þm. Ingólfur Jónsson teldi, að hún gæti staðist í meginatriðum, þótt á henni mætti finna vankanta, — en þeir, sem ekki geta fallist á hana í meginatriðum, verða að vera menn til þess að koma fram með einhverjar aðrar till. um það, hvernig eigi að leysa þennan vanda. Og ég vil vænta þess, að ég fái eitthvað um slíkar till. að heyra og eitthvað annað og meira en þennan orðaflaum, sem við fengum að heyra hér í ræðu hv. síðasta ræðumanns.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 23 shlj. atkv. og til iðnn. með 24 shlj. atkv.

Jarðgufuvirkjun við Kröflu eða Námafjall, frv. (þskj. 549). — 1. umr.

Heilbr.- og félmrh. (Magnús Kjartansson): Herra forseti. Með þessu frv. er leitað heimildar Alþ. til að fela væntanlegri Norðurlandsvirkjun, sem yrði sameignarfélag ríkis- og sveitarfélaga á Norðurlandi, eða öðrum aðila að reisa og reka jarðgufuaflstöð við Kröflu eða austanvert Námafjall með allt að 55 mw. afli til framleiðslu raforku og leggja þaðan aðalorkuveitur til tengingar við aðalorkuflutningskerfi Norðurlands og Austurlands.

Í 2. gr. segir, að valið milli Kröflu og Námafjalls austanverðs sem virkjunarstaðar skuli fara fram á grundvelli jarðhitatæknilegra sjónarmiða og umhverfisverndarsjónarmiða. Sem hluti af virkjuninni skulu gerðar ráðstafanir, er að höfðu samráði við Náttúruverndarráð og að dómi sérfræðinga teljast nauðsynlegar til að draga úr hugsanlegum áhrifum virkjunarinnar á lífríki Mývatns, svo sem frekast er kostur. Um þessa grein er það að segja, að þetta er í fyrsta skipti, sem slíkt ákvæði um, að umhverfisþáttur skuli falla inn í virkjunarkostnað, er tekinn í lög á Íslandi.

Í 3. gr. er lagt til, að ríkisstj. hafi heimild til að taka lán fyrir hönd ríkissjóðs eða ábyrgjast

lán, sem virkjunaraðilinn tekur, allt að 1500 millj. kr. eða jafngildi þeirrar upphæðar í erlendri mynt, til greiðslu stofnkostnaðar mannvirkjanna.

Í 4. gr. er svo lagt til að fella niður aðflutningsgjöld og söluskatt af efni, tækjum og vélum, og í 5. gr., að um stofnun og rekstur fari að öðru leyti en eftir ákvæðum orkulaga.

Þegar ég lagði þetta frv. fyrir Ed. á sínum tíma, gerði ég grein fyrir því í allítarlegu máli. Sú ræða hefur nú verið prentuð og er í þingtíðindum í fórum allra þm., þannig að ég sé ekki ástæðu til að endurtaka hér þær röksemdir, sem ég flutti þá. Hins vegar kom fram í Ed., að það er enginn efniságreiningur um þetta mál. Það var samdóma mat Ed. að fylgja frv., og ég vænti þess, að undirtektir hér í hv. Nd. verði hinar sömu.

Ég legg svo til, herra forseti, að frv. verði að lokinni 1. umr. vísað til 2. umr. og hv. iðnn.

Jón G. Sólnes: Herra forseti. Ég vil í fyrsta lagi lýsa ánægju minni yfir því, að þetta frv. skuli hafa verið borið fram hér á hinu háa Alþ. um að stofna til jarðgufuvirkjunar við Kröflu eða við Námafjall. Ég er ekki í nokkrum vafa um það, að sú leið mun verða fljótvirkust og hagkvæmust til þess að leysa úr þeim hörmulega vanda, sem orkumál Norðlendinga eru í nú. Við höfum reynslu af því, að slíkar stöðvar sem þessar hafa mikið rekstraröryggi.

Í nokkur ár hefur á vegum Laxárvirkjunar verið rekin lítil jarðgufustöð í Bjarnarflagi í Námaskarði og við höfum fengið mjög góða reynslu af rekstri slíkrar stöðvar. — Annars staðar, t. d. á Ítalíu, er geysilega góð reynsla fengin á rekstri slíkra stöðva. Í því sambandi vil ég geta þess, að ég var staddur á s. l. ári á einu aðalsvæði Ítalanna, þar sem þeir hafa aðalstöðvar sínar staðsettar, Lardarello-svæðinu, ekki langt frá Pisa. Sem dæmi um, hve mikið rekstraröryggi er í slíkri stöð, get ég getið þess, að árið 1950 var tekin í notkun stöð, sem framleiðir á annað hundrað mw, og þegar ég var þar, þá var það í fyrsta skipti, frá því að stöðin var tekin til notkunar 1950, þ. e. eftir 23 ár, að verið var að taka til yfirferðar eitt aðalstykki orkuvélanna. Þetta hafði snúist samfleytt í 22 ár, án þess að nokkur hefði litið á það.

Ég hef kvatt mér hljóðs hér í sambandi við þetta mál vegna þess, að 1. gr. gerir ráð fyrir því að fela væntanlegri Norðurlandsvirkjun, sem yrði sameignarfélag ríkis og sveitarfélaga á Norðurlandi, eða öðrum aðila að reisa og reka þessa stöð. Nú er því ekki að leyna, að persónulega er ég nokkuð í vafa um, hvort ekki taki of langan tíma að stofna til þessarar Norðurlandsvirkjunar. Ég vil þó geta þess, að strax þegar hugmynd var sett fyrir Laxárvirkjunarstjórn, um stofnun Norðurlandsvirkjunar, þá létum við samstundis í ljós jákvæða afstöðu til þeirrar hugmyndar. En um þetta mál hafa verið haldnir nokkrir umræðufundir, og einhvern veginn segir mér hugur um, að það líði alllangur tími enn, þangað til við verðum búnir að ná þeim árangri, að stofngrunnur eða stofnsamningur geti verið fyrir hendi, til þess að þetta fyrirtæki sem slíkt taki til starfa á löglegan hátt. Og það er einmitt vegna þess, að við erum í tímahraki, að mér finnst, að það megi engan tíma missa, til þess að framkvæmdir í þessu máli verði hafnar sem sem allra fyrst. Því var það á sínum tíma, að Laxárvirkjunarstjórn lét skriflega í ljós ósk í sambandi við þetta frv., þegar það var fyrst borið fram, um að gerast framkvæmdaraðili að þessu máli. Nú getur vel verið, að það eigi ekki hljómgrunn á hinu háa Alþ. eða meðal hv. þm. að fela Laxárvirkjunarstjórn að vera virkjunaraðili að þessari stöð, og skal ég ekkert fjölyrða um það frekar. En ég vildi þá leyfa mér í því sambandi að benda á, hvort ekki mundi vera hagkvæmt sem bráðabirgðalausn á þessu máli að fela Laxárvirkjun nú þegar allan framkvæmdaundirbúning þessa máls. Ég held, að okkur öllum sé kunnugt um það, að Orkustofnun er önnum kafin, og mér er það mjög til efs, að þar sé mannafli og tæki til ráðstöfunar, að hægt sé að fylgja þessu máli fram, og eins er lífsnauðsynjamál að hefja framkvæmdir hið allra fyrsta og hafa mjög skjótan hraða á þeim.

Eftir því sem ég tel heppilegast, þá held ég og hef nokkurn grundvöll til að byggja á um það, að slíkar stöðvar sem þessar sé hægt að fá fullhannaðar hjá erlendum aðilum. Það eru margir framleiðsluaðilar, t. a. m. á Ítalíu, sem taka að sér að hanna algjörlega slík verk sem þessi frá byrjun og gera tilboð í þau. En a. m. k. vildi ég leggja áherslu á eitt, sem er aðalatriðið í þessu máli, en það er, að nú þegar sé hafist handa að koma pöntun á vélum í væntanlega gufuvirkjun í svokallaða afgreiðsluröð með pöntun á nauðsynlegum vélakosti. Það tekur óskaplega langan tíma að afgreiða vélar og öll tæki, sem þarf til virkjunar sem þessarar, og það er enginn áhætta tekin, þó að þeirri framkvæmd verði komið á að koma okkur í svokallaða afgreiðsluröð. Ég er svo bjartsýnn á, að ef vel tækist til um að tilnefna framkvæmdaaðila að þessu verki, þá ætti verkið ekki að taka lengri tíma en svo, að það ætti að geta haldist í hendur, að þegar afgreiðsla liggur fyrir á vélum og tækjum, þá sé annað til frá okkar hendi hér innanlands.

Úr því að ég er kominn hér í ræðustól, langar mig til þess að beina þeirri fyrirspurn til hv. orkumrh., hvað líði fsp. frá í vetur frá Laxárvirkjunarstjórn til Orkustofnunar, að ég hygg, um leyfi til þess að auka orkuframleiðslu lítlu stöðvarinnar, sem við rekum nú í Bjarnarflagi. Er af tæknifræðingum talið nokkurn veginn öruggt, að hægt væri án aukins vélakostnaðar að auka þá framleiðslu, sem þarna fer fram, sem er eitthvað rúm 3 mw, upp í allt að 11 mw. Slík aukning sem þessi kæmi að geysilega góðum notum. Því miður hafa ekki borist svör frá Orkustofnun þessu viðvíkjandi, en ég vildi vinsamlegast mælast til þess við hæstv. ráðh., að hann beitti áhrifum sínum til þess, að jákvæð svör fengjust sem allra fyrst við þessum tilmælum Laxárvirkjunarstjórnar, svo að hægt væri að hefja nú þegar framkvæmdir á þessu sviði, og mundi það leysa úr nokkrum vanda, sem blasir við í þessum málum. Ég vil í því sambandi benda á, að það er ákaflega erfitt með rekstur á þessari lítlu jarðgufustöð, sem við rekum þarna í Bjarnarflagi, því að við verðum að kaupa gufuaflið

af Orkustofnun og verðátreikningar hennar eru bundnir við byggingarvísitölu, þannig að okkur hefur reiknast til í sambandi við þessar holur, sem boraðar voru til þess að afla þessari litlu stöð orku, að séum við búnir að borga 5 eða 6 sinnum þann kostnað. En það sjá allir, að ef við ætlum að kaupa orku til þess að reka stöð sem þessa og miða orkuverðið á gufunni við byggingarvísitölu, er það algerlega óhæft. Aðilinn, sem rekur slíka stöð sem þessa, verður um leið að vera orkuframleiðandi með eðlilegum kostnaði.

Sem sagt, ég styð þetta frv. heils hugar, en vildi beina þeim tilmælum til þeirrar hv. n., sem fær málið til afgreiðslu, að leggja ber umfram allt áhersluna á, að byrjunarframkvæmdum verði flýtt eins og fært er, þannig að það verði ekki farið að deila um keisarans skegg, um það, hver eigi að vera framkvæmdaaðilinn, en við getum fundið einhvern þann aðila, sem hefði það til samkomulags að verða kallaður bráðabirgðaaðili, til að hefjast nú handa um nauðsynlegar byrjunarframkvæmdir hið allra fyrsta. Það skiptir höfuðmáli.

Ingólfur Jónsson: Herra forseti. Ég geri ráð fyrir því, að enginn ágreiningur verði um það hér í hv. d. að veita hæstv. ríkisstj. þá heimild, sem farið er fram á með flutningi þessa frv., þ. e. að virkja við Kröflu eða Námafjall í Suður-Þingeyjarsýslu.

Reynsla er fengin fyrir því, eins og fram hefur komið, að það er unnt að virkja jarðgufu með góðum árangri hér á landi. Það var 1969, sem fyrsta jarðgufuvirkjunin var tekin í notkun, og hefur, eins og sagt var hér áðan, fengist allgóð reynsla af henni. En þessi stöð er smá, aðeins 3.2 mw., og hefur verið notuð aðallega fyrir Kísiliðjuna. En þótt hæstv. ríkisstj. fái heimild til þess að virkja, virðist þurfa að gera ýmislegt, áður en ráðist er í virkjunina. Aðallega er talað um Kröfluvirkjun. En það er eftir að gera ýmsar lokarannsóknir þar, áður en unnt er að ákveða virkjun á þessum stað. Það er þess vegna alveg óljóst enn, hvort virkjað verður við Námafjall eða Kröflu.

En þá er spurningin þessi: Verða ljón á veginum vegna landeigenda fyrir norðan? Það er spurning. Það er minnst á í aths. við frv. ýmis atriði sem sýna, að þetta er ekki alveg ljóst. Það má vera, að hæstv. iðnrh. hafi kynnt sér þessi mál alveg sérstaklega og viti meira um þau en fram kemur í grg. Ég tel, að það sé nauðsynlegt, að hæstv. ríkisstj. noti tímann, þangað til unnt er að hefja framkvæmdir, til þess að undirbúa þetta, kynna sér, hvaða kröfur kynnu fram að koma, o. s. frv. og ná samkomulagi við landeigendur, ef um það er að ræða, að þess þurfi með. Kannske er það misskilningur hjá mér og ekki þurfi að búast við neinum kröfum, sem erfitt verður að uppfylla. En sjálfsagt tel ég, að það verði skoðað og sá tími, sem nú er fyrir hendi, áður en ráðist verður í framkvæmdir, verði sérstaklega notaður til þess.

Það er talað um, að óráðlegt sé að virkja vestan Námafjalls vegna frárennslis út í Mývatn. Það er enn fremur talað um, að ríkissjóður hafi jarðhitaréttindi og landsvæði þau, er skipta máli samkv. samningnum frá 18. mars 1971. En þrátt fyrir þetta er áætlað, að þegar virkjunaraðili, virkjunarstaður og gerð vikjunarmannvirkja hafi verið ákveðin, auglýsi ráðh. þessa ákvörðun og gefi þeim, sem telja sig geta boðið tjón af framkvæmdum þessum, tækifæri til að koma fram með kröfur sínar og aths. innan tiltekins tíma. Ég vil aðeins varpa því fram til athugunar fyrir hæstv. ráðh., hvort ekki væri eðlilegt að auglýsa eftir þessum kröfum strax til þess að vinna tíma. Jafnvel þótt ríkissjóður hefði fullan rétt, þá mætti búast við, að þarna gætu komið kröfur og jafnvel málaferli, sem tækju tíma og gætu tafið fyrir því, að unnt yrði að hefja framkvæmdir.

Þá kemur enn fremur hér fram í grg., að ekki hefur endanlega verið ákveðið, hvar jarðgufuaflsstöð þessi verði reist, en að áliti sérfræðinga er um tvo staði að ræða, eins og áður er getið. Við staðarvalið verður bæði að gæta jarðhitatæknilegra aðstæðna og umhverfisþátta. Mun um það haft samráð við Náttúruverndarráð og sérfræðinga í orkuvinnslumálum. Þarna kemur Náttúruverndarráð til, og einnig í sambandi við það vil ég vekja athygli á því, hvort ekki væri rétt nú strax að hafa samband við Náttúruverndarráð og tryggja sér aðstöðuna og samkomulagið við Náttúruverndarráð strax og nota tímann, sem nú er fyrir hendi, á meðan fullnaðarrannsóknir eru gerðar og undirbúningur að vikjuninni að öðru leyti.

Þá segir enn fremur: „Þá er nauðsynlegt að leggja á virkjunina að gera þær ráðstafanir, sem nauðsynlegar eru til að draga úr hugsanlegum áhrifum virkjunarinnar á lífríki Mývatns, og telja kostnað af því til virkjunarkostnaðar. Hvað er um mikinn kostnað hér að ræða, og hvaða kröfur verða uppi til þess að tryggja lífríki Mývatns? Það skal þó tekið fram, að taldar eru mjög litlar líkur á því, að virkjunarframkvæmdir þessar hafi áhrif á vistkerfi Mývatns.“ Við skulum vona, að það verði lítið. En er ekki nauðsynlegt einmitt nú strax að nota tímann til þessarar rannsókna?

Þetta eru aðeins ábendingar vegna reynslunnar af Laxárdeilunni, og minni ég á, að það er vitanlega alveg nauðsynlegt fyrir Norðurland að fá virkjun sem allra fyrst. Það má vel vera, að það reynist heppilegast að virkja við Kröflu eða Námafjall, og rannsóknir á þeim stöðum eru áreiðanlega komnar lengst á veg. Má þess vegna reikna með, að það verði fljótlegast að afla orku fyrir Norðurland með þeim hættti. En þarna gætu verið einhverjir erfiðleikar á leiðinni, sem þarf að yfirstíga, og þótti mér eðlilegt að benda hæstv. ráðh. á það, ef þá hæstv. ráðh. hefur ekki þegar gert ráðstafanir til þess að tryggja, að ekki verði tafir af þessu, sem ég hef hér bent á, þegar til framkvæmda á að taka.

Ingvar Gíslason: Herra forseti. Ég mun ekki tefja þessar umr., enda tel ég, að það sé ekki heppilegt, heldur vil ég alveg sérstaklega leggja áherslu á, að það sé mikil nauðsyn á að hraða afgreiðslu þessa frv. Við erum, held ég, nokkuð sammála um gagnsemi frv. Það eru engar deilur um það og enginn ágreiningur um það, að þetta frv. stefni í rétta átt, og skal ég ekki hafa um

það öllu fleiri orð. En mig langar þó af sérstöku tilefni að taka hér til máls, m. a. vegna orða hv. 5. þm. Norðurl. e., Jóns Sólness, sem minntist á það atriði, að Laxárvirkjunarstjórn, sem er sá gamli virkjunaraðili norðanlands, hefur óskað eftir því að ganga inn í þetta mál, a. m. k. sem bráðabirgðavirkjunaraðili, fyrir utan það, sem ljóst verður, að Laxárvirkjun hlýtur að verða aðili að því fyrirtæki, sem l. gera ráð fyrir að fjalli um virkjun á Kröflu- eða Námafjallssvæði. En mig langar til að geta þess, að mér hefur borist í dag bréf frá stjórn Laxárvirkjunar undirritað af framkvæmdastjóra fyrirtækisins, Knúti Otterstedt, og mér þykir rétt að lesa þetta bréf hér, með leyfi hæstv. forseta:

„Í framhaldi af skeyti Laxárvirkjunar í dag um breyt. á 1. gr. umrædds frv. er það skoðun Laxárvirkjunarstjórnar, að það sé mjög óeðlilegt, að Laxárvirkjun verði ekki sá aðili, sem að þessari framkvæmd stendur, þar sem fyrirhuguð gufuvirkjun er á orkuveitusvæði Laxárvirkjunar. En einmitt þetta sjónarmið kom upp, þegar ákvörðun um gufuvirkjunina í Bjarnarflagi var tekin, og þá talið sjálfsagt, að Laxárvirkjun verði þar virkjunaraðilinn. Undirbúningur að stofnun Norðurlandsvirkjunar er enn á algeru frumstigi og ógerlegt á þessu stigi að fullyrða, hvenær af stofnun þess fyrirtækis verður, og því ástæðulaust annað en að tilgreina sem virkjunaraðila að væntanlegri gufuvirkjun við Kröflu þann aðila, sem að þessum málum hefur unnið um áratugaskeið á þessu svæði.

Væntir stjórn Laxárvirkjunar þess, að þér hlutist til um, að frv. verði breytt í samræmi við þessi sjónarmið. Að öðru leyti vísast í bréf Laxárvirkjunar til iðnrn., dags. 10. 1. 1974, sem yður var sent afrit af.

Virðingarfyllst,
f. h. Laxárvirkjunarstjórnar.
Knútur Otterstedt.“

Þetta er það bréf, sem stjórn Laxárvirkjunar sendi mér, að vísu þannig, að ætlunin er, að þetta bréf sé til okkar allra þm. í Norðurl. e., og að sjálfsögðu verður þetta bréf tekið fyrir af okkur og efni þess rætt. Nú er það að vísu svo, að á þessu stigi treysti ég mér ekki til þess að lofa neinum ákveðnum stuðningi við þau tilmæli, sem fram koma í þessu bréfi. Ég held, að það þurfi mikillar athugunar við. Að sjálfsögðu fer ekkert á milli mála, að Laxárvirkjun er vel fær um að sjá um þetta mál, ef út í það er farið, a. m. k. til bráðabirgða, um það efast ég ekki. En ég vil þó að þessu gefna tilefni leggja á það höfuðáherslu, að það, sem máli skiptir nú, er, að stofnun Norðurlandsvirkjunar, þess fyrirtækis, sem lög gera ráð fyrir, verði hraðað sem allra mest, þ. e. a. s. Norðurlandsvirkjun komist á laggirnar. Það er gert ráð fyrir, að þetta verði sameignarfyrirtæki ríkis og sveitafélaga, þ. e. ríkisins og sveitarfélaganna á Norðurlandi, og það er áreiðanlega mjög heppilegt skipulag og nauðsynlegt, að því verði hraðað, að það komist á laggirnar. Að því er ég best veit, er nú einmitt þessa dagana og hefur raunar verið að undanförnu verið að vinna að því að koma þessu máli fram. Það er m. a. verið að finna skynsamlegan grundvöll undir eignaskiptingu, þannig að ég held, að við verðum að fara með nokkurri gát í þessu öllu, þó að sjálfsagt sé að taka beiðni Laxárvirkjunar til vinsamlegrar skoðunar. Það er sjálfsagt að gera það. En ég held þó, að við verðum að líta á fleira í þessu, og við megum ekki gera neitt það, sem yrði til þess að torvelda stofnun Norðurlandsvirkjunar. Á þetta vil ég leggja sérstaka áherslu nú, m. a. að gefnu tilefni frá hv. þm. Jóni Sólnes, varðandi beiðni Laxárvirkjunar og eins vegna þess bréfs, sem mér hefur borist og raunar okkur þm. Norðurl. e. öllum, varðandi þetta sama efni.

Heilbr.- og trmrh. (Magnús Kjartansson): Herra forseti. Ég vil þakka þeim þm., sem hér hafa tekið til máls, fyrir mjög góðar undirtektir við meginefni þessa frv. og fyrir ábendingar, sem frá þeim hafa komið. En ég er alveg á sama máli og síðasti hv. þm. Ég tel það skipta ákaflega miklu máli, að samkomulag takist um að koma á laggirnar Norðurlandsvirkjun, sem verði sameignarfyrirtæki ríkisins og sveitarfélaganna á Norðurlandi. Ég tel þetta vera ákaflega mikla nauðsyn fyrir Norðlendinga sjálfa. Án þess að ég vilji nokkuð fara að ýfa hér upp deilumál, þá held ég, að það sé alveg augljóst mál, að ýmis vandkvæði, sem Laxárvirkjun hefur lent í, stöfuðu af því, að hún var í eigu Akureyrar, en ekki annarra aðila á þessu svæði. Einnig hefur komið upp norðanlands og raunar hvarvetna um landið það sjónarmið, að menn hafa horft fyrst og fremst á þann kost, sem næstur þeim var, þegar rætt var um virkjanir, en áttu erfitt með að fjalla um málin í stærri heildum og út frá hagsmunum landsfjórðungsins í heilu lagi.

Ég held, að það sé ákaflega nauðsynlegt að reyna að þoka málum þannig, að landsfjórðungurinn allur telji sig hafa hag af myndarlegri framkvæmd og landsfjórðungurinn allur eigi þá lýðræðislega aðild að slíkri framkvæmd. Um hitt er ég alveg sammála hv. þm. Jóni Sólnes, að framkvæmdatöf á þessu skipulagi má ekki verða til þess að draga úr þeim undirbúningshraða, sem hafa þarf til þess, að þessi virkjun geti sem allra fyrst komið að gagni. Og ég skal vissulega huga að því að reyna að finna leiðir til þess, að hægt sé að flýta þeim framkvæmdum, þannig að þær tefjist ekki, þó að ekki verði endanlega búið að ganga frá Norðurlandsvirkjun. Eftir að þetta er orðið að l. hér á Alþ. og heimildin er komin, er hægt að fara að hefja ýmsan undirbúning.

Það er alveg rétt, sem hv. þm. Ingólfur Jónsson benti á, að það er eftir að framkvæma þarna tilteknar rannsóknir. Það, sem vantar, er að fullreyna, að botnhiti við Kröflu sé nægilega hár. Það er vitað um þetta við Námafjall, og jarðfræðingar telja allar líkur benda til þess, að það sé einnig við Kröflu. En til þess að vera alveg öruggur þarf að ganga úr skugga um þetta, og það er ekki hægt að gera upp á milli svæðanna, fyrr en þetta hefur verið gert nú í sumar. En ég mun fyrir mitt leyti reyna að beita mér fyrir

því, að á þessu verði hafður sem mestur hraði, eins og hv. þm. Jón Sólnes lagði áherslu á.

Hv. þm. Ingólfur Jónsson benti á eignarréttarvandamál, sem þarna kynnu að koma upp. Í því sambandi vil ég minna á það, að fyrir hinu háa Alþ. liggur frv., sem ég flutti í fyrsta skipti á síðasta þingi. Ég flutti það aftur í upphafi þessa þings, og það hefur legið óafgreitt hjá iðnn. hv. Nd. síðan. Þetta frv. fjallaði um háhitasvæði, og efni þess var það, að orku á háhitasvæðum skyldi meta sem sameign þjóðarinnar allrar, en ekki sem einkaeign þeirra aðila, sem kunna að eiga landið yfir orkunni. Ég tel það algerlega óhjákvæmilegt, að Alþ. skeri úr um þetta mál nú á þessu þingi. Við erum að ráðast í meiri háttar framkvæmdir nú á háhitasvæðum fyrir utan hina væntanlegu jarðgufuvirkjun við Kröflu eða Námafjall. Þá kemur til hitaveita frá Svartsengi og væntanlega undirbúningur að sjóefnavinnslu á Reykjanesi. Alþ. verður, áður en til þessara framkvæmda kemur, að ganga frá þessu grundvallaratriði, hvort þjóðin öll á ekki þessa orku, sem okkur er einvörðungu tiltæk vegna þess, að við höfum lagt okkar sameiginlegu fjármuni í að rannsaka þessi svæði, og enginn einstaklingur getur notað sér að neinu upp á eigin spýtur. Ég hygg, að almenn réttlætiskennd Íslendinga sé sú, að það beri að meta þessa orku sem sameign þjóðarinnar, en að sjálfsögðu koma svo til bætur fyrir hvers konar landsspjöll og annað slíkt. En verði þetta ekki gert, geta vissulega komið upp vandamál, sem geta hreinlega orðið risavaxin, og ef við leysum ekki þetta mál, getum við verið að leggja á okkur sjálfa bagga, sem kunna að verða óhemjulega þungbærir, þegar tímar líða fram. Þess vegna verður að taka á þessu máli núna, Alþ. verður að skera úr um það, hvernig með þetta skuli fara.

Hv. þm. Ingólfur Jónsson benti mér á að hafa samband við Náttúruverndarráð. Því er þannig háttað, að um meira en eins árs skeið hefur verið starfandi samstarfsnefnd milli iðnrn. og Náttúruverndarráðs. Þessi n. starfar reglulega, og fyrir hana eru lagðar allar áætlanir um virkjunarframkvæmdir, þannig að sú samvinna er í ákaflega góðri skipan, og þarna hefur tekist mjög svo greið samvinna einnig. Að sjálfsögðu hafa þessi áform um jarðgufuvirkjun við Kröflu og við Námafjall fyrir löngu verið lögð fyrir Náttúruverndarráð, sem hugað hefur að öllum þeim vandamálum, sem þar kynnu að koma upp.

En sem sagt, ég ítreka þakkir mínar til hv. þm. fyrir góðar undirtektir og vona, að þetta mál verði fljótlega að lögum.

Ingólfur Jónsson: Herra forseti. Ég ætla ekki að fara að ræða það frv., sem liggur fyrir iðnn. og hefur legið síðan í haust. En ég vil aðeins benda hæstv. ráðh. á, að enda þótt það verði samþ. hér á hv. Alþ., leysir það ekki þann vanda, sem ég var að benda á. Það eru mengunarmálin, og það er vatnsrennslið út í Mývatn, og það er lífríkið í vatninu. Líklegt er, að það verði frekar Námafjall, sem æskilegt er að virkja, en verður ekki fullyrt, fyrr en rannsókn er lokið við Kröflu. (Gripið fram í.) Það verður ekki fullyrt, hvort yrði betra, fyrr en búið er að ljúka rannsókn við Kröflu. En ef virkjað verður í Námafjalli, er talið, að það muni verða viðkvæmara fyrir Mývatn og þótt ekki þurfi að spyrja kóng eða prest um leyfi til þess að virkja, þá er eftir að fullnægja því, sem náttúruverndarráð kann að krefjast, og fullnægja því, sem aðrir aðilar vilja krefjast í sambandi við lífríki Mývatns. Þess vegna eru aðvörunarorð mín tímabær og eðlileg, að sá tími verði notaður, sem nú er fyrir hendi, til athugunar á þessu máli, vegna þess að annars gæti það orðið til tafa, þegar að öðru leyti væri búið að undirbúa virkjunina. Það er ekki langt síðan bóndi norðan úr Mývatnssveit, sem á land að Mývatni, var hér á ferð og lét í ljós áhyggjur sínar af því, að virkjun við Námafjall gæti haft mjög skaðleg áhrif á lífríki Mývatns. Þessi vandi er alveg eins til staðar, þótt hæstv. iðnrh. fái lögfest það frv., sem hann áðan vitnaði í.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 25 shlj. atkv. og til iðnn. með 27 shlj. atkv.

Neðri deild, 91. fundur.

Miðvikudaginn 27. mars, að loknum 90. fundi.

Lántökuheimild fyrir ríkissjóð, frv. (þskj. 596). — 1. umr.

Of skammt var liðið frá útbýtingu frv. — Afbrigði samþ. með 31 shlj. atkv.

Fjmrh. (Halldór E. Sigurðsson): Herra forseti. Á þskj. 596 er frv. til l. um lántökuheimild fyrir ríkissjóð, og er það frv. það, sem ég boðaði hér í gær, að fram yrði lagt í dag, vegna kaupa á bréfum vegna endurnýjunar á húsum í Vestmannaeyjum. Sem lánamál ríkissjóðs er þetta ekki nema að forminu til, því að 1. gr. frv. heimilar ríkissjóði að gefa út skuldabréf fyrir 600 millj. kr., en skuldabréfin, sem eru gefin út samkv. l. þessum, má ríkissjóður einungis selja Viðlagasjóði og skulu þau vera óframseljanleg. Lánsfé það, sem aflað er með sölu ríkisskuldabréfa þessara, skal lagt inn á sérstakan reikning ríkissjóðs við Seðlabankann vegna skuldbindinga Viðlagasjóðs.

Það, sem hér er um að ræða, er, eins og ég sagði frá í gær, í fyrsta lagi það, að tilgangur með þessu lagafrv. er að reyna að tryggja það, svo sem auðið er, að það fjármagn, sem út er greitt vegna húsa þeirra, sem urðu eldi og hrauni að bráð í Vestmannaeyjum, festist með verðtryggingu þessari og verði notað eingöngu til þess að byggja hús í Vestmannaeyjum. Það er ótti forráðamanna Vestmannaeyjakaupstaðar, að ef þetta fé fær að leika lausum hala, þá festist það í húsum hér eða annars staðar hjá þeim aðilum, sem geta breytt þessum peningum strax í húsnæði. En til þess að hamla gegn þessu á að verðtryggja þessa fjármuni, og mun þessi verðtrygging að sjálfsögðu kosta ríkissjóð einhverja fjárhæð, áður en lýkur, og er ekki

hægt á þessu stigi að segja fyrir um það, um hve mikla fjárhæð þar gæti verið að ræða. En að dómi ríkisstj. var niðurstaðan, að réttmætt væri að leggja til, að þessi háttur yrði á hafður sem framlag til þess að endurreisa byggð í Vestmannaeyjum. Innlánstími og önnur kjör skulu ákveðin af fjmrh. að fenginni umsögn stjórnar Viðlagasjóðs og Seðlabanka Íslands. Er gert ráð fyrir því, að þeir Vestmanneyingar, sem hafa fengið bætur sínar greiddar að hluta til, geti átt kost á því að festa þau í þessum bréfum fram til 1. maí, en lengur ekki.

Þetta frv. skýrir sig að öðru leyti sjálft. Það hefur tvíþættan tilgang: Í fyrsta lagi, sem er aðalatriði málsins, að reyna að tryggja það, að hús verði reist í Vestmannaeyjum fyrir þá fjármuni, sem útborguninni nemur og er talið, að eina tryggingin, sem hægt sé að veita í því, sé verðtrygging, svo að fjármunirnir rýrni ekki á biðtímanum. Þeir verða svo ekki greiddir út, fyrr en vottorð um fokhelt húsnæði byggt í Vestmannaeyjum liggur fyrir. Þá kemur fyrsta greiðsla á þessu fé. Í öðru lagi hefur þetta þau áhrif, að það spornar gegn því, að þetta fé hafi nú þegar áhrif á húsnæðismarkaðinum og auki spennu á þessu svæði.

Þar sem þetta mál hefur dregist af þeim ástæðum, sem ég greindi frá í gær, og næstu bætur verða greiddar út 1. n. m., verð ég að leyfa mér að fara fram á það við hv. d., af því að ég vona, að alger samstaða sé um málið, — ég hef áður rætt það við þá aðila, sem ekki standa að ríkisstj., — að þetta mál fái að sigla hraðbyri í gegnum d. og það svo, að hv. fjh.- og viðskn. geti skilað áliti fyrir fund á morgun og það tekið þá aftur fyrir, og þyrfti að afgreiða það sem lög á morgun vegna undirbúnings málsins, sem reyndar er þegar hafinn. Ég treysti því, að svo geti orðið, og leyfi mér, herra forseti, að leggja til, að að lokinni þessari umr. verði frv. vísað til 2. umr. og hv. fjh.- og viðskn.

Guðlaugur Gíslason: Herra forseti. Ég vil lýsa ánægju minni yfir því, að þetta frv. skuli fram komið, en harma, að það hefur tafist meira en gert var ráð fyrir í upphafi. En hæstv. fjmrh. hefur gert grein fyrir, af hvaða ástæðum það er, og virðist þar því miður vera um misskilning að ræða. En ég vildi í sambandi við þetta leyfa mér að beina tveimur fsp. til hæstv. fjmrh., af því að ég sé ekki, að það komi fram í frv. Það er í fyrsta lagi: Hvaða vöxtum er reiknað með af því fé, sem inn kann að verða lagt á hinn bundna reikning hjá Viðlagasjóði? — Og í öðru lagi: Frá hvaða tíma tekur verðtrygging gildi? — Það skiptir nokkru máli, hvort verðtrygging tekur gildi frá byggingarvísitölunni, sem kom á 1. nóv., eða þeirri vísitölu, sem kom á 1. mars. Það mun vera um 6 stiga hækkun að ræða frá því í nóv. og fram í mars, og ég mundi telja mjög eðlilegt, eins og málið hefur að borið, að verðtrygging yrði miðuð við þá vísitölu, sem í gildi var, þegar bætur hófust, hinn 20. okt.

Fjmrh. (Halldór E. Sigurðsson): Herra forseti. Út af fsp hv. 3. þm. Sunnl. vil ég svara því til, að ég geri ráð fyrir, að vextir af þessum lánum verði 4% eins og af vísitölulánunum um gildistímann. Hvort það verður 1. mars-vísitalan eða 1. okt., hefur ekki endanlega verið ákveðið, en það mun verða gert í samráði við Viðlagasjóð og Seðlabankann, sem hafa haft með þessi mál að gera. Ég geri frekar ráð fyrir því, að 1. mars verði fyrir valinu, vegna þess að þær umr., sem hafa farið fram undanfarandi, hafa sýnt, að ýmis vandkvæði væru á því, ef hin vísitalan yrði látin gilda, en endanleg ákvörðun hefur ekki verið tekin.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 25 shlj. atkv. og til fjh.- og viðskn. með 23 shlj. atkv.

Jarðalög, frv. (þskj. 519). — Frh. 1. umr.

Pálmi Jónsson: Herra forseti. Ég hafði kvatt mér hljóðs undir umr. um þetta mál s. l. fimmtudag, er hæstv. landbrh. var að flytja ræðu sína, sem átti að vera svarræða, að mér skildist, til mín og hv. 4. þm. Vesturl., Friðjóns Þórðarsonar.

Vegna þess, hver dráttur hefur orðið á framhaldi þessarar umr., skal ég ekki lengja hana mjög, en víkja örfáum orðum að þeim fáu efnisatriðum, sem fram komu í ræðu hæstv. ráðh. Hæstv. landbrh. hélt sér fast við það, að mál þetta væri vandlega undirbúið og hefði hlotið meðmæli og samþykki forustusveitar landbúnaðarins, hinna ýmsu félagssamtaka á vegum landbúnaðarins, Búnaðarþings, Stéttarsambands bænda og kjörmannafunda. Þetta er rétt, eins og ég gat um í minni fyrri ræðu. En fram hjá því verður ekki gengið, að sumir þeir menn, sem á fyrri stigum þessa máls mæltu með samþykkt þess, hafa nú við nánari athugun skipt um skoðun og mæla með því, að frv. verði vísað frá, og það tekið til gagngerðrar endurskoðunar og það á grundvelli verulega veigamikilla atriða. Fram hjá þessu atriði komst hæstv. ráðh. ekki og hafði einungis um það þau orð, að hann felldi sig illa við, að ýmsir þeir menn, sem um málið hefðu fjallað á Búnaðarþingi og hjá Stéttarsambandi bænda, skyldu nú leggja fram breyttar umsagnir. Hæstv. ráðh. vill sem sagt heldur halda þessu máli til streitu í upphaflegu formi en að taka til greina ábendingar frá sumum helstu forvígismönnum landbúnaðarins um að taka málið upp að nýju til ítarlegrar endurskoðunar. Ég hlýt að líta svo á, að í þessu felist mjög óeðlileg og vafasöm afstaða hjá hæstv. ráðh. Ég hefði haldið, að hann vildi heldur hafa það, sem sannara reynist, en svo virðist ekki vera miðað við þetta. Ég tel, að þegar þeir menn, sem um þetta mál hafa fjallað í sérstökum n. bændasamtakanna, breyti svo um afstöðu eins og hér hefur komið fram, þá beri að taka það til athugunar að nýju.

Hæstv. ráðh. taldi, að Húnvetningar væru undarlega sinnaðir menn, og virtist það grundvallað á því, að ég vitnaði í umsögn Landeigendafélags A.-Húnavatnssýslu. Ég hefði nú haldið af kynnum mínum við hæstv. landbrh., að hann þekkti Húnvetninga nokkuð, og með hliðsjón af

því, að honum varð tíðrætt um hin pólitísku gleraugu, sem hann taldi að sett hefðu verið upp á nef þeirra manna, sem um þetta mál hafa fjallað nú á seinni stigum, þá vil ég algerlega vísa þeim heim til föðurhúsanna, að forustumenn bænda í Húnavatnssýslu eða annars staðar hafi byggt umsagnir sínar á pólitískum sjónarmiðum. Hæstv. ráðherra er auðvitað velkomið að bera fram getsakir í minn garð og annarra þeirra hér á hv. Alþ., sem svarað geta fyrir sig og vísað slíkum getsökum til baka. Hins vegar tel ég, að hann hefði ekki átt að láta sér sæma að bera fram getsakir í garð fjarstaddra manna, ýmissa forustumanna bænda í héruðum um land allt, sem látið hafa frá sér fara sterkar athugasemdir og mótmæli gegn þessu frv. og getsakir um, að þau væru sprottin af pólitískum toga. Ég teldi það viðkunnanlegt, ef hæstv. ráðh. drægi allar slíkar getsakir til baka og bæðist afsökunar á slíkum málflutningi.

Hæstv. ráðherra er það kunnugt, að hér á hv. Alþ. hafa setið menn og sitja, sem eru fulltrúar Húnvetninga, og ég hygg, að hann hafi kynnst því í sínum flokki og öðrum flokkum, að þeir hafa ekki alltaf látið hnýta á sig pólitíska hnappheldu, sem þeir hafa ekki haft dug í sér til þess að smeygja sér úr. Auk þess veit ég til þess, að hæstv. ráðh. þekkir Húnvetninga einnig frá fleiri stofnunum, heldur en hv. Alþingi.

Hæstv. ráðherra ítrekaði það, að sá vandi, sem við væri að etja í sambandi við eignarráð á landi og ábúð jarða, væri mikill, og úr því hefur ekki verið dregið hér af þeim, sem mælt hafa gegn þessu frv. Hæstv. ráðh. talaði um, að það þyrfti að verjast því, að fjármagnið yrði notað til þess að kaupa upp landbúnaðarlandið, og það mætti jafnvel búast við því, að landið lenti með þessum hætti í höndum erlendra manna. Ég undraðist nokkuð, þegar þetta kom fram í ræðu hæstv. ráðh., vegna þess að ég leit svo á, að hann hlyti að vita, að fyrir því er ekki heimild í íslenskum lögum að selja útlendingum land á Íslandi. Allt frá árinu 1919 hefur það verið skilyrði til þess, að einstaklingar eignuðust land, að þeir væru búsettir hér á landi. Og með l. frá 1966 var það enn fremur í lög fært, að þeir skyldu hafa íslenskan ríkisborgararétt, sem ættu kost á því að eignast landskika á Íslandi. Þetta hafði ég haldið, að hæstv. ráðh. vissi og kæmi ekki fram með slíkar athugasemdir.

Hæstv. ráðh. talaði um það, að ég og aðrir, sem höfum gagnrýnt þetta frv., mundum snúa, eins og hann kallaði það, frá villu okkar vegar í því efni við nánari umhugsun. Þetta er algjör fjarstæða, vegna þess að það kemur hvarvetna fram, þar sem menn skoða þetta mál nánar, þá koma gallar þess æ meira í ljós. Þessa megingalla ræddi ég í minni fyrri ræðu í síðustu viku og skal ekki endurtaka það, nema sérstakt tilefni gefist til. En það er fásinna að bera okkur það á brýn, að við ræðum þetta mál út frá pólitísku sjónarmiði, þegar um slíkt mál er að ræða, sem varðar hag og heill þeirrar stéttar, sem ég a. m. k. telst til. Ég andmæli því mjög sterklega, að það hafi verið sett á nef okkar nokkur pólitísk gleraugu. Hins vegar vil ég beina því til hæstv. ráðh., að ég tel, að svo kunni að fara, að hann muni hafa ærið að starfa, ef hann ætlar sér að binda svo hin pólitísku gleraugu á nef allra þeirra stuðningsmanna hæstv. ríkisstj., sem setu eiga hér á hv. Alþ., að þeir fáist til að styðja þetta frv. í því formi, sem það er.

Ég skal ekki lengja þessar umr. Það liggur fyrir, að málið gengur til þeirrar þn., sem ég á sæti í. Til þess gefst væntanlega tækifæri að taka frv. til ítarlegrar skoðunar og láta koma fram nánari athugasemdir við það en ég hef gert, bæði hér og einkanlega þó í minni fyrri ræðu á fimmtudaginn var, og mun ég því ekki hafa um þetta öllu fleiri orð. — En ég ítreka það, að frv. þetta er svo stórgallað, að alls ekki er réttlætislegt, að það verði afgreitt í þeirri mynd, sem það er. Kemur hvort tveggja til, að það nær ekki þeim tilgangi, sem því er ætlað að ná, og sú lausn, sem það býður, er með engu móti viðunandi fyrir þá, sem við eiga að búa, vegna þess að hún felur það í sér, að takmörkuð eru stórkostlega réttindi einnar stéttar þjóðfélagsins, miðað við það, sem aðrar stéttir eiga við að búa, og slíka lausn vil ég með engu móti fallast á.

Ólafur G. Einarsson: Herra forseti. Ég mun ekki eyða miklum tíma í þetta mál hér við 1. umr., aðeins lýsa skoðunum mínum á nokkrum meginþáttum, sem fram koma í þessu frv.

Eins og fram hefur komið, er ýmis nýmæli að finna í frv. um meðferð á landi og eignarhald á jörðum, landi og landsspildum. Þar eru ákvæði um byggðaráð, sagt er fyrir um, hvernig skuli fara með hvers konar aðilaskipti að umráðum yfir fasteignum og fasteignaréttindum, um forkaupsrétt á jörðum o. fl. Þetta frv. snertir m. a. tvö meginatriði, þ. e. eignar- og umráðarétt yfir fasteignum eða öllu heldur yfir vissum tegundum fasteigna, og að hinu leytinu stjórn þessara mála yfirleitt. Það fjallar um efni, sem mjög varðar sveitarfélögin í landinu eða sveitarfélög í dreifbýli. Um þetta allt er fjallað á nokkuð sérstæðan hátt. Það er allt saman dreifbýli og þéttbýli. Aukin er aðgreining frá því, sem nú er í l., milli skipulagsskyldra staða og annarra. Reynt er með sérstökum reglum að skerða það verð, sem bændur geta fengið fyrir fasteignir sínar, með reglum, sem gilda aðeins fyrir þá, en ekki aðra þjóðfélagsborgara í landinu. Smákóngakerfið sem svo mætti kalla, fær kraftmikla vítamínsprautu með tilkomu byggðaráðanna. Í ósamræmi við málefnasamning stjórnarflokkanna er sjálfstæði sveitarfélaganna skert með því að taka frá þeim verkefni, sem þau hafa haft, og unnið er að dreifingu valdsins með því að binda ákvarðanir, sem áður voru hjá sveitarstjórn, leyfum ráðh., byggðaráðs og Búnaðarfélags Íslands. En þrátt fyrir þetta eru öðru hvoru gefnar yfirlýsingar hér á hv. Alþ. um, að ætlunin sé að standa við málefnasamninginn.

Ég ætla að fara örfáum orðum um þau atriði, sem ég hef tæpt hér á.

Í 1. gr. frv. eru ákvæði um tilgang l. Þau eiga að tryggja, að nýting lands utan skipulagðra þéttbýlissvæða sé eðlileg og hagkvæm frá þjóðhagslegu sjónarmiði. Það er hins vegar ekkert

sagt um, hver sé eðlileg og hagkvæm nýting lands. Eignarráð á landi og búseta á jörðum á að vera í samræmi við hagsmuni sveitarfélaga, en það er látið ósagt, hverjir eiga að meta þetta.

Hæstv. landbrh. hefur sagt efnislega á þá leið, að spurningin sé um það, hverjir eigi að eiga landið: einstaklingar, sveitarfélög eða ríkið eða þá nokkrir fjársterkir aðilar, sem enginn trygging er fyrir að hafi boðið það verð, sem sveitarfélögin verði að ganga frá. — Ég leyfi mér að draga í efa, að þetta frv. svari þessari spurningu. Hitt er aftur á móti rétt, að eftirspurn eftir landi til annarra nota en landbúnaðar hefur vaxið mjög á undanförnum árum, og verðið á þessu landi hefur því hækkað, eins og á öðrum eftirsóttum gæðum. En fráleitt verður að teljast, að það sé í samræmi við grundvallarreglur íslensks réttar, að eitthvert ráð geti komið í veg fyrir aðilaskipti að eign, aðeins ef viðkomandi ráði sýnist svo. Ég bendi í því sambandi á 8. gr. frv., sem segir, að byggðaráð skuli ekki veita leyfi sitt til ráðstöfunar fasteigna, sbr. 1. mgr. 7. gr., ef um óeðlilega ráðstöfun er að ræða miðað við almennar viðskiptavenjur, ef ætla má, að ráðstöfunin sé gerð til að hafa af henni sérstakan fjárhagslegan ávinning eða til að ráðstafa eigninni eða hluta af henni fljótlega aftur í hagnaðarskyni. Þetta er sem sagt mat byggðaráðs, sem þarna á að gilda.

Og í 10. gr. eru ákvæði þessa efnis: „Nú neitar byggðaráð að samþykkja áformaða sölu fasteignar, og rn. staðfestir þá ákvörðun, getur þá eigandi eða umráðamaður eignarinnar gert kröfu til þess að ríkissj. kaupi eign þá, sem hann vildi láta af hendi.“ — Náist ekki samkomulag, skal fara eftir ákveðnum kafla í ábúðarlögum.

Um I. kafla frv. þarf ég ekki að hafa mörg orð. Það hafa komið fram athugasemdir við hann frá skipulagsstjórn ríkisins og reyndar fleiri aðilum. Ég ætla ekki að tefja tímann á því að fara að lesa hér upp úr þessum athugasemdum, enda hafa þær nokkuð verið tíundaðar hér.

Í 3. gr. er þó ákvæði, sem ég vildi aðeins gera að umræðuefni. Þar er gert ráð fyrir, að landbrn. sjái um, að haldin verði skrá af einum aðila yfir allar jarðir og að gerðir verði uppdrættir með landamerkjum af sveitum landsins. Ég vil í þessu sambandi benda á, að til meðferðar í hv. Ed. er frv. til l. um skráningu og mat fasteigna og þar er gert ráð fyrir, að sérstök stofnun taki til starfa, þ. e. fasteignaskrá, og hún hafi þessi störf m. a. með höndum, og það er líka gert ráð fyrir, að sú stofnun, fasteignaskráin, heyri undir annað ráðuneyti, þ. e. fjmrn.

Í II. kafla frv. er svo að finna helstu nýmæli, þ. e. um byggðaráðin og verkefni þeirra. Með stofnun þeirra sýnist mér, að hægt verði að koma allt að 144 mönnum til nokkurra metorða. Jafnframt er gengið á rétt hinna einstöku sveitarfélaga, sem til þessa hafa farið með þau verkefni, sem byggðaráðunum eru m. a. ætluð. Meginverkefni þessara ráða eru í eðli sínu sveitarstjórnarmálefni. Það er því sjálfsagt, að sveitarstjórnir eða samtök sveitarfélaga, lýðræðislega kjörnir fulltrúar allra íbúa viðkomandi byggðarlaga, standi að baki ákvörðunum um þau mál, sem byggðaráðunum eru ætluð, en byggðaráðin eru hins vegar skipuð fulltrúum eins og greint er frá í 5. gr. frv., fulltrúum frá sýslunefndum, Búnaðarsambandi og ráðherra.

6. gr. frv. fjallar um verkefni byggðaráðanna. Í 1. tölul. 6. gr. er talað um, að þau skuli fylgjast með og taka ákvarðanir varðandi eigendaskipti og aðrar ráðstafanir fasteigna samkv. nánari fyrirmælum þessara laga. Ég nefndi áðan frv. um skráningu og mat fasteigna, sem er til meðferðar hér í hv. Ed. Í því frv. er Fasteignaskrá ríkisins ætlað þetta hlutverk, en byggðaráðunum er hins vegar ætlað til viðbótar að leyfa og banna eigendaskipti.

Í 2. tölul. þessarar gr. er gert ráð fyrir, að byggðaráðin gangi inn í verkefni Landnáms ríkisins, einstakra sveitarfélaga, skipulagsstjórnar ríkisins, náttúruverndarnefnda og Náttúruverndarráðs. Er nú ekki hér fulllangt gengið?

Í 7.—11. gr. frv. er gert ráð fyrir, að bændur og aðrir jarðeigendur þurfi leyfi byggðaráðs til að ráðstafa eða breyta notkun á jörðum sínum. Þar er einnig tíundað, hvernig ráðin og aðrar opinberar stofnanir geti farið að því að þrengja eignar- og umráðarétt bænda yfir eignum sínum svo og takmarka verðlagsþróun þessara eigna umfram annarra þjóðfélagsborgara. Hér er farið inn á þá braut í lagasetningu, sem ég leyfi mér að efast um að standist fyrir ákvæðum stjórnarskrárinnar

Í 13.—16. gr. er fjallað um ýmis atriði varðandi landnýtingu. Allt eru það ráðstafanir, sem varða viðkomandi sveitarfélög miklu. Í upphaflega frv. var gjörsamlega gengið fram hjá sveitarstjórnum sem umsagnaraðila eða ráðandi aðila varðandi þessi efni. Í hv. Ed. var þó bætt nokkuð úr þessu, þar var bætt inn orðinu sveitarstjórn á 5 stöðum í þessum fjórum greinum. Það hefur líklega átt að leysa allan vandann, en gerir það bara ekki. Þarna er gert ráð fyrir, að byggðaráðin verði enn einn aðilinn, sem fari með skipulagsmál. Ég fullyrði, að slíkt er ekki til bóta. Reyndar virðist svo, að landbrn. eigi að verða einhvers konar yfirskipulagsstofnun fyrir strjálbýlið. Það má m. a. sjá á því, að gert er ráð fyrir, að Landnám ríkisins verði lagt niður.

13. gr. geymir ákvæði um það, að land, sem við gildistöku l. er nýtt til landbúnaðar, megi ekki taka til annarra nota, nema heimild sé til slíks í l., að öðrum kosti þurfi samþykki ráðh., enda hafi það áður verið samþ. af sveitarstjórn, byggðaráði og Búnaðarfélagi Íslands. Þessi ákvæði eru í hæsta máta óeðlileg, þegar um er að ræða nauðsynlega útfærslu byggðar eða framkvæmd skipulags, og er vafasamt, að þetta ákvæði samrýmist ákvæðum skipulagslaganna.

Ég mun ekki, herra forseti, gera þetta frv. að nánara umræðuefni við þessa umr., þótt vissulega sé af mörgu að taka. Ég hef aðeins drepið hér á nokkra þætti, — þætti, sem lúta að eignarréttinum, og aðra, sem snerta stjórnkerfið í landinu. Ákvæðin um þessa þætti eru svo meingölluð og reyndar vafasamt, að þau fái staðist, að frv. hlýtur að verða að fara til sérstakrar athugunar að nýju. Ég hef ekki trú á, að sú athugun verði framkvæmd í þn. á þeim tíma, sem eftir er til þinglausna, og því væri skynsamlegast að fresta þessu máli öllu.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Sameinað þing, 71. fundur.

Fimmtudaginn 28. mars, kl. 2 miðdegis.

Skyldusparnaður, þáltill. (þskj. 565). — Hvernig ræða skuli.

Að till. forseta var ákveðin ein umr.

Skipan gjaldeyris- og innflutningsmála, þáltill. (þskj. 585). — Hvernig ræða skuli.

Að till. forseta var ákveðin ein umr.

Notagildi einfasa og þriggja fasa rafmagns, þáltill. (þskj. 43, n. 534). — Frh. einnar umr.

ATKVGR.

Till. á þskj. 534 um að vísa málinu til ríkisstj. samþ. með 34 shlj. atkv.

Bætt póst- og símaþjónusta, þáltill. (þskj. 81, n. 529). — Frh. einnar umr.

ATKVGR.

Tillgr. samþ. með 39 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Till. samþ. með 39 shlj. atkv. og afgr. sem ályktun Alþingis (þskj. 612).

Jöfnun símgjalda, þáltill. (þskj. 234, n. 533). — Frh. einnar umr.

ATKVGR.

Tillgr. samþ. með 39 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Till. samþ. með 36 shlj. atkv. og afgr. sem ályktun Alþingis (þskj. 613).

Framkvæmd Inn-Djúpsáætlunar, þáltill. (þskj. 237, n. 535). — Frh. einnar umr.

ATKVGR.

Tillgr. samþ. með 33 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Till. samþ. með 34 shlj. atkv. og afgr. sem ályktun Alþingis (þskj. 614).

Búseta á Hólsfjöllum og á Efra-Fjalli, þáltill. (þskj. 447). — Frh. fyrri umr.

ATKVGR.

Till. vísað til síðari umr. með 38 shlj. atkv. og til fjvn. með 38 shlj. atkv.

Efri deild, 90. fundur.

Fimmtudaginn 28. mars, að loknum fundi í sameinuðu þingi.

Almenn hegningarlög, frv. (þskj. 553). — 1. umr.

Forsrh. (Ólafur Jóhannesson): Herra forseti. Það frv. um breyt. á almennum hegningarl., sem hér er lagt fyrir hv. Ed. á þskj. 553, er annað tveggja frv., sem flutt eru í tengslum við frv. til l. um ávana- og fíkniefni, sem lagt hefur verið fyrir hv. Ed. og er hér einnig á dagskrá í dag og kemur til umr. hér á eftir. Þessi þrjú frv. eru niðurstaða endurskoðunar á löggjöf varðandi meðferð ávana- og fíkniefna, og hefur endurskoðun þessi verið unnin sameiginlega á vegum dóms- og kirkjumrn. og heilbr.- og trmrn.

Í frv. þessu er lagt til, að meiri háttar brot á ákvæðum laga um ávana- og fíkniefni verði færð undir almenn hegningarlög, og jafnframt verði hámarksrefsing við slíkum brotum hækkuð úr 6 ára fangelsi í 10 ára fangelsi. Um slík brot gildir nú ákvæði 6. gr. l. um tilbúning og verslun með ópíum o. fl., nr. 77 1970, en sú gr. var tekin upp með lagabreytingu, sem gerð var árið 1970. Hér er því um tvíþætta breyt. að ræða. Hámarksviðurlögin eru þyngd og brotin færð undir almenn hegningarlög í stað þess að vera sérrefsilagaákvæði.

Skilgreining á brotum, sem falla undir ákvæði þessa frv., er í meginatriðum sú sama og nú er notuð um stórfellt brot í 6. gr. l. um tilbúning á verslun með ópíum o.fl. Í þessu frv. er svo bætt við nýjum brotaþætti, sem varðað getur hámarksrefsingu, og það er ef um er að ræða afhendingu andstæða ákvæðum laga um ávana- og fíkniefni, sem fram fer á sérstaklega saknæman hátt, annan en þann að láta mörgum mönnum í té ávana- og fíkniefni eða afhenda þau gegn verulegu gjaldi. Með þessu hugtaki er ákæruvaldi og dómstólum veitt færi á að heimfæra ýmis tilvik undir ákvæði þessa frv. eða laga, ef telja má þau sérstaklega saknæm, svo sem ef mjög hættulegt efni er afhent gegn vægu gjaldi.

Lagt er til, að þessari nýju hegningarlagagrein, sem frv. þetta fjallar um, verði skipað í XVIII. kafla almennra hegningarl., sem ber fyrirsögnina: „Brot, sem hafa í för með sér almenna hættu.“ Telja verður, að víðtæk dreifing eða sala ávana- og fíkniefna hafi í sér fólgna hættu fyrir velferð þjóðfélagsins á svipaðan hátt og ýmisleg tilvik, sem talin eru í öðrum gr. þessa kafla, er hækkun refsihámarksins í 10 ára fangelsi er beint að fordæmi Norðmanna og Svía, sem þegar hafa lögfest þetta refsihámark við slíkum brotum, og fyrir danska þjóðþinginu liggur nú frv., sem fjallar um hækkun refsinga við þessum brotum úr 6 ára í 10 ára fangelsi. Rétt þykir að gera till. um, að refsihámark íslenskra laga verði samræmt ákvæðum laga annarra Norðurlandaþjóða, þegar gerð er endurskoðun á lagaákvæðum á þessu sviði, enda þótt vandamál vegna dreifingar ávana- og fíkniefna hér á landi séu, sem betur fer, vil ég vona, vart komin á

það stig, að þörf sé að beita hámarksrefsingu þeirri, sem í þessu frv. felst. Reynsla annarra þjóða bendir til þess, að rétt sé að lögfesta þegar svo þung viðurlög við meiri háttar brotum í ávana- og fíknilöggjöfinni.

Ég leyfi mér svo, herra forseti, að óska eftir því, að þessu frv. verði að lokinni þessari umr. vísað til 2. umr. og hv. allshn.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 13 shlj. atkv. og til allshn. með 13 shlj. atkv.

Dómari í ávana- og fíkniefnamálum, frv. (þskj. 554). — 1. umr.

Forsrh. (Ólafur Jóhannesson): Herra forseti. Frv. um breyt. á l. nr. 42 frá 13. apríl 1973, um sérstakan dómara við rannsóknadeild í ávana- og fíkniefnamálum, sem hér er lagt fyrir hv. Ed. á þskj. 554, er annað tveggja frv., sem flutt eru í tengslum við frv. til l. um ávana- og fíkniefni, sem hér kemur til umr. á eftir.

Ég hef þegar gert grein fyrir frv. um breyt. á almennum hegningarl., en þetta frv. er fyrst og fremst flutt í því skyni að taka af tvímæli um, að brot gegn þeirri hegningarlagagrein, sem fyrrgreint frv. um breyt. á almennum hegningarl. fjallar um, svo og brot á ákvæðum frv. um ávana- og fíkniefni falli undir verksvið dómarans og rannsóknadeildarinnar í ávana- og fíkniefnamálum. Frv. þetta er því án sjálfstæðra efnisatriða að öðru leyti en því, að í 2. gr. þess er lagt til, að tekið verði upp heitið sakadómur í stað dómur í heiti dóms þess, sem lög nr. 52 1973 fjalla um. Frv. þetta er því algerlega háð framangreindum frv. um breyt. á almennum hegningarl. og frv. um ávana- og fíkniefni, sem segja má, eins og ég þegar hef sagt, að sé grundvöllurinn undir þessum frv. tveimur, sem ég hér hef mælt fyrir.

Ég óska þess svo, herra forseti, að frv. verði að lokinni þessari umr. vísað til 2. umr. og hv. allshn.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 12 shlj. atkv. og til allshn. með 12 shlj. atkv.

Ávana- og fíkniefni, frv. (þskj. 588). — 1. umr.

Heilbr.- og trmrh. (Magnús Kjartansson): Herra forseti. Eins og hæstv. dómsmrh. tók fram áðan, eru þessi þrjú frv. nátengd. Það frv. sem hér liggur fyrir, miðar að endurskoðun á l. nr. 77 1970, um tilbúning og verslun með ópíum o. fl., en þau lög eru að stofni til frá 1923 með nokkrum breytingum, sem gerðar voru með l. nr. 43 1948 og nr. 25 1970.

Þetta frv. hefur verið samið í náinni samvinnu við dóms- og kirkjumrn. og hegningarlaganefnd, og er tengt þeim frv., sem rætt var um hér áðan. Hegningarlagan. hefur átt mjög drjúgan þátt í samningu þessa frv. einnig, enda ríður mjög á, að löggjöf sem þessi sé sérstaklega úr garði gerð með það í huga, hvernig túlkun dómsstóla kunni að verða við meðferð dómsmála við brot á slíkri löggjöf.

Það er kunnara en frá þurfi að segja í löngu máli, að mjög hefur reynt á löggjöf og aðrar aðgerðir þjóða um allan heim, einkum hin síðari ár, í sambandi við ávana- og fíkniefnamál. Þetta hefur einnig haft í för með sér víðtækar sameiginlegar aðgerðir þjóða í viðleitni til varnar gegn þeim vágesti, sem ávana- og fíkniefni eru.

Árið 1961 var undirritaður alþjóðasamningurinn „Single convention on Narcotic Drugs". Sameinuðu þjóðirnar áttu frumkvæði að þeirri samningsgerð, og eru nú flestar þjóðir samtakanna eða 93, aðilar að þessum samningi. Eftir því sem leið á 7. áratuginn var almennt talið af þeim, sem til þekktu, að samningurinn 1961 væri ekki nógu víðtækur með tilliti til þeirra efna, sem skráð eru í honum. Varð því úr, að gerður var í Vínarborg 1971 nýr samningur, „Convention on Psychotropic Substanees", sem að formi til er mjög hliðstæður samningnum frá 1961, er tekur til ýmissa ofskynjunarefna, sem komin voru í sviðsljósið, svo sem LSD, örvandi efna, t. d. amfetamíns, og ýmissa svefnlyfja og róandi lyfja. Um s. l. áramót höfðu 15 þjóðir staðfest þennan samning.

Með frv. þessu er samkv. 1. málsgr. 1. gr. gert ráð fyrir því, að ríkisstj. verði heimilt fyrir Íslands hönd, að gerast aðili að slíkum alþjóðasamningum. Það skal þó tekið fram af þessu tilefni, að af hálfu framkvæmdavaldsins hefur að undanförnu verið fylgt þeirri meginstefnu, sem áðurgreindir alþjóðasamningar marka, og nauðsynlegar skýrslur hafa verið gerðar samkv. beiðni fjárhags- og félagsmálaráðs Sameinuðu þjóðanna. Af þessum sökum mun væntanleg aðild að alþjóðasamningum um ávana- og fíkniefni ekki hafa í för með sér teljandi byrjunarörðugleika í framkvæmd.

Þegar rætt er hér um ávana- og fíkniefni, er rétt að hafa í huga, að hugtakið nær jafnframt til lyfja, sem vissulega hafa mikilvægt notagildi, ef rétt meðferð er höfð. Nákvæmt eftirlit þarf með slíkum lyfjum engu síður en öðrum ávana- og fíkniefnum. Í þessu sambandi reynir á lyfsölulög, nr. 30 frá 1963. Samkvæmt heimild í þeim hafa verið sett reglugerðarákvæði um ávísanir ávana- og fíkniefna, sem ganga í sumu lengra en alþjóðasamningar þjóða, enda ber einnig að líta svo á, að ákvæði samninganna feli í sér þær lágmarksaðgerðir, sem aðilar skuldbinda sig til að framkvæma.

Með þessu frv. er ráðh. heimilað að ákveða með reglugerð um flokkun ávana- og fíkniefna. Í þessu sambandi er þó einkum vísað til efna, sem greind eru í alþjóðasamningum. Þeir aðilar, sem að samningu þessa frv. hafa unnið, þ. e. a. s. hegningarlaganefnd, fulltrúar dóms- og kirkjumrn. og heilbr. og trmrn., eru þó sammála um að tilgreina sérstaklega í þessu frv. efni, sem mikil hætta stafar af samkv. ákvæðum alþjóðasamninga. Eru þau efni talin upp í 6. gr. frv., þannig yrðu þessi efni bönnuð með l. og heimild ráðh. til flokkunar ávana- og fíkniefna að því leyti takmörkuð.

Refsiákvæði í 5. gr. þessa frv. eru almenns

eðlis, en hins vegar er gert ráð fyrir, að stórfelld brot eigi undir almenn hegningarlög að sækja, sbr. áðurgreint frv. til breyt. á þeim l., sem lagt er fram samhliða þessu frv.

Ég held, að það sé ekki ástæða til, að ég skýri gr. frv. hverja fyrir sig. Það fylgir frv. ítarleg og skýr grg., bæði almenn og skýringar við einstakar gr. En ég vil leyfa mér að vænta þess, að hv. Alþ. sjái sér fært að afgreiða þetta mál, þannig að það geti orðið að l. á þessu þingi. Ég hygg, að það sé rétt, að þessi frv. fylgist að við í athugun í n., og teldi því eðlilegt, að einnig þessu frv. yrði vísað til hv. allshn. Ég geri það að till. minni, herra forseti, um leið og ég legg til, að frv. verði að lokinni 1. umr. vísað til 2. umr.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 13 shlj. atkv. og til allshn. með 13 shlj. atkv.

Tannlækningar, frv. (þskj. 576). — 1. umr.

Heilbr.- og trmrh. (Magnús Kjartansson): Herra forseti. Þetta frv. er komið til Ed., eftir að Nd. hafði fjallað um það og afgreitt það frá sér. Frv. var upphaflega undirbúið af samstarfsnefnd heilbrrn., Tannlæknafélags Íslands og tannlæknadeildar Háskóla Íslands, sem heilbrrh. setti á stofn 25. maí 1972 undir forustu fulltrúa rn., en n. var falið að endurskoða gildandi lög og reglur um tannlækningar og þær stéttir, sem starfa saman á þessu sviði, fyrst og fremst tannlækna og tannsmiði. Tannlæknafélagið hafði óskað eftir því, að slík n. yrði skipuð, því að gildandi lög voru talin löngu orðin úrelt fyrir efnis sakir, enda voru þau að stofni til frá 1929. Var frv. síðan samið með hliðsjón af íslenskum aðstæðum og síðari tíma lagasetningu um lækningastarf hér á landi, fyrst og fremst læknalögum nr. 80 frá 1969, en einnig af yngstu löggjöf nágrannaþjóða, einkum Dana og Norðmanna, sem hafa nýverið endurskoðað ýmis ákvæði á þessu sviði og sett nýjar reglur.

Frv. gerir ráð fyrir því, að sams konar reglur gildi um veitingu tannlæknaleyfis, og nú gilda um veitingu almenns lækningaleyfis, og er 1. gr. frv. um þetta efni og efnislega samhljóða 1. gr. læknalaga. En merkasta nýmælið er að finna í 9. gr. í hinu upphaflega frv., en þar er heimilað, að tannlæknar hafi sérhæft aðstoðarfólk sér til hjálpar. Skýr ákvæði um efni þessarar gr. hefur vantað í núgildandi lög, og var það eitt með öðru ástæðan til þess, að svo brýna nauðsyn bar til, að tannlæknalög yrðu nú endurskoðuð. Hér er gert ráð fyrir því, að það fyrirkomulag við vinnu á tannlæknastofum, sem nú tíðkast bæði hér og í nágrannalöndum okkar, verði berum orðum heimilað. Auk tannlækna starfa nú á tannlæknastofum yfirleitt tannsmiðir og aðstoðarfólk ýmist við afgreiðslu eða við aðstoð við tannlækni að störfum. Í nágrannalöndum okkar, svo sem í Danmörku, eru sérstök ákvæði um þetta aðstoðarfólk.

Ég tel rétt, að kannað verði, hvort og að hve miklu leyti nauðsynlegt er að setja sérreglur um nám og menntunarskilyrði og þá réttindi þessara stétta hér á landi. Um tannsmiði gilda þær sérreglur, að þeir hafa hingað til verið menntaðir af tannlæknum sjálfum, sem hafa rekið nokkurs konar tannsmíðaskóla, og þar hafa viðkomandi lokið prófi og fengið sín skírteini og réttindi. Hvernig svo sem ákveðið yrði í framtíðinni að haga menntun þessara stétta, taldi n. eðlilegt, að endanlegt starfsleyfi eða löggilding heilbrrh. fylgdi því eftir, eins og um aðrar heilbrigðisstéttir, enda sannað fyrir honum, að menntun hvers og eins uppfyllti þau skilyrði, sem lögð séu hér fyrir slíku starfsleyfi.

Eins og ég gat um áðan, hefur Nd. fjallað um þetta mál, og hún gerði á því nokkrar breytingar, sem eru til að einfalda málið eða skýra það. En ég vil láta þess getið, að við eina breyt., sem gerð var í Nd., hafa komið fram aths. Samkv. frv., eins og það var lagt fram af ríkisstj., var gert ráð fyrir því, að ráðh. skipaði n., sem fjallaði um umsóknir um sérfræðileyfi fyrir tannlækna, n. væri skipuð tveimur fulltrúum frá Tannlæknafélagi Íslands og deildarforseta tannlæknadeildar Háskóla Íslands, sem yrði form. hennar. Auk þess var gert ráð fyrir, að n. tilnefndi tvo sérfróða tannlækna til þátttöku með n. í meðferð einstakra mála og hefðu þeir einnig atkvæðisrétt. Í Nd. var þessum ákvæðum þannig breytt, að einungis tannlæknadeild Háskóla Íslands ákveði reglur um nám sérfræðinga, svo og leyfisveitingar til þeirra. Nú hefur þm. öllum, að ég hygg, borist bréf frá Tannlæknafélagi Íslands, þar sem þeir gera athugasemdir við þessa breytingu og vara mjög eindregið við, að gr. verði samþ., eins og frá henni var gengið í Nd., en leggja til, að henni verði breytt í upphaflega mynd, eins og n., sem undirbjó frv., gerði ráð fyrir. Röksemdir Tannlæknafélags Íslands fyrir þessu eru svo hljóðandi, með leyfi hæstv. forseta:

„Þessu til stuðnings leyfir stjórn Tannlæknafélags Íslands að benda á, að eins og gr. er undirbúin frá heilbr.- og trn. Nd. Alþ., er engin trygging fyrir því, að sérfræðingur fjalli um umsóknir til viðurkenningar á sérfræðiréttindum, þar sem aðeins einn séfræðingur er innan tannlæknadeildar Háskóla Íslands, og komast því núv. kennarar þar í þá óæskilegu aðstöðu að dæma sjálfa sig, en venjan við próf er, að hlutlaus aðili fjalli þar um. Þótt fyrrnefnd 6. gr. sé hliðstæð við gr. í læknal., skal bent á, að meðal lækna er fyrir löngu komin hefð á reglur um menntun og skilyrði til sérfræðileyfis hérlendis og erlendis. Hins vegar eru engar samsvarandi alþjóðlegar reglur til um slík skilyrði meðal tannlækna og reglur og kröfur mismunandi í hinum ýmsu löndum. Hér á landi er aðeins til einn sérfræðingur enn sem komið er. Því liggur ljóst fyrir, að þessi mál eru fyrst og fremst í undirbúningi hér á landi, og því telur stjórn Tannlæknafélags Íslands rétt og nauðsynlegt, að Tannlæknafélag Íslands sé haft með í ráðum, þegar samdar eru reglur um skilyrði og veitingu sérfræðileyfa, eins og gert er ráð fyrir í núgildandi l. um tannlækningar og stjórnskipuð n. til endurskoðunar á l. um tannlækningar er sammála um."

Mér virðist, að hér komi fram röksemdir,

sem vert sé að athuga, og vil beina því til hv. n., að hún líti á þessar röksemdir og kanni, hvort ekki væri ástæða til að færa þessa grein aftur í upprunalegt horf.

Ég legg svo til herra forseti, að frv. verði að lokinni 1. umr. vísað til 2. umr. og til hv. heilbr.- og trn.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 16 shlj. atkv. og til heilbr.- og trn. með 16 shlj. atkv.

Erfðafjárskattur, frv. (þskj. 555). — Frh. 1. umr.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 15 shlj. atkv. og til félmn. með 15 shlj. atkv.

Kvikmyndasjóður, frv. (þskj. 566). — Frh. 1. umr.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 15 shlj. atkv. og til menntmn. með 14 shlj. atkv.

Skylduskil til safna, frv. (þskj. 597). — 1. umr.

Menntmrh. (Magnús T. Ólafsson): Herra forseti. Uppi hafa verið um nokkra hríð óskir, bæði hjá safnamönnum og bókaútgefendum um, að lög um afhendingu skyldueintaka til bókasafna, nr. 12 frá 8. mars 1949, væru tekin til endurskoðunar. Við þessari ósk var orðið, og nú er borið fram frv. til l. um skylduskil til safna, sem ætlað er að koma í stað þessara eldri laga. Af hálfu safnamanna var einkum á það lögð áhersla, að ekki væri kveðið á í hinum fyrri l. um markmið og tilgang með skylduskilunum, sömu leiðis mætti setja ákveðnari og traustari lagaákvæði um það, hvernig skylduskilin eiga sér stað, svo að síður væri hætta á, að efni, sem skila ber, yrði af einhverjum ástæðum utanveltu og kæmist ekki á þá staði til varðveislu, sem ætlað hefur verið.

Leitast er við að uppfylla þessa ósk um skilgreindan tilgang skylduskilanna með 1. gr. þessa lagafrv., sem fyrir er lagt. Þar er greint frá þrenns konar tilgangi með skilaskyldu á því fjölfaldaða efni, sem um er fjallað í l., sem sé, að skilaskyldan sé á lögð:

1. Til þess að unnt sé að varðveita til frambúðar það efni, sem um er að ræða.
2. Að unnt sé að gefa út um þetta efni eða einhverja hluta þess tæmandi skrár.
3. Að þetta efni sé tiltækt til nota vegna rannsókna opinberrar stjórnsýslu eða annarra brýnna þarfa.

Hér er talað um efni, vegna þess að frv. gerir ráð fyrir því, að ekki sé einungis um það fjallað, sem fjölfaldað er með hefðbundnum prent- og fjölritunaraðferðum, heldur sömuleiðis það efni, sem dreift er í mismunandi stórum upplögum með hljóðritun eða myndritun. Þessir fjölföldunarhættir fara mjög vaxandi og eiga þó sýnilega eftir að breiðast út enn meira, svo að augljóst þykir, að nauðsyn beri til, að skilaskyldan nái til hljómplatna tónbanda talbanda og annars slíks ef nást eigi sá tilgangur að koma saman til kerfisbundinnar varðveislu því efni, sem út er gefið í verulegum upplögum með þeim aðferðum, sem nú eru tíðkanlegar. Þá eru gerð skýrari og ákveðnari ýmis ákvæði, sem fjalla um, hverjir ábyrgð beri á að sjá um, að skylduskilaeintökum sé haldið eftir af upplögum, og þeim sé safnað saman á viðhlítandi hátt.

Tilgangur útgefenda með óskum þeirra um að breyta eldri lagaákvæðum beinist fyrst og fremst að því að fá fækkað skyldueintökunum, en þau hafa verið 12 og útgefendur litu svo á, að meðan ekki væri skilgreindur tilgangurinn með þessari kvöð, þá væri í raun og veru um að ræða sérstaka skattlagningu á þeirra framleiðslu. Ég fyrir mitt leyti fellst á þennan rökstuðning, að mjög orki tvímælis að leggja þannig á eina starfsgrein sérstaka kvöð um endurgjaldslausa afhendingu á tilteknum hluta framleiðslu hennar, nema unnt sé að sýna fram á ríka ástæðu og setja fram knýjandi rök fyrir þessari skyldu. Það tel ég, að gert hafi verið í tilgangsgrein þessa frv., og verkefnið er þá að meta, hversu mikill eintakafjöldi fullnægi þessum tilgangi. Niðurstaðan hefur orðið sú, að fækka beri skyldueintökunum, sem hafa verið 12 af almennu prentuðu efni, í fjögur, og í frv. er kveðið á um, hvernig með þessi skyldueintök skuli farið. Þar er kveðið svo á, að Landsbókasafn Íslands, Amtsbókasafnið á Akureyri og Háskólabókasafnið varðveiti skyldueintökin og þar af Landsbókasafn Íslands 2, annað þessara eintaka Landsbókasafns sé eingöngu varðveislueintak, sem ekki sé í notkun. Eintakið til Amtsbókasafnsins á Akureyri er talið sjálfsagt vegna þess aukna öryggis, sem fæst með því að varðveita eintök af öllu fjölfölduðu efni á tveim stöðum, sitt í hvorum landshluta. Loks er eintakið til Háskólabókasafns ætlað til þess, að það geti komið að haldi við rannsóknir og afnot í opinbera þágu.

Ég tel mig þá, herra forseti, hafa gert grein fyrir meginatriðum þessa frv. og nýmælum, sem í því felast. Ég legg að endingu til, að því verði að umr. þessari lokinni vísað til hv. menntmn.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 13 shlj. atkv. og til menntmn. með 15 shlj. atkv.

Dýralæknar, frv. (þskj. 460, n. 586). — 2. umr.

Frsm. (Björn Fr. Björnsson): Herra forseti. Landbn. þessarar hv. d. hefur haft þetta frv., sem hér er til umr., til meðferðar um nokkurt skeið. Hér er fjallað um breyt. á l. nr. 31 frá 1970, um dýralækna. Samkv. gildandi l. um dýralækna er eitt af höfuðverkefnum þeirra að fylgjast með framleiðslustöðum mjólkur og heilbrigði nautgripa. Eins og okkur öllum er kunnugt um, er mjólkin matvara, sem er mjög vandmeðfarin og viðkvæm, og við framleiðslu henn-

ar verður að gera hinar ströngustu heilbrigðiskröfur þess vegna, bæði um hreinlæti og eins um heilbrigði gripanna. Það er því nauðsynlegt, að héraðsdýralæknar hafi heimild til þess að stöðva sölu á mjólk frá þeim stöðum, sem fullnægja ekki settum reglum og reglugerðum um hreinlæti.

Heimild héraðsdýralækna til slíkra aðgerða hefur verið mjög vefengd fram að þessu, en til þess að taka af öll tvímæli um þetta atriði er frv. lagt fram. Landbn. féllst á að mæla með samþykkt þessa frv., en jafnframt hefur hún leyft sér að gera eina breyt. við það. Sú breyt. er á þá lund, að eigi einungis héraðsdýralæknir fjalli um sölustöðvun á mjólk og hans úrskurður sé ekki endanlegur. Okkur hefur þótt töluvert viðurhlutamikið að hafa ekki nema eitt úrskurðarstig, og í till. okkar gerum við þess vegna ráð fyrir því, að úrskurðarstig í þessu efni verði tvö, þannig að heimilt sé að áfrýja ákvörðun héraðsdýralæknis um sölustöðvun þegar í stað til yfirdýralæknis, sem fellir síðan fullnaðarúrskurð. Að öðru leyti, eins og ég hef sagt, mælir landbn. með samþykkt frv.

ATKVGR.

Brtt. 586 samþ. með 13 shlj. atkv.
1. gr., svo breytt, samþ. með 12 shlj. atkv.
2. gr. samþ. með 12 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 12 shlj. atkv.

Neðri deild, 92. fundur.

Fimmtudaginn 28. mars, að loknum fundi í sameinuðu þingi.

Jarðalög, frv. (þskj. 519). — Frh. 1. umr.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 22 shlj. atkv. og til landbn. með 23 shlj. atkv.

Lífeyrissjóður sjómanna, frv. (þskj. 266, n. 581, 582). — 2. umr.

Frsm. (Vilhjálmur Hjálmarsson): Herra forseti. Eins og fram kemur í nál. á þskj. 581, hefur fjh.- og viðskn. orðið sammála um afgreiðslu þessa frv. og leggur til, að það verði samþ. með nokkrum breytingum, sem fluttar eru á sérstöku þskj. Á meðan málið var til meðferðar í n., bárust tilmæli frá Farmanna- og fiskimannasambandi Íslands um, að tilteknar breytingar yrðu gerðar á frv. N. tók þetta sérstaklega til athugunar. Hún hafði samráð við stjórn lífeyrissjóðsins um málið og kvaddi sér til ráðuneytis sérstaklega um tæknileg atriði, Guðjón Hansen tryggingafræðing.

Ég skal með örfáum orðum gera grein fyrir þeim brtt., sem hér liggja fyrir á þskj. 582.

Í 1. brtt., sem er við 2. gr., er lagt til, að aðild yfirmanna á farskipum þeirra skipafélaga, sem starfandi eru við gildistöku l., verði með sama hætti og hingað til, en yfirmenn hjá nýjum skipafélögum verði sjálfkrafa sjóðfélagar í lífeyrissjóði sjómanna. Þessi breyting kemur í veg fyrir óvissu um lífeyrisréttindi við stofnun nýrra skipafélaga.

Svo er stafliður b, að 3. málsl. 2. málsgr. falli niður. Við það er sú skýring, að lagt er til, að undanþáguákvæði 2. mgr. 2. gr. frv. fyrstu fjóra mánuði í starfi verði fellt niður, en bent á, að undanþága þessi hafi lítið verið notuð og ekkert slíkt ákvæði gildi um aðild verkafólks í landi að hinum almennu lífeyrissjóðum verkalýðsfélaga. Þetta er m. a. flutt til samræmingar á milli þessara tveggja sjóða.

Um c-liðinn í 1. brtt. er það að segja, að þar er gert ráð fyrir, að komið verði á skyldutryggingu skipverja eftir afskráningu, meðan þeir taka laun samkv. kjarasamningi sínum sem sjómenn, sbr. 4. mgr. 2. gr. frv.

Þá er það 2. brtt. Hún er við 10. gr., að 2. mgr. orðist eins og þar hermir. Þar er lagt til, að iðgjöld bátasjómanna samkv. 10. gr. frv. fari eftir kjarasamningi á hverjum tíma, í stað þess, að fjárhæðir séu tilteknar í lögum, og breytist síðan einu sinni á ári. Þetta er talin eðlilegri tilhögun.

Þá eru 3. og 4. brtt. og raunar einnig brtt. 8 við bráðabirgðaákvæði frv. Þessar brtt. hanga allar saman. Þær eru fluttar eftir ósk stjórnar lífeyrissjóða sjómanna, en stjórnin óskar eftir jöfnun lífeyrisréttinda á þann veg, að elli-, örorku- og makalífeyrir reiknist aldrei af lægri fjárhæð en 4/5 grundvallarlauna á þeim tíma, er taka lífeyris hefst, þótt aðalreglan um 5 ára meðaltal mundi leiða til lægri niðurstöðu. Veitir þessi breyting aukna tryggingu þeim, sem hefja töku lífeyris á tímum mikilla verðlags- og launabreytinga. Þær hanga sem sagt saman, allar þessar þrjár brtt. og snerta 12. og 14. gr. frv. og svo bráðabirgðaákvæði.

Þá er 5. brtt. Hún er við 23. gr. og er um breytingu á ártölum, og þarfnast það raunar engra sérstakra skýringa.

Sama gildir um 7. brtt. Hún er einnig um breytingu á ártölum.

Þá er 6. brtt. og sú síðasta, sem eftir er að gera grein fyrir. Þar er gert ráð fyrir nýrri frvgr. á eftir 23. gr., sem verður þá 24. gr. Sú gr. inniheldur ákvæði um skyldur lífeyrissjóðs sjómanna í sambandi við lög nr. 63 1971, um eftirlaun til aldraðra félaga í stéttarfélögum, sams konar ákvæði og þau, sem í því efni gilda um lífeyrissjóði verkalýðsfélaga. Hér er nánast aðeins um samræmingu að ræða.

Þá hef ég, herra forseti, gert grein fyrir þessum brtt. og árétta það, sem ég sagði í upphafi, að n. leggur til, að frv. verði samþ. með þessum breytingum.

ATKVGR.

1. gr. samþ. með 22 shlj. atkv.
Brtt. 582,1 samþ. með 21 shlj. atkv.

2. gr., svo breytt, samþ. með 23 shlj. atkv.
3.—9. gr. samþ. með 21 shlj. atkv.
Brtt. 582,2 samþ. með 22 shlj. atkv.
10. gr., svo breytt, samþ. með 24 shlj. atkv.
11. gr. samþ. með 23 shlj. atkv.
Brtt. 582,3 samþ. með 24 shlj. atkv.
12. gr., svo breytt, samþ. með 25 shlj. atkv.
13. gr. samþ. með 23 shlj. atkv.
Brtt. 582,4 samþ. með 21 shlj. atkv.
14. gr., svo breytt, samþ. með 26 shlj. atkv.
15.—22. gr. samþ. með 26 shlj. atkv.
Brtt. 582,5 samþ. með 24 shlj. atkv.
23. gr., svo breytt, samþ. með 25 shlj. atkv.
Brtt. 582,6 (ný gr., verður 24. gr.) samþ. með 25 shlj. atkv.
Brtt. 582,7 samþ. með 28 shlj. atkv.
24. gr. (verður 25. gr.) svo breytt, samþ. með 26 shlj. atkv.
Brtt. 582,8 samþ. með 25 shlj. atkv.
Ákvæði til bráðabirgða, svo breytt, samþ. með 28 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 28 shlj. atkv.

Vöruhappdrætti Sambands íslenskra berklasjúklinga, frv. (þskj. 404, n. 583). — 2. umr.

Frsm. (Vilhjálmur Hjálmarsson): Herra forseti. Þetta frv. er um fjölgun hlutamiða í vöruhappdrætti Sambands íslenskra berklasjúklinga. Fjh.- og viðskn. er sammála um það, að sambandið hafi enn um sinn ærin verkefni við að byggja upp vinnuaðstöðu fyrir þá, sem ekki mega sín á almennum vinnumarkaði. Leggur n. til, að frv. verði samþ. óbreytt.

ATKVGR.

1. gr. samþ. með 31 shlj. atkv.
2. gr. samþ. með 27 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 25 shlj. atkv.

Ríkisreikningurinn 1971, frv. (þskj. 397, n. 593). — 2. umr.

Of skammt var liðið frá útbýtingu nál. — Afbrigði samþ. með 25 shlj. atkv.

Frsm. (Vilhjálmur Hjálmarsson): Herra forseti. Fjh.- og viðskn. hefur athugað frv. Skrifstofa Alþingis hefur að venju borið saman tölur frv. og ríkisreikninginn. Yfirskoðunarmenn ríkisreikningsins vísa engum atriðum til aðgerðar Alþingis að þessu sinni.
Fjh.- og viðskn. leggur til, að frv. verði samþykkt.

ATKVGR.

Frvgr. samþ. með 25 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 25 shlj. atkv.

Húsnæðismálastofnun ríkisins, frv. (þskj. 598). — 3. umr.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 24 shlj. atkv. og afgr. til Ed.

Sala kirkjujarðarinnar Stóru-Borgar, frv. (þskj. 559). — 1. umr.

Flm. (Ágúst Þorvaldsson): Herra forseti. Þetta frv. á þskj. 559 er flutt af mér og hv. 1. þm. Sunnl., Ingólfi Jónssyni. Frv. er flutt að beiðni oddvitans í Grímsneshreppi.
Saga þessa máls er sú, að árið 1947 keypti Grímsneshreppur jörðina Stóru-Borg af ríkinu með þeim skilyrðum í heimildarlögum um söluna, að ef hreppurinn seldi jörðina aftur, þá mætti hann ekki selja hana öðrum en ríkinu, og þá á fasteignamatsverði. Það er þetta skilyrði, sem lagt er til með þessu frv., sem hér er til umr., að fella niður úr l., svo að hreppurinn geti selt jörðina núverandi ábúanda, sem hefur búið á Stóru-Borg í hálfan annan áratug. Hann óskar mjög eftir að kaupa jörðina, en þannig stendur á því, að tveir synir hans, sem farnir eru að heiman og búnir að stofna heimili, vilja koma heim aftur og fara að búa með föður sínum, en þó því aðeins að eignarhald á jörðinni færist í hendur föður þeirra.
Stóra-Borg er það mikil jörð, bæði að landrými og ræktunarskilyrðum, að þar geta þrír eða fleiri búið góðum búum. Ábúandi Stóru-Borgar, Sigurjón Ólafsson, er mjög mikill dugnaðarmaður. Hann hefur ræktað mikið og byggt og verið, eins og stundum er sagt um dugnaðarbændur, sveitarstólpi í sveit sinni.
Grímsnesið, þessi góða sveit, sem er kunn fyrir mikið landrými og mörg stórbýli, hefur á síðustu tveimur áratugum orðið fyrir því, að margar jarðir þar hafa farið undir sumarbústaði, og bændum hefur fækkað í sveitinni. Nú vilja tveir ungir og dugandi menn koma heim í þessa sveit sína aftur, eftir að hafa dvalið utan hennar um skeið, og hefja þar búskap með föður sínum, sem er, eins og ég sagði áðan, kunnur dugnaðarmaður. En þessir feðgar vilja eins og flestir bændur aðrir eiga sjálfir ábýli sitt. Þar í hreppnum er mikill áhugi fyrir því, að þessar fyrirætlanir geti tekist. Hreppsn. hefur með öllum atkv. gegn einu samþykkt að selja ábúanda jörðina og almennur hreppsfundur, að mestu skipaður bændum, samþykkt söluna með 39:1 atkv., en 6 menn greiddu ekki atkv. Þetta mál hefur þannig yfirgnæfandi fylgi hreppsbænda og hefur fengið hina lýðræðislegustu meðferð, þar sem það var borið undir atkv. á sérstökum, almennum hreppsfundi, sem til var boðað um þetta mál. Samþykktir þær, sem gerðar voru um málið, eru prentaðar með frv. á þskj. 559, og vil ég, með leyfi forseta lesa þessi fskj.

Það er þá í fyrsta lagi:

„Á fundi hreppsn. Grímsneshrepps, sem haldinn var að félagsheimilinu Borg 24. febr. 1974, var tekið fyrir m. a.:

Sigurjón Ólafsson bóndi, Stóru-Borg, fór fram á að fá ábýlisjörð sína, Stóru-Borg, keypta af Grímsneshreppi. Svohljóðandi bókun var gerð um málið:

„Hreppsn. Grímsneshrepps samþykkir að selja Sigurjóni Ólafssyni jörðina Stóru-Borg á fasteignamatsverði, ef nauðsynleg leyfi fást til sölunnar, (þ. e. að ríkissjóður falli frá forkaupsrétti sínum), með því skilyrði, að hreppurinn eigi ávallt forkaupsrétt að jörðinni eða hluta af henni á fasteignamatsverði og þeim mannvirkjum, sem á henni verða, á matsverði. Undan sölu sé tekið lán það, sem um getur í byggingarbréfi Sigurjóns, og eitthvað meira eftir nánara samkomulagi, sem gert verður, ef af sölu verður."

Till. þessi var samþykkt með 4 atkv. gegn einu.

F. h. hreppsnefndar Grímsneshrepps,
Ásmundur Eiríksson, oddviti."

Þá vil ég einnig lesa samþykkt hreppsfundarins, sem hljóðar þannig:

„Á almennum hreppsfundi, er haldinn var að Borg mánudaginn 18. mars 1974, var eftirfarandi till. borin fram:

Almennur hreppsfundur í Grímsneshreppi, haldinn að Borg, mánudaginn 18. mars 1974, lýsir stuðningi sínum við samþykkt meiri hl. hreppsn. Grímsneshrepps frá 24. febr. s. l. varðandi sölu jarðarinnar Stóru-Borgar, með þeim skilmálum, er fram eru teknir í samþykkt hreppsnefndarinnar.

Flm. till. voru: Ásmundur Eiríksson, Gunnlaugur Þorsteinsson, Guðbjörg Arndal, Sigurður Gunnarsson.

Eftir allmiklar umr. var till. samþykkt með 39 atkv. gegn einu. Sex fundarmenn greiddu ekki atkv."

Ég skal taka það fram til skýringar, að flm. þessarar till. á hinum almenna hreppsfundi, þeir, sem ég las hér upp, eru allt hreppsnefndarmenn.

Ég vona, að þetta mál fái greiða leið í gegnum Alþingi. Ég tel, að það væri illa farið, ef Alþingi gæti ekki fallist á þessa till., bæði íbúana í Grímsneshreppi og hreppsn. þar um það, að Sigurjón Ólafsson fái að kaupa ábýlisjörð sína, Stóru-Borg. Ég veit, að hv. alþm. hafa skilið það, að hér er ekki um að ræða að selja eign ríkisins, heldur sölu á eign Grímsneshrepps, sem hann fyrir löngu keypti af ríkinu með þeim skilmálum, eins og ég hef getið um, að ríkið ætti forkaupsrétt að jörðinni.

Ég vil leyfa mér, herra forseti, að gera till. um það, að málinu verði að þessari umr. lokinni vísað til 2. umr. og landbn.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 23 shlj. atkv. og til landbn. með 24 shlj. atkv.

Neðri deild, 93. fundur.

Fimmtudaginn 28. mars, að loknum 92. fundi.

Lántökuheimild fyrir ríkissjóð, frv. (þskj. 596, n. 604). — 2. umr.

Of skammt var liðið frá útbýtingu nál. — Afbrigði samþ. með 23 shlj. atkv.

Frsm. (Vilhjálmur Hjálmarsson): Herra forseti. Fjh.- og viðskn. beggja þd. héldu sameiginlegan fund í morgun um þetta mál. Þar voru komnir til viðtals og til þess að gefa upplýsingar Helgi Bergs, form. stjórnar Viðlagasjóðs, og Björn Tryggvason, aðstoðarbankastjóri Seðlabanka Íslands. Gáfu þeir ýmsar upplýsingar um málið. Eftir að n. höfðu fjallað um þetta á sameiginlegum fundi, hélt fjh.- og viðskn. þessarar hv. d. sérstakan fund um málið og ákvað að mæla með því, að frv. verði samþykkt óbreytt.

ATKVGR.

1. gr. samþ. með 25 shlj. atkv.
2.—8. gr. samþ. með 25 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 24 shlj. atkv.

Neðri deild. 93. fundur.

Fimmtudaginn 28. mars, að loknum 93. fundi.

Lántökuheimild fyrir ríkissjóð, frv. (þskj. 596). — 3. umr.

Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði samþ. með 24 shlj. atkv.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 23 shlj. atkv. og afgr. til Ed.

Viðskiptabankar, frv. (þskj. 509). — 1. umr.

Sjútvrh. (Lúðvík Jósepsson): Herra forseti. Í stefnuyfirlýsingu ríkisstj. var því heitið, að fram skyldi fara endurskoðun á bankakerfinu og unnið skyldi að sameiningu banka og einföldun í rekstri peningastofnana. Hinn 29. maí 1972 skipaði viðskrn. 7 manna bankamálanefnd til að hafa með höndum þessa endurskoðun og til að gera tillögur um framkvæmdir í málinu. Í n. voru skipaðir Jóhannes Nordal seðlabankastjóri, form., Ármann Jakobsson bankastjóri, Guðmundur Hjartarson frkvstj., Björgvin Vilmundarson bankastj., Jóhannes Elíasson bankastjóri og Magnús Jónsson bankastjóri. N. skilaði ítarlegu áliti 19. jan. 1973 og gerði till. um margar og mikilsverðar breytingar á skipan bankamálanna. Álit n. var

sent alþm., fulltrúum bankanna og annarra peningastofnana og samtökum bankastarfsmanna.

Það skal sérstaklega tekið fram, að bankamálan. skilaði shlj. áliti, og var ekki um neinn ágreining að ræða í tillögugerð hennar.

Í áliti n. segir m. a.:

„N. hefur safnað saman allmiklu efni um þróun banka og annarra peninga- og lánastofnana hér á landi og skipulag þeirra og starfsemi í dag. Einnig hefur hún leitað eftir upplýsingum um skipulag og starfshætti sams konar stofnana erlendis, einkum á Norðurlöndum, og leitast við að bera þær upplýsingar saman við gögn um ástand þessara mála hérlendis.

Hér á landi eru nú starfandi alls 96 innlánsstofnanir, þ. e. a. s. 7 viðskiptabankar, 51 sparisjóður, 37 innlánsdeildir samvinnufélaga og Söfnunarsjóður Íslands, auk þess 17 fjárfestingarlánasjóðir og Seðlabanki Íslands. Enginn vafi er á því," segir í skýrslu n., „að þetta er miklu meiri fjöldi stofnana en hagkvæmt getur talist, auk þess sem margar þeirra eru of smáar til þess, að þær geti uppfyllt sjálfsagðar öryggiskröfur. Af samanburði við Norðurlönd má ráða, að bankastarfsemi hér á landi taki hlutfallslega meira af mannafla og framleiðslugetu þjóðarinnar en á hinum Norðurlöndunum. Þótt strjálbýli landsins og fámenni kunni að valda hér nokkru um, er orsakanna áreiðanlega ekki síður að leita í því skipulagi, sem hér ríkir í þessum efnum."

Þetta er orðrétt haft upp úr skýrslu bankamálanefndar.

Meginefnið í till. n. dregur hún saman í 6 atriði:

1) N. telur ekki þörf á neinum meiri háttar breytingum um skipulag Seðlabankans né heldur varðandi löggjöf hans, enda er sú löggjöf tiltölulega ný.

2) N. kemst að þeirri almennu niðurstöðu, eins og segir í áliti hennar, að æskilegast sé að stefna að því, að viðskiptabankarnir verði í framtíðinni ekki fleiri en 3—4 en með því væri tryggð eðlileg samkeppni. Orðrétt segir n. um þetta atriði: „Væri þá t. d. eðlilegt, að tveir af þeim væru ríkisbankar, en tveir hlutafélagsbankar." Eigi að stefna að því, að ríkisbönkunum fækki úr 3 í 2, virðist sú leið helst koma til greina, að það gerist með sameiningu Búnaðarbankans og Útvegsbankans, og hefur n. gert sérstaka athugun á því, hvernig framkvæma megi slíka sameiningu og hvaða vandamál væru henni samfara.

Þá segir n., að augljóst sé, að beinasta leið ríkisvaldsins til þess að fækka bönkum felist í því að sameina ríkisbankana, sem það ræður sjálft yfir.

3) N. telur brýna nauðsyn bera til að setja nýja löggjöf um viðskiptabanka, sem þá verði sameiginleg löggjöf fyrir alla viðskiptabanka.

4) N. leggur til, að sett verði ný löggjöf um sparisjóði, þar sem núgildandi lög séu úrelt og ófullnægjandi í mörgum greinum.

5) N. leggur til, að skipulag innlánsdeilda kaupfélaga verði tekið til gagngerðrar endurskoðunar.

6) N. telur, að stefna beri að fækkun fjárfestingarlánasjóða og þá sérstaklega með því, að þeir sjóðir, sem starfa á sama vettvangi, verði sameinaðir.

Þetta eru í aðalatriðum till. bankamálan.

Í framhaldi af áliti bankamálan. fól viðskrn. Seðlabankanum að gera drög að frv. um viðskiptabanka ríkisins og um sameiningu Búnaðarbankans og Útvegsbankans og skyldi unnið að gerð frv. í samráði við viðskrn.

Við gerð þess frv., sem hér liggur fyrir um viðskiptabanka í eigu ríkisins, hefur verið haft samráð við alla ríkisbankana og tillit tekið til ábendinga frá Landsbanka og Útvegsbanka um ýmis atriði. Frá Búnaðarbankanum hafa hins vegar ekki borist neinar till. varðandi efni málsins.

Frá því að álit bankamálan. lá fyrir í ársbyrjun 1973 og þar til gengið var að fullu frá því frv., sem nú er lagt fram, hefur mikið starf verið unnið, einkum að því að reyna að ná sem víðtækastri samstöðu um framkvæmd málsins. Þó að full samstaða hafi tekist í bankamálan. um veigamiklar breytingar í skipun bankamálanna og ætla megi, að almenn viðurkennnig sé til staðar á því, að rétt sé og hagkvæmt að stefna að sameiningu banka og einföldun í bankakerfinu, hefur það komið í ljós, eins og oft vill verða, þegar um er að ræða meiri háttar breytingar í stjórnsýslukerfinu, að þá er erfitt að ná samstöðu um slíkar breytingar.

Þegar sérstaklega hefur verið rætt um sameiningu Búnaðarbankans og Útvegsbankans, hefur komið fram, að talsverður ágreiningur er um þá hugmynd. Þar kemur margt til, m. a. tortryggni, tilfinningasemi og þröngir sérhagsmunir vissra aðila. Því miður hefur ekki enn tekist sú víðtæka samstaða um þær nauðsynlegu breytingar á bankakerfinu, sem þetta frv. stefnir að, en ég geri mér þó vonir um, að nægileg samstaða fáist hér á Alþingi fyrir framgangi málsins.

Í grg. frv. segir um afstöðu ríkisstj. og stuðningsmanna hennar til frv. og um nokkur almenn rök fyrir nauðsyn þeirra breytinga, sem að er stefnt með frv., m. a. orðrétt á þessa leið:

„Þó að frv. sé flutt sem stjórnarfrv. skal það skýrt tekið fram, að einstakir stuðningsmenn ríkisstj. hafa óbundnar hendur varðandi afstöðu til einstakra þátta málsins og afgreiðslu þess í heild. Ljóst er, að nokkuð eru skiptar skoðanir um það atriði frv., sem gerir ráð fyrir sameiningu Búnaðarbankans og Útvegsbankans í einn ríkisviðskiptabanka. Það er hins vegar skoðun viðskrn., sem fer með yfirstjórn bankamála, að sú aðgerð, sem nú sé mest aðkallandi til breytinga í bankakerfi þjóðarinnar, sé einmitt sameining þessara tveggja ríkisviðskiptabanka. Búnaðarbankinn er þegar orðinn stór banki, með nokkru meira innlánsfé en Útvegsbankinn. Hann hefur þó ekki enn fengið réttindi til almennra gjaldeyrisviðskipta. Ástæður til þess eru einkum þær, að ekki hefur þótt ástæða til að auka enn við starfslið og rekstrarkostnað í bönkum vegna gjaldeyrisviðskiptanna, og auk þess hefur þótt eðlilegt, að gjaldeyrisviðskipti væru bundin alhliða bankarekstri með fullum skyldum til þjónustu við allar helstu atvinnugreinar landsmanna.

Eins og nú er háttað rekstri viðskiptabanka

ríkisins, er ljóst, að viðskipti þeirra eru mjög misjafnlega mikil við einstakar atvinnugreinar, og einnig er þjónusta þeirra misjöfn í einstökum landshlutum.

Rekstur Landsbankans er þó nokkuð alhliða, og virðast lánveitingar hans skiptast nokkuð eðlilega á milli atvinnugreina og landssvæða. Útvegsbankinn er hins vegar mjög bundinn af viðskiptum við sjávarútveg og Búnaðarbankinn við landbúnað og ýmiss konar viðskipti.

Með sameiningu Búnaðarbankans og Útvegsbankans væri miklu auðveldara að skipuleggja rekstur þeirra þannig, að unnt væri að veita alhliða bankaþjónustu og sinna öllum helstu atvinnugreinum landsmanna, eftir því sem þörf krefur hverju sinni. Með tveimur öflugum viðskiptabönkum yrði miklu auðveldara að skipuleggja útibúakerfi bankanna án óþarfa eyðslu, þannig að það veitti þjónustu um allt land. Nú er hins vegar reyndin sú, að lítil sem engin bankaþjónusta er í heilum héruðum, þar sem þó er mikil framleiðsla og margvíslegur atvinnurekstur.

Í nútíma atvinnurekstri er góð bankaþjónusta frumskilyrði. Fyrirtækin verða sífellt stærri og stærri, og til þess að hægt sé að veita stórum fyrirtækjum góða þjónustu, þarf stærri banka. Sá tími er liðinn, að hægt sé að miða rekstur banka við aðeins eina starfsgrein. Landbúnaður verður ekki rekinn nema í nánum tengslum við verslun og viðskipti og víðast hvar hér á landi er sjávarútvegur eða iðnaður einnig nátengdur öðrum rekstri. Góður viðskiptabanki þarf því að sinna á alhliða hátt öllum atvinnurekstri, sem nauðsynlegur er á því starfssvæði, sem bankinn er á.“

Efni þessa frv., sem hér liggur fyrir, má í aðalatriðum skipta í tvennt:

Í fyrsta lagi fjallar frv. um almenn lagaákvæði varðandi ríkisviðskiptabankana og rekstur viðskiptabanka almennt.

Í öðru lagi er gert ráð fyrir sameiningu Búnaðarbankans og Útvegsbankans, og ákveðið nánara samstarf á milli ríkisbankanna en verið hefur. Með till. um sameiningu Búnaðarbankans og Útvegsbankans er lagt til að stíga fyrsta stóra skrefið í þá átt að sameina banka, einfalda bankakerfið og gera það færara um að þjóna atvinnulífi landsmanna með alhliða bankastarfsemi. Þau helstu rök, sem mæla með því, að Búnaðarbankinn og Útvegsbankinn verði sameinaðir í einn öflugan ríkisviðskiptabanka og þannig verði aðeins tveir ríkisviðskiptabankar, Landsbankinn og Búnaðar- og Útvegsbankinn, sem skipti með sér verkum á eðlilegan hátt, eru m. a. þessi:

1) Það ber að draga úr óeðlilegri þenslu í bankakerfinu og fækka bönkum. Fyrsta skrefið er þá, að ríkið sameini sína banka, og á eftir hljóta að koma breytingar á sviði hlutafélagsbankanna.

2) Með sameiningu banka er hægt að koma við hagkvæmari rekstri, spara mannafla og kostnað.

3) Nú á sér stað óeðlileg samkeppni m. a. á milli ríkisbankanna sem torveldar eðlilega verkaskiptingu. Í Reykjavík t. d. sækja allir bankarnir eftir rétti til að hafa útibú í vissum hverfum, þó að lítill áhugi sé á stofnun útibúa og alhliða bankaþjónustu víða úti á landi.

4) Útibúakerfi bankanna er óhagkvæmt og þyrfti að taka verulegum breytingum.

5) Eðlilegt er, að ríkisviðskiptabankarnir hafi réttindi til gjaldeyrisviðskipta. Að óbreyttu skipulagi bankanna yrði um nýja útþenslu á því sviði að ræða, ef Búnaðarbankanum yrði bætt við í hóp gjaldeyrisbanka.

6) Það er sívaxandi krafa bankanna að þeir fái aðstöðu til að safna innlánsfé á þeim stöðum, þar sem þeir hafa skyldur við atvinnurekstur með lánsfé. Slíku er erfitt að koma við, nema um alhliða bankarekstur sé að ræða og skipulegt samstarf sé á milli bankanna.

7) Tveir stórir ríkisviðskiptabankar, sem rækju alhliða bankastarfsemi og væru ekki bundnir við einstakar atvinnugreinar, gætu þjónað atvinnulífinu miklu betur en nú á sér stað.

Þær mótbárur, sem fram hafa komið gegn sameiningu Búnaðarbankans og Útvegsbankans, eru einkum þessar:

1) Að óvíst sé, að um nokkurn sparnað yrði að ræða við sameiningu.

2) Að samtök bænda væru á móti sameiningu.

3) Að vandi muni koma upp með starfsfólk þeirra banka, sem sameina á, og að starfsfólkið muni vera breytingunni mótfallið.

4) Að einstakir viðskiptamenn bankanna tveggja, sem lengi hafa haft viðskipti við þá, kunni að leita annað með viðskipti sín eftir sameininguna.

Allar eru þessar mótbárur að mínum dómi léttvægar og haldlitlar, þegar betur er að gáð. Augljóst er, að hægt er að spara í rekstri við sameiningu þessara tveggja banka. Í Reykjavík gætu bankarnir tveir eftir sameiningu komið starfsemi sinni fyrir á miklu hagkvæmari hátt en þeir gera báðir nú. Þeir gætu t. d. haft eina og sameiginlega gjaldeyrisviðskiptadeild í staðinn fyrir tvær, ef Búnaðarbankinn fengi rétt til þeirrar þjónustu. Á Akureyri hafa báðir þessir bankar nú útibú, sem mætti auðveldlega sameina. Og víða annars staðar á landinu gæti hinn sameiginlegi banki annast miklu meiri og betri þjónustu en báðir bankarnir gera nú.

Það er að mínum dómi mikill misskilningur, að sameining Búnaðarbankans og Útvegsbankans muni draga úr góðri bankaþjónustu við bændur. Almenn bankaviðskipti Landsbankans við bændur eru nú t. d. eins mikil og gjarnan meiri en viðskipti Búnaðarbankans eru við bændur. Sameinaði bankinn gæti tvímælalaust sinnt landbúnaðinum betur en Búnaðarbankinn gerir nú í dag. Það, sem þó skiptir mestu máli fyrir bændur landsins í þessum efnum, er, að þeir þurfa á alhliða bankaþjónustu að halda eins og allir aðrir. Þeir þurfa á því að halda, að í þeim héruðum, sem þeir starfa, séu reknir bankar, sem þjóna öllum greinum atvinnulífsins. Það er t. d. enginn vafi á því, að það skiptir bændur í Austur-Skaftafellssýslu meira máli, að á Höfn í Hornafirði starfi öflugur alhliða banki, sem þjóni jöfnum höndum landbúnaði, iðnrekstri, verslun og sjávarútvegi, en þó að þar væri starfandi útibú frá Búnaðarbanka eða frá öðrum sérgreinabanka. En sérgreinabankarnir

mundu eðlilega leiða til þess, að þeir leituðu allir inn á slík lítil svæði, ef það ætti að halda áfram eftir þeirri leið.

Reynslan hefur sýnt, að viðskiptabankar þurfa að vera stórir og öflugar stofnanir, — stofnanir, sem séu færar um þjónustu við heil landssvæði og þá um leið við hvers konar atvinnurekstur, sem þar er rekinn.

Sú mótbára gegn sameiningu Búnaðarbankans og Útvegsbankans, að erfiðleikar muni koma upp með það starfsfólk, sem nú vinnur í þessum bönkum, er auðvitað léttvæg. Sjálfsagt er að taka fullt tillit við sameininguna til aðstöðu þeirra, sem lengi hafa starfað í þessum bönkum, enda er gert ráð fyrir því með sérstökum ákvæðum í frv. Vandi, sem þessu fylgir, er ekki mikill, og í vaxandi bankastarfsemi almennt séð ætti ekki að vera hér um það vandamál að ræða, að ástæða sé til að hika við framkvæmd í málinu af þeim ástæðum.

Þá er minnst á, að hugsanlega kunni ýmsir af gömlum viðskiptamönnum Búnaðarbankans og Útvegsbankans að vera andvígir breytingunni. Aldrei verður að fullu hægt að koma í veg fyrir slíkt, en ótrúlegt er, að þeir sjái ekki, að með stærri og öflugri banka eru möguleikar þeirra til góðra viðskipta miklu meiri en þeir eru nú. Með tilkomu tveggja stórra viðskiptabanka ríkisins, Landsbankans annars vegar og Búnaðar- og Útvegsbankans hins vegar, á að vera miklu auðveldara en nú er að skipuleggja bankaþjónustuna um allt land. Þá hefur verið unnið að því, að þessir tveir ríkisviðskiptabankar hefðu útibúakerfi, sem næði fullkomlega og eðlilega um allt land. Þá ætti ekki að þurfa að koma til þess, eins og nú er, að stór landssvæði, þar sem rekinn er mikill og margvíslegur atvinnurekstur, sé án sæmilegrar bankaþjónustu. Ég nefni sem dæmi í þessum efnum Snæfellsnessvæðið. Þar eru nú tvö bankaútibú, annað í Stykkishólmi frá Búnaðarbankanum og hitt í Grundarfirði frá Samvinnubankanum. En þjónustan við aðalgreinar atvinnulífsins í útgerðarbæjunum á nesinu eru á vegum Landsbankans og Útvegsbankans, og öll þessi þjónusta er rekin héðan frá Reykjavík. En það er að sjálfsögðu hægt að fylgja eftir málinu á þann hátt, og bændur hafa áhuga á banka á þessu svæði, að heimila útibú á nesinu líka, væntanlega frá Búnaðarbankanum, síðan frá Iðnaðarbankanum, síðan frá Verslunarbankanum og eflaust frá Alþýðubankanum líka.

Þó að með þessu frv. sé stefnt að sameiningu banka og fækkun banka, er þó ekki ætlunin sú að leggja niður bankaútibú á neinum stað, þar sem útibú eru nú, sé þess talin þörf. En um sameiningu útibúa getur orðið að ræða, þar sem þau eru of mörg fyrir.

Ég sé ekki ástæðu til að ræða hér við þessa umr. í löngu máli einstök atriði frv., en vil þó víkja með örfáum orðum að nokkrum atriðum sérstaklega.

Þau atriði frv., sem fjalla um almenn ákvæði varðandi löggjöf viðskiptabankanna, eru flest tæknilegs eðlis eða miðuð við það að sameina eldri lagaákvæði í nýjum lögum. Í frv. er gert ráð fyrir óbreyttu fyrirkomulagi varðandi launa- og kjarasamninga starfsfólks frá því, sem nú er. Þar eru þau ákvæði tekin orðrétt upp, sem nú eru í gildi. En þó að frv. sé á þennan veg gert, merkir það á engan hátt það, að ekki komi til álita að breyta þessum ákvæðum. Ég tel persónulega, að þessum ákvæðum eigi að breyta og að eðlilegt sé, að ákvörðun launa- og kjaramála bankafólks sé með svipuðum hætti og annarra opinberra starfsmanna, og eðlilegast væri að mínu mati, að samningsrétturinn væri algjörlega frjáls. Ég vil vænta þess, að sú nefnd, sem fær nú þetta mál til athugunar, taki m. a. þetta atriði málsins sérstaklega til skoðunar. Þá er rétt að benda á, að ýmis atriði, sem beint snerta sameiningu Búnaðarbankans og Útvegsbankans, geta þurft breytinga við, m. a. vegna þess tíma, sem þarf til að koma sameiningunni á að fullu og öllu.

Að lokum vil ég svo segja það, að með þessu frv. er verið að leggja til fyrstu stórbreytinguna, sem gera þarf í skipulagsmálum bankanna. Á eftir þurfa að koma önnur frv., sem nú er unnið að varðandi sparisjóði, innlánsdeildir samvinnufélaga og um fjárfestingarlánasjóði. Með nýrri löggjöf þarf að vinna að því að gera banka- og lánasjóðakerfið hagkvæmara og einfaldara, og á grundvelli nýrrar löggjafar á að vera hægt að koma fyrir virkara og betra bankaþjónustukerfi en nú er og stuðla þannig að auðveldari stjórn peningamála í landinu og sterkari aðstöðu við uppbyggingu atvinnulífsins um allt land og stuðla þannig að hagkvæmara fyrirkomulagi almennt séð í atvinnurekstri landsmanna. Að þessu miðar frv. að mínum dómi.

Herra forseti. Ég vil svo leggja til, að að lokinni þessari 1. umr. um málið verði málinu vísað til hv. fjh.- og viðskn. til fyrirgreiðslu.

Gunnar Thoroddsen: Herra forseti. Hæstv. viðsk.- og bankamálarh. skipaði á sínum tíma 6 menn í bankamálanefnd. Það vakti strax athygli við skipun þessarar nefndar, hversu einhliða hún var. Í henni eiga sæti 6 bankastjórar. Þar voru ekki fulltrúar frá atvinnuvegunum. Þar var enginn fulltrúi frá starfsmannafélögum bankamanna eða samtökum bankamanna. Þessi nefnd starfaði að mörgu leyti vel, skilaði allítarlegu áliti, og ég vil láta í ljós þá skoðun mína, að í áliti nefndarinnar sé að finna mjög mikinn og gagnlegan fróðleik. Hins vegar verður um leið að slá því föstu, að þetta álit bankamálan. sé aðeins forvinna. Þegar hæstv. ráðh. leggur nú fram frv. til laga um sameiningu Búnaðarbankans og Útvegsbankans og þykist byggja það á till. bankamálan., þá vil ég vara eindregið við þeim skilningi. Ég tel ekki rétt né sanngjarnt að kenna bankamálan. um þá margvíslegu annmarka, sem eru á frv. sjálfu og öllum undirbúningi málsins. Það kemur skýrt og greinilega fram í áliti bankamálan., að hún telur sig aðeins hafa unnið undirbúningsvinnu og ef eigi að sameina þessa tvo banka, þá þurfi það bæði að taka margfalt lengri tíma en þetta frv. gerir ráð fyrir og margvíslegan annan undirbúning og rannsóknir þurfi að viðhafa, sem ekki hafa átt sér stað hjá hæstv. ráðh.

Nú vil ég fyrst minnast á það atriði, að með þessu frv. er snúið frá þeirri braut, sem hér hefur verið farin undanfarna áratugi, að einstakar atvinnugreinar hefðu sérstaka banka, sem

þær gætu snúið sér til. Fyrir um það bil 20 árum óskuðu samtök iðnaðarins, bæði Félag íslenskra iðnrekenda og Landssamband iðnaðarmanna, eindregið eftir því, að stofnaður yrði banki, þar sem þessir aðilar ættu stóran hlut að og legðu fram mikið hlutafé. Þetta mál var átakamál hér á Alþingi, en fékkst sem betur fer samþykkt að lokum. Ástæðan fyrir þessari beiðni var fyrst og fremst sú, að iðnaðurinn leit svo á, að það væri enginn bankastofnun í landinu, sem teldi það skyldu sína að sinna sérstaklega hinum uppvaxandi iðnaði í landinu. Meiri hl. Alþingis féllst eftir nokkrar deilur og langar umr. á þetta sjónarmið. Síðan hafa komið upp Verslunarbanki, Samvinnubanki og Alþýðubanki, og allir hafa þeir orðið til vegna þeirra óska og sjónarmiða, að mönnum hefur virst sem þær banka- eða lánastofnanir, sem fyrir væru í landinu, tækju ekki nægilegt tillit til þeirra samtaka eða atvinnugreina, sem hér áttu hlut að máli.

Nú er sjálfsagt að skoða allt þetta mál, endurskoða og endurmeta það annað veifið. Það er nauðsynlegt í þessum málum eins og öðrum. En þar þarf, finnst mér, miklu rækilegri skoðun en hæstv. viðskrh. telur sig þurfa, hvort sú stefna er rétt, sem hér er mörkuð, að byrja endurskoðun bankakerfisins á því að sameina þessa tvo banka. Það að sameina banka er út af fyrir sig ekkert markmið. Það þurfa að vera einhver rök fyrir því. Og ýmis þau rök, sem komu fram í ræðu hæstv. ráðh., voru ekki þung á metunum. Það virtist, að með því að sameina þessa tvo banka, Búnaðarbankann og Útvegsbankann, ætti sá sameinaði banki að geta þjónað þjóðfélaginu í heild og öllum atvinnugreinum, m. ö. o. hann á þá ekki að verða sérstaklega fyrir útveginn eða sérstaklega fyrir landbúnaðinn. Samt sem áður á hann að bera heitið Búnaðar- og Útvegsbankinn. Þá röksemdarfærslu hæstv. ráðherra fæ ég ekki skilið, að sameining bankanna mundi veða til þess, að þjónað yrði betur bændum og útvegsmönnum úti á landi en þeir bankar gera, sem nú eru til.

Það getur verið gott og gagnlegt að sameina stofnanir, og í samræmi við þetta frv. kæmi þá vissulega til athugunar að sameina í stjórnarráðinu t. d. landbrn. og sjútvrn. undir einn hatt. Það má vera, að einhver sparnaður yrði að því. Hingað til hefur þróunin þó verið sú, að fremur þætti rétt að skilja að í stjórnarráðinu hinar einstöku atvinnugreinar. Áður fyrr var eitt atvmrn. fyrir þær allar, en ríkisstj. og Alþ. hafa talið æskileg vinnubrögð að skilja þetta ráðuneyti sundur, hafa sérstakt sjávarútvegsráðuneyti, annað landbúnaðar-, þriðja iðnaðar-, fjórða viðskipta- o. s. frv.

Það út af fyrir sig að sameina einhverjar stofnanir er auðvitað ekki frambærileg rök, það þarf að færa einhver sérstök rök fyrir því, og það fyrsta, sem verður þá fyrir, er þetta: Er sparnaður að því fyrir þjóðfélagið að sameina þessa tvo banka.

Í grg. frv. er ekki vikið einu sinni að því máli. Hæstv. ráðh. hefur ekki þótt það ómaksins vert, að það atriði yrði skoðað, hvort einhver sparnaður yrði að þessari sameiningu. Það sýnir að vissu leyti, hvernig þetta mál er undirbúið. Ég skal taka dæmi. Það var ákveðið fyrir nokkrum árum að sameina tvær ríkisstofnanir. Við höfðum lengi haft hér tvær ríkisstofnanir, Áfengisverslunina og Tóbakseinkasöluna. Áratugum saman hafði verið talað um að sameina þessar stofnanir, en aldrei varð neitt úr því. Þegar viðreisnarstjórnin tók við störfum, var það eitt af hennar fyrstu verkum að láta kanna það rækilega, hvort hagnaður, hvort sparnaður mundi verða af slíkri sameiningu. Það var fengið til þess sérstakt fyrirtæki, sem hér starfaði, hagsýslufyrirtæki, og þetta var kannað ofan í kjölinn. Það var skoðað, hvort eitthvað mundi sparast í skrifstofuhaldi og afgreiðslu, bæði varðandi starfsfólk og húsnæði, og hver útkoman yrði fyrir heildarrekstrarkostnað þessara fyrirtækja. Þegar þessi skoðun lá fyrir, mjög gagnger og ítarleg, var ljóst, að verulegt fé mundi sparast fyrir ríkissjóð við þessa sameiningu, og lagði ríkisstj. þá fram frv. á Alþingi um sameiningu þessara stofnana, sem var samþykkt einróma. Svipuð vinnubrögð á hver ríkisstj. að hafa, þegar hún leggur til að sameina einhverjar opinberar stofnanir.

Hér hefur ekki verið minnsta viðleitni í þá átt, og það liggja meira að segja fyrir yfirlýsingar frá kunnugum mönnum um það, að væntanlega muni enginn sparnaður verða af sameiningu, heldur jafnvel hið gagnstæða. Í umsögn Starfsmannafélags Búnaðarbanka Íslands er m. a. vikið að þessu atriði, þar sem segir: „Engin viðhlítandi rannsókn hefur verið gerð m. a. á rekstrarlegri hagkvæmni sameiningar Búnaðarbankans og Útvegsbankans, sem réttlæti hana að svo komnu. Ósannað er, að sparnaður verði af slíkri upplausn og samruna, en svo virðist sem rekstrareining Landsbankans sé semjendum frv. sú fyrirmynd, sem stefna beri að. Í því sambandi má nefna, að Landsbankinn hefur nú um það bil 130 manns fleira starfslið heldur en Búnaðarbankinn og Útvegsbankinn samanlagt. Með sameiningu þessara rótgrónu banka virðist því byrjað á öfugum enda.“

Þetta eru ummæli Starfsmannafélags Búnaðarbankans. Í áliti bankamálan. kemur þetta einnig greinilega fram. Þar er sérstaklega fram tekið, að engin athugun hafi farið fram á rekstrarhagkvæmni. Á bls. 5 og 38 í þessu áliti kemur það fram, að mat á rekstrarhagkvæmni sé mjög flókið mál og hafi n. ekki kannað né talið sér fært að leggja fram neina fræðilega grg. um þessi efni, og tekur það fram, að það mál þurfi allt að skoðast. M. ö. o.: þetta stóra atriði, sem ætti að vera fyrsta röksemdin fyrir sameiningu þessara banka, hefur gjörsamlega verið vanrækt. Hins vegar kemur í ljós, þegar frv. er skoðað, að á ríkissjóð eru lögð stórfelld útgjöld. Í frv. er ákveðið hvorki meira né minna en að ríkissjóður skuli leggja fram nýtt stofnfé til hins sameinaða banka, 400 millj. kr.

Í áliti bankamálan. kom fram, að ein helsta röksemdin fyrir sameiningu bankanna var sú að fá nýtt starfsfé, að auka eigið fé bankanna um allt að 500 millj. kr. með framlagi úr ríkissjóði, en lausafjárstöðuna þyrfti að bæta um a. m. k. 700 millj. kr. Það kemur fram í áliti n. á bls. 49, að sameining Búnaðarbankans og Útvegsbankans mundi ekki ná tilgangi sínum, nema þetta yrði gert, að auka eigið fé bankans um 500 millj.

kr. með framlagi úr ríkissjóði, — ekki með láni úr ríkissjóði, heldur beinu framlagi. Ríkisstj. hefur nú lækkað þetta í frv. í 400 millj. Og nú er mér spurn: Hvernig stendur á því, að þessi ríkisstj., sem undanfarna daga hefur í sambandi við skattkerfisbreytinguna barmað sér sáran yfir vesælli stöðu og horfum ríkissjóðs, og alltaf þarf að vera að leggja á nýja og nýja skatta eða hækka álögur á landslýðnum til þess að *mæta hinum og þessum útgjöldum*, — að svo leyfir þessi sama stjórn sér að leggja fram stjfrv., þar sem á að leggja 400 millj. nýjan pinkil á ríkissjóðinn? Þó að gert sé ráð fyrir, að megi fá þetta að láni hjá Seðlabankanum, þá verður að endurgreiða það lán einhvern tíma. Þó að það lán yrði kannske til 3 eða 4 ára, þá verður auðvitað í fjárl. næstu ára að taka þessar afborganir upp, sem hækka þá fjárl. að sama skapi. En ekki nóg með það, einnig verður að borga vexti af þessu láni. Ef 400 millj. eru teknar að *láni í Seðlabankanum í þessu skyni* og ef þær hugmyndir yrðu að veruleika, sem ýmsir ráðamenn í bankamálum hafa nú um vexti, að færa þá upp í 18%, þá yrði vaxtabyrði ríkissjóðs á fyrsta ári hvorki meira né minna en 72 millj. kr., sem þyrfti að taka inn í fjárlfrv. næsta ár, auk hinnar fyrstu afborgunar. Mér er spurn, hvernig á því stendur, að hæstv. ríkisstj., eins og allt er nú í pottinn búið hjá henni í fjármálum ríkisins, kemur í hug að leggja fram aðra eins till. og þessa. *Ég segi fyrir mitt leyti, að ég tel það ekki koma til mála, að ríkissjóður* og skattborgararnir í landinu fari að taka á sig slík óafturkræf framlög til bankakerfisins í landinu. En þetta virðist vera eitt aðalatriði málsins, því að bankamálan. segir, að þetta sé forsenda af hennar hálfu fyrir því, að sameiningin geti tekist.

Nú kunna að vera einhverjar aðrar ástæður fyrir þessari sameiningu heldur en sparnaðurinn, sem ekkert liggur fyrir um. Eru líkur til þess, að sameinaður banki mundi veita þessum at*vinnugreinum eða landslýðnum í heild* betri þjónustu en nú er? Það er ekkert, sem bendir til þess. Er eitthvað, sem bendir til þess, að ríkisstj. mundi vera auðveldara að koma einhverju lagi á efnahagslíf þjóðarinnar, ef þessir bankar yrðu sameinaðir í eitt? Ég hef harla litla trú á því.

En það er fleira, sem nauðsynlegt er að minnast á strax við 1. umr. Það kemur fram í hinu fróðlega áliti bankamálan., að þó að n. telji, að stefna beri að samruna innan bankakerfisins og fækkun stofnana, þá vill hún „eindregið vara við því, að þeirri stefnu verði framfylgt án tillits til þeirra sögulegu og félagslegu sjónarmiða, sem mótað hafa þróun þessara mála hingað til.“ Og enn segir n.: „Það er ljóst, að samruni bankastofnana og einföldun fjármálakerfisins er stefna, sem framkvæma verður með fullri gát og á hæfilega löngum tíma. Hver stofnun á sér djúpar rætur í þeim jarðvegi, sem hún er sprottin úr.“ Í álitsgerðum starfsmanna bankanna kemur það einnig fram, að ef um sameiningu yrði að ræða, þá hlyti hún að taka langan tíma. Einhvers staðar eru nefnd 5—10 ár. Hæstv. ríkisstj. lætur þetta allt saman sem vind um eyru þjóta. Hún flytur frv. um það að sameina nú á þessu þingi þessa banka, og það á ekki að bíða boðanna eftir því, að lögin öðlist gildi, þau eiga að ganga í gildi 30. september, en áður en þau hafa öðlast gildi, á að kjósa nýtt bankaráð til þess að leggja að velli þau tvö bankaráð, sem fyrir eru. Og við gildistöku laganna 30. sept. falla niður umboð núv. bankastjóra Búnaðarbankans og Útvegsbankans, og nýir bankastjórar skulu hafa verið ráðnir, áður en viðskipti hefjast þriðjudaginn 1. okt. n. k. Það liggur mikið við. Það er ekki verið að fara eftir þeim ábendingum fróðustu manna, að slík sameining þurfi margra ára undirbúning, ef hún ætti að koma að gagni. Hvað liggur hér á bak við? Það er eðlilegt, að mönnum detti í hug, að hér séu einhver annarleg sjónarmið, önnur en þau málefnalegu rök, sem koma fram í álitsgerð bankamálan. Síðan á sameiningin að vera komin á það stig fyrir 30. júní 1975, að þá skuli vera búið að sameina þetta allt saman í einar aðalstöðvar með einni aðalafgreiðslu.

Annað atriði vildi ég minnast hér á, sem einnig er mjög alvarlegt mál. Það er, hversu hæstv. ríkisstj. og hæstv. bankamrh. hafa gjörsamlega sniðgengið og hunsað samtök bankamanna í þessu máli. Nú er það kunnugt öllum þeim, sem eitthvað hafa fengist við hagsýslu í opinberum rekstri, að þar eru ýmis lögmál, grundvallarreglur, sem hafa verður í huga og ekki má brjóta. Eitt grundvallarlögmálið er það, að til þess að hagræðing, hagsýsla, sparnaður í rekstri, aukin hagkvæmni komi að gagni, þurfa þessar ráðstafanir að vera gerðar í nánu samráði við starfsfólkið, sem á að þessu að vinna. Ef ekki er hægt að hafa samvinnu við starfsfólkið, þannig að það sé fylgjandi breytingunum og vilji styðja að þeim, þá eru slíkar endurbætur yfirleitt unnar fyrir gýg. Nú liggja fyrir umsagnir og þær ítarlegar frá starfsmannafélögum við báða þessa banka. Hæstv. ríkisstj. hefur ekki séð ástæðu til þess að prenta þær umsagnir með grg. frv., og það sjónarmið skilst náttúrlega, þegar umsagnirnar eru lesnar. *Ég skal nú minnast á nokkur atriði* úr þeim.

Í umsögn Starfsmannafélags Útvegsbankans er fyrst vitnað til í það, að ársþingi bankamanna á s. l. ári hafi bankamrh. gefið yfirlýsingar um það, að hann mundi hafa náið samráð við samtök og félög bankamanna í þessu efni. Starfsmannfélag Útvegsbankans segir: „Meðferð þessa máls nú, stingur mjög í stúf við fullyrðingu bankamrh. á ársþingi ísl. bankamanna í aprílmánuði 1973 . . . . þegar á hólminn kom, var kippt til baka fullyrðingum og loforðum og vandlega gætt að hafa engin samráð við starfsfólk nefndra banka. Loks þegar búið er að prenta frv. til l. um viðskiptabanka í eigu ríkisins, er eitt eintak sent til Sambands ísl. bankamanna til umsagnar, „sem fyrst“ því að ætlunin væri að leggja frv. fljótlega fyrir Alþingi.“ Síðan segir Starfsmannafélag Útvegsbankans: „Þessi vinnubrögð vítum við öll harðlega og teljum, að þau lýsi hámarki lítilsvirðingar á samtökum bankamanna.“ Þetta er lýsing félags starfsmannanna, sem eiga að búa við þessi nýju lög, ef samþykkt yrðu, á vinnubrögðum hæstv. viðsk- og bankamrh.

Í umsögn Starfsmannafélags Búnaðarbankans

segir, að það „harmi þau mistök, sem hafa átt sér stað bæði við ákvörðun um gerð og við samningu þessa lagafrv. Í því sambandi varar stjórn félagsins alvarlega við afleiðingum andfélagslegra vinnubragða, sem hafa verið viðhöfð í þessu máli," og rökstyður það svo í mörgum liðum.

Undirbúningur málsins gagnvart starfsfólki þessara tveggja banka er fyrir neðan allar hellur, og verður hér á Alþingi að víta þessi vinnubrögð ráðh. og ríkisstj. harðlega. En auk sjálfra vinnubragðanna kemur það í ljós í umsögnum bankamannanna, að á margvíslegan hátt er gengið *á móti hagsmunum bankamanna*. M. a. segir í ákvæði til bráðabirgða, 7. lið b: „Heimilt skal að láta starfsmenn, sem komnir eru nærri eftirlaunaaldri, hætta störfum fyrr en reglugerð um eftirlaun og eftirlaunaaldur gerir ráð fyrir, á fullum eftirlaunum." Um þetta segir Starfsmannafélag Útvegsbankans, að hér sé kippt til baka *réttindum bankamanna til sjálfsákvörðunar um* að starfa til 70 ára aldurs, eins og nú er í gildi og eins og gildir um opinbera starfsmenn yfirleitt.

Í annan stað víta þessi félög það harðlega, að kröfum bankamanna um samningsrétt skuli enn ekki sinnt. Eins og kunnugt er voru sett lög 1962 um *samningsrétt ríkisstarfsmanna*. Bankamenn óskuðu ekki eftir að falla undir þau lög. Enn hafa bankamenn ekki fengið þann rétt sinn viðurkenndan að vera samningsaðili. Er þess þó getandi, að í málefnasamningi núv. ríkisstj. var ákveðið að veita opinberum starfsmönnum svokallaðan „fullan samningsrétt," sem raunar *enginn veit, hvað þýðir, og aldrei hefur verið* hægt að toga út úr ríkisstj., hvað þýddi. Sumir þeirra segja, að í því felist verkfallsréttur, og aðrir neita því. En a. m. k. hefði stjórnin þó átt að sjá sóma sinn í því, þegar hún leggur fram frv. um viðskiptabanka ríkisins, að veita bankamönnunum þennan samningsrétt, sem starfsmenn *ríkisins fengu á tímum viðreisnar*stjórnarinnar 1962. En það gerir hún ekki. Samkvæmt þessu frv. eiga þeir ekki að vera viðurkenndur samningsaðili, heldur eru það bankaráðin, sem ákveða laun bankastarfsmanna. Það er ekki furða, þótt starfsmannafélögin bæði og Samband ísl. bankamanna gagnrýni harðlega þetta atriði.

Herra forseti. Ég taldi nauðsynlegt að láta þessi atriði koma fram hér strax við 1. umr. málsins, en ég vil einnig vekja athygli á öðru. Hvert er stefnt með þessu frv? Í áliti bankamálan. kemur það fram, eins og hæstv. ráðh. rakti, að nauðsyn sé á nýrri almennri bankalöggjöf, *það sé nauðsyn á endurskoðun laga um* sparisjóði, það sé nauðsyn á setningu laga um innlánsdeildir kaupfélaganna, það sé nauðsynlegt að sameina ýmsa fjárfestingarsjóði, sem nú eru 17 að tölu, og telur bankamálan., að megi fækka þeim að skaðlausu í 9. Allt þetta er aðkallandi, en engu af þessu sinnir ríkisstj. Hún tekur hins vegar upp það atriði, sem n. leggur áherslu á, að þurfi margvíslegan, vandlegan og margra ára undirbúning. Því einu kippir ríkisstj. út úr og leggur það mál fyrir Alþingi, svo hörmulega undirbúið sem þetta mál er.

Það hefur komið fram hjá hæstv. viðskrh., að hann telji, að hlutafélagsbankarnir, þ. e. a. s. aðrir bankar en ríkisbankarnir, hafi verið mikið víxlspor á sínum tíma. Hann telur, að þegar búið sé að sameina þessa tvo ríkisbanka, sé auðveldara að eiga við hlutafélagsbankana eða einkabankana. Það er augljóst mál, hvert hæstv. ráðh. stefnir, og það er nauðsynlegt fyrir alþm., um leið og þeir fá þetta frv. til meðferðar, að athuga, hver er tilgangurinn með því og hvert er markmiðið fram undan. En hvernig stendur á þessum furðulegu vinnubrögðum, hvers vegna eru ekki tekin þau atriði, sem eru aðkallandi og hægt er að undirbúa án mjög mikils fyrirvara, eins og *þau atriði, sem ég nefndi*? Hvers vegna er valið úr þetta atriði, sameining bankanna, sem talið er, að þurfi margra ára undirbúning? Hvers vegna þetta flaustur? E. t. v. eiga að koma hér síðar skýringar á því. En það er augljóst mál og öllum kunnugt, að núv. ríkisstj. hefur ekki sérstakan áhuga á bankamálum, en fyrst og fremst *á bankastjóramálum*.

Bjarni Guðnason: Herra forseti. Nú á s. l. árum hefur orðið vart vaxandi gremju hjá almenningi út af þenslu bankakerfisins og enn fremur þeim ólýðræðislegu vinnubrögðum, sem höfð eru uppi í sambandi við veitingu æðstu staða við bankakerfið, þ. e. a. s. við bankastjórastöðurnar. Gremja almennings hefur ekki að minu viti beinst gegn því, að hann teldi þjónustuna sérlega slaklega, heldur fyrst og fremst vegna útþenslunnar og þess yfirgangs, sem pólitísku flokkarnir beita við að veita æðstu stöður við bankakerfið. Þetta hefur líka blasað við öllum. Það þarf ekki annað en líta á bankahallirnar, sem hér hafa risið upp á undanförnum árum. Útibúin skipta tugum hér á Laugavegi og Bankastræti, og út yfir allan þjófabálk tók, þegar Seðlabankinn ákvað að reisa hér enn eina höllina, sem átti að kosta um 500 millj. kr., og ekkert vald virðist vera í landinu til að stöðva þá óhæfu, eins og ástandið er í efnahagsmálum þjóðarinnar.

Það er þetta fyrst og fremst, sem er að bankakerfinu, það er hin óhóflega útþensla, og það er hinn pólitíski yfirgangur í bankakerfinu. Og þá vaknar spurningin, þegar lagt er fram frv. af hálfu ríkisstj.: Hvernig verður frv. við þessum atriðum? Kemur frv. í veg fyrir frekari útþenslu bankakerfisins? Eykur það lýðræðið innan bankakerfisins? Og í þriðja lagi: Fylgir því aukin rekstrarhagkvæmni? Á þessum þremur forsendum verður að meta, hvort vert sé að styðja þetta frv., og skal ég nú reyna að víkja að þessu efni.

Ríkisstj. setti í málefnasamning sinn ákvæði um að endurskoða allt bankakerfið, þ. á m. löggjöf varðandi Seðlabankann og hlutverk hans, og vinna að sameiningu banka og fjárfestingarsjóða. Var ætlunin að endurskoða allt bankakerfið, og hæstv. bankamrh. lýsti því yfir, að þetta væri fyrsta stórbreytingin, sem boðuð væri með þessu frv., til þess að koma þessum málum í höfn. Það fer mjög vel á því að koma með þetta frv. á þessu skeiði, þegar ríkisstj. er að veslast upp af innanmeini og á eftir að lifa tvo, þrjá mánuði, ef ekki skemur. Það er því

ágætt fyrir hæstv. bankamrh. að boða frv. af þessu tagi nú.

Þegar litið er á frv., undrast ég stórum, hvað það er íhaldssamt, einkanlega þegar það kemur frá manni, sem þykist vera sósialisti. Þetta er annars hlægilegt. Allt gamla kerfið stendur óbreytt. Starfsmönnum eru ekki veitt þau frumréttindi að hafa samningsrétt um kaup og kjör, eins og tíðkast í þjóðfélaginu. Ekki nóg með það, það á að tryggja áfram yfirgang pólitísku flokkanna varðandi bankastjórastöður. Þar er engu haggað, og þetta er sósialisti, fulltrúi Alþb. En þetta er sama íhaldið og annars staðar í bankakerfinu.

Ég ætla að víkja strax að stjórn þessa nýja banka. Þar stendur í fyrsta lagi: „Yfirstjórn ríkisviðskiptabanka er í höndum ráðh. þess, er fer með bankamál.“ Hvað merkir orðið yfirstjórn þarna? Það er ekki nóg, að það standi orðið yfirstjórn. Það vantar skilgreiningu á því, hvað merkir yfirstjórn. Þetta hefur reynst þannig, þegar Seðlabankinn ætlaði að reisa sína höll upp á 500 millj. kr., þá stóð í þeim lögum, að bankamrh. færi með yfirstjórn Seðlabankans, en það kom bara í ljós, að veslings viðsk.- og bankamrh., sem fór með yfirstjórn á Seðlabankanum, gat ekki einu sinni stöðvað fjárfestingar upp á hálfan milljarð kr., svo að það er fyrsta skilyrði að vita, hvað yfirstjórn merkir þarna. Í öðru lagi vil ég benda á, að bankaráðin ráða bankastjórana, að sjálfsögðu er „pólitiskt“ undirskilið. Síðar í skilgreiningu 13. gr. segir, hvað bankaráðin eigi að gera, en hvað er þá eftir handa veslings ráðh.? Væri ekki nokkuð gott að fá að vita það, hvað merkir yfirstjórn.

Síðan segir í 9. gr.: „Bankaráð hefur yfirumsjón með málefnum ríkisviðskiptabanka í samræmi við lög og reglugerðir.“ Mér vitanlega eru þessi lög og reglugerðir ekki til. Og það er ágætt að kasta þessu á milli sín, einn hefur yfirumsjón, annar hefur yfirstjórn og hver veit hvað. Væri nú ekki reynandi að skilgreina þessi orð, þannig að menn viti raunverulega, hver hefur völdin? M. ö. o.: sömu óljósu orðin, sem eru tekin upp úr lögum, sem fyrir voru, engin vandamál leyst í þessu efni.

En hvað á að gerast? Bankaráðin eiga ekki lengur að vera skipuð 5 mönnum, það eru allt of fáir menn. Nú á að fjölga þeim upp í 7. Af hverju? segir í grg. Jú, það eru 7 menn í stjórn Framkvæmdastofnunar ríkisins og 7 menn voru kosnir í Viðlagasjóð. Þetta er eins og einhver skopleikur. Eins og það eigi að skipta nokkru máli, hve margir eru kosnir í bankaráð og hve margir kosnir í stjórn Viðlagasjóðs. En er ekki ástæðan sú, að ástandið er þannig á þingi, að allir flokkar vilja fá sína bitlingastöðu í bankaráðinu, þess vegna eru þeir 7. En það er ekki þar með sagt, að á næsta þingi verði hér sami fjöldi flokka. Ég tel alveg fráleitt að vera að miða fjölda bankaráðsmanna við það, hvað margir eru í stjórn Framkvæmdastofnunarinnar. En þetta sýnir, að aðalatriðið í þessu öllu saman eru bitlingar handa flokkunum til starfslítilla ráða, eins og bankaráðin eru í raun og veru, og fróðir menn segja, að þetta séu að mestu leyti kaffisamsæti.

Nú kem ég að meginatriðinu. Bankaráðin eiga að fara með nokkur verkefni, sbr. 13. gr., þar á meðal byggingu, kaup, sölu, skiptingu, veðsetningu á fasteignum bankans o. s. frv. Bankaráðin hafa reynst vanmegnug að hafa heildarstjórn á útþenslu bankanna, vegna þess að bankaráðin verða fljótlega hagsmunahópar, sem vinnur fyrir einstakan banka, en hefur enga aðstöðu til þess að vita um heildarfjárfestingu bankanna. Þess vegna hefur hver banki keppt við annan, komið upp útibúi, hvort sem þörf var á eða ekki, og þess vegna er engin stjórn á hlutunum. Og sama óstjórnin á að halda áfram. Þess vegna verður að koma inn í þetta eftirlit frá ríkisvaldinu. Það skortir í frv. og er aðalgallinn á því. Það vantar eftirlit með útþenslu bankanna og endurskoðun reikninga bankanna. Það á að setja bankana undir sama eftirlit og aðrar ríkisstofnanir. Það á ekki að vera sérstakur flokkur fyrir bankastjóra og aðra, sem vinna í ríkisbönkunum. Megingallinn er að bankakerfið er jafneftirlitslaust og áður, og svo talar hæstv. viðsk.- og bankamrh. um það, að einn aðaltilgangurinn með þessu sé að draga úr þenslu í bankakerfinu. Ég hef ekki séð, að það sé nokkur leið að koma því heim, því að það eru sömu aðilarnir, sem eiga að stjórna þessu.

M. ö. o.: ég tel höfuðnauðsyn á, að ríkisvaldið fái aðild að endurskoðun reikninga bankanna og jafnvel, ef svo ber undir, fái líka aðild að bankaráðunum. Það er höfuðnauðsyn að reyna að hafa stjórn á þessari þenslu. Hver á að gera það? Ráðh. er valdalaus. Hæstv. bankamrh. er valdalaus gagnvart bönkunum. Hver á þá að stjórna þessu? Svo þarf náttúrlega ekki að spyrja um það með blessaðar bankastjórastöðurnar. Það hvarflar ekki að þessum vinstri manni og sósíalista og fulltrúa alþýðunnar að láta sér koma til hugar að auglýsa stöðurnar, til þess að menn gætu sótt um þær. Ónei, eftir þeirri harðdrægu og flokkspólitísku línum á að veita stöðurnar.

Sami háttur er í Alþb. og hjá öðrum flokkum í þessu efni. Hitt er náttúrlega annað mál, að hæstv. bankamrh. státar sig af því að vera vinstri maður, sem hann er náttúrlega ekki og hefur aldrei verið, — því að einkenni á þessu bankamálafrv. er, að það er eins íhaldsamt og það getur verið. Þarna er verið að tryggja í fyrsta lagi, að það er ekkert hreyft við sjálfum yfirstjórnarstrúktúrnum í kerfinu. Sama útþenslan heldur áfram eftir sem áður. Og hvernig væri að auglýsa ýmsar aðalstöður, t. d. stöður aðstoðarbankastjóra og útibússtjóra, og gera þetta lýðræðislegt og veita bankastarfsmönnum almenn lýðréttindi að semja um kaup sitt og kjör? Ekkert af þessu sést í frv. Það er alveg stórkostlegt að sjá þetta frá manni, sem þykist vera sósíalisti og Alþb.-maður.

Það verður að koma til eftirlitsaðili við bankana, og það verður að vera ríkisvaldið. Það þarf að fá fulltrúa inn í bankaráðin eða við bókhald bankanna og láta bankana sitja við sama borð og aðrar ríkisstofnanir. Það er ekki hægt að horfa upp á það, að hver einasta ríkisstofnun skuli þurfa að koma hér til 60 manna samkundu og betla hvern einasta eyri, á meðan bankarnir leika sér að millj. kr., að því er virðist eftirlitslaust. Og svo þykist ríkisstj. vera gjörsamlega vanmegnug, þó að einstakar stofnanir ætli að

byggja húsakynni upp á hálfan milljarð eða meira.

Ég hef lengi verið hlynntur sameiningu og rekstrarhagkvæmni á lánastofnunum og bönkum á Íslandi, og ég hef lengi ímyndað mér, að með því að sameina t. d. Búnaðarbankann og Útvegsbankann mætti vinna eithvað í sambandi við kostnað. Þá er spurningin: hvað sparast? En þessu er ekki svarað. Mér er ógerningur að samþykkja frv., þar sem talað er um rekstrarhagkvæmni með sameiningu tveggja banka og hvergi er hægt að gera grein fyrir því, hvað vinnst með sameiningunni, hvað sparast með sameiningunni.

Hæstv. bankamrh. nefndi ýmis önnur rök, sem að mínu mati voru afskaplega léttvæg. Hann talaði um gjaldeyrisviðskiptin, að Útvegsbankinn hefði réttindi til gjaldeyrisviðskipta, en ekki Búnaðarbankinn, og þess vegna væri hagkvæmt að sameina þá. Þetta eru engin rök fyrir sameiningu, vegna þess að Verslunarbankinn hefur líka áhuga á gjaldeyrisviðskiptum og fleiri bankar, og það mætti þá út frá því sjónarmiði séð sameina þá. En þetta eru engin rök.

Varðandi útibúakerfið er, eins og hæstv. bankamrh. tók fram, nauðsynlegt að hafa stjórn á því. En það vinnst ekki sérstaklega með þessu frv., vegna þess að það þarf að fá samþykki Seðlabankans hverju sinni við stofnun útibúa, þannig að það er algjörlega út í hött að halda því fram, að sameiningin sjálf tryggi skipulega dreifingu útibúa um landið.

Hæstv. bankamrh. minntist og á það, að með því að sameina þessa tvo banka fengist stærri rekstrargrundvöllur og unnt væri þá að veita atvinnuvegunum meiri þjónustu. Í sjálfu sér er þetta gott og blessað. En væri þá ekki nær að byrja á minni bönkunum, á hlutafjárbönkunum, þar sem ríkið er a. m. k. eignaraðili að?

Ég verð því miður að taka undir það, sem fyrri ræðumaður sagði, að allur málatilbúnaður í kringum þetta frv. er með eindæmum. Að vísu gerði ræðumaður skýra grein fyrir samskiptum eða öllu heldur samskiptaleysi hæstv. bankamrh. við starfsmenn viðkomandi banka, en þetta er með þeim eindæmum, að ég hlýt líka að eyða nokkrum tíma til þess að skýra frá þessu til þess að sýna, að þetta er eitt með öðru, sem sýnir hvernig ráðh., sem kennir sig við fólkið og kallar sig ráðh. Alþb., vinnur í reynd. Í fyrsta lagi setur hann á stofn bankamálanefnd, sem í eru 6 bankastjórar. Maður skyldi ætla, að fulltrúi fólksins reyndi að ná í þessa óbreyttu í nefndina, það væri kannske ráð að fá einhvern af starfsmönnum úr bönkunum. Nei, fulltrúi fólksins fer auðvitað í þessa pólitísku bankastjóra til að rannsaka þetta, — ekki talað við starfsfólkið. Svo loks er samið þetta frv. Þá er leitað til Seðlabankans, en enginn fulltrúi frá starfsfólkinu í viðkomandi bönkum til að koma með till. varðandi frv.-gerðina. Hvers konar vinnubrögð eru þetta eiginlega — og það hjá fulltrúa í flokki, sem nefnir sig Alþýðubandalag? Öll þessi vinnubrögð eru forkastanleg, enda hafa komið fram vítur af hálfu starfsmanna út af þessum vinnubrögðum, og ég hlýt að taka undir þær. En ég vil segja það, að ég get ekki fyrir mitt leyti samþykkt frv. um sameiningu banka, nema það liggi fyrir rækileg könnun á því, hvað sparast, hvað vinnst og hver er árangur og ávinningur sameiningarinnar. Þetta er grundvallaratriði. Ég hef alltaf gert mér vonir um, að það mætti spara verulega með sameiningunni, og ég stend enn í þeirri trú. En ég fer ekki að samþykkja frv. án þess að hafa hugboð um, hvað vinnst við þessa sameiningu hvað varðar sparnað og rekstrarhagkvæmni.

Mig langar að koma að tveimur atriðum, áður en ég lýk máli mínu. Ég ætla að lesa hér, einkanlega fyrir hæstv. bankamrh., smákafla úr áliti Starfsmannafélags Búnaðarbankans. Það er á bls. 4, ég ætla að lesa það, með leyfi hæstv. forseta:

„Búast hefði mátt við, að í löggjöf um viðskiptabanka ríkisins bryddaði á langþráðum nýmælum um yfirstjórn þessara banka, t. d. varðandi ráðningar bankastjóra. Það hefur viðgengist, að pólitískt tillit sæti í fyrirrúmi við skipun í bankastjórastöður, sem stundum hefur leitt til beinnar valdníðslu stjórnmálaflokka.“ — Ég bið hæstv. bankamrh. að leggja vel við hlustirnar. — „Slíkt fyrirkomulag virðist fremur bjóða upp á meiri hættu á mistökum heldur en væri, ef lögfest yrði, að hæfir bankastarfsmenn skuli að öllu jöfnu sitja fyrir um bankastjórastöður og þær skuli auglýstar opinberlega til umsóknar. Með því móti virðist betur tryggt, að bankastjóri tæki aðeins tillit til þess, sem er bankanum heilbrigt og fyrst og fremst ætlað til að þjóna, og gæti jafnframt fremur hlutleysis í störfum gagnvart pólitískum aðilum. Þetta á við jafnt, þó að bankastarfsmenn hafi sínar pólitísku skoðanir eins og aðrir. Þó að margir ágætir bankastjórar hafi valist eftir eldra fyrirkomulagi, er samt full ástæða til að endurskoða það, m. a. með tilliti til almenningsálits og rekstrar bankanna sem hverra annarra fyrirtækja. Bankaráðin geta eftir sem áður gætt pólitísks jafnvægis, og er gott, að starfssvið þeirra væri skýrara markað í frv. en áður var.“

M. ö. o.: grundvallaratriðið er, að á meðan þetta er ekki lagað, þá heldur áfram gremja almennings og starfsmanna bankakerfisins, og meðan ekki er sett eftirlit af hálfu ríkisins með þenslunni, þá heldur þetta áfram. Hvað er þá unnið ef ekki er hægt að vekja traust almennings til bankakerfisins? Það er spurningin.

Og að lokum eitt. Einn lítill banki hefur vaxið verulega á undanförnum árum. Hann heitir Seðlabanki, fullu nafni Seðlabanki Íslands. Nú vill svo til, að það var ætlunin samkvæmt málefnasamningi ríkisstj. að endurskoða löggjöf Seðlabankans. Hvað bólar á því? Mér er fullkunnugt um, að það var ætlunin að stýfa Seðlabankann, þegar ríkisstj. var mynduð, og færa eitthvað af hans valdssviði og verkum yfir í Framkvæmdastofnunina. En þróunin hefur ekki orðið eins og til var ætlast. Seðlabankinn vex stöðugt að mannafla og valdi, og samkvæmt áliti bankamálanefndar á enn að auka vald Seðlabankans á verulegum sviðum, og það er ekki einu sinni hægt að leggja fram sæmilegt frv. hér um viðskiptabankana, án þess að Seðlabankinn sé með fingur í því. Hér á að mynda samstarfsnefnd milli hins nýja banka, sem á að heita hinu furðulega nafni Búnaðar- og Útvegsbanki Íslands. Þetta minnir á Áfengis- og tóbaks-

verslun ríkisins. Skipa á samstarfsnefnd viðskiptabanka ríkisins. Þar á að skipa 5 menn í nefnd, ríkisviðskiptabankarnir skipa 2 nm. hvor og Seðlabankinn einn. Elsku Seðlabankinn á þá að vera með nefið niðri í þessu líka.

Það er svo komið í þjóðfélaginu, að Seðlabankinn er fyrir ofan og handan bæði Alþingi og ríkisstj. Það er að myndast að mínu viti hættulegt fjármálavald utan við Alþingi og ríkisstj. *Ég tel eitt af meginskilyrðunum í sambandi við* endurskoðun á bankalöggjöfinni að taka löggjöf Seðlabankans til endurskoðunar. Hver ræður yfir Seðlabankanum? Ekki hæstv. viðsk.- og bankamrh. Hann hefur að vísu yfirumsjón með Seðlabankanum, en hann ræður þar engu að eigin sögn. Ef ætlunin er að taka tillit til vilja þjóðarinnar, þá hvílir sú skylda á alþm. og ríkisstj. að sýna þjóðinni, hver hefur valdið í þeim banka. Og ég lýk svo máli mínu með því að segja. Svona frv.-ræksni styð ég ekki.

Ingólfur Jónsson: Herra forseti. Ég vil segja nokkur orð í sambandi við það frv., sem hér er til umr. og virðist vera, eins og hv. síðasti ræðumaður talaði um „frv.-ræksni". Það má kannske segja, að það sé ekki þinglegt mál að tala um frv.-ræksni. Það er a.m.k. nýyrði hér í þessari hv. d. En það er enginn vafi á því, að það er ástæða til, hvort sem frv. er kallað ræksni eða ekki að gera ýmsar aths. við það.

Með þessu frv. er ætlast til að sameina tvo banka, tvo ríkisbanka, þ.e. Búnaðarbankann og Útvegsbankann. Þessir tveir bankar eru nú orðnir nokkuð gamlir að árum báðir tveir. Annar mun vera 44 ára og hinn 70 ára. Báðir þessir bankar eru stórir á íslenskan mælikvarða. Báðir voru þeir stofnaðir með sérstöku markmiði, það var að þjóna atvinnuvegunum. Búnaðarbankinn skyldi sérstaklega þjóna hagsmunum landbúnaðarins, og Útvegsbankinn, eftir að honum var breytt úr því að vera Íslandsbanki, eins og hann var kallaður, þá skyldi Útvegsbankinn sérstaklega þjóna sjávarútveginum. Jafnframt því að vera trúir sínu upprunalega markmiði hafa báðir þessir bankar veitt alhliða bankaþjónustu. Ég held, að það fari ekki á milli mála. En á ummælum hæstv. viðskrh. áðan var að heyra, að þessir bankar veittu ekki alhliða bankaþjónustu. Það gera þeir áreiðanlega og það í ríkum mæli, að undanskildu því, að Búnaðarbankinn hefur ekki enn fengið gjaldeyrisréttindi. Búnaðarbankinn ætti vitanlega að fá gjaldeyrisréttindi, því að hann er annar stærsti bankinn í landinu. Búnaðarbankinn hefur áhuga á því að fá gjaldeyrisréttindi, en ekki fengið enn, þrátt fyrir það að hann sé annar stærsti bankinn.

Þessir bankar samanlagt eru eins stórir og Landsbankinn. Hæstv. ráðh. sagði hér áðan, að með því að sameina bankana mundi verða mikill sparnaður. En það er vitanlega það, sem spurt verður um. Til hvers er verið að sameina bankana? Er það til þess að spara útgjöld? Er það til þess að draga úr rekstrarkostnaði, án þess að draga úr þjónustu eða þægindum, sem þessar stofnanir hafa veitt sínum viðskiptaaðilum? Við athugun kemur í ljós, að Landsbankinn, sem er jafnstór og Búnaðarbankinn og Útvegsbankinn samanlagt, hefur fleira starfslið en hinir bankarnir báðir. Það er sagt, að það séu nokkru fleiri starfsmenn í Landsbankanum en í Búnaðarbankanum og Útvegsbankanum samanlagt. Ég hef aldrei heyrt talað um, að það væri of margt fólk í Landsbankanum. En ef það er hæfilega margt fólk í Landsbankanum, sem er jafnstór og hinir bankarnir báðir, en Landsbankinn hafi meira starfslið, held ég, að hægt sé að afskrifa þá hugmynd fyrir fram, að hægt sé að fækka starfsfólki, þótt Búnaðarbankinn og Útvegsbankinn verði sameinaðir. Mér dettur ekki í hug að halda því fram, að Landsbankinn sé með of margt fólk eða þar sé ekki haldið uppi hagræðingu í rekstri. Útkoma Landsbankans á undanförnum árum hefur sýnt það, rekstrarútkoma bankans, að hún hefur verið með ágætum. En ég hygg, að bæði Búnaðarbankinn og Útvegsbankinn hafi haft mikið aðhald í sambandi við starfsmannahald. Óvíst er, að lengra verði gengið, en þar hefur verið gert hvað það snertir. Í báðum bönkunum nú eru 5 aðalbankastjórar, en í sameinaða bankanum er gert ráð fyrir, að aðalbankastjórar verði 3. Hins vegar er gert ráð fyrir því, að það megi ráða varabankastjóra eftir þörfum, og þeir gætu orðið margir, ef frv. verður samþ. eins og það nú er orðað. Þá munu flestir ætla, að sparnaðurinn við fækkun aðalbankastjóra sé rokinn út í veður og vind. Það eru tvö bankaráð, 5 manna bankaráð, í þessum tveimur ríkisbönkum nú, en í sameinaða bankanum á að vera að sjálfsögðu aðeins eitt bankaráð, 7 manna. Þarna sparast 3 menn. En það er spurning, hvort það verður samt sem áður sparnaður. Bankaráð sameinaða bankans, stærri bankans, verður að sjálfsögðu betur launað, af því að þetta er stór og sameinaður banki, en bankaráð Útvegsbankans og Búnaðarbankans, á meðan þeir eru sitt í hvoru lagi og minni. Ekki verður þarna um sparnað að ræða, a.m.k. ekki umtalsverðan. En það skiptir ekki höfuðmáli, hvort bankastjórar væru 3 eða 5, hvort bankaráðsmenn væru 7 eða 10. Það er ekki stórt mál, heldur skiptir það máli, hvernig reksturinn er í aðalatriðum.

Í Ólafskveri er fram tekið, að ríkisstj. ætli sér að láta endurskoða bankakerfið allt frá grunni, það eigi að draga saman í bankakerfinu, og það eigi að endurskoða lög Seðlabankans einnig og þá náttúrlega skerða vald hans, vegna þess að margir muna, að meðan núv. stjórnarflokkar voru í stjórnarandstöðu, töluðu þeir oft um bankavaldið og vald Seðlabankans. Þess vegna ætlaði núv. hæstv. ríkisstj. að skerða þetta ofurvald bankanna og sérstaklega Seðlabankans og breyta lögum til þess að ráðh. gætu verið húsbændur yfir bönkunum. En árangurinn sjáum við. Það er þetta frv., sem hér liggur frammi og nú er verið að ræða. Hefur verið drepið á það af tveimur hæstv. ræðumönnum, hvernig þetta frv. er, hvaða tilgangi það nær. Það hefur verið fullyrt, og það er rétt sagt, að þetta frv., þótt að l. verði, geri ekki ráðh. að húsbændum yfir Seðlabankanum. Ef Seðlabankinn hefur áður haft vald yfir hæstv. ríkisstj., þá heldur hann því valdi, þótt þetta frv. verði lögfest.

Hæstv. ráðh. skipaði n. til þess að endurskoða bankalöggjöfina. Þessi n. kvartaði ákaflega mikið yfir því, að hún hefði nauman tíma. Hún hafði svo nauman tíma til þess að starfa, þessi n., að

hún gat ekki unnið starfið eins og hún ætlaði sér. Hún skilaði af sér í janúarmánuði 1973 til hæstv. viðskrh. Hæstv. ráðh. hefur sennilega rekið á eftir n. En það getur verið skaðlegt að reka það mikið á eftir, að þeir, sem eiga að vinna vandasamt verk, geti ekki lokið því vegna tímaskorts. Og nú er það svo, að síðan í janúar 1973 hefur hæstv. ráðh. haft þetta frv. á borði sínu og verið að hugsa sig um í meira en ár, hvort hann ætti að flytja það og styðjast við álit bankamn., sem hæstv. ráðh. fékk í byrjun ársins 1973, en er ekki hálfunnið, vegna þess að n. hafði ekki tíma til að ljúka störfum. Það er eins og hæstv. viðskrh. hafi gert sér það ljóst, að þetta verk var ekki að fullu unnið. Og hann er á báðum áttum, hæstv. ráðh., í meira en ár um það, hvort hann eigi að byggja á þessu áliti. En fyrir hæstv. ríkisstj., sem taldi nauðsynlegt að endurskoða bankakerfið allt og bankalöggjöfina, var náttúrlega skaðlegt að eyða þessum langa tíma í aðgerðaleysi. Það hefði verið betra fyrir hæstv. ráðh. að leggja fyrir hv. bankamn. að halda áfram störfum, gefa henni frest til þess að vinna t. d. þangað til í febrúar eða mars 1974. Þá hefði n. ekki kvartað um tímaskort. Þá er líklegt, að hún hefði getað gert sér grein fyrir því, hvert skyldi stefna og hvaða vinnubrögð þyrfti til þess að ná því markmiði, sem talið væri æskilegt.

Ég vil vitna hér í álit bankamálan. orðum mínum til stuðnings, þegar hún talar um, að hún hafi haft nauman tíma. Vegna tímaskorts gat n. ekki gert sér grein fyrir því, hvort það fælist sparnaður í því að sameina þessa tvo banka, og þarf ekki annað en vitna í nál. til þess að sannfærast um það, hvað n. hafi til málanna að leggja. Með leyfi hæstv. forseta, vil ég lesa hér upp örstutt ágrip úr nál. Þar segir:

„Ljóst er, að ef ákveðið yrði að sameina Búnaðarbankann og Útvegsbankann hlytu að skapast margvísleg og viðkvæm vandamál í sambandi við yfirtöku sameinaða bankans á starfsfólki frá bönkunum tveimur. Á þessu stigi málsins taldi n. ekki rétt að kanna nákvæmlega þann vanda, sem við yrði að etja í þessum efnum, en leggur áherslu á, að mjög er mikilvægt, að þessi mál verði tekin réttum tökum, ef til sameiningar kemur.“ — N. er í miklum vafa um það, hvort til sameiningar muni koma, en leggur áherslu á, að það verði kannað rækilega, hvað af þessu gæti leitt með starfsfólkið, ef úr sameiningunni yrði, en sjálf hafði n. ekki tíma til að kanna það. Þá telur n. sérstaka ástæðu til þess að vekja athygli á þeim vanda, sem fylgja mundi yfirtöku sameinaða bankans á starfsfólki í bönkunum tveimur.

Enn segir n.: „Samruni bankastofnana og einföldun fjármálakerfisins er stefna, sem framkvæma verður með fullri gát á hæfilega löngum tíma. Í þessu efni verður að eiga sér stað þróun fremur en bylting, ef ekki eiga að koma upp alvarleg vandræði og andstaða, sem mundi gera allar slíkar fyrirætlanir að engu.“ — Það er greinlegt, að n. ætlaðist ekki til, að hæstv. ráðh. flýtti sér í þessu efni.

Og enn segir n.: „Sannleikurinn er sá, að hver stofnun á sér djúpar rætur í þeim jarðvegi, sem hún er sprottin úr. Þannig á hver banki sinn hóp innstæðueigenda, lántakenda og starfsfólks, sem er annt um hag sinnar stofnunar og vill, að hann sé ekki fyrir borð borinn í slíkri endurskipulagningu.“

Enn segir n.: „Eigi að stefna að einföldun og samruna innan bankakerfisins, er n. þeirrar skoðunar, að nauðsynlegt sé að taka alla þætti þess til endurskoðunar. Þótt n. sé þeirrar skoðunar, að stefna beri að verulegum samruna innan bankakerfisins og fækkun stofnana, vill hún eindregið vara við því, að þeirri stefnu verði fylgt án tillits til þeirra sögulegu og félagslegu sjónarmiða, sem mótað hafa þróun þessara mála hingað til. Má t. d. nefna, að þrír nýir hlutafélagabankar voru stofnaðir á undanförnum áratug með samþykki allra þingflokka.“

Enn segir n.: „Eigi að stefna að því, að ríkisbönkunum fækki úr þremur í tvo, virðist sú leið helst koma til greina, að það gerist við sameiningu Búnaðarbankans og Útvegsbankans“ — helst koma til greina, en það er langt frá því, að n. vilji fullyrða, að það sé eðlilegt og það sé rétt að sameina þessa tvo banka. N. leggur þó áherslu á, að henni hefur ekki unnist tími til að kanna nægilega rekstrarlega hagkvæmni þeirrar sameiningar. N. hefur ekki unnist tími til að kanna það, hvort það er hagkvæmt að sameina þessa tvo banka. Hæstv. viðskrh. fullyrti það hér áðan, að í þessu mundi felast sparnaður. En bankastjórarnir 6, sem bankamn. skipuðu, sem störfuðu í n. í nokkra mánuði og flestum hnútum ættu að vera kunnugastir, segja í sínu áliti, að þeim hafi ekki unnist tími til þess að kanna það eða rannsaka, hvort sameiningin leiði til sparnaðar eða hagkvæmni. Og þegar þetta er athugað, þá held ég, að allir ættu að geta verið sammála um, að þetta frv. er ekki tímabært, að það er fljótfærni að flytja það og til allt of mikils ætlast, að alþm. samþykki frv., sem flutt er á skökkum forsendum og vantar raunverulega alla undirstöðu.

En n. segir meira. Hún segir m. a.: „Mat á rekstrarhagkvæmni bankakerfisins er mjög flókið mál, og taldi n. sér ekki fært að leggja fram fræðilega grg. um þessi efni. Sá stutti tími, sem n. var ætlaður til að ljúka störfum, leyfði hvorki öflun nægilegra gagna í þessu sambandi né úrvinnslu þeirra.“ — Hvaða meining er nú í þessu, að skipa n. og sníða henni það þröngan stakk, skammta henni það nauman tíma, að hún treystir sér alls ekki til þess að kanna það mál til hlítar, sem hún er að vinna? Hún treystir sér ekki vegna tímaleysis að safna nauðsynlegum gögnum. Og hæstv. ráðh. hefur þessi frumdrög að nál. hjá sér á annað ár. N. hætti störfum í janúar 1973, og eftir að hafa legið á þessu með aðgerðaleysi á annað ár, þá er frv. eins og þessu slengt inn í Alþ. Ég verð að fyrirgefa hv. 3. landsk., þótt hann tali um ræksni í sambandi við þetta frv. Þetta frv. er þannig til komið, að það er byggt á algerlega ófullnægjandi gögnum. Það er skipuð n., sem ekki fær að ljúka störfum, ekki fær tíma til þess að safna þeim gögnum, sem hún þarf til þess að geta skilað rökstuddu áliti.

Og n. heldur áfram að kvarta. Hún segir m. a.: „Gat n. ekki á starfstíma sínum kannað einstakar þessara leiða,“ — þ. e. um sparnað eða sameiningu í bankakerfinu, — „til fulls né haft um það nægilegt samráð við ýmsa aðila, sem þar eiga hagsmuna að gæta. Er óhjákvæmilegt, að

þær áætlaðnu leiðir til fækkunar stofnana, sem gerðar eru till. um, verði vel kynntar og nægilegs fylgis við þær aflað, áður en til framkvæmda kemur. Telur n. ekki óeðlilegt að reikna með, að 5—10 ár muni þurfa til að ná þeim samruna í bankakerfinu, sem stefnt er að með till.“ — 5—10 ár. Það er eðlilegt, að n. telji, að það þurfi langan tíma, því að n. hefur alls ekki haft tækifæri til þess að sjá til botns í málinu og alls ekki getað gert till. um, á hvern hátt ætti að vinna að þessum málum, þannig að bankakerfið yrði einfaldara og ódýrara í rekstri.

Ég vænti þess, að hæstv. viðskrh. hafi lesið álit bankamn. En ég fer að halda, að það sé langt síðan hann hafi lesið það, að það sé mjög hæpið, að hann hafi stuðst við það, þegar hann flutti ræðu sína hér áðan, því að hæstv. ráðh. leyfði sér að fullyrða ýmislegt í sambandi við þetta frv., sem brýtur algerlega í bága við það, sem bankamálan. segir.

Frv. þetta um sameiningu Búnaðarbankans og Útvegsbankans er, eins og áður hefur verið sagt, flutt á skökkum forsendum. Það nær ekki þeim tilgangi, sem til er ætlast, að draga úr kostnaði. Það nær ekki þeim tilgangi, sem til var ætlast, að veita betri þjónustu. Það hefur verið minnst á útibúin,að það gæti verið sparnaður í því að sameina útibú Búnaðarbankans og Útvegsbankans. Aðeins einn staður hefur verið nefndur í því sambandi, það er Akureyri, að sameina útibú Búnaðarbankans og Útvegsbankans á Akureyri. Það má vel vera, að þetta gæti komið til greina. En ég efast mjög um það, að viðskiptamenn Útvegs- og Búnaðarbankans fyrir norðan teldu það vera heppilegt eða teldu það þjóna sínum hagsmunum. Viðskiptamenn Búnaðarbankans vilja gjarnan hafa viðskipti þar áfram. Og viðskiptamenn Útvegsbankans hafa verið þar, frá því að þetta útibú var stofnað á Akureyri, og óvíst, að þeir telji sér hag í því að breyta þar um. Þótt hægt væri að benda á sameiningu tveggja útibúa og einhver örlítill sparnaður kæmi þar til greina á kostnað þjónustunnar, þá nægir það ekki til þess að vera grundvöllur að sameiningu þessara tveggja banka.

Búnaðarbankinn var stofnaður með lögum 1930 til þess að þjóna landbúnaðinum sérstaklega. Bændur landsins vilja ekki leggja Búnaðarbankann niður. Stéttarsamband bænda mótmælir því. Búnaðarfélag Íslands mótmælir því einnig. Búnaðarsamböndin mótmæla því. Og ef talað er við einstaka bændur, þá eru þeir sama sinnis. Hæstv. viðskrh. sagði hér áðan, eða það mátti skilja hans orð þannig, að það skipti raunar litlu máli, hvað bændur segðu um þetta. Ég er á allt öðru máli. Ég tel, að það hafi mikið að segja, hvað bændur vilja um þetta segja. Bændastéttin vill hafa sinn banka, og Búnaðarbankinn hefur verið rekinn sem sjálfstæð stofnun og þróast vel, þróast þannig, að hann er annar stærsti bankinn í landinu. Búnaðarbankinn hefur ekki verið ómagi á ríkinu. Búnaðarbankinn hefur, um leið og hann hefur þjónað landbúnaðinum, haft viðskipti við aðrar stéttir og haft hin almennu viðskipti, sem hæstv. viðskrh. talaði um áðan, að bankar ættu að hafa.

Ég hygg, að það megi segja nokkuð svipað um Útvegsbankann. Hafa útvegsmenn verið spurðir, hvort þeir vilji leggja Útvegsbankann niður? Ég held, að þeir hafi ekki verið spurðir. Ég held, að sjávarútvegurinn vilji einnig hafa Útvegsbankann í því formi, sem hann er. Þar er Fiskveiðasjóður, þar er fiskimálasjóður, og þar er einnig hin almenna bankastarfsemi undir nafninu útvegur, sem þýðir sjávarútvegur. Ég hef heyrt marga útvegsmenn tala um það, að þeir vilji hafa sinn banka.

Auk þess er Landsbankinn, sem er í dag, eins og hann var, þegar hann var stofnaður, alhliða banki fyrir alla atvinnuvegi landsmanna, og þess vegna heitir hann Landsbanki. Engum dettur í hug að breyta því nafni eða gera ráðstafanir til, að Landsbankinn starfi á öðrum grundvelli en hann nú gerir.

Ég tel það ekki aukaatriði, hvað þeir segja um þetta frv., sem hafa haft viðskipti sín í þessum bönkum, og hvað þær stéttir segja, sem þessir bankar voru sérstaklega stofnaðir til þess að þjóna. Ég tel það hreina fjarstæðu að ganga fram hjá því, hlusta ekki á það. Það er jafnmikil fjarstæða og að vilja ekki hlusta á það, sem Samband ísl. bankamanna segir, Starfsmannafélag Útvegsbankans segir eða Starfsmannafélag Búnaðarbankans segir. Öll þessi starfsmannafélög mótmæla þessu frv. algerlega. Þess vegna finnst mér það vera svona dálítið kaldhæðnislegt, þegar hæstv. viðskrh. gefur í skyn, að það skipti raunverulega engu máli, hvað það fólk segir, sem starfar við þessar stofnanir, það skipti ekki heldur neinu máli, hvað það fólk segi, sem skipti við bankana. Hvað sem það segir, þá skal það fram, þetta frv., sem er vanskapnaður og ekki nær neinum heilbrigðum tilgangi, hvorki til þess að draga úr kostnaði né til þess að bæta alhliða þjónustu.

En það var einhver, sem talaði um það, að hæstv. ríkisstj. hefði sett góða beitu á öngulinn. Það eru 400 millj. kr., sem fylgja þessu frv. Og það er ætlast til, að bæði Búnaðarbankinn og Útvegsbankinn gleypi þessa beitu, þetta fylgifé, sem fylgir óskapnaðinum, frv. um sameiningu bankanna. Hæstv. ráðh. og hæstv. ríkisstj. vita það, að þeir, sem standa að Búnaðarbankanum, og margir af þeim, sem standa að Útvegsbankanum, eru á móti sameiningunni. En hæstv. ríkisstj. gerir sér vonir um, að með því að veifa 400 millj. kr. framan í þessa aðila verði kannske unnt að fá þá til þess að fallast á frv.

Ég held, að þeir, sem ráða Búnaðarbankanum, og bændurnir, sem hafa sótt fjármuni til hans, og útgerðarmenn og útvegsmenn, sem vilja hafa Útvegsbankann áfram sem sinn banka, átti sig á því, að þessar 400 millj. eru ekkert annað en tálbeita, tálbeita, sem endist skammt. Þeir munu einnig átta sig á því, að hæstv. ríkistj. hefur hvorki umboð né efni á því að veifa þessari fjárhæð á Alþ. eða framan í landsmenn. Ég held, að alþm. og margir aðrir í landinu séu farnir að átta sig á því, að núv. hæstv. ríkisstj. kann ekki með fjármál að fara, og eins og sagt var hér áðan, hefur hæstv. ríkisstj. í það mörg horn að líta í sambandi við fjáröflun, að hún ætti að spara sér þessar 400 millj., sem hún þarf ekki að eyða. En ég spyr: Eru þessir bankar, Útvegsbankinn og Búnaðarbankinn, svo illa staddir fjárhagslega, að þeir þurfi að sækja um styrk til

hæstv. ríkisstj. og fara í tóman ríkissjóð, til þess að þeir geti starfað áfram? Ég held, að sem betur fer megi segja nei við þessari spurningu. En það má vera, að það fylgi því mikill kostnaður að sameina bankana, og ég er reyndar alveg sannfærður um það. Það fylgir því mikill kostnaður. Og það á kannske að nota verulegan hluta af þessum 400 millj. til þess að standa undir þeim kostnaði.

Það hefur verið talað um gjaldeyrisréttindi Búnaðarbankans, hann hafi ekki fengið gjaldeyrisréttindi. En með því að hann sé lagður niður og sameinaður öðrum banka, eru Búnaðarbankanum veitt gjaldeyrisréttindi. Ég hygg nú, að þeir, sem stjórna Búnaðarbankanum og fylgjast nokkuð með þessum málum, láti sér ekki detta í hug, að þeir þurfi að gleypa agn frá núv. hæstv. ríkisstj. eða ganga að einhverjum þvingunarsamningi til þess að fá gjaldeyrisréttindi. Ég er alveg sannfærður um það, að Búnaðarbankinn, annar stærsti banki landsins, fær gjaldeyrisréttindi án þess að gera óheiðarlegan verslunarsamning um slíkt. Ég er alveg sannfærður um það. Það þarf ekki að gera óheiðarlegan verslunarsamning, til þess að Búnaðarbankinn fái gjaldeyrisréttindi. Ég held, að þetta frv. sé enn ein spegilmynd þess, hvernig núv. ríkisstj. efnir loforð sín, sem oft er vitnað til, samkv. Ólafskveri.

Hæstv. forsrh. hefur gefið út tilkynningu um, að ef hann geti ekki staðið við eitt loforð í málefnasamningnum, að láta varnarliðið fara, þá muni hann segja af sér. En ef kverið væri nú lesið og loforðalistinn skoðaður, þá mætti sjá, að hæstv. ríkisstj. hefur staðið við fátt af því, sem í loforðalistanum er. En hæstv. ríkisstj. hefur ekki haft orð á því að segja af sér út af þeim atriðum í sáttmálanum. Og jafnvel þótt hæstv. ríkisstj. fengi þetta frv. samþ., dytti engum í hug, að ríkisstj. væri með því að efna loforðið um að endurskoða bankakerfið allt og draga úr kostnaði og hnekkja valdi Seðlabankans, eins og hennar meining var, þegar hún settist fyrst í valdastólana. Þótt þetta frv. væri samþykkt, er bankakerfið í heild eftir sem áður óendurskoðað. Hagkvæmni í bankakerfinu hefur ekki aukist þrátt fyrir þetta, heldur miklu fremur gæti það átt sér stað, að kostnaður mundi aukast við þessa sameiningu. Er í rauninni hægt að búast við því, að sameinaði bankinn, Búnaðarbankinn og Útvegsbankinn, eftir að sameinaði bankinn er orðinn jafnstór og Landsbankinn, að sameinaði bankinn hafi til lengdar færra fólk en Landsbankinn, sem væri álíka stór? Getur ekki verið, að sameining þessara banka leiði til fjölgunar starfsfólks? Bankanefndin treystir sér ekki til að fullyrða neitt um það.

Ég held, að það sé ekki nema um eitt að ræða í sambandi við þetta frv., þ. e. annaðhvort að vísa því frá, vegna þess að það er illa undirbúið, eða beinlínis að fella það. Ég skal engu spá um það, hver örlög frv. verða á hv. Alþ. Þetta er stjfrv. og hæstv. ráðh. minntist á, að einstakir þm. hefðu áskilið sér rétt til að vera á móti því. En það kom ekki fram, hversu margir þeir eru úr stjórnarliðinu. Ef þeir eru mjög fáir, kannske bara einn eða tveir, þá má reikna með, að þetta frv. hafi meiri hl. og verði að lögum, þótt það sé slíkt skrípi sem augljóslega má sjá, ef það er lesið og skoðað niður í kjölinn. En ég vil vænta þess, að hv. þm. lesi frv. vandlega og lesi álit bankamálan., sem hæstv. viðskrh. vitnaði mikið til áðan. Með því að lesa álit n. sannfærast þm. best um, að málið er óundirbúið og bankamálanefndin hefur ekki treyst sér til að fullyrða neitt um það, að þetta frv. geti leitt til sparnaðar eða velfarnaðar á neinn hátt.

Stefán Valgeirsson: Herra forseti. Vegna ummæla hv. 1. þm. Sunnl. áðan, að ríkisstj. hefði lofað því, að mér skildist, að fækka bönkum, það hefði verið eitt af þeim loforðum, sem stæðu í málefnasamningnum, vil ég segja það, að í honum stendur að, vinna beri að sameiningu banka. Það er sú stefna, sem átti að vinna að, en það var ekkert loforð í því sambandi, og ég tel, að þó að af því verði ekki, þá hafi stuðningsmenn ríkisstj. ekki svikið neitt í sambandi við málefnasamninginn.

Það er alveg rétt, sem kom fram í ræðu hans og enn fremur sem kom fram í framsöguræðu hæstv. ráðh. um þetta mál, að það eru einstakir þm. t. d. Framsfl., sem eru andvígir þessu frv. Hvað þeir eru margir, skal ósagt látið. En það er ýmislegt, sem ég hef að athuga við allt þetta mál.

Í fyrsta lagi var ég mjög undrandi, þegar ég sá, hvernig n. var skipuð í upphafi. Það voru 5 bankastjórar og einn framkvæmdastjóri, sem áttu að endurskoða og gera till. um banka, sparisjóði og sem sagt alla fjárfestingasjóði og banka, en það var enginn t. d. frá bændum, það var enginn frú útvegsmönnum, enginn frá viðskiptavinum bankanna, og það var enginn frá starfsfólki þessara banka eða bankamannasambandi. Ég hef alltaf haldið, að bankarnir væru ekki fyrst og fremst fyrir bankastjórana, heldur fyrir það fólk, sem þeir eiga að þjóna, og það hljóti að þurfa að hlusta á raddir þess. Því miður virðist, að það sé erfitt að ná eyrum þeirra, sem fara með þessi mál, og ég harma það mjög.

Þegar svo er farið að athuga um hver stefnan er í þessum málum og hver ráði þessari stefnu, sé ég ekki betur en það sé fyrst og fremst einn aðili, sem ræður stefnunni í þessum málum og hefur mótað bæði þetta frv. og í sjálfu sér álit bankamálanefndar. Það er Seðlabankinn, hann einn í sjálfu sér, enda hef ég átt viðræður við þá bankastjóra, sem voru í n., og þeir eru í mörgum atriðum ekki sammála, þótt þeir að vísu skrifuðu undir þetta, það er rétt. En þetta frv., sem hér liggur fyrir, er ekki gundvallað að öllu leyti á áliti bankamálanefndarinnar. En hvernig er með þessa samstarfsnefnd, eins og hún er byggð upp? Það er verið með þessu frv., og þessari stefnu — enda er það stefna Seðlabankans — að auka miðstjórnarvaldið í þessum málum. Er það það, sem við, t. d. dreifbýlismennirnir, höfum stefnt að? Er það þetta?

Það er ýmislegt fleira, sem er stefnt að, þó að þetta sé aðeins eitt skrefið. Það er stefnt að því að fækka sparisjóðunum, að leggja allar innlánsdeildir kaupfélaganna niður. Það er stefnt að því, að það verði aðeins eftir 30 sparisjóðir, þegar er búið að stofna 5—10 sparisjóði upp úr

innlánsdeildunum. Og hvernig á að fara að fækka þessum sparisjóðum og þessum stofnunum? Á að gera það með því að skylda þá til þess að eiga vissa upphæð, 3 eða 5 millj. kr., eigið fé? Það gefur auga leið, að minni sparisjóðirnir í afskekktum byggðarlögum verða fyrstir til að hverfa, ef slík ákvæði væru sett, ekki þeir sparisjóðir, sem mættu helst hverfa, eins og t. d. hjá okkur á Akureyri eða hér í Reykjavík, heldur hinir, sem mega síst leggjast niður að mínum dómi. Á það að vera okkar stefna, sem höfum viljað færa valdið frá Reykjavík út á land, að styðja nú að því að færa þetta vald, fyrst og fremst allt fjármálavald, til Seðlabankans? Ég segi nei, það styð ég aldrei.

Því hefur verið haldið fram, að það, sem verið væri að stefna að, sé til sparnaðar og almenningi hefur verið talin trú um það. Ég man ekki betur en meira að segja Jóhannes Nordal seðlabankastjóri segði í útvarpi eða sjónvarpi, að það væri ekki umtalsverður ávinningur, kannske 10% eða eitthvað, sem hann minntist á, en viðurkenndi svo, að þetta hefði ekki verið kannað, það lægi alls engin könnun fyrir um það, hvort t. d. að sameiningu þessara banka, Útvegsbankans og Búnaðarbankans, væri einhver sparnaður. Ég vil ekkert fullyrða um þetta, hvort það væri hægt að spara eitthvað. En eins og hefur komið fram hjá hv. þm., sem hafa talað hér á undan mér, er það ekki líklegt, miðað við það, að t. d. vinna við Landsbankann um 130 manns fleira en í Búnaðarbankanum og Útvegsbankanum samanlagt. Þó er lítill munur á starfi þessara tveggja banka og Landsbankans, þannig að það er ekki hægt að reikna með því, að um sparnað mundi vera að ræða, enda alveg ósannað mál, hvað t. d. er hæfileg stærð á svona stofnun, til þess að hagkvæmni í rekstri sé sem best. Það er alveg ósannað mál.

Það er fróðlegt að athuga eitt. Það er verið að tala um, hvað þessir afgreiðslustaðir hér á okkar landi séu margir. Við vitum, að við erum fámenn þjóð í nokkuð stóru landi, og það er eðlilegt, að hér yrðu fleiri afgreiðslustaðir en t. d. í öðrum Norðurlöndum, ég tala nú ekki um Danmörku. En hvernig er þetta? Miðað við þær tölur, sem koma fram í bankamálaáætlinu, eru 1410 íbúar á hvern afgreiðslustað í Danmörku og í Finnlandi 1430, en hér eru þeir 1646. Í Noregi eru þeir 1740 og í Svíþjóð um 1930. Ég held, að þessar tölur sýni, að það eru ekki óeðlilega margir afgreiðslustaðir, a. m. k. miðað við það, sem er á Norðurlöndum. Ég vil ekkert um það segja, hvort hægt sé að fækka þessum stöðum eitthvað. Þróunin hefur verið sú t. d. á undanförnum árum, að sparisjóðum hefur fækkað og innlánsdeildum. Það hefur verið þróunin. Og það hefur verið líka þannig á Norðurlöndum. En það á ekki lögþvinga þessa fækkun.

Það hefur komið fram áður, að bændasamtökin eru algerlega á móti þessari stefnu Seðlabankans. Þau eru algerlega á móti því t. d. að leggja niður innlánsdeildir samvinnufélaganna eða að skerða möguleika þeirra á nokkurn hátt. Þau eru á móti því að lögþvinga fækkun á sparisjóðum, og þau eru á móti því að sameina t. d. Búnaðarbankann og Útvegsbankann. Ég gæti lesið hér óteljandi fundarsamþykktir bænda í hinum ýmsu héruðum, en það þjónar engum tilgangi. Ég ætla að láta nægja að lesa aðeins eina. Það er samþykkt, sem var gerð á Búnaðarþingi 1973. Till. var samþ. með 24 shlj. atkv., en eins og hv. alþm. vita, eiga aðeins 25 sæti á Búnaðarþingi. En samþykktin er svona:

„Búnaðarþing beinir því til stjórnar Búnaðarfélags Íslands að fylgjast sem best með þeirri endurskoðun, er nú stendur yfir á löggjöf um starfsemi banka og sparisjóða, og felur henni að beita sér gegn hvers konar aðgerðum, sem líklegar eru til að minnka lánsfé til landbúnaðarins eða skerða ráðstöfunarrétt dreifbýlisins yfir fjármagni því, sem þar myndast. Þingið bendir sérstaklega á nauðsyn þess að vera vel á verði í þessu sambandi, ef um það væri að ræða að breyta stöðu Búnaðarbanka Íslands svo og sparisjóða og innlánsdeilda kaupfélaga.“

Sams konar samþykktir hafa verið gerðar víða um land, í búnaðarsamböndum, á fundum bænda og annars staðar. Svo segir hæstv. viðskrh.: Ég geri mjög lítið úr andstöðunni eða a. m. k. andstöðu bænda í sambandi við þetta mál.

Það hefur verið dreift til þm. ýmsum umsögnum um þetta mál, t. d. frá Sambandi ísl. bankamanna og frá starfsmannafélögum bæði Útvegsbankans og Búnaðarbankans, og eins og hefur komið fram í ræðum hv. þm. á undan mér, eru allir þessir aðilar andvígir þessu frv., sem hér liggur fyrir. Og eftir því sem maður athugar þetta frv. meira, verður maður eiginlega meira undrandi á því, að þetta skuli vera ávöxtur þessa starfs, sem hefur verið lagt mikið í. Við höfum fengið hér tvær þykkar bækur, og hæstv. viðskrh. upplýsti, að þetta væri samið af Seðlabankanum. Það er ekki hægt að sjá annað en þeir starfsmenn Seðlabankans, sem hafa unnið þetta verk, séu alls ekki þeim vanda vaxnir að ganga frá svona frv.

Það þjónar engum tilgangi að tala hér langt mál að þessu sinni. Það kann að vera, að ég tali við 2. umr., ef þetta frv. kemur til 2. umr., sem ég vonast fastlega eftir að verði ekki. En ég vil segja frá því í lokin, að ég er hér með tilbúið frv. um breyt. á l. um Búnaðarbanka Íslands, og ef einhverjir hv. þm., sem hér eru, kynnu að vilja vera meðflm. með mér að athuguðu máli, þá er ég til viðræðu um það mál.

Friðjón Þórðarson: Herra forseti. Mér þykir rétt að láta nokkur orð falla um þetta frv. þegar á þessu stigi málsins, þó að vissulega hafi margt verið sagt rétt um þetta mál, sem varpað hefur ljósi á það, á þessari síðdegisstund, sem það hefur verið rætt hér í hv. Nd. Það má vel vera, að í þeim fáu orðum, sem ég segi hér á eftir, beri ég oftar í munn mér nafn Búnaðarbanka Íslands en Útvegsbankans, en það stafar ekki af því, að ég beri ekki fulla virðingu fyrir Útvegsbankanum og hans starfi, heldur kannske fremur af hinu, að ég hef haft allnáin kynni af starfsemi Búnaðarbanka Íslands s. l. hálfan annan áratug.

Þetta frv., sem hér er til umr., heitir frv. til l. um viðskiptabanka í eigu ríkisins. Það er, eins og hér hefur verið tekið fram, samið og undirbúið af bankamálanefnd, sem skipuð var af hæstv.

viðskrh. í maí 1972. Starf þessarar n. byggist að vissu leyti á stjórnarsáttmálanum og því, sem þar er ákveðið, að endurskoða skuli allt bankakerfið, þ. á m. löggjöf varðandi Seðlabankann og hlutverk hans, og vinna að sameiningu banka og fjárfestingarsjóða.

Þessi n., sem vissulega var skipuð mörgum ágætismönnum, hefur unnið mikið og gott starf á sinn hátt. Hún hóf störf sín með því að afla sér upplýsinga og kynna sér fyrirkomulag þessara mála, einkum á Norðurlöndum. Að þeirri athugun lokinni komst n. að ákveðinni niðurstöðu, sem hún hefur greint frá í áliti sínu, sem er tveir allþykkir doðrantar, sem ýmsir hafa séð og lesið. Þar komust menn m. a. að þeirri niðurstöðu, að bankastarfsemi hér á landi væri óeðlilega fyrirferðarmikil og fyrirferðameiri en erlendis, m. a. á Norðurlöndum. Það þyrfti því nauðsynlega að koma fram einföldun í þessum málum hér á landi og þá einkum með samruna *einnar eða fleiri peningastofnana*.

Alls munu nú vera á landinu 96 innlánsstofnanir, en það er hugsjón nefndarinnar, a. m. k. hefur hún bent á það í sínum ritum, að æskilegt sé, að viðskiptabönkum fækki úr 7 í 4, sparisjóðum og innlánsdeildum úr 88 í 30 og fjárfestingarsjóðum úr 17 í 9. Sé þetta gert, er talið, að aukin hagkvæmni muni nást og minni vinnuaflsnotkun, enn fremur meira öryggi og auðveldara eftirlit. Þá hefur n. lagt á það áherslu, að nauðsynlegt sé nú á tímum, að bankar séu ekki sérhæfðir einstökum atvinnugreinum, heldur alhliða, og mun ég vikja nokkru nánar að því síðar.

Eftir þessar vangaveltur kemst n. þessi að þeirri niðurstöðu, að rétt sé að stefna að fækkun peningastofnana og þá einkum með því að sameina Búnaðarbanka og Útvegsbanka Íslands. Segir nánar um þetta á bls. 10 í aths. við þetta frv. eitthvað á þessa leið:

„Meginniðurstöður n. eru þær, að peninga- og lánastofnanir hérlendis séu miklu fleiri en *hagkvæmt getur talist auk þess sem margar þeirra* séu of smáar til að geta uppfyllt nútímakröfur um alhliða þjónustu við viðskiptaaðila sína og öryggi fyrir innstæðueigendur og aðra kröfuhafa. Leggur n. jafnframt áherslu á nauðsyn þess, að löggjöf, sem varðar starfsemi þessara stofnana, sé endurskoðuð og færð í nútímalegt horf. Telur n. allt benda til víðtæks samkomulags um meginmarkmið, sem stefna beri að í þessum efnum, þ. e. a. s. samruna peninga- og lánastofnana í stærri og virkari heildir og einföldun bankakerfisins innan ramma heilsteyptrar löggjafar."

Og einhvers staðar í skrifum n. er sagt frá því, að í raun og veru sé öll bankamálalöggjöf, þ. e. öll löggjöf varðandi banka og starfsemi þeirra, mjög ófullkomin hér á landi, nema löggjöfin um Seðlabankann, nr. 10 frá 1961, sem nokkurn veginn fullnægi kröfum tímans, að manni skilst.

Síðan ræðir n. nokkuð um sameiningu Búnaðar- og Útvegsbankans og bregður upp eftirfarandi mynd: „Sameinaði bankinn, eins og hann er nefndur, yrði banki, sem í fyrsta lagi nálgaðist Landsbankann að stærð, í öðru lagi hefði mjög svipaða dreifingu útlána á atvinnuvegi og aðra lánaaðila og Landsbankinn, í þriðja lagi hefði afgreiðsluaðstöðu í öllum landshlutum mjög til jafns við Landsbankann og í fjórða lagi tæki við gjaldeyrisréttindum af Útvegsbankanum. Með sameinaða bankanum og Landsbankanum yrði m. ö. o. mjög mikið jafnræði hvað snertir stærð, viðskiptadreifingu og viðskiptaaðstöðu, og yrðu það vissulega miklir kostir á þessari leið."

Þarna á Búnaðarbanki Íslands að fá allt í einu hin langþráðu gjaldeyrisréttindi á silfurfati.

Það er kannske ástæðulaust á þessu stigi málsins að fara mjög ítarlega yfir frv. sjálft, enda hefur hv. 3. þm. Norðurl. e. sagt nú alveg rétt á undan mér, að hann óski eftir því, að frv. þetta kafni í fæðingunni, þ. e. a. s. komist aldrei til 2. umr. Ég mun nú, m. a. með hliðsjón af þessu, fara mjög lauslega yfir frv. sjálft, en það skiptist í nokkra kafla.

Í I. kaflanum eru almenn ákvæði.

Í II. kaflanum eru ákvæði um stjórn bankanna. Þar vil ég vekja athygli á einu ákvæði í 7. gr. Þar segir, að yfirstjórn *ríkisviðskiptabanka* sé í höndum ráðh. þess, sem fer með bankamál, og bankaráðs, svo sem fyrir er mælt í lögum þessum. Þrátt fyrir ákvæði 1. mgr. hefur ráðh. sá, sem fer með landbúnaðarmál, yfirstjórn veðdeildar Búnaðarbankans og Stofnlánadeildar landbúnaðarins. Að undanförnu hefur það verið svo, að æðsti yfirmaður Búnaðarbanka Íslands hefur verið hæstv. landbrh. Nú á að breyta um tilhögun í þessu efni, þannig að það á að vera einn og sami bankamrh. yfir öllum bönkum og peningastofnunum, en hins vegar á landbrh. að hafa á hendi einhverja yfirstjórn veðdeildar Búnaðarbankans og Stofnlánadeildar landbúnaðarins. Ég held, að velunnarar Búnaðarbankans hnjóti um þetta atriði að því leyti, að þeir hafa jafnan lagt ríka áherslu á það, að Stofnlánadeild landbúnaðarins og veðdeildin séu tvær af meginstoðum og frumgreinum Búnaðarbankans og það megi með engu móti raska því skipulagi, sem verið hefur að undanförnu, að sami maður fari með æðstu yfirstjórn bæði veðdeildar, Stofnlánadeildar *og Búnaðarbankans í heild*.

Í III. kafla er rætt um samstarfsnefnd, sem hv. 3. þm. Norðurl. e. taldi vera til þess að auka miðstjórnarvald í þessum efnum. Það er að vísu alveg nauðsynlegt, að ríkisviðskiptabankirnir 3 hafi visst og allnáið samstarf sín á milli. Mér finnst, að samkeppni af hálfu viðskiptabanka ríkisins sé óæskileg, nema að vissu marki, og það er sannleikur, að stundum hafa viðskiptabankar ríkisins gengið of langt í samkeppni hver við annan. Ég álít, að slíkt megi ekki eiga sér stað nema í fullu hófi og aðeins að vissu marki.

Ég sé ekki ástæðu til að rekja öllu fleiri ákvæði þessa frv., en aðeins ítreka það, sem hv. 5. þm. Reykv. *benti á í dag*, að það virðist eiga að hafa hraðann á um það að koma þessu frv. í kring, þar sem allt á að vera komið í góðan farveg, fínt og pússað, að morgni þriðjudagsins 1. október 1974, en þá á að vera búið að velja nýtt bankaráð og bankastjóra og viðskipti eiga að geta hafist að morgni 1. okt., án þess að miklu fleira þurfi að athuga.

Svo sem kunnugt er, tók Búnaðarbanki Íslands til starfa 1. júlí árið 1930. Ég er ekki nákunnugur því, hvernig umr. var hagað um það mál á hv.

Alþ., en þó hygg ég, að frv. hafi haft almennt fylgi hv. alþm. á þeirri tíð. Tryggvi Þórhallsson, forsrh. og atvinnumálaráðh. fylgdi frv. úr hlaði og kvað einkum þrjár ástæður fyrir því, að það væri borið fram. Landbúnaðurinn hefði orðið afskiptur, hvað snertir rekstrarfé frá bönkunum. Landbúnaður og sjávarútvegur væru ólíkir í eðli sínu og hefðu mjög ólíkan rétt til lánskjara af þeim sökum. Loks væri sporið þegar stigið að nokkru, þar eð til væru tvær stofnanir, sem væru liður í lánakerfi landbúnaðarins, ræktunarsjóður og byggingar- og landnámssjóður, sem tekið hafði til starfa í ársbyrjun 1929. Hitt er svo einnig vitað, að Búnaðarbankinn hefur þróast mjög ört á undanförnum árum. Heildarinnstæður hans s. l. áramót námu 5 600 millj., bundið fé í Seðlabankanum tæpum 1200 millj. og innstæða á viðskiptareikningi um hálfum milljarði.

Útibú frá Búnaðarbanka Íslands eru nú 10 víðs vegar um land og að auki 4 umboðsskrifstofur. Ég vek athygli á því hér, þó að ég víki kannske aðeins að því nánar síðar, að leyfi Seðlabankans þarf að sjálfsögðu til að setja á fót, hvort heldur um er að ræða útibú eða umboðsskrifstofu. Vegna þess, hvað bankamálanefnd og æðstu ráðamenn bankamála um þessar mundir leggja mikla áherslu á að fækka lánastofnunum, skal þess getið, að einmitt í sambandi við stofnun útibúa Búnaðarbanka Íslands til þess að veita fólkinu úti á landi aukna þjónustu — og sé litið á Búnaðarbankann sem eina heild, eins og ég tel rétt, þá hefur lánastofnunum, sparisjóðum, innlánsdeildum og öðrum, fækkað um 13 á s. l. 10 árum eða svo. Þetta ætti þó a. m. k. að vera í anda bankamn.

Þess er raunar óþarft að geta, að Búnaðarbanki Íslands er fyrir löngu orðinn alhliða viðskiptabanki, sem lánar ekki eingöngu til landbúnaðar og viðskipta eins og hæstv. viðskrh. lét orð falla um hér áðan, heldur til þess að sinna þörfum þeirra, sem til hans leita. Þetta kemur ekki glöggt í ljós hér í Rvík, en það kemur mjög skýrt fram á ýmsum stöðum úti um land, þar sem Búnaðarbankinn rekur útibú og sinnir þar í vaxandi mæli öllum þörfum viðkomandi byggðarlags. Og hæstv. viðskrh. má vita, að það er svo með útibúin yfirleitt, að þau sinna orðið viðfangsefnum á sínu svæði. Og það er ýmislegt gert til þess að ýta undir þessa þróun. Ég hygg, að ef maður ofan af Akranesi kemur og ætlar að slá sér víxil í einhverjum banka hér í Rvík, þá sé honum góðfúslega bent á, að Landsbanki Íslands hafi útibú á Akranesi. Einnig er það svo með Stykkishólm, að það þýðir orðið lítið fyrir mann, sem á heima í Stykkishólmi, að ætla sér að biðja um lán í banka í Rvík. Hann fær þau svör, að í Stykkishólmi reki Búnaðarbankinn útibú og þangað geti hann farið.

Nei, ég held, að Búnaðarbanki Íslands hafi aldrei skorast undan að bera réttlátar byrðar í þágu þjóðfélagsins. Hins vegar hefur oft verið vakin athygli á því, að í okkar þjóðfélagi teljum við yfirleitt sanngjarnt, að réttindi og skyldur fylgist að. Og við höfum oft vikið að því á undanförnum árum, að Búnaðarbankinn er skör neðar settur en aðrir ríkisbankar að því leyti, að hann hefur ekki gjaldeyrisréttindi. Hann hefur ekki full réttindi á við aðra ríkisbanka. Því mætti þó e. t. v. orða það, að hann ætti í samræmi við það ekki að bera fyllstu skyldur á borð við hina bankana.

Á þessu stigi ætla ég ekki að halda mjög langa tölu. En vil leyfa mér að mæla nokkur varnaðarorð eða hafa yfir nokkur varnaðarorð, ekki eingöngu frá sjálfum mér, heldur frá öðrum aðilum, sem hafa látið uppi álit sitt á þessu máli. Þó að hv. 1. þm. Sunnl. viki nokkuð ítarlega að áliti bankamn. áðan og læsi ýmislegt upp úr hennar fórum, leyfi ég mér að víkja að einni tilvitnun eða svo úr skrifum bankamn., sem sýnir og sannar mjög ljóslega, að bankamn. sjálf varar líka við þessu máli og of miklum flýti og flaustri í sambandi við að ráða því til til hlunns. Hv. n. segir á einum stað:

„Eigi að stefna að einföldun og samruna innan bankakerfisins, er n. þeirrar skoðunar, að nauðsynlegt sé að taka alla þætti þess til endurskoðunar. Fækkun ríkisbankanna einna mundi ná aðeins takmörkuðum árangri, ef ekki fylgdi á eftir fækkun hlutafélagsbankanna og samruni sparisjóða og innlánsdeilda í stærri og starfhæfari heildir. Einnig er mjög mikil þörf á heildarendurskipulagningu fjárfestingarlánakerfisins."

Og síðar segir n:

„Þótt n. sé þeirrar skoðunar, að stefna beri að verulegum samruna innan bankakerfisins og fækkun stofnana, vill hún eindregið vara við því, að þeirri stefnu verði framfylgt án tillits til þeirra sögulegu og félagslegu sjónarmiða, sem mótað hafa þróun þessara mála hingað til. Af þessum og öðrum rökum hefur n. orðið ljóst, að samruni bankastofnana og einföldun fjármálakerfisins er stefna, sem framkvæma verður með fullri gát og á hæfilega löngum tíma. Í þessu efni verður að eiga sér stað þróun fremur en bylting, ef ekki eiga að koma upp alvarleg vandræði og andstaða, sem gera mundi allar slíkar fyrirætlanir að engu. Sannleikurinn er sá, að hver stofnun á sér djúpar rætur í þeim jarðvegi, sem hún er sprottin úr."

Þetta voru örfá orð úr áliti bankamn., og ég hygg, að hver sem les þau sé ekki í neinum vafa um, hvert nm. eru að fara.

Það var vikið að því hér áðan í ræðum fyrri ræðumanna, að það hefði verið haft lítið samráð við starfsmannafélög bankanna í þessu efni, frv. þetta væri samið svo að segja af eintómum bankastjórum, en síður en svo leitað álits hinnar vinnandi stéttar í bönkunum, sem er allfjölmenn — í árslok 1971 var talið, að starfsfólk Búnaðarbanka Íslands væri alls 184, en í Útvegsbankanum 225, *ef ég man rétt. En á síðustu dögum* hefur a. m. k. Starfsmannafélag Búnaðarbanka Íslands fengið tækifæri til að kynna sér frv. þetta nokkuð og hefur látið álitsgerð og aths. um málið frá sér fara. Væri sannarlega ástæða til þess að vitna nokkuð í það álit, en ég held, að ég geti sparað mér það að mestu leyti, þar sem hv. 5. þm. Reykv. vék nokkuð ítarlega að því máli hér í dag. En þó vildi ég mega lesa upp eina eða tvær setningar úr þessu áliti, t. d. eins og þessa:

„Stjórn Starfsmannafélags Búnaðarbanka Íslands gerir sér fulla grein fyrir nauðsyn endur-

skoðunar á bankakerfinu og þar með samningu nýrrar og betri löggjafar um viðskiptabanka í eigu ríkisins, en harmar jafnframt þau mistök, sem orðið hafa við undirbúning þessa frv."

Og á öðrum stað segir, að stjórn Starfsmannafélags Búnaðarbankans sé hlynnt þeirri meginstefnu, að vinna beri að fækkun viðskiptabanka. Til að hægt sé að taka málefnalega afstöðu til sameiningar banka, álíti stjórnin hins vegar, að byggja verði á niðurstöðum viðtækra hlutlægra (objektivra) athugana á fjölmörgum þáttum, t.d. rekstrarhagkvæmni. Sú undirbúningsvinna hefur ekki enn verið unnin, svo að vitað sé. Þess vegna er stjórnin nú andvíg þeirri sameiningu Búnaðarbankans og Útvegsbankans, sem frv. viðskrn. gerir ráð fyrir, því að þar fyrirhuguð sameining þessara banka er ekki byggð á rökstuddum niðurstöðum nauðsynlegra rannsókna.

Og þar er einnig bent á það, sem full ástæða er til að ítreka í þessu máli, að leggja verður ríka áherslu á, að það eru enn sterkari rök fyrir því að sameina hlutafélagsbanka en ríkisbanka, þegar af þeirri ástæðu, sem mjög er hampað í áliti bankamn., að hlutafélagsbankarnir eru verulega minni rekstrareiningar en ríkisbankarnir.

Ég minntist hér áðan á III. kafla frv., sem fjallar um starfsn. bankanna, og taldi æskilegt, að ríkisbankarnir hefðu nokkurt samstarf sín á milli. Það er einnig bent á það í þessu áliti Starfsmannafélags Búnaðarbankans, að það sé hægt að vinna saman, án þess að um algera sameiningu sé að ræða. Þar er nefnt eitt dæmi, það er hin svokallaða Reiknistofa bankanna. Hún verður sameiginleg og alhliða bókunarmiðstöð allra viðskiptabankanna og Seðlabankans, stofnuð með samningum þeirra á milli án frumkvæðis eða þvingunar stjórnvalda. En síðasta setningin í áliti Starfsmannafélags Búnaðarbanka Íslands er sú, að nægar forsendur fyrir framlagningu frv. í þessari gerð séu ekki fyrir hendi að svo komnu.

Hv. 3. þm. Norðurl. e. vék nokkuð að afstöðu bænda og bændasamtaka til þessa frv. eða þess anda, sem þar svífur yfir vötnunum. Hann las m.a. upp ályktun Búnaðarþings frá 1973. Þarf ég ekki að endurtaka þau orð hans. Og einnig gat hann um ýmsar samþykktir, sem hafa verið gerðar hér og hvar um landið og stefna í sömu átt. Mér er enn fremur kunnugt um, að hjá Stéttarsambandi bænda hefur þetta mál verið rætt, þó að sennilega hafi engin ályktun verið gerð um það enn þá. En það er fullljóst, að þau bændasamtök eru einnig vakandi í þessum efnum. Og ég fagna því, að við skulum að þessu leyti vera í sama báti, ég og hv. 3. þm. Norðurl. e. Við erum alls ekki nærri því alltaf á öndverðum meiði.

Hæstv. viðskrh. rakti aðdraganda frv. í ræðu sinni hér í dag, og að sjálfsögðu var ræða hans og afstaða allmjög mótuð af vissum viðhorfum úr áliti bankamn. Hann benti m.a. á það, þegar fór að líða undir lok ræðunnar, að gjaldeyrisréttindi væru ekki látandi í hendur á banka, nema hann ræki nokkuð alhliða bankastarfsemi. Í því sambandi gat hann þess, að Búnaðarbankinn lánaði einkum til landbúnaðar og viðskipta. Ég vil ítreka það, sem ég áðan sagði, að Búnaðarbanki Íslands er fyrir löngu orðinn alhliða banki, sem rekur alhliða bankastarfsemi.

Þá taldi hæstv. ráðh. auðveldara að skipuleggja útibúakerfið, ef ríkisbönkum fækkaði. Má vera, að þetta sé rétt, a.m.k. að vissu marki. En ég vek athygli á því, sem ég áðan sagði, að hingað til hefur ekki verið leyfilegt að setja á fót útibú eða umboðsskrifstofu frá banka nema með leyfi Seðlabanka Íslands. Og ég vona, að mér sé óhætt að segja, þrátt fyrir orð hv. 3. landsk. þm., að hæstv. viðskrh. sé æðsti yfirmaður Seðlabankans. En þegar leið að lokaorðum hæstv. ráðh., fór hann að slá svolítið betur í, m.a. sagði hann, að því er mér skildist, að í raun og veru væru allar mótbárur við þetta frv. eða þessa stefnu hæstv. ríkisstj. léttvægar og haldlitlar, — allar mótbárur léttvægar og haldlitlar, — og það lægi alveg í augum uppi, að hinn sameinaði banki gæti þjónað landbúnaðinum miklu betur en Búnaðarbankinn gerði í dag. Það má vera, að hæstv. ráðh. geti fært þessum orðum sínum stað. Til marks um þann glundroða, sem ríkti í þessum efnum, eða a.m.k. gæti orðið, nefndi hæstv. ráðh. Snæfellsnes og vakti athygli á, hvílíkt skipulagsleysi og glundroði gæti skapast þar, ef aðrir viðskiptabankar færu nú á stúfana og reistu þar útibú, en þau væru þegar fyrir, a.m.k. Búnaðarbankinn, Samvinnubankinn og eitthvað af sparisjóðum. Ég veit, að nauðsyn er á vissu skipulagi í þessum málum, og þar er Seðlabankinn sá, sem valdið hefur. Og ég veit, að ef Seðlabankinn leyfir, þá er auðvitað hægt að planta útibúum frá bönkum um allt Snæfellsnes, eins og t.d. er verið að gera á Norðfirði, að því er mér er sagt. Þar hefur Landsbanki Íslands nýlega sett upp útibú við hliðina á gamalgrónum sparisjóði, að mér skilst, án nokkurrar samvinnu við hann. Hingað til höfum við í Búnaðarbankanum ekki talið þetta til fyrirmyndar. Við höfum yfirleitt aldrei viljað mæla með því, að setja á stofn útibú frá Búnaðarbankanum við hliðina á annarri peningastofnun úti um byggðir landsins, sem leiða mundi til óæskilegrar samkeppni. En þetta er, hæstv. ráðh., alveg hægt að koma í veg fyrir, ef Seðlabankinn er látinn beita þessu valdi sínu af viti og skynsemi.

Af þessum orðum mínum og annarra, sem ég hef hér haft yfir, má ljóst vera, að ég tel ókannað og ósannað, hvort sú sameining Búnaðar- og Útvegsbankans, sem rætt er um í þessu frv., leiði til aukins sparnaðar og rekstrarhagkvæmni. Ég tel eins og fleiri miklu frekari rannsókna þörf. Það er rétt, að æskilegt er að skipuleggja þessi mál að vissu marki og tvímælalaust rétt að koma í veg fyrir óæskilega samkeppni banka, einkum viðskiptabanka ríkisins.

Það hefur verið rætt af öðrum en mér, hversu mörg og mikil vandamál rísa í sambandi við starfsfólk tveggja stórra banka, sem sameinaðir eru, og þarf ég ekki að víkja nánar að þeim efnum, það hlýtur að liggja í augum uppi. Og ég tel, að þetta mál verði allt að skoða mjög vel, áður en breytingar eru gerðar. Þess vegna álít ég ekki með nokkru móti unnt að mæla með samþykkt þessa frv. nú. Það þarf að kryfja marga þætti þess mun betur til mergjar. Og það er frá-

leitt að leggja út í slíka sameiningu, nema að sýnt verði fram á augljósan ávinning, meiri sparnað, bætta þjónustu og aukið hagræði í hvívetna í þessum málum.

Sverrir Hermannsson: Herra forseti. Ég hef ekki mörgum orðum við þær umr. að bæta, sem hér hafa farið fram. Í öllum ræðum manna, sem hér hafa tekið til máls, fyrir utan hæstv. viðskrh., hefur það komið fram, hversu fráleit tillögugerð hér er á ferðinni.

Hv. 3. þm. Norðurl. e. vitnaði til málefnasamnings hæstv. ríkisstj. og þess atriðis hans, þar sem rætt er um endurskoðun á bankakerfinu, og þar stendur orðrétt, með leyfi hæstv. forseta, — það er eins og segir í upphafi:

Stefna ríkisstj.: „að endurskoða allt bankakerfið, þ. á m. löggjöf varðandi Seðlabankann og hlutverk hans, og vinna að sameiningu banka og fjárfestingarsjóða."

Hv. þm. telur það hreint ekki að fara neitt á svig við þennan málefnasamning, þótt ekkert af þessu hafi verið framkvæmt, en heldur því fram, að við málefnasamninginn sé fullkomlega staðið, ef í þessu verði grautað og ekkert af því framkvæmt. Þetta gefur vissulega skýringu á nokkuð mörgum öðrum mikilvægum atriðum í þessum fræga stjórnarsáttmála, því að ég skil vel, að hv. stjórnarsinnar séu hinir rólegustu, ef þeir líta svo á, að þeir hafi fullkomlega staðið við sinn málefnasamning, ef þeir hafi unnið að einhverjum málefnum, grautað í þeim, eins og ég kalla, án þess að neitt sé framkvæmt. Og ég tel þetta, eins og ég segi, nýjan skilning á öllum þessum fræga málatilbúnaði

Í framhaldi af þessu ákvæði málefnasamningsins skipaði hæstv. viðskrh. n. manna til þess að endurskoða bankakerfið, og það vakti vissulega undrun manna, með hvaða hætti staðið var að skipan þeirrar n., vegna þess að í henni áttu sæti svo til alfarið allir höfundar núv. kerfis bankamálanna með sjálfan dr. Jóhannes Nordal í fararbroddi, sem setið hefur sem könguló í þeim vef um árabil, enda var þessi bankamn. ekki lengi að komast að þeirri niðurstöðu, að ekkert þyrfti að endurskoða varðandi valdsvið Seðlabankans sjálfs. Og við því ætlar hæstv. viðskrh. sennilega að taka, enda þótt fram hafi komið, að hann hafi mjög mátt þjást undan ofríki þessarar stofnunar, Seðlabankans sjálfs. Má ég minna á það, að hann stóð hér upp á hinu háa Alþ. s. l. haust og lýsti því yfir, að hann hefði verið beittur ofbeldi og þvingunum, með því að Seðlabankinn hefði ákveðið hækkun útlánsvaxta í andstöðu við sjálfan hæstv. bankamrh. Og hann varð að láta sér það lynda, að hann kæmi ekki neinum vörnum við, þegar þeir byrjuðu á stórframkvæmdum á Arnarhólnum með þeim ósköpum, að hann varð að sitja við vinnu sína með eyrnaskjól. Því fór víðs fjarri, hann varð að beygja sig fyrir ofríki þessarar stofnunar. Samt sem áður tekur hann það sem góða og gilda vöru, að ekkert þurfi að endurskoða varðandi valdsvið þessarar stofnunar, hafði þó í stjórnarandstöðu áður kvartað mjög sárlega yfir því ofurvaldi, sem þessari stofnun væri falið.

Það er alveg ljóst, að þetta frv., sem liggur hér fyrir til umr., er í engu samræmi við það álit, sem frá bankamn. kom. Í mjög veigamiklum atriðum er það alls ekkert í samræmi við það. Má ég m. a. benda á það, að það er álit bankamn. t. d., að eðlilegt sé, að viðskiptabankarnir séu allt upp í 4. Hvað er verið að gera með þessu frv? Menn tala um, að það sé einvörðungu verið að sameina Búnaðarbankann og Útvegsbankann í einn Útbúnaðarbanka. Ég er á annarri skoðun. Ég er á þeirri skoðun, að það sé verið að sameina Landsbankann, Búnaðarbankann og Útvegsbankann í eina ríkisbankaeinokun. Og það byggi ég sér í lagi á III. kafla þessa frv., sem er alveg nýr og nýmæli, og var hreint ekkert um slíkt fyrirkomulag getið í áliti bankamn.

Hvert er hlutverk samstarfsnefndar, sem þarna á að koma til? Við skulum athuga það aðeins nánar. Segir svo í 19. gr., með leyfi hæstv. forseta:

„Ríkisviðskiptabankarnir skulu hafa sín á milli náið samstarf, er miðar að því að tryggja sem mesta rekstrarhagkvæmni og eðlilega verkaskiptingu þeirra á milli. Setja skal á stofn sérstaka samstarfsnefnd, er hafi það að markmiði að samræma starfsemi ríkisviðskiptabankanna, svo sem nánar er fyrir mælt í l. þessum. Samstarfsnefndina skipa 5 menn. Ríkisviðskiptabankarnir skipa 2 nefndarmenn hvor og Seðlabankinn 1. Ráðh. skipar einn nefndarmanna formann."

Síðan er í 20. gr. fjallað um verksvið þessarar nefndar, sem er rakið út í hörgul og sýnir, að hér er ný yfirbankastjórn á ferðinni. Það bögglaðist dálítið fyrir hv. 1. þm. Sunnl., að honum virtist samkv. þessu frv., að bankaráðsmönnum mundi fækka um 3, vegna þess að í gömlu bönkunum tveimur eru 10, en gert er ráð fyrir 7 í nýja Útbúnaðarbankanum. En það kemur í ljós, að þeir eru 12 og þar af 5 alveg spánýir stóryfirbankaráðsmenn, sem eiga að vera í þessari frægu samstarfsnefnd. Dettur nokkrum lifandi manni í hug, að hún eigi að vera kauplaus? Hún á auðvitað að vera á tvöföldum launum. Hér er sem sagt verið að efna til þess, að ríkisviðskiptabankarnir verði ríkisbankaeinokun í landinu. Það er alveg augljóst mál.

Tímans vegna ætla ég ekki að rekja efni 20. gr., en ég bendi mönnum alveg sérstaklega á að kynna sér það, vegna þess að þar er alveg greinilegt, hvað er á ferðinni. Ýmsir viðskiptavinir núv. Útvegsbanka og Búnaðarbanka mundu ekki láta sjálfviljugir draga sig inn í þessa nýju samsteypu, það get ég fullyrt, og ég er í aðstöðu til að fullyrða það, nema af því að til kemur yfirbankaráð ríkisviðskiptabankanna, þar sem verður náið samstarf um alla hluti, og það verður að því gáð, að viðskiptavinir gömlu bankanna, Búnaðarbankans og Útvegsbankans, muni ekki ná vopnum sínum hjá hinum aðalríkisviðskiptabankanum. Þar verður allt niðurnjörfað. Þetta er svo ljóst semverða má, og ég skil ekkert í því, að menn skuli ekki hafa hnotið um þetta. Að vísu tók hv. 3. þm. Norðurl. e. það fram, og hv. 4. þm. Vesturl. tók undir það, að ljóst væri, að hér væri stefnt að meira miðstjórnarvaldi. Það þarf ekki að fara í grafgötur um það, að það er meir en svo. Hér er verið að setja þetta allt undir einn hatt. Þetta er engin lausleg viðræðunefnd, sem þarna á að vera að störfum. Hér er

um yfirbankaráð að tefla, sem tekur allt til hinnar nákvæmustu athugunar.

Hæstv. viðskrh. gat þess, að þetta væri þáttur í því að auka þjónustu bankanna við atvinnulífið. Það er alveg nýtt, ef einhver ríkiseinokun verður til þess að auka þjónustu við einn eða annan í þjóðfélaginu. Aldagömul reynsla sýnir allt annað.

Þetta var annað aðalatriðið, varðandi þjónustuna. Varðandi sparnaðinn liggur ekkert fyrir, eins og margoft hefur verið tekið fram hér í umr., að nokkur sparnaður verði að þessu, nema síður sé. Og það hlýtur að vekja athygli, að Landsbanki Íslands, sem er rétt aðeins stærri en þessir bankar sameinaðir, skuli hafa á annað hundrað manns fleira í þjónustu sinni heldur en þessir bankar til samans. Skyldi ekki geta verið, að þarna sé Parkinsons-lögmálið fræga á ferðinni? Ég á helst von á því, en það hefur þó ekki verið rannsakað. Það hefur ekkert verið rannsakað í þessu efni. Ég á helst von á því, að um stóraukið starfsmannahald yrði að tefla, þegar farið yrði að brjótast í að reyna þessa sameiningu, sem ein út af fyrir sig kemur til með að kosta stórfé.

Síðasta atriðið, sem ég ætlaði að vekja athygli á, verður till. um að efla eiginfjárstöðu þessara banka. Þessa hafði verið getið í áliti bankamn., og þar voru nefndar einar 700 millj. kr. Hér eru nefndar 400 millj. kr., og það er einn liðurinn í sparnaðaráætlun þessarar hæstv. ríkisstj. að veita 400 millj. úr ríkiskassanum inn í bankakerfið. Það eru dálítið undarlegar sparnaðarráðstafanir, sem þessi hæstv. ríkisstj. hefur í frammi. En Seðlabankinn á að snara þessu út, segja þeir. En mér er spurn: Vaxa seðlar á trjánum í Seðlabankanum? Ég hélt og sér í lagi á verðbólgutímum, að þá væri aðalatriðið að lána ekki út annað fé en það, sem sparast. Hér á að taka til 400 millj. kr., og þeim á að dæla út í fársjúkar fjármálaæðar efnahagskerfisins. Þetta stangast á við allar hagfræðikenningar, sem hafa verið uppi fyrr og síðar, líka þar sem miðstjórnarvaldið er miklu sterkara en hér, og hæstv. viðskrh. hefur sjálfsagt kynnt sér. Hér er öfugt að farið vitaskuld. Hér er ekki hugsað fyrir neinu. En við vitum samt, af hvaða ástæðum þetta frv. er hér allt í einu komið fram. Auðvitað hefur hæstv. viðskrh. og hæstv. ríkisstj., sem ég einu sinni veit ekki, hvort stendur að þessu, fyrir utan hæstv. viðskrh., — auðvitað hefur hún séð það, sem segir í áliti bankamn., að hér megi ekki rasa að neinu, slík sameining, ef hún eigi að fara fram, kosti miklar rannsóknir og áralangan undirbúning. Auðvitað hefur hún séð þetta allt saman. Allt er þetta sprottið af áflogum, sem stóðu yfir og öll þjóðin horfði hlæjandi á hér á hausti liðnu, þegar það bögglaðist fyrir hæstv. viðskrh. að koma sínum manni, eins og það heitir, í bankastjórastöðu hjá Búnaðarbanka Íslands. Þetta vita allir menn. Hann fékk að vísu hefnd, þar sem hann kom honum inn í sjálfan Seðlabankann. Kannske hann verði ekki beittur í framtíðinni jafnmiklu ofríki af hálfu þeirrar stofnunar og hingað til, eins og hann hefur sárlega kvartað undan hér í sölum Alþingis. En allt að einu hafði hann óskað eftir því sárlega að eiga hann í viðskiptabankanum sjálfum, en fékk því ekki framgengt. Þá var rokið upp til handa og fóta og þetta frv. samið. Það komu fréttir hingað strax og það lá fyrir, að þessi fóstursonur hæstv. viðskrh. kæmist ekki í bankastjórastöðuna í Búnaðarbankanum, að þá mundi verða sett hér fram frv., þar sem heldur betur yrði tekið til höndunum. Þeir skyldu vara sig, þeir menn, sem fyrir því höfðu staðið, að hann náði ekki vopnum sínum í þessu sínu langþráða baráttumáli og hagsmunamáli þjóðarinnar náttúrlega um leið, eins og hv. 3. landsk. hefur svo fagurlega lýst, fyrrv. flokksbróðir hæstv. viðskrh.

Að sinni ætla ég ekki að orðlengja um þetta mál. Ég geri ekki ráð fyrir því að fá tækifæri til að tala um það meir, því að vitaskuld kemur málið aldrei aftur úr n., ekki nema til þess að afgreiða þá með rökstuddri dagskrá og taka fyrir einhver þjóðþrifamál, en ekki slíkt frv.-ræksni, eins og hæstv. forseti, sem nú situr, hefur réttilega nefnt svo.

Umr. frestað.

Efri deild, 91. fundur.

Fimmtudaginn 28. mars, kl. 3 síðdegis.

Lántökuheimild fyrir ríkissjóð, frv. (þskj. 596).

Of skammt var liðið frá 3. umr. í Nd. — Afbrigði samþ. með 13 shlj. atkv.

Fjmrh. (Halldór E. Sigurðsson): Herra forseti. Á þskj. 596 er frv. til l. um lántökuheimild fyrir ríkissjóð. Ástæðan til þess, að þetta frv. er flutt, er sú, sem ég gerði grein fyrir í hv. Sþ. vegna svars við fsp. fyrir tveim dögum, en lántakan er bundin við sölu á ríkisskuldabréfum að fjárhæð allt að 600 millj. kr. vegna jarðeldanna í Vestmannaeyjum.

Um síðustu áramót eða fyrir þau kom upp sú hugmynd hjá Seðlabanka Íslands, að rétt væri að selja bætur þær, sem húseigendur í Vestmannaeyjum fengju fyrir hús sín sem verðtryggð skuldabréf, sem þeir keyptu til þess að halda þessum verðmætum sínum í samræmi við hreyfingu á verðlagi hér innanlands. Það fór svo, að þetta frv. var ekki fram borið fyrir síðustu áramót. Ég hafði þá rætt við formenn þingflokka stjórnarandstöðunnar um þetta mál og hafði hugsað mér að bera það upp þá einmitt. En það drukknaði í þeim önnum, sem Alþ. átti í seinni hluta desembermánaðar.

Í jan. sendi ríkisstj., eða fjmrh. og fjmrn., Viðlagasjóði bréf til þess að spyrja um, hvernig með bæturnar skyldi farið, hvort ríkissjóður ætti einn að greiða þær, eða til kæmi það, að Viðlagasjóður tæki að sér greiðslurnar. Formlegt svar barst ekki frá Viðlagasjóði við þessu bréfi. Hins vegar lét form. stjórnar Viðlagasjóðs það álit í ljós við mig, að þetta mál væri ekki orðið eins mikið nauðsynjamál og talið hefði verið á s.l. hausti, og ég gat ekki skilið það á annan veg en áhugi sá, sem fyrir þessum verðtryggðu bréfum væri, væri þá liðinn hjá. Hins vegar hefur

bæjarstjórinn í Vestmannaeyjum rætt þetta mál við mig síðar og gerði það nú fyrir stuttu, þar sem hann lýsti áhyggjum sínum yfir því, ef þetta frv. yrði ekki fram borið, að þá mundi verða hætta á því, að þeir fjármunir, sem þeir fengju sem bætur fengju greiddar, yrðu notaðar til þess að kaupa hús hér eða annars staðar utan Vestmannaeyja, en ekki í hinum raunverulega tilgangi að byggja Vestmanneyjar upp aftur. Ég skýrði honum málavexti og hvað hefði valdið því, að ekki hefði orðið af framkvæmd þessari, því að það liggur í augum uppi, að útgjöld verða vegna þessa máls, og ég hefði talið, að eðlilegt væri að skipta þeim að einhverju leyti.

Eftir nokkrar umr. um þetta mál varð niðurstaðan, að út í þetta skyldi farið, enda mætti gera ráð fyrir, að einhverjar tekjur kæmu upp í þessa fjárhæð vegna vaxtamismunar, sem væri á höfuðstólnum, þegar hann lægi á bankareikningi, og þeim bótum, sem væru greiddar í vöxtum, því að aðalbæturnar væru verðbætur. Það varð því niðurstaða mín að fara með málið í ríkisstj. og óska eftir heimild til þess að mega leggja fyrir Alþ. þetta frv. til þess að tryggja, að þessir fjármunir yrðu til þess, að byggt yrði upp í Vestmannaeyjum aftur, enda er það ákvæði bundið í lögum, og þetta kemur því aðeins til greiðslu með verðtryggingu, að það verði notað til húsbygginga í Vestmannaeyjum, og fyrsta útborgun kæmi til, þegar fyrir lægi fokheldisvottorð viðkomandi eiganda fjáreignarinnar.

Í öðru lagi hefði þetta þau áhrif að draga úr þenslu einmitt á því sviði hér, á höfuðborgarsvæðinu, því að einmitt Vestmannaeyjagosið og þeir fjármunir, sem fóru til kaupa á fasteignum á því svæði á s.l. ári, höfðu hér slík áhrif að auka mjög á þenslu og verðlag fasteigna. Enda þótt það sé ljóst, að ríkissjóður verði á tímabilinu að greiða einhverja fjármuni, — hversu miklir þeir kunna að verða er ekki hægt að segja á þessu stigi, — mundu þeir á þessu ári ekki verða neitt, sem teljandi væri, og þeir gætu dreifst á allt að fimm ár, þá var álit ríkisstj., að réttmætt væri, til þess að styðja byggð í Vestmannaeyjum, að verða við þeirri ósk að flytja þetta frv.

Um þetta mál hefur orðið algjör samstaða í hv. Nd., og vegna þess að útborganir til eigenda þeirra húsa, sem misstu hús sín í Vestmannaeyjum, ein greiðsla, er nú um næstu mánaðamót, verð ég að leyfa mér að fara fram á það við hæstv. forseta d. og hv. dm., að þeir taki þetta mál til þeirrar meðferðar, að það geti helst orðið að lögum í dag, því að nauðsyn ber til, að það verði komið til afgreiðslu nú n.k. mánudag, þegar útborganir hefjast.

Hv. fjhn.-menn þessarar hv. d. sátu í dag fund með fjh.- og viðskn. Nd. Alþingis um þetta mál. Þar var einróma afgreiðsla á málinu, og hæstv. forseti getur því gert hlé á fundum, meðan n. athugaði málið.

Ég legg svo til, herra forseti, að að lokinni þessari umr. verði málinu vísað til 2. umr. og hv. fjh.- og viðskn.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 12 shlj. atkv. og til fjh.- og viðskn. með 13 shlj. atkv.

Efri deild, 92. fundur.

Fimmtudaginn 28. mars, kl. 3.45 síðdegis.

Lántökuheimild fyrir ríkissjóð, frv. (þskj. 596, n. 618). — 2. umr.

Of skammt var liðið frá 1. umr. og útbýtingu nál. — Afbrigði samþ. með 14 shlj. atkv.

Frsm. (Ragnar Arnalds): Herra forseti. Fjh.- og viðskn. hefur fjallað um frv. til l. um lántökuheimild fyrir ríkissjóð, en frv. þetta heimilar fjmrh. að gefa út ríkisskuldabréf allt að 600 millj. kr. og framselja þau Viðlagasjóði í því skyni að verðtryggja bætur, sem eigendur húsa, sem annaðhvort hafa eyðilagst eða orðið óíbúðarhæf í Heimaeyjargosi. Nefndin ræddi þetta mál ásamt fjh.- og viðskn. Nd. á fundi sínum í morgun, þar sem mættir voru til viðtals Helgi Bergs, form. stjórnar Viðlagasjóðs, og Björn Tryggvason aðstoðarbankastjóri Seðlabankans, en báðir gáfu ýmsar upplýsingar um málið. Fundur fjh.- og viðskn. Ed. var þó ekki lögformlegur vegna fámennis á fundinum í morgun, en á fundi, sem haldinn hefur verið síðan málinu var vísað til n., var samþ. einróma að mæla með samþykkt frv.

Björn Jónsson, Páll Þorsteinsson og Geir Hallgrímsson voru fjarstaddir afgreiðslu málsins.

ATKVGR.

1. gr. samþ. með 12 shlj. atkv.
2.—8. gr. samþ. með 12 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 12 shlj. atkv.

Efri deild, 93. fundur.

Fimmtudaginn 28. mars, að loknum 92. fundi.

Lántökuheimild fyrir ríkissjóð, frv. (þskj. 596). — 3. umr.

Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði samþ. með 14 shlj. atkv.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 13 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 620).

Almannatryggingar, frv. — 1. umr.

Of skammt var liðið frá útbýtingu frv. — Afbrigði samþ. með 14 shlj. atkv.

Heilbr.- og trmrh. (Magnús Kjartansson): Herra forseti. Frv. það, sem hér er lagt fram um breyt. á almannatryggingalögunum, er hið þriðja í röðinni, sem endurskoðunarnefnd tryggingalaga

hefur unnið að. N. þessi var skipuð haustið 1971, og í henni eiga nú sæti Geir Gunnarsson alþm., Páll Sigurðsson, ráðuneytisstjóri, Adda Bára Sigfúsdóttir aðstoðarmaður ráðh., Halldór S. Magnússon viðskiptafræðingur, Tómas Karlsson ritstjóri, Oddur Ólafsson alþm. og Sigurður Ingimundarson forstjóri Tryggingastofnunar ríkisins. Ritari n. er Jón Ingimarsson skrifstofustjóri.

Veigamesta nýmæli þessa frv. eru ákvæði um tannlæknaþjónustu og um rýmkun á rétti öryrkja og ellilífeyrisþega til þess að fá uppbót á lífeyri.

Vorið 1971 var samþ. á Alþingi lagabreyting, sem fól í sér verulega stefnubreytingu í lífeyrisgreiðslum. Þá var horfið frá því, að allir skyldu eiga jafnan rétt, hvað sem liði öðrum tekjum. Þetta var gert með þeim hætti að lögbinda rétt lífeyrisþega til uppbóta á almennan lífeyri, ef aðrar tekjur voru litlar eða engar, þannig að heildartekjur næðu vissu lágmarki. Þetta lágmark var ákveðið 7 000 kr. á mánuði, en lögin áttu ekki að taka gildi fyrr en í ársbyrjun 1972. Strax eftir stjórnarskiptin 1971 voru sett brbl., sem flýttu gildistöku þessa ákvæðis, og í ársbyrjun 1972 var tekjutryggingarmarkmið hækkað upp í 10 000 kr. Frá 1. apríl n. k. verður þessi upphæð 18 886 kr. á einstakling eða tæp 34 þús. á hjón, ef bæði hafa þessi réttindi. En á sama tímabili hefur vísitala framfærslukostnaðar hækkað úr 155 stigum í 242 stig. Vísitalan hefur þannig hækkað um 56% rúm, en tekjutryggingarmarkmið um nær 170%. Hér er um að ræða viðleitni til þess að jafna nokkuð kjör þeirra, sem eiga tryggða fjárhagsafkomu með aðild að lífeyrissjóðum, og hinna, sem ekki eiga neinn slíkan rétt.

Eins og kunnugt er, skortir mjög mikið á, að viðunanlegur tekjujöfnuður ríki meðal vinnufærra manna. En ójöfnuður vex þó til mikilla muna, þegar að því kemur, að menn hætta vinnu sökum elli eða örorku. Þá eiga sumir auk lífeyris almannatrygginga rétt á 60% af launum í þeirri stöðu, sem þeir gegndu síðast, eins og þau eru á hverjum tíma. Aðrir eiga rétt, sem miðast við laun þeirra, eins og þau voru að meðaltali síðustu 5 eða 10 vinnuárin. Og enn aðrir eiga engan annan rétt en þann, sem almannatryggingar veita.

Á þessu misrétti verður ekki ráðin bót nema með sameiningu almannatrygginga og lífeyrissjóða í eitt allsherjartryggingakerfi. Ég tel, að á því sé mikil nauðsyn, að að því verkefni verði unnið, og ég hygg, að á því sé nú meiri skilningur meðal manna hér á landi en nokkurn tíma áður hefur verið. En á meðan sú breyting er enn á undirbúningsstigi, er nauðsynlegt að auka tekjujöfnunaráhrif tekjutryggingarákvæðanna.

Uppbótarákvæðin voru frá upphafi þannig hugsuð, að hverjum bótaþega væri greiddur mismunurinn á tekjutryggingarupphæð og tekjum bótþega, væru þær lægri en tryggingarmarkið, og er þá bæði átt við grunn lífeyristrygginganna og aðrar tekjur, hvort sem um er að ræða tekjur úr lífeyrissjóðum eða tekjur vegna vinnu. Breytingin, sem nú er fyrirhuguð, lýtur að því, að þeir, sem hafa óverulegar tekjur úr lífeyrissjóðum eða vegna vinnu, geti notið tekjutryggingarákvæðanna í ríkara mæli en nú er og þar með færst svolítið nær þeim kjörum, sem fólk með mikil lífeyrisréttindi býr við.

Eindregnar óskir um breytingar í þessa átt hafa m. a. komið fram hjá talsmönnum verkalýðshreyfingarinnar, en verkamenn og sérstaklega þeir, sem nú eru á ellilífeyrisaldri, eiga mjög takmarkaðan rétt til lífeyris úr lífeyrissjóðum sínum.

Það er 3. gr. frv., sem fjallar um þetta efni. Þar er gert ráð fyrir því, að uppbót á lífeyri skerðist ekki, þó að lífeyrisþeginn hafi aðrar tekjur en lífeyri tryggðinganna, ef þær tekjur fara ekki fram úr 30 þús. kr. á ári. Þegar þessu marki er náð, fer uppbótin hins vegar að skerðast, og nemur skerðingin helmingi þeirra tekna, sem bótaþeginn fær. Uppbótin, sem tilgreind er í frv., 64 000 kr. á ári, er miðuð við upphæðina eins og hún er mánuðina jan.—mars í ár. 1. apríl n. k. hækkar þessi upphæð um 25%, eins og aðrar lífeyrisbætur, og þarf þá að breyta tölunni, eins og hér er tilgreint, til samræmis við það. Erfitt er að meta að fullu, hversu miklu fé verður varið til tekjujöfnunar vegna þessara breytinga, en skv. mati Tryggingastofnunar ríkisins er sennilega um 250 millj. kr. að ræða á einu ári.

Ákvæði um tannlæknaþjónustu, sem ég minntist á áðan, er í 6. gr. þessa frv. Í tryggingalögum hefur tæpast verið minnst á tannlæknaþjónustu, aðeins er að finna heimild í 43. gr. l., þar sem segir, að í samþykkt sjúkrasamlaga megi ákveða greiðslur vegna tannlækninga. Þessi heimild hefur lítið sem ekkert verið notuð. Ríkið greiðir hins vegar hluta af tannviðgerðarkostnaði skólabarna, og sum sveitarfélög halda uppi skólatannlækningum, en önnur ekki eða aðeins að takmörkuðu leyti.

Með l. um heilbrigðisþjónustu sem tóku gildi um síðustu áramót, var mörkuð sú stefna, að tannlækningar yrðu hluti þeirrar læknisþjónustu, sem veita á á heilsugæslustöðvum, og tannlæknar ráðnir til starfa þar eins og aðrir læknar. Unnið er að áætlun um tannlæknaþörf, og athugun fer fram á því, hvar þurfi að koma upp aðstöðu fyrir tannlækna.

Í framtíðinni má því gera ráð fyrir, að sú tannlæknaþjónusta, sem frv. gerir ráð fyrir að sjúkrasamlagið taki þátt í að greiða, fari að mestu fram á heilsugæslustöðvum og í skólum. En einnig er þó áformað að semja við tannlækna, sem reka eigin stofur, og er lagt til, að þátttaka sjúkrasamlags í kostnaði við veitta þjónustu nemi 50%. Þar sem hvort tveggja kemur til, að greiðsla á tannlæknaþjónustu mun auka útgjöld sjúkrasamlaga verulega og uppbygging þjónustustöðva tekur nokkurn tíma, er eðlilegt að láta réttinn til greiðslu frá sjúkrasamlögum takmarkast fyrstu árin við ákveðna þjóðfélagshópa. Í þessum áformum um uppbyggingu og þróun þessarar þjónustu í áföngum er farið inn á svipaða braut og Norðmenn hafa fylgt, þegar þeir hafa tekið tannlækningar inn í sitt kerfi.

Í haust er áformað, að réttur til greiðslu nái til allra barna og unglinga 6—15 ára og sveitarfélag greiði þá jafnframt hinn helming kostnaðarins. Eins og ég gat um áðan, er það mjög breytilegt, hve miklu fé sveitarfélög hafa varið til skólatannlækninga, en vonandi þarf ekki að

standa á framlagi þeirra. Ekki er gert ráð fyrir framlagi sveitarfélaga vegna annarra aldursflokka, sem síðar bætast við.

Í ársbyrjun næsta árs, 1975, á rétturinn til 50% greiðslunnar að ná til barna undir skólaaldri og 16 ára unglinga og auk þess til öryrkja, ellilífeyrisþega og vanfærra kvenna. Talið er mjög mikilsvert að vernda tannheilsu barna, unglinga og vanfærra kvenna, og njóta þessir hópar því forgangs hér, auk öryrkja og ellilífeyrisþega, sem eru tekjulitlir þjóðfélagshópar.

Frekari áætlun um fjölgun aldursflokka eða sérstakra hópa, sem eiga að fá rétt til 50% greiðslu vegna tannlækninga, er ekki sett fram í þessu frv., en áformað er, að ráðh. geti með reglugerð bætt við hópum, sem njóti réttar, þegar fé verður tiltækt og tryggt er, að allir, sem rétt öðlast, geti fengið þá þjónustu, sem greiða á að hluta til af almannafé.

Í 5. gr. frv. er fjallað um greiðslur einstaklinga á lyfjum, rannsóknum hjá sérfræðingum og röntgenskoðunum, sem framkvæmdar eru, án þess að sjúklingur sé lagður inn á sjúkrahús. Sjúkrasamlög greiða nú 3/4 af kostnaði fyrir rannsókn hjá sérfræðingi. Ætlunin er ekki að breyta því hlutfalli, þegar á heildina er litið, heldur aðeins að taka upp fastagjald, 150 kr., fyrir hverja komu til sérfræðings. Gjald það, sem sérfræðingar taka nú, er mishátt, en meðalgjald er sem næst 150 kr. Á sama hátt er ekki áformað að breyta heildargreiðslu sjúkrasamlaga vegna lyfja, en lagt er til, að sjúklingar greiði sinn hluta af jöfnunarverði, þó þannig, að fyrir lyf framleidd hér á landi greiðast 100 kr., en fyrir erlend lyf, sem yfirleitt eru mun dýrari, á að greiða 150 kr. Sé heildarverð íslensks lyfs undir 100 kr. eða erlends lyfs undir 150 kr., er ætlast til, að sjúklingur greiði það verð. Engin breyting verður hins vegar á því ákvæði, að sum lyf greiða sjúkrasamlög að fullu. Fyrir röntgenrannsóknir er einnig sett jöfnunargjald, 250 kr. fyrir hverja röntgengreiningu, en hér er einnig um að ræða aukna hlutdeild sjúkrasamlaga í kostnaðinum. Mjög tímabært er orðið að auka þessa niðurgreiðslu með hliðsjón af því, að sjúkratryggingar greiða röntgenrannsóknir að fullu, ef sjúklingur dvelst á sjúkrahúsi, meðan rannsókn fer fram. Einnig er hér oft um verulega fjárútlát hjá fólki að ræða.

Þær greinar frv., sem ég hef fjallað um, 3., 5. og 6. gr., eru kjarni þess og sá þáttur frv., sem eykur útgjöld almannatrygginga. Til þess að mæta þeim kostnaðarauka, sem hér er um að ræða og er metinn á u. þ. b. 300 millj. kr. á ársgrundvelli, leggur heilbr.- og trmrn. til í 4. gr., að fjölskyldubætur verði skertar um sömu upphæð á þann hátt, að ekki verði greitt með fyrsta barni í fjölskyldu, ef bráttóárstekjur framfæranda eru yfir 700 þús. kr. og börn ekki fleiri en 4. Í þessu sambandi vil ég vekja athygli á prentvillu, sem er á 3. síðu frv. Þar er neðst í aths. talan 600 þús., þar á að standa 700 þús.

Í sambandi við þetta atriði er vert að minna á það, að margir hafa lýst því sjónarmiði sínu, að fólk með sómasamlegar árstekjur eigi að geta séð fyrir einu barni, án þess að til þurfi að koma greiðslur frá almannatryggingakerfi. Þessu sjónarmiði hefur oft verið lýst, og það eru vissulega rök fyrir því, að fólk, sem komið er uppí ákveðið tekjustig, eigi að geta staðið undir kostnaði af einu barni á eðlilegan hátt. Í sambandi við þetta atriði er einnig ástæða til að minnast á það, að margir ræða nú um, að þetta kerfi okkar sé orðið ákaflega kostnaðarsamt, og ég hygg, að það yrði andstaða við að auka þennan kostnað, eins og nú er komið. Það hefur orðið mjög verulega ukning á síðustu árum, og að sjálfsögðu eru takmörk fyrir því, hversu mikið fé er hægt að veita til þessara þarfa, þannig að hér er lagt til, að þessi vandamál verði leyst með tilfærslum innan kerfisins sjálfs á þennan hátt.

Í 11. gr. leggur rn. enn fremur til, að þessi ráðstöfun skuli ekki hafa áhrif á kaupgreiðsluvísitölu. Þar sem einungis er um að ræða tilfærslu á upphæðum innan tryggingakerfisins, sem fyrst og fremst eru lágtekjufólki í hag, er ekki eðlilegt að láta þær valda breytingum á almennu kaupgjaldi í landinu. — Ég vil taka það fram, að endurskoðunarnefnd tryggingalaga, sem ég nefndi áðan, hefur ekki tekið afstöðu til þessara tveggja greina.

Aðrar gr. frv. eru smávægilegar lagfæringar. Í 1. gr. er verið að heimila að miða lögheimilistíma ekkju eða ekkils við lögheimilistíma látins maka.

Í 2. gr. er verið að staðfesta ákvæði úr brbl. frá 19. júlí 1971, en vegna mistaka hefur staðfestingin farist fyrir til þessa.

Skv. 1., eins og þau eru nú, má greiða örorkulífeyrisþegum ekkju- eða ekkilsbætur eftir lát maka, en þessi heimild nær ekki til þeirra, sem aðeins njóta örorkustyrks, en ekki fulls örorkulífeyris. Þetta er mjög óeðlilegt, og í 7. gr. frv. er gert ráð fyrir lagfæringu á þessu atriði.

Skv. 50. gr. l. á lífeyrisréttur að falla niður, þegar sjúklingur hefur dvalist lengur en 4 mánuði á 24 mánuðum á stofnunum, þar sem sjúkratryggingar greiða fyrir hann. Rétt þykir að heimila tryggingaráði að víkja frá þessum mörkum í sérstökum tilvikum, eins og lagt er til í 8. gr. frv. Er þá ekki síst haft í huga fólk með lungnasjúkdóma, sem títt þarf á skammtímavistun á sjúkrahúsum að halda, en þarf þó jafnframt að standa straum af eigin húsnæðiskostnaði.

Í 9. gr. er tekið tillit til þess, að fyrir kemur, að feður, sem halda heimili fyrir börn sín, eiga meðlagskröfur á hendur móður barnanna. Eðlilegt er, að þessir feður geti notið milligöngu Tryggingastofnunarinnar við innheimtu meðlags á sama hátt og fráskildar konur.

Og að lokum vil ég nefna 10. gr. frv., en hún er lögð fram til þess að auðvelda endurskoðun á samningi Norðurlanda um félagslegt öryggi, en að þeirri endurskoðun er nú unnið.

Ég vil láta í ljós þó ósk mína, að þm. vinni saman að því, að þessar breytingar geti orðið að lögum á þessu þingi. Ég tel, að í þessu frv. felist ýmis réttlætismál, sem ég hygg að ekki sé ágreiningur um meðal þm., og vænti þess vegna góðrar samvinnu um þetta mál.

Ég legg til, herra forseti, að málinu verði að lokinni 1. umr. vísað til 2. umr. og hv. heilbr.- og trn.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 13 shlj. atkv. og til heilbr.- og trn. með 13 shlj. atkv.

Kaupstaðarréttindi til handa Eskifjarðarhreppi, frv. (þskj. 601). — 3. umr.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 11 shlj. atkv. og afgr. til Nd.

Kaupstaðarréttindi til handa Grindavíkurhreppi, frv. (þskj. 602). — 3. umr.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 12 shlj. atkv. og afgr. til Nd.

Kaupstaðaréttindi til handa Bolungarvíkurkauptúni, frv. (þskj. 592). — 1. umr.

Enginn tók til máls.

ATKVR.

Frv. vísað til 2. umr. með 13 shlj. atkv. og til félmn. með 13 shlj. atkv.

Mat á sláturafurðum, frv. (þskj. 461, n. 587). — 2. umr.

Frsm. (Ásgeir Bjarnason): Herra forseti. Á undanförnum árum hefur staðið yfir bygging og breyting á sláturhúsum landsins, og var á sínum tíma ráðgert að ljúka því verki á skemmri tíma en raun hefur á orðið. Framkvæmdir þessar eru mjög kostnaðarsamar, og auk þess er alltaf að koma til ný tækni, sem verið er að prófa í sláturhúsunum. Það er þegar búið að byggja upp 8 sláturhús, sem eru útbúin nýjustu og bestu tækni, sem völ er á á þessu sviði, og er það á eftirgreindum stöðum: Borgarnesi, Búðardal, Hólmavík, Blönduósi, Sauðárkróki, Húsavík, Kirkjubæjarklaustri og Selfossi. Eftir er þá að byggja álíka mörg sláturhús, en mörg þessara húsa eru gömul og verður að lagfæra þau flest árlega, og slíkt viðhald hlýtur að vera mjög kostnaðarsamt.

Frv. þetta fjallar um það, að veita undanþágu frá aðalreglum og kröfum um útbúnað sláturhúsa, en þó aðeins í eitt ár í senn. Þeir, sem meta ásigkomulag húsanna, eru hlutaðeigandi héraðsdýralæknir og yfirdýralæknir, og undanþágur þessar eru oftast veittar gegn því, að sláturleyfishafar uppfylli sett skilyrði. Frv. þetta gerir svo ráð fyrir, ef að lögum verður, að tímamörkin gildi til ársloka 1976, en þau herða vafalaust á því, að byggð verði upp sláturhús þau, sem verst eru á vegi stödd. En tæplega er þess að vænta að þau 8—9 hús, sem ráðgert er að byggja, verði öll komin upp á næstu þremur árum.

Landbn. mælir með því, að frv. þetta verði samþ. óbreytt, eins og fram kemur í nál.

ATKVGR.

1. gr. samþ. með 11 shlj. atkv.
2. gr. samþ. með 11 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 12 shlj. atkv.

Húsnæðismálastofnun ríkisins, frv. (þskj. 580). — 1. umr.

Flm. (Helgi F. Seljan): Herra forseti. Ég hef ásamt 4. þm. Norðurl. v. leyft mér að flytja frv. til l. um breyt. á l. um Húsnæðismálastofnun ríkisins, og er það síður en svo það fyrsta af þeirri tegund í þessari hv. d. í vetur. Þetta frv. er nokkuð sérstaks eðlis, því að meginefni þess er að færa starfsemi þessarar þýðingarmiklu stofnunar út á landsbyggðina, þ. e. til þeirra þriggja landshluta, sem lengst eru frá Stór-Reykjavíkursvæðinu og eiga óhægast um vik að ná nauðsynlegri og eðlilegri fyrirgreiðslu í hvívetna.

Eins og bent er á í grg., er hér um einn af hinum fjölmörgu þjónustuþáttum hins opinbera að ræða. Spurningin er ekki um það, hver þýðing hans sé í samanburði við ýmsa aðra, heldur frekar um prófstein á viðhorf, ekki aðeins Alþingis, heldur ekki síður stofnananna sjálfra varðandi till. yfirleitt um flutning starfsemi þeirra út á land, hvort sem um mikinn hluta er að ræða eða jafnvel alla starfsemina. Að þessu verkefni hefur svokölluð stofnananefnd unnið. Ég tek það fram sem meðlimur þeirrar n., að hér er ekki um að ræða álit þessarar n. um skipan mála hjá Húsnæðismálastofnun ríkisins, enda liggur það ekki fyrir, né heldur er þetta eitthvert sennilegt sýnishorn af þeim till, sem þar munu verða fram settar í hinum ýmsu málaflokkum.

Það hefur hins vegar verið sérstaklega lærdómsríkt að starfa í þessari n., kynnast hvoru tveggja: víðsýni og frjálslyndi forustumanna opinberra stofnana svo og dæmalausri þröngsýni og einkasjónarmiðum eigingirninnar, sem einnig hafa fram komið. Ekki verður síður lærdómsríkt og fróðlegt að fylgjast með viðbrögðunum við þeim till., sem n. leggur fram, og þá allra helst, hvernig framkvæmdin verður, því að þar þarf sannarlega að taka til hendi, ef áratuga einstefnuakstri á að snúa við.

Opinber þjónusta hefur á flestum sviðum verið í algeru lágmarki úti á landsbyggðinni, sums staðar og á allt of mörgum sviðum engin. Um það má vissulega deila, á hvaða sviði fyrst skal bera niður, hvar þörfin sé mest, og fjarri er mér að halda því fram, að þessi þáttur sé einmitt sá, sem á er mest nauðsyn allra þjónustuþátta úr að bæta. Hitt er jafnljóst mér sem öðrum, sem þessi mál þekkja af raun, að nauðsyn stórbættrar þjónustu við landsbyggðina, einnig í þessum efnum, er knýjandi. Til þess liggja margar ástæður aðrar en þær, að fjarlægðin er svo mikil og erfitt um vik af þeim ástæðum. Tilfærsla valds og ákvarðanatektar kemur hér mjög inn í. Landsbyggðin heimtar til sín æ meiri rétt til eigin

valds til ákvarðanatöku um eigin málefni. Nefnd eða forstjóri í Rvík á ekki að vera ein allsherjaralmáttug forsjón í einu sem öllu. Fyrir utan þá hættu, sem af því stafar að stefna öllu valdi í hverju einu á einn stað eða ákveðið svæði, koma sterklega inn í myndina þau atriði, sem lúta að yfirsýn og þekkingu, sem hlýtur að vera því minni sem fjær er vettvangi þess, sem gera skal.

Ég hef svo sannarlega misjafna reynslu af opinberum stofnunum varðandi fyrirgreiðslu þeirra varðandi hinn almenna þegn út á landsbyggðinni. Húsnæðismálastofnunin er alls ekki neitt sérstakt neikvætt dæmi hér um. Ótal mörg dæmi mætti þó nefna frá þeirri stofnun einni, sem hafa reynst húsbyggjendum dýrkeypt, sum fyrir mistök, sem alltaf geta reyndar átt sér stað, en önnur vegna skorts á nauðsynlegum þjónustuvilja við húsbyggjendur. Í gær var t. d. húsbyggjandi austur á landi í öngum sínum út af því, að eingöngu vegna samgönguerfiðleika hafði vottorð hans, sannanlega, borist 2 dögum of seint til stofnunarinnar, svo að hann fékk þau svör, að heldur betur yrði bið á láni honum til handa, — eitt smádæmi af ótal, sem ég ætla ekki að ræða hér nánar, því að margt má einnig gott um stofnunina segja hvað þjónustu varðar. Rangt væri að ætla sérstaklega að vera að gera hér að umtalsefni ýmislegt, sem þar mætti betur fara, því að vissulega er víða hægt að rekja sögur af misjöfnum viðskiptum borgaranna við kerfið, enda er það langt í frá, að þar sé um að ræða ástæðuna fyrir þessum frv.flutningi.

Útibúahugmyndin varðandi opinberar stofnanir ýmsar, hefur ætíð verið mér einkar hugleikin, og ég held, að í henni sé fólgin veruleg hreyfing í jafnaðarátt í þágu landsbyggðarfólks, þó að margar stofnanir megi með fullum rétti segja, að eins geti verið utan höfuðborgarsvæðisins, og að því ber að vinna einnig, eins og nágrannar okkar á Norðurlöndum hafa gert með góðum árangri. En hvers vegna er þessi útibúahugmynd einmitt sett fram varðandi húsnæðismálin og varðandi Húsnæðismálastofnun ríkisins? Í fyrsta lagi hafa verið um slík útbú háværar raddir utan af landsbyggðinni, og eins og vikið er að í grg., var sérstök krafa um þetta sett fram á húsnæðismálaráðstefnu á Austurlandi s.l. vor. Þar voru mættir bæði form. og framkvstj. stofnunarinnar, og fékk ég ekki heyrt nein sérstök mótrök þeirra við þessari kröfu. Miklu fremur voru þeir í mörgu jákvæðir hugmyndinni, þó að ýmsar aths. væru gerðar við framkvæmdina og möguleikana á fullri og endanlegri afgreiðslu lánanna.

Í öðru lagi eru húsnæðismálin og húsbyggingar á landsbyggðinni með miklum blóma. Hin stóraukna atvinna og almenna bjartsýni, sem þar ríkir, hefur gjörbreytt öllu ástandi húsnæðismála einnig á þann veg einmitt, að nú segir húsnæðiseklan til sín í æ ríkara mæli, stendur blátt áfram mörgum byggðarlögum fyrir þrifum. Stóraukning húsbygginga er orðið eitt af mest brennandi viðfangsefnum landsbyggðarinnar. Til móts við þetta hefur verið komið með annars vegar aukinni byggingu verkamannabústaða, sem víða eru vel á veg komnir, og svo með hinni nýju löggjöf um legiuíbúðir á vegum sveitarfélaga, og fleira kemur einnig til.

Í þriðja lagi er það mín persónuleg reynsla, byggð á starfi mínu s.l. ár, að um flest eða ef til vill nær allt færi betur á því og yrði hentugra og betra, að lánsafgreiðslan færi öll fram heima fyrir í landshlutunum. Þá yrði hægara um vik og ýmislegt færi betur, því að í öllu því flóði umsókna og vottorða, sem berst, vill sumt týnast og margt dragast um of, og er alls ekki verið að gera lítið úr góðu starfi stofnunarinnar með því, aðeins það að slíkt hlýtur að koma fyrir í öllu því skriffinnskuflóði, sem viðgengst þetta varðandi og eflaust er að mörgu nauðsynlegt.

Margt fleira mætti telja, en skal ekki farið nánar út í hér, en einróma álit þeirra, sem í húsbyggingum standa úti á landsbyggðinni, er það, að málum þeirra væri betur komið og þeir ættu auðveldara með að sækja sinn rétt, lagfæra mistök o. s. frv., ef þjónustan væri heima í landshlutanum sjálfum.

Hin hliðin, sem snýr að því, að þá sjálfsögðu þjónustu eigi sem víðast að rækja, er svo ekki síður þýðingarmikil og um hana mætti vissulega margt segja, eða um það, hvers vegna endilega Reykjavík sé sjálfsögð staðsetning sérhvers, sem er í þjónustu landsmanna allra. En það er önnur saga, sem ekki skal út í farið.

Sérhvert spor til að snúa þar við, er vissulega dýrmætt, ekki bara landsbyggðinni og íbúunum þar, heldur og þjóðfélaginu sjálfu og allri uppbyggingu þess. Misrétti — jöfnuður eru orð, sem koma ósjálfrátt í hug, þegar um þessi mál í heild er rætt. Misréttið er það, sem einkennt hefur ástandið og einkennir enn í allt of mörgu. Jöfnuður er sú stefna, sem að ber að vinna, framtíðarmarkmið, sem Reykvíkingum einnig ber að hafa í huga sjálfs sín vegna. Skal þá vikið að efni frv.

Meginefnið lýtur að stofnun sjálfstæðra útibúa frá Húsnæðismálastofnun ríkisins á Vestfjörðum, Norðurlandi v., Norðurlandi e., og Austurlandi. Hér er ekki gengið lengra en að leggja til útibú í þeim landsfjórðungum, er lengst liggja frá höfuðborginni eða stofnuninni sjálfri. Vissulega væri full ástæða til að hafa útibú víðar, en flm. þykir rétt að ganga ekki lengra í byrjun. Það verður þá a. m. k. ekki sagt með réttu, að allt sé í einu heimtað. Sýnist mönnum hins vegar svo, að verði útibúum á annað borð komið á, beri að gera það í öllum kjördæmum, skal ekki standa á okkur flm. að samþykkja það.

Við leggjum til náin og um leið nauðsynleg tengsl þessara útibúa við þær skipulagsskrifstofur sem að er stefnt úti í landshlutunum, sem hljóta fyrr eða síðar að komast þar á, annaðhvort að tilhlutan heimamanna, einna eða með samstarfi við ríkisvaldið og þá auðvitað, hvor leiðin sem farin yrði, í nánum tengslum við skipulag ríkisins. Þessar skipulagsskrifstofur hljóta að vera nauðsynlegir hjálparaðilar fyrir hin ýmsu dreifðu sveitarfélög, og verkfræðiskrifstofur, sem þegar er sums staðar vísir að, koma hér einnig inn í til samstarfs og leiðbeiningar. Slíkar skrifstofur sem þessar hljóta að auðvelda mjög útibúastofnun og að þeim er unnið og ber enda að vinna samhliða.

Að öðru leyti er gert ráð fyrir svipuðu starfi í útibúunum og fram fer í höfuðstaðnum. Tekið er við umsóknum og þær yfirfarnar og séð um, að öllum skilyrðum sé fullnægt, og þær síðan afgreiddar. En þá kemur til sú nauðsynlega

bankaþjónusta, sem óhjákvæmileg er. Lagt er til, að útibú Landsbankans eða annars ríkisbanka annist þá hlið mála. Að sérstaklega skuli að Landsbankanum vikið, stafar einfaldlega af því, að veðdeild Landsbankans fer með þessi mál í núgildandi lögum, en á Norðurl. v. hagar hins vegar svo til, að Landsbankinn starfrækir þar ekkert útibú, og er því „annars ríkisbanka" skotið þarna inn.

Ég get varla ímyndað mér neina annmarka hér á, sé þá einfaldlega ekki, þó að einmitt hafi verið á útborgun lánanna bent sem þröskuld í vegi, þ. e. að bankaútibúin gætu illa séð um eða tekið við þessu verkefni, m. a. vegna veðtrygginga. Hér hafa aðeins heyrst fullyrðingar án alls, sem við flm. getum tekið alvarlega sem beinan og ótvíræðan rökstuðning á móti.

Eitt af hlutverkum útibúanna ætti að sjálfsögðu að vera það að hafa sem mest og best samstarf við byggingarfulltrúa á sínu svæði — og meira en það. Þó að á það atriði sé ekki minnst í frv., á það að vera ein frumskylda þessara útibúa, sem og stofnunarinnar í heild, að sjá þessum mönnum fyrir viðunandi fræðslu, auka þekkingu þeirra og um leið hæfni, því að ekki mun sums staðar af veita.

Skipulags- og verkfræðiskrifstofurnar kæmu hér einnig inn sem ágætur hjálparaðili, einkum hvað snertir tæknihlið þessarar fræðslu, sem byggingarfulltrúm þyrfti að veita í ólíkt ríkara mæli en nú er gert. Um þetta er ekki fram tekið sérstaklega í frv., en vísað til þess, sem segir um, að útibúin skuli veita sömu þjónustu og stofnunin sjálf, og hér er komið inn á eina þýðingarmestu skyldu stofnunarinnar, sem of lítið hefur verið að gert, en þó verið fitjað upp á að nokkru.

Varðandi fyrirgreiðslu og upplýsingaþátt útibúanna almennt þarf fátt fram að taka, en almenn upplýsingamiðlun þarf að aukast. Húsnæðismálastofnunin hefur nú upp á síðkastið gengið þar myndarlega til verks, en betur má þó án efa gera. Sýnishorn teikninga hljóta og að eiga að vera til reiðu, en teiknistofan hér syðra hlyti eftir sem áður að vinna öll verkefni. Skipulagsskrifstofur í landshlutunum kæmu hér inn í myndina, og ef til vill væri hægt að fela þeim ýmis verkefni þar að lútandi í framtíðinni, en úr því verður reynslan að skera.

Sú skoðun hefur æ oftar komið fram, að Húsnæðismálastofnunin væri óþörf, þetta ætti hreinlega að vera inni í bankakerfinu sjálfu, sem einn þáttur þess. Ég er þessu andvígur bæði gagnvart einstökum húsbyggjendum og þó alveg sérstaklega gagnvart þeim félagslegu þáttum, sem hljóta að verða enn meira afgerandi á næstu árum, verkamannabústaðakerfið, leiguíbúðirnar og eflaust fleiri þættir, sem þar geta til komið. Húsnæðismál eru fyrst og fremst félagslegs eðlis, félagsmál, en ekki fjárhagslegs eðlis á þann hátt, að bankar einir eigi þar að ráða ferðinni. Þvert á móti ber að efla þessa stofnun, fá henni fleiri verkefni í hendur, en um leið dreifa valdinu og starfinu í heild út um landsbyggð alla. Því er lögð á það rík áhersla í frv., að hinir sérstöku félagslegu þættir húsnæðismálakerfisins séu einnig í höndum útibúanna og heimamenn, sveitarstjórnir og aðrir slíkir aðilar, fái þar að ráða ferðinni meira en verið hefur og sitji a. m. k. við sama borð og Reykvíkingar í þessum efnum. Enginn vafi er á því, að íbúðabyggingar á hvers konar félagslegum grundvelli eiga eftir að stóraukast og eins hitt, að þar muni nýir þættir koma inn, og hlýtur það þá að vera eitt helsta sameiginlegt verkefni útibúanna og skipulagsskrifstofanna að rækja þá þætti sem best, sjá um hagkvæmni og jöfnun, tryggja, að slíkar byggingar verði í raun hagstæðari og viðráðanlegri en aðrar byggingar.

Ekki vil ég út af fyrir sig amast við þeirri sjálfsögðu viðleitni fólks að eignast eigið þak yfir höfuðið. En það má og á að gera einnig með öðrum hætti en þeim eina, sem hingað til hefur verið allsráðandi, þ. e. að menn byggi algerlega á eigin spýtur með að vísu aðstoð ríkisvaldsins í formi lánsfjár. Hið félagslega form, með hvaða hætti sem það nú kann að verða framkvæmt, hlýtur að verða ríkjandi fyrr en síðar, og ekki síður þess vegna er nauðsyn að færa vald til ákvarðana og skipulagningar út í landshlutana.

Fyrir Alþ. liggur nú frv. um sérstök örvunarlán til húsbygginga á landsbyggðinni. Ef af samþykkt þess verður, sem telja má öruggt, þar sem að því standa allir flokkar nema einn, þá hlýtur útibúin þar verðugt viðbótarverkefni, sem þau væru enn betur fær um að rækja en stofnanir hér syðra. Það eru mörg rök og óyggjandi, sem að því hníga, að hér sé farið inn á rétta braut. Margir munu þó telja af þessu of lítinn ávinning miðað við þann ótvíræða kostnaðarauka, sem af yrði, þ. e. kostnaðarauka fyrir stofnunina sjálfa. En af víðara sjónarhóli verður að líta. Kostnaðarauki landsbyggðarfólks vegna ríkjandi fyrirkomulags um opinbera þjónustu vill furðu oft gleymast, en þeim mun meira um hitt talað, þótt aðeins sé brotabrot af því, sem landsbyggðarfólk þarf að bera bótalaust í alls konar aukakostnaði. Það er blátt áfram ömurlegt til þess að vita, hve svona röksemdir eru oft notaðar af forráðamönnum stofnana og talsmönnum hins opinbera til að berja niður sjálfsagða þjónustu við fólkið úti á landi, — hvernig hægt er að horfa fram hjá hinum stóra þætti þessa máls, hinum afgerandi viðbótarkostnaði fólksins, en einblína á hitt, er mér og mörgum fleirum ráðgáta.

Um ávinninginn má eflaust deila, en ég vísa aftur á einróma álit heimamanna, t. d. á Austurlandi, hér um, og á því tek ég meira mark en ýmsu öðru frá því íhaldssama kerfi, sem uppi hefur aðrar röksemdir.

Að síðustu er í frv. vikið að úthlutun og útdeilingu þess heildarfjármagns, sem stofnunin hefur til ráðstöfunar á hverjum tíma. Varðandi það atriði má eflaust fara ýmsar leiðir, en fyrst og fremst hlýtur fjárþörfin á hverjum tíma að skipta meginmáli. Yfirstjórn stofnunarinnar hlýtur að útdeila sem réttlátast því fjármagni, sem hún hefur yfir að ráða. Hún hlýtur einnig að verða að taka um það heildarákvörðun, hversu mikið fjármagn eigi að fara í hvern þátt byggingarmálanna, og einnig að leggja þá höfuðlínu í málunum, sem útibúin hljóta svo að byggja á. Vald til mörkunar heildarstefnu í húsnæðismálum er í höndum Alþ. Í þess umboði fer húsnæðismálastjórn með alla nánari útfærslu þeirr-

ar stefnu, og því verða útibúin, a. m. k. í fyrstu, að hlíta. Freistandi væri að ræða hér þátt lífeyrissjóða og samtengingu þeirra við þetta kerfi, en það skal ekki gert hér. En vissulega er þar um að ræða veigameira mál en svo, að það þarfnist ekki heildarathugunar, og þar verður að byggja á öðru en því handahófi, sem allt of víða er þar á nú.

Um yfirstjórn útibúanna gerum við flm. enga ákveðna till. Það mál þarfnast rækilegrar íhugunar, og við flm. erum ekki á þessu stigi tilbúnir að leggja neitt ákvarðandi til í þeim efnum. Aðeins sem hugmynd mætti nefna það, að ásamt framkvæmda- eða útibússtjóra væru allar meiri háttar ákvarðanir teknar af tveim fulltrúum til viðbótar frá sveitarstjórnum eða frá stjórnum byggingarfélaga verkamanna á svæðinu, er um þau mál væri sérstaklega fjallað, er þeim við kæmi. Annars ætti afgreiðslan að vera sem sjálfvirkust, ef öllum skilyrðum væri fullnægt og miðað við að fjárþörf á hverjum tíma verði mætt að mestu eða öllu leyti.

Ég skal svo ekki orðlengja frekar um þetta frv., en leggja áherslu á það aftur, að í raun er hér nokkur prófsteinn á viðbrögð og afstöðu jafnt þm. sem stofnana á till. af þessu tagi, þótt ég viti, að þær hafi áður komið fram. Hvað svo sem mönnum sýndist um þetta afmarkaða mál, þá kæmi fram afstaða manna til útibúahugmyndanna yfirleitt, þar sem um hreinan flutning stofnana yrði þá ekki að ræða.

Ég legg svo til, herra forseti, að frv. verði vísað til 2. umr. og félmn.

Umr. (atkv.gr.) frestað.

Efri deild, 94. fundur.

Föstudaginn 29. mars, kl. 2 miðdegis.

Varamaður tekur þingsæti.

Forseti (Ásgeir Bjarnason): Svo hljóðandi bréf hefur borist:

„Reykjavík 29. mars 1974.

Þar sem ég mun ekki geta sótt þingfundi á næstunni vegna fjarveru úr bænum, leyfi ég mér að biðja um fjarvistarleyfi og með skírskotun til 138. gr. laga um kosningar til Alþingis að óska þess, að 1. varamaður Framsfl. í Vestfjarðakjördæmi, Halldór Kristjánsson bóndi, taki sæti á Alþingi í fjarveru minni.

Bjarni Guðbjörnsson,
4. þm. Vestf."

Ég býð Halldór Kristjánsson velkominn til starfa á Alþingi.

Húsnæðismálastofnun ríkisins, frv. (þskj. 580). — Frh. 1. umr.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 14 shlj. atkv. og til félmn. með 14 shlj. atkv.

Skipulag ferðamála, frv. (þskj. 551, 420, 570, 571, 572). — Frh. 3. umr.

ATKVGR.

Brtt. 570,1 samþ. með 13 shlj. atkv.
— 420 og 571 teknar aftur.
— 572 samþ. með 12 shlj. atkv.
— 570,2 samþ. með 14 shlj. atkv.

Frv., svo breytt, samþ. með 14 shlj. atkv. og afgr. til Nd.

Dýralæknar, frv. (þskj. 621). — 3. umr.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 14 shlj. atkv. og afgr. til Nd.

Mat á sláturafurðum, frv. (þskj. 461) — 3. umr.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 15 shlj. atkv. og afgr. til Nd.

Aðstoð við kaupstaði og kauptún vegna landakaupa, frv. (þskj. 510, n. 609). — 2. umr.

Of skammt var liðið frá útbýtingu nál. — Afbrigði samþ. með 15 shlj. atkv.

Frsm. (Björn Fr. Björnsson): Herra forseti. Félmn. þessarar hv. d. hefur haft þetta frv. til meðferðar, en það fjallar um breyt. á lögum frá 1963, um aðstoð ríkisins við kaupstaði og kauptún vegna landakaupa. Höfuðbreytingin, sem frv. gerir ráð fyrir, er sú, að lánstími er styttur úr allt að 25 árum og niður í allt að 15 ár. Enn fremur eru vextir hækkaðir úr 5%, eins og verið hefur lengi, í það að vera 3% lægri en almennir útlánsvextir lánastofnana.

Það þarf ekki lengi að velta þessu máli fyrir sér, svo að auðsætt sé, að sú mikla breyting, sem hefur orðið á verðlagi í þjóðfélaginu síðustu árin, hefur að sjálfsögðu leitt til þess, að ráðstöfunarfé í þessu skyni hefur farið síminnkandi og því verr sem árin hafa liðið verið hægt að fullnægja þeirri þörf, sem er á slíkum lánum og farið hefur vaxandi.

Lánasjóður sveitarfélaga hefur haft með höndum afgreiðslu lána af þessu tagi undanfarið á vegum rn., og er vert að geta þess, að hin almennu lánakjör lánasjóðsins eru 10 ár og ársvextir 12½%.

Þetta mál hefur verið sent til umsagnar stjórnar Sambands ísl. sveitarfélaga, og er hún frv. með öllu samþykk. Félmn. mælir þannig með samþykkt frv., en í nál. er þess getið, að ein-

stakir nm. hafi áskilið sér rétt til að flytja eða fylgja brtt.

Fjarverandi við afgreiðslu málsins voru þeir hv. þm. Steingrímur Hermannsson og Páll Þorsteinsson.

ATKVGR.

1. gr. samþ. með 13 shlj. atkv.
2. gr. samþ. með 12 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 13 shlj. atkv.

Kaupstaðarréttindi til handa Seltjarnarneshreppi, frv. (þskj. 502, n. 608). — 2. umr.

Of skammt var liðið frá útbýtingu nál. — Afbrigði samþ. með 15 shlj. atkv.

Frsm. (Björn Fr. Björnsson): Herra forseti. Félmn. hefur haft með þetta mál að gera. Það er komið frá Nd. og fjallar um kaupstaðarréttindi til handa Seltjarnarneshreppi. N. er ásátt um, að mæla með samþykkt frv., eins og það liggur fyrir og komið er frá Nd.

Fjarverandi við afgreiðslu málsins voru þeir hv. þm. Steingrímur Hermannsson og Páll Þorsteinsson.

ATKVGR.

1. gr. samþ. með 13 shlj. atkv.
2.—5. gr. samþ. með 12 shlj. atkv.
Ákvæði til bráðabirgða samþ. með 13 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 14 shlj. atkv.

Húsnæðismálastofun ríkisins, frv. (þskj. 598). — 1. umr.

Helgi F. Seljan: Herra forseti. Það er aðeins örstutt varðandi þetta frv., sem hér er flutt og er komið frá Nd., þar sem segir, að íbúðir, sem byggðar eru í því skyni að útrýma heilsuspillandi húsnæði, skuli geta notið lána samkvæmt II. kafla húsnæðismálalaganna eða samkvæmt lögum um Stofnlánadeild landbúnaðarins.

Þetta frv. er sjálfsögð leiðrétting gagnvart bændastéttinni, og ég vil þess vegna lýsa yfir fyllsta stuðningi mínum við það. Ég álít, að það sé sjálfsagt, að þeir eins og aðrir komist inn í það kerfi, sem hér um ræðir. Heilsuspillandi húsnæði hefur svo sannarlega þekkst í sveitum og þekkist enn, þótt þar hafi á orðið mikil og góð breyting. Það er því furðulegt, að ekki skuli löngu búið að tryggja bændum þennan rétt til svo hagstæðra lána, sem þarna er um að ræða. Ég er hræddur um, að aðalástæðan fyrir þessu sé sú, að húsnæðismál og lánakerfi bænda einna eru undanskilin hinni almennu reglu um húsnæðislán, þ. e. að Stofnlánadeild landbúnaðarins er með þessi verkefni að lána bændum til húsbygginga, þannig að þeir eru eina stéttin mér vitanlega, sem ekki á aðgang að Húsnæðismálastofnun ríkisins, en er tryggt lánsfé með öðrum hætti.

Samkv. upplýsingum frá hæstv. landbrh. við fyrirspurn minni frá í vetur varðandi þessi mál, munu lánsupphæðir og kjör öll vera svipuð, ef allt er skoðað, þ. e. a. s. kjörin hjá Stofnlánadeild landbúnaðarins almennt til húsbygginga bænda eru nokkru betri um sumt miðað við almennar húsbyggingar, en miklum mun lakari, ef miðað er við t. d. verkamannabústaðakerfið. Ég held, að um flest væri eðlilegast, að íbúðarlán til bænda féllu einnig inn í hið almenna húsnæðislánakerfi og jafnvel að bændur nytu sem líkastra kjara og þar gerast best, þ. e. a. s. hinir tekjulægri í þeirra hópi. Þetta dæmi um misrétti, sem allt of lengi hefur viðgengist, styður þessa skoðun mína.

Ég vil einnig benda sérstaklega á frv. það, sem ég mælti fyrir í gær um útibú frá Húsnæðismálastofnun ríkisins, að þar kæmi verðugt viðbótarverkefni fyrir þau og án efa einnig jafnnauðsynlegt bændum sem öðrum húsbyggjendum að eiga þess kost að hafa slíka fyrirgreiðslu nær sér en nú er. Verkefni Stofnlánadeildar landbúnaðarins væru vissulega ærin, þó að þessi þáttur væri þaðan tekin, og sé ég því ekki ástæðu til neinnar viðkvæmni þaðan, þó að þessum málum væri breytt í það horf, sem ég hef á minnst. Vitanlega yrði að sjá svo til um leið, að húsnæðismálakerfinu yrðu útvegaðar tekjur sem þessu næmi.

Það væri vissulega æskilegt, að þessi mál yrðu gaumgæfð sérstaklega, því að einhvern veginn finnst mér skipan þessi óheppileg og óeðlileg, og mér finnst einmitt þetta frv., sem hér er til umr., ljóst dæmi hér um. Ég er frv. hjartanlega samþykkur, en vildi aðeins koma þessum ábendingum að.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 13 shlj. atkv. og til félmn. með 13 shlj. atkv.

Efri deild, 95. fundur.

Föstudaginn 29. mars, að loknum 94. fundi.

Aðstoð við kaupstaði og kauptún vegna landakaupa, frv. (þskj. 510). — 3. umr.

Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði samþ. með 12 shlj. atkv.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 11 shlj. atkv. og afgr. til Nd.

Kaupstaðarréttindi til handa Seltjarnarneshreppi, frv. (þskj. 502). — 3. umr.

Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði samþ. með 12 shlj. atkv.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 11 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 627).

Heimilishjálp í viðlögum, frv. (þskj. 522, n. 605). — 2. umr.

Of skammt var liðið frá útbýtingu nál. — Afbrigði samþ. með 12 shlj. atkv.

Frsm. (Helgi F. Seljan): Herra forseti. Félmn. hefur haft til meðferðar frv. til l. um breyt. á lögum um heimilishjálp í viðlögum. Í þessu frv. felst það, að inn í 1. gr. laganna er því bætt, að heimilt sé að starfrækja heimilishjálp vegna veikinda barna eða fullorðinna, ef þeir, sem veita heimilinu forstöðu, eru bundnir af atvinnu utan heimilisins, og skal nánar eftir fara í reglugerð.

Þetta frv. mun hafa verið flutt í Nd. alveg sérstaklega samkv. ósk Félags einstæðra foreldra þar um, þar sem lagaheimild til þessarar heimilishjálpar þótti skorta, þannig að þessir aðilar gætu sótt sinn rétt til bæði bæjarfélaga og ríkis.

Félmn. er einróma samþykk frv. og leggur til, að það verði samþykkt, en fjarverandi afgreiðslu voru hv. þm. Páll Þorsteinsson, Steingrímur Hermannsson og Þorvaldur Garðar Kristjánsson.

ATKVGR.

1. gr. samþ. með 11 shlj. atkv.
2. gr. samþ. með 12 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 11 shlj. atkv.

Neðri deild, 95. fundur.

Föstudaginn 29. mars, kl. 2 miðdegis.

Lífeyrissjóður sjómanna, frv. (þskj. 619). — 3. umr.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 21 shlj. atkv. og afgr. til Ed.

Vöruhappdrætti fyrir Samband ísl. berklasjúklinga, frv. (þskj. 404). — 3. umr.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 24 shlj. atkv., og afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 628).

Kaupstaðarréttindi til handa Eskifjarðarhreppi, frv. (þskj. 601). — 1. umr.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 21:1 atkv. og til félmn. með 22 shlj. atkv.

Kaupstaðarréttindi til handa Grindavíkurhreppi, frv. (þskj. 602). — 1. umr.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 22 shlj. atkv. og til félmn. með 21 shlj. atkv.

Kaupstaðarréttindi til handa Dalvíkurkauptúni, frv. (þskj. 118, n. 610). — 2. umr.

Of skammt var liðið frá útbýtingu nál. — Afbrigði samþ. með 22 shlj. atkv.

Frsm. (Stefán Valgeirsson): Herra forseti. N. hefur rætt þetta mál á mörgum fundum og sent það dómsmrn. og réttarfarsnefnd til umsagnar. Einnig hefur verið til meðferðar í n. frv. um kaupstaðarréttindi fyrir Seltjarnarnes og Bolungarvíkurkauptún. Í Ed. hafa verið lögð fram frv. um kaupstaðarréttindi handa Grindavíkurhreppi og Eskifjarðarhreppi. Urðu nm. sammála um, að það væri í nokkuð mikið ráðist að stofna til nýrra bæjarfógetaembætta á þessum stöðum, og í sömu átt hnigu einnig álitsgerðir dómsmrn. og réttarfarsnefndar. Mér þykir rétt að lesa hér upp kafla úr umsögn réttarfarsnefndar, með leyfi hæstv. forseta.

„Hér á landi fara sömu menn, bæjarfógetar og sýslumenn, með dómsstörf, lögreglustjórn og umboðsstörf ýmiss konar. Sjálfsagt verður þess ekki langt að bíða, að núv. skipan verði breytt hér á landi í það horf, að dómsstörf og umboðsstörf verði aðskilin. Verður þá að setja á stofn héraðsdómstóla utan Reykjavíkur, er taki við dómsstörfum bæjarfógeta og sýslumanna að verulegu leyti. Er það eitt af aðalverkefnum þessarar n. að gera till. í þessu efni. Einnig er nauðsynlegt að taka til endurskoðunar núv. mörk lögsagnarumdæma, sem eru víða mjög óeðlileg, miðað við staðhætti og breyttar aðstæður, t. d. í samgöngumálum. Við endurskoðun á þessu verður að hafa í huga hagsmuni þjóðarheildarinnar jafnt sem einstakra landshluta. Þess vegna telur réttarfarsnefnd æskilegt frá réttarfarslegu sjónarmiði, að sem allra minnstar einstakar breyt. verði gerðar á núv. dómstóla- og lögsagnarumdæmaskipan, meðan heildarendurskoðun er ekki lokið, þar sem slíkt gæti valdið erfiðleikum við endurskipulagningu síðar. N. telur einnig óæskilegt, að umdæmi dómara og lögreglustjóra séu mjög fámenn. Auk þess hefur fjölgun umdæma í för með sér veruleg útgjöld

fyrir ríkissjóð. N. mælir því gegn því, að sett verði á stofn að svo stöddu ný bæjarfógeta- eða sýslumanns og lögreglustjóraembætti.

Það er hins vegar utan verksviðs réttarfarsnefndar að gera till. um skipan sveitarstjórnarmála, en benda má á, að mörk lögsagnarumdæma og sveitarstjórnarumdæma þurfa ekki nauðsynlega að fara saman. Ekki virðist heldur óhjákvæmilegt að stofna bæjarfógetaembætti, þó að sveitarfélög, þar sem sýslumaður hefur ekki aðsetur, fái kaupstaðarréttindi. Slíkt yrði ákveðið í l. um viðkomandi kaupstað. Sami maður gæti verið bæjarfógeti í tveimur kaupstöðum, á líkan hátt, og hann getur í senn verið bæjarfógeti og sýslumaður. Mætti þá setja upp á hinum nýja stað skrifstofu í tengslum við aðalskrifstofu bæjarfógeta."

Þetta var úr umsögn réttarfarsnefndar.

Þegar það lá fyrir, að n. mundi vera því mótfallin að setja upp bæjarfógetaembætti á Dalvík, hafði sveitarstjórinn og ýmsir hreppsnefndarmenn þar fyrir norðan samband við einstaka nm. og enn fremur hv. þm. úr Norðurl. e., og settu fram eindregnar óskir um, að í lög yrðu sett ákvæði þess efnis, að skrifstofa skyldi vera á Dalvík í tengslum við aðalskrifstofuna á Akureyri, skyldi hún vera opin á venjulegum skrifstofutíma, og þar vera staðsettur löglærður fulltrúi. Á þessari skrifstofu skyldu vera veðmálabækur fyrir hinn nýja kaupstað og nágrenni hans og þar gæti farið fram skipaskráning, bifreiðaskráning og önnur slík afgreiðsla, sem slík embætti annast. Á þessu var fullur skilningur í hv. félmn., en talið var, að allt slíkt væri framkvæmdaratriði, en ekki venja eða eðlilegt að setja í lög fyrirmæli um slíka framkvæmd. Haft hefur verið samband við sýslumann Eyfirðinga og bæjarfógetann á Akureyri og hæstv. dómsmrh., og er fullur skilningur hjá þeim báðum að verða við óskum Dalvíkinga að þessu leyti, eftir því sem þörf er talin á, og aðstæður leyfa. Fullt samkomulag ætti því að geta tekist um framkvæmdina. Sýslumannsembættið á Akureyri hefur haft opna skrifstofu á Dalvík í tæpt ár, og hefur löglærður fulltrúi farið frá aðalskrifstofunni á Akureyri einu sinni til tvisvar í viku, þegar fært hefur verið. Dalvíkingar vilja fá meiri þjónustu, en húsakynni, sem embættið hefur, eru of þröng, og erfitt er að bæta úr því, fyrr en betra húsnæði fæst.

Að þessu öllu athuguðu er n. sammála um að leggja til, að frv. verði samþ. með svo hljóðandi breytingum:

„1. Við 1. gr. Í stað orðanna „í alþingiskjördæmi Norðurl. e." komi: í Norðurlandskjördæmi eystra.

2. 2. gr. orðist svo:

Sýslumaður Eyjafjarðarsýslu og bæjarfógeti Akureyrar skal jafnframt vera bæjarfógeti kaupstaðarins.

3. 3. gr. falli niður.

4. 6. gr. (verður 5. gr.) orðist svo:

Lög þessi öðlast gildi þegar í stað.

5. Aftan við frv. komi svo hljóðandi ákvæði til bráðabirgða:

„Þar til bæjarstjórnarkosningar hafa farið fram síðasta sunnudag í maí 1974, skal núv. hreppsnefnd fara með stjórn kaupstaðarins." "

Gylfi Þ. Gíslason var fjarstaddur afgreiðslu málsins.

Pálmi Jónsson: Herra forseti. Það kom fram hjá hv. frsm. n., að frv. hefur verið sent til umsagnar tveggja aðila. Ég hefði talið æskilegt og raunar algerlega sjálfsagt, að það hefði fyrst og fremst verið sent til umsagnar sýslunefndar Eyjafjarðarsýslu. Það hefur ekki komið fram, og í grg. frv. er ekki að sjá, að sýslunefnd Eyjafjarðarsýslu hafi um þetta mál fjallað. Með hliðsjón af því tel ég ákaflega vafasamt að afgreiða þetta mál og önnur þau mál, er fyrir Alþingi liggja um kaupstaðarréttindi einstakra kauptúna, nema áður hafi farið fram athugun á því, hverjum augum sýslunefndir hlutaðeigandi sýslna líta þessi mál.

Hér er um að ræða verulegar breyt. á umdæmaskipun í landinu. Nú er í gangi endurskoðun á sveitarstjórnarlögum. Þar með má vænta þess, að komi endurskoðun á umdæmaskipan sveitarstjórnarumdæmanna, og tel ég vafasamt að afgreiða öll þau frv. um kaupstaðarréttindi, sem fyrir Alþ. liggja, án þess að gera sér grein fyrir því, hvert framhald verður í þessum efnum.

Það er skoðun mín, að sýslurnar séu stofnanir í stjórnkerfinu, sem ekki eigi að kasta fyrir róða, það eigi að virða þær a. m. k. viðlits, þegar um það er fjallað að kljúfa þær og mynda ný lögsagnarumdæmi. Með hliðsjón af því mun ég, a. m. k. svo fremi að ekki berist gleggri upplýsingar um þetta mál en hér hafa komið fram, ekki treysta mér til að greiða frv. atkvæði.

Frsm. (Stefán Valgeirsson): Herra forseti. Það er alveg rétt, sem hv. þm. Pálmi Jónsson sagði hér, að í grg. með þessu frv., er ekki um það getið, að þetta mál hafi komið fyrir sýslunefnd Eyjafjarðarsýslu. En samt sem áður hefðum við aldrei flutt þetta mál, ef það hefði ekki legið fyrir samþykki sýslun. um þetta málefni. Og þó að ég hafi það ekki hér í höndum, þá liggur fyrir samþykkt sýslun. um það, að hún mæli með samþykkt þessa frv.

ATKVGR.

Brtt. 610,1 samþ. með 22 shlj. atkv.

1. gr., svo breytt, samþ. með 24 shlj. atkv.

Brtt. 610,2 (ný 2. gr.) samþ. með 23 shlj. atkv.

— 610,3 (3. gr. falli niður) samþ. með 23 shlj. atkv.

4.—5. gr. (verða 3.—4. gr.) samþ. með 23 shlj. atkv.

Brtt. 610,4 (ný 6. gr., verður 5. gr.) samþ. með 23 shlj. atkv.

610,5 (nýtt ákvæði til bráðabirgða) samþ. með 21 shlj. atkv.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Frv. vísað til 3. umr. með 25 shlj. atkv.

Skipti á dánarbúum og félagsbúum, frv. (þskj. 28, n. 545). — 2. umr.

Frsm. (Jón Skaftason): Herra forseti. Allshn. þessarar hv. d. hefur haft til athugunar frv. til l.

um breyt. á l. nr. 13 12. apríl 1878, um skipti á dánarbúum og félagsbúum o. fl., sem er 27. mál þessa þings. N. hefur orðið sammála um að mæla með frv. með nokkrum brtt., sem ekki eru mikilvægar og liggja frammi á þskj. 545. Ég tel brtt. svo ljósar, eins og þær liggja fyrir, að óþarft sé að fara um þær fleiri orðum.

ATKVGR.

1. gr. samþ. með 22 shlj. atkv.
2. gr. samþ. með 22 shlj. atkv.
Brtt. 545,1 samþ. með 23 shlj. atkv.
3. gr., svo breytt, samþ. með 23 shlj. atkv.
Brtt. 545, 2 (ný 4. gr.) samþ. með 21 shlj. atkv.
5.—8. gr. samþ. með 23 shlj. atkv.
Brtt. 545,3 (ný 9. gr.) samþ. með 22 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 24 shlj. atkv.

Skólakerfi, frv. (þskj. 8, n. 541). — 2. umr.

Frsm. (Hannibal Valdimarsson): Herra forseti. Það er nánast upphaf þessa máls, að á árinu 1969 skipaði þáv. hæstv. menntmrh., dr. Gylfi Þ. Gíslason, n. til þess að endurskoða gildandi löggjöf um skólamál, þ. e. a. s. nefndin skyldi taka til endurskoðunar þrjá lagabálka, lög um skólakerfi og fræðsluskyldu, lög um fræðslu barna og lög um gagnfræðanám.

Í þessa n. voru skipaðir Birgir Thorlacius ráðuneytisstjóri, sem var form. n., Andri Ísaksson þáv. deildarstjóri skólarannsóknadeildar í menntmrn., núv. prófessor, Gunnar Guðmundsson skólastjóri Laugarnesskólans, Helgi Elíasson þáv. fræðslumálastjóri, Kristján J. Gunnarsson skólastjóri Langholtsskóla og Sveinbjörn Sigurjónsson skólastjóri hér í Reykjavík. Síðan var Jónas B. Jónsson fræðslustjóri skipaður í n. í fjarveru Andra Ísakssonar, og seinna tók einnig til starfa í n. Jóhann S. Hannesson skólameistari. Til aðstoðar þessari n. störfuðu Indriði H. Þorláksson hagfræðingur, fulltrúi í menntmrn. og doktor Þuríður J. Kristjánsdóttir uppeldisfræðingur, sem einnig gegndi störfum ritara nefndarinnar.

Frv., sem þessi n. skilaði, var lagt fyrir Alþ., en fór aðeins til n. eftir 1. umr. í fyrri d. og kom þaðan ekki. Eftir stjórnarskiptin skipaði núv. menntmrh., Magnús T. Ólafsson, n. til þess að endurskoða frv., sem fyrri n. hafði samið, þ. e. a. s. verkefni hennar skyldi vera að endurskoða frv. um skólakerfi og grunnskóla. Þessi n. hefur til aðgreiningar frá hinni fyrri verið kölluð grunnskólanefnd, og hana skipuðu Birgir Thorlacius ráðuneytisstjóri form., Andri Ísaksson deildarstjóri, Ingólfur A. Þorkelsson kennari við Kvennaskólann í Reykjavík, Kristján Ingólfsson kennari við barna- og unglingaskólann á Hallormsstað og Páll Líndal borgarlögmaður, sem jafnframt er form. Sambands íslenskra sveitarfélaga. Með þessari n. starfaði, eins og með þeirri fyrri, Indriði H. Þorláksson fulltrúi í menntmrn.

Frv., sem hin síðari n. samdi, voru lögð fyrir síðasta Alþingi, í upphafi þess, fóru í gegnum 1. umr. í fyrri d. og til menntmn., en komu þaðan ekki.

Það er því í þriðja sinn, sem frv. um nýja skólalöggjöf eru lögð fyrir Alþingi að þessu sinni, en það frv., sem hér er nú til umr. um skólakerfi, er nokkuð breytt frá fyrri gerð frv. um sama efni. Ef bornar eru saman gr. frv. til l. um skólakefi við eldra frv., sem fræðslulagan. frá 1969 samdi, kemur í ljós, að 3. og 4. gr. og 10. og 11. gr. eru óbreyttar og samsvara nánast 3. og 4. og 9. og 10. gr. eldra frv., en 7. gr. í þessu frv. er ný og 1. og 2. gr., 5. og 6. gr. og 8. gr. þessa frv. eru breyttar frá fyrri gerð og að sumu leyti auknar að efnisatriðum.

Þannig liggur þetta frv. um skólakerfi þá fyrir. Menntmn. hefur fjallað um það og gert á því eina efnisbreytingu. En þó verð ég að játa, að þó ekki hafi verið flutt brtt. um frv. að öðru leyti, þá varð nokkurs ágreinings vart í upphafi meðferðar í n. um 1. gr. þess, um það, hvort hér skyldi ríkja skólaskylda frá 7—16 ára aldurs, og má e. t. v. vænta brtt. við það eða að viðkomandi nm. geri grein fyrir þeim ágreiningi sínum.

Þetta frv. er samhljóða frv. um skólakerfi, eins og það var lagt fyrir síðasta þing, en var þá ekki útrætt, eins og ég áðan sagði.

Í 1. gr. frv. segir, að allir skólar, sem kostaðir séu eða styrktir að hálfu eða meira af almannafé, skuli mynda samfellt skólakerfi. Þetta þýðir, að einstakir skólar hafa ekki inntökupróf og nemandi flyst þannig viðstöðulaust af einu skólastigi á annað. Með skólalöggjöfinni, sem sett var 1946, þ. e. a. s. lögum um skólakerfi og fræðsluskyldu, var þessu að verulegu leyti náð, einkanlega með ákvæðunum um landspróf. Þó að allir væru ekki á eitt sáttir um kosti landsprófanna, m. a. um framkvæmd þeirra, hygg ég þó, að flestir hafi játað, að þau voru mikil réttarbót fyrir nemendur úr dreifbýlinu. Hér er nú haldið áfram á sömu braut og skólakerfið allt gert að samfelldri heild, þannig að með lokaprófi grunnskólans opnast nemendunum leiðir til allra átta á framhaldsskólastiginu innan skólakerfisins og síðan stig af stigi. Niðurlagsákvæði 1. gr., þ. e. a. s. orðin „sé ekki annað tekið fram í l.“, opna möguleika til þess, að skólar geti notið verulegs styrks af almannafé eða allt að helmingi kostnaðar, en þó verið utan ramma l. um samfellda skólakerfið. Slíkum skólum væri þó hægt að setja skilyrði, t. d. um námsskrár, þar eð styrkveiting gæti verið slíkum skilyrðum háð. Með lokaákvæði gr. munu t. d. lýðskólar og námsflokkar og aðrar hliðstæðar fræðslu- og menntastofnanir, einkum varðandi fullorðinsfræðslu, hafa verið hafðar í huga.

Hið samræmda skólakerfi skiptist samkv. frv. í 3 stig: í fyrsta lagi skyldunámsstigið, í öðru lagi framhaldsskólastigið og í þriðja lagi háskólastig. Á fyrsta stiginu eða frumstiginu, skyldunámsstiginu, er grunnskólinn. Uppi hafa verið aðrar hugmyndir um nafn en grunnskóli, t. d. frumskóli eða þjóðskóli, en þær n., sem um málið hafa fjallað, hafa skilað málinu frá sér undir heitinu grunnskóli. Á framhaldsskólastiginu eru almennir framhaldsskólar, þ. á m. fjölbrautaskólar og menntaskólar, svo og hverskonar sérskólar, bæði verklegir og bóklegir. Á háskólastigi eru svo Háskóli Íslands, Kennaraháskólinn og hliðstæðir skólar.

Um þessa uppbyggingu hins samfellda kerfis er

fjallað í 2. gr. frv. Með henni er sú breyting gerð frá gildandi l., að barnafræðslustigið og gagnfræðastigið eru sameinuð og óskipt skyldunámsstig sett í staðinn, þ. e. a. s. grunnskólastigið. Í stað menntaskóla og sérskólastigs gildandi l. kemur hið svonefnda framhaldsskólastig, og er þar m. a. gert ráð fyrir svonefndum fjölbrautaskólum eða sameinuðum framhaldsskólum, en það er skólaform, sem þekkt er t. d. í Bretlandi, en hér er enn aðeins á undirbúningsstigi.

Yfir hvaða aldursstig nær þá grunnskólinn? Hann er fyrir börn og unglinga á aldrinum 7—16 ára, og nær skólaskyldan yfir þetta tímabil, þ. e. 9 ára skólaskylda í stað 8 ára nú. Það er einmitt þetta atriði, sem hugsanlegt er, að ágreiningur komi hér fram um og að einhverjir vilji halda áfram hér með 8 ára skólaskyldu, þó að gengið væri inn á 9 ára fræðsluskyldu. Grunnskólinn á að veita hina almennu undirstöðumenntun í landinu og búa undir nám á öllu framhaldsskólastiginu.

Hér er um tvær meginbreytingar að ræða frá gildandi l., þ. e. lengingu skólaskyldunnar um eitt ár og hins vegar það, að 4. bekkur gagnfræðastigsins er í rauninni felldur niður.

Samkvæmt gildandi l. lýkur 8 ára skólaskyldu nú með svokölluðu unglingaprófi. Það próf gefur mjög takmörkuð réttindi til framhaldsnáms. Miklu fremur opna nú miðskólapróf, landspróf, gagnfræðapróf leiðir til áframhaldandi náms og hvert þeirra sitt með hverjum hætti. Það er að mínu áliti til stórbóta, að nú opnast allar krossgötur framhaldsnámsins við lokapróf grunnskólans.

Þá vík ég að framhaldsskólunum. Þeir eru 2—4 ára skólar. Þar sveigist námið inn á hinar ýmsu menntabrautir og námsbrautir. Stúdentspróf frá framhaldsskóla veitir rétt til háskólanáms, en allir, sem lokið hafa grunnskólaprófi, eiga kost á framhaldsskólanámi í einhverjum sérskóla hvers stigs. Á þessu skólastigi er aðallega um þrenns konar nám að ræða. Þar er í fyrsta lagi um tveggja ára nám að ræða til undirbúnings undir störf eða undir nám í ákveðnum sérskólum. Í öðru lagi er um 3—4 ára nám til undirbúnings náms á háskólastigi að ræða eða til almennrar menntunar, og í þriðja lagi er um að ræða nám í ýmsum sérskólum, sem veita sérmenntun til ákveðinna starfa.

Í 5. gr. frv. segir, að til inngöngu í háskóla þurfi stúdentspróf eða jafngildi þess samkv. því, sem lög um háskóla ákveði. Í framhaldi greinarinnar er menntmrn., að fengnu áliti háskólaráðs heimilað að ákveða önnur inntökuskilyrði í einstakar háskóladeildir, ef þörf gerist. Á háskólastigi teljast Háskóli Íslands og aðrir þeir skólar, sem gera sams konar kröfur um inngöngu, þ. á m. er t. d. Kennaraháskólinn. Í skýringum með þessari gr. frv. er vakin athygli á því, að með aukinni fjölbreytni í menntaskólanámi hafi stúdentsprófshugtakið verið rýmkað nokkuð og muni sú þróun efalaust halda áfram fyrir áhrif frá hinum væntanlegu fjölbrautaskólum og annarri samræmingu í námi á framhaldsskólastiginu.

Í 6. gr. frv. er ákveðið, að kennslan sé ókeypis í öllum opinberum skólum, en í þeim einkaskólum, sem að meiri hluta eru kostaðir af opinberu fé, skuli skólagjöldin vera háð samþykki menntmrn. Þó geta nemendur þurft að greiða ýmiss konar kostnað varðandi námið, svo sem efnisgjöld til verklegs náms og vegna húsnæðis og fæðiskostnað í heimavistum ríkisskóla, en námið sjálft í öllum ríkisskólum veitt ókeypis.

Síðari tíma menn kynnu að líta svo á, að með ákvæðum 7. gr. frv. væri verið að afnema eitthvert sérstakt hróplegt misrétti, sem hingað til hafi ríkt hér á landi í íslenskum skólum milli kvenna og karla. Allir vita þó, að svo er ekki. Kennarastéttin íslenska mun að minni hyggju einna fyrst allra stétta hafa virt og viðurkennt jafnrétti kynjanna, bæði í launum og starfi. Samt hefur þótt rétt að taka af öll tvímæli í þessu efni, og er 7. gr. frv. svo hljóðandi:

„Í öllu starfi skóla skal þess gætt, að konur og karlar njóti jafnréttis í hvívetna, jafnt kennarar sem nemendur.“

Þó að þetta orðalag sé að minni hyggju eins fortakslaust og verða má, féllst n. á, að í stað orðanna „skal þess gætt að“ komi: skulu konur og karlar njóta jafnréttis í hvívetna o. s. frv. Breytingin er helst rökstudd með því, að það væri nær venjulegu lagamáli að segja „skal vera“, en að einhvers skuli gætt. Þetta er einasta brtt. n. við frv., og er hana að finna á þskj. 541.

Höfundar frv. geta þess, að jafnréttisákvæði 7. gr., svo sjálfsögð sem þau séu, lúti einkum að gerð námsskrár, sem ætlast sé til að veiti piltum og stúlkum í öllu sömu tækifæri til náms og algerlega að ósk nemenda sjálfra, án venjubundinnar skiptingar eftir kynjum, t. d. í verklegu námi, en þess hefur nokkuð gætt fram til þessa, því verður ekki neitað. Ætlunin er þá sú með þessu ákvæði, að piltar eigi þess t. d. kost að læra matreiðslu og stúlkurnar smíðar, ef þær kynnu sjálfar að óska þess.

Í 8. gr. frv. er tekið fram, að ríki og sveitarfélögum sé skylt að tryggja nemnedum, hvar sem er á landinu, sem jafnasta aðstöðu til menntunar, eftir því sem lög kveði nánar á um. Hér er um að ræða jafnréttisákvæði, sem er svo þýðingarmikið, að það verður að teljast til grundvallarréttinda lýðræðisþjóðfélagsins, þar sem áhersla er að sjálfsögðu lögð á jafnrétti þegnanna. Flestir munu viðurkenna, að bæði ríki og sveitarfélögum beri afdráttarlaus skylda til að sjá svo um, að búseta og misjafn efnahagur nemenda eða forráðamanna þeirra valdi ekki misrétti um aðstöðu til fræðslu og menntunar. Í þá átt miða t. d. lög nr. 69 frá 1972, um ráðstafanir til jöfnunar á námskostnaði, en samkv. þeim veitir ríkissjóður á þessu ári allmargar millj. kr. til jöfnunar á fjárhagslegum aðstöðumun nemenda, getum við sagt, á framhaldsskólastigi. Allir munu telja það eðlilegt, að í l. um skólakerfi sé kveðið á um skyldu opinberra aðila í þessu þýðingarmikla atriði, þó að það eitt sé ekki nóg, heldur verði að afmarka skiptinguna og sjá henni fullnægt með ákvæðum annarra laga. Það er rétt, sem í skýringum segir með frv., að sá vandi, sem hér er um að ræða, er vissulega ærið flókinn og fjölhliða og ástæða til að huga að könnun hans í víðtæku félagslegu samhengi, enda vert að vara við þeirri skoðun, að þetta samfélagslega vandamál eigi sér einfalda og auðvelda lausn.

9. gr. er eins konar framhald 8. gr. og út-

færsla á ákvæðum hennar, einkanlega varðandi grunnskólastigið, en þar segir:

„Nú getur nemandi ekki stundað sitt skyldunám sakir fjárskorts, og skal þá menntmrn., að fenginni umsögn fræðslustjóra þess umdæmis, svo og öðrum nauðsynlegum upplýsingum, sem sanni ástæður nemandans, veita til þess styrk úr ríkissjóði."

Með þessu ætti að vera fulltryggt, að enginn fari á mis við hið lögboðna skyldunám fyrir fátæktar sakir. Á fræðslustjóra, sem á að hafa staðkunnugleika í sínu umdæmi, er lögð sú skylda að kanna efnahagslegar ástæður nemenda, en hins vegar litið á það sem samfélagsskyldu, þjóðfélagsskyldu að sjá um, að nemandi geti notið þeirra réttinda að sækja allan grunnskólann. Þess vegna er talið rétt, að ríkissjóður, en ekki sveitarsjóður, sjái um greiðslu slíkra námsstyrkja fyrir fátæka nemendur.

Þá eru í niðurlagi 9. gr. ákvæði til aðstoðar við barnmargar fjölskyldur, því að þar segir, að séu samtímis í heimavistarskóla á skyldunámsstigi fleiri en tvö systkin frá sama heimili í skólahverfinu eða fleiri en tvö börn, sem eigi sömu framfærsluforeldra, þá skuli ríkissjóður greiða að fullu fæðiskostnað fyrir þau, sem umfram tvö eru. Í slíkum tilfellum væru fjárhagsbyrðar heimilis svo þungbærar, að rétt er talið, að ríkissjóður komi þá til hjálpar.

Nokkur athugun hefur verið gerð á því, hve marga nemendur hér gæti verið um að ræða, t. d. á næsta skólaári, og bendir sú athugun til þess, að þetta gætu orðið um 300 börn, og mundi þá árlegur kostnaður ríkissjóðs af þessum sökum verða nálægt 6 millj. kr., miðað við núv. verðlag.

Ákvæði 10. gr. eru efnislega samhljóða ákv. gildandi laga. Þar er gert ráð fyrir, að um framkvæmd fræðslunnar og skólaskipan hvers stigs og fjárframlög ríkis og sveitarfélaga til skólahalds skuli sett lög og reglugerð fyrir hvert skólastig.

Nú kynnu menn að spyrja: Hvenær er svo ætlunin, að þessi nýja löggjöf um skólakerfi komi til framkvæmda? Getur það ekki orðið t. d. daginn eftir að Alþ. hefur samþ. slíka löggjöf? Nei, því fer fjarri. Þannig er ekki hægt að skipta yfir frá einni skólalöggjöf til annarrar. Slíkt gerist ekki í einu vetfangi. Það gerist aðeins smám saman, á mörgum árum, þó að enginn skortur verði á fé til framkvæmda, sem einnig gæti þó komið til. Í gildistökuákvæði frv. segir, að l. skuli koma til framkvæmda svo fljótt sem unnt reynist, og sannast sagna er ekki unnt að orða það miklu ákveðnar. Og til fulls eru l. ekki komin til framkvæmda, fyrr en sú regla er orðin almenn í landinu, að nemendur hafi lokið skyldunámi samkv. hinni nýju löggjöf, en þangað til eru a. m. k. 9 ár. Þess vegna er það ákvæði 10. gr., að l. skuli koma til fullra framkvæmda eigi síðar en að 10 árum liðnum frá gildistöku þeirra, einnig lágmarkstímamark um framkvæmd þeirra.

Ef þetta frv. hlýtur samþykki Alþ., er næsta stóra skrefið, sem stíga verður, að ákveða form og framkvæmd hinnar almennu grundvallarmenntunar, sem allt ungt fólk á aldrinum 7—16 ára eigi rétt og skyldu til að njóta. Þar kemur til mála námskrársamning og margt fleira. En þegar þau tvö stóru skref hafa verið stigin, er samt mikið og margt eftir. Setning þeirra tvennra laga, sem Alþ. það, sem nú situr, hefur til meðferðar, kallar á heildarendurskoðun á skipan framhaldsskólastigsins alls. Þá er t. d. eftir að endurskoða alla iðnskólalöggjöfina í samræmi við hið nýja samfellda skólakerfi, og eins og stendur í skýringum með þessu frv. um skólakerfið er brýn nauðsyn á lagasetningu um lýðskóla, kvöldskóla, námsflokka, námskeið hvers konar, bréfaskóla og aðrar framhalds- og endurmenntunarstofnanir, einkanlega fyrir fullorðið fólk. Þetta er því aðeins byrjunin á miklu og margþættu verki. En víst er þó mikið rétt í því, að hálfnað er verk, þá hafið er.

Skólalöggjöfin frá 1946 var merk löggjöf af miklum stórhug sett. En síðan er aldarfjórðungur liðinn. Sá aldarfjórðungur er tímabil mikilla breytinga á öllum sviðum þjóðlífsins. Þeir munu því fáir, sem ekki játa, að ástæða sé til að endurskoða þá löggjöf, og þess vegna er allvíðtæk samstaða um það nú, að sett verði ný fræðslu- og skólalöggjöf. En skoðanir verða samt skiptar, þegar að því kemur að móta hana í einstökum atriðum, og enginn skyldi í rauninni undrast það.

Það risu miklar deilur um mótun okkar fyrstu skólalöggjafar árið 1907. Deilur risu líka, þegar hún var endurskoðuð árið 1926. Hið sama varð upp á tengingnum við endurskoðunina bæði 1936 og 1946. Um slíka grundvallarlagasetningu verða menn aldrei sammála, það er útilokað Eftir því þýðir ekki að bíða. Og hvað er þá annað fyrir hendi en að stíga fyrsta skrefið og láta svo reyndina segja til vegar um sérhvað það, sem betur megi fara?

Það hefur verið unnið mikið verk af mörgum færum skólamönnum til undirbúnings þessarar löggjafar, og frv. um grunnskólann, og ber að þakka það starf.

Menntmn. hefur orðið sammála um að mæla með samþykkt þessa frv., aðeins með einni smávægilegri orðalagsbreytingu, sem ég áðan gerði grein fyrir. Verði till. n. samþ., falla úr gildi l. nr. 22 frá 1946, um skólakerfi og fræðsluskyldu. Verður þetta frv. þá eiginlega fyrsti hornsteinninn að þeirri skólalöggjöf, sem verður nú byrjað á að setja, og það eru mín síðustu orð að þessu sinni. N. mælir með samþykkt þessa frv. með aðeins einni breytingu. Og þar með er lagður grundvöllurinn að því skólakerfi, sem við viljum stefna að því að móta á næsta áratug, og næsta skrefið er svo mótun grunnskólastigsins, frumskólastigsins eða þjóðskólastigsins, ef menn vilja kalla það svo.

Ellert B. Schram: Herra forseti. Menntmn. Nd. hefur haft til meðferðar nú undanfarnar vikur og mánuði frv. til l. um skólakerfi og frv. til l. um grunnskóla. Mestur tími n. hefur farið í að yfirfara grunnskólafrv., og hefur líka niðurstaðan orðið sú, að þar hafa margvíslegar brtt. komið fram, bæði frá n. allri og einstökum nm. Hins vegar hefur minni tími farið í umr. um skólakerfi, og það frv. var nánast afgreitt sem formsatriði á síðasta fundi n. og þá shlj.

Það var skoðun mín og trú, að grunnskólafrv. yrði tekið til meðferðar í hv. d. á undan frv. til l. um skólakerfið. Ég leit svo á, að með þeirri málsmeðferð yrði skorið úr um það, hvort þd. léði samþykki sitt ýmsum brtt., og að nokkurn veginn lægi fyrir, hver væri afstaða d. til veigamikilla atriða, sem fram koma í þessum frv. Þar af leiðandi geri ég sem nm. í menntmn. ekki brtt. við frv. til l. um skólakerfið og skrifaði undir nál. með venjulegum fyrirvara. Ég sé, að þess fyrirvara er ekki getið í nál., og óska eftir því, að form. beiti sér fyrir því að breyta nál. á þá leið, vegna þess að það var samdóma álit nm., að þeir skrifuðu undir allir með venjulegum og eðlilegum fyrirvara. Þetta segi ég vegna þess, að úr því að sú málsmeðferð er viðhöfð hér að taka fyrst til meðferðar frv. til l. um skólakerfi, þá verður að taka afstöðu til a. m. k. eins ákvæðis í því frv., sem skiptir meginmáli, en þar á ég við 3. gr. frv., sem fjallar um skólaskylduna og lengingu hennar. Ég sé mig því til knúinn að leggja fram brtt. við þetta frv., ef ætlunin er að láta hv. d. taka afstöðu til skólakerfisfrv. á undan grunnskólafrv., og mun þá leggja fram brtt. og kynna hana hér síðar í máli mínu.

Ég mun ekki heldur við umr. um frv. til l. um skólakerfi fjalla ítarlega um þetta mál í heild sinni, þar sem ég mun áskilja mér rétt til þess að gera það við meðferðina og umr. um grunnskólafrv. sjálft, en víkja hér aðeins að einu atriði, þ. e. a. s. nefndri gr., nú þegar rætt er um frv. um skólakerfið.

Við sjálfstæðismenn hér á þingi höfum skoðað þessi frv. mjög ítarlega, rætt þau í okkar hópi og kallað til sérfróða menn til þess að veita okkur nánari upplýsingar, og í framhaldi af þeirri vinnu, sem við lögðum í að fara yfir þessi frv., komumst við að þeirri niðurstöðu varðandi lengingu skólaskyldunnar, að við gátum ekki mælt með þeirri lengingu. Í samræmi við þá niðurstöðu okkar lögðum við fulltrúar Sjálfstfl. í menntmn. fram brtt. í menntmn. Nd., sem hnígur í þá átt. Þær brtt. koma fram á þskj. 530 og eru kynntar sem till. frá mér, en ég vil gefa þá skýringu hér á því, að meðnm. minn, fulltrúi Sjálfstfl., hv. þm. Gunnar Gíslason, var um þær mundir, sem gengið var frá þessum þskj., frá þingi vegna veikinda og hafði ekki aðstöðu til þess að skrifa undir þessar brtt., og varamaður hans, hv. þm. Eyjólfur K. Jónsson, hafði ekki kynnt sér þetta mál til hlítar og af skiljanlegum ástæðum treysti sér ekki til að skrifa undir þessar brtt. Ég tek þetta fram til þess að undirstrika, að þetta er gert með vilja og vitund meðnm. míns, hv. þm. Gunnars Gíslasonar, og shlj. áliti hans.

Ég tel rétt að kynna strax þær brtt., sem varða lengingu skólaskyldunnar, sem lagðar hafa verið fram á þessu þskj., en þær eru við 1. gr. frv. um grunnskóla, og brtt. mín hljóðar svo, með leyfi forseta. 1. gr. verði með eftirfarandi hætti:

„Skylt er ríki og sveitarfélögum að halda skóla fyrir öll börn og unglinga á aldrinum 7—16 ára, *eftir því sem nánar segir í lögum þessum.* Skóli, sem fullnægir lögum þessum og reglugerðum settum samkv. þeim, kallast grunnskóli. Öllum börnum og unglingum á aldrinum 7—15 ára er skylt að sækja grunnskóla. Undanþágu má þó veita frá skólaskyldu, sbr. 5., 7. og 8. gr. Heimilt er sveitarfélagi að ákveða, að skyldunám skuli ná til 16 ára unglinga, enda samþykki hlutaðeigandi fræðsluráð ákvörðunina. Þegar tilgreindur er aldur nemenda í lögum þessum miðast hann við það almanaksár, er nemandinn nær nefndum aldri.“

Þessi brtt. er nánast orðrétt tekin upp úr núgildandi fræðslulögum. Eins og alkunna er, er skólaskyldan frá 7—15 ára samkv. núgildandi l. Við leggjum sem sagt til, að hún verði áfram óbreytt, en setjum jafnframt inn í brtt. okkar ákvæði, sem lúta að því, að sveitarfélög geti ákveðið, að skyldunám skuli ná til 16 ára unglinga, en það er shlj. núgildandi l. jafnframt. Ég vildi nú gera stutta grein fyrir þessum niðurstöðum okkar og þessum brtt.

Það er að sjálfsögðu óþarfi að taka fram, enda þótt þessi till. sé lögð fram af hálfu okkar sjálfstæðismanna hér í d., að þá má ekki túlka hana sem svo, að við séum ekki áhugamenn um að jafna námsaðstöðu í þessu landi, og það má enginn efast um hug okkar um, að vitaskuld viljum við sem mesta menntun landsmanna. Ég geri ráð fyrir því, að enginn væni okkur um það að vera ekki jafnáhugasamir um þessi mál og aðrir hv. þm., og ég geri ekki ráð fyrir því, að það verði frekar gert að umtalsefni. En það, sem býr að baki þessum niðurstöðum okkar, er í fyrsta lagi og aðallega það, að við erum þeirrar skoðunar, að það skuli færa ábyrgð og framkvæmd á skóla- og fræðslumálum meir út í hinar dreifðu byggðir, til fólksins í landinu og sveitarfélaganna og samtaka þeirra. Við álítum, að það sé fyrsta skrefið í þá átt að gera jákvæðar breytingar á fræðslul., að þetta vald sé fært út til sveitarfélaganna og þeim gefinn kostur á að hafa visst frumkvæði á því sviði. Það eru allir, sem fjalla um fræðslumálin, sammála um, að þar sem skórinn kreppir, og þá einkum úti í hinni dreifðu byggð, sé hin takmarkaða, vanbúna aðstaða, sem valdi því, að unglingar geti ekki sótt skóla eins og í þéttbýli og þeir heltist frekar úr lestinni en þeir, sem í þéttbýli búa. Í grg. með frv. til grunnskóla segir m. a.:

„Þrátt fyrir góðan vilja er mikil hætta á, að mismunandi fjárhagsgeta sveitarfélaga valdi því, að börn og unglingar fái misjafna aðstöðu til náms, ef ekki er kveðið skýrt á um skólaskyldu og skilyrði öll, sem skapa þarf til þess, að unglingarnir allir nái tilskilinni menntun á aldrinum 7—16 ára. Höfuðvandinn í þessu efni er að skapa sambærileg skilyrði í þéttbýli og dreifbýli.“

Þarna er áréttað, sem er hafið yfir alla gagnrýni, að höfuðástæðan fyrir því, að nú er lagt til að lengja skólaskylduna, er, hversu misjöfn aðstaða er til náms eftir því, hvort um er að ræða dreifbýli eða þéttbýli. Þeir, sem nú mæla með lengingunni, telja, að lenging skólaskyldunnar leysi þetta vandamál að verulegu eða öllu leyti. Í þessu atriði er ég ekki sammála þeim flm. og talsmönnum lengingar skólaskyldu, því *að ég tel þarna byrjað á öfugum enda.* Það á að bæta aðstöðuna fyrst og sjá svo til, hvort það dugir ekki til þess, að unglingar sæki skóla jafnt í þéttbýli sem dreifbýli. Þjóðfélagið þarf að

laga það misræmi, sem er í aðstöðunni í þéttbýlinu og dreifbýlinu, og er vissulega fyrir hendi, og það getur þjóðfélagið gert með því að veita sveitarfélögum möguleika til þess að byggja upp þessa aðstöðu. Það er min bjargfasta skoðun, að þegar sú aðstaða er fyrir hendi, þurfi ekki að verða svo miklar umr. um það, hvort skólaskyldan eigi að verða 8 eða 9 ár, vegna þess að það leysist af sjálfu sér, og börn og unglingar munu þá sækja skóla jafnilla eða vel, hvort sem þau búa í þéttbýli eða dreifbýli.

Meginkjarninn í öllum þeim brtt., sem við sjálfstæðism. leggjum til, að verði samþykktar á grunnskólafrv., hnígur í þá átt að auka möguleika sveitarfélaga til þess að byggja upp aðstöðu, byggja upp fræðsluaðstöðu úti í héruðunum, úti í hinum dreifðu byggðum. Það gerum við með því að benda á, að völdin þurfi að vera heima í héraði, þ. e. a. s. möguleikar á því að taka ákvarðanir, og ekki skuli allir þræðir liggja til rn. hér í Reykjavík. Við leggjum líka til, að sveitarfélögunum sé útvegað fjármagn til þess að byggja upp þessa aðstöðu, en þar hangir náttúrlega miklu meira á spýtunni.

Í upphafi þessa þings boðaði hæstv. forsrh., að áður en þingi lyki, mundi skila áliti nefnd, sem hann hafði skipað og fjallar um endurskoðun á verkaskiptingu ríkis- og sveitarfélaga, og n. hefur það markmið, eftir því sem hæstv. forsrh. tjáði okkur hér í hinu háa Alþ., — hefur það meginmarkmið að auka sjálfsforræði sveitarfélaga. Nú efast enginn um það og er augljóst mál, að fræðslumál eru einn veigamesti þátturinn í samskiptum ríkis og sveitarfélaga, og ef á að auka sjálfsforræði sveitarfélaga, hlýtur athyglin fyrst að beinast að þessum verkefnum og þessu sviði. Ég get því ekki ímyndað mér annað en sú n., sem forsrh. talaði um, hafi fjallað mjög rækilega um fræðslumálin og breytta verkaskiptingu, og að sjálfsögðu, með tilliti til verkefnis n., hlýtur hún að marka stefnu og leggja fram brtt., sem hníga í þá átt, að sveitarfélögin fái aukna möguleika til þess að byggja upp fræðsluaðstöðu heima í héraði. Mér þykir kominn tími til, að hæstv. forsrh. eða hæstv. ríkisstj. upplýsi þingheim um það, hvað líði þessum nefndarstörfum, og geti eitthvað upplýst um það, hvort ekki sé fjallað um fræðslumálin í þessari n. Það var mat okkar sjálfstæðismanna, að nú, þegar menntamálin væru til meðferðar í n. Alþingis, mundu þær n., menntmn. Nd. og helst jafnframt menntmn. Ed., fara yfir þessi frumvörp og leggja til, hvernig þær teldu æskilegast að haga þessum málum í þá átt að auka sjálfsforræði sveitarfélaga, og leggja þær till. sínar og hugmyndir fyrir þá n., sem hæstv. forsrh. hefur vitnað til. Með þessu töldum við okkur ekki vera að tefja fyrir málinu, ekki vera að leggja stein í götu þess, heldur þvert á móti að reyna að vinna jákvætt að því, að samræmi væri í störfum þingsins og nefnda, sem skipaðar eru á vegum ríkisstj. og þingsins, þannig að samræmd niðurstaða fengist. Þetta hefur því miður ekki verið gert. Á sama tíma og allir eru á einu máli um, að auka þurfi sjálfsforræði sveitarfélaga og færa völdin út í hin ýmsu héruð, þá eru stjórnvöld nú að afgreiða hér þetta mál og ýmis fleiri, sem stefna í gagnstæða átt. Ég tel þetta miður og ekki vera vinnubrögð, sem séu til fyrirmyndar.

Forsenda hvers konar breytinga eða lengingar á skólaskyldu eða yfirleitt á skólasókn unglinga er vitaskuld, eins og ég margoft hef tekið fram, sú, að aðstaða sé fyrir hendi. Ef það er ójöfnuður í námi unglinga í dag, þá er þar um að kenna mismunandi aðstöðu. Við eigum þess vegna að ráðast á það vandamál. Það á að vera okkar fyrsta verk að bæta úr á því sviði, og það er hægt að gera, án þess að taka ákvörðun um lengingu skólaskyldunnar. Við eigum ekki að ákveða það á þessu stigi málsins, heldur reyna að bæta úr vandamálinu, þar sem það raunverulega er fyrir hendi, og sjá svo, hvaða afleiðingar og áhrif það hefur.

Hitt meginsjónarmið okkar sjálfstæðismanna, þegar við tökum þessa afstöðu, er að sjálfsögðu einstaklingurinn sjálfur, nemandinn, unglingurinn. Við erum ekki vissir um, að það sé nauðsynlegt að skylda unglinga með lögum að sækja skóla í 9 ár eða til 16 ára aldurs, hvernig sem á stendur og hvað sem það kostar. Samkv. upplýsingum, sem fylgja frv. til grunnskóla, segir, að skólasókn sé um 82% hjá þeim, sem sækja eiga 3. bekk gagnfræðastigs eða á 9. skólaárinu, og eru þá þessar tölur teknar af skólaárinu 1968—1969. Athyglin beinist því að þeim 18% unglinga, sem ekki sækja skólann, og segir í grg. frv., að hlutfallslegur meiri hl. þeirra sé búsettur í dreifbýli. Hér er enn komið að aðstöðunni. Samkv. þessum tölum er skólasókn miklu meiri og reyndar mjög eðlileg, þar sem aðstaða er fyrir hendi, þ. e. a. s. hér í þéttbýlinu. Þá er hún yfir 90%, og verður það að teljast eðlilegt. Ég vek athygli á því, að sú mikla skólasókn á sér stað, þrátt fyrir það að ekki sé skólaskylda hjá unglingum á 9. árinu Þeir sækja þetta 9. ár af frjálsum vilja. Enn kemst ég því að þeirri niðurstöðu, að ef aðstaðan yrði bætt annars staðar í dreifbýlinu, þá ætti skólasókn að vera eðlileg og vera með sama hætti og hér í þéttbýlinu. Annarri niðurstöðu er ekki hægt að komast að. Þess vegna, frá þessu eina sjónarmiði, tel ég ástæðulaust að lengja skólaskylduna.

Annað er líka það, að stærstur hluti þeirra unglinga, sem heltast úr lestinni, hvort sem það eru 18% eða innan við 10%, er unglingar, sem ekki hafa vilja, hæfileika eða löngun til þess að stunda bóknám meira en í þessi 8 ár. Hugur þeirra stendur til einhvers annars. Hæfileikarnir nýtast betur á öðrum sviðum. Og þar kemur þátturinn hins verklega náms, þátttakan í atvinnulífinu, til athugunar. Það er augljóst, að þeir, sem sömdu frv. um grunnskóla og semja frv. að þessari löggjöf, eru sammála um, að það þurfi að auka hið verklega nám, það þurfi að tengja betur saman nám skólans og störfin í þjóðfélaginu. Þessi stefna kemur mjög ljóslega fram í frv., og ég fagna henni, og það er enn þá betur hnykkt á þessari stefnu í áliti menntmn. Með brtt., sem lagðar eru fram af hálfu n. og allir nm. eru meira og minna sammála um, er ótvírætt og mjög áberandi viðurkennt það mikilvægi, sem hið verklega nám felur í sér. N. er eindregið þeirrar skoðunar, að hafa skuli fulla hliðsjón af atvinnulífinu og þátttöku skólafólks í því. Staðreyndin er nefnilega sú, að kennsla á skólabekk

er ekki ætíð mesti lærdómurinn, og það er ekki alltaf vísasti vegurinn til þroska og manndóms fyrir unglingana að sitja yfir bóknámi sem allra lengst. Í þessu sambandi verður að sjálfsögðu að taka mið af þörfum og högum einstaklinganna sjálfra, og við megum ekki setja svo einstrengingslega löggjöf, að hún verði kvöð fyrir unglinga. Skólinn á ekki að vera pínubekkur eða stofnun, sem þröngvað er upp á unglinga, heldur aðsetur, sem laðar þá að. Auðvitað eru allir meðmæltir undirstöðumenntun, og ég held, að allir geti verið sammála um það, að miðað við þá skólalöggjöf, sem við höfum haft í þessu landi, hefur það skyldunám, sem nú er fyrir hendi, veitt þessa undirstöðumenntun, og það hefur ekki valdið því, að ungt fólk á Íslandi hafi ekki hneigst til náms, síður en svo. En þjóðin hefur ekki heldur tapað á því, þótt unglingar hafi stundað atvinnu og ekki haldið áfram námi um stundarsakir, þegar skyldunámi lýkur. Þjóðin hefur ekki tapað á því að hleypa ungu fólki út í atvinnulífið.

Ég tel, að með breytingum á framhaldsskólastigi megi gefa mönnum tækifæri til áframhaldandi náms, ef hugur þeirra beinist að því seinna meir, og það sé engin vissa fyrir því, að undirstöðumenntun verði meiri eða nám verði merkilegra eða meira, þótt skólaskyldan sé lengd nú um eitt ár. Þegar þetta er athugað, þetta tvennt, sem ég hef rakið, annars vegar bætt aðstaða í hinum dreifðu byggðum og það tillit, sem verður að taka til þátttöku skólafólks í atvinnulífinu og að hæfileikar fólks liggi annars staðar en að sitja áfram á skólabekk, *má enn gera ráð fyrir* því, að viss hluti unglinga heltist úr lestinni af einhverjum öðrum ástæðum, og þar held ég, að sé um að ræða hóp, sem alltaf þarf sérstakrar meðferðar við. Það geta verið afbrigðileg börn eða seinþroska, börn eða unglingar, sem þurfa á sérstakri meðferð að halda, eru af ýmsum ástæðum öðruvísi en fólk er flest og hafa ekki löngun eða getu til þess að sitja á skólabekk. Þetta vandamál verður áfram í þjóðfélaginu og þarf að leysa með sérstökum hætti og er, að ég held, ekki til umr. hér og ekki heldur meiningin, að lenging skólaskyldu nái beint yfir slíka aðila.

Það, sem ég hef nú rakið, má segja, að séu meginástæðurnar fyrir þeirri afstöðu, sem sjálfstæðismenn hér á þingi hafa tekið varðandi lengingu skólaskyldunnar. Við viljum ekki á þessu stigi málsins láta lengja skólaskylduna. Við viljum ekki láta taka ákvörðun um þá kerfisbreyt*ingu nú og láta þau lög og þá ákvörðun ganga* yfir þjóðina. Við viljum frekar laga námið og skólana að því meginatriði, að undirstöðumenntun náist og þegnarnir nýtist sem best fyrir þjóðfélagið og unglingarnir fái að ganga þá braut, sem hæfileikar þeirra hneigjast til. Hér er verið að taka ákvörðun, sem hefur víðtækar afleiðingar. Það hefur áhrif á líf hvers unglings í þessu landi, og þingið má ekki flana að neinu í þeim efnum.

Ég held, að allir séu sammála um það, að frv. til laga um grunnskóla sé að mörgu leyti draumsýn. Það eru í því frv. ákaflega mörg merkileg nýmæli, sem ljóst er þó að á sér langan tíma, áður en þau koma til *framkvæmda*, og það er ljóst, að það líður langur tími, áður en þetta frv. verður endanlega komið til framkvæmda í þjóðfélaginu. Aðbúnaður og aðstæður eru allar ófullnægjandi, fjármagn skortir, starfsfólk með menntun og ýmis fleiri skilyrði skortir. Við verðum að vera fullkomlega vissir í okkar sök, þegar við erum að ræða um lengingu skólaskyldunnar, og ég held, að það sé skynsamlegra að reyna að hrinda í framkvæmd ýmsum ágætum nýmælum, sem felast í þessu frv., en reyna að framkvæma þá skólalöggjöf, sem er hér í landinu, áður en við tökum ákvörðun um lengingu skólaskyldu. Sú ákvörðun getur beðið um nokkurn tíma, og þjóðfélagið og fræðslukerfið ætti ekki að skaðast á því. Ég efast ekki um, að það sé góður vilji fyrir hendi hjá höfundum þessa frv., þegar þeir leggja til lengingu skólaskyldunnar. En það er bara svo, að það má ekki ráða hér eingöngu mat skólamanna sjálfra. Hér verður þjóðin sjálf að fá að segja sitt, jafnt lærðir sem leikir, og ég vil ekki trúa því, að þjóðin sé enn þá tilbúin til þess að fallast á þessa lengingu, sem hér er gert ráð fyrir. Hv. frsm. menntmn. sagði áðan, að við skyldum stíga fyrsta skrefið með því að samþykkja þessi frv. En sá er ekki alltaf hraðskreiðastur, sem stígur stærsta skrefið. Við skulum stíga fyrsta skrefið varlega og taka eitt í einu. Við skulum ekki reyna að stíga svo stórt skref, að við hrösum á þessum spretti.

Ég vil svo að lokum, herra forseti, leyfa mér að leggja fram skrifl. brtt. við þetta frv., sem hér er til meðferðar og er á dagskrá, þ. e. a. s. frv. til l. um skólakerfi, en það er brtt. við 3. gr. frv. Þar *segir*, með *leyfi forseta*:

„Grunnskóli er fyrir börn og unglinga á aldrinum 7—16 ára, og er þeim skylt að sækja hann. Grunnskólinn veitir almenna undirstöðumenntun og býr undir nám á framhaldsskólastigi.“

Með hliðsjón af þeim brtt., sem ég hef lagt fram við grunnskólafrv. og í samræmi við þá brtt. legg ég til, að þessi gr. orðist svo:

„Grunnskóli er fyrir börn og unglinga á aldrinum 7—16 ára. Grunnskólinn veitir almenna undirstöðumenntun og býr undir nám á framhaldsskólastigi.“

Er þá sleppt úr gr. orðunum „og er þeim skylt að sækja hann“. Ég vek athygli hv. d. á því, að þarna er um að ræða eitt meginatriði í meðferð þessara frv., lengingu skólaskyldunnar, og ef á að taka ákvörðun um þetta meginatriði, áður en grunnskólafrv. kemur til umr. á þingi, þurfa hv. þm. að vera búnir að gera upp hug sinn varðandi þetta atriði. *Ég* tel hins vegar, að við getum afgreitt frv. til l. um skólakerfi hér úr d. án þess að taka beinlínis afstöðu til lengingar skólaskyldunnar og látið það bíða efnislegrar umr. um grunnskólafrv., sem kemur væntanlega til umr. síðar í dag eða næstu daga. Með þessari brtt. er raunverulega engu haggað í þessu frv. til l. um skólakerfi. Það er bara slegið á frest þeirri ákvörðun, sem þarf að taka um lengingu skólaskyldunnar. Við erum allir sammála um, að grunnskólinn eigi að vera fyrir börn og unglinga á aldrinum 7—16 ára, en við skulum bíða með að taka ákvörðun um skólaskylduna. *Ég leyfi mér, herra forseti, að bera fram skrifl. brtt.*, sem ég mun leggja fram hér á eftir.

Menntmrh. (Magnús T. Ólafsson): Herra forseti. Ég vil ekki láta undir höfuð leggjast að láta í ljós fögnuð minn yfir því, að í þriðju atrennu eru frv. um skólakerfi og frv. um grunnskóla komin til 2. umr. í hv. d. Ég ætla ekki að bæta neinu við það, sem hv. frsm. menntmn. sagði um þýðingu þessara mála. En auk þess að láta í ljós von um, að nú verði af því, að þessi mál hljóti afgreiðslu hv. Alþingis, vil ég gera að umtalsefni eitt atriði í málflutningi hv. 9. landsk. þm. Ég ætla ekki að fara að elta ólar við hann einu sinni enn um það, hversu líta beri á möguleikana á því, að skólaskylda eða fræðsluskylda nái tilgangi sínum. Atriðið, sem ég tel ástæðu til, að nefnt sé hér, er, að hv. þm. kvaðst tala í nafni Sjálfstfl., þegar hann legðist gegn lengingu skólaskyldu úr átta árum í níu. Ég er að sjálfsögðu sammála því, að eðlilegt sé, að frv. um skólakerfi komi til afgreiðslu á undan frv. um grunnskóla. Í frv. um skólakerfi er í stórum dráttum fjallað um grundvallaratriði, og það er undirstaða undir frv. um grunnskóla. Hið mikla og langa grunnskólafrv., allt of langa, get ég tekið undir með mörgum, það byggist á þessu stutta og laggóða frv. um skólakerfi.

En þessi frv. hafa, eins og ég gat um, tvívegis áður komið fyrir Alþingi. Í fyrsta skiptið, sem þau voru lögð fyrir, var það ekki mitt að standa í þessum stól. Þá var það fyrirrennari minn, hv. 7. þm. Reykv., og hann kom hér fram — ekki í eigin nafni, hann kom hér fram sem málsvari þáv. ríkisstj., og að þeirri ríkisstj. stóð ekki aðeins hans flokkur, Alþfl., að þeirri ríkisstj. stóð líka Sjálfstfl. Með þeim málatilbúnaði, sem átti sér stað á Alþ. 1971, þegar þessi frv. voru í fyrsta skipti lögð fram, tók Sjálfstfl. afstöðu með grundvallaratriðum þessara mála, þ. á m. lengingu skólaskyldunnar, sem nú kemur í ljós, samkv. orðum hv. 9. landsk., að Sjálfstfl. hefur snúist gegn. Þetta hefur þá gerst næstum í kyrrþey. Ég veit ekki til þess, að meðal sjálfstæðismanna hafi farið fram verulegar opinberar umr. um þetta mál. En einhver veigamikil rök hljóta að liggja til þessa. Ekki get ég ímyndað mér að stærsti stjórnmálaflokkur landsins, sem á í sínum röðum hóp frábærra skólamanna og stjórnmálamenn, sem ætíð hafa látið sig fræðslumál miklu skipta, hafi flanað að því 1971 að taka afstöðu með lengingu skólaskyldunnar. Hann hlýtur að hafa einhver veigamikil rök fyrir því að skipta um skoðun, næstum í kyrrþey, á slíku höfuðatriði varðandi endurskoðun laga um undirstöðufræðsluna í landinu. Mitt erindi hingað í ræðustól var fyrst og fremst að vekja athygli á þessari staðreynd.

Frsm. (Hannibal Valdimarsson): Herra forseti. Aðeins örfá orð. — Ég tel það óumdeilanlega rétt, að fyrst sé gengið frá þingvilja um afstöðu til frv. til l. um skólakerfi, áður en tekið sé fyrir, hvernig skuli haga fyrsta stigi þess kerfis, um það getur varla verið ágreiningur. Þegar við gengum frá nefndarstörfum í hv. menntmn., var ljóst, að engar brtt. höfðu verið gerðar við þetta frv., nema þessi eina við 7. gr., sem ég gerði ræki lega grein fyrir, og er þó frekar orðalagsbreyt. en efnisbreyting. Nál. um þetta frv. um skólakerfi var undirritað af öllum nm. án fyrirvara, svo að ég átti engra breyt. von við þetta frv., en gat búist við því, að það yrði e. t. v. gerð grein fyrir þeim skoðanamun, sem komið hafði fram varðandi afgreiðslu á frv. um grunnskóla. Þó held ég, að þeir, sem ætla sér að flytja brtt. við grunnskólafrv. varðandi skyldunámið, hvort það skuli vera 8 ára eða 9 ára skólaskylda þurfi vegna ákvæða 3. gr. frv. um skólakerfi að flytja brtt. einnig við þetta frv., ef hinar eiga ekki að stangast á við þessa löggjöf. Í 3. gr. segir nefnilega, með leyfi hæstv. forseta:

„Grunnskóli er fyrir börn og unglinga á aldrinum 7—16 ára, og er þeim skylt að sækja hann.“

Þarna er skólaskyldunni í 9 ár slegið fastri. Þeir, sem ætla sér að flytja brtt. um þetta við grunnskólafrv., sem ylli þá árekstri við ákvæði þessarar gr., verða fyrst að hafa fengið að vita um afstöðu þingsins til þessa ákvæðis í skólakerfislögunum. En ágreiningsatriðið er nokkuð stórfellt. Menn eru andvígir því í Sjálfstfl., að því er virðist, að skólaskyldan verði 9 ár. Ég fyrir mitt leyti hef aldrei verið ginnkeyptur fyrir því eða talið það bjarga miklu að lengja skólaskylduna úr hófi fram, nema því aðeins að máttur sé fjárhagslegur og á annan hátt til þess að fylgja því vel eftir og með fjölbreytni skólalífsins líka, þannig að öllum nemendum henti og þeirra mismunandi hæfileikum til náms. En ég vil benda á það, að við höfum gert veigamiklar breytingar á grunnskólafrv. í tveimur atriðum. Við höfum gert till. um styttingu vikulegs starfstíma nemendanna, og við höfum í annan stað opnað heimild til styttingar á árlegum kennslutíma skólanna. Þegar við tökum þetta með í reikninginn, — þá veitir kannske ekki af, til þess að ekki verði rýrnun á námi, að bæta einu skólaárinu við. En út af hinu atriðinu, að ofþjaka ekki nemendum með of löngum vikulegum vinnutíma og opna möguleika til tengsla við atvinnulífið með heimild til styttingar skólaársins, vildi ég vinna þetta til.

Auk þess höfum við svo gert þriðju verulegu breytinguna á grunnskólafrv., og hún er sú að opna leiðir til þess að viðurkenna verklegt nám og starf í þágu atvinnuveganna sem nám. Þetta atriði í viðbót styður að því, að skólarnir eiga að geta verið í framkvæmd hæfari menntastofnun fyrir þá nemendur, sem eru ekki sérstaklega hæfir til bóklegs náms. Það er ætlunin með breytingum okkar að vikka svið skólanna þannig, að einnig henti þessum nemendum, sem einna helst hafa haldið sig utan við námið til 16 ára aldurs, af því að skólarnir hafa að verulegu leyti sem bókskólar, einstrengingslegir bókskólar, ekki hentað þeim eða hæfileikasviði þeirra.

Það er með tilliti til þessa, sem ég vil minna á, að það er minni ástæða til þess að forðast lengingu skólaskyldunnar, meiri þörf á að viðurkenna hana en ef frv. hefði komið til meðferðar þd. óbreytt.

Ég átti þess aldrei von, að það yrðu ekki deilur um þetta mál. En hinu kvíði ég, ef hv. þm. ætla ekki að una í þingsalnum, á meðan er verið að ræða grunnskólamálið. Þá vita þeir lítið, hvað þeir eru að afgreiða, þegar að lokum kemur, því að það eru á milli 80 og 90 brtt. við frv., og ef

þeir ætla að vera þar í algjöru ábyrgðarleysi um að afgreiða það einhvern veginn, þá held ég, að það væri hollara fyrir þá að fylgjast með umr.

Pálmi Jónsson: Herra forseti. Ég skal ekki lengja þessar umr. að neinu marki. Ég ætla ekki á þessu stigi að ræða grunnskólafrv., sem væntanlega kemur til umr. hér á eftir, en einungis halda mig við það frv., sem hér liggur fyrir. Ég vil þó taka undir það með hv. frsm. n., Hannibal Valdimarssyni, að mér sýnist ærið starf fyrir höndum fyrir hv. Alþ. að átta sig á því máli, eftir að fram eru komnar milli 80 og 90 brtt., og vandséð er, hvernig afgreiðsla þeirra verður, ef menn leggja sig ekki fram við það að móta afstöðu sína til þeirra í heild.

Það, sem varð þess valdandi, að ég kem hér nú upp í ræðustólinn, eru aths. hæstv. menntmrh., sem hann lét falla hér áðan. Hann taldi sig færa sönnur á það, að Sjálfstfl. hefði tekið afstöðu til þess að lengja skólaskyldu í landinu, þegar frv. um grunnskóla var lagt fram í lok þings 1971. Þetta er auðvitað mesti misskilningur. Þegar frv. um grunnskóla var lagt fram undir lok þings vorið 1971, var það að vísu flutt sem stjfrv., en það var flutt til þess að gefa þingheimi og landslýð öllum færi á að kynna sér þetta mál, sem samið hafði verið af stjórnskipaðri n., án þess að Sjálfstfl. sem slíkur hefði nokkra afstöðu til þess tekið. Það er því fjarri því, að flokkurinn hafi á þeim tíma nokkra afstöðu tekið til þess að lengja skólaskylduna, svo sem enn er stefnt að með flutningi þessa frv. Það er því algerlega á röngum forsendum reist hjá hæstv. ráðh., þegar hann segir, að hv. 9. landsk. sé að brjóta af sér fyrir afstöðu flokks síns með því að lýsa því yfir hér á Alþ. nú, að hann leggist gegn lengingu skólaskyldunnar fyrir hönd Sjálfstfl. Ég vil og vísa algerlega frá þeim ummælum hæstv. ráðh., að það búi eitthvað að baki þessari afstöðu okkar þm. Sjálfstfl., sem verði til hins verra fyrir skólaæskuna í landinu og menntun þjóðarinnar. Ég skal ekki fara langt út í þá sálma, enda höfum við rætt þetta efni fyrr á hv. Alþ. Ég vil aðeins taka undir það, að ég held og hef raunar lýst því fyrr, að það sé heillavænlegra að taka upp fræðsluskyldu yfir hið svokallaða grunnskólastig í stað skólaskyldu, og mætti þó gjarnan hafa hluta af þessu fræðsluskyldustigi bundinn við skólaskyldu. Þar með er ekki sagt, að það sé endilega nauðsynlegt, að hún sé 8 ár, eins og nú er. Það kæmi vissulega mjög til greina að stytta skólaskylduna frá því, sem hún er í dag, og hygg ég, að hv. n., sem um málið hefur fjallað, hefði átt að taka það til verulegrar athugunar. Það hefur ekki komið fram, að um það hafi verið fjallað í n., en ástæða væri til þess að fá það upplýst, ef ekki við umr. um þetta frv., þá við umr. um frv. um grunnskóla. Ég tel mig hafa fært fullar sönnur á það fyrr í umr. um þessi mál hér á hv. Alþ., að sá munur, sem fram kemur í skólasókn nemenda úr strjálbýli og þéttbýli, eftir að skólaskyldu lýkur, sé ekki því að kenna, að þeir nemendur, sem búa úti á landi, séu síður þess sinnis að sækja sitt nám heldur en þeir, sem í þéttbýli búa, heldur er þar einungis því um að kenna, að hið opinbera hefur ekki getað skapað aðstöðu í heimabyggð þessara nemenda, sem gerir þeim kleift að sækja það nám, sem hugur þeirra hefur staðið til.

Ég tel ekki ástæðu til þess að leggja aukinn þunga á það, sem ég hef sagt um þetta fyrr, en þessari skoðun minni hefur með engu móti verið hnekkt. Þess vegna tel ég það algerlega fullnægjandi, að í stað skólaskyldu komi fræðsluskylda jafnvel þegar eftir að unglingar hafa lokið barnaprófi. Ég vil því lýsa fylgi mínu við þá brtt., sem hv. 9. landsk. hefur hér flutt skrifl., og vænti þess, að hún verði samþykkt.

Ég sé ekki ástæðu til þess að lengja þetta meira. Ég vildi einungis svara þeim aths., sem fram komu hjá hæstv. ráðh. Til þess gefst og færi, ef ástæða er til, að fjalla nánar um þessi mál, ef framhaldsumr. verða, og eins við umr. um frv. grunnskóla.

Gunnar Thoroddsen: Herra forseti. Við 1. umr. þessa máls 1. nóv. s.l. gerði ég að umtalsefni bæði fræðsluskyldu og skólaskyldu, vegna þess, að öllum virðist ekki fyllilega ljóst, hvað við er átt, þegar gerður er þarna greinarmunur á. Með fræðsluskyldu er yfirleitt átt við það, að hið opinbera sé skyldugt til þess að sjá fyrir skólaaðstöðu unglinga á þeim aldri, sem um er að ræða, en með skólaskyldu er hins vegar átt við skyldu unglinganna til þess að sækja skóla. Í þeim umr., sem fram fóru 1. nóv., gat ég þess, að það væri skoðun okkar sjálfstæðismanna, að sjálf fræðsluskyldan, þ.e.a.s. skylda ríkis og sveitarfélaga, ætti að ná til þess, að séð væri fyrir skólaaðstöðu fyrir unglinga 7—16 ára 9 ár, þannig að allir á þessum aldri, sem vildu sækja skóla og afla sér fræðslu, ættu þess kost. Hins vegar væri nokkru meiri vafi, hvort ætti að skylda alla unglinga á þessum aldri til að sækja skóla, og ég lét í ljós þá skoðun okkar, að svo væri ekki. Það væri nær lagi að hafa skólaskylduna nokkru styttri, en hafa e.t.v. heimild í lögum fyrir sveitarfélögin sjálf til að lengja skólaskylduna, þannig að það væru heimamenn sjálfir, sem gætu um það fjallað og ákveðið.

Ég vil að öðru leyti um þetta atriði vitna til þess, sem kom hér mjög skýrt fram í ræðu hv. 5. þm. Norðurl. v., Pálma Jónssonar. Það hefði ekki átt að fara fram hjá hæstv. menntmrh., sem sjálfur lagði frv. fyrir og var að sjálfsögðu viðstaddur þessar umr., að þetta sjónarmið kom fram fyrir 5 mánuðum.

Hv. 5. þm. Norðurl. v. hefur líka svarað undrun hæstv. ráðh. út af afstöðu Sjálfstfl. í þessu máli. Þegar grunnskólafrv. var lagt fram vorið 1971, að vísu sem stjfrv., þá mun hafa komið skýrt fram, að það væri ekki ætlunin að afgreiða það mál á því þingi, það væri lagt fram, eins og oft er, til kynningar, án þess að einstakir stjórnarflokkar eða einstakir þm. hefðu tekið bindandi afstöðu um öll einstök atriði málsins. Það er því misskilningur hjá hæstv. ráðh. að telja, að Sjálfstfl. hafi verið að binda sig við lengingu skólaskyldunnar, þó að það frv. væri lagt fram á þinginu 1971 til kynningar. Í annan stað vil ég endurtaka, að strax í upphafi máls, þegar þetta frv. var nú til 1. umr., kom þetta sjónarmið skýrt fram. Það er því ekki hér um neina stefnu-

breytingu að ræða og undrun hæstv. ráðh. því ástæðulaus.

Það er annað atriði, sem ég vildi einnig gera að umtalsefni. Á þskj. 496, nál. menntmn., kemur það fram, að Ellert B. Schram gerði sérstaka bókun í upphafi nefndarstarfs, þar sem hann gerði það að till. sinni, að „við meðferð menntmn. á frv. til l. um grunnskóla verði gengið út frá þeirri forsendu, að sveitarfélögin og samtök þeirra annist fræðslumálin á skólaskyldustigi að öðru leyti en því, er varðar ákvörðun námsefnis og námseftirlit, sveitarfélögin standi undir stofnkostnaði og rekstri skóla á grunnskólastiginu, en ríkissjóður greiði kennaralaun," og þá að sjálfsögðu gert ráð fyrir, að tekjustofnalögum sveitarfélaga verði breytt í samræmi við þetta til að útvega þeim tekjustofna til þess að standa undir þessum kostnaði. Með þessari bókun Ellerts B. Schram er mótuð grundvallarafstaða Sjálfstfl. í þessu máli, og sú grundvallarafstaða kom fram strax í þessum umr. 1. nóv. Þetta atriði þarf því ekki heldur að koma á óvart.

Ég tel, að það sé mjög miður farið, að stjórnarflokkarnir skuli ekki hafa sinnt þessari ákveðnu ábendingu. Það þýðir ekki að bera fyrir sig tímaleysi, að hér hafi verið ógerningur að vinna að því á þeim tíma, sem n. hefur haft málið til meðferðar. Þeir 5 mánuðir, sem liðnir eru, síðan þessu frv. var vísað til n., eru auðvitað ærið nógur tími til þess að marka og ákveða þá grundvallarstefnubreytingu, sem Sjálfstfl. hefur hér boðað, ef vilji væri fyrir hendi hjá stjórnarfl. til þess. En undirtektir stjórnarfl. undir þetta mikilvæga mál, er bæði varðar skólamál og sveitarstjórnarmál, bera þess ekki vott, að hugur fylgi máli, þegar stjórnarfl. telja sig hafa mikinn áhuga á því að færa verkefni frá ríkisvaldinu yfir til sveitarfélaganna og gefa þeim og samtökum þeirra aukið vald og verk. Tímaleysi er ekki hægt að bera fyrir sig. Ég held, að það sé fremur áhugaleysi eða framtaksleysi.

Ég vildi, að þessi tvö atriði kæmu hér skýrt fram, og tek þau sérstaklega fram að þessu gefna tilefni frá hæstv. menntmrh. Að öðru leyti vil ég vísa til þeirra brtt., sem Ellert B. Schram hefur lagt fram við frv. til l. um grunnskóla og skriflegrar brtt. við þetta frv. um skólakerfi, en vísa að öðru leyti til hans ítarlegu og ágætu ræðu

Friðjón Þórðarson: Herra forseti. Ég get ekki látið hjá líða að vekja athygli á því á þessum síðdegisfundi í hv. Nd., þar sem tvö mikilvæg mál, mjög stór mál, eru til umr., frv. um skólakerfi og frv. um grunnskóla, að þá skuli vera innan við þriðjungur hv. dm. viðstaddur. Og ég held, að mér sé óhætt að fullyrða, að a. m. k. helmingur af þeim, sem viðstaddir hafa verið, sé úr stjórnarandstöðunni, ef ekki meira. Mér finnst þetta sýna lítinn áhuga hjá hv. stjórnarliði í þá átt að koma þessum málum fram með nokkrum sóma. Af þeirra hendi hefur lítið komið fram við þessa umr. annað en að rekja efni málsins og ein einasta brtt. við frv. um skólakerfi, við 7. gr., sem er nánast út í hött, því að hún breytir alls engu um efni málsins. Mér finnst þetta ekki forsvaranleg frammistaða af hv. stjórnarliði. Hæstv. forseti Nd. er nýbúinn að rísa hér upp í sínum valdastóli og tilkynna, að þm. megi vera við því búnir á næstu dögum að mæta vel á fundum, meira að segja bæði föstudags- og laugardagsfundum og kvöld- og næturfundum jafnvel. En svona er frammistaða stjórnarliðsins, þegar verið er að ræða ein mikilvægustu mál, sem varða uppeldi og fræðslu þjóðarinnar. Ég vil því aðeins vekja athygli hæstv. ráðh. á því, að það er ástæðulaust að skjóta því að sjálfstæðismönnum og láta í það skína, að þeir hafi öðrum fremur breytilegan áhuga á þessum málum eða láti þau sig minna varða. Ég er þess fullviss, að sjálfstæðismenn fylgjast vel með framgangi þessara mála, þó að þeir séu ekki frv. samþykkir í einu og öllu. Ég tel næstum því óforsvaranlegt að halda áfram umr. í d., hvað þá heldur að ljúka þeim um þessi mikilvægu mál, meðan svo fáir eru viðstaddir.

Svava Jakobsdóttir: Herra forseti. Ég hafði ekki hugsað mér að taka til máls í umr. um frv. til l. um skólakerfi og ætla því ekki að ræða frv. efnislega. Ég hef því ekki óskað eftir frestun á fundinum, þótt svona fáir séu viðstaddir. Hins vegar kvaddi ég mér hljóðs vegna þess, að mér þóttu umr. um mál þetta vera farnar að taka allfurðulega stefnu, þar sem farið var að ræða um vinnubrögð menntmn. og gagnrýna þau. Þar komu fram ásakanir, sem ég tel mér rétt og skylt að svara og vísa á bug.

Ég vil fyrst víkja að atriði, sem kom fram í ræðu hv. 9. landsk. þm. Hann hélt því fram, að afgreiðsla n. á frv. til l. um skólakerfi hefði nánast verið formsatriði og ekkert annað. Mér kemur það mjög undarlega fyrir sjónir, að hann sem nm. í menntmn. skuli hafa getað fjallað um gunnskólafrv. á fleiri en 20 fundum, án þess að hafa frv. til l. um skólakerfi til hliðsjónar. N. fjallaði um skólakerfisfrv. sérstaklega á einum fundi sínum, og kom ég þá fram með hugmynd um breytingu, sem n. tók til greina, og ég fæ ekki séð, hvers vegna hv. 9. landsk. þm. hefur ekki getað haft sama hátt á. Hann hefur verið seinni að átta sig. En það er undarlegt að kenna allri n. og vinnubrögðum hennar um, þó að hann hafi ekki áttað sig á hlutunum.

Í öðru lagi gagnrýndi hann það, að menntmn. hefði ekki lagt hugmyndir hans um skólamál fyrir n. þá, sem fjallar um verkaskiptingu ríkis og sveitarfélaga. Ég held, að tilmæli af þessu tagi hljóti að vera einsdæmi, og ef þannig hefði átt að fara að, hefði ekki bara þetta mál, heldur fleiri mál orðið að bíða, ekki eingöngu næsta þings, heldur kannske í nokkur ár enn.

Með þessu tel ég mig jafnframt svara gagnrýni hv. 5. þm. Reykv., Gunnars Thoroddsens. Það var helst á honum að skilja, að eitthvert tímahrak hefði komið í veg fyrir, að n. hefði haft þennan hátt á. Ég leyfi mér að fullyrða, að á sjónarmið hv. 9. landsk. hafi n. hlustað fyllilega og rætt þau á fleiri en einum fundi. Til þess að koma til móts við óskir hans var framkvæmdastjóri Sambands ísl. sveitarfélaga boðaður á fund, og hann var af því tilefni spurður um þetta atriði. Hann var inntur eftir tillögum um verkefnaskiptingu ríkis og sveitarfélaga,

sem menn hugðu, að hefðu komið fram á ráðstefnu, sem haldin var s. l. sumar á Höfn í Hornafirði. Magnús Guðjónsson framkvstj. tók það skýrt fram á fundi með n., að það væri ekki um neinar till. að ræða, hér væri aðeins hægt að tala um lauslegar hugmyndir. Ég tel mig muna þetta alveg orðrétt eftir honum. Ég hefði gjarnan viljað vita, hvort hv. 5. þm. Reykv. teldi það þingleg vinnubrögð, að þn. biði endalaust með að afgreiða mál í þeirri von, að lauslegar hugmyndir yrðu einhvern tíma að formlegum till. Það kom fram hjá Magnúsi Guðjónssyni, að þessar hugmyndir ætti eftir að senda til sveitarstjórnarmanna og hreppsmanna víðs vegar um land og þeir hefðu ekki enn sagt álit sitt á þessum hugmyndum, sem komu fram á ráðstefnunni. Það er þetta, sem liggur að baki því, sem stendur í nál. menntmn. og hljóðar svo, með leyfi forseta:

„Meiri hl. nm. taldi vonlaust, að hægt yrði að afgreiða grunnskólamálið á þessu þingi, ef bylta ætti því um samkv. framanskráðu og m. a. bíða eftir breytingu á tekjustofnalögum sveitarfélaga og lagasetningu um landshlutasamtök sveitarfélaga."

Þannig stendur í nál., og hef ég nú gert grein fyrir, hvað liggur að baki þessari klausu.

Þá held ég, að það sé rétt að fara nokkrum orðum um n., sem fjallar um landshlutasamtökin og verkefnaskiptingu milli þeirra og ríkisins, þá n., sem hv. 9. landsk. þm. gerði að umræðuefni í upphafi ræðu sinnar. Það er vitað mál og eru hæg heimatök fyrir þm. að kynna sér, hvernig mál standa þar, en n. er alls ekki farin að ræða einstök verkefni eða verkefnaskiptingu. Hún er á þessu stigi eingöngu að ræða uppbyggingu landshlutasamtakanna og hvernig sú uppbygging skuli vera í framtíðinni. Það er álit sumra nm., að áður en ákvörðun sé tekin um einstök verkefni, sem fengin séu landshlutasamtökunum, verði að fást trygging fyrir því, að þessi samtök verði lýðræðislega upp byggð.

Ég vænti þess, að gagnrýni á vinnubrögð menntmn. sé með þessu svarað, og þykir afar undarlegt, að einn nm., sem tekið hefur þátt í störfum n., skuli leyfa sér að ásaka n. um það, að hún hafi ekki hirt um eða viljað taka til greina sérstöðu hans.

Ellert B. Schram: Herra forseti. Það er í tilefni af ræðu hv. þm. Svövu Jakobsdóttur, 4. landsk., þar sem hún gerir að umtalsefni störf menntmn. og vísar á bug þeim aths., sem ég gerði varðandi störf n. Ég sagði áðan, að frv., sem hér er til umr., þ. e. a. s. frv. til l. um skólakerfi, hefði verið tekið fyrir í n. sem nánast formsatriði á einum fundi, og við þetta stend ég, og ég vænti þess, að aðrir nm. geti staðfest, að þetta er rétt. Eftir að vera búinn að sitja á rúmum 20 fundum og fjalla um grunnskólafrv. mjög rækilega, þá var þetta frv. um skólakerfi tekið fyrir, og ég held, að við séum öll sammála, sem höfum setið í n., hv. 4. landsk. og hv. 3. þm. Vestf., sammála um það — (gripið fram í.) Ég geri ráð fyrir því, að hv. þm. Hannibal Valdimarsson sé fullfær um það að svara fyrir sjálfan sig, án þess að vera að kalla fram í fyrir mér hér, og ég geri ráð fyrir því, að forseti muni leyfa honum að taka til máls hér aftur, ef hann óskar þess. Ég vil fá að ljúka máli mínu og gefa mínar skýringar á vinnubrögðunum.

Með tilliti til þess, hvernig n. vann, var ég að segja það áðan, að ég hefði talið eðlilegt, að grunnskólafrv. kæmi fyrst til meðferðar hér, vegna þess að þar er tekin efnisleg afstaða til ýmissa ákvæða, meginatriða. Þegar ég var búinn að lýsa skoðunum mínum í n., þegar hún fjallaði um grunnskólafrv., m. a. skoðunum um lengingu skólaskyldunnar, þá taldi ég það í sjálfu sér vera óþarfa að vera að tíunda það frekar, þegar við fórum yfir frv. um skólakerfi, vegna þess að öllum nm. væri ljóst, hver mín afstaða væri. Þar af leiðandi var ég ekki að gera grein fyrir því, að ég hygðist bera fram sérstaka brtt. við þetta frv., vegna þess að ég gerði einfaldlega ráð fyrir því, að þá væri d. búin að taka afstöðu til þess atriðis, þ. e. a. s. lengingar skólaskyldunnar, við meðferðina á grunnskólafrv. og þá hefði ég vitaskuld ekki hugsað mér að vera að taka þá till. upp aftur, eftir að d. væri búin að tjá sig um það með eða móti. Ég hins vegar tók fram og ég geri ráð fyrir, að form. n. geti staðfest það, að ég skrifaði undir nál. um skólakerfi með fyrirvara og ítrekaði það, að að sjálfsögðu skrifuðu menn undir með eðlilegum og venjulegum fyrirvara, eins og þeir gerðu varðandi grunnskólafrv. Ég var að fara fram á það allra náðarsamlegast hér áðan, að form. beitti sér fyrir því, að nál. yrði breytt og tekið yrði fram, að nm. skrifuðu undir með venjulegum fyrirvara. Ég verð að biðja formanninn um það. (Gripið fram í.) Má ég biðja hæstv. forseta um það að þagga niður í þessum hv. þm., þegar ég er að tala. Hann er þingreyndari en ég og ætti að vita það, að menn eiga að fá að tala í friði.

Þetta var afstaða mín til þessara vinnubragða, og ég er í sjálfu sér ekki að gagnrýna n., síður en svo. Ég var alls ekki að gagnrýna n., þegar allt kemur til alls. Ég var að gagnrýna vinnubrögðin í d. sjálfri og þá ákvörðun — væntanlega forseta d. — að taka þetta mál fyrir á undan, sjálfsagt samkv. beiðni hæstv. ráðh. Út af fyrir sig er ekkert við það að athuga. En ég var að gera mína aths. og geri það áfram, hvort sem þeir segja eitt eða annað í því máli, og ég hef mínar skoðanir á því. Ég held, að það sé óþarfi að vera að snúa út úr því, sem maður segir hér, og gera það að meira máli en efni standa til.

Ég vík þá að því meginmáli, sem kemur fram m. a. í bókun minni við upphaf nefndarstarfa, sem kom fram í ræðum sjálfstæðismanna hér við 1. umr. málsins í haust og þeirri alkunnu staðreynd, sem fram kom í þessum málflutningi okkar sjálfstæðismanna, að við vorum ekki að mæla beinlínis gegn þessu frv. eða þeim fjölmörgu nýmælum og úrbótum, sem í því felast, heldur vorum við einfaldlega að segja, að það væru skynsamlegri vinnubrögð að taka tillit til þeirra gagngeru endurskoðunar, sem fram fer á verkaskiptingu ríkis og sveitarfélaga, vegna þess að við teljum, að fræðslumálin heyri þar undir. Ég held, að allir geti verið sammála um það, að fræðslumálin eru eitt stærsta málið, sem snertir

samskipti ríkis og sveitarfélaga, og okkur finnst vera lítið samræmi í því hjá stjórnvöldum að vera að tala um breyt. á verkaskiptingunni, vera búin að skipa n. til þess að endurskoða hana með það meginmarkmið í huga að auka sjálfsforræði sveitarfélaga, en á sama tíma að keyra í gegnum þingið frv., sem stefnir í þveröfuga átt. Það er lítið samræmi í þessum vinnubrögðum. Ef það er raunverulegur vilji af hálfu núv. stjórnvalda að auka sjálfsforræði sveitarfélaga og dreifa valdinu, gefa þeim aukið tækifæri til þess að hafa forustu og frumkvæði í ýmsum málum, þ. á m. fræðslumálum, þá eiga þau vitaskuld að slá þessu máli þannig á frest, að það sé hægt að taka mið af þessum grundvallaratriðum, þegar fræðslulöggjöf er ákveðin. Við erum ekki hér með neitt smámál. Það er verið að ákveða heildarfræðslulöggjöf fyrri alla þjóðina, sem væntanlega varir um árabil, og henni er ekki breytt í einu vetfangi. Við erum hér að laga fræðslukerfið að þeim kröfum, sem nú eru uppi í þjóðfélaginu, og þeirri þróun, sem á sér stað. Ég held því, að það sé óhjákvæmilegt að taka mið af þeim sjónarmiðum, sem virðast vera ríkjandi hjá öllum stjórnmálaflokkum, að auka sjálfsforræði sveitarfélaga. Það er alls ekki gert í þessu frv. Stjórnvöld þau, sem leggja fyrir þetta frv. um skólakerfi og grunnskóla og boða í hinu orðinu aukið sjálfsforræði sveitarfélaga, eru sjálfum sér ósamkvæm, mjög svo. Aukið sjálfsforræði sveitarfélaga lýtur sannarlega að þeirri stefnu, sem við sjálfstm. höfum boðað og tekið undir, dreifingu valdsins og auknu valdi heima í héraði. Og við teljum, að sú stefna eigi að koma fram í fræðslulöggjöfinni jafnframt og ekki síst. En þetta frv. gerir ekki ráð fyrir því. Ég hygg, að t. d. brtt. við grunnskólafrv., sem lagðar eru fram frá n. sýni einmitt ljóslega, — þær fjalla flestar um það, hvernig minnka megi það vald, sem rn. er falið samkv. upphaflegu frv. — að tilhneigingin hjá n. er að draga úr þessu valdi í þessa átt, að auka frumkvæði og ábyrgð sveitarfélaganna, og því er ég hlynntur. En það mætti ganga miklu lengra.

Ég vitnaði hér áðan í ræðu hæstv. forsrh., sem hann kallaði stefnuræðu sinnar ríkisstj. og flutt var snemma í haust. Þar kemur hann inn á þetta atriði, sem ég minntist á, þ. e. a. s. nefnd, sem fjallar um endurskoðun verkaskiptingar milli ríkis og sveitarfélaga, og þar segir hann, að það megi búast við því, að frv. um þetta efni verði lagt fyrir þetta þing. Ég er hér með ræðuna, — ég gef mér ekki tíma til að leita að því nákvæmlega, hvað stendur í ræðunni, en þetta er efnislega það, sem hann segir, — og þess vegna er ekki um það að ræða að bíða um langan tíma, eins og hv. 4. landsk. er að gefa í skyn, síður en svo. Það mátti gera ráð fyrir því samkv. orðum hæstv. forsrh., að frv. um breyt. á verkaskiptingu ríkis og sveitarfélaga, sem gengi út á aukið sjálfsforræði sveitarfélaga, yrði lagt fyrir þetta þing samkv. hans eigin orðum. Og þá fannst okkur og mér miklu eðlilegra, að menntmn. Nd. legði fyrir hugmyndir sínar, ef hún væri sama sinnis, — hún legði sínar hugmyndir inn til þessarar n. og gæti tekið mið af því, hver vilji Alþ. væri, en ekki að við séum hér í menntmn. að starfa í eina átt og stjórnskipuð n. í aðra.

Við skulum segja, að þetta frv. yrði samþ., gengi hér í gegn og yrði að lögum, hvort sem brtt. ná fram að ganga eða ekki, og síðan, ef vilji stjórnvalda og hæstv. forsrh. nær fram að ganga, kemur frv. um endurskoðaða verkaskiptingu ríkis og sveitarfélaga, sem felur í sér grundvallarbreytingar á samskiptum ríkis og sveitarfélaga á fræðslusviðinu. Hvað yrði þá Alþ. að gera? Það yrði að breyta þessari löggjöf aftur innan nokkurra mánaða. Hvaða vit er í þessu? Það er hreint ekkert vit í þessu, og það er það, sem ég er að gagnrýna og við sjálfstm. að benda á, þ. e. a. s. samræmi í þessum vinnubrögðum.

Ég skal ekki lengja mál mitt meira að sinni. Þetta ætlaði ég að gera betur að umtalsefni, þegar komið væri að grunnskólafrv., og þar mun ég fjalla um ýmsar brtt., sem ég hef lagt fram, og önnur mál, sem lúta að fræðsluskyldu og hlutverki sveitarfélaga á sviði fræðslumála í einstökum atriðum. En ég taldi mér óhjákvæmilegt að bera fram brtt. varðandi lengingu skólaskyldunnar, vegna þess að um það er fjallað í skólakerfisfrv., sem hér er tekið fyrir fyrst, og gera grein gyrir þeim sjónamiðum, sem liggja að baki þeirri brtt.

Ég tek undir orð hv. 5. þm. Reykv. og 5. þm. Norðurl. v. varðandi afstöðu Sjálfstfl. og vísa á bug ummælum hæstv. menntmrh. í þá átt, að Sjálfstfl. hafi skipt um lit eða skipt um skoðun varðandi lengingu skólaskyldunnar. Auk þess má geta þess, að fyrir utan það, að við sjálfstm. þurfum ekki að gera hæstv. ráðh. grein fyrir því, hvernig við tökum ákvarðanir, þá náttúrlega má benda á, að hér er nýtt þing með nýjum þm., og enda þótt það séu skiptar skoðanir sjálfsagt meðal ýmissa sjálfstm., sem eru skólamenn, og annarra, sem ekki sitja á þingi, þá tökum við að sjálfsögðu hér í þingflokknum efnislega afstöðu og reynum að komast að einhverri niðurstöðu. Og ég efast um það, að nokkur þingflokkur hér, ekki einu sinni þingflokkur hæstv. menntmrh., hafi skoðað þessi frv. jafnrækilega og við þm. Sjálfstfl. höfum gert. Ég get ekki ímyndað mér það, að hæstv. ráðh. hafi á móti því, að þm. og heilir þingflokkar skoði frv. og kryfji þau til mergjar, jafnvel þó að þeir komist að annarri niðurstöðu en hæstv. ráðh.

Ólafur G. Einarsson: Herra forseti. Vegna ummæla, sem höfð voru eftir framkvstj. Sambands ísl. sveitarfélaga, vil aðeins segja örfá orð. Ég efast ekkert um, að þau eru rétt eftir höfð, að hann hafi sagt, að frá Sambandi ísl. sveitarfélaga hefðu aðeins komið lauslegar hugmyndir, en engar till. En hið sanna er, að eftir fulltrúaráðsfund sambandsins, sem haldinn var á Höfn í Hornafirði á s. l. hausti, voru settar fram ákveðnar till., en auk þess ýmsar hugmyndir. Ég vil aðeins, með leyfi hæstv. forseta, nefna hér nokkuð af því, sem sett hefur verið fram af hálfu sambandsins eftir þennan fund á Höfn í Hornafirði.

Það var í fyrsta lagi lagt til, að ríkið reki og kosti að öllu leyti skóla á háskólastigi, svo og sérskóla, sem þar eru taldir upp. Þá kosti ríkið a. m. k. fyrst um sinn skóla, sem eingöngu starfa

sem menntaskólar, iðnskólar og húsmæðraskólar. Skólar á framhaldsskólastigi í beinum tengslum við skyldunámið, þ.e. gagnfræðaskólar og fjölbrautaskólar, verði á vegum sveitarfélaga eða samtaka þeirra, enda greiði ríkið kostnað af þeim, sem svarar til framhaldsskólastigs og sérskóla. Skólar á skyldunámsstigi verði reknir á vegum sveitarfélaganna með áþekkum hætti og nú er og ríkið greiði öll kennaralaun, enda væri kennslumagn ákveðið með líkum hætti og gert er ráð fyrir í frv. til l. um grunnskóla. Enn fremur segir: „Sjálfsagt þykir, að ríkið ákveði námsefni og hafi námseftirlit í skólum skyldunámsins sem öðrum skólum. Til að jafna aðstöðu milli sveitarfélaga er rétt, að ríkið greiði að mestu kostnað vegna aksturs nemenda og vegna heimavista.“

Þetta eru sem sagt beinar till., sem fram komu á þessum tilvitnaða fundi. En af þeim hugmundum, sem þarna komu auk þess fram, en ekki voru gerðar að beinum till. frá fundinum, vil *ég nefna þetta: Hugmyndir um, að sveitarfélög* tækju að sér að greiða allan rekstrarkostnað skóla nema kennaralaun og kostnað til að jafna aðstöðu, en þá þurfa að sjálfsögðu að koma til tekjustofnar til að mæta þessum kostnaði. Þá voru einnig uppi hugmyndir um, að sveitarfélögin eða landshlutasamtökin taki að sér fræðslumálin á skyldunámsstigi í miklu ríkara mæli en nú er. En það þótti ekki fært að gera um þetta **beinar till., meðan landshlutasamtökin** eru í mótun. — Þetta er það helsta, sem fram kom á þessum fundi. Jafnframt var bent á nauðsyn þess að einfalda þær reglur, sem nú gilda um kostnaðarsamskipti ríkis og sveitarfélaga á þessu sviði.

Það má kannske deila um það, hvort fært sé eða nauðsynlegt að bíða eftir endurskoðun á l. um tekjustofna sveitarfélaga. Ég held, að ég megi fullyrða, að á fundum Sambands ísl. sveitarfélaga hafi sú skoðun einmitt komið í ljós, að það ætti ekki fyrst að ákveða tekjustofnal. eða breytingar á þeim. Fyrst ætti að ákveða hina nýju verkaskiptingu og í samræmi við hana yrði síðan að sníða tekjustofnalögin. Þetta er hin eðlilega röð.

Varðandi það, að ekki sé hægt að fela landshlutasamtökum sveitarfélaga aukin verkefni á sviði skólamála, vegna þess að það sé álit sumra, eins og hv. 4. landsk. orðaði það hér áðan, „að trygging verði að fást fyrir því, að samtökin fái lýðræðislegri uppbyggingu, — ég held, að ég hafi það rétt eftir, — þá er nokkur ágreiningur um það, með hvaða hætti eigi að kjósa til þeirra. Það hefur orðið ofan á sú skoðun meðal sveitarstjórnarmanna, að þetta geti ekki talist samtök sveitarfélaga, nema kosið verði til þeirra, eins og hefur verið gert í hinum frjálsu samtökum, þ.e.a.s. sveitarstjórnirnar sjálfar kjósi fulltrúa á þeirra þing, en það verði ekki beinar kosningar, eins og t.d. núna til sýslunefnda. Mér er ljóst, að um þetta eru nokkuð skiptar skoðanir.

Þetta vildi ég aðeins, herra forseti, að kæmi hér fram, vegna þess að af orðum hv. 4. landsk. þm., sem hann hefur eftir framkvæmdastjóra sambandsins, mátti ætla, að engar till. hefðu verið mótaðar af hálfu fulltrúaráðsfundarins, sem haldinn var í Höfn í Hornafirði.

Menntmrh. (Magnús T. Ólafsson): Herra forseti. Mér er gersamlega hulið, hvaða ummæli í þeim fáu orðum, sem ég viðhafði hér áðan, hafa getað orðið hv. 5. þm. Norðurl. v. tilefni til að segja, að ég hafi dróttað því að sjálfstæðism., að baki afstöðu þeirra búi eitthvað, sem sé til hins verra fyrir skólaæskuna, eða 4. þm. Vesturl. að segja, að ég hafi dróttað því að sjálfstæðismönnum, að þeir láti sig fræðslumál minna varða en skyldi og sinni þeim litt. Þvert á móti fór ég einmitt viðurkenningarorðum um þann þátt, sem ýmsir sjálfstæðismenn, — ég nefndi bæði skólamenn og stjórnmálamenn, — hefðu átt í því að fjalla um fræðslumál, bæði fyrr og síðar

En aðalerindið mitt í ræðustól að þessu sinni er að gera að umtalsefni þau ummæli hv. 9. landsk. þm., sem hann hefur ítrekað hér, að frv., sem hér liggur fyrir, stefni í þveröfuga átt við það markmið að auka sjálfsforræði sveitarfélaganna. Þessi ummæli eru tilefnislaus, og þau stangast við staðreyndir. Þetta atriði verður að meta út frá því, hver eru gildandi lagaákvæði annars vegar og hver lagaákvæðin yrðu, ef frv. þetta og annað frv., um grunnskóla, yrðu samþ., eins og þau liggja fyrir. Það orkar ekki tvímælis, að þessi frv. bæði gera ráð fyrir stóraukn hlut sveitarfélaganna og stjórna þeirra í bæði umfjöllun skólamálanna og þó sérstaklega í stjórnunarþættinum. T.a.m. er horfið frá því, að ráðh. skipi formenn skólanefnda. Þá eiga sveitarstjórnirnar að velja eins og aðra skólanefndarmenn. Og ég minni á fræðsluráðin, sem eiga um land allt að taka í sínar hendur mjög veigamikla þætti þessara mála, sem nú eru í höndum menntmrn. Það er því yfir allan vafa hafið, að þessi frv. stefna að auknu sjálfsforræði sveitarfélaganna í skólamálunum. Annað mál er hitt, að það má kannske ganga lengra. Menn getur greint á um það, hvort hér sé nógu langt gengið. En það er mjög torvelt að taka mið af till. og hugmyndum, sem hvergi liggja fyrir og eru í mótun, *eins og hér hefur glöggt komið fram.*

Frsm. (Hannibal Valdimarsson): Herra forseti. Fyrst örfá orð um þá kveinstafi, sem hv. 9. landsk. hefur rekið hér upp yfir vinnubrögðum n. Það er ekki rétt, sem hann segir, að þetta mál hafi verið rætt einu sinni á einum fundi í n. Nefndarstarfið hófst með því, að við tókum þetta frv., sem er grundvöllur að öllu málinu, til umr. Ágreinings varð ekki mjög vart, eftir að við höfðum farið í gegnum frv. og rætt það, og það var lagt til hliðar. Síðan hófust fundarhöld um grunnskólafrv., þegar sýnt þótti, að grundvöllurinn nyti stuðnings meiri hl. n. Síðan var málið tekið aftur í lokin til umr. og afgreiðslu, þannig að það var rætt á tveimur fundum og alls ekki einungis á síðasta fundinum, heldur fyrst og fremst á fyrsta fundinum efnislega.

Um það, að það sé óeðlilegt að taka fyrst fyrir til umr. frv. um skólakerfið, þá get ég ekki séð, hvernig hv. þm. fer að því að stilla þessu máli öllu á haus fyrir sér. Hann vill fyrst taka til að ræða um breyt. á fyrsta þætti skólakerfisins, grunnskólastiginu, áður en búið er að slá

neinu föstu um kerfið sjálft. Þetta finnst mér að setja málið alveg á haus fyrir sér. Þess vegna taldi ég alveg sjálfsagt, að við ræddum fyrst um skólakerfið, og ef það hefði þingstyrk, þá auðvitað að fjalla um frv. um grunnskólann. Ekki meira um þetta.

Mér þótti þó helst kasta tólfunum, þegar hann fór að gera aths. við undirskrift sína. Ég hafði ekki haft neina hönd í bagga um hans undirskrift. Nál. frá minni hendi var ósköp stutt og laggott: „N. ræddi frv., kynnti sér umsagnir, sem borist höfðu um það, og varð sammála um að mæla með, að það yrði samþ. með þessari breyt.“ — og svo kom þessi eina breyt. sem hafði verið orðuð í n. og var tekin til greina. Ég skrifaði undir án fyrirvara. Ég átti ekki neinn rétt á því að hafa hönd í bagga um, hvernig hann hagaði sinni undirskrift. Sé eitthvað þar öðruvísi en hann ætlaði, þá verður hann að breyta því sjálfur.

Hér hefur hann talað um það, að hann vilji, að skólaskyldan nái ekki nema til 15 ára aldursins og ekki til lokastigs skólaskyldutímans samkv. frv. Það er rétt, hann gerði grein fyrir þessari skoðun sinni, og okkur var kunnugt um það. En hann varð að eiga það við sjálfan sig, hvort hann flytti brtt. um það eða ekki. Við rökræddum þetta líka, og það er sannarlega ástæða til þess að rifja upp þau rök. Hann vill, að sveitarfélögin fari sem mest með skólahaldið í landinu, og hann getur fært ýmis rök fyrir því, að hann vilji þannig auka áhrif og ábyrgð sveitarfélaganna. En rökin, sem komu fram gegn þessu, eru þau, að fjárhagsleg geta sveitarfélaganna er afskaplega misjöfn. Vilji sveitarstjórna til þess að fórna miklu af fjármunum sveitarfélagsins getur líka verið afskaplega misjafn. Það er því afskaplega hætt við því, að þegar í framkvæmdina kæmi, þá yrði mjög mismunandi framkvæmd á skólamálunum í landinu hjá fjársterkum, framfarasinnuðum sveitarfélögum og hins vegar félitlum sveitarfélögum, sem hefðu litla getu og e.t.v. líka lítinn vilja til að fórna meginkröftum sínum fyrir fræðslumálin. En rauði þráðurinn í þessum frv., sem hér liggja fyrir, er að jafna aðstöðu námsfólksins sem allra mest til þess að njóta sams konar aðstöðu til náms og mennta. Það þykir best gert með því, að það sé undir heildarstjórn rn. í gegnum þá aðila, sem koma nú við sögu, sem eru fræðsluskrifstofurnar og fræðslustjórarnir, sem eru millistig, sem er mjög á valdssviði sveitarfélaga að móta. Þar með er flutt mikið vald og mikil áhrif heim til sveitarfélaganna, án þess að þau taki á sig hina fjárhagslegu ábyrgð á framkvæmdinni.

Og svo eru önnur rök, sem ég legg ekki lítið upp úr, og þau eru þessi: Það er vitlaust kerfi, á hvaða sviði sem er, að ætla einum aðila framkvæmd og öðrum að leggja til peningana. Það er ekkert vit í því. Það væri algerlega eins og á vitlausraspítala. (EBS: Við leggjum það til.) Ég veit ekki til þess, að það séu till. uppi um annað hjá hv. 9. landsk. heldur en þungi skólastarfsins komi heim í sveitarfélögin og svo séu peningarnir útvegaðir af ríkinu. Er það ekki rétt? Er það ekki að ætla einum framkvæmdina og öðrum að leggja til peningana? Ég fæ ekki séð annað. Og ég segi, að mér líst aldrei á slíkt kerfi. Það eitt hefði nægt til þess, að ég væri á móti því. Þarna eru tvenn veigamikil rök gegn þessu, sem sjálfstæðismenn hafa verið að tefla hér fram sem sinni afstöðu, að meginvald yfir skólamálunum ætti að færast heim í héruðin, en fjárhagslega ábyrgðin að hvíla jafnt eftir sem áður á ríkinu.

Það er rétt, að hv. 9. landsk. lét snemma uppi sínar sérskoðanir, og ég bauð honum, áður en ég gekk frá nál., að færa hans bókun í nál., og það er þar. Ég held, að hann hafi ekki undan neinu að kvarta um það. Hans afstaða kom þar skýrt fram. En fram að þessu höfðu menn ekki orðið varir við það, að Sjálfstfl. hefði þá afstöðu, sem hann hefur túlkað í n. Ég skal ekki draga menn neitt í pólitíska dilka, þá, sem hafa unnið að undirbúningi þessa máls á ýmsum stigum, en ég hygg þó, að þar hafi sjálfstæðismenn, sem mikil afskipti hafa haft af skólamálum, komið við sögu, meðan frumvörpin voru í myndun og mótun hjá bæði fyrri og síðari n. Ég held, að það fari ekki á milli mála, að Kristján J. Gunnarsson skólastjóri Langholtsskóla sé sjálfstæðismaður og merkur skólamaður. Hann var einn af höfundum upphaflega frv., og hann skrifaði ekki undir nál. með fyrirvara um, að hann hefði gerólíka stefnu við meiri hl. Nei, það var enginn ágreiningur þar. Jónas B. Jónsson, fræðslustjóri Reykjavíkurborgar þáv., er einn af höfundunum. Hann markaði ekki heldur neina sérstöðu um þetta. Ég tek því undir það með hæstv. menntmrh., að það er alveg ápekkt fram að starfinu núna í vetur, að Sjálfstfl. hafi þá stefnu, sem nú er verið að túlka hér sem grundvallaratriði. Og á síðara stigi tekur þátt í endursamningu frv., bæði þessa frv. um skólakerfi og grunnskólafrv., Páll Líndal borgarlögmaður Reykjavíkur. Ekki kom hann með þessi sjónarmið. Þetta er nýfætt fóstur. En það getur verið alveg eins merkilegt að veita því athygli fyrir það. Það er rétt, sem hæstv. menntmrh. hefur sagt, þetta er nokkuð nýtilkomið. Þessa hefur ekki orðið vart, þessa ágreinings um sjálft skólakerfið, fyrr en þá nú á þessu síðasta stigi. Þetta var því aðeins ástæða til þess að gera að umtalsefni, að þessi atriði hafa hér verið vakin upp og leidd inn í umr.

Það er verið að tala um að auka vald sveitarfélaganna, og ekki skal ég sporna gegn því. En það er líka gert með þessu frv. Það er aukið vald sveitarfélaganna á sviðum menntamála og fræðslumála. Það er í þessu frv. lagt til að fela samtökum sveitarfélaganna, landshlutasamtökunum, veigamikinn þátt, t.d. varðandi fræðsluskrifstofurnar og fræðslustjórana. Þar er mikið vald fært heim í héruðin, einmitt til landshlutasamtaka sveitarfélaga, sem þó er ekki búið að lögfesta.

Ég held, að það sé ekki til neinn skoðanamunur, síst af öllu miðaður við flokka, um frv. um skólakerfi, og það eitt er til umr. núna, og þess vegna sé alveg ástæðulaust að teygja umr. á langinn um það. Ég get hins vegar búist við því, að það verði geysimiklar umr. um mótunina á fyrsta þætti þess skólakerfis, sem að lokinni afgreiðslu þessa frv. verður stefnt að, af því að það er þegar ljóst, að það verða milli 80 og 90 brtt. frammi og kannske þó enn fleiri í uppsiglingu. Við megum halda vel á spilunum, þegar svo er áliðið þings sem nú er, ef við eigum

ekki að stofna afgreiðslu málsins alls í hættu með mjög sundurleitum og harkalegum skoðanamismun um brtt. okkar. Þær eru margar hverjar smávægilegar hjá okkur öllum, bæði hjá meiri hl. n. og einstökum nm. En það eru líka mjög þýðingarmiklar brtt., sem þarna er um að ræða, og ég tel, að það sé mikil nauðsyn, að Alþ. beri gæfu til að afgreiða þessi mál, um skólakerfið og um grunnskólann, á þessu þingi, því að það er versta útkoman af því öllu saman að velkjast enn þá eitt ár eða kannske lengur í vafa um það, hvort eigi að byggja í aðgerðum og framkvæmdum í skólamálum á núv. skólalöggjöf eða komandi löggjöf. Það er það versta. Gallalaus verður þessi löggjöf sjálfsagt ekki. Hún getur vel orðið meira eða minna gölluð, en við verðum bara að fela reynslunni að sverfa þá agnúa af. Við verðum að verða reynslunni ríkari. Frá þessari löggjöf á að ganga nú á þessu þingi að mínu áliti, og það er ekki rétt að bregða fæti fyrir það. Hv. 9. landsk. vék þó einmitt að þessu. Hann taldi eðlilegt, að fyrst væru afgreidd tekjustofnalög sveitarfélaganna og það væri beðið með afgreiðslu þessa máls eftir endurskoðun sveitarstjórnarlaga, þannig að það sæist, hversu mikið aukið vald sveitarfélögin ættu að fá samkv. þeirri löggjöf. Honum fannst öfugt að farið að afgreiða núna þessa löggjöf og svo verði kannske að breyta henni. Það er svo með sérhverja löggjöf, sem Alþ. setur. Ef breytist löggjöf frá því, að hún er sett, þá verður að horfast í augu við það að breyta viðkomandi löggjöf. Það er ekkert víst um þetta mál. En ef hv. þm. telur ótímabært að afgreiða málið nú, þá er auðvitað ein þingleg aðferð sjálfsögð, og hún er sú að bera fram till., ekki efnisbreytt., heldur till. um það, að málinu verði frestað. En það hefur hann ekki gert. Þess vegna álít ég, að allt hans tal um þetta sé út í hött.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Sameinað þing, 29. mars.

Starfshættir skóla.

Skriflegt svar menntamálaráðherra við fyrirspurn Vilhjálms Hjálmarssonar um starfshætti skóla á þskj. 416, afhent þm. 29. mars.

Óskað er svars við þessari spurningu:

„Hvernig er hagað framkvæmd þingsályktunar um starfshætti skóla og aðstöðu til líkamsræktar?“

Svar menntamálaráðherra:

Alþingi samþykkti 22. febrúar 1973 svofellda ályktun:

„Alþingi ályktar að skora á ríkisstjórnina að láta rannsaka:

1. aðstöðu til líkamsræktar í skólum landsins,
2. vinnuálagið í skólum.

Rannsókninni skal hraðað svo sem tök eru á og gera Alþingi grein fyrir árangri þegar að rannsókn lokinni.“

Síðan Alþingi samþykkti ályktun þessa hafa skólarannsóknadeild menntamálaráðuneytisins og íþróttafulltrúi ríkisins fjallað um málið.

Skólarannsóknadeild bendir á, að það sé mikið verk að gera viðhlítandi rannsókn á vinnuálagi í skólum. Hið minnsta, sem hægt sé að komast af með, sé að semja vandaða spurningaskrá, senda hana nemendum í ýmsum framhaldsskólum og úrtaki nemenda í gagnfræðaskólum og barnaskólum, og yrðu þá foreldrar þeirra nemenda sennilega beðnir að hafa tilsjón með útfyllingu spurningaskránna, a. m. k. að því er barnaskóla varðar. Einnig væri æskilegt að semja aðra spurningaskrá og senda kennurum eða úrtaki kennara í sömu skólum. Þá væri og æskilegt að hafa Háskóla Íslands með í slíkri könnun. Síðan þyrfti að safna saman þessum gögnum, vinna úr þeim og semja upp úr þeim rækilega skýrslu. Í fljótu bragði, segir skólarannsóknadeild, að það sé algert lágmark að gera ráð fyrir 4 mán. vinnu til þessa verkefnis, en verkið gæti vissulega orðið viðameira, ef t. d. mjög margir skólar eru teknir og/eða spurt afar fjölbreytilegra spurninga, sem vinna þyrfti úr. Þó ætti að mega reikna með því, að sex mánaða vinna sé eðlilegt hámark fyrir þetta verk. Starfsmenn skólarannsóknadeildar geta ekki bætt þessari vinnu á sig, en hins vegar mun deildin leitast við að sinna þessu verkefni svo fljótt sem unnt er og fjármagn og mannafli leyfir.

Verði staðið að umræddri rannsókn með þeim hætti, sem að framan greinir, virðist ekkert því til fyrirstöðu, að skólarannsóknadeild geti lokið henni á þessu almanaksári, ef hæfur starfsmaður fæst í tæka tíð.

Að því er varðar aðstöðu til líkamsræktar í skólum hefur íþróttafulltrúi tekið saman bráðabirgðayfirlit um, hvernig slíkri aðstöðu er nú háttað. Fer þetta yfirlit hér á eftir:

Leikfimi	Hafa sal	Leigu-salur	Leik-stofa	Skóla-gangur	Félags-heimili	Aðstöðu-laust	Alls
Barnaskólar	40	18	15	12	63	30	178
Unglingaskólar	7	7	8	10	28	10	70
Miðskólar	4		1	1	9		15
Gagnfræðaskólar	23	16	1		2	2	44
Héraðsskólar	7		1				8
	81	41	26	23	102	42	315
	25.7%	13.1%	8.2%	7.3%	32.4%	13.3%	100.0%
Almennt nám:							
Nemendur iðka leikfimi í		272 skólum		eða 86.6%			

Leikfimi	Hafa sal	Leigu-salur	Leik-stofa	Skóla-gangur	Félags-heimili	Aðstöðu-laust	Alls
Menntaskólar	3		3			1	7
Kennaraskólar	1		1			1	3
Sjómannask., vélsk., fiskvinnslusk.			4			5	9
Bændaskólar	2					1	3
Húsmæðraskólar			4			7	11
Iðnsk. og tæknisk.			2			17	19
Verslunarskólar	1		1				2
Heilbrigðis- og fóstruskólar						5	5
Myndlist.- og handíðaskólar						2	2
Hegðunarvandam. og afbrigðil. barna			3			11	14
	7	9.3%	20.0%	4.0%		66.7%	100.0%
Í framhaldsskólum og sérskólum iðka (flestir 100% ríkisskólar) nemendur leikf. í		15	3			50	75
		25 skólum af 75 eða 33.3%					

	Barna-skóla	Ungl.-skóla	Mið-skóla	Gagnfr. skóla	Héraðs-skóla	Kennara-háskóla	
Íþróttasalir í smíðum fyrir	9	1	3	6	1	1	= alls f. 21 skóla í 14 íþróttahúsum.
Íþróttaaðstaða í félagsh. í smíðum	2	2					= alls f. 4 skóla í 2 félagsh.
Undirbúningi lokið og fjárveitingar fyrir hendi: a) íþróttahús	8	3	2	2			= alls f. 15 skóla í 7 íþr.húsum.
b) íþróttaaðstaða í félagsh.	3	3					= alls f. 6 skóla í 3 félagsh.
	22	9	5	8	1	1	= alls 46 skólar í 26 íþr.h. eða félagsh. (5)

Aðstaða almennra skóla til sundiðkana	Eigin laug	Ekki við skólann, en í bæjar- eða sveitarfél.	Sótt til laugar í öðru bæjar- eða sv.fél.	Millibils-ástand	Alls
Barnaskólar	34	55	86	3	178
Unglingaskólar	18	18	34		70
Miðskólar	3	6	6		15
Gagnfræðaskólar	8	32	3	1	44
Héraðsskólar	8				8
	71	111	129	4*)	315
	22.5%	35.2%	41.0%	1.3%	100.0%

Nemendur frá ..... 311 almennum skólum iðka sund í 77 laugum.

Menntaskólar		7			7
Kennaraskólar		2		1	3
Sjómannask., vélsk. og fiskvinnslusk.		6		3	9
Bændaskólar		1		2	3
Húsmæðraskólar	2	6		3	11
Iðn- og tæknisk.				19	19
Verslunarsk.		1		1	2
Heilbrigðis- og fóstrusk.				5	5
Myndlista- og handíðask.				2	2
Hegðunarvandam. og sk. afbrigðil. barna	2	5		7	14
		28		43	75
	5.3%	37.3%		57.4%	100.0%

Í framhaldssk. og sérskólum er sund iðkað í 32 skólum af 75.

*) barnaskóli Holts og Haganesvíkur, Skagafirði og barna- og gagnfræðaskólinn í Vestmannaeyjum. Iðkun engin.

	Barna-skólar	Ungl.-skólar	Mið-skólar	Gagnfr.-skólar	Héraðs-skólar	Mennta-skólar	Alls
Sundlaugar í smíðum:	6	3	2				11
Sundl. að fullu undirbúnar og fjárv. fyrir hendi	7	2	3	2		1	15
	13	5	5	2		1	26

13 sundlaugar til afnota fyrir 26 skóla

Efri deild, 96. fundur.

Mánudaginn 1. apríl, kl. 2 miðdegis.

Varamaður tekur þingsæti.

Forseti (Ásgeir Bjarnason): Svo hljóðandi bréf hefur borist:

„Reykjavík, 1. apríl 1974.

Samkvæmt beiðni Einars Ágústssonar utanrrh., sem er á förum til útlanda í opinberum erindum, leyfi ég mér með skírskotun til 138. gr. l. um kosningar til Alþingis að óska þess, að 1. varamaður Framsfl. í Reykjavík, Tómas Karlsson ritstjóri, taki sæti á Alþingi í fjarveru hans.

Fyrir hönd þingflokks Framsfl.

Þórarinn Þórarinsson."

Ég býð Tómas Karlsson velkominn til starfa á Alþingi.

Heimilishjálp í viðlögum, frv. (þskj. 522). — 3. umr.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 14 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 633).

Lífeyrissjóður sjómanna, frv. (þskj. 619). — 1. umr.

Fjmrh. (Halldór E. Sigurðsson): Herra forseti. Frv. á þskj. 619, sem er komið frá hv. Nd., var flutt þar samkv. ósk stjórnar lífeyrissjóðs sjómanna. Frv. var undirbúið af hálfu sjóðsstjórnarinnar af Guðjóni Hansen tryggingafræðingi, og þær breyt., sem gerðar voru í hv. Nd. á frv., frá því að það var upphaflega lagt fram, höfðu verið kynntar, áður en fyrir frv. var talað, en þær voru einnig gerðar samkv. samkomulagi á milli ríkisstj. og sjómanna, sem hlut eiga að máli, og voru samdar af sama aðila eða Guðjóni Hansen tryggingafræðingi.

Frv. felur í sér aukin réttindi til handa þeim sem eiga að njóta trygginga úr lífeyrissjóðnum, og er það fyrst og fremst í samræmi við þær breyt., sem orðið hafa á tryggingum annarra aðila hjá lífeyrissjóðum, sem þessi sjóður hafði orðið aftur úr með.

Það varð samkomulag um þetta mál í hv. Nd., og ég held, að óhætt sé að segja, að það sé almennt samkomulag hv. þm., a. m. k. reyndist það svo þar, um ákvæði þessa frv., og þær breyt., sem hér eru gerðar, verða að teljast eðlilegar í alla staði.

Ég sé ekki ástæðu til, herra forseti, að orðlengja frekar um frv. að sinni, en legg til, að því verði vísað að lokinni þessari umr. til 2. umr. og hv. fjh.- og viðskn.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 14 shlj. atkv. og til fjh.- og viðskn. með 16 shlj. atkv.

Alþt. 1973 B. (94. löggjafarþing).

Neðri deild, 96. fundur.

Mánudaginn 1. apríl, kl. 2 miðdegis.

Verndun Mývatns og Laxár, frv. (þskj. 275, n. 600). — 2. umr.

Frsm. (Eysteinn Jónsson): Herra forseti. Þetta mál er stjfrv. Menntmn. hefur skoðað þetta mál og aflað sér allítarlegra upplýsinga um það og leggur til, að frv. verði samþ. með tveim smávægilegum breyt. Fyrri breyt. er eingöngu orðalagsbreyting og er gerð til þess að komast hjá að kalla árbakka strandlengju. Síðari brtt. er við 7. gr. og er efnislega á þá leið, að n. leggur til, að það fé, sem veitt verður til að framkvæma lögin, komi til eftir því sem er veitt á fjárl., en ekki skv. úrskurði ráðherra.

ATKVGR.

1. gr. samþ. með 22 shlj. atkv.
Brtt. 600,1 samþ. með 21 shlj. atkv.
2. gr., svo breytt samþ. með 21 shlj. atkv.
3.—6. gr. samþ. með 21 shlj. atkv.
Brtt. 600,2 samþ. með 24 shlj. atkv.
7. gr., svo breytt, samþ. með 22 shlj. atkv.
8.—10. gr. samþ. með 21 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 21 shlj. atkv.

Skipti á dánarbúum og félagsbúum, frv. (þskj. 630). — 3. umr.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 21 shlj. atkv. og endursent Ed.

Ríkisreikningurinn 1971, frv. (þskj. 397). — 3. umr.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 25 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 635).

Gjaldmiðill Íslands, frv. (þskj. 557). — 1. umr.

Sjútvrh. (Lúðvík Jósepsson): Herra forseti. Með þessu frv. er lagt til, að heimilað verði að fella niður myntsláttu á tíeyringum og 50 aura peningum. Það er mjög ákveðin till. Seðlabankans, að að þessu ráði verði horfið, að það sé ekki ástæða til þess, eins og nú er komið, að halda við þessum smáu einingum og þó að okkar smærsta mynteining hér eftir verði 1 kr., sé það orðið mjög sambærilegt við verðgildi minnstu einingar, sem þekkist í nærliggjandi löndum. Hér er um hagkvæmnisatriði að ræða einnig, sérstaklega að sleppa 10 aura myntinni, sem ekki virðist eiga orðið neinn rétt á sér. Þetta mundi spara mörgum allmikla vinnu, auk þess sem

það veldur nú allmiklum kostnaði að halda uppi þessari myntsláttu.

Frv. þetta hefur þegar verið afgr. í Ed., og hér er um tiltölulega lítið mál að ræða. Ég vænti þess, að það geti gengið greiðlega í gegnum þessa hv. d., án þess að farið sé að blanda inn í það öðrum og miklu stærri málum, sem snerta jafnvel gerbreytingu á okkar mynteiningu almennt séð.

Herra forseti. Ég legg til, að að lokinni þessari umr. verði málinu vísað til hv. fjh.- og viðskn. til fyrirgreiðslu.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 23 shlj. atkv. og til fjh.- og viðskn. með 25 shlj. atkv.

Dýralæknar, frv. (þskj. 621). — 1. umr.

Fjmrh. (Halldór E. Sigurðsson): Herra forseti. Á þskj. 621 er frv. til l. um breyt. á l. nr. 31 frá 5. maí 1970, um dýralækna. Frv. þetta var lagt fram í hv. Ed., og er efni þess, að ráðh. setji reglur um framkvæmd eftirlits og nauðsynlegar ráðstafanir til að stöðva sölu á mjólk, sem vegna sjúkdóma eða óþrifnaðar gæti talist varasöm fyrir heilbrigði neytenda. Það hefur til þessa ekki verið talið ótvírætt í lögum, hver ætti að hafa þetta eftirlit. Þetta frv. er því flutt til þess, að það séu tekin af öll tvímæli um það, að dýralæknar eigi að hafa þetta eftirlit, eins og þeir eiga að hafa eftirlit um heilbrigði kúa og eftirlit með fjósum.

Í hv. Ed. var frv. breytt á þá leið, að málinu má skjóta til yfirdýralæknis, sem fellir fullnaðarúrskurð, ef til þess kemur. Þetta er gert til þess að tryggja það, að ekki geti orkað tvímælis um úrskurðarvald það, sem dýralæknir hefur í þessu tilfelli, og finnst mér réttmætt að setja þetta öryggisákvæði inn í frv.

Ég sé ekki ástæðu til að hafa um þetta frv. fleiri orð, — það var um það samstaða í hv. Ed., — og legg til, herra forseti, að að lokinni þessari umr. verði frv. vísað til 2. umr. og hv. landbn.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 24 shlj. atkv. og til landbn. með 23 shlj. atkv.

Mat á sláturafurðum, frv. (þskj. 461). — 1. umr.

Fjmrh. (Halldór E. Sigurðsson): Herra forseti. Frv. til l. á þskj. 621 er um breyt. á l. nr. 61 19. maí 1971 og breyt. á eldri l. þar um. Ákvæðið, sem er verið að breyta í þessu efni, er framlenging á því leyfi, sem í þeim l. var og féll út við síðustu áramót, um að leyfa slátrun í sláturhúsum, sem ekki hafa fengið löggildingu.

Þrátt fyrir það að mikið hafi áunnist í þá átt að endurbæta sláturhúsin á síðari árum og víða séu komin hin fullkomnustu sláturhús, er ljóst, að enn þá verður að gefa undanþágu og leyfa slátrun í húsum, sem ekki hafa fengið löggildingu, og er nú lagt til, að þetta leyfi verði veitt til ársloka 1976.

Þetta frv. hefur inni að halda sama ákvæðið og frv. það, sem ég greindi hér áðan, að hér þurfi að koma til hvort tveggja, leyfi héraðsdýralæknis og yfirdýralæknis, til þess að þessi undanþága verði veitt, en í framkvæmd mun það hafa verið svo, að báðir þessir aðilar hafa ráðið þeim málum, þegar þau hafa verið til lykta leidd.

Þetta frv. fékk einnig góða afgreiðslu í hv. Ed., og ég vona, að svo verði einnig hér í hv. d., og ég sé ekki ástæðu til að segja um það fleiri orð.

Ég legg til, herra forseti, að frv. verði að lokinni þessari umr. vísað til 2. umr. og hv. landbn.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 23 shlj. atkv. og til landbn. með 23 shlj. atkv.

Kaupstaðarréttindi til handa Dalvíkurkauptúni, frv. (þskj. 629). — 3. umr.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 24 shlj. atkv. og afgr. til Ed.

Fjölbrautaskólar, frv. (þskj. 623). — 1. umr.

Menntmrh. (Magnús T. Ólafsson): Herra forseti. Þegar frv. til l. um fjölbrautaskóla, sem varð síðar að l. nr. 14 frá 1973, var undirbúið, voru aðeins uppi fyrirætlanir um stofnun eins skóla með því sniði hér í Rvík. Það var ástæðan til þess, að ákvæðin um skiptingu kostnaðar af slíkri skólastofnun voru aðeins miðuð við þær aðstæður, sem taldar voru ríkja í Rvík. Skv. áætlun um nemendafjölda og skiptingu hans á námsbrautir var talið, að réttmæt skipting á kostnaði milli ríkis og Reykjavíkurborgar væri þannig, að ríkissjóður skyldi greiða 60% stofnkostnaðar, en Reykjavíkurborg 40%. Þetta ákvæði hélst óbreytt í l., enda þótt í meðförum Alþ. kæmi í ljós, að áhugi var víðar en hér í höfuðborginni á að koma upp skólastofnunum með fjölbrautasniði, og því var sett í lögin heimild, sem gerði stofnun fjölbrautaskóla færa, hvar sem er á landinu.

Síðan hafa athuganir farið fram á stofnun fjölbrautaskóla á ýmsum stöðum, og fyrirætlanir eru mislangt komnar um að vinna að því, að sú skólagerð taki til starfa í ýmsum landshlutum. Hér má nefna til staði eins og Austurland með skólastofnanir á Egilsstöðum og Neskaupsstað, Sauðárkrók, Selfoss og Keflavík, og stefnt er að því að koma á fjölbrautanámi í Kópavogi og Hafnarfirði.

Við athugun á aðstæðum á þessum stöðum hefur komið í ljós, að ákvæðin um kostnaðarskiptingu, sem miðuð eru við aðstæður í Rvík, eiga miður vel við á öðrum stöðum með allt annan nemendafjölda og þar sem önnur samsetning námsbrauta í fjölbrautaskóla er fyrir-

huguð. Því þykir nauðsyn til bera, að í lagaákvæðunum sé nægur sveigjanleiki, til þess að kostnaðarskiptingin geti farið eftir aðstæðum og skilyrðum á hverjum stað. Til þess er þetta frv. flutt. Í því felst breyt. á 6. gr. l. um fjölbrautaskóla, og er kveðið svo á, að kostnaðarskipting skuli fara eftir samkomulagi milli menntmrn. og mótaðila. Sú kostnaðarskipting skal gerð með hliðsjón af gildandi l. um það nám, sem í boði verður innan fjölbrautaskólans, sem verið er að stofna.

Ég legg svo til, herra forseti, að eftir þessa umr. verði málinu vísað til hv. menntmn.

Ellert B. Schram: Herra forseti. Það er aðeins örstutt aths. Um leið og ég lýsi fylgi mínu við þetta frv. og fagna því, að nú á að færa út kvíarnar varðandi fjölbrautaskóla og skapa möguleika til þess að setja þá upp víðar en hér í Reykjavík, þá vildi ég vekja athygli á einu atriði, sem vissulega er nokkuð mikilvægt, þegar fjallað er um fræðslumálin og skiptingu kostnaðar milli ríkis og sveitarfélaga á þessum vettvangi.

Umr. urðu nokkrar varðandi þetta atriði fyrir nokkrum dögum, þegar rætt var um skólakerfið, og eiga sjálfsagt eftir að halda áfram, þegar rætt verður um grunnskólafrv., þ. e. a. s. umr., sem snerta þann ágreining, þann skoðanamun, sem fram hefur komið um það, hvernig eigi að halda á þessum málum, hvernig vinnubrögðin eigi að vera, þegar teknar eru ákvarðanir um það, hvaða aðili eigi að hafa forustu í fræðslumálunum og hvernig kostnaðarskiptingin eigi að vera milli ríkis og sveitarfélaga í þeim efnum. Ég hef verið talsmaður þeirra sjónarmiða, að það sé nauðsynlegt, áður en ákvörðun sé tekin um tekjuskiptinguna eða um aukna tekjuöflun til handa sveitarfélögum, að þá liggi fyrir, hver eigi að vera hin raunverulegu verkefni sveitarfélaga á sviði fræðslumála. Af þessu máli, sem hér er lagt fram, má ráða, hversu mikið er til í þessum sjónarmiðum mínum, og ég lít svo á, að þetta frv. sé því til áréttingar, að nauðsynlegt sé, að fyrst séu teknar ákvarðanir um það, hvaða verkefni komi í hendur sveitarfélaganna, áður en ákvörðun um tekjuöflun eða tekjuskiptingu sé ákveðin. Þar af leiðandi hlýtur maður að draga þá ályktun, að um leið og Alþ. ákveður t. d. stofnun fjölbrautaskóla og áður en Alþ. tekur ákvörðun um tekjuskiptingu eða breytta tekjuskiptingu milli ríkis og sveitarfélaga, eins og boðað er, að nú standi yfir, þá er vitaskuld bráðnauðsynlegt, að fyrir liggi áður vilji Alþ. um það, hversu mikið sveitarfélögin eigi að taka að sér á vettvangi fræðslumálanna.

Ég vildi aðeins koma þessu sjónarmiði hér á framfæri, vegna þess að ég tel það eiga erindi til n., þegar hún fer yfir þetta frv., með alveg sama hætti og það var nauðsynlegt fyrir menntmn. Nd. að leggja línurnar fyrst um það, hvað við viljum, að sveitarfélögin hafi með höndum varðandi grunnskóla, áður en ákvörðun er tekin um tekjuskiptingu milli ríkis og sveitarfélaga.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 22 shlj. atkv. og til menntmn. með 22 shlj. atkv.

Áhrif olíuverðhækkana á hitunarkostnað íbúða, frv. (þskj. 606). — 1. umr.

Sjútvrh. (Lúðvík Jósepsson): Herra forseti. Með l. nr. 5 frá 28. febr. á þessu ári var ákveðið að leggja á sérstakt gjald, 1% á söluskattsstofn, og verja tekjum þessum til að draga úr kostnaði við upphitun íbúðarhúsnæðis með olíu. Þegar þessi lög voru sett, var því lýst yfir, að síðar yrði flutt frv. um það, hvernig þessu gjaldi skyldi ráðstafað til þeirra aðila, sem orðið hafa fyrir stórauknum útgjöldum vegna verðhækkunar á olíu. Á þeim tíma, sem liðinn er síðan þessi lög voru sett hér á hv. Alþ., hefur þetta mál verið til athugunar og af hálfu viðskrn. hefur verið haft samráð við stjórnmálaflokkana um till. varðandi það, hvernig þessum fjármunum skuli varið. Það frv., sem hér er nú lagt fram, hefur verið samið á þennan hátt og gerir ráð fyrir þeim till., sem greindar eru í þessu frv. varðandi ráðstöfun á þessu sérstaka gjaldi. En eins og fram kemur í frv., 2. gr., er lagt til, að þessum fjármunum verði varið þannig:

1) Til þess að styrkja þá aðila, eins og segir í 2. gr., sem nota olíu til hitunar íbúða sinna, og greiðist sama upphæð á hvern íbúa, sem býr við olíuupphitun. Olíustyrkur greiðist hverjum framteljanda til skatts og einnig vegna maka og barna, sem eru á framfæri hans og eigi eru sjálfstæðir framteljendur. Skal þessi styrkur ekki talinn til tekna við álagningu tekjuskatts og útsvars.

2) Gert er ráð fyrir því, að heimilt sé að veita þeim rafveitum í landinu styrk af þessu fé, sem nota að einhverju verulegu ráði olíu til þess að framleiða raforku til upphitunar húsnæðis.

Eins og fram kom, þegar l. nr. 5 frá 28. febr. 1974 voru sett, hefur farið fram nokkur athugun á því, hvað þeir aðilar séu margir í landinu, sem nú búa við olíuupphitun húsa sinna. Er talið, að þeir íbúar, sem þannig er ástatt um, séu um 100 þús. talsins. Einnig er álitið, að tekjur af þessu gjaldi, sem ákveðið var með l. frá í febrúar, muni á ársgrundvelli nema í kringum 800 millj. kr. Samkv. því væri hægt að greiða styrk samkv. þessu frv., sem næmi í kringum 8 þús. kr. á ársgrundvelli miðað við hvern einstakan fjölskyldumeðlim, þ. e. a. s. á ársgrundvelli gæti 5 manna fjölskylda, sem býr við olíuupphitun húsnæðis, fengið í styrk samkv. þessum till. í kringum 40 þús. kr.

Það er augljóst, að þó að öll þessi fjárhæð gangi á þennan hátt til þess að draga úr hitunarkostnaði með olíu og þá aðeins til upphitunar íbúðarhúsnæðis, þá yrði hér ekki um of mikla greiðslu að ræða til þessara aðila, nema síður sé, þannig að hætt er við því, að þeir, sem búa við notkun olíu í þessum efnum, yrðu eigi að síður að taka á sig nokkru meiri verðhækkun en þeir, sem búa við upphitun frá hitaveitu. Það er því ekki um það að ræða, að hægt sé í rauninni að nota þá fjármuni, sem hér er um að ræða, til annars en þess að draga úr þeim kostnaði, sem þeir verða fyrir, sem hita upp íbúðir sínar með olíukyndingu.

Það hefur af eðlilegum ástæðum nokkuð verið athugað, hvaða leiðir væru tiltækilegastar til þess að koma þessu gjaldi á á sem sanngjarnastan

hátt til þeirra, sem verða fyrir þessum auknu útgjöldum. Fyrst hefur að sjálfsögðu verið athugað, hvort ekki væri hægt að greiða niður verð olíunnar, þeirrar olíu, sem notuð er til húsakyndingar. En í ljós hefur komið, að sú leið er ekki fær m. a. af þeim ástæðum, að hér er um að ræða upphitun á húsnæði, sem nær langt út fyrir það að vera aðeins íbúðarhúsnæði. Hér er um upphitun að ræða á margs konar húsnæði umfram íbúðarhúsnæði, eins og t. d. á skrifstofuhúsnæði, alls konar opinberum stofnunum, skólum, félagsheimilum, jafnvel ýmiss konar vinnustöðum, og verður ekki auðvelt að greina á milli þeirrar olíu, sem afhent er þeim, sem eru að hita upp íbúðir sínar með olíu, og hinnar, sem notuð er til upphitunar á öðru húsnæði. Væri farin sú leið að greiða niður verðið á þessari olíu, er mjög hætt við því, að hér yrði um mikla misnotkun að ræða og kæmi alls ekki þeim að fullu gagni, sem þó er ætlast til að fái þessa aðstoð, þ. e. a. s. þeim, sem verða að hita upp íbúðir sínar með olíukyndingu.

Þá hefur einnig verið athugað, hvort hægt væri að fara þá leið að miða þessa niðurgreiðslu eða þessa styrkveitingu við stærð íbúðarhúsnæðis. Hefur við nánari athugun þótt vera sanngjarnara að miða þessa greiðslu við fjölda þeirra, sem eru í hverri fjölskyldu eða eru í hverri íbúð, fremur en miða við íbúðarstærð. Í allmörgum tilfellum mun það vera svo, að þeir, sem hafa hið stærra húsnæði, eru þá gjarnan efnaðri menn, þótt það sé ekki í öllum tilfellum, og má því búast við því, að í þeim tilfellum, þar sem margir eiga hlut að máli í heimili, en búa kannske við þrengra húsnæði, þá yrði þeirra hlutur lakari, ef miðað yrði við íbúðarstærð, heldur en þegar miðað er við fjölda þeirra, sem í fjölskyldunni eru. Við athugun á málinu hefur sem sagt sú niðurstaða orðið að telja, að það væri miklu sanngjarnara að miða við það, sem lagt er til að miða við í þessu frv., en að miða við rúmmál húsnæðis. Það er einnig talið, að það sé tiltölulega auðvelt og geti verið kostnaðarlítið að koma þessari aðstoð til réttra aðila, þegar þessi leið er valin, þar sem gert er ráð fyrir því, að hægt sé að greiða þennan styrk fyrir milligöngu bæjar- og sveitarstjórna á hverjum stað. Þær hafa tiltölulega greiðan aðgang að skýrslum um fjölda þeirra aðila, sem hér eiga hlut að máli í hverju einstöku tilfelli.

Þá hefur einnig þótt rétt að hafa í frv. almenna heimild um það, að hægt væri að verja nokkrum hluta af þessu fé til þess að styrkja þær rafveitur, sem óumdeilanlega verða að nota talsvert mikla olíu til framleiðslu á raforku, sem síðan er seld til íbúðarhúsahitunar. Í nokkrum tilfellum á þetta sér stað, og er full sanngirni í því, að styrkur sé veittur í slíkum tilfellum, þegar þá ekki hefur verið um hækkun á raforkunni að ræða til húsahitunar umfram það, sem önnur raforka hefur verið látin hækka um. En hér yrði þó greinilega um tiltölulega litlar fjárhæðir að ræða og fá tilfelli. en rétt þótti við athugun að hafa þessa heimild í frv.

Ég vil svo að lokum leggja á það áherslu, að ég hygg, að það sé full samstaða hér á hv. Alþ. um það, að hér er um nauðsynlega aðgerð að ræða. Þessum fjármunum þarf að koma til þeirra aðila í landinu, sem hafa orðið fyrir stórkostlega auknum útgjöldum. Það eru fyrst og fremst þeir, sem verða að hita upp híbýli sín með notkun olíu, og það er fyrst og fremst til þeirra, sem þessir fjármunir eiga að ganga. Vissulega hefði verið æskilegt, að hægt hefði verið að hafa í þessu skyni miklu hærri fjárhæð, nota hana þá til þess að greiða olíuna niður í verði almennt séð, þ. e. a. s. að veita stuðninginn einnig til margra annarra aðila, sem hafa með höndum margvíslegan rekstur. En þá hefði þurft að vera til miklu hærri fjárhæð en við höfum úr að spila, og eigi að teygja þessa greiðslu út til fleiri en þeirra, sem hita upp íbúðarhúsnæði, er augljóst mál, að þá verður það gert á kostnað þeirra, sem hita upp íbúðir sínar með notkun olíu.

Herra forseti. Ég sé ekki ástæðu til þess að ræða þetta öllu meira, því að málið er þegar allvel rætt og samráð hefur verið haft við flokkana um gerð þessa frv. Ég hygg, að ágreiningur sé ekki mikill um málið, þó að það geti verið eitthvað skiptar skoðanir um einstök atriði. Ég mun því ekki ræða málið frekar við þessa umr., nema sérstakt tilefni gefist til, en ég legg til, að málinu verði að lokinni þessari umr. vísað til 2. umr. og hv. fjh.- og viðskn. til fyrirgreiðslu.

Ingólfur Jónsson: Herra forseti. Hæstv. viðskrh. lýsti því, að samráð hefði verið haft við stjórnarandstöðuna um samningu þessa frv. Rétt er það, að ég og hv. þm. Pétur Pétursson fórum tvisvar eða þrisvar í viðskrn. og ræddum um þetta mál. En ég lýsti því þar, að Sjálfstfl. væri óbundinn af þeim ýmsu till., sem í þessu frv. felast, og áskildi mér rétt til þess að athuga það nánar. Hitt er rétt, að allir eru sammála um, að aðgerðir þurfi í þessu máli.

Það er nauðsynlegt að lækka olíu til húsakyndingar, til íbúðarhúsakyndingar og til lækkunar á hitunarkostnaði atvinnuhúsnæðis, ef mögulegt er. Ég vil minna á, að Sjálfstfl. skrifaði hæstv. ríkisstj. á s. l. hausti, eftir að olíuverðið hækkaði, og minnti á, að nauðsyn bæri til að gera aðgerðir í þessum málum. Í bréfi Sjálfstfl. er ekki aðeins talað um íbúðarhúsnæði, heldur einnig atvinnuhúsnæði. En hv. stjórnvöldum finnst það sennilega ekki ómaksins vert að vera að tala um atvinnuhúsnæði eða atvinnurekstur. En öllum er áreiðanlega ljóst eigi að síður, að atvinnureksturinn úti á landi býr við versnandi kjör og meiri mismun í kostnaði en áður var, ef hann þarf að borga olíuna á þessu háa verði, þegar aðrir, sem betri aðstöðu hafa, geta notað hitaveitu. Það má þess vegna segja, að olíukostnaðurinn sé einn stór pinkill til viðbótar, sem hengdur er á atvinnureksturinn, svo illa sem allur atvinnurekstur er nú kominn í verðbólgunni undir núv. stjórnarfari.

En það er sjálfsagt að vekja athygli á því, að það fjármagn, sem er til ráðstöfunar, er vitanlega takmarkað. Hæstv. ríkisstj. var að tala um það, eftir að hún fékk bréfið frá Sjálfstfl., að það væri möguleiki á að afla fjár með ýmsu móti, t. d. að leggja 10% ofan á útsvörin, þannig að álögð útsvör væru ekki 10% af brúttótekjum,

heldur 11%. Mér virðist, að sumir hæstv. ráðh. væru nokkuð ákveðnir í því, að þetta væri eðlilegasta fjáröflunarleiðin. Aðrir hæstv. ráðh. töluðu um, að eðlilegt væri að skattleggja hitaveitur, og töluðu um það með mikilli alvöru, að þar væri fjáröflunarleið, sem væri sanngjörn. Einn ráðh. hafði orð á því, að e. t. v. mætti hækka fasteignagjöld. En að athuguðu máli í n., sem var undir forustu hæstv. forseta Sþ., Eysteins Jónssonar, varð samkomulag um að fara þá leið, sem nú hefur verið lögfest, þ. e. að nota eitt söluskattsstig, — annað söluskattsstigið, sem áður gekk í Viðlagasjóð, — til þessarar fjáröflunar.

Það hefur verið talað um, að þetta söluskattsstig gæti gefið 800 millj. á ári, og í umr. í viðskn. var talað um þessa upphæð. En síðan eru nú líklega bráðum 3 vikur, og nú skeður margt á þremur vikum eða jafnvel skemmri tíma í verðlagsmálum og efnahagsmálum þjóðarinnar. Það er eðlilegt, að minna á, að í des. s. l. var talið, að söluskattsstigið gæfi 609 millj. Þegar komið er fram undir febrúarlok, var talið af sérfræðingum ríkisstj., að söluskattsstigið gæfi 800 millj. Nú eru komin marslok og aprílmánuður byrjaður. Ég hringdi í einn sérfræðinginn í morgun. Við töluðum um þetta og rökræddum, hvað líklegt væri, að söluskattsstigið gæfi til jafnaðar á þessu ári. Það er alveg öruggt, sagði sérfræðingurinn, að þetta verður einn milljarður á ári, nema sérstakar og róttækar aðgerðir stjórnvalda komi til. Það er þá ekki fjarri lagi að reikna með 900 millj. og hugsa sér það, að olíusjóðurinn hafi 900 millj. til ráðstöfunar, en það er sú upphæð, sem ég hef reiknað með. Ég vil leyfa mér að draga nokkrar ályktanir út frá því, ef 900 millj. kæmu í olíusjóðinn á þeim tíma, sem nýsamþykkt lög gilda um.

Það er nauðsynlegt í þessum hugleiðingum að gera sér grein fyrir því, hversu mikil olíunotkunin er. Það er talið, að til hitunar íbúðarhúsnæðis og annars húsnæðis fari 45.89% af olíunni, 27.52% til fiskiskipa, 3.91% til íslenskra flutningaskipa, 1.54% til erlendra skipa og frá söludælum 9.08%. Annað: raforka, landbúnaður, verklegar framkvæmdir o. fl., 12.06%. Olíumagnið var á s. l. ári 390 millj. 758 þús lítrar. Er reiknað með, að það geti aukist á þessu ári um 15% og verði 450 millj. lítrar. Ef gengið er út frá því, að það verði um 450 millj. lítrar á þessu ári og til húsahitunar þurfi 45.89% eru það 206.5 millj. lítrar, sem færu í húsahitunina.

Það er nauðsynlegt að gera sér grein fyrir þessu og hugleiða, hvað unnt er að gera með því fé, sem við komum til með að hafa í olíusjóðnum. Ég hef ekki reiknað með því, að það kæmu fram till. um aukna fjáröflun, heldur eru hugleiðingar mínar aðeins um það, sem þetta eina söluskattsstig er líklegt að gefa. Það eru 206.5 millj. lítrar til allrar húsakyndingar, en til íbúðarhúsnæðis eingöngu 154.9 millj. lítrar. Gert er ráð fyrir, að meðalverð á olíunni á árinu verði 12.33 kr. á lítra. Vitanlega er þetta ágiskun ein, þetta getur enginn fullyrt, en ég hygg, að þessi áætlun sé eins samviskusamlega gerð og unnt er og ekki hægt að segja, að þetta sé rangt eða einhver önnur upphæð réttari. Ef við göngum út frá því, að meðalolíuverð á þessu ári verði 12.33 aurar, þá er rétt að minna á, að í árslok 1973 var olíuverðið 7.70 kr., en 5.80 kr. lítrinn í nóvemberlok s. l. Sé miðað við 900 millj. kr. í tekjur í olíusjóðinn á ári og að 50 millj. renni til rafveitna vegna framleiðslu dísilstöðva á raforku, verða 850 millj. til niðurgreiðslu á olíu. En ráðuneytismenn töldu eðlilegt að ætla 50 millj. kr. til niðurgreiðslu á olíu, sem færi til raforkuframleiðslu, og nefndu þeir þessa upphæð eftir að hafa ráðfært sig við Rafmagnsveitur ríkisins og iðnrn. Sé miðað við alla húsahitun, 206.5 millj. lítra, er fjármagn til lækkunar á olíu kr. 4.10 pr. lítra. Olíuverð er áætlað kr. 12.33, eins og áður er sagt. Niðurgreitt olíuverð yrði því, sé miðað við alla húsahitun, 8.23 kr. pr. lítra. Ef aðeins er miðað við íbúðarhúsnæði eða 154.9 millj. lítra, er fjármagn til niðurgreiðslu 5.48 kr. pr. lítra. Olíuverð til hitunar íbúðarhúsnæðis yrði þá 6.85 kr. pr. lítra. Væri öll olía greidd niður, gæti verðið lækkað úr kr. 12.33 pr. lítra í 9.80 kr. pr. lítra. Miðað við þá útreikninga, sem hér hefur verið lýst, er reiknað með, að 850 millj. kr. verði til ráðstöfunar til lækkunar á olíuverði. Er þá miðað við, að söluskattsstigið gefi 900 millj. kr., en 50 millj. kr. renni til rafmagnsveitna vegna framleiðslu á raforku frá dísilstöðvum.

Í frv. því, sem hæstv. viðskrh. hefur lýst og hv. alþm. hafa lesið, er reiknað með, að tekjur af einu söluskattsstigi verði 800 millj. kr. eitt ár. Hvort réttara er að reikna með 800 millj. kr. eða 900 millj., geta menn að sjálfsögðu deilt um. En eins og ég áðan sagði, eru allar líkur til þess, að hærri talan sé nær því rétta heldur en sú lægri. Má minna á, að í des. s. l. þótti rétt að áætla, að söluskattsstigið gæfi 609 millj. kr., en fáum vikum síðar var talið öruggt, að það gæfi 800 millj. Með hækkun vöruverðs og þjónustu hækkar sá stofn, sem söluskattur reiknast af, og búast því margir við því, að söluskattsstigið gefi í tekjur á þessu ári 1000 millj. kr. En í frv. því, sem er til umr., er reiknað með, að 750 millj. kr. verði til ráðstöfunar í olíusjóðinn, eftir að 50 millj. kr. hafa verið dregnar frá vegna rafveitna. Sé miðað við aðeins 750 millj. kr., verður verð á niðurgreiddri olíu eins og hér greinir: Ef olía fyrir alla húsahitun verður lækkuð, fer verðið úr kr. 12.33 í 8.70 kr. pr. lítra. Ef miðað er við íbúðarhúsnæði, verður olíuverð pr. lítra 7.49 kr. Verði öll olían lækkuð, verður lítrinn 10.04 kr.

Segja má, að allt, sem hér er nefnt, sé á áætlunum byggt. Olíuverð á þessu ári veit enginn um með vissu, en líkur eru til þess, að verðið, sem hér er reiknað með, gæti verið nærri lagi.

Fjármagnið, sem fyrir hendi verður samkv. nýsamþykktum l. um tekjur af einu söluskattsstigi, rennur til lækkunar á olíu, og er byggt á áætlunum, sem menn eru ekki að öllu leyti sammála um. Alþ. hefur ákveðið, að lækkun olíuverðs skuli gerð samkv. sérstökum lögum. Í framhaldi af þeirri ákvörðun hefur ríkisstj. lagt fram frv. það, sem nú er rætt um.

Hæstv. viðskrh. lofaði, að samráð skyldi haft við stjórnarandstöðuna um framhald málsins. Það kom í minn hlut og hv. þm. Péturs Pétursonar að ræða við viðskrn. um málið. Kom strax í ljós, að viðskrh. og ráðunautar hans töldu ekki heppilegt að hafa annan hátt á um framkvæmd máls-

ins á allan hátt en þann, sem skjalfestur er í frv. Talsmenn rn. töldu, að fé, sem til ráðstöfunar væri, nægði ekki til þess að greiða niður olíu nema til íbúðarhúsnæðis, fjármagnið, sem fyrir hendi er, væri ekki nægilegt til að hafa það viðtækara. En eins og ég áðan sagði, eru 2—3 vikur síðan rætt var um þessi mál í viðskrn., og stoðir renna því undir það, að fjármagnið verði meira til ráðstöfunar í þessu skyni heldur en áætlað var fyrr í vetur og í viðræðum í viðskrn. í s. l. mánuði.

Mér hefur skilist, að hv. þm. Pétur Pétursson væri sammála því að miða niðurgreiðsluna eingöngu við íbúðarhúsnæði og hann væri einnig sammála öðrum atriðum frv., hvað framkvæmd l. snerti. Má því segja, að hæstv. ríkisstj. hafi öruggan meiri hl. fyrir þeim ráðstöfunum, sem í frv. felast. Þrátt fyrir það tel ég eðlilegt, að þetta mál verði skoðað að nýju, og veit ég, að hv. þm. Pétur Pétursson og fleiri hv. þm. eru fúsir til þess að athuga málið, ef ástæða er til að ætla, að fjármagn í sjóðnum verði meira en áður var talað um. Verði fjármagn í sjóðnum 900 millj. eða meira á árinu, er kominn möguleiki til þess að taka atvinnuhúsnæði með.

Um það að greiða þetta sem nokkurs konar styrk samkv. íbúafjölda sýnist mér vera nokkuð þungt í vöfum og gallað. Ég teldi, að það væri heppilegra að greiða lækkunina til olíufélaganna og fela þeim að sjá um framkvæmdina. Það mætti miða við ákveðið magn á íbúð, þannig að ekki væri verið að greiða niður olíu til upphitunar á lúxushúsnæði, óþarflega stóru húsnæði. Olíugeymir er við hvert hús, og ætti þess vegna að vera unnt að framkvæma þetta, án þess að misnotkun þyrfti að vera. En þetta væri auðveldast og þetta væri hægast. Ef allt húsnæði nyti niðurgreiðslu, væri framkvæmdin að sjálfsögðu enn þá auðveldari.

Ég hef farið nokkrum orðum um þetta mál og lýst því, að samkomulag hefur ekki enn orðið um framkvæmd málsins þrátt fyrir góðan vilja margra manna. Að samkomulag hefur ekki náðst, er einungis vegna þess, að menn hafa talið, að það fjármagn, sem sjóðurinn hefur til umráða, sé of lítið til þess að fara út fyrir íbúðarhúsnæði og samkomulag hefur ekki náðst um framkvæmdina vegna þess, að hæstv. viðskrh. og ráðunautar hans telja, að það sé á allan hátt heppilegast að hafa þetta í styrkjaformi og miða við fjölskyldustærð. Það er þeirra sannfæring, og hafa þeir ekki látið af henni. Við því er ekkert að segja. En það er mín skoðun, að hitt væri auðveldara og heppilegra á allan hátt, að fela olíufélögunum þessa framkvæmd. Það væri unnt að komast hjá misnotkun með því að hafa skipulag, kvittanir og vottorð við útdeilingu olíunnar.

En þótt hæstv. viðskrh. telji sig hafa öruggan meiri hl. fyrir frv. óbreyttu, vil ég eindregið mælast til þess, bæði við hæstv. ráðh. og þá n., sem fær frv., að láta enn á ný fara fram athugun á því, hversu mikið fjármagn er líklegt að komi í olíusjóðinn. Hagfræðingurinn, sem ég talaði við í morgun, taldi engan vafa á, að það yrðu 900 millj., en nær sanni að reikna með 1000 millj. Og samkv. þeim dæmum, sem ég var með hér áðan, er hægt að taka allt húsnæði og ná réttu verði á olíunni, ef um 900 millj. er að ræða. Þegar ég segi réttu verði, þá hugsa ég til þess, að það verði ekki aukinn mismunur á kyndingarkostnaði frá því, sem hann áður var, milli olíukyndingar og hitaveitu. Hitaveitugjöld hafa verið hækkuð um 13% síðan um áramót, og ekki er talið ólíklegt, að hitaveitugjöld verði enn hækkuð á þessu ári. Það væri þess vegna ekki óeðlilegt að miða olíuverðið við það, sem það var í desember mánuði s. l. og miða lækkunina við það. Ef um 900 millj. kr. fjármagn er að ræða, þá er hægt að greiða alla olíu niður og ná því verði, sem var á olíu til húsakyndingar í desembermánuði.

Herra forseti, ég tel ekki ástæðu til að fara fleiri orðum um þetta. Ég veit, að það er góður vilji fyrir hendi hjá öllum, sem um þessi mál fást. Hæstv. ríkisstj. brá skjótt við, eftir að hún fékk bréfið frá Sjálfstfl., til þess að gera ráðstafanir í þessu máli. Það má segja, að þetta mál sé nokkuð erfitt viðfangs. Það er eðlilegt, að mönnum finnist orka tvímælis um framkvæmdina, en það er enn tími til þess að skoða málið og reyna að sameinast um það, sem er sanngjarnast og best að vel athuguðu máli.

Pétur Pétursson: Herra forseti. Mig langar til að segja nokkur orð í þessum umr. Eins og kom fram hjá hv. 1. þm. Sunnl., vorum við kvaddir sem fulltrúar okkar flokka eitthvað tvisvar, þrisvar sinnum til að tala við embættismenn í viðskrn. Ég get tekið undir margt af því, sem hv. þm. Ingólfur Jónsson sagði um, að það væri vissulega æskilegt að geta gengið lengra en þetta frv. gerir ráð fyrir. Það væri vissulega æskilegt að geta aðstoðað ýmis fyrirtæki úti um landsbyggðina, sem þurfa nú að nota olíu, og eru þau af ýmsu tagi, eins og t. d. ýmis iðnfyrirtæki, sem þurfa að hita með olíu. Sannleikurinn er sá, að hvernig sem þessu máli verður velt fyrir sér, verður ákaflega erfitt að finna einhverja lausn, sem sé 100% rétt. Það verður að finna þær leiðir, sem menn telja sanngjarnastar, þrátt fyrir allt.

Þegar við vorum að ræða um þetta í rn., þá var okkur gefin sú forsenda, að við hefðum í raun og veru ekki nema 750 millj. kr. til ráðstöfunar í þessu skyni. En ef það kemur í ljós, sem hv. þm. Ingólfur Jónsson ræddi um áðan, að þessi upphæð er kannske 20% hærri, þá er ég sannarlega reiðubúinn til þess að ræða það aftur, hvort hægt er að færa þetta eitthvað til atvinnuveganna. Um það bil helmingur þjóðarinnar notar nú olíu til hitunar, og það er þessi helmingur, sem við erum að reyna með þessari löggjöf að aðstoða, þannig að misræmið á milli hitaveitu og olíuhitunar verði ekki meiri en það var á s. l. ári í stórum dráttum. Og þó er ég hræddur um, ef þetta verða ekki nema 750 millj. kr., að þá nái þessir endar tæpast saman. Ég held, að við höfum orðið nokkurn veginn sammála um það með embættismönnunum.

Það er svo annað mál, sem blandast beint inn í þetta, þó að það sé ekki þessu frv. viðkomandi, hvað er hægt að gera, — eða er eitthvað hægt að gera til þess að hraða framkvæmdum á hitaveitusvæðunum og nota rafmagn til hitunar? Ég geri mér grein fyrir því, að þetta er

ekki verk, sem er unnið á stuttum tíma, en það er höfuðatriði, að þessar framkvæmdir hafi gjörsamlega forgöngu, vegna þess að þær koma undireins að gagni fyrir margt fólk og þar með margs konar atvinnurekstur.

Milliþn. í byggðamálum ræddi þetta mál strax, þegar olíuhækkanirnar fóru að dynja yfir, og lagði til við ríkisstj., að einhverjar sérstakar ráðstafanir yrðu gerðar til að jafna þennan mismun. Ég verð að segja það, þótt ég sé ekki fullkomlega ánægður með fyrirkomulagið í afgreiðslunni, eins og það er, þá kem ég ekki auga á neina aðra sanngjarnari leið, og þá finnst mér sjálfsagt að fara þá leið, sem menn telja þó sanngjarnasta, og tel ég, að þetta frv. stefni að því. Hitt er svo nýtt viðhorf, ef olíusjóðurinn hefur umtalsvert fé umfram það, sem okkar forsendur voru, þegar við vorum að ræða þetta, og ég tek undir með hv. 1. þm. Sunnl., að ég vil mega treysta því, að sú n., sem fær málið til meðferðar, grandskoði það.

Ellert B. Schram: Herra forseti. Þetta frv., sem hér er verið að ræða, heitir frv. til l. um ráðstafanir til að draga úr áhrifum olíuverðhækkana á hitunarkostnað íbúða. Það felur í sér, að þessum ráðstöfunum skuli hagað með þeim hætti að greiða niður olíuna, sem notuð er til hitunar á íbúðarhúsnæði, og það skuli greitt niður með þeim hætti að úthluta ákveðinni upphæð af þessum 900 millj. kr. til hvers framteljanda til skatts, sem kyndir húsnæði sitt upp með olíu, og þetta skal gert með milligöngu bæjar- og sveitarfélaga. Þetta er í aðalatriðum efni þessa frv.

Nú er frá því að segja, að þetta frv. kemur mér ekki spánskt fyrir sjónir og reyndar ekki neinum hv. þm., vegna þess að í febrúarmánuði s. l., þegar rætt var um það í þingflokkunum, hvað gera skyldi varðandi ráðstafanir vegna verðhækkana á olíu, þá var þingfl. sýnt nánast þetta sama frv. Þá var þingfl. sýnt frv., sem fól í sér gjaldtökuna sjálfa, hækkunina á söluskattinum, og fól í sér, hvernig ráðstafa skyldi þessu gjaldi. Í þingfl. Sjálfstfl. var þegar mjög sterk og eindregin andstaða gegn því, hvernig ráðstafa skyldi gjaldinu, þ. e. a. s. mjög mikil andstaða gegn þeirri leið, sem mælt var með í því frv. og mælt er með í þessu frv., sem nú liggur hér fyrir framan okkur. Það var ljóst, að ef leitað væri eftir einhverri samstöðu í þinginu, þá var það borin von að reikna með því, að þingfl. Sjálfstfl. gæti staðið að og samþ. frv., sem fæli í sér það hvort tveggja, gjaldtökuna og ráðstöfun gjaldsins, meðan gert var ráð fyrir því, að gjaldinu væri ráðstafað með nefndum hætti.

Hæstv. ríkisstj. var það kappsmál, að því er virtist, að ná samstöðu hér í þinginu, og var lögð greinileg áhersla á það, að allir flokkarnir gætu sameinast um tekjuöflunina, þ. e. a. s. 1% söluskattshækkun. Því var valin sú leið að taka út úr fyrrnefndu frv. það, sem olli mestum ágreiningi, þ. e. a. s. ráðstöfun gjaldsins, en lögfesta sérstaklega tekjuöflunina, og það var gert í febrúarmánuði s. l. Við afgreiðslu þess máls var ég sá einasti hér á hv. Alþ., sem greiddi atkv. gegn frv. Ég gerði það vegna þess, að ég vildi mótmæla bæði efni frv. og vinnubrögðunum.

Ég tók fram, og ég tek enn fram, að ég gerði mér ljóst, að það þyrfti að leysa þennan vanda, vegna olíuverðhækkana, sem við blasti, með einhverjum hætti. En ég taldi í fyrsta lagi, að ríkisstj. hefði getað tekið á sig þann fjárhagspinkil, sem af þessu leiddi, án þess að leggja á nýjan og aukinn skatt. Og ef ríkissjóður gæti það ekki, þá vildi ég meina, að það væri vegna óráðsíu ríkisstj., hún yrði að taka afleiðingunum af því. Ef hún gæti ekki leyst málið, þá tekið afleiðingunum óðruvísi en að hafa um það samstarf við stjórnarandstöðuna, fá tilstyrk hennar til að koma málinu í gegn, þá ætti hún heldur að segja af sér. Ég benti í því sambandi á, að ef ekki væru fyrir hendi möguleikar ríkissjóðs beinlínis að leggja út fé til þess að koma til móts við þennan vanda, að þá ætti ríkisstj. að grípa til þess að skera niður fjárlög.

Í öðru lagi taldi ég, að stjórnarandstaðan, a. m. k. Sjálfstfl., væri að kaupa köttinn í sekknum, vegna þess að hann þyrfti fyrst að fá upplýst og staðfest, áður en ávísunin um 800 eða 900 millj. kr. væri afhent ríkisstj. til frjálsrar ráðstöfunar, þá yrði fyrst að fá staðfest, hvernig þessu gjaldi yrði ráðstafað, vegna þess að ein af meginforsendunum fyrir því, að Sjálfstfl. léði máls á því að styðja þetta mál, var sú, að ráðstöfunin yrði með ákveðnum, tilteknum hætti, sem ég kem að síðar. Ég hreint út sagt grunaði ríkisstj. um græsku, og taldi það ekki hlutverk stjórnarandstöðunnar að taka þátt í lagasmíð, gangandi út frá ákveðnum forsendum, nema tryggt væri, að tekið væri tillit til þessara forsendna.

Hæstv. sjútvrh. kallaði þetta einkennilega ræðu, sem ég flutti þá, og taldi hana vart svara verða. En nú mánuði seinna, hvað hefur komið í ljós, hvað blasir við? Í millitíðinni hefur það gerst, í fyrsta lagi, að hæstv. forsrh. hefur greitt atkv. á þingi með niðurskurðartill. frá stjórnarandstöðunni og hann hefur fylgt þeirri afstöðu sinni eftir með ræðu, þar sem hann hefur lýst því yfir, að niðurskurður fjárl. sé mjög vel mögulegur. Og þar talar hann ekki aðeins um 700, 800—900 millj., heldur um 1½ milljarð kr.

Í annan stað hefur komið í ljós, að þingflokkur sjálfstm. hefur keypt köttinn í sekknum, vegna þess að sjónarmið hans hafa ekki verið virt viðlits og framkoma ríkisstj. hefur ekki reynst sú, sem gefið var í skyn við umr. og meðferð málsins fyrir mánuði. Þá gáfu hæstv. ráðh. hátíðleg loforð um það, að höfð yrðu samráð við stjórnarandstöðuna. Hvernig hafa þau samráð verið? Samkv. upplýsingum hv. þm. Ingólfs Jónssonar og Péturs Pétursssonar hafa þeir verið kallaðir tvisvar, þrisvar sinnum upp í rn. til viðtals við, að mér skilst, embættismenn rn., ekki ráðh. sjálfan, og hv. þm. Ingólfur Jónsson sagði í ræðu sinni áðan, að það hefði strax komið í ljós, að hæstv. ráðh. hafði verið ráðinn í því að flytja þetta frv., sem nú liggur hér á borðunum hjá okkur. Hann var ráðinn í því strax. Ég veit ekki, hvort menn kalla þetta samráð. Ég hef ekki lagt þann skilning í það orð. Ég held hins vegar, að þetta háttalag ráðh. hafi verið það, sem alltaf stóð til, það var að læða þessu máli aftan að stjórnarandstöðunni og flytja þetta mál óbreytt, eins og hann sýndi okkur

það í febrúarmánuði, en aðeins með þessari aðferð, af því að það þótti praktískt, eitthvað heppilegra.

Hæstv. ríkisstj. hefur sakað stjórnarandstöðuna um ábyrgðarleysi, en ég vil leyfa mér að halda því fram, að þetta sé ekki mjög ábyrg framkoma hjá ríkisstj. Menn eru hér blekktir til stuðnings við þetta mál með loforðum um, að við þá verði haft samráð, en samráðin eru síðan þau, sem nú er komið í ljós, að sjónarmið annarra eru ekki virt viðlits eða eru að engu höfð. Þingflokkur sjálfstæðismanna reit ríkisstj. bréf á sínum tíma, fljótlega upp úr áramótunum, þegar þessi vandi blasti við, og þar tjáði þingfl. sig fúsan til viðræðna um þann vanda, sem skapast hafði, og lausn á þessum vanda. Í bréfinu var tekið fram að leysa þyrfti þennan vanda, jafnt varðandi íbúðarhúsnæði sem annað húsnæði, og það var auðvitað ein af meginforsendunum fyrir þessu bréfi, eitt af skilyrðunum, að Sjálfstfl. vildi ljá máls á nýjum gjaldtökum, að vandamálið yrði leyst bæði gagnvart íbúðarhúsnæði og öðru húsnæði. Þetta sjónarmið kom fram í ræðu, sem hv. 1. þm. Sunnl. hélt hér við 1. umr. þessa máls, 27. febr. s.l. Hann sagði þá í ræðu við 1. umr., með leyfi forseta:

„Þegar hæstv. viðskrh. afhenti mér uppkast að þessu frv., tók ég fram við hann, að ég teldi eðlilegt að binda þetta ekki við íbúðarhúsnæði og strika bæri íbúðarhúsnæði út, en nefna aðeins húsnæði, og hélt ég, að hæstv. ráðh. ætlaði að gera það. En ég sé, að það hefur ekki verið gert, og vil ég vekja athygli þeirrar n., sem málið fær til sín, að samkv. 1. gr. er aðeins átt við íbúðarhúsnæði."

Síðan minnir hv. 1. þm. Sunnl. á bréf Sjálfstfl. og segir:

„Í bréfinu var vakin athygli á þeim mikla mismun, sem einnig var í atvinnurekstrinum. Þeir, sem þurftu að nota dýru olíuna við atvinnureksturinn, höfðu vitanlega allt aðra aðstöðu en hinir, sem höfðu raforku eða hitaveitu í sambandi við atvinnureksturinn. Bréfið var skrifað hæstv. ríkisstj., áður en málið komst á dagskrá eða umræðugrundvöll. Sjálfstfl. heldur sig að sjálfsögðu við þetta bréf."

Í þessum orðum hv. þm. kemur réttilega fram mjög skýrt, að forsenda af hálfu Sjálfstfl. til þess að fylgja málinu var sú, að tekjuauki ríkissjóðs yrði notaður til aðstoðar fyrir atvinnureksturinn sömuleiðis. Nú brá svo við, þegar málið kom til 2. umr. 27. febr. eftir meðferð í n., að enn stendur í frv. íbúðarhúsnæði, — ráðstafanir til að draga úr áhrifum olíuverðhækkana á hitunarkostnað íbúða. Við þessa umr. tekur hv. 1. þm. Sunnl. enn til máls og segir, með leyfi forseta:

„Það er eitt orð í 1. gr., sem getur valdið misskilningi. Í þeirri n., sem ég áðan minntist á, gat ég um bréf, sem Sjálfstfl. skrifaði hæstv. ríkisstj. um nauðsyn þess að gera ráðstafanir vegna hinnar miklu hækkunar, sem orðin er og fram undan er á olíu. Í því bréfi var ekki talað aðeins um íbúðarhúsnæði, heldur var á það minnt, að það gæti komið til greina að jafna einnig aðstöðumuninn í sambandi við atvinnureksturinn."

Nú vil ég, vegna þess að samkomulag var sérstaklega gott í fyrrnefndri n. og hæstv. viðskrh. kom til fundar í henni, spyrja hæstv. ráðh., hvort það sé ekki hans álit, að þótt frv. verði afgreitt óbreytt, sé eftir sem áður opin leið, þegar frv. verður samið um ráðstöfun á olíusjóðnum, að taka til athugunar niðurgreiðslu á olíu til annars húsnæðis en íbúða. Ef hæstv. ráðh. væri á svipaðri skoðun og ég í þessu efni, tel ég enga ástæðu til að flytja brtt. við frv."

Þetta voru orð hv. þm. Ingólfs Jónssonar og flutt vissulega að gefnu tilefni. En hæstv. ráðh. kemur upp að bragði og segir — með leyfi forseta — í þessari sömu umr.:

„Í frv. er gert ráð fyrir því, eins og hv. 1. þm. Sunnl. minntist á, að þessi gjaldtaka sé vegna niðurgreiðslu á hitunarkostnaði íbúðarhúsnæðis. En að sjálfsögðu er það fullkomlega opið, þegar ný lög verða sett um fyrirkomulag á þessari greiðslu, það er ekkert, sem getur bundið það, að þá verði ekki annað ákveðið. Hins vegar er því ekki að neita, að þessi gjaldtaka er miðuð við þetta og einnig það fyrirkomulag, sem er varðandi meðferð á þessu gjaldi að öðru leyti. En það er sem sagt ljóst, að með samþykki þessa frv. er ekki á neinn hátt skotið loku fyrir það, hvaða ákvæði kynnu að verða sett síðar."

Nú skal viðurkennt, þegar lesin eru yfir þessi ummæli hæstv. ráðh., að óljósari skýringu er vart hægt að ímynda sér. Það er slegið úr og í, og vel er afsakanlegt, þó að það hafi vafist fyrir mönnum að átta sig á, hver meining ráðh. væri. En ég var svo einfaldur að halda, að þegar stendur í 1. gr. frv., að ráðstafanir gildi um íbúðarhúsnæði, það stendur þar svart á hvítu, og síðan eru slík lög samþ., þar sem þetta er tekið fram, þá var ég svo einfaldur að halda, að lög um gjaldtöku til ráðstöfunar á þessu gjaldi gætu aðeins náð yfir íbúðarhúsnæði, það sé ekki hægt að samþykkja önnur lög, sem segja til um annað en gjaldið er ætlað til. En hvað sem því líður, þá taldi hv. 1. þm. Sunnl. þetta svar ráðh. vera þess eðlis, að engin ástæða væri til að flytja brtt., og þm. Sjálfstfl. og sjálfsagt þingheimur allur lét sér svarið, að því er virðist, vel líka. Nú má það og vera, að það hafi ráðið úrslitum, að ráðh., ekki aðeins þessi hæstv. ráðh., heldur hæstv. forsrh. sömuleiðis, hafi gefið út mjög hátíðleg loforð um, að samráð skyldu höfð við stjórnarandstöðuna, þegar gengið yrði frá frv. um ráðstöfun fjárins. Þannig sagði sjútvrh. 27. febr.: „Sýnist þá vera nægur tími til að ganga frá því frv., sem lagt verður fram um ráðstöfun á gjaldinu, og verður haft samráð við fulltrúa allra stjórnmálaflokkanna um, hvernig það frv. yrði úr garði gert." Það er alveg opið fyrir Alþ. að ákveða annað en það, sem segir raunverulega í 1., það er fullkomlega opið fyrir Alþ. að láta frv. til l. um ráðstafanir til þess að lækka hitunarkostnað á íbúðum ná yfir fleira en íbúðarhúsnæði. Og hæstv. forsrh. sagði í umr. um þetta mál, með leyfi forseta:

„Þetta atriði hefur verið rætt í ríkisstj. og verið gert ráð fyrir því, að haft yrði samráð við stjórnarandstöðuna um samningu á því frv., sem þarf að koma varðandi ráðstöfun á tekjum þessa sjóðs, þannig að ég geri ekki ráð fyrir,

að það verði nein fyrirstaða á því. Tel ég mér óhætt að heita því í nafni ríkisstj., að þannig verði á þessu máli haldið.“

Það dugði hvorki meira né minna heldur en drengskaparloforð í nafni ríkisstj., að höfð yrðu samráð við stjórnarandstöðuna. Þetta eru að sjálfsögðu mjög afdráttarlausar yfirlýsingar og ekki óeðlilegt, þó að menn hefðu glæpst til þess að taka á þeim mark og því samþykkt gjaldtökuna á sínum tíma nánast shlj. hér á þingi. En nú hefur sem sagt komið í ljós, að frv., sem sýnt var í febr. og a. m. k. þingflokkur Sjálfstfl. tjáði sig algerlega andvígan, það er lagt fram núna nálega óbreytt, í öllum meginatriðum algerlega óbreytt. Í því frv. er aðeins gert ráð fyrir því, að niðurgreiðslurnar verði vegna íbúðarhúsnæðis, en ekki gagnvart öðru húsnæði. Í grg. með þessu frv., sem hér er nú til umr., segir:

„Svo sem fram kemur í 1. gr. l. nr. 5 frá 1974, er ætlast til, að ráðstafanir þessar verði bundnar við íbúðarhúsnæði, enda leyfa tekjur af gjaldinu ekki, að ráðstafanir nái til fleiri neysluflokka, a. m. k. yrði verðlækkun á þeim þá miklu minni og kæmi ekki að nægu gagni.“

Hvað segir þetta okkur? Í fyrsta lagi er 1. þm. Sunnl. að segja okkur frá því, að ráðh. hafi verið ráðinn í því frá upphafi að taka ekkert mark á því, þó að væri gefið í skyn á sínum tíma, að þetta ætti að ná yfir annað húsnæði, og svo er hér beinlínis tekið fram í frv., sem hér liggur fyrir, og vitnað til l. um gjaldtökuna, nr. 5 frá 1974, að það er ætlast til þess, að ráðstafanir þessar verði bundnar við íbúðarhúsnæði. Það er að sjálfsögðu alveg rétt, þeir eru sjálfum sér samkvæmir með það. En niðurstaðan er sem sagt sú, að þetta eru allt saman hreinar blekkingar, þegar verið er að gefa í skyn, að það mætti láta þetta gilda um annað húsnæði og höfð yrðu samráð við stjórnarandstöðuna, öll loforð svikin um það og allt saman hreinar blekkingar, sennilega vísvitandi, frá upphafi.

Ég hefði haldið, að það séu ekki samráð, þó að skoðanir eða ákvarðanir séu kynntar fyrir öðrum, en menn séu ráðnir í því frá upphafi að breyta engu um, hver sem svo viðbrögð viðmælandans séu. Að hafa samráð er auðvitað allt annað. Það er að ráðgast við, samræma sjónarmið, ráða ráðum sameiginlega og bera fram till. með vitund og vilja gagnaðila. Ef maður segist hafa gert eithvað í samráði við einhvern, verður það auðvitað ekki skilið öðruvísi en svo, að aðilinn sé a. m. k. þegjandi samþykkur. En þessi samráð hafa ekki verið höfð. Sjónarmið sjálfstæðismanna hafa verið kirfilega sniðgengin, og ríkisstj. virðist láta sér það í léttu rúmi liggja, enda þótt hún bregðist öllum sínum drengskaparloforðum. Hún þykist að sjálfsögðu hafa snúið á stjórnarandstöðuna, og hlakkar hæstv. ráðh. yfir þessu og hrósar sér sjálfsagt af þessu afreki. En ríkisstj. hefur unnið mörg slík afrek. Hún hefur að sjálfsögðu svikið sinn málefnasamning. Hún streitist við að stjórna hér ýmist með blíðmælgi eða hótunum, og nú hefur sjálfur forsrh. svarið upp á æru ríkisstj. og svikið síðan það fyrirheit. Ég óska honum til hamingju með það.

En það er kaldhæðnisleg tilviljun, að ríkisstj. sé uppvís að svona blekkingum á þessum degi, sem er 1. apríl. Þetta er sennilega eitthvert það stórbrotnasta aprílgabb, sem maður hefur orðið vitni að, og það er því örlagaríkara, þegar það er haft í huga, að þetta er ekkert saklaust gamanmál, og menn geta ekki sagt á eftir: Allt í gamni, og nú er allt búið. — Þetta er mál, sem snertir alla þjóðina og er náttúrlega þannig vaxið, að það er ekki hægt að sitja þegjandi undir því. Ég held því, að þó að það kannske skoðist aprílgabb af einhverjum, þá reynist þetta aprílgabb ekki mjög létt, þegar það kemur til framkvæmda.

Fyrir utan þetta atriði, sem snertir íbúðarhúsnæði og húsnæði, þ. e. a. s. um það, hvað frv. nær yfir til þess að greiða niður olíu, þá er frv. að sjálfsögðu eitthvert það vitlausasta frv., sem hér hefur verið lagt fram af mörgum vitlausum, og kemur þar margt til. En það sem auðvitað skiptir meginmáli út frá sjónarhóli mínum og sjálfsagt flestra sjálfstæðismanna, er sá háttur, sem hér á að vera á, að úthluta styrkjum til einstaklinga, til fjölda meðlima í hverri fjölskyldu. Eftir því sem manni sýnist, þá á að finna út einhverjar ákveðnar upphæðir, og síðan á að greiða sömu upphæð á hvern íbúa, sem býr við olíuupphitun, eftir því, hversu margir eru í fjölskyldunni. Ég get ekki séð, hvernig það á að framkvæma öðruvísi en að borga — án tillits til allra aðstæðna, án þess að átta sig á, hvort um sé að ræða stóra íbúð eða litla íbúð, hvort það þurfi mikla kyndingu eða litla kyndingu í húsin, hvort það sé timburhús eða steinhús, án tillits til þess, hver efnahagur fólksins er, jafnvel án tillits til þess, hvort fólkið sé heima eða ekki. Við skulum segja, að einhver fjölskyldumeðlimur bregði sér til útlanda um nokkuð langan tíma. Hvernig á að bregðast við? Eða fjölskyldumeðlimir eru á framtali eða framfæri skattframteljenda, en þessir fjölskyldumeðlimir eru kannske búsettir annars staðar. Ef á að fara að eltast við þetta svona, hvers konar kerfi er komið upp, hvers konar skrifstofubákn þarf til? Það er enginn öfundsverður af því að framkvæma þetta. Og svo á þetta að ske allt saman á vegum sveitarfélaganna. Sveitarfélögin eiga að taka þetta að sér að reikna út og borga þetta kerfi til aðila.

Nei, herra forseti. Allt er þetta mál með miklum endemum. Í fyrsta lagi hafa hér verið hafðar í frammi blekkingar gagnvart stjórnarandstöðunni. Í öðru lagi var aldrei ætlunin önnur en sú, að þetta frv. næði fram án þess að hafa nokkur samráð við stjórnarandstöðuna eða taka nokkurt mark á því, sem hún legði til málanna. Og í þriðja lagi er allt þetta frv. þannig vaxið, að það er vísasti vegurinn til geysilegrar misnotkunar og býður heim feiknalegu og risavöxnu styrkjakerfi og skrifstofubákni. Þetta er ömurleg mynd, sem dregin er upp af ríkisstj. í þessu máli, og það er mitt mat, að þetta verði óbrotgjarn minnisvarði um hæstv. ríkisstj. og þá, sem ætla sér að styðja þetta mál, hvort sem þeir eiga aðild að ríkisstj. eða ekki. Þetta minnir óneitanlega á skömmtunar- og styrkjakerfið, sem hér var allsráðandi í eina tíð, og kannske verður það sá eini árangur, sem jákvæður getur talist,

að hræða fólkið með slíku styrkjakerfi og vara það við að taka slíkt upp aftur. Og þá er það sennilega eina ljósglætan, sem er í þessu máli.

Sjútvrh. (Lúðvík Jósepsson): Herra forseti. Ég er í rauninni ekkert hissa á þeirri ræðu, sem hér var að ljúka, vegna þess að ég hafði heyrt þennan hv. þm. tala í þessu máli áður, og þá kom það greinilega í ljós, að hann er algerlega á móti því, að gerðar séu ráðstafanir í þá átt, sem hér er verið að gera. Hann var þá æðistórorður og brýndi sína flokksmenn á því, að þeir væru heldur litlir karlar að nota nú ekki tækifærið og leggjast í veg fyrir þetta mál ríkisstj. eins og önnur og reyna að koma ríkisstj. frá. Þó að hann væri allstórorður þá, virtist enginn hans flokksmanna taka undir með honum, og létu þeir þetta eins og vind um eyru þjóta. Ég er því ekkert hissa á þessari ræðu. Hér er aðeins sá maður að tala, sem er í rauninni á móti því, að ráðstafanir séu gerðar til þess að létta undir með þeim, sem hafa orðið fyrir óvæntum og miklum útgjöldum, enda var alveg augljóst, að hann hafði ekkert efnislegt fram að færa máli sínu til stuðnings. Ég kem kannske nokkru nánar að ræðu hans síðar.

Ég ætlaði þó fyrst og fremst að ræða um það, sem kom fram í ræðu hv. 1. þm. Sunnl., Ingólfs Jónssonar, því að ég vil enn trúa því, að hann sé stuðningsmaður þess, að meginefni þessa máls nái fram að ganga. Það er í rauninni varla um annað að ræða en það, að hér sé um tvö ágreiningsefni að gera á milli þeirra, sem hér hafa talað á vegum Sjálfstfl., og t. d. mín, varðandi þetta mál. Annað er það, að þeir séu óánægðir með það fyrirkomulag, sem gert er ráð fyrir varðandi styrkjagreiðslu eða niðurgreiðslu á hinum aukna olíukostnaði, þ. e. varðandi fyrirkomulagið. En hvaða fyrirkomulag vilja þeir þá hafa? Hvers vegna koma þeir ekki með till. sínar? Jú, hv. 1. þm. Sunnl. nefndi einn möguleika, og ég ætla að víkja einmitt að þeim möguleika. Hann hugsaði sér það fyrirkomulag, að olíufélögin í landinu fengju þá upphæð, sem hér væri um að ræða, væntanlega þessar 900 millj., sem hann talar nú um, og svo ættu olíufélögin að sjá um það að öðru leyti, að þeir, sem hita upp húsnæði sitt með olíu, fengju að njóta lægra verðs. Hv. þm. viðurkenndi þó, að það væri augljóst mál, að það væri ekki hægt að nota þá upphæð þannig, — jafnvel þótt hann teygði hana upp í 900 millj. eða 1000 millj., sem auðvitað eru engin rök fyrir, — að hægt væri að láta alla þá, sem nota olíu til upphitunar húsa, búa við sambærilegt verð og þeir urðu að búa við að meðaltali á árinu 1973, hér væri um allt of litla upphæð að ræða. Og eins og ég hef sagt, ég vil ekki trúa því enn þá, að það sé raunveruleg skoðun Sjálfstfl. almennt, að hann telji ekki brýnni þörf á því að mæta þeim vanda, sem heimilin í landinu verða fyrir í þessum efnum vegna olíuverðhækkunarinnar, en að hlaupa undir með atvinnurekstrinum almennt, sem býr við allt aðra aðstöðu. Atvinnureksturinn hefur möguleika til þess að velta þessu af sér og er þegar búinn að fá að gera það. Auðvitað er það þannig með atvinnureksturinn, að í langflestum tilfellum gerir hann kröfu um að fá að velta þessu af sér út í verðlagið eða í sambandi við útselda þjónustu m. a. Það væri þá líka full ástæða til þess, ef ætti að fara að borga niður þennan rekstrarkostnað hjá atvinnurekstrinum, að líta á afkomuna hjá atvinnurekstrinum almennt. Þar eru ekki allir eins á sig komnir, t. d. þeir, sem reka verslun eða við skulum t. d. segja stórir olíunotendur í landinu, sem hafa notað olíu til alls konar verksmiðjurekstrar. Sumir þeirra geta fyllilega borið þessa olíuhækkun sjálfir og hafa ekki gert neina kröfu um, að þessu verði velt af þeim. En aðrir eru hins vegar í atvinnurekstri þannig á sig komnir, að þeir standa höllum fæti, og þyrfti kannske að rétta þeim hjálparhönd. En það er till. hv. 1. þm. Sunnl., Ingólfs Jónssonar, að olíufélögin í landinu fái alla upphæðina, 900 millj. kr., og svo eiga þau að úthluta þessari upphæð með verðlagningu, þannig að hún komi að öllu leyti til skila, t. d. til þeirra, sem hita upp íbúðarhúsnæði sitt með olíu. Ætli það mundi ekki fljóta eitthvað fram hjá? Er meiri ástæða til að trúa þessum aðilum til að úthluta þessari upphæð, þannig að engin undanbrögð séu, heldur en forustumönnum sveitarstjórnarmálefna á hverjum stað?

Ég fyrir mitt leyti dreg enga dul á það, að ég trúi ekki olíufélögunum eða umboðsmönnum þeirra til þess að úthluta þessari upphæð á þennan hátt, og ég tel, að þá væri farið út á háskabraut og verið að skapa hér hið herfilegasta misrétti. Hins vegar er afar einfalt fyrir forustumenn í sveitarstjórnum að gefa það upp, t. d. á þriggja mánaða fresti, til opinberra aðila, hvaða íbúar í þeirra umdæmi búa við olíukyndingu og hafa búið við hana á þeim liðna tíma, næstliðnum þremur mánuðum, og forustumenn sveitarfélaganna taki síðan að sér að afhenda þeim, sem búið hafa á liðnum tíma við olíunotkun þær fjárhæðir, sem um er að ræða. Þetta er ekki mikið verk, og mér finnst langeðlilegast að trúa forustumönnum sveitarfélagsins á viðkomandi stað fyrir því að afhenda fólkinu, sem orðið hefur fyrir þessum auknu útgjöldum, þessa fjárhæð. En að afhenda í þess stað umboðsmönnum olíufélaganna allt þetta fé og láta þá deila því á milli þeirra, sem olíu fá, er alveg fráleitt. Ég vil segja það, að það er ekkert við því að segja, ef það er svo, að allur Sjálfstfl. er á þessari skoðun, að það ætti fremur að velja þessa leið, þar sem þarf að láta suma aðila fá þetta fjármagn, sem nota olíuna til húsakyndingar, en aðra ekki, vegna þess að sumt af olíunni gengur til þess að hita upp íbúðarhúsnæði, annað gengur til þess að hita upp skrifstofuhúsnæði, verslunarhúsnæði, atvinnurekstrarhúsnæði o. s. frv. Er það virkilega svo, að Sjálfstfl. almennt trúi í þessum tilfellum olíufélögunum og umboðsmönnum þeirra betur til þess að deila út svona fjármagni en forustumönnum sveitarfélaganna? Ef það er, þá er málið afskaplega einfalt, þá á hv. 1. þm. Sunnl. fyrir hönd sjálfstæðismanna að flytja hér till. um þetta. Síðan reynir á það hér á Alþ., hvort það er meiri hl. fyrir þessari till. Ég segi fyrir mig, að ég vil gjarnan fá þessa till. fram og bókaða, en að menn séu ekki aðeins að tala lauslega um hana. Það má gjarnan sjást, ef það

er svo, að Sjálfstfl. sé á þessari skoðun og allur þingflokkur hans vilji styðja þessa till. Ég trúi því ekki, fyrr en ég tek á því. En þennan vanda ættum við að geta gert upp hér á hv. Alþ. á þann einfalda hátt, að Sjálfstfl. flytji till. um það, hvaða fyrirkomulag hann vill hafa á því að koma þessum fjármunum til réttra aðila.

Þeir embættismenn, sem ríkisstj. fól að semja þetta frv., hafa valið þá leið, sem kemur fram í þessu frv. Ég hef sagt það áður í þessum umr., að ég hafði fyrst aðra skoðun, ég hafði þá skoðun, að líklega ætti að deila þessum fjármunum út miðað við íbúðastærð. En embættismennirnir, sem áttu að vinna verkið, sannfærðu mig um það, að þetta væri einfaldari leið, sem hér er valin, réttlátari leið, sem hér er valin, og því styð ég hana. Vitanlega er hér ekki í eðli sínu um neinn flokkspólitískan ágreining að ræða. Og það samráð, sem lofað var og haft var við fulltrúa flokkanna, ég vísa því algerlega frá, að það hafi verið vikið frá því á nokkurn hátt. Það var, að fulltrúar Sjálfstfl. og Alþfl. fengju fulla aðstöðu til þess að ræða við þá menn, sem unnu að því sem embættismenn að semja þetta frv. Hefði náðst samkomulag þeirra á milli, þá býst ég við, að það hefði einnig orðið samkomulag við okkur hina. Við vildum aðeins reyna að velja þá leið, sem væri tiltölulega einföldust og réttlátust, til þess að dreifa út þessu fjármagni. En þarna er annað ágreiningsefnið. Það er um formið á því, hvernig á að koma þessum fjármunum, hvort sem það eru 800 eða 900 millj., til þeirra, sem hafa fengið á sig þessi auknu útgjöld. Það er formið.

Hver er svo hinn ágreiningurinn? Hinn ágreiningurinn, sem ég held, að sé hinn raunverulegi ágreiningur, er um það, að við aðhyllumst það, að þetta takmarkaða fjármagn verði notað einvörðungu til þess að lækka kyndingarkostnaðinn við íbúðarhúsakyndingu, af því að fjármagnið sé ekki meira en svo, að það þurfi að nota það allt í því skyni. En þá koma nokkrir fulltrúar Sjálfstfl. og tala í sífellu um að nota þetta fjármagn, þótt það sé svona takmarkað, einnig til þess að lækka kyndingarkostnað almennt séð í atvinnurekstri allra þeirra, sem þurfa að nota olíu til húsnæðiskyndingar eða við annan rekstur. Ég segi einnig um þetta, — ég hef sagt það nokkrum sinnum áður, m.a. við hv. 1. þm. Sunnl., Ingólf Jónsson, ég trúi því ekki heldur fyrr en ég tek á því, að Sjálfstfl. almennt séð hér á Alþ. ætli að standa fast á því að gera niðurgreiðslurnar til íbúðarhúseigenda í landinu eða þeirra, sem þurfa að kynda upp íbúðir sínar, minni en þær þurfa nauðsynlega að vera til þess að kroppa af þessu nokkra upphæð og afhenda atvinnurekstrinum þá fjárhæð. Ég trúi því ekki. En ef þeir eru á þessari skoðun, eiga þeir líka að koma fram með till. um þetta, að niðurgreiðslan til að hita upp íbúðarhúsnæði skuli vera minni en við leggjum til, en aftur að sjálfsögðu meiri til hinna, sem nota olíuna í sinn almenna atvinnurekstur. Það er vitanlega engin leið út úr þessu að halda þannig á málinu, eins og hv. 1. þm. Sunnl., Ingólfur Jónsson, gerði hér, að þegar áætlanir liggja fyrir um það, að sú fjárhæð, sem um er að ræða, muni vera 800 millj., þá byrji hann að teygja og toga þessa upphæð, teygja hana fyrst upp í 900 millj., síðar segir hann, að muni seinna á árinu vera hægt að teygja hana upp í 1000 millj., og hann ætlar að spila úr einhverri svona teygðri upphæð. Þetta er vitanlega alveg óraunhæft og kemur þeim auðvitað ekki að neinu gagni, sem þurfa að búa að þessu fé.

Ég tel, að eftir sé að leysa þann vanda, sem snýr að atvinnurekstrinum almennt og reyndar ýmsum öðrum aðilum en þeim, sem flokkast undir það að hafa atvinnurekstur með höndum. Við vitum t.d. um það, að útgerðarmenn í landinu hafa til bráðabirgða leyst sinn vanda varðandi olíuverð með því að taka af sínum eigin fjármunum ákveðna upphæð og borga niður olíuverðið til fiskiskipa, þar til kemur fram í júnímánuð. Enn er alveg óráðið, hvernig verður farið með olíukostnað fiskiskipa á síðari hluta ársins, og er alveg sama að segja um ýmsa aðra aðila. Það er enn ekki búið að leysa þann vanda, hvernig á að mæta auknum olíukostnaði í margvíslegum atvinnurekstri og í margvíslegri þjónustu. Sumir hafa þó fengið, eins og ég sagði, að velta þessu af sér, fengið að taka þetta inn í sinn rekstrarkostnað, hækka sín þjónustugjöld, hækka sitt verðlag, vegna þess að olían hefur hækkað í verði hjá þeim. En ef menn væru hins vegar á þeirri skoðun, að það ætti að reyna að láta allan atvinnurekstur og alla þjónustustarfsemi í landinu búa við óbreytt olíuverð frá því, sem var fyrir olíuhækkunina, þá þarf auðvitað að afla miklu meira fjár en hér hefur verið aflað. Og ég er hræddur um, að það komi ósköp lítið til, þó að menn haldi áfram þessari löngu vitleysu, sem hér hefur verið spiluð að undanförnu, að vísa alltaf á það, að það sé hægt að skera niður á fjárlögum, ríkið geti bara tekið þetta á sig. Menn vitanlega sleppa ekki út úr vandamáli eins og þessu með því að hlaupa svona út undan sér. Hér er hreinlega um það að ræða, hvort á að hlaupa undir bagga með þeim, sem hér hafa orðið harðast úti, eða ekki. Ég vil alveg sérstaklega segja það, að það er búið að draga afgreiðslu þessa máls allt of lengi hér á Alþ., og það er í rauninni ekki sæmandi, að hér skuli koma fram hv. þm., sem talar í nafni Sjálfstfl., og að þeir geti nú, þegar komið er fram í aprílmánuð, lagt til, að enn sé farið að skoða málið betur. Það er kominn tími til þess að fara að greiða því fólki nokkrar bætur, sem hefur búið við stórhækkandi olíukostnað það sem af er árinu.

Það er mesti misskilningur, að þetta mál hafi orðið þá fyrst til hjá ríkisstj., þegar Sjálfstfl. skrifaði ríkisstj. bréf og tilkynnti, að hann vildi gjarnan hafa samstarf við hana um að leysa þetta vandamál. Ég var búinn að gefa hér a.m.k. einu sinni, ef ekki oftar yfirlýsingu á Alþ., áður en þetta bréf kom, að það væri unnið að því í ríkisstj. að finna leiðir út úr þessu vandamáli. Og ríkisstj. var búin að samþykkja það, og það var bókað hjá ríkisstj., að hún hefði tekið ákvörðun um það, hvernig hún vildi leysa þetta mál í aðalatriðum, áður en bréf Sjálfstfl. var dagsett. Auðvitað var bréfi Sjálfstfl. vel tekið af ríkisstj. Þar kom stór flokkur hér á Alþ., sem vildi vinna að því með öðrum að leysa þennan sérstaka vanda, og ég hef viljað trúa

því, að hvað svo sem skoðun hv. þm. Ellerts B. Schram líður, sem sýnilega er á móti sínum flokki í þessu máli, þá meini Sjálfstfl. það almennt séð, að hann vilji reyna að leysa þennan vanda. En það er ekki rétt leið að tefja málið úr hófi fram, því að það er búið að liggja svo lengi fyrir, að það ætti að vera hægt að gera það upp á einfaldan hátt. Ef það er svo, að það sé engin leið að finna milliveg milli þeirra sjónarmiða, sem hér hafa komið fram, verða vitanlega atkv. að skera úr. Við erum margir á þeirri skoðun, að þessi niðurgreiðsla eigi fyrst og fremst að ganga til þeirra, sem þurfa að nota þessa dýru olíu til þess að kynda upp íbúðir sínar, fyrst fjármagnið er svona takmarkað, og önnur notkun á olíu verði þá að bíða, það verði að athuga það þá alveg sérstaklega í hverju tilfelli, hvernig eigi að leysa þann vanda.

Hv. 9. landsk. þm., Ellert B. Schram, var hér mjög stórorður um það, að ríkisstj. hefði svikið sín fyrirheit og hún hefði ekkert samráð haft við stjórnarandstöðuna o. s. frv. Allt er þetta auðvitað hreinn þvættingur. Ríkisstj. hefur leitað eftir því við fulltrúa stjórnarandstöðunnar, að þeir segðu til um sína skoðun á þessu máli. Það hefur verið leitað eftir því að reyna að ná samkomulagi. En það er rétt, að á meðan hér er ekki um meira fjármagn að ræða en fyrir liggur, þá verður ekki auðvelt að fá hér fram meiri hl. á Alþ. fyrir því, jafnvel þó að einhverjir menn úr Sjálfstfl. krefjist þess, að þetta takmarkaða fjármagn verði látið að verulegu leyti fara til stuðnings við atvinnurekstur, á meðan það er ekki nægilegt til að leysa vanda þeirra, sem þurfa að hita upp íbúðarhúsnæði sitt. Ef það er algert skilyrði til þess að ná nokkurri samstöðu í Sjálfstfl., að svona sé haldið á málinu, þá auðvitað fæst ekkert samkomulag.

Hv. 9. landsk. þm., Ellert B. Schram, reyndi að mála hér upp, vegna þess að hann er á móti málinu, ýmiss konar fjarstæður í sambandi við framkvæmd málsins. Hann sagði, að hér væri verið að koma upp risavöxnu styrkjakerfi. Ja, sér er nú hvað: risavöxnu styrkjakerfi. Og hann sagði, að líklega yrði þetta þannig, að hér yrði öllum greitt og jafnvel yrði þeim greitt, sem alls ekki væru staddir á landinu, heldur væru einhvers staðar annars staðar staddir og hituðu því ekki upp húsnæði sitt. Auðvitað er þetta hrein fjarstæða. Eins og ég sagði, er hugmyndin að sjálfsögðu sú að leita til forustumanna sveitarfélaga á hverjum stað og fá þá til þess að gefa upp skýrslu um það, hverjir í þeirra umdæmi hafi t. d. á liðnum þremur mánuðum orðið þar á staðnum að kynda upp íbúðarhúsnæði sitt, og síðan mundu stjórnvöld, eftir að hafa haft þá athugun í frammi á þessum skýrslum, sem stjórnvöld telja nauðsynlega, greiða til sveitarstjórnanna þá fjárhæð, sem þangað á að fara samkv. þeim bestu upplýsingum, sem fyrir liggja, þannig að það á að vera tryggt, þar sem þetta verður greitt eftir á, að það verði aldrei greitt neinum nema þeim, sem hefur þurft að kynda upp húsnæði sitt á liðnum tíma með hinu háa verði. Auðvitað er gert ráð fyrir því, að sú hreyfing verði áfram, eins og hefur verið, að þeir, sem kyntu upp íbúðir sínar með olíu, geti hætt að kynda þær með olíu. Það getur jafnvel komið hitaveita í þeirra hús eða þá þeir taka upp rafmagnsupphitun o. s. frv. eða þá að íbúðin hverfur með öllu úr íbúð, það er hætt að búa í henni. Af því er gert ráð fyrir því að greiða þessar bætur eftir á samkv. skýrslum og athugunum þeirra manna, sem verður að trúa fyrir framkvæmd slíkra mála og ég get ekki jafnað saman á neinn hátt við það að trúa almennt umboðsmönnum olíufélaganna fyrir því að segja til um, hvort tiltekin olíuafhending hefur farið til þess að kynda upp íbúðarhúsnæði eða hvort hún hefur farið til þess að kynda upp skrifstofuhúsnæði. Það er vafasöm leið að ætla að fela slíkum aðilum að segja til um, hvernig eigi að fara með þessa framkvæmd.

Ég vil nú vænta þess, að þetta mál fái fljóta og greiða fyrirgreiðslu, úr því sem komið er, hjá þeirri n., sem fær málið til athugunar. En ég vil samt lýsa því yfir, að enn er ég reiðubúinn til þess að leita eftir samkomulagsleið við alla varðandi framkvæmdir á þessu máli. Það eitt vakir fyrir mér í þessum efnum að reyna að nota þá peninga, sem hér er um að ræða, á sem hagkvæmastan hátt til þess að draga úr þeim stórkostlega aukna kostnaði, sem hefur fallið á þá, sem þurfa að kynda upp íbúðir sínar með olíuorku. Ef það reyndist svo, að menn vildu miklu fremur velja þá leið að greiða þetta til þessara aðila miðað við stærð íbúðanna, fremur en miðað við fjölda fjölskyldumeðlima, þá er sjálfsagt að skoða það. En eins og ég sagði áður, hef ég nú sannfærst um það, að sú leið, sem hér er lögð til og er komin inn í þetta frv. frá þeim sérfræðingum, sem unnu að því að semja frv., sé réttlátari og hagkvæmari og einfaldari. Stærð íbúða er býsna flókið mál að fá fram á hverjum og einum stað, og má lengi deila um það, en um hitt verður ekki deilt, hvað þau höfuð eru mörg, sem hér eiga hlut að máli.

Ég vil svo að endingu leggja áherslu á, að málið verði afgreitt fljótlega, af því að það er í rauninni þinginu til vansæmdar að draga það enn í langan tíma að koma þessum greiðslum í gang. Það er búið að draga það nógu lengi, m. a. vegna þess, að menn hafa í sífellu verið að óska eftir því að fá að athuga málið, fresta málinu, þó að málið sé í rauninni mjög einfalt.

Umr. frestað.

Hagrannsóknastofnun og Framkvæmdastofnun ríkisins, frv. (þskj. 3, n. 453, 454 og 595, 611). — 2. umr.

Frsm. 1. minni hl. (Gylfi Þ. Gíslason): Herra forseti. Í þessu frv. felst það, að ein af þrem deildum Framkvæmdastofnunar ríkisins, hagrannsóknadeildin, verði gerð sjálfstæð stofnun, skuli nefnast Hagrannsóknastofnun og heyra undir forsrh., sem skipi forstjóra hennar.

Þegar Framkvæmdastofnun ríkisins var komið á fót fyrir nokkrum árum, var ákveðið, að hún skyldi starfa í þrem deildum, hagrannsóknadeild, áætlanadeild og lánadeild, sem er í raun og veru lánveitingastofnun. Þá þegar við setningu fyrstu

l. um Framkvæmdastofnunina var hagrannsóknadeildinni ákveðin nokkur sérstaða, þ. e. a. s. hún átti að heyra beint undir forsrh., þó að hún væri skipulagslega séð ein af þrem deildum Framkvæmdastofnunar ríkisins. Þessi sérstaða hagrannsóknadeildarinnar var talin eðlileg með hliðsjón af því, að hún væri hrein rannsóknastofnun, sem ætti að vera ríkisstj. og öðrum opinberum aðilum til ráðuneytis, sinna hreinum rannsóknaverkefnum, færa þjóðhagsreikninga, semja þjóðhagsspár og þjóðhagsáætlanir, birta opinberlega yfirlitsskýrslur um þróun þjóðarbúskaparins, annast hagfræðilegar athuganir og skýrslugerð um efnahagsmál fyrir ríkisstj. og alþjóðastofnanir, og síðast, en ekki síst að veita aðilum vinnumarkaðarins upplýsingar um efnahagsmál og annast fyrir þá hagfræðilegar athuganir, eftir því sem um semdist. Með hliðsjón af þessu hreina rannsóknaverkefni hagrannsóknadeildarinnar var talið eðlilegt, að hún væri ekki í tengslum við stjórnmálavaldið og henni haldið eins fjarri stjórnmáladeilum og hugsanlegt væri. Það var talið best tryggt með því, að deildin heyrði beint undir forsrh.

Ég þarf ekki að fjölyrða um það, að hagrannsóknadeildin hefur gegnt hlutverki sínu af hinni mestu prýði og nýtur óskoraðs trausts, bæði ríkisstj. og stjórnarandstöðu, hér á hinu háa Alþ. Sömuleiðis hefur deildin reynst njóta óskoraðs trausts beggja aðila vinnumarkaðarins, þ. e. a. s. samtaka launþega annars vegar og samtaka vinnuveitenda hins vegar. Því ber að fagna, að hagrannsóknadeildinni undir stjórn forstöðumanns hennar, Jóns Sigurðssonar hagfræðings, skuli hafa tekist að gegna vandasömu starfi jafnóumdeilanlega og átt hefur sér stað. Því ber sannarlega að fagna.

En sannleikurinn er sá, að hagrannsóknastörf í þágu hins opinbera, í þágu ríkisstj., Alþingis og aðila vinnumarkaðarins, eru miklu nýrri af nálinni hér á landi en almenningur gerir sér grein fyrir. Skýrslur um efnahagsmál eru yfir höfuð að tala miklu nýrri af nálinni hér á Íslandi en á sér stað í nokkru nálægu landi. Fyrstu skýrslur, sem koma út um efnahagsmál á Íslandi, voru Skýrslur um landshagi, sem byrjuðu að koma út 1856, þannig að hagskýrslugerð er ekki nema rúmlega aldargömul á Íslandi. Fyrsta efnahagsstofnunin, fyrsta stofnunin, sem fékkst við skipulega hagskýrslugerð, var Hagstofa Íslands, sem komið var á fót í upphafi fyrri heimsstyrjaldarinnar, þ. e. a. s. 1914. Eldri er skipuleg hagsýslugerð á Íslandi ekki.

Landsbankinn, sem jafnframt var seðlabanki í marga áratugi, hafði hagfræðinga í þjónustu sinni, en kom þó ekki fyrr en á fyrri hluta 6. áratugsins upp sérstakri hagfræðideild, sem annaðist hagrannsóknir, og það var í fyrsta skipti sem hagrannsóknir voru í raun og veru stundaðar með skipulegum hætti. Síðan var hafin stofnun í viðskiptafræðum við háskólann árið 1941 og á vegum háskólans einnig unnið nokkuð að hagrannsóknum. En íslensk ríkisstj. hafði ekki efnahagsráðunaut sér til trausts og halds fyrr en 1950, að þáv. ríkisstj. réð dr. Benjamín Eiríksson í þjónustu sína, ekki sem fastan starfsmann, heldur til þess að vera efnahagsráðunautur í tiltekinn tíma. En það var hann, eins og kunnugt er, sem undirbjó hið veigamikla frv. þáv. ríkisstj. um breytingu íslenskrar krónu 1950.

Síðan er Framkvæmdabanka Íslands komið á fót á fyrri hluta 6. áratugsins, og verður dr. Benjamín Eiríksson einmitt bankastjóri hans. Þá er komið upp stórri hagdeild í Framkvæmdabankanum. Það var fyrsta stórstofnunin, sem hér var komið á fót til þess að annast hagrannsóknir. En föstu starfi efnahagsráðunautar var ekki komið á fót, fyrr en stjórn Hermanns Jónassonar, sem var við völd 1956—1958, réð Jónas H. Haralz, sem þá var starfsmaður Alþjóðabankans í Washington, til þess að vera efnahagsráðunautur sinn og gegna föstu starfi.

Síðan hefur ýmis háttur verið hafður á þessu hagrannsóknastarfi, sem æ fleiri hafa séð, að hefur verið nauðsynlegt og gert mjög mikið gagn. Það var komið á fót efnahagsráðuneyti af ríkisstj. Ólafs Thors, sem tók við völdum í árslok 1959. Seðlabanki var stofnaður 1961. Hann tók við hagdeild Landsbankans, hún fluttist yfir í Seðlabankann og var stórefld. Og síðan var Efnahagsstofnuninni komið á fót 1961 með því að efnahagsráðuneytið og hagdeild Framkvæmdabankans voru sameinað í Efnahagsstofnuninni, sem naut forustu og stjórnar Jónasar H. Haralz og vann ómetanlegt rannsóknastarf ásamt áætlunarstarfi allan áratuginn 1960—1970. Þó að hagrannsóknir séu þannig jafnnýjar af nálinni, jafnungar hér á Íslandi og raun ber vitni, er óhætt að fullyrða, að öllum er nú ljóst, hversu nauðsynlegar þær eru, hversu nauðsynlegt er fyrir ríkisstj., opinbera aðila og aðila vinnumarkaðarins, að til séu sérfræðingar í landinu, sem geta leyst úr spurningum varðandi efnahagsmál, gefið hlutlausar upplýsingar og verið til ráðstöfunar við lausn tiltekinna efnahagsvandamála.

Það hefur frá upphafi verið skoðun mín, að eðlilegt væri, að rannsóknastörf í efnahagsmálum væru sem sjálfstæðust, alveg eins og skýrslustörf um efnahagsmál hafa frá upphafi verið sjálfstæð, þ. e. a. s. stunduð innan Hagstofu Íslands, sem starfað hefur síðan 1914. Það er æskilegt að blanda ekki saman annars vegar hreinni skýrslusöfnun eins og Hagstofan annast, og hins vegar rannsóknastörfum, eins og Efnahagsstofnunin annaðist og hagrannsóknadeildin í Framkvæmdastofnuninni annast nú, og svo í þriðja lagi áætlunargerð, sem auðvitað hlýtur að mótast mjög verulega af stjórnmálasjónarmiðum hverju sinni. Þegar menn semja áætlanir, hvort sem er almenn þjóðhagsáætlun fyrir þjóðarbúskapinn allan eða áætlanir fyrir einstaka landshluta, eins og t. d. fyrir Norðurland eða Vesturland, eða einstakar atvinnugreinar, eins og við iðnað eða sjávarútveg, þá byggist sú áætlun á því, að sá, sem áætlunina gerir, setur sér stjórnmálamarkmið. Síðan er það verk sérfræðinganna að athuga, hvernig þessu markmiði megi ná, hvaða tækjum þurfi að beita til þess að ná þeim. Hér er auðvitað byggt á niðurstöðum rannsókna, en verkefni eru óskyld. Rannsóknir geta aldrei og mega aldrei bera neinn svip af stjórnmálaátökum eða mismunandi stjórnmálaskoðunum. Áætlanirnar hljóta að bera svip af ákveðnum stjórnmálasjónarmiðum og ákveðnum stjórnmálaskoðunum. Svipað er að segja um það, þegar fjármagni er ráðstafað úr fjárfest-

ingarlánasjóðum. Til þess að hrinda áætlunum í framkvæmd hlýtur auðvitað stjórn þeirra að vera háð stjórnmálaskoðunum og stjórnmálasjónarmiðum, fyrst markmið áætlunarinnar á að nást. En þetta eru önnur verkefni en þau að safna hlutlausum skýrslum um innflutning og útflutning, um iðnaðarframleiðslu, fólksfjölda, eins og Hagstofan gerir, eða að annast almennar hagrannsóknir, t. d. á því, hver breyting verður á þjóðarframleiðslu eða þjóðartekjum frá einu ári til annars, hver breyting verður á iðnaðarframleiðslu frá einu ári til annars, eins og hagrannsóknadeild Framkvæmdastofnunarinnar gerir í framhaldi af því starfi, sem áður hafði verið unnið af Efnahagsstofnuninni.

Þess vegna er sú stefna, sem í þessu frv. er mörkuð, að gera hagrannsóknastarfsemina sjálfstæða, að mínu viti og tveggja samnm. minna í fjh.- og viðskn., þeirra Vilhjálms Hjálmarssonar og Þórarins Þórarinssonar, hv. þm., *algerlega rétt, og þess vegna mæltum* við með því á sínum tíma, þegar n. hélt sinn síðasta sameiginlega fund um málið, að frv. yrði samþ. óbreytt. Tveir samnm. okkar boðuðu hins vegar till. um það, að því skyldi vísað til ríkisstj., þeir hv. þm. Gils Guðmundsson og hv. þm. Karvel Pálmason, en fulltrúar Sjálfstfl. í fjh.- og viðskn., þeir Matthías Á. Mathiesen og Ásberg Sigurðsson, boðuðu brtt. við frv. Þegar í ljós kom, hverjar þær brtt. voru, skapaðist nýr meiri hl. í n., þannig að á sérstöku þskj., þskj. 611, eru gerðar þrjár brtt., sem meiri hl. n. stendur að, þ. e. a. s. hv. þm. Matthías Á. Mathiesen, Vilhjálmur Hjálmarsson, Ásberg Sigurðsson og sá, sem hér talar. Það lá áður fyrir yfirlýsing frá okkur Vilhjálmi Hjálmarssyni og Þórarni Þórarinssyni, að við mundum samþykkja frv. óbreytt. Aðild okkar að flutningi þessarar till. þýðir auðvitað, að við munum fylgja frv. að þessum brtt. samþykktum, og fulltrúar Sjálfstfl. í n. hafa lýst því yfir, að þeir muni fylgja frv., ef þessar brtt. verða samþ. En efni þeirra er, að Hagrannsóknastofnunin skuli ekki aðeins vera ríkisstj. til ráðuneytis, heldur ríkisstj. og Alþ., og enn fremur, að það skuli vera verkefni Hagrannsóknastofnunarinnar að láta alþm. og nefndum Alþ. í té upplýsingar og skýrslur um efnahagsmál. Hér er í raun og veru ekki um breytingu að ræða á starfsemi hagrannsóknadeildarinnar, heldur staðfesting á því, sem átt hefur sér stað í raun og er auðvitað sjálfsagt að láta lögin vera eins og málum er hagað. Þm. hafa talið sig eiga rétt á því að kalla hagrannsóknastjóra og einstaka starfsmenn hagrannsóknadeildarinnar til sín og fá þeim upplýsingar. Það hefur aldrei brugðist, að þeir hafi orðið við þessum óskum. En það er rétt að hafa skýrt í l. sjálfum, að þetta skuli vera svo.

Þá er það og lagt til í þessum till. á þskj. 411, að heppilegra væri að breyta nafni stofnunarinnar. Það hefur vakið athygli, að Hagrannsóknastofnun er fulllíkt heiti annarrar merkrar stofnunar, þ. e. Hafrannsóknastofnunarinnar. Það munar aðeins einum staf í heitinu. Þess vegna hefur sú hugmynd komið upp, að eðlilegra væri að kalla stofnunina Þjóðhagsstofnun. Það er í fullkomnu samræmi við orð, sem hafa unnið sér hefð í málinu, eru góð og gild og lúta að aðalverkefni þessarar stofnunar, hagrannsóknunum, þ. e. a. s. orðin þjóðhagsreikningar, þjóðhagsáætlun og þjóðhagsspá. En þetta eru meginverkefnin: að semja þjóðhagsreikning, að gera þjóðhagsáætlanir fyrir næsta ár, sem grundvallaðar eru á þjóðhagsspá. Sú stofnun, sem semur þjóðhagsreikninga, semur þjóðhagsáætlanir og gerir þjóðhagsspár, er eðlilegt að heiti Þjóðhagsstofnun.

Það, sem er grundvallarhugmyndin í þessu frv., er í raun og veru að fela hagrannsóknir sjálfstæðri stofnun, sem heyri undir ráðh., alveg eins og skýrslugerð um efnahagsmál er nú í höndum sérstakrar stofnunar, sem heyrir undir ráðh., þ. e. a. s. Hagstofunnar. Skipan mála verður þá sú, að það starfa tvær stofnanir hliðstæðar, hin nýja nákvæmlega eins skipulögð og hin gamla Hagstofa,sem er skýrslugerðarstofnun, hin nýja Þjóðhagsstofnun, sem er rannsóknastofnun. Báðar heyra hvor undir sinn ráðh., hin fyrri undir fjmrh., en síðari undir forsrh. Auk þess er til Framkvæmdastofnun ríkisins, sem er áætlanastofnun og lánveitingastofnun. Það er eðlilegt, að hún hafi stjórnmálaverkefnum að sinna. Engum dettur í hug, að verslunarskýrslur eigi nokkuð tengt við stjórnmál, og engum má heldur detta í hug, að samning þjóðhagsreikninga eigi nokkuð skylt við stjórnmál. En jafnaugljóst er hitt, að áætlunargerð er stjórnmál, á að vera stjórnmál og hlýtur að vera stjórnmál, og sú fjáröflun, sem lagt er í, og þær fjárveitingar, sem veittar eru til þess að hrinda áætlununum í framkvæmd, hljóta að vera stjórnmál. Þess vegna er eðlilegt, að Framkvæmdastofnunin með sín áætlunarverkefni og lánveitingaverkefni sé í miklu nánari *tengslum við stjórnmálavaldið* í landinu heldur en bæði Hagstofan og hin væntanlega Þjóðhagsstofnun.

Ég vona, að hv. þdm. geti fallist á grundvallaratriði þeirra sjónarmiða, sem ég hef nú reynt að lýsa stuttlega, og muni fara hér í hv. d. alveg eins og við nánari athugun málsins fór í fjh.- og viðskn., að það hafa 5 af 7 nm. orðið sammála. Þórarinn Þórarinsson, hv. þm. var erlendis, þegar gengið var frá þessum brtt., annars geri ég ráð fyrir því, að hann hefði verið þeim samþykkur, enda í samræmi við þá stefnu, sem við mótuðum í 1. minni hl., sem nú er orðinn að meiri hl. Alveg eins og 5 af 7 hv. nm. eru nú orðnir sammála um afgreiðslu málsins í reynd, þá vona ég, að það verði *einnig upp á teningnum hér* í hv. d., að þetta frv. nái svo breytt fram að ganga, því að ég hef fyllstu sannfæringu fyrir því, að það væri til bóta á íslensku stjórnkerfi og myndi auðvelda Hagrannsóknastofnuninni og hinum dugmikla forstjóra hennar að gegna skyldu sinni með enn meiri prýði en deildin og hann hefur gert fram til þessa.

Frsm. 2. minni hl. (Karvel Pálmason): Herra forseti. Það virðist rétt, sem hv. 7. þm. Reykv. sagði hér áðan í ræðustól, að það virðist vera kominn nýr meiri hl. í fjh.- og viðskn. fyrir því máli, sem hér er til umr. Það var ekki annað vitað, þegar málið var endanlega afgreitt í n., heldur en n. væri þríklofin í afstöðu til málsins. Síðan hefur það gerst, að hinir tveir minni hl. hafa náð saman, og kannske út af fyrir sig ekki

nema gott eitt um það að segja, þannig að eins og málin standa í dag, þá virðist vera kominn meiri hl. fyrir því að afgreiða það frv., sem hér er til meðferðar, svo til óbreytt. Í reynd eru þær brtt., sem fluttar eru við frv. ekki nema staðfesting á því, sem hefur verið í framkvæmd og innt hefur verið af hendi hjá þessari stofnun.

Ein af meginröksemdum fyrir lagasetningunni um Framkvæmdastofnun ríkisins var sú sameining stofnana, sem þar átti að eiga sér stað, þ. e. sameining Efnahagsstofnunarinnar, Framkvæmdasjóðs og Atvinnujöfnunarsjóðs. Í kjölfar slíkrar sameiningar hlutu að koma stórbætt vinnubrögð og hagræðing á ýmsum sviðum. Og sem dæmi um þá hagræðingu, sem sameining framangreindra stofnana hafði í för með sér, má nefna, að stjórnarmönnum fækkaði úr 19 í 7. En auk þess varð sú breyting á, að Alþingi fékk nú yfirstjórn stofnunarinnar, sem áður hafði verið í höndum embættismanna, og verður það eitt að teljast jákvæð breyting út af fyrir sig — breyting, sem hlýtur að skoðast í ljósi þess, og hafa ber í huga þau lýðræðislegu vinnubrögð og þá lýðræðislegu stjórnarfarssýslu, sem til kom með því. Efnahagsstofnunin hafði fyrir breytinguna aðallega sinnt margvíslegum hagrannsóknum fyrir ríkisstj., bæði almennum og sérstökum. Í samræmi við það fór meginhluti af starfsliði Efnahagsstofnunar til hagrannsóknadeildar Framkvæmdastofnunar ríkisins, og af ýmsum ástæðum urðu verkaskil milli hagrannsóknadeildar og áætlanadeildar óglögg og fylgdu fremur mönnum en eðlilegri verkaskiptingu milli deilda. Þurftu slík álitamál ekki að koma að sök, þar sem um var að ræða deildir innan einnar stofnunar og samstarf milli þeirra auðvelt og handhægt.

Í 1. gr. l. nr. 93 1971, um Framkvæmdastofnun ríkisins, segir svo:

„Framkvæmdastofnun ríkisins er ríkisstj. til aðstoðar við stefnumótun í efnahags- og atvinnumálum. Hún annast hagrannsóknir og áætlanagerð og hefur með höndum heildarstjórn fjárfestingarmála og lánveitingar samkv. 1. þessum."

Þegar í þessari gr. laganna er stofnuninni ákveðið aðalverksvið og tekið fram, hvernig að því skuli unnið: með hagrannsóknum, áætlanagerð og heildarstjórn fjárfestingarmála. Rökstuðning fyrir því, að þessi lagasetning var talin svo mikilvæg, að hún var tekin inn í málefnasamning núv. ríkisstj., er að finna í framsöguræðu forsrh., þegar hann mælti fyrir frv. hér á hv. Alþ. Í stuttu máli eru þessar röksemdir, sem hæstv. forsrh. flutti, þannig:

1. Að koma upp stofnun, sem hefði yfir að ráða sérfræðilega menntuðu og þjálfuðu starfsliði úr ýmsum greinum, sem gæti með tímanum vegna þekkingar á sérislenskum aðstæðum orðið traustari bakhjarl til ráðgjafar um vandamál þjóðarinnar en erlendir sérfræðingar, ókunnir landi og lýð, fengnir í skyndi og oftast í stuttan tíma.

2. Að þessi stofnun gæti almennt verið ríkisstj. á komandi tímum fræðilegur ráðgjafi og annast fyrir þær sérfræðilegar athuganir og undirbúning mikilvægra ákvarðana.

3. Að hún gæti annast gagnasöfnun og úrvinnslu við þá margvíslegu áætlanagerð, sem nútímaþjóðfélag þarfnast og krefst í auknum mæli.

4. Að stofnunin skyldi vinna að eflingu atvinnuveganna og sérstakri byggðaþróun með skipulögðum áætlanavinnubrögðum og í nánu samstarfi við aðila atvinnulífs og landshlutasamtaka.

5. Að innan stofnunarinnar væru tengdar saman með allnánum hætti beinar hagrannsóknir, áætlanagerð og fjármögnun þeirra framkvæmda, sem ráðgerðar eru eða ákveðnar væru á hverjum tíma af ríkisvaldi eða öðrum ákvörðunaraðilum.

6. Að stjórnarandstöðu væri tryggð full aðstaða til að fylgjast með öllum upplýsingum og hafa eðlileg áhrif á framvindu og þróun mála, enda var á því fullur skilningur hjá núv. stjórnarflokkum, að í þjóðfélagi, þar sem meiri háttar stefnubreytingar gerast að jafnaði með stjórnarskiptum, gæti verið beinlínis hættulegt fyrir þjóðina, ef stjórnarandstöðuflokki í flóknu nútímaþjóðfélagi væri meinaður aðgangur að heimildum, sem lagðar eru til grundvallar við töku ákvarðana.

Enn fremur segir þar svo: „Framkvæmdastofnun ríkisins er hugsuð sem vísinda og rannsóknastofnun til þjónustu við stjórnvöld og til aðstoðar og leiðbeiningar fyrir framkvæmdaaðila með margvíslegri áætlanagerð og þekkingarmiðlun, en er einnig ætlað að efla samráð lánastofnana, svo að straumar takmarkaðs fjármagns þjóðarinnar séu virkjaðir með hreyfiafli þjóðarbúsins, en verði ekki látnir renna í ýmsar áttir af handahófi."

Þetta voru í stuttu máli þær röksemdir, sem hæstv. forsrh. hafði hér fram að færa, þegar hann mælti fyrir frv. um Framkvæmdastofnun ríkisins hér á Alþ. fyrir röskum tveimur árum.

Sá stutti tími, sem liðinn er, frá því að Framkvæmdastofnunin komst saman á einn stað, hefur að dómi flestra sannað réttmæti þess að setja lög um Framkvæmdastofnun ríkisins á þann veg, sem gert var. Hins vegar er ekki vitað, að neitt það hafi að höndum borið, sem bendir til, að æskilegt væri að kljúfa stofnunina nú í tvær stofnanir, hvað þá að það bæri brýna nauðsyn til að gera slíkt nú.

Á hinn bóginn er auðvelt að benda á mörg atriði, sem mæla eindregið gegn því að kljúfa Framkvæmdastofnunina í tvær sjálfstæðar stofnanir eftir aðeins tveggja ára starfstíma. Þau helstu eru þessi:

Það fer varla hjá því, að ýmsar alþjóðastofnanir, sem við þurfum og verðum að eiga margvísleg samskipti við, vantreysti stjórnmálamönnum í því efni að geta hagnýtt sér þá sérfræðilegu þekkingu, sem þjóðfélagið hefur þó varið ærnum fjármunum til að afla, ef hver ríkisstjórnarskipti þurfa að hafa það í för með sér, að stofnanir, sem reynt hafa að byggja upp sérfræðiþekkingu, eru lagðar niður eða umbylt eftir pólitískum duttlungum. Þó tekur steininn úr í þessu efni, þegar ekki er talið fært að lofa stofnun, sem sett var á laggirnar í upphafi kjörtímabils, að lifa út allt kjörtímabilið og það þó að engin stjórnarskipti hafi átt sér stað í landinu. Þegar þannig er um hnúta búið, er ljóst, að

erfitt hlýtur að vera fyrir hið opinbera að tryggja sér hina hæfustu starfskrafta, þar sem þeir munu tregir til að sleppa góðum atvinnutækifærum annars staðar, ef ekki er annað í boði hjá ríkinu en öryggisleysi um starf og líf þeirra stofnana, sem þeir eiga að starfa hjá.

Ef nú yrði t. d. brugðið á það ráð að líftryggja hagrannsóknadeild með sérstakri löggjöf sem sérstaka stofnun, ráðuneyti eða hluta úr rn., yrði varla litið á það öðruvísi af sérfræðingum en með því væri verið að undirbúa jarðveginn fyrir næstu ríkisstj. til þess að leggja það niður, sem eftir yrði undir nafninu Framkvæmdastofnun ríkisins.

Ekki þarf að fara í grafgötur um það, að almenningur vantreystir með réttu eða röngu sérfræðistofnunum og sérfræðingum, sem eru í of litlum tengslum við lýðræðislega kjörna fulltrúa almennings, þm., stjórnarsinna jafnt sem stjórnarandstæðinga. Nægir að benda á orðspor Efnahagsstofnunar og Seðlabanka á tímum fyrri ríkisstj. Með eðlilegum tengslum allra stjórnmálaflokka við slíkar stofnanir dvínar eða eyðist þetta vantraust, eins og þegar hefur orðið vart um Framkvæmdastofnunina, þó að starfstími hennar sé enn of stuttur til, að um verði dæmt til fullnustu. Hitt ber að hafa í huga, að það er trúlega fátt einni þjóð jafnháskalegt og það, ef hún getur ekki notfært sér þann framleiðsluþáttinn, sem henni er verðmætastur, þekkinguna, vegna óæskilegrar skipulagningar þeirra stofnana, sem miðla eiga þekkingu og sérþekkingu út í hinar ýmsu greinar þjóðarbúskaparins.

Ekki er sýnilegt, að Hagrannsóknastofnunin, stofnun sú, sem lagt er til, að komið verði á fót, eigi að hafa yfir sér neina stjórn né að stjórnarandstöðu verði gefin kostur á að fylgjast með vinnu þar eða vinnuaðferðum. Er því ekki ótrúlegt, að sú tortryggni, sem að framan er drepið á, yrði með réttu eða röngu erfðavísir þeirrar stofnunar.

En hvað verður nú, að því er varðar stjórnunarþátt Framkvæmdastofnunar ríkisins, ef frv. það, sem hér um ræðir, verður samþykkt? Eins og nú er starfa þrjár deildir innan stofnunarinnar, þ. e. hagrannsóknadeild, áætlanadeild og lánadeild. Starfsfólk í þessum þremur deildum mun vera um 38 talsins, 16 í hagrannsóknadeild og 22 í hinum tveim deildunum. Sjö manna þingkjörin stjórn er yfir þessum 38 manna starfshóp og auk þess 3 framkvæmdaráðsmenn, þ. e. 10 manna stjórn yfir þessu 38 manna starfsliði. Ef frv. þetta verður samþykkt, verður eftir sem áður 10 manna yfirstjórn yfir Framkvæmdastofnuninni, en þá er ekki eftir innan hennar vébanda nema 22 manna starfslið, þ. e. tæplega einn stjórnarmaður á hverja tvo starfsmenn, en engin stjórn yfir Hagrannsóknastofnun, sem er þó með 16 manna starfslið. Ég spyr því: Er nokkurt samræmi í slíkum aðgerðum sem þessum? Ég held, að það sé ekki. Það hefði a. m. k. mátt til þess ætlast af hæstv. ríkisstj., sem þetta frv. leggur fram, að hún jafnhliða þessari breytingu, sem ég er andvígur, legði til skynsamlegar breytingar á stjórn þess, sem eftir er af stofnuninni. Ég tel a. m. k., að sé ekki þörf á sérstakri stjórn yfir Hagrannsóknastofnun með 16 manna starfsliði, þá sé um of íborið að hafa 10 manna yfirstjórn yfir þeim 22 starfsmönnum, sem eftir verða hjá Framkvæmdastofnun ríkisins. Slíkt sem þetta er auðvitað ekki samræmanlegt og í engu samhengi við það, sem í raun og veru ætti að vera.

Við, sem stöndum að áliti 2. minni hl. fjh.- og viðskn. á þskj. 454, teljum, að enn séu í fullu gildi þau rök, sem hæstv. forsrh. viðhafði fyrir röskum tveim árum, þegar lög um Framkvæmdastofnun ríkisins voru sett, og ekkert hafi komið í ljós, sem kollvarpi þeirri röksemdafærslu, þvert á móti hafi reynslan staðfest, að þau rök áttu fullan rétt á sér, og ekkert réttlæti það nú að kljúfa stofnunina. Með hliðsjón af framansögðu leggjum við til, að frv. verði vísað til ríkisstj.

Frsm. 3. minni hl. (Matthías Á. Mathiesen): Herra forseti. Sjálfstæðismenn voru andvígir lagasetningu um Framkvæmdastofnun ríkisins. Þeir gagnrýndu allan þann málatilbúnað og þau pólitísku afskipti, sem m. a. var ætlað að hafa í sambandi við hagrannsóknir á vegum ríkisins. Áætlað var að setja hagrannsóknir undir pólitíska stjórn, andstætt því, sem verið hafði í tíð viðreisnarstjórnarinnar. Við beitum okkur því fyrir því að fá fram breytingu á frv., og náðist fram nokkur leiðrétting þar á. Með frv. þessu hefur ríkisstj. fallist að öllu leyti á sjónarmið okkar, er hún leggur til við Alþ., að sett verði á stofn sérstök stofnun, sem fari með hagrannsóknir á vegum ríkisins án pólitískrar stjórnar, og sá starfsþáttur verði klofinn frá Framkvæmdastofnun ríkisins.

Við sjálfstæðismenn munum ekki í sambandi við þetta frv. gera till. um frekari breytingar á l. um Framkvæmdastofnun ríkisins, en viljum taka það fram, að við teljum fulla ástæðu til að taka þau lög til heildarendurskoðunar, og það þarf að gera fyrr en seinna.

Um leið og við fulltrúar Sjálfstfl. í fjh.- og viðskn. styðjum þetta frv., eins og fram kemur í nál. á þskj. 595, leggjum við til á þskj. 611 ásamt tveimur öðrum nm., að gerð verði á frv. sú breyting, að hin fyrirhugaða stofnun verði ekki aðeins ríkisstj. til ráðuneytis, heldur og Alþingi, og stofnunin veiti alþm. og n. Alþ. upplýsingar og skýrslur um efnahagsmál. Þá leggjum við til, að nafni stofnunarinnar verði breytt í Þjóðhagsstofnun, en okkur finnst það mun betra en það, er frv. gerir ráð fyrir.

Hv. 7. þm. Reykv., einn af flm. brtt., gerði grein fyrir þeim hér áðan, og sé því ekki ástæðu til frekari umr.

Forsrh. (Ólafur Jóhannesson): Herra forseti. Ég vil aðeins lýsa því yfir, að ég get fallist á þær brtt., sem fram koma á þskj. 611. Ég tel þar ekki vera um að ræða mikilvægar breytingar, og í sannleika sagt, eins og kom fram hjá hv. frsm., er þar um að ræða staðfestingu á því, sem átt hefur sér stað í reyndinni, vegna þess að eins og sjálfsagt er, hafa bæði alþm. og þn. aðgang að hagrannsóknastjóra, og skýrslur, sem hann hefur gert, hafa verið sendar oftlega til alþm. Viðvíkjandi nafninu, þá sé ég ekki, að það sé svo veigamikið atriði, að gera þurfi neinn ágreining um það.

Ég skal ekki lengja þessar umr. Það komu skýrt fram rökin fyrir þessari breytingu hjá hv. frsm., auk þess sem ég rakti þau á sínum tíma í framsögu minni fyrir málinu. En ég vil geta þess, að þar sem hv. þm. Karvel Pálmason vitnaði mér til mikillar ánægju í ummæli, sem ég viðhafði, þegar ég fylgdi þessu frv. úr hlaði á sínum tíma, frv. um Framkvæmdastofnun ríkisins, þá hefði það líka mátt fljóta með, að ég tók skýrt fram, að það væri sjálfsgat, að reynslan gæti sýnt, að það væri þörf á því að gera breytingar á því skipulagi, sem þarna væri komið á fót. Það er nú einu sinni svo, að það er mannlegt að skjátlast, og það er jafnnauðsynlegt, að menn séu opnir fyrir því að læra af reynslunni, og hafi þeir lært af reynslunni og séð, að þeim hefur skjátlast, þá er best að gera leiðréttingar sem fyrst. Framkvæmdin hefur sýnt, að hagrannsóknadeildin á í raun og veru ekki heima í sambandi við þessar tvær aðrar deildir, sem þarna starfa, og það verður ljóst m.a. af því, að menn gætu farið yfir fundargerðir þeirrar stjórnar, sem er yfir þessari stofnun, og lesið þær frá orði til orðs, og mundi koma í ljós, að þar er aldrei, að ég hygg að mér sé óhætt að segja, vikið að málefnum hagrannsóknadeildar. Stjórn Framkvæmdastofnunarinnar hefur alls ekki skipt sér af verkefnum hennar, og má segja, að það sé í sjálfu sér vel, því að það er eðli málsins samkv., eins og hér var rakið áðan, að þau eru þess háttar, að sú pólitíska samsetta stjórn hefur ekki mikið um þau að segja og á ekki að hafa um þau að segja.

Hagrannsóknadeildin hefur verið mjög gagnleg að mínu viti, og hún er sérstaklega nauðsynleg. Það er ákaflega þýðingarmikið, að um hana sé þannig búið, að allir þeir aðilar, sem til hennar þurfa að sækja, beri og geti borið hið fyllsta traust til hennar. Það verður best gert á þann hátt, að hún sé sem óháðust og sjálfstæðust, og þess vegna var það, að þó að það væri aðeins hugsað um það í sambandi við þessa breytingu, að það gæti komið til mála að setja upp sérstakt rn., efnahagsrn., þá var horfið frá því einmitt með þeirri röksemd, að það mundi frekar vekja tortryggni í augum þeirra manna, sem við þessa stofnun þurfa að skipta. En það er t.d. — þori ég að fullyrða — alveg ómetanlegt starf, sem þessi stofnun hefur unnið fyrir aðila vinnumarkaðarins og í sambandi við það margslungna hlutverk, sem henni er ætlað, t.d. í sambandi við ákvörðun fiskverðs, þar sem samstarf hefur tekist með ágætum. Og það er áreiðanlega óhætt að fullyrða, að allir aðilar, sem þarna standa að, hvort sem þeir eru úr hópi launþega eða vinnuveitenda, úr hópi fiskseljenda eða fiskkaupenda, bera fyllsta traust til þess manns, sem veitir þessari stofnun forstöðu. Ég held, að það fái ekki staðist, að það verði talin nein hætta á því, að stöðu sérfræðinga sé stofnað sérstaklega í hættu með því að breyta svona til og hún verði eitthvað óviss. Við höfum ekki of mikið af sérfræðingum, og reynslan af Framkvæmdastofnun, þar sem breytt var þó um kerfi, sannar, að það var yfirleitt alls ekki breytt um nokkra sérfræðinga, sem þar höfðu starfað áður. Ég hygg, að þeir hafi allir haldið störfum sínum áfram.

Ég skal svo ekki rökstyðja þetta með fleiri orðum. Þetta er fyrst og fremst staðfesting á því, sem í reyndinni hefur verið. En ég vil segja það, að ég álít alveg sérstaklega nauðsynlegt fyrir hverja ríkisstj., sem hér starfar, að hafa sér við hönd slíka stofnun sem hagrannsóknadeildin hefur reynst.

Það má segja, að þetta mál sé aldrei of oft og vel athugað. En nokkur ofrausn finnst mér samt að ætla að vísa þessu máli til ríkisstj. núna, því að svo sérstaklega stendur á um það, að það var þegar samþ. s.l. vor af ríkisstj. að þetta frv. skyldi þá lagt fram, en vegna þess, hve þá var áliðið þingtíma, þótti ekki rétt að hverfa að því ráði, og það var látið bíða betri tíma. En þá lagði ég það á nýjan leik fyrir ríkisstj., og þá var það samþ. þar. Mér finnst nú óþarfi að ætla ríkisstj. að samþykkja það í þriðja sinn.

Viðvíkjandi því, að það verði, eftir að þessi deild hefur verið tekin út úr stofnuninni, orðið of stórt höfuðið á henni, þá má það vel til sanns vegar færa. En það er samt ekki í raun nein breyting frá því sem er, því að hvorki stjórnin né framkvæmdastjórarnir hafa haft í framkvæmd afskipti af hagrannsóknadeildinni. Auðvitað hefur verið margvíslegt samstarf og samráð á milli hagrannsóknadeildar og framkvæmdastjóranna, og eftir sem áður er auðvitað gert ráð fyrir því, að Hagrannsóknastofnunin eða Þjóðhagsstofnunin, eins og hún á að nefnast, vinni grundvallarstörf fyrir Framkvæmdastofnunina, t.d. í sambandi við áætlanagerð. En ég vil segja það og endurtaka það, sem ég sagði, þegar ég lagði frv. um Framkvæmdastofnunina fram á sínum tíma, að auðvitað getur reynslan sýnt, að annað skipulag sé hentugra en við þá töldum rétt vera. Og ég tel, að það komi mjög vel til mála að endurskoða lög um Framkvæmdastofnunina að öðru leyti en þessu að fenginni reynslu. Það getur að mínu viti komið til skoðunar, hvort ástæða er til að hafa þrjá forstjóra fyrir þessari stofnun, hvort það er ekki nægilegt, að það sé einn forstjóri, sem starfi undir hinni þingkjörnu stjórn. Þetta allt álít ég, að geti komið til skoðunar, þó að það geti ekki orðið á þessu þingi.

Svo vildi ég aðeins skjóta því til n., að í frv. er gert ráð fyrir gildistöku laga þessara 1. janúar 1974, sem er miðað við það, að þetta er 3. málið, sem lagt var fyrir Alþingi. Ég vil biðja hana að taka til athugunar á milli 2. og 3. umr. að setja hæfilega dagsetningu þarna inn og vil þá gjarnan, að hún hefði samráð við hagrannsóknastjóra um það, hvert væri hæfilegt svigrúm til að gera þessa breytingu. Ég geri ráð fyrir, að það verði að vera nokkrir mánuðir, þannig að þessi skipulagsbreyting gæti þá væntanlega öðlast gildi eða komið til framkvæmda síðari hluta sumars eða með hausti.

Bjarni Guðnason: Herra forseti. Ég get ekki varist að segja hér örfá orð. Þó að í raun og veru liggi fyrir vilji þingsins í þessu efni, þykir mér hér það merkilegt mál á ferðinni, að ég tel mér skylt að leggja nokkur orð í belg.

Hv. 7. landk. þm., sem mælti fyrir nál. á þskj. 454, færði mörg og ágæt rök gegn því að stýfa Framkvæmdastofnun ríkisins á þann hátt, sem

hér er lagt til. Ég get tekið undir eiginlega allt það, sem hv. þm. sagði. Það, sem ég vil leggja meiri áherslu á, speglast í orðtakinu: „Ekki verður feigum forðað né ófeigum í hel komið". Framkvæmdastofnun ríkisins var óskabarn þessarar ríkisstj. Hún var sett á laggirnar fyrir djörfung, sem þessi ríkisstj. ætlaði að starfa af í atvinnumálum og efnahagsmálum þjóðarinnar. Þá gerist það, að tveimur árum síðar á að kippa í raun og veru grundvellinum undan þessu óskabarni þjóðarinnar, þ. e. a. s. hagrannsóknadeildinni, án þess að séu til þess nokkur meginrök.

Í grg. með frv. segir, að ástæður fyrir breytingunni séu tvær. Annars vegar er talið æskilegt, að almenn hagrannsóknastarfsemi hafi svo óháða stöðu sem kostur er. Við þessu er það að segja, að mér er ekki kunnugt um, að nokkur hér á Alþ. eða við aðrar stofnanir hafi talið, að hagrannsóknadeildin væri undir annarlegum sjónarmiðum. Það hefur hvergi verið dróttað að hagrannsóknadeildinni, að hún ynni eftir pólitískum línum, og ég fæ því ekki séð, að hér sé nokkur röksemd fyrir slíku. Hagrannsóknadeildin hefur óháða stöðu og hefur unnið samkv. því, og það hefur ekki verið dregið í efa af neinum.

Hin röksemdin samkv. grg. er svo hljóðandi:

„Hins vegar er sú staðreynd, að verkefni deildarinnar, einkum það að fylgjast með árferði og afkomu þjóðarbúsins, ráðuneyti við ríkisstj. í efnahagsmálum og almenn upplýsingaþjónusta á sviði efnahagsmála, eru afar umfangsmikil og falla að miklu leyti í sjálfstæðan farveg, sem er óháður annarri starfsemi Framkvæmdastofnunarinnar."

Ég sé ekki, að þetta séu nein sérstök rök, því að auðvitað má efla starfsemi hagrannsóknadeildarinnar, þó að hún sé formlegur hluti af Framkvæmdastofnuninni. Það kom fram, ef ég man rétt, í ummælum hv. 7. landsk. þm., að það væru starfandi 16 eða 17 manns eða 18 við þessa hagrannsóknadeild, þannig að hún hefur nokkuð öflugt starfslið á okkar vísu. Ég sé satt að segja ekki nein skynsamleg rök til þess að fara að stýfa Framkvæmdastofnunina á þessa leið. Hins vegar skil ég það vel, að stjórnarandstöðuflokkarnir tveir, Sjálfstfl. og Alþfl., fagni þessu, því að bæði var Sjálfstfl. andvígur stofnun Framkvæmdastofnunar frá upphafi og Alþfl. var tvístígandi, en mun að sjálfsögðu fagna frv., því að ríkisstj. er beinlínis að slá undan í veigamiklu stefnumáli sínu frá upphafi, þannig að það er engin furða, þó að þetta mál fái töluvert brautargengi, þótt röksemdirnar séu ekki nægilegar. Það, sem líka vekur athygli mína er, að hæstv. forsrh. segir, að ríkisstj. standi að þessu frv. Það má vel vera. Hitt kemur mér þó spánskt fyrir sjónir, að tveir hv. þm. í fjh.- og viðskn., hæstv. forseti þessarar deildar og hv. 7. landsk. þm., sem báðir teljast til tveggja stjórnarflokka, skuli leggjast gegn þessu frv., og ég get ekki annað en dregið þá ályktun, að þetta frv. hafi í raun og veru aldrei verið rætt í stjórnarflokkunum. En það er náttúrlega stjórnarinnar mál, hvernig hún vinnur að þessu. Ég blanda mér ekki inn í það. En það sýnir bara dálítið vinnubrögðin, sem felast hér að baki. Og ég hef það líka eftir góðum og gegnum framsóknarmanni, að þingfl. framsóknarmanna hafi ekki séð þetta frv., áður en það kom inn í þingið. Menn geta svo sem dregið sínar ályktanir af því.

En það er annað, sem kemur mér til að rísa hér upp, og það er, eins og hv. 7. landsk. þm. benti á, að eftir standa þá tveir stofnar í Framkvæmdastofnun ríkisins, þ. e. a. s. áætlanadeild og launadeild, og þar eru starfandi 22 menn með 10 manna yfirstjórn. Þetta er skrímsli. Hér lagði ríkisstj. í upphafi mikla áherslu á þá þrjá kommissara, sem svo eru nefndir, og var barist ósleitilega fyrir því, og mun eitt fyrsta frávik frá núv. ríkisstj., að ég neitaði að gangast inn á þrjá kommissara, en var þó svo blauður, að ég sat hjá af vesaldómi, sem aldrei skyldi verið hafa. En maður lærir af reynslunni, og hún er líka komin í ljós, 10 manna „apparat" yfir 22 manna starfsliði, og þetta á að halda áfram og láta eins og ekkert hafi í skorist. Mér skildist á hæstv. forsrh., að hann hefði haft góð orð um, að það væri nú vert að athuga stjórn Framkvæmdastofnunarinnar, þ. e. a. s. tvo þriðju, og fer vel á því. En ég er bara ansi hræddur um það, að núv. stjórn gefist ekki neinn tími til þess að skarka meira í þessum málum. Það er nú komið þannig, að óskabarnið, Framkvæmdastofnunin, var stofnuð í upphafi stjórnarferilsins, og svo dettur ríkisstj. í þá gröf að drepa sitt eigið afkvæmi, og það er líka tákn um endalok ríkisstj. Þetta er bara sannleikurinn. En eins og ég sagði, ekki verður feigum forðað né ófeigum í hel komið.

Ég skal ekki hafa um þetta mörg orð. Þm. vita gjörla, að þegar mynduð er ný stofnun, þá vex hún og tútnar út, verkefnin vaxa, og þess vegna eykst líka kostnaðurinn. Mönnum hefur blöskrað kostnaðurinn við Framkvæmdastofnun ríkisins. En hvað verður, þegar komin er sérstök stofnun, sem heitir Þjóðhagsstofnun eða eitthvað því um líkt? Auðvitað kemur þar aukinn kostnaður, auðvitað vex þetta, og hér eru svo þm. að prédika sýknt og heilagt útþenslu ríkisbáknsins, aukinn kostnað. Síðan koma menn með frv. af þessu tagi og taka ekkert tillit til, hvað það muni kosta. Að sjálfsögðu er í frv. ekki gert ráð fyrir því, að þetta hafi í för með sér aukinn kostnað, en við þekkjum það af reynslu, að það gerir það. Þetta á eftir að aukast og tútna út. Ný stofnun þarf að fá fínni stól. Hún þarf að fá fínna húsnæði. Hún þarf svigrúm. Hún þarf líklega meira af öllum þægindum. Síðan koma tveir, þrír deildarstjórar, svo utanferðir. Þetta þekkjum við allir. Mér er alveg óskiljanlegt, hvernig svona hlutir geta gerst, en eins og ég segi, ekki verður feigum forðað né ófeigum í hel komið.

Frsm. 2. minni hl. (Karvel Pálmason): Herra forseti. Mér fannst lítill sannfæringarkraftur í ræðu hæstv. forsrh. hér áðan um þau mál, sem hann talaði um. Ég held, frómt frá sagt, að megnið af því, sem hann flutti í sinni ræðu, hafi undirstrikað það, að hagrannsóknadeildin hefur unnið sér traust allra, sem átt hafa við hana viðskipti, bæði aðila vinnumarkaðarins og annarra, á þeim grunni, sem hún hefur starfað á frá byrjun. Þess vegna segi ég, að sú stofnun hefur unnið ómetanlegt starf, og ég tek undir

það, að hún hefur unnið ómetanlegt starf í þágu atvinnuveganna, og ég hygg, að allir beri fullt traust til þess manns, sem veitt hefur þeirri stofnun forstöðu. Allt þetta undirstrikar það, að það er út í hött að vera nú að kljúfa Framkvæmdastofnunina með því að taka hagrannsóknadeildina frá. Allt það traust, sem hagrannsóknadeildin hefur unnið sér, hefur hún unnið sér á því fyrirkomulagi, sem hún hefur starfað á, frá því að hún var sett á laggirnar. Það traust, sem hún hefur fengið, eru því meðmæli með því, að hún fái að halda áfram sem einn liðurinn af Framkvæmdastofnuninni, en verði ekki stíuð af.

Hv. 3. landsk. þm. varð undrandi yfir því, að ég og hv. 4. þm. Reykn. sem stjórnarsinnar værum á móti stjfrv. Ég held nú, að hv. 3. landsk. þm., ef hann rifjar upp í huganum, komist að raun um það, að ég hef áður verið andvígur, þó að hafi verið stjfrv. Það er ekkert nýtt.

Um það, hvort þingflokkur Framsfl. hafi séð þetta frv. eða ekki, skal ég ekki segja og blanda mér ekki í.

En að lokum: Forsrh. hæstv. viðurkenndi það, að eftir þessa breytingu væru allar líkur á því, að höfuðið, eins og hann orðaði það, á Framkvæmdastofnuninni yrði of stórt, og þess vegna segi ég, að þeir, þ. e. a. s. hæstv. ríkisstj., sem lögðu þetta frv. fyrir þingið, þeir hefðu átt, jafnhliða því sem þeir vilja þessa breytingu, að gera breytingu á því, sem eftir varð af Framkvæmdastofnunni, því að höfuðið er of stórt.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Sameinað þing, 72. fundur.

Þriðjudaginn 2. apríl, kl. 2 miðdegis.

Umræður utan dagskrár.

Gunnar Thoroddsen: Herra forseti. Fyrir rúmri viku, mánudaginn 25. mars, urðu umr. um varnarmál utan dagskrár í Nd. Tilefnið var samþykkt ríkisstj. 3 dögum áður um samningsgrundvöll undir viðræður við fulltrúa Bandaríkjastjórnar um varnarmál. Í þessum umr. beindi ég áskorun til hæstv. forsrh. um, að ríkisstj. hlutaðist til um, að í Sþ. yrðu varnarmálin tekin til umr. sem sérstakur dagskrárliður, til þess að þingheimur gæti rætt þessi þýðingarmiklu mál. Sérstaklega taldi ég nauðsynlegt, að slíkt gerðist, áður en hæstv. utanrrh. færi utan til þessara viðræðna.

Nú hefur hæstv. ráðh. tjáð mér synjun á þessari málaleitun. Ríkisstj. vill ekki hlutast til um, að umr. fari fram á Alþingi, áður en viðræðurnar hefjast. Ég tel þetta mjög miður farið og í rauninni mjög alvarlegt mál. Með hinni umræddu samþykkt ríkisstj. lýsir hún stefnu sinni í varnarmálum, og þótt væntanlega verði ekki gengið frá samningum á þessum næstu viðræðufundum, þá er þessi stjórnaryfirlýsing sá grundvöllur, sem stjórnin vill byggja viðræðurnar á.

Þar sem ríkisstj. hefur hafnað áskorun um almennar umr. á þingi og þar sem utanrrh. fer með þetta veganesti, vil ég taka fram:

1) Sjálfstfl. er algerlega andvígur hinum svokallaða samningsgrundvelli ríkisstj. og telur hann óviðunandi og ófullnægjandi lausn á öryggis- og varnarmálum Íslendinga.

2) Allt bendir til þess, m. a. undirskriftasöfnun Varins lands, að meiri hl. íslensku þjóðarinnar sé andvígur stefnu ríkisstj.

3) Allar líkur eru til þess, að þingfylgi sé ekki fyrir stefnu stjórnarinnar í þessu máli. Þm. Sjálfstfl. og Alþfl. hafa lýst sig andvíga þessum umræðugrundvelli. Við umr. í fyrri viku lýsti einn af þm. Framsfl. sig andvígan. Það er vitað um fleiri. Hæstv. forsrh. sagði í umr., að hann vissi ekki, hvort meiri hl. væri á þingi fyrir því; a. m. k. hefur hæstv. ríkisstj. ekki talið ástæðu til þess eða ekki treyst sér til þess að leita samþykkis Alþingis fyrir þessari stefnu sinni.

Það er því mikill ábyrgðarhluti að fara til viðræðna um varnarmál þjóðarinnar með slíkt veganesti. Hæstv. utanrrh. gerir það á sína ábyrgð og þeirrar stjórnar, sem er sundurþykk og lítt starfhæf í hinum mikilvægustu málum, en reynir að nota öryggismál þjóðarinnar til að líma saman brotin, svo að hún geti hjarað enn um hríð. En hæstv. utanrrh. talar þar ekki í nafni íslensku þjóðarinnar og ekki í nafni Alþingis Íslendinga.

Forsrh. (Ólafur Jóhannesson): Herra forseti. Það er rétt, sem hv. 5. þm. Reykv. sagði, að ég tjáði honum, að ég mundi ekki gangast fyrir því, að hér á Alþingi færu fram umr. um varnarmál. Til þess liggja nokkrar augljósar ástæður. Utanrrh. er þegar farinn úr landi og ekki væntanlegur heim fyrr en rétt um páskaleytið, og ég teldi mjög óviðeigandi, að það færu fram umr. um varnarmál og utanríkismál að honum fjarstöddum. Ég vona, að menn skilji það. Hins vegar tjáði ég hv. 5. þm. Reykv., að þótt ég vildi ekki beita mér fyrir þessu, þá væri að sjálfsögðu opin leið fyrir hann og hvern annan sem vildi að leita til forseta um það, að teknar væru upp umr. um þessi mál hér. Og ég fyrir mitt leyti mun ekki skorast undan því að taka þátt í þeim, ef mönnum þykir það eðlilegt, eins og á stendur.

Ég skil ekki, hvers vegna hv. 5. þm. Reykv. hefur þótt sérstök ástæða til þess að taka fram þann fyrirvara, sem hann gerði. Ég held, að það hafi ekki neinn látið að því liggja eða gefið í skyn, að farið væri með þessi drög að umræðugrundvelli í umboði Sjálfstfl., og það hafi alveg verið óþörf öryggisráðstöfun að taka það fram. Ég hygg, að hann hefði ekkert orðið bendlaður við það.

Hvað það varðar, að það hefði verið ástæða til þess að bera þessi drög að umræðugrundvelli undir Alþingi, áður en farið var til viðræðna, þá er ég hv. þm. ekki sammála um það. Í þessum drögum að viðræðugrundvelli felst ekkert annað en það, sem ríkisstj. hefur á sinni stefnuskrá og allir hafa vitað um langt skeið, að hún mundi vinna að. Það er ekkert nýtt í sambandi við þau drög.

En þá fyrst er auðvitað ástæða til þess að ræða þetta, þegar einhverjar ákveðnar ákvarð-

anir liggja fyrir. Því hefur verið lýst hér bæði af mér og utanrrh. og fleirum, að það verða engar endanlegar ákvarðanir teknar í þessum málum, fyrr en málið hefur komið til kasta *Alþingis*.

Ég hef engin gegnumlýsingartæki á hv. alþm. og get ekki kannað þeirra hjörtu eða nýru. En hitt veit ég, að þessi stjórn, þegar hún var mynduð, hafði meiri hl. að styðjast við, og í þessum málum hefur hún ekkert gert, sem ekki er samrýmanlegt þeirri stefnuskrá, sem þar var ákveðin.

Það má til sanns vegar færa, að þessi stjórn á í erfiðleikum að koma fram ýmsum sínum málum og á undir högg að sækja í því efni, þar sem heldur hefur gengið af henni hér fylgið varðandi sum atriði. En fyrst um sinn a. m. k. vil ég vona, að krosstré það, sem stjórnin studdist við ásamt öðrum í upphafi, bregðist ekki í þessu máli. Ég býð nú eftir yfirlýsingu um það a. m. k. Hitt er alveg rétt, að skoðanir eru skiptar um varnarmálin, og satt að segja fæ ég ekki skilið þá hugsun hjá hv. 5. þm. Reykv., að ríkisstj. ætli að nota varnarmálin til þess að tildra sér saman eða eitthvað því um líkt, eins og hann orðaði það. Ég hefði nú haldið, að það væri frekar annað mál, sem mundi verða til þess að sameina alla hv. alþm. heldur en varnarmálin. Vona ég, að reynt geti á það innan skamms.

Ég hafði einmitt ætlað mér í dag að tala við form. þingflokkanna um tilhögun þinghaldsins og skal ekki fara að ræða það hér. En m. a. vegna þess, hvernig það hefur verið hugsað, tel ég ekki hægt með góðu móti að koma því við að fara að eyða löngum tíma þingsins í umr. um varnarmál á þessu stigi.

Benedikt Gröndal: Herra forseti. Núv. ríkisstj. er sérstæð að því leyti til, að hún hefur ekki þingstyrk til þess að stjórna landinu, en neitar þó að víkja. Hvað eftir annað hefur ríkisstj. orðið að láta í minni pokann og sætta sig við það, að Alþingi hefur knúið hana ýmist til undanhalds eða til þess að breyta málum sínum í verulegum atriðum. En hversu alvarleg sem þessi mál hafa verið, — það má nefna fjáröflun fyrir ríkissjóð og skattlagningu, — hefur ríkisstj. ekki gert neitt þeirra að fráfararatriði.

Nú brá svo við fyrir nokkrum dögum, að hæstv. forsrh. kom skyndilega auga á mál, sem ríkisstj. ætlar að gera að fráfararatriði og hefur nú gert að fráfararatriði með yfirlýsingu hans, en það eru varnarmálin. Þetta vakti sérstaka athygli, vegna þess að forsrh. tók svo skýrt fram og þurfti að láta endurtaka það tvo daga í röð í Ríkisútvarpinu, að ef ríkisstj. hefði ekki meiri hl. í varnarmálunum, mundi stjórnin fara frá.

Nú er það svo, að mikilvægir samningar um varnarmálin eru u. þ. b. að hefjast. Á sama tíma hefur verið dregið mjög í efa, bæði í þingsölunum og utan þeirra, að ríkisstj. hafi meiri hl. fyrir stefnu sinni í varnarmálunum á Alþingi. Ég verð að líta svo á, að hin óvenjulega yfirlýsing forsrh. um, að þetta mál verði gert að fráfararatriði, sé ekki tilefnislaus. Annaðhvort hefur hann einhverjar grunsemdir um það sjálfur, að það þurfi að herða upp vissa liðsmenn eða þá a. m. k. að hann tekur þær fullyrðingar, að stjórnin hafi ekki meiri hl. í varnarmálunum á Alþingi, svo alvarlega, að hann telji ástæðu til að gefa yfirlýsingu um, að þau verði gerð að fráfararatriði.

Með tilliti til alls þessa er það glæfraspil að leggja út í alvarlega millirikjasamninga án þess að kanna, hvort stefna ríkisstj. nýtur stuðnings meiri hl. Alþinigs. Það er hægt að láta slíka könnun fara fram á margan hátt. En það er í hæsta máta furðulegt, að ríkisstj. skuli, jafnframt því sem hún loksins gerir eitt mál að fráfararatriði, halda áfram á erlendum vettvangi, án þess að kanna, hvort hún hefur þennan meiri hl. Þetta eru einkennileg vinnubrögð, sem lofa ekki góðu í þessu máli.

Forsrh. (Ólafur Jóhannesson): Herra forseti. Það er rétt hjá hv. síðasta ræðumanni, að það er mjög auðvelt að kanna, hvort núv. ríkisstj. hefur meiri hl. á Alþingi eða ekki. Það hefur ekki tíðkast á Alþingi Íslendinga, að ríkisstj. færi fram á traustsyfirlýsingu. Það hefur, að ég best veit, aðeins gerst einu sinni og margir áratugir síðan. Hitt er reglan, að til þess að sanna það, að ríkisstj. sé komin í minni hl., þarf stjórnarandstaðan að leggja fram vantraustsyfirlýsingu og fá hana samþykkta. Og þessa leið hefur stjórnarandstaðan. Hún getur hvaða dag sem er lagt fram till. um vantraust á ríkisstj., og það ætti hún að gera, ef hún þyrði, en ekki að vera með sífelldar dylgjur um það, að ríkisstj. sé komin í minni hl.

Hv. þm. sagði, að ég hefði gert að fráfararatriði ákveðið mál. Það, sem ég sagði, var, að ef ekki næðist viðunandi samkomulag við Bandaríkjamenn, mundi ég telja mér skylt að leggja fram á hæstv. Alþingi till. til uppsagnar á varnarsamningnum. Ég sagði enn fremur, að ef sú tillaga næði ekki samþykki á Alþingi, mundi ég telja mér skylt að segja af mér. Ég vona, ef útvarpið hefur farið tvisvar með þessi ummæli, þá hafi það farið rétt með þau, en ekki eins og hv. síðasti ræðumaður gerði.

Það liggur ekkert fyrir um það, hvort það reyni nokkurn tíma á það, að þetta mál verði fráfararatriði. Ég er vongóður um, að það takist að leysa þessi mál með góðu samkomulagi við Bandaríkjamenn. Það er fjarri því, að ég hafi gefið upp von um, að það megi leysa þessi mál með samkomulagi. Ég vildi satt að segja vona, að hér á Alþingi Íslendinga væri ekki einn einasti þm., sem hefði gefið upp von um, að það mætti leysa þessi mál með samkomulagi við Bandaríkjamenn. Við höfum enga ástæðu út af fyrir sig til að ætla annað. Það hefur verið margundirstrikað af Bandaríkjamönnum sjálfum, að það yrði tekið fyllsta tillit til óska Íslendinga í þessu efni, og meira en það, verið undirstrikað nú alveg nýlega af valdamanni úr því landi, að það væri algerlega á valdi Íslendinga sjálfra, eins og líka er margsamlega tekið fram í samningum um þetta efni.

Ég mun þess vegna ekki víkja fyrir neinu orðagjálfri um það, að ríkisstj. sé komin í minni hl. hér á Alþingi. Ég bara bíð ósköp rólegur, þangað til hv. stjórnarandstæðingar leggja fram till. um vantraust á ríkisstj. og fá hana samþykkta hér.

Gunnar Thoroddsen: Herra forseti. Hæstv. forsrh. taldi fram tvær ástæður fyrir synjun á því að hlutast til um, að fram færu umr. um varnarmálin í Sþ. Hvorug þessara ástæðna er í rauninni frambærileg. Önnur er sú, að við getum snúið okkur til hæstv. forseta Sþ. og beðið hann um að taka málið á dagskrá, eftir að ríkisstj. hefur synjað um það. Hvaða hv. þm. dettur í hug, að hæstv. forseti Sþ. mundi verða við ósk minni hl., þegar ríkisstj. er á móti því? Önnur ástæðan er sú, að þar sem utanrrh. sé farinn úr landi, sé ekki hægt að ræða málið að honum fjarstöddum. Hæstv. utanrrh. fór úr landi í morgun, sem sagt rúmri viku eftir að þessi áskorun var borin fram, og það var í lófa lagið að hafa þessar umr. í s.l. viku. Hvorug þessara ástæðna stenst því. Það eru allt aðrar ástæður fyrir því, að hæstv. ríkisstj. óskar ekki að fá umr. um þetta mál. Hún vill ekki, að í opinberum umr. á Alþ. geti komið í ljós vilji þm., sem ég held að sé óhætt að fullyrða að sé á þá leið, að þingfylgi er ekki fyrir till. stjórnarinnar í þessu máli. Það kemur líka í ljós í því, að ríkisstj. hefur ekki þrátt fyrir áskoranir og ábendingar í þá átt treyst sér til að leita samþykkis Alþingis á þessari stefnu sinni.

Hæstv. forsrh. segir nú: Þetta stendur í stefnuskrá okkar, í málefnasamningnum. — Nú hefur honum að vísu láðst á sínum tíma að fá þennan málefnasamning lögfestan hér á Alþingi í einu og öllu, og það var mjög hyggilega gert að gera það ekki, vegna þess að þá hefði þurft svo ákaflega oft að flytja ný frv. um breytingar á málefnasamningnum, þegar hefur þurft að víkja frá öllum mögulegum loforðum, eins og reynslan sýnir.

Varðandi þetta atriði sérstaklega, varnarmálin, hefur það mál aldrei verið borið undir atkv. á Alþingi, síðan ríkisstj. tók við, og ég efast um, að allir stuðningsmenn ríkisstj. hafi lýst sig samþykka þessu atriði. Þvert á móti, nokkrir stuðningsmenn ríkisstj. hafa opinberlega lýst því yfir, að þeir séu ekki samþykkir þessu atriði í málefnasamningi ríkisstj. Þetta liggur fyrir opinberlega frá nokkrum þm.

Það, sem er aðalatriði þessa máls, er, að ríkisstj. skuli leyfa sér að hefja viðræður um þetta mikilvæga mál, fjöregg þjóðarinnar, varnar- og öryggismál hennar, án þess að vita, hvort hún hafi stuðning meiri hl. Alþingis í þessu máli. Og það, sem meira er, ef eitthvað má ráða af líkum og ummælum manna, þá bendir flest til þess, að bæði meiri hl. íslensku þjóðarinnar og meiri hl. Alþingis sé andvígur stefnu stjórnarinnar í þessu máli. Þrátt fyrir þessar fullyrðingar og þrátt fyrir þann vafa, sem er innra með hæstv. forsrh. sjálfum um stöðu sína í þessu máli, vill hann ekki leita atkv. á Alþingi og ekki einu sinni verða við áskorun okkar um, að almennar umr. fari fram á Alþingi.

Hann segir, að ég hafi ekki þurft að taka það fram, að Sjálfstfl. væri á móti þessum samningsdrögum stjórnarinnar. Ég nefndi það sérstaklega, að þm. Sjálfstfl. og Alþfl., sem eru samtals 28 að tölu, hafa lýst sig andvíga, auk þess einn þm. í þessum umr. úr stjórnarliðinu, það eru 29, svo eru nokkrir, sem hæstv. forsrh. veit ekki um.

Það, sem mér finnst alvarlegast í þessu máli, er, að í slíku stórmáli eins og þessu, skuli ríkisstj. ætla sér að hefja mikilvægar viðræður án þess að hafa hugmynd um það, hvort meiri hl. Alþingis styður stefnu hennar eða ekki. Ég býst við, að hæstv. forsrh. viti það eins vel og ég og við flestir í þessum sal, að stefna hans og stjórnarinnar í þessu máli hefur ekki stuðning meiri hl. Alþingis.

Benedikt Gröndal: Herra forseti. Hæstv. forsrh. gerði snotra tilraun til þess að rugla þetta mál með því að blanda því saman, hvort að ríkisstj. hafi almennt traust eða hvort hún hafi traust í þessu máli. Við vitum það öll, að hún mundi sennilega geta varist vantrauststillögu með naumum meiri hl. í Sþ. En við höfum horft upp á það viku eftir viku, að ríkisstj. hefur ekki reynst hafa traust þingsins í hverju stórmálinu á fætur öðru. Spurningin er því um þetta mál, varnarmálið: Hefur stjórnin traust fyrir stefnu sinni í því eða ekki?

Það er rétt hjá forsrh., að það er aðeins eitt fordæmi fyrir því, að ríkisstj. eða stuðningsmenn hennar hafi óskað eftir, að Alþingi léti sérstaklega í ljós traust á henni. Þetta var gert á dögum Hannesar Hafsteins. Það er ekki leiðum að líkjast, og eitt fordæmi er nóg í þeim efnum. Margir aðrir hæstv. ráðh. hafa flutt ályktunartill., í raforkumálum og hinum og þessum málum, þar sem þeir biðja þingið um að undirstrika traust sitt á ákveðinni stefnu, en þetta er ekki gert í utanríkismálum. Þar má ekki gera neitt í neinu formi. Meira að segja till., sem svarti sauður hins upprunalega stjórnarliðs, sem nú er því svo verðmætur, flytur um þessi mál, er tekin út af dagskrá, sjálfsagt vegna óska einhvers. Hún var á dagskrá fyrir viku eða svo í Sþ., og skv. málaröð ætti að vera fyrir löngu komið að henni, en nú er hún horfin út af dagskrá, hvernig sem á því stendur.

Ég vil undirstrika, að þær fullyrðingar, sem fram hafa komið um, að ríkisstj. hafi ekki meiri hl. í þessu máli, hafa fengið vissar undirtektir með yfirlýsingu forsrh. um það, að þetta mál sé fráfararatriði. Bæði þessar yfirlýsingar og yfirlýsing forsrh. um, að þetta mál verði gert að fráfararatriði, hvort sem það er nokkrum vikunum fyrr eða seinna, eru orðnar hluti af nesti því, sem hæstv. utanrrh. fer með til Washington. Það er óhjákvæmilegt, þegar hann situr og leitar samninga við fulltrúa Bandaríkjamanna, að þá muni þeir sífellt velta vöngum yfir því, hvað sé á bak við hæstv. forsrh. og hvernig þingfylgi kunni að vera. Það er ekki gott að láta ráðh. fara til viðtals við annað ríki með málið í þvílíkri óvissu, og síst af öllu ættu menn að gera sér leik að slíku, þegar um viðkvæm og alvarleg utanríkismál er að ræða.

Flugvöllur í Grímsey, fsp. (þskj. 550). — Ein umr.

Fyrirspyrjandi (Halldór Blöndal): Herra forseti. Ég get vel verið fljótorður um ástæðurnar fyrir því, hvers vegna þessi fsp. er fram borin. Eins og hv. þdm. er kunnugt, eru aðalsamgöngur

Grímseyinga við meginlandið með flugvélum, og þangað eru reglulegar flugferðir, að ég hygg tvisvar í viku. Nú hefur komið í ljós, að flugvöllurinn í Grímsey hefur teppst iðulega bæði vor og haust og jafnvel um miðjan vetur, m. a. vegna aurbleytu, og svo óheppilega hefur viljað til nú í vetur, að það hefur tvisvar sinnum þurft að grípa til sjúkraflugs, en í bæði skiptin var flugvöllurinn ófær, þannig að ekki var hægt að koma því við. Af þessum ástæðum hef ég og hv. 5. þm. Norðurl. e. flutt svo hljóðandi fsp. til hæstv. samgrh.:

„Hvaða aðgerðir eru fyrirhugaðar í sumar til þess að bæta úr því slæma ástandi, sem er á flugvellinum í Grímsey?“

Félmrh. (Björn Jónsson): Herra forseti. Spurt er um það, hvaða aðgerðir séu fyrirhugaðar í sumar til þess að bæta úr því slæma ástandi, sem er á flugvellinum í Grímsey. Um þetta er það að segja, að flugbrautin í Grímsey er gerð árið 1953 og er 1200 m að lengd og 50 m á breidd. Þar sem ekki er að finna hentugt flugbrautarefni í Grímsey, er hér um að ræða grasbraut, sem að miklu leyti verður ófær í leysingum á vorin og þegar miklar bleytur verða á öðrum tímum árs einnig.

Um tíma var stundað áætlunarflug með DC-3 flugvélum milli Akureyrar og Grímseyjar, og var flugbrautarlengd og breidd miðuð við þarfir þeirra. Þær flugvélar, sem nú nota flugvöllinn, komast af með mun minni brautir, og gera áætlanir um styttingu flugbrautarinnar því ráð fyrir 740 m lengd og 18 m breidd. Tvær lausnir koma einkum til álita: Í fyrsta lagi flutningur efnis úr landi, t. d. frá Húsavík eða Dalvík. Miðað við lágmarksefnisfarm, sem yrði nálægt 6000 teningsmetrar, yrði kostnaður við þá framkvæmd um 9.5 millj. kr. Eins og hv. þm. er kunnugt, er ekki til fjárveiting fyrir svo hárri upphæð á þessu ári á fjárlögum. Hin lausnin er sú, að nota svonefnt flugbrautarjárn til styrkingar á brautinni. Töluvert magn af slíku járni er til á Akureyrarflugvelli og er ekki lengur notað, eftir að flugbrautin þar var malbikuð, en var notað þar áður með sæmilegum árangri. Í fjárlögum fyrir yfirstandandi ár er gert ráð fyrir 1 millj. kr. fjárveitingu til endurbóta á Grímseyjarflugvelli, og telur flugmálastjóri, að sú upphæð muni duga til þess að koma umræddu flugbrautarjárni á flugbrautina, þ. e. a. s. á 740 m langa og 18 m breiða braut, og telur, að með þeirri aðgerð sé sæmilega ráðið úr þeim samgönguvanda, sem þarna hefur verið búið við og ég er algjörlega sammála hv. 2. þm. Norðurl. e., að verður að ráða bót á, því eins og hann tók réttilega fram, eru flugsamgöngurnar þær einu, sem Grímseyingar geta treyst á, og það hlýtur að vera stolt okkar að geta haldið uppi sæmilegum samgöngum við þessa nyrstu byggð í landinu. Af hálfu samgrn. mun allt verða gert, sem nauðsynlegt er, til þess að svo geti orðið.

Fyrirspyrjandi (Halldór Blöndal): Herra forseti. Ég þakka hæstv. ráðh. svör hans, sem mér virðast fullnægjandi. Þær framkvæmdir, sem eru fyrirhugaðar í Grímsey í sumar með þessum flugbrautarjárnum, eiga að tryggja það, að flugvöllurinn lokist ekki af völdum aurbleytu á næsta vetri. Hins vegar vil ég leggja áherslu á það í þessu sambandi, að þótt þetta sé til bóta nú í bili, verður að sjálfsögðu einnig að hyggja að því, að flugvöllurinn í Grímsey verði bættur til frambúðar, og það er rétt, sem hæstv. ráðh. sagði, að til þess er ekki fé á fjárlögum, eins og sakir standa. En það þarf að sjálfsögðu að bæta úr því og sjá til þess, að flugvöllurinn þar verði bættur og betur undirbyggður, eins og hann gat um.

Kjarabætur til handa láglaunafólki, fsp. (þskj. 579). — Ein umr.

Fyrirspyrjandi (Bjarni Guðnason): Herra forseti. Eins og kunnugt er var það meginstefna ASÍ og ríkisstj. við síðustu kjarasamninga um síðustu mánaðamót, að láglaunafólkið skyldi fyrst og fremst fá meiri kjarabætur, m. ö. o. láglaunastefnan var meginatriðið. Hins vegar virðist reynslan hafa orðið sú, að þeir kjarasamningar, sem gerðir voru, mega teljast með eindæmum í sögu íslenskrar verkalýðshreyfingar, og ber margt til:

Í fyrsta lagi hafði samningurinn varla verið undirritaður, áður en kauphækkanirnar komu að verulegu leyti fram í verðlaginu og það áður en sumar stéttir höfðu fengið kauphækkun. Mun þetta vera fátítt

Í öðru lagi hin dæmalausa skattkerfisbreyting, sem er síst láglaunafólki til hagsbóta.

Og í þriðja lagi, að samið var til meira en tveggja ára við það efnahagsástand, sem nú ríkir.

Í fjórða lagi, sem er erindið hingað, er, að nú hafa menn vaknað upp við þann vonda draum, að láglaunafólkið hefur fengið hlutfallslega minnstar kjarabætur. M. ö. o.: láglaunafólkið í landinu stendur verr að vígi eftir en áður, stefna ASÍ og ríkisstj. hefur ekki náð fram að ganga.

Af þessari ástæðu, til þess að ganga úr skugga um, hvort þetta sé rétt, að láglaunafólkið búi nú við skarðari hlut en áður, hef ég leyft mér að bera fram eftirfarandi fsp. til hæstv. félmrh.:

„1. Hlaut láglaunafólk mestar kjarabætur við nýgerða kjarasamninga, eins og ríkisstj. og ASÍ töldu höfuðnauðsyn á?

2. Hver varð hækkun á taxta Dagsbrúnar í samanburði við kauphækkun annarra vinnustétta innan ASÍ, mæld í krónum og hundraðshlutum?“

Félmrh. (Björn Jónsson): Herra forseti. Spurt er í fyrsta lagi: „Hlaut láglaunafólk mestar kjarabætur við nýgerða kjarasamninga, eins og ríkisstj. og ASÍ töldu höfuðnauðsyn á?“ Í öðru lagi: „Hver varð hækkun á taxta Dagsbrúnar í samanburði við kauphækkun annarra vinnustétta innan ASÍ, mæld í kr. og hundraðshlutum?“

Í raun og veru hefur hv. fyrirspyrjandi svarað sjálfur og veit greinilega um svarið við fyrri spurningunni, en að svo miklu leyti sem ég

reyni að svara henni, þá tel ég, að svarið sé að finna sameiginlega við báðum fsp. í því plaggi, sem ég mun nú lesa og hefur að ósk minni verið tekið saman í hagrannsóknadeild Framkvæmdastofnunarinnar og með aðstoð kjararannsóknarnefndar, en þetta eru þeir aðilar, sem hér ættu gerst um að vita. Þetta plagg er svohljóðandi:

„Að mati kjararannsóknarnefndar var niðurstaða rammasamnings ASÍ og vinnuveitenda fyrir verkafólk, iðnaðarmenn og verslunarfólk nálægt 20% meðalhækkun grunntaxta við undirritun samninga og síðan 3% grunnlaunahækkun 1 des. 1974 og 3% hækkun 1975.

Hinum almennu launahækkunum samkv. samningum má yfirleitt skipta í tvo meginþætti. Annars vegar eru taxtatilfærslur og sérstök láglaunahækkun, þar sem m. a. tveir lægstu taxtar Dagsbrúnar voru felldir niður, og að auki kom bein láglaunahækkun, sem var á bilinu 2½—4% hjá Dagsbrún. Samanlögð áhrif taxtatilfærslu og láglaunahækkunar jafngiltu um 5½% launahækkun að meðaltali hjá Dagsbrúnarmönnum. Til samræmis við þetta fengu félög iðnaðarmanna rúmlega 4% hækkun taxta. Var þetta svipuð hækkun og gilti fyrir 8. taxta Dagsbrúnar eða hæsta taxta. Til viðbótar þessum sérstöku hækkunum kom síðan almenn 8% hækkun launa, þ. e. launa eftir taxtatilfærslu og láglaunahækkun, að viðbættum 1200 kr. á mánuði. Á laun yfir 35.000 kr. nam hækkunin þó aðeins 4000 kr. Ákvæðin um 1200 kr. og hámarkshækkun 4000 kr. valda því, að hlutfallsleg hækkun verður minni, eftir því sem laun eru hærri. Nú ber þess að gæta, að allmargir kauptaxtar eru ákveðnir þannig, að prósentuálagi er bætt ofan á ákveðinn grunntaxta. Þar sem reglurnar um slík prósentuálög og 4000 kr. rákust á, þá réð álagið.

Séu aðeins taldar beinar kauphækkanir samkv. rammasamningi og hækkanir á kaupi í reikningstölu ákvæðisvinnumanna, en öllum sérákvæðum í hinum ýmsu samningum sleppt, er talið, að meðalhækkun grunntaxta í fyrsta áfanga samninganna hafi verið eftirfarandi fyrir hinar ýmsu starfsdeildir, þ. e. a. s. hækkun á kaupi 1. mars án vísitöluhækkunarinnar, sem þá gekk í gildi: Dagsbrúnarmenn 19,1%, verkakonur í Framsókn 21,7%, Iðjufólk 18,7%, verslunar- og skrifstofufólk 23,7%, iðnaðarmenn, almenn vinna, 19—20%, iðnaðarmenn, ákvæðisvinna, trésmiðir, rafvirkjar og pípulagningamenn nálægt 17%, múrarar 23% og málarar nær 29%.

Eins og áður sagði, er mati á sérákvæðum hér yfirleitt sleppt, nema þar sem reglum um starfsaldurshækkanir á launin var breytt, en mjög mörg félög innan ASÍ fengu slíkar hækkanir. Mörg sérákvæðanna í hinum ýmsu samningum skipta nokkru máli, er meta skal kauphækkanir. Hins vegar er fjöldi slíkra sérákvæða mjög mikill og eðlismunur á þeim mjög verulegur. Í mörgum tilfellum er um skipti á beinum kauphækkunum og fyrri hlunnindum að ræða, t. d. afnám svokallaðrar flutningalínu fyrir beina hækkun launa, en óeðlilegt er að líta á þessi skipti sem beina kauphækkun. Í öðrum tilfellum er um að ræða álag á kaup við sérstaka vinnu. T. d. fengu járniðnaðarmenn 10% álag á viðgerðir og vinnu við þunga hluti. Fyrir þá járniðnaðarmenn, sem njóta þessa álags, verður heildarhækkun launa rúmlega 30%.

Af öðrum ákvæðum má nefna 10% námskeiðsálag hjá trésmiðum, sem sækja sérstakt námskeið á samningstímabilinu, og 5% erfiðisálag hjá múrurum. Fyrir þá hópa iðnaðarmanna, sem njóta þessara eða hliðstæðra sérákvæða, er kauphækkun talsvert meiri en hún er að meðaltali hjá verkamönnum.

Þeim almennu launahækkunum til félaga innan ASÍ, sem fram fengust í kjarasamningum, sem undirritaðir voru hinn 26. febr., má yfirleitt skipta í tvennt:

a) Taxtatilfærslur eða prósentuhækkun í þeirra stað. Með þessum fyrri áfanga samningsgerðarinnar var samið um mjög verulegar tilfærslur innan launataxtanna. Að þeim tilfærslum loknum höfðu tveir lægstu taxtar Dagsbrúnar verið skornir af, og jafnframt fékkst bein launahækkun, sem var á bilinu 2,5—4,2%, til Dagsbrúnarmanna. Samanlögð launahækkun og taxtatilfærslur í þessum áfanga eru metnar á um það bil 5,6% að meðaltali, og er þá miðað við Dagsbrún. Félög iðnaðarmanna fengu til samræmis við þetta 4,25% hækkun á sína taxta og var jafnmikil hækkun og Dagsbrúnarmenn fengu á 8. taxta, eins og áður sagði.

b. Í öðrum áfanga samninganna varð samkomulag á þann veg, að þau mánaðarlaun, sem um var samið í fyrsta áfanga, skyldu hækka um 8%, að viðbættum 1200 kr. Voru launin þá yfir 35 000 kr. á mánuði, yrði hækkunin í þessum síðari áfanga þó aðeins 4000 kr. á mánuði. Síðar á samningstímanum skyldu öll laun hækka um 3% og þau laun um önnur 3% enn síðar.

Sú stefna ASÍ, að láglaunafólk skyldi fá mestar hlutfallslegar kjarabætur, kemur fram í eftirfarandi m. a.:

Ófaglært verkafólk fékk hlutfallslega meiri hækkun í fyrri áfanganum en t. d. iðnaðarmenn. Í öðru lagi: Ákvæðið um 1200 kr. veldur því, að hlutfallsleg hækkun varð minni, eftir því sem launin voru hærri. Ákvæði um 4000 kr. á laun yfir 35000 kr. höfðu sömu áhrif. Þess skal getið, að allmargir kauptaxtar eru ákveðnir þannig, að prósentuálagi er bætt ofan á einhvern grunntaxta. Ef reglurnar um slíkt prósentuálag og 4000 kr. hækkun rákust á, réð álagið. Ýmis sérákvæði í hinum ýmsu samningum skipta verulegu máli, er meta skal kauphækkanirnar."

Hér mun ég svo lesa á eftir skrá eða yfirlit um meðalhækkanir vegna nýgerðra kjarasamninga og tek fram, að þær eru án vísitölunnar, sem kom 1. mars, sem var 6.18%, og þetta lítur þá þannig út:

Dagsbrún 19.06%, Framsókn 21.68%, Iðja 18.73%, verslunarmenn 23.72%, trésmiðir, almenn vinna, 19.86%, trésmiðir, ákvæðisvinna, 17.13%, rafvirkjar, almenn vinna, 18.6%, rafvirkjar, ákvæðisvinna, 17.51%, járnsmiðir, blikksmiðir, bifvélavirkjar 18.92% plús 10% álag á viðgerðarvinnu o. fl., pípulagningamenn 10.04%. í ákvæðisvinnu 16.92%, húsgagnasmiðir, almenn vinna, 44.57%, málarar, almenn vinna, 20.28%, í

ákvæðisvinnu 28.88%, múrarar, almenn vinna, 19.03%, múrarar, ákvæðisvinna 23.09%.

Hér eru, eins og ég áður sagði aðeins taldar beinar kauphækkanir og hækkanir á kauplið reikningstölu ákvæðisvinnu.

Tími minn vinnst ekki til þess að fara nánar út í þetta, þó að ég hafi hér tiltæka sundurliðun á hverjum lið fyrir sig. En ég held, að heildaryfirlitið, sem ég hef gefið, gefi nokkuð rétta mynd af því, sem hér hefur gerst, þó að hins vegar sé fullkomlega rétt að játa það, að ýmislegum sérákvæðum er hér sleppt, enda stundum verulegur vafi á því, hvað hægt er af því að meta til beins kaups eða ekki.

Ég ætla svo ekki, herra forseti, að — (Forseti hringir.) Ég hlíti því, en það er ágæt afstaða hjá hæstv. forseta að gangast fyrir því að mæla með fsp., en takmarka síðan tíma til þess að svara þeim.

Forseti (Eysteinn Jónsson): Út af síðustu ummælum hæstv. ráðh. þá eru ráðherrum vel kunn þingsköpin, tíminn er 10 mínútur, og á að miða svörin við það.

Fyrirspyrjandi (Bjarni Guðnason): Herra forseti. Svör hæstv. félmrh. voru nokkuð ógreinileg og erfitt að átta sig á þeim. Ég hef náð mér í nokkrar tölur um þetta efni, og ég vil biðja þingheim að leggja við hlustir.

Hækkun Dagsbrúnarkaups er metin að meðaltali ca. 18—19%. 3. taxti Dagsbrúnar hækkaði við samningana úr 163.90 í 186.46 eða um kr. 22.56, miðað við sömu vísitölu. Það er 13.7%, sem hækkunin er. Eftir úrtaksrannsóknum Kjararannsóknarnefndar er kaup trésmiða í uppmælingu í des. 1973 til febr. 1974 kr. 414.65 á tímann. Eftir samningana í febrúarlok fer tímakaupið upp í kr. 509.40. Hækkun á tímann er kr. 94.75 eða 22.84%. Samkv. tölum Kjararannsóknarnefndar um meðalkaup múrara er það í des. til febr. 1974 kr. 540.55 á tímann. Eftir samningana, miðað við sömu vísitölu, fer það í kr. 685.85 á tímann. Hækkun á tímann er kr. 145.30 eða um 26.88%, á meðan Dagsbrúnarverkamaður fékk 13.7%.

Það má benda á, að árið 1936 var tímakaup Dagsbrúnarverkamanns kr. 1.36, en þá var tímakaup trésmiða kr. 1.75 eða 28.9% hærra. Í dag er tímakaup trésmiða í uppmælingu 173.2% hærra en 3. taxti Dagsbrúnar. Í dag er tímakaup múrara í uppmælingu 267.8% hærra en 3. taxti Dagsbrúnar. Sambærilegt mánaðarkaup við tímakaup 3. taxta Dagsbrúnar er í dag kr. 343.20.

Ef miðað er við hækkun á kaupi samkv. 3. taxta Dagsbrúnar 1. mars s.l. og sambærilegt tímakaup trésmiða í tímavinnu, hækkaði 3. taxti um kr. 34.10 á tímann, en trésmiðakaupið um kr. 70.30 eða að krónutölu um rúmlega helmingi meira.

1936 greiddi verkamaðurinn fyrir þjónustu trésmiðs sem svaraði til 77 mínútna vinnu. 1974 greiðir verkamaðurinn fyrir útselda þjónustu trésmiðs, sem vinnur í tímavinnu, sem svarar til 131 mínútna vinnu. 1974 greiðir verkamaðurinn fyrir útselda þjónustu trésmiðs, sem er í uppmælingu, sem svarar til 236 mínútna vinnu. 1974 greiðir verkamaðurinn fyrir útselda þjónustu múrara í uppmælingu sem svarar til 318 mínútna vinnu. Og síðan kemur rúsínan í pylsuendanum: Ef verkamaður fær múrara í vinnu í 1½ tíma, þarf verkamaðurinn að greiða það með heilu dagsverki. Ef verkamaður fær trésmið í vinnu í uppmælingu í 2 klst. þarf verkamaðurinn að greiða það með heilu dagsverki.

Svona eru hlutirnir. Sannleikurinn er sá, að Dagsbrúnarverkamenn, Iðjufólkið, verslunarfólkið og láglaunafólkið, sem hefur ekki kost á eftirvinnu, innan BSRB stendur verr að vígi eftir samninga en áður.

Hver verða áhrifin á byggingarvísitöluna með þessum gífurlegu hækkunum? Til gamans má geta þess, að það liggur frv. fyrir Alþingi um, að bensín skuli hækka í hlutfalli við byggingarvísitölu. Öll vitleysan er ekki eins. Og hvað á nú til ráðs að taka? Láglaunafólkið stendur eitt uppi. Forustumennirnir hafa brugðist og eru að reyna að breiða yfir þessa dæmalausu skyssu. Og sama gildir um ríkisstj. Það er ekki nema eitt eða tvennt til: Verkamannasamband þarf að myndast, sem stendur eitt og óháð utan við aðra þá hópa, sem hér um ræðir, því að það verður ekki tekið á efnahagsmálunum bara með því að pína sem mest af láglaunafólkinu. Það er ekki efnahagsstefna og verður ekki þolað til lengdar.

Svo er ein spurning: Er ekki kominn tími til að binda uppmælingartaxtann við ákveðið hámark, svo sem 50—60% álag á umsamið tímakaup? Við vitum, að þetta er ekki gott, hvorki fyrir viðkomandi vinnuaðila, sem verða útþrælkaðir langt fyrir tímann, né þjóðfélagið. Það þarf að taka í taumana. En þetta er feimnismál. Það þorir enginn að hreyfa þessu. Verkalýðsforustan talar ekki um hlutina, alltaf fram hjá hlutunum, og verkafólkið veit ekkert, um hvað það er að semja. Í raun og veru er ástandið í þessum málum óþolandi, — það verður ekki annað sagt, — og það er hörmuleg saga, að láglaunafólkið í landinu stendur miklu verr að vígi eftir en áður. Og því miður hefur það ekki áttað sig á því, að það er eitthvað að forustunni og eitthvað að ríkisstj.

Félmrh. (Björn Jónsson): Herra forseti. Ég held, að þær tölur, sem ég fór með, séu gerðar eftir bestu vitund og þeim bestu upplýsingum, sem fáanlegar eru, og verði ekki vefengdar, þó að mér virtist, að hv. fyrirspyrjandi væri að gera því skóna, að hér væri um einhverjar tilbúnar tölur að ræða. Hitt er alveg rétt, að tölur eru vandmeðfarnar og það getur ýmislegt falist á bak við þær, sem ekki liggur í augum uppi við fyrstu sýn. Ég get tekið alveg undir það með honum, að varðandi kaup uppmælingarmanna, þó að gefin sé upp hækkun á reikningstölunni, þá gefur hún ekki rétta hugmynd um hlutfallið við verkamannakaupið. Og það er vafalaust alveg rétt, að í krónutölu, — einmitt vegna þess, hvernig það kerfi er upp byggt og hefur falið í sér möguleika til þess að hafa margfalt verka-

mannakaup á hverja klst., — þá kemur hækkun, sem er svipuð að prósentu, út þannig í krónutölu, að ekki er um mikið réttlæti að ræða og jafnvel misréttið aukið frá því, sem áður var. Það er því miður það, sem hefur gerst í meira eða minna mæli í sambandi við þá kjarasamninga, sem nú hafa verið gerðir.

Hins vegar er það alveg út í loftið hjá hv. fyrirspyrjanda að halda því fram, að ríkisstj. hafi átt hér einhvern hlut að máli. Það vita allir, að kjarasamningarnir núna snerust fyrst og fremst um tvö atriði: annars vegar um kauphækkanir, sem voru gerðar sameiginlega af verkalýðshreyfingunni og samið var um við vinnuveitendur, og hins vegar um nokkur atriði, sem sneri beint að ríkisvaldinu að leysa. Þau hafa verið leyst að dómi hv. fyrirspyrjanda þannig, þau mál, sem sneru að ríkisstj., að þar hafi verið um dæmalaust hneyksli að ræða, og benti þar á skattkerfisbreytinguna. Ég held, að þetta sé ekki rétt hjá hv. þm., hér hafi ekki neitt hneyksli skeð, heldur hefur það miklu frekar skeð, að þarna hefur ríkisvaldið gengið lengra en raunverulega hafi verið fyllilega fært og svo fullkomlega staðið við þau loforð og meira til, sem gefin voru og samninganefnd verkalýðsfélaganna sætti sig við.

Hitt er annað mál, að ég get vel lýst því sem skoðun minni í sambandi við þessi mál, að það hafi ekki verið farið að með þeirri gát í sambandi við kjaramálin, sem hefði þurft að gera, hvorki af hálfu ASÍ og samninganefndar þess sem heildar né af hálfu vinnuveitenda. Og mér er alls ekki grunlaust um, að einmitt það, sem mest er gagnrýnt í sambandi við þessa samninga, þ. e. a. s. þessar miklu hækkanir til uppmælingarmanna, hafi fyrst og fremst átt rætur hjá atvinnurekendum, sem í raun og veru eru engir atvinnurekendur, heldur aðeins millilíðir um að selja vinnu manna og hafa þeim mun meiri hagnað sem taxtarnir eru hærri.

Ég fylgdist ofurlítið með þessum samningum, og ég vissi ekki betur en það væri á einu stigi samninganna ákveðið, að uppmælingin skyldi hvorki fá 8% né 1200 kr., heldur skyldi það aðeins koma á tímakaup iðnaðarmanna, og mér er nær að halda, að meira að segja forustumenn samtakanna, bæði ASÍ og Vinnuveitendasambandsins, hafi ekki verið hafðir á nokkurn hátt með í ráðum, þegar þetta var allt í einu komið inn á uppmælingataxtann, sem ég tel mjög miður.

Að það ráð sé við þessu, að það eigi að takmarka kaup uppmælingarmanna með lögum, það er sérmál, sem ég held, að við ræddum nú ekki til hlítar hér í fyrirspurnatíma. Ég bendi á, að við búum í landi frjálsra samninga. Það auðvitað felur það í sér, að það getur verið hætta á því, að það sé gert ýmislegt, sem betur hefði mátt fara. En ég held nú samt, að verkalýðshreyfingin og við almennt hljótum að halda okkur við það kerfi í lengstu lög. Hitt er auðvitað annað mál, að það er ekkert nýtt, hvorki hjá okkur né öðrum, sem búa við slíkt kerfi, að stjórnvöld verða að taka staðreyndirnar eins og þær eru, þegar frjáls samningsgerð hefur farið fram, og haga aðgerðum sínum í samræmi við það, sem þar hefur gerst, hvort sem það hefur verið með hennar vilja eða gegn hennar vilja.

Karvel Pálmason: Herra forseti. Hún er með eindæmum sú árátta, mér liggur við að segja sú ónáttúra, sem hv. 3. landsk. þm. virðist vera haldinn, að því er varðar afstöðuna og viðhorfin til forustumanna verkalýðshreyfingarinnar í landinu, eins og hann hefur margoft látið fram koma í ræðustól hér á Alþingi. Ég fer að halda, að það sé eins farið hans viðhorfum til verkalýðsforustunnar, — eins og hann er blindaður pólitísku ofstæki í garð ríkisstj., eins muni hann vera blindaður pólitísku eða persónulegu ofstæki í garð þeirra manna, sem farið hafa með verklýðsforustuna í landinu um árabil. Það er ekkert nýtt, að heyra ræður eins og hv. 3. landsk. þm. hér áðan í garð þessara manna. Ég var lengi fram eftir að halda, að hér væri maður á ferðinni, sem mælti svo vegna ókunnugleika í þessum málum, og ég veit, að það er rétt. En það er miklu meira, sem þar býr á bak við heldur en bara ókunnugleiki á þeim málum, sem hér er um fjallað. Það þurfti engan hálærðan mann á borð við þennan hv. þm. til þess að vita það, að út úr þeim samningum, sem voru gerðir fyrir rúmum mánuði, fengu þeir, sem eru hærra launaðir, meira en hinir, sem áttu að fá mest, hinir lægst launuðu. Hann talaði hér mikið um uppmælingarmennina, og ég tek undir það. En skyldi ekki þurfa að skyggnast víðar? Það eru fleiri stéttir í landinu, sem eru of hátt launaðir á borð við hina lægst launuðu í verkalýðshreyfingunni heldur en bara þeir menn í byggingaiðnaðinum, sem er hér um fjallað. Það ætti að taka fleiri hópa inn í, meira að segja einn til tvo, ef ekki þrjá hópa, sem þessi hv. þm. hefur tilheyrt og tilheyrir enn. Það eru ekki bara þessir aðilar, uppmælingarmennirnir, sem þarna ættu að koma til athugunar, það eru miklu fleiri hópar.

Nám ökukennara, fsp. (þskj. 579). — Ein umr.

Fyrirspyrjandi (Helgi F. Seljan): Herra forseti. Ég hef leyft mér að bera fram fsp. í tveim liðum til hæstv. dómsmrh. Fsp. er svo hljóðandi:

„1) Hvernig er háttað fræðslu og námi þeirra, sem taka ökukennarapróf? Eru fyrirhugaðar einhverjar breytingar á námstilhögun, og ef svo er, þá hverjar?“

Ástæðurnar fyrir því, að ég hef leyft mér að bera fram þessa fsp., eru þær fyrst og fremst, að ég hef um það rökstuddan grun, að fræðsla og undirbúningur ökukennara fyrir próf sitt sé með all einkennilegum hætti, og vil ég fá úr því skorið, hvort rétt sé, að þar gangi menn undir próf án alls undirbúnings eða beinnar kennslu með t. d. námskeiði. Ef svo er, hlýtur það að teljast furðulegt, þó að vitna megi í meira próf bifreiðastjóra, sem ökukennarar þurfa áður að taka, en þá oft löngu áður.

Bifreiðaeign landsmanna fer sívaxandi, umferð eykst, fleiri og fleiri taka bílpróf og fara út í umferðina. Allt kallar þetta á betri og full-

komnari ökukennslu, strangari kröfur jafnt til kennara sem nemenda. Það er sannarlega bæði vandasamt og ábyrgðarmikið starf að búa fólk sómasamlega undir bílpróf og rík ástæða til þess, að það sé gert sem allra best. Það hlýtur því að vera frumskylda yfirvalda að sjá svo til, að ökukennarar séu undirbúnir sem allra best undir starf sitt, en gangi ekki aðeins undir próf meira og minna óundirbúnir og próftilhögun sé vægast sagt tilviljanakennd, eins og ég hefi af sannar spurnir.

Annað atriði, sem ég hef mjög hugleitt varðandi ökukennsluna, er það, hver sá mikli munur er, sem er á ökuskilyrðum öllum úti á landi og hér á Stór-Reykjavíkursvæðinu. Það er áreiðanlega vafasamt, þótt ekki sé meira sagt, að bifreiðastjóri austan af Reyðarfirði sé fullfær í umferðinni hér, svo að ég taki persónulegt dæmi. Eins er reyndar um marga bifreiðastjóra héðan úr Reykjavík, að okkur þykir þeir ekki sem bestir ökumenn úti á okkar misjöfnu þjóðvegum. Þetta og reyndar ótalmargt fleira þyrfti að taka til athugunar og endurskoðunar, því að svo mikið liggur við, að hér verði í hvívetna sem best að staðið. Um það verður hins vegar ekki deilt, að ökukennslan sjálf hlýtur að vera sú undirstaða, sem hvað nauðsynlegust er, að sé rækt sem best. Með þessu er ég síður en svo að kasta neinni rýrð á ökukennara í dag yfirleitt. Þar er eflaust margt hæfra og góðra manna. Hins vegar hlýtur að þurfa að búa þá rækilega og vel undir starf sitt og eins að þeir eigi kost á námskeiðum öðru hvoru til frekari fræðslu og þjálfunar.

Eftir að ég kom fram með þessa fsp., sendi Pétur Sveinbjarnarson framkvstj. Umferðarráðs mér yfirlit um menntun ökukennara í nágrannalöndunum, þar sem segir, að í Svíþjóð sé ökukennaranám 45 vikur, í Finnlandi 32 vikur og í Noregi 35 vikur. Í Danmörku er hins vegar um að ræða námskeið á vegum Sambands danskra ökukennara, en opinber ökuskóli er ekki til. Það er gott að hugsa til þessara talnalegu upplýsinga, þegar þessi mál eru hér rædd. Ekki síður þess vegna þykir mér sem rétt sé, að sem best komi í ljós, hvernig við búum í þessum efnum og hvað sé þar helst hugsað til úrbóta. Því er þessi fsp. flutt.

Forsrh. (Ólafur Jóhannesson): Herra forseti. Svör mín eru þessi:

Ákvæði um löggildingu ökukennara er að finna í 31. gr. umferðarlaga, nr. 40 1968, og nokkru fyllri ákvæði eru í reglugerð um ökukennslu, próf ökumanna o. fl., nr. 57 1960. Segir þar, að rétt til þess að hafa á hendi kennslu undir almennt próf í akstri og meðferð bifreiða hafi þeir einir, sem til þess hafi fengið löggildingu dómsmrh. Engum má veita ökukennararéttindi, nema hann í fyrsta lagi sé orðinn 25 ára gamall, í öðru lagi hafi óflekkað mannorð og í þriðja lagi hafi eigi gerst sekur um alvarleg eða ítrekuð brot á umferðarlögum eða alvarleg brot á áfengislögum, í fjórða lagi hafi réttindi til að aka leigubifreið til mannflutninga og hafi stundað akstur að staðaldri eigi skemur en 2 ár eftir að hann öðlaðist þau réttindi, í fimmta lagi, að hann hafi staðist sérstakt ökukennarapróf.

Prófgreinar við ökukennarapróf eru þessar: í fyrsta lagi umferðarlög og reglugerðir settar skv. þeim. Í öðru lagi ökukennsla. Í þriðja lagi þau efni, sem kennd eru á námskeiði fyrir bifreiðastjóra á leigubifreiðum til mannflutninga. Prófefni skv. þessum lið skal valið af prófnefnd og því gerð skil í ritgerð, sem rituð skal undir eftirliti prófnefndar. Til samningar ritgerðar skal próftaki fá 2 klst. og eigi afnot hjálpargagna.

Próf skulu haldin eigi sjaldnar en tvisvar á ári. Við prófið skal gefa einkunnirnar frá 0—10. Til þess að standast próf þarf próftaki að fá minnst 6 fyrir hverja prófgrein. Standist próftaki ekki prófið, skal a. m. k. eitt ár líða, þangað til hann fær að þreyta próf að nýju. Ökukennararéttindi falla niður 5 árum eftir útgáfu leyfisbréfs, ef það hefur ekki verið endurnýjað. Dómsmrh. getur hvenær sem er svipt mann ökukennararéttindum, ef ástæða er til. Skal það ávallt gert, ef ökukennari missir skilyrði til að öðlast ökukennararéttindi, svo og ef veruleg brögð verða að því, að ökukennari veiti ökumannsefnum, sem eigi standast próf, vottorð um, að þeir séu hæfir að hans dómi til að taka próf.

Þrátt fyrir framangreind ákvæði skal veita ótímabundin ökukennararéttindi án gjalds þeim, sem lokið höfðu hinn 31. des. 1950 prófi til aksturs leigubifreiða til mannflutninga, ef þeir uppfylla skilyrði skv. 2. og 3. tölul. hér að framan. Ákvæði um sviptingu ökukennararéttinda gilda jafnt um þá, sem fá löggildingu án prófs.

Kennsla í akstri bifhjóla má aðeins fara fram undir stjórn og umsjón löggilts ökukennara. Rétt til þess að kenna á bifhjól hafa þeir einir, sem til þess hafa fengið löggildingu dómsmrh. Skulu þeir uppfylla skilyrði 1.—4. tölul., sem rakin voru hér að framan, auk þess að hafa staðist próf hjá bifreiðaeftirlitsmanni í ökukennslu og meðferð bifhjóla.

Hér hefur verið rakið það, sem segir um löggildingu ökukennara í umferðarlögum og reglugerð. Ökukennarapróf fara fram tvisvar á ári, í apríl og sept., í Reykjavík og á Akureyri. Lúta þau umsjón sérstakrar prófnefndar, sem dómsmrh. skipar, og er í prófnefnd einn lögfræðingur og tveir bifreiðaeftirlitsmenn. Tilhögun prófs er með þessum hætti:

Þegar prófnefnd hefur farið yfir umsóknir og vottorð umsækjenda, boðar hún umsækjendur saman á einn stað og gerir þeim sem gleggsta grein fyrir efni og tilhögun prófanna, en ekki er skipulagt neitt sérstakt námskeið fyrir væntanlega ökukennara. Eftir 7—10 daga mæta próftakar til prófs í umferðarlögum og reglugerðum settum skv. þeim. Prófið er tvíþætt, þannig að spurt er um bein ákvæði. Þeir próftakar, sem staðist hafa prófið í umferðarlögum og reglugerðum, mæta 7—10 dögum eftir það próf í próf um bílinn. Spurt er um vinnu og hirðingu bílsins, og miðast það próf við bókina „Bíllinn“. Jafnframt er spurt um, hvað próftaki hugsi sér að kenna væntanlegum nemendum. Sá hluti prófsins miðast við bókina „Akstur og umferð“. Þeir próftakar, sem staðist hafa prófið um „Bílinn“, fá sér venjulega æfingatíma hjá ökukennara og mæta síðan í akstursþróf. Aksturspróf er tvíþætt. Próftaki sýnir góðakstur

í u.þ.b. 45 mín., síðan ekur einn prófnefndarmaður sem nemandi. Áður en seinni hluti prófsins hefst, er próftaka gerð grein fyrir því, að hann verði að stjórna akstrinum eins og hann sé með nemanda í kennslu. Honum er jafnframt gerð grein fyrir því, á hvaða stigi kennslunnar hugsaður nemandi er, og að hann geri villurnar nokkuð þéttar en venjulegur nemandi. Í akstursprófinu verður próftaki að gera grein fyrir akstri sínum og aksturstilsögn.

Ökukennarapróf voru fyrst tekin árið 1948, en fram til þessa höfðu allir þeir, sem heimild höfðu til aksturs leigubifreiða til mannflutninga og náð höfðu 25 ára aldri, réttindi til ökukennslu. Ökukennararéttindi að afloknu prófi hafa nú um 280 ökukennarar. En auk þess halda fjölmargir menn enn ökukennararéttindum skv. eldri reglum. Eru slíkir menn á skrá hjá dómsmrn. um 880. Ökukennslu stundar hins vegar eigi nema hluti þessa fjölda. Á árinu 1973 voru tekin hér á landi 5363 ökupróf, en ökukennarar þessa hóps voru 263. Skiptust nemendur þannig á kennara, að 74 kennarar höfðu 25 nemendur o. fl., 52 kennarar höfðu 12—24 nemendur, 39 kennarar 6—11 nemendur, 61 kennari var með 2—5 nemendur og 37 kennarar með 1 nemanda. Þannig kenndu 126 ökukennarar 12 nemendum eða fleiri, en 137 kennarar 11 nemendum eða færri.

Að því er víkur að seinni liðnum, er þetta að segja:

Endurskoðun ökukennslu hefur verið á verkefnaskrá Umferðarráðs. Einn þáttur í slíkri endurskoðun er um menntun ökukennara, sem á vissan hátt er forsenda annarra breytinga. Í nágrannalöndum okkar hafa á undanförnum árum orðið miklar breytingar á menntun ökukennara, þannig að væntanlegum ökukennurum er ætlað að sækja námskeið eða sérstaka ökukennaraskóla, áður en þeir þreyta ökukennarapróf. Á vegum Umferðarráðs var á síðasta ári tekin saman skýrsla, þar sem fjallað var um menntun ökukennara í Danmörku, Svíþjóð og Finnlandi, Þýska sambandslýðveldinu og Noregi, en þar í landi hafa nýlega verið gerðar miklar breytingar á skipun ökukennslu og sérstaklega menntun ökukennara með stofnun sérstaks ökukennaraskóla. Skýrsla þessi var rædd á fundi Umferðarráðs 31. okt. s.l. og þá jafnframt tilhögun þessara mála hér á landi. Var framkvæmdanefnd falið að vinna að frekari athugun málsins í samráði við Bifreiðaeftirlit ríkisins og Ökukennarafélag Íslands. Enn hafa ekki verið mótaðar endanlegar hugmyndir um skipun náms ökukennara hér á landi. Eru uppi um skipun náms ökukennaranema hér á landi hugmyndir um að áskilja, að þeir, sem ætla að þreyta ökukennarapróf, skuli fara á námskeið og hljóta þar sérstaka fræðslu fyrir próf. Í umr. um framkvæmd slíkrar fræðslu hefur einkum verið bent á eftirfarandi möguleika:

1) Stofnun sérstaks ökukennaraskóla að norskri fyrirmynd.

2) Sérstakt námskeið fyrir ökukennara, t. d. í tengslum við Kennaraháskóla Íslands, iðnskóla, lögregluskóla ríkisins eða sjálfstæð námskeið á vegum Bifreiðaeftirlits ríkisins og Umferðarráðs.

3) Námskeið á vegum Ökukennarafélags Íslands, sem lyki með prófi, sem dæmt yrði af sérstakri dómnefnd eins og nú er gert.

Enn hefur eigi verið tekin afstaða til þessara hugmynda, en ætla verður, að með þessu skólaeða námskeiðsfyrirkomulagi fáist betri trygging fyrir því, að ökukennsla í landinu verði samræmd. En jafnframt því sem komið verður á breyttu fyrirkomulagi á námi ökukennaranema og ökukennaraprófi, er nauðsynlegt að huga að öðru atriði nátengdu, sem er endurmenntun ökukennara í starfinu.

Eins og áður greinir, er unnið að tillögugerð á þessu sviði hjá Umferðarráði í samráði við m.a. Bifreiðaeftirlitið, sem haft hefur með ökukennraapróf að gera, og Ökukennarafélag Íslands. Er þess að vænta, að till. Umferðarráðs um þetta efni geti legið fyrir síðar á þessu ári.

Fyrirspyrjandi (Helgi F. Seljan): Herra forseti. Ég vil þakka hæstv. dómsmrh. skýr og ítarleg svör við fsp. minni. Það kom fram eins og mig reyndar grunaði, að hér á landi þarf nú enga beina fræðslu eða námsskilyrði til þess að ganga undir próf í ökukennslu. Það hlýtur að vera óvenjulegt, svo að ekki sé meira sagt, að fast nám sé ekki skilyrði til prófs, og það þykir mér því allt of tilviljanakennt, alveg sérstaklega þegar það er staðreynd, að flest ríki í V.-Evrópu eru annað tveggja komin með námskeið eða fastan ökukennaraskóla. Ég fagna því mjög, ef á þessu eru að verða breytingar á einhvern þann hátt, sem hæstv. ráðh. minntist á hér áðan, og þær komi sem allra fyrst til framkvæmda. Menntun ökukennara er nefnilega forsenda fyrir öllum hugsanlegum breytingum á ökukennslunni sjálfri. Umferðin krefst þess blátt áfram, að það sé betur gert. Og það kemur fleira hér inn í. Umferðin krefst þess einnig, hin síaukna umferð, að mönnum séu ekki veitt réttindi til að aka bifreið, nema þeir séu til þess rækilega undirbúnir og einnig við sem ólíkastar og erfiðastar aðstæður.

Ég bendi aðeins á það, að nám að sumarlagi og vetrarlagi og bílpróf á þeim misjafna tíma er sitthvað. Ég bendi einnig á það aftur, að akstur í Reykjavík eða akstur austur á Fljótsdalshéraði er einnig sitthvað. Þetta þarf allt að taka til athugunar. En ég legg áherslu á, að frumforsenda góðrar ökukennslu er einmitt það, að menntun og hæfni ökukennaranna sé sem allra best, og því fagna ég því, að það gæti orðið sem allra fyrst, að þeir nytu góðs náms og beinnar fræðslu, áður en þeir gengju undir sitt próf.

Fiskiðnskóli í Siglufirði, fsp. (þskj. 589). — Ein umr.

Fyrirspyrjandi (Eyjólfur K. Jónsson): Herra forseti. Hinn 30. mars 1973 var samþ. þál. um fiskiðnskóla í Siglufirði, sem hljóðar svo: „Alþingi ályktar að skora á ríkisstj. að hefja undirbúning að því, að settur verði á stofn fiskiðnskóli í Siglufirði". Nú hef ég ásamt hv. 5. þm. Norðurl. v. leyft mér að bera fram fsp. um það til hæstv. menntmrh, hvað þessum undirbúningi liði.

Menntmrh. (Magnús T. Ólafsson): Herra forseti. Eins og hv. fyrri fyrirspyrjandi tók fram, er þál. frá 30. mars 1973 á þessa leið: „Alþingi ályktar að skora á ríkisstj. að hefja undirbúning að því, að settur verði á stofn fiskiðnskóli í Siglufirði."

Í 6. gr. l. nr. 55 1971 um fiskvinnsluskóla, segir svo m. a.: „Skólinn skal staðsettur á Suðvesturlandi. Auk þess skal stofnaður skóli í Vestmannaeyjum, sem útskrifi fiskiðnaðarmenn og fiskvinnslumeistara, og skal náminu í skólanum skipt í 3 deildir. Á árunum 1972—1975 skal enn fremur undirbúa stofnun fiskvinnsluskóla 1. og 2. stigs á Suðurnesjum, Akranesi og í stærstu fiskiðnaðarstöðum í öðrum landshlutum. Heimilt skal að fengnu samþykki ráðuneytisins að setja á stofn framhaldsdeildir við skólana utan Reykjavíkur, þegar skilyrði eru fyrir hendi."

Þegar eftir stofnun Fiskvinnsluskólans hóf menntmrn. viðræður við skólastjóra og skólanefnd skólans um þetta efni. Með bréfi rn. dags. 10. des. s.l., var þessum aðilum falið formlega að undirbúa stofnun fiskvinnsluskóla í samræmi við framangreint lagaákvæði. Skólastjóri Fiskvinnsluskólans, Sigurður Haraldsson verkfræðingur, var jafnframt skipaður formaður undirbúnings- og viðræðunefndar, er fjalla skyldi um þetta efni, og mun n. sérstaklega athuga skilyrði til stofnunar skóla á Akranesi, Ísafirði, Akureyri, Neskaupstað og Siglufirði, auk Vestmannaeyja, en að sjálfsögðu er n. heimilt að kanna möguleika á öðrum stöðum, ef henni list svo. Þegar frumathugun n. er lokið, mun ráðuneytið skrifa bæjarstjórnum þeirra kaupstaða, sem koma til álita, og óska eftir því við bæjarstjórn á hverjum stað, að hún tilnefni til viðræðna og samstarfs við n. tvo eða þrjá fulltrúa af sinni hálfu. Störf undirbúningsnefndar þessarar eru að vísu skammt á veg komin, enda nauðsynlegt, að vel verði til þeirra vandað og hliðsjón höfð af reynslu hins nýstofnaða Fiskvinnsluskóla, sem aðsetur hefur í Hafnarfirði, eins og kunnugt er. Ráðuneytið mun hins vegar leggja áherslu á, að reynt verði að hraða störfum n. eftir föngum.

Að lokum má geta þess, að n., sem vinnur að því á vegum rn. að endurskoða reglugerð um framhaldsdeildir gagnfræðaskólanna, hefur haft til athugunar að stofna til matvælakjörsviðs við framhaldsdeildirnar, er hefði sams konar námsefni í meginatriðum og undirbúningsdeild Fiskvinnsluskólans, og gætu nemendur framhaldsdeildanna þannig stytt nám sitt í fiskvinnsluskóla um eitt ár. Þetta fyrirkomulag ætti að vera sérstaklega hentugt fyrir nemendur á þeim stöðum, þar sem ekki verður unnt að stofna fiskvinnsluskóla að sinni. Náið samband er haft við skólastjóra og skólanefnd Fiskvinnsluskólans um þetta efni.

Fyrirspyrjandi (Eyjólfur K. Jónsson): Herra forseti. Ég leyfi mér að þakka hæstv. menntmrh. fyrir þær upplýsingar, sem hann hefur gefið. Að vísu hefði ég kosið, að þetta mál hefði náð lengra fram en raun ber vitni. Alþingi hefur markað þá stefnu, að fiskiðnskóli rísi í Siglufirði, og ég vænti þess, að hæstv. menntmrh. fylgi því máli fram og lengri dráttur verði ekki á, að undirbúningur hefjist.

Dreifing sjónvarps, fsp. (þskj. 589). — Ein umr.

Fyrirspyrjandi (Jónas Jónsson): Herra forseti. Það var snemma á þinginu, að ég bar fram fsp. til hæstv. menntmrh. á þskj. 14. Sú fsp. kom til umr. 30. okt. s.l., og varðaði hún dreifingu sjónvarps, og var þar spurt um, hvað miðað hefði dreifingu sjónvarps á s.l. ári, um aðflutningsgjöld af innfluttum sjónvarpstækjum og hver væru áform um að ljúka dreifingu sjónvarps og hvað væri áformað að gera í því máli á næstunni. Í svörum menntmrh. kom fram, að tekjurnar af innfluttum sjónvarpstækjum voru verulega þornandi lind. Árið 1968 námu þær 56.7 millj. kr., en á yfirstandandi ári var áætlað, að þær næmu 24 millj. kr. Einnig kom fram í svörum ráðherrans þá, að ekki voru uppi á þeim tíma neinar áætlanir af hálfu stjórnvalda um tekjuöflun til frekari dreifingar sjónvarpsins. Síðan hafa komið fram tvær þáltill. um þetta efni, og eru þær á þskj. 13 og 19, en þær hafa ekki hlotið afgreiðslu enn á þinginu.

Það hefur komið fram samkv. skýrslum Landssímans, að nú er talið, að 1472 sveitabæir njóti engra eða ófullkominna sjónvarpsmóttökuskilyrða og að það muni þurfa um 150 sjónvarpsstöðvar til að veita þessum bæjum sjónvarpsskilyrði. Hvað þetta muni kosta, er erfitt að segja nú, en eldri áætlanir voru um það, að þetta mundi kosta um 150 millj. kr. Þó að mál þetta snerti ekki marga, þá brennur það mjög á þeim bæjum og því fólki, sem enn hefur engin eða mjög ófullkomin sjónvarpsskilyrði, og það býður að sjálfsögðu mjög spennt að vita, hvernig horfir með þetta mál. Ég hef því leyft mér að flytja fsp. til hæstv. menntmrh. enn um sama efni á þskj. 589, og hljóðar hún svo, með leyfi forseta:

„1. Hvaða framkvæmdir eru fyrirhugaðar á þessu ári til að koma sjónvarpi til byggða, sem enn hafa engin eða ófullkomin móttökuskilyrði fyrir sendingar sjónvarpsins?

2. Eru fyrirhugaðar nýjar fjármögnunarleiðir til að flýta dreifingu sjónvarps og til að endurbæta dreifingarkerfi sjónvarpsins?

3. Hefur verið gerð áætlun um það, hvenær hægt verði að ljúka dreifingu sjónvarpsins til þeirra aðila, sem geta vænst þess að geta notið sjónvarpssendinga á næstu árum?"

Menntmrh. (Magnús T. Ólafsson): Herra forseti. Fsp. hv. 1. þm. Norðurl. e. var vísað til Ríkisútvarpsins. Um liði fsp. er fjallað í svo hljóðandi bréfi frá útvarpsstjóra:

„1. Verið er að koma upp míkróbylgjusendum fyrir sjónvarp í samvinnu við Landssíma Íslands, sem einnig stendur að framkvæmdum, á svæðinu frá Akureyri vestur undir Blönduós. Þessi framkvæmd á að tryggja og bæta móttöku á Vaðlaheiði og Gagnheiði og öllum þeim dreifistöðvum, sem þeim eru tengdar.

2. Ríkisútvarpið hefur sótt um 35 millj. kr. lánsheimild til fyrrgreindra framkvæmda.

3. Ríkisútvarpið hefur ekki gengið frá neinni fullnaðaráætlun, þar eð framkvæmdafé er ekki fyrir hendi.

Þess skal að lokum getið," segir útvarpsstjóri í bréfi sínu, „að ein síðasta framkvæmd í dreifingu sjónvarps var hús og sendistöð á Húsavíkurfjalli. Þessi stöð hefur staðið fullbúin af hálfu Ríkisútvarpsins frá því í fyrrahaust, en rafmagn hefur ekki enn fengist til stöðvarinnar."

Fyrirspyrjandi (Jónas Jónsson): Herra forseti. Ég vil leyfa mér að þakka hæstv. menntmrh. fyrir svörin, en jafnframt harma ég það, að enn virðist ekki vera brotinn ísinn í þessu máli í þá átt að afla tekjustofna til þess að ljúka dreifingu sjónvarps um landið. Virðist allt sitja þar í sama fari, og leyfi ég mér að lýsa megnri óánægju yfir því. Mér finnst það ekki vera sæmandi, eftir að sú tekjulind, sem notuð var til að dreifa sjónvarpi til landsmanna, er þornuð, sem menn gátu séð fyrir að mundi þorna, að við það sé setið, þegar fjöldinn er búinn að fá sjónvarpið, og ekkert sé gert meira. Þetta er mannréttindamál. Þó að menn séu fáir og dreifðir, eiga þeir rétt á þessu. Mér finnst það ekki sæmandi þjóð, sem kennir sig við velferð og jafnrétti og vill, að allir þegnarnir búi við sem jafnasta aðstöðu, og alls ekki heldur sæmandi fyrir ríkisstjórn, sem vill vinna að jafnvægi í byggð landsins og jöfnuði á milli þegnanna, að láta þetta mál liggja þannig og koðna niður, það sé ekkert í því gert. Það þarf að finna leiðir til að leysa þetta. Þetta er ekki stórkostlegt mál, þetta er ekkert stórt efnahagsmál, en það er menningarmál. Og það mætti spyrja: Vilja ekki notendur, þeir sem búnir eru að fá sjónvarpið, leggja eitthvað á sig, til þess að þetta jafnréttismál nái fram að ganga? Það mætti líka spyrja: Væri ekki hægt að haga rekstri sjónvarps og útvarps á þann máta, að það væri hægt að leggja áherslu á þetta átak, sem er ekki stórvægilegt? Mætti t. d. ekki stytta dagskrána eða spara í henni, jafnvel þó að væri slegið af kröfum um gæði, vegna þess að þetta væri gert í ákveðnum tilgangi? Ég tel, að allt slíkt væri verjandi, að hækka afnotagjald eða spara, en það vera ósæmandi og óverjandi að láta við svo búið standa.

Þorv. Garðar Kristjánsson: Herra forseti. Ég vil taka undir orð síðasta hv. ræðumanns um það, að óverjandi er og óhæfa, hvernig haldið er á dreifingarmálum sjónvarpsins. Og þó að ég kunni að hafa minna álit á núv. ríkisstj., en hv. þm., vil ég taka undir það, að því er naumast trúandi, að ríkisstj. geti ekki aðhafst eitthvað frekar í þessum málum en orðið er.

Hv. fyrirspyrjandi er mikill áhugamaður um dreifingu sjónvarps, þetta er 2. fsp., sem hann gerir á þessu þingi í þessu efni. Það er góðra gjalda vert að hafa áhuga á þessum málum, en höfuðatriðið er að koma einhverju í framkvæmd. Við getum allir verið sammála um, að það, sem er aðalatriðið í þessu efni, er að útvega fjármagn til þessara hluta. Það er að taka ákvörðun um, að það sé gert.

Ef við ræðum um almenna dreifingu sjónvarpsins, kemur mjög til greina að hækka afnotagjöldin. En ég vil aðeins nota þetta tækifæri til þess að minna á till., sem ég ásamt 7 öðrum þm. Sjálfstfl. endurflyt á þessu þingi, flutti á síðasta þingi og hefur enn ekki fengið afgreiðslu í n. Þar er gerð till. um að gera ákveðið átak til þess að koma sjónvarpinu á þá sveitabæi, sem ekki njóta þess nú. Ég vil nú mælast til þess, að hv. þm., sem hefur svona mikinn áhuga á dreifingu sjónvarpsins, beiti áhrifum sínum í sínum flokki, til þess að okkur takist að fá afgreiðslu á jafnsjálfsögðu máli og þessu.

Halldór Blöndal: Herra forseti. Erindi mitt hingað í ræðustólinn er að spyrjast fyrir um það hjá hæstv. menntmrh., hvort það hafi komið til tals eða hvort það sé í undirbúningi af hálfu ríkisstj. að gera ráðstafanir til þess, að sjónvarp náist til bátaflotans hringinn í kringum landið. Þetta er mikið hagsmunamál sjómanna, og eins og okkur er kunnugt, er það æ algengara, að sjónvarpstæki séu í bátum. Erindi mitt er að spyrjast fyrir um það, hvort nokkuð hafi gerst í því máli.

Menntmrh. (Magnús T. Ólafsson): Herra forseti. Varðandi dreifingu sjónvarps til fiskimiða umhverfis landið get ég vísað til svars míns við fsp. um það mál, sem borin var fram fyrr í vetur. Þar kom fram, að það mál er nú í tæknilegri athugun hjá Landssímanum að undirlagi Ríkisútvarpsins. Eins og ég sagði þá, endurtek ég nú, að strax og niðurstaða þeirrar athugunar liggur fyrir, mun ég gera þingheimi grein fyrir því.

Sameinað þing, 73. fundur.

Þriðjudaginn 2. apríl, að loknum 72. fundi.

Græðsla Sauðlauksdalssanda, þáltill. (þskj. 594). — Hvernig ræða skuli.

Að till. forseta var ákveðin ein umr.

Skipan gjaldeyris- og innflutningsmála, þáltill. (þskj. 585). — Ein umr.

Flm. (Jón G. Sólnes): Herra forseti. Ég vil nú láta í ljós þakklæti mitt til forseta fyrir þá tilhlutunarsemi, sem hann sýnir mér með því í þessu mikla annríki, sem nú ríkir í þingstörfunum, að taka þessa till. mína svo fljótt á dagskrá, að mér gefist tækifæri til þess að fylgja henni úr hlaði.

1. gr. reglugerðar þeirrar, sem þáltill. sú, sem hér er til umr., skírskotar til, hljóðar þannig, með leyfi forseta:

„Innflutningur á vörum til landsins skal vera frjáls, nema annað sé ákveðið í sérstökum lögum eða í reglugerð. Sama máli gegnir um gjaldeyrisgreiðslur til útlanda."

Þetta er ágætt, svo langt sem það nær. Gallinn

er bara sá, að með ýmsum ákvæðum, sem um er rætt sérstaklega í II. kafla fyrrgreindrar reglugerðar, eru margvísleg fyrirmæli um eyðublaðanotkun og skriffinnsku alls konar í sambandi við almennar umsóknir og þá sérstaklega afgreiðslur, er snerta yfirfærslur eða greiðslur í erlendum gjaldeyri, svo að í framkvæmdinni verða öll þessi mál seinvirkari, fyrirhafnarmeiri og erfiðari viðfangs en þyrfti að vera.

Eins og getið er í grg. af hálfu flm. þessarar till., hafa á þeim nær hálfum öðrum áratug, sem liðinn er frá því, að umrædd reglugerð tók gildi, orðið svo örar breytingar í heiminum á sviði viðskipta og þá sérstaklega fjármagnsflutnings almennt, að nú er svo komið að dómi flm. þessarar þáltill., að mörg ákvæði reglugerðarinnar eru orðin gersamlega úrelt og standa beinlínis í vegi fyrir eðlilegum hagvexti þjóðarinnar í heild.

Að dómi flm. þessarar þáltill. er helstu agnúa á reglugerðinni að finna í ákvæðum í II. kafla reglugerðarinnar, 7.—10. gr., og hefði verið freistandi að lesa þessar greinar upp með leyfi hæstv. forseta, en tími leyfir það nú ekki. En það er skoðun flm., að þegar um innflutning og yfirfærslu fyrir frílistavörur er að ræða, — mætti vera um verulega upphæð að ræða, — þá gilti sú regla, að það þyrfti bókstaflega engar umsóknir eða eyðublaðanotkun, hlutaðeigandi gjaldeyrisbönkum væri fullkomlega frjálst að afgreiða slík mál viðstöðulaust og gætu sjálfir séð um að halda nauðsynlega skrá eða skýrslur um notkun og yfirfærslu gjaldeyris í viðkomandi tilfellum.

Þá er að dómi flm. fráleitt ákvæði 10. gr. fyrrgreindar reglugerðar, að eigi sé heimilt að tollafgreiða vörur, nema innflutningsreikningar séu áritaðir eða stimpaðir af gjaldeyrisbanka um, að vörurnar séu greiddar eða greiðsla tryggð í erlendum gjaldeyri. Þar sem frjáls viðskipti eru ríkjandi, eiga slík málefni að vera algjört samningsatriði milli seljanda og kaupanda vörunnar um tilhögun á greiðslu. Það getur oft staðið þannig á, að samningar séu á lausu um þetta atriði milli seljanda og kaupanda, og ekkert við það að athuga, þar sem frjálsræði er ríkjandi um viðskipti manna á meðal. Slíkt fyrirkomulag á að sjálfsögðu ekki að hindra eða tefja á nokkurn hátt, að lögboðin aðflutningsgjöld, tollar og þess háttar greiðslur séu skilvíslega innt af hendi.

Í 8. og 9. gr. reglugerðarinnar eru ákvæði um heimild innflytjanda til að flytja inn vörur með gjaldfresti. Þessi ákvæði eru að dómi flm. allt of þröng. Ég þykist vita, að það vaki fyrir hlutaðeigandi gjaldeyrisyfirvöldum að vilja hafa hönd í bagga með, að ekki sé stofnað til óþarflegra lausaskuldbindinga í erlendum gjaldeyri vegna innflutnings varnings eða annarra hluta. Þetta er algjörlega úrelt fyrirkomulag. Í lýðfrjálsu landi á það að vera fullkomlega á valdi einstaklinganna sjálfra að gera hverjar þær skuldbindingar sem þeir kjósa. Þeir eiga sjálfir að vera ábyrgir gerða sinna í þeim efnum og bera afleiðingar af þeim, en ekki þurfa að lúta boði eða banni einhverra opinberra stjórnvalda og skriffinnskubákna hvað snertir slík viðskipti, enda hefur reynslan sýnt það, að ákvæðið, sem hér er vikið að, hefur skaðað þjóðina um stórkostlegar fjárhæðir. Þegar t. d. um miklar fyrirsjáanlegar verðsveiflur er að ræða á helstu neysluvörum, hráefnum og t. d. nauðsynlegustu verksmiðjuvörum atvinnuveganna, er afar áríðandi, að ákvæði sem þessi hindri ekki, að hægt sé án tafar að gera nauðsynlegar ráðstafanir til þess að gera sem hagkvæmust innkaup. Ég vil nefna sem dæmi, að á árinu 1972 var gert mikið veður út af því, að lausaskuldir verslunarinnar við útlönd væru komnar í 2 milljarða kr., en það var ekkert í því sambandi minnst á það, hvernig væri háttað með vörubirgðir í landinu á móti þessum skuldbindingum. Á þeim tímum, þegar öllum, sem augun höfðu opin, var ljóst, að stórkostleg verðhækkunaralda var að skella á í heiminum á öllum vöruflokkum, var þessum vanda mætt hér með því að herða á ákvæðunum um að kaupa vörur gegn gjaldfresti, stytta leyfilegan lánstíma. Hvað halda menn, að slíkar ráðstafanir sem þessar hafi kostað þjóðina í auknu innkaupsverði varanna, og hvað halda menn, að ekki hvað síst þessi ráðstöfun eigi mikinn þátt í hinum mikla og sívaxandi verðbólguvanda, sem við erum alltaf að stríða við? Í stað þess að örva og hvetja hina ýmsu aðila og beinlínis létta undir með þeim að gera sem hagkvæmust innkaup og þar með að tryggja, að í landinu væri sem allra mest af birgðum af nauðsynlegustu neysluvörum, hráefnum og rekstrarvörum á sem hagstæðustu innkaupsverði, er allt sett í gang til þess að torvelda og hefta allar skynsamlegar athafnir í þessum málum, og afleiðingin verður einfaldlega sú, að þjóðin í heild þarf að nota miklu meira af ársframleiðslu sinni til þess að greiða fyrir þessa hluti heldur en þurft hefði, ef meiri fyrirhyggja og frjálsræði hefðu ríkt í þessum málum. Ég tel, að það, sem hér hefur verið sagt, sé hvað mest sláandi dæmi um það, hvílíkri blindni og skorti á yfirsýn og fyrirhyggju þeir hafa verið haldnir, sem ráðið hafa gangi þessara mála. Þá má benda á þá staðreynd, að sú takmarkaða heimild, sem veitt er til erlendra vörukaupa, miðast almennt við víxla, sem eru dýrustu vörukaupalán, sem um ræðir. Því má ekki heimila góðum og traustum fyrirtækjum og einstaklingum, sem þess eru megnugir, að fá lán í erlendum bönkum eða hjá öðrum aðilum til þess að geta gert sem hagkvæmust innkaup, t. d. með því að gera stórinnkaup gegn staðgreiðslu í erlendum gjaldeyri og ná þannig oft afslætti eða fyllsta magnsafslætti? Slík tilhögun og viðskipti þjóða á milli er yfirleitt heimiluð í samskiptum ríkja á Vesturlöndum og í hinum frjálsa heimi. Við erum eina landið af svokölluðum lýðræðisríkjum utan Sovét-Rússlands og annarra sósialistaríkja, sem virðumst þurfa að hafa eitthvert járntjald eða múr í sambandi við slík viðskipti. Það er vert að athuga, að það eru mörg fyrirtæki og einstaklingar, sem eru í þeirri aðstöðu, sem betur fer, að njóta trausts á erlendum lánamarkaði og hafa möguleika til fjárútvegunar, sem þeir kannske hins vegar hafa ekki hér heima. Þess konar viðskipti eru eingöngu rekin á ábyrgð hlutaðeigandi aðila, og gildir um slík viðskipti allt annað en t. d. opinberar lántökur, sem raunar eru þær einu, sem aðgæslu þarf við því að slíkar lántökur verða í langflestum tilfellum ekki endurgreiddar

nema með margs konar skattaálögum á þegna þjóðfélagsins.

Í till. þeirri, sem hér er til umræðu, er minnst á sem áfanga svipað fyrirkomulag og er í gildi á Norðurlöndum, t. d. í Danmörku. Það er nú ekki farið fram á meira til að byrja með. Í Danmörku er frílistavöruinnflutningur algjörlega frjáls og ekki háður neinum umsóknum eða eyðublaðavafstri. Ferðamannagjaldeyririnn er svo að segja frjáls og laus við allar umsóknir og eyðublöð. Lántökur einstaklinga og fyrirtækja allt að mjög hárri upphæð á íslenskan mælikvarða, sem skiptir millj. kr., er algjörlega frjáls og mjög greitt um lántökur, t. d. til fjárfestingar og annarra framkvæmda.

Þá vil ég minnast á eina tegund viðskipta, sem mjög er tíðkuð hjá nágrannaþjóðum okkar, og það er svokölluð „termin", sem lauslega mætti þýða tímasetningarviðskipti. Öllum er kunnugt, að það hefur alltaf verið viss beygur í aðilum hér að takast á hendur skuldbindingar um greiðslu í erlendum gjaldeyri. Með „termin"-viðskiptum er hægt að tryggja sig algjörlega gegn tapi eða öðrum skakkaföllum vegna hugsanlegra gengisbreytinga. Þetta gerist á þann hátt, að hlutaðeigandi, sem hefur t. d. tekist á hendur skuldbindingu um greiðslu í erlendum gjaldeyri, getur með slíkum kjörum tryggt sér gegn vægu gjaldi kaup á honum, nauðsynlegum erlendum gjaldeyri, á tilsettum tíma á því gengi, sem skrásett er, þegar hann tekst skuldbindinguna á hendur. Hvílíkt öryggi og þægindi eru slíku samfara, vænti ég, að leynist engum, sem þekkir til þessara mála. En hins vegar sýnir það kannske ljósast, hve gersamlega við erum á eftir tímanum í nútíma viðskiptum, að þessi háttur í sambandi við innlausn erlendra skuldbindinga er gjörsamlega óþekkt fyrirbrigði hér á landi. Þess má einnig geta hér, að slík tilhögun er einnig framkvæmd erlendis í sambandi við sölu erlends gjaldeyris af framleiðanda útflutningsvöru og gæti oft komið sér vel, jafnmiklar sveiflur og hér eru á gengi.

Þá er atriði, sem ég vildi minnast á og tel mjög þýðingarmikið í sambandi við öll þessi mál, og það er heimild bankastofnana og innlánastofnana hér á landi til þess að taka við erlendu fé til geymslu með þeim hætti, að slíkir reikningar séu algjörlega frjálsir, á erlendu máli „convertible", að því er snertir aðila, sem búsettir eru erlendis. Þessi tilhögun viðgengst í öllum þróuðum löndum og víða um heim, og það er náttúrlega langæskilegast, að allir innlánsreikningar og allt fjármagn yfirleitt sé gersamlega frjálst til hvaða ferðar eða notkunar sem er. Það er staðreynd, að okkur Íslendinga hefur ávallt og þá ekki síst á hinum síðustu tímum hrjáð mjög bagalega vöntun á fjármagni. Við höfum ekki verið þess megnugir, — og kannske ekki hægt með sanngirni að ætlast til þess, að jafnfámenn þjóð og við erum geti komið því við, — að skapa jöfnum höndum það fjármagn, sem við þurfum bæði til neyslu, almenns rekstrar og til þeirra mörgu og mikilvægu fjárfestingarframkvæmda, sem ávallt eru og verða á döfinni hjá okkur. Það hefur alltaf verið svo, að við höfum í sívaxandi mæli þurft að leita fyrir okkur að erlendum lánamörkuðum í sambandi við nauðsynlega fyrirgreiðslu í þessu efni, enda tala verkin í þeim málum, þar sem skuldir okkar erlendis nema nú milljarðatugum, og þá er öllum ljóst, hver stórkostleg upphæð það er, sem á hverjum tíma fer af andvirði þjóðarframleiðslunnar í að greiða afborgun og vexti af slíkum skuldum. Og hvað halda menn, að íslenska þjóðin sé á undanförnum árum búin að greiða mörg hundruð millj. kr. í beina þóknun til erlendra fjármagnsmiðlara í sambandi við lánsfjárútlátanir fram yfir eðlilegar vaxtagreiðslur á hverjum tíma? Með þessa staðreynd í huga, er það þá ekki þess virði, að gerð sé a. m. k. smátilraun með að koma á svipaðri tilhögun á þessum málum hjá okkur og gerist hjá þeim þjóðum, sem næst okkur standa og við höfum nánust samskipti við eins og t. d. Norðurlandaþjóðirnar?

Í till. þeirri, sem hér liggur fyrir hv. Alþingi, er gert ráð fyrir því, að við væntanlega breyt. á reglugerð um skipan innflutnings- og gjaldeyrismála verði þó ekki gengið lengra til að byrja með en að þessum málum verði hagað hér með svipuðum hætti og hjá t. d. Dönum. Þar hafa bankastofnanir og aðrar innlánsstofnanir fullt umboð og leyfi til þess að taka við fé til geymslu fyrir erlenda aðila og eru ósparar á að auglýsa þá þjónustu í hinum ýmsu heimsfjölmiðlum. Og hjá þjóð, sem stöðugt vantar fjármagn, hvað getur eiginlega verið því til fyrirstöðu að heimila slíka starfsemi? Að dómi flm. þessarar till. er fyrirsjáanlegt, að með slíkri ráðstöfun mundum við á ódýrastan og hagkvæmastan hátt geta bætt úr fjármagnsskorti okkar, og ef vel tækist til, sem ég hef óbifandi trú á, yrði þróunin sú, að okkur yrði falið að geyma miklu meira fé en við þurfum á að halda vegna okkar framkvæmda. En það er enginn vandi að miðla því fjármagni á annan hátt, og af slíkri starfsemi gætu orðið ríflegar tekjur í þjóðarbúið og miklu meiri, held ég, en menn gera sér í hugralund nú.

Smáþjóð eins og Bahamaeyjar gaf þessa starfsemi algjörlega frjálsa fyrir nokkrum árum og fékk á tæpum þremur árum innlánsfé til geymslu, sem nálgaðist 3 milljarða dollara. Er virkilega ekki þess virði, að tilraun, sem felst í að skapa möguleika fyrir slíka fjármagnsmiðlun hér, sé gerð? Ef við lítum á ástandið hér, þá er eins og við þjáumst af einhverri ólæknandi minnimáttarkennd í sambandi við meðferð fjármagns. Hér er ekki einu sinni hægt að skila erlendum gjaldeyri nema sækja um það á sérstöku eyðublaði og útfylla einhver ósköp af dálkum, upplýsingum og skýringum. Slík tilhögun er ekki beinlínis hvetjandi til skjótra og stórra aðgerða eða almennrar fjármagnssköpunar. Merkur erlendur fjámálamaður, sem er sérfræðingur í alþjóðlegum fjármagnsviðskiptum, sagði mér einu sinni, er við ræddum þessi mál saman, að hann vildi kenna mér eina stutta, einfalda, en gullvæga reglu í sambandi við fjármagn, og voru orð hans eitthvað á þessa leið: Það er eðli fjármagns, að þar sem vegferð þess er fullkomlega frjáls, þar sem það má koma, dvelja og fara, eftir því sem hentar því hverju sinni, þar stöðvast fjármagnið. Við minnstu hindrun eða torfæru styggist það og flögrar á braut. — Ég held, að það sé mikið til í því,

sem þessi mæti maður hélt fram. A. m. k. finnst mér, að þessi regla sannist á okkur.

Við Íslendingar höfum lengst af búið við mismunandi strangar reglur og höft um tilkomu og meðferð fjármagns og þá alveg sérstaklega að því er lýtur að erlendum viðskiptum. Íslenskur gjaldmiðill hefur þess vegna aldrei notið trausts. Alltaf hefur verið fyrir hendi tilhneiging hjá landsfólkinu og öðrum til þess að vantreysta hinum opinbera gjaldmiðli þjóðarinnar. Þetta er ekki sagt út í bláinn. Þetta er staðreynd, sem meira að segja er viðurkennd af þeim, sem fara með æðstu stjórn peningamála í þessu landi. Verðtryggðu skuldabréfin eða vísitöluskuldabréfin, sem aðeins opinberum stjórnvöldum er heimilt að gefa út og selja, hvað eru þau annað en viðurkenning á því, að seðlarnir, sem seðlabanki landsins er látinn gefa út og prenta og eru ávísanir til landsmanna á svo og svo margar krónur, séu ofskráðir, þ. e. þeir standi ekki fyrir sínu verðgildi? Hvað segja auglýsingarnar, sem klingja í eyrum manna daglega úr öllum fjölmiðlum? „Hygginn maður" o. s. frv. „ávaxtar fé sitt í verðtryggðum spariskírteinum ríkissjóðs" — og aðrar auglýsingar í þeim dúr.

Ég legg áherslu á þá staðreynd, að mér vitanlega þekkjast þessar vísitölubundnu fjárskuldbindingar hvergi í vestrænum löndum utan Íslands. Við erum algjört viðundur á þessu sviði, og það er verið að skapa hér stórhættulegan vítahring, sem okkur er lífsnauðsyn að rjúfa hið allra fyrsta, ef allt fjármálakerfi þjóðarinnar á ekki hreint og beint að hrynja til grunna.

Nú háttar svo til hjá okkur, að við höfum háþróað bankakerfi, höfum prýðilega menntuðum og hæfum starfskröftum á að skipa til þess að reka hverja þá banka- og fjármálastarfsemi, sem frjálst nútíma fjárhagskerfi þarfnast. Við eigum atorkusama og dugmikla stétt kaupsýslumanna meðal félaga og einstaklinga. Það er því ekkert annað en einhver rótgróin minnimáttarkennd, úrelt oftrú á yfirburðum eyðublaðaskriffinnskukerfisins, sem að dómi flm. þessarar þáltill. hefur staðið í vegi fyrir því, að við erum ekki fyrir löngu búnir að breyta til og færa fjármála- og viðskiptakerfi okkar í það horf, að við stæðum fyllilega jafnfætis öðrum frjálsum þjóðum, þ. e. að skapa hér frjálst hagkerfi. Á þann hátt einan höfum við möguleika til þess að hefja gjaldmiðil þjóðarinnar til þess vegs, að hann njóti á hverjum tíma fyllsta trausts hjá bæði þjóðinni sjálfri og hjá öðrum, eins og hæfir sjálfstæðu, frjálsu og fullvalda ríki. Það er ekki þýðingarminnsti þátturinn í sjálfstæðisbaráttu einnar þjóðar, að gjaldmiðill hennar sé traustur, bæði inn og út á við, að hann standi fyrir sínu, hvar sem er, hvenær sem er, hafta- og hömlulaust.

Ef þáltill., sem hér er til umr., fengist samþ., er að dómi flm. verið að stíga mikilvægt spor í rétta átt. Eins mikil og náin samskipti og við höfum t. d. við hin Norðurlöndin, ætti það að vera okkur nokkur hvatning til þess að gera a. m. k. tilraun til þess að skipa innflutnings- og gjaldeyrismálum þjóðarinnar á svipaðan hátt og gerist hjá þeim, eftir því sem staðhættir frekast leyfa. Og flm. er ekki í neinum vafa um það, að þegar reynsla hefur fengist á þeirri breyt., sem lagt er til, að gerð verði með þessari þáltill., þá mun þess ekki langt að bíða, að komið verði á fullkomlega frjálsu hagkerfi á Íslandi, þjóðinni allri til ómetanlegra heilla og velfarnaðar. Við höfum allt of lengi verið þrælar og unnið fyrir fjármagnið. Nú skulum við taka upp aðra háttu. Við skulum fara eftir ráðum hins glögga fjármálamanns, sem ég vitnaði í áðan, veita fjármagninu frjálsa vegferð. Við skulum láta það vinna fyrir okkur, þegar það kerfi er komið á og fær að njóta sín að fullu. Þá mun sannast, að slíkar ráðstafanir verða veigamikill þáttur í að bæta úr þeim sífelldu efnahagserfiðleikum, sem nú virðist vera orðinn krónískur sjúkdómur hér á landi og orðið hefur hverri ríkisstj. af annarri að fótakefli og falli.

ATKVR.

Till. vísað til allshn. með 35 shlj. atkv. og umr. frestað.

Fjáraukalög 1971, frv. (þskj. 398). — Frh. 1. umr.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 35 shlj. atkv. og til fjvn. með 33 shlj. atkv.

Neðri deild, 97. fundur.

Þriðjudaginn 2. apríl, að loknum fundi í sameinuðu þingi.

Hagrannsóknastofnun og Framkvæmdastofnun ríkisins, frv. (þskj. 3, n. 453, 454 og 595, 611). — Frh. 2. umr.

ATKVR.

Till. á þskj. 454 um að vísa frv. til ríkisstj. felld með 20:3 atkv.
Brtt. 611,1 samþ. með 21:2 atkv.
1. gr., svo breytt, samþ. með 26 shlj. atkv.
Brtt. 611,2 samþ. með 22 shlj. atkv.
2. gr., svo breytt, samþ. með 25 shlj. atkv.
3.—8. gr. samþ. með 27 shlj. atkv.
Brtt. 611,3 samþ. með 23 shlj. atkv.
Fyrirsögn, svo breytt, samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 27:1 atkv.

Verndun Mývatns og Laxár, frv. (þskj. 634). — 3. umr.

Birgir Kjaran: Herra forseti. Þar sem ég gat því miður ekki verið viðstaddur í gær, er þetta mál kom hér til umr. og var reifað af 1. þm. Austf., sem ég efa ekki, að hefur gert því skil af kunnugleika og áhuga fyrir þeim málum, þá langaði mig aðeins til þess að skjóta hér inn í eða bæta við örfáum orðum um þetta efni.

Menn líta almennt nokkuð mismunandi á svokallaða náttúruvernd. Sumum hættir til að álíta

hana aðeins hégómamál, tildur og sérvisku eða jafnvel rómantík. En slíkt er víðs fjarri, því að náttúruvernd í nútímaþjóðfélagi er síst af öllu rómantík, heldur beint raunsæi. Og sem betur fer hafa viðhorf manna hér á landi og þó öllu fremur úti í löndum tekið miklum stakkaskiptum á síðustu árum og áratugum. Þessu veldur fyrst og fremst hin aukna tækni, myndun stórborganna, mengun lofts og lagar og lands og umhverfis mannsins almennt. Náttúruvernd er ekki aðeins heilsuvernd, hún er ekki aðeins augnayndi, hún er jafnframt eða getur verið arðsöm eða arðgæf. Hvað yrði t. d. um nýjan atvinnuveg, sem nú er mikið ræddur hér á landi, ferðaþjónustuna, ef náttúra Íslands missti tign sína og fegurð? Ég er hræddur um, að ýmsar bjartar vonir manna mundu þá ekki rætast.

Mývatn og umhverfi þess eru snar þáttur í náttúru landsins og eitt af verkefnum náttúruverndar í landinu. Hvílíkur gimsteinn og djásn Mývatn er í krúnu íslenskrar náttúru, það hafa margir eygt og um ritað, erlendir sem innlendir. Á sínum tíma gerðu þeir ferð sína þangað Eggert Ólafsson og Bjarni og rituðu um þetta, og margir erlendir fræðimenn fyrr og síðar og nú á síðustu árum, m. a. Peter Scott, hafa ritað bók um þetta hérað og fegurð þess og sérstætt hlutverk. Íslenskir náttúrufræðingar, svo sem Steindór Steindórsson á Akureyri, hafa gert þessu mikil og góð skil í riti og ræðu, og hann hefur talið, að Mývatn ætti sér engan líka í Evrópu hvað vissa náttúrufjölbreytni snerti. Hann hefur kallað eyna Slútnes fuglaparadís. En það er ekki aðeins, að það séu fuglar og þeir fjölbreytilegir á þessu vatni, sem gefa því sérstöðu, heldur er gróðurinn og einstæður. T. d. í Slútnesi einu saman voru á sínum tíma eða fyrir um 40 árum einar 70 tegundir íslenskra villtra jurta. En því miður höfum við þar sem og víðar ekki kunnað nægilega að vernda þessa náðargjöf, sem þjóðin hefur eignast. Þar hefur verið farið um nokkuð hörðum höndum fyrr og síðar og einnig um annað nágrenni Mývatns. Þar hafa verið reistar verksmiðjur, sem að vísu eru gagnlegar, en hefðu e. t. v. mátt vera staðsettar með einhverjum þeim hætti, að þær skertu ekki beint fegurð vatnsins sjálfs. Vegagerð hefur þar átt sér stað, sem þó fyrir atbeina Náttúruverndarráðs tókst að firra, að yrði verri en til var stofnað. En enn eru unnin þarna spjöll. Og ég skal ekki neita því, að sumt af því er kannske ekki með öllu hægt að koma í veg fyrir. Það er ákaflega eðlilegt, að bændur við vatnið stundi veiðar og nýti sér þá miklu búbót, sem þeir hafa af því. Engu að síður hefur hin gegndarlausa netalögn í vatninu valdið miklu tjóni á öðrum sviðum. M. a. var þetta eitt sinn rannsakað, og þá kom í ljós, að í netum höfðu farist á ekki löngum tíma um þúsund fuglar. Þetta er sjálfsagt erfitt að fyrirbyggja, en mætti þó e. t. v. með betri skipulagningu, með meiri takmörkun á bæði fjölda og legustöðum fyrir netin hindra, að slíkur vandalismi væri rekinn til frambúðar.

Það horfir líka allt betur núna. Þegar Mývatnsmálunum var fyrst hreyft hér á Alþ. 1970, en raunar hafði þeim verið hreyft utan þings áður, — síðan er hart nær hálfur annar áratugur, að þessi mál voru hér á þingi og í þessari hv. d., — þá kom það á daginn, að bændur í nærsveitum Mývatns voru mjög andvígir allri eða flestri svokallaðri verndun og töldu, að hún mundi skerða afrakstur búa þeirra. En nú hefur þetta breyst svo, að mér skilst, og liggur víst fyrir skjalfest, að hugur bænda er þarna gersnúinn. Þeir sjá nú fram á, að það er fyrst og fremst í þeirra hag, sem vatnið er verndað, og það er fyrst og fremst í þeirra eigin hag, að komið verði upp vísindalegri rannsóknarstöð við vatnið til þess að kynna sér lífnaðarhætti silungsins og hvernig hann megi endast þeim sem lengst og ofveiði verði ekki stunduð til þess, að silungsstofninn þrjóti, eins og sumir aðrir fiskstofnar við strendur landsins. Ég held því, að í þessu máli fari saman hagkvæmni og fegurðarnautn. Ég lít á náttúrufriðun, sandgræðslu, sem hindrar uppblástur jarðarinnar, og skynsamlega skógrækt, allt ekki einungis til fegurðarauka og yndisauka, heldur hagkvæma, nytsamlega hluti, sem löggjafarsamkundu Íslands ber að styðja að, svo mikið sem hún megnar á hverjum tíma. En það, sem liggur hér fyrir, till. um takmarkaða vernd Mývatns, er aðeins eitt spor, fyrsta sporið, að ég vona, og ég vona, að skjótlega og betur verði fram haldið.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 22 shlj. atkv. og afgr. til Ed.

Neðri deild, 98. fundur.

Þriðjudaginn 2. apríl, að loknum 97. fundi.

Þjóðhagsstofnun og Framkvæmdastofnun ríkisins, frv. (þskj. 644). — 3. umr.

Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði samþ. með 24 shlj. atkv.

Afbrigði um skrifl. brtt. (sjá þskj. 645) samþ. með 21 shlj. atkv.

Bjarni Guðnason: Herra forseti. Ég hef áður lýst viðhorfi mínu til þessa frv. Ég er andvígur því í heild og fer ekki að rekja það nánar. En svo er einn þáttur líka í þessu frv., sem blæðir mér í augum. Það er 5. gr. frv., þar sem kveðið er svo á, að ríkissjóður og Seðlabanki Íslands greiði í sameiningu kostnað af starfsemi Hagrannsóknastofnunarinnar. Skuli þeir gera með sér samning um fjármál stofnunarinnar. Það, sem ég hnýt um, er aðild Seðlabankans. Það virðist vera mjög í tísku núna við gerð löggjafar að koma Seðlabankanum fyrir hvarvetna þar sem hugsanlegt er. Þegar maður lítur á málið frá sjónarmiði Framkvæmdastofnunarinnar, má minna á þá smásögu, sem gerðist í sambandi við byggingu Seðlabankahallarinnar, að Framkvæmdastofnunin eða stjórn Framkvæmdastofnunarinnar taldi sig hafa vald til þess samkv. l. að stöðva byggingu Seðlabankahallarinnar. Svo reyndist þó ekki vera. Ég tel það í raun og veru

nokkra hótfyndni gagnvart Framkvæmdastofnun ríkisins, þegar hún er nú stýfð á þessa lund að einum þriðjungi, að fela Seðlabankanum að nokkru leyti að taka við Þjóðhagsstofnuninni. En hvað um það, spurningin er: Að hve miklu leyti á Seðlabanki Íslands að vera með fingurinn í þessum hlutum? Er ekki tilgangurinn sá að gera þessa stofnun óháða, þó að ég telji, að hún sé það í raun og veru, Þjóðhagsstofnunin? En hví í ósköpunum er Seðlabanka Íslands blandað í þetta? Ég fæ ekki skilið það. Ef ríkissjóði er fjárvant og getur ekki kostað þetta af eigin rammleik, væri þá ekki ráð fyrir ríkissjóð að reyna að seilast til meira fjármagns í Seðlabankanum og borga þetta svo beint sjálfur? Ég er alveg andvígur þeirri Seðlabankadýrkun, sem blossar hér upp í allri löggjöf, ekki síst þar sem tilgangur ríkisstj. var í upphafi að reyna að hafa hemil á Seðlabankanum að einhverju leyti. Ekki meira um það.

Ég vil í þessu sambandi leyfa mér að koma með svofellda brtt., að 5. gr. orðist svo:

„Ríkissjóður greiðir kostnað af starfsemi Þjóðhagsstofnunarinnar."

ATKVGR.

Afbrigði um skrifl. brtt. (sjá þskj. 646) samþ. með 21 shlj. atkv.

Forsrh. (Ólafur Jóhannesson): Herra forseti. Ég verð að leggjast á móti þessari brtt. Með þessu ákvæði er Seðlabankanum ekki á nokkurn hátt veitt neitt vald yfir Þjóðhagsstofnuninni. En ástæðan til þess, að þetta ákvæði er þarna, er sú, að gert er ráð fyrir því, að Þjóðhagsstofnunin vinni ýmis störf fyrir Seðlabankann, svo sem verið hefur, og þykir sanngjarnt, að Seðlabankinn greiði fyrir þau störf og taki þátt í kostnaði stofnunarinnar. Það má sjálfsagt segja, að þessu mætti koma fyrir með öðrum hætti og gera Seðlabankanum sérstaklega reikning fyrir þessum störfum, en þessi háttur hefur verið hafður á. Þessi háttur var hafður á í sambandi við Framkvæmdastofnunina, og þetta ákvæði er í lögum um hana, að Seðlabankinn tekur þátt í kostnaði við Framkvæmdastofnunina. Sú ákvörðun var auðvitað fyrst og fremst byggð þá líka á því, að hagrannsóknadeildin ynni ýmis grundvallar- og rannsóknarstörf fyrir Seðlabankann. Ég held, að mér sé óhætt að segja, að alveg hliðstæð ákvæði hafi verið, — ég skal ekki fullyrða, hvort það var í lögum eða samningi, — varðandi Efnahagsstofnunina, að Seðlabankinn tók þannig þátt í kostnaði við hana. Á þessu sjónarmiði og þessu sjónarmiði eingöngu er þetta ákvæði byggt, en ekki á hinu, að með þessu sé ætlunin að gera þessa stofnun á neinn hátt háða Seðlabankanum.

ATKVGR.

Brtt. 646 felld með 17:4 atkv.
— 645 samþ. með 22 shlj. atkv.
Frv., svo breytt, samþ. með 23:3 atkv. og afgr. til Ed.

Grunnskóli, frv. (þskj. 9, n. 496, 517, 530, 547, 561). — 2. umr.

Frsm. (Hannibal Valdimarsson): Herra forseti. Um það eru menn vafalaust sammála, að það mál, sem við erum hér að hefja umr. um, sé allþýðingarmikið mál, sumir mundu jafnvel segja, að það væri örlagaríkt mál. En um þetta mál hafa staðið umr. árum saman meðal þjóðarinnar. Nefndir hafa starfað að því, þrívegis og þær hlustað á aths. manna um skipun þessara mála, menntamálanna, og tekið fjöldamargar af þeim aths. til greina.

Á. s. l. hausti, þegar málið var enn lagt fyrir Alþ., ákvað menntmn. að hafa reglubundna, fasta fundi vikulega um málið, og þegar sýnt var, að það mundi tæpast duga þar sem skoðanir voru enn mjög skiptar um málið, var ákveðið að hafa tvo fasta fundi í viku hverri um málið, og hefur svo verið gert. Samt sem áður er orðið alláliðið þings, þegar málið kemur nú til 2. umr.

Það voru um 20 fundir, sem fóru í það í menntmn. að ræða þetta frv. Hafði áður verið leitað umsagna um málið og þær borist úr ýmsum áttum frá fjöldamörgum aðilum. N. kvaddi svo á sinn fund nokkra menn, sem voru forsvarsmenn fyrir stofnunum og samtökum, sem málið varðaði mjög. T. d. kvaddi n. á sinn fund framkvæmdastjóra Sambands ísl. sveitarfélaga, Magnús E. Guðjónsson, ræddi við hann um þá hlið málsins, sem einkum snýr að sveitarfélögunum. Hann hafði ekki mjög miklar aths. að gera við þetta mál, eins og það væri nú fært í búning, með því að margar af ábendingum Sambands ísl. sveitarfélaga höfðu við meðferð málsins verið teknar til greina. Einnig kvaddi n. á sinn fund Indriða Þorláksson deildarstjóra í menntmrn. og ræddi sérstaklega við hann um kostnaðarhliðina, sem verða mundi við framkvæmd grunnskólafrv., eins og það lá fyrir nú í upphafi þings. Hann hafði einmitt unnið að því í menntmrn. við meðferð málsins að semja kostnaðaráætlun miðað við þáv. verðlag á síðasta ári og eftir því sem hægt væri að komast að niðurstöðu um kostnaðarhliðina, og verður gerð grein fyrir þeirri niðurstöðu hér síðar. Loks ræddi svo n. alveg sérstaklega og ítarlega kennslufræðilega hlið málsins við prófessor Andra Ísaksson, og fóru þær viðræður fram við hann á tveimur fundum n., en hann hafði verið einn af aðalhöfundum frv., bæði meðan fyrri n. stafaði að gerð þess og einnig við síðari endurskoðun þess.

Á fyrstu fundum n. kom það fram hjá einum menntmn.-manni, Ellert B. Schram, að hann vildi, að sveitarfélögin og samtök þeirra önnuðust um fræðslumálin á skólaskyldustigi að öðru leyti en því, sem varðaði ákvörðun námsefnis og námseftirlits. Af þessu leiddi, að sveitarfélögin áttu að standa undir stofnkostnaði og rekstri skólanna á grunnskólastiginu, en ríkissjóður að greiða kennaralaun og ríkissjóður auðvitað að útvega sveitarfélögunum eða samtökum þeirra fjármagn til þess að standa undir skólakerfinu öllu saman. Þessi skoðun hv. þm. Ellerts B. Schram fékk ekki byr í n. Menn voru í fyrsta lagi sammála um það, að slík umturnun á frv. mundi leiða til þess, að það gæti ekki fengið afgreiðslu á þessu þingi, en nm. höfðu fljótlega

komið sér saman um það, að þeir mundu vilja fyrir sitt leyti, meiri hl. n., stuðla að því, að málið fengi nú afgreiðslu á þessu þingi. En einnig komu fram mjög sterk rök gegn því, að það væri heppilegt að fela sveitarfélögunum þetta mikilsverða hlutverk, sem þau yrðu að sækja allt fjármagn til ríkisins til að standa undir. M. a. með þeim rökum var þetta talið óheppilegt, að það er alltaf óviturlegt að láta einn aðila annast framkvæmd hluta, en annan bera kostnaðinn. Af því leiðir oft og tíðum of mikið ábyrgðarleysi. Enn fremur var og á það bent, að ef sveitarfélögin, misjafnlega fjársterk, misjafnlega kannske áhugasöm líka um fræðslu- og menntamál, ættu að sjá um framkvæmdina að meginþætti, þá mætti búast við því, að það stefndi í öfuga átt við megintilgang frv., sem er sá að skapa sem jafnasta aðstöðu ungs fólks til náms og mennta, að þegar hin ýmsu sveitarfélög ættu að fara með þessi mál, þá kynni að verða mjög misjöfn framkvæmdin og sum sveitarfélög kynnu kannske að dragast mjög aftur úr í framkvæmdinni miðað við það, sem annars staðar tækist.

N. fór sem sé á 20 fundum eða rúmlega það margsinnis í gegnum frv. og gerði fjölda brtt. við það. Þær eru eitthvað yfir 40, sem n. hefur skilað frá sér, sem voru þess eðlis, að svo virtist sem meirihlutavilji væri fyrir þeim. En sýnt var, að aðrir nm. mundu vilja flytja þó nokkuð margar brtt. að auki, sem ekki höfðu fengið verulegan hljómgrunn í n. Niðurstaðan varð svo sú í hv. menntmn., að menn komu sér saman um að skila einu og sameiginlegu nál., en að allir nm. áskildu sér rétt til þess bæði að flytja brtt. og fylgja öðrum brtt., sem fram kynnu að koma. Ég tel rétt að lesa hér fyrirvarann, eins og hann er orðaður í okkar nál. Þar segir:

„N. leggur til, að frv. verði samþ., en brtt. eru fluttar á sérstöku þskj. Þó hafa nm. fyrirvara um einstakar till. á þskj. og áskilja sér enn fremur rétt til að flytja brtt. eða fylgja öðrum, sem fram kunna að koma.“

Þannig skildist n. við þetta mál og lagði það fyrir hv. d. fyrir alllöngu. Ég hygg, að það sé komið hátt í þrjár vikur, síðan n. lauk störfum, og málið hefur ekki getað komið til umr. fyrr en nú sökum annríkis þingsins, þar sem mörg stórmál eru í deiglu samtímis.

Ég skal vera eins stuttorður og ég get um málið almennt, en óneitanlega tekur það nokkurn tíma að gera grein fyrir brtt. n., sem ég mæli fyrir, og skal ég þó reyna einnig að verða eins stuttorður og mögulegt er um þær. En um frv. almennt vil ég segja þetta til þess að glöggva menn á málinu:

Frv. um skólakerfi og um grunnskóla voru lögð fram á Alþ. í jan. 1971 fyrst. Þau frv. voru samin af n., sem þáv. menntmrh., Gylfi Þ. Gíslason, hafði skipað á árinu 1969. Verkefni n. var að endurskoða gildandi skólalöggjöf, þ. e. a. s. lög um skólakerfi og fræðsluskyldu, lög um fræðslu barna og lög um gagnfræðaskóla, en allir þessir lagabálkar eru frá árinu 1946. Þá fór fram gagngerð endurskoðun á allri skólalöggjöfinni og var sett löggjöf um samfellt skólakerfið. Á þinginu 1971 komust frv. þó aðeins til 1. umr. í Nd.

Í júnímánuði 1972 skipaði núv. menntmrh., Magnús T. Ólafsson, aftur n. til þess að endurskoða frv. Hún vann mikið starf og hélt fjölda funda víðs vegar um land, sem mun vera mjög sjaldgæft, fundi með skólamönnum og áhugamönnum um fræðslumál. N. skilaði svo að starfi loknu frá sér frv. í verulega breyttri mynd frá því, sem þau höfðu verið lögð fram á Alþ. í upphafi. Þetta gerðist í febrúarmánuði 1973. Þá fóru frv. til menntmn. Nd., en nál. kom ekki, og stóð málið þannig í sömu sporum eiginlega og árið áður.

Í þriðja sinn voru svo frv. lögð fram í upphafi þessa þings, og hefur menntmn. haldið, eins og ég áðan sagði, um þau 20 fundi. Nú hefur sem sé menntmn. lokið störfum og gert grein fyrir sínu starfi. Ég vil vænta þess, að hv. þm. hafi kynnt sér niðurstöður n., — til þess hefur nú gefist tóm um þriggja vikna skeið, — og brtt. þær, sem fram eru komnar. Ég hygg, að það geti nokkuð verið hendingu háð, hvaða mynd frv. fær í meðferð þingsins, ef hv. þm. setja sig ekki vel inn í málið og fylgjast með umr., því að brtt. eru nú orðnar yfir 80, og má búast við jafnvel fleiri brtt. Hins vegar er málið sjálft, setning nýrrar skólalöggjafar, svo þýðingarmikið mál, að það er sannarlega skylda þm. að vanda afgreiðslu á slíkri löggjöf svo sem best má verða.

Það hafa verið óneitanlega mjög skiptar skoðanir í n. um einstök atriði frv. og þá alveg sérstaklega um frv. um grunnskóla. Þó varð niðurstaða n. að fallast á megingrundvöll frv. og mæla með samþykkt þeirra, en — eins og ég hef margtekið fram — með margvíslegum breytingum. Breytingar, sem almennan hljómgrunn virtust hafa fengið í n., eru 43, og till. um þær eru fluttar á sérstöku þskj. Nm. standa þó ekki allir fortakslaust að þessum till. og áskilja sér rétt til þess að flytja brtt. En hvað sem því líður, þá vill menntmn. d. gera sitt til þess, að frv. verði lögfest á þessu þingi. Að vísu má segja, að það sé enginn stórkostlegur háski á ferðum, þótt enn um sinn væri skólakerfið byggt á gildandi löggjöf. Hún var hin merkilegasta löggjöf á margan hátt á sinni tíð og mörg atriði hennar eru tæpast enn þá komin í framkvæmd. En það er mjög slæmt að velkjast árum saman í vafa og óvissu um það, hvort eigi að byggja skólastarfið í næstu framtíð á núv. löggjöf eða nýrri löggjöf. Þess vegna er að minni hyggju nauðsynlegt, að frv., sem við erum hér að ræða, fái fulla afgreiðslu og lögfestingu á þessu þingi. Reynslan verður svo vafalaust að sverfa af þessari löggjöf ýmiss konar ágalla og agnúa, því að enginn skyldi ætla, að þessi lagasmíð verði fullkomin fremur en önnur mannanna verk, þó að nú hafi verið unnið að undirbúningi löggjafarinnar um 5 ára skeið a. m. k. og margir ágætustu skólamenn hafi um hana fjallað.

Allra fyrsti vísir eða fyrirmæli um almenna fræðslu hér á landi er konungsbréf frá 1790, sem fjallaði um lestur barna og fræðslu þeirra. En fyrsta fræðslulöggjöf okkar hér á landi er ekki sett fyrr en um 1880. Það eru lög um uppfræðing barna í skrift og reikningi. Það eru því ekki nema 94 ár eða svo síðan við fengum okkar fyrstu skólalöggjöf. Hún gilti allt fram til 1907, þegar hin merka fræðslulöggjöf, sem dr. Guð-

mundur Finnbogason átti mestan hlut í að móta, var sett, og skólaskyldan var þá ákveðin 10—14 ára aldur. Hún gilti án verulegra breyt. fram til ársins 1926, og síðan var löggjöfin endurskoðuð á 10 ára fresti, 1936 og 1946, og þá var komin löggjöfin, sem ég áðan nefndi, um skólakerfi og fræðsluskyldu, um fræðslu barna og um gagnfræðanám, en það er löggjöfin, sem hin væntanlega skólalöggjöf, sem við erum hér að ræða, á að leysa af hólmi.

Það furðar vafalaust marga á því, hvern óratíma það hefur tekið að koma þessari nýju löggjöf í gegnum þingið. En þó verð ég að segja, að ég undrast það ekki svo mjög. Í skóla- og uppeldismálum eru mörg álitamálin. Í slíkum málum eru tæpast nokkrir tveir menn sammála. Og svo vil ég taka undir það, sem einhvers staðar stendur í grg. með grunnskólafrv., að vafasamt er, að nokkur löggjöf leggi þýðingarmeiri grundvöll fyrir þjóðarheild og einstaklinga en sú löggjöf, sem ákveður hina almennu grundvallarmenntun landsmanna. En ekki fleiri orð um það.

En hvaða nýmæli eru það þá helst, sem eru í þessu frv., frv. um grunnskóla? Ég skal ekki tína til þau fjölmörgu nýmæli, sem í þessu frv. felast miðað við gildandi löggjöf, enda margt af því kunnugt af langvarandi umr. um málið, en nokkur atriði skulu þó rifjuð upp, og ég vænti, að það séu þau helstu.

Það er þá fyrst, að í þessu frv. felst 9 ára skólaskylda, frá 7—16 ára aldurs, í stað 8 ára skólaskyldu, sem nú gildir, á aldurstímabilinu 7—15 ára. Þá verður árlegi skólatíminn samkv. frv., eins og það er nú samkv. till. n., 7—9 mánuðir. Í frv. var fortakslaust gert ráð fyrir 9 mánaða skóla árlega. Nokkur hluti af valdi menntmrn. flyst nú út í fræðsluumdæmin, en fræðsluumdæmin verða 8, hvert undir stjórn fræðslustjóra og fræðsluráða, sem kosin eru í hverjum landshluta. Þá er gert ráð fyrir því, að ríki og sveitarfélög komi í sameiningu upp ráðgjafar- og sálfræðiþjónustu fyrir grunnskólann. Skólabókasöfn verða við alla grunnskóla, og notkun þeirra á að verða fastur þáttur í skólastarfi og námi. Það skal stefnt að því, að námið allt geti farið fram í húsakynnum skólanna. Ríkið á að koma á fót og starfrækja sérstaka skóla eða stofnanir fyrir þau börn, sem af ýmsum ástæðum geta ekki stundað nám í almennum grunnskóla. Skólarannsóknum er ætlað rúm í skólakerfinu. Vikulegur hámarksvinnutími unglinga er samkv. till. n. 40 stundir á viku, en í frv. var hann nokkru lengri. Ákvæði eru um aukinn orlofsrétt kennara þeim til endurmenntunar. Skólabrytar verða ríkisstarfsmenn.

Það skal fúslega játað, að sumar af breyt., sem menntmn. leggur fram við frv. um grunnskóla, eru ekki veigamiklar, en aðrar skipta líka verulegu máli, og hef ég nú þegar gert grein fyrir efni þeirra helstu. Þó skal ég árétta, að t. d. rýmkar n., eins og ég vék að áðan, heimildirnar til þess að stytta hinn árlega starfstíma. Hún rýmkar líka heimildir til að meta að nokkru starf í þjónustu atvinnuveganna sem nám. N. telur ekki verjandi að ætla unglingum á gelgjuskeiði lengri starfstíma á viku hverri við nám, þ. e. a. s. andlegt starf, heldur en fullorðnu fólki er nú ætlaður sem vinnutími, og setur því 40 stundir á viku sem algert hámark.

Kaflinn um skólabókasöfn er gerður mun fyllri en hann var í frv. og miðast við það, að skólasöfnin geti gegnt því hlutverki að vera eitt af meginhjálpartækjum í skólastarfinu.

Mjög hefur það verið gagnrýnt, að yfirbyggingin yfir sjálfu skólakerfinu væri of íburðarmikil samkv. frv. En þar er þó margt til bóta, eins og t. d. sálfræðiþjónustan, skiptingin í fræðsluumdæmi, ákvæðið um félagsráðgjöf og sálfræðiþjónustu, og mætti fleira nefna. En þó sá n. ástæðu til að taka þessa gagnrýni að nokkru til greina. Hún gerir þannig till. um að fella niður ákvæði um námsstjóra innan fræðsluumdæmanna, fella niður ákvæði um skólaráðgjafa, svo og að þurrka út svokallað 10 manna grunnskólaráð. Tel ég, að þetta væri það helsta, sem n. leggur til varðandi það að draga **úr stjórnunarbákninu.**

Nú þykist ég vita, að margur muni spyrja um aukinn kostnað við framkvæmd slíkrar skólalöggjafar, og ekki er þess að dyljast, að af framkvæmd þessarar löggjafar, yrði hún samþykkt, þessa frv., mundi leiða mikinn kostnaðarauka. Aukið skólastarf, lenging skólaskyldunnar um eitt ár og árleg lenging, ef heimildir til styttingar yrðu ekki notaðar mikið, hefðu auðvitað í för með sér verulegan kostnaðarauka. Einnig störf fræðslustjóra og kostnaður við rekstur fræðsluskrifstofa, og þær verða nú átta, sálfræðiþjónustan, sérstofnanir, — sem gert er ráð fyrir, að komið verði á fót fyrir þá nemendur, sem ekki geta numið í venjulegum skólum og eru settar á stofn, til þess að þessir nemendur geti haft not af náminu, — stórefling bókasafnanna og aðrar nýjungar, sem í frv. eru, kosta auðvitað verulega aukið fé. Samkv. áætlun, sem gerð hefur verið í menntmrn., er talið, að kostnaðaraukinn fyrir ríkissjóð muni verða um 229 millj. kr. á ári og að því er varðar sveitarfélögin um 60 millj. kr. á ári, í viðbót auðvitað við þann kostnað, sem leiðir af framkvæmd gildandi skólalöggjafar. Hvað menn svo fá í staðinn, það er ekki hægt að færa í dálk sem krónur. En við verðum að vænta þess, að þetta sé til slíkra umbóta á fræðslu- og skólakerfinu, að þessar nokkuð háu fjárhæðir skili sér í bættri menntunaraðstöðu og jafnari aðstöðu unga fólksins í landinu til þess að njóta sín.

Vitanlega er þessi kostnaðaráætlun, sem er um það, að umframkostnaðurinn verði um 289 millj. kr. eða nálægt 300 millj., engin nákvæm áætlun, og má búast við, að þegar til kastanna kemur og reynslan sker úr, að kostnaðurinn verði jafnvel meiri.

Að þessu mæltu vil ég snúa mér að því að gera grein fyrir brtt. n., þ. e. a. s. þeim brtt., sem eru á þskj. 517. Ég geri ráð fyrir því, að hv. nm. menntmn., sem flutt hafa brtt. á sérstökum þskj., geri sjálfir grein fyrir þeim brtt., og skal ekki tefja tímann við að skýra þær, því að það yrði tvíverknaður. Það eru brtt. um grunnskóla frá hv. 9. landsk. þm., Ellert B. Schram, á þskj. 530 og brtt. á þskj. 547 frá hv. þm. Svövu Jakobsdóttur. Ég sem sagt geng út frá því, að þau geri hér á eftir grein fyrir þeim brtt.

Ég vík þá að brtt. á þskj. 517. Við gerum í n. enga brtt. við 1. gr. og föllumst þannig á það

grundvallaratriði, að skólaskyldan nái yfir 9 ár, frá 7—16 ára aldurs. Hins vegar flytjum við till. um að stytta nokkuð venjulegan vikulegan og árlegan námstíma frá því, sem frv. ákveður, og tel ég rétt, að litið sé á þessi þrjú atriði, lenginguna um eitt ár, styttingu vikulega starfstímans og heimildina til styttingar árlega kennslutímans, sem eina heild og litið á það í samhengi.

2. gr. er um hlutverk grunnskólans. Þar er lagt til, að í upptalningu gr. komi orðin „kristilegt siðgæði", þ. e. a. s. upphaf gr. er svo: „Hlutverk grunnskólans er, í samvinnu við heimilin, að búa nemendur undir líf og starf í lýðræðisþjóðfélagi, sem er í sífelldri þróun. Starfshættir skólans skulu því mótast af umburðarlyndi, kristilegu siðgæði og lýðræðislegu samstarfi." Þannig er uppsetningin.

Næsta brtt. er við 4. gr., á þá lund, að fyrir tölurnar 7, 8 og 9 komi tölurnar 7—10. Setningin er um þetta: „Heimilt er rn., að fengnum till. hlutaðeigandi fræðsluráðs, að koma á fót útibúum frá aðalskóla skólahverfis fyrir 7, 8 og 9 ára börn, þar sem heimanakstri til aðalskóla verður ekki við komið." — Þarna leggjum við til, að þetta nái yfir aldurstímabilið 7—10 ára, skiptingin sé eðlilegri við 10 ára aldurinn, ef á þarf að halda að stofna til útibús.

3. brtt. er við 6. gr. Hún er um það, að niður falli úr gr.: „Fræðslustjóri kynnir sér málsatvik og ástæður á heimili og í skóla og beitir sér fyrir úrbótum." Það er einkanlega vegna þess, að honum er ætlað að kynna sér málsástæður og ástæður á heimili. Fræðsluumdæmin ná yfir stór svæði, t. d. á Vestfjörðum yfir alla Vestfirðina. Það yrði ekki á færi nokkurs námsstjóra að kynna sér heimilisástæður á hverju heimili, og einnig taldi n. þetta vera of nærgöngult gagnvart heimilishelginni og taldi hún því rétt, að þessi setning væri felld niður úr gr.

Þá er 4. brtt. við 9. gr. Það er alger umorðun á henni, af því að við leggjum þar til, að ákvæðin um grunnskólaráð, — eins og við einnig gerum síðar í frv., — ákvæðin um grunnskólaráð falli alveg niður. Þar með leggjum við til, að gr. orðist svo:

„Menntmrn. fer með yfirstjórn þeirra málefna, er lög þessi taka til. Rn. til aðstoðar við framkvæmd l. skal vera samstarfsnefnd, skipuð tveimur fulltrúum frá menntmrn. og tveimur frá Sambandi ísl. sveitarfélaga. Skal hún fá til umsagnar reglugerðir, sem varða fjárhagsleg samskipti ríkis og sveitarfélaga samkv. l. þessum, áður en þær eru gefnar út. Enn fremur fái hún til umsagnar ágreiningsatriði, sem kunna að verða varðandi þessi samskipti, áður en þau koma til úrskurðar. N. skal skipuð til fjögurra ára í senn. Varamenn skulu skipaðir á sama hátt og aðalmenn."

Þannig leggjum við til, að gr. verði, og ákvæðin, sem í henni voru um grunnskólaráð falli niður.

Þá er 5. breytingin. Hún er við 10. gr. Það er aðeins leiðrétting, skal koma: „Austur- og Vestur-Barðastrandarsýslu" í staðinn fyrir „Barðastrandarsýslu". Það er til samræmis við það, að í gr. var einnig nefnd Vestur-Ísafjarðarsýsla, en ekki bara Ísafjarðarsýsla. Það er aðeins leiðrétting.

6. brtt. er við 11. gr. Upphaf hennar er þannig nú: „Fræðsluráð skal skipað 5 eða 7 mönnum, sem kjörnir eru af viðkomandi landshlutasamtökum, er ákveða fjölda þeirra samkv. framansögðu." Við leggjum til, að mgr. orðist svo: „Fræðsluráð skal skipað 7 mönnum, og skulu 5 kjörnir af viðkomandi landshlutasamtökum, einn af skólastjórum og einn af kennarasamtökum landshlutans. Jafnmargir skulu kjörnir til vara. Um kosningu fer samkv. l. og reglugerð um starfshætti landshlutasamtaka sveitarfélaga, svo og eftir reglugerð. Fræðsluráð kýs sér formann og varaformann." — Þarna er breytt tölunni. Þeir eru ákveðnir 7 í staðinn fyrir 5—7. Þetta er svæði, sem nær yfir mjög mörg sveitarfélög, og verður ákaflega erfitt miðað við töluna 5, að hinir mörgu aðilar, sem eiga hlut að máli, fái þar fulltrúa, og enn fremur er sú breyt., að skólastjórar og kennarar fái sinn fulltrúa hver í fræðsluráðið, þannig að það séu ekki aðeins sveitarstjórnarmenn, heldur sé einnig tryggt, að það séu skólamenn í fræðsluráðinu.

Svo er önnur breyt. við 11. gr. Það er um að setja ákvæði, sem gildi ekki aðeins fyrir Reykjavík sérstaklega, heldur verði Reykjavík undir sömu ákvæðum og landið að öðru leyti. Þar segir: „Í Reykjavík fer borgarstjórn með hlutverk landshlutasamtaka samkv. l. þessum, eftir því sem við á."

Og 3. breyt. við 11. gr. er á þessa leið, að í næstsíðustu mgr. falli niður orðin „utan Reykjavíkur". Þar yrði þá setningin: „Fræðsluráð skulu a. m. k. einu sinni á ári halda fund." Þar er fellt niður „utan Reykjavíkur".

7. brtt. er við 12. gr. Þar er lagt til af n., að við bætist nýr tölul., sem verði nr. 5 og hljóði svo: „Það skal skipuleggja (þ. e. a. s. fræðsluráðið) viðræðufundi við nýja kennara í samráði við Kennaraháskóla Íslands, hafa umsjón með þeim og setja þeim leiðsögukennara að fengnum till. hlutaðeigandi skólastjóra. Rn. setur leiðsögukennurum erindisbréf að höfðu samráði við Kennaraháskóla Íslands." — Þessi breyt. er í samræmi við óskir frá Kennaraháskólanum, en Kennaraháskólinn benti á, að í l. um Kennaraháskóla Íslands, 10. gr., eru svo hljóðandi ákvæði: „Að afloknu samfelldu námi og prófum í Kennaraháskóla Íslands skulu kennarar njóta eins árs leiðsagnar og þjálfunar í starfi. Fræðsluskrifstofur skulu hver í sínu umdæmi skipuleggja viðræðufundi fyrir nýju kennarana í samráði við Kennaraháskóla Íslands, hafa umsjón með hinum nýju kennurum og setja þeim leiðsagnarkennara að fengnum till. hlutaðeigandi skólastjóra." — Þar sem grein þessi kveður m. a. á um tiltekið hlutverk fræðsluráðs, virðist rétt, að þess sé getið meðal annarra hlutverka þess í frv. til l. um grunnskóla. N. taldi rétt að verða við þessari ábendingu í samræmi við gildandi ákvæði í 10. gr. l. um Kennaraháskóla Íslands.

Þá er komið að 8. brtt. n. Það eru tvær breyt. við 13. gr. Í fyrsta lagi, að niður falli úr 3. mgr. hennar orðin „umdæmisins og þörfum þess". Greinin er svo:

„Við skipun í starf fræðslustjóra er skylt að taka tillit til kennslufræðilegrar menntunar umsækjenda, stjórnunarreynslu innan skólakerfisins og þekkingar þeirra á skólamálum."

Við teljum ekki, að hann þurfi endilega að hafa sérþekkingu á skólamálum umdæmisins og þörfum þess, og leggjum til, að þau orð falli niður, og skulu þeir umsækjendur að öðru jöfnu ganga fyrir, sem hafa rétt til þess að verða skipaðir skólastjórar við grunnskóla og hafa gegnt starfi kennara eða skólastjóra í a. m. k. 3 ár.

Enn fremur falli niður úr þessari gr., 13. gr., tvær síðustu mgr., en þær eru svona:

„Heimilt er að greiða settum fræðslustjóra laun sem slíkum um þriggja mánaða skeið, áður en hann tekur við starfi, enda sé þeim tíma varið til undirbúnings undir starfið, samkv. nánari ákvörðun menntmrn. og hlutaðeigandi fræðsluráðs.

Sá, sem settur er fræðslustjóri, skal fá launalaust leyfi frá starfi sínu í þágu ríkis eða sveitarfélags, sem hann kann að hafa á hendi, allt að einu ári.“

Það eru veruleg fjárútlát, sem því mundu fylgja að framkvæma þessi ákvæði, og þar sem þessi embættismaður mundi sennilega koma oftast nær úr skólastjóra- eða kennarastarfi, þá teljum við ekki ástæðu til þess að hafa þarna ákvæði um sérgreiðslu til hans allt að einu ári, þó að hann eigi að taka við nýju starfi innan fræðslukerfisins. En sjálfsagt er ekki vel séð af þeim, sem fyrir barðinu á þessu ákvæði verða, að þetta sé fellt niður.

Þá er 9. brtt. n. við 14. gr. þess efnis, að 1. tölul. 2. mgr. orðist svo:

„Hann fylgist með því (þ. e. fræðslustjórinn), að gildandi fyrirmælum um fræðslumál sé fylgt í grunnskólum umdæmisins, bæði varðandi kennslu- og stjórnunarmál, og í öðrum skólum, sem kostaðir eru sameiginlega af ríki og sveitarfélögum.“

Takmörkuð upptalning á skólum, sem þetta eigi að ná til, er þarna felld niður.

Þá er 10. brtt. Hún er við 16. gr. og er um það, að fyrir orðin „eins fundar eða fleiri“ í síðustu mgr. komi bara: funda. Það er sem sé mjög smávægileg breyting.

Þá er 11. brtt. við 17. gr. Á eftir orðinu „erindisbréf“ í 3. mgr. komi: „Um embættisgengi skólafulltrúa gilda sömu reglur og um fræðslustjóra.“ Um þetta er ekkert í gr., en þótti rétt að taka fram, hvaða kröfur ætti til hans að gera um embættisgengi hans. Og þar er sett það skilyrði, að það gildi sömu reglur og um fræðslustjóra.

12. brtt. er bara orðalagsbreyting um að fella orðið „staðsettur“ niður. Það er með öllu óþarft í setningunni.

Þá er önnur brtt. við 18. gr. Þar er lagt til, að 6. mgr. orðist svo:

„Í kaupstöðum með 10 þús. íbúum eða fleiri fara fræðsluráð og hverfisnefndir með hlutverk skólanefndar. Viðkomandi bæjar- eða borgarstjórn skiptir kaupstaðnum í hverfi í samráði við fræðsluráð. Í hverju hverfi skal vera hverfisnefnd, skipuð 5 mönnum. Hverfisnefnd skal kosin til fjögurra ára í senn af bæjar- eða borgarstjórn. Verkefni hverfisnefnda skulu vera hin sömu og þau verkefni skólanefnda, sem talin eru í 19. gr. Um starfshætti hverfisnefnda, boðun funda, kosningu og fjölda kennarafulltrúa og rétt skólastjóra til setu á hverfisnefndarfundum gilda að öllu leyti sömu ákvæði og um skólanefndir.“

Hér er veruleg breyting. Ákvæðin, sem samkv. frv. áttu að gilda um Reykjavík, gilda nú samkv. þessu um kaupstaði, sem eru með 10 þús. íbúa eða fleiri. Þar hafa fræðslufulltrúar starfað og verið reknar sérstakar fræðsluskrifstofur, og var talið rétt, að þessi ákvæði næðu yfir stærstu kaupstaði landsins, en ekki bara Reykjavík.

13. brtt. er við 19. gr. Hún er um það, að á eftir orðunum „fylgist með því“ í 1. mgr. komi: og stuðlar að því. — Samkv. gr. á skólanefnd aðeins að fylgjast með, en rétt þykir að taka fram, að hún skuli geta haft afskipti af málinu og stuðlað að leiðréttingu eða umbótum á því, sem aflaga fer.

14. brtt. er við 20. gr., um það, að næstsíðasta mgr. orðist svo:

„Skólastjóri boðar til kennarafundar svo oft sem þurfa þykir, en þó eigi sjaldnar en einu sinni í mánuði.“

Í frv. er gr. svona:

„Skólastjóri boðar til kennarafundar a. m. k. einu sinni í mánuði, en þó eigi sjaldnar en tvisvar í mánuði, ef um heimavistarskóla er að ræða.“

Þarna eru aðeins rýmkuð þessi skilyrði og ætlunin, að skólastjóri láti þörfina ráða fyrir fundahöld, en þó sett hámarkstímaákvæði.

Við 22. gr. er engin brtt., en 15. brtt. n. er við 21. gr. Þar segir í frv.:

„Nú æskir skólastjóri og/eða foreldrar, sem börn eiga í grunnskóla, að stofnað sé foreldrafélag við skólann í þeim tilgangi að styðja skólastarfið. Skal þá skólastjóri boða til foreldrafundar.“

Við töldum rétt að orða þetta svona:

„Nú æskir skólastjóri, almennur kennarafundur eða foreldrar, sem börn eiga í grunnskóla, að stofnað sé foreldrafélag við skólann í þeim tilgangi að styðja skólastarfið og efla tengsl milli foreldra og skóla, og skal þá skólastjóri boða til stofnfundar foreldrafélags.“

16. brtt. er við 23. gr. Hún er um það, að framan við gr. bætist ný mgr., sem orðist svo:

„Gerð skólamannvirkja er undirbúin heima í héraði af sveitarstjórn, skólanefnd og fræðsluráði, en verður að hljóta samþykki menntmrn., áður en framkvæmdir hefjast.“

Við þessa gr. er einnig önnur smávægileg brtt. Þar er lagt til, að falli niður orðin „að áliti ráðuneytisins“ og verður þá setningin bara: „Röðun framkvæmda miðast við, hvar skólabyggingaþörf er brýnust.“

17. brtt. n. er við 25. gr., um það, að í stað orðsins „bókasafni“ í 1. mgr. komi í upptalningunni: safni bóka og annarra námsgagna. — Þetta er afleiðing af því, að við höfum gert kaflann um skólabókasöfn miklu víðtækari en hann er í frv. — Önnur brtt. við þessa sömu gr., 25. gr., er um það, að 2. mgr. orðist svo: „Við gerð nýs skólahúsnæðis og endurbætur eldra húsnæðis skal séð fyrir aðstöðu fyrir nemendur til náms utan kennslustunda og til að neyta málsverðar.“ — Gr. er stytt og umorðuð á þennan veg.

Þá er 18. brtt. Hún er við 26. gr. Þar er lagt

til, að fyrir orðin „á a. m. k. þriggja ára fresti“ komi: þegar ástæða þykir til. — Í frv. segir:

„Menntmrn. skal á a. m. k. þriggja ára fresti efna til almennrar samkeppni um uppdrætti að ákveðinni tegund skólamannvirkja miðað við breytilegar stærðir skóla og ólíkar aðstæður í landinu.“

Við teljum ekki ráðlegt að binda þetta alveg fast í l., að þetta skuli gert á þriggja ára fresti, og er þannig rýmkun á þessu ákvæði í till. okkar.

19. brtt. er við 30. gr. Í frv. er mgr.:

„Menntmrn. setur eða skipar skólastjóra að fengnum umsögnum skólanefndar og fræðslustjóra, sem í hlut eiga.“

Við skerpum þetta svolítið og gerum þarna ráð fyrir tillögum. Við leggjum til, að mgr. orðist svo:

„Menntmrn. setur eða skipar skólastjóra að fengnum till. skólanefndar og fræðslustjóra, sem í hlut eiga.“

Það kemur þarna „tillögum“ í staðinn fyrir „umsögnum“.

Þá er 20. brtt. Hún er við 32. gr. og er bara um það, að fyrir orðin „umsögnum“ í 1. mgr. komi: tillögum — þ. e. sams konar till. og við gr. á undan.

Þá er 21. brtt. Hún er við 34. gr., og er þar lagt til, að gr. orðist svo:

„Rn. setur eða skipar skólabryta til forstöðu mötuneytis í heimavistarskóla samkv. till. skólastjóra og skólanefndar. Eftir tveggja ára setningartíma við sama skóla á bryti rétt á skipun í starf sitt, enda hafi hann meðmæli skólastjóra um skipun í starfið.

Heimilt er skólanefnd að setja skilyrði um menntun eða starfsþjálfun skólabryta.

Skólabrytar eru ríkisstarfsmenn.

Skólastjóri ræður með samþykki skólanefndar stunda- og forfallakennara við grunnskóla með færri nemendum en 30, svo og aðstoðarstarfsfólk í mötuneyti.

Sveitarstjórn ræður húsvörð grunnskóla, ef hún telur þörf á. Skal hann ráðinn að fenginni till. skólanefndar og skólastjóra. Þá ræður sveitarstjórn einnig annað starfsfólk grunnskóla en það, sem tilgreint er í 1. og 4. mgr.“

Síðasta mgr. er svo alveg eins og í gr., hún er þannig: „Æski starfsmaður, sem heyrir undir ákvæði þessi, eigi endurráðningar, ber honum að tilkynna það þeim aðila, er réð hann til starfsins, eigi síðar en 1. júní. Æski ráðningaraðili á sama hátt breytinga á ráðningarkjörum eða á ráðningu í starf, skal hann tilkynna það þeim, er starfinu hefur gegnt, fyrir sama tíma, ella telst sá, sem fyrir er í starfinu, endurráðinn næsta skólaár.“

Þessi gr. er algerlega umorðuð og stytt og úr henni felld nokkur efnisatriði, sem ástæðulaust þótti að binda í l., en í upphafi gr. er sú breyt. helst, að fyrir „skólaráðskonur“, þ. e. a. s. það er gert eingöngu ráð fyrir, að það sé kona, sem ráði sig til þessa starfa við heimavistarskóla, en það þótti á okkar öld ekki tilhlýðilegt, og við lögðum okkur í líma um að finna annað orð, sem næði yfir bæði kynin og opnaði þannig möguleika til þess, að það gæti alveg eins verið karlmaður þarna á ferðinni. Þetta er sjálfsagt karlréttindaatriði, annars væru konurnar þarna löglestar sem skólaráðskonur. Við fundum orðið „skólabryti“, hvort sem það fellur nú í smekk hv. dm. eða ekki. Og sem sé, till. er um það, að þessi réttindi, sem í gr. voru ætluð skólaráðskonu, falli til skólabryta.

Þá er komið að 22. brtt., sem er við 37. gr. Hún er um það, að aftan við 4. mgr. gr. bætist þetta: „Menntmrn. setur reglugerð um störf og starfslið í heimavistum og aðbúnað nemenda þar.

Við heimavistarskóla skulu fóstrur eða fóstrar og aðrir starfsmenn með uppeldismenntun eiga rétt á skipun í starf sitt eftir tveggja ára starfsreynslu.“

Þetta var sem sé okkar till., 22. í röðinni, við 37. gr.

Þá er 23. brtt., við 38. gr., sem er um það, að gr. orðist svo:

„Fyrir hverja bekkjardeild eða námshóp í grunnskóla skal skólastjóri velja umsjónarkennara. Hann fylgist sérstaklega með námi nemenda sinna og þroska, leiðbeinir þeim og hefur samband við forráðamenn þeirra.“

Þarna var í gr. talað um aðalkennara, en við töldum orðið „umsjónarkennari“ ná betur tilganginum. Það þarf ekki endilega að vera aðalkennarinn í bekknum, sem valinn er sem umsjónarkennari.

24. brtt. er við 39. gr. og er um það, að sú gr. falli niður, en í henni segir:

„Heimilt er fræðslustjóra, innan þeirra marka, sem um getur í 88. gr., að fela kennara fagnámsstjórn, þ. e. umsjón með kennslu í námsgrein, innan fræðsluumdæmisins. Ráðningartími er allt að 3 ár, og má endurnýja hann.“

Er í frv. gert ráð fyrir námsstjóra í hverju fræðsluumdæmi, og þeir verða a. m. k. 7, en svo var í þessari gr., 39. gr., einnig gert ráð fyrir fagnámsstjóra. Hér leggjum við til, að fagnámsstjórarnir falli niður.

Þá er 25. brtt. við 40. gr., sem verður 39. gr.:

„Til endurmenntunar kennara á grunnskólastigi má auk orlofs, sbr. 40. gr., verja fjárhæð, sem til þess er ætluð á fjárl. hverju sinni.“

Í upphafi gr. er ákveðið, að ef kennari hafi gegnt embætti í 5 ár sem settur eða skipaður og óskar eftir að hverfa frá störfum um skeið til þess að efla þekkingu sína og kennarahæfni, þá skuli hann senda menntmrn. beiðni um orlof o. s. frv. En við töldum ekki ástæðu til þess, þegar um endurmenntun kennara væri að ræða, að hann þyrfti endilega að hafa starfað 5 ár áður, og felldum það niður, en svo koma ákvæði, sem grípa inn í þetta, síðar í gr., eins og við leggjum til, að hún verði. Þetta var breyt. við 40. gr.

Þá leggjum við til, að upphaf 41. gr. orðist svo:

„Nú óskar kennari að hverfa frá störfum um skeið til að efla þekkingu sína eða kennarahæfni, og skal hann þá ...“ Þarna fellur 5 ára ákvæðið niður.

Þá er það önnur brtt. við 41. gr., við 4. mgr. Í hana er fært efni, sem var annars staðar í gr. Þar stendur:

„Enginn kennari getur fengið á starfsævi sinni hærri fjárhæð í orlof en sem nemur tveggja ára embættislaunum hans.“

Við leggjum til, að þarna komi, og er það að nokkru leyti í sambandi við fyrri breytinguna:

„Orlof samkv. 2. mgr. má veita kennara, sem gegnt hefur embætti 10 ár, settur eða skipaður. Skemmra orlof en 4 mánuðum nemur til tiltekins náms eða námsferða samkv. 3. mgr. má veita kennara, sem gegnt hefur embætti í 5 ár, settur eða skipaður. Enginn kennari getur fengið á starfsævi sinni hærri fjárhæð í orlof en nemur tveggja ára embættislaunum.“

Þá er 27. brtt. Hún er við 42. gr., og þar er komið að meiri háttar efnisbreytingu. Gr. er mjög stytt og úr henni felld ýmiss konar ákvæði, sem óþörf þóttu, um, hvað mætti verja mörgum dögum til annars en kennslu og prófa o. s. frv. Ég held, að sé hvorki ástæða til að hafa slíkt ákvæði fyrir kennara eða skólastjóra né heldur til þess að segja þeim fyrir verkum í einstökum atriðum, og við töldum óþörf ýmis atriði í þessari gr. og felldum þau niður. En meginbreytingin er um starfstíma grunnskólans. Í upphafi þessarar gr. segir í frv.:

„Reglulegur starfstími grunnskóla skal vera 9 mánuðir. Skal skólaárið að jafnaði hefjast 1. sept. og ljúka 31. maí. Í skólahverfum, þar sem helmingur nemenda eða meira verður að aka til og frá skóla eða dveljast í heimavist, er skólanefnd, að fengnum meðmælum fræðsluráðs og fræðslustjóra, heimilt að stytta árlegan starfstíma skóla allt að eftirtöldum lágmarkstíma:

a) Í 1.—3. bekk í 7 mánuði,
b) í 4.—6. bekk í 7½ mánuð,
c) í 7.—9. bekk í 8¼ mánuð.“

Við leggjum til, að þetta verði svona:

„Reglulegur starfstími grunnskóla skal vera 7—9 mánuðir. Skólaárið skal, þegar miðað er við hámarkskennslutíma, hefjast 1. sept. og því ljúka 31. maí. Heimilt er þó skólanefnd, að fengnum meðmælum fræðsluráðs og fræðslustjóra, að ákveða í upphafi skólaárs, að kennsla hefjist á tímabilinu 15. sept. til 1. okt., og verði þá árlegur kennslutími sem hér segir:

a) í 1.—3. bekk í 7 mánuði“ — það er óbreytt.
„b) í 4.—9. bekk í 7½ mánuð.“

Þarna breytast b- og c-liður í þetta ákvæði, að í 4.—9. bekk sé heimilt að stytta námstímann í 7½ mánuð, en þar er hámarkið 8¼ úr mánuði samkv. frv. Þarna er um verulega styttingu á árlega námstímanum að ræða eða heimildir til þess.

„Í þessu sambandi ber að taka sérstakt tillit til atvinnuhátta og aðstæðna í skólahverfinu. Fræðsluráð og skólanefnd geta í upphafi skólaárs ákveðið, hvort í skólahverfinu skuli vera 5 eða 6 daga skólavika.

Kosta ber ávallt kapps um að skipuleggja kennsluna á þann hátt, að komist verði yfir námsefni samkv. námsskrá, þótt kennslutími sé í lágmarki.

Æski skólanefnd, að hluta námsskyldu barna í 1.—6. bekk sé fullnægt með sumarskóla, getur fræðsluráð, að fenginni umsögn fræðslustjóra, heimilað, að allt að fjórðungur kennslunnar fari fram með þeim hætti.“

Þessi seinasta mgr. er shlj. frv., en í hinum atriðunum öllum felast verulegar efnislegar breytingar. Þetta er sú gr., sem kannske ásamt tveim breyt. á 43. og 45. gr., sem ég kem nú brátt að, er veruleg breyt., og hún er í þá átt að heimila þarna styttingu árlega námstímans, m. a. til þess að geta tekið nánar tillit til atvinnuhátta.

Þá er komið að 28. brtt., sem er við 43. gr. frv. Þar er líka um mjög veigamikla breyt. að ræða. Við leggjum til, að framan við gr. bætist ný mgr., svo hljóðandi:

„Í samræmi við markmið grunnskóla skal að því stefnt, að nám í öllum bekkjum skólans tengist sem best raunhæfum athugunum og þroskandi störfum utan skólaveggjanna. Í 7.—9. bekk verði val námsgreina frjálst að hluta, og skal þar við það miðað, að verklegt skyldu- og valnám geti samanlagt numið helmingi námstímans að hámarki, en fimmtungi hans að lágmarki.“

Þá leggjum við til, að 1. mgr. breytist svo: „Menntmrn. setur grunnskólum aðalnámsskrá“ o. s. frv. óbreytt.

E-liðurinn orðist svo: „Kennslu í kristnum fræðum, siðfræði og fræðslu um önnur helstu trúarbrögð“ — þar er nokkur breyting. Í frv. er e-liðurinn svo: „Kennslu í kristnum fræðum og fræðslu um önnur helstu trúarbrögð, almenna siðfræði og háttvísi.“ — Þetta er orðalagsbreyting á þessum lið.

Þá er enn fremur breyt. um það, að inn komi nýr bókstafsliður, sem verði j-liður: „Verklegt nám.“ — Verklega námið var ekki tekið með í aðalliðum um skyldukennsluna, heldur sett í þann lið, þar sem talað var um valgreinarnar. Nú er það fært í j-liðinn undir aðalliðina og verklega náminu þar gert hærra undir höfði. Auðvitað koma ekki nákvæm ákvæði um kennslu í einstökum gr. inn í þetta frv. Það kemur fyrst, þegar sett verður námsskrá, hvað kennt skuli í hverri námsgrein um sig. En við töldum rétt, að verklega námið væri þarna fært upp í aðaltöluliðina.

Af þessu leiðir, að núv. j-liður verður k-liður og orðast þá svo: „Ýmsar valgreinar, verklegar og bóklegar, í efstu bekkjum grunnskóla“ — og síðan komi ný mgr. á eftir bókstafsliðunum svo hljóðandi:

„Þar sem nemendur eru þátttakendur í atvinnulífinu um takmarkaðann tíma á skólaárinu, skal heimilt að meta það að nokkru til jafns við verklegt nám, sbr. j-lið (þ. e. a. s. liðinn um verklega námið). Fræðsluráð skal í samráði við launþega- og atvinnurekendasamtök og hlutaðeigandi skólastjórn skipuleggja atvinnuþátttöku nemenda, þar sem slíkrar skipulagningar er þörf, og skal það metið að nokkru sem verklegt nám, sbr. j-lið þessarar gr.“

Þarna er um mjög sterk og ákveðin ákvæði að ræða um það að geta metið þátttöku nemenda í atvinnulífinu til jafns við bóklegt nám. Um þetta er ekki neitt í frv. sjálfu.

Þá er enn fremur lagt til, að í stað orðanna „Skólarannsóknadeild menntmrn.“ í síðustu mgr. komi: „Menntamálaráðuneytið.“ Sams konar breyt. leggjum við til alls staðar, þar sem nefnd var skólarannsóknadeild menntmrn., því að það er einasta deildin í rn., sem er sérstaklega nefnd í þessu frv., og töldum best að láta alla deildaskiptingu innan þess lönd og leið, að því er snertir ákvæði frv. Þarna er sem sé um marg-

vislegar brtt. frá hendi n. að ræða, sem stefna mjög í þá átt að koma til móts við það fólk, sem hefur talið, að verklega námið fengi ekki sinn eðlilega sess í þessari væntanlegu löggjöf.

Um breyt. við þessa gr. áttum við sérstaklega rækilegt samtal við prófessor Andra Ísaksson, og breyt. eru að mestu leyti formaðar af honum í samræmi við hugmyndir þær, sem hann kynntist í viðræðum við n. Hann lét þessum brtt. sínum við 43. gr. fylgja svo hljóðandi grg. til n., og vil ég, með leyfi hæstv. forseta, lesa hana. Hann segir:

„Breytingin, sem felst í því að bæta þessari námsgrein við, er fyrst og fremst sú, að þar með yrðu lögbundin viss grundvallaratriði, sem áður mátti þó lesa á milli lína eða lýst var í grg. sem málum, er skorið yrði nánar úr með aðalnámsskrá. Einkum er það þungt á metum í þessu sambandi, að þar með yrðu sett ákvæði um verklegt nám í þremur efstu bekkjum grunnskóla og hvað það skuli nema mkilum hluta námstímans að lágmarki og hámarki. Með þessu má segja, að tekinn sé upp þráðurinn frá 27.—28. gr. l. nr. 48 frá 1946, um gagnfræðanám, en þó með því fráviki, að hér er ekki gert ráð fyrir tveimur sérstökum og aðgreindum deildum, bóknámsdeild og verknámsdeild, heldur frjálsara valgreinakerfi, þannig að nemendur geti valið sér mismunandi mikið verklegt nám, allt að því marki, að allir valtímar séu verklegir. En hér er við það miðað, að valfrjálst nám muni nema u. þ. b. tveimur stundum á viku í 7. bekk, 4 stundum á viku í 8. bekk, 8 stundum á viku í 9. bekk grunnskóla, sbr. grg. með 45. gr., sem einnig verður kynnt hér á eftir. Þetta táknar það, að séu eingöngu valdar verklegar greinar, verður skyldu- og valnám í verknámsgreinunum samanlagt 11 stundir á viku eða um 30% í 7. bekk, 12 stundir á viku, um 32%, í 8. bekk og 16 stundir á viku eða um 43% í 9. bekk, og er þá miðað við 37 stundir á viku sem heildarnámstíma á viku hverri í öllum umræddum bekkjum. Séu hins vegar valdar bóklegar greinar eingöngu, verður hinn verklegi hluti námsins takmarkaður við skyldunám í verknámsgreinum, þ. e. a. s. 9 stundir á viku, um 24%, í 7. bekk og 8 stundir á viku eða um 22% bæði í 8. og 9. bekk.

Með verklegu námi," segir Andri Ísaksson enn fremur, „er hér einkum átt við eftirtaldar námsgreinar:

a. Handíðir og myndlist, þ. á m. trésmíði, málmsmíði, hannyrðir og teiknun.
b. Heimilisfræði og heimilisrækt (þ. á m. matreiðslu, hússtjórn og þjónustubrögð).
c. Íþróttir, líkams- og heilsurækt og hjálp í viðlögum.
d. Vélritun.
e. Véltækni og vélameðferð.
f. Matvælatækni (þ. á m. grundvallaratriði fiskvinnslu).
g. Búfræði.
h. Sjóvinnubrögð.

Greinar a—d yrðu bæði skyldunáms- og valgreinar, en greinar e—h eingöngu valgreinar, sbr. enn grg. með 45. gr., bls. 53."

Þetta eru aðalatriðin, sem hann setur fram til skýringar á því, hvað hann telji, að felist, — þegar gr. hefur verið orðuð á þennan hátt, sem hann lagði til í samráði við n., — felist í verklegu námi og hvað geti fallið undir það.

Við 44. gr. er engin brtt., en þá kemur að 45. gr., og þar er einnig um að ræða mjög veigamiklar breyt. af n. hendi. Þessi gr. 45. gr., byrjar á þennan hátt:

„Vikulegur kennslutími á hvern nemanda í grunnskóla skal vera sem næst þessi:
a) í 1. bekk 880 mínútur;
b) í 2. bekk 960 mínútur;
c) í 3. bekk 1080 mínútur;
d) í 4. bekk 1280 mínútur;
e) í 5. bekk 1360 mínútur;
f) í 6. bekk 1400 mínútur;
g) í 7. bekk 1480—1520 mínútur;
h) í 8. bekk 1480—1560 mínútur;
i) í 9. bekk 1440—1560 mínútur."

Þegar við höfðum kynnt okkur þetta í n., komumst við að þeirri niðurstöðu, að þarna væri slíkur vinnuþungi lagður á nemendur, að skólasetan og heimanám yrði langt umfram það, sem forsvaranlegt væri að leggja á nemendur á þessu aldursskeiði, og ræddum það við Andra Ísaksson, að við vildum stytta þetta, þannig að lágmarkstímarnir, sem þarna eru, yrðu það hámark, sem við vildum fallast á, 1440 mínútur, svo að það væri nokkurn veginn tryggt, að vinnuálagið á unglingunum færi ekki yfir 40 stundir á viku. Þetta tók prófessor Andri Ísaksson til greina, og við báðum hann síðan að forma till. um 45. gr. með tilliti til þessarar skoðunar n. Og niðurstaðan er þessi, að við leggjum til, að framan við gr. komi ný mgr., svo hljóðandi:

„Við ákvörðun daglegs og vikulegs starfstíma nemenda í grunnskóla skal þess gætt, að hann fari í heild (kennslutími, stundahlé og sjálfsnám utan kennslustunda) ekki fram yfir hæfilegt vinnuálag miðað við aldur nemenda og þroska. Í samræmi við þetta skal starfsskylda nemenda í 8.—9. bekk grunnskólans markast af 40 klukkustundum á viku.

Tölur í g-, h- og i-lið breytist þannig:
g. í 7. bekk 1440—1480 mínútur;
h. í 8. bekk 1440—1480 mínútur;
i. í 9. bekk 1440—1480 mínútur."

Þ. e. a. s. hámarkið verður 1480 mínútur, sem varð í raun og veru lágmarkið í 8. bekk samkv. frv.

Við fengum þessar till. prófessor Andra Ísakssonar skriflegar frá hans hendi, og segir hann í grg., sem þessu fylgdi:

„Undirritaður telur, að ábending um skiptingu vikulegs starfstíma nemenda í kennslustundir, stundahlé og sjálfsnám utan kennslustunda eigi fremur heima í skýringum eða grg. en í lagagr. sjálfri, og vísast í því sambandi til töflu," — sem hann svo vitnaði til. Og síðan segir hann:

„Umrædd stytting á vikulegum kennslutíma í 7.—9. bekk grunnskólans niður í 1460 mínútur að meðaltali er af undirrituðum talin æskileg. Hún virðist einnig vera gerleg, án þess að tiltakanlega þurfi að raska eðlilegri námsskrá."

Að fengnu þessu áliti prófessors Andra, sem er einn af aðalhöfundum frv., vorum við ákveðin í því í n. að leggja til, að gr. yrði orðuð eins og ég hef nú gert grein fyrir og þannig starfs-

tími nemendanna, vikulegur starfstími, styttur nokkuð frá því, sem í frv. greinir.

Þá er ég kominn að 30. brtt., sem er við 47. gr., en óbreytt er þarna á milli 46. gr. Við 47. gr. leggjum við til, að gr. orðist svo:

„Þegar kennarar vinna samna að kennslu námshópa, er heimilt að leysa upp að nokkru deilda- og bekkjaskipan og kenna nemendum saman, ýmist í smærri eða stærri hópum, enda skerði sú tilhögun eigi námsefni það, sem kenna ber."

Þá er 31. brtt. við 48. gr. Við leggjum til, að í stað 1. mgr. komi tvær mgr., sem orðist svo:

„Í fámennum skólum, þar sem nemendur (1.—6. bekkjar) eru á mismunandi aldri saman í deild, skulu þó ekki vera fleiri en þrír aldursflokkar saman í bekkjardeild. Þó sé heimilt, ef nauðsyn krefur, að hafa 1.—4. bekk saman í deild.

Undir slíkum kringumstæðum er æskilegt, eftir því sem við verður komið, að nemendur í bekkjardeild séu ekki fleiri en hér segir (orðalagið er frekar rýmkað):

a) 12 nemendur, ef aldursflokkar eru 4,
b) 17 nemendur, ef aldursflokkar eru 3,
c) 22 nemendur, ef aldursflokkarnir eru 2."

Það er skiljanlegt öllum, að ef þarf að kenna börnum eða unglingum á mismunandi aldri í sömu bekkjardeild, þá er æskilegt að hafa færri í deild heldur en ef eru samstæðir nemendur á sama aldursskeiði í hverri deild. Venjan er sú, að það sé nálægt 30 í bekkjardeild, en þarna eru tölurnar miklu lægri, eins og hv. þm. heyrðu. Þetta er einkanlega varðandi skóla úti á landi, þar sem verður að kenna börnum á mismunandi aldursskeiði saman í deild.

32. brtt, er við 51. gr., 49. og 50. gr. eru óbreyttar. 51. gr. er um nemendur, sem ekki geta notið náms í venjulegum skólum, og er gr. svo hljóðandi:

„Börn, sem talin eru víkja svo frá eðlilegum þroskaferli, að þau fái ekki notið venjulegrar kennslu í einni eða fleiri námsgreinum, eiga rétt til sérstakrar kennslu við sitt hæfi. Slík kennsla fer fram einstaklingslega, í hópum, sérbekkjum eða sérdeildum grunnskóla, nema til komi kennsla í sérstofnun samkv. 53. gr. Kennslan fer fram, eftir því sem hentast þykir, eftir afbrigðum nemenda og aðstæðum skóla og fræðsluumdæmis. Sérmenntaðir kennarar skulu annast kennslu, þar sem því verður við komið. Heimilt er skóla að fjölga í þessu skyni vikulegum skyldustundum einstakra nemenda um allt að tveimur kennslustundum, en tilkynna skal slíkt forráðamönnum nemenda."

Þarna leggjum við til vegna þessara viðbótarkennslustunda, að komi: „Þessum viðbótarkennslustundum sé einkum varið til þess að veita einstökum nemendum hjálp."

33. brtt. er við 58. gr., og leggjum við til, að gr. orðist svo:

„Próf í grunnskóla skulu að jafnaði framkvæmd af kennurum skólans, sbr. þó 58. gr. Kennarar skulu gefa einkunnir í lok hvers skólaárs eða námsáfanga. Einkunnir skulu færðar í prófbók skólans og í einkunnabækur nemenda."

58. gr. er svo:

„Próf í grunnskóla skulu að jafnaði framkvæmd af kennurum skólans, sbr. þó 59. gr. Kennarar skulu gefa umsögn og/eða einkunnir í lok hvers skólaárs eða námsáfanga, sem gefi til kynna námsárangur, vinnubrögð og framfarir nemandans og viðhorf hans til viðfangsefna skólans. Upplýsingar þessar skulu færðar í spjaldskrá skólans og prófskýrslur og veittar nemendum og foreldrum."

Við töldum, að ákvæðin um prófin þarna væru of nærgöngul við nemendur, það væri engin ástæða til þess að lögbinda það, að það skyldi færa einkunnirnar og umsagnir kennara í spjaldskrá skólans, og vildum eingöngu hafa prófin í höndum kennara, eins og gert er ráð fyrir raunar í frv., og að það séu bara gefnar einkunnir í lok hvers skólaárs eða lok námsáfanga og engar umsagnir lögfestar gagnvart nemendum og ekki krafist neins um viðhorf þeirra til viðfangsefna skólans.

Þá er 34. brtt. við 60. gr., sem verður 59. gr. Við leggjum til, að gr. orðist svo:

„Er grunnskólanámi lýkur, skal nemandi fá skírteini, er votti, að hann hafi lokið skyldunámi samkv. lögum. Í skírteinið skal skrá námsbraut nemandans og valgreinar hans í 8. og 9. bekk svo og úrslit prófa, þ. á m. samræmdra lokaprófa. Einkunnir úr samræmdum og stöðluðum prófum skulu færðar sem sjálfstæðar einkunnir og hafi einkunnir kennara ekki áhrif á þær."

Tilgangurinn með þessari breyt. er alveg sá sami og með breyt. okkar við gr. á undan, að engar umsagnir skulu veittar um nemendurna af kennurum, heldur eingöngu próftölurnar látnar tala og þær skráðar í bækur skólans og í einkunnabækur nemenda og þar með afhentar foreldrum eða aðstandendum.

Við 63. gr. er brtt., sem er sú 35. í röðinni, um, að upphaf gr. orðist svo: „Menntmrn. annast m.a. gerð áætlana um umbætur" o. s. frv. Þetta er brtt., sem er sama eðlis og ég hef getið um áður. Í frv. er þarna sagt, að í menntmrn. skuli vera skólarannsóknadeild, sem hafi með höndum o. s. frv. Við viljum ekki í frv. ákveða neitt um þær deildir, sem rn. er skipt í, og leggjum til, að orðið „menntamálaráðuneytið" komi í staðinn fyrir skólarannsóknadeild í þessu tilfelli.

Þá er það 36. brtt. við 64. gr. Við leggjum til, að gr. orðist svo:

„Til að leiðbeina um kennslu í grunnskóla, fylgjast með árangri hennar og stuðla að kennslufræðilegum umbótum skulu vera námsstjórar, eftir því sem þörf er á og fé er veitt til þess á fjárl. Námsstjórar þessir eru starfsmenn menntmrn., og ræður það þá til allt að fjögurra ára í senn. Við ráðningu námsstjóra skal tekið tillit til kennslufræðilegrar menntunar og kennarareynslu."

Þarna eru ákvæði í þessari gr., 64. gr., um námsstjórana. Gr. er svo í frv.:

„Til að leiðbeina um kennslu í grunnskóla, fylgjast með árangri hennar og stuðla að kennslufræðilegum umbótum skulu vera námsstjórar í einstökum greinum, eftir því sem þörf er á og fé er veitt til á fjárl. Þó skal eigi varið til námsstjórnar lægri fjárhæð en sem nemur 7 námsstjóralaunum. Námsstjórar þessir eru

starfsmenn skólarannsóknadeildar, og ræður menntmrn. þá til allt að fjögurra ára í senn. Við ráðningu námsstjóra skal tekið tillit til kennslufræðilegrar menntunar og kennarareynslu.“

Þarna er tiltekinn ákveðinn hundraðshluti fjár, sem lagður skuli til námsstjóra, og ákveðið, að ekki skuli vera varið minna fé á fjárl. en nemi a. m. k. 7 námsstjóralaunum. Þetta fellur út og segir, að aðeins skuli fara eftir ákvörðun á fjárl. hverju sinni, og ákvæðið um skólarannsóknadeild fellum við niður, eins og við höfum gert í öðrum gr., þar sem sérstakar deildir voru nefndar.

Þá er 37. brtt. við 65. gr. Við leggjum til, að gr. orðist svo:

„Til rannsóknaverkefna á sviði skóla- og uppeldismála, þ. á m. rannsókna- og tilraunastarfa samkv. 63. gr., skal árlega varið fé, svo sem ákveðið er á fjárl. Menntmrn. ákveður skiptingu fjárins.“

Þarna var í frv. kveðið á um, að ákveðnum hundraðshluta af heildarútgjöldum ríkissjóðs í fjárl. til stofn- og rekstrarkostnaðar grunnskóla yrði varið til rannsóknaverkefna. En til þess að menn sjái alveg, hvernig þetta er í frv., vil ég lesa 65. gr. eins og hún er:

„Til rannsóknaverkefna á sviði skóla- og uppeldismála, þ. á m. um rannsókna- og tilraunastarfs samkv. 63. gr., skal varið árlega úr ríkissjóði a. m. k. 1% af heildarútgjöldum ríkissjóðs í fjárl. til stofn- og rekstrarkostnaðar grunnskóla og framhaldsskóla. Menntmrh. ákveður skiptingu fjárins.“

Þennan hundraðshluta viljum við nema í burt og þetta sé eingöngu bundið fjárveitingu á fjárl. hverju sinni.

Þá er 38. brtt. um það, að 66. gr. falli niður, þ. a. s. ákvæðin í frv. um 10 manna grunnskólaráð. Svo að menn viti, hvað er verið að fella hér niður, er rétt, að ég lesi 66. gr. eins og hún er. Þar segir:

„Menntmrn. skipar til fjögurra ára í senn 10 manna ráð, er nefnist grunnskólaráð. Í ráðinu skulu eiga sæti eftirtaldir aðilar:

a. Einn fulltrúi fyrir menntmrn., og skal hann vera deildarstjóri skólarannsóknadeildar þess, og er hann jafnframt formaður ráðsins.

b. Fjórir fulltrúar kennara á grunnskólastigi, einn tilnefndur af Félagi háskólamenntaðra kennara, einn af Landssambandi framhaldsskólakennara og tveir af hálfu Sambands ísl. barnakennra, og skal annar þeirra valinn úr hópi kennara við skóla í strjálbýli.

c. Einn fulltrúi kennara á frmahaldsskólastigi, tilnefndur af Félagi menntaskólakennara.

d. Einn fulltrúi starfsmanna ráðgjafar- og sálfræðiþjónustu skólanna, tilnefndur af forstöðumönnum sálfræðideilda.

e. Einn fulltrúi fyrir Ríkisútgáfu námsbóka.

f. Einn fulltrúi fyrir Kennaraháskóla Íslands.

g. Einn fulltrúi fyrir Háskóla Íslands.

Grunnskólaráð er ráðgefandi í kennslufræðilegum málefnum grunnskóla og skilar till. sínum til menntmrn. Verði atkv. í ráðinu jöfn, ræður atkv. formanns.

Menntmrn. setur grunnskólaráði erindisbréf og kveður á um starfstilhögun þess og starfssvið.“

Þetta er gr., sem við leggjum til, að verði felld niður og þar með þetta 10 manna ráð. Ef nauðsynlegt þykir, verður þá að taka upp ákvæði um það síðar, en á þessu stigi sem sé leggjum við til, að til þess verði ekki stofnað.

Þá er 39. brtt. við 68. gr. Við leggjum til, að upphaf gr. orðist svo:

„Fræðsluráð skal, svo fljótt sem aðstæður leyfa, setja á stofn ráðgjafar- og sálfræðiþjónustu fyrir grunnskóla umdæmisins.“

Í frvgr. segir, að svo fljótt sem aðstæður leyfa skuli komið upp deild í fræðsluskrifstofu, sem annist ráðgjafar- og sálfræðiþjónustu. Þetta ákvæði um sérstaka deild til þess að annast þetta verkefni fellum við niður.

Í öðru lagi leggjum við til, að sú breyt. verði gerð á 68. gr., að í stað 4. og 5. mgr. komi ein mgr., sem orðist svo:

„Menntmrn. gerir í samráði við fræðslustjóra heildaráætlun um framkvæmd ráðgjafar- og sálfræðiþjónustu samkv. lögum þessum. Skal áætlunin miðuð við það fjármagn, sem til þessa starfsþáttar er veitt á fjárl. Til þessarar starfsemi skal að fengnum till. fræðslustjóra ráða sálfræðinga, félagsráðgjafa og sérkennara. Einnig er fræðsluráði heimilt að tryggja sér þjónustu ráðgefandi læknis til slíkra starfa.“

Þarna eru felldir niður skólaráðgjafarnir, eins og ég hef getið um áður, og þessi atriði gerð einfaldari, ekki bundið, hve mikið fjármagn skuli ætlað til þessa, og ekki heldur ákveðnar tölur nemenda á bak við hvern ráðinn starfsmann til þessarar þjónustu. Ákvæðin eru þannig rýmri og alls ekki ákveðið fjármagn til þessa fremur en annarra þátta, sem verður að ákveða hverju sinni eftir fjárveitingum á fjárl. N. varð, held ég, öll sammála um, að ekki væri hægt að binda hina einstöku þætti við ákveðinn hundraðshluta af heildarfjárveitingu til þessara mála.

Þá er enn fremur brtt. við þessa gr. á þessa lund:

„Sálfræðingar, félagsráðgjafar og sérkennarar gegna störfum sem settir eða ráðnir um tveggja ára skeið, en eiga að þeim tíma liðnum rétt á ákvörðun um stöðuveitingu, að fenginni umsögn fræðslustjóra.“

Það var síðasta breytingin við 68. gr.

Þá er 40. brtt. við 70. gr. Þar er um tvær breyt. að ræða. Fyrri er um það, að fyrri mgr. gr. orðist svo:

„Ráðgjafar- og sálfræðiþjónusta lýtur stjórn fræðslustjóra, sem skipuleggur störfin í samráði við skólastjóra.“

Í frv. segir:

„Ráðgjafar- og sálfræðiþjónusta lýtur stjórn hlutaðeigandi fræðslustjóra, og skal hún vera sérstök deild í fræðsluskrifstofu.“

Það ákvæði fellum við sem sé niður.

Þá er seinni breytingin við 70. gr. Þar er lagt til, að síðari mgr. orðist svo: „Starfsmenn ráðgjafar- og sálfræðiþjónustunnar hafa sama rétt til að sitja fundi skólanefndar og skólastjóri, sbr. 18. gr. Enn fremur eiga þeir rétt á að sitja fundi fræðsluráðs, þegar fjallað er um ráðgjöf og sálfræðiþjónustu eða skyld mál, svo og hliðstæða fundi, sem fræðslustjóri boðar til með skólastjórum eða kennurum.

Ég vík þá að 41. brtt., sem er um það, að í staðinn fyrir 73. og 74. gr. frv. komi ein gr., sem verði svo hljóðandi:

„Sérmenntaðir starfsmenn, ráðgjafar- og sálfræðiþjónustu skulu hafa lokið námi, sem menntmrn. viðurkennir. Setur rn. í reglugerð nánari ákvæði um framkvæmd og verksvið ráðgjafar- og sálfræðiþjónustu, svo og kröfur um menntun þeirra, sem að þessum málum vinna, svo sem skólasálfræðinga, félagsráðgjafa og sérkennara. Forstöðumenn ráðgjafar- og sálfræðiþjónustu skulu hafa lokið kandidatsprófi eða sambærilegu prófi í sálarfræði. Rn. setur starfsmönnum erindisbréf að fengnum till. fræðsluráðs."

Þessi gr. leggjum við til, að komi í staðinn fyrir bæði 73. og 74. gr., sem eru miklu lengra mál.

Þá er komið að 42. brtt. okkar, sem er við 75. gr. Þetta er X. kafli frv., um bókasöfn, og er þessi 75. gr., sem fjallar um bókasöfnin, gerð verulega ítarlegri en hún er í frv. Gr. verður svo samkv. till. n.:

„Við hvern grunnskóla skal vera safn bóka og námsgagna ásamt vinnustofu fyrir nemendur og kennara. Heimilt skal að sameina almenningsbókasöfn og skólasöfn, ef forráðamenn beggja telja slíkt æskilegt og menntmrn. samþykkir.

Að skólabókasöfnum skal þannig búið, að því er varðar húsnæði, bókakost og önnur námsgögn og starfslið, að þau geti gegnt því hlutverki að vera eitt af meginhjálpartækjum í skólastarfinu.

Í bóka- og námsgagnasafni eru bækur og annað prentað efni, kvikmyndir, myndræmur, skyggnur, glærur, myndsegulbönd og annað myndritað efni, enn fremur hljómplötur, segulbönd og annað hljóðritað efni, svo og hvers konar tæki til flutnings á þessu efni og framleiðslu í þau. Nánari ákvæði um skólasöfn, húsnæði þeirra, bókakost, önnur kennslugögn, starfslið og starfshætti, setur menntmrn. í reglugerð."

Sem sé, það er tillaga n., að 75. gr. svo orðuð, komi í staðinn fyrir 75. gr. eins og hún er í frv., en þar er hún ekki nánar nærri eins ítarleg.

Þá er komið að 43. brtt., sem er við 77. gr., á þá lund, að síðasta málsgr. gr. falli niður. Þessi gr. í frv. er svona:

„Kennsla óskólaskyldra barna umfram það, sem segir í gr. þessari, er háð leyfi fræðslustjóra. Nánari ákvæði má setja í reglugerð."

Þetta bann vildum við ekki hafa. Við vildum ekki hafa það, að sækja þyrfti um leyfi til fræðslustjóra til þess að hefja kennslu óskólaskyldra barna. Og skal þess vegna málsgr. falla niður.

Og að lokum er 44. brtt., sem er við 80. gr. Það er aðeins orðalagsbreyting, fyrir orðið „aðstoðarskólastjóra" í a-liðnum, komi: yfirkennara.

Þetta eru þær brtt., sem eru á þskj. 517 og n. taldi, að hefðu fengið líklegan meirihluta hljómgrunn, og er þá till. okkar, sem að baki þessum till. stöndum, sú, að frv. verði samþ. með þessum breyt. En aðrar brtt. sem fram hafa komið og ég hef áður nefnt, verða vafalaust skýrðar af tillögumönnum.

Ég legg svo til, herra forseti, að málinu verði vísað til 3. umr., þegar umr. lýkur.

Ellert B. Schram: Herra forseti. Ég skal viðurkenna það, að ég á erfitt með að sjá, hvaða tilgangi það þjónar að flytja hér langar ræður og gera grein fyrir máli sínu og till. sínum yfir nánast tómum þingbekkjum. En við skulum vona, að þessar umr. endi ekki með einhverju persónulegu karpi milli okkar, sem höfum setið í menntmn. og farið yfir þetta frv. nú í vetur. Auðvitað er tilgangurinn með þessum tillöguflutningi í þessum umr. sá að kynna sjónarmið og ágreining, sem upp hefur komið í n., fyrir öðrum hv. þm., þannig að þeir geti gert sér grein fyrir því, í hverju sá ágreiningur er fólginn, og greitt atkv. með eða á móti till. eftir því, hvernig rök eru flutt fyrir viðkomandi till. En ég mun nú leitast við að skýra í eins stuttu máli og auðið er þær till., sem ég hef leyft mér að flytja og fram koma á þskj. 530.

Það hefur komið skýrt fram í umr. um grunnskólafrv. og frv. til l. um skólakerfi, að við sjálfstæðismenn teljum, að í mjög mörgum atriðum horfi þetta frv. til mikilla bóta, og á það einkum við um hina kennslufræðilegu hlið, hina innri hlið skólakerfisins. Það er enginn vafi á því, að fjölmörg ákvæði í þessu frv. eiga fyllsta rétt á sér og eru í samræmi við nútímakröfur í fræðslumálum. Þarf ekki að fjölyrða um þá mörgu kosti, sem frv. felur í sér. Á hinn bóginn höfum við sjálfstæðismenn talið marga annmarka vera á frv., einkum sem lúta að hinni stjórnmálalegu og fjármálalegu hlið frv.

Form. þingfl. sjálfstæðismanna, Gunnar Thoroddsen, hv. 5. þm. Reykv., gerði grein fyrir afstöðu sjálfstæðismanna við 1. umr. þessa máls, og hann vakti sérstaka athygli á nokkrum atriðum, sem hann taldi, að þyrftu frekari skoðunar við, og minntist þá sérstaklega á í fyrsta lagi lengingu skólaskyldunnar og viðhorf manna til skólaskyldu og fræðsluskyldu og útskýrði, hvernig þessi hugtök væru skilin af okkur. Í öðru lagi minntist hann á samband skólaæskunnar við atvinnulífið og þátt nemenda í atvinnulífinu og taldi, að tengja mætti þátttöku unglinga í atvinnulífinu betur við námið í skólunum. Í þriðja lagi vék hann að stefnumótun grunnskólans, sem lýtur að grundvallaratriðum í frv. og fram kemur í 1. og 2. gr., og minnti þar sérstaklega á tengsl fræðslunnar við hina kristnu trú. Í fjórða lagi vék hv. 5. þm. Reykv. að valdssviði skólastjóra og taldi, að skoða þyrfti betur þau ákvæði er lytu að því, og hélt þeim skoðunum fram, að það þyrfti að hnykkja betur á því, að skólastjórar réðu raunverulega yfir skólum sínum. Í fimmta lagi vék hann að kostnaðarhliðinni, kostnaðarskiptingunni milli ríkis og sveitarfélaga í skólamálum. Og í sjötta lagi fjallaði hann nokkuð um tengslin milli hinna einstöku aðila, sem fara með yfirstjórn fræðslumála, þ. e. a. s. rn. og sveitarstjórna, og taldi, að breyta þyrfti nokkuð því valdssviði, eins og frv. gerir ráð fyrir.

Í lok þessarar ræðu sagði hv. 5. þm. Reykv., með leyfi forseta:

„Ég hef þá trú, að ein merkasta og þarfasta umbótin varðandi aukið sjálfsforræði sveitarfélaga sé einmitt þessi, að þau fái skólamálin sem mest í sínar hendur. Ég tel víst, að sú breyt. verði ein sú fyrsta á verkaskiptingu ríkis og sveitarfélaga og þessi breyt. hljóti að verða gerð alveg á næstunni. Það eru því að okkar dómi

ekki hyggileg vinnubrögð að afgreiða skólamálin svo, að byggt sé á hinum gamla grunni og hinu úrelta skipulagi, sem hefur lifað sitt fegursta. Hitt væri vitlegra," sagði hv. 5. þm. Reykv., „að fella þau nú þegar á þessu þingi í þann farveg, sem samtök sveitarstjórna og fjölmargir skólamenn óska eftir, og gefa þeim málum nú þá mynd, sem koma skal."

Í hv. menntmn., ítrekaði ég þessi sjónarmið, og ég minnti á, að eins og ég hef gert í þessum umr. undanfarna daga varðandi skólakerfisfrv., — minnti ég á ummæli hæstv. forsrh., sem hann viðhafði í stefnuræðu sinni hér í haust um það, að nú væri verið að endurskoða verkaskiptingu ríkis og sveitarfélaga og búast mætti við því, að þeirri endurskoðun lyki á yfirstandandi þingi, þannig að hægt væri að leggja fram frv. um það efni nú fyrir þingslit. Meiri hl. nm. féllst ekki á þessi vinnubrögð, sem fram komu í orðum hv. 5. þm. Reykv., og vildi ekki hafa hliðsjón af því, sem hæstv. forsrh. hafði gefið yfirlýsingar um varðandi endurskoðun og verkaskiptingu, og var þá strax ljóst í upphafi nefndarstarfsins, að meiri hl. nm. var ráðinn í því að afgreiða frv. án tillits til yfirlýstrar endurskoðunar á verkaskiptingu ríkis og sveitarfélaga og án þess að vilja taka til athugunar hin nýju viðhorf, sem skapast hafa í þeim efnum.

Ég lagði þá fram bókun í n., og sú bókun kemur fram í sameiginlegu nál. menntmn., og vil ég leyfa mér að lesa þessa bókun, með leyfi forseta. Hún hljóðar svo:

„Undirritaður hefur gert að till. sinni, að við meðferð menntmn. á frv. til l. um grunnskóla verði gengið út frá þeirri forsendu, að sveitarfélögin og samtök þeirra annist fræðslumálin á skólaskyldustigi að öðru leyti en því, er varðar ákvörðun námsefnis og námseftirlit. Sveitarfélögin standa undir stofnkostnaði og rekstri skóla á grunnskólastiginu, en ríkissjóður greiði kennaralaunin.

Frv. verði breytt í samræmi við ofannefnd grundvallarsjónarmið.

Að sjálfsögðu er þó gert ráð fyrir, að tekjustofnalögum sveitarfélaga verði breytt í framhaldi hér af, svo og að landshlutasamtök sveitarfélaga verði viðurkennd að lögum. Verði hvort tveggja liður í þeirri tillögugerð um breytta verkefnaskiptingu ríkis og sveitarfélaga, sem boðuð hefur verið af stjórnvöldum á þessu þingi. Nú er ljóst," segir áfram í þessari bókun, „að þetta sjónarmið nýtur ekki stuðnings annarra nm. Um leið og ég undirritaður harma þá niðurstöðu, mun ég að sjálfsögðu taka þátt í störfum n. um frv., en bera fram till. með þeim fyrirvara, sem að ofan er getið."

Þessi afstaða mín og þessi bókun hefur verið túlkuð af ýmsum á þann veg, að hún jafngilti því, að ég eða við, sem að henni stöndum, viljum fresta þessu máli, og hv. form. menntmn. hefur í þessum umr. skorað á mig að leggja fram till. beinlínis um frestun. Hann, þ. e. a. s. hv. 3. þm. Vestf., Hannibal Valdimarsson, telur, að þetta frv. þoli ekki lengri bið, og er það sjálfsagt í samræmi við skoðanir annarra nm. í meiri hl. — og telur, að ef endurskoðun verkaskiptingar milli ríkis og sveitarfélaga feli í sér breytingar á sviði fræðslumála, þá sé auðvelt að breyta löggjöfinni aftur til samræmis við þá niðurstöðu, þegar þar að kemur, eins og hann hefur rætt um í þessari umr.

Að mínu mati dugar þessi málflutningur afar skammt og er ekki nægilegar röksemdir, þegar verið er að ræða meðferð og afgreiðslu á frv., sem leggur grundvöll að fræðslukerfinu í landinu í heild sinni. Í þeim efnum er ekki mögulegt að hringla með löggjöfina frá einu ári til annars. Það má að sjálfsögðu breyta minni háttar framkvæmdaratriðum í fræðslulöggjöfinni, en það getur enginn, sem vill starfa og standa ábyrgt að þessu máli, breyta árlega grundvellinum sjálfum að allri fræðslu í landinu. Það kastar enginn höndunum til þess verks, og í þeim efnum skiptir því ekki máli, hvort sá grundvöllur er lagður einu ári fyrr eða síðar, ef við á annað borð erum þeirrar skoðunar, að hann geti orðið betri, ef við dokum aðeins við. Aðalatriðið og undirstaðan er sú, að grundvöllurinn að skóla- og fræðslustarfinu sé traustur og varanlegur, en það sé ekki verið að hringla með hann frá ári til árs.

Ef grunnskólafrv. verður samþykkt í núverandi mynd, munu stjórnvöld, yfirstjórn fræðslumála í rn. og sveitarstjórnum, skólamenn, kennarar og aðrir, sem í skólunum starfa, fjárveitingavaldið og fleiri aðilar, allir þessir aðilar þurfa að sníða störf sín og ákvarðanir í samræmi við þá löggjöf, sem nú verður samþykkt, ef þetta frv. verður að lögum. Og sjá þá allir væntanlega, hversu fráleitt það er, ef kollvarpa ætti öllu því starfi með nýrri stefnumótun að einu ári liðnu eða tveim. Ef við á annað borð erum fús til að marka stefnu í samræmi við yfirlýsingar allra eða flestra stjórnmálaflokka og viljum taka mið af þörfinni í þjóðfélaginu fyrir breytta verkaskiptingu á sviði fræðslulöggjafarinnar, ef við viljum auka vald sveitarfélaganna í skólamálum og auka ábyrgð þeirra og frumkvæði, þá eigum við að sjálfsögðu ekki að samþykkja frv., sem gengur ekki nema a. m. k. að litlu leyti í þessa átt.

Ef hv. þm. Hannibal Valdimarsson vill t. d. ekki auka sjálfsforræði sveitarfélaganna og ef núv. hæstv. ríkisstj. ætlar ekki að standa við fyrirheit sín um aukið sjálfsforræði til handa sveitarfélögum, þá er vitaskuld skiljanlegt, að hv. þm. og hæstv. ríkisstj. vilji keyra þetta mál í gegn nú. Ef hins vegar er raunverulegur vilji til slíkrar stefnumótunar og sá vilji er einnig fyrir hendi hjá stjórnarandstöðunni, eins og oft hefur komið fram, þá eigum við auðvitað að taka höndum saman og hrinda því máli fram í samræmi við yfirlýsta stefnu okkar. Og það er ekkert áhorfsmál og ekki gagnrýnisvert, enda þótt afgreiðsla grunnskólafrv. dragist um stuttan tíma til að taka mið af þessari grundvallarstefnumótun.

Það er rétt hjá hv. 3. þm. Vestf., Hannibal Valdimarssyni, að fjármálaábyrgð þarf að haldast í hendur við framkvæmdir á þessum vettvangi sem flestum öðrum reyndar. Þar er ég honum hjartanlega sammála. En það er einmitt það, sem við sjálfstæðismenn höfum verið að leggja til í þessu máli. Og það er útúrsnúningur af hans hálfu að halda því fram í þessum umr., að við viljum færa framkvæmda- og ákvörðunarvald út til sveitarfélaganna, án þess að þau fái

jafnframt tekjur og fé til að standa undir framkvæmdum og ákvörðunum sínum, eða eins og hann sagði í ræðu sinni fyrr í dag: að ríkissjóður útvegaði fjármagnið, en sveitarfélögin ættu síðan að sækja allt fjármagnið til ríkissjóðs. — Ég held, að hann hafi orðað það með þessum hætti. Þetta er misskilningur. Við höfum aldrei lagt þetta til. Við viljum þvert á móti og höfum lagt til, að sveitarfélögunum verði útvegaðir tekjustofnar til þess að standa undir þessum framkvæmdum, — ekki að sveitarfélögin sæki allt fjármagnið til ríkissjóðs, heldur að tekjustofnalögunum verði breytt, þannig að svo miklar tekjur renni til sveitarfélaganna, að þau geti staðið undir þessum framkvæmdum. Þetta eru okkar skoðanir, og ég vona, að það fari að skiljast hvað líður.

Ég vona, að menn skilji, að það er nauðsynlegt í samræmi við þessar skoðanir að hugmyndir Alþ., hugmyndir stjórnar og þm., liggi fyrst fyrir um tilhögun og verkaskiptingu á sviði fræðslumálanna, áður en tekin er ákvörðun um tekjustofna eða útvegun tekna. Fyrst verðum við að sjá, hvar framkvæmdirnar eiga að vera, hver verkefnin eru, og síðan verðum við að laga tekjustofnalögin að þeim ákvörðunum. Þetta er ég búinn að reyna að útskýra hér nokkrum sinnum áður og vil og geri enn núna, vegna þess að mér hefur sýnst vera um nokkurn misskilning og útúrsnúninga að ræða, þegar þetta ákveðna atriði er rætt af öðrum hv. þm.

Ég vek athygli líka á því, að samkv. núgildandi l. eru ríkjandi mjög flóknar reglur um kostnaðarskiptingu vegna stofn- og rekstrarkostnaðar skóla. Og staðreyndin er einmitt sú, að ákvarðanir um skólabyggingar eru teknar á einum stað, ákvarðanir um fjárveitingar eru teknar á öðrum stað. Það er t. d. kannske tekin ákvörðun um byggingu skóla heima í héraði fyrir tilstilli eða með samþykki rn., en þessari byggingu er ekki hrundið í framkvæmd, vegna þess að aðrir hafa síðasta orðið. Þá vantar kannske fé, og það þarf að sækja féð annað. Sveitarfélög geta ekki fullnægt fræðsluskyldu sinni né komið til móts við kröfur heimamanna, vegna þess að þau hafa ekki vald né möguleika til þess að gera það. Og þetta frv., sem hér er til meðferðar, breytir engu í þessum efnum. Kostnaðarskiptingin er áfram flókin, mjög flókin og óljós. Fjármálaábyrgðin er áfram á einum stað, en framkvæmdin á að vera á öðrum.

Ef við reynum að ná yfirsýn yfir vettvang fræðslumálanna og skyggnast um, í hverju vandinn liggur, sem ég hef reynt að gera tilraun til hér áður, þá komumst við að þeirri óhjákvæmilegu niðurstöðu, að hinn eiginlegi vandi verður aldrei leystur, nema löggjöfin verði þannig úr garði gerð, að framkvæmd og fjármálaábyrgð séu á einni hendi. Ég hef t. d. ekki skilið 3. þm. Vestf. öðruvísi en svo, að við séum alveg sammála um þetta. Og ég leyfi mér að halda því fram, að þetta frv. bæti hér ekki úr, heldur þvert á móti þær till., sem ég hef gerst talsmaður fyrir. Það verður alveg sama, hversu merka kennslufræðilega löggjöf við mótum hér eða hversu langa skólaskyldu við ákveðum, — ekkert af þessu verður framkvæmt til hlítar, ef við gerum það ekki upp við okkur, að ákvarðanir, framkvæmdafé, ábyrgð sé á einni og sömu hendi. Sumir vilja halda því fram að þessi ábyrgð og þessi ákvarðanatekt eigi að vera í höndum rn., og það er út af fyrir sig afstaða. En við höfum líka reynslu af því. Við höfum þá reynslu af því, að það er ríkjandi misrétti, og það er sagt, að ástæðan fyrir þessu frv. sé sú, að það eigi að laga þetta misrétti. En það er af því, að þetta ástand hefur verið fyrir hendi. Reynslan er sem sagt ólygnasta vitnið. Aðrir, þ. á. m. við sjálfstæðismenn, vilja, að þetta vald sé í höndum sveitarfélaganna sjálfra, — heimamenn geri sér best ljóst, hvar skórinn kreppir. Sveitarstjórnir geta ekki til lengdar skotið sér undan aðgerðum, sem eru aðkallandi, og því á þetta vald að vera í þeirra höndum, að undanskildum þeim atriðum, sem talin eru upp, m. a. í bókun.

Hv. 3. þm. Vestf., Hannibal Valdimarsson, taldi það leiða til misréttis, ef þetta vald væri fært út til sveitarfélaganna, og endurtók það í ræðu sinni fyrr í dag. En hvernig er ástandið núna? Við höfum okkar reynslu af því, og við getum tekið dæmi af Rvík og fræðslumálum hér í höfuðborginni. Þar hafa yfirvöld bæði haft fjárhagslegt og stjórnmálalegt bolmagn til þess að taka sjálfstætt frumkvæði að ýmsu leyti í sínar hendur á sviði fræðslumála. Og Reykjavíkurborg hefur haft efni á því að byggja skóla, án þess að fé hafi borist samstundis frá ríkisvaldinu, og Reykjavíkurborg hefur haft fjármagn og aðstöðu til að brydda upp á ýmsum nýmælum, án þess að rn. hafi haldið í hendi fræðsluyfirvalda í Rvík. Og fyrir vikið hefur Rvík verið langt á undan öðrum í þessum efnum. Það hefur ekki verið vegna frumkvæðis rn., sem fræðslumál í Rvík eru komin á það stig, sem þau eru, heldur vegna árvekni og vegna bolmagns þess, sem fyrir hendi er hér í höfuðborginni sjálfri. Og þetta ósamræmi, sem er sem sagt í þessum málum, annars vegar í Rvík og svo víða úti á landsbyggðinni, og það, sem kallað er misrétti, það stafar af því, eins og fyrr segir og ég hef margendurtekið, að fjármálavald og framkvæmdir eru á sitt hvorri hendi.

Með eflingu landshlutasamtaka og með auknum möguleikum sveitarfélaganna til þess að mynda stórt stjórnarlegt tæki og með öflugri tekjustofnum og með því aðhaldi, sem heimastjórnin í héruðum hefur, þá er það trú mín, að fræðslumál og skólamál muni margeflast með því fyrirkomulagi, sem ég hef gerst talsmaður fyrir. Hér er um svo mikið grundvallaratriði að ræða, að það getur skipt sköpum fyrir þróun fræðslumála næstu áratugi, og nú þegar Alþ. hefur undirstöðumenntun og rammalöggjöf fræðslumála til meðferðar, þegar við höfum í höndunum frv., sem að mjög mörgu leyti í kennslufræðilegu og starfslegu tilliti er hægt að taka mið af, þá eigum við ekki að láta þetta tækifæri úr greipum okkar ganga. Þá eigum við ekki að vera feimnir við það, þótt endanleg samþykkt löggjafarinnar dragist um einhvern tíma, um eitt þing heldur skoða það mál betur. Og grunnskólalöggjöfin á ekki heldur að koma til framkvæmda daginn eftir að hún er samþykkt. Það er reiknað með því, að hún komist til framkvæmda á næstu 10 árum eða eins fljótt og auðið er.

Þetta vildi ég láta koma fram við þessa umr.

til þess að útskýra afstöðu okkar sjálfstæðismanna og bókun mína og þannig, að þetta er það, sem vakir fyrir okkur fyrst og fremst, — þetta er í mínum huga og okkar það atriði, sem meginmáli skiptir. En það má enginn skilja þennan málflutning minn eða okkar sjálfstæðismanna svo, að við séum að tefja þetta mál, vegna þess að það sé borið fram að núv. hæstv. ríkisstj. Það má enginn túlka afstöðu okkar á þann veg, að við séum að bregða fæti fyrir þetta frv. af einhverjum annarlegum hvötum. Það er einlægur vilji af okkar hálfu að starfa heilt í þessu máli og vinna með málefnalegum og heiðarlegum hætti að þessari lagasmíð. Við teljum, að það verði ekki til neins stórkostlegs skaða, þótt þetta frv. verði að lögum. En við teljum, að það megi gera betur, miklu betur, og það yrði til hags og heilla fyrir íslenska þjóð og fræðslumálin í heild.

Það hefur sem sagt komið í ljós, að meiri hl. menntmn. hefur ekki fallist á þetta meginsjónarmið og er ráðinn í því, að þetta mál fari nú í gegn. Með hliðsjón af þeirri afstöðu og þar sem ljóst var, að þetta mál fengi hér meðferð í þinginu, lét ég þess getið í minni bókun, að ég mundi að sjálfsögðu starfa að heilindum í n. og leggja fram þær till., sem ég teldi, að til bóta horfðu, í samræmi við þann ramma, sem meiri hl. menntmn. setti í þessu frv. Og ég lagði fram í n. fjölmargar till. og gerði grein fyrir sjónarmiðum mínum um mjög mörg ákvæði í þessu frv., og vildi ég geta í þessu sambandi þeirra veigamestu.

Í fyrsta lagi lét ég í ljós þá skoðun, að ég væri andvígur lengingu skólaskyldunnar og við vildum frekar, — ég og sjálfstæðismenn vildum frekar leggja áherslu á fræðsluskylduna, frekar en að lengja skólaskylduna. Ég tel óþarft að tíunda rök mín fyrir því hér enn, — ég hef gert það áður við umr. um frv. til l. um skólakerfið, og fer ekki út í þá sálma aftur, nema tilefni gefist til.

Í öðru lagi lagði ég herslu á og lagði fram reyndar till. um að stytta hinn árlega skólatíma, en það var gert ráð fyrir því í upphaflega frv., að hann yrði 9 mánuðir á ári.

Í þriðja lagi vildi ég leggja áherslu á aukinn þátt hins verklega náms og þátttöku skólanemenda í atvinnulífinu.

Í fjórða lagi lagði ég áherslu á það, að dregið yrði úr allri yfirbyggingu, eins og þetta frv. gerði ráð fyrir.

Í fimmta lagi véku till. mínar að breyt. á uppbyggingu og starfsemi rn. sjálfs.

Í sjötta lagi var vikið að hugsanlegum till. um stefnumótun grunnskólans.

Í sjöunda lagi var vikið að því, að það þyrfti að skýra og herða ákvæði, sem lytu að skólastjórn.

Það er skemmst frá því að segja, að fjölmargar eða flestar af þessum till. voru teknar til greina með einum eða öðrum hætti, og bera till. þær, sem bornar eru fram hér af meiri hl. menntmn. sameiginlega, þess glöggan vott.

Þess ber að geta, að allar þær till., sem ég bar fram í n. varðandi valdssvið og verkaskiptingu, voru þeim takmörkunum háðar, að n. var ekki reiðubúin til enn frekari verkaskiptingar, eins og fram hefur komið, og ég hef gert hér grein fyrir, varð ég því að sníða brtt. þann stakk, sem hæstv. ríkisstj. og meiri hl. menntmn. bjó frv., og ber að líta bæði á till. mínar í n. og þær till., sem ég hef hér borið fram í hv. d., með hliðsjón af þessu atriði.

Sá háttur var hafður á í n., eins og form. menntmn. hefur nú þegar gert grein fyrir, — sá háttur var hafður á, að þar voru bornar fram sameiginlega þær till., sem álitið var, að hefðu meirihlutafylgi í n. og þess skal getið til viðbótar, að sá meiri hl. einskorðast ekki við einhverja ákveðna nm., heldur gekk sá meiri hl. á víxl, þannig að einstakir nm. gátu verið fylgjandi ýmsum till., en á móti öðrum, en slíkar till. voru engu að síður látnar fylgja sameiginlegum till. n., ef þær voru taldar hafa meirihlutafylgi í nefndinni.

Ég segi frá þessu vegna þess, að í þeim sameiginlegu till., sem form. menntmn. hefur gert grein fyrir, eru nokkur ákvæði, nokkrar brtt., sem ég get ekki fellt mig við og vil lýsa andstöðu minni gegn.

Það eru út frá mínum sjónarhóli ekki nema tvö atriði, 2 brtt., sem ég er algerlega gegn. Annars vegar er þar um að ræða till. nr. 6, við 11. gr., á þskj. 517, en þar er gert ráð fyrir því, að 1. málsgr. 11. gr. verði breytt. Þar er rætt um skipan fræðsluráðs og gert ráð fyrir því, að skipan fræðsluráðs verði breytt á þann veg, að ásamt því, að fræðsluráð sé skipað 7 mönnum og 5 séu kjörnir af viðkomandi landshlutasamtökum, þá sé einn kjörinn af skólastjórum og einn af kennarasamtökum landshluta jafnframt í n. Ég vil lýsa mig andvígan því, að fulltrúar skólastjóra og fulltrúar kennarasamtaka eigi fullan rétt og sitji með fullum rétti í fræðsluráði, ekki vegna þess, að ég sé andvígur þessum aðilum, samtökum skólastjóra og kennara, heldur hitt, að ég tel, að þetta brjóti nokkuð í bága við þá hefðbundnu reglu, sem hefur ríkt um kosningu og skipan fræðsluráða, og það er að minni hyggju líka í andstöðu við þá tilhneigingu, sem nú er vaxandi meðal sveitarstjórna og hliðstæðra valdaaðila í þjóðfélaginu. Þeirri tilhneigingu að gera greinarmun á valdssviði annars vegar þingkjörinna eða þjóðkjörinna fulltrúa, sem kosnir eru með lýðræðislegum hætti, og hins vegar valdssviði embættismanna. Það hefur verið nokkuð talað um það að undanförnu í röðum sveitarstjórnarmanna, að skera þarna mjög á, gera skarpan greinarmun á kjörnum fulltúum annas vegar og embættismönnum hins vegar, að því er snertir skipan í n. og ráð, og munu nú vera í undirbúningi till. m. a. hjá Reykjavíkurborg um, að í n. borgarinnar skuli einungis eiga sæti kjörnir fulltrúar af borgarstjórn, en allir þeir embættismenn, sem nú eiga sæti í n. með ákvæðisrétti, hverfi þaðan, en séu n. einungis til ráðuneytis. Á þennan hátt fæst mun skýrari verkaskipting stjórnunarmanna og embættismanna, og eins og fyrr segir, er þetta liður í viðleitni til að svara þeirri gagnrýni, að embættismenn séu orðnir of valdamiklir í okkar þjóðfélagi.

Brtt. 12 frá menntmn. er við 18. gr., en þar er gert ráð fyrir því, að 6. málsgr. orðist svo:

„Í kaupstöðum með 10 þús. íbúa eða fleiri fara fræðsluráð og hverfisnefndir með hlutverk skólan. Viðkomandi bæjar- eða borgarstjórn

skiptir kaupstaðnum í hverfi í samráði við fræðsluráð. Í hverju hverfi skal vera hverfisn., skipuð 5 mönnum. Hverfisn. skal kosin til 4 ára í senn af bæjar- eða borgarstjórn. Verkefni hverfisn. skulu vera hin sömu og þau verkefni skólan., sem talin eru í 19. gr. Um starfshætti hverfisn., boðun funda, kosningu og fjölda kennarafulltrúa og rétt skólastjóra til setu á hverfisnefndafundum gilda að öllu leyti sömu ákvæði og um skólanefndir.“

Þegar hv. frsm. menntmn. kynnti þessa brtt., fór hann ekki alls kostar rétt með, hvernig hún er til komin eða í hverju hún er fólgin, því að þetta er alfarið nýtt ákvæði. Það er ekkert, sem segir til um það, að þetta eigi að vera með þessum hætti annars staðar en í Reykjavík. Þetta er sem sagt ákvæði, sem sett er inn og núna nýtt og nær að sjálfsögðu yfir Reykjavík og þá kaupstaði, sem hafa 10 þús. íbúa eða fleiri.

Nú skal þess getið, að ég hef almennt tilhneigingu til að dreifa valdi og reyna að færa út ákvarðanatektina á þann veg, að sem flestir geti verið þátttakendur í henni. En þegar þetta mál er betur skoðað, finnst mér í fyrsta lagi, að það sé óþarfi að setja slík ákvæði inn í lögin sjálf. Ég tel, að það sé frekar verkefni viðkomandi sveitarstjórna eða bæjarstjórna að ákveða, hvernig með þessi mál skuli fara innan viðkomandi sveitarfélags, og það sé óæskilegt, að löggjöfin sé að binda meðferð fræðslumála, t. d. í Reykjavík eða stærri kaupstöðum, með eins ákveðnum hætti og þetta frv. gerir ráð fyrir.

Ákvæði um hverfisnefndir í kaupstöðum með 10 þús. íbúa eða fleiri virðist vera hugsuð til samræmis við aðstæður við fræðslu utan dreifbýlis. Þar er um að ræða mörg sveitarfélög, eitt eða fleiri, sem standa saman að skóla, kjósa skólanefnd og eru einingar innan fræðsluumdæmis. En sé t. d. Reykjavík tekin til samanburðar, eru aðstæður með öllu ólíkar. Þar er um að ræða eitt sveitarfélag, og í stað samvinnu margra sveitarfélaga, sem frv. gerir ráð fyrir úti um land, mundu sams konar ákvæði fyrir Reykjavík fela það í sér, að einu sveitarfélagi væri sundrað í smærri einingar. Þessar smærri einingar gætu þó aldrei gegnt sama hlutverki og einstök sveitarfélög úti um land, þar sem þær hafa hvorki sjálfstæðan fjárhag né sjálfstæða stjórnun í skilningi sveitarstjórnarlaga. Hverfaskipting skóla innan kaupstaðar eins og t. d. Reykjavíkur byggist hvorki á fjárhagslegum né stjórnunarlegum forsendum, heldur ákvarðast venjulega af gatnakerfi eða einhverjum álíka atriðum, þ. e. að stærstu umferðargötur torvelda, að skólasókn yfir þær eigi sér stað.

Samkv. þessari brtt. mundu verkefni hverfisn. svokallaðra vera hin sömu og skólanefnda. Það yrði að sjá um, að öll skólaskyld börn í hverfinu njóti lögboðinnar fræðslu. Þetta ákvæði væri að mati þeirra, sem með þessi mál fara í dag, ekki framkvæmanlegt fyrir hverfisn. vegna tíðra fólksflutninga milli borgarhverfa og ómögulegt að koma við eftirliti á því, hvort skólaskyld börn í borginni njóti lögboðinnar fræðslu, nema með því að hafa yfirsýn yfir skólasókn í öllum skólum borgarinnar og einn aðili hafi eftirlitið á hendi.

Í öðru lagi er svo í hverju borgarhverfi Reykjavíkur, sem nefnt er af skipulagsástæðum aðalskólakerfi, að þá ætti samkv. þessari brtt. hverfisn. að fylgjast með, að skólahúsnæði og búnaður skóla væri fullnægjandi, og væntanlega koma sjónarmiðum sínum á framfæri við fræðsluráð, sem færi með heildarstjórn skólamála borgarinnar í umboði borgarráðs.

Samkv. grunnskólafrv. virðist nægilega vel fyrir því séð, að fræðsluráði geti borist þessar upplýsingar, og óþarft að þyngja stjórnunarkerfið með því að setja inn nýjan aðila eingöngu til að gegna þessu hlutverki. Skólastjóri á samkv. frv. rétt til setu á fundum fræðsluráðs Reykjavíkur, þegar rætt er um mál, er snerta skóla hans. Foreldrafélög við skóla eiga aðgang að fræðsluráði og borgaryfirvöldum til að koma á framfæri sjónarmiðum sínum varðandi málefni viðkomandi skóla. Og athygli mín hefur verið vakin á því, að í borgarstjórn var 7. febr. s. l. samþ. till. um, að komið verði upp samstarfsnefndum nemenda, foreldra og kennara við hvern skóla á þeim grundvelli, sem gert er ráð fyrir í grunnskólafrv., og eiga þær samstarfsn. einnig aðgang að fræðslu- og borgaryfirvöldum. Verður því tæplega séð, þegar þetta allt er haft í huga, að hverfisn. geti miklu bætt við þær upplýsingar, sem fræðsluráði og borgaryfirvöldum berast frá þessum aðilum, heldur mundu þær gegna því hlutverki einu að auka skriffinnskukerfið og stjórnunarbáknið gersamlega að óþörfu. Hverfaskipting Reykjavíkur í skólakerfi er til orðin út af skipulags- og umferðarsjónarmiðum og grundvöllur eða nauðsyn sameiginlegrar stjórnunar fyrir skóla innan þessara hverfa er ekki fyrir hendi, heldur þvert á móti nauðsynlegt vegna byggingar nýrra borgarhverfa og stöðugra tilflutninga fólks innan borgarinnar, að ákvarðanir um skólabyggingar séu teknar af einum og sama aðila, sem hafi heildarsýn yfir þarfir og fjármagn.

Þetta hef ég gert hér að umtalsefni sérstaklega til þess að fylgja eftir þeirri andstöðu, sem ég hef lýst hér við þessar brtt.

Ég vildi síðan aðeins víkja að því, að frsm. menntmn. gerði að sjálfsögðu hér ágæta grein fyrir flestum þeim brtt., sem n. hefur lagt fram, en honum sást yfir að útskýra betur eitt ákvæði eða eina brtt., sem er miklu merkilegri en hann raunverulega gerði sér grein fyrir eða áttaði sig á, en þar á ég við 17. brtt., við 25. gr. Þar er lagt til, að 2. málsgr. orðist svo:

„Við gerð nýs skólahúsnæðis og endurbætur eldra húsnæðis skal séð fyrir aðstöðu fyrir nemendur til náms utan kennslustunda og til að neyta málsverðar.“

En í frv. er gr. orðuð þannig:

„Við gerð nýs skólahúsnæðis og endurbætur eldra skólahúsnæðis skal að því stefnt, að þar verði aðstaða fyrir nemendur“ o. s. frv.

Sem sagt, brtt. er fólgin í því, að í stað þess að segja, „að það skuli að því stefnt“, þá skal það gert. Þetta er ákaflega mikilvæg brtt., að ljóst er, að það er engrar undankomu auðið með það, þegar ráðist er í byggingu nýs skólahúsnæðis, að þá skuli gert ráð fyrir því, að nemendur hafi alla þessa aðstöðu til náms utan kennslustunda í skólahúsnæðinu og þeir geti neytt málsverðar í skólanum. Þetta hefur geysilega þýð-

ingu, ekki síst varðandi kostnað, sem af þessu frv. hlýst. Þessu vildi ég nú vekja athygli á.

Annars er um brtt. þær, sem menntmn. leggur fram, það að segja, að þær geta að öllu leyti nema einu vel fallið inn í frv. og verið samþykktar, án þess að þær raski því, að þær till., sem ég legg fram, geti verið samþykktar líka. Það er, held ég, ekki á neinum stað, sem þær stangast beinlínis á. Við höfum að vísu, eins og ég hef gert grein fyrir, skiptar skoðanir um einstakar till., en hvort sem þær eru samþykktar eða ekki, er hægt að samþykkja allar mínar till. þrátt fyrir það. M. ö. o. hér er ekki um að ræða till., sem ganga í tvær mismunandi áttir.

Ég skal ekki gerast fjölorður um þær till., sem aðrir nm. hv. hafa lagt hér fram. Þar er um að ræða till. frá hv. þm. Benedikt Gröndal og hv. þm. Svövu Jakobsdóttur. Efnislega get ég þó sagt það, að ég er sammála því, sem fram kemur í till. hv. þm. Benedikts Gröndals. Þar vill hann ganga lengra en jafnvel ég þorði að gera í mínum brtt. um skipan og ráðningu skólastjóra og kennara, og ég er a. m. k. efnislega samþykkur því og get þess vegna stutt þær till., ef þær till., sem ég hér ber fram, ná ekki fram að ganga, og jafnvel þrátt fyrir það, því að þær ganga lengra, þær till., sem hv. þm. Benedikt Gröndal leggur hér fram.

Ég vil síðan aðeins víkja að einni till., sem hv. þm. Svava Jakobsdóttir, leggur fram, en hún lýtur að breyt. á 13. gr. Þar segir í brtt. þm.:

„Menntmrn. ræður fræðslustjóra að fengnum till. hlutaðeigandi fræðsluráðs, en þó ekki lengur en til 5 ára í senn. Að þeim tíma liðnum má endurráða hann til jafnlangs tíma, ef meiri hl. fræðsluráðs mælir með því.“

Ég er persónulega fullkomlega sammála því, að það sé eðlilegt að ráða fræðslustjóra ekki lengur en til 5 ára. Hv. þm. Svava Jakobsdóttir gerir hins vegar ráð fyrir því, að menntmrn. ráði áfram fræðslustjóra, en eins og fram kemur í mínum till., geri ég ráð fyrir því, að breyt. verði þar á, þ. e. a. s. að fræðsluráðin ráði fæðslustjórana. En hvað snertir ráðningartímann, þá er ég þessari brtt. samþykkur.

Þá vildi ég þessu næst víkja að þeim brtt., sem ég hef lagt fram, og gera örstutta grein fyrir hverri og einni, eftir því sem tilefni gefst til.

1. brtt. lýtur að fyrirsögn I. kafla. „Markmið og skólaskylda,“ segir í frv. En það er lagt til, að á eftir orðinu „markmið“ komi: fræðsluskylda, en „skólaskylda“ sé felld út. Þessi brtt. er í samræmi við þær brtt., sem á eftir koma og lúta að skólaskyldunni, en ég eða við gerum brtt. við 1. gr. þar sem segir:

„Skylt er ríki og sveitarfélögum að halda skóla fyrir öll börn og unglinga á aldrinum 7—16 ára, eftir því sem nánar segir í l. þessum. Skóli, sem fullnægir l. þessum og reglugerðum, settum samkv. þeim, kallast grunnskóli. Öllum börnum og unglingum á aldrinum 7—15 ára er skylt að sækja grunnskóla. Undanþágu má þó veita frá skólaskyldu, sbr. 5., 7. og 8. gr. Heimilt er sveitarfélagi að ákveða, að skyldunám skuli ná til 16 ára unglinga, enda samþykki hlutaðeigandi fræðsluráð ákvörðunina. Þegar tilgreindur er aldur nemenda í l. þessum, miðast hann við það almanaksár, er nemandi nær nefndum aldri.“

Þessi brtt. felur það í sér, að skólaskyldan nái aðeins til 15 ára aldurs eða eins og hún er í dag, en síðan sé sveitarfélögunum heimilt að bæta við einu ári, ef þeim sýnist svo, og þarf þá samþykki hlutaðeigandi fræðsluráðs að koma til. Þetta er samhljóða nokkurn veginn núgildandi ákvæði í fræðslulögum. Ég hef gert grein fyrir þessari brtt. í umr. um skólakerfisfrv. og ræði það ekki frekar að sinni.

3. brtt. er við 3. gr., 2. mgr. Þar er fjallað um að skipta grunnskólanum í einingar, tvær eða fleiri, eftir því sem menntmrn. ákveður, eins og segir í l., að fengnum till. hlutaðeigandi fræðsluráðs. En brtt. mín hljóðar á þá leið, að þessi skipting geti átt sér stað, eftir því sem hlutaðeigandi fræðsluráð ákveður. Við teljum, að það geti auðveldlega verið í höndum viðkomandi fræsluráða, viðkomandi heimamanna, hvernig skiptingu sé háttað, án þess að ákvörðun rn. þurfi til að koma.

4. brtt. er við 4. gr. Þar er fjallað um heimanakstur nemenda í strjálbýli og segir síðan:

„Heimilt er rn. að fenginni till. hlutaðeigandi fræðsluráðs að koma á fót útibúum frá aðalskóla skólahverfis fyrir 7, 8 og 9 ára börn“ o. s. frv. En ég legg til, að í stað orðanna „ráðuneytinu að fenginni till. hlutaðeigandi fræðsluráðs“ komi: „fræðsluráði með samþykki menntmrn.“ — sem sagt, að þessu sé snúið við, að það sé ákvörðun heimamanna að segja til um það, hvort notast sé við heimanakstur eða hvort það eigi að koma á fót útibúum frá aðalskóla skólahverfis, þar sem heimanakstri til aðalskóla verði ekki við komið. En vegna þess að þetta getur haft áhrif á kostnað, er gert ráð fyrir því, að ákvörðun fræðsluráðs sé háð samþykki menntmrn.

Þessar tvær till., eins og margar fleiri, sem hér koma á eftir, hníga í þá átt að reyna að færa valdið heim í hérað frá rn., breyta valdsviðinu að þessu leyti.

5. brtt. er við 7. gr. Er gert ráð fyrir, að aliður þeirrar gr. falli niður, en í honum segir: „Undanþegin því að sækja grunnskóla samkv. 1. gr. eru:

a) börn, sem sækja viðurkennda einkaskóla, sbr. 78. gr.“ En þegar maður lítur á 78. gr. í frv., þá segir:

„Heimilt er menntmrn. að löggilda grunnskóla eða hluta grunnskóla, sbr. 3. gr., eða forskóla, sbr. 77. gr., sem kostaðir eru af einstökum mönnum eða stofnunum, ef þeir starfa samkv. reglugerð eða skipulagsskrá“ o. s. frv. M. ö. o.: það er hægt að löggilda einkaskóla sem grunnskóla, og þess vegna er ekki hægt að tala um það, að undanþegin því að sækja grunnskóla séu börn, sem sækja viðurkennda einkaskóla, því að þeir eru orðnir grunnskólar, svo að þetta held ég að sé rétt að taka út úr frv.

6. brtt. er við 8. gr. Það er smávægileg breyt. Er gert ráð fyrir því, að orðin „hluta úr skólaári“ falli niður. Í greininni segir: „Nú sækir forráðamaður skólaskylds barns um tímabundna undanþágu þess frá skólasókn hluta úr skólaári“ o. s. frv.

Við teljum, þegar talað er um tímabundna

undanþágu, að þá sé óþarfi að taka líka fram „hluta úr skólaári“, vegna þess að tímabundin undanþága á væntanlega við hluta úr skólaári. Þetta er minni háttar brtt.

7. brtt. er við 12. gr., 4. tölul., en í 12. gr. er talað um verkefni fræðsluráðs, og samkv. frv. á fræðsluráðið að gera till. til menntmrn. um ráðningu fræðslustjóra umdæmisins og hefur umsjón með rekstri fræðsluskrifstofu umdæmisins. En brtt., sem er nr. 7 á þskj. 530, gerir ráð fyrir því, að í staðinn fyrir „menntmrn.“ komi hlutaðeigandi landshlutasamtök sveitarfélaga, sem ráði þessa fræðslustjóra. M. ö. o. fræðslustjóri, sem er framkvæmdastjóri fræðsluráða í hinum ýmsu byggðum landsins, á vitaskuld að vera ráðinn af viðkomandi fræðsluráði. Heimamenn eiga að fá að ráða sinn framkvæmdastjóra, en ekki að rn. sé að skipa menn í þessi embætti, sem oft orkar mjög tvímælis út frá pólitískum og öðrum sjónarmiðum. Ég held, að það sé eðlilegt, að fræðsluráð, sem skipuð eru af viðkomandi sveitar- eða bæjarstjórn og móta væntanlega ákveðna stefnu í fræðslumálum, fái að ráða því, hver sé sá aðili, sem eigi að framkvæma þessa stefnu, og það sé óeðlilegt, þegar fræðsluráð hefur ákveðna stefnu, að framkvæmdastjóri hjá þeim sé maður, sem hefur kannske allt aðrar skoðanir á þessum hlutum. Það er venjan bæði í atvinnulífi og í pólitík reyndar líka, að menn ráða menn til starfa og sér til aðstoðar og til framkvæmda, sem vilja starfa að þeirri stefnu, sem mótuð er af yfirvöldum.

8. brtt. er við 13. gr., og þar er kveðið á um það, að landshlutasamtök sveitarfélaga setji eða skipi fræðslustjóra. Er gert ráð fyrir því í frv., að rn., eins og fyrr segir, skipi fræðslustjórann að fengnum till. hlutaðeigandi fræðsluráðs, en hér er gerð till. um, að þessu sé breytt og að landshlutasamtökin setji eða skipi fræðslustjóra. Hef ég ekki fleiri orð um það. Síðan í samræmi við þessa brtt. er í b-lið 8. brtt. gert ráð fyrir því, að landshlutasamtökin auglýsi stöðuna, en ekki rn., eins og gert er ráð fyrir í frv., og leiðir þetta af þeirri brtt., sem ég hef gert hér grein fyrir.

9. brtt. er við 14. gr. Í 14. gr. er talað um störf fræðslustjóra og hans verkefni. Segir í 1. málsgr. þeirrar gr.:

„Fræðslustjóri er fulltrúi menntmrn. og hlutaðeigandi sveitarfélaga um fræðslumál í umdæminu og skal búsettur þar, sem fræðsluskrifstofa umdæmisins er, eða í næsta nágrenni. Hann er framkvæmdastjóri fræðsluráðs.“

Ég legg til, að þessu verði breytt á þessa leið:

„Fræðslustjóri er framkvæmdastjóri fræðsluráðs og fulltrúi menntmrn. Hann veitir forstöðu fræðsluskrifstofu umdæmisins.“

Þarna er, eins og heyra má, gert ráð fyrir því, að fræðslustjóri sé jafnframt því að vera framkvæmdastjóri fræðsluráðs fulltrúi rn. Þessi háttur er hafður á og ég geri ráð fyrir honum vegna þess, hvernig frv. í heild sinni er búið út. Það er sem sagt áfram gert ráð fyrir því, að fræðslustjóri gegni að nokkru leyti hlutverki fyrir rn. vegna þeirrar flóknu verkaskiptingar, sem frv. gerir ráð fyrir, og með þá staðreynd í huga verður að gera ráð fyrir því, að hann sé að einhverju leyti fulltrúi rn. áfram. En að öðru leyti er gert ráð fyrir því, að þarna verði fellt út, hvar fræðslustjórinn skuli búsettur. Það leiðir af sjálfu sér, ef maður er ráðinn sem fulltrúi til einhvers fræðsluráðs í einhverju ákveðnu umdæmi eða ákveðnum landshluta, að þá þarf hann að sjálfsögðu að vera búsettur þar á staðnum. Hins vegar er ekki nauðsynlegt, að hann sé endilega búsettur nákvæmlega þar, sem fræðsluskrifstofan er. Samkv. frv. t. d. er það gert að skilyrði, að fræðslustjórinn í Reykjavík sé búsettur í Reykjavík, en hann má ekki vera búsettur í Kópavogi, Garðahreppi eða Seltjarnarnesi. Þetta er auðvitað óeðlilegt.

Í b-lið 9. brtt., við 14. gr., er gert ráð fyrir því, að í staðinn fyrir orðin „skólarannsóknadeild menntmrn.“ í 4. tölulið komi: menntmrn. Menntmn. hefur gert ráð fyrir því, að fellt sé niður úr frv. orðið „skólarannsóknadeild“, og þetta er aðeins til fyllingar á því. Það hefur láðst að fara yfir frv., þannig að það séu gerðar brtt. um að fella þetta orð niður alls staðar, þar sem það kemur fyrir, þannig að við erum væntanlega sammála um þessa brtt. Hún er aðeins til fyllingar till. menntmn. sjálfrar.

10. brtt. er við 15. gr. Í 15 gr. segir í 1. og 2. mgr.

„Landshlutasamtök sveitarfél. ákveða fræðsluskrifstofum stað, en háð er sú ákvörðun samþykki menntmrn. Fræðslustjóri er forstöðumaður fræðsluskrifstofu. Annað starfsfólk ræður fræðsluráð að fengnum till. fræðslustjóra.“

Ég geri ráð fyrir því í minni 10. brtt., að í staðinn fyrir þessar tvær málsgr. komi:

„Landshlutasamtök sveitarfélaga ákveða fræðsluskrifstofu stað, en fræðsluráð ræður starfsfólk hennar að fengnum till. fræðslustjóra.“

Ég tel algeran óþarfa að bera undir rn. þá ákvörðun landshlutasamtaka, hvar fræðsluskrifstofan sé sett niður, á hvaða stað, í hvaða húsnæði skrifstofan sé. Þetta er alger óþarfi og sýnir reyndar, hversu víða er í þessu frv. enn þá gert ráð fyrir ákvörðunarvaldi rn., og mætti það að skaðlausu falla niður víðar en í þessari ákveðnu gr.

Í b-lið 10. brtt. er lagt til, í 3. mgr., sem verður reyndar 2. mgr. þessarar 15. gr., falli niður orðin „enda komi samþykki menntmrn. til“. Þar segir í frv.:

„Heimilt er fræðsluráði að semja svo við landshlutasamtök sveitarfélaga, einstök skólahverfi og sveitarfélög, að fræðsluskrifstofa taki að sér tiltekin verkefni fyrir þessa aðila, enda komi full greiðsla fyrir. Á hliðstæðan hátt er fræðsluráði heimilt að semja svo við landshlutasamtök, að skrifstofa þeirra eða einstakra starfsdeilda innan þeirra annist störf fyrir fræðsluskrifstofu, enda komi samþykki rn. til.“

Ég held, að fræðsluráðin og landshlutasamtökin séu fullfær um að taka þessa ákvörðun, að ákveða þetta minni háttar framkvæmdaratriði, þó að það sé ekki borið undir rn., og því er lagt til, að það sé fellt niður.

11. brtt. er við 16. gr., 4. mgr. Í þessari 16. gr. er fjallað um skólahverfin og segir í síðustu mgr. í frv.:

„Menntmrn. leggur till. um skiptingu landsins í skólahverfi fyrir fræðsluráð sem umræðugrundvöll, en fræðsluráð kynnir þær sveitar-

stjórnum, skólan. og skólastjórum, sem hlut eiga að máli. Síðan boðar rn. til eins fundar eða fleiri með þessum aðilum og fulltrúum frá Sambandi íslenskra sveitarfélaga um till. Lögð skal áhersla á, að samkomulag verði með aðilum, en takist það ekki innan hæfilegs tíma, sker menntmrn. úr.“

M. ö. o.: rn. á að leggja fram fyrst og fremst till., bera þær undir alls kyns aðila, og ef þeir fallast ekki á till. rn., þá sker rn. úr og hefur þar endanlega úrskurðarvald. — Út af fyrir sig er hægt að fallast á það, að rn. eða einhver aðili verði að hafa úrslitavald í þessu, og vel hægt að fallast á það, að rn. hafi það vald, eins og allt er í pottinn búið. En eðlilegt má teljast, að það séu landshlutasamtökin, sem hafi frumkvæði að því að gera till. um skiptingu viðkomandi skólahverfa í einingar og taki þá ákvörðun, án þess að til þurfi að koma ráðuneytisúrskurður. Þess vegna er lagt til í minni 11. brtt., að þessi málsgr. hljóði svo:

„Landshlutasamtök sveitarfélaga gera í samráði við menntmrn. áætlun um skiptingu hvers umdæmis í skólahverfi og leggja till. þar um fyrir fræðsluráð sem umræðugrundvöll, en fræðsluráð kynnir þær sveitarstjórnum, skólanefndum og skólastjórum, sem hlut eiga að máli. Lögð skal áhersla á, að samkomulag verði með aðilum, en takist það ekki innan hóflegs tíma, kveður rn. til eins fundar eða fleiri með þessum aðilum um till. Náist ekki samkomulag sker menntmrn. úr.“

Þarna er sem sagt hlutunum snúið við og heimamönnum í landshlutasamtökunum falið það verkefni að hafa hér frumkvæði að.

12. brtt. er við 19. gr. og er ekki mikilvæg, en þar er gert ráð fyrir því, að í lok 3. mgr. 19. gr. sé skotið inn orðunum „og samstarfsnefndar“. Segir þá í þessari 3. mgr. í frv.: „Ef menntmrn. telur, að óhæfilegur dráttur sé á aðgerðum til að sjá fyrir fullnægjandi skólahúsnæði, getur það í samráði við fræðslustjóra látið bæta úr því, sem áfátt er, á kostnað hlutaðeigandi sveitarfélaga, enda þoli málið ekki bið að dómi rn. og samstarfsnefndar.“ En samstarfsn. hafa það hlutverk samkv. þessum l. að fjalla um kostnaðarskiptingu og meðferðina á því, sem lýtur að fjármálum og ekki óeðlilegt, að n. eigi þarna hlut að máli, ekki síst þar sem fulltrúar sveitarfélaganna eiga sæti í samstarfsnefndum.

Ég vil skjóta því inn varðandi þessa grein, að það væri kannske full ástæða til þess með þessu frv. að snúa þessu dæmi við hvað þetta snertir. Það er sífellt talað um það í frv., að ef mál þoli ekki bið að dómi rn., þá geti það tekið til sinna ráða. En staðreyndin hefur verið sú og reynslan er sú, að yfirleitt er málum slegið á frest og þau bíða vegna seinagangs hjá rn., og væri ástæða til að setja jafnvel ákvæði inn í þessi lög, þar sem sveitarfélögin fá heimild til þess að grípa til sinna ráða, ef mál þola ekki bið að dómi þeirra vegna sleifarlags hjá rn. En við skulum bíða með það í bili.

13. brtt. er við 20. gr. og þar er komið að ákvæðunum um skólastjóra og yfirstjórn skólanna. Segir í 1. mgr. 20. gr.:

„Skólastjóri og fastir kennarar stjórna starfi grunnskóla undir yfirstjórn menntmrn., fræðsluráðs, fræðslustjóra og skólan., eftir því sem nánar segir í l. þessum og reglugerðum, er settar verða samkv. þeim. Skylt er öllum föstum kennurum skólans að sækja kennarafundi þá mánuði, er skólinn starfar, ef fundurinn fer fram á daglegum starfstíma skóla.“

Þarna er gert ráð fyrir því, að breyt. verði gerð á þessu ákvæði og í staðinn fyrir „skólastjóri og fastir kennarar stjórna starfi grunnskóla“ o. s. frv. komi: skólastjóri stjórnar starfi grunnskóla í samráði við kennara. Þetta er að vísu ekki mikil breyting, en tekur þó af skarið um það, að skólastjórinn sé skipstjóri á skútunni, en skólastjóri og fastir kennarar séu ekki lagðir að jöfnu og þeir eigi að stjórna starfi grunnskóla. Það verður að vera svo á þessari skútu eins og flestum öðrum, að það sé skipstjórinn, sem hafi völdin, en auðvitað tekur hann ákvarðanir í samráði við sína háseta, þ. e. a. s. kennarana, og er þá gert ráð fyrir þeim skilningi í orðinu samráð, sem ég hef gert að umtalsefni af öðru tilefni fyrir nokkru í hv. d. „Í samráði“ er þá skilið svo, að það sé gert, þegar menn hafa ráðið ráði sínu sameiginlega og komist **að samkomulagi.**

B-liður þessarar brtt. er við 2. mgr. og er efnislega á sömu leið, að í stað orðanna „sem ásamt skólastjóra fer með stjórn skólans í umboði fastra kennara“, þ. e. a. s. skólafundur, þá komi: sem er skólastjóra til ráðuneytis um stjórn skólans. Ég held, að kennarar geti ekki litið á þetta sem neina skerðingu á hlutverki sínu í skólanum, heldur sé þetta til áréttingar því, að skólastjórar eigi að stjórna skólunum, eins og þeir hafa gert hingað til, og innan ramma þessa frv. að öðru leyti.

14. brtt. er við 24. gr. Í 5. mgr. segir: „Menntmrn. aðstoðar við samninga um skiptingu byggingarkostnaðar, sé þess óskað, og sker úr um ágreiningsatriði“ — og er þá átt við byggingu skólahúsnæðis, þegar að því standa tvö eða fleiri sveitarfélög. Gert er ráð fyrir því í brtt. minum, að í staðinn fyrir „menntmrn. aðstoðar“ komi: landshlutasamtök sveitarfélaga aðstoða, og þarf varla skýringar við. Það er í sama anda og aðrar brtt., sem ég hef hér gert grein fyrir á undan.

B-liður 14. brtt. er við sömu gr., 24. gr. Í 6. mgr. segir nú í frv.: „Nú óskar sveitarfélag, að gert sé ráð fyrir aðstöðu til félagsstarfsemi eða annars slíks í skólahúsi eða í tengslum við það, og skal það þá heimilt, enda samþykki menntmrn. og skólanefnd uppdrætti.“ Þar er gert ráð fyrir, að í staðinn fyrir orðin „enda samþykki menntmrn. og skólan. uppdrætti“ komi: enda hamli notkun slíks húsnæðis ekki skólastarfi að dómi skólanefndar og menntmrn. — Í þessu er ekki mikilvæg breyting, en blæbrigðamunur, og enn þá einu sinni dregið úr hinu algilda samþykki menntmrn.

15. brtt. er við 27. gr. Þar er fjallað um listskreytingar á skólamannvirkjum, og gert er ráð fyrir í frv., að rn. eigi að hafa þar frumkvæði og ákvörðunarvald, segir: „Rn. getur, að fenginni umsögn sveitarstjórnar, ákveðið listskreytingu skólamannvirkja, og telst kostnaður, sem af því leiðir, til stofnkostnaðar“ o. s. frv. Er lagt til, að þessu ákvæði sé breytt á þessa leið:

„Við hönnun skólamannvirkja er heimilt að ákveða listskreytingu þeirra, og telst kostnaður, sem af því leiðir, til stofnkostnaðar. Má verja í þessu skyni fjárhæð, sem nemur allt að 2% af áætluðum stofnkostnaði skólamannvirkis miðað við reglur byggingardeildar.“ M. ö. o. sé því sleppt, að rn. sé að ákveða listskreytingu, það sé látið liggja á milli hluta, hver ákveður það, það sé einn af þeim þáttum, sem tekin sé ákvörðun um, þegar yfirleitt skólabyggingin sé ákveðin og hvernig hún sé hönnuð, það sé sameiginleg ákvörðun þeirra aðila, sem að byggingunni standa. Síðan er gert ráð fyrir því í frv., í 2. málsgr., að rn. til aðstoðar við ákvörðun listskreytingar skólamannvirkja skuli vera tveggja manna n., skipuð einum fulltrúa frá Bandalagi íslenskra listamanna og einum frá því sveitarfélagi, sem hlut á að máli hverju sinni. Ég tel ástæðulaust, að þetta sé fest í lög, að það sé lögbundið að leita til tveggja manna n. um þessar listskreytingar, og því er lagt til, að þetta ákvæði sé einfaldlega lagt niður og þessum aðilum sé treystandi til þess að taka þessar ákvarðanir án þess að vera að bera þær undir einhverjar sérstaklega tilnefndar nefndir.

16. brtt. er við 29. gr. Þar er fjallað um daglega umsjón og umráð skólamannvirkja, sem eru sameign ríkis og sveitarfélaga, eins og l. gera ráð fyrir eða frv., og þar segir í 2. mgr.: „Heimilt er sveitarstjórn að ráðstafa skólahúsnæði eða hluta þess til æskulýðsstarfsemi, íþróttastarfsemi og almennrar félagsstarfsemi í þágu íbúa byggðarlagsins, en slíkt er þó aðeins heimilt, að hvorki brjóti í bága við skólahald né aðra notkun skólahúsnæðis, sem menntmrn. kynni að ákveða, svo sem til námskeiðshalds, framkvæmdar á l. um orlof húsmæðra“ o. s. frv. Þarna sem sagt mega heimamenn ekki taka neina ákvörðun um að nota húsnæði undir almenna félagsstarfsemi heima í héraði, vegna þess að rn. kynni að ákveða eitthvað annað. Af því að rn. kynni að ákveða eitthvað annað, er sem sagt almenn notkun á þessu húsnæði stöðvuð. Ég tel þetta algjörlega óaðgengilegt, það eigi að vera nokkuð rúmt svið fyrir heimamenn að taka ákvörðun um notkun á skólahúsnæði, sem í heimahéraði er, og því er lagt til, að þessu ákvæði sé breytt, það sé orðað þannig, að slíkt sé aðeins heimilt, þ. e. a. s. notkunin sé aðeins heimil, að hvorki brjóti í bága við skólahald né aðra notkun skólahúsnæðis, samkv. lögum“. Það sé sem sagt ekki farið eftir einhverjum tilviljunarkenndum ákvörðunum í rn., heldur sé einfaldlega farið eftir lögum, og þá nær það jafnframt til framkvæmdar á lögunum um orlof húsmæðra t. d.

17. brtt. er við 50. gr., þar sem fjallað er um réttindi og skyldur nemenda og kennara. Þessar brtt. eru í eðlilegu framhaldi af brtt., sem fjalla um skólaskylduna og fræðsluskylduna, og haldast í hendur við það mat, sem kemur fram í brtt. um það, að ekki eigi að lengja skólaskylduna, og þessar brtt. hljóða svo:

1. mgr. 50. gr. verði svo hljóðandi: „Börn og unglingar eiga rétt á að sækja grunnskóla, og er þeim það skylt innan þeirra marka, sem skólaskylda er ákveðin í skólahverfi, fái þau ekki hliðstæða kennslu annars staðar, sbr. 7., 52., 53. og 78. gr. þessara laga.“ Þarna er sem sagt kveðið frekar á um fræðsluskylduna. Börn og unglingar eiga rétt á því að fá að sækja grunnskóla, og það er sú skylda, sem hvílir á yfirvöldum, að hafa þessa fræðslu tiltæka, en að öðru leyti ekki kveðið á um skólaskylduna eða lengd hennar.

Í lok 2. mgr. 50. gr. segir: „Þá getur skólastjóri heimilað þetta, ef sálfræðideild og skólalæknir mæla með því hvor um sig.“ Það kemur fram síðar í mínum brtt., að gert er ráð fyrir því, að ákvörðun um sálfræðideild sé ekki í frv., og í samræmi við það er lagt til, að í staðinn fyrir „ef sálfræðideild og skólalæknir mæla með því hvor um sig“ komi: með samþykki fræðslustjóra. — Þetta er og í samræmi við brtt. meiri hl. menntmn. og er til fyllingar þeim.

3. mgr. 50. gr. í frv. hljóðar svo: „Nú lýkur nemandi öllu námi grunnskóla á 8 árum með góðum árangri, og telst hann þá hafa lokið skyldunámi. Nemandi getur og á sama hátt lokið grunnskólanámi enn fyrr og þá flust á framhaldsskólastig, telji skólastjóri, skólasálfræðingur og aðalkennari nemandann hafa til þess nægan þroska, enda komi til samþykki forráðamanna.“

Lagt er til, að þessari mgr. verði breytt og hún verði svo hljóðandi: „Nú lýkur nemandi öllu námi grunnskóla á 8 árum með góðum árangri, og á hann þá rétt á að flytjast á framhaldsskólastig. Nemandi getur og á sama hátt lokið grunnskólanámi enn fyrr og þá flust á framhaldsskólastig, ef foreldrar æskja þess og skólinn samþykkir.“ Þarna er enn komið inn á það atriði, sem lýtur að fræðsluskyldunni, og þessi till. er borin fram til þess að tengja saman grunnskólastigið og framhaldsskólastigið. Þarna er opnaður möguleiki fyrir nemanda að flytjast á framhaldsskólastigið eftir 8 ára nám.

Við 51. gr. er lítil brtt. Segir í upphafi gr.: „Börn, sem talin eru víkja svo frá eðlilegum þroskaferli, að þau fái ekki notið venjulegrar kennslu í einni eða fleiri námsgreinum, eiga rétt til sérstakrar kennslu við sitt hæfi. Slík kennsla fari fram einstaklingslega í hópum, sérbekkjum eða sérdeildum grunnskóla, nema til komi kennsla á sérstofnun samkv. 53. gr. Kennslan fer fram eftir því sem hentast þykir eftir afbrigðum nemenda og aðstæðum skóla og fræðsluumdæmis“ — „með samþykki fræðslustjóra“ er lagt til að bætist þarna við. Þetta er ekki stór brtt., en í samræmi við önnur ákvæði frv., sem ég hirði ekki um að útskýra frekar. En það er gert ráð fyrir því í 14. gr., að fræðslustjóri hafi með þetta að gera, og þess vegna verði til þess að hafa samræmi í frv. þessu skotið þarna inn.

Við 52. gr. eru 4 brtt., sem allar lúta að því að breyta orðinu „sálfræðideild“ í sálfræðiþjónustu, og þarf ekki frekari útskýringar við. Jafnframt er gert ráð fyrir því í sambærilegum brtt. við 53. gr.

21. brtt, er við 55. gr., 6. mgr., en þar er fjallað um nemendur og meðferð á þeim, ef þeir hafa truflað verulega kennslu og er að öðru leyti eitthvað áfátt í hegðun í skóla. Í sjálfu sér er ég þeirrar skoðunar, að þetta ákvæði sé allt of ítarlegt, en látum það vera að sinni. En það er

gert ráð fyrir því, að 6. mgr. þessarar gr., sem hljóðar núna: „Fræðslustjóri leggur málið fyrir sálfræðideild þá, sem í hlut á, og tekur hún við meðferð málsins, sbr. 69. gr.“ — hljóði á þennan veg: „Fræðslustjóri tekur þá málið til meðferðar í samráði við skólanefnd.“ Þarna er sem sagt líka verið að fella niður hugtakið sálfræðideild, en fræðslustjóri fari með þetta mál í samráði við fræðslun., sem aftur ræður því, hvort hún hefur samráð við sálfræðiþjónustu eða sálfræðinga, eftir því sem hún telur þörf á.

22. brtt. er við 56. gr. Þar er fjallað um það, ef skólastjóri er talinn hafa gerst brotlegur við lög eða reglugerðir, þá sé hægt að vísa málinu til skólanefndar, og segir í 1. mgr.: „Telji skólastjóri, að kennari, eða kennari, að skólastjóri hafi gerst brotlegur við lög þessi eða reglugerð samkv. þeim getur hann vísað málinu til skólanefndar, sem beinir því sem skjótast til fræðslustjóra ásamt nauðsynlegum upplýsingum. Nú telur fræðslustjóri, að aðgerðir í málinu þoli enga bið, og getur hann þá gert tafarlausar ráðstafanir til úrbóta um stundarsakir.“ En til viðbótar við 1. gr. er lagt til að komi: „en gefur þegar í stað skýrslu til menntmrn., sem tekur ákvörðun í málinu“. Þykir eðlilegt og rétt, að þegar svona viðkvæmt mál kemur upp, þar sem kennarar eru að kæra skólastjóra eða skólastjóri kennara, þá sé hægt að skjóta slíku máli alla leið upp til rn.

23. brtt. er við 62. gr., en í 1. mgr. segir: „Menntmrn. skipar skólanum trúnaðarmenn til aðstoðar við framkvæmd samræmdra könnunarprófa svo og prófdómara til starfa við námsmat í 9. bekk grunnskóla, og setur starfsmönnum þessum erindisbréf.“ Þykir eðlilegt að gera ráð fyrir því, að menntmrn. skipi þessa trúnaðarmenn skólanna í samráði við fræðslustjóra, en ekki alfarið fram hjá fræðsluráðunum, og þess vegna er lagt til, að inn í verði skotið orðunum: „í samráði við fræðslustjóra“. „Menntmrn. skipar í samráði við fræðslustjóra skólanum trúnaðarmenn“ o. s. frv.

24. brtt. er við 63. gr. í kaflanum, sem fjallar um skólarannsóknir. Þar er verið að gera brtt. í samræmi við þá niðurstöðu, að eigi að fella niður hugtakið skólarannsóknadeild, sem ég hef gert grein fyrir áður, og lagt til nýtt orðalag, þar komi: „Menntmrn hefur með höndum“ o. s. frv. — í staðinn fyrir „í menntmrn. skal vera deild, skólarannsóknadeild, sem hefur með höndum“. Rn. hafi þetta með höndum. Sé ég ekki, hvað verið er að fjalla um það, hvaða deildir séu á þess vegum, heldur sé það ákvörðun þess á framkvæmdastigi, hvernig með það skuli farið.

Í samræmi við þetta er síðan gerð brtt. í b-lið þessarar brtt. Í stað orðsins „deildin“ komi: ráðuneytið. Enn fremur eru sambærilegar till. við 64. gr., sem ég geri ekki nánar grein fyrir.

26. brtt. er við 67. gr. Þar segir: „Menntmrn. getur veitt einstökum fræðsluumdæmum, skólahverfum og opinberum kennslustofnunum heimild til að starfrækja tilraunaskóla“ o. s. frv. Gert er ráð fyrir því í brtt. á þskj. 530, að fellt sé niður orðið „opinberum“ og standi: „Rn. getur veitt einstökum fræðsluumdæmum, skólahverfum og kennslustofnunum heimild til að starfrækja tilraunaskóla með undanþágu frá ákvæðum laga“ o. s. frv., og sé ástæðulaust að vera að gera þar greinarmun á opinberum kennslustofnunum og óopinberum, ef á annað borð þessar kennslustofnanir eru viðurkenndar.

27. brtt. er við 69. gr. Þar er talað um hlutverk ráðgjafar- og sálfræðiþjónustu. Hér segir: „að annast ýmis sálfræðistörf og athuganir í sambandi við ráðgjafarþjónustu sálfræðideilda“. Þar er lagt til sem sagt, að breyt. verði á því og sagt: að annast ýmis rannsóknarstörf og athuganir í sambandi við störf skólaráðgjafa.

28. brtt. er við 70. gr. Þar er enn talað um sérstaka deild á vegum rn. Till. lýtur að því að breyta því orðalagi og er í samræmi við það, sem ég hef áður gert grein fyrir. Enn fremur er gerð sambærilegt brtt. við 73 gr.

Þá er 30. brtt. við 74. gr., 2. mgr., en þar segir: „Rn. setur starfsmönnum erindisbréf að fengnum till. fræðsluráða.“ Lagt er til, að þetta verði orðað með þessum hætti: „Rn. setur starfsmönnum erindisbréf í samráði við fræðsluráð“ — breyta sem sagt „að fengnum till. fræðsluráða“ í „í samráði við fræðsluráð“, og er það meint þannig, að það sé tekið frekara tillit til fræðsluráðanna.

Síðasta brtt., 31. brtt., er við 78. gr. Sú grein fjallar um einkaskóla, og í seinni mgr. þessa ákvæðis segir: „Ekki eiga einkaskólar kröfu til styrks af almannafé.“ Er lagt til, að þessi mgr. verði felld niður, það sé ekki rétt að taka það fram í l., að einkaskólar eigi ekki kröfu til slíks af almannafé. Einkaskólar í þessu landi hafa gegnt sínu hlutverki, hafa verið viðurkenndir sem skólar og eru samkv. þessu frv. hugsanlega viðurkenndir sem grunnskólar. Þeir eiga því fullan rétt á því að gera kröfu til styrks af almannafé og ástæðulaust og óaðgengilegt, að girt sé fyrir það með þessum lögum.

Herra forseti. Þá hef ég lokið að gera grein fyrir brtt. mínum. Ég biðst afsökunar á, hversu langan tíma það hefur tekið. Mér hefur hins vegar ekki verið fært að gera það í styttra máli, og vona ég, að hv. forseti og hv. þd. hafi á því skilning. Ég vonast til þess, að skoðanir mínar og röksemdir fyrir þessum brtt. hafi komist til skila og verði teknar til greina við lokaafgreiðslu þeirra.

Svava Jakobsdóttir: Herra forseti. Ég hef við 1. umr. þessa máls lýst fylgi mínu við meginstefnu þessa frv., og það fylgi mitt hef ég áréttað í nál. ásamt öðrum nm. Ég er samþykkur lengingu skólaskyldunnar og tel það eitt meginatriði þessa frv. Ég fylgi því á þeirri forsendu, að það sé algjört skilyrði fyrir jafnrétti til náms, og ég fylgi því einnig vegna þess, að það er forsenda þess, að menn flytjist sjálfkrafa milli skólastiga, og því engin hætta á því, eins og nú er, að menn stöðvist á unga aldri á námsbrautinni.

Um vinnubrögð í n. hefur þegar verið rætt, og þarf ég því ekki að bæta þar neinu við. Ég hef eins og aðrir nm. gert fyrirvara um fylgi við einstakar till., þótt þær séu fluttar af n. allri. Sumar af brtt. mínum hafa verið teknar inn í sameiginlega nál. og n. því gert þær að sínum. Aðrar flyt ég sjálf á þskj. 547 og mun nú gera í sem stystu máli grein fyrir þeim.

1. brtt. er við 13. gr., og þar legg ég til, að greinin orðist svo: „Menntmrn. ræður fræðslu-

stjóra að fengnum till. hlutaðeigandi fræðsluráðs, en þó ekki lengur en til 5 ára í senn. Að þeim tíma liðnum má endurráða hann til jafnlangs tíma, ef meiri hluti fræðsluráðs mælir með því. Við skipun í starf fræðslustjóra skal taka tillit til kennslufræðilegrar menntunar umsækjanda, stjórnunarreynslu í opinberri þjónustu og þekkingar á skólamálum.“

Hér er hafnað æviráðningu fræðslustjóra. Lagt er hins vegar til, að hann verði ráðinn til 5 ára í senn. Það hefur, eins og hv. þm. er kunnugt, mjög verið rætt að undanförnu, að æviráðning í mikilvæg störf á vegum hins opinbera sé óæskileg. Starf fræðslustjóra hlýtur að teljast til þeirra starfa, sem þurfa sífelldrar endurnýjunar við, og er það beinlínis forsenda jákvæðrar þróunar í skólamálum hvers umdæmis, að vel takist til um val fræðslustjóra og samstarf milli hans og þeirra, er til hans þurfa að leita. Hér veltur allt á góðri stjórn fræðslustjórans, þekkingu hans og hæfileikum.

Till. mín gerir þó ráð fyrir, að megi endurráða fræðslustjóra, og ætti þá að vera tryggt, að hæfur fræðslustjóri þyrfti ekki að hverfa frá starfi. Endurnýjunarreglunni þarf því ekki að beita eingöngu sjálfrar hennar vegna. Ef hún á að ná tilgangi sínum, hlýtur hún að taka mið af því, að nýtist kraftar góðs manns, sé hann fyrir hendi. Hins vegar koma kostir hennar í ljós, ef sá, sem ráðinn er, veldur ekki hlutverki sínu.

Ég vil taka það fram, að Félag háskólamenntaðra kennara lagði þessa skipan mála til í umsögn sinni, og ég held, að það hafi komið til álita hjá fleiri aðilum. Ég hygg, að Landssamband framhaldsskólakennara hafi ekki verið andvígt þessari skipan. Í frv. er gert ráð fyrir, að yfirkennari sé ráðinn til 5 ára, og hef ég tekið mið af því og legg til 5 ára ráðningu fræðslustjórans.

Eins og kom fram í ræðu hv. 9. landsk. þm., er hann fylgjandi þessari ráðningaskipan, en ágreiningur er milli okkar um ráðningaraðila, og því taldi hann sér ekki fært að gerast meðflm. að þessari till.

2. brtt. mín er við 21. gr. Þar er fjallað um foreldrafélög. Í frv. er gert ráð fyrir, að foreldrafélag skuli stofnað eingöngu, ef þess sé óskað af skólastjórum eða foreldrum. Menntmn. bætti þar við þriðja aðilanum, almennum kennarafundi, sem er vissulega til bóta, en þó tel ég hvorugt ganga nógu langt. Margir, sem hafa látið sig skólamál varða, hafa bent á nauðsyn þess að efla tengsl milli heimila og skóla. Þar verður að takast gott samstarf, ef skólastarfið á að heppnast og nemendinn að komast til þroska. Ég hygg því rétt að gera það að skyldu, að foreldrafélag sé stofnað við grunnskóla. Önnur ástæða til þess, að ég tel þetta nauðsynlegt, er sú, að sumir skólastjórar hafa beinlínis lýst sig andvíga því, að foreldrafélög séu stofnuð við skóla. Það er mín skoðun, að slík sjónarmið eigi ekki rétt á sér. Þau tengsl, sem þarna er nauðsynlegt að efla, geta varla talist einkamál skólastjórans. Það kunna einhverjir að segja sem svo, að það þýði lítið að skylda skólastjórann til að stofna foreldrafélag við skólann, ef foreldrar sýna því ekki áhuga. Það kann vissulega að fara svo illa sums staðar, þá verður líklega svo að vera, en þá verður ekki heldur unnt að kenna skólayfirvöldum um, að þau hafi ekki gert allt, sem í þeirra valdi stóð, til þess að koma á þessu nauðsynlega sambandi.

3. brtt. mín er við 22. gr., og fjallar um nemendaráðin. Í frvgr. er heimild til handa nemendum 7.—9. bekkjar grunnskóla að stofna nemendaráð, er sé skólastjóra og kennararáði til aðstoðar og ráðuneytis um málefni nemenda. Í frvgr. er ákvæði um félagsform nemendaráðsins og beinlínis tekið fram, að það skuli vera form. nemendaráðsins, sem eigi rétt til setu á fundum skólastjóra og kennararáðs og kennarafundum. Ég tel hér allt of ítarlega fyrirskipað í l. um það, hvernig nemendur hagi sínu félagsstarfi, og held, að best sé, að þeir ráði því sjálfir. Ný félagsform eru að ryðja sér til rúms, og er því rangt að mínu viti að festa hefðbundið félagsform í lögum. Ef nemendur hins vegar kjósa hefðbundið félagsform, geta þeir vitaskuld notað það, án þess að það sé fyrirskipað í lögum. Ég tel því rétt að sleppa öllu því, sem snertir innri málefni nemendaráðsins. Þá tel ég rétt, að skólastjórn og nemendur ákveði það sjálfir, hverjir skuli mynda nemendaráð. Það kann vel að vera, að í framkvæmd reynist það eingöngu áhugamál elstu nemendanna að stofna slíkt nemendaráð. Ég tel hins vegar ekki rétt að banna yngri nemendum að taka þátt í þessu sjálfsagða lýðræðislega fyrirkomulagi og treysti skólunum og skólayfirvöldum til þess að sjá það af hyggjuviti sínu og ráða því sjálf, hverjir eigi þar aðild að. Í gr. er einnig strangt fram tekið um bekkjaskipan, en n. hefur í öðrum gr. frv. reynt að losa um hefðbundna bekkjaskipan og opna fyrir nýjum leiðum til kennsluhátta.

Ég legg því til, herra forseti, að gr. orðist svo: „Heimilt er nemendum grunnskóla að stofna nemendaráð, er sé skólastjóra og kennararáði til aðstoðar og ráðuneytis um málefni nemenda. Einn af kennurum skólans aðstoðar nemendaráð. Fulltrúi nemendaráðs á rétt til setu á fundum skólastjóra og kennararáðs svo og á kennarafundum, með málfrelsi og tillögurétti.“

Ég hef ekki átt þess kost að sýna n. 4. og 5. brtt. mína, þar eð ég athugaði þessi atriði ekki fyrr en n. hafði skilað frv. frá sér. Ég hygg þó, að a.m.k. sú 4. sé það sjálfsögð, að rétt sé, að ég taki hana aftur til 3. umr., til þess að n. geti skoðað hana. Á síðasta þingi samþ. Alþingi ný lög um heilbrigðisþjónustu, þar sem tekið er fram, að heilsugæsla nemenda skuli falin heilsugæslustöðvum, og því legg ég til, að á eftir 1. mgr. 76. gr., þar sem fjallað er um heilbrigðisþjónustu, komi ný mgr. svohljóðandi: „Sé heilsugæslustöð í námunda við grunnskóla er heimilt að fela henni að annast vernd nemenda, samkv. l. um heilbrigðisþjónustu, nr. 56/1973, 21. gr.

5. brtt. mín er við 77. gr. Við vorum raunar sammála um það í n., eða a.m.k. meiri hl. hennar, að fella 3. mgr. burt, en hún hljóðar svo í frv., með leyfi forseta: „Kennsla óskólaskyldra barna umfram það sem segir í gr. þessari, er háð leyfi fræðslustjóra. Nánari ákvæði má setja í reglugerð.“ Við vorum sammála um, að túlka mætti gr. þannig, að ekki einu sinni foreldrum væri leyfilegt að kenna börnum sínum heima,

nema leyta leyfis fræðslustjóra. Okkur þótti þetta heldur langt gengið. Eftir nánari athugun hygg ég, að hér muni vera átt við forskóla, sem einkaaðilar reka jafnvel í heimahúsum gegn gjaldi, og tel því rétt að bæta hér úr og skilgreina nokkru nánar. Ég legg því til, að mgr. orðist svo: „Óheimilt er einkaaðila að reka skóla fyrir óskólaskyld börn nema með leyfi fræðslustjóra.“

Ég hef nú mælt fyrir brtt. mínum á þskj. 547. Það er þó ein till., sem n. flytur sameiginlega, sem ég hlýt að fara nokkrum orðum um og lýsa mig algjörlega andvíga. Það er 42. gr., sem fjallar um styttingu starfstíma grunnskóla. Þessa gr. verður að skoða í nánu samhengi við 43. gr. og 45. gr., þ. e. a. s. brtt. n. nr. 27, 28 og 29. Ég er andvíg þessari gr. menntmn., einkum vegna þess að hún gerir ráð fyrir, að hinn árlegi námstími sé styttur í allt að 7½ mánuð fyrir efstu bekkina. Ég hefði getað fallist á, að starfstíminn hefði verið styttur fyrir yngri börnin, en ég hygg, að ekki sé nokkur einasta leið að komast yfir það námsefni, sem efstu bekkjunum er ætlað, á 7½ mánuði, einkum og sér í lagi með tilliti til þess, að ef brtt. n. við 43. gr. verður samþ., þá styttist skólatíminn enn vegna atvinnuþátttöku, en þeirri skipan mála er ég eindregið fylgjandi. Ég tel slíkt bæði gott og þroskandi. En komi þetta hvort tveggja til, óttast ég, að það muni annaðhvort auka misréttið í skólakerfinu eða valda óhemju vinnuálagi á nemendur, þar sem sýnt er, að þeir muni ekki komast yfir námsefnið á svo skömmum tíma. Og óhóflegt vinnuálag er í algjöru ósamræmi brtt. n. við 45. gr., þar sem nánast er lögboðin 40 stunda vinnuálag er í algjöru ósamræmi við brtt. n. við er í frv., og tel að frv. geri ráð fyrir það mörgum undanþáguheimildum, að fyllilega ætti að nægja.

Hv. 9. landsk. þm. gerði að umræðuefni 12. brtt. n. við 18. gr. frv., en hún hljóðar svo, með leyfi forseta: „Í kaupstöðum með 10 þús. íbúa eða fleiri fara fræðsluráð og hverfisnefndir með hlutverk skólanefndar. Viðkomandi bæjar- eða borgarstjórn skiptir kaupstaðnum í hverfi í samráði við fræðsluráð. Í hverju hverfi skal vera hverfisn., skipuð 5 mönnum. Hverfisn. skal kosin til 4 ára í senn af bæjar- eða borgarstjórn. Verkefni hverfisn. skulu vera hin sömu og þau verkefni skólan., sem talin er í 19. gr. Um starfshætti hverfisn., boðun funda, kosningu og fjölda kennarafulltrúa og rétt skólastjóra til setu á hverfisnefndafundum gilda að öllu leyti sömu ákvæði og um skólanefndir.“ Hv. 9. landsk. þm., Ellert B. Schram, hefur lýst andstöðu sinni við þessa breyt. Sú andstaða hans hlýtur að koma öllum hv. þm. á óvart, sem hlustuðu á hann í umr. um frv. um skólakerfi og um þetta frv. Hann fór mörgum orðum um dreifingu valdsins, en þegar um er að ræða að dreifa valdinu í Rvík, snýst hann allt í einu öndverður við. Þau rök, sem hann færði gegn þessari till., voru að mínu viti ákaflega léttvæg. Hann talaði um búferlaflutning milli hverfa. Það er vitaskuld rétt, að það kemur fyrir, að Reykvíkingar flytjist milli hverfa. En á þeim hvílir fortakslaus skylda um að tilkynna slíkan búferlaflutning hið skjótasta. Það ætti því ekki að vera nokkrum vandkvæðum bundið að koma slíkri tilkynningu til viðkomandi hverfisnefnda. Það má bæta því hér við, að Reykvíkingar eru jafnvel sektaðir, ef það dregst of lengi, að þeir tilkynni búferlaskipti. Ég hygg því, að menn geri það ekki að gamni sínu að draga slíkar tilkynningar.

Hann sagði einnig, að það væri rangt að binda í lögum skipan skólamála í Rvík. Ég veit ekki, hvort ég fer alveg rétt með, en inntakið í mótbárum hans var það, að slíkt skipulag sem þetta ætti ekki að binda í lögum. Þetta eru furðuleg rök, þar sem frv. bindur vissa skipan mála í Rvík, sem á ekki að gilda fyrir önnur fræðsluumdæmi, og ég hef alcrei heyrt hv. þm. Ellert B. Schram minnast á það einu orði á öllum nefndarfundum okkar, að þetta væri óheppilegt. Ef brtt. n. er of fortakslaus, þá er hitt enn fortakslausara. Ég hef einhvern grun um, að þessi rök séu til komin eftir á. Ég vil leiðrétta þau ummæli hans, að hverfisn. skv. þessari brtt. eigi að koma í stað skólan. Það er alls ekki rétt, að þær eigi að koma að öllu leyti í stað skólan. Það er skýrt tekið fram, — og gott væri ef hv. þm. vildi lesa till. einu sinni enn sér til glöggvunar, — að hverfisnefndir skuli fá þau verkefni skólan., sem talin eru í 19. gr. Skólan. skv. frv. hafa viðtækari verkefni en talin eru upp í 19. gr., og það var einmitt þess vegna, sem ekki var hægt að kalla þessar hverfisn. í kaupstöðum skólan. Ég vil t. d. benda á 17. gr., þar sem segir, með leyfi forseta, um skólan.: „Hún sér um skiptingu nemenda milli þeirra og samræmir rekstur þeirra, eftir því sem hún telur haganlegt.“ Skv. till. n. er alls ekki ætlast til þess, að hverfisn. hafi þetta verkefni með höndum, svo að eitt dæmi sé tekið. Þau verkefni skólan., sem talin eru upp í 19. gr., snerta eingöngu innri málefni skólanna. Hér er því að vissu marki um heimastjórn að ræða, um dreifingu valds frá 7 manna fræðsluráði út til kjörinna hverfisnefndarfulltrúa, sem eiga þá að geta tekið ákvarðanir um það, sem næst þeim er, án þess að þurfa að leita til hinnar miklu miðstjórnar, sem frv. gerir ráð fyrir, að ráði skólamálum í Rvík. Ef við athugum muninn á fyrirkomulaginu í Rvík og annars staðar á landinu, eins og frv. gerir ráð fyrir því, sker í augun einmitt miðstjórnarvaldið í Rvík. Þar segir beinlínis, að fræðsluráðið í Rvík skuli jafnframt vera skólan. Nú er í grg. með frv., á bls. 67, rakinn áætlaður fjöldi nemenda í grunnskóla. Þar eru taldir 14 200 nemendur í Rvík. Í öðrum umdæmum fer nemendafjöldinn allt niður í 1 900 og hvergi upp fyrir 4 350 nema í Reykjaneskjördæmi. Hér er gríðarlega mikill munur á nemendafjölda í Rvík og öðrum kjördæmum. Í öðrum kjördæmum er gert ráð fyrir fræðsluráði umdæmisins alls og síðan skólanefndum, sem annast málefni, sem standa þeim næst. Í Rvík er hins vegar gert ráð fyrir 7 mönnum, sem eiga að hafa alla yfirstjórn á hendi. Þar skiptist valdið ekki, enda þótt nemendafjöldinn sé miklu, miklu meiri. Í aths. við frv. er beinlínis staðfest fjarlægðin milli valdsstjórnarinnar og þeirra, sem á að stjórna. Í grg. með 18. gr. segir, með leyfi forseta: „Fræðsluráð Reykjavíkur fer með hlutverk skólanefndar í Rvík. Sakir fjölda skóla þar hefur ekki komist á þar sú venja, að skólastjórar sitji

fundi fræðsluráðs, enda yrði sá vettvangur í stærra lagi.“ Hér er beinlínis sagt, að leiðin milli skólastjóra og kennara í Rvík annars vegar og fræðsluráðsins hins vegar sé lengri en annarsstaðar. En í frv. er það nýmæli, að gert er ráð fyrir setu kennarafulltrúa og skólastjóra á fundum skólan. Hins vegar mundi slíkt ekki gilda um Rvík. Skólastjórar og kennarar mundu ekki sitja fundi fræðsluráðs nema þrisvar á ári. Sterk rök hníga að því, að valdinu sé dreift innan Rvíkur, ekki síður en annars staðar á landinu. Eftir sem áður hefur fræðsluráð Reykjavíkur þau verkefni, sem fræðsluráði eru falin skv. frv., þar með talin heildarstjórn, svo sem fjármálastjórn, og hvers konar samræming og hagræðing, sem nauðsynleg er. Ég tel þetta mjög mikilvægt atriði, sérstaklega fyrir Rvík og Reykvíkinga, og fagna því, að meiri hl. menntmn. var sammála mér um þetta atriði, og hygg, að það geti orðið til góðs, nái það fram að ganga.

Benedikt Gröndal: Herra forseti. Um þessar mundir eru liðin rúmlega 5 ár, síðan hafinn var undirbúningur að samningu frv. þess til l. um grunnskóla, sem hér er til umr. Ég kann ekki sögur af neinu frv., er lagt hefur verið fyrir Alþingi, sem hefur fengið jafnlangan og viðamikinn undirbúning eða verið kynnt og rætt jafnítarlega um land allt, áður en það var lagt hér fram, en þetta frv. um grunnskóla. Þrátt fyrir allan undirbúninginn og allan þann hóp manna, sem fjallaði um málið, þrátt fyrir allan þann tíma og þær umr. og fundahöld, sem fram fóru, kom það á daginn, er menntmn. hóf athugun á frv., að nm. staðnæmdust við svo að segja hverja grein með meiri eða minni aths. og hugmyndir um breytingar. Niðurstaðan er líka sú, að menntmn. sameiginlega og einstakir nm. eru nú þegar búin að flytja yfir 80 brtt. við rúmlega aðra hverja gr. eða a. m. k. það í frv.

Sannleikurinn er sá, að á þessu frv. er sá meginsmíðagalli, að það er allt of langt, — allt of langt og allt of ítarlegt. Frv. hefði þurft að vera helmingur af því, sem það er eða minna. Það hefði átt að fjalla eingöngu um meginatriði skólakerfisins, og síðan hefði átt að fylla upp í þá beinagrind með reglugerðum, og hefði þá verið hægara, þegar ár líða frá samþykkt frv., að læra af reynslunni og breyta ýmsum framkvæmdaratriðum í reglugerðunum.

Það getum við lært af reynslunni af meðferð þessa frv., að svona stórir doðrantar eru erfiðir í meðförum, og það er ekki þægilegt að ræða og greiða atkv. um 80—90 brtt. við eitt frv. E. t. v. hefði þetta efni átt að vera í fleiri frv. Ef það t. d. hefði verið sérstök stutt frv. um sálfræðiþjónustu, bókasöfn í skólum, um heilbrigðismál í skólum, um skólarannsóknir, þá er ég viss um, að mörg þeirra frv. væru þegar orðin að lögum. Vandinn við þetta mál nú er sá, að þrátt fyrir tvö stór atriði, sem deilt er um, skólaskylduna og lengd skólastarfsins á hverju ári, eru veigamiklir kaflar með umbótum, sem lítið er deilt um í frv. Og hin mikla kynning á málinu hefur leitt af sér, að hugmyndir um þessar umbætur eru þegar útbreiddar í landinu. Af þessu hefur aftur leitt, að ýmsir gera viljandi eða óviljandi kröfur eða færa fram óskir um þessar umbætur í sambandi við sálfræðiþjónustu, við meðferð á afbrigðilegum börnum, í sambandi við bókasafn og fjöldamargt annað. Skólamenn, kennarar og skólastjórar, hafa kannske allra manna mestan áhuga á þessu, en þeir hafa ekkert til þess að byggja á, enga aðstöðu til þess að byrja. Og það er þetta, sem gerir, að við getum ekki dregið afgreiðslu þessa frv. miklu lengur. Það er ekki meinlaust, þó að við látum eitt ár líða, án þess að neitt gerist, eins og ræðumaður Sjálfstfl. gaf í skyn í kvöld.

Að sjálfsögðu eru skoðanir skiptar um svo langt og mikið frv., og við skulum gera okkur grein fyrir því, að ef við byrjum árlega að ræða þetta frv., þegar þing hefst á hverju hausti, gætum við aftur og aftur fundið ný og ný atriði, sem við vildum breyta, nýjar og nýjar setningar og ákvæði, sem við vildum hafa á einhvern annan veg. Þetta gæti verið endalaust. Við verðum, eins og málum er komið, að gera upp við okkur, hvort við viljum með þeim breytingum, sem við treystum okkur til að gera, án þess að kaffæra frv. í brtt., gera það að lögum, eða hvort okkur finnst það svo gallað, að okkur finnst óhjákvæmilegt að hafna því og byrja þá alveg upp á nýtt, — þá er ekki um annað að ræða en að byrja vinnuna við grunnskólafrv. alveg upp á nýtt.

Ég er þeirrar skoðunar, að þrátt fyrir margvíslega galla sé svo mikið af þýðingarmiklum umbótum í þessu frv., að við verðum að velja þann kost að gera á því þær breytingar, sem við teljum nauðsynlegar, gera það síðan að lögum, gera okkur fullkomlega ljóst, að það fer um þennan lagabálk eins og um alla stóra lagabálka aðra, að á næstu árum, eftir að frv. verður að lögum, muni reynast nauðsynlegt að gera á því ýmsar breytingar. Það eru venjuleg vinnubrögð og ekkert að óttast í því sambandi. Þennan kost verðum við að velja, og það er í samræmi við það val, sem bæði ég og ýmsir aðrir menntmn.-menn hafa reynt að sitja á sér og flytja eins lítið af brtt. og þeir geta, eða a. m. k. forðast að flytja mikið af brtt. um tiltölulega lítilvæg atriði, sem gjarnan mætti reyna, áður en ráðist yrði í breytingar á þeim.

Eitt atriði varðandi þetta mál hefur ekki verið minnst á hér í kvöld. Skv. þessu frv. á að fá landshlutasamtökum sveitarfélaganna mikil áhrif á kennslumál. Það er deilt um það, hve mikil þessi áhrif eigi að vera. Þau eru ærin í frv. sjálfu, og Sjálfstfl. vill ganga lengra í þá átt að auka vald og áhrif sveitarfélaganna í þessum málum. En það eru engin lög til um landshlutasamtök sveitarfélaga. Samtökin eru til, þau eru í bernsku um land allt, eru að þreifa sig áfram. En þau eru laus í reipunum, og þau vantar fastan grundvöll til að standa á, fastan grundvöll, sem setur þau í það form, að það sé hægt að fela þeim svo mikið hlutverk sem þeim er ætlað í skólakerfi landsins skv. þessu frv. Það er því óhugsandi að framkvæma þetta frv. sem lög, fyrr en búið er að koma á lagaákvæðum um landshlutasamtök sveitarfélaga, og koma þeim á fastan grundvöll. Nú er það svo, að ríkisstj. hefur ekki einu sinni flutt frv. um landshlutasamtök. Það hefur heyrst, að það sé ekki samkomulag innan ríkisstj. um slíkt frv. Hins vegar

hafa 5 alþm., 2 þeirra stjórnarsinnar og 3 úr stjórnarandstöðuflokkunum, flutt slíkt frv., að mér skilst skv. tilhlutan landssamtaka sveitarfélaga. Þetta frv. kom fyrir þessa hv. d. í nóv. og var þá vísað til n., en ég hef a.m.k. ekkert heyrt um það síðan. Ég tel rétt, að menn geri sér ljóst, hvaða samhengi er þarna á milli. Það þýðir ekkert fyrir okkur að ýta grunnskólafrv. fram, án þess að hinum málunum sé einnig komið til skila.

Kem ég þá stuttlega að brtt., sem fluttar hafa verið við þetta frv. Ég sé ekki ástæðu til að fjölyrða um brtt., sem aðrir einstakir þm. hafa flutt, að öðru leyti en því, að ég vildi segja nokkur orð um till. sjálfstæðismanna. Þær eru í stórum dráttum á þá leið að færa stjórn menntamála, sérstaklega stjórnun skólakerfisins, að miklu meira leyti til sveitarfélaganna. Ég er hlynntur því að færa allmikið og jafnvel mjög mikið af verkefnum frá menntmrn. út til sveitarfélaganna, sérstaklega í fræðslumiðstöðvarnar, sem ætlunin er að koma upp, og vil, að þær verði að öflugum og sterkum miðstöðvum í héruðunum.

Þegar litið er á heildarmynd af hugmyndum sjálfstæðismanna, eftir því sem ég hef best getað skilið þær, finnst mér, að þær eigi vel við Reykjavíkurborg, en fráleitt er, að þær séu raunhæfar varðandi aðra landshluta. Kann að vera, að það megi deila um stóru kaupstaðina, Kópavog, Hafnarfjörð og Akureyri, en þar fyrir utan er alveg fráleitt, að slíkar till. séu famkvæmanlegar eða raunhæfar. Ég hef grun um, að það sé einhver ótti um Rvík, sem er hreyfiafli á bak við þessar hugmyndir, og vil benda sjálfstæðismönnum á að athuga þetta mál töluvert betur. Það er rétt, að Rvík er nógu stór heild, til að hafa sjálfstjórn í þessum efnum, og hv. 9. landsk. viðurkenndi, að Rvík hefði fengið að njóta sín, hefði fengið að taka í sínar hendur töluverða sjálfstjórn í skólamálum og hefði getað byggt skóla án þess að fá jafnóðum styrki frá ríkinu. Þetta er allt saman rétt, og það er líka rétt, sem hann sagði, að Rvík er komin miklu lengra fram úr öðrum sveitarfélögum á Íslandi í skólamálum en flestir gera sér grein fyrir. Margar af þeim nýjungum, sem eru í grunnskólafrv. og á nú að færa þjóðinni á silfurbakka fyrir 300 millj. kr. á ári, er búið að framkvæma í Rvík í fjölda ára. Mér finnst, að þessar hugmyndir eigi mjög vel við Rvík. Ég sé ekkert eftir því, að Rvík hafi þessa aðstöðu og hef engan vilja til þess að skerða hana á nokkurn hátt. En hugmyndirnar gilda alls ekki um hin litlu sveitarfélög, frá 5—10 þús. og niður í nokkur hundruð manns, sem við vitum af starfi hér í þinginu, að oft eru erfiðustu verkefnin hvað snertir skólamálin.

Um þær brtt., sem ég hafði fram að færa í menntmn., gerðist það um allar nema eina, að *í sumum tilfellum var ég sannfærður um, af* félögum mínum, að ég hefði rangt fyrir mér, en í öðrum tilfellum var það öfugt, að þeir létu sannfærast og till. voru því teknar með í heildartill. menntmn. Ég flyt einn aðeins 3 till., sem í raun og veru eru aðeins um eitt efni. Þær eru um ráðningu kennara, og hugmynd mín er sú, að það sé óþarfi, að menntmrn. sé fastur aðili að ráðningu kennara, það ætti að vera hægt að annast það í héruðunum. Eins og nú standa sakir, verður skólastjórinn auðvitað fyrst var við það, að það vanti kennara, og síðan kallar hann til skólan., og þá fer málið til fræðslustjóra og eftir athugun fer það í rn. og rn. auglýsir með pomp og pragt. Svo eiga umsóknir að berast til skólan. og eru bornar undir skólastjórann, og þaðan fara þær aftur til fræðslustjórans á fræðsluskrifstofunni og fá þar einhverja meðferð, og frá henni eiga umsóknirnar loksins að fara í rn. Mér finnst þetta vera nokkuð fyrirferðarmikið til þess að ráða kennara. Ég get fallist á það a.m.k. fyrst um sinn, að þetta kerfi sé notað við ráðningu skólastjóra.

Nú hefur að vísu komið fram, að það eru skiptar skoðanir um, hvort fræðslustjórinn eigi að vera ráðinn af sambandi viðkomandi sveitarfélaga eða af menntmrn. Og ég vil taka fram, að ég er þeirrar skoðunar, að fræðslustjórinn verði að vera maður menntmrn. Ef hann er það ekki, efast ég um, að hann geti gegnt því hlutverki, sem hann á að gera, og geti sparað skólastjórum öll þau hlaup og bréfaskriftir til Rvíkur, sem hann á að gera. Þessi hugmynd um að færa ráðningu kennara til héraðanna, þannig að rn. þurfi ekki að vasast í því, heldur geti fræðsluskrifstofurnar annast það í samvinnu við skólana, byggist á því, að fræðslustjórinn sé maður rn. Ef því yrði breytt, efast ég um, að ég mundi halda þessum till. mínum til streitu. En brtt. þrjár á þskj. 561 fjalla allar um þetta eina atriði.

Skal ég svo ekki fara fleiri orðum um þetta mál að sinni, herra forseti.

Pálmi Jónsson: Herra forseti. Umr. um þetta frv. eru nú orðnar alllangar, bæði í kvöld og áður, hér á hv. Alþingi. Sú þn., menntmn. hv. Nd., sem hefur haft frv. til meðferðar, virðist hafa leyst af hendi allmikið starf, eftir því sem starfi n. er lýst af hv. frsm. n., og það kemur í ljós, að n. hefur séð ástæðu til þess að flytja hvorki meira né minna en 83 brtt. við frv., sem er 91 gr. N. flytur sameiginlega nokkurn hluta þessara till., en einstakir nm. flytja aðrar till., er ganga að sumu leyti í gagnstæðar áttir.

Það frv., sem hér liggur fyrir, er eins og lýst hefur verið, vandasamt mál. Hér er um þýðingarmikið mál að ræða, mál, sem myndar ramma um það starf, sem á að rækja til þess að byggja upp undirstöðumenntun þjóðarinnar, og slíka löggjöf þarf að vanda, eigi hún að valda því hlutverki, sem henni er ætlað. Ég skal ekki fjölyrða hér um þýðingu menntunar og þess starfs, sem rækja á í skólum, en ég tek það fram, að það verður seint um of vandað til löggjafar, sem um þetta á að fjalla, til þess að árangur verði sem bestur, en árangur skólastarfsins er það, sem máli skiptir, að auka menntun, þroska og menningu þjóðarinnar.

Gagnvart þeim brtt., sem hér liggja fyrir, skal ég ekki fara út í að ræða þær efnislega. Ég vil aðeins taka fram út af orðum, sem hv. þm. Benedikt Gröndal sagði hér áðan um till. okkar sjálfstæðismanna í þessum efnum, að þær virtust sniðnar við Rvík, en mundu ekki henta fyrir hin smærri sveitarfélög, að þar er ég alls ekki á sama máli. Það má e. t. v. segja, að þessar till. séu ekki eins nákvæmlega útfærðar og vera

þyrfti, og það hefur ekki verið í tillöguformi gerð grein fyrir öllum þeim atriðum, sem þarf að taka til greina í sambandi við slíka breytingu á meðferð skólamála í þjóðfélaginu. Hinu er þó algerlega nauðsynlegt að gera grein fyrir, og því hefði hv. þm. Benedikt Gröndal átt að átta sig á, að um leið og sveitarfélögin fá í sínar hendur meðferð þess, sem hér er kallað grunnskólastig, þurfa þau aukið fjármagn. Það fjármagn fæst vitaskuld ekki með öðrum hætti en þeim, að sveitarfélögin fái í sínar hendur nýja tekjustofna, og það eitt dugir að öllum líkindum ekki til, vegna þess hve aðstaða sveitarfélaganna er misjöfn, og þar af leiðandi þarf að koma til stórkostleg efling Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga og Jöfnunarsjóðinn síðan að nota til að jafna aðstöðu sveitarfélaganna til að geta tekið sér þessi verkefni á herðar. Ef þessi mál eru skoðuð í þessu ljósi og enn fremur því ljósi, að sú er reynslan, að hin smærri sveitarfélög hafa að sínum hluta í fræðslumálum tekist á við mikil verkefni og haft um það ágætt samstarf, þá hygg ég, að ekki sé ástæða til annars en að ætla, að þó að þeim yrði fengin meðferð þessara mála í heild, hefðu þau þroska og vilja til þess að hafa um það samstarf sín á milli að leysa þau mál vel af höndum.

Ég skal ekki ræða um þessar brtt. frekar, enda hefur verið gerð ítarleg grein fyrir þeim á rúmum 2 klst. að undanförnu hér í hv. d.

Hv. frsm. menntmn., hv. 3. þm. Vestf., sagði í upphafi sinnar ræðu hér í dag, að megintilgangurinn með þessu frv. væri að skapa sem jafnasta aðstöðu til mennta fyrir skólaæskuna. Ég hef heyrt þetta fyrr, og sá hlýtur alltaf að vera tilgangur með fræðslulöggjöf að skapa sem jafnasta menntunaraðstöðu, hvað sem búsetu og öðrum aðstæðum líður. Hins vegar er ég ekki jafnviss og hv. þm. Hannibal Valdimarsson um, að þetta takist, enda þótt þetta frv. yrði að lögum. Það er svo og hefur verið svo á undanförnum árum, að misréttis hefur gætt í meðferð skólamála meðal þjóðarinnar og hin fámennari sveitarfélög og byggðarlög ýmis hafa legið eftir, á meðan þeir, sem búa í meira fjölmenni, hafa setið við kjötkatlana. Orsökin til þessa er fyrst og fremst sú, að fjármagn hefur skort í þjóðfélaginu til þess að hrinda áfram framkvæmdum um landið allt, til þess að skólaæskan gæti notið jafnréttis án tillits til búsetu. Hér er ekki um að kenna viljaleysi einstakra sveitarfélaga, eins og stundum er haldið fram, heldur er einfaldlega orsökin sú, að fjármagn hefur skort eða það hefur verið veitt til annarra verkefna í þjóðfélaginu í þeim mæli, að afgangur til skólamannvirkja hefur ekki orðið það mikill, að dugað hafi til þess að fullnægja því að skapa jafna aðstöðu. Þó að þetta frv. verði að l., myndast ekkert fjármagn í þjóðfélaginu. Hitt er sönnu nær, að fjármagn eyðist stórkostlega, vegna þess að þetta frv. hefur í för með sér mjög mikinn kostnaðarauka í meðferð fræðslumála. Ég hygg, að þó þetta frv. verði að lögum, megi búast við, að enn verði svo, að þeir, sem eiga erfiða aðstöðu, búa í fámennum sveitarfélögum, þar sem fátt er um atkvæði fyrir þá, sem málum ráða á Alþingi hverju sinni, verði látnir sitja á hakanum en fénu varið í meira mæli, þar sem fjölmennið er.

Ég gæti bent á ýmis rök til framdráttar þeirri skoðun minni, að þetta frv. felur ekki í sér neina vissu fyrir því, að stefnt verði til jafnréttis. Ég hef gert það áður hér á Alþingi og mun ekki endurtaka það, en vil þó aðeins segja, að með því að lengja skólaskyldu og skólaárið er ekki á nokkurn hátt tryggt, að um aukið jafnrétti verði að ræða, enda þótt það sé látið í veðri vaka, að sú sé ein helsta orsökin til þess, að stefnt sé til þeirrar áttar.

Ég hef rakið það fyrr, að mismunur á skólasókn stafar af þessu fyrst og fremst, að í strjálbýlum héruðum hafa mannvirkin ekki verið til, þar hefur aðstaða ekki verið sköpuð fyrir skólaæskuna til þess að sækja miðskólanám að skyldunámi loknu í sinni heimabyggð, og sú er orsökin til þess, að þessi mismunur kemur fram, mismunur, sem að vísu er sí og æ að minnka vegna þess, að skólamannvirki og bygging þeirra þokast alltaf nokkuð áfram um byggðir landsins.

Ég skal ekki fara hér út í það að flytja langa ræðu um þetta mál. Ég hef rætt það margsinnis áður og sé ekki ástæðu til að fara að tíunda það æ ofan í æ, sem ég hef um þetta mál sérstaklega að segja. En ég kom hingað í þennan ræðustól fyrst og fremst til þess að vekja athygli á því, að sú er skoðun mín, að enda þótt hv. n. hafi um málið fjallað á yfir 20 fundum og fluttar hafi verið við frv. af n. mjög margar brtt., þá hafi ekki verið bætt svo úr göllum þessa frv., að ég telji fullnægjandi til þess, að rétt sé að samþykkja það. Ég skal þó taka það fram, að ýmsar af brtt. n. sýnast mér að verulegu leyti stefna til réttrar áttar, og það er reyndar svo, að frá því að þetta frv. kom fyrst fram hefur það verið bætt að nokkru við hverja endurskoðun, og megi svo enn ganga. Það er mín skoðun, að rétt sé að vísa því enn til hæstv. ríkisstj. og taka í það eitt ár til. Enda þótt hv. þm. Benedikt Gröndal teldi, að við mættum þá að ári liðnu standa í sömu sporum, þá hygg ég, að ég treysti því og mundi vænta þess, að svo mætti til takast, að þá mundu enn sniðnir af því það margir gallar, að hugsanlegt væri, að samstaða gæti orðið um að afgreiða frv.

Ég vek athygli á því, að fræðslul. frá 1946 eru enn ekki komin til framkvæmda í öllum skólahverfum landsins og að innan þeirrar löggjafar, þ. e. gildandi l. um þetta efni, gætu rúmast flestar eða allar þær umbætur, sem felast í því frv., sem liggur fyrir, og í þeim brtt., sem fyrir liggja frá hv. n. og einstökum nm. Það er því engin nauðsyn á að afgreiða um þetta efni ný lög. Það mætti fella inn í gildandi lög þau ákvæði, sem hv. alþm. sýnist einsýnt, að séu til bóta frá því, sem gildandi l. gera ráð fyrir, og koma þannig þegar til framkvæmda. Þrátt fyrir allar þær brtt. og alla þá vinnu, sem hv. n. hefur í þetta frv. lagt, vil ég vekja athygli á því, að allir megingallar frv. standa að mestu enn. Ég vil aðeins í örfáum orðum rekja þessa megingókosti frv., sem ég tel varða það miklu, að ekki komi til álita að samþykkja það í því formi, sem það er.

Í fyrsta lagi er haldið enn lengingu skólaskyld-

unnar. Því er haldið að lengja og herða lögboðna skyldukvöð, sem lögð er á herðar ungmenna til þess að sækja skóla. Börnin fá í auknum mæli þá tilfinningu, að þau séu í skóla skv. lagaboði, af hlýðni við ríkiskerfið, en ekki að eigin frumkvæði og af menntaþrá. Þessu fylgja í auknum mæli þau vandkvæði, sem kviknað hafa í efstu bekkjum skyldunáms: námsleiði, hyskni við nám, uppreisnargirni gegn yfirstjórn skóla og þjóðfélagskerfinu í heild. Hér er, að ég hygg, orsök þess, að flestir skólastjórar og kennarar á skyldunámsstigi eru andvígir lengingu skólaskyldunnar, þeir hafa reynsluna meiri en aðrir menn. Þessum óheppilegu uppeldisáhrifum skólaskyldunnar mætti sennilega komast að mestu hjá með því að taka upp fræðsluskyldu í efstu bekkjum grunnskóla, þar sem unglingar sæki nám af frjálsum vilja, en ekki eftir lagaboði. Hér hefur í umr. margsinnis verið gerð grein fyrir því, hver munur er á fræðsluskyldu og skólaskyldu, og sé ég ekki ástæðu til að skýra þau orð nánar en gert hefur verið að undanförnu.

Lenging skólaársins táknar aukið fráhvarf frá atvinnuvegum þjóðarinnar. Brtt. þær, sem hv. n. hefur flutt um, að störf að atvinnuvegunum geti að nokkru komið í stað skólastarfs og skólanáms, er virðingarverð tilraun, sem vert er að gefa athygli. Þær brtt. eru þó næsta óskýrar og harla þokukennt, hvernig einkunnir þeir nemendur hljóta, sem t. d. vinna í frystihúsi eða heima í sveit á sauðburði í apríl og maí, þegar próf standa yfir í skólum. Það væri æskilegt að geta fengið um það einhverjar skýringar frá hv. n., hvernig hún hugsar sér, að námsmat, þ. e. einkunnir þeirra nemenda yrðu, sem hyrfu úr skóla til þess að starfa í atvinnuvegunum á þeim tíma, sem próf færu fram í skólum, og enn fremur, hvort hv. n. sýnist, að þeir nemendur, sem í efstu bekkjum grunnskóla hyrfu til starfa við atvinnuvegina, hefðu þá sama rétt til inngöngu í framhaldsskóla og þeir nemendur, sem hafa setið í skóla allt skólaárið. Ýmislegt í framkvæmd þessara mála væri nauðsynlegt að fá skýrari upplýsingar um en fram hafa komið í ræðum nm. í dag. Lít ég svo á, að hér sé um virðingarverðar till. að ræða. Þær eru e. t. v. teknar upp með hliðsjón af því, sem ég gat um í umr. um þetta mál fyrr í vetur, að Norðmenn eru með hugleiðingar um það að taka slíkt kerfi upp og setja á fót sérstaka ríkisstofnun, sem hafi það hlutverk með höndum að efla tengsl skóla og atvinnulífs og skipuleggja starf skólanemenda í atvinnulífinu og kveða á um, hvernig það starf sé metið til jafns við skólanám.

Þá lít ég svo á, að í frv. þessu felist það, að óhóflegt stjórnunarbákn sé sett upp í skólakerfinu. Skólastjóri t. d. hefur yfir sér fjórfalda yfirstjórn, sbr. 20. gr., auk yfirstjórnar ráðh. Auk þess þarf hann að hafa samráð við þrjú ráð um skólastarfið, og eru þó ekki talin samskipti skólastjóra við sveitarstjórnir eða samtök þeirra. Hv. n. hefur þó fellt niður eitt af þeim ráðum, sem er í frv., eins og það liggur fyrir, þ. e. grunnskólaráð. Nærri liggur að álykta, að hinar ýmsu stjórnunareiningar í skólakerfinu geti að heita má skákað skólastjóra á milli sín eins og peði, enda virðist stappa nærri, að skólastjóri og kennarar séu álitnir aðeins hjól í kerfinu og því næsta litlir karlar og jafnvel að heita má sálarlausir, ef marka má það, sem kemur fram í einstökum greinum frv., hvað þessum mönnum eru lagðar lífsreglurnar nákvæmlega. T. d. er í 55. gr. kveðið á um það, að skólastjóri og kennarar skuli ræða við nemanda, sem verulega er áfátt í hegðun í skóla. Fyrr má nú vera en að setja það í lög, að skólastjóri og kennari skuli ræða við nemanda, sem er verulega áfátt í hegðun. Það á ekki að vera mikið frumkvæði hjá þeim mönnum, sem vinna að uppeldismálum þjóðarinnar, ef slíkt þarf að setja í lög.

Þá vil ég nefna það, að fræðsluskrifstofurnar hafa ekki nema að óverulegu leyti í för með sér þá dreifingu valds, sem talað hefur verið um. Völdin eru eftir sem áður í höndum rn. Forsenda þess, að valddreifing verði, er að fá sveitarfélögunum fræðslumálin í hendur og tekjustofna í samræmi við það, eins og sjálfstæðismenn hafa gert till. um. Án þess verða fræðsluskrifstofurnar að meginhluta selstöður ríkisvaldsins. Gert er ráð fyrir því að koma upp þéttriðnu neti sálfræðinga, félagsráðgjafa og skólaráðgjafa. Hér er um sérfræðinga að ræða, sem ekki starfa að kennslu í skólum og bera ekki ábyrgð á árangri í skólastarfi. Ýmsum hefur þótt vera næsta erfitt að átta sig á kenningum og starfsaðferðum þessara sérfræðinga. Árangur af starfi þeirra gæti verið vafasamur, en augljóst er, að kostnaðurinn verður gífurlegur.

Að lokum vil ég benda á það, að svo virðist sem hv. menntmn. hafi litla tilraun gert til þess að kafa eftir því, hver yrði kostnaðarauki af slíkri löggjöf sem þessari, ef frv. þetta yrði lögfest. Hv. frsm., hv. þm. Hannibal Valdimarsson, sagði þó í sinni framsögu eitthvað á þá lund, að ljóst væri, að kostnaðaraukning yrði mikil, og nefndi töluna 289 millj., sem enn er í grg. þessa frv. eins og var, er það var upphaflega lagt fram fyrir nokkrum árum. Ég gerði hér á hv. Alþ. í fyrra ítrekaðar kröfur um það til þeirrar n., er fengi þetta mál til meðferðar, og enn fremur til hæstv. menntmrh., að Alþ. yrði gerð grein fyrir því með skýrari rökum og nýrri tölum en fram koma í grg. þessa frv., hver yrði kostnaðaraukning af samþykkt þess. Ég taldi, að það væri lítt verjandi af Alþ. Íslendinga að afgreiða frv. sem þetta, ef ekki væri gerð grein fyrir því, hver kostnaður hlytist af því. Það skal þó tekið fram, að margt má á þjóðina leggja í álögum til þess að vanda til menntunar æskunnar. En þegar um er að ræða frv., sem hefur inni að halda slíka megingalla sem þetta, þá er það lágmark, að reynt sé að gera grein fyrir því, hvaða kostnaðaraukning hlýst af samþykkt þess. Ég tel, að slíkar skýringar hafi komið fram, og hlýt að líta svo á, að það sé einstæð vanræksla hjá hv. n., sem um málið hefur fjallað, ef hún hefur ekki reynt að kanna það mál til botns, og vænti ég þess, að fram komi nánari skýringar um þetta, ef n. hefur þær á takteinum.

Það er a. m. k. augljóst mál, að þær 289 millj. kr., sem nefndar eru í grg. þessa frv. og hv. frsm. n. lét sér um munn fara hér fyrr í dag, standast engan veginn, eins og verðlagi er nú háttað, og hygg ég þó, að það hafi verið stutt gengið í því að skoða áhrif þess frv., sem hér

liggur fyrir. Þar á ofan er engin grein gerð fyrir því, hver kostnaðaraukning hlýst af þessu frv. í stofnkostnaði við skólamannvirki, en eins og kunnugt er, gerir frv. ráð fyrir því, að skólastarfið sé í miklum mun meiri mæli en nú er flutt inn í skólana sjálfa. Það þýðir, að þar verður ekki um það að ræða, að unnt sé að tvísetja í húsnæði, heldur verður að koma til stórkostleg aukning á skólahúsnæði, ekki einungis úti um landsbyggðina, þar sem það skortir í dag, heldur einnig á þéttbýlissvæðum, þar sem þröng er í skólum, eins og nú standa sakir.

Ég skal ekki rekja hér fleiri atriði þessa frv. Ég endurtek, að það hefur inni að halda ýmis ákvæði, sem eru til bóta frá því, sem gildandi fræðslulög gera ráð fyrir, og má þar t. d. nefna kennslu og meðferð afbrigðilegra barna, sem ég hygg, að sé verulega þýðingarmikið mál, kaflinn um skólabókasöfn og nokkur atriði fleiri mætti nefna. En þetta eru allt saman atriði, sem mjög vel mætti fella inn í gildandi lög og koma því máli ekkert við að afgreiða um þetta mál nýja löggjöf, sem hefur um leið inni að halda atriði, sem eru mjög umdeild og miklum fjölda skólamanna, skólastjóra og kennara og mjög miklum hluta þjóðarinnar a. m. k. hrýs hugur við að verði að veruleika.

Ókostir þessa frv. eru sem sagt það miklir, að ég tel með öllu óaðgengilegt að samþykkja það. Kostum og göllum þess er svo hrært saman, að kostirnir verða ekki skildir frá, sauðirnir verða ekki skildir frá höfrunum, og afgreidd þau atriði frv., sem eru til bóta. Því er ekki um aðra leið að velja fyrir þá, sem viðurkenna þá skoðun, sem ég hef hér mælt fyrir, en að vísa frv. frá að nýju til hæstv. ríkisstj. Svo er sagt, að hún þjáist nú af innanmeini og óvíst sé um hennar lífdaga. Ég ber ekki þann kvíðboga fyrir meðferð þessa máls í hennar höndum, ef hún fengi það að nýju, að ég telji ekki óhætt að leyfa henni að grauta í því þann tíma, sem hún kynni að eiga eftir ólifað.

Menntmrh. (Magnús T. Ólafsson): Herra forseti. Ég hef ekki hugsað mér að tala hér langt mál, en vil þó ekki láta hjá líða að fara nokkrum orðum um starf þeirrar n., sem um málið hefur fjallað á löngum og ströngum fundum, eins og fram hefur komið, og um örfá atriði í brtt., sem fyrir liggja.

Það er mitt álit, að menntmn. hv. d. hafi í meðförum þessa umfangsmikla máls unnið gott og mikið starf. Hún hefur í starfi sínu tekið mið að miklum meiri hl. af því höfuðsjónarmiði, að þau atriði, sem mest eru höfð á orði í umr. um grunnskólafrv., þ. e. a. s. lenging skyldunáms og skólatíma, eru ekki markmið í sjálfu sér. Þetta eru leiðir að því marki að skila hverjum árgangi uppvaxandi Íslendinga úr undirbúningsnámi fullbúnum til framhaldsnáms. Þessu fylgir, að gera verður skólann þannig úr garði, að hann nýtist nemendum til þessa þroska.

Hin margvíslegu og margbreyttu ákvæði um skólastarfið og námsefnið, sem gera þetta frv. jafnviðamikið og raun ber vitni, eru til þess sett að búa svo um hnútana, að skólakerfið verði það þjált og fært um að uppfylla mismunandi þarfir og þroska mismunandi hæfileika, að hverjum og einum uppvaxandi Íslendingi, sem hæfur er til náms í almennum skóla, sé það skilað undir það búnum að hefja síðar meir, fyrr eða síðar á lífsleiðinni, framhaldsnám að einhverju marki. Til þess er þetta mál undirbúið, að enginn þurfi að verða utanveltu á unglingsárum frá almennri menntun og frá möguleikunum á framhaldsmenntun, vegna þess að skólinn hafi ekki það að bjóða, sem honum hæfi. Markmið og rammi þessa frv. er í rauninni óbreytt eins og frá er gengið af meiri hl. hv. menntmn. Í brtt. hennar er að því miðað að draga, eftir því sem nm. telja að fært sé, úr ýmsum hliðarráðstöfunum og talið, að unnt sé að ná settu marki með nokkru viðaminna kerfi en frv. gerir ráð fyrir, eins og það var lagt fram. Það er að sjálfsögðu ákvörðun Alþ., hve langt á að ganga í því að búa traustlega um þá hnúta, sem hér er verið að ríða. Ég get lýst því yfir, að ég er fyllilega samþykkur flestum brtt., sem menntmn. flytur sameiginlega, og tel þær til bóta, en tel rétt að gera grein fyrir þeim aths., sem ég hef við einstöku brtt.

Þá er það fyrst brtt. við 11. gr. um skipan fræðsluráðs. Þar ber nú svo nýstárlega við, að ég hlýt að lýsa samþykki við þá afstöðu, sem hv. 9. landsk. þm. gerði að sinni í ræðu hér áðan. Ég tel, að það geti orðið nokkuð varhugaverð blanda, að hluti fræðsluráðs skuli kjörinn af landshlutasamtökum, af mönnum, sem kjörnir eru til sinna starfa af öllum kosningarbærum mönnum, en tveir kosnir af starfshópum, annar af skólastjórum, hinn af kennarasamtökum. Ef sú er ætlunin að tryggja, að skólamenn sitji í fræðsluráðunum, tel ég þennan hátt á kosningunni óþarfan, því að reynslan hefur nógsamlega sannað í þeim bæjarfélögum, þar sem fræðsluráð hafa verið, að undantekningarlaust velst mikill, ef ekki meiri hluti þeirra úr hópi skólamanna, svo að fyrir því er séð, að þeir komi jafnaðarlega við sögu. En ég tel það affarasælla, að þeir eins og aðrir í fræðsluráðunum hafi sem bakhjarl landshlutasamtökin í heild, sem hafa umboð frá kjósendahópnum öllum, frekar en frá sínum starfshóp út af fyrir sig.

Þá vil ég vekja athygli á brtt. við 17. gr., að embættisgengi skólafulltrúa skuli ákveðið, að það er eðlilegast, að fræðsluráðin ákveði, hver skilyrði þeir skuli uppfylla til embættisgengis, vegna þess að það eru fræðsluráðin, sem eiga að velja þá.

Um brtt. við 34. gr. vil ég taka það fram, að ég er fyllilega sammála því breytta orðavali, sem þar er, að nefna skólabryta í stað skólaráðskonu. Skólabryti er gamall og virðulegur titill frá tímum latínuskólanna á biskupsstólunum. En það vil ég að komi skýrt fram af minni hálfu í þessum umr., að með þessu starfsheiti er ekki ætlast til, að þau, sem þessum störfum gegna, skuli þurfa að hafa þau brytaréttindi, sem krafist er til að verða aðili að félagi bryta, sem starfa á millilandaskipum og farþegaskipum. Þessu tvennu má ekki rugla saman, þótt heitið sé eitt.

Þá vil ég gera lítillega að umtalsefni brtt. við 42. gr. og næstu greinar á eftir. Þar er um að ræða að mínum dómi veigamestu brtt., sem

gerðar eru og fluttar af menntmn. sem heild. Ég fyrir mitt leyti er efins um, að 7½ mánaðar skólatími nægi í 8. og 9. bekk til að tileinka nemendum sem heild það námsefni, sem þar verður um að ræða. Þessir bekkir verða hinir þýðingarmestu í grunnskólanum. Þar koma valgreinarnar í stórauknum mæli til sögunnar, og þar ræðst það, hvort nemendur tileinka sér þá þjálfun, þá leikni og þá kunnáttu, sem þarf til þess, að þeir verði færir um að ganga í framhaldsnám rakleitt úr grunnskólanum. En í mínum huga er enginn vafi á því, að ef svo skyldi fara, að reynslan sýni, að þessi stutti skólatími sé ófullnægjandi, þá verður undanþágan ekki nýtt til frambúðar, því að ef skerðing á árlegum skólatíma verður sjáanlega til þess, að úr skóla, sem við hana býr, koma nemendur lakar á vegi staddir, svo að orð sé á gerandi, en úr þeim skólum, sem hafa fullan kennslutíma á ári, þá mun forráðamönnum skóla ekki verða stætt á því. Foreldrar munu sjá um það, að vegna hálfs mánaðar eða þriggja vikna styttingar kennslutíma sé ekki til þess stofnað, að börn þeirra verði lakar á vegi stödd eftir skyldunámið en þorri jafnaldra þeirra í landinu.

Varðandi brtt. við 45. gr. er að mínum dómi rétt að komi fram við þessa umr., að þar sem um námstímann er rætt í mínútum í einmitt þessum efstu bekkjum, einkum 8. og 9. bekk, er ekki með öllu rétt að ræða um þann tíma, sem þar er gert ráð fyrir í frv. eins og það er sem strangar kennslustundir á skólabekk. Í þessum bekkjum kemur til meira og minna frjálst starf í sambandi við valgreinar, og sem betur fer eru ekki unglingar öðrum aldursflokkum fremur sneyddir því að geta orðið gagnteknir af verkefnum sínum, af skapandi starfi og vilja af frjálsum vilja verja til þeirra verulegum tíma, og því getur verið varhugavert að girða fyrir slíkt frjálst starf með allt of ströngum hámarksákvæðum. En ég geri ráð fyrir, að menntmn. hafi skilið þetta svo, að hér væri um að ræða setu í kennslustundum, þar sem ein tekur við af annarri, sín greinin í hverri. Það var ekki ætlun þeirra, sem frv. sömdu, að allur sá tími, sem í frv. var ráðgerður, færi til slíks skólastarfs, sem vissulega fylgir mikil áreynsla, heldur var lengd kennslutímans á viku við það miðuð, að í þessum bekkjum kemur til verulegt frjálst starf ásamt hinum skipulögðu kennslustundum.

Þetta eru, að ég held, þær fáu aths., sem ég vildi gera við brtt., sem menntmn. stendur öll að.

Um brtt. hv. 9. landsk. þm. get ég verið fáorður, nema lýsi aðeins enn einu sinni andstöðu við þá megin brtt. af hans hálfu að hverfa frá skólaskyldunni, sem ráðgerð er í frv.

Varðandi till. hv. 4. landsk. þm. vil ég geta þess sérstaklega, að ég tel, að það geti verið afarasælt að hafa ráðningu fræðslustjóra tímabundna. Ég hygg, að það verði nokkur vandi á höndum að ráða í þau störf í upphafi, þegar svo margir þurfa að koma til starfa í ný embætti, og gott sé, að þar sé ekki æviráðning viðhöfð eins og reyndar í fjölmörgum öðrum störfum í ríkiskerfinu.

Frsm. (Hannibal Valdmarsson): Herra forseti. Það er ekki ætlun mín að lengja mjög þessar umr., þó að ég telji rétt að segja hér í lokin nokkur orð um nokkur þeirra atriða, sem fram hafa komið í umr.

Hv. 5. þm. Norðurl. v., Pálmi Jónsson, ræddi áðan um frv. eins og það nú blasir við og brtt., sem fram eru komnar við það. Hann játaði, að n. hefði gert heiðarlegar tilraunir til þess að bæta þetta frv., og taldi, að hún hefði náð nokkrum árangri í því, en samt væri frv. svo meingallað enn, að hann gæti ekki greitt því atkv. Hann sagði, að megingallinn á frv. væri enn þá lenging skólaskyldunnar. Hvenær byrjar háskinn af skólaskyldu? Höfum við kannske verið á villigötum, þegar við 1907 ákváðum fjögurra ára skólaskyldu? Þangað til hafði engin skólaskylda verið hér í landi. Það þótti merkilegt laganýmæli þá. Eða þegar við stigum það stóra spor að tvöfalda skólaskylduna og færa hana upp í 8 ár, sem við höfum búið við alllengi? Ég hef ekki heyrt talað um það misstig, sem aldrei hefði átt að stíga. En svo allt í einu, þegar á að bæta við einu skólaskylduári, þá er skollinn laus, þá er verið að stefna til ófarnaðar. Eru þeir menn, sem telja mikinn háska stafa af því að breyta skólaskyldunni úr 8 árum í 9 ár, þá ekki andvígir skólaskyldu yfirleitt og vilja bara hafa fræðsluskyldu, gefa ungmennum og börnum kost á að læra, en skylda þau ekki til þess? Mér er nær að halda það.

Nei, ég held, að enginn háski stafi af því, þó að skólaskyldan færist hér, eins og hjá okkar nágrannalöndum úr 8 árum í 9 ár, og að þessi breyting sé kannske nauðsynleg í sambandi við það, að við höfum gert árlega kennslutímann knappari en gert var ráð fyrir í frv. og drögum úr starfsskyldu nemendanna á viku hverri líka. Ég held, að það verði einmitt þörf fyrir 9. árið með tilliti til þess, að við viljum þarna tryggja mannlegri meðferð á unglingum og börnum en gert var ráð fyrir í frv., sem gekk frá því þannig, að bæði árlegi skólatíminn og kennsluþunginn á viku hverri væri það mikill, að við í menntmn. töldum, að jafnvel gæti verið hætta á því, að þeim yrði ofboðið. Við vitum, að þegar maður þreytist við starf, þá minnkar gleði hans við starfið og þá minnkar afkastageta hans stórlega. Eins er þetta við bóklegt nám hjá börnum og unglingum. Það skyldi því enginn gera, sem ætlar að ná góðum árangri í námi, að ofþjaka nemandann. Þá er betra að ætla honum skemmri tíma, svo að hann þurfi ekki að vinna of þreyttur við starf sitt eða nám.

Annar ókostur, sem hv. 5. þm. Norðurl. v. taldi vera á frv., var það óhugnanlega stjórnarbákn, sem sett væri þar yfir allt saman. Ég hygg, að hv. þm. eigi við 20. gr., sem fjallar um þetta, en þar segir, að skólastjóri og fastir kennarar stjórni starfi grunnskóla undir yfirstjórn menntmrn., fræðsluráðs, fræðslustjóra og skólanefndar. Hvað er nú nýtt í þessu? Hvernig er yfirstjórnunarbáknið þarna aukið? Hingað til hafa skólastjórar og kennarar starfað undir stjórn skólanefnda og menntmrn. og menntmrh., en það, sem kemur þarna inn í, er fræðsluráðið og fræðslustjórarnir. En það er í raun og veru

ekki nýr stjórnunaraðili yfir skólunum og skólastarfinu, heldur hluti af því stjórnunarvaldi, sem beitt var frá menntmrn. áður. Það er eingöngu færsla heim í héruðin á þessum valdaaðila, og ætti það ekki að vera til hins verra. Öðrum stjórnunaraðilum er ekki, svo að mér sé kunnugt, bætt þarna við. En þetta hefur verið mjög umtalað mál, að skólastjórinn væri orðinn fimmti eða sjötti aðili frá æðsta valdamanni menntamálanna og þetta væri óþolandi. En þarna er ekki um aðra viðbót að ræða en að angi af valdi menntmrn. færist í gegnum fræðsluráð og fræðslustjóra sem embættismenn ríkisins heim í hérað, og ætti ekki að vera verra að hafa það vald þar.

Mér heyrðist á hv. 5. þm. Norðurl. v., að hann teldi það til hins verra, að hér væri bætt við sálfræðingum og sérkennurum. En hingað til hafa menn mjög talað um það, að hinar dreifðu byggðir landsins færu á mis við þá þjónustu, sem nú væri komin í skólastarfinu í Reykjavík og kannske hinum stærri kaupstöðum landsins, þar sem sérkennarar væru til aðstoðar, þegar á þyrfti að halda, og sálfræðiþjónusta væri veitt. Ég held, að þarna sé eitt af jafnréttisákvæðum frv. og síst ástæða til að vinna gegn því, að sálfræðingar og sérkennarar séu starfandi í öllum fræðsluhéruðunum. Ég skal þó taka það fram, að ég vil vona, að þessi þjónusta sálfræðinga og sérkennara verði ekki til þess, að kennararnir gefi þann þátt úr sínu starfi frá sér og segi: „Þarna er eitthvað afbrigðilegt, ég gef það frá mér og læt það í hendur sálfræðingsins eða sérkennarans," því að þá tapar kennarastarfið miklu, ef kennari leggur sig ekki eftir því að reyna að sinna þessum þáttum kennarastarfs eins og áður. Ég vil vona, að það leiði ekki til þess. En aðstoð er þarna boðin fram, sérfræðileg aðstoð, sem jafnar áreiðanlega aðstöðuna út um landsbyggðina, því að þar kemur þetta sérstaklega til viðbótar því, sem áður hefur verið. Annars viðurkenndi hv. þm., að sérstofnanir til meðferðar á afbrigðilegum börnum samkv. þessu frv. væru til bóta, og það skal ég ekki undan draga.

Þá taldi hv. þm., að það væri ýmislegt, sem væri gott við þetta frv., en það mætti fella það allt saman inn í núverandi löggjöf. Mikið lifandi ósköp, það er hægt að fella alls konar atriði inn í þá löggjöf, sem fyrir er, en að það sé nokkurt sáluhjálparatriði og það megi ekki vera ný löggjöf, það get ég hins vegar ekki skilið.

Hv. nm. menntmn., sem flutt hafa sértill. á sérstökum þskj., hafa gert grein fyrir sínum till., eins og vænta mátti og sjálfsagt var. Ég held nú, að það hafi komið í ljós við ræður þeirra og skýringar á brtt., að það er ekki um stórfelldan skoðanamun eða ágreining að ræða milli hv. menntmn.-manna. Brtt. hv. 9. landsk. þm. eru, þegar frá er talið það, að hann vildi aðra skipan að því er snerti vald sveitarstjórnanna og landshlutasamtakanna yfir þessum málum, — það var meginágreiningsatriði hans, — eru ekki stórfelldar, þótt þær séu nokkuð margar. Ég held, að það mundi ekki skipta sköpum um afgreiðslu málsins, hvort þær yrðu samþykktar eða ekki, því að þær snerta ekki að mínu áliti meginkjarna frv. Við erum alveg sammála um þýðingarmestu gr. frv., 42., 43. og 45. gr. Þar erum við öll sammála og höfum öll stefnt að því að stytta árlega námstímann, hafa heimildir rúmar til þess. (Gripið fram í.) 42. gr., það er þá eini ágreiningurinn um eitt af meginatriðunum, sem ég tel, að fyrst og fremst felist í þessum þremur greinum. En hv. 9. landsk. var samþykkur þeirri brtt., sem við 42. gr. var gerð, og átti hlut að því að orða hana. Ég játa, að sumar af brtt. hv. 9. landsk. falla í sama farveg og við höfðum orðið sammála um, þ. e. a. s. að fella alls staðar niður ákvæðin um sérdeildir, sálfræðideild og skólarannsóknadeild innan menntmrn., og finnst mér alveg í samræmi við okkar afstöðu í sameiginlegu till. að taka allar þær till. hv. þm. til greina. Þær eru á sama grundvelli og við höfum að öðru leyti lagt til. En okkur hefur sést yfir í 4—5 tilfellum að gera sams konar leiðréttingar, og er ég honum þakklátur fyrir það. Það er sem sé afstaða n., að alls staðar, þar sem talað er um sérdeildir menntmrn., komi orðið menntmrn. í staðinn.

Hv. 4. landsk., Svava Jakobsdóttir, gerði grein fyrir sínum 4 eða 5 brtt.

1. brtt. hennar er við 13. gr., um það, að ráðning fræðslustjóra verði bundin við 5 ár, en ekki verði þar um æviráðningu að ræða. Þetta er sjónarmið, sem getur orkað mjög tvímælis, hvort á að hafa æviráðningu á þessum starfsmanni fræðsluráðanna. En meðan kennarar eru ráðnir æviráðningu, er þá alveg víst, að það sé heppilegt að hafa fræðslustjórana aðeins ráðna til nokkurra ára? Er líklegt, að bestu skólamenn fáist yfirleitt í svo óvissa stöðu, ef þeir eiga hins vegar kost á að vera í starfi með æviráðningu? Ég held, að það sé vafasamt, hvort hægt er að taka svona einn mann í kerfinu út úr og ráða hann bara til nokkurra ára og láta hann ekki fá veitingu fyrir embætti, þegar meira að segja starfsmenn skólans, eins og m. a. skólabrytinn, eiga heimtingu á skipun í starfið. Ef maður hefði getað stigið það skref að koma í burtu öllum veitingum embætta, öllum æviráðningum, þá væri þetta sjálfsagt. En ég er mjög efins um, að það tryggi nægilega að fá hina hæfustu menn til fræðslustjórastarfsins, sem að mínu áliti verður mjög þýðingarmikið starf, ef þeir eiga ekki að njóta æviráðningar eins og kennari og skólastjóri.

2. brtt. hv. þm. var um foreldrafélögin. Í okkar till. er gert ráð fyrir því, að foreldrafélag verði stofnað, ef skólastjóri, kennarafundur eða foreldrar, sem eiga börn í grunnskóla, leggja til, að slíkur félagsskapur sé stofnaður. En er nú brýn nauðsyn á slíkum félagsskap, foreldrafélagi, ef enginn af þessum aðilum óskar þess? Ég held, að ekki þurfi að opna dyr betur upp á gátt en þarna er gert. En hv. 4. landsk. segir: Það skal vera skylt að stofna foreldrafélag. — Ég held, að það sé vafasamt, hvort það eigi að stofna til slíks félagsskapar, ef hvorki foreldrar, kennarafundur né skólastjóri æskir þess.

Við 22. gr. gerir hv. þm. breytingu, það er varðandi nemendaráð. Við höfum ekki talið ástæðu til, að nemendaráð yrðu valin úr hópi nemenda lengra niður eftir skólaaldrinum en frá 7.—9. bekk, eða m. ö. o., að nemendur geti stofnað til nemendaráðs í efri bekkjum grunn-

skólans, ekki niður úr. Hlutverk nemendaráðs er að vera skólastjóra og kennararáði til aðstoðar og ráðuneytis um málefni nemenda. Er líklegt, að litlu börnin taki þátt í því að vera ráðunautar kennara og skólastjóra? Ég tel það ekki líklegt og tel ekki mikla skerðingu á lýðfrelsi, þó að nemendaráð sé ekki skipað nemendum lengra niður en í 7. bekk. Enda kemur þetta til með að hljóma dálítið einkennilega, þegar stofna á nemendaráð til þess að vera kennurum og skólastjórum og kennararáði til ráðuneytis og svo á einn af kennurum skólans að aðstoða nemendaráð, vera ráðunautur þess. En mikið deilumál getur þetta ekki verið okkar í milli, hvort nemendaráð á að velja úr hópi nemenda allt neðan úr 1. bekk eða aðeins frá 7.—9. bekk, þ. e. a. s. elstu nemendur grunnskólans verði í nemendaráði. Annað hef ég ekki að athuga við þessar brtt. hv. þm.

Þá er rétt, að ég geti þess, að frá menntmrn. hefur komið ábending um, að rétt sé að breyta 83. gr. frv., en við í n. höfðum ekki komið auga á, að ástæða væri til að breyta henni. Þetta er í sambandi við það, þegar fleiri en eitt sveitarfélag eiga samstarf um skóla. Till. frá menntmrn. og grunnskólanefnd um breyt. á 83. gr. er á þá leið, að á undan síðustu mgr. gr. komi: „Þar sem tvö eða fleiri sveitarfélög standa saman að skóla, skulu tekjur af útsvörum starfsmanna skólans ganga til greiðslu sameiginlegs kostnaðar sveitarsjóða af skólahaldinu, áður en greiðslubyrði er skipt milli sveitarfélaganna.“ Þetta er vafalaust sjálfsögð breyting um sameiginlega kostnaðarhlið skólanna og það, hvernig verja skuli útsvarstekjum þeirra kennara og hvernig þetta skuli ganga til hinna ýmsu sveitarfélaga, þegar búið er að standa undir sameiginlegum kostnaði af skólahaldinu.

Þá tel ég að lokum ástæðu til, — ég held, að ég hafi ekki gert það í dag, — að vekja athygli á, hvernig lokaákvæði frv. eru, um það, með hvaða hætti þessi lagabálkur skuli ganga í gildi, og þar kemur nefnilega inn á þetta viðkvæma deiluatriði um lengingu skólaskyldunnar. 91. gr. fjallar um þetta, og er á þessa leið, með leyfi hæstv. forseta:

„Lög þessi öðlast þegar gildi og koma til framkvæmda svo fljótt sem aðstæður leyfa í hverju skólahverfi að dómi menntmrn., þó eigi síðar en innan 10 ára frá gildistöku.“

Það leiðir af sjálfu sér, að til fullra framkvæmda er þetta ekki komið fyrr en þeir, sem hafa gengið í gegnum allt kerfið, hafa lokið grunnskólaprófi. Síðan segir:

„Stefnt skal að því að ákvæði l. um síðasta ár skólaskyldu (þ. e. a. s. 15—16 ára) komi til framkvæmda samtímis í landinu öllu 6 árum eftir gildistöku laganna.“

Það eru þá a. m. k. 6 ár þangað til þessi ósköp dynja yfir, að skólaskyldan verði aukin úr 15 ára aldrinum í 16 ára aldurinn, þetta eina ár bætist við, en grunnskólanefndin telur rétt, að þessi breyting gerist samtímis á öllu landinu, þar verði ekki mismunandi framkvæmd á.

Þá finnst mér rétt að rifja það upp, að ef þetta frv. verður að lögum, þá falla úr gildi nokkuð mörg lög, sem nú eru í gildi. Úr gildi falla l. nr. 19 frá 7. maí 1928, um fræðslumálanefndir. Einnig falla úr gildi l. nr. 34 frá 29. apríl 1946, um fræðslu barna, l. nr. 5 frá 10. apríl 1968, um ráðstafanir til lækkunar ríkisútgjalda, 5. gr., að því er tekur til ákvarðana um námsstjórn í l. um fræðslu barna og um gagnfræðanám, l. nr. 48 frá 7. maí 1946, um gagnfræðanám, l. nr. 123 frá 22. des. 1947, um breyt. á l. nr. 48 frá 1946, og l. nr. 21 frá 15. apríl 1970, um breyt. á l. nr. 48 frá 1946, og enn l. nr. 49 frá 29. apríl 1967, um skólakostnað, að því er tekur til 16., 23., 25. og 26. gr., að því er rekstur grunnskóla varðar, svo og 28. gr., að því er tekur til samstarfsnefndar. Önnur lagaákvæði, sem fara í bága við þessi lög, falla einnig úr gildi. Hvað sem öðru líður, er þarna gerð mikil hreinsun og lagaákvæði um fræðslumálin færð í þetta eina frv. um grunnskóla.

Að öðru leyti er svo frv. um skólakerfi.

Það var dregið mjög í efa af hv. 5. þm. Norðurl. v., að nokkuð væri stefnt til jafnaðar með þessari væntanlegu löggjöf. Það er enginn vafi á því, að það er betur í haginn búið fyrir jafna aðstöðu barna og ungmenna til náms og mennta, ef þessi frumvörp um skólakerfi og grunnskóla verða að lögum. Það þarf ekki annað en minna á þessar tvær gr. í frv. um skólakerfi, þ. e. 8. gr., sem segir: „Ríki og sveitarfélögum er skylt að tryggja nemendum, hvar sem er á landinu, sem jafnasta aðstöðu til menntunar, eftir því sem lög kveða nánar um.“ Og 9.gr.: „Nú getur nemandi eigi stundað skyldunám sakir fjárskorts, og skal þá menntmrn., að fenginni umsögn viðkomandi fræðslustjóra, svo og öðrum þeim upplýsingum, er sanni ástæður nemandans, veita til þess styrk úr ríkissjóði.“ Fyrir fátæktar sakir skal enginn þurfa að fara á mis við hina lögboðnu fræðslu og menntun. „Séu samtímis í heimavistarskóla á skyldunámsstigi fleiri en tvö systkin frá sama heimili í skólahverfinu eða fleiri en tvö börn, sem eiga sömu framfærsluforeldra, skal ríkissjóður greiða að fullu fæðiskostnað fyrir þau, sem eru umfram tvö.“

Þótt ekki sé litið á annað en þessar tvær greinar, eru þarna allskýr ákvæði um það, hvernig skuli tryggja aðstöðu ungmenna til náms og mennta, hvar sem þau eru búsett á landinu og hvernig sem fjárhagsleg aðstaða þeirra eða forráðamanna þeirra er.

Ég vil svo að síðustu aðeins þakka fyrir gott samstarf í menntmn., meðan við vorum að kljást við þessi frv., og tel, að niðurstaðan sé sú, þegar við stöndum nú upp frá þessu starfi, að ágreiningur sé ekki lengur um meginatriði þessarar lagasetningar. Það eru ýmiss konar framkvæmdaatriði og minni háttar atriði, sem við höfum séð ástæðu til þess að flytja margar brtt. um og ekki getað komið okkur saman um, og það skiptir minna máli. Hv. Alþ. sker svo úr um þann smávægilega ágreining með afgreiðslu þessara frv.

Pálmi Jónsson: Herra forseti. Það eru aðeins fá orð út af þeim aths., sem hv. frsm. n., 3. þm. Vestf., hefur gert við ræðu mína hér áðan. Hann hóf máls á því, að spyrjast fyrir um það, hvenær hafi hafist háskinn af hinni löngu skólaskyldu og hvort þeir, sem nú telja, að lenging skólaskyld-

unnar um eitt ár fylgi mikill vandi og ókostir, hvort þeir hinir sömu telji þá ekki, að skólaskyldan sé of löng í dag. Ég get sagt þessum hv. þm. það, að ég tel, að skólaskyldan sé óþarflega löng í dag og vel mætti stytta hana. Ég tel, að enda þótt skólaskyldan væri stytt, mundi það ekki verða til þess að draga úr skólasókn að neinu marki. E. t. v. má segja, að því kynni að fylgja, að einstaka nemandi, sem í flestum tilvikum er óviðráðanlegur í skóla, mundi ekki sækja skóla að jafnaði. Þar yrði þó ekki nema um örfáa nemendur að ræða. Hins vegar hygg ég, að í heild mundi það vinnast upp í skólastarfinu vegna þess, hve þeir nemendur, sem sækja skóla af frjálsum vilja, en ekki eftir lagaboði, stunda námið betur. Þeir vita, að ef þeir brjóta af sér í skólastarfi, þá eiga þeir á hættu, að þeim sé vikið úr skóla. Það mundi því vinnast miklu meira með skólastarfinu, þannig að ávinningurinn fyrir þjóðina í heild og fyrir menntun æskufólksins mundi verða meiri, þrátt fyrir það þótt örfáir nemendur mundu ekki sækja skóla, sem gera það nú af skyldukvöð.

Ég skal ekki fara út í þessi efni mörgum orðum, en ég hef rætt það fyrr, að sú virðist skoðun skólamanna, að þau vandkvæði, sem við er að etja í skólastarfinu í efstu bekkjum skyldunáms, séu að verulegu leyti af því sprottin, að þessir nemendur finna, að þeir eru þar samkv. lagaboði, en ekki að eigin frumkvæði, og það hefur í för með sér mikla erfiðleika fyrir skólastjóra og kennara að halda uppi aga, þegar nemendur vita, að þeim er nálega óhætt að gera hvað sem er, þeim verður ekki vikið úr skóla, því að það er lögboðið, að þeir skuli vera þar. En agaspursmál í skólum er eitt hið mikilvægasta til þess, að árangur verði af skólastarfi, og það ætti hv. 3. þm. Vestf. að vita sem gamall skólastjóri.

Ég skal ekki fara fleiri orðum um þetta efni. En hv. þm. sagði það vera vilja n. að tryggja mannlegri meðferð á börnum og unglingum. Einn þátturinn í því að framfylgja þeirri skoðun hv. n. hefði átt að vera sá að ganga a. m. k. ekki lengra en gildandi lög gera ráð fyrir um lengd skólaskyldu og fremur stytta hana til þess að hafa þau bætandi uppeldisáhrif á æskulýðinn í landinu, að hann sé að sækja sitt nám af eigin hvötum til þess að afla sér menntunar, en sé ekki settur inn í skólana eftir lagaboði frá ríkiskerfinu. Þetta hefur afgerandi uppeldisáhrif á unga fólkið í dag, og ég hygg, að þessa sjái víða stað nú þegar, enda þótt ekki sé horfið að því að lengja skólaskylduna frá því, sem þegar er orðið.

Hv. þm. gerði lítið úr því, sem ég hafði talið til forráttu þessu frv., að aukið væri stjórnunarkerfi innan skólakerfisins og fjölgað þeim þrepum, sem þarf að ganga frá grunni til þess að ná fram ákvörðun um hin lítilfjörlegustu efni í skólum og ráðningu manna eða þess háttar í skólakerfinu. Hv. þm. taldi það ekki vera neitt til trafala fyrir skólastjóra og engin ofstjórn því samfara, að milli skólastjóra og ráðh., sem er æðsti yfirmaður þessara mála, skuli settir fjórir æðri valdaaðilar í þjóðfélaginu. Þó er þarna fjölgað um tvö þrep. Í gildandi l. segir, að skólastjóri skuli stjórna öllu starfi skóla samkv. lögum og reglugerðum og bera ábyrgð gagnvart fræðslumálastjórn og skólanefnd. Um þetta efni er fjallað í 20. gr. þessa frv. Þar segir svo, með leyfi hæstv. forseta:

„Skólastjóri og fastir kennarar stjórna starfi grunnskóla undir yfirstjórn menntmrn., fræðsluráðs, fræðslustjóra og skólanefndar, eftir því sem nánar segir í lögum þessum og reglugerðum, sem settar verða samkv. þeim. Skylt er öllum föstum kennurum skólans að sækja kennarafundi þá mánuði, er skóli starfar, ef fundurinn fer fram á daglegum starfstíma skóla.“

Í þessari frvgr. er sem sé sagt, að skólastjórinn skuli stjórna skóla sínum undir yfirstjórn fjögurra aðila, og er ekki lengur talað um það, að hann sé ábyrgur um stjórn skóla gagnvart neinum aðilum, eins og gildandi lög gera ráð fyrir. Hér er því um að ræða skerðingu á valdi skólastjórans og það er aukið mjög á þá yfirstjórn, sem honum ber að hlíta. Ég heyrði hv. frsm. n. halda því fram í sjónvarpi, að skipstjóri þyrfti að vera einn og það þyrfti að búa svo um hnútana, að skólastjóri réði sínum skóla. En þrátt fyrir þessar upplýsingar hv. þm. kemur frv. úr n. úr hans höndum með þeim hætti, sem hér hefur verið lýst, með stórkostlega skertum völdum og niðurfellingu ábyrgðar skólastjóra gagnvart sínum skóla og því starfi, sem þar fer fram. Þetta tel ég miður vera.

Um það, að ég sé með þessum orðum að mótmæla því, að nokkuð af starfi fræðsluyfirvalda fari út í héruðin, þá er það allt annað mál og kemur þessu ekki beint við. Ég tók það þó fram, að í mörgum tilvikum er hér um að ræða eins konar selstöðu ríkisvaldsins, og það kalla ég selstöðu ríkisvaldsins, þegar settar eru niður slíkar skrifstofur úti á landsbyggðinni, skrifstofur, þar sem kerfið er flækt og fjölgað þrepum, sem þarf að ganga til ákvörðunar, og ákvörðunin er eftir sem áður í höndum æðstu yfirstjórnar, menntmrn. Það má fletta ýmsum gr. frv. til þess að komast að raun um, hvernig þetta er, en með tilliti til þess, að komið er fram yfir miðnætti, skal ég ekki fara út í það nákvæmlega. Hér segir þó t. d. í 33. gr., með leyfi hæstv. forseta:

„Þegar skólastjóra- eða kennarastaða losnar í skólahverfi, ber skólanefnd að tilkynna fræðslustjóra það tafarlaust. Fræðslustjóri sendir tilkynninguna til menntmrn., sem auglýsir stöðuna. Skólanefnd veitir viðtöku umsóknum um skólastjóra- og kennarastöður og sendir fræðslustjóra till. sínar og umsagnir. Skylt er skólanefnd að leita álits skólastjóra um umsækjendur, ef velja á kennara, en fræðslustjóra, ef velja skal skólastjóra. Verði ágreiningur um umsækjendur milli skólastjóra og skólanefndar, gerir hvor aðili um sig till. til fræðslustjóra. Fræðslustjóri sendir till. og umsagnir um stöðuveitingar til menntmrn. ásamt umsögn sinni. Þegar skólastjóri eða kennari lætur af störfum sakir aldurs eða að eigin ósk, skal hann tilkynna það skriflega til skólanefndar og næsta yfirmanns síns, fræðslustjóra eða skólastjóra, fyrir 1. febrúar. Stefnt skal að því, að skipun og setning í skólastjóra- og kennarastöður fari

fram eigi síðar en 1. júlí ár hvert. Þurfi að ráða skólastjóra eða kennara fyrirvaralítið, getur menntmrn. sett mann í starfið án undangenginnar auglýsingar, en auglýsa skal slíka stöðu svo fljótt sem unnt er.“

Í þessari gr. kemur það fram, að í fyrsta lagi auglýsingum, síðan umsóknum og umsögnum er flækt á milli aðila sitt á hvað, og að lokum er það auðvitað alltaf rn. og hæstv. menntmrh., sem tekur ákvörðun. Þetta kallar hv. 3. þm. Vestf. að flytja valdið heim í byggðirnar. Ja, sér er nú hvað!

Hv. þm. lét orð falla á þá lund, að ég hefði gert lítið úr þýðingu þess að fá sálfræðinga og sérkennara til sérkennslu að skólum úti um landið. Við það er þó það að athuga, að ég minntist ekki á sérkennslu einu orði, og skal það auðvitað fúslega fyrirgefið, þó að mér séu að svo litlu leyti gerð upp orð. En gagnvart sálfræðiþjónustu, þá hef ég heyrt ýmsar frásagnir, bæði skólastjóra og foreldra um hana, og slíkar frásagnir hafa ekki styrkt mig í þeirri trú, að það sé þýðingarmikið mál að setja upp mikinn fjölda slíkra gæðinga tvist og bast um landsbyggðina, — gæðinga, sem eigi að hafa það hlutverk að sinna nokkru af þeim störfum, sem skólamenn sjálfir hafa gegnt hingað til. Skólamenn, sem eru ábyrgir í því starfi, sem innt er af höndum innan skólakerfisins, standa ábyrgir fyrir því, að árangur náist í náminu. Þessir sérfræðingar bera enga ábyrgð. En þeir hafa vissulega nokkurt hlutverk, og má fletta því upp, vegna þess að hv. frsm. n., Hannibal Valdimarsson, einmitt ítrekaði það, að sú væri þó skoðun sín, að það væri mikið afturhvarf til hins verra, ef þessir menn ættu að taka við því starfi, sem skólastjórar og kennarar hafa hingað til gegnt, að sinna þörfum þeirra nemenda, sem eitthvað þyrfti sérstaklega að huga að. Hér tek ég þó fram, að ég á alls ekki við, þegar um afbrigðilega nemendur er að ræða, sem þarf að veita sérkennslu, enda er þar um annað mál að ræða. En í 69. gr. segir m.a. um hlutverk ráðgjafar- og sálfræðiþjónustu: „Það er t.d. að vera ráðgefandi um umbætur í skólastarfi, sem verða mætti til að fyrirbyggja geðræn vandkvæði, að leiðbeina skólastjórum, kennurum og foreldrum um kennslu, uppeldi og meðferð nemenda, sem rannsakaðir eru, að taka til meðferðar nemendur, sem sýna merki geðrænna erfiðleika, og leiðbeina foreldrum og kennurum um meðferð þeirra“ o. s. frv. Hér er sem sagt kveðið á um það, að þessir menn, sálfræðingar og svokallaðir félagsráðgjafar, eigi að veita kennurum, skólastjórum og foreldrum ýmsar leiðbeiningar um það, hvernig með skuli fara, ef t.d. einhver nemandi á við sérstaka erfiðleika að etja. Við skulum taka dæmi. Það kemur ungt barn í skóla, það fær grátköst, því leiðist og þess háttar. Þá á það ekki að vera kennarinn og skólastjórinn, sem talar við barnið, vinnur trúnað þess og reynir að verða til þess að bæta úr þeim annmörkum, sem hrjá barnið, fylla það trausti í garð starfsliðs skólans og vinna þannig að því, að árangur af skólastarfinu náist, heldur á að kalla til sérfræðing einhvers staðar úr fræðsluskrifstofu í næsta héraði eða þar næsta, sem á að leysa þetta mál allt á einni kvöldstund og gefa stjórnendum skólans ráðleggingu um það, hvernig þeir skuli haga sér.

Ég ætla ekki að rekja það, hvaða sagnir ég hef frá slíkum læknisaðgerðum sálfræðinga, sem reyndar hafa verið við einstaklinga hér og hvar í skólastarfi, það má liggja á milli hluta, en þær eru ekki allar traustvekjandi.

Hv. þm. sagði, að auðvitað væri hægt að fella umbætur þessa frv. inn í fræðslulögin frá 1946. Það breytti engu, en þó alls ekki verra og raunar miklu fallegra, fannst mér á honum, að afgreiða ný lög. En það er bara ekki þetta, sem ég átti við. Það, sem ég átti við, er, að þetta frv. er svo meingallað í mínum augum, að það á ekki rétt á sér að afgreiða það eins og það er. Og það væri hægt að flýta umbótum í skólakerfinu með því að taka það út úr þessu frv., sem allir eða a. m. k. flestir geta verið sammála um, að sé til bóta, fella það inn í gildandi lög og freista þess með auknu starfi enn einu sinni að sníða af fleiri ágalla þessa frv. en þegar hefur tekist í því skyni að setja löggjöf, sem fleiri væru sammála um, að yrði þeim, sem við eiga að búa, til heilla. Við heyrðum það úr þessum ræðustól áðan, að einn nm., hv. þm. Benedikt Gröndal, taldi, að á þessu frv. væru fjölmargir gallar enn, enda þótt hann liti svo á, að það yrði að kyngja þessum ókostum til þess að fá fram kostina. Þetta er sjónarmið, sem ég vil ekki viðurkenna, ekki í sambandi við þetta frv. eða mörg önnur, að það þurfi ævinlega að kyngja svo og svo mörgum vondum bitum til þess að geta etið einn eða tvo lostæta.

Hv. þm. Hannibal Valdimarsson taldi mig hafa farið með mikla fjarstæðu, þegar ég dró það í efa, að samþykkt þessa frv. fylgdi mikil jöfnun á námsaðstöðu fyrir skólafólk strjálbýlisins. Það er alveg rétt, sem hann gat um, að í frv. til l. um skólakerfi er gert ráð fyrir því að bæta fjárhagsaðstöðu þeirra fjölskyldna, sem erfiðast eiga í sambandi við að senda börn sín til náms, og skal ekki gert lítið úr því. Það er og rétt, að það er kveðið svo á í því frv., að jafnaðar skuli gætt. Ég gat um áður í sambandi við það að koma upp aðstöðu fyrir skólastarf með skólamannvirkjum og öðru því, sem kostar peninga, að ekkert fjármagn myndast með því að samþ. slík lög sem þessi, og þessu atriði fór hv. frsm. n. vandlega fram hjá. Hann fór einnig algjörlega fram hjá því, sem ég gerði að nokkru atriði í minni fyrri ræðu, hver kostnaðaraukning hlytist af því að samþ. þetta frv. Hann gætti þess mjög vandlega að fara fram hjá því atriði, enda er líklegt, að það sé mála sannast, að hv. n. hafi litla rannsókn á því framkvæmt.

Ég skal ekki fara um þetta fleiri orðum að sinni. Ég þarf ekki að ítreka mína skoðun, hún hefur komið glögglega fram bæði nú og fyrr. Ég tel, að um svo mikilvægt mál sé að ræða, þar sem er að leggja grundvöll að undirstöðumenntun íslensku þjóðarinnar og gefa æskulýð hennar færi á að afla sér þeirrar menntunar, sem hugur stendur til, að það eigi ekki að hrapa svo að slíkri löggjöf, að mjög mikill hluti skólamanna og mjög stór hluti þjóðarinnar sé þeirrar skoðunar, að stórgallað mál sé á ferðinni, þar sem þetta frv. sé. Því ber ekki að afgreiða það nú í því formi, sem það er, heldur skoða það

að nýju, taka inn þau atriði sem sannarlega eru til bóta, og fresta afgreiðslu þeirra, sem mest eru umdeild.

Frsm. (Hannibal Valdimarsson): Herra forseti. Þeir eru svo fáir vökumennirnir hérna, að ég held, að þeir rísi undir því, þó að þeir vaki nokkrum mínútum lengur. Þeir hafa lagt það á sig að vera hér fram á nótt við afgreiðslu þessa máls, og ég held það sé þess virði, að við gerum það.

Varðandi skólaskyldu yfirleitt, þá játa ég, að það er sjónarmið út af fyrir sig að vera andstæðingur skólaskyldu. En ef menn eru það, ættu þeir að flytja till. um það, því að það er enginn að biðja þá að kyngja bragðvondum bitum með þeim góðu bitum, sem þó eru viðvíkjandi þessu frv. Svo mikið ættu menn þá að leggja á sig, að þeir bæru fram till. um það að marka skólaskyldunni annan bás en gert er í þessu frv., ef þeir telja það aðalháskann af lagasetningunni, annaðhvort t. d. að fella niður skólaskylduna frá 7—10 ára eða frá 14 ára aldri og hafa hana eins og í gamla daga, 10—14 ára. Ég veit ekki, hvar hv. þm. vill staðnæmast um þetta, en a. m. k. er hægt að marka sína afstöðu um það, hvort maður vill yfirleitt hafa skólaskyldu eða á hvaða aldurstímabili það sé. Það getur ekki verið aðalháskinn í því að bæta við skólaskyldu frá 15 til 16 ára aldursins.

Ég veit ósköp vel sem gamall kennari, að það getur verið kvalræði nemanda að sitja í skóla, hvort sem hann er skyldugur til þess eða hann er bara látinn gera það af aðstandendum og er þar ekki af eigin hvötum. Ef skólinn hefur ekkert að bjóða nemandanum við hans hæfi, verður þetta kvalræði. Ef nemandi, sem er mjög frábitinn eða getulaus við bóklegt nám, verður þar að sitja, þá verður það honum kvöl og hann hefur lítið gott af því, betur kominn þá við verklegt starf, og til þessu eru opnaðar heimildir í brtt. n. En ef skólanum er breytt þannig, að slíkur nemandi geti fengið að vinna að lífrænum störfum eða verklegu námi, sem honum hentar betur, þá er skólinn eitthvað fyrir hann. En aðalástæðan til þess, að ég hef fallist núna á skólaskylduna til 16 ára aldurs, er sú, að með grunnskólaprófinu eru opnaðar leiðir fyrir ungmenni í allar áttir framhaldsskólastigsins. Það er mikils virði að geta haldið þessum leiðum öllum opnum, og það gerist með grunnskólaprófinu. Ef nemendur hefðu frjálsræði til að heltast þarna úr lestinni, væri verið að loka þarna leiðum fyrir þeim, þeir hefðu ekki grunnskólaprófið, og þá gætu verið lokaðar leiðir til hinna verklegu skóla á framhaldsskólastiginu, sem þeir vildu síðar fara í.

Varðandi stjórn skólans þóttist ég áðan sýna fram á, að það væri ekki réttmæt gagnrýnin um það, að skólastjórarnir væru orðnir þarna miklu neðar í stjórnunarkerfinu en þeir hefðu áður verið. Það er ekki rétt. Þeir skulu nú lúta náttúrlega yfirstjórn menntmrh., þeir skulu lúta yfirstjórn menntmrn., og þeir skulu lúta stjórn í heimahéraði, skólanefndarinnar. Þetta er allt núna. Hvað er í viðbót? Ég spurði um það áðan og ég endurtek það: hvað er í viðbót? Það er fræðsluráðið heima í héraði og fræðslustjórinn, sem er hluti af fræðslumálaskrifstofunni, það er ekki nýr valdaaðili yfir skólastjórunum. Það er bara það, að þetta vald er fært heim í héraðið, á skólasvæðið að heita má. Það er til bóta, tel ég, en það er ekki nýr valdaaðili. Fræðsluráð og fræðslustjóri fer með hluta af valdi fræðslumálaskrifstofunnar eða menntmrn. eins og nú er. Það er verið að ranghverfa hlutunum að segja, að þarna hafi bæst tveir valdaaðilar við. Það er aðeins tilfærsla á valdinu heim í hérað, en ekki neinn nýr aðili, sem er þarna að stjórna yfir skólastjórunum. Það dettur engum í hug, þó að það standi ekki í lagagr., að nokkur ábyrgð sé tekin frá skólastjóra sem stjórnanda skólans. Vitanlega er hann það. Hann er stjórnandi í öllu hinu daglega starfi undir yfirstjórn þeirra aðila, sem alltaf hafa verið þar yfirstjórnendur. Hv. þm. var að reyna að gera þetta margskipta vald skoplegt með því að lesa eina grein um, hvernig auglýsing ætti að vera. Það er vissulega rétt, að þetta á ekki heima í lagafrv. Þetta er reglugerðarákvæði, en upptalningin yrði miðað við núgildandi löggjöf, nokkurn veginn alveg eins, nema fræðslustjóri og fræðsluráð kæmu þarna ekki inn í upptalninguna. Það eru heimaaðilar, sem hafa bæst við.

Við erum áreiðanlega ekki eins ósammála um starf sálfræðinga og félagsráðgjafa og þýðingu þeirra í skólastarfinu og gæti litið út fyrir að við værum. Ég heyrði það á málflutningi hv. þm. En ég sagði áðan, að ég vildi vona, að aðstaðan til að fá hjálp sálfræðinganna og félagsráðgjafanna úti um byggðir landsins, sem ég tel alveg tvímælalaust til bóta, leiði ekki til þess, að kennarar og skólastjórar felli slíka starfsemi niður úr sínu starfi, því að þá væri verr farið en heima setið. En ég sé enga ástæðu til þess. En það er gott, að þeir eigi völ á því að leita til slíkra sérfræðinga í sálarfræði og félagslegum vanda, og það hlýtur að vera til bóta, ef þeir hafa nokkra trú á, að það sé gagn að menntun og sérfræði. Við Íslendingar höfum oft gert gys að sérfræðingum á ýmsum sviðum, og það eru til margar skopsögur um sérfræðinga, hvað þeir hagi sér fáranlega, og við höfum talið oft brjóstvitið betra og duga betur. Hver hefur ekki heyrt söguna um verkfræðinga, sem t. d. er á þessa leið: „Ef þú sérð mann í hvassviðri vera að pissa upp í vindinn, þá máttu vera viss um að það er verkfræðingur!“ Það er hægt að segja svona skopsögur af sálfræðingum, en það sannfærist enginn um það þrátt fyrir það, að það sé gagnslaust eða skaðlegt að eiga kost á því að njóta leiðsagnar slíkra sérfræðinga.

Varðandi þá gagnrýni, að menntmn. hafi vafalaust ekki kafað djúpt í að kanna kostnaðarhliðina á framkvæmd þessarar væntanlegu löggjafar, þá er það rétt. N. hafði enga aðstöðu til þess að gera sjálfstæða rannsókn á því. En sá sérfræðingur menntmrn., sem hafði kannað þessi mál, gaf n. upplýsingar um þetta og gaf upp, við hvaða tímamörk þær áætlanir væru gerðar. Þetta er fyrst og fremst um aukinn rekstrarkostnað skólahaldsins í sambandi við lagabreytingarnar, en engar áætlanir liggja fyrir um, hvaða byggingarkostnaður komi þarna til vegna breytinga á skólastarfinu, en það verður líka talsvert. Þarna er um nokkur hundruð millj. kr.

að ræða. Eins og auðskiljanlegt er, hlýtur að kosta meira, þegar stofnað er t.d. til sálfræðiþjónustu, bókasöfn við hvern skóla og skólatíminn lengri á ári hverju o.s.frv.

Ég heyrði það á lokaorðum hv. 5. þm. Norðurl. v., að hann gerir sér grein fyrir því, hversu þýðingarmikil slík löggjöf sem þessi er. Ég vitna aftur til þess, sem stendur í grg. með frv. Þar segir, að það sé vafasamt, að nokkur löggjöf leggi þýðingarmeiri grundvöll fyrir þjóðarheild og einstaklinga en sú löggjöf, sem ákveður hina almennu grundvallarmenntun landsmanna, og það gerir þessi löggjöf. Það, sem mönnum líkar ekki í henni, hljóta menn að gera brtt. um, og svo verður þingvilji að ráða um niðurstöðurnar.

Ellert B. Schram: Herra forseti. Ég hafði kvatt mér hér hljóðs fyrir alllöngu, en féll frá orðinu vegna þess, að mér skildist, að menn vildu stytta þessar umr. sem mest og reyna að ljúka umr. nú í kvöld. En frá því að þetta skeði hafa haldið ræður hv. 5. þm. Norðurl. v. og 3. þm. Vestf. tvær ræður, og hæstv. menntmrh. hefur tjáð sig nokkuð um brtt. um þetta frv. Ég sé því ekki ástæðu til að vera svo tillitssamur fremur öðrum við þessa umr., en svo vill til, að ég hafði kvatt mér hljóðs upphaflega vegna þess, að ég hefði gjarnan viljað fara nokkrum orðum um ræður, sem fluttar voru fyrir þessa umr. og voru fluttar af tveimur nm. úr menntmn., hv. 4. landsk. þm. og hv. 8. landsk. þm. En nú er orðið fáliðið hér í þingsalnum og báðir þessir þm. eru farnir heim eða alla vega úr þingsalnum, og ég vil því mælast til þess, þar sem nú er orðið áliðið, hér eru ekki nema 5 eða 6 þm. til staðar og ég vildi gjarnan ræða hér nokkur atriði nánar, sem þessir þm. fjölluðu um og eins þeir hv. þm. Hannibal Valdimarsson og Pálmi Jónsson hafa gefið tilefni til, — þá vil ég fara fram á það við hæstv. forseta, að hann frestaði þessari umr. til næsta þingfundar, svo að við gætum haldið þessum umr. áfram að viðstöddum þeim þm., sem hér er vikið að og ég vildi svara nokkrum orðum. **(Forseti.** Ég vil benda hv. þm. á það, að hann getur komið athugasemdum sínum að við 3. umr. málsins, sem eftir er. Það er í rauninni mjög erfitt að tryggja, að þm. verði viðstaddir við svo langar umr. sem hér eru.) Verður ekki að gera ráð fyrir því, að nm., sem eru í menntmn., séu viðstaddir meðferð á máli, sem kemur úr þeirra eigin n., og er til of mikils mælst, að fundinum sé frestað nú, þegar kl. er að ganga tvö og mjög fáir viðstaddir? (Gripið fram í.) Það er ekki vegna þess, að ég vilji tefja framgang þessa máls, ég hefði gjarnan viljað, að hér færu fram umr. um atriði, sem snerta mjög mikilvæg atriði í þessu máli. **(Forseti:** Ég vil aðeins bæta því við, að ég tel, að hv. þm. hafi fengið allgóðan tíma til að ræða málið og geti enn gefið sér tíma til þess, þótt að vísu sé nokkuð fáliðað hér, og vil ekki hverfa frá þeirri ætlun, sem hefur þegar verið marglýst yfir, að ljúka þessari umr. í kvöld.) Hvort eru það nú þinglegri vinnubrögð af minni hálfu að biðja um frestun eða af hálfu forseta og hæstv. ráðh. að knýja þetta mál áfram með slíku kappi, að halda umr. áfram fram eftir nóttu, þegar þm. eru ekki viðstaddir lengur, sem maður vildi gjarnan tala til. Það má deila um það, hvort sé þinglegra. Ég ítreka þessa ósk mína. En ef það er ekki tekið til greina, hefði ég viljað fara fram á það, að vissar till., sem hafa verið fluttar bæði af þessum hv. þm. og menntmn., yrðu þá teknar til baka til 3. umr., svo að unnt sé að ræða efnisatriði við þá umr., ef farið verður fram á það, að ég taki til máls þá frekar en núna. (Gripið fram í.) Ég er að tala um till., sem þegar hafa verið fluttar, hér hafa verið gerðar að umtalsefni og skapast nokkur ágreiningur um og ég vildi fara nokkrum orðum um og rökstyðja mitt mál betur, en vegna þess að það er ekki tækifæri til þess að tala um málið hér núna og leita svara og andsvara, þá vildi ég að gjarnan, að þessar ákveðnu till. yrðu dregnar til baka til 3. umr. (Gripið fram í.) Það er ekki hægt að ræða þetta við tillögumenn vegna þess, að þeir eru ekki viðstaddir. Það er kjarni málsins. Þess vegna er ég að biðja um að fresta umr., vegna þess að þeir eru ekki viðstaddir. Það er ekki hægt að tala við fólk, sem er fjarverandi og farið heim að sofa í miðri umr.

Ég ítreka þessa beiðni mína. Að öðrum kosti, ef ekki er fallist á að fresta umr., vil ég gjarnan fara fram á, að þessu yrði komið á framfæri við þá þm., sem eru fjarverandi, og að form. og frsm. menntmn. taki þetta til athugunar.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Efri deild, 97. fundur.

Miðvikudaginn 3. apríl, kl. 2 miðdegis.

Verndun Mývatns og Laxár, frv. (þskj. 634). — 1. umr.

Menntmrh. (Magnús T. Ólafsson): Herra forseti. Þegar gengið var frá samningi um lausn Laxárdeilunnar s.l. vor, var meðal samningsatriða fyrirheit ríkisstj. um, að hún mundi beita sér fyrir sérstakri löggjöf um verndun Mývatns- og Laxársvæðisins. Frv., sem hér er lagt fram, er öðrum þræði borið fram til að fullnægja því fyrirheiti. En þegar áður en sú sáttagerð og þau ákvæði, sem henni fylgdu, urðu til, hafði Náttúruverndarráð hið nýja, sem tók til starfa í ársbyrjun 1972 eftir nýjum náttúruverndarlögum, hafið athugun á fyrirkomulagi og þörf sérstakrar löggjafar um Mývatnssvæðið til verndunar því náttúrufari og því dýralífi, sem þar er að finna.

Ég tel óþarfa að rekja fyrir hv. dm., hversu sérstæð, stórbrotin, en viðkvæm náttúra Mývatnssveitar og næsta nágrennis er, enda er fjölbreytni og hinu flókna samhengi, sem ríkir í lífríkinu á þeim slóðum, ýtarlega lýst í grg. En frv. það, sem hér er komið frá Nd., miðar að því, eins og í 1. gr. segir, að stuðla að verndun Mývatns- og Laxársvæðis í Suður-Þingeyjarsýslu.

Í 2. gr. er tekið fram, til hvaða svæðis lagaákvæðin ná, sem sé Skútustaðahrepps og Laxár með hólmum og kvíslum allt að árósi við Skjálfanda ásamt 200 metra breiðum bakka beggja vegna Laxár.

Í 3. gr. eru sett fram þau sérstöku verndunarákvæði, sem gilda á því svæði, sem skilgreint er í 2. gr. Á því er hvers konar mannvirkjagerð og jarðrask óheimilt, nema leyfi Náttúruverndarráðs komi til. Þar eru sömuleiðis óheimilar breytingar á hæð vatnsborðs stöðuvatna og rennsli straumvatna nema til verndunar þeirra og ræktunar, enda komi til sérstakt leyfi Náttúruverndarráðs. Tekið er fram, að heimila skuli þó framkvæmdir, sem eðlilegar og nauðsynlegar teljast til búskapar á lögbýlum, nema þær valdi spjöllum á náttúruverðmætum að dómi Náttúruverndarráðs. Þá eru heimilar án sérstaks leyfis Náttúruverndarráðs byggingar samkv. staðfestu skipulagi, en þá þarf Náttúruverndarráð að hafa fallist á þá skipulagsáætlun, sem byggt er samkv.

Í 4. gr. er kveðið á um stofnun og rekstur náttúrurannsóknastöðvar við Mývatn, og er þar um að ræða, að komið sé á fastan grundvöll starfsemi náttúrurannsóknastöðvar, sem þegar hafi verið lögð drög að á vegum Háskóla Íslands.

Í 5. gr. er ákveðið, að menntmrn. setji að fengnum till. heilbrrn. og Náttúruverndarráðs reglugerð um hvers konar varnir við mengun á því svæði, sem lögin taka til, þ. á. m. sérstaklega um mengunarvarnir frá Kísiliðjunni.

Síðan er í 7. gr. ákvæði um, að kostnaður við framkvæmd laganna greiðist úr ríkissjóði, eftir því sem fé er veitt til á fjárl. Og í 8. gr. rætt um viðurlög við brotum á ákvæðum þessa frv., ef að lögum verður.

Ég vil, herra forseti, leggja til, að eftir þessa umr. verði frv. vísað til 2. umr. og hv. menntmn.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 14 shlj. atkv. og til menntmn. með 13 shlj. atkv.

Þjóðhagsstofnun og Framkvæmdastofnun ríkisins, frv. (þskj. 647). — 1. umr.

Of skammt var liðið frá útbýtingu frv. — Afbrigði samþ. með 13 shlj. atkv.

Forsrh. (Ólafur Jóhannesson): Herra forseti. Það frv., sem hér liggur fyrir, hefur gengið gegnum hv. Nd. og þar tekið nokkrum breyt., en þó ekki veigamiklum. Aðalefni þessa frv. er að gera hagrannsóknadeild Framkvæmdastofnunarinnar, sem nú er, að alveg sjálfstæðri stofnun, Þjóðhagsstofnun, eins og hún nú heitir eftir breyt. í Nd.

Í lögum um Framkvæmdastofnun ríkisins er hagrannsóknadeildinni þar strax mörkuð sérstaða, þar sem segir, að hún heyri beint undir ríkisstj. Til þessa lágu þær ástæður, að það var mikilvægt að gera stöðu hagrannsóknadeildarinnar sem sjálfstæðasta og óháðasta, og enn fremur hitt, að það var ljóst, að starfsemi hennar var þess eðlis, að hún hlyti að falla í nokkuð sérstakan farveg, sem yrði nokkuð annar en önnur starfsemi Framkvæmdastofnunarinnar.

Reynslan hefur staðfest það, að hagrannsóknadeildin hefur starfað sjálfstætt og stjórn Framkvæmdastofnunarinnar hefur a. m. k. ekki nema að mjög litlu leyti haft með þau málefni að gera, sem hagrannsóknadeildin hefur annast, þannig að það má í raun og veru segja, að þetta frv. sé staðfesting á þeirri framkvæmd, sem átt hefur sér stað í reyndinni. Það má segja, að það hafi ekki komið beinlínis að sök, að hagrannsóknadeildin hefur þannig verið tengd Framkvæmdastofnuninni af því, að hún hefur starfað, eins og ég sagði áðan, yfirleitt sem sjálfstæð stofnun og án afskipta að öðru leyti af hálfu stjórnar Framkvæmdastofnunarinnar. En það er auðvitað mjög mikilvægt, að þessi starfsemi eigi sér stað með þeim hætti, að til hennar sé borið hið fyllsta traust. En þessi stofnun, hagrannsóknadeildin, hefur unnið og vinnur störf, sem eru ákaflega þýðingarmikil, bæði fyrir ríkisstj., fyrir aðila vinnumarkaðarins og í sambandi við t. d. ákvarðanir um fiskverð o. fl. Ég held, að það sé sannmæli allra, að þessi störf hafi þessari deild og forstöðumanni hennar tekist að leysa svo af hendi, að þau hafi notið fyllsta trausts, og það hafi ekki borið á neinni tortryggni neins staðar frá í garð hennar. Menn hafa tekið þær upplýsingar og þau gögn, sem hún hafi látið frá sér fara, sem góð og gild. Auðvitað eru þau eftir sínu eðli oft þannig úr garði gerð, að þar er um spár að ræða, sem auðvitað rætast misjafnlega eins og allar aðrar spár.

Til þess að undirstrika þá miklu þýðingu, sem hagrannsóknadeildin hefur, var þetta frv. flutt, og til þess að leggja áherslu á að gera stöðu þessarar stofnunar sem allra óháðasta og þannig, að menn gætu borið til hennar fyllsta traust og það væri engi hætta á því, að menn tortryggðu hana á neinn hátt, þeir sem til hennar þurfa að sækja. En ég verð að segja það, að fyrir ríkisstj. álít ég alveg nauðsynlegt og jafnvel óhjákvæmilegt að hafa sér við hlið stofnun, sem hefur með höndum þvílíka starfsemi sem hagrannsóknadeildin hefur nú, og ég hygg, að það muni verða reynsla hvaða ríkisstj. sem er.

Þar sem hér er, eins og ég hef þegar tekið fram, í raun aðeins um að ræða staðfestingu á því, sem átt hefur sér stað í framkvæmd, vænti ég þess, að það þurfi ekki að verða mikill ágreiningur um þetta mál. En svo sem ég gat um áðan, voru gerðar nokkrar breyt. á frv. í hv. Nd., en þó í raun og veru smávægilegar. Þannig var heiti stofnunarinnar breytt, og á hún að heita Þjóðhagsstofnun. Var það rökstutt með því, að annars væri nafn hennar svo líkt annarri stofnun, sem fyrir er, þ. e. Hafrannsóknastofnun. Ég tel þessa breyt. ekki skipta verulega miklu máli, en sætti mig við hana. Þá var gerð sú breyt. á, að Hagrannsóknastofnunin skyldi ekki aðeins verða ríkisstj. til ráðuneytis, heldur og Alþ., og að það skyldi verða eitt af hlutverkum hennar, — en fyrir því er gerð grein í frv., — að láta alþm. og nefndum Alþ. í té upplýsingar og skýrslur um efnahagsmál. Þetta er ekki heldur nema staðfesting á því, sem átt hefur sér stað í framkvæmd Alþ. og alþm. hafa fengið oftast nær þær skýrslur, sem hagrannsóknadeildin hefur látið frá sér fara, og hagrannsóknastjóri mætt á fundum nefnda hér, þegar þess hefur verið óskað o. s. frv. Það er ekki nema sjálfsagt, að ég fyrir mitt leyti fallist á þær breyt., sem þannig hafa verið gerðar á frv.

Ég skal svo, herra forseti, ekki fara fleiri orðum um þetta efni, get svo aðeins getið þess, að samkv. upphaflega frv. var gildistími miðaður við, að það yrði að lögum. 1. jan. þetta ár. En

vegna þess að nú er áliðið nokkuð, var því breytt í Nd. á þá lund, að það yrði 1. ágúst. Það er að sjálfsögðu svo, að það þarf dálítinn tíma til þess að koma þessari breyt í kring.

En þó að hv. Ed. fái nú minni tíma til að athuga þetta mál en hv. Nd., sem hefur haft það frá þingbyrjun, þá vona ég, að það takist að afgreiða málið fyrir lok þessa þings, og vil leyfa mér, herra forseti að æskja þess, að frv. verði að lokinni þessari umr. vísað til 2. umr. og hv. fjh. og viðskn.

Geir Hallgrímsson: Herra forseti. Frv. það, sem hér um ræðir, um Þjóðhagsstofnun ríkisins, er þess eðlis, að við sjálfstæðismenn hljótum að fylgja því. Ég get ekki látið hjá líða að rifja það upp, að eitt af fyrstu verkum núv. hæstv. ríkisstj. var að flytja mikið lagafrv. um Framkvæmdastofnun ríkisins, en eitt ákvæðið í þeim l. var að flytja hagrannsóknir, sem áður höfðu farið fram hjá Efnahagsstofnuninni, er var undir yfirumsjón forsrh., yfir til hagrannsóknadeildar, er skyldi vera ein deild í hinni nýju, miklu stofnun, Framkvæmdastofnun ríkisins. Í upphafi var gert ráð fyrir, að í Framkvæmdastofnun ríkisins væri, að því er hagrannsóknir snerti, tvöföld pólitísk stjórn, en í meðförum þingsins var því breytt þannig, að hagrannsóknadeildin sjálf laut, eins og hagrannsóknir áður innan veggja Efnahagsstofnunarinnar, beint undir forsrh. og ríkisstj. Þannig hafði gagnrýni okkar sjálfstæðismanna þessi áhrif við meðferð frv. um Framkvæmdastofnunina á sínum tíma. En við bentum á, að æskilegra væri að halda upprunalegu fyrirkomulagi, þannig að hagrannsóknir ættu eingöngu að lúta forræði ríkisstj. og helst Alþ.

Með því frv., sem nú er hér til 1. umr., eru þessi sjónarmið viðurkennd, að því er hagrannsóknir snertir, og hljótum við að fagna því, að hæstv. forsrh. hefur nú, þótt nokkur tími hafi liðið, fallist á þessi sjónarmið okkar.

Um leið og ég læt þessa getið, vil ég taka það fram, að við teljum mikla þörf á því, að löggjöfin um Framkvæmdastofnun ríkisins sé tekin til endurskoðunar, en viljum ekki að svo stöddu blanda þeirri endurskoðun inn í þetta mál og þetta frv., sem við munum fylgja.

Jón Árm. Héðinsson: Herra forseti. Mér þykir rétt að fara nokkrum orðum um þetta frv. og rifja þá upp, raunar svipað og síðasti ræðumaður gerði hér, að þegar hæstv. ríkisstj. lagði fram frv. á sínum tíma haustið 1971 um Framkvæmdastofnun ríkisins, gerðum við í Alþfl. það að skilyrði fyrir stuðningi við frv., að II. kafla þess, 6. gr., yrði breytt þannig, að svonefnd hagrannsóknadeild heyrði beint undir ríkisstj. Var fallist á það og frv. breytt í þetta form.

Hæstv. forsrh. sagði áðan í ræðu sinni, að hér væri raunar um að ræða frv., sem væri staðfesting á því, sem átt hefur sér stað í framkvæmd. Við spáðum þessu í umr., að nauðsynlegt yrði, að hagrannsóknadeild, sem nú á að kalla Þjóðhagsstofnun, fengi sérstakt valdsvið og starfaði óháð, svo að allir bæru traust til þessarar stofnunar. Menn hafa fengið þá tilfinningu fyrir starfsemi þessarar deildar, að hún sé sanngjörn og störf hennar vel af hendi leyst og rétt, að hún starfi sem óháðast og meti hlutlaust aðstæður efnahagslega og önnur verkefni, sem þessari deild og starfsmönnum þar er falið.

Ég vil aðeins fagna því, að frv. er komið fram. Það er búið að vera undarlega lengi að velkjast fyrir þeim í Nd. Ég held, að efnislega hljóti menn að vera sammála um nauðsynina á því, að hér sé stofnun, sem allir geta treyst, bæði atvinnuveitendur og launþegar og engu síður Alþ. og ríkisvaldið.

Það er mikið talað um það nú í blöðum og öðrum fréttamiðlum, hversu óvenjumikill tími hefur farið í samningagerð og hvernig menn hafa viljað túlka stöðu þjóðarbúsins á misjafna vegu, og er höfuðnauðsyn á því, að við megum treysta þeim gögnum, sem frá þessari stofnun koma um gjaldgetu atvinnuveganna og um launamöguleika almennings í landinu. Ég vil því mjög undirstrika það, að þessi stofnun fái nauðsynlegt svigrúm til þess að afla þeirra gagna, nauðsynlegt starfslið og nauðsynlegan kostnað borinn upp til þess að inna hlutverk sitt sem best af hendi. Hjá því verður ekki komist, ef við eigum að halda meira jafnvægi í búskap okkar en verið hefur undanfarið. Það fer ekkert á milli mála, að nú er slíkt stjórnleysi vegna ýmiss konar klaufaskapar og mistaka í mótun efnahagsstefnu, að þessi mál verður að taka til rækilegri endurskoðunar en verið hefur, og ég vænti þess, að þessi stofnun, sem við erum að setja á fót, — þótt ekki sé neitt gleðiefni út af fyrir sig að vera að fjölga stofnunum endalaust, — sanni gildi sitt og eigi þess vegna fullkomlega tilverurétt.

Ég vil aðeins nota þetta tækifæri til að minnast á, að á sínum tíma svaraði hæstv. forsrh. því til eftir fsp. minni hér í hv. d., að framkvæmd lána úr Byggðasjóði yrði háttað með hliðsjón af þörfum alls landsins, og það er hægt að fletta þessu upp, ef á þarf að halda. Síðan setur stjórn Byggðasjóðs þær reglur, að það verði dregin lína frá Þorlákshöfn þvert í norður og til Akraness og það svæði, sem sunnan og suðvestan fellur, sé vart lánshæft. Þetta tel ég miður farið. Að vísu eru til einstaka undantekningar í þessu tilfelli, en ég mótmæli svona vinnubrögðum mjög ákveðið. — Einnig átel ég það, að öllum alþm. skuli ekki vera send nákvæm grg. um starfsemi Framkvæmdastofnunarinnar í heild. Það eina, sem ég hef fengið hér á borðið og ekki einu sinni reglulega, er ágrip eða yfirlit yfir vissa efnahagsþætti í þjóðfélaginu. Ég tel, að stofnun eins og Framkvæmdastofnun ríkisins eigi að skila nauðsynlegri skýrslu um starfsemi sína og lánveitingar á borð alþm., og við eigum ekki að þurfa að elta þetta uppi, ef slík skýrsla er gerð. Nú veit ég ekki, hvort slík skýrsla hefur verið gerð, en ég tel það a. m. k. nauðsynlegt, ef svo er ekki, vegna þess að svo mikið fjármagn og svo mikið ákvörðunarvald fer í gegnum þessa stofnun, að það er óhjákvæmilegt fyrir okkur á Alþ. en fá að fylgjast með því efni. En ég vil fagna frv. sem slíku, styð það og mun ekki tefja fyrir framgangi málsins, en það mun koma í þá n., er ég á sæti í.

Forsrh. (Ólafur Jóhannesson): Herra forseti. Ég vil þakka þeim tveimur hv. alþm., sem hér hafa talað, fyrir góðar undirtektir við þetta frv. En ég vildi aðeins gera aths. út af því, sem hv. síðasti ræðumaður sagði og hlýtur að stafa af misminni hjá honum, þ. e. viðvíkjandi skýrslu Framkvæmdastofnunarinnar. Það er ákvæði um það í l., að það á að leggja skýrslu Framkvæmdastofnunarinnar fyrir Alþ. ár hvert, og það gerir forsrh. Það var gert í fyrra, lögð fram ítarleg skýrsla, og skýrsla fyrir síðasta ár var í prentun, þegar prentaraverkfall hófst, og var ætlunin og er auðvitað ætlunin að dreifa henni nú á næstunni. Þetta hygg ég, að hafi fallið hv. þm. úr minni. Hitt er það, að einstakar — við skulum segja áætlanir eða því um líkt og grg. um einstök atriði hafa ekki verið sendar til Alþ. En í þessari ársskýrslu á að vera ítarleg grg., m. a. um lánveitingar. Þau ummæli, sem hv. þm. vitnaði til, að ég hefði haft hér á sínum tíma, eru laukrétt eftir höfð, og ég hef ekki sérstaklega staðfest þá samþykkt, sem Framkvæmdastofnunin eða stjórn hennar hefur gert um þetta. Ég held, að þrátt fyrir þá samþykkt hafi allmikið af lánum og fyrirgreiðslum farið t. d. í Reykjaneskjördæmi. Ég man t. d. í svipinn eftir ýmsum slíkum háttum, sem þar hafa verið studdir, og það er vitaskuld ekki nema eðlilegt að mínum dómi, þannig að ég held, að þessi samþykkt, sem varðar aðeins skipakaupin, ef ég man rétt, hafi ekki verið framkvæmd bókstaflega.

Þorv. Garðar Kristjánsson: Herra forseti. Ég skal ekki vera fjölorður um þetta mál. Það var einungis út af síðustu orðum hæstv. forsrh., sem ég stend hér upp. Mér finnst illt til þess að vita, að þegar það hendir, að menn úr stjórnarandstöðunni koma með sjónarmið, sem samkv. eðli málsins hljóta að vera mjög vafasöm, svo að ekki sé meira sagt, þá skuli hæstv. forsrh. taka undir það, en það skuli sjaldan bera við, þegar stjórnarandstaðan hefur rökstudda gagnrýni fram að bera.

Ég ar algjörlega ósammála því sjónarmiði, sem fram kom hjá hv. 5. þm. Reykn., að Byggðasjóður hafi á einhvern hátt misgert í framkvæmdum sínum með því að mismuna hinum einstöku byggðarlögum í landinu. Ég held, að það sé einmitt grundvallarsjónarmið, sem verður að hafa í huga, að Byggðasjóður er stofnaður og hann er starfræktur, ekki sem almennur fjárfestingar- eða lánasjóður, heldur í þeim sérstaka tilgangi að stuðla að jafnvægi í byggð landsins. Það er allt of mikið komið af því, að menn þykjast vilja þjóna þessum tilgangi, en jafnframt í hvert sinn, sem á reynir, skuli þeir tala eins og þeir vilji gera allt fyrir alla og þar með eyðileggja tilgang þessa sjóðs, sem er fyrst og fremst hugsaður og stofnaður til þess að efla jafnvægi í byggð landsins. Ég held, að hin merkilega tilraun, sem gerð var á sínum tíma með stofnun Atvinnujöfnunarsjóðsins, renni algjörlega út í sandinn, ef stjórnvöld landsins skilja það ekki, að þessi sjóður hefur sama tilgang eftir nafnbreytingu núv. ríkisstj., þó að hann sé nú kallaður Byggðasjóður. Ef menn hafa ekki í huga hinn raunverulega tilgang þessa sjóðs, eru þeir að eyðileggja starfsemi hans.

Það er enginn á móti því, að það sé lánað til framkvæmda, hvar sem er á landinu. Framkvæmdir þurfa að eiga sér stað, hvar sem er á landinu, og til þess eru hinir almennu fjárfestingar- og lánasjóðir og bankakerfið að sinna þeim verkefnum. En ef það á að stofna einn sjóð til þess að hafa það sérstaka verkefni að stuðla að jafnvægi í byggð landsins, þá mega menn ekki eyðileggja þann tilgang með því að ætla að reka þennan sjóð og starfrækja, sem almenna lánastofnun fyrir landsbyggðina, hvar sem er.

Ég get ekki orða bundist út af orðum hæstv. forsrh. um þetta efni. Ég vil ekki láta því ómótmælt, að stjórnvöld landsins og sjálfur forsrh. fari svo villtir vega í þessu efni, vegna þess að ég vil ekki trúa því, að hann sé í raun og sannleika andstæður því, að það séu gerðar tilraunir til þess að efla jafnvægi í byggð landsins. En ef hann er þessarar skoðunar, þá verður hann að vera sjálfum sér samkvæmur. Hann verður að stuðla að því, að Byggðasjóður sé rétt notaður og rétt starfræktur, en ekki að taka undir misskilning, eins og kom fram hjá hv. 5. þm. Reykn.

Jón Árm. Héðinsson: Herra forseti. Ég ætla mér ekki þá dul að fara að svara fyrir hæstv. forsrh. í þessu efni, en ég tel sjónarmið hans heilbrigt og byggt á raunsæi og með það í huga, að allir landsmenn þurfa fulla atvinnu, hvar sem þeir eru staddir á landinu. Ég vildi minna hv. síðasta ræðumann á það eða benda honum á að athuga það, hve margir bátar frá Vestfjörðum hafa verið keyptir á Reykjanessvæðið, svo að þeir gætu endurnýjað sinn skipakost þar með jafnmiklum myndarbrag og átt hefur sér stað með aðstoð byggðasjóðs. Slík þróun hefði aldrei átt sér stað, ef ekki hefðu verið á þessu svæði menn, sem teldu sig enn geta rekið þessa tegund fiskiskipa á Íslandi og leyst þess vegna vandamál þessa héraðs. Það er alveg rökrétt og eðlilegt sjónarmið hjá hæstv. forsrh., að í einstaka tilfellum sé rétt, eins og raunar sjóðsstjórnin hefur séð sig knúna til, að lána í atvinnutæki á þessu svæði. Það er alveg rökrétt. Og hæstv. forsrh. Bjarni heitinn Benediktsson viðurkenndi á sínum tíma, að það væri engin lausn á atvinnuleysi, sem rikti þá, að færa atvinnutæki úr einu héraði yfir í annað og skilja eftir auðn á því sviði. Þetta sjónarmið á fullan rétt á sér enn í dag. Það túlkar hæstv. forsrh., og ég stend með honum í því efni. Auðvitað er megintilgangurinn sá hjá Byggðasjóði að hjálpa úti um landsbyggðina, það deilir enginn á það, en að hafa regluna 100% og meta ekki aðstæður með skynsemi tel ég líka algera fjarstæðu.

Við viljum aðeins minna á það, þeir þm. sem eru fyrir þetta svæði, að þau atvik geta verið uppi, að rétt sé, að Byggðasjóður veiti lán í atvinnutæki. Þrátt fyrir alla aðra lánasjóði, sem til eru í landinu, eru atvik einu sinni þannig, bæði hjá Fiskiveiðasjóði o. fl., að þeir lána ekki út á gamla báta. En bæði frá Austfjörðum og Vestfjörðum hafa komið margir bátar undanfarin ár á Suðurnesin, og ég vænti þess, að þeir séu bæði þeim byggðarlögum og þjóðinni í heild til blessunar. Þetta hefur átt sér stað í einstökum tilfellum, en mjög fáum, með aðstoð Byggða-

sjóðs, og það tel ég ekki illa farið — alls ekki. En ég er á móti jafneinhliða auglýsingu og stjórnin hefur birt. Það verður að meta atvik eins og aðstæður eru, enda hefur stjórnin sjálf séð sig knúða til þess að fara ekki eftir auglýsingunni. En við erum ekkert á móti því. Hinir þm. þessa svæðis, Reykjavíkurþingmenn, eru aldrei spurðir ráða í einu eða neinu um þessi efni. Það er eins og atvinnulífið í Reykjavík geti gengið af sjálfu sér í þessu tilfelli. Það er þó öðru nær. Þau atvik geta vel átt sér stað og hafa átt sér stað, að hingað hafa verið keyptir bátar. Reykjavíkurborg hefur meira að segja hjálpað til þess og um leið Byggðasjóður, varðandi þá aðallega að kaupa í staðinn ný skip, að skip flytjist á milli landssvæða til að halda uppi atvinnulífi og til að bæta atvinnuástand vítt og breitt. En þm. Reykjavíkur hafa ekki haft uppi mikil orð í þessu efni, en við hinir, þm. Reykn., heldur nöldrað lítilsháttar. Ég held, að það sé um of að ætla okkur að þegja 100%, eins og mér skildist á síðasta ræðumanni, að við mættum alls ekki gagnrýna auglýsinguna sem slíka. Framkvæmdin hefur verið önnur en auglýsingin er.

Þorv. Garðar Kristjánsson: Herra forseti. Ég skal ekki fara að hefja umr. um þessi mál. Hv. síðasti ræðumaður var að tala um, hvað væri rökrétt og hvað ekki væri rökrétt í þessu tali okkar hér. Það getur verið álitamál, hvað er rökrétt. Það fer eftir því, út frá hverju menn hugsa, hvaða forsendu menn gefa sér. En það er náttúrlega alveg augljóst, að hv. 5. þm. Reykn. virðist ekki gera sér grein fyrir því eða vilja viðurkenna það, að það er eitt stærsta viðfangsefni og vandamál íslensks þjóðfélags í dag að vinna að jafnvægi í byggð landsins. Það verður ekki gert nema með því að mismuna. Það þýðir ekkert að vera með orðagjálfur um stuðning við jafnvægi í byggð landsins, ef menn vilja ekki gera meira fyrir þau byggðarlög, sem þarf að aðstoða og í vök eiga að verjast, en önnur. (Gripið fram í.) Það er ekki hægt að leysa þetta á annan hátt. (Gripið fram í.) Það er hörmulegt til þess að vita, hvernig komið er, þrátt fyrir það að með Vestfjarðaáætluninni var brotið blað í þessum málum, byggðajafnvægismálum, með gerð byggðaáætlunar, til þess að hægt væri að vinna markvisst í þessu efni. En misnotkun þeirrar hugmyndar er svo komið, að nú telur ekkert byggðarlag sig vera fullgilt í þessu þjóðfélagi, nema það hafi byggðaáætlun fyrir sig. Það er jafnvel svo komið, að sumir eru farnir að tala um, að það þurfi byggðaáætlun fyrir Reykjavík til þess að vinna að jafnvægi í byggð landsins. Hv. 5. þm. Reykn. er svo skilningslaus á þessi mál, að hann er að harma það, eða að þm. Reykv. gangi ekki betur fram til þess að efla sinn hlut í byggðajafnvægismálunum. En hv. þm. gerir sér ekki grein fyrir því, að það eru ekki allir jafnskilningssljóir á þessa þörf og hann sjálfur. Þm. Reykv. hljóta að gera sér grein fyrir því, að við eflum ekki byggðajafnvægi í landinu með því að efla lánastarfsemi til Reykjavíkur úr þeim sjóðum, sem ætlað er að stuðla að jafnvægi í byggð landsins. Menn verða, eins og ég sagði áðan, að gera greinarmun á almennum framförum og uppbyggingu landsins í heild, sem á að ganga jafnt yfir alla og almennar stofnanir, almennir lánasjóðir og bankakerfið í heild sinni jafnt, hvar sem er, og þeim sjóði, sem sérstaklega á að efla jafnvægi í byggð landsins og á einungis að nota í því skyni.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 13 shlj. atkv. og til fjh.- og viðskn. með 13 shlj. atkv.

Kaupstaðarréttindi til handa Dalvíkurkauptúni, frv. (þskj. 629). — 1. umr.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 13 shlj. atkv. og til félmn. með 14 shlj. atkv.

Skipti á dánarbúum og félagsbúum, frv. (þskj. 630). — Ein umr.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 12 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 659).

Lántökuheimildir erlendis, frv. (þskj. 573, 490). — 3. umr.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Brtt. 490 felld með 10:10 atkv.
Frv. samþ. með 19 shlj. atkv. og afgr. til Nd.

Félagsmálaskóli alþýðu, frv. (þskj. 599, 563). — 3. umr.

Þorv. Garðar Kristjánsson: Herra forseti. Við hv. 6. þm. Reykv. tókum aftur til 3. umr. brtt. okkar á þskj. 563. Það urðu nokkrar umr. um þessa till. okkar við 2. umr., og það gefur mér tilefni til þess að víkja enn nokkrum orðum að því máli.

Till. gerir ráð fyrir, að Farmanna- og fiskimannasamband Íslands, BSRB og Vinnuveitendasamband Íslands fái aðild að skólan. Félagsmálaskóla alþýðu. Það lá fyrir, að Vinnuveitendasamband Íslands hafði bréflega óskað eftir því að fá þessa aðild að skólanefndinni, og lágu ýmis rök fyrir því, sem ég gerði grein fyrir við 2. umr. og skal ekki endurtaka hér. Hins vegar var því haldið fram, að það lægi ekki fyrir, hverjar væru óskir Farmanna- og fiskimannasambands Íslands og BSRB. Ég hélt því að vísu fram, að það lægi í hlutarins eðli, að

bæði þessi samtök hefðu áhuga á því að eiga aðild að þessum skóla. Nú hef ég hér í höndum bréf frá báðum þessum samtökum.

Annars vegar er bréf frá BSRB til Alþingis. Það mun hafa verið lagt fram á lestrarsal Alþingis, bréfið er skrifað í síðasta mánuði, en það kom ekki til athugunar eða umr. í félmn., sem hafði málið til meðferðar. Ég hef hér afrit af þessu bréfi og þykir rétt að kynna hv. þd. það. Með leyfi hæstv. forseta, hljóðar bréfið á þessa leið:

„Fyrir Alþ. liggur stjfrv. um Félagsmálaskóla alþýðu og frv. um Félagsmálaskóla launþegasamtakanna, sem flutt er af Pétri Sigurðssyni, Braga Sigurjónssyni og Sverri Hermannssyni. Á fundi stjórnar BSRB 5. þ. m. var samþ. áskorun til Alþ. um, að bandalaginu verði gefinn kostur **á að fjalla um frv.** Bandalagið hefur mikinn áhuga á þessu máli. Það hefur um árabil haldið uppi félagsmálafræðslu, en fjármuni skortir til stórátaks í þessu máli, sem mikil þörf er á. Ef settur er á stofn félagsmálaskóli á vegum ríkisins, telur stjórn BSRB sjálfsagt og eðlilegt, að hann sé einnig fyrir meðlimi BSRB.“ Undir þetta bréf skrifar svo form. og ritari stjórnar BSRB.

Ég hygg, að það þurfi nú ekki lengur að velta vöngum yfir því eða vefengja það, að BSRB hafi áhuga á þessu máli. Að vísu er ekki tekið fram í þessu bréfi, að það óski sérstaklega eftir aðild að skóalnefnd skólans, en hins vegar liggur það í hlutarins eðli, eins og bréfið er orðað og efni þess er. Ég vil enn fremur upplýsa það hér, að ég hef átt viðtal um þetta mál við formann BSRB, Kristján Thorlacius, og hann hefur tjáð mér, að bandalagið legði mikla áherslu á það að fá fulltrúa sinn í skólanefndina, eins og brtt. okkar hv. 6. þm. Reykv. gerir ráð fyrir. — Þetta er um BSRB.

Þá hef ég hér bréf í höndum frá Farmanna- og fiskimannasambandi Íslands. Það bréf er stílað til mín, vegna þess að ég óskaði eftir að fá að heyra álit þessara samtaka á brtt. okkar. Bréfið er stuttort og er á þessa leið, með leyfi hæstv. forseta:

„Við viljum þakka fram komna brtt. við frv. til l. um Félagsmálaskóla alþýðu, 178. mál. Það er einlæg ósk vor, að brtt. nái fram að ganga.

Með fyrir fram þakklæti.“

Undir þetta skrifar framkv.stj. Farmanna- og fiskimannasambands Íslands, Ingólfur Stefánsson.

Ég vil láta þess getið, að mér er kunnugt um, að það var haft samband við alla stjórnarmeðlimi Farmanna- og fiskimannasambands Íslands, sem til náðist, um þetta mál. Það leikur því enginn vafi á því, hver er vilji Farmanna- og fiskimannasambands Íslands í þessu efni.

Ég ætla ekki, tel það óþarft að fara að færa hér aftur fram hin almennu rök, sem ég færði fram við 2. umr. málsins fyrir réttmæti þess, að bæði BSRB og Farmanna- og fiskimannasamband Íslands eigi aðild að Félagsmálaskóla alþýðu. Að vísu kom það fram við 2. umr. hjá einum eða tveim ræðumönnum, að það gæti verið nokkur vafi á því, hvar ætti að draga mörkin, hvað mörg launþegasamtök ættu að koma til greina, þegar ákveðin væri aðild þeirra að félagsmálaskólanum. Það er mín skoðun, að þegar nánar er að gætt, þá sé þetta ekki vandamál, vegna þess að því verður ekki á móti mælt, að það eru þrenn launþegasamtök í landinu, sem bera ægishjálm yfir öll samtök, þ. e. a. s. ASÍ, BSRB og Farmanna- og fiskimannasamband Íslands. Það að veita þessum samtökum sérstaka stöðu í sambandi við Félagsmálaskóla alþýðu á ekki að draga neinn dilk á eftir sér.

Það var að vísu vikið að því, að svo kynni að geta komið til álita, hvort Stéttarsamband bænda gæti þá ekki alveg eins komið til greina. Ég hygg, að það sé ekki ástæða til þess að gera því skóna, að þau samtök séu í þessu tilliti hliðstæð þeim, sem hér er gert ráð fyrir skv. till., að hafi aðild að félagsmálaskólanum. Bæði er það, að þessi samtök eru ekki launþegasamtök á sama hátt og hin samtökin, kaup bænda er ekki ákveðið í samningum, heldur lögákveðið með ákvörðun afurðaverðs. Í öðru lagi er þess að minnast, að í landinu eru bændaskólar, sem m. a. hafa hliðstætt námsefni og félagsmálaskólanum er ætlað að hafa fyrir verkalýðinn í landinu. Í l. um bændaskóla er nefnilega gert ráð fyrir því, að bændaskólarnir skuli láta nemendum sínum í té þekkingu í búreikningum, almennri þjóðhagfræði, þjóðfélagsfræði, búnaðarhagfræði og búnaðarsögu. Þetta er algjörlega hliðstætt því, sem Félagsmálaskóla alþýðu er ætlað að sinna samkv. frv. því, sem hér liggur fyrir. Þar segir í 2. gr. frv.:

„Félagsmálaskóli alþýðu skal veita fræðslu um sögu, starf og stjórn stéttarfélaga, baráttu þeirra fyrir bættum lífskjörum alþýðustéttanna, um hagsmunasamtök atvinnurekenda, starfshætti þeirra og markmið, svo og um almenna þjóðfélagsfræði og meginatriði íslenskrar félagsmálalöggjafar og um hagfræðileg efni.“

Ég hygg því, að hvernig sem við lítum á þetta mál, þurfi það ekki að vefjast fyrir hv. þm., að eðlilegt og rétt sé að samþ. brtt. okkar hv. 6. þm. Reykv.

Halldór Blöndal: Herra forseti. Ég tel nauðsynlegt, að við þessar umr. liggi fyrir nokkru fyllri upplýsingar um efni þessa frv. en fram hefur komið í umr. um málið, og óska eftir því, að hæstv. félmrh. sé viðstaddur umr. **(Forseti:** Hæstv. ráðh. fór til Nd. til að hafa þar framsögu um mál, en kemur aftur í deildina innan tíðar.) Ég ætlaði að leggja fyrir hann nokkrar spurningar.

Umr. frestað.

Skemmtanaskattur, frv. (þskj. 615). — 1. umr.

Flm. (Helgi F. Seljan): Herra forseti. Þetta litla og stuttaralega frv. til l. um breyt. á l. um skemmtanaskatt skýrist raunar að fullu í grg., en þó skal að hvoru tveggja vikja að nokkru, ákvæðinu beint einnig að ýmsu, er hér kemur inn í heildarmynd þessara mála. Auðvitað er það meginhlutverkið með skemmtanaskattinum að styrkja Félagsheimilasjóð, og því þykir ef til vill mörgum, að aftan að hlutunum sé farið að leggja til, að í einhverju verði skertar tekjur

sjóðsins og það einmitt í þágu félagsheimilanna, svo að vitnað sé til grg. Vissulega má segja, að hér sé misræmi á, sem full þörf er á að skýra.

Í fyrsta lagi skal á það bent, að ef til vill væri næst að breyta lögunum um skemmtanaskatt á þann veg, að aðrar reglur giltu um samkomuhús, sem beinlínis eru rekin í ábataskyni, hús í eigu einstaklinga eða hlutafélaga eingöngu ætluð til skemmtirekstrar, en um félagsheimili gildi sérstakar reglur, þar sem þau eru rekin á mjög öðrum grundvelli og þurfa að sinna margháttuðum verkefnum, sem almenn samkomuhús sinna ekki. Það er að vísu rétt, að af þeim verkefnum er ekki innheimtur skemmtanaskattur, en þessi verkefni, sem ég á hér við, eru þó kostnaðarsöm oft og tíðum, en gefa lítið eða ekkert í aðra hönd. Hins vegar fann ég ekki beinan flöt á þessari skilgreiningu með lagabreytingu, en í þáltill., sem ég flutti fyrir tveimur árum, var m.a. á þetta bent. Þessari till. var vísað til ríkisstj. með jákvæðum meðmælum um, að eitthvað yrði gert, en á því hefur ekki bólað. Þar var reyndar einnig vikið að öðrum þungbærum skatti, söluskattinum, sem ég er á, að félagsheimilin eigi yfirleitt ekki að greiða, en það er önnur saga og um margt óskyld.

Í öðru lagi segir íbúatala staðar ekki alla söguna um réttmæti á innheimtu skemmtanaskatts, svo gífurlega misjafnlega eru félagsheimilin í sveit sett hvað snertir möguleika til tekjuöflunar. Nægir að benda á tvö dæmi því til sönnunar, — eða hver halda menn, að sé munur á aðstöðu Hlégarðs í Mosfellssveit eða Egilsbúðar í Neskaupsstað hvað fjáröflunarmöguleika snertir, svo að tvö dæmi séu tekin. Hingað til hefur ekki verið innheimtur skemmtanaskattur lögum samkv. í Mosfellssveit, en hins vegar í Neskaupsstað.

Í þriðja lagi getur það alls ekki talist eðlilegt, að einstök félagsheimili séu að kikna undan innheimtu þessa skatts, þó að hann renni til félagsheimilasjóðs, en sú er raunin um sum félagsheimili á hinum smærri stöðum, sem lögin ná til. Sú hefur aldrei verið ætlunin með álagningu og innheimtu þessa annars ágæta gjalds, og því hlýtur að teljast réttmætt að endurskoða íbúafjöldamörkin, og er ég þá alls ekki að segja, að talan 2500 sé nein heilög tala í þeim efnum.

Mín aðalmeining með þessu frv. er sú að reyna að finna leið til þess að létta þessu gjaldi af félagsheimilum þeirra staða, sem eiga í sannarlegum örðugleikum með rekstur sinn einmitt vegna þess, að fjáröflunarmöguleikar eru ekki í samræmi við einhverja ákveðna íbúatölu. Ég hef alveg sérstaklega í huga Egilsbúð í Neskaupsstað, af því að þar er ég kunnugastur, og allir vita um einangrun þess staðar og lítla möguleika á að njóta tekna annars staðar frá en frá staðarfólki meginhluta ársins. En fleiri munu hér á sama báti, að því mér er tjáð. Íbúatalan á ekki að vera svo gildandi sem hún er, en fyrst hún er aðalviðmiðun l., þótti mér einfaldast að færa þessi mörk ofar og miða við hærri íbúatölu.

Ef rætt er um tekjutap Félagsheimilasjóðs af þessari breyt. eða einhverri annarri, sem mönnum þætti sanngjarnari eða eðlilegri, þá skal ég ekki segja upphæð þess tekjutaps, en ekki yrði hún neitt afgerandi fyrir afkomu sjóðsins. Hér mun um að ræða, að ég held, þrjá eða fjóra kaupstaði og tvö kauptún, sem þarna mundu falla út. Ég vildi þá í allri vinsemd benda t.d. á það, að það mætti að mínu viti fella niður þau 10% til Sinfóníuhljómsveitar Íslands, sem um getur í 7. gr. núgildandi laga, þar sem framlög ríkissjóðs til hennar eru á þessu ári 25 millj. á móti 28 millj. til Félagsheimilasjóðs, og sjá held ég allir réttlæti þeirrar skiptingar, þar sem annað er í rauninni nær eingöngu reykvískt fyrirbæri og fyrir Reykvíkinga að mestu leyti, en hitt á að þjóna svo víða sem raun ber vitni. Ekki svo að skilja, að ég sé neitt að mæla gegn framlögum til þessarar göfugu hljómsveitar, en gjarnan hefði fyrr mátt huga að undirstöðunni í almennri tónlistarfræðslu en slíkum toppfyrirbærum, enda ætti hún, þ.e.a.s. sinfóníuhljómsveitin, að njóta fjár annars staðar frá frekar en úr þessum sjóði, sem fyrst og fremst er fyrir félagsheimilin.

Aðalatriði málsins er svo það, að þessi skattheimta gangi ekki út yfir það að stuðla að erfiðleikum einstakra félagsheimila, og við því verður að finna ráð. Til þess að vekja athygli á þessu og reyna að finna þar einhverja skynsamlega lausn, — og þarf hún alls ekki endilega að felast í þeirri breyt., sem hér er lögð til, — í þeim tilgangi er frv. flutt. Félagsheimilin þurfa sérstakrar athugunar og hreinlega virkrar og öflugrar aðstoðar við yfirleitt. Ef sú aðstoð kemur ekki frá ríkisvaldinu sjálfu, þá þarf að reyna að knýja þar rækilega á, og það mun verða reynt að gera.

Ég sé ekki ástæðu til að hafa hér um fleiri orð, því að svo auðskilið er þetta mál, en ég vil, herra forseti, leyfa mér að leggja til, að þessu frv. verði vísað til 2. umr. og hv. menntmn.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 13 shlj. atkv. og til menntmn. með 13 shlj. atkv.

Neðri deild, 99. fundur.

Miðvikudaginn 3. apríl, kl. 2 miðdegis.

Iðntæknistofnun Íslands, frv. (þskj. 569. — 1. umr.

Frsm. (Eðvarð Sigurðsson): Herra forseti. Frv. þetta um Iðntæknistofnun Íslands er flutt af iðnn. þessarar hv. d. að beiðni hæstv. iðnrh. Efni frv. er í höfuðdráttum það að samhæfa og sameina rannsókna- og tæknistarfið í þágu iðnaðarins, sem nú eru aðallega unnið af 3 ríkisstofnunum, en þær eru Iðnþróunarstofnun Íslands, Rannsóknastofnun iðnaðarins og Rannsóknastofnun byggingariðnaðarins. Iðnn. hefur ekki fjallað efnislega um frv. á fundum sínum, og eru því einstakir nm. óbundnir um afstöðu til þess, en n. mun taka frv. til athugunar að lokinni þessari umr., en hæstv. iðnrh. mun gera efnislega grein fyrir sjálfu frv.

Heilbr.- og trmrh. (Magnús Kjartansson): Herra forseti. Eins og fram kom hjá hv. alþm. Eðvarði Sigurðssyni, fór ég þess á leit við hv. iðnn., að hún flytti þetta frv., án þess að n. væri bundin af efni þess, og ég þakka n. fyrir góðar undirtektir við þá beiðni.

Frv. þetta, sem hér liggur fyrir, á sér langan aðdraganda og nákvæma undirbúningsvinnu, eins og rakið er í grg. Meginefni þess er, eins og hv. form. n. tók fram, að sameina Rannsóknastofnun iðnaðarins, Rannsóknastofnun byggingariðnaðarins og Iðnþróunarstofnun í eina heildarstofnun og styrkja jafnframt til muna þá þjónustustarfsemi, sem þessar stofnanir hafa veitt. Jafnframt er ætlunin að tengja opinbera tækniþjónustu sem best við einstök iðnfyrirtæki, einstakar atvinnugreinar í iðnaði sem heild. Þá er frv. ætlað að tryggja nauðsynlega samhæfingu og samvinnu hinna ýmsu þátta þjónustunnar, til þess að fjármunir, starfskraftar og tæknibúnaður nýtist sem best. Enn er reynt að tryggja nokkuð áhrif starfsmanna á stjórnun stofnunarinnar og einstakra eininga innan hennar. Reynt er að tryggja Iðntæknistofnun öruggan og sjálfstæðan fjárhag ásamt sveigjanleika í starfsmannahaldi.

Áður en ég vík nánar að frv. sjálfu, vil ég nota tækifærið til þess að fjalla nokkuð um iðnaðinn almennt og sérstaklega þau verkefni, sem unnið hefur verið að innan iðnrn. til þess að tryggja framgang þeirrar iðnþróunaráætlunar, sem gerð hefur verið með tilstyrk Sameinuðu þjóðanna, en frv. er þáttur í því starfi. Hefur nokkuð verið að því spurt, hvernig sé staðið að þeim verkefnum, og m. a. flutti hv. þm. Pétur Pétursson þáltill. nýlega um framkvæmd iðnþróunaráætlunar. Hafði ég hugsað mér að greina nokkuð frá þessum störfum rn., þegar sú till. kom til umr., en gat það því miður ekki, vegna þess að ég var bundinn á mikilvægum fundi. Vil ég því nota þetta tækifæri til þess að fjalla einnig nokkuð um þau mál.

Verksmiðjuiðnaður á Íslandi er, sem kunnugt er, ungur atvinnuvegur. Fyrstu merki breytinga á handiðnaði í verksmiðjuiðnað er hægt að rekja til árabilsins milli 1920 og 1930, en það var ekki fyrr en eftir síðari heimsstyrjöld, að verksmiðjuiðnaður verður stærsti atvinnuvegur landsmanna, ef miðað er við mannafla. Óþarfi er að geta þess, að hér á landi hefur skort svo til öll hefðbundin hráefni til iðnaðar önnur en landbúnaðar- og sjávarafurðir. Vatnsorkan mun þó á komandi árum vega mjög upp á móti þessu, og hugsanlega reynast gosefni og efni úr hafinu og söltum jarðhitalegi nytsöm hráefni til stóriðnaðar á næstunni.

Þróunarstig íslensks iðnaðar er mjög misjafnt. Handverksiðnaður er enn mjög sterkur. Hér munu vera yfir 60 iðnaðarmannafélög í landinu. Skilin á milli handverksiðnaðar og verksmiðjuiðnaðar eru enn nokkuð óljós, og þarf á komandi árum að endurskoða núv. laga- og réttindaskipan.

Allt frá upphafi hafa margar greinar iðnaðar búið við mikla tollvernd og jafnvel innflutningshöft. Í slíku umhverfi getur verið óeðlilega auðvelt að stofna iðnfyrirtæki og tryggja þeim rekstrarskilyrði. Þessi mikla tollvernd var e. t. v. meginorsök afskiptaleysis opinberrar stjórnsýslu af aðbúnaði iðnaðarins. Það er ekki fyrr en eftir kollsteypuna 1967—1968, að stjórnvöld fara alvarlega að hugsa um iðnþróun. Síðla árs 1970 hófust samskipti við UNDP, sem er iðnþróunarstofnun á vegum Sameinuðu þjóðanna, en þau leiddu síðan til þess, að hafist var handa um gerð iðnþróunaráætlunar fyrir Ísland, sem nú liggur fyrir. — En það er ekki nægilegt að hafa þykkar bækur handa á milli um iðnþróun, ef á skortir þann almenna skilning í landinu, sem er forsenda framkvæmda. Fólkið verður að skilja, að í nánd eru meiri hlutverkaskipti milli atvinnuvega okkar. Auk þess er nauðsynlegt að afla sér þeirra verkfæra og stofnana, sem verða burðarás vaxandi iðnaðar, en Iðntæknistofnunin er einn af hornsteinum þess skipulags, sem koma þarf á.

Á þessu ári hófst afnám þeirrar tollverndar, sem iðnaðurinn býr nú við, síðan má smátt og smátt búast við stóraukinni samkeppni erlendis frá. Vegna lágrar framleiðni og lélegra afkasta verður íslenskur iðnaður ekki fær um að standast samkeppni erlends iðnaðarvarnings, nema til komi róttækar ráðstafanir í tíma. Skv. viðskiptasamningi milli Íslands og Efnahagsbandalags Evrópu verður komin fríverslun með iðnaðarvörur milli þeirra 1. júlí 1977.

Allan 7. áratuginn var vöxtur iðnaðarins lítill. Til þess kunna að liggja ýmsar ástæður. Ein ástæðan er eflaust lítill heimamarkaður, sem bættist við takmarkaða samkeppni erlendis frá. Forsendur fyrir útflutningi voru ekki fyrir hendi. Viðhorf iðnrekenda mótuðust af innhverfum sjónarmiðum og verndarhugsunarhætti. Sú hugsun var lengi ríkjandi, að nægilegt væri að girða landið tollmúrum og sjá svo til , hvað gerðist. — Vissulega er tollvernd afar mikilvæg uppvaxandi iðnaði, en hún ein er ekki nægileg. Þegar tollverndin er farin að hafa lamandi áhrif á athafnir og ákvarðanir, gegnir hún ekki þjóðhagslegum tilgangi.

Önnur ástæða kann að liggja í framleiðsluaðferðinni sjálfri, sem í reynd hefur ekki aðlagað sig eðli verksmiðjuiðnaðar. Í mörgum iðnfyrirtækjum er enn framleitt skv. sérstökum pöntunum í stað þess að framleiða vörur á lager, en á þessu er allur munur, þegar tekið er tillit til skipulags framleiðslunnar og hagræðingar hennar.

Þriðja ástæðan og ekki sú lítilvægasta liggur í þeirri staðreynd, að opinber efnahagsstefna hefur ekki haft iðnþróun og eflingu verksmiðjuiðnaðar að markmiði. Hefur það m. a. komið fram í breytingu gengisins miðað við þarfir sjávarútvegsins einhliða svo og sjálfvirku lánakerfi í þágu sjávarútvegs og landbúnaðar, án þess að iðnaðurinn hafi fengið þar sambærilega aðstoð. Sem dæmi um ástandið á því sviði má nefna, að um síðustu áramót námu endurkaup Seðlabankans af viðskiptabönkunum vegna atvinnuveganna 1890 millj. kr. í landbúnaði, 502 millj. kr. í sjávarútvegi, en aðeins 425 millj. kr. í iðnaði. Hér verður að verða á alger breyting og hefur Alþingi á vissan hátt skuldbundið sig til þess, þegar aðildin að EFTA var samþykkt.

Mörg fleiri atriði mætti telja hér til, sem eru m. a. afleiðing þeirra þriggja meginástæðna, sem að framan getur. Þar að auki koma til frekari vandkvæði vegna skorts á tækniþjónustu, sem

iðnaðurinn býr við. En þetta frv. á að bæta þar um. Stjórnunarmál fyrirtækja, þ. e. a. s. rekstrarstjórnun og framleiðslustjórnun, eru í miklum molum, og er það sérstakt áhyggjuefni, hvernig þau mál verði leyst.

Til þess að geta staðist aukna samkeppni þarf að tvöfalda framleiðni á mann í iðnaðinum fram til 1980, og er það eitt meginviðfangsefni þeirrar iðnþróunaráætlunar, sem ég hef áður kynnt. Framleiðni íslensks iðnaðar er lítil, og afköst hans nema svo sem tveimur þriðju af afköstum þróaðs verksmiðjuiðnaðar og á sumum sviðum aðeins helmingi. Orsök þessa liggur fyrst og fremst í fjölbreytni framleiðslutegunda fyrirtækja og ófullkomnum stjórnunaraðferðum innan fyrirtækja.

Við stöndum einnig frammi fyrir þeirri alvarlegu staðreynd að þurfa að tryggja ört vaxandi þjóð nægja og örugga atvinnu. Skv. áætlun er gert ráð fyrir, að mannaflinn muni vaxa um 1700—1800 manns árlega á tímabilinu 1970—1980. Iðnþróunaráætlunin er samin í því skyni að styrkja hvort tveggja, stöðugleika atvinnulífsins og nægа atvinnu í landinu. Stöðugleiki atvinnulífsins verður ekki tryggður, nema fjölbreytnin aukist og tekjumyndun atvinnuveganna verði jafnari. Ofan á þessa mannaflaaukningu bætist sá fjöldi fólks, sem losnar hjá þeim fyrirtækjum, sem ekki munu standast aukna samkeppni erlendis frá og kunna að verða að hætta rekstri sínum. Vinnuaflsnotkun í landbúnaði er þegar í hámarki, og sjávarútvegurinn mun ekki geta tryggt miklu meiri atvinnumöguleika en nú er, þótt sóknin verði aukin. Efling iðnaðar er því lífshagsmunamál þjóðarinnar, og framtíð hennar er undir því komin, hvort takast muni að greiða iðninni að kjarna atvinnulífsins á tiltölulega skömmum tíma. Þetta atriði kann að reynast alvarlegra mál við lok þess áratugs en núverandi ástand á vinnumarkaði bendir til, ef ekki er nú þegar farið að undirbúa ný atvinnufyrirtæki.

Hefðbundin viðhorf til atvinnugreina eiga ekki lengur við, og verður að breyta fjárfestingarstefnunni í samræmi við það. Útreikningar hafa sýnt, að hver fjárfest króna í landbúnaði var á árabilinu 1951—1960 rúm 11 ár að skila sér í auknum tekjum. Sami árangur var 2½ ár í fiskiðnaði, en 3½ ár í verksmiðjuiðnaði, en það þykir gott hlutfall á alþjóðlegan mælikvarða. Þrátt fyrir þetta var fjárfesting í landbúnaði 115 þús. kr. á mann á ári, en aðeins 6 þús. kr. í verksmiðjuiðnaði, öðrum en fiskiðnaði. Þessi mismunur heldur áfram, eins og best sést á fjármögnunaráætlunum fjárfestingarsjóða.

Ef dregin eru saman þau meginvandamál, sem iðnaðurinn á við að stríða, er það almennt séð skortur á samkeppnishæfni við erlenda framleiðslu og óheppilegt starfsandrúmsloft, sem mótast hefur af tollverndarsjónarmiðum og ójafnri aðstöðu um opinbera fyrirgreiðslu í samanburði við sjávarútveg og landbúnað.

Þegar lög um inngöngu Íslands í EFTA voru samþykkt, var ljóst, að gera þurfti sérstakar ráðstafanir til þess að styðja íslenskan iðnað til að standast vaxandi samkeppni við tollfrjálsan innflutning og jafnframt vinna markvisst að því að hagnýta þau tækifæri, sem stærri markaðssvæði opnuðu íslenskum iðnaði. Var EFTA-aðildin einmitt réttlætt á þeim forsendum. Hét þáv. ríkisstj. samtökum iðnaðarins því að taka ýmis aðstöðumál iðnaðarins til endurskoðunar og gera ráðstafanir, sem verða mættu honum til eflingar. Meðal þeirra ráðstafana var að leita til Þróunarstofnunar Sameinuðu þjóðanna, UNDP, og óska eftir tæknilegri aðstoð við skipulag og uppbyggingu iðnaðarmála á Íslandi. Í nóv. 1970 kom svo sendinefnd frá UNDP svo og fulltrúar þeirra undirstofnana innan Sameinuðu þjóðanna, sem sjá um iðnþróunarmál, þ. e. UNIDO, annars vegar og viðskipta- og verslunarmál hins vegar. Sendinefnd þessi setti síðan á laggirnar tvö samhliða tækniaðstoðarverkefni. Annað þeirra miðaði að gerð iðnþróunaráætlunar og skipulagi tækniþjónustu, en hitt fjallaði um eflingu útflutnings og sölustarfsemi fyrir iðnaðarvörur. Sérfræðingar Sameinuðu þjóðanna hafa nú starfað hér á landi allt frá því síðla árs 1971. Skýrslur þeirra og till. liggja nú fyrir, og hefur framkvæmd margra tillagna, sem þar koma fram, verið hafin, enda hefur ekki verið beðið sérstaklega eftir skýrslum þeirra til að hefja störf að mörgum mikilvægum viðfangsefnum. Skýrslur þessara sérfræðinga eru hin gagnmerkustu rit, og er vissulega mikill fengur í þeim til að leiðbeina ríkisvaldi, stofnunum, samtökum iðnaðarins og einstökum iðngreinum um nauðsynlegar aðgerðir. Hafa þeir einstaklingar, sem unnu að þessum verkefnum, starfað af mikilli kostgæfni og samviskusemi og sýnt næman skilning á íslenskum aðstæðum og vandamálum.

Nokkur áherslumunur er á tillögugerð þessara aðila, þar sem þeir sérfræðingar, sem fjalla um viðskipta- og verslunarmál, gera ráð fyrir, að markmið iðnþróunar sé fyrst og fremst aukning þjóðarframleiðslu og þjóðarauðs og öflug útflutningsstarfsemi í iðnaði sé burðarás iðnþróunar. Samkvæmt því leggja þeir megináherslu á aðgerðir til að efla útflutningsiðnað, markaðsleit og sölustarfsemi. Til þess að ná árangri í útflutningi og gera hann arðbæran telja sérfræðingarnir hins vegar, að auka þurfi mjög framleiðni í iðnaði með breytingum á rekstrarstjórnun, skipulagi og framleiðslutækni í fyrirtækjunum og þurfi því sérstakar ráðstafanir til að efla tækniþjónustu á því sviði. Í skýrslu sérfræðings þess, er stjórnaði starfi iðnþróunardeildarinnar, er hins vegar lögð megináhersla á, að hætta verði á atvinnuleysi við síðari hluta þessa áratugs, þegar samkeppni við innflutning vegna tollalækkana tekur að gæta verulega og þegar hinir stóru árgangar fólks, sem nú eru á framhaldsskólastigi koma á vinnumarkaðinn. Er það álit hans, að tryggja þurfi allt að 10 000 ný starfstækifæri í iðnaði fyrir árið 1980. Telur sérfræðingurinn, að gera þurfi víðtækar ráðstafanir af hálfu hins opinbera til þess að efla atvinnulíf og forða frá atvinnuleysi á þessum tíma. Þróun hefðbundinna atvinnuvega: landbúnaðar, fiskveiða og fiskiðnaðar, sé öll í þá átt að auka framleiðni og jafnvel fækka fólki þrátt fyrir aukningu framleiðslu og þrátt fyrir full yfirráð yfir landgrunninu. Munu þau 17—18 þús. manns, sem koma til starfa fram til 1980, því í verulegum mæli leita til annarra atvinnuvega og séu mestir möguleikar til atvinnusköp-

unar í iðnaði. Telur sérfræðingurinn, að aðgerðir stjórnvalda hljóti því að mótast að verulegu leyti af þessum samkvæmt hans áliti fyrirséða vanda og þurfi að koma til jafnvel enn stórfelldari fjárfestingarátök en nú eiga sér stað við stóraukningu togaraflotans og endurnýjun fiskvinnslustöðvanna. Bendir hann á, að annars staðar á Norðurlöndum hafi hið opinbera veitt iðnaðinum víðtæka aðstoð til að aðlaga sig nýjum samkeppnisaðstæðum. Þrátt fyrir það hafi orðið miklir erfiðleikar í einstökum greinum og atvinnuskortur að undanförnu verið verulegt vandamál í Svíþjóð, þrátt fyrir háþróaðan iðnað þar í landi. Vandi Íslands mun jafnvel verða enn meiri vegna vanþróunar í iðnaði hérlendis og vegna hins sveiflukennda ástands efnahagslífsins hér á landi, sem veldur miklum erfiðleikum fyrir rekstraraðstöðu iðnaðar. Hann bendir jafnframt á nauðsyn þess að tvöfalda framleiðni í iðnaði til að tryggja samkeppnishæfni yfir innflutning og verði það gert án þess að hefja útflutning í sama mæli. Muni það valda fækkun atvinnutækifæra í iðnaði, sem auki hættuna á atvinnuleysi vegna fólksfjölgunar.

Alvöruorð sérfræðingsins kunna að virðast fjarstæð um þessar mundir, þótt margir minnist enn ástandsins á árunum 1968 og 1969. Ekki er þó hægt að ganga fram hjá slíkum aðvörunum, og vinnur því áætlanadeild Framkvæmdastofnunar að nánari athugun mannafla, spáð fyrir atvinnulífið í heild fram til 1980, og jafnframt að könnun á stöðu og möguleikum einstakra greina iðnaðar. Útkoman úr þeim athugunum hlýtur að móta að verulegu leyti umsvif opinberra aðgerða til stuðnings iðnaði. Í sambandi við mótun slíkra aðgerða er þó ljóst, að jafnframt verður að gæta þess, að kappið við að tryggja atvinnu verði ekki til þess að stuðla að láglaunaiðnaði, sem hvorki getur staðist við hlið háframleiðandi sjávarútvegs og fiskiðnaðar né heldur staðist tollfrjálsa samkeppni við erlendan iðnað til lengdar.

Ljóst er, að gerð iðnþróunaráætlunar einnar án hliðstæðra áætlana fyrir aðrar greinar atvinnulífsins hefur í för með sér ákveðin vandamál að því er varðar heildaryfirsýn og hættu á einstrengingslegum deilusjónarmiðum í þágu eins atvinnuvegar, og verður við það að viðurkenna það, sem er, að deilusjónarmiða hefur oft og tíðum gætt verulega í opinberri stjórnsýslu á umliðnum árum, en iðnaður venjulega þá orðið afskiptur. Enda þótt iðnþróunaráætluninni sé ekki ætlað að söðla hér algerlega um og gera iðnað að sérstöku eftirlætisbarni, sýnir hún fram á, að iðnaður hlýtur í vaxandi mæli að verða undirstaða aukinnar verðmætasköpunar og atvinnuaukningar, og jafnframt, að á næstu 5—6 árum verðum við að gera sérstakt átak til að leggja grundvöllinn að þeirri þróun, ef við eigum ekki að lenda í meiri háttar erfiðleikum á næstunni. Eitt af frumskilyrðum fyrir þeirri þróun er, að iðnaðurinn njóti jafnréttis um opinbera fyrirgreiðslu og starfsaðstöðu á við aðra atvinnuvegi og hætt verði mismunun milli þeirra.

Í till. beggja aðila sérfræðingahópa Sameinuðu þjóðanna er lagt til, að sett verði á stofn sérstök nefnd eða stofnun, er séð geti að verulegu leyti um framkvæmd iðnþróunaráætlunar og haft heildaryfirsýn yfir starfið. Að athuguðu máli hefur iðnrn. skipað n. og falið henni umsjón með máli þessu fyrir sína hönd. Í nefndarskipun þessari, sem ekki byggist á tilnefningu hagsmunaaðila, er reynt að gæta tengsla við þær stofnanir og þau samtök, sem helst þarf að sameina um störf að iðnþróunaráætluninni, ef árangur á að nást. Í n. eiga sæti Bjarni Bragi Jónsson forstöðumaður áætlanadeildar Framkvæmdastofnunar ríkisins, Davíð Scheving Thorsteinsson framkvæmdastjóri, Sigurður Markússon framkvæmdastjóri hjá Sambandi ísl. samvinnufélaga, Sigurgeir Jónsson aðstoðarbankastjóri í Seðlabankanum, Þröstur Ólafsson hagfræðingur í iðnrn. Dr. Vilhjálmur Lúðvíksson efnaverkfræðingur er formaður, og ritari n. er Guðmundur Ágústsson hagfræðingur. Formaður og ritari eru í fullu starfi fyrir n. Í einstökum atriðum eru verkefni n. eftirfarandi:

1) Endurskoðun till. um iðnþróun á Íslandi, sem unnar hafa verið á vegum UNDP.

2) Frumkvæði að breyt. á lögum og starfsháttum hins opinbera, sem snerta ytri aðstæður til iðnrekstrar.

3) Vinna að endurbótum innan iðnfyrirtækja.

4) Frumkvæði um samvinnu og samskipti iðngreina og iðnaðarhópa.

5) Að leggja áherslu á að efla sölu- og markaðsmál útflutningsiðnaðarins.

6) Láta til sín taka ný iðnaðarverkefni, m. a. í samvinnu við viðræðunefnd um orkufrekan iðnað.

7) Gera till. um ráðstöfun framlags Iðnþróunarstofnunar Sameinuðu þjóðanna, UNIDO.

Nefnd þessi hóf störf í sept. í fyrrahaust, en áður starfaði hluti nm. í vinnuhópum að athugunum á skýrslum sérfræðinga Sameinuðu þjóðanna. Í áliti vinnuhópsins, sem liggur til grundvallar starfi iðnþróunarnefndar, eru markmið iðnþróunaráætlunar endurskoðuð og till. um aðgerðir gagnrýndar og metnar. Kemur þar fram, að nauðsynlegt sé að huga í ríkum mæli að ýmsum þáttum í löggjöf og starfsemi hins opinbera, er varða aðstöðumál iðnaðarins, jafnframt því sem unnið er að þeim tæknilegu viðfangsefnum, sem till. hinna erlendu sérfræðinga fjalla aðallega um. Hefur nefndin m. a. verið vettvangur umræðna um tollamál iðnaðarins, gengismál, fjallað um aðstoð við útflutningsiðnað vegna rekstrarerfiðleika á síðasta ári o. fl. Þá hefur tekist samvinna með n. við Iðnþróunarsjóð og Iðnrekstrarsjóð og samtök iðnaðarins um stuðning við einstök verkefni vegna iðnþróunaráætlunar, og er það framhald af því starfi, sem unnið hefur verið á vegum iðngreinanefnda þeirra, sem starfað hafa við úttekt á einstökum greinum iðnaðarins á vegum iðnrn. Í megindráttum lítur n. á starfssvið sitt sem aðstoð við iðnrn. um mótun hagstæðs iðnaðarandrúmslofts eða jarðvegs, sem öflugur iðnaður getur sprottið úr með því að verka sem hvati á stofnanir, sem vinna að málefnum iðnaðarins, og koma í framkvæmd verkefnum, sem ætla má, að iðnaðinum geti orðið til framdráttar bæði á grundvelli till. þeirra, sem frá sérfræðingum Sameinuðu þjóðanna hafa komið, og annarra verkefna, sem mótast munu á næstunni.

Eitt af mikilvægustu viðfangsefnum iðnþró-

unaráætlunarinnar er efling iðntækniþjónustu, og frv. það, sem hér liggur fyrir, er einmitt framkvæmd á því atriði og gerir ráð fyrir sameiningu og eflingu þeirra þriggja rannsókna- og tæknistofnana, sem starfað hafa fyrir iðnaðinn. Með sameiningu og breytingum á innra skipulagi þessara stofnana binda flestir og ekki síst samtök iðnaðarins miklar vonir við þróttmeiri og markvissari starfsemi þessara stofnana en verið hefur og að jafnframt opnist tækifæri til að takast á við stærri viðfangsefni í þágu íslensks iðnaðar en áður hefur tíðkast. Hin góða reynsla á öðrum Norðurlöndum af starfi hliðstæðra iðntæknistofnana og þætti þeirra í að leysa aðlögunarvandamál iðnaðarins þar við inngöngu í markaðsbandalögin bendir til þess, að hér sé um afar mikið nauðsynjamál að ræða.

Með starfi svokallaðra iðngreinanefnda, sem efnt var til með samstarfi rn., Iðnþróunarsjóðs og samtaka iðnaðarins, voru gerðar kannanir á samkeppnisaðstöðu nokkurra iðngreina og mótaðar till. um aðgerðir til eflingar þeim. Í nokkrum tilvikum hefur þessu starfi verið fylgt eftir með aðgerðum til endurbóta á rekstrarstjórnun, skipulagi og framleiðsluaðferðum í einstökum fyrirtækjum eða hópum fyrirtækja. Hefur í mörgum greinum náðst umtalsverður árangur nú þegar, svo sem í nokkrum fyrirtækjum í prjóna- og fataiðnaði og í tréiðnaði, og nú eru á prjónunum víðtæk verkefni í þágu skipasmíða, trésmíðaiðnaðar og málmiðnaðar. Það hefur nokkuð háð þessu starfi, að fyrirtækin hafa reynst misjafnlega viðbúin að taka á móti slíkri starfsemi og jafnframt hefur verið erfiðleikum bundið að fá nægilegt vel menntað lið til að bera það starf uppi, og er efling og sameining tæknistofnana iðnaðarins ein meginforsenda þess, að þetta mikilvæga starf verði unnið af krafti.

Hinir miklu erfiðleikar útflutningsiðnaðarins, sem hlotist hafa af völdum gengisbreytinga og óhagstæðrar þróunar á afurðaverði, hækkana á hráefnum, launum og öðrum tilkostnaði, hafa valdið því, að útflutningur iðnaðarvara hefur ekki aukist eins mikið og æskilegt er að undanförnu, enda þótt um verulega aukningu hafi verið að ræða. Jafnframt hefur þensla innanlands og aukinn kaupmáttur valdið mikilli eftirspurn innanlands, og hefur dregið úr viðleitni fyrirtækja til útflutnings í bili. Þó verður að telja, að mikilla breytinga á viðhorfum iðnaðarframleiðenda verði vart, og í mótun eru samtök um útflutningsstarfsemi í húsgagnaiðnaði, meðal prjónafyrirtækja, gull- og silfursmiða o. fl., sem starfa í náinni samvinnu við útflutningsmiðstöð iðnaðarins. Nokkur umræða hefur farið fram um það, í hvaða mæli Útflutningsmiðstöðin eigi sjálf að taka virkan þátt í sölustarfseminni í stað þess að vera fyrst og fremst hvetjandi og ráðgefandi. Hafa erlendir sérfræðingar á vegum Sameinuðu þjóðanna lagt til, að stofnuð verði útflutningssamtök innan afmarkaðra sviða, er starfi í nánu sambandi við Útflutningsmiðstöðina, en án formlegra tengsla og ábyrgðar gagnvart henni. Hvort þetta form yrði það rétta, er enn ekki reynt, en fylgst verður náið með þróun þeirra hópa, sem nú eru komnir á fót.

Þá skal þess getið, að ríkisstj. hefur, eins og ég hef áður rakið hér á þingi, ákveðið að heimila endurgreiðslu áætlaðs hluta tolls og söluskatts af þáttum fjárfestingar og aðfanga í kostnaðarverði iðnaðarvarnings, sem seldur er til útflutnings. Er þessi hluti áætlaður 2½% af söluverðmæti útflutningsafurða. Er vonast til, að þetta jafni aðstöðu íslensks iðnaðar gagnvart erlendum fyrirtækjum, sem ekki borga slík gjöld. Iðnrekstrarsjóði var komið á laggirnar ekki alls fyrir löngu og tók til starfa um leið og iðnþróunarnefnd og hefur tekist náið samstarf þar á milli. Iðnrekstrarsjóði er ætlað það hlutverk að efla sérstaklega útflutning iðnaðarvarnings, bæta skipulag og auka framleiðslu í iðnaði. Hefur sjóðurinn stutt við starfsemi hjá Útflutningsmiðstöð iðnaðarins, m. a. með myndun útflutningshóps um prjónavörur. Þá styður sjóðurinn nokkur sérstök verkefni á sviði vöruþróunar og nýrra iðngreina, sem unnið er að á vegum gosefnanefndar, Raunvísindastofnunar háskólans og fleiri aðila. Hin aukna eftirspurn eftir stuðningi við ýmis iðnþróunarverkefni, sem komið hafa fram á sjónarsviðið á undanförnum vikum og mánuðum, gefur góðar vonir um öflugt starf á næstu árum og sýnir þörfina fyrir sjóð með sveigjanlegum starfsramma til þess að veita hagstæð lán og styrki til verkefna, sem ekki eru öll innan starfsramma venjulegra stofnlánasjóða eða hægt væri að endurheimta beint af tekjum í nýjum eða vaxandi rekstri. Iðnþróunarsjóður hinn norræni hefur vissulega orðið til mikillar hvatningar og unnið brautryðjandastarf í þessum efnum, og er sýnilega þörf á auknu innlendu fjármagni í sama skyni.

Verkefni þau, sem till. sérfræðinga Sameinuðu þjóðanna fjalla um, svo og önnur verkefni í iðnaði munu þarfnast mjög mikils fjármagns á næstu árum. Verulegan hluta af þeirri fjárþörf yrði væntanlega að leysa með tilfærslum og lánsfjármagni hinna stærri fjárfestingasjóða, Framkvæmdasjóðs og Byggðasjóðs o. fl., á hliðstæðan hátt og nú er gert vegna skipakaupa og uppbyggingar fiskvinnslustöðva, en hluta af fjárþörfinni mætti leysa með eflingu lánasjóða iðnaðarins sjálfs, t. d. með auknum framlögum úr iðnaði í formi hækkaðs iðnlánasjóðsgjalds, sem yrði tekið bæði af vörum, sem framleiddar eru hér innanlands, og innfluttum iðnaðarvörum, og auk þess mótframlögum frá hinu opinbera. Jafnframt er í athugun starfræn sameining þeirra sjóða, sem iðnaðinum þjóna, til þess að fá sem markvissasta nýtingu fjármagns og uppbyggingu samkeppnishæfra fyrirtækja. Munu á næstunni koma fram till. í þessum efnum, sem verða lagðar fyrir þing að sjálfsögðu.

Nýlega voru samþ. á Alþ. breyt. á tollskrá, þar sem tollar af vélum og tækjum iðnaðar voru flestir felldir niður, tollar af rekstrarvörum voru lækkaðir verulega og gerðar ýmsar leiðréttingar á tollflokkum og tollum einstakra vörutegunda til að greiða fyrir uppbyggingu og samkeppnisaðstöðu einstakra iðngreina. M. a. voru mikilvægar breyt. gerðar til að greiða fyrir rafeinda- og raftækjaiðnaði, en ýmsir tækjahlutar, sem nauðsynlegir eru í slíka framleiðslu, voru mjög hátt tollaðir. Má t. d. ætla, að þessi agnúi í tollflokkun hafi á sínum tíma staðið í vegi fyrir

því, að fiskleitartæki yrðu smíðuð og þróuð hér innanlands, en í stað þess smíðuðu Norðmenn og fleiri tækin og reyndu þau síðan og prófuðu í íslenskum skipum að verulegu leyti.

Á móti þessum tollalækkunum, sem að framan greinir, kemur þó hækkun söluskatts, og er þá þáttur söluskatts af innflutningi fjárfestingarvöru og ýmissa aðfanga orðin langstærsti liðurinn, sem skekkir kostnaðarmynd íslensks iðnaðar í samkeppni við erlendan. Væntanlega verður þetta mál ekki leyst að fullu nema með tilkomu virðisaukaskattkerfis. Þær miklu sveiflur, sem stöðugt verða í afkomu sjávarútvegs, eru einn megináhrifavaldur á viðskiptastöðu okkar við útlönd og þar með gengi íslensku krónunnar, sem ætlað er að stjórna heildarafkomu eða kostnaðarhlutföllum atvinnulífsins gagnvart útlöndum.

Á hinn bóginn er afkoma iðnaðar og sjávarútvegs oft í litlu innbyrðis samræmi, og valda þá hin ráðandi áhrif sjávarútvegsins miklum sveiflum í iðnaði. Hefur því vaknað sú spurning, hvort unnt væri að finna aðferð til að jafna úr þessari sveiflu og misræmi milli þessara höfuðatvinnuvega, t. d. með öðru hagstjórnartæki, sem starfaði inn á við, til að jafna kostnaðar- og framleiðsluhlutföll atvinnuveganna innbyrðis. Sérstaklega er þetta mikilvægt, ef innlendur iðnaður í samkeppni við innflutning eða útflutningsiðnaður eiga að geta þrifist, t. d. á tímum velgengni í sjávarútvegi, þegar arðsemi hans, kaupgreiðslugeta og aðdráttarafl er sem mest. Í þessu sambandi varpaði ég fram í fyrra hugmynd um sérstakan jöfnunarsjóð, eins konar verðjöfnunarsjóð fyrir alla útflutningsframleiðsluna. Þar sem vandamál iðnaðar eru þó yfirleitt ekki af völdum verðþróunar á afurðum og eru jafnframt mismunandi eftir greinum, er erfitt að setja reglur um greiðslur í og úr slíkum sjóði fyrir iðnaðinn. Vafalaust yrði að hafa slíkan jöfnunarsjóð innan hverrar greinar. Hefur jafnvel komið fram sú hugmynd, að hugsanleg lausn þessa máls væri rýmkuð varasjóðsákvæði í skattalögum fyrir þau fyrirtæki, sem stunda útflutning, þannig að leyft yrði að leggja í sérstakan varasjóð eða verðjöfnunarsjóð ákveðið hlutfall af útflutningsverðmæti, þegar hagnaður verður. Þetta vandamál er að sjálfsögðu allflókið, en er til komið vegna sérkenna efnahagskerfis okkar, og ber að leita lausnar á því.

Í till. sérfræðinga Sameinuðu þjóðanna eru miklar vonir bundnar við ýmis ný iðnaðarverkefni og stóriðjuverkefni tengd nýtingu innlendra auðlinda, sem talin eru hafa sérstakt gildi til að auka þjóðartekjur og verðmætasköpun og þar með hin efnahagslegu lífskjör í landinu, þótt þau veiti ekki mörgu fólki starf. Allmörg slík verkefni hafa verið til athugunar á vegum iðnrn. að undanförnu, og eru sum þeirra nú á því stigi að geta orðið að veruleika.

Fyrir skömmu hóf Þörungavinnslan framkvæmdir með stofnun rekstrarfyrirtækis, og eru pantanir hafnar á tækjum vegna hennar. Borist hafa mjög jákvæðar umsagnir um hagkvæmni og tæknilegan grundvöll saltverksmiðju á Reykjanesi. Er hafinn undirbúningur að lokahönnun og athugun á leiðum til að koma því fyrirtæki í framkvæmd. Skylt er að geta þess, að undirbúningur þessara tveggja mála var gerður á vegum Rannsóknaráðs ríkisins, sem vísaði málunum til ríkisstj. haustið 1972.

Undanfarin tvö ár hefur starfað á vegum iðnrn. starfshópur um rannsóknir á hagnýtingu gosefna. Hefur þar verið lagður grundvöllur að mörgum hugsanlegum leiðum til framleiðslu iðnaðarafurða, og munu á næstunni gerðar hagkvæmnikannanir á framleiðslu gosullar, vinnslu perlusteins, og jafnframt mun fara fram tilraunaþensla á perlusteini, tilraunaframleiðsla á vikur- og perlusteinsplötum. Þá eru að hefjast á vegum gosefnanefndar rannsóknir á framleiðslu og notkun trefja úr basalti til framleiðslu á plötum og öðrum einingum til margs konar nota í byggingariðnaði. UNIDO hefur veitt mikilvæga aðstoð við framgang gosefnarannsókna, við útvegun sérfræðinga til einstakra verkefna innan þeirrar starfsemi.

Málmblendibræðsla í Hvalfirði hefur verið undirbúin af viðræðunefnd um orkufrekan iðnað, og hefur það mál verið kynnt öllum stjórnmálaflokkunum til þess að undirbúa afgreiðslu þess hér á þingi. Bygging iðnaðarhafnar í Hvalfirði í sambandi við slíka verksmiðju gæti hugsanlega haft nokkra þýðingu fyrir frekari iðnaðaruppbyggingu, t. d. í sambandi við perlusteinsvinnslu.

Með sérfræðilegri aðstoð á vegum Sameinuðu þjóðanna var gerð byrjunarathugun á framleiðslu á títanoxýði og hrájárni úr títansandi frá Afríku. Voru niðurstöður mjög jákvæðar. Framhald málsins mun háð gagnkvæmum áhuga Íslands og þess lands, sem selja mundi hráefni og væntanlega yrði Gambía. Hefur verið undirrituð gagnkvæm viljayfirlýsing um málið milli Íslands og Gambíu, og er það til nánari athugunar. M. a. mun fljótlega fara íslenskur jarðfræðingur til Gambíu til frekari athugunar á þessu máli.

Súrálsframleiðsla er af sérfræðingum Sameinuðu þjóðanna talin geta haft möguleika hérlendis, ef beitt yrði sérstökum varmafrekum framleiðsluaðferðum og unnið úr ákveðinni gerð hráefnis. Stendur til, að hagkvæmnikönnun á þessu máli verði gerð á næstunni.

Ýmis önnur ný iðnaðarverkefni koma til álita, og má sérstaklega benda á nauðsyn þess að efla tæknilega þekkingu og koma á fót fyrirtækjum, sem annast gætu ýmsa undirstöðuþætti í venjulegum framleiðsluiðnaði, eins og málmsteypu, mótasmíði og aðrar tegundir málmbreytingaraðgerða fyrir málmiðnað. Ýmsar tækninýjungar og iðnaðarafurðir, sem t. d. eru tengdar sjávarútvegi, gætu þróast hérlendis og komist á framleiðslustig, ef vel væri að slíku starfi búið, t. d. með öflugu starfi tæknistofnana í samvinnu við iðnfyrirtæki og með fjárhagslegum stuðningi hins opinbera og iðnaðarþjóðanna. Á þennan hátt hefur fiskkassagerð verið undirbúin, og liggur frv. fyrir þingi um stofnun undirbúningsfyrirtækis um málið, en það hefur því miður tafist furðulengi í hv. iðnn. Verkefni á sviði nýs iðnaðar þurfa yfirleitt mjög langan undirbúningstíma og eru dýr í þróun. Er því nauðsynlegt að byrja fljótt á undirbúningi viðfangsefna framtíðarinnar og leggja grundvöllinn að tækniþróun, sem e. t. v. leiðir ekki til ákvörðunar um framleiðslu fyrr en eftir 5—10 ár.

Af framansögðu ætti að vera ljóst, að fram-

kvæmd iðnþróunar er ekki aðgerð, sem hefst þá fyrst, þegar fyrir liggur bók um till. erlendra sérfræðinga, né byggist hún á átaki ríkisstj. einnar, eins og margir virðast telja. Þetta er að sjálfsögðu þjóðhagsleg þróun, sem stofnanir, fyrirtæki og einstaklingar verða að vera þátttakendur í. Í þjóðfélagi, sem stuðst hefur við fiskveiðar og landbúnað um langan aldur, er þróunin ekkert síður sálræn en tæknileg, og tekur því nokkurn tíma að koma henni fram. Ríkisvaldið verður að sjálfsögðu að hafa frumkvæði að því að tryggja aðstæður til þess, að þróunin geti orðið. Vilji þingsins kemur hins vegar skýrast og raunhæfast fram í undirtektum við þau frv., sem nú liggja fyrir eða lögð verða fram á næstunni og snerta iðnaðinn, og að einstakir þm. kynni sér málefni og vandamál iðnaðarins í meira mæli en verið hefur.

Ég mun þá víkja örlítið nánar að Iðntæknistofnuninni, sem þetta frv., sem hér er til umr., fjallar sérstaklega um. Eins og áður segir, er búið að semja iðnþróunaráætlun fyrir árin 1973—1980, og hún er í tvennu lagi: Annars vegar áætlun um eflingu útflutningsiðnaðarins, hins vegar um útflutningsaflandi starfsemi. — Einmitt meiginverkefni þess hluta, sem snýr að útflutningsiðnaði, sem í reynd snertir allan almennan iðnað, eru breyttar ytri aðstæður til iðnaðarstarfsemi. En meginstoð allra þeirra miklu breytinga, sem gera þarf í iðnaðinum, ef ekki á að sigla honum í strand, er uppbygging Iðntæknistofnunar. Hún á síðar í nánu samstarfi við fyrirtæki og stjórnvöld að hafa frumkvæði að hvers konar æskilegum breytingum. Núv. stofnanir geta ekki að óbreyttu tekið að sér þau margvíslegu verkefni, sem Iðntæknistofnuninni er ætlað að leysa. Fyrirmynd þessarar stofnunar er það, sem á Norðurlöndum er kallað Teknologisk institut. Iðntæknistofnun Íslands er ætlað það hlutverk fremur öðrum að auka samkeppnishæfni þess iðnaðar, sem til er í landinu, og aðstoða við þróun nýrra iðngreina. Til þess að svo megi verða, er þörf gerbreytinga í rekstri fyrirtækja, bæði stjórnunarlega og á framleiðslusviðinu. Iðntæknistofnuninni er ætlað að veita fyrirtækjum og iðnaðinum í heild margs konar þjónustu, sem hann nú fær annaðhvort ekki eða í mjög litlum mæli. Þarfir iðnaðarins fyrir margs konar þjónustu og aðstöðu má styðja ýmsum rökum. Iðnfyrirtæki eru yfirleitt mjög lítil og geta ekki veitt sér sjálf þá sérhæfðu þjónustu, sem nútímaiðnaður þarf á að halda. Íslenskur iðnaður stendur á vegamótum í þróun sinni, bæði að því er varðar framleiðslu og markaðsaðstöðu. Iðntæknistofnuninni er ætlað að veita margs konar beina aðstoð til fyrirtækja, svo sem við bókhald, hönnun og framleiðsluval. Hagræna og tæknilega ráðgjafarþjónustu þarf að veita, standa að stuðningsaðgerðum og stunda rannsóknir, einnig standa að vöruþróun og þróun framleiðsluaðferða, t. d. í sambandi við innlend hráefni og orku.

Atvinnulýðræði er mikið til umr. um þessar mundir. Menn eru þó ekki á eitt sáttir um gildi þess, einkum að því er varðar aðild starfsmanna að stjórnun einkafyrirtækja. Þykir ýmsum sem slíkt sé yfirklór eitt, til þess fallið að dylja andstæðuna milli eigenda fyrirtækisins og launþega þess, fullkomið atvinnulýðræði verði ekki að veruleika, fyrr en einkaeign framleiðslutækja er úr sögunni. Hér er um að ræða grundvallaratriði í efnahagskerfi okkar og flestra annarra ríkja, sem ég ætla ekki að ræða í heild í þetta sinn, en þó mætti kannske víkja að því. Þarna er að finna eina meginástæðuna fyrir þeirri verðbólguþróun, sem barist er við, bæði hér á landi og annars staðar. En þegar einkafyrirtækjum sleppir og til koma stofnanir og fyrirtæki í félagslegri eign, virðist einsýnt, að hlíta beri þeirri kröfu tímans, að starfsmenn slíkra fyrirtækja taki þátt í stjórnun þeirra, ekki síður en aðrir aðilar, sem kunna að eiga hagsmuna að gæta. Þegar rétt er á haldið, hefur slík þátttaka margvísleg jákvæð áhrif á starfsemi stofnunarinnar, sem segja til sín bæði út á við og inn á við. Einnig má benda á hina starfrænu kosti, þ. e. skipulagningu starfs á grundvelli verkefna og með hópstarfi. Hefur það sýnt sig að auka sköpunarmátt starfsmanna og tryggja áhugavekjandi starfsviðhorf.

Í heilbr.- og trmrn. og í iðnrn. hefur þegar verið starfað nokkuð að því að auka áhrif starfsmanna á stjórnun þeirra stofnana, sem heyra undir þessi rn. Nægir þar að nefna sem dæmi reglugerð um ríkisspítala, sem sett var um síðustu áramót, og um iðnaðarfyrirtæki, svo sem um Sementsverksmiðju og Landssmiðju, þar sem slík samvinna er komin á tilraunastig. En raunar er þetta allt saman tilraunastarfsemi, og verður vafalaust margra breytinga þörf á því sviði, áður en vel er við það unandi. Það er í samræmi við þessa heildarstefnu, að í þessu frv. er gert ráð fyrir verulegum áhrifum almennra starfsmanna í öllum þrepum stjórnstiga hinna væntanlegu stofnana. Þannig eiga allir starfsmenn skorar sæti á skorarfundum með fullum réttindum og gera m. a. till. um val skorarformanns. Sameiginlegur fundur starfsmanna gefur umsögn um val forstöðumanns deildar. Forstöðumaður deildar skal gangast fyrir reglubundnum fundum allra skora deildar. Starfsfólk kýs einn fulltrúa í stjórn á sameiginlegum fundi, og stjórn skal halda fundi með starfsmönnum a. m. k. einu sinni á ári hverju.

Það hefur háð núverandi iðntækniþjónustu allmjög, að tengsl hennar við iðnaðinn sjálfan hafa ekki verið nægilega traust. Frv. er ætlað að tryggja verulegar úrbætur að þessu leyti. Þar er lögð aukin áhersla á ráðgjöf og fræðslu, upplýsingaþjónustu o. fl. Þar er gert ráð fyrir tilkomu sérstakra ráðunauta, sem starfi í sem nánustum tengslum við iðnfyrirtækin sjálf, — tilkomu tengimanna frá iðnaðinum eða einstökum iðngreinum, sem fylgjast með starfi einstakra skora og vinna þannig með starfsmönnum stofnunarinnar, — tilkomu fræðsludeildar, sem hafði það sérstaka hlutverk að skipuleggja og hafa umsjón með fræðslustarfsemi Iðntæknistofnunar, — aðild heildarsamtaka iðnaðarins að stjórn Iðntæknistofnunar, sem er raunar með svipuðum hætti og aðild að stjórn núv. stofnana. Hins ber þó að gæta, að stjórninni er ætlað mun mikilvægara hlutverk en nú tíðkast. Gert er ráð fyrir tengslum við iðnaðinn í sambandi við einstök verkefni, en ekki formbundna fulltrúaskipan til óskilgreindra starfa, eins og nú er. Nauðsynleg

forsenda þess, að tengslin við iðnaðinn verði eins traust og að framan greinir, er sú, að stofnuninni geti haldist á hæfu starfsfólki til að annast þessa hlið starfseminnar, sem hvílir t.a.m. á væntanlegum ráðunautum. Slíkt starfsfólk yrði um leið ágætlega liðtækt til ýmissa annarra starfa, t.d. í iðnfyrirtækjunum sjálfum. Þess vegna er mjög líklegt, að aðrir aðilar í þjóðfélaginu muni sækjast eftir þessum starfskrafti.

Þetta er ein helsta ástæða þess, að frv. gerir ráð fyrir nokkuð sveigjanlegra starfsmannahaldi á Iðntæknistofnun en nú tíðkast hjá flestum ríkisstofnunum, sbr. 15. gr. og aths. við hana, en þar er gert ráð fyrir bæði fastri ráðningu, ráðningu til ákveðins tíma og lausráðningu. Rétt er þó að leggja áherslu á það, að hér er farið eins vægt í sakirnar og nokkur kostur er, ef markmiðið á að nást.

Upphafleg ákvæði 14. og 15. gr. ullu á sínum tíma nokkrum ágreiningi, þar eð fjmrn. var þeim andsnúið. En á hinn bóginn hafa allir aðrir málsaðilar, sem frv. hefur verið borið undir, lagt mikla áherslu á, að einmitt þessi ákvæði frv. nái fram að ganga. Með samráði við iðnaðinn hefur endanlegri gerð frv. verið breytt þannig, að sá sveigjanleiki í launakerfi, sem gert hafði verið ráð fyrir, hefur verið minnkaður. Þeirri hugmynd hefur verið hreyft, að leysa megi starfsmannavandann með því, að Iðntæknistofnun veiti verkefnum aðeins forstöðu eða taki frumkvæði að þeim, en aðrir aðilar taki að sér hita og þunga sjálfs verksins. Margs konar annað fyrirkomulag er hugsanlegt til að auka sveigjanleika kerfisins án þess að mynda almennt fordæmi fyrir ríkiskerfið í heild. Forstöðumenn stofnana hafa í reynd mun meira svigrúm í launaákvörðunum en oft er fullyrt, ekki síst eftir tilkomu Iðnrekstrarsjóðs, sem getur veitt styrki til stofnana til einstakra verkefna. Reyna verður til þrautar núv. kerfi, og er það trú mín, að það hindri ekki raunhæfa framkvæmd iðnþróunar.

Í 14. gr. frv. er að finna sérstök ákvæði um tekjur Iðntæknistofnunar, og miða þau að því að tryggja henni öruggan og sjálfstæðan fjárhag, án þess þó að óhæfilegur stirðleiki komi til. Er m.a. gert ráð fyrir heimild til að koma á fót sérstökum tekjustofnum vegna stofnunarinnar, eins og ég gat um áðan, og gætu þeir raunar runnið saman við önnur gjöld, sem nú eru lögð á íslenskan iðnað. Margir og smáir svokallaðir markaðir tekjustofnar hafa að sjálfsögðu í för með sér ýmsa annmarka, t.a.m. getur þurft nokkuð nostur til að innheimta tekjurnar, og oft þróast þessir tekjustofnar þannig á nokkrum árum, að þeir verða í engu samræmi við þörfina, sem þeim var upphaflega ætlað að mæta. Draga má úr þessum síðari ágalla með því að tryggja sem nánust tengsl milli gjaldstofnsins, sem lagður er á, og útgjaldanna, sem á að mæta. Á hitt ber hins vegar einnig að líta, að helstu tekjustofnar ríkissjóðs virðast nú eiga vaxandi óvinsældum að fagna meðal ýmissa stjórnmálamanna og þeirra, sem trúa þeim, þannig að tekjustofnar, sem markaðir eru tilteknum verkefnum, ættu að geta tryggt aukin skilning á þessu atriði. Þó er rétt að leggja áherslu á það, að í frv. er ekki um að ræða markaðan tekjustofn í eiginlegum skilningi þess hugtaks. Þetta er ekki tekjustofn, sem hægt er að byggja innheimtu á. Til þess þarf sérstaka ákvörðun Alþ. Lægri mörkin, 0.2%, eru nálægt því, sem nú er greitt til sömu stofnana, og er það raunar allt of lítið. Hækka þarf þessa fjárveitingu mjög verulega. Í því sambandi er rétt að benda á, að samkv. athugunum Rannsóknaráðs ríkisins er jafngildi 0,16% af vinnsluvirði iðnaðar og byggingarstarfsemi varið til rannsóknar- og þróunarverkefna. Í landbúnaði er sama tala 1.16% en í sjávarútvegi 1.27%. Af því heildarfjármagni, sem rennur til rannsókna og þróunar í landinu, fara aðeins 4.7% til almenns iðnaðar og byggingarþjónustu, til sjávarútvegs fara 30.9%, en landbúnaður fær 18.7%. Á sama tíma er áætlað vinnsluvirði í iðnaði og byggingarstarfsemi yfir 14 milljarðar, en samanlagt í landbúnaði og sjávarútvegi aðeins rúmir 10 milljarðar. Það er því sýnt, að auka þarf framlagið til iðnaðar verulega, ef íslenskt atvinnulíf á ekki að staðna.

Ég hygg, að þess sé ekki þörf hér að fara nánar í einstakar greinar frv., heldur vísa í þess stað til grg., sem er að minni hyggju skýr og ýtarleg.

Það er samdóma álit þeirra, sem um iðnaðarmál fjalla, að samþykkt þessa frv. sé alger forsenda frekari átaka í iðnaðarmálum. Síðan munu fylgja fleiri frv., m.a. um starfsemi og samhæfingu lánasjóða iðnaðarins, eins og ég gat um áðan.

Ég gat þess í upphafi, að ég hef beðið hv. iðnn. að flytja þetta mál. Fyrir því eru ýmsar ástæður, m.a. sú, að hér er komið upp illu heilli það andrúmsloft á þingi, að mál eru vegin og metin dálítið eftir því, hvort þau eru flutt af ríkisstj. eða ekki flutt af ríkisstj., og mönnum finnst, að það geti farið vel á því að reyna að koma höggi á ríkisstj. með því að torvelda frv., jafnvel þó að um þau sé ekki neinn verulegur efniságreiningur. Ég vildi mjög vænta þess, að þetta frv. verði skoðað málefnalega af öllum þingflokkum, og ég hygg, að það þurfi ekki að koma upp neinn verulegur ágreiningur um efni þess, en teldi það ákaflega æskilegt, ef þm. gætu afgreitt það á sem skemmstum tíma. Ég hafði þann hátt á, að ég sendi þetta frv. fyrir alllöngu til þingflokkanna, þeir hafa átt kost á því að kynna sér það um alllangt skeið, þannig að ég hygg, að menn séu orðnir allkunnugir því.

Ég legg svo til, herra forseti, að málinu verði að lokinni 1. umr. vísað til 2. umr., og að sjálfsögðu mun iðnn., sem flytur málið, halda áfram að fjalla um það.

Umr. frestað.

Vegalög, frv. (þskj. 616). — 1. umr.

Félmrh. (Björn Jónsson): Herra forseti. Frv. það, sem hér er til 1. umr., er stjórnarfrv. um breyt. á vegalögum, nr. 80 frá 10. júlí 1973. Frv. felur í sér nokkrar breyt. á fyrrnefndum lögum. Megintilgangur þess er að mæta rökstuddum óskum og kröfum um verulega eflingu sýsluvegasjóðanna, auka möguleika fámennari þéttbýlisstaða til varanlegrar gatnagerðar og ná betra samhengi við samgöngukerfið. Þá gerir frv. ráð

fyrir þeirri formbreytingu, að XIV. kafli gildandi vegalaga falli brott, en í stað hans verði sett sérstök löggjöf um fjáröflun til vegagerðar, og er frv. til l. um það efni flutt samhliða þessu frv. og er hér næsta mál á dagskrá þessa fundar. Nokkrar breyt. um einstök atriði koma og hér við sögu, sem ég mun víkja að síðar.

Skal ég nú tíunda helstu efnisatriði frv. og er þá í fyrsta lagi að telja breyt., sem varða gildissvið vegáætlana. Í gildandi vegal., 10 gr., segir, að gerð skuli vegáætlun fyrir þjóðvegi, aðalfjallvegi og aðra fjallvegi til fjögurra ára í senn til leiðbeiningar um skiptingu þess fjár, sem til ráðstöfunar er hverju sinni til vegagerðar. Með ákvæðum 1. og 11. gr. þessa frv. er lagt til, að þessum ákvæðum verði breytt á þann veg, að vegáætlun taki einnig til þjóðgarðsvega og vega að fjölsóttum ferðamannastöðum, svo sem verið hefur um aðalfjallvegi. Ekki hefur verið heimilt að taka slíka vegi með í vegáætlun, en vaxandi álag á þessa vegi og náttúruverndarsjónarmið gera þá aukningu á gildissviði vegáætlana nauðsynlega. Að nokkru er svo breyt., sem lögð er til í 2. gr. frv., að gerð verði á 12. gr. l., þessu skyld, en þar er lagt til, að í tölu landsbrauta komi auk þeirra vega, sem þar er nú heimilt að telja, vegir að orkuverum og vegir að flugvöllum utan kaupstaða, þar sem reglubundið áætlunarflug hefur verið starfrækt í eitt ár eða lengur. Rök fyrir þessari breyt. eru m. a. auknar og vaxandi framkvæmdir í óbyggðum með byggingu orkuvera. Virðist eðlilegt, að framkvæmdum og varanlegri búsetu fólks á slíkum stöðum sé ekki gert lægra undir höfði en t. d. vegi, sem aðeins nær til þriggja býla. Þá er sú breyt. er vegi að flugvöllum varðar til þess fallin að tengja betur en ella vegagerð og flugmál, en sú breyt., sem hér er gert ráð fyrir, mun einnig létta, þótt ekki sé í stóru, skyldu sýsluvegasjóða, en á því er síst vanþörf.

Þá er í öðru lagi um að ræða aukin verkefni sýsluvegasjóða og aukningu á tekjumöguleikum þeirra. Með frv. er gert ráð fyrir nokkurri aukningu annars vegar á verkefnum sýsluvegasjóða og hins vegar tekjumöguleikum þeirra. Verkefnaaukningin, sem frv. gerir ráð fyrir, er þessi:

1. Heimilt er að veita í sýsluvegaáætlun fé til vega að sjúkraflugvöllum.

2. Heimilað er, að sýsluvegasjóðir styrki lagningu og viðhald vega í sumarbústaðahverfum, enda náist samkomulag um mótframlag af hálfu eigenda og um afnot vegarins.

3. Með ákvæðum 3. gr. frv. er heimilað að lengja sýsluvegi að býlum þannig, að lágmarkslengd, sem býliseigandi eða ábúandi kostar sjálfur, styttist úr 200 m í 50 m, þegar um er að ræða býli, sem ekki hafa beint samband við þjóðvegi. Slíkir vegir eru þó ekki fremur en samkv. gildandi l. teknir í sýsluvegatölu, ef þeir eru styttri en 200 m. Ef gildandi ákvæði væru óbreytt varðandi sýsluvegi að býlum, getur verið um að ræða, að bóndi þurfi einn og sjálfur að kosta veg og viðhald allt að 400 m. Til svo fjárfrekra framkvæmda munu fáir bændur hafa bolmagn, a. m. k. ef um er að ræða veg, sem verulegar kröfur eru gerðar til. Gamla ákvæðið gat e. t. v. staðist, meðan hverjum bónda var í sjálfsvald sett gerð og ástand vega, en í þeim efnum hafa viðhorf mjög breyst hin síðari árin. Kemur þar sérstaklega til ný tækni í mjólkurflutningum með tankbílum, sem nú er að ryðja sér til rúms og verður sennilega algild innan fárra ára, svo sem hún nú er orðin að mestu eða öllu leyti á suðvesturhluta landsins. Þessi framkvæmd gerir stórfelldar kröfur til vegabóta og vegagerðar í sveitum landsins, og mæðir þar sérstaklega á sýsluvegasjóðunum, mjólkursamlögum bænda og bændum sjálfum, en sums staðar, einnig á þjóðvegakerfinu, sem því miður er ekki alls staðar viðbúið að þjóna sæmilega þessari nýju og vafalaust nauðsynlegu tækni í flutningum bænda á mjólkurframleiðslu sinni.

Lengi hafa verið uppi sterkar kröfur og óskir um auknar tekjur sýsluvegasjóðanna, og er með flutningi þessa frv. leitast við að koma til móts við þær eða a. m. k. að stíga nokkur spor í þá átt. Almenn þensla í atvinnu- og efnahagsmálum og mikil fjárþörf þjóðvegakerfisins sker þó hér sem víða annars staðar stakkinn. Vil ég því ætla, að þær umbætur í þessu efni, sem frv. gerir ráð fyrir, þyki nokkurs verðar, þótt ljóst sé, að þær leysi ekki allan þann vanda, sem hér er við að kljást. Rétt þykir líka að benda á, að hér eiga hin ýmsu byggðarlög ekki að öllu samleið hvað fjárþarfir vegasjóðs snertir. Taka sum frv.-ákvæði mið af þeim mikla mun, sem hér er á um ounnin knýjandi verkefni. Ég skal geta þess hér, að sú breyt., sem hér um ræðir á tekjum sýsluvegasjóða, mun á næstu tveimur árum nema a. m. k. um 50 millj. kr. í útgjöldum ríkissjóðs, auk tilsvarandi heimaframlags samkv. vegalögum. Þá er í frv. um að ræða auknar tekjur fyrir sýsluvegasjóði. Frv. gerir ráð fyrir eftirfarandi breyt. til aukningar á framkvæmdamöguleikum sýsluvegasjóðanna. Í 5. gr. frv. er svo kveðið á, að hvert einstakt hreppsfélag geti ákveðið að greiða til sýsluvegasjóðs upphæð allt að tvöfalt hærri en þá, sem gildandi lög skylda þau til, þ. e. a. s. sem svarar til þess, sem 6 klst. kaup sé í almennri verkamannavinnu hjá Vegagerð ríkisins 1. des. næstliðið ár, áður en gjald er lagt á. Þetta gjald miðast við hvern íbúa viðkomandi hrepps. Ákveði hreppur að greiða slíkt umframgjald, á hann kröfu til mótframlags úr ríkissjóði, sem nemur tvöföldu framlagi hreppsfélagsins, sem renni ásamt því óskipt til vegaframkvæmda sýsluvegasjóðs í viðkomandi hreppi. Þetta ákvæði mun þýða verulega auknar tekjur sýsluvegasjóðanna á næstu árum, þ. e. a. s. innan einstakra hreppsfélaga, sem nota sér þau heimildarákvæði, sem hér er um að ræða.

Í gildandi vegal., 23. gr., er kveðið svo á m. a., að fasteignaeigandi, sem ekki er útsvarsskyldur í viðkomandi sveitarfélagi, skuli greiða vegskatt af eign sinni, enda sé ekki um að ræða jörð í fastri ábúð. Þetta gjald er nú aðeins 0.3‰ af fasteignamati mannvirkja, en 0.6‰ af verði landa og lóða, þ. e. a. s. svo lágt, að naumast eða ekki svarar innheimtukostnaði. Heildarinnheimta af þessu gjaldi mun hafa numið á undanförnum árum í kringum hálfri millj. til allra sýsluvegasjóða. Hér er því lagt til, að þetta gjald verði hækkað í 2‰ af mannvirkjum og í 3‰ af verði landa og lóða. Þykir þetta því réttlætanlegra, sem gæta má áðurnefndra ákvæða um heimild til að styrkja vegagerð að sumarbústaðahverfum.

Þá eru í fjórða lagi þau efnisatriði frv., sem

lúta að lagningu varanlegra vega í þéttbýli. Í 32. gr. gildandi vegalaga er m. a. kveðið svo á, að 12½% af heildartekjum vegamála, að undanskildu því fé, sem rennur til hraðbrauta, ef ráðh. ákveður svo, skuli renna til lagningar þjóðvega í kaupstöðum og kauptúnum, sem hafa 300 íbúa eða fleiri, og skal féð skiptast eftir íbúafjölda. Með ákvæðum þessa frv. er íbúatala þeirra kauptúna, sem þessa njóta, lækkuð í 200, en það þýðir, að 6 kauptún bætast í þann hóp, sem hér er um að ræða. Þessir staðir eru: Búðardalur, Súðavík, Hofsós, Hrísey, Stöðvarfjörður og Vogar. Í sömu grein er ákveði, að þegar lagningu þjóðvegar er lokið, sé fé þessu varið til annarra varanlegra gatnagerðaframkvæmda í byggðarlaginu. Þá er svo ákveðið í núgildandi vegalögum, að 10% af því heildarframlagi, sem varið er á þennan hátt, skuli ráðstafað eftir tillögu vegamálastjóra til að flýta framkvæmdum, þar sem sérstakar ástæður þykja til að ljúka ákveðnum áföngum, eða til að stuðla að hagkvæmari vinnubrögðum.

Það er kunnara en frá þurfi að segja, að nú síðari ár hefur áhugi manna sérstaklega í sjávarbyggðum úti um land, farið sívaxandi fyrir því að efla varanlega vegagerð í þéttbýli, ekki aðeins þjóðvegina, sem um þá staði liggja og flestir eru því miður enn í litlu eða ekki betra ástandi en okkar þjóðvegir eru yfirleitt, heldur einnig aðra vegi í byggðarlögunum. Hinir fámennari kaupstaðir og kauptún hafa í þessum efnum orðið mjög útundan og una ekki lengur sínum hlut, sem engin von er heldur til, þegar t. d. er borið saman við höfuðborgina og nokkra stærstu kaupstaðina. Nýjar og auknar kröfur til umhverfis og hreinlætis varðandi fiskiðnaðinn hafa einnig knúið hér á. Á s. l. sumri hófu sjávarplássin á Austfjörðum lofsvert og myndarlegt átak í þessum efnum með allsherjarsamstarfi og samvinnu, en fjárhagsgetu þeirra til slíkra framkvæmda er ákaflega þröngur stakkur skorinn, og verður þar úr að bæta, eftir því sem frekast er unnt.

10% sjóðnum var í upphafi ætlað það hlutverk að létta undir þær framkvæmdir, sem hér er um að ræða, og tryggja til þeirra fjármagnsdreifingu, sem miðast við þarfir, en ekki eingöngu skiptingu eftir höfðatölureglunni. Þetta hefur þó hrokkið skammt, m. a. vegna þess, að framkvæmdir við þéttbýlisþjóðvegi, gegnum Kópavog og Selfoss hafa bundið þetta fé árum saman að mestu leyti. Nú er hins vegar veginum gegnum Selfoss lokið, og fyrirhugað er, að Hafnarfjarðarvegur um Kópavog verði tekinn í þjóðvegatölu, — það var raunar gert við síðustu áramót, — og losað jafnframt um framlag 10% sjóðsins til hans. Með tvöföldun þessa sérstaka þéttbýlisvegafjár og aukinni dreifingu til byggðarlaga, sem í engu eða litlu hafa notið þess til þessa, ætti að mega gera sér vonir um, að koma mætti verulega til móts við framtak heimabyggðanna, a. m. k. í ríkara mæli en áður, og stuðla þannig að æskilegri þróun varanlegrar vegagerðar víða um land, þó að það stórfellda verkefni, sem þar er um að ræða, muni auðsjáanlega taka sinn tíma.

Ég hef nú, herra forseti, gert nokkra grein fyrir helstu breyt., sem lagt er til að gerðar verði á gildandi vegalögum, annarra en þeirrar formbreyt., að felldur er úr lögum XIV. kafli þeirra, þ. e. a. s. sá, sem um fjáröflun til vega, gatnagerðar og þjóðvega fjallar. Hefur þótt eðlilegt, að um fjáröflunarákvæði giltu sérstök lög, og er því frv. til l. um fjáröflun til vegagerðar flutt samhliða þessu frv., eins og ég áður sagði. Þær nauðsynlegu breyt., sem það frv. felur í sér, eru m. a. þær, sem lúta að því að auka fjáröflun til vegagerðar í landinu og leitast þannig við að halda í horfinu, eftir því sem framast er unnt, með framkvæmdir, þótt í móti blási vegna gífurlegra hækkana framkvæmdakostnaðar, bæði vegna erlendra og innlendra verðlagsbreytinga.

Ég er í engum vafa um, að velflestir landsmenn eru þess sinnis að vilja nokkuð á sig leggja til þess að auðvelda og bæta samgöngur í okkar tiltölulega stóra og strjálbýla landi. Það er höfuðnauðsyn eðlilegrar framfarasóknar í atvinnumálum, æskilegrar byggðastefnu og alhliða þróunar þjóðlífsins á festum öðrum sviðum. Ég læt þess vegna í ljós þá von mína, að meðferð hv. Alþ. á þessum frv. báðum geti mótast af nauðsyn og réttmætum óskum þjóðarinnar um þessi efni og að um afgreiðslu þeirra geti ríkt eindrægni og samstarfsvilji, eins og oftast áður hefur verið um vegamálin, þegar þau hafa verið til meðferðar hér á hv. Alþingi.

Það er ljóst, að vandinn í sambandi við vegamálin er núna óvenjulega mikill, og virðist engin sjáanleg leið til þess, að hægt sé að halda fullkomlega við þá vegáætlun, sem í gildi er nú fyrir næstu 2 árin, og jafnframt að vinna upp þá töf, sem orðið hefur vegna verðhækkana á undanförnum 2 árum. Ég held þess vegna, að í því efni verði að fara bil beggja, það verði að reyna að afla fjár, eftir því sem frekast er kostur og aðstæður leyfa, það verði að fresta einhverjum framkvæmdum, sem nú eru á vegáætlun, því að hér kemur líka inn í að það er nauðsynlegt að taka inn nokkur ný verkefni, sem ekki voru knýjandi, þegar núgildandi vegáætlun var samin, og það þarf einnig að gera aðrar umbætur, eins og raunar Alþ. hefur þegar samþ. í þáltill., varðandi verk eins og snjómokstur, og fleira hefur borið hér á góma af því tagi í vetur, eins og t. d. bætur til bænda vegna girðingalaga o. fl. af því tagi, sem óhjákvæmilegt er að taka nýtt inn. Þessi vandi hins vegar allur er svo mikill, að hann verður ekki leystur að fullu og raunar ekki nema að tiltölulega litlu leyti með fjáröflun og hann verður ekki heldur leystur á viðunandi hátt með frestun á öllu því, sem ekki er unnt að koma í framkvæmd á tilskildum tíma samkv. gildandi vegalögum, þó að þá leið verði að mínu viti að fara að einhverju leyti. Hér verður einnig að koma til einhver veruleg lánsfjárúthlutun, en fyrir því mun verða gerð grein, bæði af hæstv. fjmrh., þegar hann mælir hér á eftir fyrir frv. til l. um fjáröflun til vegagerðar, og e. t. v. enn frekar, þegar till. til þál. um vegáætlun verður lögð fram, en ég vona, að það verði unnt að gera innan örfárra daga.

Ingólfur Jónsson: Herra forseti. Hæstv. ráðh. óskaði eftir samstarfsvilja og skilningi þm. á þessu máli, vegamálunum og vegáætluninni, eins og alltaf áður hefur verið. Ég efast ekkert um,

að hv. þm. hafa samstarfsvilja og skilning á þeim málum, sem hér er um að ræða. En áreiðanlega er það í fyrsta skipti, sem það er boðað hér í hv. Alþ. í sambandi við endurskoðun á vegáætlun, að leggja eigi þungar álögur á landslýð allan, en eigi að síður að fresta framkvæmdum. Hæstv. ráðh. sagði hér áðan, að það væri ekki unnt að standa við þá vegáætlun, sem nú er í gildi og samin var til 4 ára fyrir 2 árum. — Þetta er boðskapur, sem er alveg nýr og menn úti á landsbyggðinni, sem vænst hafa aðgerða af hæstv. ríkisstj. í byggðamálum, munu verða undrandi yfir.

Hér er annað frv. á dagskrá, sem verður rætt á eftir, og ég mun nota lengra mál til þess að ræða um það en um þetta frv. Þetta frv. um breyt. á vegalögum er ekki stórt, en segja má, að ýmsar þær breyt., sem í því felast, séu til bóta, ef fé væri fyrir hendi til að fullnægja lagabreytingunum. Í hvert sinn, þegar lög eru sett og lagasetningin eykur útgjöld ríkissjóðs eða annarra starfandi sjóða, þarf að gera sér fulla grein fyrir því, hvort fé verður fyrir hendi til þess að auka þægindin og til þess að auka útgjöld til þeirra mála, sem um er að ræða.

Það er áreiðanlegt, að þm. allir eru farnir að vonast eftir till. til vegáætlunar. Menn hafa verið að spyrja að því, hvenær hún verði lögð fram. Það er eðlilegt, að talið sé erfitt að ræða bæði frv., fyrr en vegáætlunin liggur fyrir, fyrr en heildarmyndin í þessum málum sést og hversu mikið fé vantar. Vonbrigði manna hefðu orðið mikil, þótt staðið væri við vegáætlunina, sem nú er í gildi, ef engu nýju yrði bætt við, vegna þess að undanfarið, þegar vegáætlunin hefur verið endurskoðuð, hefur endurskoðunin verið með þeim hætti, að bætt hefur verið nýjum framkvæmdum við það, sem var í eldri áætlun. Framkvæmdir hafa alltaf verið auknar í seinni hluta áætlunarinnar. En nú boðar hæstv. ráðh., að ekki verði hægt að standa við þá áætlun, sem gerð var fyrir 2 árum. E. t. v. hafa sumir búist við þessu, búist við því, að það stjórnarfar, sem nú er búið við, leiði þetta af sér. Ýmsir hafa reiknað með því nokkuð lengi, að svona hlyti að fara.

Þetta frv., ef það verður lögfest og ef fé verður fyrir hendi til að framkvæma það, má segja, að sé til bóta og samræmis við breytta tíma og staðhætti. Það er t. d. ekki langt síðan bændur fóru að flytja mjólkina á tankbílum. Það er ekki langt síðan mjólkurbílarnir tóku að koma þannig alveg heim að húsvegg til að taka mjólkina. Með því að þessi háttur er á hafður þarf vegurinn að vera fær alla leið heim. Við 5. gr. þessa frv. er nauðsynleg breyt. Það er nauðsynlegt að gera ráðstafanir til þess, að vegirnir heim að bæjunum verði alltaf færir.

Hvort miðað verður við 300 íbúa kauptún eða 200 íbúa kauptún, skiptir ekki höfuðmáli í útgjöldum. Segja má, að það geti verið sanngjarnt og eðlilegt. Auðvitað þurfa smærri kauptún ekki síður en þau stærri að lagfæra göturnar hjá sér.

Þá er gert ráð fyrir því, að 20% verði tekið af kaupstaðafénu til lagningar þjóðvega í þéttbýli. Ég býst við, að ýmsum finnist þessi breyt. orka tvímælis. Þó er enginn vandi að færa nokkur rök fyrir því, að þetta geti verið sanngjarnt. Um það að gera landsbrautir að framkvæmdum á öræfum, eins og t. d. að Sigölduvirkjun, sýnist það vera sanngjarnt og nauðsynlegt, vegna þess að mikil umferð er í sambandi við framkvæmdir, og þar verður alltaf einhver byggð. Nauðsynlegt er að hafa samgöngur við slíka staði. En þetta kostar aukið fjármagn. Það er til lítils að hafa heimild til þess að taka vissa vegi í landsbrautatölu, ef ekkert fé er fyrir hendi til framkvæmda við þessa vegi.

Þegar síðasta vegáætlun var samin 1972, voru það ábyggilega fleiri en þm. Sunnl., sem gerðu sér vonir um, að hægt væri að auka framkvæmdir og fá fjármagn í vissa vegi á árunum 1974—75. Þm. Sunnl. ræddu nokkur atriði við vegamálastjóra um þetta, og við vorum allir vongóðir um, að það mætti nú ske á árunum 1974—75, að aukið yrði nokkuð fjármagn til ýmissa vega, sem vantar fé til. En eftir því sem hæstv. samgrh. boðar nú, að það verði að fresta framkvæmdum í stað þess að auka þær, veikist sú von.

Herra forseti. Ég tel, að ýmislegt í þessu frv. sé til bóta, ef fé er fyrir hendi til þess að framkvæma þau atriði, sem ætlast er til að lögfesta. En ég vil mælast til þess við hæstv. samgrh., að hann leggi sem allra fyrst öll gögn á borðið, sem við koma vegamálunum, að þm. fái að sjá vegáætlunina og önnur þau frv., sem boðuð eru í sambandi við þessar breyt. Ég held, að það sé engin sanngirni í því hjá hæstv. ráðh. að ætlast til þess, að Alþ. taki afstöðu til þessara frv., fyrr en heildarmyndin liggur fyrir.

Félmrh. (Björn Jónsson): Herra forseti. Ég ætla ekki að fara langt út í að ræða fjármálin, sem hv. síðasti ræðumaður minntist hér á, og þá fullyrðingu hans, að við endurskoðun vegáætlunar hafi alltaf verið um auknar framkvæmdir að ræða. Ég held nefnilega, að það sé ekkert nýtt í sögunni, að þegar gerð er áætlun til 4 ára, þá hafi verðbreytingar á tímabilinu það mikil áhrif, að það hafi verið nauðsynlegt að fresta ýmsum framkvæmdum. Ég held, að það hafi verið gert, þegar þessi hv. þm. gegndi störfum samgrh., enda er það auðsætt mál, að við bjuggum við verðbólguþróun áður en þessi áætlun kom til, og þegar hverjum eyri er skipt á vegáætlun til vissra framkvæmda, getur það ekki leitt til annars en a. m. k. tímabundið verði að fresta og ýta einhverju á undan sér, og það held ég, að hafi oftast nær verið gert. Hins vegar hefur þar ekki verið um það að ræða, að framkvæmdir hafi verið strikaðar út, heldur hafa þær aðeins komið svolitið síðar á dagskrá. Það er ekki heldur hugmynd okkar, sem nú förum með þessi mál, að menn verði sviknir um framkvæmdir, sem þeim hefur óbeint verið lofað samkv. vegáætlun, heldur er eingöngu um það að ræða, að aðstæður eru þannig og verðhækkanir hafa orðið það miklar, að við sjáum ekki, að það sé neinn möguleiki á því að afla þess fjár, sem þarf til verðbóta á vegáætlun, þegar við bætist, að það þarf að vinna upp þær frestanir, sem hafa orðið á s. l. ári. Þær hafa yfirleitt verið unnar upp árið

eftir, og þeirri reglu mun verða reynt að halda áfram. En hér er aðeins um að ræða hluti, sem hefur verið frestað. Hér er um að ræða, ef það ætti að vinnast upp á einu ári, framkvæmdir upp á 600 millj. kr., og vegna verðbóta mundi þurfa á yfirstandandi ári um 1300 millj. kr., eða samtals 1900 millj. kr. í auknum tekjustofnum, til þess að unnt væri að standa fullkomlega við tímasetningu vegáætlunarinnar. Ég tel í raun og veru þarflaust og ekki rétt að fara núna út í þessa sálma. Ég held, að það sé betra að gera það í sambandi við það frv., sem hér kemur á eftir, og eins vegáætlunina sjálfa. Þá getum við skoðað þau í meira samhengi.

Hv. ræðumaður sagði, að það væri ekki sanngirni af mér að ætlast til þess, að tekin yrði afstaða til þessara frv., fyrr en vegáætlun lægi fyrir. Í því sambandi vil ég taka fram, að það hefur ekki heldur verið mín hugmynd, að það yrði gert, — það yrði gengið endanlega frá þessum málum, fyrr en vegáætlun lægi fyrir. Hitt er annað mál, að gerð vegáætlunar er ekki auðveld, meðan fjáröflun liggur ekki fyrir, því að auðvitað verður það endanlega svo, að vegáætlunina verður að sníða eftir þeim skorðum, sem fjárveitingavaldið setur vegaframkvæmdum.

Ég skal verða fyrsti maður til að fagna því, ef unnt er að afla fjár, hvort sem er með skattheimtu eða með lánsfjárútvegunum, til þess að hægt sé að standa við allar tímasetningar í vegáætlun. En ég hef ekki von um að það sé mögulegt. Það hljóta menn að sjá, ef þeir vilja vera sanngjarnir og ef þeir skoða málin eins og þau liggja fyrir, og breytir þá auðvitað engu, hvaða skoðanir menn hafa á því, af hverju verðbólgan stafi, hvort hún stafi af slæmu stjórnarfari eða einhverju öðru. Staðreyndirnar breytast ekkert við það, og við hljótum að miða okkar áætlanir og aðgerðir í þessum efnum sem öðrum við staðreyndir og ekkert annað.

Í þessu sambandi er líka kannske vert að minna á það, þó að það varði ekki þetta frv., sem hér er til umr., beinlínis, að því hefur verið mjög á lofti haldið af stjórnarandstöðunni, að það væri allt of mikil þensla í þjóðfélaginu, ríkið tæki allt of mikið til sín til framkvæmda á fjölmörgum sviðum, hlypi í kapp við atvinnuvegina og framleiðsluna og gjaldeyrisöflunina hvað vinnuafl og fjármagn áhrærir. En ef einhver alvara fylgir þessu, verður auðvitað að skoða um jafnmikið framkvæmdamál og vegagerðina, hvort ekki er forsvaranlegt að fresta þar um eitt ár sérstökum framkvæmdum að takmörkuðu leyti.

Varðandi það, sem hv. þm. sagði um samstarfsviljann, að hann væri fyrir hendi, þá vona ég, að ég hafi engan móðgað, þó að ég minntist á það, að ég óskaði eftir því. Það var af heilindum mælt. Ég vil líka skýra frá því, úr því að á þetta er minnst, að ég hef fyrir nokkuð löngu afhent stjórnarandstöðuflokkunum öll gögn, sem ég hafði undir höndum varðandi vegamálin, þannig að þeir hafa haft alveg sams konar aðstöðu og stjórnarþingmenn eða jafnvel betri og sömu aðstöðu og ég til að mynda sér skoðun um það, hvernig hægt sé að leysa þann vanda, sem hér er fyrir hendi. En sem sagt, út í þessa sálma ætla ég ekki að fara nánar að sinni. Ég tel það ástæðulaust og það sé raunverulega þægilegra að ræða einstök atriði málanna, þegar fyrir liggja frv. um fjáröflunina og síðan sjálf vegáætlunin, sem ég vona að dragist ekki marga daga enn, að hægt sé að leggja fram. Ég mun ekki biðja neinn um lokaafstöðu í þessum málum, fyrr en þau gögn verða öll lögð fyrir hv. Alþingi.

Vilhjálmur Hjálmarsson: Herra forseti. Ég skal strax taka það fram, að ég er fyllilega samþykkur þessum frv., sem hér hafa verið lögð fram um vegamálin, og ég ætla ekki að fara að ræða þau neitt almennt hér. En mig langar þó til að vekja athygli á örfáum atriðum í sambandi við það mál, sem hér er til umr., sem mér finnast athyglisverð og ástæða væri til að hnika aðeins til.

Ég held, að allir hljóti að vera sammála um, að það hafi verið til mikils baga, að Vegasjóður hefur ekki verið verðtryggður, ef svo mætti segja. Sýsluvegasjóðirnir eru hins vegar verðtryggðir að miklu leyti, því að framlög til sýsluveganna fara eftir kaupgjaldi í landinu þá og þá. En megintekjustofn Vegasjóðsins hefur verið bundinn í krónutölu, og af því hefur leitt, að á þeim árum, þegar vegáætlun er ekki endurskoðuð, hefur jafnan myndast halli, —auðvitað er hann því meiri, þegar meiri sveiflur eru til hækkunar á verðlagi almennt.

Nú eru í þessum frv. um tekjuöflunina, fjáröflun Vegasjóðs, ákvæði í 8. gr. um það, að verðtryggja megintekjustofninn að nokkru eða heimila ráðherra að hækka hann tilsvarandi við aðrar hækkanir. Ég fagna þessu ákvæði sem viðleitni í rétta átt til þess að tryggja Vegasjóðinn, þannig að hann geti staðið við sitt. En mér finnst þó, að hér sé ekki nægilega hreint gengið til verks. Ég tel, að það væri ástæða til þess að setja inn í 10. gr. l., sem fjallað er um í 1. gr. frv., sem hér liggur fyrir, ákvæði um það hreinlega, að árlega skuli endurskoða allar tölur um tekjur og gjöld samkv. vegáætlun. Þessi grein, 10. gr. l., mælir fyrir um það í 1. mgr., að vegamálastjóri semur till. að vegáætlun o. s. frv. Og í 2. mgr. segir, að eftir að vegáætlun hafi gilt í 2 ár, skuli samin ný áætlun fyrir 4 næstu ár, þannig að ávallt sé fyrir hendi gildandi áætlun fyrir a. m. k. 2 ár. Ég tel eðlilegt, að hér bætist við 3. mgr. eitthvað á þessa leið:

„Árlega skal endurskoða allar tölur um tekjur og gjöld samkv. vegáætlun".

Það er ekki raunhæft að haga þessu á annan veg, og þá ætti að taka það ákveðið fram í lögum.

Þá vil ég láta í ljós ánægju mína yfir því, að vegir að flugvöllum verða nú teknir inn í vegakerfið. Ég held, að það hafi verið fyrir mistök, að þeir voru utan við, þegar síðustu vegalög voru sett. En af hverju sem það var, þá voru þeir ekki með þá. En nú er lagt til að taka þá inn, annars vegar með heimild til þess að taka í tölu landsbrauta vegi að flugvöllum utan kaupstaða, þar sem reglubundið áætlunarflug hefur verið starfrækt samkv. leyfi samgrn. í eitt ár eða lengur, og hins vegar, að það sé heimilt að taka vegi að sjúkraflugvöllum í tölu sýsluvega. Ég er ekki alveg viss um, hvort hér er nægilega skýrt greint á milli. Það er rekið tvenns konar áætlunarflug í landinu, annars vegar flug með

stórum flugvélum út frá Reykjavík á fjölmarga flugvelli og hins vegar áætlunarflug með póst og farþega út frá stærri völlunum. Ég tel alveg tvímælalaust, að þeir vellir, sem njóta áætlunar flugpóstvélanna, eigi að heyra undir landsbrautirnar. Ég get nefnt eitt dæmi um aðstæður, þar sem að mínum dómi væri mjög óeðlilegt annað en flugvallarvegur kæmi undir landsbrautir. Það er verið að byggja flugvöll í Seyðisfirði. Hann er eina 7—8 km frá kaupstaðnum. Sú leið liggur hins vegar í gegnum Seyðisfjarðarhrepp og það væri mjög óeðlilegt, að það kæmi í hlut sýslunnar að annast lagningu, viðhald og snjómokstur þess vegar, sem fyrst og fremst er notaður fyrir Seyðisfjarðarkaupstað. — Ég get ekki séð, að hér þurfi að standa „reglubundið áætlunarflug". Mér finnst þetta tvítekning, og ég held, að ef hér kæmi bara „reglubundið flug", þá væru tekin af öll tvímæli um þetta.

Þá vildi ég aðeins minnast á ákvæðin um sýsluvegina. Það er hér gert ráð fyrir að auka verkefni sýsluvegasjóðanna nokkuð, og það er einnig gert ráð fyrir því bæði í 5. og 6. gr. frv. að auka tekjur sýsluvegasjóðanna. Ég veit ekki, hvort það er gott að áætla þetta nákvæmlega, enda held ég, að það liggi ekki fyrir nákvæm áætlun um það, og ég held, að það sé ekki hægt að sannreyna, hvort tekjuaukinn mæti væntanlegri aukningu gjalda. Ég gæti trúað því, að hann gerði ekki mikið meira. En ég er þeirrar skoðunar, að hér þurfi meira að koma til. Ég er áreiðanlega ekki einn um þá skoðun, því að það hafa komið fram áskoranir frá sýslunefndum, m. a. á Austurlandi, í þá átt að auka tekjur sýsluvegasjóðanna og þá alveg án tillits til nýrra verkefna, heldur til þess að leysa þokkalega af hendi þau verkefni, sem fyrir eru. Ég tel, að það væri ástæða til þess að ganga örlítið lengra í því að auka tekjur sýsluvegasjóðanna, t. d. með því einfaldlega að hækka grunninn úr 3 dagvinnustundum upp í 4 dagvinnustundir, eins og lagt hefur verið til í ályktun a. m. k. frá einhverjum sýslunefndum. Það kemur fram í ályktun sýslunefndar Suður-Múlasýslu, að það hafi víðar komið fram einmitt þessi hugmynd.

Þá er annað atriði í sambandi við sýsluvegasjóðina, sem ég vil vekja athygli á. Það er um skiptingu ríkisframlagsins til sýslnanna. Ákvæði um það er að finna í 28. gr. vegalaganna. Þar segir svo:

„Vegamálastjóri annast skiptingu á framlagi ríkissjóðs samkv. 1. mgr. eftir reglugerð, sem ráðh. setur. Skal framlag til sýslu aldrei vera lægra en helmingur þess, er hún lagði til sýsluvegasjóðs það ár, sem ríkisframlagið miðast við. Að öðru leyti skal við skiptingu ríkisframlags aðallega miðað við notkun á lengd þeirra sýsluvega í hverri sýslu, sem falla undir a-c-lið 19. gr., en jafnframt skal þó höfð hliðsjón af því, hve mikill hluti þeirra vega er lagður, ruddur eða ekki akfær."

Ég tel, að eins og nú er komið a. m. k., sé ekki tekið nægilega mikið tillit til ástands veganna, ástands sýsluveganna. Það er eðlilegt, að mikið tillit sé tekið til lengdar og notkunar, eins og lagagr. gerir ráð fyrir. Það er eðlilegt, að reglugerðin geri það. En ég tel ástæðu til að endurskoða þetta, og ég tel, að það hefði átt að breyta þessari lagagr. á þá leið, að þegar búið er að taka fram, að sýsla skuli aldrei fá lægra en helming þess, er hún lagði fram til sýsluvegasjóðs það ár, sem ríkisframlagið miðast við, þá hefði ég haldið, að væri eðlilegt að setja ákvæði á þessa leið í stað þess, sem ég áðan las:

„Að öðru leyti skal við skiptingu ríkisframlags miðað við notkun og lengd sýsluvega í hverri sýslu og hve mikill hluti þeirra vega er lagður, ruddur eða ekki akfær."

Það er, eftir því sem ég best veit, orðinn ákaflega mikill munur á ástandi sýsluvega í þeim sýslum annars vegar, sem hafa stysta sýsluvegi og kannske um leið flest fólk, því að í reglugerðinni er tekið tillit til fólksfjölda að nokkru, og hins vegar í þeim sýslum, sem hafa vegina lengsta og kannske í sumum tilvikum hvað fæsta íbúa miðað við vegalengdina.

Ég geri ráð fyrir því, að ég leggi fram brtt. um flest þessara atriða, sem ég hef hér vikið að. Ég hef ekki gengið frá þeim enn þá, en vildi þó vekja athygli á þessum atriðum nú við 1. umr. málsins.

Ingólfur Jónsson: Herra forseti. Það var í tilefni af því, sem hæstv. samgrh. sagði áðan. Hann vildi gefa í skyn, að það hafi komið fyrir áður, að framkvæmdum í vegagerð hafi verið frestað við endurskoðun vegáætlunar. Þetta hefur aldrei komið fyrir áður. 1972 var samin ný vegáætlun, en í tíð núv. ríkisstj. hefur ekki verið endurskoðuð vegáætlun fyrr en nú. Í tíð fyrrv. ríkisstj. var alltaf aukið við framkvæmdir, um leið og endurskoðun fór fram. (Gripið inn í.) Það var alltaf aukið við framkvæmdir. Hafi einni framkvæmd verið frestað í kjördæmi, þá hefur það verið gert með samþykki allra þm. kjördæmisins til þess að auka framkvæmd á öðrum stað, en heildarframkvæmdir voru alltaf auknar við endurskoðunina. Það muna hv. þm. örugglega, sem hafa setið á þingi. Ég vildi aðeins láta það koma fram, sem er rétt, í tilefni af því, sem hæstv. ráðh. sagði hér áðan.

Ólafur G. Einarsson: Herra forseti. Það eru aðeins örfá atriði, sem ég vildi nefna við 1. umr. þessa máls.

Í fyrsta lagi vil ég taka það fram, að ákvæðin í 1. og 2. gr. frv. sýnast mér vera til bóta, þ. e. að taka inn í áætlunina þjóðgarðavegi og vegi að fjölsóttum ferðamannastöðum og að flugvöllum. En í sambandi við sýsluvegina vil ég segja það, að ég er einnig samþykkur því, að verkefni sýsluvegasjóðanna verði aukin og þá náttúrlega ekki síður tekjuöflun þeirra, en ég er ekki alveg viss um, að hér sé farið inn á rétta leið eða að hún sé fullnægjandi.

Þau frv., sem hér hafa verið til meðferðar í þinginu að undanförnu um kaupstaðarréttindi ýmissa sveitarfélaga, vöktu menn til umhugsunar um það, að nokkur vandi mundi fylgja fyrir þau sýslufélög, sem eftir sætu með færri sveitarfélög en áður, sem greiddu í sýsluvegasjóðina, en hefðu sömu verkefni. Ég held, að við sjáum það líka, að þessi vandi er ekki leystur með þessu frv. Það er ekki nóg að setja inn

heimild til þess, að einstök sveitarfélög geti látið í té tvöfalt framlag og fái að vísu mótframlag úr ríkissjóði. Þetta þýðir einfaldlega auknar álögur á íbúa viðkomandi sveitarfélaga. Inn í þetta fléttast síðan ákvæðin um þéttbýlisvegasjóðinn, ákvæðin í 10. gr. þessa frv., þar sem gert er ráð fyrir, að framlagið hækki úr 10% í 20% og því fé verði ráðstafað eftir till. vegamálastjóra til þess að flýta framkvæmdum, þar sem sérstök ástæða þykir til. Ég held, að það sé tímabært að endurskoða þessar reglur. Ég hef reyndar minnst á það hér við annað tækifæri, að það ætti að hætta þessum aðgreiningi milli dreifbýlis og þéttbýlis, fela sveitarfélögunum sjálfum þau verkefni, sem nú eru í höndum sýslnanna eða sýsluvegasjóðanna, og þéttbýlissveitarfélögin önnuðust alla gatnagerð og þar með gerð núverandi þéttbýlisvega. Að sjálfsögðu þyrftu þau að fá auknar tekjur til þess að standa undir þessum verkefnum, og sýnist eðlilegast, að sveitarfélögin fái framlög úr vegasjóði og framlögunum verði skipt milli sveitarfélaganna með hliðsjón af íbúafjölda og ófullgerðum verkefnum í gatna- og vegagerð. Þannig sýnist mér að mundi fást mun betri regla en nú gildir.

Ég skal ekki segja um það, hvort það sé hafið yfir alla gagnrýni að hækka þetta framlag, sem gert er ráð fyrir í 10. gr., úr 10% í 20%. Ég treysti mér ekki til að segja um það á þessu stigi, en ég tel það vera til mikilla bóta, að leitað skuli umsagnar Sambands íslenskra sveitarfélaga um ráðstöfun þessa fjár. Ég vil í þessu sambandi einnig minna á frv., sem hv. þm. Alexander Stefánsson flutti á þessu þingi, meðan hann sat hér sem varamaður. Það er 229. mál. Þar er einmitt komið inn á þetta, sem ég er hér að nefna. Hann gerir ráð fyrir, að miðað sé við 200 íbúa, þ. e. a. s. í sambandi við þéttbýlisvegaféð, og skipting fjárins skuli fara eftir íbúafjölda og ófullgerðum verkefnum. Þessu vildi ég hér koma á framfæri, en að sjálfsögðu eru þessi mál frekar til umr. þegar mælt hefur verið fyrir frv. um fjáröflun til vegagerðar.

Karvel Pálmason: Herra forseti. Ég skal vera stuttorður að þessu sinni. Ég tek það fram strax, að ég er í meginatriðum sammála því, sem hér er lagt til í sambandi við breytingu á vegalögunum. Það er þó ein grein þessa frv., sem ég ætla hér lítillega að staldra við, en það er sú gr., sem hv. síðasti ræðumaður talaði um, 10. gr., þar sem gert er ráð fyrir að hækka úr 10% í 20% heildarfjárframlagið, sem veitt er til lagningar þjóðvega í kaupstöðum og kauptúnum samkvæmt 32. gr. vegalaga.

Forsaga þess, að ég stend hér upp nú, er, að í milliþn. í byggðamálum, sem kosin var á síðasta þingi og hefur starfað síðan, hefur þetta verið rætt og um þetta fjallað allítarlega. Í þessari nefnd eiga sæti fulltrúar allra flokka, og hafa menn þar orðið sammála um, að hér yrði að koma til veruleg hækkun í sambandi við breytingu á þessum lögum. Það er kunnara en frá þurfi að segja, að eitt af meginvandamálum hinna smærri bæjar- og sveitarfélaga, eins og sakir standa nú og hafa raunar verið nokkur undanfarin ár, er varanleg gatnagerð á þessum smærri stöðum. Það er ekki við því að búast, meðan það ástand ríkir og helst, sem búið hefur verið við á undanförnum árum, að það sé gerlegt eða raunar hægt til þess að ætlast, að fólk almennt sjái sér fært að festa sig á þessum stöðum, og er því alveg augljóst mál, að hér verður og það með snöggum hætti að gera á bragarbót og gera þessum fámennari bæjar- og sveitarfélögum kleift að ráðast í þær framkvæmdir, sem alls staðar er beðið eftir. Nú er það út af fyrir sig góðra gjalda vert, að þarna er um tvöföldun á þessu að ræða, og síst skal það vanmetið. Ég held þó, að ef á að snúast við þessum vanda af fullri einurð og það eigi að bera þann árangur, sem til er ætlast, þá verði að gera hér enn betur, og ég held, að ég megi segja það hér, að við fulltrúar flokkanna í þessari þn. munum bera fram brtt. við þessa gr., þar sem það mun verða fært upp í a. m. k. 30% í stað 20% eins og nú er gert ráð fyrir í frvgr.

Ég vildi gera grein fyrir þessu nú strax, þannig að sú hv. þn., sem málið fær til meðferðar, vildi hugleiða þetta, og best af öllu væri auðvitað, að hún tæki það upp við meðferð málsins hjá nefndinni. En ég vildi sem sagt, að þetta kæmi fram nú strax við 1. umr., að vænta mætti brtt. að því er þetta varðar.

Stefán Valgeirsson: Herra forseti. Ég vil nú byrja á því að taka undir ræðu hv. þm. Vilhjálms Hjálmarssonar. Ég var honum að öllu leyti sammála. En ég kvaddi mér hljóðs til þess að undirstrika enn betur en hann gerði vanda sýsluveganna. Ég fagna þeirri breytingu, sem er gerð á 21. gr., en það nær allt of skammt. Eins og hv. þm. Ólafur G. Einarsson sagði áðan, liggja hér fyrir þinginu frv. um kaupstaðarréttindi, sum afgreidd og önnur verða afgreidd næstu daga. Það þýðir það, að þeir, sem greiða í sýsluvegasjóði, verða rúmlega 6 þús. færri en áður var. Ég hef ekki reiknað út, hvað sýsluvegirnir missa við þetta, en miðað við þær tölur, sem ég fékk hér í janúar, mundi þetta muna um töluvert mikið á fjórðu millj. Sýsluvegirnir lengjast líklega um 430—460 km við þessa breytingu, ef að lögum verður. Það er verið að tankvæða margar sýslur landsins, og því verður ekki hrundið í framkvæmd, nema gert sé mikið átak í þessum málum. Þetta frv. leysir ekki þennan vanda, og ég held, að það sé kominn tími til að skoða það, hvort á ekki að breyta til frá því, sem verið hefur í sambandi við fjármögnun sýsluveganna. Hvaða rök eru t. d. fyrir því, að þéttbýlisstaður, sem er talinn hreppur, en ekki kaupstaður, skuli borga þetta gjald, en um leið og hann fær kaupstaðarréttindi, losni hann við það? Ég held að sú nefnd, sem fær þetta frv. til skoðunar, ætti að athuga, með hvaða hætti þetta verður leyst og hvort það sé skynsamlegt að breyta til frá því, sem verið hefur.

Þó að ég fagni 5. gr., að það skuli vera leyfilegt að tvöfalda það gjald, sem hrepparnir greiða í sýsluvegasjóð, og að ríkið greiði á móti því gjaldi, sem ákveðið er á hverjum tíma, þá er þarna um viðbótargreiðslu að ræða frá þessum íbúum. Þetta frv. t. d. leggur til að stórhækka það hlutfall, sem fer til þéttbýlisveganna. Það

er sjálfsagt full þörf á því, en það er líka full þörf á því að leysa þetta verkefni, sem er mjög brýnt einmitt nú.

Ég vil ekki tefja tímann, þó að freistandi væri að ræða þessi mál frekar að þessu sinni. Ég vildi aðeins vekja athygli á því, að þó að þetta frv. sé til mjög mikilla bóta frá því, sem gildandi lög ákveða, leysi það alls ekki þennan vanda, og þarf að athuga, hvernig hann verði leystur, þannig að það skapist ekki þarna enn meira misrétti en verið hefur.

Pálmi Jónsson: Herra forseti. Eins og fram hefur komið, býst ég ekki við því, að um þetta frv. verði miklar deilur hér á hv. Alþingi, enda þótt mönnum kunni að sýnast nokkuð sitt hverjum um einstök atriði þess. Sum atriði frv. eru tvímælalaust til bóta frá gildandi lögum, og má þar nefna til dæmis, eins og segir í 1. gr., að taka upp í vegáætlun vegi að fjölsóttum ferðamannastöðum, taka upp vegi að orkuverum o. fl. og einnig um fjáröflun til sýsluvegasjóða.

Það, sem ég hafði ætlað mér að minnast hér á, var aðeins eitt atriði, sem snertir sýsluvegasjóðina, og það atriði kom einmitt hv. 3. þm. Norðurl. e. inn á í sinni ræðu. Ég tel, að það sé mjög tímabært að taka það til skoðunar, og þá þætti mér æskilegt, að sú n., sem um þetta mál fjallar, gefi því atriði rækilegan gaum, hvort ekki sé tímabært að fella niður gjöld til sýsluvegasjóðs úr þéttbýlisveitarfélögum og þá jafnt þó að þau séu hreppsfélög, eins og gerist sjálfkrafa, ef þessi sveitarfélög verða með lögum gerð að kaupstað. Þessu mundi að sjálfsögðu fylgja veruleg skerðing á tekjum sýsluvegasjóðs, — skerðing, sem yrði að bera uppi af Vegasjóði með auknum framlögum hans. Með sömu röksemdarfærslu mætti benda á, að greiðslur Vegasjóðs til þéttbýlisvega gætu minnkað nokkuð, vegna þess að það fé, sem þéttbýlisstaðirnir leggja nú af mörkum til sýsluvegasjóðs, gæti að skaðlausu gengið til lagningar gatna í því sveitarfélagi.

Það er kunnara en frá þurfi að segja, að á yfirstandandi Alþ. hafa verið flutt allmörg frv. um kaupstaðarréttindi einstakra kauptúna, og eru horfur á, ef svo gengur fram, að slíkum frv. fjölgi mjög á komandi árum. Ein meginorsök þess, að slík frv. eru flutt, er sú tregða, sem verður vart við í þessum þéttbýlisstöðum að greiða fé til sýsluvegasjóðs, og þessi sveitarfélög vilja losna við þessar greiðslur með því að gerast löggiltir kaupstaðir. Það er augljóst mál, að hægt er að leysa vanda sýsluvegasjóðs á annan hátt en þann, sem gert er í gildandi lögum og fyrirhugað er í þessu frv., og ég tel að það sé fásinna að láta atriði sem þetta verða til þess að sundra lögsagnarumdæmum landsins í stórauknum mæli frá því, sem nú er.

Þetta er meginefni þess, sem ég vildi láta koma fram við 1. umr. þessa frv. Ég hef ekki með neinum hætti slegið mati á það, hvað hér er um mikið fé að ræða, sem hyrfi frá sýsluvegasjóðunum, og hvað vegasjóður þyrfti að greiða, til þess að það yrði unnið upp. En eins og ég benti á, gæti vegasjóður með rökréttum hætti losnað við nokkrar greiðslur til þéttbýlisvega í kjölfar slíkrar breytingar, svo að hann stæði að verulegu leyti jafnréttur eftir sem áður. Vil ég vonast til þess, að hv. samgn. taki þessa breytingu til athugunar, þegar hún fjallar um þetta frv.

Ég vil enn fremur taka undir það, sem fram kom hjá hv. þm. Karvel Pálmasyni, að það er ærinn vandi á höndum fjölmargra þéttbýlissveitarfélaga úti um land í sambandi við framkvæmdir við gatnagerð, og enda þótt þarna sé um nokkra hækkun á þéttbýlisvegafé að ræða, tel ég ástæðu til að gefa því gaum, hvort ekki sé unnt að setja reglur, sem tryggja, að hlutfallslega meira af þéttbýlisvegafénu gangi til þeirra þéttbýlissveitarfélaga, sem sannarlega eiga flest eða öll sín verkefni óunnin á sviði gatnagerðar. Ég teldi mjög mikilvægt, ef unnt væri að setja slíkar reglur og stuðla þannig að því, að auðveldara yrði að leysa þennan vanda, sem við blasir í flestum þéttbýlissveitarfélögum úti um land, en varanleg gatnagerð er í flestum þeirra það mál, sem einna brýnast er og mikilvægast frá mjög margvíslegu sjónarmiði.

Ég skal ekki orðlengja þetta frekar. Ég vildi láta þessar ábendingar mínar koma hér fram. Ég ætla ekki að ræða um tekjuöflunarfrv. það, sem liggur fyrir Alþingi, og þann vanda, sem þar er við að etja. Ég vil þó nota þetta tækifæri, úr því að ég kom hér upp í ræðustólinn, til þess að ítreka þá áskorun, sem hér hefur komið fram til hæstv. samgrh., að hann hlutist til um það, að vegáætlun verði tekin til afgreiðslu hið allra fyrsta, því að það er mjög mikilvægt, ekki einasta fyrir Alþ., sem þarf að fjalla um það mál og gefa sér nokkurn tíma, heldur einnig að unnt sé fyrir vegagerðaraðila að fá vitneskju um það, hvaða verk á að vinna á komandi sumri og hver ekki. Enn fremur vil ég beina því til hæstv. ráðh., að samkvæmt vegalögum á að leggja fram á hverju Alþ. skýrslu um framkvæmd vegáætlunar fyrir síðasta ár. Þetta hefur ekki verið gert enn, og vænti ég þess, að skýrsla þessi verði lögð fram hið allra fyrsta.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 24 shlj. atkv. og til samgn. með 24 shlj. atkv.

Efri deild, 98. fundur.

Fimmtudaginn 4. apríl, kl. 2 miðdegis.

Loftferðir, frv. (þskj. 617). — 1. umr.

Félmrh. (Björn Jónsson): Herra forseti. Ég mæli hér fyrir stjfrv. um breyt. á l. um loftferðir, nr. 34 frá 21. mars 1964. Breyt., sem hér er um að ræða, er sú, að við 78. gr. l. bætast 2 nýjar mgr. hljóðandi eins og á þskj. Breyt. fela í sér í fyrsta lagi, að heimilt verði að heimta gjöld af eigendum eða notendum íslenskra og erlendra loftfara vegna ferða yfir Ísland, yfir íslensku yfirráðasvæði, svo og yfir úthafið og erlend yfirráðasvæði, allt vegna kostnaðar við

gerð og rekstur annarra hjálpartækja flugöryggisþjónustu, en í viðkomandi lagagrein eru þau upp talin, er til boða standa viðkomandi aðilum. Gjaldskylda er háð því, að um hana hafi verið samið milli Íslands og viðkomandi erlends ríkis. Um gjaldskylduna að öðru leyti fer eftir reglum, sem settar verða af ráðh. flugmála.

Í öðru lagi er svo ákveðið í 2. mgr. 1. gr. frv., að flugmálaráðherra sé heimilt að semja við stjórnvöld annarra ríkja um, að þau taki að sér innheimtu á þessum gjöldum erlendis.

Forsaga þessa máls er mjög ítarlega rakin í þeim athugasemdum, sem frv. fylgja, og get ég því að mestu látið nægja að vísa til þeirra. Rétt þykir þó að vekja athygli á því, sem hér kemur mjög við sögu, að flugöryggisþjónusta, sem varðar ferðir loftfara milli landa, er þannig skipulögð, að einstök lönd annast hana á tilteknum svæðum eftir ákvörðun Alþjóðaflugmálastofnunarinnar ICAO. Skv. ákvörðun hennar um flug yfir Norður-Atlantshaf hefur Ísland á undanförnum árum annast þessa þjónustu á svæði, sem nær suður að 61° N, austur að 0°, norður að 73° N og að Grænlandsströndum.

Þar sem þjónusta þessi er til nota fyrir öll loftför, sem leið eiga um svæðið, var árið 1956 gert samkomulag milli margra ríkja um, að 95% af kostnaði þessarar öryggisþjónustu skyldu endurgreidd íslenska ríkinu af öðrum þátttökuríkjum í því hlutfalli, sem loftför þeirra fljúga yfir N.-Atlantshafið norðan við 40° N.

Í þessu samkomulagi frá 1956 var ráð fyrir því gert, að síðar kynni að verða talið réttara, að þeir aðilar greiddu fyrir þjónustuna, sem hennar nytu. Í samræmi við þetta ákvæði var svo að tilmælum Bretlands og Kanada haldin ICAO-ráðstefna í París í mars—apríl á s. l. ári. Þar var samþ., að þegar skyldu 40% af útgjöldum vegna þjónustu, sem talið er, að komi notendum til góða, greidd af notendunum sjálfum, en 60% yrðu áfram greidd af þátttökuríkjunum, en frá og með árinu 1976 yrði skiptingin sú, að 50% yrðu greidd af notendum, en 50% af þátttökuríkjunum. Í samræmi við þessa ályktun fundarins hefur ICAO óskað eftir því við ríkisstj. Íslands, að innheimtunni verði breytt í framangreint horf.

Nú er það svo, að mikill hluti loftfara, sem fara yfir N.-Atlantshaf og notfæra sér flugöryggisþjónustu á Íslandi, kemur ekki inn á íslenskt yfirráðasvæði, og þar sem 2. og 5. gr. loftferðalaga frá 1964 gilda aðeins um flugferðir á íslensku yfirráðasvæði og um íslensk loftför utan þess svæðis, er þar ekki fyrir hendi heimild til að krefja gjöld hjá erlendum aðilum vegna flugs utan íslenska yfirráðasvæðisins. Þess vegna er nauðsynlegt að breyta 78. gr. l. frá 1964 á þann veg, sem lagt er til með fyrri mgr. 1. gr. frv.

2. mgr. frv. kveður svo á, að ráðh. sé heimilt að semja við stjórnvöld annarra ríkja um, að þau taki að sér innheimtu á þessum gjöldum erlendis. Þessi heimild er talin nauðsynleg til þess, að ekki þurfi til að koma kostnaðarsamt kerfi til innheimtu. Yrði innheimta gjaldsins væntanlega framkvæmd af breskum flugmálayfirvöldum, sem hafa komið á hjá sér slíku gjaldheimtukerfi, og mun ekkert því til fyrirstöðu, að samkomulag um þetta yrði gert með nótuskiptum milli landanna. Bretar koma einnig fram fyrir hönd Dana í þessu efni. Gert er ráð fyrir, að Bretum verði heimil innheimtuþóknun, sem nema mundi allt að 5% og yrði lögð á reikningsupphæð.

Eins og ég hef hér rakið og enn skýrar er frá greint í aths. með frv., er hér í rauninni aðeins um að ræða að gera þegar ákveðnar breyt. varðandi alþjóðlega samvinnu og öryggisþjónustu tæknilega og löglega framkvæmanlega. Vænti ég því, að þetta frv. fái greiðan framgang í hv. þd. og hv. Alþ. Ég vil geta þess í þessu sambandi, að málið er nokkuð aðkallandi, vegna þess að það er hugmyndin, að í síðasta lagi um næstu mánaðamót gangi þetta nýja innheimtukerfi í gildi. Mér er kunnugt um, að Danir eru að ganga frá nauðsynlegum lagabreyt. í þessu sambandi þessa dagana, og samgrn. hefur skýrt frá því, að ekki muni verða fyrirstaða á því, að nauðsynlegar lagabreyt. hér hafi einnig tekið gildi fyrir næstu mánaðamót, þannig að ég býst ekki við, að hér verði um neitt deilumál að ræða. Vil ég vænta þess, að hv. samgn. bregðist fljótt við og afgreiði málið eins fljótt og við yrði komið.

Ég legg sem sagt til, herra forseti, að málinu verði nú vísað til 2. umr. og hv. samgn.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 13 shlj. atkv. og til samgn. með 15 shlj. atkv.

Mat fasteigna, frv. (þskj. 205, n. 648). — 2. umr.

Frsm. (Ragnar Arnalds): Herra forseti. Fjh.- og viðskn. hefur haft til athugunar frumvarpsbákn mikið um skráningu og mat fasteigna. Eins og kunnugt er, hefur opinbert mat fasteigna hér á landi farið fram í meira en hálfa öld eða frá árinu 1922. Seinast var aðalmat fasteigna framkvæmt árið 1970, og voru vinnubrögð við það mat miklu fullkomnari en áður höfðu tíðkast og gagnasöfnun miklu umfangsmeiri. Fasteignamat er nú grundvöllur álagningar fasteignaskatta, sem hafa verið hækkaðir mjög verulega, og er því brýn þörf á því, að lagagrundvöllur fasteignamats sé sem traustastur.

Skv. því frv., sem hér liggur fyrir, er komið upp fullkomnari gagnasöfnun varðandi fasteignir en áður hefur verið og sett upp sérstök stofnun, sem ber heitið Fasteignaskrá. Einnig er komið upp sjálfstæðu kerfi matsmanna, sem verða starfsmenn Fasteignaskrár, en meta þó einnig sjálfstætt og án fyrirvara matsskrár, og aðilar geta þá áfrýjað mati þeirra til yfirfasteignamatsnefndar, sem kveður upp fullnaðarúrskurð. Matsmenn starfa undir stjórn svonefnds matsstjóra, sem sér um verkaskiptingu matsmanna, en gert er ráð fyrir því, að matsmenn muni starfa í öllum landsfjórðungum og öllum landshlutum.

Fjh.- og viðskn. hefur fengið allmargar umsagnir um frv. þetta, og skulu þær hér taldar. Þær eru frá Sambandi ísl. tryggingafélaga, frá borgarstjórn Reykjavíkur, frá Sambandi ísl.

sveitarfélaga, frá Húseigendafélagi Reykjavíkur og Húseigendasambandi Íslands. Allir þeir aðilar, sem hér hafa verið nefndir, mæla eindregið með því, að frv. verði samþykkt, verði að lögum, en allir gerðu þeir þó nokkrar aths. við frv., sem margar hafa verið teknar til greina. En það skal tekið skýrt fram, að um afgreiðslu frv. var ekki ágreiningur í n. og ekki heldur um þær brtt., sem n. flytur á þskj. 648.

Ég mun nú gera grein fyrir þessum brtt. í örstuttu máli, og er það þá fyrst sú, sem er við 5. gr. frv., að heimilt sé að verja fé úr ríkissjóði til að mæla lönd og til jarðvegskannana skv. till. Fasteignaskrár. Þessi aths. og þessi ábending kom fram frá fasteignamatinu, núv. skrifstofu fasteignamatsins, og þótti sjálfsagt að taka ákvæði um þetta efni í frv., enda ljóst, að það verður að ákveða í fjárl. á ári hverju, hve miklu fé er eytt í þessu skyni.

Við 7. gr. var lítils háttar breyt. gerð, þ. e. a. s. sú ein að vísa til laga nr. 38 14. apríl 1954, um réttindi og skyldur opinberra starfsmanna, til þess að taka af allan vafa um það, sem virtist vera ríkjandi, að við ráðningu forstjóra Fasteignaskrár skyldi farið eftir lögum um réttindi og skyldur opinberra starfsmanna, en ekki væri verði að sniðganga þau lög með þeirri skipan mála, sem frv. gerir ráð fyrir.

Í 8. gr. frv. eru ákvæði um skipan ráðgefandi n., sem eiga að vera Fasteignaskrár til ráðuneytis um nýtingu skrárinnar. Tveimur aðilum var bætt inn í upptalningu þá, sem í 8. gr. er um þá, sem eiga rétt á að tilnefna menn í n., en það eru fulltrúar Stéttarsambands bænda og fulltrúi Vinnuveitendasambands Íslands.

Í 9. gr. frv. er gert ráð fyrir því, eins og það er lagt fyrir d., að byggingafulltrúar séu ábyrgir fyrir, að Fasteignaskrá berist upplýsingar um lönd og lóðir og breytingar á mannvirkjum.

Í 10. gr. er ákveðið, að sveitarstjórnir séu hver í sínu sveitarfélagi ábyrgar fyrir sérstakri endurskoðun á því, að Fasteignaskrá hafi borist þessar upplýsingar. Við fengum margar ábendingar um, að óeðlilegt væri að gera byggingafulltrúa beinlínis ábyrgan fyrir, að upplýsingar af þessu tagi bærust, en rétt þótti að athuguðu máli, að þeir hefðu þetta verkefni með höndum, og því er gr. umorðuð í 4. brtt. n., þar sem segir: „Byggingafulltrúi eða sá, sem sveitarstjórn tilnefnir, skal sjá um, að Fasteignaskrá berist réttar upplýsingar“ o. s. frv. — Og í 10. gr. er síðan lögð á það áhersla, að það sé sveitarstjórn að sjálfsögðu, sem beri ábyrgð á því, að byggingafulltrúar vinni þetta verk eða aðrir þeir, sem hún setur til þess verks.

Við 12. gr. hefur fjh.- og viðskn. gert þá brtt., sem telja má hvað stærsta að efni til, en það er setningin í upphafi brtt.: „Ávallt er skylt að greina rétt söluverð í afsali.“ — Eins og kunnugt er, hvílir ekki sú skylda á seljendum fasteigna að greina söluverð í afsali, og hafa því verið ýmsar aðferðir notaðar til þess að ákveða þinglýsingargjald, þegar þinglýsing afsala fer fram. Í fyrsta lagi er miðað við söluverð, ef það er fyrir hendi í afsali, í öðru lagi má taka tillit til þeirra skulda, sem hvíla á viðkomandi eign, og í þriðja lagi hefur oft verið miðað við fasteignamatsverð, en það margfaldað með ákveðinni tölu. N. fékk um það ábendingar, m. a. frá Húseigendafélagi Reykjavíkur og Landssambandi húseigenda, að eðlilegast væri að gera það að skyldu, að rétt söluverð væri greint í afsali, og n. gerir það að till. sinni. Aftur á móti hefur n. í brtt. sinni fellt út setninguna: „Fasteignaskrá er heimill aðgangur að skattframtölum til að sannreyna upplýsingar um fasteignir eða afla þeirra.“ — Mönnum sýndist, að þetta hefði ekki ýkjamikið raunhæft gildi, ef Fasteignaskrá mundi yfirleitt hafa þessar upplýsingar hjá sér, og það væri óeðlilegt að veita henni rétt til þess að ganga í framtöl manna. Hitt mun öllu líklegra, að skattstofur þurfi að leita til Fasteignaskrár til að samræma þær upplýsingar, sem gefnar eru í framtölum. Og þar sem óskir og ábendingar komu fram um það, að þessi setning yrði felld niður, hefur n. gert það að till. sinni.

Í 18. gr. hefur lítils háttar breyt. verið gerð, og er hún sama eðlis og 2. brtt., þ. e. a. s. það er einungis tilvísun í lög um réttindi og skyldur opinberra starfsmanna til þess að því sé slegið föstu, að þó að menn séu að vísu ráðnir með 6 mánaða uppsagnarfresti, þá séu þeir ráðnir með réttindum og skyldum opinberra starfsmanna.

Við 2. mgr. 18. gr. hefur n. gert lítils háttar brtt., en þar er um það fjallað, hvernig eignir eru metnar. Skv. frv. er sveitarfélagi veittur réttur til að tilnefna á sinn kostnað trúnaðarmann til að eiga aðild að mati, en verði ágreiningur milli tilnefndra og skipaðs matsmanns, skal niðurstaða hins skipaða ráða að svo stöddu, en matið ganga til yfirmats.

Fram komu óskir um það, að eigendur gætu tilnefnt á sinn kostnað trúnaðarmann til að eiga aðild að matinu, en ekki aðeins að sveitarfélögin hefðu þennan rétt. Þótti n. rétt að athuguðu máli að gera till. í sambandi við þessa ábendingu, enda er það yfirmatið, sem raunverulega ræður úrslitum.

Að lokum gerir n. brtt. við 5. mgr. 18. gr., en þar er fjallað um fjölda matsmanna og að matsstjóri geti sett þá til starfa, hvar sem er á landinu, eftir því sem verkefni falli til. Hér er reyndar um ákaflega viðkvæmt mál að ræða, raunar það, sem mestum deilum hefur valdið, því að í umsögn fasteignamatsins og í umsögn Sambands ísl. sveitarfélaga komu fram þær skoðanir, að sú tvískipting valda við starfsemi Fasteignaskrár, sem frv. gerir ráð fyrir, væri óheppileg. Fasteignaskrá ætti að starfa sem samfelld heild, þar sem forstjóri Fasteignaskrár hefði fullkomin völd yfir öllum sínum starfsmönnum, en valdssvið hans væri ekki skert, eins og frv. gerir ráð fyrir. Eins og ég hef vikið áður að, gerir frv. ráð fyrir því, að matsmenn undir stjórn matsstjóra annist matið algerlega sjálfstætt og að það sé matsstjóri, sem setji þá til starfa, en gagnasöfnunin og önnur starfsemi Fasteignaskrár sé undir stjórn forstjóra Fasteignaskrár. Um þetta hefur sem sagt verið ágreiningur, hvort skipulagið ætti að hafa, en mikill meiri hl. n. þeirrar, sem undirbjó frv., var þeirrar skoðunar, að það væri heppilegt, að matsmennirnir hefðu sjálfstæðan starfsgrundvöll og að þeir yrðu aðeins að lúta yfirfasteigna-

matsnefnd varðandi matsstörf sín. Fjh.- og viðskn. hefur fallist á það sjónarmið, að þetta skipulag sé heppilegast, en hún hefur jafnframt komist að þeirri niðurstöðu, að eðlilegt kunni að vera, að forstjóri Fasteignaskrár geti leitað til matsmanna um upplýsingasöfnun almennt til þess að gera starf Fasteignaskrárinnar auðveldara, og því hefur fjh.- og viðskn. gert till. um það, að við 5. mgr. 18. gr. bætist setning, þannig að mgr. verði í heild sinni þannig:

„Matsstjóri getur sett matsmenn til starfa, hvar sem er á landinu, eftir því sem verkefni falla til, og jafnframt falið þeim upplýsingasöfnun að beiðni forstjóra Fasteignaskrár."

Herra forseti. Ég hef hér gert grein fyrir till. fjhn.- og viðskn. á þskj. 648. Þetta er síðasti tölul., og ég held, að ekki þurfi að bæta þar við mörgum orðum. Það er kannske rétt þó að láta þess getið að lokum, að 16. gr. frv. olli nm. allmiklum heilabrotum, en þar er fjallað um það, hvernig fasteignir skulu metnar, við hvað skuli miðað, og þar er meginreglan sú, að miðað er við raunverulegt gangverð. Þó er þar gerð afar mikilvæg undantekning, því að í 2. mgr. segir:

„Bújarðir skulu metnar miðað við notkun þeirra til búskapar, á meðan þær eru nýttar þannig."

Það er sem sagt látin gilda önnur regla um mat á bújörðum heldur en mat á fasteignum í þéttbýli og stafar að sjálfsögðu af því, að óeðlilegt þykir að hafa mjög hátt fasteignamat á bújörðum, ef notkun þeirra til búskapar gefur ekki tilefni til þess.

Í sambandi við þetta vaknaði spurningin, hvernig ætti að skipta verðmæti leigulands milli eigenda og leigjenda, og í 3. mgr. 16. gr. er sett *fram ákveðin regla, sem er á þá leið*, að verðmæti leigulands skuli skiptast milli eigenda og leigjenda þannig, að 15-föld ársleiga eftir landið skuli að jafnaði teljast verðmætishluti landeigenda og metið gangverð umfram þetta skuli teljast verðmætishluti leigjenda landsins.

N. óskaði eftir skýringu fjmn. á þessu ákvæði, og tel ég rétt að láta hana koma hér fram að lokum, en í bréfi fjmrn. segir svo:

„Óeðlilegt má teljast, að land, sem leigt er út, sé að öllu leyti metið sem verðmæti landeigandans. Skýrast kemur þetta fram, þar sem leigt er til langs tíma. Eigandi hefur venjulega engin *not landsins önnur en leigugjaldið, sem oft er* lágt miðað við verðmæti landsins. Allan annan arð og hag af því fær leigjandi í sinn hlut, sem oft er hlutfallslega mun meiri en landeigandi fær, miðað við metið verðmæti landsins í kaupum og sölum. Er því eðlilegt, að verðmætaskipting eigi sér stað í matinu. Með orðinu afgjaldskvaðarverðmæti er átt við verðmæti, sem svarar til leigugjalds. Þau gæði, sem landeigandi þannig hefur af landinu, margfaldað með vissum árafjölda, eru metin sem verðmætishluti hans. Það, sem umfram er, svo að fullt gangverð náist, er verðmætishluti leigjanda. Þessi regla mundi ná *yfir allt leiguland*, þ. á m. *bújarðir í leiguábúð*, en þar njóta hins vegar eigandi og leigjandi þess hagræðis, sem 2. mgr. 16. gr. frv. gerir ráð fyrir varðandi mat á bújörðum. Ákvæði sama efnis og í 3. mgr. 16. gr. frv., er að finna í 9. gr. núgildandi reglugerðar, nr. 301 1969, um fasteignamat og fasteignaskráningu.

Sú aðferð til skiptingar verðmætis milli eigenda og leigjenda, sem að framan er lýst, er skásta lausnin, sem fasteignamatsmenn og semjendur frv. hafa fundið á þeim vanda, sem skapast vegna hins geysilega munar, sem er á lóðarleigum almennt í landinu og gangverði lands í kaupum og sölum. Ætla má, að ákvæði eins og þau, sem eru í frv., og þróun til hækkandi landverðs leiði til þess, að leigutakar lands þrýsti á um hækkun lóðarleigu, þannig að eignarhluti þeirra minnki eða hverfi. Verður að telja æskilegt, að löggjöfin hafi þannig áhrif í þá átt, að lóðareigendur nálgist raunverð."

Þetta var sem sagt bréf frá fjmrn. til n. varðandi þetta ákvæði, og mér þykir rétt, að þetta komi hér fram við umr., vegna þess að af umsögnum, sem n. bárust, var ljóst, að menn höfðu alls ekki skilið, hvers vegna þetta ákvæði var á þennan veg. Það er því rétt, að þessi skilningur rn. og skýring komi einhvers staðar fram.

Halldór Blöndal: Herra forseti. Eins og sést á þskj. 648, hef ég haft fyrirvara í sambandi við þessar brtt. og nál. Ástæðurnar fyrir þeim fyrirvara eru einkum þær, að í þessu frv. er gert ráð fyrir því, að þeir menn, sem hér er gert ráð fyrir að ráða, bæði forstjóri stofnunarinnar og einstakir matsmenn, skuli ráðnir með 6 mánaða uppsagnarfresti. Mér er ekki alveg ljóst, hvernig stendur á því, að þessi ákvæði eru tekin inn í þetta frv. sérstaklega, og bendi í því sambandi t. d. á frv. til l. um Ríkismat sjávarafurða, sem er nýlega fram komið, 30. mál Ed., en þar er fortakslaust gert ráð fyrir því, að forstjóri þeirrar stofnuna sé skipaður og sömuleiðis deildarstjórar, einnig yfirmatsmenn, að það sé um skipun að ræða, en í því frv., sem hér er fjallað um, um skránnigu og mat fasteigna, er talað um að ráða starfsmennina með 6 mánaða uppsagnarfresti.

Ég hafði gert ráð fyrir því, að hæstv. fjmrh. yrði viðstaddur þessar umr. og gæti gefið upplýsingar um það, hvernig á þessum mismun stendur, hvort þarna sé verið að gera tilraun til þess að marka nýja stefnu í sambandi við ráðningu og kjör opinberra starfsmanna. Nú er mér kunnugt um það, að hið opinbera eða ríkisvaldið hefur á allra síðustu árum, eftir að þessi ríkisstjórn tók til starfa, gert tilraunir til þess, að komast nokkuð fram hjá lögum um réttindi og skyldur opinberra starfsmanna, og m. a. hefur það komið fram beinlínis hjá stjórnarmönnum í BSRB og þ. á m. hjá formanni félags ríkisstarfsmanna, að þess séu dæmi hér í Reykjavík, að opinberar stofnanir ráði menn eftir samningum verslunarmannafélags Reykjavíkur, en ekki samkv. samningum við starfsmenn ríkisins. Mér er einnig kunnugt um það, að stjórn BSRB hefur orðið að hafa afskipti af ýmsum einstökum málum, vegna þess að hið opinbera hefur tekið upp þann hátt að lausráða starfsfólk og hefur hagað ráðningarkjörum með þeim hætti, að viðkomandi hefur t. d. ekki fengið aðild að lífeyrissjóði opinberra starfsmanna.

Mér finnst óeðlilegt, þegar verið er að fjalla um mismunandi stofnanir, eins og hér er gert, að viðhafa ekki sama orðalagið um ráðningarkjörin, einkum þar sem borið hefur á því, að hæstv. ríkisstj. sé nokkuð lauslát í þessum efnum og hugsi ekki um of um hag starfsmanna sinna. Ég mun því athuga það milli 2. og 3. umr., hvort sé ástæða til þess að flytja sérstakar brtt. um þetta efni, og mun hafa samband um það við þá menn, sem stóðu að samningu frv., til þess að fá fullnægjandi skýringar á því, hvernig á þessum sérstöku ráðningarkjörum standi.

Ég vil einnig vekja athygli á því í þessu sambandi, þó að það sé ekki þessu máli beint viðkomandi, að í frv. um Ríkismat sjávarafurða er gert ráð fyrir því, að ekki einungis forstjóra stofnunarinnar, heldur einnig deildarstjórum og yfirmatsmönnum hjá Ríkismati sjávarafurða skuli öllum sagt upp störfum hjá Fiskmatinu, og ekki kemur neitt fram um það, hvort þessir menn eigi að hafa forgang að endurráðningu, þegar þar að kemur. Það mál er nú ekki til umr. hér og hlýtur að fá sérstaka skoðun í n., en eins og ég sagði: Það er auðvitað hægt að hugsa sér að marka nýja stefnu í sambandi við ráðningarkjör opinberra starfsmanna, en þá verður það að gerast almennt og yfir alla línuna, en með öllu óverjandi að taka með þessum hætti einstaka stöðu út úr, án þess að því fylgi fullnægjandi skýringar.

Ég vil aðeins gera að umtalsefni, að í þessu frv. er gert ráð fyrir því, að þessi stofnun muni verða tvískipt, eða eins og segir í grg. við 18. gr.:

„Í 3. mgr. eru ákvæði um sérstakan matsstjóra, sem ráðh. skipar úr hópi matsmanna, og um verksvið hans. 4. mgr. kveður hins vegar á um skipulagsleg tengsl matsmannakerfisins við Fasteignaskrá. Er það stefna frv. að koma í veg fyrir, að þessi starfsemi verði tvær stofnanir. Hins vegar þykir nauðsynlegt, að matsmenn séu sjálfstæðir í matsstörfum sínum og að því leyti óháðir Fasteignaskrá um annað en skráðar upplýsingar til að grundvalla mat sitt á. Með þessum hætti, eru tveir aðilar gerðir ábyrgir, þ. e. forstjóri Fasteignaskrár fyrir þeim þætti, sem að skráningu eigna snýr, og matsstjóri fyrir matsstörfum. Er hvorum um sig mikilvægt í sínu starfi að fá sem besta vitneskju um efni, sem hinum ber að afla upplýsinga um.“

Það er eins um þetta atriði, ég hreyfði því í fjh.- og viðskn., m. a. samkv. ábendingum Sambands ísl. sveitarfélaga, hvort þarna væri stefnt í rétta átt, og vil í því sambandi vitna til umsagnar Sambands ísl. sveitarfélaga, en þar segir, með leyfi hæstv. forseta:

„Stjórnin telur mikils virði, að l. verði þannig, að þau hindri ekki, að stofnunin og starfslið hennar nái besta hugsanlega árangri í störfum sínum. Því leggur stjórnin til, að stofnunin starfi sem ein heild og að allt starfslið hennar lúti ábyrgum forstjóra, þ. á m. þeir starfsmenn, sem um ræðir í 18. gr. frv.“.

Ég fann það, að í fjh.- og viðskn. var ekki hljómgrunnur fyrir því, að þarna yrði breyt. á, en hins vegar lögð áhersla á það, að málið kæmi til 2. umr., og vildi ég ekki standa á móti því út af fyrir sig. Ég fann, að það var ekki áhugi fyrir því, að koma til móts við þessar óskir Sambands ísl. sveitarfélaga, en áskil mér hins vegar rétt til þess að athuga það milli umr., hvort ekki muni réttara að hafa hér þann hátt á, sem sveitarfélögin leggja til.

Eins og fram kemur í grg., er stofnunin algjörlega klofin með 18. gr., og ég fæ ekki séð, að það sé svo út af fyrir sig svo mikið verk fyrir forstjóra að annast um þann þáttinn, sem að skráningu eigna snýr, að honum ætti ekki að vera í lófa lagið að hafa einnig yfirstjórn yfir hinum þættinum. Má í því sambandi benda á, að það getur verið nauðsynlegt, til þess að skráningin nái tilgangi sínum, að þarna sé mikil samvinna á milli þessara tveggja þátta og samspil, og ég hef ekki fengið svo ríkar ástæður fyrir því að skipta stofnuninni, kljúfa hana í tvennt, að ég sé fullkomlega sáttur við þessa verkaskiptingu, og mun athuga það mál.

Ég vil einnig vekja athygli á því, að Samband ísl. sveitarfélaga gerði aths. við 16. gr. frv. og segir í áliti sínu, að ástæðulaust virðist að gera greinarmun á mismunandi tegundum hlunninda. Sömuleiðis hefur aths. komið frá Fasteignamati ríkisins. En ég mun athuga um þessi mál, hvort ég tel ástæðu til að flytja um þau sérstakar brtt., bæði um þessi atriði, — og þá við 3. umr., þar sem ég vildi ekki setja fótinn fyrir frv. nú, að það næði afgreiðslu við 2. umr., — og þá einnig um þau ráðningarkjör, sem þarna er gert ráð fyrir, en um það hef ég ekki fengið nægilega haldgóðar skýringar, sem ég sætti mig við, einkanlega vegna þess, eins og ég sagði, að hæstv. ríkisstj. hefur haldið þannig á í sambandi við ýmsar ríkisstofnanir, að hún hefur gengið á það lagið að ráða fólk í þjónustu ríkisins, sem svo síðar kemur upp úr dúrnum, að eru ráðnir eftir samningum Verslunarmannafélags Reykjavíkur. Það brýtur algjörlega í bága við bæði lagaskyldu, eðlileg vinnubrögð og hefur valdið einstaklingum margvíslegum erfiðleikum, og ég veit t. d. dæmi þess, að menn hafa orðið að standa í miklu stappi til þess að fá eðlileg réttindi í lífeyrissjóði opinberra starfsmanna.

Að lokum vil ég aðeins lýsa skriflegri brtt., sem ég flyt við 18. gr., 5. mgr. 18. gr., þar sem ég legg til, að í staðinn fyrir „í Borgarnesi“ komi: á Akranesi. — Þarna er fjallað um það, að ráðh. skuli ákveða fjölda matsmanna og aðsetur þeirra, og þeir staðir, sem taldir eru upp, þeir eru: í Reykjavík, á Akureyri, Egilsstöðum, Selfossi, Ísafirði, í Borgarnesi, á Sauðárkróki og í Keflavík. Með hliðsjón af því, að Akranes er langstærsti staðurinn á Vesturlandi, og með hliðsjón af því, að t. d. Skattstofa Vesturlands er á Akranesi, leyfi ég mér að leggja til, og bendi á í því sambandi, að svo greiðfært er um þetta hérað, að það á ekki að skapa neina erfiðleika fyrir matsmanninn að ferðast þar á milli. Það er ekki sá spölur milli Borgarness og Akraness, að það eigi að ráða úrslitum út af fyrir sig. Hitt álít ég, að sé miklu þyngra á metunum, að Akranes er langfjölmennasti staðurinn og þess vegna sé eðlilegt, að matsmaðurinn sé þar.

Steinþór Gestsson: Herra forseti. Þegar þetta frv. til l. um skráningu og mat fasteigna var til 1. umr. hér í þessari hv. d., gerði ég nokkrar aths. við efni þess, mjög lítilvægar að vísu, og

fagnaði því að öðru leyti, að hreyfing væri loksins komin á þetta mál. Ég þóttist því eygja það, að það mikla og verðmæta starf, sem unnið hafði verið við síðasta fasteignamat ríkisins, mundi ekki þurfa að falla niður og verða hálfónýtt. Ég sé að vísu, að þær brtt., sem gerðar eru hér af hv. n., lúta ekki að þeim atriðum, sem ég gerði að umtalsefni við 1. umr., og ég mun ekki gera neitt í því frekar. Ég tel, að þau atriði, sem ég þá kom inn á, hafi ekki verið stórvægileg, eins og ég áðan sagði, en ég vil þó minna á það, að í 2. gr. er orð, sem ég kannast ekki við í íslensku máli og mér þykir óeðlilegt, að það sé sett í íslensk lög. Ég hef aldrei heyrt talað um það, sem þar er nefnt „landmörk" á milli jarða. Það ber ekki vott um góð vinnubrögð hjá Alþ., ef við komum ekki lögum yfir á sæmilegt íslenskt mál.

Annað, sem ég gerði að umræðuefni þá, hefur ugglaust verið af þeirri fáfræði, sem ég er haldinn í sambandi við tölvutækni, þar sem ég kannaðist ekki við orðin greinitalnakerfi eða staðgreinitölukerfi. Það má vel vera, að þetta séu nauðsynleg orð, í sambandi við þau vinnubrögð, sem þarf að hafa við Fasteignaskrá, eins og hún verður væntanlega byggð upp, og ég geri því engar aths. við þetta, — skrifa þetta á minn reikning, en ekki nm.

Ég hafði orð á því þá líka, að mér fyndist óeðlilegt, að í 3. gr. þessa frv. er allnákvæm upptalning á því, hvaða upplýsingar um mannvirki eigi að vera fyrirliggjandi. Ég taldi, að það væri eðlilegra, að slík upptalning væri í reglugerð, þar sem ætla mætti, að hún gæti breyst nokkuð þétt. Ég sé í aths. með frv., að gert er ráð fyrir því, að þetta sé gert með það fyrir augum að taka til þau helstu atriði og setja í lög, sem þarna þurfi að liggja fyrir og þess vegna hafi þeir, sem sömdu frv., litið svo á, að nauðsynlegt væri að hafa þetta ekki svo mjög laust í reipunum vegna kostnaðar. Þetta eru rök, sem er mjög auðvelt að beygja sig fyrir. En þá tel ég, að aftur á móti sé ekki rétt að telja það vera rök, að það eigi að vera undanþágur frá þessu í næstu eða næstnæstu grein, þannig að hægt sé að breyta þessu án löggjafar, því að í 5. gr. segir: „Ráðh. getur með reglugerð fjölgað þeim upplýsingaratriðum um fasteignir, sem færð skulu í fasteignaskrá samkv. 3. gr." — Ég álít þetta alveg óþarft ósamræmi í löggjöf og þess vegna hefði verið eðlilegra að hafa á annan hvorn háttinn.

Það, sem kom mér til að kveðja mér hljóðs, eru ekki þessi atriði sérstaklega, ég taldi þau ekki svo mikilvæg, en þegar þetta frv. var hér til 1. umr., hafði ég haft það stuttan tíma til yfirlesturs og eitt og annað farið fram hjá mér, sem síðar varð ljóst. Er þá sérstaklega það, sem ég vildi minnast á nú, 16. gr. frv., 2. mgr. 16. gr., þar sem rætt er um bújarðir og hvernig þær skuli metnar.

Í fyrsta lagi má vel vera, að ég hafi ekki það greinilega fyrir mér, hvað er átt við með „bújarðir". Er það jarðeignin ein, eða er það bújörðin í heild? Þetta er afgerandi fyrir það, hversu veigamikið þetta málefni er.

Það er sagt þarna: „Bújarðir skulu metnar miðað við notkun þeirra til búskapar, á meðan þær eru nýttar þannig." — Svo kemur: „Jarðir skulu í þessu tilliti því aðeins taldar nýttar til búskapar, að þær séu lögbýli og hafi eigi minni bústofn en sem svarar 10 kúgildum eða samsvarandi áhöfn í öðru búfé." — Svo kemur þar á ofan: „Þó skal ekki meta jörð sem bújörð, ef áhöfn síðustu 5 árin, sem búið hefur verið á henni, hefur að meðaltali verið minni en sem svarar hálfu kúgildi á hvern hektara ræktaðs lands."

Það, sem ég vil hér gera að umræðuefni, er, að mér sýnist í fyrsta lagi óeðlilegt að meta fasteignir ekki allar með sama hætti, og í öðru lagi finnst mér algjör óþarfi að gefa mönnum ráð með löggjöf til þess að losna undan þessari kvöð um bújarðir. Að losna undan þeirri kvöð að láta meta eign sína sem bújörð, meta hana sem 2. fl. eign í landinu, er ekki annað en það að skirrast við að nota hana eins og ætlast er til. Ef eigandinn heldur henni utan ábúðar eða heldur henni í þannig niðurníðslubúskap, að það komi ekki nema hálft kúgildi á hvern ræktaðan hektara, þá má meta það eftir gangverði.

Ég held, að ég þurfi ekki að hafa fleiri orð um þetta.

Frsm. (Ragnar Arnalds): Herra forseti. Ég er að sjálfsögðu ekki réttur aðili til þess að gefa upplýsingar um það, hvers vegna eitt frv. af hálfu fjármálavaldsins sé með þessum hætti og annað með öðrum hætti. Að sjálfsögðu verður fjmrh. að svara til, þegar spurt er um mismun á tveimur frv., eins og hér var gert af hálfu hv. 2. þm. Norðurl. e., Halldórs Blöndals, áðan. Hins vegar verð ég að játa það, að ég er í sjálfu sér ekkert hissa á því, þótt í frv. um stofnun, sem verið er að setja á fót, komi fram ákvæði, sem feli það í sér, að heimilt sé að segja starfsmönnum upp með 6 mánaða fyrirvara. Hér er um stofnun að ræða, sem er verið að koma á fót og mun starfa með nokkuð öðrum hætti en verið hefur. Menn áskilja sér að sjálfsögðu rétt til að koma með hugsanlegar breytingar á þessu skipulagi síðar meir, vegna þess að reynsla er ekki fengin fyrir þessari skipan mála, og þá verður að sjálfsögðu að haga málinu þannig, að unnt sé að breyta til með tiltölulega auðveldum hætti. Þess vegna er vafalaust sett inn ákvæðið um, að heimilt sé að segja upp bæði forstjóra og matsmönnum með 6 mánaða fyrirvara. Þetta hefur gerst í sambandi við fleiri stofnanir, sem hér hafa verið til umræðu og eru settar á laggirnar með löggjöf í seinni tíð. Ég get nefnt sem dæmi, að í löggjöfinni um Framkvæmdastofnun ríkisins var gert ráð fyrir því, að framkvæmdaráðsmenn, sem ráðnir væru þar til starfa, væru ráðnir með þeim hætti, að þeim mætti segja upp með tiltölulega mjög skömmum uppsagnarfresti. Ástæðan var að sjálfsögðu sú, að menn vildu ekki negla niður skipulag, sem þannig væri, að ekki væri hægt að segja mönnum upp um mjög langt skeið, þegar um var að ræða stofnanir, sem ekki var reynsla fyrir, hvernig ættu eftir að starfa. Ég vil hins vegar taka það fram að lokum, að það ákvæði, sem hér um ræðir, er í fyllsta samræmi við lög um réttindi og skyldur opinberra starfsmanna. Ég vil leyfa mér að vitna

í þau lög, með leyfi hæstv. forseta, en þar segir í 1. gr.:

„Rétt er og að setja í ráðningarsamninga forstjóra atvinnufyrirtækja, er ríkið rekur, ákvæði um uppsögn og annað, er kann að vera nauðsynlegt eða heppilegt starfs hans vegna.“

Þetta ákvæði er sem sagt í 1. gr. laga um réttindi og skyldur opinberra starfsmanna. N. taldi rétt að halda sig við þennan 6 mánaða uppsagnarfrest, en vildi hins vegar taka af öll tvímæli um það, að að öðru leyti ættu lög um réttindi og skyldur opinberra starfsmanna að sjálfsögðu við og að þessir starfsmenn yrðu ríkisstarfsmenn með þeim réttindum og skyldum, sem því fylgja.

Ég vonast fastlega til þess, að BSRB hafi ekki neitt við þessa lausn málsins að athuga og geti verið ásátt með þessa niðurstöðu. Ef annað skyldi koma á daginn, er að sjálfsögðu tækifæri til þess við síðari meðferð þessa máls hér í þinginu að taka það atriði til endurskoðunar. Ég er sannfærður um það, að bæði fjmrn. og hins vegar sú n., sem um þetta hefur fjallað í þinginu, vilja ganga frá þessum málum á þann hátt, sem samtök opinberra starfsmanna geta sætt sig við.

Varðandi það atriði, sem hv. þm. nefndi, að matsmaður ætti að eiga sæti á Akranesi, en ekki í Borgarnesi, um það hefur hann flutt brtt., þá get ég aðeins sagt það, af því að ég nefndi það ekki í framsöguræðu, — enda vissi ég þá ekki, að þessi brtt. mundi koma fram, — að það var skoðun n., að matsmaður, sem sæti ætti í Borgarnesi, væri meira miðsvæðis á Vesturlandi en sá, sem sæti á Akranesi. Ég geri ráð fyrir því, að flm. frv. hæstv. fjmrh., hafi haft svipuð sjónarmið í huga, þegar frv. var undirbúið.

Um aths. hv. þm. Steinþórs Gestssonar, 6. þm. Sunnl., vil ég aðeins segja það, að ég er honum sammála um, að þetta er einkennilegt orð, sem er í 2. gr. frv. „landmörk“, því að eðlilegra virðist vera að tala um landamörk eða landamerki. Ég tel, að það sé svo lítill munur á landamörkum og landamerkjum og í þessu tilviki sé tvímælalaust átt við náttúrleg mörk landa, þ. e. a. s. landamörk, og það væri það orð, sem hér ætti við. Ef við gætum orðið sammála um þetta atriði, trúi ég ekki öðru en að við gætum komið fram brtt., sem lagaði þennan agnúa. Það er að sjálfsögðu nauðsynlegt, að þm. séu vakandi fyrir því, að Alþ. sé ekki að senda frá sér lög með alls kyns ónefnum og orðum, sem ekki eiga við. Hins vegar er það því miður svo, að frv., sem okkur berast í hendur, eru á misjafnlega góðu máli, og ég verð að segja það hreinskilnislega, að mér virðist, að orðalag á þessu frv. sé með því verra, sem gerist, hver sem svo ábyrgð ber á því.

Að lokum vil ég segja um aths. 6. þm. Sunnl. um bújarðir, að n. staldraði töluvert mikið við þetta ákvæði, að hér er gert ráð fyrir sérreglu um mat á bújörðum. Ég held að vísu, að það þurfi ekki að valda neinum misskilningi, að þegar talað er um mat á bújörðum, þá er að sjálfsögðu ekki átt við, að verið sé að meta bústofninn í leiðinni eða annað lausafé, og ég hef því skilið hv. þm. rétt, að hann átti ekki við það. En við mat á bújörð er áreiðanlega átt við, bæði land og hús, — ég tel, að það geti ekki verið neinum vafa undirorpið, það er átt við það, sem telst til fasteignarinnar sem slíkrar.

Ég get hins vegar það eitt sagt um þetta ákvæði, að það mun vera sett inn í frv., að því er mér skilst, í þágu bændastéttarinnar, til þess að fasteignagjöld verði ekki óeðlilega há og vegna ótta við það, að ella yrðu jarðir allt of hátt metnar. Það væri hægt að sanna það, að ákveðin jörð gæti selst á óhemjumiklu verði, kannske 10 millj., eins og nú er farið að tíðkast, og þá væri illt fyrir þann, sem ætti að sitja slíka jörð, að þurfa að greiða fasteignagjald af verðmæti, sem raunverulega nýtist ekki með þessum hætti við venjulegan búskap. Svo væri, ef miða ætti við gangverð. Ef t. d. jarðirnar í kringum Votmúla væru virtar, miðað við að sú sala hefði átt sér stað, og bændurnir yrðu að greiða fasteignagjöld í samræmi við það, er hætt við, að þær jarðir yrðu mjög erfiðar til búskapar af þessari ástæðu. Mér skilst satt að segja, að þetta sé ástæðan til þess, að þessi sérregla er sett inn. Ég tel, að þessi rök séu ekki neitt út í bláinn, en sjálfsagt er þetta út af fyrir sig umdeilanlegt, að ekki skuli gilda nákvæmlega sama regla um allar eignir í landinu.

ATKVGR.

Afbrigði skrifl. brtt. (sjá þskj. 671) samþ. með 12 shlj. atkv.

Halldór Blöndal: Herra forseti. Ég hafði nú hugsað mér að geyma til 3. umr. frekari umr., ef ég sæi þá ástæðu til þess að ræða frekar um þessi mál. En ég gat ekki stillt mig, þegar hv. 4. þm. Norðurl. v. fór að tala hér um ráðningarkjörin skv. þessu frv. og vitnaði í því sambandi til Framkvæmdastofnunar ríkisins. Nú er honum jafnkunnugt um það og mér, að það er nú svo um toppana í þeirri stofnun, að þeir eru alls ekki ráðnir eftir ráðningarsamningum BSRB við ríkisvaldið, vegna þess að skv. þeim samningum hefði ekki verið hægt að greiða þessum kommissörum og öðrum mönnum, sem þar eru innan dyra, nógu há laun. Ástæðan fyrir því, að það er kveðið á um sérstök ráðningarkjör þeirra manna í Framkvæmdastofnuninni, sem hv. þm. talaði um, var því allt önnur og gefur tilefni til þess að átelja slík vinnubrögð og slíka meðferð kjaramála. — En það stendur sem sagt óbreytt, sem ég sagði, að hér er gert ráð fyrir því að ráða menn með nokkuð óvenjulegum hætti, og eru þær skýringar, sem þessi hv. þm. gaf, því engan veginn fullnægjandi, enda alls ekki um sambærilega stofnun að ræða og Framkvæmdastofnunina.

ATKVGR.

1. gr. samþ. með 16 shlj. atkv.
2.—4. gr. samþ. með 18 shlj. atkv.
Brtt. 648,1 samþ. með 14 shlj. atkv.
5. gr., svo breytt, samþ. með 16 shlj. atkv.
6. gr. samþ. með 16 shlj. atkv.
Brtt. 648,2 samþ. með 17 shlj. atkv.
7. gr., svo breytt, samþ. með 16 shlj. atkv.
Brtt. 648,3 samþ. með 17 shlj. atkv.
8. gr., svo breytt, samþ. með 17 shlj. atkv.
Brtt. 648,4 (ný 9. gr.) samþ. með 15 shlj. atkv.
Brtt. 648,5 samþ. með 15 shlj. atkv.

10. gr., svo breytt, samþ. með 15 shlj. atkv.
11. gr. samþ. með 15 shlj. atkv.
Brtt. 648,6 samþ. með 13 shlj. atkv.
12. gr., svo breytt, samþ. með 13 shlj. atkv.
13.—17. gr. samþ. með 13 shlj. atkv.
Brtt. 671 tekin aftur til 3. umr.
— 648,7 samþ. með 13 shlj. atkv.
18. gr., svo breytt, samþ. með 14 shlj. atkv.
19.—28. gr. samþ. með 15 shlj. atkv.
Ákvæði til bráðabirgða samþ. með 16 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 16 shlj. atkv.

Ríkismat sjávarafurða, — frv. (þskj. 625). — 1. umr.

Sjútvrh. (Lúðvík Jósepsson): Herra forseti. Með sérstöku bréfi, sem barst til sjútvrn. 5. okt. á s. l. hausti frá fjmrn. eða frá fjárlaga- og hagsýslustofnun þess rn., var rn. skrifað um sérstakar till., sem þessi stofnun fjmrn. og fjvn. vildu gera í sambandi við skipulag Fiskmats ríkisins og Síldarmats ríkisins.

Eins og fram kemur í grg. þessa frv., kom fram í þessu bréfi till., sem hljóðaði þannig:

„Undirnefnd fjvn., sjútvn. og fjmrn., fjárlaga- og hagsýslustofnun hafa að undanförnu rætt skipulag og starfsemi Fiskmats ríkisins og Síldarmats ríkisins. Er niðurstaðan af þessum umr. sú, að brýn þörf sé á og tímabært að taka starfsemi þessara tveggja stofnana til endurskoðunar og breytinga. Er einkum tvennt, sem telja verður að endurskoðunin eigi að beinast að:

1) Innra skipulagi og starfsemi Fiskmatsins og
2) niðurlagningu Síldarmatsins og samruna þess við Fiskmatið."

Í sjútvrn. hefur þetta mál verið til athugunar, bæði síðan þessi skrif komu til og áður, og hefur verið skoðun manna í rn., að rétt væri að stefna að því að leggja niður Síldarmat ríkisins sem sjálfstæða stofnun og sameina það Fiskmati ríkisins og gera þá gjarnan um leið almennar skipulagsbreytingar á fiskmatsmálunum.

Í framhaldi af þessu skipaði sjútvrn., 29. nóv. s.l., sérstaka þriggja manna n., sem var falið að takast á hendur þessa athugun, eða eins og segir í grg. frv., að n. átti:

„að taka til heildarathugunar skipulag og starfsemi Fiskmats ríkisins og semja frv. til l. um matsstofnun sjávarútvegsins, þar sem gengið skyldi út frá því, að Síldarmat ríkisins yrði lagt niður og starfsemi þess og starfsemi Fiskmats ríkisins felld inn í hina nýju stofnun."

Í þessa n., sem skipuð var skv. ákvörðun rn., voru valdir 3 menn: Þórður Ásgeirsson skrifstofustjóri í sjútvrn. var skipaður form. þessarar n. Í n. voru einnig Örn Marinósson deildarstjóri í fjmrn., fjárhags- og hagsýslustofnuninni og Jóhann Guðmundsson efnaverkfræðingur hjá Rannsóknastofnun fiskiðnaðarins. Þessum þrem mönnum var sem sagt falið að taka til endurskoðunar gildandi lög og reglur varðandi sérstaklega þessar tvær stofnanir, Fiskmat ríkisins og Síldarmat ríkisins, með það fyrir augum að vinna að því að sameina þessar stofnanir í einni stofnun, og þá yrði lagður grundvöllur einnig að almennri endurskipulagningu fiskmatsmálanna.

Það frv., sem hér liggur fyrir, er það, sem þessi n. samdi um málið. Það eru sem sagt þær till., sem hún gerir um væntanlegt skipulag þessara mála, sem tæki við af því, sem verið hefur. Má segja, að meginatriðin í þeim till., sem hér liggja fyrir, eru í rauninni tvö. Það er í fyrsta lagi að vinna að því að sameina þessar tvær matsstofnanir í eina og síðan að skapa nokkurn frekari grundvöll, til þess að hægt sé að vinna að umskipulagningu matsstarfanna almennt, þannig að allt það starfslið, sem vinnur að slíkum málum, geti nýst á sem allra bestan hátt.

Það kemur fram í grg. frv., að n. hafði haft samband við flesta þá aðila, sem hægt er með auðveldum hætti að leita til og þessi mál varða verulega, eða samtök þeirra aðila, og n. segir síðan í grg. um þetta á þessa leið, með leyfi hæstv. forseta:

„Er óhætt að fullyrða, að n. telur menn nánast á einu máli um, að sameina beri starfsemi Fiskmats ríkisins og Síldarmats ríkisins í einni stofnun. N. telur það einnig vera í samræmi við skoðun meiri hl. þeirra, sem hún ræddi við, að bæði Síldarmatið og Fiskmatið verði lögð niður og starfsemi þessara stofnana færð í nýja stofnun, sem tæki til allra sjávarafurða."

Það er einmitt þetta, sem hér er lagt til. En það er eins og gjarnan, þegar fengist er við mál af þessari gerð, að þá eru samt ekki allir á einu máli. Sumum þykir það nokkuð gott, sem verið hefur, vilja ógjarnan hverfa frá því og óttast það, sem koma skal, aðrir hins vegar leita stíft eftir breytingum. Það hefur komið fram, að starfsmenn Fiskmats ríkisins hafa sent mér alllanga grg. eða aths. við frv. og þó einkum við grg. þá, sem fylgdi með frv. Það kemur þar greinilega í ljós, að þessir aðilar eru ekki á eitt sáttir með n., og tel ég rétt, að sú n., sem fær málið hér til athugunar í hv. d., kynni sér ítarlega skoðanir þessara manna, sem vissulega þekkja hér vel til, og kanni til hlítar hverra af þeirra aths. beri að taka tillit til. En frá mínu sjónarmiði er þetta mál það einfalt í sjálfu sér, að ég tel, að eins og skipulagsmálum þessa starfsþáttar hefur verið varið sé rétt að stefna að því að færa þetta allt í eina stofnun og það sé brýn þörf á því að umskipuleggja allmikið þessi störf, nýta þá starfsmenn á annan veg en hingað til hefur verið gert, sem vinna að þessum málum á vegum ríkisins að meira eða minna leyti. Sú mikla sundurgreining, sem hefur verið hjá okkur um langan tíma á matsmönnum í sambandi við hinar einstöku framleiðslugreinar, er vægast sagt vafasöm, og þegar eru komnir upp miklir annmarkar við að reka kerfið á óbreyttum grundvelli.

Frá minni hálfu er ekki um það að ræða á neinn hátt að slá ryki á þá vinnu, sem unnin hefur verið af þeim matsstofnunum, sem við höfum haft til þessa, og þar hefur að sjálfsögðu borið langmest á starfi Fiskmats ríkisins. Ég tel, að þegar á heildina er litið, hafi þar verið unnið mjög þýðingarmikið verk og gagnlegt verk fyrir okkur. En breytingar í framleiðslukerfinu hafa orðið mjög miklar á undanförnum árum, og þær kalla á skipulagsbreytingar, ef vel á að standa

að þessum málum. Það er því skoðun mín, að vinna beri að því að koma þessum málum sem mest í eina stofnun, sem síðan fái aðstöðu til þess að hreyfa allverulega til í þessu rekstrarformi, eins og það hefur verið, og reyna að koma þar hvoru tveggja: sparnaði, eftir því sem tök eru á, betri kjörum fyrir þá, sem við verkin vinna, en nú er í mörgum greinum og enn þá sterkara almennu eftirliti með framleiðslu afurða okkar.

Lagt er til í þessu frv., að sá háttur verði á hafður, að þessar tvær stofnanir, Fiskmat ríkisins og Síldarmat ríkisins, verði lagðar niður og ein ný byggð upp. Þó er hér á eðlilegan hátt fyrst og fremst um það að ræða, að þar sem meginstarfsemin hefur verið á vegum Fiskmats ríkisins, þá verði sú starfsemi og það skipulag, sem þar hefur verið, lagt fyrst og fremst til grundvallar. Störf Síldarmatsins hafa eðlilega verið mjög lítil nú síðustu árin, og horfir enn þá þannig, að þar verði um tiltölulega lítið starf að ræða. Það ber þó að hafa það í huga, að þar var um þýðingarmikið starf að ræða, sem byggðist á gamalli reynslu og gamalli þjálfun og þekkingu þeirra, sem við þau verk hafa unnið. Þarf að gæta þess vel í sambandi við endurskipulagningu þessara mála, að við stöndum ekki uppi skyndilega með illa undirbúna eftirlitsmenn í þeirri grein, þegar á þeim þarf fyrst og fremst að halda. En ég sé enga ástæðu til þess að bíða með þau mál öll í því formi, sem þau eru nú, til þess eins að halda þar við gömlu nafni á Síldarmati ríkisins, sem í rauninni náði ekki nema til saltsíldarmatsins, því að önnur matsstörf varðandi síld og síldarframleiðslu voru komin til annarra.

Það hefur verið gengið út frá því í sambandi við samningu þessa frv., að forstöðumaður hinnar nýju matsstofnunar sé sérstaklega menntaður til að taka að sér þessi störf. Þetta er atriði, sem lengi hafa verið gerðar kröfur um og mikið rætt um. Ég tel það fyrir mitt leyti vissulega mjög mikilvægt, að forstöðumaður slíkrar stofnunar hafi almennt sérstaka menntun til þess að styðjast við varðandi þessi þýðingarmiklu störf. En þó verður einnig að hafa það í huga, að mikil reynsla er líka dýrmætur skóli, sem veitir mikla þekkingu varðandi þessi efni, og því tel ég líka rétt að hafa þann hátt á, sem gert er í 6. gr. frv., sem um þetta fjallar, að þar er miðað við það, að tiltekin menntun, sem talin er að sé mjög æskileg fyrir forstöðumann slíkrar stofnunar, skuli almennt veita forgangsrétt til starfsins, en binda sig ekki algerlega við það, heldur megi einnig taka tillit til annars.

Ég sé ekki ástæðu til þess að flytja hér langt mál í framsögu um þetta frv. Það fer héðan til n. til athugunar, og er sjálfsagt að taka þar við ábendingum um það, sem betur mætti fara. Ég legg áherslu á, að n. ræði ýtarlega við þá, sem mest hafa haft með þessi mál að gera á undanförnum árum, og taki tillit til eðlilegra ábendinga þeirra. En það, sem hér er fyrst og fremst stefnt að og ég legg áherslu á að geti náðst með þessari lagasetningu, er þetta: að spara í rekstri, eftir því sem tök eru á, og að hægt sé með góðu móti að vinna að endurskipulagningu þessara mála, þannig að starfskraftar nýtist betur en nú er, og að hægt sé einnig að búa betur að þeim, sem við þessi mál starfa, en nú er í ýmsum greinum, þ. e. sem sagt, að það skapist fullt svigrúm til endurskipulagningar í sambandi við matsstörf og eftirlit með þessum þýðingarmiklu framleiðsluvörum okkar, sem svo mikið er í húfi, að vel takist til með framleiðslu á varðandi sölu okkar á erlendum mörkuðum.

Herra forseti. Ég legg síðan til, að frv. þessu verði að lokinni þessari umr. vísað til hv. sjútvn. til fyrirgreiðslu.

Jón Árnason: Herra forseti. Enda þótt ég eigi sæti í þeirri n., sem fær mál þetta til meðferðar, vil ég segja nokkur orð um þetta frv. þegar við 1. umr. málsins.

Það fer ekki milli mála, að sú stofnun, sem fer með yfirstjórn á öllu eftirliti og gæðamati á þeirri framleiðsluvöru, sem lengst af hefur verið aðaluppistaðan í útflutningi og gjaldeyrisöflun þjóðarinnar, hefur mjög þýðingarmiklu hlutverki að gegna. Það skiptir því miklu máli, að vel sé vandað til þeirrar löggjafar, sem starfsemi þeirrar stofnunar á að byggjast á. Það hefur verið svo með Fiskmatið, að starfsemi þess og yfirstjórn hefur verið með ýmsum hætti, þannig að hinar ýmsu greinar þess hafa verið sundurgreindar og undir sérstakri yfirstjórn. Þannig var það með saltfiskmatið t. d., sem mun vera langelsti þátturinn í þessu kerfi, en þannig var einnig með skreiðarmatið, síldarmatið, hraðfrystu sjávarafurðirnar og í fyrstu einnig með ferskfiskmatið, sem stofnsett var með sérstakri löggjöf árið 1960.

Á síðari árum hefur sú breyt. orðið á, að hinar einstöku greinar í þessu kerfi hafa verið í ríkara mæli felldar undir aðalstofnunina, Fiskmat ríkisins, sem segja má, að í alla staði hafi verið eðlileg þróun. Að sjálfsögðu verðum við Íslendingar ekki síður en aðrar þjóðir að gera strangar kröfur til okkar sjálfra varðandi allt hreinlæti og góða meðferð við þá matvælaframleiðslu, sem hér á sér stað í sambandi við okkar sjávarútvegsafurðir. Að endurbótum á þessu sviði er nú mikið unnið og miklu fjármagni eytt, til þess að tryggt verði, að okkar viðskiptaþjóðir geti sjálfar sannfært sig um, að hollustuhættir og allt hreinlæti í sambandi við framleiðsluna á sjávaraflanum sé í samræmi við þeirra kröfur.

Eins og ég áðan sagði, hefur þróunin orðið sú á undanförnum árum, að æ fleiri greinar fiskmatsins hafa verið lagðar niður sem sjálfstæðar einingar og þá fallið undir aðalstofnunina, Fiskmat ríkisins. Síðasta dæmið hér um eru lögin frá 1968 um eftirlit og mat á fiski og fiskafurðum, en með þeim l. voru felld úr gildi m. a. lög nr. 42 frá 9. júní 1960. Þar með var 8 ára stofnun, sem hafði haft með höndum allt ferskfiskeftirlit sem sjálfstæð stofnun, lögð niður og verksvið hennar lagt undir Fiskmat ríkisins.

Svo sem kunnugt er, hefur Síldarmat ríkisins verið sjálfstæð stofnun með sinn forstöðumann, síldarmatsstjóra. Vegna þeirra breyt., sem hér hafa átt sér stað að undanförnu, að síldarstofninn hefur að mestu gengið til þurrðar og þar af leiðandi hafa allar síldveiðar verið bannaðar um árabil, þá segir það sig sjálft, að á sama tíma

hafa verkefni ekki verið fyrir hendi hjá þessari stofnun, sem hefur þó til þessa haldið nokkrum fastráðnum starfsmönnum.

Það var m.a. með tilliti til þessa, sem undirnefnd fjvn. tók þessi mál til athugunar á s. l. sumri, þegar hún var að taka til athugunar rekstur ýmissa ríkisstofnana. N. fannst óeðlilegt, að jafnhliða því að fiskmatsstofnunin þurfi að ráða nýja starfsmenn í sambandi við sinn rekstur, þá væru á vegum ríkisins um 6 starfsmenn, sem áttu að vinna að hliðstæðum störfum, en voru atvinnulausir, vegna þess að engin síldarsöltun átti sér stað. Það er að sjálfsögðu rétt, sem fram kemur í aths. við þetta frv., að undirn. fjvn. átti sinn þátt í því að vekja athygli á þessari staðreynd, og gerði till. um það til fjmrn., að endurskoðun færi fram á þessum málum og þá með það fyrir augum, að Síldarmat ríkisins yrði lagt undir Fiskmat ríkisins og skipulag sjálfrar stofnunarinnar þá um leið endurskoðað. Við ræddum um það sérstaklega, hvort ekki mætti koma á aukinni samvinnu og hagræðingu varðandi sjálft fiskeftirlitið með því starfsliði, sem nú er á vegum Sölumiðstöðvar hraðfrystihúsanna og sjávarafurðadeildar SÍS, sem vinnur að sömu verkefnum. Okkur þótti það eðlilegt, að þar sem er um tvo starfshópa að ræða, annars vegar hjá Fiskmati ríkisins, sem ferðast um og hefur eftirlit á ýmsum framleiðslustöðum úti um land, og hins vegar frá þessum sölustofnunum, Sölumiðstöð hraðfrystihúsanna og SÍS, að þarna væri um starfshópa að ræða, sem væri eðlilegt að væri eitthvað stillt inn saman og komið á vinnuhagræðingu í sambandi við að nýta þetta á hagkvæman hátt.

Þá hefur verið mikið um það rætt að stefna að því, að þeir menn, sem Fiskmat ríkisins tekur í sína þjónustu, hafi sem fjölhæfasta menntun til að bera á þessu sviði. Fer það saman, að þessir menn mundu nýtast miklu betur en ella, þar sem um smærri verstöðvar er að ræða, og enn fremur verður að telja það eðlilega þróun.

Með tilkomu Fiskiðnskólans ætti að vera auðveldara að ná þessu marki. Það segir sig einnig sjálft, að þeir menn, sem leggja það á sig að stunda skólanám til að auka þekkingu sína á sviði sjávarútvegsframleiðslunnar, verða að fá aukið starfssvið og tryggingu fyrir því, að menntun þeirra verði metin að verðleikum.

Einn þátturinn í sambandi við rekstur þessa skóla fyrir þennan höfuðatvinnuveg þjóðarinnar kom fram fyrr á þessu þingi, þ. e. að reyna að greiða fyrir því, að nemendur við þennan skóla gætu fengið námslán. Ég flutti frv. á þessu þingi, sem fól það í sér, að l. skyldi breytt varðandi námslánin, þannig að nemendur Fiskiðnskólans fengju aðild að lánakerfinu, til þess að auðvelda þeim að afla sér þessarar menntunar, því að ekki verður fram hjá því gengið, að Íslendingar verða að horfast í augu við það að þeir verða að leggja mikla áherslu á að geta menntað þá, sem vinna að sjávarútvegsframleiðslunni, á sem bestan hátt. Nær vitanlega ekki neinni átt að láta þessa menntun sitja hjá í sambandi við aðstoð frá lánakerfi ríkisins í sambandi við menntun í landinu.

Nokkru eftir að ég hafði flutt frv. mitt um þetta efni, flutti hæstv. sjútvrh. annað frv.., sem gekk í sömu átt. En svo skeður það merkilega, að litlu síðar leggur hæstv. menntmrh. hér fram frv. um breyt. á l. um námslán, og þar á það sér stað, að ekki er tekið tilllit til þessara frv., hvorki frv., sem ég flutti, né hæstv. sjútvrh., og ekki minnst á Fiskiðnskólann í sambandi við það, að þeir nemendur, sem þar stunda nám, eigi að fá lán á sama hátt og nemendur annarra námsstofnana í þessu landi. — Ég vænti þess, að sú n., sem hefur þetta mál til meðferðar í þessari hv. þd., geri nauðsynlegar breyt., þegar hún skilar málinu aftur frá sér inn í þingið, þannig að viðunandi megi teljast.

En það, sem ég hef sérstaklega við þetta frv. að athuga, er sú ákvörðun, sem í því felst að leggja niður rótgróna ríkisstofnun, en ætla að byggja aðra upp í staðinn á svo til sama grundvelli aðeins með nýju nafni. Menn getur greint á um það og menn geta tekið upp harða baráttu um það, hvort rífa megi niður eldgömul hús eða skúrræfla, jafnvel frá dönsku einokunarversluninni, hvort þeir eigi að standa áfram eða rífa þá. En þegar um er að ræða að leggja í rúst eða afskrifa sem stofnun Fiskmat ríkisins, stofnun, sem gegnt hefur um langan aldur einu þýðingarmesta hlutverki í atvinnusögu þjóðarinnar, þá virðist mega gera það með einu pennastriki og kasta fyrir róða a. m. k. ýmsu því, sem áunnist hefur og hlýtur að vera nátengt því forustuliði, sem þar hefur starfað. Ég tel, að hvort tveggja eigi að eiga sér stað: að leggja annars vegar Síldarmat ríkisins undir Fiskmat ríkisins og að endurskipulagning stofnunarinnar eigi einnig að eiga sér stað. En það segir sig sjálft, að hvort tveggja verður að eiga sér stað að vel athuguðu máli og leita verður í því sambandi samstarfs við þá, sem best þekkja til um þessi mál, bæði hvað viðkemur starfsliði hinna ýmsu greina fiskmatsins og enn fremur og ekkert síður í náinni samvinnu við þá, sem hér eiga öðrum fremur mikilla hagsmuna að gæta, en þar á ég við sjálfa framleiðendurna.

Það kemur fram, eins og hæstv. sjútvrh. sagði áðan, í aths. við frv., að n., sem samdi það, hefur átt viðræður við ýmsa aðila um þetta mál. Telur hún, að óhætt sé að fullyrða, að menn séu almennt á einu máli um það, að sameina þurfi starfsemi Fiskmats ríkisins og Síldarmats ríkisins í eina stofnun. Kemur það engum á óvart með tilliti til þess, sem ég hef áður sagt. Hitt þurfa menn að fá upplýst nánar, ef rétt er, að mikill hluti þeirra manna, sem hér þekkja best til, eru þeirrar skoðunar, að nauðsynlegt sé að skipta um nafn á stofnuninni, til þess að fram megi koma þeim skipulagsbreytingum, sem þurfa þykir að athuguðu máli. Ég mun a. m. k. óska eftir að fá það staðfest af viðkomandi, áður en sjútvn. skilar áliti um málið.

Það er að sjálfsögðu ýmislegt fleira, sem ég hef við þetta frv. að athuga, og þá sérstaklega mætti þar minnast á ýmsa þætti fiskmatsins, sem starfræktir hafa verið og geta átt sér stað og hafa verið framkvæmdir eftir ákvörðun með reglugerð, eins og lögin frá 1968 kveða sérstaklega á um. Ég mun þó ekki orðlengja frekar um málið að þessu sinni, þar sem ég hef aðstöðu til þess að fylgjast með afgreiðslu þess í þeirri n., sem fær það til meðferðar.

Jón Árm. Héðinsson: Herra forseti. Ég ætla að fara hér nokkrum orðum um þetta frv. með hliðsjón af því, sem síðasti ræðumaður hefur sagt. Ég gæti stytt mál mitt allnokkuð.

Hér er vissulega hreyft máli, sem menn hefðu gengið út frá fyrir fram, að hefði fengið miklu vandaðri undirbúning, en raun ber vitni um, og til þess væri hvorki sparaður tími né fyrirhöfn að hafa samband við sem flesta í því efni og hafa um það staðfestar skriflegar heimildir, en ekki næstum því getsakir, eins og mér virðist koma fram í grg. E. t. v. liggur eitthvað skriflegt uppi í rn., en ég dreg það þó í efa, miðað við þær vissu staðreyndir, sem ég veit um í undirbúningi málsins, þar sem sagt er, að fundir hafi verið með vissum forsvarsmönnum stofnana. Ég kynnti mér það hjá einni, það má kalla það fund, en ekki meira. Get ég vitnað í það samtal, ef á þarf að halda í n., því að ég hef verið í þessari n., sem sér um þetta mál. En það var varla meira en nafnið tómt. Og ef annað hefur verið eftir því, þá er undirbúningurinn ekki nægilega góður.

Hvað sem því líður, er hér um svo mikilvægt mál að ræða, að það mun taka langan tíma í n. að fara í gegnum það og fá um það gott samkomulag, því að ég held, að við séum sammála hæstv. ráðh., að við þurfum að skapa hér, eins og hann orðaði það, „fullt svigrúm til endurskipulags“, en það verður ekki gert með slælegum vinnubrögðum. Ég er ekki að segja, að nm., sem ég þekki alla, séu ekki starfinu vaxnir, öðru nær, heldur er þetta það viðamikið mál, að til þess verður að gefa sér nægilegan tíma. Málið er það viðamikið, að það þýðir ekkert að kasta höndunum til þess, það er sama hver á í hlut í því efni. Ég vil vitna í 3. gr. gildandi laga. Þar segir svo:

„Sjútvrh. skal að fengnu áliti Fiskmats ríkisins, Rannsóknastofnunar fiskiðnaðarins og helstu samtaka útvegsmanna, sjómanna og eigenda fiskvinnslustöðva setja reglugerðir og erindisbréf um framkvæmd laga þessara“.

Það er sem sagt þegar í gildandi l. ákveði um víðtækt samstarf þessara aðila, þ. e. a. s. þeirra, er afla fisksins, eiga tækin sem afla, taka á móti, vinna og handfjalla fiskinn frá fyrstu til síðustu handar, að víðtækt samstarf skuli vera á milli þessara aðila. Þetta er sá grunntónn, sem heilbrigt og gott fiskmat hlýtur að byggjast á að mínu mati. Ef það er ekki fyrir hendi og ef við förum það hratt, eins og einu sinni var sagt um svertingja, að sálin gleymist, þá er illa farið. Þá er eitthvað annað á bak við. Við verðum því að fara gætilega að í þessu efni.

Matsmaður kemur á stöð og metur framleiðslu í 1., 2. og 3. flokk. Hans niðurstaða ákvarðar mjög mikil verðmæti. Það getur oltið á hundruðum þúsunda, og það er auðvitað ekkert gaman fyrir manninn, sem fjallar um þetta, að vera ekki viss í sinni sök. Þess vegna vil ég taka mjög undir orð síðasta ræðumanns, að nauðsynlegt er að tryggja þessum mönnum þá mestu menntun, sem völ er á, og möguleika á að framkvæma starf sitt sem best.

Ég vil aðeins bæta því við, að við í n., sem fjöllum um lánasjóðinn, erum á því að taka inn til þessara manna, er halda áfram við Fiskvinnsluskólann, eðlilegt námslán, af því að það var drepið á það í ræðu hér áðan.

Ég veit ekki, hvort ég á að fara beint í hverja gr. fyrir sig í frv., það verður auðvitað gert í n.

Í 4. gr. er talað um að skipa sérstaka samstarfsnefnd. Ég hefði álitið með hliðsjón af gildandi 3. gr. l., að útvegsmönnum ætti ekki að gleyma í því efni. En hv. n., sem undirbjó frv., hefur ekki talið þá þess virði, það kemur alls ekki fram a. m. k., því að gr. er ótvíræð, þar er útvegsmönnum hreinlega gleymt og þá sjómönnum um leið. Það þarf ekkert að ræða við þá í slíkri samræmingarnefnd. Tel ég það alveg óverjandi, það skapar bara illindi og úlfúð. Ef sjómennirnir um borð hafa ekki traust til matsins og það raunar líka til þeirra, þá er upphafið illt og endirinn eftir því.

Í 5. gr. segir: „Ríkismat sjávarafurða skiptist í eftirtaldar deildir: Frysti- og hreinlætisdeild,“ — því ekki að segja hreinlætisdeild nr. eitt? Því er ekki sérákvæði um hana, vegna þess að hún er orðin undirstaðan undir því í dag, að við tryggjum góða vöru frá upphafi til enda? Og raunverulega er mat á fiski byggt á því, að menn fari vel með fiskinn og hreinlætis sé gætt allt frá fyrstu stund til síðustu stundar. Sú rangfærsla, sem kemur fram á bls. 5 í grg., að allt sé frá rótum „Tillögunefndar um hollustuhætti í fiskiðnaði“ runnið, er næsta furðuleg. N. hefur ekki lagt það á sig að kynna sér starfsemi Fiskmats ríkisins nægilega. Ég veit ekki betur en hreinlætis- og búnaðardeild hjá Fiskmati ríkisins hafi nú þegar starfað á þriðja ár eða eitthvað lengur, a. m. k. fyrsti vísir að þeirri deild, svo að ég skil ekki svona vinnubrögð, hreint út sagt.

Í gildandi l. stendur, ef ég man það rétt, í 4. gr.: „Ráðh. getur fjölgað deildum þegar þörf krefur.“ Þetta var þegar gert, eins og ég sagði, fyrir nær 3 árum, og hefur þessi deild þegar haft mikilvæg áhrif út um allt land til hins betra og unnið mikið starf. Og ég veit ekki annað en menn hafi verið ánægðir með að fá þessa menn í heimsókn. Þeir hafa komið kurteislega fram og leyst starf sitt vel af hendi. Sjálfsagt hafa þeir þurft að ýta við mörgum, eins og gengur og gerist, stundum af hörku eða með því valdi, sem þeir hafa, þ. e. að hóta mönnum stöðvun. Það er leiðinlegt að þurfa að beita því, þó að það sé nauðsynlegt. En ég veit ekki til þess, að gífurlegur hávaði hafi verið út af starfsemi þessarar deildar vegna beitingar slíks valds. Hins vegar hafa þeir gefið mönnum umþóttunartíma og auglýst það rækilega, bæði í dreifibréfum og með öðrum hætti, að menn yrðu að standa klárir á því, að innan ákveðins tímabils yrðu þeir að hafa gert lágmarksumbætur hjá sér, svo að þeir gætu haldið fiskvinnsluleyfi sínu áfram.

Nefndin, sem er kölluð „Tillögunefnd um hollustuhætti í fiskiðnaði“ hefur sjálfsagt starfað vel og skilaði stórri bók um ýmislegt í þessu efni. En hún hefur ekki séð um framkvæmd þessara mála, ekki nema þá á mjög þröngu sviði, alls ekki almennt talað.

Varðandi 5. gr. vil ég telja eðlilegt að gera hér á þessa breyt. — Síðan mætti koma: „Frystideild“, — ef við teljum rétt að hafa hana eina

sér. Frystingin er sjálfsagt það mikill þáttur í okkar framleiðslu, að eðlilegt sé að hafa frystar vörur í einni deild. Síðan kemur ferskfiskdeildin, þar er sérskilið starfslið, og það er alveg eðlilegt. Síðan kemur salt- og skreiðardeild. En hvað varð þá af garminum honum Katli, sem allt snýst nú um, þ. e. saltsíldinni? Þá deild, sem þar hlýtur að koma inn, finn ég hreinlega ekki í frv. Nú er ég svo bjartsýnn, að ég tel, að við hljótum að fara að veiða síld og byrjum e. t. v. rólega í haust. Þá er það min skoðun afdráttarlaust, að til þess að það fari ekki úr böndunum, þá er aðeins ein leið til, og það er að setja alla síld í kassa. Það verður erfitt að segja, að ákveðin skip skuli veiða síldina, en það er hægt að segja með það grundvallarsjónarmið í huga, að vel skal fara með síldina núna, að allir setji hana í kassa, alveg á sama hátt og enginn fær fiskvinnsluleyfi, nema fiskvinnslustöð fullnægi settum reglum, og sumum þykja þær reglur allharðar. Þess vegna teldi ég eðlilegt, að þarna væri 5. liður, a. m. k. þá undirliður í salt- og skreiðardeild, deild um síldina. Hún má a. m. k. ekki gleymast, verði sú þróun á, sem ég tel eðlilegt, og ég veit, að hæstv. ráðh. telur líka eðlilegt, að maður á vegum Fiskmats ríkisins hafi slíka þekkingu og hann sé svo hæfur starfskraftur að hann geti fjallað meira en eingöngu um einn þátt í matinu. Við væntum þess, að maður geti metið saltfisk og skreið fyrri hluta ársins og sá hinn sami hafi tök á því að ráða við saltsíld síðari hluta ársins, sem sennilega yrði þá frá miðjum sept. fram í des., ég reikna varla með lengri tíma. Síðan kæmi einhver útflutningur fram í fyrstu mánuði ársins, en varla ættu að verða árekstrar varðandi framkvæmd þessara mála á starfssviði mannsins.

Hvað um það, þá tel ég eðlilegt, að við gleymum nú ekki síldinni, af því að hún var orsök þess, að við í undirnefndinni fórum af stað með það að gera till. um, að málið yrði skoðað í heild. Og ég er alveg sammála hæstv. ráðh. í því efni. Ég er ekki að deila á hæstv. ráðh. með þessum orðum, ég er eiginlega að deila meira á n., sem undirbjó málið, af því að ég tel, að hún hafi verið of hroðvirk. Við þurfum að fá svigrúm til að móta hér eðlilega þróun, og lög, sem verða sett um þessa stofnun núna, gilda nokkur ár fram í tímann. Þau gefa ráðh., hver sem hann verður, svigrúm til að setja reglur, og það svigrúm á að vera mótað, eins og stendur í gildandi l., eftir umsögnum og álitsgerðum frá öllum aðilum, sem koma að fiski, bæði þeim, er afla og vinna fiskinn. Þetta tel ég mjög mikilvægt að ekki sé dregið úr gildi þess.

Svo er fjallað um skipan þessara mála, ráðningu og þess háttar. Það er sjálfsagt eðlileg þróun, að við krefjumst þess, að toppurinn, forstöðumaðurinn og svo næstu menn til hliðar við hann, hafi mikla og góða menntun. Ég tek undir þau orð ráðh., að löng starfsreynsla í þessu efni er líka góður skóli og gefur manninum mikið gildi.

16. gr. er um það vald, sem Fiskmat ríkisins þarf að hafa til að stöðva móttöku á fiski og gera þær ráðstafanir, sem það telur nauðsynlegar, svo að áframhaldandi vinnsla eða sala á afurðum eigi sér ekki stað, ef tilteknum skilyrðum er ekki fullnægt. Ég hefði persónulega talið, að þegar slíkar aðgerðir eiga sér stað, þá sé þeim, er tekur ákvörðun um það, gert að skyldu að skila þegar í stað skriflegri skýrslu um málið, bæði til þess, er verður fyrir stöðvuninni, og einnig til forstöðumanns ríkismatsins. Það getur vel verið, að það hafi verið venja að gera það, en það kemur fram þarna, að maðurinn gæti einfaldlega gert þetta í símtali eða einhvern veginn öðruvísi. En út af því, hvað hér gæti verið um mikið verðmæti að ræða og kannske málaferli, sem af leiddi, þá er rétt að kveða svo á, að þetta sé gert skriflega. Það getur vel verið, að það sé nóg að taka þetta fram í reglugerð, en ég vil bara benda á það, að þegar um slíka ákvörðun er að ræða, er rétt að hafa það skjalfest.

Í sjálfu sér er þetta frv. það keimlíkt og að sumu leyti á stórum köflum svipað eða eins og gildandi lög, að ekki þarf að fjalla mikið um frv. lið fyrir lið, og það tók hæstv. ráðh. fram. Það, sem við erum kannske að kýta hér um, er í fyrsta lagi undirbúningurinn að því og í hvaða átt við erum að fara. Ég tel, að við eigum ekki að kasta fyrir róða þeirri stofnun, er kallast Fiskmat ríkisins. Það er ekki það, sem leysir okkar vanda, heldur á að tala við þá menn, sem þar starfa og hafa starfað lengi, leita ráða hjá þeim og einnig þeim, er eiga afurðirnar, og það gæti vel verið forsenda fyrir góðri endurskipulagningu, að um þetta væri haldin ákveðin ráðstefna. Þetta er það viðamikið mál og þetta er það viðkvæmt mál, að það væri ekki óskynsamlegt, held ég, að þau væru boðaðir til ákveðnir menn, 30—40 menn sem fjölluðu um málið og settu fram sjónarmið sín, og síðan yrði það tekið saman og rætt rækilega í þrengri hópi.

Hvað telja menn vera að núv. mati? Það kemur hér fram og er út af fyrir sig merkileg staðhæfing, að sumum finnist matið hafa harla lítið gildi og nánast ekki neitt, — orðrétt, með leyfi forseta:

„Þá hefur sú skoðun verið útbreidd, að freðfiskmat, sem Fiskmat ríkisins annast, sé í núverandi mynd lítils virði og beri að leggja það niður.“

Þegar svona orð eru sett í þskj. og það sem aths. við stjfrv., þá viljum við fá eitthvað meira í hendurnar. Þetta er einhver sú þyngsta ásökun, sem ég hef séð í þskj. þau sjö ár, sem ég hef setið hér á Alþ., og er þó stundum sagt hér mikið. En þeir menn, sem láta þetta fara frá sér, verða að hafa eitthvað meira í höndunum en munnlegt mat eða munnlegan vitnisburð þeirra aðila, er meta starfsemi Fiskmatsins svo, því að Fiskmat ríkisins er sá aðili, sem skrifar undir gögn um flokkun og verðmætisgildi á okkar afurðum, og ef þessi undirritun og þau gögn, sem fylgja með okkar vörum úr landinu, eru einskis virði og pípið eitt, þá er áreiðanleg ástæða til að athuga málið og það mjög fljótt. Ég mun leggja á það áherslu í n., að þessum orðum verði fundinn staður og það verði bent á þá menn, sem þora að standa við það, að þetta sé rétt frá sagt. Það er ekki hægt að ganga fram hjá þessu máli, því að ég held, að þessir fiskmatsmenn séu ekkert verri né ósjálfstæðari í hugsun en aðrir og þeir meti og starfi eftir bestu getu.

Ég hef lítils háttar staðið í fiskvinnslu s. l.

12 ár, og þeir, sem hafa heimsótt mig, og þeir, sem ég hef haft samskipti við hafa verið vanda sínum vaxnir að mínu mati. Ég hef þurft að standa í því sem starfsmaður sjútvrh. á sínum tíma að stöðva skip hér í höfninni og lenda í hörku við þá menn en það leystist farsællega, og hafa ekki verið illindi út af því síðan. Ég held, að matið hafi rökstutt sínar gerðir. Þess vegna undirstrika ég það, að það þarf að vera skrifleg greinargerð, sem fylgi strax í kjölfar slíkrar valdbeitingar, og þá á það að vera eðlilegur gerningur að taka slíka ákvörðun, þegar mennirnir hafa til þess þekkingu og reynslu. — Þetta eru það stór orð hér, að ég segi það fyrir mig persónulega, að ég tel, að þeim verði að finna stað.

Það kemur síðar fram í aths. frá þessari n., er undirbjó frv., og hæstv. ráðh. drap á það, að óhætt mun að fullyrða, að n. telur menn nánast á einu máli um, að sameina beri starfssvið Fiskmats ríkisins og Síldarmats ríkisins. Um þetta held ég, að ekki sé nokkur minnsti ágreiningur. Ég held, að þetta geti skeð með eðlilegri deildaskiptingu, eins og hefur átt sér stað, og hæstv. ráðh. geti að fengnum ákveðnum umsögnum um málið komið þessari breyt. á hljóðalaust og án vandræða. Ég trúi ekki öðru. Og ég er sammála því að við þurfum að hafa kostnað við þessa stofnun í lágmarki, eins og við aðrar ríkisstofnanir. Það er okkar skylda að gera það, og ég trúi því ekki, að forsvarsmenn Fiskmats ríkisins vilji ekki hlusta á ábendingar frá fjárveitingavaldinu eða beiðni í þá átt, að starfsemi, sem þar á sér stað, verði með þeim hætti, að sem minnstur kostnaður sé fyrir ríkissjóð, — ég trúi ekki öðru en þeir séu opnir fyrir slíkum ábendingum. Það á ekkert skylt við það að telja nauðsyn að kollvarpa öllu því kerfi, sem þeir hafa starfað við í fjöldamörg ár.

Aths. mínar við þetta frv. hafa fyrst og fremst beinst að því undirbúningsstarfi, sem hér átti sér stað, vegna þess að ég held, að það hafi ekki verið unnið nógu gaumgæfilega. E. t. v. hefur n. verið gefinn of skammur tími til að starfa. Ég er ekki að ásaka þessa menn um frumhlaup af ásettu ráði, en svo mikið er víst, að þeir hafa sett þarna fram mjög ákveðna skoðun um starfsemi Fiskmats ríkisins, sem þarf að gefa nánari gaum að í n., sem fær málið til meðferðar hér í hv. deild.

Helgi F. Seljan: Herra forseti. Þetta getur verið örstutt, enda fæ ég tækifæri til þess í hv. n. að fjalla um frv. Að öðru leyti get ég lýst því yfir, að ég fagna framkomu þess og þeirri sameiningu og þeirri samræmingu, sem þar er að stefnt. — Það er aðeins örstutt athugasemd, sem ég vildi hér koma að og jafnframt spyrjast fyrir um hjá hæstv. ráðh. ef hann ætti við því svör.

Í 11. gr. frv. er kveðið á um skyldur og réttindi ákveðinna starfsmanna, svo sem segir í gr.:

„Forstjóri Ríkismatsins, deildarstjórar og yfirmatsmenn hafa skyldur og njóta réttinda sem opinberir starfsmenn. Um laun þeirra fer eftir ákvæðum kjarasamninga ríkisstarfsmanna."

Þá vaknar sú spurning: Hvað um réttindi og kjör einstakra matsmanna víðs vegar um landið, samkv. 9. gr.? Þar stendur:

„Matsmenn, er starfa á vegum Ríkismats sjávarafurða, framkvæma undir umsjón yfirmatsmanna eftirlit það og mat, sem lög þessi gera ráð fyrir." — Síðan kemur um löggildingu þeirra og eiðstaf „um, að þeir vilji rækja með alúð og kostgæfni skyldur þær, sem á þeim hvíla í starfi þeirra."

Spurningin er sem sagt: Hvað um réttindi og kjör þeirra? — Ég hygg, að um þau ríki nokkur óvissa og ég veit, að þeir hafa margir haft áhyggjur af sinni stöðu, hún sé það óákveðin í dag. Hins vegar dregur enginn í efa mikilvægi þessara starfsmanna og nauðsyn þess, að þeim séu ekki settar aðeins ákveðnar starfsreglur, heldur sé einnig ákveðið nánar um kjör þeirra öll og réttindi, og því vildi ég spyrja hæstv. ráðh. hvort nokkuð væri á döfinni varðandi þessa starfsmenn, og einnig, hvort það væri á döfinni að setja einhverjar skýrari reglur um störf þeirra og réttindi, sem t. d. að einhverju leyti réttindi sem opinberra starfsmanna.

Sjútvrh. (Lúðvík Jósepsson): Herra forseti. Það eru nokkrar aths., sem ég vildi gera við þær ræður, sem hér hafa verið fluttar.

Það var fyrst hv. 2. þm. Vesturl., Jón Árnason. Hann vék hér nokkuð almennt að þessu máli, og það kom reyndar fram í hans máli, að bæði hann og hv. 5. þm. Reykn., Jón Árm. Héðinsson, þeir eiga báðir sinn hlut í því, að þetta mál er komið á hreyfingu, og sem sagt eiga sinn hlut í því, að lagt er til að vinna að því að sameina Síldarmat ríkisins og Fiskmat ríkisins í einni stofnun og vinna þar að vissri endurskipulagningu, eins og þetta frv. fyrst og fremst miðar að. Það kom fram hjá báðum þessum hv. þm., að þeir voru ekki fyllilega sáttir við það, að sú leið væri valin, sem valin er í þessu frv., þ. e. að leggja formlega niður Fiskmat ríkisins, sem er gamalgróin stofnun, og byggja síðan upp úr henni og Síldarmati ríkisins nýja stofnun. Auðvitað er þetta að langmestu leyti formið eitt, sem skiptir frá minni hálfu engu meginmáli. Það, sem er aðalatriðið, er að ná þeim tilgangi, sem að er stefnt. Báðir virðast þessir hv. þm. vera sammála um, að það eigi að sameina þessar stofnanir í eina. Nafnið getur ekki skipt aðalmáli, hvort þetta heitir Fiskmat ríkisins eða Ríkismat sjávarafurða, það getur ekki verið aðalatriðið. En tilgangurinn frá þeirra hálfu, sem höfðu athugað þetta mál, eins og við í sjútvrn., var ekki einvörðungu sá að sameina á þennan hátt Síldarmat ríkisins við Fiskmat ríkisins, heldur einnig og ekki síður að vinna að hinu, að sem mest svigrúm skapaðist til endurskipulagningar á öllu matskerfinu. Og það er auðvitað enginn vafi á því, að með því að velja þá leið, sem valin er með þessu frv., að byggja upp nýja stofnun, skapast hér mun meira svigrúm til endurskipulagningar á öllu kerfinu. Frá minni hálfu horfir þetta mál þannig við, að það er aðeins spurning um það: Hvað vilja menn ganga langt til þess að ná þessu markmiði? — Ég þekki þetta mætavel frá fyrri störf-

um mínum. Ég starfaði hér oftar en einu sinni, m. a. í samtökum fiskframleiðenda, að endurskoðun á þessum málum, og ég veit, hvað það er erfitt að ná fullu samkomulagi manna á meðal um að búa til eitt skipulag, sem allir eru ánægðir með, varðandi þessi efni. En það er enginn vafi á því, ef á að koma hér við sæmilegri endurskipulagningu á fiskmatsstörfum almennt, að þá er nauðsynlegt að skapa visst svigrúm til þess.

Hér var m. a. spurt um það af síðasta hv. ræðumanni 6. landsk. þm., hvernig væri með skyldur og réttindi tilteknna starfsmanna á vegum Fiskmatsins, einstakra matsmanna, sem nú starfa að fiskmatsstörfum víða um landið. Ég get svarað því á þá lund, að það er alveg ljóst, að þessi mál eru í mestu sjálfheldu, eins og þau eru nú. Það eru fjöldamargir menn, sem starfa á vegum Fiskmats ríkisins, ýmist sem ferskfiskmatsmenn eða saltfiskmatsmenn, eða vinna að öðrum matsstörfum, sem nú njóta mjög lítilla réttinda, en eiga að standa undir þýsna miklum skyldum. Þeir eru mjög óánægðir með sína starfsaðstöðu og kjör og hafa í sífellu verið að kvarta til rn. út af þessum málum. Það er enginn vafi á því, að það þarf, um leið og þetta starfskerfi sem heild er tekið til endurskoðunar og umskipulagningar, að huga að því, að þeir starfsmenn, sem vinna á vegum þessarar stofnunar, geti í flestum tilfellum haft fulla vinnu og þar af leiðandi fullar skyldur og full réttindi, en störfin að öðru leyti verði skipulögð þannig, að menn verði ekki bundnir svo að segja á bása, eins og allt of mikið hefur verið hjá okkur til þessa. Ég er ekki að kenna forstöðumönnum Fiskmatsins á neinn hátt um það skipulag, sem þarna hefur verið, það hefur vaxið upp á þennan hátt af nokkuð eðlilegum ástæðum, og það er svona nú í dag, en það þarf að taka það til endurskoðunar.

Það er því mín skoðun, að ef skapa á hér fullt svigrúm til þess að takast á við verkefnið sem heild, taka það til endurskipulagningar, þá sé miklu réttara að fara þá leið, sem lögð er til í þessu frv.: að byggja upp eina nýja stofnun. Að sjálfsögðu yrði meginhlutinn í þeirri stofnun frá Fiskmati ríkisins, á því er enginn vafi, og þeir fjölmörgu þrautreyndu starfsmenn, sem þar hafa unnið, yrðu að sjálfsögðu meginstofninn í því liði, sem þarna yrði að treysta á og byggja á. Ég er fyrir mitt leyti algjörlega andvígur því, að það sé þotið hér út í eitthvert nýtt kerfi með meira og minna óreynda menn, — ég mundi aldrei fyrir mitt leyti stuðla að neinu slíku. En mér dettur ekki í hug að hanga svo í þessu gamla skipulagi, að ég geti ekki viðurkennt, að á því eru stórfelldir gallar og það bera að vinna að því að breyta því. Og það er nú einu sinni svo, að þó að vissulega sé hægt að breyta ýmsum hlutum innan þeirra stofnana, sem verið hafa, þá er það svo, að þegar á að fara að takast á við þetta sem heild, er stundum betra að hafa meira svigrúm en minna til breytinga.

Það er í mínum augum sem sagt alveg aukaatriði, hvað þessi stofnun á að heita, — það er sjálfsagt að reyna að velja sem best nafn, — en hvort hún á að bera það nafn, sem meginstofnunin bar áður, það er ekkert höfuðatriði. Ég álít því, að það sé algjörlega á misskilningi byggt, þegar sagt er, að með þessu frv. sé verið að kollvarpa öllu því kerfi, sem við höfum byggt á til þessa, eða það sé verið að kasta fyrir róða því, sem við höfum treyst á í þessum efnum. Þetta er misskilningur, og ég held, að sá misskilningur hljóti að leiðréttast auðveldlega, þegar menn fara að vinna að málinu í n. og skoða það nánar.

Hitt tek ég ekki mjög nærri mér, hvorki hér né heldur hjá þeim ágætu mönnum, sem vinna við Fiskmat ríkisins og hafa gert margar aths. við málið, þó að þeir séu hræddir og hiki í sambandi við breyt. og vilji gjarnan fá að vita, hvað stendur til og að hverju er stefnt. Það er sjálfsagt að ræða við þá og kanna málið, en það þýðir lítið fyrir menn að tala í sífellu um það, að hér þurfi að gera breytingar, og þora svo við engu að hreyfa, þegar til á að taka.

Ég held, að það sé líka rangt, sem hér hefur komið fram, að sú n., sem sjútvrn. skipaði til þessa tiltölulega takmarkaða verkefnis, að semja nýtt frv., sem tæki tillit til þeirra grundvallarsjónarmiða, sem þarna koma fram, — hafi unnið illa. Ég held, að hún hafi unnið vel. Það var að sjálfsögðu ætlast til, að hún skilaði verkefni sínu á stuttum tíma, því að ég er á þeirri skoðun, að þetta mál sé ekki þannig, að við eigum að fara að setja upp eina n. enn, sem eigi að dúlla yfir þessu í nokkur ár, heldur er hér fyrst og fremst um það að ræða: Eigum við á tiltölulega einfaldan hátt að leggja grundvöll að því, að það sé hægt að umskipuleggja þessi mál til meiri hagkvæmni og til þess að skila meiri árangri? Það er hægt, og mér sýnist, að sá rammi, sem dreginn er upp með þessu frv., sé alveg fullnægjandi. Hitt kemur mér ekkert á óvart, að það finnist bæði forsvarsmenn einstakra stofnana í landinu og ýmsir aðilar, sem vildu hafa þetta á ýmsan annan veg. Ég held, að það verði langt að bíða þeirra tíma, að allir, sem fást við framleiðslu sjávarafurða og þurfa að leita til Fiskmats, og allir þeir, sem starfa að þessum málum, verði á einu máli um það, hvað sé réttast og best í öllum greinum. Og það vil ég segja líka að ég hélt satt að segja, að hv. 5. þm. Reykn., Jón Árm. Héðinsson, hefði heyrt það, og það er hægt að sýna honum það líka skriflegt, að það er ekki bara búið til af þessari n., það hafa komið fram hvað eftir annað þær hugmyndir og tillögur, að það mætti hverfa frá því fyrirkomulagi, sem hjá okkur hefur verið nú um alllangan tíma varðandi freðfiskmatið, það væri ekki þörf á að hafa það. Þetta hefur komið fram hjá heilum stofnunum. En sú n., sem samdi þetta frv., hefur ekki, að því er ég hef tekið eftir, tekið undir þessa skoðun á einn eða neinn hátt. Hún er ekki að gera ráð fyrir því, að dregið verði úr þessu, og það er ekki mín till. á neinn hátt. En það er rétt, að þessar skoðanir hafa komið fram hvað eftir annað, og það er alveg rétt, að það mat, sem þarna á sér stað á vegum Fiskmats ríkisins, er með nokkuð sérstökum hætti og talsvert mikið öðrum hætti en mikið af öðru fiskmati á okkar vegum.

Af því að þessir hv. tveir þm. eru allvel kunnugir þessum málum, hv. 5. þm. Reykn., Jón Árm. Héðinsson, og hv. 2. þm. Vesturl., Jón Árnason, og eru að sínu leyti upphafsmenn að því, að

hreyft yrði við málinu eða aðilar að því, þá vil ég vænta þess, að þeir takist á við þetta mál í þeirri n., sem fær málið til athugunar, og á þann hátt, að stefnt sé að því að reyna að fá lausn á málinu, — stefnt sé að því að fá afgreiðslu á málinu. Sjálfsagt er að vinna að ýmsum leiðréttingum og lagfæringum, sem menn geta orðið ásáttir um. Í þeim efnum er málið ekki bundið í neitt fast form af minni hálfu. En fyrir alla muni víkið frá því, að það sé rétt að fara sér nú hægt, setja allt í n., bíða og athuga málið í nokkur ár. Það væri alveg afleitt að fara að koma þessu máli af stað og hverfa svo að því að geyma allt saman.

Það er líka misskilningur, að þeir sem sömdu þetta frv., hafi gleymt síldarmatinu, þó að þeir tækju þá afstöðu að tilgreina ekki sérstaka deild, sem í stofnuninni hefði með síldarmatið að gera. Það kemur mjög greinilega fram í grg. við 5. gr. frv., að n. hefur ætlast til þess, að ákveðin d. tæki að sér þessi störf a. m. k. fyrst um sinn, en það yrði ekki sett upp sérstök síldarmatsdeild. Í grg. með 5. gr. frv. segir orðrétt á þessa leið, með leyfi hæstv. forseta:

„Sú deild, sem í frv. þessu er nefnd „salt- og skreiðardeild, tekur við verkefnum Síldarmats ríkisins, en auk þess mundu aðrar saltaðar sjávarafurðir, þ. á m. söltuð hrogn, einnig falla undir verksvið deildarinnar."

Henni hefur ekki verið gleymt, þessari starfsemi. Hitt er svo annað mál, hvort það er þörf á því strax í upphafi að ákveða, að þarna skuli vera sérstök síldarmatsdeild með tilheyrandi starfsliði. En hitt er líka alveg opið samkv. frv., að gera úr þessu sjálfstæða deild, þegar ástæða þykir vera til, því að ráðh. hefur heimild til þess að fjölga slíkum deildum.

Það kom fram í því, sem hér hefur verið sagt um þetta frv., að menn eru yfirleitt á einu máli um, að þörf sé á því að vinna að þessari breyt., sem hér er stefnt að. Ég hygg því, að menn séu sammála um meginkjarna málsins, en hins vegar geti kannske verið einhver ágreiningur um ákveðin formsatriði og m. a. um nafn á stofnuninni, og þá er sjálfsagt að taka það til athugunar í n. og kanna, hvort ekki er hægt að ná samkomulagi um slík atriði.

Ég skal svo ekki lengja þessar umr. frekar, því að mér sýnist, að menn séu nokkuð sammála um meginatriðin í frv., en vil vona, að sjútvn., sem fær málið til athugunar, greiði fyrir afgreiðslu þess.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 13 shlj. atkv. og til sjútvn. með 13 shlj. atkv.

Neðri deild, 100. fundur.

Fimmtudaginn 4. apríl, kl. 2 miðdegis.

Trúfélög, frv. (þskj. 622). — 1. umr.

Forsrh. (Ólafur Jóhannesson): Herra forseti. Frv. það, sem hér liggur fyrir hv. Nd., á sér þann aðdraganda, að því var lýst í stefnuræðu í byrjun þings á s. l. hausti, að frv. að l. um málefni utanþjóðkirkjumanna mundi verða lagt fyrir Alþingi, sem nú situr. Við umr. í fyrirspurnatíma á þessum vetri kom einnig fram af minni hálfu nokkur lýsing á þörf fyrir skýrari og ýtarlegri reglu um skilyrði fyrir viðurkenningu á söfnuðum utan þjóðkirkjumanna, þannig að prestar þeirra eða forstöðumenn mættu annast embættisverk, er hefðu lagaverkanir. Hin gömlu lög um utanþjóðkirkjumenn, eða réttara sagt það, sem eftir stendur af þeim, eru orðin mjög ófullnægjandi grundvöllur þess að veita slíka viðurkenningu. Það kom einnig fram við fyrrnefnda umr. í þinginu, enda einnig utan þings, að hugmyndir manna um réttarstöðu trúfélaga voru nokkuð óljósar og í sumum efnum byggðar á hæpnum lagatúlkunum. Bæði af þeirri ástæðu, en einnig með hliðsjón af skýrum fordæmum nágrannaþjóða á Norðurlöndum, þótti rétt að setja fram samhliða mun ýtarlegri reglur um trúfélög utan þjóðkirkjunnar og almennar reglur um stöðu trúfélaga, sem jöfnum höndum ættu við um aðild að þjóðkirkjunni og trúfélögum utan hennar. Um ýmisleg atriði, sem þar eru markaðar reglur um, hefur alveg skort ákvæði í lögum, og hefur því orðið að ákveða framkvæmdareglur um slík efni án stuðnings af lagareglum. Það er að vísu ljóst af reynslunni, að þessi vöntun hefur ekki orðið til neinna vandræða, og veldur þar eflaust mestu um, að aðild landsmanna að þjóðkirkjunni er svo yfirgnæfandi. Má geta þess, að í síðustu upplýsingum Hagstofunnar um þetta efni hafa 92% landsmanna verið taldir til þjóðkirkjunnar, og ef evangelísk-lútherskir söfnuðir utan hennar eru taldir með, verður hundraðshlutinn nálægt 98%. Engu að síður verður að telja til bóta, að skráðar reglur séu um mörkun aðildar manna að trúfélögum.

Í I. kafla frv. er fjallað um almennar reglur um aðild manna að trúfélögum. Sum þeirra ákvæða eru í rauninni staðfesting á reglum, sem í framkvæmd eru nú þegar, svo sem 5. gr. um skráningu trúfélagsaðildar við fæðingu, önnur ákvæði eru nýmæli, svo sem aldursmörk til ákvörðunar um aðild að trúfélagi, sbr. 3. og 6. gr. frv.

Í 1. gr. frv. má segja, að undirstrikuð sé stefnumótun frv. með því að taka upp efni 63. gr. stjórnarskrárinnar, þar sem mörkuð er regla hennar um trúfrelsi. Ákvæði 2. og 4. gr. frv. eru ætluð til þess að leggja áherslu á, að skuldbinding til aðildar að trúfélagi nær ekki lengra en vilji manna stendur til, hvað sem öllum yfirlýsingum líður, og að bannað er að taka við ákveðnum heitstrengingum manna innan 20 ára aldurs þeirra. Þá eru markaðar almennar reglur um, hvernig fjalla skuli um inngöngu í og úrsögn úr trúfélagi og um réttarverkanir skráningar í þjóðskrá. Um efni þessa kafla frv. má annars vísa til frekari útlistunar í aths. við frv.

Svo sem áður var vikið að, var það tilefni þess, að frv. þetta var samið, að þörf þótti nú á mun haldbetri reglum en gilt hafa um réttarstöðu og starfsgrundvöll trúfélaga utan þjóðkirkjunnar, sem rétt fengju fyrir presta sína eða forstöðumenn til að fara með embættisverk, sem lagaverkanir hefðu. Um þetta efni er

fjallað í II. kafla frv. Í fyrstu gr. kaflans, þ. e. 11. gr. frv., er mælt fyrir um það, að heimild sé til stofnunar trúfélaga, án þess að nokkuð þurfi að tilkynna um það til stjórnvalda. Félög, sem þannig væri farið um, mundu engu að síður þurfa að gæta þess að taka ekki upp nöfn, sem um of líktust nöfnum annars trúfélags, þannig að misskilningi gæti valdið. Einnig mundu slík félög sem önnur að sjálfsögðu vera bundin af þeirri skyldu, sem 63. gr. stjórnarskrárinnar segir, að kenna ekki né fremja neitt, sem gagnstætt væri góðu siðferði og allsherjarreglu. Slík félög geta og skv. ákvæðum gr. tryggt sér einkarétt á nafninu, þannig að það sé varið fyrir upptöku annarra á því. Að öðru leyti eru í kaflanum mjög ýtarleg ákvæði, sem gera grein fyrir, hvaða upplýsingar skulu fylgja umsókn trúfélaga um viðurkenningu þá, sem um er fjallað. Er sú viðurkenning nefnd skráning, og er það eftir fyrirmynd norskra laga. Verður að ætla, að hinar umfangsmiklu reglur, sem gerðar eru til upplýsingar um starfsemi félags, sem skráningar leitar, geti ekki gert hvort tveggja, gefið bendingar um, hvernig móta þurfi skipulag og starfshætti slíkra félaga, og jafnframt veitt ríkisvaldinu nokkra tryggingu fyrir því, að félög, sem fengin yrði framkvæmd ábyrgðarmikilla embættisverka í hendur, væru í raun svo mótuð í skipulagi og starfsháttum, að ástæða væri til þess að fela þeim slík störf, sem löggjöfin felur óneitanlega fyrst og fremst starfsmönnum ríkisins sjálfs.

Það er ástæða til að geta í þessu sambandi tveggja atriða, sem lítið eða ekkert er fjallað um í grg. frv. Annað er það, að vel hefði getað komið til greina, þótt ekki sé það gert í frv., að hafa viðurkenningu eða skráningar með tvennum hætti, þannig að trúfélög gætu notið heimildar til að taka til sín gjöld af félagsmönnum sínum og yrðu þeir með því lausir undan gjaldskyldu til þjóðkirkjunnar eða háskólans, þótt ekki yrðu þau jafnframt viðurkennd til að fara með embættisverkefni fyrir þjóðfélagið.

Það er ástæða til að minna á það, að það er auðvitað ekki með trúfrelsisákvæði stjórnarskrárinnar verið að tryggja slíkum félagshópum rétt til þess að framkvæma embættisverk með lagaverkun, heldur rétt til trúariðkunar og guðsdýrkunar eftir sannfæringu hvers og eins, enda væri ekkert því til fyrirstöðu, að helgiathafnir þeirra beindust að slíkum verkefnum, sem sérstaka löggildingu þyrfti til að framkvæma með lagaverkunum.

Að sjálfsögðu yrði þá og vel að gæta þess, að slíkar athafnir væru ekki fallnar til þess að vekja rangar hugmyndir um slíkar lagaverkanir. Það ætti í raun og veru að vera augljóst, að það eru fremur hentugleikar, sem ættu að ráða því, hverjir heimild hefðu til slíkra embættisverka fyrir þjóðfélagsins hönd. Það má til skýringar á þessu sjónarmiði geta þess, að á árinu 1973 voru framkvæmdar samtals 17 hjónavígslur í 6 söfnuðum utan þjóðkirkjunnar, öðrum en þeim evangelísk-lúthersku. Á því ári voru í þeim 3 evangelísk-lúthersku söfnuðum utan þjóðkirkjunnar framkvæmdar 79 hjónavígslur. Hjónavígslur alls voru á árinu 1688: þjóðkirkjuprestavígslur 1423, borgaralegar hjónavígslur 169, en utan þjóðkirkju, eins og ég sagði, 96 samtals og þar af í evangelísk-lútherskum söfnuðum 69, en hjá öðrum 17. Frv. byggir, eins og áður segir, ekki á þessari aðgreiningu, þótt rétt þyki að vekja athygli á þessum aðstæðum.

Hitt atriðið, sem rétt þykir að nefna í þessu sambandi, er, að ekki er mörkuð í frv. nein lágmarkstala safnaðarmeðlima sem skilyrði fyrir skráningu. Er í því fylgt fordæmi Norðmanna, sem í upphaflegri frv.-gerð höfðu sett lágmarkstölu 50 meðlima, en frá henni var horfið í endanlegri frv.-gerð og svo varð í lögum, sem sett voru 1969. Þótt segja megi, að slík lágmarkstala geti komið til greina, verður að játa, að hún segir lítið til um styrk og innihald samtaka og mundi þá e. t. v. að ófyrirsynju verða höfuðviðmiðun. Allt getur þetta þó verið umhugsunarefni.

Ég tel ekki ástæðu til að lýsa nánar öðrum efnisákvæðum II. kafla frv., þar er fjallað um skýrslugerð skráðra trúfélaga og eftirlit með þeim og embættisstörfum á þeirra vegum, svo og um skilyrði til að gegna störfum forstöðumanns eða prests og skyldur þeirra og embættisábyrgð. Ég vísa að öðru leyti um þetta efni til aths. með frv.

Frv. þetta hefur í ýmsum efnum að geyma nýmæli og vekur e. t. v. ýmsar spurningar um önnur úrræði. Ég tel æskilegt, að það sæti rækilegri athugun í n., og vafalaust þykir ástæða til að leita umsagna ýmissa aðila varðandi efni þess. Á hinn bóginn verður varla talin brýn ástæða til þess að hraða afgreiðslu þess. Ég bendi í því sambandi einnig á gildistökuákvæði þess, sem ráðgerir, að ef og þegar frv. þetta yrði að l., mundu trúfélög halda réttindum sínum skv. löggildingu í heilt almanaksár og nokkru betur til þess að geta mótað starfsemi sína eftir hinum nýju reglum, sem efnislega eftir því sem við á, munu gilda á tímabili. Síðan yrði að sækja um löggildingu að nýju á grundvelli hinna nýju reglna.

Það er rétt að geta þess, að tilefni gæti orðið til við gildistöku frv. þessa að hnika til orðalagi í sérlöggjöf, svo sem stofnun og slit hjúskapar, um sóknargjöld og kirkjugarða, en alla vega er svo langur biðtími ætlaður við hugsanlega gildistöku þess, að nægja mundi til undirbúnings um það efni.

Ég geri alls ekki ráð fyrir því, að þetta frv. verði afgr. á þessu þingi, en það er þess eðlis, að það þótti rétt að sýna það, svo að það geti legið fyrir mönnum til athugunar.

Herra forseti. Ég vil svo óska þess, að frv. verði að þessari umr. lokinni vísað til 2. umr. og hv. allshn.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 24 shlj. atkv. og til allshn. með 24 shlj. atkv.

Atvinnuleysistryggingar, frv. (þskj. 637). — 1. umr.

Heilbr.- og trmrh. (Magnús Kjartansson): Herra forseti. Frv. þetta til l. um breyt. á l. um atvinnuleysistryggingar er flutt í samræmi við

samkomulag, sem samnngisaðilar vinnumarkaðarins gerðu 26. febr. s.l. Í því samkomulagi var kafli um kauptryggingu verkafólks í fiskvinnu, og ég held, að það sé rétt til skýringar á frv., að ég lesi þann kafla upp, með leyfi hæstv. forseta:

„Þegar starfsfólk í fiskvinnu hefur unnið samfleytt hjá sama atvinnurekanda í 4 vikur, þá er því gefinn kostur á að gera sérstakan ráðningarsamning, sem felur í sér eftirfarandi atriði:

1) Starfsfólk skal halda dagvinnukaupi fyrstu 3 atvinnuleysisdaga í viku hverri. Frá 1. mars 1976 skal starfsfólk halda dagvinnukaupi fyrstu 4 atvinnuleysisdaga í viku hverri og frá 1. mars 1978 5 atvinnuleysisdaga. Starfsfólk, sem ráðið er til hálfsdagsvinnu, nýtur hlutfallslega sömu réttinda.

2) Starfsfólki ber að vinna öll algeng störf í fiskvinnslubúsum skv. fyrirmælum verkstjóra.

3) Starfsfólki ber að hlýða útkalli, nema lögleg forföll hamli.

4) Neiti starfsfólk skv. tölul. 2 vinnu eða mæti ekki til vinnu, þegar vinna er fyrir hendi, falla réttindi þau, sem samningur þessi gerir ráð fyrir, úr gildi þá viku.

5) Með samfelldri 4 vikna vinnu er átt við, að unnið hafi verið hjá sama atvinnuveitanda fulla dagvinnu í 4 vikur, enda jafngildi fjarvistir vegna veikinda, slysa, hráefnisskorts eða sambærilegra orsaka fullri vinnu.

6) Heimilt er að segja kauptryggingu verkafólks upp með viku fyrirvara, ef fyrirsjáanleg er vinnslustöðvun. Eftir að vinnsla hefst á ný, nýtur verkafólk áunninna réttinda.

7) 60% af greiðslu, sem vinnuveitendur greiða vegna þessarar tryggingar, skal atvinnuleysistryggingasjóður endurgreiða viðkomandi fyrirtæki mánaðarlega, enda hafi trúnaðarmaður og annar launþegi, er trúnaðarmaður eða stéttarfélag velur, staðfest framlögð gögn með daglegri uppáskrift. Þann 1. mars 1979 lækkar greiðsluhlutfall Atvinnuleysistryggingarsjóðs í 50% og síðan um 10% á ári næstu 5 ár, þannig að greiðsla sjóðsins fellur niður frá og með 1. mars 1984.

8) Samkomulag þetta tekur gildi við undirskrift samnings þessa, enda hafi ríkisstj. lofað að beita sér fyrir, að breyt. á l. um Atvinnuleysistryggingasjóð verði gerð á Alþingi því, er nú situr, er heimili greiðslu til vinnuveitenda, sbr. tölul. 7 hér að framan. Reglugerð um framkvæmd og eftirlit verði gerð í samráði við Alþýðusamband Íslands og Vinnuveitendasamband Íslands."

Þessu samningsákvæði aðila vinnumarkaðarins fylgir yfirlýsing frá ríkisstj., svo hljóðandi:

„Ríkisstj. mun beita sér fyrir, að breytt verði á yfirstandandi þingi l. um Atvinnuleysistryggingasjóð þannig, að greiðslur skv. framanskráðu samkomulagi geti farið fram."

Undir þetta rituðu Lúðvík Jósepsson, Björn Jónsson og Halldór E. Sigurðsson.

Í samræmi við þetta fyrirheit fól ég þriggja manna n. að gera drög að frv. um breytingu á l. um atvinnuleysistryggingar, og áttu sæti í n. Hjálmar Vilhjálmsson, fyrrv. ráðuneytisstjóri, sem var form. n., Eðvarð Sigurðsson alþm. og Kristján Ragnarsson framkvstj., og hafa þeir samið það frv., sem hér liggur fyrir. En þau atriði, sem meginbreytingin felst í, er að finna í 5. gr. frv., sem er framkvæmd á því samkomulagi, sem ég var að lýsa hér áðan. Það skiptir einnig verulegu máli, hvernig þessi lög eru framkvæmd í verki, og því fylgja hér með drög að reglugerð um kauptryggingu verkafólks í fiskvinnu, í öðru lagi drög að ráðningarsamningi um kauptryggingu verkafólks í fiskvinnu og enn fremur drög að skrá um það, hvernig skrá skuli atvinnuleysisdaga, sem atvinnurekanda ber að greiða dagvinnukaup fyrir, þannig að það liggur alveg ljóst fyrir, hvernig hugsað er að framkvæma þessa lagabreytingu í verki.

Ég þarf ekki að hafa nein orð um það, hversu mikið réttindamál þetta er fyrir starfsfólk í fiskvinnu, það ætti öllum að vera ljóst. En ég vil minna á það, að í þessu eiga naumast að felast neinar nýjar byrðar fyrir Atvinnuleysistryggingasjóð. Á síðasta þingi var l. um hann breytt þannig, að biðtími var felldur niður, þannig að menn áttu kost á atvinnuleysistryggingabótum þegar á fyrsta degi, er þeir urðu atvinnulausir, þannig að segja má, að með því hafi verið kominn vísir að almennri kauptryggingu.

Að sjálfsögðu verður ekki hjá því komist, að við afgreiðsum þetta mál á þessu þingi, og ég hygg, að það muni verða auðsótt. Mér er ekki kunnugt um, að neinn ágreiningur sé um þetta mál. Ég legg til, herra forseti, að því verði að lokinni 1. umr. vísað til 2. umr. og hv. heilbr.- og trn.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 23 shlj. atkv. og til heilbr.- og trn. með 24 shlj. atkv.

Jarðgufuvirkjun við Kröflu eða Námafjall, frv. (þskj. 549, n. 654). — 2. umr.

Jón G. Sólnes: Herra forseti. Það hefur fallið í minn hlut í fjarveru frsm. n., Jónasar Jónssonar alþm., að mæla fyrir nál. frá iðnn. í sambandi við þetta frv. N. ræddi þetta á fundi og hefur verið sammála um að gefa út svo hljóðandi nál.:

„N. hefur athugað frv. og mælir með samþykkt þess óbreytts, eins og það er á þskj. 292 og 549.

ATKVGR.

1. gr. samþ. með 23 shlj. atkv.
2.—6. gr. samþ. með 24 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 22 shlj. atkv.

Fjáröflun til vegagerðar, frv. (þskj. 607). — 1. umr.

Fjmrh. (Halldór E. Sigurðsson): Herra forseti. Á þskj. 607 er frv. til l. um fjáröflun til vegagerðar. Eins og kom fram í ræðu hæstv. samgrh. hér í gær, er vegna þeirrar ákvörðunar, sem er um verkaskiptingu í stjórnarráðinu, sá hluti vegagerðarinnar, sem lýtur að tekjuöflun, til meðferðar hjá fjmrn. eins og önnur tekjuöflun,

sem ríkissj. annast, en ekki látin fylgja vegalögum, eins og áður hefur verið. Þetta gerir það að verkum, að frv., sem ég fylgi hér úr hlaði, er sá þáttur vegagerðarinnar, sem hv. þm. er ekki eins ánægjulegur og hinn þátturinn, að mega deila út því fé, sem til vegagerðar er aflað. En í sjálfu sér er eðlileg verkaskipting, sem þarna á sér stað, og þess vegna er þetta frv. flutt af fjmrh., en ekki af samgrh. í vegalögum, eins og verið hefur.

Það, sem um er að ræða í sambandi við þetta frv., er tekjuöflun til vegagerðar í landinu. En tekjuöflun til vegagerðar hefur oft átt sér stað, og hefur á löngu skeiði orðið að bæta upp til þess að mæta þeim verðhækkunum, sem orðið hafa, og einnig þegar um auknar framkvæmdir hefur verið að ræða. Sú leið, sem valin er hér í tekjuöflunarskyni, er sú hin sama og verið hefur, allt frá því að vegalög 1963 voru sett, en það er að afla aðaltekna til vegagerðar í landinu af umferðinni og þá með þeim hætti að taka bensíngjald og þungaskatt af bifreiðum til þessara framkvæmda í vegagerð. Auk þess sem þar er aflað fjár til vegagerðar, hefur einnig verið um lántöku að ræða, sem ég kem að síðar.

Ef borin er saman sú þróun, sem orðið hefur í hækkun á bensínskatti, eins og hér er lagt til nú, og orðið hefur í kaupgjaldi á sama tíma, allt frá 1964, þá hefur þetta nokkuð fylgst að, og miðað við það kaupgjald, sem var í landinu, og það verð, sem bensínið var ákveðið 1964, eftir að bensínskatturinn var á það lagður, ætti verð á bensíni nú að vera miðað við kaupgjaldið 36.37 kr. hver lítri. Skv. þessu frv. mundi það hins vegar verða rúmar 36 kr. lítrinn, miðað við skatt þann, sem hér er gert ráð fyrir. Það er því um að ræða, að hér er svipað hlutfall á milli hækkunar á bensínskatti annars vegar og kaupgjaldi í landinu hins vegar á því tímabili, sem liðið er síðan þessi háttur var upp tekinn. Það má líka geta þess, að ef litið er á vísitölu byggingarkostnaðar á sama tíma eða allt frá 1963, en þá var hún 197 stig, en núna 998, — hefði bensíngjaldið frá 1964 fylgt vísitölu byggingarkostnaðar alla tíð síðan, þá væri bensínskatturinn kr. 14.03, en hér er lagt til, að hann verði kr. 14.00. Það má því segja með réttu, að í báðum þessum tilfellum er um það að ræða, að bensíngjaldið eða bensínskatturinn og kaupgjaldið í landinu haldast í hendur, miðað við það, sem hér er lagt til, og bensínskattur og byggingarkostnaður skv. vísitölu helst einnig í hendur. Það er ekki óeðlilegt að miða við þá vísitölu, vegna þess að svo mikill hluti af framkvæmdum í vegagerð er tengdur byggingarvísitölu.

Í þessu frv. er því lagt til að fylgja þróuninni, eins og hún hefur verið og halda sama hlutfalli og var, þegar bensínskattur og þungaskattur voru teknir upp í ríkum mæli, eins og gert var með vegalögunum 1963. Þetta tekst þrátt fyrir þá gífurlegu bensínhækkun, sem varð vegna olíukreppunnar svokölluðu á s.l. hausti. Ef hún hefði ekki komið til, hefði þrátt fyrir þessa hækkun verið um lægra verð á bensíni að ræða hér á landi nú heldur en þá var, miðað við kaupgjald.

Í þessu frv. er svo gert ráð fyrir því, að bensíngjaldið verði 15 kr. um næstu áramót. Ástæðan til þess, að þessi till. er gerð, er sú breyting, sem lögð er til, að gerð verði, og fram kemur í þessu frv., að leggja niður ýmsa þá skatta, sem áður hafa verið innheimtir af bifreiðum í margs konar myndum og hafa verið dýrir í innheimtu. Enn fremur er á allan hátt eðlilegra og skemmtilegra að innheimta það í einu gjaldi, eins og hér er lagt til, en það þýðir, þegar á að leggja alla þessa skatta niður, sem eru æðimargir, krónuhækkun á bensínlítra til þess að ná sömu fjárhæð og náð er með þessum sköttum nú.

Það orkar ekki tvímælis, að þetta ákvæði frv. mun almennt verða vel séð, enda hefur oft komið til álita að fella niður þessa mörgu skatta, þó að af því hafi ekki orðið. En nú er gert ráð fyrir því, að sú breyting taki gildi við næstu áramót.

Ég held því að hér sé um að ræða mikla endurbót á innheimtukerfi vegna þeirra skatta, sem á bifreiðar eru lagðir, bæði eigendum bifreiða og tollheimtu og skattheimtu ríkisins til mikils hægðarauka. Ég efast því ekki um það, að þessu ákvæði verði vel tekið. Það þótti hins vegar rétt að láta það ekki taka gildi fyrr en við næstu áramót, til þess að nokkur tími væri til þess að ákveða og undirbúa þessa breytingu.

Inn í þetta frv. á vegal. er einnig tekið það ákvæði, að út skuli gefa happdrættisskuldabréf á vegum ríkissjóðs vegna hringvegarins. Er gert ráð fyrir því í 13. gr. vegalagafrv., að notkun þessarar heimildar verði ákveðin í fjárlögum hverju sinni, og mundi svo í vegáætlun verða ákveðið, í hvaða vegi þetta ætti að ganga. Hér er talað um, að þetta gangi í hringveginn, svo sem happdrættisbréf þau, sem seld hafa verið í sambandi við Skeiðarársand, og nú hefur verið samþykkt hér á hv. Alþingi frv. að l. um happdrættisskuldabréf til Djúpvegar. Ég tel, að næsta stóráfangakið í þessu efni hljóti að verða að fylgja eftir endurbótum á Vesturlands- og Norðurlandsvegi og enn fremur að þetta gangi til Austfjarðaráætlunar. Ég held, að það orki ekki tvímælis, að vegagerð eins og héðan frá Rvík til Akureyrar er mikið nauðsynjaverk og fjárfrek framkvæmd og einmitt kjörið verkefni að selja happdrættisskuldabréf til að hrinda því máli áfram. Við afgreiðslu vegáætlunarinnar að þessu sinni mundi verða tekið upp, til hvers þessi heimild væri notuð, og ég tek undir það, sem hefur komið fram hér á hv. Alþingi, að nauðsyn beri til að tengja þetta ákveðnum hlutum, m. a. til að örva sölu happdrættisbréfanna hjá þeim, sem þeirra vega eiga að njóta, eða í þeim héruðum, þar sem vegagerðin á að fara fram. Það mundi örva sölu þar.

Það er gert ráð fyrir því, að ef þetta frv. yrði að l. á hv. Alþingi, sem ég vona nú, og það fyrr en seinna, þá mundi það á þessu ári gefa rúml. 300 millj. kr., en á næsta ári mundi það vera eitthvað yfir 400 millj. kr.

Leiðir þær, sem farnar hafa verið til að fjármagna í vegamálum, hafa, eins og ég hef áður sagt, verið ákveðnar í vegal., og hafa þá verið markaðir tekjustofnar, sem hafa verið innheimtir, og er bensínskatturinn þeirra stærstur og þungaskatturinn þar næststærstur. Hins vegar hefur ekki verið talin ástæða til þess eða fært að þessu sinni eða rétt að stefna að því að hækka

gúmmígjald af hjólbörðum, því að þar er um öryggistæki að ræða, og ætti frekar að stefna að því að draga úr þeim skatti heldur en hækka hann vegna þess öryggis, sem það mundi skapa.

Til viðbótar þeim tekjum, sem Vegagerðin fær með þessum hætti, fær hún einnig framlag á fjárl., sem er samkv. núgildandi fjárl. um 260 millj. kr. En auk þess, sem þar er getið af fjárveitingum til vegagerðar, hefur ríkissjóður tekið að sér að greiða af þeim lánum, sem tekin hafa verið vegna vegagerðar, bæði afborganir og vexti viðkomandi lána. Hér er orðið um allháa fjárhæð að ræða. Á þessu ári er gert ráð fyrir því, að sú fjárhæð, sem ríkissjóður greiðir þar, sé 523 millj. kr., svo að segja má, að framlag ríkissjóðs sé orðið um 800 millj. kr., ef um beint framlag er að ræða. Þegar þessi lán voru fyrst tekin, voru þau tekin með þeim hætti, að Vegasjóður stóð undir afborgun og vöxtum af þessum lánum, en það var ljóst fljótlega, að ef sú þróun ætti að vera áfram, mundi það leiða til þess, að Vegasjóður mundi ekki geta sinnt sínum verkefnum í viðhaldi og framkvæmdum í sambandi við vegagerðina, þar sem svo mikið færi af fjármagni hans í afborganir og vexti af lánum, sem tekin voru til þess að flýta framkvæmdum. Að þessu ráði hefur því verið horfið. Enn fremur er gert ráð fyrir því varðandi þær tekjur, sem ríkissjóður kynni að hafa vegna söluskatts af þeim skatti, sem hér er lagt til, að lagður verði á, að fjárhæð ríkissjóðs vegna vegaframkvæmda verði hækkuð a. m. k. sem því nemur.

Þrátt fyrir þessa breyt. á vegal. með tekjuöfluninni, sem hér er lagt til, er fjarri því, að fjármagn til vegaframkvæmda sé svo mikið sem Vegagerðin áætlar að þurfi til þess að framkvæma núgildandi vegáætlun með fullum verðbótum og þeim tilfærslum, sem hafa orðið á milli áranna 1973 og 1974. Enn fremur eru teknar inn í þá útreikninga, sem vitnað er til í grg. frv., endurbætur, sem fyrirhugað er, að gerðar verði á Þingvallavegi, m. a. vegna þjóðhátíðarinnar í sumar, 70 millj. kr. Þá er enn fremur gert ráð fyrir því að taka upp sérstakan aukalið vegna snjómoksturs, um 20 millj. kr., aukið framlag til sýsluvegasjóðanna verður um 16 millj., fjárveiting til þess að greiða lán, sem tekin voru í einstaka vegi á s. l. ári, um 18 millj., aukin framlög vegna girðinga frá því, sem gert er ráð fyrir í vegáætluninni og verðbætur gera ráð fyrir, um 15 millj. kr., og hækkun til fjallvega um 6 millj. kr. Þessi fjárhæð, aukin útgjöld, er alls um 150 millj. kr.

Þá eru teknar inn í þá kostnaðaráætlun, sem er getið um í grg. frv., þær verðhækkanir, sem talið er, að séu orðnar á vegaframkvæmdum, miðað við þá vísitölu, sem reiknuð var út nú í byrjun marsmánaðar. Er því um allmikla hækkun að ræða. Hækkunin í heild, sem þannig er til orðin, er um 1900 millj. kr. frá því, sem áætlunin gerði ráð fyrir.

Það er nokkurn veginn ljóst af því, sem kemur fram, að ekki eru líkur til þess, að hægt verði að útvega það fjármagn, sem þarf til þess að koma í framkvæmd þeirri vegagerð allri, sem var gert ráð fyrir, einhverjum hluta þess verði að fresta fram á árið 1975. Hins vegar mun verða reynt að afla meira fjár til vegaframkvæmda í landinu á þessu ári en gert er ráð fyrir í uppsetningu frv., eins og það nú liggur fyrir. Að hve miklu leyti það verður gert, get ég ekki skýrt frá að þessu sinni. Til þess hef ég ekki þekktar tölur eða þekkta möguleika, og verður það gert í sambandi við afgreiðslu þessara mála hér á hv. Alþ. og vegáætlunarinnar fyrir næsta ár. Hins vegar er ljóst, að gert var ráð fyrir miklum vegaframkvæmdum hér á landi á þessu vegáætlunartímabili, ekki síst þegar það er haft í huga, að auk þess, sem hér er getið, er verið að vinna að vegaframkvæmdum á Skeiðarársandi, sem verður lokið á þessu ári og það fyrr en gert var ráð fyrir.

Verðhækkanirnar, sem orðið hafa síðan vegáætlunin var samin, hafa að sjálfsögðu mikið hér um að segja, og er hækkunin til þess verðlags, sem nú er, allt að því að vera 95—96% á þeim liðum, þar sem einna mestrar hækkunar gætir. Það gerir það að verkum, að fjárþörfin er svo mikil sem raun ber vitni um, og það eru ekki nema þrjár leiðir til að mæta þeirri fjárþörf: Í fyrsta lagi að auka tekjur til vegagerðarinnar, eins og hér er lagt til, og er því stillt í hóf, eins og ég hef þegar sýnt fram á. Í öðru lagi að fá fé að láni, eins og gert var ráð fyrir í vegáætluninni, að gert yrði. Í þriðja lagi, þar sem það ekki hrekkur til, þá yrði að fresta til næsta árs þeim hluta framkvæmda, sem fjármagn næðist ekki til eftir þessum tveim leiðum eða umfram er getu.

Nú skal ég ekki segja um þetta frv. öllu meira en ég hef þegar tekið fram, enda tel ég, að ég hafi getið meginþátta þess, og tel mig hafa gert grein fyrir því, hvaða fjárhæð, um 300 millj. kr., það mundi gefa á þessu ári. Hins vegar vil ég geta þess, að það hefur jafnan verið svo hér á hv. Alþ., að þm. hafa verið áhugasamir um framkvæmdir í vegagerð, og ég efast ekkert um það, að svo muni einnig verða að þessu sinni, og þá tel ég jafnvíst, að þeir muni einnig verða svo raunhæfir sem þarf til að gera sér grein fyrir því, að til þess að af framkvæmdum geti orðið, þarf fjármagn til, og þessu fjármagni verður ekki náð nema með þeim leiðum, sem ég hef þegar nefnt. Ég get að vísu látið mér detta í hug, að einhverjir kynnu að hafa það í huga, að ríkissjóður gæti lagt meira til vegamála en lagt er til í fjárlagafrv. En þá vil ég og minna á það, sem ég gat hér áðan, að ríkissjóður leggur til miklu meira fjármagn en þar er greint, þar sem eru um 550 millj. kr. í greiðslu vaxta og afborgana af lánum þeim, sem tekin hafa verið til vegagerðar, og að sjálfsögðu fer þetta vaxandi, þar sem aukin lán eru tekin til vegagerðar árlega, meira en niður er borgað. Ég vil líka segja það í sambandi við þær verðlagsbreytingar, sem ýmsir hafa vitnað til í þessu sambandi, að í því áliti, sem ég hef fengið frá hagrannsóknadeild Framkvæmdastofnunarinnar, hafa verið leidd rök að því, að auknar tekjur ríkissjóðs, sem þar er gert ráð fyrir, mundu ekki verða nema sáralitlar miðað við það, sem gert var ráð fyrir í tekjuöfluninni á s. l. hausti, og í því tekjuyfirliti, sem hagrannsóknadeildin lét hv. Alþ. í té í sambandi við frv. um kerfisbreytingu skatta, var að sjálfsögðu tekið tillit til þessa

máls eins og annars. Það mun því sýna sig, að það verða ekki haldgóð rök til framkvæmda að ætla að gefa ávísun á ríkissjóð í þeim efnum umfram það, sem gert er ráð fyrir hér, og það, sem ég drap á áðan, enda öllum ljóst, að hér er um stórt fjárhagsdæmi að ræða, og mun reynast erfitt að ná saman endum. Ég reikna reyndar ekki með því, að svo geti orðið, að hægt verði að ná því að fylla upp í marsvísitöluna eða þá fjárhæð, sem hún greinir, en hins vegar verður reynt að komast eins langt í þeim efnum og mögulegt er.

Ég sé svo ekki ástæðu til, herra forseti, að orðlengja þetta og legg til, að að lokinni þessari umr. verði frv. vísað til 2. umr. og hv. fjh.- og viðskn.

Ingólfur Jónsson: Herra forseti. Byrðin er nú æðiþung, sem hæstv. ráðherrar þurfa að bera, þegar þeir tala um fjármál, atvinnumál eða vegamál, og það var sennilega góðverk af hæstv. fjmrh. að létta nú svolítið undir með starfsbróður sínum, hæstv. samgrh., og tala fyrir þessu frv., svo sem hann nú gerði. (Gripið fram í.) Það hefur ekki verið ánægja fyrir hæstv. fjmrh. að tala fyrir þessu frv., eins og það er úr garði gert og eins og það speglar ástand fjármálanna yfir höfuð. Þetta frv. er spegilmynd af ástandinu í dag, og þegar hæstv. ráðh. var að tala um þrjár leiðir í vegamálum, þá hafa hv. þm. sennilega tekið eftir því, að hæstv. fjmrh. gleymdi alveg að minnast á þá leiðina, sem hann minnti oftast á, áður en hann varð ráðh. Það var að hækka framlög úr ríkissjóði. Það var sú leið, sem hv. þm. Halldór E. Sigurðsson benti stöðugt á, meðan hann var í stjórnarandstöðu. En nú segir hæstv. ráðh., að það sé ekki til neins að gera till. um auknar greiðslur úr ríkissjóði, því að þar sé ekkert að hafa. Það er rétt sama, hversu mikið ríkissjóður innheimtir, þar er ekkert aflögu.

Ég geri ráð fyrir því, að hæstv. ráðh. hafi hér um bil rétt fyrir sér í því, að hæstv. ríkisstj. eyði jafnóðum því, sem í kassann kemur, og það sé lítið þar að hafa, á meðan núv. stjórnarstefna er ráðandi. En það er áreiðanlegt, að allir hv. þm. hafa enn áhuga á því að gera miklar vegaframkvæmdir. Þess gerist þörf að gera miklar vegaframkvæmdir.

Þegar núv. hæstv. ríkisstj. komst til valda, voru miklar auglýsingar uppi hafðar um það, að nú ætti að gera stórátök í vegamálum og framkvæmdum, og var gefið í skyn, að fyrrv. ríkisstj. hefði ekki staðið sig vel í þessum málum. Hæstv. núv. ríkisstj. talar stöðugt um hringveginn sem sitt mál. Hæstv. fjmrh. talaði um það núna, að það væri verið að ljúka við hringveginn og það fyrr en áætlað var. Ég man ekki betur en það hafi verið talað um það, þegar lög um fjáröflun voru sett hér í ársbyrjun 1971, að miða við að ljúka hringveginum á árinu 1974 í tilefni af 1100 ára afmæli byggðar á Íslandi, þannig að það er ekki neitt á undan áætlun. Fjáröflunin og framkvæmdirnar voru ákveðnar af fyrrv. stjórn, og framkvæmdir við hringveginn koma ekkert við fjárhag Vegasjóðs eða venjulegum vegaframkvæmdum, vegna þess að fjáröflun til hringvegarins er með sérstökum hætti, með sölu happdrættisskuldabréfa.

Ég er samþykkur því, sem kemur fram í þessu frv., að haldið verði áfram að selja skuldabréf í þessum tilgangi, ekki kannske aðeins til vegarins upp í Borgarfjörð, heldur til hringvegarins, miðað við það, að það verði hringvegur um landið allt. Ég vil benda á, að það er lítið gagn að því að brúa Skeiðará, ef bæði Mýrdalssandur og Breiðamerkursandur eru alveg ófærir. Ég er þess vegna hræddur um, að það sé betra að láta eitthvert fjármagn í veginn á þeim stað einnig, um leið og lagt er í veginn upp í Borgarfjörð og Suðurlandsveginn yfirleitt, sem ekki þolir þá umferð, sem á hann verður lögð með því að opna hringveginn, eins og kallað er. En um þetta er ekki ástæða til að deila nú, en ég er samþykkur því, að þetta ákvæði verði lögfest. Það væri menningaratriði, ef við gætum gert góðan hringveg um landið allt og það væri góður vegur um Borgarfjörð eins og á aðra staði.

Frv., sem hér er til umr., er raunalegt, hvernig það er til komið. Það er frv. um tekjuaukningu ríkissjóðs, um fjáröflun til vegamála. En það raunalega er, að sú fjáröflun, sem lagt er til í þessu frv., dugar ákaflega lítið miðað við þá fjárþörf, sem nú er. Þetta frv. getur ekki gefið í tekjur, þótt það verði lögfest, meira en 300 millj. kr. á þessu ári. — Ég reikna ekki með veggjaldinu. Það hefur verið reynt tvisvar áður að taka veggjald af Suðurlandsvegi og Reykjanesbraut, eftir að því var hætt, og það hefur í bæði skiptin verið fellt. Og dálítið er það skrýtið að óska eftir samstarfi þm. í þessu máli, alveg sérstöku samstarfi, en bera þó fram till., sem allir vita, að veldur hatrömmum deilum hér í þinginu, sem tvisvar er búið að fella. Það hefði einhvern tíma verið sagt, að þetta væru ekki hyggileg vinnubrögð. En hæstv. ríkisstj. hefur sínar leiðir. Það er ekki víst, að hún sé hyggin nú frekar en oft áður.

Þetta frv. gefur ekki meira en þetta. En fjárvöntunin í heild er 1900 millj. kr. Hæstv. ráðh. sagði áðan, svo sem rétt er, að vegagerðarkostnaður hafi hækkað á tveimur árum um nærri 100%, 96%, sagði hann, og er þá miðað við vísitöluna 1. mars s. l. Það er ekki miðað við júnívísitöluna, en hún verður allmiklu hærri, og það verður sú kostnaðarvísitala, sem vinna þarf eftir í sumar. En að framkvæmdakostnaður hækki um nærri 100% á tveimur árum, það er vitnisburður um stjórnarfarið í landinu á þessum tveimur árum. Þótt hæstv. ríkisstj. með sínu stjórnleysi hafi sett allt á annan endann og stefni í strand, þá sést ekkert fararsnið á henni. En margir eru farnir að hugsa, til hvers það leiði, ef núv. hæstv. ríkisstj. situr áfram föst í sínum stólum.

Einn hæstv. ráðh., hæstv. iðnrh., hefur haft orð á því, að það væri eðlilegt, að kosningar færu bráðlega fram. Skyldi þessi hæstv. ráðh. hafa gert sér betri grein fyrir ástandinu en hæstv. samráðh. hans? Um það skal ég ekkert dæma. En það er þó lofsvert, að einn hæstv. ráðh. hefur gefið í skyn, að það sé ástæða og þörf á breytingum.

Sú verðbólga og þær verðhækkanir, sem nú ganga yfir, valda vitanlega öllum hugsandi

mönnum áhyggjum. Krónan er að verða að einum eyri eða kannske broti úr eyri. Vegasjóður er ekki eini sjóðurinn, sem nú er tómur og hefur misst sinn framkvæmdamátt. Hæstv. ríkisstj. hefur hrósað sér af fleiru heldur en vegaframkvæmdum. Hún hefur hrósað sér af byggingaráætlunum, hún hefur hrósað sér af því að standa vel með unga fólkinu, sem er að byrja búskap og stofna heimili. En hvernig er með húsnæðislánin? Hæstv. ríkisstj. hefur nýlega ákveðið að hækka lán úr húsnæðislánasjóði í 1060 þús. kr. En miðað við þann kostnað, sem nú er um að ræða, þyrftu þessi lán að vera um 1450 þús. til þess að vera nokkurn veginn hliðstæð því, sem þau voru 1971. Þannig hefur hæstv. ríkisstj. skorið niður byggingarlánin til þess fólks, sem er að reyna að stofna heimili. Og ekki nóg með það. Þótt lánin hafi verið skorin niður, virðist vera svo, að hæstv. ríkisstj. hafi ekki enn fundið ráð til þess að standa við þessar lágu og niðurskornu lánveitingar. Það mætti nefna fleiri sjóði, opinbera sjóði, sem eiga mikilvægu hlutverki að gegna, Fiskveiðasjóð, Stofnlánadeild landbúnaðarins og fleiri sjóði, allt er tómt, og ekki virðast vera möguleikar til að veita þá niðurskornu fyrirgreiðslu, sem staðið hefur til að veita.

Gert er ráð fyrir að hækka bensíngjald með lögfestingu þessa frv. um 4.13 kr., en auk þess um eina kr. 1. jan. n. k. Þessi eina kr. á að mæta niðurfellingu ýmiss konar gjalda, sem boðuð er. Það er rétt, sem hæstv. fjmrh. sagði áðan, að það hefur oft áður komið til álita að fella niður þessi gjöld. Er ekki ástæða til að mæla gegn því, að það verði gert. En hagræðingin, sem í því felst, er ekki eins mikil og sumir vilja vera láta. Það er hér um bil sama vinna við þetta, vegna þess að venjulega er greiðsla innt af hendi um leið og þjónustan er veitt. Það er þess vegna ekki eins mikill sparnaður og ætla mætti. T. d. þegar ökuskírteini er afhent, þá er lítið meiri vinna í því að taka á móti greiðslu heldur en þótt því sé sleppt. Þannig er það einnig með tryggingaskírteini og annað fleira, sem í þessum gjöldum felst. En ég segi, að þetta hefur alltaf verið álitamál, og ég ætla mér ekki að mæla gegn því, að þessi breyting út af fyrir sig verði gerð. Ég sé ekki ástæðu til þess. Bensínskatturinn á sem sagt að hækka um 5 kr. við næstu áramót og 4.13 kr. nú strax. Útsöluverð á bensíni verður þá sennilega fremur 37 kr. en 36 kr. Mér er sagt, að það biði einhverjar leifar af síðustu söluskattshækkun, sem ráðgert sé að bæta við, þegar næsta verð verður ákveðið, og eitthvað þurfa olíufélögin að fá meira vegna hækkunarinnar, þannig að það er ekki fjarri lagi, að bensínverðið verði þá, ef þetta verður lögfest, frekar 37 kr. en 36.

Hæstv. fjmrh. var að tala um, að 36 kr. verð væri sambærilegt því, sem bensínverðið var 1964, sé miðað við kaupgjald og sé miðað við byggingarvísitölu. Þessa útreikninga hef ég ekki hjá mér. Það, sem skiptir meginmáli, er þó, að ég er hræddur um, að ef bensínið verður hækkað þetta mikið, þá verði þetta ekki til þess tekjuauka fyrir vegasjóð, sem ætlast er til. Ég er hræddur um, að bensínnotkunin geti dregist saman, verði minni vegna þessarar hækkunar. En mestur reginmunurinn er þó sá, að 1964, þegar bensínverðið var ákveðið og aðrir tekjustofnar Vegasjóðs, var það til þess að brúa bilið, fylla upp í skörðin, og til þess að auka vegaframkvæmdir í landinu. En þótt þessi hækkun verði gerð nú á bensíninu og þungaskattinum, sér þess engan stað. Það er aðeins lítið brot af því fjármagni, sem vantar, til þess að hægt sé að standa við þá vegáætlun, sem samin var fyrir tveimur árum, hvað þá að bæta við framkvæmdirnar, eins og alltaf hefur verið gert áður, þegar álögur hafa verið hækkaðar á umferðina.

Það er táknrænt tal hjá hæstv. fjmrh. nú, þegar hann talar um, að það sé ekki til neins að gera kröfur til ríkissjóðs, vegna þess að þar sé ekkert að hafa. Það er táknrænt, tal hæstv. ráðh. í dag, ef það er borið saman við tal hans áður, áður en hann varð ráðh. Þá talaði hv. 3. þm. Vesturl. um, að allar tekjur af umferðinni ættu að ganga til vegamála. Hvaða tekjur skyldu vera af umferðinni, sem ganga í ríkissjóð? Hæstv. ráðh. aflaði fjár með því að hækka skatta á innfluttum bílum. Þessir nýju skattar, sem hann lagði á vorið 1972, munu hafa gefið ríkissjóði á s. l. ári um 400 millj. kr., ekki minna, og heildartekjur af umferðinni, sem gengu í ríkissjóð á s. l. ári, munu hafa verið nærri 2000 millj. kr. Þannig hefur hæstv. ráðh. verið duglegur að skrapa saman í ríkissjóð milljarða, en segir nú, að hann geti engu skilað, vegna þess að allt þetta, sem til ríkissjóðs hefur farið af umferðinni, hátt á 2. milljarð á s. l. ári og verður enn meira að óbreyttum lögum á þessu ári vegna hækkunar á bensíni, — ekkert af því getur hæstv. ráðh. látið af hendi.

Hæstv. ráðh. var að vísu að tala um, að ríkissjóður greiddi vexti og afborganir af lánum. Þetta var áður gert, en hefur farið hækkandi, vegna þess að þessar greiðslur hafa þyngst, en þessar greiðslur eru aðeins brot af því, sem gengur til ríkissjóðs í sköttum af umferðinni.

Ég gerði ráð fyrir því, að í þessu frv. kæmi fram greiðsla frá ríkissjóði til Vegasjóðs, vegna þess að ríkissjóður hefur fengið auknar tekjur af himnum ofan, — tekjur, sem ekki var búist við, vegna hækkunar á bensíni. Má reikna með, að það verði um 400 millj. á þessu ári. Ég vil — með leyfi hæstv. forseta — lesa hér upp áætlun, sem var gerð um þessa tækjuhækkun ríkissjóðs 31. jan. s. l. Það er er áætlun um tekjuaukningu ríkissjóðs vegna olíuhækkana erlendis og hækkunar á innflutningsgjaldi. Helstu forsendur dæmisins eru þessar:

a) Verð á bensíni verði 32 kr., — 31. jan. var ekki hugsað, að það gæti orðið hærra, en nú verður það sennilega 5 kr. hærra, — 32 kr. á lítra miðað við óbreytt innflutningsgjald, en kaupverð fob. 123 dollarar hvert tonn.

b) Innflutningsgjald hækki um kr. 3.13, sem hefur í för með sér, að útsöluverð fer upp í kr. 35.90. Þetta er ekki fjarri lagi.

c) Útreikningar eru miðaðir við hækkun á útsöluverði úr 25 kr., sem bensínið var 31. jan. s. l. Tekjur af erlendri hækkun eru reiknaðar út á ársgrundvelli, en söluskattstekjur af innflutningsgjaldi eru miðaðar við 1. mars. Bensínsala er miðuð við tekjuáætlun Vegagerðar ríkisins og er áætluð 98.3 millj. lítra 1974.

Tollverð á bensíni var fyrir hækkun 3.90 kr.

á lítra, en er nú áætalð 8.80 kr. á lítra. Miðað við framangreindan innflutning yrði tekjuaukning ríkissjóðs um 241 millj. kr. á ársgrundvelli. En það er fleira en tolltekjurnar, það er söluskatturinn líka, sem hækkar, þegar innkaupsverðið hækkar. Miðað við fyrrgreinda bensínhækkun erlendis frá hækkaði söluskattsverð úr 20.35 á lítra í kr. 28.47 eða um kr. 8.12, 11% söluskattur til ríkissjóðs gæfi í tekjur 89 aura á lítra eða 88 millj. kr. á ársgrundvelli. Nú er ekki um það að ræða, að það sé 11% söluskattur, eins og reiknað var með í jan., heldur 15%, og hækka þá tekjurnar um 32 millj. kr., og verður þá tekjuaukningin á ársgrundvelli 120 millj. kr. í staðinn fyrir 88 millj. Hækkun tekna vegna hækkunar veggjalds vegna verðútreiknings á bensíni hefur einnar kr. hækkun innflutningsgjalds í för með sér, kr. 1.05 hækkun á söluskattsverði. Ef innflutningsgjald af bensíni hækkaði um 3.13 kr., hækkar söluskattsverð því um 3.28 kr., sem gæfi í söluskatti 31 millj. kr. á árinu 1974. Ef miðað er við 15% söluskatt, hækkar þessi upphæð um 11 millj. og yrði 42 millj. kr.

Miðað við framangreinda útreikninga yrði heildartekjuaukning ríkissjóðs því þessi, miðað við eitt ár: Tolltekjur 241 millj. kr., söluskattstekjur af erlendri hækkun 120 millj. kr., söluskattur af bensínhækkun, 42 millj. kr., samtals 403 millj. kr. En hæstv. fjmrh. ætlar að stinga þessari hækkun í ríkissjóð, — hækkun, sem hann hefur fengið alveg óvænt, og segir, að það sé ekki möguleiki á því að láta neitt af hendi í þennan tóma Vegasjóð, sem við nú erum að tala um. Það væri þó ekki nema sanngjarnt að gera þá kröfu, að ríkissjóður skili þessari upphæð. Má þá segja, að 403 millj. + 300 millj., sem gert er ráð fyrir, að þetta frv. gefi af sér, ef það yrði lögfest, yrði 700 millj., og yrði fjárvöntunin samt 1200 millj. í Vegasjóð, til þess að hægt væri að standa við vegáætlunina. Ég held, að alþm. og hv. fjvn. eigi eftir að tala við hæstv. fjmrh. um þetta.

Í 7. gr. frv. er gert ráð fyrir því, að mér skilst, að það megi breyta reglugerðinni frá því, sem hún er nú, og setja ökumæla í minni bifreiðar. Eins og reglugerðin er nú, er gert ráð fyrir, að ökumælar séu settir í bifreiðar, sem eru 5 tonn eða meira, en minni bifreiðar hafa ekki verið með ökumæla. Mér finnst mikið álitamál, hvort þetta eigi að gera, og held, að það sé ekki ástæða til þess. Ég held, að gjöldin á minni bílunum séu nægilega mikil og mikil vinna við það að hafa ökumæla í bílum og álestur, þótt ekki sé farið á víðara svið en nú er með það.

Þá er gert ráð fyrir því að setja ökumæla í festi- og tengivagna. Ég hafði haldið, að það ætti að bíða, vegna þess að þetta er nú ekki orðið svo almennt enn. Ég held, að það ætti að hvetja fyrirtæki til þess að nota tengivagna og festivagna meira en gert er. Það sparar ábyggilega útlendan gjaldeyri, það sparar eldsneyti, og það sparar slit á tækjum, og það, sem kannske mest er um vert, það sparar slit á vegum, því að með því að hafa tengivagna aftan í bílum jafnast hlassþunginn á stærra svæði vegarins og það verður minna slit á veginum. En með því að setja mælana í tengivagnana, er gert ráð fyrir því að greiða fullt gjald fyrir það, að lagt er í þennan mikla kostnað, og það verður miklu síður hvatning fyrir einstaklinga eða fyrirtæki, sem hafa landflutninga með höndum, að notfæra sér þetta, sem getur verið vegakerfinu og þjóðinni í heild til góðs.

Þá finnst mér, að 8. gr. gangi nokkuð langt og það sé nokkuð frjálslynt að samþykkja hana eins og hún er. Með leyfi hæstv. forseta, vil ég vekja athygli á því, hvernig þessi gr. er. Hún hljóðar svo:

„Bensíngjald og þungaskattur sá, sem tilgreindur er í lögum þessum eða ákveðinn verður með reglugerð, sbr. ákvæði 1. og 4. mgr. 7. gr., skulu vera grunntaxtar. Ráðh. er heimilt að hækka gjöld þessi í réttu hlutfalli við þá hækkun, sem kann að verða á vísitölu byggingarkostnaðar, sbr. lög nr. 25 frá 24. apríl 1957. Grunntaxtar bensíngjalds og þungaskatts eru miðaðir við vísitölu eins og hún var 1. mars 1974, þ. e. 998 stig.“

Ég er hræddur um, að hv. alþm. skoði huga sinn, áður en þeir samþykkja þessa gr. í frv., og hugsi til þess, hvað hefur skeð s. l. tvö ár, að framkvæmdakostnaður hefur hækkað um nærri 100% í tíð núv. stjórnar. Það væri sök sér að samþykkja þetta, ef það væri alveg öruggt, að núv. hæstv. ríkisstj. ríkti ekki lengur og upp yrði tekin ný stjórnarstefna, — það er eðlilegt, að þm. hlæi, — sem hindraði þessar miklu hækkanir. En ef menn mega búast við því, að hækkanir verði áfram eins og undanfarið, þá er alveg útilokað að samþykkja ákvæði eins og þetta. Það er líkt því og að samþykkja óútfylltan víxil. Hæstv. ríkisstj. hefur ekki það traust, að nokkur vilji afhenda henni óútfylltan víxil. Þess vegna er það, að þetta ákvæði frv. verður örugglega skoðað vel, áður en það verður lögfest, ásamt fleiru í þessu frv.

Þá eru það eigendur jeppabifreiða. Þeir eiga að fá nokkurn afslátt, ef þeir geta sannað, að þeir séu með bifreiðar utan þjóðveganna. (Forseti: Ég vil spyrja hv. ræðumann, hvort hann vildi senn gera hlé á máli sínu, ef mikið er eftir af ræðu hans, þar sem ég hafði gert ráð fyrir atkvgr. um annað mál í bili og halda áfram með þessar umr. nokkru síðar í dag.) Það er sjálfsagt að verða við því. Ég geri ráð fyrir því, að það sé talsvert eftir af ræðu minni, og þess vegna er sjálfsagt að verða við því að fresta ræðunni núna, þar sem hæstv. forseti hefur boðað atkvgr. [Frh.]

Umr. frestað.

Skólakerfi, frv. (þskj. 8, n. 541). — Frh. 2. umr.

ATKVGR.

1. gr. samþ. með 23 shlj. atkv.
2.—6. gr. samþ. með 22:1 atkv.
Brtt. 541 samþ. með 21 shlj. atkv.
7. gr., svo breytt, samþ. með 26 shlj. atkv.
8.—11. gr. samþ. með 24 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 25 shlj. atkv.

Grunnskóli, frv. (þskj. 9, n. 496, 517, 530, 547, 561). — Frh. 2. umr.

ATKVGR.

Brtt. 530,1 tekin aftur til 3. umr.

— 530,2 felld með 17:16 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: SvH, BGuðn, BP, EBS, FÞ, GuðlG, EKJ, GTh, IngJ, BK, ÁS, MÁM, ÓE, PJ, PS, RH.

nei: SvJ, ÞÞ, ÁÞ, BGr, EystJ, GS, GÞG, HES, HV, IG, JSk, KP, MK, ÓlJ, StefG, SV, GilsG.

VH, JónasÁ, PP greiddu ekki atkv.

4 þm. (EðS, JJ, JGS, LJós) fjarstaddir.

1. gr. samþ. með 20:4 atkv.

Brtt. 517,1 samþ. með 28:4 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: IG, JSk, KP, JGS, ÁS, MÁM, ÓE, ÓlJ, PJ, PP, PS, RH, StefG, SV, VH, ÁÞ, BGr, EBS, EystJ, FÞ, GuðlG, EKJ, GTh, GÞG, HES, HV, IngJ, GilsG.

nei: BK, MK, SvJ, GS.

JónasÁ, SvH, ÞÞ, BGuðn, BP greiddu ekki atkv.

3 þm. (JJ, LJós, EðS) fjarstaddir.

2. gr., svo breytt, samþ. með 24:1 atkv.

Brtt. 530,3 felld með 18:13 atkv.

3. gr. samþ. með 21 shlj. atkv.

Brtt. 530,4 felld með 19:16 atkv.

— 517,2 samþ. með 21 shlj. atkv.

4. gr., svo breytt, samþ. með 22 shlj. atkv.

5. gr. samþ. með 21 shlj. atkv.

Brtt. 517,3 samþ. með 21:1 atkv.

6. gr., svo breytt, samþ. með 22 shlj. atkv.

Brtt. 530,5 felld með 15:13 atkv.

7. gr. samþ. með 21 shlj. atkv.

Brtt. 530,6 felld með 19:15 atkv.

8. gr. samþ. með 20:1 atkv.

Brtt. 517,4 (ný 9. gr.) samþ. með 23 shlj. atkv.

517,5 samþ. með 21 shlj. atkv.

10. gr., svo breytt, samþ. með 21:1 atkv.

Brtt. 517,6 tekin aftur til 3. umr.

11. gr. samþ. með 22:1 atkv.

Brtt. 530,7 tekin aftur til 3. umr.

— 517,7 samþ. með 20:1 atkv.

12. gr., svo breytt, samþ. með 21 shlj. atkv.

Brtt. 547 tekin aftur til 3. umr.

— 530,8 tekin aftur til 3. umr.

— 517,8 samþ. með 23 shlj. atkv.

13. gr., svo breytt, samþ. með 22 shlj. atkv.

Brtt. 530,9 tekin aftur til 3. umr.

— 517,9 samþ. með 22 shlj. atkv.

14. gr., svo breytt, samþ. með 21:1 atkv.

Brtt. 530,10 felld með 17:15 atkv.

15. gr. samþ. með 21:1 atkv.

Brtt. 530,11 felld með 16:12 atkv.

— 517,10 samþ. með 21 shlj. atkv.

16. gr., svo breytt, samþ. með 21 shlj. atkv.

Brtt. 517,11 samþ. með 21 shlj. atkv.

17. gr., svo breytt, samþ. með 23 shlj. atkv.

Brtt. 517,12.a samþ. með 25 shlj. atkv.

— 517,12.b tekin aftur til 3. umr.

18. gr., svo breytt, samþ. með 18:3 atkv.

Brtt. 530,12 felld með 16:15 atkv.

— 517,13 samþ. með 21 shlj. atkv.

19. gr., svo breytt, samþ. með 21 shlj. atkv.

Brtt. 530,13 samþ. með 23:4 atkv.

— 517,14 samþ. með 21 shlj. atkv.

20. gr., svo breytt, samþ. með 21 shlj. atkv.

Brtt. 547,2 felld með 20:3 atkv.

— 517,15 samþ. með 20:1 atkv.

21. gr., svo breytt, samþ. með 25:1 atkv.

Brtt. 547,3 felld með 24:4 atkv.

22. gr. samþ. með 24 shlj. atkv.

Brtt. 517,16 samþ. með 22 shlj. atkv.

23. gr., svo breytt, samþ. með 21 shlj. atkv.

Brtt. 530,14 felld með 19:14 atkv.

24. gr. samþ. með 21:1 atkv.

Brtt. 517,17 samþ. með 16:5 atkv.

25. gr., svo breytt, samþ. með 17:4 atkv.

Brtt. 517,18 samþ. með 21:2 atkv.

26. gr., svo breytt, samþ. með 24 shlj. atkv.

Brtt. 530,15 tekin aftur til 3. umr.

27.—28. gr. samþ. með 23 shlj. atkv.

Brtt. 530,16 tekin aftur til 3. umr.

29. gr. samþ. með 21 shlj. atkv.

Brtt. 517,19 samþ. með 20:1 atkv.

30. gr., svo breytt, samþ. með 22 shlj. atkv.

31. gr. samþ. með 23:1 atkv.

Brtt. 561,1 felld með 14:9 atkv.

— 517,20 samþ. með 22 shlj. atkv.

32. gr., svo breytt, samþ. með 24 shlj. atkv.

Brtt. 561,2 kom ekki til atkv.

33. gr. samþ. með 22 shlj. atkv.

Brtt. 517,21 (ný 34. gr.) samþ. með 17:5 atkv.

Brtt. 561,3 kom ekki til atkv.

35.—36. gr. samþ. með 19:2 atkv.

Brtt. 517,22 samþ. með 24 shlj. atkv.

37. gr., svo breytt, samþ. með 21 shlj. atkv.

Brtt. 517,23 (ný 38. gr.) samþ. með 20:1 atkv.

Brtt. 517,24 (39. gr. falli niður) samþ. með 20:3 atkv.

Brtt. 517,25 (ný 40. gr., verður 39. gr.) samþ. með 21 shlj. atkv.

Brtt. 517,26 samþ. með 21 shlj. atkv.

41. gr. (verður 40. gr.), svo breytt, samþ. með 21 shlj. atkv.

Brtt. 517,27 (ný 42. gr., verður 41. gr.) samþ. með 22:3 atkv.

Brtt. 517,28 samþ. með 36 shlj. atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: ÞÞ, ÁÞ, BGr, BGuðn, BP, EBS, EystJ, FÞ, GS, GuðlG, EKJ, GTh, GÞG, HES, HV, IngJ, IG, BK, JSk, JónasÁ, KP, JGS, LJós, MK, ÁS, MÁM, ÓE, ÓlJ, PP, PS, RH, StefG, SV, SvJ, VH, GilsG.

PJ, SvH greiddu ekki atkv.

2 þm (EðS, JJ) fjarstaddir.

Tveir þm. gerðu svofellda grein fyrir atkv. sínu:

Gylfi Þ. Gíslason: Herra forseti. Ég get ekki stillt mig um að vekja athygli á því, að þessi atkvgr., sem hér fer nú fram, er enn ein sönnun þess, að hæstv. ríkisstj. hefur ekki starfhæfan meiri hl. í hv. þd. Margar greinar þessa merka frv. hefðu fallið, ef þm. Alþfl. hefðu ekki greitt þeim atkv., og frv. þannig breyst svo gífurlega, að í raun væri það í heild fallið og stjórnin hefði orðið að taka það til baka. Þetta eru svo athyglisverðir atburðir, að á þeim verður að vekja athygli. Flokkur minn styður frv. og hefur stutt meginatriði þess, og í samræmi við það segi ég já um þessa brtt.

Svava Jakobsdóttir: Herra forseti. Ég hef í umr. um þetta mál lýst þeirri sannfæringu minni, að þau merku nýmæli, sem felast í brtt. menntmn. við 43. og 45. gr., séu allt að því óframkvæmanleg, ef árlegur starfstími skóla fer niður í 7½ mánuð fyrir efstu bekkina. Af þeirri ástæðu greiddi ég atkv. með 42. gr. frv., en nú hefur brtt. menntmn. hins vegar verið samþ., þar sem heimild er gefin til að stytta skólaárið allt niður í 7½ mánuð fyrir elstu nemendurna. Ég lít þó svo á, að ákvæði um atvinnuþátttöku nemenda, sú sem felst í 43. gr., og ákvæði um vikulegan starfstíma, sem 45. gr. fjallar um, séu svo mikilvæg, að ég hlýt að fylgja því. Í trausti þess, að heimild til svo skamms skólatíma sem 7½ mánaðar fyrir elstu nemendur grunnskóla verði yfirleitt ekki notuð, segi ég já.

43. gr. (verður 42. gr.), svo breytt, samþ. með 23 shlj. atkv.
44. gr. (verður 43. gr.) samþ. með 22 shlj. atkv.
Brtt. 517, 29 samþ. með 21 shlj. atkv.
45. gr. (verður 44. gr.), svo breytt, samþ. með 21:1 atkv.
46. gr. (verður 45. gr.) samþ. með 22 shlj. atkv.
Brtt. 517,30 samþ. með 21 shlj. atkv.
47. gr. (verður 46. gr.), svo breytt, samþ. með 22 shlj. atkv.
Brtt. 517,31 samþ. með 21 shlj. atkv.
48. gr. (verður 47. gr.), svo breytt, samþ. með 21 shlj. atkv.
49. gr. (verður 48. gr.) samþ. með 22 shlj. atkv.
Brtt. 530,17 felld með 17:15 atkv.
50. gr. (verður 49. gr.) samþ. með 21 shlj. atkv.
Brtt. 530,18 felld með 19:12 atkv.
— 517,32 samþ. með 21 shlj. atkv.
51. gr. (verður 50. gr.), svo breytt, samþ. með 22 shlj. atkv.
Brtt. 530,19 samþ. með 30 shlj. atkv.
52. gr. (verður 51. gr.), svo breytt, samþ. með 23 shlj. atkv.
Brtt. 530,20 samþ. með 32 shlj. atkv.
53. gr. (verður 52. gr.), svo breytt, samþ. með 25 shlj. atkv.
54. gr. (verður 53. gr.) samþ. með 21 shlj. atkv.
Brtt. 530,21 samþ. með 27:1 atkv.
55. gr. (verður 54. gr.), svo breytt, samþ. með 23:2 atkv.
Brtt. 530,22 samþ. með 19:4 atkv.
56. gr. (verður 55. gr.), svo breytt, samþ. með 23 shlj. atkv.
57. gr (verður 56. gr.) samþ. með 22 shlj. atkv.
Brtt. 517,33 tekin aftur til 3. umr.
58.—59. gr. (verða 57.—58. gr.) samþ. með 21 shlj. atkv.
Brtt. 517,34 (ný 60. gr., verður 59. gr.) samþ. með 22 shlj. atkv.
61. gr. (verður 60. gr.) samþ. með 21 shlj. atkv.
Brtt. 530,23 samþ. með 13:9 atkv.
62. gr. (verður 61. gr.), svo breytt, samþ. með 21 shlj. atkv.
Brtt. 530,24 samþ. með 23 shlj. atkv.
— 517,35 kom ekki til atkv.
63. gr. (verður 62. gr.), svo breytt, samþ. með 22 shlj. atkv.
Brtt. 517,36 (ný 64. gr., verður 63. gr.) samþ. með 22 shlj. atkv.
Brtt. 530,25 kom ekki til atkv.
Brtt. 517,37 (ný 65. gr., verður 64. gr.) samþ. með 21 shlj. atkv.
Brtt. 517,38 (66. gr. falli niður) samþ. með 27 shlj. atkv.
Brtt. 530,26 felld með 16:15 atkv.
67. gr. (verður 65. gr.) samþ. með 20:1 atkv.
Brtt. 517,39 samþ. með 21 shlj. atkv.
68. gr. (verður 66. gr.), svo breytt, samþ. með 21 shlj. atkv.
Brtt. 530,27 tekin aftur til 3. umr.
69. gr. (verður 67. gr.) samþ. með 18:4 atkv.
Brtt. 530,28 tekin aftur.
— 517,40 samþ. með 21 shlj. atkv.
70. gr. (verður 67. gr.), svo breytt, samþ. með 21 shlj. atkv.
71.—72. gr. (verða 69.—70. gr.) samþ. með 21 shlj. atkv.
Brtt. 517,41 (ný gr. í stað 73.—74. gr., verður 71. gr.) samþ. með 21 shlj. atkv.
Brtt 530,29—30 teknar aftur.
Brtt. 517,42 ný 75. gr., verður 72. gr.) samþ. með 24 shlj. atkv.
Brtt. 547,4 tekin aftur til 3. umr.
76. gr. (verður 73. gr.) samþ. með 21 shlj. atkv.
Brtt. 547,5 felld með 19:8 atkv.
— 517,43 samþ. með 19:2 atkv.
77. gr. (verður 74. gr.), svo breytt, samþ. með 20:1 atkv.
Brtt. 530,31 felld með 18:17 atkv.
78.—79. gr. (verða 75.—76. gr.) samþ. með 21 shlj. atkv.
Brtt. 517,44 samþ. með 22 shlj. atkv.
80. gr. (verður 77. gr.), svo breytt, samþ. með 22 shlj. atkv.
81.—89. gr. (verða 78.—86. gr.) samþ. með 21 shlj. atkv.
90.—91. gr. (verða 87.—88. gr.) samþ. með 21 shlj. atkv.
Fyrirsögn frv. og fyrirsagnir kafla þess samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 22 shlj. atkv.

Neðri deild, 101. fundur.

Fimmtudaginn 4. apríl, að loknum 100. fundi.

Jarðgufuvirkjun við Kröflu eða Námafjall, frv. (þskj. 549). — 3. umr.

Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði samþ. með 28 shlj. atkv.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 33 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 670).

Undirbúningsfélag fiskkassaverksmiðju, frv. (þskj. 293, n. 657). — 2 umr.

Of skammt var liðið frá útbýtingu nál. — Afbrigði samþ. með 28 shlj. atkv.

Þórarinn Þórarinsson: Herra forseti. Þar sem frsm. málsins er fjarverandi, leyfi ég mér að skýra frá því, að þetta mál hefur verið athugað í iðnn. og n. mælir einróma með samþykkt þess.

ATKVGR.

1. gr. samþ. með 27 shlj. atkv.
2.—8. gr. samþ. með 27 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 26 shlj. atkv.

Umferðarlög, frv. (þskj. 515, n. 667). — 2. umr.

Of skammt var liðið frá útbýtingu nál. — Afbrigði samþ. með 28 shlj. atkv.

Frsm. (Ólafur G. Einarsson): Herra forseti. Á þskj. 667 er álit allshn. varðandi þetta mál. N. mælir með samþykkt frv., eins og það var afgreitt frá Ed., með einni breytingu. Hún er við 3. gr., að fyrri mgr. 3. gr. orðist þannig:

„Lög þessi öðlast þegar gildi. Ákvæði 1. gr. og 1. mgr. 2. gr. koma þó til framkvæmda 1. mars 1974.“

Þarna er skotið inn orðunum „og 1. mgr. 2. gr.“ *Þetta er gert samkv. ábendingu frá dómsmrn.* og er til samræmis gert. N. leggur til, að frv. verði þannig samþykkt.

Umr. frestað.

Fjáröflun til vegagerðar, frv. (þskj. 607). — Frh. 1. umr.

Ingólfur Jónsson [frh.]: Herra forseti. Ég átti dálítið eftir af ræðu minni, þegar umr. var frestað í dag. Ég lauk máli mínu, þar sem ég var að ræða um skatt af jeppabifreiðum, sem stundum hafa verið kallaðar landbúnaðarbifreiðar og voru skattfrjálsir þangað til núv. hæstv. ríkisstj. tók við völdum. Það var á hverju ári talað um að taka skatt af landbúnaðarbílum, en það dugði yfirleitt að mótmæla því, og það var ekki gert fyrr en núv. hæstv. ríkisstj. komst til valda. Nú er gert ráð fyrir því, að bændur geti fengið endurgreitt sem svarar helmingi gjaldsins.

Í frv. þessu er gert ráð fyrir, að skattur af jeppabifreiðum verði 27500 kr., það eru bifreiðar allt að 2 tonn, og auk þess aukagjald 8600 kr. Það er ekki tekið neitt fram um það, hvort það verður endurgreitt að helmingi til eða ekki, en ég geri ráð fyrir því, og þá er skatturinn rúmar 18 þús. kr. Ég geri ráð fyrir því, að það verði engin hrifning af því og verði reynt að koma þessu í það horf, sem áður var, vegna þess að þetta munar Vegasjóðinn sama sem ekkert um, og þessir bílar eru, má segja, utan vegakerfisins meginhluta ársins. Þess vegna er ekki sanngjarnt, að þeir borgi þennan þungaskatt og veggjald.

Það má sjá á fskj. með frv., hvernig tekjurnar verða og hvernig tekjurnar hafa verið. Bensíngjald samkv. 85. gr. l. nr. 80 1973 er nú 9.87 kr. á hvern lítra. Að óbreyttu þessu gjaldi hefur verið áætlað, að tekjur til ráðstöfunar til vegagerðar gæfu 954 millj. kr. árið 1974, en verði þetta frv. samþ., yrðu tekjurnar 1218 millj. kr., þannig að þótt þetta frv. yrði samþ., eru tekjurnar það lítlar, sem bætast í Vegasjóðinn, að eftir verður að afla 1500—1600 millj. kr. til þess að geta staðið við áætlunina, sem samin var fyrir tveimur árum. Þungaskatturinn bætist að vísu þarna við, en það eru 287 millj. kr. að óbreyttum l., og við það bætast, ef þetta frv. verður samþ., 67 millj. kr. Ef þungaskatturinn verður samþykktur með þessu móti, er hann orðinn mjög tilfinnanlegur á nauðsynleg ökutæki eins og vörubifreiðar og hlýtur að leiða til þess, að allur flutningskostnaður á landi stórhækkar og gerir landbúnaði og þeim, sem nota samgöngur á landi, vitanlega miklu erfiðara fyrir en áður. Og eins og ég minntist á í dag, er ég hræddur um, að af þessari miklu hækkun á bensíninu, ef að lögum verður, leiði, að notkunin minnki frá því, sem verið hefur, og það sé mjög vafasamt, að tekjur Vegasjóðs aukist við þetta. Það er mjög alvarlegt mál, ef svo færi, að boginn væri svo spenntur með bensínverði, að notkunin minnkaði og tekjur Vegasjóðs jafnvel stæðu í stað þrátt fyrir mikla hækkun á bensínverði og þungaskatti. Þessi mikla hækkun á þungaskatti getur einnig leitt það í ljós, að menn láti afskrá bílana til þess að losna við að greiða gjald á vissum tímum ársins. Það yrði einnig til þess að minnka tekjurnar.

Ég tók ekki eftir því, að hæstv. fjmrh. gæfi yfirlit yfir fjárþörf og fjáröflun til vegáætlunar 1974 og 1975, enda er engin till. fram komin til endurskoðunar á vegáætluninni fyrir þessi tvö ár og þess vegna mjög erfitt fyrir alþm. að gera sér grein fyrir því, hvernig myndin í rauninni er. Vegna þess að þessa mynd vantar, tel ég ástæðu til — með leyfi hæstv. forseta — að lesa hér upp nokkuð úr grg., sem fylgir frv. og menn hafa e. t. v. áttað sig á, en ég tel ástæðu til þess að fara nokkrum orðum um og lesa hér upp úr þessari grg.

Þar segir, að frá því að vegáætlun fyrir árin 1974—1975 var samin í ársbyrjun 1972 hafi orðið mjög miklar hækkanir á framkvæmdakostnaði, og þarf ekkert að efa það. Við höfum orð hæstv. fjmrh. frá því í dag fyrir því, að hann áætlar, að kostnaðurinn hafi aukist á þessum tveimur árum um 96% og má segja allt að 100%, og hækki vísitalan 1. júní n. k. eins og áætlað er, má gera ráð fyrir, að vega- og brúargerðarkostnaður verði allt að því 110% hærri á næsta sumri en var 1972, þegar vegáætlunin var samin. Þetta er skelfileg þróun, sem öllum hlýtur að bregða í brún að sjá og hugsa til. Þegar svo er komið, er eðlilegt, að erfitt sé að afla þess fjár, sem þarf til þess að standa við áætlunina. En verði það ekki gert, þá verður dregið úr þessum nauð-

synlegu framkvæmdum, sem menn hafa gert sér vonir um, að yrðu fljótt gerðar.

Gert er ráð fyrir, að heildarútgjöld vegna vegáætlunar 1974 muni nema 3500 millj. kr., ef staðið yrði við áætlunina. Ef hugsað er til þess að framkvæma áætlunina og þau verk, sem frestað var á s.l. ári, — á s.l. ári þótti nauðsynlegt að fresta framkvæmdum á því ári sem nam 300 millj. kr., verða það 3500 millj. kr., sem útgjöldin yrðu hjá Vegasjóði, með því að áætlunin væri óbreytt. En vitanlega hafa flestallir þm. reiknað með því, að við endurskoðun vegáætlunar eftir 2 ár væri hægt að fylla upp í eyður og bæta nýjum framkvæmdum við. En það lítur ekki út fyrir það, ef ekki standa vonir til, að hægt sé að afla þess fjár, sem þarf til þess, að staðið verði við áætlunina.

Hér eru áætlaðar heildartekjur Vegasjóðs á árunum 1974 og 1975 af mörkuðum tekjum samkv. frv. til l. um fjáröflun til vegagerðar, fjáröflun í fjárl. og innheimtu veggjalds. Í tekjuáætluninni er innheimta veggjalds, sem er 31.2 millj. árið 1974 og 91.3 millj. 1975. Það má merkilegt heita, að þetta veggjald skuli hafa slæðst hérna með. Ég hafði gert ráð fyrir því, að hæstv. ríkisstj. reyndi ekki að fá veggjald samþykkt að þessu sinni, vegna þess að það hefur áður verið fellt, og nú er þetta orðinn svo lítill partur af heildarútgjöldum vegasjóðs, að það er því síður ástæða til að leggja áherslu á það nú en áður. Fyrst þegar veggjald var tekið af Reykjanesbraut, námu tekjur af veggjaldinu milli 5 og 6% af heildarútgjöldum Vegasjóðs, en samkv. þessum útreikningi verður þetta ekki nema 0.7% af heildarútgjöldum Vegasjóðs á árinu 1974. Samt telur hæstv. ríkisstj., að það svari kostnaði að flytja þetta deilumál inn í hv. Alþ., eins og málin þó standa.

Það er gert ráð fyrir, að ríkisframlag á árinu 1974 verði 262 millj. kr., lánsfjáröflun 100 millj. og markaðar tekjur, þ.e. þungaskattur, bensíngjald og gúmmígjald, 1659 millj. kr. Þetta gerir samtals 2052.7 millj. kr. Þá virðist mér, að vöntunin sé, þegar veggjaldið er dregið frá, 1480 millj. kr., — það er ekki nema 1480 millj., vegna þess að lánsfjáröflun, 100 millj., er komin þarna inn í dæmið, — en það má segja, að heildarfjárvöntunin væri 1580 millj. kr., þótt þetta frv. yrði samþykkt, sem enginn veit enn um raunverulega. En það er rangt, sem segir á einum stað í skýrslunni, að það séu 1400 millj., sem vantar. Þótt reiknað væri með veggjaldinu, eru það 1450 millj., og ef ekki er reiknað með veggjaldinu, eru það 1480 millj. Það er rétt að reikna líka með þeim 100 millj., sem ætlað er að taka að láni, en ekki hefur verið gert enn. Þá má segja, að þetta séu nær 1600 millj. kr.

Nú er vitanlega spurt: Hvernig ætlar ríkisstj. að útvega þetta fé? Hæstv. fjmrh. og hæstv. samgrh. hafa báðir gefið í skyn, að fresta yrði framkvæmdum, vegna þess að það væri ekki unnt að útvega allt það fjármagn, sem þarf til þess að standa við áætlunina.

Það er bagalegt, að till. til endurskoðunar á vegáætluninni skuli ekki hafa verið lögð fram, því að um leið og hún er lögð fram, hlýtur að koma yfirlit yfir það, hverju hæstv. ríkisstj. hugsar sér að fresta af framkvæmdum, ef það er ætlunin, og þá hlýtur einnig að koma fram, hvernig hæstv. ríkisstj. ætlar sér að útvega fé. Um þetta verður áreiðanlega spurt, þegar um þessi frv., bæði þetta og það, sem rætt var í gær, verður fjallað, og engin ástæða til að ætlast til, að menn taki raunverulega afstöðu til þessara frv., fyrr en það liggur fyrir, fyrr en séð verður, hvernig heildarmyndin er.

Hæstv. fjmrh. sagði í dag, að ríkissjóður hefði tekið á sig þungan bagga með því að greiða afborganir og vexti af lánum. Mér virtist, og ég skrifaði það, að hæstv. ráðh. teldi, að það, sem ríkissjóður greiðir með framlögum á fjárlögum, og það, sem hann hefur tekið að sér af lánum, væri á 9. hundrað millj. kr. Ég skrifaði þetta. Mér dettur ekki í hug, að hæstv. ráðh. fari viljandi rangt með. En vegna þess að þetta kemur ekki heim við þær hugmyndir, sem ég hef, vildi ég gjarnan fá nánari skýringar á þessu. Hæstv. ráðh. sagði, að greiðslur vaxta og afborgana næmu á árinu 1974 525 millj. kr., en ég hef hugmyndir um það, að þetta sé ekki nema 351.1 millj. kr. Afborganir og vextir af lánum, sem voru til komin í árslok 1972, eru 281.4 millj. kr. Lán frá Alþjóðabankanum, sem síðar komu til, eru 9.7 millj. kr. Lán vegna Kópavogsbrautar, sem gert er ráð fyrir að komi á þessu ári, er 60 millj. kr. Auk þess er það ríkisframlag, sem greitt er á fjárlögum beint, 262 millj. kr. 262 millj. + 351 millj. gera 613 millj. kr. Ég skal alls ekki halda því fram, að þetta sé 100% rétt hjá mér eða að það sé örugglega rangt, sem hæstv. ráðh. sagði hér í dag, en þetta eru þær tölur, sem ég hef fyrir framan mig, og hæstv. ráðh. leiðréttir þetta annaðhvort í kvöld eða seinna. Ef hann ekki hefur pappírana hjá sér í kvöld, þá vænti ég, að það verði gert við 2. umr.

Það er áreiðanlegt, að þegar þetta frv. verður skoðað ofan í kjölinn, mun mönnum finnast ýmislegt fleira við það að athuga en það, sem ég hef hér til tínt bæði nú í kvöld og í dag. Það er sorglegt til þess að vita, að þótt þetta frv., sem felur í sér stórauknar álögur á umferðina, á landsmenn alla, verði lögfest, þá sér þess eiginlega engan stað í fjáröfluninni. Það eru ekki nema 300 millj. kr., af 1900 millj., sem vantar. Ég er alveg sannfærður um, að þm. allir, hvort sem þeir eru stuðningsmenn ríkisstj. eða ekki, hafa gert sér grein fyrir því, hversu illa við stöndum fjárhagslega, ekki aðeins í þessu máli, heldur yfirleitt. Það hlýtur að koma að því mjög fljótt, að sú mikla verðbólga, sem hefur verið nú tvö s.l. ár, fari að segja til sín. Það fer að koma að því, eins og maður sagði í dag, að botninn fer úr tunnunni. Verðbólgan hefur aukist um 110% á tveimur árum, ef reiknað er með júnívísitölunni. Byggingarkostnaður og allur framkvæmdakostnaður hefur hækkað um þetta, og það versta er, að samdráttur er á næsta stigi á mörgum sviðum og atvinnuöryggi er í hættu. Það er hætt við því, að þessi mikla verðbólga leiði til atvinnuleysis, og það er uggvænlegt til þess að hugsa.

Ég er viss um, að flestallir alþm. spyrja sem svo: Hvað er til ráða? Og ég er alveg sannfærður um, að flestallir alþm. gera sér grein fyrir því, að við svo búið má ekki standa öllu lengur. Það getur ekki verið, að hæstv. ríkisstj. eða stuðningsmenn hennar hugsi sem svo: þetta

flýtur einhvern veginn, látum skeika að sköpuðu, flýtur á meðan ekki sekkur.

Hæstv. ríkisstj. hefur flotið á dýrtíðarflóðinu undanfarin ár. Það hefur verið mikið góðæri til lands og sjávar. Aflabrögð hafa verið í besta lagi, og verðlag útflutningsafurðanna hefur farið stöðugt hækkandi. Þess vegna hefur ríkisbúskapurinn gengið, og þess vegna hefur verið mikil atvinna í landinu þrátt fyrir verðbólguna. Ef áfram héldi, að aflabrögð yrðu meiri á árinu 1974 en 1972 og 1973 og áfram héldi verðhækkun á útflutningsafurðum, mætti vel vera, að hæstv. ríkisstj. gæti fleytt sér áfram eitt árið enn, þótt ekkert væri stjórnað og látið reka á reiðanum. En því miður lítur ekki út fyrir, að aflabrögð aukist á þessu ári frá fyrra ári, þótt þau verði vonandi góð á þessu ári. Það lítur ekki út fyrir, að þau aukist frá fyrra ári, og það lítur ekki út fyrir, að verðlag afurðanna hækki frá því, sem það hefur verið, sem það þyrfti að gera, ef atvinnuvegirnir ættu að fljóta á verðbólgunni áfram, eins og gerst hefur tvö undanfarin ár.

Hæstv. ríkisstj. nægir ekki toppverð á afurðunum, henni nægir ekki toppaflabrögð. Hún þarf að fá með hverju ári sem líður nýjan topp ofan á toppinn, bæði í aflabrögðum og verðlagi, til þess að atvinnuvegirnir geti gengið eða þrifist. Nú, þegar menn búast við því, að verðlagið hætti að stíga, fari jafnvel að síga og aflabrögðin hætti að vaxa frá því, sem var árið áður, þá fara menn að óttast, að það komi samdráttur og þá komi stöðvun á ýmsum sviðum. Það mun kannske einhver hugsa sem svo, að þetta komi ekki beinlínis vegamálunum við, en eigi að síður hlýtur það að gera það. Fjáröflun til vegaframkvæmdanna kemur þessu vitanlega við, en árferðið er gott enn þá, og árferðið hefur verið gott fram að þessu. Þess vegna er það endurspeglun á stjórnarfarinu, ef ekki er möguleiki á því að halda í horfinu og vinna að þeirri vegáætlun, sem samin var fyrir tveimur árum.

Ég sé ekki ástæðu til við 1. umr. að hafa ræðu mína öllu lengri. Ég vil þó, áður en ég lýk máli mínu, enn árétta það og leggja áherslu á það, að hæstv. ríkisstj. komi sem fyrst með till. til endurskoðunar á vegáætluninni, sýni hv. Alþingi þær till., sem hún hefur að gera í þessu máli, um frestun framkvæmda, ef um það er að ræða, og um fjáröflun. Þetta þarf að gerast, því að áður en það er lagt fram, er ekki við því að búast, að Alþingi geti afgr. þetta frv., sem við nú erum að ræða um.

Ég sé ekki ástæðu til, herra forseti, að hafa þessi orð fleiri á þessu kvöldi, þar sem tækifæri gefst til við 2. umr. að ræða þetta mál nánar. Hv. fjh.- og viðskn. fær þetta frv. til meðferðar frekar en samgn., geri ég ráð fyrir, og áður en málið verður afgr., hlýtur hæstv. ríkisstj. að þurfa að svara mörgum spurningum og leggja öll gögn fram.

Stefán Gunnlaugsson: Herra forseti. Meginefni þess frv., sem hér er til umr., er um fjáröflun til vegagerðar. Ef það nær fram að ganga og verður að lögum, fylgja í kjölfarið gífurlegar verðhækkanir á bensíni. Gert er ráð fyrir, að gjöld af bensíni og þungaskattur dísilbifreiða hækki verulega miðað við 1. apríl 1974. Nemur hækkunin á bensíngjaldinu kr. 4.13 pr. lítra á þessu ári, og 1 króna á að koma til viðbótar um næstu áramót. Á síðarnefnda upphæðin að mæta niðurfellingu gjalda, sem lögð eru nú á bifreiðaeigendur og sögð eru 38 talsins í aths. með frv. Þar segir enn fremur, að með niðurfellingu áðurnefndra gjaldstofna skerðist tekjur ríkissjóðs og Tryggingastofnunar ríkisins um 150 millj. kr., þar af hafi 48 millj. komið inn í ríkissjóð sem þungaskattur af bensínbílum og verið samkvæmt ákvæðum vegalaga varið til vegagerðar. Í aths. er einnig talið, að um 72 millj. kr. renni til Tryggingastofnunar ríkisins sem tryggingaiðgjöld ökumanna og um 30 millj. kr. í ríkissjóð sem ómerktar tekjur.

Út af fyrir sig er það góðra gjalda vert, að þeim fjölmörgu gjöldum, sem bifreiðaeigendum er gert að standa skil á, sé fækkað verulega. Í því felst augljóst hagræði fyrir alla, sem hlut eiga að máli.

Ekki skal dregið í efa, að Vegasjóður sé fjárþurfi, ef ætlunin er að halda uppi þeim framkvæmdahraða í hvers konar vegagerð hér á landi, sem verið hefur undanfarin ár, jafnvel á þenslutímum eins og nú eru á öllum sviðum, þegar alvarlegur vinnuaflsskortur á sér stað við undirstöðuatvinnuvegi þjóðarinnar og alvarleg hætta er á, að bráðnauðsynlegar framkvæmdir, eins og t. d. hitaveitufram kvæmdir, dragist á langinn vegna vinnuafls- og tækjaskorts. Það kann einnig að vera, að leita verði annarra ráða til tekjuöflunar til að mæta þeirri tekjuminnkun, sem niðurfellingu þessara 38 gjaldstofna er samfara, ef ekki á að draga úr vegaframkvæmdum. En það út af fyrir sig að draga úr vegaframkvæmdum er auðvitað sjónarmið, sem kann að geta átt rétt á sér á slíkum þenslutímum, sem við nú búum við.

Ég vil þó taka skýrt fram til þess að fyrirbyggja misskilning, að ég er alls ekki talsmaður þess, að svo verði gert, a. m. k. ekki eins og sakir standa. En ég vil segja strax og umbúðalaust og áður en ég geri nánari grein fyrir afstöðu minni í þessu máli, að sú leið, sem hæstv. ríkisstj. leggur til í þessu frv., að farin verði til að fjármagna vegaframkvæmdir yfirleitt og til að mæta tekjutapi vegna niðurfellingar umræddra tekjustofna, er fráleit að mínum dómi. Að hækka bensíngjöld nú ofan á þær gífurlegu verðhækkanir, sem hafa orðið á bensínverði undanfarið, er algjörlega óforsvaranlegt að mínum dómi. Sú skattheimta, sem hér er á ferðinni, fer svo fram úr öllu hófi, eins og ég mun gera nánari grein fyrir hér á eftir, að ég undrast satt að segja stórlega, að hæstv. fjmrh. skuli leyfa sér að bera slíkt og þvílíkt fram hér í hv. þingdeild.

Ég mun nú færa fram rök fyrir þessum staðhæfingum mínum.

Þegar núv. hæstv. ríkisstj. kom til valda, var bensínlítrinn 16 kr. 31. des. 1972 hækkar bensínlítrinn í 19 kr., 1. mars 1973 fer hann upp í 20 kr., 30. maí 1973 kemst hann í 21 kr., 16. ágúst 1973 í 23 kr., 17. des. s. á. er hann kominn upp í 26 kr., 1. mars þ. á. í 30 kr., og 25. mars í ár er hann kominn upp í 31 kr. Verð á bensíni hefur þannig hækkað í tíð núv. hæstv. ríkisstj. um tæp 94%.

Vissulega hefur hækkun á fob.-verði bensíns

erlendis átt drjúgan þátt í þessari þróun. En hafa ber þó í huga í því sambandi, að ríkissjóður hefur verulegan hag af þessari þróun, sökum þess, að á vöruna er lagður 50% innflutningstollur og síðan söluskattur, sem hefur hækkað úr 11% í 17% á þessu tímabili. Augljóst er því, að tekjur ríkissjóðs af bensíni hafa farið mjög vaxandi á þessu umrædda tímabili, einkum þó á síðustu 12 mán., þegar til hafa komið mjög verulegar hækkanir á bensíni erlendis. Lauslega áætlað er hlutur ríkissjóðs í núgildandi útsöluverði bensíns, þ.e. 50% tollur og 17% söluskattur, nálægt 8.30 pr. lítra, og við það bætist gjald til Vegasjóðs, kr. 9.87, þannig að opinber gjöld af einum lítra bensíns, sem kostar nú 31 kr. lítrinn, eru nú nálægt kr. 18.20 eða tæp 59% af útsöluverðinu. Þetta þýðir, að tekjur ríkissjóðs og Vegasjóðs af bensíni á ársgrundvelli verða á þessu ári miðað við svipaða söluaukningu og verið hefur á undanförnum tveimur árum, þ.e.a.s. 10%, ca. 1 928 millj. kr. af heildarverðmæti 3 290 millj. kr., miðað við núverandi útsöluverð.

Samkv. þessu frv. er gert ráð fyrir, eins og ég sagði áðan, að gjöld til Vegasjóðs hækki um kr. 4.13 pr. lítra, og við það bætist 17% söluskattur, þannig að ríkissjóður fengi þar smáaukabita í leiðinni, 70 aura pr. lítra, sem gerir líklega milli 70 og 80 millj. kr. sé miðað við ársgrundvöll. Viðbótin á veggjaldið eykur líklega tekjur vegasjóðs um 440 millj. kr. Þannig hækkar bensínlítrinn, þegar þetta frv. yrði að lögum, um 5 kr. pr. lítra eða úr 31 kr. í 36 kr. Heildarskattheimtan pr. bensínlítra yrði því, eftir að þessi fyrirhugaða hækkun tæki gildi, um kr. 23.20 af 36 kr. útsöluverði eða rúm 64% af útsöluverðinu. Er þá vandséð, að nokkur vara hérlendis sé jafnþrautsköttuð, nema ef vera skyldi einkasöluvörur, tóbak og áfengi.

Það er athyglisvert að virða fyrir sér tekjur ríkissjóðs og Vegasjóðs af bensíni árið 1972 til samanburðar við það, sem áður er sagt. Þá var innflutningstollur hinn sami og nú, 50%, söluskattur 11% og gjald til Vegasjóðs 7.87 pr. lítra. Opinber gjöld af bensíni árið 1972 námu samtals rúmlega 900 millj. kr. Sé miðað við 30 kr. pr. lítra á ársgrundvelli, er samsvarandi tala 1 927 millj. kr. eða 110% aukning frá því árið 1972. Sé aftur á móti miðað við 36 kr. verð pr. lítra, eins og lagt er til í þessu frv., er hækkunin tæplega 160% miðað við 1972.

Það hlýtur hverjum manni að vera ljóst, hvílík skattaáþján á hendur bifreiðaeigendum hér er á ferðinni. Sjálfsagt munu einhverjir segja sem svo, að slíkt sé nú óhjákvæmilegt til að standa undir nauðsynlegum vegaframkvæmdum í landinu. En ég segi nei. Það er með engu móti réttlætanlegt að mínum dómi að fjármagna slíkar framkvæmdir með svo gróflegri skattpíningu á bifreiðaeigendur sem hæstv. ríkisstj. leggur hér til. Auk þess er ekki að vita nema verið sé að seilast lengra í vasa bifreiðaeigendanna en ætlað er að nota til vegaframkvæmda beinlínis vegna beinna þarfa ríkissjóðs undir yfirskini nauðsynlegra vegaframkvæmda. En um þetta er auðvitað ekkert hægt að vita, eins og sakir standa, þar sem endurskoðuð vegáætlun liggur enn ekki fyrir.

En það er ekki nóg með það, að þeir, sem að þessu frv. standa, séu reiðubúnir til að leggja slíkar álögur á landsmenn, heldur virðast þeir vilja hafa sem frjálsastar hendur til að auka þær enn frekar. Í frv. er gert ráð fyrir, þ.e.a.s. í 8. gr. þess, að ráðh. fái heimild til að hækka bensíngjaldið og þungaskattinn enn meira, þ.e. a.s. í hlutfalli við þá hækkun, sem kann að verða á vísitölu byggingarkostnaðar. Þessu er ég algjörlega mótfallinn. Ráðh., hver sem hann er, á ekki að fá slíkt vald í hendur til að skattleggja bílaeigendur með þessum hætti, ekki a.m.k. eins og nú háttar til í landi voru. Auk þess er fráleitt að mínum dómi að tengja verðbreytingar á bensínverði við vísitölu byggingarkostnaðar. Mér finnst satt að segja, að það sé engu líkara en að þeir, sem að þessu frv. standa, séu þeirrar skoðunar, að bifreiðaeign og bifreiðarekstur nú til dags sé einhver lúxus eða ónauðsyn, sem auðvelt sé fyrir fjöldann að vera án, sé eitthvað svipað og tóbak og áfengi. Það má vel vera, að svo hafi verið fyrir nokkrum tugum ára, en þeir tímar eru auðvitað fyrir löngu liðnir. Bílaeign og rekstur bifreiða er nauðsyn stórs hluta þjóðarinnar við þær þjóðfélagsaðstæður, sem við nú búum við, Íslendingar. Þess vegna verður alls ekki við það unað, að allur almenningur verði svo þrautpíndur af skattáþján af hálfu hins opinbera, að það væri einungis á færi efnamanna að veita sér þau þægindi og fyrir marga þau bráðnauðsynlegu tæki, sem eigin bifreið nú er.

Það er skoðun mín, að sú n., sem fær þetta mál til umsagnar og athugunar, þurfi og henni beri raunar skylda til að taka tekjuöflunarfyrirætlanir þær, sem þetta frv. byggist á, til rækilegrar endurskoðunar með það fyrir augum, að tryggt verði, að komið verði í veg fyrir þá skattpíningu, sem bifeiðaeigendum er fyrirhuguð í frv.

Vilhjálmur Hjálmarsson: Herra forseti. Ég kem hér upp sérstaklega til að vekja athygli á ákveðnu atriði í sambandi við þetta frv. og ætla ekki verulega að blanda mér inn í þær umr., sem hér hafa farið fram. Ég get þó ekki annað en vakið athygli á þeirri ræðu, sem hér var flutt síðast. Ræðumaður var mjög hneykslaður á því, að bensínskattur skyldi nú verða hækkaður til að standa undir auknum þörfum Vegasjóðs, og taldi þá aðferð alveg fráleita. Ég satt að segja hélt í upphafi, að hann ætlaði að benda á aðra aðferð, en það kom ekki snefill af því, ekki allra minnsti vottur. Það er ekki hægt að taka mikið mark á slíkum málflutningi, nema þá ef má skilja hann svo sem ég held nú kannske líka að hafi verið meining hv. þm., þó að hann segði það ekki beint, að hann ætlaðist til þess, að það yrði dregið verulega úr framkvæmdum frá því, sem áformað hefur verið, og alls ekki reynt að afla neinnar hækkunar á móti, eins og venja hefur verið að gera gegnum árin, í hvert sinn sem vegáætlun er endurskoðuð. Ég er dálítið hissa á þessum málflutningi.

Það var ákaflega dapurleg ræða, sem hv. 1. þm. Sunnl. flutti hér áðan. Hann lét að lokum í ljós mikinn ótta um, að atvinnuleysi og samdráttur væri í vændum. Þetta var reynslan á viðreisnarárunum, þegar að þrengdi, þá varð hér atvinnuleysi, og jafnvel bar á landflótta,

sem ekki hafði átt sér stað frá dögum Ameríkuferðanna. En þó að nú séu ýmsar blikur á lofti og ýmsir erfiðleikar, er búið að gera nokkuð í atvinnumálum þjóðarinnar síðan þetta var. Það er búið að gera stórátak í því að endurnýja fiskiskipaflota landsmanna og að endurbæta vinnsluaðstöðuna í landi. Af þessu hefur það leitt, að atvinnuleysi er orðið óþekkt í þeim sjávarþorpum fjölmörgum, sem áður bjuggu við við árstíðabundið atvinnuleysi. Og í framhaldi af þessum aðgerðum og þessari þróun ætti að reynast grundvöllur fyrir úrræði, sem nægja til þess að koma í veg fyrir, að sagan frá 1967 um atvinnuleysi og landflótta endurtaki sig.

Þessi ræða hv. 1. þm. Sunnl. var að mörgu leyti mjög merkileg. Hann setti út á nánast öll atriði í frv., jafnt þau, sem eru tekin upp svo að segja orðrétt úr fyrri lögum, sem hann sjálfur beitti sér fyrir að setja, þegar hann var samgrh., sem hin, sem einhver nýmæli felast í. Honum leist ekki á hækkun bensíngjaldsins og hélt, að bensínið mundi þá ekki verða keypt lengur. Honum leist ekki á ákvæðin um ökumælana, sem eru að miklu leyti gömul. Honum leist skelfilega á ákvæði um veggjaldið, sem er nákvæmlega eins og það var, þegar hann setti það í lög á sínum tíma — eða beitti sér fyrir því og Alþingi samþykkti það. En það er ekkert nýmæli í þessu frv., ákvæðið er tekið upp eins og fleiri beint úr kafla vegalaganna. Og honum leist ekki á, að það yrði nokkurt teljandi hagræði í því að fella niður 38 gjöld, því að það væri næstum alveg sama vinna við framkvæmdina á bifreiðaeftirlitinu, þótt svo yrði gert.

Þá leist honum ekki á verðtrygginguna. Það var nýtt ákvæði. Og hv. síðasti ræðumaður var mjög andvígur því, að það mætti hækka gjöldin vísitölubundið. Þetta hefur þó verið gert með einn hluta vegamála í mörg ár og áratugi, þar sem eru sýsluvegirnir. Það hefur verið miðað við andvirði tiltekins fjölda vinnustunda, og af því hefur það leitt, að sýsluvegirnir, sem hafa mjög takmörkuð fjárráð, hafa þó ekki lent í því alltaf annað hvort ár, að fjármagnið detti niður vegna verðhækkana, heldur hefur það haldist nokkurn veginn í hendur við verðbreytingar. Menn kunna að vilja hafa aðra viðmiðun en vísitölu byggingarkostnaðar, en hluti af vegaframkvæmdum er þó byggingarvinna, þ. e. a. s. brúargerðin er það, og almenn verkamannavinna og vélavinna, sem er einnig í nokkru samræmi við byggingarvísitölu. En þó að menn kynnu að vilja hafa aðra viðmiðun á en þessa, þá er það í sjálfu sér ekkert athugavert. En það væri allt annað að fást við vegamálin, ef tekjuöflun væri ekki bundin við ákveðna krónutölu, heldur haft svipað form og í sýsluvegunum og svipað og er víða annars staðar, að gjöldin, sem álögð eru, eru tiltekin prósenta, ekki fastskorðuð krónutala. En þetta leist báðum þessum hv. þm., sem hafa talað hér á undan mér, skelfilega illa á, að einhverri slíkri verðtryggingu yrði á komið í sambandi við tekjuöflun til Vegasjóðs. Hv. 1. þm. Sunnl. leist einnig illa á það, að endurgreiðsla á skatti af jeppum er ekki lengur nema helmingur af skattinum, en áður var hann endurgreiddur að fullu. En ég held, að margir mæli, að sú breyting sé ekki óeðlileg í sjálfu sér. Hitt væri hins vegar óeðlilegt og ósamræmi í því, að jeppar og aðrir bílar, sem notaðir eru í sveitum og brenna bensíni, fái enga endurgreiðslu, en aftur full endurgreiðsla af þeim bílum, sem brenna olíu. Í þessu er ekki samræmi.

Ég ætla ekki að fara að fjölyrða um ræðu hv. 1. þm. Sunnl., þó að ég gæti ekki látið hjá líða að benda á þetta, af því að ég kom hér í ræðustól rétt á eftir honum. Mér fannst eiginlega engin ákveðin niðurstaða í ræðunni, nema þá það, að það væri lítill vegur að afla tekna til Vegasjóðs og það svo um munaði, ef það væri alveg öruggt, að stjórnin færi frá. En ég vil segja út af þessum ummælum, að ólíkt höfumst við að, því að þegar þessi hv. þm. var samgrh., stóð ekki á mér eða mínum flokksbræðrum yfirleitt að standa að gerð vegáætlunar og engu að síður þeim hlutanum að afla tekna til framkvæmdanna en hinu að skipta upp fénu, alls ekki. Það má því segja, að ólíkt höfumst við að, miðað við ræðu hv. þm. En ég reikna með því og dreg það m. a. af ræðu hv. þm., að þessum fyrrv. samgrh. renni blóðið til skyldunnar, þegar vegáætlunin og vegirnir eru annars vegar, og hann standi að vegáætlun og fjáröflun til hennar á eðlilegan hátt. Ég reikna með því fastlega.

Í þessu frv. er tekin upp heimildargr. um innheimtu veggjalds, alveg eins og hún er í núgildandi lögum. Þegar rætt var um þetta veggjald á síðasta þingi, hreyfðu fleiri en einn þm. ákveðnum hugmyndum um að innheimta gjald af þeim, sem njóta vega með bundnu slitlagi, með öðrum hætti en þeim að innheimta sérstakt veggjald. Ég veit ekki, hvort þessar ábendingar hafa verið teknar til athugunar, en mér finnst eðlilegt, að þetta sé skoðað. Ef menn eru á því að hafa áfram í l. heimild til töku veggjalds og ef mönnum sýnist, að það mætti taka hliðstætt gjald með öðrum hætti, þannig að betur færi á, þá ætti einnig að taka í lög heimild um slíkt. Mér finnst, að þetta ætti vel að skoða. Ég vænti, að það verði gert í n., og mun beita mér fyrir því, eftir því sem tími vinnst til, en málið fer til n., sem ég á sæti í.

Ég hef hins vegar séð marga annmarka á þeim hugmyndum, sem hv. þm. hreyfðu hér á sínum tíma í þessa átt, og ég treysti mér þess vegna ekki til þess á þessari stundu að flytja ákveðnar till. um þetta efni. Álít ég, að það eigi að skoða mjög vandlega og varla rétt að bera fram slíkar till., nema þá að höfðu samráði við marga hv. þm.

Það atriði í frv., sem ég vildi sérstaklega vekja athygli á, eru ákvæði 13. gr. um happdrætti, eins og hér segir: „Eftir því sem ákveðið er í fjárlögum ár hvert, skal ríkissjóður gefa út happdrættisskuldabréf í því skyni að afla fjár til hringvegar um landið.“

Í fyrsta skipti, sem vegahappdrættið var tekið upp, var það í sambandi við opnun vegarins yfir Skeiðarársand, eins og öllum hv. þdm. er kunnugt. Nú líður að lokum þeirra framkvæmda, og er þó enn eftir að selja töluvert af skuldabréfunum. Þessi aðferð, sem þá var upp tekin, hefur

gefist vel, og menn hafa sýnt mikinn áhuga á því að kaupa þessi skuldabréf. Þau eru að vísu með góðum kjörum, en menn ætla þó, að áhuginn á því að kaupa þau sé öðrum þræði sprottinn af beinum áhuga fyrir málefninu sjálfu.

Á þessu þingi hafa komið fram tvö frv. um sérstök vegahappdrætti. Annars vegar er frv. um happdrætti til þess að afla fjár til að ljúka byggingu vegarins fyrir Ísafjarðardjúp. Það frv. var flutt í Nd., og því var vísað til samgn. Samgn. afgreiddi þetta frv. fyrir nokkru og mælti með samþykkt þess, og það hefur þegar verið afgr. hér úr d. á jákvæðan hátt. Ég gerði þá grein fyrir afstöðu minni til þess frv. og skal ekki fara að endurtaka það hér. Hitt frv. um happdrætti vegna vegagerðar var einnig flutt í þessari hv. þd. Þar var gert ráð fyrir veghappdrætti vegna Norðurlandsvegar, þ. e. a. s. vegarins milli Reykjavíkur og Akureyrar. Þetta frv. fór til fjh.- og viðskn. þessarar d. Ég á sæti í þeirri n. Við sendum þetta frv. til umsagnar og höfum rætt það á mörgum fundum í fjh.- og viðskn. Við voru ásáttir um það, að rétt væri að skoða þetta mál í heild og þá í sambandi við afgreiðslu vegamálanna, sem fram undan voru samkv. fyrirmælum um endurskoðun vegáætlunar á tveggja ára fresti. Nú hefur hæstv. ríkisstj. tekið inn í frv. sitt þetta ákvæði í 9. gr., sem ég áðan las upp að meginmáli. Ég er þeirrar skoðunar, að það sé rétt og sjálfsagt að bæta hér við ákvæði á þessa leið, eins og segir í brtt., sem ég hef þegar lagt hér fram: „Kveða skal nánar á um það í vegáætlun á tveggja ára fresti, til hvaða framkvæmda verði varið þeim fjármunum, sem inn koma fyrir sölu skuldabréfa samkv. 2. málsgr. þessarar gr.“ Ég held, að það sé alveg sjálfsagt að hafa svona ákvæði í lagagr. og halda sig við þetta af þeim ástæðum, sem ég raunar greindi frá áðan, þegar ég minntist á happdrættislánið vegna Skeiðarársands. Ég er þeirrar skoðunar, að það sé skynsamlegt að taka þetta inn sem almennt ákvæði, en ekki með sérlögum um hvert einstakt happdrætti fyrir sig. Ég heyrði, að hæstv. fjmrh. gat þess í ræðu sinni, að hann gæti vel fallist á þessar hugmyndir, að happdrættisféð yrði tengt ákveðnum verkum, og þykir mér vænt um að heyra það. — Ég skal svo ekki hafa þessi orð fleiri.

Bjarni Guðnason: Herra forseti. Það kemur fram af grg. þessa frv., að tilgangur þess er tvíþættur, annars vegar að afla fjár til vegagerðar og hins vegar að fella niður 38 gjöld, sem lögð eru á notendur bifreiða. Það liggur í augum uppi, að það er mikið fagnaðarefni að losna við allan þennan hóp gjalda, 38 að tölu. Þessi gjöld eru talin upp í grg., og hirði ég ekki að gera nánari grein fyrir þeim, en mér virðist það vera mikið þrifnaðarverk og þarfaverk að losna við öll þessi smágjöld, sem hirt eru af þeim mönnum, sem eiga bíla eða bifhjól, þannig að þetta er skynsamlegt.

Hvað varðar hinn þátt frv., þ. e. að afla fjár til vegagerðar, þá vandast nokkuð málið, og hefur það orðið þungamiðjan í ræðum þeirra manna, sem hér hafa talað. Það segir sig sjálft, að í staðinn fyrir þessi gjöld, 38 að tölu, þarf Vegasjóður á tekjum að halda, og þeirra er aflað með því að hækka bensín og þungaskatt af bifreiðum. En það er ekki aðeins látið haldast í hendur þessi nýju gjöld og þessir tekjustofnar, heldur er um leið ætlunin að afla aukinna tekna, og þarf engan að furða, eins og nú háttar í okkar efnahagslífi, að Vegasjóður þurfi auknar tekjur. Hér er um að ræða tekjur, að mér skilst, um 200 millj. kr. umfram þau gjöld, 38 að tölu, sem falla niður. Ef þetta væri öll sagan, mættu menn vel við una og væri þá ekki tiltökumál að styðja frv. af þessu tagi. En það, sem hér skiptir náttúrlega meginmáli, er, að þessar 200—300 millj. kr., sem Vegasjóður þarf á að halda eða ætlar að afla með þessu frv., eru ekki nema dropi í hafið, og ég verð að játa það, að ég hef sjaldan orðið jafnundrandi við lestur nokkurra gagna í frv. eins og einmitt þessu, því að það kemur í ljós, að það vantar hvorki meira né minna en 1 400 milljónir kr., að Vegasjóður standi undir þeim áætlunum, sem þegar hefur verið gert ráð fyrir á árinu 1974, og það vantar 900 millj. kr. fyrir árið 1975.

Ég verð að segja það, að ég hafði gert mér í hugarlund, að ástandið væri slæmt, en ekki eins og þessar tölur bera vitni um. Hér má svo því við bæta, að þessar tölur eiga sjálfsagt eftir að hækka, því að ef að líkum lætur og að óbreyttu ástandi má bæta við þessar tölur ekki allfáum millj. kr. M. ö. o.: ef ég reyni að leggja þetta eins skýrt fyrir og mér er unnt, er gerð vegáætlun 1972 til fjögurra ára, og þegar liðinn er hálfur tími þessa tímabils, kemur í ljós, að það vantar 2 300 millj. kr., til þess að unnt sé að framkvæma þá áætlun, sem gerð var á árinu 1972. Þetta er stórkostlegt undrunarefni. Verður ekki annað sagt en að hér sé komið að einum kjarna málsins í efnahagsstefnu ríkisstj. Ætlunin er síðan með till. til þál., sem á að endurskoða vegáætlun fyrir árin 1974—75, að gera nánari grein fyrir því, hvernig brúa má það bil, sem er milli áætlaðra útgjalda í vegáætlun og þeirra heildartekna, sem að ofan greinir.

Það er algjörlega ofvaxið mínum skilningi, hvernig er unnt að taka af landsmönnum nú 1 400 millj. kr. í nýjum álögum, eins og nú háttar hjá skattpíndri þjóð.

Síðasti ræðumaður taldi, að þeir, sem væru að gagnrýna þennan mikla fjárskort og þessa vöntun og þessar miklu álögur, hefðu ekkert fram að færa, þeir vildu ekki benda á neinar leiðir, ekki vildu þeir draga úr vegagerðinni. En þetta er ekki kjarni málsins. Kjarni málsins er sá, hvernig stendur á því, að málin hafa þróast þannig, að það er vöntun á þessu gífurlega fjármagni. Þar liggur hundurinn grafinn. Það er ekki hægt að standa hér frammi fyrir þingheimi, ef það vantar 1½ milljarð, og krefja svo einstaka þm. um að benda á tekjustofna. Ég og aðrir hafa nú í 1½ ár bent á það, hvert stefndi, og þeir menn, sem hafa ráðið efnahagsmálum, hljóta þá að taka á sig annaðhvort að útvega þessar 1 400 millj. kr., benda á leiðir eða draga úr framkvæmdum. Þetta er þeirra mál.

Ég verð að segja það því miður, að þetta er fullkomin spegilmynd af ástandinu í efnahagsmálum, og var það þó í raun og veru verra en

mér gat nokkurn tíma dottið í hug. Nú er það svo, að það fer ekki milli mála, að helsti styrkur núv. ríkisstj. hefur verið dreifbýlispólitíkin. Það hefur verið lagt mikið fjármagn í að afla atvinnutækja, byggja upp frystihús o. s. frv. Það held ég, að sé sá þáttur málsins, sem verður sagt um ríkisstj. mest til hróss. En nú eru málin komin á það stig, að dreifbýlispólitíkin er að hrynja, því að dreifbýlispólitík er fyrst og fremst vegagerð, vegagerð og aftur vegagerð út um dreifbýlið. Það er ekki til auðveldari leið og engin leið greiðfærari til að efla stöðu dreifbýlisins, atvinnuvegi þar og búsetu en góðir vegir. Vegagerð er undirstaða undir allri dreifbýlispólitík, hjá því verður ekki komist. Þess vegna verður að segja sem svo, að ef ekki verður unnt að halda áfram vegagerð eins og til var ætlast árið 1972, þá er sjálfur kjarninn í dreifbýlisstefnunni brostinn, og því miður hef ég enga getu til þess að koma með ábendingar um það, hvar eigi að bera niður hjá almenningi til þess að taka 1400 millj. kr. á þessu ári. Mér er ógerlegt að sjá það. Og þá hlýtur náttúrlega að vera eftir sú leið að ráðast að sjálfum vandanum, og það er efnahagsþróunin. Við komum alltaf að sama upphafspunkti, þ. e. verðlags- og efnahagsþróuninni. Það er bölvaldurinn. Mér er sagt, að það séu jafnvel horfur á því, að verðbólgan muni á þessu ári verða jafnvel allt að 60% að óbreyttu ástandi, og á meðan ekki er tekist á við þann vanda, stöndum við alltaf vanmegnugir gagnvart hlutum eins og þeim að afla fjár til Vegasjóðs. Kjarni vandans liggur ekki í sjálfum Vegasjóðnum, ekki að afla fjár til Vegasjóðs, heldur í sjálfri efnahagsstefnunni, í sjálfri verðlagsþróuninni.

Að öðru leyti eru tvö atriði, sem ég vil benda á áður en ég hverf frá þessu. Það er í sambandi við það, eins og segir í 8. gr. orðrétt, með leyfi hæstv. forseta: „Ráðherra er heimilt að hækka gjöld þessi," þ. e. a. s. þensíngjald og þungaskatt, „í réttu hlutfalli við þá hækkun, sem kann að verða á vísitölu byggingarkostnaðar." Ekki er ég hamingjusamur að lesa þetta. Í raun og veru, ef þetta væri tekið upp, mundi þetta líklega enn auka á verðbólguna. Þarna er komið sjálfvirkt verðbólgukerfi, og ég hygg, að það sé nauðsynlegt fyrir ríkisvaldið að reyna að sporna heldur gegn þessu en að reyna að hafa verðbólguna beinlínis sjálfvirka til hækkunar, fyrir utan það, að mér virðist eftir þær gífurlegu hækkanir, sem urðu á uppmælingartaxta byggingariðnaðarmanna, að það muni leiða til svo stórfelldrar hækkunar á byggingarvísitölu, að menn almennt geri sér ekki grein fyrir þeirri hækkun, þannig að ég dreg í efa, að þetta sé æskilegt heimildarákvæði.

Síðan kemur hið klassíska veggjald í 12. gr., þar sem segir svo, með leyfi hæstv. forseta: „Ráðh. er heimilt að ákveða með reglugerð, að greiða skuli sérstakt umferðargjald til ríkissjóðs af bifreiðum, sem fara um tiltekna vegi eða brýr." Þetta mál hefur nú komið tvívegis til nokkurrar umr. hér á þingi, og ég hef verið andvígur því, og liggja til þess margar ástæður, sem ég ætla ekki að fara út í að þessu sinni. En ég mundi horfa til þess með lítilli tilhlökkun, ef Reykvíkingar væru girtir af hér með umferðarskýlum og kæmust ekki út úr borginni nema greiða eitthvert lausnargjald. Hvað mundu Stokkhólmsbúar segja, ef þeir kæmust ekki suður á bóginn eða norður á bóginn án þess að greiða lausnargjald, eða Kaupmannahafnarbúar o. s. frv.? Svo er náttúrlega fyrir bændur austanfjalls, sem þurfa að koma til verslunarerinda og ýmiss konar erindagerða hingað til höfuðborgarinnar.

Ég held líka, að í þessu þjóðfélagi okkar, þar sem við erum að reyna að koma upp félagslegri þjónustu á ýmsum sviðum, megum við varast það að íþyngja einstaklingum með alls konar endalausum smásköttum. Það er allt orðið skattað. Maður getur varla andað að sér lofti, án þess að það sé skattað. Hitt er svo alveg rétt, að það vantar fé til vegagerðar, en ég hygg, að það sé ekki ástæða til þess að hafa þennan háttinn á.

Ég skal ekki orðlengja þetta meira að sinni. En ég verð að segja það, að ég hef sjaldan orðið meira undrandi við lestur á einni grg. í frv. og þessari, því að þetta frv. leysir ekki þann vanda, sem Vegasjóður á við að glíma, og mér er óljóst, hvernig á að afla þessara 1400 millj. kr. En mér er eitt ljóst, að svona getur þetta ekki haldið áfram. Það verður að takast á við kjarna málsins, þ. e. sjálf efnahagsmálin.

Eyjólfur K. Jónsson: Herra forseti. Ég hyggst aðeins ræða hér einn þátt þess máls, sem á dagskrá er, þátt, sem að vísu bæði hæstv. fjmrh. og eins hv. 5. þm. Austf. hafa nokkuð rætt hér. En eins og hv. þdm. vita, var hér strax á öðrum eða þriðja degi þingsins lagt fram frv. til laga um happdrættislán ríkissjóðs vegna framkvæmda við uppbyggingu Norðurlandsvegar, þar sem gert var ráð fyrir að bjóða út skuldabréf, 800 millj. kr., á næstu árum til þess að gera stórátak við þessa vegaframkvæmd. Þetta frv. hefur enn ekki fengist afgreitt úr n. Það fór til fjhn., en form. þeirrar n., hv. 5. þm. Austf., gat þess hér áðan, að nm. hefðu verið þeirrar skoðunar að láta afgreiðslu þessa frv. úr n. fylgja með vegáætlun og því frv. um fjáröflun til vegamála, sem nú er hér til umr. Út af fyrir sig höfum við flm. að sjálfsögðu ekkert við það að athuga, að málið sé leyst með einhverjum öðrum hætti en beinni samþykkt þessa frv. óbreytts.

Það gladdi mig mjög að heyra báða þessa hv. þm., 5. þm. Austf. og hæstv. fjmrh., lýsa því yfir, að þeir teldu, að haga ætti fjáröflun með happdrættislánum einmitt á þann veg, að um einskorðaða framkvæmd væri að ræða, því að menn væru fúsari til að kaupa bréf, þegar þannig væri um hnútana búið, en vera mundi, ef þeir hefðu á tilfinningunni, að fé rynni í einhverja allsherjarhít, einhvern sjóð, sem þeir vissu síðan ekki, hvernig varið yrði. Þessi yfirlýsing var mjög mikils virði og ekki þó síður hitt, sem hæstv. fjmrh. lagði á áherslu, að einmitt Norðurlandsvegurinn, vegurinn milli Reykjavíkur og Akureyrar, yrði fyrsta verkefnið samkv. þeirri heimild, sem um getur í 5. gr. þessa frv.

Ef svo fer, að hv. fjhn., sem væntanlega ræðir bæði þessi mál, frv. okkar um happdrættislán vegna norðurvegar og eins það mál, sem hér er til umr., gengur þannig frá hnútum, að fé verður tryggt og það verður fé, sem sérstaklega

er ætlað til þessara framkvæmda, þá er auðvitað tilganginum náð og ekki ástæða til að fylgja fram samþykkt frv. okkar. En við munum auðvitað fylgjast með því, hver framvindan verður hjá n., enda er einn flm. þessa frv. okkar nm. Og svo kann að fara, að við teljum nauðsynlegt að bera fram brtt. við það mál, sem hér er til afgreiðslu og umr., og það mundu þá verða mun ítarlegri ákvæði í þeirri brtt. en eru nú í 13. gr.

Ég er ekki sömu skoðunar og hv. 5. þm. Austf., að heppilegt sé að undirstrika, að slík happdrættislán eigi að vera þáttur í vegáætlun. Það má vera, að það skipti ekki meginmáli, en ég held samt, að það verði að leggja á það mjög ríka áherslu við fólk út í frá, að það sé verið að verja þessu fé nákvæmlega til ákveðinnar framkvæmdar, og það kynni að rugla menn nokkuð í ríminu, ef þetta væri þáttur í vegáætlun, gagnstætt því, sem var með vegaframkvæmdirnar á Skeiðarársandi. En vera má, að mér skjátlist í þessu. Það kemur þá á daginn, þegar málið verður ítarlegar rætt, bæði í n. og eins í þessari hv. deild.

Ég ætlaði ekki að orðlengja um þetta mál. Ég ætlaði einungis að þakka hæstv. fjmrh. fyrir yfirlýsingar þær, sem hann hefur gefið og ég leyfi mér að skilja svo, að það mál muni ná heilt í höfn, sem við fluttum hér um stórátak við gerð Norðurlandsvegar. Við orðuðum 800 millj. kr. í okkar frv., en því miður er verðbólguþróun ör, og sjálfsagt þyrfti þessi upphæð að hækka, e. t. v. um 50% eða svo, á næstu árum, til þess að þetta átak yrði að fullu unnið. Auðvitað er það rétt, sem hér kom fram, að verulegt fjármagn fer í kjördæmi hæstv. fjmrh. Þar hefur raunar verið gert ráð fyrir mjög miklum framkvæmdum á næstu tveimur árum, og yfir því gleðst ég sannarlega. Ég get bætt því við, að sá vegarkafli á norðurveginum, sem einna verstur er, er einmitt Norðurárdalurinn. Ég vil, að mun meira fé fari einmitt í þetta ágæta kjördæmi, Vesturlandskjördæmi, vegna þess að það er til hagsbóta fyrir landslýð allan, kannske mest fyrir Norðlendinga, en auðvitað fyrir okkur öll. Ég endurtek þakkirnar.

Stefán Valgeirsson: Herra forseti. Ég skal ekki verða til þess að tefja þessar umr., en mér þótti það *mjög athyglisvert áðan og vil taka undir það*, sem hv. þm. Bjarni Guðnason sagði, að undirstaða undir allri dreifbýlispólitík sé einmitt vegaframkvæmdir, enda kom það í ljós, að þegar var verið að gera vegáætlunina fyrir tveimur árum, t. d. aukið viðhaldsfé, framkvæmdamáttur þess aukinn um 20% frá því, sem áður hafði verið. Ég heyri það, að sumir hv. þm. trúa þessu ekki, en það er bara fyrir það, að þessir hv. þm. fylgjast ekki nógu vel með.

En annað var það, sem mér þótti líka undarlegt og táknrænt, að þegar hv. þm. Stefán Gunnlaugsson var að ræða hér áðan, þá talaði hann um *bráðnauðsynlega framkvæmd í sambandi* við hitaveituframkvæmdir, en það lá í orðum hans, að það væru ekki bráðnauðsynlegar framkvæmdir, þegar um vegagerð væri aftur á móti að ræða.

Hér hefur verið lögð fram tillaga, að vísu í öðru máli, en náskyldu þessu, — það er í sambandi við breytingu á vegalögunum, — að í 10. gr. komi 30% í stað 20%. Það er auðvitað mjög æskilegt, ef það væri hægt að gera þetta. En hvað þýðir þessi tillöguflutningur annars? Hann þýðir, að það eigi að hækka þær tekjur, sem Vegasjóður hefur nú til þessara framkvæmda um 132 millj. kr. Þetta er auðvitað æskilegt, en þá verður líka að fá þetta fé einhvers staðar, en ekki taka það af hinu vegafénu. Og ef þetta frv. verður samþ., hækkar þessi þáttur, sem yrði að taka af hinu vegafénu, um 178 millj. kr. Þegar þetta er athugað svo og hitt, að hv. Alþ. hefur á undanförnum dögum og er að svipta sýsluvegina tekjum, þá held ég, að það þurfi að fara að hugleiða það í alvöru, hvernig eigi að fá tekjur á móti því. Ég verð að segja það, að mér finnst vera sanngirnismál, ef á að samþykkja þessa till., að þeir, sem í þéttbýlinu búa, borgi alveg sama veggjald og dreifbýlisfólkið, og það mundi gefa eitthvað á annað hundrað millj. kr. Til þeirrar n., sem hefur þetta til athugunar, vil ég skjóta því að athuga það.

Mér þótti það mjög ánægjulegt, þegar hv. 1. þm. Sunnl., Ingólfur Jónsson, var að tala hér í dag og fór að tala um vörubifreiðarnar, sem eru undir 5 tonnum, að það þyrfti að breyta því í l., þannig að þeir fengju leyfi til þess að fá mæli í sína bíla, ef ég hef skilið hann rétt. Ég flutti nefnilega till. um þetta fyrir nokkrum árum, og þá barðist hann mjög á móti þessu. En þetta er réttlætismál, því að margir bændur t. d. eru með svona bíla, og þeir verða að borga líklega upp undir 50 þús. af þessum bílum. Þessir bílar eru fyrst og fremst til heyflutninga og til heimilisnota, og hví mega þeir ekki borga sinn þungaskatt samkv. mæli? Ég skal vera meðflm. 1. þm. Sunnl., ef hann vill bera slíka till. fram.

Ólafur G. Einarsson: Herra forseti. Ég skal vera stuttorður um þetta mál við þessa 1. umr. Ég geymi mér það frekar til 2. umr. að ræða frv. ítarlega. En hér er eins og fyrri daginn hjá hæstv. ríkisstj. haldið áfram að leggja nýja skatta á þjóðina í einni eða annarri mynd. Við sjáum vart svo frv. orðið, að það hafi ekki í för með sér, ef ekki beinar skattaálögur, þá *skuldbindingu um það, að svo og svo mikið* skuli greitt úr ríkissjóði.

Við vorum hér fyrr í dag að afgreiða við 2. umr. frv. um grunnskóla. Ég efast reyndar um, nokkur hv. þm. og ekki heldur hæstv. ráðh. hafi hugmynd um, hvað lögfesting þess frv. kemur til með að kosta. En það virðist ekki þvælast fyrir hæstv. ríkisstj. Strax í 1. gr. þessa frv. fáum við ákveðnar hækkanir. Enn á að bæta pinklum á umferðina, þar sem bensíngjaldið á að hækka úr 9.87 kr. í 15 kr. af hverjum lítra. 3. gr. frv. virðist vera til þess sett að réttlæta þetta allt saman, þar sem segir, að gjöld samkv. *ákvæðum 1. og 2. gr. skuli innheimt til ríkissjóðs*, en tekjum samkv. lögum þessum skuli einungis varið til vegagerðar samkv. vegáætlun. Ég spyr nú bara: Hvert annað ættu þessi gjöld að fara, eins og málum er nú komið? En hér er allt of langt gengið í álögum á umferð-

ina, og það þýðir ekkert fyrir hæstv. ríkisstj. að bera því við, að ella verði að draga úr framkvæmdum. Það, sem þarf að gera, til þess að framkvæmdir dragist ekki saman, er, að ríkissjóður skili til vegamála einhverjum meiri hluta heldur en hann hefur gert að undanförnu af öllum þeim tekjum, sem hann hefur af umferðinni.

Það hefur margsinnis verið sýnt fram á það, hve naumur hluti það raunverulega er, sem fer til vegamála, af öllum þeim miklu tekjum, sem ríkissjóður hefur af umferðinni. Ég hef hér í höndunum töflu, sem segir, að árið 1973 sé þessi hluti 47.1%, sem til vegamála fer. Það er sjálfsagt að viðurkenna, að þessi hluti hefur oft verið minni, en hæstur mun hann hafa orðið árið 1969 í tíð fyrrv. ríkisstj., 56.5%, en síðan hefur sigið á ógæfuhlið. Þetta hlutfall verður að breytast.

Hæstv. fjmrh. sagði hér í dag, að þm. hafi ætíð verið áhugasamir um framkvæmdir í vegagerð og þess vegna treysti hann því, að þetta frv. verði samþ. Við höfum fyrr á þessu þingi heyrt hæstv. ráðh. setja traust sitt á þm. yfirleitt. Við heyrðum það, þegar frv. um skattkerfisbreytingu var hér til meðferðar. Við heyrðum það líka, þegar frv. um tollskrá var til meðferðar, þannig að þetta er ekkert nýtt. En ég hygg, að hæstv. ráðh. verði að sætta sig við eitthvað minna en ætlunin er að innheimta samkv. þessu frv.

Það hefur verið minnst hér í umr. á 8. gr. frv., þar sem ráðh. er heimilað að hækka tiltekin gjöld í réttu hlutfalli við þá hækkun, sem kann að verða á vísitölu byggingarkostnaðar. Hér er á ferðinni nokkuð sérstæð regla, sem ég er reyndar ekkert viss um, að standist, en um það ætla ég ekki að ræða núna. Það er sjálfsagt að athuga það mál frekar, en í grg. segir, að gr. feli í sér heimild til handa ráðh. að breyta bensíngjaldinu og þungaskattinum, þó með þeim takmörkunum, að hækkun gjaldanna verði ekki meiri en svarar til breytinga á vísitölu byggingarkostnaðar. Ég segi nú bara: Merkilegt er það, að ekki eigi að veita ráðh. frekari heimildir en að hækka þetta eftir vísitölu byggingarkostnaðar. En það verður að teljast satt að segja dálítið vafasöm viðmiðun að miða þetta við vísitölu byggingarkostnaðar. Þetta er að vísu skiljanlegt, því að það vita allir, að sú vísitala hækkar hvað mest.

Það, sem þarf að gera nú, er að koma í veg fyrir þessar sífelldu auknu álögur, sem alltaf eru að skella yfir þjóðina. Við búum nú við, að ég held ég megi fullyrða, hærra bensínverð en nokkur önnur þjóð, a. m. k. í nágrenni við okkur. Og eins og hv. þm. Stefán Gunnlaugsson sýndi fram á í ræðu sinni, hefur bensínverðið hækkað í tíð núv. ríkisstj. um 94%. Það hafa sjö sinnum orðið hækkanir, og sú áttunda er á leiðinni. Þá hefur ríkisstj. unnið það afrek, að á tæpum þremur árum hefur bensínverðið hækkað um meira en 100%. Annars er hér í grg. nokkuð athyglisverð setning, og er kannske dálítil glæta í þessu öllu saman. Þar segir svo, með leyfi hæstv. forseta:

„Ljóst má vera, að eigi eru efni til frekari hækkunar á bensíngjaldi og þungaskatti, eins og á stendur, en frv. þetta gerir ráð fyrir.“

Við megum sem sagt reikna með, að sjálfri ríkisstj. þyki nú sem mælirinn sé fullur, og er það vissulega góðs viti.

Niðurfelling hinna 38 gjalda er sjálfsagt góðra gjalda verð. Ekki ætla ég að mæla á móti því. Í grg. segir á einum stað, að við niðurfellingu þeirra gjaldstofna sé talið, að tekjur ríkissjóðs og Tryggingastofnunar ríkisins skerðist um 150 millj. kr. Það er áætlað í ár, að um 72 millj. kr. renni til Tryggingastofnunar ríkisins sem tryggingaiðgjöld ökumanna og um 30 millj. komi í ríkissjóð sem ómerktar tekjur. Mér þætti mjög fróðlegt að vita, hvað Tryggingastofnun ríkisins hefur greitt út mikið fé vegna þessara mála á undanförnum árum, við skulum segja á 2—3 síðustu árum. Ég geri ekki ráð fyrir, að þessari spurningu minni verði svarað hér í kvöld, en það væri mjög æskilegt að fá upplýsingar um þetta atriði.

Þá langar mig að fara hér örfáum orðum um 12. gr. frv. Hv. 5. þm. Austf., Vilhjálmur Hjálmarsson, gerði hana hér lítillega að umtalsefni og sagði, að þessi gr. væri tekin nákvæmlega upp úr gildandi vegalögum. Þetta er að vísu ekki alveg rétt hjá honum, það er bætt inn tveimur orðum, sem ég er ekki alveg viss um, hvað þýða, en mér þætti vænt um, ef hæstv. ráðh. eða hv. þm. Vilhjálmur Hjálmarsson vildi upplýsa það. Þessi orð eru „til ríkissjóðs“. Þar segir: „Ráðh. er heimilt að ákveða með reglugerð, að greiða skuli sérstakt umferðargjald til ríkissjóðs af bifreiðum.“ Þessi tvö orð voru ekki og eru ekki í gildandi lögum. Spurning mín er, hvort þetta veggjald, sem á nú að reyna enn einu sinni að koma á, eigi að fara beint í ríkissjóð. Eða á þetta að fara í Vegasjóð? Á því er nefnilega meginmunur, og þessi tvö orð, sem þarna er skotið inn í, gefa a. m. k. tilefni til vissra grunsemda.

Annars þykir mér einkennilegt, að þessi gr. skuli tekin upp í þetta frv. Það hefur verið rakið hér þegar í umr., hver afskipti þingsins hafa verið af þessu máli á undanförnum árum. Það hefur tvisvar komið til kasta þingsins á þessu kjörtímabili. Árið 1972 var þetta fellt úr vegáætlun og 1973 var felld till. þess efnis, að veggjald skyldi tekið upp að nýju. Enn á að reyna, og ég spyr: Hvað á þetta að þýða? Núv. þing, það þing, sem kjörið var í síðustu kosningum, hefur tvisvar sinnum lýst yfir vilja sínum í þessu efni. En enn þá er verið að. Ég held, að skynsamlegast væri nú að fella þetta ákvæði einfaldlega úr frv., þannig að menn hætti þessum hugleiðingum um álagningu sérstaks veggjalds. En ef menn vilja endilega hafa þessa heimild í lögum, þarf þessi lagagr. að vera öðruvísi úr garði gerð. Eins og þetta hefur verið tíðkað eða var, meðan veggjaldið var á Reykjanesbraut, hafði það í för með sér ójöfnuð, og það er áfram gert ráð fyrir ójöfnuði með því að ætla að taka veggjald af Reykjanesbraut og af Suðurlandsvegi. Það þarf að bæta inn í þessa lagagr. ákvæðum þess efnis, að ekki verði tekin ákvörðun um álagningu slíks gjalds nema við afgreiðslu vegáætlunar og þá verði það tilgreint, hvar umferðargjaldið eigi að taka. Og við mat á því, hvar umferðargjald skuli lagt á, verður að gæta fyllsta samræmis, og það verður að líta til þeirra breytinga á vegakerfinu, sem hafa í

för með sér sparnað eða bætta þjónustu fyrir notendur veganna frá því, sem áður var, og þar nefni ég styttingu vegalengda milli staða, lagningu bundins slitlags, gerð jarðganga, brúa o. fl. þess háttar. Það er ekki réttlætanlegt að leggja veggjald á eingöngu vegna þess, að bundið slitlag sé komið á veginn.

En ég vildi gjarnan heyra rök fyrir því, hvers vegna er verið með þessa gr. enn þá inni í l. eða ætlunin sé að hafa hana enn þá inni í l. Það hefur verið bent á það áður, að fyrirkomulag eins og hér er hugsað og hér var er algerlega óþekkt í nokkru landi. Það er út í hött að vera að vísa til reglna, sem gilda í öðrum löndum, og vissulega er víða tekið veggjald. Það er algengt t. d. á Ítalíu. En þeir vegir, sem eru þannig skattaðir, eru ekki í eigu ríkisins. Þeir eru flestir í eigu Vatíkansins, það er páfinn, sem ræður yfir þeim. Og þó að hæstv. fjmrh. hafi hér mikil völd, þá held ég, að hann ráði ekki yfir vegakerfinu eins og páfinn gerir með sína vegi á Ítalíu. Alveg sama er með Bandaríkin. Þeir vegir, sem eru tollaðir, eru ekki ríkisvegir, og það er beinlínis skilyrði fyrir framlagi úr alríkissjóði, að vegirnir verði ekki tollaðir. Á þessu er meginmunur og að vera að tolla hér einstaka ríkisvegi.

Ég sagði áðan, að í þessu veggjaldi fælist ójöfnuður. Það vita allir, að ekki er hægt að leggja á veggjald nema hér í næsta nágrenni við höfuðborgina, og þetta verður til þess, eins og hér hefur komið fram, að það kemst enginn út úr borginni nema borga fyrir það gjald eða þá, ef innheimtumönnunum skyldi nú verða snúið í hina áttina, þá kemst enginn inn í borgina nema borga fyrir það. Þetta er ekki réttlætanlegt á nokkurn hátt.

Það hefur líka verið bent á það, hversu dýr innheimtan er á slíku veggjaldi. Ég hef satt að segja ekki trú á, að það verði fundin upp ódýrari leið í skattheimtunni en var hér, meðan hún var.

Ég vil minna á, að ég flutti brtt. í vetur við tollskrárfrv., þegar það var hér til meðferðar. Sú brtt. var á þá leið, að það yrði lagður þungatollur á bensín í staðinn fyrir verðtoll. Rökstuðningurinn fyrir till. var sá, að með því yrði dregið úr áhrifum hinna miklu verðhækkana, sem orðið hafa erlendis á bensíni. Þessi till. var að sjálfsögðu felld af hv. stjórnarliðum einfaldlega vegna þess að auðvitað eygði ríkissjóður þarna möguleika á meiri tekjum, og þannig var þessi hækkun, sem orðið hafði á bensíni, beinlínis notuð til þess að auka tekjur ríkissjóðs, en vel að merkja ekki Vegasjóðs.

Ríkissjóður á að skila til umferðarmála illa fengnum tekjum, sem hann hefur fengið á undanförnum árum, og það á að hætta þessari stöðugu ásókn í skatta af umferðinni.

Ég vil svo aðeins segja það að lokum í tilefni þess, sem hv. þm. Vilhjálmur Hjálmarsson sagði hér áðan, að það er til lítils að vera að guma af því, að hæstv. ríkisstj. hafi gert mikið í atvinnumálum úti um landsbyggðina. Það hefur enga þýðingu að vera með slíkan málflutning, þegar við erum að ræða hér aukna skattlagningu á umferðina. Ég viðurkenni, að ríkisstj. hefur sjálfsagt margt vel gert, en fleira held ég, að hún hafi gert illa og þá sérstaklega í öllu, sem lýtur að efnahagsmálum. Hún hefur komið þeim í hreinan voða. Fjárlögin hafa þrefaldast á þeim tíma, sem hún hefur verið við völd, og það á eftir að súpa seyðið af þessum athöfnum hæstv. ríkisstj.

Fjmrh. (Halldór E. Sigurðsson): Herra forseti. Ég mun reyna að haga orðum mínum þannig, að það, sem ég segi hér, gefi ekki tilefni til andsvara, heldur til upplýsinga um það, sem spurt hefur verið um, vegna þess að ég hef áhuga á því, að málið nái að ganga til n., atkvgr. fari fram á morgun, og svo að umr. ljúki nú þegar, mun ég ekki fara út í almennar umr.

Hv. 1. þm. Sunnl., sem talaði hér fyrstur í dag, sagði, að ég hefði um greiðslu ríkissjóðs af skuldum nefnt 900 millj. kr. Ef svo hefur verið, hefur mér orðið þar á misnefni, því að hér er um að ræða tæpar 800 millj. kr., sem ríkissjóður þarf að greiða í skuldir og framlag á árinu 1974, eins og það liggur nú fyrir, en það var það, sem hv. þm. talaði um. Skal ég láta honum í té yfirlit yfir skuldirnar, sem þarf að greiða. Ég get það ekki núna, því að ég hef þetta bara í einriti, en ég skal láta hv. þm. það í té, svo að það liggi fyrir, á hvern hátt um það er að ræða. En til viðbótar því, sem hann ræddi um, er bráðabirgðalán m. a., sem tekið var á s. l. ári og þegar er búið að greiða, og svo er Kópavogsbraut inni í þessu líka.

Út af því, sem hv. þm. sagði um veggjaldið, þá vil ég segja það, að að minni hyggju er gr. alveg óbreytt frá því, sem hún er í núgildandi vegal., að öðru leyti en því, sem hv. 11. landsk. þm. nefndi hér áðan, að þar er eingöngu um að ræða samræmi á milli 3. gr. frv. og þessarar gr., þar sem talað er um að innheimta til ríkissjóðs þessar tekjur, en jafnframt tekið fram, að þær skuli allar til vegasjóðs ganga, svo að þetta gjald færi sem önnur gjöld, ef innheimt yrði, til Vegasjóðs, en ekki til annarra þarfa.

Ég vil svo taka það fram út af því, sem hv. 1. þm. Sunnl. sagði hér í dag, að ég mundi vera fús að beita mér fyrir samkomulagi um veggjaldið og eiga við hann samvinnu um vegamál þar um í sambandi við þetta frv., ef það mætti verða til þess að greiða fyrir öðru, eins og ég átti við hann margvíslega samvinnu um vegamál, meðan hann var ráðh. og ég stjórnarandstæðingur, og fylgdi þá jafnan fast eftir hans tekjuöflun til vegamála og sé sannarlega ekki eftir því og vildi jafnvel gjarnan, að við hefðum verið þar stærri í sniðum en við vorum, þó að sumum fyndist nóg um. Þá voru menn líka að óttast um það, að úr bensínsölunni mundi draga, en ljóst er, að vegagerðin er það mikils virði fyrir vegfarendur, að þeir hagnast alltaf á vegagerð, því að þeir bæði eyða minna bensíni og þeir fara betur með bílinn sinn, og það skiptir meginmáli.

Ég vil svo í sambandi við tekjur af umferðinni segja, að eins og við höfum oft rætt um, þá held ég, að ég telji mig muna það rétt, að ég hef alltaf haldið því fram, að sérsköttun sú, sem lögð var á umferðina, ætti að ganga til hennar aftur, en með almenna tolla, almennar tolltekj-

ur, væri ekki hægt að fara öðru vísi en með aðrar tekjur ríkissjóðs.

Út í fleiri atriði sé ég ekki ástæðu til að fara út af ræðu hv. 1. þm. Sunnl., af því að ég ætla mér ekki út í almennar umr., og endurtek það, að ég er reiðubúinn til að beita mér fyrir því, að samkomulag náist um veggjaldið til þess að greiða fyrir samkomulagi um þetta mál.

Út af spurningum þeim, sem hv. 11. landsk. bar fram, þá get ég ekki svarað því að þessu sinni, hvað Tryggingastofnun ríkisins hefur orðið að greiða vegna trygginga á bílstjórum. Ég skal reyna að ná í þessar upplýsingar, en ég hef þær ekki við höndina.

Út af því, sem hann sagði um veggjaldið, af hverju væri verið með það, þá var það m.a. ein ástæðan til þess, að það er sýnt nú, að þegar það var afgreitt hér síðast frá fjvn., þá var till. á þann veg, að slíkt mál ætti að afgreiða með vegáætlun, eins og hann sjálfur talaði um, að gert yrði, ef veggjald væri á annað borð.

Ég skal svo ekki fara frekar út í það eða þau önnur atriði, sem hann vék að í sambandi við skattheimtu. En ef um páfadóm er að ræða í sambandi við þetta ákvæði vegal. um, að innheimta megi sérstakt gjald af vegum, þá er það erfðagóss, sem tekið hefur verið í arf frá þeim, sem á undan sátu, en er ekki upp fundið. En ég held, að hvorki fyrirrennarar mínir né við, sem nú förum með þessi mál, hvorki ég né hæstv. samgrh., hafi páfavald til þess að fást við þessi mál, enda er það kannske ekki æskilegt. — Ég tel sem sagt út af því, sem hann sagði, að það sé öllu skilað aftur frá ríkissjóði og meira en það af þeim tekjum, sem ríkissjóður hefur í sérsköttun af vegunum, sem er leyfisgjaldið, en um almenna tolla tel ég, að annað sé að ræða.

Út af ræðu hv. 3. landsk. vil ég segja það, sem ég vil nú segja um ræður þessara hv. þm., að yfirleitt hefur þetta frv. fengið góðar undirtektir hjá hv. þm., sem talað hafa. Það er alveg rétt, að minni hyggju, að það er til þrifnaðar í tekjuöflunarkerfinu að fækka sköttum, og ég lít svo á, að skattastefnan eigi að miðast við það, að tekjur eigi að vera af háum sköttum og stórum, en ekki af mörgum smásköttum eins og þeim, sem hér er lagt til að fella niður.

Ég vil svo að öðru leyti segja það út af því, sem hv. þm. sagði, að í vegáætluninni fyrir 1974 er gert ráð fyrir 500 millj. kr. meiri lántökum en er gert í frv. þessu eða grg. þessa frv. Þar er aðeins gert ráð fyrir 100 millj. kr., ef við sleppum Skeiðarársandi í báðum tilfellum, en þar var gert ráð fyrir að taka lán til hraðbrauta og að verulegu leyti til Norðurlands- og Austurlandsáætlana, svo að lántaka í vegagerð til vegamála núna er 500 millj. kr. meiri en er í vegáætlun þeirri, sem afgreidd var fyrir árið 1974. Auk þess eru svo ný gjöld um 150 millj., svo að nóg er nú samt eftir, — það eru 700—800 millj. eftir, þó að þessu sé sleppt.

Ég vildi upplýsa þetta út af því, sem hv. þm. sagði. Mér fannst gott að heyra það, að hann taldi, að þessi tekjuöflun væri ekki meiri en svo, að það væri hægt að standast hana, ef væri hægt að sjá fyrir málinu á annan veg — og það tel ég, að verði að vera með öðrum hætti en nýrri tekjuöflun.

Alþt. 1973. B. (94. löggjafarþing).

Ég tek undir það með honum, að vegamálin eru mál málanna fyrir dreifbýlið í landinu, því að góðar samgöngur eru undirstaðan undir góðri afkomu yfirleitt.

Ég vil svo segja það út af ræðu hv. þm. Eyjólfs Konráðs, að ég er honum sammála um það, sem þar kom fram, og tel, að það megi breyta þessari gr. frv., eins og einnig kom fram hjá hv. 5. þm. Austf., til þess að ganga betur frá þessum málum, en að þetta eigi að verða í lögum ákveðinn tekjustofn til þess að byggja upp vegakerfið. Við getum ekki byggt upp vegakerfið með sæmilegum hætti nema með lántökum, sem framtíðin verður svo að annast um greiðslu á að einhverju leyti, og þess vegna er nauðsynlegt að koma inn í löggjöf um vegamál einmitt þessum þætti um, að spariskírteini eða happdrættisbréf af þessari gerð verði einn af þeim tekjustofnun, sem vegagerðin geti byggt á, þótt í lánsformi sé.

Ég er ekkert bundinn við það, sem fram er tekið í þessari gr. um framkvæmdina, þannig að það megi ekki tryggja það betur. Aðalatriði málsins frá minni hendi er að tryggja, að þetta verði í löggjöf, svo að það þurfi ekki að setja lög um það á hverju ári, hvort heimildin sé notuð. Út af því, sem hv. þm. sagði um þátttöku þess í vegáætlun, þá mætti fara með það alveg eins og með Skeiðarársandinn. Hann er færður inn á vegáætlun til þess að reyna að fá heildaryfirlit yfir vegagerðina, en jafnframt er þessi tala sett inn, sem ákveðið er að afla með sölu á happdrættisbréfunum.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Áhrif olíuverðhækkana á hitunarkostnað íbúða, frv. (þskj. 606). — Frh. 1. umr.

Guðlaugur Gíslason: Herra forseti. Mér þykir rétt, áður en 1. umr. um þetta mál lýkur hér í þessari hv. d., að fara um það nokkrum orðum. Forseti hefur tjáð mér, að hann hafi gert ráðstöfun til þess, að hæstv. viðskrh. yrði hér við umr., og tel ég það nauðsynlegt, þar sem hann hefur lagt ríkt á við þm. að fá málið afgreitt til n. nú fyrir páskafrí. Ég vildi helst ekki þurfa að halda áfram, fyrr en hæstv. ráðh. er kominn í salinn því að framsöguræða hans gaf tilefni til ýmissa aths., sem ég tel, að þm. eigi rétt á að fá nokkra skýringu á. (Gripið fram í.) Það virðist vera, þeir eru yfirleitt týndir, þegar á þeim þarf að halda. — Ég vil spyrja hæstv. forseta: Verður umr. frestað, þangað til ráðh. kemur í salinn, því að ég tel þetta mál það mikilsvert, að sóma síns vegna þurfi hæstv. ráðh. að vera viðstaddur, þegar málið er rætt? Það er lítilsvirðing við þm. og við d., að hann skuli vera— í húsinu, en fjarverandi, meðan málið er hér rætt. (**Forseti:** Í tilefni af þessum orðum vil ég aðeins benda á það, að hæstv. ráðh. hefur eins og aðrir beðið eftir því nú í 2 daga, að þetta mál yrði á dagskrá, og ég býst við, að það hafi ekki enn, fyrst hann er ekki kominn, borist til hans, að þetta mál hafi verið tekið fyrir. En ég er búinn að gera ráðstafanir til þess að hann komi, og ég vænti, að það verði nú þegar.) Þá mun ég að sjálfsögðu halda áfram ræðu minni,

þegar hæstv. ráðh. lætur það lítið að vera viðstaddur, þegar málið er tekið fyrir.

Ég vil geta þess þegar í upphafi, að þó að ég teldi, að það væri mjög gott, ef hægt væri að greiða niður allt olíuverð, þá tel ég þó, að olía til húsahitunar eigi að hafa algeran forgang, þannig að hún verði að hafa þann forgang, að ég tel, að verð hennar verði að færast niður í það, sem var á s.l. hausti, áður en hinar miklu verðhækkanir skullu á, áður en komi til greina að greiða niður olíu til iðnaðar eða annarra þarfa. Ég byggi þetta á því, að olía til íbúðarhitunar er það stór liður í framfærslu hverrar fjölskyldu, að hún verði að hafa þar allan forgang og megi ekki skerða þá möguleika, sem fyrir hendi eru til að greiða fyrir húseigendum, hún verði að sitja þar í fyrirrúmi. Ég vil benda á það, að í sambandi við rekstrarútgjöld iðnfyrirtækja, sem olíu nota, er olían aðeins til þess að gera lítill hluti af þeirra rekstrarútgjöldum flestra. Hún sem önnur rekstrarútgjöld verður frádráttarbær við skattlagningu, og í sumum tilfellum hafa fyrirtæki aðstöðu til þess að haga því þannig, að hækkunin fer út í verðlagið og lendir ekki beint á fyrirtækinu. Ég undirstrika það, að mjög væri æskilegt, ef hægt væri að greiða niður olíu til þessara aðila einnig, en vil ekki láta það mæða á niðurgreiðslu á olíu til íbúðahitunar.

Ég vil mjög taka undir þann þátt úr ræðu hv. 9. landsk. þm., Ellerts B. Schram, er hann ræddi um það uppbótakerfi eða það styrkjakerfi, sem í þessu frv. felst, þó að ég að öðru leyti væri honum ekki sammála um það, sem hann sagði um aðalefni frv. Ég tel, að Alþ. verði að fara að gá að sér og gæta þeirrar stefnu, sem nú virðist eiga að fara að marka hér á Alþ., að skattleggja þjóðina eftir ýmsum leiðum og taka síðan upp að endurgreiða aftur hluta af þessum sköttum í beinu styrkjaformi. Ég tel þetta mjög ranga stefnu og þetta skapi kerfi, sem hljóti að hlaða mikið utan á sig og verða ákaflega dýrt í allri framkvæmd. Ég vil benda á, að það er ekki nema örstutt síðan Alþ. samþykkti hér í sambandi við afgreiðslu á skattalögum nýtt form á uppbótakerfi, þar sem 4. gr. þeirra laga gerir ráð fyrir endurgreiðslu á skatti, bæði að nokkru til ýmissa skattgreiðenda og einnig til aðila, sem engan skatt greiða. Ég held, að það hljóti að líta nokkuð einkennilega út, þegar skrá verður lögð fram yfir þá, sem eiga að fá endurgreiðslu á skatti, þá verði án efa þar um stóran hóp manna að ræða, ekki hundruð manna, heldur jafnvel þúsundir manna, og þar í fararbroddi verða án efa menn eins og t. d. Einar ríki, sem ég hygg, að almenningur eigi nokkuð bágt með að átta sig á, að skuli ekki einungis vera skattfrír, heldur fá endurgreiddan tekjuskatt, en þannig er það form, sem búið var til, þegar skattal. voru samþykkt. Ég held, að þetta ætti að verða nokkurt víti til varnaðar, að það þýði ekki að fara í þessu frv., sem hér liggur fyrir, út í sams konar eða svipað form, en það verður ábyggilega ef 2. gr. þessa frv. verður samþ. eins og hún er. Þá kemur ábyggilega í ljós, að það verður mjög stór hópur, aðilar, sem enga olíu greiðir, en mun, þegar til kemur, fá endurgreiddan kyndingarkostnað í styrkjaformi, eins og gr. gerir ráð fyrir. Ég held, að Alþ. verði að varast það að fara að búa til mikið af slíkum reglum eins og hér er gert ráð fyrir og reglum eins og ég benti á áðan í sambandi við skattkerfið.

Í sambandi við skattkerfið eru það bæjarfógetar og lögreglustjórar, sem eiga að annast endurgreiðsluna til almennings. Í þessu kerfi eru það sveitarstjórnirnar, sem eiga að annast endurgreiðsluna. Ég tel, að það verði að finna annað og heppilegra form á þessum hlutum heldur en gert er ráð fyrir í því frv., sem hér liggur fyrir.

Hæstv. viðskrh. taldi á því öll tormerki, að það væri hægt að koma við beinni niðurgreiðslu í sambandi við lækkun olíuverðs, til hitunar íbúðarhúsnæðis. Ég satt að segja held, að hæstv. ráðh. hljóti að vera þarna með fullyrðingar, sem hann veit, að ekki fá staðist, því að sú staðreynd er fyrir hendi, að hann hefur sjálfur nú mjög nýlega, fyrir aðeins nokkrum vikum, komið á niðurgreiðslukerfi í sambandi við olíusöluna, þar sem er um að ræða sölu á olíu til fiskiskipa. Hann gerði þetta á mjög einfaldan hátt. Eftir þeim upplýsingum, sem fyrir liggja frá olíufélögunum, gerist þetta á þann veg, að fiskiskipum er seld olían á því verði, sem var á henni í nóvembermánuði s. l. Olíufélögin gera síðan upp sölu með sundurliðaðri grg. um sölu sína til fiskiskipanna og fá endurgreitt hjá Seðlabanka Íslands mismun á olíuverðinu, eins og það raunverulega er viðurkennt af verðlagsyfirvöldum og miðað við það, sem það var í nóv. s. l. Hæstv. ráðh. fór ekki í þessu tilfelli a. m. k. inn á neitt beint styrkjakerfi, þar sem olían væri greidd til skipanna eftir einhverjum ákveðnum reglum um stærð véla, stærð skipa eða visst á tonn eða annað slíkt, heldur gerði þetta í því formi, að það yrði um beina verðlækkun til þessara aðila á olíunni að ræða, og er það að mínum dómi miklu einfaldara og heilbrigðara kerfi heldur en gert er ráð fyrir í 2. gr. þess frv., sem hér liggur fyrir. Ég sé ekki annað en svipuðu kerfi væri mjög hægt að koma við í sölu á olíu til húsahitunar. Ég sé ekki það tormerki, sem hæstv. ráðh. vill vera láta, að séu á þessari leið, því að það er vitað, að olíufélögin annast alla útkeyrslu á olíu til hvers húseigenda í olíugeyma, sem þau yfirleitt eiga. Þau fylgjast alveg með og færa skýrslur um þá olíu, sem hver húseigandi kaupir hjá hverju olíufélagi. Þau gætu á nákvæmlega sama hátt og þau afgreiða olíu til fiskiskipa og halda yfir það nákvæmar skýrslur haldið skýrslur yfir olíuna til húsahitunar, og reyndar gera þau það, því að það er vitað, að olían er yfirleitt seld í mánaðarreikning eða gefinn á henni einhver gjaldfrestur. Það mun vera hin almennasta regla, og þarf því að bókfæra úttekt hvers aðila í viðskiptareikning, þannig að þetta er allt til hjá olíufélögunum, og er að mínum dómi ekki nokkuð verulegt aukið umstang fyrir þau að halda nákvæmari skýrslu yfir það, hve mikið hver kaupandi notaði af olíu til húsahitunar. Því hefur verið haldið fram, að þetta mundi e. t. v. verða misnotað. Ég tel það hreina fjarstæðu og ekki

rök, sem muni fá staðist. Ég læt mér ekki detta í hug, að nokkur húseigandi mundi vilja láta það spyrjast um sig og láta það sjást til sín, að hann væri að dæla olíu upp úr olíugeyminum við hús sitt og setja það á önnur tæki eða flytja það burt. Ég tel það hreina fjarstæðu, að menn færu inn á þá braut að láta sér detta slíkt í hug. Ef það fær staðist, sem er að finna í grg. með því frv., sem hér var afgreitt fyrir nokkru um álagt sérstakt gjald til að draga úr áhrifum olíuverðhækkunar, að olía til kyndingar hækki úr 620 millj. árið 1973 í 1350 millj. árið 1974 og til rafveitna úr 120 millj. 1973 í 145 millj. 1974, þá er hér samanlagt um hækkun að ræða, sem nemur 755 millj. Ef þessar tölur fá staðist, sem ég hlýt að taka trúanlegar, meðan annað kemur ekki í ljós eða verður ekki leiðrétt, þá sýnist mér það liggja beint fyrir, að hægt sé að færa niður olíuverð til hitunar á íbúðarhúsnæði til samræmis við það, sem það var í nóv. 1973, þar sem þetta eina söluskattsprósent, sem búið er að samþykkja til þessara hluta, gefur um 800 millj. kr. Ég mundi telja það langsamlega eðlilegustu leiðina og um leið þá leið, sem væri langsamlega einföldust fyrir alla aðila, bæði fyrir neytendur og fyrir stjórnvöld, að þetta yrði gert, og ég vil fá að heyra rök hæstv. viðskrh. fyrir því, hvaða tormerki hann telur á því, að þetta sé ekki framkvæmanlegt gagnvart íbúðarhúsnæði, eins og hann telur það mjög framkvæmanlegt á allri sölu olíu til fiskiskipa. Ég skal viðurkenna, að þar er um nokkru færri aðila að ræða heldur en er í sambandi við húsakyndinguna, en ég held, að það hljóti að vera svo, og þykist reyndar vita, að það sé svo, að olíufélögin halda nákvæma reikninga yfir alla sína olíusölu og þau eigi að geta haldið um það mjög öruggar og nákvæmar skýrslur. Það væri þá hægt fyrir stjórnvöld að gera einhverjar ráðstafanir til þess, að treysta mætti þeim skýrslum, sem olíufélögin gæfu upp í sambandi við olíu til íbúðarhúsnæðis, eins og því er treyst af hæstv. viðskrh., að skýrslur olíufélaganna um sölu á olíu til fiskiskipa séu réttar. Meðan hann vefengir það ekki, tel ég ekki, að hann hafi ástæðu til að vefengja skýrslur olíufélaganna um aðra olíusölu.

Ég var með í huga að bera fram brtt. við 2. gr., að gr. orðist eitthvað á þá leið, að olía til kyndingar íbúðarhúsnæðis yrði færð til samræmis við verðlag á olíu, sem var í nóv. s. l., og er það í samræmi við það, sem gert hefur verið við sölu á olíu til fiskiskipa.

Ég skal ekki tefja umr. um þetta mál meira, en ég vildi mjög gjarnan fá að heyra rök hæstv. ráðh. fyrir því hvers vegna ekki er hægt að fara með olíu til íbúðarhitunar á sama veg og gert er með sölu á olíu til fiskiskipa, þar sem mér sýnist vera um mjög einfalt og handhægt kerfi að ræða, og það er kerfi, sem hæstv. viðskrh. hefur komið á, án þess að um það væru samþykkt nokkur sérstök lög.

Bjarni Guðnason: Herra forseti. Það eru einkum þrjú atriði, sem ég ætla að víkja að í máli mínu hér á eftir.

Hið fyrsta er varðandi dreifingu á olíunni eða öllu heldur, á hvern hátt hinni niðurgreiddu olíu skuli komið til skila til neytenda. Ég hygg, að það liggi alveg ljóst fyrir, að hvaða aðferð sem notuð verður, muni verða um nokkra misnotkun að ræða. Það er ekki um það að velja, að ein aðferð sé örugg og önnur ekki. Ég hygg, að menn verði að taka fyrst og fremst til greina í þessu sambandi, hvaða aðferð veldur mestri skriffinnsku og hvaða aðferð minnstri skriffinnsku. Ég er þeirrar skoðunar, að það sé miklu heppilegra að greiða beint niður olíuverðið, þannig að dreifing til hitunar verði verulega eða að öllu leyti á vegum olíufélaganna. Þetta er langheppilegasta og eðlilegasta leiðin. Að einhver misnotkun geti átt sér stað, liggur alveg í augum uppi. Hins vegar gildir það líka um þá aðferð, sem gert er ráð fyrir í frv., að olíustyrk skuli greiða hverjum framteljanda til skatts og einnig vegna maka og barna, sem eru á framfæri hans og eigi eru sjálfstæðir framteljendur. Eftirlitið á að fela bæjar- og sveitarstjórnum. Að sjálfsögðu kemur þarna líka upp einhver misnotkun. Þegar olía er seld á tvenns konar verði, verða alltaf til einhverjir einstaklingar, sem reyna að ná sér í olíu á lægra verði. Maður þarf ekki annað en t. d. benda á það, að ef t. d. sveitarstjórnir ættu að annast þetta, er ekki ólíklegt, að olía sé sett á olíudunk til heimilisnotkunar, en það væri hugsanlegt, að einhverjir tækju þá olíu á lága verðinu og settu hana á jeppana sína og traktorana. Eitthvað yrði um slíkt, þannig að einhver misnotkun hlýtur alltaf að eiga sér stað, þegar verið er að greiða niður olíu til hitunar, eins og hér er gert ráð fyrir.

Það, sem ég set einkum fyrir mig með framkvæmdina í frv., er, að þessu fylgir gífurleg skýrslugerð. Sveitarstjórnir þurfa þá að kanna stærð hverrar fjölskyldu, hversu mikil olía sé keypt, og síðan að fara að reikna út endurgreiðslur eftir því til hvers kaupanda olíu. Þetta eru að mínu viti fráleit vinnubrögð, og ég held, að það sé komið nóg af þessum eilífu skýrslugerðum og útreikningum, þannig að ég er þeirrar skoðunar, að þó að engin leið sé örugg í þessu sambandi, þá sé heppilegast að greiða niður strax olíuna, þannig að olíufélögin selji hana á því verði, sem niðurgreiðslan segir til um.

Þá vil ég víkja að öðru atriðinu. Þetta frv. til l. um ráðstafanir til að draga úr áhrifum olíuverðhækkana á hitunarkostnað íbúða er, eins og menn vita, sprottið af því, að það var lagt til 1% söluskattsstig til þessara hluta, sem samþ. var síðasta dag febrúarmánaðar. Það var loforð hjá hæstv. viðskrh., þegar þetta var samþ., að láta stjórnarandstöðuna hafa áhrif á, hvernig þessu fé yrði ráðstafað. Ég tel mig stjórnarandstæðing í efnahagsmálum, og ég sat í hinni svokölluðu viðlagasjóðsnefnd, sem fjallaði um framhald viðlagasjóðsgjaldsins. Og ég verð að játa, að mér kemur það mjög spánskt fyrir sjónir, að hæstv. viðskrh. stóð ekki við það drengskaparloforð að kalla á mig, þegar þessi atriði voru rædd í rn. Mér virðist, að það hafi verið kallaður bæði fulltrúi frá Sjálfstfl. og Alþfl., en hann hafði ekki hug til þess að láta mig fylgja með. En ég þarf ekki að setja þetta

mjög fyrir mig, því að hæstv. viðskrh. lætur semja frv. um sameiningu tveggja stórra ríkisbanka án þess að tala eitt aukatekið orð við starfsfólkið, sem skiptir mörgum hundruðum, svo að ég get verið ánægður, þó að hann sjái ekki ástæðu til að ræða við mig. En það er nefnilega eitt, sem ég hef kynnst dálítið í pólitíkinni, að sanngirnin á oft erfitt uppdráttar, meðan menn hafa völdin. Valdið ræður yfir sanngirninni. Nóg um það.

En það er eitt atriði, sem ég hafði til þessara mála að leggja, sem ég hefði talið vert að ræða, þegar þetta frv. var samið. Þetta frv. er frestun á ákveðnum vanda. Það er verið að greiða niður olíuverð til húshitunar, og óvíst er um olíuverðið framvegis. Þess vegna hefði þurft að reyna að ráðast á vandann sjálfan með því, að eitthvað af þessu fé yrði lagt beinlínis til hitaveituframkvæmda í þeim plássum, þar sem verið er að vinna að hitaveituframkvæmdum. Þegar þetta mál kom hér til umr., vakti ég máls á því, að einhver hluti af þessum tekjum, t. d. fjórðungur, sem er í þessu tilfelli 200—250 millj., yrði beinlínis lagður til sveitarfélaganna, sem gætu notað þetta beint í hitaveituframkvæmdir. Þá yrði a. m. k. öðrum þræði reynt að ráðast beint að vandanum, sem um var að ræða. Að vísu hefði þá niðurgreiðslan orðið minni á olíu, en engu að síður hygg ég, að það hefði verið ráðlegt að fara þá leið, að einhver hluti færi beinlínis til framkvæmda. En á það var náttúrlega ekki hlustað, enda fékk ég ekki tækifæri til þess að koma þessu frekar á framfæri.

Ekki skal ég nú hafa frekari orð um þetta, en ég endurtek, að ég er ekki ánægður með þetta frv. og tel bæði heppilegri aðra aðferð, þ. e. a. s. að láta olíufélögin greiða þetta beint niður, heldur en sá háttur, sem hér er gert ráð fyrir, og einnig hefði ég talið, að fjórðungur eða 200 millj. hefðu átt að fara beint til sveitarfélaga, sem eru að vinna að hitaveituframkvæmdum.

Og að lokum þetta: Hæstv. viðskrh. talaði hér fyrir 2—3 dögum um þetta mál drýgindalega og með hótun í röddinni. M. a. var hann að tala um, að stjórnarandstaðan væri að draga þetta mál á langinn o. s. frv. Ég vil bara benda á það, að söluskattsstigið var samþ. 28. febr., en frv. þetta er lagt fram mánuði síðar. Ekki merkilegra en þetta frv. er, hefði mátt vinna það á 2—3 dögum. Þetta hefði getað komið í þingið og verið búið að ganga frá því. En það tók viðskrh. heilan mánuð að semja þetta litla plagg, og hefur hann þannig tafið málið líklega í þrjár vikur og kemur svo hér inn í þingið, talar drýgindalega um, að hér séu ýmsir þm. að tefja málið.

Karvel Pálmason: Herra forseti. Ég skal ekki lengja þessar umr. mikið, en ég vil strax við 1. umr. þessa máls segja örfá orð.

Ég vil byrja á því að taka undir þau orð hæstv. viðskrh., sem hann sagði fyrr við umr. þessa máls, að það er af og frá að vera að draga þetta mál á langinn, það hefði fyrir allnokkru síðan þurft að vera búið að ganga frá þessu. Það er tími til þess kominn og þótt fyrr hefði verið, að þeir einstaklingar, sem hafa orðið fyrir þeim búsifjum, sem hækkun olíuverðs hafði í för með sér, fái einhverja leiðréttingu sinna mála, þótt í litlu væri. Ég segi: þó að í litlu væri, vegna þess — og þar tek ég einnig undir orð hæstv. viðskrh. — að þeir fjármunir, sem hér er um að ræða og koma til með að renna til þessara einstaklinga, eru ekki nema lítill hluti af því, sem þeir hafa orðið á sig að taka vegna hækkunar á olíuverðinu. Það hefði þurft að hafa miklum mun meira fjármagn til umráða í þessu skyni, ef það hefði átt þótt ekki væri nema halda þeim mismun, sem var á kyndingu íbúðarhúsnæðis hjá þeim einstaklingum, sem þurfa að hita upp með olíu, annars vegar, og hinum, sem geta notfært sér hitaveitukyndingu. Ég er því út af fyrir sig sammála því, að fyrst ekki eru meiri fjármunir til umráða en raun ber vitni, sé vart um annað að ræða en nota þá eingöngu til þess að greiða niður kyndingarkostnað íbúðareigenda, sem nota olíukyndingu. En ég get jafnframt tekið undir það sjónarmið, sem fram hefur komið hér í umr., að vissulega hefði verið æskilegt að hafa það mikla fjármuni, að það hefði einnig getað náð til atvinnurekstrar úti á landsbyggðinni, því að a. m. k. frá mínum bæjardyrum séð er nægilega mikill mismunur á því, sem atvinnufyrirtæki úti í dreifbýlinu þurfa að bera í tilkostnaði, miðað við þau, sem hér eru á þéttbýlissvæðinu. Þess vegna er það sjónarmið út af fyrir sig réttlætanlegt, að þetta hefði einnig náð til atvinnufyrirtækja. En þeir fjármunir, sem til þess eru ætlaðir, eins og mál standa nú, leyfa það ekki, og verður því fyrst og fremst og eingöngu að hugsa til þess, að þetta renni til þeirra, sem kynda upp íbúðarhúsnæði með olíu.

Ég get því í stórum dráttum verið nokkuð samþykkur því frv., sem hér er til umr. Ég sé þó einn ágalla þar á, sem ég vildi vekja athygli hv. þm. á og að þeir hugleiddu. Það er, að með höfðatölureglunni, eins og hér er reiknað með að nota, mun þetta koma allharkalega við fjölda af eldra fólki, sem þarna á hlut að máli. Það gefur auga leið, að eldra fólk, sem er orðið kannske bara tvennt í heimili, en þarf eigi að síður að taka á sig þessa hækkun á olíuverði, verður hvað verst úti, að því er þessar niðurgreiðsluaðgerðir varðar. Ég tel því og vil koma því hér á framfæri og hreyfa því, að það þurfi að skoða það atriði, hvort ekki sé á einhvern hátt hægt að koma þessum aðilum betur til hjálpar en frv. gerir ráð fyrir. Ég tel, að það sé réttlætanlegt, að þessir einstaklingar njóti þarna einhvers umfram aðra einstaklinga vegna þess, hvernig þeirra málum er í raun og veru háttað. Ég vænti þess, að sú n., sem þetta mál fær til meðferðar, skoði það gaumgæfilega. Það á ekki að þurfa að taka langan tíma og á ekki að þurfa að tefja neitt fyrir framgangi málsins, þó að þetta væri skoðað gaumgæfilega, og ég trúi því, að það sé hægt að finna réttlátari leið, að því er þetta fólk varðar, þó að í höfuðatriðum sé höfðatölureglan notuð.

Að sjálfsögðu yrðu skiptar skoðanir, hvaða leið sem valin væri til þessarar niðurgreiðslu. Það má segja, að út af fyrir sig hefði verið æskilegast að fara þá sömu leið og nú er gert, þ. e. að þetta yrði bara niðurgreitt á olíunni og

færi þannig í gegnum olíufélögin. En mér sýnist, að það sé nokkuð erfitt og kannske útilokað að gera það, nema því aðeins að það nái til allra olíunotenda. Það hefur komið hér fram áður hjá hæstv. ráðh., að þeir menn, sem um þetta hafa fjallað, — og mér sýnist í fljótu bragði, að þeir hafi nokkuð til síns máls, — telja, að það muni vera nokkrum eða kannske miklum erfiðleikum bundið, að það sé hægt, ef við miðum við bara að greiða niður olíu til íbúðarhúsnæðis, að fara þá sömu leið og fyrir er núna í dreifingarkerfinu, þ. e. að greiða niður olíuna í gegnum olíufélögin. Ég tel það alveg fráleitt, það er mitt mat, að olíufélögunum væru afhentir þessir fjármunir og þau síðan látin um það að koma þeim til skila. Ég er hræddur um, að það gæti orðið æði mikill misbrestur þar á, að þessir fjármunir kæmu þá til þeirra réttu aðila, sem þeir eru ætlaðir.

Þetta var í aðalatriðum það, sem ég vildi um þetta segja. En fyrst ég er kominn hér í ræðustól, get ég ekki sillt mig um að víkja aðeins örfáum orðum að þeirri ræðu, sem hv. 9. landsk. þm. hélt hér fyrr við þessar umr., því að mér fannst, að hún væri kannske að mörgu leyti allathyglisverð, ekki kannske eingöngu vegna þess, að hún var að meginstofni til ofanísetning við þá flokksbræður hans um það, hvernig þeir hefðu á þeim tíma, sem lög um þetta voru sett, beinlínis hjálpað ríkisstj., eins og mér skildist koma fram hjá honum, til þess að þetta gæti orðið að veruleika. Hjá þessum hv. þm. hefur náttúrlega ráðið það sjónarmið, að það ætti að nota hvert og eitt einasta mál, hversu réttlætanlegt og gott sem það mál í raun og veru væri, til þess eins að klekkja á ríkisstj. Það er sjónarmið út af fyrir sig. Hans flokksbræður í Sjálfstfl. hafa a. m. k. að verulegu leyti verið á annarri skoðun. Ég trúi því a. m. k. og raunar veit, að þm. Sjálfstfl. úr dreifbýlinu hafa verið þeirrar skoðunar, að þetta skref og þótt stærra hefði verið til þess að létta byrði einstaklinga, sem þarna eiga hlut að máli, sé sannarlega réttlætanlegt.

En það var ekki bara þetta sjónarmið hv. þm. um afstöðu hans til sinna eigin flokksbræðra, heldur og kannske öllu frekar hitt, að það varð ekki annað skilið á hans máli heldur en hann væri benilínis andvígur málinu í heild, eins og það lá fyrir og kom fyrir. A. m. k. frá mínum bæjardyrum séð er það nokkurrar athygli vert, ef þessi hv. þm., yngsti þm. á Alþingi Íslendinga, hefur þau viðhorf til dreifbýlisfólksins eða landsbyggðarfólksins, þó að hann sé þm. Reykv., að hann telji, að það sé ekki á því stætt að gera þessa hluti, eins og málum er nú komið. Ég a. m. k. geri ráð fyrir því, að hans flokksbræður, flokksfólk víðs vegar um landið, sé á allt annarri skoðun í þessu máli og kannske mörgum öðrum, að því er varðar réttlætismál fyrir dreifbýlið, heldur en þessi hv. þm. er. Og ég hygg, að það verði eftir því tekið, hvaða afstöðu og hvaða túlkun þessi hv. þm. hefur haft í meðferð þessa máls hér á hv. Alþ.

Ég skal ekki eyða frekari tíma í umr., ekki að þessu sinni a. m. k., nema ástæður gefist til. En ég vil að endingu ítreka það, að ég vænti þess, að sú n., sem málið fær til meðferðar, skoði það gaumgæfilega, hvort ekki er hægt á einhvern hátt að koma betur til móts við eldra fólkið í landinu en þetta frv. gefur tilefni til, eins og það nú liggur fyrir.

Stefán Valgeirsson: Herra forseti. Ég skal ekki tefja þessar umr., en ég reikna með, að þetta frv. verði aldrei afgreitt úr n. fyrir páskafrí úr þessu, og þess vegna væri tími til þess að senda það til umsagnar, og ég óska eftir því, að n. sendi það til Stéttarsambands bænda og Sambands ísl. sveitarfélaga. Ástæðan fyrir því er sú, að ég er á því, að það væri hægt að finna aðrar leiðir heppilegri eða a. m. k. það væri hægt að greiða þetta af meira réttlæti en mundi fást út úr því að gera þetta eins og 2. gr. þessa frv. segir fyrir um. Það er vitað mál, að t. d. þeir, sem eru í dreifbýlinu, þurfa að hafa stærra húsnæði yfirleitt fyrir sinn rekstur heldur en þeir, sem eru í bæjunum. Þegar við byggjum okkar íbúðir í sveitum, verðum við að miða þær við þann búrekstur, sem við höfum, og við getum ekki skipt um íbúðir, eins og er t. d. möguleiki á í þéttbýlinu, sérstaklega á hinum stærri stöðum. Það er sannfæring mín, að ef þetta yrði borgað bara á þann hátt, að það væri viss upphæð á hvern íbúa, þá mundi þetta koma að þessu leyti mjög illa við þetta fólk.

Ég viðurkenni, að það er ákaflega erfitt að greiða beint niður olíuna, vegna þess að það er hætt við því, að það verði farið í kringum það. En ég heyrði svo á hæstv. viðskrh., að hann vildi fara þá leið, sem mundi helst tryggja réttlæti í þessu efni. Og ég er alveg viss um, að þetta nær ekki því réttlæti, sem ég veit, að hæstv. ráðh. vill gjarnan ná með þessari niðurgreiðslu.

Það er fleira, sem kemur til í sambandi við þetta mál. Það er sannað mál, að t. d. fyrir norðan og á Vestfjörðum og a. m. k. norðan til á Austfjörðum er miklu meiri hitunarkostnaður en hér sunnanlands, vegna þess að hitastigið er töluvert miklu lægra. Hvað þetta er mikið, vil ég ekki staðhæfa, en fróðir menn segja mér, að það geti munað 25% eða jafnvel meira, a. m. k. yfir háveturinn. Þegar þetta er líka tekið til greina og stærð íbúða, t. d. í sveitum og jafnvel á hinum smærri stöðum, t. d. þar sem þarf að hafa fólk vegna atvinnurekstrar, þá kemur þetta ekki rétt út.

Ég endurtek aðeins, að ég óska eftir því, að þetta frv. verði sent til umsagnar þeirra aðila, sem ég áðan greindi og það verði reynt að skoða betur hvort ekki sé hægt að finna eitthvert frávik frá þessari reglu til þess að komast a. m. k. nær því en mundi nást að frv. óbreyttu, að fólki sé ekki eins mismunað og mundi verða með þessu frv. óbreyttu.

Ólafur G. Einarsson: Herra forseti. Það verða aðeins örfá orð hjá mér við þessa umr. Ég er að sjálfsögðu stuðningsmaður 1. gr. frv. um, að það verði unnið að því að draga úr áhrifum verðhækkana á olíu til hitunar íbúðarhúsnæðis með ráðstöfun á tekjum af 1% gjaldi, sem lagt er á söluskattsstofn, enda greiddi ég atkv. með samþykkt þeirra laga.

Varðandi 2. gr. höfum við heyrt hér efasemdir hjá ýmsum ræðumönnum um, að með henni verði réttlætinu náð, og það hafa komið fram óskir um, að allt verði þetta skoðað betur. Ég lýsi yfir andstöðu minni við gr., eins og hún er. Ég fullyrði, að það náist ekki það réttlæti, sem ég efast ekki um, að allir vilja ná. Og ég efast ekkert um, að hæstv. ráðh. vill ná réttlæti. En ég er sannfærður um, að það næst ekki með þeim hætti, sem hér er ráðgerður.

Ég tek undir það, sem hv. þm. Karvel Pálmason sagði varðandi eldra fólkið. Það liggur í augum uppi, að það verður harðar úti en ýmsir aðrir borgarar, ef farið er eftir þessari reglu. Ég tel, að eina ráðið til þess að ná réttlæti í þessu sé að greiða niður olíuna, og ég hef ekki sannfærst um, að á því séu svo miklir erfiðleikar sem sagt hefur verið.

Vegna þess að hv. 1. þm. Sunnl., Ingólfur Jónsson, er ekki hér lengur á fundi vil ég leiðrétta það, sem kom fram í ræðu hæstv. ráðh. áður í umr., að hann hefði viljað afhenda olíufélögunum þetta fé. Það mun hann ekki hafa viljað, heldur átti hann við það, að auðvitað yrði þetta fé greitt olíufélögunum eftir á miðað við sölu.

Ég held, að það hefði verið og sá ástæða til að gera nýja áætlun, athuga hvað raunverulega er mikið fé þarna til ráðstöfunar. Það hefur komið fram í máli manna, að ef þetta væru 750 millj., þá gerði það ekki betur en duga til þess að greiða niður hitunarkostnað við íbúðarhúsnæði. Ef þetta eru hærri upphæðir, 900 millj. t. d., ætti að vera hægt að taka iðnaðarhúsnæði með og jafnvel fleira og þar með verða auðveldara að greiða niður olíuna.

Ég er einnig andvígur þeirri aðferð, sem hugsuð er til þess að afla þeirra upplýsinga, sem þarf, til þess að þessi niðurgreiðsla geti átt sér stað. Það er ætlast til, að sveitarstjórnir geri viðskrn. grein fyrir fjölda þeirra íbúa í viðkomandi sveitarfélagi, sem búa við olíuupphitun. Það er einnig gert ráð fyrir því, að tekjum af þessu gjaldi skuli úthlutað fyrir milligöngu sveitarfélaga í samræmi við ákvæði 2. gr. Ég dreg í efa, að menn geri sér grein fyrir, hvaða verk þarna er um að ræða fyrir sveitarfélögin. Þau hafa ekki þessar upplýsingar á reiðum höndum, hve margir íbúar búi við olíukyndingu, og ég satt að segja sé ekki í fljótu bragði, hvernig þau eiga að afla sér þessara upplýsinga, nema þá með mikilli fyrirhöfn. Og þessa fyrirhöfn á að leggja á sveitarfélögin einfaldlega með því að skikka þau til þess með lagaþvingunum. Þetta tel ég ámælisvert. Ég tek undir það með hv. þm. Stefáni Valgeirssyni, að þetta frv. verði sent til umsagnar Stéttarsambands bænda og Sambands ísl. sveitarfélaga. Slíkt er alger nauðsyn, að þessir aðilar fái að tjá sig um þetta mál.

Ég vil aðeins, fyrst ég var að minnast á 3. gr. benda á, að það er talað þarna um „skal úthlutað fyrir milligöngu bæjar- og sveitarfélaga". Mér finnst satt að segja, að svona lagað eigi Alþ. ekki að senda frá sér, vegna þess að það er til eitt orð yfir þetta, og það er orðið sveitarfélög. Þarf því ekkert að tala um bæjar- og sveitarfélög. Þetta eru nú sjálfsagt mistök, en engu að síður ástæða til að laga það.

Ég vil einnig leiðrétta annað, sem mun hafa komið fram í máli hæstv. ráðh. varðandi það, sem hv. 1. þm. Sunnl. sagði. Það mun hafa komið fram í ræðu ráðh., að sjálfstæðismenn hafi verið að tefja þetta mál. Það er ekki rétt. Sjálfstæðismenn hafa ekkert tafið þetta, síður en svo. — Hins vegar munu hafa liðið 3 vikur, frá því að síðasti fundurinn var haldinn í rn. og þar til þetta frv. var lagt fram. Og ég get varla ímyndað mér, að slíkt hafi gerst fyrir áhrif frá sjálfstæðismönnum.

Varðandi það annars, hvernig á að afla upplýsinga, ef þetta frv. verður að l. óbreytt, þá er til aðili í landinu, sem hefur talsvert af þessum upplýsingum undir höndum. Það er Fasteignamat ríkisins. Þær upplýsingar eru að vísu ekki nægilegar, vegna þess að að þeim málum hefur ekki verið unnið nægjanlega nú á allra síðustu árum. Það hefur staðið á því allt of lengi, að frv. um fasteignaskrá fengi afgreiðslu hér í þinginu. Það var ekki lagt fram fyrr en á þessu þingi, átti auðvitað að gerast löngu fyrr, og ef fasteignamatið hefði verið starfrækt eins og það eðlilega átti að gera, þá hefði verið auðvelt að fá allar þessar upplýsingar á örskömmum tíma og hefði ekki þurft að ætla sveitarfélögunum að afla þeirra. — Þetta vildi ég láta koma fram við þessa umr.

Ragnhildur Helgadóttir: Herra forseti. Mig langar til að skýra ástæðuna fyrir því, að ég leyfi mér að taka til máls um það frv., sem hér liggur fyrir. Þannig er, að þegar frv. um 1% gjaldið, sem lagt var á söluskattsstofn til þess að draga úr áhrifum olíuverðhækkana, var hér til umr. fyrir mánuði, sat ég hjá við afgreiðslu þess máls. Það var ekki vegna þess, að mér væri ekki ljós nauðsynin á því að gera sérstakar ráðstafanir til að draga úr þessum áhrifum verðhækkana á olíu. Ég var fyllilega sammála því erindi, sem Sjálfstfl. hafði ritað ríkisstj., um það, að hann væri til viðræðu um skynsamlegar ráðstafanir til þess að ráða bót á þessum vanda, sem skapaðist af óvæntum og utanaðkomandi orsökum. En hins vegar var ég ekki reiðubúin til þess að samþykkja heimild fyrir ríkisstj. til þess að leggja þetta skattgjald á landsmenn, án þess að ég sæi um leið, á hvern hátt ætti að verja því. Það er eitt að leggja á skatt og afla tekna í vissu skyni og annað að dreifa þeim tekjum réttlátlega.

Í 1. gr. þess frv., sem hér liggur fyrir, segir svo: „Tilgangur laga þessara er að draga úr áhrifum verðhækkunar á olíu til hitunar íbúðarhúsnæðis." Þessu er ég eins og hv. seinasti ræðumaður fyllilega sammála, en gallinn á þessu frv. er sá, sem greinilega kemur í ljós, þegar áfram er lesið, að það fjallar að mínu viti ekki um það að draga úr áhrifum olíuverðhækkana, heldur fjallar þetta frv. um nýja tegund fjölskyldubóta. Það er ekkert samband á milli þess, hve margt fólk er í fjölskyldu og hve hátt verð er á olíu. Ég get ekki séð það a. m. k. Ef leitað er skýringa á því, hvers vegna ríkisstj. leggur til, að nú verði farið inn á nýja braut í fyrirkomulagi á greiðslu fjölskyldubóta, þá mætti kannske láta sér detta í hug, að skýringuna gæti

að einhverju leyti verið að finna í öðru frv., sem lagt hefur verið fram hér, um breyt. á almannatryggingalögum. Þar er lagt til, að dregið verði úr fjölskyldubótum frá því, sem verið hefur, en með þessu frv. er aftur á móti lagt til, að fjölskyldubætur verði stórauknar til handa þeim, sem búa í olíukyntu húsnæði. Fólkið, sem býr við hitaveitu, kemur til með að hlíta hinum nýju lögum ríkisstj., ef samþ. verða, þar sem dregið verður úr fjölskyldubótum. Með því er ég ekki að segja, að það megi ekki koma á nýju fyrirkomulagi fjölskyldubóta. En engu að síður er það svo, að einhverjir hljóta að bera skarðari hlut frá borði en áður hefur verið. Niðurstaða mín er sú, að ef bæði þessi frv. verða samþykkt, *þá missa þeir, sem eiga börn innan við 16 ára* aldur og búa á hitaveitusvæðum, nokkuð af tekjum sínum. En aftur á móti fær fjölskyldufólk, sem býr í olíukyntu húsnæði, stórauknar fjöl*skyldubætur og að auki fjölskyldubætur vegna* aldraðra og yfir höfuð allra meðlima fjölskyldunnar.

Þá er á það að líta, að það er tekið fram, að 1% söluskattsstigið, sem samþ. var hér á dögunum í því skyni að draga úr áhrifum olíuverðhækkana, á ekki að ganga inn í kaupgreiðsluvísitölu. Hins vegar stendur ekkert um það í þessu frv., hvort þetta gjald, sem nota á nú til þess að auka fjölskyldubætur, sem ég leyfi mér að kalla svo, verður á einhvern hátt til þess að lækka framfærsluvísitölu. Þetta vildi ég biðja hv. n., sem fær þetta mál til athugunar, að skoða sérstaklega. Þótt ég sé ekki sérlega vel að mér í vísitölufræðum, þykist ég vita, að olíukostnaðurinn hljóti að einhverju leyti að ganga inn í framfærsluvísitöluna. E.t.v. vegur hann ekki eins þungt og hitunarkostnaður hjá vísitölufjölskyldunni í hitaveituhúsnæði, en engu að síður hlýtur þetta að einhverju leyti að koma inn í þetta dæmi. Og ég sé ekki, að það sé alveg samræmi, að fyrst sé fólk látið greiða söluskatt, sem ekki reiknist inn í kaupgreiðsluvísitölu, og síðan sé það fé notað til þess að greiða til fjölskyldufólks og verði e.t.v. til lækkunar á framfærsluvísitölu, því að þetta nær ekki til nema brots af öllum þjóðfélagsborgurunum.

Þá er það skoðun mín, að þetta hljóti að koma ákaflega misjafnlega niður hjá því fólki, sem þarf að leggja í stóraukinn kostnað vegna verðhækkana á olíu til húsakyndingar. Við skulum bara hugsa okkur, hvernig þetta getur komið út fyrir stór svæði í dreifbýlinu. Þar háttar ákaflega víða svo til, að eftir eru á heimilunum hjón, sem eiga uppkomin börn, sem eru annaðhvort við nám eða störf í þéttbýlinu, og þau búa í sama húsnæði og öll fjölskyldan bjó í áður. Þetta fólk verður að bera þennan kostnað með mun meiri þunga heldur en aftur á móti stór fjölskylda, sem býr í lítilli íbúð í þéttbýlinu. Og hjá fólki í þéttbýlinu getur þetta víða komið mjög ranglátlega niður, þar sem um er að ræða fullorðin hjón, sem búa enn á sínu gamla heimili eða fullorðinn einstakling, sem býr einn í íbúð sinni og verður að standa einn straum af kyndingarkostnaðinum. Er greinilegt í þessum dæmum, að það er ekki olíuverðhækkunin, sem er bætt þessu fólki, heldur bíður það tjón vegna þess, að það hefur ekki fleira fólk í sinni fjölskyldu.

Mér sýnist sem sagt augljóst, að þær ráðstafanir, sem þetta frv. gerir ráð fyrir, að gripið verði til til þess að dreifa því fé, sem samþykkt hefur verið á Alþingi að afla, séu í mótsögn við 1. gr. þessa frv., við tilganginn í l., að draga úr áhrifum verðhækkunar á olíu til íbúðarhúsnæðis. Það er annað en þetta frv. fjallar um. Með því er ég ekki að segja, að það geti ekki vel verið ástæða til þess og hægt að færa að því rök, að fólk með stórar fjölskyldur þurfi að hafa meiri tekjur. Það er bara allt annað en verðhækkun á olíu og þarf að leysast eftir einhverjum öðrum leiðum.

Ég held, að það verði langskynsamlegasta og eðlilegasta leiðin að greiða sjálfa olíuna niður með einhverjum hætti. Og ég kann illa þeim röksemdum, sem sumir hafa sett hér fram, að slíkt mundi skapa hættu á misnotkun á þeim reglum, sem um það giltu, fólk færi með einhverjum sérstökum tilfæringum og tækjum að reyna að verða sér úti um ódýrari olíu en það ella þyrfti að kaupa til ýmissa hluta eða þá jafnvel mundi bruðla með olíuna. Ég hef satt að segja ekki trú á því, að fólk færi að gamni sínu að bruðla með olíuna, jafnvel þótt verðið yrði ekki hærra en vera mundi, ef hún væri niðurgreidd. Hún er dýr samt. Mér finnst sú röksemd ekki sterkari en setja hefði mátt fram um ýmsar aðrar niðurgreiðslur, sem hafa oft og á mörgum sviðum tíðkast í þessu landi. Það má e.t.v. færa að því rök, að á tímabili hafi kannske fleiri kartöflur farið í ruslaföturnar hjá fólki vegna þess, hve mikið þær voru niðurgreiddar. En þó held ég, að varla hafi verið svo mikil brögð að því, að mönnum hafi ekki sýnst, að búa mætti við þá aðferð. En síður held ég, að slík röksemd gæti komið til greina í sambandi við svo dýran varning sem olía er. Virðist hún tæpast frambærileg, allra síst þegar litið er til þess, að nú þegar er olía niðurgreidd handa miklum fjölda fólks, sem hana notar við atvinnu sína á bátaflotanum. Ég held, að það sé ekkert meiri ástæða til þess að vantreysta fólki, sem stundar sín störf í landi, heldur en þeim, sem stunda sjóinn. Ég held, að það megi alveg eins búast við því, að sú aðferð geti komið að fullu gagni til þess að greiða niður olíu til húsahitunar. Það er miklu einfaldari og eðlilegri aðferð á allan hátt.

Þar við bætist, að það er ákaflega furðuleg ráðstöfun að ætla sveitarfélögum að setja upp nýtt bákn til að framkvæma þetta kerfi, sem frv. gerir ráð fyrir og hlýtur að verða geysiflókið. Í því sambandi langar mig til að beina því til n., sem fær málið til meðferðar, ef nú mót vonum minum verður að því ráði horfið að taka upp þetta flókna kerfi, þá sýnist mér alveg nauðsynlegt að afla frekari upplýsinga en lagðar hafa verið fram með þessu frv. Ég man ekki til þess, að nokkuð hafi komið fram um það, hversu margt fólk í landinu býr við olíukyndingu í húsum sínum, né heldur að lægi fyrir nákvæm áætlun um það, hve mikið þyrfti að greiða til þess að ná jöfnuði milli olíukynts húsnæðis og t.d. hitaveituhúsnæðis. Þess vegna vitum við

ekki, hve mikið það er, sem á að greiða hverjum íbúa olíukynts húsnæðis eftir þessu frv.

Varðandi þá umsagnaraðila, sem hér hefur verið bent á, að þyrfti að leita til, þá sýnist mér fyllilega ástæða til að taka undir það. Það er óhugsandi, sýnist mér, að fella þessa skyldu á sveitarstjórnirnar algerlega að þeim fornspurðum, og svo er satt að segja með ýmislegt í sambandi við þetta frv. Það er sannast sagna alls ekki nógu rækilega undirbúið að því leyti, að það liggja ekki fyrir nákvæmar áætlanir um þann kostnað, sem af framkvæmd þess mundi leiða, né heldur um það, til hve margs fólks þetta mundi ná og hve margar íbúðir um væri að ræða. Ekki liggur heldur fyrir samanburður á kostnaði af því að greiða olíuna niður beint annars vegar og hins vegar af því að taka upp það fyrirkomulag, sem hér er lagt til. Einnig þyrfti að liggja fyrir sérstakar upplýsingar um fjölda íbúða, þar sem aðeins býr fullorðið fólk, sem mundi verða mjög illa úti í samanburði við mannmörg heimili, sem byggju í tiltölulega litlum íbúðum. Að öllu samanlögðu held ég, að sá hópur, sem fær minnstar bætur út úr þessu frv., verði aldraða fólkið, sem oft er og að öðru jöfnu verr sett fjárhagslega en hinir, og held ég, að þeir bíði skarðan hlut, sem síst skildu.

Þessi atriði vil ég leyfa mér að óska, að hv. n., sem málið fær til athugunar, skoði.

Sjútvrh. (Lúðvík Jósepsson): Herra forseti. Aðeins fá orð. Ég skal nú ekki lengja þessar umr. Ég sé ekki beina ástæðu til þess.

Það er í rauninni fyrst og fremst eitt atriði, sem ég sé ástæðu til að víkja hér að, af því, sem hér hefur komið fram, en það var það, sem hv. 3. landsk. þm., Bjarni Guðnason, sagði hér. Hann sagði beinlínis, að ég hefði svikið drengskaparloforð, sem ég hefði gefið við sig, þar sem ég hefði ekki haft samráð við þann merkilega þingflokk, sem hann er. Þetta er algerlega rangt. Ég hef ekki veitt honum neitt slíkt loforð, hef aldrei komið það til hugar. Sannleikur málsins er sá, að hann var á einum fundi, þar sem þetta mál var rætt, í sambandi við allt annað mál, og þá kom í ljós, að þeir fulltrúar, sem þar voru mættir frá Alþfl. og Sjálfstfl., vildu eiga samleið með ríkisstj. um að velja leið til þess að afla tekna í því skyni að draga úr kyndingarkostnaði, en hv. 3. landsk þm., Bjarni Guðnason, lýsti sig á móti því, hann væri á móti því eins og allri annarri skattheimtu. Ég sá því ekki neina ástæðu til þess að vera að eltast við hann eða snúast í kringum hann í sambandi við þetta mál, enda hefur það sýnt sig í þessum umr. bæði fyrr og síðar, að það tekur því ekki, því að hann er á móti málinu. Ég hef því ekki gefið honum neitt drengskaparloforð og ekki svikið neitt við hann, og hann getur verið á móti þessu máli áfram, eins og hann hefur verið.

Hér hafa komið fram allmiklar aðfinnslur hjá ýmsum hv. þm. við þá till., sem gerð er í þessu frv. um það, hvernig greiða skuli þá fjármuni, sem hér er um að ræða, til þeirra, sem verða fyrir auknum útgjöldum vegna hækkaðs olíuverðs í sambandi við kyndingu íbúðarhúsa. Það er ekki hægt að finna það út úr því, sem hér hefur verið sagt, að menn sjái neina aðra leið til þess að koma þessum fjármunum til skila en að greiða niður olíuverðið beint. Aðrar till. hafa ekki komið hér fram. Það hefur t.d. enginn gerst talsmaður þess, sem hér hafði þó verið minnst á, m.a. af mér, að sú hugmynd hefði komið upp, að greiðslur fari fram til aðila, sem hér eiga hlut að máli, miðað við stærð þeirra íbúða, sem kyntar eru upp með olíu. Það hefur enginn tekið upp þessa hugmynd eða reynst talsmaður hennar.

Ég hef bent á það í þessum umr., að á því eru gífurlega miklir annmarkar að greiða niður olíuverðið, einfaldlega af þeim ástæðum, að hér er um afhendingu á olíu að ræða til margra og óskyldra hluta, en það er ekki til fjármagn til þess að greiða niður olíunotkunina nema í einstöku tilfelli, þ.e.a.s. til upphitunar á íbúðarhúsnæði. Olíufélögin, sem selja olíu til kyndingar, eru að afgreiða olíu til margs konar annarra nota, og það er hægara sagt en gert fyrir þau að skilja þar á milli, hvort olía, sem þau keyra út, fer til hitunar á íbúðarhúsnæði eða til margvíslegrar annarrar upphitunar í húsum. Þetta hefur komið mjög greinilega fram hjá fulltrúum olíufélaganna sjálfra, að þeir hafi hreinlega engin tök á því að greina þarna á milli, nema þá að setja upp heilmikið bákn til að líta þarna eftir. Við höfum verið á þeirri skoðun líka, að við gætum ekki trúað hinum fjölmörgu umboðsmönnum og afgreiðslumönnum olíufélaganna í landinu fyrir því að hafa með þessi mál að gera á þennan hátt. Ef hægt væri að greiða niður alla þá olíu, sem afhent er með þessum hætti, í eitt og sama verð, væri þetta orðið tiltölulega einfalt. Það hefur einnig verið bent á, að það er óheppilegt að láta menn ekki finna það alveg í reyndinni, hvert er hið raunverulega verð á þessari vöru. Niðurgreiðsla á verði olíunnar er því í rauninni líka óheppileg vegna samanburðar við ýmsa og möguleika, sem menn geta haft til upphitunar. Og olíuverðið á helst af öllu að koma fram gagnvart hverjum einstaklingi á réttan hátt, svo að hann greini þá á milli, hvort hann vill halda sig áfram við olíukyndingu eða hvort hann vill hverfa að einhverri annarri hitun, ef hann á þess kost. Þetta eru líka gallar á því að borga niður verðið á olíu, og á þetta hefur verið bent af þeim, sem hafa athugað málið.

Þeir embættismenn, sem hafa gert þá till., sem hér liggur fyrir, og hafa mest unnið að undirbúningi þessa máls, því að í eðli sínu er þetta ekkert pólitískt mál, þetta ætti ekki að skipta mönnum í flokka, ekki er mér það neitt sérstakt kappsmál að fara frekar þessa leið en einhverja aðra, en ég hef sagt það hér í þessum umr.: embættismennirnir hafa sannfært mig um, að þetta er einfaldasta og sanngjarnasta leiðin. Sú leið, sem menn hafa helst talað hér um, ýmsir fulltrúar úr Sjálfstfl., að greiða niður olíuverðið, er ekki framkvæmanleg, nema hægt sé að greiða niður allt olíuverðið. En til þess eru ekki fjármunir, nema menn vilji hverfa að því ráði að bæta mönnum ekki þennan aukna kostnað við upphitun íbúðarhúsa nema að litlu leyti, af því að það eigi að nota annan hluta af þessum fjármunum til þess að verðlækka einnig upphitun á allt öðru húsnæði. Þetta liggur alveg fyrir, og ég

hélt satt að segja, að hv. 3. þm. Sunnl. hefði heyrt mig tala um þetta fyrr í umr. Þetta eru þau sjónarmið, sem ég hef túlkað hér. Ég held, að það sé mjög erfitt að koma þessu við, þannig að maður sé ekki að fara út í augljósa misnotkun í sambandi við þessi mál.

Þetta mál verður að sjálfsögðu athugað í n., og við þurfum ekki að ræða um það hér lengi á þessum stað við 1. umr. málsins. Málið fer í n., verður þar athugað af nm. Ég vil fara fram á það, að sú n., sem fær málið til athugunar, reyni þó að greiða fyrir málinu og afgreiða það fljótlega. Ég tel það vera vansæmd fyrir okkur hér á Alþ., hvað búið er að draga þetta mál mikið. Þetta vandamál var þegar komið upp fyrir áramót og var þá til umr. hér á Alþ., og ástæðurnar til þess, að það er búið að bíða allan þennan tíma, eru þær, að við höfum haldið marga fundi með stjórnarandstöðunni, fyrst til að ræða um það, hvernig ætti að afla tekna í þessu skyni, síðan til að ræða um það, hvernig ætti að koma greiðslunni til skila, og svo stinga menn upp á því nú, að nú verði farið að senda þetta út og suður, þetta verði sent til Stéttarsambands bænda, Sambands ísl. sveitarfélaga, við séum að fara illa með sveitarstjórnirnar í landinu, þær skuli eiga að taka svolitinn þátt í því að koma þessum fjármunum til íbúanna hjá sér. Ég vorkenni þeim ekkert í þessu efni, og ég trúi því ekki, að neinar sveitarstjórnir í landinu kvarti undan því, þótt þær þurfi að gera nokkuð í því að koma þessum fjármunum til íbúanna á sínum stað.

En svo er enn annað. Það eru auðvitað miklu fleiri en Stéttarsamband bænda, það má auðvitað senda þetta til fjöldamargra. Ætli það gætu ekki komið öll húsmæðrafélögin í landinu o. s. frv. og viljað fá þetta til umsagnar? En við erum bara búnir að eyða öllum tíma og höfum ekki tíma til þess, nema það sé þá meiningin að afgreiða þetta ekki. Ég sé enga þörf á því.

Ég verð að segja það, að ég er ekki sammála hv. 3. þm. Norðurl. e., að þær reglur, sem stungið er upp á í frv., komi illa við bændur. Það mætti segja mér, að það kæmi tiltölulega betur við bændur en flesta aðra, nema þegar menn fara að hugsa á þann hátt, sem kom hér fram hjá honum. Hann talaði um, að þetta t. d. taki ekki nægilega tillit til þess, þegar menn hafi fólk við atvinnurekstur inn, þá séu menn komnir út af því meginplani, sem hér sé gengið út frá. Það er alveg rétt. Við gerum ráð fyrir því, bæði til sjávar og sveita, að það geti verið um það að ræða, að atvinnurekstur hafi á sínum vegum eitthvert starfsfólk, sem verði að sjá um upphitun húsanna hjá. Það er allt annað mál. Við erum að tala hér aðeins um upphitunarkostnað í sambandi við hið almenna íbúðarhúsnæði. En það get ég ekki séð, að það komi bændum almennt lakar að leggja til grundvallar við greiðsluna fjölda þeirra einstaklinga, sem eru í íbúðinni, heldur en þótt einhver önnur viðmiðun kæmi. Og svo dettur mér ekki í hug, að við getum í sambandi við þetta mál komið við slíkri óskaplegri nákvæmni, að af því að menn finna það út annaðhvort á Vestfjörðum eða Norðurlandi eða kannske einhverjum hluta á Norðurlandi eða hluta á Norðausturlandi, að það sé þó nokkuð dýrara að kynda upp hús þar heldur en annars staðar á landinu, þá þurfi einnig að taka tillit til þess. Auðvitað var það áður en olíuverðhækkun kom til greina, og við þurfum ekki að taka langan frest til þess að reyna að bjarga okkur út úr því í þessum efnum.

Mér hefur aldrei dottið í hug, að við gætum fundið svo hárnákvæma reglu, að þetta vigtaði sig allt upp til agna. Það er alveg rétt, það væri vitanlega hægt að setja hér inn heimild í þessi lög um það, að þar sem svo stæði á, að íbúar væru t. d. færri en tveir eða færri en þrír, — við skulum segja, að það væru tveir eða færri í íbúð, þ. e. a. s. maður væri að gera ráð fyrir gamalmennum, þá mætti greiða eitthvað aðeins meira en hið almenna. Vitanlega er hægt að gera það, og ekkert hef ég á móti því, því að vissulega getur komið til greina, að eftir séu gamalmenni í tiltölulega stórri íbúð og það halli nokkuð á þá í þessum efnum. Hitt er líka ekki síður þýðingarmikið, að það sé séð um það, þar sem eru margir í fjölskyldu, að þeir verði ekki hart úti í sambandi við aukakostnað eins og fellur á menn í sambandi við hækkunina á olíuverðinu.

Hv. 12. þm. Reykv., sem hér var að tala næst á undan mér, taldi, að hér lægju ekki fyrir neinar upplýsingar um það, hvað þeir íbúar í landinu væru margir, sem byggju við olíukyndingu á íbúðum sínum. Þetta er mesti misskilningur. Það liggja fyrir um þetta upplýsingar og hafa komið fram í sambandi við þetta mál. Hv. 12. þm. Reykv. minntist hér á fleiri atriði, sem skorti upplýsingar um, en þær upplýsingar liggja hér fyrir.

Ég skal svo ekki ræða um þetta frekar, sé ekki ástæðu til þess við þessa umr., því að ég vænti þess, að sú n., sem fær málið til athugunar, greiði fyrir afgreiðslu málsins og komi þá með aðrar till., ef hún kemur auga á einhverja betri leið en hér hefur verið bent á. En ég verð að segja, að þær umr., sem hér hafa farið fram, hafa ekki sannfært mig um það, að aðrar leiðir væru heppilegri en sú, sem bent er á í þessu frv., nema síður sé.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Sameinað þing, 4. apríl.

Sala og kaup ríkisjarða.

Skriflegt svar landbúnaðarráðherra við fyrirspurn Braga Sigurjónssonar um sölu og kaup ríkisjarða, á þskj. 464, afhent þm. 4. apríl.

1. Eins og meðfylgjandi skrár yfir kaup og sölur ríkisjarða bera með sér, hefur núverandi ríkisstjórn selt fjórum bændum jarðir, en 23 hafa verið seldar öðrum aðilum, aðallega sveitarfélögum. Söluverð jarðanna er tilgreint í skrá I.
2. Af bændum hafa verið keyptar 20 jarðir. Hafa þær allar verið keyptar samkvæmt ákvæðum í lögum um Jarðeignasjóð, sem samþykkt voru á Alþingi 1972, um kaup á jörðum þeirra bænda, sem ekki hafa tök á að sitja þær vegna áhvílandi skulda. Ein jörð hefur verið

keypt af öðrum aðila, Rangársandi hf. Hún er nr. 9 í skrá II. Þar er enn fremur tilgreint kaupverð jarðanna.

3. Landnám ríkisins hefur keypt 6 jarðir. Eru þær taldar upp í skrá III. Þar munu verða stofnaðar gróðrarstöðvar.

4. Ríkisstjórnin hefur ekki hafnað kaupum á jörðum. Hins vegar hafa nokkrir bændur rætt hugsanlegar sölur á jörðum sínum til Jarðeignasjóðs og gert fyrirspurnir um söluverð og söluskilmála, án þess að úr kaupum hafi orðið.

I. Skrá yfir seldar ríkisjarðir júlí 1971 — mars 1974.

Nafn jarðar	Seld samkv. lögum	Kaupandi	Verð kr.
1. Land Garðakirkju ásamt býlinu Bala, Garðahr., Gullbr.sýslu	nr. 62 frá 20/5 1965 og nr. 66 frá 28/5 1969	Garðahreppur	3 403 900
2. Brekka, Gerðahreppi, Gullbr.s.	nr. 64 frá 30/4 1973	Gerðahreppur	190 000
3. Hrútsholt, Eyjahr., Hnappadalss.	nr. 102 frá 21/12 1962	Guðj. Magnúss., bóndi, ábúandi jarðarinnar	400 000
4. Straumfjarðartunga, Miklaholtshr., Snæfellsnessýslu.	nr. 102 frá 21/12 1962	Ingólfur Pálss., bóndi, ábúandi jarðarinnar	1 300.000
5. Ytri-Bugur, Fróðárhr., Snæf.n.s.	nr. 6 frá 21/2 1972	Sig. Kristjónsson o. fl.	450 000
6. Keflavík innri, Keflavík ytri, Dyngja, Klettsbúð, Munaðarhóll, Kjalvegur, Þæfusteinn, Ásgrímsbúð, Hallsbær, eyðijarðir og grasbýli í Neshreppi, Snæf.n.s.	nr. 55 frá 27/4 1967	Neshreppur	1 210 000
7. Fjós, Laxárd.hr., Dalasýslu.	nr. 5 frá 21/2 1972	Laxárdalshreppur	2 100 000
8. Háagerði, Dalvíkurhr., Eyjafj.s.	nr. 44 frá 16/4 1971	Dalvíkurhreppur	46 000
9. Birningsstaðir, Reykd.hr., S-Þing.	nr. 102 frá 21/12 1962	Þorm. Torfason, bóndi, ábúandi jarðarinnar	155 000
10. Þorsteinsstaðir, Sauðan.hr., N.-Múl.	nr. 9 frá 13/3 1972	Marinó og Kristbjörn Jóhannssynir, bændur,	100 000
11. Grenivík, Höfðabrekka, Svæði — Grýtubakkahr., S-Þing.	nr. 33 frá 24/4 1973	Grýtubakkahreppur	3 750 000
12. Markúsarsel, Tunguhlíð, — Geithellnahr., S-Múl.	nr. 37 frá 24/5 1972	Geithellnahreppur	124 000
13. Brekkuborg, Breiðdalshr., S-Múl.	nr. 9 frá 13/3 1972	Breiðdalshreppur	693 565
14. Háls, Kambshjáleiga, — Búlandshr., S-Múl.	nr. 10 frá 13/3 1972	Búlandshreppur	90 000
15. Holt, Dyrhólahreppi, V-Skaft.	nr. 36 frá 24/5 1972	Jóhanna Sæmundsd.	200 000
			Kr. 14 212 465

II. Skrá yfir keyptar ríkisjarðir júlí 1971 — jan. 1974.

Heiti jarðar:	Seljandi:	Kaupverð kr.
1. Blábjörg, Geithellnahr., S-Múl.	Þormóður Einarsson	1 800 000
2. Efralón m. Y-Lóni, Sauðaneshr., N-Þing.	Sigurður Jónsson	1 900 000
3. Geirbjarnarstaðir, Ljósavatnshr., S-Þing.	Óttar Viðar	1 050 000
4. Geitafell, Kirkjuhv.hr., V-Hún.	Eyjólfur Eyjólfsson	940 000
5. Gilsárstekkur, Breiðd.hr., S-Múl.	Bergur Karlsson	972 000
6. Hafnarnes, Fáskrúðsfjarðarhr., S-Múl.	Jóhann Jónsson	360 000
7. Hjartarstaðir, Eiðaþinghá, S-Múl.	Steinþór Magnússon	1 508 000
8. Kambssel, Geithellnahr., S-Múl.	Þórólfur Ragnarsson	600 000
9. Ketilhúshagi, Rangárv.hr., Rang.	Rangársandur	4 150 000
10. Kjörvogur, Árneshr., Strandas.	Guðjón Magnússon	650 000
11. Klængshóll, Svarfaðard.hr., Eyjafj.s.	Hermann Aðalsteinsson	900 000
12. Kollsvík, Rauðasandshr., V-Barð.	Ingvar Guðbjartsson	700 000
13. Melrakkanes, Geithellnahr., S-Múl.	Karl Sigurgeirsson	2 000 000
14. Múli, Nauteyrarhr., N-Ís.	Ástþór Ágústsson	1 200 000
15. Mýnes, Eiðaþinghá, S-Múl.	Einar Ö. Björnsson	1 500 000
16. Sandvík, Bárðard.hr., S-Þing.	Yngvi Gunnarsson	780 000

Heiti jarðar:	Seljandi:	Kaupverð kr.
17. Setberg, Skógarstr.hr., Snæf.	Jón Jónsson	1 900 000
18. Sporður, Þorkh.hr., V-Hún.	Ágúst Jóhannsson	1 300 000
19. Volasel, Bæjarhr., A-Skaft.	Benedikt Egilsson	1 550 000
20. Þúfa, Ölfushr., Árness.	Sigurður Ragnarsson	2 000 000
21. Þúfur, Hofshr., Skagafj.s.	Baldvin Jónsson	1 250 000
	Samtals kr.	29 010 000

III. Skrá yfir jarðir keyptar af Landnámi ríkisins.

Heiti jarðar:	Seljandi	Kaupverð kr.
Saltvík, Reykjahreppi, S-Þing.	Reykjahreppur	3 300 000
Flatey I, Mýrahr., A-Skaft.	Guðjón Jónsson,	
Flatey II, — —	Páll Ingvarsson o. fl.	5 800 000
Flatey III, — —		
Heinaberg, — —	Benedikt Bjarnason o. fl.	350 000
Oddi, — —		

Efri deild, 99. fundur.

Föstudaginn 5. apríl, kl. 2 miðdegis.

Kaupstaðarréttindi til handa Bolungarvíkurkauptúni, frv. (þskj. 592, n. 665). — 2. umr.

Frsm. (Þorv. Garðar Kristjánsson): Herra forseti. Frv. það, sem hér er til umr., fjallar um kaupstaðarréttindi til handa Bolungarvíkurkauptúni. Ástæðan til þess, að það var fram borið á þessu þingi, er sú, að hreppsnefnd Hólshrepps hefur farið þess á leit við þm. Vestf., að þeir flyttu frv. um kaupstaðarréttindi fyrir Bolungarvíkurkauptún. Allir þm. Vestfjarða standa að flutningi þessa frv.

Það liggja ýmsar ástæður fyrir réttmæti þess að veita Bolungarvíkurkauptúni kaupstaðarréttindi, og skal ég ekki fara út í þá sálma að tíunda þær ástæður hér. Það liggur svo augljóst fyrir, enda er enginn ágreiningur um þetta frv. Um þessar mundir eru ýmis frv. í meðferð Alþ. um kaupstaðarréttindi til ýmissa kauptúna á landinu. Það mun ekki vera ágreiningur, að ég hygg, um réttindi þeim kauptúnum til handa. Þegar svo er, sýnist mér, að það sé augljóst, að menn geti verið sammála um að veita svo merkum stað sem Bolungarvík þessi réttindi. Bolungarvík er nefnilega merkur staður, allt frá því að byggð Íslands hófst.

Það er svo, að eftir því sem heimildir herma, mun Bolungarvík vera elsta verstöð á landinu. Landnáma segir frá því, að Þuríður sundafyllir, sem nam þar land, hafi sett Kvíarmið á Ísafjarðardjúpi, og svo virðist sem þá hafi hafist hin þróttmikla útgerð í Bolungarvík, sem alla tíð hefur einkennt þennan stað.

Bolungarvík er líka merkisstaður fyrir það, að þar var sonur Þuríðar sundfyllis, Völvu-Steinn. Ég ætla ekki að fara að ræða um Völu-Stein hér. En þess má geta, að það hafa komið fram kenningar um það, að þessi frumbyggi Bolungarvíkur sé höfundur Völuspár. Sá maður, sem hefur komið með þessa tilgátu, er ekki ómerkilegri maður en Sigurður Nordal. Um Völuspá segir hann, að kynni sín af kvæðinu hafi sannfært sig um, að í engu Eddukvæða sé slíkur arnsúgur dreginn frá upphafi til enda. Sigurður Nordal segir einnig, að þessi maður, höfundur Völuspár, hafi ekki verið einhamur. Þetta er að finna í Íslenskri menningu, bók Sigurðar Nordals.

Þannig hófst saga þessa staðar, og staðurinn er merkur enn í dag og skarar fram úr á ýmsum sviðum. Það er alkunna, með hvílíkum myndarbrag uppbygging Bolungarvíkur hefur verið á undanförnum árum og áratugum. Á þetta jafnt við framfarir í atvinnulegu tilliti sem félagslegu tilliti. Það má því segja, að arnsúgur einkenni allt atferli þeirra Bolvíkinga, og slíkar eru framfarir í þessu byggðarlagi, að einhvern tíma hefði verið sagt, að Bolvíkingar væru ekki einhamir.

Ég tel ekki ástæðu til þess að fjölyrða frekar um þetta mál, því að ég hef þá ánægju að kynna fyrir hv. d., að félmn. d. mælir einróma með þessu frv.

ATKVGR.

1. gr. samþ. með 15 shlj. atkv.
2.—6. gr. samþ. með 15 shlj. atkv.
Ákvæði til bráðabirgða samþ. með 15 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 15 shlj. atkv.

Kaupstaðarréttindi til handa Dalvíkurkauptúni, frv. (þskj. 629, n. 666). — 2. umr.

Frsm. (Björn Fr. Björnsson): Herra forseti. Frv. þetta, sem hér ræðir um, er komið frá hv. Nd. og var þar shlj. samþykkt. Það fjallar um kaupstaðarréttindi til handa Dalvíkurkauptúni með öllum þeim lögfylgjum, sem eru samfara slíkum réttindum. Ég er ekki í neinum vafa um það, að Dalvíkurkauptún sem önnur þau, sem

eru á ferðinni um sams konar efni, eigi skilið þessi réttindi. Hins vegar er ég ekki svo kunnugur Dalvík og búendum þar, að ég geti haft mörg orð um. En ég hygg, að þetta kauptún sé í landnámi Helga magra, og það segir nokkuð. Ef ég færi nánar að grennslast eftir sögu Dalvíkur og þeirra, sem þar hafa átt og eiga bólstað, gæti ég trúað því, að ég kæmist að líkri niðurstöðu og kom fram hjá frsm. félmn. í sambandi við Bolungarvík, að visu að breyttu breytanda. Ég efast ekki um, að það megi jafna myndarskap og framförum á Dalvík hátt í það á borð við það, sem gerist í Bolungarvík. — Félmn. þessarar d. mælir með samþykkt þessa frv.

ATKVGR.

1. gr. samþ. með 15 shlj. atkv.
2.—5. gr. samþ. með 15 shlj. atkv.
Ákvæði til bráðabirgða samþ. með 15 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 15 shlj. atkv.

Nafnskírteini, frv. (þskj. 391, n. 650). — 2. umr.

Frsm. (Björn Fr. Björnsson): Herra forseti. Allshn. hv. d. hefur haft þetta frv. til meðferðar. Það felur í sér nokkrar breyt. á l. um nafnskírteini, en höfuðatriðin eru þó aðallega tvö.

Í fyrra lagi er það, að aldursmark þeirra, sem útgefin fá nafnskírteini, verði hækkað í 14 ár úr 12. Allir þeir, sem hafa haft mest með mál af þessu tagi að gera, eru á einu máli um, að það hafi tiltölulega mjög litla þýðingu, að börn undir fermingaraldri fái í hendur gögn af þessu tagi, auk þess sparist verulega kostnaður, ef hætt yrði við útgáfu til barna á aldrinum 12—14 ára.

Í síðara lagi er það 4. gr. frv., sem segir fyrir um nokkra breytingu, á þá leið, að hverjum lögreglustjóra sé heimilt, að því er varðar hans umdæmi, að kveða á um, að nafnskírteini einstaklinga á aldursbilinu 18—23 ár skuli ekki vera gilt sönnunargagn um aldur, nema lagt sé fram sérstaklega útgefið skírteini með öðrum lit en hin almennu skírteini bera. Þetta ákvæði er talið og mun gera það að leysa af hólmi verulega skírteinaútgáfu, sem annars er mjög fyrirferðarmikil og kostnaðarsöm fyrir Hagstofuna og eins fyrir þá einstaklinga, sem leysa til sín skírteini. Ekki er síst ástæða til að minnast á sönnunargögn í sambandi við aldur, þar sem er ökuskírteini, sem eru mjög notuð í því skyni við margs konar tækifæri. En með þessari breytingu samkv. 4. gr. frv., er þó fullnægt öllum öryggiskröfum, sem gera verður í þessu efni, a. m. k. eins og kostur er á.

Aðrar breytingar í þessu frv. eru smávægilegar, og ég tel ekki ástæðu til að rekja þær. Ég vil að öðru leyti leyfa mér að skírskota til ítarlegrar framsöguræðu hæstv. menntmrh. og enn fremur grg. fyrir frv.

Umsagnir liggja fyrir frá þrem aðilum: frá lögreglustjóranum í Reykjavík, Félagsmálastofnun Reykjavíkur og í þriðja lagi frá barnaverndarráði Íslands, og þær eru allar sammála um það, að þetta frv. nái fram að ganga. — Ég vil geta þess, að í einni umsögninni, þ. e. a. s. frá barnaverndarráði Íslands, er getið um það í lokin í umsögn ráðsins, að því sé treyst, að börnum á aldrinum 12—14 ára verði fengið í hendur svokallað skólaskírteini og það sé þá gert með hliðsjón af kvikmyndaeftirliti.

En eins og ég hef sagt, mælir allshn. með samþykkt þessa frv.

ATKVGR.

1. gr. samþ. með 12 shlj. atkv.
2.—5. gr. samþ. með 12 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 13 shlj. atkv.

Húsnæðismálastofnun ríkisins, frv. (þskj. 598, n. 664). — 2. umr.

Frsm. (Helgi F. Seljan): Herra forseti. Frv. þetta var flutt í Nd. af þrem hv. þm. þar, og ástæður þess voru ærnar, þar sem fyrir lá ráðuneytisúrskurður um það, að íbúðarhús í sveitum gætu ekki fallið undir lög um heilsuspillandi húsnæði. Frv. þetta tekur af öll tvímæli þar um, hvort heldur lánin sem slík væru veitt af Stofnlánadeild landbúnaðarins eða af Húsnæðismálastofnun ríkisins. Þetta er því hið mesta réttlætis- og sanngirnismál, sem allir munu sammála um, að eigi fyllsta rétt á sér.

Félmn. hefur athugað frv., eins og það er komið frá Nd., og mælir einróma með samþykkt þess, en fjarverandi afgreiðslu málsins var Páll Þorsteinsson.

ATKVGR.

1. gr. samþ. með 12 shlj. atkv.
2. gr. samþ. með 11 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 13 shlj. atkv.

Mat fasteigna, frv. (þskj. 673, 671, 674, 678). — 3. umr.

Steinþór Gestsson: Herra forseti. Á fundi þessarar hv. d. í gær gerði ég nokkuð að umræðuefni það frv. til l. um skráningu og mat fasteigna, sem hér er til 3. umr. nú. Ég gerði aths. við og lýsti mig andvígan ákvæði, sem er að finna í 16. gr. frv., og hef því leyft mér að flytja brtt. við þá gr., þar sem lagt er til, að 2. mgr. hennar falli niður. En eins og ég ræddi um í gær, sýnist mér með öllu óeðlilegt að hafa annan hátt á um mat á bújörðum en öðrum eignum landsmanna, einnig og ekki síður fyrir það, að það ákvæði er að finna í þessari sömu gr., að til þess eins, að bújörð skuli metin á sama hátt og aðrar fasteignir í landinu, þarf að búa illa á jörðinni eða vera með hana í niðurníðslu, til þess að hún komist undir almenn ákvæði.

Ég vil benda á það í þessu sambandi, að þegar fasteignamat var gert síðast á áratugnum milli 1960 og 1970 og lokið á árinu 1970, voru það fyrirmæli til fasteignamatsnefndanna, að miða skyldi við gangverð eða söluverð, eftir því sem föng væru á. Mér er kunnugt um það af starfi mínu

í fasteignamatsnefnd Árnessýslu, að þó að við iðulega reyndum að finna verð út eftir öðrum leiðum heldur en þeirri, hvað við hyggðum, að eign mundi seljast á, þá urðu niðurstöðurnar þær, að þar sem við fréttum eða urðum varir við, að sölur hefðu farið fram, var matið mjög nálægt því. Ég tel því, að ef horfið yrði að þessu ráði, að meta bújarðir með einhverjum öðrum hætti, sem ekki er skilgreint í l., hvernig skuli gert, þá sé horfið frá þeim starfsaðferðum, sem áður voru viðhafðar.

Ég segi, að það sé ekki skilgreint, hvernig þetta mat skuli vera undirbyggt. Þar er aðeins sagt, að bújarðir skuli metnar miðað við notkun þeirra til búskapar, á meðan þær eru nýttar þannig. Þetta segir ekkert um það, hvernig matið skuli uppbyggt. Ef miðað er við það, hvernig verð jarðanna vegur í uppbyggingu verðlagsgrundvallar landbúnaðarafurða, sem manni kannske gæti dottið í hug, að þarna skyldi lagt til grundvallar, þá segir þar, að vextir af eigin fé séu 5%, vextir af lánum úr Stofnlánadeildinni séu 7.07%, en lausafjárvextir eða víxlavextir eru metnir þar 12%. Auk þess er í meðalverðlagsgrundvellinum, ef ég man rétt, eitthvað milli 400 og 500 þús. kr. verðmæti, sem engum vöxtum er látið svara í verðlagsgrundvellinum enn sem komið er, þó að það sennilega leiðréttist að nokkru leyti á næsta 1½ ári eftir þeim samningum, sem fyrir eru.

Með þetta allt í huga hef ég leyft mér að leggja fram þessa brtt., og mér þykir rétt að geta þess hér um leið, að í umsögnum, sem bárust til þeirrar hv. n., sem hafði þetta frv. til athugunar, er vikið að þessu a.m.k. á þremur stöðum. Það er í umsögn frá Sambandi ísl. sveitarfélaga, þar sem segir, með leyfi hæstv. forseta:

„Ekki er ljóst af 2. mgr. 16. gr., hvernig meta eigi bújarðir. Ástæðulaust virðist að hafa sérreglur um bújarðir hvað þetta snertir.“

Þetta er frá Sambandi ísl. sveitarfélaga. Þá segir Fasteignamat ríkisins um þessa hluti í umsögn, sem það hefur gefið til fjh.- og viðskn., undir 4. tölul. umsagnar sinnar á þessa leið, með leyfi hæstv. forseta:

„Í 16. gr. frv. eru sett fram ákvæði um, hvernig meta skuli tilteknar fasteignir, þ.e. bújarðir, hlunnindi og verðmætaskiptingu leigulands, milli landeigenda og leigutaka. Hér er um að ræða vafasöm einhliða ákvæði, ef að lögum verða.“

Og í þriðja lagi hef ég séð hér í umsögn frá hús- og landeigendasambandi Íslands, að þeir gera ekki aths. við það, þar sem lagt er til, að fasteignir séu metnar á gangverði, og benda á það, eins og ég var að benda á í upphafi ræðu minnar, að við það var miðað í eldri lögum.

Ég tel ekki þörf á því, herra forseti, að ég hafi um þessa till. mína öllu fleiri orð en ég hef nú gert. Ég þykist hafa tínt fram það veigamikil rök í þessu máli, að það sé með öllu óeðlilegt að ætla að nota eitthverja aðra uppbyggingu á mati um bújarðir, auk þess sem engin fyrirmæli eru um það, á hverju það mat skuli byggt. Og ég er andvígur því, eins og ég tók fram hér í gær, að bújarðirnar séu metnar sem annars flokks eign í landinu. Ég vil benda á, að það eru engar líkur til þess, að með þessu ákvæði muni bændur verða firrtir fasteignasköttum. Eins og ég gat um áðan, eru bújarðirnar núna metnar eftir gangverði, og síðan það gangverð var sett, er tvisvar búið að hækka matið með tilliti til álagningar fasteignaskatta, búið að hækka það um 45%, frá því að matið var gert, svo að það eru engar líkur til annars en það verði í svipuðu horfi um skattlagningu, þó að metið sé eftir gangverði eignanna, eins og nú er gert.

Fjmrh. (Halldór E. Sigurðsson): Herra forseti. Út af brtt. þeirri, sem hv. 6. þm. Sunnl. flytur á þskj. 674 og hann var að gera hér grein fyrir áðan, vil ég geta þess í sambandi við þetta frv., að sá aðili, sem m.a. fjallaði um undirbúning þess, var yfirfasteignamatsnefnd ríkisins. Í henni eiga sæti Gaukur Jörundsson, sem er form. n., Torfi Ásgeirsson og hv. 5. þm. Norðurl. v., Pálmi Jónsson. Ég hafði því talið, að þessum mönnum, a.m.k. tveimur af þeim, væri fulltrúandi til að gæta þeirra hagsmuna, sem hv. þm. taldi, að ekki hefði verið gætt í sambandi við þessa gr. frv. En með leyfi hæstv. forseta vil ég geta þess, hvað segir um þetta í aths. með frv., en þar segir svo um 16. gr. frv.:

„Efnislega svarar þessi gr. til 14. gr. gildandi l. Hin almenna regla um mat til gangverðs við kaup og sölu er óbreytt í frv. frá gildandi l. Er gert ráð fyrir, að mat þetta verði reist á bestu fáanlegri vitneskju um verð eigna við kaup og sölu. Gerð er þó till. um fasta reglu við mat hlunninda, sem miðast við margfeldi af árlegum nettóarði af þeim.

Að því er varðar bújarðir, er gert ráð fyrir, að þær séu metnar sem slíkar, svo lengi sem þær eru notaðar þannig, en ekki miðað við það verð, sem fá mætti fyrir þær við kaup og sölu, t.d. sumarbústaðaland. Meginreglan, sem frv. gerir till. um, er hins vegar, að við slíkt fáanlegt gangverð skuli miðað í mati, ef jarðir eru ekki notaðar til búskapar.“

Hér sýnist mér, að sé gerð skilgreining á því, sem átt er við í sambandi við þetta mat, og það skýrir því alveg megintilgang l. um hugsunina um mat á bújörðum, að það eigi ekki að fara að meta þær við gangverði, sem miðað er við laxveiði eða önnur slík hlunnindi, sem eru fjarri öllu því verðlagi, eða sumarbústaðalönd, sem eru fjarri öllu því verðlagi, sem gildir um jarðaverð almennt. Einnig er sú hugsun lögð þarna til grundvallar, að matið sé miðað við það, að hægt sé að reka búskap með eðlilegum hætti á þessum jörðum. Ég sé því ekki, að það væri betur farið að fella þessa gr. niður eða þann lið, sem að þessu lýtur, því að þá hlyti að koma upp sú spurning, hvort ætti að taka við mat jarða tillit til þess hluta jarða, sem seldur er undir sumarbústaðaland, eða sérstakra veiðilanda, eins og komið hefur fram hér í umr. áður fyrr. Ég sé því ekki ástæðu til, að þessi till. verði samþykkt, og tel hana skemma frv.

Hin till. er á þskj. 671 frá hv. þm. Halldóri Blöndal, og enda þótt hann sé skrefdrjúgur, hélt ég, að sá hv. þm. færi ekki að skipta sér af málum annarra kjördæma. Meginreglan í sambandi við niðurröðun á staðsetningu þeirra matsstofnana, sem gert er ráð fyrir í þessu frv., er að miða við það, að það henti kjördæminu sem best til þeirrar sóknar, sem almennt er átt við, þegar farið er um kjördæmið allt. Ég vil geta

þess, að allir almennir fundir, sem haldnir eru í Vesturlandskjördæmi, eru haldnir í Borgarnesi. Er sama, hvort um er að ræða stjórnmálaflokka eða aðra, vegna þess að það er skemmst að sækja úr kjördæminu í heild í Borgarnes. Þess vegna er þetta gert. Ég ætla ekki að fara að metast hér á um staði innan kjördæmisins, ég sé ekki ástæðu til þess, en þetta er miðað við þetta eitt, en ekki annarleg sjónarmið. Ég legg því eindregið til, að þetta fái að vera í friði í frv. eins og aðrir staðir, sem þar eru tilgreindir.

Frsm. (Ragnar Arnalds): Herra forseti. Ég held, að ég hafi ekki miklu við að bæta það, sem fram kom hjá mér við 2. umr. málsins. En síðan hafa komið fram brtt. Ég vil taka fram, að ég er andvígur brtt. hv. þm. Steinþórs Gestssonar, sem leggur til, að 2. mgr. 16. gr. verði felld niður, þannig að bújarðir verði metnar miðað við gangverð, en ekki miðað við notkun þeirra til búskapar. Ég er sannfærður um, að bújarðir eru í dag tiltölulega lágt metnar miðað við raungildi þeirra á almennum markaði, og þær hækkanir, sem orðið hafa á fasteignamati og hafa verið bundnar við ákveðna prósentutölu yfir landið allt, eru ekki í mörgum tilvikum a.m.k. í neinu sambandi við raunverulega hækkun gangverðs, ef miðað væri við, að löndin væru nytjuð til allt annarra hluta en búskapar eða þau væru bútuð niður í sumarbústaðalönd. Ég er því sannfærður um, að samþykkt till. hv. þm. mundi leiða til þess, að fasteignamat á mörgum jörðum mundi stórhækka og með því væri tvímælalaust verið að torvelda búskaparmöguleika á þessum jörðum.

Ég get samþykkt það, að frá almennu sjónarmiði er að sjálfsögðu eðlilegast, að allar fasteignir í landinu séu metnar út frá sömu reglunni. Hv. þm. getur að sjálfsögðu kallað þær eignir annars flokks, sem metnar eru út frá annarri reglu. En þetta skiptir bara ekki máli. Ég er sannfærður um það, að lægra fasteignamatsverð á bújörðum mun ekki torvelda sölu þeirra, og það mun ekki heldur hafa áhrif á gangverðið sem slíkt. Gangverðið getur verið með öðrum hætti. En með þessu er verið að torvelda búskaparmöguleika á þessum jörðum, og ég er sannfærður um, að bændum er enginn greiði gerður með samþykkt þessarar till. hv. þm. Þess vegna er ég henni andvígur og mun greiða atkv. gegn henni.

Ég hef á þskj. 678 lagt fram örlitla brtt. við 2. gr. vegna umkvartana, sem komu frá hv. þm. Steinþóri Gestssyni um orðið „landmörk“. Ég var honum fyllilega sammála um, að þetta orð væri hortittur í frv. og bæri að lagfæra. Ég nefndi það hér við 2. umr., að hægt væri að hugsa sér annaðhvort að tala um landamörk eða landamerki. Ég hef lagt fram brtt. á þskj. 678, og með hliðsjón af því, að ég tel eðlilegra, að orðalagið verði landamerki, þannig að í stað orðsins „landmarka“ komi landamerkja, en ekki landamörk, eins og stendur á þskj. 678, þá óska ég eftir því, að till. verði borin upp með þeim hætti og prentuð upp með þessari leiðréttingu.

Jón Árnason: Herra forseti. Ég ætlaði ekki að taka til máls um þetta frv., en út af orðum hæstv. fjmrh. vil ég segja nokkur orð um þá till., sem hv. þm. Halldór Blöndal flutti. Ég vil taka það fram, að ég beindi þessum tilmælum til n. og óskaði eftir því, að hún gerði þessa breytingu á frv. Það var vegna eindreginna tilmæla heiman frá Akranesi, sem ég kom þessu á framfæri.

Það er mér ekki hugstætt að vera að metast um staði innan kjördæmisins. En það, sem liggur til grundvallar hjá Akurnesingum, er fyrst og fremst þetta, að þeir segja, að á Akranesi er jafnhá íbúatala og á öllum hinum þéttbýlissvæðunum í kjördæminu samanlagt: Búðardal, Borgarnesi, Stykkishólmi, Grundarfirði, Ólafsvík og Hellissandi.

Það segir sig sjálft, að í sambandi við þau störf, sem hér um ræðir, þ.e. fasteignamatið, þá mun sá maður, sem veitir því forstöðu, hafa mest verkefni á þeim stað, þar sem fjölmennið er mest, og það er Akranes.

Um annað, sem hæstv. ráðh. sagði, varðandi fundahöld í kjördæminu, þá hefur oltið á ýmsu með hina almennu stjórnmálafundi, hvar þeir séu haldnir. Við í Sjálfstfl. höfum haft þann hátt á, t.d. um okkar kjördæmisráðsfundi, að þeir eru haldnir til skiptis á hinum ýmsu stöðum í kjördæminu. Í ár er fundur á Akranesi, næsta ár í Búðardal eða Stykkishólmi og í Grundarfirði eða Borgarnesi næsta ár á eftir. Okkur þykir eðlilegt í sambandi við almenna stjórnmálafundi og annað þess háttar að hnika því til nokkuð eftir árum, þannig að allir séu við sama borð í þeim efnum, þegar þeir þurfa að ferðast á slíka sameiginlega fundi, sem haldnir eru fyrir kjördæmið allt.

Ég sé ekki ástæðu til að orðlengja frekar um málið eða þessa umræddu tillögu.

Steinþór Gestsson: Herra forseti. Ég mun ekki tefja þessar umr. neitt sem heita má, en ég get ekki látið hjá líða að segja hér örfá orð vegna þeirra ummæla, sem hæstv. landb.- og fjmrh. hafði hér áðan varðandi till. mína. Hann sagði eitthvað á þá leið, að verð bújarðanna mætti ekki miða við laxveiði eða önnur hlunnindi. Það var ekki það, sem ég var að ræða um, því að ég veit ekki betur en það séu fyrirmæli um það í l., að hlunnindi séu metin sér, og þrátt fyrir það, þó að þeir, sem sömdu frv., séu áreiðanlega allir af vilja gerðir að gera engri atvinnustétt órétt eða neinum manni órétt, sem lögin varða, þá er ekki þar með sagt, að þeim hafi ekki getað yfirsést um neitt.

Ég verð að segja það, að þær skýringar, sem hér eru gefnar um 16. gr. og hæstv. ráðh. las upp, gefa enga vísbendingu um það, við hvað á að miða matið. Það segir aðeins: „Að því er varðar bújarðir er gert ráð fyrir, að þær séu metnar sem slíkar“. En á hvern hátt? Ég var að reyna að lýsa því hér áðan, að hvað varðaði fjármagnskostnað við uppbyggingu verðlags, þá verður ekki séð, að þar sé nein algild regla að fara eftir, og ég hef ekki séð, að það geti verkað eins og hæstv. ráðh. gerði ráð fyrir. Hins vegar vildi ég árétta það, sem ég hygg, að ég hafi þó komið að hér áðan, að það er mjög algengt, að gildandi fasteignamat + 45% hækkun, sem gerð er, vegna álagningar fasteignaskatta, sé haft til viðmiðunar við sölu á bújörðum austur í Árnessýslu.

Halldór Blöndal: Herra forseti. Ég vakti athygli á því í fjh.- og viðskn. og hef einnig vakið athygli á því við 2. umr. þessa máls, að í þessu frv. er gert ráð fyrir sérstökum 6 mánaða uppsagnarfresti á þeim starfsmönnum, sem ráðnir eru samkv. frv. Sami háttur er hins vegar ekki hafður á um aðrar nýjar stofnanir, sem gert er ráð fyrir að setja á laggirnar samkv. till. ríkisstj. Ég vil benda á, að þessi 6 mánaða uppsagnarfrestur, sem hér er gert ráð fyrir í sambandi við matsmenn, er í mótsögn við 4. gr. l. um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins, en þar segir svo, með leyfi forseta:

„Nú er maður skipaður í stöðu, og ber þá að líta svo á, að hann skuli gegna stöðunni, þar til eitthvert eftirgreindra atriða kemur til:

1. Að hann brýtur af sér í starfinu, svo að honum beri að víkja úr starfi.
2. Að hann fullnægi ekki skilyrðum 3. gr. þessara laga.
3. Að hann fær lausn samkv. eigin beiðni.
4. Að hann hefur náð hámarksaldri, sbr. 13. gr.
5. Að hann flyst í aðra stöðu hjá ríkinu.
6. Að skipunartími hans samkv. tímabundnu skipunarbréfi er runninn út.
7. Að staðan er lögð niður, sbr. 14. gr.“

Nú er ég ekki að segja, að ég geti ekki hugsað mér einhverjar breytingar á l. um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins. Hins vegar tel ég nauðsynlegt, að það sé samræmi í þessu efni í lagasetningu Alþ., og ef engar sérstakar ástæður liggja fyrir um, að þessi háttur er hafður á í þessu frv., mun ég gera það að till. minni og leggja til skriflega, að þessi orð „með 6 mánaða uppsagnarfresti“ falli niður í 18. gr., þar sem segir: „Mat fasteigna annast sérstakir matsmenn, sem ráðherra ræður með 6 mánaða uppsagnarfresti úr hópi umsækjenda.“ Sömu till. mun ég gera í sambandi við 7. gr., þar sem segir: „Fasteignaskrá starfar undir stjórn forstjóra, sem ráðh. ræður til starfs með 6 mánaða uppsagnarfresti“ o. s. frv. Nú er ekki gert ráð fyrir þessu t. d. í stofnun um ríkismat á fiskafurðum. Þar er gert ráð fyrir því, að forstjórinn verði ráðinn með venjulegum kjörum. Brtt. mín hnígur í þá átt, að um alla opinbera starfsmenn gildi hin sama regla, sú sem kveðið er á um í l. um réttindi og skyldur opinberra starfsmanna.

ATKVGR.

Afbrigði um skrifl. brtt. (sjá þskj. 697) samþ. með 16 shlj. atkv.

Umr. frestað.

Neðri deild, 102. fundur.

Föstudaginn 5. apríl, kl. 2 miðdegis.

Fjáröflun til vegagerðar, frv. (þskj. 607). — Frh. 1. umr.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 25 shlj. atkv. og til fjh.- og viðskn. með 26 shlj. atkv.

Áhrif olíuverðhækkana á hitunarkostnað íbúða, frv. (þskj. 606). — Frh. 1. umr.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 28 shlj. atkv. og til fjh.- og viðskn. með 30 shlj. atkv.

Undirbúningsfélag fiskkassaverksmiðju, frv. (þskj. 293). — 3. umr.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 28 shlj. atkv. og afgr. til Ed.

Lántökuheimildir erlendis, frv. (þskj. 573). — 1. umr.

Fjmrh. (Halldór E. Sigurðsson): Herra forseti. Frv. á þskj. 573 er komið frá hv. Ed. og var gerð þar ein breyt. á því, en frv. þetta er flutt til þess að staðfesta lántökuheimildir ríkissjóðs erlendis, vegna þess að breytt er nú frá þeirri gerð, sem áður hefur verið, að setja sérstök lög um framkvæmda- og fjáröflunaráætlun ríkisins, og var það mál afgr. með fjárl. síðustu, þeim sem gilda fyrir árið 1974. Það, sem hér er á ferðinni, er heimild vegna erlendrar lántöku á þeim liðum, sem upp eru taldir í fjárl. þessa árs, en talið er, að það sé hæpið, að erlend lántaka styðjist eingöngu við fjárl., heldur þurfi að vera sérstök löggjöf þar að lútandi, bæði vegna þess að eðlilegt sé, að það sé í einni löggjöf, og í öðru lagi sé einnig um það að ræða, að það sé hæpið, að fjárlagaheimild ein nægi til þess að taka erlendu lánin. Því er nú lagt fram sérstakt frv. um þetta efni, eins og boðað var í aths. með fjárlagafrv., svo og annað frv. um skattalega meðferð, sem hefur verið afgr. frá hv. Alþingi.

Sú breyt., sem gerð var í hv. Ed., var að taka inn virkjun Siglufjarðarkaupstaðar við Skeiðsfoss í Fljótum, en það er mál, sem nú er á dagskrá og er mikill áhugi fyrir að komist í framkvæmd á þessu ári.

Ég treysti því, að þetta mál fái fljóta afgreiðslu hér í hv. d., m. a. vegna þess, að margar þær framkvæmdir við verkefni, eins og t. d. Mjólkárvirkjun o. fl., bíða eftir því, að þetta verði afgreitt. Málið var nokkuð lengi á ferðinni í hv. Ed., en ég vona, að það verði hægt að afgreiða það fljótlega eftir páskahlé hér í þessari hv. deild.

Ég legg svo til, herra forseti, að að lokinni þessari umr. verði málinu vísað til 2. umr. og hv. fjh.- og viðskn.

Birgir Kjaran: Herra forseti. Ætlun mín er ekki að ræða sérstaklega þá lántökuheimild ríkisstj., sem hér liggur fyrir, eða setja fót fyrir þær framkvæmdir, sem ætlunin er að nota fé þetta til, heldur í þessu sambandi almennt að ræða þá skuldasöfnunarstefnu, sem virðist vera ráðandi hjá núv. ríkisstj. Að vísu er hún ekki ein um það, en þó virðist mér hún ganga feti

framar en fyrri ríkisstj., þegar miðað er sérstaklega við það góðæri og þau hagstæðu viðskiptakjör, sem við höfum átt við að búa að undanförnu.

Miklar framkvæmdir og svokallaðar framfarir geta að sjálfsögðu verið góðra gjalda verðar. Þó er mér nær að halda, að það geti stundum verið farsælt að flýta sér hægt, eins og raunar Tryggvi Þórhallsson, einn af brautryðjendum Framsfl., orðaði það svo oftsinnis í þessum sölum. Íslendingar verða nefnilega að fara að læra smám saman, að ekki er hægt að gera allt í einu, ekki allt samtímis, og til framkvæmdanna þarf nokkurt eigið fé, en ekki eingöngu erlent lánsfé. Á þann hátt leggjum við þungar skuldabyrðar á okkur sjálf, sem nú lifum, og e. t. v. á komandi kynslóðir.

Hér á Alþ. hefur verið reynt að sanna með tölum, að skuldir landsmanna hafi ekki vaxið hlutfallslega að sama skapi og þjóðartekjurnar. Hins vegar er þess ekki gætt í sömu útreikningum, að við höfum átt við einstakt góðæri að búa og tiltölulega hagstætt erlent gengi. Svo hefur vinnuaflið, sem betur fer, fremur leitað til framleiðslunnar en á vegu hins opinbera. Þrátt fyrir þetta einstaka góðæri hafa ríkisskuldirnar hlaðist upp. Sem dæmi þessa má nefna tölur, t. d. á árunum 1969—1971, svo að það sé tekið til samanburðar, en þá jukust ríkisskuldirnar um 719 millj. kr. og þótti sumum ærið nóg, en nú á árunum 1971—1973 hafa skuldirnar vaxið um 6 100 millj. kr.

Svo að annar samanburður sé hafður, má t. d. nefna, að árið 1966 námu erlendu skuldirnar alls um 4½ milljarði, en árið 1973 eru þær komnar upp í a. m. k. 21 milljarð kr. Það er ekki aðeins, að skuldaþungi ríkisbúsins hafi þannig aukist geigvænlega á skömmum tíma, heldur eru þessu auðvitað samfara mjög auknar árlegar afborganir og vaxtagreiðslur. Samanlagt er áætlað, að þessar greiðslur, afborganir og vextir muni á ársgrundvelli nema um 11% af tekjum, sem fást af útfluttum vörum og þjónustu. Þessar tölur tala vissulega sínu máli og sanna að mínu viti, út á hve hála braut hefur verið stefnt. Áhrif þessarar stefnu hljóta óhjákvæmilega að verða aukinn óhagstæður verslunarjöfnuður og greiðslujöfnuður, því að einhvern tíma hlýtur þó að koma að skuldadögum og jafnvel erlent lánstraust að þrjóta. Í þessu felst auk efnahagslega málsins pólitísk hætta. Ég hygg, að margir, a. m. k. úr lýðræðisflokkunum, muni vera mér sammála um, að það gæti fylgt því nokkur áhætta að skulda Rússum t. d. í dag 1 milljarð kr. Það hefur oftlega sýnt sig, að það er ekki einungis sérréttur hinna svokölluðu kapitalísku landa að beita fjármagninu sem vopni í valdabaráttunni, Rússar hafa vissulega ekki verið neinir eftirbátar á því sviði.

En svo að aftur sé vikið að stórfelldum erlendum lántökum, þá hljóta þær að auka á verðbólguna í landinu, því að hið erlenda lánsfé fer auðvitað inn í íslenskt peningakerfi og þrýstir á verðlagið, sem flestum finnst víst þó í dag vera orðið nógu hátt. Raunar má segja, að ásælni ríkisins á innlendan peningamarkað sé einnig orðin mikil og sumpart óeðlileg. Auðvitað hljóta svokölluð happdrættislán, þótt þeim sé ætlað að koma í gagnið góðum verkum, að hafa verulega áhrif á peningamarkaðinn og draga úr því, að venjulegt sparifé komi til bankanna, og minnka þannig möguleika viðskiptabankanna til þess að styðja við bakið á atvinnuvegunum og framleiðslunni í heild.

Eins og ég sagði í upphafi máls míns, er þessum orðum engan veginn beint gegn þessu frv., sem hér er til umr., og öðru nokkuð hliðstæðu, sem d. hefur fengið til meðferðar, heldur eru þetta aðeins nokkur varnaðarorð til ríkisstj. og stuðningsmanna hennar um, að hverfa verði frá gegndarlausri skuldasöfnun og stefna ekki vísvitandi með henni að vaxandi verðbólgu í landinu, því að ef þjóðin getur ekki að mestu búið að sínu í góðæri, hvernig fer þá, þegar harðnar í ári?

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 24 shlj. atkv. og til fjh.- og viðskn. með 24 shlj. atkv.

Félagsráðgjöf, frv. (þskj. 632). — 1. umr.

Heilbr. og trmrh. (Magnús Kjartansson): Herra forseti. Frv. það, sem hér liggur fyrir, hefur verið samið í heilbr.- og trmrn. samkv. beiðni Stéttarfélags íslenskra félagsráðgjafa. Skömmu eftir að heilbr.- og trmrn. var stofnað og tekið til starfa haustið 1970, bárust því óskir frá félagsráðgjöfum um, að gerðar yrðu ráðstafanir til þess að vernda starfsheiti þeirra og starfsréttindi. Þá þótti ekki liggja alveg ljóst fyrir, að það væri í verkahring heilbr.- og trmrn. að hafa forgöngu um setningu laga, sem fjölluðu um félagsráðgjöf og félagsráðgjafa, réttindi þeirra og skyldur. Fór því fram athugun á þessu í því rn. ásamt félmrn. og menntmrn. Að könnun þessari lokinni þótti rétt, að heilbr.- og trmrn. hefði forgöngu um setningu slíkrar löggjafar, og því er þetta frv. nú lagt fyrir Alþingi.

Stétt félagsráðgjafa er ung hér á landi, þótt félagsráðgjöf í einhverri mynd hafi að sjálfsögðu verið til miklu lengur. Það var ekki fyrr en 1964, að stofnað var Stéttarfélag íslenskra félagsráðgjafa, og í því eru nú um 20 félagar. Hins vegar er gert ráð fyrir verulegri fjölgun í stétt þessari nú á næstunni, þar eð vitað er, að kringum 20 nemendur eru að því komnir að ljúka prófum.

Starfssvið félagsráðgjafa er í sjálfu sér mjög víðtækt og alls ekki einskorðað við heilbrigðismálaþátt þjóðfélagsins, heldur grípa margir aðrir þættir þar inn í. Félagsráðgjafar vinna að langmestu leyti á vegum opinberra aðila, svo sem félagsmálastofnana, sjúkrahúsa, heilsuhæla, heilsuverndarstöðva, geðverndarstöðva, endurhæfingarstöðva o. s. frv. Auk þess starfa félagsráðgjafar í skólum, við tryggingakerfið, við fangahjálp, við fjölskylduráðgjöf o. fl., o. fl. Starfið er í eðli sínu bæði fyrirbyggjandi og endurhæfandi og er talið ómissandi liður í meðferð afbrigðilegra atvika í nútímaþjóðfélagi.

29. júní 1967 var gerð í Evrópuráðinu samþykkt félagsráðgjafa um hlutverk þeirra og menntun

svo og stöðu í þjóðfélaginu. Að því er varðar stöðu félagsráðgjafa var í ályktun þessari skorað á aðildarríki Evrópuráðsins að gera ráðstafanir til þess að vernda starfsheiti og starfsréttindi þeirra, sem höfðu lokið tilskildu námi og prófum, sem eiga að kallast það, sem í ályktuninni er nefnt „social worker".

Nú er sá galli á gjöf Njarðar, að nám í félagsráðgjöf verður ekki stundað hér á landi enn sem komið er, heldur hefur aðallega verið nauðsynlegt að sækja til Norðurlanda til náms. Nú er hins vegar starfandi n. á vegum menntmrn., sem vinnur að undirbúningi sérstakrar námsbrautar í félagsráðgjöf við Háskóla Íslands, þjóðfélagsfræðideild. Erlendis er félagsráðgjöf aðallega kennd í tengslum við háskóla, en það þekkist líka, að sérstakar stofnanir, sérháskólar, veiti þessa kennslu. Inntökuskilyrði á Norðurlöndum til námsins er stúdentspróf eða a. m. k stúdentspróf í ákveðnum námsgreinum, og lágmarksaldur við inntöku í skólann er 19 ár. Námstilhögun er með líku sniði í skólunum á Norðurlöndum, og er námstíminn þar yfirleitt 3½ ár, og er námið samfellt allt árið. Námið skiptist í verklegt og bóklegt nám, og nær bóklega námið yfir um það bil ⅔ hluta af námstímanum eða um 2½ ár. Meðal námsgreina, sem kenndar eru, eru lögfræði, þar með talin stjórnlagafræði, stjórnmálasaga, þjóðhagfræði ásamt félagsmálafræði, félagsfræði og svo að sjálfsögðu sálarfræði.

Eins og ég sagði í upphafi máls míns, er það mat heilbr.- og trmrn., að þörf sé orðin fyrir lögvernd hér á landi, bæði á starfa og starfsheiti félagsráðgjafa, og því ber að setja löggjöf í þá veru, sem hér er lagt til.

Um frv. í heild er það að segja, að það er að stofni til sniðið eftir hliðstæðum lögum, og má þar t. d. nefna nýsett hjúkrunarlög, læknalög, lög um sjúkraþjálfa svo og lög um tæknimenntaðar heilbrigðisstéttir og reglugerð um meinatækna, sem sett var á s. l. ári með stoð í þeim lögum. Ég sé ekki ástæðu til að fjalla um einstakar greinar frv. á þessu stigi, en leyfi mér að vísa til aths., sem frv. fylgja, og legg svo til, herra forseti, að frv. verði að lokinni 1. umr. vísað til 2. umr. og hv. heilbr.- og trn.

Ragnhildur Helgadóttir: Herra forseti. Ég kvaddi mér hljóðs til þess að vekja athygli á mjög sérstæðu atriði í sambandi við það, með hverjum hætti þetta mál er fram lagt. Um efnisatriði þess mun ég ekki ræða, enda hafði ég ekki búið mig undir það. Mér virtist, að framlagning þessa máls væri e. t. v. af einhverjum misskilningi komin úr hendi hæstv. heilbrrh.

Svo er um félagsráðgjöf, eins og raunar kom fram í umr. um þessa starfsgrein hér á Alþ. í vetur, að hún er hjálpargrein og tengiliður ýmissa annarra starfsgreina, svo sem læknisfræði, sálarfræði, lögfræði, félagsfræði og guðfræði, svo að nokkuð sé nefnt. Einnig er þessi starfsgrein mikið nýtt á sviði ýmiss konar skólastarfs og í margs konar framfærslumálum. Það er því ekki hægt að segja, að félagsráðgjöf heyri til heilbrigðismála sérstaklega, fremur en margt annað í þjóðfélaginu. En í víðtækasta skilningi má það auðvitað til sanns vegar færa, að flest, sem heiti hefur í þjóðfélaginu, geti með einhverjum hætti heyrt heilbrigðismálum til, ef maður teygir sig út í ítrustu rök. Vissulega getur ýmiss konar skólastarf verið því tengt, að nemendurnir njóti fyllstu félagslegrar heilsu og stefnt sé að því, að þeir hljóti fyllsta andlega þroska o. s. frv. Út frá slíkum röksemdum gæti hæstv. heilbrrh. látið sér detta í hug að flytja frv. um hvaðeina á sviði þjóðmálanna.

Félagsráðgjöf sem slík virðist fljótt á litið beinlínis hljóta að heyra undir félmrn. Menntun í félagsráðgjöf virðist eftir núv. starfaskiptingu í stjórnarráðinu hljóta að heyra undir menntmrn. eins og menntun í öðrum strafsgreinum. En hæstv. ráðh. Alþb. láta það sig ekki miklu skipta. Þess er skemmst að minnast, að hér á Alþ. í vetur flutti hæstv. sjútvrh. frv. um menntun í fiskvinnslufræðum og skyldi sú grein tilheyra sjútvrn. Á sama tíma var hæstv. menntmrh. með annað frv. svipaðs eðlis, þar sem sú grein skyldi heyra undir það rn. Það virðist því vera ákaflega óljóst, hvað hæstv. ráðh. þykir heyra til síns verkahrings hverjum og einum.

Hæstv. heilbrrh. gat þess í framsöguræðu sinni, að það hefði verið athugað í því rn., hvort mál þetta rúmaðist ekki innan þess verkahrings, og það hefði einnig verið athugað í félmrn. og menntmrn. Mér er ekki kunnugt um, hverjir hafa athugað það í þeim rn., en ég þykist þess fullviss og reyndi að afla mér upplýsinga um það um það leyti, sem mál þetta var lagt hér fram, að hæstv. ráðh. sjálfum í þessum rn. var ekki kunnugt um framlagningu þessa máls eða undirbúning þess. Um það lá engin vitneskja fyrir og ekki var hægt að fá það upplýst, að svo væri.

Mér sýnist því fyllsta ástæða til þess að beita um þetta mál því ákvæði 8. gr. l. um stjórnarráð Íslands, 2. málsgr., að hæstv. forsrh. skeri úr um, hvaða rn. eigi um þessi mál að fjalla. 2. málsgr. hljóðar svo, með leyfi hæstv. forseta: „Nú þykir vafi á leika, undir hvert rn. málefni heyri, og sker forsrh. þá úr."

Að vísu hefur hæstv. heilbrrh. tekið þetta verkefni að sér, eins og hann lýsti hér áðan, að ákveða, undir hvern þetta heyrði. En ég beini því hér með til hans að snúa sér til hæstv. forsrh. og æskja þess, að hann skeri úr um þetta efni.

Nú er það ekki mitt að svara fyrir hæstv. menntmrh. Ég geri ráð fyrir, að hann sé fyllilega maður til þess sjálfur og hans flokksmenn. En óneitanlega sýnist mér það ákaflega óviðurkvæmilega að farið, þegar það er vitað og raunar því lýst hér á Alþ. í vetur, að menntun í félagsráðgjöf er í vandlegri athugun á vegum menntmrn. og hefur raunar verið það í tvö ár, undirbúningur að námsbraut í Háskóla Íslands á þessu sviði stendur yfir, og það var raunar að því stefnt og þess getið í áliti háskólanefndar, sem hafði lokið störfum, áður en þessi hæstv. ríkisstj. tók við, og á þeim grundvelli starfaði svo og starfar enn þessi n. á vegum hæstv. menntmrn. En nú bregður svo við, að hér koma nýjar till. um menntun félagsráðgjafa frá hæstv. heilbrrh. og það þarf að upplýsa, hvort þær till. rekast á till. hæstv. menntmrh.

Fyrir því spyr ég um þetta efnisatriði, að mér

þykir það mjög miklu skipta, að menntun á þessu sviði færist inn í okkar land. Starf félagsráðgjafa byggist m.a. á þekkingu, sem verður að vera staðbundin og bundin við sérstök lög og reglur og aðstæður þess lands, þar sem starfið er stundað, ef það á að koma að hinum fyllstu notum. Við eigum sem betur fer nokkrum ágætlega menntuðum félagsráðgjöfum á að skipa, en þeir þyrftu að vera miklu fleiri, og á meðan þessi menntun er ekki flutt inn í landið verða þeir ekki nægilega margir.

Ýmiss konar ný löggjöf, sem við munum setja sennilega á næstunni, gerir einmitt ráð fyrir talsverðum fjölda nýrra félagsráðgjafa, og forsenda til framkvæmdar ýmiss konar nýrrar löggjafar er einmitt, að við eigum nægilega mörgum vel menntuðum félagsráðgjöfum á að skipa.

Ég vil því leyfa mér að beina því til hv. n., sem fær þetta mál til meðferðar, — ég man nú ekki, til hvaða n. hæstv. ráðh. (Gripið fram í.) — hæstv. ráðh. lagði til, að málið færi til heilbr.- og trn., — mér sýnist að vísu, að það eigi ekki fremur heima þar en málið yfir höfuð í heilbrn. Ég mun samt alls ekki setja mig á móti þeirri till. hæstv. ráðh. á þessu stigi. En þar eð ég á sjálf sæti í þessari n., mun ég ekki þurfa að bera fram þau tilmæli til n., sem ég ætlaði að gera hér úr ræðustól. Ég mun þá beita mínum litlu áhrifum í þeirri n. til þess að sjá svo til, að þarna verði ekki um árekstur að ræða á milli þess verkefnis, sem mér skildist á hæstv. ráðh. í vetur, að verið væri að leysa á vegum þess rn., og þeirra till., sem liggja fyrir í þessu frv.

Hitt er svo annað mál, að ég er engan veginn með þessum aths. að mæla gegn því, að sett verði sérstök lög um starfsréttindi og skyldur félagsráðgjafa. Þvert á móti tel ég nauðsyn, að slík löggjöf verði sett. Ég vil aðeins vekja á því athygli, að það hlýtur að vera svo með þessa stétt eins og aðrar, að menn verði að halda sig við almennar reglur, sem gilda um starfaskiptingu í stjórnarráðinu.

Þegar ég leyfði mér í vetur að bera fram fsp. um menntun félagsráðgjafa til þess að knýja á um það, að framkvæmd yrði fyrirætlun um að koma á íslenskri félagsráðgjafamenntun, sagði hæstv. menntmrh. svo í lok ræðu sinnar:

„Aðgangur er víða þröngur að námsstofnunum á þessu sviði, og þar sem starfsvettvangur félagsráðgjafa virðist jafnframt fara vaxandi, eins og fyrr var drepið á, virðast flest rök hníga að því, að sem fyrst beri að stofna til menntunar í félagsráðgjöf hér á landi. Menntmrn. hefur fyrir sitt leyti fullan hug á að fylgja því máli fram.“

Á þessu vildi ég leyfa mér að vekja athygli og mun svo reyna að gera mitt til að athuga málið betur í nefnd.

Heilbr.- og trmrh. (Magnús Kjartansson): Herra forseti. Aðeins örfá orð til að leiðrétta misskilning. Ég gerði grein fyrir því í upphafi, að það er álitamál, eins og hv. þm. Ragnhildur Helgadóttir viðurkenndi, undir hvaða rn. málefni félagsráðgjafa, sem menntun hafa hlotið, eiga að heyra, og fer mjög fjarri því, að mér sé það eitthvert sérstakt kappsmál, að það heyri undir heilbrn. Þetta var kannað af þessum þremur rn. sameiginlega, sem ég ræddi um, og niðurstaðan var sú, að heilbr.- og trmrn. beitti sér fyrir þessu. (RH: Það er verkefni forsrh. að skera úr slíku máli.) Ég hef ekkert á móti, að hæstv. forsrh. geri það, og ég hef ekkert á móti því, að n., sem um þetta fjallar, taki þetta atriði til athugunar. Hér er einvörðungu um það að ræða að verða við beiðni Stéttarfélags ísl. félagsráðgjafa um ráðstafanir til að vernda starfsheiti þeirra og starfsréttindi.

Það er mikill misskilningur hjá hv. þm. að blanda þessu saman við menntun þessara starfsstétta. Menntunin heyrir að sjálfsögðu undir menntmrn., og það er ekki orð í þessu frv. um menntun félagsráðgjafa. Hér er aðeins um að ræða starfsréttindi, og þau starfsréttindi verður eitthvert rn. að veita að sjálfsögðu. Menntun lækna heyrir t.d. undir menntmrn., hins vegar eru starfsréttindi lækna á vettvangi heilbrrn. Hér er einvörðungu um að ræða ráðstafanir til þess að vernda starfsheiti og starfsréttindi þessara stétta.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 23 shlj. atkv. og til heilbr.- og trn. með 24 shlj. atkv.

Aðstoð við kaupstaði og kauptún vegna landakaupa, frv. (þskj. 510). — 1. umr.

Félmrh. (Björn Jónsson): Herra forseti. Hér er lítið frv. á ferðinni, stjfrv., sem er komið frá hv. Ed., þar sem það hlaut einróma samþykki. Efnisatriði þessa frv. varða lánakjör úr svokölluðum landakaupasjóði, en þau hafa verið þannig allt frá því 1963, að l. tóku gildi, að lánstími hefur verið 25 ár og ársvextir 5%. Nú er lagt til með þessu frv., að lánskjörunum verði breytt þannig, að lánstíminn verði 15 ár, en heimilt verði að ákveða, að lán verði afborgunarlaust 3 fyrstu árin, en vextir skuli vera 3% lægri en almennir útlánsvextir lánastofnana. Þetta er efni frv., og er það þess vegna mjög einfalt og þarfnast ekki mikilla skýringa.

Það er, held ég, alveg auðsætt öllum þeim, sem á þetta líta, að ákvæðin um lánakjörin eru orðin algjörlega úrelt eftir þær miklu vaxtahækkanir, sem urðu á s.l. vori, og einnig þegar litið er til þeirrar miklu verðbólguþróunar, sem orðið hefur í landinu undanfarin ár, þar sem hér er um algjörlega óverðtryggð lán að ræða. Tilgangurinn með frv. er vitanlega sá, að það takmarkaða fé og ég vil segja of lítla fé, sem veitt er til aðstoðar sveitarfélögunum til landakaupa, verði svolítið drýgra í meðförum og eyðist ekki alveg eins skjótt upp og nú er, og einnig að hægt sé að gera fleirum, sem um þau sækja og eiga fullan rétt á þeirri aðstoð, sem hér um ræðir, frekar úrlausn heldur en ella.

Ég vil svo geta þess, að það hefur verið haft samband við Samband ísl. sveitarfélaga, áður en þetta frv. var lagt fram, og síðan hefur það verið staðfest af stjórn sambandsins, að það er þessari breyt. algjörlega samþykkt, og ætti þá ekki að standa á öðrum að veita þessari breyt. atfylgi.

Á fskj. eru svo skýringar, bæði um það, hvernig því fé hefur verið varið, sem á undanförnum árum hefur verið til ráðstöfunar til sveitarfélaganna vegna landakaupa, og eins skrá yfir óafgreiddar lánsumsóknir. Sést á því, að það fé, sem sjóðurinn hefur til umráða, hrekkur of skammt og ekki veitir af því að gera þá breyt., sem hér er um að ræða.

Herra forseti. Ég sé ekki ástæðu til þess, þar sem hér er um einfalt mál að ræða, að hafa um það fleiri orð. Ég legg til, að því verði að lokinni þessari umr. vísað til 2. umr. og hv. félmn.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 24 shlj. atkv. og til félmn. með 22 shlj. atkv.

Skipulag ferðamála, frv. (þskj. 626). — 1. umr.

Félmrh. (Björn Jónsson): Herra forseti. Ég mæli hér fyrir stjfrv. til l. um skipulag ferðamála, en frv. er komið frá hv. Ed., þar sem það hefur verið samþ. einróma með nokkrum minni háttar breyt. Frv. þetta var einnig lagt fram á síðasta þingi, en var þá ekki útrætt og hefur því verið endurflutt á þessu þingi.

Þetta frv. er samið af n., sem samgrh. skipaði 2. febr. 1972 til að endurskoða gildandi lög um ferðamál frá 1969 með sérstöku tilliti til endurskipulagningar og uppbyggingar starfsemi ferðamálaráðs og Ferðaskrifstofu ríkisins. N. skipuðu þeir Brynjólfur Ingólfsson ráðuneytisstjóri, form., Heimir Hannesson lögfræðingur og Lúðvík Hjálmtýsson framkvstj., en starfsmaður n. var Ólafur Steinar Valdimarsson skrifstofustjóri.

Eins og segir í 1. gr. frv., er tilgangur þess að stuðla að þróun ferðamála og skipulagningu ferðaþjónustu fyrir íslenskt og erlent ferðafólk, sem mikilvægs þáttar í íslensku atvinnulífi, bæði með hliðsjón af þjóðhagslegri hagkvæmni og umhverfisvernd. Meginstefna þess er sú, að leitast við með hóflegri og hæfilegri forsjá hins opinbera að vinna að skipulegri þróun og aukningu ferðamannastraums til Íslands og Íslendinga um land sitt á þann veg, að ferðamannaþjónusta eigi að geta eflst eigi síður en aðrar atvinnugreinar, sem afkoma þjóðarinnar byggist á, og skipað meðal þeirra eðlilegan og æskilegan sess, en jafnframt sé haldið svo á málum, að ekki séu opnaðar allar gáttir fyrir óskipulögðum ferðamannastraumi til Íslands og með því boðið heim margvíslegum hættum, sem slíku gætu fylgt, bæði fyrir þjóðlíf okkar í heild og fyrir það náttúruumhverfi, sem er okkar þjóðarstolt og við viljum varðveita sem eina dýrmætustu eign þjóðarinnar. Hér þarf sýnilega að þræða hinn gullna meðalveg og kunna fótum sínum forráð. En slíkt verður ekki gert án skipulegrar samvinnu milli þeirra annars vegar, sem atvinnugreinina stunda, og hins vegar þeirra opinberu aðila, sem að verulegu marki bera ábyrgð á sviðum atvinnu- og efnahagsþróunar og verndun þeirra þjóðarverðmæta, sem fólgin er í náttúruundrum landsins.

Á síðustu árum hefur bólað á þeirri skoðun, að aukning á ferðamannastraumi til landsins væri af hinu illa og að afleiðingar hans yrðu mengun og hvers konar menningarspjöll. Jafnvel hefur örlað á þeim kenningum, að hindra bæri frekari aukningu en orðin er af þeim sökum. Að baki þessum skoðunum stendur sú trú, sem við lítil rök á að styðjast, að einhver og gífurlegur fjöldi erlendra ferðamanna standi í eins konar óendanlegum biðröðum eftir því að troða landið fótum í bókstaflegum eða óeiginlegum skilningi. Að flestra dómi, sem skoðað hafa þessi mál svo vandlega sem kostur hefur verið á, er þessu á allt annan veg farið, þ. e. a. s. þann, að mjög mikið átak þurfi að koma til af opinberri hálfu og einnig þeirra, sem ferðamannaþjónustu stunda, til þess að við getum notið eðlilegs hluta þess alþjóðlega markaðar, sem hér er um að ræða, og fyrirsjáanleg sé mjög bráðlega algjör stöðnun í þróun túrisma hérlendis sem atvinnugreinar, ef ekkert er að gert. Kemur þetta m. a. mjög greinilega fram í fyrri hluta áliti bandarísku fyrirtækisins Checchi & Co., sem hefur að tilstuðlan Sameinuðu þjóðanna unnið að álitsgerð um þróun íslenskra ferðamála.

Sé hinni efnahagslegu hlið málsins velt fyrir sér, blasa við margvísleg rök fyrir því að efla ferðamannaþjónustu. Þar er í fyrsta lagi um að ræða beina viðskiptalega hagsmuni, svo sem auknar gjaldeyristekjur, auknar tekjur flugfélaga, skipafélaga, gisti- og veitingastaða og auk þess þau örvunaráhrif, sem ferðamannaþjónusta hefur á fjölda framleiðslugreina, svo sem í matvælaframleiðslu, margs konar iðnvarningsgreina og þjónustustarfsemi. Enn kemur hér til, sem er mjög mikilvægt, að erlent ferðafólk, sem kemur til Íslands, með eða án dvalar, gerir Íslendingum kleift að halda uppi betra og fullkomnara samgöngukerfi við umheiminn heldur en nokkur kostur væri á, ef aðeins væri um íslenskan heimamarkað að ræða. Það er líka svo, að ferðamannaþjónusta er þegar orðin allsnar þáttur í íslensku atvinnulífi og efnahagslífi. Þannig námu beinar og óbeinar gjaldeyristekjur af ferðamannaþjónustu árið 1971 alls 1223 millj. kr. eða sem þá svaraði 9.3% af heildarútflutningsverðmæti. Það er því staðreynd, að þessi atvinnugrein er þegar orðin verulegur þáttur í okkar atvinnu- og efnahagslífi, sem ekki verður undan vikist að viðurkenna í reynd með því að skapa honum jafnræði hvað snertir fjármögnun og opinbera fyrirgreiðslu miðað við aðrar atvinnugreinar. Ákvæði frv. um Ferðamálasjóð og eflingu hans er ætlað að mæta þessari augljósu nauðsyn.

Þar sem hér er um endurflutt frv. að ræða, sem hv. þm. hafa vafalaust kynnt sér rækilega, mun ég ekki að þessu sinni, nema sérstakt tilefni gefist til, ræða einstök atriði þess og ákvæði nákvæmlega.

Frv. skiptist í 6 kafla, og er hinn 1. um tilgang laganna og yfirstjórn ferðamála.

2. kafli fjallar um Ferðamálastofnun Íslands, stjórn hennar og verkefni, en þau skulu vera: 1) Almenn skipulagning ferðamála. 2) Margvísleg þjónustustarfsemi. 3) Eftirlit og umhverfisvernd. 4) Sölustarfsemi og ýmisleg önnur verkefni.

3. kafli fjallar um ferðamálafélög, Ferðamálaþing og Ferðamálaráð.

4. kafli er um almennar ferðaskrifstofur.
5. kafli fjallar um Ferðamálasjóð.
6. kafli fjallar um ýmis ákvæði.

Frv. fylgir síðan itarleg grg. og fjöldi grg. um einstök atriði frv. í sérstökum fskj., þannig að allgott yfirlit og margvíslegar upplýsingar eru þar tiltækar.

Ferðamálin hafa á þessu ári verið mjög til umr. hjá mörgum aðilum. M. a. hafa landshlutasamtökin flest eða öll haft þau til rækilegrar skoðunar og gert um þau ályktanir, sem allar eru hvetjandi til jákvæðra aðgerða.

Það frv., sem hér liggur fyrir, hefur ekki sætt, svo að ég viti til, gagnrýni hvað heildarstefnu þess viðkemur. Einstök atriði hljóta hér sem víðast annars staðar að vera álitamál og koma til skoðunar í meðferð hæstv. Alþ. Hitt vil ég þó segja undir lok máls míns, að ég tel á því brýna nauðsyn, að þetta frv. nái fram að ganga á yfirstandandi þingi, og það yrðu þeim, sem að ferðamálum vinna, vonbrigði, ef svo yrði ekki, og að mínu viti til mikils tjóns fyrir æskilega þróun þessarar mikilvægu atvinnugreinar, en einnig fyrir íslenska umhverfisvernd, því að hvort tveggja verður að haldast í hendur, ef vel á að fara. Ég tel, að þetta frv. sé til þess fallið, að þeim þætti málsins sé miklu betur borgið en með þeirri löggjöf, sem um þessi mál hefur gilt.

Herra forseti. Ég mun ekki tefja tíma hv. þd. með lengri framsöguræðu fyrir þessu máli nú, ég geri ráð fyrir, að mönnum sé það kunnugt, eins og ég hef áður sagt, en legg til, að því verði nú vísað til 2. umr. og hv. samgn.

Kaupstaðarréttindi til handa Eskifjarðarhreppi, frv. (þskj. 601, n. 656). — 2. umr.

Frsm. (Hannibal Valdimarsson): Herra forseti. Þetta frv. um kaupstaðarréttindi til handa Eskifjarðarhreppi er komið frá hv. Ed. og er sama eðlis og þau önnur frv. þrjú, sem hér hafa verið afgr. frá þessari d. til Ed. um kaupstaðarréttindi til handa öðrum stöðum. Félmn. fjallaði um þetta frv. á einum fundi og mælti með, að það yrði samþykkt með einni breyt., sem sé, að fyrir orðin „alþingiskjördæmi Austurlands" komi: Austurlandskjördæmi. — Okkur þótti rétt að gera þessa leiðréttingu á frv., þó að það sé aðeins orðalagsbreyting, af því að í stjórnarskránni heitir kjördæmið Austurlandskjördæmi, en ekki alþingiskjördæmi Austurlands. Þá er frv. afgr. með sama hætti og hin önnur frv., sem ég áðan vék að.

Þannig breytt leggur n. til, að frv. verði samþykkt.

ATKVGR.

Brtt. 656 samþ. með 21 shlj. atkv.

1. gr., svo breytt, samþ. með 22:1 atkv.
2.—5. gr. samþ. með 21 shlj. atkv.

Ákvæði til bráðabirgða samþ. með 21 shlj. atkv.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Frv. vísað til 3. umr. með 22 shlj. atkv.

Kaupstaðarréttindi til handa Grindavíkurhreppi, frv. (þskj. 322, n. 658). — 2. umr.

Frsm. (Hannibal Valdimarsson): Herra forseti. Það stendur eins á með þetta mál og það frv., sem rétt í þessu var afgreitt. Það er komið frá Ed., og tók félmn. það til umr. og varð sammála um að mæla með samþykkt frv. óbreytts.

ATKVGR.

1. gr. samþ. með 22 shlj. atkv.
2.—5. gr. samþ. með 21 shlj. atkv.

Ákvæði til bráðabirgða samþ. með 22 shlj. atkv.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Frv. vísað til 3. umr. með 22 shlj. atkv.

Umferðarlög, frv. (þskj. 515, n. 667). — Frh. 2. umr.

Ellert B. Schram: Herra forseti. Þetta mál er hér til 2. umr., og lagt hefur verið fram nál. frá hv. allshn., þar sem kemur fram, að n. mælir með því, að frv. sé samþykkt eins og það liggur fyrir eftir afgreiðslu frá Ed.

Hér er um að ræða frv. til l. um breyt. á umferðarlögum, sem lagt er fram af hæstv. ríkisstj. En svo brá við í hv. Ed., að við meðferð þeirrar hv. d. á frv. var fellt niður ákvæði í 2. gr. frv., sem lýtur að ákveðnu gjaldi, sem renna skal til Umferðarráðs og starfsemi þess. Ég vildi við þessa umr. vekja athygli á því, hvað hér er um að ræða, því að ég álít, að ekki sé heppilegt að fella þetta ákvæði niður, og mér þykir líklegt, að hv. þm. hafi ekki gert sér grein fyrir því, í hverju þessi breyt. er raunverulega fólgin, þar sem frv. hefur ekki verið hér til meðferðar öðruvísi en það liggur fyrir eftir afgreiðslu í Ed.

Í 2. gr. frv., eins og það var lagt fyrir af hæstv. ríkisstj., segir með leyfi forseta:

„Vátryggingarfélög þau, sem fengið hafa viðurkenningu samkv. 70. gr., skulu greiða 1½% af iðgjaldatekjum þeirra vegna lögboðinna ábyrgðartrygginga ökutækja til umferðarslysavarna, er renni til Umferðarráðs. Skulu framlög þessi greidd ársfjórðungslega og miðast við iðgjaldatekjur ársins á undan. Endanlegt uppgjör fer fram, þegar ársreikningar hvers félags liggja fyrir. Það, sem á kann að vanta, til þess að þessar tekjur nægi til að standa undir rekstri Umferðarráðs, greiðist úr ríkissjóði."

Það hefur komist nokkur reynsla á starfssemi Umferðarráðs, og ég held, að það sé samdóma álit þeirra, sem með því hafa fylgst, að sú reynsla sé góð. Umferðarráð hefur beitt sér fyrir umferðarfræðslu í skólum og hjá börnum og haldið uppi almennri umferðarfræðslu í landinu. Enn fremur hefur þetta ráð séð um slysaskráningar, og þess hlutverk er að einhverju leyti jafnframt að gera rannsóknir á tildrögum slysa í umferðinni og átta sig á, hvernig úr megi bæta.

Til þess að gera sér grein fyrir umfangi þessa máls má geta þess, að nú bera tölur það með sér, að um 100 manns verði fyrir meiri eða minni slysum í umferðinni á hverjum mánuði, og það munu vera um 700 umferðarslys á hverjum

mánuði, sem eiga sér stað í landinu og að meðaltali látast tveir einstaklingar á mánuði af völdum slysa í umferðinni. Samkv. skýrslum frá Umferðarráði 1972 mun slysatjón það ár hafa numið tæplega 180 millj. kr. Af þessu má sjá, að hér er um að ræða mál, sem auðvitað varðar miklu fyrir alla landsmenn og er full þörf á því að reyna að koma í veg fyrir slík slys, reyna að halda uppi fræðslu um umferðina og varna því, að slys og tjón hljótist af völdum vaxandi umferðar í landinu.

Umferðarráð hefur sótt árlega, eins og eðlilegt er, um fjárveitingar til Alþ. og fengið umbeðið fé. Til marks um það má minna á, að fyrir síðustu fjárlagaafgreiðslu sótti Umferðarráð um 10 millj. kr. fjárveitingu, en sú fjárveiting er samkvæmt fjárl. nú rétt rúmlega 4 millj.

Beinn rekstur skrifstofu Umferðarráðs mun kosta rúmlega 2 millj., eða 2.4 millj., og ef ekki fæst meira fé til þessarar starfsemi í ár, hefur Umferðarráð aðeins rétt um 2 millj. til almenns starfs og til þess að halda uppi fræðslu og gegna sínu hlutverki. Það er að sjálfsögðu ankannalegt, þegar löggjafarvaldið og stjórnvöld eru búin að viðurkenna einhverja ákveðna starfsemi eins og starfsemi Umferðarráðs og setja slíkt ráð og slíka skrifstofu á stofn, að þá er það ankannalegt, ef ekki er síðan gert ráð fyrir því, að þessi stofnun, þessi skrifstofa fái neitt fé til að annast sitt hlutverk.

Eftir því sem ég hef getað fengið upplýst, hefur starfsemi Umferðarráðs miðast fyrst og fremst við almenna umferðarfræðslu meðal barna og unglinga. En það er nauðsynlegt jafnframt að reyna að leiða þessa fræðslu meira inn í skóla og veita miklu almennari upplýsingar um umferð og varnir gegn slysum og tjónum í umferðinni. Enn fremur hefur ekki verið unnt fyrir Umferðarráð vegna fjárskorts að gegna því hlutverki til hlítar, sem lýtur að slysaskráningu og rannsóknum á slysum.

Samkv. till., sem fólst í frv. eins og það lá fyrir upphaflega, var gert ráð fyrir því, að vátryggingarfélög greiði 1½% af iðgjaldatekjum sínum til umferðarslysavarna eða til Umferðarráðs, en eins og frv. liggur fyrir í dag, er gert ráð fyrir því, að þetta gjald falli niður. Hér er um að ræða aðferð, sem er hliðstæð því, sem þekkist á öðrum sviðum slysavarna á Íslandi og í öðrum löndum. Það má geta þess, að undir rekstri Brunamálastofnunar er staðið með sama hætti, þ.e.a.s. ákveðinn hluti af iðgjaldatekjum tryggingafélaga rennur til Brunamálastofnunar, og þannig fær hún fé til starfsemi sinnar. Í öðrum löndum er það líka viðtekin venja, að hluti af iðgjaldatekjum sé látið renna til umferðarslysavarna. Hér er því um eðlileg vinnubrögð og eðlilega till. að ræða.

Það hefur komið fram hér á þingi, eins og glöggt má sjá á frv., eins og það liggur fyrir núna, að alþm. virðast vera á móti mörkuðum tekjustofnum, eins og frv. gerði ráð fyrir upphaflega, og mér skilst, að það sé meginforsendan fyrir því, að ákvæðið er fellt niður úr lögunum. Í stað þess hafa menn lagt til, að fjár til umferðarslysavarna sé aflað með því að taka fé af almennum fjárl. En þessu er til að svara, að auðvitað þýðir það, ef á að taka fé af fjárl., að fólk verður að borga hærri skatta, það verður að hækka skatta til að standa undir fjárl., og eftir því sem fjárveitingar hækka til umferðarslysavarna á fjárl., þá verður auðvitað að afla meiri tekna fyrir ríkissjóð. Hér er því um að ræða engan eðlismun, heldur spurningu um aðferð við það, hvernig þessa fjár er aflað. Að mínu viti er miklu hyggilegra að taka þennan skatt með þeim hætti, sem frv. gerði ráð fyrir upphaflega, þ.e.a.s. með óbeinum skatti, þar sem lagt er á þá, sem í umferðinni eru, að greiða ákveðinn hluta til þessarar starfsemi. Út af fyrir sig er það mjög eðlilegt að fjárins sé aflað með því, að það fólk, sem nýtur þjónustu, nýtur vegagerðar, trygginga og almennrar umferðarfræðslu, greiði hlut í þessari starfsemi. Þess vegna get ég ekki séð nein rök fyrir því að fella þetta ákvæði niður úr frv. Þvert á móti held ég, að það eigi að vera stefna okkar hér í þinginu að reyna að lækka fjárl. eða draga úr þeirri tilhneigingu að setja allt inn á fjárl., en einmitt að marka fleiri tekjustofna með þessum hætti.

Það má líka taka til athugunar, að undanfarin ár hefur Umferðarráð þurft að leita til fjárveitingavaldsins um fjárveitingar, en því miður hafa undirtektir ekki verið góðar og í ljós hefur komið, að fjárveitingavaldið eða Alþ. hefur ekki haft skilning á þessari starfsemi og skorið fjárveitingar mjög við nögl. Þess vegna hefur nú verið leitað þessa ráðs, að marka þennan tekjustofn í umferðarlögum og ég er því mjög hlynntur, að það ákvæði nái fram að ganga.

Af þessum sökum hef ég leyft mér að bera hér fram brtt. við frv., eins og það liggur fyrir nú. Brtt. er orðrétt 2. gr. frv., eins og það var upphaflega borið fram af hæstv. forsrh. eða dómsmrh. Hæstv. ráðh. fylgdi þessu máli úr hlaði með nokkrum orðum í hv. Ed. og færði sterk rök fyrir því, að þetta ákvæði væri í frv., og ég vitna til þeirra orða. Ég treysti því, að hv. þd. hafi á þessu máli skilning, að hún greiði atkv. þessari till., sem er orðrétt till. hæstv. dómsmrh. í upphafi þessa máls.

ATKVGR.

Afbrigði um skrifl. brtt. (sjá þskj. 700). samþ. með 23 shlj. atkv.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Sameinað þing, 74. fundur.

Föstudaginn 5. apríl, kl. 2½ miðdegis.

Umræður utan dagskrár.

Matthías Á. Mathiesen: Herra forseti. Fyrir nokkrum dögum barst okkur fulltrúum Sjálfstfl. í utanrmn. til eyrna, að ríkisstj. hefði veitt austur-þýskum flugvélum lendingarleyfi, til þess að hér gætu farið fram áhafnaskipti á austur-þýskum verksmiðjutogurum.

Þar sem hér var um að ræða, ef rétt var hermt, breytta stefnu í þessum málum, báðum við hv. 2. þm. Reykv., Geir Hallgrímsson, um fund í utanrmn., þar sem ríkisstj. gerði grein fyrir máli þessu. Á fundi í utanrmn. í morgun stað-

festi forsrh., sem mætti þar í fjarveru utanrrh., að rétt væri, að austur-þýskum stjórnvöldum hefði verið veitt heimild til þess að láta flugvélar lenda hér 3 sinnum á tímabilinu 12. apríl til 4. maí, nánar tiltekið 12. eða 13. apríl, 23. eða 24. apríl og 3. eða 4. maí. Hingað yrðu fluttar þrjár 85 manna áhafnir verksmiðjutogara til skipta á öðrum, og þau verksmiðjuskip kæmu hér til hafnar. Á utanrmn.-fundinum kom fram, að erindi þessa efnis frá austur-þýskum stjórnvöldum hafði borist utanrrn. 22. febr. s.l., en ekki verið skýrt frá því í utanrmn. heldur, eins og fram kom áðan, þurftum við fulltrúar Sjálfstfl. að óska sérstaklega eftir fundi til þess að fá þetta mál upplýst. Við umr. í utanrmn. í morgun gagnrýndum við fulltrúar stjórnarandstöðunnar mjög afgreiðslu þessa máls svo og þær leyfisveitingar, sem þar var skýrt frá, og við töldum, að hér væri um svo alvarlegt mál að ræða, að eðlilegast væri, að forsrh. gæfi þingheimi þá grg., sem hann gaf á fundi n. í morgun. Það var þess vegna, sem við fulltrúar Sjálfstfl. óskuðum eftir því við hæstv. forsrh. á fundinum, að hann beitti sér fyrir því, að fundur yrði boðaður í Sþ. þar sem þingheimi gæfist tækifæri til þess að hlýða á grg. hans, þá sem hann gaf í morgun, og stjórnarandstöðunni gæfist tækifæri til þess að láta gagnrýni sína í ljós, — þá gagnrýni, sem fram kom á fundinum í morgun.

Ég tel ekki eðlilegt, að ég í þessari ræðu minni hefji efnislega gagnrýni á þá grg., sem forsrh. gaf n. í morgun, fyrr en hann hefur flutt þingheimi þá grg. En ég vil þakka honum og hæstv. forseta Sþ. fyrir þetta tækifæri, að forsrh. mun nú flytja þingheimi þær upplýsingar, sem hann gaf utanrmn. í morgun.

Forsrh. (Ólafur Jóhannesson): Herra forseti. Utanrrn. barst hinn 25. febr. 1974 orðsending frá sendiráði Austur-Þýskalands, þar sem óskað var leyfis til þess, að fram fari í Reykjavík í apríl og maí skipti á 3—4 áhöfnum útsjávarfiskiflota Þýska alþýðulýðveldisins, og tekið fram, að alls væri þar um 255 sjómenn að ræða. Jafnframt var beðið um lendingarleyfi í sambandi við 3 leiguflug austur-þýska flugfélagsins Interflug dagana 12.—13. apríl, 23.—24. apríl og 3.—4. maí. Utanrrn. sendi ofangreinda beiðni fyrst til samgrn. og síðar til sjútvrn. Hið fyrrnefnda, þ. e. a. s. samgrn., sendi málið flugmálastjóra til umsagnar. Í svari samgrn., dags. 15. mars, segir:

„Rn. fellst fyrir sitt leyti á þá niðurstöðu flugmálastjóra, að ekkert sé því til fyrirstöðu að veita umrætt leyfi, en vekur athygli á, að þar sem upplýsingar vantar um flugvélartegundina, liggur ekki ljóst fyrir, hvort mögulegt er að nota Reykjavíkurflugvöll."

En þó að þetta erindi færi að sjálfsögðu í gegnum utanrrn., heyrir Reykjavíkurflugvöllur auðvitað undir samgrn.

Í svarbréfi sjútvrn., sem var dags. 21. mars, var sagt, að rn. staðfesti samþykki sitt við, að umrædd leyfi verði veitt í þau 3 skipti, sem tilgreind eru í bréfi Þýska alþýðulýðveldisins frá 25. febr. 1974.

Að fengnum þessum umsögnum tilkynnti utanrrn. sendiráðinu, að hið umbeðna leyfi yrði veitt, þ. e. lending 3 flugvéla frá Interflug í Reykjavík, þegar nánari upplýsingar bærust um flugið. En síðan gerðist það nokkrum dögum síðar, að það var hringt frá austur-þýska sendiráðinu og sagt, að þessar Interflugvélar væru svo stórar, að þær gætu ekki lent í Reykjavík, og væri þess vegna óskað lendingarleyfis fyrir þær í Keflavík. Sendiráðinu var tjáð, að slíkt væri ekki hægt að afgreiða í síma og skrifleg beiðni með ýtarlegum upplýsingum yrði að berast. Kom síðan sendifulltrúinn með bréf til ráðuneytisstjórans í utanrrn. 26. mars s.l., þar sem hann gerir grein fyrir þeim ástæðum, sem hann telur vera fyrir því, að það sé útilokað fyrir þessar flugvélar að lenda á Reykjavíkurflugvelli.

Ráðuneytisstjórinn í utanrrn. tók málið til athugunar og ræddi það í síma við báða flugvallarstjórana, í Keflavík og Reykjavík, er báðir sögðu, að IL-18 flugvélar gætu lent í Reykjavík, en þó sló annar þeirra þann varnagla, að hugsanlega hefðu Austur-Þjóðverjar reglur um lendingar þessara véla, sem væru strangari en annars staðar. Það varð samt sem áður niðurstaðan í þetta skipti og þá í samráði við mig, sem þá gegndi störfum utanrrh., að þeim var enn á ný skrifað bréf, þar sem það var endurtekið, að þeir gætu fengið þessi 3 lendingarleyfi í Reykjavík og það væri skoðun íslenskra flugyfirvalda, að það væru skilyrði fyrir hendi til lendingar fyrir þessar vélar. En sendifulltrúinn kom svo enn á ný til viðtals við ráðuneytisstjórann og endurtók þau sjónarmið austur-þýskra yfirvalda, að það væri gjörsamlega útilokað, að þessar flugvélar lentu á Reykjavíkurflugvelli. Færði hann fram frekari rök fyrir beiðni sinni, sem ég sé ekki ástæðu til þess að fara langt út í hér, — vil þó aðeins geta þess, að hann skírskotaði bæði til þess, að Austur-Þýskaland hefði í verki algjörlega viðurkennt íslenska landhelgisútfærslu og skip þeirra hefðu haldið sig fjarri mörkunum, að þeir hefðu þennan hátt á um skiptingu á skipshöfnum á ýmsum öðrum stöðum, þó ekki hér í nálægum löndum, og að þessi skip veiddu alls ekki nálægt Íslandsmiðum, heldur aðallega við Nýfundnaland og Ameríkuströnd og eitthvað við Norður-Noreg. Einnig skírskotaði hann til vinsamlegra samskipta á milli landanna, en það er ekki annað hægt að segja en að mjög vinsamleg samskipti hafi verið að öllu leyti á milli Íslands og Austur-Þýskalands.

Að loknu þessu var þetta tekið á ný til yfirvegunar, og það var svo ég, sem tók um það ákvörðun, — en á sínum tíma hafði málið áður verið rætt í ríkisstj., að leyfi yrði veitt fyrir þessum 3 flugvélum á Keflavíkurflugvelli, en það væri gert með þeim hætti, að austur-þýskum yfirvöldum og sendiráðinu væri skrifað bréf. Það bréf var skrifað 2. apríl, og þar segir, að það hafi verið ákveðið að leyfa sem undantekningu — ég endurtek það: sem undantekningu 3 lendingar flugvéla í Keflavík, 12.—13. apríl, 23.—24. apríl og 3.—4. maí 1974, með því skilyrði, að sundurliðaðar upplýsingar komi um flugvélarnar og ferðaáætlun með venjulegum hætti. Þetta leyfi megi ekki skilja sem nokkurn ádrátt eða vísbendingu um það, að frekari lend-

ingarleyfi verði veitt í framtíðinni í þeim tilgangi að skipta um áhafnir á fiskveiðitogurum.

Það er augljóst, í hvaða tilgangi beðið er um slík leyfi. Það er að sjálfsögðu til að spara þessum skipum heimsiglingartíma, og þar af leiðandi má auðvitað játa, að það er augljóst, að þessi skip geta veitt eitthvað meira en ella, og það var auðvitað ástæðan til þess, að það þótti ástæða til þess að hugsa sig nokkuð um þetta. En hvort tveggja er, að sá háttur hefur lengi tíðkast, að sjómenn af erlendum skipum hafa komið hingað og farið með flugvélum. án þess þó að mér er ekki kunnugt um það, að um heilar skipshafnir hafi verið að ræða. Sjálfir höfum við haft þennan hátt á og notað við veiðar okkar, a. m. k. í Norðursjó. þegar þurft hefur að skipta um áhafnir, þ. e. að láta sjómenn fara flugleiðis á milli. Það var enn fremur litið svo á, að það væri ómögulegt að hindra það, að Austur-Þjóðverjar hefðu þann hátt á að láta þessar skipshafnir koma hingað með venjulegum farþegaflugvélum. Það hefði enginn getað bannað það. Það hefði sjálfsagt orðið þeim eitthvað dýrara, og það er vafalaust ástæðan fyrir því, að þeir velja þennan kostinn, að nota leiguflug til þess.

En þegar þessi varð efnislega niðurstaðan eða forsendan fyrir því, að þetta leyfi hafði þó á sínum tíma verið veitt líka sem algjör undantekning á Reykjavíkurflugvelli, þá sá ég ekki ástæðu til þess að gera í þessu sambandi upp á milli Reykjavíkurflugvallar og Keflavíkurflugvallar. Fyrir okkur er að minu viti öldungis sama, hvort flugvélarnar lenda á Reykjavíkurflugvelli eða á Keflavíkurflugvelli, og Keflavíkurflugvöllur er auðvitað opinn alþjóðlegur flugvöllur, sem erlendar leiguflugvélar fara um og við synjum yfirleitt ekki um lendingarleyfi. En það er auðvitað oft, sem beðið er um lendingarleyfi fyrir flugvélar, og mér er ekki kunnugt um, að sá háttur hafi verið hafður á, að slík málefni hafi nokkru sinni verið lögð fyrir utanrmn. til umsagnar, heldur hafa það verið flugmálayfirvöld, sem hafa þar um sagt sitt.

Í þessu tilfelli var eina atriðið, sem gat gefið ástæðu til þess að fjalla um þetta í utanrmn., að það væri verið að greiða fyrir því, að einstök þjóð gæti veitt eitthvað meira af fiski í Norðurhöfum, kannske af fiski, sem mundi koma á Íslandsmið. Hitt tel ég aftur algjört aukaatriði í málinu, hvort flugvélunum er veitt lendingarleyfi á Reykjavíkurflugvelli eða á Keflavíkurflugvelli. En ég undirstrika samt enn, með þetta sjónarmið einmitt í huga, að við viljum ekki greiða fyrir svona skiptum, að þá er það tekið alveg skýrt fram í þessu bréfi, að þetta sé algjör undantekning og það megi ekki á nokkurn hátt skoða sem vilyrði fyrir því, að slík leyfi verði veitt í framtíðinni. Ég vil líka taka fram, sem auðvitað má segja, að óþarft sé, að þarna er auðvitað um „civil" flugvélar að tefla, sem sæta að öllu leyti þeirri meðferð, sem venjulegar „civil" eða leiguflugvélar sæta, og verður í engu brugðið út af þeim reglum, sem þar um gilda.

Gylfi Þ. Gíslason: Herra forseti. Enn hefur hæstv. ríkisstj. orðið á víxlspor, í þetta skipti mjög alvarlegt víxlspor, sem getur átt eftir að hafa víðtækar afleiðingar, ef ekki verður ráðin bót á. Staðfest var af hæstv. forsrh., sem nú gegnir störfum utanrrh., hér í Sþ. áðan það, sem hann hafði upplýst í utanrmn. nú fyrir hádegi, að ríkisstj. hafði fyrir þrem dögum veitt leyfi til þess, að hingað séu fluttar þrjár heilar skipshafnir á Austur-þýska verksmiðjutogara, — verksmiðjutogara, sem munu vera að stærð um 10 þús. tonn og því augljóslega af þeirri gerð fiskiskipa, sem hér á landi hafa verið nefnd ryksugur. Þessi leyfisveiting til austur-þýskra yfirvalda til að flytja hingað flugleiðis áhafnir þriggja austur-þýskra verksmiðjuskipa, sem stunda veiðar í Norðurhöfum, er tvímælalaust breyting á þeirri stefnu. sem fylgt hefur verið í meira en hálfa öld varðandi fyrirgreiðslu við erlend fiskiskip, sem stunda veiðar í námunda við íslenska landhelgi.

Svo sem kunnugt er. voru sett árið 1922 lög um rétt til fiskveiða í landhelgi og þá einnig fjallað um þá fyrirgreiðslu, sem megi veita erlendum skipum, sem stunda veiðar í námunda við Ísland, en þó utan landhelginnar að sjálfsögðu. Í 3. gr. þessara laga segir svo, með leyfi hæstv. forseta:

„Erlendir fiskimenn, er reka kynnu fiskveiðar utan landhelgi, mega leita skjóls við strendurnar til þess að bjarga sér undan stormi og óveðri. Annars er bannað útlendingum að hafast við við land eða í höfn til þess að reka þaðan fiskveiðar utan landhelgi."

Þessi ákvæði hafa ávallt verið túlkuð mjög strangt í meira en hálfa öld. Það hefur að sjálfsögðu verið algjörlega bannað erlendum fiskiskipum að sigla til íslenskrar hafnar og selja þar einhvern hluta úr afla sínum, hvað þá aflann allan, jafnvel þótt svo stæði á, að það væri gagnkvæmur hagur, bæði íslenskra aðila og erlendra, að slík viðskipti ættu sér stað, t. d. að vantað hafi verkefni fyrir íslenska fiskvinnslustöð eða atvinnuskort í námunda við íslenska höfn. Tilgangur þessara ákvæða er alveg augljós eins og lagasetningarinnar í heild, þ. e. að marka þá stefnu, sem síðan hefur verið fylgt mjög gaumgæfilega og með mikilli nákvæmni, að auðvelda erlendum skipum með engu móti að stunda veiðar í námunda við íslenska landhelgi. Þvert á móti skuli þeim torveldað að stunda slíkar veiðar, að svo miklu leyti sem það er á valdi íslenskra aðila eða íslenskra yfirvalda, í því skyni, að þau skerði ekki þá fiskstofna, sem eru undirstaða undir íslensku atvinnulífi. Það er ekki eingöngu, að erlendum fiskiskipum hafi verið bönnuð öll viðskipti með afla við íslenska aðila, heldur hafa ákvæðin jafnvel verið túlkuð svo strangt, að réttur til að taka ís og olíu hér hefur ekki verið viðurkenndur nema sérstaklega sé gerð grein fyrir. Vatn hafa erlendir aðilar getað fengið, án þess að sérstaklega sé um það sótt eða sérstaklega grein fyrir því gerð, en leyfi til ístöku og olíukaupa hafa verið háð því skilyrði, að gerð sé sérstaklega grein fyrir nauðsyn á því, að slík kaup eigi sér stað. Hitt hefur auðvitað verið talið sjálfsagt, að erlend fiskiskip geti fengið fyrirgreiðslu fyrir sjúka menn og slasaða, og eins hefur þótt sjálfsagt, enda samræmist það öllum venjum, að erlendir menn getið komið hér í land, ef sérstakar ástæður eru

fyrir hendi, eða gengið um borð í skip í einstökum tilvikum. Hins vegar hefur það ekki áður borið á góma eða orðið viðfangsefni íslenskra stjórnvalda, að sótt hafi verið um leyfi til þess að skipta um heilar áhafnir á skipum.

Það gefur auga leið, að ef erlend veiðiskip, sem stunda veiðar í Norðurhöfum, hafa almennan rétt til þess að skipta hér um áhafnir til að spara sér siglingu til heimahafnar, þá stóreykst geta þeirra til að stunda veiðar á þeim miðum, sem þau stunda veiðar á. Að hafa rétt til að skipta um áhöfn í heilu lagi jafngildir því að hafa rétt til þess að selja hluta af afla, t. d. úrgangsafla, í því skyni, að hægt væri að fylla það lestarpláss og það geymslupláss í skipinu, sem við það losnar, að úrgangsafli er seldur. M. ö. o.: ástæða hefur verið talin til að banna slík viðskipti, þó að hagkvæm væru, ekki bara fyrir hinn erlenda aðila, heldur einnig hinn íslenska aðila.

Tilgangurinn er auðsjáanlega sá, að það eigi undir engum kringumstæðum að auðvelda erlendum skipum að skerða þá fiskstofna í Norðurhöfum, sem er undirstaða íslenskra atvinnuvega. Þetta hefur verið yfirlýst og viðurkennd stefna í túlkun á fiskveiðilöggjöfinni frá 1922 nú í meira en hálfa öld. Stundum hefur komið fram gagnrýni á, að þessari grundvallarstefnu fiskveiðilöggjafarinnar frá 1922 hafi verið fylgt af of mikilli smásmygli af hálfu Íslendinga. Sú gagnrýni hefur komið erlendis frá og hefur einnig heyrst frá innlendum aðilum, en aldrei hefur samt sem áður verið talið rétt að hvika frá þessari mjög svo ströngu og mjög svo þröngu túlkun á l., sem ráðið hefur í meira en hálfa öld, — þangað til það gerist nú fyrir þremur dögum. Þá er austur-þýskum stjórnvöldum veitt sú fyrirgreiðsla að mega skipta um þrjár áhafnir í heilu lagi á þremur ryksuguveiðiskipum. Það er ekki óeðlilegt, þó að spurt væri í framhaldi af þessu: hvað meiningin sé að gera varðandi ryksuguskip frá öðrum þjóðum, sem um slíkt kynnu að sækja. Mundu breskir verksmiðjutogarar fá leyfi til þess að spara sér siglinguna til Bretlands og sigla til Reykjavíkur í staðinn og fá skipt um áhöfnina hérna?

Það er kunnara en frá þurfi að segja, að samningar við Vestur-Þjóðverja hafa strandað á því, að Íslendingum hefur með réttu verið mikill þyrnir í augum, að hér hafa verið vestur-þýsk verksmiðjuskip á miðunum við Ísland. Á veru þeirra hér hafa samningar við Vestur-Þjóðverja beinlínis strandað. Þetta ber vott um, að mönnum er ljóst hér, að verksmiðjuskipin, — að ég tali nú ekki um ryksugurnar, — eru stórhættuleg íslenskum fiskstofnum í Norður-Atlantshafi. Það hefur að vísu verið upplýst, að þau skip, sem Vestur-Þjóðverjar hafa á miðunum kringum Ísland, eru ekki verksmiðjuskip í þeim skilningi, sem við hér á Íslandi leggjum í það orð, heldur veiða þau með sams konar veiðarfærum og venjulegir síðutogarar gera. Hins vegar vinna þau aflann um borð. Þau skip, sem um er að ræða og deilt hefur verið um við Vestur-Þjóðverja, eru miklu minni skip en þau, sem hér eru um að ræða, eða 10 þús. tonna skip. Það er í þessu, sem hin nýja stefna er fólgin, að slíkum ryksugum er með þessu leyfi gert auðveldara að veiða meira magn, að hafa úthald sitt látlaust á fiskimiðum í Norðurhöfum. Það er hið nýja í þessu, að augljóslega þarf leyfi til þess, að þetta megi gera, — ekki leyfi sjútvrn., heldur leyfi utanrrn., þ. e. a. s. flugmálastjórnarinnar, sem í þessu tilfelli er í höndum utanrrn. vegna þess, að um Keflavíkurflugvöll er að ræða. Það gefur auga leið, að hið eina sjálfsagða fyrir íslenska stjórn hefði verið að segja nei og vitna til þeirrar grundvallarstefnu l. frá 1922, sem fylgt hefur verið á Íslandi af öllum ríkisstj. í meira en hálfa öld.

Mér fannst, — ég segi sem betur fer, — koma fram í ræðu hæstv. forsrh. hér áðan. að hann, a. m. k. eftir fundinn í utanrmn. í morgun, sé farinn að gera sér ljóst, að hér kynni að hafa verið stigið víxlspor, hér hafi e. t. v. ekki verið farið algjörlega rétt að, því að hann lagði sérstaka áherslu á það hér áðan, að um algjöra undantekningu væri að ræða og ekki mætti búast við, að slík leyfi yrðu veitt áfram. Ef þetta er hrein undantekning, þá er það auðvitað sagt í viðurkenningu þess, að hér sé um varhugaverða braut að ræða. Annars væri ástæðulaust, að hér væri eingöngu um undantekningu að ræða, þ. e. ef um algjörlega eðlilega ráðstöfun væri að ræða. Út af fyrir sig vil ég fagna þessari yfirlýsingu af hálfu hæstv. forsrh., og vil taka hana þannig, að hann geri sér ljóst, að hér er um hæpna ráðstöfun að ræða. Vil ég óska þess, að þegar verði tekin ákvörðun um stefnubreytingu í þessu efni.

Hvers vegna var undantekning nauðsynleg í þessu efni, fyrst um undantekningu á að vera að ræða? Ég vona, að öllum sé það ljóst og best að gera það ljóst þegar í stað, og til þess eru þessar umr., að því verði slegið föstu, að slíkt eigi ekki að gerast aftur. Helst vildi ég, að þessi leyfi yrðu afturkölluð, þannig að engin undantekning hefði nokkru sinni verið gerð. Það næstbesta væri, að því verði lýst yfir, að slíkar undantekningar verði ekki gerðar framvegis, því að það gefur auga leið, að ekki kemur til nokkurra mála, að við Íslendingar verðum umskiptistöð fyrir erlend verksmiðjuskip, að við verðum einhver aðstoðarhöfn eða aðstoðarstöð til þess að hjálpa erlendum verksmiðjuskipum að ná sem mestum afla úr Norður-Atlantshafi.

Í þessu sambandi er rétt að vekja athygli á, að það var upplýst, — ég man ekki, hvort það kom fram hjá hæstv. forsrh. áðan, — það var upplýst í n. í morgun, og ég skoða það ekki sem neitt trúnaðarmál, að þessi austur-þýsku ryksuguskip stunda veiðar nær Kanada og nær Noregi en Íslandi, að þau stunda veiðar nær tveim nágrannaríkjum sitt hvorum megin við Atlantshaf. Hvernig stendur á því, að austur-þýsku yfirvöldin sækja ekki til stjórnarinnar í Kanada og fá leyfi til að skipta um áhafnir þar eða til ríkisstj. í Osló um að mega nota norska höfn til skipta á áhöfnunum? — Ég skal láta við það eitt sitja að varpa þessari spurningu fram. En í öllu falli hljótum við að vera sammála um, að það er í hæsta máta óeðlilegt, að Ísland, samhliða baráttu sinni fyrir aukinni fiskveiðilögsögu, réttmætri baráttu sinni fyrri aukinni fiskveiðilögsögu og verndun fiskimiða umhverfis landið og í öllu Norður-Atlantshafi, skuli

stíga fyrstu sporin á braut, sem auðvitað er aðstoðarbraut við erlend ryksuguskip á Norður-Atlantshafi.

Ég geri mér ljóst, að það fylgir því viss vandi að framfylgja stefnu löggjafarinnar frá 1922 jafnstranglega og gert hefur verið í rúma hálfa öld. Því hefur fylgt vandi á hverjum einasta áratug. Jafnvel á hverju einasta ári hefur þurft að taka ákvarðanir, sem viss vandi fylgir. Það ber engan veginn að skilja þessi ummæli mín um þetta mál þannig, að ég telji rétt að takmarka með nokkrum hætti eðlilega umferð um Keflavíkurflugvöll. Keflavíkurflugvöllur er opinn alþjóðlegur flugvöllur, og að sjálfsögðu kemur ekki til nokkurra mála að leggja einhverjar almennar takmarkanir á almenna umferð um hann, og enn síður er nokkurt vit eða réttlæti í því að setja Austur-Þýskaland við eitthvert óæðra borð en aðrar þjóðir, sem við höfum stjórnmálasamband við. Það er ekki um þetta að ræða. Það er hvorki um það að ræða að takmarka umferð um opinn alþjóðlegan flugvöll, Keflavíkurflugvöll, né heldur hitt að setja Austur-Þýskaland, sem er góð viðskiptaþjóð okkar og vinaþjóð, við nokkurt annað borð en aðrar þjóðir, sem við eigum skipti við. Það er um hitt að ræða, að hér er framkvæmd ný og breytt stefna varðandi framkvæmd löggjafarinnar frá 1922. Við eigum ekki að verða til að stíga fyrstu sporin á braut, sem smám saman mundi leiða til skerðingar fiskstofna í Norður-Atlantshafi, með því að greiða fyrir veiðum verksmiðjuskipa, ryksuguskipa, á þessum slóðum.

Þessi skulu vera síðustu orð mín: að láta í ljós þá ósk, að ríkisstj. sjái sér fært að afturkalla þessa leyfisveitingu. Sjái hún sér það ekki fært, þá geri ég það að till. minni, að ríkisstj. lýsi því yfir, að hér hafi verið um algjöra undantekningu að ræða og að hliðstæð leyfi muni ekki verða veitt framvegis, hvorki Austur-Þjóðverjum né neinum öðrum.

Geir Hallgrímsson: Herra forseti. Ég vil þakka hæstv. forsrh. fyrir grg. hans hér og hæstv. forseta Sþ. fyrir að hafa orðið við beiðni okkar að taka mál þetta á dagskrá. Við teljum, að hér sé um svo alvarlegt mál að ræða, að nauðsynlegt sé, að þingheimi og þjóð allri sé gert kunnugt um það, svo að við megum draga nokkurn lærdóm af þeim mistökum, sem orðið hafa.

Hæstv. forsrh. skýrði þessar leyfisveitingar og réttlætti þær annars vegar með því, að hér væri um algjörar undantekningar og undanþágur að ræða, sem, að því er manni skildist, yrðu ekki endurteknar, og hins vegar með því, að hér væri í raun og veru ekki um mjög frábrugðna þjónustu að ræða við erlend fiskiskip, hvað snertir austur-þýska togara að þessu sinni. Hvort tveggja getur ekki staðist. Það getur ekki verið unnt að leggja áherslu á, að hér sé um hrein undantekningartilfelli að ræða, eins og hann sagði, að leyfi ríkisstj. væri bundið við, og halda um leið fram, að hér væri ekki um frábrugðna meðferð þjónustu við erlenda togara að ræða.

Varðandi það atriði, hvort hér sé um frábrugðna þjónustu að ræða við erlend fiskiskip, miðað við venju, vil ég minna á, að sú regla gildir varðandi þjónustu við erlenda togara þ. á m. breska togara, að togarar fé hér ekki vistir eða olíu nema sem nægja til heimsiglingar, og áhafnaskipti eiga sér ekki stað hér á landi í heilu lagi, heldur er þar í mesta falli um það að tefla, að menn koma hér, einstakir áhafnameðlimir, til þess að leysa aðra af, sem veikst hafa eða þurfa að fara heim, áður en veiðiferð lýkur. Þessir áhafnameðlimir annarra erlendra togara ferðast með venjulegum farþegaflugvélum, og út af fyrir sig getur vel verið, að við gætum ekki komið í veg fyrir slík skipti að því er austur-þýska togara snertir.

Þá vildi ég taka fram, að ólíku er saman að jafna, þegar minnst er á áhafnaskipti á íslenskum fiskiskipum í Norðursjó, og þessu, vegna þess að þar er sömuleiðis um það að ræða, að þeir ferðast með venjulegum farþegaflugvélum og áætlunarflugvélum og ferðast til lands, þar sem íslensku fiskiskipin landa, þ. e. í Danmörku.

Þá sagði hæstv. forsrh., að hann gerði ekki mun á Keflavíkurflugvelli og Reykjavíkurflugvelli. En samt sem áður er staðreyndin sú samkv. upplýsingum hans sjálfs, að hann gerði mun á Reykjavíkurflugvelli og Keflavíkurflugvelli. Leyfi íslenskra stjórnvalda var í upphafi bundið við Reykjavíkurflugvöll, og þegar austur-þýsk stjórnvöld óskuðu eftir breyt. þar á til að fá að lenda á Keflavíkurflugvelli, þá var þeirri beiðni í annarri umferð synjað og austur-þýskum stjórnvöldum sagt, að þau yrðu að binda sig við Reykjavíkurflugvöll. Það var ekki fyrr en í þriðju umferð, að hæstv. forsrh. gaf eftir og leyfði lendingu á Keflavíkurflugvelli. Hann sjálfur hefur gert þarna greinarmun á Reykjavíkurflugvelli og Keflavíkurflugvelli.

Ég tel auðvitað sjálfsagt, að Keflavíkurflugvöllur sé alþjóðaflugvöllur opinn flugsamgöngum, en lendingarleyfi eru almennt bundin samningum milli ríkisstjórna, sem áskilja gagnkvæman rétt. Meira að segja hafa Íslendingar verið svo varkárir, — ég hygg ég fari rétt með í þeim efnum, — að í samningum við Spánverja t. d. hafa Íslendingar ekki talið það réttlæta lendingarrétt spánskra flugvéla, þótt íslenskar flugvélar fari margar hópferðir til Spánar með farþega þangað.

Því er hér um afbrigðilega meðferð að ræða, hvort heldur litið er á fyrri þjónustu við erlend fiskiskip eða fyrri reglur, er gilda um lendingarleyfi á Íslandi. Hér er tekinn upp nýr háttur.

Það er tvennt, sem vekur athygli í því sambandi: annars vegar, að það er brotið í bága við fyrri stefnu að veita erlendum fiskiskipum aðeins lágmarksþjónustu á Íslandi. Það er ekki afsökun í þessu sambandi, að austur-þýskir verksmiðjutogarar fiski ekki á Íslandsmiðum. Í fyrsta lagi vitum við ekki og höfum ekki aðstöðu til að fylgjast með, á hvaða miðum þessir togarar fiska í raun. Í öðru lagi er ljóst, að þessir togarar fiska alla vega á norðurslóðum og á fiskimiðum, þar sem við höfum hagsmuni af, Íslendingar, að sókn sé takmörkuð á. Og í þriðja lagi er sú skýring, að þessir togarar veiði við Norður-Noreg, Kanada og Bandaríkin, til þess fallin, að við hugleiðum, hvort það verði þakkað af hálfu þessara þjóða, að við auðveldum aukna sókn á þeirra fiskimið, einmitt þegar á það er litið, að við

byggjum töluvert á fylgi a.m.k. Noregs og Kanada við stefnu okkar á komandi hafréttarráðstefnu. Því er það ljóst, að hér er farið að andstætt hagsmunum Íslands hvað fiskveiðimál snertir.

Hins vegar langaði mig til þess að nefna, að hér er einnig um að ræða vitnisburð um aukinn þrýsting frá austantjaldslöndunum á Ísland og Íslendinga. Fyrr í vetur voru veitt leyfi til lendingar sovéskra flugvéla í tengslum við heimsókn Brésnevs til Kúbu. Það hafa farið fram 36 slíkar lendingar á Keflavíkurflugvelli. Það skal tekið fram, að þessi leyfi voru bundin því skilyrði, að ekki væri um hernaðarflugvélar að ræða, heldur svokallaðar „civil" flugvélar, eins og hæstv. forsrh. komst að orði. En það er engu að síður þannig háttað um lendinngar þessara flugvéla, að þegar þær eru komnar á Keflavíkurflugvöll, má enginn koma nálægt þeim, ekki einu sinni íslenskir starfsmenn Keflavíkurflugvallar, og við vitum ekkert, hvað þessar flugvélar hafa inni að halda. Ég tel nauðsynlegt, að við Íslendingar fylgjumst með ferðum erlendra flugvéla um land okkar og vitum, hvað þessar flugvélar hafa að flytja, þær sem hafa lendingarleyfi á Íslandi.

Það var spurt um það á fundi utanrmn., hvaða reglur giltu að þessu leyti í nágrannalöndunum. Þær munu vera mjög mismunandi. En það er vaxandi áhugi fyrir því, að reglur séu settar, sem áskilja lendingarlandi rétt til þess að skoða flugvélarnar, m.a. vegna hættu á hryðjuverkum og slíku. Mér finnst sjálfsagt, að slíkar reglur séu settar hér á landi, og hæstv. forsrh. tók undir það á fundi utanrmn. í morgun. Ég skildi orð hans svo, að hann mundi sjá svo um, að slík skoðun færi fram, t.d. að því er þessar flugvélar snertir.

Ég skal ekki orðlengja um þetta mál, en vil þó taka fram, að hér er um alvarlegt mál að ræða og við gerðum kröfu um það, að þessi leyfi yrðu afturkölluð. Hæstv. forsrh. taldi það ekki gerlegt, málið væri svo langt komið, en alla vega ættum við að vera sammála um það að veita ekki ný leyfi.

Ég vil að lokum benda á til að sýna, hve Austur-Þjóðverjar virðast hafa tekið það sem gefið mál, að þeir fengju þetta leyfi, en það er í raun og veru óvirðing við íslensk stjórnvöld, að leyfið er gefið út af íslenskum stjórnvöldum 2. apríl, en þegar 27. mars eða 5 eða 6 dögum áður en leyfið er veitt tilkynna Austur-Þjóðverjar komu skips á Reykjavíkurhöfn og komu flugvéla þrisvar sinnum á Keflavíkurflugvöll til þess að koma í kring þessum skiptum á áhöfnum. Það sýnist því vera tekið sem gefið mál, að farið sé að óskum austur-þýskra stjórnvalda hjá ríkisstj.

Ég vonast til þess, að hæstv. ríkisstj. verði á verði og endurtaki ekki þessi mistök. Mál þetta minnir óneitanlega á svipaða ásókn af hendi Þýskalands Hitlers fyrir síðasta stríð, og þá báru íslensk stjórnvöld gæfu til að vera á verði. Ég vænti þess, að svo verði í framtíðinni, þótt þeim hafi orðið þessi alvarlegu mistök á nú.

Sjútvrh. (Lúðvík Jósepsson): Herra forseti. Það er sýnilegt, að form. Sjálfstfl. hefur orðið alvarlega hræddur við það, sem gerðist í þessum efnum. Hann hugsar til beiðni Þjóðverja á Hitlerstímanum, rétt áður en styrjöldin skall á, enda leyndi það sér ekki á málflutningi hans, að það, sem hefur hreyft við honum, er það, að hann þóttist sjá í þessu almenna undanlátssemi íslenskra stjórnvalda fyrir þeim austantjaldsmönnum. Fyrst hefði verið látið undan Rússum, þeim heimilaðar lendingar hér á landi, og nú Austur-Þjóðverjum, og þá auðvitað ósköp eðlilegt, að maðurinn færi að verða hræddur.

En það, sem sérstaklega hefur vakið athygli mína, er það, sem hér hefur verið sagt um þessa leyfisveitingu og fiskveiðar í Norðurhöfum og okkar almennu stefnu í þeim efnum, og öll sú fjarstæða, sem hv. 7. þm. Reykv. sagði hér í sambandi við það. Hér hefur ekki verið gerð nein stefnubreyting frá þeirri almennu stefnu, sem gilt hefur hjá okkur varðandi það að reyna að halda þannig á málum, að við greiddum sem minnst fyrir fiskveiðum útlendinga hér við land, á þeim miðum, sem við stundum okkar veiðar. Á því hefur engin breyting orðið.

Það, sem hér var um að ræða, var það, að þegar þessi beiðni kom fram, var gerð athugun á því, um hvað hér væri í rauninni að ræða. Hér var ekki um beiðni að ræða fyrir alveg sérstök ryksuguskip, eins og hv. 7. þm. Reykv. talaði hér um. Hér voru á ferðinni venjulegir verksmiðjutogarar sist stærri en þeir, sem hafa stundað og stunda veiðar hér við land á vegum Vestur-Þjóðverja og margra annarra. En þessi skip stunduðu ekki veiðar við Ísland, og hér var ekki heldur um að ræða veiðar, sem átti að stunda við Noreg, heldur var hér um að ræða veiðar, sem fram áttu að fara á Nýfundnalandsmiðum og Kanadamiðum, þar sem svo stendur á, að allar þær þjóðir, sem veiðar hafa stundað á þeim miðum, hafa þegar komið sér saman um ákveðinn kvóta, sem þau megi fiska á þessum slóðum, — þar sem búið er að gera samkomulag um tiltekið magn, sem hver þjóð má veiða, bæði af þorski, ýsu, karfa og öðrum aðalfisktegundum. Austur-Þjóðverjar eiga hlutdeild í þessu að tilteknu magni og sækja sinn kvóta eins og margir fleiri á þessi mið. Hér gat því ekki verið um það að ræða, að við gætum haft nokkur minnstu áhrif á það, hvort þeir veiddu meira eða minna á þessum miðum, sem við stundum ekki veiðar á, enda hefur það farið svo við þessar kvótasetningar, sem þarna hafa verið gerðar, að þá hefur ekki komið í okkar hlut neinn teljandi hlutur og svo lítið, að við höfum ekki talið ómaksins vert að senda skip eftir slíku. Við vissum, að Austur-Þjóðverjar mundu veiða á þessum slóðum eftir þessu samkomulagi, þeir mundu senda sín skip þangað, eins og þeir hafa gert, og þeir gátu að sjálfsögðu, eins og hér hefur komið fram í umr., sent menn hingað til Íslands með farþegaflugvélum og skipt hér og notið hér nákvæmlega sömu réttinda og aðrir að mega koma með skip sín í íslenska höfn og láta sína menn ganga um borð í skipin. Þeir hefðu eflaust einnig getað komið því fram að skipta um skipshafnir sínar í þessum tilfellum annars staðar. Hér var beiðni í þremur tilfellum, þar sem gert var ráð fyrir því að skipta um allverulegan hluta af skipshöfn skipa. Þegar það lá fyrir, að hér var alls ekki um það að ræða, að veiðarnar yrðu stundaðar á

okkar slóðum, við Ísland, eða á þeim slóðum, sem við stunduðum veiðar á, heldur væru þetta veiðar upp í tiltekinn kvóta á fjarlægum miðum frá okkur, gátum við vitanlega ekki séð, að það væri nokkur einasta ástæða til frá okkar hálfu að meina þeim að fá lendingar hér með þessum hætti.

— En í þessu sambandi er auðvitað rétt að rifja upp, hver er aðstaða erlendra fiskiskipa hér við land og hvaða þjónustu þau hafa fengið og fá hér. Það, sem hv. 7. þm. Reykv., Gylfi Þ. Gíslason, sagði í þeim efnum, var flest alrangt, því um þetta veit hann greinilega ekkert eða þá að hann vill ekki hafa það, sem rétt er. Þau fiskiskip, sem stundað hafa veiðar hér við Ísland og stunda veiðar enn við Ísland og eru virkilegir keppinautar okkar hér á miðunum, hafa fengið hér margvíslega og mikla þjónustu og fá hana enn. Þau leita hér hafna, ekki aðeins stöku sinnum. Komur þeirra til íslenskra hafna, t. d. breskra togara, skipta mörgum hundruðum á hverju ári. Þau fá hér viðgerðarþjónustu og hvers konar þjónustu. Við höfum ekki talið okkur fært, — þótt við værum að greiða fyrir veiðum þessara aðila með þessu móti á okkar fiskimiðum, — að neita þeim um þessa þjónustu, vegna þess að við eigum líka fiskiskip og fiskimenn, sem þurfa að leita til hafna annars staðar og sækja um sams konar þjónustu. Það er líka rangt, að það hafi almennt gilt þær reglur hér hjá okkur, að skip hafi ekki getað fengið nema tiltekinn eða lítinn skammt af olíu, ís eða öðru slíku. Það er eintómt bull. Það hafa verið settar nýjar reglur um þetta nú í olíukreppunni, og þá hefur þetta gilt um öll erlend skip, sem hingað hafa komið, að það má ekki afhenda þeim olíu nema að vissu marki, mjög takmörkuðu marki. Við gerum það þó að láta þau hafa nokkra olíu af okkar takmörkuðu birgðum og komi sérstakt samþykki til í hverju einstöku tilfelli.

— M. ö. o. við erum að veita erlendum skipum, sem hér eru í harðri samkeppni við okkur, margvíslega þjónustu. En svo ættum við að segja í einstöku tilfelli, þar sem farið er fram á fyrirgreiðslu af þessu tagi, að hér megi koma flugvélar með hóp manna og þeir gangi um borð í skip, sem fara héðan á fjarlæg mið, sem lítið koma okkur við í þessu tilfelli, — við ættum að neita slíku og knýja það fram, að þeir keyptu sér farmiða með venjulegum farþegavélum og kæmu þannig. Ég sé ekki muninn á því, fiskifræðilega séð eða efnahagslega séð. Ég get ómögulega séð, að á því sé mikill munur. En ég skil það mætavel, að flugfélög okkar hefðu heldur kosið, að þessir menn hefðu ferðast með þeim og borgað þeim eitthvað fyrir flutninginn, það er allt annað mál.

Þegar okkur í sjútvrn. barst þetta mál til umsagnar, athuguðum við málið, fengum upplýsingar um, hvað hér væri á ferðinni, og eftir að við höfðum kynnt okkur það, komumst við að þeirri niðurstöðu, að það væri engin ástæða af okkar hálfu til þess að spyrna gegn því, að þessar lendingar yrðu leyfðar í þetta skipti. En að sjálfsögðu kemur það ekki til greina, að við Íslendingar höldum þannig á málinu, hvorki varðandi svona veiðar né aðrar, að við förum að gefa nokkurri þjóð aðstöðu til þess að hafa einhverja skiptistöð hér á Íslandi almennt séð, allra síst ef það væri nokkur hætta á því, að við værum að greiða fyrir veiðum hennar hér við land.

Hitt er svo auðvitað hreint bull, að ætla að mála hér skrattann á vegginn og telja, að ákveðnir togarar frá Austur-Þýskalandi séu einhverjar sérstakar ryksugur, en taka það svo fram í sömu setningunni, að hins vegar séu verksmiðjuskip frá Vestur-Þýskalandi bara venjuleg skip, sem veiði með sams konar veiðarfærum og okkar skip. Við þekkjum þessi skip, við höfum meira að segja séð þau, og það fer ekkert á milli mála, hvernig skip þetta eru. Hér er um sams konar skip að ræða, — skip, sem yfirleitt eru frá 1500 og upp í 3000 tonn. Hér er um að ræða skip af þessari gerð, sem ég greindi frá. Stóru skipin, 10 þús. tonna skipin, sem aðeins þekkjast, skipta yfirleitt ekki um áhafnir á þennan hátt. Þar eru áhafnirnar úti um miklu lengri tíma.

Hér hefur ekki verið af hálfu okkar breytt um stefnu á nokkurn hátt. Við erum ekki að greiða fyrir því, að útlendingar geti sótt meiri fisk á miðin hjá okkur. Við erum ekki að greiða fyrir því með þessu, að þeir geti veitt meiri fisk í Norðurhöfum. Við höfum kynnt okkur það. Þeir fengu ekki þá aðstöðu með þessu, og við gátum í rauninni ekki haft hér nema minni háttar áhrif á. Hitt var augljóst, að ef við hefðum neitað þessu, þá var a. m. k. mjög auðvelt að túlka það þannig af þessari ágætu viðskiptaþjóð okkar, að við værum að neita þeim um mjög eðlilegan hlut. En þegar það var tekið fram, bæði af okkur í sjútvrn. og eins í utanrrn., að hér væri aðeins um heimild fyrir þessi þrjú skip að ræða og það væri ekki hægt að líta á þetta sem fordæmi um neitt framhald, — við vildum hafa allan fyrirvara á um það, — þá einmitt vorum við að halda okkur við okkar meginstefnu, að við viljum hafa fulla gát á því, hvaða aðstöðu við veitum útlendingum yfirleitt til veiða hér í Norðurhöfum. Það er því alveg rangt, eins og var sagt af hv. 7. þm. Reykv., að við höfum verið að breyta um stefnu og veita útlendingum aðstöðu til að stunda hér veiðar í námunda við Ísland og við séum með þessu að stefna þeim fiskstofnum í hættu, sem við byggjum afkomu okkar á. Allt tal í þessa átt er hreinasta slúður.

Herra forseti. Ég þarf ekki að lengja mál mitt frekar en orðið er. Ég vil hins vegar benda á, að það er rétt, að við Íslendingar höfum notið þessarar sömu reglu annars staðar. Við höfum sent heilar skipshafnir til annarra landa og fengið þar að skipta um á eðlilegan hátt, og í einstökum tilfellum sé ég ekki neitt athugavert við slíkt. En ef ástæða þykir til þess, að við framkvæmum þessar almennu reglur okkar harðar en gert hefur verið, þá ættum við vitanlega að beita því gagnvart þeim útlendingum, sem fá þjónustu hér á landi og stunda fiskveiðar hér við land. En í þessu tilfelli var ekki um það að ræða.

Benedikt Gröndal: Herra forseti. Ég kvaddi mér hljóðs fyrir nokkru, af því að mér þótti sú skýrsla, sem hæstv. forsrh. hefur gefið fyrir hönd utanrrn., dálítið forvitnileg. Ég ætlaði mér að spyrjast fyrir um einn þátt þessarar skýrslu.

Nú hefur það gerst, að með ráðherrasérréttind-

um hefur hæstv. sjútvrh. fengið orðið á undan mér, og ég þarf í raun og veru ekkert að gera nema draga gylltan ramma í kringum þessa ræðu, sem hans excellence, ambassador austur-þýskra togara hefur flutt hér á Alþ. Ég hef aldrei heyrt aðra eins varnarræðu fyrir erlenda hagsmuni, sem eru algerlega andstæðir íslenskum hagsmunum, og þá sem hæstv. ráðh. flutti. Mér þykir ánægja að því, að hann skyldi þó hafa svo mikla sektartilfinningu að standa sjálfur upp, áður en hann var kallaður upp, þannig að það sé hægt að tala við þann mann, sem þarf að tala við út af þessu máli, en ekki að níðast á forsrh., sem hefur sjálfsagt nógar áhyggjur, þó að þetta bætist ekki við þær.

Það var í ræðu og skýrslu forsrh., að leitað hafi verið umsagnar sjútvrn. og rn. hafði samþykkt það, sem gerst hefur, og þykir mér það forvitnilegt. Nú erum við búnir að heyra skýringarnar, sem ég ætlaði mér raunar að kalla eftir. Og hverjar eru þær? Hverjar eru skýringarnar? Jú, þetta eru ágætir vinir okkar. Við getum ekki sagt nei við þá. Það kann að vera rétt. Utanrrh. hefði getað sagt það. Hann verður að skipta við alla, Portúgali, Kínverja og allt þar á milli. Sjútvrh. þarf ekki að hugsa um slíkt. Hann getur hugsað um íslenska sjávarútvegshagsmuni. Það er alveg óskiljanlegt, að sjútvrn. skuli hafa veitt samþykki sitt til þess, að Íslendingar stígi þetta skref til þess að aðstoða þá, sem veiða á úthöfunum. Mér skilst, að hann og sérfræðingar hans séu óþreytandi í því að segja okkur, að fiskurinn viti ekki, hvar landhelgin er, hann syndi fram og aftur. Við vitum, að stórir stofnar, eins og Grænlandsþorskurinn o. fl., synda fram og aftur og eru ekki hér við strendur.

Sú afsökun, að hin austur-þýsku skip, sem eiga að fá þessa sérstöku aðstöðu hér á landi, veiði ekki hjá okkur, heldur annars staðar, er fyrir neðan allar hellur. Við erum, á sama tíma og við veitum þetta leyfi, að leita eftir aðstoð og stuðningi Kanadamanna við 200 mílna hugmyndina á þeim ráðstefnum, sem hefjast nú í sumar. Nú sendum við þeim þá kveðju sjútvrh. Íslands: Allt í lagi að Interflug lendi hér með sýnar Iliushin-flugvélar til að skipta um á flotanum, sem veiðir við Kanada. —

Það er að vísu kvótaskipting í fiskveiðum þar, ég veit það vel, en það er ekki alveg öruggt mál, að allir veiði alltaf sinn kvóta. Við erum að hjálpa til þess að tryggja, að það verði austur-þýskir sjómenn, sem veiða sinn kvóta alveg að fullu. Það getur vel verið, að það séu fátækir sjómenn á ströndum Nýfundnalands, sem verði fyrir barðinu á þessari stefnu íslenska sjútvrh., en það er augljóst, að þetta er hans mál, það er hann, sem hefur barið það í gegn. Það eina, sem er hægt að þakka honum, er, að hann skyldi þó hafa taugar til að standa up og standa fyrir máli sínu.

Það má deila um útlend skip, og við eigum ýmis vandamál óleyst varðandi þau, eins og það, hvaða hlunnindi við veitum þeim, sem eru búnir að veiða við strendur okkar árum saman. Er ekki rétt fyrir sjútvrh. að hneykslast á þessu, heldur ætti hann frekar að hafa frumkvæði um að flytja till. um að breyta því, hvaða hlunnindi erlendar þjóðir, sem veiða við strendur Íslands, fá hér á landi. Hver annar á að hafa forustu um það? Í staðinn stendur hann hér upp á Alþ. og notar þennan gamla vanda, sem við þurfum að leysa, sem afsökun fyrir því, að við verðum bækistöð fyrir austur-þýska togara, sem veiða við strendur Kanada. Ég hef haldið, að það væri orðið mönnum ljóst, að heimshöfin eru ekki stærri en svo, að við höfum ekki ráð á því að tala um Kanada eins og eitthvað, sem er okkur óviðkomandi, þetta er allt samtengt, og síst af öllu ættum við að gera neitt, sem gæti orðið til að styggja vinsamlegar þjóðir. Kanadamenn eru að vísu ekki eins ákveðnir og harðir í landhelgismálunum og við viljum hafa þá. En þeir eru þó hjálplegir og hafa tilhneigingu til þess að vera með 200 mílna málinu og geta haft þar mikil áhrif. Við eigum ekki að styggja þá með því að sýna ónauðsynlega kurteisi við íhaldssömustu þjóðir veraldar í landhelgismálum, sem eru austurblokkarríkin, ásamt ríkjum eins og Japan og kannske Bretlandi. Þessar þjóðir eru okkar höfuðandstæðingar í þeim átökum, sem eru fram undan. Við ættum að hafa vit á því að gera ekki óþarfa hluti til að spilla fyrir okkar eigin málstað. Ef utanrrn., sem verður, eins og ég hef áður sagt, að skipta við alla, hverjir sem eru, hefur tilhneigingu til að vera greiðasamt við Austur-Þjóðverja, sem liggur nú raunar ekki fyrir, þá er ekki til of mikils ætlast, að landhelgisþjóðhetjan okkar standi sig einu sinni.

Matthías Á. Mathiesen: Herra forseti. Þeir hv. 7. þm. Reykv. og hv. 2. þm. Reykv. hafa komið fram hér með þá gagnrýni, sem við stjórnarandstæðingar höfðum við þær leyfisveitingar, sem upplýst var um á utanrmn. -fundi í morgun. Ég sé því ekki ástæðu til að endurtaka það hér.

Ég vil mjög undirstrika þau orð, sem hv. 8. landsk. þm. viðhafði hér áðan í sambandi við ræðu hæstv. sjútvrh., og gera örlítinn samanburð á því, sem hæstv. forsrh. sagði í sinni ræðu, og þeim orðum, sem hæstv. sjútvrh. lét falla um þessa leyfisveitingu.

Það kom skýrt fram hjá hæstv. forsrh., að hér væri um að ræða undantekningartilfelli. Í ræðu sinni sagði hæstv. sjútvrh. hins vegar, að hér væri ekki um nein undantekningartilfelli að ræða, hér væri alls ekkert verið að breyta um stefnu, hér væri verið að gera mjög eðlilegan hlut. En ég vil þá leyfa mér að spyrja hæstv. sjútvrh.: Hvenær hafa þau leyfi verið veitt, sem hann telur vera fordæmi fyrir þeim leyfum, sem hann er að veita núna? — Og um leið og hann segir, að það, sem hv. 7. þm. Reykv. sé að segja hér, sé bull, í sambandi við fullyrðingar hans um breytta stefnu, þá kemur hann og svarar því, að hér sé um að ræða 2—3 þús. tonna skip, það séu ekki stærri skip, og meira að segja, eins og hann orðaði það: Við höfum séð þau. — Hann hefur sjálfsagt séð þau á einhverri sinni ferð austur fyrir tjald. Þá hafa honum sjálfsagt verið sýnd þessi skip, sem meiningin væri, að fengju að koma hér inn í hafnir til þess að fá að skipta um áhafnir. Hér er hins vegar um að ræða, að talið er, allt upp í 10

þús. tonna skip. Og þau voru ekki kölluð ryksugur í hans ræðu. Nei, þetta voru bara 2—3 þús. tonna skip, sem meira að segja við höfum séð.

Honum fannst í ræðu sinni ekki ástæða til þess að neita um þessi leyfi, og það var ekki að heyra á hans ræðu annað en það yrði sjálfsagt að veita slík leyfi aftur, þegar um þau væri beðið. Það var rétt, sem hv. 8. landsk. þm. sagði, hér var haldin varnarræða fyrir hagsmuni erlendrar þjóðar á Alþingi Íslendinga.

Herra forseti. Ég skal ekki lengja þessar umr., enda ekki ætlunin að tefja þingstörf þeirra vegna. Ég vil endurtaka þakkir mínar til hæstv. forsrh. fyrir það, að hann skyldi koma hér og gera þingheimi grein fyrir því, sem hann gerði utanrmn. grein fyrir í morgun. En eins og fram kom í ræðu hans, er hér um að ræða breytt viðhorf. En hann gat þess réttilega, eins og komið hefur fram, að hér væri um undantekningartilfelli að ræða, og er þess að vænta, að á því verði ekki endurtekning.

Sjútvrh. (Lúðvík Jósepsson): Herra forseti. Aðeins örfá orð. — Hv. 8. landsk. þm., Benedikt Gröndal, sagði, að við værum með þessu að senda Kanadamönnum kveðjur okkar á dálítið sérstakan hátt og við værum að styggja Kanadamenn og aðra, sem hugsanlega vildu standa með okkur í landhelgismálinu. Allt er þetta auðvitað sagt út í bláinn, vegna þess að Kanadamenn hafa eins og nær allar aðrar þjóðir haft allt annan hátt á en við Íslendingar í sambandi við aðstöðu erlendra veiðiskipa. Flestar aðrar þjóðir t. d. Bandaríkjamenn, hafa beinlínis tekið við afla úr erlendum veiðiskipum, sem stundað hafa veiðar á þessum slóðum. Þau hafa landað þar gífurlega miklu magni, og við höfum fengið að kenna á því á mörkuðunum þar. Aldrei hefur komið til neins slíks hjá okkur, að við heimilum það. Skip, sem veiða á þessum slóðum, fá margvíslega fyrirgreiðslu þarna og miklu meiri en þau fá hér hjá okkur. Auk þess er svo það, að Kanadamenn hafa verið fremstir í flokki að ákveða þann kvóta, sem Austur-Þjóðverjum hefur verið ætlað í þessum efnum að veiða á þessum slóðum. Ég tel líka mjög líklegt, að ef Austur-Þjóðverjar hefðu leitað til Kanada eða einhverra annarra, þá hefðu þeir fengið leyfi af þessari tegund þar. Ég tel það mjög sennilegt. Það a. m. k. stingi mjög í stúf við annað, sem þessar þjóðir almennt gera, ef þær hefðu neitað slíku. Ég hygg, að það hefði þá hlotið að vera af einhverjum pólitískum ástæðum.

Ég þurfti ekki að halda hér neina varanrræðu fyrir austur-þýska hagsmuni. Ég var hins vegar að sýna fram á, að það var rangt, sem hér var sagt, að við værum að breyta til um okkar almennu stefnu, sem við höfum haldið hér fram, að reyna, eftir því sem við getum, í okkar almennu viðskiptum við aðrar þjóðir að torvelda það, að þær fengju meiri eða betri aðstöðu en þörf er á til þess að stunda veiðar á okkar hagsmunasvæði. Þessi stefna er óbreytt. Við höfum ekki breytt henni með þessu.

Hv. 1. þm. Reykn. heldur, að það sé nauðsynlegt að fara til Austur-Þýskalands til þess að sjá austur-þýska togara. Ég held, að ef hann hefði a. m. k. komið oft að íslenskum höfnum, hefði hann getað séð þá nokkrum sinnum. M. a. hef ég nokkrum sinnum séð þá fara hér í slipp og meiri háttar viðgerðir, og það hefur komið fyrir, að þeir hafi legið hér vikum saman. Þeir hafa fengið þjónustu hér á undanförnum árum, ekki aðeins í tíð þessarar stjórnar, þeir voru hér áður. Hitt er svo vitað, að þeir hafa stundað veiðar hér við land í mörg ár, en sá er munurinn á þeim og ýmsum öðrum, að þeir hafa viðurkennt í framkvæmd okkar 50 mílna fiskveiðilandhelgi. Þeir hafa virt hana, og þeir hafa horfið af Íslandsmiðum fullkomlega nú. Við ættum miklu frekar að sýna þeim vissa viðurkenningu í sambandi við þetta, að þeir skuli hafa viðurkennt á þennan hátt okkar 50 mílna landhelgi, heldur en hrópa þá út á þann hátt, sem hér hefur verið gert.

Það var leitað til sjútvrn., eins og ég greindi frá, og það var spurt um það, hvort það hefði aths. við það að gera, að veitt yrði það leyfi, sem hér var um að ræða. Eftir að við höfðum kynnt okkur málið, töldum við ekkert til fyrirstöðu að veita leyfi í þetta skipti, en við tókum skýrt fram, að það yrði aðeins í þetta skipti. Við vildum hafa það algerlega opið, að hægt væri að neita um leyfisbeiðnir af þessu tagi, ef það kæmi í ljós á nokkurn hátt, það gæti verið til þess að styrkja okkar stöðu, svo að hér er ekki um það að ræða, að það sé búið að taka upp neina slíka stefnu, að við heimilum hverjum sem er eða þessum aðilum áfram að skipta hér um áhafnir á þennan hátt. En ég get ekki séð, að í þessum tilfellum, þar sem var um að ræða veiðar upp í tiltekinn kvóta, geti það haft nokkur minnstu áhrif.

Það hefur ekki mikil áhrif á mig, þó að hv. 8. landsk. þm., — hann hefur gert það nokkrum sinnum hér áður, — blási svolítið í sambandi við landhelgismál. En hann hefur ekki staðið sig þannig í einu eða neinu, að ég telji a. m. k. ástæðu til fyrir mig að hrökkva við út af því, þó að hann þykist vera mikill í þeim efnum. Það hefur því engin áhrif á mig, þó að hann sé nú að gera kröfur um, að ég fari nú loksins að standa mig í landhelgismálum. Ég óttast það ekki, þó að upp verði kveðinn dómur um okkur tvo í þeim efnum og það komi þá í ljós, hver eru hans afrek á því sviði. Hitt er auðvitað augljóslega skýringin á þeim mikla vindgangi, sem hér hefur komið fram, það sem kom greinilega fram hjá formanni Sjálfstfl., að menn eru sérstaklega á móti því, að heimilaðar skyldu lendingar á Keflavíkurflugvelli. Það hefur sennilega komið upp einhver ótti hjá einhverjum ágætum mönnum þar út af því, að leyfisveitingarnar skyldu vera bundnar við Keflavík. Allur gangurinn í þessu stafar af þessu, en ekki af neinni sérstakri fiskveiðipólitík, því að það fær vitanlega ekki staðist á nokkurn hátt.

Benedikt Gröndal: Herra forseti. Ég hef aldrei gert tilkall til neinnar viðurkenningar í sambandi við landhelgismálin. En hæstv. ráðh. er í allt annarri stöðu, og hann ætti því ekki að reyna að bjarga sér með því að gera samanburð við mig.

Hæstv. ráðh. sagði, eins og hann raunar hafði gert áður í þessum umr., að þetta leyfi væri veitt aðeins í þetta skipti. Ég vona, hæstv. forseti, að ég fari ekki út fyrir mörk velsæmisins, þó að ég segi, að þetta minni mig á söguna um strákinn, sem var að gera hosur sínar grænar fyrir stúlku, en hún sagði: Heyrðu, vinur, — þrisvar sinnum og svo aldrei meir.

Hæstv. ráðh. segir, að öll gagnrýni í þessu sé út í bláinn. En ég vil aðeins biðja hann að íhuga, hvað hann ætlar að gera, þegar það kemur umsókn frá Japan um, að Japanir fái að skipta um áhafnir á verksmiðjuskipum og verksmiðjuflotum á Íslandi. Eru þeir ekki mikil og góð viðskiptaþjóð? Viljum við sleppa þeim útflutningi, sem við höfum til þeirra, og þeim innflutningi, sem við höfum frá þeim? Hver ætlar að segja nei við slíka vinaþjóð? Og hverjir eru líklegri til að sækja á? Þeir eru komnir hálfa leið norður eftir Atlantshafinu, með öllum Afríkuströndum, og bíða eftir möguleikum til þess að senda sína skipaflota lengra.

Hæstv. ráðh. segir, að útlendingar, þ. á m. Austur-Þjóðverjar, fái í Kanada miklu meiri fyrirgreiðslu en þeir fá hér. Af hverju báðu þeir þá ekki um leyfi til að lenda í Kanada með flugvélar sínar? Svo sagði hæstv. ráðh. athyglisverða setningu, hann sagði: Ef Austur-Þjóðverjar hefðu leitað til Kanada, þá hefðu þeir vafalaust fengið jákvæði. — Hvernig veit sjútvrh. Íslands, að Austur-Þjóðverjar hafa ekki leitað til Kanada? Hvernig veit hann það? Ætli það hafi ekki eitthvað gerst, áður en umsóknin var send til okkar og áður en hún fékk þennan sterka stuðning hjá hans exellence í sjútvrn.

Það er talað um almenna stefnu okkar, það getur vel verið, að það sé ástæða til að íhuga hana. En hvað sem við hugsum um almenna stefnu, þá hlýtur þetta að vera skref í ranga átt. Það er þess vegna, sem þetta mál hefur verið vakið hér upp. Þetta er fyrsta atvikið. Við höfum talið það almenna stefnu að reyna að hleypa ekki nýju verksmiðjutogaraveldunum, — sem eru fyrst og fremst Austur-Þýskaland, Pólland og Sovétríkin, öll ný fiskveiðistórveldi, sem ekki voru til áður, — að hleypa þeim ekki að miðum okkar, reyna að forðast að gefa þeim tilefni til að óska eftir samningum við okkur, og það hefur tekist hingað til. Það er nóg fyrir okkur að glíma við gömlu fiskveiðistórveldin. Og ég held, að það hefði verið betra, ef ríkisstj. hefði haft forsjálni til þess að gera ekki þessa skyssu á því sviði.

Geir Hallgrímsson: Herra forseti. Ég skal reyna að fara að tilmælum forseta og miða orð mín við það, að aðrir hafi ekki ástæðu til að svara því, sem ég tek hér fram.

En ég vildi í fyrsta lagi segja það, að samkv. þeim upplýsingum, sem ráðuneytisstjóri utanrrn. gaf utanrmn. í morgun, er hér ekki um að ræða eingöngu fiskveiðar austur-þýskra togara við Newfoundland eða Kanada, heldur og við Norður-Noreg. Það var skýrt tekið fram af ráðuneytisstjóranum, og hann bar fyrir sig sem heimild þýska sendifulltrúann hér í Reykjavík.

Í öðru lagi er það staðreynd, að þjónustan við erlend fiskiskip er nú takmörkuð við það, að þau fá aðeins vistir og olíu til heimferðar. Það eru núverandi skilyrði, sem miða ber við, þegar dæma skal um, hvort hér er tekin upp ný stefna. Og það er bersýnilegt, að það er tekin upp ný stefna miðað við þessi skilyrði. En jafnvel miðað við þau skilyrði, sem rýmst hafa verið varðandi þjónustu við erlend fiskiskip, er hér tekin upp ný stefna að leyfa áhafnaskipti.

Í þriðja lagi er málið svo illa upplýst hér, að áhöld eru um það, hve stór þessi skip eru. Það skiptir þó kannske ekki höfuðmáli. Stór eru þau alla vega, vegna þess að hæstv. sjútvrh. segir, að skipta skuli um allverulegan hluta skipshafna, og það eru 85 manns, þ. e. a. s. skipin hafa stærri áhöfn en 85 manns. Af því má draga þá ályktun, að hér sé um mjög stór fiskiskip að ræða.

Ég vil einnig taka fram, að það skýtur skökku við úr munni viðskrh. að gera lítið úr þeim hagsmunum, sem t. d. flugfélögin hafa, ef flugsamgöngur eru af þeim teknar, sem eru bundnar skiptum á einstaka áhafnameðlimum. Ég held þó, að aðalatriðið sé, að það mundi enginn leggja í það að skipta á áhöfnum svo stórra skipa með svo stórri áhöfn með farþegaflugvélum.

Þá vildi ég leiðrétta hæstv. sjútvrh. Austur-Þjóðverjar hafa alls ekki viðurkennt 50 mílna fiskveiðilögsögu okkar, og þeir eiga þess vegna ekki nein laun skilið fyrir að hafa viðurkennt okkar 50 mílna fiskveiðilögsögu. Þeir hafa þvert á móti verið í hópi þeirra ríkja, sem hafa algerlega mótmælt 50 mílna fiskveiðilögsögu okkar. Það hefði kannske verið tækifæri til þess að fá þá nú til að ganga inn á að viðurkenna 50 mílurnar. En það er alla vega engin ástæða til þess að gera þeim sérstakan greiða fyrir það, sem þeir ekki hafa gert.

Austur-Þjóðverjar hafa, að því er ég hef fregnir af, gefið litlar eða ófullnægjandi upplýsingar um aflamagn sitt á Íslandsmiðum. Af skýrslum, sem ég hef séð, er þetta aflamagn á síðasta áratug frá 2 þús. tonna í 20—25 þús tonn á ári. Það er lítil fórn fyrir þessa þjóð að hverfa út fyrir 50 mílna fiskveiðilögsögu, þar sem hluti af þessum afla er áreiðanlega fenginn utan fiskveiðilögsögunnar hvort sem er. En á hitt er að líta, að við höfum enga tryggingu fyrir því, að þau fiskveiðiskip, sem skipta um áhafnir hér á Íslandi, veiði ekki á leiðinni að og frá fiskimiðum við Norður-Noreg, Kanada eða Bandaríkin.

Hæstv. ráðh. taldi, að áhyggjur mínar væru bundnar við Keflavíkurflugvöll. Ég skal taka það skýrt fram, að áhyggjur mínar eru að hluta til bundnar öryggishagsmunum Íslands. Ég álít, að í þessu máli hafi hvort tveggja í senn verið brotið í bága við fiskveiðihagsmuni Íslands og öryggishagsmuni landsins.

Forsrh. (Ólafur Jóhannesson): Herra forseti. Ég held, að það liggi nú ljóst fyrir, að hér hefur verið reynt að gera úlfalda úr mýflugu. Ég held, að það geti ekki skipt verulegu máli fyrir fiskveiðar okkar Íslendinga, þó að það sé leyft þrisvar sinnum að skipta um áhafnir með þessum hætti. Ég vil enn fremur segja það, að ég held, að það hafi enginn talað um þrjú skip í þessu sambandi. Hér hefur aðeins verið talað

um þrjár flugvélar, og það eru þrjár lendingar, sem um er að ræða. Hitt veit ég ekki um, af því að ég hef ekki fjallað það mikið um þetta mál, hvort skipin eru fleiri eða færri. (GH: Það eru veiðiferðirnar, sem skipta máli.) Það getur vel verið, að það sé um fleiri skip að ræða heldur en þrjú.

Í öðru lagi vil ég taka það fram út af því, sem sagt var hér áðan, að ábendingar og gagnrýni, sem fram komu á utanrmn.-fundi, hafa alls engin áhrif haft á það, hvernig það bréf var orðað og leyfi var orðað, sem veitt var, því að það var gefið út áður, og þar er það tekið skýrt fram, að þarna sé um undantekningu að ræða og þetta sé því ekki neitt vilyrði um, að slíkt eigi sér stað aftur. Það er algerlega til komið án nokkurs atbeina frá þeirra hálfu.

Í þriðja lagi vil ég taka það fram að gefnu tilefni að nokkru leyti af því, sem hv. 2. þm. Reykv. sagði síðast, að Keflavíkurflugvöllur er opinn flugvöllur, og það kemur að mínu mati ekki til greina að gera, að því er hann varðar, upp á milli austantjaldslanda og vestantjaldslanda eða hvaða nöfn sem menn vilja nú um það hafa.

Stofnlánasjóður vegna stórra atvinnubifreiða, þátill. (þskj. 660). — Hvernig ræða skuli.

Að till. forseta var ákveðin ein umr.

Efri deild, 100. fundur.

Föstudaginn 5. apríl, kl. 5.15 síðdegis.

Nafnskírteini, frv. (þskj. 391). — 3. umr.

Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði samþ. með 15 shlj. atkv.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 16 shlj. atkv. og afgr. til Nd.

Kaupstaðarréttindi til handa Bolungarvíkurkauptúni, frv. (þskj. 592). — 3. umr.

Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði samþ. með 15 shlj. atkv.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 16 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 701).

Húsnæðismálastofnun ríkisins, frv. (þskj. 598). — 3. umr.

Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði samþ. með 15 shlj. atkv.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 16 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 702).

Kaupstaðarréttindi til handa Dalvíkurkauptúni, frv. (þskj. 629). — 3. umr.

Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði samþ. með 15 shlj. atkv.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 16 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 703).

Undirbúningsfélag fiskkassaverksmiðju, frv. (þskj. 293). — 1. umr.

Of skammt var liðið frá 3. umr. í Nd. — Afbrigði samþ. með 15 shlj. atkv.

Heilbr.- og trmrh. (Magnús Kjartansson): Herra forseti. Þetta frv. er komið til hv. Ed. frá Nd., þar sem það var samþ. einróma í þeirri mynd, sem það var lagt fram. Þegar það var upphaflega lagt fyrir hér á þingi, gerði ég allýtarlega grein fyrir því í framsögu, og hún er tiltæk prentuð hjá öllum þm., þannig að ég sé ekki ástæðu til að endurtaka þær röksemdir, sem þar voru fluttar.

Efni frv. er það, að ríkisstj. beiti sér fyrir því, að stofnað verði undirbúningshlutafélag, sem hafi það markmið að kanna hagkvæmni og aðstæður til að koma á fót og reka verksmiðju til að framleiða fiskkassa, flutningskassa og aðrar sambærilegar vörur úr plasti og stuðla að því, að slíkt fyrirtæki verði stofnað. Menn þekkja þetta fyrirkomulag. Alþ. hefur beitt því oftar en einu sinni, og við höfum reynslu af því, að þessir starfshættir geta verið hagkvæmir, og hér eru þrædd hliðstæð lagafyrirmæli og áður eru kunn. Undantekning er sú, að hér er ekki gert ráð fyrir því, að ríkið þurfi að eiga meiri hl. í þessu fyrirtæki. Ríkið á aðeins að beita sér fyrir því, að það verði stofnað, og í annan stað verði ríkisstj. heimilað að leggja fram 10 millj. kr. sem hlutafé í þessu undirbúningsfélagi.

Mér er það mikið í mun, að þetta frv. gæti orðið að lögum á þessu þingi. Ég held, að um það sé enginn ágreiningur. En endanlegar ákvarðanir um stofnun slíkrar verksmiðju, ef undirbúningsfélagið kemst að þeirri niðurstöðu, að hún sé hagkvæm, munu að sjálfsögðu verða lagðar fyrir Alþ. á sínum tíma.

Ég legg svo til, herra forseti, að frv. verði að lokinni 1. umr. vísað til 2. umr. og hv. iðnn.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 13 shlj. atkv. og til iðnn. með 13 shlj. atkv.

Efri deild, 101. fundur.

Föstudaginn 5. apríl, að loknum 100. fundi.

Sölustofnun lagmetisiðnaðarins, frv. (þskj. 683). — 1. umr.

Of skammt var liðið frá útbýtingu frv. — Afbrigði samþ. með 13 shlj. atkv.

Heilbr.- og trmrh. (Magnús Kjartansson): Herra forseti. Með þessu frv. er ráðgert, að lagmetisiðnaðurinn falli undir skilgreiningu laga um iðnrekstur og greiði iðnlánasjóðsgjald, en verði undanþeginn öllum útflutningsgjöldum, sem tengd eru sjávarútveginum. Þegar Sölustofnun lagmetis var stofnsett með lögum 1972, var gert ráð fyrir því, að öll þáverandi útflutningsgjöld af lagmeti skyldu renna í svonefndan þróunarsjóð til eflingar lagmetisiðnaði. Síðan hafa ýmis ný útflutningsgjöld á sjávarafurðir verið lögð á lagmetisiðnað, þ. á m. 1% gjald, sem renna skal til Fiskveiðasjóðs Íslands, og fer það gjald ekki í þróunarsjóðinn. Á sama tíma hefur það gerst, að lagmetisiðnaðurinn hefur ekki notið lánafyrirgreiðslu úr sjóðum sjávarútvegsins, en hins vegar úr Iðnlánasjóði, án þess þó að vera skyldur til þess að greiða iðnlánasjóðsgjald. Hefur af þessu orðið öngþveiti fyrir lagmetisiðnaðinn, og er staða hans mjög óskýr hvað þessi atriði varðar. Þá hefur komið í ljós, að verðmyndun á lagmetisafurðum er mun líkari því, sem gerist um almennar iðnaðarvörur, og fylgir ekki þeim sveiflum og reglum um verðlagningu, sem almennt gerast á sjávarafurðum. Aukaálögur af auknum útflutningsgjöldum hafa því reynst þungbærar á síðustu mánuðum.

Þessu frv. er ætlað að undanskilja lagmetisiðnað öllum almennum útflutningsgjöldum af sjávarafurðum, tengja starfsemina við lánakerfi iðnaðarins og leggja á hana iðnlánasjóðsgjald í staðinn. Hins vegar gilda áfram ákvæðin um greiðslu í þróunarsjóð lagmetisiðnaðarins, en samkv. l. áttu þær greiðslur að standa um 5 ára skeið.

Ég tel rétt, að ég geri við þetta tækifæri einnig grein fyrir frv. um Iðnlánasjóð, því að þessi frv. eru tengd hvort öðru. Þar er ráðgert, að lagmetisiðnaðuinn greiði iðnlánasjóðsgjald og fái þannig sama rétt til lánveitinga úr Iðnlánasjóði og önnur iðnfyrirtæki. Þessi lánafyrirgreiðsla hefur verið veitt að undanförnu, en til þess að hægt sé að gera það á eðlilegan hátt, þarf lagmetisiðnaðurinn að greiða iðnlánasjóðsgjald eins og önnur iðnfyrirtæki.

Ég legg svo til, herra forseti, að frv. verði að lokinni 1. umr. vísað til 2. umr. og hv. iðnn.

Jón Árm. Héðinsson: Herra forseti. Aðeins nokkur orð við þessa 1. umr. og þau frv., sem koma svo skjótt til umr.

Mig langar til að beina fsp. til hæstv. ráðh., hvort rétt sé, að þegar hafi verið framkvæmt efni þessara laga varðandi það, að þau gjöld, sem frv. gerir ráð fyrir, hafi verið lögð til hliðar, eins og frv. mæla fyrir, og ef svo hafi verið, hvort hæstv. ráðh. geti upplýst, þótt með stuttum fyrirvara sé, hversu háar tölur hér sé um að ræða.

Það kemur ekki fram í aths. við frv., hve hér sé um stórar tölur að ræða, en það hefur lengi verið háð nokkuð hörð barátta til að ná inn í gegnum útflutningsgjald af sjávarafurðum nægilegu fjármagni, svo að tryggingasjóður og fleiri sjóðir, sem njóta þessara gjalda til baka aftur, hafi nægilegt fjármagn.

Ég held, að við séum sammála um það, allir hv. þm. í d., að nauðsynlegt er að tryggja lagmetisiðnaðinum nægilegt fjármagn og ekki síður góð stofnlán, og efni þessara frumvarpa getur því sennilega verið ágreiningslaust mál. En ég tel samt rétt, af því að það fer í n., sem ég á ekki sæti í, þar sem hæstv. ráðh. lagði til, að það væri iðnn. en ekki sjútvn., þó að sjávarútvegurinn standi þarna undir verulegum gjöldum, að við a. m. k. ættum kost á að fá hugmynd um, hversu stór gjaldtaka sé hér á ferðinni og hversu fjármagnshreyfingar breytast miðað við það, að frv. fari í gegn óbreytt.

Það voru þessi atriði, sem ég vildi fá upplýsingar um, ef tök væru á með svona stuttum fyrirvara.

Heilbr.- og trmrh. (Magnús Kjartansson): Herra forseti. Mér er því miður ekki tiltæk vitneskja til þess að svara þeirri spurningu, sem hv. þm. bar fram. En ég mun að sjálfsögðu gera ráðstafanir til þess að koma þeirri vitneskju á framfæri, bæði við n. og við hv. þm.

Jón Árnason: Herra forseti. Þessi frv. eru svo ný af nálinni, að ég hef ekki haft tækifæri til að kynna mér þau. Má segja, að þau séu ekki efnislega svo mikil, að það tæki langan tíma að gera sér grein fyrir því, hvað hér er um að ræða. Ég vil þó segja nokkur orð þegar við 1. umr., áður en málið fer til n., og þá sérstaklega með tilliti til þess, að ég á ekki sæti í þeirri n., sem gert er ráð fyrir, að fái mál þetta til meðferðar.

Ég tel mjög hæpið, eins og lagt er til í 1. gr., að leggja á lagmetisiðnaðinn viðbótargjald við það, sem nú er, og það þurfi til að koma, til þess að hann fái aðgang að stofnlánasjóði eins og aðrir atvinnuvegir í landinu. Ég tel slíkt óeðlilegt, enda þótt umræddur skattur fari í iðnþróunarsjóð.

Það er gott fyrir hvaða atvinnuveg sem er að hafa aðgang að einhverjum þróunarsjóði með lán eða styrki. En viðkomandi verður að vera aflögufær til þess að geta byggt upp þann sjóð, sem um er að ræða, með eigin framlögum, og ég tel, að lagmetisiðnaðurinn sé alls ekki þannig staddur í dag. Ég tel því, að það lengsta, sem hægt sé að ganga í þessum efnum, sé að gjöldin á lagmetisiðnaðinn verði ekki hækkuð frá því sem er, þannig að framlög lagmetisiðnaðarins í útflutningsgjöldum og til aflatryggingasjóðsins verði lækkuð sem nemur gjaldinu til Iðnlánasjóðs. **(Heilbr.- og trmrh.:** Það felst í öðru frv.) En það er þó tekið fram hérna sérstaklega, að þessar greiðslur haldi áfram. **(Heilbr.- og trmrh.:** Í þróunarsjóðinn.) Já, í þróunarsjóðinn, og það á að ganga áfram þangað til 1977.

Í sambandi við þá fyrirgreiðslu, sem niðursuðuiðnaðurinn hefur haft hjá Iðnlánasjóði, þá er vitað, að hún er mjög takmörkuð og varla hægt að tala um hana sem fyrirgreiðslu sem nokkru nemur. Af eðlilegum ástæðum hefur þar oftast verið sama viðbáran, að það sé ekki fjármagn

fyrir hendi. Nú vil ég spyrja hæstv. iðnrh., hvort hann muni gera sérstakar ráðstafanir til að útvega sjóðnum viðbótarfjármagn, um leið og sjóðurinn tekur þessar kvaðir á sig. Ef þetta frv. á ekki að vera orðin ein, hlýtur það að kalla á aukið fjármagn, svo sjóðurinn geti komið að verulegu gagni fyrir þennan atvinnuveg.

Ég óska eftir að fá upplýsingar hjá hæstv. iðnrh. um, hvort hér verður um eitthvert átak að ræða í þessum efnum eða ekki.

Heilbr.- og trmrh. (Magnús Kjartansson): Herra forseti. Að því er varðar fyrra atriðið, sem hv. þm. gerði að umtalsefni, þá er það svo, að það hafa verið lögð útflutningsgjöld á sjávarafurðir, sem renna ekki í þróunarsjóðinn, þ.á.m. 1% gjald, sem á að renna til Fiskveiðasjóðs Íslands. Með frv. til l. um breyt. á l. um Sölustofnun lagmetisiðnaðarins er verið að létta þessum gjöldum af lagmetisiðnaðinum. Hins vegar halda áfram fyrri gjöldin, sem renna í þróunarsjóðinn.

Í l. um Iðnlánasjóð er eðlilega ákvæði um það, að þeir, sem greiða gjald í Iðnlánasjóð, skuli ganga fyrir um lánveitingar úr sjóðnum. Það hefur mjög háð lagmetisiðnaðinum, að það er enginn sjóður í landinu, sem hefur talið verkefni sitt að styðja hann, enginn stofnlánasjóður, og þess vegna beitti ég mér fyrir því á síðasta hausti, að Iðnlánasjóður tæki þetta verkefni að sér. En til þess að hann geti gert það á eðlilegan hátt, þarf að koma til þessi breyting um, að greitt sé gjald í Iðnlánasjóð. Það liggur í hlutarins eðli, að við fjármögnun Iðnlánasjóðs verður að taka tillit til þess, að hann tekur þarna að sér ný verkefni, þannig að fjármögnunaráætlun hans fyrir þetta ár og næsta ár verður að sjálfsögðu að taka mið af því, að hann hefur þarna bætt við sig verkefni umfram þau, sem hann hafði áður.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 13 shlj. atkv. og til iðnn. með 13 shlj. atkv.

Iðnlánasjóður, frv. (þskj. 684). — 1. umr.

Of skammt var liðið frá útbýtingu frv. — Afbrigði samþ. með 13 shlj. atkv.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 13 shlj. atkv. og til iðnn. með 13 shlj. atkv.

Mat fasteigna, frv. (þskj. 673, 671, 674, 678, 697). — Frh. 3. umr.

Enginn tók til máls.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Neðri deild, 103. fundur.

Föstudaginn 5. apríl, kl. 5.45 síðdegis.

Atvinnuleysistryggingar, frv. (þskj. 637, n. 690). — 2. umr.

Of skammt var liðið frá útbýtingu nál. — Afbrigði samþ. með 25 shlj. atkv.

Frsm. (Jónas Árnason): Herra forseti. Heilbr.- og trn. mælir með samþykkt þessa frv.

ATKVGR.

1. gr. samþ. með 24 shlj. atkv.
2.—8. gr. samþ. með 25 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 24 shlj. atkv.

Neðri deild, 104. fundur.

Föstudaginn 5. apríl, að loknum 103. fundi.

Atvinnuleysistryggingar, frv. (þskj. 637). — 3. umr.

Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði samþ. með 24 shlj. atkv.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 24 shlj. atkv. og afgr. til Ed.

Kaupstaðarréttindi til handa Eskifjarðarhreppi, frv. (þskj. 699). — 3. umr.

Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði samþ. með 24 shlj. atkv.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 21 shlj. atkv. og endursent Ed.

Kaupstaðarréttindi til handa Grindavíkurhreppi, frv. (þskj. 322). — 3. umr.

Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði samþ. með 24 shlj. atkv.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 21 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 705).

Neðri deild, 105. fundur.

Föstudaginn 5. apríl, að loknum 104. fundi.

Umferðarlög, frv. (þskj. 515, 667, 700). — Frh. 2. umr.

ATKVGR.

1. gr. samþ. með 24 shlj. atkv.
Brtt. 700 felld með 18:5 atkv.
2. gr. samþ. með 21:1 atkv.
Brtt. 667 samþ. með 20:1 atkv.
3. gr., svo breytt, samþ. með 21 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 22 shlj. atkv.

Neðri deild, 106. fundur.

Föstudaginn 5. apríl, að loknum 105. fundi.

Umferðarlög, frv. (þskj. 706). — 3. umr.

Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði samþ. með 23 shlj. atkv.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 20:1 atkv. og endursent Ed.

Efri deild, 102. fundur.

Föstudaginn 5. apríl, kl. 6 síðdegis.

Kaupstaðarréttindi til handa Eskifjarðarhreppi, frv. (þskj. 699). — Ein umr.

Of skammt var liðið frá 3. umr. í Nd. — Afbrigði samþ. með 13 shlj. atkv.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 13 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 704).

Atvinnuleysistryggingar, frv. (þskj. 637). — 1. umr.

Of skammt var liðið frá 3. umr. í Nd. — Afbrigði samþ. með 13 shlj. atkv.

Heilbr.- og trmrh. (Magnús Kjartansson): Herra forseti. Þetta frv. hefur verið afgreitt í hv. Nd. einróma eins og það var flutt. Það er tengt samningum þeim, sem aðilar vinnumarkaðarins gerðu 26. febr. 1974, en í þeim samningum voru m. a. ákvæði um kauptryggingu verkafólks í fiskvinnu. Í því samkomulagi var gert ráð fyrir nokkurri fyrirgreiðslu frá Atvinnuleysistryggingasjóði, meðan verið væri að koma þessari skipan á, og vil ég leyfa mér að lesa þau ákvæði, sem í samkomulaginu voru um þetta atriði:

„60% greiðslu, sem vinnuveitendur greiða vegna þessarar tryggingar, skal Atvinnuleysistryggingasjóður endurgreiða viðkomandi fyrirtæki mánaðarlega, enda hafi trúnaðarmaður og annar launþegi, er trúnaðarmaður eða stéttarfélag velur, staðfest framlögð gögn með daglegri uppáskrift.

Þann 1. mars 1979 lækkar greiðsluhlutfall Atvinnuleysistryggingasjóðs um 50% og síðan um 10% á ári næstu 5 ár, þannig að greiðsla sjóðsins fellur niður frá og með 1. mars 1984.

Samkomulag þetta tekur gildi við undirskrift samnings þessa, enda hafi ríkisstj. lofað að beita sér fyrir, að breyt. á l. um Atvinnuleysistryggingasjóð verði gerð á Alþingi því, er nú situr, er heimili greiðslu til vinnuveitenda, sbr. tölul. 7 hér að framan.

Reglugerð um framkvæmd og eftirlit verði gerð í samráði við Alþýðusamband Íslands og Vinnuveitendasamband Íslands."

Ríkisstj. gaf yfirlýsingu um, að hún mundi beita sér fyrir þessari breytingu, og ég fól þremur mönnum að semja frv. til l. um breyt. á l. um Atvinnuleysistryggingar til efnda á þessu fyrirheiti. Í n. voru Hjálmar Vilhjálmsson fyrrv. ráðuneytisstjóri, sem var formaður n., enn fremur Eðvarð Sigurðsson alþm. og Kristján Ragnarsson framkvstj.

Meginefni frv. felst í 5. gr. þess og er í samræmi við þau ákvæði, sem ég las upp hér áðan, en hér fylgja með einnig drög að reglugerð um kauptryggingu verkafólks í fiskvinnu, einnig drög að ráðningarsamningi um kauptryggingu verkafólks í fiskvinnu og loks drög að skrá yfir atvinnuleysisdaga, sem vinnuveitanda ber að greiða dagvinnukaup fyrir, til þess að hv. alþm. og allir sjái, hvernig fyrirhugað er að framkvæma þessa lagabreytingu.

Ég legg svo til, herra forseti, að málinu verði að lokinni 1. umr. vísað til 2. umr. og hv. heilbr.- og trn.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 14 shlj. atkv. og til heilbr.- og trn. með 14 shlj. atkv.

Efri deild, 103. fundur.

Miðvikudaginn 17. apríl, kl. 2 miðdegis.

Lífeyrissjóður bænda, frv. (þskj. 685). — 1. umr.

Fjmrh. (Halldór E. Sigurðsson): Herra forseti. Á þskj. 685 er 310. mál þingsins, sem er frv. til l. um breyt. á l. um Lífeyrissjóð bænda. Eins og fram kemur í aths. með frv. þessu, var stjórn Lífeyrissjóðs bænda falið af fjmrh. að endurskoða l. um sjóðinn. Í bréfi því, sem fylgdi, var tekið fram, að í bráðabirgðaákvæðum laga nr. 101 frá 28. des. 1970 var kveðið svo á, að l. skyldu endurskoðuð fyrir árslok 1972. Á árinu 1973 voru gerðar nokkrar breytingar á þessum l., en þá þótti ekki rétt að mati stjórnar sjóðsins að endurskoða lögin í heild. Var því dregið að gera það þar til nú.

Á aðalfundi Stéttarsambands bænda, sem haldinn var á s. l. hausti, var samþ. svo hljóðandi ályktun, með leyfi hæstv. forseta:

„Aðalfundur Stéttarsambands bænda 1973 felur stjórn Stéttarsambandsins að beita sér fyrir endurskoðun á l. um Lífeyrissjóð bænda til að lagfæra m. a. ákvæði um ekknabætur, réttindi systur, þar sem systkini hafa búið saman o. fl."

Það var tekið fram í bréfi því, sem sent var stjórn lífeyrissjóðsins, að eðlilegt væri, að inn í þessa endurskoðun væru tekin ýmis ákvæði í l., sem reynslan hefði sýnt, að nauðsyn væri til að endurskoða.

Í grg. stjórnar Lífeyrissjóðs bænda með lagafrv. því til breyt. á l. nr. 101 1970, sem samþ. var á Alþingi í maímánuði 1972, var tekið fram, eins og áður segir, að ekki væri tímabært að endurskoða lögin í heild, svo að það var ekki gert þá.

Það hefur valdið erfiðleikum um framkvæmd laganna, að ófullkomnar upplýsingar eru að jafnaði tiltækar um félagsbú, hverjir teljast aðilar að þeim, hvernig arður af þeim skiptist o. s. frv. Stjórnin treystir sér ekki til að leggja fram till. til breyt. á lögum lífeyrissjóðsins, er að gagni mættu verða í þessu efni, en treystir því, að betri skipan komi fljótlega á þessi mál, sbr. 17. gr. frv. til jarðalaga, sem nú liggur fyrir Alþingi.

Þeir aðilar, sem skipa stjórn lífeyrissjóðs bænda, eru Gunnar Guðbjartsson bóndi á Hjarðarfelli, form. Stéttarsambands bænda, Guðlaugur Þorvaldsson háskólarektor og Pétur Sigurðsson, sem er starfsmaður hjá framleiðsluráði og lífeyrissjóðnum.

Helstu atriði þessa frv. eru þessi:

1. Réttur til makalífeyris samkv. 11. gr. l. er rýmkaður nokkuð.

2. gert er ráð fyrir rétti til makalífeyris samkv. II. kafla l. eftir aldraða bændur, sem látist hafa á árunum 1965 til 1969, en samkv. núgildandi ákvæðum er það skilyrði, að fráfall hafi átt sér stað eftir árslok 1969.

3. Gert er ráð fyrir möguleika á greiðslu makalífeyris til systur, sem gegnt hefur húsfreyjustarfi, bæði samkv. I. og II. kafla laganna.

4. Kveðið er á um hækkun lífeyrisgreiðslna, sem þegar hafa verið úrskurðaðar, þannig að þær miðist við grundvallarlaun 1969—1973.

5. Gert er ráð fyrir heimild fyrir sjóðsstjórnina til að veita bændum utan lögbýla aðild að sjóðnum að uppfylltum tilteknum skilyrðum.

6. Sett er ákvæði um forgangsrétt iðgjaldskrafna við gjaldþrotaskipti hjá innheimtuaðila.

Samþykkt frv. hefur ekki í för með sér teljandi aukningu skuldbindinga lífeyrissjóðsins, enda ekki gert ráð fyrir breytingum á tekjugrundvelli hans. Hins vegar er áætlað, að bráðabirgðaákvæði frv. um hækkun eftirlaunagreiðslna hafi í för með sér aukningu útgjalda, sem nemi 9.1 millj. kr. fyrir ríkissjóð og 5.4 millj. kr. fyrir Stofnlánadeild landbúnaðarins á árinu 1974, miðað við að frv. gilti það ár, en síðan fara áhrif þessara ákvæða minnkandi. Þá munu breyt. á ákvæðum II. kafla laganna um makalífeyri valda nokkurri aukningu útgjalda. Athygli skal vakin á því, að fyrir ríkissjóð verður hér ekki um hreina útgjaldaaukningu að ræða, og er þá miðað við, að það dragi úr tryggingagreiðslum almannatrygginga.

Þessi atriði eru meginatriði í breyt. þeim, sem felast í þessu frv. Það var gert ráð fyrir því, að þetta frv. tæki gildi að nokkru leyti 1. jan. s. l. Hins vegar var frv. síðbúnara en ráð hafði verið fyrir gert og er því svo seint á ferðinni sem raun ber vitni um. Ég mun á síðara stigi málsins hafa samband við hv. n. um gildistöku laganna.

Ég sé ekki ástæðu til að fara fleiri orðum um þær breytingar, sem hér eru gerðar á l. þeim um Lífeyrissjóð bænda, sem nú eru í gildi, enda hafa þau ákvæði verið skýrð, sem máli skipta. Ég legg svo til, herra forseti, að að lokinni þessari umr. verði frv. vísað til 2. umr. og hv. fjh.- og viðskn.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 12 shlj. atkv. og til fjh.- og viðskn. með 13 shlj. atkv.

Umferðarlög, frv. (þskj. 706). — Ein umr.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 13 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 719).

Fiskveiðasjóður Íslands, frv. (þskj. 672). — 1. umr.

Flm. (Þorv. Garðar Kristjánsson): Herra forseti. Ég flyt frv. á þskj. 672 ásamt hv. þm. Jóni Árnasyni og Oddi Ólafssyni. Þetta frv. er um breyt. á l. um Fiskveiðasjóð Íslands.

Fiskveiðasjóður Íslands hefur um langt árabil gegnt einu þýðingarmesta hlutverki nokkurrar stofnunar í þágu sjávarútvegsins. Það er óþarft að kynna starfsemi Fiskveiðasjóðsins, vegna þess að hún er svo alkunnug. Í lögum um Fiskveiðasjóð er nú kveðið svo á, að hlutverk þessa sjóðs sé að efla framleiðslu og framleiðni í fiskveiðum, fiskiðnaði og skyldri starfsemi. Þetta

skal gert með því að veita stofnlán gegn veði í fiskiskipum, vinnslustöðvum, vélum og mannvirkjum, sem að dómi sjóðsstjórnar eru í þágu sjávarútvegsins, þ. á m. skipasmíðastöðvum, dráttarbrautum, viðgerðarverkstæðum og verbúðum.

Af þessari upptalningu má marka, hve mikilvægu og víðtæku hlutverki Fiskveiðasjóður hefur að gegna. Það fer ekki heldur á milli mála, að í framkvæmd hefur Fiskveiðasjóður grundvallarþýðingu fyrir uppbyggingu sjávarútvegsins, og svo hefur raunar verið allt frá stofnun sjóðsins, en hann á sér langa og merka sögu, eins og kunnugt er.

Hins vegar hefur nokkuð skort á starfsemi Fiskveiðasjóðs. Það varðar einn þátt lánamála sjávarútvegsins. Þessi þáttur lánamála sjávarútvegsins verður ekki talinn veigalítill. Og þessu frv. er ætlað að bæta hér úr.

Meginverkefni Fiskveiðasjóðs er að veita lán til fiskiskipa. Í framkvæmd er það svo, að lánveitingar þessar hafa verið bundnar við ný fiskiskip. Lög um Fiskveiðasjóð hafa verið skilin svo, að sjóðurinn hafi ekki heimild til lánveitinga nema til nýsmíða og endurbyggingar skipa. Lán til eldri skipa hafa því verið útilokuð. En það er einmitt á vettvangi eldri skipanna, sem skort hefur á í starfsemi Fiskveiðasjóðs. Þetta ástand hefur lengi valdið erfiðleikum, og nú er svo komið, að lengur verður ekki unað við óbreytt ástand í þessum efnum.

Eigendaskipti á fiskiskipum eru ekki ótíðari en á sér stað um aðrar eignir manna, nema síður sé. Á öllum tímum eru tíð eigendaskipti á fiskiskipum, og leiðir þetta af síbreytilegum aðstæðum, sem fylgja jafnan veiðiskap, í hvaða mynd sem er. Sérstaklega á þetta við á tímum þeim, sem nú eru, þegar miklar umbyltingar eru í sjávarútvegi. Í því sambandi er nærtækast að benda á tilkomu skuttogaranna. Mörg byggðarlög, sem fengið hafa skuttogara, hafa ekki þörf eða tök á að hagnýta þau fiskiskip, sem fyrir voru. Eigendur hinna eldri skipa vilja þá selja þau af þessum ástæðum. Hér getur verið um góð og hagkvæm skip að ræða, sem þörf er á að nýta og eftirspurn er eftir úr öðrum byggðarlögum. En þá er sá hængur á, að þeir útgerðarmenn, sem gjarnan vildu kaupa þessi eldri skip, eiga erfitt með það eða eiga þess engan kost, vegna þess að Fiskveiðasjóður lánar ekki út á þau. Slíkir menn eiga þá e. t. v. ekki annars völ en að láta smíða ný skip, þar sem í því tilfelli er séð fyrir fyrirgreiðslu í lánamálum með venjulegri lánveitingu Fiskveiðasjóðs. Það þarf ekki að fara mörgum orðum um þetta mál, til að menn sjái, hve augljóst það er, að þjóðhagslega er þetta ekki hagkvæm skipan mála.

Úr þessu vandamáli verður ekki greitt, nema Fiskveiðasjóður taki upp lánveitingar til kaupa á eldri skipum. Og það er einmitt það, sem þetta frv. felur í sér.

Í 1. gr. frv. er kveðið svo á, að við 2. gr. l. komi ný málsgr., er verði 2. málsgr., svo hljóðandi:

„Enn fremur er hlutverk Fiskveiðasjóðs að veita lán til kaupenda eldri fiskiskipa. Ráðh. setur með reglugerð ákvæði um lánveitingar þessar, sbr. 11. gr.“

Með því að setja þetta ákvæði inn í gildandi lög væri skýrt tekið fram, að það væri hlutverk Fiskveiðasjóðs að gegna þessari þörf í lánamálum sjávarútvegsins eigi síður en varðandi nýbyggingu fiskiskipa. Það þykir ekki rétt að setja nánari ákvæði um það í lögin sjálf, hvernig þetta skuli vera í framkvæmd, heldur er gert ráð fyrir því, að ráðh. setji með reglugerð nánari ákvæði um lánveitingar þessar. Þó kemur það fram í 2. gr. þessa frv., að þar er lagt til, að það komi viðbót við 11. gr. l. um Fiskveiðasjóð, en þessi viðbót er svo hljóðandi, með leyfi hæstv. forseta:

„Til eldri fiskiskipa mega lán nema helmingi kaupverðs eða matsverðs, þess er lægra reynist, og skulu þá meðtaldar eftirstöðvar af lánum sjóðsins, sem fyrir kunna að vera.“

Það er einmitt í 11. gr. l. um Fiskveiðasjóð, þar sem er kveðið á um, hve há lán megi vera út á ný skip. Ákvæði er um, að það skuli tekið veð í 1. veðrétti í skipum fyrir þessum lánum. Hér er gert ráð fyrir, að það sama gildi um hin nýju lán, sem þetta frv. gerir ráð fyrir, þ. e. a. s. um lán út á eldri skip, þau verði veittt gegn 1. veðrétti. Sá munur verði á þessum lánum og lánum til nýsmíða, að það verði ekki heimilt að veita eins há lán út á eldri skip eins og ný skip. Lán út á eldra skip er bundið við helming kaupverðs eða matsverðs, þess sem lægra reynist. Það þykir rétt að gera þennan greinarmun á nýju og gömlu. Það þykir einnig rétt, eins og fram kemur í frv. þessu, að þegar ákveðið er, hve há lánsupphæð má vera, séu meðtaldar eftirstöðvar af lánum Fiskveiðasjóðs, sem fyrir kunna að vera á viðkomandi skipi.

Þetta mál er allt einfalt í sniðum, og það þarfnast ekki nánari útskýringar, að ég hygg, en ég hef nú þegar gefið. En þó þetta mál sé einfalt í sniðum, þá er það svo eins og um marga hina einföldustu hluti, að þeir eru kannske hinir mikilvægustu. Þetta mál er ákaflega mikilvægt fyrir sjávarútveginn. Og ég leyfi mér að gera mér vonir um, að við hér í þessari hv. d. getum öll verið sammála um mikilvægi þessa máls og lagst á eitt um það, að málið fái skjóta afgreiðslu í deildinni, þannig að freista megi þess, að það fái endanlega afgreiðslu á þessu þingi.

Sjútvrh. (Lúðvík Jósepsson): Herra forseti. Ég vildi aðeins við þessa umr. lýsa yfir afstöðu minni til þessa frv. Ég er eindregið meðmæltur frv. Ég tel, að það fjalli um efni, sem nauðsynlegt er að leysa. Það hefur lengi verið um það rætt varðandi lánareglur Fiskveiðasjóðs að breyta þeim í framkvæmd á þessa lund. Ég hef oft lýst yfir þessari skoðun minni hér á hv. Alþingi, að það bæri að vinna að þessu, og ég tel reyndar, að það sé hægt að framkvæma gildandi lög á þennan hátt. En það hefur hins vegar ekki verið nægilegur skilningur hjá þeim, sem stjórnað hafa sjóðnum, í þessa átt. En hitt skal ég játa, að það er nokkur vandi á um framkvæmd málsins. Það er vitanlega ekki geðfellt út af fyrir sig, að Fiskveiðasjóður þurfi að ráðstafa mjög miklu af sínu takmarkaða lánsfé til þess að lána í sífellu út á sömu skipin, af því að þau vilja ganga kaupum og sölum manna á milli og hækka

þá gjarnan í verði, eins og menn vita, og er þá hætt við því, að Fiskveiðasjóður sé að lána margsinnis út á sama skipið og fé hans verði á þann hátt eitthvað rýrara í því skyni að vinna að því að auka við fiskiskipaflota landsmanna. En það er mikil þörf á því að greiða fyrir eðlilegum skiptum manna á milli með atvinnutæki eins og fiskiskip. Það er eðlilegt, að sumir vilji kaupa notuð skip á sama tíma og aðrir telja, að sínum högum sé þannig háttað, að þeir vilji breyta til og hverfa að því að gera út skip af allt annarri gerð eða allt annarri stærð. En eins og nú er komið, er mjög erfitt fyrir menn að selja skip sín með eðlilegum hætti vegna þess, að ekki eru möguleikar á að fá veðlán nema að svo litlu leyti í sambandi við slík eignaskipti.

Ég vildi sem sagt aðeins segja það, að ég er algjörlega samþykkur efni þessa frv. Ef þetta yrði samþykkt, er búið að slá því föstu, að reglur verða settar í þessa átt, og þá mundi stjórn sjóðsins strax fara eftir því. Það væri þá hægt að fikra sig áfram, því að frv. er þannig. Þá væri hægt að fikra sig áfram og aðeins stíga þetta í skrefum, án þess að farið yrði út í það að lána upp í 50% í öllum tilfellum. Frá minni hálfu lít ég þannig á, að það sé sjálfsagt að fara gætilega í það og verja fé sjóðsins ekki allt of mikið í það að lána þannig út á skip, að lána aðeins út á verðhækkanir til þeirra.

Ég vildi mjög gjarnan, að sú n., sem fær málið til meðferðar, greiddi fyrir þessu, og ég mun veita þessu frv. minn stuðning.

Flm. (Þorv. Garðar Kristjánsson): Herra forseti. Hæstv. sjútvrh. taldi að það mundi vera hægt, að framkvæma núgildandi lög á þann veg að lána út á eldri skip. Ég er honum sammála um þennan skilning. Ég mundi ætla, að þetta gæti staðist. Það er eins og kom fram hjá honum, að framkvæmdin hefur hins vegar verið þannig og það hefur verið litið svo á, að því er virðist hjá stjórnendum sjóðsins, að það væri ekki heimilt að lána út á eldri skip. Því er ekki önnur leið fyrir þá, sem sjá þörf á breytingu í þessu efni, heldur en að fá sett ákvæði í lög um þetta, eins og þetta frv. gerir ráð fyrir.

Hæstv. sjútvrh. sagði, að það gætu verið og væru nokkur vandkvæði á framkvæmd málsins. Ég geri mér alveg grein fyrir því, að það er. Ég taldi þess vegna ekki hyggilegt að setja nánari ákvæði um framkvæmdina í frv. sjálft, heldur leggja það í vald ráðh.

Það er mjög ánægjulegt til þess að vita, að hæstv. sjútvrh. hefur fullkominn skilning á mikilvægi málsins, og það er ákaflega mikið atriði. Ég fagna því sérstaklega, að hæstv. ráðh. hefur lýst eindregnu fylgi sínu við þetta frv., og með því að ég veit, að hæstv. ráðh. er svo vel kynntur í þessari hv. deild, að menn hljóta að leggja mikið upp úr þessum orðum hans, þá eykur þessi yfirlýsing hæstv. ráðh. von mína um það, að okkur takist að fá afgreiðslu á þessu sjálfsagða máli nú á þessu þingi.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 13 shlj. atkv. og til sjútvn. með 14 shlj. atkv.

Neðri deild, 103. fundur.

Miðvikudaginn 17. apríl, kl. 2 miðdegis.

Varamaður tekur þingsæti.

Forseti (Gils Guðmundsson): Mér hefur borist svohljóðandi bréf:

„Reykjavík, 16. apríl 1974.

Þar eð ég skv. læknisráði mun ekki geta sótt þingfundi næstu vikur, óska ég eftir því, að annar varam. Sjálfstfl. í Reykjavík, Geirþrúður H. Bernhöft ellimálafulltrúi, taki sæti á Alþingi í veikindaforföllum mínum.

Virðingarfyllst,
Pétur Sigurðsson, 9. þm. Reykv."

Frú Geirþrúður H. Bernhöft hefur áður tekið sæti á Alþingi á þessu kjörtímabili, og hefur rannsókn á kjörbréfi hennar farið fram. Býð ég hana velkomna til starfa.

Nafnskírteini, frv. (þskj. 391). — 1. umr.

Menntmrh. (Magnús T. Ólafsson): Herra forseti. Nafnskírteinakerfið, sem verið hefur við lýði um alllangt skeið, reyndist í fyrstu allgloppótt. Það kom í ljós, að hugkvæmir nafnskírteinishafar höfðu ýmis tök á því að villa á sér heimildir, svo að nafnskírteinin urðu ekki þau sönnunargögn, sérstaklega um aldur, sem til var ætlast. Í áranna rás hefur verið unnið að ýmsum endurbótum á gerð nafnskírteinanna, svo að þau yrðu sem tryggust skilríki, og hefur þar allmiklu orðið áorkað, og jafnan hefur, að ég hygg, Hagstofa Íslands, sem hefur séð um útgáfu nafnskírteinanna, haft frumkvæði um endurbætur. Það frv., sem hér er komið til hv. d. á þskj. 391, er undirbúið af Hagstofunni í samráði við þá aðila, lögreglustjóra og sýslumenn, sem málið er skyldast og mest hafa af því að segja, hvernig tekst með meðferð nafnskírteina í notkun.

Það er álit hagstofustjóra, held ég að sé óhætt að segja, að með samþykkt þessa frv. sé, eftir því sem nokkur tök eru á, búið svo um hnúta, að nafnskírteini séu örugg heimild um það, sem þau eiga að sýna, og fyrir sé girt misnotkun á þessum skilríkjum. En ekki er aðeins fjallað í frv. um þær ráðstafanir, sem í þessa átt beinast og 4. gr. fjallar um, heldur einnig aðrar smávegis lagfæringar, sem reynslan þykir hafa sýnt, að séu æskilegar.

Er það fyrst, að í 1. gr. er gert ráð fyrir, að ekki sé skylt að gefa út nafnskírteini fyrr en á því aldursári, þegar unglingar fylla 14 ár. Reynslan þykir hafa sýnt, að innan við 14 ára aldur sé ekki nein knýjandi þörf á að ætlast til, að unglingarnir beri nafnskírteini. Þá er einnig í 2. gr. ákvæði um, að undirskrift skuli vera á nafnskírteinunum af hálfu starfsmanna Hagstofu. Slíkt þykir gera þau trúverðugri, þegar um það er að ræða, að nafnskírteini eru notuð sem skilríki erlendis, einkum á Norðurlöndum, en það mun fara í vöxt. En meginatriði frv. eru, eins

og ég sagði, í 4. gr. Þar er gert ráð fyrir, að lögreglustjóri geti ákveðið í umdæmi sínu, að nafnskírteinum skuli skipt við 18 ára aldur. Það hefur verið eitt af vandkvæðunum við notkun nafnskírteina, sem mynd fylgir, að þau eru í mestri notkun á þeim aldri, þegar útlit fólks breytist hvað örast, og það er m. a. ein röksemdin fyrir því að hækka nafnskírteinisaldurinn úr 12 árum í 14, að ef menn taka nafnskírteini með mynd 14 ára, þá er talið, að hún eigi að duga fram til 17—18 ára aldurs. En þá er nýtt breytingarskeið að baki, og því er í 4. gr. heimild til endurútgáfu nafnskírteina, og þá er kveðið svo á, að þau skírteini, sem út eru gefin fyrir eldri aldursflokkinn, skuli vera með öðrum lit en er á almennu nafnskírteinunum. Þetta er gert til þess að gera hvorn flokkinn auðþekktan frá öðrum og girða fyrir misnotkun.

Ég sé ekki ástæðu, herra forseti, til að fara hér fleiri orðum um þetta frv., en legg til, að eftir þessa umr. verði því vísað til hv. allshn.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 25 shlj. atkv. og til allshn. með 25 shlj. atkv.

Skólakerfi, frv. (þskj. 675). — 3. umr.

Pálmi Jónsson: Herra forseti. Það hefur komið fram í umr. um þetta mál hér á hv. Alþingi og í frv. til l. um grunnskóla, að mikill ágreiningur er um þessi frv. í því formi, sem þau eru nú og hafa verið, frá því að þau voru fyrst lögð fram. Frv. það, sem hér er til umr. um skólakerfi, er að kalla má rammi um skólastarfið á því stigi þess, sem er undirstöðumenntun undir framhaldsskólanám. Frv. þetta er þess vegna miklu einfaldara í sniðum en grunnskólafrv. og færri atriði, sem ástæða er til að víkja að.

Það hefur komið fram, að þetta frv. felur í sér þau meginatriði, að gert er ráð fyrir því að lengja skólaskylduna um eitt ár og að loknu því skyldunámi séu nemendum leiðir opnar inn í framhaldsskólastigið, bæði menntaskóla og sérskóla.

Það hefur komið fram víða, að helstu kostirnir við þessa skipulagsbreytingu eru þeir, að með því væri horfið frá núverandi skipulagi, þ. e. landsprófi eða gagnfræðaprófi, sem veitti rétt til inngöngu í þessa skóla, og eins og kallað er væri brúað það bil, sem er á milli skyldunámsins og framhaldsskólanámsins. Ég skal ekki nú við 3. umr. þessa máls ræða þessi efni verulega meir en gert hefur verið, en aðeins benda á það, að enda þótt þarna sé að mínum dómi þýðingarmikið atriði að ræða, að tengja saman undirstöðumenntunina, sem hér er kölluð grunnskólanám, og framhaldsskólanámið, þá er það ekki, eftir því sem ég fæ séð, nein nauðsyn, að skyldunám verði á öllu skólastiginu. Ég hef vakið athygli á því hér fyrr, að heppilegra er að taka upp fræðsluskyldu í stað skólaskyldu í efstu bekkjum grunnskóla og fræðsluskylda í efstu bekkjum grunnskóla mundi fullnægja því að brúa það bil, sem hægt er að segja, að nú sé á milli undirstöðumenntunar barna- og miðskóla- og framhaldsskólastigsins.

Á dagskrá þessa fundar í hv. d. er frv. til l. um grunnskóla, og við það frv. verður lögð fram dagskrártillaga, og fylgir henni nokkur rökstuðningur. Með hliðsjón af því, að þessi mál eru bæði samhangandi, er nauðsyn að leggja einnig fram frávísunartill. við þetta frv., sem ég vil leyfa mér að gera hér skriflega, og er þar einungis vísað í þann rökstuðning, sem fram kemur með dagskrártillögu við frv. til l. um grunnskóla. Þessi till. er svohljóðandi, með leyfi hæstv. forseta:

„Með vísun til þeirrar dagskrártill. og rökstuðnings við hana, sem lögð er fram við frv. til l. um grunnskóla, leggjum við til, að frv. þessu verði vísað til ríkisstj.“

Þessa till. flytja Pálmi Jónsson, Björn Pálsson, Bjarni Guðnason og Sverrir Hermannsson.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Grunnskóli, frv. (þskj. 676, 517,6,12.b,33, 530, 1,7,8,9,15,17.c,27, 547,1,4, 680, 681, 687). — 3. umr.

Ellert B. Schram: Herra forseti. Ég vildi aðeins við þessa umr. geta þess, að ég hyggst halda til streitu þremur brtt., sem ég flutti við þetta frv. við 2. umr. og dró til baka til 3. umr. Þar er um að ræða brtt. nr. 7, 8 og 9 á þskj. 530. Brtt. þessar ganga í þá átt, að fræðslustjóri sé ráðinn af heimamönnum, samtökum þeirra, í stað þess að rn. geri það, eins og frv. gerir ráð fyrir. Í því tillöguflóði, sem til afgreiðslu var við 2. umr., þótti mér rétt að draga þessa till. til baka til 3. umr., til þess að hún fengi betri skoðun hjá hv. þm. og þeir áttuðu sig á eðli þessarar till.

Um þetta atriði varð nokkur ágreiningur meðal þeirra manna, sem áttu þátt í samningu frv., og sýndist þar sitt hverjum. Rökin, sem liggja að baki því, að menn leggja til, að fræðslustjóri sé ráðinn af samtökum heimamanna, eru fyrst og fremst þau, að það er talið eðlilegt, að fræðslustjóri, sem er framkvæmdastjóri fræðsluráða, sé ráðinn af þeim mönnum, sem hann á að starfa fyrst og fremst fyrir. Þetta er embættismaður, sem á að starfa heima í héraði fyrir heimamenn, er þeirra fulltrúi, og því ekki óeðlilegt, að hann sé ráðinn eða skipaður af þeim. Till. hnígur og í þátt að auka völd fólksins í landinu og samtaka þess.

Ég tel ekki ástæðu til þess að fjölyrða frekar um þessa brtt., en vísa að öðru leyti í fyrri ummæli mín varðandi hana.

Ég hef enn fremur flutt brtt. ásamt hv. þm. Svövu Jakobsdóttur við sama ákvæði frv., þar sem gert er ráð fyrir því, að fræðslustjórar verði ráðnir til skamms tíma í senn, 5 ára, eins og segir í þeirri brtt. á þskj. 681. Hv. þm. Svava Jakobsdóttir hefur gert grein fyrir rökunum að baki þessarar till. Ég var efnislega samþykkur þeim og vildi láta í ljós skoðun mína og fylgi við þessa till. með því að skrifa með henni á till.

Í þessari brtt. er hins vegar gert ráð fyrir því, að rn. ráði fræðslustjórann, og lít ég svo á, að hún verði tekin til meðferðar á undan við lokaafgreiðslu, þannig að það fáist þá niðurstaða um það, hvort hv. d. er sammála því að ráða fræðslu-

stjóra til ákveðins tíma í senn, og að þeirri till. afgreiddri er síðan tekin afstaða til þess, hvort menntmrn. eða samtök sveitarfélaga ráði fræðslustjórann, og verði þá mín till., sem ég lýsti hér áðan, tekin til meðferðar í framhaldi af till. okkar hv. þm. Svövu Jakobsdóttur.

Ég óskaði eftir því, að brtt. menntmn. yrði dregin til baka til 3. umr., sem fram kemur í till. menntmn. Reyndar óskaði ég eftir því, að tvær till. yrðu dregnar til baka, og þar er um að ræða till., sem nú eru á þskj. 687, 1. og 2. brtt.

1. brtt. er við 11. gr. og fjallar um skipun fræðsluráða. Gert er ráð fyrir því, að fræðsluráð séu skipuð 7 mönnum, 5 kjörnum af viðkomandi landshlutasamtökum, en 1 af skólastjórum og 1 af kennarasamtökum landshluta. Ég lýsti við 2. umr. andstöðu minni við þessa tilhögun, að því er varðar skipun fulltrúa skólastjóra og kennarasamtaka. Ég taldi það ekki samrýmast þeirri þróun, sem nú á sér stað, að skera á milli embættismanna og nýkjörinna manna í slíkum ráðum, og taldi, að rétti skólastjóra og kennara væri vel borgið með því, að þeir ættu þar áheyrnarfulltrúa. Hæstv. menntmrh. tók undir þessi sjónarmið og lýsti þeirri sömu skoðun, að hann teldi óeðlilegt, að skólastjórar og kennarar ættu fulla aðild að fræðsluráðum, og geri ég mér vonir um það, að tekið verði tillit til þessara sjónarmiða og að þessi brtt. verði felld, þannig að eftir standi ákvæði eins og það er í frv., skipun fræðsluráðs að öllu leyti af viðkomandi landshlutasamtökum. B- og C-liður 1. brtt. snerta þetta mál ekki, og fjalla ég því ekki um þá liði, enda var ágreiningur ekki um þá.

Önnur brtt. á þskj. 687 er við 18. gr. Þar er gert ráð fyrir því, að í kaupstöðum með 10 þús. íbúa eða fleiri fari fræðsluráð og hverfisnefndir með hlutverk skólanefndar. Gert er síðan ráð fyrir, að hverfisnefndir skuli kjósa til 4 ára í senn og verkefni hverfisnefnda skuli vera hin sömu og þau verkefni skólanefndar, sem talin eru í 19. gr. Þessari brtt. er ég andvígur, og vegna þeirra umr., sem hér fóru fram við 2. umr., vegna þeirra skoðanaskipta, sem þá áttu sér stað, vil ég aðeins ítreka þau sjónarmið, sem liggja að baki afstöðu minni. Þau eru í stórum dráttum til komin vegna þess, að þarna er gert ráð fyrir því, að stofnuð sé nefnd eða ráð, sem ekki þjónar neinum sérstökum nýjum tilgangi, tekur ekki að sér nein þau verkefni, sem ekki nú þegar er farið með af öðrum aðilum, og það er mat mitt, að ef til þess verði stofnað að skipa hverfisnefndir, þá muni það leiða til tvöföldunar á kerfinu, sem sé engum til góðs, og leiða aðeins til aukinnar skriffinnsku og meiri yfirbyggingar algjörlega að óþörfu.

Ef skoðað er hlutverk skólanefndar, eins og því er lýst í 19. gr. frv., þá á skólanefnd að sjá um, að öll skólaskyld börn í skólahverfi njóti lögboðinnar fræðslu. Hún fylgist með því og stuðlar að því, að jafnan sé fyrir hendi fullnægjandi skólahúsnæði í skólahverfinu. Hér í Reykjavík hefur fræðsluráð fylgst með þessum atriðum og stuðlað að því, að fyrir hendi væri fullnægjandi skólahúsnæði í skólahverfum borgarinnar, og er ekki gott að sjá, hvernig hverfisnefndir geti haft nægilega yfirsýn yfir þörfina á nýju skólahúsnæði, hvað þá að hverfisnefndir geti áttað sig á fjármagnsþörfinni, sem þýðir það, að hverfisnefndir þurfi að hafa mikil samráð við fræðsluráð og þessir hlutir þar af leiðandi í athugun á tveimur stöðum. Hingað til hefur verið vel séð fyrir þessu hér í Reykjavík og ekki undan neinu að kvarta í þeim efnum, að svo miklu leyti sem hægt hefur verið að vinna bót á vandamálunum, og tel ég ástæðulaust að breyta því fyrirkomulagi, sem verið hefur.

Þá er gert ráð fyrir því í 19. gr., að skólanefnd skuli líta eftir, að skólinn hafi allan nauðsynlegan aðbúnað, svo sem húsnæði, skólalóð, leikvelli, kennslutæki og innanstokksmuni, og á hún í samráði við skólastjóra að sjá um, að uppfylltar séu á þessum sviðum kröfur í lögum og reglugerðum, og bera ábyrgð á, að viðhald og aukning eigi sér stað eftir þörfum. Þetta hefur jafnan verið gert af fræðsluráði hingað til og mun að sjálfsögðu verða gert áfram. Ef hverfisnefndir eiga að taka þetta hlutverk að sér, þá þýðir það að sjálfsögðu, að þær þurfa að ráða til sín starfsfólk, stofna skrifstofur og kalla til sín rekstrarfé, allt að óþörfu, einfaldlega vegna þess, að vel hefur verið séð fyrir þessu af fræðsluráði og ástæðulaust að bæta hverfisnefndunum þar við. Það er um að ræða algjöra tvöföldun á því kerfi, sem nú er í gangi og hefur reynst ágætlega.

Hv. þm. Svava Jakobsdóttir túlkaði andstöðu mína á þann veg, að ég væri að tala gegn valddreifingu, sem ég hef öðrum þræði og jafnan verið að boða m.a. hér í hv. d. Ég vil vísa þeirri ályktun á bug og vekja athygli á því, að dreifing valdsins felst einmitt í því að leyfa viðkomandi yfirvöldum í héraði að hafa nokkuð frjálsar hendur um meðferð slíkra mála, og ef við lítum aftur til Reykjavíkur, þá á auðvitað löggjöfin að vera sniðin þannig, að viðkomandi fræðsluyfirvöld hér í borg hafi svigrúm til þess að stjórna fræðslumálunum eins og þau telja best á hverjum tíma, en ekki að vera að binda hendur þeirra með því að fastsetja skipan nefnda og embætta án þess að taka tillit til þeirra sjónarmiða, sem fram koma frá skólamönnum og fræðsluyfirvöldum hér í borg. Það er flestum ljóst, að fræðsluyfirvöld Reykjavíkurborgar eru mjög andvíg þessari brtt. og telja hana nánast leiða til stjórnleysis í fræðslumálum borgarinnar. Ég held, að þannig hafi verið á málum haldið hvað fræðslumál snertir hér í borg, að ekki þurfi undan því að kvarta. Fræðsluyfirvöld hér í Reykjavík hafa sýnt myndarlegt frumkvæði á þeim vettvangi, og ætti því síst að sitja á Alþingi, að reyna að hefta eða torvelda störf fræðsluyfirvalda í Reykjavík með því að binda hendur þeirra, eins og hér er gert ráð fyrir, þvert gegn vilja fræðsluyfirvalda í Reykjavík. Dreifing valdsins er vissulega aðkallandi verkefni, og mættu vera miklu snarpari átök af okkar hálfu í þá átt, en dreifing valdsins er ekki fólgin í því að binda hendur heimamanna, eins og þessi till. gerir ráð fyrir, heldur þvert á móti að veita þeim ábyrgð og aðstöðu til þess að ráða sínum málum sem mest sjálf í samræmi við þarfir hvers staðar. Um aðrar brtt. n. fjalla ég ekki, nema hvað 3. brtt., sem nú er á þskj. 687 við 29. gr., er tekin upp úr þeim brtt., sem ég lagði fram hér við 2.

umr., og er ég þakklátur nefndinni fyrir að hafa tekið tillit til þeirrar breytingar, sem ég þar gerði á frv., og tel hana tvímælalaust til mikilla bóta.

Við 2. umr. þessa frv. flutti ég brtt. við 1. gr. frv., sem fjallaði um lengingu skólaskyldunnar. Þar var gert ráð fyrir, að skólaskyldan yrði áfram óbreytt, og till. mín gekk út á það að taka upp ákvæði í núgildandi lögum í þetta frv. og í væntanleg lög. Þessi brtt. var felld mjög naumlega við afgreiðslu brtt. Hún var felld með 17:16 atkv., 3 hv. þm. greiddu ekki atkv. og 4 voru fjarstaddir. Það er því ljóst, að vilji hv. d. liggur á engan hátt fyrir og ekki hægt að segja, að það sé mikil stemning fyrir lengingu skólaskyldunnar. Nú er það hins vegar svo, að eftir að hv. d. hefur tekið afstöðu til þessa mikilvæga máls, lengingu skólaskyldunnar, með því að fella brtt. mína, er ekki hægt að taka það mál upp aftur nú við 3. umr. í óbreyttri mynd. Það verður að túlka það svo, að hv. d. hafi tjáð sig um það, þótt með óljósum hætti væri, að hún vildi lengingu skólaskyldunnar. Með hliðsjón af þessari afgreiðslu mun ég leyfa mér nú að flytja brtt., sem fjallar um skólaskylduna. Er þá gengið út frá því, að skólaskyldan verði 9 ár sem aðalregla, en till. mín nú miðar að því að rýmka þá möguleika í frv., sem gera ráð fyrir undanþágu frá þessari skólaskyldu, og hljóðar brtt. svo, með leyfi forseta:

„Við 1. gr. bætist ný málsgrein, svo hljóðandi:
Heimilt er viðkomandi fræðsluráði að ákveða, að skyldunám skuli ná til 7—15 ára unglinga, enda samþ. menntmrn. ákvörðunina.“

M. ö. o.: í 1. málsgr. 1. gr. er sú meginregla ákveðin, að skólaskyldan skuli vera frá 7 til 16 ára aldurs, 9 ára skólaskylda, en síðan bætist við ný málsgr., þar sem viðkomandi fræðsluráðum sé heimilt að ákveða, að þessi skylda nái aðeins til 15 ára unglinga undir vissum kringumstæðum, en til þess að þessi ákvörðun sé tekin, þarf samþykki ráðuneytisins til, og með því má ætla, að fyrir það sé girt, að teknar séu óábyrgar eða lauslegar ákvarðanir í þessum efnum, og ætti þá að vera gert að mjög yfirlögðu ráði.

Ég vek athygli á því, að í frv. er möguleikar til undanþágu frá skólaskyldunni, og þær undanþágur koma fram í 5., 7. og 8. gr. frv. Skv. 5. gr. er hægt að veita undanþágu frá skólaskyldu, ef skólanefndum eða sveitarfélögum er allsendis ómögulegt að uppfylla að fullu ákvæði 1. gr., þ. e. a. s. um framkvæmd skólaskyldunnar. Ef þeim er allsendis ómögulegt að uppfylla þessi ákvæði, getur ráðuneytið ákveðið undanþágu frá þessari meginreglu. Í 7. gr. eru leyfðar undanþágur til handa börnum, sem sækja í fyrsta lagi viðurkennda einkaskóla, og í öðru lagi börnum, sem búa í skólahverfum, sem fengið hafa undanþágu samkvæmt 5. gr. Og í 8. gr. er enn undanþága, en þar segir: „Nú sækir forráðamaður skólaskylds barns um tímabundna undanþágu þess frá skólasókn hluta úr skólaári og færir fram knýjandi ástæður. Skal þá leitað umsagnar skólastjóra og skólanefndar, og mæli þeir aðilar samhljóða með umsókninni, getur fræðslustjóri veitt undanþágu, en skólanefnd og skólastjóri skulu fylgjast með því, að barnið stundi nám.“

Ég lít svo á, að í þessari grein sé skilningur á því, að undir vissum kringumstæðum sé nauðsynlegt að veita einstaklingum undanþágu frá fortakslausri skólaskyldu. Það er tekið tillit til aðstæðna, til barnsins sjálfs, og till. mín, sem ég var hér að lýsa áðan, er aðeins rýmkun á þessari undanþágu í 8. gr. Það er hnykkt á þeirri skoðun, á þeim skilningi, að börnum sé nauðsynlegt af sálrænum eða andlegum ástæðum að fá undanþágu frá því að sækja skóla til 16 ára aldurs.

Mér er tjáð, og eflaust hafa hv. þm. heyrt þær skoðanir víða hjá skólamönnum, að svo fortakslaus lenging skólaskyldunnar muni leiða margvíslegan vanda yfir skólahaldið, því að staðreyndin sé sú, að á þessum aldri í flestum skólum séu unglingar, sem ekki hafa löngun né hæfileika til að sækja skólann, þeim er það áþján, jafnvel kvöl að sitja á skólabekk. Þeirra hæfileikar og þeirra lyndiseinkunn mundu njóta sín mun betur annars staðar en á skólabekk. Ég held, að það sé manneskjulegt sjónarmið að taka tillit til slíkra aðstæðna og búa ekki þessi lög þannig úr garði, að þau veiti ekki möguleika til undanþágu, sem nauðsynleg er vegna barna, sem þannig er ástatt um.

Það er alveg víst, að í augum flestra þm. er nokkur efi um lengingu skólaskyldunnar. Menn gera sér ekki grein fyrir, hvaða afleiðingar það muni hafa, og ég er sannfærður um, að það sé hyggilegt að stíga þetta skref varlega, opna nokkrar dyr, og ef meiri hl. Alþingis á annað borð er á því að lengja skólaskylduna, þá þarf að skapa möguleika til að sveigja út af, þegar nauðsyn býður.

Ég tel ekki ástæðu til að fjölyrða frekar um þennan tillöguflutning. Ég vænti þess, að hv. þm. geri sér ljóst, í hverju hann er fólginn. Það er gengið út frá meginreglunni um 9 ára skólaskyldu, en opnaðar dyr til nokkurrar undanþágu, en þó með þeirri tryggingu, að ráðuneytið hefur þar fullkomið vald á. Ég tel ástæðu til að freista þess enn, áður en þetta mál er afgreitt út úr hv. d., að kanna afstöðu þm. til þessa máls.

Ég sé svo ekki ástæðu til þess að hafa þessi orð miklu fleiri að sinni. Ég hef lýst því áður, að ég tel þetta frv. horfa að mörgu leyti til bóta. Í því eru margvísleg nýmæli, sérstaklega sem lúta að kennslufræðilegum og starfslegum atriðum. En ég hef harmað jafnframt, að ekki hafi verið tekið tillit til þeirra sjónarmiða, sem við sjálfstæðismenn höfum sett fram og fram koma m. a. í bókuninni í hv. menntmn., — þeirra sjónarmiða að auka umsvif eða möguleika sveitarfélaga til frekari ábyrgðar og athafna á þessum vettvangi, — sjónarmiða, sem ættu tvímælalaust að leiða til raunhæfrar fræðslulöggjafar og framkvæmdar á henni. Lenging skólaskyldunnar mun ekki bæta þann aðstöðumun, sem fyrir hendi er í þjóðfélaginu. Það verður að fara aðrar leiðir og það á að fara þær leiðir, sem við höfum bent á, sjálfstæðismenn. Ég vonast aðeins til þess, að áður en langt um líður þá verði mönnum þetta ljóst og að fræðslulöggjöfinni verði breytt til samræmis við þessi sjónarmið.

Bjarni Guðnason: Herra forseti. Eins og öllum er kunnugt, var þetta frv. til laga um grunnskóla upphaflega lagt fram af fyrrv. menntmrh. árið

1971, á kosningaári, og ef til vill mótaði það nokkuð gerð frv., að það skyldi vera lagt fram þá. En síðan hefur þetta frv. gengið í gegnum mikinn hreinsunareld, og það er enginn vafi á því, að það hefur skýrst og batnað til mikilla muna. Í því eru án efa ýmis nýmæli, sem eru góðra gjalda verð. Hins vegar er því ekki að leyna, að ýmsir vankantar eru á þessu frv. að mínu mati, sem valda því, að ég hef talið rétt að athuga þetta mál betur og hef því staðið að frávísunartill. ásamt hv. þm. Pálma Jónssyni, og mér þykir rétt að fara um það nokkrum orðum.

Eitt meginatriði í frv. er jöfnun námsaðstöðu, þ. e. að koma á jafnrétti til náms fyrir æskumenn þjóðarinnar. Þá er spurningin: Hvað er jafnrétti? Hvað vilja menn með jafnrétti? Jafnrétti er jákvætt hugtak, og allir vilja stuðla að því, að þegnar þjóðfélagsins öðlist jafnrétti. Þá er spurningin þessi: Er það jafnrétti að skylda alla æskumenn að sitja í skóla til 16 ára aldurs? Ég tel það ekki jafnrétti, heldur misrétti og skal gera örlitla grein fyrir því.

Jöfnuður er fólginn í því, að einstaklingar standi jafnt að vígi og ytri aðstæður, svo sem efnahagur eða búseta, skapi ekki misrétti. Jöfnun námsaðstöðu felur það í sér, að öllum nemendum 15 ára gömlum sé gefinn kostur á einu námsári í viðbót, þannig að ekki hamli búseta eða fjárhagur. Það er jafnrétti, að öllum sé gefinn kostur á sama hlutnum. En það er misrétti að skylda örlítinn hluta, — ég skal ekki segja, hve mörg prósent það eru, — af 15 ára unglingum til að sitja eitt ár að auki á skólabekk, sem þeir sumpart hafa ekki getu til, sumpart hafa ekki fúsleika til og sumpart hafa ekki vilja til. M. ö. o.: það er ætlunin að þvinga örlítinn hluta til þess að sitja til 16 ára aldurs og kalla það jafnrétti, en það er misrétti gagnvart þessum litla hóp. Við skulum taka hliðstæð dæmi.

Hvernig er lýðræði skilgreint? Lýðræði er fyrst og fremst það, þegar meiri hlutinn fær að ráða. En það er ekki öll sagan. Lýðræði er fyrst og fremst það, hvernig minnihlutahópnum er tryggt lýðræði. Það er það, sem sker úr. Það er einn mesti vandinn í vestrænu lýðræðisríkjunum að tryggja lýðræði og lýðréttindi minni hlutans. Eins er það hér, þegar verið er að tala um jafnrétti. Þjóðfélagið vill skylda alla unglinga til 16 ára aldurs til að sitja á skólabekk, þó að það kynnu að vera nokkur prósent af unglingum, sem fyrir alla muni vilja ekki sitja á skólabekk. Það er ekki jafnrétti, það er misrétti á þessum litla hóp. Ég tel því, að þegar menn eru að ræða þessa hluti, þurfi þeir að átta sig á því, hvað orðið jafnrétti merkir og hvað felst í orðinu jöfnuður, og það er meginatriðið.

En í framhaldi af þessu vil ég segja, að það er að gerast nú í skólamálum, að menn leggja æ meiri áherslu á fullorðinsfræðslu, þannig að menn geta meira og minna allt sitt lífshlaup stundað nám öðru hverju. Og þetta er hið æskilega, og þetta kemur í skólamálum, þannig að þótt þessir unglingar af einhverjum ástæðum hefðu ekki á 16 ára aldursskeiðinu hug á að sitja þennan vetur í skóla, þá gæti vel gerst síðar, að þeir hefðu hug á að fylla þessa eyðu í öðrum skólum eða koma aftur. Þetta er hin eðlilega leið. Og ég vil bæta einu við, sem er mergur málsins. Ég er sannfærður um, að það verða sífellt færri og færri unglingar, sem sitja ekki af fúsum vilja til 16 ára aldurs á skólabekk, og þar kemur margt til. Ríkisvaldið veitir styrki til fátækra eða efnaminni foreldra. Ríkið reynir á ýmsan hátt að jafna aðstöðumuninn og á að gera það, þannig að efnahagur og búseta hindri ekki þennan jöfnuð. En þjóðfélagið sjálft þrýstir ósjálfrátt á nemendur alla sem geta, að halda áfram. Foreldrarnir gera það líka. Þeir segjast vilja koma börnum sínum áfram, eins og það heitir, og það er enginn vafi á því, að þjóðfélagsuppbyggingin knýr æ fleiri nemendur, sem eru 15 ára, að fara sjálfviljugir þennan síðasta spöl, þannig að ég hef engar áhyggjur af því, að þetta verði neinn fjöldi, sem nokkru nemur, heldur muni hann sífellt minnka. M. ö. o.: ég skil jafnréttishugtakið á annan hátt en gert í þessu frv., þar sem lagt er til að þvinga lítinn minnihlutahóp til skólasetu eitt ár í viðbót, og þetta er gert undir nafni jafnréttis, en þetta er misrétti.

Ég hef því eftir nokkra yfirvegun komist að þeirri niðurstöðu, að það sé heppilegast og æskilegast, að það sé fræðsluskylda til 16 ára aldurs, þannig að öllum sé gefinn kostur á að njóta hennar, og ríkisvaldið reyni að bægja frá ytri hindrunum eins og búsetu og efnahag, en síðan verði sem sagt skólaskyldan aðeins til 15 ára aldurs. Og ég vil endurtaka, að ég er sannfærður um, að eftir því sem tímar líða munu æ færri og færri nemendur missa af þeirri menntun, sem skólaseta eitt ár í viðbót veitir, þannig að ég hygg, að þetta muni leysast meira og minna af sjálfu sér.

Í gildi eru fræðslulög frá 1946, þar sem heimilt er fyrir sveitarfélög að hafa skyldunám til 16 ára aldurs. M. ö. o.: það er heimildarákvæði fyrir í lögum. Og þá vaknar spurningin: Hvernig hefur þetta reynst? Það hefur reynst þannig, að tæpum 30 árum eftir að þessi fræðslulög voru sett kemur fram í grg. með þessu frv. til l. um grunnskóla, að enn hefja sumir unglingar nám 9 eða jafnvel 10 ára gamlir. Hvernig væri að bregðast við þessu á hinn eina og raunhæfa hátt, að reyna að bæta úr þessu með framkvæmdinni? Menn gera þetta ekki með nýrri löggjöf. Það er engin trygging. Ný löggjöf af þessu tagi tryggir ekki þessar úrbætur, það er fyrst og fremst framkvæmdin. Og þetta má gera eftir núgildandi lögum. Ég verð að segja, að það er einhver yfirborðsmennska hjá fræðslu- og skólayfirvöldum, þegar þau verða að játa það, að sum börn á Íslandi hefja skólagöngu á 9 eða 10 ára aldri, og koma þá með þennan bókarkafla hér, grunnskólafrv., þar sem allt er svo fínt og fágað. Þetta er innantómt hjal að mestu leyti, meðan enn eru til börn hér á Íslandi, sem byrja að ganga í skóla 9 ára. Þess vegna hygg ég, að skynsamir menn mundu reyna að tryggja framkvæmd ágætra fræðslulaga frá 1946, áður en þeir fara að reisa skýjaborgir í nýju frv., til þess að stjórnmálamenn geti náð kosningu og blekkt almenning.

En þetta er ekki það eina. Nú vill svo til, að allir þm. eru sammála um það, að brýnasta verkefnið í fræðslu- og skólamálum þjóðarinnar sé að leggja höfuðáherslu á verk- og tæknínám, skapa þessu námi jafnvirðulegan sess og bóknámi.

Um þetta eru allir sammála. Nú hagar svo til, að nemendum fækkar stöðugt í sjómannaskólanum. Vélskólinn stendur í stað. Nemendum fækkar í veigamiklum iðngreinum. Þessi mál eiga að hafa forgang. Ég tel því, að það þurfi að breyta um stefnu í skóla- og menntamálum þjóðarinnar þannig að leggja fjármagn einmitt í hið verklega nám og reyna með öllum ráðum að skapa því jafnan virðingarsess með þjóðinni og hið svokallaða langskólanám. Þetta er brýnasta verkefnið í skóla- og fræðslumálum þjóðarinnar í dag. Og þá er spurningin: Hvernig kemur þetta grunnskólafrv. heim við þá stefnu?

Því er ekki að leyna, að það er hætt við, að frv. styrki fyrst og fremst langskólanámið, þannig að það verði æ örðugra að bæta hag hins verklega náms og langskólanám sjúgi æ meira til sín af þeim nemendum, sem væru jafnvel eða betur fallnir til að sinna verklegu námi. M. ö. o.: ég tel óheppilegt, að úrbætur í sambandi við iðnnám og tækninám dragist á langinn. Mér skilst, að Tækniskólinn búi við mjög þröngan kost. Kröfur til iðnnema þekkjum við. Sjómannaskólinn er að tæmast, eins og ég sagði. Þetta eru verkefnin, sem eiga að hafa forgang í fræðslu- og skólamálum þjóðarinnar. Hins vegar mun frv. knýja að mínu viti af miklum krafti æ fleiri unglinga inn í langskólanámið, sem við megum raunar alls ekki við. Þess vegna hef ég talið, að grunnskólafrv. hefði mátt bíða vegna úrlausnar annarra verkefna, ekki síst af því að fyrir eru fræðslulög, sem ekki einu sinni enn í dag hefur tekist að framkvæma.

Ég ætla nú ekki að fara mjög út í einstakar gr., því að það var rætt við 2. umr., og það er til einskis að ræða slíkt. En stundum virðist mér í þessu frv., að þeir, sem sömdu það, hafi týnt brjóstvitinu í poka einhvers staðar uppi á heiði. Það er furðulegt, þegar maður les sumar greinar, hvað þetta vill vefjast fyrir mönnum. Ég skal t. d. enn einu sinni sýna, að hverju þetta stefnir í frv., og lesa fyrir þingheimi 8. gr. frv., sem er alveg sérstakt leikrit út af fyrir sig. 8. gr. hljóðar svo:

„Nú sækir forráðamaður skólaskylds barns um tímabundna undanþágu þess frá skólasókn hluta úr skólaári og færir fram knýjandi ástæður. Skal þá leitað umsagnar skólastjóra og skólanefndar, og mæli þeir aðilar shlj. með umsókninni, getur fræðslustjóri veitt undanþágu, en skólanefnd og skólastjóri skulu fylgjast með því, að barnið stundi nám.“

Hvílíkt bákn. Nú hefði mátt ætla í venjulegu þjóðfélagi, að ef forráðamaður barnsins þyrfti að fá undanþágu fyrir barnið tíma úr skólaárinu og hefði knýjandi ástæður, þá væri nær að tala við skólastjórann og þeir leystu þetta í bróðerni. Þetta tíðkast í venjulegum samskiptum manna á meðal. En þá koma skriffinnarnir, rn. og ráðgjafarnir, með allan þennan umbúnað. En það nægir ekki. Það skal þá fyrst leitað umsagnar skólastjóra og skólanefndar, m. ö. o. forráðamaðurinn þarf sjálfsagt að skrifa bréf, afhenda þau skólastjóra. Hann þarf líklega að skrifa skólanefndinni líka bréf, og jafnvel þó að þessir báðir aðilar séu sammála, þá þurfa þeir að skrifa annað bréf til fræðslustjórans. Við skulum segja, að skólinn sé á Húsavík. Þá þarf að skrifa bréf til Akureyrar um það, hvort Pétur litli megi fá frí í hálfan mánuð frá skólanum. Fræðslustjóri svarar þessu. Og á hvaða grundvelli? Engum öðrum en þeim upplýsingum, sem hann fær frá skólastjóra og skólanefnd. Hann hefur engan grundvöll til að taka aðra afstöðu heldur en skólanefnd og skólastjóri. Svo svarar fræðslustjórinn eftir hálfan mánuð, ef vel gengur. Þá þarf Pétur litli bara ekki lengur á þessu að halda. Hvernig er hægt að búa til svona dæmalausa vitleysu og koma þessu áleiðis í gegnum þingið? Mér er þetta alveg óskiljanlegt. En þarna er verið að skapa verkefni handa fræðslustjóranum, til þess að hann geti skrifað bréf. En vesalings skólastjórinn er ekki einu sinni þess umkominn að taka ákvörðun um það, hvort strákanginn eigi að fá frí frá skólanum í hálfan mánuð eða ekki. Til hvers hefur maðurinn skólastjóramenntun og er búinn að sitja hjá upp eldisráðgjöfum, sálfræðingum og í Kennaraháskólanum og öllum þessum stofnunum, ef hann getur ekki einu sinni tekið þessa ákvörðun. Þetta birtist í þessu frv., og þess vegna sagði ég áðan, að það sé eins og þeir menn, sem semja svona frv., gleymi brjóstvitinu í poka uppi á heiði.

Svona er nú á fleiri stöðum. Það er líka 6. gr., sem er af þessu tagi, með leyfi hæstv. forseta:

„Forráðamaður skólaskylds barns ber ábyrgð á, að það innritist í skóla, þegar það hefur náð skólaskyldualdri, og að það sæki skóla. Verði verulegur misbrestur á skólasókn skólaskylds barns, án þess að veikindi eða aðrar gildar ástæður hamli og skólastjóri fær ekki við ráðið, skal hann tilkynna fræðslustjóra um málið. Vilji forráðamaður barnsins ekki hlíta ákvörðun fræðslustjóra, getur hvor aðili um sig vísað málinu til barnaverndarnefndar.“

Hér er sama vitleysan. Það er eins og skólastjóragreyið, — „statusinn“ á skólastjórum í þessu frv. er náttúrlega með sérstökum hætti hér, — geti ekki tekið ákvörðun um að vísa málinu til barnaverndarnefndar, heldur þarf hann fyrst að skrifa fræðslustjóranum bréf um, að einhver krakki sæki illa skólann. Hvaða flottheit eru þetta? Allt tómar bréfagerðir og tóm vitleysa. Það er eins og ég segi, það er eins og menn hafi skilið brjóstvitið eftir í poka uppi á heiði, þegar þeir sömdu þetta.

Það er hægt að lesa svona endalaust gr. um það, hvernig verið er að búa til bréfagerðir, það er verið að búa til embættismenn í þessu frv., og það er eins og menn hafi ekkert annað að gera en skrifa og svara bréfum. Allt er þetta svo fínt, skólastjórinn, skólanefnd, fræðslustjóri, og bréfagerðir ganga á víxl. Ég gæti haldið áfram með nokkrar gr., en það er ekki vert að halda því áfram. En samfara þessum hlutum er mælgin og mærðin með furðulegum hætti í þessu frv., og sumt er orðað þannig, að það er ekki gert ráð fyrir því, að starfsfólkið sé hugsandi fólk. Það er meira að segja tekið fram, að skólastjórinn eigi að kanna málin frá öllum hliðum, — hann gerir það nefnilega aldrei! Það er alveg furðulegt, hvernig þetta er upp sett. Þetta er eins og í skopleik eftir Holberg. Ef ég les hérna agaþáttinn, 54. gr., þá stendur þar:

„Nú ber viðleitni kennara, skv. 3. mgr., ekki

árangur, og skal hann þá vísa málinu til meðferðar skólastjóra, sem kannar málið frá öllum hliðum. Ef meðferð hans leiðir ekki til viðunandi ástands" o. s. frv. Þarf að taka þetta fram? Er ekki hægt að treysta skólastjóragreyinu til að sinna starfinu sæmilega? Það er svo mikil flatneskja yfir þessu, og það stafar af því, að það hafa allt of margir fræðimenn úr menntmrn. staðið að þessu.

Þá tel ég, að þetta frv. sé ekki aðeins mærðarfullt, heldur langdregið með furðulegum hætti, og kaflar ættu að fara inn í reglugerð. T. d. er óþarfi að vera með húsagatilskipun, agareglur inni í frv. Viðhorf manna breytast stöðugt. Þetta á að vera í reglugerð, sem menntmrh. gefur út og sendir í skólana, en þetta á ekki að vera í sjálfum lögunum. Alls konar ákvæði um orlof kennara o. s. frv., hvað menn eigi að fá, ef þeir eru búnir að vinna svo og svo lengi. Þetta á ekki að koma inn í heildarlöggjöfina um grunnskóla, heldur að vera í sérstökum reglugerðum. Þarna er um réttindi kennara, launaleg réttindi kennara. Þannig voru ýmsir kaflar þarna, sem eiga ekkert erindi inn í frv. Þetta, sem ég hef nú talað um: mærðin, langdrægnin, skriffinnskan, allt þetta prýðir þetta frv., og ég verð að segja það, að ég er alls ekki ánægður með frv., þó að þar sé margt til mikilla bóta.

Ég hef óljóst hugboð um það, að við séum hér að koma með skólakerfi, sem við sækjum til þjóða, sem teljast til Norðurlanda, þar sem búa þjóðir, 6—10 milljóna manna þjóðfélög, og við erum að færa þetta yfir á 200 þús. manna þjóðfélag. Svo eru menn undrandi á því, þó að það skorti menn í fiskinn, til atvinnuveganna, þegar menn eru sífellt að hlaða þetta upp í 200 þús. manna þjóðfélagi. Og svo stynja menn yfir, að það vanti fólk til sjávar og sveita í vinnu. Ætli það væri ekki ráð að reyna að minnka bréfagerðina í þessum dæmalausa frv. og reyna að fá örlítið brjóstvit inn í það?

Um kostnaðinn skal ég ekkert segja. Mér sýnist, að enginn viti, hver hann verður, þegar upp verður staðið. Eins og allir þm. vita, er efnahagurinn fremur bágborinn, þannig að það eitt út af fyrir sig veldur því, að þetta mætti athuga nánar.

Ég ætla ekki að hafa þessi orð miklu fleiri, en ég vil aðeins benda á eitt, áður en ég lýk máli mínu. Það er það, að sú þróun virðist vera núna, eins og ég minntist á, að leggja áherslu á fullorðinsfræðsluna. Nú eru dregnar tvær samhliða línur. Önnur er lífshlaupið og hin er fullorðinsfræðslan, þannig að þjóðfélagsþegnarnir geti sífellt allt sitt lífshlaup bætt við sig þekkingu og kunnáttu, þannig að skólakerfið verði hluti af lífshlaupi einstaklingsins. Þetta hygg ég, að sé mikil breyting frá því viðhorfi, þegar ég og mínir líkar sátum á skólabekk fram eftir aldri, og síðan átti því að verða lokið, þ. e. a. s. menn taka við lærdómi í upphafi ævi sinnar og síðan staðna menn og læra ekki meira í þeim breytilega heimi, sem við lifum í. Því er heppilegt að vera ekki með þvingun um skólaskyldu til 16 ára aldurs, heldur láta skólaskyldu til 15 ára aldurs nægja, en um leið búa þannig um hnútana, að þeir nemendur, sem síðar meir sæju eftir slíku og vildu halda áfram námi og bæta sig, hefðu kost á slíku.

Ég hef, eins og fram hefur komið, það margt við þetta frv. að athuga, að ég tel rétt að vísa því til ríkisstj. til þess að endursemja þetta frv. betur og skynsamlegar og athuga ýmis atriði í því. Vinna mætti að því í sumar að endurbæta það, þannig að unnt yrði að leggja það fram endurskoðað á næsta hausti, og því legg ég til, að ný grunnskólanefnd verði skipuð.

Svava Jakobsdóttir: Herra forseti. Mér er nokkur vandi á höndum að koma í ræðustól á eftir hv. síðasta ræðumanni, sem bjó til heilan leikþátt upp úr einni gr. grunnskólafrv. Hann var skemmtilegur, þessi leikþáttur, um skólastjórann og Sigga litla eða hvað hann nú hét, strákanginn. En ég vil benda hv. síðasta ræðumanni á það, að láti hann setja þetta á svið, þá er heppilegra og leikrænna að láta skólastjórann tala í símann, en ekki skrifa bréf, og vildi ég biðja hv. leikritahöfund að athuga það.

Ég er þeirrar skoðunar, að við 3. umr. þessa máls sé algerlega tilgangslaust að fara að endurtaka hér það, sem ég hef áður sagt almennt um grunnskólafrv. og efni þess. Það er alveg hárrétt, að margt af því hefði átt að vera í reglugerð, en ekki í sjálfum l., en þegar við erum komin þetta langt með frv., tel ég eingöngu til trafala að endurtaka slíkt hvað eftir annað.

Ég hef kvatt mér hljóðs vegna þess, að ég flyt tvær brtt. hér við 3. umr. Hv. 9. landsk. þm., Ellert B. Schram, fór nokkrum orðum um aðra þeirra, þar eð hann er meðflm. minn. Ég flutti þessa till. við 2. umr. og tók hana aftur til 3. umr., vegna þess að þá hafði ég ekki haft aðstöðu til þess að kynna hana n. allri og vildi gefa henni tækifæri til þess að taka afstöðu til hennar. Till. fjallar um það, að fræðslustjóri skuli ráðinn til 5 ára í senn, en ekki ævibundið. Um kosti þessarar tilhögunar hef ég áður rætt og ætla ekki að endurtaka það, en vil minna á, að hæstv. menntmrh. lýsti fylgi sínu við till. við 2. umr. málsins.

2. brtt. mín er flutt nú fyrst við 3. umr. og er á þskj. 680. Ásamt mér flytja hana hv. þm. Ingvar Gíslason og Eysteinn Jónsson. Hún hljóðar svo, með levfi forseta:

„Við 57. gr. Á eftir 1. mgr. komi ný mgr., svo hljóðandi:

Óheimilt er að veita upplýsingar um einkunnir nemenda öðrum en þeim sjálfum og forráðamönnum þeirra, nema nauðsyn beri til vegna flutnings nemanda milli skóla. Þó skal heimilt að veita öðrum þessar upplýsingar vegna fræðilegra rannsókna, enda sé krafist fullrar þagnarskyldu."

Ástæðan til þess, að þessi till. er flutt, ætti að vera nokkuð augljós. Við teljum, að námsárangur sá, sem mældur er í einkunnum, eigi að vera einkamál. Þróun tækniþjóðfélags og auknar félagslegar rannsóknir hljóta að vekja athygli okkar á því, hve nauðsynlegt er að vernda rétt einstaklingsins, þegar um er að ræða ýmiss konar einstaklingsbundnar upplýsingar. Auk þess ýtir birting einkunna að mínu viti undir sam-

keppnisanda, en það er yfirlýst markmið þessa frv., að gegn slíku eigi að vinna. Þessi till. kemur þó ekki í veg fyrir, að nauðsynlegar fræðilegar rannsóknir séu gerðar, en þess er hins vegar krafist, að þeir aðilar, sem þessar upplýsingar fá í hendur í því skyni, sýni fullan trúnað og stuðli ekki að misnotkun slíkra upplýsinga. Í grg. um námsmat, sem ég hygg, að skólarannsóknadeild hafi gert, er tekið fram, að við rannsóknir ýmiss konar af þessu tagi skuli vinna í fyllsta trúnaði, og er þessi till. því ekki í andstöðu við það, sem fyrir skólamönnum og skólarannsóknamönnum vakir.

Herra forseti. Ég hef mælt fyrir þessum till. Ég hef áður rætt um 12. brtt. menntmn., þar sem gert er ráð fyrir, að miðstjórnarvaldið í kaupstöðum með 10 þús. íbúa eða fleiri sé leyst upp og viss hverfi fái heimastjórn að vissu marki um innri málefni skólanna. Ég fæ ekki séð, að rök hv. 9. landsk. þm. séu sannfærandi. Ég tel þau fremur léttvæg, því að hann talar um skriffinnsku og telur, að kerfið verði of þungt í vöfum. Ef menn á annað borð trúa því, að strangt miðstjórnarvald sé ólýðræðislegt, þá er erfitt að vinna gegn þessari till. Fræðsluráð í kaupstöðum mundi eftir sem áður hafa heildaryfirstjórn, bæði á sviði fjármála, hagræðingar, námsefnis og samræmingar kennslu. Þessi skipan ætti því á engan hátt að gera fræðsluráði erfiðara að starfa.

Björn Pálsson: Herra forseti. Þetta frv. hefur verið að dunda hér í d. í þrjú ár eða jafnvel lengur. Fyrrv. menntmrh. skipaði n. til að semja þetta grunnskólafrv. Hann er verkmaður mikill og athafnasamur í menntamálum eins og öðru. Það er með menn, sem eru afkastamiklir, að það getur verið ágætt í vissum tilfellum, en aðalatriðið er samt, að það sé viturlegt, sem gert er, en ekki hvað mikið er gert. Ég efast ekki um, að í okkar fræðslumálum sé ýmislegt, sem væri þörf á að laga. En ég held, að þetta miðskólakerfi sé einna skást í okkar skólakerfi í dag.

Fyrrv. menntmrh., hv. 7. þm. Reykv., gerði allmikla byltingu í Háskólanum. Ég get ekki fullyrt, hve mikið fjölgaði þar af dósentum og prófessorum, því að þeir eru alltaf að koma inn. Mér er sagt, að þeir hafi komið inn undanfarið eins og á færibandi. En þetta var löggjöf, sem var samþ. í hans tíð, og stúdentunum hefur fjölgað mikið. Það eru skiptar skoðanir um það, hvort þörf er fyrir allt þetta háskólanám og hvort sumum deildum þar sé ekki að nokkru leyti ofaukið og jafnvel of margir stúdentar í öðrum deildum, þannig að ég geri jafnvel ráð fyrir því, að það væri meiri þörf að endurskoða löggjöfina um Háskólann og gera hana hagnýtari en hún er, heldur en fara að hamast í þessu grunnskólakerfi.

Kennaraskólinn var gerður að háskóla, það var hrúgað þar inn svo mörgum nemendum, að það var ekkert rúm fyrir þá, til þess að reyna að hafa þetta hóflegra að tölu, var hann allt í einu gerður að háskóla, og það voru bara stúdentar, sem þar fengu að innrita sig. Þetta væri nú allt gott og blessað, ef það væri til bóta, við fengjum betri kennara með þessu móti. En það dreg ég mjög í efa. Ég er svo hræddur um, að þeir stúdentar, sem eru miklir námsmenn, — en það þurfa vitanlega ekki alltaf að vera bestu kennararnir, það er fjarri því, — eða hafa mikla hæfileika, þegar þeir eru búnir að taka stúdentsprófið, þá fari þeir e. t. v. í eitthvað annað, en fari ekki að leggja fyrir sig barnakennslu. Reynslan var nú sú, að við fengum marga frábæra barnakennara, á meðan skólinn var styttri, var enginn fjögurra ára skóli. Þá fengum við frábæra barnakennara, þannig að ég held, að það sé ekki nokkur trygging fyrir því, að það verði betri barnakennarar, sem eru búnir að hanga fyrst í skyldunáminu, svo 4 ár í menntaskóla, eins og það hefur verið, og fara svo að dunda 3 ár í kennaraháskóla, aðallega til að læra uppeldisfræði eða eitthvað slíkt, sem er náttúrlega auðlærð fyrir suma, en sumir geta aldrei lært að verða kennarar eða miklir uppeldisfræðingar. Ég held jafnvel, að það væri réttara að endurskoða lög um þessa skóla fyrst og reyna að laga það, sem hefur verið ofgert viðvíkjandi þeim.

Núv. menntmrh. virðist hafa ákaflega mikinn áhuga á þessu frv. Ég er búinn að lesa þetta frv. tvisvar eða þrisvar sinnum, og ég las það allt saman, eftir að búið var að koma brtt. fyrir, og ég ætla ekki á nokkurn hátt að vera að deila á n. Sannleikurinn er sá, að mér fannst þeirra till. vera frekar til bóta. Þær gerðu engar stórar breytingar, en þær voru frekar til bóta, þannig að ég ætla ekkert að deila á n. Sannleikurinn er sá, að ef ætti að gera þetta frv. gott, þá þarf að semja alveg nýtt frv. og ekkert að vera að styðjast við þetta frv. Þegar maður les frv. og alla þá mælgi, sem í því er, þá held ég, að það hljóti öllum að vera ljóst, að þeir, sem semja þetta, eru alls ekki færir um að segja fyrir um, hvernig á að kenna nemendum. Ég hygg, að Snorri Sturluson hefði getað komið þessari visku, sem ekki er mikil, fyrir í styttra máli en þetta. Vitanlega á margt af þessu að vera í reglugerð, en ekki í frv., og er það miklu hagnýtara, því að það getur alltaf komið í ljós, að það þurfi að breyta því, og þá er það miklu auðgerðara að hafa mikið af þessum aukaatriðum í reglugerð heldur en allt lögbundið, þannig að bara út frá þeim sjónarhól séð er frv. óskynsamlegt. Þessi mælgi er alveg dæmalaus, eins og hér er búið að minnast á.

Skoðun mín viðvíkjandi þessari barna- og unglingafræðslu er, að við eigum að beita sem allra minnstum þvingunum við unglingana, við eigum ekki að þvinga þá til að læra, heldur láta þá sækja á að læra. Ég hef ekki fengist við að kenna börnum, og þótt ég hafi ekki verið lengi í skólum, þá hef ég verið með mönnum, sem vildu læra, en gátu ekki lært, og með því að vera að neyða þá til að sitja lengi í skóla, þá líða þeir alltaf fyrir minnimáttarkennd, og það getur eyðilagt líf þeirra. Ef þessir menn komast í eitthvað annað, sem þeir eru hneigðir fyrir og hafa hæfileika til, — við skulum segja, að þeir geti farið að smíða, gera við bíla, farið á sjóinn eða gera eitthvað annað, sem þeir hafa hæfileika til, þá geta þeir fengið sitt sjálfstraust og sína lífsgleði. En með því að vera að þvinga einstaklinga til þess að gera það, sem þeir hafa ekki hæfileika til, er verið að eyðileggja þá. Þess vegna er ég á móti mjög löngu

skyldunámi. Og ég er hræddur um, að það sé verið að apa þarna eftir nágrannaþjóðum okkar, sem eru núna farnar að stíga til baka aftur í þessu. Þess vegna álít ég, að skyldunámið þurfi að vera hóflega langt. Vitanlega þurfa allir að fá fræðslu, en það á ekki að vera að þvinga þá til að vera of lengi, sem geta ekki lært. Ég hef talað um þetta við ýmsa barnakennara og þá, sem hafa kennt börnum og unglingum, og þeir hafa sagt mér, að það sé svona þriðjungur af unglingunum, sem ekki getur lært neitt að ráði bóklega. Annar þriðjungur er, sem gengur svona sæmilega. Svo er þriðji þriðjungurinn, sem á auðvelt með að læra. Það þarf ekkert að vera hæfileikaminna fólk, þótt það sé ekkert næmst á bókina, og það getur verið eins þjóðnýtt fólk í starfi eins og hitt, því að sem betur fer eru hæfileikar manna misjafnir, enda þurfa menn að vinna við ýmsa hluti, og það væri óhagkvæmt, ef allir hefðu eins hæfileika.

Annað er það, að ég álít, að það ætti að vera rýmri heimild en er í þessu frv. með unglingana, að þeir fái að hvíla sig, ef þeir vilja, þeir verði ekki þvingaðir látlaust áfram í 9 ár. Ef þeir fá að hvíla sig og fara að vinna við eitthvað annað, þá getur vaknað hjá þeim áhuginn við að læra. Þessi endalausa skylda, þeim finnst að það sé alltaf verið að reka á eftir sér, þetta gerir börnin löt og hyskin. Það á að vera heimild til þess, að þau fái að hvíla sig í eitt eða tvö ár, ef þau óska þess, og þeir, sem ekki ætla að halda áfram langskólanámi, hafa meira gagn af því, ef þeir læra frá 16—20 ára aldurs, en ef þeir læra yngri en 16 ára, enda eru unglingar mjög misjafnlega bráðbroska, þannig að þarna ætti að vera rýmri heimild en er í frv., því að hún er nánast engin til, að menn fái að fresta námi. Svo álít ég ekki nokkra þörf á að hafa skólatímann svona langan árlega. Við þekkjum það, sem búum úti á landsbyggðinni. Börnin voru þrjá mánuði í barnaskólanum árlega og lærðu eins mikið og börnin í bæjunum, sem voru í 6—7 mánuði. Það þarf ekki lengra en minnast á hv. 5. þm. Norðurl. v. Hann sagði mér, að hann hefði verið tvo mánuði í skóla árlega tvo vetur, tvo mánuði hvorn vetur, þá kunni hann fögin utanbókar. Svo var hann sér til gamans og til þess að horfa á hina þriðja árið. Menn eru misnæmir. Ég veit, að hann segir þetta satt, þannig að það er alveg ástæðulaust fyrir þá, sem hafa miklar námsgáfur, að kveljast á því að sitja 9 mánuði árlega í 9 ár, ef þeir geta lært á miklu skemmri tíma.

Svo er eitt við þetta frv., sem gerir það að verkum, að ég get ekki greitt atkv. með því. Það virðist vera alveg gengið fram hjá — eða nær alveg — þörfum dreifbýlisins. Það er allt önnur aðstaða hér í Reykjavík en í sveitum og jafnvel í minni byggðarlögum úti á landi. Miðað við að hafa þetta 9 ár þá er þetta fyrst og fremst fósturskóli. Það á að taka börnin ung, þau geta farið heim til sín á kvöldin og verið hjá foreldrum sínum á kvöldin og nóttunni, og ef foreldrarnir vinna bæði úti, þykir þeim gott að losna við þau að deginum. En þetta horfir allt öðruvísi við hjá okkur í dreifbýlinu, og ég vil þess vegna, að þetta sé aðgreint miklu meira í frv. heldur en gert er. Það er raunar verið að tala um, að það þurfi ekki að vera nema 7 mánuði undir vissum kringumstæðum og svo 7½, en það er bara óþarflega langt úti á landsbyggðinni. Aðalatriðið er að halda áfram að læra, meðan verið er við það, en ekki hve marga mánuði verið er við það, því að þegar menn fara að dunda við lærdóminn, þá læra þeir ekki neitt. Þeir gleyma þá jafnóðum og þeir læra. En sinni unglingur námi vel, geta þeir lært á ótrúlega skömmum tíma, einkum ef þeir hafa námsgáfur. Svo á þetta að vera miklu rýmra með að kenna börnunum heima, ef mæðurnar vinna ekki úti og eru heima hjá sér. Það er gerbreytt viðhorf í sveitunum t. d. frá því, sem var. Það er margfalt minni vinna, síðan rafmagn kom og öll þægindi. Ef konurnar eru færar um það eða foreldrarnir, annað hvort þeirra, og hafa tíma til þess, hví mega þeir ekki kenna börnunum heima og það sé bara eftirlit með því, að þau læri? Því er verið að þvinga þau í þennan skóla, kornung börnin, 7—10 ára?

Hv. 3. landsk. þm., Bjarni Guðnason, var að tala um, að það væru dæmi til þess, að börn væru ekki farin að fara fyrr en 10 ára í skóla. Það eru vafalaust, sem betur fer, dæmi til þess. Það er langbest að læra heima, ef börnin hafa aðstöðu til þess, hvað ætli gáfaðir unglingar þurfi endilega í skóla til þess að læra þessi barnafög? Ef annaðhvort foreldra er sæmilega greint, er vel hægt að kenna þeim fyrstu bekkina, og það er betra fyrir börnin og gerir heimilin ánægjulegri. Hitt horfir öðruvísi við, ef konurnar vinna úti. Þá hafa þær ekki aðstöðu til þess, og þá eru þær fegnar að losna við börnin að deginum, og ég hef ekkert á móti því heldur. En ég vil bara, að þetta sé aðgreint. Þetta er svo mismunandi aðstaða. Konurnar í sveitinni vinna yfirleitt ekki úti, þær hafa enga aðstöðu til þess, og þá geta þær haft ánægju af að kenna sínum börnum og meira segja lært af því sjálfar.

Ég ætla ekki að eyða tíma í að fara yfir allt þetta frv. og finna að öllu, sem er hægt að finna að í því og væri hægt að hafa á annan veg. Það mundi ekki endast mér dagurinn til þess. En það er ýmislegt, sem er dálítið skoplegt í þessu frv., og þarf raunar að semja það allt saman upp. Það, sem mér líkar ekki við hæstv. menntmrh., er, að ég vildi, að hann lagaði það, sem helst þarf að laga í menntamálakerfinu, en ekki fara að taka það, sem skást er í því í dag og koma því í ólag. Það er nú með þessar kröfur um stúdentsnám. Það var t. d. farið að setja þennan stúdentsstimpil á hjúkrunarkonurnar. Hvaða lifandi manni dettur nú í hug að það séu betri hjúkrunarkonur, þó að það sé búið að pína þær 9 ár í skyldunámi, svo í menntaskóla og svo í háskóla, — að þær verði duglegri hjúkrunarkonur en með svona venjulegri menntun? Það er dugnaðurinn að vinna, sem fyrst og fremst kemur til greina, og ýmisleg nærgætni fyrir hjúkrunarkonur, en ekki hvort þær séu góðar að læra tungumál og allra síst, að þær hafi slæpst endalaust í skólum, svo að þær nenni ekki neitt að gera. Því miður er það þannig með þetta langskólanám, að menn læra leti og slæpingshátt margir hverjir bara á því. Það er viss hópur, sem vinnur, en svo er stór hópur, sem lærir bara að dunda.

Við skulum taka menntaskólana hérna. Ég var að lesa skýrslu um það. Það er alltaf að fjölga

þeim, sem fá 3. einkunn. Námshæfnin virðist vera að minnka eða ástundunin eða hvort tveggja. Það eru miklu meiri truflanir en var. Það er sjónvarp og alls konar skemmtanir og krakkarnir eru í þessu og hugsa ekki um að læra. Þess vegna er aðalatriðið, að það þýðir ekki að vera að pína unglinga, sem hafa ekki áhuga á að læra, — að pína þá við það. Þeir læra þá bara að slæpast.

Í 20. gr. frv. er talað um vesalings skólastjórana, og 20. gr. byrjar þannig, með leyfi hæstv. forseta: „Skólastjóri stjórnar starfi grunnskóla í samráði við kennara undir yfirstjórn menntmrn., fræðsluráðs, fræðslustjóra og skólanefndar.“ En það er miklu meira, sem hann þarf að taka tillit til. Þetta á allt að vera tvöfalt úti í dreifbýlinu, en það á ekki að vera hér í Reykjavík. Það eiga að vera fræðsluráð og fræðslustjórar, svo eiga að vera skólanefndir og skólanefndarfulltrúar. Skólastjórnin þarf að taka tillit til þessara tveggja aðila. Svo koma foreldrafélög og svo koma nemendafélög. Og skólastjórinn þarf að taka tillit til þessa alls. Svo er hægt að gera hann ómyndugan í ýmsum hlutum. Neðar í gr. segir: „Nú greinir skólastjóra og kennara á um meðferð tiltekins máls, og má þá vísa málinu til skólanefndar og fræðslustjóra, er fellir úrskurð um það. Ákvörðun skólastjóra gildir, uns úrskurður fræðslustjóra liggur fyrir.“ M. ö. o.: það er hægt að gera þessa vesalings menn ómynduga að öllu, sem þeir gera, og það eru ótal ráð og nefndir, sem þeir þurfa alltaf að vera að boða á sinn fund og hafa samráð við. Það verður víst ekki mikið úr kennslunni hjá þessum skólastjórum eftir þetta. Svo er ekkert þægilegt fyrir yfirmann, að það sé hægt að gera hann einfaldlega ómyndugan út af einhverju þrasi við kennarana og það sé fræðslustjórinn, sem getur gert það, og liggur ekkert fyrir um það, að fræðslustjórarnir hafi meiri stjórnunarhæfileika en skólastjórarnir.

Ég er ekkert hrifinn af einræði, en ef einhver á að ráða, þá megum við ekki gera honum ómögulegt að ráða, og við vitum, að það er ekki hægt fyrir nokkurn mann að stjórna einu eða neinu, ef hægt er að taka af honum ráðin um hvaða smámuni sem er. Ég hef rætt þetta mál dálítið heima í mínu kjördæmi, og mér virðist, að stemningin sé á móti frv. Yfirleitt er fólkið á móti því, og ég hef heyrt margar raddir hjá skólastjórum, sem eru mjög óánægðir með frv. og sumir algerlega á móti því.

Ég ætla ekki að þreyta ykkur á allt of miklum lestri, svo að ég stikla aðeins á stóru, því að það er eins og ég sagði áðan, að það mundi taka allt of langan tíma.

34. gr. er um skólabrytana. Það á vitanlega að ráða bryta og eftir tveggja ára setningartíma við sama skóla á bryti rétt á skipun í starf sitt, enda hafi hann meðmæli skólastjóra um skipan í starfið. Ég held, að með öllum þessum ráðum, sem eiga að starfa í kringum skólastjórana, væri kannske rétt að láta skólastjórana ekki hafa alveg einveldi um þennan bryta. Satt að segja álít ég óskynsamlegt að gera hann að starfsmanni hjá ríkinu, því að það er nú þannig með þessa ríkisstarfsmenn að það er ómögulegt að losna við þá, og það hefði verið ákaflega þarft verk hjá núv. hæstv. menntmrh., ef hann hefði komið því inn í fræðslulögin, að það væri hægt, að skólanefndir eða fræðsluráð og skólastjórar gætu losað sig við kennara, sem ekki hefðu hæfileika til að kenna, því að það þarf ekki marga slæma kennara við skóla til þess að eyðileggja skólann a. m. k. að nokkru leyti. Er alveg óþolandi, að skólarnir verði að sitja með lélega kennara og geti ekki losnað við þá, nema þeir hafi stórlega brotið af sér. Það ætti að vera eðlilegur uppsagnarfrestur hjá báðum aðilum, bæði þeim, sem ráða yfir skólunum, og eins kennurunum. En það er hrein plága fyrir skólann að þurfa að sitja með lélegan kennara. Viðvíkjandi þessum brytum, ef búið er að skipa þá sem starfsmenn ríkisins, þá er ómögulegt að losna við þá. Og það getur vel verið, að þeir verði latir við matreiðsluna. Ég held því, að þarna sé vitleysa á ferðinni, það væri réttara að ráða þá eins og gert hefur verið, en ekki að vera að skipa þá eins og fastlaunaða ríkisstarfsmenn. Það þarf hugsunarsemi viðvíkjandi matreiðslu.

Í 36. gr., — það er alltaf verið að tala um þennan vinnutíma, — segir, að þegar kennari nær 55 ára aldri, minnkar starfsskylda hans um ⅛, og er hann nær 60 ára aldri minnkar starfsskylda hans enn um ⅛ af fullri starfsskyldu. Til þess að öðlast framangreindan afslátt þarf 20 ára kennsluferil. Satt að segja held ég, að þetta sé alveg óþarfi. Ég held, að 55 ára maður geti unnið fullan vinnudag. Það getur komið til mála, úr því að menn eru yfir 60 ára, að lækka starfsskyldu. Ég held, að þarna sé gengið óþarflega langt. Menn eru orðnir svo óskaplega hræddir við vinnuna. Það væri a. m. k. alveg óhætt að draga það yfir 60 ára aldurinn.

Í 42. gr. kemur valnámið, í 9. bekk verði val námsgreina frjálst að hluta. Skal þar við það miðað, að verklegt skyldu og valnám geti samanlegt numið helmingi námstímans að hámarki, en fimmtungi hans að lágmarki. Nú er það svo, að það þarf viss skilyrði til þess að geta stundað verklegt nám. Svo er síðar tekið fram, að ef unglingarnir vinna heima, þá má það koma að hálfu leyti, að mig minnir, upp í þetta skyldunám, verklega námið. Það þarf viss skilyrði til þess að geta lært verklegt nám. T. d. ef á að læra að fara með vélar, þarf unglingurinn að vera þar, sem unnið er með vélum. Það er ósköp lítið verklegt nám, þó að það sé einhver smíðakompa til, þar sem þeir eru að klastra saman borði eða einhverri hirslu. Þetta var nú svona, þegar ég var í skóla. Ég var að puða við þetta. Ég er nú ekki neinn smiður, og ég hafði heldur ekkert gagn af þessu. Það er annaðhvort að gera hlutinn eða að gera hann ekki. Þessir skólar okkar núna hafa ekki skilyrði til að kenna þetta verklega nám. Það er t. d. nauðsynlegt fyrir þá, sem vinna í sveitunum, að læra að fara með vélarnar. Það er orðin svo mikil véltækni. Það verða þeir að gera við heyvinnuna eða við vinnuna með vélunum. Þeir geta ekki gert það í skólunum. Það er eins með sjávarútveginn. Það þarf að læra margt viðvíkjandi honum, bæði að verka fiskinn og afla fisksins. Það geta þeir vitanlega ekki gert t. d. á Reykjum í Hrútafirði eða á Húnavöllum eða í öðrum slíkum skólum. Ég held þess vegna, að það væri betra að hafa

skyldunámið styttra, láta ganga að því að læra bóklegu fögin, og svo geta þeir farið í að læra það verklegt, sem þau eiga að læra, í sérstökum verklegum skólum, hvort það er heldur fiskiðnskóli eða sjómannaskóli eða vélskóli eða annað slíkt.

Ég veit t. d., að það væri æskilegt fyrir sveitadrengi að hafa námskeið til að læra að fara með vélar, það er orðið svo mikið um vélar, og þannig er það í öllum atvinnugreinum, jafnt í iðnaði og fiskvinnslu. Ég held, að það sé ekki ástæða til að blanda þessu svona saman. Ég held, að þessir skólar hafi ekki aðstöðu til þess að kenna verklega námið. Ég hef auðvitað ekkert nema gott um það að segja, að heimild sé veitt til þess, að þau fái að vera heima hjá sér og það sé metið upp í þetta verklega nám. En ég held það væri betra að hafa tímann styttri og ganga almennilega að því að læra bóklegu fögin.

Svo er 44. gr. ákaflega skopleg. Þar er nú vinnutímastyttingin komin. Þá er verið að reikna út, hvað barnið má vinna eða unglingurinn margar mínútur. Ég breytti þessu í klukkutíma, og það verður í 1. bekk eitthvað 14 eða 15 tímar á viku, sem má læra, og lesturinn á víst að vera í þeim tíma. Ætli það væri ekki betra fyrir þau að vera heima hjá móður sinni, blessuð börnin, en að vera að pína þau á heimavistarskóla og þau mega ekki vinna nema 14 eða 15 tíma vikulega? Það verða 3 tímar á dag. Svo eiga þau víst að læra að slæpast hinn tímann. Ég held, að það væri hollara fyrir börn í dreifbýlinu að fá að vera heima hjá sér. Hitt horfir öðruvísi við, eins og ég minntist á áðan, hjá þeim, sem þurfa endilega að losna við börnin að deginum, þar sem foreldrarnir vinna bæði úti. Þessu er of mikið ruglað saman. Svo er hjá eldri krökkunum, að þá á að miða við 40 stunda vinnuviku, og ég veit ekki, hvort það er ástæða til að hafa það svo nákvæmt. Ætli þau eigi ekki að sitja í tímum svona 25 tíma á viku, og þá ættu þau að hafa 10—15 tíma til að lesa. Ég held það sé nú alveg ástæðulaust að vera að banna blessuðum börnunum að lesa lengur, ef þau hafa gaman af því og langar til þess, og þyrfti ekki svona klausur. Hin, sem ekki nenna því, gera það ekki. Það væri hægt að sleppa þessu að einhverju eða öllu leyti, held ég. Þetta er dálítið hlægilegt.

Svo kemur hérna um tímann, sem þau eiga að vera í hverri kennslustund: „Lengd kennslustundar fer eftir ákvörðun skólastjóra. Eigi má þó samfelld kennslustund vera lengri en 80 mínútur og eigi að jafnaði skemmri en 20 mínútur. Meðallengd kennslustunda í grunnskóla telst vera 40 mínútur.“ Hvað á eiginlega að þýða að fara að setja þetta í lögin? Það má vera 80 mínútur, það má vera 20 mínútur, en meðaltalið á að vera 40 mínútur og kennaranum sagt að ráða þessu að mestu leyti. Til hvers er þetta skraf? Þeir hafa ekki verið beint sparir á orðin, sem sömdu þetta. Þetta er náttúrlega eins og hver önnur vitleysa. Það er allt of langt að hafa börnin 80 mínútur og óþarflega stutt að hafa þau 20 mínútur, og hvað þarf að vera að rugla um þetta? Var þá ekki bara hægt að segja, að það ætti að vera 40 mínútur.

Svo kemur 57. gr., mjög merkileg grein.

Sannleikurinn er sá, að það er verið að tala um það, að þau hafi verið of erfið, þessi landspróf. En staðreyndin er sú, að þegar þessir unglingar eru búnir að taka landsprófin, þá standa þeir sig ekki of vel í menntaskólanum, þannig að reynslan er sú, að landsprófin hafa ekki verið of ströng. Það fara jafnvel fleiri í menntaskóla en eiga þangað erindi. En það, sem fyrst og fremst pínir unglingana áfram til þó að reyna að læra eitthvað, eru prófin. Ég var einu sinni á lýðskóla úti í Noregi. Þá voru engin próf þar. Þá voru fyrirlestrar og svoleiðis. Það lærði heldur enginn neitt. Það eru prófin, sem pína börnin til að læra, og ef prófin eru ekki, þá nenna þau ekki að læra. Þeir, sem eru námsmenn, læra, þeir standa sig í gegnum landsprófið. Hin læra minna, m. a. af getuleysi og í sumum tilfellum af leti, og það er ekkert um það að segja. Ef menn nenna ekki að læra, þá þýðir ekkert að vera að pína þá við það.

57. gr. hljóðar svo: „Próf í grunnskóla skulu jafnan vera framkvæmd af kennurum skólans, sbr. þó 58. gr. Kennarar skulu gefa umsögn og/eða einkunnir í loks hvers skólaárs eða námsáfanga, er gefi til kynna námsárangur, vinnubrögð og framfarir nemandans og viðhorf hans til viðfangsefna skólans. Upplýsingar þessar skulu færðir á spjaldskrá skólans og prófskýrslur veittar nemendum og foreldrum.“ M. ö. o.: það virðist eiga að mestu leyti að fella próf niður. Það er talað um það í öðrum greinum, að það eigi að vera einhverjar staðlaðar prófreglur um íslensku og stærðfræði, en það á a. m. k. að gera þetta allt saman vægara og óljósara. Það á að lengja tímann, og það á að stuðla að því, að börnin læri ekkert í þessum skólum. Ef ekkert aðhald er fyrir þau af prófunum, þá hætta þau að læra. Það hafa sagt mér kennarar hér í Reykjavík, sem kenna börnum, að það sé hluti af krökkunum, sem ekki geta lært, og þeim er hleypt í gegnum barnaprófið, án þess í raun og veru að þau hafi lokið því námi, sem til þess þarf, og er e. t. v. ekkert annað að gera. En ég held, að þarna sé gengið of langt. Ég held, að prófin, eins og þau eru, — það er hægt að gera einhverjar smávegis breytingar á því fyrirkomulagi, — en ég held, að þau séu bara nauðsynleg og góð.

Það er talið nauðsynlegt að koma í gegn þessari vitleysu til þess að geta samræmt kerfið. Á svo öll þessi hersing, hvort sem hún getur lært eða ekki lært, að fá aðild að menntaskólunum. Það þarf þá víst að stækka þá eitthvað. Svo, ef einhver próf eru þar, þá fellur mikið af unglingunum. En er nokkuð unnið við þessa breytingu? Er ekki best að hafa prófin eitthvað lík því, sem þau hafa verið? Ég er ekki að halda því fram, að það eigi að hafa þau allt of ströng, en ef próf eru ekki, þá læra menn ekki, nema einstaka maður. Þau eru aðhald.

Svo kemur ráðgjafar- og fræðsluþjónustan. Það er nú alveg kostulegt. Alls staðar eiga þessir sálfræðingar að vera. Það er bara, að eitthvað af börnunum verði ekki sálsjúkt af þessum sálfræðingum. Ég efa það ekki, að það eru ýmis börn, sem eru vandmeðfarin andlega, en þá er meiri þörf að taka fyrir rætur meinsins. Ég hygg, að það beri miklu meira á þessu hér í þéttbýlinu en hjá okkur úti í sveitunum. Ég hef

afar lítið orðið var við, að börn séu mjög taugaveikluð hjá okkur a. m. k. Ég hef hlerað það hjá kennurum, að það eru ýmis börn hér taugaveikluð. Og ætli það sé ekki ástæðan fyrir þessu m. a., að þau hafi verið vanrækt á heimilunum? Of margir hjónaskilnaðir, konurnar vinna úti, og það er ekki hugsað nógu vel um börnin. Þau veiklast á þessu. Það væri sennilega meiri ástæða til að taka fyrir rætur meinsins. Ég hef ekki trú á, ef búið er að gera barn hálfvitlaust, að einhver hálfvitlaus sálfræðingur geri það með fullu viti. Það er fyrst og fremst undirstaðan að heilbrigðu sálarlífi barnsins, að heimilislífið sé í lagi, þar sem börnin eru alin upp, og það væri þarflegra af menntmrn., ef það væri hægt að hafa strangari lög viðvíkjandi hjónaskilnuðum og upplausn heimila, en að vera með sálfræðinga á eftir hverjum krakka. Sem betur fer hafa mörg börn ekkert með það að gera. Í vissum tilfellum getur verið nauðsynlegt að hafa sérskóla fyrir slík börn, en það mun vera fyrst og fremst uppeldi barnanna, sem gerir þetta. Fyrir utan það eru náttúrlega nokkur börn, sem eru vangefin, eru fædd þannig, og það er ekki hægt að gera við því.

Svo er talað um forskóla og einkaskóla. Það er vafalaust ekkert á móti því að hafa forskóla fyrir unga krakka og ekki heldur einkaskóla, en þá eiga menn að kosta sjálfir. Forskólann á svo aftur ríkið að kosta. En það er eins og ég minntist á áðan með þessa einkaskóla. Það er alveg eins gott að kenna börnunum heima. Það þarf engan einkaskóla öðruvísi. En það er ekki gert ráð fyrir því, heldur á að hafa þetta með sérstakri skólakerfishliðstæðu. Það á að rýmka þetta. Það á að prófa unglingana. Það á ekkert að vera að neyða þá í skóla. Ef þeir hafa aðstöðu til þess að læra utan skóla eða heima og standa sig eins vel og krakkarnir í skólanum, þá á að lofa þeim það. Það er illa farið með gáfaða unglinga að vera að neyða þá til að sitja allt of lengi í skóla. Þeir fá leiða á náminu á því.

Ég ætla ekki að þreyta ykkur á því að vera að lesa meira upp úr þessu frv. Þetta er furðuleg langloka, og eins og ég sagði áðan, ég er ekkert að kenna menntmrn. um þetta. Þetta var lagt upp í hendurnar á henni, og n. reyndi að laga þetta, og till. hennar voru heldur til bóta, þannig að ég er ekkert að deila á n. En þetta er fáránlegt. Það er eins og þessir menn hafi verið að strekkja við að hafa þetta sem allra lengst, teygja lopann. Þeir hafa sennilega haldið, að það væri því meira vit í því sem þeir hefðu það lengra, og hafa þess vegna gleymt viskunni.

Það er margt fleira í þessu. Það eru t. d. öll þessi blessuð ráð, þessi tvöföldu kerfi. Úti í dreifbýlinu eiga kerfin að vera tvöföld. Það eiga að vera skólanefndir, það eiga að vera fræðsluráð, svo á að vera fræðslustjóri og svo á að vera skólanefndarfulltrúi. Hér í Reykjavík á þetta að vera einfalt. Það er miklu viturlegra. Hvað eiga þessar kúnstir að þýða? Er ekki hægt að hafa þetta einfalt kerfi? Og svo eiga héraðssamtökin, sem ekki er búið að lögfesta, eða kjördæmasamtökin að velja þetta fræðsluráð. Er ekki annaðhvort hægt að hafa skólanefndir eða fræðsluráð, en ekki hvort tveggja? Svo eiga báðir þessir aðilar að geta haft skrifstofur og starfsfólk, og ríkið á að borga helminginn af þessu. Þetta er tóm vitleysa. Það var áætlað, að þetta ætti að kosta eitthvað um 300 millj. kr. Nú vitum við, að allt hefur hækkað, og ætli hækkunin verði ekki sennilega nærri tvöföld? Sannleikurinn er sá, að það er ómögulegt að áætla þetta, og ég skal ekkert fullyrða um, hvað það verður, og verður e. t. v. minna, vegna þess að það verður aldrei framkvæmt. En það er enginn efi, að þarna verður um allmikið fé að ræða.

Mér skilst í frv. um verðstöðvun, að það eigi að skera útgjöldin niður um álitlega upphæð, eitthvað 1000 millj. kr. eða kannske meira. En þarna er verið að samþykkja aukna eyðslu, sem þið gerið ykkur ekki grein fyrir, hvað verður mikil, og því síður, að hún verði nokkuð til gagns, því að þessi lög verða á allan hátt verri en þau lög, sem eru í gildi núna. Þessi próf miða að því, að unglingarnir þurfi ekki endilega að læra mikið, enda verður það vafalaust þannig. Fyrst var þessi skattafsláttur okkar, sem gerir svona 550 millj. kr., svo kemur Akranesferjan, sem beint og óbeint fer sennilega upp undir 100 millj. kr. Svo kemur grunnskólafrv., sem verður 500—600 millj. Þessar þrjár vitleysur á þinginu nú gera sennilega eitthvað á annan milljarð. Svo þykjumst við ætla að skera niður útgjöld, af því að þau séu of há, — útgjöld, sem eru ekki að öllu leyti óþörf, og væri æskilegra að geta veitt fé í þær framkvæmdir en bæta hverri vitleysunni ofan á aðra.

Ég væri ekki að telja þetta eftir, ef ég hefði trú á því, að þessi lög væru til bóta, þau verða bara til ills. Ég sé yfirleitt afar fátt jákvætt við þennan lagabálk. Ég er í engum vafa um það, að Nd. samþykkir þetta frv. Það er nú nokkurn veginn víst. En ég er ekki alveg vonlaus um, að það dagi uppi í Ed. Það er nú þannig, að þeir eru öllu meiri fjármálamenn, kratarnir í Ed. en Nd. Svo höfum við mann í Ed., sem hefur dálitla reynslu og vit í fjármálum, þar sem Geir Gunnarsson er. Ég veit ekki, hversu ákafur hann verður að koma þessu í gegn. En reynslan sýnir það. Annars var hann að segja við mig áðan, að það væri ekkert ósanngjarnt, að frv. dveldi tvö ár í Ed., úr því að það væri búið að dvelja þrjú ár í Nd., og ég var honum hjartanlega sammála um það. Þó ég sé vonlaus um það, að Nd. stöðvi þessa vitleysu alla, þá vona ég að hana dagi uppi. Ef svo leiðinlega fer, að frv. verði samþ., er það eins og hver önnur vitleysa, og þau lög verða vafalaust ekki ellidauð. En ég skil ekki vel, hvernig stendur á þessum áhuga hjá menntmrh. að koma þessu frv. í gegn. Sennilega er það fyrir honum eins og fuglunum, þegar þeir eru að unga út gaukseggjunum, að þeim þykir vænst um gaukseggið, af því að það er stærst, á meðan það er í hreiðrinu, en svo þegar unginn kemur úr því og étur allt frá hinum ungunum, þá fer ástin að minnka. Fuglarnir geta varla fóðrað gauksungann, því að hann þarf svo mikið. Ætli það verði ekki þannig með þetta frv.?

Pálmi Jónsson: Herra forseti. Eftir mikla gagnrýni, sem þetta frv. hefur hlotið hér í hv. d., bæði við fyrri umr. þess og einnig hér í dag,

er ég alls ekki vonlaus um, að svo fari, að frv. verði ekki afgreitt sem lög frá þessu Alþingi. Með hliðsjón af því og í framhaldi af þeirri sterku gagnrýni, sem ég hef haldið uppi á þetta frv., hef ég ásamt þremur öðrum hv. þm. lagt hér fram dagskrártill., sem mun vera verið að útbýta þessa stundina. Þessi dagskrártill. hljóðar svo, með leyfi hæstv. forseta:

„Með tilliti til þess, að:

a) hagkvæm vinnubrögð séu að láta endanlega afgreiðslu grunnskólafrv. bíða, þar til fyrir liggur, á hvaða grundvelli verði byggt eftir fyrirhugaðar lagabreyt. varðandi verkefna- og tekjuskiptingu milli ríkis og sveitarfélaga;

b) algjörlega ófullnægjandi grg. fylgir frv. um kostnað við framkvæmd málsins og engar upplýsingar hafa verið gefnar um það efni við umr.;

c) frv. felur í sér lengingu skólaskyldu;

d) samþykktar voru við 2. umr. málsins brtt. við frv. um ákvæði varðandi byggingu skólahúsnæðis, sem leggja byrðar á ríkissjóð í mjög ríkum mæli, án þess þó að nokkuð sé vitað, hvernig verði staðið undir;

e) á frv. eru stórfelld missmíði, svo sem að fela landshlutasamtökum sveitarfélaga sérstök verkefni og völd, án þess að þessi samtök hafi nokkra stöðu að lögum;

f) meðferð málsins í hv. d. hefur verið reikul og stefnulaus eins og atkvgr. við 2. umr. sýndi í mörgum tilfellum;

og í trausti þess, að skipuð verði 7 manna þingmannanefnd til að endurskoða frv. og það verði lagt fram endurskoðað fyrir Alþingi næsta haust, samþ. deildin að taka fyrir næsta mál á dagskrá."

Þessa till. flytja auk mín hv. 3. þm. Norðurl. v., Björn Pálsson, hv. 3. landsk. þm., Bjarni Guðnason, og hv. 4. þm. Austf., Sverrir Hermannsson.

Ég hef rætt þetta frv. allítarlega fyrr hér á hv. Alþ. og ekki ástæða til þess að flytja nú mjög ítarlega ræðu. Ég vil þó fara nokkrum orðum um meginatriði þess, hvað liggur að baki því, að þessi frávísunar- eða dagskrártill. er komin fram.

Eins og greinir í 1. lið, er það kunnugt, að nú er verið að endurskoða verkefna- og tekjuskiptingu ríkis og sveitarfélaga. Sveitarstjórnarlögin eru í endurskoðun. Í framhaldi af því vil ég minna á það, að till. okkar sjálfstæðismanna um þessi mál hafa í heild hnigið að því, að sveitarfélögin í landinu tækju í sínar hendur það, sem hér er kallað grunnskólanám. Hvort svo fer við þá endurskoðun, sem nú stendur yfir um verkefna- og tekjuskiptingu ríkis og sveitarfélaga, að sveitarfélögunum verði fengið þetta verkefni í hendur, skal ég ekki um segja. Hitt er þó ljóst, að þess má vænta, að sjálfstæðismenn hér á hv. Alþ. geri a. m. k. tilraun til þess að koma fram okkar till. og okkar sjónarmiðum í sambandi við þá endurskoðun. Meðan þessi mál eru ekki útkljáð, sýnist mér, að það væri hyggilegt og æskilegt að fresta afgreiðslu þessa frv., til þess að ekki þyrfti að gerbylta þeim lögum kannske að einum til tveimur árum liðnum, ef svo færi, að sjónarmið og till. okkar sjálfstæðismanna næðu fram að ganga um þetta efni.

Í annan stað er að því vikið í þessari frávísunartill., að algerlega ófullnægjandi upplýsingar fylgi frv. um þann kostnaðarauka, sem það hefur í för með sér, verði það samþykkt. Ég hef harðlega gagnrýnt þetta fyrr við umr. í þessari hv. d., bæði á yfirstandandi Alþ. og eins á síðasta ári. Það er svo, að í grg. þessa frv. segir, að vænta megi þess, að kostnaðaraukning, sem mundi stafa af samþykkt þess, verði 289 millj. kr. Þessi tala var í grg. frv., þegar það var fyrst lagt fram, að ég hygg fyrir 2 eða 3 árum. Augljóst er, að þessi tala er mjög úrelt orðin, bæði vegna verðlagsbreytinga og eins hins, að fjöldi nemenda fer vaxandi, og það mundi hafa áhrif á, hver þessi tala yrði í raun. Hitt er svo annað mál, að engin tilraun hefur verið gerð til þess að gera nokkra grein fyrir því, hver kostnaðarauki mundi af hljótast í sambandi við stofnkostnað skólamannvirkja. Við 2. umr. þessa máls var samþ. brtt. þess efnis að fella inn í 25. gr. frv., að það skyldi skylt að reisa mötuneytisaðstöðu við alla nýja skóla og við alla skóla, sem teknir væru til endurbyggingar og einhverra endurbóta. Er augljóst, að það fylgir slíkum ákvæðum gífurlegur kostnaðarauki í stofnkostnaði við skólamannvirki, og ég held, að engin tilraun hafi verið gerð til þess að gera Alþ. grein fyrir því, hvað sá kostnaðarauki yrði mikill. Kunnugir menn hafa þó giskað á, að sá útgjaldaauki ríkissjóðs, sem samþykkt þessarar brtt. mundi valda, mundi nema milljörðum. Það er einnig ljóst, að miðað við það, að í þessu frv. er gert ráð fyrir því að flytja skólastarfið í stórum meira mæli inn í skólana sjálfa heldur en nú er, þá mundi því einnig fylgja stórkostlegur útgjaldaauki fyrir ríkissjóð. Það er svo annað mál, að það kann að vera góðra gjalda vert, ef tekst með sæmilegu móti að flytja skólastarfið í meira mæli inn í skólana, þannig að þar væri vettvangur fyrir börn og unglinga til þess að lesa undir tíma og stunda þar nám að fullu. En ég hygg, að það verði harla dýrt fyrir þjóðfélagið að losa heimilin við börn og unglinga þann tíma, sem þau annars nota til lestrar og nota húsnæði á sínum heimilum.

Hvað sem því líður, er ákaflega óviðeigandi, svo að ekki sé meira sagt, að þrátt fyrir margítrekaðar áskoranir til hæstv. ráðh. og til hv. n., sem um þetta mál hefur fjallað, skuli hv. Alþingi ekki gerð grein fyrir því, hver kostnaðarauki muni af samþykkt þessa frv. hljótast. Þrátt fyrir allar þessar ítrekuðu áskoranir hefur ekki heyrst hósti eða stuna frá þeim aðilum, sem áskorunum hefur verið beint til um upplýsingar um þetta efni. Slík vinnubrögð eru að mínu mati óviðunandi, og ég tek fyllilega undir það, sem hv. síðasti ræðumaður, hv. þm. Björn Pálsson, sagði um þetta efni, að það sé í rauninni lágmarksskylda að hv. Alþingi sé gerð nokkur grein fyrir hvað þessi kostnaðarauki verði mikill, á þeim tímum, sem við nú stöndum á, þegar talað er um, að fjárhagur ríkissjóðs sé þröngur og e. t. v. kunni að þurfa að skera niður fjármagn til annarra framkvæmda, sem ekki væru síður nauðsynlegar.

Hér hefur mikið verið rætt um lengingu skólaskyldunnar, og ég hef oft talað um það atriði þessa máls áður. Ég skal ekki bæta við það mörgum orðum. Það hefur verið gerð allítarleg

grein fyrir svipuðum viðhorfum og ég hef í huga af fyrri ræðumönnum við þessa umr. Ég vil þó taka fram til viðbótar við það, sem þeir hafa greint frá, að ég tel, að það sé engin þörf á því að lengja skólaskylduna, til þess að því marki verði náð að brúa það bil, sem nú er á milli skyldunáms og framhaldsskólanáms. Ég tel, að það sé algerlega fullnægjandi, að fræðsluskylda sé á í efstu bekkjum grunnskólastigs og að nemendum sé frjálst að sækja skóla og að úr slíkum grunnskóla brautskráist nemendur, sem hafi rétt til þess að ganga inn í framhaldsskóla, þ.e. menntaskóla og sérskóla. Ég held, að það sé engin nauðsyn að leggja skyldukvöð á nemendur, til þess að þeir verði hæfir til að ganga inn í framhaldsskóla- og sérskólastigið. Það er einnig rétt að leggja nokkra áherslu á það, sem fram hefur komið við þessa umr., að þau ákvæði þessa frv. og frv. um skólakerfi, sem að þessu lúta, eru sniðin eftir svipuðum lögum hjá frændum okkar á Norðurlöndum, sem hafa tekið upp langa skólaskyldu. Þar hefur reynslan orðið a.m.k. á sumum sviðum allmiklu neikvæðari en ætlað var í fyrstu, og þeir eru með till. að setja upp jafnvel sérstaka ríkisstofnun, eins og er í Noregi, til þess að vinna gegn hinum óæskilegu áhrifum hinnar löngu skólaskyldu. Ég rakti þær hugmyndir við 1. umr. þessa máls á Alþingi í vetur og ekki sérstök ástæða til að endurtaka það. En það er gert ráð fyrir því í till. frá 5 námsstjórum í Noregi, sem gerst þekkja framkvæmd hinnar nýju og löngu skólaskyldu þar, að það þurfi að setja á fót sérstaka ríkisstofnun, sem starfi í tengslum við menntmrn. og hafi það verkefni að efla tengsl atvinnulífs og skóla og ákvarða, hvernig megi koma því við, að nemendur á síðasta ári grunnskóla starfi að atvinnulífinu og þau störf séu metin til jafns við nám. Ég álít, að heppilegra sé að taka mið af reynslu annarra þjóða um þetta efni, sem reynt hafa hina löngu skólaskyldu, áður en farið er að lögfesta hana sér, svo augljósir sem gallar hennar eru bæði að þessu leyti og þá ekki síður því leyti, sem snýr að skólastarfinu sjálfu, þ.e. hinni uppeldislegu hlið þeirra mála, sem ég hef rakið fyrr í þessum ræðustól.

Í e-lið dagskrártill. er sagt, að á frv. séu stórfelld missmíði. Þar er einungis bent á eitt atriði úr þeim missmíðum, sem á þessu frv. eru, en það er að fela stofnunum í þjóðfélaginu, sem ekki eiga sér stoð í lögum, að fara með ákveðna þætti þessara mála. Það eru landshlutasamtökin. Það má raunar heita undravert, hvað erfitt hefur reynst að fá afgreitt hér á hv. Alþingi frv. um landshlutasamtök sveitarfélaga. Það frv. var fyrst lagt fram á síðasta Alþingi, og var lögð á það rík áhersla af ýmsum þm. og aðilum utan þings að fá frv. afgreitt. Það tókst þó ekki, m.a. vegna þess, að tveir hæstv. ráðh. lögðust gegn afgreiðslu frv. Annar þeirra ráðh. var einmitt sá, sem nú er hv. 3. þm. Vestf., hv. frsm. menntmn. þessarar hv. d., og gengur nú í salinn. Þessi hv. þm., sem þá var hæstv. ráðh., lýsti yfir andstöðu sinni á síðasta Alþingi við að afgreiða frv. um landshlutasamtökin, og samt er það svo, að þetta frv., sem hér er til umr., kemur frá þessari hv. n. og úr höndum þessa hv. þm. með þeim ósköpum, að þar er gert ráð fyrir, að þessum sömu samtökum séu falin allmikil verkefni eða a.m.k. að á vegum þeirra starfi stofnanir, sem hafi með að gera umsagnir um tiltekna þætti í meðferð skólamála.

Ég vænti þess, að hv. 3. þm. Vestf. hafi nú skipt um skoðun í sambandi við samtök sveitarfélaga og lögfestingu þeirra í sveitarstjórnarlögum. En ég tek þetta fram vegna þess, að það er auðvitað alger fásinna að afgreiða lög á hv. Alþingi, bæði þetta lagafrv. og önnur, þar sem gert er ráð fyrir því að fela samtökum eða stofnunum í þjóðfélaginu meðferð einstakra mála, — stofnunum, sem ekki eiga sér stoð í lögum íslenska ríkisins. Hér er um missmíði að ræða, — missmíði, sem ekki má þó túlka þannig, að ég sé að mæla gegn því, að samtök sveitarfélaganna hafi afskipti af málum á þessu sviði, enda er það út af fyrir sig í samræmi við till. okkar sjálfstæðismanna, að sveitarfélögin fái þessi mál í hendur, en það er þó með þeim ósköpum gert í þessu frv., að valdið er ekki flutt til sveitarfélaganna eða samtaka þeirra, heldur eru þangað fluttar selstöður ríkisvaldsins, eins og ég lýsti hér við 2. umr. þessa máls.

Ýmsa fleiri vankanta á smíði þessa frv. væri hægt að rekja, og þeir sumir hafa verið raktir hér af fyrri ræðumönnum við þessa umræðu. Það má segja með ódæmum, hvað þetta frv. er langt og ítarlegt. Eftir að frv. hefur verið afgr. við 2. umr. hér í hv. d., er það 41 vélrituð síða. Það er enda svo, að sums staðar gengur það svo langt, hvað frv. er ítarlegt, að það er ekki einasta hlálegt, það er líka grátlegt. Það hefur verið á það bent af hv. 3. landsk. þm., að það er jafnvel kveðið á um það í einni grein þessa frv., að skólastjóri skuli hugsa. Það er líka kveðið á um það í a.m.k. einni grein þessa frv., að kennari skuli ræða við nemanda, og það er rætt um það í einni grein þessa frv., að ef viðræður kennara við nemanda beri ekki árangur, skuli skólastjóri tala við nemandann, og beri það ekki árangur, skuli vísa málinu til meðferðar fræðsluskrifstofu og fræðslustjóra.

Ég tel, að svona ákvæði í l. séu aldeilis ófær og niðurlægjandi fyrir Alþingi að samþykkja slíkt. Ég tel, að þeir menn, sem starfa að fræðslumálum meðal þjóðarinnar, séu yfirleitt svo af guði gerðir, að það þurfi ekki að setja í lög, að þeir ræði við nemendur um einhver vandkvæði, sem upp koma í skólastarfi. Það er eins og gert sé ráð fyrir því af höfundum þessa frv., að skólastjórar og kennarar séu næstum skynlausar skepnur. Ég segi það hiklaust, að ég tel það vanvirðu að setja slíkt í lög, eins og hér hefur verið vitnað til. (**Forseti:** Ég vil beina þeirri spurningu til hv. ræðumanns, hvort hann eigi mikið eftir af máli sínu. Það hefjast nú senn fundir þingflokka. Ég hafði að vísu gert mér nokkrar vonir um, að þessari umr. gæti orðið lokið, áður en þeir hæfust, en ég verð að sjálfsögðu reiðubúinn að halda fundi áfram eftir kvöldmat, ef þess gerist þörf. En ég vil aðeins beina því til hv. ræðumanns, hvort hann eigi mikið eftir af ræðu sinni, og æski þess þá, að hann geri hlé á máli sínu þar til á kvöldfundi, sem verði óhjákvæmilega að halda.) Eru ekki fleiri á mælendaskrá? (**Forseti:** Það eru tveir aðrir á mælendaskrá.) Er ætlunin að ljúka þá

umr. í kvöld? (**Forseti:** Þá mundi ég freista þess.) Ég verð að segja, að ég á nokkuð eftir af ræðu minni og treysti mér ekki til að ljúka henni á mjög skömmum tíma. — [Fundarhlé.]

Herra forseti. Ég var þar kominn í ræðu minni, að ég var að gera grein fyrir því, sem vikið er að í e-lið dagskrártill. um missmíði á því frv., sem hér er til umr. Ég hafði vikið að landshlutasamtökunum og því, hve mikil vansmíð það er á lagasetningu frá hv. Alþingi að fela samtökum, sem ekki eiga sér stoð í lögum, ákveðin verkefni og hver nauðsyn er að bæta úr því og fyrst og fremst með því að veita landshlutasamtökunum lagalegan grundvöll að standa á. Enn fremur benti ég á, hversu ítarlegt frv. er, og það hafa fleiri gert. Frv. er langtum of ítarlegt, mærðarfullt og langt, og þó að endurskoðun þess nú hefði ekki annað gott í för með sér en að stytta það svo sem um þriðjung eða helst helming, þá væri mikið við það unnið. Það mætti þá einnig vera, að með því móti yrði svo að verki staðið af þeim, sem þá endurskoðun hefðu með höndum, að gert yrði ráð fyrir því, að kennarar, skólastjórar og aðrir þeir, sem að skólamálum vinna, væru gæddir heilbrigðri skynsemi. En svo virðist ekki vera samkv. því frv., sem hér liggur fyrir. Til þess að finna þessum orðum nokkurn stað, má vitna í t. d. 54. gr. frv., en þar segir m. a. svo með leyfi hæstv. forseta:

„Ef nemanda reynist verulega áfátt í hegðun, ber kennara að leita orsaka þess. Í ljósi fenginna upplýsinga skal hann í viðtali við nemanda og forráðamenn hans, ef við á, leitast við að fá bætt úr því, sem áfátt er. Nú ber viðleitni kennara skv. 3. mgr. ekki árangur, og skal hann þá vísa málinu til meðferðar skólastjóra, sem kannar málið frá öllum hliðum. Ef meðferð hans leiðir ekki til viðunandi ástands, vísar skólastjóri málinu til sérfræðilegrar meðferðar fræðsluskrifstofu. Meðan mál skv. 4. mgr. er óútkljáð, getur skólastjóri vísað nemanda úr skóla um stundarsakir, enda tilkynni hann forráðamönnum nemanda og fræðslustjóra tafarlaust þá ákvörðun. Fræðslustjóri tekur þá málið til meðferðar í samráði við skólanefnd. Ákveða skal nánar í reglugerð um framkvæmd þessarar greinar.“

Þannig hljóða þau ódæmi. Sem sé, ef nemandi brýtur af sér í skóla, þá er kveðið svo á í l., að kennari skuli ræða við hann, ef það ber ekki árangur, þá á skólastjórinn að ræða við hann, ef það hefur ekki árangur í för með sér, skal vísa málinu til fræðsluskrifstofu og fræðslustjóra, og þá tekur fræðslustjóri málið til meðferðar í samráði við skólanefnd. Og það undrar engan eftir að hafa hlýtt á lestur þessarar greinar, að talið er, að það þurfi að setja reglugerð til þess að kveða nánar á um, hvernig með þetta allt skuli fara.

Það er sem sé augljóst, að ef slík tilvik ber við í grunnskóla, þá er gert ráð fyrir því af höfundum og flm. þessa frv., að ekki sé til staðar hjá þeim mönnum, sem stjórna skóla og annast kennslu, venjuleg heilbrigð skynsemi, úr því að þarf að kveða á um það í l. að ræða við nemendur, ef út af ber. Þannig eru fjölmargar greinar þessa frv. Þær eru með ólíkindum langorðar, ítarlegar og með því marki brenndar, að það sé álit þeirra, sem að frv. standa, að þeir aðilar í skólakerfinu, sem um er fjallað, hafi varla heilbrigða skynsemi til að bera.

Það hefur verið rætt hér á fundi fyrr í dag, t. d. af hv. þm. Bjarna Guðnasyni, hvernig gert er ráð fyrir því, að þetta frv., ef að lögum verður, hrúgi upp pappírsfargani og skriffinnskubákni með endalausum umsóknum, umsögnum, úrskurðum og bréfaskrifum hinna ýmsu aðila. Hv. þm. Bjarni Guðnason stillti hér upp ákveðnu dæmi, sem sannaði þetta glöggt, og það var hreinn útúrsnúningur hjá hv. þm. Svövu Jakobsdóttur, 4. landsk. þm., þegar hún taldi, að slík mál mætti leysa í síma. Til þess að sanna það, að hér var um útúrsnúning hjá hv. 4. landsk. að ræða, segir í þessari 8. gr., sem hv. þm. Bjarni Guðnason vitnaði í, að ef á að óska eftir því, að barn fái leyfi úr skóla um tímabundið skeið, t. d. hálfan mánuð eða eitthvað þess háttar, þá á forráðamaður slíks barns að sækja um undanþágu, og þá umsókn á að senda fræðslustjóra. Fræðslustjóri fær umsögn skólastjóra og skólan., og fræðslustjóri getur veitt undanþágu að fengnum slíkum umsögnum. Það dugir ekki að sækja til skólastjóra eða stjórnenda skólans, það þarf að sækja til fræðsluskrifstofunnar, til fræðslustjóra, og engum dettur í hug, að sú umsögn geti verið öðruvísi en skrifleg. Fræðslustjóri getur ekki veitt þessa heimild án þess að fá umsögn skólastjóra og skólanefndar. Þar er um tvo aðila að tefla, og umsagnir eru yfirleitt ekki teknar gildar, nema skriflegar séu. Þarna er sem sé réttilega frá skýrt af hv. þm. Bjarna Guðnasyni. Það er verið að hnúga upp skriffinnskubákni, og hinar og þessar stofnanir í þessu kerfi, sem meiningin er að setja á laggir, eru með því marki brenndar, að þeim virðist að miklu leyti á fót komið til þess að fá að skrifa bréf og senda þau á milli sín. Allt er þetta harla þungt í vöfum, og mun svo verða, að það verði ærinn frumskógur að ganga í gegnum allt það kerfi, sem sett verður á laggir, ef þetta frv. verður að lögum í þeirri mynd, sem það er nú.

Það er því ærin ástæða til þess að gagnrýna gerð þessa frv., þótt ekki sé talað um stefnumið þess. Stefnumið frv. eru, eins og þegar hefur komið fram, mjög gagnrýnisverð, enda þótt ýmislegt megi þar finna til bóta.

Í umr. um þetta mál hef ég vikið að fleiri þáttum þess, sem telja verður, að orki a. m. k. mjög tvímælis. Þar á ég við t. d. hið þéttriðna net sálfræðinga, félagsráðgjafa og skólaráðgjafa, en ég tel, að betur væri fyrir þeim málum séð, ef sú ábyrgð væri lögð á hendur stjórnenda og starfsliðs skóla að ráða fram úr hinum ýmsu vandamálum, sem til kunna að falla í skólastarfinu. Ég skal ekki fara mörgum orðum um þann þátt málsins, en það er athyglisvert, að í frv. er ekki að finna stafkrók um ábyrgð skólastjóra á því starfi, sem í skóla fer fram. Ég vakti athygli á því við 2. umr., að í gildandi lögum segir, að skólastjóri skuli bera ábyrgð á skólastarfinu gagnvart skólanefnd og fræðsluyfirvöldum, en einhverra hluta vegna hafa flm. þessa frv. séð ástæðu til þess að fella þetta niður. Það er enda svo, að skólastjóri hefur yfir sér fimmfalda yfirstjórn. Hann hefur þéttriðið net sál-

fræðinga, skólaráðgjafa og félagsráðgjafa til þess að taka við því starfi, sem hann og hans starfskraftar, kennarar, annast eftir því sem lög ákveða nú. Og ef eitthvað út af ber, þá er ekki að finna nokkurn stafkrók fyrir því, að hann beri ábyrgð á þessu starfi. Hann getur varpað ábyrgðinni af sér til annarra aðila. Hann getur hringt eftir sérfræðingum, sem eru á fræðsluskrifstofunni. Við skulum segja, að ef fræðsluskrifstofa væri á Ísafirði og það koma fram ákveðin atvik í skóla á Hólmavík eða í Reykhólasveit, þá verður það auðvitað fyrsta verk skólastjóra að leita eftir þeim úrlausnum, sem sérfræðingalið fræðsluskrifstofunnar kynni að hafa í sínum fórum, í stað þess að leita úrbóta sjálfur. Hér er a. m. k. óhætt að segja, eins og um hnúta er búið í frv., að það sé harla vafasamt kerfi, sem upp er sett.

Ég lít svo á, að skóli sem stofnun eigi að lúta sterkri og ábyrgri yfirstjórn síns skólastjóra, skólastjóri og kennarar eigi að bera ábyrgð á því starfi, sem þar fer fram, eins og gildandi lög kveða á um, og ef um það er að ræða, að nokkur misbrestur sé á í sambandi við hegðun nemenda, þá er það sjálfsagt mál og ekki umtalsvert og ætti ekki að þurfa að setja í lög, að skólastjóri og kennarar takist á við þann vanda, sem af því sprettur, og ráði fram úr honum á eigin spýtur. Ef skólaskylda yrði ekki lengd, eins og frv. þessi gera ráð fyrir, og þó helst að hún yrði stytt um eitt ár, þá gæfi það stjórnendum skóla meiri tækifæri til þess að hafa vald á aga og öðrum brotum nemenda í skóla og taka þau þeim tökum, sem duga mundu til þess, að aginn héldist í sómasamlegu horfi.

Ég lít svo á, að enda þótt gallar þessa frv. séu miklir, og ég hef minnt á nokkra þeirra, bæði í dag og eins áður í umr. um þetta mál, séu þó kostir þess einnig miklir. Svo er þó um hnúta búið í þessu frv., að kostum og göllum er hrært saman, svo að þar verður ekki á milli skilið, án þess að frv. í heild verði tekið til gagngerðrar endurskoðunar.

Sú till., sem ég hef ásamt 4 öðrum þm. lagt fram gerir ráð fyrir því, að frv. verði nú vísað frá, það verði sett á laggir 7 manna n. þm. til þess að taka málið að nýju til endurskoðunar og freista þess enn að fá það í það horf, að allir mættu sæmilega við una. Þær umbætur, sem eru í þessu frv. og flestum sýnast eðlilegar, eru þess eðlis, að engin vandkvæði hefðu verið, ef það ráð hefði verið tekið í tíma, að fella þær inn í gildandi fræðslulög frá 1946 og engin þörf að afgreiða þennan lagabálk allan til þess að ná ýmsum þýðingarmiklum umbótum fram á fræðslulögum. Þetta ráð hefði verið hægt að taka og er raunar hægt að taka enn, ef þing stendur nokkrar vikur til viðbótar, og mætti þannig koma til framkvæmda þegar á næsta skólaári ýmsum mjög mikilsverðum umbótum, sem í þessu frv. felast. En ég tel það óhæfu miðað við þá miklu galla, sem á þessu frv. eru, að afgreiða það í því formi, sem það er nú.

Í f-lið þeirrar dagskrártill., sem ég og félagar mínir höfum hér flutt, er vikið að því, að meðferð þessa máls hér í hv. d. er með eindæmum. Í tillgr. segir, að hún hafi bæði verið reikul og stefnulaus. Ég hygg, að það sé einsdæmi í sambandi við jafnþýðingarmikið frv. og hér er á ferðinni, frv., sem ætlað er að mynda ramma um undirstöðumenntun þjóðarinnar, að það skuli vera lagt hér fram og koma úr þingnefnd hér á þriðja þingi, frá því að það fyrst kom fram, og skuli komnar fram yfir 80 brtt. að allri þeirri meðferð lokinni.

Það er reyndar svo, að afgreiðsla þessara brtt. varð næsta handahófskennd, og er þó ekki útséð um það allt enn, því að nokkrar þeirra voru dregnar til baka til þessarar umr. Meðferð málsins hefur þannig nú á lokastigi verið með eindæmum flausturskennd og hringlandaleg. Ég tel, að það megi undur heita, ef frv. verður afgreitt að lokinni slíkri meðferð hér úr þessari hv. d. án nánari athugunar. En þótt svo fari, þykir mér einsýnt, að hv. Ed. verði að taka hendi til og lagfæra margháttuð missmíði, sem á þessu frv. eru, og á ég þar þó einungis við þau missmíði, sem felast í afgreiðslu brtt. við 2. umr. og þeirra, sem væntanlega koma til afgreiðslu hér að lokinni 3. umr.

Þetta er eitt af þeim atriðum, sem styðja það mjög, að frv. verði lagt til hliðar að þessu sinni og enn gengið í það verk að reyna að koma á það skaplegri mynd.

Ég skal ekki að þessu sinni lengja þetta meira. Ég hef vikið hér að nokkrum þáttum þessa máls, gerð frv. og hinum stórmiklu göllum, sem á því eru hvað allan búnað þess snertir, lengd, mærðarfullt tal um óþarfa hluti og móðgandi fyrrimæli til stjórnenda í skóla um það, hvernig þeir skuli haga sér við hin smávægilegustu efni. Ég hef gert grein fyrir hinum stórkostlegu göllum, sem fylgja lengingu skólaskyldu og lengingu skólaársins. Út af lengingu skólaársins varpaði ég því hér fram við 2. umr., hvernig það yrði framkvæmt, sem mér sýnist þó vera virðingarverð tilraun hjá hv. n., að það sé sett inn í l., að störf í atvinnulífi megi meta til jafns við skólanám. Ég varpaði fram spurningum um það, hvaða mati yrði slegið á nám þeirra nemenda, sem t. d. í apríl og maímánuði hyrfu úr skóla til þess að vinna í fiski eða aðstoða föður sinn á sauðburði í sveit, eða annað því um líkt, sem fylgir þýðingarmestu þáttum í atvinnuvegum þjóðarinnar, og hvort slíkir nemendur mundu fá inngöngu í framhaldsskóla að slíku starfi loknu. Ég fékk auðvitað engin svör, enda eru þau ákvæði frv., sem nú eru komin inn í það eftir 2. umr., ákaflega óljós og erfitt að átta sig á þeim að þessu leyti, enda þótt þar sé um virðingarverða tilraun að ræða. Ég vil þó enn ítreka það, hvort hv. n., sem um þetta hefur fjallað, hafi gert sér grein fyrir því, hvernig slík tilvik skyldi framkvæma.

Ég hef gert grein fyrir því, hvílíkt stjórnunarbákn er sett upp með þessu frv. og hvílíku skriffinnskubákni og flækju í skólakerfinu öllu er verið að koma upp. Ég hef dregið í efa, að nokkur valddreifing fylgi því, þótt settar séu upp fræðsluskrifstofur úti í hinum ýmsu landshlutum, — fræðsluskrifstofur, sem að vísu fá til umsagnar hin og þessi málefni, en valdið er eigi að síður í höfuðstöðvum stjórnkerfisins, hjá menntmrn. í Rvík. Ég hef dregið í efa, að rétt sé stefnt með hinu þéttriðna neti sálfræðinga, skólaráðgjafa og félagsfræðinga, og ég hef

gagnrýnt harðlega, að ekki skuli með þessu frv. fylgja ítarlegri grg. heldur en fram hefur komið um þann gífurlega kostnaðarauka, sem af því hlýtur að stafa í útgjöldum ríkis og sveitarfélaga. Um það efni hafa engin svör fengist, og ég tel það óviðunandi vinnubrögð af hæstv. ríkisstj., sem leggur frv. fram, og af þeirri hv. þn., sem um málið hefur fjallað, að geta ekki með neinum hætti gert hv. Alþingi grein fyrir því, hver kostnaðarauki hlýst af samþykkt þessa frv. bæði í rekstri og mannvirkjagerð.

Það eru því ærnar ástæður til þess, að ég og 3 aðrir þm. höfum hér lagt fram till. til rökstuddrar dagskrár, þar sem við gerum að lokum þá till., að skipuð verði 7 manna þingmannanefnd til þess að endurskoða frv. og að það verði lagt fram endurskoðað fyrir Alþingi næsta haust. Í trausti þess, að svo verði á málum haldið, og í trausti þess, að það megi þá vera fært í þann búning, að allir megi sæmilega við una og ekki verði slíkur stórkostlegur ágreiningur um þetta mál bæði hér á hv. Alþingi og meðal þjóðarinnar, eins og raun er á í dag, þá vil ég vænta þess, að þessi dagskrártill. fái samþykki hér í hv. deild.

Auðvitað mætti, eins og ég hef þegar getið um, taka nokkra þætti þessa máls í heild út úr frv. með samstarfi nokkurra manna og þá væntanlega fyrst og fremst hv. menntmn. og þeirra manna, sem mest hafa gagnrýnt þetta frv., og fella þá inn í gildandi lög og koma þannig þegar til framkvæmda ýmsum þýðingarmiklum atriðum, sem allir eru sammála um, að séu til bóta fyrir fræðslukerfið í heild. Það yrði þá væntanlega strax til bóta fyrir íslenskan æskulýð, sem flest gott á skilið og allt þarf á sig að leggja til þess að fá sem besta undirstöðumenntun undir frekara nám og undir sitt lífsstarf.

Ólafur G. Einarsson: Herra forseti. Í þessum umr. hafa kostir og gallar frv. um grunnskóla verið tíundaðir. Þeir hv. þm., sem harðnað hafa í andstöðu sinni, hafa ekkert síður viðurkennt ýmsa kosti frv. En það er hins vegar eftirtektarvert, hversu ákveðin gagnrýni kemur fram við frv. einnig af hálfu þeirra, sem sýnt hafa vilja á því, að frv. nái fram að ganga. Þessir gagnrýnendur finnast bæði hér á hv. Alþingi og utan þess. Þó er e.t.v. enn eftirtektarverðara það áhugaleysi fyrir þessu máli, sem svo ljóst hefur komið fram hér á hv. Alþingi. Þetta áhugaleysi hefur komið fram með tvennum hætti. Annars vegar með því, að þm. sjái ekki ástæðu til þess að hlusta á umr., og ég verð að segja það, að þetta á einkum við um þm. stjórnarflokkanna, þótt heiðarlegar undantekningar finnist þar á. Hins vegar birtist áhugaleysið í dræmri þátttöku í atkvgr. við 2. umr. hér skömmu fyrir páska. Flestar greinar frv. og brtt. hv. menntmn. voru samþykktar með þetta 21—24 atkv., sumar með 16:5, 19:2 og þar fram eftir götunum. Og ágreiningurinn um grundvallaratriði birtist í þessari sömu atkvgr. Þar var t.d. brtt. hv. 9. landsk. þm. um, að skólaskyldan skyldi ekki fortakslaust ná til 16 ára aldurs, heldur breytt í fræðsluskyldu, felld með 17:16 atkv., 3 sátu hjá og 4 voru fjarverandi. Sem sagt, það er minni hl. þm. í d., sem ræður ferðinni um eitt helsta ágreiningsefnið í þessu frv. Þetta gerist í máli, sem í eðli sínu er ópólitískt og engar flokksviðjar hafa verið lagðar á þm., svo að mér sé kunnugt. Þetta sýnir, að eitthvað meira en lítið er að.

Það, sem hér veldur, er að mínu áliti það, að fjöldi þm. er sáróánægður með ýmis ákvæði frv. Þeir telja hins vegar ýmsir, að önnur ákvæði séu það mikils virði, að þeir hika við að leggja stein í götu þess. Ég viðurkenni, að ég er í hópi þeirra, sem hafa átt erfitt með að gera upp hug sinn. Vandinn er sá að þurfa e.t.v. að greiða atkv. með frv. vegna nokkurra grundvallaratriða, sem horfa til heilla, ef það þarf að kosta það að samþykkja í leiðinni það, sem er til óþurftar, svo að ekki sé fastar kveðið að orði.

Það er ástæðulaust nú að fara að telja upp allt það, sem mér sýnist gott eða slæmt við frv., en nokkur atriði vil ég þó nefna.

Það, sem ég tel einkum miður hafa farið, er í fyrsta lagi, að ekki skyldi breytt 1. gr. frv., eins og till. hv. 9. landsk. gerði ráð fyrir. Ég sleppi rökstuðningi fyrir þessari skoðun minni, hann hefur komið fram hjá ýmsum þm. hér í umr. Ég tel það einnig miður, að ákvörðun um slíkt ágreiningsatriði skuli tekin af minni hl. þm. í hv. deild.

Í öðru lagi tel ég það einnig miður farið, að ekki skuli nú notað tækifærið til að einfalda hin margþættu og flóknu fjármálalegu samskipti ríkis og sveitarfélaga í skólamálum. Hér var tækifærið, en það var ekki notað.

Í þriðja lagi er stjórnunarkafli frv. allt of flókinn, og það mun koma í ljós, þótt síðar verði, að hann verður að teljast meiri háttar mistök. Ég hef það á tilfinningunni, að hann sé samnin með það markmið í huga að dreifa valdinu, en það er eitt af fyrirheitum hæstv. ríkisstj. Afleiðingin verður hins vegar sú, að þar er hver silkihúfan upp af annarri, eitt stjórnvaldið vísar á annað, en allt endar þó í hinu allsráðandi menntmrn. Allt verður þetta svo þungt í vöfum, að standa mun í vegi fyrir eðlilegri ákvarðanatöku þeirra, sem í raun eiga að stjórna skóla.

Í fjórða lagi getur það vart talist vansalaust fyrir Alþingi að samþykkja frv., sem enginn veit hvaða kostnað hefur í för með sér. Það eina, sem raunverulega er vitað, er það, að þarna hlýtur að vera um nokkra milljarða að ræða. Gott dæmi um ábyrgðarleysi í þessum efnum er samþykkt brtt. við 25. gr. frv., þar sem sú skylda er lögð á við gerð nýs skólahúsnæðis og endurbætur eldra húsnæðis að sjá fyrir aðstöðu fyrir nemendur til náms utan kennslustunda og til að neyta málsverða. Einungis 5 þm. greiddu atkv. gegn þessari till., en 16 voru með. Hvað kostar þetta? Það veit enginn. Það hefur verið um það spurt, en það fæst ekkert svar. Það eitt er vitað, að um er að ræða hundruð, ef ekki þúsundir millj. kr. Þessi afgreiðsla er á ábyrgð stjórnarflokkanna, en hæstv. fjmrh. má þó eiga það, að hann var í hópi þeirra, sem greiddu atkv. gegn þessari till. Þessi atriði og raunar mörg fleiri hafa áhrif á það, hver endanleg afstaða mín verður og vafalaust margra annarra. Það má reyndar fullyrða, að hvert eitt þessara atriða, sem ég hef hér nefnt, gætu dugað ýmsum til þess að snúast gegn frv.

Ég viðurkenni að sjálfsögðu, að ýmislegt er gott um þetta frv. að segja. Það, sem mér sýnist skipta meginmáli, er sú grundvallarstefna, sem fram kemur í frv. um skólakerfi og grunnskólafrv. byggir á, að hvert skólastig taki með eðlilegum hætti við af öðru, nemendur hljóti ákveðin réttindi til framhaldsnáms við lokapróf úr grunnskóla o. s. frv. Með þessu eru flestir þeir lausu endar, sem nú eru í okkar skólakerfi, sem hefur þróast nánast fyrir tilviljun og án heildarstefnu á undangengnum árum og leitt hefur til misréttis í námsaðstöðu, vanmats á verklegu námi og offjölgunar í háskóla. Það er veigamest atriði að bæta hér um, og það tel ég vissulega, að gerist með þessum frv., að því er þessi atriði varðar.

Þegar ég nú met þessi atriði og lít til þess, að raunverulega breytist ekkert, þótt frv. verði ekki afgreitt nú í vor, þá sýnist mér skynsamlegast að fylgja þeirri till. til rökstuddrar dagskrár, sem hér var mælt fyrir áðan. Um afstöðu mína til frv., verði sú till. felld, fer að öðru leyti eftir afgreiðslu þeirra till., sem enn eru óafgreiddar og skipta sumar hverjar meginmáli.

Hv. 5. þm. Norðurl. v., Pálmi Jónsson, gerði hér að umræðuefni áðan ákvæðin um landshlutasamtök sveitarfélaga. Ég vil bæta þar nokkrum orðum við. Þessi ákvæði eru í ýmsum greinum frv. Í 11. gr. eru ákvæði, hvernig fræðsluráð skuli skipuð 5—7 mönnum, sem kjörnir séu af viðkomandi landshlutasamtökum, og síðar í greininni segir, að um kosningu og starfshætti fari skv. lögum og reglugerð um starfshætti landshlutasamtaka sveitarfélaga. Hvar eru þessi lög? Hvar eru reglugerðir? Það segir einnig, að í Rvík kjósi borgarstjórn Reykjavíkur fræðsluráð og fari hún með hlutverk landshlutasamtaka skv. lögum þessum, eftir því sem við eigi. Og það er talað um, að framkvæmdastjórar landshlutasamtaka eigi rétt til fundasetu í fræðsluráðum. Það eru ákvæði í 15. gr. um, að landshlutasamtök sveitarfélaga ákveði fræðsluskrifstofu stað. Fræðsluráði er heimilað að semja svo við landshlutasamtök sveitarfélaga, að fræðsluskrifstofa taki að sér tiltekin verkefni o. s. frv. Og í 85. gr. er einnig vikið að Landshlutasamtökum sveitarfélaga svo og í 86. gr. Nú langar mig til að spyrja hv. 3. þm. Vestfj. Hannibal Valdimarsson form. menntmn., sem jafnframt er form. félmn., hvernig honum gangi nú gliman við sjálfan sig, annars vegar sem form. menntmn. og meðmælanda þessara ákvæða um réttindi og skyldur landshlutasamtakanna, að því er tekur til skólamála, og hins vegar sem form. félmn., þar sem hann hefur nú í vetur komið í veg fyrir, að frv. um lögfestingu landshlutasamtaka sveitarfélaga yrði afgreitt. Í fyrra barðist hv. 3. þm. Vestf. gegn þessu sama frv., hafði nánast allt á hornum sér og taldi þessi samtök nánast hreina vitleysu í stjórnkerfinu. Hv. þm. Pálmi Jónsson spurði, hvort hann hefði skipt um skoðun. Sem meðlimur félmn. tel ég mig vita, að hann hafi ekkert skipt um skoðun. Þess vegna er spurning mín: Hvernig getur hv. þm. komið þessari fjölbreytilegu afstöðu sinni heim og saman, eða ætlar hann þrátt fyrir allt að beita sér fyrir því, að nefnt frv. nái fram að ganga? Og hvað sýnist hæstv. menntmrh. um lagasetningu sem þessa? Ég þykist hafa heyrt hann láta í ljós þá skoðun, að lögfesting landshlutasamtakanna væri nauðsyn vegna ákvæðanna í grunnskólafrv. Það kann hins vegar vel að vera, að þetta geti allt saman gengið, þótt samtök sveitarfélaga fái vald og lagðar verði á þau skyldur, þrátt fyrir það að þau starfi algerlega á frjálsum grundvelli og það taki ekki nema sum þeirra þátt í samtökunum, vegna þess að ekki er um skylduaðild þeirra að ræða. En þetta eru óeðlileg vinnubrögð, og það er nauðsynlegt að fá svör við því, hvernig að þessum þætti verði staðið.

Frsm. (Hannibal Valdimarsson): Herra forseti. Við 2. umr. þessa máls eða réttara sagt við atkvgr. eftir 2. umr. um málið voru flestar af till. meiri hl. menntmn. samþykktar, en fallist á að taka nokkrar þeirra aftur til 3. umr. Eftir afgreiðsluna á frv. við 2. umr. hélt menntmn. fund og tók til athugunar og afgreiðslu þær till., sem enn lágu fyrir og höfðu verið teknar aftur. Það fór svo, að n. samþykkti að taka upp allar þær till., sem meiri hl. n. hafði áður mælt með, og leggja þær fyrir við 3. umr. Einnig var af meiri hl. n. fallist á eina af þeim till. a. m. k., sem hv. 9. landsk. þm., Ellert B. Schram, hafði borið fram, og það var einnig fallist á eina af þeim till., sem hv. þm., frú Svava Jakobsdóttir, hafði borið fram og tekið aftur til 3. umr. Það var því ráðandi í athugun n. á þeim till., sem enn þá lágu fyrir, hin sama viðsýni og hafði ríkt í öllum störfum n. í vetur. Þar höfðu verið skoðuð sjónarmið allra nm. og grannskoðaðar allar till., sem fram höfðu komið, hvort sem þær voru frá stjórnarsinnum eða stjórnarandstæðingum, og fallist á margar till. þeirra, flestallar till. þeirra aðrar en þær sem skoðanir skiptust um, vegna þess að sýnt var, að sumir nm. vildu fresta afgreiðslu frv. og láta það bíða eftir því, að búið væri að breyta m. a. lögum um tekjustofna sveitarfélaga. Við töldum, að ef málið ætti að bíða eftir því, þá væri verið að ákveða þar með, að það fengi ekki afgreiðslu á þessu þingi, en fyrir því var ekki vilji í nefndinni.

Ein er sú till., sem er á þskj. 687, sem ekki hafði legið fyrir við 2. umr. eða verið tekin aftur við þá afgreiðslu málsins, heldur féllst n. á, að hún þyrfti svolítið nánari skoðunar, og ég held, að n. hafi orðið sammála um að flytja hana svo breytta sem hún er á þskj. 687. Það gæti litið út fyrir, að þetta væri aðeins orðalagsbreyting, en svo er ekki. Brtt. er við 36. gr. frv. og er nú um, að fyrri mgr. orðist svo:

„Þegar kennari nær 55 ára aldri, minnkar kennsluskylda hans um ⅙, og er hann nær 60 ára aldri, minnkar kennsluskylda hans enn um ⅙ af fullri kennsluskyldu.“

Í till., eins og við höfum haft hana áður, stóð „starfsskylda“, en hér kemur á tveimur eða þremur stöðum í gr. kennsluskylda, og þá verður greinin nákvæmlega eins og lagaákvæði gildandi laga eru um þetta efni. Nokkur ágreiningur hefur orðið um það í framkvæmd, hvort þetta næði til starfsskyldu kennara, sem náð hefði 55 ára aldri, en í þá deilu viljum við í n. ekki blanda okkur og viljum, að framkvæmdin sé óbreytt,

eins og hún hefur verið, að það megi sem sé stytta kennsluskylduna um ⅙, þegar kennari hefur náð 55 ára aldri, og aftur um ⅙, þegar hann hefur náð 60 ára aldri, en til þess að öðlast þennan rétt, þurfi 28 ára kennsluferil. Það er einnig skv. gildandi lagaákvæði. Við höfum sem sé breytt þessari grein á þann veg, að framkvæmdin verði með sama hætti og í gildandi lögum.

Þá finnst mér rétt að taka fram og skýra frá því, að n. höfðu borist, frá því að hún lauk störfum og þar til við athuguðum frv. á ný eftir 2. umr., ábendingar um tvær brtt. Önnur kom frá menntmrn., og okkur var tjáður vilji rn. með svohljóðandi bréfi, með leyfi hæstv. forseta, það er dagsett 26. mars 1974:

„Í samráði við grunnskólanefnd leggur rn. til, að svofelld breyting verði gerð á 83. gr. frv. til l. um grunnskóla:

Á undan síðustu málsgr. komi:

„Þar sem tveir eða fleiri hreppar standa saman að skóla, skulu tekjur af útsvörum starfsmanna skólans ganga til greiðslu sameiginlegs kostnaðar sveitarsjóða af skólahaldinu, áður en greiðslubyrði er skipt milli hreppa.“

Rökin fyrir þessu eru þau, að víða sameinast sveitarfélög nú um skóla, og er þá eðlilegt, að lögbundið sé, að tekjur af útsvörum skólastjóra, kennara og annarra starfsmanna skólans renni til greiðslu kostnaðar við hina sameiginlegu stofnun í stað þess að falla til þess hrepps eins, sem hefur skólann innan sinna vébanda. Hér er ekki um að ræða neina röskun á álagningu eða innheimtu útsvara, heldur einungis verið að tryggja skiptingu þessara tekna milli sameignaraðila skólans í héraði. Mundi þetta auðvelda sameiningu skóla og sameiningu sveitarfélaga sín í milli um skiptingu kostnaðar.“

Þessa ábendingu tók n. til umr. og komst að þeirri niðurstöðu, að hér væri um ákvæði að ræða, sem ekki ættu heima í skólalöggjöfinni, hérna væri um meðferð útsvara að ræða og ættu ákvæði um þetta heima í öðrum lögum fremur. Hins vegar lít ég svo á, að það hafi verið skoðun n., að það, sem fram kemur þarna efnislega, sé ekki óeðlilegt og hún væri í raun og veru efnislega fylgjandi þessum ákvæðum. En afstaðan var sú, að þessi ákvæði ættu ekki heima í skólalöggjöfinni. Það þyrfti, þar sem væri um að ræða annaðhvort skóla eða sjúkrahús eða aðrar stofnanir, sem væru sameign sveitarfélaga, að setja inn í viðeigandi lög ákvæði þess efnis, sem þarna væri farið fram á, í hverju tilfelli, en ekki setja það inn í skólalöggjöfina, þetta væri nánast skattalagalegt atriði.

Þá lá einnig fyrir n. önnur brtt. Hún var, ef ég man rétt, frá umferðarráði ríkisins og var um að taka ákvæði um umferðarmál upp í grunnskólafrv. Það var einnig álit n., sameiginlegt álit, að þau atriði ættu ekki heima í skólalöggjöfinni, enda var það kannað, að nákvæmlega þau ákvæði, sem þarna var lagt til, að tekin yrðu inn í grunnskólafrv., eru skýrum stöfum orðuð í löggjöfinni og mundi það því ekki bæta um, þó að þau ákvæði væru orðrétt í tvennum lögum. N. hafnaði því að taka þessi ákvæði inn í grunnskólafrv., en gekk úr skugga um það, að þessi ákvæði eru í umferðarlöggjöfinni. Og það nægir, að þau séu í einum lögum, það þarf ekki að hafa þau í tvennum lögum.

Hér hefur verið lögð fram till. um frávísun á þessu máli. Hún er í mörgum liðum, löngu máli. Það er farið inn á sama stílsform og á frv., sem hefur verið mikið gagnrýnt, að hún er í mjög löngu og loðnu máli, þessi frávísunartill., en slíkar till. eru venjulega nokkuð orðknappar. En hér er brugðið út af reglunni. Það er líklega til samræmis við frv.

Mig grunaði það lengi, að það væri í raun og veru það, sem fyrir andstöðumönnum þessa máls vekti, koma því fyrir kattarnef á þessu þingi. En það var alltaf hulið móðu. Það var látið svo sem menn væru á því að umbæta þetta frv., og menn stóðu að fjöldamörgum brtt. Það var gengið inn á margar brtt. þessara manna, en fyrir þeim vakti eitt og bara eitt: að koma í veg fyrir afgreiðslu þessa frv. á þessu þingi, og nú er það komið í ljós. Það kemur í ljós í þessari löngu frávísunartill.

Í 1. liðnum segir: Við teljum það hagkvæm vinnubrögð að láta endanlega afgreiðslu grunnskólafrv. bíða, þar til fyrir liggur, á hvaða grundvelli verði byggt eftir fyrirhugaðar lagabreytingar varðandi verkefna- og tekjuskiptingu milli ríkis og sveitarfélaga. — Það eru aðrir lagabálkar en menntmn. gat á nokkurn hátt um fjallað, sem þurfti að breyta, áður en þeir vildu, flm. þessarar till., fallast á samþykkt grunnskólafrv.

2. liðurinn er um það, að þessu beri að vísa frá vegna þess, að ófullnægjandi grg. fylgi frv. um kostnað við framkvæmd málsins, og engar upplýsingar hafi verið gefnar um það efni við umr. Frá því hefur verið skýrt í þessum umr., að n. kallaði á sinn fund þann starfsmann í menntmrn., sem hafði starfað að þeirri hlið málsins fyrir grunnskólanefnd að kanna, hvaða kostnaðarauki mundi verða af framkvæmd lagasetningarinnar. Og hann gaf fúslega allar þær upplýsingar, sem óskað var af hans hendi, og hann vísaði m.a. til skýrslu, sem er á bls. 91 í grunnskólafrv. og er samandregin niðurstaða af hagfræðilegri könnun þessa starfsmanns. Niðurstaðan, þegar hún er sögð í tölum, er þessi, að hann telur, að hluti ríkissjóðs af kostnaðaraukanum við framkvæmdina muni verða 229 millj., hluti sveitarfélaganna eða sveitarstjórnanna af framkvæmd málsins muni verða um 60 millj. kr. og samtals muni því kostnaðaraukinn við framkvæmdina miðað við eitt ár vera 289 millj. kr. Þetta er að vísu byggt á verðlagi á árinu 1972, að ég hygg. Það má búast við því, að tölurnar hækki, en þetta eru niðurstöðurnar, þetta eru upplýsingarnar, sem liggja fyrir um þetta efni, að kostnaðaraukinn muni verða um 300 millj. kr. Ég skal ekkert fullyrða um það, hvort þetta reynist rétt eða ekki, en þetta eru upplýsingarnar, sem liggja fyrir eftir mjög rækilega könnun, að ég hygg, mikið starf, þó að það sé hér sett fram í orðfárri yfirlitsskýrslu eða töflu.

Það er alveg gefinn hlutur, að það er ekkert dularfullt við það, að lögfesting þessa frv. kosti mikið fé. Hér er um að ræða að setja upp bókasafn við hvern einasta skóla og reka það, og til þess þarf bæði húsrúm og starfskrafta. Og

það er sálfræðiþjónustan, sem kemur í gegnum allt skólakerfið, það er lenging skólatíma um eitt skólaár. Þetta hlýtur allt að kosta peninga, um það fer enginn í grafgötur, og það er ekki gerð nein tilraun til þess að draga fjöður yfir það, að af samþykkt þessa frv. leiðir hundraða millj. kr. aukinn kostnað. En það er eins og menn hafa játað, hver einasti ræðumaður, sem hér hefur talað, innan um gagnrýnina hefur þó verið sagt: Það eru ótalmargir kostir í þessu frv., miklir og góðir kostir. Ég skal rifja það nánar upp hér síðar.

C-liðurinn í frávísunartill. löngu er á þessa leið: „Frv. felur í sér lengingu skólaskyldu.“ — Það er í raun og veru meginatriðið, sem hefur verið gagnrýnt og nokkur veigur hefur verið í, að því er snertir gagnrýnina, að í staðinn fyrir, að við höfum nú skólaskyldu frá 7—15 ára aldurs, er samkv. frv. ætlast til þess, að skólaskyldan verði frá 7—16 ára aldurs. En hvernig koma menn því heim og saman, að þetta sé viðurstyggileg þvingun, sem byrji með fimmtánda skólaskylduárinu til þess sextánda, þegar sömu menn bera enga brtt. fram um að breyta í neinu skólaskyldu frá 7 ára til 15 ára aldurs? Liggur engin þvingun í því þá? Ég sé ekki nokkurt samhengi í þessu, að þeir menn, sem eru gersamlega eyðilagðir yfir þeirri þvingun, sem því fylgi, að skólaskylda leggist á frá 15 ára til 16 ára, skuli geta þolað þá þvingun, sem leiðir af skólaskyldu frá 7 ára til 15 ára aldurs. Það er einkennilegt, hvernig þetta breytist. Það er í jafnréttisátt til 15 ára aldurs, en verður svo að óþolandi misrétti og ranglæti á einu ári, sem bætist við. (Gripið fram í.) Bara till. um það þá, hv. þm. Það væri kannske réttara að hafa það til sjötugs, svo að ég kæmi undir skólaskylduna, og það yrði tæpast, að það dygði.

E-liður í frávísunartill. er á þá leið, að í frv. felist stórfelld missmíði, svo sem þau að fela landshlutasamtökum sveitarfélaga sérstök verkefni og völd, án þess að þessi samtök hafi nokkra stöðu að lögum. — Já, þetta eru stórfelld missmíði á grunnskólafrv. Í grunnskólafrv. má ekki fela þessum samtökum nein verkefni. Ég hef haldið fram að þessu, að báðir þeir hv. þm., sem hafa vikið að þessu á þá lund, að þetta séu mikil missmíði, væru fylgjendur einmitt frv. um landshlutasamtök og vildu fá þau afgreidd sem lög á þessu þingi. Það er hins vegar rétt, að ég hef séð missmíði á því lagafrv. og hef gert grein fyrir því bæði hér og í félmn. En ég hef ekkert tjáð mig um það, hvort ég greiði atkv. á móti því frv. En ég hef staðið að því og fallist á það að fela landshlutasamtökunum, af því að það er verið að færa vald heim í héruðin með ákvæðunum um fræðsluráðin, sem landshlutasamtökin eiga mjög að móta, að þau geri það til þess að færa vald heim í héruð, og ég hélt, að þessir hv. þm. væru mér sammála um það. Landshlutasamtökin eru staðreynd, og þau starfa eftir mýmörgum ákvæðum, þó að þau hafi ekki í landslögum bókstaf fyrir því. Og eins geta þau starfað að þeim verkefnum, sem sérstök lög fela þeim, ég sé ekki nein vandkvæði á því. Ég hef kannske lyft meira undir þessi landshlutasamtök heldur en nokkur annar maður, því að þegar ég gekk frá l. um tekjustofna sveitarfélaga, þá var það í fyrsta skipti, sem stoðum var skotið undir það, að þau gætu starfað. Það var hvorugur þessara hv. þm., sem gerði það. Það var ég, sem gerði það. Þeir hafa því ekkert við mig að sakast um það, að ég hafi verið að fjandskapast við, að þessi samtök störfuðu. Ég er ekki sammála einu og öllu, sem stendur í því frv., sem lagt hefur verið fram, og ég á fullan þinglegan rétt til þess að bera fram brtt. við það frv. og mun gera það. En ég á hlut að því, að þau hafa nú fjárhagslegan grundvöll til að starfa á, og ég stend líka að því, að þeim séu falin verkefni, þessum starfandi samtökum, í fræðslulöggjöfinni. Það verður þess vegna ekki að ástæðu til þess að vera að vísa þessu máli frá, nema þessir hv. þm. séu fjandsamlegir landshlutasamtökunum. (Gripið fram í.) Það kemur í ljós á sínum tíma, enda ætla ég, að þeir, sem eru stuðningsmenn málsins þar og telja sig standa tveim fótum í jötu, meiri hl. í n., láti ekki einn mann standa í vegi fyrir því. Þeir eru þá minni menn en ég ætlaði þá. (**Gripið fram í:** Við tökum það fyrir á næsta fundi þá.) Við höfum tekið þetta fyrir á einum 2—3 fundum, ef ég man rétt, og ekki verið nein tregða á því.

Nei, landshlutasamtökin eru starfandi, og þau hafa haft mýmörg verkefni á opinberum vettvangi, og þeim eru falin verkefni, þessum samtökum, og hvort sem þau fá grundvöll í annarri löggjöf eða ekki fyrir sinni heildarstarfsemi, þá geta þau innt þau af hendi eftir ákvæðunum í grunnskólafrv. Þau geta fengið þarna þátttöku í að móta fræðsluráðin og stjórna þeim þætti fræðslumálastjórnarinnar, sem færð er nú heim í héruð. Ég hefði haldið, að þeir hv. þm., sem er mjög áfram um það, að landshlutasamtökin fái starfsgrundvöll í löggjöf, ættu að fagna þessum ákvæðum, sem ég hér styð að, að verði lögfest, en ekki bregða fæti fyrir þá löggjöf, sem hefur slík efnisatriði inni að halda.

Svo er lokasetningin í þessari löngu frávísunartill. á þá leið, að í trausti þess, að skipuð verði 7 manna þm.-nefnd til að endurskoða frv. og það verði lagt fram endurskoðað fyrir Alþ. næsta haust, samþykkir d. að taka fyrir næsta mál á dagskrá. — Ég ber mikið traust til hv. alþm. og treysti þeim til margra góðra verka. En til að móta skólalöggjöf og betrumbæta hana, þó að bestu menn þingsins væru til þess valdir, 7 að tölu, treysti ég þeim ekki til þess að betrumbæta þá löggjöf, sem margir af færustu og þekktustu skólamönnum landsins eru búnir að fjalla um og móta. Um þetta frv. hafa fjallað þrjár mþn., fjölmennar, og í þeirri seinustu, svo að ég fari ekki neitt langt aftur í tímann, er hver skólamaðurinn öðrum merkari, sem hefur þarna lagt hönd á plóginn. Og svo eru hv. þm. hér að tala um það, að höfundar þessa frv. líti á skólastjóra sem einhverja fábjána eða „skynlausar skepnur“, sagði einn. Og hér standa, þegar betur er að gáð, margir skólastjórar að samningu frv., og þeir eiga að vera að misbjóða sinni stétt á þann veg, að það líti helst út fyrir, að skólastjórar séu taldir fávitar eða skynlausar skepnur. Þetta finnst mér nokkuð þykkt smurt og af mikilli ósanngirni mælt.

Skólamennirnir, sem hér hafa m. a. um fjallað í seinustu n., eru Helgi Elíasson fræðslumálastjóri, en áður Gunnar Guðmundsson skólastjóri Laugarnesskólans, sem ég hef aldrei heyrt annað en væri hinn mætasti maður og mætasti skólamaður, og Kristján J. Gunnarsson þáv. skólastjóri Landholtsskóla. (**Gripið fram í:** Þetta er ekki síðasta n.) Er þetta ekki síðasta n.? Ja, hún er jafngóð, þó að hún sé þá hin næstsíðasta, hún er ein af þeim. (Gripið fram í.) Við erum búnir að bæta það talsvert með okkar brtt., en þeir stóðu að því óbreyttu og í lakara formi heldur en menn tala um, að það sé nú. En þessir skólastjórar og enn fremur Sveinbjörn Sigurjónsson skólastjóri Gagnfræðaskóla Austurbæjar, — ég held, að allir þessir menn séu merkir skólamenn, og ég treysti þessum hv. þm., sem hafa verið að gagnrýna þeirra verk, ekkert betur til þess að komast að skynsamlegri niðurstöðu um skólamál heldur en þeim.

Auk þessara manna, sem nú hafa verið nefndir, var Jóhann S. Hannesson menntaskólakennari í n. og Þuríður J. Kristjánsdóttir doktor, einnig þekktur kennari og uppeldisfræðingur. Þarna var valinn maður í hverju rúmi og alls ekki þess konar fólk, sem er líklegt til þess að vilja svívirða kennarastéttina á nokkurn hátt. Og svo er þeim sendur tónninn á þann hátt, að frá ýmsum atriðum sé gengið í frv. á þann veg, að það líti helst út fyrir, að höfundarnir telji kennarana og skólastjórana vera hálfvita eða jafnvel skynlausar skepnur. Þetta er orðrétt tekið upp eftir hv. ræðumönnum hér í dag.

Hv. 3. landsk. þm., Bjarni Guðnason, sagði í sinni ræðu, að frv. hefði batnað til mikilla muna. Hann sagði einnig, að í því væru mörg góð nýmæli, en svo væru líka á því vankantar. Hvað gera nú hv. þm. yfirleitt, þegar mál með mörg nýmæli eru hér til meðferðar, mörg góð nýmæli? Yfirleitt verður þá þingmeirihl. fyrir slíkum málum. En séu líka á þeim vankantar, hvað gera þm. þá? Þá bera þeir fram brtt. um að sníða meinta vankanta af. Verkefnið hér var auðvitað ekkert annað en gera þetta, bjarga hinum góðu nýmælum í höfn, en sníða vankantana af og leggja á sig það erfiði að semja og flytja till. um það. Nei, það er ekki gert. Það á bara að kasta þessu öllu í ruslakörfuna og setja eina nefnd enn, sem ekki sé skipuð skólamönnum, til þess að endurbæta frv. Ég verð að játa, að ég hef ekki trú á því, að það bæri tilætlaðan árangur.

Ég hef áður vikið að því, að það væri undarlegt samhengisleysi í því að telja skólaskylduna frá 7 ára til 15 ára aldurs vera jafnréttisákvæði, en aftur skólaskylduna frá 7—16 ára, einu ári lengur, vera misréttisákvæði, en þetta fullyrti hv. 3. landsk. þm., og ég held nú helst, að það verði aðeins hans eigin rökfræði, sem getur komið þessu heim og saman.

Hann vék að því, að það væri gott við þetta frv., að með grunnskólaprófi væri öllum unglingum landsins opnuð leið inn í sérhvern skóla framhaldsstigsins. Hafa flestir þm., sem um frv. hafa talað, orðið að játa, að það væri mikið jafnréttisákvæði að eiga opna leið, þegar grunnskólaprófi er lokið, inn í hvaða skóla framhaldsstigsins sem vera skal. En það var álit grunnskólanefndarinnar, að til þess að ná þessu mikilsverða marki þyrfti að bæta við einu ári. Og ég verð að segja, að ég er ekkert ginnkeyptur fyrir lengri skólagöngu, en ég játa og fellst á, að þetta sé tilvinnandi til þess að fá eitt próf, sem opni allar þessar leiðir til skólanna á framhaldsstiginu, í staðinn fyrir unglingapróf nú, miðskólapróf, landspróf, fjögurra ára gagnfræðapróf, og ekkert af þeim veitir allsherjar réttindi inn á framhaldsskólastigið, en aðeins takmarka á hverju sviði um sig. Þetta er stórkostlegur ávinningur við þessa lagasetningu frá því, sem nú er.

Þá vil ég líka benda á það og hef gert það raunar áður, að á lengingu skólaskyldunnar um eitt ár, úr 7 í 16 ár í staðinn fyrir nú 7 í 15, ber að líta í samhengi við það, að við í menntmn. höfum lagt til, að vikulegur starfstími nemenda styttist nokkuð og verði að hámarki 40 stundir, og við höfum enn fremur lagt til frá því, sem í frv. var, þar sem lagt var til, að skólatíminn á ári hverju væri 9 mánuðir, hvorki meira né minna, að hann verði nú að lögum 7—9 mánuðir. Það er sem sé heimild til styttingar um tvo mánuði á ári síðustu tvö skólaárin. Þarna er um styttingu að ræða um 4 mánuði, og svo felst nokkur stytting í vikulegri styttingu starfstímans, og þá er orðin nokkur þörf fyrir viðbót við skólaárin, ef menn líta á þetta þrennt í samhengi, og það held ég, að menn verði að fallast á, að sé rétt að gera.

Ég veit um fjöldamörg dæmi þess, og ég hygg, að ef þeir hv. þm., sem eru hér gagnrýnendur, líta í sinn eigin barm, þá verði þeir að játa líka, að þeir þekki þess mörg dæmi, að unglingar, sem hafa ekki haft námslöngun til að ljúka einhverju af hinum tilskildu prófum, unglingaprófinu eða miðskólaprófinu, landsskólaprófinu eða gagnfræðaprófinu, sem opna leiðir inn á framhaldsskólastigið nú, hafi látið undir höfuð leggjast að afla sér einhverra þessara prófa, t. d. miðskólaprófs, gagnfræðaprófs eða landsprófsins, sem veita mestu réttindin núna og hafi síðan ætlað að taka upp þráðinn einu, tveimur eða þremur árum síðar, þá búnir að uppgötva, að þeir vilji fara inn á eitthvert verklegt svið og þá að halda áfram í skóla, þá reka þeir sig á það, að þeir hafa lokað fyrir sér leiðum með því að taka ekki eitt af hinum tilskildu prófum og iðrast þess sáran að hafa ekki gert það. En það er bara of seint séð. Ég held því, að margur vilji vinna það til til þess að halda öllum leiðum opnum að ljúka grunnskólaprófinu, sem opnar allar þessar leiðir.

Þá var einmitt í framhaldi af þessu fullyrt hér í dag, — ég held, að það hafi verið hv. þm. Björn Pálsson, — að það væri mjög æskilegt og mjög þýðingarmikið, að nemendum væri heimilt að gera hlé á námi sínu og taka svo til aftur, þar sem fyrr var frá horfið, og virtist telja þetta mjög þýðingarmikið, — og ég fellst á það, — hvíla sig í bili, sagði hann og taka svo upp þráðinn á ný. Þetta sagði hann, að þyrfti að vera í löggjöfinni. Svo sagði hann, að það þyrfti líka að vera heimild til að ljúka grunnskólanámi á skemmri tíma heldur en 9 árunum. Hann játaði, að hann hefði ekki lesið þetta langa frv. allt of vel, og það er alveg augljóst mál, að hann hefur svikist um að lesa það, því að í

49. gr. frv. eru bæði þessi þýðingarmiklu atriði. Þar stendur, með leyfi hæstv. forseta: „Nú lýkur nemandi öllu námi grunnskóla á 8 árum með góðum árangri, og telst hann þá hafa lokið skyldunámi.“ Hann má gera það á 8 árum, þarf ekki til þess 9. „Nemandi getur og á sama hátt lokið grunnskólanámi enn fyrr og þá flust á framhaldsskólastig, telji skólastjóri, skólasálfræðingur og aðalkennari nemandann hafa til þess nægan þroska, enda komi til samþykki forráðamanna.“ Hann má gera það á 7 árum eftir frv. Hann má gera það á enn skemmri tíma en 8 árum, stendur hér. — Svona er nú gagnrýnin í sumum atriðum, alröng, byggð á því, að menn hafa ekki einu sinni lesið frv.

En hvað um hitt atriðið, að það sé gott, að nemandinn hverfi frá námi, hvíli sig um sinn og taki svo upp nám aftur, sem hv. þm. lagði mjög mikið upp úr, taldi nauðsynlegt réttilega, enda er þetta líka í frv. Það er í sömu gr. Þar stendur, með leyfi hæstv. forseta:

„Fræðslustjóri getur, að höfðu samráði við foreldra eða forráðamenn auk skólastjóra, heimilað nemanda að hverfa frá grunnskólanámi að loknum 8. bekk í allt að eitt ár vegna þátttöku í atvinnulífi, og lýkur nemandi þá grunnskólanámi þeim mun síðar. Heimilt skal að meta þessa þátttöku nemandans í atvinnulífi til jafns við nám í tilteknum valgreinum 9. bekkjar.“

Þarna er alveg opin heimild til þess að taka hvíld frá námi og taka síðan til aftur síðar. Og það er alveg satt, það getur haft mikla þýðingu fyrir nemanda að geta gert þetta, og hann getur haft önnur viðhorf til náms, þegar hann tekur til á ný, heldur en áður en hann tók hvíldina frá námi. En þetta hafa skólamennirnir, sem frv. sömdu, séð, og þeir hafa sett þetta í frv. Þessi gagnrýni dettur því algerlega dauð niður. Það er hvort tveggja í frv.

Þá hafa menn til þess að tína eitthvað til frv. til foráttu bent á, að þetta sé óvenjulega langt frv. Það er það, það er langt, það er mikið mál, og það er alveg áreiðanlegt, að það hefði verið hægt að koma efni þess fyrir í miklu styttra máli. En hvaða höfuðröksemd er gegn því, að frv. sé mjög nákvæmt og fari út í smáatriði, sem ella væru sett í reglugerð? Það er ekki til baga, ekki til stórbaga a. m. k., að þessi sjálfsögðu atriði, sem menn hafa verið að hnjóta um og rekja, séu í frv. sjálfu. Það hafa höfundarnir talið vera réttara. Ég verð að játa mörg mjög eðlileg og sjálfsögð atriði, sem hér er rakið lið fyrir lið, hvernig eigi með að fara, að ég hefði talið alveg nægilegt, að þetta væri í grg. En ég sé ekki neitt slys við það, þótt þetta standi í löggjöfinni sjálfri, og þarf þá ekki reglugerðarákvæði um þau atriði. Það, sem menn gagnrýndu hér í dag að því er þetta snertir, eins og t. d. 8. gr., var ákaflega eðlilegur gangur máls, sem þar var rakinn. En það mátti segja, að það væri ekki nauðsynlegt að setja það í lagagr. 8. gr. er svo hljóðandi, með leyfi hæstv. forseta:

„Nú sækir forráðamaður skólaskylds barns um tímabundna undanþágu þess frá skólasókn hluta úr skólaári og færir fram knýjandi ástæður. Skal þá leitað umsagnar skólastjóra og skólanefndar, og mæli þeir aðilar shlj. með umsókninni, getur fræðslustjóri veitt undanþágu.“

Þetta eru allt saman stjórnvöldin heima í héraði, og andi gr. er sá, að það eigi ekki að liggja alveg á lausu að fá nemanda úr skóla, það verða að liggja til þess knýjandi ástæður, og þá fjalla skólastjóri og skólanefnd um það. Alveg hefði nægt að setja þetta í reglugerð, mikil ósköp, en hvaða mein gerir það, á ekki málið að ganga þennan gang? Hvaða mein gerir það, þótt það standi í lögum? Ég sé það ekki.

Ég vík máli mínu varðandi það, hvað þetta frv. sé langt, að hv. 5. þm. Norðurl. v., varðandi þá gagnrýni, og bendi honum á í allri vinsemd, — hann er mjög kunnugur landbúnaðarlöggjöfinni, að það eru lagabálkar, sem eru geysilega langir, orðmargir og sennilega vegna orðmergðarinnar í ýmsum tilfellum óskýrari en ef þeir hefðu verið settir fram í styttra máli. Þetta eru langir doðrantar, hver löggjöfin á fætur annarri. Jarðalögin, sem við höfum verið að pæla í að undanförnu t. d. og ábúðarlögin eru einmitt í þessum langlokustíl. Landbúnaðarlöggjöfin er það yfirleitt. Ég játa, að það er alveg óþarflega farið í smáatriði í þessu frv. og nokkurn veginn má segja í langlokustíl. En þegar allt efnið kemur til skila og menn verða að viðurkenna það hver á fætur öðrum, að hinni nýju skipan, sem í frv. felst, fylgja margir kostir, þá ber ekki að kasta slíkri lagasmíð fyrir róða.

Einn hv. þm. vék að því í dag, að þetta væri ekki alveg nýr kunningi, þetta frv., það væri búið að vera 3 ár í deildinni. Það er búið að koma þrisvar sinnum fyrir Alþ., það er rétt, og þess vegna segi ég, bæði við hv. 5. þm. Norðurl. v. og aðra gagnrýnendur: Hafa þeir ekki haft nægan tíma til þess að fara ofan í þetta frv. og bera fram brtt. um þá agnúa, sem þeir finna á því, til þess að kostirnir, sem þeir játa í öðru orðinu, fái að njóta sín? Ég held, að þeir geti ekki borið við tímaskorti. En svo á úrræðið að vera það þrátt fyrir þriggja ára tíma til þess að athuga þessi mál á öllum stigum þeirra að biðja um eitt ár enn, með einni nefndinni enn. Vitanlega eru þetta ekkert nema undanbrögð, því að það eru engar ástæður til þess að bæta þarna fjórða árinu við. Það er ekki líklegt, að þeir menn, sem ekki hafa komist til botns í þessu máli eða gefið sér tóm til þess að athuga það á þremur árum, hafi heldur gert það að fjórða árinu liðnu.

Hv. 5. þm. Norðurl. v. var einn af þeim mönnum, sem viðurkenndu, að þetta frv. hefði mikla kosti, það gerði hv. 3. landsk. líka, í því væru mörg góð nýmæli. Og hv. þm. Björn Pálsson kleip ekki heldur utan af því, hann játaði, að þetta frv. væri til mikilla bóta og brtt., sem samþ. hefðu verið við það, hefðu enn fremur verið til bóta. En ég man ekki eftir því, að hv. þm. Björn Pálsson hafi borið fram neinar till. við frv. til bóta. Hann vill bara fá eitt ár enn í viðbót við þrjú, sem hann hefur haft, til þess að athuga það betur.

Nei, sannleikurinn er sá, að það er engin sú gagnrýni, sem komið hefur fram við þetta frv. hjá neinum af þeim hv. þm., sem hafa verið að gagnrýna það í dag, bitastæð. Það er eitt atriði, sem menn geta sagt, að máli skipti í þessari gagnrýni. Það er, hvort rétt sé að lengja skólaskylduna úr 15 ára aldri í 16 ár. Það er efnis-

atriði, sem menn geta í raun og veru deilt um. En að gera mikið atriði úr því, þegar við höfum skólaskyldu frá 7—15 ára aldurs, stenst ekki, nema því aðeins að draga úr þeirri skólaskyldu, sem fyrir er.

Meginatriðið í ræðu hv. þm. Ólafs G. Einarssonar, hv. 11. landsk., var um skólaskylduna, um lengingu skólaskyldunnar, og það er vissulega, eins og ég hef nú rétt í þessu sagt, það er atriði, sem við getum sannarlega verið ósammála um. En þó er atriðið ekki stórt, þegar það er tekið með í reikninginn, að við höfum bæði stytt vikulegan starfstíma nemenda og einnig heimilað forráðamönnum skólanna að stytta árlegan starfstíma skólanna um allt að tveimur mánuðum. Einnig þessi hv. þm. sagði orðrétt: Það er ýmislegt gott um þetta frv. að segja. — Og hvað þá annað heldur en að koma með till., skýrar og klárar till. um að nema í burtu það, sem teljast mætti vankantar eða ágallar á frv., heldur en tortíma hinu ýmsa góða, sem um það megi segja? Það kemur ekki til neinnar glímu við sjálfan mig um afstöðuna til landshlutasamtakanna eða frv. um þau. Við eigum eftir að fjalla um það í n., og landshlutasamtökin, það er a. m. k. ekki illa með þau farið af minni hendi að fela þeim í viðbót við það, að ég hef veitt þeim fjárhagslegan grundvöll til að starfa á, að ég vil líka heimila þeim með fræðslulöggjöfinni að taka verulegan þátt í stjórn skólamála heima í héraði. Það er a. m. k. ekki ástæða til þess að fjandskapast við mig út af því af þeim mönnum, sem vilja landshlutasamtökunum allt gott.

Að þessu sögðu tel ég, að ég hafi gert grein fyrir innihaldi þeirrar gagnrýni, sem komið hefur fram við umr. í dag. Ég sé ekki, að í henni sé neitt bitastætt, þegar frá er tekið atriðið eða ágreiningurinn um skólaskyldulenginguna um eitt ár.

Ég legg til, herra forseti, að frv. verði samþ. með þeim breytingum, sem eru á þskj. 687.

Sverrir Hermannsson: Herra forseti. Ég hef ekki áður blandað mér í umr. um það mál, sem hér liggur fyrir, þetta geysilega viðamikla mál, og ég mun ekki heldur nú að áliðnum degi og við 3. umr. setja á langar tölur um málið.

Ég get tekið undir það, að í þessum mikla lagabálki virðist mér, að ýmislegt og raunar margt horfi til bóta, enda þótt í flestu þessu verði reynslan, að því er lýtur að nýjungum í málinu, að skera úr við framkvæmd þess.

Ég hef ekki staðið að brtt. persónulega hér á hinu háa Alþ., heldur hafa þau vinnubrögð verið viðhöfð hjá þingflokki Sjálfstfl., að eftir að málefnanefnd á vegum miðstjórnar flokksins hafði fjallað um málið, var kosin sérstök n. til að vinna að málinu, hvað gert var mjög vandlega lengst af í sumar. Og þær till., sem fram hafa verið bornar af fulltrúum flokksins í menntmn., eru unnar af þingflokknum sem heild að mestu leyti. Að sjálfsögðu eiga þeir nm. einnig sérstakan hlut að máli.

En enda þótt mér virðist, að hér sé margt allgirnilegt í boði, sýnist mér, að á þessu séu ýmsir vankantar. Hv. 3. þm. Vestf. lagði á það áherslu, að hér horfði margt til hins betri vegar og það væri þá ekki annað fyrir hendi, ef menn þættust sjá á þessu vankanta, en að sníða þá af. Og rétt er það. Enda þótt menn hafi lagt í þetta feiknamikla vinnu, — en að vísu hefur ekki verið tekið á í þessu máli fyrr en nú á þessu þingi, trúi ég, enda þótt það hafi verið lagt fram fyrir rúmlega þremur árum, — þá býður mér fastlega í grun og sýnist við yfirvegun og athugun á málinu, að ýmsa vankanta eigi enn eftir að sníða af. Og þá er spurningin, þar sem nú hlýtur að líða að lokum þessa þinghalds og margt af stórmálum sjálfsagt óafgreitt, hvort hér er um mjög þröng tímamörk að tefla, hvort brýna nauðsyn ber til, að þetta frv. nái fram að ganga og verði að lögum á þessu þingi.

Nú er að sjálfsögðu rétt, að það má segja, að óhæfilega langur tími hafi liðið, síðan þetta mál sá fyrst dagsins ljós, þótt það sé nú orðið í mjög breyttu formi, og einhvern tíma verði að reyna að ná lokamarkinu og koma þessum lögum á. Ég held, að það sanni eitt með öðru, hversu málið er geysilega viðamikið, hversu langan tíma það hefur tekið, hversu langa meðferð þetta hefur þurft að hafa hér á hinu háa Alþingi, — að þetta sanni einmitt það, að við þurfum að gefa okkur mjög góðan tíma. Þessi lög munu væntanlega standa lengi að meginstofni til, þegar þau ná fram að ganga, og þess vegna þarf mjög vel til þeirra að vanda. Ég fyrir mitt leyti er sannfærður um það, að svo mjög knýr ekki á um þessa lagasetningu, að við þurfum að skoða hug okkar um það að gefa okkur eitt ár til til þess að vanda þetta sem best. Það mundi enginn skaði verða skeður við það. Fyrir því er það, að ég hef nú borið fram till. til rökstuddrar dagskrár um þetta mál, að það verði nú látið staðar numið, en fengin 7 manna þm.-nefnd til þess að yfirfara það og þá alveg án tvímæla sem lokayfirferð.

Hv. 3. þm. Vestf., hv. frsm. n., hafði ekki trú á því, að ný nefndarskipan mundi neinu breyta til hins betra í þessu efni, og hafði ekki trú á þm., að þeir mundu mikið um bæta frá því, sem hinir færustu skólamenn hefðu um málið vélt. Nú er ég á dálitið öðru máli í þessum efnum, og ég held, að minn gamli skólastjóri, hv. 3. þm. Vestf., sé kannske orðinn of mótaður af kerfinu, að honum hætti til, sem mér finnst ákaflega áberandi og hvimleitt, að vilja taka um of við sem nýju neti ýmsu því, sem embættismennirnir matreiða hér fyrir hv. alþm.

Mér sýnist, að í aðalatriðum höfum við náð nokkurri fótfestu í þessari tillögugerð, en ýmislegt af því, sem betur mætti fara í samræmingu, yrði ágætlega unnið einmitt af þm., sem nú hafa lengi um málið fjallað, og sérstaklega held ég, að þeim ætti að vera innan handar að láta framkvæma nokkuð ítarlega kostnaðaráætlun. Það er ekki hvað síst það, sem lýtur að kostnaðaráætlun, skorti á nægjanlega glöggri og greinargóðri kostnaðaráætlun, sem gerir það að verkum, að ég legg eindregið til, að við gefum okkur aðeins betri tíma til þess að athuga málið. Það er að vísu rétt, að í grg. með frv. er að finna kostnaðaráætlun, sem ég hygg, að við getum orðið sammála um, að sé fremur lausleg. En þó er þetta það viðamikið mál, að mönnum er e. t. v. ekki ætlandi, eins og málin lágu fyrir þá, að hafa getað gert sér gleggri grein fyrir þeim kostnaði,

sem þetta kynni að hafa í för með sér. En nú er málið það vel á vegi, að öllu er hægara að gera sér fyllri grein fyrir, til hvers muni leiða varðandi fjárhagshliðina. Það er t. d. alveg nýtt viðhorf eftir afgreiðslu við 2. umr. hér á dögunum, að þar var tekin inn brtt., sem gerir ráð fyrir mötuneytum í skólum landsins, sem menn eru að kasta í milli sín, að muni ekki nema tugum millj. kr. í kostnaðarauka, heldur hundruðum millj. kr. Engar sönnur veit ég á þessu, og enga grein get ég gert mér fyrir þessu. Þess vegna er alveg nauðsynlegt að taka málið til ítarlegri athugunar, hvað þetta snertir.

Ég vil benda á, að hér á hinu háa Alþ. hefur verið lögð fram þáltill. um kostnaðaráætlun við stjórnarfrv., þar sem Alþ. ályktar að beina því til ríkisstj., að frv., sem fela í sér ný útgjöld fyrir ríkissjóð, séu ekki lögð fram, án þess að þeim fylgi rækilegar kostnaðaráætlanir, og rétt nýverið skilaði hv. fjvn. nál. um málið, þar sem einróma er mælt með samþykkt þessarar þáltill. Ég held, að það mætti taka mið af þeirri þáltill. Það er ekki meira en að ýmsir embættismenn hafa þegar tekið mið af ósettum grunnskólalögum. Það er ekki meira en að landshlutasamtökum, sem eru ekki til eftir laganna bókstaf, er falið af löggjafanum stórkostleg stjórnunaraðild í sambandi við þessi nýju grunnskólalög. Það er í samræmi við annað. Þess vegna legg ég áherslu á og mér sýnist, að það séu mjög frambærileg rök fyrir frestunartill. og frávísun á þessu nú, að okkur beri skylda til að gera okkur miklu fyllri grein fyrir þeim kostnaðarauka, sem þetta ber í skauti sér, ef fram nær að ganga.

Það er rétt að taka það fram, að mér gengur ekkert annað til í þessu sambandi en þessi lagasetning megi fara hinu háa Alþ. sem best úr hendi. Mér er alveg ljóst, að málum er þann veg komið, að við hljótum að koma okkur saman um nýja skólalöggjöf. Héðan í frá er ekki um það að ræða að búa við þá skólalöggjöf, sem við höfum búið við nú um nær 30 ára skeið, þótt því miður hafi komið fram og liggi fyrir, að hún hafi ekki allt fram til dagsins í dag verið framkvæmd eins og skyldi. Það er annað mál, sem ekki snertir þetta mál, sem augljóslega hlýtur fyrr eða síðar fram að ganga. Við þurfum þess vegna einvörðungu að mínum dómi að gera upp við okkur, hvort það er brýnt tímaspursmál, að það nái fram að ganga nú eða ekki. Ef það er ekki hin brýnasta nauðsyn, að það verði að lögum strax, þá er ekkert á móti því, að við fáum tækifæri til þess að sníða af þá vankanta, sem mjög margir og mér er nær að halda helftin af hv. þm. eru sannfærðir um, að er enn að finna á frv.

Það er ljóst, að eitt aðalefnisatriðið, sem deilt hefur verið um í þessu sambandi, er lenging skólaskyldunnar, og ég verð að játa, að ég hef verið og er enn harla gagnrýninn á það ákvæði. Raunar væntir maður þess, að sá dagur kunni upp að renna, að enga skólaskyldu þurfi, að það verði það eftirsóknarvert fyrir ungmenni að sækja skóla, að skólaskyldu þurfi þess vegna ekki. Ég er þeirrar skoðunar, að lenging skólaskyldunnar í 16 ára aldur sé óþörf. Bent hefur verið á, að þarna sé verið að brúa bil, sem ella hafi verið milli miðskólastigsins og framhaldsskóla, menntaskóla og einhverra annarra æðri skóla. Vegna t. d. dreifbýlisins sýnist þetta vera hagsmunaatriði. En ég held, að þetta sé einvörðungu framkvæmdaatriði, sem skólunum ætti ella að vera í lófa lagið, að um þetta þurfi enga skyldu, og í því efni sérstaklega vil ég meina að þeir, sem ekki eru til þess hæfir eða fýsir að neyta annarra bragða um atvinnu eða það, sem til fellur, séu ekki til þess skyldir að sitja lengur á skólabekk en verið hefur. Ég hef þá skoðun, að það gæti orðið, að vísu ekki stórum hóp ungmenna, en nægjanlega stórum þó, til ills eins að binda þá þannig við rúmstuðulinn, ef svo mætti orða það, skólarúmsstöðulinn lengur en gert hefur verið.

Ég er sannfærður um, að við munum áður en langt um líður ná samkomulagi nær alfarið um þetta mál, og þess vegna finnst mér það óframbærilegt, þar sem ég hef engin rök heyrt fyrir því, að þessu séu þröngar tímaskorður reistar. Þess vegna er það, að ég legg á það áherslu, að við frestum þessu enn um hríð og gerum til þess úrslitatilraun að ná um þetta miklu meiri samstöðu en mér sýnist að í boði sé enn. Ég vísa til þess rökstuðnings, sem færður er fram með till. okkar fjórmenninganna á þskj. 713. Ég held, að þar sé að finna rök, sem ætti að skoða af sanngirni og láta sér ekki liggja of mikið á, — rök, sem nægjanlega séu haldgóð til þess, að réttmætt sé að fallast á þessa rökstuddu dagskrá, og ég vænti þess fastlega, að meiri hl. verði fyrir því. Það má ekki verða neitt metnaðarmál eins eða neins að knýja þetta mál fram. Raunar skal ég játa, að menn kunna að segja sem svo: Það er búið að þæfa þetta mál svo lengi, að einhvern tíma verður að draga að leiðarlokum. En ég held, að ef grannt er skoðað, þá geti allir menn verið sammála um það, að á þessu eru enn vankantar. Til að mynda var atkvgr. um hinar geysilega fjölþættu brtt., sem afgreiddar voru við 2. umr. málsins, með þeim hætti, að hún ein út af fyrir sig vekur hjá manni grunsemdir um, að þetta þurfi að gaumgæfa enn miklu betur og bera saman, þannig að ekki stangist hvað á annars horn. Nú á að vísu hv. Ed. eftir að fá málið til meðferðar. En eins og ég sagði, það líður senn að þinglokum, og eftir því sem manni sýnist eftir öllum sólarmerkjum að dæma, þá bíða enn sjálfsagt úrlausnar geysilega stór og viðamikil mál, þannig að ég hef ekki trú á því, að þeirri hv. deild gefist neinn kostur að marki á því að gaumgæfa þetta mál sem skyldi. (Gripið fram í.) Því fer víðs fjarri. Og það geri ég ekki heldur og jafnvel ekki þótt ég viti, að hæstv. menntmrh. eigi þar sæti. Það geri ég alls ekki. Ég var hins vegar að benda á, að þannig væri komið vinnubrögðum hér á hinu háa Alþingi, að allt benti til, að hv. Ed. gæfist mjög naumur tími til þess að gaumgæfa þetta geysilega viðamikla mál. Hér hefur verið unnið geysimikið verk á liðnum vetri af þessari hv. d., og ég sé í sjónhendingu, að hv. menntmn. hefur unnið geysilegt starf. Ég er alveg sannfærður um það, að þeir, sem hafa mest að þessu unnið, geta verið mér sammála um, að það verður að ákaflega takmörkuðu leyti, sem Ed. gefst kostur á að taka þetta mál til meðferðar eða athugunar.

Ég hygg, að ef þetta mál á að afgreiðast sem lög, neyðist hv. Ed. til að líta svo á, að þetta

hafi verið það vel unnið hér, að þar verði að hlaupa yfir þetta á hundavaði. Ég fæ ekki betur séð. Þess vegna er það, að ef menn leggja trúnað á það hjá þeim, sem vilja aðeins fá enn betri tíma til rannsóknar á málinu, að þeim gangi aðeins gott til, að þeir vilji með því reyna að stuðla að því, að þetta fari sem allra best úr hendi, og enn fremur, ef þeir vilja sættast á það sjónarmið, að engin knýjandi nauðsyn sé á því að afgreiða þetta mál á þessu þingi, þá fæ ég ekki betur séð en þessi till. okkar um að vísa málinu frá nú eigi hinn fyllsta rétt á sér.

Lárus Jónsson: Herra forseti. Það hafa nú orðið langar umr. um þetta frv. og ég skal ekki lengja þær mjög, en það var út af ræðu hv. 3. þm. Vestf., Hannibals Valdimarssonar, sem mér fannst rétt að segja hér nokkur orð.

Það var þá það fyrsta, að ég vildi rifja upp fyrir honum og öðrum hv. þm., sem mál mitt heyra, að ég man ekki betur en að hæstv. menntmrh. segði svo í einhverjum af þeim framsöguræðum, sem hann hefur flutt um þetta mál á undanförnum þingum, að það væri alger forsenda fyrir því að samþykkja þetta frv. um grunnskóla og um skólakerfi að setja löggjöf um landshlutasamtök sveitarfélaga, vegna þess að í þessum frv. væri gert ráð fyrir því, að þessum landshlutasamtökum, tittnefndu, væru falin veigamikil verkefni. Ég man ekki betur en hæstv. ráðh., — hann leiðréttir mig, ef ég fer með rangt mál — (Gripið fram í.) Ég hef nú ekki hér Alþingistíðindi við höndina, en ég get kannske útvegað mér þau, en ég man ekki betur en hæstv. ráðh. héldi því fram mjög ákveðið að það hlyti að verða að setja löggjöf um landshlutasamtök sveitarfélaga, ef þetta frv. yrði samþ. (Gripið fram í.) Ég skal ekki fullyrða um þetta, en ég skildi það svo, að hæstv. ráðh. væri á þeirri skoðun, að það væri beinlínis forsenda fyrir því, að það væri hægt að framkvæma lög um grunnskóla, eins og þeim væru gerðir skórnir í þessu frv., að um þetta yrði sett löggjöf, enda þarf náttúrlega ekki um þetta að deila. Allir hv. þm. ættu að bera sæmilegt skynbragð á, hvað hér er um að ræða, að það er verið að fela félagasamtökum verulegt opinbert vald með þessu frv. Ég er alveg sammála hv. 3. þm. Vestf. um það, að með þessu er tilvera þessara samtaka viðurkennd, og ég tel, að þarna sé um að ræða ákveðna viljayfirlýsingu löggjafans um það að fela þessum nýju samtökum ákveðið vald. Ég er honum alveg sammála um, að þetta sé gott og blessað út af fyrir sig, en ég skil ekki þau vinnubrögð og ég skil ekki þá andstöðu, sem er gegn því að setja ákveðinn lagaramma um starfsemi þessara landshlutasamtaka, á sama tíma sem hv. þm. eru að fela þeim veigamikið vald. Við vitum, að það eru á þessu verulegir annmarkar. Það er nú út af fyrir sig, að landshlutasamtök sveitarfélaga eru afskaplega misjafnlega uppbyggð. Það er kosið til þeirra með mismunandi hætti, og það eru ekki öll sveitarfélög í ýmsum landshlutum í þessum samtökum. Þar af leiðandi hefur fólk í þeim byggðarlögum ekki áhrif á jafnmikilvæg mál og á að fara að fela þessum landshlutasamtökum með þessu frv. Það þarf ekki annað en almenna greind og sæmilega þekkingu á opinberum málum til þess að sjá, að það er algjörlega öfugt farið að hlutunum að standa gegn því, að um þessa starfsemi sé settur almennur lagarammi, en fela þeim jafnmikilvæg störf og ætlað er með þessu frv. Ég vil því undirstrika það, sem ég sagði hér áðan, að ég tel, að þetta sé mikilvæg viðurkenning á landshlutasamtökunum. En ég vil hér með skora á hv. þm. Hannibal Valdimarsson að afgreiða nú þetta frv., sem er unnið af samtökum sveitarstjórna í landinu í samráði við þm. og ég veit ekki betur en sé alger samstaða um meðal sveitarstjórnarmanna — að afgreiða nú þetta mál úr n. Ég vil benda honum á það, að þetta frv. er kannske ekki jafngamalt grunnskólafrv. hér í hv. d., en það slagar upp í það. Það er sjálfsagt orðið 1½ árs gamalt eða nær tveggja ára, og hv. þm. hefur haft nægan tíma til að kanna málið. Ætli það sé ekki svona 1/100 að lengd til miðað við grunnskólafrv.? Mér skilst, að hv. þm. hafi jafnvel frekast gagnrýnt, að það væri stutt, það væri snubótt og í því væru ekki talin upp nein verkefni, sem landshlutasamtökin ættu að sinna, — frekast verið það, sem hann hefur haft út á frv. að setja. En það er alla vega það stutt og skorinort, að hv. þm. ættu að hafa haft næga möguleika til þess að kynna sér það og afgreiða það úr hv. nefnd.

Ég er nú ekki eins málsnjall maður og hv. varaþm. hv. 3. þm. Vestf., sem kom hér og ræddi um störf Alþ. og taldi, að við værum ekki nægilega skeleggir í ýmsum málum. En ég vil benda honum á að fara nú að afgreiða þetta mál, þar sem hann hefur haft svo langan tíma til þess að kanna það, og ég vil fullyrða, að þetta mál hefur verulegan byr hér á hv. Alþ., eftir því sem ég hef hlerað. Hins vegar hefur hann beitt sér mjög gegn því, að það næði fram að ganga. Ég vil aðeins skora á hann að endurskoða afstöðu sína til þessa máls og afgreiða það þá sem snarast úr n., og þá ætti öllu réttlæti að vera fullnægt í þeim efnum. Það væri þá ákveðinn grundvöllur fyrir starfsemi landshlutasamtakanna, sem á að fara að fela svo viðamikið vald eins og er í þessu grunnskólafrv. Ég skal svo láta útrætt um þetta atriði.

Þá vil ég aðeins víkja hér að einu meginatriði þessa grunnskólafrv., en það er lenging skólaskyldunnar, sem langar og strangar umr. hafa orðið um í þessari hv. d. að undanförnu og á undanförnum þingum. Ég man eftir því, að ég innti eftir því við hæstv. menntmrh. á sínum tíma, hvort ekki hefði verið rannsakað á vegum menntmrn. eða einhverrar þeirrar n., sem hefur um þetta mál fjallað, af hvaða ástæðum þau örfáu prósent nemenda, sem ekki koma í 3. bekk, koma ekki þangað sjálfviljug. Ég fæ ekki betur séð, ef með löggjöf á að ákveða, að þessir nemendur séu skyldugir að koma í skóla, og það á að kippa öllu í liðinn með því, en það sé meginatriði að vita, hvaða ástæður eru fyrir því, að hluti þessara nemenda kemur ekki af sjálfsdáðun. Þetta er fámennur hópur tiltölulega. Það stendur í aths. við frv., að þetta séu 18% nemenda. Það hefur komið fram seinna, að þetta sé miklu minni hundraðshluti á síðari árum. Er þetta vegna ónógrar aðstöðu í kennslurými? Er þetta vegna vangetu nemenda að einhverju leyti? Ég

fæ ekki betur séð en það sé algert grundvallaratriði að vita þetta, því að jafnvel þó að við lengjum skólaskylduna í 16 ára aldur, ef það vantar húsnæði á ýmsum stöðum úti á landi til að kenna og ef nemendur eru vanhæfir til þess að koma í 3. bekk, þá lagast ekkert með því að lengja skólaskylduna. Við getum séð, hvernig þetta hefur verið á undanförnum árum. Við vitum, að skólaskylda hefur síðan 1946 verið frá 7—15 ára aldurs. Við vitum, að sú skólaskylda hefur ekki þýtt það, að allir nemendur frá 7—15 ára aldurs komist í skóla allan veturinn. Það er svo enn víða úti um land, enda er það viðurkennt í grg. grunnskólafrv., að svo er alls ekki. Þess vegna er það afskaplega mikil spurning í mínum huga: Erum við að ná þeim markmiðum, sem við ætlum að ná, með því að lengja skólaskylduna?

Það er vikið að því í grg. frv., að það eru tvær meginástæður fyrir því, að menn telja, að það þurfi að lengja skólaskylduna:

1) Að jafna aðstöðu nemenda hvar sem þeir búa á landinu.

2) Að samræma grunnskólastigið framhaldsskólastiginu, þannig að menn taki allir grunnskólapróf og hafi sem sagt möguleika á að fara þær námsbrautir á framhaldsskólastigi, sem menn síðar kjósa.

Við skulum athuga fyrri ástæðuna. Hún er sögð vera sú, að með þessu muni aðstöðumunur nemenda í dreifbýli og þéttbýli þurrkast út. Væri afskaplega gott, ef það væri hægt að gera þetta bara með því pennastriki að skylda alla í skóla til 16 ára aldurs. En því miður er það ekki svona einfalt. Það er ekki hægt að ná þessum árangri með þessum einfalda hætti. Það verður að gera verulegt átak til þess í skólamálum, og það er því miður svo víða, að jafnvel þó að það væri gert, þá held ég, að sá árangur næðist ekki, þannig að við erum að þessu leyti til, held ég, litlu nær, afskaplega litlu nær, þó að við lengjum skólaskylduna í 16 ár.

Þá er að víkja að hinu, að með þessu þá sé hægt að tengja saman skólakerfið, þannig að menn hafi möguleika á því að komast til allra átta, að allir taki grunnskólapróf og síðan hafi menn möguleika á að komast til allra átta á framhaldsskólastigi. En afskaplega hafa menn, held ég, lítið hugmyndaflug, ef þeir koma ekki auga á aðra möguleika til að ná þessu markmiði en með því að auka skólaskylduna um eitt ár. Það mætti t.d. spyrja: Af hverju er ekki grunnskólapróf haft opið fyrir alla, þannig að jafnvel sjötugur maður geti sest á bekk í grunnskóla og tekið próf og farið svo sínar námsbrautir í framhaldsskóla síðar? — Unglingar, sem hefðu hætt 15 ára, gætu sest á skólabekk og lokið grunnskólaprófi síðar, ef þeir vildu. Það mega þeir. En til hvers þá öll skólaskyldan. Ég fæ ekki betur séð en að skólaskylduákvæðið í þessu frv. sé komið inn í frv. af allt öðrum ástæðum. A.m.k. læðist að manni sá grunur, að það sé fyrst og fremst komið af þeirri ástæðu, að það er skólaskylda til 16 ára í nágrannalöndunum og þá þurfi Íslendingar endilega að hafa skólaskyldu til 16 ára aldurs. Ég vil hins vegar ekki fallast á þetta sjónarmið. Ég tel, að við höfum að verulegu leyti sérstöðu í þessum efnum. Við höfum t. d. sérstöðu að því leyti til, að við höfum miklu lengra sumarfrí í skólum en nágrannalönd okkar. Okkar unglingar taka miklu meiri þátt í atvinnulífi en í nágrannalöndunum. Ég álít, að það sé æskilegt að halda þessari sérstöðu áfram, og ég tel ekkert atriði að hafa skólaskylduna hér til 16 ára aldurs, það sé engin röksemd fyrir því, þó að hún sé það í nágrannalöndunum, ef við getum náð okkar markmiði að koma öllum börnum og unglingum til þroska án þess að hafa 16 ára skólaskyldu.

Það er eitt meginatriði, sem skólamenn hafa bent á, sem ég hef ekki heyrt mikið um hér í þessum umr., sem veldur því, að það er verulegur ábyrgðarhluti að stíga þetta skref, að lengja skólaskylduna til 16 ára aldurs á þessum hæpnu forsendum, sem ég hef rakið, með þau markmið fyrir augum, sem ég hef hér rakið, en við náum ekki með skólaskyldu 16 ára unglinga nema að mjög litlu leyti, eins og ég hef hér rakið. Það er einn meginágalli, sem skólamenn hafa bent á, og það er, að 90% af nemendum 3. bekkjar koma þá skyldaðir í skóla í stað þess að koma þar af fúsum og frjálsum vilja og jafnvel allt að 100%, vegna þess að með öðrum aðferðum er ég sannfræður um það, að við mundum fá þessa nemendur til þess að koma í 3. bekk af frjálsum vilja. Ég tala nú ekki um, ef grunnskólapróf er orðið svo mikill lykill að framhaldsnámi eins og ætlunin er að gera með þessu frv. og ég tel vera sjálfsagt og eðlilegt, að það sé. Það þarf bara enga skólaskyldu 16 ára unglinga til þess. Menn geta komið og tekið grunnskólapróf og verið fleygir til allra átta, án þess að vera skyldaðir til þess. Ég tala nú ekki um, ef menn geta síðar tekið þetta próf, — jafnvel án þess að sitja í viðkomandi bekk, — tekið það próf, ef þeir geta skilað lágmarksárangri á prófi.

En það er einn megingalli á þessu, og hann er sá, að menn koma með allt öðru hugarfari í 3. bekk í skóla, ef þeir eru skyldaðir til þess, heldur en ef þeir koma þangað frjálsir. Og þetta óttast skólamenn afskaplega mikið. Þeir skólamenn, sem ég hef talað við, flestir hverjir, telja, að þetta muni verða þannig í reynd, að það verði ekki eins mikill munur á unglingum, sem koma í 2. bekk og 3. bekk, eins og nú er. Þeir segja: Það er gerbreytt andrúmsloft í 3. bekk í gagnfræðaskóla frá því sem er í 2. bekk, vegna þess að þegar menn koma í 3. bekk, eru menn ekki að koma þangað af skyldu. Menn eru að koma af sjálfsdáðum til þess að halda áfram námi á eigin ábyrgð, en ekki vegna skyldukvaða ríkisins. — Þetta er afskaplega mikilvægt mál, og ég held, að við eigum að hlusta á þessar röksemdir og reyna að ná þeim markmiðum á annan hátt, sem við stefnum að með lengingu skólaskyldunnar, vitandi það, að það kostar þessa fórn, það kostar hugarfarsbreytingu mikils meiri hluta unglinga í 3. bekk að leggja þá kvöð á þá að koma í bekkinn. Þess vegna er það mikilvæg spurning: Af hverju kemur ekki þetta fólk, sem á vantar? Af hverju kemur það ekki? Er það vegna aðstöðuleysis? Er það vegna vangetu? Er hægt að ná þeim markmiðum eftir öðrum leiðum, að allt að 100% nemenda

komi af eigin hvötum í 3. bekk og taki grunnskólapróf og hafi þannig leiðir til allra átta á framhaldsskólastigi? — Það eru þessar mikilvægu spurningar, sem ég tel, að þrátt fyrir þriggja ára meðferð þessarar hv. d. á þessu frv. hafi ekki verið svarað, og það hefur ekki verið gerð tilraun til að svara þeim.

Vegna þess að svo er í pottinn búið, tel ég, að það sé rétt að gera enn eina tilraun til þess að fá þessu frv. þannig breytt, að við verði unað. Ég tel, að þarna sé hvorki meira né minna en um meginatriði að ræða, enda hefur það komið skýrt fram í ræðum manna hér og ekki síst hjá hv. 3. þm. Vestf., frsm. hv. menntmn., og þess vegna tel ég, að það sé rétt enn um sinn að skoða þetta mál. Ég vil líka á það benda í þessu sambandi, að nú hefur því verið breytt, sem áður var, að það var gert ráð fyrir 9 mánaða árlegum starfstíma skóla. Nú hefur þarna verið slakað til og lagt til, að það verði 7—9 mánaða starfstími. Hv. 3. þm. Vestf. taldi, að þarna væri um að ræða tilslökun, og því væri eðlilegt, a.m.k. eðlilegra en ella, að taka upp eitt skólaár í viðbót, skylda menn eitt skólaár í viðbót við það, sem nú er, til þess að koma í skólann. Ég er ekki sammála þessu, því að í raun og veru hefur þetta verið svo, að margir skólar hafa ekki starfað nema 7 mánuði og þetta hefur gerst fyrst og fremst úti í dreifbýlinu. Á þessu sjáum við, að í raun og veru er svo við núgildandi aðstæður og verður svo, eftir að þetta frv. er samþ., að skólastarf úti á landsbyggðinni verður tekið öðrum tökum heldur en í þéttbýlinu, og við sjáum á þessu, að það er ekki í raun og veru hægt að leggja sama mælikvarða á skólastarf yfir allt landið. Það verður að vera viss sveigjanleiki í þessu, og á þetta hafa hv. alþm. fallist með því að gera þessa tilslökun, sem ég tel vera eðlilega, vegna þess að það háttar svo víða til á landsbyggðinni, að þar eru börn og unglingar að störfum yfir sumartímann, sem ég tel heilbrigt og eðlilegt, og þar geta þau ekki verið 9 mánuði í skóla, það er útilokað mál. Þetta sýnir, að það þarf að vera á þessu sveigjanleiki. Ég tel, að þetta þurfi að vera einnig um skólaskylduna. Og ég tel, að það þurfi að freista þess að fá fram þau markmið, sem stefnt er að í þessu frv., með því, að allir ljúki grunnskólaprófi, sem allra flestir, en það þurfi að freista þess að gera það með öðrum hætti. Ég er persónulega sannfærður um, að það er ekki fyrst og fremst vegna þess, að fólk er ekki skyldugt til þess að ljúka 3. bekk, sem fólk heltist úr lestinni, heldur hreinlega vegna ýmissa annarra orsaka, og það mætti laga með allt öðrum hætti en þeirri fórn, að 3. bekkur komi með allt öðru hugarfari í skólann sem lögþvingaður, með þeirri lögþvingun, sem að er stefnt með því að lengja skólaskylduna, eins og í frv. er. Ég tel, að það sé hægt að ná þeim markmiðum með allt öðrum hætti, og ég mun því fylgja þeirri rökstuddu dagskrá, sem hér hefur komið fram.

Pálmi Jónsson: Herra forseti. Ég skal ekki lengja þessar umr. mikið úr þessu. Ég hafði ætlað mér að gera hér örfáar aths. við ræðu hv. 3. þm. Vestf., frsm. menntmn. Tveir síðustu ræðumenn hafa vikið að henni nokkrum orðum, svo að ég get stytt mjög mál mitt.

Hv. þm. Hannibal Valdimarsson sagði, að nú hefði komið í ljós, hvað fyrir þeim andófsmönnum vekti í sambandi við umr. um þetta mál. Það væri sem sé komið í ljós það, sem þeir hefðu alltaf ætlað sér, og það væri að koma málinu í heild fyrir kattarnef. Ég vil segja það fyrir mína parta, að sú er ekki meiningin í sambandi við þann tillöguflutning, sem ég hef staðið hér að. Og það kom einnig fram í máli hv. 4. þm. Austf., Sverris Hermannssonar, að það, sem fyrir okkur vakir, er fyrst og fremst það og það eitt, að sett verði löggjöf um skólamál, sem verði svo vandað til sem best megi verða. Hv. þm. þarf ekki að vera með getsakir til okkar í sambandi við það, því að við höfum eða a.m.k. ég í ýmsum ræðum um þetta mál, bæði nú á þessu þingi og hinu fyrra, þegar þetta mál hefur verið tekið til umr., lagt á það ríka áherslu, að það beri að vanda vel til löggjafar sem þessarar, svo þýðingarmikil sem hún er fyrir æskulýð landsins og fyrir þjóðina í heild. Hins vegar vil ég láta það koma fram, að miðað við þá galla, sem við teljum, að séu á þessu frv., er ekki nema eðlilegt, að við teljum fulla ástæðu til þess og enga goðgá að fresta afgreiðslu þessa frv. um eitt ár til viðbótar, þegar hliðsjón er höfð af því, að í frv. sjálfu, eins og það er nú, er gert ráð fyrir því, að það komi ekki til fullra framkvæmda fyrr en að 10 árum liðnum, að einu atriði undanskyldu, þ.e. lengingu skólaskyldunnar, hún komi til framkvæmda um allt land allt að 6 árum liðnum. Það ættu því ekki að vera framin nein spjöll á þessu máli og ekki verða veruleg töf á framgangi þess, þó að því verði nú frestað um eitt ár til þess að freista þess enn að fá því breytt í það horf, að allir megi sæmilega við una.

Hv. þm. Hannibal Valdimarsson gat þess hér, að að samningu þessa frv. hefðu unnið ýmsir merkir skólamenn. Það skal sist vefengt. Hann rakti að vísu, hverjir þeir menn voru, sem voru í hinni fyrstu grunnskólanefnd. Um hina síðari grunnskólanefnd var það svo, að í henni voru einnig mætir menn og að sumu leyti einnig skólamenn. En það hygg ég þó, að megi segja, að hlutur rn., æðstu yfirstjórnar í skólamálum, hafi verið sæmilega tryggður, ef litið er á, hvernig sú n. var skipuð. Það er enda svo, að þrátt fyrir að ýmsum sýnist, að nm. hafi viljað hafa það að leiðarljósi að dreifa valdinu, þá hefur þeim verulega mistekist í því efni, og hin svokallaða valddreifing frv. er að mestu hjóm eitt. Eftir sem áður eru völdin í höndum rn., og fræðsluskrifstofurnar, eins og ég hef getið um fyrr, eru eins konar selstöður ríkisins.

Ég held, að þó að þannig hafi unnið að samningu þessa frv. ýmsir mætir og merkir skólamenn, þá hljóti hv. 3. þm. Vestf. að hafa orðið þess var, að fjölmargir skólamenn, bæði skólastjórar kennarar, einkum á miðskólastigi, eru andvígir ýmsum atriðum í þessu frv. Ég hef vitnað til þess í þessum ræðustól, að skólastjórafþing gagnfræðaskólastigsins hefur lýst andstöðu við lengingu skólaskyldunnar. Fjölmargir skólastjórar og kennarar eru fullir efasemda um ýmis önnur atriði þessa frv., t.d. um hið mikla

stjórnunarbákn þess, um þá flækju, sem þarf að ganga í gegnum í sambandi við hin lítilfjörlegustu efni í skólastarfi og skólakerfi til þess að ná ákvörðun fram, þar sem hinum og þessum efnum er þvælt á milli nefnda, ráða og stofnana og leita þarf umsagnar fjölda aðila, áður en unnt er að senda öll þau plögg til menntmrn. og hæstv. menntmrh., þar sem úrskurðurinn á loks að verða kveðinn upp. Ég held því, að enda þótt skólamenn hafi unnið að samningu þessa frv., muni þeir skólamenn vera ótaldir, sem eru andvígir ýmsum ákvæðum þess.

Hv. þm. viðurkenndi, að þrátt fyrir það, að þessir mætu menn hefðu unnið að samningu frv., hefði það þó að hans — og ég hygg allra annarra alþm. — batnað verulega í meðförum Alþ. og batnað eftir hverja endurskoðun frv., og því er ég hjartanlega sammála. Þess vegna og með hliðsjón af þeirri reynslu geri ég mér enn vonir um það, að verði enn gengið í það verk að endurskoða þetta þýðingarmikla mál, muni að þeirri endurskoðun lokinni nást fram niðurstaða, sem við getum að ári liðnu eða hálfu ári eða rúmlega það verið sammála um, að mjög hafi breytt frv. til hins betra.

Þetta eru orsakirnar til þess, að við fjórmenningar, sem stöndum að þeirri till., sem hér hefur verið lögð fram til rökstuddrar dagskrár, berum hér fram í trausti þess, að betri niðurstaða náist. Og ég tek undir það, sem fram kom hjá hv. 4. þm. Austf., að hér má ekki ráða persónulegur metnaður nokkurs eins manns, ekki eins flokks eða ríkisstj. eða annarra afla hér á hv. Alþ. Það á að vera okkur öllum metnaðarmál og kappsmál að ljúka þessu máli svo, að það verði til þeirra mestu heilla, sem unnt er að ná.

Ég tel ekki ástæðu til þess að hafa fleiri orð í sambandi við getsakir hv. þm. um þetta efni til okkar tillögumanna og þeirra, sem hann kallaði andófsmenn.

Hv. þm. taldi sig gera hreint fyrir sínum dyrum í sambandi við þann kostnað, sem af samþykkt þessa frv. mundi spretta fyrir ríki og sveitarfélög, og vitnaði enn til þess, að í grg. frv., eins og það fyrst var lagt fram fyrir nálega þremur árum, stendur, að kostnaðarauki í rekstri muni verða um 289 millj. kr. Ég skal ekki eyða orðum að þessu efni miklu meir, en ég tel, að þrátt fyrir það að þessi tala sé lögð til grundvallar og verðlagsbreytingar ofan á hana lagðar, hefði verið ástæða til þess að endurskoða það mál allt. Hv. þm. fullyrti ekki neitt um, hvort það mundi standast, sem þarna kemur fram, og er sjálfsagt að virða það. Hitt hefur hvergi komið fram og engin svör við fengist, hver kynni að verða stofnkostnaðarauki í sambandi við framkvæmd þessa frv., ef að lögum verður. Og víst er, að sá stofnkostnaðarauki fyrir ríki og sveitarfélög verður gífurlegur.

Það hefur verið minnt hér á mötuneytisaðstöðu við alla skóla, sem eftir frv. er skylt að reisa. Það hefur verið minnt á það, að tilgangur frv. er sá að færa skólastarfið í heild inn í skólana, þannig að þar geti rúmast vistarverur fyrir nemendur til þess að nema það, sem nú fer fram í heimahúsum í þeim efnum. Og það verður væntanlega ekki um það að ræða, ef þetta frv. á að komast til framkvæmda, að unnt sé að koma við því, sem nú tíðkast, að skiptikennsla fer fram ýmist á sama degi eða sína vikuna hvor námshópur eða sinn daginn hver námshópur. En þetta tíðkast nú í ýmsum skólahverfum og mundi væntanlega verða af lagt, ef þetta frv. ætti að komast til framkvæmda, og er þá ljóst, að af því hlyti að spretta aukin skylda fyrir ríki og sveitarfélög til þess að koma upp stórkostlega auknum skólamannvirkjum.

Fjölmörg atriði önnur má nefna í sambandi við stofnkostnað, sem af þessu frv. mundi hljótast, og það hefur engin tilraun — ég endurtek — það hefur engin tilraun verið gerð til þess að greina Alþ. frá, hvað sá stofnkostnaðarauki mundi nema miklum fjárhæðum.

Hv. þm. Hannibal Valdimarsson vék að skólaskyldunni, sem hann kvað það eina, sem væri bitastætt í þeirri gagnrýni, sem við, hinir einstöku þm., höfum flutt á þetta frv. Ég skal ekki lengja mikið umr. um skólaskylduna, þær eru orðnar alllangar og nægir að mestu að vitna til þess, sem hv. þm. Lárus Jónsson sagði áðan um það efni. Í máli hans kom fram með svipuðum hætti og ég hef rakið hér áður, að þær forsendur, sem í grg. frv. eru taldar liggja til þess, að nauðsyn beri til þess að lengja skólaskylduna, eru falskar. Þær röksemdir eru ekki réttar. Það eru falsrök að það þurfi að lengja skólaskyldu til þess að ná fram jafnrétti í námi í einstökum skólahverfum í strjálbýli og þéttbýli, vegna þess að sá munur, sem fram kemur á skólasókn, stafar af því, að ríkið fyrst og fremst hefur ekki haft úr fjármunum að spila til þess að koma upp skólamannvirkjum í heimabyggðum þeirra nemenda, sem orðið hafa útundan á þessu sviði. Þá mundi ekki breytast við samþykkt þessa frv., nema síður væri, vegna þeirra auknu fjárútláta, sem þyrfti að verja til rekstrar og annarra þátta þessa máls, og mundu þá sem áður vera látin sitja á hakanum hin fámennari og afskekktari sveitarfélög, en þéttbýlið látið sitja við kjötkatlana.

Það eru einnig falsrök, að nauðsyn sé lengingar skólaskyldu upp í 16 ár til þess að brúa það bil, sem nú er á milli skyldunáms og framhaldsnáms. Þetta kom mjög glöggt fram í ræðu hv. 5. þm. Norðurl. e., þannig að það mundi duga, að grunnskólapróf, eins og hann nefndi það, gæfi rétt til þess að ganga inn í framhaldsskóla, þ. e. menntaskóla og sérskóla, án tillits til þess, hvort um skólaskyldu eða fræðsluskyldu væri að ræða.

Hv. þm. Hannibal Valdimarsson spurði: Hvenær varð skólaskyldan slík viðurstyggileg þvingun, — eins og hann orðaði það, — í augum þeirra manna, sem gagnrýna hana? Og hvernig stendur á því, að skólaskylda frá 7—15 ára, eins og nú er í gildi, er ágæt, en skólaskylda frá 7—16 ára óalandi og óferjandi? — Ég sagði við 2. umr., að ég teldi a. m. k. fulla ástæðu til þess að líta á það mál að stytta skólaskylduna fremur en að lengja hana. Og ég tel með hliðsjón af þeirri reynslu, sem fengist hefur af skólaskyldu og því, hvernig hún verkar á nemendur, að ástæða væri til þess að stytta skólaskylduna um eitt ár frá því, sem er í gildandi lögum. Það er eitt af þeim atriðum, sem ég treysti, að verði tekin til athugunar, ef dagskrártill. okkar fjórmenninga

nær fram að ganga, og mætti þá svo fara, að *stigið yrði mikið heillaspor.*

Hv. þm. Sverrir Hermannsson sagði áðan, að við vonumst allir eftir því, að skólasókn verði eftirsóknarverð í augum nemenda. Allir getum við tekið undir þessi orð. En þau verða ekki að veruleika, ef nemendur eru þvingaðir til þess að sækja skóla að lagaboði og fyrirmælum ríkisins. Sú er reynsla, eins og margoft hefur fram komið, að nemendur breyta um ham, eftir að í 3. bekk miðskóla er komið, þá sækja þeir nám af meira kappi, þeir eru viðráðanlegri gagnvart skólareglum og þeir sækja nám af meiri alvöru, vitandi það, að þeir sækja nám af frjálsum vilja, af eigin hvötum, til þess að ná árangri í því að búa sig undir frekara nám og búa sig undir sitt lífsstarf. Þessi hugsunarháttur er því miður ekki ríkjandi, meðan skyldunámsstigið varir. Og þó hygg ég, að vandkvæði af þessu tagi láti ekki verulega á sér kræla, fyrr en kemur á síðasta hluta núverandi skyldunáms, og á það þær orsakir, að á því aldursskeiði verða miklar breytingar, bæði sálarlegar og líkamlegar, hjá nemendum, eins og hv. þm. er kunnugt. Ég hygg því, að mjög kæmi til athugunar að stytta skólaskylduna frá því, sem nú er, niður í 14 ára aldur eða frá 7—14 ára og við tæki fræðsluskylda, sem brúaði bilið til framhaldsnáms. Nú óttast ég það ekki, að misbrestur yrði á skólasókn nemenda á 15.—16. ári, þó að fræðsluskylda væri í stað skólaskyldu. En þó yrðu það örfáir nemendur, sem ekki mundu sækja skóla, og að sumu leyti væri það gott, því að við verðum að viðurkenna það allir, hvort sem við erum hlynntir skólaskyldu eða ekki, að til eru einstaka nemendur, sem ekki eiga erindi í skóla og hafa þau áhrif mest á sitt umhverfi og á sína félaga að spilla öllu skólastarfi og brjóta niður aga og siðferðiskennd annarra nemenda, og gildir þar hið fornkveðna, að það þarf ekki nema einn gikk í hverja veiðistöð. Sumir þessara nemenda eru því marki brenndir, að þeir eru betur komnir við önnur störf heldur en nám, og það má þá líka verða til þess, að þeir verði fljótari að sjá að sér og gætu komið inn í skólakerfið að nýju betri menn en þeir hurfu þaðan.

Það leiðir þá jafnframt hugann að því, að námsbrautirnar mega ekki lokast. Við verðum að halda því skipulagi, að þeir, sem oltið hafa eða hætt skólanámi á einhverju stigi þess, stundum fyrir þær orsakir, sem ég hef hér greint frá um þá nemendur, sem eru til vandræða og eru sem betur fer örfáir, en líka fyrir þá nemendur, sem hætta skólanámi annarra orsaka vegna, kannske heilsubrests eða annarra vandræða, sem þeir ráða ekki við eða þeirra aðstandendur, — *það þarf að gæta þess að þessir nemendur geti* komið inn í skólann aftur, þó að líði ekki einungis eitt ár, eins og frv. gerir réttilega ráð fyrir, að unnt sé, heldur jafnvel 2 eða 3 ár, og enn fremur að stuðla að því að halda uppi námskeiðum og aukinni fullorðinsfræðslu, sem gefi fullorðnu fólki, sem hefur tíma og vilja til slíks, aðstöðu til þess að sækja sér aukna menntun.

Ég ætla ekki að fara fleiri orðum um skólaskylduna og lengingu hennar, en niðurstaða mín er sú, að lenging skólaskyldunnar sé þörf með tilliti til þeirra ástæðna, sem færðar eru fram sem rök fyrir því, að hún sé nauðsynleg. Lenging skólaskyldunnar er skaðleg gagnvart skólastarfi, gagnvart unglingunum sjálfum uppeldislega og að því er snertir árangur þeirra í námi og viðhorfi gagnvart yfirvöldum, ekki einasta í skóla, heldur og yfirvöldum þjóðfélagsins í heild. Þetta er sú niðurstaða, sem ég hef fengið af viðræðum við fjölmarga skólamenn, og ég tek ekkert síður mark á þeim sumum hverjum heldur en þeim mætu mönnum, sem staðið hafa að samningu þessa frv.

Hv. þm. Hannibal Valdimarsson taldi ekki missmíði til baga á þessu frv. Þegar hafa verið gerð hér að ærnu umtalsefni landshlutasamtökin, löggilding þeirra og ákvæði um það í þessu frv. og öðrum að fela þeim verkefni. Hv. þm. Hannibal Valdimarsson upplýsti, að hann væri einn helsti bjargvættur þessara samtaka, og ég þakkaði honum fyrir það og vænti þess, að þess sjáist stað víðar en gert hefur hingað til. Það skal þó ekki vanmetið sem vel er gert og skal ekki eyða fleiri orðum að því.

Hv. þm. viðurkenndi, að frv. væri langt og ítarlegt. Eftir 2. umr. er það 41 vélrituð síða, og ég skal ekki fara að þreyta þá fáu þm., sem sjá ástæðu til þess að vera viðstaddir þessa umr., með því að fara enn að vitna í frv. máli mínu til stuðnings um þetta atriði. Það hefur verið rækilega gert, bæði af mér og öðrum. En hv. þm. sagði, að það mundi þá verða til þess, að ekki þyrfti að setja eins nákvæma reglugerð um frv. og ella væri. Þó segir í sumum þeirra greina, sem eru hvað ítarlegastar, t. d. um það, hvernig skólastjóri og kennarar eigi að haga sér gagnvart nemendum, eins og ég vitnaði til í 55. gr. í dag, þar sem það er meira að segja fært í lög, að kennarar skuli tala við nemendur og skólastjóri skuli tala við nemendur, forráðamenn nemenda, ef eitthvað bjátar á, — í síðustu mgr. þeirrar gr. segir: „Ákveða skal nánar í reglugerð um framkvæmd þessarar gr.“ — Það *dugar ekki einu sinni til, að það sé fært í lög,* að skólastjóri og kennarar skuli tala við nemendur. Það þarf að kveða nánar á um það í reglugerð, hvernig það skuli framkvæmt. Þvílík er nú nákvæmnin í uppbyggingu þessa frv., og er hugað að því þegar að færa þessa nákvæmni á enn æðra stig í reglugerð. Fyrr má nú vera. Það er ekki að furða, þótt hv. 3. þm. Vestf., sem sjálfur er fyrrv. skólastjóri og kennari, komi hér og lýsi yfir, að það séu engir áberandi vankantar á þessu frv., enda hlyti hann þá sem slíkur, ef hann áliti það vera, að hafa sniðið þá af við meðferð málsins í þeirri n., sem hann er formaður fyrir.

Hv. þm. líkti þeirri dagskrártill., sem hér liggur fyrir, við þetta frv. Hún væri löng og loðin, sagði hann. Hún er þó ekki nema tæplega ein vélrituð síða með haus og öðru, miðað við það, að frv. er þó 40 síðum lengra. Ég skal ekki eyða orðum í slíkt mál. Hann líkti frv. einnig við landbúnaðarlöggjöfina, sem hann taldi, að ég væri kunnugur. Það er rétt, að sumir lagabálkar landbúnaðarlöggjafarinnar eru til óþurftar langorðir og þ. á m. sum þau frv., sem við hv. 3. þm. Vestf. fjöllum um þessar vikurnar í þn. En ég get sagt honum það, að þar sem ég hef kom-

íð að lagasmíð í sambandi við gildandi landbúnaðarlöggjöf, hefur eitt atriðið af þeim, sem ég hef haft í huga, einmitt verið að færa þá þætti löggjafarinnar til styttra og skýrara máls, og það álít ég kost á hverri löggjöf, hvort sem hún fjallar um skóla- og menntamál eða landbúnaðarmál eða hvað annað. Ég tel, að frv. sé a. m. k. helmingi of langt og væri ákaflega þægilegt að stytta það mjög.

Hv. þm. beindi því til okkar andófsmanna, sem hann kallaði: Úr því að þið eruð óánægðir með þetta og ýmsir vankantar að ykkar áliti á frv., hvers vegna hafið þið ekki flutt brtt? Til þess ætti að hafa gefist nægur tími á þrem árum í hv. d. — Ég skal taka það fram, að ég lít svo á, að það sé eðlileg starfsvenja Alþ., þegar um svo viðamikil mál sem þetta er að ræða, að sú þn., sem um málið fjallar, láti koma fram sitt álit og skili brtt., ef hún telur, að þess sé þörf, og það hefur þessi þn. gert, þar sem fram hafa komið ýmist frá n. í heild eða einstökum nm. milli 80 og 90 brtt. Hvort tveggja er, að þær brtt., sem fram komu frá fulltrúa míns flokks í n., hlutu ekki þá afgreiðslu, sem ég taldi viðunandi, og að öðru leyti verð ég fyrir miklum vonbrigðum með þær hinar mörgu brtt. n., sem fluttar voru. Enda þótt þær væru margar hverjar nokkuð til bóta, var ekki höggvið á meginókosti frv., sem ég hef gert nokkuð að umtalsefni. Það var ekki farið í það að stytta frv., færa það til skýrara og hnitmiðaðra máls. Það var ekki farið í það að höggva á hið margslungna og ótrúlega flókna stjórnunarkerfi þess. Það var ekki horfið að því að fella niður hina óþörfu lengingu skólaskyldunnar. Það voru að vísu auknar undanþágur til frávika í lengd skólaársins, sem er til verulegra bóta, en það hefur þó vissa annmarka í för með sér að gefa undir fótinn með það, að allt aðrar reglur gildi í strjálbýli en þéttbýli. Og þó að það sé vitað, að þéttbýlisfólkið vilji gjarnan hafa börn og unglinga sem lengst í skólum til þess að losna við börnin af heimilunum eða af götunni, þá er ekki þar með víst, að það sé best að hafa skólatímann sem lengstan. Ástæða kynni að vera til þess að taka það upp í ríkum mæli að efna til námskeiða fyrir þéttbýlisbörn og unglinga úti í strjálbýlinu, og mætti þá nota skólastofnanir þar til þeirra hluta. Þó að venjulegu skólanámi væri lokið, mundi það veita börnum þéttbýlisins aukinn þroska að hverfa í nokkrar vikur til dvalar í skólum úti í strjálbýlinu, þar sem unnt væri undir leiðsögn kennara og annarra starfsmanna skóla að veita þeim innsýn í atvinnuhætti þjóðarinnar og auka þroska þeirra með kynnum af atvinnulífinu, kynnum af landsháttum og því lífi og starfi, sem fram fer í því umhverfi, sem þau hafa lítt kynnst til þess tíma. Ég hygg, að þar væri fundin leið til þess að nýta heimavistarskólana, sem eru úti á landsbyggðinni, til þess að auka þroska unglinga og barna úr þéttbýlinu að miklum mun og ætti að gefa meiri gaum en gert hefur verið til þessa.

Það er nokkuð rétt í því, að það eru ekki aðstæður til þess fyrir atvinnuvegina að taka til sín alla þá unglinga, sem þess þyrfti með, úr þéttbýli til þess að hafa með þeim hætti áhrif á þroska þeirra. Það er virðingarvert og gott, hvað unnt er að sinna í þeim efnum. En ég held, að með því að taka heimavistarskólana úti í strjálbýlinu undir slíka þjónustu og kynna nemendum starfið, sem fram fer úti á landi, undir leiðsögn hæfra manna, þá væri fundin leið til þess að auka verulega við það ágæta starf og þá miklu þjónustu, sem rækt hefur verið í þessu efni af einstaklingum og í sumum tilvikum af barnaheimilum. Ég vil líta svo á, að með þessum hætti gegndu heimavistarskólarnir úti í strjálbýlinu ekki lakara hlutverki heldur en með því að leigja þá Ferðaskrifstofu ríkisins fyrir erlenda ferðamenn.

Ég skal ekki lengja þessar umr. Með hliðsjón af því, sem hér hefur verið sagt, að frv. þessu er ekki ætlað að taka gildi þegar í stað, þótt að lögum verði, það er gert ráð fyrir alllöngum aðlögunartíma eða allt að 10 árum, þá er ekki af þeim sökum hægt að telja, að það sé stefnt í neina ófæru eða til neins teljandi baga a. m. k., þótt svo að afgreiðslu þessa máls verði frestað um eitt ár til viðbótar. Það mætti þá gjarnan stytta aðlögunartíma að gildistökunni um eitt eða tvö ár og jafnvel meira, ef árangur af endurskoðun verður slíkur, að sem flestir mættu vel við una. Það er því ekki hægt að bera við þessari röksemd fyrir því, að ekki megi nú fresta afgreiðslu frv. um eitt ár. Hitt er þó veigamest í mínum augum og að ég hygg okkar allra, sem stöndum með þeim hætti sem kostur er og búa hana svo úr garði, að sem flestir geti verið ánægðir í sambandi við það, hvernig lyktir málsins verða.

Það er sem sé ekkert smámál, sem hér er á ferðinni.Það er ekkert smámál að setja löggjöf um undirstöðumenntun þjóðarinnar. Það er ekkert smámál að búa svo um hnúta um skólastarf og menntun æskufólksins, að áhrif þess megi verða sem best fyrir framtíð þjóðarinnar, sem fólgin er í þessu unga fólki. Og það þarf að gæta þess vandlega að samþykkja ekki ákvæði eins og að mínum dómi felast í þessu frv., sem hafa skaðleg uppeldisáhrif á æskufólkið í landinu, þegar með skýrum rökum er hægt að benda á, að unnt er að ná sömu markmiðum með öðrum hætti, en þar á ég við að taka upp fræðsluskyldu í stað skólaskyldu í tveimur efstu bekkjum grunnskóla. Hér er sannarlega um þýðingarmikið mál að ræða, — *mál, sem enginn ætti að gerast talsmaður fyrir*, að kasta yrði til höndum, sem enginn hv. þm. ætti að gerast talsmaður fyrir, að afgreitt yrði með þeim hætti, að kannske nálega helmingur alþm. væri tilbúinn að greiða atkv. gegn því, en sum ákvæði frv. hafa við 2. umr. verið samþ. með minni hl. alþm. í þessari hv. d. Með sama hætti ætti enginn hv. alþm. að gerast talsmaður þess að afgreiða svo þýðingarmikið mál sem þetta, þegar vitað er, að mjög mikill fjöldi þeirra manna, sem gerst þekkja til á því stigi skólastarfsins, sem þetta frv. fjallar um, eru andvígir ýmsum ákvæðum þess. Ég vil því fastlega vænta þess með hliðsjón af því, að um svo þýðingarmikið mál er að ræða, að það verði ekki knúið í gegn, áður en grandskoðað er, hvernig best verði til þess vandað, og að enn verði horfið að því ráði að taka málið til nýrrar endurskoðunar með það að leiðarljósi að ná fram sem bestri niðurstöðu fyrir æskulýð landsins og framtíð þjóðarinnar.

Frsm. (Hannibal Valdimarsson): Herra forseti. Það er vissulega rétt, sem Pálmi Jónsson, hv. 5. þm. Norðurl. v., sagði í lok ræðu sinnar, að þetta er mjög þýðingarmikið mál. Grundvallarmenntun þjóðarinnar á að byggjast á þessari rammalöggjöf. En það er sannarlega ekki verið að kasta höndum til þessarar lagasetningar. Tala þeirra manna skiptir tugum, sem hafa fjallað um undirbúning málsins á alllöngu árabili, og Alþ. hefur gefið sér góðan tíma til þess að athuga málið á tveimur þingum a.m.k. og lagt í það mikla vinnu. En málið er bara svo fjölþætt, að það þarf enginn að vænta þess, hversu lengi sem við veltum því fyrir okkur, að allir verði sammála um afgreiðslu þess. Einstök atriði verða alltaf ágreiningsatriði í svona stóru, víðtæku og þýðingarmiklu máli, og það þýðir ekki að ætla sér að fresta lokaafgreiðslu þess, þangað til allir verði sammála. Það verður seint eða aldrei.

En það hefur sannarlega ekki verið kastað höndunum til undirbúnings þessa máls. Það hefur verið farið með málið til umr. út um allt land á tugi funda, rætt við skólamenn og aðstendendur barna um málið og margar till., sem fram hafa komið á þessum fundum, hafa verið teknar til greina, áður en málið kom fyrir Alþ. og einnig síðan þingið tók málið til meðferðar.

Ég er alveg sammála hv. 4. þm. Austf., Sverri Hermannssyni, sem talaði hér í kvöld, þegar hann sagði, að það ætti að láta reynsluna skera úr. Þegar búið er að fjalla um málið á svo vandaðan hátt sem hér hefur verið gert, er ekki um annað að ræða en ganga frá málinu. Vitanlega vitum við, að þetta verður ekki alfullkomin löggjöf. Við eigum að láta reynsluna sníða af agnúana, sem koma í ljós. Við setjum aldrei löggjöf, sem að eilífu sé varanleg. Það er oft og tíðum, að það koma agnúar í ljós, jafnvel á næsta ári eða næstu árum, og þá tekur löggjafinn við að skera þá agnúa af að fengnum dómi reynslunnar.

Ég held, að það sé ástæða til þess, að ég geri enn þá skiljanlegra en mér virðist hafa tekist hér áðan afstöðu mína til landshlutasamtakanna. Það er engin fjarstæða að fela landshlutasamtökunum, sem eru starfandi samtök, t.d. í menntamálum. Ég skal taka sem dæmi, svo að mönnum sé þetta alveg ljóst, að hér eru engin nýmæli og engin fjarstæða á ferðinni. Það eru engin lög til um Búnaðarfélag Íslands, það eru engin lög til um Fiskifélag Íslands. — Þetta eru stórkostlega víðtækar stofnanir. Það eru stórir bálkar í fjárl., sem fela þessum félagssamtökum mýmarga þýðingarmikla hluti. (Gripið fram í.) Í jarðræktarlögum, — það eru engin lög um Búnaðarfélag Íslands. Þar er margt sem snertir það, þar eru mörg atriði, sem Búnaðarfélagi Íslands eru falin, einmitt eins og hér er um að ræða. Það eru mörg mál, sem eru falin Fiskifélagi Íslands, þó að engin lög séu um Fiskifélagið. Og alveg eins má fela landshlutasamtökum sem starfandi samtökum þennan og hinn þáttinn, sem við þykir eiga að fela þeim, — nákvæmlega hliðstætt.

Eitt af því, sem hefur verið gagnrýnt varðandi þessa nýju skólalöggjöf, er það, að yfirbyggingin sé svo mikið bákn. Nú verður a.m.k. ekki fram hjá því gengið, að í meðförum þingsins hefur verið gert nokkuð að því að draga úr yfirbyggingunni. Við leggjum t.d. til, að skólaráðgjafar falli niður. Við leggjum til, að fagnámsstjórar í hverju fræðsluumdæmi falli niður. Við leggjum til, að 46. gr. um 10 manna grunnskólaráð falli niður. Við drögum þannig mjög mikið úr yfirbyggingarbákninu. Það, sem við hins vegar látum standa og er nýtt, eru fræðsluráðin. En það er hluti af fræðslumálaskrifstofunni, sem er færður út á landsbyggðina og menn eru að hamast á móti og kalla það bara útibú frá ríkisvaldinu. Þetta er fengið í hendur héruðunum sjálfum til þess að hafa frekari stjórn á skólamálunum, og landshlutasamtökin eiga að ráða 5 af 7 í fræðsluráðunum. Menn eru ekki sjálfum sér samkvæmir, þegar þeir segjast vilja færa valdið út á landsbyggðina og hamast svo á móti þessu. — Ég er sannarlega sammála hv. 5. þm. Norðurl. v. um, að það beri að vanda vel slíka löggjöf sem þessa. En gagnrýni hans sum hver styðst ekki við veigamikil rök, t.d. þetta með stjórnunarbáknið. Við höfum dregið stórkostlega úr því samkv. okkar till., ef menn taka eftir þeim.

Við viljum fá aukið jafnrétti um alla fræðsluaðstöðu í landinu, og að því miðar þetta frv. stórkostlega og þá ekki síður frv. um skólakerfi. En ef við viljum hafa samræmda framkvæmd á jafnréttisgrundvelli um landið allt, verðum við að hafa eina sameiginlega yfirstjórn. Ef ekki er yfirstjórn, verður framkvæmdin á skólalöggjöfinni sitt með hverjum hætti. Og það er meginágallinn á því að fela sveitarfélögunum, mismunandi sterkum, fjárhagslega framkvæmd skólamálanna, að það mundi verða mjög mismunandi framkvæmd og veiku sveitarfélögin drægjust aftur úr, væru ekki fær um að veita sínum ungmennum jafngóða menntunaraðstöðu og fjársterkari sveitarfélögin. Ég hygg, að innra með sér hljóti gagnrýnendur málsins að viðurkenna þetta.

Þegar ég hafði upplýst áðan um áætlaðan aukinn kostnað af rekstri skólahaldsins í landinu að samþykktum þessum frv., sagði hv. 5. þm. Norðurl. v., að það lægju a.m.k. engar stofnkostnaðaráætlanir fyrir, og ég játa það, enda væri varla hægt að gera þær. Það fer eftir því, hve mikið byggingarkostnaður eykst, hversu fljótt verður ráðist í að byggja upp húsnæði fyrir hina nýju tækniskóla, bókasöfnin og annað fleira, sem er eitt af nýmælum þessa frv. Ég held, að það sé ómögulegt að gera áætlanir um þetta. Menn vita ekkert, menn renna blint í sjóinn um það, hver byggingarkostnaðurinn verður á þeim ýmsu tímum, sem framkvæmdirnar eiga sér stað á.

Menn hafa talað um það, að eitt ákvæði sé í frv., sem muni leiða af sér gífurlegan kostnað, jafnvel milljónatuga kostnað, það sé ákvæðið um, að það eigi í nýjum skólabyggingum og þar sem grundvallarendurbætur verði gerðar á skólahúsnæði að stefna að því, að til sé húsnæði til þess, að nemendur geti neytt máltíða og annast lestur námsgreina í staðinn fyrir heimanám. Ég legg ekki þann skilning í, að hér séu fyrirmæli um það að stofna til mötuneytis í hverjum skóla. Ég tel það rangan skilning og vil, að það komi fram, að það er ekki skilningur minn, að þetta séu fyrirmæli um, að það skuli stofna til mötuneytisaðstöðu við hvern einasta skóla. Ég tel það rangan skilning á þessum orðum, þegar

stendur, að stefnt skuli að því, að aðstaða sé í nýjum skólum og endurbyggðum skólum, til þess að menn geti neytt matar í skólahúsnæðinu. (Gripið fram í.) Til að neyta málsverðar og til þess að lesa í skólanum, fremur en að það sé á heimilunum. Það er eitt af því, sem veitir nemendum einna ójafnasta aðstöðu til náms, það er hin mismunandi aðstaða á heimilunum. Sumir hafa mjög lélega aðstöðu á sínu heimili til þess að stunda nám í ró og næði, en á öðrum heimilum er til þess hin prýðilegasta aðstaða. Það að færa þetta inn fyrir veggi skólanna er eitt af jafnréttisákvæðunum í frv.

Um meginágreiningin um skólaskylduna vil ég svo að lokum segja það, að með þeim breyt., sem gerðar hafa verið á frv., og raunar í frv. sjálfu er skólum á Íslandi breytt mjög í það horf, að þeir viðurkenni verklegt nám í miklu ríkari mæli en áður. Það er víða vikið að því, að verklegt nám skuli metið til jafns við bóklegt nám og þátttaka í atvinnulífinu skuli metin sem nám. Þetta eru nýmæli. Þetta er tilraun í þá átt að breyta skólunum á þann veg, að þeir séu betur við hæfi þeirra ungmenna, sem ekki eru einhliða vel fallin til bóklegs náms. Þar með verður dvölin í skólanum, vegna þess að þeir eru breyttar stofnanir, gagnlegri fyrir það fólk, sem ekki er hneigt til bóklegs náms.

Hér hefur verið spurt um það, af hvaða ástæðu komi ekki allir í skólana og af hverju séu 16—19%, sem verða utan skólanna, þegar skólaskyldunni sleppir. Það er vitanlega af mörgum ástæðum. Það er af því, að sumir nemendur eru fráhverfir áframhaldandi bóklegu námi, en kunna svo að iðrast þess margfaldlega síðar, eins og ég vék að áðan. Það er af því, að fjárhagsleg geta sé ekki til á heimilunum til þess í mörgum tilfellum. Úr því bæta ákvæðin í frv. um skólakerfi mjög, setja undir þann leka og tryggja að verulegu leyti, að mismunandi efnahagsleg aðstaða valdi því ekki, að menn verði að hverfa frá námi. Og svo hefur það verið óneitanlega fram að þessu víða, að skólaaðstaða hefur ekki verið í heimahéraði.

Með setningu þessara löggjafar er tekið á öllum þessum þáttum, auk þess sem skólunum er breytt meira í þá átt, að allir nemendur hafi þeirra not. Og markmiðið er þetta, að það verði sem fæstir úti á námsbrautinni, sem oft hefur komið fyrir, einmitt eftir að skólaskyldunni sleppir. Mér er ekki sama um þau 16—19%, sem hverfa frá námi, eftir að skólaskyldu sleppir, og ég veit það og ég sagði það áðan, að það hefur margur ungur maðurinn sárlega iðrast þess að hafa ekki haldið áfram eitt ár í viðbót til þess að öðlast prófréttindi til þess að halda áfram námi síðar. Það hefði jafnvel verið tilvinnandi fyrir þessa unglinga að hafa lagt á sig að vera í skóla einn vetur til. Og margan hef ég heyrt barma sér yfir því að hafa ekki gert það. Það má vel vera, að það skapist betri skólabragur, þegar þeir nemendur, sem eru minna hæfir til náms og hafa minni námslöngun, eru hafðir utan veggja. En hvar eru þeir betur komnir en í uppeldisstofnun og fræðslustofnun? Ég trúi ekki á, að þeir leiti betri mannbóta utan skólanna heldur en með því að vera í þeim.

Það er miklu þægilegra fyrir kennarana að losna við alla þá nemendur, sem ekki eru fluggáfaðir til bóklegs náms og ekki fullir af áhuga. Erfiðleikar kennarastarfsins eru fyrst og fremst í því að haga námi svo, að þeir nái einnig til þeirra nemenda, sem minni námsáhuga hafa og minni námsgetu. En kennararnir eiga ekki rétt á því að vera leystir frá þessum vanda, því að þeir eru einmitt til þess settir fyrst og fremst að bjarga þessu fólki ekki síður en hinum bóklega gáfuðustu.

Ég er alveg sannfærður um það, að maður eins og hv. 5. þm. Norðurl. v., ef hann athugar þetta mál, þá mundi hann harma það, ef 16—19% af ungmennum næðu ekki að ljúka grunnskólaprófi, vegna þess að þeim hafi ekki verið haldið fast að því að ná þessum áfanga, sem opnar allar leiðir til inngöngu í alla skóla framhaldsstigsins.

Ég skal ekki hafa þessi orð fleiri. Ég tel, að við höfum skipst á skoðunum um frv. í þeirri mynd, sem það er nú, og ég geri mér engar vonir um það, að við, hversu lengi sem við ræðum það, verðum sammála um alla hluti. Reynslan verður að skera úr, þegar þetta frv. hefur orðið að lögum, hvaða agnúar koma þá í ljós, og þá tekur Alþ. sig til og sníður þá af samkvæmt dómi reynslunnar.

Menntmrh. (Magnús T. Ólafsson): Herra forseti. Ég tel mig hafa gert grein fyrir afstöðu minni til hinna helstu brtt., sem teknar voru aftur við 2. umr. og koma nú fram á ný við 3. umr., þegar við 2. umr. og sé því ekki ástæðu til að víkja að þeim.

Ég sé ekki heldur ástæðu til eftir þær löngu umr., sem hér hafa farið fram, og þau skeleggu orðaskipti, sem átt hafa sér stað milli aðaltalsmanns þeirra, sem drepa vilja málinu á dreif, hv. 5. þm. Norðurl. v. og frsm. menntmn., hv. 3. þm. Vestf., um almenn grundvallaratriði, að fara að gera þau að umtalsefni enn einu sinni.

En það, sem sérstaklega kom mér til að leggja hér nokkur orð í belg enn á ný, voru ýmiss atriði, sem var sérstaklega til mín beint og aðallega þó í máli 5. þm. Norðurl. v. Hann fór um það mörgum orðum, hvað frv. um grunnskóla væri óþarflega langort, ítarlegt og mærðarmikið, eins og hann komst að orði, en hins vegar kvartaði hann sárlega yfir, að grg. væri ekki nógu rækileg um kostnaðaratriði. Ég hlýt að vísa því á bug, að hér sé svo léleg grein gerð fyrir kostnaðaratriðum, að ámælisvert sé. Hér er á 12 blaðsíðum þéttprentuðum gerð grein fyrir kostnaðarhlið málsins bæði í samfelldu máli og í mjög glöggum töflum. Það liggur þar fyrir reiknað út, hvað framkvæmd ákvæða frv. mundi kosta á verðlagi ársins 1972, en þm. eru svo kunnugir verðlagsþróun, að þeir gera sér fyllilega ljóst, að þær upphæðir yrði að reikna fram frá því, sem þar er talið. En ég vil vekja athygli á því, að í meðförum hv. menntmn. hefur verið dregið úr mannahaldi í ýmsum liðum og hefur þessi almenni kostnaður við starfrækslu grunnskólakerfisins rýrnað nokkuð af þeim sökum, og enn er ástæða til að vekja athygli á því, er menn tala um mikinn og nánast óbærilegan kostnað, að

hann á ekki að falla á fyrsta árið, eftir að þetta frv. væri afgr. sem lög. Hann kemur fram á árabili, og sérstök tafla í grg. fjallar einmitt um það, hvernig kostnaðaraukinn dreifist á framkvæmdaárin.

En meginaðfinnsla hv. 5. þm. Norðurl. v. var við það, að ekki væri gerð grein fyrir áhrifum þessa frv., ef að lögum yrði, á stofnkostnað grunnskólakerfisins. Að þessu er vikið í einum kafla grg. um kostnaðarhliðina, á bls. 87 í frv. Og þegar hv. þm. heldur því fram, að engin svör hafi fengist við spurningum hans um þetta efni, þá hlýt ég að telja, að það sé misminni, því að í fyrsta skipti, sem við hv. þm. áttum orðastað um þetta mál, vék hann að þessu sama og ég svaraði honum á sama hátt og ég hlýt að svara honum núna, með því að benda honum á þennan kafla í grg. um kostnað af grunnskólakerfinu. Sem sagt, kostnaðarauki hvað varðar stofnkostnað skólahúsnæðis er ekki stórkostlegur, vegna þess að 4. bekkur hverfur úr sögunni í staðinn fyrir þann skyldunámsbekk, sem við bætist. En nákvæma áætlun um stofnkostnaðinn er ekki hægt að gera, fyrr en liggur fyrir skipting landsins í skólahverfi, hvernig skólabyggingunum verði dreift, hvaða héruð sameinast um skólastaði. Niðurstaða í því máli bíður á afar mörgum stöðum og á töluvert víðlendum svæðum landsins eftir því, hver afgreiðsla grunnskólafrv. verður. Það veltur á því, hvaða byggðarlög sameinast um skólann, hver stofnkostnaðurinn verður, en grunnskólafrv. stuðlar einmitt að því, að sem stærst svæði, þar sem staðhættir leyfa, sameinist um skólabyggingar, einkum í hinum efri bekkjum grunnskólans. Því felst það í eðli málsins að mínum dómi, að grunnskólafyrirkomulagið á að tryggja hagkvæmni, bæði hvað varðar byggingarframkvæmdir, að einingarnar verði stærri en ella mundi og því tiltölulega ódýrari, og sömuleiðis vegna þess, að þar verði um að ræða skólaeiningar, sem geti nýtt til fulls kennslukrafta, sérhæfðra kennslukrafta, þá verði einnig mannahaldið tiltölulega ódýrara en það væri ella, ef ætti að láta í té jafngóða kennslu á miklu dreifðari skólastöðum. — Þetta eru hin almennu sjónarmið og hin almennu atriði, sem hljóta að ráða stofnkostnaðinum, en um hann getur ekki nokkur maður sagt og það er ekki hægt að krefjast þess, að hann liggi fyrir, fyrr en skólaskipanin hefur verið ákvörðuð í megindráttum, og eins og málum er háttað, bíður það á ýmsum stöðum eftir afgreiðslu grunnskólafrv.

Enn er eitt kostnaðaratriði, sem mjög hefur verið umtalað hér og einhverjir sögðu að kostaði a. m. k. hundruð millj. kr., ef ekki milljarða, og 3. þm. Vestf. vék nokkuð að því í sínu máli, þ. e. breyt., sem gerð var við 2. umr., að breyta einni málsgr. 25. gr. í þá veru, að við gerð nýs skólahúsnæðis og endurbætur eldra húsnæðis skal séð fyrir aðstöðu fyrir nemendur til náms utan kennslustunda og til að neyta málsverðar. Þarna var í frv. upphaflega talað um, að stefnt skuli að því að sjá fyrir þessari aðstöðu, en nú er þetta gert að skyldu, og því hefur verið haldið fram, að þetta valdi gífurlegum aukakostnaði. Slíkt er mælt af vanþekkingu á, hvað um er að ræða, eða misskilningi. Það er ekki um það að ræða að setja upp fullkomið mötuneyti með eldhúsi í hverjum og einum skóla. Það er um það að ræða að koma upp aðstöðu fyrir nemendur til að neyta nestis, að koma upp borðkrók. Og þetta er gert í hverjum einasta skóla, sem nú er byggður. Þetta er ekki ný viðbót, sem ekki hefur komið til sögunnar áður, þetta er gert í hverjum og einum nýjum skóla. Það er líka í öllum nýjum skólum, sem nú er stofnað til, gert ráð fyrir aðstöðu fyrir nemendur til náms utan kennslustunda. Þetta er ekki skylda, en þykir svo sjálfsagt, að hverjir sem standa að skólabyggingu taka þetta með í sínar áætlanir og í sínar teikningar. Það, sem kæmi þarna hugsanlega nýtt til, er, að það væri skylda að sjá fyrir þessu, þegar verið er að gera endurbætur á eldra húsnæði, en það yrði ekki liður, sem næmi hundruðum millj., hvað þá heldur milljarði, eins og hér var nefnt.

Í kaflanum um stofnkostnað í kostnaðargrg. er vikið að því atriði að gera ráð fyrir fullkominni aðstöðu nemenda til undirbúnings undir kennslu næsta dags, hvaða áhrif þetta hafi á byggingarkostnaðinn, og það er talið eftir athugun í byggingardeild menntmrn., að þetta auki húsnæðisþörf skóla í þéttbýli um 10% frá svokölluðum „normum“ um skólabyggingar. Og þetta er kostnaður, sem, eins og ég sagði, er hvarvetna tekinn með, þar sem nýbyggingar eru nú á döfinni, og yrði tekinn með í langflestum tilvikum, þori ég að fullyrða, þótt ekki væri sett þetta ákvæði. — Þetta er það sem ég vildi að kæmi hér fram um kostnaðarliðina.

Það er svo margt, sem á góma hefur borið, að ég tel ekki ástæðu til að rekja nema örfá atriði. T. a. m. í aðfinnslunum við því, að verið sé að gera kennara og skólastjóra ómynduga eða gera ráð fyrir, að þeir séu varla með réttu ráði, — skynlausar skepnur, kallaði víst einhver, að miðað væri við, — hefur mjög verið rætt um ákvæðin í 55. gr. og þá látið líta svo út sem þar væri um það að ræða, að þar sem settar eru allnákvæmar reglur um meðferð ákveðinna vandamála í skólum, þá eigi það við hvað sem á bjátar, hvaða smámuni sem upp koma í skiptum kennara við nemendurna. Þetta er algjör mistúlkun á 55. gr. Þar er aðeins við það átt, hvernig með skuli fara, þegar upp koma svo alvarleg mál, að brottrekstur úr skóla kemur til greina sem viðurlög. Það eru sem betur fer ekki mjög tíð atvik, en þau eru mjög viðkvæm og mjög vandmeðfarin. Það hef ég margsinnis fengið að reyna, að þar er um að ræða eitthvert erfiðasta atriðið í skólastörfum, þegar slíkir árekstrar eiga sér stað. Og vegna þess, hve viðurlögin eru alvarleg, og vegna þess, hve málin eru viðkvæm fyrir þá nemendur, sem í hlut eiga, og aðstandendur þeirra, þótti rétt að setja þessi nákvæmu fyrirmæli, og þau eru sett einmitt að undirlagi manna, sem þekkja þetta frá hlið kennarans og skólastjórans og vita, hver styrkur þeim er við meðferð slíkra mála að hafa nákvæm ákvæði um málsmeðferðina við að styðjast. Hliðstæðan við þetta er meðferð brotamála. Hér er fjallað um hin alvarlegustu atvik, sem upp koma. Þess vegna eru ákvæðin svona nákvæm. — Og þannig mundi fara um fjöldamörg önnur slík ákvæði, sem ámælum hafa sætt hér, koma

mundi í ljós við nánari athugun, að þau eru ekki sett af hótfyndni, heldur að athuguðu máli og eiga sér rök og réttlætingu.

Hv. 5. þm. Norðurl. v. fullvissaði hv. d. um það, að fyrir honum og meðflm. hans að rökstuddri dagskrá, sem fyrir liggur, vekti fyrst og fremst að koma þessu máli í sem æskilegast form. Mér heyrist nú á máli hans stundum, að hann geri ráð fyrir, að ef 7 menn úr hv. d. setjist niður í staðinn fyrir þá menntmn., og fari að betrumbæta þeirra verk, þá muni allt komast í lag. — Ég efast um, að jafnvel þótt ákvæðin væru rituð með logandi vendi erkiengilsins Gabríels, þá teldi hv. þm. komið fullnægjandi form á þetta frv. Mér virðist hann leita að alfullkomnu frv. um skólafyrirkomulag. Það hef ég aldrei gert mér í hugarlund, að væri á færi nokkurra manna að setja allsherjarlöggjöf um skyldunám, sem væri svo alfullkomin, að enginn gæti þar fundið á blett eða hrukku, og það mundu ekki nýir 7 hv. alþm. gera.

En aðrir flm. hinnar rökstuddu dagskrár gerðu nokkuð aðra grein fyrir tilgangi sínum með flutningi hennar, t. a. m. hv. 3. landsk., sem reyndar hafði tækifæri til þess á síðasta þingi, þegar hann var form. hv. menntmn., að láta til sín taka og laga það, sem hnan telur vankanta á grunnskólafrv., en gerði ekki. Hann virtist telja, að þessu máli ætti bara að ýta til hliðar, en í staðinn snúa sér að því að laga til á framhaldsskólastiginu, sérstaklega í verknáminu og verkmenntuninni. Síst skal ég á móti því bera, að þar er margt, sem úrbóta þarf og laga verður. En undirstaðan undir fjölmörgum umbótum þar er einmitt sú samtenging skyldunámsins og framhaldsnámsins, sem er eitt helsta markmið þeirra frv., sem við höfum rætt hér í dag. Einn mesti þrándurinn í götu allra umbóta, sem verulega kveður að í verkmenntuninni, er einmitt, hversu nemendurnir koma misjafnlega undirbúnir úr skyldunámi eða af þeim skólastigum, sem nú taka við af því. Þarna verður að leggja grunninn fyrst, þá er hægt að byggja vel og skynsamlega ofan á hann.

Hv. 3. þm. Norðurl. v. virtist nú aðallega krefjast þess, að menntmrn. sneri sér að því að stemma stigu við hjónaskilnuðum, og taldi það mundi helst úrræði til að bæta úr því, sem aflaga færi í skólunum. Auk þess sem ég viðurkenni ekki þetta sjónarmið, verð ég að benda á, að það er allt annað rn. en menntmrn., sem um hjúskaparlöggjöfina fjallar.

En að lokum vildi ég segja það, að hér hafa mörg lofsyrði fallið í ræðum þeirra, sem finna grunnskólafrv. margt til foráttu, um löggjöfina frá 1946 um skyldunám og verið vitnað mjög til hennar sem fyrirmyndar. Síðast vék hv. 5. þm. Norðurl. v. að þessu í lok málsins og tók síðan að ræða um þörfina á því, að þessu máli yrði enn frestað, til þess að allir mættu ná samstöðu og algjöru samkomulagi á Alþ. um afgreiðslu málsins. En var löggjöfin frá 1946 afgreidd með algjörri samstöðu? Ég held nú ekki. Sú löggjöf var afgreidd eftir mjög harðar deilur, og þær deilur stóðu árum saman, eftir að hún var gengin í gildi og farið að framkvæma hana. Við getum talað til dómsdags, án þess að verða í öllum greinum sammála um fyrirkomulag skyldunáms í landinu. En þetta mál er búið að undirbúa það rækilega og ræða það ítarlega, að ég tel, að nú sé tíminn kominn fyrir Alþ. að segja af eða á, gera á því þær breyt., sem það telur réttar vera, og ganga síðan til atkv. um málið í heild.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Neðri deild, 108. fundur.

Fimmtudaginn 18. apríl, kl. 2 miðdegis.

Skólakerfi, frv. (þskj. 675, 714). — Frh. 3. umr.

ATKVGR.

Till. á þskj. 714 um að vísa frv. til ríkisstj. felld með 21:16 atkv.

Frv. samþ. með 23:2 atkv. og afgr. til Ed.

Grunnskóli, frv. (þskj. 676, 530,1,7,8,9,15,17.c, 27, 680, 681, 687, 712, 713). — Frh. 3. umr.

ATKVGR.

Rökstudd dagskrá á þskj. 713 felld með 21:16 atkv.

Brtt. 530, 1 tekin aftur.

— 712 felld með 19:16 atkv.

— 687, 1 samþ. með 21:15 atkv. að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: StefG, SV, SvJ, VH, ÞÞ, BGr, EðS, EystJ, GÞG, HES, HV, IG, JSk, JónasÁ, JJ, KP, LJós, MK, ÓlJ, PP, GilsG.

nei: SvH, BP, EBS, FÞ, EKJ, GTh, IngJ, BK, LárJ, ÁS, MÁM, ÓE, PJ, GB, RH.

BGuðn greiddi ekki atkv.

3 þm. (ÁÞ, GS, GuðlG) fjarstaddir.

Brtt. 530,7 felld með 21:13 atkv.

— 681 felld með 16:10 atkv.

— 530, 8—9 kom ekki til atkv.

— 687,2 felld með 23:14 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: EystJ, HV, IG, JSk, JónasÁ, KP, LJós, MK, ÓlJ, SV, SvJ, ÞÞ, EðS, GilsG.

nei: EBS, FÞ, EKJ, GTh, GÞG, HES, IngJ, BK, JJ, LárJ, ÁS, MÁM, ÓE, PJ, PP, GB, RH, StefG, SvH, VH, BGr, BGuðn, BP.

3. þm. (GS, GuðlG, ÁÞ) fjarstaddir.

Brtt. 530,15 kom ekki til atkv.

— 687,3 samþ. með 24 shlj. atkv.

— 687,4 samþ. með 21 shlj. atkv.

— 530,17. c felld með 18:16 atkv.

— 687,5 samþ. með 20:1 atkv.

— 687,6 samþ. með 22 shlj. atkv.

— 680 samþ. með 20:14 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: EystJ, FÞ, GTh, HES, IG, JónasÁ, JJ, LJós, MK, ÓlJ, GB, RH, StefG, SV, SvJ, VH, ÞÞ, BGr, EðS, GilsG.

nei: EKJ, GÞG, IngJ, BK, JSk, KP, LárJ, ÁS, MÁM, ÓE, PJ, PP, BGuðn, EBS.

HV, BP greiddu ekki atkv.
3. þm. (GS, GuðlG, ÁÞ) fjarstaddir.
Brtt. 530,27 tekin aftur.
— 687,7 samþ. með 26 shlj. atkv.
Frv., svo breytt, samþ. með 22:3 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu
já: SvJ, VH, ÞÞ, BGr, EðS, EBS, EystJ, GÞG, HES, HV, IG, JSk, JónasÁ, JJ, KP, LJós, MK, ÓlJ, PP, StefG, SV, GilsG.
nei: BGuðn, BP, PJ.
SvH, FÞ, EKJ, GTh, IngJ, BK, LárJ, ÁS, MÁM, ÓlJ, GB, RH greiddu ekki atkv.
3 þm. (ÁÞ, GS, GuðlG) fjarstaddir.
Frv. afgr. til Ed.

Sameinað þing, 75. fundur.

Fimmtudaginn 18. apríl, að loknum fundi í neðri deild.

Öryggis- og varnarmál, þáltill. (þskj. 677). — Hvernig ræða skuli.

Að till. forseta var ákveðin ein umr.

Nýting innlendra orkugjafa, þáltill. (þskj. 624). — Fyrri umr. — Skýrsla iðnrh. um nýtingu innlendra orkugjafa (þskj. 562).

Heilbr.- og trmrh. (Magnús Kjartansson): Herra forseti. Í haust, þegar sýnt var, hver þróun væri framundan í olíumálum, bæði olíuskortur og mjög stórfelldar verðhækkanir olíu, sem flestir fróðir menn töldu, að væru komnar til frambúðar, þótti mér einsætt, að okkur Íslendingum bæri að endurskoða öll áform okkar um nýtingu innlendra orkugjafa í stað innfluttrar olíu, þar sem hægt væri að koma því við, og flýta öllum framkvæmdum á því sviði. Ég ræddi þessi mál við Orkustofnun og óskaði eftir því, að hún hefði frumkvæði um þetta mál. Hún taldi sig skorta mannafla til að vinna þetta verk með jafnskjótum hætti og ég hafði óskað eftir, og varð því að ráði að fela Verkfræðiskrifstofu Sigurðar Thoroddsen að framkvæma könnun á því, hvernig unnt væri með sem skjótustum hætti að nýta innlenda orkugjafa í stað olíu til húshitunar og annarra þarfa, í samráði við Orkustofnun, Hitaveitu Reykjavíkur, Framkvæmdastofnun og aðra aðila. Jafnframt fór ég þess á leit við Seðlabankann, að hann léti vinna fjármögnunaráætlun í sambandi við þessa athugun. Ég óskaði jafnframt eftir því, að það yrði lögð fram framvinduskýrsla um þróun þessa máls það tímanlega, að hægt væri að leggja hana fyrir Alþingi, svo að hv. alþm. fengju sem gleggsta grg. um, hvernig þessi mál stæðu, og unnt væri að marka stefnu um það, hvernig á þessum málum yrði haldið framvegis. Skýrslan um nýtingu innlendra orkugjafa í stað olíu hefur legið hér fyrir um nokkurt skeið, og ég vil leyfa mér að fara yfir ýmis atriði úr henni. Helstu niðurstöður skýrslunnar eru þessar:

Um áramótin 1972—1973 nutu um 46% þjóðarinnar jarðvarma til húshitunar, og er hlutur Hitaveitu Reykjavíkur þar langmestur, um 7% nutu rafmagnshitunar og um 47% hituðu hús sín með olíu. Þegar olíuhitun hefur verið útrýmt með öllu og tekin hefur verið upp hitun með jarðvarma eða raforku, er væntanleg skipting þannig, að um 66% landsmanna njóta hitunar með jarðvarma, en um 34% með raforku. Nokkrir staðir eru þannig settir, að vafi leikur á, hvort þeir skuli hitaðir með jarðvarma eða raforku, en heildarskiptingin breytist ekki að marki, hvort heldur verður.

Olíunotkun landsmanna til húshitunar árið 1972 var um 180 millj. lítra, þar af tæp 10% svartolía. Á útsöluverði olíu til húshitunar í dag er notkunin 1972 um 2000 millj. kr., og er því ljóst, að hér er um mikið hagsmunamál að ræða að geta skipt yfir til ódýrari orkugjafa auk þess öryggis, að Íslendingar sjálfir ráði orkugjöfum sínum, en þurfi ekki að vera háðir innflutningi.

Ætla má, að fyrirsjáanlegar jarðvarmaveitur geti að mestu verið komnar í full not um áramótin 1976 og 1977, miðað við, að þeim framkvæmdum verði tryggð nægileg fyrirgreiðsla fjárhagslega. Öðru máli gegnir hins vegar um uppbyggingu raforku til hitunarmarkaðar. Þar er um mjög tímafrekar framkvæmdir að ræða, bæði nýbyggingu virkjana og endurbyggingu dreifikerfa með tilliti til aukins álags vegna rafhitunar. Er vart hægt að búast við, að aukning rafhitunar verði meiri en svo, að í árslok 1981 verði um 80% af áætluðum heildarmarkaði rafhitunar tengdur.

Niðurstöður útreikninga á kostnaði húshitunar með mismunandi orkugjöfum eru þær helstar, að miðað við olíuverðið 11.50 kr. á lítra og 60% brennslunýtni olíunnar má rafhitunin í nýjum húsum mest kosta um 2.50 kr. á kwst. og hitaveita um 2.10 kr. á kwst., sem samsvarar um 95 kr. á rúmmetra vatns, miðað við 40 stiga hitafall, til að jafngildur hitunarkostnaður olíu fáist. Er þá innifalið í orkuverðinu mælaleiga og heimtaugargjald. Til samanburðar má taka virkjun með stofnkostnað 40 þús. kr. kw., sem er nálægt stofnkostnaði Sigölduvirkjunar, og nýtingarstundir hitunarálags í virkjun 4 þús. stundir á ári, og þá verður orkukostnaður hjá neytanda 1.70 kr. á kwst. eða 20—30% lægri en hitun með olíu, eftir því, hvort um er að ræða gömul eða ný hús. Helstu hitaveitur, sem fyrirhugaðar eru utan Reykjavíkur, hafa orkukostnað hjá notanda 1—1.20 kr. á kwst. eða 50—60 kr. á rúmmetra vatns. Ef miðað er við 1.20 kr. á kwst., er það verð 30—40% ódýrara en hitun með olíu.

Af þessum niðurstöðum má vera ljóst, að mjög hagkvæmt er fyrir landsmenn að stefna að útrýmingu olíuhitunar, þar eð álit manna er, að olíuverð lækki ekki að neinu marki frá núverandi verði hér. Hins vegar má benda á, að búast má við verulegum hækkunum á byggingarkostnaði á næstunni, og hefur sú hækkun veruleg áhrif á þennan samanburð, þar eð kostnaður hitaveitu og raforkuframkvæmda fylgir að mestu leyti byggingarvísitölu, en olíuverð er háð öðrum þáttum.

Áætlanir um hitaveituframkvæmdir liggja nú

fyrir um flesta þá staði, sem til greina koma. Þær eru þó mislangt komnar. Sumar eru aðeins frumáætlanir, aðrar eru fullhannaðar. Til þess að unnt sé að standa við þær áætlanir, sem nú liggja fyrir um hitaveituframkvæmdir, er nauðsynlegt, að framkvæmdum sé veitt öll sú fjárhagslega fyrirgreiðsla, sem unnt er. Á þessu ári er áætlað, að fjárfesting í hitaveituframkvæmdum verði um 900 millj. kr., á næsta ári um 1600 millj. kr. og á árinu 1976 1250 millj. kr. eða samtals um 3750 millj. kr. Munu þá um 45 þús. manns fá hitaveitu. Fjárfrekustu framkvæmdirnar eru hjá Hitaveitu Reykjavíkur og hitaveitu frá Svartsengi, og jafnframt eru þær veitur með hagkvæmast orkuverð. Eins og kunnugt er, er búið að ganga frá fjármögnun hjá Hitaveitu Reykjavíkur að fullu, þannig að þar á ekki að vera um neinn fjármagnsvanda að ræða.

Á þessu árabili, sem ég nefndi áðan, er áætlað, að lokið verði við þær veitur, sem nú eru taldar hagkvæmar, þ. e. a. s. um nágrannabyggðir Reykjavíkur, Suðurnes, Akranes, Borgarnes, Blönduós, Siglufjörð, Eyrarbakka, Stokkseyri og Þorlákshöfn. Einnig má búast við, að áframhaldandi rannsóknir á hitasvæðum í nánd við þéttbýli leiði í ljós hagkvæmni á hitaveitum, þar sem vafi leikur á um hagkvæmni nú. Mikil nauðsyn er því á, að jarðhitarannsóknir verði styrktar mjög, til þess að sem fyrst verði hægt að skera úr um með fullri vissu, hvar um nýtanlegan jarðvarma sé að ræða. Má sem dæmi nefna möguleika á að nýta varma úr nýja hrauninu í Vestmannaeyjum til húshitunar og einnig nýtingu jarðvarma við Mývatn til upphitunar á Akureyri, en frumathugun á því bendir til, að þann möguleika þurfi að kanna nánar. Áætlanir um framkvæmdir til að auka rafhitun í landinu eru skammt á veg komnar, sérstaklega hvað viðvíkur breytingu dreifikerfa vegna aukins orkuflutnings.

Sigölduvirkjun, Lagarfossvirkjun og stækkun Mjólkárvirkjunar eru nú þegar í byggingu, og auk þess er unnið að því að hefja undirbúning að lögn byggðarlínu frá Hvalfirði til Varmahlíðar á þessu ári, einnig styrkingu dreifikerfa vegna rafhitunar, þar sem brýnust nauðsyn er. Lausleg áætlun um kostnað við tengilínur milli landshluta og breytingar á dreifikerfum er um 4000 millj. kr., og er áætlað, að unnt sé að tengja um 80% af fullum rafhitunarmarkaði í árslok 1981. Ástæðan til þess, að ekki er talið, að hægt sé að hraða mettun markaðsins umfram þetta, er hin mikla fjárfesting og einnig mannaflaþörf við þessa vinnu, sem að stórum hluta krefst sérhæfðs vinnuafls.

Forsenda aukinnar rafhitunar er, að áfram verði haldið við virkjunarframkvæmdir og rannsóknir á nýtilegum virkjunarstöðum. Einnig er nauðsynlegt að stefna að tengingu alls landsins í eitt kerfi og jafnframt að auka öryggi hvers landshluta gagnvart bilunum í raforkukerfinu.

Könnun sú, sem ég hef hér rætt um, hefur aðallega beinst að húshitunarmálum, en enn sem komið er tiltölulega lítið að öðrum þáttum olíunotkunar. Hins vegar skipaði ég nefnd á s.l. hausti til að kanna, hversu hagkvæmt það kynni að vera að nýta rafmagn til grasköglagerðar eða framleiðsla á grasköglum yrði aukin til mikilla muna frá því, sem nú er, og stefnt að því marki, að við framleiddum hér allt það, sem unnt er að framleiða í landinu af fóðurbæti. Slík notkun rafmagns til heykögglagerðar yrði mjög góð jafnhliða notkun rafmagns til húshitunar, þar eð húshitun yrði minni á sumrin, þegar heykögglar eru í framleiðslu. Hins vegar eru ýmis tæknileg vandamál við rafþurrkun heyköggla, þannig að á þessu stigi málsins er ekki unnt að segja til um þennan nýtingarmöguleika. Einnig hefur verið gerð áætlun um notkun jarðvarma til grasköglavinnslu, og virðist slík notkun vera hagkvæm á sama hátt vegna notkunar á heitu afgangsvatni á sumrum, þegar lítil húshitun er. En sem dæmi um það, hversu mikill þessi markaður kann að vera, er rétt að geta þess, að nefndin telur, að til þess að tífalda heykögglaframleiðslu, sem talið er, að markaðurinn þurfi á að halda, mundi þurfa afl, sem jafngildir 50 mw., þannig að samtenging á þessu verkefni og húshitun kann að reynast mjög hagkvæm og tryggja mikla nýtingu á þeirri raforku, sem framleidd er. Eins má benda á, að á svipaðan hátt og við þurrkum gras með rafmagni mætti þurrka fiskmjöl, en tilraunir á því er nauðsynlegt að gera, áður en unnt er að fullyrða um hagkvæmni þeirrar notkunar.

Á flestum öðrum sviðum olíunotkunar er óhægara um vik að nýta innlenda orku, en aðalorkunotkun önnur er til skipa, bifreiða og flugvéla.

Eins og fyrr segir, er skýrslan könnun á húshitunarmálum landsmanna, og hefur athugunin verið látin ná til landsins alls. Hérlendis er nýtt til húshitunar þrenns konra orka: jarðvarmi, raforka og olía. Hefur verið mikill og vaxandi áhugi á undanförnum árum á aukinni nýtingu jarðvarma og raforku til húshitunar, og þessi áhugi hefur að sjálfsögðu aukist til mjög mikilla muna, eftir að þeir atburðir gerðust, sem urðu á s.l. hausti í sambandi við framboð og verðlag á olíu. Hafa verið fluttar hér á þingi mjög margar till. nú í vetur um þetta efni, sem eru til marks um það, að þm. gera sér ljóst, að hér er um að ræða ákaflega mikið og ákaflega brýnt vandamál. Jarðvarmi á hinum svokölluðu lághitasvæðum landsins er mjög vel nýtanlegur til húshitunar, og er orkan mjög ódýr á sjálfum jarðvarmastöðunum. En til þess að nýta megi varmann er nauðsynlegt, að fjarlægð til notenda sé ekki mjög mikil, þar eð flutningur á heitu vatni langar vegalengdir er dýr. Jarðvarma með hitastig undir 100°C er mjög erfitt að breyta í annað en varmaorku, en á háhitasvæðum landsins, þar sem hitastig er talsvert hærra, er unnt að breyta varmaorkunni í raforku, sem auðvelt er að flytja langar vegalengdir. Þar sem jarðvarmi er nálægt þéttbýli, er því eðlilegt að leggja áherslu á að nýta hann til upphitunar húsa, ef hann er kostnaðarlega sambærilegur við rafhitun.

Í þeirri skýrslu, sem hér liggur fyrir prentuð, er sérstakur kafli um húshitun, þar sem gerð er grein fyrir ýmsum grundvallarstaðreyndum, sem ég sé ekki ástæðu til að rekja nú. Þar koma m.a. þær staðreyndir, sem ég gat um áðan, að

46% þjóðarinnar hafa jarðvarma til húshitunar, eins og nú er, aðeins 7% rafmagnshitun, en um 47% hita hús sín með olíu.

Í töflu 1 á bls. 5 er sýnt, hvernig er núverandi skipting húshitunar, líkleg skipting og loks líkleg endanleg skipting. Þar kemur það fram, að á Suðurlandi er spáin sú, að 6370 manns fái jarðvarmahitun, en 12013 raforkuhitun, á Reykjanesi fái 117 þús. jarðvarmahitun, en 7947 raforkuhitun. Í Mýra- og Borgarfjarðarsýslu fái 5460 jarðvarmahitun, en 2503 raforkuhitun, á Snæfellsnesi og Dalasýslu 20 jarðvarmahitun, en 5439 raforkuhitun, á Vestfjörðum 450 jarðvarmahitun, en 9475 raforkuhitun, á Norðurlandi vestra 4500 jarðvarmahitun, en 5387 raforkuhitun, á Norðurlandi eystra 5200 jarðvarmahitun, en 17500 raforkuhitun, og loks á Austurlandi 500 manns jarðvarmahitun, en 10972 raforkuhitun.

Þá er kafli, sem fjallar um upphitað húsrými, og er gerð grein fyrir því, það er á bls. 6, og í töflu 3 er svo fjallað um rúmmál mannvirkja í nokkrum þéttbýlisstöðum, og á þeirri síðu er bent á þá athyglisverðu staðreynd, að heildarorkunotkun landsmanna árið 1972 var áætluð nettó um 5870 gwst., en þar af er áætlað, að hafi farið til húshitunar um 2530 gwst. eða hvorki meira né minna en 43% af heildarorkunotkuninni. Á bls. 8 eru frekari töflur um þetta sama efni. Loks er tafla á bls. 9 um væntanlega skiptingu olíuhitunar miðað við notkun 1972, og þar kemur fram, að á Suðurlandi er gert ráð fyrir, að 34 gwst. verði með jarðvarma, en 98 gwst. með rafhitun, á Reykjanesi 396 gwst. með jarðvarma, en aðeins 27 með rafhitun, á Vesturlandi 64 gwst. með jarðvarma, en 66 með rafhitun, það skiptist sem sé til helminga, á Vestfjörðum aðeins 4 gwst. með jarðvarma, en 86 með rafhitun, á Norðvesturlandi 27 gwst. með jarðvarma og 46 með rafhitun, á Norðausturlandi 7 gwst. með jarðvarma, en 112 með rafhitun, og á Austurlandi 6 gwst. með jarðvarma og 97 með rafhitun, þannig að sérstaklega Vestfirðir, Norðausturland og Austurland eru ákaflega háð því að fá raforku til hitunar á híbýlum manna.

Í 4. kafla þessarar skýrslu er fjallað um húshitunarkostnað og viðmiðunarverð raforku og hitaveitu við olíu. Ég ræddi áðan, hverjar væru þar meginniðurstöður, að það væri hagkvæmara að nýta raforku svo að næmi 20—30%, en jarðvarma 30—40%.

Í 5. kafla er fjallað um hitaveituframkvæmdir, og er þar rakið, að leit að nýju heitu vatni að Reykjum í Mosfellssveit hefur borið mjög góðan árangur. Talið er, að heita vatnið þar nægi til þess að hita upp nágrannabæina Hafnarfjörð, Garðahrepp og Kópavog auk viðbótarbyggðar í Reykjavík vel fram yfir árið 1980. Áætlað er að ljúka við boranir og allar virkjunarframkvæmdir á svæðinu árið 1976. Hitaveita Reykjavíkur gerði samning við Kópavog 1973 og við Hafnarfjörð sama ár um lögn og rekstur hitaveitu í þessum bæjum. Í samningunum er gert ráð fyrir, að lögn dreifikerfis og aðveitu fyrir þessa bæi verði lokið í árslok 1976, og jafnframt hafa samningar nú fyrir skömmu verið gerðir við Garðahrepp um lögn hitaveitu þar. Gert er ráð fyrir, að austurhluti Kópavogs tengist hitaveitu á þessu ári, en vesturhlutinn árið 1975. Byrjað verður á að tengja aðalæð til Hafnarfjarðar á þessu ári og dreifikerfi í fyrsta hluta Hafnarfjarðar, norðurbæ og nágrenni. Lokið verður við tengingu dreifikerfa á árinu 1975 og 1976, en tengja á hitaveituna árið 1975. Að því er samning Garðahrepps varðar mætti tengja hreppinn á árunum 1975 og 1976. Í Reykjavík er áætlað að tengja dreifikerfi í ýmis ný hverfi, sem byggjast munu, og gætir þar mest framkvæmda í Breiðholti.

Ofangreindar framkvæmdir Hitaveitu Reykjavíkur nema alls 1626 millj. kr. á þessum þremur árum á verðlagi miðað við nóvember í fyrra. Framkvæmdaáætlun er mjög hröð, og möguleikar á að flýta þessum framkvæmdum virðast ekki vera miklir. Kemur þar sérstaklega til mannafla- og tækjaskortur verktaka á þessu sviði. Mikla áherslu verður að leggja á, að áætlun framkvæmda verði haldið. Vegna almennrar spennu á vinnumarkaði gæti þurft að seinka öðrum framkvæmdum og veita hitaveitufframkvæmdum forgang.

Eins og ég gat um áðan, var búið að ganga frá fjármögnun þessara framkvæmda, og hefur þar verið gengið frá málum á ákaflega hagkvæman hátt fyrir Hitaveitu Reykjavíkur. Hún getur fjármagnað þessar nýju framkvæmdir að meiri hluta til fyrir eigin tekjur, en tekur lán, sem nema tæpum helmingi af framkvæmdunum. Ég hef rætt þessar framkvæmdir við borgarstjórann í Reykjavík, og okkur hefur komið saman um að ráðgast um það, hvernig hægt sé að hraða þessum framkvæmdum, og hafa um það sem besta samvinnu að leysa úr vandamálum, sem upp kunna að koma í sambandi við þær.

Í áætlun Orkustofnunar frá 1973 er gert ráð fyrir virkjun háhitasvæðis við Svartsengi til þess að mynda sameiginlega varmaveitu fyrir þéttbýlisstaði Suðurnesja. Áætlað er að leggja varmaveitu í fyrsta áfanga til Grindavíkur, Keflavíkur, Njarðvíkur, Sandgerðis og Gerða, en í síðari áfanga til flugvallarsvæðisins á Miðnesheiði. Orkuþörf flugvallarsvæðisins er áætluð rúmlega tvisvar sinnum orkuþörf þéttbýlissvæðanna allra. Varmaveita þessi næði til 96% af öllum íbúum Suðurnesja. Orkustofnun gerir ráð fyrir að ljúka öllum rannsóknum Svartsengissvæðisins upp úr miðju þessu ári. Þá fyrst verður unnt að segja til um orkugetu svæðisins og endanlega gerð varmaskiptistöðvar. Hönnun flutningsæða og dreifikerfa til þéttbýlis ætti að verða langt komin í lok þessa árs og gæti útboð því hafist upp úr miðju þessu ári. Möguleiki er á því að tengja hluta Grindavíkur við veitu þegar í byrjun næsta árs. Njarðvík og Keflavík mætti tengja í árslok 1975 og fyrri hluta árs 1976, en Sandgerði og Gerðar ná varla að komast inn á kerfið fyrr en seinast á árinu 1976.

Engin áætlun hefur enn verið gerð um tengingu flugvallarsvæðisins. Hins vegar hafa farið fram viðræður milli ríkisstj. og sveitarfélaganna á Suðurnesjum um stofnun sameiginlegs hitaveitufyrritækis, sem nefndist Hitaveita Suðurnesja, og hefur þar verið rætt um, að ríkissjóður ætti um helming í þessu fyrirtæki vegna Keflavíkurflugvallar. Þetta er þó enn á umræðustigi og ekki búið að ganga frá því á neinn hátt, en þarna verður að sjálfsögðu að hafa hraðan á,

til þess að það taki því að ráðast í framkvæmdir, eftir því sem endanlegar rannsóknir liggja fyrir.

Þessi áætlun, sem ég var að nefna áðan um framkvæmdahraðann, er því enn þá óviss og erfitt að segja alveg endanlega fyrir um, hvort hægt sé að framkvæma þetta eða í hvaða áföngum endanlega. Ef til vill er möguleiki að flýta hönnun verksins, til þess að unnt verði að bjóða út efni í veituna fyrr en nú er ráðgert, en afgreiðslufrestur á efni ásamt mannafla og tækjakosti gæti orðið til þess að tefja framkvæmdahraðann.

Þá hefur verið gerð frumáætlun um hitaveitu fyrir Borgarnes og Akranes með virkjun Deildartunguhvers í Borgarfirði. Gert er ráð fyrir 30 km asbestleiðslu að Seleyri gegnt Borgarnesi, en tengt yfir í Borgarnes á fyrirhugaðri brú milli Seleyrar og Borgarness. Hvanneyri yrði tengd aðalleiðslu með 5 km lögn. Leiðsla frá Seleyri til Akraness yrði 26 km löng. Virkjun þessi virðist hagkvæm bæði fyrir Borgarnes og Akranes.

Ráðgerð er borun að Leirá nú í vor til að athuga möguleika á heitu vatni þar fyrir Akranes. Leiðsla þaðan yfir á Akranes yrði aðeins um 15 km, og ef nægilegt vatn fengist þar, yrði sú veita vafalaust hagkvæmari en veitan frá Deildartungu.

Hönnun aðfærsluæðar til Borgarness er háð því, hvort Borgarnes fær vatn frá Leirá eða frá Deildartungu. Sennilega verður ekki úr því skorið fyrr eða síðar á þessu ári. Það ætti þó ekki að tefja framkvæmdir. Hins vegar er tenging við Borgarnes háð brúargerð yfir Borgarfjörð, þar sem áætlað er, að aðfærsluæðin liggi á búnni. Talið er ósennilegt, að brúin verði tilbúin fyrr en sumarið 1976. Tengingartími við Borgarnes takmarkast því sennilega af hraða brúargerðarinnar, því að unnt ætti að vera að ljúka öðrum framkvæmdum seint á árinu 1975.

Boranir standa nú yfir á Reykjum við Reykjabraut sunnan við Blönduós. Líkur eru á hagkvæmum niðurstöðum þar, en framkvæmdir við hitaveitu Blönduóss eru háðar þeim. Möguleikar ættu að vera á lagningu aðalæða til Blönduóss fyrir næsta vetur og tengingu við sjúkrahús og skóla, ef niðurstöður borana verða jákvæðar. Allur bærinn yrði síðan tengdur sumarið 1975.

Fyrir liggur áætlun um hitaveitu á Siglufirði, gerð af Vermi 1966, og endurskoðuð áætlun bæjarverkfræðings Siglufjarðar frá því í febr. 1972 og nóv. 1973. Gert er ráð fyrir að nýta borholuvatn að hluta til veitunnar, ódýra umframorku að hluta og svartolíu að hluta. Kostnaðaráætlun bendir til þess, að hér sé um hagkvæma virkjun að ræða, og full ástæða til þess, að Siglufjarðarkaupstaður nýti þann jarðvarma, sem fyrir hendi er, með blönduðu hitakerfi.

Um alllangt skeið hafa farið fram rannsóknir á jarðvarma í nágrenni Akureyrar, en ekki hefur fundist nægilegt vatnsmagn til þess að fullnægja þörfum Akureyrar fyrir hitaveitu. Raforka hefur því verið notuð í ríkum mæli til upphitunar húsa, bæði með daghitun og næturhitun. Lætur nærri, að 27% af orkunotkun Akureyrar til húshitunar sé nú með raforku. Verkfræðistofa Sigurðar Thoroddsen á Akureyri hefur gert frumathugun og samanburð á hagkvæmni þess að leiða heitt vatn frá Bjarnarflagi við Mývatn til Akureyrar annars vegar og upphitun bæjarins með raforku hins vegar. Í áætlun um varmaveitu er gert ráð fyrir að leiða yfirhitað vatn í stálpípu um 75 km leið til Akureyrar. Áætlaður stofnkostnaður er reiknaður 1500 millj. kr., en rekstrarkostnaður fyrsta vinnsluársins, 1977, er reiknaður 195 millj. kr. Orkuverðið yrði þá um 1.30 kr. á kwst., miðað við óbreytta orkunotkun. Sambærilegt rafmagnsverð er a. m. k. 20% hærra, en raforkunotkun er hins vegar minni á hvern íbúa heldur en hitaveitunotkun. Þessi frumhönnun á hitaveitu bendir til þess, að athuga beri ýmsa liði hennar nánar, eins og t. d. gerð og legu aðveitunnar. Einnig þarf að athuga vel náttúruverndarsjónarmið vegna frekari virkjunar í Bjarnarflagi. Enn er því óvissa um, hvort stefna beri að hitaveitu eða algjörri rafhitun á Akureyri, en í þeim spám, sem birtast í þessari skýrslu, hefur þó verið reiknað með því til bráðabirgða, að Akureyri verði rafhitunarsvæði.

Orkustofnun hefur að undanförnu gert athugun á ýmsum leiðum til jarðvarmatöku fyrir Eyrarbakka, Stokkseyri og Þorlákshöfn. Skýrsla um þær athuganir birtist nú fyrri skömmu, og er þar áætlað, að tveir valkostir séu fyrir hendi fyrir Eyrarbakka og Stokkseyri, báðir hagkvæmir. Annars vegar er að fá vatn með viðbótarborunum á svæði Hitaveitu Selfoss og hins vegar með borunum í landi Bollastaða. Gera má ráð fyrir, að borun geti hafist í haust í fyrsta lagi, og niðurstöður borana gætu þá legið fyrir fyrri hluta næsta árs, og hitaveitan gæti svo verið komin í notkun fyrir áramót 1976. Kostnaður við fyrri valkostinn er talinn um 100 millj. kr., en hinn síðari um 106 millj. kr., og er þá meðtalið allt dreifikerfi í bæði kauptúnin. Þá er sú niðurstaða af athugunum Orkustofnunar um jarðvarmaveitu fyrir Þorlákshöfn, að hagkvæmast sé að bora á svæðinu milli Hlíðardalsskóla og vegamóta til Þorlákshafnar. Borun verður hafin á þessu ári, og ef vel gengur, gætu niðurstöður borana legið fyrir seinni hluta þessa árs. Hugsanlegt væri þá, að hluti veitunnar gæti komið í notkun í árslok 1975 og öll veitan fyrir árslok 1976. Kostnaðurinn er talinn vera um 85 millj. kr. á allri þeirri veitu.

Á bls. 19 er tafla um áætlaðan stofnkostnað nýrra hitaveitna, þar sem fjallað er um þær hitaveitur, sem ég hef nefnt hér, og enn fremur ýmsar boranir og smávirkjanir, sem þarf að gera á þessu ári og á næstu árum, bæði í rannsóknarskyni og til nýrra virkjana. Má þar nefna á þessu ári viðbótarholur fyrir Selfoss, Ólafsfjörð, Dalvík og Húsavík, nýjar holur á Reykhólum, Egilsstöðum og Hellu, auk ýmissa smærri staða. Stofnkostnaður þessara framkvæmda allra er áætlaður á árinu 1974 886 millj. kr., á árinu 1975 1614 millj. kr. og 1976 1256 millj. kr., en alls er hér um að ræða upphæð, sem nemur tæpum 4 milljörðum.

Eins og ég sagði áðan, eru rannsóknir á því, sem gera þarf til þess að koma rafhitun til þeirra staða, sem ekki eiga kost á jarðvarmaveitum, mun skemmra á veg komnar, en það er

ljóst, að þar er um ákaflega stórfellt verkefni að ræða.

Svo sem kunnugt er, er nú verið að byggja þrjár virkjanir í landinu. Þær eru Sigölduvirkjun, Lagarfossvirkjun og stækkun Mjólkárvirkjunar. Hvorki Lagarfossvirkjun á Austfjörðum né Mjólkárvirkjun á Vestfjörðum nægja til þess að taka við verulegri aukningu rafhitunar í hvoru rafveitukerfi fyrir sig, og þess vegna er nauðsynlegt að huga nú þegar að meiri orkuöflun fyrir þessa landshluta. Á Vestfjörðum eru nokkur álitleg virkjunarsvæði. Þau helstu eru Dynjandissvæðið, norðurhluti Glámusvæðisins og svæðið suður af Drangjökli. Við fulla rafhitun Vestfjarða þarf a. m. k. að virkja tvö þessara svæða, og er vart hægt að gera ráð fyrir, að slíkar framkvæmdir taki minna en 8—10 ár með rannsóknum, hönnun og byggingu. Tenging Vestfjarða við byggðalínu má ætla að taki mun skemmri tíma. Hins vegar er nauðsynlegt við slíka tengingu að auka verulega á öryggi rafkerfisins á Vestfjörðum með hringtengingu raflína og fjölgun orkuvinnslustaða, með nýjum virkjunum og stækkun varastöðva, og þess vegna er eðlilegt, að virkjunarframkvæmdir fylgi í kjölfar tengingar.

Á Austurlandi eru nokkrir möguleikar á tiltölulega litlum virkjunum og auk þess stórvirkjunum í Fljótsdal. Við aukna rafhitun er nauðsynlegt að tengja Austurland við Norðurland með raflínu, eins og Alþingi hefur nú þegar heimilað í sambandi við lögin um virkjun Kröflu, og væri þá fljótlega komin tenging Austfjarða við Landsvirkjunarsvæðið. Litlar virkjanir á Austurlandi nægja ekki til fullrar rafhitunar, en eru styrktar fyrir öryggi kerfisins, og er því nauðsynlegt að kanna hagkvæmni þess að virkja jafnframt því að leggja línu. Aukning varastöðva er líka nauðsynleg svipað og á Vestfjörðum.

Á Landsvirkjunarsvæði getur varla verið um verulega aukningu rafhitunar að ræða fyrr en Sigalda hefur hafið raforkuvinnslu, eða haustið 1976. Þó má gera ráð fyrir, að nýbyggingar utan jarðhitasvæðanna fái rafhitun, þótt notkun hefjist fyrr, en reynsla síðasta vetrar sýnir, að öryggi Landsvirkjunarkerfisins er ekki nægilegt, til þess að rafhitun sé örugg. Með tilkomu Sigöldu breytist rekstraröryggið verulega auk aukins afls og orku. Þótt Sigalda bæti verulega við orkuvinnslu og afl kerfisins, er nauðsynlegt að huga nú þegar að nýjum virkjunarvalkostum. Helstu virkjanir, sem koma til greina sem næsta stig, eru Krafla á Norðurlandi, sem Alþingi hefur nú þegar heimilað ríkisstj. að ráðast í, og Hrauneyjafoss á Suðurlandi, þar sem einnig liggur fyrir vilji Alþingis. Nauðsynlegt er að virkja fyrir norðan til þess að auka öryggi raforkuvinnslunnar gegn línubilunum, en Kröfluvirkjun nægir ekki til að mæta aukningu alls kerfisins, þannig að virkjun Hrauneyjafossa er nauðsynleg samhliða Kröfluvirkjun. Er hér miðað við, að orka frá Sigöldu verði seld í sambandi við nýjan, orkufrekan iðnað.

Kostnaðaráætlun við 55 mw. virkjun í Kröflu bendir til þess, eins og alþm. er kunnugt, að álitlegt sé að virkja gufu með raforku, og er æskilegt, að gerðar verði hagkvæmnisathuganir á virkjunum annarra háhitasvæða, svo sem Hengilssvæðisins hér fyrir sunnan og fleiri staða.

Áframhald rannsókna á á álitlegum virkjunarstöðum og áætlanir um þá er mjög nauðsynlegur liður, til þess að ekki verði tafir á eðlilegum raforkuframkvæmdum. Byggðalína, sem tengir saman Landsvirkjunarsvæðið og raforkusvæði á Norðurlandi, gerir kleift að leyfa aukna rafhitun á Norðurlandi, strax þegar Sigalda fer að vinna rafmagn. Samanlagður kostnaður við tengilínur til Norðurlands, Austurlands og Vestfjarða má áætla, að sé um 2000 millj. kr., og að breyting á dreifikerfum, til þess að unnt sé að fullnægja allri orkuþörf til rafhitunar, sé einnig um 2000 millj. kr. Þar að auki kemur kostnaður notenda við breytingu á húskerfum, sem er áætlað, að sé samtals um 1100 millj. kr. fyrir öll rafhitunarsvæði landsins. Gert er ráð fyrir, að byggðalína til Norðurlands verði tengd í árslok 1975, og nauðsynlegt er að gera ráð fyrir, að tenging Austurlands við Norðurland verði samtímis virkjun Kröflu, eins og áður hefur verið fjallað um hér á hinu háa Alþingi.

Eins og hér hefur verið greint, er nauðsynlegt að huga að virkjunarframkvæmdum á Vestfjörðum, jafnframt því að tengilína verði lögð frá Landsvirkjunarsvæðinu. En einnig þarf að athuga, hvort til greina kæmi að hafa ekki fulla rafhitun, heldur blandaða hitun, þ. e. a. s. kyndistöðvar, sem annaðhvort eru kynntar með svartolíu eða raforku. Nákvæmar athuganir á kostnaði við breytingu dreifikerfa vegna rafhitunar eru mjög tímafrekar, en mjög nauðsynlegar, og væri þá um leið hægt að endurskipuleggja allt öryggi innan kerfisins, sem víða er mjög ábótavant.

Ef gert er ráð fyrir fullri rafhitun og að um 80% hennar verði komin í notkun 1980 eða 1981, er nauðsynlegt, að allar landshlutatengilínur verði þá komnar og a. m. k. 80% af dreifikerfisbreytingum. Samtals eru þessar framkvæmdir áætlaðar um 3600 millj. kr. og þyrfti að dreifast á 6—7 ár eða um 500—600 millj. kr. á ári að meðaltali auk fjárfestingar í breytingum á húskerfum. Með blönduðum kerfum er átt við varmaveitur, sem nota fleiri en einn af margumtöluðum orkugjöfum af grunnorku til húshitunar, þ. e. a. s. jarðvarma, rafmagn eða olíu. Í athugun er að koma á fót slíkum hitaveitum á Siglufirði og í Vestmannaeyjum. Á Vestfjörðum er jarðvarmi ekki tiltækur, og raforku þarf að flytja að mestu um langan og erfiðan veg. Raforkan verður því hlutfallslega dýr þar, en auk þess óörugg vegna hættu á línubilun. Varaaflsstöðvar eru því nauðsynlegar við hvern þéttbýliskjarna. Í stað beinnar rafhitunar er hægt að byggja upp fjarhitunarstöðvar, sem reka má bæði með svartolíukyndingu og raforku. Slíkt kerfi er mjög öruggt gagnvart truflunum á orkuflutningi, en orkuverð á rafmagni til slíks kerfis þarf að vera mun lægra en til beinnar rafhitunar, til þess að það sé hagkvæmt. Notkun slíkra stöðva er í athugun, en endanlegar niðurstöður liggja ekki fyrir. Og eins og kunnugt er, er í athugun að nýta hitaorkuna í nýja hrauninu í Vestmannaeyjum til upphitunar hluta húsanna þar, en þessi athugun er enn á algeru frumstigi. Einnig er í athugun að reisa kyndistöð í Vestmnanaeyjum, sem rekin væri með ódýru umframrafmagni frá Landsvirkjun og svartolíu. Með slíkri kyndistöð

fengist meira rekstraröryggi en ef öll hús þar væru hituð með raforku úr landi. Bráðabirgðaathugun bendir til, að lítill munur sé á þessum tveimur kerfum.

Ég hef nú farið hér yfir meginatriðin í þeirri bráðabirgðaskýrslu, sem Verkfræðistofa Sigurðar Thoroddsen hefur látið iðnrn. í té. En jafnframt hefur borist fyrsta álitsgerð frá Seðlabanka Íslands um fjármögnunaraðgerðir, sem nauðsynlegar séu í þessu sambandi. Þar segir svo, að rétt sé að taka það skýrt fram, að erfitt er að gera fjáröflunaráætlanir um eins umfangsmiklar framkvæmdir og hér er um að ræða nema sem hluta af heildaráætlun um opinberar framkvæmdir hvers árs og fjáröflun til þeirra. Er það bæði vegna vinnu að lántökum og með tilliti til framboðs á vinnuafli til framkvæmda. Telur bankastjórnin því nauðsynlegt, að áætlanir um þessar framkvæmdir verði felldar inn í framkvæmda- og fjáröflunaráætlanir hins opinbera. Seðlabankinn minnir á, að reiknað sé með framkvæmdum við hitaveitur fyrir röskar 3700 millj. kr. á árunum 1974—1976. Af því eru röskar 1600 millj. kr. á vegum Hitaveitu Reykjavíkur á Reykjavíkursvæðinu. Um þær framkvæmdir hefur þegar verið gerð fjáröflunaráætlun. Er þar gert ráð fyrir erlendum lántökum að fjárhæð um 750 millj. kr. eða sem svarar tæpum helmingi kostnaðar, og er nú unnið að þeirri lántöku. Afgangurinn er tekinn af eigin fé Hitaveitu Reykjavíkur. En þegar Reykjavík er frá talin, standa eftir hitaveituframkvæmdir fyrir um 2100 millj. kr., sem ekki hefur enn verið aflað fjár til, og þar af um 900 millj. kr. vegna hitaveitu fyrir Suðurnesin ein. Taka verður þessa tölu með fullri varúð, segir í skýrslu Seðlabankans, þar sem þær byggjast á verðlagi fyrir s.l. áramót. Jafnframt eru allar áætlanir um framkvæmdir utan Reykjavíkursvæðisins raunverulega á frumstigi. Víðast er jarðborunum og öðrum rannsóknum ólokið og sjálfri hönnun verksins einnig. Þess vegna er gerð fjárhagsáætlana í venjulegum skilningi ekki tímabær. Hins vegar er nú á þessu stigi hægt að gera grein fyrir nokkrum meginforsendum við gerð þeirra, þegar það verður tímabært.

Hitaveitur þessar verða í eigu eins eða fleiri sveitarfélaga. Nauðsynlegt verður því að gera fjárhagsáætlun fyrir hverja fyrir sig, en yfirleitt verða þetta nýjar stofnanir eða fyrirtæki. Fyirtæki sem þessi eru mjög fjárfrek, og þess vegna er óhjákvæmilegt að sjá þeim fyrir verulegu eigin fé þegar í upphafi, til þess að þau geti staðið undir greiðslum af þeim hluta stofnkostnaðar, sem greiddur er með lánum. Er það mat bankastjórnarinnar, að eigin fjáröflun megi ekki vera minni en 25—30% af stofnkostnaði, enda séu heimæðagjöld frá notendum meðtalin. Afgangurinn kæmi frá sveitarsjóðum þeim, sem að hitaveitunum standa. Sveitarfélögin geta aflað þessa fjár með útsvörum eða með sérstöku álagi á gjaldstofna. Hugsanlegt væri að dreifa greiðslu á nokkurn tíma, t.d. með lántökum í bankaútibúum og sparisjóðum eða með vaxtabréfaútgáfum til almennings á hitaveitusvæðunum. Lánsfjáröflun gæti orðið með tvennum hætti, annars vegar með erlendum lánum og hins vegar með sérstakri innlendri fjáröflun. Erlend lán ættu að vera hærri en nemur erlendum hluta kostnaðarins eða um 50% fjárþarfarinnar. Þeirra væri aflað með hluta af erlendri fjáröflun hins opinbera á hverju ári, en nokkurs hluta mætti væntanlega afla í formi vörukaupalána erlendis. Eigið fé og erlend lán mundu þá nema samtals 75—80% kostnaðar. Sérstök innlend fjáröflun þyrfti þá að nema 20—25% stofnkostnaðar eða 400—500 millj. kr. samkv. tölum þeim, sem eru í skýrslu Verkfræðiskrifstofunnar. Er hér bent á þá leið, segir í skýrslu bankans, að hluti af tekjum þeim af söluskatti, sem gert hefur verið ráð fyrir, að varið yrði til þess að greiða niður olíuverð, renni í stað þess í sérstakan sjóð, sem láni til þessara framkvæmda. Hluti þessi færi vaxandi með tímanum og þar með niðurgreiðsla olíuverðs lækkandi til að tryggja, að húseigendur hefðu fjárhagslegan ávinning af því að taka upp hitaveitu, en þó sérstaklega rafhitun í stað olíukyndingar. Einnig gæti komið til greina að leggja á almennan orkuskatt í þessu skyni, en lítið svigrúm er til þess við núverandi aðstæður nema að því er varðar hitaveitur. Kæmi til greina að leggja tiltölulega lágt gjald á núverandi notendur hitaveitu og leggja í áðurnefndan sjóð til þess að greiða fyrir nýjum hitaveituframkvæmdum á landinu.

Um þessa skoðun bankans er það að segja, að það er ekki ætlunin, eins og menn vita, að greiða niður verð á olíu til húshitunar, heldur að þar komi fram fjárhagsstyrkur í annarri mynd, þannig að olíuverðið verður ekki falið. Mönnum verður það ljóst, hversu dýrt það verður að hita upp híbýli sín með olíu, en bein niðurgreiðsla á olíu til húshitunar hefði haft þau áhrif, sem talað er um í skýrslu bankans. Hins vegar teldi ég, að það væri eðlilegt, að þessum tekjustofni yrði breytt til þess að ýta undir slíkar framkvæmdir, um leið og þær fara að komast á framkvæmdastig.

Í töflu 9 er svo yfirlit yfir fjáröflun til hitaveituframkvæmda 1974—1976, annars vegar fyrir Reykjavíkursvæðið, þar sem búið er að ganga frá þeim málum, og hins vegar svæðið utan Reykjavíkur. Á þessu ári er þar gert ráð fyrir, að eigið fé og heimæðagjöld nemi 60 millj. kr., önnur innlend fjáröflun nemi 60 millj. og erlend lán 125 millj. kr., og þarf Alþ. nú að gera ráðstafanir til þess að aðstoða við fjáröflun, til þess að hægt sé að tryggja fullan framkvæmdahraða á þessu ári. Svo eru hugleiðingar frá bankanum einnig um rafhitun, sem ég sé ekki ástæðu til að rekja nánar.

Eins og menn geta markað af þessari skýrslu, er hér um að ræða ákaflega stórt verkefni. Þetta er verkefni, sem er æði kostnaðarsamt, til þess þarf mikinn mannafla, og það liggur í hlutarins eðli, að ef við ætlum að ráðast í þessar framkvæmdir á eins stuttum tíma og tiltækur er, þá verðum við að fella þær að heildarframkvæmdaáætlunum okkar, eins og Seðlabankinn bendir á, og gefa þessum framkvæmdum vissan forgang, ef við teljum þær nauðsynlegar. Ég held, að það sé ekki nokkur vafi á því, að þær eru ákaflega nuaðsynlegar. Þær tölur, sem ég nefndi um mismuninn á hitunarkostnaði, sýna, hversu hagkvæmar þessar framkvæmdir eru

einstaklingunum, og þjóðhagslega séð tel ég það skipta ákaflega miklu máli, að við nýtum orkugjafa okkar í eins ríkum mæli og við getum. Það er bæði öryggi í því, og auk þess jafngilda slíkar framkvæmdir hreinlega gjaldeyrisframleiðslu, þ. e. a. s. framleiðslu á útflutningsvörum, og hafa því sömu þjóðhagsleg áhrif, — þær framkvæmdir, sem ég nefndi áðan. Til marks um það, hvað þarna er um að ræða mikla fjármuni, eru hitaveituframkvæmdirnar metnar á 3.7 milljarða, stofnlínur og dreifikerfi vegna húshitunar 4 milljarðar og breyting á hitunarkerfi húsa, sem einstaklingar bera vissulega, en verður þó að reikna inn í þetta dæmi, 1.1 milljarður. Þessar framkvæmdir eru því samtals um 9 milljarðar kr. Við þetta bætast svo orkuverin sjálf. Það er sem kunnugt er verið að vinna að Sigölduvirkjun, sem á að kosta um 6 milljarða kr. Það er verið að vinna að virkjun Lagarfoss og Mjólkár, sem kosta meira en hálfan milljarð kr. Það er búið að heimila Kröfluvirkjun, sem kostar 1.5 milljarð. Og það er heimild fyrir Hrauneyjafossavirkjun, sem fljótlega verður að taka ákvörðun um og kostar um 5 milljarða kr. Þessar virkjanir, sem ég nefndi hér, kosta samtals um 13 milljarða kr. Og þá eru ótaldar virkjanir, sem tvímælalaust mun verða að ráðast í á þessu tímabili, bæði á Vestfjörðum og Austfjörðum, og enn fremur virkjanir á Suðurlandi, sem áreiðanlega koma til álita, t. a. m. Sultartangi og virkjun á Hengilssvæðinu. En þessar upphæðir, sem ég nefndi áðan, eru samtals 22 milljarðar kr. Af þeirri upphæð er búið að fjármagna 8—9 milljarða. Eftir eru 13—14 milljarðar, sem verður að fjármagna á árabilinu 1974—1981, en það er að jafnaði 1 milljarður á ári.

Í sambandi við þessar framkvæmdir er ástæða til að leggja áherslu á það, að vissulega eru erlendar lántökur eðlilegar til þess að ráðast í þessi verkefni, vegna þess að þarna er verið að spara erlendan gjaldeyri með því að við framleiðum sjálfir orku í stað olíu, sem við höfum hingað til flutt inn. Hins vegar vil ég taka undir það mat Seðlabankans, að okkur ber að tryggja innlenda fjármögnun þarna á móti. Ég tel, að efnahagur Íslendinga sé slíkur, að við eigum að vera menn til þess að leggja á okkur byrðar til þess að leysa stórfelld þjóðhagsleg verkefni af þessu tagi, og ef við lítum svolítið lengra fram í tímann, þá hygg ég, að fátt séu traustari kjarabætur en einmitt framkvæmdir af þessu tagi. Hvaða leiðir á að fara í því sambandi, veit ég ekki um, en ég teldi t. a. m. mjög skynsamlegt, að ef farið væri inn á þá leið hér, eins og gert er í sumum nágrannalöndum okkar, að taka upp skyldusparnað hjá þeim, sem hafa sómasamlegar tekjur og þar yfir, þá væri mjög eðlilegt að tengja einmitt þessi verkefni við skyldusparnað, vegna þess að ég hygg, að um það sé enginn ágreiningur meðal þjóðarinnar, að okkur beri að einbeita okkur að þessum verkefnum. En til þess að þetta sé hægt, verður að sjálfsögðu að koma til skilningur og viðurkenning þjóðarinnar á því, að þetta sé þjóðhagsleg nauðsyn.

Ríkisstj. hefur í sambandi við þessa skýrslu lagt fram till. til þál., sem felur í sér, að áfram verði haldið þeirri rannsókn, sem hafin var í fyrrahaust, og sett ákveðin markmið í því skyni, og ég vil leyfa mér að lesa upp þá till., með leyfi hæstv. forseta. Hún er svo hljóðandi:

„Alþingi ályktar eftirfarandi:

Gerð skal ítarleg framkvæmdaáætlun um nýtingu innlendra orkugjafa í stað olíu til húshitunar og annarra þarfa. Skal áætlunin miðuð við árlega áfanga og sem mestan framkvæmdahraða og fela í sér eftirtalin atriði:

1) Hitaveituframkvæmdir hvarvetna þar, sem jarðvarmi er tiltækur og nýting hans talin hagkvæm. Verði miðað við, að hitaveituframkvæmdum verði í meignatriðum lokið á árinu 1977".

Eins og menn hafa séð, kemur það fram í skýrslu verkfræðifyrirtækisins, að meginhluta þessara framkvæmda eigi að vera hægt að ljúka í árslok 1976, þannig að ég hygg, að það eigi að vera raunsætt að nefna árið 1977 í þessu sambandi.

„2) Samtenging allra orkusvæða landsins og breyting á dreifikerfum, svo að landsmenn allir geti átt kost á nægri raforku. Ráðist verði í nýjar virkjanir, sem tryggi næga orkuframleiðslu og auknar rannsóknir á nýtilegum virkjunarstöðum. Verði að því stefnt, að sem flestir þeirra, sem ekki eiga kost á jarðvarmaveitum, geti nýtt raforku til húshitunar fyrir árslok 1981".

Þarna er miðað við árið 1981, og í skýrslu verkfræðiskrifstofunnar var talið, að þá væri hægt að tryggja rafhitun til 80% af þeim, sem þurfa á raforku að halda til að hita híbýli sín. Þetta er atriði, sem að sjálfsögðu á eftir að kanna miklu nánar, og kunna að koma upp á því sviði ýmis álitamál. Það getur vel skeð, að á sumum svæðum landsins komi í ljós, að það kunni að vera ódýrara þjóðhagslega að koma ekki upp slíkri raforkuhitun, heldur hreinlega að greiða niður olíu, vegna þess að ef tilkostnaður er svo mikill við að koma á rafhitun, þá kunni það að vera þjóðhagslega ódýrara að greiða niður olíuverð. Einhverjir slíkir staðir kunna að koma til. Engu að síður tel ég, að við eigum að setja okkur þetta mark, að meginhluti landsmanna eigi kost á raforku til húshitunar, þeirra sem ekki eiga kost á jarðvarmaveitum.

„3) Fjármögnunarráðstafanir með innlendri fjáröflun og erlendum lántökum, svo að nægilegt fé verði jafnan tiltækt til þessara framkvæmda.

Framkvæmdaáætlun þessi skal lögð fyrir næsta þing".

Ég tel, að hér sé um að ræða vinnubrögð, sem séu bæði eðlileg og nauðsynleg. Ég tel, að hér sé um ákaflega stórfelld og mikilvæg áform að ræða, og ég tel, að Alþ. verði að geta fjallað um þau á hverju stigi. Ég vænti þess, að menn geri grein fyrir mati sínu á þessum viðhorfum öllum nú í sambandi við þessa bráðabirgðaskýrslu, sem ég hef leyft mér að leggja hér fram fyrir þing, og ég vænti þess, að það verði ekki neinn ágreiningur um það, að þessari áætlunargerð verði haldið áfram, svo að næsta þing geti fjallað um þetta á mun traustari grundvelli en nú er hægt um þetta að fjalla.

Ég legg svo til, herra forseti, að þáltill. verði að lokinni fyrri umr., vísað til síðari umr. og hv. allshn.

Matthías Á. Mathiesen: Herra forseti. Hér eru til umr. tvö mál, skýrsla ríkisstj. í sambandi við nýtingu innlendra orkugjafa í stað olíu, svo og till. til þál. varðandi þetta efni. Hæstv. iðnrh. hefur í ræðu sinni gert grein fyrir meginatriðum þeirrar skýrslu, sem hér liggur fyrir, og rakið ýmis efnisatriði úr þeirri skýrslu, bæði frá verkfræðilegu sjónarmiði svo og frá sjónarmiði fjármögnunar þessara framkvæmda. Ég hef haft tækifæri til þess að líta yfir þessa skýrslu og hún er í marga staði mjög fróðleg, en ég vil segja í sambandi við það, sem hæstv. ráðh. sagði sjálfur, að hún er seint fram komin af hans hálfu, enda sagði hæstv. ráðh. í sinni ræðu, að það var ekki fyrr en á s.l. hausti, þegar sýnt var, hver þróun yrði í olíumálum, að hann fékk áhuga á þessu mikla máli, sem hér er um að ræða, og gerði ráðstafanir til þess, að þessi skýrsla yrði samin. Þetta kemur okkur þm. ekki á óvart, því að eins og hann orðaði það í ræðu sinni, hafa verið fluttar fjölmargar till. á Alþ. um þessi mál, sem sýna áhuga þm. á málinu. Þegar hann svo lauk ræðu sinni, óskaði hann eftir því, að þm. gerðu grein fyrir mati sínu á þessari till. og þessu mikla máli.

Því er nú til að svara, að það hafa ekki færri en þrjár umr. farið fram á þessu þingi, sem nú er senn komið að lokum, um þessi mikilvægu mál, þ.e. nýtingu jarðvarmans til upphitunar svo og með hvaða hætti hægt er að tryggja öðrum þegnum landsins íslenska orkugjafa til upphitunar á sambærilegu verði við jarðvarmann. Ég undirstrika þetta hér einmitt vegna þess, að ráðh. sjálfur hóf ræðu sína á því að segja þm. frá því, hvenær honum fannst ástæða til þess að taka þessi mál til athugunar í sínu rn.

Ég trúi því ekki, að hæstv. ráðh. hafi þá fyrst, þ.e.a.s. þegar olían snarhækkaði s.l. haust vegna olíustríðsins, gert sér grein fyrir þeirri hagkvæmni, sem er af byggingu og rekstri hitaveitna. Það hefur verið öllum ljóst, sem um þessi mál hafa fjallað, að arðsemi hitaveitna hefur verið mjög mikil. Áður en olíuverðhækkunin átti sér stað, sem virðist hafa ýtt við hæstv. ráðh., var talið, að upphitunarkostnaður með jarðvarma væri ekki nema 40% af kostnaði þeirra, sem orðið hafa að nota olíuna. Sjálfur bjó ráðh. og hefur búið við þessi þægindi hér í höfuðborginni. Hann virtist ekki hafa fylgst með, hvernig stjórnendur Reykjavíkurborgar hafa ár eftir ár tryggt íbúum hennar hagkvæmustu kjör til upphitunar híbýla sinna, nema ráðh. hafi fundist þetta svo sjálfsagt, að hann hafi ekki haft ástæðu til þess að líta til annarra aðila í þessum efnum fyrr en sú mikla hækkun varð á olíu, sem hann minntist hér á og staðreynd er, að varð.

Um margra áratuga skeið hafa forustumenn Reykjavíkurborgar lagt á það áherslu að tryggja Reykvíkingum sem hagkvæmasta upphitun húsa með jarðvarma og hafa, eftir því sem þeir hafa haft bolmagn til, mjög gjarnan viljað koma til móts við nágrannabyggðirnar og láta þær njóta þessara framkvæmda líka, þannig að Hitaveita Reykjavíkur gæti í raun og senn orðið hitaveita fyrir þéttbýlissvæðið hér við Faxaflóa. Það hefur ekki heldur staðið á sveitarstjórnum hér í nágrenni Reykjavíkurborgar að vinna að þessum málum, og í samráði við ýmsa þá sérfræðinga, sem um þessi mál fjalla, hefur niðurstaðan fyrir nokkrum árum orðið sú, að talið væri hagkvæmast að bindast samtökum við Hitaveitu Reykjavíkur og njóta þess jarðvarma, sem þá virtist vera orðinn nægur hjá Hitaveitu Reykjavíkur, til þess að þær byggðir, sem liggja næstar, gætu einnig fengið jarðvarma til notkunar.

Það merkilega gerðist, að þegar þessar umr. hafa átt sér stað og þessi byggðarlög hafa markað sína stefnu í þessum málum og leitað til hæstv. ráðh., þá virtist áhuginn ekki vera allt ofmikill í sambandi við þessi mál. A.m.k. voru mjög snemma á þessu þingi, svo og á síðasta þingi bornar fram fsp. til ráðh. til að fá úr því skorið, hvort hann hygðist beita sér fyrir ákveðnum aðgerðum, til þess að Hitaveita Reykjavíkur gæti sinnt þeim verkefnum, sem hún þá hafði möguleika á að gera og vilji var fyrir hendi um hjá nærliggjandi sveitarfélögum. Það var jafnan svo, að þegar fsp. voru teknar til umr., kom sama dag svar frá þeim stjórnvöldum, sem leitað hafði verið til, og ráðh. gat þannig komið hér í ræðustólinn og sagt, að ekki stæði á neinu því, sem um hafði verið beðið af hálfu sveitarstjórnanna, af hálfu Reykjavíkurborgar og af sinni hendi væri ekkert því til fyrirstöðu, að þessar framkvæmdir gætu átt sér stað. Vanalega var það nú þannig, að þessum beiðnum var svarað ekki mörgum vikum, heldur stundum mörgum mánuðum síðar, og forsenda þessara beiðna var gjarnan brostin vegna þeirrar óðaverðbólgu, sem í landinu hefur verið í stjórnartíð hans og fleiri manna, og þar af leiðandi, þegar leyfið var fengið, nægði það stundum ekki til þess, að hægt væri að standa við þá samninga, sem þá þegar höfðu verið gerðir, eða ekki útlit fyrir, að Hitaveita Reykjavíkur treystist til þess að gera samninga á grundvelli þeirra leyfa, sem þá höfðu fengist.

Þar kom s.l. haust, að ráðh. fékk áhuga á málinu, og ég segi: Batnandi manni er best að lifa. En þá verðum við að rifja upp, hvað hér er á ferðinni. Samhliða því, að skýrsla sú, sem ráðh. gerði ítarlega grein fyrir, er til umr. till. frá honum, frá ríkisstj., eins og hann orðaði, um það, með hvaða hætti nefndar framkvæmdir skuli eiga sér stað.

Á þskj. 54 er flutt till. af þremur þm. Alþfl. um úrræði til að minnka olíukaup erlendis frá. Þar er gert ráð fyrir, með hvaða hætti þessum málum verði í framtíðinni farið, og vikið einmitt að þessu atriði, þ.e. hvernig hægt er að nýta innlenda orkugjafa. Á þskj. 150 er till. til þál. frá okkur nokkrum þm. Sjálfstfl., þar sem lagt er til, að hraðað verði rannsóknum og framkvæmdum við nýtingu jarðhita. Og á þskj. 151 er till. frá tveim þm. Sjálfstfl., þar sem sérstaklega er vikið að nýtingu raforku til húshitunar. Þegar þessar till. allar hafa verið hér til umr. og þeim vísað til n., þá kemur fram á seinustu dögum þingsins till. undirbúin af hæstv. iðnrh. um að taka nú þessi mál til athugunar og gera framkvæmdaáætlun, og hann orðaði það í sinni ræðu, að hann ætti ekki von á því, að um þetta mál yrði ágreiningur. Það er síður en svo, að um þetta mál verði einhver ágreiningur. Ég hefði hins vegar talið eðlilegt, eftir að þær till., sem ég nú hef minnst á, hafa verið hér til

umr. á þingi og eru komnar til n., að ráðh. beitti sér fyrir því, að sú n., sem hefur tvær af þessum till. til meðferðar, till., sem ná yfir bæði þau atriði, sem hér er um að ræða, við þá n., að till. yrðu sameinaðar og unnar upp úr þeim till., sem gengi í þá átt, sem hann hér hefur gert grein fyrir í sambandi við skýrsluna, og n. síðan flytti þessa till. Þannig hefði ég talið, að eðlilegur gangur hefði verið á þessu máli, en ekki sá, að hér væri komið með enn eina till. á seinustu dögum þingsins og ætlast til þess, af því að um málið er ekki ágreiningur, þá verði það sú till., sem endanlega verði samþykkt.

Í raun skiptir engu máli, hvaðan till. í þessu stórmáli er komin eða með hvaða hætti hún verður endanlega afgreidd hér á Alþ. Það er ekki ástæða til þess, þegar einn ráðh. kemur hér í ræðustólinn til þess að tala fyrir mikilvægu máli, sem hann hefur varla fengist til þess að hlusta á, þá komi hann með till. sína hér inn og hugsi sér, að það verði skjalið, sem Alþ. samþykki, því að í þessari till. ráðh. er ekkert það, sem ekki liggur fyrir á þskj. þessa þings. Það er að vísu 3. liður till. um fjármögnunarráðstafanirnar. Það atriði er ekki í till. þeirra manna, sem ég vék hér að áðan, sjálfsagt vegna þess að það, sem stendur í till. ráðh., eru svo sjálfsagðir hlutir, að það datt engum hinna í hug að setja það á prent: Alþingi ályktar eftirfarandi: „3. Fjármögnunarráðstafanir með innlendri fjáröflun og erlendum lántökum, svo að nægjanlegt fé verði jafnan tiltækt til þessara framkvæmda.“

Ég spyr: Hvenær förum við í fjármögnunarráðstafanir öðruvísi en að til þess sé innlent fjármagn eða erlend ráðstöfun? Við vildum mjög gjarnan, að alltaf væri nægjanlegt fjármagn tiltækt til framkvæmdanna. Hér er um svo sjálfsagða hluti að ræða, að þeir, sem flutt hafa þáltill. hér fyrr á þessu þingi, töldu ekki ástæðu til þess að setja það í sínar till. Ef hins vegar ráðh. hefði talið það vera hið eina, sem á milli bar, ef hann hefði beitt sér fyrir þessu máli í allshn., þá hefði verið sjálfsagt að taka inn þessa málsgr., eins og hún þarna er komin, sem nánast, eins og ég sagði áðan, segir ekki neitt.

Ég hjó eftir því í ræðu hæstv. ráðh., að hann gat þess, að viðræður hefðu átt sér stað milli hans og borgarstjórans í Reykjavík um gang þessara mála. Hann hefur vonandi áttað sig á því, að 23. nóv., en þann dag gefur hann Verkfræðiskrifstofu Sigurðar Thoroddsen fyrirmæli um könnunina, stendur hann í bréfaskriftum við borgarstjórann í Reykjavík með hnýfilyrðum í sambandi við beiðni þá, sem frá borgarstjórninni hafi borist til réttra yfirvalda, til þess að hægt væri að hefja framkvæmdir, gera samninga og hefja framkvæmdir í sambandi við hitaveitu hér í nágrannabyggðarlögum. Það er ekki fyrr en í febrúarmánuði, sem leyfið fékkst í fyrsta lagi til hækkunar gjaldskrár Reykjavíkurborgar, en það er kunnugt, að vegna þeirra lána, sem Hitaveitan hefur fengið á erlendum vettvangi, verður hún að skila 7% arðsemi, og þannig var málum ekki komið fyrr en í febrúar, og voru þeir þá þegar orðnir á eftir vegna þess dráttar, sem átt hafði sér stað. Enn fremur hafði Hitaveita Reykjavíkur þá eða borgarstjórn Reykjavíkur fyrir hennar hönd óskað eftir erlendri lántöku til þess að hefjast handa, en svar við því fékkst ekki heldur fyrr en í febrúarmánuði s.l. (**Forseti:** Má ég spyrja hv. þm., hvort hann sé í þann veginn að ljúka máli sínu, því að ella vildi ég biðja hann að gera hlé á ræðunni?) Ég geri ekki ráð fyrir, herra forseti, að ég eigi eftir margar mínútur, þannig að ég kysi heldur að ljúka þessum orðum mínum.

Það var í febrúar, sem heimild fékkst til erlendrar lántöku, til þess að hægt væri að hefjast handa um framkvæmdir í nágrannabyggðarlögunum. Þannig hafði þetta þá dregist í tæpa tvo mánuði, frá því að beiðni ráðh. til verkfræðiskrifstofunnar var send, þ.e.a.s. daginn, sem ráðh. fékk áhuga fyrir málinu. Verður að sjálfsögðu minnst 23. nóv. 1973 sem þess dags, sem núv. hæstv. iðnrh. fékk áhuga á hitaveitumálum, fékk áhuga á því að nota innlenda orkugjafa til upphitunar híbýla á Íslandi.

Ég held, að það sé miklu snjallara fyrir hæstv. ráðh. að halda áfram þeim starfsaðferðum, sem hann sagðist hafa upp tekið þ.e. að ræða við borgarstjórann í Reykjavík, ræða við borgaryfirvöld Reykjavíkur um þessi mál. Það er þaðan, sem frumkvæðið í þessum málum hefur komið, og ég held, að það sé miklu vænlegra fyrir íbúa þessa lands, að ráðh. ræði við borgaryfirvöld Reykjavíkur, í stað þess að hann sendi þeim bréf með ýmsum hnýfilyrðum, eins og hann gerði þann dag, sem hann fékk áhuga á hitaveitumálum. Það er gott, að hann hefur breytt um starfsaðferðir, eins og það er gott, að hann virðist nú hafa breytt um stefnu í þessu máli.

Ég ætla ekki að fjölyrða meir um málið. Ég vildi aðeins vekja athygli á því, að enda þótt hæstv. iðnrh. hafi ekki talið ástæðu til þess að vekja máls á þessu þýðingarmikla máli á Alþ. fyrr en nú, þegar senn er að ljúka þriðja þingi, sem hann situr í ráðherrastól, þá hafa fjölmargir þm. á öllum þeim þingum, sem liðin eru, frá því að hann tók við sínu embætti komið með þetta mál inn í sali Alþingis til þess að vekja athygli yfirvaldanna, stjórnvaldanna á málinu, vegna þess að hér er mikið hagsmunamál vegna landsins. Menn hafa komið hér úr öllum stjórnmálaflokkum og vakið athygli á þessu máli, og vonandi kemur nú, þegar ráðh. virðist loksins vera búinn að fá áhuga á málinu, einhver skriður af hans hendi í sambandi við framkvæmdir. En sveitarstjórnirnar hér á þéttbýlissvæðinu hafa gert allt, sem í þeirra valdi hefur staðið, til þess að hrinda þessum mikilvægu málum í framkvæmd og hafi þær þökk fyrir.

Stefán Gunnlaugsson: Herra forseti. Sú till., sem hér er til umr., er flutt í tengslum við skýrslu hæstv. iðnrh. um nýtingu innlendra orkugjafa í stað olíu. Það er góðra gjalda vert, að hæstv. ráðh. skuli hafa látið gera þessa skýrslu og í framhaldi af henni lagt fram þáltill., þar sem gert er ráð fyrir gerð framkvæmdaáætlunar um nýtingu innlendra orkugjafa í stað olíu til húshitunar og annarra þarfa. Af lestri hennar kemur í ljós, að hún er fyrst og fremst könnun, sem

Verkfræðistofa Sigurðar Thoroddsen s/f gerði um húshitunarmál landsmanna og nýtingu orkugjafa í stað olíu og hvernig þau mál nú standa.

Í inngangi segir, að fyrsti hluti álitsgerðar verkfræðistofnunnar fjalli um núv. notkun orku til húshitunar og hvernig notkunin skiptist milli jarðvarma, rafhitunar og olíuhitunar, einnig um samsvarandi skiptingu orkunnar 1980, eins og áætlað var, að hún yrði þá, ef öll olíuhitun væri lögð niður.

Í öðrum hluta er samanburður á kostnaði mismunandi hitunargjafa og samanburðar á hitunarkostnaði með mismunandi orkugjöfum.

Í þriðja hluta er samantekt á framkvæmdum og kostnaði við þær, sem nauðsynlegar eru, til þess að unnt sé að nýta innlenda orku til húshitunar í náinni framtíð. Þá fylgir með álitsgerð Seðlabanka Íslands um fjáröflun til hitaveituframkvæmda og raforkuframkvæmda til húshitunar. Þótt mikið af þeim fróðleik, sem birtist í álitsgerð Verkfræðistofu Sigurðar Thoroddsen s/f, hafi birtst almenningi áður í upplýsingum frá öðrum aðilum, eins og t.d. frá Orkustofnun, er fengur að þessari skýrslu hæstv. iðnrh. En því er ekki að leyna, að hún veldur vonbrigðum.

Í formála að skýrslu hæstv. ráðh. segir, að með bréfi, dags. 23. nóv. s.l., hafi ráðh. falið verkfræðistofunni að framkvæma könnun á því, hvernig unnt væri með sem skjótustum hætti að nýta innlenda orkugjafa í stað olíu til húshitunar og annarra þarfa. Skyldi þessi könnun m.a. beinast að því, hvort ekki væri unnt að flýta hitaveituframkvæmdum í nágrannabyggðum Reykjavíkur umfram það, sem þá var fyrirhugað. Um þetta efni er skýrslan vægast sagt ákaflega fátækleg. Hún gefur góða heildarmynd af því, hvernig húshitunarmál landsmanna standa um þessar mundir, og gerir grein fyrir aðgerðum, sem þörf er á að hrinda í framkvæmd til þess að breyta olíuhitun í hitun með innlendum orkugjöfum, þ.e.a.s. jarðvarma og raforku frá vatnsaflsstöðvum eða gufuaflsstöðvum. En að eitthvað nýtt komi fram í skýrslunni um það t.d., hvernig unnt væri að flýta hitaveituframkvæmdum í nágrannabyggðum Reykjavíkur umfram það, sem fyrirhugað var, er af og frá. Um það mál segir skýrslan á bls. 16 stutt og laggott orðrétt, með leyfi hæstv. forseta:

„Framkvæmdaáætlunin er mjög hröð, og möguleikar á að flýta þessum framkvæmdum virðast ekki vera miklir. Kemur þar sérstaklega til mannafla- og tækjaskortur verktaka á þessu sviði. Mikla áherslu verður að leggja á, að áætlun framkvæmda verði haldið áfram. Vegna almennrar spennu á markaðnum gæti þurft að seinka öðrum framkvæmdum og veita hitaveituframkvæmdum forgang."

Svo mörg eru þau orð, en ég mun víkja nánar að þessum staðhæfingum síðar í þessari ræðu minni.

Til þess að unnt sé að átta sig á því, hvers vegna þetta orðalag er notað í bréfi hæstv. ráðh. til Verkfræðistofu Sigurðar Thoroddsen s/f 23. nóv. s.l., þ.e. að hún kannaði, hvernig unnt væri með sem skjótustum hætti að nýta innlenda orkugjafa í stað olíu til húshitunar og að könnunin beindist m.a. að því, hvort ekki væri unnt að flýta hitaveituframkvæmdum í nágrannabyggðum Reykjavíkur umfram það, sem þá var fyrirhugað, er nauðsynlegt að rifja upp, undir hvaða kringumstæðum bréfið er skrifað. Auk þess sem miklar verðhækkanir höfðu átt sér stað á húsaolíu og fyrirsjáanlegar voru enn frekari hækkanir, höfðu átt sér stað talsverðar umræður hér á hinu háa Alþingi og í fjölmiðlum um hitaveitumálin.

Umr. hér á hinu háa Alþ. áttu sér stað þremur dögum áður en hæstv. ráðh. skrifaði umrætt bréf, en tilefni þessara umr. var fyrirspurn til hæstv. iðnrh., sem ég bar fram út af hitaveitumálum. Borgarstjórinn í Reykjavík hafði gefið í skyn á opinberum vettvangi, þ.e. á fundi Sambands sveitarfélaga í Reykjaneskjördæmi 10. þ.m. að framkvæmdir við lagningu hitaveitu í Hafnarfjörð, Kópavog og Garðahrepp á vegum Hitaveitu Reykjavíkur mundu frestast, vegna þess að ríkisstj. hafði synjað Hitaveitu Reykjavíkur um leyfi til gjaldskrárhækkunar, en margir Hafnfirðingar voru orðnir langeygðir eftir því, að niðurstaða fengist í þessum samningaviðræðum, sem staðið höfðu allt of langan tíma við Reykjavíkurborg, þegar loksins samningar voru undirritaðir í október s.l., ef togstreita milli hæstv. iðnrh. og borgarstjórans í Reykjavík ættu nú enn að verða til þess að draga málið á langinn. Þess vegna spurði ég hæstv. iðnrh. að því, hver væri afstaða hæstv. ríkisstj. til óska Hitaveitu Reykjavíkur um gjaldskrárhækkanir. Um þessa fyrirspurn mína spunnust talsverðar umr., og í blaðaskrifum næstu daga var látið að því liggja, að hæstv. iðnrh. torveldaði hitaveituframkvæmdir. Á hann var sótt í þessum málum, og í ljósi þessa finnst e.t.v. sumum ekki óeðlilegt, þótt honum hafi fundist, að hann þyrfti að sýna almenningi fram á, að hann væri áhugamaður um hitaveituframkvæmdir, og fyndi sig knúinn til að sýna í verki áhuga sinn með því að senda þetta bréf, dags. 23. nóv. s.l., til Verkfræðistofu Sigurðar Thoroddsen s/f, 3 dögum eftir að umr. um fsp. mína fóru hér fram, þar sem Verkfræðistofan er beðin að athuga, hvernig unnt sé með sem skjótustum hætti að nýta innlenda orkugjafa í stað olíu til húshitunar og hvort ekki sé unnt að flýta hitaveituframkvæmdum í nágrannabyggðum Reykjavíkur umfram það, sem þá var fyrirhugað, og auglýsa efni þessa bréfs eins rækilega og gert var í fjölmiðlum.

Ég skal fúslega viðurkenna, að mér fannst sum ámæli, sem hæstv. iðnrh. varð fyrir í blaðaskrifum út af afskiptum hans af hitaveitumálum, ómakleg. A.m.k. er það mín skoðun, að forráðamenn Hafnarfjarðarbæjar geti ekki með rétti kvartað yfir framlagi hans til fyrirgreiðslu því, að langvinnar og erfiðar samningaumleitanir milli Hafnarfjarðar og Reykjavíkur um hitaveitu fyrir Hafnarfjörð voru til lykta leiddar, en til hans varð að leita til að fá niðurstöðu í því máli. Hann mætti á fundi í Hafnarfirði með bæjarstjórn Hafnarfjarðar að hennar ósk og borgarstjóra Reykjavíkur, þegar hitaveitumál Hafnfirðinga voru komin í sjálfheldu vegna afstöðu forráðamanna Reykjavíkur, en svo var komið þessum samningamálum í des. 1973, sem embættismenn viðkomandi sveitarfélaga unnu að, að bæjarstjórn Hafnarfjarðar taldi samkv. fyrir-

liggjandi upplýsingum, að Hafnarfjörður ætti kost á sams konar samningi við Reykjavíkurborg um byggingu og rekstur jarðvarmaveitu og gerður hafði verið við Kópavogskaupstað. Endanlega var þó ekki gengið frá samningum, þar sem forráðamenn Reykjavíkurborgar töldu ekki nægilega tryggt, að því skilyrði, sem þeir settu um 7% rekstrararð, að endurmentum fjárfestingum Hitaveitu Reykjavíkur, yrði fullnægt, eins og málum væri þá háttað, nema Hitaveita Reykjavíkur fengi gjaldskrá sína hækkaða. En til þess að þessum þröskuldi í vegi fyrir hitaveitusamningum við Reykjavíkurborg yrði rutt úr vegi, fóru fulltrúar Hafnarfjarðar, Kópavogs og Garðahrepps á fundi hæstv. iðnrh. og hæstv. forsrh. út af því máli, og í framhaldi af því, var Hitaveitu Reykjavíkur síðan heimilað að hækka gjaldskrá sína um 20%.

Eftir að sú gjaldskrárhækkun hafði verið samþykkt, taldi bæjarstjórn Hafnarfjarðar með hliðsjón af þeim upplýsingum, sem fyrir lágu í málinu, að nú væri Reykjavíkurborg ekkert að vanbúnaði lengur að ganga frá samningi og það eitt væri nú eftir að undirrita lokasamninga, þar sem því atriði, sem staðið hafði í veginum fyrir því, hefði verið rutt í burtu. En það óvænta skeður, að svo reynist ekki vera. Í bæjarráði Hafnarfjarðar er frá því skýrt 21. mars 1973, að Reykjavíkurborg væri enn ekki reiðubúin til þess að staðfesta umræddan samning. Þegar málum var þannig komið, samþykkti bæjarstjórnin samkv. till. bæjarfulltrúa meiri hl. bæjarstjórnar að fá sameiginlegan fund með borgarstjóra Reykjavíkur og hæstv. iðnrh. til þess að komast til botns í þessu máli. Sá fundur var haldinn. Þar lýsti hæstv. iðnrh. því yfir, að heimild til hækkunar á gjaldskrá Hitaveitu Reykjavíkur um 20% 12. mars 1973 hefði m.a. verið veitt með hliðsjón af því, að með þeirri afgreiðslu væri verið að greiða fyrir, að samningar tækjust um lagningu hitaveitu í nágrannabyggðir Reykjavíkur. Í framhaldi af þessum fundi eru svo settar á laggirnar nýjar samninganefndir aðila, skipaðar bæjarfulltrúum og borgarfulltrúum, og frá samningi síðan gengið í okt. s.l.

Ég hef rakið gang þessa samningamáls Hafnarfjarðar og Reykjavíkur um hitaveitumál til að sýna fram á, að ýmis ljón hafa verið á veginum í þessum mikilvægu málum undanfarið, og einnig til að benda hæstv. iðnrh. á, að ferill hans sé ekki slíkur í því máli, sem ég hef gert hér að umtalsefni, að hann þurfi þess vegna að vera með sýndarmennsku og auglýsingastarfsemi af því tagi, sem mér sýnist, að hér sé á ferðinni, til að almenningur sannfærist um áhuga hæstv. ríkisstj. fyrir því, að innlendir orkugjafar verði hagnýttir í stað olíu.

Ég vil þó taka fram og endurtaka til að fyrirbyggja misskilning, að sú skýrsla, sem ráðh. hefur lagt hér fram, er góðra gjalda verð og fróðleg, svo langt sem hún nær, þótt hún fjalli ekki nema að ákaflega takmörkuðu leyti um það, sem hún átti að snúast um samkv. bréfi ráðh., þ.e.a.s. eftir hvaða leiðum skynsamlegast sé að fara til að tryggja með sem skjótustum hætti nýtingu innlendra orkugjafa í stað olíu til húshitunar og annarra þarfa.

Svipað er um sjálfa þáltill. að segja. Hún gerir ráð fyrir gerð ítarlegrar framkvæmdaáætlunar um nýtingu innlendra orkugjafa í stað olíu til húshituunar. Skal áætlunin miðuð við árlega áfanga svo og mestan framkvæmdahraða og fela í sér tilgreind atriði. Fyrsta atriðið er svo hljóðandi, með leyfi hæstv. forseta:

„Hitaveituframkvæmdir hvarvetna þar sem jarðvarmi er tiltækur og nýting hans talin hagkvæm. Verði miðað við, að hitaveituframkvæmdum verði í meginatriðum lokið á árinu 1977.“ Í álitsgerð Verkfræðistofu Sigurðar Thoroddsen s/f segir, um þetta atriði á bls. 2 í skýrslu hæstv. iðnrh., með leyfi hæstv. forseta:

„Áætlanir um hitaveituframkvæmdir liggja nú fyrir um flesta þá staði, sem til greina koma. Áætlanir þessar eru þó mjög mislangt komnar. Sumar eru aðeins frumáætlanir, aðrar eru fullhannaðar.

Til þess að unnt sé að standa við þær áætlanir, sem nú liggja fyrir um hitaveituframkvæmdir, er nauðsynlegt, að framkvæmdum sé veitt öll sú fjárhagslega fyrirgreiðsla, sem unnt er.

Á þessu ári er áætlað, að fjárfesting í hitaveituframkvæmdum verði um 900 millj. kr., 1975 um 1600 millj. kr. og 1976 um 1250 millj. kr. eða samtals 3750 millj. kr. Fá þá um 45 þús. manns hitaveitu.

Fjárfrekustu framkvæmdirnar eru hjá Hitaveitu Reykjavíkur og hitaveitu frá Svartsengi, jafnframt eru þær veitur með hagkvæmast orkuverð.

Á þessu árabili er áætlað, að lokið verði við þær veitur, sem nú eru taldar hagkvæmar, þ.e.a.s. nágrannabyggðir Reykjavíkur, Suðurnes, Akranes, Borgarnes, Blönduós, Siglufjörður, Eyrarbakki, Stokkseyri og Þorlákshöfn. Einnig má búast við, að áframhaldandi rannsóknir á hitasvæðum í nánd við þéttbýli leiði í ljós hagkvæmni á hitaveitu þar sem vafi leikur á um hagkvæmni nú. Mikil nauðsyn er því á, að jarðhitarannsóknir verði styrktar mjög, til þess, að sem fyrst verði hægt að skera úr um með fullri vissu, hvar um nýtanlegan jarðvarma sé að ræða. Má þar sem dæmi nefna möguleika á að nýta varma úr nýja hrauninu í Vestmannaeyjum til húshitunar og einnig nýtingu jarðvarma við Mývatn til upphitunar á Akureyri, en frumathugun á því bendir til, að þann möguleika þurfi að kanna nánar.“ — Svo mörg eru þau orð.

Af þessu, sem ég hef hér lesið, kemur í ljós, að það er í rauninni afgert og ákveðið, sem lagt er til, að gert verði í þáltill., hvað þetta atriði áhrærir a.m.k.

Annað atriðið í þessari till. er svo hljóðandi, með leyfi hæstv. forseta:

„Samtenging allra orkuveitusvæða landsins og breyting á dreifikerfum, svo að landsmenn allir geti átt kost á nægri raforku. Ráðist verði í nýjar virkjanir, sem tryggi næga orkuframleiðsluu, og auknar rannsóknir á nýtilegum virkjunarstöðum. Verði að því stefnt, að sem flestir þeirra, sem ekki eiga kost á jarðvarmaveitum, geti nýtt raforku til húshitunar fyrir árslok 1981.“

Hvað segir svo Verkfræðistofa Sigurðar Thoroddsen s/f um þetta atriði, með leyfi hæstv. forseta. Þar segir m.a.:

„Áætlanir um framkvæmdir til þess að auka

rafhitun í landinu eru skammt á veg komnar, sérstaklega hvað viðvíkur breytingu dreifikerfa vegna aukins orkuflutnings. Sigölduvirkjun, Lagarfossvirkjun og stækkun Mjólkárvirkjunar eru nú þegar í byggingu, auk þess er ráðgert að hefja lögn byggðalínu frá Hvalfirði til Varmahlíðar á þessu ári, einnig styrkingu dreifikerfa vegna rafveitunnar, þar sem brýnust nauðsyn er. Lausleg áætlun um kostnað við tengilínu milli landshluta og breytingar á dreifikerfum er um 4000 millj. kr., og er áætlað, að unnt sé að tengja 80% af fullum rafhitunarmarkaði fyrir árslok 1981. Ástæða til þess, að ekki er talið, að hægt sé að hraða mettun markaðarins umfram þetta, er hin mikla fjárfesting og einnig mannaflaþörf við þessa vinnu, sem að stórum hluta krefst sérhæfðs vinnukrafts. Forsenda aukinnar rafhitunar er, að áfram verði haldið við virkjanaframkvæmdir og rannsóknir á nýtilegum virkjunarstöðum. Einnig er nauðsynlegt að stefna að tengingu alls landsins í eitt kerfi og jafnframt að auka öryggi hvers landshluta gagnvart bilunum í raforkukerfinuu." — Svo mörg eru þau orð.

Það hlýtur að vera mönnum undrunarefni, að áætlanir um framkvæmdir til aukningar á rafhitun í landinu skuli svo skammt á veg komnar sem hér kemur fram eftir næstum 3 ára setu núv. hæstv. iðnrh. í ráðherrastóli, þegar hugsað er til mikilla ræðuhalda hans og skrifa, þegar hann var í stjórnarandstöðu og raunar einnig eftir að hann komst í ríkisstj., um hversu það væri brýnna verkefni en flest annað í orkumálum að nýta vatnsorku til rafhitunar.

Þriðja og síðasta atriðið þáltill. er þannig með leyfi hæstv. forseta:

„Fjármögnunarráðstafanir með innlendri fjáröflun og erlendum lántökum, svo að nægjanlegt fé verði jafnan tiltækt til þessara framkvæmda." Svo mörg eru þau orð.

Í álitsgerð Seðlabanka Íslands, sem er hluti af skýrslu hæstv. iðnrh., segir orðrétt um þetta efni m. a., með leyfi hæstv. forseta:

„Rétt er að taka það skýrt fram, að erfitt er að gera fjáröflunaráætlanir um eins umfangsmiklar framkvæmdir og hér er um að ræða nema sem hluta af heildaráætlun um opinberar framkvæmdir hvers árs og fjáröflun til þeirra. Er það bæði vegna vinnu að lántökum og með tilliti til framboðs á vinnuafli til framkvæmda. Telur bankastjórnin því nauðsynlegt, að áætlanir um þessar framkvæmdir verði felldar inn í framkvæmda- og fjáröflunaráætlanir þess opinbera."

Af því, sem ég hef rakið úr álitsgerð Verkfræðistofunnnar, sýnist mér eftirfarandi liggja ljóst fyrir: Áætlanir um hitaveituframkvæmdir liggja nú þegar fyrir um flesta þá staði, sem til greina koma. Áætlanir um fjárfestingu á hitaveituframkvæmdum til ársloka 1976 eru einnig fyrir hendi. Hins vegar eru áætlanir um framkvæmdir til þess að auka rafhitun í landinu skammt á veg komnar.

Til þess að unnt verði að hrinda þeim áætlunum í framkvæmd, sem búið er að gera í þessum efnum og enn er eftir að vinna, sýnist mér, að aðallega þurfi þrennt: Fjármagn, nægjanlegt vinnuafl og nauðsynlegar vinnuvélar og tæki. Þessir 3 þættir eru grundvallaratriði í því máli, sem hér er til umr., og af þeim upplýsingum, sem fyrir liggja, verður ekki annað séð en að um þessa mikilvægu þætti ríki enn talsverð óvissa. Ég tel, að lausn þessara þátta málsins hefði átt að hafa algjöran forgang hjá hæstv. ríkisstj. varðandi aðgerðir til þess að tryggja með sem skjótustum hætti nýtingu innlendra orkugjafa í stað olíu, en hefur því miður ekki orðið vart, að svo hafi verið.

Sem dæmi um það, hvílíkur vandi hér er á ferðinni fyrir sveitarfélög, sem standa í hitaveituframkvæmdum, get ég skýrt frá því til fróðleiks, hvernig þessi mál standa í Hafnarfirði, og hygg ég, að önnur nágrannabyggðarlög Reykjavíkur, þar sem unnið er að undirbúningi að hitaveituframkvæmdum hafi svipaða sögu að segja.

Hinn 19. sept. s. l. samþ. bæjarstjórn Hafnarfjarðar till., sem flutt var að frumkvæði meiri hl. bæjarstj. og er svo hljóðandi, með leyfi hæstv. forseta:

„Þar sem nú er enn mikilvægara en nokkru sinni áður, að Hafnfirðingar geti hið fyrsta hitað upp hús sín með jarðvarmaveitu vegna þeirrar þróunar sem orðið hefur í olíumálum, þá samþ. bæjarstj. að fela n. þeirri, sem á lokastigi undirbjó samninginn við Reykjavíkurborg um hitaveitu fyrir Hafnarfjörð, að kanna alla tiltæka möguleika á því, að framkvæmdum verði flýtt, svo sem frekast er kostur, frá því, sem umræddur samningur gerir ráð fyrir. Verði það gert með viðræðum við fulltrúa Reykjavíkurborgar og eftir atvikum við aðra aðila, sem mál þetta snertir og haft geta áhrif á gang þessa máls."

Í framhaldi af þessari samþykkt var svo haldinn fundur með fulltrúum Reykjavíkurborgar, sem tóku málaleitan Hafnfirðinganna mjög vel. Og í fundargerð af þessum fundi kemur glöggt fram, hver þau vandamál eru helst, sem við er að fást í þessum efnum. En þar segir m. a. orðrétt, með leyfi hæstv. forseta:

„Fullljóst er, að hagsmunir aðila fara saman með því að flýta framkvæmdum. Mögulegt virðist að hraða gerð aðalæðar, þannig að hleypa megi vatni á hana fyrir mitt ár 1975 í staðinn fyrir haustið 1975. Erfiðastur verður í þessu sambandi hinn tæknilegi undirbúningur, einkum vegna skorts á hönnunargögnum, aðallega frá Vegagerð ríkisins, sem nú er að hanna efri Reykjanesbraut, en meðfram henni er aðfærsluleiðinni ætlað að liggja. Hönnun lýkur vart fyrr en næstkomandi sumar, og gæti þá orðið erfitt að ná í góða verktaka.

Fyrsti áfangi er þegar kominn í útboð, Norðurbær, Álfaskeiðshverfi og aðalæð meðfram Reykjanesbraut. Hönnun annars áfanga er þegar hafin, og hugsanlegt er að taka hluta hans í útboð á þessu ári í staðinn fyrir næsta ár, t. d. Kinnar og Öldur. Allri hönnun dreifikerfisins gæti lokið í byrjun næsta árs, og stefna bæði skrifstofa bæjarverkfræðings í Hafnarfirði og Virkir h/f að því, að svo megi verða. Með þessu lagi er hugsanlegt, að u. þ. b. 2/3 hlutar bæjarins gætu verið komnir í samband haustið 1976 og svo til allt, sem eftir er, á árinu 1976. Yrði þá flýtingin hálft til eitt ár. Stærsta vafaatriðið í því er eins og nú horfir verktakamarkaðurinn. Nokkur óvissa gæti einnig orðið í sambandi við virkjunarfram-

kvæmdir, og hefur t.d. komið fram ósk frá ríkisaðilum að fá gufuborinn, sem nú borar samfellt á Reykjum í önnur verkefni. Sömuleiðis er enn ófenginn samþykkt viðkomandi ráðuneytis fyrir umbeðnu einkaleyfi til hitaveiturekstrar í Hafnarfirði, en bæjarstjórn Hafnarfjarðar ber að afla þess leyfis.“ Ég vil skjóta því hér inn í, að þetta leyfi viðkomandi ráðuneytis liggur nú fyrir.

„Niðurstaðan virðist því vera,“ segir áfram í þessari fundargerð: „Aðilar eru sammála um að flýta framkvæmdum eftir megni, þar sem hagsmunir beggja fara saman í því. Flýta ber allri hönnun og öðrum undirbúningi, til að ekki standi á slíkum atriðum, ef verktakar, fé og aðrir framkvæmdaþættir reynast vera fyrir hendi. Hugsanlegt er talið, að flýta megi framkvæmdum þannig, að vatn komist á aðalleiðsluna fyrir mitt árið 1975 og u.þ.b. 2/3 hlutar bæjarins verði komnir í samband haustið 1975, svo og allur bærinn haustið 1976.“

Af því, sem ég hef hér lesið, er augljóst, hvar skórinn kreppir helst að við hitaveituframkvæmdir í nágrannabyggðum Reykjavíkur.

Annað atriði, sem ég vildi drepa lauslega á, er, hversu ákaflega mikilvægt það er fyrir sum sveitarfélög, að hagnýtingarréttur háhitasvæða, þar sem hann er nú í höndum einstaklinga, komist í eign þeirra eða ríkisins. Þetta er t.d. mikið hagsmunamál sveitarfélaga og íbúa þeirra á Reykjanesskaga, sem stefna nú að því að fá hitaveitu frá Svartsengi hið allra fyrsta. Til þess að leysa þann vanda væri mjög æskilegt að mínum dómi, að meginefni frv. til l. um breyt. á orkulögum, sem nú liggur fyrir Alþingi, en það mun liggja enn óafgreitt í n., eftir því, sem ég best veit, nái fram að ganga á yfirstandandi þingi.

Varðandi þann liðinn í þáltill., sem fjallar um nauðsyn fjármögnunarráðstafana til að tryggja nægjanlegt fé til umræddra framkvæmda, vil ég minna á, að ég flutti hér þáltill. ásamt hv. 5. þm. Reykn. um lánsfé til hitaveituframkvæmda haustið 1972, þar sem lagt var til, að Alþingi skoraði á ríkisstj. að gera ráðstafanir til að tryggja sveitarfélögum lánsfé til hitaveituframkvæmda. Ekki var þess þá vart hér á hinu háa Alþingi, að almennur skilningur væri ríkjandi á nauðsyn sérstakra ráðstafana til að fjármagna slíkar framkvæmdir. Sú þingnefnd, hv. fjvn., sem fékk till. til athugunar, treysti sér þá ekki til að mæla með samþykkt hennar, heldur lagði til, að henni yrði vísað til ríkisstj. Ég gerði athugasemdir við þá afgreiðslu málsins og lét í ljós undrun yfir því, að n. skyldi ekki mæla með svo sjálfsögðu máli sem þar var á ferð. Formælandi n. lét að því liggja í umr. um málið, að svo vel væri fyrir þessu séð í höndum núv. hæstv. ríkisstj., að ekki væri ástæða til þess að gera slíka ályktun sem þarna væri á ferðinni. Nú, rúmlega 1½ ári eftir að þessi till. okkar hv. 5. þm. Reykn. kom hér fram, sér hæstv. iðnrh. ástæðu til þess að koma með þá þáltill., sem hér liggur fyrir og gerir m.a. ráð fyrir sérstökum fjármögnunaráðstöfunum, svo að nægilegt fé verði jafnan tiltækt til hitaveituframkvæmda. Það segir auðvitað sína sögu í þessu sambandi.

Herra forseti. Ég er nú að koma að lokum máls míns, en vil að síðustu leggja áherslu á nauðsyn þess, að allt verði gert, sem unnt er, til að tryggja þá grundvallarþætti þessa máls, sem mest hætta er á, að erfitt verði að uppfylla eins og nú háttar til í landinu, en það eru fullnægjandi tækjakostur, nægjanlegt vinnuafl og fjármagn. Það er skylda hæstv. ríkisstj. að hafa forgöngu um, að þannig verði búið um hnútana, að þessi grundvallaratriði verði örugglega fyrir hendi. Hér er um að ræða að mínum dómi framkvæmdir, sem eiga að hafa fogöngu umfram fjöldamargar aðrar framkvæmdir í landinu.

Ég hef ekki rætt um rökin, sem liggja að baki nytsemi þess máls, sem ég hef gert að umtalsefni í þessum orðum mínum, svo mjög sem hagkvæmni þess að nýta innlenda orkugjafa í stað olíu liggur í augum uppi. En meginniðurstaða álitsgerðar Verkfræðistofu Sigurðar Thoroddsen er sú, að hagkvæmt sé að nota innlenda orkugjafa jarðhita og rafmagn, til húshitunar í stað innfluttrar olíu á því innflutningsverði olíu, sem nú ríkir, auk þess öryggis, að Íslendingar ráði sjálfir sínum orkugjöfum.

Hagkvæmni þess að nýta jarðvarma er auðvitað langmest, þegar hann er í grennd við þéttbýli, miðað við olíu og raforku, en minnkar eftir því sem sækja þarf hann lengra að eða byggð verður strjálli. Þegar vissu marki er náð, verður svo rafhitun hagkvæmari en hitaveitan.

Herra forseti. Ég mun nú láta máli mínu lokið, en vil endurtaka að síðustu óskir um, að takast megi að halda svo á þessum málum, að unnt verði með sem skjótustum hætti að nýta innlenda orkugjafa í stað olíu til húshitunar til hagsbóta og þæginda fyrir sem allra flesta landsmenn.

Lárus Jónsson: Herra forseti. Það er ekki ofsögum sagt af því, að það mál, sem hér er á dagskrá, sé eitt mikilvægasta mál, sem ber að höndum okkar Íslendinga um þessar mundir, og ég verð að segja, að mér er það mikið fagnaðarefni, að þessi skýrsla hefur verið lögð fram, tel, að upplýsingar, sem í þessari skýrslu sé að finna, séu mjög gagnlegar til stefnumótunar í þessum málum, og skýrslan sé góð, svo langt sem hún nær. Hún er að vísu fyrst og fremst upplýsingar, en ekki framkvæmdaáform, en á henni ætti að vera hægt að byggja stefnu í orkumálum, sem ég tel, að við flestir getum orðið í öllum meginatriðum sammála um. Því vil ég sérstaklega þakka hæstv. ráðh. fyrir, að hann hefur lagt þessa skýrslu fyrir Alþingi.

Í máli hæstv. ráðh. fjallaði hann um þetta efni og ræddi þá um m.a. þetta tvennt, sem er hér til umr., um virkjun á raforku og jarðvarma til húshitunar. Hann minntist ekki á, hvort þessi skýrsla væri grundvölluð á því áformi hans og hæstv. ríkisstj. að leggja á 13% verðjöfnunargjald á raforku. Ég leitaði að því í þessari skýrslu og reyndi að glöggva mig á því, hvort samanburður, sem gerður er víða í þessu plaggi milli orkugjafa, væri miðaður við það, að þetta verðjöfnunargjald væri lagt á raforku til húshitunar, og gat ekki fundið um það upplýsingar. Þess vegna vildi ég spyrja hæstv. ráðh. um það, hvort þessi skýrsla sé miðuð við það, að þetta verðjöfnunargjald leggist á raforkusölu til húshitunar. En það er afskaplega mikilvægt að gera sér grein fyrir því, vegna þess

að þetta verðjöfnunargjald, ef það verður lagt á, eins og gert er ráð fyrir í frv., sem liggur fyrir hv. Alþingi, gæti skekkt myndina gagnvart jarðvarma eða gert það að verkum, að raforkuöflun til húshitunar yrði á sumum stöðum óhagkvæmari vegna þess að á hana er lagt sérstakt verðjöfnunargjald. Ég vildi því mælast til þess við hæstv. ráðh. að hann upplýsti okkur um þetta mál.

Þá ræddi hæstv. ráðh. talsvert mikið um jarðhitarannsóknir og aukinn stuðning til jarðhitarannsókna. Ég vil í því sambandi vekja máls á því, að ég flutti í upphafi þessa þings frv., til l. um aukinn stuðning við sveitarfélög til jarðhitaleitar. Þetta frv. hefur legið í hv. iðnn. í allan vetur, og það hefur einstaka sinnum verið rætt, en ekki fengist afgreitt. Það er þannig með stuðning ríkisins við jarðhitaleit sveitarfélaga nú, að Orkusjóður getur veitt sveitarfélögum 40% lán til 5 ára til þess að bora eftir heitu vatni. Sveitarfélögin verða að endurgreiða þetta lán, ef þau nýta að einhverju jarðhita á svæðinu, jafnvel þótt hann sé alls ónógur til upphitunar fyrir viðkomandi stað, og þess eru dæmi, að þegar er orðin það mikil byrði hjá ýmsum sveitarfélögum vegna jarðhitaleitar, að þau eiga torvelt með það að halda jarðhitaleitinni áfram. Með tilliti til þess, hvernig nú horfir í orkumálum og hækkandi olíuverði, tel ég brýna nauðsyn til að breyta þessum reglum. Þó að það þurfi e.t.v. ekki að verða nein bylting, þá tel ég, að það þurfi að hyggja að því, að sveitarfélögin geti fengið meiri stuðning frá hinu opinbera í þessum efnum og þau geti gengið lengra í sinni jarðhitaleit en hingað til hefur verið unnt.

Ég vil minna á þetta nauðsynjamál hér, því að það er ágætt að flytja hástemmdar ræður á Alþingi um, að það þurfi að gera eitt og það þurfi að gera annað, en það þarf að vera vilji til þess í framkvæmd, og það þarf að leggja til þess fjármuni. Ég vil skora á hæstv. ráðh. að beita sér fyrir því, að þetta mál verði sérstaklega skoðað. Það þarf ekki endilega að afgreiða frv. mitt um þetta mál, heldur mætti gjarnan hæstv. ríkisstj. flytja frv. um málið, ef það þætti betur henta. En ég vil skora á hann að hugleiða þetta mál og flytja um það frv. hér á Alþingi, ef hann getur ekki fallist á þær till., sem ég hef lagt fram í því máli.

Hæstv. ráðh. ræddi hér um það, sem rétt er, að gerð hefur verið frumathugun á því að leggja hitaveitu frá Mývatnssvæðinu til Akureyrar, og skýrsla liggur fyrir um þetta, sem bendir til þess, að þetta geti verið álitleg framkvæmd. Þó er í þessari skýrslu, sem hér er til umr., ekki gert ráð fyrir því, að Akureyri verði hituð upp með heitu vatni, heldur með raforku, en niðurstöður þessarar frumathugunar eru allrar athygli verðar að mínu mati. Og þá er spurningin, hvernig þessu verki verður haldið áfram. Í skýrslu þessari, sem Verkfræðistofa Sigurðar Thoroddsen gerði, er lagt til, að þessum athugunum verði haldið áfram, og ég vil spyrja hæstv. ráðherra, hvort það sé ætlun rn. í samstarfi við Akureyrarbæ að halda þessum athugunum áfram um hitaveitu á Akureyri eða hvort það þurfi til þess sérstaka lagasetningu eða einhverjar aðrar aðgerðir, sem ýtt geti þessu máli áfram. Hér er um mjög mikilvægt mál að ræða, ekki síst vegna þess að ástand raforkumála á Norðurlandi er nú ekki sem allra best, eins og hefur oft borið á góma á hv. Alþingi.

Þá vil ég víkja að því, sem mér þótti athyglisvert við þá skýrslu, sem hér er til umr., að í henni er vikið að orkumálum á Norðurlandi, bæði Norðurl. e. og v. að sjálfsögðu. Þar er undirstrikað að minni hyggju það sjónarmið, sem ég hef oft haldið fram hér um orkumál á Norðurlandi og við hæstv. ráðh. höfum stundum háð hildi um hér á hv. Alþingi.

Í skýrslunni stendur, og hæstv. ráðherra las það upp úr skýrslunni, m.a.: „Nauðsynlegt er að virkja fyrir norðan til þess að auka öryggi raforkuvinnslunnar gegn línubilunum.“ Þetta hefur verið ein grundvallarröksemd mín fyrir því, að rangt væri stefnt í orkumálum á Norðurlandi af hálfu núv. ríkisstj., að það var ekki hafist handa um virkjun á Norðurlandi, þegar séð var fyrir um það, að Laxárvirkjun yrði ekki haldið áfram, heldur byrjað á því að ráðast í flutningslínu norður, sem hlaut auðvitað að vera afskaplega óörugg orkuöflunarleið fyrir heilan landshluta.

Enn fremur stendur í þessari skýrslu: „Fyrirhuguð byggðalína, sem tengir saman Landsvirkjunarsvæðið og raforkusvæðið á Norðurlandi gerir kleift að leyfa aukna rafhitun á Norðurlandi, strax og Sigalda fer að vinna rafmagn.“ Þetta er eitt af því, sem ég hef bent hæstv. ráðh. margoft á áður, að þrátt fyrir byggðalínu eða þrátt fyrir Öræfalínu, eins og hann fyrirhugaði fyrst, þá yrði ekki um að ræða, að Norðlendingar fengju orku til rafhitunar og til almennra þarfa á Norðurlandi, fyrr en Sigölduvirkjun væri komin í gagnið. Hér er sem sagt þessi staðhæfing viðurkennd, og er það út af fyrir sig gott og blessað.

Þá stendur einnig í þessari skýrslu, að reynsla síðasta vetrar sýni, að „öryggi landsvirkjunarkerfisins er ekki nægilegt til þess að rafhitun sé örugg.“ Hvað má þá segja, ef Landsvirkjunarkerfið er ekki nægilega öruggt hér á Suðvesturlandi, hvernig hefði ástandið orðið í orkumálum Norðlendinga, ef þeir hefðu orðið að sæta því að fá raforku norður um öræfi í mörg ár, jafnvel áratugi, eins og stefnt var að, eftir línu, sem til þess hefði verið reist? Þarna er beinlínis viðurkennt, að þau sjónarmið, sem við höfum haft, sem gagnrýnt höfum hæstv. ráðherra í þessum efnum, eru rétt. Nú er hins vegar ætlunin að reisa gufuvirkjun fyrir norðan, eins og hv. alþm. vita, og frv. um það hefur verið afgr. á Alþingi. Það er gott og blessað, að hæstv. ráðherra hefur þannig séð villu síns vegar í þeim efnum, en það er fullseint séð, því að ástandið í orkumálum á Norðurlandi er afar slæmt.

Ég vil þá aðeins koma inn á það, að nýlega sendi Laxárvirkjunarstjórn frá sér bréf, þar sem hún lýsti yfir áhyggjum sínum í þessum efnum, og segir í því bréfi:

„Þar sem nú ríkir mikil óvissa í raforkumálum Laxársvæðisins og ekki útlit fyrir, að viðunandi lausn fáist á þeim á næstunni, ræddi stjórn Laxárvirkjunar nýlega við iðnrn. og orkuráðh. um þessi mál öll, m.a. um frekari sölu til húshitunar.“

Síðan er í bréfinu skýrt frá því, að á meðan

niðurstöður í þessum viðræðum við orkuráðh. eru ekki fyrir hendi, treysti Laxárvirkjun sér ekki til að selja raforku til húshitunar og fer þess á leit við Rafmagnsveitu Akureyrar og Rafmagnsveitur ríkisins, að þær geri það ekki, þær beinlínis synji nýjum umsóknum frá húseigendum um raforku til húshitunar.

Þannig er nú ástandið því miður á Norðurlandi í dag, og hefur verið áætlað, að það þurfi hvorki meira né minna en 20 mv. og 130 gwst. á ári af dísilorku, það þurfi að framleiða þessa orku með dísilafli á árinu 1976 á Norðurlandi til þess að fullnægja þar raforkuþörf miðað við mjög varkára spá, og getur hver maður séð, að miðað við olíuverð nú er þarna alger vá fyrir dyrum. Ég gæti giskað á, að miðað við það verð, sem nú er á olíu, kostaði að framleiða þessa raforku ekki minna en 500—600 millj. kr., en það mundi kosta með venjulegri innlendri virkjun, t. d. gufuvirkjun, eitthvað á bilinu á milli 70—130 millj. kr. Þannig er nú því miður komið orkumálum á Norðurlandi, og eins og ég sagði áðan, þá er gott og blessað að leggja fram svona skýrslu hér á hv. Alþingi og tala fjálglega um orkumálin í landinu, en sleppa því að minnast á, hvað ástandið er orðið slæmt á ýmsum svæðum landsins.

Það er því miður ekki útlit fyrir, að þetta lagist á næstunni á Norðurlandi, því að Kröfluvirkjun er ekki talin komast í gagnið fyrr en 1978 samkv. þessari skýrslu og eins samkv. því, sem ég hef aflað mér upplýsinga um hjá Orkustofnun. Þessi virkjun, sem er mjög álitleg, hefur dregist úr hömlu, bæði vegna þess að ríkisstj. ákvað að fara aðrar orkuöflunarleiðir á sínum tíma á árinu 1971 og ríkisstj. hefur síðan ekki sinnt því að rannsaka virkjunaraðstæður í Kröflu sem skyldi. M. a. var synjað um framlag til borunar á fjárlögum 1972 og 1973, þannig að þessi virkjun, sem er mjög álitleg, ekki bara fyrir Norðlendinga, heldur mjög álitleg virkjun almennt, sýnir fram á það, að háhitasvæði eru mjög ákjósanlegir virkjunarstaðir almennt í landinu, — hún hefur dregist úr hömlu. Ekki er heldur því að heilsa, að umrædd lína, sem öllu átti að bjarga á Norðurlandi, komi í gagnið fyrr en í allra fyrsta lagi um áramót 1975—76, og segja mér þó fróðir menn, að það muni mjög hæpið að telja, að hún komist í gagnið á þessu tímabili, þannig að það, sem stjórn Laxárvirkjunar segir í bréfi til orkuráðh., er algjörlega á rökum reist, að orkumál á Norðurlandi og alveg sérstaklega til húshitunar eru í algjöru öngþveiti, þrátt fyrir það sem hæstv. ráðherra sagði hér réttilega áðan, að Norðurl. e. er sérstaklega háð rafhitun. Ég verð því að segja, að ástandið í þessum efnum er ekki glæsilegt í mínu kjördæmi. Hæstv. ráðh. hefur svarað mér til, þegar ég hef verið að ræða um þetta við hann, að ég gæti og við sjálfstæðismenn, sjálfum okkur um kennt, því að við hefðum komið öllum orkumálum á Norðurlandi í öngþveiti með Laxárdeilunni. Ég verð að segja, að það er afskaplega „billeg" röksemdafærsla að halda slíku fram. Ef rétt hefði verið á málum haldið, þegar hæstv. ráðh. tók við stjórnartaumunum í orkumálum, og hann hefði látið hendur standa fram úr ermum, eins og hann ætlar að gera núna með Kröfluvirkjun, að mér skilst, við virkjun á Norðurlandi, þá hefði sú virkjun komið í gagnið miklu fyrr en þær aðgerðir, sem hann ákvað. Hann hélt því fram, að línan yrði sú aðgerð, sem fyrst mundi gagna okkur Norðlendingum. Hann sagði fyrst að hún mundi koma 1973—74, svo sagði hann 1974—75, og nú er talað um áramót 1975 og 1976, eins og ég sagði áðan, mun það að öllum líkindum dragast a. m. k. fram að árinu 1976.

Samtímis því sem þetta gerist liggur ljóst fyrir, að það væri hægt bara með þeirri einföldu aðferð að skipta um vélar í Námaskarðsvirkjun, þar sem er gufuvirkjun nú, — með því að skipta um vélar og nota eimsvalaaðferð, þá aðferð, sem á að nota í Kröfluvirkjun, væri hægt að fá 12—13 mw. í raforku á Norðurlandi. Þetta hefur ekki einu sinni mátt gera, vegna þess að línan norður átti öllu að bjarga, og það var engu líkara og er engu líkara enn í raun og veru, því að við erum ekki enn búnir að sjá, að það verði mjög mikill skriður á Kröfluvirkjun, — það er engu líkara en það hafi verið sérstakt trúaratriði, að Norðlendingar skyldu fá orku eftir þessum leiðum.

Það hefur stundum verið svolítill misskilningur á milli okkar hæstv. ráðh. um þessar línubyggingar. Ég vil taka það fram hér til þess að forðast, að það verði enn þá misskilningur á milli okkar, að með því að ég hef gagnrýnt þessa aðferð hans, þá er ég ekki að mæla gegn samtengingu orkuveitusvæða. Hins vegar er ég að gagnrýna það, að svona skuli farið að hlutunum, að fyrst sé byrjað að leggja línu og síðan eigi að afla orkunnar. Eins og stendur í þessari skýrslu, er og var nauðsynlegt frá því fyrsta, frá því að það var séð, að Laxárvirkjun mundi stöðvast, eins og hún er nú, þannig að þar yrði ekki um frekari virkjanir að ræða, þá var þegar í upphafi nauðsynlegt öryggisins vegna að hefjast handa um að virkja á Norðurlandi annars staðar en í Laxá. Þetta er mergur málsins, þetta lét hæstv. ráðh. undir höfuð leggjast, byrjaði á öfugum enda, byrjaði á því að leggja línuna í stað þess að byrja á réttum enda, þ. e. a. s. á virkjun, sem var í lófa lagið að gera, því að þegar 1971 voru til skýrslur, sem bentu til þess, að gufuvirkjanir væru mjög hagkvæmar, og þá þegar höfðum við haft verulega reynslu af slíkum virkjunum auk annarra virkjunarkosta, sem eru á Norðurlandi og öllum er kunnugt um.

Ég ætla ekki að þessu sinni að lengja mitt mál öllu meir. Ég endurtek það, að ég tel mjög mikilvægt að fá þessa skýrslu, og ég tel, að hún sé glögg, sýni upplýsingar, sem séu mjög mikilvægar til þess að marka ákveðna stefnu á þessu sviði, sem við erum allir sammála um, að eru framkvæmdir, sem hljóta að njóta forgangs á undan öðrum framkvæmdum á næstu árum. Ég fagna því sérstaklega, að í þessari skýrslu eru undirstrikaðar röksemdir, sem ég hef haldið fram í orkumálum okkar Norðlendinga. Þar er tekið sérstaklega undir okkar röksemdir. Ég fagna því, að hæstv. ráðh. hefur gert þessar röksemdir að sínum með því að lesa þessa skýrslu hér upp, og ég skildi það svo, að með því vildi hann gera þessar röksemdir að sínum.

Ingólfur Jónsson: Herra forseti. Hér eru tvö mál rædd samtímis, annars vegar till. til þál. um nýtingu innlendra orkugjafa og hins vegar skýrsla hæstv. iðnrh. um nýtingu innlendra orkugjafa í stað olíu. Þeir hv. þm., sem hér hafa talað, hafa þakkað hæstv. ráðh. fyrir þessa skýrslu. Ég ætti kannske að bæta við og segja: þakka fyrir kærlega. En hvað sem um það má segja, hvort þessi skýrsla er í fyllsta máta ágæt eða fullnægjandi, þá má segja, að hæstv. ráðh. hafi sýnt viðleitni með því að leggja hana fram, og rétt er það, sem sagt var hér áðan, að talsverður fróðleikur er í þessari skýrslu.

Um till. er öðru máli að gegna. Einhver sagði hér áðan, að í henni fælist sýndarmennska. Ég fyrir mitt leyti hef enga ánægju af því að segja nokkuð niðrandi eða ljótt um hæstv. iðnrh. En það liggur við, að ég geti tekið undir þetta. Till. þessi er óþörf, vegna þess að hæstv. ráðh. hefur allar heimildir til þess að gera og láta gera það, sem farið er fram á, að Alþ. samþykki með till. Þess vegna er það í rauninni óviðeigandi fyrir hæstv. ráðh. að vera að flytja þessa till. hér á hv. Alþ. og fara þess á leit, að hún verði samþ. Hæstv. ráðh. hefur Orkustofnunina og sérfræðinga hennar og hefur fullar heimildir til þess að auka við liðskostinn þar, til þess að Orkustofnunin vinni þessi verk. Og því fremur er þessi till. óþörf, að það er vitað, að það er ekki nokkur þm., sem vill mæla á móti því, að þetta verði gert, sem ætlast er til, að unnið verði samkv. till.

Það er sjaldan til mikils gagns að tala langt mál og leggja fram langar skýrslur, nema því fylgi raunhæfar aðgerðir. Málskrúðið dugar ekki til lengdar. Það getur dugað í bili, en ekki til lengdar. Það kemur að því, að það verður spurt: Hvað um aðgerðir? Mig minnir, að það séu tvö ár síðan hæstv. iðnrh. lagði fram heildaráætlun, eins og það var kallað, um iðnþróun á Íslandi. Þetta var rammi um iðnþróunaráætlun, sem unnin var á vegum Sameinuðu þjóðanna eftir beiðni fyrrv. iðnrh., Jóhanns Hafsteins. Þetta var aðeins rammi, þessi rammi gaf talsverðar vonir, og iðnrekendur margir voru sérstaklega ánægðir yfir því, að þetta væri þó komið áleiðis. Þá ríkti enn talsverð bjartsýni hjá iðnrekendum og þeim, sem við iðnað fást í þessu landi. En þessi áætlun var aðeins einn liður í því, sem þurfti að gera, til þess að iðnaður gæti þróast í landinu.

Ég ætla ekki nú að fara að rekja ástæðuna fyrir því, hvers vegna ekki ríkir lengur bjartsýni í iðnaðinum, hvers vegna svo er komið, að menn eru daprir og vonlitlir: Menn minnast þess, að það er ekki langt síðan í sjónvarpinu var viðtal við forustumann Félags ísl. iðnrekenda. Ég býst við því, að margir hafi hlustað á það samtal. Hann lýsti því dapurlega, hvernig núv. stjórnarfar hefur farið með iðnaðinn og þá þróun, sem stefnt var að og hæstv. iðnrh. hefði örugglega viljað vinna að, þótt hann hljóti nú að viðurkenna, að það hafi mistekist. Iðnaðurinn þarf orku, og hann er samtvinnaður því máli, sem hér er um að ræða.

Till. er fyrr á dagskránni og þess vegna eðlilegt að fara nokkrum orðum um hana, áður en rætt verður um skýrsluna.

Menn minnast þess, að fyrrv. ríkisstj. lét vinna mikið að rannsóknum, bæði virkjunarrannsóknum og eins að því að rannsaka jarðhitann og nýtingu hans. Í tíð fyrrv. ríkisstj. voru keyptir jarðborar til landsins, sem alltaf höfðu ærið verkefni að vinna. Hitaveitur voru auknar víðs vegar um landið, þar sem aðstaða var til þess, og að því stefnt að halda slíku áfram, m. a. með stöðugum og auknum jarðborunum. Sama máli gegndi um virkjunarframkvæmdir og rannsóknir í virkjunarmálum, enda er viðurkennt og verður ekki rengt, að virkjað afl margfaldaðist í tíð fyrrv. ríkisstj., tíu eða tólffaldaðist. Sama máli gegnir um dreifingu raforkunnar á þessum tíma. Það var unnið að þessum málum með meiri hraða en nokkru sinni fyrr. Skilningur manna, hvar í flokki sem þeir eru eða voru, var fyrir hendi, og menn gerðu sér ljóst, að jarðhitinn og vatnsaflið eru námur, eru auðæfi, sem þetta land þarf að nota.

Hæstv. núv. iðnráðh. misskildi stundum, þegar hann var í stjórnarandstöðu, hversu mikils virði það er að virkja þetta afl. Menn minnast þess, að þegar rætt var um virkjun við Búrfell, stórvirkjun, þá fannst honum í mikið ráðist. Og hann flutti till. um að fá heimild til að virkja smávirkjun, um 30 þús. kw., í Efstadal. Hæstv. ráðh., þáv. hv. þm. Reykv., hefði ekki flutt þessa till. um smávirkjun, ef hann hefði þá gert sér grein fyrir gildi stórvirkjunar, fyrir mikilvægi þess fyrir þjóðarbúið að nota vatnsaflið í stórum stíl, eins og nú er gert, en þarf að auka og gera miklu betur. En till. þessi verður lesin upp í útvarpinu, hún verður prentuð í þingtíðindunum, og það verður talað um þetta, og hún verður prentuð í ýmsum blöðum, þegar þau fara að koma út. Og það verður sagt frá því, að hæstv. ráðh. hafi flutt þessa till. á Alþingi og hann hafi birt þá stefnu, sem hann vill vinna eftir.

Sannleikurinn er sá, að hér er ekki um neina nýja stefnu að ræða. Hér er aðeins um það að ræða að halda áfram þeirri stefnu, sem fyrrv. ríkisstj. markaði og vann eftir. En það er rétt, sem sumir hv. alþm. hafa sagt í þessum ræðustóli, að síðan núv. hæstv. ríkisstj. var mynduð og tók til starfa hefur verið unnið hægt að ýmsum rannsóknarmálum, allt of hægt. Það hefur miðað áfram í sambandi við jarðhitamálin, það hefur miðað áfram eðlilega má segja að mestu leyti, en þó alls ekki með meiri hraða en áður var, sennilega nokkru minni. En rannsóknir í virkjunarmálum hafa verið með hægagangi, sbr. það, að ekki er enn lokið virkjunarrannsóknum við Kröflu, og þegar hæstv. ráðh. síðast í dag var að tala um, að það yrði virkjað við Kröflu, þá er ekki hægt fyrir hæstv. ráðh. að fullyrða neitt um það enn sem komið er, vegna þess að rannsóknum er ekki lokið. En við skulum vona, að það verði virkjað annaðhvort við Kröflu eða Námafjall, og það er það, sem Alþingi hefur gefið heimild til. Verði virkjað við Námafjall, er tímabært fyrir hæstv. ráðh. að athuga, eins og ég benti á í vetur, hvort nokkrar tafir geta orðið á því vegna afstöðu heimamanna, vegna þess að þeir óttist mengun í Mývatni, ef um virkjun í Námafjalli verður að ræða. Það er vitanlega raunalegt, hversu hefur tafist með lokarannsókn við Kröflu, og það er í sjálfu sér

óskiljanlegt, því að það er rétt, sem hér hefur verið sagt, að orkumál Norðlendinga eru ekki í góðu lagi.

Við höfum nokkuð oft minnst á Laxárdeiluna og Laxárvirkjunina, og ég ætla engar ásakanir að bera fram á hendur einum eða neinum í því sambandi. Hitt vitum við, að ef heimilað hefði verið að virkja með 20 m hárri stíflu í Laxá, eins og sýslunefnd Suður-Þingeyjarsýslu og eins og Búnaðarsamband Suður-Þingeyjarsýslu var búið að samþykkja þá væri þarna 13—14 mw. meiri virkjun og öruggari en nú er. En eins og hv. 5. þm. Norðurl. e. sagði áðan, þegar það var ljóst, að þetta fékkst ekki, þá vitanlega lá á því og var nauðsynlegt að leggja áherslu á lokarannsóknir við Kröflu, til þess að unnt væri að hefjast þar handa með virkjun eða í Námafjalli fyrr en nú er mögulegt.

Þetta er mál út af fyrir sig, og má segja, að ekki þýði að vera að deila um orðinn hlut, orkumálum Norðlendinga verði ekki bjargað með því, úr því sem komið er, heldur beri nú að leggja meiri áherslu á en hingað til hefur verið gert að finna heppilegustu lausn á þessum málum. Það má segja, að ástæðulítið sé að vera að amast við þessari till., ekki muni hún tefja fyrir, þótt hún verði samþ. Það geta allir verið sammála um það. Hún tefur ekki fyrir. Hún flýtir á engan hátt fyrir heldur, vegna þess að ráðh. hefur möguleika til þess að láta vinna verkið, hvað sem till. líður. Eitt er það, að þessi till., þótt hún verði samþ., gefur ekki fjármagn, gefur ekki vinnuafl og skapar enga aðstöðu til að hraða framkvæmdum á einn eða annan hátt.

Það er eðlilegt, að þm. flytji till. til þál. Þm. flytja till. til þál. til að koma áhugamálum sínum á framfæri og til að leitast við að fá samþykkt Alþ. fyrir þeim málum, sem þeir bera fyrir brjósti. Þegar Alþ. hefur samþykkt eða gert slíkar ályktanir, þá er það ríkisstj., sem fær beinlínis kröfu frá Alþingi um, að framkvæmdir verði í samræmi við till. Hitt er miklu óvenjulegra, að ráðh. flytji till. eins og í þessu efni og fari þess á leit við Alþingi, að það gefi leyfi til þess að vinna að málum, sem heyra beint undir sama ráðh., og málum, sem ráðh. hefur fullar heimildir til þess að láta vinna að, eins og jarðhitarannsóknum og virkjanarannsóknum.

Ég ætla ekki, vegna þess að tíminn er takmarkaður, að eyða fleiri orðum um þessa till. En ég vil segja það, að ég tel brýna nauðsyn bera til að gera áætlanir bæði í jarðhitamálum og virkjanamálum og einnig um dreifingu raforkunnar, og það er ekkert vafamál, að það er þjóðarnauðsyn að vinna að því eftir fremstu getu, að sá orkugjafi, sem við höfum í jarðhitanum og í fallvötnunum, verði notaður bæði til að spara gjaldeyri og til að skapa gjaldeyri.

Það var sagt hér áðan, að hæstv. iðnrh. hefði verið vakinn á s. l. hausti af værum blundi, þegar olíuverðið hækkaði 23. nóv. Ég skal ekkert fullyrða um, hvort hæstv. ráðh. hefur sofið fast á verðinum til þess tíma. En hæstv. ráðh. hefur þó eftir 23. nóv. látið nokkuð til sín taka og til sín heyra í sambandi við orkumálin, og er það vel. Það fer ekki á milli mála, að það er mikils virði fyrir Ísland. Það gerir hvort tveggja að spara gjaldeyri og skapa gjaldeyri, ef við getum komist hjá því að nota svo mikið af innfluttum orkugjafa, olíunni, eins og við gerum nú. Það verður ekki komist hjá því, að við verðum að kaupa bensín á bílana og olíu og við verðum að kaupa olíu á skipaflotann. En ef við getum komist hjá að nota olíu til húskyndingar og ef við getum komist hjá að nota dísilvélar sem orkugjafa fyrir iðnaðinn, þá er mikið unnið. Þá sparast ekki hundruð millj. kr., heldur þús. millj. kr., og um þetta er áreiðanlega allir alþm. sammála. Þess vegna þarf ekki að spyrja Alþingi um leyfi, hvort eigi að gera áætlanir, hvort eigi að halda áfram rannsóknum á virkjunum eða í jarðhitamálum. Það eru allir alþm., hvar í flokki sem þeir eru, þessu fylgjandi, fylgjandi þeirri stefnu, sem fyrrv. ríkisstj. vann eftir, að rannsaka jarðhitamálin, virkjunarmálin og dreifa orkunni út um landið.

Ég skrifaði eftir hæstv. ráðh. áðan, þegar hann var að tala um, til hvers við gætum notað innlenda orku. Hann talaði um heykögglaverksmiðjur sem dæmi. Ég er nú einn af þeim þm., sem telja sig hafa haft skilning á því, hvað það gæti haft að segja, en það vil ég segja hæstv. iðnrh., að það er of mikil bjartsýni hjá honum, að við getum í næstu framtíð framleitt það mikið af heykögglum, að við þurfum ekki á innfluttum fóðurbæti að halda. Ég held, að það eigi ákaflega langt í land. En ég er þeirrar skoðunar, að við getum aukið heykögglaframleiðsluna og minnkað innflutning á erlendum fóðurbæti og að við eigum að geta framleitt þessa heyköggla með innlendum orkugjafa, en ekki olíu, eins og við gerum að mestu leyti nú. Húsahitunin þarf að fara fram annaðhvort með heitu vatni eða rafmagni. Sem dæmi um það, hversu mikið hefur verið unnið að þessum málum á undanförnum árum, er, að meira en helmingur íbúa landsins notar jarðhita eða rafmagn til upphitunar húsa. Mig minnir, að það séu um 115 þús. manns. En vissulega ber að keppa að því, að allt húsnæði verði hitað upp með jarðhita eða rafmagni, allt húsnæðið, og að því verður að vinna. Sannleikurinn er sá, að það liggja fyrir áætlanir að mestu leyti um þetta þegar í dag. Þetta er dýrt. En menn hugðu fyrir þremur árum, að það ætti ekki langt í land, það gæti tekist að koma innlendri orku þannig fyrir, að flestir landsmenn gætu notið hennar. En ég er hræddur um nú, eins og komið er, þótt vilji stjórnvalda og annarra væri fyrir hendi, að þetta geti tafist vegna þess, hvernig okkar efnahagsmál eru í dag eftir fjögurra, fimm ára góðæri. En það segir sína sögu og væri allt of langt mál, ef farið væri að blanda almennum stjórnmálaumr. inn í þetta mál. Ég veit, að hæstv. iðnrh. hefur betur en sumir hinir ráðh. gert sér grein fyrir því skipbroti, sem núv. ríkisstj. hefur komið efnahagsmálum landsins í, og ber að viðurkenna það, að hæstv. ráðh. hefur nokkuð glöggan skilning á því og hefur gert sér grein fyrir því, að svona getur ekki lengur stefnt.

Á bls. 19 í skýrslu hæstv. ráðh. er gerð grein fyrir stofnkostnaði nýrrar hitaveitu, og á bls. 21 er gerð grein fyrir þeim raforkuframkvæmdum, sem líklegastar eru á næstu árum. Það kostar

mikið fé að framkvæma þetta, en það sparar líka mikinn gjaldeyri, þegar það er komið í gegn, og reikningslega borga þessar framkvæmdir sig mjög vel. Reiknislega eru þessar framkvæmdir, hitaveitur og virkjanir, mjög arðberandi, og þess vegna er það, að við verðum að nota okkar lánstraust út á við og fjáröflunarleiðir inn á við til þess að fjármagna þessar framkvæmdir með eins miklum hraða og eins miklum þunga og við getum á þetta lagt. Það er þjóðhagslega nytsamt og það borgar sig vel og styrkir undirstöðuna undir velgengni þjóðarinnar og þjóðarbúsins. En það er hætt við, að þjóðin öll verði að gjalda þess, hversu komið er í okkar efnahagsmálum, að þetta verði allt seinvirkara en það hefði getað orðið, ef rétt hefði verið haldið á okkar efnahags- og fjármálum.

Það er ýmislegt, sem fram undan er í verkefnum þessarar þjóðar, og möguleikarnir eru miklir. Þess vegna segi ég það, að þótt nokkuð syrti í álinn og þótt þjóðin búi nú við lélega ríkisstj., sem ekki getur haldið í horfi í besta góðæri, sem yfir þjóðina hefur komið, er ekki ástæða til svartsýni. Sem betur fer búum við í lýðræðisþjóðfélagi, sem gerir ráð fyrir kosningum á a. m. k. fjögurra ára fresti, sem gefa möguleika til að skipta um stjórn í landinu. Okkar land er svo gott og á svo mikinn auð, að þótt illa fari efnahagslega í bili, tekst örugglega að byggja upp aftur og treysta grunninn undir þjóðfélagsbyggingunni. Þess vegna verður haldið áfram að virkja, og það verður haldið áfram að auka notkun jarðhitans, byggja upp iðnað í landinu, bæði smærri og stærri, og það er vissulega fagnaðarefni, að hæstv. iðnrh. hefur nú gert sér grein fyrir því, að okkur nægir ekki aðeins smáiðnaður, við þurfum einnig að fá inn í landið stærri iðnað og arðgefandi, orkufrekan iðnað, til þess að við getum haldið áfram að virkja og fengið arð úr vatnsaflinu.

Hæstv. iðnrh. talaði um það í dag, hvað það væri sem yrði virkjað. Hann nefndi Kröflu eða við Námafjall. Það hlýtur að verða að virkja fyrir norðan. Þeir geta ekki verið lengur í orkusvelti. Hann talaði um Sigölduvirkjun og Hrauneyjafossa og sagði, að það þyrfti að taka Hrauneyjafossa fljótt, vegna þess að orkan frá Sigölduvirkjun yrði að nokkru notuð fyrir stóriðnað. Ég er alveg sammála hæstv. iðnrh. En í tilefni af þessu vil ég nota tækifærið og spyrja hæstv. iðnrh., hvernig á því stendur, að hann hefur ekki enn flutt frv. um járnblendiverksmiðjuna, sem ég hélt, að hæstv. ríkisstj. hefði ákveðið að byggja. Ég veit, að starfandi hefur verið n. um orkufrekan iðnað, sem hefur gert samkomulag eða samning við stórfyrirtækið Union Karbide um að stofna sérstakt félag um byggingu járnblendiverksmiðju í Hvalfirði. Samningarnir eru til, en þeir hafa ekki verið undirskrifaðir. Uppkast að frv. um þessa verksmiðju hefur verið samið. Það var gert ráð fyrir því á s. l. sumri og í allan vetur, að frv. um þetta yrði flutt. Hæstv. ríkisstj. óskaði eftir því, að þingflokkarnir tilnefndu sinn manninn hver í n. til að fylgjast með þessu máli. Þetta var gert á s. l. sumri, í ágústmánuði, að mig minnir, og þingflokkarnir, bæði stjórnarflokkarnir og stjórnarandstaðan, hafa því fylgst með þessu máli. Ég hef átt sæti í þessari n. og fylgst með málinu, og það var fullyrt, að ríkisstj. stæði að þessum samningaumleitunum, sem n. um orkufrekan iðnað vann að, og það var fullyrt á s. l. hausti, að það yrði flutt frv. um þetta og ákvörðun tekin um byggingu verksmiðjunnar. Það var meira að segja tímasett, hvenær verksmiðjan skyldi taka til starfa. Það átti að vera á miðju ári 1976, en ef verulega vel gengi í ársbyrjun 1976. Ég efast ekkert um, að hæstv. iðnrh. hefur fylgst með þessu og n. hefur unnið undir hans stjórn og að hans fyrirlagi að þessum samningum. En nú er komið að lokum þessa þings, og þess vegna efast ýmsir um, að þetta frv. verði flutt nú, heldur verði geymt til næsta hausts, eða a. m. k. telja þeir, sem standa nærri hæstv. ráðh., að það muni verða flutt í haust, úr því að það var ekki flutt núna. Það væri fróðlegt, ef hæstv. ráðh. vildi gefa alþm. upplýsingar um, hvernig málið stendur frá hans hendi, því að sannleikurinn er sá, að það virðist ekki, eins og sakir standa, um annan orkufrekan iðnað að ræða, sem gæti keypt raforku frá Sigöldu nú strax, heldur en þann, sem hér um ræðir. Ég fer fram á, að hæstv. ráðh. gefi upplýsingar um það, ef svo er, að samningar hafi ekki gengið það vel, að hann telji þess virði að byggja verksmiðjuna á þeim grundvelli, sem það samkomulag er, sem nú liggur fyrir. Ég skrifaði eftir hæstv. ráðh. áðan, að hann reiknaði með orkufrekum iðnaði sem kaupanda að orkunni frá Sigölduvirkjun og taldi í tilefni af því eðlilegt og nauðsynlegt, að ráðist yrði í Hrauneyjafossavirkjun strax í framhaldi af Sigölduvirkjun. Ég er þeirrar skoðunar, að það sé nauðsynlegt að fá orkufrekan iðnað og halda áfram að virkja, um leið og við reynum að nota orkuna sem mest í eigin þarfir, t. d. til húshitunar. Þó að það megi telja nokkuð mikið, sem þarf til húshitunar, er það svo, að það tekur talsverðan tíma að breyta um kerfi og dreifa, hvort sem það verður rafhitun eða jarðhiti, svo að það nægir okkur ekki til þess, að við getum haldið áfram að virkja t. d. í Þjórsá og virkja stórt einnig fyrir norðan eða austan. Til þess að það megi verða, þurfum við meira en þann iðnað, sem landsmenn sjálfir geta komið upp. Við þurfum orkufrekan iðnað, sem byggður er upp að einhverju eða verulegu leyti með erlendu fjármagni, og það hefur hæstv. iðnrh. ætlað sér að gera, þegar hann lagði grundvöllinn að viðræðunum við Union Karbide-hringinn.

Hér hefur verið rætt nokkuð um hitaveitumál Reykjavíkur og nágrennis. Segja má, að það sé mikils virði, að Reykjavíkurborg hefur haft dug og kjark til þess að nýta jarðhitann fyrir borgarbúa. En það er líka mikils virði, að Reykjavíkurborg hefur verið fær um að láta nágrannana njóta þess, að framkvæmdir hafa verið örar og miklar í Reykjavík. Ég held, að bæði Hafnarfjarðarbær, Kópavogur og fleiri nágrannasveitarfélög geti verið þakklát Reykjavík fyrir það framtak og þann vilja, sem borgarstjórn Reykjavíkur hefur sýnt í því að útbreiða hitaveituna. Í tilefni af því, sem einn hv. ræðumaður sagði hér áðan, vil ég nú halda því fram, að Hafnfirðingar megi vera þakklátari borgarstjórn Reykjavíkur heldur en hæstv. iðnrh. fyrir það samkomulag, sem gert hefur verið milli Reykjavíkurborgar og Hafnar-

fjarðar. Nú efast ég ekkert um það, að hæstv. iðnrh. hefur viljað greiða fyrir þessu samkomulagi. En ýmsum fannst samt sem áður dragast óþarflega lengi hjá hæstv. ráðh. að svara bréfum borgarstjórnar. Sumir segja, að það hafi verið í nokkra mánuði. Eitt er víst, að það var skilyrði hjá Reykjavíkurborg og hlaut að vera það fyrir auknum framkvæmdum, að hún þyrfti ekki að reka þetta fyrirtæki með miklu tapi, eins og orðið hefði, ef hún hefði ekki fengið hækkun gjaldskrárinnar. Í fyrirtæki, sem til lengdar er rekið með tapi, hlýtur að koma stöðnun og verður ekki lengur útbreiðsla þar. Slíkt fyrirtæki fær ekki heldur lán, hvorki erlendis né innanlands, til aukinnar starfsemi og útfærslu. Þegar gjaldskrárhækkunin fékkst, þá tókust samningarnir, og er vel, að það gerðist. Ásakanir í garð hæstv. iðnrh. ætla ég ekki að færa fram vegna þessara tafa. Þær hafa sennilega verið óþarflega miklar. En vissulega er honum nokkur vorkunn og ríkisstj., þótt hún samþykkti ekki strax á sama degi allar þær hækkanir, sem beðið er um. En hækkanirnar dynja yfir á öllum sviðum daglega, og menn eru að kafna undan öllum þessum hækkunum og undan allri þeirri dýrtíð, sem leiðir af stjórnarfarinu.

Ég hef reyndar heyrt hæstv. iðnrh. tala oft um erlenda dýrtíð. Það er þessi erlenda dýrtíð, sem enginn ræður við. Og vissulega er það rétt, að það er ekki á okkar valdi að stjórna verðlagsmálum erlendis. Það er ekki á okkar valdi, hvort byggingarefni hækkar erlendis, matvara eða aðrar neysluvörur. En við vitum samkv. opinberum skýrslum, að þessar verðhækkanir erlendis eru aðeins 1/3 af verðbólgunni hér. Ég hlustaði á útvarpið, þegar verið var að segja frá verðlagsmálunum í OECD-löndunum á s. l. ári, og Íslendingar hafa víst orðið hreyknir af því, að þeir áttu ekki metið, eins og skýrslan var sett fram. Hæstv. ríkisstj. hefur áreiðanlega orðið mjög hrifin af því, að hún átti ekki metið að þessu sinni. Verðbólgan hér á s. l. ári var ekki nema 32%, en í Grikklandi var hún 33%, og þá var miðað við 28. febr. 1973 til 28. febr. 1974. En hæstv. ríkisstj. var heppin, að það skyldi ekki vera 1. mars 1974, sem miðað var við, því að ef það hefði verið, þá hefði hún áreiðanlega slegið metið og verðbólgan hér verið 40% á þessu árstímabili, en ekki 32%. Verðbólgan í nágrannalöndunum var frá 7—12% á þessum sama tíma. En það er annað mál. Það má segja, að þetta komi ekki við skýrslu hæstv. iðnrh.

Samkv. þessari skýrslu er augljóst, að Orkustofnunin hefur ekki verið aðgerðarlaus og það hefur verið unnið að ýmsum athugunum á s. l. ári og þörfum málum, þótt benda megi á, að á sumum sviðum hefði þurft kannske meiri mannafla til þess að flýta því, sem beðið er eftir, sbr. virkjunarrannsóknir við Kröflu.

Það hefur verið minnst á þær þáltill., sem bornar voru fram snemma á þessu þingi. Hv. 3. þm. Sunnl. Guðlaugur Gíslason, og hv. 2. þm. Vesturl., Jón Árnason, fluttu snemma till. um nýtingu raforku til húshitunar og verðjöfnun á raforku. Þessari till. er vísað til ríkisstj., en allir alþm. eru sammála þessari till. og undirstrika það, sem ég sagði, að hæstv. ríkisstj. hefur allar heimildir og vilja Alþingis til þess að gera það, sem nefnt er í till. til þál., sem hæstv. ráðh. leggur fram. Hv. þm. Alþfl. þrír flytja till. snemma á þessu þingi um úrræði til að minnka olíukaup erlendis frá. Þessi till. gengur að nokkru í sömuátt. Og þá eru það þm. Sjálfstfl., sem fluttu einnig snemma á þessu þingi till. til þál. um, að hraðað verði rannsóknum og framkvæmdum á nýtingu jarðhita. Þetta er það veganesti, sem hæstv. ráðh. hefur, og hann hefur viljayfirlýsingu hv. alþm. Vegna þess að þessi till. hæstv. ráðh., þótt hún sé algerlega óþörf, getur ekki á neinn hátt spillt fyrir þessu máli, efast ég ekkert um, að Alþ. mun samþykkja till., ef hæstv. ráðh. að athuguðu máli telur ástæðu til að sækjast eftir samþykkt hennar.

Ég sé ekki ástæðu til, herra forseti, að hafa þessi orð fleiri. Þetta hefur orðið talsvert lengra mál en ég ætlaði í fyrstu, en það má segja, að það sé eðlilegt, að þessi mál, orkumálin, jarðhitamálin og virkjunarmálin séu rædd á Alþ. Þetta eru hagsmunamál byggðarlaganna. Þetta eru hagsmunamál þjóðfélagsins í heild. Og það ríður mikið á, að það verði ekkert til þess sparað að nýta þessa orku eins og mögulegt er, spara gjaldeyrinn með því og afla gjaldeyris með því og auka þægindi þjóðarinnar og bæta lífskjörin með því að nota þessa orku og þennan þjóðarauð, sem við eigum. — [Fundarhlé.]

Halldór Blöndal: Herra forseti. Ég kvaddi mér aðallega hljóðs til þess að fá nokkru fyllri upplýsingar frá hæstv. orkumrh. en fram komu í hans frumræðu, en mun þangað til hann kemur, ræða málið nokkuð almennt. (**Forseti:** Ég vil aðeins taka fram, að ég get gjarnan bara hinkrað með þessa umr. og tekið annað mál, uns ráðh. kemur, ef þm. kemur það betur.)

Umr. frestað um stund.

Græðsla Sauðlauksdalssanda, þáltill (þskj. 594). — Ein umr.

Flm. (Hannibal Valdimarsson): Herra forseti. Ég ætla ekki að eiga orðastað við neinn fjarverandi ráðh., svo að ég get þess vegna orðið við beiðni forseta um að flytja mitt mál, og þótt fáir séu áheyrendurnir, þá vil ég nú vænta þess, að þeir leggi þeim mun betur hlustir við því, sem ég ætla að segja.

Ég hef ásamt hv. 7. landsk. þm., Karvel Pálmasyni, flutt till. til þál. um græðslu Sauðlauksdalssanda. Till. er í senn ætlað að vera þáttur í hinum stórbrotnu áformum um landvernd og landgræðslu í sambandi við þjóðhátíðarárið, og einnig og ekki síður er till. flutt til að minnast á verðugan hátt þess manns, sem íslenska þjóðin stendur í hvað mestri þakkarskuld við fyrir mikið brautryðjandastarf í jarðræktarmálum, en það er séra Björn Halldórsson prestur í Sauðlauksdal. Hans mun ávallt minnst í Íslandssögunni fyrir að verða til þess fyrstur manna að rækta jarðepli hér á landi og kenna mönnum að neyta þeirra. En þessi maður varð líka til þess fyrstur íslenskra manna, svo vitað sé, að gera ráðstafanir til að verja gróið land eyðingu af völdum sandfoks. Með tilliti til þessa hvors tveggja verður minningu hans ekki á loft haldið með neinu móti á annan verðugri hátt en með því að gera

myndarlegt átak í jarðræktarmálum á bújörð hans sem ríkið á, og hefja aftur á loft merki hans í sandgræðslumálum.

Í till. er gert ráð fyrir, að nú þegar verði gerð áætlun um uppgræðslu Sauðlauksdalssanda, en á þessu ári eru 250 ár liðin frá fæðingu séra Björns, og verði græðslu sandanna lokið eigi síðar en árið 1982, en þá eru rétt 200 ár liðin frá brottför séra Björns Halldórssonar frá Sauðlauksdal og frá því að hinu stórmerka starfi hans þar lauk.

Flugvöllurinn á Sandodda við Patreksfjörð er byggður á Sauðlauksdalssöndum. Í hvassviðrum leggjast sandskaflar iðulega inn á flugbrautirnar, og væri þegar af þeirri ástæðu ærin nauðsyn að græða upp sandinn, a. m. k. sjávarmegin við flugvöllinn, til þess að draga úr slysahættu og forðast skemmdir á þessu gagnlega og dýra mannvirki. Enn brýnni er þó græðsla sandsins vegna þeirra spjalla, sem sandfokið veldur á gróðri í nágrenninu. Liggur jörðunum Sauðlauksdal og Kvígindisdal blátt áfram við eyðingu af völdum sandfoksins, sem berst frá sjó og hátt upp um hlíðar. En fari þessar jarðir í eyði af völdum þessa vágests, er allri byggðinni hætt.

Til þess að afstýra slíkum háska er knýjandi nauðsyn, hvað sem öðru líður, að rækta Sauðlauksdalssanda. En hér verður hið opinbera að koma til, enda ber því brýnust skylda til þess.

Þegar liggur fyrir fullgild sönnun þess, að þetta er hægt, því að bóndi í nágrenninu hefur þegar náð góðum árangri með ræktun sandsins og fengið góða uppskeru melgresis, sem reynst hefur hið ágætasta fóður. En verkefnið er einstaklingi ofvaxið. Sauðlauksdalssandar eru víðáttumiklir, um 150 ha., að mér er tjáð. Þeim ber að breyta í fagran töðuvöll á næstu árum. Í stað þess að fjúkandi sandurinn vofir nú sem vágestur yfir byggðinni, getur þarna orðið hið ágætasta fóðurforðabúr sveitarinnar og jafnvel nærliggjandi byggða. Í framhaldi af ræktun bóndans, sem ég gat um áðan, ber að halda áfram ræktuninni upp frá sjónum, láta mikilvirkar jarðýtur jafna út hinum hrikalegu sandborgum, sem myndast hafa, þar sem melur hefur fest rætur og veitt fokinu nokkurt viðnám, girða landið, bera á það, sá í það þeim grastegundum, sem reynslan hefur sýnt, að best duga til að binda jarðveginn, og létta ekki fyrr en iðjagrænn töðuvöllur hefur leyst sandauðnina af hólmi og tengst Sauðlauksdalstúni.

Þetta er verk, sem vel fer á, að hrundið sé af stað á sjálfu þjóðhátíðarárinu, sem helgað verður landgræðslu og landvernd.

En hvaða ástæður liggja þá til þess, að tengja slíkt landgræðsluátak einnig nafni séra Björns Halldórssonar? Á það hefur þegar verið minnst að nokkru, en samt teljum við flm. ástæðu til að rekja það nokkru nánar, enda er það merk saga, sem vel er þess verð, að henni sé á loft haldið. Vil ég nú leyfa mér að víkja nokkuð að ævistarfi séra Björns og þó nær eingöngu að þeim efnisatriðum, sem snerta sjálft efni tillögunnar.

Séra Björn Halldórsson er fæddur að Vogsósi í Selvogi árið 1724 — fyrir 250 árum, eins og áður er sagt. En þar var faðir hans, Halldór Einarsson, prestur. Tók hann við embætti af séra Eiríki Magnússyni, hinum þjóðfræga galdrapresti, og settist séra Halldór þannig að kalla mátti í órokið galdrahreiður hans. Halldór varð síðar prestur á Stað í Steingrímsfirði, og þar ólst Björn Halldórsson upp fram að fermingaraldri. Hann fór í Skálholtsskóla og lauk þar námi með glæsibrag. Lúðvík Harboe prófaði hann við stúdentspróf og gaf honum þann vitnisburð, að hann sé siðprúður og vandaður í hegðun allri, hafi stundað allar námsgreinar af kappi, en sé best að sér í latínu, grísku og guðfræði. Næstu árin á eftir gerðist hann sýsluskrifari hjá Ólafi Árnasyni í Haga á Barðaströnd, en tók prestsvígslu hjá Skálholtsbiskupi árið 1749 og gerðist það ár aðstoðarprestur séra Þorvarðar Magnússonar í Sauðlauksdal. Þjónaði hann fyrsta árið Selárdalsprestakalli (1749—1750), en bjó svo næstu árin í Saurbæ á Rauðasandi, fékk Sauðlauksdalsprestakall árið 1752. Að Sauðlauksdal fluttist hann svo árið eftir, 1753, og þar gerði hann garðinn frægan um 30 ára skeið. Þegar séra Björn kom að Sauðlauksdal voru staðarhús og kirkja hrörleg og að hruni komin og tún í órækt. En þarna urðu skjót umskipti, því að árið 1764 hafði hann reist öll staðarhús í Sauðlauksdal og byggt vandaða kirkju. Herma áreiðanlegar heimildir, að allt þetta hafi verið gert með svo mikilli prýði að naumast hafi þá þótt nokkurt veglegra og fríðara prestssetur á Vesturlandi en þar.

Enn meira var þó um vert þær einstæðu ræktunarframkvæmdir, sem séra Björn hóf strax í Sauðlauksdal af fullum krafti með eldmóði og trú hugsjónamannsins, sem allar torfærur yfirstígur.

Hann byrjaði á því að girða túnið, lét byggja 560 faðma langan, vandaðan túngarð, og var hann að hluta til ætlaður til varnar gegn sandfoki, sem þá þegar hafði valdið miklum skemmdum á Sauðlauksdalstúni. Er til þingvitnisburður um þetta frá árinu 1757, en þar segir, að hættan af sandfokinu sé svo mikil, að til auðnar horfi. Fékk séra Björn útvegað sér stjórnvaldsheimild til að leggja þá skyldukvöð á sóknarmenn að draga að grjót og byggja garð til varnar gegn sandfokinu fyrir þeim jaðri túnsins, sem til norðausturs sneri.

Þessi kvöð þótti bændum allill, og kölluðu ýmsir garð þennan því Ranglát, og hefur það heiti haldist síðan. Sér enn fyrir þessum sögufræga sandvarnargarði, og mun hann nú friðlýstur.

En séra Björn lét ekki hér við sitja með varnaraðgerðir sínar gegn sandfokinu.

Í merkri ritgerð eftir séra Björn, sem hann nefnir Grasnytjar, skýrir hann frá því, að hann hafi sáð melfræi í foksandinn til að hefta hann og hafi þær tilraunir heppnast allvel, en ekki hafi samt melgrasið náð þar jafnmiklum þroska og t. d. austur á landi, í Skaftafellssýslum.

Barátta séra Björns við sandinn er hin merkilegasta. En í því stríði vann hann samt engan úrslitasigur. Og í þeirri baráttu hafa allir Sauðlauksdalsprestar eftir hann átt án verulegs árangurs.

Dagana 16. og 17. febrúar 1763 olli sandfok svo miklum skemmdum á Sauðlauksdalstúni, að við afhroði lá.

Þá orti prestur vísur þessar um sandpláguna, og sýna þær, að séra Björn var dágott skáld:

Sandur mér hingað sendist,
sandurinn á þann vanda,
sandurinn sjónir blindar,
sandurinn byrgir landið,
sandurinn sést hér undir,
sandurinn sáðverk hindrar,
sandur er óstillandi.
Sandur á sætrum lendir,
sandurinn klæðum grandar,
sandurinn byggðum sundrar,
sandurinn teppir anda,
sandur í drykknum syndir,
sandur í froðu blandast,
sandurinn sætir undrum,
sandurinn er minn fjandi.

Eftir þetta áfall ritaði séra Björn Magnúsi Gíslasyni amtmanni bréf og hefur þar við orð, að hann verði líklega að flýja Sauðlauksdal, ef ekkert verði að gert. Ekkert svar barst, og ritaði séra Björn amtmanni þá annað bréf.

Kveðst hann hafa varið 10 ríkisdölum á hverju ári til að koma burt sandi, sem fokið hafi, og sé það meira en 1/4 hluti teknanna.

Biður hann amtmann enn að gera ráðstafanir til, að prestssetrið Sauðlauksdalur fari ekki í eyði og verði að sandflagi.

Ekki er kunnugt, að ákall þetta hafi nokkurn árangur borið. Er nú eftir að vita, hvort æðstu stjórnvöld og Alþingi reynast skilningsbetri og skjótari í viðbrögðum eða hvort enn verður þagað þunnu hljóði.

Eiginlega má segja, að séra Björn léti einskis ófreistað — léti sér ekkert óviðkomandi í ræktunarmálum. Hann gerði tilraunir í trjárækt, en án verulegs árangurs. Einnig gerði hann tilraunir með kornrækt, en líka án teljandi árangurs. M. a. útvegaði hann sér bygg frá Færeyjum og sáði því í tvenns konar jarðveg, en það náði ekki heldur verulegum þroska.

Ekki sannfærðist hann samt um, að korn gæti ekki þroskast hér á landi, hér mundi um að kenna skorti á reynslu, þekkingu og þolinmæði og svo væri jarðvegur í Sauðlauksdal of þurr og sendinn fyrir kornræktina, þó að hann hentaði vel fyrir aðrar jurtategundir.

Áveituframkvæmdir séra Björns voru hinar merkustu og alger nýjung á þeim tíma.

Túnið í Sauðlauksdal var votlent og í því margar uppsprettur, sem hnekktu grasvexti. Lét Björn ræsa þær fram og sameina í einum aðalframræsluskurði. Var svo um búið með smærri skurðum og stiflum, að veita mátti vatninu til skiptis á ýmsa hluta túnsins, sem hættast var við bruna í þurrkatíð, og einnig mátti veita því í stærsta matjurtagarðinn, þegar æskilegt þótti að vökva hann.

Í skurðinn voru settar stíflur eða vatnsþrær, sumar fyrir neysluvatn til heimilisþarfa, sumar til þvotta og sumar til að geyma í lifandi silung bæði til skemmtunar og til matar, ef skjótt þurfti til að taka. Og þar sem skurðurinn lá næst fjárhúsunum, var byggt yfir hann skýli og þar brynnt fénaði á vetrum.

Séra Björn bjó yfir víðtækri þekkingu í grasafræði. Hann vissi, að jurt sú, sem Walter Raleigh hafði flutt til Írlands árið 1584 frá Chile, var nú orðin útbreidd um Þýskaland og talin ágæt til manneldis. Einnig vissi hann, að þýskir bændur höfðu þá nýlega verið fengnir til Jótlands til að kenna Jótum kartöflurækt.

Það var sannfæring séra Björns, að kartöflur yrðu Íslendingum til mikillar nytsemdar, ef þær gætu vaxið hér. Þetta varð einmitt að reyna, fyrst svo erfiðlega hafði gengið með kornræktina.

Í ræktunarmálum var hann enginn nýgræðingur. Hann hafði fljótlega komið upp þremur matjurtagörðum í Sauðlauksdal. Þar óx og dafnaði ágætlega alls konar grænmeti: káltegundir margs konar, hreðkur, spínat, salat, steinselja, laukar, garðablóðberg og margt fleira.

Og nú var hann ekki í rónni, fyrr en hann hefði gengið úr skugga um, hvort kartaflan gæti þrifist í íslenskri mold.

Svo var það veturinn 1758, að hann lét verða af því að panta einna skeppu (þ. e. 1/8 úr tunnu) af kartöflum frá Kaupmannahöfn. En samgöngurnar voru ekki á marga fiska í þá daga, enda fór svo, að sendingin komst ekki í hendur séra Björns vestur í Sauðlauksdal fyrr en seint í ágústmánuði. Auk þess voru kartöflurnar þá orðnar ein spíruflækja og svo óásjálegar, að presti datt ekki annað í hug en að þær væru með öllu ónýtar. Hann taldi því ekki tilraunar vert að gróðursetja þær í garð, heldur lét þær í stórt ílát og huldi þær moldu. En það ótrúlega skeði. Í október fann hann þarna í moldinni nokkur örsmá kartöfluber, sem hann geymdi vandlega yfir veturinn og setti þær niður til reynslu vorið eftir, 1760. Og eftir fjórar vikur hafði undrið skeð. Þá sá presturinn í Sauðlauksdal jurt áður óþekkta hér á landi skjóta kolli úr moldu. Kartöflurækt var hafin á Íslandi.

Þetta sama vor í júnímánuði fékk séra Björn nýjar kartöflur frá Kaupmannahöfn, því að hann ætlaði ekki að gefast upp, þótt fyrsta tilraun kynni að mistakast. Þessar kartöflur gróðursetti hann í vel unnum garði með ýmiskonar jarðvegi. Varð reynslan sú, að þetta nýja fósturbarn Íslands þroskaðist best í sendnum jarðvegi.

Girti hann nú af í túninu allstóran reit fyrir kartöflur, og voru þá 4 matjurtagarðar í Sauðlauksdal.

Ef menn halda, að þessum sigri Sauðlauksdalsprests hafi verið fagnað með húrrahrópum, þá er það hinn mesti misskilningur. Það leið langur tími áður en honum tækist að sigrast á vanafestu, fáfræði og rótgrónum hleypidómum almennings. Og í fyrstu gekk erfiðlega að fá vinnufólk í Sauðlauksdal til að leggja sér kálmetið og kartöflurnar til munns. Almenningur fékk sig ekki til að éta þetta beint upp úr moldinni. En smátt og smátt vannst sigurinn. Jarðeplarækt breiddist hægt og hægt út um Vestfirði og Vesturland og síðan yfir landið allt, þar til kartöflur urðu á hvers manns borði, og það ekki síður á borði ríkra manna en snauðra.

Einn var sá maður, sem fullan skilning hafði á ræktunartilraunum og starfi séra Björns Halldórssonar. Það var Eggert Ólafsson, en hann dvaldi í Sauðlauksdal frá 1760—1764 og aftur veturinn 1767—1768. Séra Björn var kvæntur Rannveigu Ólafsdóttur úr Svefneyjum, systur Eggerts. Þeir voru þannig mágar.

Í bréfi til Grunnavíkur-Jóns segir Eggert t. d. meðal annars:

„Ég hef hér miklu betri heilsu en þar ytra,

bestu rólegheit og náðir til að stúdera, stofu nýja, vel byggða, út af fyrir mig með kakalóni, bóka- og klæðaskáp og öðru hagræði... Hvað „diæta“ viðvíkur, hef ég kost sem utanlands og betri, vissan til hvers vikudags... Hér eru matjurtir yfirfljótanlegar: grænt, hvítt, rautt, sniðsavoykál og kaalraven yfir og undir jörðu, sinnep, spínat, salat, laukar, pétursselja etc., næpur, hvítar rófur og ræddíker. Hér að auk akurgerði með jarðeplum í hvar af mjöl er gert til brauðs og grauta ... Amali-kaal er hér inn sett allan veturinn og framan af sumri. Er mér það helst til ánægju að sjá upp á þessa eins og aðra atburði, sem öðrum mislukkast hafa, til að divertera mig inter studia, og hef ég notið þess yndis að sjá hér græn lauf með plómutré, píl og espibræður í sumar, hvort sem guð lætur þetta ungviði þola vetrarkuldann að vori.“

Eggert Ólafsson lifði sem sé eins og blóm í eggi hjá mági sínum og systur í Sauðlauksdal. Hvergi undi hann sér betur en í lystihúsinu, en það var í einum matjurtagarðinum. Því lýsir Eggert svo: „Það var ferhyrnt, allar hliðar jafnlangar. Að ofan myndaði þakið „pyramid“ ferhyrndan, en efst á topinum var knappur áttstrendur. Umhverfis húsið var svo gróðursettur mustarður. Var vöxtur hans svo mikill, að blöðin tóku upp á þakið.“

Þarna sat Eggert löngum á heitum sólskinsdögum, og er talið, að þar hafi hann ort nokkur sinna fegurstu kvæða.

Eitt kvæða hans er helgað lystihúsinu, og hefst það á þessum orðum:

Undir bláum sólarsali
Sauðlauks upp í lygnum dali o.s.frv.

Og síðar:

Mestur var af miklu blómi
mustarður að allra dómi.

Og enn:

Gulllegur runni húsið huldi
hér með sína gesti duldi,
af blakti laufa blíður kuldi
blossa sunnu mýkti þá.

Og lokaerindið:

Vín á milli mustarðs stofna
mannins hressti krafta-dofna,
margur söng við sólarofna
og sendi tóninn greinum frá;
fagurt galaði fuglinn sá;
lyst var engin segg að sofna,
sorgin burtu hrundi;
listamaðurinn lengi þar við undi.

Og víst er um það, að fegursta kvæði Eggerts Ólafssonar, „Búnaðarbálkurinn“ er ort í Sauðlauksdal, og byggist efni kvæðisins á heimilisháttum þar á prestssetrinu.

Um það, hvernig ástatt hafi verið með garðræktina og trjáræktina í Sauðlauksdal, þegar Eggert Ólafsson fór þaðan árið 1764, fáum við skýra mynd af bréfi, sem Eggert ritar Bjarna landlækni Pálssyni frá Sauðlauksdal 1. des. 1763. Þar segir m.a.:

„... Ætið er hér heldur en ekki að aukast kálætið hjá bændum ... Jafnari og betri eplatekja var hér heima í haust en nokkurn tíma fyrr og kálframleiðslan nú jafnstærri. Kál vex hér alls staðar sæmilega, en næpur mjög misjafnt og vilja úrartast, en nú hefur mágur minn í haust fengið gott íslenskt næpnafrjó, og mun það ei svo fara sem hið framandi. Savíur hef ég fengið til thes sem svari 1/8 punds, og eiga nú rætur að standa til ævintýris veturinn af. Mustarðurinn vex hér langhæstur af öllum kálgresjum, svo sem scriptis segir. Sá, sem umgirti lystihúsið, og bróðir minn, Jón, mun til muna að hann varð 10 feta hár að íslensku máli og fræ fékkst af honum nokkuð.

Pílarnir ganga meir og meir til þurrðar, sanddrifið og hin auða jörð og sterkir stormar hygg ég þeirra veika lífi hafi að fullu riðið, samt þá lifðu fjórir í sumar, hvort sem þeir þoldu veturinn af. Blómkál hefur nú fyrst í sumar vaxið svo, að ávöxt gæfi til muna. Það fræ er auðsjáanlega skemmt, blandað við meira hluta af ordineru hvítkálsfræi. Blómhnúðurinn, sem óx úr því íslenska blómkáli, varð svo stór sem gildur karlmannshnefi.“

Þetta er merkur vitnisburður um árangurinn af garðyrkjustörfum séra Björns Halldórssonar. Barst hróður hans nú víða, enda var hann fyrstur Íslendinga sæmdur heiðurspengingi úr silfri úr hendi konungs fyrir garðyrkjustörf sín, einkum fyrir það, hversu vel jarðeplaræktin hafði tekist hjá honum.

Löngu síða, 1781, síðasta árið, sem hann var í Sauðlauksdal, var hann sæmdur verðlaunapeningi Landbúnaðarfélagsins danska í viðurkenningarskyni fyrir, að hann hefði þá fyrir nokkrum árum tekið 5 munaðarlausa unglinga, 2 pilta og 3 stúlkur, og enn fremur 2 yngri börn og kennt þeim aðferð við garðrækt og jarðrækt, gefið þeim fræ til sáningar í dálítinn garð og látið unglingana sjálfa hafa ágóðann, en prófastskonan hefði sjálf kennt stúlkunum að búa til góðan mat, einkum af rófum, kartöflum og öðru grænmeti.

Þannig var líf og starf þessara stórmerku hjóna. Það hlaut viðurkenningu Danakonungs og danskra landbúnaðarsamtaka, en hlutur Íslands, sem naut lífsstarfs þeirra, liggur óneitanlega enn eftir.

Hér hefur aðeins verið rætt um störf séra Björns að garðyrkju- og jarðræktarmálum, en ævistarf hans á öðrum sviðum, svo sem að bókmennta- og vísindastörfum, er síst ómerkara.

Sætir mikilli furðu, hverju hann fékk afkastað. Á sviði landbúnaðarmála liggja t.d. eftir hann hin merkustu rit. Má þar t.d. nefna ritgerð í sendibréfsformi, sem út var gefin í Danmörku 1765 og nefndist: Korte beretninger og nogle Forsög til Landvæsenets og iser Havedyrkningens Forbedring i Island.

Þá má nefna stórmerka ritgerð hans: Grasnytjar, 1774. Það er nánast kennslubók í hagnýtingu íslenskra grasa og jurta. Skyldi hún stuðla að því, að menn keyptu minna af útlendri vöru til heimilisþarfa, en notuðu heldur íslenskar jurtir til manneldis.

En höfuðrit séra Björns um landbúnaðarmál eru samt Atli og Arnbjörg. Hefur verið sagt um Atla, að það rit sé eflaust eitthvert hið merkasta og besta búnaðarrit, sem samið hafi verið

á íslensku. Atli kom fyrst út í Hrappsey 1780, prentaður á kostnað konungs og útbýtt meðal landsmanna endurgjaldslaust. Fékk höfundurinn samkvæmt konungsúrskurði 28 ríkisdali fyrir handritið. Nú er Atli mjög sjaldgæf bók, finnst aðeins á söfnum.

Ritið er í viðtalsformi ungs og aldraðs bónda, og gerir séra Björn grein fyrir efni og ætlunarverki bókarinnar í formála m.a. með þessum orðum:

„Inntak hans er að sýna það, sem satt reynist, að ekkert erfiði og enginn næringarútvegur er þarfari hér á landi en jarðyrkjan, ég meina tún- og engjarækt, og síðan, sem þar með verður að fylgja, nautpeningur, sem feitir jörðina og fæðir verkamennina. Ekkert erfiði launar betur búandanum fyrirhöfn sína, já, þar af lifir hann sæll í landinu og hans afkvæmi eftir hann."

Þetta var dómur séra Björns um þýðingu landbúnaðarins.

Eins og Atli er fræðslu- og hvatningarrit fyrir unga bóndann, er ritið Arnbjörg fræðslurit fyrir húsmóðurina.

Þetta rit hafði nær týnst, en loks tókst Þórði háyfirdómara Sveinbjörnssyni að hafa upp á því, og lét hann þá prenta það í Búnaðarriti húss- og bústjórnarfélags Suðuramtsins árið 1843. Þar með var því bjargað frá gleymsku. Væri það verðugt verkefni Búnaðarfélags Íslands að gefa út landbúnaðarrit séra Björns í Sauðlauksdal með myndarlegum hætti.

Um önnur rit séra Björns frumsamin og þýdd skal hér ekki rætt, heldur aðeins minnst á hið einstæða vísindaafrek hans, íslensk-latnesku orðabókina, sem að er vikið í greinargerð þessarar till., og vísast til þess, sem þar er sagt.

Margir mætir menn og merkir hafa að vonum ritað um séra Björn Halldórsson í Sauðlauksdal og hans mikla og fjölþætta lífsstarf. Má meðal þeirra nefna séra Björn Þorgrímsson á Selbergi, Þórð háyfirdómara Sveinbjörnsson, Sæmund Eyjólfsson, Þorvald Thoroddsen í Landfræðisögunni, Eggert Ólafsson, P. Müller Sjálandsbiskup og Finn Magnússon og sjálfsagt fleiri, þótt mér sé ekki kunnugt um.

Sá síðast nefndi ritaði um séra Björn í Sauðlauksdal í danska ritið Minerva árið 1803 og taldi þar upp rit þau, sem eftir hann lægju, en segir síðan, að hann hafi verið duglegur bóndi, aðfaramikill og slyngur sjómaður, afkastamikill rithöfundur og gott skáld, enn fremur hafi hann verið málari, skrautritari, myndskeri, trésmiður og járnsmiður og allt þetta eins og framast geti orðið á Íslandi.

Þannig ber öllum saman um, að séra Björn í Sauðlauksdal hafi verið frábær maður á flesta lund og afburðamaður í ýmsum greinum.

Afreka hans fyrir íslenska þjóð ber því að minnast, og telja flutningsmenn þessarar tillögu, að það verði á engan betur viðeigandi hátt gert en með verki í anda og framhaldi verka hans, þ.e. með því að taka upp baráttuna við sandinn, því að eins og hann sjálfur sagði: „Sandurinn var hans fjandi."

Ég legg til að svo mæltu, herra forseti, að umr. verði frestað og till. síðan vísað til fjvn.

Umr. frestað um stund.

Nýting innlendra orkugjafa (þskj. 624). — Frh. fyrri umr. — Skýrsla iðnrh. um nýtingu innlendra orkugjafa (þskj. 562). — Frh. umr.

Halldór Blöndal: Herra forseti. Eins og hv. 1. þm. Sunnl. sagði hér réttilega áðan í ræðu sinni, er það ekkert nýtt eða óvænt, sem kemur fram í þeirri till. til þál., sem hér er til umr., og má raunar segja, að þau markmið, sem þar eru sett fram, minni nokkuð mikið á þau markmið, sem sett voru fram af hæstv. orkumrh. strax á fyrstu mánuðum hans ráðherratíðar, og má í því sambandi m.a. minna á samþykkt eða ályktun ríkisstj. frá 21. sept., en þar er m.a. talað um stóraukna húshitun með raforku, en svo virðist þó samkv. þeirri skýrslu, sem hér liggur fyrir, að framkvæmdir séu næsta skammt á veg komnar enn sem komið er, og má raunar segja, að lítið hafi orðið úr öllum þeim áætlunarvinnubrögðum, sem heitið var í upphafi ferils þessarar ríkisstj. fyrir þrem árum. Ég ætla þó ekki að ræða almennt um þau mál hér, það hefur verið gert af ýmsum öðrum hv. þm. við þessa umr., en aðeins inna hæstv. iðnrh. eftir því, ef mér leyfist að spyrja hann spurninga, en ég hef orðið var við það stundum, að hann kann illa að meta það, að ég leggi fyrir hann spurningar, og telur, að það beri vott um, að kennarinn sé of ofarlega í mér, — en mig langar til að spyrja hann, vegna þess að mér er kunnugt um, að ýmsir menn af Norðurlandi hafa leitað til hans og nú síðast í gær, að ég ætla, um það, hvaða stefna verði tekin í húshitunarmálum. Hér liggur fyrir að marka stefnu um það að láta innlenda orkugjafa taka við af erlendum, og er í því efni rétt, að það liggi fyrir, hvort það sé hugsun hæstv. ráðh. að heimila, að þegar í stað skuli gert ráð fyrir því, að ný hús verði hituð upp með raforku eða ekki. Eins og hv. þm. er kunnugt, hefur mjög verið á það sótt, einkum nú eftir að olía hækkaði svo mjög í verði, en ég veit, að það hafa hrannast upp umsóknir um þetta norðanlands.

Ég vil í þessu sambandi geta sérstaklega um Norður-Þingeyjarsýslu. Þar eru nú tiltölulega miklar byggingarframkvæmdir fyrirhugaðar, og Alþ. hefur samþykkt sérstaka landshlutaáætlun um uppbyggingu Norður-Þingeyjarsýslu. Er gert ráð fyrir því, að af opinberri hálfu verði lagt fram fjármagn til þess að örva þar byggð. Mig langar til að spyrja af því tilefni, hvort það hafi nokkuð komið til tals eða álita að láta t.d. Norður-Þingeyjarsýslu sitja sérstaklega fyrir að þessu leyti, ef menn treystu sér ekki til þess að láta þá reglu ná almennt yfir ný hús utan Landsvirkjunarsvæðisins að hita þau upp með raforku, hvort ekki sé hugsanlegt að láta sérstakar reglur gilda um Norður-Þingeyjarsýslu, þar sem Alþ. hefur sérstaklega viðurkennt það með sinni samþykkt að nauðsynlegt sé að gera sérstakar ráðstafanir til þess að örva þar byggð. Það liggur fyrir, að ýmsir, sem hafa hugsað sér að leggja í nýbyggingar, hafi í huga að fresta framkvæmdum eða jafnvel hætta alveg við þær, nema þeir fái jákvætt svar við þessu. Mig langar jafnframt til þess að spyrja um það, hvort ætlunin sé að heimila almennt húshitun á Laxárvirkjunarsvæðinu í nýjum húsum. Ég vona,

að þetta séu ekki of erfiðar spurningar fyrir hæstv. ráðh.

Ég vil svo aðeins lýsa ánægju minni yfir því, að það skuli nú komið svo, að ætla megi, að fundin hafi verið lausn á húshitunarmálum Akureyringa með því, að þangað sé lögð hitaveita frá Námafjallssvæðinu, og má kannske segja, að þar séu þá tvær flugur slegnar í einu höggi, þar sem vitað er, að það getur valdið erfiðleikum að losna við það heita vatn, sem kemur upp, með því að reisa þar gufuvirkjun. Það hefur verið talað um að veita vatninu austur í Búrfellshraun. En með því að þessar áætlanir liggja fyrir, getur vel komið til álita að nýta þetta vatn til húshitunar á Akureyri, og er það að sjálfsögðu mjög góður kostur, og er vonandi, að niðurstaða um það geti legið fyrir nú á þessu ári.

Ég vil svo að lokum aðeins taka undir það, sem hv. 5. þm. Norðurl. e. sagði hér áðan, að höfuðástæðan fyrir þeim erfiðleikum, sem eru í raforkumálum Norðlendinga, er sú, að eftir að þessi ríkisstj. tók við völdum, hefur engin stefnumörkun verið gerð í orkumálum Norðlendinga. Þannig var fyrst talað um það, eftir að þessi ríkisstj. tók við völdum, að bygging háspennulínu norður, og þá er reiknað með Sprengisandi, mundi hefjast á árinu 1972 og ljúka á árinu 1974. Síðan dróst þetta ár frá ári. Þessi fyrstu ár var talað um, að þessi lína mundi kosta 220—300 millj. kr. Síðan dróst þetta ár frá ári. Þannig talaði hæstv. iðnrh. um það nú í nóv. — eða hvort það var í okt., að nauðsynlegt væri, að bygging línunnar hæfist á öndverðu ári 1974. Þá var líka talað um það af hæstv. ráðh., að línunni mundi ljúka á öndverðu ári 1975. Mér er ekki kunnugt, hvort framkvæmdir eru hafnar enn við þessa línu. En nú er hæstv. ráðh. kominn með línuna í lok ársins 1975, og samkv. þeim upplýsingum, sem við höfum fengið frá tæknimönnum, má búast við því, að það taki tvö ár að byggja línuna frá þeim tíma, sem framkvæmdir hefjast.

Ég vil enn fremur benda á það í sambandi við Kröfluvirkjun, að einnig í því efni var ekki um neina stefnumörkun að ræða, og má segja, að þetta hafi skollið yfir hæstv. ríkisstj. Á hennar fyrstu árum og fyrstu misserum voru hafðar í huga allt aðrar framkvæmdir til lausnar raforkuvandanum nyrðra. Þá var mest talað um virkjun Jökulsár á Fjöllum, og þá var talað um það, að rafmagnið ætti að fara eftir Sprengisandslínunni fram og til baka. Nú er ekki lengur um það rætt, enda kom það fram í því, að á árunum 1972 og 1973 mátti ekki halda áfram borunum við Kröflu. Það var fyrst við 3. umr. fjárl. nú, sem hæstv. ríkisstj. fékkst til þess að taka þessar nauðsynlegu rannsóknarboranir inn í fjárlagafrv., og nú er talað um, að virkjun Kröflu eigi að ljúka seint á árinu 1978, sagði hæstv. iðnrh. á fundi á Akureyri í nóv., eða kannske ári fyrr, ef áhersla verður lögð á að flýta þessum framkvæmdum. Nú geri ég ráð fyrir því, að allir Norðlendingar leggi mikla áherslu á að flýta þessum framkvæmdum, og nú langar okkur til að vita, hvernig stendur á því, að ekki skuli reynt að gera það.

Formaður Laxárvirkjunarstjórnar, kaupfélagsstjórinn á Akureyri, sem enginn getur sagt, að sé óvilhallur núv. ríkisstj., hefur komist svo að orði í ræðu, að það sé vandalaust að ljúka Kröfluvirkjun um áramótin 1976—1977, og ekki dettur mér í hug, að sá vísi maður fari með fleipur eitt. Ég hyllist í þessu efni til að taka nokkurt mark á því, sem hann segir, og efast t. d. ekki um það, að samþm. minn að norðan, hv. 1. þm. Norðurl. e., hyllist einnig til að taka mark á því, sem sá mæti maður segir, a. m. k. í sumum tilvikum.

Í sambandi við þessi mál og í sambandi við hina miklu áráttu hæstv. ráðh. að láta línulagnirnar koma á undan orkuframleiðslunni er náttúrlega engin tilviljun, að í 2. lið þessarar þáltill. skyldi fyrst talað um samtengingu orkuveitusvæðanna, síðan á eftir talað um að búa til orkuna. Þetta er spegilmyndin af því, sem við eigum að búa við fyrir norðan, og skal ég ekki angra hæstv. ráðh. með því tala oftar um línuna til Sauðárkróks í því sambandi né tala um, hversu margir staurar brotnuðu í óveðrinu nú í vetur, nokkrum misserum áður en straumur kemur á hana.

Mig langar svo að lokum til að spyrja um það, sem er einnig mikið atriði fyrir okkur Norðlendinga. Það kom í ljós nú í óveðrinu í vetur, að Norðlendingar eru mjög illa settir í öryggismálum í sambandi við raforku. Þannig vantar dísilstöðvar nyrðra, bæði í Þórshöfn og Raufarhöfn, þar brotnuðu niður dísilstöðvar núna í vetur, einnig á Kópaskeri og Grenivík. Í Hrísey er ónógt rafmagn, dísilstöð vantar á Ólafsfirði, dísilstöð vantar á Dalvík, og það er verið að byggja dísilrafstöð fyrir Akureyri fyrir 100 millj. kr. Nú skilst mér, að hæstv. ráðh. hefði haft góð orð um, að það yrðu gerðar áætlanir um þessi mál, og vona ég, að hann standi við það. Það má vera, að þarna sé um nokkrar fjárhæðir að tefla, en það verður að hafa það, þegar þannig er haldið á málum, og má raunar vera, að tregðan á því að leggja rafmagnið um Þistilfjörðinn sé sprottin af því, að ónógt rafmagn hafi verið til handa þeim bændum, sem búið var að heita rafmagni í ágústmánuði s. l. Mér skilst raunar, að rafmagnið geti kannske komið til þeirra nú fyrir helgi. Það er svo núna, að mér er alltaf sagt, að rafmagnið komi í næstu viku. Það var svo um áramótin, að það átti að koma í næsta mánuði, svo að það fer kannske að styttast í, að það komi kannske næsta dag.

Eins og hv. 1. þm. Sunnl. sagði réttilega, er þessi till., sem hér liggur fyrir, alveg meinlaus. Það er komið í ljós núna, eftir að þessi hæstv. ríkisstj. hefur setið í nær þrjú ár, — sú ríkisstj., sem ætlaði að byggja upp á hvers konar áætlunargerð og hefur mest veist að okkur sjálfstæðismönnum fyrir það, að við kunnum ekki að búa til áætlanir, að nú ætlar það að verða eitt síðasta verk hæstv. orkumrh., áður en hann fellur úr stólnum, að leggja það fram í krafti síns ráðherradóms, að Alþ. ályktaði, að gerð skuli ítarleg framkvæmdaáætlun, skal áætlunin miðuð við árlega áfanga og sem mestan framkvæmdahraða o. s. frv. Það hefði mátt búast við því, að einhver drög að þessari áætlun gætu legið fyrir. Hér er t. d. talað um það, að hitaveitufframkvæmdum verði í meginatriðum lokið á árinu 1977. Þetta ártal er sett algerlega út í bláinn, eins og öll ártöl hafa verið sett út í bláinn af þessum hæstv. ráðh. Því hefur verið fylgt svona eftir.

Það er ekki aðeins virkjun Kröflu, það er ekki aðeins lína norður, það er ekki aðeins Sigölduvirkjun, það er t. d., svo að ég nefni enn eitt dæmið, fullnaðarrannsóknir við Dettifoss. Ég hef ekki enn séð það plagg um Dettifoss, að þar eigi ekki að verða lokið rannsóknum eftir tvö ár. En í krafti þess, að senn eru stjórnarskipti og aðrir duglegri menn taka við, þá verður ugglaust hægt að standa við þetta, náttúrlega að því tilskildu, að unnt verði að taka ákvörðun og byggja upp hitaveituframkvæmdir t. d. á Akureyri nægilega snemma til þess, að hægt sé að standa við þetta ártal. En auðvitað er það ekki aðalatriðið, heldur hitt, að unnt sé að hafa sem mestan framkvæmdahraða.

Heilbr.- og trmrh. (Magnús Kjartansson): Herra forseti. Þetta eru orðnar alllangar umr., það hefur verið komið víða við og gefiðærið mikið tilefni til þess að taka margt til umr., en ég held, að ég láti það hjá líða að þessu sinni. Ýmsir þættir hafa verið ræddir mjög hér á þingi í vetur, ég sé ekki ástæðu til að haga orðum mínum þannig, að það þurfi að leiða til langrar umr. áfram um þessa till., allra síst vegna þess, að allir þeir, sem tekið hafa til máls hér, hafa í sjálfu sér lýst stuðningi við till., þó að það hafi að vísu verið með dálítið mismunandi orðafari. Til að mynda var hv. ræðumaður Matthías Á. Mathiesen, — mér fannst ræða hans vera ákaflega ómálefnaleg, eins og hann hefði ekki gefið sér tíma til að lesa þá skýrslu, sem hér er til umr., og þaðan af síður að leggja í það vinnu að draga af henni einhverjar ályktanir. Efni ræðu hans var fyrst og fremst það, að ég hefði fengið snögglega áhuga fyrir því að nýta innlenda orkugjafa tiltekinn dag í haust, það hefði orðið sinnaskipti hjá mér, ég hefði loksins skilið og breytt um stefnu o. s. frv., o. s. frv. Allt er þetta náttúrlega einber fjarstæða. Þetta eru mál, sem við höfum rætt oft og mikið hér á þingi.

Þegar tekin var ákvörðun hér einróma um heimild til virkjunar við Sigöldu og Hrauneyjafossa, flutti ég brtt. við lög um Landsvirkjun þess efnis, að þar var tekið inn sem eitt af markmiðum Landsvirkjunar að stuðla að aukinni húshitun með raforku, og var fallist á þá till., hún var samþykkt hér á þingi. Og í áframhaldi af því var ákveðið, þegar ríkisstj. ákvað af sinni hálfu, að ráðist skyldi í Sigölduvirkjun, að Sigölduvirkjun skyldi m. a. hagnýtt til þess að auka rafhitun á Íslandi. En leiðin til þess, að hægt væri að framkvæma þá stefnu, var að sjálfsögðu að tengja saman orkuveitusvæði, og ég hélt, að allir þm. væru búnir að átta sig á því núna, að ef við ætlum okkur að tryggja, að þeir, sem ekki eiga kost á jarðvarma, geti hitað upp híbýli sín með raforku, þá verður slík samtenging að eiga sér stað. Ég hélt, að allir þm. skildu þetta nú orðið. Þess vegna hafa mér komið á óvart ýmsar aths., sem hér hafa verið hafðar uppi og virðast vera leifar frá þeim árum, þegar hv. þm. virtust ekki skilja þessa grundvallarstaðreynd. Við getum ekki nýtt raforkuna frá Sigölduvirkjun til húshitunar eða annarra þarfa um allt land án þess að tengja saman orkuveitusvæðin. Á sama hátt er slík samtenging forsenda fyrir því, að hægt sé að ráðast í stórvirkjun á Norðurlandi, eins og Alþ. hefur nú heimilað, þ. e. a. s. Kröfluvirkjun. Forsenda fyrir því, að hægt sé að ráðast í slíka stórvirkjun fyrir norðan, 55 mw. virkjun, er einmitt samtenging, að hægt sé að nýta þá orku á stærra svæði en þeim einangraða bletti, sem þar er í kringum Laxárvirkjun.

Þetta held ég, að séu grundvallarstaðreyndir, og að þessu hefur einmitt verið unnið í tíð núv. ríkisstj. Ég hygg, að sagan eigi eftir að kveða upp þann dóm, að á þessu sviði hafi verið starfað af framsýni. Það er nú þannig með allar framkvæmdir á þessu sviði, að þær taka langan tíma, það verður að vinna hluti í ár, sem kannske koma ekki að gagni fyrr en eftir nokkur ár í viðbót, og þá skiptir máli, að menn skilji samhengi hlutanna, að menn átti sig á því, hvað eru forsendur þess, að hægt sé að framkvæma verkið.

Sumir hafa látið þau orð falla, að þessi þáltill. væri í rauninni óþörf. Menn hafa sagt jafnvel, að hún væri sýndarmennska, auglýsingastarfsemi og einnig að hún væri meinlaus. Ég held, að menn átti sig ekki vel á því, hvað er um að ræða í þessu sambandi. Ef ég hefði haft áhuga á því að hafa uppi einhverja sýndarmennsku eða auglýsingastarfsemi í þessu sambandi, þá hefði verið mikill hægðarleikur fyrir mig í haust að setjast niður og semja eina þáltill., það er ákaflega auðgert, eins og þm. vita, og þarf ekki að verja til þess ævinlega miklum störfum. En ég hafði annan hátt á. Ég fól Orkustofnun í samvinnu við tiltekna verkfræðiskrifstofu í Reykjavík að gera drög að áætlun um það, hvernig ætti að halda á málum til þess að nýta innlenda orkugjafa í stað erlendra. Og ég lagði síðan þessa skýrslu fram hér, svo að allir þm. ættu þess kost að kynnast þeim staðreyndum, sem okkar reyndustu menn telja tiltækar núna, — það er eftir að kanna margt á þessu sviði enn þá, — og í kjölfar þess bar ég svo fram þessa þáltill. Ástæðan til þess er sú, að ég tel, að það sé nauðsynlegt, að Alþ. geri um þetta alveg fastmótaða áætlun fram í tímann, þar sem menn setja sér tiltekin árviss verkefni, og að tryggja fjármagn til þeirra verkefna. Ég tel, að við alþm. verðum að vinna að þessu verki alveg á hliðstæðan hátt og við vinnum t. d. að vegáætlun. Og mér finnst það vera mjög eðlileg vinnubrögð, að Alþ. taki fullan þátt í þessu, það sé ekki sagt, að þetta geti ráðh. séð um í sínu rn. og tilkynnt svo Alþ. um einhver málalok, heldur verði Alþ. að vinna að þessu ásamt ríkisstj. hverju sinni. Þetta er líka það stórt verkefni, eins og ég sagði áðan, það þarf svo mikið fjármagn til þessara framkvæmda og vinnuafl og tækjabúnað, að það verður að tengja þetta við aðrar áætlanir um verklegar framkvæmdir, og verðum þarna örugglega að vera menn til þess að velja og hafna, raða hlutunum upp eftir því, hvað við teljum brýnast o. s. frv. Og þetta eru verkefni, sem Alþ. verður að vinna að, og ég skil hreinlega ekki það sjónarmið, að menn séu að gagnrýna það, að slík áætlun verði samin og lögð fyrir Alþ. og Alþ.

vinni síðan að framkvæmd hennar. Mér finnst það vera eðlileg, þingræðisleg vinnubrögð.

Annars ætlaði ég fyrst og fremst að svara í örstuttu máli fsp., sem beint hefur verið til mín.

Hv. þm. Lárus Jónsson spurði, hvort í þeim tölum, sem nefndar væru í skýrslunni, væri reiknað með því verðjöfnunargjaldi, sem gert er ráð fyrir í frv., sem nú liggur fyrir þingi. Það er ekki gert. En meiningin með því gjaldi er, eins og menn vita, að þeir, sem búa við erfiðastar aðstæður í raforkumálum, þurfi ekki að taka á sig mjög mikla raforkuhækkun, heldur verði þessum vanda jafnað niður á þjóðina alla, eins og við höfum gert fram til þessa. Við höfum ekki talið, að hægt væri að láta strjálbýlið bera uppi þann vanda, sem fylgir hinni ákaflega mikilvægu starfsemi Rafmagnsveitna ríkisins, heldur að þeir, sem í þéttbýlinu búa og búa við betri aðstæður, verði að leggja eitthvað fram til að jafna þessa aðstöðu.

Hv. þm. Ingólfur Jónsson var að bera saman stefnu núv. ríkisstj. og fyrrv. ríkisstj. í sambandi við raforkumál og taldi, að núv. ríkisstj. væri aðeins að halda áfram stefnu fyrrv. ríkisstj., þar hefði ekki verið mótuð nein ný stefna, í tíð viðreisnarstjórnarinnar hefði virkjun vatnsafls margfaldast og dreifing orkunnar einnig. Þarna hefur samt orðið um ákaflega veigamikla stefnubreytingu að ræða. Viðreisnarstjórnin var þeirrar skoðnuar, að við gætum ekki ráðist í stórar virkjanir á Íslandi nema með því móti að heimila um leið, að erlend fyrirtæki stofnuð á Íslandi orkufrekan iðnað, sem keypti raforku af þessum virkjunum. Þannig var farið að með Búrfellsvirkjun, og helmingur af þeirri raforku, sem nú er framleidd í landinu, rennur til hennar á ákaflega lágu verði, — verði, sem á svo að standa óbreytt í 25 ár. Það var einnig um það talað af fyrrv. ríkisstj., að það yrði ekki unnt að ráðast í Sigölduvirkjun eða Hrauneyjafossavirkjun án þess að tengja það við einhver hliðstæð erlend fyrirtæki.

Það er rangt hjá hv. þm. Ingólfi Jónssyni, að ég hafi hér á þingi staðið gegn stórum virkjunarframkvæmdum. Þessar framkvæmdir hafa allar verið samþ. einróma hér á þingi. Hins vegar taldi ég þessa stefnu algjörlega ranga. Ég taldi, að við ættum að ráðast í stórar virkjanir til þess að efla íslenskt atvinnulíf, til þess að vera aflgjafi úti um allt land. Ástæðan til þess, að ég flutti á sínum tíma þá till. í sambandi við heimild til virkjunar við Sigöldu og Hrauneyjafossa, að það yrði bætt við heimild einnig til smærri virkjunar, 20 mw. virkjunar, var sú, að þáv. orkumrh. taldi, að það væri ekki hægt að ráðast í þessar stóru virkjanir án þess að gera um leið samning við eitthvert erlent fyrirtæki, og ég taldi því óruggara að hafa til vara þarna einhverja virkjun, sem heimilt væri að grípa til, ef viðreisnarstjórnin fyndi ekki þennan viðsemjanda, sem hún var að tala um.

Núv. ríkisstj. ákvað að ráðast í Sigölduvirkjun án allra slíkra tengsla við nokkurn erlendan aðila, og í staðinn ákvað hún að nýta orkuna, að orkan yrði tiltæk sem allra flestum landsmönnum, einmitt með því að tengja saman orkuveitusvæðin.

Á þennan hátt hefur verið unnið að þessum málum. Það hefur verið unnið meira að framkvæmdum í raforkumálum í tíð núv. ríkisstj. en nokkurn tíma áður, það hefur verið varið til þeirra meiri fjármunum, það hefur verið unnið að fleiri stórvirkjum í senn en nokkurn tíma fyrr í okkar sögu. Samt er ég þeirrar skoðunar, að þetta sé aðeins byrjunin, einmitt sú þáltill., sem hér er til umr., er til sannindamerkis um það, að við verðum þarna að geta ráðist í miklu stærri verkefni en við höfum gert til þessa.

Hv. þm. Ingólfur Jónsson spurði, hvernig á því stæði, að ekki hefði verið enn flutt frv. um járnblendiverksmiðju, sem unnið hefði verið að nú að undanförnu. Eins og hv. alþm. er kunnugt, hefur sérstök n. unnið að þessu verkefni nú um tveggja ára skeið og vel það og skilaði niðurstöðum af sinni hálfu fyrir nokkrum mánuðum. Þegar þessar umr. hófust, var ástæðan til þess m. a. sú, að við vildum kanna, hvort Sigölduvirkjun gæti skilað hagkvæmara raforkuverði með því að geta selt orku til orkufrekrar verksmiðju heldur en með því að miðast eingöngu við innlendan markað, sem menn töldu þá, að mundi aukast tiltölulega hægt. Var talið þá, að þarna yrði afgangsraforka, sem innlendur markaður yrði ekki fyrir um 8 ára skeið eða svo. Hins vegar var þessum könnunum hagað þannig, að þarna yrði um íslenskt fyrirtæki að ræða. Það var ekki um það að ræða og það kom ekki til mála, að þarna yrði heimilað að stofna erlent fyrirtæki. Það var algjör forsenda af okkar hálfu, að þarna yrði um íslenskt fyrirtæki að ræða, sem Íslendingar ættu að verulegum meiri hluta til og heyrði í einu og öllu undir íslensk lög, og að sjálfsögðu var talið óhjákvæmilegt að taka inn í þann samning ákvæði um breyt. á raforkuverði, um endurskoðun á því í sambandi við breyttar aðstæður, í stað þess að gera samning með bundnu raforkuverði í 25 ár, eins og viðreisnarstjórnin gerði sællar minningar og ég hygg, að enginn þm. muni í hjarta sínu geta talið, að hafi verið skynsamlegar aðgerðir, eins og nú er komið.

Eins og ég sagði áðan, var þessi athugun við það miðuð að kanna, hvort það væri hagkvæmt vegna raforkuverðs frá Sigölduvirkjun að koma upp slíkri verksmiðju með þessum forsendum, sem ég var að tala um áðan. Þessar forsendur hafa breyst, einmitt vegna þess, sem gerst hefur í olíumálum. Það er nú ljóst, að eftirspurnin eftir raforku frá okkar innlenda markaði verður miklu örari en reiknað var með fyrir nokkrum árum og markaður okkar kann að geta kallað á alla orkuna frá Sigöldu á tiltölulega fáum árum. En það er önnur hlið á þessu máli. Hún er sú, að við eigum ákaflega miklar orkulindir, við eigum orkulindir í vatnsföllum okkar og í hverum okkar, og við verðum að sjálfsögðu að vera menn til þess að nýta þessar orkulindir til þess að efla efnahagskerfi okkar og atvinnulíf og geta flutt út þessa orku í formi vöru. Þetta getum við því aðeins gert og tryggt sjálfstæði okkar, að það verði íslensk fyrirtæki, sem þetta gera. En til þess að taka ákvörðun um járnblendiverksmiðjuna t. d. þarf um leið að taka ákvörðun um að flýta næstu stórvirkjun af þeim ástæðum, sem ég var að geta um hér áðan. Þetta

samhengi verður að kanna til hlítar, því að auðvitað má ekki til þess koma, að þarna rekist á hagsmunir hins almenna markaðar á Íslandi, hinar eðlilegu kröfur fólks um allt Ísland að fá næga raforku og hins vegar nauðsyn fyrirtækis, sem við stofnuðum til framleiðslu til útflutnings. Þarna má ekki verða um neinn árekstur að ræða, og þess vegna verður að athuga þessa hluti gaumgæfilega í samhengi hvorn við annan. Ég er þeirrar skoðunar að það sé mjög auðvelt að halda þannig á málum, að þarna þurfi ekki að verða um neinn slíkan árekstur að ræða, og ég tel, að þau samningsdrög, sem gerð hafa verið, séu þess eðlis í öllum meginatriðum, að þessi framkvæmd geti orðið okkur Íslendingum hagkvæm.

Hins vegar tel ég algerlega fráleitt að leggja jafnstórt mál fyrir Alþingi, þegar svo stutt er eftir af þingtímanum og nú er. Ég hef áður gagnrýnt það, þegar reynt hefur verið að hraða stórmálum af þessu tagi í gegnum Alþingi. Ég tel, að hér sé um að ræða mál af því tagi, að það þurfi að athuga það gaumgæfilega, ekki aðeins af alþm., heldur einnig af landsmönnum, og að það verði að fjalla um það á tiltölulega rúmum tíma. Ég teldi hins vegar eðlilegt, að þetta mál yrði lagt fyrir þingið þegar á næsta hausti. Það er auk þess staðreynd, að eins og ástandið er hér á þingi nú, er ekki sérlega fýsilegt að leggja fram mál af nokkru tagi, vegna þess að stjórnarandstaðan tekur æðioft þá afstöðu að líta ekki á málin eins og efni standa til, heldur veltir því fyrir sér, hvort hægt sé að bregðast við þeim þannig, að það geti orðið til þess að setja fót fyrir ríkisstj. Þannig hefur verið tekið á einu stórmáli af öðru á undanförnum mánuðum, og meðan stjórnarandstæðingar eru í slíku skapi, er dálítið erfitt að leggja mál fyrir hér í fullri alvöru, vegna þess að viðbrögðin mótast æðioft af fullkomnu alvöruleysi.

Hv. þm. Ingólfur Jónsson kom víða við, eins og ég sagði áðan. Hann vék að málum iðnaðarins almennt, og hann talaði um algjört skipbrot í efnahagsmálum í öðru orðinu, í hinu orðinu talaði hann um mesta góðæri, sem komið hefði á Íslandi. Þetta tal um mesta góðæri á Íslandi, mér hefur fundist það dálítið fróðlegt. Seinasta ár á Íslandi var eldgosár. Ég hygg, að það hafi aldrei komið fyrir áður í sögu Íslands, að menn gefi eldgosári það eftirmæli, að það sé eitthvert mesta góðæri í sögu þjóðarinnar. Eldgosár hafa ævinlega verið talin hallærisár, erfiðleikaár. Og halda menn, að ástæðan fyrir því, að hægt sé að tala um, að þetta sé góðæri, sé ekki á neinn hátt tengd stjórnarstefnunni í landinu? Það væri mikill misskilningur að halda það. Ég vil biðja menn að bera saman ástandið, sem hefur verið í landinu núna undanfarin 3 ár, og ástandið eins og það var hér á árunum 1968 og 1969, þegar þúsundir manna flýðu land, þegar svo var ástatt, að ýmsir helstu atvinnuvegir okkar höfðu verið gjörsamlega afræktir, atvinnutæki voru orðin gömul og úrelt, og framleiðsla okkar hreinlega dróst saman vegna skorts á endurnýjun atvinnuveganna. Það, sem gerst hefur, eftir að núv. ríkisstj. var mynduð, var það, að hér hafa hin heilbrigðu öfl þjóðarinnar hreinlega verið leyst úr læðingi. Okkar vandi núna er fyrst og fremst velmegunarvandinn. Við reyndum að ráðast í allt of mikið í senn, framkvæma sem allra mest á sem allra skemmstum tíma, og við kunnum okkur ekki heldur hóf í óskum okkar um siaukna einkaneyslu á grundvelli þessarar miklu framkvæmdagleði. Það er þetta, sem eru erfiðleikar okkar. Þetta eru velmegunarvandamál, og í sjálfu sér er ekki erfitt verk að leysa þessi vandamál. Menn verða eitthvað á sig að leggja eins og ævinlega. En að bera þetta ástand saman við ástandið eins og það var undir lok viðreisnarstjórnarinnar, það er eins og að bera saman svart og hvítt. Ég held, að við höfum fulla ástæðu til mikillar bjartsýni, einmitt á meðan við erum menn til þess að hagnýta okkur framkvæmdagleði þjóðarinnar og trú hennar á mátt sinn og megin, trú hennar á, að hún geti leyst sín vandamál og styrkt sjálfstæði sitt án þess að þurfa að tengjast stærri heildum eða afsala sér efnahagslegum völdum til erlendra aðila.

Nú er ég kominn út í það, sem ég ætlaði að varast, almennar hugleiðingar, sem ærin tilefni hafa verið gefin til hér í dag. En það er rétt, að ég svari hér fsp., sem hv. þm. Halldór Blöndal beindi til mín um það, hvaða stefnu ætti að taka í húshitunarmálum á þeim stöðum, þar sem raforkuframleiðsla er ekki nægileg. Það er alveg rétt hjá hv. þm., þetta er mikið vandamál, það hefur verið ákaflega mikil eftirsókn í raforku til húshitunar víða um land. Ef ég man rétt, jókst raforkusala frá Rafmagnsveitum ríkisins á Austurlandi t. d. um 27% á árinu 1972. Þessi eftirsókn í raforku hefur að sjálfsögðu aukist núna, eftir að olíuverðið hækkaði. Ég er þeirrar skoðunar, að það eigi að brúa bilið á þann hátt að heimila rafhitun húsa, þar sem ekki liður allt of langur tími, þangað til hægt sé að gera sér vonir um að fá raforku frá vatnsaflsverum eða varmaveituorkuverum. Ef þarna er ekki um allt of langan tíma að ræða, ef aðeins er um að ræða eitt eða tvö ár eða eitthvað þess háttar, þá held ég, að það sé þjóðhagslega hagkvæmt, að menn geti byggt hús sín á þessum forsendum, og ef litið er yfir lengra tímabil, þá muni þetta borga sig þjóðhagslega. Og ég er þeirrar skoðunar, að það eigi að halda þannig á málum að loka ekki fyrir það, að hægt sé að selja raforku, þó að einhver tími líði, þangað til tiltæk er ódýr raforka frá innlendum orkugjöfum. En þetta er stefna, sem eflaust verður dálítið erfitt að framkvæma. Hún kemur til með að kosta nokkra fjármuni, og ég tel, að það sé eitt af þeim verkefnum, sem þarf að kanna í sambandi við þessa áætlunargerð, sem ég er að ræða um, hvernig á þessum málum eigi að halda.

Ég ætla að víkja örfáum orðum að ummælum, sem fallið hafa um það, að ég hafi verið eitthvað neikvæður í samskiptum mínum við Hitaveitu Reykjavíkur í sambandi við nágrannabyggðirnar og hitaveitufram kvæmdir í nágrannabyggðum Reykjavíkur, eins og hv. þm. Matthías Á. Mathiesen komst að orði áðan. Þetta er fjarri öllu sanni. Hitaveita Reykjavíkur hefur fengið ákaflega góða fyrirgreiðslu til þess að ráðast í þessi verkefni, og mér hefur stundum fundist, að Hitaveita Reykjavíkur hafi ekki komið fram við nágrannabyggðirnar af þeirri sam-

vinnulipurð, sem eðlileg hefði þó átt að vera. En sú lausn, sem Hitaveitan fékk á þessum vanda sínum, þ. e. a. s. hvernig hún ætti að fjármagna framkvæmdirnar í Kópavogi, Hafnarfirði og Garðahreppi, var, að Hitaveitunni var gert kleift að fjármagna þetta að meiri hluta til af eigin fé. Þessar framkvæmdir kosta rúml. 16 hundruð millj., og af eigin fé Hitaveitu Reykjavíkur og af heimtaugagjöldum eiga að fást 871 millj. kr., en Hitaveitan þarf aðeins að taka 755 millj. kr. að láni. Við ráðumst í miklar framkvæmdir, Íslendingar, og ætlum okkur oft ekki af. En ég hygg, að það séu ákaflega fáir aðilar í landinu, sem eiga tök á því að fjármagna framkvæmdir sínar á þennan hátt. Ég er hræddur um, að langflestir þeir aðilar, sem vilja ráðast í þjóðnýtar framkvæmdir, verði að sætta sig við það að taka miklu meiri hluta að láni heldur en Hitaveita Reykjavíkur gerir í þessu tilviki. Menn geta deilt um, hvort þetta sé rétt stefna eða ekki, en hitt er staðreynd, sem enginn getur borið á móti, að þarna hefur Hitaveita Reykjavíkur fengið svo góða fyrirgreiðslu, að ég hygg, að hliðstæður verði naumast fundnar.

Ég vil svo þakka þm. fyrir góðar undirtektir við till. almennt. Ég tel, að það skipti ákaflega miklu máli, að um þær ráðagerðir, sem við verðum með, og þær áætlanir, sem við semjum, verði sem allra víðtækust samstaða, að menn eyði ekki orku sinni í hvers konar deilur og þvarg, sem oft verður til þess að tefja framkvæmdir, jafnvel þótt allur vilji sé fyrir því að láta þær ganga hratt, og ég held, að samstaðan um þetta efni að nýta innlenda orkugjafa í stað erlendra eigi að vera svo mikil, að við eigum að geta hlíft okkur og þjóðinni við því að nota þessi mál sem pólitískt bitbein.

Matthías Á. Mathiesen: Herra forseti. Hæstv. iðnrh. svaraði hér fsp., hv. 1. þm. Suðurl. varðandi það frv., sem undirbúið mun hafa verið varðandi járnblendiverksmiðju, og hann gat þess, að málum væri nú þannig komið hér á Alþingi, að hér væri ákaflega óbilgjörn stjórnarandstaða, sem hugsaði fyrst og fremst um það, þegar hún ræddi og tæki afstöðu til mála, hvernig hægt væri að koma höggi á núv. hæstv. ríkisstj. Og það mátti lesa áfram í mál hans, að það væri mikill munur á þeirri stjórnarandstöðu, sem nú væri á Alþingi, og þeirri stjórnarandstöðu, sem var á Alþingi allan viðreisnartímann, frá 1959—1971, sú stjórnarandstaða hafi ævinlega tekið málefanlega afstöðu til allra mála og hún hefði ekki greitt atkvæði eftir því, hvernig hægt væri að koma höggi á þáv. ríkisstj. Ég gæti rifjað upp fjöldann af málum viðreisnartímabilið frá 1959—1971, og vel má vera, að sú afstaða, sem hv. 4. þm. Reykv., Þórarinn Þórarinsson, kallaði hér áðan jákvæða afstöðu, sé að hans dómi málefnaleg afstaða. En ég minnist þess ekki, að allan þennan tíma, þau 12 ár, hafi stjórnarandstaðan nokkurn tíma, — ég segi nokkurn tíma, — greitt atkv. með þeim stórmálum, sem sú ríkisstj. og sá þingmeirihluti kom fram hér á Alþingi. Við getum rifjað upp efnahagsaðgerðirnar 1960, þegar viðreisnarstjórnin tók við gjaldþroti vinstri stjórnarinnar frá 1958. Hver var afstaða stjórnarandstöðunnar þá? Við getum rifjað upp, hvernig stjórnarandstaðan þá tók á málum, þegar um utanaðkomandi efnahagsvandamál var um að ræða. Við getum rifjað upp, hvernig stjórnarandstaðan þá stóð að stóriðjumálunum. Við getum rifjað upp, hvernig atkvgr. var um inngönguna í Fríverslunarbandalag Evrópu. Og við getum rifjað upp, hvernig stjórnarandstaðan þá, örfáum vikum fyrir kosningar, gerði það mál, sem samstaða hefur verið um hjá Íslendingum, landhelgismálið, að stórkostlegu bitbeini hér á Alþingi. Við skulum svo taka aðeins örfá mál þau tæp 3 ár, sem núv. ríkisstj. hefur setið að völdum, og sjá, hvernig núv. stjórnarandstaða hefur tekið á málum. Við skulum rifja upp atkvgr. um samninginn við Efnahagsbandalag Evrópu. Við skulum rifja upp atkvgr. í landhelgismálinu. Og við skulum rifja upp atkvgr. varðandi hörmungarnar í Vestmannaeyjum. Hvar stóð stjórnarandstaðan á Alþingi Íslendinga þá? Gerði hún ekki þá hluti, sem stjórnarandstaðan frá 1959—1971 aldrei gerði. Og að það sé vegna óbilgirni núv. stjórnarandstöðu, að hæstv. ráðh. leggur ekki fram það frv., sem hér var á minnst, það er ekki rétt, það eru allt aðrar orsakir fyrir því. Vel má vera, að hæstv. ráðherra geti ekki komið fram með þær ástæður hér og þurfi að skjóta sér á bak við stjórnarandstöðuna. En þá á hann líka að gera það með öðrum hætti.

Í ræðu minni hér í dag lýsti ég ánægju yfir þeirri stefnubreytingu, sem var hjá hæstv. iðnrh. 23. nóv. s. l., þegar hann þá tók allt aðra stefnu í málefnunum varðandi hitaveituframkvæmdir. Ráðh. vildi hins vegar í ræðu sinni hér í kvöld gera lítið úr þeirri stefnubreytingu, sem hafði orðið hjá honum. Það er ofur skiljanlegt, að ráðh. vilji lítið gera úr þeirri stefnubreytingu. En staðreynd málsins er sú, að þegar hann kom í ráðherraembættið, hugðist hann stöðva frekari hitaveituframkvæmdir, stöðva, að haldið yrði áfram framkvæmdum á þeim mjög svo arðbæru fyrirtækjum, sem hitaveitur eru, og í stað þess beina upphitun húsa inn á svið raforkunnar, enda þótt fyrir hendi væri nægur varmi til upphitunar húsa hér í þéttbýlinu, og hann hafði meira að segja sér til stuðnings ýmsa af forustumönnum þeirra sveitarfélaga, sem nú hafa kosið samstarf við Hitaveitu Reykjavíkur.

Mig langar til þess máli mínu til stuðnings að lesa hér upp úr leiðara Þjóðviljans, málgagni hæstv. iðnrh., 16. okt. 1971, en þar segir um umr., sem áttu sér stað í bæjarstjórn Hafnarfjarðar um þessi mál, með leyfi hæstv. forseta:

„Nýlega voru hitunarmál Hafnfirðinga á dagskrá í bæjarstjórninni þar. Þar lagði einhver hluti bæjarstjórnar til, að þegar yrði ákveðið að nota jarðvarma til upphitunar húsa í Hafnarfirði og þar með hafna rafhitun. Hér var greinilega um að ræða, að einhverjir bæjarfulltrúar í Hafnarfirði mátu meira flokkshagsmuni Sjálfstfl. en bæjarfélagsins, og verður það að teljast býsna athyglisvert fyrir Hafnfirðinga. Staðreyndin er sú, að á meðal sérfræðinga eru um þessi mál skiptar skoðanir, og menn komast ekki að niðurstöðu með óðagotsvinnubrögðum. Eina leiðin er rannsókn.“

Hér kemur glögglega fram, hver er vilji hæstv. iðnrh. haustið 1971. Hann neitar að viðurkenna staðreyndir. Það voru ekki skiptar skoðanir árið

1971 um það, hvort hagkvæmari væri fyrir neytendur upphitun húsa með jarðvarma eða rafmagni. Það voru ekki heldur skiptar skoðanir um þetta árið 1961, ekki heldur árið 1951, ekki einu sinni árið 1941, því að 1931 eru sérfræðingar borgarstjórnar Reykjavíkur komnir að þeirri niðurstöðu, að upphitun húsa með jarðvarma hér úr nágrenninu hljóti að vera það hagstæðasta, og til Hitaveitu Reykjavíkur er stofnað einhvern tíma á því tímabili. En sérfræðingar hæstv. iðnrh. höfðu ekki komist að niðurstöðu 1971. Sem betur fer, eins og ég sagði í dag, eru þeir nú komnir að niðurstöðu og ráðh. hefur þess vegna breytt um stefnu í þessum málum. Það hefur aldrei verið neinn vafi á því, að þeim landsmönnum, sem ekki geta haft tækifæri til að hita hús sín upp með jarðvarma, verði að mæta með raforku á verði, sem er sambærilegt við jarðvarmann, og þar sem ekki er hægt að koma raforku við, þá með olíu, sem yrði með svipuðu verði. Þetta hefur öllum verið ljóst. Ágreiningurinn hefur verið um, hvort lögð skuli áhersla á hitaveitur eða upphitun húsa með raforku. Og hæstv. ráðherra hefur skipt um skoðun. Ég sagði í dag, og ég segi enn: Batnandi manni er best að lifa. Og ég lýsi ánægju minni yfir því, að hann skuli nú hafa komist að niðurstöðu eða hans sérfræðingar þar um.

Hefði hins vegar hæstv. iðnrh. viljað gleyma þeirri gagnrýni, sem hann hafði hér uppi á Alþingi, eftir að hann kom á þing, í tíð viðreisnar 1963, og ekki tekið sjálfan sig of alvarlega í því, sem hann þá sagði, þá hefði hann komist að augabragði að þeirri niðurstöðu, sem þeir í Reykjavík komust að árið 1931, og hann hefði þá lagt allan þunga á það, að hitaveitur yrðu komnar í nágrannabyggðarlögin á næstu 2—3 árum eftir hans valdatöku. En það er nú tæpum 3 árum eftir að hann tekur við sínu ráðherraembætti, að hann stendur upp hér á Alþingi og talar um, að nú þurfi að leggja áherslu á þessi mál.

Mér er það fyllilega ljóst, að stefna núv. hæstv. iðnrh. í þessum málum, allt frá því að hann tók við völdum, hefur valdið því t. d., að seinkun hefur orðið á samningum við Reykjavík um hitaveitu til Hafnarfjarðar, þar sem það tók nokkurn tíma fyrir þessa „einhverja bæjarfulltrúa Sjálfstfl.“ að fá samþ. í bæjarstjórn Hafnarfjarðar till. um, að gengið yrði til samninga við Reykjavíkurborg. Og ef við lítum nú á, að það er í okt. 1971, sem umr. standa í bæjarstjórn Hafnarfjarðar um þessi mál, og samningar takast 2 árum seinna, þá segi ég, að við getum ekki álasað Reykjavíkurborg fyrir að hafa ekki gengið til samninga við okkur nógu fljótt og nógu vel. Við getum álasað öðrum fyrir að hafa verið að komast að niðurstöðu í máli, sem þeim miklu fróðari menn höfðu komist að mörgum áratugum áður.

Ég vil svo endurtaka það, sem ég sagði í dag og sagði hér áðan, að ég lýsi ánægju minni yfir því, að hæstv. ráðh. hefur breytt um stefnu, og það verður vonandi til þess, eins og hér kom fram hjá hv. 5. landsk. þm., að af hálfu ríkisvaldsins verði lögð aukin áhersla á það, að hitaveituframkvæmdir í nágrannabyggðarlögum Reykjavíkurborgar geti gengið sem fyrst.

Lárus Jónsson: Herra forseti. Það var einkum vegna þess, sem ég kvaddi mér hljóðs aftur í þessum umr., að hæstv. ráðh. vék sér frá því að svara hér tvennu, sem ég spurði hann um í fyrri ræðu minni. Hið fyrra var, hvort ríkisstj. hygðist taka upp samvinnu við Akureyrarbæ um að láta halda áfram rannsókn á hitaveitu fyrir Akureyri frá Mývatni eða frá Kröflusvæðinu. Ég spurði um þetta og einnig, hvort það þyrfti, til þess að áfram yrði haldið þessum rannsóknum, sérstaka lagasetningu eða einhverjar aðgerðir af hálfu Alþingis eða annarra aðila en þarna hafa unnið að.

Ég gat þess, að þarna liggja fyrir, eins og fram kemur raunar í þessari skýrslu, bráðabirgðaniðurstöður, og í þeim niðurstöðum er bent á, að þær séu það athyglisverðar, að það þurfi að halda þessum athugunum áfram, og ég innti hæstv. ráðh. eftir því, hvort hann hygðist beita sér fyrir því, að þetta yrði gert í samvinnu við Akureyrarbæ, eða hvort til þess þyrfti löggjöf eða annað slíkt. Ég vænti þess, að hæstv. ráðh. sjái sér fært að svara þessu. Mér finnst þetta vera það einfalt mál, að hann ætti að geta svarað þessari spurningu.

Þá innti ég hann eftir því, hvernig rn. hans mundi bregðast við erindi Laxárvirkjunarstjórnar um húshitunarmálin á Norðurlandi eystra. Það liggur bréf í rn., sem er beiðni frá Laxárvirkjunarstjórn um viðræður til þess að leita leiða, svo að hægt verði að selja raforku til húshitunar á Norðurlandi eystra, en þar liggur fyrir, að næstu árin verður ekki um orkuöflun þar að ræða til viðbótar því, sem nú er, nema með dísilorku. Við vitum, að hún er orðin geysilega dýr og það er svo mikil óvissa fram undan um orkuöflun frá innlendum orkugjöfum, að Laxárvirkjunarstjórn treystir sér ekki til þess að selja slíka orku og hefur beint tilmælum til Rafveitu Akureyrar og Rafmagnsveitna ríkisins um að selja ekki frekari orku til húshitunar.

Þannig er ástandið á Norðurlandi eystra nú í dag, og ég innti hæstv. ráðh. því beint um þetta mál, hvað rn. hygðist gera í þessum efnum. E. t. v. mátti skilja það sem svar hans, þegar hann var að tala um, að það yrði að reyna að leyfa húshitun, ef ekki væri um að ræða nema 1—2 ár, sem þyrfti að afla raforkunnar með dísilstöðvum, þangað til kostur gæfist á innlendum orkugjöfum. En ef það hefur átt að vera svar við minni spurningu, þá er það afskaplega óljóst, því að eins og hann veit sennilega manna best, er óvissan slík á Norðurlandi eystra, að það verður ekki fullyrt, að það verði innan 1 eða 2 ára, sem hægt verður að afla orku með innlendum orkugjöfum til húshitunar þar. Ég vildi gjarnan, að hann svaraði þessu beint, hvað rn. hygðist gera í þessum efnum.

Fyrst ég er kominn hingað, vildi ég gjarnan ræða aðeins hér um eitt atriði, sem mér fannst hann beina til mín í þeirri ræðu, sem hann hélt hér áðan, og það er hugsun hans um það, að það sé forsenda fyrir stórvirkjunum eða virkjunum í hinum ýmsu landshlutum að tengja saman orkuveitusvæði. Mér virtist hann beina því til þm., að þeir færu nú loksins að reyna að skilja þessa rökföstu hugsun hæstv. ráðh. Ég fæ ekki skilið, hvernig stendur á því, að hæstv.

ráðh. endurtekur sí og æ þessa fullyrðingu sína, og fæ ekki skilið þessa rökfræði hans. Það er auðvitað ekki forsenda fyrir Kröfluvirkjun, eins og hann sagði, að samtenging hafi átt sér stað, áður en tekin er ákvörðun um Kröfluvirkjun, vegna þess einfaldlega að það er yfirleitt skemmri byggingartími, skemmri tími frá ákvörðun um línulagningu en frá ákvörðun um virkjun, að hún komist í gagnið. Þess vegna er það ekki forsenda Kröfluvirkjunar að taka ákvörðun um línulagningu norður í land mörgum árum áður en tekin er ákvörðun um Kröfluvirkjun. Svona einfaldan hlut held ég, að hæstv. ráðh. skilji. En þetta var gert hins vegar. Það var tekin ákvörðun um línulögn norður í land, löngu áður en tekin var ákvörðun um Kröfluvirkjun, með þeim yfirlýsta tilgangi að afla Norðlendingum orku um þessa línu. Og það er um þetta, sem við hæstv. ráðh. höfum verið að deila, ekki um nauðsyn þess, að einhvern tíma í framtíðinni og í sem allra nánustu framtíð verði tengd saman orkuveitusvæði.

Ég vil minna hæstv. ráðh. á það, að svo ákveðin var stefna hans um, að það skyldi afla Norðlendingum orku með línu norður í land og engu öðru, að hann lét fella fyrir okkur hv. þm. Magnúsi Jónssyni till. hér á Alþingi, brtt. um framkvæmd á fjáröflunaráætlun ríkisstj. fyrir 1973, þar sem við bárum fram þá hógværu brtt., að í stað þess, að ríkisstj. gæti varið 13 millj. kr. til rannsókna á línustæði norður í land, vildum við, að ríkisstj. væri heimilað að veita sama fé til almennra rannsókna á orkuöflunarleiðum fyrir Norðlendinga, þar með náttúrlega talið línustæði. Hæstv. ráðh. taldi þarna nærri sér höggvið með því að veita honum almenna heimild til þess að nota þetta fé í rannsókn á orkuöflunarleiðum fyrir Norðlendinga, af því að hann var búinn að taka heittrúaða ákvörðun um það, að það ætti að vera bjargráðið fyrir Norðlendinga að leggja línu norður og ekkert annað, og hann lét fella þessa till. með nafnakalli hér á hv. Alþingi á sínum tíma.

Nei, það er ekki forsenda fyrir Kröfluvirkjun, að samtenging hafi orðið áður en ákvörðun er tekin um Kröfluvirkjun. Hins vegar væri rétt og m. a. hef ég á það bent í tillöguflutningi hér á Alþingi að tengja orkuveitusvæðin saman, um leið og Kröfluvirkjunin yrði komin í gagnið. Þá er tími kominn til þess að tengja saman orkuveitusvæðin. Ef það hefði verið gert að hefjast handa um Kröfluvirkjun þegar 1971, þegar séð var, hvernig fara mundi um Laxármálið, þá væri ekki svo ástatt um orkumálin á Norðurlandi sem nú er og þá hefði verið nógur tími til þess að tengja saman Norðurland og Suðurland, eftir að sú ákvörðun var tekin. Þetta var ekki gert. Kröfluvirkjun var vísvitandi frestað. Það var synjað um fé til rannsókna á Kröfluvirkjun, og þess vegna fór sem fór. Það var sem sagt byrjað á öfugum enda, og það er aldrei til góðs. Þetta er viðurkennt í þeirri skýrslu, sem hér liggur fyrir, á bls. 21. Þar er beinlínis sagt, að forsenda fyrir öryggi í orkumálum Norðlendinga sé, að reist sé virkjun á Norðurlandi, því að þannig er komist að orði: „Nauðsynlegt er að virkja fyrir norðan til þess að auka öryggi raforkuvinnslunnar gegn línubilun.“ Og eins er á það bent, að jafnvel Landsvirkjunarsvæðið sé ekki enn nægilega öruggt til þess, að hægt sé að segja, að rafhitun sé þar örugg, þannig að það er alveg ljóst, að þessi skýrsla hnekkir gersamlega þeim rökum, sem ráðh. hefur beitt í stefnu sinni, fyrri stefnu sinni, gagnvart Norðlendingum, og ég benti á það, að með þessari skýrslu og með því að gera orð hennar að sínum hefði hæstv. ráðh. fallist á þau rök, sem við höfum áður bent á í þessum efnum. En ég vil enn endurtaka það, svo að það sé skýrt, kannske skýrast nú, að með þessu er ég ekki að leggjast gegn samtengingu og hef aldrei gert. Samtenging er hins vegar ekki forsenda, heldur afleiðing virkjana, vegna þess að samtenging er auðveldari en virkjanir. Það tekur styttri tíma að framkvæma samtengingar yfirleitt. Þó að það hafi því miður bögglast fyrir núv. hæstv. ríkisstj. að tengja saman Norðurland og Suðurland, þá er það yfirleitt þannig, að það er ekki hægt að segja, að það sé forsenda fyrir virkjunum, heldur ætti miklu frekar og væri rétt að segja, að það væri rökrétt afleiðing, að eftir stórvirkjun t. d. á Norðurlandi ætti að tengja saman Suðvesturland og Norðurland og miðla þannig orku milli svæðanna, þegar einhverju er til að miðla. Það er því miður svo, að nú liggur það ljóst fyrir, að á Norðurlandi er eina bjargráðið, eftir að það hefur verið upplýst af aðilum Laxárdeilunnar, að það verði ekki um frekari virkjanir að ræða þar, þá er ekki um önnur úrræði þar að ræða en fleiri dísilstöðvar.

Hv. 2. þm. Norðl. kom inn á það hér áðan, að það væri verið að kaupa dísilstöðvar til Norðurlands, m. a. fyrir 100 millj. kr. til Akureyrar. En það mun ekki nægja til þess að brúa bilið fram að því, að Kröfluvirkjun verður komin í gagnið og samtenging komin við Suðvesturland. Þess vegna lít ég svo á, að það eigi að stefna að því að koma upp fleiri dísilstöðvum á Norðurlandi við helstu byggðarkjarna þar um slóðir, vegna þess að það hefur sýnt sig, að það verða í framtíðinni öryggistæki, sem eru ómetanleg, sérstaklega þar sem stór verðmæti liggja undir skemmdum, ef línubilanir verða, eins og dæmin sanna. Það kann að þykja hlálegt, en úr því sem komið er verður næstu árin skásta úrræði Norðlendinga í orkumálum að koma upp sem flestum dísilstöðvum nærri þéttbýli, þannig að þær verði í framtíðinni varastöðvar fyrir svæðið. Það er næsta hlálegt, að svo skuli vera komið málum á svæði, sem lumar á slíkum orkulindum eins og Kröflusvæðinu og fleiri háhitasvæðum, ásamt Dettifossi og stórum og góðum virkjunarvalkostum. En því miður er þetta staðreynd, sem verður að horfast í augu við.

Ingólfur Jónsson: Herra forseti. Ég skal reyna að vera tiltölulega fáorður, en hæstv. iðnrh. gaf mér tilefni til að segja nokkur orð, þótt hann byrjaði ræðu sína þannig áðan, að hann ætlaði að haga máli sínu á þann hátt, að ekki væri ástæða til að lengja umr. út af hans máli.

Hæstv. ráðh. gaf í skyn, að það væri nú fyrst sem farið væri að gera áætlanir í orkumálum, bæði vatnsvirkjunarmálum og jarðhitamálum, og m. a. þess vegna væri mikill stefnumunur í þessum málum frá því, sem var í tíð fyrrv. ríkisstj.

Aðalstefnubreytingin var þó sú að áliti hæstv. ráðh., að áður hafði ekki verið talið fært að ráðast í stórvirkjanir nema með aðstoð erlendra aðila og stóriðju, sem erlendir aðilar ættu, m. a. álverksmiðju. Hæstv. ráðh. sagðist hafa flutt till. um litlu virkjunina í Efstadal vegna þess, að hann hefði viljað gera tilraun til þess að koma í veg fyrir, að ráðist yrði í stórvirkjunina með það fyrir augum að láta álverksmiðjuna festa hér rætur. Þannig skildi ég hæstv. ráðh.

Álverksmiðjan og álsamningurinn eru í huga hæstv. ráðh. þannig, að stappi næst landráðum. Þetta hefur hæstv. ráðh. sagt bæði í ræðu og riti. Hitt er þó rétt, að á s. l. ári gaf álverksmiðjan nokkuð á annan milljarð kr. í erlendum gjaldeyri og stendur undir öllum erlendum lánum vegna virkjunarinnar við Búrfell. Það er einnig staðreynd, sem ekki verður á móti mælt, að vegna þess að ráðist var í stórvirkjunina við Búrfell og álverksmiðjunni var seld orka, var orkuverð til almenningsnota milli 60 og 70% lægra en það hefði orðið án verksmiðjunnar. Þessu er ekki hægt að mótmæla. Þetta liggur fyrir í opinberum skjölum og útreikningum eftir færustu menn.

Hæstv. ráðh. sagði, að það hefði talsvert breyst á síðustu mánuðum og jafnvel síðustu árum útlitið í orkumálunum, þannig að nú mætti sjá, að það væru miklu meiri möguleikar á nýtingu orkunnar innanlands en áður var, og þá sérstaklega nú allra síðast, eftir að olían hækkaði. Það er enginn vafi á því, að þessi mikla hækkun, sem er á olíunni, ýtir á að virkja og nota jarðhitann. En þrátt fyrir það höfum við þörf á því að koma hér upp ýmsum atvinnurekstri, sem þarf mikla orku í, og hæstv. ráðh. virðist vera sammála um það.

Hæstv. ráðh. ræddi hér áðan um járnblendiverksmiðjuna, lýsti því, hvernig hún væri til komin og það væri ekki hægt vegna tímaskorts að flytja frv. um hana á þessu þingi, það væri heldur ekkert ánægjulegt að flytja frv. um stórmál nú, þar sem stjórnarandstaðan virtist vera með því hugarfari að snúast gegn öllum málum og gera ríkisstj. erfitt fyrir fremur en að vinna eftir málefnum. Þetta er vitanlega út í bláinn sagt. En í sambandi við járnblendiverksmiðjuna væri hægast fyrir hæstv. ráðh. að leita formlega eftir umsögn stjórnarandstöðunnar, hvort stjórnarandstaðan væri til með að styðja hæstv. ráðh. í þessu máli eða hvort stjórnarandstaðan ætli að snúast gegn málinu. Ég er ekki í nokkrum vafa um það, að ef hæstv. ráðh. leitar eftir umsögn Sjálfstfl. í þessu máli, þá fái hann svar. Það er þess vegna ekki til stuðnings máli hæstv. ráðh. að viðhafa þær kenningar, sem hann notaði hér áðan, í þessu máli eða öðru. Stjórnarandstaðan, a. m. k. Sjálfstfl., hefur miðað sinn málflutning og stuðning eða stuðningsleysi við mál eftir því, hvernig málin eru. En hæstv. ráðh. sagði áðan, og ég held, að ég hafi skrifað það alveg rétt eftir honum, að hann teldi eðlilegt að flytja frv. um járnblendiverksmiðjuna á næsta hausti, ef hann verður í þeirri stöðu þá að vera iðnrh. og fara með þessi mál. Það held ég, að ég hafi skrifað alveg orðrétt eftir hæstv. ráðh., og ef ég fer ekki með alveg rétt mál, þá vitanlega andmælir hæstv. ráðh. því.

Ráðh. sagði áðan, að fylgjast yrði að ákvörðun um virkjun Hrauneyjafossa og um járnblendiverksmiðjuna. Ég get fallist á það. Ég get einnig fallist á það, að innlendi markaðurinn hafi aukist, og um leið, ef ákveðið yrði að byggja hér járnblendiverksmiðju, þá yrði einnig að taka ákvörðun um virkjun Hrauneyjafossa. En það eru hæg heimantökin hjá hæstv. iðnrh. Alþ. hefur gefið heimild til virkjunar Hrauneyjafossa. Það er þess vegna ráðh. og ríkisstj., sem tekur ákvörðun um það, hvort Hrauneyjafossar verði virkjaðir. Það ætti ekki að vera til tafar málinu, þótt aukin virkjun þyrfti að fylgja, ef það þykir hagstætt og eðlilegt að ráðast í byggingu járnblendiverksmiðjunnar. Hæstv. ráðh. sagði, að samningsdrögin um járnblendiverksmiðjuna væru þannig, að þau gætu orðið til hags fyrir þjóðina, ef þau yrðu löggilt og úr verksmiðjubyggingunni yrði.

Hæstv. ráðh. sagði svo í lokin, að það væri skrýtið að vera að tala um, að efnahagsástandið væri slæmt, eins og nú stæði, og hann furðaði sig á því, hæstv. ráðh., að ég hefði talað um það hér í dag. Hæstv. ráðh. talar um velmegunarvandamál. Ég verð að leyfa mér að benda hæstv. ráðh. á, að hagfræðingar og ráðunautar ríkisstj. í efnahagsmálum gera sér grein fyrir vandanum, og þarf ekki annað en að lesa skýrslu hagrannsóknardeildarinnar til staðfestingar á því. Ég ætla ekki hér að fara að vitna í þá skýrslu, þar sem allir hv. þm. munu þekkja, hvað þar stendur, en að tala um það í léttum tón, að nú sé aðeins um velmegunarvandamál að ræða í þjóðfélaginu, það séu í rauninni engir erfiðleikar, það sé unnt að yfirstíga þá með hægu móti og enginn þurfi að hafa áhyggjur af því, það finnst mér vera of mikil léttúð. Ég held, að það sé alveg öruggt, að hæstv. núv. ríkisstj. yfirstígur ekki þennan vanda. Þar verða aðrir til að koma.

Hæstv. ráðh. talaði um, að það væri einkennilegt að vera nú að ræða um, að það hafi verið góðæri í þessu landi. Ég sagði, að undanfarin 4—5 ár hefði verið einstakt góðæri í landinu. Og á s. l. ári var góðæri, þrátt fyrir eldgosið í Vestmannaeyjum. Eldgosið í Vestmannaeyjum var vitanlega áfall. En það var tiltölulega lítið áfall miðað við það góðæri, sem annars var í landinu, og þá miklu framleiðslu, sem var, og það hagstæða verð, sem var á okkar útflutningsvörum. Fyrir dugnað Vestmanneyinga náðist undraverður afli á Vestmannaeyjaflotanum á s. l. ári, þrátt fyrir það þótt heimahöfnin væri lokuð. Tjón þjóðarbúsins vegna eldgossins var þess vegna miklu minna en búast hefði mátt við.

Hæstv. ráðh. talaði um, að það væri öðru máli að gegna núna eða 1968—1969, þegar atvinnuleysi var og ýmsir flýðu land. Það var allt annað árferði 1968 og 1969 en hefur verið nú. Þá var vont árferði. Þá var kuldi og kalt til landsins. Þá var grasleysi og erfiðleikar í landbúnaðinum. Þá var mikil aflatregða, og þá var stórkostlegt fall á útflutningsafurðunum, þannig að gjaldeyristekjur þjóðarinnar minnkuðu á tveimur árum um 50%, alveg öfugt við það, sem hefur verið undanfarið, þegar aflaverðmætið hefur alltaf verið að aukast og verðlagið stöðugt að hækka erlendis.

Það er rangt, sem hæstv. ráðh. sagði, að í lok

stjórnartímabils fyrrv. stjórnar hefði verið hér atvinnuleysi. Það er algerlega rangt, því að 1970 og 1971 var þjóðin komin yfir erfiðleikana. Þá var ekkert atvinnuleysi. Þá fór árferðið batnandi, og það sást strax, kjör almennings bötnuðu á 12 mánuðum um 19.5%, og það er sú mesta kjarabót, sem launþegar hafa fengið á ekki lengri tíma. Það er þess vegna rétt, sem oft hefur verið sagt og staðfest af hæstv. forsrh., að núv. ríkisstj. tók við góðu búi á miðju ári 1971. Hún tók við blómlegu búi. Atvinnutækin höfðu stórlega aukist. Fyrrv. ríkisstj. endurnýjaði fiskibátaflotann, og hún hafði fest kaup á 19 skuttogurum. Hún hafði endurnýjað og aukið frystihúsakost og byggt fiskimjölsverksmiðjur. Atvinnuleysi var hér ekki nema á aflaleysis- og verðfallsárunum. Ef núv. hæstv. ríkisstj. hefði haldið í horfinu og kunnað að fara með þann arf, sem henni var fenginn í hendur, væri allt annað ástand í efnahagsmálunum en nú er. Þá hefði hagrannsóknadeildin ekki þurft að skrifa þá skýrslu, sem menn nú lesa, og þá væri ekki talað um vandræðaástand og það, að ríkisstj. hrökklaðist sennilega frá á þessu sumri, vegna þess að hún réði ekki við vandann.

Hæstv. iðnrh. hefur annars staðar, og á öðrum vettvangi látið þau orð um munn fara, að ástæða er til að ætla, að hann hafi gert sér grein fyrir því, hvernig efnahag þjóðarinnar er komið. Það er sárgrætilegt, ef enginn hæstv. ráðh., einnig hæstv. iðnrh., hefur komið auga á þetta. Ef svo er, að hæstv. ríkisstj. er öll þeirrar skoðunar, að hér sé aðeins um örlítinn vanda að ræða, sem flokkast undir velmegunarvandamál, þá þarf ekki að búast við því, að núv. hæstv. ríkisstj. sé fær um að gera till. til úrbóta eða leysa þann vanda, sem nú steðjar að.

Pálmi Jónsson: Herra forseti. Ég skal ekki á lokastigi þessara umr. blanda mér í þær almennu umr., sem hér hafa farið fram um orkumálin, aðeins í örfáum orðum vekja athygli á tveimur atriðum.

Það hafa fallið mörg orð úr þessum ræðustóli um þau orkuvandamál, sem að steðja meðal þjóðarinnar og ekki síst á Norðurlandi. Orkuskortur norðanlands er ekki minni á vestanverðu Norðurlandi en á austanverðum þeim fjórðungi og sennilega hvergi meiri á landinu en á Norðurlandi vestra. Þar er ástandið svo, að meiri hluta þeirrar orku, sem notuð er, er aflað með dísilvélaafli. Það ástand er auðvitað óviðunandi, og verður að vænta þess, að við því verði brugðist með svo skjótum og raunhæfum hætti sem kostur er til að ráða þar bót á. Fyrir stuttu hefur verið lokað fyrir leyfisveitingar til húshitunar og einnig leyfisveitingar til húshitunar í sveitum með marktaxta, sem þó allt fram undir síðustu áramót fengust nokkuð sjálfkrafa. Nú hafa þessar leyfisveitingar verið stöðvaðar og það jafnvel, þótt ástæður séu þannig hjá einstökum heimilum, að húshitunartæki séu ónýt eða mjög stórlega biluð, svo að ekki sé annað sýnna en að það verði að endurnýja þau og kaupa önnur í staðinn, þá væntanlega til takmarkaðs tíma. Ég hef leitað eftir því á undanförnum vikum hjá Rafmagnsveitum ríkisins, hvort ekki sé hugsanlegt, að úr þessu fáist bætt á næstunni, en engin svör fengið. Nú vildi ég beina því til hæstv. ráðh., sem væntanlega talar hér í lokin, hvort nokkrar vonir séu til þess, að úr þessu verði bætt á næstu vikum eða mánuðum, og hvort hæstv. ráðh. getur gefið einhverjar upplýsingar um, hvaða úrræðum hann hyggist beita til þess að ráða fram úr þessum brýna vanda.

Það hefur komið fram í þessum umr., að hæstv. ráðh. hefur gefið í skyn, að hann telji eðlilegt, að næsta stórvirkjun, sem ákveðin verði á landinu, verði við Hrauneyjafossa. Ég leyfi mér að minna á það, að ég flutti fyrr á þessu þingi ásamt hv. þm. Gunnari Gíslasyni till. til þál. um stórvirkjun á Norðurl. v., sem yrði annað tveggja í Blöndu eða Jökulsánum í Skagafirði og yrði næsta stórvirkjun landsmanna. Ég rakti í grg. fyrir þessari till. mjög sterkar röksemdir fyrri því, að vinda ætti bráðan bug að því, að stefnt skyldi að því, að þarna yrði virkjað svo fljótt sem kostur væri. Þær röksemdir eru byggðar á upplýsingum, sem ég hef fengið hjá starfsmönnum Orkustofnunar ríkisins, orkumálastjóra og starfsmönnum hans. Miðað við þær upplýsingar er það álit sérfræðinga, að virkjun Blöndu og Jökulsánna í Skagafirði sé það hagkvæm, að gefi frá ⅙ til ⅓ hagkvæmari orku en yrði frá Sigölduvirkjun. Þessi munur er það mikill, að ég undrast að hafa ekki heyrt um það í þessum umr., að hæstv. ráðh. hafi áætlanir á takteinum um að flýta fyrir lokarannsóknum á þessu svæði og síðan stefna að því, að þarna verði næsta stórvirkjun landsmanna.

Fleira er þó kannske enn mikilvægara, og þar á ég við, að það virðist heldur lítil fyrirhyggja í því, ef reisa á allar stærstu virkjanir landsmanna á mesta eldgosasvæði landsins. Það er óumdeilanlegt, að virkjanir í Þjórsá og Tungnaá eru á mesta eldgosasvæði landsins. Fari svo, að þarna rísi allar stærstu virkjanir á landinu á næstu árum eða jafnvel áratugum, þá held ég, að óhætt sé að segja, að harla lítið öryggi sé í orkuöflun landsmanna, því að enda þótt allir vonist eftir því, að jarðeldar brjótist ekki út á þessu svæði, — jarðeldar, sem tortíma mundu ef til vill þeim mannvirkjum, sem stórkostlega þýðingu hafa, þá er þó harla lítil fyrirhyggja í því að standa svo að þessum málum, að slík ósköp geti dunið yfir.

Ég vil vonast eftir því, að svo takist til, að ráðist verði í Kröfluvirkjun eða í virkjun við Námafjall á næstu árum. Það er þó allt í óvissu enn, vegna þess að lokarannsóknir hafa ekki farið fram á Kröflusvæðinu, og ekki er vitað, hversu fer í sambandi við meint náttúruspjöll, ef virkjað verður við Námafjall. Þeirri virkjun mundi vissulega fylgja aukið öryggi frá því, sem er í dag, miðað við það að virkja nálega einvörðungu á Þjórsársvæðinu. Samt er það eftirtektarvert, að Krafla og Námafjall eru einnig á þessu sama eldgosa- og jarðskjálftabelti, sem liggur þvert yfir landið frá norðaustri til suðvesturs eftir miðju móbergssvæðinu, og hygg ég, að þau rök megi sýnast nokkuð þung, að álitlegt verði að teljast að undirbúa virkjun utan þessa beltis. Þegar svo veigamikil rök sýnast benda til þess, að það sé ekki einasta yfirburðahagkvæmt að virkja á Norðurl. v., í Blöndu eða Jökulsán-

um í Skagafirði, heldur fylgi því einnig stórkostlega mikið öryggi umfram þær virkjanir, sem nú eru mest umtalaðar, þá finnst mér það ganga fásinnu næst að láta undir höfuð leggjast að hraða sem mest lokarannsóknum og síðan undirbúningi virkjunar þessara fallvatna.

Ég skal ekki lengja þessar umr. með tilliti til orða hæstv. forseta, en ég vil beina því til hæstv. ráðh., að ég tel, að þarna sé um virkjunarkosti að ræða, sem þurfi að hraða öllum undirbúningi að, og ég vænti þess, að hann gefi í þessum umr. svör við því, hvort hann telji ekki ástæðu til þess að verja til þess fjármunum og mannafla, að þessar lokarannsóknir verði unnar sem mest þegar á þessu ári og stefnt að því, að virkjanir geti komist í gagnið á þessu svæði hið allra fyrsta. Því mundi fylgja ómetanlegt öryggi með hliðsjón af hugsanlegum náttúruhamförum. Því mundi einnig fylgja stórkostlegt öryggi fyrir Norðurland allt, fyrir Vesturland og þar með Vestfirði, fyrir Faxaflóasvæðið og hinn mikla orkumarkað, sem er á þessu svæði, með tilliti til þess, ef byggðalínan svokallaða verður reist, en hún mundi liggja í örfárra km fjarlægð frá þessum virkjunum. Ég vildi ekki láta þessar umr. fara fram hjá svo, að ég vekti ekki athygli á þessu máli enn á ný, og ég vænti þess, að hæstv. ráðh. gefi nokkrar upplýsingar um það, hvað hann og hans sérfræðingar hafa í hyggju í sambandi við þetta mál. Ég ætla ekki að blanda mér í þær deilur, sem hér hafa farið fram, og ekki á lokstigi þessara umr. að hefja neinar ádeilur á hæstv. ráðh. í sambandi við meðferð orkumála, eins og gert hefur verið, — og er þó ærin ástæða til, — með tilliti til þess, hvað langt er liðið á fundartíma.

Steingrímur Hermannsson: Herra forseti. Ég skal ekki lengja þessar löngu umr. nema mjög lítillega. Raunar verð ég að biðjast afsökunar á því, að ég gat ekki verið við þessar umr. allar. Það stafar einmitt af þeirri ástæðu, að ég sit í n., sem fjallar um orkumál á vegum hæstv. iðnrh., nefnd, sem kölluð hefur verið viðræðunefnd um orkufrekan iðnað, og sat hún á mikilvægum fundi í kvöld.

Margt mætti segja um þá skýrslu, sem hér hefur verið lögð fram, og þá þál., sem henni er tengd. Ég mun þó aðeins fara um þetta örfáum orðum. Skýrslan veitir mikilvægar upplýsingar, og ég fagna því, að hún er fram komin. Hún er að mínu viti mikilvægt skref í kerfisbundinni athugun á þessu stóra máli. Hins vegar verður strax ljóst, þegar skýrslan er lesin, að mjög mörgum spurningum er enn ósvarað og þessu máli þarf að halda áfram af fullum krafti. Þó hygg ég, að öllum muni vera ljóst, að leggja ber mjög ríka áherslu á að ljúka þeim jarðvarmaveitum, sem hugsanlegar eru. Ég held, að það dyljist engum, að þar er um mjög hagkvæmar framkvæmdir að ræða, sem hljóta að skipa forgangsstað í okkar framkvæmdum.

Aftur á móti verður varla hjá því komist, að þær upplýsingar, sem fram koma um upphitun með raforku, valda nokkrum vonbrigðum. Það er bæði, að kostnaður við þær framkvæmdir er ákaflega mikill, nefndur um 4000 millj. kr. í þessari skýrslu við stofnlínur og dreifilínur, og er þá ótalinn kostnaður við breytingar í íbúðarhúsum, en ég hygg, að sá kostnaður mundi varla vera undir 70—90 þús. kr. á hverja meðalíbúð, og auk þess held ég, að mönnum hljóti að vera ljóst, að víðs fjarri er, að nægilegt öryggi sé tryggt fyrir rafhitun, til þess að hún sé raunar viðunandi. Ég hygg, að sá vetur, sem nú er að líða, hafi sannað okkur, að þar þarf að bæta mjög um, ekki aðeins í sambandi við dreifilínur, sem eru víða svokallaðar geislalínur og mjög öryggislitlar, heldur einnig í sambandi við orkuframleiðsluna sjálfa, sem getur brugðist, eins og sannast hefur á þessum vetri. Ég hygg því, því miður, að allur kostnaður við allar framkvæmdir þarna sé töluvert meiri en fram kemur í þessari skýrslu.

Í skýrslunni kemur jafnframt fram, að kostnaður við raforkuhitun er aðeins um 30% ódýrari áætlaður en með olíu. Það er ekki mikill munur, þegar tekið er tillit til annarra þátta, eins og t. d. öryggis, og þegar tekið er tillit til þess, að byggingarkostnaður vatnsaflsvirkjana og lína mun örugglega stóraukast á næstu árum.

Sömuleiðis lætur skýrslan því ósvarað, hvernig fullnægt verður orkuþörfinni. Engin áætlun kemur fram í þessari skýrslu um það. Að vísu er ljóst þeim, sem skýrsluna lesa, að hraða verður virkjunarframkvæmdum, og það hefur komið fram í ræðum hæstv. ráðh., að ákvörðun um næstu virkjun, sem hann hefur nefnt Hrauneyjafossa, eftir Kröflu sé mjög skammt undan. Ég er honum sammála. Það er ljóst, að næstu vatnsaflsvirkjun verður að ákveða í síðasta lagi á þessu hausti. Ég vil að vísu taka það fram, að ég harma og tek undir það með öðrum ræðumönnum, að ekki skuli vera aðrir valkostir en Hrauneyjafossar. Ég er því sammála, að æskilegra er að dreifa okkar vatnsaflsvirkjunum. Ég kenni því um, eins og fram hefur komið í fyrri ræðum mínum hér, að ekki hefur verið unnið nægilega kerfisbundið að því að hafa aðrar virkjanir tilbúnar í öðrum landshlutum. Því miður óttast ég, að úr því verði varla bætt, úr því sem komið er, með næstu virkjun á eftir Kröflu, en að sjálfsögðu verða fleiri virkjanir eftir Hrauneyjafossa eða hver sem sú virkjun verður, og þarf að vinna þar ötullega að.

Mér sýnist á þeim áætlunum, sem ég hef fengið, að orkuframboð eða orkuvinnslugetu eigi að vera fullnægt fram til a. m. k. 1980 og ef til vill nokkuð lengur. Það fer að vísu eftir því, hve hratt Vestfirðir og Austfirðir tengjast þessu kerfi, en alla vega í síðasta lagi 1981 þarf ný vatnsaflsvirkjun að hefja vinnslu.

Ég vil sérstaklega undirstrika það, sem kemur fram í þessari skýrslu um Vestfirðina og Austfirðina. Þeirra vandamál eru sérstök. Þangað er lengra að leiða orkuna frá þessu almenna kerfi, sem Landsvirkjun nær yfir, og þar eru virkjunarmöguleikar að ýmsu leyti erfiðari en í öðrum landshlutum. Ég vil þá leggja á það áherslu, að þótt ég sé sammála þeirri niðurstöðu skýrslunnar, að leggja beri höfuðáherslu á að tengja Vestfirðina orkukerfi landsins eins fljótt og frekast er unnt, má alls ekki slaka á með frekari virkjanir í þeim landshluta. Ég vil vekja athygli á því, að virkjun í Dynjandisá mun vera nokkurn

veginn tilbúin til útboðs. Þar eru viss formsatriði, sem eftir er að leysa, sérstaklega athugun á náttúruverndaráhrifum þeirrar virkjunar á fossinn og útlit hans. Það er vissulega mikilvægt mál, sem sannarlega þarf að skoða, en ég er sannfærður um, að unnt er að leysa þannig, að viðunandi sé. Sú virkjun gæti gefið 8.3 mw. Það er að vísu ekki nægilegt til þess að sjá fyrir þeirri hitaorku, sem þörf er fyrir á Vestfjörðum, en mundi þó verulega bæta úr því ástandi, sem þar er nú. Ég vil einnig benda á það, að lítil virkjun á suðurhluta Vestfjarða hefur verið til umr., Suðurfossárvirkjun. Hún er e. t. v. ekki mikilvægust vegna þeirrar orkuframleiðslugetu, sem þar er um að ræða, heldur fremur vegna hins, að hún mundi styrkja mjög rafdreifingarkerfi Vestfjarða. Hún yrði á endanum á einum geisla þess kerfis og væri þannig mjög til öryggisauka. Ég held, að þessa möguleika sem og aðra, sem minnst hefur verið á í þeim landshluta, beri að skoða af mikilli alvöru og beri að hraða þeirri úttekt, sem þar þarf að fara fram, þrátt fyrir þá staðreynd, að leggja verður ríka áherslu á að tengja þann landshluta eins og Austfirðina hinu almenna orkukerfi landsins.

En eins og ég sagði, ætla ég ekki að fara mörgum orðum um þessa till. almennt, læt lokið því, sem ég vil um skýrsluna segja, með þeim orðum, að ég legg ríka áherslu á, að þessar miklu framkvæmdir verði samræmdar öðrum framkvæmdum í okkar landi. Það þarf að gera heildarframkvæmdaáætlun. Það þarf að raða þessum framkvæmdum. Ég vil vekja athygli á því, að hæstv. ríkisstj. hefur sett á fót stofnun, Framkvæmdastofnun ríkisins, sem á að annast slíka áætlanagerð, og sýnist mér ljóst, að þessu máli beri að vísa þangað hið fyrsta.

Ég stóð fyrst og fremst upp til þess að segja örfá orð um nýjan orkufrekan iðnað, sem hefur verið til umr. Hæstv. ráðh. upplýsti í ræðu hér áðan, að hann hafi í huga að leggja fram frv. um þann orkufreka iðnað, þegar þing kemur saman í haust. Það er að vísu góðra gjalda vert, en ég vil, að það komi fram við þessar umr., að ég fyrir mitt leyti efast stórlega um, að sá samningur, sem liggur nú fyrir við erlent fyrirtæki um slíkan iðnað, verði fyrir hendi í haust, án þess að fram komi mjög ákveðin viljayfirlýsing, ekki eingöngu ráðh., heldur helst Alþingis í þessu máli. Ég hef setið í þeirri n., sem fjallað hefur um þennan iðnað. Nefndin hefur starfað eftir mjög ákveðnu skipunarbréfi frá hæstv. ráðh., og ég vil leyfa mér að fullyrða, að tekist hafi að ná samningum, sem tryggja öll þau atriði, sem hæstv. ráðh. hefur réttilega lagt mikla áherslu á. Ég ætla ekki að telja þau atriði upp, en vil þó nefna sem eitt af því mikilvægasta í mínum huga, að þar er um að ræða íslenskt fyrirtæki undir íslenskri stjórn, undir íslenskri lögsögu. Tel ég það brjóta blað í eflingu slíks iðnaðar hér á landi. Ég vil hins vegar vekja athygli á því, að í þessum málum er um mikla samkeppni að ræða og margir aðilar, sem hyggja á framkvæmdir til þess að fullnægja vaxandi markaði. Það bíður ekki eftir okkur, og ég veit, að það fyrirtæki, sem við hefur verið rætt, mun athuga allar aðrar leiðir til þess að fullnægja þeim markaði, sem það telur sig vera skuldbundið að vissu leyti, ef ekki fæst héðan mjög ákveðin viljayfirlýsing.

Ég legg ekki höfuðáherslu á þennan iðnað vegna sölu á raforku til slíks iðnaðar. Ég held, að það sé út af fyrir sig minni háttar atriði. Ég tel, að á það sé lögð of mikil áhersla. Ég tel öllu mikilvægara, að slíkur iðnaður rennir enn einum stoðum undir okkar efnahagslíf. Um nýja iðngrein er að ræða, — iðngrein, sem hefur sýnt sig að vera traust, og ég held, að okkur Íslendingum veiti þar ekki af. Ég er að vísu þeirrar skoðunar, að sjávarútvegur og fiskiðnaður muni um ævilangan aldur vera meginmáttarstoð þessa efnahagslífs, en ég held, að bæði vegna sjávarútvegs og fiskiðnaðar og efnahags landsins almennt séu nýjar iðngreinar mjög kærkomnar.

Ég vildi láta þetta koma fram og endurtek það, að ég tel, að alls ekki sé öruggt, að sá samningur, sem nú liggur fyrir, verði til staðar í haust, án þess að fram komi mjög ákveðin viljayfirlýsing í þessu efni.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Græðsla Sauðlauksdalssanda, þáltill. (þskj. 594). — Frh. einnar umr.

Þorv. Garðar Kristjánsson: Herra forseti. Það er nú kannske að sumu leyti hálfóþægilegt að fara að ræða um þetta mál nú, þegar búið er að slíta í sundur umr., sem eðlilega hefðu átt að fara fram í heilu lagi um það mál, sem nú er tekið aftur á dagskrá. Það kann að vera, að hæstv. forseti hafi talið eðlilegt að enda þetta dagsverk í dag með því að fá einhverja rúsínu í pylsuendann (**Forseti:** Ég skal fresta umr. ef hv. þm. óskar eftir.) Ég vildi gjarnan ljúka þeim fáu orðum, sem ég ætlaði að segja.

Ég fann hvöt hjá mér til þess að standa upp, eftir að ég var búinn að hlýða á ræðu hv. 3. þm. Vestf. Maður hefur ekki heyrt mikið af honum upp á síðkastið, og finnst mér gott, en nú veit maður, hvað hann hefur verið að aðhafast, síðan hann fór úr ráðherrastóli. Hann hefur verið að skrifa sögu Björns Halldórssonar í Sauðlauksdal, og það gerir enginn illt af sér, meðan hann vinnur svo þarft verk.

En aðalatriðið hjá mér var að biðja um orðið til að lýsa yfir fullum stuðningi við það mál, sem hér liggur fyrir. Ég tek undir allar röksemdir hv. 3. þm. Vestf. fyrir þessu máli. Það er alveg rétt, sem hann sagði, að það eru í hættu a. m. k. tvær jarðir vegna sandfoks, það er í hættu mikilvægur flugvöllur og stórt mannvirki og dýrt, og það er fullkomin ástæða og réttmætt að minnast Björns Halldórssonar í Sauðlauksdal með þeim hætti, sem þessi till. gerir ráð fyrir.

Ég er þakklátur hæstv. forseta fyrir, að hafa fengið að segja þessi orð einmitt í dag, 18. apríl, vegna þess að þetta mál á sér dálitla sögu á síðustu missirum, og það er afmælisdagur þess í dag. Fyrir tveim árum, 18. apríl 1972, ræddi ég þetta mál í Sþ. í formi fyrirspurnar, en aðalumr. voru um nauðsyn þess að aðhafast eitthvað í því að græða upp Sauðlauksdalssanda. Ég eggjaði hæstv. ríkisstj. lögeggjan í þessu máli. Ég

benti henni á, að hún mundi koma sér upp veglegum minnisvarða með því að taka til hendi í þessu máli og hún mundi ekki þurfa að óttast það, að því minnismerki yrði gefin nafnbótin „Ranglátur", þó að hæstv. ríkisstj. gerði margt ranglátt í öðrum málum. En því miður hefur ekkert skeð í þessu máli. Það virðist hafa þurft tvennt til, til þess að hv. 3. þm. Vestf. fengi áhuga á málinu. — Ég gleymi því ekki, að hann var í ríkisstj., og þess hefði mátt vænta, að hann hefði látið málið eitthvað til sín taka. — Það þurfti tvennt til. Það þurfti að koma til, að við upplifðum þjóðhátíðarár, til þess að hv. 3. þm. Vestf. fengi áhuga á málinu, og það þurfti líka að koma til, að hann færi úr ríkisstj. En þrátt fyrir þetta ber að fagna því, sem orðið er, og kannske það geti orðið nokkurt fordæmi öðrum hæstv. ráðh. að fara úr ríkisstj., ef þeir verða betri og nýtari menn við það.

En ég vil ljúka þessum fáu orðum með því að endurtaka stuðning minn við þetta mál, og ég vænti þess, að það fái skjótan og öruggan framgang á þingi.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Efri deild, 104. fundur.

Föstudaginn 19. apríl, kl. 2 miðdegis.

Verndun Mývatns og Laxár, frv. (þskj. 634, n. 693). — 2. umr.

Frsm. (Páll Þorsteinsson): Herra forseti. Með því að setja sérstök lög um verndun Mývatns og Laxár í Suður-Þingeyjarsýslu er stefnt að því að tryggja svo sem auðið er með löggjöf, að náttúrufari þessa sérstæða landssvæðis og lífríki þess verði ekki raskað og að komið verði í veg fyrir mengun í Mývatni og Laxá. Ákvæði þessa frv. taka til Skútustaðahrepps og Laxár með hólmum og kvíslum allt að ósi árinnar við Skjálfanda, ásamt 200 m breiðum spildum meðfram Laxá upp frá báðum bökkum árinnar.

Aðalefni frv. felst í þrenns konar ákvæðum: 1) Ákvæðum um skipulag og eftirlit með mannvirkjagerð. 2) Ákvæðum um, að reisa skuli og reka náttúruverndarstöð við Mývatn. 3) Ákvæðum um varnir gegn hvers konar mengun á svæðinu.

Á landssvæði því, sem frv. tekur til, skal hvers konar mannvirkjagerð og jarðrask óheimilt, nema leyfi Náttúruverndarráðs komi til. Heimilar skulu þó framkvæmdir, sem nauðsynlegar og eðlilegar teljast til búskapar á lögbýlum, nema spjöllum valdi á náttúruverðmætum að dómi Náttúruverndarráðs. Enn fremur eru heimilar, án sérstaks leyfis Náttúruverndarráðs, byggingar samkv. staðfestu skipulagi.

Þá kveður frv. á um, að reisa skuli og reka náttúrurannsóknarstöð við Mývatn. Menntmrn. skipar stjórn stöðvarinnar samkv. tilnefningu Náttúrufræðistofnunar Íslands, verkfræði- og raunvísindadeildar Háskóla Íslands, hreppsnefndar Skútustaðahrepps, Landeigendafélags Laxár og Mývatns og Náttúruverndarráðs. Skal fulltrúi Náttúruverndarráðs vera form. stjórnarinnar. Stjórn stöðvarinnar sér um famkvæmdir á hennar vegum og rekstur stöðvarinnar. Með starfsemi hennar á að veita stjórnvöldum ráð um allt það, er lýtur að framkvæmd laga þessara. En í reglugerð, er menntmrn. setur að fengnum till. Náttúruverndarráðs, skal nánar kveðið á um starfshætti stjórnarinnar og starfsemi stöðvarinnar, m. a. um samstarf við heimamenn og aðstöðu til námskeiðahalds fyrir háskólanema í náttúrufræðum.

Í sambandi við varnir gegn mengun eru þau ákvæði sett í frv., að menntmrn. setur að fengnum till. heilbrn. og Náttúruverndarráðs reglugerð um varnir gegn hvers konar mengun svæðis þess, er lögin taka til, og skal þar m. a. kveðið á um sérstakar mengunarvarnir Kísiliðjunnar við Mývatn. Í reglugerðinni skal ennfremur kveðið á um verndun lífríkis á svæðinu og skynsamlega nýtingu þess, svo sem um takmörkun á aðgangi ferðamanna að tilteknum stöðum á því svæði, sem frv. tekur til.

Hið sérstæða vistkerfi Mývatns og Laxár hlýtur að vera mjög næmt fyrir hvers konar utanaðkomandi truflunum, og það í heild verður aldrei sterkara en veikasti hlekkur þess. Ber því að gæta ítrustu varúðar í sambandi við hvers konar mannvirkjagerð og atvinnurekstur, sem vænta má, að geti haft neikvæð áhrif á náttúrufar svæðisins. Með setningu sérstakra laga um þetta efni og reglugerðar samkv. þeim, eins og hér er stefnt að, þá mundi vera hægt að sameina í eina heild öll ákvæði, sem lúta að náttúruvernd þessa viðkvæma svæðis, og á grundvelli þess að hafa nokkurn veginn fullt vald á því, hvað aðhafst er um mannvirkjagerð á þessu svæði.

Frv. þetta hefur hlotið afgreiðslu í hv. Nd. Menntmn. Nd. mælti með samþykkt frv., en lagði til, að gerðar yrðu á því smávægilegar breyt., og var það tekið til greina við afgreiðslu málsins í Nd. Menntmn. þessarar d. hefur fjallað um frv. og leggur til, að það verði samþ. N. ber ekki fram neinar brtt. við frv., en einstakir nm. hafa áskilið sér rétt til þess að bera fram sérstakar brtt. eða fylgja brtt., sem fram kunna að koma. Það er því einróma till. n., að frv. þetta verði samþ.

ATKVGR.

1. gr. samþ. með 12 shlj. atkv.
2.—10. gr. samþ. með 12 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. visað til 3. umr. með 13 shlj. atkv.

Skólakerfi, frv. (þskj. 675). — 1. umr.

Menntmrh. (Magnús T. Ólafsson): Herra forseti. Mál þetta og næsta mál, 5. dagskrármálið, frv. um skólakerfi og grunnskóla, eru svo náskyld og gripa svo hvort inn í annað, að ég hyggst ræða þau hér saman í einni framsöguræðu, eins og verið hefur áður, þegar þessi frv. hafa verið til meðferðar á Alþ., ef enginn gerir aths. við, að sá háttur sé á hafður.

Þessi frv. komu fyrst fram fyrir 3 árum rúmum og hafa síðan hlotið endurskoðun og

undirgengið miklar breyt. Þau eru mjög sitt með hvoru móti hvað form snertir. Frv. til l. um skólakerfi er stutt og laggott, og er þar kveðið á um, hvernig megindrættir skuli móta skólakerfi landsins. Frv. til l. um grunnskóla er aftur á móti langt og ítarlegt, svo að ýmsum þykir nóg um, en þar eru ákvæði um undirstöðu þess skólakerfis, sem um er fjallað í hinu frv., skyldunámið, sem á að vera sameiginlegur þáttur og grundvöllur að annarri skólamenntun í landinu, og þetta skólastig hefur í þessu frv. hlotið nafnið grunnskóli.

Það er ekki einungis, að þessi mál hafi verið ítarlega rædd í hv. Nd. oftar en einu sinni. Þau hafa einnig mjög verið til umr. manna á meðal á opinberum vettvangi, í blöðum, öðrum fjölmiðlum og á mannfundum. Og þegar frv. komu úr endurskoðun fyrir rúmu ári, var efnt til skipulags fundahalds um land allt, þar sem þeir, sem að endurskoðuninni höfðu staðið og að nokkru leyti að samningu þessara frv. frá öndverðu, ferðuðust um landið og gerðu þeim, sem einkum töldu sig málið skipta, grein fyrir þeim í heild. Þessa fundi sóttu hundruð manna, einkum þó skólamenn og sveitarstjórnarmenn á þeim stöðum, þar sem fundirnir voru haldnir.

Grundvallarsjónarmiðin, sem bæði þessi frv. byggjast á og kveðið er á um sér í lagi í frv. til l. um skólakerfi, eru þessi helst:

Skólakerfið skal vera samfellt, svo að þar sé bein leið milli skólastiga, að menn þurfi ekki að leggja á sig á námsbrautinni útúrkróka til þess að komast í þá námsáfanga, sem hver telur sér best fallna, — að sérhver, sem á annað borð er heilsu sinnar vegna fær um að sækja almennan skóla, hljóti þar þá undirstöðumenntun, að hann eigi kost á framhaldsnámi við sitt hæfi, eftir að skyldunámi er lokið, — og í þriðja lagi, að námsaðstaða sé jöfnuð eins og nokkur er kostur, svo að þar ríði það ekki baggamuninn, hversu foreldrar námsmanna eða námsmenn sjálfir eru efnum búnir né hvar þeir eru búsettir á landinu, í strjálbýli eða þéttbýli.

Það er öllum ljóst, að því fer fjarri, að jafnræði hafi ríkt á undanförnum tímum um námsaðstöðuna, og sérstaklega er það búsetan, sem þar skiptir sköpum, enda bera þess merki þær töflur, sem fylgja frv. til l. um grunnskóla. Þær sýna, að langtum stærri hluti hvers aldursflokks í þéttbýli lýkur hinum hærri prófum á miðskólastigi í þéttbýli heldur en í strjálbýlinu. Þetta stafar að sjálfsögðu af mörgum samverkandi ástæðum, en meginástæðan er sú, að hvergi nærri hefur tekist að skapa sömu fræðsluskilyrði í strjálbýli og í þéttbýli. Einnig er það alkunna, að framhaldsskólar eru misjafnlega á vegi staddir.

Í framhaldsskólakerfinu í heild hallast á á þann veg, að bóknámi er, þegar á heildina er litið, gert hærra undir höfði en verkmenntun. Skilyrði til þess að rétta þennan halla er ekki síst, að almennur menntunargrundvöllur, undirbúningsmenntunin, sé ein og hin sama um land allt, að allir, sem undirstöðumenntunar geta notið, standi jafnt að vígi til framhaldsnáms, þegar henni lýkur, að þar sé ekki eins og nú er óbrúað bil á milli skyldunámsins og þeirra inntökuskilyrða, sem ríkja við framhaldsskólana flesta eða alla.

Til þess að þeim tilgangi, sem ég hef nú lýst í fáum orðum, verði náð, þykir sýnt, að upp verði að taka í ríkum mæli nýja starfshætti á skyldunámsstiginu. Um það er bæði að ræða, að námsefni sé endurskoðað, greiningu námsefnis breytt og þó sér í lagi, að í efstu bekkjum grunnskólans komi til sögunnar bæði breyttir kennsluhættir, breytt námsefni og breytt námsfyrirkomulag. Þar er gert ráð fyrir, að tekið verði upp verknám í tengslum við atvinnulíf. Þar eiga að koma til sögunnar valgreinar og nokkur aðgreining námssviða í því sambandi, og til þess að þessu námsefni verði annað, er gert ráð fyrir lengingu skólaárs.

Árangurinn af þessum breyt. á að verða sá, að úr hinu almenna undirstöðunámi komi nemendur stórum betur undirbúnir en nú er. Til þess er talið, að bæta þurfi 9. skyldunámsárinu við þau 8, sem fyrir eru, svo að skyldunámið lengist um eitt ár. En með þeim breyttu kennsluháttum og þeim breyt. á námsefni, sem gert er ráð fyrir, er til þess ætlast, að þessi námstími nýtist þannig, að námsferillinn styttist í heild um eitt ár, miðað við það, sem nú er, fyrir mikinn þorra þeirra, sem hefja nám á framhaldsskólastigi strax að skyldunámi loknu. Ráð er fyrir því gert, að þegar níu ára skyldunám er komið til framkvæmda, geti 3 ára nám nægt til menntaskólanáms í stað 4 ára nú. Sömuleiðis er ráð fyrir því gert, að stórlega sé hægt að draga úr, ef ekki sleppa öllu kennslu í ýmsum almennum greinum í verknámsskólum á iðnskólastigi, svo að þar sé hægt að einbeita skólastarfinu að þeirri sérþekkingu, sem ætlast er til, að nemendur hljóti, og þeirri sérstöku þjálfun, sem þeir þurfa, áður en þeir hljóta atvinnuréttindi sín.

Þessar breyt. krefjast að sjálfsögðu endurskoðunar á fyrirkomulagi náms og skólaskipulagi á framhaldsskólastiginu, eins og tekið er fram í aths. við grunnskólafrv., og gert er ráð fyrir, að sú endurskoðun hefjist jafnskjótt og þessi mál hafa hlotið afgreiðslu.

Þá fjalla veigamiklir þættir frv. um grunnskóla um þær ráðstafanir, sem gert er ráð fyrir að þurfi að hafa í frammi til þess að tryggja, að skólinn og skólaveran nýtist öllum, sem hafa heilsu og hæfileika til að sækja almennan skóla, til þess að hljóta þann almenna undirbúning, sem til framhaldsnáms þarf. Þar er fjallað um sérkennslu, um námsráðgjöf og sálfræðiþjónustu, sem sérstaklega er gert ráð fyrir að komi til skjalanna í efri bekkjum grunnskólans, hvað námsráðgjöfina varðar. Sumir þættir þessa sérstaka stuðnings við skólastarfið hafa þegar komist á og tíðkast um misjafnlega langan tíma í þéttbýlustu skólahverfunum. Nú eru drög að því lögð í frv. um grunnskóla, að skólakerfið allt, í strjálbýli jafnt og þéttbýli, verði aðnjótandi þessa stuðnings og þessarar aðstoðar.
Gert er ráð fyrir, að þessi þjónusta fari fram á vegum fræðsluskrifstofa, sem settar verði á stofn í hverju kjördæmi landsins. Þessar fræðsluskrifstofur munu, verði frv. að lögum, taka við ýmsum þeim verkefnum, sem hingað til hafa

verið í verkahring menntmrn. Gert er ráð fyrir, að þessar fræðsluskrifstofur verði undir stjórn fulltrúa í fræðsluráðum og að landshlutasamtökin kjósi fræðsluráðsmennina 5 af 7, eftir þeirri breyt., sem Nd. gerði á frv. um grunnskóla.

Um það er deilt, hvort hér sé nógu langt gengið og æskilega langt gengið í því að dreifa um landið og út til héraðanna valdi yfir þeim þáttum fræðslukerfisins, sem um er að ræða. Það er álit mitt, að hvað sem menn telja æskilegt, þá sé hér gengið ákjósanlega langt, miðað við, hvernig aðstæður eru, — að hér sé gengið eins langt og fært er og landshlutasamtökin fái undir risið, eins og þau eru nú á veg komin. Vera má, að þau verði fær um það síðar að taka á sig stærra hlutverk. Þá er að líta á það, en í þessu máli tel ég, að miða verði við ríkjandi ástand.

Hvað kostnað snertir, fylgir frv. um grunnskóla ítarlegt yfirlit um þann kostnað, sem felst í auknu starfsmannahaldi og framkvæmd grunnskólakerfis. Á verðlagi öndverðs árs 1972 reiknast hann 289 millj. kr., þar af 60 millj., sem koma mundu í hlut sveitarfélaga og landshlutasamtaka.

Að sjálfsögðu má færa þessa tölu fram til samræmis við breyt. á verðlagi, síðan hún var reiknuð. En einnig er á það að líta, að í meðförum hv. Nd. hefur nokkuð verið dregið úr mannahaldi í sambandi við breyt., sem d. gerði á nokkrum þjónustuþáttum, og hefur það að sjálfsögðu áhrif til lækkunar á heildartöluna.

Varðandi áhrif samþykktar frv. um skólakerfi og grunnskóla á stofnkostnað skóla vil ég segja það, að miðað við kerfin tvö, ríkjandi kerfi og það kerfi, sem gert er ráð fyrir að taki við samkv. grunnskólafrv., er ekki stórkostlegur munur á miðað við fulla skólagöngu, vegna þess að við upptöku grunnskólakerfis fellur brott 4. bekkur þess gagnfræðaskóla, sem nú er. Hins vegar koma til sögunnar liðir, sem hækka byggingarkostnað almennt, t. a. m. við það, að gert er ráð fyrir sem skyldu, að í hverju skólahúsi sé aðstaða fyrir nemendur til að læra undir næsta dag. Gert er ráð fyrir mjög auknum umsvifum skólabókasafna, og þarf þá auðvitað húsrými að auki fyrir það, og einnig er gert ráð fyrir, að í öllum skólahúsum sé aðstaða fyrir nemendur til að neyta málsverðar í matarhléum. Þetta tvennt síðar nefnda, námsaðstaða til að búa sig undir kennslustundir næsta dags og aðstaða til að neyta málsverðar, eru hlutir, sem þegar er ráð fyrir gert í öllum nýjum skólabyggingum, sem nú eru undirbúnar, án þess að það sé lögbundin skylda, vegna þess að þetta þykir svo sjálfsagt og greiða svo fyrir eðlilegu og samfelldu skólastarfi. Þarna er því alls ekki alfarið um að ræða viðbót við byggingarkostnað miðað við þann, sem nú ríkir, en eins og Nd. gekk frá frv. um grunnskóla, eru þessir framkvæmdaþættir gerðir að skyldu.

Heildarkostnaður við skólabyggingar fyrir skyldunámsskóla á landinu ræðst ekki einungis af því, hvaða skólakerfi ríkir, heldur ekki síður af því, hversu tekst að laða sveitarfélögin til samstarfs, að mynda í strjálbýlinu skólahverfi með samstarfi nokkurra sveitarfélaga. Þar sem það tekst, er reynsla fengin fyrir því, að við byggingu allstórra skóla, sem ná yfir viðeigandi svæði, næst fram meiri hagfelldni, og það víða svo að mjög miklum fjárhæðum skiptir, heldur en ef byggt væri sitt í hvoru lagi í hverju sveitarfélagi um sig. Þetta liggur í augum uppi, að skólahúsnæðið nýtist því betur sem nemendahópurinn er stærri, sem þar getur hlotið kennslu. En einnig helst það í hendur, að sérhæfðir kennslukraftar nýtast betur, þar sem skólaeiningarnar eru stærri en þær væru, ef eitt og eitt sveitarfélag ætti að standa að sínum skóla.

Skólaskipan á stórum svæðum á landinu er enn óráðin. Menntmrn. hefur á undanförnum árum gengið frá till. um skólaskipun í flestum landshlutum. Þær till. hafa verið ræddar við heimamenn, og er þeim viðræðum misjafnlega langt komið eftir landshlutum, en enginn vafi er á því, að samþykkt laganna um skólakerfi og um grunnskóla mundi veita ákjósanlegar forsendur til að hraða því, að skiptingin í skólahverfi sé ráðin sem fyrst. Og þegar því er lokið, þegar sýnt er, hvaða sveitarfélög sameinast um skólabyggingar, er fyrst hægt að gera og leggja fram viðhlítandi áætlanir um kostnaðinn við skólabyggingar á landsmælikvarða. Ljóst er, að sveitarfélögin standa og hafa staðið mjög misjafnt að vígi að fullnægja sínum hluta af byggingarkostnaði skóla, og hefur það staðið skólabyggingum fyrir þrifum á ýmsum stöðum. Reynt er að bæta úr þessum annmarka í frv. um grunnskóla með því að taka þar inn ákvæði, sem heimilar, að ríkið láni sveitarfélögum, sem þannig eru á vegi stödd, fé fyrir þeirra hluta af byggingarkostnaðinum, sem þau endurgreiði svo síðar á lengri tíma, en gert er ráð fyrir, að hlutur sveitarfélaga í skólabyggingum greiðist ella.

Ástæða er til að vekja sérstaka athygli á því, að í frv. um grunnskóla er breytt gagngert reglunum um greiðslu skólakostnaðar. Þær breyt. hafa í för með sér, að útreikningurinn verður smærri skólahverfunum, sem erfiðast eiga uppdráttar, mun hagstæðari en verið hefur til þessa.

Þessi atriði, sem ég hef nú talið, og enn fleiri munu að mínum dómi tvímælalaust stuðla að því, að greiðara gangi en verið hefur hingað til að fá sveitarfélög til að sameinast um skóla, einkum þó fyrir eldri bekkina. Til þess að við verði komið þeirri kennslugreiningu og þeim kennslutækjum, sem grunnskólafrv. gerir ráð fyrir, þarf tvímælalaust allstórar skólaeiningar í efstu bekkjunum. Yngri árgangarnir í strjálbýlinu munu hins vegar samkvæmt því, sem frv. um grunnskóla kveður á, sækja að verulegu leyti skóla, sem verða útibú frá þessum stærri skólum, og þessi útibú verða reist sem næst heimilum nemenda, eftir því sem aðstæður leyfa á hverjum stað. Svo er ráð fyrir gert, að hvarvetna sem því verður við komið og nemendur geta ekki sótt skóla heiman frá sér, sé viðhafður heimanakstur og alls ekki eigi sér stað, að nemendur af yngstu árgöngunum, innan við 10 ára aldur, séu vistaðir í heimavistarskólum. Þá er einnig gert ráð fyrir, að þar sem svo er ákveðið geti sumarskóli komið í stað einhvers hluta af því skólastarfi, sem fram hefur farið samfellt yfir veturinn hingað til, og þykir sýnt, að það muni talið hagkvæmt á ýmsum stöðum.

Því er ekki að leyna, að mér, eins og líklega fleiri mönnum í hv. d., hefur þótt hv. Nd. allfastheldin á þessi frv. En nú hefur hún látið þau af hendi. Ég vil beina þeim eindregnu tilmælum til þeirrar n., sem fær málið til athugunar, að hún hagi svo störfum sínum, að frv. geti hlotið afgreiðslu á þessu þingi. Eftir afgreiðslu þeirra bíður endurskoðun námsbrauta á framhaldsskólastigi. Skólaskipunin víða um land ræðst af því, hvort frv. hljóta afgreiðslu eða ekki. Þótt skiptar séu skoðanir um einstök atriði í þessum frv., tel ég þó, að í stórum dráttum megi segja, að skólamenn og sveitarstjórnir hyggi gott til að takast á við verkefni sín í skólamálum á þeim nýja grundvelli, sem þessi frv. hafa að bjóða. Allir virðast sammála um markmiðin, sem sett eru: jafnrétti til menntunar og í skyldunámi án tillits til búsetu, efnahags eða kynferðis. Hingað til hefur búsetan gert mestan mun og strjálbýlið búið við skarðan hlut.

Ein meginástæðan til, að frv. um grunnskóla er eins ítarlegt og raun ber vitni, er, að höfundar vildu búa svo um hnútana, að tryggt væri eftir föngum, að allir sætu við sama borð gagnvart hinni almennu undirstöðufræðslu. Ágreiningur er um einstaka þætti í þeirri leið, að settu marki, sem frv. benda á. Ég tel einsýnt, að leiðin, sem valin er í frv., tryggi betur en nokkur önnur, sem til tals hefur komið, að markmiðin, sem allir virðast sammála um, náist, og því beri að velja þá leið.

Ég leyfi mér að leggja til, herra forseti, að frv. verði að þessari umr. lokinni vísað til hv. menntmn.

Þorv. Garðar Kristjánsson: Herra forseti. Hæstv. menntmrh. sagði í lok ræðu sinnar, að allir væru sammála um markmið skólalöggjafar. Ég tek heils hugar undir þetta. Við hljótum að vera sammála um markmiðin. Og hæstv. ráðh. lagði áherslu á þau markmið að jafna aðstöðumuninn milli strjálbýlis og þéttbýlis og jafna aðstöðumuninn milli ríkidæmis og fátæktar líkt, en sá aðstöðumunur er ekki eins mikill nú í okkar þjóðfélagi og kann að hafa verið áður, enda kom það fram í ummælum hæstv. ráðh., að það, sem hann hefði fyrst og fremst í huga í sambandi við jöfnun aðstöðumunar, væri jöfnun milli aðstöðu strjálbýlis og þéttbýlis.

Það er engin tilviljun, að hæstv. ráðh. leggur hér, þegar hann talar fyrir þessu máli, mesta áherslu á þetta markmið. Mér finnst það eðlilegt. Það er líka í grg. með grunnskólafrv. lögð alveg sérstök áhersla á þetta markmið. Mér hefur virst, að í öllum umr. um þetta mál hafi fátt borið hærra en þetta markmið. Það á ekki við aðalhöfunda og forsvarsmenn grunnskólafrv. frekar en hina, sem hafa haft uppi gagnrýni. Meira að segja hefur mér svo virst, að það væri oftast nær mætt gagnrýni um einstök efnisatriði þessara frv. með því, að það mætti ekki gagnrýna, vegna þess að við yrðum að ná því markmiði að jafna aðstöðumuninn. Og þá hefur fléttast inn í það mál það atriði, sem einna umdeildast hefur verið í umr. um þetta mál, spurningin um lengingu skólaskyldunnar. Mér hefur virst, að formælendur þessarar nýju löggjafar legðu svo mikla áherslu á það atriði að lengja skólaskylduna vegna þess, að það væri svo þýðingarmikill þáttur í að jafna aðstöðumuninn. Það er þessi röksemdafærsla, sem hefur gert mig tortryggnari en ella gagnvart þessum frv. Ég fæ ekki betur séð en hér sé um algjör falsrök að ræða og að mínu viti ámælisvert, þegar menn eru að halda því fram og berjast fyrir því, sem þeir kalla jöfnun á aðstöðu dreifbýlis og þéttbýlis, með því að berjast fyrir lengingu skólaskyldunnar. Það er ekki það, sem skiptir máli í þessu efni. Það skiptir ekki máli, hvort skólaskyldan er einu ári lengri eða skemmri, til að jöfnuður náist. Það er engu ábótavant í skólamálum dreifbýlisins fyrir þær sakir, að nemendur þar hafi gert uppreisn og ekki viljað fara í skóla og það þurfi þess vegna að setja lög til þess að skylda þá til slíks á þessu æviskeiði, sem um er að ræða. Það er ekki það, sem hefur skeð. Við verðum að gera okkur grein fyrir því, hvað það er, sem veldur aðstöðumuninum á milli strjálbýlis og þéttbýlis. Það er ekki neitt, sem viðkemur skólaskyldunni. Það er hins vegar það, sem viðkemur fræðsluskyldunni, og við verðum í umr. um þessi mál að halda þessu tvennu aðskildu, en ekki að leyfa okkur þann munað, sem margir af formælendum þessara frv. leyfa sér, að rugla þessum hugtökum saman eða nota bæði orðin um sama hugtakið og byggja svo sína röksemdarfærslu á því.

Þar sem skórinn kreppir að í strjálbýlinu, er það þannig, að það er allt of víða, sem hefur ekki verið hægt að fylgja eftir í framförum síðustu ára og áratuga í uppbyggingu aðstöðu til þess að veita fræðsluna, byggingu skóla og annarra mannvirkja, sem tilheyra skólastarfinu. Það er í þessu efni, sem skortir á. Ef við ætlum að jafna hér aðstöðumuninn, skulum við ganga hreint til verks og ræða þetta, en ekki vera með þá firru, að allt sé komið undir því, að skólaskyldan sé lengd um eitt ár. Það er hægt að lengja fræðsluskylduna um eitt ár án þess að lengja skólaskylduna, og ég hygg, að það sé enginn ágreiningur um, að það sé rétt að lengja fræðsluskylduna. Og ég hygg, að það sé enginn ágreiningur um að stuðla þannig að því skipulagi, sem komi upp samfelldu menntakerfi í landinu. Ég hygg, að menn geti verið sammála um þetta. En það er aðalatriðið, hvað við getum gert til þess að jafna aðstöðumuninn varðandi framkvæmd fræðsluskyldunnar.

Hér er um að ræða fyrst og fremst fjárhagsvandamál. Spurningin er sú, hvort það skipulag, sem nú er í þessum efnum, sé gott eða í einhverju ábótavant og hvort þar kunni ekki að felast þeir ágallar, sem til verður rakinn sá ójöfnuður, sem í dag er á milli strjálbýlis og þéttbýlis í þessum efnum. Og þetta er mál, sem ýmsir hafa verið að velta fyrir sér, ekki einungis síðustu ár, heldur um alllangt skeið. Og þá hefur athygli manna beinst að því, hvort það þyrfti ekki að gera gagngerða breytingu á grundvallarskipulagi þessara mála og endurskoða frá grunni verkefnaskiptingu milli ríkis og sveitarfélaga í þessu efni. Þessar umr. hafa ekki síst átt sér stað á vettvangi sveitarstjórnarmanna, og sú skoðun, að hér þurfi að gera gagngerða

breyt., hefur ekki síst átt fylgi að fagna meðal sveitarstjórnarmanna.

Samband ísl. sveitarfélaga hefur látið þetta mál mjög til sín taka. Þar er ríkjandi skoðun, að taka eigi verkaskiptingu milli ríkis og sveitarfélaga og samtaka þeirra til heildarendurskoðunar og gera hana einfaldari og gleggri en nú er. **Þá er gert ráð fyrir, að sameiginlegum verkefnum** ríkisins og sveitarfélaganna verði fækkað. Einstök verkefni framkvæmdavaldsins yrðu þá falin þeim aðila, sem eðlilegast er að hafi þau með höndum, þannig að saman fari hjá sama aðila frumkvæði og framkvæmd, og sá sami aðili standi að öllu leyti undir kostnaði við framkvæmdina. Samkvæmt þessu er rætt um, að ríkið hafi með **höndum verkefni, sem varða alla landsmenn** nokkurn veginn jafnt án tillits til búsetu, svo og verkefni, sem fela í sér jöfnun á aðstöðu **sérstakra byggðarlaga. Sveitarfélögin annist staðbundin** verkefni, sem fyrst og fremst snerta íbúa sveitarfélagsins og varða daglegt líf þeirra meira og minna. Þá er haft í huga, að sveitarfélögin hafi samvinnu um að leysa tiltekin verkefni, þar sem það þætti henta, t. d. á héraðsgrundvelli eða í einstökum landshlutum. Með þessum hætti yrði ríkisvaldinu dreift út um landshlutana, eftir því sem unnt yrði og hentugt þætti.

Þessi almennu rök, sem ég hef hér aðeins drepið á og færð hafa verið fram fyrir nauðsyn endurskoðunar á verkaskiptingu ríkis og sveitarfélaga, eiga hvergi meiri rétt á sér en einmitt í skólamálum. Ríkið og sveitarfélögin annast sameiginlega skólamál á skyldunámsstigi og allt til loka gagnfræðanáms svo og iðnnám og húsmæðranám, enn fremur framhaldsdeildir gagnfræðaskóla. Skólamálin eru einn stærsti samskiptavettvangur ríkis og sveitarfélaganna. Kostnaðarsamskipti ríkisins og sveitarfélaganna eru margslungin og flókin. Grunnskólafrv. er byggt á gildandi lögum um verkaskiptingu og kostnaðarsamskipti ríkisins og sveitarfélaganna.

Ég tel vera brýnt verkefni að gjörbreyta, umbylta skipun skólamála í landinu með það fyrir augum að auka hlut sveitarfélaganna og samtaka þeirra og minnka að sama skapi hlutverk ríkisins í þessum málum. Við þessa breyt. þarf einnig að gera verkaskiptinguna milli ríkis og sveitarfélaganna einfaldari og gleggri en nú er og gæta þess, að framkvæmd og fjármálaábyrgð séu á einni hendi, til að tryggja sem mesta hagkvæmni og árangur. Samkv. þessu er það skoðun mín, að sveitarfélögin og samtök þeirra eigi ein **að annast ákveðin hluta fræðslumálanna að** öðru leyti en því, sem varðar ákvörðun námsefnis og námseftirlit. Hér er um að ræða, að sveitarfélögin standi undir stofnkostnaði og rekstri skóla á skyldunámsstigi, en ríkið greiði öll kennaralaun, þar sem það ráði kennslumagninu. Enn fremur greiði ríkið kostnað vegna **skólaaksturs nemenda og vegna heimavistar til** að jafna aðstöðu milli sveitarfélaga. Sama verkefnaskipting eins og varðandi skyldunámið ætti að mínu viti að gilda um skóla á framhaldsskólastigi í beinum tengslum við skyldunámið, þ. e. a. s. gagnfræðaskóla og fjölbrautaskóla. Aftur á móti ætti ríkið að reka og kosta að öllu leyti skóla á háskólastigi svo og sérskóla, t. d. tækniskóla, vélskóla, hótelskóla, stýrimannaskóla, húsmæðrakennaraskóla, búnaðarskóla, fiskvinnsluskóla o. s. frv., og þá ætti ríkið að kosta a. m. k. fyrst um sinn skóla, sem eingöngu starfa sem menntaskólar og húsmæðraskólar. Þessi skoðun á nýrri verkefnaskiptingu milli ríkis og sveitarfélaganna ætla ég að sé í fullu samræmi við þær hugmyndir, sem nú njóta stuðnings Sambands ísl. sveitarfélaga.

En til þess að hægt sé að framkvæma svo umfangsmikla breyt. á verkaskiptingu í skólamálum landsins, þurfa sveitarfélögin og samtök þeirra að fá miklar viðbótartekjur til þess að standa undir framkvæmd verkefnisins. Það þarf því fyrst að efla tekjustofna sveitarfélaganna, svo að um munar. Hér er því um miklu víðtækara mál að ræða. En nú starfar hins vegar stjórnskipuð n., sem hefur það verkefni að endurskoða sveitarstjórnarlögin, og það felur í sér að gera heildarendurskoðun á hlutverkaskiptingu og tekjuskiptingu milli ríkis og sveitarfélaganna. **Það mun hafa verið gert ráð fyrir því, að þessi** n. hraðaði svo störfum, að hún jafnvel gæti **skilað frv., sem lagt yrði fyrir Alþ. það, er nú** situr, þó að raunar bóli nú ekki, að því er ég best veit, á þessu frv. En ég hygg, að það sé óhætt að segja það, að af hálfu Sambands ísl. sveitarfélaga sé við þessa endurskoðun á hlutverkaskiptingu og tekjuskiptingu milli ríkis og sveitarfélaga stuðlað og unnið að því að fá breytt þessari verkefna- og tekjuskiptingu í þá átt, sem ég hef hér verið að gera grein fyrir.

Með tilliti til þessa vil ég láta hér koma fram skýrt þá skoðun mína, að hagkvæmust vinnubrögð hefðu verið að láta endanlega afgreiðslu grunnskólafrv. í heild bíða, þar til fyrir lægi, á hvaða grundvelli verði byggt eftir fyrirhug**aðar lagabreytingar varðandi verkefna- og tekju**skiptingu milli ríkis og sveitarfélaganna. Ég tel mjög óhyggilegt að gera svo umfangsmiklar breyt. á skólamálum landsins sem felast í grunnskólafrv., þegar ekki er tjaldað nema til einnar nætur, ef m. ö. o. að við stöndum frammi fyrir **þeirri staðreynd eftir eitt eða tvö missiri kannske,** að það sé komin allt önnur skipan á hlutverkaskiptingu og tekjuskiptingu milli ríkis og sveitarfélaganna en er í dag. Þessari skoðun var lýst þegar í hv. Nd. við 1. umr. þessa máls af formanni þingflokks Sjálfstfl. Við þm. Sjálfstfl. erum eindregið á þeirri skoðun, að um málsmeðferð alla **hafi tekist hrapallega að þessu leyti. Undir þessar** skoðanir hefur ekki verið tekið af hálfu stjórnarliðsins eða þeirra, sem höfuðábyrgðina bera, og ekki af hæstv. menntmrh. Þvert á móti hefur verið lögð hin mesta áhersla á að þrýsta þessu máli fram og fá afgreiðslu þess á yfirstandandi þingi.

Ég tel, að það sé mjög miður farið, að þetta **skuli þurfa að ske í svo þýðingarmiklu máli** sem menntamálin eru og grundvallarskipun þeirra er og í máli, sem mér virðist og ég hygg, að flestir ættu að geta tekið undir með mér, að sé í eðli sínu óflokkspólitískt. Ég hygg, að það **hefðu verið eðlilegri og skynsamlegri vinnubrögð** fyrir alla og þá ekki síst hæstv. menntmrh. að líta með velvilja og skilningi á þau sjónarmið, sem sjálfstæðismenn settu fram þegar við 1. umr.

þessa máls í Nd. Ég held, að ef þannig hefði verið farið að, hefði margt áunnist. Með því móti hefði verið möguleiki til þess að gera miklu róttækari og gagngerðari breyt. á skólalöggjöfinni heldur en hér er stefnt að og gera raunhæfar aðgerðir til þess að ná því markmiði, sem hæstv. menntmrh. lagði svo mikla áherslu á og ég hygg, að allir aðrir séu honum sammála um, að jafna aðstöðumuninn milli strjálbýlis og þéttbýlis.

En það þýðir ekki að vera hér með neinar harmatölur út af því, hvernig komið er. Ég þykist vita, að það komi fram þau sjónarmið, að með þessu hefði málinu verið teflt í vissa tvísýnu, — það hefði verið frestað framkvæmd ýmissa þátta frv., sem ekki þyldu bið, og því hefði þetta verið óhyggileg leið. Ég vil algjörlega mótmæla því, að slíkar ástæður geti verið góðar og gildar fyrir því að hafa farið svo í málsmeðferðina eins og gert hefur verið. Auðvitað er það svo, og ég vil ekki leggja neina dul á það, að ég hygg, að það séu allir sammála um, að ýmis atriði í grunnskólafrv. séu þess eðlis, að það sé bæði rétt og nauðsynlegt að lögfesta þau. Ég nefni aðeins sem dæmi í þessu sambandi atriði eins og t. d. ákvæðin um fræðsluumdæmi og fræðslustjóra, bókasöfn, afbrigðileg börn, forskóla, og fleira mætti nefna. En þetta eru atriði, sem var undir þeim kringumstæðum, sem hér eru og ég hef lýst, eðlilegt að koma með inn í þingið sem frv. um breyt. á núgildandi lögum. Ég hygg, að þessu öllu eða kannske, — svo að ég tali varlega, nær öllu hefði verið eðlilega hægt að koma fyrir og eins vel borgið með slíku. Og það mætti segja mér, að það væru kannske nokkrir mánuðir, svo að ég tali nú ekki um nokkur ár, af því að þetta frv. er nú búið að vera á ferðinni í nokkur ár, liðin frá því að við hefðum fengið þessi gagnlegu atriði, sem ég var að telja upp, lögfest, ef þessi leið hefði verið farin.

Það verður ekki með nokkrum rétti heldur sagt, að við, sem vildum hafa haft önnur vinnubrögð í þessu máli, séum fjandsamlegir umbótum eins og þeim, sem ég hef hér nefnt dæmi um. Ég vil ekki gera lítið úr vilja hæstv. menntmrh. og hans fylgismanna, en hygg, að við hin, sem erum hæstv. ráðh. ekki alls kostar sammála í þessum efnum, viljum ekkert síður vinna að því að efla fræðslu- og menntamálin í landinu. En þessi málsmeðferð hefur ekki náð fram að ganga, og það hefur verið unnið í þessu máli í þeim anda og beitt þeirri málsmeðferð, sem hæstv. ráðh. hefur viljað og hefur getað komið í gegn. Þess vegna hefur ekki verið annað ráð fyrir okkur sjálfstæðismenn, en að freista þess að fá fram breyt. á þessu frv.

Samkv. þessu hefur hv. þm. Ellert B. Schram lagt fram ítarlegar brtt. í hv. Nd. Þær till. ganga í þá átt að laga og endurbæta það frv., sem hér er, — reyna að sníða af helstu hnökra og missmíði og freista þess að laga frv. þannig, að þess væri kostur þrátt fyrir allt að greiða atkv. með því að slíkum áorðnum breytingum.

Ég verð að segja, að því miður hafur ekki ýkjamikið náð fram að ganga af þessum till. Að vísu hafa náð fram að ganga nokkrar af þessum till., en þær eru þó yfirleitt um veigaminni atriði. Þó vil ég ekki gera lítið úr þeim atriðum. En hér er ekki um þau atriði að ræða, sem ég hygg, að mestu mál skipta og skiptastar skoðanir hafa verið um og mestar deilur hafa verið um varðandi þessi mál, eins og t.d. spurninguna um lengd skyldunámsins. Það hafa líka í meðferð málsins í Nd. komið fram margar till. frá hv. menntmn. Nd. Ég skal ekki fara út í þær till. Þar kennir ýmissa grasa, bæði efnislega og svo líka að því leyti, að það er tekinn upp sá furðulegi háttur í störfum þessarar n. í þessu máli, að n. ber fram till., sem upplýst er, að sumir af nm. séu á móti. Ég ætla ekki að fara út í það myrkviði að finna út, hver á hvað í þessu, hver er með og hver á móti. Mér þykir gott, ef hv. Nd. hefur komist klakklaust út úr því við afgreiðslu þessara till. Víst er það, að afgreiðslu hv. Nd. á þessu máli verður ekki sögð beint traustvekjandi og í sjálfu sér mikil meðmæli með málinu. Jafnframt því sem samþ. voru breyt. í hv. Nd., sem að mínu viti eru tvímælalaust til bóta, þá kom þó nokkuð af breyt., sem ég hygg, að varla orki tvímælis, að séu ekki til bóta, og raunar sumar til hins verra. Meðferð málsins í hv. Nd. hefur verið ákaflega reikul og mér liggur við að segja stefnulaus, eins og berlegast kom fram við atkvgr. við 2. umr. um frv.

Nú er þetta mál komið til þessarar hv. d. Það hefur verið, eftir því sem fróður maður tjáði mér, í þrjú ár í Nd. Einhver sagði, að það væri nú ekki í of mikið lagt, þótt við reiknuðum með, að það yrði þá 1½ ár í þessari hv. d. Ég skal engu spá um það. Auðvitað erum við, sem hér eigum sæti, sammála um, að það getur nú skeð, að þessari d. takist betur upp en hv. Nd. Og eigum við ekki að vænta þess, að til þess geti komið. Að vísu, ef það er meiningin að afgreiða þetta frv. á þessu þingi, þá verður að hafa snör handtök á við öll n. störf, sérstaklega ef við eigum að freista þess að gera verulegar breyt. til bóta. Ég hef enga tilhneigingu til þess að gera neitt í þeim tilgangi sérstaklega að tefja þetta mál. Hins vegar hef ég mikla löngun til þess að stuðla að því, að við gætum fengið breyt. fram, verulegar breyt. á frv. hér í þessari d. Og ég vildi vera aðili að því. En ég vil láta það koma þegar fram, að ef það tekst ekki, þá fæ ég ekki séð, hvað sem líður þeim í hv. Nd., að það samrýmist hefðbundnum vinnubrögðum þessarar d. að afgr. málið á þessu þingi, og þá eigum við kannske einskis annars úrkosta, til þess að vera sjálfum okkur samkvæmir, en að vísa málinu frá.

Helgi F. Seljan: Herra forseti. Það mun víst vera mála sannast, að skóla- og menntamál hafa verið einhver mestu umræðu- og hitamál á undanförnum árum. Það er sannast sagna, að um þessi mál hefur verið þyrlað upp miklu moldviðri. Það hefur verið talað um sérstakt ófremdarástand í okkar skólamálum, og það hefur hreinlega verið lenska eða tíska að hafa um þessi mál mörg og stór orð, flest eða öll á hinn neikvæðari veg, svo að maður hefur stundum, þegar maður hefur staðið í því sjálfur að taka þátt í kennslu, spurt sjálfan sig að því oft og tíðum, hvort maður væri virkilega að vinna

eitthvert glæpaverk eða hvort maður væri að vinna það, sem maður hélt, að maður væri að gera, gott verk í þágu uppeldismála á sínum heimastað.

Það er auðvitað engu að síður staðreynd, að það hefur margt farið á annan veg í okkar skólamálum en æskilegast hefði verið. Til þess eru auðvitað ýmsar ástæður. Hér hefur ekki þýtt að kenna neinu einstöku um. Hér hefur ekki heldur þýtt að vera eingöngu með neikvætt nöldur og eingöngu neikvæða gagnrýni, án þess að þeir sömu menn, sem hafa verið með þessa neikvæðu gagnrýni, hafi í raun lagt nokkuð jákvætt til mála til úrbóta, sem ég hef séð, að raunhæft gæti talist og væri hægt að vinna að í náinni framtíð.

Þessir framúrstefnumenn okkar margir hverjir í skólamálum hafa sem sagt ekki verið að mínu skapi að því leyti til, að þó að gagnrýni þeirra hafi verið að sumu leyti réttmæt, þá hefur vantað mikið á, að þeir kæmu fram með þær till. til úrbóta, sem maður gæti vænst frá þeim aðilum, sem svo djarft tala og taka svo stórt upp í sig.

En það eru ýmsar ástæður til þess, að skólamál okkar og menntamál í heild hafa verið á margan hátt öðruvísi en þau hefðu átt að vera, og á þeim verður engin gagngerð breyt. í einu vetfangi, hvað sem líður allri lagasetningu. Framkvæmd þessara mála allra er svo viðamikil og hún hvílir á svo mörgum herðum og tekur til svo margra, að það þarf enginn að ímynda sér, að þar verði nokkurn tíma fundin ein allsherjar patentlausn, sem fullnægi öllu réttlæti og geri uppeldismálin þannig, að menn verði um þau sammála, þau séu í lagi. Við höfum t.d. átt við örar breyt. að etja, — ég segi að etja, — því að það er gott að vera opinn fyrir þeim nýjungum, sem bestar eru, en það getur líka verið, að nýjungagirnin fari út í öfgar í kennslunni, og mér er ekki grunlaust um það, að við höfum þar farið í mörgu of geyst, enda hefur þar orðið raunin á, að við höfum oft orðið að hverfa til baka. Í þessu er öruggt, að hóf er best í hverjum hlut.

Ég held, að megi segja, að þetta frv. um grunnskóla, sem hér liggur fyrir, sé um margt, kannske ekki um allt, en um margt niðurstaða og samsöfnun þeirra hræringa og nýjunga, sem í skólakerfi okkar hafa verið að gerjast á undanförnum árum. Ég tel, að þar hafi verið farið í mörgu meðalhófið. Og það er sannast sagna, að það er knýjandi, að mál þetta nái fram að ganga, að mínu viti. Allar breytingar og endurbætur í raunhæfa átt hafa í raun og veru beðið þessa frv., beðið nýrra laga, og ekki síst þess vegna tel ég á því mikla nauðsyn, að þetta frv. nái hið fyrsta fram að ganga. Þetta frv. er að vísu svo viðamikið, að það er erfitt að gera því nokkur tæmandi skil. Ég ætla mér ekki heldur þá dul hér og dettur síst af öllu í hug að ætla mér að fara að tefja hér umr. frekar en orðið er, því að Nd. hefur fjallað svo rækilega um þetta, að manni hefur þótt nóg um að sumu leyti, jafnvel menn flutt þar sömu ræðurnar margsinnis, til þess sjálfsagt að sannfæra sjálfa sig nógu vel um eigin skoðun í málinu.

Það kann að vera, að margt orki tvímælis. Það kann að vera, að þarna sé um ýmsar nýjungar að ræða, sem óvíst er um framkvæmdina á. Það kann líka að vera, að ýmis atriði séu þarna tæpast nægilega ljós. En þar á reynslan örugglega eftir úr að skera. Nú upp á síðkastið hefur kostnaðarhliðin á framkvæmd lagasetningar í þessa átt orðið mörgum umhugsunarefni, og vissulega hlýtur kostnaðarhliðin að koma hér mjög inn í. En hefur nokkrum dottið það í hug yfirleitt, að hægt væri að framkvæma einhverjar úrbætur í menntamálum þjóðarinnar, án þess að þær kostuðu mikið fé, án þess að þar þyrftu menn að leggja mikið á sig, sérstaklega ef menn ætluðu að breyta þar í verulegum atriðum? Aðaldeilurnar hafa þó orðið um skólaskylduna og lengd skólatímans. Það verð ég að segja, að þar hafa sannarlega verið sögð mörg undarleg orð, öfgarnar verið sannarlega nægar, alveg sérstaklega í andstöðunni við þær breyt., sem frv. gerir ráð fyrir, en það mun ég ræða síðar.

Ég lýsti í fyrra við annað tækifæri yfir samþykki mínu við meginstefnu þessa frv., og ég endurtek það samþykki nú. Ég bendi t.d. sérstaklega á tilfærsluna út í héruðin: aukin heimastjórn á ýmsum sviðum, fræðslustjórar og fræðsluskrifstofur í landshlutunum. Þetta er búið að vera mikilvægt baráttumál landsbyggðarmanna lengi, og ég hygg, að hvað sem um þessar fræðsluskrifstofur megi segja og framkvæmdina, sem þar muni á verða, sé þarna verið að ganga til móts við kröfur landsbyggðarinnar, — kröfur, sem ekki verða niður þaggaðar. Um nánari framkvæmd sker reynslan, og það má vissulega sníða af annmarka síðar.

Þegar þetta grunnskólafrv. hefur verið rætt hér á Alþ., þar sem ég hef á það hlustað, þá er eins og menn hafi reiknað með því sem einhverjum óumbreytanlegum hlut, þannig að ef einhverjir greinilegir annmarkar kæmu í ljós á framkvæmd einhverra atriða frv., þá væri hreinlega vonlaust að sníða þá af. Svo miklar öfgar, svo mikil þröngsýni hefur komið fram hér í sölum Alþingis varðandi þetta grunnskólafrv., að maður blátt áfram blygðast sín fyrir það. Aðalatriðið blífur nefnilega, að það verður aukin heimastjórn í fræðslumálum, og það er heimamanna að knýja á um framkvæmd þess. Það er heimamanna að knýja á um það, að þessar fræðsluskrifstofur og fræðslustjórar verði eins styrkar stoðir í fræðslukerfinu og mögulegt er.

Ég bendi alveg sérstaklega á þá félagslegu þætti, sem frv. hefur á hærra stig frá því, sem verið hefur og áður hefur verið viðurkennt í skólamálum okkar. Sannleikurinn er sá, að félagsmál í skólum yfirleitt, hinn félagslegi þáttur skólastarfsins hefur að miklu leyti verið áhugastarf eitt. Þetta mál þekki ég mjög vel. Ég hygg, að þessi námsleiði svokallaði, sem allt of mikið er raunar úr gert, sé að einhverju leyti því að kenna, að samband kennara og nemenda hefur aðeins verið í gegnum námsbækur og námsefnið eitt. Nánara og einlægara samstarf eftir ýmsum félagslegum leiðum er einmitt leið að settu marki til þess að létta námsleiðanum af þessu fólki, til þess að skapa betri og heilbrigðari anda í skólastofnuninni. Þroskaaukinn fyrir nemendurna við þátttöku þeirra í félagsmálum er ótvíræður, og gróðinn fyrir kennarana

er einnig ótvíræður með nánara og fjölbreyttara sambandi við nemendurna. Ég fagna því sérstaklega, að þetta er nú viðurkennt, — ég vil segja í fyrsta skipti, — sem beinn og öflugur þáttur alls skólastarfs.

Ég vil benda á ýmiss konar atriði, sem varða aukna þjónustu við skólana, alveg sér í lagi úti á landsbyggðinni og alveg sérstaklega gagnvart ýmsum vanda þeirra nemenda, sem við marga og misjafna erfiðleika eiga að etja. Sú vanræksla, sem þar hefur viðgengist, hefur verið vítaverð og hættuleg, og þar hafa minnstu skólarnir orðið harðast úti. Svo kann enn að verða, ef ekki verður framkvæmt myndarlega í anda væntanlegra laga. Seinfærir og afbrigðilegir nemendur ýmiss konar hafa of oft og of víða gleymst, þeir hafa hreinlega ekki verið viðurkenndir sem slíkir í skólastarfinu, þeir hafa hreinlega verið utangarðs. Námsleiða, svo að ég nefni hann aftur, og ýmsu öðru hefur verið um kennt. Þetta þekki ég sem skólamaður af sárri raun, og ég þekki það einnig af sárri raun, hve erfitt hefur verið hér úr að bæta, hve lítið tillit hefur verið tekið til þessara aðila í raun. Það má segja, að sjálfboðastarfið eitt, sem bæði hefur verið ófullnægjandi og fálmkennt, hafi verið allsráðandi, og það er hreinlega til skammar íslensku skólastarfi, að þessi þáttur skuli ekki fyrir löngu hafa verið tekinn vandlegar í gegn, alveg eins og gert er nú í því frv., sem hér liggur fyrir. Sannleikurinn er nefnilega sá, að rammi skólakostnaðarlaganna hefur hreinlega ekki leyft neitt að ráði þessu fólki til handa, — þessu fólki, sem ekki má og ekki á að gleyma. Ég lít svo á, að frv. rúmi þetta allvel. Á framkvæmdina verður svo að treysta. Það er svo, að sumir leggja býsna lítið upp úr sálfræðiþjónustu og ýmsu varðandi sérfræðilega aðstoð við nemendur. Ég viðurkenni, að oftrú á þessa hluti er ekki góð, en það er enginn vafi á gagnsemi þessa.

Kannske eru engir viðkvæmari fyrir því en við Íslendingar, ef talað er um það, að við séum heimskir, ef talað er um það, að einhver nemandi geti ekki lært vegna gáfnaskorts. Það má tilnefna næstum hvaða atriði sem er önnur en gáfnaskortinn, þau eru öll réttlætanleg og foreldrar taka þeim býsna vel, þangað til kemur að því, að maður verður kannske að segja: Nemandinn hreinlega getur ekki lært, — þá móðgast foreldrið, því að slíkt á ekki að vera til á Íslandi.

Mál þeirra seinfærustu geta þess vegna vissulega verið viðkvæm, og hlutlaus athugun sálfræðinga eða annarra slíkra aðila er ein fær, til þess að þar megi úr bæta. Ég fagna því þeirri breyt. til batnaðar, sem frv. gerir ráð fyrir um aukna sálfræðiþjónustu, ekki síst úti á landsbyggðinni.

Þátttaka foreldra og nemenda í skólastarfinu sjálfu, í uppbyggingu skólastarfsins hefur mér alltaf verið ljós sem ein mesta nauðsyn þess og undirstaða. Með þessu frv. er um margt farið inn á rétta leið með aðild og hlutdeild þessara aðila. Vissulega er frjálst samstarf og samvinna góðra gjalda verð í ýmsu, t. d. eins og með foreldrafélögum og öðru slíku. En ég tel á því brýna nauðsyn, að það sé hreinlega sett í lög, að foreldrar hafi vissar skyldur við skólana, og það mætti jafnvel gera það í enn frekara mæli en er gert í þessu frv. Það er vissulega staðreynd, að foreldrar hafa almennt litið þannig á, að skyldur þeirra við uppeldi barna sinna færu minnkandi, skólinn ætti í sífellt auknum mæli að taka á sig þessar skyldur, og marga foreldra þekki ég, sem hafa hreinlega velt ábyrgðinni af uppeldi barna sinna á skólana eingöngu. Þessa krafta þarf að virkja á ný, því að foreldrarnir hljóta auðvitað að vera ásamt skólanum virkustu aðilarnir til mótunar á uppeldi æskulýðsins. Það er gert í þessu frv. að nokkru. Ég teldi, að það hefði mátt vera skýrara. En engu að síður tel ég, að allt, sem um það er í frv., sé tvímælalaust til bóta og einnig þar sem nemendur koma til á hærri skólastigum.

Ég vil fagna því einnig, að forskólahaldið er viðurkennt í þessu frv. Það er rík nauðsyn á þessu forskólahaldi. Ég hef af því góða reynslu. Ég er ekki að segja mér það til hróss, en á Austurlandi hóf ég forskólahald fyrstur manna, og aðrir fetuðu svo mjög fljótlega í fótspor okkar á Reyðarfirði um þetta mál, og það var fyrst og fremst vegna þess, að reynsla okkar af þessu forskólahaldi var góð. Auðvitað höfðum við fyrirmyndina annars staðar að og vissum, að forskólahaldið var til bóta, alveg sérstaklega ef það var ekki haft í beinu skólaformi, heldur fyrst og fremst lögð áhersla á það, að hér væri verið að kenna þessu fólki ýmislegt, t. d. tillitssemi við hvert annað, sem því miður ber mikið á, að börn sýni ekki hvort öðru, og stafar m. a. af því, að ríkjandi skoðun okkar fullorðna fólksins er sú, að við eigum ekki heldur að taka tillit hvert til annars, við eigum fyrst og fremst að hugsa um sjálf okkur. Vitanlega síast þetta viðhorf okkar fullorðna fólksins inn í börnin, og þetta viðhorf hafa skólarnir svo verið, — af veikum mætti vil ég segja, — að reyna á einhvern hátt að uppræta, þótt af vanefnum væri kannske, og e. t. v. höfum við þar einnig átt við erfiðleika að stríða af þeim persónulegu ástæðum, að við höfum vitanlega verið breysk í þessu einnig.

Ég lýsi því t. d. alveg ótvírætt yfir, og ég held, að það sé reynsla margra annarra, að hún fari síminnkandi sú prósentutala barna, sem koma inn í skólana og hafa yfirleitt hugmynd um það, hvað það er að hlýða settum reglum, hvað það er t. d. að eiga að sitja kyrr, þó að ekki sé meira sagt. Sú prósenta hefur farið síminnkandi, og sumir af mínum yngstu nemendum, ágætisfólk í alla staði með ágætt upplag og eðlisfar, — þessir nemendur hafa blátt áfram orðið forviða, þegar ég hef ætlast til þess, að þau hlýddu því, sem ég hef verið að segja þeim. Vitanlega hafa þau heyrt, að ég var að skipa þeim hitt og þetta, en þau hafa verið jafnforviða á því, að ég ætlaði ekki bara að segja það, heldur ætlaði ég einnig að láta þau hlýða því. Ég held því, að forskólahaldið eigi að miklu leyti að beinast í þessa átt, vera þroskandi fyrst og fremst fyrir nemandann, m. a. með tilliti til þess, að nemendur læri aukna tillitssemi hver við annan. Okkur veitir aldeilis ekki af því í þessu velmegunarkapphlaupsþjóðfélagi, sem við lifum í, að reyna á örlítinn hátt að sporna við því hugarfari, að aðaltilgangur okkar í lífinu

sé að trana okkur sjálfum fram og troða skóinn hver niður af öðrum.

Um námsmatið og prófin, sem hér er farið inn á og er að mörgu leyti veigamikil breyt., þá er ég að mörgu leyti ánægður með það, að nýrra leiða skuli leitað. Ég hef vissulega gert mér ljóst, að gallar prófanna, eins og þau eru framkvæmd í dag, eru óneitanlega miklir. Spurningin er svo aðeins um það, hvað eigi að koma í staðinn og hvort við getum formað þá leið nógu vel, sem þarna ætti að koma í staðinn og við gætum notað sem skynsamlegan og réttlátan mælikvarða. En hitt skulum við gera okkur ljóst, að fullgildur og óskeikull mælikvarði á gáfur, þroska og getu nemandans verður seint fundinn. Því er það, að ég er sannfærður um, að um þessi atriði þarf mörgu að breyta og marga annmarka af að sníða, þegar þetta frv. verður orðið að lögum, sem ég trúi og vona að verði og til verði tekið við framkvæmd þess.

Ég get ekki stillt mig um að minnast hér á eitt lítið atriði, sem ég hef heyrt töluvert um talað. Það hefur verið talað mikið um það, að skólastjórarnir yrðu fyrir mikilli valdsskerðingu. Þetta er kannske að nokkru leyti rétt. Ég er hins vegar fullkomlega sammála því, að samábyrgð um stjórn skóla sé affarasælust, þar eigi að vísu einn maður að geta tekið af skarið, en ábyrgðarleysi þeirra, sem stjórna með manninum, getur líka oft gengið út í hreinar öfgar. Og ég þekki það einnig af eigin raun, hvernig það er að stjórna skóla, þar sem kennaraliðið er í byrjun allandstætt manni af ýmsum ástæðum, sem ég ætla ekki út í að fara, og getur um leið skotið sér sem mest á bak við ábyrgðarleysi, eins og mín varð raun á, þegar ég tók við starfi.

Ég hef alltaf verið þeirrar skoðunar, að við ættum að flytja allt heimanám inn í skólana, það sé framtíðarmarkmiðið. Ég hef lengi talið brýna nauðsyn á því, að að því væri stefnt. Ég álít sem sagt, að þegar skóladegi er lokið, eigi um leið að mestu vinnudegi barnsins að vera lokið. Það hefur einnig alltaf verið mín skoðun, að kennari eigi að undirbúa nemendur að vissu marki fyrir næsta dag í hverri grein. Það er mjög misjafnlega gert að vísu. Mér óar blátt áfram heimavinna þeirra nemenda, sem enga aðstöðu hafa til aðstoðar heima og kennari setur bæði mikið fyrir og gerir ekkert til þess að létta undir með fyrir næsta dag. Ég veit, að þetta er dýrt, þetta er kostnaðarsamt, en að þessu verður þó að stefna, þrátt fyrir það að kostnaðarhliðin hefur auðvitað orðið mönnum mikið áhyggju- og umhugsunarefni. Þess vegna þarf að taka heimanámið í áföngum inn í skólana, en vinna markvisst að því, að lokamarkinu verði engu að síður náð og við getum fært sem allra mest nám nemendanna inn í skólann. Það er óforsvaranlegt, að nemandi, sem er samviskusamur, en um leið allseinn og hefur litla hjálp, þurfi að leggja á sig 60—70 vinnustundir á viku til þess að komast einhvern veginn í gegnum sitt nám.

Hæstv. ráðh. minnti áðan á samstarf og samvinnu sveitarfélaga um skólahald. Ég legg áherslu á það, að þar verði þó ekki til baka haldið í neinu, þ. e. að enginn skóli, enginn staður fái minni rétt en verið hefur. Á því tel ég brýna nauðsyn. Það þarf að vera frumforsenda allra till., sem rn. lætur frá sér fara. Ég veit það um fyrstu tillögugerð rn., að þar þótti mér ógætilega af stað farið um sumt, og ég vara við öllu flani í því, sérstaklega ef á að færa einhvern stað til baka með þau réttindi, sem hann hefur áður haft. Samstarf við heimamenn og samþykki þeirra þarf að koma til, en þar með er ég ekki að neita því, að víða þurfi á að knýja, þar sem óþörf íhaldssemi og hreppasjónarmið ríkja ofar öllu öðru, eins og sums staðar er raunin á.

Breytingin varðandi skólakostnaðarhlutföllin sjálf er ánægjuleg fyrir smæstu skólahverfin. Ber að fagna hverju skrefi, sem stigið er í þá átt að bæta aðstöðu þeirra. Í því tilfelli er ég ekkert hræddur um framkvæmd til bóta. Hún verður staðreynd víðast hvar, af því að þar munu heimamenn sjálfir á knýja að fá sinn fulla og óskoraða rétt fram, og því er ég ekki hræddur um framkvæmd þess máls, ef frv. þetta verður að lögum.

Þá er ég kominn að þeim atriðum, sem hafa verið viðkvæmust og menn hafa mest um talað.

Það er í fyrsta lagi lenging skólaskyldunnar um eitt ár. Ég hef lýst því margsinnis yfir, að ég áliti þessa lengingu sjálfsagða, réttlætanlega, fullkomlega réttlætanlega, og ég álít að reynslan muni sanna, að þessi lenging verði fyrst og fremst réttarbót fyrir dreifbýlið. Ég hef af þessu sjálfur persónulega reynslu. Ég veit, í hvaða erfiðleikum við áttum með það að fá eitt ár til viðbótar við skyldunám í mínu heimahéraði. Reynslan af þessu varð sú eftir mikið japl og jaml og fuður og heldur leiðinlega reynslu af ýmsum starfsmönnum, sem þarna komu nálægt, að þegar við loksins vorum búnir að fá skólann viðurkenndan, að vísu aðeins stundum, stundum ekki, — stundum var okkur neitað um það, — þá varð reynslan sú, að nær allir og stundum allir nemendur, sem komu upp úr 2. bekk, fóru í þennan 3. bekk á staðnum. Áður var prósentan oft innan við 50%, ég man meira að segja eftir henni fyrir innan 40% nemenda úr 2. bekk, sem héldu áfram þar rétt næstu árin á undan. Ég veit það af samtölum mínum við þetta fólk, að það hefur enginn séð eftir þessu viðbótarári, ekki nokkur, og reynslan var sú, að 75—90% þessara nemenda, sem voru í þessum 3. bekk hjá okkur, — þótt ófullkominn væri og að mörgu leyti veitti alls ekki næga kennslu og nógu góða kennslu, — að 75—95% þessara nemenda héldu svo áfram og luku sínu gagnfræðaprófi. Það segir einnig sína sögu.

Með lengingunni skapast líka nýir möguleikar, eins og frv. gerir ráð fyrir, með skiptingu kennsluefnis í efstu bekkjunum, þannig að nemendur geti búið sig undir fleira en langskólanámið eitt eða háskólanámið eitt. Aukin fjölbreytni og eins aukið frjálsræði um náms- og efnisval mun áreiðanlega hamla gegn hinum svokallaða námsleiða. — Annars verð ég að segja, að mér hundleiðist þetta sífellda námsleiðatal, það er nefnilega teygjanlegt orð, þessi námsleiði, það hefur bæði verið misnotað og það hefur verið ofnotað. Við verðum að gá að því, þegar við tölum um nám, að þá er allt, sem heitir leti, blátt áfram horfið úr málinu, það heitir

allt námsleiði. Og við skulum líka gera okkur grein fyrir því, að þessa leti, sannkölluðu leti, má víða finna. Hana er ekki bara að finna hjá nemendunum, hana er líka að finna hjá okkur kennurunum, og hana er líka að finna hjá fólki á vinnustöðunum, hana er víða að finna í þjóðfélaginu, og þá verða menn líklega að fara að tala um vinnuleiða eins og námsleiða og finna um þetta eitthvað fínni orð. Við erum sem sagt ekki alveg laus við þann mannlega breyskleika að vera löt við eitthvað, að nenna ekki að gera eitthvað. Ég gæti meira að segja trúað því, að það gætu margir fundið vissar tilhneigingar — ekki í vinnuleiða, heldur í hreinni leti hjá okkur þm.

Í námsleiðanum svokallaða, sé hann staðreynd, að svo miklu leyti sem fram er haldið, þá verðum við að gera okkur grein fyrir því, að þar kemur til hlutur kennarans, hlutur kennslubókanna, hlutur foreldrannna, sem gæla blátt áfram við þetta fallega orð, af því að það er svo miklu betra og fallegra að tala um það, að krakkinn þeirra sé hundleiður á öllu skólanáminu, en hann sé latur. Ég veit það, að breyt. til bóta í þessum efnum gætu verið margvíslegar, og ég geri mér fulla grein fyrir því, að grunnskólafrv. gefur möguleika til margra slíkra umbóta. Þar verður vitanlega eins og um aðra hluti að treysta á framkvæmd, treysta á það, að félagslegur þáttur skólastarfsins verði aukinn, — séð um það, að kennslubækurnar verði gerðar aðgengilegri og skemmtilegri, — séð um það, að kennarar haldi betur á sínum hlut en verið hefur, því að þar eiga þeir einnig sök, — séð um það, að foreldrar gæli ekki sífellt við þetta fallega orð, sem þeim er orðið svo munntamt, námsleiðann, — og margt fleira gæti til komið. Þessu út af fyrir sig breytir ekkert frv. til l. um grunnskóla, það er rétt. Þessu breytir engin lagasetning út af fyrir sig. Margt í þessu frv. er þó þannig, að það gefur vonir, það gefur möguleika, og þá möguleika á að nota.

Menn hafa talað um það, að nær væri að setja fræðsluskyldu en skólaskyldu. Og nú fer orðið fræðsluskylda í staðinn fyrir orðið skólaskyldu að verða næstum eins mikið uppáhaldsorð og námsleiðinn. Sem sagt, það á að halda skólana, hvort sem nemendur eru fyrir hendi eða ekki, og það á að gefa þeim þarna um frjálst val. Ég veit, að það er fallega sagt, að nemendur eigi þarna að ráða, nemendur eigi að velja. En hvað eigum við að ganga langt í fræðsluskyldunni? Eigum við þá ekki að afnema alla skólaskyldu og hafa þá bara fræðsluskylduna allsráðandi. Hvar eigum við að setja mörkin, hvar telja menn það eðlilegt, hvað eigum við að fara langt niður á við í þessum efnum? Hafa menn gert sér grein fyrir því, að þetta snýst ekki bara um þetta eina ár? Þetta snýst þá um það, hvort við eigum að gjörbreyta þessu og færa þetta úr skólaskyldunni, eins og hún er í dag, í fræðsluskyldu, þar sem meira og minna frjálsræði réði ríkjum. Ég ætla nú að leyfa mér af minni reynslu í skólamálum, að segja það, að ég er hreinlega hræddur við þetta skref til baka í sambandi við fræðsluskyldu í stað skólaskyldu, hvort sem hún nær til eins árs eða fleiri. Þessi skylda er ekki eins óskapleg og menn vilja vera láta, og margir nemendur eru seinna guðs lifandi fegnir því, að þessi skylda var til, — þeir eru guðs lifandi fegnir. Ég hef engan heyrt af mínum nemendum lýsa því yfir við mig, að hann hafi dauðséð eftir því námi t. d., sem hann bætti við sig með einu ári. En ég hef heyrt marga segja það, spyrja mig að því og skamma mig fyrir það: Hví í ósköpunum rakstu mig ekki til þess að fara í eitthvað, bara í eitthvað, læra eitthvað meira? — Menn skjóta sér hins vegar á bak við þessa skólaskyldu á svipaðan hátt og námsleiðann í tíma og ótíma og finna þar stærstu sökina. Mér dettur oft í hug, hvort ýmis svipuð rök hafi ekki verið að finna, þegar þegar hér var komið á almennri fræðsluskyldu, og þó þá enn sterkari. Skyldu menn þá ekki hafa séð hreina vá fyrir dyrum? En skyldi þó ekki þarna hafa verið um að ræða eitt mesta framfaramál íslenskrar þjóðar?

Viðkvæmast af öllu hefur mér þó virtst lengd skólatímans ár hvert. Það er það atriði frv., sem hefur valdið mér mestum heilabrotum og vangaveltum. Þar hafa öfgar verið hvað mestir. Þar hefur verið talað um sálarmorð, þrælalög og ámóta orð hafa jafnvel heyrst. Þótt ég viðurkenni, að hér verði að hafa á öllu gát, þá get ég vart séð, að takmarki þessa frv., þ. e. raunverulegri styttingu námsins um eitt ár fyrir þá, sem það geta, verði komið í framkvæmd öðruvísi. Og ég styð þetta takmark. Ég styð það vegna þeirra fjölmörgu nemenda, sem geta auðveldlega lokið þessu námi á þennan hátt og eiga fullkominn rétt á því að vera lausir einu ári fyrr en þeir hafa verið. Ég vil að vísu fara hér varlega, og ég vil fara varlega í því einnig að skerða árlegan námstíma mikið frá því 9 mánaða aðalmarkmiði, sem í frv. gildir. Ég tel eðlilegt og réttlætanlegt, að í eldri bekkjunum gildi mánaðar frávik, og e. t. v. má ganga það langt, að eins og hálfs mánaðar frávik gildi í yngri bekkjunum, en ég teldi það einnig algjört hámark.

Tal um atvinnulífið og tengslin við atvinnulífið er mikið notað hér. En þar þarf svo sannarlega allt annað til að koma, svo að úr megi bæta. Þar er auðvitað fyrsta skilyrði að koma á nýjum námsbrautum í tengslum við atvinnulífið. Það er það, sem koma skal Það er það eina, sem getur breytt ástandinu, þ. e. að hefja ekki beinlínis háskólanámið ofar öllu öðru námi, heldur láta annað nám verða jafnrétthátt, gera það reglulega eftirsóknarvert. Það er ekki á þessu stigi, ekki aðeins á þessu skyldustigi, sem þessi tengsl við atvinnulífið eru svona bráðnauðsynleg. Og þegar er verið að flytja till. um það og samþ. þær hér á Alþ., að skólanemendur eigi að taka sér frí frá störfum og fara út í atvinnulífið, — kannske um tíma vegna vetrarvertíðar og annars því um líks, — mætti maður þá kannske ekki fara að dæmi Maos í Kína og heimta, að skrifstofufólkið og ýmislegt annað fólk, sem hefur svo sannarlega lítið við að vera, verði líka rekið út í atvinnulífið og því gert að skyldu að auka tengsl sín við það, því að ýmislegt af því, sem það er að aðhafast, á sannarlega lítið skylt við þær frumatvinnugreinar, sem við byggjum á? Ætli það mætti þá ekki fara að hugsa um einhverja fleiri en bara nemendurna? Ég hefði viljað það. Ég hálfskammast mín fyrir að

svo áfram, þannig að menn t.d. ynnu einhvern tíma á árinu það, sem ég kalla ærlegt handtak. — Grunnskólafrv. kemur ekki í veg fyrir þetta. Það gerir það þvert á móti kleift. Það er einmitt að finna breyt., sem getur leitt til þess, að tengslin við atvinnulífið geti orðið virkari á hinum hærri skólastigum. Og ég treysti því, að í framhaldi af samþykkt þessa frv. verði einmitt gengið rösklega til verks um námsbrautir í nánum tengslum við atvinnulífið sjálft.

Meginniðurstaða mín af þessu, — nú skal ég ekki lengja mál mitt meira, — er sú, að hér sé um rétta stefnu í aðalatriðum að ræða. Nýrra leiða er leitað, og þær á að reyna. Reynslan sker svo úr um það, hvaða einstök atriði standast, hverjum þarf að breyta, hvaða annmarka þarf af að sníða. En sannfæring mín er sú, að sú reynsla verði í miklu fleiri atriðum jákvæð en neikvæð. Þar um gildir auðvitað, hver framkvæmdin verður og hvort raunhæfar aðgerðir í ýmsu öðru fylgja í kjölfarið. Og þá er ég hræddur um, að nöldur þeirra útölumanna, sem sjá vá í hverri gátt, eigi áreiðanlega eftir að verða sér til skammar í mörgu.

Umr. frestað um stund.

Mat fasteigna, frv. (þskj. 673, 671, 674, 678, 697). — Frh. 3. umr.

ATKVGR.

Brtt. 678 samþ. með 12 shlj. atkv.
Brtt. 697,1 felld með 8:6 atkv.
Brtt. 674 felld með 8:6 atkv.
Brtt. 697,2 felld með 8:6 atkv.
Brtt. 671 felld með 8:5 atkv.
Frv. samþ. með 16 shlj. atkv. og afgr. til Nd.

Skólakerfi, frv. (þskj. 675). — Frh. 1. umr.

Halldór Blöndal: Herra forseti. Þessi frv., sem hér eru til umr., um skólakerfi og um grunnskóla, hafa verið lengi á leiðinni hingað til Ed., eins og minnst hefur verið á hér í d., ein 3 ár, að ég ætla. Ástæðan fyrir þessu er að sjálfsögðu sú, að frv. um grunnskóla, eins og það er sett fram, og þetta nýja skólakerfi, sem gert er ráð fyrir að taka hér upp, hafa mætti mikilli andstöðu, bæði meðal almennings einkum í strjálbýli, einnig meðal kennarastéttarinnar, einkum hjá framhaldsskólakennurum, og einnig hér á hinu háa Alþ. Það, sem þetta frv. byggir á, er það, að í stað þeirrar unglinga- og barnafræðslu, sem átt hefur sér stað nú í barnaskólum, unglinga- og gagnfræðaskólum og hefur lokið með gagnfræðaprófi eða landsprófi, á að taka upp einn skóla, svokallaðan grunnskóla, og er við það miðað, að grunnskólanum ljúki á landsprófi eða gagnfræðaprófi og skólaskyldan sé jafnlöng grunnskólanum.

Við fyrstu sýn má vera, að mönnum hafi ekki þótt þetta óeðlilegt né vond hugmynd. Ástæðan fyrir því er m.a. sú, að ýmsir, sem lokið hafa unglingaprófi, hafa rekið sig á það síðar, að þeim hafa verið lokaðar ýmsar leiðir í framhaldsskóla, þar sem þeir hafa ekki landspróf eða gagnfræðapróf. Tilgangurinn með þessum grunnskóla var sá að setja undir þann leka. Nú hafa hins vegar fræðslumálin þróast með þeim hætti, að jafnvel þótt þessi breyt. nái fram að ganga, mun grunnskólaprófið ekki gefa rétt til allra framhaldsskóla, eins og meiningin var fyrst í stað, þannig að ekki er hægt lengur að ná þessu markmiði, eins og þessi frv. liggja fyrir.

Þessi kjarni þessara frv., lenging skólaskyldunnar um eitt ár, hefur verið rökstuddur með því, að með því sé verið að koma til móts við strjálbýlið. Ég mun koma að því síðar, að þetta er nú alls ekki rétt hugsun og að sjálfsögðu fyrst og fremst vegna þess, að grunnskólafrv. er byggt upp með það fyrir augum að gera sem flesta unglinga að langskólamönnum í bóklegum greinum, og þar með gengið út frá þeirri forsendu, — þeir, sem sömdu þetta frv., hafa sýnilega gefið sér þá forsendu, — að bóklega námið eigi að ganga fyrir öllu, það sé æðra en annað nám og þroskavænlegra fyrir unglingana, hvernig svo sem þeir eru af guði gerðir. Að því mun ég einnig koma nánar síðar.

En áður en við tölum um það, að við ætlum að lengja skólaskylduna, væri nauðsynlegt að fá upplýsingar um það, hvernig tekist hefur að framkvæma þá skólaskyldu, sem við erum nú með. Það væri t.d. fróðlegt að fá upplýsingar um það, hversu margir unglingar það eru, sem setjast í 2. bekk gagnfræðaskóla, síðasta bekk skólaskyldunnar, og hrökklast svo frá námi í þessari síðustu deild, án þess að fræðsluyfirvöld né barnaverndarnefnd né nokkur aðili hafi þar nein afskipti af. Í öllum þeim töflum, sem eru með grunnskólafrv., er ekkert yfirlit yfir þetta, og mér er ekki ljóst heldur af þeim samanburði, sem hér er gerður, hvort þar er átt við þá unglinga, sem hafa lokið unglingaprófi, eða hvort átt er við þá unglinga, sem setjast í unglingabekkinn strax að hausti. Um þetta er að sjálfsögðu nauðsynlegt að fá upplýsingar, og það er að sjálfsögðu einnig íhugunarefni fyrir hv. alþm., hvernig fræðsluyfirvöld hafa komið fram og komið til móts við þá unglinga, sem ekki hafa lokið skólaskyldunni nú. Það er eftirtektarvert.

Þessi lenging skólaskyldunnar byggist á því, að börnin eða unglingarnir hafi gott af að koma í skólana, — það hlýtur að vera kjarni málsins, að unglingarnir sæki eitthvað í skólana. Ég er sannfærður um það og hef borið það undir menn, sem eru menntaðir í sálfræðilegum og uppeldisfræðilegum greinum og hafa haft með þessi mál að gera, að skólarnir, eins og þeir eru nú úr garði gerðir, bjóða ekki þá námsskrá og þær námsgreinar, að þær verki sem hvatning á unglingana. Ég hef sagt það áður hér í hinu háa Alþ., að það er svo um marga nemendur, að þeir eru þegar franir að heltast úr lestinni, jafnvel snemma á barnaskólaaldri, síðan er reynt að láta þá tosast áfram bekk úr bekk, án þess þó að þeir hafi sýnt nokkurn námsárangur. Ég get nefnt dæmi um það, að börn hafa ekki náð barnaskólaprófi, foreldrar hafa beðið um það, að börnin fengju að sitja eftir í barnaskólanum, til þess að þau gætu náð einhverjum tökum á því námsefni, sem kennt var í efsta bekk barna-

skólans, en því hefur verið hafnað og börnunum kastað inn í fyrsta bekk gagnfræðaskólans og þar lagt fyrir þau námsefni, sem þau hefðu engin tök á að ráða við, þegar alla undirstöðu vantar. Þessi börn og þessir unglingar verða að sitja á hverjum degi, alla virka daga vikunnar, frá kl. 8 að morgni fram að kaffi í kennslustundum, tíma eftir tíma, og fást við viðfangsefni, sem fyrirfram er vitað, að þau ráða ekki við. Við getum tekið þau börn, sem verst eru undirbúin, og rétt ímyndað okkur, hvernig gengur að kenna þeim, t. d. skildagatíð, afbrigðilega germynd og þar fram eftir götunum. Það þarf ekki lengi að velta vöngum yfir því. Kennarar gera sér að sjálfsögðu grein fyrir því, að þetta er ekki hægt. Samt sem áður ber þeim skylda til þess samkv. námsskrá að reyna að komast yfir það námsefni, sem tilskilið er, en árangurinn verður að sjálfsögðu enginn. Afleiðingin af öllu þessu verður svo sú, að unglingarnir komast í andstöðu við skólann. Þeir líta á skólann og kennarana sem sína höfuðóvini, og smátt og smátt komast þeir í andstöðu við þjóðfélagið, vegna þess að skólinn og kennararnir eru í þeirra augum fulltrúar þjóðfélagsins, ríkiskerfisins, þeirrar skepnu.

Ég hef sett fram þá kenningu og er þeirrar skoðunar, — það hefur ugglaust verið gert af öðrum mönnum einnig, — að við getum rakið að nokkrum hluta glæpafaraldur meðal unglinga einmitt til þessa, að þau hafa ekkert viðfangsefni við hæfi, ekkert þroskandi nám, enga hvatningu, enga uppörvun. Þessi börn eru ekki upplitsdjörf, þegar þau fá einkunnabækur að vorinu og þegar baráttan stendur um það, hvort þau nái 4 á unglingaprófi. Og svo hefur farið og fór m. a. s. l. vor, að það varð að nema úr gildi lágmarkseinkunnir í stærðfræði og íslensku, svo að ekki féllu of mörg börn á unglingaprófinu, sem sýndi náttúrlega, að námsskráin og prófverkefnið, sem lagt var fyrir, var engan veginn á færi þessara nemenda.

Ég er þeirrar skoðunar, að á meðan við getum ekki ráðið við þá annmarka, sem eru á skólaskyldu upp að 15 ára aldri, og meðan við getum ekki komið til móts við þau börn og unglinga, sem verst verða úti á þessum aldri, eigum við ekki að lengja skólaskylduna. — Ég vil taka fram, að til allrar hamingju er það náttúrlega tiltölulega mjög lítill hópur, sem verst fer út úr þessu í skólanum. Það er líka tiltölulega lítill hópur, sem ekki menntar sig neitt eftir unglingapróf.

Ég vil í þessu sambandi einnig minna á það, að sú skoðun hefur komið fram hjá námsstjórum ýmsum, m. a. í Noregi, að það sé rétt að gefa unglingum kost á að velja á milli vinnu og frekari skólagöngu eftir fermingu, og tel ég, að slík vinna eigi að vera undir eftirliti fræðsluyfirvalda, til þess að með því sé fylgst, að unglingarnir séu ekki að slæpast, séu ekki í iðjuleysi, og til þess að reynt sé að greiða fyrir því, að þeir fái einhverja vinnu. En því miður hefur það verið svo með ýmsa, sem hrökklast hafa úr 2. bekk gagnfræðaskólans, að þeir hafa ekki tollað í vinnu og hafa verið svo skemmdir, að það hefur reynst erfitt að koma þeim áleiðis.

Ég vil nú segja þetta almennt fyrst um lengingu skólaskyldunnar og vil í því sambandi aðeins svara því, sem hv. þm. Helgi Seljan sagði um það efni, þar sem hann gerði athugasemd við það, að notað væri orðið námsleiði, — þótti það heldur vont orð og slæmt og vildi í þess stað nota orðið leti. Nú þekki ég dæmi þess, að ýmsir þeir nemendur, sem einna verst hefur gengið í sjálfu skólakerfinu og kannske ekki staðið sig vel, hafa lagt sig mjög mikið fram og lagt á sig langan vinnudag, en uppskorið lítið, og þetta hefur náttúrlega fyrr eða síðar leitt til uppgjafar. Það er svo, að þegar einhver er sleginn niður hvað eftir annað, þá kemur að því, að hann gefst upp, og námsleiðinn er náttúrlega afleiðingin af því. Ef menn eru ekki leiðir á einhverju og ef mönnum finnst eitthvað skemmtilegt, þá eru þeir venjulega duglegir við það. Það má auðvitað segja, að í sumum tilfellum fari þetta saman, námsleiði og leti. Auðvitað er fullt af unglingum og börnum í skólunum, sem geta lært meira en þau gera, þó að það sé fullmikið af því góða, eins og sá hv. þm. sagði, að börnin vinni allt að 60—80 klst. á einni viku, sem mér finnst vera all hátt.

Í 2. gr. grunnskólafrv. segir svo í 2. mgr.: „Grunnskólinn skal leitast við að haga störfum sínum í sem fyllstu samræmi við eðli og þarfir nemenda og stuðla að alhliða þroska, heilbrigði og menntun hvers og eins.“

Í 3. mgr. heldur áfram:

„Grunnskólinn skal veita nemendum tækifæri til að afla sér þekkingar og leikni og temja sér vinnubrögð, sem stuðli að stöðugri viðleitni til menntunar og þroska. Skólastarfið skal því leggja grundvöll að sjálfstæðri hugsun nemenda og þjálfa hæfni þeirra til samstarfs við aðra“.

Þetta eru auðvitað afskaplega falleg markmið, og að sjálfsögðu eru þetta hin sömu markmið og við höfum haft í okkar skólastarfi nú, og þarf engin ný lög um það efni. Í þessu atriði er spurningin sú, hvernig okkur tekst að ná þessum markmiðum, og það kom fram hjá hv. 6. landsk. þm., að hann taldi, að okkur hefði að ýmsu leyti mistekist það, — kenndi þar um m. a. kennurum, sem að sjálfsögðu eru misjafnir, námsskránni og einnig foreldrunum. Ég álít, að ein höfuðástæðan fyrir því, að okkur hefur ekki tekist að ná þessum markmiðum, sé sú, að við höfum bundið skólakerfið of mikið saman. Við ætlum okkur að láta alla nemendur læra allt það sama í of ríkum mæli. Ég hef kennt, — svo ég vitni til þess, — bæði í 1. bekk, 2. bekk, 3. bekk og 4. bekk gagnfræðaskóla, jafnframt hef ég kennt í svonefndri framhaldsdeild gagnfræðaskóla hér í Reykjavík, en í þeirri deild eru unglingar, sem ekki hafa náð unglingaprófi og hafa þess vegna setið eftir. Í þessari framhaldsdeild kenndum við með allt öðrum hætti en kennt var í hinum venjulegu unglingadeildum, hinum venjulega 2. bekk. Við höguðum prófkröfum og námsefni öðruvísi, og ýmsir þeir nemendur, sem náðu því prófi, sem við lögðum fyrir þá um vorið, — þeir þurftu að ná tilskilinni lágmarkseinkunn, — héldu síðan áfram í 3. bekk og reyndust sumir miklu betur á vegi staddir. Það, sem þarna kemur til, er annars vegar það, að nemendurnir eru orðnir ári eldri, þannig að það er að mörgu leyti auðveldara að kenna þeim, en einnig kemur hitt til, að

það námsefni, sem fyrir þá var lagt, var allt öðruvísi byggt upp heldur en í hinum almenna gagnfræðaskóla, og það hefur að sjálfsögðu mikið að segja, fyrir svo utan það, að til þess að þroska og þjálfa nemendur til samstarfs við aðra, þá ætla ég, að nauðsynlegt sé að leggja miklu meiri áherslu á verklega námið en gert hefur verið, og sakna þess, að ekki skuli hafa verið gerð nein tilraun til þess, að Gagnfræðaskóli verknáms, sem einu sinni var, yxi upp og reyndi að verða sú stofnun, sem yrði hlutverki sínu vaxin, eins og til hennar var stofnað, en því miður hefur sá draumur ekki ræst.

Hér er talað um það í 3. gr., að grunnskóli sé 9 ára skóli. Nú kemur það ekki beint fram í þessu grunnskólafrv., við hvaða prófkröfur er miðað. Mér hefur þó skilist á því, sem sagt hefur verið, að meiningin sé að kenna nemendum á 9 árum það, sem þeir læra nú á 10 árum, lélegri helmingurinn af þeim, og þessu markmiði á að ná með þeim hætti, að það á að lengja hið árlega skólaár. Nú er þetta náttúrlega algjörlega rangt hugsað. Það er hægt að kenna nemendum allt annað og standa allt öðruvísi að verki í samstarfi við nemendur eftir því, hvort þeir eru 13 ára, 14 ára, 15 ára eða 16 ára. Nemendur eru afskaplega mismunandi þroskaðir á þessum árum. Það er kannske mesti munurinn á manneskjunni einmitt á þessum skólaárum, og það kemur í ljós, t. d. þegar farið er að kenna ögn eldra fólki, eins og 18 ára, þá er hægt á undraverðum tíma að láta það tileinka sér ýmis skilningsatriði, sem hafa verið sem lokuð bók fjórum árum áður, þannig að í raun yrði grunnskólinn náttúrlega, eins og hann er núna, miðað við kröfur, að vera 10 ára skóli fyrir lakari helminginn og 9 ára skóli fyrir þá betri. Það er alveg útilokað, að hægt sé að koma sama námsefni í alla nemendur. Ég get í því sambandi aðeins vitnað til þess könnunarprófs í stærðfræði, sem lagt var fyrir nemendur í landsprófsdeild fyrir jól. Þar var árangur þeirra í kringum 6.6 meðaleinkunnin. Sama próf var svo lagt fyrir hinn almenna 3. bekk um vorið, þegar hinn almenni 3. bekkur hafði farið yfir sama námsefni með sömu kennurum, og þar voru 2 nemendur yfir 4. Þarna var sem sagt um sama námsefni að ræða og sömu kennararnir. Í öðru tilfellinu notuðu nemendur helmingi skemmri tíma til námsins og náðu meðaleinkunn 6, í hinu tilfellinu voru 2 yfir 4 eftir helmingi lengri námstíma. Þetta segir auðvitað fulla sögu um það, sem hér er um að ræða, og þarf ekki frekar um það að ræða.

Hér segir í 6. gr.:

„Forráðamaður skólaskylds barns ber ábyrgð á, að það innritist í skóla, þegar það hefur náð skólaskyldualdri, og að það sæki skóla. Verði verulegur misbrestur á skólasókn skólaskylds barns, án þess að veikindi eða aðrar gildar ástæður hamli, og skólastjóri fær ekki við ráðið, skal hann tilkynna fræðslustjóra um málið. Fræðslustjóri kynnir sér málsatvik og ástæður á heimili og í skóla og beitir sér fyrir úrbótum. Vilji forráðamaður barnsins ekki hlíta ákvörðun fræðslustjóra, getur hvor aðili um sig vísað málinu til barnaverndarnefndar."

Í grg. frv. segir um þetta atriði m. a.:

„Óviðunandi er því, að skammsýn sjónarmið einstaklings fái því ráðið, að barn eða unglingur fái ekki að neyta þessa réttar síns. Jafnframt er það og skylda nemandans við sjálfan sig og þjóðfélagið, að hann notfæri sér þennan rétt."

Auðvitað er það alveg rétt, ef hið háa Alþ. samþ. að lengja skólaskylduna, þá er auðvitað einhver ábyrgur fyrir því, ef svo fer, að unglingarnir rækja ekki þessa skyldu. En ég segi nú aftur eins og ég sagði áðan: Meðan við erum ekki einu sinni menn til þess að ráða við þau tilfelli, þegar unglingar mæta ekki í 2. bekk gagnfræðaskóla, á meðan það reynist algjörlega árangurslaust að leita til barnaverndarnefndar eða annarra slíkra aðila um úrlausn þeirra mála, hvaða tilgangi þjónar þá að vera að lengja skólaskylduna um eitt ár í viðbót? Það mun að sjálfsögðu hafa þær afleiðingar, að það verður reynt eftir megni hér í Reykjavík að fullnægja þessu ákvæði, en svo mun reynslan verða sú, að úti í strjálbýlinu mun takast enn verr en nú að uppfylla ákvæðin um skólaskylduna. Ég sé því ekki, að þarna sé neitt verið að rétta hlut strjálbýlisins, ef það er sú hugsun, sem býr þarna á bak við, nema síður sé.

Og svo spyr ég einnig um dreng, sem orðinn er 16 ára gamall eða stúlku, — við skulum hugsa okkur dreng, t. d. sem langar til þess að fara á sjóinn og hann getur farið allt aðra leið til þess að ljúka námi, t. d. í stýrimannaskóla. Af hverju er það eðlilegt, að hið opinbera banni honum þann rétt ungum að stunda þessa atvinnugrein? Reyndir skólamenn hafa oft talað um, að það sé nauðsynlegt, að unglingarnir og börnin kynnist þeim verkum, sem unnin eru í þjóðfélaginu. Þau þroskast af því að standa að verki með fullorðnu fólki, og þau fá hvatningu af því að fást við þau viðfangsefni, sem hugur þeirra stendur til. — En um þetta atriði þarna, þessa 6. gr., þá lít ég á hana bara sem orðin tóm, nema hægt sé að sannfæra mig um það, eins og nú standa sakir á þessu herrans ári 1974 og nú í lok skólaárs, að þá hafi virkilega verið gripið inn í, ef verulegur misbrestur hefur orðið á skólasókn skólaskylds barns. Ég þykist hins vegar vita, að það sé margt um það að segja víðs vegar um landið.

Í 12. gr. frv. hefur hv. Nd. bætt við einu undarlegu atriði undir tölul. 5, en það er svohljóðandi, með leyfi hæstv. forseta:

„Það (fræðsluráð) skal skipuleggja viðræðufundi fyrir nýja kennara í samráði við Kennaraháskóla Íslands, hafa umsjón með þeim og setja þeim leiðsögukennara að fengnum till. hlutaðeigandi skólastjóra. Rn. setur leiðsögukennurum erindisbréf að höfðu samráði við Kennaraháskóla Íslands."

Ég segi nú um þetta atriði: Til hvers er verið að breyta gamla kennaraskólanum í kennaraháskóla, ef þeir nemendur, sem þaðan koma, fullmenntuð kennaraefni, þurfa einnig á sérstökum leiðsögukennara að halda eftir allt háskólanámið? — Þetta er alveg fáránlegt, og ég geri ekki ráð fyrir því, að í þessari hv. d. verði nein mótstaða gegn því að nema þetta aftur brott, enda er þetta ekki í hinu upphaflega frv. (Gripið fram í: Þurfa ekki læknar kandídatsár?) Læknar þurfa ugglaust kandídatsár, ég geri ráð

fyrir því. En hvað ætli það útskrifist margir annars frá Kennaraháskóla Íslands á þessu vori? 12 eða 14? Það kemur kannske manni við, hvernig gengur að manna þessa skóla. En ef það er tilgangurinn með þessu að hafa sérstaka leiðsögukennara og auka þannig enn á ríkisbáknið, þá segi ég: Þá fer maður að efast um gildi Kennaraháskólans. — Það getur vel verið, að þetta sé nauðsynlegt, en ég mundi telja skynsamlegri leið að reyna að standa betur að Kennaraháskólanum. Ég held, að það sé svo í kennslu eins og annars staðar, að menn verða að reyna að standa mest á eigin fótum, og það hefur nú reynst svo með reynda kennara, að þeir hafa í mörgum dæmum leiðbeint þeim kennurum, sem eru að byrja. Væri raunar fróðlegt að vita, hvort þessir leiðsögukennarar eiga að hafa nokkra reynslu í kennslu yfirleitt, frekar en þeir sálfræðingar, sem þarna eiga að koma við sögu. Það hefur nokkuð verið um það, að menn, sem aldrei hafa kennt eða gefist upp á að kenna, hafa verið að segja öðrum kennurum til um það, hvernig þeir eigi að haga sér við kennslu.

Ég vil aðeins vekja athygli á því, að það er gert ráð fyrir því fortakslaust, að fulltrúi foreldrafélags og formaður nemendaráðs eigi rétt til setu á fundum skólastjóra og kennararáðs svo og á kennarafundum með málfrelsi og tillögurétti. Hins vegar var samþ. í Nd. till. um það, að ekki megi gefa öðrum upplýsingar um einkunnir nemenda en foreldrum eða nánustu aðstandendum. Það er nú svo á kennarafundum, að þar er stundum fjallað einmitt um nemendur sjálfa, um einkunnir þeirra og annað. Það má vel vera, að þetta séu skynsamlegar till., en þær munu að sjálfsögðu valda því, að kennarar munu breyta sínum kennarafundum og munu ræða mál nemendanna, sem vandasöm eru, í sinn hóp, og þetta mun ekki hafa að því leyti neina truflun á vinnubrögðum skólanna. En mér finnst þetta óeðlilegt ákvæði, að fulltrúar foreldrafélags og einkanlega þó formanni nemendaráðs eigi undir öllum kringumstæðum að vera heimilt að sitja kennarafundi. Það er nú svo með unglinga, að það er mjög hæpið, að þeir séu mjög mikið viðstaddir, þegar verið er að ræða kannske viðkvæm mál skólasystkina þeirra og sé ég ekki, hvaða tilgang þetta hefur fyrir unglinga.

Við erum allir á því núna að opna alla hluti og það sé best að draga sem mest úr því, að hægt sé að stjórna skólum og öðru með gamla laginu, enda er nú komið svo m. a. úti á landi. Mér er kunnugt um það úr skóla fjarlægum Reykjavík, að einn af kennurum skólans gerði reisu á fund Fylkingarinnar hér í Reykjavík með 4 eða 5 nemendur skólans, gagnfræðaskóla, sem að sjálfsögðu skólanefndin gerði athugasemd við, en það er kannske rétt að hafa þetta sem frjálsast o. s. frv.

Mér þykir vænt um að sjá það hér í 27. gr., að vel skuli séð fyrir listskreytingu skólamannvirkja og því sé meiri gaumur gefinn en t. d. verklegu námi.

Í 35. gr. er það athyglisverða ákvæði, að um vinnutíma og kjör starfsmanna grunnskóla fari eftir ákvæðum laga um kjarasamninga opinberra starfsmanna og kjarasamningum stéttarfélaga, eftir því sem við á. — Nú er þetta svo í ýmsum öðrum greinum frv., að þar eru ákvæði, sem ganga þvert ofan í gildandi kjarasamninga kennarastéttarinnar við ríkisvaldið, og get ég raunar ekki séð, hvaða ástæða er til þess hjá hinu háa Alþ. að taka kennarastéttina svona sérstaklega út úr og setja um hana margvísleg lög, sem brjóta í bága við gildandi kjarasamninga og þau tilboð, sem uppi eru núna hjá ríkisstj. til kennarasamtakanna í þeim samningum, sem nú eru fram undan, eins og t. d. í 36. gr., þar sem stendur, að til þess að öðlast afslátt, þegar kennarinn nær 55 ára aldri og 60 ára aldri, þá var fyrst talað um, að hann þyrfti að hafa 20 ára kennsluferil, en eftir 3. umr. í Nd. er þetta komið í 28 ára kennsluferil. Við sjáum, að það má bara breyta þessu og segja: Eftir 28 ára kennsluferil skal starfsskylda hans minnka um ⅙, — því að hann er þá undir flestum kringumstæðum orðinn 55 ára. Í þeim kjarasamningum, sem nú eru í gildi, og í gömlu lögunum frá 1946, er ekki um neinar slíkar takmarkanir að ræða. Ég fæ alls ekki skilið, hvernig stendur á því, að í grunnskólafrv., sem borið er fram af einum af hæstv. ráðh. þessarar ríkisstj., skuli vera að finna ákvæði, sem gengur þvert ofan í gildandi kjarasamninga við kennarastéttina, — ekki aðeins í þessari einu grein, heldur einnig í því, sem tekur til lengdar árlegs námstíma, en þar segir svo í þessu frv., að miða skuli við 9 mánuði, en í kjarasamningum við kennara er nú gert ráð fyrir 34 virkum vikum, og það væri fróðlegt að fá um það einhverjar upplýsingar, að hve miklu leyti, í hve mörgum frv. og í hve mörgum dæmum þessi hæstv. ríkisstj., sem kennir sig við vinnandi stéttir, reynir með einum og öðrum hætti að pota í sína starfsmenn, taka af þeim þau réttindi, sem þeir hafa náð sér með samningum og hafa haldið um mörg ár. Þetta eru að sjálfsögðu algerlega óþolandi vinnubrögð og til skammar.

Við urðum vitni að því hér áðan, hvernig sá maður, sem var kjörinn forseti Alþýðusambands Íslands á síðasta þingi þess, greiddi atkv. á móti því í sambandi við mat fasteigna, að þeir menn, sem þar væru ráðnir, skyldu hafa sömu starfskjör og gert er ráð fyrir í lögum um réttindi og skyldu opinberra starfsmanna. Þessi hæstv. ráðh., sem þar er talað um, hefur einnig sett sig upp á móti því, að Félagsmálaskóla alþýðu, þar sem gert er ráð fyrir, að mennta og þroska launþega, til þess að þeir geti betur staðið vörð um hagsmuni sína í sambandi við kjarasamninga og annað — hann hefur lagt sig á móti því, að opinberir starfsmenn og Farmanna- og fiskimannasambandið eigi þar aðild að.

Þetta eru ekki einu dæmin. Ég hef áður minnst á það hér, og t. d. hefur það komið fram á fundum BSRB, að í sjálfu stjórnarráðinu hefur verið kippt í menn og sagt, að ef þeir gegni vissum trúnaðarstörfum fyrir launþegahreyfinguna, þá skuli þeir ekki vænta frekari frama í því rn. Enn eru dæmi um það, að menn hér í Reykjavík hafa verið ráðnir til ríkisstofnana eftir samningum Verslunarmannafélags Reykjavíkur og farið þannig aftan að þeim. Enn eru dæmi um það og sífjölgandi, að menn séu ráðnir með þeim skilmálum í opinbera þjónustu, að þeir fái ekki aðild að lífeyrissjóði opinberra starfsmanna,

þannig að ýmsir menn hafa orðið að hafa milligöngu um það við stjórn BSRB, að hún kippti þeim málum í lag. Hér er svo enn eitt dæmið. Þarna er verið að lauma inn í lög á Alþ. lítilli setningu, sem lítið ber á, en tekur af kennarastéttinni þau réttindi, sem hún hafði þegar áunnið sér með lögum 1946, eru staðfest í gildandi kjarasamningum og eru m.a. staðfest í því tilboði, sem ríkisstj. nú hefur lagt fram til kennarastéttarinnar. En á sama tíma og hún leggur það fram, hugsar hún sér, að hið háa Alþ. kippi öllu til baka með lagasetningu hér á hinu háa Alþ. Þetta eru þokkaleg vinnubrögð og síst þeim til sóma, sem tala um það, að þeir séu sérstakir forsvarsmenn vinnandi stétta, eins og sá hv. þm., sem nú gekk hér í salinn.

Í 41. gr. þessa frv. er gert ráð fyrir því, að fræðsluráð og skólanefnd geti í upphafi skólaárs ákveðið, hvort skólakerfi skuli vera 5 eða 6 daga skólavika. Nú vita það allir menn og er kunnugt, að ég ætla, að það var ekki ósk kennarasamtakanna eða fræðsluyfirvalda, að farið var í 5 daga vinnuviku í skólunum. Sú þróun að miða skólavikuna við 5 daga er að kenna breyttum þjóðfélagsháttum, og það hefur m.a. komið fram í því, að sókn nemenda í skólana á laugardögum hefur verið minni en aðra daga vikunnar, og er því m.a. um að kenna, að foreldrar eru hættir að vinna laugardagana og fara þess vegna oft frá yfir helgar, þannig að börnin fá leyfi til þess að fara með þeim. Einnig veldur það miklu, að börnin verða oft og tíðum eini meðlimur fjölskyldunnar, sem þarf að vakna á laugardagsmorguninn, sá eini, sem fer á fætur, og þetta hefur valdið margvíslegum erfiðleikum. Af þessum sökum hefur komið þrýstingur á skólana um að færa kennsludagana niður í 5 hverja viku. Svo hefur verið haldið á þessum málum, að þrátt fyrir það, að dögunum fækki þannig um einn, hefur vikulegum kennslustundum ekki verið fækkað, heldur hefur laugardagsstundunum verið skipt niður á hina dagana með þeim afleiðingum, að nemendurnir eru í skólunum frá 8 á morgnana oft til 3 og 4 á daginn hvern einasta dag og eiga þá eftir allt heimanám og eru að sjálfsögðu orðin slit- og dauðuppgefnir, þegar þeir loksins sleppa úr skólanum. Reynslan hefur líka orðið sú hjá kennurum, að þeir hafa ekki gert mikla tilraun til þess að fara í ný eða verulega þung atriði í síðustu kennslustundum dagsins, þar sem börnin hafa verið orðin svo uppgefin, að þau hafa ekki getað tekið við meiru.

Það er enginn vafi á því, að ég styð þá fullvissu mína við skoðun margra reyndra skólamanna, að það væri hægt að ná jafnvel meiri árangri, það væri hægt að kenna jafnvel meira á viku hverri með því að fækka vikulegu kennslustundunum, — við getum sagt kannske um þessar fjórar stundir, um 10%, og skipuleggja vinnubrögðin betur á þeim tíma, sem eftir er. Það má breyta námsskrá. Það má lagfæra kennslubækur og á margan hátt auðvelda nýja sókn í þessu efni. Það er undarlegt, að á sama tíma og talað er um aukna framleiðni í öllum þáttum þjóðfélagsins, — það er alls staðar talað um, að það þurfi að bæta vinnubrögðin o.s.frv., — þá skuli engin hreyfing í þá átt koma innan sjálfs skólakerfisins, heldur skuli þar alltaf haldið við sömu gömlu reglurnar.

Ég sagði áðan, að þeir 9 mánuðir, sem hér er gert ráð fyrir, stönguðust á við gerða kjarasamninga við kennarastéttina. Ég vil jafnframt benda á það til enn frekari rökstuðnings því, að þarna sé rangt að miða við það, að skólinn skuli byrja 1. sept. og standa yfir til 31. maí, að þegar skólarnir voru lengdir um einn mánuð, frá 7 mánuðum upp í 8 mánuði, þá töldu margir skólamenn og hlökkuðu til þess, að nú gæfist kostur á að kenna verulega miklu meira en áður hafði tekist, þessi eini mánuður mundi nú auðvelda að kenna nemendunum meira en áður.

Skólastjórar ræddu svo um þetta mörgum árum síðar, hvernig þessi lenging skólaársins hefði reynst, og niðurstaða þeirra varð sú, að það væri síður en svo, að meira væri núna kennt á 8 eða 8½ mánuði en áður var kennt á 7 mánuðum. Ég hef hitt reynda og röska skólamenn, sem eru þeirrar skoðunar, að ef við lengdum enn skólaárið, þá muni það koma fram í minnkandi námsafköstum.

Inn í þetta mál, hvernig í þessu frv. er á allan hátt reynt að skera niður frí og lengja skólana, þá er í 45. gr. ákvæði um að stytta jólaleyfi 7 og 8 ára barna, að þau megi ekki eiga frí fram að þrettándanum, eins og verið hefur, eftir jólin í svartasta skammdeginu. Ég fæ nú ekki séð, að það sé mikið tjón að því, þó að litlu skinnunum sé leyft að eiga jólin sín í friði, og það vinnist mikið með þessu. Í svartasta skammdeginu mundu börnin ella vera innilokuð í skólanum allan þann tíma, sem nokkur birta er og afleiðingin af því yrði náttúrlega sú, að þarna yrði um stöðuga innisetu að ræða. Ég fæ ekki séð, að þetta hafi mikinn tilgang, og er algerlega andvígur því a.m.k. með þau, sem yngst eru, að það sé verið að skera niður fyrir þeim jólaleyfi með þessum hætti. Það getur vel verið, að eftir að börnin verða ögn eldri, geri þetta ekkert til, með þau, sem elst eru, en mér finnst þetta fullmikil smámunasemi með litlu skinnin, og eins finnst mér heldur snemmt að skera niður fyrir þeim páskaleyfið. Ég álít, að það megi vera nokkur önnur regla um yngstu skólaþegnana og sé alveg óþarfi að binda þetta með þessum hætti svona, enda eru barnaskólakennarar mjög andvígir þessari breytingu. En þarna rekum við okkur sem og annars staðar í þessu frv. á þá ómanneskjulegu afstöðu, sem þarna er höfð. Það er ekki litið á börnin og unglingana sem lifandi verur, heldur eru þetta einhvers konar peð, sem hægt er að skáka til, og af því að þetta fellur ekki inn í einhverjar stjórnarráðsdeildir hér í Reykjavík að leyfa börnunum að leika frjálsum þessa fáu daga, sem um er að tefla, leyfa þeim að hvíla sig svolitið á þessari löngu skólavist, þá verður að breyta þessu svona, án þess að það hafi nokkurn tilgang. Þetta er ómanneskjuleg tilhneiging, og ég trúi ekki öðru en það verði samkomulag um það hér í hinni háu deild, að lagfæra þetta atriði gagnvart minnstu þegnunum.

Það er eins og fram kom í mörgum ræðum í Nd., — ég man ekki, hvort það kom fram hér einnig, — að það er margt í þessu frv., sem

alls ekki á heima í lögum, miklu frekar í reglugerð og þarf nú ekki mikið um að tala. — En í 44. gr. er enn einu sinni fjallað m. a. um frímínúturnar. Þar er gert ráð fyrir því, að í stundarhléi grunnskóla skuli að jafnaði vera 15 mínútur á móti hverjum 100 mínútum, sem kennt er. Ekki veit ég, hvernig þessi tala er fundin. Ég veit, að þessi tala stangast á við gildandi kjarasamninga við kennarasamtökin, eins og ýmislegt annað í þessu frv., og hefur ekkert verið rætt við kennarasamtökin um það. Ég veit einnig, að þessi tala, 15 mínútur móti hverjum 100 mínútum, er ekki sama tala og víðast er á Norðurlöndum, en þar er miðað við það, að 10 mínútna frímínútur komi eftir hverja kennslustund. Ég fæ ekki skilið, hvaða markmið það getur verið hjá hinu háa Alþ. að vera að skera niður frímínúturnar. Ekki er það sparnaður í ríkisrekstrinum, sem vinnst við það. Það er vísindalega rannsakað og hefur verið sannað með niðurstöðum erlendra rannsókna, að það tekur t. d. nemendur 25 mínútur til þess að ná fullum árangri. Er þeir t. d. læra eitt erlent tungumál í einum tíma, ensku, og eiga svo að læra dönsku í næsta tíma, þá tekur það 25 mínútur fyrir börnin að jafna sig á dönskunni.

Ég veit, að í einum gagnfræðaskóla hér í Reykjavík hefur verið talað um það að stytta frímínúturnar niður í 3 mínútur. Ég er á móti þessu. Ég er þeirrar skoðunar, að sérstaklega börn og unglingar hafi gott af því að hreyfa sig svolítið á milli kennslustunda, og er miklu hlynntari því að lengja heldur frímínútur en stytta. Ég álít, að það sé miklu heilbrigðari og réttari stefna að gera það og í sambandi við það reyna þá að láta þau hreyfa sig meira og koma blóðinu á hreyfingu. En inniseta af þessu tagi er alveg fráleit að mínu mati og heldur hjákátlegt að setja þetta inn í lög til þess eins, að erfiðara sé að breyta því. — Ég hef fyrr rekið mig á það, að frímínútur fara óskaplega í taugarnar á ýmsum stjórnarráðsfulltrúum, og þetta hefur mengast af þeirra skoðunum.

Til allrar hamingju var í 49. gr. bætt inn ákvæðum um það, að heimilt sé fyrir nemanda að hverfa frá grunnskólanámi að loknum 8. bekk í allt að eitt ár vegna þátttöku í atvinnulífinu, og lyki nemandi þá grunnskólanámi þeim mun síðar. Heimilt skal að meta þessa þátttöku nemandans í atvinnulífi til jafns við nám í tilteknum valgreinum 9. bekkjar. Þetta er mjög jákvætt ákvæði. Að vísu skil ég ekki, af hverju þarna er miðað við eitt ár. Það getur vel verið, að það sé rétt. Ég hef alltaf heyrt talað um það, að í sambandi við þá nemendur, sem hverfa *frá námi og koma aftur, hefur gjarnan verið* miðað við 18 ára aldurinn og talið, að það væri heppilegur tími til að hverfa til baka. En ég hef engar skoðanir á því. Það getur vel verið, að þetta sé eins gott. Ég vildi nú víkka þetta ákvæði og heimila nemanda að hverfa frá grunnskólanámi að loknum 7. eða 8. bekk, þannig að nemendur geti bæði á fermingarárinu og eins á næsta ári á eftir horfið frá námi um stundarsakir og komið svo aftur síðar til náms, ef endilega verður að halda sig við þessa 9 ára skólaskyldu. En ætli það sé ekki búið að sauma svo fast að hv. þm. stjórnarmeirihlutans, að þeir greiði nú flestir atkv. með þeirri lengingu, þótt mér hafi virst á einkaviðtölum við þá suma hverja, einkanlega fyrir einu ári, að þeir væru ekki allt of sannfærðir um, að hér væri rétt stefnt.

Í 52. gr. er fjallað um það, hvernig fara skuli með þau börn sum, sem ekki stunda grunnskóla. Ég er að sjálfsögðu andvígur þessu. Ég hef oft sagt áður, að ég tel, að það eigi að koma þessum börnum í vinnu og sjá, hvaða áhrif það hefur á þau. Ég er ekki allt of trúaður á sálfræðingana og uppeldisfræðingana. Sumir þeirra eru ágætt fólk og hafa reynst vel í sínu starfi, en þeir eru misjafnir, og ég hef meiri trú á því, að hæfilegt starf, þroskavænlegt starf, geti komið mörgum unglingunum jafnvel og vera á einhverjum sérstofnunum eða undir handleiðslu einhverra háskólamenntaðra manna. Það er nú svo, að ýmsir menn, þó að þeir stundi erfiðisvinnu, eru býsna miklir sálfræðingar, og ég veit a. m. k., að margur bóndinn hefur vakið hjá þeim unglingum, sem til hans hafa komið á unga aldri að sumarlagi, mikinn og góðan áhuga á því að standa sig vel og standa vel að verki og kennt þeim ýmislegt. Ég hef meiri trú á því, að t. d. gott sveitaheimili geri börnum gott, en einhver sálfræðiþjónusta við einhverja dauða stofnun, hvar sem hún er sett niður á landinu.

Í 58. gr. er fjallað um samræmd könnunarpróf. Þar segir svo, með leyfi hæstv. forseta:

„Menntmrn. skal leggja skólunum til samræmd könnunarpróf og stöðluð próf í a. m. k. móðurmáli og stærðfræði, svo fljótt sem við verður komið. Skal einkum við það miðað, að þessi próf veiti glögga vitneskju um árangur skólastarfsins á þeim stigum, þar sem eðlileg skil verði í náminu.“

Mig minnir, að meðaleinkunn í þessu staðlaða prófi eða samræmda prófi í stærðfræði á gagnfræðaprófi hafi verið s. l. vor eitthvað rétt um 4. Það gaf glögga mynd af því, að algerlega hafði verið rangt staðið að þeirri kennslu, og hefur verið svo um nokkurt árabil, eftir að þessi samræmdu próf komu upp, að það hefur sýnt sig, að námskröfur og námsskrá í stærðfræði er algerlega ofvaxin nemendunum. Það hefur einnig komið í ljós í sambandi við þær kröfur, sem gerðar hafa verið í hinum samræmdu könnunarprófum, t. d. í móðurmálinu, að þar eru t. d. gerðar í málfræði minni og lægri kröfur að mörgu leyti heldur en í unglingaprófi um málfræðilega þekkingu. Reynslan hefur sýnt, að unglingar í strjálbýlinu fjarri Reykjavík standa verr að vígi á þessum samræmdu prófum heldur en í öðrum prófum *jafnþungum, sem samin eru* og lögð fyrir af sjálfum kennurunum eða í samráði við kennarana, og ástæðan fyrir þessu er afskaplega einföld. Hún er hreinlega sú, að t. d. hefur það verið fastur háttur, eða var það meðan ég kenndi hér í Reykjavík, að kennarar hér héldu fundi með þeim mönnum, sem sömdu og samræmdu prófin, og þar var fjallað um það, hvaða kröfur skyldi gera í prófunum og hvernig að þeim skyldi staðið. Hins vegar hafa kennarar úti á landi margir hverjir ekki átt kost á því að sækja þessa fundi og þannig ekki haft nægi-

lega góða vitneskju um það, hvaða kröfur yrðu gerðar, og ekki heldur um það, hvernig yrði staðið að prófunum. Þá hefur það einnig komið í ljós í sambandi við þessi samræmdu próf, að þau eru að mörgu leyti frekar gáfnapróf heldur en að þau séu nokkur mælikvarði á þann námsárangur, sem orðið hefur, — á það, hvort nemandinn hafi tileinkað sér það, sem kennarinn hefur verið að fjalla um um veturinn. Þau hafa þess vegna að verulegu leyti misst marks, og ég er þeirrar skoðunar, að þarna verði að fara aðra leið, og tel líka, að það sé óeðlilegt, að allt skólastarfið í landinu fari eftir einhverri einni braut, svo að megi hvergi víkja þar út frá.

Ég var svo heppinn að fá að kenna um skeið í gagnfræðadeild Menntaskólans á Akureyri. Þessi gagnfræðadeild var rekin með allt öðrum hætti en allar gagnfræðadeildir aðrar í landinu, og t. d. var hið venjulega unglingapróf ekki lagt fyrir í þeim skóla. Þar var námsskráin að mörgu leyti öðruvísi, og ég er þeirrar skoðunar, að *þetta hafi ekki verið nema gott.* Það gerir ekkert til, þótt aðeins sé staðið öðruvísi að skólunum á Norðurlandi en Suðurlandi og Austurlandi en Vesturlandi. Það örvar kennara til þess að hafa frumkvæði að nýjungum og breytingum og hlýtur að gera skólastarfið að mörgu leyti skemmtilegra og frjórra. Ég er þess vegna á móti allri þessari samræmingu, sem koma á á fót, og tel, að í móðurmálskennslu og stærðfræði liggi miklu meira á því að semja almennilegar kennslubækur og laga námsskrár þannig, að einhver von sé til þess, að hægt sé að kenna eftir þeim og fara eftir þeim. Svo er þetta kórónað með því að segja, að samræmdu, stöðluðu prófin skuli færð sem sjálfstæðar einkunnir, en einkunnir kennara hafi ekki nein áhrif á þær. Það er nú alveg til að kóróna vitleysuna og misræmið, sem af þessu kann að hljótast.

Í 60. gr. er verið að skera niður eða gefa mjög strangar reglur um það, hvernig standa skuli að prófum. Nú eru afskaplega mismunandi skoðanir um *gildi prófa og hvernig að þeim skuli* staðið. Ég sé ekki, af hverju verið er að setja það í lagasafnið, hversu mörgum dögum skólaársins megi verja til prófa. Mér finnst það algerlega út í hött. Menntmrn. getur gefið fyrirmæli um, hvernig að þessu skuli staðið.

IX. kafli frv. fjallar um ráðgjafar- og sálfræðiþjónustu, en hlutverk þessarar ráðgjafar- og sálfræðiþjónustu skal vera, eins og segir svo í 67. gr., með leyfi hæstv. forseta:

„a) að nýta sálfræðilega og uppeldisfræðilega þekkingu í skólastarfi;

b) að vera ráðgefandi um umbætur í skólastarfi, sem verða mættu til að fyrirbyggja geðræn vandkvæði;

c) að annast rannsókn á afbrigðilegum nemendum og þeim, sem ekki nýtast hæfileikar í námi og starfi;

d) að leiðbeina skólastjórum, kennurum og foreldrum um kennslu, uppeldi og meðferð nemenda, sem rannsakaðir eru (sbr. c-lið);

e) að taka til meðferðar nemendur, sem sýna merki geðrænna erfiðleika, og leiðbeina foreldrum og kennurum um meðferð þeirra;

f) að annast hæfniprófanir og ráðgjöf í sambandi við náms- og starfsval unglinga;

g) að annast ýmis rannsóknarstörf og athuganir í sambandi við ráðgjafarþjónustu sálfræðideilda."

Í 71. gr. er svo fjallað um það, hvaða skilyrði þeir menn skulu uppfylla, sem eiga að annast þetta. Þar er ekkert um það rætt, að viðkomandi menn skuli hafa kennarareynslu, og ekki heldur, að þeir eigi að hafa kennsluskyldu jafnframt þessu starfi. Þetta tel ég vera afskaplega illa farið og algerlega nauðsynlegt. Þetta er afskaplega viðamikið verk, sem þessum mönnum er falið, og sannleikurinn er sá, að til þess að menn geti leiðbeint skólastjórum og kennurum og foreldrum um kennslu, uppeldi og meðferð nemenda, er náttúrlega lágmarkið, að viðkomandi menn séu í kennslunni sjálfir, í einhverri snertingu við það, sem þeir eiga að leiðbeina um, og hafi einhverja kennslureynslu. Að öðrum kosti verður þetta ekkert annað en utanaðbókarsnakk úr kennslubókum, sem viðkomandi hefur lært í einhverjum háskóla og verður auðvitað metið sem *slíkt af þeim mönnum, sem* við *vandkvæðin* eru að fást. Ég er hræddur um, að nýútskrifaðir sálfræðingar segi gömlum og reyndum skólastjórum harla lítið um það, hvernig eigi að örva og hvetja nemendur til náms. Ég geri mér ekki alveg ljóst, hvort þetta er allt saman nauðsynlegt. Ég veit ekki, hvað þessir menn eiga að vera margir, sem er fjallað um í þessum kafla, og veit ekki, hvað þeir eiga að kosta ríkissjóð. En það er rétt eftir öðru að velja þetta ár og þennan mánuð, aprílmánuð, 19. apríl, þegar við erum að bíða eftir því, hvort hæstv. ríkisstj. hefur kjark í sér til þess að leggja till. um lausn á vanda efnahagsmálanna fyrir þingið, að þá skuli þeir dagar notaðir til þess að reyna að knýja í gegn frv., sem felur í sér jafnmikla hækkun ríkisútgjaldanna og hér er gert ráð fyrir, og svo algerlega tvísýnt um það, að nokkur árangur náist, og má raunar segja, að það sé táknrænt, að það skuli vera fjallað um heilsuvernd nemenda næst á eftir því, sem fjallað er um *ráðgjafar- og sálfræðiþjónustu, og mun* áreiðanlega ekki veita af í sumum tilfellum. Mér er a. m. k. kunnugt um það, að í þau skipti, sem ég hef beðið um að fá aðstoð af þessu tagi, hefur hún ekki reynst svo vel, að ég mundi leggja á mig mikið ómak að endurtaka slíka göngu.

Það er svolítið gaman að lesa 42. gr. og fróðlegt fyrir hv. alþm. að bera saman, hvernig í núgildandi lögum er talað um það, sem kenna skuli, og hvernig það er í þessu frv. Í núgildandi lögum segir svo, með leyfi hæstv. forseta:

„Í verknámsdeild skal verja allt að helmingi námstímans til verknáms. Til verknáms telst ýmiss konar handavinna, matreiðsla, þjónustubrögð, teiknun, skrift, vélritun, íþróttir o.fl. Leitast skal við að haga verknámi eftir þörfum og hæfileikum hvers nemanda, að öðru leyti skal námstímanum varið til bóknáms og einkum lögð áhersla á íslensku og íslensk fræði, reikning, stærðfræði og náttúruvísindi. Í bóknámsdeild skal ¾ hlutum námstímans hið minnsta varið til bóknáms, en allt að fjórða hluta til verknáms. Megináhersla skal lögð á íslensku, íslensk fræði, reikning, stærðfræði og erlend tungumál, en auk þess skulu kennd önnur hagnýt og menntandi

fræði, eftir því sem ákveðið er í námsskrá.“

Lengra nær þetta ekki. En í þessu nýja plaggi er langur listi yfir allt það, sem á að kenna.

Mér skildist svo á hv. 6. landsk. þm. áðan, að það hefði ráðið úrslitum hjá honum um stuðning við þetta frv., að með því væri raunverulega hægt að stytta námið um eitt ár. En þetta er algjörlega út í bláinn. Ég skal ekki þreyta hv. alþm. á því að lesa þetta allt saman, en ég vil benda á nokkur atriði, sem standa í c-lið og ákvæði skulu sett um. Það stendur þarna:

„Þroskun fagurskyns, listhneigðar og hagleika, með kennslu í tónmennt, myndlist og handíðum.“

Það er nú ekkert annað.

Í f-lið stendur:

„Kennsla um efnisheiminn, um frumatriði líffræði, umhverfisfræði, eðlisfræði og efnafræði.“

Í g-lið stendur:

„Kennsla í erlendum tungumálum, og séu forsendur fyrir vali þeirra annars vegar að varðveita tengslin við uppruna þjóðarinnar og norræna menningu og hins vegar að opna Íslendingum leið til samskipta við sem flestar þjóðir.“

Þetta er bara einhvers konar ritgerð. Þetta er bara snakk. Það er verið að reyna að finna þarna falleg orð til að setja á pappír. En hvað ætli þeir menn, sem skrifuðu þessi orð, hafi ætlað að verja löngum tíma í það t.d. að kenna unglingunum frumatriði líffræði, umhverfisfræði, eðilsfræði og efnafræði? Hvað ætli hafi átt að fara langur námstími í það og á hvaða árum auk alls annars? Það væri gaman að sjá einhverja námsskrá um öll þessi ósköp. Auðvitað verður þessi upptalning þarna aldrei neitt annað en bara punt. Það getur vel verið, að þetta fari vel í einhverjum bæklingum og blöðum um það, hvað við Íselndingar stöndum vel að menntun og menningu unglinganna. En hins vegar, eins og frv. var lagt fram á Alþ., var ekki sérstakur liður um verklegt nám. Það var ekki. Það var varið í alls konar bóklegt nám einum, tveim, þrem, fjórum, fimm, sex, sjö, átta liðum, en undir ýmsum valgreinum átti loksins að koma verklega námið. Því var ekki gert hærra undir höfði en þetta.

Og þá er spurningin: Hversu margir Íslendingar skyldu nú í raun og veru vera bókhneigðir? Hvað skyldu það vera margir Íslendingar, sem sætu með bækur á kvöldin og hefðu yndi af því að kynna sér og lesa um þessi fræði? Og hversu margir menn skyldu hafa meira yndi af og vera hneigðari fyrir alls konar verkleg störf og verklega áreynslu og stunda slík störf? Ætli unglingarnir og börnin séu nokkuð öðruvísi en við hin að þessu leyti?

Hv. þm. Helgi Seljan, hv. 6. landsk. þm., var að slá sér upp á því með viðlíkum hætti og annar hv. þm. hér í vetur, að þeir hafa verið að tala um það, að þm. gerðu aldrei ærlegt handtak. Nú efast ég ekki um, að hann sé duglegur maður, og efast ekki um, að hann hefur gert meira að því um ævina en margur annar hér að gera eitthvað. Ég efast ekki um það. En þetta voru lítil rök í því máli, sem hann var að tala um, þar sem hann var að gera lítið úr því, að unglingar gætu haft gott af því að vinna með fullorðnu fólki, og var að tala um Mao í því sambandi. Það var tilgangurinn með þessu. En auðvitað voru þau orð, sem hann sagði í því efni, afskaplega léttvæg og ekki til að tala mikið um. — En ástæðan fyrir því, að ég er svo langorður um þetta og kem svo oft að þessum þætti um verklega námið, er sú, að þetta frv. er byggt upp með hliðsjón af því, að bóklega námið eigi að vera algjörlega ofan á í grunnskólanum. Það á allt að miðast við bóklega námið. Enda tók hv. 6. landsk. þm. sérstaklega fram í því sambandi, að maður yrði einnig að huga að öðru námi en háskólanáminu, það væri hugsanlegt. Þess vegna er það, að það verður að vísa þessu frv. heim til föðurhúsanna, að forsendan fyrir því er röng.

Menn eru mikið að tala um það, hvernig í ósköpunum standi á því, að fólk í strjálbýli skuli í minna mæli en aðrir ljúka prófum í 3. og 4. bekk gagnfræðaskóla. Það er rétt, sem fram kom hjá hv. 6. landsk. þm., að allt og oft hefur það komið fyrir, að unglingar utan af landi hafi ekki átt kost á setu í heimavistarskólum, og stundum hefur það meira að segja komið fyrir á skólaskyldualdri, að nemendur hafi ekki átt kost á því að sækja nám, ef þeir hafa verið þannig búsettir. En hitt skiptir þarna líka miklu máli, höfuðmáli, og það er það, að unglingurinn, sem ætlar að leggja fyrir sig búskap, unglingurinn, sem ætlar að leggja fyrir sig sjósókn eins og faðir hans, verða formaður á bát eða eitthvað því um líkt, hann hefur ekkert að sækja í skólann. Skólinn vekur ekki áhuga hjá honum. Skólinn fæst ekki við þau daglegu viðfangsefni, sem verið er að fást við allt í kringum hann, í sjálfu lífinu.

Hún er fræg sú saga, sem sögð er af litla drengnum hans Skúla heitins Thoroddsens augnlæknis, þegar hann var spurður að því, hvað hann ætlaði að verða. Þá sagði hann: „Ætli maður verði ekki læknir, það er hvort sem er það eina, sem maður kann.“ Þannig langaði þennan dreng til að feta þann veg, sem faðir hans hafði gert. Eins er það um þá drengi, sem alast upp víða úti um landið, þá langar til þess að búa áfram á þessum stað og halda áfram þeirri uppbyggingu, sem hafin hefur verið af foreldrum, systkinum og frændum og öðrum héraðsbúum.

Við getum líka horft öðruvísi á þetta mál. Liggur nokkuð fyrir um það, að margur hver, sem sóst hefur eftir bóklega náminu, hafi orðið nokkuð hamingjusamari í þjóðfélaginu, og hefur honum nokkuð vegnað betur en kannske einhverjum öðrum, sem hefur sóst eftir því að fara annað og rækja önnur störf? Sú mikla vantrú, sem hefur verið hér á landi á hinu verklega, þarf að hverfa og það sem allra fyrst. Og þó að svo fari gegn von minni, að þetta frv. nái fram að ganga, þá mun reynslan áreiðanlega verða sú, að það mun koma fram krafa um það, að þessum lögum verði breytt og það fyrr en síðar og skólarnir og skólastarfið byggt upp með hliðsjón af því fólki og af því lífi, sem er í landinu. Við eigum að geta byggt upp hér á landi miklu manneskjulegra og betra skólakerfi en hægt er í hinum stóru löndum, vegna þess að við erum hér miklu færri. Við þekkjum hvert annað. Þjóðfélagið er miklu viðráðanlegra, og þau mörgu samfélagslegu vandamál, sem stóru borgirnar og stóru löndin hafa við að glíma,

eru hér í algjöru lágmarki. Því miður eru þau að byrja hér í Reykjavík, en það er rétt hverfandi hjá því, sem annars staðar er.

Hér segir:

„Við setningu námsskrár og skipulagningu námsefnis fyrir grunnskóla skal þess sérstaklega gætt, í samræmi við markmið skólans, sbr. 2. gr., að öllum nemendum séu gefin sem jöfnust tækifæri til náms, jafnframt því sem skólinn komi til móts við þá og viðurkenni mismunandi persónugerð, þroska og getu og áhugasvið nemenda."

Við getum ekki komið til móts við þetta markmið nema með því að halda áfram og byrja aftur að reyna að byggja upp meira verklegt nám í skólunum en við höfum gert. Það er eina leiðin til þess að koma til móts við og viðurkenna þær mismunandi persónugerðir, sem eru í skólunum.

Ég skal svo ekki hafa þessi orð miklu fleiri. Ég hef nú talað miklu lengur en ég ætlaði mér, og má segja um þetta margt fleira. Ég harma það, að í Nd. skuli ekki hafa verið fallist á það að stytta nokkuð vinnutíma skólanemenda, sem er orðið mikið áhyggjuefni margra skólamanna, og ég harma einnig, að í grunnskóla og í því, sem hér er fjallað um það efni, skuli ekki vera fjallað sérstaklega um fyrirkomulag fullorðinsfræðslu, sem ég álít, að sé mjög nauðsynleg.

Oddur Ólafsson: Herra forseti. Án efa er skólakerfi, lög um skólakerfi og skipun skólamála, eitt af meginhornsteinum þjóðfélagsins, og það, hvernig tekst til um lagasetningar í því sambandi, getur að sjálfsögðu varðað heill og hamingju komandi kynslóða. Án efa er það svo. Nú höfum við verið að endurskoða okkar skólalög eftir að hafa búið við nokkurn veginn sömu lög í 20—30 ár, og þá hafði maður búist við, þegar tekið er tillit til allra þeirra breytinga, sem hafa orðið í tækniefnum og möguleikum á kennslu á þessu tímabili, að hér mundi koma fram eitthvað virkilega nýtt, einhver nýmæli, og að samþykkt þessara laga, sem hafa verið svo lengi í undirbúningi og eru undirbúin af mestu skólamönnum þessa lands, mundi marka tímamót í skólasögu landsins. En við lauslega yfirvegun virðist mér, að svo sé ekki. Ég sé ekki annað en hér sé fyrst og fremst um eðlilega þróun að ræða. Ég sé ekki annað en hér séu mörg orð og margar setningar og kannske margar síður, sem hefði mátt sleppa og frv. staðið jafngott eftir. En hvað um það, ýmislegt er hér til framfara, en þó er það sitthvað, sem knýr mig til að segja hér nokkur orð, og þá er það fyrst og fremst það, að ég á svolítið erfitt með að fella mig við skólaskyldu frá 7 til 16 ára aldurs. Í fyrsta lagi lít ég svo á, að skólaskylda eða skólavera eigi að hefjast við 5—6 ára aldurinn og henni skuli lokið við 14 ára aldurinn. Sem sagt skólaskyldan má gjarnan vera 9 ár, en frá minu sjónarmiði á hún að vera frá 5 ára aldri til 14 ára. Þetta byggist á því, að ég sé ekki annað en að með breyttum skipulagsháttum, sem hér eru að ske, þar sem meiri hluti húsmæðra vinnur utan heimilis, þar sem heimilin hafa minni og minni tök á því að fylgjast með og sjá um börn á þessum 5—6 ára aldri og einnig þar sem opinberir aðilar, sveitarfélög og ríki, taka þegar í nokkrum mæli tillit til þessara þarfa með því að byggja dagheimili fyrir þennan aldursflokk, þá sé það í raun og veru sjálfsagt, að þessi dagheimili og þessir verustaðir fyrir 5—6 ára börnin séu tekin inn í skólakerfið. Rök mín fyrir þessu eru þau í fyrsta lagi, að það er viðurkennt, að börn á þessum aldri eru bæði næm og opin fyrir námi og þroska, í öðru lagi, að þau eru meðfærileg og það er færra, sem glepur fyrir þeim en unglingum á seinni hluta skyldustigsins, og svo í þriðja lagi, að ég sé ekki annað en að með minnkandi afskiptum foreldra, sem er bein afleiðing af þeirri nauðsyn, að fleiri en einn aðili sjái um framfærslu heimilisins, sé nauðsyn að hafa þessi börn í skóla á þessu aldursskeiði.

Þetta er ekki sagt út í bláinn. Þetta hefur verið reynt, og ég veit ekki betur en þetta hafi gefist vel. Aftur á móti felli ég mig ekki vel við, að konur séu fram á giftingaraldur í barnaskóla. Ég sé enga ástæðu til þess, að skyldunámið sé fram til 16 ára aldurs. Hins vegar, ef ekki er hægt að koma þeim nauðsynlegu hlutum í unglingana á þessu tímabili, þá er auðveld leiðin að breyta inntökuskilyrðum framhaldsskólanna.

Hér var sagt áðan nokkuð um þátttöku unglinga í atvinnulífinu í sambandi við skóla, og var heldur óvirðulegum orðum um það farið. En ég verð að segja það, að ég lít öðruvísi á það mál. Ég gat þess áðan, að seinna tímabil skólaskyldunnar, þó að hún væri aðeins til 14 ára aldurs, sérstaklega ef hún væri til 16 ára aldurs, væri viðkvæmt tímabil. Það er breytingatímabil hjá unglingum, þegar „karakter" breytist jafnan og kynhvöt þeirra vaknar, og það eru ótal erfiðleikar, sem þau verða fyrir á þessum aldri, og þess vegna er þeim bæði andleg og líkamleg nauðsyn, að vel fari um þá og þeir lifi sæmilega fjölbreytilegu lífi. Ég hygg, að það yrði best framkvæmt með því, að frá 14 ára aldri yrði árinu skipt milli unglinganna í 6 mánaða bóklegt nám í skóla og 6 mánaða þátttöku í atvinnulífi, að fráteknum einhverjum frítíma. Og ég hygg, að það kynni að koma fyllilega til greina, að þessu 6 mánaða bóklega skeiði yrði skipt í tvo eða þrjá kafla, þar sem skólatímabilið yrði — við skulum segja 2 mánuðir eða 3 mánuðir, þar sem sérstök fög væru tekin fyrir í hverri önn og þeim áfanga lokið á þessu tímabili. Með þessu móti mundu unglingar úr framhaldsskóla ekki koma til vinnu algjörlega kunnáttulausir í ástandi atvinnulífsins og öllum aðstæðum þar, algjörlega þekkingarlausir á þjóð sinni utan skóla. Og ég held, að með því móti að kenna 6 daga í viku og kannske að fækka eitthvað frídögum, sem nú gerast í skólum, mætti kenna unglingum jafnmikið á 2 sinnum 3 mánaða tímabili eins og gert er nú á 8 mánuðum. Þar að auki er ekki vafi á því og mér finnst það mikill ljóður á þessu frv., að maður fær enga hugmynd um, að teknir séu í notkun þeir möguleikar til kennslu, sem nú eru fyrir hendi gegnum sjónvarp, gegnum myndsegulband og ýmsar aðrar nýjungar, sem hafa komið fram í sambandi við tækniþróun

heimsins. Ég held, að ýmis af þeim fögum, sem verið er að troða í krakkana og unglingana mánuðum saman á hverju ári, mætti hæglega kenna frá einum stað á landinu og þá gætu nemendur, hvort sem væri á Horni, á Austfjörðum eða í Reykjavík, notið sama kennarans og gætu svo tekið próf í greininni í sínum skólum heima fyrir.

Á þennan hátt held ég, að námsskráin, framhaldsskólarnir og grunnskólinn verði í raun og veru allt að ræðast í einu lagi, og mér fellur það ekki, að ekki skuli nú, þegar verið er að setja hér ný lög, sem eiga sannarlega að standa í meginatriðum a. m. k. um 10—20 ár, einkum ef maður hefur í huga, að það er ætlast til, að þau verði ekki komin til fullra framkvæmda fyrr en eftir 10 ár, þá finnst mér vanta einhverjar þær nýjungar, sem gerðu okkur kleift að prófa eitthvað annað en við búum við í dag. Hvað sem segja má um aðstöðumuninn milli dreifbýlis og fjölbýlis, þá held ég, að það fari ekki á milli mála, að það vantar eitthvað í okkar skólakerfi hér í fjölbýlinu. Námsárangur virðist fara versnandi ár frá ári, enda þótt við fáum sí og æ betri kennara og fjölhæfari og betri aðstöðu í skólunum fyrir unglingana. Ég er ekki að segja, að þetta sé endilega leiði eða leti, en það vantar þarna eitthvað í, og ég hef þá trú, að það sé þessi langa skólavera, bæði um árafjölda og langan tíma á hverju ári, sem gerir það að verkum, að hluti af unglingunum beinlínis gefist upp.

Ég neita því ekki, að það er í þessu frv. margt til bóta og m. a. það, að tekið er meira tillit til þeirra, sem erfitt eiga með nám, en áður var. En ekkert af þessu er neitt nýmæli. Þetta hefur verið gert áður og er gert víða nú í dag. Sama er að segja um sálfræðiþjónustu, hún er fyrir hendi, en nú á að auka hana og ráðgjöfina, og því ber ekki að neita, að því vafasamara sem skólakerfið er, þeim mun meiri þörf er á öflugri sálfræðiþjónustu. En ég get ekki hugsað mér annað og hef þá trú á því, að í framtíðinni verði tímabilinu skipt meira milli skólanáms og vinnu og ekki bara í grunnskóla, ekki bara í barnaskóla og unglingaskóla, heldur einnig í framhaldsskólum og háskóla. Ég lít svo á, að það sé þroskandi fyrir nemendur bæði andlega og líkamlega, hvort sem menn ætla að verða læknar, lögfræðingar, prestar eða iðnaðarmenn, að þá sé það þroskandi að taka þátt í sem fjölbreytilegustu atvinnulífi. Og ég er ekki í nokkrum vafa um það, að þetta gæti orðið okkar þjóð í framtíðinni til mikilla heilla, þótt ekki væri nema það, að með því að fjölga svo á vinnumarkaðinum eins og mundi gerast með þessari aðferð, þá gæti e. t. v. sú 40 stunda vinnuvika, sem nú hefur verið lögleidd, orðið meira en pappírsgagn eitt. Að sjálfsögðu yrði þetta ekki gert í einni svipan, en það á ekki heldur að framkvæma grunnskólafrv. í einni svipan. Og mér þætti leitt, ef n., sem fær þetta mál til umsagnar hér, reyndi ekki að afla sér upplýsinga um það, hvort þeir mætu menn, sem standa að þessu frv., hafa hugleitt þessa hluti og þá ekki síst lengingu skólaskyldunnar niður á við. Ég held það hljóti að vera. Það væri fróðlegt að heyra, hvort þar finnast á þeir gjaldgengu agnúar, þannig að þetta sé ekki framkvæmanlegt.

Því hefur verið haldið fram, að þetta mundi valda mikilli útgjaldaaukningu. Ég held, að það sé alls ekki tilfellið. Dagheimilum fjölgar og innan tíðar verða flest börn í landinu á aldrinum 5—6 ára á dagheimilum. Og ef dagheimilin á að nota sem geymslustofnanir, þá er ómetanlegur skaði skeður. Þroski 7 ára barna hlýtur að sjálfsögðu að fara eftir því, hvernig að þeim hefur verið búið og hvernig viðurgerning, andlega og líkamlega, þau hafa haft frá tímabilinu 3—7 ára. Og með því að skólakerfið taki við þeim snemma ætti að fást möguleiki til þess, að þau gætu 14 ára verið búin að gleypa í sig allt það, sem 16 ára unglingar eiga að vita eftir þessu frv.

Ég held, að ég leggi ekki í að fara út í einstakar gr. þessara frv. Þau hafa verið rækilega rædd hér. Eins og ég segi, þá er að sjálfsögðu margt til bóta í þessu frv. eða þessum frv. báðum, en þar er líka geysilega margt, sem er vafasamt og veldur mikilli útgjaldaaukningu. Og það vil ég segja, að það hefur verið mikið gert hér úr aðstöðumuninum milli dreifbýlis og fjölbýlis, en ég leyfi mér að efast um, að árangurinn af skólastarfi í dreifbýlinu sé miklu lélegri en í fjölbýlinu. Þetta byggist á því, að þegar við tölum um hina lélegu aðstöðu dreifbýlisins, þá ferst fyrir að minnast á kostina og þeir eru í fyrsta lagi: Börnin munu vera betur búin undir skólavist, þegar þau koma 7 ára gömul til skóla frá sveitaheimilinu heldur en frá heimilinu í fjölbýlinu. Þetta er einfaldlega vegna þess, að þar eru foreldrarnir gjarnan báðir heima og vinnan fer fram á búunum og þess vegna meiri tími til þess að sinna börnum. Fyrir nokkrum árum, þegar ég þekkti þetta, þá veit ég ekki betur en að þau börn, sem komu inn í menntaskóla frá dreifbýlinu, væru betur búin undir skólann en fjölbýlisbörnin. Og þetta er hreint ekki óeðlilegt, því að það er svo margt og miklu fleira, sem glepur hér í stóru stöðunum, en úti í fámenninu.

Ég ætlaði ekki að fara að tala hér langt mál. Mig langaði aðeins að koma þessu á framfæri. Ég sakna þess, að ekki skuli brotið blað í skólasögunni með samþykkt þessara frv. Ég sé ekki, að svo verði, og vildi gjarnan óska eftir því, að þessi mál yrðu hugleidd lítils háttar, hvort ekki væri hægt að gera hér tilraunir með nýjar aðferðir í stað þess að elta þær leiðir, sem nágrannaþjóðir okkar hafa farið og þær sjálfar eru jafnvel orðnar hundleiðar á, fáum árum eftir að þær tóku þær í notkun. Ég held, að í framtíðinni muni það verða svo, að fólkið verði lengur að læra, það verði fleiri ár í skóla en styttri tíma í einu, — að það skiptist á skóli og vinna, eins og ég hef getið um, og þetta gerist ekki aðeins á unglingsárunum, heldur upp úr og að fullorðinsnám eigi eftir að vaxa í stórum stíl.

Helgi F. Seljan: Herra forseti. Ég skal reyna að hafa þetta stutt.. Ég verð að segja það, að ég tek undir með hv. 3. þm. Reykn., Oddi Ólafssyni, það er vissulega athyglisverð hugmynd, sem hann kemur með um skólaskyldualdurinn.

Ég held, að ég sé alveg tilbúinn að skoða hana í góðu tómi, og það er reyndar í samræmi við þær leiðir, sem ég hef farið í sambandi við eigin skólastörf, að færa einmitt námið nokkru neðar, ekki námið kannske beint, heldur taka nemendur inn og gera þá ýmislegt annað fyrir þá en sem lyti að beinu skólanámi.

Það eru aðeins örfá atriði, sem ég vildi gjarnan leiðrétta hér út af minni fyrri ræðu, sem mér virðist hafa verið örlítið misskilin. En fyrst vík ég að því, að ég er hræddur um, að við gerum nú kannske fullmikið af því, ef við förum beinlínis að rekja til skólanna orsakir — við skulum segja eins og glæpafaraldurs unglinga, eins og minnst var á hér áðan. Ég er þeirrar skoðunar, að þó að skólarnir geti verið einhver orsök í því, þá sé hún mjög óveruleg. Ég held, að sérstaklega hið rangsnúna lífsgæðamat í þjóðfélaginu, peningamatið, sé aðalorsök þessa og þar sé að finna meginræturnar að ýmsu því, sem unglingar finna upp á, og þá ýmsu líka því, sem unglingar finna að og gera uppreisn gegn og er býsna rotið í okkar þjóðfélagi. Við verðum að viðurkenna, að það er, svo að ég vil fara fara varlega í því að kenna skólunum eða hreinum námsleiða þar um. Ég held, að ég hafi ekki sagt það eða það var a. m. k. ekki mín meining að segja það, að námsleiðinn væri ekki til af ýmsum ástæðum. En námsleiðinn er bara notaður svo víðtækt í dag. Hann er notaður yfir hugtak, sem við þekkjum mætavel, að er til, hann er notaður yfir letina, og hann er notaður sem afsökun fyrir letina. Og það er það, sem er stórhættulegt. Það eru kennarar og foreldrar, sem hafa í raun og veru gengið of langt í notkun þessa orðs og hafa þetta orð uppi um það, sem er bara hrein leti. Hvort tveggja er til. Það er örugglega einhver námsleiði af ýmsum ástæðum, eins og ég benti á, ekki af einni, heldur mörgum, en við megum ekki flokka allt undir þennan námsleiða. Það er líka til vissulega sá löstur, sem leti heitir.

Hv. þm. Halldór Blöndal vék hér nokkuð að atriði í sambandi við árlegan starfstíma kennara. Mér er þetta mál einnig nokkuð kunnugt, og ég álít, að lenging starfstíma kennara sé einmitt að mörgu leyti nauðsynleg vegna þess, að hin löngu sumarleyfi kennara hafa verið notuð sem helsta röksemdin fyrir því að halda kaupi kennara niðri. Þó að kennarar hafi bent á, að þeir ætluðu ýmislegt annað að nota sumarleyfi sitt en til þess bara að leika sér, t. d. til námskeiða og annars slíks, þá hefur gengið illa að fá þetta viðurkennt. Ég álít, að ef kennarar fá á sig lengingu um einhverjar vikur, þá eigi þeir að hafa sterkar röksemdir um leið fyrir því, að kjör þeirra eigi að verða betri og ég álít, að þetta geti þýtt hreinlega kjarabót fyrir kennara. Þetta þekkir hv. þm. jafnvel og ég. Þetta hefur verið notað sem aðalröksemdin gegn því, að kennarar sætu við sama borð og aðrar stéttir, þ. e. a. s. það, að þeir fengju svo langt frí. Ég teldi líka ólíklegt, ef kennarastéttin lengdi þannig starfstíma sinn, þennan beina starfstíma, og hún færi ekki fram á það af fullri djörfung um leið, að launakjör kennara yrðu færð til samræmis við það. Það þykir mér sjálfsagt.

Ég verð að segja það, að ekki get ég fyllilega tekið undir með hv. þm. Halldóri Blöndal um það, að við ættum að koma seinfærustu nemendum okkar í vinnu. Ég hef einmitt um svona vinnu þessara nemenda ömurleg dæmi. Við vitum líka dæmi um hið gagnstæða, og hann nefndi þau, — en hvort tveggja er til, — þar sem þetta er bara notað sem hreinn vinnukraftur, án þess að nokkuð sé fyrir unglinginn gert að öðru leyti. Því er nú verr og miður, að þau sveitaheimili eru nú orðin fá, sem vilja taka við unglingum hreinlega til uppeldis, til góðra uppeldisáhrifa. Sveitaheimilin nú á dögum vilja því miður fá þessa unglinga til þess að setjast upp á dráttarvél og aka á henni jafnt á þjóðvegum sem á túni. Því er nú verr og miður, og ég hygg, að þessi lausn, sem vissulega hefur bjargað mörgum unglingum, sé ekki lengur til nema í svo litlum mæli, að það þýði ekki að vera að nefna hana.

Ég skal játa, að það réð miklu um stuðning minn við þetta grunnskólafrv., að góðir nemendur eiga þess kost að ljúka þessu námi á styttri tíma, en ég ætlaðist alls ekki til þess, að það yrði gert á kostnað hinna. Ég mælist einmitt til þess og ég hef skilið frv. þannig og ég hef þá misskilið hæstv. ráðh. og þá aðra menn, sem hafa staðið að samningu þessa frv., — ég hef þá misskilið þá, ef þetta frv. á ekki einmitt að stefna að því að gera hlut þeirra seinfærustu einnig betri, þó að það kosti jafnlangan tíma og þeir eru við námið í dag. Ég hef aldrei neitað því, að þeir þyrftu ef til vill að nota til þess jafnlangan tíma og þeir seinfærustu. Ég reikna alveg með því. (**Gripið fram í:** Það var rétt skilið hjá hv. þm.) Ég vona það.

En svo var þetta með atvinnulífið og uppsláttinn og allt það. Þarna fór örlítið að bera á misskilningi á milli okkar hv. 3. þm. Reykn. og hv. 2. þm. Norðurl. e. og það hefur sennilega stafað eitthvað af því, að ég fór að blanda félaga Mao í spilið. Þeir hafa þess vegna misskilið orð mín í sambandi við það og haldið, að ég væri á einhvern hátt að mæla óvirðulegum orðum um það, að unglingar tækju þátt í atvinnulífinu. Unglingarnir gera það nefnilega í dag í þessum framleiðsluatvinnugreinum okkar, sem ég kalla hið raunverulega atvinnulíf, sem allt í raun og veru snýst um. Ég er síður en svo á móti því að unglingar geri það. Ég læt mína unglinga gera það, mína syni og dætur, og ég vil einnig láta aðra unglinga gera þetta. En ég sagði bara, að það ættu fleiri að koma inn í þetta dæmi og þar ættum við að fylgja félaga Mao. Og mér heyrðist á hv. þm. Halldóri Blöndal og reyndar hv. 3. þm. Reykn., að þeir hefðu svo sem ekkert á móti því að fylgja máli mínu í þessu efni, og ég fagna því sannarlega. Ég tel ekki, að unglingar hafi illt af því að vinna með fullorðnum, þar er langur vegur frá, og ég vona, að ég hafi ekki sagt neitt, sem gat skilist í þá áttina. Það vona ég svo sannarlega. En hafi þeir misskilið eitthvað orð mín um þetta ærlega handtak og haldið, að ég hafi ætlað að slá mér upp á því, að ég væri að brigsla þm. hér um leti og segja, að þeir ynnu ekki neitt, þá var það alls ekki mín meining. Þetta er nú einu sinni sú stétt, sem ég er í í dag, og þess vegna fannst mér ósköp nærtækt að vitna til sjálfs mín með þetta. Og ég skal játa það í þessum ræðustól

hreinlega, að það er mikil sálubót að því að koma heim í páskafrí, ekki til þess að fara á fundi þvers og kruss um héraðið, eins og ég þurfti reyndar líka að gera, heldur að fara og gefa rollunum sínum og annað slíkt, eins og ég gerði nú í páskafríinu. Og það er mikil sálubót að því einnig að heyja handa þessum sömu rollum yfir sumarið. Ég gat þess vegna tekið þetta sem persónulegt dæmi, án þess að ég væri að brigsla þm. um það, að þeir ynnu ekki störf sín af fullkomnum heiðarleika. Það eru ekki mín orð. En það eru margra annarra orð utan þings, að við stöndum illa í okkar starfi, en ekki vil ég taka undir það.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 11 shlj. atkv. og til menntmn. með 11 shlj. atkv.

Grunnskóli, frv. (þskj. 724). — 1. umr.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 11 shlj. atkv. og til menntmn. með 11 shlj. atkv.

Verkfræðingar, frv. (þskj. 16, n. 692). — 2. umr.

Frsm. (Ragnar Arnalds): Herra forseti. Iðnn. deildarinnar hefur haft til athugunar frv. til l. um rétt manna til að kalla sig verkfræðinga, húsameistara, tæknifræðinga eða byggingafræðinga.

Frv. þetta er þess efnis, að þeir einir hafi rétt til að kalla sig auglýsingateiknara, húsgagna- og innanhússhönnuði, sem fengið hafa til þess leyfi frá ráðh., og síðan er í frv. greint frá því, hvaða skilyrðum menn þurfi að fullnægja til þess að fá áðurnefnt leyfi.

Iðnn. hefur fengið margar umsagnir um frv. þetta, ekki færri en 13 talsins, og reyndist þetta mikið ágreiningsmál.

Bandalag háskólamanna, Félag ísl. teiknara, Stjórn Byggingafræðingafélags Íslands og Félag húsgagnaarkitekta ásamt Tæknifræðingafélagi Íslands og Arkitektafélagi Íslands skiluðu öll jákvæðum umsögnum um frv. og mæltust til þess, að frv. yrði samþykkt.

Stjórn Verkfræðingafélags Íslands lagði hins vegar til, að frv. yrði vísað frá, fyrst og fremst á þeim forsendum, að ákvæði um réttindi manna til þess að kalla sig auglýsingateiknara eða húsgagna- og innanhússhönnuði ættu ekki heima í þessum lögum. Og með því að setja inn ákvæði í þessi lög, þ. e. a. s. bæta við fleiri starfsheitum inn í þau lög, sem fyrir voru og fjölluðu áður um verkfræðinga, húsameistara, tæknifræðinga og byggingafræðinga, væri hætt við, „að öryggissjónarmiðin, sem við teljum megintilgang laga nr. 73 1968, riðluðust," eins og tekið er til orða í umsögn Verkfræðingafélagsins. N. komst þó að þeirri niðurstöðu, að þessi aths. væri ástæðulaus og ekki mundi hallað á rétt þeirra, sem áður höfðu fengið lögfestan rétt sinn, þótt bætt væri við ákvæðum um aðrir stéttir.

Félag kvikmyndagerðarmanna tekur ekki beina afstöðu til frv., en telur þó, að ýmis ákvæði í grg. þess séu varhugaverð, og telur, að þar sé hugsanlega verið að ganga á rétt kvikmyndagerðarmanna með því, að auglýsingateiknarar fái þann rétt, sem lögin greina.

Aðrir umsagnaraðilar voru einkar neikvæðir til frv. og skal þeirra hér getið í örfáum orðum.

Í fyrsta lagi er um að ræða Félag ísl. prentiðnaðarins, sem segir m. a. í umsögn sinni:

„Starfsemi auglýsingateiknara beinist fyrst og fremst að gerð hugverka, og vill stjórn félagsins vara við afleiðingum þess, að afmörkuðum hópi sé veittur einkaréttur á að kalla sig hugmyndasmiði í þessum efnum eða öðrum."

Og í bréfinu segir að lokum:

„Stjórnin leggur því til, að umrætt lagafrv. verði því ekki samþykkt, þar sem lagasetning um þessi atriði verði að teljast óeðlileg og að eðlilegast sé, að málin þróist á sama hátt og verið hefur til þessa."

Hið ísl. prentarafélag sendi n. langa grg. og harðorða, og er niðurstaða hennar sú, að lagasetning á þessu sviði sé ónauðsynleg og röng. Hún gangi í berhögg við eðlilega þróun um opnun námsbrauta, að bókagerðarmaður með 4 ára iðnskólanám í hönnun og gerð prentgripa, skuli þurfa 4 ára nám við Myndlista- og handíðaskóla Íslands eða próf frá stofnun, sem áðurnefndur skóli viðurkennir, til þess að geta stundað í atvinnuskyni eftirtalin störf í auglýsingagerð: Gerð merkja, bréfhausa, léttra umbúða o. s. frv. — Aths. þessi er sama eðlis og hin fyrri, að umsagnaraðilinn telur, að með þessu sé gengið á rétt prentiðnaðarins og að með frv. sé verið að veita auglýsingateiknurum einkarétt til starfa, sem lengi hafi verið á hendi prentara.

Sama eðlis er aths. í umsögn frá Bókbindarafélagi Íslands, sem leggur til, að frv. þetta verði fellt á Alþ., svo að allir geti „unnið saman í friði og spekt eins og hingað til," eins og segir í umsögninni, og þar eru færð rök að því, að bókbindarar hafi unnið verk, sem auglýsingateiknarar séu nú að krefjast einkaréttar til, og þarna sé stofnað til hins mesta ófriðar og ástæðulaust sé að samþ. frv. af þeirri ástæðu.

Umsögn Bóksalafélags Íslands er sama eðlis, og ég ég ekki ástæðu til að rekja hana í smáatriðum, en stjórn Bóksalafélagsins leggur til, að lagafrv. þetta verði ekki samþ., þar sem hún telur lagasetningu um þessi atriði óþarfa og ranga og bendir jafnframt á, að þróun þessara mála hafi verið og hljóti að vera eðlileg án lagasetningar. Rökin eru sem sagt öll þau sömu sem áður hafa verið greind hjá aðilum prentiðnaðarins.

Að öllum þessum umsögnum fengnum er því ekki að leyna, að iðnn. var í nokkrum vafa um, hvað gera skyldi, og þegar litið var nánar á grg. frv., virtist ljóst, að samkv. grg. kynni að vera að því stefnt að veita þeim aðilum, sem nefndir eru í frv., einkarétt til þeirra starfa, sem greind eru þar. M. a. segir í grg.:

„Er því síst að ófyrirsynju, að þeim, sem hafa aflað sér slíkrar sérþekkingar, sé mikið

í mun, að þeir hafi erindi sem erfiði og þ. á m. að þjóðfélagið virði framlag þeirra og framtak, m. a. með því að veita þeim opinbera viðurkenningu í mynd starfs- og stéttarheita til að tryggja rétt þeirra gegn hugsanlegum ágangi annarra, sem ekki hafa til brunns að bera svo ítarlega þekkingu og sérhæfni sem hér er krafist.“

Fleiri ummæli í grg. stefna í svipaða átt.

Eftir að n. hafði rætt þetta mál allmikið, komst hún að þeirri niðurstöðu, að hér hlyti að vera um allmikinn misskilning að ræða. Frv. fjallar um það eitt, að menn öðlist rétt til að kalla sig ákveðnum stéttarheitum — í þessu tilviki auglýsingateiknara og húsgagna- og innanhússhönnuði, en frv. veitir alls ekki einkarétt til að rækja þau störf, sem kynnu að felast í viðkomandi hugtökum. N. telur því, að mótmæli þeirra aðila, sem hér voru nefndir áðan, séu á misskilningi byggð. N. viðurkennir hins vegar, að ákveðin ummæli í grg. eru villandi, og er því eðlilegt, að þessi misskilningur sé upp kominn.

Iðnn. leitaði til iðnrn. og lagði fram þá ákveðnu spurningu, hvort ætlunin væri að veita mönnum sérréttindi til ákveðinna verka með flutningi þessa frv., og fékk svar, þar sem ótvírætt var borið á móti því. Þar segir m. a.:

„Í lögunum er viðkomandi starfsstéttum, sem rétt eiga til starfsheitis, ekki jafnframt veittur einkaréttur til starfa á viðkomandi sviði. Rétturinn til starfsheitis tryggir þá, sem aflað hafa sér tilskilinnar lágmarksmenntunar, gegn ágangi á starfsheitið, án þess að þeim sé jafnframt tryggður réttur, hvað þá einkaréttur til viðkomandi starfs.“

Að fengnum þessum upplýsingum frá iðnrn. taldi n. sér fært að mæla með samþykkt frv. með ákveðinni breyt., en hún er sú, að aftan við frv., sem er hálfgerður bandormur, þar sem það er endurtekning á ákveðnum starfsheitum fyrst og síðan í næstu grein, hvað til þurfi, til að hægt sé að veita viðkomandi leyfi, og síðan kemur næsta starfsstétt, og þannig eru taldar upp sex starfsstéttir í röð, — n. telur sem sé eðlilegast, að aftan við þessi efnisatriði frv. og væntanlegra laga komi ný grein, svo hljóðandi:

„Réttur sá til starfsheitis, sem lögum þessum fylgir, felur ekki í sér einkarétt til ákveðinna verka.“

Með því að bæta þessari setningu inn í frv. yrði tekin af öll tvímæli um, að ekki er verið að ganga á rétt þeirra stétta, sem unnið hafa verk, sem hugsanlega falla undir þau starfsheiti, sem frv. fjallar um.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Neðri deild, 109. fundur.

Föstudaginn 19. apríl, kl. 2 miðdegis.

Gjaldmiðill Íslands, frv. (þskj. 557, n. 679). — 2. umr.

Frsm. (Vilhjálmur Hjálmarsson): Herra forseti. Fjh.- og viðskn. hefur athugað þetta frv. og leggur til, að það verði samþykkt óbreytt.

ATKVGR.

1. gr. samþ. með 22 shlj. atkv.
2. gr. samþ. með 23 shlj. atkv.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Frv. vísað til 3. umr. með 22 shlj. atkv.

Málflytjendur, frv. (þskj. 338, n. 542, 558). — 2. umr.

Frsm. (Jón Skaftason): Herra forseti. Allshn. þessarar hv. d. hefur að undanförnu haft til athugunar frv. til laga um málflytjendur, 191. mál þessa þings. Nefndin sendi frv. til umsagnar nokkrum aðilum, og til viðræðu við nefndina komu m. a. þrír stjórnarmeðlimir Orators, félags laganema, og eins bárust n. álitsgerðir frá Dómarafélagi Íslands, Lögmannafélagi Íslands, Félagi bankalögfræðinga, Hæstarétti og Orator, félagi laganema. Hefur n. yfirfarið allar þessar umsagnir og álitsgerðir, og er niðurstaða n. sú að leggja til, að frv. verði samþykkt með nokkrum breytingum, sem er að finna í nál. á þskj. 542 og ég ætla að víkja að örfáum orðum.

Brtt. þær við frv., sem n. stendur öll að, eru þrjár. Fyrsta breytingin er við 7. gr. frv. um það, að við 3. málsgr. bætist: „Þessa ákvörðun má kæra til lögmannsdóms skv. 11. gr. með 4 vikna kærufresti. Á sama hátt má kæra til lögmannsdóms ákvörðun um málsvarnarlaun í opinberu máli.“ Þessi breyting er ljós, og þykir mér ástæðulaust að fara um hana frekari orðum.

Önnur brtt. n. er við 10. gr. 4. málsgr. Lagt er til, að 4. málsgr. orðist svo: „Laun dómenda í lögmannsdómi skulu greiðast úr ríkissjóði eftir úrskurði dómsmrh.“

Þriðja og síðasta brtt. n. og sú, sem er einna mikilvægust, er við 13. gr. 5. tölul. Lagt er til, að 1. málsl. hans orðist svo: „Hefur starfað sem tilkynntur fulltrúi héraðsdóms- eða hæstaréttarlögmanns í eitt ár og eftir þann tíma sýnt hæfni sína með flutningi tveggja munnlega fluttra mála eða að öðrum kosti sýnt hæfni sína með flutningi 4 munnlegra mála fyrir prófnefnd, er dómsmrh. skipar. — Prófnefndin skal fylgjast með starfi að undirbúningi málflutningsins og stuðla að því, að hann veiti prófmanni þekkingu á störfum lögmanna. Dómsmrh. setur með reglugerð ákvæði um prófgreinar, framkvæmd prófs, skipun prófnefndar o. fl. að fengnum till. Lögmannafélags Íslands.“

Í nál. hefur fallið niður að geta þess, að nefndarmenn hafa skrifað undir það með þeim almenna fyrirvara, að þeir hefðu rétt til þess að flytja eða fylgja brtt.

Ég sé svo ekki ástæðu til þess að fara fleiri orðum um málið.

Ellert B. Schram: Herra forseti. Ég hafði átt von á því, að einhver af tillögumönnum um brtt. á þskj. 558 gerði grein fyrir þeirri brtt. við þessa umr., en svo virðist ekki vera, en ég hafði hins vegar hugsað mér að tjá mig um þessa till. með nokkrum orðum.

Þetta frv. vafðist nokkuð fyrir n. vegna þess, að nokkur óánægja hafi komið fram um 13. gr.

frv., sem fjallar um, hvernig ungir lögfræðingar geta öðlast héraðsdómslögmannsréttindi. Hafa komið fram álitsgerðir frá Dómarafélaginu, frá Lögfræðingafélaginu og frá laganemum í þá áttina, að frv. yrði breytt í þá átt, að við lagadeild háskólans yrðu sett á sérstök námskeið, sem ungir lögfræðingar, kandídatar, gætu sótt til þess að öðlast réttindi sem héraðsdómslögmenn. Þetta töldu þeir vera eðlilegri leið en þá, sem lögð var fram í frv. upphaflega, að ungir lögfræðingar gætu aðeins öðlast þessi réttindi með því að gerast fulltrúar hjá viðurkenndum starfandi lögfræðiskrifstofum. Nefndin fjallaði nokkuð um þessa leið, en komst síðan að þeirri niðurstöðu, eins og frá er greint í áliti n. og frsm. hefur gert hér grein fyrir, að auk þess sem lögfræðingar geta starfað sem fulltrúar hjá héraðsdóms- og hæstaréttarlögmönnum í eitt ár og eftir þann tíma sýnt hæfni sína með flutningi tveggja munnlegra fluttra mála, geta þeir jafnframt öðlast þessi réttindi með því að flytja fjögur munnleg mál með samþykki þar til skipaðrar prófnefndar, og taldi n., að þar væri girt fyrir það, að ungir lögfræðingar gætu ekki fengið þessi réttindi, ef þeir vildu og hugur þeirra stæði til.

En í umr., sem urðu í n., spratt sú till., sem er nú komin fram á þskj. 558 og flutt er af 4 hv. þm. deildarinnar, en sú brtt. gerir ráð fyrir því, að við lagadeild Háskóla Íslands sé sett á stofn lögfræðiskrifstofa, er veiti efnalitlu fólki almenna málflutningsþjónustu gegn vægu gjaldi. Skal ráðh. skipa forstöðumann lögfræðiskrifstofu lagadeildarinnar, og síðan ræður forstöðumaður starfsfólk, og geta þá lögfræðinemar eða ungir lögfræðingar hlotið málflutningsréttindi með því að starfa við þessa skrifstofu í eitt ár.

Ég vildi láta þá skoðun mína í ljós hér, að þessi till. sé óeðlileg og þjóni ekki þeim tilgangi, sem hún er ætluð til. Í fyrsta lagi tel ég hana óeðlilega, þar sem þarna er gert ráð fyrir starfsemi á vegum Háskóla Íslands, sem auðvitað væri eðlilegra, að kæmi í lög um Háskóla Íslands, en ekki í lög um málflytjendur. Ef hv. Alþingi er þeirrar skoðunar, að slíka stofnun eigi að setja á fót í háskólanum, þá er eðlilegra, að slík breyting sé gerð á lögunum um háskólann, en ekki sett inn í þau lög, sem hér eru til meðferðar.

Í öðru lagi tel ég, að með því að setja þessa málflutningsþjónustu á stofn sé aðeins verið að stofna eina nýja lögfræðiskrifstofu hér í borg, án þess að hún á nokkurn hátt skapi eða opni einhverja möguleika fyrir unga lögfræðinga að fá réttindi né heldur að það séu aukin réttindi fyrir efnalítið fólk að fá þessa þjónustu.

Það er nú viðurkennt í lögum, að ef fólk er ekki talið hafa efni á því að sækja rétt sinn hjá dómstólum, þá er því veitt gjafsókn samkv. leyfi eða úrskurði ráðuneytis, og á það við bæði um opinber mál og einkamál, og tel ég litla fyrirstöðu á því, að fólk geti sótt um gjafsókn, þegar þannig stendur á, að það hafi ekki efni á málshöfðun að öðrum kosti. Þessi málflutningsþjónusta, sem till. gerir ráð fyrir, mun að sjálfsögðu kosta ríkissjóð nokkurt fé, vera aukið álag á háskólanum og vera í reynd rekin með sama hætti og almennar lögfræðiskrifstofur, og er ekki sjáanlegt, að það hafi neina grundvallarþýðingu, eins og á stendur.

Mér er kunnugt um það, að á Norðurlöndum eru gerðar tilraunir til þess að koma til móts við þau sjónarmið, sem að baki þessarar brtt. liggja, með ýmsum öðrum hætti, og er það fólgið einkum í því, að fólki er veitt svokölluð réttarhjálp, og er hún framkvæmd með þeim hætti, að efnalítið fólk getur snúið sér til félagsmálastofnana eða viðkomandi sveitarfélaga, gert grein fyrir málum sínum, og þar er lagt mat á málið og málsatvik, og ef viðkomandi yfirvöldum sýnist svo, þá heimila þau viðkomandi einstaklingi að leita til starfandi lögfræðinga, sem síðan fá greitt fyrir þá þjónustu, sem þeir veita, frá viðkomandi félagsmálastofnun eða sveitarfélagi. Þannig eru þessi mál leyst, og mér er ekki kunnugt um annað en að það hafi reynst farsællega, og ég held, að það sé eðlilegra fyrir okkur Íslendinga að skoða þessa leið, áður en við ráðumst í að stofna sérstaka lögfræðiskrifstofu við Háskóla Íslands í þessu skyni.

Þetta vildi ég láta koma fram, að ég í sjálfu sér skil flutning þessarar till., en ég er andvígur till., tel hana óþarfa og óæskilega og ekki þjóna sínum tilgangi eða neinum tilgangi og tel eðlilegra, að við könnum aðrar leiðir og skoðum þá löggjöf á Norðurlöndum, sem er vitnað hér til, áður en við gerum breytingar hjá okkur með þessum hætti. Vil ég leggja til, að hæstv. dómsmrh. beiti sér fyrir því, að jafnframt því sem lög um málflytjendur eru samþykkt, þá gefi hann einhvers konar yfirlýsingar um, að rn. eða hann fyrir sitt leyti vildi láta skoða þessa leið, þannig að þá þyrftum við ekki að vera að samþ. brtt., sem fram kemur á þskj. 558.

Svava Jakobsdóttir: Herra forseti. Ég hef ásamt þrem hv. þm. öðrum, sem allir eiga sæti í allshn. þessarar hv. d., leyft mér að flytja brtt. við frv. til l. um málflytjendur, sem hér er til 2. umr. Till. er nokkuð löng, en hljóðar svo, með leyfi forseta:

„Við lagadeild Háskóla Íslands er heimilt með samþykki ráðherra að setja á stofn lögfræðiskrifstofu, er veiti efnalitlu fólki almenna málflutningsþjónustu gegn vægu gjaldi, sem ákveðið skal í reglugerð, óháð gjaldskrá Lögmannafélags Íslands. Ráðh. skipar forstöðumann lögfræðiskrifstofu lagadeildar Háskóla Íslands að fenginni umsögn lagadeildar, og skal hann hafa starfað sem héraðsdómari eða héraðsdómslögmaður a. m. k. um þriggja ára skeið og uppfylla að öðru leyti skilyrði þau, sem nefnd eru í 17. gr., 1.—4. tölulið.

Forstöðumaður ræður starfsfólk skrifstofunnar í fullt starf eða í hluta af starfi, og skal einkum við það miðað, að lögfræðinemar eða ungir lögfræðingar, sem ekki hafa hlotið málflutningsréttindi, hljóti þar eins árs starfsþjálfun. Forstöðumaður úthlutar verkefnum, tekur ákvörðun um málshöfðanir og hefur umsjón og eftirlit með allri starfsemi skrifstofunnar, sem skal veita alla venjulega þjónustu.

Nánari ákvæði um starfsemi lögfræðiskrifstofu lagadeildar Háskóla Íslands, þ. á m. um

þóknun og ráðningarkjör starfsmanna, skulu sett með reglugerð að fenginni umsögn lagadeildar."

Áður en ég vík að því, sem hv. 9. landsk. sagði um þessa brtt., vil ég gera almenna grein fyrir forsendum hennar. Tilgangur hennar er tvíþættur: annars vegar sá að gera efnalitlu fólki kleift að njóta lögfræðilegrar aðstoðar, en það er mjög brýnt, að jafnrétti ríki í þeim efnum og að efnaleysi hamli ekki, að menn geti rekið réttar síns, en hins vegar að opna enn aðra leið fyrir lögfræðinga til þess að afla sér málflutningsréttinda til viðbótar þeim, sem frv. gerir ráð fyrir.

Í umsögnum þeim, sem allshn. barst um frv., þegar það lá fyrir Alþingi á síðasta þingi, kom fram, að helsta andstaðan gegn frv. var sú, að leiðir þær til málflutningsréttinda, sem það gerði ráð fyrir, þóttu takmarka um of aðgang að lögmannastéttinni. N. í heild gerir að vísu ráð fyrir því í brtt. sinni, að úr þessu verði að nokkru bætt, en í umsögnunum og viðtali n. við Orator, félag laganema, komu fram ábendingar og hugmyndir um námskeið innan lagadeildarinnar, þar sem mönnum væri kennt og þeir þjálfaðir í þeim störfum, sem lögmenn hafa helst með höndum. Ég tel rétt í þessu sambandi að vitna til þriggja umsagna.

Í umsögn Dómarafélags Íslands segir, með leyfi hæstv. forseta:

„Af þessum sökum telur stjórn félagsins rétt að benda á þriðju innkomuleiðina í lögmannastétt, en hún gæti verið í gegnum sérstakt nám við lagadeild Háskóla Íslands, þar sem mönnum væri bæði kennt og þeir þjálfaðir í þeim störfum, sem lögmenn hafa helst með höndum. Ætti slík námsbraut að geta gert þeim mönnum kleift að komast inn í lögmannastétt, sem af einhverjum ástæðum hafa ekki getað komist þangað eftir hinum leiðunum, en hafa þó bæði hæfileika og löngun til lögmannsstarfa."

Þannig segir í umsögn Dómarafélags Íslands. Í umsögn lagadeildar Háskóla Íslands um þetta atriði segir:

„Hins vegar eru reglur þær, sem í frv. eru, líklegar til að gera ungum lögfræðingum óþarflega erfitt fyrir, ef þeir óska eftir málflutningsleyfi. Telur deildin koma til greina að hafa próf eða námskeið og próf fyrir slíka menn."

Og í umsögn Orators, félags laganema, segir, með leyfi forseta:

„Ef talið er, að lagamenntun við Háskóla Íslands sé ekki fullnægjandi undirbúningur undir þau störf, sem hér um ræðir, er það skoðun félagsins, að eðlilegast sé, að lögfræðingum verði gert kleift með frekara námi við lagadeildina að uppfylla þau viðbótarskilyrði, sem gerð verða til leyfisveitingar."

Á fundi sínum með n. ítrekaði stjórn Orators þessa skoðun sína um nám og þjálfun af því tagi, sem hér um ræðir, og taldi rétt, að það færðist inn í háskólann, en hafnaði raunar þeirri leið, sem frv. gerir ráð fyrir, og taldi þá leið hliðstæðu við meistarakerfið í iðnnámi, sem menn nú almennt telja óæskilegt.

Ég hef rakið þetta nokkuð ítarlega til að leggja áherslu á, að brtt. okkar fjórmenninganna gengur að nokkru í þá átt að koma til móts við þessa aðila. Við höfum hins vegar talið rétt, að í stað námskeiðs, þar sem hætta yrði á, að kennarar mötuðu nemendur á tilbúnum verkefnum, ætti þessi þjálfun og þetta nám að tengjast raunveruleikanum og raunverulegum vandamálum. Með því að vinna að lögfræðilegum verkefnum á starfandi skrifstofu hlytu lögfræðingar að öðlast mikilvæga reynslu. Þeir mundu kynnast fólki í vanda, sem því bæri að höndum, og fá tækifæri til að kynnast og rækja þennan starfa sinn í raun. En allir aðilar eru sammála um, að nauðsynlegt sé, að þeir öðlist slíka reynslu.

Þá kem ég að því atriði, sem okkur er ekki síður áhugamál, að komið verði á fót hér á landi, en það er lögfræðileg aðstoð til handa þeim, sem sakir efnaleysis veigra sér við því að leita aðstoðar. Enn hefur engri slíkri þjónustu verið komið á fót hér á landi, enda þótt verið sé að vinna að því af kappi á hinum Norðurlöndunum að bæta það kerfi, sem þar er. Að vísu er til gjafsókn hér, eins og hv. 9. landsk. þm. nefndi, en hún gildir þó aðeins, ef til málshöfðunar kemur. Skrifstofa af því tagi, sem hér um ræðir, mundi veita alla lögfræðilega þjónustu. Starf hennar mundi ekki vera eingöngu bundið við málshöfðanir. Ég verð þess vegna að vísa algjörlega á bug þeim orðum hv. 9. landsk. þm., að þjónustan, sem brtt. okkar gerir ráð fyrir, mundi ekki auka rétt efnalítils fólks. Þykir mér þar allmikið sagt og ekki rökstutt. Hins vegar get ég vel á það fallist, að þetta mál þurfi nánari athugunar við. Þetta mál er mjög stórt í sniðum og veltur á miklu, að vel takist.

Það má telja ókost, að þessi þjónusta fyrir efnalitið fólk sé bundin Háskóla Íslands og þar með einum stað á landinu, þ. e. a. s. Reykjavík og nágrenni. Þessi þjónusta þyrfti tvímælalaust að komast á um landið allt, og ég hef því ákveðið að taka þessa brtt. aftur til 3. umr. Ég verð að taka fram, að mér hefur ekki unnist tími til að bera þá ákvörðun undir meðflutnm. mína, en ég vona, að í ljósi þess, sem hv. 9. landsk. þm. sagði hér, muni þeir vera sammála mér um, að komast á um landið allt, og ég hef því ákveðhvort samkomulag næst í nefndinni, t. d. um bráðabirgðaákvæðin um, að n. skuli skipuð til þess að vinna að frv. um réttaraðstoð af þessu tagi til handa efnalitlu fólki. Þá gæfist meira svigrúm til þess að kanna fleiri kosti. Er það von mín, að unnt verði að ná meiri samstöðu innan n. og á hv. Alþ. um þessi mál, og að viðurkennd verði nauðsyn þess, að láta nú til skarar skríða með að koma á fót þeirri þjónustu, sem hér er lögð til.

Forsrh. (Ólafur Jóhannesson): Herra forseti. Ég hefði kannske getað sparað mér að taka til máls, þar sem ég ætlaði fyrst og fremst að tala um þessa brtt., en flm. hennar hefur lýst því yfir, að hún væri tekin aftur til 3. umr., svo að það má segja, að það sé kannske ekki þörf á því nú að vera að ræða mikið um hana. Nokkur orð vil ég þó segja.

Ég vil fyrst segja það um brtt. þær, sem frá allshn. koma í heild, að á þær get ég fallist. Ég get fallist á þá breytingu, sem gerð er á 13. gr. Þar er í raun og veru um það að ræða, að þar með er ungum lögfræðingum gefinn valkostur,

annaðhvort að fara eftir þeirri leið, sem frv. gerði ráð fyrir, eða þá að hverfa til eldri hátta og fara eftir þeirri leið, sem nú er í gildi og menn hafa ekki alltaf verið ánægðir með, enda er það svo, eins og ég benti á við framsögu málsins, að þegar sá háttur er hafður á, eiga ungir lögfræðingar það algerlega undir góðvild og samstarfi við lögmenn, sem fyrir eru, hvort þeir fá nokkur mál eða ekki, því að menn fara ekki með mál, sem þeir ætla að flytja, til lögfræðinga yfirleitt, sem engin réttindi hafa, heldur snúa þeir sér eðlilega til þeirra lögmanna, sem fyrir eru, leita til þeirra. Ég held, að þetta hafi gengið án stórra agnúa í framkvæmdinni, af því að lögmenn hafa, held ég, verið mjög liðlegir með að láta unga lögfræðinga hafa mál, og þess vegna má segja, að það hafi gengið stórslysalaust. En hitt getur ekki sakað, að þarna sé um tvo valkosti að ræða, og ég skal fyrir mitt leyti algerlega fallast á það.

Það, sem hefur verið haft á móti þessu, er, að þarna er gert ráð fyrir reynslutíma, og mér skilst, að það hafi verið sérstaklega það atriði, sem lögfræðinemum hafi verið þyrnir í augum. En þá er það auðvitað ekkert einsdæmi og ekkert bundið við þá, að svo sé. Þannig er það t. d. í sjálfri lögfræðingastéttinni, að til þess að verða skipaður héraðsdómari þurfa menn að hafa vissan reynslutíma að baki. Þannig er það í öðrum stéttum líka, eins og t. d. hjá læknum, en til þess að fá full réttindi verða þeir að hafa þjónað á spítölum vissan tíma sem kandidatar. Það er því alls ekki hægt að segja að mínum dómi, að með slíku ákvæði sé verið að innleiða neitt miðaldaskipulag og í líkingu við það, sem gildir um iðnnám, ef menn vilja kalla það skipulag því nafni. En sem sagt, ég skal fallast á þessar breytingar mjög gjarnan og vona, að með þeim geti þetta frv. um málflytjendur orðið afgreitt og náðst samkomulag um það.

Viðvíkjandi aftur á móti brtt. frá fjórum hv. þm. vil ég segja það, að þar sýnist mér blandað saman tveimur atriðum og að vissu leyti óskyldum, annars vegar því sjónarmiði að greiða götu ungra lögfræðinga til þess að ná í réttindi og svo hins vegar því að létta efnalitlu fólki, eins og sagt er, að leita réttar síns. Ég held, að ég hafi bent á það í framsögu um þetta mál, að það gætu fleiri leiðir komið til greina, sem farnar væru, einmitt til þess að ungir lögfræðingar fengju réttindi, og þá m. a. sú, að það væri komið á fót við lagadeild háskólans einhvers konar framhaldsnámskeiði, þar sem menn gætu verið sérstaklega búnir undir málflutning, og sýnist mér enn athugandi, hvort það er ekki rétt leið. En þá hafði það a. m. k. í mínum huga verið svo, að ég hafði gert ráð fyrir, að þar hefðu ekki komið raunveruleg mál, heldur yrðu það námskeið, þar sem mál væru tilbúin. — Þó að því sé svo háttað, getur auðvitað við það fengist mikil æfing, ekki síst, eins og sjálfsagt væri, ef slíku námskeiði veitti forstöðu maður með reynslu í lögmannsstörfum. Þetta finnst mér mjög koma til athugunar enn og getur verið til athugunar, þó að þetta frv. verði nú afgr., að gera þær endurbætur á lagadeild, að slíkt framhaldsnám gæti þar komist að. A. m. k. vil ég segja það, á meðan ég hef ekki athugað það mál meir en nú er, að ég dreg í efa, að það sé heppilegt að tengja það saman við þá hugsun, sem býr að öðru leyti að baki þessari grein, sem sé þeirri að létta róðurinn fyrir efnalitið fólk til þess að fá lögfræðilega aðstoð. Það er annað mál, að mér finnst, og á ekki heima í sambandi við hitt sjónarmiðið.

Það er vissulega mjög umhugsunarvert mál og athyglisvert að setja upp einhvers konar slíka stofnun. Það getur verið vafamál, hvort það á beint að vera málflutningsstofnun. Ég veit, að það er allmikið gert af þessu í nágrannalöndunum og ég veit, að það eru menn hér, m. a. íslenskir lögfræðingar, sem hafa kynnt sér það sérstaklega. Ég held, að a. m. k. sums staðar sé ekki beint um sjálft málflutningsstarfið að ræða, heldur fyrst og fremst um visst frumstig í því sambandi, t. d. að gefa ýmsar leiðbeiningar og þá m. a. um það, hvort sé um að ræða mál, sem sé þannig vaxið, að það sé líklegt að leita til dómstóla með það. Það er alltaf svo, að það eru margir, sem telja á rétt sinn gengið með ýmsum hætti og hafa áhuga á því að fá úrlausn. En það er ekki alltaf, að slík sjónarmið séu á rökum reist. Þess vegna getur það verið, þegar leiðbeiningar kæmu þar til greina, eins og lögmenn reyndar veita, að ég hygg yfirleitt ókeypis, ef þeir vilja ekki sinna máli eða telja ekki ráðlegt að eiga við það, að menn færu þó glaðari af þeim fundi og sæju þá, að það væri ekki grundvöllur fyrir frekari aðgerðum í því máli.

Ég held sem sagt, að það sé mjög skoðunarvert efni, hvort á að koma á fót slíkri stofnun hér, hvort sem henni væri ætlað að vera eiginleg málflutningsskrifstofa eða menn teldu rétt að hafa starfsemi hennar takmarkaðri. En ég held, að það mál þurfi talsverðrar athugunar við, áður en að menn hverfa að því. Fyrst og fremst er það náttúrlega alltaf athugunarefni að setja upp nýjar stofnanir, vegna þess að hver ný stofnun kostar alltaf eitthvað. Og það er nú svo, að mönnum finnst nóg um þær og það sem á ríkissjóði hvílir í því efni. Þess vegna er alltaf umhugsunarefni, áður en slíkar nýjar stofnanir eru settar á fót. Í öðru lagi held ég, að þurfi að aðgæta mjög vel, hvert eigi að vera nánara verkefni slíkrar stofnunar, og það þyrfti að marka það og hugsa það nánar en ég held, að hafi verið gert í sambandi við flutning brtt.

Ég held að vísu, að annað frv., sem ég hef lagt fram, frv. um umboðsmann Alþingis, geti þjónað vissum tilgangi í þessu sambandi, vegna þess að það er gert ráð fyrir því, að til þeirrar stofnunar eða þess embættismanns geti menn leitað með margvíslegar kvartanir, sem þeir hafa í huga, og þá geti það líka ýmist orðið, að hann geti sýnt þeim fram á, að það séu ekki rök fyrir frekari aðgerðum í því máli, en líka hitt, að hann komist að þeirri niðurstöðu, að þarna hafi maður verið misrétti beittur, og þá geti hann með þeim aðferðum, sem gert er ráð fyrir í því frv., rétt hlut manna.

Ég fyrir mitt leyti er fús til þess að láta skoða þessa hugmynd. Ef ég fer með störf dómsmrh. eitthvað áfram, þá vil ég gjarnan lýsa því yfir, að mér er ljúft að láta skoða þessa hugmynd. Eins og ég sagði áðan, veit ég, að það eru íslenskir lögfræðingar, sem hafa sérstaklega

kynnt sér þetta, og ætti að vera hægt að fá aðstoð í því efni.

Ég held, að það sé í sjálfu sér ofrausn að fara að kjósa sérstaka nefnd til þess að fara að undirbúa löggjöf um þetta efni, heldur væri eðlilegt, að sú athugun færi fram á fyrsta stigi a. m. k. á vegum dómsmrn., sem myndi þá sjálfsagt leita til þeirra manna, sem þessum málum eru kunnugastir og hafa kynnt sér þau sérstaklega. Ég held t. d., að það hljóti að koma til athugunar í því sambandi, hvort það er á nokkurn hátt eðlilegt að tengja slíka stofnun háskólanum eða lagadeild hans. Fljótt á litið finnst mér allt eins eðlilegt, að hún væri að vísu og yrði að vera sjálfstæð stofnun, en lyti þá frekar undir dómsmrn. heldur en undir lagadeild háskólans og háskólann.

Ég vil benda á, að í raun og veru, eins og brtt. er, þá held ég, að það geti orkað tvímælis, við hvaða ráðherra er átt. Þarna er bara talað um ráðherra, að ráðherra setji á stofn lögfræðiskrifstofu o. s. frv. við Háskóla Íslands og ráðh. skipi forstöðumann o. s. frv. Háskóli Íslands og þ. á m. lagadeildin alveg eins og aðrar deildir þar heyrir að sjálfsögðu undir menntmrh., og þess vegna væri sjálfsagt á margan hátt eðlilegt að telja, að það væri menntmrh., sem ætti að gera þetta. En af því að þetta er flutt í sambandi við breyt. á l. um málflytjendur, þar sem það er dómsmrh. yfirleitt, sem fer með málin, þá þykir mér líklegra, að vakað hafi fyrir flm., að það væri dómsmrh., sem gerði þetta. En þá er dómsmrh. farinn að blanda sér í málefni háskólans og þau svið, sem annars eru í höndum menntmrh. Þetta er auðvelt að gera ljóst.

En það vil ég segja, að ég tel þessa hugmynd athyglisverða. Ég tel sjálfsagt að skoða hana. En ég tel hana eiginlega óskylda hinni hugmyndinni, sem líka er góðra gjalda verð, að setja upp framhaldsnám í málflutningi, ef svo má segja, við lagadeild háskólans. Á þessu stigi gæti ég þess vegna ekki verið með þessari till., eins og hún er nú lögð fram. Hún hefur verið tekin aftur til 3. umr., og ég vænti þess, að n. athugi þetta mál frekar og athugi, hvort þetta geti ekki nægt.

Ég vil benda á, að þær umsagnir, sem voru hér lesnar upp og vitnað í, eiga ekki við og hafa ekki haft fyrir augum þá skipun, sem hér er um að ræða og þessa brtt., heldur lít ég svo á, að þær hafi fyrst og fremst og eingöngu lotið að spurningunni um það, hvort það væri ekki rétt að setja upp framhaldsnám í þessum praxis við háskólann.

Friðjón Þórðarson: Herra forseti. Það eru aðeins örfá orð um brtt. á þskj. 558, sem flutt er af 4 hv. þm. Raunar hefur till. þessi nú verið tekin aftur til 3. umr., svo að ekki er þörf á að ræða hana ítarlega á þessu stigi.

Mér finnst till. þessi vera nokkuð vanhugsuð og óeðlileg og jafnvel blandað málum saman, ekki náskyldum, eins og hæstv. dómsmrh. vék að í sinni ræðu. Það má segja, að hugmyndin, sem að baki till. býr, sé góðra gjalda verð. Hún er skýrð þannig af hv. 1. flm., að hún sé tvíþætt: Í fyrsta lagi að styrkja efnalitið fólk í því að leita réttar síns og í öðru lagi að æfa lögfræðinema við Háskóla Íslands og opna þeim leið til málflutnings eða greiða götu þeirra út í málflutningsstörf. Þessi hugmynd er að sjálfsögðu góð. En eins og raunar hefur þegar verið bent á hvað fyrra atriðið snertir, er efnalitlu fólki þegar greidd gata að vissu marki til þess að reka réttar síns með gjafsókn t. d., og auk þess gildir það svo um efnalítið fólk og raunar allt fólk, bæði ríkt og fátækt, að það fær að sjálfsögðu margs konar leiðbeiningar hjá embættismönnum landsins um eitt og annað. Á dómara og aðra embættismenn er lögð rík upplýsingaskylda og leiðbeiningaskylda í mörgum tilvikum, sem að sjálfsögðu kemur því fólki að notum, sem hana vill notfæra sér.

Þá er það sá þátturinn að æfa lögfræðinema í málflutningi og fyrirgreiðslu við almenning í þessum efnum. Innan veggja háskólans hafa þeir hingað til látið sér nægja að æfa sig í sínu félagi, Orator, en vera má, að þeir þurfi meiri æfingar við. Nú er það svo, að ungum lögfræðingum standa margar fleiri leiðir opnar til starfa en að gerast málflytjendur. Og hingað til hefur þeim veist sæmilega auðvelt, að ég ætla, að afla sér þeirra réttinda. Það má vel vera, að það hafi verið meira fyrir greiðvikni og góðvild lögmanna, að þeim hefur tekist þetta tiltölulega fljótt og vel, en ég hygg þó, að þar hafi ekki beinlínis verið neinn sérstakur þrándur í götu.

Hæstv. dómsmrh. minntist á ákvæðin um umboðsmann Alþingis, sem beinlínis eru sett til þess að greiða götu manna og gera þeim auðveldara að leita réttar síns á ýmsum sviðum.

Ég verð að segja það, að ég er andvígur þessari brtt., eins og hún hljóðar. Það er að sjálfsögðu rétt, eins og með aðrar hugmyndir, að velta þessu nánar fyrir sér. En á þessu stigi tel ég a. m. k., að það sé ekki ofsagt hjá hv. 1. flm., að nánari athugunar sé þörf, rétt sé því að taka till. til baka að sinni.

Eðvarð Sigurðsson: Herra forseti. Það voru aðeins nokkur orð um þá brtt., sem er á þskj. 558. Ég er ekki í neinum vafa um, að hér er hreyft mjög stóru og merku máli. Ég ætla ekki að ræða um það út af fyrir sig. hvort brtt. á beint heima við þann lagabálk, sem hér er settur fram, og ekki heldur þá hlið málsins, að hve miklu leyti hér væri um nám lögfræðingaefna að ræða, en hinu, að almenningi sé þörf á slíkri aðstoð eins og þessi till. gerir ráð fyrir, er ég vel kunnugur og get fullyrt, að er mikil nauðsyn á. Ég hef um allmörg ár starfað í verkalýðshreyfingunni og þekki vel, hve fjölmörg mál berast þar til úrlausnar, sem beinlínis eru í raun og veru verkefni allt annarra aðila en er leitað til, verkalýðsfélaga, og ég efast ekki um, að ýmis önnur félagasamtök hafa líka sögu að segja. Hvers vegna leitar fólk til slíkra samtaka? Það er einvörðungu vegna þess, að menn vita, að það er býsna dýrt að leita til lögfræðiskrifstofa, og hvað sem verður sagt um upplýsingaskyldu dómara og annarra embættismanna í landinu í þessum efnum, þá hygg ég, að fólk almennt leiti ekki til þeirra, svo að þörfin á svona stofnun er algjörlega ótvíræð. Oft hefur

verið rætt um þessi efni og reynt að finna einhverja leið til þess að koma fyrir þeirri upplýsingastarfsemi til almennings í lögfræðilegum efnum, sem nauðsynleg er, en ekki fundist heppileg leið. Gjafsókn í málum er góðra gjalda verð. En það er bara miklu meira um mál, sem fólk þarf að leita upplýsinga um, áður en komið er á það stig, að til málshöfðunar sé komið, og það eru einmitt leiðbeiningar á fyrri stigum málanna, sem fólki eru kannske ekki síður, heldur miklu frekar nauðsynlegar. Við í verkalýðshreyfingunni greiðum að sjálfsögðu fyrir fólki í þessum efnum um allt, sem varðar samskipti verkalýðsfélaganna eða verkafólks og atvinnurekenda. En það er ekki nema aðeins nokkur hluti allra þeirra mála, sem til okkar er leitað með, fólk kemur með hvers konar persónuleg vandamál, mál viðskiptalegs eðlis o. s. frv.

Hvernig sem þessum málum yrði best fyrir komið, sem ég skal ekki fullyrða um, þá lýsi ég ánægju minni yfir, að það skuli vakin athygli á þessu máli hér og nú, og tel alveg nauðsynlegt, að þessum málum verði gerð einhver skil, hvort sem þessu yrði komið fyrir á vegum sveitarfélaganna, vegum dómaraembættanna í landinu eða á einhvern annan hátt, það er ekkert höfuðatriði, en alla vega að málið fái framgang. Mér er alveg ljóst, að þetta mál þarf undirbúnings við, góðs undirbúnings, og þarf að leita bestu leiða. Held ég, að þá væri mjög gott, að það yrði leitað samráðs við ýmsa aðila, sem einmitt þekkja þennna vanda hvað best. Hitt, hvort það væri út af fyrir sig rétt, að lögfræðinemar kæmu hér inn í, það gæti ég vel hugsað mér, og satt að segja er reynslan sú, að einmitt jafnvel lögfræðinemar, sem eru komnir nokkuð áleiðis í námi, og nýútskrifaðir lögfræðingar eru bestu mennirnir viðskiptis í þessum efnum. Þreyttu og eldri lögfræðingarnir með sínar skrifstofur og allan sinn málapraxis, fasteignasölur o. s. frv. eru ekki þeir, sem fyrst og fremst leysa vanda fólks í þessum efnum.

Ragnhildur Helgadóttir: Herra forseti. Ég kvaddi mér hljóðs út af sömu brtt. og ræðumenn hér á undan mér. Ég get stytt mál mitt með því að segja, að ég get í einu og öllu tekið undir það, sem hv. 8. þm. Reykv. var að enda við að segja hér áðan í sinni ræðu. Sjálf er ég sannfærð um, að það sé mikið nauðsynjamál að koma með einhverjum hætti á réttarhjálp fyrir efnalítið fólk. En í því sambandi vil ég vekja athygli á því, að það form, sem bent er á í þessari brtt., er að nokkru leyti þegar leyst í gildandi lögum. Það hafa raunar fleiri bent á hér. Nú þegar gilda í okkar réttarkerfi reglurnar um gjafsókn og gjafvörn, svo að að því er tekur til gjalds eða þóknunar fyrir málflutning leysa þær reglur að því leyti þann vanda, sem við er að etja. Enn fremur hvílir á dómurum leiðbeiningaskylda varðandi réttarstöðu þeirra, sem undir högg eiga að sækja með mál sín fyrir dómi. Margir hafa notið góðs af þeirri þjónustu. Enn fremur má benda á, að vissar stofnanir reka nú þegar réttarhjálp, að því er tekur til nokkurs hóps manna. Nokkur réttarhjálp er rekin á vegum Félagsmálastofnunar Reykjavíkurborgar, og ein stofnun, sem ég er nokkuð kunnug hér í borginni, hefur um áratuga skeið rekið réttarhjálp. Það er mæðrastyrksnefnd Reykjavíkur. Það var fyrir mörgum árum að frumkvæði Laufeyjar heitinnar Valdimarsdóttur, að hafin var leiðbeiningaþjónusta um lögfræðileg efni. Fyrst og fremst náði hún til einstæðra mæðra. Smátt og smátt varð sú þjónusta nokkru víðtækari og nær aðallega til barnsfaðernismála og ýmiss konar leiðbeininga í sambandi við skilnaðarmál.

Menn skyldu e. t. v. halda, að með því að rekin væri skrifstofa með ókeypis réttarhjálp væru tekin verkefni úr höndum lögmanna. Ég held aftur á móti, að slík starfsemi létti verkefnum af lögmönnum, þannig að þeir, sem þurfa að reka mál fyrir dómi t. d., ættu að geta fengið fljótari fyrirgreiðslu. Þarna er í mörgum tilfellum aðeins um að ræða, eins og hv. 8. þm. Reykv. benti á áðan, að menn þurfa leiðbeininga á algjöru frumstigi mála. Menn þurfa einfaldlega stundum að vita um það eitt, hvort réttarleg úrræði séu fyrir hendi í vandamálum fólksins eða ekki. Í mörgum tilfellum er alls ekki um að ræða málefni, sem eru lögfræðilegs eðlis, og þá getur lögfræðingur hjá slíkri leiðbeiningaþjónustu leiðbeint um það, eða þá að einungis þarf leiðbeiningu um það, til hvaða aðila beri að snúa sér og hvernig málið fáist leyst með sem skjótustum hætti, án þess að þurfa að leita til dómstóla. Sannleikurinn er sá, að ég held, að slík þjónusta gæti orðið stórlega til þess að greiða fyrir skjótari lausn ýmissa mála, sem annars tefja mjög störf lögmanna og jafnvel dómstóla, að því er varðar leiðbeiningaskyldu dómara. Þess vegna vil ég lýsa því, að ég er fyllilega fylgjandi þeirri hugmynd, að með einhverjum hætti verði slík starfsemi sett á laggirnar, réttarhjálp eða leiðbeiningaþjónusta um lögfræðilega aðstöðu fólks á fyrri stigum mála, hins vegar sé ekki farið inn á það svið, sem varðar beinlínis málflutninginn og gildandi reglur um gjafsókn og gjafvörn taka til nú.

Ég mun ekki fara út í að ræða það, hvort slík starfsemi ætti að vera hjá lagadeid Háskóla Íslands eða einhvers staðar annars staðar. Ég sé ekki, að það út af fyrir sig skipti höfuðmáli. Ég held, að slík starfsemi gæti vel verið ágætlega komin í höndum laganema. Mér er kunnugt um, að svo er sums staðar annars staðar, en þá því aðeins, að um sé að ræða leiðbeiningar um mál á fyrsta stigi. Enn fremur finnst mér, að mjög vel gæti komið til greina, að launþegasamtökin veittu slíka þjónustu meira en þegar er fyrir hendi. Ég þykist vita og hef raunar oft orðið þess áskynja sérstaklega varðandi konur og þeirra vanda í sambandi við stöðu á launamarkaðinum og vinnumarkaðinum yfir höfuð, að þeim gæti verið mjög mikil stoð í því að eiga aðgang að réttarhjálp innan sinna samtaka, þar sem veittar væru ókeypis leiðbeiningar um, hvort þeirra réttur væri á einhvern hátt lögfræðilega séð fyrir borð borinn. Fleiri aðila mætti einnig telja, sem þarna kæmu til greina, og gæti verið líka mjög eðlilegt, eins og hæstv. dómsmrh. benti á, að slíkt gæti farið fram á vegum rn. En það er í minum augum ekki aðalatriðið, hver þetta verkefni hefur með höndum, heldur einungis að það sé leyst.

Pétur Pétursson: Herra forseti. Aðeins örfá orð í sambandi við brtt. á þskj. 558, sem hefur nokkuð verið rædd hér. Ég er út af fyrir sig samþykkur því, að till. sé dregin til baka til 3. umr., en ég vil lýsa fyllsta stuðningi mínum við ummæli hv. þm. Eðvarðs Sigurðssonar, og í reynd hefur mér fundist, að allir þeir hv. þm., sem hafa talað í þessu máli, séu sammála um nauðsyn þess, að þetta eða eitthvað ámóta sé gert. Spurningin virðist helst vera sú, við hvaða lagabálk ætti að hengja þetta eða hvar ætti að koma þessum atriðum fyrir, en allir virðast sammála um, að það sé nauðsynlegt, að starfsemi af þessu tagi sé tekin upp í þjóðfélaginu. Það vita allir, sem hafa þurft á lögfræðilegri aðstoð að halda, og hún þarf hreint ekki að vera mikil, svo að hún kosti ekki býsna mikla peninga, og það er kannske þetta atriði, sem fyrst og fremst vakir fyrir okkur flm. þessarar till., hvað þetta gjald er hátt, og það er svo hátt í reynd, að efnalítið fólk lætur mál niður falla, þar sem það jafnvel átti réttinn að fullu, vegna þess að það hefur ekki efni á því að ráða sér lögfræðing til starfsins. Þetta er kannske meginatriði málsins, og ég get ekki komið auga á, hvers vegna má ekki tengja þessa till við þennan lagabálk, sem hér er um að ræða um málflytjendur, ekki kannske nákvæmlega með því orðalagi, sem þarna er. Það má vel vera, að það sé hægt að hefla það betur til, eins og t. d. um það, hvaða ráðh. á að fara með málið. Ég er ákaflega hræddur um, að ef þetta kemst ekki núna inn, þá geti orðið bið á því, að það komist annars staðar, enda virðist það nú vera mjög á reiki hjá þeim hv. þm., sem hafa rætt málið, hvar það ætti þá helst að vera og hvernig tilhögunin ætti að vera. Ég sem sagt vantreysti því, að þessi kjarni málsins komist inn í önnur lög, nema það sé með einhverjum hætti hægt að koma því inn í þessi lög.

Ég vil því fyrir mitt leyti halda fast við þessa till. og reyna á það, hvort ekki er hægt að fá hana samþykkta. En auðvitað er ég tilbúinn til að ræða orðalagsbreytingar eða aðrar minni háttar breytingar á till., en mun reyna, þar sem ég á sæti í n., að beita áhrifum mínum til þess, að till. þessi eða henni svipuð verði tekin í lög.

Ingvar Gíslason: Herra forseti. Það var ekki beint meining mín að ræða þetta mál sérstaklega, en það hafa orðið hér talsvert miklar umr. og meiri en ég bjóst við um brtt. á þskj. 558. Ég vil segja um þá till. eins og sagt er á skandinavísku, að „meningen er god nok“, en ég held, að hún sé, eins og fram hefur komið hjá ýmsum, talsvert mikið gölluð. En það, sem ég vil segja með þessu, er, að á bak við þennan tillöguflutning liggur alveg áreiðanlega rétt og réttmætt hugarfar. Ég er þeirrar skoðunar, að það sé mikil nauðsyn á því að breyta nokkuð því formi eða því skipulagi, sem almennt er á nú um aðgang manna að lögfræðilegri aðstoð. Af þessu þykist ég hafa nokkra reynslu sjálfur sem lögfræðingur, og ég veit, að það er gífurlega mikil þörf á því, að almenningur geti nokkuð greiðlega, einmitt á fyrstu stigum mála, vandamála sinna, leitað til lögfræðinga, því að þeir geta oft greitt úr vanda, sem e. t. v. er mjög einfaldur, en kann að vera flókinn í augum þeirra, sem í honum standa. Þess vegna segi ég, að ég er hugsuninni, sem fram kemur í þessari brtt., hlynntur, og ég held, að það væri mjög mikilsvert atriði að taka þetta mál til skoðunar. Hins vegar tel ég þessa till., eins og hún er borin fram, gallaða og er þess vegna ekki við því búinn að greiða henni atkv. Ég held, að ég muni það rétt, þó að ég hafi ekki fylgst með öllu, sem fram hefur komið hér, að það hafi komið fram ábending um, að e. t. v. mætti orða þessa till. eitthvað um og koma slíkri umorðun hennar inn í það frv., sem við erum að ræða, þannig að það ætti að gefast tími til upp úr þessu og verða ástæða til að ræða þetta mál talsvert nánar en gert hefur verið til þessa.

Ég tel það vel, ef þessi brtt. verður til þess að taka þetta mál upp í heild. Ég er stuðningsmaður þess máls og vil gjarnan vegna þeirra miklu umr., sem orðið hafa, láta það álit mitt í ljós nú.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Dýralæknar, frv. (þskj. 621, n. 638). — 2. umr.

Frsm. (Ágúst Þorvaldsson): Herra forseti. Þetta frv. á þskj. 460 var flutt í Ed. og er stjórnarfrv. Það var gerð á því nokkur breyting þar. Landbn. Nd. fékk málið til athugunar og varð sammála um að mæla með því, að það yrði samþ. óbreytt eins og það kom frá Ed. Fjarstaddir við afgreiðslu málsins voru þeir Eðvarð Sigurðsson og Eyjólfur K. Jónsson. Nál. er prentað á þskj. 638. Sem sagt, n. leggur til, að málið verði samþykkt.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Mat á sláturafurðum, frv. (þskj. 461, n. 707, 682). — 2. umr.

Frsm. (Stefán Valgeirsson): Herra forseti. Þetta frv. er búið að fara í gegnum Ed. og fór þar í gegn óbreytt. Það, sem í þessu felst, er það, að um s. l. áramót rann út sá frestur, sem ráðh. hefur samkv. lögum heimild til að leyfa slátrun í ólöggiltum sláturhúsum.

N. ræddi þetta mál nokkuð og óskaði eftir því að fá skýrslu frá Framleiðsluráði landbúnaðarins, hvernig þessum málum væri komið. Skýrslan fylgir hér sem fskj. með nál., og það kemur fram í henni, að það hafi verið samin áætlun 1969 og 1970 um að byggja á næstu 5—6 árum 17 sláturhús, stór og afkastamikil hús, en það sé búið að byggja 7 af þessum sláturhúsum og 8 séu í endurbyggingu og verði væntanlega lokið á næsta hausti. Það kemur líka fram í þessari skýrslu, að 7 af þeim sláturhúsum, sem hafa verið starfrækt hingað til, muni ekki fá leyfi til áframhaldandi notkunar hér eftir. Það kemur einnig fram í skýrslunni, að á næstu 2 árum sé reiknað með, að verði byggð 7 sláturhús fyrir utan þessi 8, sem ég er áður búinn að telja, en það verður ekki gert

öðru vísi en það fáist til þess mjög aukið fjármagn frá því, sem áður hefur verið. Þá kemur í ljós, að um 30 sláturhús þar fyrir utan eiga það yfir höfði sér að verða lokað hvenær sem er. Á þessari skýrslu sést, að það er mikil þörf á því að gera stórt átak í þessum málum. N. er sammála um, að frv. verði afgreitt.

Benedikt Gröndal: Herra forseti. Ég hef skrifað undir samþykki landbn. við þetta frv. með fyrirvara og vil gera stutta grein fyrir því, á hverju það byggist.

Hv. þm. er vafalaust kunnugt, að fyrir nokkrum árum komu hingað til lands breskir og bandarískir eftirlitsmenn til þess að skoða framleiðsluskilyrði fyrir kjöt, sem selt var til þessara landa. Niðurstaðan af þessari skoðun varð sú, að útflutningur kjötsins féll algerlega niður og kaupendur neituðu að taka við afurðum úr þeim sláturhúsum, sem þá voru fyrir hendi.

Eftir þetta var þegar hafist handa um að gera átak í byggingu fullkominna sláturhúsa, sem stæðust kröfur nútímans, og hafa verið byggð allmörg mjög glæsileg og myndarleg og fullkomin hús. Er rétt að taka það fram, að þar hefur víða verið tekið vel til höndum og vel unnið. Engu að síður hefur ástandið nú um árabil verið þannig, að fjöldi sláturhúsa hefur starfað með undanþágu, sem þýðir, að þessi sláturhús standast ekki þær kröfur, sem gera verður til slíkra mannvirkja, þar sem framleiða á matvæli. Geta menn séð í hendi sér, hvernig þetta hefur verið á þessu millibilstímabili. Útflutningskjötið hefur að sjálfsögðu verið tekið úr þeim frystihúsum, sem standast hreinlætiskröfur og aðrar kröfur erlendra kaupenda. Við Íslendingar höfum fengið að borða kjötið úr hinum húsunum, sem standast mörg þeirra hvergi nærri þær kröfur, sem nú eru gerðar.

Ég óskaði þess í n., að leitað væri nánari upplýsinga um þetta, svo að þær lægju fyrir, og voru þær fúslega veittar. Form. og frsm. n. hefur látið þær fylgja sem fskj. með nál. Vona ég, að með því að vekja athygli á þessu máli takist að ýta örlítið á eftir því. Rætt er í þessari skýrslu um þau hús, sem talin eru í góðu lagi eða verið er að byggja upp, en spurning númer tvö er, hvaða önnur hús séu löggilt. Og svarið er frá Framleiðsluráði landbúnaðarins:

„Löggilding sláturhúsa hefur annars farið fram á þann hátt, að þau eru löggilt aðeins fyrir eitt ár í senn, þó með því að viðkomandi lagfæri ýmislegt, er dýralæknar segja til um. Þó er því ekki að leyna, að flest húsanna eru í rauninni alls ekki það vel úr garði gerð, að dýralæknar telji þau notandi. En vegna þess átaks, sem gert hefur verið í þessum málum á undanförnum árum, hafa þeir litið mildum augum á hús þessi, einnig til þess að forða frá beinum vandræðum."

Hér viðurkennir opinber stofnun berum orðum, að dýralæknar landsins gefi gegn betri vitund út vottorð um, að það megi slátra í húsunum, þó að þeir telji sjálfir, að þau séu óhæf til slátrunar. Ég skal viðurkenna, að það er verið að gera mikið átak á öðrum sviðum í byggingu sláturhúsa, og ég skal líka viðurkenna, að þetta er erfitt mál og vandræðamál. Það er hægara sagt en gert að loka sláturhúsunum, e. t. v. í heilum landshlutum. En við verðum að horfast í augu við þetta. Þetta er eitt af alvörumálum nútímans við matvælaframleiðslu.

Ég vil enn fremur vekja athygli á svörum við þriðju spurningu. Þar kemur í ljós, að s. l. haust var slátrað í 62 sláturhúsum. Svo segir: „7 húsum var hótað að loka eftir slátrunina s. l. haust." Hvernig ætli aðstæður hafi verið í þessum húsum, þegar dýralæknar geta ekki beðið og strax eftir sláturtíðina er þessum húsum hótað lokun? Og síðan stendur: „47 hús eiga það yfir höfði sér, að þeim verði lokað hvenær sem er." Það leynir sér ekki, hvernig ástandið er, og það má því hver lá mér sem vill, þótt ég sé tregur til þess að leggja blessun mína yfir þetta mál. Engu að síður er málið svo vandasamt, að með fyrirvara og með þeim aðvörunum, sem felast í því að kalla fram þessa skýrslu, mun ég láta það gott heita.

Ég vil í þessu sambandi minna á, að við höfum orðið fyrir svipaðri reynslu á sviði frystiiðnaðarins hvað fisk snertir. Við uppgötvum það allt í einu, að úti í heimi er verið að stórauka kröfur á þessu sviði, og við þurfum að gera átak fyrir nokkra milljarða, til þess að frystihús okkar séu boðleg og það megi flytja fiskinn frá þeim til Bandaríkjanna, á bandarískan markað. Þetta er í sjálfu sér það sama sem við höfum reynt með kjötsláturhúsin. Hvernig er brugðist við þessu? Þegar fiskur á í hlut, er allt sett á annan endann, og það stendur ekki á hundruðum og jafnvel þús. millj. Það er búið að gera risavaxið átak á þessu sviði á örskömmum tíma. Án þess að gera lítið úr því, sem búið er að byggja upp og bæta á sviði kjötfrystihúsanna og sláturhúsanna, vil ég leyfa mér að halda því fram, að það hafi skort nægilega fylgni og hörku í yfirvöld til þess að útvega þá peninga, sem þarf. Það hlýtur að vera hægt varðandi sláturhús eins og frystihús. Þegar við horfum á allar þær byggingar, verslunarhús, vörugeymslur, öll þau samgöngutæki, sem sömu fyrirtæki, er annast þetta, hafa getað keypt á undanförnum árum, þegar við horfum á hvert stórátakið í framleiðslu landbúnaðarafurða á fætur öðru, þá hljótum við að komast að þeirri niðurstöðu, að við höfum ráð á því að byggja sláturhús, sem uppfylla hreinlætiskröfur og aðrar kröfur nútímans, þannig að við getum boðið íslenskum neytendum þessa vöru úr löglegum sláturhúsum, alveg eins og við bjóðum breskum, sænskum og norskum og bandarískum kaupendum íslenskt lambakjöt úr húsum, sem standast hvaða kröfur sem gerðar eru. Ég tel rétt, að þetta komi fram. Ég tel, að það sé brýn nauðsyn, að Alþingi ýti við þeim aðilum, sem um þessi mál fjalla, og geri þeim ljóst, sem fara með fjárráð í okkar landi, að þetta er eitt þeirra verkefna, sem verður að sinna. Það er ekki hægt að bíða ár eftir ár og veita tugum sláturhúsa undanþágu, þurfa svo að bera fram hótanir í lok sláturtíðar og gefa Alþingi á prenti þær upplýsingar, að dýralæknar landsins séu neyddir til að veita undanþágur til þessara húsa gegn betri vitund.

Frsm. (Stefán Valgeirsson): Herra forseti. Ég fagna þeim áhuga, sem hv. 8. landsk. þm. hefur á uppbyggingu sláturhúsanna. Ég hef vakið athygli á því áður hér á hv. Alþ., að það þyrfti stóraukið fé til að byggja upp vinnslustöðvar landbúnaðarins, og það er vissulega rétt, að þarna þarf að gera stórt átak. En því hefur ekki verið sinnt nægilega vel fram að þessu.

Í sambandi við það, sem hann talaði um, erlenda dýralækna, sem munu hafa komið hingað á árinu 1968, ef ég man rétt, þá átti ég þess kost að borða með þeim bandarískra dýralækni, sem kom og var að skoða þessi sláturhús á Norðurlandi, og hann skoðaði t. d. sláturhúsið á Kópaskeri, sem hefur ekki réttindi, hann skoðaði sláturhúsið á Akureyri. En hvað sagði þessi læknir, þrátt fyrir þær kröfur, sem hann gerði. Hann sagði: Við mættum þakka fyrir, ef við hefðum svona góð sláturhús. Við höfum ekki 10% af okkar sláturhúsum eins góð og þessi sláturhús, sem eru þó ekki talin forsvaranleg til útflutnings. Ég geri ráð fyrir því, að sum sláturhúsanna hér á landi séu að vísu miklu lakari en þessi. En þetta voru hans orð. Það er auðséð, að þegar um innflutning á matvælum til Bandaríkjanna er að ræða, þá gera þeir langtum hærri kröfur til annarra en þeir gera til sinnar eigin framleiðslu. Það lá í orðum þessa læknis.

Það hefði mátt ætla það, að mörg af þessum sláturhúsum væru mjög léleg, bæði miðað við þá skýrslu, sem hv. þm. las upp úr, og eins af orðum hans. En það, sem er aðalgallinn og vandræðin við þetta, er, að dýralæknarnir segja: Við getum ekki fylgst með hverri kind, um leið og er tekið t. d. innan úr henni. Það er ekki aðstaða til þess. — Og það er fyrst og fremst þetta, ekki í raun og veru hreinlæti að öðru leyti, sem skortir, a. m. k. víðast hvar. Það er þetta nýja kerfi, þetta færibandakerfi, sem gerir þetta eftirlit mögulegt.

Ég sé ekki ástæðu til að ræða þetta frekar. Þessi skýrsla frá framleiðsluráði er hér prentuð, og geta þm. kynnt sér hana. Ég tel sem sagt, að það sé hægt að misskilja hana, að hún sé ekki nógu skýr að þessu leyti, í hverju í raun og veru þessir gallar felist í sláturhúsunum mörgum hverjum. Það kemur fram í þessari skýrslu, að það verður búið að loka 7 af þessum húsum, sem hafa verið starfrækt, og það er sýnilegt, að það verður að gera mikið átak á næstu árum. Það er verksvið hv. Alþingis að sjá til þess, að það verði gert og það verði gert fjárhagslega mögulegt.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Umhverfismál, þáltill. (þskj. 157, n. 715). — Frh. einnar umr.

Frsm. (Jónas Jónsson): Herra forseti. Allshn. hefur rætt á fundi sínum till. þá, er hér um ræðir, og fengið um hana umsagnir Náttúruverndarráðs, Búnaðarþings, skipulagsstjóra ríkisins og þjóðminjavarðar. Umsagnir þessar voru allar á þá leið, að viðkomandi aðilar töldu feng að því, að samin yrði heildarlöggjöf um umhverfismál. N. hefur orðið sammála um að mæla með samþykkt till. með svofelldri breytingu, með leyfi hæstv. forseta:

„Tillgr. orðist þannig:

Alþingi ályktar að fela ríkisstj. að beita sér fyrir því, að endurskoðuð verði og samræmd löggjöf um umhverfismál, og í því sambandi athuga, hvort rétt sé að sameina þau undir eina yfirstjórn.“

Umr. (atkvgr.) frestað.

Innflutningur og eldi sauðnauta, frv. (þskj. 584). — 1. umr.

Frsm. (Stefán Valgeirsson): Herra forseti. Stjórn Búnaðarfélags Íslands ritaði landbn. bréf og sendi henni það frv., sem hér liggur fyrir, ásamt grg. og bað n. að flytja. Þetta mál var tekið fyrir á Búnaðarþingi 1972, og var gerð áskorun á löggjafarþingið að samþykkja heimildarlög þess efnis, að það mætti flytja inn sauðnaut til eldis hér á landi.

Þetta er ekkert nýtt mál. Það voru samþykkt lög hér á Alþingi 1929 um þetta efni, og þá voru gerðar tvær tilraunir um innflutning á sauðnautum. Hingað komu í ágústmánuði 1929 7 sauðnautskálfar, sem voru fluttir frá Austur-Grænlandi, og það tókst svo illa til, að 6 af þeim drápust fljótlega, og Hannes Jónsson dýralæknir taldi, að það hefði verið bráðapest, sem varð kálfunum að fjörtjóni. Einn kálfurinn lifði fram á síðari hluta vetrar, en drapst þá, að talið var úr sullaveiki.

Árið eftir, í nóvembermánuði 1930, voru fluttir inn 7 kálfar frá Noregi, 5 af þeim voru á vegum hins opinbera, en 2 voru keyptir af einstaklingum. 5 kálfarnir voru fluttir eins og hinir fyrri að Gunnarsholti, en hinir 2 voru fluttir að Stóru-Drageyri í Skorradal. Annar þeirra kálfa, sem þangað fóru, drapst af slysförum, en hinn var þá fluttur að Gunnarsholti, og þar drápust allir kálfarnir sumarið eftir. Ekki liggur ljóst fyrir, hvað varð þessum kálfum að fjörtjóni, því að þeir voru allir bólusettir við bráðapest, enda kom í ljós, að það var annað, sem varð þeim að fjörtjóni. Dýralæknar telja nú, að það hafi verið einhvers konar ormaveiki, og telja að a. m. k. nú hefði verið hægt að bjarga þessum kálfum öllum.

Á undanförnum árum hafa margir áhugamenn þrýst á bæði Búnaðarþing og aðra að hrinda nú þessari hugmynd fram aftur að gera tilraun til að flytja sauðnaut hingað til lands. Sumum hefur dottið í hug, að það væri mjög gott að hafa þá t. d. á Vestfjörðum, í Norður-Ísafjarðarsýslu, aðrir hafa bent á önnur landsvæði, sem mundu vera ákjósanlegur staður fyrir þessar skepnur. Ef ætti að sleppa þessum dýrum lausum, yrðu náttúrlega litlar nytjar af þeim, en ullin er talin ákaflega verðmæt. Það er sagt í þeim gögnum, sem mér hafa verið send, að í Noregi fáist um 700 kr. norskar, milli 9 og 10 þús. ísl. kr., fyrir kílóið. Í Bandaríkjunum er talið, að ullarkílóið kosti um 100 dollara, sem er líkt. Talið er, að af fullorðnum tarfi fáist tæp 3 kg af ull á ári hverju eða 2.7 kg, eitthvað minna af yngri dýrum og kúnum.

Það er líka ráðgáta og verður að sýna sig, hvort þessi dýr taka í sig veiki úr okkar búpeningi, og ef það reynist svo, þá verður náttúrlega ekki hægt að sleppa þeim lausum, heldur hafa þessi dýr sem hálfvilltar hjarðir í afmörkuðum girðingum. Þannig eru rekin bú bæði í Bandaríkjunum, Kanada, Alaska og Norður-Noregi.

Það er komin reynsla af því að flytja þessi dýr og sleppa þeim lausum. Norðmenn gerðu það. Þeir slepptu þeim í Dofrafjöllum rétt sunnan við Þrándheim, og mér er tjáð, að sú tilraun hafi gefist vel. Það voru líka flutt dýr til Vestur-Grænlands frá Austur-Grænlandi, í námunda við Straumfjörð, og þar hafa þau dafnað mjög vel. Þau eru stærri og virðast dafna þar enn þá betur en í Norðaustur-Grænlandi, þannig að skilyrðin virðast vera þar betri. Menn marka það líka á því, að kýrnar eiga þar miklu frekar tvo kálfa heldur en norður frá.

Ég vil vekja athygli á því, að hér er aðeins um að ræða heimildarlög, þar sem landbrh. er gefin heimild til að veita Búnaðarfélagi Íslands leyfi til að flytja sauðnaut til landsins með þeim skilyrðum, sem eru svo sett í þessum lögum. Það þarf að fá leyfi danskra yfirvalda og íslenskra og leyfi yfirdýralæknis, og að þessum leyfum fengnum er mér tjáð, að það séu áhugamannafélög, sem muni vera tilbúin til að leggja fram verulegt fjármagn til að gera slíka tilraun. Mörgum hefur dottið í hug að byrja með að setja dýrin einhvers staðar í ey, t. d. í Flatey á Skjálfanda eða Grímsey, meðan er verið að athuga um, hvort einhverjir sjúkdómar eru með dýrunum, og enn fremur að setja þau þar með íslensku búfé til þess að sjá, hvort íslenskt búfé smitast af þessum dýrum og svo öfugt. Fleiri staðir hafa verið nefndir, en það verða sérfræðingar og yfirdýralæknir að fjalla um, ef Alþingi verður við þessari beiðni stjórnar Búnaðarfélagsins og áskorun Búnaðarþings um að samþ. þessi lög.

Ég sé ekki ástæðu til að ræða þetta mál frekar við þessa umr., en þegar hv. landbn. varð við því að flytja þetta frv., var þess óskað, að n. fengi frv. aftur til athugunar, og óska ég því eftir að að þessari umr. lokinni verði frv. vísað til 2. umr. og landbn.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Stjórnarskipunarlög, frv. (þskj. 330, n. 669). — 2. umr.

Frsm. (Pétur Pétursson): Herra forseti. Allshn. skilar sameiginlegu nál. á þskj. 669 varðandi frv. til stjórnskipunarlaga. N. ræddi frv. á nokkrum fundum sínum og ræddi m. a. við hæstv. forseta Sþ. um þetta mál. Það er skoðun n. eftir að hafa rætt það nokkuð, að hér sé um málefni að ræða, sem sé eðlilegt, að sú n., sem starfar að endurskoðun stjórnarskrárinnar, fái til meðferðar í þeirri athugun, sem sú n. er nú að vinna að, enda hefur form. hennar lýst yfir, að hún muni fjalla um þetta mál ásamt öðrum. Það er því till. n., að frv. verði vísað til hæstv. ríkisstj. á þessu stigi, og hún telur eðlilegt, að þetta stórmál, sem n. að öðru leyti hefur ekki tekið afstöðu til, fari ásamt öðrum málum varðandi stjórnarskrá lýðveldisins til þeirrar n., sem ég talaði um áðan.

Benedikt Gröndal: Herra forseti. Ég vil þakka hæstv. n. fyrir skjóta afgreiðslu á frv. þessu, sem fjallar um afnám á deildaskiptingu Alþingis og skipan þess í eina málstofu.

Ætla mætti, eins og stjórnarfar hefur verið á Íslandi undanfarna mánuði, að Alþingi þætti tími til kominn að gera þær breyt. á stjórnarskránni, sem líklegt er, að stuðli að fastari stjórn í landinu en verið hefur. Sjaldan höfum við séð jafngreinilega, viku eftir viku, hversu bagalegt það er fyrir þjóðfélagið að búa við veika stjórn, stjórn, sem raunverulega getur hvorki stjórnað landinu né farið frá völdum. En það er skoðun mín, að einmitt deildaskiptingin eigi mikinn hlut að því, að við höfum orðið enn einu sinni að láta ganga yfir okkur slíkt tímabil. Þetta er að vísu ekki nýtt. Það má rekja allt aftur til 1931—32 og stjórnarkreppunnar þá og jafnvel lengra aftur, hvernig deildaskiptingin hefur reynst vera til bölvunar hvað snertir styrka og lýðræðislega stjórn.

Ég get hins vegar skilið, að hv. n. þyki ástæða til þess, að endurskoðun á stjórnarskránni verði á viðtækari grundvelli en að afgreiða aðeins eitt atriði. Með því að nú er starfandi n., sem vinnur að endurskoðun stjórnarskrárinnar, og form. þeirrar n. hefur lýst yfir hér í d., að þetta mál muni verða tekið þar til meðferðar, get ég eftir efnum og ástæðum sætt mig við þá afgreiðslu, að málinu verði nú vísað til ríkisstj., sem í raun þýðir, að því sé vísað til þeirrar n., sem er að endurskoða stjórnarskrána. En ég vil vænta þess, að flutningur þessa máls hafi þó vakið örlitla athygli, í fyrsta lagi á þessu atriði stjórnarskrárinnar og í öðru lagi á því, hversu raunhæf nauðsyn það er fyrir okkur að láta hendur standa fram úr ermum og koma í verk þeirri endurskoðun stjórnarskrárinnar, sem dregist hefur allt frá árinu 1944.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Iðntæknistofnun Íslands, frv. (þskj. 569). — Frh. 1. umr.

Pétur Pétursson: Herra forseti. Það er nú orðið nokkuð um liðið síðan 1. umr. um þetta mál hófst hér í hv. d. Var þá málið tekið út af dagskrá eftir ræðu hæstv. iðnrh., og mér satt að segja þykir miður, að hann skuli ekki vera hér viðstaddur nú.

Þar er fyrst til að taka, að ég skil ekki, af hverju þetta frv. er ekki flutt sem stjfrv., þar sem um jafnviðamikinn lagabálk er að ræða og hér er. Hér er ekki neitt smámál á ferðinni, og ég hefði haft áhuga á að fá skýringu á því, hvers vegna hæstv. ríkisstj. flytur þetta ekki sem stjfrv., heldur biður iðnn. að flytja það, sem út af fyrir sig er sjálfsagt. Einhver skýring hlýtur að vera á því, hvers vegna þessi háttur er á hafður, og þá skýringu hefði ég mjög gjarnan viljað fá.

Hæstv. iðnrh. flutti, ef ég man rétt, á sínum tíma, er hann fylgdi þessu máli úr hlaði, mjög viðamikla yfirlitsræðu um iðnaðarmálin í landinu, og hann ræddi þar í þó nokkrum smáatriðum um, hvað mikið væri ætlunin að gera og hvað mikið hefði verið gert, og talaði þar þá, að mér fannst, eins og vandamál iðnaðarins væru að verulegu leyti leyst, bæði með þessu frv. og öðrum aðgerðum. En þar er ég öldungis á öðru máli. Ég tel, að iðnaðarmálin í landinu hafi aldrei verið í öðru eins öngþveiti og einmitt nú, og mér finnst, að iðnaðarmál landsmanna hafi verið allt of sjaldan og allt of lítið rædd hér á hv. Alþingi. Það hefði mátt ræða um þessi mál miklu meira og miklu fyrr, því að vandamál þessa atvinnuvegar eru svo stórbrotin, að ýmsar iðngreinar og alveg sér í lagi sá iðnaður, sem hefur verið að hasla sér völl á erlendum mörkuðum og orðið nokkuð ágengt, er nú að deyja, það er bláköld staðreynd í málinu, og kemur þar margt til, sem ég hef stundum nefnt hér áður og ætla ekki að fara út í sérstaklega. En þessi vandamál útflutningsiðnaðarins eru svo stórbrotin, hvort sem hæstv. ríkisstj. hugsar sér að gera eitthvað til þess að bæta þar um eða ekki, að aðgerðir þola enga bið, ella hættir margs konar iðnaður.

Hér er um að ræða frv., sem að mínu mati er stórmál. Það, sem er verið að gera, er að sameina rannsóknastofnanir iðnaðarins í eitt, og ég skal ekki á þessu stigi ræða um, hvort það sé rétt. Við fyrsta yfirlestur finnst mér, að í raun og veru sé þetta skipulagsbreyting, en ekki tekið á málunum eins og þyrfti að gera. Það er enginn í vafa um það, að rannsóknastarfsemi fyrir iðnaðinn er nauðsynleg og það þarf að gera eitthvað til að efla slíka starfsemi. Þessar stofnanir eru nú fyrir hendi, en mér hefur skilist, að meginerfiðleikar þeirra, hafi verið að fá hæfa menn, hæft starfslið, til þess að vinna fyrir stofnanirnar, vegna þess einfaldlega að þær hafa ekki getað greitt sömu laun og viðkomandi sérfræðingar hafa getað fengið á hinum frjálsa vinnumarkaði slíkra sérfræðinga.

Mér sýnist líka, að með þessu frv. séu ekki aukin eins mikið fjárráð til þessarar rannsóknastarfsemi og var ætlunin að gera, þegar drög að þessu frv. voru fyrst gerð í nóv. 1973. Hér hefur sem sé verið dregið úr frá því, sem þá var gert ráð fyrir. Þá var talað um það, að ríkisframlag á fjárlögum yrði 0.3—0.8% að áætluðu framleiðsluverðmæti íslensks iðnaðar, en í þessu frv. er það fært niður í 0.2—0.6%, þannig að sá fjárhagslegi styrkur, sem atvinnuvegurinn átti að fá, virðist mér ekki vera eins mikill og hefði mátt ætla.

En það er annað atriði í þessu sambandi, sem mér finnst sárlega vanta, og það er, að aðgerðir í markaðsmálum iðnaðarvara komi jafnhliða þessari tæknistofnun, Iðntæknistofnun, eins og hún er köllluð. Það er enginn minnsti vafi á því, að markaðsmálin eru fullkomlega jafnþýðingarmikil fyrir útflutningsiðnaðinn og tæknistofnun, og við höfum orðið varir við það hér á hv. Alþingi í sambandi við afgreiðslu fjárlaga til Útflutningsmiðstöðvar iðnaðarins, að það hefur ekki fengist neinn hljómgrunnur fyrir því, að sú stofnun fengi viðunandi fjármagn til að sinna sínu hlutverki, langt frá því. Markaðsmálin eru sem sé í öngþveiti, og þá er ég hræddur um, að hvað góð iðntæknistofnun sem kynni að verða sett á stofn, sem er í raun og veru ekkert annað en samansláttur þriggja stofnana, sem fyrir eru, verði hún ekki mjög þýðingarmikil, ef ekki er jafnframt fylgt eftir um þróun markaðsmála fyrir hina.

Því var lýst yfir af hæstv. iðnrh., ég held fyrir einum tveimur árum eða svo, þegar sérfræðingar Sameinuðu þjóðanna höfðu gert sín fyrstu drög að iðnþróunaráætlun, að nú væri að hefjast iðnbylting á Íslandi. Mér finnst satt að segja, að þessi iðnbylting hafi gengið ákaflega hægt, svo hægt, að ég get varla merkt, að henni hafi þokað áfram um eitt hænufet á þeim tíma eða síðan hæstv. iðnrh. gaf þessa yfirlýsingu. Og það var ekki gert bara með lítilli tilkynningu, heldur var það gert með fjölmiðlasamtölum og miklum og stórbrotnum yfirlýsingum. En iðnþróunin hefur að mínu mati gengið svo hægt, að þó að þetta frv., sem liggur hér fyrir, yrði samþ., þá sé ég ekki, að það marki nein veruleg tímamót í sambandi við þessa iðnbyltingu, sem tilkynnt var um á sínum tíma.

Ég skal þá snúa mér að frv. sjálfu og nefna nokkur atriði, sem ég vil benda hv. n. á. Enda þótt ég eigi sæti í þeirri n., sem frv. kemur væntanlega til, vil ég samt nefna þau nú.

Í 4. gr. frv. er talað um nokkuð, sem heitir skorir, og hefði að mínu mati alveg eins mátt heita deildir, og svo er skorarfundur og skorarformaður og allt þar fram eftir götunum. Það er kannske bara af því, að ég er ekki búinn að átta mig á þessu orði og þessu fyrirkomulagi, að mér einhvern veginn lýst ekki á þetta fyrirkomulag, eins og það er sett þarna fram. Þetta er auðvitað hluti af þessari skipulagsbreytingu, sem ég var að tala um áðan, og skipulagsbreytingin í sjálfu sér er auðveld, ef það hefði fylgt með, sem þarf, en það er, að fjármagn sé til staðar til þess að auka starfsemi þessara stofnana.

Í 11. gr. frv. er talað um framkvæmdanefnd, og að það skuli vera forstöðumenn deilda í stofnuninni og svo fulltrúi frá Útflutningsmiðstöð iðnaðarins. Það má vel vera, að þetta fyrirkomulag reynist vel. En ég sé ekki eiginlega, hvaða gagn fulltrúi Útflutningsmiðstöðvar iðnaðarins ætti að gera í þessari framkvæmdanefnd, ef Útflutningsmiðstöðin sjálf er svelt, eins og gert hefur verið, og hún hefur ekki bolmagn til að sinna sínu hlutverki í sambandi við málið.

Í 12. gr. er svo rætt um skipun stjórnar. Þar er gert ráð fyrir, að það séu 6 menn í stjórn. Ég er alltaf heldur á móti því, að það sé jöfn tala í stjórn stofnana eða fyrirtækja. Samsetningin er þannig, að einn fulltrúi er án tilnefningar, annar samkvæmt tilnefningu Félags ísl. iðnrekenda, einn samkv. tilnefningu Landssambands iðnaðarmanna úr hópi meistara í byggingariðnaði, einn fulltrúi ófaglærðs starfsfólks í iðnaði, einn fulltrúi faglærðs starfsfólks í iðnaði og einn fulltrúi starfsfólks stofnunarinnar sjálfrar.

Ég skal ekki fullyrða um það, hvernig svona stjórn mundi vinna að málefnum rannsóknastarfseminnar. En við vitum það úr fyrirtækjum ríkisins, eins og Sementsverksmiðju, Áburð-

arverksmiðju, Kísiliðju og sjálfsagt víðar, að stjórnir þessara fyrirtækja eru kosnar á Alþingi, og mér hefði ekki þótt óeðlilegt, að sami háttur væri hafður á í þessari stofnun.

Ég er sem sé hálfhræddur um, að stjórn, sem er svona skipuð, eigi erfiðara með að gefa þau fyrirmæli og stjórnun, sem með þarf, vegna þess, hvernig hún er saman sett.

Í 14. gr. er rætt um tekjurnar, eins og ég nefndi áðan, og skal ég ekki fara nánar út í það. En í 15. gr. er rætt um ráðningu starfsfólks og launakjör, og þar er rætt um, að launakjör starfsfólks fari samkv. kjarasamningum ríkisstarfsmanna á hverjum tíma. En í upphaflega uppkastinu, sem ég nefndi áðan, var talað um, að stjórn stofnunarinnar ákvæði launakjör starfsfólks, sem er ráðið. Skal það gert með hliðsjón af kjörum opinberra starfsmanna annars vegar og hins vegar af þeim kjörum, sem viðkomandi starfsmanni bjóðast í sambærilegu starfi á frjálsum vinnumarkaði. Þetta er auðvitað ákaflega þýðingarmikið atriði. Ég er ekki að segja, að það sé út af fyrir sig ekki æskilegt, að slík stofnun sem ríkisstofnun lúti sömu reglu og aðrar opinberar stofnanir, en staðreyndin er bara sú, að þær stofnanir, sem hafa starfað að þessum verkefnum, hafa ekki fengið hæfa starfskrafta. Þetta er grjóthörð staðreynd. Hvort hægt er að breyta þessu eitthvað, skal ég ekki segja um, eða hvort hv. Alþingi þyki þorandi að fara út á þá braut. En sú n., sem fjallaði um þetta og gerði þessi drög, sem ég nefndi, taldi, að þetta væri gerlegt, og ef ekki fást hæfir starfskraftar til iðntæknistofnunar, þrátt fyrir þessi lög, þá er í raun og veru ekki verið að leysa neinn vanda, heldur er bara verið að hrista upp í því skipulagi, sem fyrir er. Að mínu mati orkar það mjög tvímælis, hvort rétt er að gera það. Hins vegar eru mörg önnur atriði í frv., sem sjálfsagt eru til bóta, og ég er ekki að hafa á móti því út af fyrir sig, að reynt sé að finna skynsamlega leið til að samræma aðgerðir þessara rannsóknastofnana, og tel, að það væri æskilegt að mörgu leyti. En mér finnst bara vera agnúar á þessu, svo miklir, að ég er hálfhræddur um, að þetta leysi ekki þann vanda, sem frv. er ætlað að leysa.

Erfiðleikar iðnaðarins þola enga bið, það er alveg ljóst, alveg sérstaklega útflutningsiðnaðarins og raunar iðnaðarins fyrir heimamarkaðinn líka, bara svolítið seinna, því þegar tollarnir hafa smátt og smátt fallið niður á innfluttum iðnaðarvörum, þá gefur auðvitað auga leið, að sá iðnaður, sem fer á innlendan markað, á við nákvæmlega sömu erfiðleika að etja og hinn, sem er að fást við útflutning. Þegar svo er komið, að það verður að greiða stórar uppbætur með tilteknum samningum fyrir iðnaðarvörur og lagmetisvörur, sem hafa verið seldar til Sovétríkjanna, gefur auðvitað auga leið, að það verður að bregðast fljótt við, og það er alveg óþolandi, að vissar uppbætur séu greiddar á tiltekna samninga, en svo ekkert á aðra samninga. Hér verður eitthvað að koma til.

Ég sagði, að mér þætti miður, að hæstv. iðnrh. er ekki við, vegna þess að ég ætlaði að spyrja hann, hvernig hann ætli að halda á málefnum iðnaðarins á allra næstu vikum, jafnvel dögum, því mér er kunnugt um, að viss iðnaðarfyrirtæki eru að hætta eða hafa ákveðið að hætta sinni framleiðslu, sem hefur verið til útflutnings. Og þetta er einmitt úti á landsbyggðinni, þar sem sérstaklega þarf að hlynna að þessari litlu iðnaðartilraun. Það gefst tækifæri til að ræða um þetta síðar, en ég vil aðeins ljúka þessum fáu orðum mínum með því að bera fram efasemdir um gagnsemi þessa frv., enda þótt það verði auðvitað rætt nánar í hv. iðnn., þegar það kemur þangað, en fyrst og fremst reyna með einhverjum hætti að koma þeim tilmælum til hæstv. iðnrh., að hann geri einhverjar ráðstafanir til þess að aðstoða útflutningsiðnaðinn, ekki einhvern tíma í sumar eða haust, heldur strax.

Umr. frestað.

Skipulag ferðamála, frv. (þskj. 626). — Frh. 1. umr.

Sverrir Hermannsson: Herra forseti. Þar sem ég á sæti í þeirri n., sem mun fá þetta mál til meðferðar, get ég mjög stytt mál mitt, en einstaka atriði, bæði varðandi þetta mál, eins og það liggur fyrir, og hvað snertir upplýsingar, sem ég hef aflað mér, náskyldar því, gera það að verkum, að ég hef talið ástæðu til að fjalla um málið nú þegar við 1. umr. þess.

Hér er á ferðinni allviðamikill lagabálkur um skipulag ferðamála, um miðskipan þeirra mála, eins og mjög er tíðkað hjá okkur um flest mál nú. Ég hef allsterkan áhuga á ferðamálum og skipulagi þeirra, fyrst og fremst vegna landsins sjálfs og fólksins, sem þar býr. Ég geri mér þó grein fyrir því, að þetta er mjög mikið fjárhagsatriði einnig fyrir okkur. Ég heyrði það í útvarpinu í hádeginu, að gjaldeyristekjur vegna ferðamála voru þriðji liður í röðinni af þeim, sem þar voru upp taldir: fyrst sjávarafurðir, síðan málmblendi og síðan tekjur af ferðamálum, eða um 7.7% af heildargjaldeyristekjunum, og ljóst er, að þessi þáttur mun fara enn vaxandi. Einnig vegna þess, hve mikilvægt ég tel þetta mál allt fyrir heildina, get ég út af fyrir sig fellt mig við, að á þessu sé allmikil miðskipan, að í þessum efnum sé eftirlit af hálfu hins opinbera og alláhrifamikil stjórn um framgang þeirra. Þó verð ég að segja, að ég tel vafasamt, að þörf sé á því, að þessi væntanlega stofnun hafi svo umfangsmikil umsvif í þeim sem þetta frv. gerir ráð fyrir og þá sérstaklega hvað snertir, eins og hér segir, sölustarfsemi. Ég tel mikilvægast, að það sé heildareftirlit með framgangi málanna og einnig landkynningunni, sem er afar mikilvægt atriði þessa máls og snertir miklu fleiri þætti í okkar búskap en ferðamálin ein út af fyrir sig. Þjóðir heims leggja stöðugt meiri áherslu á þann þátt í starfsemi sinni meðal annarra þjóða, þ. e. viðskiptalegs eðlis, og er hið mikilvægasta, hvernig sem á það er litið.

Það, sem ég aðallega ætlaði að gera að umtalsefni, var það, sem ég rak fyrst augun í varðandi þetta frv., en það er með sama marki brennt og flest þau stjórnarfrv., sem fyrir hið háa Alþ. hafa verið lögð, frá því að ég tók hér sæti. Það skortir sem sé á um allar kostnaðaráætlanir.

Með frv. þessu er lögð fram tillögugerð um stofnun stórfyrirtækis með mestu umsvif, sem vafalaust mun kosta tugi millj. kr., án þess að nokkur tilraun sé gerð til þess að gera hinu háa Alþ. grein fyrir því, hvað það muni kosta. Ég er hræddur um, að ef einstaklingur ætlaði að ráðast í stofnun fyrirtækis, þótt ekki væri af stærðargráðu sem þessari, mundi það teljast lítt frambærilegt af hans hálfu, ef hann gerði ekki a. m. k. einhverja rammagrein fyrir kostnaðaráætlun og áætlanir um uppbyggingu og gerð fyrirtækisins hvað fjármál snertir. En það er ekki gert hér. Og til dæmis að taka, hvað mér finnst, að þeir embættismenn, sem ég hygg, að aðallega ráði ferðinni í þessum efnum, sýni raunverulega hinu háa Alþingi mikla lítilsvirðingu, er að nefna það, að hér er t. d. gert ráð fyrir því, að Ferðamálasjóður fái tekjur af hinu svonefnda rúllugjaldi, sem er aðgangsgjald að vínveitingahúsum, 50 kr., án þess að okkur sé gefin hin minnsta hugmynd um, hvaða fjármagn er þarna í boði. Eins var það varðandi Ferðamálasjóðinn sjálfan, að sú tillögugerð, sem hér liggur frammi, er að mínum dómi langt frá því að vera með þeim hætti, sem ég teldi nauðsynlegan. Það afsakar þetta alls ekkert, að við höfum hingað til staðið slælega að fjármögnun þessa mikilvæga þáttar. Það kemur t. d. fram, að á 10 ára starfsemi Ferðamálasjóðs hafa verið veittar einvörðungu 84 millj. til gistihúsa í landinu, eða um 8.4 millj. að meðaltali á ári. Sjá allir, hvílík hungurlús þetta er. Ég efast um, að slík fjárhæð ein út af fyrir sig nægði til þess að ganga frá eldhúsi í einu meðalstóru gistihúsi. Og til viðbótar þessu hafa þau lánakjör, sem sjóðurinn hefur veitt, verið mikil ókjör. Að vísu hefur Ferðamálasjóður að mestu verið fjármagnaður með erlendu lánsfé, enda lánin bundin gengistryggingu, sem hefur orðið gistihúsum afar þung í skauti.

Nú er hér gert ráð fyrir í frv., að tekjur Ferðamálasjóðs verði árlegt framlag úr ríkissjóði eigi lægra en 10 millj. kr. Síðan er gert ráð fyrir, að honum sé heimilt með samþykki ríkisstj. að taka erlent lán allt að 200 millj. kr. eða jafnvirði þess.

Varðandi lánareglurnar er í 28. gr. gert ráð fyrir því, að lánin skuli að sjálfsögðu tryggð með veði í fasteign eða á annan jafntryggan hátt og vera með vísitölukjörum, þannig að greiðslur afborgana og vaxta séu bundnar vísitölu byggingarkostnaðar. Og nú tekur Ferðamálasjóðurinn, eins og segir í 28. gr., erlent lán, og skal það þá endurlánað með gengistryggingu, en eigi vera vísitölubundið. Nú er að því að gá, — að þessi atvinnurekstur er með þeim hætti, að ef vel ætti að þessu að standa, þá þyrftu lánakjör, sem veitt eru til byggingar á gisti- og veitingahúsum, sér í lagi gistihúsum, að vera með bestu fáanlegum kjörum, vegna þess að að öllum jafnaði líða mörg ár, þangað til gistihús, sem reist er t. d. úti á landsbyggðinni, hefur náð að koma svo undir sig fótunum, að vænta megi þess, að það standi verulega undir sér. Þessi atvinnuvegur er með þeim hætti, að það þarf áróður fyrir staðnum, það þarf margs konar undirbúning og skipulagningu áður en gera megi ráð fyrir, að þar verði um ábatasaman atvinnurekstur að tefla. Þess vegna finnst mér taka steininn úr, þegar þetta er lagt til t. d., að þau séu bundin vísitölu byggingarkostnaðar. Það mundi þýða um lán, sem hafa verið tekin t. d. í maí 1970, — ætli það fari mjög fjarri, að þau mundu hafa hækkað um 150% eða þar um bil til dagsins í dag.

Að svo miklu leyti sem þeir, sem frá þessu frv. gengu, fást við að tefla fram rökum fyrir ákvæðum frv., fæ ég ekki betur séð en það sé farið mjög aftan að hlutunum. Við sjáum í aths. eða í fskj. á bls. 24 í frv., eins og það var upprunalega, að þar er verið að gefa upplýsingar um, hvernig þessum málum sé háttað í öðrum löndum, væntanlega til þess að styrkja þá tillögugerð, sem liggur hér frammi um lánakjör til handa þessum atvinnuvegi, væntanlega til þess að styrkja þau rök, sem menn telja, að til þess liggi, að lán til þessa atvinnuvegar eigi að vera bundin við vísitölu byggingarkostnaðar og með fullri gengistryggingu. En ef menn líta á fskj. á bls. 24, kemur í ljós, að í öðrum löndum er staðið að þessu með allt öðrum hætti en gert er hér. T. d. að taka í Noregi, þá segir svo, með leyfi forseta: „Hótel og önnur mannvirki, sem einungis eru byggð til að bæta þjónustu við ferðamenn, fá fjárfestingarstyrki, sem nema allt að 35% af heildarbyggingarkostnaði og tækjakaupum.“ Um Finnland segir svo: „Varðandi fjárfestingar í Finnlandi á þróunarsvæðum í ferðamálum eru til svokölluð þróunarsvæðaframlög, sem skiptast í svæði I og svæði II, þar sem hið opinbera veitir einkafyrirtækjum fjárstyrk á eftirfarandi hátt: Svæði I. Fyrstu 2 árin eftir að fjárfestingum er lokið greiðir hið opinbera alla vexti af lánum. Næstu 2 ár þar á eftir greiðir hið opinbera 50% vaxtakostnaðar. Svæði II. Fyrstu 2 árin eftir að viðkomandi fjárfestingu er lokið greiðir ríkið 80% vaxtakostnaðar, en næstu 2 ár 40%.“

Ég hirði ekki um að vitna frekar til þessara upplýsinga, en ef þessar upplýsingar eiga að vera til styrktar þeirri tillögugerð, sem hér er lögð fram um lánveitingar úr Ferðamálasjóði, þá þykir mér heldur betur stungin tólg. En þegar ég hugðist leita mér upplýsinga um Ferðamálasjóð og starfsemi hans, vísaði hæstv. samgrh. mér til ráðuneytisstjóra samgöngumála, og leysti hann greiðlega úr þeim fyrirspurnum, sem ég hafði fyrir hann að leggja, og í því sambandi barst talið óhjákvæmilega að Ferðaskrifstofu ríkisins, og vísaði hann mér þá til forstöðumanns Ferðaskrifstofunnar, Sigurðar Magnússonar. Áður en ég vík að því, vil ég aðeins drepa hér á örfáar greinar í IV kafla frv., sem fjallar um almennar ferðaskrifstofur. Þar eru greinar og ákvæði, þar sem á að setja rækilega undir þann leka, að ferðaskrifstofur séu reknar af óábyrgum aðilum, þess sé gætt í fyllsta máta, eins og framast er auðið, að þeim sé fært að standa við þær skuldbindingar, sem þær takast á herðar. Allir fá séð, að þetta er hið mikilvægasta, að hér er um það að tefla oftast nær, að þessar ferðaskrifstofur selja þjónustu sína fyrir fram, þjónustan er greidd fyrir fram, og þá er það að sjálfsögðu ákaflega mikilvægt og raunar mikil nauðsyn, að við þær skuldbindingar, sem með þeim hætti er stofnað til, sé staðið. Þess vegna er það, að t. d. í 15. gr., — ég er að vísu með

frv. eins og það var upphaflega lagt fram, mig minnir, að eitthvað hafi raskast töluröð greina í þessu, það skiptir ekki höfuðmáli, — í 15. gr. t. d. er ákvæði um, að leyfi til rekstrar ferðaskrifstofu má því aðeins veita, að umsækjandi setji bankatryggingu, sem eigi sé lægri en 3 millj. kr. Rn. getur ákveðið almenna hækkun tryggingarfjárins svo og sérstaka hækkun hjá einstökum ferðaskrifstofum, ef rekstur þeirra gefur tilefni til. Enn fremur er ákvæði um, að ferðaskrifstofur skuli senda rekstrar- og efnahagsreikninga sína til rn. o. s. frv., ákvæði, sem eiga að tryggja það, að málin gangi ekki úrskeiðis, þannig að um stóra ábyrgð er að tefla, þar sem t. d. erlendir menn mundu ella glata fé sínu. Að vísu er þess getið í 18. gr., að ákvæði þessa kafla nái ekki til Ferðamálastofnunar Íslands, og út af fyrir sig er það ekkert óeðlilegt, þar sem telja verður upp á, að ríkissjóður sjálfur eða ríkið sjálft standi við allar þær skuldbindingar, sem sú stofnun tekst á herðar.

En þegar ég leitaði mér upplýsinga hjá Ferðaskrifstofu ríkisins, þá virðist mér ástandið á þeim bæ vera með allt öðrum hætti en ég hafði getað látið mér detta í hug. Ástandið var með þeim hætti, að ef hér hefði verið um einkaaðila að tefla, þá virtist mér eftir þeim upplýsingum, sem mér voru gefnar, að þetta fyrirtæki væri gjaldþrota, það væri með öllu ófært um að standa við skuldbindingar sínar, og nýráðinn forstöðumaður Ferðaskrifstofunnar, frá því að mig minnir 1. júlí í fyrra, einn þekktasti ferðamálamaður hér á landi síðasta aldarfjórðung, hafði neyðst til þess að segja þessu starfi sínu lausu, af því að hann hafði ekki fengið áheyrn hjá ráðamönnum um úrbætur, hafði ekki fengið áheyrn um úrbætur til þess að forða frá algjörum ókjörum í þessum efnum. Ég hygg, að þannig standi málin enn í dag, að Ferðaskrifstofa ríkisins sé um það ófær að hefja rekstur Edduhótelanna, það eru hótelin, sem rekin hafa verið í heimavistarskólum ríkisins. Liggur þó alveg fyrir, að búið er þegar fyrir fram að selja erlendum ferðamönnum og innlendum þúsundir gistirúma í þessum sumarhótelum á sumri komanda, og forstöðumaður tjáði mér, að ef ekki yrði brugðið við alveg strax, þá virtist blasa við, að ekki yrði hægt að standa við þessar skuldbindingar. Og þá er komið að því, að ríkið sjálft fellur í þá gryfju, fellur í þann brunn, sem það er að reyna að byrgja með ákvæðum þeim, sem ég vitnaði til í frv. áðan. Ég hef að sjálfsögðu enga aðstöðu til að meta til botns innihald þeirra upplýsinga, sem mér hafa verið gefnar í þessu efni, en ég þykist sjá, að mjög horfi til hins verra, þegar hinum nýja forstöðumanni þykir mál skipast með þeim hætti, að hann sér sig til neyddan að segja því starfi sínu lausu, sem hann hafði nýtekið við.

Það er nú ósk mín, að hæstv. samgrh. gefi hinu háa Alþingi einhverjar upplýsingar um þetta mál og svör við þeirri fyrirspurn minni, með hvaða hætti verði að því staðið að leysa þetta mál, því að þetta mál hlýtur og verður að leysa þegar í stað. Ég tel það miklu mikilvægara en að við innum mikla vinnu af höndum við þetta frv. sérstaklega. Ég er sannfærður um það, að samgmn. hv. d. er alveg tilbúin til þess að leggja vinnu í að athuga um tillögugerð til úrbóta í þessu efni, ef ráðamenn telja slíkan stuðning við sig nauðsynlegan. Í þeirri n. á sæti hæstv. fyrrv. samgrh., og veit ég, að hann hefur þann kunnugleika á þessu máli, að hann er áreiðanlega fús til að leggja því lið.

Ég hirði ekki um að fara nákvæmar út í þessi atriði, sem ég fékk upplýst í þessu máli, en mér virtist allt málið það alvarlegt, að fullkomin ástæða sé til þess við 1. umr. um þetta mál hér í hv. d., að það verði alveg tekið sérstaklega til umr. hér, hverra ráða verði leitað til þess þegar í stað að forða þessari starfsemi á vegum ríkisins, starfsemi Ferðaskrifstofu ríkisins, frá þeirri sjálfheldu, sem ég fæ ekki betur séð en hún sé í. Þetta var aðalerindið, sem ég átti hingað. Ég vænti þess, að hæstv. samgrh. telji sér fært að gefa okkur svör við því, með hvaða hætti þetta mikla vandamál, sem mér sýnist vera hér á ferðinni, verður leyst. Ég er alveg sannfærður um, að hann muni ekki láta viðgangast, að málið fari í neina ófæru, og þá er eingöngu um tímaspursmál að tefla, en tíminn er núna dýrmætur. Það nálgast mjög ferðamannatímann, og mér skilst, að margvíslegar framkvæmdir séu eftir og þá einmitt á þessu mikla þjóðhátíðarári okkar, ef við eigum að forða frá því að lenda þarna í ófæru að þessu leyti, og veit ég og er sannfærður um, að það er síst meining hæstv. ráðh.

Ingólfur Jónsson: Herra forseti. Það eru aðeins örfá orð við 1. umr. hér í hv. d. Það er ábending til hæstv. ráðh. og þeirrar n., sem málið fær til meðferðar, sem ég vil koma á framfæri.

Frv. var breytt talsvert í Ed. Þar voru margar brtt. samþykktar, og ég tel, að sumar þeirra a. m. k. séu til nokkurra bóta. Ég tel að vísu, að það sé ekki ástæða til að afgreiða frv. eins og það er, það sé hreinn misskilningur, þegar því er haldið fram, að með því að gera þetta frv. að lögum verði greitt fyrir ferðamálum í landinu. Það er hreinn misskilningur. Þó að þetta frv. verði að lögum, greiðir það ekki fyrir ferðamálunum. Það er ekki aflað fjár til ferðamálanna með þessu frv. eða greitt fyrir því á neinn hátt. En ef það á að verða að lögum, þrátt fyrir það að ég telji það gagnslítið, þá tel ég alveg nauðsynlegt að fella úr frv. það, sem kallað er Ferðamálastofnun. Það er gert ráð fyrir því, að ferðamálaráð haldi áfram að starfa, og er sjálfsagt, að það geri það. Ferðamálaráð hefur starfað vel, og ferðamálaráð er sú stofnun í landinu, sem hefur kostað lítið, en afrekað mikið á undanförnum árum. En að hafa ferðamálaráð og setja upp ferðamálastofnun líka, sem hlýtur að kosta talsvert fé, það vil ég biðja hæstv. ráðh. og þá n., sem fær málið til meðferðar, að athuga. Það er nóg komið af því hér á landi nú að setja upp stofnun á stofnun ofan, óþarfar stofnanir, sem kosta mikið fé, sem greiða ekki fyrir því, að hlutirnir gangi vel og greiðlega, heldur auka kostnað. Það er alltaf verið að auka yfirbygginguna í þessu landi í hinum ýmsu starfsgreinum, og það verður að stöðvast hér við og reyna að draga úr óþarfaeyðslu. Ég mælist til þess, að hæstv. ráðh. endurskoði þetta. Það getur ekki

verið neitt til framdráttar ferðamálum í landinu að fara að setja upp ferðamálastofnun við hliðina á ferðamálaráðinu.

Ferðaskrifstofa ríkisins starfar áfram undir forustu dugnaðarmanns, sem er flestum kunnugari ferðamálum í landinu, og ég efast ekkert um, að hann fetar í fótspor fyrirrennara síns og heldur uppi landkynningu af dugnaði og árvekni. Til þess að geta rekið Edduhótelin, eins og hér var minnst á áðan, þarf Ferðaskrifstofa ríkisins vitanlega að fá starfsgrundvöll, og það væri vitanlega miklu betra að eyða því fjármagni, sem mundi fara í ferðamálastofnunina til einhverra raunhæfra aðgerða, til þess að hægt væri að halda uppi starfsemi í þágu ferðamálanna á raunhæfan hátt.

Það, sem hefur verið talið þessu frv. til gildis m. a., er, að þar eru ákvæði um verndun landsins, umgengnisverndun, og um útilokun mengunar og misnotkunar landsins og því um líkt. Ég sé ekki, að það geri neitt tjón, þó að þetta sé fest í lögum um skipulag ferðamála. En allt er þetta í lögunum. Stjórnvöld hafa heimildir til þess að grípa inn í samkv. lögum, sem nú eru í gildi, og þess vegna er ekki nauðsynlegt að lögfesta þetta að nýju með þessu frv., en eins og ég sagði, það kemur ekki að sök.

Ég ætla ekki að hafa þessi orð fleiri, fyrr en þá við 2. umr. í hv. d., en ég vildi aðeins nota tækifærið til þess að koma þessum athugasemdum á framfæri í von um, að þær verði teknar til greina.

Félmrh. (Björn Jónsson): Herra forseti. Ég vil leyfa mér að þakka hv. 4. þm. Austf. það, sem hann sagði jákvætt um þetta frv. og lýsti áhuga sínum á ferðamálum. Hitt er svo annað mál, að við því er auðvitað ekkert að segja, þó að menn hafi mismunandi skoðanir á einstökum atriðum, og sjálfsagt að taka það allt til skoðunar, eins og venja er í þinglegri meðferð, það sem menn kunna að vera ósammála um.

Hv. 4. þm. Austf. taldi, að hér væri verið að búa til geysilega mikla stofnun með miklum umsvifum, og í raun og veru kom svipað fram hjá hv. 1. þm. Sunnl. Þetta er að mínu viti mikill misskilningur. Hér er ekki verið að stofna til neinna stórra útgjalda, kannske engra, frá því, sem yrði með núverandi skipan. Hins vegar er verið að reyna að samræma aðgerðir í ferðamálum meira en gert hefur verið og reyna að koma þeim málum í það horf, að það beri betri árangur fyrir eðlilega og æskilega þróun ferðamálanna. Þá á ég ekki eingöngu við þá hliðina, sem að því snýr að auka ferðamannastraum, heldur að þetta þróist með menningarlegum hætti, sé gætt fyllstu náttúruverndarsjónarmiða og annars þess, sem mikils er vert í sambandi við alla framkvæmd þessara mála.

Eins og kemur fram í grg. og ég held, að ég hafi tekið fram í minni framsöguræðu, er í raun og veru fyrst og fremst um það að ræða að samræma, að vísu með nokkuð breyttum hætti, þá starfsemi, sem nú er rekin annars vegar af ferðamálaráði og hins vegar af Ferðaskrifstofu ríkisins. Þessu er þannig fyrir komið samkvæmt ákvæðum frv., að það geti orðið með sem einföldustum hætti og með sem minnstri yfirbyggingu, ef svo má segja. Ég játa t. d., að það orkar tvímælis, fyrir því eru bæði rök með og móti, að Ferðamálastofnun Íslands, eins og hún er hugsuð samkv. frv., reki sölustarfsemi. Í hv. Ed. fluttu flokksbræður þeirra hv. þm., sem hér hafa nú talað, till. um, að þetta yrði fellt niður sem hlutverk ferðamálastofnunar, en hins vegar væri heimild til þess að reka almenna ferðaskrifstofu, sem lyti venjulegum reglum um almenna ferðaskrifstofu. Ég játa, að fyrir þessu geta verið talsverð rök. En það, sem hefur vakað fyrir þeim, sem sömdu þetta frv., og fyrir þeim, sem flytja það nú, er að einfalda þessa hluti eins og hægt er. Það þyrfti t. d. ekki að vera sérstakur forstjóri fyrir Ferðamálastofnun Íslands og annar forstjóri fyrir Ferðaskrifstofu ríkisins, heldur væri það einn og sami maðurinn, sem veitti þessari starfsemi allri forustu, og þannig væri gerð tilraun til að spara fé og mannafla, sem ynni saman, í staðinn fyrir að hann vinnur nú í a. m. k. tvennu lagi og mundi kannske vinna í þrennu lagi, ef annar háttur væri hafður á.

Þetta kemur líka inn á það atriði, sem hv. 4. þm. Austf. gagnrýndi, að hér skorti kostnaðaráætlanir. Það má vel vera, að svo sé, og ég get játað, að það mætti vel taka upp aðra hætti í þeim efnum, eins og hann minntist á. En það sem er til afsökunar í sambandi við þetta mál, er fyrst og fremst, að það er ekki verið að stefna að stórkostlegum auknum kostnaði í sambandi við meðferð þessara mála, heldur er verið að reyna að gera nauðsynlegar breytingar, án þess að mikill viðbótarkostnaður stafi af. Ferðaskrifstofa ríkisins starfar núna sem sjálfstætt fyrirtæki. Ferðamálaráð starfar sjálfstætt og án nokkurra beinna tengsla við Ferðaskrifstofuna. Við, sem að þessu frv. stöndum, álítum, að með álíka mannafla og þessar stofnanir hafa nú væri hægt að reka Ferðamálastofnun Íslands og þ. á m. þá sölustarfsemi, sem gert er ráð fyrir í 6. gr. frv.

Varðandi það aftur, sem þessu viðkemur, fjármálin, sem hv. ræðumaður sagði um, að væri nánast lítilsvirðing, að það væri ekki gefin nein skýrsla um, hverju næmi sá hluti, sem á er minnst í grg., að rynni til Ferðamálasjóðs af rúllugjaldi, þá held ég, að þetta sé nokkuð eðlilegt, vegna þess að í lögunum segir, að það skuli að vísu vera hluti af rúllugjaldi, sem renni til Ferðamálasjóðs „samkvæmt lögum," segir þar, og þá er átt við sérstök lög, því að til þess að þessi breyting geti á orðið og þessi tekjustofn fundinn fyrir Ferðamálasjóð, þyrfti að breyta lögunum um skemmtanaskatt. Það er ekki með þessu frv. neinu slegið föstu um þetta atriði og þess vegna kannske ekki rík ástæða til þess, að þarna séu lagðar fram áætlanir.

Ég verð að játa það, að ég er ekki viðbúinn að svara þeirri spurningu, ef farið yrði að þeim hugmyndum, sem reifaðar eru í fskj. IX á bls. 28 og 29 í frv., eins og það var fyrst lagt fram, hverju það mundi nema. En ég held, að ég fari ekki með mikla vitleysu, þegar ég segi, að ég áliti, að það muni vera a. m. k. helmingi meira en lágmark ríkisframlagsins hefur gert ráð fyrir, sem gæti komið í hlut Ferðamálasjóðs. Vafalaust er hægt að fá um þetta greinarbetri upplýsingar,

og skal ekki standa á mér að stuðla að því, að hv. n., sem fær málið til meðferðar, eða einstakir þm. fái þær upplýsingar um þetta, sem tiltækar eru. Hins vegar er þessi gjaldstofn að breytast. Þarna er um vinveitingahús að ræða. Þeim hefur farið allmikið fjölgandi, og þeim á kannske eftir að fara enn meira fjölgandi á næstunni, ég skal ekki segja um það. En þarna er um tekjustofn að ræða, sem getur tekið verulegum breytingum. Hins vegar er rétt að leggja áherslu á í þessu sambandi, að með þessu frv. er því á engan hátt slegið föstu, hversu hátt þetta gjald skuli vera eða hve mikið af því skuli renna í Ferðamálasjóð, þótt reifuð sé sú hugmynd, sem gerir ráð fyrir því, að gjaldið verði hækkað í 100 kr., sem skiptist þannig, að skemmtanaskattur verði 16 kr., gjald í Menningarsjóð verði 4 kr., hluti veitingahússins hækki um helming og verði 30 kr. og í Ferðamálasjóð renni 50 kr. Þetta eru hugmyndir, en hvorki frv. né lög, og mundi auðvitað verða að ræðast alveg sérstaklega, ef þetta frv. yrði samþykkt, og væntanlega yrði þá tekið til skoðunar, að flutt yrði frv um viðeigandi breyt. á l. um skemmtanaskatt.

Þá vék hv. ræðumaður að því, að lánakjör Ferðamálasjóðs væru slæm miðað við þá erfiðu aðstöðu, sem þeir, sem að ferðamálum vinna, og hóteleigendur og veitingahúseigendur ættu við að stríða. Má sjálfsagt til sanns vegar færa, að það væri æskilegt, að þau væru betri. En ég sé ekki, að í þessu frv. felist mikilvægar breytingar frá þeim kjörum, sem nú eru, því að þær eru ekki aðrar en þær, sem samþykkt þessa frv. hefði í för með sér frá þeirri skipan, sem verið hefur um fjölda ára, að lánin eru verðtryggð samkv. framfærsluvísitölu, en í þessu frv. er gert ráð fyrir því, að þau séu verðtryggð með byggingarvísitölu, og virðist það ekki vera með öllu óeðlilegt og kannske ekki mikill munur á. Ég held, að þegar um sjóði er að ræða, verði að gæta þeirra sjónarmiða talsvert vel, að sjóðirnir brenni ekki smátt og smátt upp með hækkuðu verðlagi og aukinni verðbólgu, og það verður naumast gert með öðru móti en verðtryggja þá að meira eða minna leyti. Algert lágmark tel ég þó það, að sjóðirnir láni ekki út með lægri kjörum en þeir fá sitt fé, því að það sjá allir, hvaða þýðingu sjóðmyndanir hafa, ef þeirri meginreglu er ekki fylgt. Ég held, að aðstoð við þá, sem byggja mannvirki í sambandi við túrisma, yrði þá að koma með einhverjum öðrum hætti eða þá ef ríkisvaldið treystir sér til að leggja fram til Ferðamálasjóðs ákveðið fjármagn, sem væri beinlínis varið til þess að greiða niður vaxtakostnað og tryggja þannig, að sjóðurinn brynni ekki upp. Það skyldi síst standa á mér, ef hv. Alþ. er á því að veita slíka aðstoð, þá mundi það síst vera gegn minum vilja, því að mér er ljóst, að hér þarf veruleg breyting að verða á, ef Ferðamálasjóður á að geta verið hlutverki sínu vaxinn, eins og margvikið er að í grg. frv. og frv.-ákvæði gera ráð fyrir, að úr sé bætt, þó að skrefið sé þar ekki stigið til fulls. Sömuleiðis væri það mér ánægjuefni, ef hv. þm., hv. d. og hv. Alþ. treysti sér til þess að hafa lágmarksríkisframlagið hærra en 10 millj., það væri síst á móti minu skapi. En það er þar eins og með önnur fjárútlát, að það er í mörg horn að líta og getur verið erfitt að meta, hvað er hægt að gera margt í einu. Ég tel samt, að hér sé þannig tekið á málunum, að það sé líklegt, að það leiddi til þess, að Ferðamálasjóður yrði öflugri og færari um — ekki aðeins að gegna því hlutverki, sem hann hefur gegnt, heldur að auka verksvið sitt, eins og þessi lög gera ráð fyrir. Á því er mikil og brýn nauðsyn, að til sé sjóður, sem getur lánað í annað en hótel, því að það er mörg önnur fjárfesting í sambandi við ferðamálin, og sérstaklega þarf að gæta umhverfisverndar, sem ég held, að sé hin mesta nauðsyn, og þá þurfi sjóðurinn að geta veitt lán einnig til annarra hluta.

Þá var það það, sem hv. þm. sagði um Ferðaskrifstofu ríkisins, og það, sem hann m.a. taldi, að ef hér væri um almenna ferðaskrifstofu að ræða, þá uppfyllti Ferðaskrifstofa ríkisins ekki þau skilyrði varðandi sinn fjárhag, sem þar eru sett öðrum ferðaskrifstofum. Ég held, að það sé hins vegar alveg rétt hjá honum, að það sé ekkert óeðlilegt við það, þó að Ferðaskrifstofa ríkisins sé undanskilin þessum ákvæðum, vegna þess að það er auðvitað með Ferðaskrifstofu ríkisins eins og önnur ríkisfyrirtæki, að ef í harðbakkann slær, þá er það vitanlega ríkið og ríkissjóður, sem þar ber ábyrgð á hlutunum, og það verður að ætla, að það sé nægileg trygging til þess, að enginn verði hlunnfarinn í viðskiptum við þá stofnun. Það er hins vegar alveg rétt hjá hv. þm., að fjárhagur Ferðaskrifstofu ríkisins er mjög þröngur. Hún hefur þó síðustu árin, að árinu 1973 undanteknu, en uppgjör liggur ekki enn þá fyrir um það ár, verið rekin aðeins með hagnaði, en þó minnkandi, en ég tel horfur á, að umskipti hafi orðið á í þeim efnum á s.l. ári, þótt ég geti ekki um það fullyrt og hafi ekki gögn í höndum fram að leggja, m.a. vegna þess, að endanlegt uppgjör á rekstri stofnunarinnar fyrir s.l. ár liggur ekki fyrir. Þá er rétt að það kom í ljós á s.l. hausti, að það höfðu safnast upp mjög verulegar lausaskuldir hjá þessu fyrirtæki og meiri en fjárveitingar og tekjur stofnunarinnar gátu risið undir. Þetta er alveg rétt, þó að ég hins vegar áliti, að þessi vandræði séu ekki svo mikil, að vöskum útgerðarmanni yxu þau í augum. En sama er, að þarna hafa verið fjárhagsleg vandkvæði í sambandi við rekstur-inn, sem samgrn. hefur eftir bestu getu reynt að bæta úr, og ég hygg, að sú fjárhagsfyrirgreiðsla, sem stofnunin hefur fengið á síðustu mánuðum, geti ekki talist lítil, því að það, sem þar hefur verið gert, bæði beint og óbeint, þær frjálsu aðgerðir munu nema um eða yfir 20 millj. kr., þannig að ég hygg, að staða lausaskulda sé nú komin í það horf, að ekki þurfi nein vandkvæði af að skapast. Það gefur svo auga leið, að þegar svona gerist, þá er rekstrarfé ærið lítið, og það er rétt, að það er ekki að fullu leyst fyrir þá ferðamannavertíð, sem nú er fyrir höndum. En þar er um svo lítilvæga hluti að ræða, að ég tel naumast, að það sé verjandi tíma Alþ. til þess að ræða það vandamál, hvort vantar peninga fyrir nokkrum teppum á einhvern bar á einhverju hóteli eða því um líkt. Ég held, að það sé slíkt framkvæmdaatriði og smámunir, að það taki varla að eyða orðum að því.

Ég held, að sá ótti, að Ferðaskrifstofan geti

ekki hafið rekstur Edduhótelanna, sé ástæðulaus. Samgrn. hefur notið eftir atvikum góðrar fyrirgreiðslu fjmrn. til þess að leysa þau fjárhagslegu vandamál, sem hér eru á ferðinni, en endanlega verða þau auðvitað ekki leyst fyrr en í fyrsta lagi hreint uppgjör stofnunarinnar liggur fyrir og naumast nema til komi fjárveiting í samræmi við aðstæður stofnunarinnar á næsta Alþ. Aðrar ráðstafanir hljóta að verða meira eða minna til bráðabirgða. En það er áreiðanlega fullur vilji fyrir því, að ég held, að enginn vefengi það, að hann hefur verið sýndur af samgrn. til þess að leysa þau vandamál, sem hér eru á ferðinni.

Ég ætla ekki að fara að blanda persónu forstjóra Ferðaskrifstofunnar inn í þetta. Ég tel það ekki viðeigandi. En það er sjálfsagt svo, að mönnum fellur það misjafnlega að þurfa að glíma við erfið fjárhagsleg vandamál, hvort sem er í rekstri eða öðru, og við því er auðvitað ekkert að segja eða gera. En það er hins vegar ofmælt, sem hv. ræðumaður ýjaði að, að það væru miklar framkvæmdir, sem þyrfti að gera til þess að koma Edduhótelunum í gang.

Ég skal skýra frá því, að ég hef út af fyrir sig haft hug á því, þegar ég fór að gera mér nokkra grein fyrir því, hvað þessi stofnun ætti núna erfitt uppdráttar, að þá hefði e.t.v. komið til greina að draga saman seglin, sleppa einhverju af hótelrekstrinum og reyna að koma honum yfir á einkaaðila. En slíkt mætti mjög mikilli andsyrnu flestra þeirra a.m.k., sem við ferðamál fást, og töldu, að það væri mikill skaði skeður, ef Edduhótelin væru ekki rekin. Þau mynda nokkurt samhengi kringum landið, þau halda uppi vissum „standard" í hótelrekstri, og það er enginn vafi á því, að einhver hlekkur brestur í þeirri keðju, sem Edduhótelin eru ásamt öðrum hótelum, sem rekin eru úti á landsbyggðinni, að þá væru ekki möguleikar til þess að taka á móti þeim ferðamönnum, sem hingað vilja sækja. Því miður er útlit á, að þeim fari nú ekki fjölgandi, þannig að fjölgun ferðamanna verður tæplega mikil gróðavon fyrir þessi hótel. En málið er það, að einkaaðilar vilja fúsir taka að sér rekstur nokkurra þeirra hótela, sem hafa skilað hagnaði, en vilja ekki taka hin, sem verr eru sett og fyrirsjáanlega verður að reka með einhverju tapi, en eru þó jafnnauðsynleg og hin, sem hagnaði skila. Að auki hefur hér komið til, að pantanir ferðamanna gerast löngu fyrir fram, áður en ferðamaðurinn kemur, oft mörgum mánuðum, jafnvel hálfu ári, og það hefur verið bókað það mikið af erlendum ferðamönnum, að ekki hefur þótt fært að draga þar neitt saman seglin að nokkru ráði, þótt ég hefði talið það í raun og veru æskilegt með tilliti til rekstrar þessara stofnana, því að auðvitað ber að því að stefna og verður að því að stefna, að Ferðaskrifstofa ríkisins sé ekki rekin sem tapfyrirtæki, heldur standi hún undir sér og helst meira, eins og hún hefur oft gert, — að hún geti með sínum tekjum og sinni starfsemi líka að einhverju leyti stuðlað að landkynningu og áróðri fyrir því, að fleiri ferðamenn komi til landsins. En í þeim efnum er ástæða til þess að hafa áhyggjur, þegar meðalaukningin hefur á undanförnum árum verið frá 15—16% a.m.k. og sum árin jafnvel meiri, en á s.l. ári fer aukningin niður í aðeins 4,6 eða 4,7%, og það er sýnilegt, hvert stefnir í þeim efnum, enda kemur þar margt til, líka atburðir, sem við höfum ekki nein tök á að ráða við.

Þetta er það, sem ég hef að segja um þau mál, sem hv. 4. þm. Austf. gerði hér að umtalsefni. Það má vel vera, að honum finnist, að svörin séu ekki greið. En ég vil þá játa það, sem satt er, að skýrari svör get ég ekki gefið honum um þetta á þessu stigi málsins, en er hins vegar reiðubúinn til þess að stuðla að því, að hann fái allar þær upplýsingar, sem eðlilegt er, að þm. fái í máli sem þessu.

Þá eru það aðeins örfá orð um það, sem hv. 1. þm. Sunnl. sagði og ég raunar hef að sumu leyti svarað. Hann taldi, að hann væri ekki beinlínis á móti þessu frv., en taldi þó, að það væri misskilningur, að það greiddi fyrir ferðamálum. Um þetta má sjálfsagt þrátta og hafa mismunandi skoðanir, og ég ætla ekki að fara að deila við hann um þetta. Ég vil ekki fortaka, að það sé hægt að gera breytingar á frv., þannig að það biði ekki skaða og gæti jafnvel batnað, það má vel vera, og það er sjálfsagt að skoða það með eðlilegum hætti, eins og ég tel raunar, að hafi verið gert í hv. Ed. En svo vildi til, að hv. samflokksþm. 1. þm. Sunnl. lögðu til, að Ferðamálaráð yrði lagt niður. Nú telur hann, að það eigi endilega að starfa áfram, en hins vegar eigi stofnunin sjálf, Ferðamálastofnunin, ekki að koma til. Hér er auðvitað um grundvallarágreining að ræða, hvort slík stofnun sem hér er um að ræða verði að veruleika eða ekki og ferðamálin þannig samræmd þörfum og verkefnum, eftir því sem best má verða, eða hvort allt situr í sama farinu og það nú er. Ég tel, að skipulag á þessum málum sé ekki nægilega gott. Í því felst þó enginn áfellisdómur yfir ferðamálaráði. Það hefur áreiðanlega látið margt gott af sér leiða. En ég held, að það mundi gera meira gagn, ef starfsemi þess væri í nánara samhengi við annað það starf, sem af opinberri hálfu er unnið í ferðamálum, heldur en nú er, en frv. gerir einmitt ráð fyrir þeirri breytingu.

Ég er alveg sammála hv. 1. þm. Sunnl. um, að það ber að forðast að auka yfirbygginguna og það ber að draga úr óþarfaeyðslu. Ég er hins vegar á öndverðri skoðun við hann um það, að ég álít, að þetta frv. stefni alls ekki í þá átt, heldur að gera þau störf, sem unnin eru nú þegar að ferðamálum, samhæfðari og nota starfskrafta betur, hafa færri höfuðin á stofnunum og einfalda hlutina, eftir því sem frekast má verða. Ég get svo aðeins bætt því við, að sjálfsagt er að taka allar skynsamlegar ábendingar til athugunar, en minni þá jafnframt á, að það liður nú á þing. Þetta frv. var lagt fram til kynningar á síðasta Alþ. og aftur núna mjög snemma þings, þannig að menn hafa haft mikinn tíma, óvenjulega mikinn tíma til þess að skoða frv. og einstök ákvæði þess, og ég sé þess vegna engin rök fyrir því, að það fái ekki þinglega meðferð og fulla afgreiðslu á þessu þingi. Hins vegar er það auðvitað á valdi hv. Alþ. og þ.á m. þessarar hv. þd., hvort á því verða gerðar einhverjar breytingar. En ég tel, að þær breytingar, sem voru gerðar í Ed., séu a.m.k. ekki til skaða. Ég vil

ekki fullyrða, að þær séu allar til bóta, en ég tel þær þó ekki á neinn hátt varða höfuðatriði málsins, og þess vegna hef ég ekki beitt mér gegn þeim. Hins vegar mun ég ekki að svo komnu eiga frumkvæði að því, að gerðar verði frekari breytingar á frv.

Sverrir Hermannsson: Herra forseti. Ég vil þakka hæstv. samgrh. fyrir svör hans. Ég mun ekki eyða mörgum fleiri orðum að þessu máli með vísun til þess, sem ég áður sagði, að ég á sæti í þeirri n., sem fær það til meðferðar.

Ég er næsta vantrúaður á, að það muni ekki kosta allmikið fé að koma á fót þeirri allviðamiklu stofnun, sem mér sýnist vera verið að gera till. um. Allt um það, vonandi verður ekki um neinar stórfúlgur að tefla. En alla vega eiga að fylgja upplýsingar um það við slíka tillögugerð, með hvaða hætti verður að þessu staðið eða til hvers málið muni leiða í fjárhagslegu tilliti. Ég minnist þess, að á dagskrá hér í gær, — ég hafði ekki tök á því að fylgjast með því, hvort það mál náði fram að ganga eða ekki, var í Sþ. till. til þál., þar sem lagt er til að skora á ríkisstj. að hlutast til um það, að kostnaðaráætlanir fylgi öllum stj.frv. Ég sá einnig, að frá hv. fjvn. hafði komið shlj. álit um að mæla með samþykkt þessarar till., og ég er sannfærður um, að það er einróma álit allra hv. þm., að þannig eigi að standa að málum.

Við í hv. samgn. munum vafalaust fá svör við þeim spurningum, sem við kjósum að leggja fyrir embættismenn sem aðra í þessum efnum, og þess vegna dvel ég ekki lengur við það atriði.

Það kom fram hjá hæstv. ráðh., að hér er ekki verið að leggja til neitt stórt nýtt í sambandi við Ferðamálasjóð varðandi lánakjör hans. Það er alveg rétt, á því er ekki neinn stór munur, hvort byggt er á framfærsluvísitölu eða byggingarvísitölu. En allt um það, þá er samt ljóst, að þessi lánakjör eru ekki með þeim hætti, að maður ætli, að þau verði til þess að efla neitt nægjanlega þennan atvinnuveg, langt frá því. Það er einnig alveg hárrétt, að vitaskuld getur ekki neinn sjóður lánað út á öðrum kjörum en þeim lánskjörum, sem hann nýtur sjálfur, það gefur auga leið. En aðalmálið í þessu sambandi er það, að þessi sjóður er sveltur af opinberu fé, og ég endurtek það, sem ég sagði áðan, að það afsakar ekkert þessa tillögugerð, þótt hann hafi verið rösklega sveltur allt frá stofnun hans.

Ferðamálaráð gerir till. um, að lagður verði skattur á fríhöfnina, og hafa tjáð mér kunnugir menn, að þótt lagður yrði 10% skattur á fríhöfnina, sem mun velta um 300 millj. kr., þá muni verðlag þar eftir sem áður vera hið lægsta sem gerist í Evrópu, svo að ég held, að það þurfi að líta sérstaklega á þetta atriði.

Ég skal ekkert um það dæma, hvort er fær leið að innheimta þetta gjald af vínveitingahúsum. Ég kann ekki að meta það, þó hygg ég, að það hljóti, þó að sé um aðgöngumiða að ræða, að vissu marki að verða nokkuð þungur skattur á þeim húsum.

Varðandi Ferðaskrifstofu ríkisins og þær upplýsingar, sem hæstv. ráðh. gaf, þá get ég að vísu játað, að áhyggjur mínar linuðust nokkuð, en þó fór því fjarri, að honum tækist að eyða þeim með öllu. Hann játaði, að lausafjárstaða þessarar stofnunar væri ekki með þeim hætti sem skyldi, og þá þýðir það rakleiðis, að hún getur ekki eftir hendinni, þetta opinbera fyrirtæki, staðið við skuldbindingar sínar, sem hlýtur að leiða til erfiðleika, ef litið er til þess, við hvaða aðila hún á aðallega að skipta, sem eru erlendir aðilar. Ég fékk þær upplýsingar hjá Ferðaskrifstofunni, að þeim tilmælum hefði verið komið á framfæri við hana, að hún rannsakaði, hvort hún gæti ekki dregið úr t. d. rekstri þeirra hótela og hætt rekstri þeirra Edduhótela, sem hefur verið mest tap á á s. l. ári, en það reyndist að sjálfsögðu ómögulegt, þar sem þegar höfðu verið hafnar bókanir um gistirými þar. Enn fremur hygg ég, að það hafi verið svo fyrir mælt, sem mér þykir afar slæmt, ef rétt reynist, að dregið skyldi úr samstarfi við aðrar þjóðir á þessu sviði. Þar í felst stórvægilegt atriði, sem snertir landkynningarstarfsemina, sem ég tel eitt allra þýðingarmesta atriði þessa máls. En að fengnum svörum hæstv. ráðh. leyfi ég mér að lýsa því yfir, að ég treysti því, ekki síst með tilliti til þess, að við ætlum að halda hér mikla þjóðhátíð, sem við vonumst til, að erlendir gestir heiðri með nærveru sinni m. a., og ég vænti þess fastlega og er þess raunar fullviss, að úr verði bætt, skorti eitthvað á um það, að Ferðaskrifstofan nái vopnum sínum fullkomlega til þess að standa við allar skuldbindingar sínar og verða rekin með þeim sóma, sem við hljótum að ætla henni. Ég lýsi því yfir, að ég treysti hæstv. samgrh. til að sjá svo um, að þannig verði að málunum staðið, að þau mál, sem kunna að vera óleyst í þessu sambandi, verði leyst þegar í stað.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Efri deild, 105. fundur.

Mánudaginn 22. apríl, kl. 2 miðdegis.

Verkfræðingar o. fl., frv. (þskj. 16, n. 692). — Frh. 2. umr.

ATKVGR.

1. gr. samþ. með 11 shlj. atkv.
2. gr. samþ. með 12 shlj. atkv.
Brtt. 692 samþ. með 12 shlj. atkv
3.—4. gr. samþ. með 12 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 11 shlj. atkv.

Verndun Mývatns og Laxár, frv. (þskj. 634). — 3. umr.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 10:1 atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 751).

Hótel- og veitingaskóli Íslands, frv. (þskj. 276, n. 694). — 2. umr.

Frsm. (Ragnar Arnalds): Herra forseti. Manntmn. hefur haft til athugunar frv. til l. um breyt. á l. um Hótel- og veitingaskóla Íslands, en frv. fjallar fyrst og fremst um eitt atriði laganna, þ. e. a. s. skipan skólanefndar. Frv., eins og það var lagt fram, gerði ráð fyrir fjölgun í skólanefnd, þannig að hún yrði skipuð 6 mönnum og bættist við einn fulltrúi nemenda. N. var sammála þeirri meginstefnu, sem þarna kemur fram, en flytur þó brtt. við frv.

Í fyrsta lagi er það till. n., að Félag bryta tilnefni ásamt Matsveinafélagi Sjómannasambands Íslands einn fulltrúa í n., en Félag bryta hafði sérstaklega óskað eftir því að vera þarna tilnefningaraðili og hafði hlotið m. a. stuðning Farmanna- og fiskimannasambands Íslands til þess.

Í öðru lagi er það till. n., að fulltrúar nemenda séu tveir, en ekki einn, eins og frv. gerði ráð fyrir. Í frv. var gert ráð fyrir því, að vegna þess að fjöldi skólanefndarmanna stóð á jafnri tölu, réði atkv. formanns, ef atkv. yrðu jöfn í skólanefndinni, en n. gerir það að till. sinni, að fulltrúar nemenda séu tveir, og þar af leiðir, að skólanefndin verður 7 manna. Það, sem ræður þessari tillögugerð, er fyrst og fremst það sjónarmið, að ef á annað borð er farið að hafa nemendur í skólanefndum af þessu tagi, sé eðlilegra, að þeir séu tveir hverju sinni, en ekki aðeins einn. Það er svo, að það er talsverður aldursmunur og reynslumunur annars vegar á skólanemendum og hins vegar á þeim, sem að öllu jöfnu sitja í skólanefndum. Nemendum finnst því, að þeir eigi undir högg að sækja að sitja að störfum innan um sér margfalt reyndari menn, og þykir því eðlilegra og skynsamlegra út frá mannlegu sjónarmiði, að fulltrúi nemenda sitji þar ekki einn, heldur séu þar tveir fulltrúar, sem geti þá borið saman ráð sín, ef upp koma einhver vandamál, sem taka þarf afstöðu til.

Þriðja efnisbreytingin á frv. er, að gert er ráð fyrir því, að 7 varamenn séu skipaðir með sama hætti. Það var ekki gert ráð fyrir því í frv., og er þetta til samræmingar við aðrar skólanefndir. Eins er því slegið föstu í brtt. n., að tilnefning nemendafulltrúa gildi til eins árs, en annarra fulltrúa til 4 ára, en þetta kom ekki skýrt fram í frv. og er til samræmis við aðrar skólanefndir.

Þess skal getið, að tvö önnur frv. voru lögð á sama tíma fyrir þd. Var annað um lög um vélstjóranám, en hitt lög um fiskvinnsluskóla, og tilgangur beggja þessara frv. var hinn sami, að veita nemendum tilnefningarrétt í skólanefndir. Menntmn. hefur afgr. þessi frv. öll í einu lagi og með sama hætti, gert sams konar breyt. á þeim, þannig að nemendur eigi yfirleitt tvo fulltrúa í öllum þessum n. Að öðru leyti hafa ekki verið gerðar breyt. á hinum tveimur frv., nema hvað í lögum um vélstjóranám er gert ráð fyrir því, að tveir nm. séu skipaðir eftir tilnefningu Vélstjórafélags Íslands, en ekki eftir tilnefningu annars vegar frá Vélstjórafélaginu og hins vegar Mótorvélstjórafélagi Íslands, því að n. var tjáð, að hið síðarnefnda væri ekki lengur til.

Ég nota sem sagt þetta tækifæri, um leið og ég mæli fyrir nál. um Hótel- og veitingaskóla Íslands, að skýra frá brtt. n. við frv. um vélstjóranám og frv. um fiskvinnsluskóla, sem væntanlega verða tekin hér fyrir strax á eftir, og mun líta svo á, að ég hafi þegar mælt fyrir þeim til tímasparnaðar.

ATKVGR.

Brtt. 694 (ný 1. gr.) samþ. með 12 shlj. atkv.
2. gr. samþ. með 12 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 11 shlj. atkv.

Vélstjóranám, frv. (þskj. 438, n. 696). — 2. umr.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Brtt. 696 samþ. með 12 shlj. atkv.
1. gr., svo breytt, samþ. með 12 shlj. atkv.
2. gr. samþ. með 12 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 12 shlj. atkv.

Fiskvinnsluskóli, frv. (þskj. 439, n. 695). — 2. umr.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Brtt. 695 (ný 1. gr.) samþ. með 11 shlj. atkv.
2. gr. samþ. með 13 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 12 shlj. atkv.

Heimilisfræðaskólar, frv. (þskj. 446, n. 726, 727). — 2. umr.

Frsm. (Ragnar Arnalds): Herra forseti. Menntmn. hefur haft til athugunar frv. til l. um heimilisfræðaskóla. N. hefur fengið á sinn fund form. þeirrar n., sem undirbjó frv., Steinunni Ingimundardóttur skólastjóra, einnig skólastjóra Húsmæðrakennaraskólans, Vigdísi Jónsdóttur, og einnig fengið allmargar umsagnir um frv. N. mælir einróma með því, að frv. verði samþ. með tilteknum breyt., sem eru á þskj. 726. Einstakir nm. áskilja sér rétt til að flytja eða fylgja brtt., og flytjum við hv. þm. Auður Auðuns, 6. þm. Reykv., tvær brtt. á þskj. 727.

Um brtt. n. er ekki ástæða til að fjölyrða. Það er í fyrsta lagi breyt. við 1. gr. um, að við bætist nýr liður, þar sem rætt er um, hvert sé hlutverk heimilisfræðaskóla, og sé með þeim nýja lið lögð áhersla á, að um geti verið að ræða sérmenntun í íslenskum handíðum með sérstakri tilvísun til 15. gr., þar sem fjallað er um handíðaskóla, sem settur yrði á stofn. Það var skoðun n., að 15. gr., sem fjallar um handíðaskólann, væri fullstuttaraleg, og því er 6. brtt. n. gerð til að bæta úr því. Að öðru leyti er 2. brtt. einnig í sama dúr, þ. e. að slá því föstu, að viðkomandi handíðaskóli samkv. 15. gr. falli undir heildarheiti frv., sem er heimilisfræðaskóli, og lúti sömu ákvæðum og þeir skólar, sbr. I. og II. kafla frv., en þetta var ekki nægilega ljóst samkv. frv.

Eins og kunnugt er, fjallar frv. um það, að þeir skólar, sem nú eru nefndir húsmæðraskólar eða kvennaskólar, taki breyt. og verði nefndir heimilisfræðaskólar til samræmis við þá stefnu, sem uppi er, að gera ekki sérstakan mun á kynjum í skólakerfi okkar, og um leið er það tilgangur frv. að skýrgreina enn betur en gert hefur verið hlutverk þessara skóla og tryggja, að þeir falli inn í skólakerfið með eðlilegum hætti, þannig að þeir nemendur, sem í þessa skóla fara, séu ekki að fara inn á einhverja blindgötu, sem endi að skólanum loknum án þess að veita nein réttindi inn í aðra skóla, heldur falli þessir skólar með eðlilegum hætti inn í skólakerfið og próf úr þeim veiti réttindi til framhaldsnáms í framhaldsskólakerfinu. Þetta er ótvírætt mikilvægasta breytingin, sem frv. felur í sér. En hvort hún dugar til að setja nýtt líf í þessa skóla, sem eru nú mjög á fallandi fæti, það er annað mál, sem ég treysti mér ekki til að kveða neinn dóm um, og óhætt er að fullyrða, að meðnefndarmenn mínir voru haldnir nokkrum efa um, að samþykkt þessa frv. dygði til að hleypa nýju lífi í þessa skóla. En þetta er sem sagt tilraun í þá átt og sjálfsagt og eðlilegt, að slík tilraun sé gerð.

Um brtt. er ekki ýkjamikið annað að segja. Ég hef nefnt hér 3 þeirra og skal víkja að þeim, sem ótaldar eru. Í fjórða lagi vil ég nefna brtt. við 7. gr., en þar er gert ráð fyrir því skv. frv., að kennarapróf þurfi frá Húsmæðrakennaraskóla Íslands, Húsmæðrakennaraskóla Íslands eða Kennaraháskóla Íslands, til þess að setja eða skipa megi menn sem kennara við þessa skóla, en menntmn. gerir till. um, að fleiri skólar geti komið þarna til greina, og tilnefnir í fyrsta lagi Kennaraskóla Íslands, því að allmargir kennarar hafa próf frá honum, þó að hann sé ekki lengur til, einnig er bætt við hliðstæðum menntastofnunum erlendis, og loks er bætt við vefnaðarkennaradeild Myndlista- og handíðaskóla Íslands. N. gerir þetta að till. sinni í samræmi við ábendingar, sem hún fékk frá fleiri en einum aðila.

Fimmta brtt., sem ég tel hér og er víst nr. 4 á þskj. 726, snertir skólanefndina og er til samræmis við þær breyt., sem gerðar hafa verið á 3 skólanefndum einmitt á þessum sama þingdeildarfundi nú rétt áðan.

Loks gerir n. till. um breyt. við 12. gr. frv., og eru þær breyt. til samræmis við frv. til 1. um grunnskóla, eins og það er, eftir að Nd. hefur um það fjallað. Menntmn. hefur ekki í hyggju að gera brtt. við það ákvæði grunnskólal. og telur þar af leiðandi einsýnt, að færa verði ákvæði um orlof kennara í þessu frv. til samræmis við ákvæðin í grunnskólafrv., eins og líklegt er, að þau yrðu að lögum að öllu forfallalausu.

Að lokum vil ég nefna hér till. á þskj. 727, sem við flytjum hv. 6. þm. Reykv., Auður Auðuns, og ég.

Það er í fyrsta lagi um, að nafni frv. verði breytt og þar með nafni þessara skóla, þeir verði ekki nefndir heimilisfræðaskólar, heldur húsmæðrakennaraskólar. Fyrir þd. hafa verið lögð tvö frv. Fjallar annað um húsmæðrakennaraskólann, sem kemur í staðinn fyrir Húsmæðrakennaraskólann, og svo þetta frv., og við teljum, að það sé meira til samræmis að nota sama orðið í báðum tilvikum og tala í þessu tilviki líka um húsmæðrakennaraskóla. Ég vil taka það fram, að við bárum þetta undir gesti n., þær Steinunni Ingimarsdóttur og Vigdísi Jónsdóttur, og þær voru sammála okkur um, að þetta væri eðlileg breyting og nauðsynleg og töldu sig miklu betur geta fellt sig við þetta heiti.

Í öðru lagi gerum við þá brtt. við 15. gr. frv., að á eftir 3. mgr. 15. gr. frv., eins og hún yrði, ef brtt. n. yrðu samþykktar, komi þessi setning: „Heimilt er að ráða kennara við skólann, sem sérstaklega eru þjálfaðir til handíða- eða teiknikennslu, án þess að þeir uppfylli skilyrði 7. gr.“ Hér er um undantekningarákvæði að ræða, sem aðeins snertir þennan handíðaskóla. N. fékk ábendingar um, að ákvæðin um ráðningu kennara við þennan skóla væru kannske í þrengsta lagi með hliðsjón af því, að þetta væri skóli sérstaks eðlis, og það yrði að vera möguleiki á að ráða að honum kennara, a. m. k. einn, ef ekki fleiri, sem hefðu sérmenntun í kennslu handíða- og textilgreina, og þá væri ekki víst, að slíkir menn uppfylltu skilyrðin um það að hafa kennarapróf frá þeim kennslustofnunum, sem nefndar eru í 7. gr. Af þessum ástæðum þykir okkur eðlilegt að setja þá smugu inn í frv., að ráðh. sé heimilt að ráða að skólanum kennara, sem séu sérþjálfaðir til handíða- eða teiknikennslu, jafnvel þótt þeir uppfylli ekki skilyrði 7. gr.

ATKVGR.

Brtt. 727,1 samþ. með 11 shlj. atkv.
— 726,1 samþ. með 13 shlj. atkv.
1. gr., svo breytt, samþ. með 13 shlj. atkv.
2.—3. gr. samþ. með 13 shlj. atkv

4. gr. samþ. með 13 shlj. atkv.
Brtt. 726,2 samþ. með 13 shlj. atkv.
5. gr., svo breytt, samþ. með 13 shlj. atkv.
6. gr. samþ. með 13 shlj. atkv.
Brtt. 726,3 samþ. með 13 shlj. atkv.
7. gr., svo breytt, samþ. með 13 shlj. atkv.
Brtt. 726,4 (ný 8. gr.) samþ. með 13 shlj. atkv.
9.—11. gr. samþ. með 13 shlj. atkv.
Brtt. 726,5 samþ. með 13 shlj. atkv.
12. gr., svo breytt, samþ. með 13 shlj. atkv.
13.—14. gr. samþ. með 13 shlj atkv.
Brtt. 727,2 samþ. með 11 shlj. atkv.
— 726,6, svo breytt, samþ með 13 shlj. atkv.
15. gr., svo breytt, samþ. með 12 shlj. atkv.
16. gr. samþ. með 13 shlj. atkv.
17.—19. gr. samþ. með 13 shlj. atkv.
Brtt. 727,3 (ný fyrirsögn) samþ. með 12 shlj. atkv.
Frv. vísað til 3. umr. með 12 shlj. atkv.

Loftferðir, frv. (þskj. 617, n. 733). — 2. umr.

Of skammt var liðið frá útbýtingu nál. — Afbrigði samþ. með 11 shlj. atkv.

Frsm. (Páll Þorsteinsson): Herra forseti. Öryggisþjónusta vegna flugferða yfir Norður-Atlantshaf er á vegum Alþjóðaflugmálastofnunarinnar. Þessi öryggisþjónusta nær yfir stórt svæði og er margháttuð og kostnaðarsöm. Þessi þjónusta er þannig skipulögð, að einstök lönd annast hana á ákveðnum svæðum samkv. ákvörðun Alþjóðaflugmálastofnunarinnar. og skv. ákvörðun hennar um flug yfir Norður-Atlantshaf hefur Ísland á undanförnum árum annast þessa þjónustu á tilteknu svæði allstóru, sem nær suður að 61. breiddarbaug og allt að ströndum Grænlands. Þessi þjónusta er til nota fyrir öll loftför, sem leið eiga um þetta svæði, og þess vegna var á árinu 1956 gert samkomulag milli margra ríkja, þar sem ákveðið var, að 95% af kostnaði við þessa öryggisþjónustu skyldi endurgreidd íslenska ríkinu af öðrum þátttökuríkjum í því hlutfalli sem loftför þeirra fljúga yfir Norður-Atlantshafið, og hliðstætt samkomulag var einnig á sama tíma gert að því er varðaði þjónustu danska ríkisins í þessu efni, en hún tekur til Grænlands og Færeyja.

Í samkomulaginu frá 1956 var gert ráð fyrir því, að síðar kynni að vera talið réttara, að þeir greiddu fyrir þjónustuna, sem hennar nytu, þ. e. a. s. flugfélögin sjálf að meira eða minna leyti. Þess vegna var þá ákveðið, að ríkisstjórnir Íslands og Danmerkur sæju til þess, ef þess yrði óskað af hálfu Alþjóðaflugmálastofnunarinnar, að settar yrðu reglur, sem gerðu það kleift, að gjöld vegna þjónustunnar yrðu greidd af þeim, sem hennar njóta.

Nú er komið að því, að þær breytingar verði gerðar um fyrirkomulag á greiðslum vegna þessarar starfsemi, sem gert var ráð fyrir í samkomulaginu 1956, að kynnu að verða. Þessar breytingar eru á þá leið, að flugfélögin, sem annast flugið á því svæði, sem hér um ræðir, greiði eftirleiðis sjálf hluta af kostnaðinum, sem af starfsemi flugöryggisþjónustunnar leiðir. Þetta bar þannig að gagnvart Íslandi, að í mars og apríl 1973 var haldin ráðstefna í París á vegum Alþjóðaflugmálastofnunarinnar. Þar áttu fulltrúa þau lönd, sem eru aðilar að samþykktum um greiðslu á kostnaði til Íslands og Danmerkur vegna flugöryggisþjónustunnar á Norður-Atlantshafi. Á þessari ráðstefnu var samþykkt, að nú þegar skyldu 40% af þeim útgjöldum vegna þjónustunnar, sem talið er, að komi notendum til góða, greidd af notendum, en 60% yrðu áfram greidd af þátttökuríkjunum. Þó er gert ráð fyrir, að þessi skipting kostnaðarins verði aðeins til bráðabirgða, því að jafnframt var samþ. á ráðstefnunni, að gert skyldi ráð fyrir því, að frá og með árinu 1976 yrði skiptingin sú, að 50% yrðu greidd af notendum, en 50% af þátttökuríkjunum. Skv. ályktun þessarar ráðstefnu hefur svo Alþjóðaflugmálastofnunin óskað eftir því við ríkisstj. Íslands, að innheimtunni verði breytt í þetta horf. En lögin, sem í gildi eru um loftferðir, þ. e. loftferðalög, nr. 34 frá 1964, fela ekki í sér heimild til þess að koma þessari breytingu á, og af þeim ástæðum er frv. þetta fram borið til þess að fá lagaheimild um þetta efni.

Í 2. mgr. fyrri gr. frv. er kveðið svo á, að heimilt sé flugmálaráðh. að semja við stjórnvöld annarra ríkja um, að þau taki að sér innheimtu á þessum gjöldum erlendis. Það kemur fram í grg. þessa frv., og einnig var skýrt frá því á fundi n., að fyrirhugað er af hálfu íslenskra stjórnvalda að gera samkomulag við Breta um framkvæmd skv. 2. mgr. fyrri gr. frv. Það samkomulag mundi þá verða gert með nótuskiptum milli landanna. En Bretar hafa allfullkomið innheimtukerfi að þessu leyti.

Samgn. hefur fjallað um þetta frv. og fékk á sinn fund til viðræðu um málið ráðuneytisstjórann í samgrn., flugmálastjóra og aðstoðarmann hans, og þessir menn voru sammála um, að sú lagabreyting, sem hér er farið fram á, að samþykkt verði, sé ekki aðeins eðlileg, heldur nauðsynleg, eins og málið horfir nú við. Að þessu athuguðu leggur samgn. til, að frv. þetta verði samþ. óbreytt.

ATKVGR.

1. gr. samb. með 11 shlj. atkv.
2. gr. samþ. með 11 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 11 shlj. atkv.

Atvinnuleysistryggingar, frv. (þskj. 637, n. 731). — 2. umr.

Frsm. (Helgi F. Seljan): Herra forseti. Frv. þetta til l. um breyt. á l. nr. 57 27. apríl 1973, um atvinnuleysistryggingar, er fyrst og fremst flutt til staðfestingar á því samkomulagi, sem gert var í kjarasamningunum í febrúarlok og ríkisstj. hét að beita sér fyrir, að lögfest yrði. Sérstök n. samdi síðan þetta frv. undir forustu Hjálmars Vilhjálmssonar fyrrv. ráðuneytisstjóra ásamt fulltrúum frá aðilum vinnumarkaðarins. Frv. er komið frá Nd. og hlaut þar einróma samþykki.

Ýmis atriði frv. snerta beinlínis ýmsar þær breytingar, sem urðu við þessa kjarasamninga,

svo sem 1. og 4. gr. frv. Aðrar, svo sem 2. og 3. gr., eru til leiðréttingar og frekari áréttingar eldri laga. En aðalefnið liggur í þætti Atvinnuleysistryggingasjóðs í greiðslu kauptryggingar til þess fólks, er að fiskvinnu starfar. Réttur vinnuveitenda til endurgreiðslu úr sjóðnum er nú samkv. frv. 60%, gildir þannig til 1. mars 1979, fer þá niður í 50% og lækkar síðan um 10% á ári og fellur því með öllu brott 1. mars 1984.

Um nauðsyn á kauptryggingu verkafólks í fiskvinnu er óþarft að ræða, svo sjálfsagt réttlætismál sem það er, og með fullnýtingu fiskvinnslustöðva ætti hér ekki að vera vandamál á ferðinni í framtíðinni fyrir neinn aðila.

Heilbr.- og trn. mælir einróma með samþykki frv., en fjarverandi afgreiðslu málsins voru Eggert G. Þorsteinsson og Geir Gunnarsson.

ATKVGR.

1. gr. samþ. með 13 shlj. atkv.
2.—8. gr. samþ. með 13 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 13 shlj. atkv.

Gatnagerðargjöld, frv. (þskj. 392, n. 723). — 2. umr.

Frsm. (Steingrímur Hermannsson): Herra forseti. Félmn. hefur haft til athugunar frv. til l. um gatnagerðargjöld á þskj. 392. Nál. á þskj. 723 greinir frá því, að n. hefur orðið sammála um að mæla með samþykkt þessa frv. Í umsögn, sem barst frá Sambandi ísl. sveitarfélaga, þar sem mælt er með samþykkt frv., eru lagðar til tvær brtt., sem n. hefur gert að sínum og birtast á fyrrnefndu þskj. n. Breyt. eru í því fólgnar, að 2. mgr. 3. gr. orðist svo:

„Heimild til að leggja á slík gjöld er bundin við það, að sveitarfélagið hafi ekki áður innheimt af hlutaðeigandi fasteign gatnagerðargjald, sem ætlað hefur verið a.m.k. að hluta til bundins slitlags."

Í öðru lagi: „Á eftir 6. gr. komi ný gr., sem verði 7. gr., svo hljóðandi:

„Gatnagerðargjaldi skv. 1. og 3. gr. fylgir lögveð í viðkomandi fasteign."

Ég þarf ekki að fara mörgum orðum um þetta frv. Grg. er allítarleg, og flm. hefur flutt ítarlega framsöguræðu. Ég vil aðeins undirstrika það, sem kemur fram í grg., að bæði þörfin og kröfur um bætt umhverfi fer mjög vaxandi. Það er ekki eðlilegt, að íbúar þéttbýlisstaða úti um land uni því að þurfa að vaða þar í for og leðju, hvenær sem vætir. Hitt er einnig ljóst, að því fylgir verulegur kostnaður að leggja varanlegt slitlag, sem svo er nefnt, á götur, og jafnframt því ljóst, að sveitarfélög þessi verða að hafa aðstöðu til að innheimta gjald af notendum þessara gatna, af íbúum við slíkar götur, til þess að geta ráðist í þær kostnaðarmiklu framkvæmdir. Þetta hefur raunar verið gert af ýmsum sveitarfélögum án lagaheimildar, en þó orðið á nokkrum stöðum viðtekin venja. Það er því samdóma álit sveitarstjórnarmanna, að tími sé til þess kominn að festa í lög ákvæði um gatnagerðargjöld, sem heimila sveitarfélögum undir vissu eftirliti ráðh. að innheimta umrædd gjöld til gatnagerðar og til þess ekki síst að leggja á götur varanlegt slitlag. Að þessu stefnir þetta frv., og það er, eins og ég sagði, samdóma niðurstaða n. að mæla með samþykkt þess.

ATKVGR.

1. gr. samþ. með 12 shlj. atkv.
2. gr. samþ. með 12 shlj. atkv.
Brtt. 723,1 samþ. með 12 shlj. atkv.
3. gr., svo breytt, samþ. með 13 shlj. atkv.
4.—6. gr. samþ. með 12 shlj. atkv.
Brtt. 723,2 (ný gr., verður 7. gr.) samþ. með 12 shlj. atkv.
7. gr. (verður 8. gr.) samþ. með 12 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 12 shlj. atkv.

Neðri deild, 110. fundur.

Mánudaginn 22. apríl, kl. 2 miðdegis.

Skipulag ferðamála, frv. (þskj. 626). — Frh. 1. umr.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 27 shlj. atkv. og til samgn. með 27 shlj. atkv.

Dýralæknar, frv. (þskj. 621, n. 638). — Frh. 2. umr.

ATKVGR.

1. gr. samþ. með 25 shlj. atkv.
2. gr. samþ. með 24 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 26 shlj. atkv.

Mat á sláturafurðum, frv. (þskj. 461, n. 707, 682). — Frh. 2. umr.

ATKVGR.

Brtt. 682,1 samþ. með 21 shlj. atkv.
1. gr., svo breytt, samþ. með 22 shlj. atkv.
2. gr. samþ. með 25 shlj. atkv.
Brtt 682,2 samþ. með 25 shlj. atkv.
Fyrirsögn, svo breytt, samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 25 shlj. atkv.

Stjórnarskipunarlög, frv. (þskj. 330, n. 669). — Frh. 2. umr.

ATKVGR.

Till. frá allshn. á þskj. 669 um að vísa frv. til ríkisstj. samþ. með 29 shlj. atkv.

Innflutningur og eldi sauðnauta, frv. (þskj. 584). — Frh. 1. umr.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 31 shlj. atkv.

Málflytjendur, frv. (þskj. 338, n. 542, 558). — Frh. 2. umr.

ATKVGR.

1. gr. samþ. með 25 shlj. atkv.
2.—6. gr. samþ. með 23 shlj. atkv
Brtt. 542,1 samþ. með 26 shlj. atkv.
7. gr., svo breytt, samþ. með 22 shlj. atkv.
8.—9. gr. samþ. með 26 shlj. atkv.
Brtt. 542,2 samþ. með 28 shlj. atkv.
10. gr., svo breytt, samþ. með 23 shlj. atkv.
11.—12. gr. samþ. með 25 shlj. atkv.
Brtt. 542, 3 samþ. með 23 shlj. atkv.
13. gr., svo breytt, samþ. með 26 shlj. atkv.
Brtt. 558 tekin aftur til 3. umr.
14.—26. gr. samþ. með 24 shlj. atkv.
Ákvæði til bráðabirgða samþ. með 23 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 23 shlj. atkv.

Gjaldmiðill Íslands, frv. (þskj. 557). — 3. umr.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 26 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 746).

Umhverfismál, þáltill. (þskj. 157, n. 715). — Frh. einnar umr.

ATKVGR.

Brtt. 715 (ný tillgr.) samþ. með 27 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Till. samþ. með 27 shlj. atkv. og afgr. til Ed.

Mat fasteigna, frv. (þskj. 738). — 1. umr.

Fjmrh. (Halldór E. Sigurðsson): Herra forseti. Frv. er á þskj. 738, eins og það er komið frá hv. Ed., og var lagt þar fram á s. l. hausti. Eins og skýrt var frá í framsögu fyrir frv. í þeirri hv. d., var allmikill aðdragandi að gerð þessa frv. og hafði verið búið að vinna að frv. um skráningu fasteigna af fyrrv. fjmrh., þegar síðustu stjórnarskipti urðu. Það var skoðun þess hæstv. ráðh., að á frv. væru ýmsir annmarkar, svo að ekki væri rétt að leggja það þá fram, eins og það var úr garði gert, og var því haustið 1971 samið frv. upp úr því upphaflega frv., sem hugsanlega yrði lagt fram. En þrátt fyrir þá vinnu, sem í það var lagt, var það skoðun núv. fjmrh. og þeirra, sem að málinu unnu síðar, að á því frv. væru einnig þeir annmarkar, — m. a. að það yrði dýrt í framkvæmd, — að horfið var frá því ráði að leggja frv. þá fram.

Sumarið 1972 og fram á vetur 1973 var svo unnið að endurskoðun frv., og meðal þeirra, sem þá unnu að endurskoðun þess, var ráðuneytisstjórinn í fjmrn. og yfirfasteignamatsnefnd ríkisins, sem vann mikið verk, og var haft samráð við fleiri aðila um gerð þessa frv., enda grípur það til landsins alls. Niðurstaðan af því iverki var það frv., sem lagt var fyrir hv. Ed. á s. l. hausti og hefur verið þar til meðferðar á þessu hv. þingi, en sú d. gerði á því nokkrar breyt., þó að þær muni ekki vera veigamiklar.

Frv. það, sem hér liggur fyrir um skráningu og mat fasteigna, er, eins og greinir í aths. með frv., ný lagasetning á þessu sviði. Var orðin brýn og aðkallandi þörf á slíkri lagasetningu, enda hefur alllengi verið ljóst, að lagagrundvöllur aðalfasteignamatsins frá 1970 gæti ekki dugað til frambúðar um þróun þessara mála. Það hefur geysimikla þjóðhagslega þýðingu, að skráning og mat fasteigna sé jafnan í góðu horfi, bæði fyrir sveitarfélögin í landinu og ýmsa aðra aðila.

Með frv. þessu er leitast við að móta ákveðna frambúðarstefnu, sem á ýmsan hátt víkur frá ríkjandi skipan þessara mála, auk þess sem frv. er nú mun ítarlegra um flest en núv. lög, sem eru nr. 28 frá 1963, um fasteignamat og fasteignaskráningu.

Helstu nýmæli í frv. þessu eru þau, sem hér skal greina:

1. Í núgildandi l. er megináhersla lögð á mat fasteigna, en skráning kemur í öðru sæti og mun minni áhersla lögð á hana. Í þessu frv. er þessu snúið við, því að þar er a. m. k. ekki minna lagt upp úr skráningarþættinum en matinu sjálfu, enda hefur haldgóð skráning fasteigna mikla og sívaxandi þýðingu bæði fyrir opinbera aðila og einkaaðila. Í 3. gr. frv. er nánar greint, hverjum upplýsingum skuli safnað um sérstaka fasteign. Um það, hvort einhverjir agnúar eru á þeirri upptalningu, verður reynslan að skera úr.

2. Mikilvægt atriði í frv. er það, að ekki er lengur gert ráð fyrir allsherjarmati fasteigna á landinu öllu með ákveðnu árabili og millimatskerfi þess í milli, svo sem nú er. Mat og skráning fasteigna verður samkv. þessu frv. sífellt verkefni, sem unnið er að allan ársins hring. Með þessu er stefnt að því, að upplýsingar um fasteignir verði á hverjum tíma eins nærri sanni og tæknilega er kostur á.

3. Gert er ráð fyrir, að ný stofnun, Fasteignaskrá, sinni þessum verkefnum og leysi núv. Fasteignamat ríkisins af hólmi. Um nánara skipulag þeirrar stofnunar vísast til frv. og grg. þar um.

4. Í 9. gr. frv. segir fyrir um, hverjir skuli annast upplýsingasöfnun um fasteignir, en þau störf eru falin byggingafulltrúum. Á sama hátt er í 18. gr. frv. gert ráð fyrir, að sérstakir matsmenn, sem ráðh. ræður til þess starfa, meti fasteignir, en um þetta skal að öðru leyti vísað til aths. með frv.

5. Þá er gert ráð fyrir sérstakri ráðgjafanefnd, sem starfi í tengslum við Fasteignaskrána. Í henni skulu eiga sæti fulltrúar ýmissa þeirra aðila, sem nýta eða geta nýtt Fasteignaskrána í rekstri sínum. Með þessum hætti öðlast þessir aðilar formlegan vettvang, þar sem þeir geta haft áhrif á þróun Fasteignaskrár sem stofnunar og starfsháttu hennar. Það er skoðun rn., að nauðsyn beri til að stuðla að því, að fasteignamatsskráningin og sú stofnun, sem þar er sett á fót, geti orðið matsaðili fyrir hinar ýmsu stofnanir

í þjóðfélaginu, svo sem banka og aðrar veðlánastofnanir, sem til þessa hafa haft sérstaka matsmenn á sínum snærum.

Í 25. gr. er fólgið mikilsvert nýmæli þess efnis, að yfirfasteignamatsnefnd ákveði ár hvert reiknistuðla fyrir skráð matsverð fasteigna með hliðsjón af verðbreytingum. Er þannig gert ráð fyrir, að framreikningur þessi eigi sér stað í nóv. ár hvert og taki gildi 1. des., þannig að nýtt fasteignamat um verð fasteigna, sem sé sem næst raunverði, gildi um hver áramót.

Þá er gert ráð fyrir breyttri skipan fasteignamatsnefndar, en samkv. frv. má skipan hennar á ýmsan hátt jafna til dómkvaðningu.

Ýmis fleiri nýmæli eru í frv., en þessi eru hin mikilvægustu. Í því sambandi vil ég einnig geta um það, sem kom fram í hv. Ed. m. a., um aðsetur matsmanna, en það eru ákveðnir staðir á landinu, sem ætlast er til, að fasteignamatið hafi aðsetur á. Þessir staðir eru: Reykjavík, Akureyri, Egilsstaðir, Selfoss, Ísafjörður, Borgarnes, Sauðárkrókur og Keflavík. Þessir staðir eru valdir með tilliti til þess, að sem hægast sé að komast yfir þau svæði, sem undir þá heyra, og það falli sem mest til af ferðum í öðrum erindagjörðum inn á þessi svæði eins og staðarval ber með sér. Það var sjónarmið þeirra, sem völdu þessa staði og undirbjuggu þetta mál, að það væri sem hægast til samgangna fyrir þau heildarsvæði, sem undir staðinn heyra.

Enn fremur vil ég geta þess, vegna þess sem kom fram í hv. Ed., að það er gert ráð fyrir því, að fasteignamatsnefnd sé ekki, í upphafi a. m. k., skipuð með þeim hætti, að þar séu ríkisstarfsmenn, heldur séu þeir með uppsagnarrétti, og það stafar af því, að gert er ráð fyrir, að þar þurfi ekki að verða um full störf að ræða, sérstaklega í byrjun, og a. m. k. meðan ekki sé um full störf að ræða, eigi ekki að skipa þessa menn eins og um ríkisstarfsmenn væri að ræða í venjulegum skilningi, heldur að ráða þá til verksins og báðir aðilar geti sagt upp starfinu með eðlilegum hætti.

Þá kom það einnig fram í hv. Ed. um mat á bújörðum, að þar er gerður greinarmunur á því, hvort jörð er hugsuð til búskapar eða til annarra nytja, eins og sumarbústaðalanda eða sérstaklega veiðiréttinda, sem breyta verðmæti hennar mjög frá því almenna sjónarmiði að meta búskaparréttindin með tilliti til þess, að um búskap á landinu sé að ræða, og höfð hliðsjón af því, en ekki af öðrum ástæðum, sem gera þetta mat óeðlilegt.

Ég sé ekki ástæðu til við þessa umr. að fara frekar út í þetta frv., enda fylgir því ítarleg grg., og málið hefur hlotið langa og stranga meðferð í hv. Ed. Ég vona, að hv. Nd. geti byggt á þeim störfum, sem þar hafa verið unnin, því að nauðsyn ber til að fá þetta mál afgreitt á þessu hv. Alþingi.

Ég legg svo til, herra forseti, að frv. verði að lokinni þessari umr. vísað til 2. umr. og hv. fjh.- og viðskn.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 23 shlj. atkv. og til fjh.- og viðskn. með 21 shlj. atkv.

Iðntæknistofnun Íslands, frv. (þskj. 569). — Frh. 1. umr.

Ingólfur Jónsson: Herra forseti. Það er orðið alllangt síðan ég kvaddi mér hljóðs um þetta mál. Eins og sjá má, er það iðnn. Nd., sem flytur frv. eftir beiðni hæstv. iðnrh., en þegar málið var hér fyrst til umr., var það lítið, sem frsm. n. hafði að segja, en hæstv. iðnrh. gerði málinu því betri skil með langri framsöguræðu. Út af fyrir sig er engin ástæða til þess að vera með aðfinnslur út af því, þótt brugðið sé þannig út frá venjunni og ráðh. tali fyrir máli, sem hann flytur ekki. En það er tekið fram af n. hálfu, að hún áskilji sér rétt til þess að flytja brtt. og gera aths. við þetta mál, eftir því sem ástæða þykir til að athuguðu máli.

N. hefur ekki rætt þetta frv., ekki tekið það til athugunar, en að sjálfsögðu munu nm. hafa lesið frv. yfir og gert sér nokkra grein fyrir innihaldi þess. Enginn vafi er á því, að ýmislegt er í frv., sem er athyglisvert og gæti verið til framdráttar og bóta fyrir iðnaðinn í landinu. Það er einnig enginn vafi á því, að ýmislegt í frv. mætti betur fara.

Það má segja, að ekki sé ástæða til að ræða frv. á þessu þingi, vegna þess að þegar n. var beðin um að flytja málið, fylgdi það með, að það væri ekki ætlunin, að frv. næði fram að ganga á þessu þingi, frv. væri flutt til þess, að þm. gætu gert sér grein fyrir því, hvað hér væri um að ræða. Út af fyrir sig ber mál oft þannig að, ekki síst þegar um stórmál er að ræða. En þetta mál er í sjálfu sér ekki nýtt, það hefur verið nokkuð lengi á ferðinni, og það hefur verið hjá hæstv. ráðh. nokkuð lengi til athugunar. Það má segja, þó að þetta frv. yrði að lögum, að þá dugar það eitt út af fyrir sig ekki til þess að styrkja iðnaðinn, til þess að vinna gegn því neikvæða, sem nú herjar á í iðnaðinum. Því miður er ekkert „patent" fundið til þess. En ég ætla ekki að fara að ræða um ástand og horfur í iðnaði í sambandi við þetta mál. Ég kvaddi mér ekki hljóðs til þess, heldur einfaldlega vegna þess, að málið ber að eins og ég hef lýst, n. hefur ekki tekið það til meðferðar og nm. ætlast áreiðanlega ekki til, að málið verði tekið aftur á dagskrá í þessari hv. d., nema n. hafi tekið það til athugunar og gert sér grein fyrir málinu. Það liggur í hlutarins eðli, að stórmál eins og þetta getur ekki gengið fram nema eftir gagngerða athugun í þeirri n., sem um málið fjallar. Ég ætla þess vegna ekki nú að tala meira um þetta mál, en vil endurtaka það, sem ég áðan sagði, að það eru ýmsir ljósir punktar í þessu frv. og aðrir neikvæðir. Þettta þarf að vega og meta, og e. t. v. er unnt að gera þetta frv. að góðu máli með því að gera hæfilegar breyt. á frv.

Ellert B. Schram: Herra forseti. Þegar hæstv. ráðh. kynnti þetta mál fyrir hv. d., flutti hann ítarlega og fróðlega ræðu um stöðu iðnaðarins og þróun hans sem atvinnuvegar hér á landi eða a. m. k. undanfarinn áratug. Hann minnti á iðnþróunaráform sín og iðnbyltinguna, sem svo hefur verið kölluð af honum og hans talsmönnum, og síðan lýsti hæstv. ráðh. yfir, að þetta frv.

væri forsenda allra frekari aðgerða á þessum vettvangi. Hann komst þannig að orði, að hér væri um að ræða meginstoð allra þeirra miklu breyt., sem gera þyrfti í iðnaðinum, ef ekki ætti að sigla honum í strand í allra næstu framtíð.

Nú mætti ætla, þegar um svo stórt mál er að ræða, að hæstv. ríkisstj. stæði einhuga að baki þessu máli og legði metnað sinn í, að málið fengi skjóta og örugga afgreiðslu, hvað þá að ríkisstj. bæri þetta mál upp sem sitt stefnumál. En svo kynlega bregður við, að það er ekki hæstv. ríkisstj., sem stendur að flutningi þessa máls, heldur hv. þingnefnd. Ráðh. gaf þá skýringu, að sá kostur hafi verið valinn til að tryggja frekar framgang þessa máls með því að láta hv. þm. flytja það. Nú er það í sjálfu sér athyglisverð yfirlýsing af hálfu ráðh., að það sé betra að láta ríkisstj. ekki flytja mál, ef þau eiga að ná fram að ganga. Hitt held ég að sé þó sönnu nær, að hæstv. ráðh. átti ekki annarra kosta völ, einfaldlega vegna þess, að um þetta mál var alls ekki samkomulag innan ríkisstj. Og það hefði verið hreinskilnara að viðurkenna þessa staðreynd í stað þess að koma með þá barnalegu skýringu, að það tryggi frekar framgang málsins að láta þn. flytja það frekar en hæstv. ríkisstj.

Í þessu sambandi vil ég til gamans minnast á það, að í umr. hér í síðustu viku, þegar til tals kom járnblendiverksmiðja og frv.-flutningur um um það efni, þá sagði þessi sami hæstv. ráðh., að hann treysti sér ekki til þess að flytja frv. um verksmiðjuna vegna stjórnarandstöðunnar, og virðist fokið í flest skjól fyrir hæstv. ráðh., þegar hann ýmist treystir sér ekki til að sýna sín eigin frv. í nafni ríkisstj. vegna stjórnarandstöðu eða þá hann lætur þn. flytja þau og læðir þeim þannig inn á þingið. Auðvitað er þetta sönnun þess, að það er löngu tímabært fyrir þessa ríkisstj. að leggja upp laupana, þegar ráðh. hennar koma ekki málum sínum inn í þingið með öðrum hætti en þessum.

En það kom fleira athyglisvert fram í ræðu hæstv. ráðh., sem hann flutti hér í fyrstu lotu þessarar umr. um þetta mál, og ég tel ástæðu til að vekja sérstaka athygli á einum kafla þessarar ræðu, sem sjálfsagt fór fram hjá of mörgum hv. þm., en það er kaflinn þar sem hann fjallaði um atvinnulýðræði, rekstur fyrirtækja og eignaraðild þeirra, en í því sambandi sagði hæstv. ráðh.:

„Atvinnulýðræði er mikið til umr. um þessar mundir. Menn eru þó ekki á eitt sáttir um gildi þess, einkum að því er varðar aðild starfsmanna að stjórnun einkafyrirtækja. Þykir ýmsum, að slíkt sé yfirklór eitt, til þess fallið að dylja andstæðuna milli eigenda fyrirtækisins og launþega þess.“

Og síðan sagði hæstv. ráðh.:

„Fullkomið atvinnulýðræði verður ekki að veruleika, fyrr en einkaeign framleiðslutækja er úr sögunni. Hér er um að ræða grundvallaratriði í efnahagskerfi okkar og flestra annarra ríkja, og þarna er að finna eina meginástæðuna fyrir þeirri verðbólguþróun, sem barist er við, bæði hér á landi og annars staðar.“

M. ö. o.: þessi hæstv. ráðh. er búinn að segja hv. d., í hverju verðbólguvandinn sé fólginn, einfaldlega þeirri ástæðu, að framleiðslutækin eru að einhverju leyti í einkaeign, og hann telur það vera frumforsendu til lausnar þessum vanda að afnema einkaeign manna og ryðja með því þessum bölvaldi úr vegi.

Hér er hæstv. ráðh. ekki að skafa af meiningu sinni. Hann undirstrikar, að hér sé um að ræða grundvallaratriði í efnahagskerfi okkar, og hann fullyrðir, að einkaeign framleiðslutækja sé bölvaldurinn í íslensku efnahagslífi og skuli afnema þessa einkaeign.

Nú er þetta að sjálfsögðu ekki nein ný tíðindi. Þetta eru skoðanir hins sanntrúaða sósíalista. En venjulegum mönnum hefur stundum sést yfir þessa staðreynd, þegar hinir æfðu stjórnmálamenn bregða sauðargærunni yfir nafn og númer, og þannig hefur það farið fram hjá allt of mörgum, hvernig þessi hæstv. ráðh. og hans flokkur hafa notfært sér valdaaðstöðu sína í þjóðfélaginu í dag til þess að þrengja skipulega að öllum frjálsum atvinnurekstri í landinu. Það er ákaflega lærdómsríkt, að á sama tíma og ráðh. leggur fram frv. um uppstokkun á skipulagi nokkurra opinberra stofnana, þjónustustofnana fyrir iðnaðinn, sem hann telur vera algjöra forsendu frekari átaka í iðnaðarmálum, þá skuli hann nota tækifærið og árétta stefnu sína og hug gagnvart frjálsum atvinnurekstri. Ég tel það ekki vera tilviljun, að ráðh. notar þetta tækifæri til þess að koma þessari skoðun sinni á framfæri. Og ég held, að það sé auðvelt að sjá samhengið þarna á milli. Ég held, að það sé líka ástæða til þess að gera sér grein fyrir þessari meginstefnu hæstv. ráðh. og hans flokks, nú þegar menn tala um lausn á efnahagsvanda. Ég er þeirrar skoðunar, að Alþb. og ráðh. þess hafi viljandi leitt yfir þjóðina ákveðin vandamál og kynnt undir, að til þessara vandamála yrði stofnað. Þeir hafa átt sinn þátt í því, að fjárl. hafa verið margfölduð, opinberar framkvæmdir auknar fram úr öllu hófi, vinnumarkaðurinn sprengdur og kröfupólitík mögnuð. Og í framhaldi af þessu, þegar allt er komið í vandræði, þá er hringiðunni beint að atvinnurekstrinum, einkarekstrinum, og sagt: Þarna er sökudólgurinn, þennan sökudólg verður að hálshöggva. Ég tel, að það sé nauðsynlegt, að þetta sjónarmið ráðh. sé nokkuð kynnt fyrir þjóðinni, og ég held, að það sé full ástæða til þess að aðstoða ráðh. í því að kynna þessa skoðun hans, — menn eiga ekki að gleyma þessum boðskap. Og ég held, að þessa kveðju eigi þeir aðilar að taka til sín, sem hafa tekið mark á fagurgala hæstv. iðnrh. á vettvangi iðnaðarins undanfarna mánuði.

Ýmsir iðnrekendur og þeir, sem að iðnrekstri standa, hafa léð samþykki sitt, a. m. k. óbeint, við það frv., sem hér er á dagskrá, vegna þess að þeim er talin trú um, að tækniþjónusta þessarar stofnunar muni vaxa, fjármagn til rannsókna og iðntækniþjónustu muni aukast og rannsóknastofnanir muni vera samkeppnisfærari í mannaráðningu. Allt er þetta þó mikill misskilningur, eins og best sést á því, þegar þetta frv. er skoðað. Það er rétt, að þær forsendur, sem að ofan eru taldar, eru algjörlega nauðsynlegar og óhjákvæmilegar til raunhæfrar eflingar á iðntækniþjónustu, — forsendurnar fjármagn og

mannafli. En hvorugt þessara atriða er til staðar, þegar frv. er skoðað ofan í kjölinn. Og þá stendur eftir, því miður, uppstokkun á úreltu kerfi, flókin skipulagsbreyting, sem ekki hefur annan sjáanlegan tilgang en að koma á nýrri yfirbyggingu, annars konar stjórn og sennilega nýjum mönnum.

Tildrög þessa máls eru þau, að 8. maí 1972 skrifaði hæstv. ráðh. bréf og skipaði þar n. og skrifaði erindisbréf til n. um verkefni hennar. Stóð m. a. í þessu ráðherrabréfi:

„Hér með eruð þér skipaðir til þess að vinna að því að samhæfa þá starfsemi þeirra stofnana ríkisins, er vinna að sérfræðilegum rannsóknum og tækniaðstoð við iðnaðinn, í eina allsherjar tæknistofnun."

Þetta skyldi vera verkefni n., sá þröngi stakkur, sem hennar störfum var sniðinn. Í áliti, sem n. gaf út í des. 1972 og ég hef hér með mér, kemur fram, að n. sú, sem vann eftir þessu erindisbréfi ráðh., gerir till. um, að gerð sé rammalöggjöf um þessar stofnanir og um þessi verkefni. Í þessu áliti n. leggur hún mikla áherslu á réttan aðdraganda, réttan undirbúning málsins, áður en til stofnunar þessarar allsherjar tæknistofnunar kemur, og segir, með leyfi forseta, í þessu nál.:

„N. leggur til, að fyrsta skrefið til samhæfingar verði stigið sem fyrst með því að koma á fót samstarfsnefnd með fulltrúum frá Rannsóknastofnun byggingariðnaðarins, Rannsóknastofnun iðnaðarins, og Iðnþróunarstofnun Íslands, auk Útflutningsmiðstöðvar og iðnrn. N. þessi hittist t. d. tvisvar í mánuði og fylgist með samstarfi stofnana og komi í veg fyrir tvíverknað. Engin formsatriði virðast því til fyrirstöðu að stofna slíka n. nú þegar."

Áfram segir síðan í nál.:

„Til þess að framkvæma skipulagstilögu n. til fullnustu þarf a. m. k. að breyta l. um rannsóknir í þágu atvinnuveganna, að því er varðar Rannsóknastofnun iðnaðarins og Rannsóknastofnun byggingariðnaðarins. Það þarf jafnframt að breyta l. um Iðnþróunarstofnun og l. um verkstjórafræðslu. N. er ljóst, að slíkar breyt. mundu taka nokkurn tíma, en þó er að sjálfsögðu rétt að hefjast handa sem fyrst. N. vekur hins vegar athygli á, að vel má framkvæma ýmsar till. hennar um nýja og breytta starfsemi, án þess að endanlegur skipulagsrammi sé kominn á."

Framkvæmd till. n. um nýja starfsemi krefst stóraukins fjármagns til þessara hluta, svo sem við er að búast. N. leggur sérstaka áherslu á, að fjármögnun verði að haldast í hendur við endurnýjun starfseminnar, því að annars dregur úr þeirri starfsemi, sem fyrir er. N. varar t. d. ákveðið við því, að aukin tækniþjónusta við iðnfyrirtæki verði til þess að hefta eðlilegan vöxt rannsóknastarfsemi, sem miðast við langtímahagsmuni íslensks iðnaðar.

Þetta eru tilvitnanir úr nál. frá því í des. 1972. Þessu nál. var vísað til umsagnar ýmissa aðila, og vil ég leyfa mér að kynna hér álit Rannsóknaráðs ríkisins eða framkvæmdanefndar þess ráðs, en það álit er dags. í mars 1973. Þar segir, með leyfi forseta:

„Ljóst virðist, að með umræddu nál. hefur að ýmsu leyti verið unnið ágætt starf. M. a. eru dregin fram ýmis mikilvæg atriði, sem bæta verður, og á þeim vakin athygli. Með tilliti til rannsóknastarfseminnar má sérstaklega nefna:

1) Aukið samstarf rannsóknastofnana og annarra þjónustustofnana iðnaðarins.

2) Stóraukin rannsóknastarfsemi með verulegri aukningu þess fjármagns, sem til rannsókna rennur.

3) Bætt aðstaða rannsóknastofnana til samkeppni við atvinnuvegina um ráðningu á starfsliði með auknu frelsi í launamálum.

4) Bætt þjónusta við atvinnuvegina með aukinni ráðgjafarstarfsemi."

Síðan segir í þessu nál. Rannsóknaráðs ríkisins:

„M. a. teljum við hina miklu yfirbyggingu, sem ráðgerð er, að ýmsu leyti varhugaverða, ekki síst þar sem skrefið til sameiningar verður ekki stigið til fulls. Algjör sameining umræddra stofnana er að okkar mati ekki æskileg, enda er gert ráð fyrir nokkru sjálfstæði einstakra eininga. Með þessu móti virðist hins vegar ástæða til þess að óttast, að ákvarðana- og stjórnunarleiðir verði óljósar. Einnig virðist okkur vafasamt að rýra um of áhrif atvinnuvega eða atvinnugreina á stjórn viðkomandi stofnunar. Ætlunin virðist vera að ráða nokkra bót á þessu með aukinni ráðgjafarstarfsemi. Með auknu fjármagni frá iðnaðinum sjálfum virðist hins vegar eðlilegt, að iðnaðurinn fái aukinn rétt til ákvarðana um ráðstöfun þess fjármagns."

Enn síðar í þessu áliti Rannsóknaráðs segir:

„Áður en horfið verður að því að gjörbreyta núverandi kerfi, teljum við því eðlilegt og rétt að kanna, hvort ekki megi ná svipuðum árangri á einfaldari máta. Ef svo reynist ekki vera, er aftur á móti nauðsynlegt, að tryggt sé, að sá árangur, sem að er stefnt, náist með þeim róttæku breyt., sem nál. gerir ráð fyrir. Vafasamt virðist að ákveða, eins og gert er í skipunarbréfi nefndarinnar, að lausnin skuli vera að sameina starfsemi stofnana í eina allsherjar tæknistofnun. Réttara er að skoða fleiri leiðir að settu marki."

Þetta læt ég nægja um álit framkvæmdanefndar Rannsóknaráðs ríkisins. Í þessu áliti kemur fram hugur flestra þeirra, sem um þetta mál hafa fjallað og hafa sýnt á því áhuga, þ. e. a. s. sá hugur, að forsenda allra breyt. á þessum vettvangi sé aukið fjármagn og meira svigrúm í mannaráðningum. Ef þessar forsendur eru ekki fyrir hendi, þá sé annað nánast kák eitt.

Ég held, að ég geti leyft mér að fullyrða, að með tilliti til nál. þeirrar n., sem undirbjó þetta mál, og álits m. a. Rannsóknaráðs ríkisins o. fl. aðila, þá komi fram, að þann undirbúning, sem mælt er með, og þær forsendur, sem taldar eru þurfa að vera fyrir hendi, skorti nánast gjörsamlega.

Til marks um þetta má vekja athygli á því, að í nál., sem ég hef vitnað hér til, er gert ráð fyrir því, að fjármagnsstraumur til rannsóknastarfseminnar, þessarar tækniþjónustu, aukist mjög verulega. Þar segir m. a.: Ef miðað er við að ná þessu marki með jöfnum hlutfallshækkunum milli ára, þ. e. a. s. því marki, að u. þ. b. 2% af framleiðsluverðmæti iðnaðarins gangi til tækni- og rekstrarfræðiþjónustu, — til þess að ná því marki þyrfti hækkunin til þessarar

starfsemi að aukast verulega, ef gengið er út frá tölum fjárlagafrv. fyrir árið 1973.

Síðar segir í þessu áliti n., að hún telji þetta atriði vera algjöra forsendu, frumskilyrði þess, að árangur fáist af breytingum á rannsóknastarfsemi í þágu iðnaðarins.

Í frv. hefur þó verið dregið mjög úr fjármagninu, sem á að renna til starfseminnar, frá því, sem n. gerði ráð fyrir, og reyndar frá því, sem var í upphaflegu frv.-uppkasti, sem dreift var til ýmissa aðila á sínum tíma. Þar var talað um 0.3—0.8%, en í frv. núna 0.2% lágmark og er það samsvarandi við það, sem nú er ráðstafað til þessarar starfsemi, og því ekki mikil von til þess, að úr verði bætt, hvað þetta snertir.

Það er hafið yfir allan vafa, að það þarf að gera mjög róttækar breyt. á skipulagi rannsóknastarfseminnar á Íslandi. Það bíða stór og aðkallandi verkefni, enda þótt þessi ríkisstj. hafi hvorki haft dug né kjark til þess að takast á við þau. Sú breyt., sem fólgin er í þessu frv., er hvorki fugl né fiskur og er auðvitað í engum tengslum við samræmda breyt. á heildarskipulagi rannsóknamála. Það er athyglisvert, að eftir að þetta frv. hafði verið lagt fram hér í d., hljóp framkvstj. Rannsóknaráðs ríkisins, hv. þm. Steingrímur Hermannsson upp til handa og fóta, og lagði hér í flýti fram þáltill. í Sþ., þar sem skorað er á ríkisstj. að taka nú til athugunar heildarskipulag rannsóknamála. Og hann leggur þessa till. fram vegna þess, eins og hann segir í grg., að þetta frv. er hér komið fram. Sést best á þessu, hversu skipulagshyggjan er nú allsráðandi hjá þeim hv. stjórnarsinnum, hversu vinstri höndin veit lítið, hvað sú hægri er að gera.

Ég get fallist á það, eftir því sem ég hef þekkingu til og hef kynnt mér, að það þurfi að samræma störf og þjónustu þeirra stofnana, sem vinna í þágu iðnaðarins á þessum vettvangi. En það er engan veginn sannað að setja þurfi á stofn nýja stofnun, Iðntæknistofnun, og sýnist alveg út í hött að ráðast í slíka skipulagsbreytingu, ef ekki er fullnægt þeim forsendum, sem menn virðast vera sammála um, að þurfi að vera fyrir hendi, ef einhver raunhæfur árangur á að nást. Ég tel, um leið og það er eðlilegt og sjálfsagt, að þetta frv. sé skoðað, að þá séu þessi sjónarmið höfð í huga.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Orkulög, frv. (þskj. 15, n. 709 og 736, 21, 455, 710). — 2. umr.

Frsm. meiri hl. (Eðvarð Sigurðsson): Herra forseti. Frv. það, sem hér er nú til 2. umr. í þessari hv. d., hafa þm. haft til skoðunar á tveim undanförnum þingum. Um efni frv. segir svo í grg., með leyfi hæstv. forseta:

„Í lagafrv. þessu er greint á milli umráða- og hagnýtingarréttar á jarðhita eftir því, hvort hann er að finna á háhitasvæðum eða lághitasvæðum.

Allur jarðhiti á lághitasvæðum, svo og hverir og annar náttúrlegur jarðhiti á yfirborði háhitasvæða, er háður einstaklingseignarrétti landeigenda, en annar jarðhiti á háhitasvæðum er í almannaeign og í umráðum ríkisins. Þó skulu þeir, sem borað hafa eftir jarðhita á háhitasvæðum og byrjað vinnslu hans við gildistöku l., hafa þann rétt óskertan áfram.

Óheimilt er, að aðrir aðilar en ríkið og þeir, sem leyfi ríkisvaldsins fá, bori eftir jarðhita á háhitasvæðum.

Ráðh. hefur heimild til að leyfa vinnslu jarðhita á háhitasvæðum til minni háttar nota, en að öðru leyti skal skipa hagnýtingu háhita framvegis með löggjöf hverju sinni og er með því tryggt, að nýting þessara orkulinda verði sem hagkvæmust fyrir þjóðina."

Í 1. gr. frv. kemur svo fram nánari skilgreining milli lághita og háhitasvæða, og segir þar m. a. svo:

„Með jarðhitasvæði er í l. þessum átt við uppstreymissvæði frá rennsliskerfi heits grunnvatns. Jarðhitasvæði skiptast í háhitasvæði og lághitasvæði. Jarðhitasvæði tels háhitasvæði í l. þessum, ef innan þess finns 200° C hiti ofan 1000 m dýpis. Önnur jarðhitasvæði nefnast lághitasvæði."

Einnig segir:

„Ríkið á allan rétt til umráða og hagnýtingar jarðhita á háhitasvæðum og uppleystra efna og gastegunda, sem háhitavatni og gufu fylgja, þó með takmörkunum, sem í l. þessum greinir."

Umr. um efni þessa frv. hafa nokkuð snúist um, hvort með því væri gengið lengra í takmörkun á einstaklingseignarrétti en stjórnarskráin heimili.

Iðnn. þessarar hv. d. hefur fjallað allítarlega um frv. og m. a. sent það til umsagnar lagadeildar háskólans, og var þess sérstaklega óskað, að fram kæmi í áliti deildarinnar, hvort nokkurt ákvæði frv. bryti í bága við stjórnarskrána. Í svari lagadeildarinnar eru rakin efnisatriði frv., er hér að lúta, og í lok umsagnar deildarinnar segir svo, með leyfi hæstv. forseta:

„Niðurstaða lagadeildar er því sú, að ofangreint frv. feli ekki í sér stjórnarskrárbrot, ef það verður að lögum. Hins vegar verður að gera ráð fyrir því, að það geti í einstökum tilvikum haft í för með sér bótaskyldu fyrir ríkissjóð gagnvart eigendum jarðhitaréttinda."

N. bárust einnig umsagnir frá Búnaðarfélagi Íslands og Sambandi ísl. sveitarfélaga. Búnaðarfélagið mótmælir frv. sem skerðingu á réttindum landeigenda. Um það vil ég aðeins segja, að sagan geymir of mörg dæmi þess, að einkaeign á landi hefur komið í veg fyrir, að framfaramál til almenningsheilla næðu fram að ganga, og er leitt til þess að vita, ef forustumenn íslenskra bændasamtaka skipuðu sér í þann hóp. Samband sveitarfélaganna lýsir sig samþykkt brtt., sem hv. þm. Stefán Gunnlaugsson flytur við frv., en iðnn. flytur nú brtt., sem kemur til móts við sveitarfélögin frekar en áður var í frv.

Iðnn. var ekki sammála um afgreiðslu frv. Meiri hl. n. leggur til, að það verði samþ. með minni háttar breyt., en minni hl. leggur til, að því verði vísað til ríkisstj.

Eins og ég hef tekið fram, hefur þetta frv. legið fyrir tveim þingum, og hafa því allir, sem málið varðar, haft tækifæri til að láta í ljós álit sitt. — Orkumálin hafa mikið verið til umr. á þessu þingi og sá mikli vandi, sem þar blasir við þjóðinni. Ég tel, að allur dráttur á samþykkt

þessa frv. mundi auka þann vanda og það sé því mikið hagsmunamál alls almennings í landinu, að frv. þetta verði nú samþykkt.

Varðandi þær brtt., sem meiri hl. iðnn. flytur og ég veit ekki raunar betur en að öll n. sé út af fyrir sig samþykk, vil ég aðeins segja það, að hér er um að ræða minni háttar breyt. Tvær eru við 1. gr. frv., hin fyrri við 3. málsgr., að niðurlag hennar falli niður, þ. e. a. s.: „Með þau svæði“ o. s. frv., — að þetta falli niður og eins að niðurlag 5. málsgr. 1. gr. falli burt, sem er á þann veg: „Landeiganda er óheimilt að bora á landareign sinni á háhitasvæði eftir jarðhita.“ — Það er rétt að taka það fram, að 2. gr. frv. kveður mjög skýrt á um, hvernig skuli fara með leyfi til borunar, og borun án leyfis er óheimil og því óþarfi, að þetta sé í þessari gr.

2. brtt. er við 2. gr. frv. Það er sú gr., sem sérstaklega snertir sveitarfélögin og nokkur ágreiningur hefur verið um. Frá upphaflegri mynd frv. hefur verulega verið komið til móts við sjónarmið sveitarfélaganna í þessuu efnum, en iðnn. leggur nú til, að þau fái 15 ára frest í stað 5 ára, eins og er tekið fram í 2. málsgr. 2. gr. Sú málsgr. er þannig:

„Þau sveitarfélög, sem land eiga á háhitasvæði við gildistöku laga þessara, skulu hafa forgangsrétt til vinnsluleyfis á því landi og vera undanþegin leyfisgjaldi fyrir vinnslu á því landi, enda hafi þau sótt um vinnsluleyfi innan 5 ára frá gildistöku laganna.“

N. leggur til, að í staðinn fyrir 5 ára frest komi 15 ára frestur, og teljum við, að með því sé svo vel komið til móts við sveitarfélögin, að ekki ætti að þurfa að valda neinum ágreiningi.

3. brtt. við frv. á þskj. 710 varðar fyrirsögn frv. og er nánast leiðrétting. Það er ábending frá starfsmönnum þingsins, að fyrirsögn sé betri og þinglegri á þann veg, sem hér er lagt til, en er á frv. núna.

Frsm. minni hl. (Ingólfur Jónsson): Herra forseti. Eins og hér var lýst áðan, gat iðnn. d. ekki orðið sammála um afgreiðslu þessa máls. Þetta mál var flutt á síðasta þingi og aftur núna, eins og hv. frsm. meiri hl. lýsti hér áðan. Eigi að síður er málið þannig vaxið, að það er ekki nægilega undirbúið, til þess að það geti fengið lögfestingu eða eigi að fá lögfestingu. Enn er margt í þessu frv., sem þyrfti að breyta, áður en það gæti orðið að lögum, og kemur það skýrast fram í umsögnum þeirra aðila, sem fengu málið til meðferðar.

Það er tæplega rétt, sem hv. frsm. meiri hl. sagði hér áðan, að það væru mörg dæmi um það, að einkaeign á landi hafi komið í veg fyrir framkvæmdir til almenningsheilla. Þetta er fullyrðing, sem tæplega fæst staðist, vegna þess að Alþ. hefur alltaf möguleika lögum samkv. til þess að taka land eignar- eða leigunámi, ef almenningsheill krefst þess. Og það er það, sem nú er í lögum og tryggir í rauninni, að réttur almennings verði ekki fyrir borð borinn vegna eignaraðildar einstaklinga, félaga eða stofnana. Ég held, að það sé enginn vafi á því, að með frv. þessu er stefnt að því að flytja verðmæti, sem háð hafa verið einstaklingsrétti, rétti sveitarfélaga og stofnana, úr höndum þeirra til ríkisins í þeim tilgangi að geta nýtt réttindin í fjárhagslegum tilgangi án bóta til eiganda eða a. m. k. án þess að greiða jafnháar bætur og venjulegt eignarnám mundi gera ráð fyrir. Ef sá væri ekki tilgangurinn að ná þessum réttindum með því að greiða lægri bætur en gert er ráð fyrir með eignarnámi, þá væri í rauninni engin ástæða til flutnings þessa máls. Þannig segir í 2. málsgr. 1. gr. frv.: „Ríkið á allan rétt til umráða og hagnýtingar jarðhita á háhitasvæðum“ o. s. frv. 2. málsgr. 2. gr. frv. breytir hér engu um, þar eð heimild fellur niður eftir 5 ár — nú eftir 15 ár, ef brtt. verður samþykkt — frá gildistöku laganna, og er auk þess aðeins um forgangsrétt til handa viðkomandi sveitarfélagi að ræða.

Það virðast vera meginrök fyrir frv., að það sé þjóðarheill fyrir bestu, að hin mikla orka, sem bundin er í háhitasvæðum, verði nýtt á skipulegan hátt, en ekki látin ónotuð, eins og verið hefur að mestu til þessa. Í núgildandi orkulögum eru skýr ákvæði um þetta efni, t. d. 2. gr., og er vandséð, að í frv. séu ákvæði, sem tryggi þetta atriði betur en þar er gert. Í þessu sambandi er bent á þá staðreynd, að ríkið mun nú þegar eiga nokkurn hluta háhitasvæða, en sú ríkiseign hefur ekki verið nýtt að ráði til þessa. Árið 1968 var talið, að fjórðungur allrar nýtanlegrar orku á lághitasvæðum væri nýttur. Einhver hluti háhitasvæða er einnig nýttur í dag, og áætlanir eru um meiri nýtingu þeirra.

Grg. frv. er þess vegna ekki að öllu leyti rétt og að sumu leyti villandi. Það, að svæði þessi hafa ekki verið nýtt í enn ríkari mæli af eigendum þeirra, stafar einungis af því, að tæknihlið málsins hefur ekki verið leyst á þann hátt, að frekari virkjanir væru fjárhagslega réttlætanlegar, en þetta breytist með aukinni tækniþekkingu. Varðandi tækniþekkingu og tækjabúnað vísast til lagaákvæða þar um, en þau eiga að tryggja, að vöntun þar á verði ekki til þess að hindra framkvæmdir. Þá hefur verið bent á, að framkvæmdir af þessu tagi séu kostnaðarsamar, áhættusöm fjárfesting, þó að nauðsynlegt sé, að jarðhitasvæðin lúti stjórn eins aðila. En í sambandi við þetta nægir að vísa til gildandi lagaákvæða um þetta mál, sem oft hafa verið rakin.

Á undanförnum árum hefur verið unnið nokkuð að áætlunum um nýtingu háhitasvæða. Í grg. frv. segir, að einn þröskuldur í vegi slíkrar áætlana hafi verið óvissa um umráðarétt jarðhitans, sem unninn er með borunum í jörðu, en tilgangur frv. sé að ákveða skýrar en verið hefur eignarrétt slíks jarðhita. Háhitasvæðið við Svartsengi er í einkaeign. Jarðhitadeild Orkustofnunar tók við rannsóknum, sem gerðar höfðu verið af hálfu Grindavíkurhrepps í samráði við landeigendur, og gaf út í janúar 1973 bók um varmaveitu frá Svartsengi. Á bls. 15 í skýrslu þessari segir orðrétt:

„Eignarréttur jarðhitans mun vera í höndum einkaaðila, og hefur ekki verið gerð tilraun til að meta kostnað við öflun virkjunarréttinda, en hins vegar er gert ráð fyrir, að hann sé óverulegur hluti af stofnkostnaði og hafi engin úrslitaáhrif á hagkvæmni veitunnar. Áætlanir hafa farið fram óhindrað þrátt fyrir það, að fleiri aðilar en einn ættu hin mismunandi jarðhitasvæði.“

Þetta stendur í skýrslu Orkustofnunar og

stangast nokkuð á við það, sem hv. frsm meiri hl. sagði hér áðan.

Þá nægir að vísa til skýrslu Rannsóknaráðs ríkisins um sjóefnavinnslu á Reykjanesi, sem gefin er út í mars 1969, frumáætlana um varmaveitu frá Svartsengi, sem gefin er út í janúar 1973, frumáætlunar Orkustofnunar um jarðgufuaflsstöð í Námafjalli eða Kröflu og áætlunar um varmaveitu fyrir Hafnarfjörð, sem gefin var út í apríl 1970. En í sambandi við væntanlega virkjun við Kröflu eða Námafjall segir í grg. með frv., sem nýlega var lögfest:

„Ríkissjóður er rétthafi jarðhitaréttinda og landsvæða þeirra, er hér skipta máli, samkv. samningum við landeigendur frá 18. mars 1971."

Ekki hefur það hindrað aðgerðir við Kröflu eða Námafjall, að þetta frv. var ekki orðið að lögum.

Af því, sem hér hefur verið sagt, má segja, að forsenda fyrir grg. frv. sé á hæpnum rökum reist. Í grg. frv. er vísað til frv., sem dr. Bjarni Benediktsson flutti á Alþ. 1945. Um það efni eru nú ákvæði í 14. gr. orkulaga, svo hljóðandi:

„Þegar almenningshagsmunir krefjast þess, er ríkisstj. heimilt að taka jarðhita eignarnámi í vinnsluskyni eða til að afstýra því, að borun á jarðhitasvæði spilli verðmæti hagnýtingar, sem hafin er á jarðhita í námunda við svæðið."

Þetta ákvæði í orkulögum ætti að tryggja hverju sinni, að ríkið getur tekið til nýtingar þann jarðhita, sem ástæða þykir til. Verði þetta frv. að lögum, mun sú löggjöf fela í sér stefnubreytingu löggjafans um eignarrétt. Það er hætt við, að sú stefnubreyting muni verða umdeild og draga dilk á eftir sér og leiða til margvíslegra málaferla.

Eins og ég sagði áðan, var frv. sent til þriggja aðila til umsagnar. Búnaðarfélag Íslands telur, að leigunámsheimildir og eignarnámsheimildir í lögum tryggi nægilega hagsmuni og rétt almennings í þessu skyni. Búnaðarfélag Íslands og Búnaðarþing mótmæla þeim skilningi, sem stundum hefur komið fram, og þeirri túlkun, sem hefur komið fram á Alþ., að Búnaðarþing standi því í móti, að jarðhiti á svonefndum háhitasvæðum, eins og þau kunna að vera ákveðin, verði nýttur í almenningsþágu. Telur þingið, að engin átylla hafi verið til slíkrar túlkunar á ályktun Búnaðarþings frá árinu 1973. Þvert á móti telur þingið sig þess hvetjandi, að þessi jarðagæði verði nýtt sem best og mest, en ef ríkið eða aðrir opinberir aðilar nái ekki samningum við landeigendur um nýtingu þeirra, verði notuð heimild til eignarnáms að lögum og bætur greiddar eftir mati. Þá segir Búnaðarþing um brtt., sem komið hafi fram, að þær séu til bóta, — það er í sambandi við till., sem hv. þm. Stefán Gunnlaugsson flutti, en þó er aðeins um undantekningu að ræða. „Eftir stendur óhaggað," segir Búnaðarfélag Íslands, „það efni frv., sem viðsjárverðast er, að unnt sé með einföldum lögum að taka upp eignir manna og réttindi bótalaust eða bótalítið."

Annars er ástæðulaust að vera að lesa upp úr áliti Búnaðarfélagsins eða Búnaðarþings, vegna þess að það er prentað hér með nál. minni hl., til þess að þm. geti gert sér grein fyrir því, hvað Búnaðarfélag Íslands hefur að segja um þetta mál.

Samband ísl. sveitarfélaga hefur þetta að segja: „Stjórnin telur nauðsynlegt, að sú breyt. verði gerð á frv., að inn í það verði felld brtt. á þskj. 21, flm. Stefán Gunnlaugsson. Jafnframt bendir stjórnin á nauðsyn þess, að lögin tryggi þeim sveitarfélögum, sem ekki eiga lönd á háhitasvæðum, forgangsrétt til hagnýtingar jarðhita þar."

Enginn vafi er á því, að Samband ísl. sveitarfélaga telur brtt., sem meiri hl. iðnn. hefur flutt um 15 ára ákvæðið, algjörlega ófullnægjandi.

Þá var lagadeild Háskóla Íslands sent málið til umsagnar og þá sérstaklega með tilliti til þess, að ýmsir héldu því fram, að þetta frv. gæti brotið í bága við ákvæði stjórnarskrárinnar. Lagadeild Háskóla Íslands telur það ekki vera og telur líklegast, að bætur muni koma fyrir þau gæði, sem verða tekin af einstaklingum, félögum eða stofnunum skv. frv. þessu. Í niðurlagi grg. lagadeildarinnar er vitnað í grg. fyrir frv., þar sem segir:

„Með lögum þessum eru eignarrétti einstaklinga sett tiltekin almenn takmörk, án þess að bætur komi fyrir, en heimild löggjafarvaldsins til að setja eignarréttinum almennar takmarkanir er fyrir löngu viðurkennd af dómstólum." — Þarna er byggt á því, segir lagadeildin, „að fyrrnefndar skerðingar á jarðhitaréttindum hafi ekki í för með sér skyldu til greiðslu eignarnámsbóta. Þrátt fyrir það er ástæða til að ætla, að frv. verði skýrt þannig, ef það verður að lögum, að eignarskerðingar þessar skuli koma til framkvæmda við gildistöku laganna, en hins vegar beri að greiða þeim aðilum bætur, sem sviptir hafa verið réttindum sínum til að hagnýta jarðhita með borunum, ef um verðmæt réttindi er að ræða." Þetta er nú ekki sterkt að orði kveðið hjá lagadeildinni, þar sem hún segir, að það megi ætla, að bætur komi fyrir. Það er alls ekki sagt afdráttarlaust.

Ef þetta frv. verður að lögum, hefur það í för með sér stefnubreytingu frá því, sem verið hefur um eignarrétt, og er hætt við, að það geti haft ýmsar afleiðingar, það verði á fleiri sviðum farið að dæmi þessa frv., það verði ekki aðeins jarðhitinn, sem sótt verði á, það gætu orðið veiðiréttindi og það gætu orðið önnur landgæði, þótt ekki hafi verið lengra gengið að sinni en að tala um jarðhitann. Við í minni hl. teljum ekki fært að fylgja þessari stefnu. Við teljum eigi að síður nauðsynlegt, að jarðhitinn verði notaður og nýttur, og við teljum, að þær kenningar, sem fram eru bornar, að ekki sé unnt á skipulegan hátt að vinna að þessum málum, nema þetta frv. verði samþykkt, séu úr lausu lofti gripnar. Þau dæmi, sem ég nefndi hér áðan, bæði frá Svartsengi, Námafjalli og við Kröflu, sanna það og sýna, að það hefur verið unnið að þessum málum með sama hætti og ef ríkið hefði haft fullan umráðarétt og eignarrétt yfir landinu og hitanum. Það er og álit Orkustofnunar, að verð hitans, ef það verður borgað eftir mati samkv. eignarnámslögum, sé hverfandi lítið og hafi engin afgerandi áhrif á kostnað þeirra mannvirkja, sem ætla má, að reist verði í sambandi við rannsóknirnar. — Hér hefur verið vitnað aðeins í Svartsengi og Námafjall og Kröflu, en það gegnir vitanlega sama máli um

aðra staði og önnur svæði. Jarðborunardeild Orkustofnunar hefur unnið að ýmiss konar rannsóknum, eftir því sem fjármagn hefur verið fyrir hendi. Það hefur verið unnið á Reykjanesi vegna saltvinnslu og annarra fyrirhugaðra framkvæmda þar, og það hefur verið unnið bæði á lághitasvæðum og háhitasvæðum á því landi, sem hefur verið í sveitarfélagaeign. Það er því fráleitt að halda því fram, að það muni tefja fyrir nauðsynlegum framkvæmdum, þótt þetta frv. verði ekki að lögum á þessu þingi, og það er jafnvel fráleitt að halda því fram, að framkvæmdir tefjist, þótt þetta frv. yrði aldrei að lögum. Til þess eru ákvæðin í orkulögunum, þ. e. eignar- og leigunámsheimildirnar.

En það er svo út af fyrir sig stefna, hvort virða á eignarréttinn eða virða hann ekki, hvort taka eigi þessi verðmæti eða réttindi án þess að bæta fyrir þau, eins og stendur í grg. þessa frv., eða hvort á að taka þessir réttindi án þess að bæta þau að fullu, og það er það, sem sýnist frekar vera stefna þessa frv., að koma málum þannig fyrir, að það sé hægt að ná réttindunum án þess að greiða fullar bætur, heldur einhverjar minni bætur, sem kæmu í veg fyrir, að hægt væri að túlka ákvæði l. á þann veg, að þau brytu í bága við stjórnarskrána. En ég held, að það sé mjög hæpið að ganga það nærri eignarréttinum, hvort sem um landgæði er að ræða eða annað, að það sé ekki bætt að fullu eftir mati. Það er rétt ályktað hjá Orkustofnun um jarðhitann í Svartsengi, að þótt hann yrði bættur samkv. eignarnámslögunum eftir mati, þá yrði sú upphæð, sem greiða þyrfti fyrir réttindin, það lítil, að hún hefur engin úrslitaáhrif á kostnað þess mannvirkis, sem þarna ætti að gera. Það er einfaldlega vegna þess, að það mun verða erfitt fyrir eigendurna sjálfa að nýta þessi verðmæti og við matið yrði tekið tillit til nýtingarmöguleika eigendanna.

Herra forseti. Ég sé ekki ástæðu til að fara öllu fleiri orðum um þetta mál. Við í minni hl. leggjum til, að frv. verði vísað til ríkisstj. til endurskoðunar, sem færi fram í samráði við Búnaðarfélag Íslands, Stéttarsamband bænda og Samband ísl. sveitarfélaga. Endurskoðuninni mætti vitanlega ljúka á komandi sumri, þannig að unnt væri að leggja endurskoðað og endurbætt frv. fyrir næsta Alþ., ef sérstök ástæða þætti til. En okkur í minni hl. finnst ansi hart að gengið að lögfesta þetta frv. gegn mótmælum landeigenda, sem koma greinilega fram í áliti Búnaðarfélags Íslands og Búnaðarþings, sem er áreiðanlega að þessu leyti samnefnari fyrir bændastéttina í landin. Enginn vafi er á því, að Samband ísl. sveitarfélaga, sem er samnefnari fyrir sveitarfélögin í landinu, er á móti frv. og alveg eins þótt ákvæðum 2. gr. sé breytt eins og gert er ráð fyrir með brtt., þ. e. að færa 5 ára tímabilið upp í 15 ár. 15 ár eru fljót að líða, og Samband ísl. sveitarfélaga vill ekki afsala sér réttindum eftir 15 ár. Þeir, sem nú stjórna Sambandi ísl. sveitarfélaga og sveitarfélögunum, hugsa lengra fram í tímann og hugsa um, að nauðsynlegt sé og eðlilegt fyrir sveitarfélögin að hafa full réttindi til þessara gæða að 15 árum liðnum.

Stefán Gunnlaugsson: Herra forseti. Við 1. umr. þessa máls lét ég í ljós stuðning minn við meginefni þessa frv., sem miðar að því að tryggja, að hagnýting jarðvarma á háhitasvæðum verði til sem mestra nytja og heilla fyrir þjóðina í heild. Sú orka, sem hér um ræðir, er enn að mestu óbeisluð, en á vafalaust eftir að verða undirstaða bættra lífskjara og fjölbreyttara atvinnulífs í landinu á komandi árum, ef rétt er á málum haldið, ásamt vatnsaflinu og þeim atvinnuvegum, sem þjóðin byggir lífsafkomu sína nú aðallega á, því að framtíðarmöguleikarnir í sambandi við hagnýtingu jarðvarmans eru vissulega ýmsir og ekki nándar nærri enn fullkannaðir. Það, sem þar kemur helst til greina, er þess eðlis, að ríki og sveitarfélög hljóta að hafa forustu um þær framkvæmdir. Það er því í alla staði eðlilegt, að hagnýtingarréttur jarðvarma á háhitasvæðum sé einungis í höndum ríkis og sveitarfélaga. Sú meginhugsun, sem liggur að baki frv., á því rétt á sér, þ. e. að jarðvarmi á háhitasvæðum komist í almannaeigu og þannig verði örugglega um hnútana búið, að nýting hans geti orðið með sem hagkvæmustum og ódýrustum hætti fyrir íbúa viðkomandi byggðarlags og þjóðina alla.

Sem dæmi um það, hversu mikilvægt það getur verið að mínum dómi fyrir einstök byggðarlög, að meginefni þessa frv. nái fram að ganga, vil ég einmitt nefna það, sem hv. síðasti ræðumaður minntist á, þ. e. jarðhitasvæðið í Svartsengi, en sveitarfélög á Suðurnesjum sunnan Hafnarfjarðar hafa komið sér saman um og stofnað sameignarfélag um hitaveitu fyrir þessi byggðarlög, svo sem kunnugt er, en eignarréttarinn á því landssvæði, sem heppilegast er talið að nýta jarðvarma frá til hitaveitu fyrir Suðurnes, er í einkaeign, og það er einmitt Svartsengi, landssvæðið, sem hv. síðasti ræðumaður minntist hér á.

Það er langt síðan farið var að ræða nýtingu jarðvarma á Reykjanesskaga til upphitunar húsa á Suðurnesjum. Fyrst var svo til eingöngu rætt um möguleikana á beislun hverahitans á svæðinu við Reykjanestá. Þar er það hitasvæði, sem kunnugt er, sem mest ber á þar um slóðir. Veigamiklar rannsóknir undanfarin ár hafa hins vegar leitt í ljós, að Svartsengi í grennd við Grindavík sé ákjósanlegasta virkjunarsvæðið. Það álit kemur m. a. fram í skýrslum verkfræðinganna Karls Ragnars og Sveinbjörns Björnssonar frá árinu 1972. Að því er nú stefnt, eins og hér hefur komið fram, að þaðan komi hitaveita fyrir umrædd byggðarlög hið allra fyrsta. En það, sem veldur erfiðleikum, er, að Svartsengi er í einkaeign og eigendur munu gera kröfur um miklar fjárbætur, ef landið yrði frá þeim tekið til virkjunar hitaveitu fyrir íbúa Suðurnesja.

Hv. síðasti ræðumaður, Ingólfur Jónsson, gerði lítið úr þessum kostnaði og bar fyrir sig álit Orkustofnunar um, að greiðsla fyrir landið og virkjunarréttinn væri svo lítil, að litlu máli skipti í heildarkostnaði virkjunarframkvæmdanna. Það má vel vera, að Orkustofnun sé fær um að meta slíkt. En ég fullyrði, að ýmsir aðrir, sem einnig hafa vit á slíkum hlutum, eru

allt annarrar skoðunar, og ég veit einnig, að það er mikið áhyggjuefni þeirra, sem hlut eiga að máli á Suðurnesjum, hinn mikli kostnaður, sem þeir telja, að geti orðið í sambandi við kaup á þessu landi. Margir hverjir telja, að hér geti verið um svo stórar fjárfúlgur að ræða, að torveldað geti framkvæmdir og jafnvel dregið úr hagkvæmni hitaveitunnar fyrir sveitarfélögin til að byrja með. Ef hins vegar umrætt frv. næði fram að ganga og yrði að lögum, er skoðun margra, að greiðast mundi úr þeim vanda, væntanlega fljótt og vel á næstu mánuðum. Að öðrum kosti geti virkjunarframkvæmdir dregist á langinn, jafnvel vegna samningaþófs og málaferla fyrir dómstólum vegna fjárkrafna landeigenda. En um slíkt er auðvitað ekkert hægt að fullyrða. Óneitanlega sýnist, að viss hætta geti orðið á slíku, ef þetta frv. nær ekki fram að ganga eða meginefni þess réttara sagt.

Við 1. umr. málsins lét ég í ljós þá skoðun, að ég teldi fullnægjandi, að ákvæði frv. nái einungis til þeirra háhitasvæða, sem eru í eigu einstaklinga. Ég benti þá á, að vandséð væri þörfin á því, að ríkið yfirtæki einnig háhitasvæði, sem eru í eigu sveitarfélaga og þau hafa sum eignast með ærnum tilkostnaði, því að ég hygg, að óhætt sé að ganga út frá því sem gefnu, að slíkar eignir sveitarfélaga verði einungis hagnýttar til almannaheilla. En eðlilegt er að mínum dómi, að sveitarfélögum sé gert að skyldu að hafa samráð við Orkustofnun og ríkisvaldið um hagnýtingu þeirrar orku, sem fyrir hendi er á háhitasvæðum þeirra, til þess að það verði jafnan tryggt, að nýting jarðhitans á háhitasvæðunum og verði með sem skynsamlegustum hætti og til sem mestra þjóðarheilla.

Til þess að ná fram þessum markmiðum, sem ég hef lýst, lagði ég fram brtt. á þskj. 21, svohljóðandi:

„Við 1. gr. frv. bætist eftirfarandi málsgr.: Sveitarfélög skulu eiga allan rétt til umráða og hagnýtingar jarðhita á háhitasvæðum, þar sem landareign er í eigu sveitarfélagsins, þrátt fyrir önnur ákvæði laga þessara.“

Í umsögn frá Sambandi íslenskra sveitarfélaga eða stjórn þess kemur fram, að stjórnin er samþykk þessari brtt., og í umsögn stjórnarinnar segir svo orðrétt, með leyfi hæstv. forseta:

„Stjórnin telur nauðsynlegt, að sú breyt. verði gerð á frv., að inn í það verði felld brtt. á þskj. 21, flm. Stefán Gunnlaugsson. Jafnframt bendir stjórnin á nauðsyn þess, að l. tryggi þeim sveitarfélögum, sem ekki eiga lönd að háhitasvæðum, forgangsrétt til hagnýtingar jarðhita þar.“

Ég verð að halda fast við þessa till. mína og vona, að hún nái fram að ganga, enda tel ég ranglátt og óþarft, að ríkið sölsi undir sig eignir sveitarfélaga með þeim hætti, sem frv. gerir ráð fyrir. En fari svo mót von minni, að hún nái ekki fram að ganga, þá tel ég svo miklu varða, að meginefni frv. nái fram að ganga, að ég mun greiða því atkv. mitt. Sú hugsun, að jarðhiti á háhitasvæðum komist í almenningseign, svo að þannig verði um hnútana búið, að nýting hans verði skipulögð með hagsmuni þjóðarinnar í heild og einstakra byggðarlaga að markmiði fyrst og fremst, á að mínum dómi fyllsta rétt á sér. Þetta er atriði, sem við Alþfl.-menn höfum lagt ríka áherslu á í málflutningi og tillögugerð hér á hinu háa Alþ. En það má ná því markmiði, án þess að ríkið yfirtaki eignir sveitarfélaga, sem þau hyggjast hagnýta til almannaheilla. Þess vegna vænti ég þess, að brtt. mín á þskj. 21 nái fram að ganga hér í hv. deild.

Pétur Pétursson: Herra forseti. Ég skrifaði undir meirihlutaálit hv. iðnn. með fyrirvara og ætla aðeins að lýsa með örfáum orðum, í hverju hann er fólginn. Það er till. meiri hl. að setja inn tvær breyt. Önnur er í tvennu lagi við 1. gr. frv., þar sem fellur út eftir till.: „Með þau svæði, sem óvissa ríkir um, skal farið eftir venju sem háhitasvæði, þar til rannsóknir leiða annað í ljós,“ — sem er í 3. málsgr. síðast. Og í 5. málsgr. síðast: „Landeiganda er óheimilt að bora á landareign sinni á háhitasvæði eftir jarðhita.“ — Þessar tvær breyt. get ég eftir atvikum fallist á, þó að þetta óneitanlega þrengi nokkuð framkvæmd laganna, ef frv. verður að lögum, en þó vil ég fallast á það.

Hin aðalbreyt. er, eins og hér hefur komið fram, við 2. gr. frv., þar sem gert er ráð fyrir, að sveitarfélög, sem land eiga á háhitasvæði, hafi sótt um vinnsluleyfi innan 15 ára í staðinn fyrir 5 ár, eins og er í frv. Þetta þykir mér miklu lakari till., enda þótt ég standi að henni til vara, ef brtt. frá hv. þm. Stefáni Gunnlaugssyni á þskj. 21 skyldi verða felld. Minn fyrirvari byggist þannig fyrst og fremst á því, að ég legg áherslu á, að sú till. komi til atkvæða hér í hv. d., og eins og hv. síðasti ræðumaður lagði áherslu á, að hægt væri að fá hana samþ.

Hinu atriðinu, sem komið hefur hér fram, að fresta öllu málinu, — er ég algerlega andvígur. Þetta mál flæktist fyrir hv. iðnn. þessarar d. í allan fyrravetur og varð aldrei útrætt þá. Það er búið að halda marga fundi um þetta mál nú í vetur og fá margs konar umsagnir, og enda þótt ég viðurkenni fullkomlega, að það, sem hv. þm. Ingólfur Jónsson vitnaði til, einkum frá bændasamtökum og Búnaðarþingi, sé rétt sem þeirra álit, þá finnst mér málið allt vera það þýðingarmikið, að ég get satt að segja ekki komið auga á þau sterku rök, sem hv. 1. þm. Sunnl. vildi halda fram. Það er nú meira en nokkru sinni rætt um nýtingu háhitasvæða í landinu, og er enginn vafi á því, að það er bráðnauðsynlegt að setja löggjöf, sem auðveldar þau vinnubrögð, sem hér þarf að hafa við. Þessum málum þarf að flýta svo sem kostur er og ekki hvað síst eftir þá orkukreppu, sem hefur dunið yfir okkur eins og allan heiminn á síðustu mánuðum. Þetta er meginmál fyrir okkur Íslendinga, held ég, að geta nú þegar hafið kraftmikinn undirbúning að því að nýta þessa orku sem allra mest. Og ég tel, að þetta frv. hjálpi til að koma þeirri ætlan í framkvæmd.

Frsm. minni hl. (Ingólfur Jónsson): Herra forseti. Hv. síðasti ræðumaður sagði, að það þyrfti að flýta sér að nýta orkuna sem mest í landinu, og ég er honum alveg sammála. Það þarf að flýta sér að nýta orkuna, sérstaklega með tilliti til þess, að innfluttur orkugjafi er dýr. En að þetta frv. verði til þess, það er fjar-

stæða, þótt það verði að lögum, nema því verði haldið fram, að það sé í rauninni lítið að marka skýrslur frá Orkustofnuninni eða öðrum opinberum aðilum um rannsóknastörfin og undirbúning að virkjunum jarðhita og vatnsfalla. Þótt leitað sé með logandi ljósi, kemur hvergi fram, að nokkrar tafir hafi orðið á rannsóknum í þessum málum, vegna þess að ríkið hafði ekki átt orkugjafann. Hafi tafir orðið, þá er það fjármagnsskortur, sem hefur komið í veg fyrir æskilegan hraða, en ekki það, að rannsóknir hafi verið hindraðar vegna þess, að orkugjafinn eða uppsprettan hafi verið í einkaeign eða félagseign.

Það kom greinilega fram í ræðu hv. þm. Stefáns Gunnlaugssonar, hvað fyrir honum vakir, og ég held, að hann hafi túlkað á nokkuð réttan hátt stefnu frv., þ. e. að ná tangarhaldi á þessum réttindum á greiðan hátt. Hann telur, að frv., ef að lögum verði, greiði fyrir því. En það er talsverður misskilningur í hugsanagangi hv. þm., vegna þess að það er eins og hann hafi ekki munað eftir ákvæðum í orkul., sem gera ráð fyrir leigunámi eða eignarnámi. Hv. þm. talaði um, að vegna þess að Svartsengi væri í einkaeign, gæti valdið miklum erfiðleikum að nýta jarðhitann í Svartsengi og sveitarfélögin á Suðurnesjum væru með áhyggjur út af þessu. Ég las áðan upp úr skýrslu Orkustofnunar, og ég vil leyfa mér að gera það aftur, með leyfi hæstv. forseta, vegna þess að það gæti verið að hv. þm. hafi ekki veitt því athygli, sem ég las áðan. Orðrétt segir í skýrslunni:

„Háhitasvæði við Svartsengi er í einkaeign. Jarðhitadeild Orkustofnunar tók við rannsóknum, sem gerðar höfðu verið af hálfu Grindavíkurhrepps í samráði við landeigendur og gaf út í janúar 1973 bók um varmaveitu frá Svartsengi."

Og á bls. 15 í skýrslu Orkustofnunar stendur orðrétt:

„Eignarréttur jarðhitans mun vera í höndum einkaaðila, og hefur ekki verið gerð tilraun til að *meta kostnað* við öflun *virkjunarréttinda*, en hins vegar gert ráð fyrir, að hann sé óverulegur hluti af stofnkostnaði og hafi engin úrslitaáhrif á hagkvæmni veitunnar."

Nú er það svo, að áður en farið er að taka leigunámi eða eignarnámi, er venjulega farin samningaleiðin. Það skyldi nú ekki vera, að þeir, sem sömdu skýrslu Orkustofnunarinnar, hafi, áður en þeir skrifuðu þetta í skýrsluna, verið búnir að leita sér nokkurra upplýsinga um, hvort samningsvilji væri fyrir hendi hjá landeigendum. *Ef enginn samningsvilji er fyrir hendi hjá landeigendum*, er vitanlega ekkert annað að gera en að flytja frv. um eignar- eða leigunám hér á Alþ., og ég efast ekki um, að slíkt frv. yrði samþykkt með öllum atkv., því að slíkt frv. yrði flutt vegna þess, að almenningsheill krefði. Það er því alger fjarstæða að halda því fram, að það verði til tafar framkvæmdum við Svartsengi, verði þetta frv., sem við nú erum að ræða um, ekki samþ. Ég trúi því, sem Orkustofnunin segir í þessu efni, og byggi það á því, að þeir hafa ekki látið frá sér fara nema það, sem styðst við staðreyndir, og ég geri ráð fyrir því, að þeir hafi kynnt sér það, hvort samningsvilji er fyrir hendi, og hafi e. t. v. einnig gert sér grein fyrir því, að hátt matsverð yrði á þessu ef til eignarnáms kæmi.

Ég held þess vegna, að það sé engin ástæða til þess að hafa áhyggjur af því, að framkvæmdir tefjist með varmaveitu á Suðurnesjum, þó að þetta frv. nái ekki fram að ganga. Það þarf ekki heldur að hafa áhyggjur af því, að verkið verði tiltakanlega kostnaðarsamt, þótt einhver greiðsla þurfi að koma fyrir hitaréttindin, því að eins og Orkustofnunin segir, hefur það engin úrslitaáhrif á hagkvæmni varmaveitunnar.

Herra forseti. Mér þótti rétt að taka þetta fram að gefnu tilefni. Það er leitt til þess að vita, ef þetta frv. verður lögfest, vegna þess að hv. þm. geri sér ekki grein fyrir því, að þótt þetta frv. verði ekki að l., þá er hægt að halda áfram skipulegum athugunum, skipulegum rannsóknum og skipulegum framkvæmdum í þessu efni samkv. þeim l., sem nú eru í gildi, — þeim orkul., sem nú er unnið eftir.

Heilbr.- og trmrh. (Magnús Kjartansson): Herra forseti. Ég vil þakka iðnn. fyrir að hafa loks skilað áliti um þetta frv. Ég hef áður greint frá því, að mér hefur fundist, að hún hafi haft það fulllengi til meðferðar, en við því er ekkert að segja. Það er eðlilegt, að n. þurfi að athuga þetta mál gaumgæfilega, og ég fagna því að sjálfsögðu, að meiri hl. n. leggur til, að frv. verði samþ. með minni háttar breytingum.

En afstaða minni hl. kemur mér nokkuð á óvart, þ. e. a. s. þau vinnubrögð, sem minni hl. viðhefur. Það er niðurstaða í nál. minni hl., að nauðsynlegt sé að taka málið til frekari yfirvegunar og athugunar og endurskoðuninni mætti ljúka, áður en næsta reglulegt Alþ. tekur til starfa á komandi hausti. Minni hl. virðist þannig þeirrar skoðunar, að það sé nauðsynlegt að samþykkja frv. af þessu tagi, það þurfi bara að gera á því einhverjar breyt. Ég held, að það hafi þá verið eðlileg vinnubrögð og þau venjulegu þinglegu vinnubrögð, að minni hl. hefði gert till. um slíkar breyt. og flutt þær hér á hinu háa Alþ. Þannig vinnum við yfirleitt að lagafrv., ef við teljum, að rétt sé, að þau nái fram að ganga, en sjáum á þeim einhver missmíði, þá flytjum við brtt. og látum á það reyna, hvort meiri hl. er fyrir þeim, og síðan metum við það, hvort málið er svo mikils virði, að við fylgjum því, jafnvel þótt brtt. kunni að falla, Ég tel *sem sagt, að minni hl. hafi átt að hafa þessi* vinnubrögð. Hann hefur sannarlega haft ærið ráðrúm til þess, því að eins og tekið hefur verið fram, er þetta annað þingið, sem málið liggur fyrir, og þetta er ekki ýkjaflókið mál. Þetta er fyrst og fremst mjög veigamikið grundvallarmál. Eins og fram kom í máli hv. þm. Ingólfs Jónssonar, er þetta raunar yfirklór, þegar hann talar um, að það verði að breyta einu og öðru í frv. og það sé hægt að gera það og leggja það svo fyrir þingið á næsta hausti, því að hann lýsti í rauninni algerri andstöðu við frv. Þá hefði það verið öllu manndómsmeira að flytja till. um, að frv. yrði fellt, en að vera með svona yfirklór, að það þurfi að breyta einhverju óskil-

greindu í því, en segja svo hér úr ræðustóli, að hann sé á móti sjálfri meginhugmyndinni í frv.

Hv. þm. Ingólfur Jónsson vitnaði mjög til Orkustofnunar og taldi, að hún teldi, að þetta frv. væri þarflaust. Þetta er algerlega rangt hjá hv. þm. Þetta frv. er flutt í mjög nánu samráði við Orkustofnun. Sérfræðingar hennar unnu að undirbúningi þess, og mér er kunnugt um það, að Orkustofnun leggur ákaflega mikla áherslu á, að frv. verði afgreitt. Það er nú svo með réttindi af þessu tagi, að það hafa orðið ákaflega miklar breyt. á viðhorfum á tiltölulega mjög stuttum tíma. Áður fyrr voru viðhorf manna þau, að ef verið var að ráðast í meiri háttar framkvæmdir til almenningsheilla, þótti ekki sæmandi að reyna að tengja við það einkahagsmuni á óeðlilegan hátt. Þetta voru viðhorf manna um allt land. En þessi viðhorf hafa því miður verið að breytast mjög ört á tiltölulega skömmum tíma, og þau viðhorf hafa komið upp í staðinn, að þar sem verið er að gera verulegar framkvæmdir í almannaþágu, sé eðlilegt, að þeir, sem eiga land, sem þarf að nýta í því sambandi, verðleggi það eins hátt og mögulegt er. Við þekkjum þetta í sambandi við vegaframkvæmdir. Við þekkjum þetta í sambandi við línulagnir og öll möguleg önnur atriði. Ég þarf varla að minna á Votmúlamálið fræga t.a.m. í þessu sambandi. Þarna er um það að ræða, að einstaklingar telja, að þeir geti fært sér til eignar ýmsar framkvæmdir, sem verið er að gera af þjóðarheildinni, að það eigi að auka verðgildi þeirra einkaeignarréttar á einhverju landi, sem þeir hafa kannske erft og þeir hafa ekki á nokkurn hátt stuðlað að, að yrði hagnýtt í þágu alþjóðar. Þannig er það með þessi háhitasvæði, eins og allir vita. Allar rannsóknir, sem þar hafa verið gerðar, hafa verið gerðar af almannafé, og nýtingin á þessum orkugjöfum verður í þágu alþjóðar. Ég held, að það sé siðferðilega ósæmilegt með öllu, að þeir, sem hafa eignarrétt á landi, geti hagnast óeðlilega af þessum sökum. Mér finnst þetta vera siðferðilegt spillingareinkenni á þjóðfélagi okkar. En því miður hefur þessi spilling verið að grafa ákaflega mikið um sig að undanförnu, og einmitt þess vegna er nauðsynlegt, að um þetta verði settar skýlausar reglur.

Mér er kunnugt um, að það er fullkomlega rétt, sem hv. þm. Stefán Gunnlaugsson sagði, að hugmyndir þeirra, sem land eiga á Suðurnesjum, virðast vera það háar, að þær geta jafngilt ákaflega mikilli skattheimtu, t.a.m. á þær byggðir á Reykjanesi, sem hafa hug á því að leggja til sín hitaveitu. Það er í senn ákaflega mikil þjóðhagsleg nauðsyn, og ég tel ekki, að löggjafarsamkoman geti á það fallist, að menn, sem tekið hafa þetta land í arf og ekkert hafa gert sjálfir til að gera það verðmætt, ekki hafa lagt í neinn kostnað til þess að ná í þá orku, sem er í iðrum jarðar, og ekki hafa nein tök á að gera það heldur, eigi að hirða kannske hundruð millj. kr. af almannafé í þessu skyni.

Þarna er um að ræða ágreining um grundvallaratriði á milli ríkisstj., sem flytur þetta frv., og hv. þm. Ingólfs Jónssonar, sem vill að lögmál hins skefjalausa einkaeignarréttar eigi að gilda og að einstaklingar eigi þannig að geta skattlagt alþýðu manna um land allt í sína einkaþágu, ef svo hittist á, að í landi, sem þeir hafa erft, finnst háhiti.

Það er rakið í grg. frv., að sú hugmynd, sem í því felst, er á engan hátt ný. Okkar ágætustu fræðimenn hafa talið, að einmitt þannig sé eðlilegt að setja einkaeignarréttinum almenn takmörk, þar sem um er að ræða hugsanlegan árekstur á milli hans og almenningsheilla. Það er vitnað í prófessor Ólaf Lárusson, Bjarna heitinn Benediktsson, Ólaf Jóhannesson núv. forsrh. í þessu sambandi, og þetta hefur verið, eins og ég sagði áðan, að minni hyggju almennt viðhorf á Íslandi alveg þangað til á seinustu árum. Einmitt þess vegna legg ég á það mjög þunga áherslu, að þetta frv. verði afgreitt á þessu þingi. Það þarf að liggja fyrir nú þegar, hvert mat Alþ. er á þessu vandamáli. Það þarf að vita um það, því að ef kemur í ljós, að Alþ. vill ekki tryggja almannaheill á þann hátt, sem þarna er gert ráð fyrir, leiðir af því ákaflega miklar breyt. á öllum áformum okkar um nýtingu orkugjafa á Íslandi.

Að því er varðar brtt. hv. þm. Stefáns Gunnlaugssonar, þá finnst mér hún vera byggð á nokkrum misskilningi. Ég lét breyta frv. frá síðasta þingi til þess að koma til móts við þau sjónarmið, sem hann var með, og n. hefur gengið þar enn þá lengra á móti með því að setja tímafrest 15 ár. Hv. þm. Stefán Gunnlaugsson sagði áðan, að sér fyndist óeðlilegt, ef taka ætti af sveitarfélögum óhemjuleg verðmæti, sem nú væru í þeirra eign. Þarna virðist mér, að hann hugsi út frá sveitarfélögunum á sama hátt og einstaklingarnir hugsa út frá sér. Með þessu frv. er aðeins verið að lýsa þennan mikla varma í jörðu almenningseign, og það á ekki að bitna á neinn hátt á sveitarfélögum.

Í frv. er gert ráð fyrir því, að til vinnslu jarðhita með borunum á háhitasvæðum þurfi leyfi Alþ. Það verður sem sagt flutt frv. í hverju einstöku tilviki og það samþykkt, alveg eins og frv. um vatnsaflsvirkjanir, og ég hef enga trú á því, að hér á Alþ. geti nokkurn tíma komið upp andstaða gegn því, að sveitarfélag nýti jarðhita á slíkan hátt í sína þágu. Hitt teldi ég algerlega óeðlilegt, ef svo stæði á, að sveitarfélag hefði jarðhitaréttindi og Alþ. teldi rétt að nýta þessi réttindi til einhverra annarra hluta en í þágu sveitarfélagsins, ef sveitarfélagið væri ekki með nein áform um að nýta þetta sjálft, að sveitarfélagið gæti þá verðlagt þessi réttindi til fjár. Ég teldi það algerlega óeðlilegt, alveg á sama hátt og um einstaklinga. Ég tel, að þarna verði almannaeignarsjónarmiðið að vera gildandi. Í þessu er ekki af minni hálfu fólgin sú hugmynd á einn eða neinn hátt að torvelda sveitarfélögunum, að þau nýti jarðhita og það þó sérstaklega til hitaveituframkvæmda. Þvert á móti, ég vil, eins og hv. þm. vita, stuðla að því, að þeim verði gert það sem allra auðveldast.

Þetta eru þær aths., sem ég vildi koma fram með, en ég legg á það ákaflega þunga áherslu, að þetta frv. verður að fá afgreiðslu á þingi. Það verður að skera úr þessu annaðhvort af eða á.

Umr. frestað.

Sameinað þing, 76. fundur.

Þriðjudaginn 23. apríl, kl. 2 miðdegis.

Aðstaða bæklaðra, fsp. (þskj. 720). — Ein umr.

Fyrirspyrjandi (Oddur Ólafsson): Herra forseti. Ég hef leyft mér að beina til hæstv. heilbrrh. eftirfarandi spurningu:

1. Hve margir bíða nú skurðaðgerðar á bæklunardeild Landsspítalans?
2. Hvaða aldursflokkar eru fjölmennastir á biðlistanum?
3. Má vænta úrbóta á þessu sviði?

Fsp. eru fram komnar vegna þess, að á undanförnum mánuðum hefur nokkuð verið rætt og ritað um hinn óhugnanlega langa biðlista deildarinnar. Því er ekki að neita, að þessi óvanalega langi biðlisti kemur nokkuð á óvart, ekki síst vegna þess, að á síðasta ári birti heilbr.- og trmrh. allmikið rit um vistunarrýmisþörf heilbrigðisstofnana. Þar segir í niðurlagsorðum, með leyfi forseta:

„Að því er varðar sjúkrahús fyrir bráðan líkamssjúkdóm er áætluð þörf svipuð og tiltækt rými og því ekki skortur á vistunarrými á því sviði. Sama gildir um höfuðborgarsvæðið varðandi vistunarrými á sjúkrahúsum fyrir bráða líkamssjúkdóma og á almennum hjúkrunarheimilum. Sé litið á hin almennu sjúkrahús víðs vegar um landið, sem sinna fæðingarhjálp og hlutverki almennra hjúkrunarheimila auk þess að vera sjúkrahús fyrir bráða líkamssjúkdóma, verður heldur ekki talið, að í heild sé um verulega þörf að ræða umfram tiltækt rými. Þótt nokkurt frávik sé til beggja handa á hinum ýmsu svæðum, ef borin er þannig saman áætluð þörf og tiltækt vistunarrými á öllu landinu á sjúkrahúsum fyrir bráða líkamssjúkdóma, fæðingardeildum og almennum hjúkrunarheimilum, eru hin tiltæku rými 3% fleiri en áætluð þörf."

Í þessu riti, sem gefið er út á síðasta ári, er talið, að vistunarrými sé um 3% meira en þörfin á þessum sviðum. Hins vegar er um svipað leyti að myndast langur biðlisti á bæklunardeildinni. Vitað er, að til þess eru ýmsar ástæður, og því spyr ég um það, hverjar ástæður liggi til þess og hvaða úrbætur séu væntanlegar.

Heilbr.- og trmrh. (Magnús Kjartansson): Herra forseti. Hv. þm. spyr í fyrsta lagi, hve margir bíði nú skurðaðgerðar á bæklunardeild Landsspítalans. Skv. upplýsingum, sem fengist hafa frá bæklunarsjúkdómadeild Landsspítalans, voru þar 679 manns á biðlista í marslok, en hve margir þeirra biðu skurðaðgerða á deildinni, er ekki hægt að svara. Sennilegt er þó, að meginhluti þeirra hafi átt að ganga undir skurðaðgerð. Ástæðan fyrir þessum langa lista er sem kunnugt er sú, að á síðustu árum hafa orðið miklar breytingar á sviði læknavísinda, sem hafa gert kleift að gera skurðaðgerðir við sjúkdómum, sem áður voru taldir ólæknandi og taldir hrörnunar- og ellisjúkdómar, sem ekki væri neitt hægt við að gera. Eftir að þessi nýja tækni kom upp, hefur að sjálfsögðu vaknað áhugi hjá fólki, sem hefur átt við slíka erfiðleika að etja, um að fá nokkra bót meina sinna, og þess vegna hefur komið upp þessi langi listi. Hin sama hefur þróunin orðið í ýmsum nálægum löndum og er afleiðing af þeim framförum, sem þarna hafa orðið á sviði læknavísinda og ekki hefur tekist enn þá að koma til móts við.

Hv. þm. spyr í öðru lagi, hvaða aldurflokkar séu fjölmennastir á biðlistanum. Biðlistinn hefur ekki verið flokkaður eftir aldri nema að litlu leyti, og það hefur ekki verið gerð könnun á aldurflokkaskiptingunni nema í stórum dráttum. Hún sýnir hins vegar, að fjölmennasti flokkurinn er fólk 67 ára og eldra, en í þeim hópi eru 156 manns. Meginhluti þessa fólks er á biðlista vegna hugsanlegrar skurðaðgerðar á mjaðmaliðum. Sá aldursflokkur, sem styst þarf að bíða, eru þeir, sem liggja á vegum bæklunarlækningadeildar og á barnadeild, en það eru þeir, sem eru 12 ára og yngri að jafnaði, en þeir voru 31. mars 14 á þeim biðlista.

Í þriðja lagi spyr hv. þm., hvort vænta megi úrbóta á þessu sviði. Bæklunarlækningadeild Landsspítalans er sem kunnugt er ung. Hún tók til starfa 7. febrúar 1972. Þá lágu fyrir inntökubeiðnir fyrir 236 sjúklinga, þ.e.a.s. inntökubeiðnir, sem lagðar hafa verið inn vegna bæklunarsjúkdóma á handlækningadeild Landsspítalans. Rúmafjöldi bæklunarlækningadeildar var í upphafi 23 rúm, en á síðasta ári, þegar séð var, hve biðlisti deildarinnar jókst hratt, var tekið það ráð að leggja undir deildina einnig 10 rúm af áður fyrirhugaðri endurhæfingardeild spítalans, enda hafði starfslið ekki fengist til starfa á þeirri deild. Bæklunarlækningadeildin hefur því nú um eins árs bil verið rekin með 33 rúm. Á síðasta hausti, nánar tiltekið 8. okt., ritaði heilbrrn. þáv. formanni stjórnarnefndar ríkisspítalanna Sigurði Sigurðssyni fyrrv. landlækni og benti á, að rn. teldi rétt að taka fyrst um sinn alla þá deild, sem ætluð væri endurhæfingarsjúklingum, fyrir bæklunarlækningadeildina, þannig að deildin fengi samtals 46 sjúkrarúm. Jafnframt var óskað eftir því, að stjórnarmenn tækju upp viðræður við forstöðumenn á Reykjalundi um samstarf þessara spítala að endurhæfingarmálum. Þessi breyting, sem rn. lagði til við stjórnarnefnd á síðasta hausti, hefur ekki gengið fram, og kom fljótlega í ljós, að mjög mikil andstaða var bæði hjá læknaráði Landsspítalans og því starfsliði, sem vinnur endurhæfingarstörf á Landsspítala, gegn þessari breytingu. Núv. stjórnarnefnd hefur enn ekki tekið málið til afgreiðslu, en hefur stuðlað að því, að þær umr., sem fyrirhugaðar voru um samvinnu Landsspítala og Reykjalundar, hafa farið fram, og hafa yfirlæknarnir Jón Þorsteinsson og Stefán Haraldsson á Landsspítala og Haukur Þórðarson á Reykjalundi tekið þátt í þeim viðræðum. Gert er ráð fyrir því, að stjórnarnefnd ríkisspítalanna fái niðurstöður og till. frá þessum aðilum innan skamms.

Hvað því viðvíkur að gefa bæklunarsjúkdómadeild aukið svigrúm á Landsspítala, þá mun stjórnarnefnd hafa það til athugunar og einkum gera samanburð á því, hvernig biðlistar hinna ýmsu deilda eru samansettir, og taka þá afstöðu til þess, hvort breyta þurfi stærðum deilda á Landsspítala í samræmi við þær niðurstöður, er

af því fást. Kann þá að vera, að sú athugun leiði í ljós, að ósamræmið á milli þessa langa biðlista annars vegar og sjúkrarúma, sem hv. þm. minntist á hins vegar, kunni að vera öllu minna en virðist við fyrstu sýn.

Fyrirspyrjandi (Oddur Ólafsson): Herra forseti. Ég þakka hæstv. ráðh. hans ítarlegu svör. Það er sannarlega óhugnanlegt til þess að vita, að biðlistinn skuli vera á 7. hundrað manns, og ekki síst er þetta ömurlegt vegna þess, hve mikill fjöldi er þarna af fullorðnu fólki, sem á ekki nema takmarkaðan árafjölda ólifað og er þess vegna mjög mikils virði að geta fengið einhverja bót á sínum meinum, sé það mögulegt, innan hæfilegs tíma.

Það er ekkert nýtt, að það séu settir mjaðmarliðir í fólk hér á landi. Þetta hefur verið gert á annan tug ára a. m. k., og það er ekki vafi á því, að einhverjar leiðir þarf að finna til þess að rýmka þarna verulega um, svo framarlega sem þessi langi biðlisti á ekki að haldast um áratugi. Í þessu sambandi kemur manni í hug, hvort hagkvæm sé sú breyting, sem gerð hefur verið. Fyrir nokkrum árum voru slíkar aðgerðir, sem nú eru gerðar á bæklunardeildinni, gerðar hér og hvar á handlækningadeildum spítalanna. Þær voru gerðar af sérfræðingum, en þá var hins vegar ekki sérdeild ætluð fyrir bæklaða. Nú hef ég grun um það, að víðar en hér sé svo komið, að menn séu í vafa um, hvort þessi mikla sérhæfing að ákveða deildunum alveg gjörsamlega ákveðin rúm með ákveðnu starfsliði, hvort það sé framkvæmanleg og hentug aðferð. Ég tel líklegt, að væri farið inn á þá braut, að handlækningadeild Landsspítalans tæki við sjúklingum til bæklunaraðgerðar, ef mikið lægi við, mundi það strax nokkuð laga til í þessum efnum. Enn fremur mun það hafa skeð, að nú eru ekki lengur stundaðar bæklunaraðgerðir að verulegu leyti á Landakoti, en þar hefur um langt árabil verið unnið að slíkum aðgerðum. Í því sambandi kemur manni í hug, að fyrir nokkrum árum var stofnuð svonefnd samstarfsnefnd sjúkrahúsa á Reykjavíkursvæðinu, og átti einmitt að vera verkefni þessarar n. að samræma aðgerðir sjúkrahúsanna og sjá til þess, að þær kæmu að sem bestum notum hvert á sínu sviði. Væri þarna ekki verðugt verkefni fyrir þessa samstarfsnefnd? Ég veit ekki betur en það sé í raun og veru nóg til af bæklunarsérfræðingum á þessu svæði. Hins vegar vantar þá rúm og aðstöðu til þess að geta skorið sjúklinga og stundað þá, en það er ekki vafi á því, að á Landakoti mundu, ef samvinna fengist við lækna þar, skapast möguleikar til að geta fært þessa starfsemi út og sinnt fleiri bæklunarsjúklingum en nú er hægt að gera.

Ég held, að það sé bráð nauðsyn að reyna að vinna að úrbótum á þessu sviði. Það verður ekki leyst, enda þótt hægt verði að koma bæklunarsjúklingunum eitthvað fyrr á Reykjalundi heldur en senda þá heim. En það er svo, að þeir menn, sem starfa við bæklunardeildina, hafa verið mjög ötulir og hafa útskrifað sína sjúklinga fljótt og með góðum árangri. Þess vegna tel ég, að það mundi ekki aukast mikið þeirra skurðaðgerðageta, enda þótt þeir fengju fleiri sjúkrarúm til ráðstöfunar á öðrum stöðum.

Pétur Pétursson: Herra forseti. Aðeins örfá orð. — Ég fagna því, að þessi fsp. hefur komið hér fram. Það er enginn vafi á því, að hér er um mjög alvarlegt vandamál að ræða, þar sem eitthvað verður að gera til úrbóta, og ég fagna því, að hæstv. ráðh. gerir sér greinilega grein fyrir þessu vandamáli, og ég vil vona, að honum takist að bæta úr því. Ég hef sjálfur reynslu í þessu máli frá s. l. hausti. Ég var heppinn, ég komst að strax eingöngu vegna þess, að tilfellið var svo alvarlegt, að það gat ekki beðið. Það er um að ræða fjölda fólks, sem mundi geta hafið störf og unnið fyrir þjóðfélagið að nýtum störfum, ef það gæti fengið þá læknismeðferð, sem þessir sérfræðingar svo ötullega vinna að, og mundi þá jafnframt hætta að þiggja bætur. Fólkið er hundruðum saman frá vinnu, af því að það er engin aðstaða til að framkvæma þær lækningar, sem þarf að gera, bæði vegna fólksskorts og húsnæðisskorts. Þetta er svo augljóst vandamál, að hér verður einhverja leið að finna til þess að leysa það, og ég sem sagt fagna því, að ráðh. mun beita sér fyrir lausn þessa þessa máls.

Rannsóknastörf prófessora, fsp. (þskj. 631). — Ein umr.

Fyrirspyrjandi (Karvel Pálmason): Herra forseti. Á síðasta þingi bar ég fram fsp. til hæstv. menntmrh. um kennsluskyldu og rannsóknastörf prófessora við Háskóla Íslands. Í umr. þá um þessa fsp. kom fram, að mjög óljóst var a. m. k. þá, hver afrakstur þessarar rannsóknaskyldu væri, þar eð litlar sem engar upplýsingar virtust liggja fyrir um framkvæmd þessa þáttar prófessorsstarfsins, og það ljóst, að við slíkar aðstæður sem þessar, að engum skýrslum sé skilað um störfin né eftirlit með þeim haft, fer það í raun og veru að verulegu leyti eftir samviskusemi viðkomandi einstaklings, hvernig þessum þætti starfsins er sinnt. Það kom einnig fram í þessum umr. hjá einum hv. þm., sem gjörla ætti um þetta að vita, að hann taldi sig þurfa allt upp í tvo daga til undirbúnings fyrirlestrar. Þessi fsp. mín þá virtist a. m. k. af sumum hafa verið tekin á þann veg, að ég væri á einhvern hátt að gera lítið úr starfi prófessora. Þetta er mesti misskilningur. Ég tel hins vegar, að á því sé full þörf, ekki síst með tilliti til þess, sem fram kom í fyrrnefndum umr., að almenningur fái um það vitneskju, hversu mikið starf liggur að baki þeim þætti í starfi prófessora, sem hér um ræðir. Ég tel, að prófessorum sé síst greiði gerður með því, að einhver sérstök hula liggi yfir starfi þeirra.

Það kom einni fram í þessum umr. hjá hæstv. menntmrh., að hann taldi á því fulla þörf, að komið yrði í fastara form bæði kennsluskyldunni, svo og afrakstrinum af rannsóknaskyldu þessarar stéttar. Með tilliti til þessa og ekki síður hins, sem fram kom hjá hv. 3. landsk. þm. í áðurnefndum umr. um vinnu þá, sem að baki liggur þessu starfi, hef ég leyft mér að bera fram á þskj. 631 svo hljóðandi fsp. til hæstv. menntmrh.:

„1. Hver hafa verið rannsóknastörf þeirra prófessora við Háskóla Íslands, hvers um sig,

sem skipaðir voru prófessorar á árunum frá 1960—1970, á þeim tíma, sem þeir hafa starfað sem prófessorar hver um sig?

2. Hafa verið settar einhverjar reglur um það, á hvern hátt prófessorar við Háskóla Íslands gera grein fyrir rannsóknastörfum sínum?“

Menntmrh. (Magnús T. Ólafsson): Herra forseti. Þegar fsp. hv. þm. barst menntmrh., var hún send rektor Háskóla Íslands og þess óskað, að rn. yrði látnar í té upplýsingar um þau atriði, sem fjallað er um í fsp. Í bréfi rektors frá 18. þ. m. kemur m. a. fram, að öllum prófessorum, sem skipaðir voru í embætti á árinu 1960—1970, hafi verið skrifað og þess óskað, að þeir svöruðu fyrri lið fsp., að því er hvern þeirra varðar, og fylgja svör prófessoranna bréfi rektors. Rektor getur þess, að vegna sjúkleika hans hafi ekki verið tök á að taka saman sjálfstæða grg. af hálfu rektorsembættisins um málið umfram það, sem segir í bréfi hans og nánar verður vikið að í sambandi við 2. lið fsp. hér á eftir. Hins vegar vísar rektor til grg. Jónatans Þórmundssonar prófessors frá haustinu 1972, er Jónatan gegndi um skeið störfum háskólarektors, en grg. fylgdi svari hans. Grg. þessi var á sínum tíma, eða í des. 1972, send Alþ.

Á árabilinu 1960—1970, að báðum árum meðtöldum, voru 28 menn skipaðir í prófessorsembætti við Háskóla Íslands, og eru þeir allir enn í starfi. Af þessum 28 prófessorum er 11 í guðfræðideild, 9 í læknadeild, 4 í lagadeild, 3 í viðskiptadeild, 4 í heimspekideild og 7 í verkfræði- og raunvísindadeild, en einn hinna síðasttöldu var áður prófessor í læknadeild. Grg. hafa borist frá 25 prófessorum af 28. Af þeim prófessorum, sem svör hafa ekki borist frá, er einn í guðfræðideild og tveir í læknadeild. Í a. m. k. einu tilfelli munu veikindi valda, að svar hefur ekki borist. Áður en ég vík að grg. hvers prófessors, mun ég svara 2. lið fsp., en svar mitt við honum er á þessa leið.

Í 2. lið fsp. er spurt, hvort settar hafi verið einhverjar reglur um það, á hvern hátt prófessorar við Háskóla Íslands geri grein fyrir rannsóknastörfum sínum. Því er til að svara, að fastar reglur um þetta efni hafa ekki verið settar. Í bréfi háskólarektors, sem getið var í upphafi, segir m. a. svo um þetta atriði:

„Mjög erfitt er að hafa nákvæmt eftirlit með því, hvernig rannsóknaskyldu prófessora er fullnægt, enda getur það verið nokkuð breytilegt frá deild til deildar, ári til árs og manni til manns, hve miklum tíma er varið til kennslu og rannsókna og stjórnunarstarfa hvers um sig. Í nóv. s. l. samþykkti háskólaráð reglur um atvinnuskyldu fastra kennara. Til er prentuð skrá um rit háskólakennara frá upphafi til og með ársins 1965, og enn fremur liggur nú fyrir í próförk samsvarandi skrá fyrir árin 1966—1970.“

Til viðbótar þessu skal vitnað til svars við hliðstæðri fsp. frá sama hv. þm. á Alþ. 1972. Þar var á það bent, að þótt ekki væru almenn ákvæði um skýrsluskil, kæmi að sjálfsögðu fram með ýmsum hætti grg. um árangur af vísindastörfum, sem unnin væru af starfsmönnum háskólans, auk þeirra upplýsinga, sem felast í skrá um rit háskólakennara. Bent var á, að það færist í vöxt, að rannsóknastörfum háskólakennara væri fenginn skipulagslegur grundvöllur með því að koma á fót sérstökum rannsóknastofnunum á afmörkuðum fræðasviðum innan háskóladeildanna eða í tengslum við þær. Fengist með því móti gleggri yfirsýn, þar sem unnt væri að fella rannsóknaverkefni einstakra kennara inn í skipulag starfsáætlun viðkomandi stofnunar. Slíkar starfsáætlanir væru lagðar til grunvallar við undirbúning fjárveitingatillagna og væri þá eðlilegt, að jafnframt lægi fyrir grg. um starfsemina á næsta fjárhagstímabili á undan.

Hvað snertir greinargerðir einstakra prófessora, þá er þar um að ræða viðamikil gögn, sem ekki er kostur á að rekja tæmandi í þessu svari. Hins vegar skal tekið fram, að fyrirspyrjanda er að sjálfsögðu heimill aðgangur að gögnum þeim, sem svarið er byggt á, en þau eru varðveitt í menntmrn. Í upptalningu eru prófessorar flokkaðir eftir háskóladeildum, sem þeir voru skipaðir við, en innan hverrar deildar að mestu raðað eftir skipunartíma. Þá kemur fyrst að læknadeild.

Dr. Tómas Helgason prófessor í geðlæknisfræðum, skipaður 1. ágúst 1961, sendi skrá um ritsmíðar sínar, þar sem fyrst eru taldar ritgerðir um eigin rannsóknir, 27 að tölu, síðan yfirlitsgreinar að nokkru byggðar á eigin rannsóknum, 17 talsins, og loks greinar og skýrslur, er fjalla um menntun lækna o. fl., 20 talsins. Í svari sínu tekur hann fram, að hann hafi haft umsjón með rannsóknum ýmissa starfsmanna sinna við Kleppsspítalann, og getur 17 skýrslna, sem birtar hafa verið um slíkar rannsóknir. Þá telur hann og upp 11 rannsóknaverkefni, sem hann kveðst nú vinna að, eftir því sem tími og takmarkaðar fjárveitingar leyfi.

Dr. Jóhann Axelsson prófessor í lífeðlisfræði, skipaður í embætti 1965, sendir skrá um 37 ritgerðir, sem hann hefur birt í erlendum vísindatímaritum, þar af 19 frá ársbyrjun 1965. Í svarbréfi hans segir m. a.: „Fyrstu árin eftir heimkomu mína til Íslands voru skilyrði hér á landi til rannsóknastarfa engin. Hin vísindalega vinna var kostuð af erlendum aðilum. Tilraunavinnan var öll unnin erlendis í sumarfríum mínum og skriftirnar að kvöld- og næturlagi. Annar tími vannst ekki til rannsóknastarfa, þar eð byggja þurfti upp frá grunni kennslu í lífeðlisfræði, bæði í læknadeild og í verkfræði- og raunvísindadeild.“

Prófessorinn kveður aðstöðu til rannsókna í greininni hafa batnað hin síðari ár vegna aukins kennaraliðs og fjárveitingar til tækjakaupa.

Dr. Ólafur Bjarnason prófessor í meina- og sýklafræði, skipaður 1966, sendir skrá um ritstörf sín, frá því að hann var settur til að gegna prófessorsembætti 1974. Er þar getið 26 ritgerða, sem birst hafa í fræðiritum, auk ritstjórnaraðildar að þremur ritum. Prófessorinn getur þess, að hann hafi frá upphafi jafnframt gegnt forstöðumannsstarfi Rannsóknarstofu Háskólans í meina- og sýklafræði og tekið þátt í daglegum þjónusturannsóknum í meinafræði og réttarlæknisfræði auk sérrannsókna á sviði sjúkdómafræði. Á sama tíma hafi hann haft umsjón með krabbameinsskráningu hér á landi á vegum Krabbameinsfélags Íslands, auk þess sem stofnunin hafi í samvinnu við erfðafræðinefnd háskólans unnið

að margvíslegum erfðafræðilegum rannsóknum.

Dr. Gísli Fr. Petersen prófessor í geislalæknisfræði, skipaður árið 1967, getur rannsókna sinna á lungnakrabbameini hérlendis og röntgengreiningu sjúkdómsins, en um þetta rannsóknarefni hefur hann birt ritgerðir í erlendum læknisfræðiritum og flutt fyrirlestra á norrænu læknaþingi.

Dr. Þorkell Jóhannesson prófessor í lyfjafræði, skipaður 1968, sendi sérprentun af 7 ritgerðum, sem birst hafa í læknis- og lyfjafræðiritum, en getur jafnframt um doktorsritgerð og aðra ritgerð, sem sérprentanir eru þrotnar af.

Kristbjörn Tryggvason prófessor í barnalæknisfræði, skipaður haustið 1970, segist ekki hafa birt neitt um rannsóknastörf sín, enda engum rannsóknum að fullu lokið, en getur þess, að hann hafi fengið lausn frá störfum frá 1. sept. n.k., og kveðst hafa í hyggju að halda áfram rannsóknastörfum, sem hann hefur verið að fást við, eftir því sem aðstæður leyfa.

Dr. Hannes Blöndal prófessor í líffræði, var skipaður í embætti í ársbyrjun 1970, en hafði leyfi frá störfum til vors 1972. Hann segir m. a. svo í bréfi sínu til rektors:

„Þegar ég kom til starfa við Háskóla Íslands, var hvorki til nothæft húsnæði til líffræðikennslu né tækjakostur til rannsókna í greininni. Síðan hefur nokkuð miðað í átt til úrbóta, en langt virðist þó í land, að viðunandi rannsóknaraðstaða fáist. Það er tvennt, sem aðallega veldur erfiðleikum í þessum efnum, það er skortur á tækjakosti og starfsliði. Fyrr en úr þessu er bætt, er varla að vænta rannsóknavinnu á sviði líffærafræði við Háskóla Íslands."

Þess ber að gæta, að með hinni stórfelldu fjölgun stúdenta, sem innritast hafa í læknadeild á síðustu árum, hefur kennslan í líffærafræði orðið ein sú umfangsmesta, sem fram fer í háskólanum, og hefur endurskipulagning hennar og uppbygging við nýjar aðstæður að sjálfsögðu mjög hvílt á prófessornum í greininni.

Með prófessorum í læknadeild verður talinn dr. Steingrímur Baldursson prófessor í efnafræði, en embætti hans var á yfirstandandi háskólaári flutt úr læknadeild í verkfræði- og raunvísindadeild. Hann var skipaður prófessor í læknadeild haustið 1960, og er grg. hans miðuð við þann tíma, er hann starfaði sem prófessor í þeirri deild. Í svari sínu gerði hann grein fyrir heildarstörfum sínum við háskólann á þessu tímabili. Hann var fyrst eini kennarinn í efnafræði í læknadeild og þurfti þá að annast mun meiri kennslu en tíðkast hefur að krefjast af háskólakennurum. Með auknum stúdentafjölda jókst mjög innritun í deildina eða úr 40—50 fyrstu árin í 170 haustið 1972 og þar með að sjálfsögðu umfang þeirrar kennslu, sem prófessorinn hafði umsjón með. Hann endurskipulagði verklega kennslu í greininni og tók saman nýtt kennsluefni í því skyni. Þá getur hann og starfa sinna í sambandi við hönnun nýs húsnæðis við verklega efnafræði og efnafræðirannsóknir, og meðal sérstakra stjórnunarstarfa má nefna, að hann veitti forstöðu rannsóknastofu í efnafræði við Raunvísindastofnun háskólans um fjögurra ára skeið.

Um rannsóknastörf tekur hann fram m. a., að hann hafi fengist við fræðilegar rannsóknir í tölfræðilegri varmafræði og skammtafræði og í því sambandi dvalist tvö sumur í vísindastofnun í Uppsölum. Þá hafði hann og að sjálfsögðu fylgst með þeim rannsóknum, er fóru fram í rannsóknastofu í efnafræði í Raunvísindastofnun háskólans, meðan hann gegndi þar störfum. Í lok grg. sinnar segir prófessorinn:

„Er ég lít til baka, verður mér efst í huga hin ævintýralega uppbygging, sem átt hefur sér stað á þessu tímabili. Þegar ég hóf kennslu, var aðeins til ein lítil, ófullkomin og vanbúin kennslustofa fyrir verklega efnafræði. Nú er Raunvísindastofnun háskólans risin frá grunni með góðum rannsóknastofum. Auk þess á háskólinn nýtt og glæsilegt hús með vel búnum kennslustofum fyrir verklega efnafræði. Á s. l. vori voru líka útskrifaðir fyrstu nemendurnir með BS-gráðu í efnafræði frá Háskóla Íslands. Það hefur óneitanlega verið ánægjulegt að eiga þess kost að leggja hönd á plóginn við þessa uppbyggingu, en það hefur tekið ómældan tíma. Það er trú mín og sannfæring, að þeim tíma og fjármunum, sem varið er til eflingar raunvísinda á Íslandi, sé ekki á glæ kastað."

Næst er lagadeild. Þór Vilhjálmsson prófessor í lögfræði, skipaður í embætti 1967, getur fyrst rannsókna og ritsmíða, sem tengdar eru aðalkennslugreinum hans í lagadeildinni. Á sviði réttarfars kveðst hann síðan 1970 hafa unnið að kennslubók í einkamálaréttarfari og rannsakað ýmis atriði þess og séu komin út þrjú hefti af kennslubókinni. Hann kveðst og hafa rannsakað ýmis önnur atriði um réttarfar en kennslubókin tekur til og telur fram yfirlit um íslenska dómstóla, ætlað erlendum lagamönnum. Á sviði réttarfélagsfræði er getið tveggja ritgerða, svo og nýhafinna rannsóknar á aðild og málsefni hæstaréttardóma. Í réttarsögu hafa birst tvær ritgerðir. En niðurstöður tveggja rannsókna eru óprentaðar. Þá hefur prófessorinn samið tvær ritgerðir á sviði stjórnskipunarréttar og vinnur að greinargerð um mannréttindi hér á landi fyrir finnska stofnun. Loks eru taldar fimm fræðiritgerðir, er varða efni utan framangreindrar kennslu- og rannsóknasviðs.

Einar Bjarnason prófessor í ættfræði, skipaður árið 1969, telur rannsóknastörf sín einkum hafa beinst að ættum íslensku miðaldanna og hafi árangur rannsóknarinnar einkum komið fram í ritinu íslenskir ættstuðlar í tveim bindum á vegum Sögufélagsins, en einnig í ritgerðum í ýmsum tímaritum, t. d. tímaritinu Sögu. Auk þess hafi hann sérstaklega rannsakað niðjatal frá 17. öld.

Gaukur Jörundsson prófessor í lögfræði, skipaður haustið 1969, nefnir meðal rita sinna bók um eignarnám og rit um veðréttindi. Hann getur og ýmissa ritgerða, sem varða mannréttindaákvæði íslensku stjórnarskrárinnar, en kveður störf sín að undanförnu að öðru leyti hafa verið fyrst og fremst á sviði eignarréttar og hafi ritum um það efni verið dreift.

Nú gefur forseti mér merki, en ég vil aðeins fá að skýra frá því, herra forseti, að að sjálfsögðu liggur meira efni fyrir, og verður það rakið, eftir því sem tilefni gefst til, ef hv. fyrirspyrjandi óskar.

Fyrirspyrjandi (Karvel Pálmason): Herra forseti. Ég vil þakka hæstv. ráðh. fyrir það, sem búið er af hans svari. Það er rétt hjá hæstv. forseta, að hann hefur notað sinn tíma svikalaust, en mér heyrist hæstv. ráðh. vera að falla í sömu gröf og sumir aðrir ráðh., að það er farið að heyrast æði illa til hans, þannig að það er orðið erfitt að fylgjast með.

En hvað sem því líður, mér heyrist á því, sem ég gat með fylgst af þessum upplýsingum, að það sé nokkrum áfanga í því náð, a. m. k. að koma á blað því, sem gerst hefur innan þessara herbúða á undanförnum áratugum. Ég held, að það væri hollt, ekki aðeins þingheimi, heldur og almenningi, sem vill fylgjast með þessum málum, að fá þetta á blað fest, þannig að þeir gætu kynnt sér það. Ég óska því eftir því við hæstv. ráðh., að hann komi því, sem eftir er, á framfæri við þingheim, þótt síðar verði.

Menntmrh. (Magnús T. Ólafsson): Herra forseti. Ég mun eftir því sem þingsköp leyfa leitast við að svala forvitni hv. fyrirspyrjanda og annarra þm. Haldið er áfram með prófessora í lagadeild.

Jónatan Þórmundsson prófessor í lögfræði, skipaður 1970, minnir í bréfi sínu á grg. þá, er hann samdi í árslok 1972 að tilmælum háskólaráðs og send var Alþ. og fjölmiðlum í tilefni af fsp. á Alþ., er varðaði störf prófessora. Rannsóknir mínar, frá því að hann tók við prófessorsstarfi, segir hann að langmestu leyti hafa verið tengdar kennslugreinum hans, en hann hefur allt tímabilið verið umsjónarkennari í refsirétti og á þessu ári tekið við umsjón með tveim nýjum kjörgreinum, afbrotafræði og skattarétti. Prófessorinn getur 13 ritgerða og greinargerða, sem út hafa komið á umræddu tímabili, auk allmargra fræðilegra greinargerða fyrir stjórnvöld og Alþ. á sviði lögfræði. Svo nefnir hann fjögur rit og ritgerðir, sem hann vinnur að um þessar mundir og birtast munu á næstu misserum. Vegna 2. liðar fsp. vísar prófessorinn annars vegar til ritaskrár háskólakennara, en hins vegar til reglugerðar, sem lögð hafi verið fyrir menntmrn. um lagastofnun háskólans ásamt grg. Stofnun þessari er ætlað að vera vettvangur fyrir rannsóknastörf við lagadeild, stuðla að eflingu þeirra og traustara skipulagi.

Næst er viðskiptadeild. Guðlaugur Þorvaldsson prófessor var skipaður í embætti 1967. Hann hafði þá frá árinu 1962 verið settur prófessor á hálfum launum við deildina og þar áður settur prófessor á fullu starfi eitt ár. Grg. hans tekur til alls þessa tímabils. Fram til 1966 var aðalstarf hans í Hagstofu Íslands, en 1966—1967 gegndi hann störfum ráðuneytisstjóra í fjmrn. Hann kveðst framan af þessum árum hafa kynnt sér sérstaklega gerð fjárlaga og ríkisreiknings, tilhögun ríkisbókhalds, greiðslujafnaðarhugmyndir og hafa skilað um þau mál álitsgerð. Telur hann störf sín að þessum málum 1960—1964 að langmestu leyti hafa verið ólaunuð rannsóknastörf. Þá getur hann og starfsins að samningu tölfræðihandbókar, sem gefin var út á vegum Hagstofunnar. Eftir að hann var skipaður prófessor í viðskiptadeild 1967, voru aðalkennslugreinar hans fyrstu árin almenn rekstrarhagfræði, hagrannsóknir og almenn landafræði og síðari árin almenn stjórnun og opinber stjórnsýsla ásamt íslenskri haglýsingu. Segir svo í grg. prófessorsins: „Á þessu tímabili óx viðskiptadeildin mjög og stjórnunarverkefni við deildina og skólann yfirleitt hlóðust mjög á mig, kannske meira en góðu hófi gegndi, svo að ég hef lítt getað sinnt sjálfstæðum rannsóknaverkefnum í greinum mínum, en óbeint tel mig hafa sinnt rannsóknakvöðinni, og verður gerð grein fyrir því hér á eftir."

Prófessorinn rekur síðan margháttuð verkefni, sem hann hefur sinnt í þágu háskólans á þessu tímabili auk kennslunnar í viðskiptadeild, m. a. að undirbúningi nýrrar reglugerðar við viðskiptadeild og umfangsmikilla nefnda- og stjórnunarstarfa, allt þar til hann var kjörinn háskólarektor haustið 1973 og var þá jafnframt leystur frá skyldustörfum í deildinni. Hann hafði starfað að undirbúningi kennslubókar í íslenskri haglýsingu og almennri stjórnun, en hefur orðið að leggja þau verkefni til hliðar, meðan hann gegnir rektorsstörfum. Þá getur prófessorinn nokkurra sérfræðilegra verkefna, sem hann hefur á umræddu tímabili sinnt á vegum stjórnvalda, og telur sig hafa styrkt sig í kennslustarfi, þar eð þau varða fræðisvið hans.

Dr. Guðmundur Magnússon var skipaður prófessor í viðskiptadeild 1968. Í grg. um rannsóknastörf sín skiptir hann verkunum í þrennt:

1. Meiri háttar fræðileg verkefni án beinna tengsla við kennslu hverju sinni. Telur hann þar 4 verkefni, m. a. doktorsritgerð, sem lögð var fram 1969.

2. Minni háttar rannsóknaverkefni í tengslum við fyrirlestra innan háskólans og fyrirlestrahald utan hans. Eru þau 18 talsins og grg. ýmist prentaðar, fjölritaðar eða í handriti.

3. Verkefni frá aðilum utan háskólans talin í 16 liðum, en um meiri hl. þeirra liggja grg. fyrir prentaðar eða með öðrum hætti, en í sumum tilvikum er athugunum ólokið.

Árni Vilhjálmsson prófessor í viðskiptadeild var skipaður í embætti 1961. Hann getur þess í svari sínu, að fyrstu 6—7 árin hafi hann verið annarr tveggja manna, sem höfðu störf í þágu viðskiptadeildar að aðalstarfi, og hafi hann því litið á það sem meginskyldu sína að sinna kennsluundirbúningi. Nokkur undirbúningur feli í sér þá sérstöku tegund rannsókna, sem er í staðfærslu erlendra rannsóknaniðurstaðna og að lögun þeirra að íslenskum aðstæðum. Á síðari árum hafi gefist tækifæri til að vinna skipulega að mótun efnis í sérstök kennslurit, sem ættu að verða útgáfuhæf á næstu missirum. Er þar um að ræða rit um fjármálastjórn fyrirtækja, reikningsskilafræði og stefnumótun fyrirtækja. Af ritsmíðum, sem birst hafa og tengdar eru kennslusviði prófessorsins, nefnir hann rit um fjármálastjórn fyrirtækja og nokkrar prentaðar eða fjölritaðar greinar, er varða rekstrarhagfræði. Þá getur prófessorinn ýmissa rannsókna, er hann hefur tekist á hendur einn eða ásamt öðrum, aðallega á vegum opinberra aðila, og birt hefur verið grg. um.

Þá er heimspekideild. Þórhallur Vilmundarson prófessor í sagnfræði, skipaður í embætti 1961, tekur fram, að athuganir hans á umræddu tímabili hafi einkum beinst að íslenskum og germönskum örnefnum. Að öðru leyti vísar hann til skrár um rit háskólakennara.

Dr. Bjarni Guðnason prófessor í bókmenntum var skipaður í embætti 1963, en hefur haft leyfi frá störfum s. l. tvö ár. Í svari hans er tekið fram, að rannsóknastörf séu vítt hugtak, og ef í því felist öll þau rannsóknastörf, sem hann hafi unnið að á árunum 1963—1970, án tillits til þess, hvort þeirra sjáist stað á prenti eða ekki, þá yrði of langt mál að rekja það út í hörgul af þessu tilefni. Sé hins vegar átt við rit, ritsmíðar og greinarkorn, sem birst hafa á prenti, megi vísa í skrá um rit háskólakennara. Að vísu mun rit þetta ekki hafa birst á prenti yfir tímabilið 1965—1970, en það mun liggja fyrir í próförk og ætti að vera tiltækt.

Ólafur Hansson prófessor í sagnfræði var skipaður í embætti 1967. Hann kveðst á undanförnum 7 árum hafa fengist við rannsóknir á íslenskri landbúnaðarsögu á tímabilinu 1200—1550. Þá hafi hann og að nokkru fengist við að kanna, hvaða samband sé á milli eldri skiptingar Íslendinga í stjórnmálaflokka, þegar deilurnar snerust einkum um sambandið við Dani, og hinar yngri flokkaskiptingar, þegar menn fara meira en áður að skiptast í stjórnmálaflokka eftir stéttum. Eigi það enn langt í land, að unnt sé að gefa út heildarniðurstöður þessarar rannsóknar.

Sveinn Skorri Höskuldsson prófessor í íslenskum bókmenntum var skipaður í embætti árið 1970, en hann hafði áður gegnt lektorsstarfi við háskólann frá 1968. Hann getur rita og ritgerða, sem út hafa komið eftir hann á þeim árum, er hann hefur starfað við háskólann, og er þar um að ræða samtals 22 ritsmíðar, þar af 4 frá árunum fyrir 1970. Auk þess hefur prófessorinn annast útgáfu og ritstjórn 5 rita á þessu tímabili og á sæti í ritstjórn tveggja fræðirita. Þá getur hann fjögurra minni háttar rannsókna í ritgerðum, sem munu birtast á þessu ári, og loks nefnir hann umfangsmikið rannsóknaverkefni úr íslenskum bókmenntum, er hann vinnur að og segir, að muni vera efni í allmikið rit.

Loks er verkfræði- og raunvísindadeild. Magnús Magnússon prófessor í eðlisfræði er skipaður í embætti 1960. Í grg. sinni tekur hann fram, að haustið 1960 hafi verið mjög takmörkuð aðstaða við Háskóla Íslands að sinna rannsóknastarfi í eðlisfræði og skyldum greinum. Eitt fyrsta verkefnið hafi því verið að vinna að undirbúnigi rannsóknastofnunar á sviði stærðfræði, eðlisfræði, efnafræði og jarðeðlisfræði. Átti Magnús sæti í undirbúningsnefnd slíkrar stofnunar, Raunvísindastofnunar Háskólans, sem tók til starfa sumarið 1966, og hefur verið forstjóri hennar síðan. Hann átti og hlut að undirbúnings- og skipulagsstarfi vegna Reiknistofnunar háskólans, sem tók til starfa í árslok 1964, og var forstöðumaður hennar til ársloka 1971, er hún var lögð niður sem sjálfstæð stofnun og gerð að reiknistofu Raunvísindastofnunar háskólans. Meðal eigin rannsóknastarfa nefnir prófessorinn rannsóknir á almennri afstæðiskenningu Einsteins, svo og störf að hagnýtingu rafreikna við ýmis verkefni.

Loftur Þorsteinsson prófessor í byggingaverkfræði er skipaður í embætti árið 1962. Í grg. hans segir m. a., að með hliðsjón af þeim vandkvæðum, sem fylgja því að skipta háskólastarfi í frjálsar rannsóknir annars vegar og annað starf hins vegar, hafi prófessorinn tekið þann kost að gera grein fyrir starfi sínu við Háskóla Íslands. Vísaði hann síðar til grg. til verkfræðiskorar á s. l. ári um störf sín við háskólann frá 1972—1973. Telur hann það háskólaár geta talist dæmigert um störf sín, en samkv. grg. sundurliðast árlegt starf þannig:

Kennsla og próf 1222 stundir eða 66.7% af árlegri vinnuskyldu, 1832 stundum. Stjórnun og umsjón 275 stundir eða 15% af árelgri vinnuskyldu. Nefndarstörf 220 stundir eða 12% árlegrar vinnuskyldu. Frjálsar rannsóknir 555 stundir eða 30,3% árlegrar vinnuskyldu. Samtals 2272 vinnustundir eða 124% miðað við árelga vinnuskyldu.

Tekið er fram, að í liðnum um frjálsar rannsóknir séu 405 stundir hluti af undirbúningsstarfi við kennslu, en 150 stundir vinna við útgáfu fyrirlestra. Fram kemur, að gefin hafi verið út 11 fjölprentuð hefti með útdráttum úr fyrirlestrum.

Dr. Sigurður Þórarinsson prófessor í jarðfræði og landafræði var skipaður í embætti árið 1969, en hafði verið settur prófessor frá hausti 1968. Í grg. hans segir m. a.:

„Þegar ég var settur prófessor í jarðfræði og landafræði, hafði jarðfræði ekki verið kennd áður við Háskóla Íslands, og varð því að byggja kennsluna og deildina frá grunni. Það er talsvert annað að taka við kennslu og forstöðu á þann hátt en að koma í stofnun, sem starfað hefur áður. Stöðunni hefur fylgt staða forstöðumanns jarðvísindadeildar Raunvísindastofnunar Háskóla Íslands og allmikið af nefndarstörfum, þar eð ég hef verið eini fasti kennarinn í jarðfræði öll þessi ár og fyrstu árin einnig eini fasti kennarinn í landafræði."

Grg. fylgir skrá um ritstörf prófessorsins á umræddu tímabili. Er þar getið 31 greinar og ritgerðar, sem birst hafa í ýmsum ritum, en um 11 þeirra tekur höfundur fram, að þær geti ekki talist til vísindaskrifa. Þá eru taldar 5 bækur, sem út eru komnar eða tilbúnar til prentunar.

Dr. Guðmundur Eggertsson prófessor í líffræði var skipaður í embætti 1970, en hafði verið settur prófessor frá hausti 1969. Hann kveðst á árunum 1969—1973 hafa unnið að rannsóknum, sem miða að því að auka skilning á því, hvernig varið sé stjórn erfðaefnis á gerð og starfsemi þess efnakerfis, sem starfar að myndun eggjahvituefna. Sendir hann ítarlegar greinargerðir um framkvæmd þessarar rannsóknar, sem fram hefur farið við Tilraunastöð háskólans í meinafræði að Keldum, m. a. með atbeina styrkja frá erlendum vísindastofnunum.

Dr. Sigmundur Guðbjarnason prófessor í efnafræði var skipaður í embætti 1970. Í skýrslu hans um rannsóknastörf á tímabilinu 1970—1974

er gerð grein fyrir 5 meiri háttar rannsóknaverkefnum, sem unnið er að um þessar mundir og varða m. a. áhrif tiltekinna efnaskipta á líkamsstarfsemi, svo og möguleika á efnavinnslu á líffrænum efnum úr innyflum fiska og dýra. Í skrá um ritstörf eru taldar um 30 ritsmíðar, sem prófessorinn er höfundur að, einn eða með öðrum, og fylgir yfirlit um 16 vísindafyrirlestra, sem prófessorinn hefur flutt á þessu tímabili víða um heim. Loks er getið ýmissa annarra verkefna og sérfræðistarfa og drepið á það umfangsmikla verk að sjá um uppbyggingu kennslu í efnafræði til BS-prófs og fyrrihlutaprófs í efnaverkfræði. Þess má geta, að dr. Sigmundur hefur undanfarin ár haft á hendi forstöðu rannsóknastofu í efnafræði við Raunvísindastofnun háskólans.

Dr. Guðmundur Björnsson prófessor í vélaverkfræði, var skipaður í embætti 1970. Í grg. sinni veitir hann sundurliðað yfirlit um störf sín við Háskóla Íslands hvert skólaár frá þeim tíma. Háskólaárið 1972—1973 var skiptingin samkvæmt yfirlitinu þannig:

Kennsla og próf 1000 klst. eða 54,6% af árlegri vinnuskyldu, fræðilegar rannsóknir og ritstörf 600 stundir eða 32,8% árlegrar vinnuskyldu og stjórnunar- og nefndarstörf 621 klst. eða 33.9% af árlegri vinnuskyldu. Það ár tóku störfin því alls 2221 klst. eða 121.3% árlegrar vinnuskyldu, en að meðaltali hafa árleg heildarstörf prófessorsins á þessu tímabili verið um 116% af vinnuskyldu, sem er 1832 stundir á ári. Rannsóknastörf hafa numið að meðaltali um 27.4% af árlegri vinnuskyldu, en prófessorinn tekur fram, að ekki verði dregin skýr mörk milli kennslustarfsins annars vegar og rannsóknastarfsins hins vegar. Óhjákvæmilegur hluti háskólakennslu sé fræðileg rannsókn og könnun heimilda, ritun og frágangur kennsluefnis til útgáfu. Hafi því hluti heildarvinnu við kennsluundirbúning verið talinn til rannsókna auk beinnar vinnu að útgáfu kennsluefnis og fyrirlestra. Getið er þriggja kennslurita, sem prófessorinn hefur samið og gefin hafa verið út fjölrituð á tímabilinu.

Er þá farið yfir svör prófessora, og vona ég, að hv. fyrirspyrjandi sé nokkru fróðari.

Veiting prófessorsembættis við læknadeild, fsp. (þskj. 631). — Ein umr.

Fyrirspyrjandi (Oddur Ólafsson): Herra forseti. Ég hef á þskj. 631 leyft mér að beina eftirfarandi fsp. til hæstv. menntmrh.:

„Hvenær má vænta þess, að veitt verði prófessorsembætti í handlækningafræðum við læknadeild Háskóla Íslands, er auglýst var laust til umsóknar á árinu 1973?“

Í jan. 1973 lést prófessor Snorri Hallgrímsson, eftir að hafa með landsþekktum ágætum gegnt þýðingarmiklum embættum, þ. e. prófessorsembætti í handlækningafræðum við læknadeild Háskóla Íslands og yfirlæknisstöðu við handlækningadeild Landspítalans. Öllum landslýð er kunn hin sérstæða hæfni prófessors Snorra heitins í starfi, og á það bæði við um lækningar hans og kennslu. Svo einkennilega var að farið, að þau embætti, er losnuðu við fráfall hans, voru ekki auglýst laus til umsóknar fyrr en hálfu ári eftir að hann lést. Þau voru auglýst 17. júlí 1973, og umsóknarfrestur rann út 18. ágúst sama ár. Síðan umsóknarfresturinn rann út eru um 8 mánuðir. 4—5 sóttu um þessi embætti, en enn þá hefur embættið ekki verið veitt, og þeim, sem ekki þekkja til, kynni að finnast, að hér gæti varla verið um veigamikið embætti að ræða, þar sem ekki er skipað í það innan venjulegs tíma. En ólíklegt er, að það sé ekki óheppilegt, bæði fyrir háskólann og Landsspítalann, að ákvörðun í þessu efni dregst svo mjög. Þess vegna er spurt, hvenær vænta megi veitingar.

Menntmrh. (Magnús T. Ólafsson): Herra forseti. Svar mitt við fsp. hv. 3. þm. Reykn. er svolátandi:

Prófessorsembættið í handlækningafræði við læknadeild Háskóla Íslands var auglýst laust til umsóknar í Lögbirtingablaði nr. 54 1973 með auglýsingu dags. 17. júlí 1973, og var umsóknarfrestur til 18. ágúst. Hafði háskólarektor með bréfi 9. júlí í samræmi við ályktun læknadeildar 27. júní 1973 óskað eftir, að embættið yrði auglýst. Sex umsóknir bárust um prófessorsembættið, en einn umsækjanda tók síðan aftur umsókn sína. Eru því um embættið eftirtaldir 5 umsækjendur: dr. med. Friðrik Einarsson yfirlæknir, dr. med. Frosti Sigurjónsson, Gauti Arnþórsson yfirlæknir, Gunnar H. Gunnlaugsson læknir og Hjalti Þórarinsson yfirlæknir.

Með bréfi, dags. 21. ágúst 1973, skýrði menntmrn. háskólarektor frá umsóknum og óskaði eftir tilnefningum af hálfu læknadeildar og háskólaráðs í dómnefnd um hæfni umsækjenda til að gegna prófessorsembættinu. Samkv. 11. gr. l. nr. 84 frá 1970 um Háskóla Íslands skulu í dómnefndinni eiga sæti þrír menn: einn skipaður af háskólaráði, annar af menntmrh., en hinn þriðji af viðkomandi háskóladeild, og er hann formaður n. Dómnefnd skal láta uppi rökstutt álit um það, hvort af vísindagildi rita umsækjanda og rannsókna svo og námsferli hans og störfum megi ráða, að hann sé hæfur til að gegna embættinu.

Tilnefning fulltrúa í dómnefndina af hálfu háskólaráðs og læknadeildar var tilkynnt menntmrn. með bréfi háskólaritara 11. jan. 1974. Af hálfu læknadeildar sem form. n. var tilnefndur Niels Helgsingen prófessor við Centralsykhuset í Akershus í Noregi og af hálfu háskólaráðs A. P. N. Forrest, prófessor við læknadeild Edinborgarháskóla.

Með bréfi, dags. 12. febr. 1974, tilkynnti menntmrn. háskólarektor, að það hefði farið þess á leit við dr. med. Bjarna Jónsson yfirlækni, að hann tæki sæti í dómnefndinni af þess hálfu, og hefði dr. Bjarni tjáð sig reiðubúinn að verða við þeim tilmælum. Jafnframt vakti rn. athygli á, að eins og skipun dómnefndar væri ráðgerð, væru fyrirsjáanleg talsverð vandkvæði af þeim sökum, að verulegur hluti umsóknargagna er ritaður á íslensku eða öðrum Norðurlandamálum og því tæpast aðgengilegur öllum dómnefndarmönnum í óbreyttri mynd. Taldi rn. æskilegt, að áður en formlega yrði gengið frá skipun dómnefndar, yrði tekin afstaða til, hversu bregðast skyldi við þessum vanda. Voru jafnframt lagðar fram af hálfu rn. till. um tilhögun í þessu efni,

sem miðaðar voru við þann hátt, er áður hafði verið hefur á um meðferð umsókna um prófessorsembætti við svipaðar aðstæður. Samkv. því skyldi m. a. þýða umsóknir sjálfar og prófskírteini, eftir því sem nauðsyn krefði, en auk þess skyldi umsækjendum gefinn kostur á því, að tiltekinn hluti annarra fylgigagna eða útdráttur úr þeim yrði þýddur á ensku eða annað erlent mál, sem allir dómnefndarmenn skilja.

Með bréfi deildarforseta læknadeildar, dags. 1. apríl s. l., var tilkynnt, að læknadeild gæti fallist á þá tilhögun, sem ráð væri fyrir gert í till. rn. Í framhaldi af því hefur nú verið gengið formlega frá skipun dómnefndar og undirbúningsráðstafanir gerðar varðandi þá meðferð umsóknargagna, sem er rakin. Ljóst er, að þau vandkvæði sem að framan hefur verið lýst, hljóta að tefja nokkuð störf dómnefndar, þótt rn. muni fyrir sitt leyti hlutast til um, að framangreindur undirbúningur taki sem skemmstan tíma. Þegar álitsgerð dómnefndar liggur fyrir, ber lögum samkv. að leita álits læknadeildar, áður en prófessorsembættið verði veitt.

Fyrirspyrjandi (Oddur Ólafsson): Herra forseti. Ég þakka hæstv. ráðh. hans ítarlegu svör. Kemur í ljós, að það hefur tekið langan tíma að undirbúa þessi mál, og vafalaust mun líða alllangur tími enn, þar til því er lokið. Það er í raun og veru merkilegt, hvað það vefst fyrir svo lærðum og þjálfuðum aðilum að ganga frá þessu máli. En mér virðist augljóst, að þær tafir, sem verða á þessu, koma ekki eingöngu illa við háskólann og hans starfsemi og Landsspítalann, heldur sé þetta mjög erfitt fyrir 4—5 umsækjendur. Þeir geta ekki ráðstafað sinni framtíð, enginn veit, hver starfið fær, og þess vegna hlýtur það að vera mjög erfitt fyrir þá að verða að bíða óhæfilega lengi eða mjög lengi eftir ákvörðun. En það er sýnilegt, að skriður er nú kominn á málið, og er því vonandi, að það verði afgreitt innan hæfilegs tíma.

Viðskilnaður mannvirkja á Heiðarfjalli á Langanesi, fsp. (þskj. 720). — Ein umr.

Fyrirspyrjandi (Jónas Jónsson): Herra forseti. Heiðarfjall á Langanesi er stakt fjall, sem rís um 200 m yfir sléttlendi á nesinu. Það er um 20 km fyrir norðan Þórshöfn á Langanesi, og þaðan eru aðrir 20 km út á Langanesfont, sem er einn af nyrstu punktum landsins, eins og kunnugt er. Heiðarfjall væri ekki svo frábrugðið eða merkilegra öðrum slíkum fjöllum, ef það lægi ekki svona norðarlega á þessum norðlæga landshluta. Það er raunar norður í Dumbshafi sjálfu. Standi maður á kolli fjalls, er Norður-Íshafið við fætur manns á báða vegu. Þarna getur, þegar gott skyggni er, að líta óvenjufagra útsýn. Þaðan sér um óravegu austur á Austfjarðafjöll, Dyrfjöll og fjöll Borgarfjarðar eystri, og í vestri er Melrakkaslétta, og sér allt vestur á fjöllin við Skjálfandaflóa.

Það hefur sjálfsagt verið vegna þessarar legu fjallsins, sem bandaríska varnarliðið kom sér þarna upp allmikilli stöð, varnarstöð eða eftirlitsstöð, hvað sem það hefur verið kallað á máli herfræðinga, það veit ég ekki svo gjörla, en hún lagði undir sig allan topp fjallsins. Þarna voru settir upp margs konar skermar til móttöku og sendinga, og virðist þarna hafa verið um allumfangsmiklar byggingar að ræða. Þetta virðist einhvern tíma hafa verið mikilvægur punktur í svonefndu varnarkerfi vestrænna þjóða. En hvað svo sem hefur valdið því, að fjallið tapaði þessari „strategísku“ stöðu sinni, þá fór það svo, að varnarliðsmenn öxluðu skinn sín fyrir einum 4 árum og yfirgáfu fjallið.

En mannvirkin stóðu þarna fyrst auð og yfirgefin. Síðan hafa þau að hluta til verið rifin. Að um það bil 4 árum liðnum er viðskilnaðurinn á þessum stað slíkur, að það er virkilega erfitt að finna orð, sem lýsa honum, svo óhrjálegt er þar um að litast. Þarna eru byggingar, sumar nær heilar, en flestar á nær öllum mögulegum stigum niðurrifs og allt niður í það að vera auðir eða nær auðir grunnar. Allt er fullt af braki. Brakið flóir bókstaflega talað út af fjallinu. Þarna eru stórir skermar, sem gnæfa eins og finngálkn yfir umhverfið. Það eru nokkur möstur meira eða minna niðurrifin. Þá mun þar vera eitt sjónvarpsmastur, og er það það eina, sem ég veit til, að þjóni þarna nokkrum tilgangi. Þarna eru strengjasteypubútar og alls konar byggingareiningar, þar eru katlar og geymar, alls konar járnadrasl. Allt er þetta með mestu firnum, þegar maður kemur í annars óspillta náttúru, sem þarna er. Kunnugir telja, að það muni kosta milljónir að ganga frá þessu á sómasamlegan hátt. Allt þetta er í hrópandi ósamræmi við umhverfið, sem væri ákaflega fagurt og er eftirsóttur útsýnisstaður, því að nú er vegur upp á fjallið.

Því spyrja menn, sem þarna koma: Hverjir eiga þessi mannvirki eða minnismerki? Hverjir eiga sér þarna þessi minnsmerki? Hverjir geta verið þekktir fyrir þennan frágang? Og það er af þessu tilefni, sem ég hef leyft mér á þskj. 720 að bera fram eftirfarandi fsp. til hæstv. utanrrh. með leyfi forseta:

„Hvernig var háttað viðskilnaði bandarísku varnarliðsins við mannvirki á Heiðarfjalli á Langanesi, og á hvers eða hverra ábyrgð eru mannvirki og mannvirkjaleifar, sem þar eru enn?“

Utanrrh. (Einar Ágústsson): Herra forseti. Svar mitt við fsp. hv. 4. þm. Norðurl. e. er á þessa lund:

Hinn 1. maí 1970 fóru síðustu varnarliðsmennirnir frá radarstöðinni á Heiðarfjalli. Jón Ólafsson, sem starfað hafði sem túlkur hjá varnarliðinu, varð eftir fyrir norðan til þess að hafa eftirlit með dísilvélum, sem síðar voru fluttar til Hornafjarðar, þegar vegir leyfðu slíkan þungaflutning. Allt lauslegt, sem heitið gat, hafði þá verið flutt burt, en hinu komið fyrir í lokuðum húsum að sögn Ágústs Guðröðarssonar löggæslumanns, er eftirlit hafði með stöðinni fram í júnímánuð sama ár.

30. júní 1970 var undirritaður samningur í varnarmálanefnd, þar sem varnarliðið afsalaði sér öllu tilkalli til landssvæðis þess, sem afhent hafði verið sem varnarsvæði fyrir radarstöðina, svo og öllum mannvirkjum og ýmsum útbúnaði,

sem við þau var tengdur. Jafnframt tók íslenska ríkið alla ábyrgð í þessum efnum. Ábyrgð þessi var svo falin Sölunefnd varnarliðseigna, er áður hafði fengið til vörslu stöðvarinnar þá Sigurð Jónsson hreppstjóra á Efra-Lóni í Sauðaneshreppi og Jóhann Gunnlaugsson bónda á Eiði, sem var næsti byggði bær við stöðina sunnan Heiðarfjalls. Um miðjan maímánuð fór svo Sveinn Pálsson byggingarmeistari í Reykjavík norður til athugunar á munum þeim og húsum, sem síðan voru boðin upp og seld. Hinn 6. mars 1970 var samningum við landeigendur sagt upp, en samkv. ákvæðum samninganna var leiga greidd til 1. sept. 1971, og lauk þar með afnotum landsvæðisins á Heiðarfjalli.

Það er á ábyrgð Sölunefndar varnarliðseigna eða nú Sölu varnarliðseigna, þar sem nefndin hefur verið lögð niður, að ganga forsvaranlega frá landinu og kaupenda að koma eigum sínum burt, ef einhverjar eru. Viðskilnaður sumra kaupenda mun hafa verið þannig, að þeir hafa skilið eftir alls konar lausa muni, sem ýmist eru enn þá upp á fjallinu eða hafa fokið víðs vegar um. Þar sem nú mun orðið erfitt að koma fram ábyrgð á hendur hinum ýmsu kaupendum, er vísast, að Sala varnarliðseigna verði að taka málið í sínar hendur og ganga þannig frá málum, að hreinsað verði til, og verða ráðstafanir gerðar til þess.

Þegar varnarliðið hvarf á braut, lokaði póst- og símamálastjórnin símasambandsstöð, sem rekin var í húsi á fjallinu, að nokkru leyti vegna veru varnarliðsins þar. Póst- og símamálastjórnin hefur enn þá þetta hús til umráða, og eru áætlanir um að reka þar radíóþjónustu fyrir fiskiskip í framtíðinni.

Eina starfsemin, sem farið hefur fram á Heiðarfjalli, frá því að varnarliðið fór þaðan, er endurvarpsstöð sjónvarps, sem póst- og símamálastjórnin rekur á vegum Ríkisútvarpsins og hv. fyrirspyrjandi gat um.

Oddur Ólafsson: Herra forseti. Það er víðar en á Heiðarfjalli, sem sjá má óhrjálegar mannvirkjaleifar frá hernámsárunum, og í tilefni þess flutti ég snemma á þessu þingi till. til þál. um að skora á ríkisstj. að láta fjarlægja eða grafa slíkar leifar. Þessar leifar eru dreifðar hér og hvar um landið, og ég kem hér upp í ræðustól nú fyrst og fremst til að vekja athygli þeirrar n., sem hefur þessa þáltill. til meðferðar, á því, hvort ekki væri hægt að fá hana afgreidda. Það er í raun og veru víðar en á Heiðarfjalli, sem er óviðunandi ástand í þessum efnum, og eins og fyrirspyrjandi komst að orði, í hróplegu ósamræmi við náttúru landsins að hafa þessar gömlu leifar í því ástandi, sem þær eru víða í.

Fyrirspyrjandi (Jónas Jónsson): Herra forseti. Ég vil þakka hæstv. ráðh. fyrir svörin og tel fsp. minni fullkomlega svarað og ekki nein tvímæli á því lengur, hver ber ábyrgð á þessum hlutum þarna. Ábyrgðin er íslenskra aðila, Sölu varnarliðseigna. En það breytir engu um það, að þetta er gjörsamlega óforsvaranlegt. Það er ósæmandi frágangur á þessum hlutum. Héraðsmenn líða virkilega önn fyrir þetta, og ég vil beina þeim tilmælum til hæstv. utanrrh., að hann beiti sér fyrir því, að hlutaðeigandi aðilar, sem bera á þessu ábyrgð, láti þarna gera hreint fyrir sínum dyrum. Einnig mætti minna á það, að það mun vera nokkuð óljóst með uppgjör við landeigendur á þessum stað. Landeigendur hafa neitað að taka við landinu úr leigu með slíkum ummerkjum eins og það er nú, og er það mjög skiljanlegt.

Kaup Seðlabankans á rekstrarvíxlum iðnaðarins, fsp. (þskj. 720). — Ein umr.

Fyrirspyrjandi (Þorv. Garðar Kristjánsson): Herra forseti. Endurkaup Seðlabankans á rekstrarvíxlum er þýðingarmikill þáttur í að stuðla að því, að höfuðatvinnuvegir þjóðarinnar hafi nægilegt rekstrarfé á hverjum tíma. Ég hef hér í höndum merkilegar upplýsingar um þessi mál frá Seðlabankanum um endurkaupin. Þær upplýsingar gefa tilefni til nokkurra hugleiðinga. Ég skal ekki fara út í það, en aðeins benda á það, sem kemur fram og mér þykir athyglisvert.

Það er í sambandi við endurkaup á síðasta ári, árinu 1973. Samkv. þessum upplýsingum hafa endurkaup Seðlabankans aukist um 1 milljarð 289 millj. kr. Þetta skiptist á milli höfuðatvinnuveganna þannig, að í hlut landbúnaðarins hafa fallið 531 millj., í hlut sjávarútvegsins 500 millj., í hlut iðnaðarins 171 millj., og önnur endurkaup nema 86 millj. Þetta er það, sem skeður á síðasta ári.

En staðan í árslok 1973 er einnig athyglisverð. Þá standa þessi mál þannig, að endurkeyptir víxlar eru að upphæð 3 milljarðar 979 millj. kr. Hjá landbúnaðinum er 1 milljarður 891 millj., hjá sjávarútveginum 1 milljarður 502 millj., hjá iðnaðinum 421 millj. og hjá öðrum aðilum 164 millj. Þetta vekur mjög til umhugsunar. Það, sem ég á við, er sérstaklega, hve hlutur iðnaðarins er lítill. Ef þessar upplýsingar Seðlabankans eru nánar athugaðar, kemur í ljós, að þegar skipt er milli bankanna, ríkisbankanna, þá er staðan sú, að það hefur verið endurkeypt af rekstrarvíxlum iðnaðarins frá Landsbankanum, sem nemur 314 millj., frá Útvegsbankanum 38 millj., frá Búnaðarbankanum 41 millj., en frá banka iðnaðarins 19 millj. Allt þetta kemur mér til þess að álykta sem svo, að þess sé þörf að fá skýringar á þessum málum með sérstöku tilliti til iðnaðarins.

Þess vegna hef ég leyft mér á þskj. 720 að bera fram fsp. til hæstv. viðskrh. um endurkaup Seðlabankans á rekstrarvíxlum iðnaðarins. Það er spurt: „Hvernig skiptast endurkaup Seðlabankans á rekstrarvíxlum iðnaðarins milli a) ríkisfyrirtækja, b) samvinnufélaga, c) einkafyrirtækja á hverju ári tímabilið 1971—1973?“

Sjútvrh. (Lúðvík Jósepsson): Herra forseti. Samkv. upplýsingum frá Seðlabankanum skiptast þau lán, sem hér er um spurt, á milli ríkisfyrirtækja, samvinnufélaga og einkafyrirtækja á þennan veg:

Í árslok 1971 námu lánin til ríkisfyrirtækja 15.1 millj., til samvinnufélaga 1.7 millj. og til

einkafyrirtækja 130.1 millj., eða samanlagt í árslok 1971 166.9 millj., í árslok 1972 til ríkisfyrirtækja 55.8 millj., til samvinnufélaga 56.7 millj. og til einkafyrirtækja 137.4 millj., eða samtals 249.9 millj. Í lok 1973 var skiptingin þannig, að til ríkisfyrirtækja voru 92.4 millj., til samvinnufélaga 105.7 millj. og til einkafyrirtækja 243 millj., eða samtals 441.1 millj. Og nú í marslok á þessu ári var skiptingin þannig: Til ríkisfyrirtækja 158.4 millj., til samvinnufélaga 193.8 og til einkafyrirtækja 309.6, eða samtals 661.8 millj.

Til viðbótar við þessi lán, sem hér hefur verið greint frá, voru svo endurkeypt rekstrarlán vegna niðursuðu og niðurlagningar sjávarafurða samtals í árslok 1971 20 millj., þar af til ríkisfyrirtækja 3.5 og til einkafyrirtækja 16.5, ekkert til samvinnufélaga, í árslok 1972 2.4 millj. til ríkisfyrirtækja og til einkafyrirtækja 15 millj., samtals 17.4, og í árslok 1973 1.6 millj. til ríkisfyrirtækja og 54.2 millj. til einkafyrirtækja, eða samtals 55.8 millj. Og í lok marsmánaðar á þessu ári námu þessi lán vegna niðursuðu og niðurlagningar sjávarafurða til ríkisfyrirtækja 1.6 millj. og til einkafyrirtækja 47.9 millj.

Samtals hafa því þessi endurkaupalán til iðnaðarins verið í árslok 1971 186.9 millj. kr., í árslok 1972 267.3 millj. kr., í árslok 1973 496.9 millj. kr. og í lok marsmánaðar á þessu ári 711.3 millj. kr. Þetta eru þær upplýsingar, sem borist hafa og eru bein svör við því, sem um var spurt.

Ég vil aðeins bæta því við, að taka verður að sjálfsögðu með það í þennan reikning, að hér er um tiltölulega nýjar lánveitingar að ræða, sem menn verða að byggja upp, sem eru að verða til, en höfðu ekki verið það áður á sama veg og var til sjávarútvegs og landbúnaðar. Lánveitingar til iðnaðarrekstrarins hafa verið allajafna áður með öðrum hætti, en þetta er þegar komið af þessu nýja formi.

Fyrirspyrjandi (Þorv. Garðar Kristjánsson): Herra forseti. Ég vil þakka hæstv. ráðh. fyrir skýr svör við fsp. minni, og það er gott að hafa þessar upplýsingar. Mér er kunnugt um, að það hafði verið óskað eftir þessum upplýsingum hjá Seðlabankanum, en viðkomandi verið tjáð, að það væri ekki hægt að gefa slíkar upplýsingar, sem er furðulegt í sjálfu sér. En fyrir þetta hefur verið bætt hér.

Ég skal ekki fara út í skiptingu á milli ríkisfyrirtækja, samvinnufyrirtækja og einkafyrirtækja, sem fram kemur í þessum upplýsingum hæstv. ráðh. Ég skal ekki gera það hér sérstaklega að umræðuefni. En ég vil vekja athygli á því, eins og ég raunar gat um áðan, hvað það er lítill hluti af hinum endurseldu víxlum frá Iðnaðarbankanum, banka iðnaðarins, þeim banka, sem flestir iðnrekendur í smáiðnaðinum, þjónustuiðnaðinum og handverksmenn skipta við. Það gefur til kynna, að gengið sé á hlut einkafyrirtækjanna í þessu efni. Ég vil þó ekki fullyrða það, ég hygg, að það þurfi að kryfja þetta mál betur til mergjar. Ég spyr t. d. hæstv. ráðh., hvort í þeim tölum, sem eru gefnar upp sem endurkaup á rekstrarvíxlum einkafyrirtækja, séu meðtaldir t. d. víxlar Álafoss, sem að forminu til er einkafyrirtæki, en í raun og veru er ríkisfyrirtæki. Og svona mætti nefna frekari dæmi.

En ég vil nota þetta tækifæri til þess að leggja áherslu á það, hve hlutur iðnaðarins er fyrir borð borinn í þessu efni. Og það er mikið alvörumál. Það vekur þá spurningu, hvort það sé þá gert á öðrum vettvangi eitthvað betur við iðnaðinn til þess að bæta þetta upp, t. d. í sambandi við bein rekstrarlán til iðnaðarins eða stofnlán. En þegar betur er að gáð, kemur í ljós, að það er ekki gert.

Samkv. nýjum upplýsingum frá Seðlabankanum í hagtölum mánaðarins kemur fram, að útlánaflokkun innlánastofnana stóð þannig í árslok 1973, að þá stóðu hjá iðnaðinum lán að upphæð 4 milljarðar og 201 millj., en hjá sjávarútveginum 5 milljarðar 47 millj., hjá landbúnaðinum 3 milljarðar og 377 millj. En hreyfingar á árinu 1973 eru þær, að á sama tíma sem iðnaðurinn fær 1.2 milljarða, fær landbúnaðurinn á þessum vettvangi 1 milljarð, sjávarútvegur 1.5 o. s. frv. Svipaða mynd má draga upp í sambandi við stofnlánin, en hér er ekki tími til þess.

Ég hygg, að það hljóti allir að sjá, að hér þurfi einhverra aðgerða við og það væri kannske réttari vettvangur að spyrja iðnrh. að því, hvað hann hyggist gera. Ég vil leyfa mér að vænta þess, að hann hafi skilning á því, að það þurfi að gera aðgerðir í þessum efnum, og ég hygg, að það verði að gera ráð fyrir því að aðrir stjórnarstuðningsmenn hafi þá skoðun enn í dag, því að t. d. framsóknarmenn með formann þingflokks Framsfl. í broddi fylkingar og aðra stóra spámenn, eins og fjmrh. og fleiri báru fram þáltill. um þetta mál til þess að efla hlut iðnaðarins í þrjú ár í röð, áður en þeir komust í valdaaðstöðu, en síðan hafa þeir algerlega þagað.

Hér er ekki verið með meting á milli atvinnugreina, en ástandið er alvarlegt, vegna þess að í gegnum iðnaðinn kemur stærsti hlutinn af launagreiðslum í landinu. Ef svo horfir sem nú virðist, að kaup hækki um a. m. k. 30% á þessu ári, þarf iðnaðurinn aukið rekstrarfé einungis af því milli 2—3 milljarða í viðbót, og eitthvað verður að gera. Af þessu sést, hversu ástandið er alvarlegt.

Ingvar Gíslason: Herra forseti. Ég skal gera stutta aths. aðeins. — Það eru mjög athyglisverðar upplýsingar, sem hér hafa verið gefnar af hæstv. ráðh. Hæstv. ráðh. sagði réttilega, að það væri verið að byggja upp endurkaupskerfi á rekstrarvíxlum iðnaðarins. Ég vil taka undir það, sem hefur verið sagt, að hér er um mjög mikilvægt mál að ræða og nauðsynlegt, að þetta kerfi verði sem best upp byggt. Mér sýnist fljótt á litið af þeim tölum, sem hér hafa verið gefnar, að það hafi orðið verulegar framfarir á síðustu árum hvað þetta snertir, en mig langar til þess aðeins vegna þessara umr. að spyrja hæstv. ráðh., hvort hann geti gefið okkur einhverjar frekari upplýsingar um þær meginreglur, sem gilda um þessi endurkaup, t. d. hvort þetta gildi eingöngu um útflutningsiðnaðinn eða hvort þetta nái að einhverju leyti til þess iðnaðar, sem framleiðir fyrir innanlandsmarkað. Ég vænti þess, að hæstv. ráðh. geti gefið okkur nokkrar upplýsingar um þessi atriði.

Pétur Pétursson: Herra forseti. Aðeins örfá orð í sambandi við þessar umr. Það er kominn tími til, að þessi mál séu rædd hér á hv. Alþ., og hefði mátt gera fyrr og meira en hér gefst tilefni til.

Ég skal fúslega játa, að það endurkaupakerfi, sem sett var á með lögum, að mig minnir fyrir tveimur árum, hefur orðið til nokkurra bóta og stærri fyrirtæki ýmis, sem annast fyrst og fremst útflutning, hafa fengið þessi lán í gegnum endurkaupakerfið. En mér er líka kunnugt um, að fjölmörg smærri fyrirtæki, sem eru að framleiða til útflutnings, hafa ekki með nokkru móti getað komist undir þetta kerfi af hvaða ástæðum sem það annars kann að vera. Og svo er náttúrlega stóra spurningin um þann fjölda smærri fyrirtækja, sem framleiða fyrir innlendan markað. Þau þurfa vissulega, eins og hv. síðasti ræðumaður sagði, að komast undir þetta kerfi líka. Það er nákvæmlega jafnáríðandi að framleiða fyrir innlendan markað, á meðan sá markaður er til, og spara þannig gjaldeyri eins og hitt að flytja út. Og mér finnst, að það þurfi að færa þessar reglur í miklu fastari farveg en enn hefur tekist þrátt fyrir nokkurn árangur.

Það kemur í ljós, eins og allir hv. þm. hafa raunar alltaf vitað, að iðnaðurinn er settur sem einhvers konar 2. flokks atvinnuvegur í landinu, og þó að það hafi verið talað mikið um, að nú skyldi þetta réttlætt og lagfært allt saman, hefur það hvergi nærri nálgast það, að það hafi tekist. En þetta ranglæti verður að lagfæra, ef iðnaðurinn á ekki beinlínis að detta út sem atvinnugrein.

Sjútvrh. (Lúðvík Jósepsson): Herra forseti. Það voru aðeins örfá orð. — Ég get því miður ekki svarað því, sem um var spurt um þær reglur, sem gilda um þessi endurkaup. Þetta eru nokkuð flóknar reglur. Ég get hins vegar sagt það, að þær eru ekki bundnar eingöngu við endurkaup vegna útfluttra iðnaðarvara. Hér er einnig um það að ræða, að aðilar geti orðið aðnjótandi þessara lána, þar sem er um greinilega samkeppni við innfluttar vörur að ræða og um meiri háttar framleiðslu.

En það, sem ég vildi sérstaklega vekja athygli á í þessu sambandi, er, að það verður að gæta vel að því, að hér er verið að byggja upp nýtt lánaform. Iðnaðurinn hefur hingað til fengið lán með öðrum hætti, og tölur, sem hér voru ekki alls kostar réttar í þeim efnum. Fyrirspyrjandi minnist á það, hvernig lán úr bankakerfinu eða innlánakerfinu hefðu skipst á milli nokkurra atvinnugreina okkar í árslok 1973, og sagði þá, að iðnaðurinn hefði m. a. haft sem heildarlán 4201 millj., samanborið við landbúnað 3337 millj. og sjávarútveg 5047 millj. Þetta er rétt og hefði þó mátt bæta versluninni við, sem hafði mest lán eða 6233 millj., og þó samvinnuverslunin er þar fyrir utan með rúmlega tvo milljarða. En við þessa heildarupphæð iðnaðarins má í rauninni bæta við öðrum liðum, sem eru lán til sérstakra byggingarverktaka og í sambandi við aðrar sérstakar byggingar, sem líka tilheyra í rauninni alveg iðnaðinum. Þær eru þarna fyrir utan.

Hreyfingin á árinu 1973 var ekki sú, sem hér var greint frá, heldur var hún miklu mun meiri iðnaðinum í hag, því að á þessu ári hækkuðu útlán bankakerfisins til iðnaðarins samtals um 1291 millj., eða það, sem fært er beint undir iðnaðinn, um 1120 millj., og auk þess sérstakar lánveitingar til byggingarverktaka. En sem sagt hækkanirnar eftir þessari leið voru 1291 millj., sem var mun meira en til landbúnaðarins á árinu, en aðeins minna en til sjávarútvegs og mjög svipað og til verslunar.

Það verður svo að hafa í huga, að fram til þessa hefur iðnaðurinn fengið sín rekstrarlán með öðrum hætti úr bankakerfinu. Nú er verið að byggja hér upp eftir ákvörðun Alþingis endurkaupalánakerfi hjá iðnaðinum, og það þýðir, að lánveitingar hljóta að einhverju leyti að færast til. Ég get tekið undir það með þeim, sem það hafa sagt hér, að vissulega væri æskilegt, að það væri unnið að þessu af meiri krafti en verið hefur. En það vill nú verða svona og hefur verið hjá hinum atvinnuvegunum líka, að þegar breytt er um lánaform, þá vill taka nokkurn tíma að byggja upp nýtt form. Ég efast um það, þó að þar gæti kannske tregðu hjá þeim, sem hafa með framkvæmdina að gera, að þeir eigi þar alla sök, a. m. k. veit ég um það í æðimörgum tilfellum, að það hefur hreinlega staðið upp á iðnaðinn sjálfan í landinu að gera þau skil, sem hann þarf að gera í sambandi við slíkt nýtt lánakerfi.

Jón Árnason: Herra forseti. Það er eðlilegt, að þetta mál hafi komið hér til umr. Vitanlega hefði það átt að vera við annað tækifæri, því að hér er of lítill tími, sem hægt er að ræða málið undir þessum dagskrárlið.

Lán til iðnaðarins, segir hæstv. ráðh., að hafi verið með öðrum hætti úr bankakerfinu. Sannleikurinn er sá, að innlendur iðnaður hefur yfirleitt ekki haft nokkra lánsmöguleika í bankakerfinu. Þess vegna er hér ekki um það að ræða, að hann hafi haft aðra möguleika en hann hefur nú. Hann hafði raunverulega enga möguleika áður. Ég vil taka undir það, sem hv. þm. Ingvar Gíslason sagði hér áðan, að það er nauðsynlegt að fá upplýsingar um þær reglur, sem eiga að gilda í þessum efnum, og verður að fara fram á það við þá menn, sem ráða þessum málum, t. d. hæstv. viðskrh., að hann gangi eftir því við Seðlabankann eða aðra þá, sem eiga að veita þessi lán til iðnaðarins, að fá upplýst, eftir hvaða reglum þeir ætla að starfa. Og það er vitanlegt, að ýmis hin smærri fyrirtæki hafa enn sem komið er ekki fengið neina fyrirgreiðslu hvað framleiðslulán snertir. Það verður að ráða hér bót á. Það verður hins vegar að viðurkenna, að það er rétt, að hér er um nýjung að ræða í sambandi við lánamál fyrir iðnaðinn, og þess vegna er nauðsynlegt, að settar séu einhverjar reglur til þess að fara eftir, svo að þeir, sem eiga að njóta þessarar fyrirgreiðslu viti þá, eftir hverju þeir mega ganga. Þetta tel ég vera höfuðatriðið og nauðsynlegt, til þess að það geti komið að gagni fyrir hinar ýmsu verksmiðjur eða framleiðendur, hvort sem um er að ræða, að þeir séu að framleiða vöru á innlendan eða erlendan markað.

Sameinað þing, 77. fundur.

Þriðjudaginn 23. apríl, að loknum 76. fundi.

Afnotaréttur þéttbýlisbúa af sumarbústaðalöndum, þáltill. (þskj. 735). — Hvernig ræða skuli.

Að till. forseta var ákveðin ein umr.

Stéttarfélög, vinnudeilur og kjarasamningar, þáltill. (þskj. 739). — Hvernig ræða skuli.

Að till. forseta var ákveðin ein umr.

Vegáætlun 1974—77, þáltill. (þskj. 737). — Fyrri umr.

Félmrh. (Björn Jónsson): Herra forseti. Samkv. III. kafla vegal., nr. 80 frá 1973 er lögð fram á hv. Alþ. till. til þál. um vegáætlun, sem hér er nú til fyrri umr. Samkv. ákvæðum laga og hefðbundinni venju er hér um að ræða í fyrsta lagi áætlun um fjáröflun til framkvæmda næstu fjögur árin og í öðru lagi skiptingu þess í framkvæmdaflokka, en skipting til einstakra framkvæmda verður hins vegar verkefni til meðferðar hv. fjvn., væntanlega þingmannahópa hvers kjördæmis og að lokum hv. Alþ. á þann hátt, sem viðtekin venja hefur verið.

Ég tel ekki vafa undirorpið, að sú skipan mála að taka upp fjögurra ára áætlunargerð í vegaframkvæmdum hafi verið til mikilla bóta frá fyrri starfsaðferðum, sérstaklega að því leyti, að með áætlunargerð hafi fjármagn nýst betur en áður, heilsteyptari verkefni verið unnin, framkvæmdir verið betur undirbúnar og þannig náð betri og meiri árangri en áður. Annmarkar hafa á hinn bóginn reynst þeir helstir, að vegáætlanir hafa verið og eru enn byggðar á föstu framkvæmdaverðlagi og fyrir fram mörkuðum tekjustofnum að stærstum hluta. Af þessum sökum hefur sótt í það far, að á þeim verðbreytinga-, að maður segi ekki verðsviptingatímum, sem við höfum lifað um langt skeið, hafa tekjurnar að mestu staðið í stað á hverju áætlunartímabili, en framkvæmdakostnaður aukist, svo að endar hafa ekki náð saman í samræmi við áætlanir. Þetta hefur svo leitt til þess, að ekki hefur reynst unnt að komast hjá því að fresta hluta framkvæmda milli ára, og í annan stað þess, að halli hefur myndast hjá Vegasjóði, sem taka verður tillit til við endurskoðun áætlana og gerð nýrra. Þessi vandi er að vísu ekki sérstakur fyrir Vegasjóð og áætlanir um vegaframkvæmdir. Hann er einnig til staðar varðandi flestar ríkisstofnanir og ríkisframkvæmdir, en er þeim mun tilfinnanlegri í vegamálum sem áætlunartímabilið er lengra en í flestum eða öllum öðrum greinum. Og hann er vissulega meiri nú en oftast áður vegna þess, hve framkvæmdakostnaður hefur vaxið gífurlega, frá því að núgildandi vegáætlun var samþ. fyrir árin 1972—1975, að báðum meðtöldum, en láta mun nærri, að frá þeim tíma hafi kostnaður á einingu verka nær því tvöfaldast. Þessi vandi verður líka því meiri varðandi vegáætlanir sem sveigjanleiki í ákvörðunum um tekjur er þar minni en í öðrum greinum.

Framlög þáltill. til vegáætlunar fyrir næstu fjögur ár eru af hálfu vegamálastjóra, samgrn. og ríkisstj. tilraun til að leysa þann vanda, sem hér er um að ræða, á þann hátt, sem eftir aðstæðum verður á kosið þannig:

1. Að ekki verði um neinn niðurskurð að ræða frá einstökum framkvæmdum, sem gert er ráð fyrir í gildandi vegáætlun, en á hinn bóginn, að nokkrum hluta framkvæmda verði frestað um eitt ár hverjum fyrir sig, sem í reynd merkir, að ekki verður lokið öllum framkvæmdum samkv. áætlun 1973 fyrr en 1974 o.s.frv., þannig að dráttur á verulegum hluta framkvæmda ársins 1975 samkv. gildandi áætlun verður ekki lokið fyrr en á árinu 1976.

2. Að óhjákvæmilegir nýir liðir verði teknir inn í vegáætlun, og nemur upphæð þeirra samtals 156.4 millj. kr. á þessu ári og 86.1 millj. kr. á hinu næsta, 1975.

3. Að sérstakt innflutningsgjald af bensíni hækki nú þegar um kr. 4.13 eða í 14 kr. á hvern lítra og tilsvarandi hækkanir verði framkvæmdar á þungaskatti, en í 15 kr. frá næstu áramótum, enda falli þá niður fjöldi smágjalda af bifreiðum, er samsvara heildarupphæð þeirrar hækkunar, allt samkv. frv. til l. um fjáröflun til vegagerðar, sem nú er til meðferðar í hv. fjh.- og viðskn. Nd.

4. Að ríkisframlag til vegagerðar verði hækkað um 100 millj. kr. á hvoru áranna 1974 og 1975 fyrir sig, eða í 362 millj. kr. 1974 og í 380 millj. kr. 1975, en í 500 millj. kr. hvort áranna 1976 og 1977.

5. Að lánsfjáröflun verði aukin um 500 millj. kr. hvort áranna 1974 og 1975, en verði ákveðin 550 millj. kr. á árunum 1976 og 1977.

6. Að halla á vegáætlun, sem þegar er orðinn að upphæð 267 millj. kr., verði jafnað þannig, að 67 millj. kr. komi á yfirstandandi ár, en 100 millj. kr. á hvort áranna 1975 og 1976.

7. Að notuð verði heimild 95. gr. gildandi vegalaga, sem nú er tekin upp í frv. til l. um fjáröflun til vegagerðar, um umferðargjald af bifreiðum, sem fara um tiltekna vegi eða brýr.

Varðandi einstaka úrræðaliði þykir mér rétt að fara nokkrum frekari orðum.

Um frestun framkvæmda milli ára vil ég segja það, að það er vissulega ekki æskilegt eða ánægjulegt úrræði, en hlýtur þó að koma til og vera óhjákvæmilegt, þegar þrýtur möguleika á hækkun markaðra tekjustofna og hækkaðra ríkisframlaga eða sérstakrar lánsfjáröflunar, og enn fremur, þegar gífurlegar kostnaðarhækkanir dynja yfir, svo sem nú hefur raun á orðið. Hitt er svo annað mál, að ekkert er óeðlilegt þótt skiptar geti verið skoðanir um það, í hve ríkum mæli eða í hvaða hlutfalli beri að beita þeim þremur meginleiðum, sem framlögð áætlun gerir ráð fyrir, þ.e.a.s. aukinni lánsfjáröflun, auknu ríkisframlagi og frestun framkvæmda innan þeirra marka að engin framkvæmd nema þá í undantekningartilfellum dragist lengur en í eitt ár.

Einnig hér getur vissulega verið mikið álitamál, hvaða framkvæmdir eða kostnaðarliðir skuli hafa forgang og hverjar skuli fremur en aðrar sæta frestun.

Í þeirri þáltill. til vegáætlunar, sem hér liggur fyrir, er að sjálfsögðu ekki gert ráð fyrir frestun á þeim útgjaldaliðum, sem annað tveggja verður ekki frestað samkv. eðli þeirra, svo sem stjórn og undirbúningi, né þeim liðum, sem bundnir eru sérstökum lagaákvæðum, svo sem framlagi til vega í kaupstöðum og kauptúnum, framlagi til tilrauna og sýsluvega. Ekki hefur heldur þótt rétt né fært að skerða að nokkru viðhald þjóðvega, sem fær á sig fullar verðbætur miðað við núgildandi kostnaðarverðlag verkeiningar og þegar umsamdar kauphækkanir nokkuð fram í tímann. Frestanir milli ára eru því hér áætlaðar á liðinn til nýrra þjóðvega, þ.e.a.s. hraðbrauta, þjóðbrauta, landsbrauta, landshlutaáætlana, og liðinn til brúargerða. Fresturinn kemur samkv. till., eins og hún er lögð fram, hlutfallslega jafnt á alla þessa liði samkv. áætluninni. Vegna hinnar auknu fjáröflunar, sem er ein forsenda fyrir áætluninni, verður þó á öllum nýbyggingarliðum um að ræða hækkun á krónutölu, þótt framkvæmdamagn dragist nokkuð saman á þessu og næsta ári.

Í áætlun 1974—1975 er gert ráð fyrir auknum útgjöldum vegna nýrra liða, eins og ég áður sagði, sem nema 156 millj. kr. fyrra árið og 86 millj. kr. síðara árið. Er þar í 1. lið um að ræða kostnað vegna snjómoksturs og breyttra snjómokstursreglna, sem taka gildi á þessu ári og varða því útgjöld í okt.—des. á þessu ári. Þessi liður er áætlaður lægri á þessu ári vegna þess, að reglurnar ganga ekki í gildi fyrr en með haustinu, þ.e.a.s. 20 millj. kr. og 36 millj. kr. á árinu 1975. Þessi hækkun er þó örugglega í lágmarki miðað við óskir íbúa margra byggðarlaga og sívaxandi þarfir, ekki síst vegna læknaþjónustu, vegna aksturs skólabarna, vegna mjólkurflutninga og vegna almennra nauðsynja atvinnulífsins. Ekki má í þessu sambandi heldur gleyma hringveginum, sem verður opnaður á þessu ári og krefst auðvitað aukinnar þjónustu á þessu sviði.

Þá hefur þegar verið gefið vilyrði fyrir bráðnauðsynlegum endurbótum á Þingvallavegi, sem ljúka þarf fyrir fyrirhugaða þjóðhátíð þar, svo að ekki verði þar búinn stórháski ferðafólki. En rétt er að taka fram, að þessar endurbætur á þessum tiltekna vegi hefðu verið aðkallandi og hefðu þurft að koma að mestu til framkvæmda, þótt ekki hefði verið um neina þjóðhátíð að ræða.

Í þriðja lagi kemur svo til aukið framlag til sýsluvega í samræmi við ákvæði frv. til l. um breyt. á vegal., sem áætlað er 16 millj. kr. í ár og 33 millj. kr á næsta ári, og er þá gert ráð fyrir, að um þriðjungur sýsluveganna noti þær hækkunarheimildir á heimaframlagi, sem eru undirstaða þessarar hækkunar.

Í fjórða lagi er hér um að ræða fjárveitingar til greiðslu bráðabirgðalána frá s.l. ári, sem ekki er fjárveiting fyrir í vegáætlun, en þessar fjárveitingar nema samtals 18.6 millj. kr. á þessu ári, og hefur, að ég hygg, í allar þær framkvæmdir, sem hér er um að ræða, verið farið eftir samþykki og í samráði við þm. viðkomandi kjördæma.

Þá er í fimmta lagi aukið framlag til girðinga, 15 millj. kr. hvort áranna 1974 og 1975, og loks hækkun fjárveitinga til fjallvega 5.8 millj. kr. í ár og 5 millj. kr. hvort áranna 1975, 1976 og 1977. Framangreinda hækkun til girðinga tel ég vera í algeru lágmarki, en í árslok 1973 sýndi könnun, að óbættar kröfur námu 88.2 millj. kr., en voru í árslok 1972 43.5 millj. og höfðu þess vegna aukist að meðtöldum verðbreytingum um 44.7 millj. kr. þrátt fyrir 9.7 millj. kr. fjárveitingu, þ.e.a.s. greiðslur á árinu. En heildarfjárveiting á árinu 1974 til girðinga og uppgræðslu verður 43 millj. kr., og er það að vísu veruleg bót frá því, sem verið hefur, en þó vafasamt, að til dugi enda óhægt, að vegagerðin standi sem vanskilaaðili um lögboðnar greiðslur til bænda, — greiðslur, sem þeim er oftast opin leið að fá dóm fyrir.

Það mun sannast sagna, að þeir nýju útgjaldaliðir, sem gert er ráð fyrir, að bætist í áætlun 1974—1975, mæta aðeins að litlu leyti þeim óskum, sem fram hafa verið bornar um nýframkvæmdir, sem ekki eru fjárveitingar fyrir gildandi vegáætlun og margar hverjar eru fjarri því að vera illa rökstuddar. Við núverandi aðstæður hefur þó ekki verið talið mögulegt að sinna frekari aukningu á þessu og næsta ári, en ýmsar þeirra koma vissulega til álita á tveim síðari árum áætlunarinnar og einkum því síðara.

Eins og ég áður greindi frá, er samþykkt þess meginefnis framlagðs frv. um fjáröflun til vegasjóðs ein helsta forsenda þessarar vegáætlunar. Í aths. við það frv. er þess getið, að hækkun bensínsgjalds í 14 kr. nú og hækkun þungaskatts að sama skapi gefur tekjur upp á 332 millj. á þessu ári, en 566 millj. kr. á næsta ári. Var þá gert ráð fyrir því, að hækkun gjalda kæmi til framkvæmda 1. apríl, en nú er sýnt, að slíkt getur ekki orðið fyrr en í fyrsta lagi 1. maí n.k., og lækkar því tekjuáætlun að því er varðar hina mörkuðu tekjustofna sem því svarar í vegáætlun fyrir þetta ár, eða um a.m.k. 38 millj. kr.

Að sjálfsögðu verða ákvæði fjáröflunarfrv. rædd sérstaklega eftir athugun í nefnd, og mun ég því ekki fara langt út í að ræða þau hér og nú, en vil þó segja það, að enginn þarf beinlínis að hrökkva við þótt bensíngjaldið sé hækkað, þegar Vegagerðin er jafnfjárþurfi og nú er staðreynd. Frá því að þetta gjald var fyrst lögfest 1964, hefur það alls verið hækkað 5 sinnum, þar af 3 ár í röð, 3 næstsíðustu ár fyrrv. hæstv. ríkisstj., þ.e.a.s. 1968, 1969 og 1970, og einu sinni í tíð núv. ríkisstj., 1972. Allar þessar hækkanir voru samþ. hér á hv. Alþ. svo til einróma, vegna þess að þær voru nauðsynlegar, til þess að halda mætti í horfinu um framkvæmdir í vegamálum eða auka þær. Sú hækkun, sem nú er lögð til, er ekki síður nauðsynleg, nema frekar sé. Hitt er rétt, að þá hækkunarnauðsyn, sem nú er fyrir hendi, ber að á sama tíma og margar og mjög stórfelldar hækkanir á bensíni og olíu á heimsmarkaði koma fram, þótt vera megi, að það verð sé nú í hámarki og kunni því að lækka eitthvað síðar á þessu

ári. Að þessu leyti er hækkunin nú örðugri en hinar fyrri, en að mínu viti ekki úr hófi fram, þegar litið er til kaupmáttar launa gagnvart bensíni. Þótt 4.13 kr. hækkun nái nú fram að ganga, yrði kaupmáttur verkamannakaups gagnvart þessari vöru nálega hinn sami og var 1964—1965, en allmiklu meiri en hann var hér árin 1969, 1970 og 1971, miðað við matsverðlag og laun öll árin. Hér skiptir þó meira máli, að almenningur hefur á síðari árum fengið stöðugt meira í aðra hönd miðað við sínar beinu greiðslur, þ. e. a. s. vegaframkvæmdir miðað við fast verðlag hafa nálægt því fjórfaldast frá 1964, en að þeirri þróun mun ég víkja síðar. Það er því víst, að hækkun bensíngjaldsins er ekki á glæ kastað, heldur fá bifreiðaeigendur meira en jafnvirði hennar endurgoldið í betri og greiðfærari vegum.

Það er að vísu rétt, að líklegt má telja, að bensínverð miðað við gengi verði nokkru hærra hér á landi en í nágrannalöndunum eftir fyrirhugaða hækkun, þótt ekki liggi nákvæmar upplýsingar fyrir um það til dagsins í dag. En miðað við febrúarverð er verð þar um eða undir 30 kr. lítrinn, t. d. í Danmörku 27.95, Frakklandi 29.21 og Vestur-Þýskalandi 30.43 kr. Við samanburð við önnur lönd í þessum efnum má þó gjarnan taka með í reikninginn, að hér er um margfalt fjölmennari þjóðir að ræða og meira þéttbýli, sem hvort tveggja hefur gert þeim fært að byggja upp fyrr en við höfum getað fullkomið vegakerfi. Ekkert er þess vegna eðlilegra en við þurfum meira að okkur að leggja til að byggja okkar erfiða vegakerfi í stóru og strjálbyggðu landi, og ég vil trúa því, að á því sé mjög almennur skilningur meðal þjóðarinnar, en einnig á því, að úthald bifreiða er fyrst og fremst dýrt hér á landi vegna lítillar endingar þeirra og mikils viðhalds þeirra og varahlutakaupa vegna ófullkominna vega.

Í þáltill. til vegáætlunar er gert ráð fyrir því, að ríkisframlag aukist um 100 millj. kr. frá því, sem fjárlög 1974 ákveða, eða í 362 millj. kr., en aukist síðan í 380 millj. 1975 og 500 millj. kr. hvort áranna 1976 og 1977. Hækkunin í ár um 100 millj. kr. réttlætist m. a. af því, að söluskattur, sem rennur til ríkissjóðs, reiknast af bensíngjaldshækkuninni, 4.13 kr., og má með miklum rétti segja, að ekki sé með öllu óeðlilegt, að sú hækkun söluskatts renni einnig til vegagerðar. Einnig er með þessu tekið tillit a. m. k. að hluta til hagnaðar, sem ríkissjóður nýtur vegna hækkunar á innkaupsverði bensíns og þar af leiðandi hækkunar verðtolls umfram það, sem reiknað var með við gerð fjárlaga. Vafalaust má deila um, hvort þessi hækkun er óeðlilega lág, miðað við forsendur, og kemur í því efni m. a. til álita, hve mikið útgjöld ríkissjóðs vaxa í fjölda útgjaldaliða vegna olíu- og bensínsverðshækkunar þeirrar, sem orðið hefur, og er því langt frá því raunhæft að reikna hér aðeins út frá brúttótekjuhagnaði ríkissjóðs. Um þessi efni liggur fyrir álitsgerð frá hagrannsóknadeild Framkvæmdastofnunarinnar, og treysti ég hv. fjvn. og hv. þm. vel til að meta það, hvort hér er um sanngjarna endurgreiðslu að ræða og hvort unnt er að breyta þessari umgetnu hækkun frá því, sem þáltill. gerir ráð fyrir, þannig að ekki halli óeðlilega eða óæskilega á hagsmuni ríkissjóðs.

Þegar slík atriði eru svo metin, er full ástæða til að hafa í huga þær miklu og síauknu byrðar, sem ríkissjóður hefur tekið og tekur á sig vegna yfirtöku skulda, sem stofnað hefur verið til til vegagerðar. Vextir og afborganir af þessum skuldum munu á þessu ári nema á 5. hundrað millj. kr., þannig að heildarframlag ríkissjóðs í ár verði a. m. k. 700—800 millj. kr. að meðtöldu ríkisframlaginu samkv. fjárl. og samkv. vegáætlun, og enn mun þessi byrði vegna vegaframkvæmda aukast með þeirri auknu lánsfjáröflun, sem þáltill. m. a. gerir ráð fyrir og nemur, eins og ég sagði, 500 millj. kr. á fyrstu tveim áætlunarárunum og 550 millj. á hinum tveimur síðari, auk þeirrar lánsfjáröflunar til hraðbrauta, sem gildandi lánsfjáráætlun gerir ráð fyrir, 100 millj. kr. á þessu ári og 125 millj. kr. á næsta ári. Þá má og minna á, að samansafnaður halli Vegagerðarinnar, sem nú er um 267 millj. kr., hvílir algerlega á ríkissjóði, svo lengi sem hann hefur ekki verið unninn upp og greiddur af ráðstöfunarfé samkv. vegáætlun. Við má svo því bæta, að allar hinar miklu framkvæmdir á Skeiðarársandi hafa verið vel fjármagnaðar með lánsfé í formi happdrættisskuldabréfa og verða greiddar af ríkissjóði, þegar þær falla til greiðslu. Og enn vil ég geta þess, að síðan fer greiðsla ríkissjóðs beint til vegaframkvæmda vaxandi á öllu áætlunartímabilinu og verður, að ég held, um 1100 millj. kr. á síðasta áætlunarárinu. Má þess vegna vissulega segja, að hlutur sjálfs ríkissjóðs í fjármögnun vegaframkvæmda sé allmiklu drýgri en oft er haldið fram, þegar fullyrðingar rísa um það, að hið opinbera, þ. e. a. s. ríkissjóður, fari eins konar ránshendi um þær tekjur, sem samgöngutækin og umferð þeirra greiðir. Þá vilja þær staðreyndir, sem ég hef hér drepið á, lítillega gleymast eða hverfa í skuggann.

Þá er þess að geta, að í þáltill. til vegáætlunar nú er gert ráð fyrir, að notuð verði heimild vegalaga til svonefnds veggjalds, sem innheimt yrði til að byrja með á Reykjanesbraut og Suðurlandsvegi frá 1. ágúst n. k. Gjald þetta telst munu gefa 36.8 millj. kr. tekjur í ár, 102 millj. kr. árið 1975, 109 millj. kr. árið 1976 og 115—116 millj. 1977. Gert er ráð fyrir, að upphæð gjaldsins yrði um það bil sem næmi 1/3 þess beina og óbeina hagnaðar, sem bifreiðaeigendur ná með tilkomu viðkomandi varanlegra vega. Hliðstæð gjöld eru algeng meðal margra annarra þjóða, en hafa hér verið umdeild, bæði utan þings og innan. Þótt það sé mín persónulega skoðun, að slík gjöld séu bæði eðlileg og sanngjörn, er auðsætt, að þau eru ekki og geta ekki orðið af þeirri stærðargráðu, að neinum stórum árslitum ráði um fjármögnun til vegamála. Rétt hefur þó þótt, ekki síst vegna þess, hvernig þetta mál var afgreitt síðast, þegar það var hér til meðferðar á hv. Alþ., að það komi nú til álita.

Eins og ég hef að nokkru drepið á, gerir framlögð vegáætlun ráð fyrir mjög aukinni fjáröflun til vegagerðar á áætlunartímabilinu, eins og enn greinilegar kemur fram í áætluninni sjálfri, aths. við hana og mörgum fskj. Niðurstöðutölur annars vegar um fjáröflun og hins vegar um skiptingu

útgjalda sýna, að heildarfjáröflun á þessu ári hækkar úr 2.1 milljarði samkv. gildandi áætlun í nær 3.5 milljarða samkv. þáltill. og á árinu 1975 úr 2 milljörðum í 3.8 milljarða, en niðurstöðutölur áranna 1976 og 1977 eru 3 milljarðar 953 millj. kr. fyrra árið og 4 milljarðar 183 millj. hið síðara. Forsendur fyrir þessari miklu tekjuaukningu eru þessar helstar:

1. Miðað við óbreytta tekjustofna af mörkuðum tekjum hækka þær vegna fyrirhugaðrar hækkunar bensíns og þungaskatts um 295.8 millj. kr. 1974, 582.1 millj. kr. 1975, 633 millj. kr. 1976 og 673 millj. kr. 1977. Að auki kemur hér til nokkur hækkun samkv. áætlun um tekjur samkv. gildandi áætlun, þ. e. a. s. við endurskoðaða tekjuáætlun.

2. Hækkun beins ríkisframlags 1974 og 1975, eins og ég nefndi áðan, 100 millj. hvort árið og í 500 millj. árin 1976 og 1977. Þá kemur til ný lánsfjáröflun, 500 millj. kr. á ári tvö fyrri árin og 550 millj. hin tvö síðari, auk hækkana fjáraflana til Skeiðarársands 1974—1975 og síðast, en ekki síst hækkanir, sem verða á greiðslu vaxta og afborgana af lánum úr ca. 200 millj. 1974 og 1975 samkv. gildandi áætlun í 423 millj. kr. 1974 og 546 millj. kr. 1975, sem síðar hækkar í 634 millj. kr. 1976 og í 726 millj. 1977.

3. Þá kemur til veggjald, ef samþykkt verður, en það mundi gefa í tekjur samkv. áætlun Vegagerðarinnar upphæð, sem ég áður hef nefnt.

Þrátt fyrir þetta stórátak í aukinni fjáröflun verður þó niðurstaðan sú, að ekki verður umflúin mjög veruleg frestun framkvæmda, eins og áður er vikið að, og vísa ég í því efni til fskj. 2.0.1 á bls. 59 á þskj. 737. Þar kemur fram, að til þess að ná endum tekna og gjalda saman verða að koma til frestanir framkvæmda, sem nema 912.8 millj. kr. frá árinu 1974 til ársins 1975 og 1293.7 millj. kr. frá árinu 1975—1976, en rétt er þá að geta þess, að þegar þessar frestanir eru metnar, þá eru teknar inn allar frestanir, sem þegar eru á orðnar á vegáætlun, sem nema nú með breyttum forsendum og hækkuðu verðlagi um 600 millj. kr. Frestanir koma samkv. áætluninni, eins og ég sagði áðan, jafnt á hraðbrautir, þjóðbrautir, landsbrautir, brúargerðir og landshlutaáætlanir, þ. e. Norðurlandsáætlun, Austurlandsáætlun og Djúp, en um þá síðastnefndu gegnir nokkuð sérstöku máli vegna frv., sem komið er langleiðina gegnum hv. Alþ., og reiknað er með, að samþykkt verði samkv. því sérstök fjáröflun til þeirra framkvæmda. Samkv. eðli máls geta frestanir ekki komið á aðra liði en þessa. Á þessum framangreindum liðum nemur frestunin 43% 1974 og 45% 1975. En eins og ég sagði hafa allar upphæðir þessara liða áður verið færðar upp miðað við verðlag 1. mars þessa árs að viðbættum þegar umsömdum launahækkunum, sem koma til framkvæmda síðar á áætlunartímabilinu. En breyttar forsendur leiða einnig til hækkunar og koma hér einnig til.

Hugsanlegt má segja, að hefði verið að draga úr vegaviðhaldi og minnka þannig frestanir til nýbygginga. En sú leið hefur ekki þótt fær, heldur hefur þótt nauðsynlegt að auka viðhald nokkuð vegna breyttra snjómokstursreglna, eins og ég áður rakti, jafnframt því sem sú bragarbót hefur verið á gerð að mínu viti a. m. k. að skilja að vetrarviðhald og sumarviðhald og reyna þannig að tryggja betur en áður, að almennt viðhald liði ekki stórkostlega við þær sveiflur, sem ætíð má búast við, að verði á vetrarviðhaldi, þ. e. a. s. snjómokstri, þegar erfið vetrarveðrátta hefur oft haft bagaleg áhrif á hið almenna viðhald þjóðveganna. Þegar frestanir eru skoðaðar, ber nauðsyn til að hafa í huga, að áður en þær eru reiknaðar, hafa, eins og ég sagði áðan, allar þær samansöfnuðu frestanir, sem fyrir eru, verið teknar með inn í dæmið, þannig að allt, sem er ógert 1973, kemur til framkvæmda á árinu 1974

Varðandi frestanir framkvæmda þykir mér rétt að taka fram, að enda þótt rétt hafi þótt að leggja áætlunina fram með jöfnum hlutfallslegum frestunum á þeim framkvæmdaliðum, sem ég hef gert grein fyrir, er að mínum dómi engri loku skotið fyrir möguleika á að mismuna eitthvað í þeim efnum, ef viðunandi samkomulag getur um slíkt orðið undir meðferð málsins hér á hv. Alþ., því að vissulega geta mörg álitamál komið til skoðunar í því sambandi og mismunandi mat á því, hvaða framkvæmdir skuli þá hafa forgang umfram aðrar. Helsti gallinn við slíka mismunun er tvímælalaust sá, að yrði gripið til hennar í verulegum mæli, yrði ein afleiðinganna sú, að hverfa yrði að einhverju leyti frá þeirri hlutfallslegu skiptingu milli framkvæmdaliða, sem þegar hefur verið mörkuð með gildandi vegáætlun, og enn fremur, að frestunartími einhverra framkvæmda yrði þá sennilega meiri en eitt ár.

Herra forseti. Það fer ekki milli mála, að þessi till. til þál. er gerð og fram borin við sérlega erfið skilyrði vegna þeirra gífurlegu kostnaðarhækkana, sem orðið hafa, frá því að áætlun fyrir árin 1972—1975 var samþ. hér á hinu háa Alþ. Forsendur áætlunarinnar eru m. a. þær, sem háðar eru samþykki þingsins á frv. til vegal. og frv. til fjáröflunar til vegagerðar. Nemur heildarfjáröflun og heildarútgjöld á áætlunartímabilinu 15 milljörðum 388.4 millj. kr. á móti 7 milljörðum 880.2 millj. kr. á árunum 1972—1975, en það er mjög nálægt 100% hækkun. Heildarmagn framkvæmda ætti því að öllu sjálfráðu að reynast fyllilega sambærilegt við gildandi áætlun, þegar á allt áætlunartímabilið er litið. Hér er þess vegna ekki þrátt fyrir mikinn fjárhagsvanda um að ræða að slaka á í þeirri sókn, sem staðið hefur síðustu árin í þá átt að bæta og efla vegakerfið eftir fremstu efnahagslegri getu. Ef litið er jafnframt til baka síðasta áratuginn frá 1964—1974 og gerður samanburður á framkvæmd vegáætlunar á þessu tímabili miðað við allt verðlag, verður sá samanburður síður en svo óhagstæður í þeirri áætlun, sem hér liggur fyrir. Þannig voru á árinu 1964 framkvæmdir við þjóðvegi og brýr á þáverandi verðlagi 126 millj. kr., en mundi þýða á núverandi verðlagi 624 millj. Árið 1971 voru framkvæmdir upp á 754 millj., sem þýðir á núverandi verðlagi 1607.9 millj. Og á árinu 1973 er um að ræða framkvæmdir á núverandi verðlagi miðað við matsverðlag upp á 1935.7 millj. Menn geta borið þessar tölur saman við þá áætlun, sem hér liggur fyrir, eins og ég sagði, sá samanburður verður ekki óhagstæður.

Þrátt fyrir mikilvæg rök, sem færa má fyrir

nauðsyn þess að draga um sinn úr opinberum framkvæmdum almennt, eru þeim, sem að þessari áætlun standa, ljósar þær miklu þarfir, sem á því eru að efla vegakerfið og bæta samgöngur í landinu og reyna eftir megni og getu að mæta eðlilegum óskum, sem uppi eru með þjóðinni í þeim efnum. Þrátt fyrir takmarkaða fjárhagsgetu höfum við gegnum árin og áratugina náð mörgum stórum og mikilvægum áföngum í vegamálum, og við munum á þessu ári örugglega ná þeim áfanganum, sem merkastur er í sögu íslenskra vegamála, þ. e. a. s. opna hringveg kringum landið og sigrast þannig á einni mestu vegagerðartorfæru, sem fyrirfinnst eða glímt hefur verið við frá fyrstu tíð. Þeim áfanga verður náð fyrir samstillt og sameinað átak þings og þjóðar. Mætti það verða okkur hvatning til þess að leysa önnur þau brýnu verkefni, sem ónunnin eru og vissulega mun taka sinn tíma að leysa.

Herra forseti. Ég mun nú ljúka máli mínu að sinni og leyfi mér til frekari skýringa og upplýsinga varðandi forsendur og gerð þessarar þáltill. til vegáætlunar fyrir árin 1974—1977 að vísa til ítarlegra aths., sem áætluninni fylgja frá hendi vegamálastjóra, svo og til margra fskj., sem hvort tveggja getur komið að góðu haldi fyrir hv. alþm. við athugun á þessari áætlun og þeim frumvörpum, sem henni eru tengd og fram hafa verið lögð. Enn fremur leyfi ég mér að vísa til skýrslu um framkvæmd vegáætlunar fyrir s. l. ár, sem að lögum og venju hefur nú verið lögð fram.

Ég legg svo til, herra forseti, að þáltill. verði að lokinni þessari umr. vísað til síðari umr. og hv. fjvn.

Ingólfur Jónsson: Herra forseti. Vegáætlun, sem gerð var 1972 fyrir árin 1972—1975, er nú til endurskoðunar. Eins og lög gera ráð fyrir, er ætlast til þess, að vegáætlun, sem gerð hefur verið til fjögurra ára verði endurskoðuð, þegar áætlunartímabilið er hálfnað.

Það kom fram í ræðu hæstv. ráðh. hér áðan, að vegagerðarkostnaður hefur hækkað um nærri 100% á tveimur árum, og má reyndar lesa það út úr þeirri till. og þeim gögnum, sem hér liggja frammi, að svo hefur verið. Má segja, að þetta sé staðfesting á þeirri verðbólgu, sem geisað hefur nú í seinni tíð. Aldrei áður nema á styrjaldarárum, þegar verst lét, hefur verðbólgan verið eins mikil og nú. Af hverju þetta stafar, geta menn deilt um, enda þótt það sé augljóst að mestu leyti. Þetta stafar af þeirri stjórnarstefnu og því stjórnleysi, sem hefur verið nú síðustu þrjú árin. Þjóðin verður að súpa seyðið af því að hafa haft í landinu stjórn, sem ekki ræður á neinn hátt við efnahagsmálin.

Vísitala vegagerðarkostnaðar miðað við vísitölu 1. mars er um 88%, en verði miðað við vísitölu 1. júní, sem aðallega verður unnið eftir á þessu ári, er hækkunin komin yfir 100%. Það er þess vegna ekki eðlilegt, að vegafé sé drjúgt. Það er þess vegna ekkert óeðlilegt, þótt sé gat í vegáætluninni.

Hæstv. ráðherra talaði hér áðan um þessi mál og virtist vera nokkuð ánægður með það fjármagn, sem hann fær frá ríkisstj. til Vegasjóðsins. Hann talaði um, að þetta fjármagn yrði á þessu ári nærri 800 millj. kr. Það er rétt, að þegar allt er tekið með, þá munu þetta vera um 785 millj. kr. En hvað er þetta stór hluti af því fjármagni, sem ríkissjóður tekur af umferðinni til sín? Það hefur verið ákaflega erfitt að fá upp réttar tölur um það, *fyrir nokkru voru mér* gefnar tölur um það, að á s. l. ári hefðu tekjur ríkissjóðs af umferðinni numið 2 milljörðum, en í gær, þegar betur var farið ofan í þessi mál, virtist þeim manni, sem á að vera þessu kunnugur og er reikningsglöggur, að þetta hafi verið á s. l. ári, þegar allt er talið, um 2500 milljónir. Hæstv. ráðh. þyrfti að hafa þetta í huga, þegar hann lýsir ánægju sinni yfir því að fá 785 millj. kr. á þessu ári úr ríkissjóði til vegaframkvæmda. Þetta er ekki nærri 1/3 af þeirri upphæð, sem ríkissjóður tekur til sín af umferðinni.

Árið 1972 voru lagðir þungir skattar á bifreiðaeigendur, innflutningstollar voru hækkaðir, og á s. l. ári munu þessir nýju skattar hafa numið um 300 millj. kr. Þetta ætti hæstv. ráðh. einnig að hafa í huga og hefði átt að kynna sér, áður en hann þakkaði fyrir það, sem hann hefur fengið samkv. þessum till. Þá ber einnig að hafa það í huga, að vegna þess að bensín hefur hækkað í verði hefur verið reiknað út, að auknar tekjur ríkissjóðs vegna bensínhækkunarinnar, þ. e. innflutningsgjald og söluskattur, nemi á árinu 1974 400 millj. kr. Þessu þarf hæstv. samgrh. einnig að gera sér grein fyrir, áður en hann þakkar fyrir það, sem hann hefur þegar fengið til sín.

Það er enginn vafi á því, að alþm. vilja gera sér grein fyrir ástandinu eins og það er, og þeir mundu gjarnan vilja finna einhver úrræði til þess að bæta úr því ófremdarástandi, sem vegamálin eru nú komin í, því að það verður ekki annað sagt en að hér sé um hreint gjaldþrot og uppgjöf að ræða í sambandi við Vegasjóðinn. Hæstv. samgrh. talaði um það hér áðan, að það væri um mikla fjáröflun að ræða til Vegasjóðs. Eins og sjá má hér í till., eru þetta nærri 3500 millj. kr., en inn í því er Skeiðarársandur, sem er fjármagnaður á sérstakan hátt og kemur í rauninni Vegasjóði ekki við. Hringvegurinn — eða vegagerðin yfir Skeiðarársand og Skeiðará — er fjármagnaður á sérstakan hátt og unnið að þeim framkvæmdum eftir sérstökum lögum. Þar er um sérstakt bókhald að ræða, og þegar þessu verki er lokið, þá hverfur það að nokkru leyti út úr þessari mynd. En það má segja, að þetta skipti ekki neinu verulegu máli, og má segja, að Skeiðarársandur megi að skaðlausu vera þarna með. En það er rétt að minna á þetta, þegar hæstv. ráðh. er að tala um, að þarna sé um sérstaklega mikla fjáröflun að ræða til vegaframkvæmda, að Skeiðarársandur er þarna fyrir utan það venjulega.

Hæstv. ráðh. sér ekki önnur ráð en að leggja til, að framkvæmdum verði frestað, að framkvæmdir verði minnkaðar á þessu ári um 43% og 45% á næsta ári, að framkvæmdir á þessu ári verði minnkaðar um 915 millj. kr. og á næsta ári um 1300 millj. kr., hvoru tveggja miðað við vísitöluna 1. mars s. l. Þegar miðað verður við raunverulegan kostnað, er hér um minnkun framkvæmda að ræða í allmiklu stærri mæli en

hér hefur verið nefnt, og þetta er raunaleg staðreynd, raunalegt að þurfa að viðurkenna það, að hæstv. ríkisstj. leggur til að minnka vegaframkvæmdir, ekki um 43 eða 45%, heldur e. t. v. um 60 eða 70%, ef miðað verður við raunverulegan framkvæmdakostnað, þegar verkin eru unnin. Og enginn vafi er á því, að ef stjórnleysi á að vera áfram á okkar fjármálum og efnahagsmálum, verður þetta miklu meira en hér er nefnt. Þetta er til sannindamerkis um það, hvernig þessum málum er komið undir stjórn núv. valdhafa. Spurningin er, hvað sé hægt að gera til þess að gera þetta sem sársaukaminnst. Það er vitanlega Alþingi, sem verður að athuga þessi mál, og þær n., sem fjalla um till. og frv., sem hafa verið lögð fram, verða að gera till. til úrlausnar og úrbóta í þessu efni, ef hægt er að finna einhverja leið. Víst er um það, að hæstv. ríkisstj. hefur gefist upp á því að koma með nokkra frambærilega till. Það reynir á, hvort hv. Alþingi getur bjargað ríkisstj. í þessu efni, en það mun verða erfitt, ef hæstv. ríkisstj. heldur áfram að stjórna á sama hátt og hún hefur hingað til gert.

Verðbólgan geisar og ógnar atvinnulífinu og gerir gjaldmiðilinn að engu, enda er nú búið að strika yfir alla aura, þeir skulu ekki vera slegnir lengur aurarnir, og skal krónan vera minnsta mynteiningin, sem nota skal. Það má segja, að það sé afrek út af fyrir sig hjá hæstv. ríkisstj. að hafa komið þessu til leiðar. En hæstv. ríkisstj. reynir að verja sig ávallt með því að segja: Verðbólgan geisar um allan hinn frjálsa heim, og það er eðlilegt, að hún sé þá einnig hér. — En það hefur oft verið á það minnt, að opinberar skýrslur sýna, að verðbólgan hér er 2/3 og jafnvel 3/4 hærri en í nágrannalöndunum, að aðeins 1/3 eða 1/4 verðbólgunnar er fyrir erlend áhrif, en hitt er heimatilbúið. Þetta er það sem allir vita, og þess vegna er ekki unnt fyrir hæstv. ríkisstj. að verja sig á bak við það, að verðhækkanir séu einnig erlendis.

Samkv. þeim gögnum, sem fyrir liggja, vantar um 1900 millj. kr., til þess að unnt sé að standa við þá vegáætlun, sem samin var fyrir 2 árum, og 1800 millj. kr., til þess að unnt verði að standa við vegáætlunina fyrir næsta ár, en þessar upphæðir miðast við, eins og ég áðan sagði, vísitöluna 1. mars og verða vitanlega miklu hærri, ef miðað verður við raunverulega vísitölu eins og hún verður, þegar verkin verða unnin. Og hvernig er þá hugsað að afla fjárins, sem vantar? Hæstv. ríkisstj., eins og áður hefur verið minnst á, ætlar alls ekki að afla sér þessa fjár, ekki nema að nokkru leyti. Hún hugsar sér að fá lögfest frv. um fjáröflun, sem hér hefur verið rætt og nú er í hv. fjhn. Nd. Það frv. mun gefa, ef að lögum verður, 300 millj. kr. á ársgrundvelli, og má segja, að muni harla lítið um, þótt það verði lögfest, ótrúlega lítið. Þó að það verði lögfest, vantar eigi að síður 1600 millj. kr. til þess að brúa þetta bil. Eigi að síður á bensínið að hækka um 4 kr. og 13 aura á þessu ári og 5 kr. og 13 aura frá 1. jan. n. k. og þungaskatturinn í samræmi við það, sem bensínið hækkar. Auðvitað verður bensínhækkunin meiri í útsölu heldur en þetta, hún verður hærri heldur en það, sem Vegasjóður fær, og má þá gera ráð fyrir, að útsöluverð á bensíni geti orðið 35—36 kr.

Hæstv. ráðh. sagði áðan, að það væri ekkert óeðlilegt, þó að bensínið hækkaði þetta mikið, það væri í rauninni ekkert hærra en það hefði verið miðað við tekjur manna og kaupgetu. Hæstv. ráðh. minnti á, að síðan bensíngjald var tekið samkv. nýju vegalögunum, hafi bensínverð verið hækkað 5 sinnum. Þetta mun vera rétt. En það hefur aldrei verið hækkað svona mikið í einu, og alltaf, þegar bensín hefur verið hækkað, hefur það verið gert til þess, að hægt væri að halda framkvæmdum eðlilega áfram, að standa við þá vegáætlun, sem gerð hefur verið, og til þess að auka við þær framkvæmdir, sem ákveðnar höfðu verið í upphaflegri vegáætlun, þegar endurskoðun hefur farið fram að hálfnuðu tímabili. Það er reginmunur á því að samþ. álögur til þess að halda framkvæmdum eðlilega áfram og til þess að auka þær heldur en eins og nú er lagt til, að gert verði, að leggja þungar álögur á umferðina, en samtímis að draga svo stórlega úr framkvæmdum eins og hér er lagt til að gert verði. Það hefur aldrei átt sér stað áður, að gerðar væru till. um nýjar og háar álögur á umferðina um leið og lagt er til að draga stórlega úr framkvæmdum. Það er eðlilegt, að alþm. eigi erfitt með að átta sig á því, hvernig komið er, og eigi erfitt með að sætta sig við þennan nýja boðskap, sem hæstv. samgrh. boðar með því að leggja fram þessa till. og tala fyrir henni eins og hann gerði. Það er alveg nýtt í okkar sögu, sem hér er boðað. Að vísu eru það rúmlega 300 millj., sem ætlast er til, að innheimtar verði samkv. fjáröflunarfrv., því að þar er einnig veggjaldið margumtalaða, sem tvisvar hefur verið fellt hér í Alþingi, — tvisvar verið fellt, en nú er það sett í till. sem fjáröflun, og á þessu ári er gert ráð fyrir, að innheimtist 36 millj. kr. eða ca. 1% af heildarútgjöldum Vegasjóðs. Hæstv. ríkisstj. þykir borga sig að taka upp illindi út af þessu umdeilda máli, sem tvisvar hefur verið fellt í Alþingi, í því skyni að reyna að innheimta 1% af heildarútgjöldunum.

Hæstv. fjmrh. gaf fyllilega í skyn, þegar fjáröflunarfrv. var rætt við 1. umr., að ríkisstj. væri ekkert fast í hendi með þetta og þetta veggjald gæti verið samningamál. En ég held, að þetta veggjald þurfi ekki að vera neitt samningamál. Ég held, að hæstv. ríkisstj. geti ekki búist við því að fá út af fyrir sig mikið fyrir að draga þá till. til baka, því að hún gefur ekki svo mikið og er algjörlega úrelt tekjuöflunarleið. Það er víðast erlendis hætt að innheimta slíka skatta og alls ekki gert nema af vegum eða brúm, sem hlutafélög eiga eða hafa gert. Það er alls ekki lengur innheimt af ríkisvegum. Ég reikna þess vegna ekki með veggjaldinu, þegar um er að ræða fjármögnunina. Ég nefni því 300 millj. samkv. fjáröflunarfrv., og eins og ég sagði, munar ótrúlega lítið um það í það mikla gap, sem við horfum í þegar við sjáum mismun á gjöldum og tekjum Vegasjóðs.

Þá er gert ráð fyrir því, að tekin verði lán, 600 millj. kr. Ég heyrði ekki, að hæstv. ráðh. nefndi nokkuð, hvernig lán þetta væru eða hvar ætti að taka þessi lán. Ég efast ekkert um, að

hæstv. ríkisstj. á víst að fá þetta lán, úr því að það er sett í till., en fróðlegt væri að vita, hvort þetta ætti að vera vísitölulán og með hvaða kjörum það ætti raunverulega að vera. Það er uggvænlegt, ef Vegasjóður á ekki að fá öðruvísi fjármagn að láni en vísitölulán, sbr. lánin til hringvegarins, því að í þeirri verðbólgu, sem nú hefur geisað, verða þessi vísitölulán svo óhagstæð að það mun vandséð, að þeir, sem hafa atvinnu af því að veita okurlán, sem stundum hefur verið sagt, treysti sér til að taka eins mikið í sinn hlut og nemur vísitöluhækkunum á hverju ári. En það er sannarlega verið að leggja skuldir á framtíðina og gera þær þyngri, ef Vegasjóður verður að búa við það að taka eingöngu vísitölulán, ekki aðeins nú, heldur áfram, eins og hæstv. samgrh. boðaði og gert er ráð fyrir í þessari till., að Vegasjóður verði áfram fjármagnaður með lánum.

Þarna er um 900 millj. að ræða. En þá er gert ráð fyrir, að frestun framkvæmda eða minnkun framkvæmda sé 915 millj. kr. Samkv. mínum reikningi verður þetta nærri milljarður, en ekki 915 millj. Reiknað er með, að fjáröflunarfrv. gefi 300 millj., lántakan samkv. till. er 500 millj. plús 100 millj., það eru aðeins 900 millj. Svo er sagt, að það séu minnkandi framkvæmdir 915 millj., en það verður nærri milljarður, sem framkvæmdirnar minnka um samkv. þessum útreikningi, sem ég ætla, að sé réttur, en verður þó vitanlega, eins og áður er sagt, miklu meira, þegar miðað er við rétta vísitölu, sumarvísitöluna. Það eru þess vegna engin stóryrði, þó að sagt sé, að um hreint gjaldþrot sé að ræða hjá Vegasjóði. Það batnar ekki á næsta ári, ef ekki verður kippt í spottann og önnur ráðsmennska upp tekin, því að þá er gert ráð fyrir að minnka vegaframkvæmdir um 1300 millj. miðað við kostnaðarvísitöluna 1. mars. En gæti það ekki alveg eins orðið 1700—1800 millj., ef miðað verður við raunvísitölu á því ári?

Hæstv. ráðherrar, bæði hæstv. samgrh. og hæstv. fjmrh., hafa oft vitnað til þess, að það hafi verið gott samstarf milli fyrrv. stjórnarandstöðu og fyrrv. ríkisstj., eða fyrrv. samgrh., þegar um vegáætlun var að ræða og endurskoðun vegáætlunar. Ég get tekið undir það og minnist þess, að þetta samstarf var gott. En það var aldrei þá farið fram á það við alþm. að minnka vegaframkvæmdir, þegar vegáætlun var endurskoðuð. Það var aldrei farið fram á það að auka álögur á umferðina, en eigi að síður að minnka framkvæmdir. Það var farið fram á það að auka álögur á stundum, en þá var það til þess að auka framkvæmdir. Stjórnarandstaða og stjórnarstuðningsmenn vildu ávallt auknar framkvæmdir og töldu til þess vinnandi að auka framkvæmdir að auka álögur. Nú er ekki um neitt sambærilegt að ræða. Eigi að síður mun stjórnarandstaðan líta á þessi mál af skilningi. Við sjálfstæðismenn munum skoða þessi mál af skilningi, en hver niðurstaðan verður, skal ég ósagt láta nú. Víst er, að bæði frv., sem nú liggja í n., og þessi till., þetta verður að skoða í einu, það verður að gera sér grein fyrir heildarmyndinni og skoða þessi mál öll í einu. Og það verður að leita að möguleikum til þess að bjarga málinu. Hvernig það á að gerast, um það flyt ég enga till. í dag a. m. k., en þetta er stór og erfiður biti, og skal ég ekkert fullyrða um, hvort þm. treysta sér til að kyngja honum. En á alvörutímum, þegar þjóðarskútan er í ósjó og allt virðist vera að komast í strand, er skylt að skoða málin af raunsæi, og ef útgönguleið er, þá þarf að leita að henni.

Í tíð fyrrv. ríkisstj. var verðlagi haldið í skefjum. Þótt ekki tækist að stöðva dýrtíðina, þá var verðlagi alltaf haldið í skefjum. Það geisaði ekki óðaverðbólga. Þótt áætlunin um vegamál væri gerð til 4 ára, var ekki allt farið úr skorðum eftir 2 ár eins og nú. Krónan hafði alltaf talsvert gildi, og þótt verðhækkanir hafi orðið milli ára, var alltaf mögulegt að brúa þetta bil með eðlilegum hætti.

Það er enginn vafi á því, að vegamálin koma öllum við og samgöngumálin yfirleitt og ekki síst samgöngumál á landi. Það er ekki hægt að búa í þessu landi nema hafa akfæra vegi. Óneitanlega hefur miðað vel áfram á undanförnum árum, á síðasta áratug, og sérstaklega eftir að nýju vegalögin komu til framkvæmda var unnið stórátak í vegamálum. Brýr voru settar á stórfljótin, vegir gerðir á erfiðum stöðum, sem ekki hafði þótt fært að vinna áður, hraðbrautaframkvæmdir voru talsverðar á þessu tímabili, sérstaklega síðustu árin. Vonir manna voru miklar um, að hægt væri að halda áfram eins og þá var byrjað og eins og þá hafði verið unnið um nokkurra ára skeið. En nú er boðuð stöðvun. Nú er boðuð minnkun framkvæmda. Nú er ætlast til, að menn sætti sig við það, að þeim framkvæmdum, sem þeir vonuðust eftir að fá á þessu ári, verði frestað. Þetta á að gerast í mesta góðæri, sem yfir þjóðina hefur komið.

Í þau 3 ár, sem núv. ríkisstj. hefur setið að völdum, hefur vissulega verið góðæri, það getur enginn neitað því, bæði til lands og sjávar, aflaverðmæti meiri en nokkru sinni fyrr og fjárráð ríkissjóðs og stofnana verið mjög mikil. Samt sem áður, eftir þetta góðæri leggur hæstv. ríkisstj. til, að gerðar verði kreppuráðstafanir í vegamálum. Hvað er það annað en kreppuráðstafanir að leggja til að fresta framkvæmdum í vegagerð um 43% á þessu ári og 45% á næsta ári eða raunverulega miklu meira, ef tekið er tillit til allra aðstæðna, eins og ég áðan nefndi? Þetta eru ráðstafanir, sem væri eðlilegt, að gerðar væru, ef hér hefðu verið erfiðleikar, aflaleysi, verðfall á afurðum eða harðindi. Þá hefði mátt búast við einhverju slíku. En kreppuráðstafanir í góðæri gerast eingöngu vegna þess, að við stjórnvölinn hefur verið ríkisstj., sem ekki hefur kunnað að fara með þjóðmálin, þótt allt hefði átt að leika í lyndi. Þetta er raunasagan, sem flestum er nú að verða nokkuð ljós. En vitanlega geta menn sagt: Það er tilgangslítið að rekja þessa sögu, það verður ekki bætt úr þessum málum með því móti. — En menn verða að gera sér grein fyrir ástæðunum, gera sér grein fyrir því, af hverju svona er komið, um leið og menn reyna að gera sér grein fyrir því, hvernig málunum verði helst bjargað.

Ég held, að málunum verði ekki bjargað, nema alger stefnubreyting geti átt sér stað í okkar efnahagsmálum. Málunum verður ekki bjargað, ef óðaverðbólgan á að geisa. Þá er alveg

sama, þótt við endurskoðum vegáætlun og hvaða tölur við höfum til viðmiðunar. Engar þær tölur, sem við setjum í till. og samþykkjum hér á Alþingi, standast eða verða raunhæfar að stuttum tíma liðnum, ef núv. stjórnarstefna heldur áfram. Ég held, að það sé rétt að gera sér fulla grein fyrir þessu.

Spurningin er, hvort hæstv. ríkisstj. hefur gert sér grein fyrir raunveruleikanum. Spurningin er, hvort hæstv. ríkisstj. ætlar að þvælast fyrir og gera þetta mál erfiðara en annars þyrfti með því að sitja í stólunum og lofa engu öðru en því, að það skuli vera óbreytt ástand. Ef hæstv. ríkisstj. gerir það, verður erfitt fyrir þm., þótt þeir hafi góðan vilja, að bjarga þessu máli. Ef hæstv. ríkisstj. vildi viðurkenna getuleysi sitt og segja af sér, yrði þetta allt miklu hægara. Þá gætu þm. gert sér grein fyrir því, að það væri kominn nýr möguleiki til þess að taka á þessum málum þannig, að sú áætlun, sem yrði gerð, væri ekki markleysa ein eftir fáar vikur eða mánuði.

Ekki vil ég ábyrgjast, hvað hæstv. ráðh. vilja segja í þessu efni. Ég vil ekki heldur ábyrgjast, hvort þeir hafi raunverulega gert sér grein fyrir ástandinu eins og það er í þjóðlifinu í dag, ekki aðeins í vegamálum, heldur einnig í öðrum málum. Sannleikurinn er sá, að mér fannst hæstv. samgrh. áðan óþarflega ánægður með þetta plagg, sem hann var að lesa upp úr, og það er ekki alveg öruggt, að hann hafi raunverulega gert sér fulla grein fyrir því, hversu alvarlegt það er, sem hann var að gera grein fyrir og túlka. Það er enginn vafi á því, að vonbrigði eru mikil hjá mörgum landsmönnum, sem hafa vænst mikilla framkvæmda í vegamálum, þegar það fréttist, hvernig staða Vegasjóðs er og hvaða till. hæstv. ríkisstj. hefur fram að leggja í þessu máli.

Ég geri ráð fyrir því, að hv. fjvn., þegar hún fer að skoða þessar till., þá kalli hún til sín hæstv. fjmrh. og hæstv. samgrh. og yfirheyri þá rækilega, spyrji þá, hvort það sé virkilega þeirra meining að minnka framkvæmdir eins og lagt er til að gert verði samkv. þessu plaggi. Ég veit, að það eru margir þm., sem trúa því ekki, að það sé þeirra meining. Ég veit, að það eru margir þm., sem telja alveg öruggt, að hæstv. fjmrh. skili 400 millj. kr., sem hann fær í óvæntar tekjur í innflutningsgjaldi og söluskatti vegna hækkunar á bensíni. Ég veit, að það eru margir þm., sem telja þetta alveg sjálfsagt og reikna með, að það þurfi ekki að toga þessa upphæð með töngum frá hæstv. ráðh. Ég veit líka, að sumir þm. hafa talað um, að það væri eðlilegt, að hæstv. ríkisstj. skilaði nú þeim skatti, sem var á lagður vorið 1972, þ.e. hækkun á innflutningsgjöldum af bifreiðum, — skatti, sem gaf ríkissjóði í tekjur á s.l. ári 300 millj. kr., og í góðærinu, sem verið hefur, er ekki nema eðlilegt, að þessum peningum verði skilað. Spurningin til þessara hæstv. ráðh. er, hvað það sé mikið, sem ríkissjóður ætli að leggja fram til viðbótar því, sem er í þessari till., og hvort ekki væri unnt að minnka þetta bil verulega frá því, sem það er, gera það svo lítið, að það verði ekki tilfinnanleg vöntun. Á þetta reynir vitanlega.

Ég veit, að það eru nokkrir hv. þm., sem hafa sagt sem svo: Það kemur ekki til mála að samþykkja frv. ríkisstj. um fjáröflun til Vegasjóðs, nema ríkisstj. rétti fram höndina og leggi meira fé fram en hún hefur lofað. — Það reynir á allt þetta, þegar málin öll þrjú, sem afgreiðslu þessa máls eru tengd, verða rædd í n.

Víst er um það, að þótt mikið hafi áunnist á undanförnum árum í vegaframkvæmdum og í brúargerð, þá er víða beðið eftir framkvæmdum í öllum kjördæmum landsins. Umferðin er stöðugt að aukast með aukinni bifreiðaeign, vörubifreiðarnar að stækka og þyngjast og krafan til veganna að aukast. Vegir með bundnu slitlagi eru ekki komnir víða enn þá, en eftir þeim er beðið. Það hefur verið rætt um, að það væri vegleg afmælisgjöf í tilefni 1100 ára Íslandsbyggðar að gera samþykkt um það að gera hringveg um landið með bundnu slitlagi á ákveðnu árabili. Það væri vitanlega mjög vegleg afmælisgjöf. Ekki ætla ég að gera till. um það að þessu sinni og því síður að tilgreina þann árafjölda, sem væri hæfilegt að miða við, en það er alveg öruggt, að byggðarlögin og fólkið í landinu biður eftir því að fá betri vegi.

Herra forseti. Ég sé ekki ástæðu til að hafa þessi orð öllu fleiri nú við þessa fyrri umr., nema sérstakt tilefni gefist til. Sannleikurinn er sá, að þetta mál verður ekki leyst, því verður ekki bjargað með löngum ræðum, heldur með úrræðum, sem menn kynnu að finna, þegar menn setjast niður og leita eftir möguleikum á því að halda vegagerð í landinu áfram með eðlilegum hætti.

Jón Árm. Héðinsson: Herra forseti. Ég ætla hér með nokkrum orðum að fjalla um þessa till. til vegáætlunar, en vil taka undir orð síðasta ræðumanns, að þessum málum verður ekki bjargað hér með löngum ræðum frá hendi hvers manns, þó að hann hafi varið hér allmiklum tíma í það, komið víða við og jafnvel vikið langt út fyrir veginn og varla komist upp á hann aftur.

Það, sem einkenndi framsöguræðu hæstv. ráðh., var það, að hann sagði, að vandamálið væri meira en nokkru sinni áður. Það er augljóst mál, að svo er. Þó að varla hafi gefist góður tími til að fjalla um þessi mál, þar sem þau eru rétt komin á borð okkar þm., þá er augljóst, að hér er úr miklum vanda að ráða vegna peningaskorts.

Auðvitað er það rétt, að alls staðar er þörf fyrir aukna vegi, betri samgöngur á Íslandi. Það er ekkert nýtt, og það mun alltaf verða svo. Spurningin verður um það, hversu hratt við getum farið til að fullnægja þessari þörf. Hæstv. ráðh. drap hér í 7 atriðum á meginþætti þess, sem við væri að etja núna, og þarf ég varla að taka þá upp. Mikilvægast er að afla tekna til þess að geta haldið í horfinu, og þó hrekkur það ekki til. Það þarf einnig að fresta verulega framkvæmdum, svo að nemur um 900 millj. kr. á þeim grundvelli, sem hér er miðað við, á yfirstandandi ári og á næsta ári tæpum 1300 millj. kr., svo allir sjá, að hér er um stórar tölur að ræða.

Fyrir hv. Nd. liggur frv., þskj. 607, 293. mál, um fjáröflun til vegagerðar, þar sem lagt er til, að hækkuð gjöld verði sett á umferðartækin til

að tryggja Vegasjóði auknar tekjur. Þetta mál er nú í n. og ekki vitað, hvernig því reiðir af. En það, sem þar er lagt til, er veruleg hækkun gjalda, og persónulega tel ég, að þar sé stefnt of hátt, þrátt fyrir það að við vitum, að verðbólgan er mikil og þarfir Vegasjóðs geysilegar. En þenslan í þjóðfélaginu er á því stigi í dag, a. m. k. miðað við óbreyttar aðstæður og óbreyttar aðgerðir í efnahagsmálum, að við verðum að horfast í augu við þá staðreynd, að hér verður að fara hægar í sakirnar, og þó að það sé leiðinlegt að þurfa að fresta framkvæmdum að sinni, þá er það ekkert nýtt á Íslandi, að til slíkra ráða hafi verið tekið.

Við verðum að horfast í augu við þá staðreynd, að við höfum ákveðið fjármagn og við getum framkvæmt ákveðna kílómetralengd fyrir þær krónur. Það mun svo falla í hlut þm. hvers kjördæmis, hvernig þeir vilja ráðstafa því fé, svo að best megi að gagni koma á viðkomandi svæði. Um það hefur verið gott samstarf við vegamálastjóra og starfsmenn hans á undanförnum árum, og er það þakkarvert, hvað hann hefur verið fús og starfslið hans til að leiðbeina okkur og vinna með okkur í því efni. Það mun alltaf verða deiluatriði og var það líka hjá hæstv. viðreisnarstjórn að fara með auknar álögur inn í Alþingi. Það veit síðasti ræðumaður mætavel, sem þá var samgrh. En það er rétt hjá honum, að við, sem studdum þá ríkisstj., töldum ekki skynsamlegt að bera fram stórauknar álögur nema geta tryggt framkvæmdagetu nokkurn veginn í samræmi við það, en því miður er það ekki fyrir hendi í dag.

Það er einn liður í þessu áformi um auknar tekjur, sem hlýtur að valda hér miklum deilum, þ. e. vegaskatturinn. Ég vil taka undir þau orð síðasta ræðumanns, að hann er það lítill þáttur í heildartekjuöfluninni, að varla sé þess virði að efna hér til margra klukkutíma deilna á milli þm., sem fara ekki eftir flokkalínum, heldur eftir annarri aðstöðu og afstöðu um slíka tekjuöflun. Ég held, að við ættum að eyða tímanum heldur í að reyna að leysa hnútinn með öðru móti en að deila lengi um þennan þátt mála.

Í frv., sem ég gat um áðan og liggur fyrir Nd., er lögð til nokkur kerfisbreyting á tekjuöflun ríkissjóðs, og er það vel. En ég vil aðeins minna á eina breytingu, sem við höfum rætt í fjvn., og það er að koma á fót nýju skráningarkerfi á bifreiðar, sem mundi örugglega spara mikið umstang og mikla skriffinnsku, en það er, að bifreiðin sé einu sinni skráð á ákveðið númer og síðan verði því ekki breytt, meðan hún er í notkun á landinu. Ef við viljum á annað borð endurskipuleggja þætti okkar í vegakerfinu og í allri umsýslu þessara mála, þá er þetta einn þáttur, sem á að hugleiða í því sambandi. Einnig man ég eftir því, að ég sá í skýrslu hæstv. ráðh. um framkvæmd vegáætlunar 1973, á bls. 77, greint frá tækjakaupum. Þar var fjárveiting 18 millj., en tæki voru keypt fyrir 40.9 millj. Ég er einn þeirra manna, sem hafa talið það skynsamlegt, að ríkissjóður ætti allgóð tæki til vegaframkvæmda og reyndi að nýta þau eins og best væri á kosið. Það kemur ekki nægilega fram, hversu mikið Vegasjóður á, en hitt veit ég, að margir hverjir hafa hagnast mjög vel á að bjóða í vegi, keypt stór tæki og orðið gildir af, og það fjármagn, sem í slík tæki fer til einstaklinga, hefði alveg eins mátt vera geymt í góðum tækjum á vegum Vegasjóðs, einmitt þegar harðnar í ári og hann þarf að nýta sitt fjármagn sem allra best. Hér þarf auðvitað að meta og vega eftir aðstæðum. Það er alveg útilokað og er ekki ætlun mín að halda því fram, að Vegasjóður geti framkvæmt allt á eigin spýtur. Það er sjálfsagt að bjóða út stór og viss verk. Engu að síður verður hann að hafa yfir að ráða lágmarkstækjakosti og það allmiklum, svo að jöfnun framkvæmda geti verið eðlileg, því að á tímum, þegar allir vilja flýta sér, verður erfiðara að ná í tæki hjá einstaklingum vegna eftirspurnar eftir þessum tækjum, og verður þá ríkið eða Vegasjóður sjálfur að greiða hærra gjald en ella undir slíkum kringumstæðum eins og ríkt hafa a. m. k. tvö s. l. ár og sjáanlegt er, að verða á þessu ári. Þetta meira að segja gildir um fleiri stofnanir en Vegasjóð. Þetta sama gildir nú um hafnargerðir. Þar eru miklir erfiðleikar að fá vissar framkvæmdir gerðar vegna geysilegrar eftirspurnar eftir vinnu og tækjum, sem eru til þess fallin, bæði skurðgröfum og jarðýtum og mörgu fleira, sem þarf að nota við svo mikla mannvirkjagerð.

Það er gömul saga, að bifreiðaeigendur — og reyndar alþm. líka, þá í stjórnarandstöðu jafnan, telja, að ríkissjóður hagnist um of á gjöldum af umferðinni. Það hefur verið vel tíundað hér af síðasta ræðumanni, og þarf ég varla að taka það fram. Hins vegar er það með réttu sagt af hendi bifreiðaeigenda, að sanngjarnt sé, þegar svo miklar álögur sem raun ber vitni um eru á umferðartækjunum, að þeim sé að mestu skilað í þágu umferðarinnar sjálfrar. Það er nauðsynlegt, að svo verði áfram. Og ég tel óeðlilegt, að svo verði ekki áfram. Ég tel óeðlilegt, að ríkissjóður geti skóflað inn til sín mörg hundruð millj. kr. í aukinni verðbólgu og verðhækkun á bensíni og auknum kostnaði við rekstur bifreiða. Það er nú einu sinni svo, að bifreiðin er okkar samgöngutæki á Íslandi í almenningsþágu, og meðan svo er, á bifreiðin að vera sjálf eins ódýr og framast er unnt, en taka þá meira með bensíngjöldum og öðrum smágjöldum og ráðstafa því í vegina.

Það er hér gerð grein fyrir því, hvers vegna ákveðinn skattur er hugsaður í veggjald, og er talað um, að það megi miða við þriðjung þessa sparnaðar, sem vegfarendur njóta, er keyra á góðum vegum, miðað við malarveg, og á þessum forsendum er lagt til, að við höfum veggjaldið. Það er alveg rétt, það sparast mikið í viðhaldi. Það sparast líka tími. Hvað þetta skal metið til tekna er matsatriði. Hitt vitum við, sem höfum notið góðra vega, að það er mikill ávinningur að hafa slíka vegi til notkunar. En fólkið, sem greiðir há gjöld úti um allt land og þarf að fara langar vegalengdir, á líka með réttu að eiga þess kost, að sá skattur, sem greiddur er af bifreiðinni, renni fyrst og fremst í vegakerfið og þess vegna sé mögulegt sem allra fyrst að mæta óskum þess um betri vegi, upphleypta og góða og nothæfa mestan hluta ársins eða allt árið.

Ég sé hér á einni síðu, að greint er frá því, sem ég vil þakka fyrir, að Vegagerðin hefur

fylgst mjög vel með því, að misnotkun á þunga sé ekki framkvæmd í stórum stíl a. m. k. Hér þarf að undirstrika gildi þess að koma í veg fyrir, að stórir og of þungir vöruflutningabílar fletji út vegina á vorin, þegar klaki er að fara úr jörðu, og kosti ríkissjóð eða Vegasjóð með því móti óeðlilegar fjárupphæðir. Þessir bílar eru mjög dýrir í rekstri fyrir Vegasjóð á vissum árstímum, og það þýðir ekkert að vera hikandi við að setja vegatálmanir eða vegabann fyrir þessa bíla og fylgjast vel með því, að þungi þeirra sé ekki í ósamræmi við settar reglur hverju sinni. Ég tel það vel og rétt, að Vegamálaskrifstofan fylgist mjög ákveðið með þessu, vegna þess að ella færu margir þessir vegir, sem þessir stóru bílar nota út um landið, mjög illa, einkum á vorin.

Því miður er staða Vegasjóðs þannig, að það er hægt að segja, að málið sé í alvarlegri sjálfheldu. Við verðum að gera okkur grein fyrir því að vandlega yfirlögðu ráði, hvað við ætlum að leggja á almenning í þessu skyni, svo að við getum stefnt að þeim hraða í framkvæmdum, sem var gert ráð fyrir í þeirri vegáætlun, sem við erum nú að fjalla um hér til endurskoðunar. Ég tel óhjákvæmilegt að fresta framkvæmdum, eins og atvik liggja til í dag. Það er blekking að ímynda sér, að eitthvað slíkt geti skeð núna á næstu vikum, sem réttlæti það, að við getum haldið vegáætlun nokkurn veginn óbreyttri, eins og við gerðum ráð fyrir á sínum tíma, þegar við samþykktum vegáætlunina hér áður. Svo gerbreyttar aðstæður ríkja í öllum kostnaðarliðum og í eftirspurn eftir þjónustu í þjóðfélaginu, að það er alveg óraunhæft að reikna með slíku. Valið verður þá um það, hversu mjög á að skattleggja til þess að fullnægja þessari áætlun, og tel ég, að heldur eigi að fara varlega að sinni, en þó geti verið rétt, eins og gert er ráð fyrir í frv. sjálfu, að hafa heimild til handa ráðh. að hækka álögur í hlutfalli við annan kostnað í þjóðélaginu, og er lagt til í frv., að miðað sé við byggingavísitölu. Hvort það er rétta viðmiðunin eða eitthvað annað, skal ég láta ósagt, en sennilega er byggingavísitalan þannig útreiknuð, að nota megi við framkvæmd vegamála einnig og álögur handa Vegasjóði í því sambandi.

Það er ótrúlegt, að okkur skuli vera sýnt það, að fjármagnsþörf Vegasjóðs hafi hækkað um nær 100% á tveggja ára tímabili, það er alveg ótrúlegt, og hrekkur þó hvergi nærri til. Þegar gerð er grein fyrir hækkuninni í skýrslunni, kemur í ljós, að hún er svo geigvænleg, að útilokað er að ætla að fylgja eftir áætlun óbreyttri og hækka álögur á almenning og láta hana standa þannig eins og gert var ráð fyrir í upphafi. Ég tel það alveg útilokað, gersamlega útilokað. Ef við vilium stefna svo hátt með álögur, verðum við að gera þá kröfu, að ríkissjóður skili þessum álögum að fullu. Það er útilokað annað en að ríkissjóður geri sér þá grein fyrir því, að hann verði að afhenda þessar álögur frá sér yfir í Vegasjóð. Að vísu er gert ráð fyrir núna, að um 100 millj. kr. meira komi úr ríkissjóði í þessa áætlun en verið hafði, en það hrekkur hvergi nærri til. Vitað er, að 300 millj. kr. komu inn óvænt á s. l. ári. Hvað kemur inn á þessu ári vegna aukins söluskatts og hækkunar á bensíni, veit ég ekki enn þá og liggur ekki fyrir, en þetta fé á auðvitað að renna til Vegasjóðs og koma í framkvæmdirnar. Það er ekki réttlætanlegt, að ríkissjóður hagnist á verðbólgu með þessum hætti, og það er rétt hjá síðasta ræðumanni, að í því mikla góðæri, sem ríkt hefur til lands og sjávar, væri það napurt að þurfa að draga úr framkvæmdum. En það eru önnur atvik, sem hafa stuðlað að því, að við verðum neyddir til þess að fara okkur hægar að sinni.

Vonbrigði manna verða auðvitað mikil úti um landið að verða að viðurkenna þá staðreynd, að ekki er hægt að framfylgja þeirri áætlun, sem allir voru sammála um, að lögð skyldi til grundvallar á fjögurra ára tímabili frá 1972. En ég held, að menn átti sig á því, að það er svo breytt forsenda í dag, að ekki er skynsamlegt að leggja slíkar álögur á tækjaeigendur, að hægt sé að framfylgja fyrri samþykkt í þessu efni, og til þess er vegáætlunin einmitt í endurskoðun, að við gerum okkur grein fyrir því að vel yfirveguðu máli, hvað við ætlumst til að við getum staðið í miklum framkvæmdum næstu tvö árin.

Sumir kunna að segja, að þeir, sem notið hafa þeirra forréttinda undanfarin 3—4 ár að eignast góða vegi, séu ekki miklar kempur við að teygja þetta vegakerfi lengra um landið. En það er ekki svo. Við viljum auðvitað allir, að sem flestir njóti góðra vega sem fyrst. Dæmið snýst ekki um það. Dæmið snýst einfaldlega um það, hversu háa skattabyrði við megum leggja á tækjaeigendur, á umferðina og tryggja einnig framkvæmdir fyrir það fé, sem við náum inn. Það er blóðugt að sjá það, að framkvæmdageta skuli rýrna á einu ári um 30—40% og þess vegna séu málin komin í hálfgerða sjálfheldu, eins og hæstv. ráðh. viðurkenndi og rækilega var undirstrikað af 1. þm. Sunnl.

Ef ríkissjóður fær rúmlega 2 milljarða af umferðinni, er það engin lausn, eins og 1. þm. Sunnl. talaði um, að ríkissjóður láti af hendi 800 millj. kr. Það er engin rausn í því eða reisn yfir slíkri skilamennsku. Það er fullsanngjörn krafa frá hendi þeirra, er inna þennan skatt af höndum, að þessi upphæð sé helmingi hærri a. m. k. og með því móti sé dregið úr nauðsyn þess að fresta framkvæmdum og einnig nauðsyn þess, að álögur séu hækkaðar. Ef við reiknum með, að vísitala muni hækka verulega á komandi mánuðum og ef ekkert sérstakt verður að gert 1. júní, held ég, að ég fari rétt með það, að hún muni hækka um 14 eða 15 stig, og sjá þá allir, hversu fjármagnsþörfin verður gífurleg, ef svo heldur áfram út árið og enn komi til hækkun 1. september. Ég held, að allar bollaleggingatölur á þessu stigi verði þá óraunhæfar og það sé meira og minna út í loftið að vera að karpa hér lengi um, hvað sé hægt að gera. Við verðum að hafa það sem ákveðna forsendu, að verðbólgan sé stöðvuð eða a. m. k. sett í fyrsta gír, en geysist ekki áfram, eins og verið hefur, og við getum með sanni haft hemil á henni og stjórn efnahagsmála í landinu. Auðvitað eru ákveðnir vegir hér, sem við verðum að standa að fyllilega, þar hafa framkvæmdir verið boðnar út, og verður að standa við slíkt. Svo koma

önnur áform, sem hægt er að draga úr og meta og vega, og eins og ég sagði áðan, hefur vegamálastjóri og skrifstofa hans jafnan gert það í samvinnu við þm. og leyst það með skilningi, annað væri óeðlilegt. Þetta er viðkvæmt mál, og ég tel heppilegast, að þm. viðkomandi kjördæmis fjalli um það, eins og reynslan sýnir að hafi verið gert.

Hallann, sem hefur nú myndast á vegáætlun og er um 267 millj., á að jafna út í þremur áföngum, og með þeirri fjármagnsþörf, sem fram undan er til þess, þrátt fyrir mikla frestun, þá vantar enn um 900 millj. á fyrra árinu og nærri 1300 millj. á því síðara. Við verðum því að gera okkur grein fyrir því, að um tvo kosti er að ræða: að ríkissjóður afhendi mun meira frá sér af innheimtum tekjum eða að standa að verulega auknum álögum og láta þá hlut ríkissjóðs vera óbreyttan, eins og frv. gerir ráð fyrir.

Nú er endurskoðun stöðu ríkisssjóðs það mikið í sviðsljósinu, að rétt er að hafa þessa þörf Vegasjóðs einnig í þeirri endurskoðun. Ef ríkissjóður dregur saman seglin, sem nemur mikið á 2. milljarð, eins og virðist vera vilji hér á hv. Alþingi, að hann geri, þá tel ég vel mögulegt, að ríkissjóður geti einnig látið af hendi eitthvað til Vegasjóðs, a. m. k. renni þær óvæntu tekjur sem hafa komið inn af hækkun á bensíni og söluskatti, óskiptar í umferðina. Við getum þá ráðstafað þeim og þar með minnkað frestun á framkvæmdum eða við drögum úr áætluðum gjaldstofnum. Þetta munum við geta athugað nánar í fjvn., þegar við fáum málið til okkar. Þó binst þetta saman við afgreiðslu á frv. um fjáröflun til vegagerðar, og meðan það er ekki afgr. úr hv. Nd., er dálítið erfitt að taka afstöðu til samgönguáætlunarinnar sem slíkrar. Ef frv. fellur, er staða mjög breytt frá því, sem vegáætlunin gerir ráð fyrir, og raunveruleg forsenda brostin fyrir uppbyggingu hennar, ef ég hef skilið málið rétt.

Ég veit ekki, á hvaða stigi nefnt frv. er í athugun í Nd., en sjálfsagt munum við í fjvn. geta fengið um það upplýsingar og einnig um afstöðu þm. í n. til þess. Endanleg afstaða mun ekki koma fram fyrr en við afgreiðslu í d. Mér skilst, að þetta frv. hafi sætt allmikilli gagnrýni og jafnvel sé hætta á því, að það falli eða nái ekki fram að ganga. Hafandi þessa staðreynd í huga verðum við að meta og vega það, hvað við leggjum til í fjvn. í sambandi við tekjuöflun í sjálfri þáltill., en ég tel, að númer eitt verði, að ríkissjóður skili sem mestu af óvæntum tekjum, sem honum hafa áskotnast vegna hækkunar á bensíni á s. l. ári og á yfirstandandi ári, og þá einnig, að frestun framkvæmda verði endurmetin, og ef til vill þarf hún að vera meiri, þrátt fyrir að hér sé gengið út frá, að hún sé veruleg, ef ekki verður samstaða um að leggja auknar álögur á umferðina og að bensíngjald hækki verulega.

Hæstv. ráðh. talaði um, að enginn þyrfti að hrökkva við, þótt hækkun á bensíni kæmi til. Einhvers staðar liggja takmörkin í allri hækkun. Einhvern tíma kemur að því, að fólk segir: hingað og ekki lengra. Og þrátt fyrir það, að bíllinn sé slíkt nauðsynjatæki eins og ég drap á hér áðan, þá hlýtur að koma að því, að menn segi, að mælirinn sé fullur í auknum álögum á þetta samgöngutæki, nema þeirri forsendu sé fylgt, að meginþungi þeirra skattbyrða, sem á þessum tækjum hvílir, renni til vegaframkvæmda. Þá mundu sennilega flestir sætta sig við auknar álögur þegjandi og hljóðalaust.

Þessi þáltill. um vegáætlun er borin fram við mjög sérstæð og erfið skilyrði, eins og hæstv. ráðh. drap á, og hún mun þurfa gaumgæfilega athugun. Ég hef hér í nokkrum orðum gert grein fyrir afstöðu minni og að ég tel í heild þingflokks Alþfl. Við teljum, að hvort tveggja verði að meta gaumgæfilega vegna ríkjandi aðstæðna í þjóðfélaginu, að leggja varlega á aukna tekjuskatta eða bensínskatta fyrir Vegasjóð, og einnig sé óhjákvæmilegt að horfast í augu við þá staðreynd, að frestun framkvæmda verður að vera veruleg, enda gengur till. út frá því, að svo sé. Þess vegna verðum við að meta og vega það fyrst og fremst, hversu miklar álögur við viljum leggja á umferðina, svo að þessi till. nái fram að ganga.

Vilhjálmur Hjálmarsson: Herra forseti. Það er alveg óhætt að segja, að vegamálin eru nokkuð fyrirferðarmikil á Alþingi núna. Það liggur nú fyrir þinginu samtímis frv. um breyt. á vegalögum og sérstakt frv. um fjáröflun til Vegasjóðs, en það er nýmæli að setja fjáröflun inn í sérstök lög. Svo er hér til umr. þáltill. um endurskoðun á vegáætlun, þ. e. a. s. um endurskoðun tveggja ára, og um að bæta tveimur nýjum árum við. Og alveg nýlega er komin á borðin til þm. skýrsla samgrh. um framkvæmdir í vegagerð 1973. Ég ætla ekki samt sem áður að viðhafa hér neinar almennar umr. um vegamálin og raunar ekki heldur um þá till., sem hér liggur fyrir, og því síður að fara út í almennar stjórnmálaumr., en mig langar til þess að reifa eitt tiltekið atriði í því máli, sem hér liggur fyrir.

Ég vil þá fyrst minna á það, að í 13. gr. frv. um fjáröflunina á þskj. 607 segir svo í 2. málsgr.: „Eftir því sem ákveðið er í fjárlögum ár hvert, skal ríkissjóður gefa út happdrættisskuldabréf í því skyni að afla fjár til hringvegar um landið.“ Ég ræddi þetta atriði nokkuð þegar þetta mál var til umr. í hv. Nd., og lagði síðan fram brtt. um nýja málsgr. á þessa leið: „Kveða skal á um það í vegáætlun á tveggja ára fresti, til hvaða framkvæmda verði varið þeim fjármunum, sem inn koma fyrir sölu skuldabréfa samkv. 2. málsgr. þessarar gr.“ Það lítið sem minnst var á þessa brtt. við 1. umr. málsins, þá var henni ekki illa tekið. Ég held ég muni það rétt, að það kom fram í ræðu hæstv. fjmrh., sem talaði fyrir þessu máli, að hann væri ekki fráhverfur þessari hugmynd. Og brtt. um að ákveða sérstök verkefni er augljóslega í samræmi við vilja þeirra hv. þm., sem fluttu frv. um sérstakt happdrætti vegna tiltekins kafla á hringveginum. Mér finnst því ýmsar líkur benda til þess, að menn gætu orðið ásáttir um þessa brtt. Ef málsgr., sem ég vitnaði til í frv. um fjáröflun til vegagerðar, verður samþykkt og jafnvel bætt við

13. gr. þeirri breytingu, sem ég lagði til að á henni yrði gerð, þá finnst mér ekki vera samræmi á milli þessara ákvæða annars vegar og hins vegar uppsetningarinnar á vegáætluninni, hvorki þar sem ræðir um fjáröflun til veganna né heldur þar sem ræðir um skiptingu útgjaldanna.

Nú er í vegáætlun ákveðið verk, sem tengt er við hringveginn og raunar opnar hann, þ. e. a. s. Skeiðarársandur. Þetta verk er í áætluninni á yfirstandandi ári, eins og hún er í till., sem hér liggur fyrir, og einnig á árinu 1975 að litlum hluta. En þegar kemur til áranna 1976 og 1977, er þarna eyða. Mér heyrist flestir séu ásáttir um að halda áfram fjáröflun með happdrættisfyrirkomulaginu og tengja hana ákveðnum viðfangsefnum á hringveginum. Þá ber ekki að ganga frá vegáætluninni á þennan hátt, heldur ber að gera ráð fyrir þessari sérstöku fjáröflun áfram. Það kann að vera, að það sé ekki tímabært í dag að setja inn, til hvaða verka þessu fé skuli varið á árunum 1976 og 1977, en eigi að síður finnst mér, að þetta eigi að koma inn á þennan hátt, ef mönnum er alvara með það að vilja halda áfram fjáröflun með happdrættissniði og tengja hana alveg ákveðnu verki. — Mér fannst rétt að vekja athygli á þessu sérstaka atriði nú við 1. umr. málsins.

Ég skal, eins og ég sagði áðan, ekki fara út í almennar umr. um þessa till. til vegáætlunar, sem hér liggur fyrir. Ég vil þó, fyrst ég kvaddi mér hljóðs, segja tvær, þrjár setningar í sambandi við þær hugmyndir um frestun framkvæmda á árunum 1974 og 1975, sem felast í till., eins og hún liggur hér fyrir. Ég vil segja það alveg afdráttarlaust, að ég tel, að þennan þátt verði að skoða nánar og sérstaklega í meðferð Alþ. Ég tel, að það sé einkum tvennt, sem beri að hafa í huga: annars vegar það, ef til frestana kemur, hvort frestanirnar skuli ganga jafnt yfir þá framkvæmdaliði, sem ráðgert er að fresta í till., ellegar hvort þar skuli hafa annan hátt á, og hins vegar að athuga nánar um frekari fjáröflun til þess a. m. k. að draga úr þessum frestunaraðgerðum, ef ekki að koma hreinlega í veg fyrir, að til þeirra þurfi að grípa. Það er ekki hægt að neita því, að það er í hæsta máta andhælislegt, að á sama tíma og landsmenn hafa þau fjárráð, að bílainnflutningurinn gengur fyrir sig í stríðum straumum, bílarnir streyma til landsins, þá verði á hinu leytinu að draga úr framkvæmdahraða við uppbyggingu þeirra vega, sem bera eiga þennan bílaflota. Þetta er í hæsta máta andhælislegt. En hér grípa fleiri atriði inn í, og málið þarf auðvitað skoðunar frá mörgum sjónarhornum. Ég get alveg tekið undir það, sem hv. 1. þm. Sunnl. sagði, að það þótti alltaf tilvinnandi hér á árunum að auka álögur vegna Vegasjóðsins til þess að auka framkvæmdirnar. Hér er áreiðanlega nokkuð tilvinnandi enn í dag, og menn skulu hafa það í huga, að allar auknar álögur, sem renna til Vegasjóðs, fara auðvitað til þess að auka framkvæmdir frá því, sem ella hefði orðið. Það er alveg ljóst mál. Eðlismunur er því ekki mikill frá því, sem áður var, þó að nú horfi óvænlegar en oft áður, vegna þess alveg sérstaklega, að verðhækkanir hafa orðið gífurlegar á þeirri vöru, bensíninu, sem ber uppi megintekjuöflun til Vegasjóðs, og þess vegna og þegar af þeim ástæðum er erfitt að ná hærri tekjum til sjóðsins með álagningu á þann vöruflokk.

Ég skal svo ekki hafa þessi orð fleiri, herra forseti. Ég á sæti í þeim n., sem fjalla um þessi mál, og er þess vegna ástæðulaust, að ég sé að fjölyrða um þau við 1. umr.

Halldór Blöndal: Herra forseti. Þessi þáltill. til vegáætlunar fyrir árið 1974 til ársins 1977 ber það með sér eins og annað, sem hefur komið nú síðustu mánuði frá hæstv. ríkisstj., að þrátt fyrir að tölurnar hækki mikið í krónum talið, þá sígur það þó ævinlega á hinn veginn, sem er að baki hverrar upphæðar. Ef almennt er litið á ástandið í þessum efnum, blasir það þannig við, eins og hv. síðasti ræðumaður sagði, að það hafa aldrei verið fluttir inn fleiri bílar en einmitt nú síðustu vikurnar, sem hæstv. ríkisstj. og stuðningsmenn hennar hafa varið til þess að skera niður það fjármagn eða það framkvæmdamagn, sem lofað hafði verið til vegagerðarinnar í landinu. Þetta kemur fram í öllum flokkum vega, bæði í sambandi við hraðbrautir og aðra vegagerð.

Einkum er það þó svo í þessari vegáætlun, að skorið er niður í strjálbýlinu. Þar er niðurskurðurinn meiri en á öðrum liðum, eins og best sést á töflu, sem fylgir þáltill., en þar kemur fram, að það fjármagn, sem fresta á til ársins 1975, nemur 41.7% af kostnaði samkv. vegáætlun. En ef við tökum þjóðbrautir, er sambærileg tala 43.95%, ef við tökum Norðurlandsáætlun 43.31%. Nákvæmlega það sama kemur fram á því, sem frestað er til ársins 1976. Þar er frestunin einnig minni hlutfallslega á því fjármagni, sem verja á til hraðbrautanna. Skýtur þetta nokkuð skökku við, einkum ef rifjuð eru upp hin mörgu stóru orð, sem þeir menn, sem standa að núv. ríkisstj., höfðu sem mest uppi síðustu ár síðustu ríkisstjórnar. Minnist ég í því sambandi einkum og sérstaklega ummæla hv. 3. þm. Norðurl. e., sem því miður er ekki staddur nú í þessu húsi. Það voru ófáar ræðurnar, sem þessi hv. þm. hélt bæði hér á hinu háa Alþ. og eins víða um héruð Norðurlands um það, að hann persónulega einkum og sér í lagi væri andvígur allri hraðbrautargerð. Mun dýpra tók þó í árina hv. 1. þm. Norðurl. e. í framboðsræðum sínum fyrir síðustu alþingiskosningar, þegar hann lýsti því yfir í ríkisútvarpinu, að hraðbrautirnar væru andstæðar stefnu Framsfl. Það kom fram hjá þessum þm. þá, að það væri stefna Framsfl. að berjast á móti hraðbrautum. Allt átti það að vera „íhaldinu“ að kenna, og því var lofað, að um leið og þessi mikli byggðaflokkur, Framsfl., kæmist til valda, skyldi ekki verða langt í það, að byggðir yrðu upp vegir í Eyjafjarðarsýslu, í Suður-Þingeyjarsýslu og í Norður-Þingeyjarsýslu. Eftirtektarverðar og minnisstæðar urðu mönnum í því sambandi langar kvörtunarræður þessara ágætu frambjóðenda, þegar þeir komust svo að orði, að þeir hefðu orðið að aka í skurðunum til þess að komast leiðar sinnar, þar sem vegirnir væru ófærir.

Hvernig hefur svo framkvæmdin orðið? Hún

hefur í fyrsta lagi orðið þannig, eins og kemur fram í þessari vegáætlun, að þegar skorið er niður allt fjármagn til vegagerðar, — hér er talað um, að framkvæmdamagnið muni minnka um 43%, — þá er þó niðurskurðurinn alls staðar minni á hraðbrautaframkvæmdum, meira skorið niður á hinu, sem úti í strjálbýlinu er. Þarna er því um mjög eftirtektarverða stefnubreytingu að ræða og athyglisverða.

Annað er það líka, sem er einkar athyglisvert við þessa vegáætlun, og það er það, að niðurskurðinum er hagað með þeim hætti, að þær framkvæmdir, sem frestað var á síðasta ári, eru líka skornar niður um þetta sama hlutfall, 43 komma eitthvað %. Það er ekki aðeins, að viðbótarframlagið sé skorið niður, heldur er einnig skorin niður sú fjárhæð, sem veitt hafði verið á s. l. ári. Þetta er augljóst, ef litið er á tölurnar, og sýnir það með öðru, hvernig haldið hefur verið á hnífnum og hversu þungt þetta bitnar á þeim byggðarlögum, sem þyngst hafa orðið úti í þessu efni.

Í þriðja lagi er það athyglisvert og bitnar einkum á okkur Norðlendingum, hvernig staðið hefur verið að framkvæmd Norðurlandsáætlunar. Það er öllum kunnugt, sem eitthvað þekkja til á Norðurlandi, að eftir það, hvernig fyrrv. ríkisstj. hafði staðið að framkvæmdum Austurlandsáætlunar í vegamálum og hvernig fyrrv. ríkisstj. hafði staðið að samgönguáætlun Vestfjarða, þá gerðu menn sér miklar vonir um það, þegar því var lýst yfir af fyrrv. fjmrh. Magnúsi Jónssyni, að ákveðið hefði verið að gera sérstaka samgönguáætlun fyrir Norðurland, að þessi ákvörðun mundi leiða til þess, að skjótlega mundi horfa til hins betra um allar samgöngur í vegamálum norðanlands. Þetta byggðist m. a. á því, að Norðlendingar vissu ekki betur en þannig hefði áður verið haldið á málum, að menn settu sér eitthvert takmark til að stefna að *í upphafi áætlunarinnar*. Menn ákváðu að ljúka einhverjum ákveðnum framkvæmdum á tilteknum tíma, og þannig hefði að sjálfsögðu átt að standa að þessari Norðurlandsáætlun. En það var ekki gert, heldur var unnið að áætluninni frá ári til árs, og nú sjáum við, hvernig staðið hefur verið að þessum vinnubrögðum, hvernig grunnurinn hefur verið, sem þessari hæstv. ríkisstj. áætlanagerða og fyrirhyggju hefur tekist að hrófla upp. Á þessu ári er sem sé gert ráð fyrir því, að nákvæmlega sömu krónutölu sé varið til uppbyggingar vega á Norðurlandi og var á s. l. ári. Þetta þýðir í raun, að framkvæmdamagnið mun verða helmingi minna en ákveðið hafði verið .

Samkv. þessari vegáætlun nemur Norðurlandsáætlunin í vegamálum 184.3 millj. kr., en kostnaðurinn samkv. *vegáætlun* er 325.1 *millj.* Þarna er samkv. þessum töflum niðurskurður, sem nemur 43.31%. En með þessu er ekki öll sagan sögð. Við vitum, hvernig verðbólgan er í þjóðfélaginu. Við vitum, að enn ein holskeflan mun ríða yfir 1. júní, sem enn mun, ef ekkert verður að gert, rýra ekki litið framkvæmdamagn þessara upphæða, sem þarna eru skrifaðar. Það hefur verið þannig, að ég ætla, að kostnaður við vegagerð hefur aukist að mig minnir um 30% eða eitthvað þar um bil frá áramótum til 1. mars, þessa fyrstu tvo mánuði ársins, og það sýnir, á hverju maður má eiga von, eins og komið er. Við gátum huggað okkur við það á tímabilinu frá 28. febr. 1973 til 28. febr. 1974, að verðbólgan á þessu tímabili hafi þó ekki numið nema 32%, en nú blasir það við, að verðbólgan fyrstu 3 mánuðina, sem síðan eru liðnir, mun ekki verða minni en 18—20%, og hjólið mun halda áfram að snúast með æ meiri hraða. Þess verður líka vart, að þm. Norðurl. munu eiga í miklum erfiðleikum með að skipta þessum nú verðlitlu krónum, til þess að þær geti komið á þá staði norðanlands, sem óhjákvæmilegt er að leggja verulegt fjármagn til og í mörgum tilfellum hafði beinlínis verið lofað fyrirgreiðslu á þessum árum, sem í hönd fara.

Ég geri mér að sjálfsögðu grein fyrir því, að það er örðugt, eins og nú er komið, að afla meira fjár til vegagerðar hér á landi. En hver er ástæðan til þess? Ástæðan til þess er sú, að hæstv. ríkisstj., sem nú situr, hefur haldið þannig á fjármálum þjjóðarinnar, að það er svo að segja sama, um hvaða sjóð talað er, hvarvetna blasir við gjaldþrot upp á hundruð millj. eða jafnvel milljarða. Við getum tekið einn sjóðinn á fætur öðrum. Nú erum við að fjalla um Vegasjóð. Við vitum, hvernig komið er fyrir Fiskveiðasjóði. Enn bólar ekki á því, að bændur fái svar við lánsumsóknum sínum í Stofnlánadeild. Við sjáum, hvernig Iðnlánasjóðurinn er, og þar fram eftir götunum. Á sama tíma og þannig er komið fyrir fjárhagsstöðu Íslendinga og á sama tíma og svo illa er staðið að því að fjármagna þá sjóði, sem gefið hafði verið fyrirheit um og ríkisstj. hafði á þann hátt skuldbundið sig til þess að tryggja, að hefðu nægilegt fjármagn, þá er loddaraskapurinn og leikaraskapurinn í sumum hv. þm. þessa stjórnarmeirihl. svo mikill, að þeir eru að leggja til, að stofnaðir verði enn nýjir sjóðir til þess að *fjármagna enn aðra hluti*. Það eru að vísu hugmyndir, sem eru góðra gjalda verðar, og ég efast ekki um, að önnur ríkisstj., sem betur heldur á spilunum og hefur meiri forsjálni til þess að sjá fram úr þeim, muni koma því í verk.

Ég vil, vegna þess að ég minnist þess, að fyrir síðustu kosningar voru hv. þm. Framsfl. og þó einkum hv. 3. þm. Norðurl. e. mjög margorðir um það, hversu illa hafi verið staðið að vegagerð bæði á Svalbarðsströnd og í Eyjafjarðarsýslu, rifja aðeins upp, hvernig efndirnar hafa verið nú, hvernig staðið hefur verið að verki nú og hvað gert hefur verið.

Í skýrslu samgrh. um framkvæmd vegáætlunar 1973 segir svo, með leyfi hæstv. forseta:

„Syðst á Svalbarðsströnd," — þetta er um hraðbrautir: „Fjárveiting var 11.9 millj. kr. Hafin var lítillega undirbygging á rúml. 1 km kafla af Grenivíkurvegi frá Geldingsá að Hallandsnesi. Slæmt tíðarfar s. l. haust hamlaði frekari framkvæmdum."

Og á öðrum stað segir í þessari ágætu skýrslu, og þar er fjallað um landsbrautir, með leyfi hæstv. forseta:

„Á Svalbarðsströnd: Fjárveiting var 8 millj. kr. Sett voru nokkur ræsi í veginn, en framkvæmdum var að mestu frestað vegna tíðarfars."

Þannig hefur nú verið staðið að verki á þess-

um vegarkafla, sem þeim, sem nú halda um stjórnvölinn, varð tíðræddast um á sínum tíma, að illa hefði verið staðið að. Nú er það einnig svo, að þessi vegur, sem þarna liggur, það er nú síður en svo, að hann sé þýðingarlaus eða hafi lítið að segja fyrir heildarsamgöngur í kjördæminu, þar sem þarna liggur að vetrarlagi aðalvegurinn austur um og þar sem nauðsynlegt er að halda uppi öruggum og tryggum framkvæmdum vegna Grenivíkur, en þar er nú vaxandi útgerðarstöð, þar sem nauðsynlegt er, að tryggar framkvæmdir séu.

Í sambandi við vegi Eyjafjarðarsýslu hefur það verið einkum áberandi, að þeir vegir hafa verið látnir drabbast niður nú og lítið verið gert og ekki staðið við það fjármagn, sem til þeirra hefur verið veitt. Af þeim sökum hefur okkur þm. Norðurl. e. borist bréf frá veganefnd Eyjafjarðarsýslu, þar sem segir svo m. a., með leyfi hæstv. forseta:

„N. bendir á, að á undanförnum árum er áberandi, hve mikið er um, að framkvæmdum, sem átt hefur að vinna að í Eyjafirði, hefur verið frestað og í öllum tilfellum til verulegs tjóns fyrir byggðarlagið. Skulu fá dæmi nefnd:

1. Á árinu 1972 var 5.1 millj. kr. framlag til Eyjafjarðarbrautar eystri, og átti verkið að framkvæmast þá. Verkið var látið sitja á hakanum fram á vetur, en þá var kunngert, að ekki hefði verið unnt að framkvæma það vegna slæmra veðra í þessum hreppi. Verkið var síðan unnið á árinu 1973, eftir að fjárveitingin hafði verið skorin niður og rýrð vegna verðbólgu.

2. Á árinu 1973 átti að vinna fyrir 3.5 millj. við hraðbraut við Lónsbrú, framkvæmdir sáust engar og engin skýring gefin á.

3. Samkv. áætlunum átti að vinna fyrir 11.9 millj. kr. á Svalbarðsströnd og Víkurskarðsleið. Sveitarstjórnarmenn kannast ekki við það að hafa séð framkvæmdir af hálfu Vegagerðar ríkisins, sem svari til þessara fjárframlaga.

4. Norðurlandsáætlun 1972.“ — Þar er rakið, hvernig framkvæmdir voru skornar niður miklu meira í Eyjafjarðarbyggð heldur en annars staðar, þar sem áætlunin náði til, eins og nú skal greint, með leyfi hæstv. forseta: „Strandabyggð: áætlun 13.5 millj., framkvæmd 12.3 millj. Húnabyggð: áætlun 28.2 millj., framkvæmd 27.8 millj. Skagafjarðarbyggð: áætlun 8 millj., framkvæmd 6.7 millj. Eyjafjarðarbyggð: áætlun 18.3 millj., framkvæmd 9.4 millj. Skjálfandabyggð: áætlun 18 millj., framkvæmd 22 millj. Norðausturbyggðir: áætlun 14 millj., framkvæmd 13.7 millj.

5. Á árinu 1973 átti samkv. Norðurlandsáætlun að vinna að vegaframkvæmdum fyrir 31.2 millj. plús væntanlega ónotað framlag 1972 á Víkurskarðsleið. Væntanlega upplýsir Vegagerðin, fyrir hve mikið fé var unnið, en fullyrða má, að ekki var unnið fyrir veittum fjárveitingum.“

Svo kemur það, eins og ég sagði áðan, svo er safnað saman þessu, sem svikist hefur verið að vinna fyrir, og það fjármagn síðan að vísu fært upp sem nemur verðbólgunni, en hins vegar er fjármagnið skorið niður um 43%, eins og nýtt fjármagn, sem veitt er í fyrsta skipti á árinu 1974. Þannig er að því staðið.

Það mun því koma í ljós, að við erum ekki búnir að bíta úr nálinni með það enn, hvernig staðið hefur verið að framkvæmd vegamálanna nyrðra. En það er ekki nóg með það, að hv. stjórnarþm., sem kjörnir voru á þing fyrir Norðurland, hafi látið sitja við það að koma fram með þessum hætti og halda þannig á spilunum í vegamálunum, að til hreinna vandræða horfir.

Þetta bitnar ekki eingöngu á Eyfirðingum. Við skulum hugleiða aðeins t. d. stöðu Norður-Þingeyinga. Alþingi hefur séð ástæðu til þess að gera sérstaka ályktun um það, að þannig sé komið í N-Þingeyjarsýslu, að ástæða sé til þess að gera sérstaka landshlutaáætlun. Ekki hefur neitt borið á því í sambandi við atvinnulífið og í sambandi við slíka atvinnulega uppbyggingu, að sú ríkisstj., sem nú situr, og sá stjórnarmeirihl., sem á bak við hana er, ætli sér að veita nokkurt fjármagn til þessarar áætlunar af þeim sökum, þótt einn af hv. þm. Framsfl. hafi haft geð í sér til þess að vera að flytja fsp. um málið og ætlað með þeim hætti að reyna að slá sér upp og reyna að fela aumingjadóminn, sem hefur verið í þessu máli, enda augljóst, að þeir menn, sem áttu að standa á verði fyrir Norðlendinga í þessum málum og höfðu aðstöðu til þess, af því að þeir voru í stjórnarmeirihlutanum, hafa algjörlega sofið á verðinum.

En það er ekki nóg með það, að algjörlega sé sofið á verðinum gagnvart þessu byggðarlagi í sambandi við atvinnumálin, heldur sér maður það nú, að á sama tíma og uppi er ráðabrugg um að hafa á hendi sérstaka fjáröflun vegna Inn-Djúpsins og á sama tíma og ekki er skorið niður um eina einustu krónu í sambandi við hringveginn, þá má þetta afskekktasta byggðarlag landsins búa áfram við sama samgönguleysið að öðru leyti en þessu litla smáræði, sem hægt er að beina til þess í sambandi við vegáætlun fyrir árin 1974—1977. Að sjálfsögðu er ástæðan fyrir því, að m. a. hefur komið til tals að gera sérstaka landbúnaðaráætlun fyrir þetta hérað, sú, að það er í mikilli samgöngulegri einangrun. Ef við ætlum að reyna að tryggja byggðir N.-Þingeyjarsýslu, áður en það verður of seint, verðum við að byrja á því að gera átak til þess að bæta þar samgöngurnar verulega, bæta fjallvegina og tryggja, að menn komist þar á milli byggðarlaga, m. a. með því að vinda bráðan bug að því, að fjármagn, sem kemur að gagni, verði lagt til Melrakkasléttu, svo að eitthvað sé nefnt.

Svo er verið að tala hér um það, — og ég fagna því, sem hv. síðasti ræðumaður sagði um það, — að það væri nauðsynlegt að hugleiða, hvort það ætti að vera áframhald á happdrættisvegafénu. Við höfum lifað það núna, að það er búið að selja hér happdrætti til þess að leggja hringveginn austur á land. Það liggur fyrir hv. Nd. og var fyrsta frv., sem kom fram, að knýja á það, að næsti áfangi, sem tekinn yrði, yrði vegurinn frá Reykjavík til Akureyrar, því að sjálfsögðu er það nauðsynlegt til þess að reyna að tryggja byggðaþróunina og iðnþróun fyrir norðan að koma á almennilegu vegasambandi þarna á milli. En þeir taka þátt í því með glöðu geði, þeir hv. þm. Norðurl., sem fylgja stjórnarliðinu og eru í hinni háu Nd., að svæfa þetta frv. Það kemur ekki fram áhugi hjá þeim á þessu máli, sem hefði þó orðið alveg ómetanlegt

fyrir Norðurland allt, að fá tryggan og varanlegan veg á leiðinni frá Reykjavík til Akureyrar, sem hlýtur að verða næsta stórátak, sem gert verður í samgöngumálum, og fyllilega sambærilegt við átakið, sem gert var til að brúa sandana undir Vatnajökli, — í raun og veru eina vegaframkvæmdin, sem er sambærileg og að mikilvægi miklu þýðingarmeiri. Enginn vafi er á því, að margur yrði til þess að tryggja slíka framkvæmd með sínu sparifé. En um þetta má ekki tala. Þannig er nú staðið að, að jafnvel sumir þm. Norðurl. geta hugsað sér að láta veg við Ísafjarðardjúp sitja þarna fyrir, sem er náttúrlega á allan hátt miklu þýðingarminna verkefni, enda kom sú hugmynd upp síðar en þessi vegur. Má raunar tala langt mál um það, hversu bagalegt það hefur verið Norðurlandi að standa ekki betur í vegasambandi við Suðurland en raun ber vitni. Ég vil í þessu sambandi minna á það, að það hefur komið fram áhugi um það hjá heimamönnum fyrir norðan, að það verði ráðist í þessa framkvæmd. En það eina, sem þeir geta hugsað sér, að við fáum að sunnan, þeir menn, sem nú ráða, það er ótímabær lína, sem mun gefa bæði dýrt og stopult rafmagn og tefja fyrir heilbrigðri uppbyggingu orkuveitna á Norðurlandi.

Herra forseti. Ég hef nú talað um þetta mál öllu lengra mál en ég hafði ætlað mér í upphafi, og má segja kannske, að manni sé vorkunn að eiga nú að takast á hendur það erfiða verkefni að skipta því, sem ekki er til skiptanna. Ég viðurkenni, að ástæðan fyrir því, að þm. verða að taka að sér þetta verkefni, er sú, að það er búið að koma öllum fjármálum ríkisins og raunar þjóðarinnar í heild í algjört öngþveiti. Sú er ástæðan fyrir því, að ekki er myndarlegar að þessu staðið en raun ber vitni. Og nú er svo komið fyrir þeirri hæstv. ríkisstj., sem leggur þetta fram, að hún er sjálf búin að missa lífslöngunina. Við henni blasir ekki annað nú en að taka við því óumflýjanlega, sem alltaf kemur bráðlega að þeim, sem feigir eru. Ef á að bæta eitthvað um það plagg, sem hér er, þá verður það að gerast, — því miður getur það ekki gerst að neinu marki á þessu ári, en það gæti kannske farið svo, að við tækju menn, sem öðruvísi héldu á málum. Þá er það von okkar, að næst þegar þessi vegáætlun kemur til endurskoðunar, verði hægt að auka framkvæmdamagn hennar verulega, þannig að það sé a. m. k. í fyrirsjáanlegri framtíð hægt að búast við því, að það séu sæmilega öruggir og tryggir vegir í miðjum héruðum, sem er miklu meira en hægt er að segja núna, og sums staðar næsta undarlegt, hvernig þolað hefur verið, hvernig að hefur verið staðið.

Umr. frestað.

Efri deild, 106. fundur.

Miðvikudaginn 24. apríl, kl. 2 miðdegis.

Umhverfismál, þáltill. (þskj. 747). — Hvernig ræða skuli.

Að till. forseta var ákveðin ein umr.

Verkfræðingar o. fl., frv. (þskj. 749). — 3. umr.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 11 shlj. atkv. og afgr. til Nd.

Hótel- og veitingaskóli Íslands, frv. (þskj. 752). — 3. umr.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 12 shlj. atkv. og afgr. til Nd.

Vélstjóranám, frv. (þskj. 753). — 3. umr.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 13 shlj. atkv. og afgr. til Nd.

Fiskvinnsluskóli, frv. (þskj. 754). — 3. umr.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 13 shlj. atkv. og afgr. til Nd.

Hússtjórnarskólar, frv. (þskj. 755). — 3. umr.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 14 shlj. atkv. og afgr. til Nd.

Loftferðir, frv. (þskj. 617). — 3. umr.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 12 atkv. og afgr. til Nd.

Atvinnuleysistryggingar, frv. (þskj. 637). — 3. umr.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 14 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 777).

Gatnagerðargjöld, frv. (þskj. 756). — 3. umr.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 13 shlj. atkv. og afgr. til Nd.

Opinberar fjársafnanir, frv. (þskj. 732). — 1. umr.

Flm. (Helgi F. Seljan): Herra forseti. Frv. það til l. um opinberar fjársafnanir, sem ég hef leyft mér að flytja hér, hef ég haft lengi í huga, að þörf væri á að flytja á einhvern hátt inn í Alþ. Aðalástæðan er persónuleg. Persónuleg reynsla mín af hvoru tveggja: aðila, sem að söfnun stendur, og aðila, sem leggur fram sitt frjálsa tillag. Ég hef æ ofan í æ staðið fyrir á minum heimastað söfnunum af ýmsu tagi fyrir ýmsa aðila. Ég hef oft staðið með tugi þúsunda í höndum, skilað þeim af mér með skilagrein, svo sem mér var framast kostur, en án alls eftirlits og umsjónar í allt of mörgum tilfellum. Mér hefur ekki aðeins þótt þetta óviðkunnanlegt, heldur blátt áfram óviðunandi með öllu, og í dag mundi ég ekki taka neina slika söfnun að mér, án þess að ég gæti í lokin sýnt allt á hreinu og sannað með einhverjum hætti, að ég skilaði hverri krónu á réttan stað, sem ég tók við. Sömuleiðis hef ég oftlega, eins og við öll, lagt fram peninga í ýmsu skyni, nær alltaf í góðum tilgangi, en í raun oft litið vitað um hvort tveggja, niðurstöðu söfnunar, skilagrein og ráðstöfun, nema almennt yfirlit í fréttatilkynningu og stundum ekki einu sinni það.

Nú skal ég taka það skýrt fram, að ég er mjög jákvæður gagnvart mörgum slíkum fjársöfnunum og met mikils það oft mikla sjálfboðaliðsstarf, sem að baki liggur, og þann góða hug, sem því fylgir, að ekki sé nú rætt um þann ágæta tilgang, sem söfnunin ber oft með sér.

Hins vegar held ég, að hér vanti ákvæði í lögum, sem ég tel jafnnauðsynleg safnendum sem gefendum. Ég vil því taka skýrt fram að gefnu tilefni utan þings, að frv. er ekki sett fram til höfuðs heilbrigðum og eðlilegum fjársöfnunum, miklu fremur undirstrikun á tilvist þeirra og réttmæti. Ég vil aðeins með þessu máli hafa skýr lagaákvæði, svipuð og eru í lögum víða erlendis. Ég hef fengið til liðs við mig ágætan lögfræðing, Arnmund Bachman, sem hefur kynnt sér lög erlendis þessi mál varðandi og sniðið frv. þetta eftir dönskum l., sem mér er tjáð, að hafi reynst þar vel og safnendur þar séu mjög ánægðir með og þyki sinn hlutur með slíkum lögum betur tryggður í hvívetna, einkum gagnvart óeðlilegri tortryggni og gagnrýni á safnanir og skil þeirra til málefnanna, sem að er unnið.

Við lagasetningu sem þessa, sem hér er lögð til, hljóta að vakna ýmsar spurningar um aðferðir og takmarkanir og því, hvernig markmiðinu megi ná. Þá er rétt að taka það hér fram af minni hálfu, að þetta frv. er enginn algildur mælikvarði á það rétta, nánast till. eða rammi, sem sjálfsagt er að athuga nákvæmlega og sjálfsagt og velkomið frá minni hálfu að færa á ýmsan annan og skynsammlegri veg, ef mönnum svo sýnist.

Ég skal nú stuttlega rekja efni greinanna og skýra tilgang hverrar um sig:

Í 1. gr. er fjársöfnun heimiluð, en jafnframt tekið fram, að minnst 3 menn beri þar á fulla ábyrgð, enda hlýtur það að teljast sjálfsagt.

Í 2. gr. eru skýr ákvæði um það, að lög þessi taki ekki til safnana innan ákveðinna félaga eða samtaka, enda greiður aðgangur allra þeirra, sem innan vébanda félaganna eru, að öllum upplýsingum um söfnunina og sjálfsagt, að hver einstakur félagsskapur hafi fullt frelsi til þess að gangast fyrir hvers konar söfnunum innan sins félags.

Í 3. gr. er kveðið á um tilkynningarskyldu aðila til lögreglustjóra, en þar sem hann er ekki til staðar til viðkomandi yfirvalds á staðnum, og fylgir nánari skilgreining á þeim sjálfsögðu atriðum, sem tilkynningin á að bera með sér. Held ég, að öll þau atriði og meðferð þeirra hljóti í hvívetna að teljast eðlileg frá þeirra hálfu, er fyrir slíkum söfnunum standa, en atriðin, sem í tilkynningunni skulu standa eru: hver standi fyrir fjársöfnuninni, hvenær fjársöfnun skuli fara fram, hvar fjársöfnunin skuli fara fram, hvernig fjársöfnunin skuli fara fram og í hvaða tilgangi fjársöfnunin fer fram.

4. gr. fjallar um leyfi dómsmrn. til opinberra fjársafnana á götum eða í húsum, og einnig er tekið fyrir alla fjársöfnun með keðjubréfum. Mætti raunar taka það til athugunar, hvort keðjubréf ætti ekki að banna með öllu, svo ógeðfelld plága sem þau eru. En það heyrir ekki beint undir þessi lög, ef sett yrðu. Hins vegar mundi það án efa gleðja hjörtu margra, ef slíkt bann væri sett á.

Í 5. gr. eru ákvæði um sérstakan reikning, sem stofnaður er í hverju sérstöku tilefni, og um leið ákvarðað, að óheimilt sé að nota fé í öðrum tilgangi en dómsmrn. hefur veitt leyfi til. Þetta tel ég raunar sjálfsagt. Í hverju félagi eða samtökum er nauðsyn að blanda á engan hátt fé, sem fæst við fjársöfnun í ákveðnum tilgangi, saman við aðra fjármuni félagsins, og besta trygging þessa er að leggja þetta fé inn á sérstakan banka- eða gíróreikning. Engir erfiðleikar ættu að vera á þessu fyrirkomulagi.

6. gr. fjallar um reikningshald yfir söfnunarfé og öll útgjöld við fjársöfnun ásamt ákvæðum um endurskoðun þess. Þetta ákvæði kann að þykja strangt, en þess ber að gæta, að hér geta verið um hundruð þúsunda kr. eða jafnvel millj. að ræða. Mér dettur t. d. í hug rauða fjöðrin hér á árunum, sem skilaði gífurlegu fé, sem ég efa ekki, að hafi á allan hátt skilað sér og sannarlega var varið til góðs málefnis. Hins vegar tel ég, að reikningshald og yfirlit þess eðlis eins og gert er ráð fyrir í 7. gr. hefði verið sjálfsagt gagnvart svo mikilli fjársöfnun og aðeins verið aðstandendum til halds og trausts í hvívetna. Ég nefni þetta dæmi af fullkomnu handahófi, en einnig af því, að ég heyrði svo sannarlega leiðinlega tortryggnisrödd gagnvart þessari söfnun og skilum hennar, — tortryggnisrödd, sem ég er sannfærður um, að var óverðskulduð með öllu, en hefði verið kveðin rækilega niður með því fyrirkomulagi, sem hér er lagt til.

Að þessu sjálfsagða öryggi og upplýsingum, jafnt fyrir safnendur sem gefendur, lýtur 7. gr. um birtingu reikningsyfirlits á einhvern þann hátt, sem þar er til greint. Þó eru vægari ákvæði um þessa birtingarskyldu sé söfnunarfé innan við 100 þús. kr., enda verður það að teljast eðlilegt, þegar um svo smáar upphæðir er að ræða. Einnig er minnt á tilkynningu um hið sama til viðkomandi yfirvalds, sem leyfið hefur gefið.

Undantekningar eru svo nánar skilgreindar í 8. gr. Ég hygg, að þessar 3 undantekningar teljist allar svo sjálfsagðar, að þær þarfnist varla skýringa. Allt er þetta a. m. k. í samræmi við dönsku löggjöfina, sem frv. þetta er samið eftir. 1. liðurinn er reyndar þess eðlis, að um hann þyrfti e. t. v. ekki að setja neinar reglur eða ákvæði. 2. liðurinn kveður á um skyldu dagblaðs til að birta viðurkenningu þess, sem fær fé það í hendur, er safnast hefur, og birt sé skrá allra gefenda, svo að öll nánari fyrirmæli ættu að vera óþörf. Hvað 3. liðinn snertir, þá verður að ætla þjónum drottins hér á jörð trygga varðveislu og skil veraldlegra fjármuna, ekki síður en þeirra andlegu verðmæta, sem þeim eru fólgin til varðveislu og útlistunar.

Í 9. gr. er fram tekið, að dómsmrn. geti sett nánari reglur um framkvæmd l., og 10. gr. fjallar um sektarákvæði, sem hljóta að teljast jafneðlileg hér sem annars staðar.

Frekari skýringar á frv. þessu tel ég óþarfar. Hitt ætti að vera fullljóst öllum af mínum orðum hér að framan, að ástæður flutningsins eru þær tvær helstar: að fá hér einhverja löggjöf sem líkasta því, er gildir í okkar nágrannalöndum, og tryggja, að fjársafnanir lúti eðlilegu og heilbrigðu eftirliti, en séu jafnframt í raun lögverndaðar.

Ég sagði áðan, að frv. mætti eflaust á ýmsan veg breyta, draga úr eða auka við hin ýmsu ákvæði þess. En að lokum vil ég enn taka skýrt fram, að þó að ég persónulega sé ekki hrifinn af öllum þeim söfnunum, sem yfir fólk dynja, og áliti, að samfélagið, ríkisvaldið eigi sem best að tryggja það, að þær séu óþarfar, einkanlega þær, sem bestar eru og hafa göfugastan tilgang, þá hygg ég, að fólk yfirleitt telji þær sjálfsagðar og oft fljótvirkustu leiðina til að ná ákveðnu settu markmiði og því eigi að gera hvort tveggja, lögvernda þær, en tryggja jafnframt eins og best verður á kosið örugga framkvæmd og örugg skil.

Ég tel því frv. vera jákvætt fyrir slíka starfsemi. Það er flutt í þá veru, og ég hygg, að mörgum safnendum muni reynast lög af þessu tagi góð stoð síðar meir, ef frv. þetta nær fram að ganga.

Ég vil svo, herra forseti, leyfa mér að óska, að að lokinni þessari umr. verði frv. vísað til 2. umr. og allshn.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 11 shlj. atkv. og til allshn. með 13 shlj. atkv.

Sjóður til aðstoðar við drykkjusjúka, frv. (þskj. 748). — 1. umr.

Flm. (Oddur Ólafsson): Herra forseti. Frv. það, sem ég flyt og er hér til umr., gæti reyndar alveg eins heitið frv. til l. um húf- og ábyrgðartryggingu gegn skemmdum af völdum brennivíns. Það, sem hér er um að ræða, er það, að hver sá, sem sterkt vín kaupir, greiðir nokkuð gjald í sjóð, sem ætlað er að koma til hjálpar þeim, er verða fyrir áföllum vegna brennivínsdrykkju. Þannig kaupir sá, er gjaldið greiðir, ekki einungis kaskótryggingu fyrir skemmdir á sjálfum sér, heldur einnig ábyrgðartryggingu fyrir þá, sem hann kynni að skemma með því að veita þeim vín af innkaupunum.

Nú má til sanns vegar færa, að það sé vafasamt að vera að leggja til hækkun á vöruverði á þessum síðustu verðhækkunartímum. En því er til að svara, að allir geta verið án þessarar vöru, og athyglisverðast er, að því fleiri sem guggna á því að kaupa, því betra, bæði fyrir þá sjálfa, fyrir aðstandendur þeirra, fyrir atvinnurekendur þeirra og fyrir þjóðfélagið í heild. Ef þeir hins vegar, þrátt fyrir hið háa verð, ganga samt til kaupanna, þá eru þeir um leið að skapa möguleika til árangursríkari aðgerða gegn þeim vanda, sem áfengisneysla skapar. Annars er það vafasamt að tala um hátt verð á sterku víni. Sannleikurinn er sá, að 1937, þegar tímakaupið var kr. 1.45 og brennivínið kostaði kr. 8.50, tók það ekki færri klukkutíma að vinna fyrir brennivínsflöskunni en það mun gera eftir þessa hækkun, ef úr verður.

Varla þarf að lýsa þeim geigvænlega vanda, sem brennivínsdrykkja veldur hér á landi. Um það hafa verið haldnar margar slyngar ræður hér á hinu háa Alþingi. Það ískyggilegasta er þó, að brennivínsdrykkja virðist stöðugt fara vaxandi. Mun þar um vafalaust valda nokkru hin stóraukna velgegni síðustu áratuga og þá ekki síst aukin fjárráð unglinga. Nýlegar athuganir virðast leiða í ljós, að ógift fólk drekkur um 50% meira en hjón og að fráskildir drekka um 100% meira. Þetta á við um aldursflokkinn 20—49 ára. Þannig virðast félags- og fjölskylduástæður ráða allmiklu um drykkjusiði. Háskólamenntaðir nota minna magn af áfengi á áðurnefndu aldursskeiði en þeir, sem aðeins hafa lokið skyldunámi, en þó er það svo, að meðal langskólagenginna virðast vera aðeins fleiri drykkjusjúklingar en meðal þeirra, sem stutta skólagöngu hafa. Þetta bendir til þess, að drykkjusiðir þeirra langskólagegnu séu á annan veg, þannig að þeir drekki oftar, en minna magn í einu. Talið er, að á aldursskeiðinu 20—49 ára hafi 9% karla einkenni um drykkjusýki og 3.1% kvenna. Það, sem kemur þó e. t. v. mest á óvart, er það, að í aldursflokknum 20—49 ára eru 13% bindindisfólk, 8% af karlmönnum og 17% af konum. Talið er, að gáfur megi sín lítils í þessu efni. Fólk virðist drekka nokkuð jafnt í heimahúsum og á vinnustöðum, en minna en 1/2% drekkur áfengi á vinnustað. Við könnun kemur í ljós, að miklar fjarvistir eru frá vinnu vegna áfengisneyslu.

Í raun og veru höfum við aldrei drukkið mikið heildarmagn af áfengi miðað við nágrannaþjóðir okkar. Þar stöndum við eins og í fleiru vafalaust í þakkarskuld við okkar konur. Þær hafa fram undir það síðasta drukkið mjög lítið, enda lifa þær að meðaltali 5—6 árum lengur en við karlarnir. Nú er því miður að verða á þessu veruleg breyting til hins verra. Drykkja kvenna fer nú vaxandi árlega. Annars er fróðlegt að kynna sér drykkju Íslendinga. Um hana liggja fyrir skýrslur allt frá 1881, þá drukku Íslendingar 2.38 lítra af 100% áfengi á ári. Þetta fór svo minnkandi. Á árunum 1911—1940 fór drykkjan aldrei fram úr 0.9 lítrum á mann á ári. Á árunum 1960—1964

var magnið frá 1.71 lítra og upp í 1.97 á ári, allt miðað við 100% áfengi, 1965 fór það yfir 2 lítra, í 2.07 lítra, og upp í 2.38 lítra 1967. Á erfiðleikaárunum 1967 og 1968 minnkar drykkjuskapur aftur niður í 2.11 lítra og 2.17. Það þýðir, að á erfiðleikaárunum 1968 og 1969 minnkar áfengisneysla um á milli 10 og 20%, en árið 1971, þegar farið er að rétta við, þá er hún um 20—30% meiri en 1968. 1973 er svo metár í drykkjunni, þá drukkum við 2.54 lítra af sterku víni og 0.34 lítra af léttum vínum, samtals 2.80 lítra. Alls drukkum við því á þessu herrans ári 1973 1 287 763 lítra af sterku víni og greiddum fyrir áfengi 2 056 791 720 kr. Neysluaukning á síðasta ári varð 2.5%.

Hildigunnur Ólafsdóttir cand. polyt gerði könnun áfengisneyslu unglinga í Reykjavík árið 1972. Sú könnun leiðir margt athyglisvert í ljós. Hún var mjög vel og nákvæmlega framkvæmd, langur og mikill spurningalisti lagður fram og síðan talað við fólkið. Af 13—17 ára unglingum höfðu 63.1% neytt áfengis. Fleiri stúlkur en piltar, eða 64.5% af stúlkum, en 61.5% af piltum. Þeim mun eldri sem unglingarnir voru, þeim mun meiri líkur voru fyrir því, að þeir hefðu neytt áfengis. Rúmlega þriðjungur 13 ára unglinga hefur neytt áfengis. Við 14 ára aldur hafa um það bil 40% pilta og rúmlega 50% stúlkna neytt áfengis og við 15 ára aldur 67% pilta og og 75% stúlkna. Aftur á móti við 17 ára aldurinn taka piltarnir forustuna, þá hafa 93.9% pilta neytt áfengis, en aðeins 72.2% 17 ára stúlkna. Það er athyglisvert, að fleiri 15 og 16 ára stúlkur hafa neytt áfengis en 17 ára stúlkur. Kann það að byggjast á því, að það sé algengara nú en var fyrir 2—3 árum, að stúlkur drekki. Könnun, sem gerð var 1970, sýndi, að 38.5% 15 ára pilta og 24.2% 15 ára stúlkna höfðu neytt áfengis. Hildigunnur segir, að það sé sérstök ástæða til þess að vekja athygli á því, að það er algengara 1972 en 1970, að stúlkur neyti áfengis.

Sú tilgáta er talin sennileg, þótt hún verði ekki sönnuð, að verulegar breytingar hafi orðið á undanförnum áratugum á áfengisneyslu og áfengisvenjum kvenna. Líta verður svo á, að viss áfengisneysla fylgi ekki lengur hlutverki karla eingöngu, heldur sé hluti af hlutverki konunnar. Staða konunnar í þjóðfélaginu og kvenhlutverkið hefur breyst, og er breyting á áfengisvenjum aðeins hluti af þeirri breytingu. Ef þetta er haft í huga, verður að teljast sennilegt, að stúlkur byrji fyrr að neyta áfengis, því að þær þroskast fyrr en piltar.

Margt fleira athyglisvert kemur í ljós og kemur fram í rannsókn Hildigunnar, svo sem um tíðni drykkju, um magn drykkju, um áfengisdauða unglinga, um drykkjusvæði og kyn, um vitneskju foreldra, um útvegun áfengis, um borgunaraðila, um útvegun jafnaldra og um viðhorfin til áfengisneyslu. Varðandi viðhorfin virðist svo, að meirihluti þeirra unglinga, sem drekka, séu í raun og veru andvígir áfengisneyslu, þó síður stúlkur en piltar.

Segja má, að verulegur hluti drekki áfengi til að fylgjast með félögum sínum og til þess, eins og talið er, að verða sér ekki til skammar, vera ekki öðruvísi en aðrir.

Þessar kannanir, sem farið hafa fram upp á síðkastið, benda eindregið til þess, að vaxandi hluti okkar fólks á starfsaldri og yfir hafi nokkuð greinileg merki um drykkjusýki. Eins og kom fram áðan, er það samkv. nýrri könnun, að á aldursskeiðinu 20—49 ára eru það 9% af körlum og um 3.1% af konum og fyllilega má búast við því, að %-talan, einkum hjá konum, eigi eftir að hækka á næstu árum. Í tilefni þess, hve hér er um alvarlegt heilbrigðis- og félagslegt vandamál að ræða, hef ég borið fram frv., sem hér um ræðir, og 1. gr. þess hljóðar svo:

„Af hverri þriggja pela flösku af sterku víni, sem Áfengisverslun ríkisins selur, skal í næstu 10 ár greiða gjald að upphæð 100 kr. og hlutfallslega af öðrum flöskustærðum. Gjald þetta skal renna í sérstakan sjóð til varnar gegn drykkjusýki. Sjóðurinn skal vera í vörslu Tryggingastofnunar ríkisins."

Eins og ég hef áður getið um, er hér aðeins tekið gjald af þeim, sem kaupa vín, og er það gert til þess að bæta úr því slæma ástandi, sem nú er í aðbúð og lækningaaðstöðu gegn drykkjusýki og enn fremur slæmum fjárhagsaðstæðum þeirra, sem vinna að áfengisvörnum. Öllum hefur verið á undanförnum árum ljóst, að hér þyrfti um að bæta, en það er nú svo, að tiltæk ráð hafa ekki komið enn. Þetta er hvarvetna um heiminn mikið vandamál. Drykkjusýkin er erfið lækningar, og yfirleitt er baráttan erfið, torsótt og þarf mikið þolgæði til þess að vinna að málum drykkjusjúkra.

2. gr. frv. fjallar um, hvað skuli gert við sjóðinn.

„Fé því, sem rennur í sjóð til varnar gegn drykkjusýki samkv. 1. gr., skal varið til lána og styrkveitinga til félagasamtaka og einstaklinga, er vinna að því að hamla gegn skaðlegum áhrifum áfengis. Veita má lán og styrki til þess að koma á fót og reka afvötnunar- og ráðleggingarstöðvar fyrir drykkjusjúka, svo og vinnu- og endurhæfingarstöðvar. Þá er og heimilt að verja allt að 10% árstekjum sjóðsins til styrktar þeim, er reka áróður gegn áfengisneyslu. Lán og styrkir úr sjóðnum til stofnana mega nema allt að 75% af stofnkostnaði."

Á undanförnum árum hefur hið opinbera gengist fyrir stofnun drykkjuhæla. Verið er nú að reisa hæli fyrir drykkjusjúka. En það vantar bæði framan við og aftan við, það vantar eins konar slysavarðstofu, þar sem hægt er að taka inn fulla einstaklinga, láta renna af þeim, rannsaka þá og veita þeim ráðleggingar, láta þá gangast undir athugun hjá félags- og sálfræðiráðgjöfum og á þann hátt reyna að hafa áhrif bæði á einstaklingana og heimili þeirra. Þetta er talið mjög nauðsynlegt, og er í raun og veru ósköp einkennilegt, að við skulum ekki þegar hafa þessa aðstöðu fyrir hendi. En það er ekki sýnileg lausn á þessu vandamáli í náinni framtíð, og þess vegna lít ég svo á, að stofnun slíks sjóðs sem þessa gæti kippt þessu máli í lag á tiltölulega stuttum tíma.

Enn fremur er það mikið vandamál, hvað við tekur, þegar drykkjusjúkir koma af hælum. Þá er vitað, að það eru oft vandkvæði fyrir þá að fá starf við sitt hæfi. Það eru vandkvæði að vita, til hvers þeir eru hæfir eftir þau áföll, sem þeir hafa fengið. Til þess eru vinnu- og endurhæf-

ingarstöðvar, og lagt til, að hluti af sjóðnum geti runnið til byggingar og rekstrar slíkra stöðva.

Í 3. gr. segir:

„Heilbrrh. tekur ákvarðanir um lán- og styrkveitingar úr sjóðnum að fengnum till. Tryggingaráðs. Tryggingastofnun ríkisins setur reglugerð um lánakjör sjóðsins og hlutfall milli lána og styrkja. Einnig skal hún samþ. starfsreglur þeirra aðila, er aðstoðar njóta."

Tryggingaráð hefur í sinni vörslu fjölda sjóða. Tryggingaráð er þingkjörin n. og er fyllilega trúandi til þess að gera það besta, sem unnt er í þessum málum, og er nauðsynlegur aðili til að hafa „kontroll" með, hverjir fá aðstoð og hvernig aðstaða þeirra er, sem fá aðstoð úr sjóðnum, hvort þeir geti tryggt, að féð, sem varið er til starfsemi þeirra, komi að notum. Sjálfsagt þykir, að þetta heyri undir heilbrrh., þar sem hann hefur með þessi mál að gera.

4. gr. hljóðar svo:

„Áfengisverslun ríkisins er heimilt að hækka verð á sterkum drykkjum um sömu upphæð og nemur framlagi til sjóðsins. Hækkunin skal ekki hafa áhrif á k-vísitölu."

Þetta hef ég getið um áður. Verðhækkana gjalda eingöngu þeir, sem vínið kaupa, og ef eitthvað minnkar um innkaup, þá er það aðeins til hagsbóta fyrir almenning í landinu og reyndar fyrir ríkissjóðinn ekki síður en aðra. Að þetta hafi ekki áhrif á vísitölu, er margrætt mál og má heita sjálfsagt.

5. gr. hljóðar svo:

„Sjóðnum er ekki ætlað að veita lán eða styrk til þeirra stofnana, sem ríkið rekur til hjálpar drykkjusjúkum, heldur stuðla að viðbót við þær aðgerðir."

Eins og ég hef áður getið um, er ríkið að byggja drykkjumannahæli, og það rekur drykkjumannahæli. Það, sem vantar, er bæði framan og aftan við, og sjóðurinn á fyrst og fremst að bæta úr þeirri vöntun, sem fyrir hendi er, en ekki minnka framlag ríkisins, sem nú er, til byggingar hæla og annarrar starfsemi fyrir drykkjusjúka.

Herra forseti. Ég legg svo til, að að loknum umr. verði frv. vísað til heilbr.- og trn.

Helgi F. Seljan: Herra forseti. Þetta skulu vera aðeins örfá orð. Ég vil alveg sérstaklega þakka flm. þessa frv., hv. þm. Oddi Ólafssyni, fyrir þær stórfróðlegu upplýsingar, sem hann veitti hér áðan um ýmislegt, sem varðar okkar áfengismál, og sumt af því, sem mér var reyndar ekki kunnugt áður, sérstaklega um samanburð þann ýmsan, sem hann rakti vel og rækilega. Ég vil einnig þakka honum fyrir þann áhuga, sem ég veit, að hann hefur á þessum málum, einmitt sérstaklega varðandi þetta frv., sem hann hefur hér flutt, um stofnun sjóðs til aðstoðar við drykkjusjúka.

Ég get aldrei stillt mig um það, þegar áfengismál bera á góma, að segja örfá orð um þau. Þau verða aldrei ofrædd. En umr. gera vitanlega lítið gagn. Það eina jákvæða í því eru aðgerðir, raunhæfar aðgerðir. Þær aðgerðir getum við nú víst varla komið okkur saman um hér á Alþingi, a.m.k. ekki þær aðgerðir, sem ég er í raun og veru farinn að halda, að einar dugi og geti einar gert eitthvert gagn, þ.e.a.s. nógu róttækar og fyrirbyggjandi aðgerðir.

Hvað eina, sem jákvætt er gert í þessum málum, styð ég vitanlega eindregið. Það ber svo sannarlega að styrkja þetta fólk, sem þarna er um að ræða, sjúklinga, sem hafa orðið fyrir þessu mikla böli.

En vitanlega er það, sem gildir, hinar fyrirbyggjandi aðgerðir. Það er það, sem þarf að gera til þess að koma í veg fyrir, að þetta fólk verði drykkjusjúkt, til að koma í veg fyrir þann gegndarlausa drykkjuskap, sem hér á landi er. Því er það, að ég fagna því alveg sérstaklega í þessu frv., sem stendur í 2. gr. þess, um það, að fé, sem rennur í þennan sjóð, skuli varið til lán- og styrkveitinga til félagasamtaka og einstaklinga, sem vinna að því að hamla gegn skaðlegum áhrifum áfengis, og einnig heimild til þess að verja ákveðnum hundraðshluta af ársteknum sjóðsins til styrktar þeim, er reka áróður gegn áfengisneyslu.

Ég vil sem sagt taka undir þetta frv. Hvað eina, sem reynt er að gera í því efni, bæði að styðja þetta fólk og þá að vekja aðra til umhugsunar um vanda þess, hlýtur að vera jákvætt, en hitt er svo annað og verður aldrei of oft sagt, að það, sem okkur vantar í þessum efnum, eru raunhæfar fyrirbyggjandi aðgerðir til að koma í veg fyrir þann gegndarlausa drykkjuskap, sem þjáir okkar þjóðfélag.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 11 shlj. atkv. og til heilbr.- og trn. með 11 shlj. atkv.

Efri deild, 107. fundur.

Miðvikudaginn 24. apríl, að loknum 106. fundi.

Tannlækningar, frv. (þskj. 576, n. 757). — 2. umr.

Frsm. (Helgi F. Seljan): Herra forseti. Þetta frv. er komið frá Nd. og tók þar töluverðum breyt., sem þó kom í ljós, að ekki hefðu um sumt verið réttar eða nægar af hálfu ýmissa þeirra aðila, sem þar fjölluðu nánast um málið. Það kom því í hlut n. í Ed. að kanna þessi mál enn nánar, og var það sannarlega mikið verk og ærin lífsreynsla, svo mikið djúp sem reyndist milli ýmissa aðila, sem þetta mál snertir á einhvern hátt. Þetta bil höfum við eftir bestu getu og samvisku reynt að brúa. Við það eru brtt. okkar miðaðar, hvernig sem þar hefur til tekist.

Tvö voru okkar höfuðvandamál. Annað snerti 6. gr. um sérfræðileyfi. Í upphaflegri gerð frv. var gert ráð fyrir sérstakri n., sem fjallaði um reglur um leyfi þessi, þar sem deildarforseti tannlæknadeildar háskólans yrði form., en Tannlæknafélag Íslands tilnefndi 2 menn, ásamt frekari skilgreiningu á útfærslu þeirrar n. Nd. breytti þessu á þann veg, að tannlæknadeild háskólans skyldi ein setja þessar reglur.

Sem von var, þótti tannlæknum, að þessi

breyt. færði aftur á bak, hvað rétt þeirra snerti, og óskuðu ákaft einhverrar breyt. í þá átt til hins upprunalega í frv.

Við reyndum að finna hér millileið, og niðurstaðan liggur hér fyrir í nál. okkar, og verðum við að vænta þess, að allir séu sæmilega sáttir við þetta ákvæði nú, þótt hvorugur aðili sé það eflaust fullkomlega. Við leggjum til, að 6. gr. orðist svo:

„Enginn tannlæknir má kalla sig sérfræðing, nema hann hafi fengið til þess leyfi ráðh. Ráðh. staðfestir reglur um nám sérfræðinga, sem skulu settar af n., er ráðh. skipar. Sú n. skal einnig fjalla um umsóknir um sérfræðileyfi. N. skal þannig skipuð, að landlæknir er form. hennar, en einn nm. skal tilnefndur af Tannlæknafélagi Íslands og annar af tannlæknadeild Háskóla Íslands til þriggja ára í senn. Með sama hætti skal einnig tilefna tvo sérfróða tannlækna til þátttöku með n. í meðferð einstakra mála, er varða sérgrein þeirra, og fá þeir þá einnig atkvæðisrétt í n. Tannlæknir á rétt til að kalla sig sérfræðing, ef hann sannar fyrir n., að hann hafi lokið sérfræðinámi í sérgrein, sem viðurkennd er samkv. fyrrnefndum reglum."

Í upphaflega frv. var þetta eins að öðru leyti en því, að Tannlæknafélag Íslands fékk tvo fulltrúa, en nú einn, og landlæknir er þarna sem oddamaður.

Annað það atriði, sem olli nm. hálfu meiri höfuðverk, snerti 8. og 9. gr. frv. og þá reyndar aðeins hvað eina starfsstétt varðaði, þ. e. tannsmiði. Í ljós kom, að nýlega hefur verið sett reglugerð um tannsmiði sem tæknimenntaða heilbrigðisstétt, en jafnframt er verið að undirbúa það, að tannsmiðir fái sveinsbréf og meistarabréf og tilheyri þannig hreinum iðnaðarmönnum. Þennan vanda gat n. ekki leyst eða þann mismun, sem hér er á túlkun milli rn., enda alls ekki í okkar verkahring. Tannsmiðir sendu alþm. bréf og vildu hreinlega hvergi inn í þetta frv. koma, og höfum við, að svo miklu leyti sem mögulegt og réttlætanlegt er, tekið tillit til þess, m. a. með því að fella niður upptalningu á sérhæfðu starfsfólki í 8. gr., þó að vitanlega hljóti tannsmiðir að tilheyra þessu sérhæfða starfsfólki, sem tannlæknum er heimilt að hafa, einkum þar sem nýsett reglugerð er staðfesting á því, að þeir tilheyri hinum tæknimenntuðu heilbrigðisstéttum. Þessi breyt. er því hrein orðalagsbreyt. eða orðalagsniðurfelling, en þó þótti þetta rétt.

Varðandi 9. gr. hafði rn. strax í Nd. gert till. um algjöra umorðun gr., einkum af því að tannsmiðum þótti of nærri sér höggvið með því orðalagi, sem var í frv., eins og það kom frá Nd.

Skilningur þeirra á gr. var nánast sá, að þeim væri með henni gert ókleift að reka sjálfstæða starfsemi, þó að tannsmiðir viðurkenni eðlilega, að verkefni þeirra séu almennt bundin tilvísan tannlækna. Við tókum það ráð að nota að okkar dómi þetta skynsamlega orðalag rn., — vitum, að tannsmiðir telja það í áttina, þó ekki fullnægjandi. Þar kemur aftur inn á mál, sem fjarstæða væri að ætla þingnefnd úr að skera, þar hljóta ráðuneytin að verða til að koma og binda enda á deilu, sem virðist viðkvæm og verður án efa torleystari, því lengur sem dregst að skera á hnútinn.

Orðalag 9. gr. er þá svo, eins og segir í nál. okkar:

„Sérhæft starfsfólk samkv. 8. gr. hefur ekki heimild til að taka að sér, án tilvísunar tannlæknis sjálfstæð verkefni á sviði tannlækninga. Hverjum öðrum en tannlæknum og sérhæfðum starfsstéttum við tannlækningar er óheimilt að vinna nokkurt það verk, sem undir tannlækningar heyrir."

Að öðru leyti en þessi tvö atriði snertir mælir n. eindregið með samþykkt frv., eins og það er komið frá Nd. N. vonar, að hv. d. geti fallist á þessar breyt., sem n. gerir að mjög vel athuguðu máli, og er nánast varla hægt að finna aðrar leiðir, sem frekar væri hægt að hugsa sér til samkomulags milli aðila.

Oddur Ólafsson: Herra forseti. Í sambandi við þá breyt., sem n. gerði, að landlæknir yrði form. 3 manna n., er ákvarðaði um sérfræðingsréttindi, þá kom fram sá ótti, að landlæknir kynni ekki að geta mætt þarna vegna anna og þá væri tilviljunum háð, hvern hann skipaði í sinn stað. N. var, held ég, einróma í því áliti, að landlæknir gæti ekki skipað mann í sinn stað, ef hann treysti sér ekki til að mæta á fundum. Ég óska eftir, að þetta komi hér fram, vegna þess að þetta er nokkurt viðkvæmnismál. Ef landlæknir mætir ekki, eru það aðeins þeir tveir, sem fara með þessi mál, fulltrúi frá tannlæknadeild og fulltrúi frá Tannlæknafélaginu. En þetta er líka gert vegna þess, að landlæknir er í raun og veru yfirmaður þessarar stéttar. Okkur fannst eðlilegt, að hann yrði form. þessarar n., og við höfum ekki trú á öðru en að hann geti á samviskusaman og hlutlausan hátt gegnt sínu starfi þarna.

Ég vil aðeins benda á þetta, að við vorum sammála um, að hann gæti ekki kallað mann inn í sinn stað.

ATKVGR.

1. gr. samþ. með 11 shlj. atkv.
2.—5. gr. samþ. með 11 shlj. atkv.
Brtt. 757,1 (ný 6. gr.) samþ. með 12 shlj. atkv.
7. gr. samþ. með 12 shlj. atkv.
Brtt. 757,2 samþ. með 12 shlj. atkv.
8. gr., svo breytt, samþ. með 12 shlj. atkv.
Brtt. 757,3 (ný 9. gr.) samþ. með 12 shlj. atkv.
10.—17. gr. samþ. með 12 shlj. atkv.
Ákvæði til bráðabirgða samþ. með 12 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 12 shlj. atkv.

Efri deild, 108. fundur.

Miðvikudaginn 24. apríl, að loknum 107. fundi.

Tannlækningar, frv. (þskj. 778). — 3. umr.

Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði samþ. með 12 shlj. atkv.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 12 shlj. atkv. og endursent Nd.

Neðri deild, 111. fundur.

Miðvikudaginn 24. apríl, kl. 2 miðdegis.

Iðntæknistofnun Íslands, frv. (þskj. 569). — Frh. 1. umr.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 22 shlj. atkv.

Málflytjendur, frv. (þskj. 745, 558, 759). — 3. umr.

Svava Jakobsdóttir: Herra forseti. Ég hafði ásamt 3 hv. þm. öðrum úr allshn. flutt till. við 2. umr., sem var tekin aftur til 3 umr. til þess að reyna að ná samstöðu um meginefni hennar.

Það kom í ljós við umr. um þetta mál, að ýmsir þm. voru fylgjandi því meginatriði, að komið yrði á fót lögfræðiþjónustu fyrir efnalítið fólk eða réttarhjálp, eins og hún hefur oft verið nefnd. Upphaflega till. gerði hins vegar ráð fyrir ýmsum atriðum, sem ollu ágreiningi. Skoðanir voru t. d. skiptar um það, hvort slík réttarhjálp ætti að vera á vegum Háskóla Íslands eða einhvers annars aðila. Það voru einnig skiptar skoðanir um það, hvort slík réttaraðstoð ætti að ná til sjálfs málflutningsins fyrir dómi eða hvort reglur um gjafsókn og gjafvörn, sem fyrir hendi eru, væru nægilegar. Ég mat aðstöðuna þannig, að ekki væri rétt eða heppilegt málsins vegna, að till. yrði felld hér á hv. Alþ. og vegna slíks ágreinings væri þannig komið í veg fyrir eða tafin sú nauðsynlega þjónusta, sem hér verður að koma.

Það hefur farið svo, að allshn. þessarar hv. d. varð sammála um meginefni þess að festa í lög, að nú þegar yrðu gerðar ráðstafanir til þess að koma á fót réttarhjálp. Við höfum því umorðað till., og hún er nú borin fram af n. allri. Hún hljóðar svo með leyfi hæstv. forseta:

„Dómsmrn. skal gera ráðstafanir til þess, að athugaðar verði leiðir til þess að koma á fót lögfræðiþjónustu fyrir efnalítið fólk óháðri gjaldskrá Lögmannafélags Íslands.“

Ég hygg, að numin hafi verið á brott öll minni háttar atriði, sem ágreiningi gætu valdið, í þessari hv. d. Samkv. þessari till. er það á valdi dómsmrn. að athuga þær leiðir, sem heppilegastar kunna að vera, og geta þeir hv. þm., sem áhuga hafa á þessu máli, haft áhrif þar á og komið þar á framfæri sjónarmiðum sínum.

Ég legg áherslu á, að þessi till. er fram borin til þess, að þetta mikla nauðsynjamál fyrir efnalítið fólk verði ekki alveg drepið hér í þinginu. Það væri ekki sanngjarnt að segja, að allir flm. fyrri till. væru ánægðir með að hafa dregið talsvert í land. Það hefði verið æskilegt að fá samþykkta till., sem hefði hreinlega bundið í lög þessa þjónustu, til þess að unnt væri að koma henni á fót nú þegar. Afstaða okkar réðst alls ekki af því, að við teldum, að fyrri till. hefði verið vanhugsuð, eins og hv. 4. þm. Vesturl. virtist halda, þegar hann talaði við 2. umr. þessa máls. Fyrir okkur vakir það eitt að afla þessu nauðsynjamáli sem mests fylgis. Það er því í þjónustu málstaðarins eins, sem við höfum farið þessa leið, og við væntum þess, að þessi hv. þd. geti fylgt allshn. að máli í þessu efni.

ATKVGR.

Brtt. 558 tekin aftur.
— 759 samþ. með 21 shlj. atkv.
Frv., svo breytt, samþ. með 22 shlj. atkv. og afgr. til Ed.

Dýralæknar, frv. (þskj. 621). — 3. umr.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 21 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 786).

Mat á sláturafurðum, frv. (þskj. 744). — 3. umr.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 21 shlj. atkv. og endursent Ed.

Landsvirkjun, frv. (þskj. 432, n. 711). — 2. umr.

Frsm. (Eðvarð Sigurðsson): Herra forseti. Mál þetta er komið frá Ed. og var afgreitt þar samhljóða og óbreytt. Iðnn. leggur til, að frv. verði samþ. óbreytt.

ATKVGR.

1. gr. samþ. með 21 shlj. atkv.
2. gr. samþ. með 21 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 23 shlj. atkv.

Aðstoð við kaupstaði og kauptún vegna landakaupa, frv. (þskj. 510, n. 741). — 2. umr.

Frsm. (Hannibal Valdimarsson): Herra forseti. Mál þetta er komið frá hv. Ed. og var þar samþ. án ágreinings. Þetta mál hefur svo verið athugað í félmn. þessarar hv. d., og mæla nm. einróma með samþykkt þess. Fjarverandi við afgreiðslu málsins var Ágúst Þorvaldsson. N leggur til, að málið verði samþ. óbreytt.

ATKVGR.

1. gr. samþ. með 22 shlj. atkv.
2. gr. samþ. með 22 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 22 shlj. atkv.

Áhrif olíuverðhækkana á hitunarkostnað íbúða, frv. (þskj. 606, n. 766, 698). — 2. umr.

Of skammt var liðið frá útbýtingu nál. — Afbrigði samþ. með 21:1 atkv.

Frsm. (Karvel Pálmason): Herra forseti. Fjh.- og viðskn. þessarar hv. d. hefur, eins og fram kemur í nál., rætt þetta mál á nokkrum fundum og hefur fengið á fundi til sín ráðuneytisstjóra í viðskrn. og forstjóra Olíufélagsins h/f, og gáfu þeir nm. þær upplýsingar, sem um var beðið.

Eins og fram kemur í nál., eru nm. í fjh.- og viðskn. sammála um, að þetta mál nái fram að ganga. Þó gera tveir nm., þeir Matthías Á. Mathiesen og Ásberg Sigurðsson, grein fyrir því sjónarmiði sínu, að þeir telja, að fremur hefði borið að greiða niður olíu til upphitunar íbúðarhúsnæðis, miðað við það olíuverð, sem var í október s. l., og eins og fram kemur, þá áskilja þeir sér því rétt til þess að flytja eða fylgja brtt. þar um.

Ég held, að ekki sé ástæða til þess að fara öllu fleiri orðum um þetta. Við 1. umr. málsins hér í d. urðu talsverðar umr., og að vísu komu fram mismunandi sjónarmið. Ég gat þess í þeim umr., að þrátt fyrir það að ég væri í meginatriðum fylgjandi frv., eins og það var lagt fram, teldi ég ástæðu til að gera þar á breyt. um það að huga frekar að því fólki, sem eingöngu hefur lífeyri samkv. almannatryggingalögum sér til framfæris. Nm. í fjh.- og viðskn. hafa fallist á þetta sjónarmið, og eins og fram kemur í nál., mun fjh.- og viðskn. við 3. umr. þessa máls hér í d. bera fram brtt. um þetta. En sem sagt fjh. og viðskn. er fylgjandi því og mælir með því, að mál þetta nái fram að ganga.

Matthías Á. Mathiesen: Herra forseti. Orkumál hafa mjög verið á dagskrá á Alþ. í vetur, ekki síst eftir þá geigvænlegu hækkun, sem á olíu varð s. l. haust, en olíuverð hefur nú meira en tvöfaldast miðað við verð á olíu í nóvembermánuði s. l.

Sjálfstæðismenn hafa gert þessi mál hér að umræðuefni og rituðu m. a. ríkisstj. bréf varðandi þetta vandamál 30. jan. s. l. og bentu þar á, hversu miklar hækkanir sá hluti þjóðarinnar, sem notar olíu til húshitunar, yrði á sig að taka vegna hinna miklu hækkana í sambandi við þennan eina útgjaldalið, og lýstu sig reiðubúna til að taka upp viðræður við ríkisstj. um tiltækar leiðir til að jafna aðstöðu manna, þann aðstöðumun, sem skapast hafði vegna hækkunar á olíuverðinu og mundi aukast, eins og fram hefur komið.

Fyrr á þessu þingi voru afgr. lög um öflun fjár til að mæta þessum miklu útgjöldum, og nú liggur fyrir frv. um það, með hvaða hætti deila skuli þeim tekjum, sem það frv. gerði ráð fyrir, að aflað yrði.

Eins og fram kemur í nál. fjh.- og viðskn. og frsm. n. gerði grein fyrir hér áðan, eru allir nm. sammála um, að þetta mál nái fram að ganga, en í n. voru skiptar skoðanir um, hvaða leið skyldi farin til þess að draga úr þessari olíuverðhækkun. Við hv. 2. þm. Vestf., Ásberg Sigurðsson, teljum réttara að greiða niður olíu til húshitunar í stað þess að deila því fjármagni út með styrkjum miðað við höfðatölu, og við munum því greiða atkv. með till. þeirri, sem hv. 3. þm. Sunnl., Guðlaugur Gíslason, hefur flutt og hann gerði grein fyrir við 1. umr. þessa máls. Við teljum þetta hægt, þar sem olíufélögunum er gert skylt að gefa verðlagsstjóra mánaðarlega skýrslu um sölu á olíu til húshitunar, þar sem olía til húshitunar er undanþegin söluskatti.

Þrátt fyrir þá afgreiðslu þessa máls, að eingöngu sé gert ráð fyrir niðurgreiðslu á olíu til húshitunar, viljum við, eins og fram kemur í bréfi Sjálfstfl., að kannaðir verði áfram möguleikar á lækkun olíukostnaðar til atvinnurekstrar, sem háður er olíu sem orkugjafa.

Fari svo, að sú brtt., sem flutt er af hv. 3. þm. Sunnl., Guðlaugi Gíslasyni, verði felld, kemur fram í nál., að nm. fjh.- og viðskn. eru einhuga um, að nauðsyn sé sérstakra ákvæða um hærri greiðslu til elli- og örorkulífeyrisþega, sem njóta tekjutryggingar samkv. lögum um almannatryggingar, og er því n., ef til þess kemur, sammála um að flytja við 3. umr., eins og fram kom hjá frsm., till. þar að lútandi.

Guðlaugur Gíslason: Herra forseti. Eins og ég lét koma fram við 1. umr. um þetta mál, er ég fylgjandi aðalefni þess. Ég tel enda sjálfsagt og Alþingi skylt að setja reglur um úthlutun á því fé — þeim skatti, sem samþ. hefur verið að leggja á til niðurgreiðslu á olíu.

Ég er hins vegar mjög ósammála þeim ákvæðum 2. gr., sem gera ráð fyrir, hvernig niðurgreiðslum skuli hagað. Ég verð að segja, að ég var nokkuð undrandi yfir því, að ekki skyldi geta náðst samstaða um það í þessari d. að hafa við þetta eins einfalt form og hægt er að gera og auðsjáanlega liggur alveg ljóst fyrir, að hægt er að framkvæma miðað við þá aðstöðu, sem nú er, og þann afgreiðslumáta, sem er hjá olíufélögunum á olíu bæði til húshitunar og annarra þarfa.

Síðan 1. umr. fór hér fram hef ég haft aðstöðu til að kynna mér nokkuð nánar þetta mál hjá umboði eins olíufélags í heimabyggð minni, og kemur í ljós, að í dag er ferns konar verð á þeirri olíu, sem seld er:

Það er í fyrsta lagi olía, sem seld er til fiskiskipa, sem er, eins og allir vita, niðurgreidd. Hún er seld á 5.80 kr. lítrinn.

Olía til húshitunar, sem ekki er söluskattsskyld, er seld á 11.50 kr. lítrinn.

Olía til iðnaðar og tækja, þar með að sjálfsögðu dísilbifreiða og annarra tækja, sem dísilolíu nota, er seld á 13.45 kr. og er söluskattsskyld.

Og fjórði flokkurinn er olía til erlendra skipa, 14.51 kr.

Því hagar svo til nú samkv. fyrirmælum viðskrn., að olíufélögin verða að halda öllum þessum flokkum aðskildum og gefa um þá sérstakar skýrslur mánaðarlega til rn. Það verður að gefa um það sérstakar skýrslur, þar sem tilgreindir eru allir þeir aðilar, sem kaupa olíu til fiskiskipa og hafa til þess rétt að fá hana niðurgreidda. Það verður einnig að gefa skýrslu um sölu til húshitunar, þar sem sú olía er seld á lægra verði en olía til iðnaðar og tækja, og

hafa um það einnig sundurliðaða skýrslu, sem send er rn. Og það verður einnig að hafa um 3. og 4. flokkinn, olíu til iðnaðar og olíu til erlendra aðila, sundurliðaðar skýrslur. Liggur alveg beint við að greiða niður olíuna. Það er engin fyrirhöfn fyrir olíufélögin að gera það, þar sem þau verða að halda sérstakar skýrslur fyrir alla þessa 4 verðflokka, sem olían er seld eftir nú í dag. Ég verð því að segja, að ég á mjög örðugt með að skilja, þar sem þetta liggur fyrir, ef hv. fjhn. hefur kynnt sér málið og veit raunverulega, hvernig þessum málum er hagað, hvers vegna hún leggur til, að hér skuli verða sett upp mjög flókið kerfi, endurgreiðslukerfi á olíu, í sambandi við niðurgreiðsluna. Ég er alveg sannfærður um, að það kemur í ljós, þegar þetta kerfi kemur í framkvæmd, ef till. meiri hl. fjhn. verður samþ., að það verða þús. manna, sem koma fram á endurgreiðsluskýrslunum, sem aldrei hafa greitt einn eyri fyrir olíu, en fá í gegnum sitt sveitarfélag svo og svo margar þús. kr. í endurgreiðslu á olíu. Ég tel, að þetta sé slíkt fyrirkomulag, að það sé ekki sæmandi fyrir Alþ. að koma því á, ef til er önnur leið út úr þessu máli og til að gera þetta mál einfaldara og hverfa burt frá þessu flókna kerfi, sem nú er verið að reyna að koma á.

Það er eðlilegt, að það sé um það spurt, hvað það mundi kosta, ef farið yrði eftir þeirri till., sem ég hef hér leyft mér að leggja fram, að verð á olíu yrði fært til samræmis við verð á olíu, eins og það var í nóv. Ég orða till. viljandi þannig, vegna þess að þetta var gert, þegar ákveðin var niðurfærsla á olíu til fiskiskipa. Þá var verðið fært til samræmis við það verðlag, sem var á olíu í nóv., en það voru 5.80 kr. lítrinn.

Samkv. upplýsingum, sem koma fram í grg. með frv. til l. um álagningu sérstaks gjalds vegna olíuniðurgreiðslunnar, mundi þetta kosta 755 millj. kr., ef tekið væri tillit til niðurgreiðslna á olíu til raforkustöðva, sem rafmagn selja til húsahitunar. Má vel vera, að það sé ekki miðað við nóv.-verð þarna, því að mér sýnist, að þetta muni verða aðeins hærri upphæð en þar er gengið út frá. Það hefur komið hér fram, að olía til húsahitunar muni vera um 155 millj. lítrar. Verðmismunur á olíu í nóv. og aftur í dag, 5.80 annars vegar og 11.50 hins vegar, er 5.70 kr. á lítra. Þetta mundi gera 883 millj. miðað við 155 millj. lítra sölu á olíu til húsahitunar, og ef væri reiknað með því, að 25—50 millj. færu til rafveitna, þá er þarna um að ræða röskar 900 millj.

Nú hefur á það verið bent hér í umr. og það mun reynast rétt, að hvert vísitölustig mun ekki verða 800 millj., eins og lengi vel hefur verið talað um, heldur held ég, að þeir, sem best fylgjast með þessum málum, séu komnir að þeirri niðurstöðu, að það muni frekar verða 900—1000 millj. hvert vísitölustig. Það ætti því að liggja ljóst fyrir, að þetta eina söluskattsstig, sem samþ. hefur verið, að ganga skuli til niðurgreiðslu til olíu, ætti að nægja til þess að færa olíuverðið til húsahitunar og til rafveitna að því marki, sem gert hefur verið ráð fyrir, — þá ætti það að nægja til að færa olíuna niður í það verðlag, sem á henni var í nóv.-mánuði s. l. Ég verð því að biðja hv. þm. að skoða það vel að fara ekki að búa til flókið endurgreiðslukerfi eða styrkjakerfi, ef hægt er að gera þetta á einfaldan máta, eins og ég held fram, að hægt sé að gera, miðað við þá aðstöðu, sem er í dag og miðað við þær kröfur, sem stjórnin gerir nú til olíufélaganna um að halda hverjum verðflokki fyrir sig sundurliðuðum í skýrslum sínum til rn.

Ég leyfi mér því að vænta þess, að hv. þm. geti fallist á till. mína, sem fram er borin á þskj. 698.

Frsm. (Karvel Pálmason): Herra forseti. Aðeins örfá orð út af því, sem hér hefur komið fram.

Ég held, að það sé mesti misskilningur hjá hv. síðasta ræðumanni, þegar hann talar um, að hér sé verið að búa til óhemjuflókið endurgreiðslukerfi, og það er mesti misskilningur, að það sé auðvelt að greiða niður verð á olíu til íbúðarhúsnæðis, fyrst ekki er farið í það að taka niðurgreiðslurnar í heild. Það liggur, held ég, fyrir, að olíufélögin telja það mjög miður, ef farið verður út í frekari niðurgreiðslur og sundurliða þetta meira. Ég held einmitt, að það, sem kom fram hjá hv. þm., eins og hann sagði, að nú væri gildandi ferns konar verð á olíu í Vestmannaeyjum, — ég held, að það sé nú ekki á bætandi frekara fyrirkomulagi í þessa átt, þannig að það sé mjög miður, ef farið yrði að gera þetta á þann veg, sem hann heldur fram. Hins vegar skal ég taka fram, eins og ég tók fram við 1. umr., að ég hefði talið æskilegt, hefði verið hægt að fara út í það að taka iðnaðarhúsnæði með og atvinnureksturinn, en þeir fjármunir, sem hér um ræðir, leyfa ekki slíkt. Það hefur sem sagt komið fram frá hendi olíufélaganna, að þau eru andvíg því, að farið verði út í frekari skilgreiningu á niðurgreiðslu í þessa átt.

Þeir embættismenn, sem hafa um þetta fjallað, telja þetta réttlátustu leiðina, eins og mál standa í dag. Ég held því, að það sé ekki um aðra leið að ræða, en þá, sem hér um ræðir. Menn finna auðvitað ýmislegt að henni eins og öðrum leiðum, sem fram hafa komið. En það er mesti misskilningur, að hér sé verið að setja upp flókið endurgreiðslukerfi. Ég held, að það yrði miklu flóknara og erfiðara í framkvæmd og kannske raunar óframkvæmanlegt, þannig að það kæmi þeim að gagni, sem raunverulega er til ætlast, ef yrði farið út í að greiða niður olíu til upphitunar íbúðarhúsnæði. Það yrði miklum mun flóknara og erfiðara í framkvæmd og í raun og veru að verulegu leyti óframkvæmanlegt.

Guðlaugur Gíslason: Herra forseti. Ég skal ekki lengja þessar umr. neitt að ráði, en ég verð að lýsa undrun minni yfir þeirri stífni, sem mér sýnist vera komin í þetta mál frá hendi frsm. hv. fjhn. Hann talar um, að það mundi verða flóknara kerfi, ef till. mín yrði samþ., þar sem nú sé þegar fyrir hendi ferns konar verð á olíu. Ég er að leggja til, að verðflokkunum fækki um einn, að það verði sama

verð á olíu til húshitunar og nú er til fiskiskipa, og þar af leiðandi yrðu eftirleiðis ekki nema 3 verðflokkar á olíu, þannig að ég er að reyna að gera málið einfaldara en það er í dag, — fækka sem sagt um einn verðflokk, úr 4 verðflokkum niður í 3. Þetta er það, sem till. mín hljóðar um.

Ég er alveg undrandi yfir því, að menn skuli ekki gera sér alveg ljóst fyrir fram, að hér er verið að búa til mjög flókið styrkjakerfi með till. eða reglunum, eins og þær er að finna í 2. gr. þessa frv., þar sem hver einasti skattgreiðandi, ekki olíugreiðandi, á landinu, hver einasti skattgreiðandi á að fá endurgreidda olíu, hvort sem hann greiðir olíu eða ekki. Ég tel það mjög hæpið, hvort það sé sæmandi fyrir Alþ. að samþykkja slíkt endurgreiðslukerfi, að menn, sem ekki greiða neitt til hlutanna, fái samt endurgreiðslu. Þetta er það, sem skeður í mörgum tilfellum. Ég þarf ekki að fara nánar út í þetta, það veit hver einasti maður, sem nokkuð þekkir til þessara mála, að það kemur þannig út í framkvæmd, að það verður fjöldi aðila, sem fær endurgreiðslu, þótt þeir hafi enga olíugreiðslu innt af hendi.

Því var haldið fram við 1. umr., þ. á m. af hæstv. viðskrh., að ef farið yrði út í beina niðurgreiðslu á olíunni, verðlækkun til þeirra, sem olíu kaupa til húshitunar, gæti verið hætta á, að það yrði misnotað. Auðvitað er alltaf sú hætta fyrir hendi við öll niðurgreiðslukerfi, að þau kunni að verða misnotuð. Ég óttast ekki í sambandi við þetta atriði, að menn fari að kaupa olíu til húshitunar, láta keyra hana heim á olíutanka við heimili sín og láta síðan alla nágranna sína sjá, að þeir væru að dæla upp úr tönkunum aftur og setja á tæki eða vélar. Ég er alveg sannfærður um, að það er enginn einasti maður, sem mundi leyfa sér það, og ef hann leyfði sér það, þá mundu allir nágrannar hans og allt byggðarlag hans vita um það sama daginn og þetta gerðist. Ég er því ekkert hræddur um, að það yrði um neina misnotkun að ræða að þessu leyti í sambandi við niðurgreiðslu á olíu, þó að farið yrði eftir því, sem ég hef lagt til í till. minni.

Ég skil vel, að olíufélögin séu ekki ginnkeypt fyrir að taka að sér eða samþykkja þær reglur, sem ég er hér að ræða. Auðvitað vitum við, að það er búið að leggja slíka kvöð á atvinnuvegina í sambandi við skattamál og alls konar skýrslugerðir, að þeir eru komnir þarna í varnaraðstöðu. Þetta er það, sem liggur fyrir og hver einasti atvinnurekandi veit og hver einasti maður veit, sem nokkuð þekkir inn á atvinnurekstur. Þetta er orðin plága fyrir þá, sem atvinnurekstur stunda, að standa skil á öllum þeim skýrslugerðum, sem af þeim er krafist af stjórnvöldum. Það er því eðlilegt, að þeirra viðbrögð séu neikvæð í hverju tilfelli, — það er sama, hvort um er að ræða niðurgreiðslu á olíu eða öðru, — að þeirra viðbrögð séu neikvæð við að taka á sig meiri skýrslugerðir. Það vill svo til í þessu tilfelli, að þau verða að gera það. Stjórnvöld hafa krafist þess af þeim, að þau geri þetta, að þau sendi sundurliðun mánaðarlega, sundurliðaðar skýrslur um hvern verðflokk, ekki bara hve mikið magn þau selja í hverjum verðflokki, heldur verða að gera grein fyrir hverjum þau selja olíu í hverjum verðflokki. Þetta hafa olíufélögin hjá sér, þetta fer gegnum þeirra bókhald, og ég fór beinlínis í að kynna mér þetta, fékk að sjá þetta hjá einu olíufélagi. Þetta liggur alveg ljóst fyrir. Það þarf ekki umsögn eins eða neins um það. Hv. n. gæti kynnt sér þetta, ef hún færi í eitthvert olíuumboð, þar sem olía er seld til húshitunar og annars. Þá gæti hún séð, hvernig málið liggur raunverulega fyrir. En það virðist vera, að hún hafi ekki hug á að breyta kerfinu. Ég segi: því miður, því að þetta kemur til með að verða bæði vandræða- og leiðindamál fyrir alla, sem hlut eiga að máli, bæði hið opinbera og þá, sem eiga að taka við olíustyrknum.

Heilbr.- og trmrh. (Magnús Kjartansson): Herra forseti. Ég vil fagna því alveg sérstaklega, að nm. í hv. fjhn.- og viðskn. munu flytja till. um hærri greiðslur til elli- og örorkulífeyrisþega, sem njóta tekjutryggingar af almannatryggingum. Þar er um að ræða tekjulægsta fólkið í þjóðfélaginu og mikil þörf á að gera ráðstafanir til þess, að það verði ekki fyrir skakkaföllum, sem kynni að verða þessu fólki mjög torveld.

En ástæðan til að ég kvaddi mér hljóðs, er sú, að mig langaði til að bæta við röksemd í sambandi við, hvaða fyrirkomulag á að hafa á greiðslum vegna þessara ráðstafana til að draga úr áhrifum olíuverðhækkana á hitunarkostnað íbúða. Nú er það svo, eins og við vitum, að þau hin varanlegu úrræði okkar, framtíðarúrræði okkar, í þessu efni eru þau að reyna að hraða nýtingu innlendra orkugjafa eins og við erum menn til, þ. e. a. s. nýta jarðvarma og raforku með eins skjótum hætti og við getum, og um þetta er enginn ágreiningur hér á hinu háa Alþingi. En í þessu efni nægir ekki afstaða Alþingis eða stjórnvalda. Þarna verður einnig að koma til brennandi áhugi almennings, — áhugi, sem sprettur af því, að menn finna áhrifin á sjálfum sér. Gallinn við niðurgreiðslur er sá, að þær fela hið raunverulega verðlag, þannig að manni, sem kaupir niðurgreidda olíu, finnst hann vera að kaupa olíu á því verði, jafnvel þó að þar komi til stórfelldur styrkur frá opinberum aðilum. Það er verið að fela hið raunverulega verð, og það dregur úr áhuga viðkomandi manns á því að breyta um orkugjafa, taka upp rafhitun hjá sér eða hitun með jarðvarma. Þetta held ég, að sé ákaflega veigamikið sálfræðilegt atriði. Með þessu fyrirkomulagi, sem nefnt er hér í frv., er hins vegar ekki falið á neinn hátt, hvað olían kostar, en hins vegar lagðir fram fjármunir til þess að reyna að draga úr áhrifum þessara hækkana. Menn sjá eftir sem áður svart á hvítu, hvað er dýrt að hita hús sín með olíu, og ég held, að það sé ákaflega veigamikið atriði, ef við viljum ýta undir vaxandi áhuga almennings á því, að slík þróun verði, sem við allir viljum. Ég held, að menn þurfi að hafa þetta atriði einnig í huga í sambandi við þann ágreining, sem upp er kominn um það, hvernig eigi að haga þessum greiðslum.

Ragnhildur Helgadóttir: Herra forseti. Ástæðan til þess, að ég kvaddi mér hljóðs að þessu sinni, er sú, að mér þykir þetta mál ekki vera tilbúið til að fá afgreiðslu við 2. umr. úr þessari hv. d. Hér er um að ræða, að leggja á sveitarfélögin skyldu til þess að koma á laggirnar allviðamiklu og flóknu kerfi til þess að dreifa því fé, sem um er að ræða, til þess að draga úr áhrifum olíuverðhækkana á hitunarkostnað íbúða. Mér finnst liggja í augum uppi, að það sé nauðsynlegt að leita umsagnar a. m. k. stjórnar Sambands ísl. sveitarfélaga um það, hversu henni líst á hugsanlega framkvæmd þessa máls. Þess vegna vil ég beina þeirri fsp. til talsmanns hv. n., hvort leitað hafi verið eftir umsögn stjórnar Sambands ísl. sveitarfélaga, og hafi það ekki verið gert, þá leyfi ég mér að fara þess á leit, að afgreiðslu málsins verði frestað, til þess að hægt verði að afla umsagnar frá þeirri stjórn. Hafi hins vegar umsagnarinnar verið leitað, en hún ekki borist, þá leyfi ég mér einnig að fara þess á leit, að unnt verði að fá tíma til þess að afla umsagna frá sveitarstjórnum um möguleika á framkvæmd málsins.

Önnur atriði mun ég mjög lítið fara út í. Ég vil aðeins nefna, að ég fagna því, sem fram kemur í nál., að ef að þessu ráði verði horfið, sem lagt er til í frv. um greiðsluháttinn, þá verði gerðar sérstakar undantekningar varðandi aldrað fólk, sem býr kannske enn í þeim íbúðum, sem það notaði meðan fleiri voru í fjölskyldu. Þetta verða þá væntanlega í mörgum tilfellum þeir, sem eiga erfiðast með að þola olíuhækkunina, vegna þess að þarna er sá hópur, sem hefur minnstar tekjur og býr oft í stærra húsnæði en aðrir.

Efnislega mun ég ekki fara að öðru leyti út í þetta frv. Ég gerði það við 1. umr. þessa máls, en vil mjög eindregið fara þess á leit, að það verði ekki afgreitt úr þessari d., fyrr en aflað hefur verið umsagnar Sambands ísl. sveitarfélaga.

Guðlaugur Gíslason: Herra forseti. Ég tel nauðsynlegt að gera tilraun til þess að leiðrétta það, sem kom fram hjá hæstv. iðnrh., þar sem hann hélt því fram, að ef farið væri inn á niðurgreiðslu olíu, mundi það draga úr áhuga manna á því, að jarðvarmi og raforka yrðu frekar nýtt til upphitunar húsa. Þetta er mjög mikill misskilningur, því að það vill svo til og liggur opinberlega fyrir, að kynding með olíu var fyrir hækkunina þrisvar eða fjórum sinnum dýrari en þar sem um jarðvarma var að ræða, eins og t. d. hér á þéttbýlissvæðinu. Það var þegar áður en þetta mál kom fyrir Alþ., kominn fram mikill áhugi hjá þm. dreifbýlisins sérstaklega um, að gerðar yrðu ráðstafanir til að nýta bæði raforku og jarðvarma til upphitunar íbúðarhúsa, þannig að þetta atriði mundi ekki draga úr áhuga neins þm. eða neins manns úti á landsbyggðinni, þó að það yrði samþykkt að fara inn á beinar niðurgreiðslur í staðinn fyrir styrkjakerfið.

Umr. (atkvgr.) **frestað.**

Sameinað þing, 78. fundur.

Miðvikudaginn 24. apríl, að loknum deildafundum.

Grædsla Sauðlauksdalssanda, þáltill. (þskj. 594). — Frh. einnar umr.

ATKVGR.

Till. vísað til fjvn. með 31 shlj. atkv. og umr. frestað.

Nýting innlendra orkugjafa, þáltill. (þskj. 624). — Frh. fyrri umr.

ATKVGR.

Till. vísað til síðari umr. með 33 shlj. atkv. og til allshn. með 32 shlj. atkv.

Vegáætlun 1974—77, þáltill. (þskj. 737). — Frh. fyrri umr.

Steinþór Gestsson: Herra forseti. Ég hafði kvatt mér hljóðs í gær, þegar vegáætlunin var til umr., því að segja má, að þegar ný vegáætlun liggur fyrir og skýrsla samgrh. um framkvæmd vegáætlunar liðins árs hefur verið birt, þá gefist tækifæri til að ræða vegamálin í ljósi þeirra staðreynda, sem liggja þá fyrir skjalfest. Þær staðreyndir lýsa nú, að mér sýnist, verra ástandi þessara mála en svörtustu spár bentu til.

Þótt samgöngur á landi séu sá þáttur framkvæmda ríkisins, sem orkar í hvað ríkustum mæli á daglegt líf fólksins í landinu, kemur nú í ljós, að þannig er háttað stjórn efnahagsmála, að um algjört upplausnarástand er að ræða í vegamálum, ekki vegna þess, að hin verklega stjórn þeirra hafi farið úr böndunum, heldur orkar á þau mál af ægiþunga sú óstjórn efnahagsmála hjá hæstv. ríkisstj., sem hagrannsóknadeild ríkisins telur nálgast óðfluga, að leiði til hættuástands fyrir þjóðfélagið í heild.

Allir þekkja það af biturri reynslu, hversu geigvænlegar hækkanir hafa orðið á framfærslu- og framkvæmdakostnaði í tíð núv. hæstv. ríkisstj. En ég ætla, að færri hafi gert sér grein fyrir þeirri staðreynd, sem samanburður á eldri vegáætlun við hina nýju leiðir í ljós, að á 2 árum hefur framkvæmdakostnaður hækkað um því sem næst 100%, og munar þar mestu um hina innlendu verðþenslu, sem rekja má til þeirra kátínuaðgerða, sem fylgdu í kjölfar valdatöku hæstv. ríkisstj. hinn 14. júlí 1971.

Mér virðist, að við endurskoðun á vegáætlun fyrir árin 1974 og 1975 sé leitast við að taka mið af þeim kjarasamningum, sem gerðir voru í vetur, og fundin út sú hækkun framkvæmdavísitölu vegagerðar, sem af þeim leiðir, enda verður ekki af neinu öryggi spáð fram á leið um aðrar verðhækkanir, þ. e. hækkaðan efniskostnað. Sú hækkun, sem hin nýja vegáætlun byggir á um framkvæmdakostnað, er því eingöngu af innlendum toga. M. ö. o. eru þar að verki samstilltir kraftar hæstv. ríkisstj. Hækkun framkvæmdavísitölunnar

frá mars 1973 og til mars 1975 er áætluð að vera í vegagerð 89.1%, í viðhaldskostnaði 95.8% og í brúargerð 110.9%. Þessi ókjör leiða til þess, að vegáætlunin gerir ráð fyrir frestun framkvæmda um 900 millj. kr. frá árinu 1974 til 1975, og framkvæmda fyrir tæpar 1300 millj. kr. frá árinu 1975 til 1976. Lengra ná frestunartill. ekki, en gert er ráð fyrir því í framhaldsáætlun að jafna metin með auknu framlagi úr ríkissjóði ásamt lántökum, sem munu nema árið 1977 samtals 1 milljarði 776 millj. kr., og eru lántökurnar stærsti hlutinn í þeirri summu eða sérstök fjáröflun, eins og lántökurnar eru kallaðar í tekjuáætluninni, sem nemur um 1300 millj. kr. hvert ár. 1300 millj. kr. hvert ár áætlunarinnar eða því sem næst ⅓ framkvæmdafjárins mun því verða aflað með lántökum. Þessi niðurstaða um hlutfall milli samtímatekna og lánsfjár til vegaframkvæmda er einnig í æpandi mótsögn við allt tal núv. stjórnarsinna á viðreisnartímanum, þegar ekki var ákvörðuð svo lántaka til vegamála, að ekki kvæðu við briglsyrði um, að vandamálum samtímans væri velt yfir til framtíðarinnar. Það kemur m. a. fram í Þjóðólfi, blaði framsóknarmanna á Suðurlandi, 22. maí 1971, en þar segir svo, með leyfi hæstv. forseta:

„Tekjur af umferðinni hafa verið notaðar til að bæta fjárhaginn hjá hinu sligaða ríkisapparati, en til vegagerðar tekur Ingólfur lán á lán ofan og veltir þannig áhyggjubyrðinni yfir á þá, sem eiga að erfa landið. Vilt þú, kjósandi góður, styðja mann, sem leggur slíkar skuldir á fólk framtíðarinnar?“

Þetta var nú þá. En ég segi: Þá var ekki ástæða til að spyrja slíkra spurninga. En núna, þegar hæstv. ríkisstj. hefur með stjórnleysi raskað svo hrapallega jafnvægi tekjuöflunar Vegasjóðs og framkvæmdamagns Vegagerðar eins og raun ber vitni og ég hef í stuttu máli leitast við að draga fram, þá og þá fyrst er ástæða til að spyrja, og skyldi þá stjórnarliðið beina þeim spurningum inn í eigin raðir, en ekki til annarra. — Þetta segi ég vegna þess, að mér er í minni umr. um vegáætlun vorið 1971, en það ár var ráðgert að efna til sérstakra og aukinna framkvæmda í hraðbrautum og að kippa áfram einstökum áföngum úti á landi, svo sem Djúpvegi, Heydalsvegi, Norðurlandsvegi um Langadal, Ólafsfjarðarvegi, svo að nokkuð sé nefnt, og mun sú fjármögnun hafa numið við það ⅙ hluta framkvæmdafjárins árið 1971 og um 18% árið 1972. Þá sagði minni hl. fjvn. þetta m. a., með leyfi hæstv. forseta:

„Ljóst er, að fé það, er til vegagerðar er ætlað, er allt of lítið, og hjá því verður ekki komist að hækka tekjur Vegasjóðs verulega á næsta ári, ekki síst til framkvæmda í landsbrautum og þjóðbrautum. Þá munu greiðslur vegna lána til vegagerðar segja til sín í ríkara mæli með ári hverju, þó að hjá því verði komist á næstu árum, að gengisbreyting verði gerð, svo sem var á kjörtímabilinu frá 1967—1971. Ef slík holskefla ætti aftur að ganga yfir íslenska efnahagslífið á næstu 4 árum sem þeim síðustu, þá er hugsunin um afkomu Vegasjóðs ógnvekjandi.

Ljóst er, að aukið fé til Vegasjóðs verður að sækja til ríkissjóðs af þeim tekjum, sem ríkissjóður hefur nú frá umferðinni, enda eðlilegt, að svo verði gert, þar sem ríkissjóður hafði a. m. k. um 800 millj. kr. í tekjur af umferðinni á árinu 1970 umfram þær tekjur, er til Vegasjóðs gengu. Það er einnig ljóst, að nú verður ekki haldið lengur áfram á þeirri braut að hækka skatta á umferðinni, þar sem hvort tveggja er, að skattar eru orðnir það háir, að þeir geta dregið úr sölu t. d. á bensíni, og hitt, að þeir munu nú orðnir jafnháir og jafnvel hærri en í nágrannalöndum okkar, ef samanburður er gerður við almennt kaupgjald í þeim löndum og hér. Enn fremur virðist ekki hægt að halda svo háum aðflutningsgjöldum á bifreiðum sem nú er gert, eftir að tekjur ríkissjóðs af rekstri þeirra eru orðnar jafnháar og nú er.

Brýna nauðsyn ber til að marka ákveðna stefnu um framkvæmdir í vegagerð, t. d. um það, hvort á að hverfa frá okkar ófullkomnu vegum til fullkominna hraðbrauta eða hvort þar á að verða um millistig að ræða.

Minni hl. fjvn. vill að lokum leggja áherslu á þetta:

1. Vegasjóður verður að fá auknar tekjur á næsta ári, og þær verða að koma frá þeim tekjustofnum, sem ríkissjóður nýtur nú af umferðinni.

2. Marka verður ákveðna stefnu um vegaframkvæmdir, þ. e. uppbyggingu vegakerfisins umhverfis landið, um leiðir, er fara á byggðarlaga á milli og með hvaða hætti við eigum að nálgast fullkomnar hraðbrautir. Mestu máli skiptir þó að dómi minni hl. fjvn., að efnahagsstefnu þjóðarinnar verði breytt og þar skapist festa, svo að gengi og framkvæmdamáttur gjaldmiðilsins haldist. Að öðrum kosti er ekki útlit fyrir, að hlutur vegaframkvæmda verði fyrirferðarmikill í íslensku þjóðlífi á næstu árum.“

Þetta segja þeir visu menn á Alþ. 3. apríl 1971, Halldór E. Sigurðsson, Geir Gunnarsson, Ingvar Gíslason og Ágúst Þorvaldsson.

Eftir þessa hugvekju hefði maður getað ætlað, að nú hefði orðið veruleg stefnubreyting á. Sú stefna um fjármögnun Vegasjóðs, sem birtist í þessu minnihlutaáliti frá 1971, átti þó ekki langa lífdaga, sem sjá má af því, sem ég hef rakið hér um hlutfall lánsfjár framkvæmda til vegagerðar, sem hækkað hefur stórlega, þrátt fyrir þá stefnumörkun, sem hæstv. núv. fjmrh. hafði vorið 1971. Og þegar það kemur til að auki, að þessir hv. þm. reyndu að telja mönnum trú um, að með stjórn hinna vinnandi stétta mundi verða stefnubreyting um skattheimtu í þessu skyni: þá yrðu lækkuð innflutningsgjöld á bifreiðum, — ætli svo hafi verið gert? — tekjur ríkissjóðs af umferðinni skyldu í vaxandi mæli ganga til uppbyggingar vegakerfisins, — ætli það hafi líka verið farið eftir því? — Ég ætla ekki að fara að hafa uppi hér neinar tölur til þess að skýra þetta frekar. Ég held, að það sé hverjum manni ljóst, sem lítur yfir vegáætlanir þessa árs og fyrri ára.

En ég tel, þegar menn hafa gengið svo gjörsamlega á svig við þau fyrirheit, sem þeir hafa gefið, eins og stjórnarsinnar hafa nú gert, þá sé mál til komið, að þeirra áhrifum linni á þátt vegamála á Íslandi og þeir víki fyrir nýjum mönnum og betur starfandi.

Ólafur G. Einarsson: Herra forseti. Það væri freistandi við þetta tækifæri að ræða ítarlega þá vegáætlun, sem er hér nú til fyrri umr. Ég mun þó takmarka mál mitt aðallega við einn þáttinn í fyrirhugaðri tekjuöflun, þar sem er veggjaldið, sem ætlunin er að leggja á umferð um Reykjanesbraut og Suðurlandsveg.

Ég hef áður fært fram ýmis rök gegn tekjuöflun þessari, síðast hér á hv. Alþ. fyrir skömmu, þegar til umr. var frv. til l. um fjáröflun til vegagerðar, en það frv. er nú til meðferðar hjá hv. fjh.- og viðskn. þessarar hv. d. Það er ekki ástæða til að endurtaka þau rök nú, heldur mun ég reyna að sýna hér fram á, hverjar tekjur ríkissjóðs eru af umferðinni um þá vegi, sem ætlunin er nú að leggja á umferðargjald. Ég mun einnig reyna að sýna fram á tekjur ríkissjóðs af bensínsölu í landinu og gera nokkurn samanburð á því, hvar það bensín er selt og þar af leiðandi hvaðan tekjurnar koma.

Það er nauðsynlegt, að menn geri sér grein fyrir ákveðnum staðreyndum í þessu máli og hætti að halda fram hér á hv. Alþ. alls konar fullyrðingum um það, að það fé, sem fer til lagningar hraðbrauta hér á þéttbýlissvæðinu, sé nánast tekið af dreifbýlinu, ef ekki beint, þá óbeint með því, að óhjákvæmilega sé dregið úr framkvæmdum annars staðar vegna hraðbrautarframkvæmda hér, auk þess sé hagræði þeirra, sem að staðaldri aki vegi með bundnu slitlagi, og beinn fjárhagslegur vinningur þeirra svo mikill, að sjálfsagt sé að innheimta af þeim sérstakt veggjald. Þetta eru helstu rökin, sem við höfum oft fengið hér að heyra. Með þessari röksemdafærslu er algjörlega horft fram hjá þeim tekjum, sem umferðin um hina fjölförnu vegi veitir í ríkissjóð og gerir það yfirleitt mögulegt að verja fé til hinnar nauðsynlegu vegagerðar úti um dreifðar byggðir landsins.

Það er hægt að sýna fram á það, að tekjur ríkissjóðs af umferðinni um þessa tilteknu vegi eru miklu meiri en nemur kostnaði við gerð þeirra. Sú staðreynd ein ætti að nægja til þess, að ekki væri farið að skattleggja sérstaklega notendur þeirra um alla framtíð. Þann sparnað, sem lagning bundins slitlags hefur í för með sér, á ekki að þurfa að endurgreiða ríkissjóði að neinu leyti. Ef bundið slitlag væri ekki lagt á hina fjölförnustu vegi, hlyti annað af tvennu að gerast: Ekki væri nokkur leið að halda þeim við með heflum eða ef það teldist unnt tæknilega séð, þá væri árlegur kostnaður svo mikill, ef vel ætti að vera, að framkvæmdafé til vegagerðar annars staðar mundi rýrna og fyrir það mundu allir að sjálfsögðu líða. Ef bundið slitlag er lagt á einhvern veg af hreinni nauðsyn, og það hefur vel að merkja aldrei verið gert á Íslandi af öðrum ástæðum, þá á ekki ríkisvaldið að mæta slíkri framkvæmd með hálfgerðum hefndaraðgerðum gagnvart þeim, sem vegina nota, með því að leggja á sérstakt veggjald.

Ég hef hér í höndunum skýrslu, sem Félag ísl. bifreiðaeigenda hefur nýlega látið gera. Þessari skýrslu var dreift á borð þm. nú í dag. Þar er getið um rekstrarkostnað bifreiðar, sem kostar rúml. 471 þús. kr., og miðað við núgildandi verð á bensíni, 31 kr. hver lítri, og gildandi *skatta og tolla af bifreiðum og rekstrarvörum* þeirra. Þar er sýnt fram á, að tekjur ríkissjóðs af 100 þús. km akstri séu 379 þús. kr. eða kr. 3.79 af hverjum km, sem ekinn er á bifreið, sem kostar þetta, rúmlega 471 þús. kr., sem telst víst ekki mikið verð nú á tímum. Þetta þýðir m. ö. o., eins og sýnt er fram á í þessari skýrslu, að vegur með 500 bíla umferð á dag gefur ríkissjóði rúml. 691 þús. kr. á hvern km á ári; vegur með 1000 bíla 1383 þús. á hvern km og vegur með 18 þús. bíla umferð á dag 24.9 millj. kr. á hvern km á ári. Ef við athugum þá þrjá vegi, sem fyrirhugað umferðargjald kemur til með að snerta, þá eru tölurnar þessar: Keflavíkurvegurinn einn gefur ríkissjóði líðlega 130 millj. kr. á ári, Suðurlandsvegur 168 millj. kr. rúmar og Hafnarfjarðarvegur, 5 km kafli af honum, tæplega 127 millj. kr.

Ef við athugum t. d. Hafnarfjarðarveginn, eða þennan 5 km kafla, þá hef ég nokkurn veginn réttar upplýsingar um það, hversu miklu fé hefur verið varið í þann veg á undanförnum árum. Frá því árið 1969 hefur tvisvar sinnum verið lagt slitlag á þennan veg án þess að gera nokkuð annað. Í fyrra skiptið, 1969, var kostnaðurinn við það verk á milli 5 og 6 millj. kr. Næst var þetta gert árið 1972, og var þá kostnaðurinn 9.7 millj. kr. Annað, sem lagt hefur verið í þennan veg, er aðeins kostnaður við lýsingu hans, sem mun vera 2—3 hundruð þús. kr. á ári. Úrbætur, sem gerðar voru við Hraunholtslæk í Garðahreppi á s. l. ári, voru ekki einu sinni kostaðar að fullu af ríkinu, — það þótti of mikið í lagt, að gerðar væru þar umbætur á kostnað ríkisins, — því varð að skipta kostnaði á milli ríkisins annars vegar og hins vegar milli Garðahrepps og ákveðins fyrirtækis, sem er þar í næsta nágrenni.

Þetta eru allar fúlgurnar, sem ríkissjóður hefur varið til þessa fjölfarnasta vegar landsins, — umferð þar komin yfir 18 þús. bíla á dag, og mesta umferð á einum klukkutíma er nokkuð á 3. þúsund bílar, — sem sagt, á 5 árum innan við 15 millj. kr. En árlegar tekjur ríkissjóðs af umferðinni um þennan eina veg, ef miðað er við núgildandi verðlag, eru tæplega 127 millj. kr.

Samtals eru tekjur ríkisins af þessum 3 vegum því yfir 425 millj. kr. á ári. Sýnist mönnum nú til of mikils mælst, þótt farið sé fram á, að meira fé verði varið til þessara fjölförnu vega og þá sérstaklega hins fjölfarnasta vegar landsins, sem tengir saman mestu þéttbýlissvæði landsins?

Ég vil nefna það, að auk þess sem alvarlegt umferðaröngþveiti er orðið á þessum vegi á vissum tímum dags, — umferðaröngþveiti, sem algjör nauðsyn er að ráða bót á, — þá eru úrbætur á þessum vegi stórkostlegt öryggisatriði. Menn athugi það, að þetta er eina leiðin, þetta er eina ökuleiðin á milli Reykjavíkur, Hafnarfjarðar og byggðanna á Suðurnesjum. Það þarf ekki nema alvarlegan árekstur á Kópavogsbrúnni til þess að stöðva alla umferð á milli þessara staða, svo að maður tali ekki um, ef einhverjar náttúruhamfarir ættu sér stað. Slíkur árekstur gæti stöðvað lífsnauðsynlega sjúkraflutninga, svo að dæmi sé nefnt.

Ég sagði áðan, að þessir þrír vegir gæfu ríkissjóði *í tekjur rúmlega 425 millj. kr. á ári.* Þetta

er svipuð upphæð og fer til greiðslu vaxta og afborgana af lánum, sem áhvílandi eru vegna vegagerðar og greiða á á árinu 1974 samkv. þessari vegáætlun. Þetta er aðeins lægri upphæð en sú, sem ætluð er til allra hraðbrautarframkvæmda á árinu. Þetta er hærri upphæð en ætluð er til framkvæmda á Skeiðarársandi á þessu ári, og þetta er hærri upphæð en ætluð er til Austurlandsáætlunar, Norðurlandsáætlunar, Djúpvegar og Þingvallavegar á árinu 1974. Svo eru menn að gera því skóna, að þeir, sem þessa vegi nota, njóti svo sérstaks hagræðis, sem þeir hafi ekki borgað fyrir, að ástæða sé til þess að leggja á sérstakt veggjald. Þetta hendir jafnvel slyngustu fjármálamenn, eins og hv. 5. þm. Austf., Vilhjálm Hjálmarsson, sem á sæti í fjvn. og er jafnframt form. fjh.- og viðskn. — Nei, sannleikurinn er sá, að umferðin um þessa vegi gerir ekki aðeins það að borga kostnaðinn við gerð þeirra, heldur heldur hún uppi að nokkru leyti framkvæmdum við vegagerð annars staðar í landinu.

Við höfum einnig fengið hér aðra skýrslu, sem sýnir bensínsölu á landinu, sundurliðað eftir kjördæmum. Út frá þeim upplýsingum, sem í þessari skýrslu koma fram, má gera sér nokkru ljósari grein fyrir, hvar á landinu tekjur ríkissjóðs af bensíngjaldinu falla til. Hér er sýnt fram á, að ef Reykjavík og Reykjaneskjördæmi eru tekin saman, þá er þar um að ræða tæplega 700 millj. kr. af sölu, sem er upp á 1 milljarð og 97 millj. kr. Til samanburðar má kannske taka Austurland, þar er um að ræða tæplega 44 millj. kr., — 700 millj. á móti tæplega 44 millj. kr.

Það eru hér einnig fróðlegir dálkar aðrir, þar sem sýnt er fram á, hvað greitt er fyrir hvern km í kjördæmi. Þar er Reykjavík og Reykjanes með 1 millj. 436 þús. kr., Vestfirðir 15 þús., og svona mætti áfram telja. Það er einnig athyglisvert, hver meðalbensíneyðslan er á km í kjördæmi: 124.357 lítrar í Reykjavík—Reykjanesi, á móti þetta frá liðlega 1000 upp í liðlega 5000 lítra í öðrum kjördæmum. — Ef við tökum Reykjavík út úr þessu, er veggjaldið af bensíninu 509 millj. kr. Nú kann einhver að segja: Reykjavík fær þéttbýlisvegafé úr ríkissjóði. Hvað er þetta þéttbýlisvegafé mikið? Samkv. skýrslu samgrh. um framkvæmd vegáætlunar 1973 er þar um að ræða 65.9 millj. kr. á móti 509 millj. kr., sem ríkissjóður fær í veggjaldi í þessu kjördæmi einu. Nú er ég ekki alveg viss um, að þessar tölur gefi alveg rétta mynd. Sannleikurinn er nefnilega sá, og ég held, að það sé öllum ljóst, að það eru ýmsar bifreiðar, sem eru í stöðugum flutningum milli Reykjavíkur og annarra kjördæma, — ég á þá sérstaklega við t. d. Suðurlandskjördæmi. Það er vitað mál, að t. d. bifreiðar Kaupfélags Árnesinga taka allt sitt eldsneyti á Selfossi. Það er fyrst farið með það héðan frá Reykjavík austur á Selfoss, og þar taka svo þessir sömu bílar eldsneytið og aka hingað og aftur til baka frá þeirri sömu sölustöð, þannig að sennilega gefur þetta ekki alveg rétta mynd.

Þessar tölur, sem ég var að lesa, eru miðaðar við, að bensíngjaldið sé 9.87 kr. á lítra. Þegar það verður komið upp í 15 kr., ef það verður samþ., þá geta menn skoðað tölurnar á þessu sama plaggi, hverjar þær verða þá. Þessar tölur, sem ég hef hér nefnt, sýna, svo að ekki verður um villst, að tekjur ríkissjóðs af umferðinni falla til hér á þéttbýlissvæðinu og standa beinlínis undir framkvæmdum víðar um land. Þær sýna líka, að meðalbensíneyðsla á hvern km vegar í Reykjavík og á Reykjanesi er margfalt meiri en í öðrum kjördæmum. Það sannar aftur það, sem bent hefur verið á, að íbúar þessara kjördæma þurfa að aka miklu meira en aðrir íbúar landsins, vegna þess að þeir búa miklu fjær vinnustað en íbúar annarra kjördæma. Þetta gera þeir af nauðsyn, en ekki til þess að skemmta sér. Þess vegna þurfa þeir að verja verulegum hluta af tekjum sínum til þess eins að komast að og frá vinnu. Þetta er útgjaldaliður, sem íbúar ýmissa byggðarlaga út um land hafa alls ekkert af að segja. Hvers vegna er þá verið að skattleggja þessa aðila aukalega?

Ég leyfi mér að skora sérstaklega á hv. þm., sem sæti eiga í fjvn. og fjh.- og viðskn., og raunar á alla hv. þm. að kynna sér þessi rök rækilega. Ef þeir, sem halda fram réttmæti umferðargjalds, skilja ekki þessar staðreyndir eða vilja ekki taka tillit til þeirra, þá verður að álíta, að þeir myndi sér skoðanir, sem þeir telja að falli kjósendum þeirra helst í geð, — kjósendum, sem hafa sennilega ekki haft handbærar þær upplýsingar, sem ég hef hér verið að nefna, og skoðanamyndun þeirra byggist því á misskilningi.

Það er ekkert vit í þessari skattlagningu. Nú á að innheimta umferðargjald af tveimur vegum, sem liggja út frá höfuðborginni, Reykjanesbraut og Suðurlandsvegi. Með sömu rökum og það gjald er réttlætt verður að leggja umferðargjald á Vesturlandsveg innan tíðar. Og þegar brúin yfir Borgarfjörð verður tekin í notkun, verður auðvitað að innheimta brúartoll. Það verður eflaust ánægjulegt fyrir hæstv. fjmrh., sem þá verður auðvitað fyrir löngu orðinn fyrrv. fjmrh., bæði að greiða tollinn, þegar hann verður að skjótast upp í Borgarnes, og ekki síður að útskýra fyrir kjósendum sínum í Vesturlandskjördæmi rökin fyrir innheimtu gjaldsins.

Ég ætla ekki að orðlengja þetta frekar. Ég bendi aðeins á, að eins og kemur fram í vegáætluninni, verður það gjald, sem innheimta á, umferðargjaldið, snöggtum hærra en það var áður. Það fer upp í 90 kr. í fyrsta flokki, á Reykjanesbraut, sem var áður 40 kr., 120 kr. á Suðurlandsvegi. Á Reykjanesbraut er þetta sem sagt yfir 100% hækkun. Það er auðvitað í samræmi við allt annað hjá hæstv. ríkisstj., allar aðrar hækkanir.

Ég mun freista þess við afgreiðslu frv. um fjáröflun til vegagerðar að fá 12. gr. þess frv. felldu brott, en til vara mun ég flytja brtt., sem á að koma nokkru meira viti í þessi mál en ætlunin er með óbreyttu frv.

ATKVGR.

Till. vísað til síðari umr. með 31 shlj. atkv. og til fjvn. með 31 shlj. atkv.

Undirbúningur að næstu stórvirkjun, þáltill. (þskj. 49, n. 574). — Frh. einnar umr.

Frsm. (Björn Fr. Björnsson): Herra forseti. Ég tel rétt, ef hæstv. forseti veitir leyfi til þess, að ræða bæði málin, sem eru á dagskrá, nr. 7 og 8, í senn, því að þau fjalla um mjög skyld efni.

47. mál fjallar um stórvirkjun utan Þjórsársvæðisins, að stefnt skuli að næstu stórvirkjun utan þess, t. d. á Norðurlandi, eins og í frv. segir, og virkjunarrannsóknum og öðrum undirbúningi þannig hagað, að af því geti orðið.

Eins og kunnugt er og margoft hefur verið getið, eru orkumálin nú meir en nokkru sinni fyrr í brennipunkti hjá okkur Íslendingum eins og mörgum öðrum þjóðum. Orsök þess er að sjálfsögðu alkunn. Það er olíukreppan, sem hefur geisað um þann heim, þar sem iðnaðarþjóðir búa. Hún hefur komið nokkuð á óvart, vegna þess að fjöldi þessara þjóða og þ. á m. Íslendingar hafa engan veginn verið því viðbúnar að koma í veg fyrir þá kreppu, sem myndast hefur og mun ríkja um skeið. Og það er alkunna, að olían var á fyrra ári notuð sem pólitískt vopn af hálfu þeirra ríkja, sem olíuna selja, á hendur hinum þjóðunum, sem hana nota hvað mest. En nú er að sjá sem farið geti svo, að vopnin snúist í höndum þeirra, sem tóku þau upp. En við Íslendingar erum svo lánsamir, að við búum yfir orkugjöfum, sem sjálfsagt megu duga okkur mjög lengi, þó að vel kunni að sækjast fram hjá okkur að beisla orkuna. Og það verður að segja eins og er, að höfuðatriðið er það, að okkur takist að fara þær leiðir, sem miða að sem jafnastri búsetu í landinu og styrkja með því sem best alhliða afkomumöguleika og þar með öll helstu lífsskilyrði fólksins. Þess vegna skiptir það meginmáli í þessu efni eins og í mörgum öðrum, að skynsamlegar ákvarðanir verði teknar af hálfu þeirra, sem forustuna hafa um framkvæmdir á hverjum tíma.

Nú þegar, eins og kunnugt er, er hafin stórvirkjun við Sigöldu í Rangárþingi. Á þeim slóðum er einnig ætlunin að virkja bæði svokallaðan Hrauneyjafoss og svo líka við Sultartanga, og segja okkar sérfræðingar í orkumálum, að undirbúningur og framkvæmdir við báðar þær virkjanir geti hafist með mjög skömmum fyrirvara.

En hitt þarf engan að undra, að stórvirkjun á Norðurlandi sé ofarlega í hugum margra. Deilur um raforkumál hafa verið jafnvel meiri í Norðurlandi og þá sérstaklega Norðurl. e., heldur en um getur annars staðar í landinu, a. m. k. á seinni árum. Þeim deilum er sennilega lokið að mestu núna, en áframhaldandi er orkuskorturinn á þessum slóðum eins og víða annars staðar. Það er því full þörf á því, að gripið verði til ráða í þessu efni og brugðist sem best við og athafnir fylgi hið fyrsta. Nú er það kunnugt, að ríkisstj. hefur látið vinna að margs konar rannsóknum og margs konar undirbúningi að raforkumálum og þá ekki síst á Norðurlandi, og yfirgripsmikil vinna er þar nú í fullum gangi. Má nefna t. d. frv. það, sem ríkisstj. lagði fram á þessu þingi um Kröfluvirkjun, 55 mw. gufuaflsvirkjun. Þetta er vissulega mjög stórt og þarft mál og spor í rétta átt, og sú virkjun þarf að sjálfsögðu að komast í gagnið sem allra fyrst. Einnig er áformuð svokölluð byggðalína frá aflstöðvum á Suðurlandi, og sú lína má vafalaust verða að miklu gagni Norðlendingum, þegar þar að kemur. Þá hefur verið unnið að rannsóknum í sambandi við Dettifoss og víðar á Norðurlandi.

Um Dettifossvirkjunarrannsóknir segir í umsögn frá Orkustofnuninni, með leyfi hæstv. forseta:

„4. og síðasti liður till. fjallar um Dettifossvirkjun. Þar hefur Orkustofnun unnið að virkjunarrannsóknum um árabil, og verður þeim fram haldið næsta sumar.“ — Þetta bréf er skrifað fyrir nokkrum vikum. — „Áfangaáætlun verður gerð nú í vetur, — áætlun, sem er áfangi í rannsóknum. Við ýmis vandamál jarðfræðilegs eðlis er að glíma, en með viðeigandi hönnun sýnist unnt að ráða við þau. Ekkert hefur fram komið í rannsóknum til þessa, sem bendir til annars en þarna sé um hagkvæma og álitlega virkjun að ræða.“

Þetta segir Orkustofnun um Dettifossvirkjun.

73. mál á þingi, sem er 8. mál á dagskrá í dag, fjallar um staðarval stóriðju og stórvirkjana á Norðurlandi. Efni till. er í fyrra lagi, að könnuð verði hagkvæmni þess að velja stóriðjufyrirtæki stað á Norðurlandi með hliðsjón af jákvæðri byggðaþróun og auknu öryggi í orkuöflun landsmanna, og í öðru lagi, að lögð verði öflug miðlunarlína norður í land.

Um hið fyrra atriði er það að segja, að svokölluð viðræðunefnd um orkufrekan iðnað hefur haft þetta efni m. a. til könnunar, þ. e. a. s. um stóriðju og staðarval hennar á Norðurlandi, og sú n. mun halda áfram athugunum um það. En til þess að raunhæft verði þarf að sjálfsögðu að koma til aukið rafmagn. Þá verður staðarval stóriðju og stóriðjumálin á Norðurlandi að sjálfsögðu í brennipunkti. Það er alveg auðsætt, að það mun ekki skorta vilja né áhuga, hvorki af hálfu innlendra aðila né erlendra, að stofna til stóriðju, eftir því sem virkjunarframkvæmdum og orkumálum miðar áfram. Og að lokum: Iðnaðarstöðvar eða iðjustöðvar hljóta að öðrum þræði að verða efnahagsleg undirstaða stórvirkjunar og undirstaða hagkvæms rekstrar orkuvera. Um það er ekki að villast. En þessi mál eru öll í undirbúningi, á rannsóknastigi. Sum eru að komast af því, önnur eru skemmra á veg komin. En það er eðlilegt, að það sé nokkurt óþol í þeim, sem á Norðurlandi búa og búa við orkuskort og hann aukinn með hverjum mánuði að kalla sem líður.

Allshn. treystir því, að með fyllstum hraða verði unnið að rannsóknum og undirbúningi raforkumála í Norðlendingafjórðungi og að þær ábendingar, sem koma fram í báðum þessum greindu þáltill., verði teknar til íhugunar við meðferð þessara mála í heild. Og þar sem kunnugt er, að þessi mál eru í höndum þeirra aðila, sem ekki aðeins hafa sérfræðilega þekkingu á þeim, heldur og ber skylda til þess að vinna að þeim og koma þeim til hafnar, eins og auðið verður, þá þykir n. eftir atvikum eðlilegt, að báðum þessum till. verði við svo búið vísað til ríkisstj.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Staðarval stóriðju á Norðurlandi, þáltill. (þskj. 69, n. 575). — Frh. einnar umr.

Enginn tók til máls.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Könnun á olíukaupum, þáltill. (þskj. 313). — Ein umr.

Flm. (Matthías Á. Mathiesen): Herra forseti. Ég skal ekki fara löngu máli um till. þá, sem hér er til umr. og flutt er af mér ásamt hv. 2. þm. Reykv., Geir Hallgrímssyni, á þskj. 313 og fjallar um, að ríkisstj. verði falið að kanna nú þegar, með hvaða hætti tryggja megi sem best kaup á nægjanlegum olíuafurðum til langs tíma. Gert er ráð fyrir, að sérstaklega verði kannaðir möguleikar á olíukaupum hjá Norðmönnum frá hinum nýfundnu olíulindum í Norðursjó.

Ég geri ráð fyrir því, að við nýtum í vaxandi mæli innlenda orkugjafa til hagsbóta fyrir landsmenn alla með einum eða öðrum hætti, en þó sé okkur ljóst, að seint verður þessum málum svo komið, að við þurfum ekki að kaupa töluvert magn af olíuafurðum til ýmissa nota. Íslendingar hafa um langan tíma keypt flestallar olíutegundir sínar frá Sovétríkjunum og oft gert jafnkeypissamninga þar um. Íslendingar virtust því vel settir, er olíukreppan skall yfir, og ekki háðir takmörkun á framleiðslu eða sölu Arabaríkjanna á olíuafurðum. Síðan olíukreppan skall á hefur í ljós komið, að Sovétríkin hafa ekki getað fullnægt olíusölusamningnum og Íslendingar því orðið að kaupa a. m. k. tvo farma frá Vestur-Evrópu. Þá er og ljóst, að olíusamningarnir við Sovétríkin renna út á næsta ári og óvíst er, hvað við tekur. Í því sambandi er að dómi okkar flm. þessarar till. eðlilegt, að ríkisstj. athugi, hvort og þá með hvaða skilmálum Íslendingar geti fengið keypta olíu frá hinum nýfundnu olíulindum í Norðursjó. Talið er, að Norðmenn muni verða sjálfum sér nógir um olíu á þessu ári, og þegar mun farið að athuga um samninga um sölu á olíu og gasi. Þá er það skoðun flm., að heppilegt sé að dreifa meira áhættunni við olíuinnkaup, jafnframt því sem ekki er vitað, hve mikinn áhuga Sovétríkin hafa á að selja okkur olíuafurðir í jafnríkum mæli og hingað til, auk þess sem mun styttra er að flytja olíuna frá Norðursjónum en frá Rússlandi, og gæti það haft í för með sér nokkurn sparnað og aukið öryggi.

Því má að sjálfsögðu ekki gleyma, að viðskiptin við Sovétríkin eru að mörgu leyti okkur hagstæð, þar sem þau kaupa af okkur ýmsar útflutningsafurðir. Ber að sjálfsögðu við nýja samningagerð að hafa þessi atriði í huga.

Það er skoðun okkar flm., að hér sé um að ræða mjög þýðingarmikið mál, sem núv. Alþ. þurfi að álykta um, og er það von okkar, að hér sé ekki um ágreiningsmál að ræða og allshn., sem við leggjum til að málið fái til athugunar, geti fljótt og vel afgreitt þetta mál og þá jákvætt.

Herra forseti. Ég legg til, að umr. verði frestað og málinu vísað til allshn.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Gjöf Jóns Sigurðssonar, þáltill. (þskj. 140, n. 642). — Síðari umr.

Frsm. (Geir Gunnarsson): Herra forseti. Fjvn. hefur fjallað um þáltill. á þskj. 140 um „Gjöf Jóns Sigurðssonar“ og ekki séð ástæðu til að afla umsagnar um till. Við afgreiðslu fjárl. fyrir þetta ár var samþykkt sérstök brtt. í samræmi við efni þessarar þáltill., þannig að fjárveiting til „Gjafar Jóns Sigurðssonar“ er í núgildandi fjárl. sú, sem að er stefnt með þáltill. Fjvn. leggur einróma til, að þáltill. verði samþykkt og með því verði lýst yfir vilja þessa þings um, hvert skuli, þar til öðruvísi kynni að verða ákveðið, verða framlag til sjóðsins á fjárl., jafnframt því sem rýmkaðar verði heimildir til notkunar fjárins, eins og fram kemur í þáltill.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Kostnaðaráætlanir við stjórnarfrumvörp, þáltill. (þskj. 329, n. 643). — Frh. einnar umr.

Frsm. (Geir Gunnarsson): Herra forseti. Fjvn. hefur fjallað um þáltill. á þskj. 329 um kostnaðaráætlanir við stjfrv., en þessa till. flutti hv. 3. landsk. þm., Bjarni Guðnason. Fjvn. sá ekki ástæðu til að afla sér umsagnar um till., en leggur einróma til, að hún verði samþykkt.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Veitinga- og gistihúsarekstur að vetrarlagi utan þéttbýlissvæða, þáltill. (þskj. 163, n. 641). — Síðari umr.

Frsm. (Steinþór Gestsson): Herra forseti. Eins og nál. á þskj. 641 ber með sér, hefur fjvn. fjallað um till. til þál. um veitinga- og gistihúsarekstur að vetrarlagi utan þéttbýlissvæða og orðið sammála um að mæla með samþykkt hennar.

Það hefur viðgengist um nokkurt skeið að veita fé á fjárl. til þess að halda uppi gistiaðstöðu fyrir ferðamenn á ýmsum ferðaleiðum að vetrarlagi. Lengst af hefur verið um lágar fjárhæðir að ræða til hvers aðila um sig. Þær hafa nú farið hækkandi vegna þeirrar vitneskju, sem fjvn. hefur talið sig hafa um það, að rekstraraðstaða margra þessara veitingamanna hafi farið versnandi hin síðari ár. Í grg. með till. kemur sú skoðun einnig fram, að rekstrarkostnaður við þessa þjónustustarfsemi hafi vaxið mjög og af ýmsum sökum, t. d. vegna styttingar vinnutímans, sem óhjákvæmilega leiddi af sér fjölgun starfsfólks. Þá hafa kröfur um aðstöðu og aðbúnað ferðafólks farið vaxandi, svo sem eðlilegt má telja í tímans rás. Og síðast, en ekki síst hafa afskipti opinberra aðila að þessum málum m. a. komið fram í því að veita harðnandi samkeppni á þessu sviði með því að opna sem víðast ríkisrekin gistihús bestu sumarmánuðina, þegar ferðamannastraumurinn er mestur og rekstraraðstaðan best. Er það í samræmi við þá skoðun, að alla áherslu beri að leggja á þann tíma ársins, sem útlendingar leggja hingað tíð-

ast leið sína. Afleiðingin er sú, að ýmsir þeir, sem lagt hafa kapp á að auka og bæta þessa mikilvægu þjónustu og halda henni uppi allt árið, ná ekki þeim tekjum út úr rekstri sumarsins, sem dygði til að vega upp hallarekstur vetrarins. Yfir vofir, verði ekki úr bætt, að þeir kunni að neyðast til að loka yfir veturinn, þegar síst má án þjónustu þeirra vera. Má rekja mörg dæmi þess, hver nauðsyn er slíkrar þjónustu fyrir ferðamenn, sem þurfa að brjótast í misjafnri færð í hrakviðrum vetrarins yfir hina ýmsu fjallvegi landsins eða setjast um kyrrt og komast hvergi, stundum dögum saman. Getur þá jafnvel riðið á lífi manna, hvar áningarstað er að finna.

Mörg rök virðast því mæla með því, að mál þessi verði nú tekin til gagngerðrar athugunar í heild, eins og lagt er til með till. Hér er um vandamál að ræða, sem snertir ekki einvörðungu veitingamennina og hinn takmarkaða fjölda vetrargesta. Það er einnig mál, sem ástæða sýnist til, að þjóðfélagið sem heild gefi vaxandi gaum.

Þeir aðilar, sem fengu till. þessa til umsagnar, mæltu með því, að till. yrði samþykkt, þ. e. ferðamálaráð, Vegagerð ríkisins og Samband veitinga- og gistihúsaeigenda. Allir töldu þeir þörf á, að athugun á stöðu þessara aðila færi fram, og á grundvelli þeirrar niðurstöðu skyldi n. gera till. um samræmdar aðgerðir til úrbóta á vanda þeirra.

Ég sé ekki ástæðu til að hafa fleiri orð um till. þessa að svo komnu máli, en ég vísa til ræðu flm. till. við 1. umr. og grg. með henni. Ég árétta það að lokum, að fjvn. mælir einróma með því, að till. verði samþykkt óbreytt.

Pálmi Jónsson: Herra forseti. Sem flm. þessarar till. vil ég þakka hv. fjvn. fyrir þá afgreiðslu, sem hér hefur verið lýst frá n., og vænti þess, að till. nái samþykki á yfirstandandi Alþ. Í framhaldi af því lýsi ég fyllsta trausti á, að hæstv. samgrh. láti fram fara þá athugun, sem till. greinir, og af því megi hljótast, að samræmdar aðgerðir verði gerðar til að ráða bót á þeim vanda, sem till. fjallar um.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Búseta á Hólsfjöllum og á Efra-Fjalli, þáltill. (þskj. 447, n. 640). — Síðari umr.

Frsm. (Vilhjálmur Hjálmarsson): Herra forseti. Þegar þessi till. var hér til umr., var gerð mjög ítarleg grein fyrir henni af hálfu fyrsta flm., og grg. till. er einnig ítarleg. Ég sé því ekki ástæðu til að hafa þessa framsögu aðra en þá að greina frá því, að fjvn. hefur fjallað um till. og leggur einróma til, að hún verði samþykkt óbreytt.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Kennsla í haffræði við Háskóla Íslands, þáltill. (þskj. 31, n. 651). — Frh. einnar umr.

Frsm. (Ingvar Gíslason): Herra forseti. Fjvn. hefur haft þetta mál til meðferðar, og frá því er að segja, að samkv. till. fjvn. við fjárl. í vetur fyrir líðandi ár samþykkti Alþ. að veita fé til þess að stofna kennsluembætti í haffræði við Háskóla Íslands. Af þeim sökum telur n., að markmiði þessarar till. sé fullnægt, og leggur til einróma, að till. verði vísað til ríkisstj.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Rannsókn á reki gúmbjörgunarbáta, þáltill. (þskj. 146, n. 649). — Frh. einnar umr.

Frsm. (Ásberg Sigurðsson): Herra forseti. Fjvn. hefur haft þáltill. á þskj. 146 um rannsókn á reki gúmbjörgunarbáta o. fl. til athugunar og orðið sammála um að mæla með samþykkt hennar óbreyttrar.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Nýting raforku til húsahitunar, þáltill. (þskj. 151, n. 653). — Frh. einnar umr.

Frsm. (Jón Árnason): Herra forseti. Till. til þál. um nýtingu raforku til húsahitunar og verðjöfnun á raforku var vísað til fjvn. nokkru fyrir jól. Tillgr. hljóðar svo, með leyfi forseta:

„Alþ. ályktar að skora á ríkisstj. að taka til endurskoðunar fyrri áætlanir um raforkuframleiðslu til húsahitunar með það fyrir augum, að öllum aðgerðum í þessum efnum verði flýtt svo sem kostur er á. Jafnframt beiti ríkisstj. sér fyrir nauðsynlegum lagabreyt., ef með þarf, til þess að á verði komið jöfnunarverði á raforku til húsahitunar, þannig að kostnaður við upphitun húsa með raforku verði sambærilegur við hitun húsa á jarðhitasvæðum, þar sem hitaveitur eru fyrir hendi eða verður við komið með eðlilegum hætti.“

Fjvn. leitaði umsagnar um till. þessa hjá samtökum sveitarfélaga og Orkustofnun, og mun ég síðar koma að efni þeirra umsagna.

Að undanförnu hafa hér á hv. Alþ. farið fram allítarlegar umr. um orkumál. Sú staðreynd, að sá orkugjafi, sem við Íslendingar höfum lengst af verið háðir hvað viðkemur upphitun húsa, þ. e. olían, hefur stórhækkað í verði, auk þess sem til hefur komið samdráttur í sjálfri olíuframleiðslunni, hefur vakið okkur Íslendinga til alvarlegrar umhugsunar um það að láta nú ekki dragast lengur að gera stórt átak í þeim efnum að hagnýta sem best þá orku, sem til er í landinu, með það fyrir augum, að við sjálfir getum framleitt alla þá orku, sem við þurfum á að halda til húsahitunar og til rekstrar margvíslegs iðnaðar og framleiðslu í landinu. Það er öllum löngu ljóst, að mikill mismunur hefur átt sér stað á hitunarkostnaði húsa á hinum ýmsu stöðum á landinu. Er þar sérstaklega um að ræða þau byggðarlög, sem hafa aðstöðu til upphitunar frá jarðvarma og hins vegar þá, sem verða að nota olíu sem orkugjafa. Hitt er svo annað mál, að stór hluti landsmanna mun ekki eiga þess kost, a. m. k. ekki í náinni framtíð, að fá hitaorku frá jarðvarma. Mun láta nærri, að nú sem stendur þurfi um helmingur landsmanna að notast við olíu til upphitunar. Annar orkugjafi, sem nokkuð hefur farið vaxandi á undanförnum

árum, er raforkan, og það er sú orka, sem till. þessi tekur til og leggur áherslu á að framkvæmdum verði flýtt svo sem kostur er á. Það er ískyggilegt til þess að vita, hvað stór hluti þjóðarinnar er háður því að nota olíu til húsahitunar, og ef svo fer fram sem horfir, að olían fari hækkandi, má öllum vera ljóst, að aðstöðumunur til búsetu á landinu er orðinn svo mikill, að það hlýtur fyrr en varir að hafa enn meiri áhrif til byggðaröskunar en fyrr hefur átt sér stað, ef ekkert sérstakt verður að gert.

Það, sem ég hef nú vikið að varðandi þau áhrif, sem olíuverðhækkunin muni hafa í för með sér, hefur Alþingi þegar gert sér ljóst. Með frv. um lækkun á olíuverði er þessi staðreynd viðurkennd og ætti að vinna nokkuð á móti þeim mismun, sem olíuverðshækkunin veldur, þótt ekki sé tjaldað til langs tíma í þeim efnum, eins og frv. ber með sér.

Það sýnist einsýnt, að auk jarðvarmans verði það raforkan, sem notuð verði til húsahitunar í framtíðinni. En til þess að almenningur, sem ekki á aðgang að jarðvarma, fái notið raforkunnar, verður að gera stórátak og það ekki aðeins í aukinni raforkuframleiðslu, heldur einnig og ekki síður í uppbyggingu veitukerfa bæði með traustum dreifilínum og að sjálfsögðu sjálfu raforkukerfinu á hinum þéttbyggðu stöðum, því að það vantar mikið fé á, að þau mál séu þar í lagi í dag.

Ég vil þá víkja nokkuð að umsögnum um málið, sem n. bárust. Vil ég þá fyrst minnast á umsögn Orkustofnunarinnar. Þar er um athyglisverðar upplýsingar að ræða, sem ég tel rétt að lesa upp, það er ekki langt mál. Með leyfi forseta, þá er umsögn Orkustofnunar svo hljóðandi:

„Till. til þál. um nýtingu raforku til húsahitunar og verðjöfnun á raforku, 123. mál Alþingis. — Með bréfi, dags. 21. des. 1973, óskar hæstv. fjvn. umsagnar Orkustofnunar um ofangreinda till. Seint á síðasta ári fól iðnrn. verkfræðistofu hér í bæ að athuga í samráði við Orkustofnun, hvernig megi hraða þeirri þróun, að innlendir orkugjafar komi í stað innfluttra. Orkustofnunin hefur nú nýlega endurskoðað fyrri grg. um möguleika til nýtingar jarðhita á ýmsum stöðum landsins. Hefur þessi endurskoðun grg. m. a. verið send hv. þm., þ. e.: Nýting jarðhita og framtíðarhorfur, eftir Kristján Sæmundsson og Valgarð Stefánsson. Orkustofnun, jarðhitadeild í nóv. 1973.

Sem stendur er talið, að tæplega helmingur landsmanna búi í húsum, sem hituð eru upp með jarðhita. Athuganir Orkustofnunar benda til, að hækka megi þetta hlutfall í 60—70%. 30—40% þjóðarinnar þurfa þá að nota raforku til upphitunar, ef útrýma á olíu alveg á þessu sviði. Eftir því sem nú horfir um verð á olíu, virðist sem hún muni alls ekki vera samkeppnisfær við rafhitun hvað verð snertir, þannig að eðlilegt er að gera ráð fyrir, að olían hverfi alveg af húshitunarmarkaðinum. Hingað til hefur verið mjög á mörkum, hvort ódýrara væri hitun með olíu eða með rafmagni.

Áætlað er, að til fullrar hitunar fyrir 30—40% landsmanna (íbúafjöldi 1. des. 1972) þurfi orkuvinnslu, er nemur 800—1000 gígawöttum á ári. Til samanburðar má geta þess, að öll raforkuvinnsla á landinu nam árið 1972 1768 gígawöttum, þar af voru unnin vegna álbræðslu 771 og vegna annarra nota 997. Innflutningur á eldsneyti nam alls um 513 þús. tonnum árið 1972. Talið er, að af því hafi um 138 þús. tonn eða 27% farið til hitunar á húsrými.

Enda þótt jarðhiti sé fáanlegur, er hann samt misjafnlega auðveldur í vinnslu og flutningi á notkunarstað eftir staðháttum. Kostnaður jarðvarmaorku við þéttbýlismörk getur þannig orðið mismunandi. Að auki getur dreifingarkostnaður orðið mismikill eftir því, hve þéttbyggt er. Allt þetta leiðir til þess, að kostnaðarverð jarðvarmans við húsvegg notenda getur orðið allmisjafn. Svipað gildir um raforku til húshitunar. Þó er þess að vænta, að mismunur á rafhitunarkostnaði milli staða verði heldur minni en samsvarandi staðarmunur á jarðhitakostnaði, þegar strjálbýli er undanskilið, þar sem miklu dýrara er að dreifa raforku en í þéttbýli. Hins vegar er þess að vænta, að rafmagn verði yfirleitt dýrara sem hitagjafi en jarðhiti, þar sem vinnsla jarðhita er sæmilega auðveld, en eins og fyrr segir, er þess að vænta, að 60—70% landsmanna búi við slíkar aðstæður að geta nýtt jarðvarmann í framtíðinni.

Það, sem nú var rakið, þarf að hafa í huga, þegar rætt er um þá verðjöfnun á hitaorkunni, sem till. gerir ráð fyrir. Hvort og að hve miklu leyti taka skuli upp slíka verðjöfnun, er algjörlega pólitískt mál, sem stjórnvöld verða að taka ákvörðun um, og verður sú spurning ekki rædd hér. En verði farið út í verðjöfnun, er viðfangsefnið a. m. k. tvíþætt: Í fyrsta lagi verðjöfnun milli jarðhitaveitna innbyrðis og annars vegar verðjöfnun milli þéttbýlis og strjálbýlis. Ef út í verðjöfnunina er farið, er mikilvægt, að henni verði komið fyrir með slíkum hætti, að hún dragi ekki úr viðleitni til að nýta á hverjum stað þann hitaorkugjafa, sem ódýrastur er, ef engin verðjöfnun kæmi til."

Þá vil ég einnig minnast á umsögn frá Sambandi sveitarfélaga á Vestfjörðum, en ég hygg, að fáir landshlutar eigi við meiri örðugleika að etja í þessum efnum en Vestfirðir, og var ekki á þá erfiðleika bætandi, sem þar voru fyrir hendi, til þess að koma í veg fyrir fólksflutninga úr því héraði. Í bréfi, sem okkur barst frá Vestfjörðum, frá Fjórðungssambandi Vestfirðinga, segir svo um þetta mál:

„Till. til þál. á þskj. 151, 123. mál. Þarna er þarft og gott málefni, sem vonandi nær fram að ganga í einhverri mynd. Kemur það Vestfirðingum þó að engu gagni, ef það er í raun stefna Alþ. og ríkisstj., sem kemur fram í svari raforkumrh. við fsp. um raforkumál Vestfirðinga á þskj. 117, en lokaorð ráðh. voru á þessa leið: „Svo sem þingheimi er kunnugt, er nú unnið að mikilli stækkun Mjólkárstöðvarinnar í Arnarfirði. Er gert ráð fyrir því, að sú stækkun, sem nemur 5.6 mw., verði tekin til notkunar á árinu 1975, og verður þá vel séð fyrir raforkuöflun um Vestfirði í bráð." — Þessi „mikla" stækkun Mjólkárstöðvar gerir lítið meira en að leysa dísilaflið, 3037 kw., af hólmi í bili. Það er því tómt mál að tala um rafhitun húsa hér næstu árin. Til að svo megi verða, þarf hugur ráðamanna

um virkjanir á Vestfjörðum og orkuflutning hingað að taka miklum breyt. í framfaraátt, einnig að Vestfirðingar sjálfir hafi meiri áhrif á gang mála, eins og fyrr er getið. Skylt er að upplýsa, að af þeim 3960 kw. með vatnsafli, sem ráðh. getur um í svari sínu við fsp. á þskj. 117, eru 1100 kw. vatnsaflsstöðvar í Engidalsstöð mjög lamaðar af vatnsaflsskorti, sem varð vegna þess, hvað úr hömlu dróst að gera við 33 kw. strenginn yfir Dýrafjörð á næstliðnu hausti. Segja má, að dísilafl sé grunnafl í orkuveri Ísfirðinga, eins og sakir standa. Það er mikið alvörumál.

Að endingu: Rafveita Ísafjarðar hefur fullan hug á því að auka bæði orkuframleiðslu og orkudreifingu sína til hagsbóta fyrir Ísafjörð og Vestfirði alla. Enginn efast um virkan stuðning þm. eða annarra forsjármanna Vestfirðinga til að hrinda þeim áætlunum í framkvæmd, þegar þar að kemur.

Það komu fleiri umsagnir um þetta mál, en ég sé ekki ástæðu til að lesa meira upp í þessu sambandi. Þær umsagnir hnigu mjög í sömu átt og það, sem ég hef hér lesið bæði varðandi Vestfirði og hið almenna álit Orkustofnunarinnar, og sé ég því ekki ástæðu til þess að lesa það sérstaklega.

Um þann hluta till., sem snýr að verðjöfnun, verður að viðurkenna, að hér er við mikið vandamál að fást, sem verður að fást lausn á. Verðjöfnun á raforku til hitunar húsa er réttlætismál, og ekkert er mikilvægara í hinu svokallaða byggðajafnvægismáli en það, að landsmenn sitji allir við sem jöfnust kjör hvað viðkemur almennum kostnaði á rekstri heimilanna.

Ég tel svo ekki ástæðu, herra forseti, til að orðlengja frekar um þetta mál, en það var einróma samþykkt í fjvn. að vísa þessari till. til ríkisstj. í trausti þess, að hún tæki málið til alvarlegrar athugunar og framkvæmda.

Guðlaugur Gíslason: Herra forseti. Ég sé ekki ástæðu til þess að lengja umr. um þetta mál eftir þá ítarlegu framsöguræðu, sem hér var flutt af hendi frsm. fjvn. Ég þakka n. fyrir að afgreiða málið frá sér. Þó að við hefðum sjálfsagt frekar kosið að fá það samþ., þá er eðlilegt undir þeim kringumstæðum, sem nú ríkja um orkumálin almennt, að þessu máli sé vísað til ríkisstj.

Síðan þessi till. var flutt hér snemma í haust, hafa orkumálin mjög verið hér á dagskrá, og stjórnvöld virðast hafa gert sér fulla grein fyrir, að hér á hinu háa Alþ. er mikill þrýstingur frá þm., sérstaklega úr dreifbýlinu, um, að gerðar verði róttækar ráðstafanir, til þess að úr verði bætt orkuþörf landsmanna, þannig að við verði komið rafhitun í sambandi við upphitun íbúðarhúsa og húsnæðis almennt, þar sem ekki verður við komið hitun með jarðvarma, sem allir telja þó, að æskilegra sé, ef slíkar aðstæður eru fyrir hendi.

Það er ekki á þessu stigi ástæða til þess að fjölyrða frekar um þetta mál, en ég vil endurtaka það, að ég þakka n. fyrir að hafa afgreitt málið frá sér og tel eðlilegt, að það sé gert á þann veg, sem hún leggur til, að því sé vísað til ríkisstj. til athugunar í sambandi við orkumálin í heild. Ég tek undir það, sem hv. frsm. sagði í upphafi máls síns, að við væntum þess, að þetta mál eins og önnur, sem snerta orkumálin, verði tekið þar til jákvæðrar afgreiðslu.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Tónlistarnám, þáltill. (þskj. 203, n. 688). — Frh. einnar umr.

Frsm. (Ragnhildur Helgadóttir): Herra forseti. Það er mér ánægja að fylgja úr hlaði þessu nál. um till. til þál. um bætt skipulag tónlistarnáms. Allshn. Sþ. var sammála um að mæla með samþykkt þessarar till. Kom fram í n., að menn voru sérstaklega hlynntir því, sem fram kemur í grg. þessarar till. um nauðsyn þess að gera tónlistina að almenningseign, og eins og hv. flm. till. segir: „að almennu tjáningartæki með beinni kennslu í nótnalestri og hljóðfæraleik.“ — Mig langar til að fá að bæta hér einu atriði við, sem ég vildi gjarnan mega leggja sérstaka áherslu á og tel raunar, að hafi mjög mikið gildi í almennri fræðslu, og það er að gera tónlistina meira að almenningseign á þann hátt að kenna nemendum að hlusta á tónlist. Ég held, að það sé ótrúlega mikill fjöldi manna, sem hefur ekki tekist að komast inn í hinn fjölbreytta og fagra heim tónlistarinnar vegna þess eins, að þeir hafa ekki komist upp á að hlusta á tónlistina á unga aldri og telja á einhvern hátt, að þarna sé um að ræða list, sem einungis standi þeim til boða, sem séu sérfróðir í greininni.

Í því sambandi langar mig til að rifja upp lítið atriði, sem ég var svo heppin að njóta sjálf, þegar ég var í menntaskóla, og tel, að ég eigi margt að þakka því, sem við fengum að læra á þessu sviði. Það var einfaldlega, að félagsskapur í skólanum bauð til sín á nokkra fundi dr. Páli Ísólfssyni, og hann hlustaði með okkur á nokkur tónverk, nokkrar sinfóníur Beethovens, og útlistaði fyrir okkur verkin jafnharðan, síðan hlustuðum við á þau í heild. Ég held, að við, sem þarna vorum viðstödd, höfum verið upp og ofan það, sem kallað er ósköp lítið músíkalskt fólk. En ég held, að það sé allra mál, sem þessarar fræðslu eða handleiðslu dr. Páls nutu, að þarna hafi okkur verið með nokkrum hætti opnaðar dyr að þessum heimi tónlistarinnar á þann veg, að við höfum alla tíð búið að því síðan. Þetta er ekkert stórt atriði, en ég vildi gjarnan í sambandi við þetta mál láta koma fram, að eitthvað í þessa áttina, fræðsla á svipaðan hátt og þarna var uppi höfð, þyrfti að standa til boða nemendum á skyldunámsstigi, strax og mér er kunnugt, að þó nokkrir tónlistarkennarar í barnaskólum hafa farið inn á þessa braut nemendunum til mikils gagns og gleði. Og ég vildi benda á, að gera þyrfti þessa leið að enn stærri þætti í tónlistarnámi en nú er, og að öðru leyti taka undir þær leiðir, sem bent er á í þessari þáltill.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Rannsókn á gerð nýrrar hafnar á suðurströndinni, þáltill. (þskj. 310, n. 725). — Síðari umr.

Frsm. (Björn Fr. Björnsson): Herra forseti. Till. sú, sem hér er á dagskrá, fjallar um rannsókn á gerð nýrrar hafnar á suðurströndinni. Flm. eru allir 6 þm. Sunnl. Ég leyfi mér að lesa till.:

„Alþ. ályktar að fela ríkisstj. að láta rannsaka hafnamál Suðurlands og gera till. um nýja höfn á suðurströnd landsins.

Til að hefja rannsóknina og gera till. um framkvæmdir skal samgrn. skipa n. 5 manna. Skal einn tilnefndur af sýslunefnd Árnessýslu, einn af sýslunefnd Rangárvallasýslu, einn af sýslunefnd Vestur-Skaftafellssýslu, einn af bæjarstjórn Vestmannaeyja og einn af samgrn. án tilnefningar, og skal hann vera form. n.“

Hafnamálin á suðurströnd landsins hafa oft hér á þingi verið til umr. Till. hafa komið fram frá einstökum þm. og fsp. varðandi rannsókn og athafnir í þessu efni. Þess vegna get ég farið hér einungis fáum orðum um þetta mál.

Á s. l. sumri vann stjórnskipuð n. 7 manna að athugun á hafnamálum á Suðurlandi, vegna eldgossins í Vestmannaeyjum aðallega. Athugun þeirrar n. beindist ekki að gerð nýrrar hafnar, heldur að uppbyggingu Þorlákshafnar og fleiri hafna, bæði fyrir austan og vestan Þorlákshöfn, í Grindavík annars vegar og hins vegar í Hornafirði. Og það, að 7 manna nefndin vann með þessum hætti að málinu, stafaði fyrst og fremst af því, að það var orðið ljóst, þegar leið á sumarið, að betur færi í sambandi við þessar miklu náttúruhamfarir en við mátti búast áður á árinu, og var gert ráð fyrir því, að Vestmannaeyjahöfn mundi að mestu leyti geta haldið sér og endurbætur og stækkun Þorlákshafnar, eins og fram kom í áliti þessarar n., var í raun og veru alveg sjálfsögð og nauðsynleg framkvæmd, sem kemur æðimörgum að notum og ekki síst þeim, sem búa fyrir vestan Þorlákshöfn. En Þorlákshöfn leysir ekki þann vanda, sem af hinu alræmda hafnleysi á suðurströndinni leiðir eða á strandlengjunni frá Ölfusá og alla leið til Hornafjarðar.

Flm. þessarar till. telja höfuðnauðsyn að fá úr því skorið, hvar heppilegast er og hagkvæmast að gera nýja höfn á suðurströndinni, en um marga möguleika er talið að ræða fyrir austan Ölfusá og að Dyrhólaey.

Það er kunnara en frá þurfi að segja, að við Dyrhólaey hafa ýmiss konar rannsóknir á vegum hafnamálastjórnarinnar farið fram, þó að hvergi nærri sé komið að neinu endanlegu marki og langt frá því. Í Þykkvabæ hefur lengi verið talið, að væru sæmileg hafnarskilyrði, og er hægt að segja það enn einu sinni, að Bandaríkjamenn voru þar á ferðinni við rannsóknir á árunum 1951—1953 og lögðu töluverða vinnu í þær, en niðurstöðu af þeirra hálfu veit maður ekki um aðra en þá, að þeir töldu, að þarna væri um arið gott hafnarstæði að ræða. Hins vegar að sjálfsögðu þar eins og annars staðar verður hafnargerð á suðurströndinni mjög dýr í framkvæmd. Og eins má segja um Dyrhólaey. Þar er sjálfsagt hægt að gera góða höfn, sem yrði til geysilegra hagsbóta.

Þá eru það tvær hafnir, ef hafnir skyldi kalla. Það hafa farið fram lendingarbætur á tveim stöðum í Árnessýslu, þ. e. á Stokkseyri og á Eyrarbakka. En hafnir þær eru litlar og engan veginn traustar og taka á móti örfáum bátum á hvorum stað, en sjálfsagt má vinna þar svo, að hægt sé að gera hafnir. Sérstaklega er það talið á Eyrarbakka.

Eins og ég sagði áður, hafa hv. þm. fylgst með þessum málum og ekki vafi á því, að þeir eru á okkar máli, þm. Sunnlendinga, að það sé rétt að láta kanna og það sem fyrst til fulls, hvar á að bregða sprota niður til að byggja virkilega góða fiskiskipahöfn og kannske verslunarhöfn líka. Það er ekki aðeins hagsmunamál Sunnlendinga, heldur og allra landsmanna. Það er ekki vafi á því. Og þá er hugsað til þeirra fiskimiða, sem eru þarna út af ströndinni.

7 manna nefndin, sem ég gat um og hafði með hafnamálin að gera á s. l. sumri og lét frá sér fara skýrslu um störfin, segir í lokaorðum m. a. þetta, með leyfi hæstv. forseta:

„N. bendir á, að eðlilegt geti verið að mynda sérstaka ráðgjafanefnd í hafnamálum Suðurlands, þar sem valdir væru menn sem víðast að úr landshlutanum til þess að vera opinberum aðilum til trausts og halds við nánari ákvarðanir í almennum hafnamálefnum Suðurlands.“

M. a. með hliðsjón af þessum lokaorðum í skýrslu 7 manna n. hafa þm. Sunnl. allir leyft sér að flytja þessa till. Hún er í fullu samræmi við þetta álit 7 manna n. og verkefni, sem 7 manna n. taldi sig ekki eiga að leysa að svo komnu.

Í umsögn frá Framkvæmdastofnun ríkisins segir m. a.: Að því er varðar aðild félagsaðila á Suðurlandi að athugun þessa máls, þ. e. a. s. hins almenna hafnarmáls, hefur af hálfu Framkvæmdastofnunar ríkisins verið hallast að þeirri hugmynd, sem gert er ráð fyrir í till. til þál.“ — Við þm. Sunnl. vorum á s. l. hausti á fundi með stjórnendum í Framkvæmdastofnuninni, og þá var einmitt rætt um þessa hugmynd, og m. a. höfum við flutt till. með hliðsjón einmitt af þessu áliti þeirra í Framkvæmdastofnuninni.

Það verður að líta svo á m. a., að í till. felist það, að eðlilegt sé, að heimamenn, sem eru kunnugastir öllum staðháttum, fari með þessa rannsókn og að álit þeirra komi skýlaust í ljós. Það fer vel á því og það er enginn vafi á því og ætlast til þess beinlínis, að valdir verði þeir menn af hálfu Sunnlendinga, sem eru oddvitar hver á sínu svæði, þar sem um hafnargerð kann að verða að ræða, og þeir staðir, sem ég hef nefnt, 4 á suðurströndinni, verði teknir til könnunar og það af mönnum, sem hafa forstjórn á sveitarmálefnum. Þess vegna teljum við ekki rétt, eins og fram kemur í áliti Framkvæmdastofnunar ríkisins, að það væri kannske eðlilegt, að einn maður enn væri í þessari n., sem væri kvaddur til af Sambandi sunnlenskra sveitarfélaga. Við teljum það enga nauðsyn, vegna þess að þarna verða, eins og ég segi oddvitar að verki, og þeir eru nægilegir fulltrúar Sambands sunnlenskra sveitarfélaga og ekki ástæða til þess að hafa fleiri í n. að því leyti.

Formaður n., 5. maðurinn, verður svo valinn af rn., sem fer með hafnamál, og við

teljum þá, að hagsmunir hins opinbera séu að fullu tryggðir. Hér er að sjálfsögðu ekki verið að taka neina stórfellda uppbyggingarákvörðun, heldur verið að reyna að þreifa sig áfram og fá, eins og ég hef sagt, álit heimamanna á því, hvað þeir telja eðlilegast, og um leið eða freistað að fá sameiginlegt álit um einn ákveðinn stað, því að í raun og veru er það gersamlega úrhendis að vera með lendingarbætur á svo og svo mörgum stöðum, því að það yrði aldrei nema kák eitt miðað við hitt.

Það teljum við sjálfsagt, sem að þessari till. stöndum, að n. hafi aðstöðu til og eigi að leita aðstoðar sérfræðinga á vegum ríkisstj. og forráðamenn hafnarmálefna hafi þar tök á. En sem sagt, í allshn. höfum við íhugað þessar þáltill. og athugað umsagnir annars vegar frá Framkvæmdastofnuninni og hins vegar skýrslu frá 7 manna n., og við höfum komið okkur ásamt um það öll í n. að mæla með samþykkt till. óbreyttrar.

Z í ritmáli, þáltill. (þskj. 148, n. 527). — Frh. einnar umr.

Frsm. (Ragnhildur Helgadóttir): Herra forseti. Hv. allshn. Sþ. var sammála um að mæla einróma með samþykkt þáltill. að undanskildum einum nm., sem var fjarstaddur, þegar málið var afgreitt, og hann hafði raunar á fyrri fundi lýst aths. í þá átt, að hann væri ekki ákveðinn í því að fylgja till. Að öðru leyti stóð n. algerlega saman um afgreiðslu málsins, eins og segir í nál.

Menntmrh. (Magnús T. Ólafsson): Herra forseti. Ég vil nú fyrst geta þess, að eftir nál. um till. á þskj. 148 og framsöguræðu frsm. þykir mér jafnlítið og áður við fyrri hl. umr. fara fyrir röksemdafærslu fyrir efni þáltill. Það var tekið fram við fyrri hluta umr., að sú ákvörðun um að fella setu úr skólastafsetningu, sem til umr. er, var tekin eftir einróma áliti n., sem skipuð var þeim mönnum, sem hver og einn hefur helgað krafta sína og lífsstarf því að kenna íslenskum ungmennum íslenska tungu. Það hefur orðið vart á síðustu vikum, að ýmsir úr sama hópi eru mjög eindregið á þeirri skoðun, að sú till., sem réttritunarnefndin gerði og framfylgt var með auglýsingunni um brottnám setu úr skólastafsetningu, væri rétt og rökum studd. Ég nefni aðeins það álit, sem stjórn Sambands ísl. barnakennara hefur gert, og þá könnun, sem fram fór hjá verðandi kennurum í Kennaraháskóla Íslands og öllum alþm. eiga að vera kunnar, svo að ég rek það ekki nánar. En ég vil við þennan hluta umr. endurtaka nokkur meginatriði í þeirri röksemdafærslu, sem liggur að baki auglýsingunni um brottnám setu úr skólastafsetningu.

Það er ómótmælt, að 40 ára reynsla af áður gildandi setureglum er sú, að seta er ekki kennd í skyldunámi, og þegar kennsla hennar hefst í framhaldsnámi, þá er það reynsla kennara, að til þessa sérstaka stafsetningaratriðis fer svo mikill tími, að mjög er dregið úr kennslu annarra atriða, sem að dómi þorra kennara skipta meira máli heldur en setureglur. Eins og nógsamlega var sýnt fram á við fyrri hl. umr., þá veitir seta og þekking á því að fara með áður gildandi setureglur afar lítið innsæi í hljóðkerfi og eðli málsins, og er þar allt öðru máli um hana að gegna en um staf eins og ypsilon, sem hefur samlagast í í framburði í málssögunni, en á sér allt aðrar rætur af hljóðvarpi og þeim hljóðbreytingum, sem að baki þeirri þróun liggja.

Ákvörðunin um brottnám setu úr skólastafsetningu var tekin í góðri trú á nákvæmlega sama hátt og jafnan áður hefur átt sér stað, þegar opinberir aðilar hafa látið til sín taka, hver stafsetning skuli kennd í skólum landsins. Ákvörðunin var tekin að vel athuguðu máli og bestu manna yfirsýn. Fyrir því eru ekki rök, að hér sé verið að brjóta upp á miklu nýmæli. Þvert á móti er verið að færa stafsetninguna í fyrra horf, í það horf, sem hún var þangað til seta var tekin upp með auglýsingunni 1928. Það, sem ákveðið var með auglýsingunni um brottnám setu úr skólastafsetningu, er niðurstaða af fenginni reynslu, og með þessari auglýsingu var mun skemmra gengið en áður að ákveða, hversu stafsetningarreglunni skuli fylgt. Þar var einungis ákveðið, að seta skyldi ekki kennd í skólum og hún skyldi ekki notuð í opinberum embættisplöggum, en áður kváðu stafsetningarreglur svo á, að hina lögboðnu skólastafsetningu skyldi fortakslaust nota á öllum ritum, sem gefin væru út á kostnað ríkisins eða með styrk af almannafé.

Ég tel mig ekki öðrum gjarnari að miða hvað eina í námi og kennsluháttum við þrengstu hagsmunasjónarmið, við aukningu vergrar þjóðarframleiðslu, eins og stundum kveður við í umr. Það er því ekki vegna þess, að ég sjái ofsjónum yfir tímanum, sem varið er til setukennslu í sjálfu sér, að ég tel rétt, að hún hverfi úr skólastafsetningu. Það er vegna þess, að sá tími, sem þar er um að ræða, — og hann er mikill, eins og glöggt kemur fram í yfirliti stafsetningarnefndar, og árangur er mjög tvíbentur samkv. reynslu sömu manna, — þessi tími er beinlínis tekinn frá öðrum þáttum móðurmálskennslunnar, þjálfuninni í því að beita málinu í ræðu og riti. Einhliða áhersla á stafestningarkennslu í framhaldsskólum hefur orðið til þess, að þar hefur verulega dregið úr þjálfun í ritgerðasmíð. Það er, að ég held, reynsla margra á undanförnum árum, að þeim hrýs hugur við, hversu algengt það er, að fólki með langskólanám að baki, fólki með stúdentspróf er ósýnt um að setja fram hugsun sína á réttu íslensku máli, hversu því hættir við að afbaka algenga talshætti eða rugla þeim saman. Þótt þetta fólk kunni máske að stafsetja hvert orð rétt, þá er ljóst, að því hefur ekki auðnast að tileinka sér það málskyn og það næmi fyrir eðli málsins, fyrir íslenskri setningaskipun og beygingakerfi, sem ætíð hlýtur að vera höfuðatriðið í málrækt og kennslu íslensks máls. Þar að auki stuðlar sú þróun í stafsetningarkennslu, sem átt hefur sér stað síðan setustafsetningin var tekin upp, að því að skipta þjóðinni í tvö samfélög hvað varðar þennan þátt stafsetningarinnar. Það er ekki nokkur von, þegar setukennsla á sér ekki stað í skyldunámi, að þeir, sem þess eins verða aðnjótandi, geti stafsett eftir gildandi reglum til móts við þá, sem lengri skólagöngu njóta. Því

eru töluverð brögð að því, að þeir, sem litla skólagöngu hafa og ekki hafa hlotið kennslu í setureglum né tileinkað sér þær á annan hátt, veigri sér við að láta frá sér fara ritað mál á opinberum vettvangi, því að þeir vita, að þeir ráða ekki við þennan þátt þeirrar stafsetningar, sem gilti til skamms tíma. Þetta er atriði, sem vert er að gefa gaum, því að ég tel, að allir séu sammála um það, að spornað skuli við allri þróun, sem stuðlar að því að kljúfa íslenska málsamfélagið í mismunandi hópa.

Ég tel, að í þeim umr., sem átt hafa sér stað á hinu háa Alþ. um þetta mál, hafi engin þau rök komið fram, sem hnekki nokkru meginatriði í þeim rökum, sem 45 ára reynsla hefur kennt og liggja að baki þeirri ákvörðun að nema setu brott úr skólastafsetningunni. Reynslan er sú, að undanþága hefur gilt í skyldunámi frá setukennslu og komið hefur upp tvenns konar ritháttur með þjóðinni: ritháttur lærðra manna og ólærðra. Það tel ég réttnefnt undanhald frá eðlilegri umhyggju um málþróunina að láta slíkt ástand haldast óbreytt.

Stafsetningin er ekki heldur höfuðatriði í málinu, notkun þess né kennslu þess. Meginatriðin eru orðaforðinn og leiknin í að beita beygingakerfi málsins. Þetta í sameiningu veitir tjáningarhæfni í ræðu og riti. Þetta hlýtur að vera kjarni móðurmálskennslunnar, og stafsetningin má ekki vera þannig úr garði gerð, að hún torveldi hið raunverulega málræktarstarf við kennsluna.

Í meðferð þessa máls hef ég farið eftir þeirri hefð, sem ríkt hefur óslitið frá því skömmu eftir að æðsta stjórn fluttist inn í landið og íslensk stjórnvöld tóku að skipa stafsetningarmálum. Meðan ekki er önnur skipan á gerð með lagasetningu, hlýtur sú eldri skipan að ríkja, sem áður og ítrekað hefur verið framfylgt í afskiptum stjórnvalda af stafsetningarreglum. Ég tel mig hafa farið nákvæmlega eins að og fyrirrennarar mínir hafa gert, án þess að aths. sætti. Meðan málinu er ekki öðruvísi skipað á lögformlegan hátt, hlýt ég að halda fast við það fyrirkomulag, sem ríkt hefur og ákvörðun mín um brottnám setu úr stafsetningarkennslunni byggist á.

Helgi F. Seljan: Herra forseti. Ég má til með að segja hér örfá orð sem einn af flm. till. þeirrar, sem er til umr., ekki síst vegna hinnar snjöllu ræðu, sem varamaður minn á þingi flutti hér gegn setunni á sínum tíma. Ég vildi aðeins út af orðum hæstv. ráðh. áðan gera örfáar aths.

Hæstv. ráðh. sagði, að um setuna giltu allt aðrar reglur en ypsilonið. Ypsilonið væri svo samrunnið málinu gagnvart hljóðvarpi og hljóðvarpsbreytingum öllum, að þar væri um auðveldan og auðskilinn máta að ræða, að því er manni gat skilist. Hæstv. ráðh. veit þó, að fjölmörg orð eru í dag skrifuð með ypsiloni, sem er mjög erfitt að finna stofn að og mjög erfitt að útskýra fyrir nemendum á barnaskólastigi. Nægir að nefna eitt einfalt dæmi um það, sem oft er notað, a. m. k. gagnvart börnum, og það er orðið „grýla“. Það er dálítið erfitt, þegar maður fer að segja ungum nemendum sínum, að orðið „grýla“ sé skrifað með ypsiloni af því, að í erlendum málum sé eitthvað, sem heitir „grú“, „grusom“ og annað eftir því. Á þetta hef ég aldrei rekið mig gagnvart z í stofni, að maður þyrfti svo langt að leita um stofn orða, svo að ég held, að ef við ætlum að fara út í samanburð um þetta, þá hefði z vinninginn um auðskilinn stofn.

Af því að hæstv. ráðh. sagði það áðan, að það væri m. a. röksemdin gagnvart þessu, að það væri verið að færa stafsetninguna í fyrra horf, þá er auðvitað spurningin um það, hve langt á að ganga í því að færa stafsetninguna í fyrra horf, hve langt aftur á að fara til að færa stafsetninguna í hið fyrra horf. Hverju má maður þá næst búast við af hálfu þeirrar stafsetningarnefndar, sem gerir till. til ráðh. um önnur atriði stafsetningarinnar? Það væri fróðlegt að fá einhverjar upplýsingar um það.

Það er alveg rétt, sem hæstv. ráðh. sagði, að ritgerðarkennslan í skólunum hefur yfirleitt fallið nokkuð í skuggann fyrir stafsetningunni, fyrir stafsetningarkennslunni sjálfri, ekki setukennslunni, síður en svo. Ég t. d. vil minna hæstv. ráðh. á það og hann veit það mætavel, að í barnaskólum, þar sem z kemur nú alls ekki til greina með að drepa niður þessa hlið, sem snýr að ritgerðinni, — í barnaskólum hefur ritgerðarkennslu verið sýndur allt of lítill sómi og væri vissulega full ástæða til þess að færa það í betra horf. En hér er fyrst og fremst um starfsaðferðir við kennslu að ræða, sem hafa hreinlega verið rangar að mínu mati.

Þegar hæstv. ráðh. talar um málsamfélög, þá held ég, að það sé það hæpnasta að tala um, að þar sé z það, sem máli skiptir. Ég þekki vissulega ýmislegt fólk, sem veigrar sér að senda bréf og hefur jafnvel beðið mig um leiðréttingu og að fara yfir bréf sín, áður en það sendir þau, vegna stafsetningar. En ég man aldrei til, að það hafi minnst á það við mig, að ég þyrfti endilega að koma þeirri leiðréttingu að, að z væri alls staðar á réttum stað, heldur einfaldlega af þeirri ástæðu, að stafsetningarkunnátta þessa fólks og stafsetningarlærdómur þess á sínum tíma var slíkur, að ekki var við öðru að búast en það þyrfti kannske einhverrar leiðbeiningar við, fólk hafði hreinlega ekki hlotið þá kennslu, sem fólk nú hlýtur í þessum efnum.

Varamaður minn á þingi kom inn á atriði, eins og reyndar fleiri, um vanda og erfiði blessaðra nemendanna, og síst skal ég úr því draga. Það er rétt, að skólanemendur eru ein vinnuþjakaðasta stétt þjóðfélagsins, þeir sem náminu sinna af alúð og „samvizkusemi“, og þá á ég við „samvizkusemi“ með z, því að aðra þekki ég ekki. En ég vil mótmæla því sem íslenskukennari í nær 20 ár, að setan sé eitthvert sérfyrirbæri hvað snertir erfiðleika í stafsetningarkennslu. Z í stofni orða er að minni reynslu, eins og ég nefndi áðan, eitt auðlærðasta atriði í stafsetningu, — atriði, sem ég vildi raunar kenna nemendum þegar í upphafi stafsetningarkennslu. Og af hverju skyldi þetta svo stafa af öðru en því, að svo eðlilegt og náið samband er á milli stofnsins, sem setan er af dregin, svo fljót- og auðlært það samhengi, sem þar er að finna? Ég vil fullyrða það hér úr þessum ræðustól, að z í stofni hef ég kennt nemendum mínum

á 2—3 tímum, og ég hef fengið sárafáar villur á prófi hjá öllum þeim, sem á annað borð gátu eitthvað í stafsetningu, og ég hygg, að sú sé reynsla fleiri hvað þetta atriði snertir. Ég játa líka fúslega þá um leið, að það er miklu flóknara með z í sagnendingum, þó að einnig þar sé um flest auðvelt að rekja til stofns, og það hefur aldrei reynst svo sem frekar vandamál en ýmislegt annað í stafsetningunni.

Þetta um námið og setuna og góðverkið við nemendurna, — ég held, að þau yrðu svo sannarlega að verða nokkuð mörg, ef út í það væri farið að auðvelda þeim stafsetningarnámið í heild. Út af þessu detta mér í hug furðubréf, sem okkur þm. hafa borist, m. a. um kostnaðarhlið setukennslunnar og tímaeyðsluna. Hvort tveggja er jafnfráleitt og jafnundarlega heimskulegt. Hvort tveggja er, að hér er um rangar fullyrðingar að ræða, sem ekki standast, og svo hins vegar, að svona rök mætti nota gegn kennslu yfirleitt í hverju sem væri. Sér í lagi væri mínum ágætu stéttarbræðrum í Sambandi ísl. barnakennara hollt að hugleiða betur þessi mál í heild, áður en þeir fara að kvarta undan tímasóun varðandi kennslu, hvort sem það er z eða eitthvað annað. Af minni reynslu mætti þá ýmislegt fyrr niður falla, m. a. ýmsir þættir málfræðinnar, sem mínir elskulegu félagar hafa hingað til haldið í dauðahaldi. Færi betur á því að sleppa þar öllum samjöfnuði um kostnað, tíma og dýrmæti einstakra kennsluþátta, svo margt sem þar kemur til álita löngu á undan niðurfellingu setunnar. Og mikið hefði ég nú gaman af því að sjá árangur stafsetningarkennslunnar í vetur miðað við árið á undan og sjá, hvað árangurinn er stórum glæstari nú, þegar ekki þarf að sóa gífurlega löngum tíma í setureglurnar, eins og Samband ísl. barnakennara bendir á, en er raunar kennd á öðru stigi en þeir kennarar sjálfir kenna við. Svona rök tel ég fyrir neðan virðingu minna annars ágætu stéttarfélaga.

Og út af orðum hæstv. ráðh., ég dreg stórlega í efa, að ritgerðarkennslan í skólunum hafi verið betur rækt í vetur og þeim tímum, sem varið var til setukennslunnar áður, hafi verið varið til ritgerðarkennslu í staðinn í vetur, til þess að gera nemendurna færari í meðferð móðurmálsins yfirleitt.

Ég vil ekki tefja þessar umr. um málfræðileg atriði og málþróun yfirleitt. Það hefur svo rækilega verið gert hér, að við það er ekki þörf að bæta. En þar hlýtur setan að eiga ekki minni rétt en ýmislegt annað, t. d. ypsilonið, sem einnig hefur hér komið til umr. og hefði í raun átt að falla út með setunni, ef samræmi hefði verið í hlutunum og skyndiákvörðun ekki verið látin ráða, svo sem gert var. Hvoru tveggja er ég hins vegar jafnandvígur.

Aðeins að lokum í sambandi við sjónvarpsþáttinn um setuna nú á dögunum. Furðuleg er sú kenning, að ritmál og talmál sé ekki hvort tveggja hlutar móðurmálsins. Um þýðingu hvors þáttar má deila, en báðir hljóta þar að vera fullgildir. Hitt tel ég óhæfu, að halda fram, eins og víða hefur heyrst, að ritmálið og þar með vitanlega reglur um það séu ekki þýðingarmikill hluti móðurmálsins. Eða hefur það ekki verið haft fyrir satt, að varðveisla íslenskrar tungu hafi ekki hvað síst byggst á ritmálinu, Íslendingasögunum, sem voru andlegur leiðarvísir þjóðarinnar og móðurmálsskóli um aldir? Því skyldi allt, sem snertir ritmál og endurskoðun reglna þar um, framkvæmt af fullri gát og að vandlega yfirveguðu máli. M. a. vegna aðferðarinnar við setudrápið hlýt ég að standa fast á till. okkar og fagna afgreiðslu n. á henni.

Sverrir Hermannsson: Herra forseti. Mál þetta er að vísu allmikið rætt, þannig að af þeim sökum er e. t. v. ástæðulaust að setja á langar tölur um það.

Hv. 6. landsk., sem nú síðast talaði, lét þess getið, að fólk hefði til sín komið til þess að láta hann leiðrétta sendibréf, sem það gjarnan vildi senda, og það hefði ekki verið vegna þess, að það óttaðist svo mjög, að þar í vantaði setu. Ég er næstum því viss um, að þessi hv. þm., kennari frá Reyðarfirði, hefur sjálfsagt fengið margar slíkar beiðnir til sín, alls ekki vegna z eða y, heldur sérstaklega vegna þess, að fólk þar um sveitir hefur og ekki að ástæðulausu óttast, að framburður þess kynni að hafa villt um fyrir því í stafsetningunni. Mega þeir, sem vilja nú og hafa haldið fram áður, að rita ætti eftir framburði, taka nokkurt mið af þessu.

Það er sannfæring mín, eftir að hafa kynnst því sjálfur, að ef t. d. á s. l. öld hefði verið ritað eftir framburði, þá væri svo komið, að Vestfirðingar og Austfirðingar skildu ekki hverjir aðra, hvorki meira né minna. Hljóðvillunnar, sem mjög var landfleyg um hríð, gætir mjög lítið eystra nú orðið. En ef það hefði verið tíðkað hér um aldamót að rita eftir framburði, þá er mér nær að halda, að í ógöngur væri komið. (Gripið fram í.) Hvað var það, sem hæstv. fyrrv. skólastjóri minn var að kalla fram í? (Gripið fram í.) Þá fyrst sjá menn, hver skaði væri að.

Hæstv. menntmrh. hefur litlar röksemdir heyrt fyrir því, að z skuli rituð í íslensku máli. Það er ómótmælanlegt, að þetta er þáttur í gagnsæi málsins. Þetta sýnir okkur skyldleikatengsl. Það er hægt að nefna ótal dæmi, t. a. m. varðandi lítil orð, sem detta dauð niður við það, að þessi breyt. á sér stað. Hafa menn litið á litla orðið „að hittast“, „hafa hist“ í sjónvarpi, — „hist“, eins og segir á dönsku: hist og her? Hvað verður um það orð? Þeir hafa „hist“. Og „best“ verður einhver afkáraskapur, sem er auðvitað verðmætt orð, sem maður kærir sig ekkert um lengur. Og hvernig ætlar hæstv. menntmrh. að fara að því að segja, sem er auðvitað að jafnaði mikið leyndarmál: þau hafa kysstst. Hann vill rita þetta með k y að vísu enn þá, en þegar bestu menn hafa haft nýja yfirsýn, eins og hann nefnir þá, þá munu þeir sjálfsagt leggja til, að það verði einfalt: k i s t,— þau hafa „kysst“, hvern, hvar og hvenær? Þau hafa kysst eitthvað einhvern tíma. Ef hann vill segja þetta, eins og hann vildi e. t. v. segja: þau hafa kysst hvort annað — og rita það þannig, hann getur ekki gert það nema með því að segja fullum fetum: Þau hafa kyst hvort annað, — en hann vill svo segja um eitthvert fólk og ljóstrar þá jafn-

vel upp leyndarmáli. (**Menntmrh.**: Hvernig vill hv. þm. bera sér þetta orð í munn?) Ja, hæstv. ráðh. þarf líka að rita fyrir utan að tala.

Það var eitt, sem hv. 6. landsk. kom inn á hér, hina fáránlegu fullyrðingu þessara yfirsýnarmanna, að hið ritaða mál sé alls óskylt hinu talaða. Hæstv. ráðh. gat þess, að fyrir lægi einróma álit n. um þetta efni, þessarar frægu n., sem skipuð var. Að vísu kom það fram þannig opinberlega, þó ekki án þess, að hinn hæfasti af þeim, — eða kannske er það fullmikið sagt að segja hæfasti, — en sá langskólagengnasti og hinn lærðasti af þeim tók það þó fram, að honum dytti ekki í lifandi hug að hætta að skrifa z. Af hverju er það? Af hverju í ósköpunum tók hann þetta fram? Dettur einhverjum í lifandi hug, að það sé vegna þess, að hann sé einlæglega þeirrar skoðunar að leggja til að fella þennan staf í stafrófinu niður? Því fer vitanlega víðs fjarri.

Hæstv. ráðh. hefur orðið þess var, að ýmsir úr sama menntamannahópi eru á sama máli og vitnar í barnakennara og nemendur í Kennaraháskólanum. Við höfum fengið að sjá skoðanakannanir hér undanfarið og niðurstöður úr þeim, og það er kannske þess vegna, sem hæstv. ráðh. hefur fengið hæstv. forseta vorn til þess að taka þetta ekki á dagskrá vikum saman — að bíða eftir því, að það væri safnað saman einhverjum skoðanakönnunum út í bæ, þannig að hér mætti hafa nægjanleg áhrif á ístöðulitla þm. Athygli mína vakti niðurstaðan í Menntaskólanum við Hamrahlíð, að þar voru 300 og eitthvað manns, sem rituðu undir, að jafnaði undir nöfn kennara sinna fyrst, um það, að þeir vildu fella z brott. Og grg. var með mjög sérkennilegum hætti. Hún var með þeim hætti, að ef hv. alþm. ætluðu sér að fara að fjalla um mál eins og þetta, þá væri það álíka eins og íslenskufræðingar tækju fyrir að ræða frystihúsarekstur, ef ég man rétt, og skiluðu áliti sínu eftir því, hvernig fiskur væri í laginu eða hvernig hann liti út á fati. Þetta er svona hugnanleg aðrétta fyrir hv. 3. þm. Vestf., minn gamla skólastjóra, sem var kennari og skólastjóri við mikinn orðstír um árabil, og fyrir hv. 6. landsk., hv. þm. Jónas Árnason, kennara um áratugaskeið, og hv. þm. Pál Þorsteinsson og enn fleiri. Ég hygg, að e. t. v. helftin af þm. hafi nærri því komið að vera uppfræðarar, þannig að þeir kunni skil á þessu, svo að óþarft er fyrir þessi lítt lærðu ungmenni að setja sína röksemdafærslu fram með þeim hætti, sem þau gerðu, og er auðvitað ekkert nema fyrirlitning, sem við því miður verðum of oft varir við hér á hinu háa Alþ.

Ómótmælanlegt er það að vísu, að z hefur ekki verið kennd í skyldunámi, og það er kannske slys, sem gerir það að verkum, að við þurfum að berjast um á hæl og hnakka fyrir því, að þessari málskemmd og ritskemmd skuli ekki komið á. Það er það óhapp, þegar árið 1934, hygg ég, að það hafi verið, að undanþága var gefin frá því að kenna z í barnaskólum. En ef þessi till. okkar yrði samþ., er alveg ljóst, að hún hlýtur að hafa í för með sér, að því verði breytt, svo eindregin afstaða sem ég vænti að tekin verði til okkar till. um að hrinda þessari skjótbráðu ákvörðun hæstv. menntmrh. að undirlagi þeirra, sem ég vil kalla, að hafi ekki bestu manna yfirsýn, en hann er á öðru máli um.

Það er talað um, að þetta taki mikinn tíma. Hér var kennari, hv. 6. landsk., sem bar vitni um allt annað. Ég hélt því fram hér við umr. fyrir alllöngu, að það tæki ekki nema örskamma hríð að kenna meðalgreindu fólki að rita z, þannig að sómasamlega færi því úr hendi. Það er alveg eins og með y, það er hægt að finna orð, sem eiga sér svo flókinn og langdreginn uppruna, að með engum rétti er hægt að krefjast þess, að jafnvel þeir, sem hafa lokið stúdentsprófi, geti með fullri vissu sýnt fram á, hvort rita eigi y eða i. Rétt það sama og þó í enn miklu færri tilfellum gildir um setuna, — í miklu færri tilfellum. En það er þá allajafna svo, að það heyrir til hreinnar undantekningar, ef menn eru svo færir í ritun íslenskrar tungu, að þeim geti aldrei orðið á misbrestur um neitt. Þeir menn eru áreiðanlega teljandi á fingrum annarrar handar, sem ekki eiga það til að gera skyssu í þeim sökum.

Tíminn, sem til þessa fer, er auðvitað ekki til þess að telja eftir. Og ef byrjað er fyrr, er þetta enn þá auðveldara. Og að halda því fram, að þessi bókstafur hafi stolið nauðsynlegum tíma frá öðrum mjög mikilvægum þáttum móðurmálskennslu, eru auðvitað röksemdir út í hött. Hæstv. menntmrh. nefndi ýmis atriði, ýmsa þætti í móðurmálinu, þjálfun og meðferð þess í ræðu og riti, sem eru ákaflega mikilsverðir. En ef á skortir um kennslu í þessum þáttum, þá er það alls ekki vegna þess, að setan hafi verið þar fyrir, heldur vegna þess, að þessu er ekki gefinn nægur tími eða engin alúð við það lögð.

Það er alveg rétt, að maður verður þess var, að ungmennum hefur orðið ósýnna um að setja fram hugsun sína í ræðu t. d. en maður jafnan átti að venjast. E. t. v. verður maður gagnrýnni á þetta en var, þegar árin líða. En svo kann að vera, og þá er að leita orsakar til þess arna hjá skólunum vissulega. En að finna upp á þeirri tylliástæðu, að það sé vegna þess, að svo frekur tími fari til kennslu setunnar, er vitaskuld út í hött.

Svo kom hæstv. menntmrh. að atriði, sem mér kom gersamlega í opna skjöldu, ef ég hef þá skilið hann rétt, að meðferð þessa bókstafs væri blátt áfram til þess að kljúfa íslenskt málsamfélag í tvennt eða skipta þjóðinni jafnvel í tvennt, í lærða menn og ólærða. Tók ég rétt eftir þessu atriði? (**Menntmrh.**: Lærða og ólærða í þessu atriði.) Í þessu atriði? Já, þá er þetta ekki nálægt eins alvarlegt og ég hugði við það að hlýða á ræðu hæstv. ráðh., enda ofhasaði mér gersamlega á þetta að hlýða. Ég hélt, að hæstv. ráðh. væri þarna að tala um það, að þetta smáatriði, eitt hið allra smæsta atriði varðandi íslenska tungu, ritaða og talaða, það út af fyrir sig væri einn þáttur í því að skipta fólki niður í lærða menn og ólærða o. s. frv., svo að ég sé, að það er þá ekki eins alvarlegt og ég hugði.

Í lok ræðu sinnar gat hæstv. ráðh. þess réttilega, að hann hefði um meðferð málsins farið eftir þeirri venju, sem tíðkast hefur, að þetta sé reglugerðaratriði, sem ráðh. hafi leyfi til að beita. Það hefur enginn dregið það í efa, að hann hafi farið eftir venju í þessu, eftir lög-

formlegri venju, sem skapast hefur um áratugi. Það hefur enginn borið brigður á, að hann hafi haft fullkominn rétt til að taka þessa ákvörðun. Hitt var verra, að ákvörðunin skyldi þurfa að vera röng. En að því búnu, að hið háa Alþ. tekur ákvörðun um, að þessari ákvörðun skuli hrundið, þá þarf ekki að fara í grafgötur um, að vitanlega fer hæstv. ráðh. að þeirri viljayfirlýsingu.

Menntmrh. (Magnús T. Ólafsson): Herra forseti. Ég skal ekki lengja umr. úr hófi fram. Aðeins vildi ég vísa á bug þeirri staðhæfingu hv. 4. þm. Austf., að ég hafi æ ofan í æ fengið forseta til að taka þetta mál út af dagskrá vikum saman. Þetta eru gersamlega staðlausir stafir. Ég hef einu sinni aðeins tjáð forseta, að ég vildi vera viðstaddur umr., þegar þetta mál kæmi á dagskrá, en gæti það ekki á tilteknum tíma. Það var í fyrsta skipti, sem málið kom á dagskrá, eftir að nál. kom fram, en aldrei síðan hef ég beðið forseta að fresta málinu.

Forseti (Eysteinn Jónsson): Ég vil votta, að þetta er rétt, sem hæstv. ráðh. segir. En ástæðan til þess, að þetta hefur dregist, er sú, að ég gerði ráð fyrir, að um málið yrðu talsvert miklar umr. og erfitt að koma því fyrir. En nú sé ég, að ég hef misskilið það og umr. ætla að verða mjög skammar og eru væntanlega raunar hér um bil búnar.

Sverrir Hermannsson: Herra forseti. Ég biðst velvirðingar á þessu, en það var alls ekki meining mín að varpa neinu öðru fram en sem ég hafði myndað mér skoðun um. Það hefur líklega verið vegna svipsins á hæstv. menntmrh., sem ég ætlaði, að svo væri. En forseti er búinn að staðfesta, að ég hafði rangt fyrir mér, svo að ég bið velvirðingar á þessu.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Stofnlánasjóður vegna stórra atvinnubifreiða, þáltill. (þskj. 660). — Ein umr.

Flm. (Helgi F. Seljan): Herra forseti. Till. sú, sem við höfum leyft okkur að flytja, hv. 7. landsk. þm., Karvel Pálmason, og hv. 5. þm. Austf., Vilhjálmur Hjálmarsson, er svo hljóðandi:

„Alþingi ályktar að skora á ríkisstj. að hlutast til um, að komið verði á fót stofnlánasjóði, sem hefði það hlutverk að veita stofnlán til kaupa á vörubifreiðum, langferðabifreiðum og stórvirkum vinnuvélum."

Langrar framsögu umfram það, sem er í grg., er ekki þörf. Nauðsyn þeirra tækja, sem hér er gert ráð fyrir, að hægt verði að veita stofnlán út á, dregur enginn í efa. Vörubifreiðar, langferðabifreiðar og stórvirkar vinnuvélar eru allt ómissandi atvinnutæki í okkar nútímaþjóðfélagi. Fólks- og vöruflutningar á landi teljast til hinnar nauðsynlegustu þjónustu. Stórvirkar vinnuvélar ryðja sér til rúms æ víðar við hvers kyns framkvæmdir. Þessi atvinnutæki eru dýr í dag, og það er nánast aðeins á færi fjársterkra aðila að eignast þau án þess að taka til kaupa á þeim stórfelld lán, sem oft er illmögulegt að fá, einkum þeim, sem úti á landsbyggðinni búa. Möguleg lán eru nær eingöngu falin í víxlum með þeim ókostum, sem þeim fylgja, einkum þegar um stórar upphæðir er að ræða. Það hlýtur því að teljast eðlilegt og sjálfsagt, að þessir aðilar eigi einhvers staðar kost stofnlána, eins og ýmsir aðrir atvinnuþættir, að vísu sterkari og þýðingarmeiri, hafa átt um langt árabil.

Hvað snertir stórvirkar vinnuvélar hafa kaupendur þeirra átt um tíma kost vissrar fyrirgreiðslu frá Byggðasjóði, alveg sérstaklega vegna hins stórfellda þrýstings þeirra og um sumt sveitarfélaga og ræktunarsambanda, sem hafa þá gjarnan skrifað upp á umsagnirnar að formi til, svo að skilyrðum sjóðsins yrði fullnægt. Ég tel sjálfsagt, að Byggðasjóður komi inn í þessa heildarmynd, jafnvel hvað snertir þessi atvinnutæki, en þá aðeins sem hreinn viðbótaraðili, þar sem rekstraraðstaða væri örðug. Hans verkefni eru ærin fyrir, og hans hlutverk á að vera stuðningur við þá landsbyggðarstaði, sem erfiðast eiga uppdráttar hverju sinni. A.m.k. hlýtur það að teljast meginhlutverk hans að verja þá staði og þau atvinnufyrirtæki landsbyggðarinnar, sem höllustum fæti standa á hverjum tíma. Með þessum orðum er ég alls ekki að mæla gegn þessari fyrirgreiðslu, sem hér um ræðir. Hún hefur verið knýjandi og nauðsynleg. Við flm. viljum aðeins með till. okkar létta þessum vanda af Byggðasjóði og gera hér stórt átak til að koma á fót öflugum stofnlánasjóði eða útlánadeild fyrir alla þessa aðila.

Nú munu menn eflaust segja, að nóg sé til af sjóðunum hér á landi og lítil ástæða til að vera þar við að bæta. Við flm. teldum það reyndar eðlilegast og heppilegast um flest, að slíkri stofnlánadeild yrði komið upp hjá Framkvæmdasjóði eða þá beinlínis hjá einhverjum ríkisbankanum og því mætti að okkar áliti gjarnan breyta till. í einhverja þá átt, ef n. sýndist svo. Aðalatriðið að okkar dómi er það, að fundin verði leið til að sjá þessum aðilum fyrir eðlilegum stofnlánum.

Mig hafa frætt á því menn, sem eru fróðir í þessum efnum, að í raun þurfi að breyta veðlögum í þá átt, að atvinnutæki sem þessi séu veðhæf að fullu, og þyrfti þá um leið að taka þau efni öll til meðferðar, ef af samþykkt till. þessarar verður.

Ekki skal nein dul á það dregin, að við flm. höfum hér fyrst og fremst í huga þá mörgu aðila úti á landsbyggðinni, sem svo sannarlega hafa átt í ærnum erfiðleikum með kaup þessara atvinnutækja sinna. Við þekkjum einnig mörg dæmi þeirra erfiðleika, sem sérstaklega fólksflutningafyrirtækin hafa átt í rekstrarlega séð. Þessi nauðsynlegi og ómissandi þáttur í samgöngukerfinu og þjónustu við almenning er víða í hættu einmitt af því, hve þessir aðilar hafa átt erfitt með að endurnýja tækjakost sinn. Þetta hefur einnig átt sínar orsakir í ónógu og slæmu skipulagi þessara mála í heild. Ég man, að á þinginu í hittiðfyrra var samþ. till. frá hv. þm. Skúla Alexanderssyni um bætt skipulag þessa þjónustuþáttar, en um framkvæmd hennar veit

ég ekki, en ég óttast, að hún muni vera í nokkru lágmarki. Hér þyrfti vissulega að verða á breyting til batnaðar en fleira þarf til að koma og þar að vikur einmitt till. okkar þremenninganna, — till., sem gæti þarna verulega hjálpað, ef samstillt átak yrði gert til að gera áætlunarferðirnar hagfelldari þægilegri og notadrýgri, svo sem till. Skúla gerði ráð fyrir.

Því hefur verið skotið að mér, að hér væri verið að opna sjóð, sem stórir verktakar mundu óðar gleypa að mestu og eftir sætu hinir smærri aðilar og lengra frá höfuðborgarsvæðinu, og því yrði raunin sú, að þeir, sem við helst hygðumst hjálpa, sætu eftir með sama vandann, sama lánsfjárskortinn. Þessi hætta kann vel að vera möguleg, en hún er ekkert meiri þarna en í öðrum stofnlánasjóðum, og ef till. yrði samþ., þá leggjum við flm. allir ríka áherslu á, að undir þennan leka yrði sett, það verði einmitt tryggt, sem er okkar aðalmeining, að þeir, sem erfiðasta aðstöðu eiga og minnsta möguleika hafa, gangi fyrir um alla lánsfyrirgreiðslu, og mun því sannarlega verða fylgt eftir. Hins vegar er erfitt að taka slíkan mismun inn í till. sem slíka, en það er rétt að taka þetta ótvírætt fram í framsögu. Sannleikurinn er nefnilega sá, að hinir stóru verktakar með sínar stóru bifreiðar og stórvirku vinnuvélar hafa ekki átt við neinn lánsfjárskort að etja. Slíkir aðilar eiga það sjaldnast, bankadyrnar standa þeim oftast opnar, of opnar, vildi ég mega fullyrða.

Við flm. gerum enga sérstaka beina till. um fjáröflun til sjóðsins eða deildarinnar, ef það form yrði haft á. Í grg. er hins vegar bent á tvennt: annars vegar, að Framkvæmdasjóður leggi til lánsfé, og í öðru lagi, að komi til gjald frá eigendum þessara atvinnutækja, sem þeir skiluðu til sjóðsins eftir vissum reglum. Verði þetta stofnlánadeild innan Framkvæmdasjóðs, fellur fyrri leiðin þar inn í. En hitt hlýtur að vera leið, sem sjálfsögð hlýtur að teljast með tilliti til annarra hliðstæðra sjóða eða stofnlánadeilda. Á fleiri leiðir bendum við ekki, en nefnt hefur það verið, að möguleiki væri á árlegu framlagi ríkissjóðs, en við efumst mjög um, að svo eigi að vera.

Við flm. leggjum ekki heldur til neina lánaprósentu af kaupverði. Hana verður að ákveða að vel yfirlögðu ráði, og um það hljóta að gilda um margt misjafnar reglur eftir eðli umsóknanna. Hins vegar endurtek ég þá skoðun okkar flm., að hér eigi þeir að njóta hæstrar lánsprósentu, sem erfiðasta aðstöðu hafa, jafnt til kaupanna sem til rekstrarins. Nauðsyn slíks rekstrar og slíkra atvinnutækja getur verið ærin, þótt margir erfiðleikar séu á veginum, t. d. vegna fólksfæðar og einangrunar, e. t. v. enn meiri en annars staðar og þá sérstaklega hér á höfuðborgarsvæðinu, þar sem vandinn er örugglega minnstur, hvað þetta snertir.

Ég tel að öðru leyti ekki ástæðu til að fjölyrða hér um frekar, en legg til, herra forseti, að umr. um till. verði frestað og till. vísað til fjvn.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Skipulag vísindarannsókna, þáltill. (þskj. 686). — Fyrri umr.

Flm. (Steingrímur Hermannsson): Herra forseti. Á þskj. 686 hef ég leyft mér að leggja fram till. til þál. um endurskoðun á skipulagi vísindarannsókna. Eins og segir í grg. þessarar till. sýndist mér nauðsynlegt að vekja athygli á nauðsyn slíkrar endurskoðunar, sérstaklega eftir að fram er komið á þingi frv. til l. um Iðntæknistofnun Íslands. Í þessu frv. er gert ráð fyrir endurskipulagi vissra rannsóknastofnana í þágu atvinnuveganna, tveggja þeirra stofnana, sem falla undir lög um rannsóknir í þágu atvinnuveganna frá 1965, þ. e. a. s. Rannsóknastofnunar byggingariðnaðarins og Rannsóknastofnunar iðnaðarins. Gert er ráð fyrir því að sameina þessar stofnanir í eina stofnun og jafnframt Iðnþróunarstofnun Íslands. Er gert ráð fyrir því, að þessi nýja stofnun nefnist Iðntæknistofnun Íslands.

Það er ekki ætlun mín hér að ræða um það frv., það hefur þegar verið rætt við 1. umr. í Nd., en ég vil aðeins vekja athygli á því, að með þessu frv. er gert ráð fyrir allróttækum breyt. á skipulagi fyrst og fremst rannsókna í þágu atvinnuveganna. En það er skoðun mín, að erfitt sé að breyta skipulagi þessarar starfsemi að því leyti, sem viðkemur þessum tveimur rannsóknastofnunum, án þess að líta á heildina. Því sýnist mér varla hjá því komist, að skipulag vísindarannsókna verði skoðað víðtækar en aðeins með þeim breyt., sem gert er ráð fyrir í fyrrnefndu frv.

Raunar vil ég taka það fram, að það er skoðun mín, að skipulag vísindarannsókna þurfi stöðugt að vera í endurskoðun. Gera verður þá kröfu til vísindastarfseminnar, að hún sé í fararbroddi tækniþróunar. Lög og skipulag starfseminnar er að vísu aðeins ytri rammi hennar og hæfileikar hennar fara að sjálfsögðu fyrst og fremst eftir því, hvaða menn eru þar starfandi, en engu að síður er sá rammi, sem l. skapa, mikilvæg ytri umbúð fyrir þessa starfsemi.

Það skipulag, sem vísindastarfsemi býr við í dag og varðar rannsóknir í þágu atvinnuveganna, er mótað af l. um rannsóknir í þágu atvinnuveganna frá 1965. Það frv. var samið af n., sem skipuð var og kjörin á Alþ., atvinnumálanefnd ríkisins. Sú n. fékk m. a. það hlutverk að líta á skipulag rannsókna í þágu atvinnuveganna og samdi það frv., sem lagt var til grundvallar fyrrnefndum lögum um rannsóknir í þágu atvinnuveganna frá 1965. Með því frv. voru gerðar allvíðtækar breyt. á því skipulagi, sem áður var. Beindust þessar breyt. fyrst og fremst að því að auka tengsl vísindastarfseminnar við viðkomandi atvinnugrein og skapa þessum atvinnugreinum þannig aukin áhrif á stjórn og skipulag viðkomandi rannsókna. Með þessum l. varð jafnframt lögð niður Atvinnudeild háskólans, sem áður skiptist í nokkrar deildir, landbúnaðardeild, fiskideild, — iðnaðardeild og byggingadeild, en jafnframt settar á fót fjórar rannsóknastofnanir. Einnig náðu l. til þeirrar fimmtu, Rannsóknastofnunar fiskiðnaðarins. Lög um Rannsóknaráð ríkisins voru jafnframt endurskoðuð og þeim breytt mjög verulega.

En allt frá því að þessi lög voru sett, hafa verið uppi raddir um enn víðtækari breyt., sem eðlilegt er, eins og ég rakti áðan, þegar um er að ræða starfsemi eins og vísindastarfsemina. Hefur verið litið á ýmsar till., sem fram hafa komið um þetta efni. Fyrst og fremst hafa þær verið skoðaðar á vegum Rannsóknaráðs ríkisins. Rannsóknaráð setti nefnd í að athuga þetta mál. Í henni sat framkvæmdanefnd Rannsóknaráðs ríkisins ásamt fulltrúum vísindamanna og forstjóra rannsóknastofnana í þágu atvinnuveganna. N. vann mikið starf, en varð ekki sammála í niðurstöðum sínum, og komu fram þrjú nál. Það er skemmst frá því að segja að við umr. um þessi nál. hjá Rannsóknaráði ríkisins varð niðurstaðan sú, að gera ekki ráð fyrir breyt. á því stigi. Þetta var fyrir um það bil tveimur árum. En kröfur um ýmsar breyt. hafa verið háværar, m. a. frá atvinnuvegunum, ekki síst iðnaðinum, sem hefur talið, að hann hafi ekki þau not af iðnaðarrannsóknum, sem vera ber, og ekki þau áhrif á stjórn stofnunarinnar, sem nauðsynleg eru til þess að starfsemi hennar sé sem mest í þágu íslensks iðnaðar. Ég nefni þetta sem dæmi og til stuðnings við það, sem ég sagði áðan, að ýmsar kröfur hafa komið fram um endurskoðun á skipulagi vísindarannsókna, og má raunar segja, að það frv., sem þegar hefur verið lagt fram um Iðntæknistofnun Íslands, sé af þeim rótum runnið.

Ég ætla ekki að hafa um þetta lengra mál. Ég held, að sú staðreynd, að frv. er fram komið, tali sínu máli um það, að kröfur eru uppi um endurskoðun á skipulagi vísindarannsókna. Ég held, að þeir, sem skoða það frv., muni gera sér grein fyrir því, að varla verður hjá því komist að gera e. t. v. svipaðar breyt. á skipulagi annarra vísindarannsókna, og ég hygg, að þeir, sem þessi mál þekkja, geri sér jafnframt grein fyrir því, sem ég færi til rökstuðnings í grg. með þessari till., að vísindarannsóknir þurfa að vera nokkuð stöðugt í endurskoðun. Þær eru ákaflega mikilvægur þáttur í þjóðarbúskap og efnahagslífi einnar þjóðar og því eðlilegt, að Alþ. láti þau mál til sín taka annað slagið, eins og þingið hefur gert áður.

Ég vil svo leggja til, að málinu verði vísað til allshn.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Farkennsla í meðferð fiskleitar- og siglingatækja, þáltill. (þskj. 717). — Fyrri umr.

Flm. (Sverrir Hermannsson): Herra forseti. Á þskj. 717 hef ég ásamt hv. þm. Halldóri Blöndal og Lárusi Jónssyni leyft mér að flytja þáltill., þar sem skorað er á ríkisstj., að hún feli tæknideild Fiskifélags Íslands í samráði við skólastjóra Stýrimannaskólans að koma á fót farkennslu í meðferð og viðgerðum á fiskleitar- og siglingatækjum. Staðreyndin er sú, að á undanförnum árum og áratugum hefur siglinga- og fiskleitartækjum sífellt farið fram að því leyti, að þau hafa orðið viðameiri, veigameiri, nauðsynlegri við fiskveiðar og flóknari. Að sama skapi hefur skipstjórnarmönnum ekki verið kennd meðferð þeirra og þó enn síður viðgerð þeirra. Það er, eins og í grg. segir, undirstaða nú orðið flestra fiskveiða, að þessi fiskleitartæki um borð í hverju skipi séu sem fullkomnust og að sjálfsögðu, að þau séu á hverjum tíma í lagi.

Hjá öðrum þjóðum, t. d. Bretum, hefur nú nýverið verið tekin upp sú aðferð að auka stórkostlega upplýsingar og alla kennslu í meðferð þessara tækja. Þeir hafa gripið til þess ráðs að búa út bifreið, sem búin er öllum nýjustu og fullkomnustu fiskleitar- og siglingatækjum, og ekið henni milli aðalhafnarstöðva í landi sínu og haldið þar stutt námskeið til þess að kenna sæfarendum meðferð þeirra og eins viðgerð á þeim, að vísu viðgerð í smærri atriðum, þar sem þessi tæki eru geysiflókin og viðamikil, þannig að ef um alvarlegar bilanir er að tefla, þá er ekki venjulegum skipstjórnar-mönnum ætlandi að fást við þær. Þetta hefur gefið hina bestu raun. Þessi námskeið hafa verið haldin 2—3 daga á hverjum stað, og reynslan hefur sýnt, að þetta hefur í mörgum tilfellum sparað skipum tíma við að leita hafnar við hinar minnstu bilanir, fyrir utan það, að þeir, sem kennslunnar hafa notið, hafa verið miklu hæfari til þess að beita þessum tækjum eftir en áður. Ég veit dæmi þess, að einn af okkar færustu skipstjórnarmönnum, fiskiskipstjórum, lagði sig fram um það að afla sér bæklinga um meðferð þessara tækja, og á fiskislóð fjarri þessu landi kom honum ásamt með fyrri reynslu sinni þetta að slíku haldi, að hann gat komið sannanlega í veg fyrir milljónaaflatjón.

Fyrir tveimur árum gaf Stýrimannaskólinn út leiðbeiningabækling um meðferð þessara tækja, sem hefur gefið góða raun. En á sömu braut þarf áfram að halda. Það þarf frekari útgáfu slíkra leiðbeiningabæklinga á íslensku. Þeir eru að vísu til með flestum þessum tækjum á ensku, en það tæknimál er yfirleitt með þeim hætti, að skipstjórnarmönnum okkar nýtist það ekki sem skyldi.

Það er enginn vafi á því, og hefur reynslan reyndar sýnt, að þetta gæti orðið til þess að spara geysilegan tíma og þar með forða frá miklu aflatjóni. Fleira þarf auðvitað til en þetta. T. d. er það mjög áberandi víða í verstöðvum, að það vantar varahluti. Viðgerðarmenn á þessum stöðum eiga þess ekki kost að eiga nógan varahlutalager. Kemur þar allt annað til, að jafnaði fjárskortur, því að þessir varahlutir eru yfirleitt mjög dýrir og þess vegna mjög dýrt að eiga þá á lager. Úr þessu þarf að bæta.

Ég er sannfærður um, að útbúnaður slíkrar bifreiðar, sem gæti annast slíka farkennslu, þyrfti ekki að verða mjög dýr. Ég er sannfærður um það, að umboðsmenn helstu tækja, sem í þessu skyni eru notuð, til fiskleitar og siglinga, mundu keppast um að koma tækjum sínum fyrir í slíkri bifreið og jafnvel mundu þeir lána til þess sérhæfða menn að kenna meðferð tækjanna, þannig að af þessu þyrfti ekki að hljótast nema mjög óverulegur kostnaður og alla vega óverulegur miðað við það gagn, sem þetta getur gert.

Þessi þáttur varðandi fiskleitartækin t. d. er að verða æ snarari í öllum fiskveiðum okkar. Og það mætti gjarnan koma hér fram, að miklu fleira mætti taka til athugunar í þessu sam-

bandi. T. d. er það í aðalútgerðarstöðum Breta, að þeir hafa heilar brýr, ef svo mætti kalla, þeir hafa skipstjórnarklefa útbúinn öllum tækjum og eins eðlilegan og hann er í raun til þess að þjálfa skipstjórnarmenn sína í.

Ég er sannfærður um það, að ef á þetta ráð yrði brugðið að búa bifreið tækjum, hinum nýjustu og bestu tækjum, fiskleitartækjum og siglingatækjum, og senda hana yfir sumarmánuðina t. d. víðs vegar um landið, þá mundu það verða vel sótt námskeið og gefa mjög góða raun.

Þetta er aðeins einn þáttur, þótt ekki sé sá mikilverðasti, í því, að við eflum mjög alla kennslu og um leið áhuga manna á þessari aðalgrein okkar, hinni einu og sönnu stóriðju, sem íslenskur sjávarútvegur er.

Ég vil svo ekki hafa fleiri orð um þetta mál, svo einfalt og upplagt sem mér sýnist það vera, en vil leyfa mér, herra forseti, að leggja til, að þegar þessari fyrri umr. lýkur, verði málinu vísað til hv. fjvn.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Bygging rannsóknarskips, þáltill. (þskj. 718). — Fyrri umr.

Flm. (Sverrir Hermannsson): Herra forseti. Á þskj. 718 á ég ásamt hv. 2. þm. Norðurl. e. till. um það, að Alþ. álykti að skora á ríkisstj. að leita nú þegar samninga um smíði hafrannsóknaskips af skuttogsgerð, 500 smálestir eða stærra, knúið af a. m. k. 2 þús. hestafla aðalvél.

Fyrr í vetur flutti ég þáltill. um leit að nýjum karfamiðum og lagði þar til, að leigt yrði skuttogskip nægilega stórt og aflmikið til slíkra veiða. Í grg. með þeirri till. kom fram, að við hefðum ekki yfir að ráða skipi nægilega öflugu og stóru til þess að stunda slíkar rannsóknir. Sú till. á vitanlega áfram rétt á sér, þótt þessi till. sé borin fram, þar sem gera má ráð fyrir því, að smíði slíks skips, eins og hér er um rætt, mundi taka a. m. k. 2—3 ár.

Það er alveg ljóst, að við erum allt of skammt á veg komnir um allar hafrannsóknir. Ég vil rifja það upp, að ég gerði fsp. til hæstv. sjútvrh. um framkvæmd á þáltill. um rannsóknir á fiskstofnum og skelfiski o. fl. við Austurland, og í svarræðu hans kom fram, að það mætti kenna því, sem á skorti um rannsóknir okkar, að við þyrftum á fleiri rannsóknarskipum að halda. Við þurfum á fleiru en auknum skipastól að halda. Þótt við séum vel menntir að því leyti, að við eigum mjög vel hæfa forustumenn á sviði hafrannsókna, þá skortir fleiri í þann hóp og sérstaklega skortir aðstoðarfólk.

Hér er lagt til að byggja nýtt hafrannsóknaskip, sem er ekkert smámál. Það er hundruð millj. kr. kostnaður því samfara, en spurningin er sú, hvort við getum ekki stóraukið hafrannsóknir með nýju og breyttu skipulagi, með því skipulagi t. d., að fjölgað yrði aðstoðarfólki, sem hægt væri að koma um borð í hin nýju skuttogskip okkar og fylgdist með veiðunum, tæki sýnishorn og hefði með höndum ýmsar rannsóknir, sem það ætti vel að geta gert, því að ærið pláss er þar að finna, ekki einungis fyrir einn mann heldur og það hafurtask, sem hann kynni að hafa með sér vegna rannsóknanna. Við getum aukið rannsóknirnar enn með því að gera skipstjórnarmönnum að skyldu að halda miklu nákvæmari skýrslur um sókn sína í hina ýmsu veiðistofna, á hvaða svæði þeir sækja t. d., með hvaða hætti hver afli er, um fiskigöngur almennt, um innihald fæðutegunda, sem fiskur á viðkomandi svæðum neytir, o. s. frv., o. s. frv. Allt þetta þarf að auka, vegna þess að undir öllu er komið, að við getum fylgst sem nákvæmlegast með fiskstofnunum við strendur landsins, fylgst með því, hversu mikla sókn við getum átt í þá, ekki til friðunar fiskstofna, eins og menn jafnan hafa í orði, heldur til verndunar þeim. Það er hart, ef við göngum þannig fram, að til þess þurfi að grípa að friða fiskstofna, eins og t. a. m. síldina. Það þurfum við að forðast með því að bregða nógu fljótt á það ráð að vernda þá.

Till. hljóðar um byggingu skips, sem er minnst 500 smálestir, búið a. m. k. 2 þús. hestafla aðalvél. Nú höfum við að undanförnu verið að fá til landsins hin nýju, stóru og öflugu skuttogskip, sem flest eru frá 400—500 smálestum upp í 1000 smálestir. Þessi skip eru gífurlega afkastamikil. Þeirra vegna megum við til með hið allra fyrsta að átta okkur á því, hvort fiskstofnarnir okkar þurfi ekki verndunar við vegna hinnar nýju og harkalegu sóknar í örfáa fiskstofna, sem þessi skip munu hafa í frammi.

Skipastóll okkar nú eru einvörðungu 4 skip. Nýjast er Bjarni Sæmundsson, sem þó reyndist við leit að hinum nýju karfamiðum t. d. hér langt vestur og suður af landinu allt of lítið bæði að stærð, sér í lagi þó að togafli. Árni Friðriksson, sem er 8 ára eða svo. Þá er Hafþór, sem nú er þannig kominn, að sennilega mundi borga sig best að leggja honum eða selja hann í brotajárn, því að viðgerð hans kostar það mikið, að talið er, að það muni ekki svara kostnaði, og enn fremur lítið skip, 70 smálestir eða svo, sem nýlega hefur verið keypt. Við þurfum umfram allt að halda áfram jafnri og ákveðinni þróun um byggingu á rannsóknarskipum. Það eru allir sammála um það, að við erum langt frá því nægjanlega vel búnir tækjum til þess að stunda þær hafrannsóknir, sem okkur ber lífsnauðsynlega til að stunda. Þetta er dýrt fyrirtæki, það er að vísu rétt, en það eru þó hreinir smámunir á borð við það, sem í húfi kynni að vera ella, ef okkur tekst ekki að afla þeirra upplýsinga um fiskstofnana í kringum strendur landsins, sem okkur eru nauðsynlegar.

Vissulega er það stórt átak, sem gert var með kaupum á Árna Friðrikssyni og Bjarna Sæmundssyni. Skip þessi eru dýr, vegna þess að þau þurfa að vera búin öllum nýjustu tækjum, en eins og ég sagði eru það hreinir smámunir á borð við það, sem í húfi er að hinu leytinu. En aðalforsenda þess, að við getum talið okkur eiga siðferðisrétt á stórstækkaðri landhelgi, er sú, að við reynumst menn til þess að gæta þeirra lífvera, að ekki farist og eyðist, sem á því hafsvæði lifa og tímgast. Ef við sýnum, að við erum ekki menn til þess að ávaxta það pund, þá missum við um leið allan siðferðisrétt til

þessara fiskimiða. Og við berum ábyrgð gagnvart miklu fleirum en sjálfum okkur. Við berum ábyrgð gagnvart öllum þeim, sem þurfa að neyta þessarar mikilvægu fæðu, sem á þessum miðum finnst.

Ég er sannfærður um það, að menn skilur ekki á um það, að nauðsyn sé á þegar í stað að ráðast í samninga um smíði á slíku hafrannsóknaskipi, og ég vænti þess, að þessi till., þótt seinborin sé á þessu þingi, fái sem allra skjótasta framgöngu, því að málið er eitt af því allra brýnasta. Hér er aðeins einn þáttur málsins. Við þurfum miklu fleiri skip. Við þurfum einnig smærri skip, sem geta stundað rannsóknir á öðrum sviðum og grynnra. Við þurfum aukinn mannafla til þess arna og megum í raun og veru ekkert til spara í þessum efnum.

Ég vil svo, herra forseti, leyfa mér að leggja til, að þegar þessari fyrri umr. lýkur, verði þessu máli vísað til hv. fjvn.

Umr. (atkvgr.) **frestað.**

Virkjun Suður-Fossár á Rauðasandi, þáltill. (þskj. 721). — Fyrri umr.

Flm. (Þorv. Garðar Kristjánsson): Herra forseti. Á þskj. 721 er flutt till. til þál. um virkjun Suður-Fossár á Rauðasandi í Vestur-Barðastrandarsýslu. Flm. að þessari till. eru allir þm. Vestfjarða. Þessi till. gerir ráð fyrir, að Alþ. feli ríkisstj. að heimila væntanlegri Vestfjarðavirkjun eða öðrum aðila að virkja Suður-Fossá á Rauðasandi í Vestur-Barðastrandarsýslu í allt að 2 mw. raforkuveri og leggja það an aðalorkuveitu til Patreksfjarðar til tengingar þar við aðalorkukerfi Vestfjarða. Jafnframt er ríkisstj. falið að gera nú þegar af sinni hálfu ráðstafanir til, að hraðað verði eins og frekast er unnt framkvæmdum þessum. Stefnt skal að því að ljúka virkjunarframkvæmdum fyrir lok ársins 1975.

Á undanförnum mánuðum hafa skapast þau viðhorf í orkumálum heimsins, að einskis má láta ófreistað í viðleitni landsmanna til að auka raforkuframleiðslu. Mikið veltur á, að engar ónauðsynlegar tafir verði á framkvæmd virkjana, sem þegar er hægt að byrja á, vegna þess að undirbúningsrannsóknum og athugunum er lokið. Eitt slíkt verkefni, sem bíður framkvæmda, er einmitt virkjun Suður-Fossár á Rauðasandi í Vestur-Barðastrandarsýslu.

Þegar árið 1951 beindist athygli manna að virkjun Suður-Fossár. Var þá gerð áætlun á vegum raforkumálastjóra um litla virkjun þar. Var hér um að ræða eina af mörgum athugunum, sem gerðar voru vegna könnunar á orkuöflun fyrir Vestfirði. Reyndist hér um að ræða hagkvæmustu orkuöflunina, sbr. grg. í ársskýrslu Sambands ísl. rafveitna 1952. Árið 1961 voru teknar upp virkjunarathuganir að nýju við Suður-Fossá. Var þá gert yfirlit yfir jarðfræðilegar aðstæður, og sama ár var enn fremur gert yfirlit yfir virkjunarmöguleika. Þá var árið 1965 mælt langsnið stíflusvæðis og gerð lausleg kostnaðaráætlun fyrir 1.75 mw. virkjun, sem áætlað var að kostaði 36.6 millj. kr.

Í júlí 1970 samþ. sýslunefnd Vestur-Barðastrandarsýslu að hafa forgöngu og frumkvæði að frekari könnun á virkjun Suður-Fossár. Þá var verkfræðifyrirtækið Virkir h/f fengið til þess að gera áætlun um virkjun í ánni. Virkjun sú, sem hér er lagt til að gerð verði í Suður-Fossá, er byggð á till. þeim og áætlunum, sem Virkir h/f lagði fram í nóv. 1970. Þar segir, að virkjun Suður-Fossár sé tæknilega einföld. Gert sé ráð fyrir að nýta afrennsli 18 ferkm vatnasviðs og miðla vatnsrennslinu í 2 uppistöðulónum og virkja með 160 m fallhæð. Gefur þetta 2 mw. virkjun með 10 gwst. árlegri orkuframleiðslu, og áætlað var, að virkjun þessi kostaði 63.1 millj. kr., miðað við verðlag ársins 1970. Í dag er þessi kostnaður ásamt kostnaði við aðalorkuveitu til Patreksfjarðar áætlaður um 145 millj. kr.

Með þessari þáltill. er lagt til, að ráðh. heimili væntanlegri Vestfjarðavirkjun eða öðrum aðila að virkja Suður-Fossá. Er þá gert ráð fyrir, að Vestfjarðavirkjun verði sameignarfyrirtæki ríkisins og sveitarfélaganna á samveitusvæði Vestfjarða. Slíkt væri eðlileg framkvæmd á stefnumörkun í raforkumálum Vestfjarða samkv. þál., sem samþ. var 5. apríl 1971. Samt sem áður er gert ráð fyrir í þáltill. þeirri, sem hér er flutt, að annar háttur geti orðið á um eignaraðild, ef nauðsyn þykir.

Virkjun sú, sem þáltill. þessi fjallar um, er á suðurenda samveitukerfis Vestfjarða og eykur því verulega öryggi notenda þess, einkum þeirra, er búa sunnan Arnarfjarðar. Hér er því um að ræða virkjun, sem gegnir hliðstæðu hlutverki að þessu leyti og vatnsaflsstöðvarnar á norðurenda samveitusvæðisins á Ísafirði og í Bolungarvík. Með framkvæmd þessari er því verið að búa svo í haginn, að í framtíðinni verði síður þörf á hinum mjög svo óhagkvæmu dísilstöðvum sem varavafstöðvum á þessum hluta samveitusvæðisins.

Þó að hér sé um að ræða virkjun, sem fullnægir litlu af framtíðarorkuþörf Vestfjarða, er framkvæmd þessi mikilvægur þáttur í uppbyggingu raforkukerfis Vestfjarða. Virkjun þessi á að framleiða meiri orku en sem svarar núverandi raforkunotkun sunnan Arnarfjarðar, og nemur vinnslugeta hennar meira en ⅓ af raforkuframleiðslu Vestfjarða í dag.

Nauðsynlegt er, að undirbúningi verði hraðað svo við virkjun Suður-Fossár, að framkvæmdir geti hafist sumarið 1974 eða á því sumri, sem hefst á morgun. Má þá gera ráð fyrir, að hægt verði að ljúka verkinu og orkuvinnsla gæti hafist í árslok 1975. Um sama leyti mun koma í gagnið Mjólkárvirkjun II, sem nú er í byggingu og áætlað er, að gefi 29 gwst. árlega orkuframleiðslu. Báðar þessar virkjanir eru mikilvægur þáttur í heildaruppbyggingu raforkukerfis Vestfjarða, en jafnframt ber nú brýna nauðsyn til að halda áfram virkjunarframkvæmdum, rannsóknum og hönnun nýrra virkjana, svo að séð verði á næstu árum fyrir raforkuþörf Vestfjarða. En þá verður að hafa í huga, að mæta verður hinni stórauknu þörf fyrir raforku til húsahitunar og aukins iðnaðar á Vestfjörðum.

Raforkumálin eru mikið til umræðu um þessar mundir og ekki síst hér á hv. Alþ. Fyrir nokkrum dögum ræddum við á þessum vettvangi skýrslu iðnrh. um nýtingu innlendra orkugjafa í stað olíu. Í þessari skýrslu er greint frá því, að á Vestfjörðum séu nokkur álitleg virkjunarsvæði, eins og þar stendur, og bent á þau helstu, þar sem er Dynjandissvæðið, norðurhluti Glámusvæðisins og svæðið sunnan af Drangajökli. Í skýrslu þessari segir, að við fulla rafhitun Vestfjarða þurfi a. m. k. að virkja tvö þessara svæða og vart sé hægt að gera ráð fyrir, að slíkar framkvæmdir taki minna en 8—10 ár með rannsóknum, hönnun og byggingu. Hér er drepið á mikið mál fyrir framtíðaruppbyggingu Vestfjarða. Þetta gefur tilefni til þess og till. sú, sem hér er lögð fram, að víkja nokkrum orðum að þessu mikla máli Vestfjarða.

Á samveitusvæði Vestfjarða búa nú um 8 þús. manns og af þeim eru um 6 þús. norðan Arnarfjarðar, en um 2 þús. sunnan Arnarfjarðar. Á árinu 1973 var orkuvinnsla á samveitusvæðinu 26.4 gwst. Langmestur hluti þessarar orku fór til iðnaðar og almennrar notkunar eða um 25 gwst., en aðeins 1.4 gwst. til húsahitunar. Orkuþörf samveitusvæðis Vestfjarða vegna húsahitunar hefur verið áætluð um 80 gwst. á ári. Það liggja ekki fyrir áætlanir um aukningu á raforkunotkun til fiskiðnaðar eða annars iðnaðar á þessu svæði, en þess má geta, að orkuvinnslan á svæðinu hefur aukist um rúm 6% á ári að meðaltali undanfarin 10 ár. Samkv. þessu væri algert lágmark að gera ráð fyrir, að raforkuþörfin til almennrar notkunar og iðnaðar tvöfaldaðist á næstu 10 árum.

Aukning orkunotkunar er mörgum aðstæðum háð, og spá um orkuþörf langt fram í tímann verður aldrei hárnákvæm og óyggjandi. Hins vegar leikur enginn vafi á því, að hvaða markmiði ber að stefna í þessum efnum á Vestfjörðum. Viðfangsefnið í orkumálunum nú á Vestfjörðum er hið sama og annars staðar á landinu, þar sem er nýting innlendra orkugjafa til húsahitunar og annarra þarfa, en hafa verður í huga, að í þessum efnum hafa Vestfirðir sérstöðu, svo sem í mörgum öðrum málum. Þetta kemur til af því, hve takmarkaðir möguleikar eru þar til að hagnýta jarðvarma í þessu skyni. Á Vestfjörðum verður þessu markmiði í orkumálunum ekki náð með öðrum hætti en að hagnýta raforku að mestu leyti. Þetta kallar á stórframkvæmdir í raforkumálum Vestfjarða á næstu árum. Til þess að ná því markmiði að hita upp öll íbúðarhús á Vestfjörðum með raforku þarf að byggja í þessu skyni virkjanir, sem framleiða um 100 gwst. á ári. Er þá reiknað með öllum Vestfjörðum, ekki einungis núverandi samveitusvæði Vestfjarða, sem nær yfir landssvæðið frá Bolungarvík til Patreksfjarðar, heldur Strandasýslu og öðrum héruðum, sem núv. samveitusvæði nær ekki til. Þá er eftir að gera ráð fyrir aukinni orkuþörf á Vestfjörðum vegna almennrar notkunar og iðnaðar.

Ég hygg, að það þurfi ekki að orðlengja þetta mikið til þess, að öllum megi vera ljóst, hve mikil verkefni eru nú fyrir hendi í orkumálum Vestfjarða, — verkefni, sem krefjast skjótrar úrlausnar á næstu árum. Kostnaður við þessar framkvæmdir, þ. e. a. s. nýjar virkjanir og aðflutningslínur, hefur verið áætlaður ekki alls fyrir löngu, að mundi nema naumast minna en 1200—1500 millj. kr. En auðvitað er á þessum miklu verðbólgutímum, sem nú ganga yfir, erfitt að segja, hver kostnaður raunverulega verður mældur í krónum, þegar framkvæmdir verða gerðar. En þetta gefur þó nokkra hugmynd um umfang þess viðfangsefnis, sem hér er um að ræða.

En höfum við þá möguleika á Vestfjörðum til virkjana til að mæta þessari orkuþörf Vestfjarða? Því verður hiklaust að svara játandi. Við höfum möguleika til virkjunar á Vestfjörðum til þess að mæta fyrirsjáanlegri þörf Vestfirðinga fyrir raforku. Helstu svæði, sem þar koma til greina, eru Glámusvæðið að vestan, sem nú hefur verið virkjað að nokkru leyti og er verið að virkja, þar sem Mjólkárvirkjun er, Norður-Glámusvæðið og einnig Suður-Glámusvæðið. Hefur verið áætlað, að Glámusvæðið í heild, ef fullnýtt væri, gæti gefið 250—500 gwst. á ári. Auk þessa, til þess að nefna aðeins tvö helstu svæðin, þá skal ég nefna svæði sunnan Drangajökuls, þar sem talið er, að séu möguleikar jafnvel til enn meiri orkuöflunar en á Glámusvæðinu. Þessar tölur, sem ég hef hér nefnt, eru ekki nákvæmar. Sannleikurinn er sá, að það er allt of skammt á veg komið rannsóknum á þessum vatnasvæðum Vestfjarða utan þess svæðis, sem þegar hefur verið tekið fyrir, Vestur-Glámusvæðisins. En það er knýjandi nauðsyn, að það sé beitt öllu afli til þess að vinna að rannsókn þessara svæða og vinna þannig markvisst að undirbúningi og jafnframt hönnun þeirra mannvirkja, sem þarna þurfa að koma, til þess að hagnýttir verði þessir miklu möguleikar.

Eins og ég gat um áðan, verður hægt að ljúka virkjun Suður-Fossár í árslok 1975, ef okkur þm. Vestf. verður að von okkar og sú framkvæmd gæti gengið með þeim hraða, sem við vildum. Ég viðurkenni, að þar er um bjartsýni að ræða, en við erum bjartsýnir menn og við teljum þetta hægt, ef réttir aðilar einbeita sér í því efni. Eins og ég sagði áðan, er gert ráð fyrir, að um svipað leyti verði lokið virkjun Mjólkár II, og nú munu vera í undirbúningi frekari aðgerðir á þessu svæði, og það er ákaflega þýðingarmikið, að af þeim framkvæmdum verði.

Með tilliti til þess, hve hér er um risamiklar framkvæmdir að ræða, sem úrlausnar bíða á Vestfjörðum, og raunar þó að þessar framkvæmdir væru verulega minni en raun ber vitni um og hverjar sem framkvæmdirnar yrðu, þá er nauðsynlegt, að unnið sé skipulega að þessum verkefnum. Og sjálfs er höndin hollust í þessu efni sem í öðrum. Þess vegna gerum við ráð fyrir því í þáltill. þeirri, sem hér er til umr., að væntanlegri Vestfjarðavirkjun verði heimilað að virkja Suður-Fossá. Við tölum um væntanlega Vestfjarðavirkjun. Þá er átt við það, að það verði komið upp sameignarfyrirtæki sveitarfélaga og ríkisins um virkjunarframkvæmdir á Vestfjörðum á hliðstæðan hátt og nú á sér stað um Laxárvirkjun. Við gerum ráð fyrir þessu í till., sem hér liggur fyrir. En það hefur áður

verið gert ráð fyrir slíku, og í því sambandi leyfi ég mér að minna enn frekar en ég gerði áðan á þáltill. um raforkumál Vestf., sem flutt var af öllum þm. Vestfjarða og samþ. var á Alþ. 5. apríl 1971. Í lok þessarar ályktunar segir, með leyfi hæstv. forseta:

„Jafnhliða þessum athugunum verði kannaðar óskir sveitarfélaga um þátttöku í virkjunarframkvæmdum með það fyrir augum að stofna sameignarfyrirtæki ríkisins og sveitarfélaganna á samveitusvæðunum."

Þetta er stefnan, sem við flm. þessarar þáltill., sem hér liggur fyrir, fylgjum. Það er stefna, sem Alþ. hefur sjálft markað með þáltill. frá 5. apríl 1971, og eins og ég sagði áðan, það var enginn ágreiningur þá meðal þm. Vestf. um þessa stefnu. Þeir stóðu allir að þál. frá 1971 og við stöndum allir að þáltill. þeirri, sem hér er til umr. Þetta er stefna okkar allra. Hins vegar er okkur ljóst, að það kann að vera, að þessu verði ekki komið í kring í skyndi, og því höfum við þann varnagla í till. okkar nú, að þó að það sé talað um, að ríkisstj. heimili væntanlegri Vestfjarðavirkjun að virkja Suður-Fossá, þá er jafnframt tekið fram í till.: „eða öðrum aðila". Þetta er sett fram til þess að fyrirbyggja það, að þessi skipulagsatriði verði á nokkurn hátt til þess að tefja hina mikilsverðu framkvæmd, sem hér er lagt til að gerð verði.

Við leggjum yfirleitt höfuðáherslu á það, að ekki verði tafir á þessu verki. Við teljum, að hér sé um svo brýnt verkefni að ræða í virkjunarmálum Vestfjarða, að það megi einskis láta ófreistað til að framkvæma þessar fyrirætlanir, sem þáltill. gerir ráð fyrir og svo fljótt sem þar er gert ráð fyrir. Ég vil leyfa mér að vona, að þessi till. fái góða og skjóta afgreiðslu í þeirri n., sem kemur til með að fjalla um hana. Ég legg sérstaklega mikla áherslu á það, að þetta geti orðið, vegna þess að það er langt liðið á þetta þing. En við þm. Vestf. erum þrátt fyrir það bjartsýnir á, að það takist að fá afgreiðslu þessa máls, áður en þingi lýkur. Við byggjum það á því, að við erum allir sammála um mikilvægi málsins og það eru allir Vestfirðingar, ekki einungis í næstu byggðarlögum við Suður-Fossá, heldur allir Vestfirðingar, sem telja, að hér sé á ferðinni mikið framfara- og hagsmunamál fyrir Vestfirði. Með tilliti til þessa vænti ég þess, að hér verði höfð skjót handtök á, og ég leyfi mér að leggja til, að að lokinni þessari umr. verði málinu vísað til fjvn.

Steingrímur Hermannsson: Herra forseti. Ég vona, að því megi treysta, að við Vestfjarðaþm. verðum búnir með þetta mál fyrir kl. 11, ég skal a. m. k. gera mitt til þess. Ég vildi aðeins í örfáum orðum lýsa stuðningi mínum við það, sem hv. 1. flm. þessarar till. hefur sagt um mikilvægi þessarar virkjunar, en mig langaði jafnframt til að reyna að draga fram í örfáum orðum nokkru ljósari mynd af orkumálum Vestfjarða, sem hv. 1. flm. ræddi reyndar í löngu máli.

Ég vil fyrst taka það fram, að ég lít ekki á þessa Suður-Fossárvirkjun sem mikilvæga vegna þess, að hún leysi orkuþörf Vestfjarða sem slíka. Hún bætir aðeins við um 10 gwst. og er um 2 mw. að afli. Það er ekki nema brot af þeirri orkuþörf, sem þarna verður, þegar rafhitun hefur verið upp tekin á svæðinu, og ekki nema hluti raunar af orkuþörf íbúanna sunnan Arnarfjarðar að rafhitun meðtalinni. Hins vegar er þessi virkjun að mínu viti ákaflega mikilvæg til þess að treysta það mjög svo veika dreifikerfi raforku, sem Vestfirðingar búa við. Vestfirðingar búa við dreifikerfi, sem oft er nefnt geislakerfi, þar sem geislar teygja sig út frá einni miðstöð. Annað kerfi er hringtengt kerfi, sem allir munu sjá, að er langtum öruggara. Þá má færa orku til svæðis eftir fleiri línum en einni, a. m. k. tveimur. Það er með tilliti til þessa, að ég tel, að þessi virkjun sé ákaflega mikilvæg. Og ég tel, að þetta hafi sannast með þeim bilunum, sem hafa orðið á rafdreifikerfi Vestfjarða á t. d. þessum vetri og reyndar fyrr. Tekið hefur langan tíma að bæta bilanir, sem orðið hafa, ekki síst þar sem línur fara yfir firði. En ég vildi leggja áherslu á það, að þó að þessari virkjun beri að hraða, má ekki draga úr öðrum framkvæmdum í orkumálum á Vestfjörðum. Þessu höfum við þm. Vestf. vakið athygli á, eins og hv. 1. flm. nefndi, með þál. frá 5. apríl 1971.

Hæstv. núv. ríkisstj. setti töluverðan skrið á orkumál Vestfjarða með framkvæmdum við Mjólkárvirkjun, sem gert er ráð fyrir að ljúki 1975. Vatnsafl Vestfjarðaveitu, þ. e. a. s. þess hluta Vestfjarða, sem Mjólkársvæðið þjónar, er nú 3.96 mw. en verður með Mjólká II 9.66 mw. Með því afli er gert ráð fyrir, að fáist um 58 gwst. af orku. En til að gera mönnum grein fyrir því, hve skammt þetta hrekkur til að fullnægja orkuþörfinni, vil ég nefna, að áætlað er, að á þessu svæði, þ. e. Vestfjarðasvæðinu, sé orkuþörfin með rafhitun 112 gwst., þegar árið 1975, þ. e. a. s. núv. virkjun, sem bætist við 1975, og þeim virkjunum, sem fyrir eru, gerir ekki nema að fullnægja að hálfu þessari orkuþörf. Jafnframt er áætlað, að þessi orkuþörf muni aukast 1980 upp í 129 gwst. og 1985 upp í 150 gwst. Umframþörfin verður því þegar árið 1975 54 gwst., árið 1980 71 gwst. og 1985 92 gwst. — Þessi virkjun, Suður-Fossárvirkjun, sem ég hef lagt áherslu á, að er mikilvæg, mun því hrökkva æðiskammt til þess að brúa það mikla bil, sem þarna er. En hún er, svo að ég endurtaki það, mikilvæg af öðrum ástæðum, þ. e. a. s. til að tryggja — ég vil kalla það lágmarksöryggi veitunnar á suðurhluta Vestfjarða.

Af því, sem ég hef nú rakið, má vera ljóst, að hraða verður athugunum á öllum leiðum til þess að færa orku til þessa svæðis, og ég ætla að geta hér um nokkrar athuganir, sem eru í gangi.

Áður en ég kem að þeim, vil ég þó vekja athygli á því, að Vestfirðirnir eru að sjálfsögðu stærra svæði en Vestfjarðaveita nær til. Strandasýslan, Austur-Barðastrandarsýslan og Djúpið eru fyrir utan þessa veitu. Þar eru tvær aðrar veitur, þ. e. a. s. veita frá Þverá við Hólmavík, sem nær til Austur-Barðastrandarsýslu og teygir sig raunar suður í Dalasýslu, og svo einkaveitur, sem upp hefur verið komið í Djúpinu og ná nú um Snæfjalla- og Nauteyrarhreppa og teygja sig

smám saman yfir Reykjafjarðarhrepp og aðra hreppa í Djúpinu. Þessar veitur eru allar ósamtengdar. Þegar við tölum um samtengingu á rafveitukerfi landsins alls, virðist mér það því lágmarkskrafa okkar Vestfjarðaþm., að einnig verði hugað til þess að tengja saman þessar veitur í þessum eina landshluta. Samtenging þessara veitna út af fyrir sig mundi nokkuð auka öryggi orkuframleiðslunnar á þessu svæði. En Vestfjarðaveita er af þessum að sjálfsögðu langsamlega stærst. Íbúafjöldi Vestfjarðaveitusvæðisins er mestur. En við þær tölur, sem ég nefndi áðan um orkuþörf, þarf þó að bæta tölum um upphitunarþörf á svæði hinna tveggja veitnanna, og eykst þá þessi tala um, að því er mér sýnist í fljótu bragði, um það bil 20 gwst. Hvernig verður þessi vandi leystur?

Í undirbúningi hefur verið önnur virkjun á Mjólkársvæðinu, þ. e. a. s. virkjun Dynjandisár. Sú virkjun eða undirbúningur hennar er mjög langt kominn, og má segja, að hún sé fullhönnuð. Gert er ráð fyrir því, að Dynjandisá geti framleitt meðalafl 5.6 mw. en toppafl 8.4, og gwst. verði 49, þ. e. a. s. þær verða enn ekki nægilega margar til þess að brúa bilið, sem verður 1975, en með Suður-Fossárvirkjun mundi það gerast, en ekkert betur.

Um Dynjandisvirkjun er það að segja, að það er nokkuð góð virkjun. Áætlað orkuverð gæti orðið um kr. 1.10—1.20 kwst. Hins vegar er þar á sá annmarki, að fara verður varlega í þá virkjun vegna þess foss, sem þar prýðir landslagið og er sérstakur. Því þarf að skoða þá virkjun frá náttúruverndarsjónarmiðum. Hætt er við, að ef óvarlega er farið, geti mannvirki mjög spillt þessum fossi og nálægu svæði. Ég vil því leggja á það áherslu með þessum orðum mínum, að hið allra fyrsta þarf að fá umsögn þeirra manna, sem um slík náttúruverndarsjónarmið fjalla. Ég er sannfærður um, að haga megi virkjun þannig, að ekki spilli þessum fossi, og raunar hafa komið fram ábendingar um það. En vera má, að þá þurfi nokkuð að draga úr því vatnsmagni, a. m. k. yfir sumarmánuðina, sem virkjunin annars gæti nýtt, og mundi það minnka nokkuð orkuframleiðslugetu Dynjandisárvirkjunar. Það er því mjög mikilvægt, að þessi sjónarmið séu samræmd hið fyrsta.

En eins og ég sagði, þá er þetta eitt ekki nóg. Það þarf að skoða fleiri valkosti, og það hefur verið gert, að vísu, eins og kom fram hjá hv. 1. flm., lauslega víðast hvar. En við athugun hafa komið í ljós athyglisverðir möguleikar, og af þeim möguleikum, sem ég hef fengið upplýsingar um, og ég hygg, að þeir séu flestir, tel ég, að langathyglisverðust sé virkjun annars vegar Hvalár og Rjúkanda í Ófeigsfirði, sem er nokkuð stór virkjun og sú stærsta á þessu svæði, samtals 14.8 mw. að meðalafli og 22 að hámarksafli og 130 gwst. á ári. Það virðist vera langsamlega ódýrasta virkjunin með aðeins 80—85 aura verði á kwst. Þá er fall mikið og vatnasvæði mikið á hálendinu á milli Inn-Djúpsins og Stranda. Þetta er að vísu lausleg athugun, en hún bendir eindregið til þess, að þennan valkost beri að skoða nánar.

Á því svæði eru einnig aðrir virkjunarmöguleikar, sérstaklega Þverá og Hvannadalsá, og samanlagt yrði afl þeirra svipað og Hvalár og Rjúkanda, en hins vegar orkuframleiðslan nokkru minni. Þarna eru því sannarlega fyrir hendi möguleikar, sem gætu raunar verið mikilvægir, ekki aðeins fyrir Vestfirðina, heldur fyrir raforkukerfi landsins. Talið er að Dynjandi gæti orðið virkjaður 1978, þ. e. a. s. eftir 4 ár, en annar valkostur kæmi ekki til greina fyrr en í fyrsta lagi 1979 og ef til vill 1980. Þetta er æðilangur tími fyrir orkuþyrsta íbúa þessa svæðis. Orkuþörfin er þar sannarlega knýjandi, ekki aðeins til upphitunar íbúðarhúsnæðis, heldur einnig til að efla og styrkja þann mikilvæga fiskiðnað, sem á þessu svæði er, og annan iðnað, sem þar mun geta þróast. Ég hef því fyrr á Alþ. lagt á það áherslu, að jafnframt því sem ráðist er í þær virkjanir, sem nú eru tilbúnar, eins og Suður-Fossá og Dynjandisá, og jafnframt því sem aðrir valkostir eru kannaðir af fullum krafti, ber að skoða enn einn möguleika til þess að styrkja þetta svæði orkulega. Það er tenging þessa svæðis við fyrirhugaða norðurlínu.

Venjulega, þegar rætt er um samtengingu orkusvæða hér á landi, hefur Vestfjörðum verið sleppt. Virðist mönnum hrjósa hugur við þeim fjöllum og þeirri leið, sem þar er um að ræða. En ég hygg, að við athugun á landakorti muni menn fljótlega sjá, að það er ekki stórkostlegt fyrirtæki að fara með línu frá Mjólká inn í Djúpið, yfir í Reykhólasveitina, síðan yfir í Strandasýsluna og tengjast norðurlínu í Hrútafirði. Það eru samkv. mælingu, sem ég hef lauslega gert, um 200 km, og líklega yrði kostnaður við það í kringum 250—300 millj. kr. á því verðlagi, sem nú er til viðmiðunar haft við línubyggingar, en hefur að sjálfsögðu raskast og mun að öllum líkindum raskast meira. En þetta er nokkurn veginn sú tala, sem bera má saman í hlutfalli við aðrar línulagnir. Þetta er að vísu töluverður kostnaður, en ég get getið þess, að á það er skotið, að virkjun eins og t. d. Hvalár og Rjúkanda mundi kosta um 1000 millj. kr. Þetta er því ekki nema lítill hluti af slíkri virkjun og það er, hygg ég, alveg ljóst, að slík samtenging gæti verið orðin að veruleika fyrr en flestar aðrar virkjanir, nema ef til vill Suður-Fossár. Ég hygg, að slíkri samtengingu mætti ljúka á um það bil þremur árum. Ef hafist væri handa strax, þá gæti henni verið lokið í kringum 1977. Þetta er m. ö. o. fyrsti valkostur eða fljótvirkasti valkostur til þess að flytja nægilega orku inn á Vestfjarðasvæðið.

Það má enginn skilja orð mín svo, að með slíkri samtengingu sé vandinn allur leystur. Öryggislega er nauðsynlegt, að þarna séu góðar virkjanir á staðnum. Það er alls ekki unnt að byggja bæði atvinnuvegi og upphitun íbúðarhúsa á slíkri línu, sem liggur yfir fjallasvæði, þótt þau séu á þeirri leið, sem ég rakti áðan, ekki eins torfarin og sumir kunna að ætla. Það verður að vera viðunandi orkuframleiðsla á svæðinu, og ég hygg, að flestir geti verið sammála um það, að betur sé séð fyrir slíkri orkuframleiðslu með góðum vatnsaflsstöðvum en disilstöðvum, þótt þær þyrftu jafnvel að vera einnig staðsettar nokkrar í einstökum þéttbýliskjörnum, eins og er annars staðar um landið. Ég vil jafnframt enn undirstrika það, að sumar þær virkjanir, sem

bent er á, gætu verið mikilvægar fyrir samtengt kerfi landsins alls. Vestfirðir yrðu þá ekki aðeins þiggjandi, heldur eins og í þjóðarbúskapnum almennt mikilvægur veitandi.

Ég vildi fyrst og fremst reyna að draga upp þessa heildarmynd og með henni leggja áherslu á þetta tvennt, að orkuvinnsla fyrir Vestfirði er nokkuð sérstæð, en hana má leysa með virkjunum og hana má einnig styrkja og efla með samtengingu við orkuveitukerfi landsins, sem ég tel ákaflega mikilvæga framkvæmd og eigi að ná til Vestfjarðanna skilyrðislaust eins og annarra landshluta.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Sameinað þing, 24. apríl.

Viðskipti Íslendinga við þjóðir Sovétríkjanna.

Skriflegt svar viðskiptaráðherra við fyrirspurn Lárusar Jónssonar um viðskipti Íslendinga við þjóðir Sovétríkjanna, á þskj. 722, afhent þm. 24. apríl.

1. Hvað hefur innflutningur einstakra vöruteg-unda, sem Íslendingar kaupa frá Sovétríkjunum, hækkað í verði frá 1. janúar 1973 til síðustu mánaðamóta?

Svar:

Verð á helstu innflutningsvörum frá Sovétríkjunum hefur hækkað svo sem hér segir, og er þá miðað við samningsverð snemma árs 1973 og 1974 nema verðhækkun á olíum og bensíni miðast við fyrstu farma ársins 1973 og nýjustu farma um síðustu mánaðamót:

Bensín	225%
Gasolía	273%
Fuelolía	267%
Timbur	162%
Steypustyrktarjárn	171%
Fólksbifreiðir	8%

2. Hvað hefur útflutningur einstakra vöruteg-unda, sem Íslendingar selja Sovétþjóðum, hækkað í verði frá 1. janúar 1973 til síðustu mánaðamóta?

Svar:

Helstu útflutningsvörur, sem seldar eru til Sovétríkjanna, hafa samkvæmt samningum, sem gerðir voru fyrri hluta árs 1973 og á þessu ári, hækkað í verði svo sem hér segir:

Freðfiskur	49%
Niðursuðuvörur	38%
Ullarvörur	59%
Málning	62%

3. Hvaða verðfyrirvarar eru í samningum um kaup Íslendinga á olíu frá Sovétríkjunum, og hvernig er fyrirvörum háttað um söluverð íslenskra afurða í Sovétríkjunum?

Svar:

Frá því að samningar um olíukaup voru fyrst gerðir við Sovétríkin árið 1953, hefur ætíð verið miðað við heimsmarkaðsverð, eins og það er á þeim degi, þegar olían er lestuð í sovéskri höfn. Af þessu leiðir, að verð á olíum og bensíni er breytilegt. Hins vegar eru íslenskar afurðir seldar til Sovétríkjanna á föstu verði á sama hátt og allar vörur, sem keyptar eru frá Sovétríkjunum, aðrar en olíur og bensín, eru greiddar á föstu verði.

4. Hver er áætlaður viðskiptahalli Íslands við Sovétríkin um s. l. mánaðamót, og hvað er hann áætlaður verða um næstu áramót?

Svar:

Skuld Íslands á viðskiptareikningi við sovéska utanríkisviðskiptabankann var 31. mars 1974 1 004 millj. kr. (Í janúarlok var yfirfært jafnvirði 399.3 millj. kr. til þess að lækka skuldina).

Lauslega er áætlað, að greiðsluhallinn við Sovétríkin nemi um 3 700 millj. kr. á þessu ári.

5. Hversu háum upphæðum hyggst ríkisstjórnin verja til útflutningsuppbóta íslensks lagmetis- og ullarvara, sem flutt eru til Sovétríkjanna á yfirstandandi ári, og hvernig er ætlunin að afla fjár til þess?

Svar:

Ríkisstjórnin hefur ekki ákveðið að veita neinar útflutningsbætur á lagmeti eða ullarvörur. Þegar samningar voru gerðir um sölu á lagmeti og ullarvörum til Sovétríkjanna, skýrðu útflytjendur ríkisstjórninni frá því, að þrátt fyrir hækkanir á söluverði þessara vara, væri nauðsynlegt fyrir þá að fá vissa aðstoð til þess að geta staðið undir hækkuðum kostnaði við þessa útflutningsframleiðslu. Ríkisstjórnin gaf útflytjendum þá fyrirheit um, að væntanlegar almennar efnahagsráðstafanir mundu bæta afkomu útflutningsiðnaðarins, svo að útflytjendur gætu gert og staðið við samninga um sölu á lagmeti og ullarvörum til Sovétríkjanna.

Sameinað þing, 79. fundur.

Mánudaginn 29. apríl, kl. 2 miðdegis.

Varamaður tekur þingsæti.

Forseti (Eysteinn Jónsson): Mér hefur borist svo hljóðandi bréf:

„Reykjavík, 26. apríl 1974.

Formaður þingflokks SF hefur í dag ritað mér á þessa leið:

„Samkv. beiðni Björns Jónssonar, 6. þm. Norðurl. e., sem er í sjúkrahúsi, leyfi ég mér með skírskotun til 138. gr. l. um kosningar til Alþ. að óska þess, að 1. varamaður SF í Norðurl. e., Benóný Arnórsson bóndi, taki sæti á Alþ. í forföllum hans."

Þetta er yður, hæstv. forseti, hér með tilkynnt.

Ásgeir Bjarnason,
forseti Ed."

Benóný Arnórsson hefur áður setið þingbekk á þessu kjörtímabili og kjörbréf hans verið samþykkt, og býð ég hann velkominn til starfa.

Kennsla í haffræði við Háskóla Íslands, þáltill. (þskj. 31, n. 651). — Frh. einnar umr.

ATKVGR.

Till. á þskj. 651 um að vísa till. til ríkisstj. samþ. með 46 shlj. atkv.

Undirbúningur að næstu stórvirkjun, þáltill. (þskj. 49, n. 574). — Frh. einnar umr.

ATKVGR.

Till. á þskj. 574 um að vísa till. til ríkisstj. samþ. með 44 shlj. atkv.

Staðarval stóriðju á Norðurlandi, þáltill. (þskj. 69, n. 575). — Frh. einnar umr.

ATKVGR.

Till. á þskj. 575 um að vísa till. til ríkisstj. samþ. með 44 shlj. atkv.

Gjöf Jóns Sigurðssonar, þáltill. (þskj. 140, n. 642). — Frh. einnar umr.

ATKVGR.

Tillgr. samþ. með 47 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Till. samþ. með 48 shlj. atkv. og afgr. sem ályktun Alþingis (þskj. 793).

Rannsókn á reki gúmbjörgunarbáta, þáltill. (þskj. 146, n. 649). — Frh. einnar umr.

ATKVGR.

Tillgr. samþ. með 51 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Till. samþ. með 52 shlj. atkv. og afgr. sem ályktun Alþingis (þskj. 794).

Z í ritmáli, þáltill. (þskj. 148, n. 527). — Frh. einnar umr.

ATKVGR.

Tillgr. samþ. með 27:26 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: BK, JónÁ, LárJ, HBl, ÁS, MÁM, OÓ, ÓE, PÞ, PJ, PP, GB, RH, StH, SvJ, SvH, ÞK, AuA, BGuðn, BFB, EBS, FÞ, GH, EKJ, GTh, HFS, IngJ.

nei: JSk, JJ, KP, LJós, MK, MÓ, ÓlJ, RA, StefG, SV, SteinG, VH, ÞÞ, ÁÞ, ÁB, BGr, BGuðbj, BA, EðS, GS, GeirG, GilsG, GuðlG, HES, IG, EystJ.

BP, HV greiddu ekki atkv.

5 þm. (JÁH, JónasÁ, EggÞ, EÁ, GÞG) fjarstaddir.

4 þm. gerðu svofellda grein fyrir atkv. sínu:

Ragnar Arnalds: Herra forseti. Þar sem mér er kunnugt, að kennsla þessa ágæta bókstafs í skólum landsins kostar, að því er áætlað er, yfir 10 millj. kr. árlega, og þar sem þjóðin hefur margt annað gagnlegra við það fé að gera og þar sem ég tel auk þess fráleitt af Alþ. að fara að stjórna því, hvaða stafsetningarreglur eigi að gilda í landinu, þá segi ég nei.

Gils Guðmundsson: Herra forseti. Ég lít á þetta ágæta setumál líkt eins og spurninguna um botnlangann í mannlegum líkama. Það getur alltaf verið álitamál, jafnvel þó að maður finni dálítið til í botnlanganum, hvenær á að skera hann úr. Hins vegar tel ég það ekkert álitamál, að þegar búið er að skera hann úr, þá er ástæðulaust að fara að græða hann í aftur. Þess vegna segi ég nei.

Hannibal Valdimarsson: Herra forseti. Ég tel fjarstæðu að gera mál eins og þetta að þingmáli, tel það alls ekki koma Alþ. við, hvort ákveðið er að skrifa ypsilon eða setu eða einfaldan eða tvöfaldan samhljóða í ritmáli, tek því ekki þátt í atkvgr., sit hjá, greiði ekki atkv., legg hvorki til né frá með það, hvort botnlanginn verður settur í aftur eða ekki.

Ingvar Gíslason: Herra forseti. Ég leit í upphafi á þetta mál sem meinlaust grín. Ég sé nú, að þetta er orðið grátt gaman. Mín skoðun er sú, að Alþ. eigi ekki að fjalla um stafsetningarmál. Ég segi nei.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Till. samþ. með 28:27 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: EBS, FÞ, GH, EKJ, GTh, HFS, IngJ, BK, JónÁ, JÁH, LárJ, HBl, ÁS, MÁM, OÓ, ÓE, PÞ, PJ, PP, GB, RH, StH, SvJ, SvH, ÞK, AuA, BGuðn, BFB.

nei: GS, GeirG, GilsG, GuðlG, GÞG, HES, IG, JSk, JJ, KP, LJós, MK, MÓ, ÓlJ, RA, StefG, SV, SteinG, VH, ÞÞ, ÁÞ, ÁB, BGr, BGuðbj, BA, EðS, EystJ.

HV, BP greiddu ekki atkv.

3 þm. (JónasÁ, EggÞ, EÁ) fjarstaddir.

Till. afgr. sem ályktun Alþingis (þskj. 795).

Nýting raforku til húsahitunar, þáltill. (þskj. 151, n. 653). — Frh. einnar umr.

ATKVGR.

Till. á þskj. 653 um að vísa till. til ríkisstj. samþ. með 49 shlj. atkv.

Veitinga- og gistihúsarekstur að vetrarlagi utan þéttbýlissvæða, þáltill. (þskj. 163, n. 641). — Frh. síðari umr.

ATKVGR.

Tillgr. samþ. með 50 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Till. samþ. með 51 shlj. atkv. og afgr. sem ályktun Alþingis (þskj. 798).

Tónlistarnám, þáltill. (þskj. 203, n. 688). — Frh. einnar umr.

ATKVGR.

Tillgr. samþ. með 50 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Till. samþ. með 51 shlj. atkv. og afgr. sem ályktun Alþingis (þskj. 799).

Rannsókn á gerð nýrrar hafnar á suðurströndinni, þáltill. (þskj. 310, n. 725). — Frh. síðari umr.

ATKVGR.

Tillgr. samþ. með 50 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Till. samþ. með 50 shlj. atkv. og afgr. sem ályktun Alþingis (þskj. 800).

Kostnaðaráætlanir við stjórnarfrumvörp, þáltill. (þskj. 329, n. 643). — Frh. einnar umr.

ATKVGR.

Tillgr. samþ. með 48 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Till. samþ. með 46 shlj. atkv. og afgr. sem ályktun Alþingis (þskj. 801).

Búseta á Hólsfjöllum og á Efra-Fjalli, þáltill. (þskj. 447, n. 640). — Frh. síðari umr.

ATKVGR.

Tillgr. samþ. með 46 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Till. samþ. með 44 shlj. atkv. og afgr. sem ályktun Alþingis (þskj. 802).

Könnun á olíukaupum, þáltill. (þskj. 313). — Frh. einnar umr.

ATKVGR.

Till. vísað til atvmn. með 45 shlj. atkv. og umr. frestað.

Stofnlánasjóður vegna stórra atvinnubifreiða, þáltill. (þskj. 660). — Frh. einnar umr.

ATKVGR.

Till. vísað til atvmn. með 47 shlj. atkv. og umr. frestað.

Skipulag vísindarannsókna, þáltill. (þskj 686). — Frh. fyrri umr.

ATKVGR.

Till. vísað til síðari umr. með 46 shlj. atkv. og til atvmn. með 46 shlj. atkv.

Farkennsla í meðferð fiskleitar- og siglingatækja, þáltill. (þskj. 717). — Frh. fyrri umr.

ATKVGR.

Till. vísað til síðari umr. með 45 shlj. atkv. og til atvmn. með 45 shlj. atkv.

Bygging rannsóknarskips, þáltill. (þskj. 718). — Frh. fyrri umr.

ATKVGR.

Till. vísað til síðari umr. með 45 shlj. atkv. og til atvmn. með 45 shlj. atkv.

Virkjun Suður-Fossár á Rauðasandi, þáltill. (þskj. 721). — Frh. fyrri umr.

ATKVGR.

Till. vísað til síðari umr. með 44 shlj. atkv. og til allshn. með 44 shlj. atkv.

Efri deild, 109. fundur.

Mánudaginn 29. apríl, að loknum fundi í sameinuðu þingi.

Mat á sláturafurðum, frv. (þskj. 744). — Ein umr.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 11 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 803).

Meðferð opinberra mála, frv. (þskj. 546, n. 770). — 2. umr.

Frsm. (Björn Fr. Björnsson): Herra forseti. Frv. það, sem hér liggur fyrir til umr. og afgreiðslu, fjallar um breyt. á l. um meðferð opinberra mála. Þegar frv. til l. um meðferð opinberra mála var til umr. á síðasta þingi, var það frv. afgr. með ákvæði til bráðabirgða, sem hljóðar þannig, með leyfi forseta:

„Réttarfarsnefnd skal falið að endurskoða réttarstöðu fulltrúa saksóknara ríkisins með hliðsjón af réttarstöðu og lögkjörum hliðstæðra ríkisstarfsmanna og ljúka endurskoðuninni það tímanlega, að unnt verði að leggja fram frv. um það efni í byrjun næsta þings.“

Til þess að fullnægja þessu ákvæði var lagt fyrir svokallaða réttarfarsnefnd að íhuga þetta málefni, og niðurstaða n. liggur hér fyrir í frv.-formi. Frv. felur fyrst og fremst í sér þá breyt., að embættisheiti saksóknara ríkisins verði breytt, og er till. um, að heitið verði ríkissaksóknari. Þessi breyting er gerð með tilliti til þess, að þetta stöðuheiti samsvarar því, sem gerist á Norðurlöndum, og auk þess fellur það mjög vel að málinu.

Þá er ennfremur gert ráð fyrir í frv., að skipaður verði sérstakur vararíkissaksóknari, sem verði m. a. staðgengill ríkissaksóknara í fjarveru hans og vinni að öðru leyti að þeim málum, sem til hans kasta koma í embættinu.

Þá er einnig í frv. gert ráð fyrir því, að dómsmrh. hafi heimild til þess að skipa einn eða tvo saksóknara, ef þörf krefur, við málflutningsstörf fyrir Hæstarétti, þ. e. a. s. þegar svo miklar annir eru hjá ríkissaksóknara og vararíkissaksóknara, að þeir komast ekki yfir flutning mála.

Þetta er höfuðinntakið í frv. Svo eru ýmsar smærri breyt. gerðar á l., þar sem reynslan hefur leitt í ljós, að rétt sé að gera á breytingar.

Allshn. sendi þetta frv. til umsagnar saksóknara, og hann mælir með samþykkt þess. Þá var það enn fremur sent til umsagnar Hæstarétti, en Hæstiréttur vildi ekki gefa álit út af sinni hálfu um efni frv. Og í þriðja lagi var frv. sent til fjárlaga- og hagsýslustofnunar. Ég vil aðeins fara örfáum orðum um þá umsögn eða réttara sagt lesa upp nokkur atriði úr þeirri umsögn. Þar segir m. a.:

„Þegar embætti héraðsdómara voru stofnuð með lögum árið 1972, nr. 74, var sett bráðabirgðaákvæði, sem kveður svo á, að við þau héraðsdómaraembætti, þar sem héraðsdómurum er fjölgað samkv. l. þessum, skuli jafnmargar fulltrúastöður lagðar niður.“

En í umsögninni er tekið fram, sem rétt er, að ekkert slíkt ákvæði fylgir með í þessu frv. Fjárlaga- og hagsýslustofnunin lítur svo á, að verði menn í stöður vararíkissaksóknara og saksóknara ekki valdir úr starfsliði embættisins, heldur komi til embættisins utan frá, sé stefnt að viðbót á mannafla þessa embættis og þar með auknum kostnaði. En hins vegar er getið um það, sem líka er rétt, að ef hinn nýi mannafli kæmi beint úr embættinu sjálfu, þ. e. a. s. fulltrúar yrðu skipaðir í embættin, yrði kostnaður ekki tilfinnanlegur. En sé gert ráð fyrir fjölgun starfsmanna, hefur fjárlaga- og hagsýslustofnunin reiknað út, hver mundi nánast verða hinn aukni kostnaður, ef allar heimildir samkv. frv. yrðu notaðar til fulls. Og stofnunin kemst að þeirri niðurstöðu, að líklegt yrði, að heildarkostnaður með núv. verðlagi mundi nema allt að 5 millj. kr. á ári.

Eitt mikilvægasta embætti í okkar landi er að sjálfsögðu það embætti, sem frv. fjallar um, saksóknaraembættið, og eðlilega þarf þar af leiðandi að tryggja vel, að þau störf, sem þar til falla, séu sem best af hendi leyst. Um það er enginn ágreiningur.

Frv. veitir aðeins heimild til þess að fjölga saksóknurum, en skilyrðislaust ákvæði er um, að vararíkissaksóknari skuli skipaður. Nú verður að gera fyllilega ráð fyrir því, að þrautvanir fulltrúar, sem starfa við embættið, mundu að öðru jöfnu og framar öðrum, þegar til kemur, verða settir í hin nýju embætti, sem frv. fjallar um. Þannig mundi mannafli að þessu leyti við embættið aðeins flytjast til. Ég sagði, að það mætti gera fyllilega ráð fyrir því, að svo yrði, ef heimildir yrðu notaðar af hálfu dómsmrh. Ég held þess vegna, að það hafi verið rétt álitið af allshn., að þrátt fyrir þessa umsögn frá Fjárlaga- og hagsýslustofnuninni, sem auðvitað á rétt á sér og var eðlilegt að kalla fram, þá eigi hún ekki við að því leyti að hefta e. t. v. framgang þessa frv. Það verður að ætla, að viðkomandi ráðh. hafi glöggt auga fyrir því, að þarna séu ekki notaðar heimildir nema í ítrustu nauðsyn. Þetta var skoðun okkar í allshn.

En eina brtt. vildum við í n. gera, og hún fylgir í nál. og er við 4. gr. frv., 5. mgr. Frv. gerir ráð fyrir því, að dómsmrh. hafi heimild til að skipa einn eða tvo saksóknara, ef ríkissaksóknari og vararíkissaksóknari anna eigi flutningi mála. Í frv. segir þannig: „anna eigi flutningi mála fyrir Hæstarétti“, en við í n. gerum þá brtt., að í stað „fyrir Hæstarétti“ komi: fyrir dómi.

Þessi brtt. okkar byggist á því, að samkv. ákvæðum sjálfra l. um saksóknara hvílir jafnrík málflutningsskylda á ríkissaksóknara fyrir héraðsdómi sem fyrir Hæstarétti. N. þótti óeðlilegt, miðað við þessi ákvæði l. að kveða aðeins á um flutning mála af hálfu saksóknara fyrir Hæstarétti. Og það verður að segja eins og er, að sá, sem flytur mál af hálfu saksóknaraembættisins fyrir Hæstarétti, er betur undir búinn að vinna það verk, ef hann hefur áður unnið það fyrir héraðsdómi. Þessi eru rökin fyrir því, að n. leyfir sér að flytja þessa brtt.

Allshn. hefur samþ. að mæla með frv. með þeirri breyt., sem ég hef vikið að. Ég verð að geta þess, að fjarstaddir afgreiðslu málsins voru þm. Eggert G. Þorsteinsson og Geir Gunnarsson.

ATKVGR.

1.—3. gr. samþ. með 13 shlj. atkv.
Brtt. 770 samþ. með 12 shlj atkv.
4. gr., svo breytt, samþ. með 12 shlj. atkv.
5.—47. gr. samþ. með 12 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 14 shlj. atkv.

Almenn hegningarlög, frv. (þskj. 553, n. 771). — 2. umr.

Frsm. (Björn Fr. Björnsson): Herra forseti. Ég tel, að það sé rétt, að ég mæli ekki aðeins fyrir því frv., sem hér er á dagskránni, heldur taki ég líka um leið til athugunar það frv., sem næst kemur á dagskrá, vegna þess að þessi bæði frv. hanga í raun og veru saman, eru nánast óaðskiljanleg. En þetta geri ég með samþykki hæstv. forseta.

Þá er það mál 274. Með því frv. til breyt. á hegningarlögum er að því stefnt, að lögfest verði í almennum hegningarlögum refsiákvæði, sem feli það í sér, að meiri háttar brot á ákvæðum l. um ávana- og fíkniefni varði við hin almennu hegningarlög. Með þessu frv. eru þau viðhorf í þessum málum alveg sérstaklega áréttuð og undirstrikuð og þar með, að sérstaklega saknæm brot á þeim l., ef þetta frv. nær fram að ganga, varði þungri refsingu og því talin mjög alvarlegs eðlis.

Hegningarlaganefnd hefur unnið að þessu frv. Allshn. hefur ekkert við það að athuga, en vill mæla mjög með því, að frv. nái fram að ganga.

Næsta mál á dagskrá er mál 275. Þetta lagafrv. er flutt til þess að gera það öldungis ótvírætt, að brot gegn l. um ávana- og fíkniefni, svo og brot gegn því ákvæði, sem felst í frv. því, sem ég áður gat um, falli undir valdsvið þess dómara, sem fjallar um rannsóknir í ávana- og fíkniefnamálum, en um þann dómara gilda lög, sem voru samþ. á Alþingi í fyrra, og þetta frv. því til breyt. á þeim l. Það hefur þótt alveg sjálfsagt, að rannsóknardómari í ávana- og fíkniefnamálum hafi með þau brot að gera, sem snerta þau mál og varða refsingu eins og greinir í ákvæðum hegningarlaga, er hið fyrra frv. hefur fengið staðfestingu.

Allshn. mælir einróma með samþykkt þessa frv.

ATKVGR.

1. gr. samþ. með 15 shlj. atkv.
2. gr. samþ. með 15 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 15 shlj. atkv.

Dómari í ávana- og fíkniefnamálum, frv. (þskj. 554, n. 772). — 2. umr.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

1. gr. samþ. með 13 shlj. atkv.
2.—6. gr. samþ. með 14 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 15 shlj. atkv.

Ávana- og fíkniefni, frv. (þskj. 588, n. 776). — 2. umr.

Frsm. (Oddur Ólafsson): Herra forseti. Allshn. hefur fjallað um frv. um ávana- og fíkniefni og leggur einróma til, að það verði samþ. óbreytt. Fjarstaddir afgreiðslu málsins voru þeir Ásgeir Bjarnason, Eggert G. Þorsteinsson og Geir Gunnarsson.

Meginefni þessa frv. kemur fram í 1. gr. þess, og er talað um það, að ríkisstj. er heimilt fyrir Íslands hönd að gerast aðili að alþjóðasamningum um ávana- og fíkniefni. Þá er í 2. gr. getið um, að varsla og meðferð ávana- og fíkniefna sé óheimil á íslensku forráðasvæði. Og í 3. gr. segir, að ráðh. sé heimilt að ákveða í reglugerð, að efni, sem geti haft hættu í för með sér vegna eiginleika þeirra sem ávana- og fíkniefna, sé þó heimilt að nota í vísindalegum tilgangi og í læknisfræðilegum efnum. Þá segir 5. gr. þessa frv., að brot á l. þessum og reglugerðum og öðrum fyrirmælum settum samkv. þeim varði sektum allt að 1 millj. kr. og varðhaldi eða fangelsi allt að tveim árum.

Frv. er sett raunverulega til að samræma og búa til heillegri löggjöf um ávana- og fíkniefni en verið hefur. Hér á landi voru fyrst sett lög um ávana- og fíkniefni 1923. Þá voru sett lög 1968 og 1970, en það eru lög nr. 77 frá 1970, sem nú eru í gildi hér á landi. Með l. 1973 var síðan ákveðið að setja sérstakan dómara rannsóknardeildar ávana- og fíkniefna, og sem sagt meiningin með þessu er að búa til heillegri löggjöf um þessi efni. Sannleikurinn er sá, að alþjóðasamstarf er eina von mannkynsins að ráðast gegn því böli, sem ávana- og fíkniefnaneyslan er í dag, og Sameinuðu þjóðirnar hafa um langan tíma unnið ötullega að þessum málum, þótt segja megi, að árangurinn sé kannske ekki stórkostlegur. En því er ekki að neita, að það virðist nú rofa til í þessum efnum víða um heim og það samræmda starf, sem nú fer fram víða um heim, sé að bera einhvern árangur.

Þetta frv. hefur annars verið kynnt hv. deild, og sé ég því ekki ástæðu til að hafa fleiri orð um það, en við leggjum einróma til, að frv. verði samþ.

ATKVGR.

1. gr. samþ. með 12 shlj. atkv.
2.—7. gr. samþ. með 13 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 13 shlj. atkv.

Vísindaleg verndun fiskimiða landgrunnsins, frv. (þskj. 92, n. 784). — 2. umr.

Of skammt var liðið frá útbýtingu nál. — Afbrigði samþ. með 12 shlj. atkv.

Frsm. (Steingrímur Hermannsson): Herra forseti. Sjútvn. þessarar d. hefur fjallað um frv. til l. um breyt. á l. nr. 44 frá 5. apríl 1948, um vísindalega verndun fiskimiða landgrunnsins. N. hefur orðið sammála um að mæla með samþykkt frv. óbreytts. Hér er um að ræða, eins og frv. ber með sér, breyt. á l. frá 1948. Greinin kemur til með að hljóða þannig:

„Sjútvrn. skal með reglugerð ákveða takmörk verndarsvæða við strendur landsins innan endimarka landgrunnsins“ — og síðan bætist við: „eða hafsvæði allt að 200 sjómílum utan við grunnlínu.“

Það var nokkuð rætt um það í n., hvort ekki væri ljóst, ef landgrunnið teldist ná lengra samkv. l. frá 1969 en 200 sjómílur, að það mundi þá ráða, en annars 200 sjómílur. Voru nm. sammála um, að svo bæri að skilja þessa grein. Til

skýringar vil ég geta þess, að í l. frá 1969 er svo sagt í 3. gr.: „Íslenska landgrunnið telst í merkingu þessara laga ná svo langt út frá ströndum landsins sem unnt reynist að nýta auðæfi þess. Landgrunn eyja, sem utan landhelgi liggja, skal markað á sama hátt".

Þarna er farið að alþjóðlegri skilgreiningu, sem að vísu er nú til athugunar, enda ákaflega óljós, en við hana er stuðst, á meðan annað liggur ekki fyrir.

Að þessu sögðu, endurtek ég, að n. mælir með samþykkt þessa frv.

Jón Árnason: Herra forseti. Ég var með nokkrar aths. í sambandi við þetta frv., þegar það var hér til 1. umr., og það var sérstaklega í sambandi við ákvæðið um 200 sjómílurnar, sem ég dró í efa, að væri rétt að taka sérstaklega fram. En ég hef fengið þær upplýsingar hjá sérfræðingum um þessi mál, að orðalagið í 1. gr. frv., en þar segir: „eða á hafsvæði allt að 200 sjómílum utan við grunnlínu" — takmarki í engu endanlega stærð landgrunnsins. Eftir sem áður eru það sjálf landgrunnslögin, sem hér ráða úrslitum, en þar segir, að stærð landgrunnsins miðist við hagnýtingarmörk. Það er á þeim forsendum, sem ég er samþykkur því frv., sem hér er til umr.

ATKVGR.

1. gr. samþ. með 12 shlj. atkv.
2.—3. gr. samþ. með 13 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 13 shlj. atkv.

Landgræðslustörf skólafólks, frv. (þskj. 350, n. 769). — 2. umr.

Frsm. (Páll Þorsteinsson): Herra forseti. Menntmrh. hefur haft til athugunar þetta frv. um landgræðslustörf skólafólks, og leggur n. til einróma, að frv. verði samþ. Frv. þessu fylgir nokkuð löng grg., og við 1. umr. þessa máls gerði ég allnákvæma grein fyrir efni frv. og tilgangi með flutningi þess. Ég sé því ekki ástæðu til að fara nú við þessa umr. langt út í efnisatriði málsins, en vil geta þess, að n. sendi frv. til umsagnar nokkrum aðilum, og hef ég hér með höndum umsagnir sem 4 aðilar hafa sent eða standa að.

Það er í fyrsta lagi umsögn frá Landssambandi framhaldsskólakennara. Hún er á þessa leið:

„Stjórnarfundur í Landssambandi framhaldsskólakennara hefur fjallað um frv. til l. um landgræðslustörf skólafólks. Undirtektir voru mjög jákvæðar, án þess þó að nokkur samþykkt væri gerð."

Í öðru lagi barst umsögn frá Sambandi ísl. barnakennara, og hún er svo hljóðandi:

„Stjórn Sambands ísl. barnakennara hefur borist til umsagnar frv. til laga um landgræðslustörf skólafólks, sbr. bréf menntmn. Ed. Alþingis, dags. 22. febr. 1974. Stjórn Sambands ísl. barnakennara lýsir stuðningi sínum við frv. þetta, en leggur þó til, að orðin „og ófatlaður" í lok 1. gr. falli niður."

Landgræðsla ríkisins og Landvernd kusu að hafa samvinnu um athugun á málinu, og liggur hér fyrir umsögn, sem er undirrituð af Sveini Runólfssyni landgræðslustjóra og Hauki Hafstað fyrir hönd Landverndar. Umsögn þeirra er svo hljóðandi:

„Gunnarsholti, 8. mars 1974.

Með tilvísun til bréfs yðar frá 22. febr. 1974, þar sem óskað er umsagnar Landverndar og Landgræðslu ríkisins vegna frv. til l. um Landgræðslustörf skólafólks, flm. Páll Þorsteinsson o. fl., viljum við taka fram eftirfarandi:

Við teljum, að hér sé um mjög athyglisvert mál að ræða, sem geti skipt sköpum í þeim verkefnum, sem frv. fjallar um. Hins vegar er það álit okkar, að til frv. sem þessa þurfum við að vanda mjög vel, svo að þeim tilgangi, sem til er ætlast, verði náð. Við frv., eins og það er, teljum við að þurfi að gera nokkrar veigamiklar breytingar og ekki síður að fá fram reynslu þeirra aðila, sem að þessum málum hafa unnið, og skoðanir þeirra, sem koma til með að hafa framkvæmd málsins með höndum. Það er till. okkar, að skipuð verði milliþn. til að gera till. um frv. til laga um landgræðslustörf og umhverfisvernd skólafólks og í þessa n. eða til starfa með henni verði valdir þeir menn, sem koma til með að hafa framkvæmd laganna með höndum og nokkra reynslu hafa í skipulagningu sjálfboðastarfa."

Eftir að þessar umsagnir bárust tók n. málið til umr. Ég lét uppi þá skoðun í n. og vil taka það fram hér, að mér virðist, að sú till. að setja þurfi milliþn. í þetta mál, eða sú uppástunga þeirra manna, sem annars eru mjög velviljaðir hugmyndinni, hljóti að vera á nokkrum misskilningi byggð, þ. e. a. s. þeim misskilningi, að til þess sé ætlast og þannig kveðið á í frv., að störf samkvæmt því, ef að lögum verður, skuli koma til fullra framkvæmda þegar í stað. Ég vil við þessa umr. leggja sérstaka áherslu á, að það er ekki hugsun flm. Þess vegna er það tekið skýrt fram í 1. gr. frv., að hér er um heimild að ræða, en ekki skyldu, heimild, sem hægt er að láta koma til framkvæmda smátt og smátt, eftir því sem störf eru undirbúin, og það er mjög skýrt tekið fram í grg. frv., að þetta sé tilgangurinn, því að þar segir á bls. 3 á þskj.:

„Í frv. þessu felst heimild til að kveðja til landgræðslustarfa nemendur í skólum, sem kostaðir eru af ríkinu að einhverju eða öllu leyti. Ekki verður skylt að láta þetta koma til fullra framkvæmda þegar í stað. Ákvæði frv., ef að lögum verða, má framkvæma í áföngum, eftir því sem störfin verða undirbúin og skipulögð samkv. 3. gr. Kemur þá í ljós, hvort hugmynd sú, sem hér er reifuð, stenst próf reynslunnar."

Þetta tel ég ástæðu til að taka sérstaklega fram, að það hefur frá upphafi verið hugsun flm., að ef þetta yrði að lögum, þá yrði sú heimild, sem í frv. felst, framkvæmd í áföngum, eftir því sem verkefnin verða undirbúin og tilefni þykja gefast til. Það varð því niðurstaða n. að leggja til, að frv. verði samþykkt, og n. sá ekki ástæðu til að leggja til, að þetta eina orð í 1. gr. frv., þar sem segir: „enda sé nemandinn hraustur og ófatlaður," — hún sá ekki ástæðu til að gera till. um, að þetta orð, ófatlaður, sé fellt niður.

Jón Árm. Héðinsson: Herra forseti. Fyrsti flm. og frsm. menntmn. hefur nú gert grein fyrir afstöðu n. Ég vil aðeins standa upp til að fagna þeirri hugmynd, sem fram kemur í frv., og tel hana vel tímabæra og hv. d. ætti að sameinast um að samþykkja frv. og koma því áleiðis og Alþingi að afgreiða það. Hann undirstrikaði, að þetta er mál, sem tekur sinn tíma að koma í framkvæmd, og það mun ekki vera ætlunin að rasa hér um ráð fram. En hér er lagður grundvöllurinn að mjög mikilvægu starfi fyrir framtíðina, að græða upp landið á margvíslegan hátt.

Í 2. gr. er gerð grein fyrir því, með hvaða hætti landgræðslustörf geta verið, og er þar ýmislegt talið upp, sem bæði gæti verið innan borga og bæja og utan þeirra marka, og er það mjög ákjósanlegt. Það er hverjum ungum manni hollt að leggja nokkuð af mörkum fyrir þjóðfélagið og framtíðina og vera utan skólaveggja í góðu veðri við slík störf, sem frv. gerir ráð fyrir. Ég vil þakka 1. flm. fyrir framlag hans í þessu máli og góða samvinnu við okkur í menntmn. í sambandi við þetta frv. og skýringar hans á málinu.

ATKVGR.

1. gr. samþ. með 12 shlj. atkv.
2.—7. gr. samþ. með 12 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 13 shlj. atkv.

Umhverfismál, þáltill. (þskj. 747). — Ein umr.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. vísað til allshn. með 11 shlj. atkv. og umr. frestað.

Efri deild, 110. fundur.

Mánudaginn 29. apríl, að loknum 109. fundi.

Meðferð opinberra mála, frv. (þskj. 804). — 3. umr.

Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði samþ. með 12 shlj. atkv.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 13 shlj. atkv. og afgr. til Nd.

Almenn hegningarlög, frv. (þskj. 553). — 3. umr.

Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði samþ. með 12 shlj. atkv.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 12 shlj. atkv. og afgr. til Nd.

Dómari í ávana- og fíkniefnamálum, frv. (þskj. 554). — 3. umr.

Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði samþ. með 12 shlj. atkv.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 13 shlj. atkv. og afgr. til Nd.

Ávana- og fíkniefni, frv. (þskj. 588). — 3. umr.

Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði samþ. með 12 shlj. atkv.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 13 shlj. atkv. og afgr. til Nd.

Vísindaleg verndun fiskimiða landgrunnsins, frv. (þskj. 92). — 3. umr.

Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði samþ. með 12 shlj. atkv.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 14 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 805).

Landgræðslustörf skólafólks, frv. (þskj. 350). — 3. umr.

Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði samþ. með 12 shlj. atkv.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 13 shlj. atkv. og afgr. til Nd.

Neðri deild, 112. fundur.

Mánudaginn 29. apríl, að loknum fundi í sameinuðu þingi.

Áhrif olíuverðhækkana á hitunarkostnað íbúða, frv. þskj. 606, n. 766, 698). — Frh. 2. umr.

Vilhjálmur Hjálmarsson: Herra forseti. Við umr. málsins hér í d. í fyrri viku var spurst fyrir um það, hvort fjh.- og viðskn. hafi sent þetta mál til umsagnar til Sambands ísl. sveitarfélaga. Ég var ekki viðstaddur á fundinum og gat ekki svarað þessu þá.

N. sendi málið ekki til umsagnar til Sambands ísl. sveitarfélaga. Hins vegar hefur n. nú borist bréf frá sambandinu, þar sem það tjáir sig um þetta mál, eða framkvstj. fyrir hönd þess. Þetta bréf er dags. í dag, 29. apríl. Ég vil gjarnan fá tækifæri til að kynna viðhorf Sambands ísl. sveitarfélaga fyrir hv. dm. og vil með leyfi hæstv. forseta lesa umsögnina. Hún er á þessa leið:

„Hér er um að ræða niðurgreiðslu á verði tiltekinnar vöru. Hingað til hefur ríkið haft með slík mál að gera í sambandi við höfuðdreifendur vöru, sbr. niðurgreiðslur á landbúnaðarvörum. Sveitarfélögin hafa engin afskipti haft af niðurgreiðslumálum. Í frv. er því gert ráð fyrir stefnubreytingu í tilhögun þessara mála. Það er ljóst, að sú niðurgreiðsluaðferð, sem frv. gerir ráð fyrir, þ. e. endurgreiðsla beint til neytenda, er bæði flóknari og dýrari en sú aðferð, sem hingað til hefur verið beitt í sambandi við niðurgreiðslur. Einnig er ljóst, að mörg vafatilvik hljóta að koma upp við framkvæmd l. Það virðist vera lagt á vald sveitarstjórna að meta, hvaða íbúar sveitarfélags búa við olíuupphitun. Í því sambandi virðist ekki muni verða unnt að miða við íbúaskrá sveitarfélagsins óbreytta, hvorki varðandi lögheimili né dvalarheimili. Hvað t. d. með ungling, sem er fjarverandi í skóla eða við vinnu í öðru sveitarfélagi? Hvað með þá, sem eru fjarverandi í sumarleyfum eða dvelja á sjúkrahúsum? Á að draga þann tíma frá, sem þeir eru fjarverandi heimili sínu eða sveitarfélaginu? Ótalmörg önnur vafaatriði hljóta að skjóta upp kollinum við framkvæmd l. Samkv. frv. eru lögð ný verkefni á þau sveitarfélög, þar sem ekki eru hitaveitur, þ. e. að láta viðskrn. í té skýrslur um, hve margir íbúar sveitarfélags búa við olíuupphitun, og að úthluta styrkjum til framteljenda til skatts vegna þeirra, maka þeirra og barna. Ljóst er, að hér er um allviðamikið verkefni að ræða. Af ákvæðum frv. verður ekki ráðið, að sveitarfélög eigi að fá nokkra þóknun fyrir þessi störf. Stjórn Sambands ísl. sveitarfélaga er samþykk tilgangi frv., en með tilvísun til framanritaðs getur stjórnin ekki mælt með samþykkt frv. í þeirri mynd, sem það er nú."

Þannig hljóðar umsögnin, og undir þetta ritar Magnús E. Guðjónsson framkvstj. sambandsins.

Þetta bréf hefur ekki verið rætt í fjh.- og viðskn., því að n. var búin að skila áliti, áður en það var skrifað. Ég vil aðeins leyfa mér fyrir mína parta að segja eftirfarandi í framhaldi af þessari kynningu á afstöðu stjórnar Sambands ísl. sveitarfélaga:

Hér hafa einkum komið fram tvær hugmyndir um ráðstöfun þess fjár, sem inn kemur og ætlað er til að greiða niður olíuverð. Annars vegar er sú hugmynd, sem felst í frv. ríkisstj., sem hér liggur fyrir d., þ. e. a. s. um, að sveitarfélögin komi þarna til hjálpar við að koma niðurgreiðslunum til skila. Hins vegar er svo sú hugmynd, sem nokkrir þm. hafa reifað hér og talað fyrir, að greiða olíuverðið niður á húsahitunarolíunni og þar með að fela olíufélögunum að annast verkið í gegnum niðurgreiðslur. Ég ætla ekki að fara að endurtaka þau rök, sem hér hafa verið flutt með og móti þessum leiðum tveim, en vil aðeins segja það, að ég er persónulega hlynntur þeirri stefnu, sem í frv. felst, og þarf ég raunar ekki að taka það fram, því að það hefur komið fram í nál., sem ég hef undirritað.

Ég held, að flestir hv. dm. séu þeirrar skoðunar, að hér hljóti að verða um stutts tíma ráðstöfun að ræða, að þetta geti ekki orðið fyrirkomulag til langframa. Það er skoðun mín, að það sé eðlilegra að leggja þá ábyrgð, það ómak og þann kostnað, sem hlýst af framkvæmd málsins, að svo miklu leyti sem það getur ekki komið á ríkið og starfsmenn þess beint, — þá tel ég af augljósum ástæðum eðlilegra að leggja ábyrgðina, ómakið og kostnaðinn á sveitarfélögin fremur en olíufélögin.

ATKVGR.

1. gr. samþ. með 33 shlj. atkv.

Brtt. 698,1 felld með 22:16 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu:

já: BK, LárJ, ÁS, MÁM, ÓE, PJ, GB, RH, StefG, SvH, BGuðn, EBS, FÞ, GuðlG, EKJ, IngJ.

nei: IG, JSk, JJ, KP, LJós, MK, ÓlJ, PP, SV, SvJ, VH, ÞÞ, ÁÞ, BGr, BP, EðS, EystJ, GS, GÞG, HES, HV, GilsG.

2 þm. (JónasÁ, GTh) fjarstaddir.

2. gr. samþ. með 24:1 atkv.

Brtt. 698,2 kom ekki til atkv.

3.—5. gr. samþ. með 27 shlj. atkv.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Frv. vísað til 3. umr. með 30:1 atkv.

Neðri deild, 113. fundur.

Mánudaginn 29. apríl, að loknum 112. fundi.

Áhrif olíuverðhækkana á hitunarkostnað íbúða, frv. (þskj. 606, 781, 782). — 3. umr.

Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbr. samþ. með 31 shlj. atkv.

Frsm. (Karvel Pálmason): Herra forseti. Eins og fram kom við 2. umr. þessa máls hér í d., var fjh.- og viðskn. þessarar d. sammála um að bera fram brtt. við 2. gr. frv. nú við 3. umr. málsins. Brtt. frá hv. n. er þannig:

„Við 2. gr. a-lið. Á eftir orðunum: „sem býr við olíuupphitun" komi: „Þó skulu lífeyrisþegar, sem njóta bóta samkv. 19. gr. l. um almannatryggingar fá greiddan styrk, sem nemur 1½ styrk einstaklings."

Hér er um það að ræða, að þeir, sem eiga hlut að máli og hafa einungis tekjutryggingarupphæð til ráðstöfunar, eigi að fá samkv. þessari brtt. sem nemur 1½ styrk einstaklings vegna þessa máls.

Brtt. þessi er skrifleg og þarf því afbrigða við, og vænti ég, að hæstv. forseti leiti þeirra.

ATKVGR.

Afbrigði um skrifl. brtt. (sjá þskj. 781 og 782) samþ. með 24 shlj. atkv.

Geirþrúður H. Bernhöft: Herra forseti. Ég vil leyfa mér að koma með brtt. við brtt. þá, sem flutt var hér áðan og er frá fjh.- og viðskn. Hún hljóðar þannig, með leyfi hæstv. forseta.

„Á eftir orðunum „sem býr við olíuupphitun“ komi: Þó skulu lífeyrisþegar, sem njóta bóta samkv. 19. gr. l. um almannatryggingar, fá greiddan styrk, sem nemur 1½ styrk einstaklings.“

Ég vil byrja á því að þakka hv. fjh.- og viðskn. fyrir þessa brtt., en með þessari brtt. sýnir hv. fjh.- og viðskn., að einhugur ríkir í n. um, að taka beri sérstakt tillit til þeirra þegna þjóðfélagsins, sem við bágust kjör búa með elli- og örorkulífeyrisþega, með því að veita þeim þeirra, sem nota olíu til hitunar íbúðarhúsnæðis, 50% hærri styrk en öðrum. En því miður er sá galli á þessari brtt., að vísað er til 19. gr. l. um almannatryggingar til að ákveða nánar, hvaða lífeyrisþegar það séu, sem þess skulu njóta, en upphaf 19. gr l. um almannatryggingar hljóðar svo, með leyfi hæstv. forseta:

„Nú eru tekjur elli- eða örorkulífeyrisþega lægri en 120 þús. kr. á ári,“ — að vísu eru komnar aukatölur ofan á þetta síðan, — „og skal þá hækka lífeyri hans um það, sem á þá fjárhæð vantar. Sama gildir um hjónalífeyri, eftir því sem við á. Heimilt er að greiða frekari uppbót á elli- og örorkulífeyri, ef sýnt þykir, að lífeyrisþegi geti ekki komist af án þess.“

Með því að vísa til 19. gr. l. um almannatryggingar er það beinlínis tekið fram, að aðeins þeir, sem lifa á lífeyrisfé eingöngu, skuli fá greiddan fyrrnefndan styrk. Nú er alltaf nokkuð stór hópur lífeyrisþega, sem fær synjun um hækkun lífeyris, þar sem umsækjandi hefur auk grunnlífeyris aðrar tekjur, t. d. smálaunatekjur eða eftirlaun úr lífeyrissjóði. Í mörgum tilfellum hefur sá lífeyrisþegi, sem fær synjun á hækkun lífeyris samkv. 19. gr. l. um almannatryggingar, svipaðar heildartekjur og þeir lífeyrisþegar hafa, sem hafa hækkaðan lífeyri samkv. 19. gr.

T. d. mætti nefna hér dæmi ellilífeyrisþega. Við skulum kalla hann Jón. Jón hefur grunnlífeyri í Tryggingastofnun ríkisins eins og lög heimila, auk þess hefur hann létta vinnu hluta úr degi. Hann er alsæll að hafa vinnuna, að komast út meðal starfsfélaganna daglega. Þótt starfskraftar séu farnir að þverra, finnst honum það mikill munur að hafa vinnu hluta úr degi og vill ekki með nokkru móti missa vinnuna. Jón fær laun svipuð og hann hefur í ellilífeyri. Samtals hefur Jón því í laun sömu upphæð og sá, sem nýtur ellilífeyris með tekjutryggingu og fullri uppbót, þ. e. a. s. þann ellilífeyri, sem ellilífeyrisþeginn hefur möguleika að fá samkv. 19. gr. l., ef hann hefur engar aðrar tekjur. Ef Jón hefði ekki unnið, en haft eftirlaun, þá hefði honum verið synjað um tekjutryggingu og uppbót lífeyris, og hafi hann vinnu, þá er honum einnig synjað. Þar sem ég tel útilokað að refsa nokkrum manni fyrir að vilja vinna, eftir því sem starfskraftar leyfa, eða fyrir að hafa lág eftirlaun, leyfi ég mér að bera fram þá brtt. við a-lið 2. gr. frv. til l. um ráðstafanir til að draga úr áhrifum olíuverðhækkana á hitunarkostnað íbúða og í áframhaldi af þeirri brtt., sem hér er komin fram, að við bætist:

„Á eftir orðunum „samkv. 19. gr. l. um almannatryggingar“ komi: og aðrir lífeyrisþegar, sem hafa svipaðar heildartekjur.“

Ég tel, að hér sé um réttlætismál að ræða, og vonast því til, að sami einhugur ríki hér meðal hv. þm. og sýnilega hefur ríkt meðal nm. í hv. fjh.- og viðskn. Það er skoðun mín, að hv. fjh.- og viðskn. hafi með síðustu brtt. ætlað sér að bæta hag þeirra lífeyrisþega, sem minnst hafa á milli handa, en hins vegar hafi af vangá fallið niður að minnast sérstaklega á þá lífeyrisþega, sem hafa sömu heildartekjur og lífeyrisþegar samkv. 19. gr. l. um almannatryggingar, en þær komi bara úr tveim stöðum. Tel ég það réttlætismál. Allir hljóta að vera sammála um, að það er ekki hægt að refsa nokkrum manni fyrir að vilja vinna svo lengi sem hann hefur möguleika til þess.

Ellert B. Schram: Herra forseti. Ég hef margoft áður í umr. um þetta mál lýst skoðunum mínum á þessu frv. og upphaflega frv. um tekjuöflunina og tel ekki ástæðu til þess að endurtaka þær skoðanir hér. Ég hef bent á galla þessa máls og gagnrýnt málsmeðferðina, og er skemmst frá því að segja, að nú hefur borist bréf frá Sambandi ísl. sveitarfélaga, þar sem þessi gagnrýni er undirstrikuð og áréttuð. Framkvæmd á þessum lögum, ef þau verða samþ., mun leiða til mismununar, stórkostlegs kostnaðar og bjóða upp á alls kyns spillingu, sem samfara er slíku styrkjakerfi. Ítreka ég það ekki frekar hér.

Mér finnst í sjálfu sér vera ábyrgðarhluti fyrir þessa hv. d. að afgreiða mál þetta hér með slíkum hraða gegnum d., þegar upplýst er, að borist hefur umsögn frá Sambandi ísl. sveitarfélaga, sem tekur svo sterkt til orða sem upplýst var hér áðan, og væri eðlilegra, að n., sem með þetta mál hefur farið, skoðaði frv. betur með hliðsjón af erindi eða umsögn Sambands ísl. sveitarfélaga.

En þar sem mér sýnist svo, að það sé meiningin að keyra þetta mál hér í gegn, þá vildi ég aðeins kveðja mér hljóðs og ítreka fyrri skoðanir mínar og láta það koma fram, að ég mun greiða atkvæði gegn þessu máli.

Í sambandi við þá till., sem nú hefur verið kynnt af hálfu viðkomandi n., og jafnframt þá brtt., sem fram hefur komið frá hv. 10. þm. Reykv., þá er auðvitað ekkert áhorfsmál, að það er góður tilgangur, sem býr að baki þessum till. En það hlýtur alltaf að vakna sú spurning, hvort gera eigi meira fyrir einn hóp þjóðfélagsins frekar en annan, og ég vek athygli á því, að enda þótt gamalt fólk hafi ekki lengur tekjur, þá er það auðvitað misjafnlega efnað og getur reyndar verið í mjög góðum efnum, þrátt fyrir að það sé hætt að vinna fyrir beinum tekjum. Af því leiðir, að þetta aukna framlag til gamla fólksins getur auðvitað leitt til aukins misræmis og aukinnar mismununar, eins og frv. allt felur reyndar í sér. Tilgangurinn getur verið góður, en við verðum að muna, að tilgangurinn helgar ekki alltaf meðalið.

Ég er ekki á móti þessum till. í sjálfu sér, heldur aðeins vek athygli á því, að þær aðeins árétta það, sem ég hef sagt og Samband ísl. sveitarfélaga hefur undirstrikað, að málið býður upp á alls kyns misnotkun og ranglæti og mun draga slíkan dilk á eftir sér, að stjórnvöld eru ekki búin að bíta úr nálinni með það.

Þessi sjónarmið vildi ég láta koma á framfæri hér á lokastigi málsins í þessari d. og endurtek það, að ég mun á þessum forsendum greiða atkvæði gegn þessu frv.

Sjútvrh. (Lúðvík Jósepsson): Herra forseti. Hér hefur nú verið lýst tveimur brtt. við frv., þar sem gert er ráð fyrir því í fyrsta lagi, að þeir lífeyrisþegar, sem búa við tekjutryggingartekjur eða tekjutryggingarlaun, fái nokkru ríflegri styrk samkv. frv. en aðrir, og svo er komin hér önnur till. á þskj. 782 um það, að þessi viðbótargreiðsla nái einnig til annarra lífeyrisþega, sem búa við svipaðar tekjur og þeir, sem búa við tekjutryggingalaunin. Ég tel fyrir mitt leyti, að það hafi verið vafasamt út af fyrir sig að fara inn á þessa braut, en þó ekki óeðlilegt. Þeir eru a. m. k. mjög maklegir að fá einhverjar viðbótargreiðslur, sem hér um ræðir. Og þar sem meiri hl. þeirrar n., sem hefur fjallað um frv., leggur þetta til, eða öll n., þá vil ég ekki fyrir mitt leyti standa gegn því. Mér sýnist þá líka einsýnt, að það sé rétt að samþ. till., sem var síðast lýst, brtt. á þskj. 782, því að það er full sanngirni í því, að þeir aðilar fái þá sams konar viðbótargreiðslu. Í till. er að vísu talað um lífeyrisþega, sem hafi svipaðar heildartekjur. Þetta er nokkuð óákveðið. En ég geri ráð fyrir því, þar eð heimild er í frv. til þess að setja reglugerð um framkvæmdina, að þetta yrði tekið þar fram nánar og þá sennilega helst miðað við það, að hér væri um nákvæmlega sams konar tekjur að ræða eða sem sagt tekjumörkin væru þá hin sömu hjá þessum aðilum og hinum, sem búa við tekjutryggingarlaunin.

Ég legg áherslu á það, eins og ég hef sagt hér áður, að þetta mál fái hér fljóta afgreiðslu. Það á eftir að fara í gegnum Ed. Í rauninni er málið búið að vera svo lengi fyrir þinginu, að það er okkur öllum til vansæmdar. Það er búið að vera hér meira og minna á vegum þingsins síðan í desembermánuði, og það er búið að draga þá, sem eiga að verða þessara greiðslna aðnjótandi, alveg óhæfilega á afgreiðslu málsins. Ég mæli því fyrir mitt leyti með báðum þessum till., að þær nái fram að ganga og málið verði nú afgreitt út úr þessari deild og þannig verði þá von um það, að málið fái fullnaðarafgreiðslu á þinginu.

Guðlaugur Gíslason: Herra forseti. Hér hafa komið fram tvær brtt. við 2. gr. frv., og tel ég þær báðar til bóta, eins og komið er. Þar sem búið er að samþykkja greinina við 2. umr. eins og hún er í frv., tel ég báðar þessar till. til bóta og í réttlætisátt. Ég mun því vissulega greiða þeim báðum atkvæði.

En þegar það kemur fram, að nú er farið að taka út einstaka tekjulága aðila eins og þá, sem ellilífeyris njóta og tekjutryggingar, er það öruggt, að það eru fleiri aðilar í þjóðfélaginu, sem svipað er ástatt um. Er ekki til tekjulítið fólk, sem ekki enn þá er komið inn í tryggingakerfið, og á það ekki eins rétt á því að fá einhverjar uppbætur og þeir, sem fengið hafa örorkubætur, og þeir, sem hafa aldur til að fá lífeyri? Getur ekki verið um aðila að ræða, sem svipað er ástatt um, en ekki njóta tekna frá hinu almenna tryggingakerfi? Ef svo er, þá er þarna atriði, sem jafnhliða þyrfti að skoða.

Ég ætla að vona í lengstu lög, að hv. Ed. beri gæfu til þess að endurskoða frv. og færa það í einfaldara form en það nú er, eftir að búið er að afgreiða það hér við 2. umr. í þessari hv. d., því að mér sýnist svo, að því betur, sem málið er skoðað, því flóknara verði það í framkvæmd. Og ég er alveg sannfærður um það, að Alþ. er að fara hérna inn á braut, sem verður því lítt til sæmdar, þegar málið liggur ljóst fyrir hjá þeim aðila, sem við taka að annast framkvæmdina á því.

Hæstv. viðskrh. sagði hér áðan, að það væri til vansæmdar fyrir Alþ., hve mál þetta hefði dregist lengi. Ég geri ráð fyrir, að hann eigi þá við, að það sé til vansæmdar, að aðilar fái síðar uppbætur vegna olíukaupa en ef málið hefði verið afgreitt fyrr. En sér hæstv. viðskrh. ekki, inn á hvaða braut hann er kominn? Hvenær fá þeir, sem eiga að njóta styrks, hann greiddan? Ég hygg, að það verði ekki fyrr en síðari hluta þessa árs, þegar sveitarfélögin fara að gera upp við þá útsvörin, að þá fyrst komi það þeim til góða. Ég held, að það verði þannig í flestum tilfellum, að það hefði verkað miklu fyrr fyrir þá, sem þurfa að kaupa olíu til húsakyndingar, ef farið hefði verið inn á það að greiða olíuna beint niður.

Nú liggur alveg ljóst fyrir, að sveitarfélögin eru andvíg að taka þetta að sér. Það á að þvinga þau til að taka málið að sér, taka það til fyrirgreiðslu.

Það fær enginn olíustyrk, að ég hygg, fyrr en farið er að líða á síðari hluta ársins, þannig að ég tel, að það sé miklu frekar ámælisvert fyrir hv. Alþingi að hafa ekki gert málið einfaldara heldur en að til vansæmdar sé sá dráttur, sem farið hefur í það að reyna að þoka málinu í eðlilegt horf.

Ég skal ekki tefja umr. um þetta mál lengur, en ég leyfi mér að vona í lengstu lög, að hv. Ed. sjái að sér, skoði málið betur en þessi hv. d. hefur gert og geri það einfaldara í framkvæmd en nú liggur fyrir, að það verði, ef það verður samþ. eins og það liggur fyrir eftir 2. umr.

Ólafur G. Einarsson: Herra forseti. Ég vil fyrst lýsa vonbrigðum mínum yfir því, hvaða afgreiðslu þetta mál hlaut hér við 2. umr., og ég vil benda á það í sambandi við þær brtt., sem hér hafa komið fram, brtt. n., að hér er verið að reyna að klóra í bakkann. Það er viðurkennt, að þarna sé óréttlæti á ferðinni, og það er reynt að bæta úr einum þætti þess óréttlætis, sem óhjákvæmilega verður við þetta kerfi.

Mér þótti nokkuð merkileg yfirlýsing eða orð hv. 5. þm. Austurl., Vilhjálms Hjálmarssonar,

þegar hann sagði, að honum þætti eðlilegra að leggja ábyrgðina, ómakið og kostnaðinn á sveitarfélögin en olíufélögin. Það er umhyggjan fyrir olíufélögunum, sem ræður ferðinni í þessu máli, og það er nokkuð nýtt að heyra frá hv. stjórnarliðum. Væntanlega mun hæstv. ráðh. vera sama sinnis. Það er sem sagt komið á daginn. Því var haldið fram hér áður, að það væri ekki hægt að greiða olíuna niður. Olíufélögin töldu það ófæra leið. Nú er sem sagt talið eðlilegra að leggja allt þetta ómak, ábyrgð og kostnað á sveitarfélögin fremur en olíufélögin, en sennilega er það þó hægt. Á þetta vil ég sérstaklega benda.

Hæstv. viðskrh. taldi vafasamt að fara inn á þá braut, sem brtt. gera ráð fyrir, en fylgir þeim þó. Ég er honum alveg sammála. Vafasamt er að fara inn á þessa braut. Það er verið að gera málið allt enn þá flóknara, og er það þó nóg fyrir.

Ég vek alveg sérstaka athygli á nokkrum þáttum, sem drepið er á í bréfi framkvæmdastjóra Sambands ísl. sveitarfélaga. Það er í fyrsta lagi það, að ríkið hefur alla tíð haft með svona niðurgreiðslumál að gera, en ekki sveitarfélögin. Ég vek sérstaka athygli á þeim mörgu vafatilvikum, sem hljóta að koma upp við framkvæmd laganna, og allri þeirri fyrirhöfn, sem sveitarfélögin hljóta að verða fyrir. Það verður ekki hægt að fara eftir íbúaskránum eins og þær eru gefnar út miðað við 1. des. Það verður að kanna þetta sérstaklega, nánast í hverju húsi, ef menn ætla að reyna að gæta réttlætis í þessu máli. Sveitarfélögin verða að meta, hvaða íbúar búa við olíuupphitun, og kanna það í hverju einstöku tilfelli. Þarna er svo auk þess um að ræða ný verkefni, sem sveitarfélögunum er falið að leysa, náttúrlega án þess að þau fái nokkurn kostnað við það greiddan. Á þetta vildi ég leggja áherslu, og ég tek undir með hv. þm. Guðlaugi Gíslasyni, að ég vona, að hv. Ed. sjái til þess, að verstu agnúarnir verði sniðnir af þessu frv.

ATKVGR.

Brtt. 782 samþ. með 21 shlj. atkv.
Brtt. 781, svo breytt, samþ. með 29 shlj. atkv.
Frv., svo breytt, samþ. með 29:1 atkv. og afgr. til Ed.

Landsvirkjun, frv. (þskj. 432). — 3. umr.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 25 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 812).

Aðstoð við kaupstaði og kauptún vegna landakaupa, frv. (þskj. 510). — 3. umr.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 23 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 813).

Lántökuheimildir erlendis, frv. (þskj. 573, n. 734, 743). — 2. umr.

Frsm. (Vilhjálmur Hjálmarsson): Herra forseti. Fjh.- og viðskn. hefur haft þetta frv. til athugunar og leggur til, að það verði samþ. Eins og fram kemur í nál. á þskj. 734, skrifa þó 2 hv. nm. undir nál. með fyrirvara.

ATKVGR.

Brtt. 743 felld með 18:10 atkv.
1. gr. samþ. með 28 shlj. atkv.
2.—3. gr. samþ. með 28 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 28 shlj. atkv.

Nafnskírteini, frv. (þskj. 391, n. 780). — 2. umr.

Of skammt var liðið frá útbýtingu nál. — Afbrigði samþ. með 24 shlj. atkv.

Frsm. (Ellert B. Schram): Herra forseti. Nefndin hefur kannað frv. og mælir með samþykkt þess.

ATKVGR.

1. gr. samþ. með 30 shlj. atkv.
2.—5. gr. samþ. með 27 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 27 shlj. atkv.

Orkulög, frv. (þskj. 15, n. 709 og 736, 21, 445, 710). — Frh. 2. umr.

Frsm. minni hl. (Ingólfur Jónsson): Herra forseti. Er ekki hæstv. iðnrh. hér inni? Það voru aðeins örfá orð, sem ég vildi segja í tilefni af ræðu hæstv. ráðh., en ef hann getur ekki verið við, þá sé ég ekki ástæðu til þess, en vildi þó mælast til, að málinu yrði frestað, þangað til ráðh. getur verið við.

Umr. frestað.

Gatnagerðargjöld, frv. (þskj. 756). — 1. umr.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 21 shlj. atkv. og til félmn. með 22 shlj. atkv.

Hótel- og veitingaskóli Íslands, frv. (þskj. 752). — 1. umr.

Menntmrh. (Magnús T. Ólafsson): Herra forseti. Málin þrjú, sem eru 9., 10. og 11. á dagskránni, eru svo náskyld, að ég mun, ef hæstv. forseti leyfir, mæla fyrir þeim öllum í einu. Þarna er um að ræða frv. um breyt. á lögum um 3 framhaldsskóla: Hótel- og veitingaskóla Íslands, Vélskóla Íslands og Fiskvinnsluskóla.

Það er sama atriðið í öllum þessum l., sem lagt er til að breytist, greinin um, hvernig skólanefnd sé skipuð, og breyt. er í öllum tilvikum hin sama, að nemendur eignist fulltrúa í skólanefnd.

Það hefur á undanförnum árum sífellt farið í vöxt, að fulltrúar nemenda eigi sæti í skólastjórnum eða skólanefndum framhaldsskóla, og í raun og veru eru þessi þrjú frv. borin fram til að fylla þarna í skarð, sem orðið hefur, vegna þess að lögin um þessa skóla hafa ekki komið til endurskoðunar nýlega eða þá að þau hafa ekki verið færð til samræmis við annað, sem á döfinni var, þótt þau séu tiltölulega nýleg, eins og l. um Fiskvinnsluskóla. Þessi breyting á skipun skólanefndar, að nemendur eigi þar fulltrúa, á sérstakan rétt á sér hvað þessa skóla varðar, vegna þess að í þeim öllum er nemendahópurinn að miklum hluta skipaður eldra fólki en sækir ýmsa þá framhaldsskóla, sem þegar eiga nemendafulltrúa í skólastjórn eða skólanefnd.

Ég legg til, herra forseti, að þessum þremur málum verði að umr. lokinni vísað til hæstv. menntmn.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 24 shlj. atkv. og til menntmn. með 24 shlj. atkv.

Vélstjóranám, frv. (þskj. 753). — 1. umr.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 23 shlj. atkv. og til menntmn. með 22 shlj. atkv.

Fiskvinnsluskóli, frv. (þskj. 754). — 1. umr.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 24 shlj. atkv. og til menntmn. með 24 shlj. atkv.

Neðri deild, 114. fundur.

Mánudaginn 29. apríl, að loknum 113. fundi.

Lántökuheimildir erlendis, frv. (þskj. 573). — 3. umr.

Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði samþ. með 25 shlj. atkv.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 24 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 814).

Orkulög, frv. (þskj. 15, n. 709 og 736, 21, 455, 710). — Frh. 2. umr.

Frsm. minni hl. (Ingólfur Jónsson): Herra forseti. Það eru aðeins nokkur orð í tilefni af því, sem hæstv. iðnrh. sagði, þegar málið var til umr. fyrir nokkrum dögum. Hæstv. ráðh. furðaði sig á vinnubrögðum minni hl. iðnn., eins og hann orðaði það, og vildi gefa í skyn, að það væri raunverulega mótsögn í málflutningi minum og niðurlagi nál. Þetta er ekki rétt hjá hæstv. ráðh. Það er fullkomið samræmi í þessu. Í niðurlagi nál. er sagt:

„Með tilliti til þess, sem fram hefur komið í málinu, þykir minni hl. iðnn. ekki fært að samþykkja frv., en telur nauðsynlegt að taka málið til frekari yfirvegunar og athugunar. Leggjum við undirritaðir því til, að frv. verði vísað til ríkisstj. til endurskoðunar, sem færi fram í samráði við Búnaðarfélag Íslands, Stéttarsamband bænda og Samband ísl. sveitarfélaga. Endurskoðuninni mætti ljúka áður en næsta reglulegt Alþingi tekur til starfa á komandi hausti."

Það, sem minni hl. iðnn. vill gera, er að taka tillit til umsagna þeirra, sem hafa borist bæði frá Búnaðarfélagi Íslands, frá Sambandi ísl. sveitarfélaga og frá þriðja aðila. Þessar umsagnir eru prentaðar með nál. Það, sem minni hl. á við, er, að það sé ekki viðeigandi að samþykkja frv. gegn mótmælum þessara aðila, sem eiga hlut að máli og sérstakra hagsmuna að gæta. Það er miklu frekar eðlilegt að endurskoða frv. og leita eftir því að fá samkomulag við þessa aðila, fá samkomulag við þá um að taka þá annmarka úr frv., sem þeir eru helst á móti. Það er ekki lagður þyngri dómur á þetta frv. hæstv. ríkisstj. en það, að haft sé samráð og tekið tillit til þeirra aðila, sem hér eiga sérstaklega hagsmuna að gæta. Þetta hefði ég haldið, að allir gætu verið ásáttir með.

Hæstv. ráðh. talaði um, að nauðsynlegt væri að lögfesta frv. eins og það er, til þess að það spillti ekki fyrir framkvæmdum, sem á döfinni eru, eða rannsóknum, sem nauðsynlegt er að flýta og gera. Það, sem ég sagði í fyrri ræðu minni, var, að rannsóknir hefðu ekkert tafist undanfarin ár vegna þess, að háhitasvæði hafi verið í eigu félaga, sveitarfélaga eða einstaklinga. Það er ekki hægt að nefna neitt dæmi um það, og það er ekki heldur hægt að nefna neitt dæmi um, að það hafi tafið fyrir skipulegum vinnubrögðum, að allt háhitasvæðið var ekki í ríkiseign. Það er ekki heldur hægt að nefna neitt dæmi um það, að framkvæmdir, sem gerðar hafa verið í orku- eða hitaveitumálum, hafi orðið tiltakanlega dýrari vegna þess, að landið eða orkan var ekki í ríkiseign.

Bæði ég og hæstv. ráðh. metum mikils það, sem Orkustofnunin segir, og það er vitað mál, að Orkustofnunin hefur best og gleggst yfirlit í þessu efni öllu saman. Ég las upp úr ársskýrslu Orkustofnunar frá 1973, þar sem talað er um eitt stærsta háhitasvæðið, sem er ekki í ríkiseign, heldur í einkaeign, og í skýrslu Orkustofnunar segir, að það hafi engin afgerandi áhrif á hagkvæmni framkvæmda, þótt það sé í einstaklingseign eða félagseign og þurfi að borga eitthvað fyrir.

Það, sem er um að ræða, þegar talað er um að lögfesta þetta frv. óbreytt er það, hvort eigi að fá þessi landsgæði fyrir lægra verð en greiða þyrfti fyrir það, ef farið væri eftir núgildandi eignarnáms- eða leigunámslögum. Ég held, að það sé rétt, sem Búnaðarfélag Íslands segir, að eðlilegt sé að fara eftir gildandi lögum í þessu efni, það tryggir algjörlega hagsmuni almennings í þessu efni og þess vegna sé ekki nein nauðsyn á að breyta gildandi lagaákvæði. Hins vegar er með orkulögin eins og aðra löggjöf, að til þess að fylgjast með tímanum og breyttum staðháttum má vel vera, að eðlilegt sé að endurskoða gildandi orkulög, ekki bara í einu atriði, heldur yfirleitt. Þess vegna teljum við í minni hl. eðlilegt, að endurskoðun frv. fari fram í samráði við þá aðila, sem ég áður nefndi. Leiði hún til þess, að ekki þyki ástæða til að breyta lögunum, það þyki engin ástæða til að lögfesta þetta frv., hvorki breytt né óbreytt, þá ætti Alþingi að geta fallist á það og hæstv. ráðh. einnig.

Það er því ekki eðlilegt, að hæstv. ráðh. snúist gegn þeim till., sem við í minni hl. höfum sett fram í þessu efni. Við erum á móti frv., á meðan það brýtur algjörlega í bága við þá aðila, sem mest hafa um það að segja. En við getum orðið með frv., eftir að það hefur verið endurskoðað með þeim hætti, sem við leggjum til, að gert verði, ef ástæða þykir til að endurskoðuninni lokinni að breyta orkulögunum.

Ég held, að hæstv. ráðh. og hv. alþm. ætti að lesa þær umsagnir, sem komið hafa, og kynna sér þetta mál betur. Mér finnst leiðinlegt til þess að vita, að meiri hl. iðnn. hefur gert till. um að frv. verði samþykkt næstum óbreytt. Ég hefði talið, að menn gætu sameinast um að leiða saman þá, sem sent hafa umsagnir í þessu máli, og leita eftir samkomulagi. Hér er áreiðanlega um mál að ræða, sem þörf er að íhuga gaumgæfilega. Er hægt að breyta núgildandi eignarnáms- og leigunámslögum, án þess að það gangi út yfir þá, sem réttindin eiga? Er hægt að gera það að nokkru gagni fyrir þá, sem landsgæðin ætla að nota, nema þá með því að tryggja lægra verð en eignarnámslögin eða leigunámslögin gera ráð fyrir eða þá að taka landið án nokkurrar greiðslu?

Lagadeild Háskóla Íslands hefur sent umsögn um þetta mál, og lagadeildin kemst að þeirri niðurstöðu, að þetta frv. brjóti ekki í bága við stjórnarskrána, en þó því aðeins, að gjald komi fyrir þau gæði, sem eru tekin. En lagadeildin orðar þetta ekki skýrar en svo að segja, að það megi ætla, að gjald komi fyrir, og því aðeins er það ekki stjórnarskrárbrot, að það verði greitt gjald fyrir það, sem tekið er.

Hæstv. ráðh. talaði mikið um almenningsheill og þetta frv. þyrfti að samþykkja til þess að tryggja almenningsheill. Ég held, að hæstv. ráðh. hafi ekki haft í huga, þegar hann talaði um þetta, að lög um eignar- og leigunám eru sett til þess að tryggja almenningsheill, og það er alltaf opin leið fyrir löggjafann að setja lög um eignar- eða leigunám, þegar almenningsheill krefst, ef frjálsir samningar hafa ekki náðst.

Ég fyrir mitt leyti tel ekki ástæðu til að orðlengja þetta meira. Ég vildi aðeins koma þessu á framfæri sem andsvari við því, sem hæstv. ráðh. sagði um þetta mál. Hann byrjaði ræðu sína á þann veg, að hann vildi haga orðum sínum þannig, að það lengdi ekki umr., og má segja, að hann hafi gert það í aðalatriðum með því að tala hófsamlega um þetta, en af nokkrum misskilningi, að ég tel. Það er nauðsynlegt, að menn átti sig á því, að hér er um misskilning að ræða, þegar því er haldið fram, að það sé nauðsynlegt að samþykkja þetta frv. til þess að tryggja almenningsheill, til þess að tryggja, að það sé hægt að nýta landsins gæði til almenningsþarfa. Það þarf ekki að samþykkja þetta frv. til þess að það verði gert. Það eru til lagaheimildir, sem tryggja það.

Stefán Gunnlaugsson: Ég skal ekki verða til þess að orðlengja þessar umr. úr hófi fram, en ég hef gert grein fyrir afstöðu minni til þessa máls fyrr í þessum umr. Ég sé því ekki ástæðu til að endurtaka skoðun mína varðandi efni frv. Það hefur ekkert það komið fram, eftir að ég talaði í þessu máli, sem gefur mér sérstaka ástæðu til andsvara.

Tilefni þess, að ég kem hér í ræðustól nú, er að vekja athygli hv. þdm. á því, að okkur hefur borist bréf frá bæjarstjóranum í Keflavík viðvíkjandi þessu máli. Keflavíkurbær á töluverðra hagsmuna að gæta í því, að þetta mál nái fram að ganga. Það virðist a. m. k. vera álit allra bæjarfulltrúa í bæjarstjórn Keflavíkur. Í þessu bréfi segir, að á fundi bæjarstjórnar Keflavíkur 16. þ. m. hafi svo hljóðandi till. verið samþykkt með 9 shlj. atkv., — með leyfi hæstv. forseta er till. svo hljóðandi:

„Bæjarstjórn Keflavíkur skorar á Alþingi að samþykkja fram komið stjórnarfrv. um breyt. á l. nr. 58 29. apríl 1967, orkulögum, með brtt. á þskj. 21 og 455, enda verði tryggt, að sveitarfélögum og/eða samtökum þeirra verði veittur umráða- og hagnýtingarréttur jarðhita, sem hagkvæmt þykir að virkja til hitunar húsa í viðkomandi sveitarfélögum án gjaldtöku ríkisins, svo sem með leyfis- eða vinnslugjöldum."

Svo mörg eru þau orð. Meginefni þeirra brtt., sem vitnað er til í þessari samþykkt varðandi till. á þskj. 21, sem ég er flm. að, er það, að sveitarfélög skuli eiga allan rétt til umráða og hagnýtingar jarðhita á háhitasvæðum, þar sem landareign er í eigu sveitarfélagsins, þrátt fyrir önnur ákvæði laganna.

Þá er brtt. á þskj. 455 frá hv. þm. Gils Guðmundssyni, sem gerir ráð fyrir því, að ef sveitarfélag eða samtök sveitarfélaga æski eftir vinnsluleyfi vegna hitaveituframkvæmda á háhitasvæði í eigu ríkisins, skuli ríkinu heimilt að veita slíkt leyfi án sérstaks leyfisgjalds.

Ég vildi sem sagt ekki láta hjá líða að vekja athygli hv. þdm. á þessari samþykkt bæjarstjórnar Keflavíkur.

Pálmi Jónsson: Herra forseti. Ég skal ekki lengja þessar umr. mikið frá því, sem orðið er. Ég vil undirstrika þá skoðun hv. 1. þm. Sunnl., að frv. þetta sé óþarft vegna þess, að fullar heimildir séu fyrir í lögum um að taka land

og verðmæti eignarnámi eða leigunámi, ef almenningsheill krefst.

Ég vil geta þess hér, að mér hafa borist mótmæli gegn þessu frv., bæði frá Landeigendafélagi Austur-Húnavatnssýslu og sveitarstjórn Svínavatnshrepps í Austur-Húnavatnssýslu, og ég er þeirrar skoðunar, að andstaða gegn þessu frv. sé ákaflega sterk um a. m. k. hin strjálbýlu svæði landsins. Það hefur enda komið hér fram og er prentað sem fskj. með áliti minni hl. n., að Búnaðarþing hefur mælt mjög sterklega gegn þessu frv., og hæstv. iðnrh. tók til orða eitthvað á þá lund í ræðu sinni fyrir nokkrum dögum, að sér þætti leitt til þess að vita, að bændasamtökin í landinu vildu verða til þess að koma í veg fyrir, að verðmæti yrðu notuð til almenningsheilla. Ég hefði átt von á því hér í hv. d., að einhver hv. þm. Framsfl. mundi spretta upp til andsvara, því að það er margsinnis yfirlýst af þm. þess flokks, að þeir vilji fara að í flestum greinum sem mest í samræmi við vilja bændasamtakanna. Ég sé, að formaður þingflokks framsóknarmanna situr inni í hv. d., en hann á einmitt sæti í þeirri hv. þingnefnd, sem um þetta mál hefur fjallað. Ég hefði búist við því, að hann hefði ekki undirritað nál., sem mælir með samþykkt þessa máls. En ég vil af þessu tilefni geta þess, að ég tel, að í samræmi við það, að þetta frv. sé algjörlega óþarft og stangist á við vilja a. m. k. bændasamtakanna og fjölmargra annarra aðila víðs vegar um landið, sé óskiljanlegt, hvað liggur að baki því að knýja þetta frv. fram. Hið eina, sem þar getur verið að verki, er, að taka eigi þessi réttindi í einu lagi af sveitarfélögum og einstaklingum með þeim hætti, að bætur eigi ekki að koma fyrir í samræmi við það, sem eignarnámslög kveða á um. Það er vissulega í samræmi við þá skoðun, sem vænta má, að ríki í flokki hæstv. iðnrh. Þetta er einn þáttur í þeirri þjóðnýtingarstefnu, sem hann væntanlega berst fyrir og hann vill, að gildi við meðferð mála hér á landi.

Ég þarf ekki að taka það fram frekar en orðið er, að ég er þessu frv. algjörlega andvígur, og ég undrast það mjög, ef hv. stjórnarliðar í heild vilja styðja þetta frv., svo mjög sem það gengur í berhögg við fjölmarga þá aðila, sem þeir telja sig vera umbjóðendur fyrir. Ég skal ekki fara út í einstök atriði þeirra umr., sem hér hafa farið fram, að neinu marki. Ég hjó eftir því í ræðu hv. þm. Stefáns Gunnlaugssonar fyrir nokkrum dögum, að hann taldi, að samningaþóf og málaferli vegna fjárkrafna landeigenda í sambandi við nýtingu þeirra verðmæta, sem hér er um að tefla, orku á háhitasvæðum, hefði stórkostlega tafið það, að þessi verðmæti yrðu hagnýtt. Ég held, að hér sé um einberan fyrirslátt að ræða. Ef svo fer í samningaumleitunum, að tafir verða og þóf og málaferli, þá er ekki annað auðveldara ráð fyrir þá, sem vilja hagnýta þessi verðmæti í þágu almennings, en að ganga að þessum verðmætum með eignarnámi og láta bætur koma fyrir í samræmi við þau ákvæði. Af þessu þurfa ekki miklar tafir að verða, heldur er hér um einberan fyrirslátt að ræða. Það má einnig kallast forkastanlegt, að svo skuli vera hugsað í þessu máli, að sveitarfélögin í landinu, sem mörg hver eiga þau háhitasvæði, sem hér er um að tefla, skuli ekki einu sinni mega nýta þau, eins og fram hefur komið. Hæstv. ráðh. sagði hér fyrir nokkrum dögum, að svo virtist sem hv. þm. Stefán Gunnlaugsson, sem hér hefur talað máli sveitarfélaganna og flutt brtt. við frv., sem ég tel ganga í rétta átt, talaði út frá sjónarmiði sveitarfélaganna með sama hætti og einstaklingur talaði út frá sjónarmiði einstaklings og eins og hann orðaði það: með tilliti til lögmála hins skefjalausa einkaeignarréttar hér á landi.

Ég þarf ekki að fara um það fleiri orðum, að frv. þetta stangast gersamlega á við skoðanir mínar um eignarrétt og það, hvernig fara eigi að í sambandi við töku verðmæta til almenningsheilla, og mun þess vegna greiða atkv. gegn þessu frv. Ég vil þó taka það skýrar fram en áður er komið fram, að ég tel till. hv. 5. landsk. þm. Stefáns Gunnlaugssonar til bóta og mundi greiða henni atkv., nái það ekki fram að ganga, að frv. verði vísað frá.

Ég vil svo að lokum vænta þess, að þeir fáu hv. þm. Framsfl., sem eru í hv. d. við þessa umr., hugleiði þær yfirlýsingar, sem talsmenn þess flokks hafa gefið í tíma og ótíma, ekki síst hæstv. landb.- og fjmrh., um það, að Framsfl. vilji fara að í sambandi við löggjafarmálefni nánast í samræmi við vilja bændasamtakanna og skoða í því ljósi afstöðu Búnaðarþings til þessa máls, sem hér liggur fyrir, og kynna sér, hvernig hægt er að samræma slíkar yfirlýsingar sem þeir hafa gefið og afstöðu bændasamtakanna til þessa máls.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Launasjóður rithöfunda, frv. (þskj. 729). — 1. umr.

Menntmrh. (Magnús T. Ólafsson): Herra forseti. Frv. þetta á þskj. 729 er sprottið af þál., sem Alþ. samþykkti fyrir tæpum tveimur árum, þar sem ríkisstj. var falið að leggja fyrir næsta þing till. um, að fjárhæð, sem nemi sem næst andvirði söluskatts af bókum, renni til rithöfunda og höfunda fræðirita sem viðbótarritlaun eftir reglum, sem samdar verði í samráði við Rithöfundasamband Íslands og félög rithöfunda. Þá hafði verið tekin fjárveiting, 12 millj. kr., í fjárlög 1973, sem skyldi úthlutað sem viðbótarritlaunum til höfunda. Sams konar fjárveiting hefur á ný verið tekin í fjárlög þessa árs.

Skipuð var n. til þess að semja reglur um úthlutun viðbótarritlaunanna, og lauk hún því starfi á síðasta ári, og fór þá úthlutun fram. Þessari n. var jafnframt falið að semja frv. til l. um efni þál. frá 18. maí 1972. Það er þetta frv., sem nú er lagt fyrir Alþingi.

Upphaflega var hugmyndin um þessi aukaritlaun bundin við, að til rithöfunda rynnu þær tekjur, sem ríkissjóður hafði og hefur af söluskatti á íslenskum bókum. Af þeim sökum var efnt til nokkurrar athugunar á því, hverju söluskattur af bókum mundi nema á árinu 1972. N. komst að þeirri niðurstöðu, að söluskattur á bókum næmi sem næst 21.7 millj. kr. það ár af

þeim bókum, sem frumsamdar væru af íslenskum höfundum, en væri þýðingum við bætt, næmi söluskatturinn nálægt 38.3 millj. kr.

Þótt málið væri vakið í sambandi við þá hugmynd, að söluskattur á bókum skyldi renna til höfunda og þýðenda, taldi n. ekki rétt að binda þessa fjárveitingu við söluskattsupphæðina. Bæði er verulegum erfiðleikum bundið að finna hana, svo að af nákvæmni sé, og þar að auki geta auðvitað orðið ýmiss konar sveiflur í því frá ári til árs, hversu bókasölu er varið. Því er í 1. gr. þessa frv. lagt til, að stofnfé sjóðsins skuli vera 21.7 millj. kr. úr ríkissjóði, og er þá miðað við þá upphæð, sem varð niðurstaða af athuguninni um árið 1972.

Í 2. gr. er kveðið á um það, að í fjárl. árlega skuli sjóðnum ætluð fjárveiting, er nemi eigi lægri fjárhæð en tekin er til í 1. gr., en fjárhæðin skal endurskoðuð ár hvert við undirbúning fjárl. með tilliti til breytinga á byrjunarlaunum menntaskólakennara. Þessi viðmiðun er valin m. a. af þeirri reynslu, sem fengin er af því, að starfslaun rithöfunda eru miðuð við byrjunarlaun menntaskólakennara.

Í 3. gr. er kveðið á um, að höfundar íslenskra skáldrita og fræðirita skuli eiga rétt til greiðslu úr sjóðnum og heimilt sé að greiða úr honum fyrir þýðingar á íslensku.

Ég legg til, herra forseti, að eftir þessa umr. verði frv. vísað til 2. umr. og hv. menntmn.

Guðlaugur Gíslason: Herra forseti. Þegar till. sú, sem vitnað er til í grg. með þessu frv., var hér til umr. fyrir 1—2 árum, benti ég á, hvort ekki væri verið að fara inn á nokkuð hættulega braut með því að draga út hluta af söluskatti til endurgreiðslu til tiltekinna aðila. Ég hygg, að eftir því sem þetta mál kann að verða skoðað betur, gæti Alþingi komist í nokkrar ógöngur, ef þetta frv. verður samþykkt og aðrir aðilar, sem vissulega er svipað ástatt um, gerðu sömu kröfur og hér eru gerðar fyrir hönd íslenskra rithöfunda. Það eru vissulega aðrir aðilar, skyldir rithöfundum, aðrir listamenn, getum við sagt, sem selja verk sín á opinberum vettvangi og lenda í því, að af þeim er greiddur söluskattur, og eiga þeir að sjálfsögðu, ef inn á slíka braut er farið sem hér er gert ráð fyrir, alveg sama rétt á, að sá söluskattur, sem greiddur er af þeirra verkum, renni í launasjóð til þeirra.

Það getur vel verið, að þetta sé ekki stórt mál. En þetta hlýtur að verða „prinsipp"-mál hjá Alþ., hvort inn á slíka braut á að fara eins og hér er gert ráð fyrir. Á eftir listamönnum gætu komið aðrir aðilar, sem gætu fært fram nákvæmlega sömu rökin, og þannig gæti þetta hlaðið á sig, að Alþ. stæði frammi fyrir því, að kannske allverulegan hluta af söluskatti af ýmsum framleiðsluvörum yrði að greiða út, ef þeir, sem geta ekki beint kallað sig listamenn, fengju framgengt sömu kröfum og hér er um að ræða.

Svo kemur það spursmál, sem margir virðast eiga mjög erfitt með að gera upp og gera grein fyrir, hverjir það eru eiginlega, sem geta kallað sig rithöfunda. Ef hver og einn, sem dettur í hug að skrifa bók eða yrkja ljóð og gefa slíkt út, á rétt á því að gerast félagi í einhverju þeirra þriggja félaga, sem rithöfundar eru í, þá eru þeir komnir í þennan hóp, þó að verk þeirra falli kannske ekki almenningi í geð, seljist ekki, safnist aðeins upp hjá bókasöfnum, sem kaupa ýmis verk, sem út eru gefin, og rykfalli í hillum safnanna. Ég veit ekki, hvaða tilgangi það þjónar, ef þannig er að staðið, að þessir aðilar geta með nokkrum rétti talið sig vera komna á laun hjá ríkissjóði, vegna þess eins að þeir hafa látið sér detta þetta í hug.

Ég held, að ef við erum um það sammála, að það þurfi að bæta aðstöðu rithöfunda, þá sé hægt að finna eðlilegri leiðir en gert er ráð fyrir í þessu frv. Það viðurkenna allir, að aðstaða rithöfunda hefur mjög verið bætt á síðari árum og ekki nema gott um það að segja. En ég hygg, að sú leið, sem hér er gert ráð fyrir, geti reynst Alþ. allerfið gagnvart öðrum aðilum á síðara stigi.

Ég skal ekki fjölyrða frekar um þetta, en ég vildi bara endurtaka þá ábendingu, sem hér kom fram, þegar till., sem vitnað er til í grg. með frv., var hér til umr. og vara mjög við því, að inn á þá braut verði farið, sem frv. þetta gerir ráð fyrir, því að það á án efa eftir að draga dilk á eftir sér og getur orðið erfiðara í meðferð hjá Alþ. á síðara stigi, þegar fleiri aðilar hljóta næstum því eðli málsins samkv. að gera svipaðar og sömu kröfur og þá kannske með nákvæmlega sömu rökum og sama rétti og nú er borinn fram fyrir flutningi þessa frv.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Umræður utan dagskrár.

Gylfi Þ. Gíslason: Herra forseti. Í fréttum hljóðvarpsins í hádeginu í dag og aftur í kvöld og í fréttum sjónvarpsins í kvöld voru upplýsingar, sem þegar í stað munu hafa vakið þjóðarathygli. Þær upplýsingar voru um ferðir austurþýska verksmiðjuskipsins Junge Welt, sem ríkisstj. veitti fyrir fáum vikum leyfi til að koma tvívegis til Reykjavíkurhafnar til þess að skila af sér áhöfnum austur-þýskra togara og taka við nýjum áhöfnum, sem austur-þýskar flugvélar fengu leyfi til þess að fljúga með til Keflavíkurflugvallar.

Þegar um þessa leyfisveitingu fréttist fyrir nokkrum vikum, var haldinn fundur í utanrmn., þar sem gefnar voru upplýsingar um málið, og sama dag fóru fram ítarlegar umr. hér á hinu háa Alþ., í Sþ., um þetta mál. Þar var því haldið fram af hálfu hæstv. ríkisstj. og þó alveg sérstaklega af hálfu hæstv. sjútvrh., Lúðvíks Jósepssonar, að þessi leyfi hefðu verið veitt vegna þess, að hinir austur-þýsku togarar, sem veiddu í þetta móðurskip, stunduðu veiðar sínar við Kanada, við Nýfundnalandsstrendur, en fjarri Íslandi og Íslandsmiðum og þess vegna snerti það að engu leyti íslenska hagsmuni, snerti að engu leyti íslenska fiskveiðihagsmuni, þótt þessi fyrirgreiðsla væri veitt.

Auðvitað leyfði enginn sér að bera á móti því, að hér væri um stórkostlega fyrirgreiðslu fyrir austur-þýska togveiði að ræða. En þessi fyrirgreiðsla var varin með því, að íslenskum

fiskveiðihagsmunum væri hún í sjálfu sér algerlega óviðkomandi, því að ekkert væri tekið af þeim fiski, sem Íslendingar gætu veitt hvort eð væri. Á það var samt sem áður bent, að í öllu falli væri það lítið drengskaparbragð við eina helstu bandalagsþjóð okkar í baráttunni fyrir aukinni landhelgi að auðvelda austur-þýskum togurum og austur-þýsku verksmiðjumóðurskipi veiðar nálægt ströndum þess lands, jafnvel þó að um kvóta væri að ræða, vegna þess að engin trygging væri fyrir því, að hægt væri að veiða upp í kvótann, nema sérstök fyrirgreiðsla kæmi til, og þá fyrirgreiðslu hefðu Íslendingar nú veitt.

Við fulltrúar stjórnarandstöðuflokkanna, sem töluðum, gagnrýndum þetta harðlega, átöldum þetta harðlega, töldum þetta vera hin mestu mistök og í raun og veru í algerri andstöðu við þá stefnu, sem fylgt hefur verið í slíkum og hliðstæðum málum í meira en hálfa öld á grundvelli fiskveiðilaganna frá 1922. Ég leyfði mér jafnvel að staðhæfa, að telja mætti, að hér væri ekki aðeins um nýtt fordæmi að ræða, heldur jafnvel, að telja mætti þetta brot á fiskveiðilöggjöfinni.

Síðan gerist það nokkru seinna, að sjónvarpið býður okkur hæstv. sjútvrh. til orðaskipta í einum fréttaskýringaþætti um þetta mál. Þar endurtók ég þá almennu gagnrýni, sem ég hafði lýst hér á hinu háa Alþ., taldi þessa leyfisveitingu vera í ósamræmi við þá stefnu, sem fylgt hefði verið í meira en hálfa öld, og jafnvel brot á henni, og að leyfisveitingin væri ekki aðeins skaðleg, heldur hefði hún í raun og veru verið algerlega ástæðulaus. Hæstv. sjútvrh. endurtók fyrri ummæli sín, að hér væru íslenskir hagsmunir að engu leyti skertir, vegna þess að skipin væru á veiðum við Nýfundnalandsstrendur og þessar veiðar því Íslendingum og íslenskum hagsmunum algerlega óviðkomandi. Ég sagði í þessu sjónvarpsviðtali, að ég hefði um það öruggar fregnir frá íslenskum skipstjóra, að hann hefði séð þetta verksmiðjumóðurskip og austur-þýska togara í kringum það, bæði fyrir vestan og austan Ísland, bæði vestur af Víkurál og líka fyrir austan landið.

Við höfum deilt um það, hversu stórt skipið hafi verið. Ég hef haldið því fram hér á hinu háa Alþ., að skipið væri yfir 10 þús lestir, hæstv. sjútvrh. hefur haldið því fram, að skipið væri venjulegur austur-þýskur skuttogari, einhvers staðar á milli 1500 og 3000 lestir að stærð. Þegar skipið kom hingað, gátu allir gengið úr skugga um, að það var rétt, sem ég hafði sagt, að skipið er rúmar 10 þús. lestir. Hann endurtók ummæli sín samt í sjónvarpinu, hæstv. sjútvrh., og ég leiðrétti það ekki þá, sem ég hefði þó getað, að togararnir, sem veiða í móðurskipið, eru ekki af þessari stærð, heldur miklu minni, einhvers staðar frá 600—800 tonn, svo að það er allt rangt, sem hæstv. ráðh. sagði hér í þinginu um málið og í sjónvarpinu. Hann nefndi aldrei réttu stærðina á móðurskipinu, sem er rúmar 10 þús., og aldrei réttu stærðina á togurunum, sem veiða í það, sem eru 600—800 tonn. Hann var alltaf að tala um 1500—3000 tonna skipastærð, sem aldrei hefur verið til í þessu sambandi.

Þegar ég upplýsti eftir íslenskum skipstjóra, að hann hefði séð þetta verksmiðjumóðurskip og togað í kringum það við Ísland, þá sagði hæstv. ráðh., að það væri ekkert undarlegt, þótt hann kynni að hafa séð það, því til þess að komast frá Austur-Þýskalandi til Nýfundnalands þyrfti að fara fram hjá Íslandi, — það væri ekkert undarlegt, þótt skipið hefði sést. Að vísu er þetta stórmerkilegur krókur, sem skipið tekur á sig, ef það er bara að sigla frá Austur-Þýskalandi til Nýfundnalands. Það er óneitanlega afskaplega undarleg leið að sigla jafnnálægt Íslandi, bæði vestan megin og austan megin, og þessi skipstjóri sagðist hafa séð þetta skip gera

Ég sagði í þessu sjónvarpsviðtali, að ég skyldi auðvitað ekki draga í efa þær upplýsingar austur-þýskra stjórnarvalda og hæstv. sjútvrh., að þegar beðið hefði verið um leyfið, kynni þetta skip og togararnir, sem veiða í það, að hafa verið við Nýfundnalandsströnd. En hvaða tryggingu hefði ráðh. fyrir því, hvaða tryggingu hefði ríkisstj. fyrir því, að þessi floti, veiðiskipin og verksmiðjuskipið, flytti sig ekki á leyfistímanum frá Kanadaströnd og nær Íslandsströndum? Það væri alls ekki ósennilegt, það gerðist einmitt oft á þessum árstíma, að þetta ætti sér stað. Við þessu fékkst ekkert svar, engin viðbrögð við þessu. En nú er það komið í ljós, það hefur komið í ljós í dag, að undanfarið hafa þessi veiðiskip verið að veiðum vestur af Víkurál, um 90 sjómílur frá landi, og þetta umrædda móðurskip, sem búið er að koma einu sinni til að skipta um áhafnir, hefur verið þar og tekið við afla frá þessum austur-þýsku togurum. Þetta er upplýst og staðfest af opinberum aðilum, af Landhelgisgæslunni, sem hefur séð skipið, og skipið er núna á þessari stundu á siglingu frá veiðisvæðinu vestur af Víkurál, sem tvímælalaust verður að teljast til Íslandsmiða, og til Reykjavíkur og er væntanlegt til Reykjavíkur um tíuleytið í kvöld.

Ég vek máls á þessu hér vegna þess, að ég tel ekki koma til nokkurra mála, að skipið fái afgreiðslu hér, hliðstæða og það fékk fyrir skömmu, nema mál þetta verði að fullu upplýst.

Það er nú þegar orðið augljóst mál, að sjútvrh. hefur farið með rangt mál hér á hinu háa Alþ. og hafði farið með rangt mál í sjónvarpi frammi fyrir þjóðinni allri. Hann fór með rangt mál um stærð verksmiðjuskipsins og stærð veiðiskipanna. Látum það vera, það má segja, að það sé aukaatriði, en það, sem skiptir meginmáli, er, að hann fór með rangt mál að því leyti, að þessi floti væri og veiddi eingöngu við Nýfundnaland. Nú er það sannað og upplýst af íslenskum yfirvöldum, að skipið og flotinn hefur að undanförnu verið að veiðum á Íslandsmiðum.

Það kom fram í sjónvarpinu í kvöld, að hæstv. sjútvrh. hefur skrifað utanrrn. og krafist þess eða óskað þess við utanrrn., að það léti austur-þýska stjórnarfulltrúa hér gefa upplýsingar um málið, hvort það væri raunverulega rétt, að skipin hefðu verið að veiðum á þeim stað, sem Landhelgisgæslan telur þau hafa verið. Í bréfinu er óskað eftir því, að utanrrn. afturkalli leyfið, ef þetta reynist rétt. Þessari ráðstöfun ráðh. fagna ég mjög, tek mjög undir hana og fagna henni einlæglega. Hún er satt að segja það fyrsta rétta, sem ráðh. gerir í málinu, og mátti það

ekki lengur dragast, að hann gerði eitthvað rétt í því hneykslismáli, sem hér er um að ræða. En ég legg á það áherslu, að skipið verði ekki afgreitt fyrr en austur-þýski sendifulltrúinn er búinn að svara og gefa tæmandi skýringar á málinu, því að hér er satt að segja um eitt furðulegasta mál að ræða, sem komið hefur upp hér á undanförnum árum.

Mér er kunnugt um, að það hefur verið boðað til fundar í utanrmn. á morgun. Fulltrúar Sjálfstfl. í n. hafa óskað eftir fundi í n., eins og á sínum tíma, og verður málið vonandi þar skýrt rækilega. En ég tel ekki nóg, eins og málum nú er komið, að upplýsa bara utanrmn. um sannleikann í málinu. Eitthvað hefur hér farið alvarlega úrskeiðis einhvers staðar, og það er ekki nægilegt, eins og málum er komið, að bara utanrmn. fái trúnaðarupplýsingar um málið. Það, sem ég tel nauðsynlegt og vil skora á hæstv. ríkisstj. að gera, er að birta Alþ. strax á morgun öll skjöl, sem farið hafa á milli varðandi þetta mál. Beiðni austur-þýsku stjórnvaldanna um lendingarleyfið, — það var eina leyfið, sem þau þurftu á að halda, — hlýtur að hafa verið skrifleg, og þing og þjóð verða að fá að sjá, hvernig þessi beiðni hefur verið orðuð, hvað í henni segir. Svör íslensku ríkisstj. hljóta að hafa verið skrifleg. Þau hljóta að hafa verið byggð á ákveðnum forsendum, og þau hljóta að hafa verið háð tilteknum skilyrðum, ef það er rétt, sem hæstv. ráðh. hafa sagt um þetta mál hér á hinu háa Alþ. og hæstv. sjútvrh. sagði í sjónvarpinu. Það væri auðvitað fullkomlega ósæmilegt, ef annað eins mál og þetta hefði verið afgreitt með munnlegum samtölum milli annaðhvort ráðh. og stjórnarfulltrúa eða starfsmanns í stjórnarráðinu og erlends stjórnarfulltrúa. Það væri fullkomlega ósæmileg afgreiðsla, og ég trúi því ekki, að það hafi átt sér stað. Hér hljóta að hafa farið plögg á milli, og þau plögg eiga þm. að fá að sjá og þau plögg á þjóðin að fá að sjá. Ef munnlegar viðræður skipta verulegu máli í þessu sambandi, þá á að gera frásögn af þeim og afhenda alþm. hana líka, þannig að fjölmiðlar geti fengið hana og skýrt þjóðinni frá henni.

Hér er sannarlega um alvarlegt mál að ræða. Hér gæti verið um það að ræða, að erlend ríkisstj. gefi íslenskri ríkisstj. rangar upplýsingar um staðreyndir, segi rangt til um það, hvar flotinn hafi verið að veiða og hvar hann ætli sér að veiða, og fái því stórkostleg fríðindi á röngum forsendum. Það er ekkert smámál í milliríkjaviðskiptum, ef ein ríkisstj. segir annarri ósatt og herjar út úr henni stórkostleg fríðindi með röngum upplýsingum. Það er ekkert smámál. Hitt væri ekki síður alvarlegt, ef það kynni að koma í ljós, — ég fullyrði ekkert um það heldur, því að ég hef ekki séð plöggin, — en það væri ekki síður alvarlegt, ef það kynni að koma í ljós, að íslenska ríkisstj. hefði ekki sagt þingi og þjóð allan sannleikann um þetta mál. Það væri líka og ekki síður alvarlegt.

En mergur málsins er auðvitað sá, og þess vegna kveð ég mér hljóðs hér strax á þessum kvöldfundi, að leggja áherslu á, að ef í ljós kemur, að leyfin hafi verið veitt á röngum forsendum, ef í ljós kemur, að skipin hafi verið að veiðum fyrir vestan Víkurál, þá eigi að afturkalla þau tvö leyfi, sem enn eru óafgreidd, og ekki afgreiða skipið, sem hingað kemur kl. 10 í kvöld. Ég treysti því, að hæstv. sjútvrh. treysti sér til þess að gefa jákvæð svör við þessum tilmælum.

Sjútvrh. (Lúðvík Jósepsson): Herra forseti. Eins og þegar hefur fram komið hér, ritaði sjútvrh. í dag bréf til utanrrn. varðandi þetta mál. Mér þykir rétt að lesa upp þetta bréf, sem sent var upp úr hádeginu í dag. Það er — með leyfi hæstv. forseta — þannig:

„Þar sem orðrómur hefur verið um það, að fiskveiðifloti Þýska alþýðulýðveldisins, sem fengið hefur loforð um lendingarleyfi þriggja flugvéla hér á landi í sambandi við mannaskipti á úthafsveiðiflota muni e. t. v. stunda veiðar á fiskimiðum við Grænland, þá óskar sjútvrn. eftir því, að leitað verði þegar í stað eftir yfirlýsingu fulltrúa Þýska alþýðulýðveldisins hér á landi um það, að þann tíma, sem umrædd mannaskipti fara hér fram, stundi floti þeirra fiskveiðar frá Kanada- og Nýfundnalandsmiðum, en hvorki á Íslands- né Grænlandsmiðum. Fáist ekki slík yfirlýsing, leggur sjútvrn. til, að lendingarleyfin verði þegar í stað afturkölluð, enda var umsögn rn. um mannaskiptin byggð á upplýsingum um, að hér væri einvörðungu um veiðar á Kanada- og Nýfundnalandsmiðum að ræða og veiðar upp í fastákveðinn kvóta af fiski."

Þetta er það bréf, sem sjútvrn. sendi í dag, eftir að fréttir höfðu borist um það, að grunur léki á, að þessi skip hefðu stundað veiðar á miðunum við Austur-Grænland. Ég get ekki sagt um það, hvað frekar hefur gerst í málinu, hef ekki haft aðstöðu til að afla mér upplýsinga um það, hvort utanrrn. hefur kallað fyrir sig þennan fulltrúa í dag eða gerir það á morgun, en ég vænti, að það verði sem fyrst. Mér sýnist það, sem hér er um að ræða, vera að liggi ekki fyrir skýlaus yfirlýsing um, að skipin veiði á þeim slóðum, sem upplýsingar voru gefnar um, að þau mundu veiða, beri að afturkalla lendingarleyfi flugvélanna. Um annað er ekki að ræða. Við höfum ekki aðstöðu til þess að banna þeim mönnum, sem komnir eru hér á land, að stíga út í skip, sem kemur á ytri höfnina í Reykjavík. Um það er ekki að ræða. Það er ekki í okkar valdi á einn eða neinn hátt.

En í sambandi við þetta mál vil ég aðeins taka það fram til frekari áherslu á því, sem ég hef sagt áður, að þegar þetta mál var borið undir okkur í sjútvrn., voru okkur veittar þær upplýsingar, að hér væri, eins og fram hefur komið áður í umr., um að ræða veiðar þessa úthafsflota þeirra upp í tiltekinn kvóta, sem við vissum mætavel um, að samningar lágu fyrir um, og veiðar þessa flota færu fram á Nýfundnalands- og Kanadamiðum. Það var, eins og ég hef áður sagt, út frá þessu, sem við töldum, að hér gæti ekki verið um slíkt mál að ræða, að ástæða væri fyrir okkur í sjútvrn. að amast sérstaklega við þessu, enda lá það auðvitað alveg ljóst fyrir, að þjóðverjar gátu komið hingað, eins og aðrir sjómenn gera í sambandi við veiðiflota annarra þjóða, þeir gátu að sjálfsögðu komið hingað til lands með farþegaflugvélum, þó að þeir kæmu ekki með sínum eigin flugvélum, og þeir gátu að

sjálfsögðu gengið hér um borð í sín skip, eins og gerist með breska sjómenn, vestur-þýska sjómenn og aðra í mörgum tilfellum. Okkur fannst sem sagt ekki ástæða til að standa gegn þessu miðað við þessar forsendur.

Ég hygg, að það hafi verið lögð fyrir utanrmn. á sínum tíma, enda gerð grein fyrir því hér á Alþ., þau bréf, sem hér fóru á milli og okkur varðaði. Í því bréfi, sem barst frá þýska alþýðulýðveldinu um þetta efni og dags. er 25. febr. 1974 og við höfum fengið afrit af, er aðeins farið fram á leyfi í þessum efnum, en síðan tilgreint, að sérstakur fulltrúi frá fiskveiðideild þeirra komi hingað og muni gera nánari grein fyrir þessari starfsemi. Það var í gegnum austur-þýsku skrifstofuna hér, sem þessar upplýsingar voru gefnar, sem við miðuðum okkar umsögn við. Ég vil einnig í þessu sambandi vitna í það, að íslenska útvarpið og sjónvarpið höfðu nákvæmlega sömu fréttir eftir þessum aðilum um veiðar þessara skipa og okkur höfðu verið gefnar áður.

Það var vitanlega alltaf ljóst, að það var ekki á okkar valdi að veita neitt öryggi um, að það yrði ekki brotið, sem okkur hafði verið sagt í þessum efnum, og reynist svo vera, að hér hafi verið farið að á annan veg en yfir var lýst, tel ég sjálfsagt að kippa leyfunum til baka, eins og ég hef þegar lagt til og gerði um leið og ég heyrði fréttina um þetta í hádegisútvarpi.

Það er hins vegar alveg rangt, sem hv. 7. þm. Reykv. er alltaf að klifa á, að ég hafi gefið rangar upplýsingar bæði á Alþ. og í sjónvarpi um þetta mál. Þær umr., sem hér fóru fram á Alþ., liggja fyrir skriflegar, og það er auðvelt að sýna það og sanna með því að lesa það, sem hér var haft yfir, og það, sem hann sagði um málið, hv. 7. þm. Reykv. Gylfi Þ. Gíslason, þar sem hann lagði í löngu máli út af því, að hér væri um sérstakt ryksuguskip að ræða, 10 þús. tonn að stærð, og á þann hátt væri verið að veita hér aðstöðu til miklu stórkostlegri veiða en áður hefði þekkst. Þessu mótmælti ég og sagði, að þetta væri rangt, enda höfðu okkur verið gefnar upplýsingar um, að þetta væri hinn almenni skuttogarafloti þeirra, en verksmiðjuskip þeirra eru af stærðinni 1500—3000 tonn. Hins vegar, að þessum flota hafi fylgt sérstakt móðurskip, sem ekki stundar veiðar samkv. þeirra eigin upplýsingum og tekur afla úr minni skipum sem ekki eru verksmiðjuskip, vitanlega hef ég ekki haldið neinu fram um það. Ég hafði enga aðstöðu til þess, og það var engin ástæða til þess, að þessir fulltrúar upplýstu okkur um alla hluti og einnig stærð á því skipi, sem kynni að koma hingað inn í höfnina. En veiðarnar átti að stunda af þessum skipum, sem hér var um að ræða, og það reyndist vera rétt, en ekki af neinu 10 þús. tonna skipi. Það er því algerlega ástæðulaust fyrir hv. 7. þm. Reykv. að vera að stagast á þessu, því að þessi gögn liggja hér fyrir. Hann hélt því fram í umr., að stefnubreytingin, sem hann vildi halda fram, að hér hefði verið tekin upp til breytinga frá þeirri grundvallarstefnu, sem mótuð var með l. frá 1923, hún lægi einmitt í því að veita svona stóru skipi aðstöðu til þess að veiða hér miklu meira magn. En það var vitanlega ekki um neina slíka stefnubreytingu að ræða.

Ég skrifaði eftir hv. þm., að hann sagði m. a. um þetta, þegar hann var búinn að lýsa þessu stóra ryksuguskipi, sem veiddi af þessari óskaplegu orku, þá sagði hv. þm. orðrétt: „Það er í þessu, sem hin nýja stefna er fólgin, að slíkum ryksugum er með þessu leyfi gert auðveldara að veiða meira magn.“ Það var þetta, sem var rangt og ég benti á, svo að það er vitanlega alveg óþarfi að vera að staglast á þessu sí og æ. Þó að hann hafi fundið, að hann hafi farið eitthvað halloka í útvarpsþætti, þarf hann ekki að koma hér upp sí og æ út af þessu sama atriði.

Það, sem ég hef sagt um þetta mál, er fullkomlega rétt, og mér er vel kunnugt um, að þeir aðilar í sjútvrn., sem höfðu með mál þetta að gera, byggðu álit sitt á þessum upplýsingum, sem veittar voru. Þær voru ekki aðeins veittar okkur, heldur kom það, eins og ég sagði, greinilega fram í fréttum, bæði hjá útvarpi og sjónvarpi, að þeir höfðu einnig fengið þessar fréttir frá sömu aðilum. Reynist það rangt, hafi hér verið gefnar rangar upplýsingar eða staðið síðan að framkvæmdinni á annan hátt en ætlast var til, þá ber vitanlega að snúast hart við, fella leyfið niður.

Hér hefur ekkert stórt gerst. Það er alrangt og aðeins gert í pólitískum tilgangi að reyna að mála hér skrattann á vegginn, eins og oft áður hjá þessum hv. þm., að tala um, að hér hafi einhver stóratburður gerst, rétt eins og það sé eitthvað nýtt, að erlendur togarafloti, bæði frá Austur-Þýskalandi og öðrum löndum, stundi hér veiðar 90 mílur frá landi. Ekki er það á okkar valdi að stöðva slíkt. Það er vitanlega ekkert nýtt. Það er alveg rétt, að í þetta eina skipti, sem þeir hafa þegar fengið leyfi til þess að skipta hér um skipshöfn, hafi þeir breytt á þann hátt, sem nú lítur út fyrir, að sé, þá eru þeir að misnota það leyfi, sem þeir fengu, a. m. k. miðað við þær forsendur, sem við í sjútvrn. miðuðum við. Það var ekki okkar ætlan að greiða fyrir þeim á einn eða neinn hátt á þeim fiskimiðum, þar sem við Íslendingar stunduðum veiðar. En hv. 7. þm. Reykv. og aðrir geta auðvitað haft það eins og þeir vilja. Ef þeir vilja þrástagast á því og halda því fram, að það hafi verið ætlun okkar í sjútvrn. að ryðja braut fyrir þessar sérstöku veiðar hér við land þrátt fyrir okkar yfirlýsingar, þá þeir um það, en ég óttast ekki mikið, að landsmenn almennt leggi trúnað á slíkan málflutning.

Ég skal svo ekkert um það segja, hvaða gögn liggja í utanrrn. varðandi þetta mál. Við höfum fengið frá utanrrn. eitt lítið bréf, þar sem við í sjútvrn. erum beðnir um umsögn um það, hvort rétt sé að veita lendingarleyfi fyrir þessar flugvélar í þessu skyni, og fengum þá um leið afrit af hinni formlegu beiðni Þýska alþýðulýðveldisins, sem komið hafði til utanrrn. En af skiljanlegum ástæðum bæði öfluðum við okkur upplýsinga um málið og það munu þeir að sjálfsögðu hafa gert líka í utanrrn., og leyfin voru byggð á þeim forsendum, sem hér hefur verið greint frá.

Það er svo sjálfsagt, að þessi mál verði könnuð frekar og það fái að koma í ljós, hvort hér hafi verið staðið að málum á annan veg en ætlast var

til. Reynist það vera svo, þá er stefna okkar í sjútvrn. skýr. Þá teljum við, að það eigi að svipta þá þessu leyfi tafarlaust.

Matthías Á. Mathiesen: Herra forseti. Það fór sem margan grunaði, þegar umr. um leyfisveitingar til handa flugvélunum frá Austur-Þýskalandi voru hér til umr., að skip þau, sem áttu að skipta hér um áhafnir, væru að veiðum að einhverju leyti á Íslandsmiðum. Um það er staðfesting í fregnum í útvarpinu í kvöld, þegar Landhelgisgæslan segir frá því, að á miðum vestur af Víkurál innan við 90 mílur séu 18 austur-þýsk skip, 10 pólsk, 6 rússnesk og 1 vestur-þýskt. Þessi floti, sem þar er frá Austur-Þýskalandi, tilheyrir því skipi, sem hingað mun koma í kvöld til þess að ná í nýja áhöfn.

Leyfisveitingarnar voru byggðar á því, eftir því sem hæstv. sjútvrh. sagði, að hér væri um að ræða veiðar við Kanada og við Noreg, en furðaði að vísu á því, að hingað skyldu þessi skip leggja leið sína til þess að skipta um áhafnir. Þetta voru þær forsendur, sem þeir í sjútvrn. höfðu gefið sér, þegar þeir mæltu með því, að utanrrn. veitti þau umbeðnu leyfi vegna lendingar flugvéla á Keflavíkurflugvelli. Því var hins vegar haldið fram í umr. á þingi, að þetta væri ekki eins auðvelt og ekki eins venjulegt og hæstv. sjútvrh. vildi vera láta, enda kom það fram í ræðu hæstv. forsrh., að hér væri um að ræða hreina undantekningu og þeir í utanrrn., — hann var þá mættur fyrir hæstv. utanrrh. í fjarveru hans, — höfðu ekki heldur gert sér grein fyrir því, hvar þessi skip gætu verið að veiðum. Nú er hins vegar staðreyndin komin í ljós, þegar Landhelgisgæslan í dag staðreynir, hvar þessi skip eru að veiðum.

Það er hins vegar gleðiefni, að hæstv. sjútvrh. bregður fljótt við og sendir bréf til utanrrn. Mér er hins vegar kunnugt um, að aðgerðir af þess hálfu hafa engar verið í dag, þar sem bréfið kom hingað það seint til rn. og því ekki hægt að gera neitt í málinu. Skipið kemur hingað í kvöld kl. 10, sagði í fréttunum, en flugvélin á að koma á morgun. Ég er alveg sammála hv. 7. þm. Reykv., þegar hann gerir kröfu til, að þessi leyfi verði nú þegar stöðvuð.

Þegar þessi mál voru rædd hér, vildi hæstv. ráðh. ekki á okkur hlusta. Hann gerði ákaflega lítið úr þeirri gagnrýni, sem við höfðum uppi, og fannst, eins og hann orðaði það, að hér væri um venjulega leyfisveitingu að ræða. Ráðh. gekk í gildru og mælti með því, að þessi leyfi skyldu fást og utanrrn. skyldi veita þau. Hvernig honum tekst að komast út úr þeirri gildru, skal ég ekki um segja. Hann hefur gert sitt til í dag.

En ég var ekki alveg ánægður með það orðalag, sem var á bréfi hæstv. sjútvrh. til utanrrn., en mér skilst á því, að allt ætti að vera háð yfirlýsingu fulltrúa austur-þýskra stjórnvalda.

Það kom fram í ræðu hv. 7. þm. Reykv., að við fulltrúar Sjálfstfl. í utanrmn. höfðum beðið um fund í n. á morgun. Ég ræddi við hæstv. forsrh. í forföllum utanrrh. nú í kvöld og óskaði eftir því, að fundur yrði haldinn í n., og hann sem dómsmrh. gerði ráðstafanir til þess, að forstjóri Landhelgisgæslunnar mætti þar á fundi til þess að staðreyna sannindi þessa máls. Mér finnst það liggja í augum uppi fyrir okkur hér á Alþingi Íslendinga, að það eru upplýsingar íslenskra stjórnvalda, sem gilda í þessu máli. Það hlýtur að vera skýrsla sú, sem forstjóri Landhelgisgæslunnar gefur á utanrmn.-fundi á morgun og þá hafandi gefið ríkisstj. þá skýrslu, sem ræður úrslitum í þessu máli, en ekki yfirlýsing fulltrúa austur-þýskra stjórnvalda. Ég legg líka áherslu á það, sem kom fram í ræðu hv. 7. þm. Reykv., að þau bréfaviðskipti, sem fram fóru á milli utanrrn., sjútvrn. svo og austur-þýskra stjórnvalda, verði öll lögð fram í utanrmn. Þegar hæstv. forsrh. gaf okkur umrædda skýrslu, sem hann svo gaf hér í Sþ. um þetta mál, gerði hann aðeins grein fyrir bréfunum og gerði grein fyrir því, hvað í þeim stæði, en lagði þau ekki fram í nefndinni.

Ég ætla svo ekki að fjölyrða um þetta. Ég vildi aðeins draga þessi atriði saman. Það er staðreynd málsins, að forsendur þessara leyfa eru brostnar. Íslensk stjórnvöld hafa staðreynt það. Það á því hiklaust á stundinni að afturkalla leyfið.

Gylfi Þ. Gíslason: Herra forseti. Ég þakka fyrir að hafa fengið tækifæri til þess að gera þessa aths., hún skal vera mjög stutt. — Ég er satt að segja alveg steinhissa á jafnreyndum og greindum stjórnmálamanni og hæstv. sjútvrh. að gera sér ítrekað leik — gera sér ítrekað orðaleik — leika sér að því að snúa út úr þýðingu orðs eins og ryksuguskip eða ryksugutogari. Mér vitanlega er engin opinber skilgreining til á því, hvað sé ryksuguskip eða ryksugutogari. Ég held, að þetta sé hugtak, sem menn hafa fundið upp hér, sjómenn og aðrir áhugamenn um sjávarútveg. Það er ekki til í nokkru öðru máli, að því er ég best veit. Ég hef spurt um það, og það er ekki til. Það er íslensk uppfinning. En við vitum allir saman um það bil, við hvað við eigum, þegar við tölum um ryksuguskip eða ryksuguveiðar, sem er allt eins algengt. Það eru þess konar veiðar á takmörkuðu svæði, sem hirða bókstaflega allan fisk, sem hægt er að hirða af svæðinu. Það er þetta, sem kallað er ryksuguveiðar, og skip, sem stunda slíkar veiðar, eru öll ryksuguskip. Það, sem ég gerði og hver einasti maður getur séð, sem les ræðu mína, var, að ég kallaði þetta 10 þús. tonna skip fyrst verksmiðjuskip og síðar ryksuguskip. Í ræðunni kalla ég skipið ýmist verksmiðjuskip eða ryksuguskip. Ástæðan til þess, að ég notaði fyrst orðið verksmiðjuskip, er að skipið er það, en ástæðan til þess, að ég leyfði mér líka að kalla það ryksuguskip, er sú, að þetta skip er kjarninn í veiðiflota, sem einmitt hagnýtir ákveðin, takmörkuð mið þannig, að ekkert kvikt sleppur þaðan, þau eru hreinsuð upp.

Mjög kunnugur skipstjóri hefur sagt mér, að þetta verksmiðjuskip geti veitt, sé þannig útbúið, að það geti veitt. Hver er þá kominn til með að segja, að það geri það ekki, ef um mjög góðar aflahorfur er að ræða? Það er tilbúið

til veiða, en ég skal ekkert fullyrða um, að það raunverulega veiði. Ég hygg, að það hafi alveg nóg með að þjónusta 6—8 togara að stærð 700—800 tonn, sem veiða í það. Veiðiaðferðirnar eru þær, — og það hlýtur hæstv. sjútvrh. að vita, hann er svo gjörkunnugur sjávarútvegi, að það er útilokað annað en honum sé nákunnugt um, viti nákvæmlega, hvað hér er að ske, — að ef fréttist af góðum stofni, af miklum fiski á tilteknu svæði, þá fer allur flotinn þangað strax. Skipið er í miðjunni, litlu togararnir veiða í kringum það og landa aflanum um borð í móðurskipið. Ef fréttist af góðum afla annars staðar og skipið getur ekki tekið við frá öllum togurum, fer fyrsti litli togarinn á nýja svæðið, og ef hann fyllir netin þar, þá skilur hann þau eftir lokuð og móðurskipið kemur seinna og hirðir þau. Ef allir togarar geta ekki landað í móðurskipið í einu, gera þeir það sama í kringum móðurskipið, þeir skilja fiskinn eftir í lokuðum netum, halda til veiða annars staðar, en móðurskipið bíður og hirðir netin upp. Þetta er hæstv. sjútvrh. áreiðanlega nákunnugt um. Ef þetta er ekki það, sem íslenskir sjómenn eiga við með ryksuguveiði, þá veit ég ekki, hvað það er. Öll skip, sem taka þátt í þessu, hvort sem þau veiða sjálf eða vinna úr aflanum, eru aðilar að ryksuguveiðum og því öll ryksuguskip. Sum eru veiðiskip, önnur eru verksmiðjuskip, en þetta er það, sem menn eiga við, þegar talað er um ryksuguveiðar.

Fyrir þetta vildi hæstv. ráðh. algerlega þræta í umr. í Sþ. Hann segir, með leyfi hæstv. forseta, ég fer aðeins með tvær setningar, — hann segir: „Hér eru á ferðinni venjulegir verksmiðjutogarar, síst stærri en þeir, sem hafa stundað og stunda veiðar hér við land á vegum Vestur-Þjóðverja og margra annarra.“ Nokkru síðar segir hann: „Hér er um sams konar skip að ræða, — skip, sem yfirleitt eru frá 1500—3000 tonn. Hér er um að ræða skip af þessari gerð, sem ég greindi frá... Stóru skipin, 10000 tonna skipin, sem aðeins þekkjast, þau yfirleitt skipta ekki um áhafnir á þennan hátt. Þar eru áhafnirnar úti miklu lengri tíma.“

Hann þrætir m. ö. o. fyrir alveg svart á hvítu, að hér sé um nokkurt 10 þús. tonna skip að ræða. Það kom þó hingað nokkrum dögum seinna. Hann segir, að skipin, sem um sé að ræða, séu venjulegir verksmiðjutogarar. Það eru engin slík skip af þeirri stærð þarna. Það eru 10 þús. tonna móðurskip og 600—800 tonna veiðiskip, sem veiða í móðurskipið. Þetta er flotinn sem hann var að greiða fyrir með leyfisveitingum sínum. Allt það, sem hann hefur sagt, eins og ég las hérna, er staðlausir stafir, bein ósannindi.

Sjútvrh. (Lúðvík Jósepsson): Herra forseti. Það hefur ekki mikla þýðingu að vera að ræða þetta mál við hv. 7. þm. Reykv. Hann getur jafnvel sagt slíkar furðusögur eins og það, að skip skilji eftir trollið eins og ekkert sé á floti og komi svo að því aftur. Það væri ansi gaman að sjá menn gera þetta. En hvað um það, við skulum ekki vera að ræða um það. En það er líka afskaplega merkileg skilgreining á ryksugutogara, þegar menn hafa fundið þetta ágæta nafn: ryksuga, og svo sogar hún ekkert, svo veiðir hún alls ekki. Það var meiri ryksugan! Nei, við þekkjum vel þessi skip, sem menn hafa stundum kallað ryksugutogara. Það er alveg rétt, að þar er um sérlega stór skip að ræða, sem yfirleitt hafa verið búin miklu stærri og öflugri veiðarfærum en þessi almennu skip hafa og hafa þótt ganga nær stofninum en aðrir. En þetta er ekki það, sem skiptir máli. Það hefur komið nógu skýrt fram, hvernig þessu er varið. En það, sem ég ætlaði fyrst og fremst að víkja hér að, voru nokkur orð, sem komu hér fram hjá hv. þm. Matthíasi Á. Mathiesen.

Hann sagðist ekki vera fyllilega ánægður með orðalag í bréfi sjútvrn., sem sent var í dag, þar sem talað var um að fá skýlausa yfirlýsingu fulltrúa Þýska alþýðulýðveldisins um, að þessi skip stunduðu ekki veiðar, hvorki á Íslandsmiðum né Grænlandsmiðum. Ástæðan til þess, að þetta var orðað á þennan veg, var, eins og segir í bréfinu, að það sé orðrómur um, að þessi skip stundi veiðar á þessum slóðum. Við gátum ekki sagt neitt annað en þetta, því að þær fréttir, sem þá höfðu borist, einmitt sögðu, að það léki grunur á því, að þau stunduðu þarna veiðar, en fréttastofur útvarpsins höfðu þá ekki fengið nánari sannanir fyrir þessu. Vegna þess að orðrómur var um þetta, vildum við fá skýlausar yfirlýsingar um það frá þessum aðila, sem hér var milligöngumaður, að skipin stunduðu ekki veiðar á þessum slóðum. Við gátum vitanlega ekki í krafti þeirra upplýsinga, sem lágu fyrir um hádegi í dag, sagt, að þau stunduðu þarna veiðar. Við höfðum ekki sannanir um það.

Ég get tekið undir með hv. þm. Matthíasi Á. Mathiesen, að liggi það fyrir staðfest af íslensku Landhelgisgæslunni, að þessi skip hafi stundað veiðar á þessum slóðum, þá álít ég, að engin yfirlýsing frá umboðsmanni Austur-Þjóðverja hér á landi dugi, þá eigi að svipta þá þeim leyfum, sem þeir hafa fengið, af því að þá hafi þessi leyfi fengist út á rangar upplýsingar. En það var vitanlega engin ástæða til þess, þegar við skrifuðum bréfið úr hádegi í dag, að við slægjum því föstu, að þetta væri svona. Vænti ég, að hv. þm. viðurkenni þetta. En sem sagt, sé það staðfest af íslensku Landhelgisgæslunni, að skipin stundi veiðar á þessum slóðum, tel ég sjálfsagt að svipta þau þessu leyfi. Það hefur verið alveg skýrt af okkar hálfu í sjútvrn., að þetta var miðað við það, að þessi skip væru að veiða í tiltölulega mjög litinn og mjög takmarkaðan kvóta, sem þau áttu á miðunum við Nýfundnaland og Kanada, og kæmu því hvergi nærri okkar miðum. Þá sáum við ekki ástæðu til að amast við þessu, ekki í þetta skipti, og þannig voru leyfin veitt.

Ég hef skýrt frá afstöðu okkar og tel, að við höfum gert það eitt í þessu máli, sem eðlilegt var, og við höfum brugðið eins fljótt við og við gátum. Við höfðum fulla ástæðu til þess að trúa því, sem fyrir okkur var lagt af þessum aðilum, þar sem það kom líka heim við okkar upplýsingar annars staðar frá, og þeir áttu úthlutaðan kvóta á þessum miðum, sem þeir áttu rétt til að veiða á þessu tímabili.

Ég þarf svo ekki að ræða þetta mál frekar. Það verður eflaust athugað nánar, hvernig á því stendur, að gefnar hafa verið rangar upplýsingar um veiðar þessara skipa, eða þá það, að einhverjir aðilar á þeirra vegum, skipstjórnarmennirnir, hafa brotið þær reglur, sem þeir áttu að vinna eftir.

Eyjólfur K. Jónsson: Herra forseti. Það er aðeins örstutt fsp. til þeirra hæstv. ráðh., sem hér eru mættir í kvöld. Hún er á þann veg, hvort ekki muni verða bönnuð lending flugvélar þeirrar frá Austur-Þýskalandi, sem hér á að lenda á morgun til þess að flytja nýjar áhafnir á það skip, sem nú er á leið í Reykjavíkurhöfn. Ég hygg, að það megi ekki fresta til morguns að taka um þetta skýslausa ákvörðun og birta um það tilkynningu, einfaldlega vegna þess, að hæstv. sjútvrh. var að lýsa því yfir úr þessum ræðustól rétt áðan, að ef mennirnir væru hingað til lands komnir, gæti enginn hindrað þá í því að ganga um borð í skipin og þá væntanlega ekki heldur þá menn, sem með skipinu koma, að fara aftur út með flugvélinni. Ég hygg, að hæstv. menntmrh. gegni nú störfum hæstv. samgrh. í veikindaforföllum hans. (Gripið fram í.) Er það misskilningur? Engu að síður beini ég þeim tilmælum til hæstv. ráðh., hvort þeir geti ekki nú á þessari stundu gengið frá því, að þetta leyfi verði afturkallað, vegna þess að eftir að flugvélin er farin af stað frá Austur-Þýskalandi, er kannske erfiðara við það að eiga.

Hæstv. sjútvrh. sagði í bréfi sínu, að hann mundi óska yfirlýsingar frá austur-þýska sendifulltrúanum um það, að skipin veiddu ekki á þessum miðum, vegna þess að einungis væri um orðróm að ræða þess efnis. Nú liggur það skýlaust fyrir, að það er ekki um neinn orðróm að ræða. Landhelgisgæslan sjálf hefur staðfest, að skipin hafa brotið þær reglur, sem þau tilkynntu, að þau mundu hlíta. Þau hafa verið að veiðum á Íslandsmiðum, og það er hægurinn hjá að gera þegar í stað ráðstafanir til að hindra, að áhafnaskipti fari fram, aðeins ef hæstv. ráðh. vilja það. Ég efast ekki um vilja hæstv. menntmrh. í því efni.

Hins vegar efast ég stórlega um vilja hæstv. sjútvrh., þegar þessir einkavinir hans eiga í hlut. Hann gat þess sérstaklega, að hann hefði aflað sér fyllri upplýsinga en komu fram í bréfum. Hann upplýsti að vísu ekki, hvernig hann hefði að því farið, en við vitum ósköp vel, að það hefur verið með viðræðum við þessa menn. Það er ekki að ástæðulausu, sem í þessum ræðustól var talað um hæstv. sjútvrh. sem „hans exellence ambassador Austur-Þjóðverja á Íslandi". Hann hafði þá margsinnis notað orðalag eins og t. d. þetta: Það er ekki nokkur einasta ástæða til að meina þeim að skipta hér um áhafnir, ekki nokkur einasta ástæða, o. s. frv., o. s. frv. En nú gæti hann kannske rekið af sér slyðurorðið að einhverju leyti með því þegar í kvöld að gera til þess ráðstafanir, að þessi flugvél fái ekki hér lendingarleyfi á morgun. Ég tel skýlausa skyldu ráðh. að gera það.

Verkfræðingar, frv. (þskj. 749). — 1. umr.

Enginn tók til máls.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Hússtjórnarskólar, frv. (þskj. 755). — 1. umr.

Menntmrh. (Magnús T. Ólafsson): Herra forseti. Um nokkur undanfarin ár hefur aðsókn að húsmæðraskólum víða um land verið afar dræm. Þó eiga þar ekki allir skólarnir óskilið mál, en allmargir þeirra hafa búið við svo litla aðsókn, að þótt allra ráða væri leitað, ekki aðeins auglýst eftir námsfólki til reglulegrar skólaveru, heldur einnig efnt til ýmiss konar námskeiðahalds til að draga að nemendur um skemmri tíma, hefur mikið skort á, að þessir skólar væru eðlilega skipaðir miðað við þann húsakost og það kennaralið, sem þar er um að ræða.

Þessi þróun mála hefur að sjálfsögðu verið forráðamönnum þessara skóla mikið áhyggjuefni, ekki síst þeim sýslufélögum, sem staðið hafa að rekstri skólanna að sínum hluta móti ríkinu. Það hefur kveðið svo rammt að nemendafæðinni, að þótt hefur á mörkunum, hvort verjandi væri að halda uppi kennslu og skólahaldi fyrir þá fáu, sem suma skólana sóttu.

Ég mun ekki rekja hér þær orsakir, sem menn telja, að til þessa liggi, þá breyttu þjóðfélagshætti, sem valda því, að þverrandi hluti uppvaxandi kynslóðar hefur áhuga á að sækja þá fræðslu, sem húsmæðraskólarnir hafa látið af mörkum. En sjálfsagt þótti að leita úrræða, hversu vænlegast þætti að koma þessu skólahaldi í vænlegra horf. Í því skyni var skipuð n. af hálfu þeirra aðila, sem málin eiga að vera kunnugust, af hálfu skólastjóra húsmæðraskólanna, af hálfu Sambands ísl. sveitarfélaga, af hálfu Kennarafélagsins Hússtjórnar- og Kvenfélagasambands Íslands. Þessi n. starfaði að viðfangsefninu, sem fyrir hana var lagt, og skilaði tveim frumvörpum, frv. um hússtjórnarskóla, sem hér kemur til hv. d. frá Ed., sem hefur gert á því nokkrar breyt., m. a. þá að breyta nafni skólanna, sem um er að ræða, úr Heimilisfræðaskóla í Hússtjórnarskóla.

Efni frv. fjallar annars vegar um breytt námsefni og breytta tilhögun á kennslunni í húsmæðraskólunum, sem hingað til hafa heitið svo, og hins vegar um breyttan rekstur skólanna.

N. leggur til, að horfið verði frá því, að héruð og ríki reki þessa skóla í sameiningu, heldur verði þeir algjörlega ríkisskólar. Jafnframt er ráð fyrir því gert, að niðurstaðan verði sú, að ekki verði unnt aðsóknar vegna að reka skólana alla. Tekið er fram, að þótt um það semjist milli héraða og ríkis, að ríkið taki við skólum, fylgi því ekki skuldbinding um að reka skólana í því horfi, sem miðað er við um hússtjórnarskóla. Breyt. á skólastarfinu eru hugsaðar þær, að aðgang að skólum hafi jafnframt piltar og stúlkur, en ekki eingöngu stúlkur, eins og verið hefur, og í skólunum verði veitt ekki aðeins

fræðsla, sem að því beinist að mennta verðandi húsmæður, heldur sömuleiðis fræðsla, sem orðið geti undirstaða að störfum eða frekari menntun til starfa í ýmsum þjónustu- og umsjónagreinum. Því er gert ráð fyrir, að auk þeirrar almennu undirstöðufræðslu, sem veitt verði í hússtjórnarskólum, skuli jafnframt stofna til framhaldsnáms í hússtjórnar- og heimilisfræðum fyrir þá, sem hyggjast veita forstöðu mötuneytum á viststofnunum. Lagt er á vald menntmrn., hvenær efnt verður til þessarar framhaldsmenntunar. Reynslan mun svo skera úr, hve víða reynist unnt að halda uppi hússtjórnarskólahaldi, ef lögfest verður þetta nýja fyrirkomulag. Ég veit, að á ýmsum stöðum er það viðkvæmt mál, að gamlar og merkar skólastofnanir leggist ekki niður, en hitt er jafnljóst, að það er engum til góðs, að reynt sé að halda uppi kennslu, þar sem aðsókn réttlætir ekki skólahald.

Ég legg svo til, herra forseti, að eftir þessa umr. verði frv. vísað til hv. menntmn.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Aflatryggingasjóður sjávarútvegsins, frv. (þskj. 740). — 1. umr.

Sjútvrh. (Lúðvík Jósepsson): Herra forseti. Frv. þetta til breyt. á l. um Aflatryggingasjóð sjávarútvegsins er flutt samkv. beiðni samninganefnda L. Í. Ú. og Farmanna- og fiskimannasambands Íslands og Sjómannasambands Íslands, en þessir aðilar gerðu sín á milli samkomulag í sambandi við síðustu kjarasamninga um það, að ákveðnar breyt. skyldu gerðar á þessari deild Aflatryggingasjóðs, hinni svonefndu áhafnadeild, en hún greiðir tiltekinn hlut af fæðiskostnaði sjómanna á fiskiskipum. Eins og segir í grg. frv. eru í frv. teknar óbreyttar óskir þessara aðila, eins og þær eru settar fram í bréfum til sjútvrh., dags. 9. mars og 3. apríl 1974, en þessi bréf eru undirrituð af Kristjáni Ragnarssyni f. h. L. Í. Ú., Ingólfi Stefánssyni f. h. Farmanna- og fiskimannasambands Íslands og Jóni Sigurðssyni f. h. Sjómannasambands Íslands.

Efni þessa frv. er í stuttu máli það, að gert er ráð fyrir nokkurri hækkun á greiðslu upp í fæðiskostnað og nokkuð breytilegri hækkun í hinum ýmsu skipaflokkum. Þannig eru fæðisgreiðslur í stærsta skipaflokknum, sem voru á s. l. hausti kringum 210 kr. á dag, en gert var ráð fyrir, að mundu verða 240—260 kr. á næsta ári samkv. vísitölu, — það er gert ráð fyrir því, að þær hækki upp í 320 kr. á dag. Þetta á við skip, sem eru 150 rúmlestir eða stærri. Á sama hátt er um að ræða hliðstæða hækkun í næsta stærðarflokki, þar sem eru skip frá 12 rúmlestum upp í 150 rúmlestir að stærð. Hins vegar er ekki gert ráð fyrir neinni hækkun á fæðisgreiðslunum til minnstu skipanna, þ. e. a. s. til trillubáta eða smábáta undir 12 rúmlestum.

Ég tel, að það verði að athuga sérstaklega, þegar kemur til athugunar í n., hvort rétt sé að halda sér við þessar till. alveg óbreyttar, þó að þær hafi verið teknar óbreyttar upp í frv. Það er sem sagt gert ráð fyrir mjög hliðstæðum fæðisgreiðslum og nú er til þeirra, sem eru á minnstu bátunum, og jafnvel er þar frekar um lækkun að ræða.

Það er ekki fullkomlega séð, hvort áhafnadeildin stendur undir þessum auknu útgjöldum miðað við þá tekjustofna, sem hún býr við, en þó er talið líklegt, að svo geti orðið á árinu, en á s. l. ári mun hafa orðið um nokkurn tekjuafgang að ræða hjá áhafnadeildinni.

Herra forseti. Ég sé ekki ástæðu til að fjölyrða frekar um þetta frv. að þessu sinni, en legg til, að að lokinni þessari umr. verði málinu vísað til 2. umr. og til hv. sjútvn. til fyrirgreiðslu.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Þjónustustarfsemi, frv. (þskj. 767). — 1. umr.

Sjútvrh. (Lúðvík Jósepsson): Herra forseti. Frv. það, sem hér liggur fyrir, var samið af sérstakri n., sem viðskrn. skipaði, en í þessari n. áttu sæti Arnmundur Backman lögfræðingur, sem var form. n., Björn Baldursson framkvstj. og Gylfi Knudsen fulltrúi í viðskrn.

Meginefni þessa frv. er að ákveða, að viðskrn. geti sett reglugerðir um skyldur og réttindi varðandi atvinnurekstur á þjónustusviði. Það kemur einna skýrast fram með því að vikja að efni 2., 3. og reyndar 4. gr. frv., en í 2. gr. segir orðrétt:

„Tilgangur laga þessara er að tryggja, eftir því sem tök eru á: 1. Að neytendur í landinu eigi völ á sem bestri þjónustu. 2. Að þeir aðilar, sem fást við atvinnurekstur á sviði þjónustu, geti uppfyllt þær skyldur, sem slíkur rekstur leggur þeim á herðar gagnvart viðskiptavinum sínum og samfélaginu.“ Og í 3. gr. segir: „Hver einstaklingur, sem fullnægir eftirgreindum skilyrðum, hefur rétt til þess að stunda atvinnurekstur á sviði þjónustu: 1. Er heimilisfastur á Íslandi og hefur verið það síðasta árið. 2. Er fjárráða og hefur forræði á búi sínu. 3. Fullnægir að öðru leyti þeim skilyrðum, sem sett eru eða setta kunna að verða lögum samkvæmt eða í reglugerðum til þess að mega reka starfsemina.“

Síðan er viðskrh. veitt heimild til að setja ákvæði í reglugerð um atvinnurekstur á sviði þjónustu.

Á það er bent í grg. frv. og í skýrslu þeirrar n., sem vann að samningu þess, að nú eru í lögum ýmis ákvæði um skyldur og réttindi varðandi margvíslegan atvinnurekstur í landinu og þjónustu, en hins vegar er enn ekki að finna nein ákvæði í lögum varðandi skyldur og réttindi um fjölmargar þjónustugreinar. Hefur mjög borið á því við þá starfsemi, sem rekin er á vegum neytendasamtaka, og hefur verið farið fram á, að lög yrðu sett, sem gætu tryggt neytendur betur en nú á sér stað í sambandi við viðskipti við slíka aðila.

Ég hygg, að hér sé um mjög nauðsynlegt mál að ræða. En með þessu frv., ef það yrði að lögum, er aðeins stigið fyrsta skrefið. Síðan er ætlast til þess að fikra sig áfram í áttina, setja reglugerð um eina greinina af annarri, eftir því sem nauðsynlegt er, og setja þar ákvæði um almennar skyldur og réttindi þeirra, sem hér eiga hlut að máli.

Herra forseti. Ég sé ekki ástæðu til að ræða þetta mál hér við 1. umr. frekar en ég hef gert. Ég legg til, að að lokinni þessari umr. verði málinu vísað til hv. fjh.- og viðskn. til athugunar.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Sameinað þing, 80. fundur.

Þriðjudaginn 30. apríl, kl. 2 miðdegis.

Varamaður tekur þingsæti.

Forseti (Eysteinn Jónsson): Mér hefur borist svo hljóðandi bréf:

„Reykjavík, 29. apríl 1974.

Jónas Árnason, 5. þm. Vesturl., hefur í dag ritað mér á þessa leið:

„Þar sem ég vegna annarra starfa mun ekki geta sótt þingfundi á næstunni, leyfi ég mér að biðja um fjarvistarleyfi og með skírskotun til 138. gr. l. um kosningar til Alþ. að óska þess, að vegna forfalla 1. varamanns taki 2. varamaður Alþb. í Vesturl., Bjarnfríður Leósdóttir húsfrú, sæti á Alþ. í fjarveru minni."

Þetta er yður, herra forseti, hér með tilkynnt.

Gils Guðmundsson,
forseti Nd."

Með fylgir staðfest símskeyti frá Skúla Alexanderssyni, 1. varamanni, um forföll hans.

Bjarnfríður Leósdóttir hefur áður átt sæti á Alþ. á þessu kjörtímabili og kjörbréf hennar verði samþykkt, og býð ég hv. þm. velkominn til starfa.

Umræður utan dagskrár.

Geir Hallgrímsson: Herra forseti. Ég kveð mér hljóðs vegna þess, að í fréttaauka hljóðvarpsins í gærkvöld gaf hæstv. iðnrh. eftirfarandi yfirlýsingu, orðrétt:

„Því er mér það mikið ánægjuefni, að allir stjórnarflokkar hafa nú samþykkt heimild til forsrh. um að rjúfa þing og boða til þingkosninga í haust."

Nú hefur ekki birst nein auglýsing eða tilkynning um breyt. á starfsskiptingu ráðh., og því síður er þingheimi kunnugt um, að Magnús Kjartansson hafi myndað nýja ríkisstj., sem jafnvel hefði ekkert annað verkefni en að rjúfa þing og boða til nýrra kosninga. Ég vil því leyfa mér að spyrja hæstv. forsrh., hvort hæstv. ráðh. Magnús Kjartansson hafi talað í umboði hans eða ríkisstj. Það fer eftir svörum hæstv. forsrh., hvaða ályktanir má draga um háttvísi og hógværð eða framhleypni og frumhlaup hæstv. iðnrh. Þá vil ég spyrja hæstv. forsrh., hvort hann telji sig hafa heimild allra stjórnarflokkanna til þess að rjúfa þing og boða til þingkostninga í haust, og ef svo er, hvort hann muni nota þá heimild og þá hvenær.

Ég hafði enn fremur ætlað mér að spyrja hv. þm. Hannibal Valdimarsson, formann SF, hvort hæstv. iðnrh. væri útnefndur talsmaður Samtakanna og hvort hæstv. iðnrh. segði rétt til um afstöðu SF. Hv. þm. Hannibal Valdimarsson, formaður SF, hefur nú svarað þessum spurningum mínum með yfirlýsingu, er heyðist í hádegisfréttum útvarpsins. Tekur hv. þm. fram, að Frjálslyndir og vinstri menn hafi ekki samþykkt heimild til forsrh. um að rjúfa þing og boða til þingkosninga í haust. Má af því draga ályktun um sannleiksgildi orða hæstv. iðnrh.

Um leið og ég vænti þess, að þessum fsp. mínum verði svarað, vil ég víkja með örfáum orðum að þætti frétastofu Ríkisútvarpsins, en svo er mál með vexti, að þrír ráðh. gáfu yfirlýsingar í fréttatíma Ríkisútvarpsins á föstudagskvöldið um viðhorf sín til efnahagsmála og stjórnmálaástandsins. Af þeim sökum var okkur tveim formönnum stjórnarandstöðuflokkanna gefið tækifæri til þess á sama hátt að lýsa viðhorfum okkar í kvöldfréttatíma næsta dag, á laugardagskvöldi. Þá var þeirri umferð lokið. En mér er sagt og haft eftir áreiðanlegum heimildum, að hæstv. iðnrh. hafi orðið óður og uppvægur við það, sem við formaður Alþfl. létum í ljós á laugardagskvöldið, og heimtað að byrja aðra umferð og fá að svara því, er við létum í ljós. Ég verð að finna að því við fréttastofu útvarpsins, ekki að hæstv. iðnrh. fékk að taka aftur til máls, það er sjálfsagður hlutur, heldur hitt, að sá formáli var hafður fyrir orðum hans, að hægt var að skilja það svo, að fréttastofa útvarpsins hefði átt upptökin að því að biðja hæstv. iðnrh. að svara okkur Gylfa Þ. Gíslasyni. Það er ekki, hygg ég sannleikanum samkv. Aðrir ráðh. áttu að hafa fengið sams konar boð, en þáðu það ekki, fylgdi með sögunni. En úr því að önnur umferð er hafin, þá er rétt, að henni ljúki og að stjórnarandstöðuflokkunum verði gefið tækifæri til að tala í þeirri annarri umferð.

Hér á Alþ. í gær urðu umr. í Nd. utan dagskrár vegna þess, að fréttir höfðu borist þá um daginn, að austur-þýskir togarar væru að veiðum hér 90 sjómílur vestur af Bjargtöngum. Þá gaf hæstv. sjútvrh. þá yfirlýsingu, að hann hefði skrifað utanrrn. bréf þess efnis, að hann legði til, að lendingarleyfi austur-þýskra flugvéla og leyfi til áhafnaskipta af austur-þýskum togurum væru afturkölluð, ef Austur-Þjóðverjar upplýstu, að þeir hefðu verið að veiðum við Ísland. Þá var sú aths. gerð af hálfu málsvara okkar sjálfstæðismanna og raunar stjórnarandstöðunnar, að hér bæri að fara eftir upplýsingum Landhelgisgæslunnar, og krafist var fundar í utanrmn., til þess að þetta mál yrði að fullu upplýst.

Þessi fundur hefur nú verið haldinn, og þar upplýsti forstjóri Landhelgisgæslunnar, að 90 sjómílur frá Bjargtöngum hafi verið að veiðum 6 rússneskir togarar, 10 pólskir togarar, 18 austur-þýskir togarar og 1 stór verksmiðjutogari, Junge Garde, auk eins vestur-þýsks togara. En á leið frá þessum slóðum hefði verið móðurskipið og verksmiðjutogarinn Junge Welt á leið hingað til Reykjavíkur til áhafnaskipta til þess að auðvelda þessum togaraflota veiðar á íslenskum

fiskimiðum. Því var bætt við, að Junge Welt, það skip, sem við sjáum í ytri höfninni nú í dag, var með 15 sjómílna olíuslóða á eftir sér.

Menn minnast umr. um þessi leyfi til áhafnaskipta og lendingarleyfa austur-þýskra flugvéla hér á Alþ. fyrir stuttu. Í þeim umr. kom það fram af hálfu okkar í stjórnarandstöðunni, að í fyrsta lagi bæri ekki að veita þessi leyfi, vegna þess að við gætum ekki haft eftirlit með því, að þessir togarar væru ekki að veiðum á íslenskum fiskimiðum. Í öðru lagi var því haldið fram af okkar hálfu, að við ættum ekki að auðvelda fiskveiðar erlendra togara á norðurslóðum yfir höfuð. Og í þriðja lagi var á það bent af okkar hálfu, að þetta væri ekki vinarbragð gagnvart Kanadamönnum og Norðmönnum, en það var sagt, að þessar veiðar færu ekki fram á Íslandsmiðum, heldur við Kanada, Nýfundnaland og Norður-Noreg. Þetta var vissulega ekki vinarbragð gagnvart þessum þjóðum, sem við erum einmitt að óska eftir, að styðji málstað okkar á hafréttarráðstefnunni væntanlegu.

Nú hefur það sem sagt komið í ljós, að aðvaranir okkar eru því miður orðnar að veruleika. Það, sem við sögðum, er orðið að veruleika. Það má að vísu segja hæstv. sjútvrh. til hróss, að hann hefur lagt til, að leyfin væru afturkölluð að einu skilyrði fullnægðu: að Austur-Þjóðverjar sjálfir upplýstu eða játuðu á sig veiðarnar hér á Íslandsmiðum. Nú mun utanrrn. hafa haft samband við skrifstofu austur-þýska sendiráðsins hér í Reykjavík í morgun, en ekki komist í samband við neinn ábyrgan aðila þar. Og með því að tíminn frá því að umr. fóru fram hér í gærkvöld var ekki notaður, þá er það orðin staðreynd, að önnur áhafnaskipti hafa átt sér stað og móðurskipið Junge Welt, 10 þús. tonn, sem hæstv. sjútvrh. sagði í umr. hér fyrir stuttu, að væri 1500—2000 tonna skip, leggur hér frá landi með nýja áhöfn á þessi skip, sem eru að veiðum á Íslandsmiðum. Ég tel, að hér sé um mikil afglöp að ræða. Við fulltrúar stjórnarandstöðunnar í utanrmn. fluttum því eftirfarandi till. á fundi utanrmn.:

„Þar sem í ljós hefur komið að skýrsla forstjóra Landhelgisgæslunnar, að austur-þýskir togarar, sem haft hafa aðstöðu til áhafnaskipta hér á landi samkv. sérstökum undanþágum, hafa stundað fiskveiðar á Íslandsmiðum, skorar utanrmn. á utanrrh. að afturkalla nú þegar síðasta lendingarleyfi austur-þýsku flugvélanna, sem flutt hafa áhafnir til áhafnaskipta á Íslandi."

Þegar þessi till. var flutt, var sú yfirlýsing gefin af hálfu hæstv. utanrrh., að fleiri leyfi yrðu ekki veitt og að þriðja leyfið, sem enn er í gildi, mundi verða afturkallað, og ber að virða og meta það.

Ég vil aðeins, áður en ég lýk máli mínu, taka það fram, að það er sjálfsagt virðingarvert af hálfu hæstv. sjútvrh. og hæstv. utanrrh. og hæstv. ríkisstj. að átta sig á því, að ekki bar að veita þessi leyfi, þegar í ljós kemur, að þessir togarar eru að veiðum á Íslandsmiðum. En úr því að okkur verður svona við, þegar í ljós kemur, að þessir togarar eru að veiðum á Íslandsmiðum með tilstyrk móðurskipanna, þá getum við sett okkur í spor annarra þjóða, annarra fiskimanna, í Kanada, þ. á m. Nýfundnalandi, og í Norður-Noregi, þar sem þessi skip áttu að vera að veiðum og þar sem þessi áhafnaskipti hefðu auðveldað auknar fiskveiðar. Þess vegna var það rangt að veita þessi leyfi þegar í upphafi, jafnvel án þess að þessi skip hefðu komið til veiða hér á Íslandsmiðum, en það tekur þó af öll tvímæli í allra hugum og m. a. í hugum hæstv. ráðh.

Forsrh. (Ólafur Jóhannesson): Herra forseti. Mér er fullkomlega heimilt og ég hef til þess fullnægjandi umboð að leggja til við forseta Íslands, að þing verði rofið í sumar og efnt til nýrra kosninga í haust. Hvort eða hvenær ég kann að neyta slíkrar heimildar, gef ég engar yfirlýsingar um á þessu stigi. Í dag vil ég ekki gera öðru skóna en að hv. Alþ. sitji út sitt kjörtímabil.

Út af þeim formálsorðum, sem fréttastofan lét fylgja ávarpi Magnúsar Kjartanssonar í gærkvöld, vil ég taka fram, að fréttastofan hafði ekkert samband við mig í gær. Hún hefur því ekki leitað minnar umsagnar um þetta mál. Ég hef því hvorki fært undan að svara spurningum varðandi það né heldur veitt Magnúsi Kjartanssyni neitt umboð til þess að tala í nafni ríkisstj. eða mín. En að því var látið liggja í þessum formálsorðum eða svo mátti skilja það sem einhverjir ráðh. hefðu gefið honum til þess umboð.

Gylfi Þ. Gíslason: Herra forseti. Það má með sanni segja, að nú líði enginn dagur hér á hinu háa Alþ., án þess að stórtíðindi gerist. Hér gerðust stórtíðindi í gærkvöld, hér gerðust jafnvel enn þá meiri tíðindi í dag, svo að það fer að verða gaman að sitja á hinu háa Alþ.

Ég ætla að snúa mér fyrst að þessu allra síðasta. Það vakti almenna athygli, það vakti undrun alþjóðar, þegar einn af ráðh., einn af hásetunum í ríkisstj., ekki austur-þýskri ríkisstj., heldur íslenskri ríkisstj., sem þó hefur góð tengsl við þá austur-þýsku, — þegar einn af ráðh. gefur yfirlýsingu um, að forsrh. hafi umboð allra stjórnarflokkanna til þess að rjúfa þing og efna til kosninga í haust. Það hefur mér vitanlega aldrei gerst áður, að ráðh., — ég segi: óbreyttur ráðh., ef ég má tala þannig um jafnvirðulegan mann og hæstv. iðnrh., — skuli gefa slíka yfirlýsingu að forsrh. fornspurðum, því að það er nú komið í ljós, að hann hafði ekkert samráð haft við stjórnarformann sinn, áður en hann gaf yfirlýsinguna. Þetta er óskammfeilni, sem er dæmalaus. En það er mál iðnrh. og forsrh., ég skal ekkert blanda mér í það. Það mega þeir gera upp sín á milli. Mér skilst, að þeir séu þegar byrjaðir að gera það eftir yfirlýsingu hæstv. forsrh. hér áðan að dæma. (Gripið fram í.) Nú kem ég að Hannibal, en áður ætla ég að segja örfá orð um hina merku yfirlýsingu hæstv. forsrh. í ræðustólnum rétt áðan.

Hann sagði, að hann hefði fullt umboð til þess að snúa sér til forseta Íslands og rjúfa þing og efna til kosninga, en hann gæfi enga yfirlýsingu um það á þessari stundu, hvort hann gerði það eða hvenær hann gerði það. Hér talar hæstv. forsrh. sem lærður og reyndur lögfræð-

ingur, sem fyrrv. háskólakennari í lögfræði. Hvert orð í þessu efni er formlega rétt, enda ekki við öðru að búast af hæstv. forsrh. en að það, sem hann segir hér í ræðustólnum, sé formlega rétt. Hann hefur samkv. stjórnarskrá heimild til þess sem forsrh. að rjúfa þing, hvenær sem honum sýnist, og efna til kosninga. (**Forsrh.**: Þetta á líka að vera efnislega rétt.) Ég er nú að reyna að afsaka hæstv. forsrh., hann skilur það kannske ekki. — En það, sem venja hefur verið að gera undanfarna áratugi, þegar samsteypustjórnir hafa verið myndaðar, er það, að gert hefur verið samkomulag, stundum skriflegt, stundum munnlegt, um það, að forsrh. noti ekki þessa lögformlegu heimild sína, nema allir aðildarflokkar að ríkisstj. samþykki. Þetta hafa allir forsrh. fram að þessu virt, hvort sem samkomulagið hefur verið skriflegt eða munnlegt.

Nú segir hæstv. iðnrh. frá því í fyrrakvöld í útvarpinu, að forsrh. hafi fengið umboð allra þriggja flokkanna, Framsfl., Alþb. og SF, til þess að rjúfa þing og efna til kosninga í haust. Hann nefndi tímann, sagði: í haust, iðnrh. (**Forsrh.**: Ég sagði líka í haust.) Var það? Þá sagði forsrh. svolítið annað í einni setningu en hann sagði í annarri. (*Gripið fram í.*) Svo gerist það á fundi hér í gærkvöld, að hv. þm. Hannibal Valdimarsson kemur að máli við mig og segir mér í óspurðum fréttum, að sér hafi komið yfirlýsingin algerlega á óvart, sem hann hafi heyrt hjá hæstv. iðnrh. í kvöldfréttunum í gærkvöld, því að sinn flokkur hafi ekki veitt hæstv. forsrh. neitt umboð til að rjúfa þing og efna til kosninga, hann geti ekki talað í nafni síns flokks, og hæstv. iðnrh. hafi ekki talað fyrir hönd síns flokks, og hann staðfestir þetta í hádegisútvarpi. Nú kemur hæstv. forsrh. og segist hafa slíkt umboð. M. ö. o.: það standa þrír flokkar að ríkisstj. og segja sitt hvað. Er hægt að hugsa sér ömurlegra ástand? Er hægt að hugsa sér aumlegri ríkisstj.? Einn ráðh. kemur á einu kvöldi og gefur vissa yfirlýsingu, svo kemur formaður annars stjórnarflokksins í hádegi daginn eftir og segir ráðh. hafa sagt ósatt kvöldið áður, og svo kemur hæstv. forsrh. núna kl. rúmlega tvö og segir það þriðja. Hann þiggur ekki afsakanir einu sinni. Maður reynir að leggja honum skynsemi og lögspeki í munn, en þá bara neitar hann að taka því. Ég held, að það sé nauðsynlegt, að hann komi hér upp aftur á eftir og segi alveg skýrt, hvað hann meinar, hvað hann raunverulega meinar. En áður en hann kemur í ræðustólinn aftur, hæstv. forsrh., vildi ég helst, að Hannibal Valdimarsson fengi að koma í ræðustólinn og segja skoðun sína á málinu.

Þrjár yfirlýsingar hafa komið fram. Ég vona, að forsrh. haldi áfram að tala eins og lögfræðingur, eins og ég var að segja, að hann ætti helst að gera. En það er kjarni málsins, og með því skal ég ljúka þessum orðum mínum, að einn ráðh. segir í ríkisútvarpinu í fyrrakvöld, að forsrh. hafi umboð allra þriggja stjórnarflokkanna til þess að rjúfa þing og boða til kosninga. Formaður eins stjórnarflokksins, Hannibal Valdimarsson, segir í hádegisútvarpinu í dag, að hann hafi ekki slíkt umboð. Annar hvor hlýtur að segja satt og hinn ósatt. Ég þekki báða mennina, og ég er ekki í miklum vafa um það, hvor segir satt og hvor segir ósatt. Það kemur í ljós hér á eftir.

Hannibal Valdimarsson: Herra forseti. Það væri synd að segja, að það sé nokkur útfararstemning á Alþingi Íslendinga í dag, enda virðist sorgarathöfnin ekki eiga að fara fram fyrr en með sláturtíðinni í haust.

Ég skal byrja mál mitt á að skýra frá því, að Ríkisútvarpið bauð mér í gær að koma þangað og halda áfram umr. þeim, sem orðið höfðu í Ríkisútvarpið bauð mér í gær að koma þangað ummælum nokkurra ráðh., — þriggja, hygg ég, — um efnahagsmál, síðan var framhaldið það, að stjórnarandstöðuformennirnir komu, og síðan kom hæstv. iðnrh. enn í þessari framhaldssögu í gær.

Ég verð að segja það, að ég var að koma kl. hálfátta í gærkvöld af þingflokksfundi, sem haldinn var á sjúkrahúsi hér í bænum af góðum og gildum ástæðum og sá þá mynd hæstv. iðnrh. birtast á skermi sjónvarpsins. Og það var í tilefni af því, að sjónvarpið tjáði, að hæstv. iðnrh. *hefði þá fyrir skömmu, í gærkvöld, gefið þá yfirlýsingu*, að það væri orðið fullt samkomulag um það í ríkisstj. Íslands, með öllum samstarfsflokkunum, að þing yrði rofið og kosningar látnar fara fram, meira að segja tiltekið hvenær, þ. e. í haust.

Ég kom alveg af fjöllum, ég verð að játa það. Ég varð undrandi, því að ég vissi með sjálfum mér, að það var ekki fótur fyrir þessu, og skildi ekki neinn tilgang með slíkum uppspuna. Og ég skil það ekki enn og hef þó leitt hugann að því síðasta sólarhring. Ég var spurður um það í morgun af Ríkisútvarpinu, hvort þessi yfirlýsing Magnúsar Kjartanssonar iðnrh. væri rétt, og ég sagði það með einni setningu, að hún væri ósönn. Hún er ósönn. Og í tilefni af því skal ég, til þess að misbjóða ekki hæstv. forseta, aðeins gefa þessa stuttorðu yfirlýsingu:

Eins og kunnugt er, hefur það ávallt verið grundvallarregla í öllum sambræðslustjórnum, að þingrofsrétturinn væri ekki í hendi neins eins af samstarfsflokkunum, heldur sameiginlegur í hendi þeirra allra, þannig að þingrof ætti sér ekki stað á samstarfstímabilinu nema með fullu samþykki og sameiginlegri ákvörðun þeirra allra. Þannig var þetta einnig umsamið, þegar núv. ríkisstj. var mynduð.

Nú gerðist það í gærkvöld, að Magnús Kjartansson ráðh. lýsti því yfir í útvarpi og það síðan endurtekið í sjónvarpinu, að samkomulag væri orðið um það milli stjórnarflokkanna allra að rjúfa þing og boða til kosninga. Þetta er ekki sannleikanum samkvæmt, svo að ég endurtaki það enn einu sinni. Um þetta hefur ekki orðið samkomulag milli stjórnarflokkanna, og í þingflokki mínum hafa þau rök komið fram gegn þingrofi, að þingrof gæti ekki leitt til kosninga héðan af fyrr en í fyrsta lagi í júnílok eða júlí, en lífsnauðsyn væri að nota tímann til að koma fram óhjákvæmilegum aðgerðum í efnahagsmálum fyrir 1. júní. Okkar rök eru þau, að það sé ábyrgðarlaust að kynda elda kosningabáls fram að 1. júní og láta vanda efnahags-

málanna magnast á meðan án allra aðgerða. En yrði þingrof nú, væri engin starfhæf stjórn til fyrr en hálfum mánuði, jafnvel mánuði eftir kosningar, og það væri hinn versti kostur, og verður því allra annarra úrræða fremur að leita.

En aðalatriðið nú er, að það er rangt, að samkomulag sé orðið um að rjúfa þing og boða til kosninga. Sá formlegi réttur, sem hæstv. forsrh. hefur hér minnt á, að hann hafi sem forsrh., er sá, að þingrofsvaldið sé í hendi forsrh. hverju sinni. En það er drengskaparheitum bundið, að hér verði ekki rofið þing án samráðs allra stjórnarflokkanna og með samþykki þeirra allra. Ég veit, að hæstv. forsrh. er drengskaparmaður heill, og ég hef aldrei reynt hann að öðru. Ég veit, að hann gengur ekki á orð og eiða, þó að ekki séu skjallegir. Hann mun ekki rjúfa þing án samþykkis allra stjórnarflokkanna.

Heilbr.- og trmrh. (Magnús Kjartansson): Herra forseti. Þetta er ekki í fyrsta skipti, sem umr. verða um það hér utan dagskrár, hvort ég hafi haft heimildir eða umboð til að segja eitt og annað, sem ég hef sagt. Um þetta hefur verið fjallað hér margsinnis, hvort ég hafi fengið uppáskrift ríkisstj. til þess að halda ræður hér eða þar, og menn hafa ámælt mér alveg sérstaklega fyrir, að ég skyldi leyfa mér að segja eitt og annað án þess að hafa slíkt umboð.

Ég hef áður lýst því yfir og sú afstaða mín er óbreytt, að ég, þegar ég lýsi mínum skoðunum, geri það í fullkomnu samræmi við hugmyndir mínar um málfrelsi og prentfrelsi, og ég sæki ekki um heimild til eins eða neins til að lýsa slíkum skoðunum mínum. Ég hef ekki gert það og mun ekki gera það. Það getur vel skeð, að hv. þm. Gylfi Þ. Gíslason hafi orðið að una slíku, meðan hann sat í viðreisnarstjórninni, að mega ekki segja neitt án þess að hafa til þess leyfi Sjálfstfl. En það hefur enginn reynt að leggja slíkar hömlur á mig, og ég hefði aldrei beygt mig undir þær heldur.

Þau orð, sem ég sagði í hljóðvarpi í gærkvöld, voru að sjálfsögðu lýsing á mínum skoðunum. Ég var ekki að tala þar í umboði eins eða neins nema sjálfs mín. En það er ákaflega fróðlegt að heyra hér aftur og aftur þessi ritskoðunarsjónarmið, að ráðh. megi ekki segja neitt án þess að um hverja setningu hafi verið tekin formleg ákvörðun í ríkisstj. Það eru stjórnarhættir, sem ég tel ekki vera til neinnar fyrirmyndar.

Ég greindi frá því í ummælum mínum í hljóðvarpinu, að hæstv. forsrh. hefði nú fengið heimild allra stjórnarflokkanna til þess að rjúfa þing og boða til kosninga í haust. Og þetta er staðreynd, eins og hæstv. forsrh. staðfesti í orðum sínum hér áðan. Hæstv. forsrh. var ekki að lýsa einhverjum formlegum kenningum. Hann var að lýsa staðreyndunum, eins og þær eru. Á ríkisstjórnarfundi nú nýlega var rætt um efnahagsmálin og m. a. um viðræður, sem hæstv. forsrh. ætlaði að eiga við stjórnarandstöðuna. Og hæstv. forsrh. spurði að því, hvort hann mætti geta þess í þeim viðræðum, að hann hefði samþykki stjórnarflokkanna til þess, að hann gæti látið rjúfa þing og boða til kosninga í haust. Við ráðh. Alþb. lýstum því yfir, að þessa heimild hefði hann frá okkur, og ráðh. SF lýstu því sama yfir. (**HV:** Það er ósatt. — **KP:** Þetta er rangt.) Ég spyr hæstv. forsrh.: Er þetta ekki rétt? (**Forsrh.:** Gerðabókin er til.) Gerðabókin er til, segir hæstv. forsrh. Þetta eru staðreyndir. Ég veit hins vegar ekkert um það, hvernig ráðh. SF hafa haft samráð við sinn þingflokk. Um það veit ég ekki neitt. Ég veit hins vegar, hvað gerðist á þessum ríkisstjórnarfundi, og um það segi ég hreinar staðreyndir. Og þetta er ekki staðreynd, sem á að vera neitt leynileg. Ég sé ekki, að það sé nokkur ástæða til þess að halda slíkum staðreyndum leyndum. Það eru staðreyndir, sem ég sagði frá í hljóðvarpinu í gær, og þessar staðreyndir tel ég, að þjóðin eigi rétt á að vita um.

Ég fagnaði þessum tíðindum, vegna þess að ég var þeirrar skoðunar, eins og ég lýsti raunar, án þess að hafa heimild til eins eða neins, þegar í des., að þegar stjórnarandstaðan virtist vera ráðin í því að snúast gegn öllum málum ríkisstj., þá ætti að bregðast við slíkum vinnubrögðum, slíku ofstæki, eins og fram hefur komið hér á þingi að undanförnu, með því að rjúfa þing og boða til kosninga. Þess vegna fagnaði ég þeirri samstöðu, sem tókst um þetta nú fyrir mjög stuttum tíma og er bókað um í fundargerð hæstv. ríkisstj., þannig að það tjóar ekki að vera með neinn orðhengilshátt um þessi atriði. Þetta eru staðreyndir. Að sjálfsögðu liggur það í hlutarins eðli, að þegar hæstv. forsrh. er einu sinni búinn að fá yfirlýsingu af þessu tagi frá samstarfsflokkum sínum, þá hlýtur hún að standa. Það er ekki hægt að segja eitt í dag og annað á morgun um atriði eins og þetta. Það er að sjálfsögðu alveg fráleitt, að forsrh. geti ekki treyst því, sem samstarfsmenn hans segja um jafnmikilvæg atriði í ríkisstj.

Hv. þm. Geir Hallgrímsson ræddi hér um þátt fréttastofu Ríkisútvarpsins, og væri raunar ástæða til að gera þann þátt að umræðuefni, því að hann hefur vissulega verið dálítið einkennilegur. Upphaf þessara umr. var, að það var haft samband við mig í síma, og ég svaraði í síma fáeinum spurningum, sem til mín var beint, algerlega málefnalega, áreitnislaust, — ég var eingöngu að lýsa afstöðu Alþb., — og þetta var haft eftir mér í fréttatíma hljóðvarpsins um kvöldið. En næsta dag birtast í hljóðvarpinu hv. þm. Geir Hallgrímsson og hv. þm. Gylfi Þ. Gíslason sjálfir með pólitískar áróðursræður sínar, — annar þeirra, hv. þm. Gylfi Þ. Gíslason, með ofstækisfulla árásarræðu á Alþb., og að slíkur málflutningur eigi heima í fréttatíma útvarpsins, er mér algerlega óskiljanlegt. Slíkar umr. eiga rétt á sér undir öðrum dagskrárliðum en fréttatíma útvarpsins. Ég get ekki sagt annað en þessir hv. þm. báðir hafi gersamlega misnotað þann rétt, sem fréttastofan veitti þeim, og sérstaklega hv. þm. Gylfi Þ. Gíslason, sem gerði sig þarna sekan um það að misnota á hinn herfilegasta hátt stofnun, sem eitt sinn heyrði undir hann, og raunar fannst ýmsum, að hann kynni að nota þá stofnun, þegar hann var æðsti ráðh. hennar, og kannske á hann dálítið erfitt með að sætta

sig við að geta ekki haldið áfram að nota hana á sama hátt og þess vegna verði viðbrögðin svona.

Fréttastofa hljóðvarpsins greindi mér frá því, að hún hefði af þessum ástæðum talið rétt að leita á nýjan leik til fulltrúa ríkisstj., stjórnarflokkanna, og hv. þm. Hannibal Valdimarsson hefur staðfest, að við hann var haft samband. Ég varð við þessu boði, og ég svaraði í sömu mynt, ekki vegna þess, að ég telji slíkar umr. eiga heima í fréttatímanum, heldur vegna þess, að ég kann því heldur miður að hlusta á jafndólgslegar árásir og hv. þm. Gylfi Þ. Gíslason hafði í frammi án þess að svara þeim í einu eða neinu. En þetta er raunar minni háttar atriði miðað við hitt, sem er sú staðreynd, sem ég sagði frá í gær og hefur nú verið staðfest af hæstv. forsrh. og er bókuð í fundargerðarbókum hæstv. ríkisstj.

Hv. þm. Gylfi Þ. Gíslason flutti áðan mjög ágætan skemmtiþátt úr þessum stól. Ég held, að þessi hv. þm. ætti að gera meira að þessu. Mér hefur fundist, þegar hann hefur komið fram bæði í hljóðvarpi og sjónvarpi nú að undanförnu, að þá hafi honum ekki verið kátína efst í hug. Hann hefur verið óhemjulega vanstilltur, alveg furðulega vanstilltur. Ég held, að honum láti betur að stjórna skemmtiþáttum og vekja hlátur og kátínu, eins og honum tókst hér áðan. Ég veit ekki nema það væri skynsamlegt fyrir þennan hv. þm. að huga nú að því, hvort það væri nú ekki ráðlegt að leggja inn á þá braut frekar en leggja út í þá kosningabaráttu, sem verður í síðasta lagi í haust.

En sem sé, ég hef með þessu svarað og hrakið það, sem hv. þm. Hannibal Valdimarsson sagði, að ég hefði farið með uppspuna. Það gerði ég ekki. Það, sem ég hef sagt, er í samræmi við það, sem hefur gerst á fundi fullskipaðrar ríkisstjórnar.

Geir Hallgrímsson: Herra forseti. Aðeins fyrst nokkur orð varðandi ræðu þá, er hæstv. iðnrh. hélt hér áðan. Hann taldi sig hafa heimild eða umboð til að lýsa sínum eigin skoðunum, og það dregur enginn í efa. Það, sem menn draga í efa, er, hvaða heimild og hvaða umboð hann hefur til þess að lýsa annarra skoðun. Hæstv. iðnrh. er með eftirfarandi orðum: „því er mér það mikið ánægjuefni, að allir stjórnarflokkarnir hafa nú samþykkt heimild til forsrh. um að rjúfa þing og boða til þingkosninga í haust“ — að lýsa ekki eingöngu skoðunum sínum, ekki eingöngu skoðunum síns eigin flokks, heldur og samstarfsflokkanna í ríkisstj., og til þess hafði hann ekki umboð. Það hefur hæstv. forsrh. staðfest úr þessum ræðustóli áðan.

Þá nefndi hæstv. iðnrh., að hæstv. forsrh. hefði fengið yfirlýsingar frá samstarfsflokkum sínum í ríkisstj. um það, að honum væri heimilt að rjúfa þing og efna til kosninga í haust. Hæstv. forsrh. sagði í sínu svari, að hann teldi, að forsrh. hefði heimild til þingrofs í haust, en hvenær hann mundi nota þá heimild, skyldi hann ekkert um segja. Nú er rétt að spyrja hæstv. forsrh., hvort hann eigi hér við þá heimild, sem forsrh. hefur lögum samkv., eða hvort hann eigi við þá heimild, sem byggist á samþykki samstarfsflokka hans í ríkisstj. um notkun þessa valds forsrh. til þingrofs. Notkun á þingrofsvaldi í samsteypustjórn hefur almennt verið því skilyrði bundin, eins og hér hefur komið fram í umr., að allir samstarfsflokkar hefðu samþykkt þá notkun. Nú er spurningin sú, og því getur hæstv. forsrh. tæpast vikist undan að svara, vegna þess að þá greinir hér á, hæstv. iðnrh. og hæstv. þm. Hannibal Valdimarsson, formann SF: Hafa samstarfsflokkarnir þrír í ríkisstj. veitt forsrh. heimild til þingrofs og nýrra kosninga í haust?

Á hvorn veginn sem hæstv. forsrh. svarar þessari fsp., gerir hann annað hvort hæstv. iðnrh. eða hv. þm. Hannibal Valdimarsson, formann Samtakanna, að ómerkingi orða sinna, og skal ég ekki hafa fleiri orð um það. En hér er um að ræða spegilmynd af því ástandi, sem ríkir innan stjórnarbúðanna, og vitnar um, að stjórn, sem situr í slíku andrúmslofti, er ekki líkleg til þess að leysa úr alvarlegum vandamálum, eins og við þjóðinni blasa nú.

Forsrh. (Ólafur Jóhannesson): Herra forseti. Þau orð, sem ég sagði áðan, byggði ég á ríkisstjórnarsamþykkt.

Hannibal Valdimarsson: Herra forseti. Ég held, að það hafi verið nokkuð fjarri kjarna þessa máls, þegar hæstv. iðnrh. lýsti því yfir, að hann sækti aldrei um umboð til þess að halda ræðu. Það vita allir, að hann þarf á engum slíkum umboðum að halda. En hann sagðist aðeins vera að halda ræðu í ríkisútvarpið til þess að lýsa skoðunum sínum. Það hefði enginn haft neitt við það að athuga. En hann þóttist vera að tala fyrir hönd ríkisstj. allrar og var alveg augljóslega í því hlutverki, sem forsrh. ber að vera í, og það þótti nokkuð nýstárlegt.

Ég get upplýst það, að það er nokkuð síðan ráðh. SF skýrðu frá því, að forsrh. hefði innleitt það mál á ríkisstjórnarfundi, hvað gera skyldi, ef ekki yrði fært að koma fram úrræðum og till. ríkisstj. í efnahagsmálum, og þá hefði forsrh. talið, að það væri tvennt til: Annað hvort þingrof og kosningar eða stjórnin segði af sér án þess. — Þá var þetta mál rætt í þingflokki okkar, enda sögðu ráðh. okkar, að því hefði verið beint til þingflokkanna, sem stæðu að stjórninni, að ræða um þessar tvær leiðir, og það gerðum við. Þegar við höfðum rætt þetta mál allrækilega, komumst við að þeirri niðurstöðu, að það væri ábyrgðarleysi — og því lýsti ég síðar í sjónvarpsviðtali í samræmi við niðurstöðu þingflokksins, — það væri ábyrgðarleysi að hella þjóðinni út í kosningaham, út í eldhríð stjórnmálaátaka núna, þegar vitað væri, að holskefla dýrtíðar skylli yfir þjóðina 1. júní n. k. Þessarar skoðunar voru líka ráðh. Samatkanna. Um þetta var enginn ágreiningur. Síðan hefur engin önnur ákvörðun verið tekin í þingflokki Samtakanna. Og að höfðu viðtali við Björn Jónsson í morgun sagði hann mér í tilefni af ræðu Magnúsar Kjartanssonar, að þetta væri tilhæfulaust, fyrir því væri enginn fótur, sem hann hefði þarna

fullyrt. Ég fer fram á það, að ég fái að sjá bókun ríkistj. um þetta, ef hæstv. forsrh. heldur því fram, að það hafi verið bókað, að ráðh. samtaka okkar hafi samþykkt þar þingrof og kosningar, því að það hafa þeir tjáð þingflokknum og eru fleiri til frásagnar um það en ég, að svo væri ekki.

Það er sannfæring mín heils hugar, að nú sé annað fyrir Alþingi Íslendinga og ríkisstj. á Íslandi að gera heldur en efna til kosningaelds og báls um allt land, það eigi að láta hendur standa fram úr ermum að leysa vandamálin fyrir 1. júlí, áður en vandamálið hefur margfaldast, — margfaldast segi ég, — og kannske orðið óviðráðanlegt, þótt allir legðust á eitt. Það er núna, sem á að framkvæma hlutina, en ekki stefna þjóðinni út í kosningaeld. Þeir gera illt, sem það bál kynda.

Forsrh. (Ólafur Jóhannesson): Herra forseti. Ég tek af heilum hug undir þessi síðustu orð, sem Hannibal Valdimarsson mælti hér. Það mun reyna á það innan skamms, að þingið fái að standa andspænis því að gera upp hug sinn til ákveðinna ráðstafana. Það hefur aldrei verið meining mín, og það hafa heldur engir samþykkt, að þing skyldi rofið fyrir 1. júní. Það hef ég ekki sagt. (Gripið fram í.) Það verður ekkert aðgerðaleysi í stjórninni af minni hálfu, það stendur þá á öðrum.

Gylfi Þ. Gíslason: Herra forseti. Nú er málið alveg hætt að vera skemmtilegt. Ég gat ekki heyrt betur á hæstv. forsrh. áðan, af hinum mikla alvöruþrunga í orðum hans og alvörusvip, sem á honum var, en hann væri að flytja einhvers konar líkræðu. Og það er enginn vafi á því, hvern á að fara að grafa, það er ríkisstj. Þetta var eins konar inngangur að kveðjuorðum yfir ríkisstj., sem hann flutti með alvöruþrunga og alvörusvip.

Það stendur hér staðhæfing á móti staðhæfingu, annars vegar af hálfu formanns eins stjórnarflokksins og hins vegar sérstaklega af hálfu eins ráðh., sem hæstv. forsrh. virðist þó frekar styðja. En í öllu falli, það er ágreiningur um það, hvað í raun og veru hefur gerst, því að formaður eins stjórnarflokksins hefur vitnað í einn ráðh., sem hefur líka sagt, að iðnrh. hafi sagt ósatt. Þetta er mál, sem verður að uppklárast. Þingið getur ekki látið bjóða sér það, að hér standi ráðh. og formenn sjálfra stjórnarflokkanna og beri hver annan ósannindum. Það getur ekki gengið. Þetta mál verður að fást upplýst, fást úr því skorið nákvæmlega, hvað þar stendur, ef það þá er rétt bókað. En öðru en því að fletta upp í gerðabókinni og sjá, hvað þar stendur, ef það þá er rtét bókað. En eitt er þó alveg augljóst. Það er alveg augljóst, að hæstv. iðnrh. hefur farið á bak við forsrh. sinn, líklega ekki í fyrsta skipti. En það hefur hann gert núna, það er alveg augljóst, og því hefur hann lýst yfir, hæstv. forsrh., að Magnús Kjartansson hafi ekkert umboð haft til að gefa þá yfirlýsingu, sem hann gaf í útvarpinu í fyrrakvöld, og það er að fara á bak við sinn forsrh. Hann sagðist hafa lýst sínum skoðunum, en hann var að lýsa skoðunum annarra manna, en ekki sínum eigin. Það getur hann gert auðvitað, hvenær sem hann vill, lýst sínum eigin skoðunum, — menn hafa fengið alveg nóg af því að heyra þær, — og hann má gjarnan halda því áfram, hann eykur veg sinn ekkert sérstaklega með því. En ef hann lýsir skoðunum annarra, þá á hann að segja satt og ef hann segir staðreyndir, um skoðanir annarra, þá eiga það að vera staðreyndir, réttar staðreyndir, og það er það, sem dregið er í efa. Ef menn halda, að það sé eitthvað nýtt, að þessi hæstv. ráðh. segi ósatt, — ja, ég bara bið fyrir mér. Hvernig halda menn, að tungan í þeim manni sé, sem hefur verið ritstjóri Þjóðviljans í 20 ár? Hún er ábyggilega ekki falleg.

Nei, þetta ber auðvitað vott um það eitt og ekki annað en það, að þessi ríkisstj. er orðin algerlega óstarfhæf. Það hefur oft komið í ljós á undanförnum vikum og mánuðum hér á hinu háa Alþ., að ríkisstj. er í raun og veru búin að kveða upp dauðadóminn yfir sjálfri sér, svo að það er ekkert undarlegt, þó að hæstv. forsrh. haldi ræðu eins og hann hélt hér áðan. Líf stjórnarinnar er búið, það er löngu búið, og hún ætti að taka afleiðingunum af því, segja af sér og fara, því að farið hefur fé betra. Það er óhætt að segja það.

Einu langar mig til að bæta við, en áður smáinnskot varðandi fréttastofuna. Menn voru hér að ásaka fréttastofuna fyrir hlutdrægni í fréttaflutningi. Ég andmæli þessu. Ég held, að fréttastofan hafi komið algerlega rétt fram og allt, sem hún hafi gert í þessu máli, sé algerlega ámælislaust. Hún leitaði fyrst til þriggja ráðh., þeir fengu allir að segja sína skoðun. Hún leitaði til formanna stjórnarandstöðunnar, við fengum að segja okkar skoðun. Þá reiddist hæstv. iðnrh., vildi fá að segja sína skoðun, og hann fékk það. Það er alveg átölulaust af minni hálfu. Það getur vel verið, að ég sendi út af þessu smáleiðréttingu seinna í dag, getur vel verið. Hún skal vera afskaplega saklaus, svo að fréttastofan á vel að geta birt hana. En hitt var nátt úrlega dólgsháttur í mesta máta, þegar iðnrh. gaf í skyn, að ég sem var yfirmaður útvarpsins í 15 ár, hafi misnotað aðstöðu mína sem slíkur. Hann getur spurt hvaða mann sem starfað hefur á fréttastofunni í allan þennan tíma um það, hvort ég hafi nokkurn tíma hringt þangað til þess að hafa afskipti af því, hvað kæmi í fréttum. Ég hef aldrei gert það, aldrei í 15 ár. En það kynni að vera, að einhver gæti sagt frá því, að einhver annar hefði hringt þangað. Það kynni að vera. Ég skal ekki segja meira um það, en það mætti kannske upplýsa eitthvað í þá átt síðar meir. Þó að það sé engin gerðabók til á fréttastofunni, þá kunna menn að hlusta og menn hafa sæmilegt minni a.m.k. Ráðh. var að ásaka mig fyrir að hafa verið vanstilltur í útvarpi og sjónvarpi undanfarið. Þetta segir hann, sem öll þjóðin heyrði skjálfa í útvarpinu í gærkvöldi.

En komum nú aftur að alvöru málsins. Fyrst farið er að vitna í gerðabók ríkisstj. og það, sem þar er skráð eða kann að vera skráð, þá langar mig til að bæta einu atriði við. Ef henni er flett upp á annað borð, vil ég láta fletta upp á fleiru en því, sem hér er deilt um. Þá vildi ég fá að vita, hvað stendur í gerðabók ríkisstj. um afstöðu

ráðh. Alþb. til hugmynda hæstv. forsrh. um efnahagsmál. Í þeim hugmyndum, frumhugmyndum hans, var eitt atriðið það, að binda skyldi vísitöluna með lögum til loka nóv. n. k. (Forseti hringir.) Ég skal stytta mál mitt. — Ég vil fá að vita, hvað þar stendur um afstöðu ráðh. Alþb. til 5. gr. þeirra hugmynda, þar sem kveðið er á um, að vísitalan skuli bundin með lögum til 31. nóv. n. k. Stendur það ekki þar, að ráðh. Alþb. hafi samþykkt þetta? Og ég vil spyrja um annað: Bættist ekki í seinni útgáfu þessa frv. við ein gr., sem nú er 7. gr., þar sem svo er kveðið á, að afturkalla skuli með lögum allar kauphækkanir í síðustu samningum, sem eru umfram 20%? Stendur það ekki í gerðabókinni, að sú hugmynd hafi komið frá ráðh. Alþb.? — Þetta vildi ég gjarnan fá að vita. Og enn fremur: Stendur það ekki í gerðabókinni líka, að á ráðherrafundi nokkrum dögum seinna hafi þeir snúist gegn báðum þessum hugmyndum, fyrst hugmynd forsrh., sem þeir voru áður búnir að samþykkja, og sinni eigin hugmynd, sinu eigin eggi. (**Gripið fram í:** Það er allt hugarburður.) Nú skulum við fá að skoða gerðabókina. Ég vildi gjarnan fá að sjá hana, formaður SF, Hannibal Valdimarsson, hefur viljað fá að skoða hana. Ég tel nú, að eftir svona lagað ætti bara að birta blessaða bókina hér eða þessa síðu úr henni, sem um þetta fjallar. Þessi ósk er eðlileg, þegar það hefur komið fram, að forustumenn stjórnarflokkanna bera hver öðrum á brýn ósannindi. Það er vitnað í gerðabókina. Þá vil ég líka fá að vita, — það er eðlileg ósk, — hvað stendur í gerðabókinni um þessi atriði. Það er ekki minna athyglisvert.

Karvel Pálmason: Herra forseti. Ég uni því illa, að hæstv. iðnrh. lýsi því hér yfir í ræðustól á Alþ., að a. m. k. annar ráðh. SF sé ósannindamaður að því, sem hann sagði í morgun. Og þegar ég segi annar, þá segi ég það vegna þess, að ég átti tal við þennan ráðh. í morgun, þ. e. a. s. Björn Jónsson félmrh., og hann lýsti því yfir, að ráðh. Samtakanna hefði ekki gefið neitt samþykki í ríkisstj. fyrir þessari þingrofsbeiðni hæstv. forsrh. Ég hef ekki náð tali af hæstv. menntmrh. og vil því ekki fullyrða neitt frekar á þessu stigi málsins um það, en í þingflokki SF hefur engin heimild verið gefin til þess, að þing yrði rofið og efnt til kosninga í haust. Og ég hef ekki þá reynslu af núv. hæstv. félmrh., að hann fari með það fleipur, að hann sé stimplaður ósannindamaður að því, sem hann hefur sagt síðast í morgun. Þetta fullyrti hæstv. iðnrh., en mér heyrðist hæstv. forsrh. líka taka í sama streng. Ég heyrði því miður ekki orð hans í seinni ræðunni, en ég vænti þess, að hann segi mér, þótt úr sæti sínu sé, hver þau voru. Var þar vitnað í stjórnarskrárheimild eða heimild ríkisstj.? (**Forsrh.:** Það var vitnað í heimild ríkisstj.) Heimild ríkisstj., já.

Ég tek undir það, sem hér hefur komið fram, — ég sem lítt þingreyndur maður veit ekki, hvort það er heimilt að óska þess, að gerðabók þessa fundar í ríkisstj., sem þessir hæstv. ráðh. fullyrða, að á hafi verið samþykkt þingrof og kosningar í haust, eftir henni yrði sent og hún yrði lesin upp hér á þingfundi Alþingis. Ef slíkt er heimilt, þá óska ég eftir því, að það sé gert. Ég uni því ekki, að ráðh. míns flokks séu bornir þeim sökum, að þeir séu ósannindamenn, án þess að hæstv. forsrh. upplýsi, hvað í þessu máli er rétt.

En það kemur mér spánskt fyrir sjónir, — að vísu skal það viðurkennt, að ég er ekki reyndur í þessu starfi, — en mér finnst það furðulegt, ef það er talinn eðlilegur framgangsmáti í þessum efnum, að einn ráðh., — eins og hér var orðað áðan: hásetinn á skútunni, ekki sjálfur forsrh., — skuli lýsa því yfir, að ríkisstj. hafi fengið heimild til þingrofs og kosninga. Ég hygg, þó að ég sé kannske lítt kunnugur þessum málum, að slíkt hefði varla getað gerst í neinu ríki sjálfstæðu, — að slíkt hefði gerst, að einn af ráðh. úr ríkisstj., óbreyttur ráðh., hefði gefið svona yfirlýsingu án þess að hafa samráð eða samband við hæstv. forsrh. Mér þykir það a. m. k. með ólíkindum, að slíkt gæti gerst. Og þegar hæstv. iðnrh. segir hér áðan, að hann hafi verið að lýsa sínum eigin skoðunum, þá er það marklaust hjal. Hann gaf þá yfirlýsingu í gleði sinni, að því er virtist, að hann gæti með ánægju lýst því yfir, að ríkisstj. væri orðin sammála um að gefa hæstv. forsrh. þessa heimild. Hann var ekki að lýsa sínum skoðunum. Hann virtist vera að lýsa athöfnum, samþykktum, sem hefðu átt sér stað í ríkisstj. Þetta eru ekki hans eigin skoðanir.

Í áframhaldi af þessu vil ég spyrja hæstv. forsrh., af því að hann sagði hér áðan, að hann hefði fengið slíka heimild: Hefur þessi heimild verið samþ. í þingflokki hæstv. forsrh., þingflokki Framsfl.? — Ég hygg, að svo sé ekki. Þetta mun ekki hafa verið borið undir þingflokk Framsfl. Má vera, að hæstv. forsrh., formaður Framsfl., hafi það vald í sínum flokki, að hann hafi það á hendinni að lýsa yfir samþykki þingflokksins, án þess að bera það undir hann. En ég hygg, að slíkt hafi ekki verið gert. Ég óska eftir því, að hæstv. forsrh., formaður Framsfl., eða hv. 4. þm. Reykv., formaður þingflokks Framsfl., gefi skýringu á því hér, hvort þessi samþykkt hefur verið borin undir eða gerð í þingflokki Framsfl. Ég hygg, að svo sé ekki, og ég held, að það sé rétt. Ég hef a. m. k. grun um það, að allmargir, ef ekki flestir hv. þm. Framsfl. hafi ekki haft hugmynd um þetta. En þrátt fyrir þetta segir hæstv. forsrh., að hann hafi þessa heimild. Ég óska eftir því, að þessu verði svarað hér. Og ef það er leyfilegt samkv. þingsköpum eða þingreglum, þá óska ég eftir því, að fundargerðabók ríkisstj. verði sótt og úr henni lesið af þessum fundi, sem um ræðir.

Bjarni Guðnason: Herra forseti. Ég hafði ekki hugsað mér að blanda mér í málflutning af þessu tagi, vegna þess að þetta eru sannast sagna dauðateygjur ríkisstj., og þess vegna er þetta orðið harla ómerkilegt. En það eru önnur atriði, sem ég vil aðeins ræða örlítið, og það var það, sem kom fram hjá hæstv. iðnrh., þar sem hann lét orð falla á þá leið, að hér í þingsölunum væri snúist gegn öllum málum ríkisstj. af slíku ofstæki, að fátitt væri í þingsögunni. Það fól í sér, að ríkisstj. væri ofsótt.

Hvernig standa nú málin í raun og veru? Þau

standa þannig, að hér liggur fyrir á næstunni að gera till. um að skerða gildandi kjarasamninga, taka vísitöluna úr sambandi o. s. frv. Þannig hefur efnahagsástandið undir stjórn núv. ríkisstj. verið. Svo kemur þessi hæstv. ráðh. hér og heldur, að það sé bara af mannvonsku og illvilja, sem menn samþykki ekki ýmsar till. ríkisstj. í efnahagsmálum.

Það er dálítið skemmtilegt, þegar fulltrúi Alþb., sem telur sig vera verkalýðsflokk, hefur staðið þannig að málum, að láglaunafólkið í þjóðfélaginu stendur verr að vígi eftir gerða samninga en áður, og nú þegar farið er að tala um vísitöluskerðingu og annað, þá skuli slíkir menn leyfa sér að halda því fram, að hér séu allar till. ríkisstj. felldar bara af tómri mannvonsku og ofstæki. Ég skal ekki fara nánar út í þetta. En á meðan menn sjá ekki betur frá sér en þetta, þá er von, að illa fari.

Annað, sem ég vil víkja að, eru nokkur orð til hv. þm. Hannibals Valdimarssonar. Hann telur, að þingrof sé fráleitt, því að það þurfi að ráða fyrst við efnahagsvandann. En ég verð að segja það, að stjórnarflokkunum er lítt treystandi til að leysa þennan vanda, og það er auðvitað spurning, hvort það sé ekki best, að þessi ríkisstj. fari frá sem fyrst, svo að unnt sé að taka á þessum vanda, a. m. k. er sýnt, að stjórn þessara mála hefur ekki verið björguleg. Mér sýnist því langeðlilegast og heppilegast fyrir alla, bæði stjórn og stjórnarandstöðu og ekki síst fyrir þjóðina, að það sé gengið til kosninga sem fyrst, til þess að menn geti tekið á þessum málum af nokkurri djörfung. Hitt skal ég svo fræða hæstv. iðnrh. um, að hann er að gutla í sams konar ráðstöfunum og viðreisnarstjórnin og aðrir hafa gert og hann hefur gagnrýnt mest allra manna, og er það mjög góð lýsing á, hvernig ástandið er.

Svo að lokum gamanmál. Hérna sitja nú tveir hv. þm. Annar heitir Hannibal Valdimarsson, hinn heitir Gylfi Þ. Gíslason. Þeir eru að sameinast í einhverjum flokki og eru ósammála bæði í utanríkismálum og öllum meginþáttum innanlandsmálanna og efnahagsmálum. Er nú furða, að almenningur sé undrandi á þessum skopleik í íslenskum stjórnmálum, þegar þessir herrar eru að reyna að fallast í faðma, en eru ósammála eiginlega um öll atriði, sem máli skipta? Ég verð að segja, að það er von, að maður hlýði ekki með lotningu á svona menn. Ég held, að þeir ættu fyrst að hreinsa til í eigin búi, áður en þeir koma hér upp og eru að deila á ýmsa hluti. Þetta er hlægilegt, og það er von, að almenningur sé orðinn hundleiður á þessum stjórnmálamönnum.

Gylfi Þ. Gíslason: Herra forseti. Það verður aðeins örstutt aths. Ég svara auðvitað ekki hv. síðasta ræðumanni, Bjarna Guðnasyni. Undir svona kringumstæðum eyðir maður ekki stórum skotum á lítla fugla.

Erindi mitt í ræðustólinn var að beina örfáum orðum til hæstv. utanrrh., ekki í framhaldi af því, sem sagt hefur verið fram að þessu, heldur í framhaldi af því, sem gerðist í utanrmn. á fundi eftir hádegi í dag. Ég mun að sjálfsögðu ekki skýra frá því, sem þar gerðist, í samræmi við viðteknar starfsvenjur utanrmn., en ég ætla samt að leyfa mér að spyrja hæstv. utanrrh., hvort hann treysti sér ekki til þess að gefa þinginu og þar með þjóðinni yfirlýsingu um, að eftir það, sem gerðist í nótt og morgun varðandi áhafnaskipti í austur-þýsku togurunum, þá megi búast við ákvörðun ríkisstj. um það, að þriðja og ónotaða leyfið verði afturkallað. Það er eindregin skoðun mín og okkar stjórnarandstöðuflokkanna í utanrmn., að slíkt eigi að gera. Og ég skal segja það fyrir fram, að ef hæstv. ráðh. gefur slíka yfirlýsingu, þá fagna ég henni fyrir mitt leyti af alhug, tel hana rétta og tel þá nokkuð vera bætt fyrir mikil mistök, sem því miður hafa átt sér stað og ég skal ekki frekar ræða um.

Enn fremur vildi ég endurtaka þá áskorun mína til hæstv. utanrrh., sem ég bar fram í gærkvöld, að skjöl þessa máls verði birt, að þing og þjóð fái að vita um það bréf, sem barst frá austur-þýsku stjórninni, og svarbréf íslensku ríkisstj., og enn fremur frásagnir af munnlegum viðtölum, sem kunna að hafa farið fram, ef þau skipta máli. Allt þetta mál er þess eðlis, — nú skal ég engar ádeilur hafa í frammi, — en allt þetta mál er þess eðlis, að það er nauðsynlegt, að þing og þjóð viti nákvæmlega, hvað hefur gerst og hvernig stóð á þeim mistökum, sem því miður hafa átt sér stað, en ég vona nú, að hæstv. ríkisstj. sé reiðubúin að leiðrétta, eftir því sem kostur er.

Utanrrh. (Einar Ágústsson): Herra forseti. Í ákafanum við að hlusta á umr. um aðalmál þessara umr. var ég búinn að gleyma því, að upphaflega var beint til mín fsp. um það, hvort ég vildi gefa hér yfirlýsingu, og ég er þess vegna þakklátur hv. 7. þm. Reykv. fyrir að minna mig á það. Mér er ljúft að gefa yfirlýsingu hér fyrir hönd ríkisstj., að eftir þær upplýsingar, sem borist hafa um veiðar austur-þýskra togara, hefur sjútvrn. skrifað utanrrn. bréf og lagt til, að leyfi fyrir þriðju flugferðinni með skipti um áhafnir verði afturkallaðar, og ríkisstj. hefur ákveðið, að svo muni gert verða.

Ég skal taka til athugunar þá beiðni hv. þm., sem kom fram raunar í utanrmn. áðan líka, að birta þær yfirlýsingar og þau skjöl, sem farið hafa milli austur-þýska sendiráðsins og ríkisstj. viðkomandi þessu máli, en það mun hafa verið 4. apríl, sem þetta leyfi var veitt. Ég var þá ekki á landinu, og ég þarf að fá nokkurn tíma til þess að tína saman þau skjöl, sem hér um ræðir, en ég mun taka til athugunar að birta þau.

Öll dagskrármálin voru tekin af dagskrá.

Efri deild, 111. fundur

Þriðjudaginn 30. apríl, að loknum fundi í sameinuðu þingi.

Kjarasamningar opinberra starfsmanna, frv. (þskj. 815). — 1. umr.

Fjmrh. (Halldór E. Sigurðsson): Herra forseti. Frv. til l. á þskj. 815 er til breyt. á l. nr. 45 1973,

um kjarasamninga opinberra starfsmanna. Ástæðan til þess, að þetta frv. er flutt, er sú, að seint í gær komu til mín formaður og framkvæmdastjóri BSRB og óskuðu eftir því, að ég flytti þetta frv., þar sem nokkuð miklar líkur væru fyrir því, að í aðalatriðum mundu samningar takast á milli ríkisins annars vegar og ríkisstarfsmanna hins vegar í röðun um launaflokka. Hins vegar væri ljóst, að þessu verki mundi ekki verða lokið fyrir kvöldið í kvöld, en samkv. lögunum átti málið þá að ganga til Kjaradóms. Ég óskaði eftir því, að þeir semdu þá ásamt ráðuneytisstjóranum í fjmrn., sem er formaður samninganefndar ríkisins, breyt. á l., sem fæli í sér heimild til þess að fresta málinu til 15. maí, ef annar hvor aðilinn óskaði, þannig að það gengi ekki til Kjaradóms fyrr, og jafnframt eftir ábendingu frá öðrum stjórnarandstöðuflokknum, sem ég náði að hafa samband við á flokksfundartíma í gær, að stytta tímann, sem málið yrði hjá Kjaradómi, en ekki var talið, að fært væri að gera það nema mjög takmarkað. En það var gert þannig, að það er fært niður í 10. júlí, og með því móti mundi greiðsla á launum ríkisstarfsmanna koma til jafnsnemma og hún hefði komið að öðrum kosti, þó að lögunum yrði ekki breytt. Þess vegna vona ég, að þeirri beiðni hafi verið fullnægt, sem hafi legið til grundvallar því, sem þingflokksform. Sjálfstfl. sagði mér, að væri ósk þeirra.

Ég hafði, eins og ég sagði, samband við form. þingflokks Sjálfstfl. og einnig varaform. þingflokks Alþfl. og hef einnig haft samband við form. þingflokks Alþfl. núna og hv. 3. landsk., Bjarna Guðnason, og svo samþykki ríkisstj. fyrir því að bera þessa breyt. fram. Til þess að hún megi að gagni koma, verð ég að leyfa mér að fara fram á það við hv. d., að hún afgreiði málið nú þegar, því að kl. 12 í kvöld á það að öðrum kosti að ganga til Kjaradóms, en að dómi þessara samningsaðila eru miklar líkur til, að verulega mikill hluti af þeim félögum, sem eru í samningum, muni ná samningum við ríkið án dóms og er ósk þeirra, að það geti orðið.

Ég leyfi mér því að fara fram á það við hv. d., að þetta mál megi ná fram að ganga án þess að fara til n., enda er hér aðeins um það eitt að ræða að skjóta inn orðunum: „Við gerð kjarasamninga 1974 skal heimilt eftir ósk aðila, að fresta málsskoti til Kjaradóms til 15. maí 1974. Jafnframt framlengist frestur Kjaradóms til dómsuppkvaðningar til 10. júlí 1974.“

Leyfi ég mér að leggja til, herra forseti, að málinu verði vísað til 2. umr., og biðja hv. d. að afgreiða málið nú þegar.

Halldór Blöndal: Herra forseti. Ég féllst á það í gær að leggjast ekki gegn því, að þetta frv. fengi svo skjóta afgreiðslu hér í þessari d. eins og farið var fram á, og ástæðurnar til þess voru fyrst og fremst þær, að ég hef sannfærst um það af viðræðum við ýmsa af forustumönnum samtakanna, sem eru innan Bandalags starfsmanna ríkis og bæja, að í sumum tilvikum hafa raunverulegar samningaviðræður um launaflokka varla hafist. Það er nú svo í sumum dæmum, jafnvel hjá stærstu launþegahópunum, að ekkert samband var haft við þá um röðun í launaflokka fyrr en að liðnum tveim mánuðum. Mér er sagt, að í sumum tilvikum hafi engar viðræður hafist fyrr en eftir páska, og mér er einnig kunnugt um það, að í einu stærsta launþegafélaginu hófust raunverulegar viðræður ekki fyrr en fyrir eitthvað 10—15 dögum eða þar um bil. Þar við bætist svo, að engar viðræður gátu farið fram um síðustu helgi, m. a. vegna flokksráðsfundar Framsfl. Allt þetta veldur því eðlilega, að þetta mál er komið í algjöran hnút.

Það hefði að sjálfsögðu ekki þurft að koma til þess að fresta þessu máli, ef viðræður hefðu farið fram með eðlilegum hætti milli opinberra starfsmanna og samninganefndar ríkisins þann tíma, sem ætlaður var til slíkra viðræðna. En hér endurtekur sig sama sagan og s. l. haust. Þá var ekki byrjað að tala við opinbera starfsmenn fyrr en í óefni var komið, og ef ég man rétt, var tilboði þeirra ekki svarað — ég man ekki, hvort það var síðasta daginn í septembermánuði eða ekki fyrr en í októbermánuði, og af eðlilegum ástæðum eru þeir frestir, sem gert er ráð fyrir í l., of stuttir af þessum sökum.

Ég vil aðeins vekja athygli á því að ég verð að segja það því miður, að ég er ekki jafnbjartsýnn á það og framkvæmdastjóri og forseti BSRB, að það takist samningar milli opinberra starfsmanna og ríkisvaldsins nú um röðun í launaflokka, enda er sannast sagna ekki á þeirra valdi að fjalla um þau mál, heldur er fjallað um þau hjá hinum einstöku aðildarfélögum. En ég hef sannfæringu fyrir því, sem raunar er staðfest einnig í þeim viðbrögðum 200 manna hjá Pósti og síma að leggja nú niður vinnu til þess að leggja áherslu á kröfur sínar um hækkun í launaflokkum, að það beri töluvert á milli ríkisstarfsmanna innan BSRB og ríkisstj. Ástæðurnar fyrir því eru fyrst og fremst tvær. Annars vegar sú, að bilið milli opinberra starfsmanna og hins frjálsa vinnumarkaðar hefur breikkað mjög mikið, þannig að opinberir starfsmenn hafa alls ekki sambærileg kjör við það„ sem tíðkast á hinum almenna launamarkaði. Þar við bætist svo það, að samkv. þeim kjaradómi, sem fjallar um kjör háskólamanna hjá ríkinu, á að bæta við 3—4 launaflokkum fyrir ofan almennu flokkana 9, þannig að með þeim hætti gefst svigrúm til þess að hækka háskólamenntuðu menninna meira en hina, sem ekki eru háskólamenntaðir. Afstaða hæstv. ríkisstj. er að vilja hafa öðruvísi launastiga fyrir háskólamenntaða menn en hina, sem óháskólamenntaðir eru. Sem sagt, nú hefur verið fallið frá kenningunni um sömu laun fyrir sömu vinnu, sem er m. a. staðfest í því, að í viðræðum ríkisstj. við aðildarfélög BSRB er reiknað með því að halda þeim launastigum, sem samið var um, en hins vegar ekki fjölgað til samræmis við niðurstöður Kjaradóms. Ég viðurkenni, að í þessu efni ber mér ekki að áfellast hæstv. fjmrh., sem hefur haldið mjög vel á ríkisfjármálunum að þessu leyti, en þetta snýr fyrst og fremst að þeim forustumönnum, sem eru í BSRB og að mínu mati hafa ekki haldið nógu fast á þessu stefnumáli.

Ég skal svo ekki hafa fleiri orð um þetta. Það varð samkomulag um að láta þetta mál fara í gegn hér án mikilla umr., og ég skal ekki teygja

lopann um það. Ég vil aðeins undirstrika það, að þetta frv. er fram komið vegna þess, að sá tími, sem ætlaður er lögum samkv. til viðræðna milli samningsaðila um röðun í launaflokka, var ekki notaður sem skyldi, og einnig hitt, að ástæðan til þess, hversu illa gengur að semja um launaflokkana, er annars vegar sú, að á hinum frjálsa vinnumarkaði eru laun nú miklu hærri en hjá opinberum starfsmönnum, og eins hitt, að með úrskurði Kjaradóms hefur háskólamenntuðum mönnum verið gert hærra undir höfði en öðrum innan ríkiskerfisins.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 12 shlj. atkv.

Efri deild, 112. fundur.

Þriðjudaginn 30. apríl, að loknum 111. fundi.

Kjarasamningar opinberra starfsmanna, frv. (þskj. 815). — 2. umr.

Of skammt var liðið frá 1. umr. — Afbrigði samþ. með 14 shlj. atkv.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.

1. gr. samþ. með 11 shlj. atkv.
2.—3. gr. samþ. með 12 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 13 shlj. atkv.

Efri deild, 113. fundur.

Þriðjudaginn 30. apríl, að loknum 112. fundi.

Kjarasamningar opinberra starfsmanna, frv. (þskj. 815). — 3. umr.

Of skammt liðið frá 2. umr. — Afbrigði samþ. með 11 shlj. atkv.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 14 shlj. atkv. og afgr. til Nd.

Neðri deild, 115. fundur.

Þriðjudaginn 30. apríl, að loknum 113. fundi í Ed.

Kjarasamningar opinberra starfsmanna, frv. (þskj. 815). — 1. umr.

Of skammt var liðið frá 3. umr. í Ed. — Afbrigði samþ. með 28 shlj. atkv.

Fjmrh. (Halldór E. Sigurðsson): Herra forseti. Undanfarnar vikur hafa staðið yfir samningar á milli ríkisins annars vegar og starfsmanna ríkisins hins vegar út af röðun í launaflokka, og er það allmikið verk, svo sem kunnugt er þeim, sem til þekkja. Nokkur veikindi hafa tafið það verk. M. a. veiktist formaður samninganefndarinnar og deildarstjórinn í launamáladeildinni, en á þeim hafa samningar mest hvílt.

Seint í gær komu að máli við mig formaður BSRB og framkvæmdastjóri Bandalagsins og óskuðu eftir því, að ég flytti hér frv. til breyt. á l. nr. 46 1973, um kjarasamninga opinberra starfsmanna, og efni þess frv. yrði það, að heimild yrði gefin til þess að fresta málsskoti til Kjaradóms til 15. maí n. k., þar sem þeir töldu, að verulegar líkur eru fyrir því, og mér er kunnugt um það, að vaxandi líkur eru fyrir því, að samningar náist í verulegum atriðum, þó að undantekningar kunni að verða einhverjar.

Mér tókst að ná í formenn stjórnarandstöðuflokkanna og ræða við þá að koma þessu frv. hér í gegn í dag, því að gildistaka þess þarf að verða fyrir miðnætti, til þess að málið gangi ekki sjálfkrafa til Kjaradóms. Það kom fram í samþykkt Sjálfstfl., að þeir óskuðu eftir því, að tími sá, sem Kjaradómur hefði málið til meðferðar, yrði þá styttur, til þess að málið tefðist ekki, að ég skildi á þann veg, að ríkisstarfsmenn fengju sínar launagreiðslur jafnsnemma, hvort sem málið gengi til Kjaradóms 1. maí eða 15. maí. Þetta sagðist ég skyldi athuga og gerði þegar í morgun, og að mati þeirra, sem best þekktu, var talið, að kleift væri að stytta þetta um 5 daga og það mundi nægja til þess, að launadeildin hefði tíma til að klára sín verk, þannig að laun kæmu til útborgunar jafnt eftir sem áður, þó að málið færi ekki til Kjaradóms fyrr en 15. maí.

Ég verð vegna þess, hve þetta er síðbært, að fara fram á það við hv. d., að þetta mál megi afgreiða án þess að fara til n., enda er breyt. ekki fólgin í öðru en því að segja: „Við gerð sérkjarasamninga 1974 skal heimilt eftir ósk aðila að fresta málsskoti til Kjaradóms til 15. maí 1974. Jafnframt framlengist frestur Kjaradóms til dómsuppkvaðningar til 10. júlí 1974.“

Ég verð, eins og ég sagði, að biðja hv. d. að afgreiða þetta mál án þess að vísa því til n., enda efnisatriði veigalítil, enda þótt þau hafi sitt gildi, og taka málið fyrir á þrem fundum nú í hv. d. Þetta var gert í hv. Ed., og ég vona að það megi einnig takast í þessari hv. d., því að það er áhugi minn og þeirra, sem að þessum samningum standa, að við sem flesta verði hægt að semja, svo að til dóms þurfi ekki að fara. Og frv., þótt samþykkt verði, kemur ekki heldur í veg fyrir það, að þeir geti látið sín mál ganga til Kjaradóms, ef þeir óska þess.

Ég leyfi mér svo, herra forseti, að leggja til, að frv. verði vísað til 2. umr.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 29 shlj. atkv.

Neðri deild, 116. fundur.

Þriðjudaginn 30. apríl, að loknum 115. fundi.

Kjarasamningar opinberra starfsmanna, frv. (þskj. 815). — 2. umr.

Of skammt var liðið frá 1. umr. — Afbrigði samþ. með 29 shlj. atkv.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 28 shlj. atkv.
2.—3. gr. samþ. með 28 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 29 shlj. atkv.

Neðri deild, 117. fundur.

Þriðjudaginn 30. apríl, að loknum 116. fundi.

Kjarasamningar opinberra starfsmanna, frv. (þskj. 815). — 3. umr.

Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði samþ. með 29 shlj. atkv.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 29 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 825).

Sameinað þing, 81. fundur.

Þriðjudaginn 30. apríl, að loknum 117. fundi í Nd.

Bygging skips til Vestmannaeyjaferða, þáltill. (þskj. 26, n. 652). — Frh. einnar umr.

Frsm. (Ágúst Þorvaldsson): Herra forseti. Fjvn. hefur athugað till. þessa, sem er á þskj. 26, og er n. sammála um þá meðferð málsins, eins og fram kemur í nál. á þskj. 652, að þáltill. verði vísað til ríkisstj. Þessi afstaða fjvn. um að vísa till. til ríkisstj. er byggð á því, að með l. frá Alþ. 14. febr. s. l., um heimild fyrir ríkisstj. að veita sjálfskuldarábyrgð á lánum til kaupa á 10 fiskiskipum yfir 300 lestir og til kaupa á tveimur ferjuskipum, er svo fyrir mælt í 3. gr., að ríkisstj. sé heimilt gegn tryggingum, sem hún metur gildar, að veita sjálfskuldarábyrgð fyrir allt að 80% af kaupverði skips til flutninga fyrir Vestmannaeyjar, enda gangist bæjarstjórn Vestmannaeyja fyrir stofnun félags, er eigi skipið og annist rekstur þess.

Þar sem Alþingi hefur með þessum hætti lýst vilja sínum í því nauðsynjamáli, að keypt verði eða smíðað skip til siglinga milli lands og Eyja og á þann hátt, sem vitað er, að íbúum Vestmannaeyja er vel að skapi, þar sem gert er ráð fyrir, að þeir sjálfir eigi og reki skipið, þá þykir fjvn. eðlilegt, að ríkisstj. fái till. þessa til meðferðar, og er með því lögð áhersla á, að stjórnin flýti fyrir því, að gott skip verði fengið til að þjóna þörfum Vestmanneyinga til góðra samgangna við Suðurland með föstum og tíðum ferðum milli Vestmannaeyja og Þorlákshafnar og Reykjavíkur, á meðan ekki er um aðra höfn á suðurströndinni að ræða. Nál. fjvn. er prentað á þskj. 652.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Efri deild, 114. fundur.

Fimmtudaginn 2. maí, kl. 2 miðdegis.

Undirbúningsfélag fiskkassaverksmiðju, frv. (þskj. 293, n. 817). — 2. umr.

Of skammt var liðið frá útbýtingu nál. — Afbrigði samþ. með 12 shlj. atkv.

Frsm. (Steingrímur Hermannsson): Herra forseti. Eins og fram kemur í nál. á þskj. 817, hefur iðnn. fjallað um frv. þetta og orðið sammála um að mæla með samþykkt þess óbreytts.

Ég ætla ekki að hafa þetta langa framsögu. Hæstv. iðnrh. gerði það við 1. umr. Auk þess hafa hv. þm. fengið ítarlega skýrslu frá n., sem starfar að undirbúningi þessa máls. Þar er greint vandlega frá því, sem hér er um að ræða.

Rétt er, að það komi fram, að þótt fallist sé á að stofna þetta undirbúningsfélag, er framhald þessa máls ekki ljóst. Framleiðsla kassa eins og hér um ræðir er töluvert margslungið verkefni, stofnkostnaður er mikill. Þarf framleiðslan að vera mikil, til þess að arðvænleg geti talist. Undirbúningsnefndin, sem samdi fyrrnefnda skýrslu, telur þó, að líkur séu til þess, að svo megi verða, og er talið rétt, að þetta undirbúningsfélag verði sett á stofn til að ganga endanlega úr skugga um það.

Ég vil einnig geta þess, að til er kjarni að slíkri framleiðslu hér á landi, á Akureyri og er gert ráð fyrir því, að þessi framleiðsla, ef af henni verður, verði í tengslum við þá framleiðslu, sem þar er.

Eins og ég sagði í upphafi, mælir iðnn. með samþykkt frv.

ATKVGR.

1. gr. samþ. með 12 shlj. atkv.
2.—8. gr. samþ. með 12 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 12 shlj. atkv.

Áhrif olíuverðhækkana á hitunarkostnað íbúða, frv. (þskj. 806). — 1. umr.

Sjútvrh. (Lúðvík Jósepsson): Herra forseti. Í lok febrúarmánaðar á þessu ári voru samþ. lög um sérstakt gjald, sem leggja skyldi á söluskattsstofn í því skyni að afla fjár til þess að

draga úr áhrifum olíuverðhækkana. Síðan þessi lög voru sett og reyndar nokkru lengur, hefur verið fjallað um það hér á Alþ. og í samstarfsnefnd þingflokka, með hvaða hætti eðlilegast væri að koma þessu fjármagni, sem innheimt verður samkv. þessum gjaldstofni, til þeirra aðila, sem harðast verða úti í sambandi við upphitun íbúðarhúsa vegna olíuverðhækkana.

Það frv., sem hér liggur fyrir og hefur þegar hlotið afgreiðslu í hv. Nd., gerir sem sagt ráð fyrir því, að þessum fjármunum skuli varið á sérstakan hátt. Till. eru gerðar um það, að gjaldinu verði skipt eftir meðlimafjölda í hverri fjölskyldu og að gjaldið renni eingöngu til þeirra, sem verða að nota olíu til upphitunar á íbúðarhúsnæði sínu.

Það er að sjálfsögðu ljóst, að í slíku tilfelli sem þessu gat verið um að ræða nokkrar mismunandi leiðir til þess að ná því marki, sem að var stefnt með fyrri lagasetningunni.

Í fyrsta lagi gat verið um það að ræða að nota þá fjármuni, sem innheimtir eru með fyrrnefndu gjaldi, til þess að greiða niður verð á olíu: að lækka olíuna beinlínis í útsöluverði og ná markinu með þeirri leið. En í ljós hefur komið, að á því eru miklir annmarkar, vegna þess að það er mjög erfitt að greina á milli olíu, sem notuð er til upphitunar íbúðarhúsnæðis, og olíu, sem afgreidd er svo að segja samhliða til annarrar húsahitunar, eins og til upphitunar verslunarhúsnæðis, skrifstofuhúsnæðis, verkstæða eða vinnustofa og ýmissa annarra aðila. En sams konar olía er notuð í báðum tilfellum og yfirleitt afgreidd mjög með sama hætti.

Þá kom að sjálfsögðu upp sú hugmynd, hvort ekki væri hægt að nota þetta fjármagn til þess að greiða niður kyndingarkostnað allra þessara aðila, þ. e. a. s. bæði í sambandi við upphitun íbúðarhúsnæðis og einnig til annarar upphitunar eða til annars þess, sem sams konar olía er notuð til. En þá kom í ljós, að það fjármagn, sem um er að ræða, er svo knappt, að það mundi skerða mjög aðstoðina við þá, sem þurfa að hita upp íbúðarhúsnæði sitt með olíu, og þeir yrðu að búa við allmiklu hærra verð, ef fjármagninu yrði varið á þennan hátt. Það er hins vegar ljóst, að þó að allt þetta fjármagn renni til þeirra einna, sem hita upp íbúðarhúsnæði sitt með olíu, verður ekki hægt að ná því marki að lækka olíuverðið þannig, að fullur jöfnuður náist á milli þeirra, sem verða að búa við þessa aðstöðu, og hinna, sem búa við þann möguleika að hita upp húsnæði sitt með jarðvarma eða rafmagni.

Það er gert ráð fyrir því, að heildartekjur samkv. gjaldstofninum, sem ákveðinn var með l. frá því í febrúar, muni nema um 800 millj. kr. á ári. Það er hins vegar talið, að þeir aðilar í landinu, sem þurfa að hita upp íbúðarhúsnæði sitt með olíu, séu rúmlega 100 þús. talsins. Sé þessari fjárhæð skipt eftir höfðatölunni, gæti komið hér styrktargreiðsla, sem næmi í kringum 8 þús. kr. miðað við einstakling. Fyrir 5 manna fjölskyldu mundi þetta þá nema kringum 40 þús. kr. á ári og að sjálfsögðu tilsvarandi lægra eða hærra eftir fjölda þeirra einstaklinga, sem teljast til hverrar fjölskyldu eða hverrar íbúðar í þessu tilfelli.

Það kom auðvitað einnig til athugunar, hvort hægt væri að miða þessar styrktargreiðslur við stærð þess húsnæðis, sem hitað er upp með olíu. Við þá athugun kom í ljós, að það mundi vera mjög erfitt að fá nákvæmar upplýsingar um stærð slíks húsnæðis í hverju einstöku tilviki. Fáar skýrslur eru fyrirliggjandi um það og fremur óábyggilegar. Og þá kom það einnig í ljós, að alloft væri það þannig, að í tiltölulega stóru húsnæði væru þeir búandi, sem betur mættu sín, og nytu þeir þá tiltölulega meiri niðurgreiðslu en ef miðað væri við fjölda einstaklinganna.

Það hefur einnig verið bent á, að það er galli við beina niðurborgun á olíuverðinu, að á þann hátt verður minni tilhneiging til þess hjá þeim, sem hlut eiga að máli, að gera sér raunverulega grein fyrir kostnaði þeirrar vöru, sem hér er um að ræða, og minni áhugi að leita eftir öðrum leiðum til upphitunar á húsnæði sínu. En að sjálfsögðu eru í mörgum tilfellum einhverjir möguleikar til þess að skipta frá olíukyndingu til hitaveitu eða jarðvarma og einnig til rafhitunar eitthvað umfram það, sem nú er. Það þykir því ógott að nota beina niðurborgun, og því hefur þessi leið verið valin: Að miða þessa niðurgreiðslu við fjölda þeirra einstaklinga, sem hlut eiga að máli í hverju tilviki.

Í hv. Nd. tók frv. þeim breyt., að gert var ráð fyrir því, að þeir lífeyrisþegar, sem búa við þær tekjur einar, sem þeir hafa frá almannatryggingunum samkv. þeim lágmarkstekjureglum, sem gilda og einnig þeir aðrir lífeyrisþegar, sem búa við svipaðar eða hliðstæðar heildartekjur, án þess að þeir fái greiðslu frá almannatryggingunum, skyldu fá nokkru hærri styrk en meðalstyrk, og kemur það fram í 2. gr. frv., eins og hún er nú. Er gert ráð fyrir því, að sá háttur verði hafður á, að viðskrn., sem hefur með framkvæmd þessara mála að gera, leiti til bæjar- og sveitarstjórna í landinu eftir upplýsingum um, hverjir það eru og hversu margir á hverjum stað, sem á umliðnum mánuðum hafa þurft að hita upp híbýli sín með olíu, og síðan yrði greiðslan innt af hendi með milligöngu bæjar- og sveitarstjórnanna. Því er auðvitað ekki að neita, að hér er verið að fara fram á minni háttar þjónustu af hálfu bæjar- og sveitarfélaganna, en égé er sannfærður um það, eftir að hafa athugað það mál nokkuð, að þær munu reynast fáar sveitarstjórnirnar í landinu, sem kvarta undan því að taka við fé í þessu skyni og koma því til réttra aðila og taka þannig þátt í því að leiðrétta hlut þeirra, sem hafa orðið hart úti vegna gífurlegrar hækkunar á kyndingarkostnaði. Ég held því, að það sé ekki nein ástæða til þess að mikla það fyrir sér, að þessi leið sé farin.

Þetta mál hefur, eins og ég sagði, verið hér fyrir þingflokkunum á Alþingi í langan tíma og verið lengi til athugunar. Ég sé því ekki ástæðu til að fjölyrða um málið frekar við þessa umr. Ég veit, að allir hv. þm. þekkja orðið vel til málsins, og ég legg áherslu á það, að sú n., sem nú fær málið í þessari hv. d. til athugunar, afgreiði það fljótlega, eins fljótt og tök eru á, því að komið er að síðustu dögum þingsins og búið er að draga afgreiðslu þessa máls úr hófi fram að mínu mati. Þó að það kunni að vera

nokkuð skiptar skoðanir um, hvaða leið sé heppilegust til þess að koma þessum fjármunum til þeirra aðila, sem flestir eru sammála um, að eigi að fá þessa fjárhæð, ætti ekki að þurfa að draga afgreiðslu málsins lengi, úr því sem komið er. Að sjálfsögðu vænti ég þess, að þessi hv. d. geti fallist á afgreiðslu frv. óbreytts frá því, sem það kemur frá Nd., svo að hægt sé að hefjast handa um að greiða þessar bætur þeim aðilum, sem á þeim þurfa að halda.

Herra forseti. Ég vil svo leggja til, að þegar þessari umr. er lokið, verði frv. vísað til hv. fjh.- og viðskn. til fyrirgreiðslu.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 11 shlj. atkv. og til fjh.- og viðskn. með 11 shlj. atkv.

Viðskiptamenntun á framhaldsskólastigi, frv. (þskj. 277, n. 789, 790). — 2. umr.

Frsm. (Ragnar Arnalds): Herra forseti. Menntmn. hefur haft til athugunar frv. til l. um viðskiptamenntun á framhaldsskólastigi. Efni þessa frv. er að kveða á um viðskiptamenntun að loknu 8 ára skyldunámi og einu skólaári til viðbótar eða hliðstæðri menntun samkvæmt hugsanlegu grunnskólafrv.

Frv. fjallar í fyrsta lagi um viðskiptamenntun á framhaldsskólastigi í skólum, sem reknir eru og settir á stofn á vegum ríkisins, þ. á m., eins og segir í 7. gr., skóla þessarar tegundar á vegum ríkisins, sem fyrirhugað er að stofna á Akureyri.

Í öðru lagi fjallar frv. um Samvinnuskólann og Verslunarskólann, sem báðir hafa veitt menntun af þessu tagi fram að þessu og munu vafalítið gera það áfram enn um sinn.

N. ræddi við form. n. þeirrar, sem undirbjó frv., Birgi Thorlacius ráðuneytisstjóra, og fjallaði um það á nokkrum fundum sínum. N. var sammála um að mæla með samþykkt frv., en einstakir nm. áskilja sér rétt til að fylgja eða flytja brtt., og eins og fram kemur í nál., er að till. nm. Ásgeirs Bjarnasonar, Jóns Árm. Héðinssonar, Páls Þorsteinssonar, Ragnars Arnalds og Steingríms Hermannssonar, að frv. verði samþ. með tilteknum breytingum, sem þeir gera till. um á sérstöku þskj.

Þar sem n. að öðru leyti mælir með samþykkt frv. og ber ekki fram sérstakar brtt., sé ég ekki ástæðu til þess að hafa framsöguorð fyrir n. um þetta mál fleiri, en vil að lokum víkja í fáum orðum að brtt. þeim, sem 5 nm. flytja á þskj. 790.

Brtt. þessar snerta tvær gr. frv.: í fyrsta lagi 9. gr. og í öðru lagi 10. gr.

9. gr. frv. fjallar um Samvinnuskólann og Verslunarskólann, og þar segir í 1. málsgr., að þessir skólar hafi „rétt til að halda áfram að rækja það fræðslustarf, sem þeir hingað til hafa annað, og til að auka það og sérhæfa, eftir því sem aðstæður leyfa og þörf krefur á hverjum tíma."

Í till. okkar er þessi setning tekin upp svo til óbreytt og algerlega óbreytt að efni til.

Í frv. er síðan vikið að því, hvern styrk úr ríkissjóði fyrrnefndir skólar eigi að hljóta, og segir í frv., að rekstrarkostnaður skólanna skuli greiddur að fullu, annar en rekstrarkostnaður heimavistar, en til hennar skuli veittur styrkur, er nemur 80% kostnaðar. Framlag ríkissjóðs skuli að hámarki miða við kostnað í ríkisskólum á sama fræðslustigi.

Í öðru lagi segir, að stofnkostnaður þess kennsluhúsnæðis, sem byggt verður eftir gildistöku laga þessara, skuli greiddur úr ríkissjóði að 80%, og skal sama gilda um heimavist, þar sem hennar er talin þörf. Skilyrði nefndra styrkveitinga er, að menntmrn. hafi samþ. árlega áætlun rekstrarkostnaðar skólanna og fé sé veitt í fjárlögum fyrir stofnkostnaði, enda liggi áður fyrir samþykki stjórnvalda fyrir nýjum byggingarframkvæmdum.

Við þessar málsgr. hafa fyrrnefndir nm. gert nokkrar brtt., sem miðast við það, að hér er um að ræða skóla, sem ekki eru í eigu ríkisins, heldur í eigu annarra aðila, og þess vegna var talið óhjákvæmilegt, að orðalag gr. væri með skýrari hætti en í frv. er.

Í fyrsta lagi er í brtt. ekki rætt um, að hér sé um að ræða styrk úr ríkissjóði, heldur er talað um fjárveitingar, en á þessu tvennu er að sjálfsögðu nokkur munur. Gildir þetta fyrst og fremst um stofnkostnaðinn. Þeir hundraðshlutar, sem nefndir eru í frv., hafa ekki tekið breytingum í tillögugerð fyrrnefndra nm., en orðalaginu er breytt, þannig að þar sem rætt er um styrkveitingar, er í till. okkar rætt um fjárveitingar, og síðan er bætt við setningu, sem ekki var í frv.: „Framlag ríkissjóðs til stofnkostnaðar kennslu- og heimavistarhúsnæðis telst áfram eign ríkisins, og getur rn. tekið sinn hluta húsnæðisins til annarra nota, ef það er ekki hagnýtt í þágu viðkomandi skólastofnana."

Ég býst við, að flestir geti verið sammála um, að þetta sé eðlilegt. Það er ekki um það að ræða og var, að ég held, ekki ætlunin, að svo yrði litið á, að framlög ríkissjóðs yrðu eign þeirra aðila, sem við þeim tækju, heldur er gert ráð fyrir því, að um svipað skipulag yrði að ræða og þegar ríkið tekur þátt í skólabyggingum ásamt einhverjum öðrum aðilum, t. d. sveitarfélögum. Þá heldur framlag ríkissjóðs áfram að vera eign ríkisins. Til þess að taka af allan vafa um þetta atriði eru bornar fram brtt. varðandi þessi ákvæði.

Að öðru leyti tel ég ekki ástæðu til að skýra nánar þessa brtt. Hún skýrir sig sjálf. Hér er fyrst og fremst um orðalagsbreytingar að ræða til þess að gera það alveg ljóst, að fjárveitingar ríkisins halda áfram að vera eign ríkisins.

Varðandi 10. gr. hafa verið gerðar nokkrar brtt., því að í frv. er ekki um að ræða neitt ákvæði um skólanefndir við þessa tvo skóla. Þetta var talið óeðlilegt, vegna þess að þegar ríkisvaldið tekur að sér að kosta rekstur og stofnun þessara skóla að verulegu leyti, er að sjálfsögðu óhjákvæmilegt, að hið opinbera, og þá fyrst og fremst menntmrn., hafi einnig einhverja aðstöðu til þess að fylgjast með því, hvernig því fé er varið. Og það verður að sjálf-

sögðu ekki gert öðruvísi en þannig, að rn. eigi fulltrúa í skólanefnd. Þess vegna höfum við borið fram till., svo hljóðandi:

„Ráðherra skipar skólanefndir við Samvinnuskólann og Verslunarskólann. Einn fulltrúa frá menntmrn. skipar ráðh. án tilnefningar, en aðra samkv. tilnefningu eignaraðila. N. kýs sér form. og varaform. Skólanefnd ræður skólastjóra og kennara í samráði við hann og fer með fjárreiður skólans."

Eins og sjá má af þessari tillögugerð, er öllum möguleikum haldið opnum um það, hversu margir skipi viðkomandi skólanefnd og hvaða aðilar hafi rétt til að tilnefna í þessar n., því gert er ráð fyrir, að um slíkt náist samkomulag milli viðkomandi skóla og menntmrn., en því einu slegið föstu, að í skólanefnd sé a. m. k. einn fulltrúi frá menntmrn.

Önnur mgr. í till. okkar er lítillega breytt í samræmi við það, sem áður er komið, en þar segir: „Um embættisgengi, starfsréttindi, ráðningu, störf, orlof og tölu fastra starfsmanna skóla, er veita menntun samkv. l. þessum, fer að öðru leyti eftir ákvæðum l. og reglugerða, er um slíkt gilda á hverjum tíma fyrir framhaldsskólastigið."

Eins og frvgr. var áður, var ekki ljóst, hvort 10. gr. ætti við skólastarf Samvinnuskólans og Verslunarskólans, og sá skilningur kom fram hjá form. n., sem undirbjó frv., Birgi Thorlacius, að ekki væri gert ráð fyrir því. En það var talið eðlilegt, að þegar búið væri að ákveða, að skólastjóri og kennarar væru ráðnir af skólanefnd og hún færi með fjárreiður skólans, þá giltu að öðru leyti almennar reglur um ráðningu fastra starfsmanna hans.

Að lokum vil ég benda á, að í 2. mgr. brtt. okkar nm. við 10. gr. frv. höfum við gert lítils háttar breyt., sem er fólgin í setningunni: „Skólastjóri og skólaráð stjórna daglegu starfi sérskóla samkv. 7. og 9. gr." En í frv. sagði: „Skólastjóri og skólaráð stjórna starfi sérskóla samkv. 7. gr." Það var sem sagt gert ráð fyrir því, að þetta ákvæði ætti ekki við Samvinnuskólann og Verslunarskólann. Mér er sagt af kunnugum, að ekkert sé því til fyrirstöðu, að þetta geti jafnt átt við Samvinnuskólann og Verslunarskólann, því að gert er ráð fyrir því, að skólaráð verði starfandi við þessa skóla, og því þykir okkur flm. þessarar till. óeðlilegt að frvgr. nái ekki einnig til þessara skóla.

Ég sé ekki ástæðu til að orðlengja um brtt. okkar fimmmenninga í menntmn., sem flytjum brtt. á þskj. 790, en minni aðeins á að lokum, að við erum meðmæltir því, að frv. verði samþ., en flytjum þessar brtt. við ákvæðin um Samvinnuskólann og Verslunarskólann.

Auður Auðuns: Herra forseti. Eins og fram kemur í nál. á þskj. 789, höfum við hv. 5. þm. Vestf., Þorv. Garðar Kristjánsson, lagt til, að frv. verði samþ. óbreytt, en aðrir nm. hafa áskilið sér rétt til að flytja brtt. við frv. og fylgja brtt., sem fram kynnu að koma.

Í menntmn. lagði form. fram brtt. við frv., og nú hafa verið fluttar við það brtt. á þskj. 790 af 5 nm. varðandi ákvæðin um einkaskólana, þ. e. a. s. Verslunarskólann og Samvinnuskólann. Ég skal síðar víkja að þeim brtt., en vil taka það fram, að við 5. þm. Vestfj. eru þeim brtt. algjörlega andvíg, enda lítum við svo á, að þeir aðilar, sem stóðu að samningu þessa frv. af hálfu þeirra, sem einkaskólana reka, hafi treyst á það, að þau ákvæði frv., sem tryggja áframhaldandi sjálfstæði þessara skóla, héldust óbreytt, þótt þeim vitaskuld eins og öðrum væri ljóst, að enginn segir Alþ. fyrir verkum.

Hæstv. menntmrh. hefur lagt fram frv. óbreytt í þeirri mynd, sem n., sem undirbjó það, gekk frá því, að því einu undanskildu, að það hefur verið breytt einu orði. Þar sem í frv., sem n. skilaði, var talað um verslunarstúdentspróf, er í frv. nú aðeins talað um stúdentspróf. Enn er þess að geta, að þeir aðilar, sem sömdu frv., voru allir sammála um öll ákvæði þess, og eins og fram kemur í grg. með frv., sátu í n. fulltrúar frá menntmrn. auk fulltrúa frá skólunum tveim, sem ég leyfi mér að nefna einkaskóla, Samvinnuskólanum og Verslunarskólanum.

Þessir tveir einkaskólar hafa einir annast verslunarmenntun í landinu um langt skeið, þegar frá eru skildar verslunardeildir eða einhverjir þættir verslunarnáms, sem einstaka gagnfræðaskólar hafa tekið upp á síðari árum. Þessir skólar hafa sparað ríkinu stórfé með því að veita menntun, sem ríkið hefði ella þurft að annast. Þetta á þó enn frekar við Verslunarskólann, sem er mörgum sinnum fjölmennari en Samvinnuskólinn og veitir nú menntun allt að stúdentsprófi. Sá skóli hefur starfað síðan árið 1905. Það er óhætt að fullyrða, að fært til núgildandi verðlags hafi hann sparað ríkinu hundruð, og þó öllu frekar þúsundir milljóna í stofnkostnaði og rekstrarkostnaði. Með þeim styrk, sem einkaskólarnir tveir hafa haft á fjárlögum undanfarin ár, má í rauninni líta svo á, að ríkið hafi verið að kaupa þjónustu af þessum menntastofnunum langt undir kostnaðarverði. En til þess að standa að einhverju leyti straum af rekstrarkostnaði hafa þessir skólar orðið að láta nemendur greiða skólagjöld. Mér er þó kunnugt um, að Verslunarskólinn a. m. k. hefur í mörg ár ekki talið unnt að hækka skólagjöld sín sem eru 10500 kr., þrátt fyrir stórhækkaðan rekstrarkostnað. Með þessu frv. er ætlunin að bæta fjárhagsaðstöðu skólanna, að skólagjöldin falli niður. Það er rétt að geta þess, sem reyndar kemur einnig fram í grg. með frv., að Verslunarskólinn hefur auk þess um langt skeið notið styrks frá Reykjavíkurborg.

Verslunarskólinn hefur í rekstri sínum lagt megináherslu á að efla sem mest tengsl skólans við viðskipta- og athafnalífið í landinu og samræma þá menntun, sem hann veitir, þörfum þess. En til þess hafa vitaskuld þeir aðilar, sem að skólanum standa, Verslunarráðið og SÍS, aðstöðu langt umfram það, sem ríkisskóli getur haft. Og til þess að gegna því hlutverki veit ég, að a. m. k. aðstandendur Verslunarskólans hafa lagt megináherslu á sjálfstæði skólans, og ég veit, að sama máli mun gegna um Samvinnuskólann.

Þegar aðilar frá þessum skólum féllust á að starfa í n. til að undirbúa frv. um viðskiptamenntun á framhaldsskólastigi, gerðu þeir það

í trausti þess, að samkomulag yrði um að varðveita sjálfstæði skólanna. Nú eru fram komnar brtt. við ákvæðin um einkaskólana, Verslunarskólann og Samvinnuskólann, og ég skal nú víkja að þessum brtt. Þær eru á þskj. 790 og fluttar af 5 nm. í menntmn. Ég skal fyrst ræða efni fyrri till., sem er varðandi 9. gr. frv., þar sem er að finna aðalákvæðin varðandi þessa tvo einkaskóla.

Í frv. er lagt til, að styrkur úr ríkissjóði til nefndra skóla skuli hlíta þeim ákvæðum, sem síðar segir, annars vegar um rekstrarkostnað og hins vegar um stofnkostnað. Það er skilyrði þessara styrkveitinga, eins og í frv. stendur, að menntmrn. hafi samþ. árlega áætlun rekstrarkostnaðar skólanna og að fé sé veitt í fjárl. fyrir stofnkostnaði, enda liggi áður fyrir samþykkt stjórnvalda fyrir nýjum byggingarframkvæmdum. Í þessari brtt. frá þeim fimmmenningunum í menntmn. er lagt til, að þarna verði ekki um styrk að ræða, heldur framlög. Segja má, að þetta skipti aðallega máli í sambandi við stofnkostnaðinn, en þar stendur í brtt. í næstsíðustu mgr., að framlag ríkissjóðs til stofnkostnaðar kennslu- og heimavistarhúsnæðis teljist áfram eign ríkisins og ráðuneytið geti tekið sinn hluta húsnæðisins til annarra nota, þegar það er ekki hagnýtt í þágu viðkomandi skólastofnana. Þetta kann í fljótu bragði að virðast ekki óeðlilegt. En ef nánar er að gáð, má ætla, að samþykkt þessarar brtt. gæti haft áhrif á sjálfstæði skólanna. Eins og nú er, starfar Samvinnuskólinn í húsnæði, sem ekki er eign skólans sem slíks, en Verslunarskólinn í eigin húsnæði og á geysiverðmætar eignir hér í miðborginni. En þar er þegar orðið allt of þröngt um skólann og það meira að segja svo, að hann varð að taka húsnæði á leigu til að halda uppi vissum þætti kennslu í verslunarfræðum. Honum var svo sagt upp þessu húsnæði, og í haust varð að fækka nemendum við skólann af þessum orsökum, en í honum voru nú í vetur um 630 nemendur. Það er því eðlilegt, að Verslunarskólinn, sem stöðugt er ákaflega mikil aðsókn að, hyggi á nýbyggingar. Þá leggst væntanlega niður notkun þess húsnæðis, sem skólinn er nú í hér í miðbænum. En þegar ráðist verður í byggingar á nýjum stað, gæti Verslunarskólinn með sölu þessara verðmætu eigna auðvitað lagt mikið fé í þær. Ef nú 80% eignaraðild ríkisins í nýbyggingu væri fyrir hendi eða það yrði samþ., að svo yrði, þá er hætt við, að sjálfstæði skólans fari að verða lítið úr því. Þetta er atriði, sem ég veit að er mikill þyrnir í augum þeirra, sem að Verslunarskólanum standa. Það mætti kannske segja, ef skólinn yrði hreinlega lagður niður, en ekki yrði byggt neitt upp á nýjum stað, að ríkið ætti kröfu á endurgreiðslu á styrknum. En miðað við það, að byggt verði á nýjum stað, verður útkoman töluvert önnur, og eins og ég sagði áðan, þá mundi það þýða, að á nýjum stað yrðu skólahúsin að langmestum hluta í eigu ríkisins. Eins og ég áðan sagði, gefur auga leið, hvaða áhrif það hefði á sjálfstæði skólans, sem aðstandendur Verslunarskólans leggja megináherslu á.

Ég skal þá víkja að annarri brtt., sem er um það, að ráðh. skipi skólanefndir við þessa skóla og ráðh. skipi einn fulltrúa frá menntmrn. án tilnefningar, aðra eftir tilnefningu eignaraðila. Það er að vísu býsna mikil framför í þessum brtt. frá því, sem fyrst var lagt til í nefndinni, þar sem stungið var upp á þriggja manna skólanefndum og ráðh. skipaði formanninn, en eignaraðilar tilnefndu tvo. Ég lýsti því þá, að mér þætti það alveg furðulegt, að hv. nefndarform. vissi ekki einu sinni, hvernig skólanefnd Verslunarskólans er skipuð, þessarar gömlu menntastofnunar, sem er búin að starfa í nær 70 ár og hefur menntað þúsundir Íslendinga til starfa í viðskipta- og athafnalífinu. Skólanefnd Verslunarskólans, eins og hún er skipuð, gefur nefnilega til kynna, hvert er markmið og stefna þeirra, sem að skólanum standa. Skólanefndin er 5 manna nefnd, og af þessum 5 er einn nm. úr hópi Nemendasambands Verslunarskólans og ann ar úr hópi félaga úr Verslunarmannafélagi Reykjavíkur, en í því félagi mun allur fjöldi meðlima vera fólk, sem hefur hlotið menntun í Verslunarskóla Íslands. Um Nemendasambandið vil ég bæta því við, að það hefur á margvíslegan hátt sýnt mikla umhyggju fyrir skólanum og verið skólanum mikil stoð — og fólk í Verslunarmannafélagi Reykjavíkur einnig. Þarna er fólk, sem er í öllum greinum viðskipta- og athafnalífs, bæði starfsmenn og stjórnendur og framámenn á ýmsum sviðum viðskipta og annarra greina.

Nú er verið að bæta í þessa skólanefnd fulltrúa frá kennurum og fulltrúa frá nemendum, sem er í samræmi við þá stefnu, sem nú er almennt viðurkennd: að gefa þessum aðilum aðild að stjórnun þeirra stofnana eða skólanefndum þeirra stofnana, sem þeir kenna eða nema við.

Ég hlýt að segja það, að ég er algjörlega mótfallin þessari brtt. og ekki síður því, að nú eigi ráðh. að fara að skipa skólanefndirnar, þótt það sé eftir tilnefningu frá eignaraðilum. Það á ekki að haldast, sem verið hefur, að eignaraðilarnir skipi skólanefndirnar. Og varðandi fulltrúa frá menntmrn. í skólanefndirnar, þá sé ég ekki, að það sé nokkur nauðsyn á því. Þessir skólar starfa eftir reglugerð og undir yfirumsjón menntmrn., sem hefur alla möguleika til þess að fylgjast með rekstri þeirra, gefa þeim fyrirskipanir, sem það telur að gera þurfi, og yfirleitt að fylgjast með öllum málefnum skólans, fjárreiðum sem öðrum, enda vil ég minna á það, sem segir um skilyrði fyrir styrkveitinum í frv.

Ég vil taka það fram varðandi skólaráð, sem er í brtt., að það breytir engu fyrir Verslunarskólann, því að slíkt skólaráð hefur starfað þar um langt skeið og hefur gefið, að mér er sagt, ágæta raun.

Þegar verið var að ræða frv. í n. kom það fram, að auk okkar hv. 5. þm. Vestf. voru tveir fulltrúar stjórnarfl. í n., sem lýstu því yfir, að þeir hefðu helst kosið, að frv. færi í gegn óbreytt. Þeir skýrðu frá því, að þeir hefðu haft samband við forráðamenn og aðstandendur Samvinnuskólans og að þeir hefðu einnig óskað eftir eða talið æskilegt, að frv. færi í gegn óbreytt. En hvað kemur til? Ég held, að það sé enginn vafi á því, að ef þessir hv. menntmn.-menn ásamt okkur tveimur hefðu viljað stuðla að því, þá væri ekkert hægara en að fá þetta frv. óbreytt

í gegnum þessa hv. þd. En þarna liggur eitthvað annað að baki. Ég skal ekki segja, hvort það eru eingöngu skoðanir hv. nefndarform., sem þessir ágætu nm. töldu sig knúða til þess að beygja sig undir, eða hvað annað þar ræður.

Ég sé ekki ástæðu til á þessu stigi að hafa fleiri orð um málið, en vil endurtaka það, sem ég reyndar er áður búin að segja, að við hv. 5. þm. Vestf. erum algjörlega andvíg brtt. og leggjum áherslu á, að frv. fari í gegn óbreytt varðandi einkaskólana, þar sem við teljum, að þegar fulltrúar frá eignaraðilum féllust á að starfa í n. til þess að semja frv. um þessa skóla, hafi þeir gert það í trausti þess, að sjálfstæði þeirra yrði varðveitt og menn mundu virða það, þegar málið kæmi til umr. í þinginu.

Frsm. (Ragnar Arnalds): Herra forseti. Í tilefni af orðum hv. 6. þm. Reykv., Auðar Auðuns, *sé ég mig neyddan til að minna á, að með* samþykkt þessa frv. er um að ræða algjöra eðlisbreytingu á starfsemi þessara skóla frá því, sem áður var. Fram að þessu hafa þessir skólar að vísu fengið nokkurn stuðning við rekstur sinn frá ríkisvaldinu, en sá stuðningur hefur verið ólögbundinn og aðeins *hluti af þeim kostnaði*, sem við þessa skóla hefur verið. En hér er um að ræða, að við erum að ákveða lögbundna skyldu ríkisvaldsins til að greiða allan rekstrarkostnað þessara skóla, hvorki meira né minna, og 80% af rekstrarkostnaði heimavistanna. Hér er því um að ræða algjöra eðlisbreytingu á rekstri þessara skóla. Varðandi stofnkostnað þeirra hefur ekkert framlag komið frá ríkinu til byggingar þessara skóla, en nú á ríkið að taka að sér að greiða 80% af stofnkostnaði. Er því ljóst, að einnig á þessu sviði er um algjöra eðlisbreytingu að ræða. Dettur mönnum þá í hug, að eðlisbreyting af þessu tagi hljóti ekki að hafa einhverjar aðrar afleiðingar, að starf þessara skóla verði nákvæmlega hið sama eftir sem áður og afskipti ríkisvaldsins öll með sama frumstæða hættinum og þau áður voru? Segir það sig ekki sjálft, að þegar slík eðlisbreyting verður á rekstri þessara skóla, þá verður líka að gera breytingu á skipan skólanefnda?

Það er út af fyrir sig alveg rétt hjá hv. þm., að ég vissi ekki nákvæmlega, hverjir eiga sæti í skólan. viðkomandi skóla, þó að *ég hefði* að sjálfsögðu nokkra hugmynd um það, að við þessa skóla væru starfandi skólanefndir. En ég taldi, að það væri atriði, sem í raun og veru skipti ekki neinu máli, við yrðum að taka þessa hlið málsins til algjörrar endurskoðunar og meta, hvað væri óhjákvæmilegt, miðað við þessar breyttu aðstæður.

Það er að minni hyggju tómt mál að tala um, að það hafi verið samkomulag í n., sem undirbjó frv., um þetta eða hitt. Þingið verður að meta og vega málið alveg sjálfstætt, átta sig á því, hvort fullnægt er eðlilegum skilyrðum, sem verður að setja. Við getum ekki bara strikað yfir rétt þingsins með því einfaldlega að vísa í, að það hafi verið samkomulag með einhverjum ákveðnum mönnum, sem áttu sæti í ákveðinni n., sem undirbjó frv. Ég fer ekki leynt með það, að ég hefði talið það stórfelld mistök, ef frv. væri samþ. óbreytt. Ég leyni því ekki, að ég hefði talið það nálgast að vera mjög alvarleg mistök. Ég tel óhjákvæmilegt að breyta frv. og leiðrétta þessi mistök, þannig að frv. sé sæmilega úr garði gert.

Ég vil að lokum spyrja hv. þm., hvort það sé skoðun þm., að brtt. okkar við 9. gr. frv. sé óeðlilegar. Er það raunveruleg skoðun þm., að hér eigi að vera um styrkveitingar að ræða upp á kannske tugi millj. á hverju ári, sem verði eign viðkomandi aðila? Þá á ég auðvitað sérstaklega við, að ef þessir skólar færu út í að byggja nýjar skólabyggingar, þá ætti ríkið að afsala sér eignarrétti á því fjármagni, sem það léti af hendi. Hvaða fordæmi væri fyrir því í okkar skólalöggjöf eða yfirleitt í okkar fjármálakerfi? Það væri algjörlega án fordæmis og að sjálfsögðu algjörlega óverjandi. Ég hélt satt að segja, að þær brtt., sem við höfum lagt fram og snerta 9. gr., væru þess eðlis, að allir gætu verið sammála um, að þær væru óhjákvæmilegar og væru fyrst og fremst komnar fram til að afstýra misskilningi. Ég ætlaði því varla að trúa mínum eigin eyrum, þegar ég heyrði, að þm. var að gera því skóna, að það væri eðlilegt að hafa þetta óbreytt og hér yrði um styrkveitingar að ræða *af hálfu ríkisins til skóla, sem reknir* væru af einkaaðilum. Ég vil þá spyrja, hvort það sé skoðun hv. þm., að hvaða aðili sem er geti ákveðið að koma upp skóla og gert kröfu um það til ríkisins að fá 80% af kostnaðinum greiddan úr ríkissjóði. Ég er hræddur um, að það kæmi svipur á menn, ef aðrir aðilar, — því að það eru margir fleiri ágætir aðilar í þjóðfélaginu en Verslunarráð eða samvinnuhreyfingin, sem er auðvitað alveg sérstaklega alls góðs makleg, — það eru margir fleiri aðilar í þjóðfélaginu, sem gætu látið sér til hugar koma að koma upp sérskólum upp á þessi býti. Dettur mönnum þá í hug að skapa hér það fordæmi, að menn ættu kröfu til að fá 80% af byggingarkostnaði þeirra skóla afhentan úr ríkissjóði?

Ég vil að lokum undirstrika það, að þær brtt., sem við höfum lagt hér fram, eru algjörlega óhjákvæmilegar út frá heilbrigðri skynsemi, vegna þess að hér er um eðlisbreytingu á skólunum að ræða. Ég vil mótmæla því, að með þessum brtt. sé verið að skerða sjálfstæði skólanna alvarlega. Hér er ekki um það að ræða. Samkv. frv. er sjálfstæði þessara skóla varðveitt, að svo miklu leyti sem hægt er að tala um, að skólar af þessu tagi geti verið algjörlega sjálfstæðir í þjóðfélaginu. Það geta þeir að sjálfsögðu aldrei verið. Þeir verða að taka tillit til margra laga og margra reglna, sem settar eru til samræmingar, *og þeir verða að sjálfsögðu að beygja* sig fyrir því, að ef þeir hljóta að miklum meiri hluta styrk úr ríkissjóði til rekstrar og til stofnkostnaðar, þá hafi ríkisvaldið einhverja lágmarksmöguleika til þess að fylgjast með því, hvernig því fé er varið. En að það sé verið að skerða sjálfstæði þessara skóla með því, að menntrn. megi skipa einn fulltrúa af kannske fimm fulltrúum í skólanefnd, er að sjálfsögðu algjörlega fráleitt.

Steingrímur Hermannsson: Herra forseti. Hv. 6. þm. Reykv. sagði, að 2 af stjórnarsinnum í n. hefðu lýst þeim vilja sínum, að því er mér

skildist, að frv. færi í gegn óbreytt. Nú tilgreindi hv. þm. að vísu ekki, hverjir þetta væru, en ég kann því illa, ef þetta á við mig a. m. k., og raunar kannast ég ekki við þetta. Ég held, að ég verði að nota það fordæmi, sem þeir sýndu okkur í Sþ. í fyrradag, að vísa í gerðabók n. Þar hygg ég, að þetta sé varla svo skráð þar. Staðreyndin er sú, að ég fyrir mitt leyti hef aldrei orðað nokkurn ágreining við hugmyndir um breyt. á 9. gr., og ég kannast ekki við, að neinn stjórnarsinni í n. hafi gert það. Ég hygg að við höfum allir verið sammála um, að frekari skilyrði væru sjálfsögð, ef þetta mikla framlag ríkisins ætti til að koma.

Ég get getið þess, að ég hef rætt við bæði fulltrúa samvinnumanna og sömuleiðis hringdi til mín einn af mönnum Verslunarráðs, — ég held hann sé í skólanefnd Verslunarskólans, — og ég gat ekki skilið annað en að það væri talið eðlilegt, að bætt væri inn ákvæði um eignaraðild ríkisvaldsins að því, sem fyrir fjármagn þess er byggt.

Um brtt við 10. gr. er það að segja, að við gerðum strax í upphafi þá aths. við þær breyt., sem form. n. setti á blað, að eðlilegra væri að eignaraðilar þarna, sem sagt Verslunarskólinn eða þeir aðilar, sem þar eru eigendur að, og samvinnuhreyfingin, skipuðu form. n. Var strax fallist á að breyta þessu. Á þessu urðu síðar frekari breyt., og ég hygg, að ég hafi átt þar nokkurn hlut að, m. a. eftir fyrrnefnt viðtal mitt við einn af forsvarsmönnum Verslunarskólans, sem sérstaklega lagði áherslu á, að ekki mætti binda með lögum, hvernig skólanefnd þess skóla yrði skipuð, og benti mér á það, sem ég þekkti ekki í smáatriðum, hvernig n. er skipuð. Þar eiga sæti fulltrúar aðila, sem utan við skólann að öðru leyti standa, en hafa þar stórra hagsmuna að gæta. Um þetta ræddum við flm. þessarar brtt., og við urðum á einu máli um, að sjálfsagt væri að ganga til móts við óskir þessara aðila. Er því 10. gr. orðin svo sem hún er nú á þskj. 790 eftir viðræður okkar við þessa aðila og þann ásetning okkar að gera hana þannig úr garði, að allir gætu vel við unað. Ég verð því satt að segja að lýsa undrun minni á því, að hv. þm. skuli ekki geta unað við 10. gr., eins og hún er nú orðin. Þar segir að vísu, að ráðh. skipi skólanefnd, en þar er ekkert ákvæði um, hvað hún skuli vera fjölmenn, og þar er eingöngu sú heimild til ráðh., að hann skipi einn mann í skólanefnd án tilnefningar. Það er því ljóst, að þarna hafa eignaraðilar öll önnur ráð í sinni hendi. Þeir tilnefna alla aðra menn og ráða, að sjálfsögðu í samráði við ráðh., hve fjölmenn n. skuli vera. Hygg ég, að þar verði ekki nein andstaða.

Ég vildi biðja hv. þm. að skoða þetta betur. Mér fannst hv. þm. í ræðu sinni vísa fyrst og fremst til þessara brtt., eins og þær voru á umræðugrundvelli í n., en ég vil leggja áherslu á það, að þær hafa breyst þarna verulega, fyrst og fremst vegna þeirrar viðleitni okkar að ganga eins langt til móts við eignaraðila þessa skóla og unnt er. En ég vil aftur endurtaka það og leiðrétta það, að ég hef fyrir mitt leyti ávallt verið sammála nauðsynlegri breyt. á 9. gr. og talið eðlilegt að endurskoða 10. gr., og ég minnist þess ekki, að ég hafi sagt, að ég kysi helst, að frv. færi í gegn óbreytt.

Auður Auðuns: Herra forseti. Ég skal fyrst víkja að ræðu hv. síðasta ræðumanns og vil lýsa furðu minni á því, ef hv. þm. minnist þess ekki að hafa sagt í n., að hann hefði reyndar frekast kosið, að frv. yrði samþ. óbreytt. Hann man þá kannske ekki heldur eftir því, að ég, eftir að ég hafði heyrt raddir tveggja nm. auk Þorvalds Garðars Kristjánssonar í þessa átt, spurði hvort ekki væri best að ganga til atkv. í n. um það, hverjir vildu samþykkja frv. óbreytt. Það voru fleiri mættir á nefndarfundinum, sem geta borið því vitni, ef á að fara að segja mig fara með ósannindi um þetta.

Það er þá í sambandi við ræðu hv. 4. þm. Norðurl. v., form. menntmn. Hann var að tala um, að það yrði alger eðlisbreyting á þessum einkaskólum tveim með því að lögbinda stuðning ríkisins við þá. Sá stuðningur er fjárhagslegs eðlis, og það er kannske rétt að rifja það upp. Eins og nú er fær Verslunarskólinn fjárveitingu á fjárlögum, hann fær styrk frá Reykjavíkurborg og hann fær skólagjöld frá nemendum. Breytingin, sem þarna verður á, er sú, að það framlag, sem Reykjavíkurborg hefur lagt skólanum, og skólagjöld sem eru innheimt af nemendunum sjálfum, falla yfir á ríkið. Ég verð að benda á, þegar hann talar um, að það sjái allir, hvað þetta sé fráleitt, að aðilar frá menntmrn. sjálfu voru algjörlega sammála um þessi ákvæði frv. Það er þá furðulegt, að hæstv. menntmrh. skuli leggja það fram í þessari mynd. Hv. þm. var að tala um, að það væri verið að ráðgera að strika yfir rétt þingsins. Það dettur engum í hug. Eins og ég sagði áðan, er bæði þeim, sem frv. sömdu, og öðrum ljóst, að það segir enginn þinginu fyrir verkum.

Þá var það varðandi stofnkostnaðinn, — ég skal ekki hafa fleiri orð um skólanefndirnar. Tel ég, að ég hafi í minni fyrri ræðu gert þeirri brtt. full skil og í ræðu hv. formanns hafi ekkert komið fram, sem ég þurfi þar að svara, nema kannske væri það, að hann taldi, að tilnefning eins skólanefndarmanns frá rn. væri nauðsynleg til þess að fylgjast með málefnum skólans. Rn. hefur öll tök á að fylgjast með málefnum skólans og fjárreiðum hans sem öðru og hefur auðvitað hönd í bagga og getur beinlínis mælt fyrir um málefni, þannig að það út af fyrir sig gerir ekki nauðsynlegt, að rn. eigi fulltrúa í skólanefndinni.

En þá var það varðandi byggingarframlögin, sem í frv. er ráðgert að skuli vera styrkir. Ég vék að því í minni fyrri ræðu, að ef slíkur skóli yrði alveg lagður niður, hætt að starfrækja hann, þá væri ekki óeðlilegt, að ríkið vildi fá til baka byggingarstyrk sinn. En ef um það er að ræða, eins og ég minntist líka á í minni fyrri ræðu, að skólinn verði fluttur til og á nýjan stað, þá getur allt annað komið út úr þessu. Þingið hefur svo sannarlega veitt byggingarstyrk mörgum þörfum stofnunum í þjóðfélaginu án þess að binda neinum skilyrðum eignaraðild ríkisins síðar meir, þannig að það út af fyrir sig væri ekkert einsdæmi.

Ég sé ekki ástæðu til að hafa þessi orð fleiri. Mér fannst ég verða að svara nokkru ræðu hv. nefndarformanns og þó fyrst og fremst því í ræðu hv. 1. þm. Vestf., þar sem hann lét að því liggja, að ég hefði farið með ósannindi.

Steingrímur Hermannsson: Herra forseti. Ég vil ógjarnan, að við hv. 6. þm. Reykv. séum skráðir hér sem ósannindamanneskjur, og mér dettur í hug, að ef til vill sé skýring á þessu. Ég vil endurtaka það, að ég hef alltaf, frá því að farið var að tala um breytingar á þessu frv., talið breytingu, sem fram kemur við 9. gr., sjálfsagða, og ég minnist þess ekki, að ég hafi nokkurn tíma lýst annarri skoðun um það.

Hins vegar má vera, að hv. þm. sé að vísa til þess, að ég hef látið þau orð falla um 10. gr. og reyndar hygg ég oftar en einu sinni, að ég gæti fallist á óbreytta skipan skólanefndarinnar, ef um það yrði samkomulag. Ég álít breytinguna við 10. gr. ekki nálægt því eins mikilvæga og við 9. gr. (**AuA:** Var ekki um það samkomulag?) Nei, það varð ekki um það samkomulag, en sem sagt, ég hygg, að hv. þm. muni vera að vísa til þess, sem ég hef sagt um 10. gr. Það getur vel staðist, og reyndar var fyrst og fremst um þá gr. rætt, því að hv. þm. var ákaflega mótfallinn þeirri brtt., sem upphaflega kom fram hjá formanni. Eins og ég sagði áðan, gerðum við einnig aths. við einn lið í þeirri brtt. Hins vegar vil ég endurtaka það, að ég tel að brtt. við 10. gr. sé nú orðin á þann veg, að mér þykir undarlegt, að allir aðilar skuli ekki geta sætt sig við hana. — Ég vona, að þetta skýri málið.

Halldór Blöndal: Herra forseti. Ég vil í upphafi lýsa yfir ánægju yfir því, að í þessu frv. er gert ráð fyrir, að loksins skuli að því komið, að ríkisvaldið sýni einhvern lit á því að veita fólkinu í strjálbýlinu aðstöðu til þess að öðlast viðskiptamenntun. Hér er gert ráð fyrir því í 7. gr., að fyrsti skóli af þessu tagi skuli koma á Akureyri, og er það vissulega góðra gjalda vert, þó að það verði að segjast eins og er, að það er búið að kosta langa baráttu að fá þessu framgengt, og hefði verið skemmtilegra að fá að vita eitthvað nánar um þá uppbyggingu, sem þarna á að fara fram.

Um þær umr., sem hér hafa farið fram, þá get ég ekki séð annað en hér snúist deilan um það, hvort rétt sé, að ríkisvaldið setji puttann í rekstur Verslunarskólans og Samvinnuskólans. Það hefur ekki komið fram, hvorki í ræðu hv. 4. þm. Norðurl. v. né heldur í ræðu hv. 1. þm. Vestf., að þeim aðilum, sem hafa farið með stjórn þessara skóla, sé ekki fullkomlega treystandi til að rækja það áfram. Það er ekki dregið í efa, að þessir skólar hafi verið vel reknir, og það er ekki sýnt fram á, að það sé nein brýn þörf á því að breyta þarna um. Það er ekki það, sem veldur sinnaskiptum þessara tveggja hv. alþm., og ég vísa því algjörlega á bug, að það sé eitthvað óeðlilegt við að samþykkja það frv., sem hér liggur fyrir, óbreytt, eins og frá því er gengið. Ég bendi á í því sambandi, að einn af þeim mönnum, sem sömdu þetta frv., er fyrrv. form. Framsfl., hv. 1. þm. Austf., en það er skýrt tekið fram í aths. við lagafrv., að n. hafi orðið sammála um öll atriði þess. — Ég bið ykkur afsökunar, ég hef mismælt mig. Það, sem ég átti við, er það, að það kemur mér ekki á óvart, þótt það komi úr þessari átt till. um að auka ríkisáhrifin og ríkisvaldið hvar sem er. Það er stefna hv. þm. og þess flokks, sem hann fylgir, að stjórna öllu ofan frá. Ríkið á að hafa puttann alls staðar, og það á helst enginn að fá að gera neitt í þessu þjóðfélagi, án þess að það leggi sinn stimpil á. Nú er ég þeirrar skoðunar, og það hefur oft komið fram, þegar ég hef rætt hér um fræðslu- og skólamál almennt, að ég tel ákaflega gott og hollt fyrir þjóðfélagið, að skólarnir fái að þróast nokkuð með mismunandi hætti. Ég er t. d. algjörlega andvígur þeim hugmyndum, sem nú eru uppi um að setja alla menntaskólana, steypa þá alla í sama formið og með þeim hætti að reyna að koma í veg fyrir, að þessir skólar þróist nokkuð með mismunandi hætti á hinum ýmsu stöðum á landinu. En eins og við vitum, hefur verið pressað á það frá ríkisvaldinu að reyna að steypa þá alla í sama mótið.

Það, sem verið er að gera hér með breyt. á 10. gr., er, að það er verið að lauma þarna inn einum fulltrúa frá menntmrn. og með því að gera það er í raun og veru verið annars vegar að lýsa vissri vantrú á, að þessir aðilar geti stjórnað þessum skólum áfram, eins og þeir hafa gert hingað til, og hins vegar er þarna náttúrlega verið að gefa ríkisvaldinu aðgang að skólunum til þess með þeim hætti að hafa áhrif á rekstur þeirra í sambandi við þá menntun og þá fræðslu, sem þar á að fara fram. Eins og frv. liggur fyrir, er gert ráð fyrir, að rekstur skólanna sé undir eftirliti menntmrn. Það er þess vegna ekki um það að ræða að fylgjast með því, hvernig þessu fjármagni er ráðstafað. Það er ekki það, sem þarna er að baki.

Þetta eru þær ástæður, sem valda því, að ég get ekki fallist á þá brtt., sem þarna er gert ráð fyrir við 10. gr. Ég geri mér reyndar vonir um, að hv. 1. þm. Vestf. fari eftir samvisku sinni í því efni og láti ekki hræra í sér. En ég skildi orð hans svo hér áðan, að hann langaði til þess að samþykkja frv. óbreytt að þessu leyti, ef allir aðrir mundu gera það líka. En það er hægt að greiða atkv. á móti þessari brtt. og fella hana eftir samvisku sinni. Ég vil benda á til rökstuðnings þessu, að ég sé ekki, að ríkisvaldið sé í raun og veru að gefa Verslunarskólanum eða Samvinnuskólanum ákaflega mikið. Það er beinlínis viðurkennt í grg. með þessu frv., að ríkissjóður hafi raunverulega sparað sér stórfé á undanförnum árum með því að veita Verslunarskólanum styrk í fjárlögum í stað þess að taka verslunarmenntunina í sama mæli á sína arma og aðra sérmenntun í landinu. Verslunarskólarnir hafa algjörlega séð um þessa menntun. Þeim hefur farið hún vel úr hendi. Ég álít, að miðað við þá reynslu, sem við höfum af þessum skólum, og miðað við það, að ekkert liggur fyrir um það, að neinar raunverulegar ástæður liggi að baki þeim brtt., sem hér eru lagðar til við 10. gr., þá sé fullkomin ástæða til þess að hafa

þetta óbreytt áfram. Ég get ekki séð, að nein heilbrigð skynsemi mæli með breytingu á ríkjandi ástandi, sem hefur reynst vel nema því fylgi einhver rökstuðningur.

Það er líka algjör misskilningur hjá hv. 4. þm. Norðurl. v., að hér sé um að ræða einhverja algjöra eðlisbreytingu. Hér er ekki um að ræða neina algjöra eðlisbreytingu. Hér er einungis um það að ræða að létta skólagjöldum af þeim nemendum, sem hafa menntað sig í þessum skólum. Og ég tek undir það með hv. 6. þm. Reykv., að eins og skólanefnd Verslunarskólans hefur verið valin, þá hafa þeir menn staðið þar að, sem best og gerst eiga að þekkja til þarfarinnar í þessum efnum í þjóðfélaginu. Skólanefndin er í tengslum við atvinnulífið og hefur eins góða möguleika til þess að fylgjast með breyttum þörfum og nokkur kostur er. Það hefur einmitt lengi verið sérstakt áhugamál mitt og ýmissa annarra manna, sem hafa fengist við skólamál, að stuðla að auknum tengslum skólanna við atvinnulífið og þannig gera þá menntun, sem þar fer fram, lifrænni og meira í samræmi við nauðsynlegar þarfir en raunin hefur orðið á í ríkisskólunum. Það er líka ástæðan fyrir því, að þessir skólar hafa dafnað eins og raun ber vitni. Þeir hafa verið jafneftirsóttir og raun ber vitni vegna þess, að þannig hefur verið haldið á málum. Ég hef ekki þá trú á ríkisvaldinu í þessu efni, að ég sjái neina ástæðu til þess að það eigi þarna fulltrúa. Ríkisvaldið hefur með frammistöðu sinni í skólamálum síður en svo skapað sér einhvern rétt eða einhvern sérstakan trúnað, svo að rétt sé að auka áhrif þess á þá fáu skóla, sem enn eru ómengaðir af áhrifum, sem þar hafa komið víða fram.

Páll Þorsteinsson: Herra forseti. Þeir, sem hér hafa talað um þetta frv., hafa gert svo skýra grein fyrir efnisatriðum málsins, að ég hef þar engu við að bæta og ætla mér ekki að lengja umr. með því að endurtaka neitt af því, sem aðrir hafa sagt. En það hefur komið fram í þessum umr., að þeim, sem talað hafa, ber ekki alveg saman um, hvað fram hafi komið í menntmn. Það er óviðkunnalegt að nm. greini mjög á um þetta, og út af því vil ég segja það, að það er nokkuð langt síðan þessi brtt., sem nú verður væntanlega gengið til atkv. um, voru sýndar og teknar til umr. í menntmn., og þær hafa verið ræddar á allmörgum fundum í n. A. m. k. á einum nefndarfundi sagði ég, að ég hefði getað fallist á að mæla með frv. óbreyttu. Ég er ekki viss um, hvort 1. þm. Vestf. var á þeim fundi, en þetta mun vera ástæðan til þess, að hv. 6. þm. Reykv. hefur haft orð á því, að þetta hafi komið fram í n. Þetta vil ég því staðfesta hér í d. Hins vegar var ég ekki upphaflega flm. að brtt., en þær lágu fyrir og voru fluttar inn í n. af öðrum, og við skýrðum frá því, bæði ég og hv. 1. þm. Vestf., að við hefðum tekið þær til athugunar og haft samráð við þá, sem að Samvinnuskólanum standa, um málið, og að því athuguðu lýstum við því yfir, að við gætum fallist á brtt. í því formi, sem þær eru nú orðnar. Ég veit, að allir, sem starfa í hv. menntmn., vilja í raun og sannleika hafa það sem sannast reynist, og þess vegna þykir mér rétt að taka þetta fram, til þess að það liggi ljóst fyrir, hvernig ég hef staðið að þessu í nefndinni.

Auður Auðuns: Herra forseti. Ég vil þakka hv. 3. þm. Austf. fyrir, að hann hefur staðfest, að það var rétt, sem ég sagði. Það, sem hann mundi ekki, en ég man glöggt, var, að hann og hv. 1. þm. Vestf. voru báðir saman á þessum fundi. Ég skal svo ekki karpa meira um það. Ég held, að það liggi nokkuð ljóst fyrir, hvað rétt sé í því máli.

Ég vil aðeins, áður en umr. lýkur, segja það, að verði þessar brtt. samþykktar, mun ég taka til athugunar að flytja brtt. við frv. við 3. umr., og enn fremur vildi ég þá gjarnan koma á framfæri nokkrum spurningum til hæstv. menntmrh., sem ég vona, að verði þá viðstaddur umr.

ATKVGR.

1. gr. samþ. með 17 shlj. atkv.
2.—8. gr. samþ. með 17 shlj. atkv.
Brtt. 790,1 (ný 9. gr.) samþ. með 11:6 atkv
— 790,2 (ný 10. gr.) samþ. með 11:6 atkv.
11.—12. gr. samþ. með 11 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 12 shlj. atkv.

Efri deild, 115. fundur.

Fimmtudaginn 2. maí, að loknum 114. fundi.

Undirbúningsfélag fiskkassaverksmiðju, frv. (þskj. 293). — 3. umr.

Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði samþ. með 12 shlj. atkv.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 13 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 840).

Neðri deild, 118. fundur.

Fimmtudaginn 2. maí, kl. 2 miðdegis.

Varamaður tekur þingsæti.

Forseti (Gils Guðmundsson): Mér hefur borist svo hljóðandi bréf:

„Alþingi, 1. maí 1974.

Til forseta Nd.

Þar sem ég undirritaður er á förum til útlanda í opinberum erindum og get ekki sótt þingfundi á næstunni, leyfi ég mér með skírskotun til 138. gr. l. um kosningar til Alþingis að æskja þess, að 1. varamaður Framsfl. í Norðurl. e., Ingi

Tryggvason bóndi á Kárhóli, taki sæti á Alþingi í minn stað nú um sinn.

Virðingarfyllst,
Ingvar Gíslason, 1. þm. Norðurl. e.“

Ingi Tryggvason bóndi á Kárhóli hefur áður tekið sæti á Alþingi á þessu kjörtímabili, og hefur rannsókn á kjörbréfi hans farið fram. Býð ég hann velkominn til starfa og vil jafnframt biðja hann að gegna fyrir mig skrifarastörfum um sinn í fjarveru skrifara, ef hann vildi gera svo vel.

Launasjóður rithöfunda, frv. (þskj. 729). — Frh. 1. umr.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 29 shlj. atkv. og til menntmn. með 29 shlj. atkv.

Aflatryggingasjóður sjávarútvegsins, frv. (þskj. 740). — Frh. 1. umr.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 31 shlj. atkv. og til sjútvn. með 28 shlj. atkv.

Þjónustustarfsemi, frv. (þskj. 767). — Frh. 1. umr.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 32 shlj. atkv. og félmn. með 31 shlj. atkv.

Verkfræðingar, frv. (þskj. 749). — Frh. 1. umr.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 31 shlj. atkv. og til menntmn. með 30 shlj. atkv.

Hússtjórnarskólar, frv. (þskj. 755). — Frh. 1. umr.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 26 shlj. atkv. og til menntmn. með 27 shlj. atkv.

Umræður utan dagskrár.

Gylfi Þ. Gíslason: Herra forseti. Á fundi utanrmn. í fyrradag bar ég fram þá ósk, að þau skjöl, þau bréfaskipti, sem farið hefðu á milli rn. og sendiráðs Þýska alþýðulýðveldisins á Íslandi, yrðu birt, — bréfaskipti, sem farið hefðu á milli um þau áhafnaskipti, sem ríkisstj. Íslands leyfði á sínum tíma, að fram færu á Austur-þýskum togurum, og mjög hafa verið til umr. undanfarið hér á hinu háa Alþ. og í fjölmiðlum og meðal þjóðarinnar. Ég endurtók þessa ósk á fundi í Sþ. í umr., sem urðu utan dagskrár í fyrradag. Hæstv. utanrrh. tók því vel að verða við þeirri ósk.

Ég hefi nú í morgun fengið ljósrit af þessum bréfaskiptum. Þau varpa nýju ljósi á þetta mjög svo umrædda og mikilvæga mál og því miður mjög myrku ljósi, — ekki daufu ljósi, heldur mjög alvarlegu ljósi, sem sýnir, að öll viðhorf í þessu máli eru önnur en þing og þjóð hafa haldið og málið allt mun alvarlegra.

Hinn 25. febr. sendir sendiráð Þýska alþýðulýðveldisins á Íslandi utanrrn. eftirfarandi bréf, með leyfi hæstv. forseta:

„Sendiráð Þýska alþýðulýðveldisins á Íslandi vottar íslenska utanrrn. virðingu sína og leyfir sér að leita samþykkis þess fyrir því, að mega í mánuðunum apríl og maí 1974 skipta á 3—4 áhöfnum, 255 sjómönnum, á úthafsflota Þýska alþýðulýðveldisins. Ef íslenska utanrrn. veitir samþykki sitt, mun Interflug í Þýska alþýðuveldinu sjá um þrjár flugferðir, hinn 12.—13. apríl, 23.—24. apríl og 3.—4. maí 1974. Sendiráð Þýska alþýðulýðveldisins væri mjög þakklátt utanrrn. Íslands fyrir upplýsingar um, hvort það samþykkir áhafnaskiptin í Reykjavík. Ef leyfið verður veitt, mun fulltrúi Interflug og VVB Hochseefischerei koma til Reykjavíkur til þess að skýra viðskiptahlið og tæknihlið málsins. Sendiráð Þýska alþýðulýðveldisins notar þetta tækifæri til þess að fullvissa íslenska utanrrn. enn á ný um fyllstu virðingu sína.“

Svo mörg voru þau orð. Þetta er fyrsta bréfið. Ég vek athygli á því, að þýska sendiráðið sækir um leyfi til þess að mega skipta á 3—4 áhöfnum á úthafsflota þýska alþýðulýðveldisins. Utanrrn. sendir þetta bréf til umsagnar samgrn. og sjútvrn. Samgrn. sendir bréfið til umsagnar flugmálastjórnar. Sú umsögn er þannig, með leyfi hæstv. forseta:

„Með tilvísun til viðtals við hr. Ólaf Steinar Valdimarsson í dag varðandi umsókn frá Alþýðulýðveldinu Þýskalandi um leiguflug til Íslands, skal tekið fram, að frá hálfu flugmálastjórnarinnar er ekkert því til fyrirstöðu, að leyfið verði veitt. Þar sem í umsókninni er óskað lendingar á Reykjavíkurflugvelli, án þess að tilgreind sé tegund flugvélar, sem nota á, gæti verið um takmarkanir að ræða vegna brautarlengdar og burðarþols. Reglugerð nr. 107 1972 um komu, brottför og yfirflug flugfara í millilandaflugi yfir íslensku yfirráðasvæði, 9. gr., skýrir frá forsendum til leyfisveitinga fyrir loftför, sem skráð eru í ríkjum, sem ekki eru aðilar að Chicago-sáttmálanum.“

Á grundvelli þessarar umsagnar svarar samgrn. með þessu örstutta bréfi, enn með leyfi hæstv. forseta:

„Með vísun til bréfs utanrrn., dags. 27. f. m., varðandi lendingarleyfi á Reykjavíkurflugvelli, sendir rn. hér með ljósrit af umsögn flugmálastjóra ásamt fylgiskjali. Rn. fellst fyrir sitt leyti á þá niðurstöðu flugmálastjóra, að ekkert sé því til fyrirstöðu að veita umrætt leyfi, en vekur athygli á, að þar sem upplýsingar vantar um flugvélategundina, liggur ekki ljóst fyrir, hvort mögulegt er að nota Reykjavíkurflugvöll.

Ég vek athygli á, að þessi umsögn er tæknilegs eðlis varðandi hvar flugvélin geti lent.“

Sjútvrn. svarar utanrrn. með bréfi, dags. 21. mars 1974. Það bréf hljóðar svo, með leyfi hæstv. forseta:

„Með tilvísun til fylgibréfs utanrrn., dags. 19. mars 1974, dagbók 65 A 42,“ — en þetta fylgibréf er umsókn sendiráðs Þýska alþýðulýðveldisins, sem ég las áðan, — hún er send sjútvrn. með bréfinu, sem biður um umsögn, og þess vegna segir sjútvrn.: „Með tilvísun til fylgibréfs utanrrn., dags. 19. mars 1974, varðandi lendingarleyfisumsókn Austur-Þjóðverja í því skyni að skipta um áhafnir á úthafstogurum, staðfestir rn. samþykki sitt við því, að umrætt leyfi verði veitt í þau þrjú skipti, sem tilgreind eru í bréfi sendiráðs Þýska alþýðulýðveldisins frá 25. febr. 1974.“

Ég vek athygli á því, að sjútvrn. mælir með því, að austur-þýskum stjórnvöldum verði veitt leyfi til að skipta um áhafnir á úthafstogurum almennt. Það fer ekki á milli mála.

Að fengnum þessum tveimur umsögnum skrifar utanrrn. þýska sendiráðinu á þennan veg, með leyfi hæstv. forseta:

„Utanrrn. vottar sendiráði Þýska alþýðulýðveldisins virðingu sína. Með tilliti til orðsendingar sendiráðsins frá 25. febr. 1973, þar sem beðið er um flug- og lendingarrétt í Reykjavík fyrir 3 flugvélar frá Interflug, flugfélagi Þýska alþýðulýðveldisins, til þess að skipta um áhafnir á vissum skipum, hefur rn. þann heiður að skýra sendiráðinu frá því, að leyfið hefur verið veitt í grundvallaratriðum. Hér með fylgja nauðsynlegar upplýsingar um Reykjavíkurflugvöll. Nákvæmar upplýsingar um fyrirhugað flug er nauðsynlegt að fá sem fyrst. Rn. notar þetta tækifæri til þess að votta enn á ný sendiráði þýska alþýðulýðveldisins fyllstu virðingu sína.“

Ég vek athygli á því, að leyfi utanrrn. er til þess að skipta um áhafnir á austur-þýskum úthafstogurum án nokkurrar takmörkunar.

Þessu bréfi svarar sendifulltrúi Þýska alþýðulýðveldisins með bréfi 26. mars eða 5 dögum síðar:

„Ég viðurkenni með þökkum móttöku orðsendingar yðar nr. 3. Um leið og ég vísa til símasamtals okkar í gær, þykir mér leitt að þurfa að tjá yður, að flugvélar af gerðinni IL-18, sem geta flutt um það bil 90 farþega, geta hvorki lent né hafið sig til flugs á Reykjavíkurflugvelli. Þess vegna fer ég vinsamlega þess á leit, að leyfinu verði breytt á þann veg, að það veiti rétt til lendingar á Keflavíkurflugvelli í stað Reykjavíkurflugvallar. Ég væri mjög þakklátur, ef þér veittuð mér svar sem fyrst, þannig að fulltrúi Interflug gæti hafið viðræður við flugvallarstjórann á Keflavíkurflugvelli. Ég vona, að ákvörðun yðar liggi fyrir á morgun.“

Strax daginn eftir svarar utanrrn. með eftirfarandi bréfi:

„Utanrrn. vottar sendiráði Þýska alþýðulýðveldisins virðingu sína og leyfir sér að vitna til orðsendingar sendiráðsins frá 26. mars 1974, þar sem leitað er lendingarleyfis í Keflavík fyrir IL-18 flugvélar í sambandi við áhafnaskipti á togurum úr fiskveiðiflota Þýska alþýðulýðveldisins. Þótt íslensk yfirvöld séu í grundvallaratriðum andvíg því að veita lendingarleyfi í áðurnefndu skyni, er leyfið veitt sem undantekning fyrir þrem löndunum í Reykjavík 12.—13. apríl, 23.—24. apríl og 3.—4. maí 1974. Það er skoðun íslensku flugmálastjórnarinnar, að skilyrði séu á Reykjavíkurflugvelli til lendingar og flugtaks fyrir IL-18 flugvélar. Eins og tekið er fram í orðsendingu rn. 21. mars 1974, er farið fram á nákvæmar upplýsingar um flugvélarnar á flugi, sem beðið er um leyfi fyrir. Rn. notar þetta tækifæri til þess að fullvissa sendiráð Þýska alþýðulýðveldisins um fyllstu virðingu sína.“

5 dögum seinna eða 2. apríl fer eftirfarandi bréf frá utanrrn. til sendifulltrúa þýska alþýðulýðveldisins:

„Utanrrn. vottar sendiráði þýska alþýðulýðveldisins virðingu sína og vísar til orðsendingar rn. nr. 5, dags. 27. mars 1974, og til samtals 1. apríl milli ráðuneytisstjóra þessa rn. og sendifulltrúa þýska alþýðulýðveldisins varðandi lendingarrétt fyrir IL-18 flugvélar í Keflavík í sambandi við áhafnaskipti á togurum úr fiskveiðiflota Þýska alþýðulýðveldisins. Ákvörðun hefur nú verið tekin um að leyfa sem undantekningu 3 landanir IL-18 flugvéla í Keflavík 12.—13. apríl, 23.—24. apríl og 3.—4. maí með því skilyrði, að nákvæmar upplýsingar um flugvélarnar og flugið verði látnar í té á venjulegan hátt. Þessa leyfisveitingu ber ekki að skilja sem vilyrði fyrir frekari lendingarleyfum til þess að skipta um áhafnir á togurum. Rn. notar þetta tækifæri til þess að votta enn á ný sendiráði Þýska alþýðulýðveldisins fyllstu virðingu sína.“

Ég vek athygli á því, að þetta endanlega leyfi utanrrn., dags. 2. apríl, leyfir áhafnaskipti á togurum úr fiskveiðiflota Þýska alþýðulýðveldisins án nokkurrar takmörkunar.

Hinn 29. apríl skrifar sjútvrn. utanrrn. að síðustu bréf, eftir að það er komið í ljós, að þeir togarar, sem veiða í móðurskipið, sem tvívegis hefur komið til þess að skipta um áhafnirnar, hafi verið að veiðum við Ísland, — eftir að það er upplýst af íslensku landhelgisgæslunni nú fyrir nokkrum dögum, eins og rætt hefur verið um hér á hinu háa Alþ. oftar en einu sinni, — skrifar sjútvrn. utanrrn. eftirfarandi bréf:

„Þar sem orðrómur hefur verið um það, að fiskveiðifloti Þýska alþýðulýðveldisins, sem fengið hefur loforð um lendingarleyfi þriggja flugvéla hér á landi í sambandi við mannaskipti á úthafsveiðiflota, muni e.t.v. stunda veiðar á fiskimiðum við Grænland, þá óskar sjútvrn. eftir því, að leitað verði þegar í stað eftir yfirlýsingu fulltrúa Þýska alþýðulýðveldisins hér á landi um það, að þann tíma, sem umrædd mannaskipti fara fram hér, stundi floti þeirra fiskveiðar á Kanada- og Nýfundnalandsmiðum, en hvorki á Íslands- né Grænlandsmiðum. Fáist ekki slík yfirlýsing, leggur sjútvrn. til, að lendingarleyfi verði þegar í stað afturkölluð, enda var umsögn rn. um mannaskiptin byggð á upplýsingum um, að hér væri eingöngu um að ræða veiðar á Kanada- og Nýfundnalandsmiðum og upp í fastákveðinn kvóta af fiski.“

Ég vek athygli á því, að hér er talað um orðróm um, að fiskveiðiflotinn sé á fiskimiðum við Grænland. Þegar þetta bréf barst í utanrrn. kl. 5 í fyrradag, þá lá fyrir vitneskja frá

Landhelgisgæslunni um, að togararnir væru við veiðar nær Íslandi en Grænlandi, þ. e. a. s. á Íslandsmiðum. Ég vek enn fremur athygli á því, að utanrrn. er beðið um að leita upplýsinga hjá þýska sendifulltrúanum um málið, en ekki hjá Landhelgisgæslunni. Í bréfinu segir enn fremur, — ég vek í þriðja og síðasta lagi athygli á því, — að umsögn rn. hafi verið „byggð á upplýsingum um, að hér væri eingöngu um að ræða veiðar á Kanada- og Nýfundnalandsmiðum og upp í fastákveðinn kvóta af fiski". En eins og ég hef rakið í fyrri bréfaskiptum, var upphafleg beiðni austur-þýskra stjórnvalda um leyfi til að skipta um áhafnir á úthafstogurum almennt og leyfi utanrrn. að fengnum meðmælum sjútvrh. til þess að skipta um áhafnir á þýskum úthafstogurum almennt, en ekki bundið við veiðar á neinum sérstökum hafsvæðum.

Herra forseti. Að síðustu vil ég aðeins segja þetta. Ég tel þing og þjóð eiga rétt á þessum upplýsingum, því að þær eru aðrar en áður höfðu verið gefnar bæði þingi og þjóð. Staðreyndir málsins eru aðrar en þing og þjóð hefur að fengnum upplýsingum frá stjórnvöldum talið, að væri sannleikurinn í málinu. Þessi bréf varpa skýru ljósi á allar staðreyndir málsins. Það gerir það að verkum, að málið allt verður að líta mjög alvarlegum augum. Staðreyndir málsins eru þessar:

1) Austur-Þjóðverjar sóttu ekki um leyfi til að skipta um áhafnir á togurum, sem stunda veiðar á Kanada- og Nýfundnalandsmiðum, eins og þing og þjóð hefur verið sagt frá, heldur til að skipta um áhafnir á úthafstogurum Þýska alþýðulýðveldisins almennt.

2) Í meðmælum sjútvrn. eru ekki sett nein skilyrði um, að leyfið skuli bundið við áhafnaskipti á skipum, sem stunda veiðar við Kanada eða Nýfundnaland.

3) Leyfi utanrrn. er ekki bundið við áhafnaskipti á slíkum skipum, heldur tekur almennt til togara í úthafsflota Austur-Þjóðverja, eins og sótt var um, þ. e. a. s. eiga jafnt við um togara, sem stunda veiðar við Kanada, Nýfundnaland, Noreg, Grænland og Ísland.

4) Nú er upplýst, að skipt hefur verið um áhafnir á Austur-þýskum togurum, sem stundað hafa og stunda nú veiðar á miðum við Ísland.

5) Það var auðvitað skylda sjútvrh. að vera á verði um íslenska hagsmuni í þessu efni. Þessari skyldu hefur sjútvrh. brugðist á hinn hörmulegasta hátt. Hér er um að ræða mjög alvarleg og óafsakanleg afglöp. Í nálægum löndum mundi ráðherra, sem orðið hefði slíkt á, segja af sér eða forsrh. biðja um lausn fyrir hann.

Ég lýk þessum orðum mínum, herra forseti, með því að beina þeirri áskorun til sjútvrh., að hann taki afleiðingum mistaka sinna og segi af sér af þessu tilefni. Geri hann það ekki, tel ég, að forsrh. eigi að biðja um lausn fyrir hann.

Sjútvrh. (Lúðvík Jósepsson): Herra forseti. Það er nú svo með hv. 7. þm. Reykv., að ég má varla víkja mér hér úr d., svo að hann sé ekki kominn hér upp og farinn að tala á bakið á mér, í hvert og eitt einasta skipti. Ég var að tala í máli Ed., og þá var hann auðvitað kominn hér upp og byrjaður að lesa mér lesturinn. Honum dugar ekki að ræða við mig um tiltekið mál í sjónvarpi eða útvarpi, og þó að hann beri sig illa eftir slíkt samtal, sé ég ekki ástæðu til, að hann þurfi að vera hér í pontunni á hverjum degi og segja hér alltaf sömu fjarstæðuna. Það er rétt, að ég fái ástæðu til að rifja upp enn einu sinni gang þessa máls, af því að það, sem hv. 7. þm. Reykv. segir, er í rauninni alrangt.

Hér er ekki um það að ræða, að sjútvrn. hafi verið að veita einum eða neinum leyfi, heldur er um það að ræða, að utanrrn. leitar til sjútvrn. og biður um umsögn um, hvort það hafi við það að athuga, að 3 tilteknar flugvélar lendi með skipshafnir á Reykjavíkurflugvelli, eins og beiðnin kom upphaflega fram. Eftir að sjútvrn. hafði aflað sér upplýsinga um, að hér væri um það að ræða, að þessi austur-þýski floti væri að veiða á Nýfundnalandsmiðum upp í tiltekinn aflakvóta, skrifaði sjútvrn. það bréf, sem ég hef lesið upp áður og hv. þm. var að enda við að lesa nú, enn einu sinni, — þá skrifuðum við utanrrn. það bréf og sögðum, að við hefðum ekkert við þetta að athuga.

Þá kemur spurningin: Eru þær upplýsingar, sem við höfum fengið um það, að þessi floti hugsaði sér að stunda veiðar við Nýfundnaland og Kanada, réttar eða rangar?

Það kom hér allítarleg frétt, sem höfð var eftir sendifulltrúa Þýska alþýðulýðveldisins í útvarpi og sjónvarpi, og það kom einnig fram í umr. hér á Alþingi, að þær upplýsingar hefðu verið gefnar, að þessi skip stunduðu veiðar við Nýfundnaland og stundum veiddu þau einnig við Noreg. Það hafði ég reyndar ekki heyrt minnst á fyrr en við umr. hér á Alþingi. Umsögn okkar í sjútvrn. um þessa fsp. byggðist á þessum upplýsingum, sem við höfðum fengið, að hér væri um að ræða mannskipti á skipum, sem ættu að veiða upp í tiltekinn kvóta á Nýfundnalandsmiðum. Þetta voru því nákvæmlega sömu upplýsingar, sem við byggðum umsögn okkar á, og aðrir höfðu fengið, bæði útvarp og sjónvarp, og greindu frá þeim, þegar skipið kom hingað, og einnig komu fram á Alþingi í umr. um málið. Við veittum ekki leyfi og settum því hvorki eitt né neitt skilyrði fyrir leyfisveitingunni. En hitt var alveg ljóst, að okkar umsögn byggðist á þessu, eins og ég tók fram á Alþingi, um leið og hér var minnst á málið.

Um leið og við heyrðum, að það væri uppi frétt um, að það skip, sem hafði komið hingað til þess að sækja þessar skipshafnir, væri með fiskiskipaflota vestur af Vestfjörðum, 90—100 mílur þar frá landi, en sagt var frá því í hádegisútvarpi, að þetta væri talið, en hins vegar hefði Landhelgisgæslan ekki haft aðstöðu til þess þá að kanna þetta vegna dimmviðris, — um leið og ég heyrði þetta í hádegisútvarpi, skrifaði ég heima hjá mér bréf það, sem hér hefur verið lesið upp, bæði af mér og nú aftur af hv. 7. þm. Reykv., og afhenti það sendli úr rn., sem kom hingað niður í Alþ. til þess að sækja þetta handrit mitt, rétt upp úr kl. 2, og ráðuneytisstjórinn skrifaði bréfið og sendi það til utanrrn., sem hv. 7. þm. Reykv. segir, að hafi fengið bréfið kl. 5 Ég stend að vísu ekki þannig yfir mínum starfsmönnum, að ég geti gætt þess nákvæmlega, á

hvaða klukkustund þeir afhenda bréf, en það var a. m. k. löngu áður en þessi hv. þm. eða aðrir, gerðu vart við sig í þessu máli í sambandi við þessa nýju frétt. Við heyrðum hana og brugðumst fljótt við, vegna þess að við höfðum byggt okkar umsögn á ákveðnum upplýsingum sem lágu fyrir, og voru þær sömu og aðrir höfðu fengið.

Nú er auðvitað rétt að athuga það einnig í þessu máli, sem reynt er hér að gera úr afar stórt mál, — ég hef bent á það áður, að hér er auðvitað um fádæma lítið mál að ræða og aðeins fyrir litlar sálir að þjóta upp út af, — að það lá opið fyrir og liggur opið enn fyrir Austur-Þjóðverja að hafa sama hátt á og Bretar hafa og Vestur-Þjóðverjar hafa, að senda þessa skipshöfn sína með farþegaflugvélum, sem fljúga hingað til Íslands, — við höfum engin lög til að banna þeim að senda þessa menn hingað, — eins og Bretar senda iðulega sjómenn til að fylla í skarðið á sínum skipum, þegar svo stendur á hjá þeim. Í staðinn fyrir það, að skipshöfnin er send með leiguflugi, gátu þessir sjómenn komið með áætlunarflugvélum hingað og geta það enn. Við höfum heldur engin lög til þess að banna þeim að stíga um borð í skip, sem hingað kemur. Vegna þessa er auðvitað alveg augljóst, að það er minni háttar stigsmunur á því, hvort þessir sjómenn koma með áætlunarflugvélum eða leiguflugvél í þessu tilfelli. En ekki nóg með það.

Svo er verið að tala um veiðar þessara skipa, sem eiga sér stað langt fyrir utan okkar landhelgi, 90—100 mílur vestur af landinu, eins og gefið hefur verið upp, eða langt fyrir utan venjulegar fiskislóðir okkar. Þessi floti hefur verið þarna að veiðum, eins og reyndar oft áður, að erlendur floti hefur tekið þátt í veiðum á þessum slóðum, þar sem þeir eru að veiða grálúðu. Ekki getum við amast við því í sjálfu sér eða sagt eitt eða neitt við því, þó að þessi floti sé að veiða þarna. Við höfum ekki vald til þess. Þessi sami floti hefur hins vegar viðurkennt það, — meira en það, sem aðrir hafa gert, — að hann fer í einu og öllu eftir okkar landhelgisreglum, hann veiðir ekki innan 50 mílnanna og hefur virt þær frá upphafi, á sama tíma og aðrir fiskveiðiflotar, eins og t. d. fiskveiðifloti Vestur-Þjóðverja, stunda hér ólöglegar veiðar innan 50 mílnanna víðs vegar í kringum landið. Það er ekkert stórmál hjá hv. 7. þm. Reykv. Hann þarf meira að segja að koma því inn í sína ræðu, að það sé mikill munur á því, að þeirra skip séu af venjulegri gerð. En auðvitað er það stórmál að reyna að hnekkja því, að þeir brjóti okkar lög. Hitt er ekki jafnmikið stórmál, þó að þeir, sem virða okkar lög, veiði á hafinu þar fyrir utan.

Eins og ég hef sagt, var það okkar skoðun, að það væri með öllu ástæðulaust að standa á nokkurn hátt í vegi fyrir því, að þeir gætu fengið hér lendingarleyfi fyrir 3 flugvélar í þessu tilfelli, fyrst upplýsingar lágu fyrir um það, að veiðarnar væru stundaðar á fjarlægum miðum og veiðar upp í kvóta, þar sem við gátum engin áhrif haft á. (**Gripið fram í**: Hvaðan voru þær upplýsingar?) Frá Austur-Þjóðverjum sjálfum hér, sem ræddu við fulltrúa frá okkur. Það voru þeirra menn, sem gáfu þetta upp, alveg eins og þeir gáfu þetta upp til Ríkisútvarpsins. En hitt er svo annað mál, að það voru ekki sett nein sérstök skilyrði, hvorki af okkur né öðrum, í þessu sambandi. Það má vel vera, að utanrrn. hefði átt að setja þarna miklu stífari skilyrði. En hér gat vitanlega ekki verið um að ræða neitt stórmál. Og þessu er aðeins ausið hér upp í sambandi við óvild til þeirrar þjóðar, sem hér á hlut á máli, og svo til að reyna að koma höggi á mig, sem alls ekki hef veitt neitt leyfi. Við höfum aðeins veitt tiltekna umsögn um það, sem við vorum spurðir um, og á ákveðnum grundvelli. Það vorum einmitt við, sem brugðumst fyrstir og hraðast við, þegar við heyrðum, að þær upplýsingar, sem við hefðum fengið, hefðu ekki verið nægilega nákvæmmar. Þá vorum það við, sem lögðum til, að leyfinu yrði kippt til baka. En líklega vegna þess, að við höfum tekið þessa afstöðu, þá kemur hv. 7. þm. Reykv. hér upp og segir, að ég eigi að segja af mér, hér sé hneykslismál á ferðinni.

Mér er vel kunnugt um það, og það hefur reyndar komið hér fram í umr. áður, að sú beiðni, sem lá fyrir í stuttu bréfi frá Austur-Þýskalandi, var almenns eðlis, að þeir óskuðu eftir að fá lendingarleyfi hér fyrir 3 flugvélar til þess að skipta um áhafnir á þessum úthafsflota sínum. Það hefur verið upplýst áður og ekkert nýtt, en ég hygg, að flestir viðurkenni, að það hefði verið talið mjög óeðlilegt, ef við hefðum mælt gegn því, að þessar flugvélar fengju hér lendingarleyfi, þegar við það var miðað, að þessi skip stunduðu veiðar mjög fjarri okkur. En eins og ég hef upplýst hér á Alþingi, var þetta sjónarmið okkar byggt á ákveðnum forsendum. Um leið og við heyrðum, að þær forsendur voru ekki haldnar, þá vorum það við, sem lögðum til, að leyfið yrði afturkallað. Hitt er mér ljóst, að þeir geta haldið áfram þessum veiðum, án þess að við komum þar nokkru valdi við. Þeir geta sent sína sjómenn hingað, eins og Bretar og Vestur-Þjóðverjar hafa gert, við höfum þar ekkert vald á móti, og þeir geta stundað veiðar 90—100 mílur frá landi, án þess að við höfum nokkurt vald til að stöðva þær. Þetta er aðalatriði málsins.

Ég hef ekki á móti því á neinn hátt, að öll gögn þessa máls séu athuguð. Það eru ekki mörg bréf, sem hafa farið á milli hjá okkur, það liggur alveg skýrt fyrir. Þessi eina umsögn okkar, sem gefin var 21. mars, þegar þetta hafði borist okkur, var afar stutt, hún hljóðaði þannig:

„Með tilvísun til fylgibréfs utanrrn., dags. 19. mars 1974, varðandi lendingarleyfisumsókn Austur-Þjóðverja í því skyni að skipta um áhafnir á úthafstogurum, staðfestir ráðuneytið samþykki við því, að umrætt leyfi verði veitt í þau þrjú skipti, sem tilgreind eru í bréfi sendiráðs Þýska alþýðulýðveldisins frá 25. febr. 1974.“

Þetta var allt og sumt, sem við gerðum. En eins og ég hef sagt, gerðum við þetta, eftir að okkur höfðu borist upplýsingar um það, að flotinn ætlaði sér að veiða á þennan hátt. Og vegna þess að hv. 7. þm. Reykv. er mjög gjarnt að vilja halda því fram sérstaklega, að ég sé að segja ósatt, þá vitna ég til þess, að það hefur

komið fram, að aðrir höfðu fengið nákvæmlega sömu upplýsingar og við um þetta og hafa birt sínar skýrslur um það. En við höfðum ekkert beint samband við veitingar á þessum leyfum, heldur aðeins ræddum við fulltrúa, sem gaf þessar upplýsingar fyrir þeirra hönd, og það var á því, sem við byggðum okkar umsögn.

Gylfi Þ. Gíslason: Herra forseti. Mér duga aðeins örfá orð. Þetta alvarlega mál er upplýst að fullu. Afglöp hæstv. sjútvrh. eru afhjúpuð. Ég endurtek, að þau eru svo alvarlegs eðlis, að hann á að segja af sér eða að öðrum kosti forsrh. að biðja um lausn fyrir hans hönd. Ræða hans áðan var aumlegur kattarþvottur. Hann byrjaði að kvarta yfir því, að hann hafi ekki verið við, þegar ég hóf mál mitt. Sannleikurinn var sá, að ég gerði honum ekki sérstaklega viðvart, vegna þess að í fyrradag gerði sjónvarpið tilraun til að tala við okkur báða um þetta mál, og þá neitaði hann að eiga viðtal í sjónvarp ásamt mér um málið. Ég hafði fulla ástæðu til að halda, að hann mundi neita að koma hingað, ef ég segði honum frá því, að ég ætlaði að vekja máls á þessu máli hér.

Hæstv. ráðh. getur ekki borið á móti því, enda gerir hann það ekki, að auðvitað hafði hann lesið umsókn sendiráðs Þýska-alþýðulýðveldisins. Hann vissi, að hún var um almennt leyfi til áhafnaskipta á almennum úthafstogurum Austur-Þjóðverja. Hann reynir að verja sig með því, að hann hafi fengið upplýsingar einhvers staðar að um það, að togararnir væru að veiðum við Kanada og Nýfundnaland, og hann vitnaði í það, að austur-þýskir fulltrúar hefðu sagt frá því hér í fjölmiðlum, að skipin hafi þá verið að veiðum við Nýfundnaland og Kanada. En ég vil benda á það, að sendifulltrúi Austur-Þjóðverja sjálfur hefur líka sagt við fjölmiðla, að á þessum árstíma, á núv. árstíma séu skip venjulega á veiðum fyrir vestan Ísland. Ég hef fulla ástæðu til þess að halda, að hæstv. ráðh. hafi ekki fengið sínar upplýsingar frá sendifulltrúanum sjálfum, en skal þó ekki ræða frekar um það mál, nema alveg sérstakt tilefni gefist til.

Hæstv. ráðh. er að gera það að kjarna málsins, að hann hafi ekki veitt leyfið, það sé utanrrh. sem hafi veitt leyfið. Þarna er hæstv. ráðh. líkur sjálfum sér. Þegar hann tekur ranga ákvörðun, þegar hann gerir rangt, þá reynir hann að koma ábyrgðinni af því yfir á aðra. Það er lítilmannlegt. Hann segir, hæstv. ráðh., að hér sé um lítið mál að ræða. Ég get fullyrt, að íslenskir sjómenn líta öðruvísi á málið. Þeir telja hér um stórmál að ræða. Íslenska þjóðin telur hér um stórmál að ræða. Athyglisverðast af öllu er þó það, sem ég lýk þessum fáu orðum mínum með, að það er augljóst, að ráðh. ver enn þessa ráðstöfun. Ég vek athygli á því, að ráðh. hefur ekki tekið sinnaskiptum, hann telur ráðstöfunina enn vera rétta. Þetta er hörmulegt. Það er enn meiri ástæða til þess fyrir hæstv. forsrh. að biðja um lausn fyrir þennan íslenska sjútvrh. Sannleikurinn er sá, að hegðun hans í þessum málum frá byrjun til þessarar stundar er engu líkari en að hann í næstu kosningum ætli ekki að bjóða sig fram á Austurlandi, heldur í Austur-Þýskalandi.

Nafnskírteini, frv. (þskj. 391). — 3. umr.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 27 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 857).

Meðferð opinberra mála, frv. (þskj. 804). — 1. umr.

Forsrh. (Ólafur Jóhannesson): Herra forseti. Í lögum nr. 23 frá 17. apríl 1973 er svofellt ákvæði til bráðabirgða:

„Réttarfarsnefnd skal falið að endurskoða réttarstöðu fulltrúa saksóknara ríkisins með hliðsjón af réttarstöðu og lögkjörum hliðstæðra ríkisstarfsmanna og ljúka endurskoðun það tímanlega, að unnt verði að leggja fram frv. um það efni í byrjun næsta þings."

Í samræmi við þetta boð hefur réttarfarsnefnd samið þetta frv., og var það lagt fyrir hv. Ed. orðrétt, eins og það kom frá henni. Það hefur verið afgreitt í hv. Ed., að ég hygg samhljóða. Ég vísa að öðru leyti um skýringar á frv. til athugasemda, — leyfi mér að óska, að því verði vísað til 2. umr. og hv. allshn., og mælist um leið til þess, að hún hraði afgreiðslu málsins, þannig að unnt sé að ljúka því á þessu þingi.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 30 shlj. atkv. og til allshn. með 28 shlj. atkv.

Almenn hegningarlög, frv. (þskj. 553). — 1. umr.

Forsrh. (Ólafur Jóhannesson): Herra forseti. Lagafrv. þetta hefur hegningalaganefnd samið í samráði við dóms- og kirkjumrn. og heilbr.- og trmrn., og stendur það í nánum tengslum við og er raunar fylgifiskur frv. til l. um ávana- og fíkniefni, sem er flutt samhliða þessu frv. og er held ég 11. eða 12. mál á dagskránni.

Með frv. þessu er stefnt að því, að lögfest verði í almennum hegningarlögum refsiákvæði, sem feli í sér, að meiri háttar brot á ákvæðum l. um ávana- og fíkniefni varði við almenn hegningarlög. Með því er það viðhorf áréttað, að a. m. k. sérstaklega saknæm brot af þessu tagi séu mjög alvarleg. Ég leyfi mér að öðru leyti að vísa til aths., sem fylgja frv., en þetta er mjög einfalt frv. í sniðum og að efni til. Það hefur gengið í gegnum 3 umr. í Ed. og samþ. þar shlj., og leyfi ég mér að leggja til, að því verði vísað til 2. umr. að lokinni þessari umr. og til hv. allshn.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 28 shlj. atkv. og til allshn. með 28 shlj. atkv.

Dómari í ávana- og fíkniefnamálum, frv. (þskj. 554). — 1. umr.

Forsrh. (Ólafur Jóhannesson): Herra forseti. Það er sama um þetta frv. að segja og það, sem síðast var hér á dagskrá, að það er fylgifiskur með frv. til l. um fíkniefni og ávanalyf, sem hér stendur næst á dagskránni. Þetta frv. er flutt fyrst og fremst í því skyni að gera alveg ótvírætt, að brot gegn lögum um ávana- og fíkniefni, svo og brot gegn 173. gr. almennra hegningarlaga, sem frv. það, sem síðast var talað um, fjallar um, falli einnig undir valdssvið dómara og rannsóknardeildar í ávana- og fíkniefnamálum, sbr. þau lög, sem þar um fjalla.

Þetta frv. hefur líka gengið í gegnum 3 umr. í Ed., og verið samþ. shlj. Ég leyfi mér að leggja til, að það verði að lokinni þessari umr. látið ganga til 2. umr. og hv. allshn.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 28 shlj. atkv. og til allshn. með 30 shlj. atkv.

Ávana- og fíkniefni, frv. (þskj. 588). — 1. umr.

Forsrh. (Ólafur Jóhannesson): Herra forseti. Þetta frv. er flutt af heilbrmrh., af því að þetta mál heyrir undir hann, en þar sem þessi frv., sem ég hef mælt hér fyrir síðast, eru fylgifiskar með þessu frv. og þetta er aðalfrv., tel ég æskilegt, að það fari nú til 2. umr. og til þeirrar n., sem á að fjalla um þessi mál. Um þetta mál er það að segja, að það er samið á vegum heilbr.- og trmrn. í samráði við dóms- og kirkjumrn. og hegningalaganefnd og m. a. með væntanlega aðild að tilteknum alþjóðasamningi um þessi efni í huga. Fylgja ítarlegar skýringar við einstakar greinar með frv., og ég sé ekki ástæðu til að rekja þær, en leyfi mér í forföllum heilbrmrh. að óska þess, að frv. verði að lokinni þessari umr. vísað til 2. umr. og allshn.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 30 shlj. atkv. og til allshn. með 29 shlj. atkv.

Landgræðslustörf skólafólks, frv. (þskj. 350). — 1. umr.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 30 shlj. atkv. og til menntmn. með 30 shlj. atkv.

Sala kirkjujarðarinnar Stóru-Borgar, frv. (þskj. 559, n. 775). — 2. umr.

Frsm. (Ágúst Þorvaldsson): Herra forseti. Landbn. hefur athugað þetta frv. á þskj. 559, en með frv. er lagt til, að Grímsneshreppi sé heimilað að selja jörðina Stóru-Borg, sem hreppurinn á sínum tíma keypti af ríkinu með þeirri kvöð, að hann mætti ekki selja hana aftur öðrum en ríkissjóði. Frv. var sent til umsagnar þeirra aðila, sem venja er að fjalli um slík mál, jarðeignadeildar ríkisins og Landnáms ríkisins. Jarðeignadeildin sendi jákvæða umsögn, en frá Landnámi ríkisins hafði ekki borist umsögn, þegar málið var afgreitt í nefndinni.

Landbn. leggur til, að frv. verði samþ., en gerir þó till. um þá breyt. á því, að Sigurjóni Ólafssyni sé ekki heimilt, ef hann vill selja jörðina aftur, að selja hana öðrum en Grímsneshreppi eða ríkissjóði, ef annar hvor aðilinn vill þá kaupa, og þá fyrir fasteignamatsverð.

Ég vænti þess fastlega, að mál þetta fái jákvæða afgreiðslu í gegnum þessa hv. d. Fjarstaddur við afgreiðslu þessa máls í landbn. var Benedikt Gröndal.

ATKVGR.

Brtt. 775 (ný 1. gr.) samþ. með 26 shlj. atkv.
2. gr. samþ. með 26 shlj atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 24 shlj. atkv.

Jarðalög, frv. (þskj. 519, n. 765 og 811). — 2. umr.

Frsm. meiri hl. (Stefán Valgeirsson): Herra forseti. Á Búnaðarþingi 1971 var samþ. ályktun um að fela Búnaðarfélagi Íslands að hlutast til um við landbrh., að hann skipaði n. til þess að endurskoða eftirtalin lög: Lög um kauprétt á jörðum, nr. 40 frá 5. apríl 1948, ábúðalög, nr. 36 frá 29. mars 1961, lög um ættaróðul, ættarjarðir, erfðaábúð og sölu þjóð- og kirkjujarða, nr. 102 frá 21. des. 1962, og lög um Jarðeignasjóð ríkisins, nr. 54 frá 27. apríl 1967.

Hlutverk n., sem skipuð yrði, skyldi vera að semja frv. til nýrra laga um framangreind efni eða breyt. á gildandi l., þar sem þess yrði m. a. gætt, að aðstaða sveitarfélaga og einstaklinga búsettra innan þeirra við að ná og halda eignar- og umráðarétti í landi innan viðkomandi sveitarfélaga yrði tryggð sem best; einnig að ábúðar- og erfðaábúðarl. verði gerð einföld og réttlát í framkvæmd.

Hinn 18. ágúst 1971 skipaði landbrh. n. til þess að starfa að þessu verkefni. N. skipuðu Ásgeir Bjarnason alþm., sem var form. n., Sveinbjörn Dagfinnsson ráðuneytisstjóri og Árni Jónsson fulltrúi. Aðstoðarmaður n. var Gaukur Jörundsson prófessor.

N. samdi þetta frv., og síðan hafa bæði Stéttarsamband bænda og Búnaðarþing fjallað um frv. og voru sammála um að mæla með samþykkt þess.

N. hafði samband við ýmsa menn og stofnanir, t. d. búnaðarmálastjóra og Stéttarsamband bænda og ýmsa aðra. N. aflaði sér einnig upplýsinga um það, hvernig þessum málum er fyrir komið í nágrannalöndunum, Noregi, Svíþjóð og Danmörku.

Þá hefur n. farið yfir ábúðarlög, lög um ættaróðul, ættarjarðir, óðalsrétt og erfðaábúð. N. kynnti sér, hver væri fjöldi skráðra ættaróðala

og ættarjarða við öll sýslumannsembættin. Niðurstaða þeirra athugana er sú, að mjög fáir bændur hafa gert jarðir sínar að ættaróðulum aðrir en þeir, sem keypt hafa jarðir af ríkinu, en þá er það skylda. Allmörg dæmi eru þess, að bændur, sem eiga eða átt hafa óðalsjarðir, hafa fengið jarðir sínar leystar undan ákvæðum óðalslaga, samkv. heimild í 1. nr. 18 frá 1968. Ættarjarðir eru sárafáar skráðar, þó að vitað sé, að mikill fjöldi jarða hefur verið lengur í eigu eða ábúð sömu ættarinnra en í 75 ár. Og við athugun n. upplýstist, að andstaða er meðal eigenda fjölda jarða gegn því, að þær verði gerðar að ættarjörðum.

Að fengnum upplýsingum og eftir athugun á gildandi lagaákvæðum um framanskráð efni var ákveðið að leitast við að stytta ábúðarlögin frá 1961, auk efnisbretyinga, sem á þeim yrðu gerðar. Ákvæði um ættaróðul, óðalsrétt og erfðaábúð haldast lítið breytt, en kaflinn um ættarjarðir er felldur úr gildi. Í jarðalög eru tekin ákvæði um byggðaráð, hvernig fara skuli með hvers konar aðildarskipti að umráðum yfir fasteignum og fasteignaréttindum, auk þess ákvæði um forkaupsrétt á jörðum, jarðir í opinberri eign, Jarðeignasjóð og óðalsjarðir.

Það er athyglisvert, að í þeim upplýsingum, sem n. aflaði sér frá Norðurlöndunum, kemur í ljós, að Norðurlönd hafa farið inn á þá braut, sem ætlast er til, að við förum inn á, í því frv., sem hér liggur fyrir, og má segja, að n. hafi að verulegu leyti farið eftir þeim reglum og hugmyndum, sem eru um þetta á Norðurlöndum.

Ég sé ekki ástæðu til þess að rifja það upp hér, nema tilefni gefist þá sérstaklega til, hvernig þessu er fyrir komið að öðru leyti á Norðurlöndum.

Þetta frv. er búið að fara gegnum hv. Ed., og voru þar gerðar á því dálitlar breytingar. Hv. landbn. Nd. tók þá afstöðu í sambandi við þessi frv. um landbúnaðarmál, sem liggja fyrir og eru hér nú á dagskrá, að fella niður úr þeim að leggja niður Landnám ríkisins. Þær brtt., sem meiri hl. n. leyfir sér að bera fram, eru einmitt miðaðar við þessar niðurstöður.

N. ræddi þetta mál á mjög mörgum fundum, og þeir, sem standa að þessu meirihlutaáliti, eru auk mín hv. þm. Hannibal Valdimarsson, Eðvarð Sigurðsson og Ágúst Þorvaldsson. Hv. þm. Pálmi Jónsson og Eyjólfur Konráð Jónsson skila minnihlutaáliti, en hv. þm. Benedikt Gröndal var fjarstaddur við afgreiðslu málsins.

1. brtt. er við 5. gr. Gr. orðist svo:

„Í sveitum landsins skulu vera starfandi byggðaráð. Starfssvæði hvers byggðaráðs skal vera það sama og búnaðarsambands. Í byggðaráði eiga sæti sömu menn og eru í stjórn viðkomandi búnaðarsambands. Byggðaráð er ákvörðunarhæft, séu 3 menn mættir af þeim, sem eiga sæti í því."

Það má segja það, að í þessari brtt. felist mikil breyt. frá því, sem frv. gerði upphaflega ráð fyrir.

Eins og hv. þm. vita, eru stjórnir búnaðarsambandanna kosnir af bændunum á viðkomandi svæði, og með þessu fyrirkomulagi eru það sem sagt bændurnir, sem kjósa byggðaráðin. Áður var það í frv., að landbrh. skipaði byggðaráðin, eftir tilnefningu búnaðarsambands og sýslunefndar, og skyldu þau vera þriggja manna. Miðað við frv. eins og það kom frá Ed., var gert ráð fyrir því, að svæði hvers byggðaráðs væri afmarkað af sýslunum, en í þessari till. er miðað við starfssvæði hvers búnaðarsambands, þannig að t. d. á Suðurlandi nær Búnaðarsamband Suðurlands yfir allt Suðurland og Búnaðarsamband Austurlands nær yfir þann landshluta allan. Það má líka benda á, að með þessari breytingu er ekki verið í sjálfu sér að setja upp neina nýja stofnun. Það hefur verið gagnrýnt af ýmsum, að með byggðaráðunum skipuðum eftir 5. gr. í frv., eins og hún var, sé verið að setja þarna á stofn nýja stofnun, sem mundi hafa mikinn kostnað í för með sér.

2. brtt. n. er við 21. gr., að tvær fyrstu málsgr. falli niður. Það er eingöngu í sambandi við það, sem ég áður sagði, að leiðir af 1. brtt. við 5. gr.

3. brtt. er um, að 22. gr. orðist svo:

„Kostnaður við störf byggðaráðs greiðist að hálfu af búnaðarsambandi og að hálfu af ríkissjóði. Landbrh. ákveður þóknun byggðaráðsmanna."

Breyt. er ekki önnur í þessari gr. Áður voru það búnaðarsamband og sýslusjóður, sem áttu að borga á móti ríkinu, en þetta er eðlileg breyt. miðað við hinar breytingarnar.

4. brtt. er svo við 29. gr.: Síðari málsgr. falli niður. Í 29. gr., eins og hún var í frv., var gert ráð fyrir, að allar eigur ríkissjóðs á landi og lausafé, sem hafa verið í vörslu Landnáms ríkisins féllu undir forræði jarðeignardeildar landbrn. Þessi breyt. er því vegna þeirrar afstöðu, sem n. tók, að leggja til, að Landnámið starfaði áfram.

5. brtt. er við 31. gr., að 1. tölul. orðist svo: „Hafa búið á jörðinni minnst 8 ár." Þetta er til samræmingar við aðrar gr. annars staðar í frv., þar er miðað við 8 ár, og er verið að leiðrétta það með þessari brtt. Og 4. tölul. sömu gr. orðist svo: „Leggja fram meðmæli hlutaðeigandi byggðaráðs með kaupum."

6. brtt. er svo við 40. gr., að 1. málsgr. orðist svo: „Jarðasjóður ríkisins er undanþeginn öllum opinberum gjöldum og sköttum af ónytjuðum jörðum sjóðsins, öðrum en fasteignagjöldum og kostnaði við fjallskil. Öll skjöl, sem gefin eru út af sjóðnum og í hans nafni, skulu undanþegin stimpilgjaldi og þinglýsingargjöldum." — Breyt., sem felst í þessari gr., er eingöngu sú, að Jarðeignasjóður eigi að standa undir kostnaði af fjallskilum.

7. brtt. er við 41. gr. C-liður orðist svo: „Að á jörðinni hvíli ekki aðrar veðskuldir en þær, sem kann að hafa verið stofnað til í Stofnlánadeild landbúnaðarins, veðdeild Búnaðarbankans, Lífeyrissjóði bænda og Orkusjóði, vegna þeirra framkvæmda á jörðinni, sem þessar stofnanir lána til eða lánastofnanir, sem koma kunna í þeirra stað."

C-liðurinn er svona, eins og frv. var: „Að á jörðinni hvíli ekki aðrar veðskuldir en þær, sem kunna að hafa verið teknar í stofnlánadeild Búnaðarbankans." Það heitir nú ekki stofnlánadeild Búnaðarbankans, heldur landbúnaðarins, og svo settum við þarna inn: „veðdeild Búnaðarbank-

ans," en okkur þótti rétt, að maður sem byggi á óðalsjörð, gæti fengið lán í veðdeild Búnaðarbankans, t. d. þegar hann tæki við óðalsjörð, en eins og frv. var, þá var ekki leyfilegt að láta hann hafa lán úr veðdeild Búnaðarbankans.

8. brtt. er við 51. gr. Gr. orðist svo:

„Heimilt er að taka lán með veði í óðali, þegar eigendaskipti verða á því, enn fremur til húsabóta eða annarra varanlegra umbóta á jörðinni, í veðdeild Búnaðarbanka Íslands, Stofnlánadeild landbúnaðarins, Orkusjóði og Lífeyrissjóði bænda, samkvæmt þeim reglum, sem um slík lán gilda á hverjum tíma."

Það sama gildir um þessa breyt. og um breyt. við 41. gr.

9. brtt. er við 55. gr. Síðari málsgr. falli niður. En síðari málsgr. 55. gr. er þannig: „Nú treystist enginn, sem rétt hefur til óðalsins, að taka við því og skal þá sýslumaður ráðstafa jörðinni ásamt fylgifé hennar sem ættaróðali í samráði við fráfarandi óðalseiganda eða maka hans, ef á lífi eru, annars sýslunefnd. Söluverð jarðarinnar má ekki fara yfir fasteignamat hennar, en skal þó ekki vera lægra en áhvílandi veðskuldir, og greiðist með jöfnum afborgunum á 10 árum."

Við leggjum líka til, að 56. gr. falli niður, en greinin er þannig: „Nú tekur maður af annarri ætt við ættaróðali, og falla þá minjagripir ættarinnar til erfingja fráfarandi óðalsbónda ásamt andvirði jarðarinnar að frádregnum veðskuldum og kostnaði." Við teljum þessar gr. alveg óþarfar, og í raun og veru fannst n. eða meiri hl. n. vera eðlilegt, þegar enginn af ættingjunum vill taka við óðali, að þá ætti að létta af kvöð um óðal, en það er hægt að gera samkv. 63. gr. Af þessum ástæðum leggur meiri hl. n. til, að þetta falli úr frv.

Þróun í þessum málum á undanförnum árum hefur verið slík, að það væri mikill ábyrgðarhluti, ef hv. d. vísaði þessu frv. frá, eins og hv. minni hl. n. leggur til, að gert verði. Þróunin í þessum málum hefur verið þannig, að það má til, að okkar dómi, að gera tilraunir til þess, að sú þróun, sem hefur orðið á undanförnum árum, stöðvist. Það er auðvitað ekki hægt að fullyrða neitt um það að svo komnu, hvort við náum því marki, sem ætlast er til, þó að þetta frv. verði að lögum. Það verður reynslan ein að sýna. Hinu er enginn vafi á, að þarna er verið að setja töluvert miklar skorður á t. d. skiptingu og sölu jarða, og ef þetta frv. verður að lögum, þá hlýtur það að verka þannig, að það verði frekar hægt að nýta það land, sem er nú nýtt til landbúnaðar, það sé frekar hægt að koma í veg fyrir, að það fari til annarra nota. Okkur þykir eðlilegast, að það séu þeir aðilar, sem bændurnir kjósa sjálfir, þ. e. búnaðarsamböndin, sem fjalla um þessi mál á hverjum stað, enda ættu stjórnir búnaðarsambandanna að vera þessum málum kunnugastar, hver á sínum stað.

Frsm. minni hl. (Pálmi Jónsson): Herra forseti. Eins og fram kom í ræðu hv. frsm. meiri hl. n., er frv. þetta komið frá hv. Ed. og tók þar nokkrum breyt. Þær breyt. voru þó ekki veigamiklar, og verður þeirra ekki getið hér sérstaklega.

Frv. þetta á sér orðið alllanga sögu. Það er samið af n., sem skipuð var af landbrh. hinn 18. ágúst 1971 til þess að fjalla um það verkefni að semja frv., er tæki til meðferðar nokkra lagabálka, þ. e. lög um kauprétt á jörðum, ábúðarlög, nr. 36 29. mars 1961, lög um ættaróðul, ættarjarðir, erfðaábúð og sölu þjóð- og kirkjujarða frá 1962, lög um Jarðeignarsjóð ríkisins. Til viðbótar má geta þess, að inn í þetta frv. hefur verið felldur verulega veigamikill þáttur af verkefnum Landnáms ríkisins eða úr l. nr. 45 frá 1971, þar sem fjallað er um hlutverk Landnáms ríkisins.

N. skilaði frv. þessu til jarðalaga, þar sem fjallað er um þá þætti málsins, sem snerta jarðeignir og meðferð á þeim, Jarðeignasjóð, sem í frv. er nefndur Jarðasjóður, og um kauprétt á jörðum og enn fremur um óðalsjarðir. N. skilaði öðru frv.: frv. til laga um ábúð á jörðum og verður það rætt síðar, en það er einnig á dagskrá þessa fundar.

Ég skal ekki um það dæma, hvort það sé hyggileg skipan að fella saman í ein lög fleiri þætti af þeim málum, sem þetta frv. fjallar um. En það kemur þó að mínu mati mjög til álita. Frv. eins og það liggur fyrir er hins vegar með margháttuðum annmörkum, sem hér verður lýst nánar, en þeirra er einnig getið í áliti minni hl. landbn. á þskj. 811, sem er undirritað af Eyjólfi K. Jónssyni auk mín. Frv. þetta er enn fremur lykillinn að því að samþykkja sum önnur þau frv., sem hér eru á dagskrá, í þeirri mynd, sem meiri hl. landbn. vill samþykkja þau og hv. stjórnarmeirihl. hér á Alþingi hefur ætlast til.

Ég skal nú víkja fyrst að því, að frv. þetta var af hv. landbn. Ed. sent til umsagnar allmörgum aðilum. Þessir aðilar voru í fyrsta lagi Landnám ríkisins, í öðru lagi skipulagsstjórn ríkisins, í þriðja lagi Samband ísl. sveitarfélaga, í fjórða lagi samtök sveitarfélaga í landinu og í fimmta lagi búnaðarsamböndin öll. Mjög margir af þessum aðilum skiluðu umsögnum um frv., þ. e. landnámsstjóri, skipulagsstjórn ríkisins, Samband ísl. sveitarfélaga, sum landshlutasamtökin, þ. e. Fjórðungssamband Norðlendinga, Samtök sveitarfélaga í Suðurlandskjördæmi, Samtök sveitarfélaga í Reykjaneskjördæmi, og af búnaðarsamböndunum Búnaðarsamband Snæfellinga, Búnaðarsamband Vestur-Húnvetninga, Búnaðarsamband Skagfirðinga, Búnaðarsamband Eyjafjarðar, Búnaðarsambands Suður-Þingeyinga og Búnaðarsamband Suðurlands. Enn fremur bárust umsagnir um frv. frá stjórn Landeigendafélags Austur-Húnavatnssýslu og frá Landeigendafélagi Mosfellssveitar. Hér verður ekki horfið að því að rekja þessar umsagnir að neinu marki. Það hefur verið gert allítarlega í umr. og í þskj. í hv. Ed., og enn fremur birtast þessar umsagnir allar með nál. minni hl. n. á þskj. 811. Hjá því verður þó vart komist, að reyna að draga út úr þessum umsögnum þá megindrætti sem þar koma fram.

Í fyrsta lagi verður að segja það, að umsagnir þessar fela í sér margháttaða gagnrýni. Þær leiða enda sumar til þeirrar niðurstöðu að leggja til, að frv. þessu verði vísað frá og það ekki afgreitt á þessu Alþingi. Þær umsagnir, sem hafa jákvæða niðurstöðu, eru þó með því marki brenndar, að í þeim er að finna sterkar ábendingar um fjölmörg efnisatriði, sem umsagnaraðilar telja, að betur megi fara, og þar er að finna það sterkar ábendingar, sem ætla mætti

að verði til þess að færa frv. þetta til betra horfs, að ég undrast það nokkuð, að hv. meiri hl. n. skuli ekki hafa séð ástæðu til þess að taka ýmsar þeirra til greina. Í umsögnum landeigendafélaganna er um mjög sterka gagnrýni og ákveðna andstöðu að ræða gegn frv. þessu, og þar er eindregið lagt til, að því verði vísað frá.

Þetta eru þær meginskoðanir, sem fram koma í þeim umsögnum, sem prentaðar eru sem fskj. með nál. minni hl. á þskj. 811. Það er og athyglisvert við þessar umsagnir, að í sumum þeirra er að finna mjög sterkar athugasemdir við nokkur efnisatriði frv., og enn fremur, að lagt er til, að frv. verði vísað frá á þessu Alþingi og það endurskoðað til næsta Alþingis, og slíkar umsagnir undirritaðar af mönnum, sem áður hafa lýst fylgi við frv. á þingum bændasamtakanna. Eins og kom fram við 1. umr. þessa máls hér í hv. d., er þar meira að segja að finna undirskrift stjórnarmanns í tilteknu búnaðarsambandi, sem áður hafði skipað þingnefnd á Búnaðarþingi, er sérstaklega hafði um málið fjallað þar og mælt með samþykkt þess, en nú eftir að hafa kynnt sér málið til hlítar leggur hann til ásamt öðrum stjórnarmönnum í því búnaðarsambandi, að frv. verði vísað frá á þessu Alþingi, svo að meira tóm gefist til að athuga nokkur efnisatriði þess, sem gagnrýni valda.

Þetta sannar það, að jafnvel þeir ágætu forustumenn bændasamtakanna, sem hafa látið þá skoðun í ljós á aðalfundi Stéttarsambands bænda og Búnaðarþingi, að rétt sé að afgreiða þetta frv. í því formi, sem það er nú, eða svipuðu, telja við nánari athugun ýmsir hverjir, að rétt sé að taka málið enn til nýrrar endurskoðunar og hrapa ekki að afgreiðslu þess á yfirstandandi Alþingi.

Þetta þarf vitaskuld engum að koma á óvart. Frv. þetta er viðamikið og flókið. Það þarf meira en fáa daga til þess að kynna sér þetta mál með þeim hætti, að komist verði til botns í því, svo að menn geti verið tilbúnir til að taka afstöðu til þess, sem stenst endanlega gagnrýni. Ég vil láta það koma hér fram, að ég tel, að þeim mönnum, sem þannig hafa breytt um afstöðu við nánari athugun, beri hrós og heiður fyrir að láta ekki fyrri afstöðu, sem hefur verið tekin eftir ónóga íhugun, ráða til loka, heldur hafa það, er sannara reynist, við nánari athugun.

Það vekur enga furðu, að frv. þetta hefur valdið deilum hér á hv. Alþ. bæði í hv. Ed. og í þessari hv. d., þegar landbn. hafa fjallað um afgreiðslu þess. Þau atriði, sem valda mestu um, að landbn. hv. Nd. hefur klofnað um þetta frv., eru fyrst og fremst, að okkur sýnist, að þeim tilgangi, sem ætlað er að ná með þessu frv., verði alls ekki náð, og í annan stað, að þær leiðir, sem fara á í því að ná þeim tilgangi, sem talað er um, að tryggja hagkvæma meðferð lands utan þéttbýlissvæða, séu alls ekki með þeim hætti, að viðunandi sé fyrir þá, sem þar eiga við að búa.

Ég skal nú fara örfáum orðum um þessi höfuðatriði í andstöðu minni hl. n. við frv.

Í 1. gr. frv. er greint frá þeim tilgangi þessara laga að tryggja, að nýting lands utan skipulagðra þéttbýlissvæða sé eðlileg og hagkvæm frá þjóðhagslegu sjónarmiði og eignarráð á landi og búseta á jörðum sé í samræmi við hagsmuni sveitarfélaga og þeirra, sem landbúnað stunda. Þetta er tilgangur, sem allir geta tekið undir, að sé góðra gjalda verður og væri í sjálfu sér æskilegt að styðja. Ef það er athugað nánar, hvernig félaginu, þ. e. hinna svokölluðu byggðaráða, sem þessum tilgangi á að ná, þá er ætlunin í fyrsta lagi að setja upp nýtt kerfi stofnana í þjóðum er fjallað í II. kafla frv., og fela þeim allmikil völd. Í brtt. meiri hl. n. kemur fram, að þar er lagt til, að breytt verði um uppbyggingu byggðaráðanna frá því, sem frv. hefur gert ráð fyrir. Í brtt. n. er gert ráð fyrir því, að byggðaráðin skipi stjórnir búnaðarsambanda og séu starfssvæði þeirra hin sömu og starfssvæði búnaðarsambands. Ákvörðun byggðaráðs sé gild, ef 3 byggðaráðsmenn séu sammála um tiltekin atriði.

Ég vil taka fram, að ég tel, að þessi brtt. sé fremur til bóta frá því, sem frv. gerir ráð fyrir. Hún er til bóta að því leyti, að hún tryggir, að byggðaráðin séu í höndum heimamanna, en ekki skipuð af ráðh., eins og frv. gerði ráð fyrir, og hún tryggir, að stjórnir búnaðarsambandanna fjalla um þessi mál og með því sé tryggt, að saman fari skrifstofukostnaður búnaðarsambands og byggðaráðs. Að öðru leyti er það kannske fremur til hins verra við þessa skipan, að starfssvæði sumra búnaðarsambanda eru svo stór, að það mundi valda bændum nokkrum erfiðleikum, t. d. á Austurlandi norðan Smjörvatnsheiðar eða suður í Álftafirði, að þurfa að leita til búnaðarsambands eða byggðaráðs, sem væri sama og búnaðarsambandsstjórn á Egilsstöðum, og t. d. bændum í Vestur-Skaftafellssýslu að leita til byggðaráðs á Selfossi, en þar hygg ég, að aðsetur Búnaðarsambands Suðurlands sé. Þrátt fyrir þessa annmarka tel ég, að þessi breyting sé fremur til bóta frá því, sem frv. gerir ráð fyrir.

Byggðaráðunum er ætlað að hafa afskipti af hvers konar meðferð lands og jarðefna, enn fremur allri mannvirkjagerð og eigendaskiptum á fasteignum í strjálbýli. Þessi verkefni byggðaráðs eru því viðamikil. Svo er að sjá sem bóndi megi eigi reisa hlöðstólpa eða girðingarspotta án samþykkis byggðaráðs, og er ekki annað sýnna af því, hvað verkefni byggðaráðs eru viðurhlutamikil og nákvæm, að hvorki megi koma á nokkrum framkvæmdum né taka nokkur jarðefni eða skipta um eigendur á tilteknu landssvæði, án þess að afskipti byggðaráðs komi til. Nú er það svo, að sum af þessum verkefnum, sem fela á byggðaráði, eru þegar í höndum annarra aðila. Má þar fyrst og fremst nefna sveitarstjórnirnar í landinu, enda er það svo, að ef ætti að fella í strangar skorður öll þau atriði sem byggðaráð ættu að fjalla um, þá væri eðlilegt, að það væru fyrst og fremst sveitarstjórnirnar, sem hefðu þar úrslitaáhrif. Enn fremur er í sumum greinum, sem byggðaráð eiga að fjalla um, gert ráð fyrir í gildandi lögum, að Landnám ríkisins hafi þar afskipti af.

Byggðaráðin eru að mínum dómi óþarfar stofnanir. Ef ætti að styrkja tök sveitarstjórna og opinberra aðila á þeim málefnum, sem byggðaráði er ætlað að fjalla um, væri einfalt að gera það með því í fyrsta lagi, að sveitarstjórnirnar hefðu í sínum höndum fleiri skipulagsatriði en

nú er, svo sem mundi gerast, ef landið yrði allt gert skipulagsskylt, og í öðru lagi að gera landnámsnefndirnar virkari, en þær starfa sem kunnugt er sem ráðgefandi n. fyrir Landnám ríkisins. Ég vil minna á það enn, hvernig landnámsnefndirnar eru byggðar upp. Þær eru skipaðar 3 mönnum í hverri sýslu, og eru tveir kosnir af hlutaðeigandi búnaðarsambandi, en einn skipaður af landnámsstjórn, og skal hann vera jarðræktarráðunautur í hlutaðeigandi héraði. Þar er því um að ræða menn, sem ekki síður en búnaðarsambandsstjórn þekkja nákvæmlega þau viðfangsefni, sem um á að fjalla í hverju héraði. Á því verður vart fundinn munur, hvort landnámsnefnd eða byggðaráð, miðað við það, að um búnaðarsambandsstjórn sé að ræða, fjalli um málefni, því að hlutaðeigandi búnaðarsamband hefur öll tök á því og þar með bændurnir í því héraði, hverjir skipa þessar n. Ef t. d. búnaðarsambandi þætti jarðræktarráðunautur sinn vera lélegur og ekki hafa kunnugleika eins og vera þyrfti, væri einfalt að víkja honum úr starfi og ráða annan hæfari í hans stað. En til þess hygg ég, að sjaldan mundi koma, vegna þess, að jarðræktarráðunautar eru yfirleitt þeir menn, sem hafa yfirgripsmesta þekkingu á högum bænda á sínu starfssviði. Það væri því miklu einfaldara, ef ætti að fella þau ákvæði, sem fjallað er um í II. kafla þessa frv., þar sem segir um verkefni byggðaráðs, að efla landnámsnefndirnar og fela þeim og sveitarstjórnum að fjalla um þessi viðfangsefni, og þyrfti þá ekki að setja upp svokölluð byggðaráð. En m. a. nafnið og orðið byggðaráð er gagnrýnt af a. m. k. einum þeim aðila, sem sendir umsögn um þetta frv., talið óþarft og jafnvel óíslenskulegt.

Það er gert ráð fyrir því í þessu frv. að takmarka mjög réttindi bændastéttarinnar umfram aðrar stéttir þjóðfélagsins, hvað snertir ráðstöfunarrétt yfir eignum sínum og söluverði fasteigna. Þess er áður getið, að ekki er að sjá, að bóndi t. d. mætti reisa hlíðstólpa eða girða girðingarspotta án samþykkis byggðaráðs. Það kemur einnig fram, að bændur verða að sæta því, að leyfi fáist fyrir sölu á jörð, að hann fái leyfi fyrir sölu á jörð sinni, og hann kann að þurfa að sæta mati á verði hennar. Þetta eru ákvæði, sem ekki gilda um aðra þegna þjóðfélagsins. Það er að okkar dómi, sem skipum minni hl. n., óviðurkvæmilegt að setja lög, sem skipta þegnum þjóðfélagsins í mismunandi flokka, — flokka, sem eru með því marki brenndir, að einn flokkurinn hefur frjálsræði til ákveðinna athafna og viðskipta, sem svo aftur þeir, sem skipa annan flokk eða þriðja flokk, eins og bændum er ætlað í þessu frv., hafa ekki rétt til. Ég tel, að það þurfi að finna leið að því markmiði, sem tilætlunin var, að fundin yrði með þessu frv., — leið, sem veitir öllum þegnum þjóðfélagsins sambærilegan rétt og takmarkar réttindi þeirra með sama hætti, hvort sem þeir búa í sveit eða við sjó. Ég tel ekki rétt að samþykkja frv., sem kveður á um það, að bændur einir allra þjóðfélagsstétta skuli búa við leyfakerfi og matsverð í sambandi við söluverð fasteigna, meðan aðrir búa við frjálsræði.

Þetta eru höfuðatriði þess, að minni hl. n. getur ekki fallist á að samþykkja þetta frv. í því formi, sem það er. Það setur upp óþarft kerfi byggðaráða, færir í hendur þeirra vald, sem með eðlilegum hætti ætti að vera í höndum annarra aðila, og það kveður á um, að hinar ýmsu stéttir þjóðfélagsins skuli búa við mismunandi réttindi. Frv. þetta er samið með það takmark fyrir augum, eins og önnur þau frv. um landbúnaðarmálefni, sem lögð hafa verið fram sem fylgifrv. þessa frv., að leggja niður Landnám ríkisins. Nú er hins vegar svo komið, að meiri hl. hv. landbn. hefur flutt brtt., sem kveða á um það, að Landnám ríkisins skuli starfa áfram. Þessar brtt. eru þó með því marki brenndar, að ekki er annað sýnna en að Landnám ríkisins eigi einungis að starfa áfram að nafninu til, en verkefnum þess skuli ráðstafað til annarra aðila.

Í þessu frv., sem hér er til umr., eru tekin upp ýmis af þeim ákvæðum, sem nú eru nálega eins eða samhljóða í lögum um Stofnlánadeild landbúnaðarins, landnám, ræktun og byggingar í sveitum, nr. 45 frá 1971, þ. e. a. s. þeim kafla þeirra laga, sem fjallar um Landnám ríkisins og verkefni þess. Ef Landnám ríkisins á að starfa áfram, og því er ég mjög meðmæltur, þá er það þó skilyrði fyrir slíkri starfsemi þess, að það haldi sínum verkefnum, sem vel hefur gefist, að það hafi í sínum höndum. (**Forseti:** Ég vil spyrja hv. ræðumann, hvort hann eigi ekki töluvert eftir af ræðu sinni. Ég hef hug á því að slíta senn fundi, því að ég hef gert ráð fyrir, að fundur verði ekki mikið fram yfir fjögur.) Þá er ágætt tækifæri að fresta nú, því að ég á mikið eftir af ræðunni.

Umr. frestað.

Sameinað þing, 82. fundur.

Fimmtudaginn 2. maí, kl. 8 síðdegis.

Almennar stjórnmálaumræður (útvarpsumræður).

Forseti (Eysteinn Jónsson): Umr. fer þannig fram, að hver þingflokkur fær til umráða hálfa klukkustund, auk þess fær 3. landsk. þm., hv. þm. Bjarni Guðnason, utan flokka, til umráða 15 mín. Umferðir verða tvær, 20 mín. í þeirri fyrri, 10 mín. í þeirri síðari eða 15 mín. í hvorri, ef flokkar kjósa heldur þann hátt.

Röð flokkanna verður þessi: Sjálfstfl., Framsfl., Alþb., Alþfl. og SF. Bjarni Guðnason, hv. 3. landsk. þm., talar síðastur í fyrri umferð. Ræðumenn flokkanna verða: Fyrir Sjálfstfl.: í fyrri umferð 1. þm. Reykn., Matthías Á. Mathiesen, og 4. þm. Austf., Sverrir Hermannsson, og í síðari umferð 5. þm. Vestf. Þorv. Garðar Kristjánsson. Fyrir Framsfl.: í fyrri umferð, forsrh. Ólafur Jóhannesson og í síðari umferð utanrrh. Einar Ágústsson og fjmrh. Halldór E. Sigurðsson. Fyrir Alþb.: í fyrri umferð iðnrh. Magnús Kjartansson og í síðari umferð sjútvrh. Lúðvík Jósepsson. Fyrir Alþfl.: í fyrri umferð 7. þm. Reykv., Gylfi Þ. Gíslason, og 1. landsk. þm., Eggert G. Þor-

steinsson, og í síðari umferð 8. landsk. þm., Benedikt Gröndal. Fyrir SF: í fyrri umferð menntmrh. Magnús T. Ólafsson og í síðari umferð 3. þm. Vestf., Hannibal Valdimarsson.

Matthías Á. Mathiesen: Herra forseti. Góðir hlustendur. Þjóðfélag okkar er eitt hið fámennasta í veröldinni. Það eru aðeins þrír áratugir síðan við urðum sjálfstæð þjóð. En á þessum áratugum hafa orðið hér gífurlegar framfarir og núlifandi kynslóð búið við betri lífskjör en áður hafa þekkst í þessu annars harðbýla landi, jafnvel ein hin bestu í öllum heiminum. Þessar staðreyndir eru öllum svo kunnar, að óþarfi er að fara um þær mörgum orðum. En því minni ég á þær nú, að oft er eins og menn líti á þessa þróun sem sjálfsagðan hlut, sem aldrei muni breytast, hversu illa sem við kunnum að halda á málefnum okkar. Sannleikurinn er hins vegar sá, að okkar litla þjóð þarf á fyllstu aðgætni að halda til þess að varðveita þau verðmæti, sem hún hefur áunnið sér: frelsi sitt og lífskjör, og þar verður ábyrgðartilfinning jafnt stjórnmálamanna sem almennings ávallt að sitja í fyrirrúmi, ef ekki á illa að fara. Í dag erum við óþægilega minnt á þessar staðreyndir, minnt á, að á örskömmum tíma geta flest okkar málefni komist í algjört óefni, ef ábyrgðartilfinning og heilindi móta ekki stjórn landsins. Það er einmitt þetta, sem blasir við í dag.

Núv. ríkisstj. er samsteypustjórn þriggja flokka með tvenns konar vinstri stefnu. Ráðh. þessarar ríkisstj. hafa aldrei af heilindum og ábyrgðartilfinningu starfað saman, aldrei haft neina sameiginlega ábyrga stefnu í málefnum þjóðarinnar, aðeins átt það eitt sameiginlegt að vilja sitja í ríkisstj. á hverju sem gangi. Atburðir síðustu daga hér á Alþ. sýna þjóðinni betur en nokkuð annað samstarfið í ríkisstj., þegar ráðh. brigsla starfsbræðrum sínum um ósannindi og fréttatilkynningar eru gefnar út til þess að fegra sjálfan sig, en sverta samráðh. sína.

Stjórnarsáttmálinn sýndi þegar í upphafi samstöðu- og stefnuleysi ríkisstj. Í stjórnarsáttmálanum var öllu lofað. Allir áttu stjórnarherrarnir sinn óskalista, og enginn hafði kjark né hreinskilni til að segja sannleikann um það, hvað hægt væri að gera og hvað ekki. Þess vegna var öllu lofað í málefnasamningi ríkisstj. Þar fékk þjóðin fyrstu vísbendinguna um fyrirhyggjuleysi ríkisstj. Það eru hygginna manna ráð að hafa ætíð í huga íslenska spakmælið: „Endirinn skyldi í upphafinu skoða.“ Það gerði ríkisstj. hins vegar ekki, og er því áfram haldið í samræmi við það. Þess vegna blasa við okkur nú einhver þau ömurlegustu endalok, sem ríkisstj. getur hent. Það harmar enginn. Hitt er verra, að nú verður að finna færar leiðir til úrlausnar þeim vanda, sem stjórnarhættir þessarar ríkisstj. hafa leitt til.

Ekkert vitnar betur máli mínu til stuðnings en skýrsla sú, sem ríkisstj. lét embættismenn sína gera um efnahagsástandið nú fyrir skömmu og lögð hefur verið fram á Alþ. í dag sem grg. með frv. því, er ríkisstj. flytur til þess að reyna að bjarga sér út úr þeim ógöngum, sem hún hefur stofnað til á valdatíma sínum. En það er eftir öðru á stjórnmálaheimilinu, að í grg. þessa bjargráðafrv. segir, að stjórnarflokkarnir séu ekki skuldbundnir til þess að samþykkja það, og verða hlustendur vafalítið varir við sundurþykkjuna í þessum umr.

Í skýrslu embættismannanna eru svo ógnvekjandi upplýsingar, að ekki verður annað séð en að allt atvinnulíf landsmanna stöðvist innan örfárra mánaða, ef áfram verður fylgt stefnu stjórnarinnar. Framfærslukostnaðurinn mun vaxa á þessu ári um 40—50%. Er það fjórfaldur vöxtur verðlags í nágrannalöndunum. Afleiðingar slíkrar óðaverðbólgu eru geigvænlegar. Fram kemur, að við blasir stórfelldur taprekstur frystihúsanna í landinu, meira en 1200 millj. á ársgrundvelli, saltfisk- og skreiðarverkun verður rekin með tapi, og jafnvel fiskimjölsverksmiðjurnar munu skila halla. Bátaflotinn mun skila 700 millj. kr. rekstrarhalla á árinu, en togararnir um 1000 millj. Allir vita um erfiðleika iðnaðarins í tíð núv. ríkisstj., og segja sérfræðingarnir, að rekstrargrundvöllur útflutningsiðnaðarins sé um það bil að bresta. Allt gerist þetta í einhverju hinu mesta góðæri. Við höfum búið við árgæsku til lands og sjávar. Þjóðarframleiðslan hefur aukist um 8.5% að meðaltali s.l. þrjú ár. Verð á sjávarafurðum okkar hefur aldrei verið hærra. Hinar ytri aðstæður hafa aldrei verið betri en nú og velmegun aldrei meiri, þrátt fyrir þungar búsifjar vegna eldgossins á Heimaey. Samt blasir alls staðar við taprekstur eða stöðvun atvinnuveganna að áliti sérfræðinga ríkisstj. sjálfrar. Þarf frekari vitnanna við? Sjá ekki allir skipbrot stjórnarstefnunnar?

Engu að síður koma ráðh. ósammála fram fyrir þjóðina. Þeir, sem raunsæjastir eru, viðurkenna skipbrotið og mistök sín og lýsa ástandinu eins og það er, og í hópi þeirra er hæstv. forsrh. Aðrir berja höfðinu við steininn og telja vandann lítinn, ef til vill svolítinn velmegunarvanda vegna mikillar framkvæmdagleði. Í hópi þeirra eru forustumenn Alþb., sem hafa hvað eftir annað gleypt sín fyrri stóryrði, allt til þess að sitja sem lengst í ráðherrastólunum.

Á þremur árum hefur ríkisstj. þrefaldað fjárl. og tekið í hlut hins opinbera stærra hlutfall af þjóðartekjunum en nokkru sinni fyrr. Er nú gert ráð fyrir af sérfræðingum ríkisstj., að um 2000 millj. kr. greiðsluhalli verði á ríkissjóði á þessu ári. Skattar og álögur ríkissjóðs hafa nær fjórfaldast í tíð núv. ríkisstj. En um þverbak keyrir að dómi sérfræðinganna með erlendar lántökur. Þær munu aukast um 5½ milljarð á þessu ári, sem er mesta skuldaaukning, sem átt hefur sér stað á einu ári til þessa, og skuldir þjóðarbúsins til langs tíma vaxa um 27% og verða við lok ársins nærri 30 milljarðar eða sem næst fjárlög ársins 1974. Er að búast við öðru en að fólk missi trú á verðgildi peninganna? Enda hefur það komið fram í algjöru kaupæði, þar sem fólk reynir að bjarga peningum sínum frá verðbólgubálinu. — Talið er, að gjaldeyrisvarasjóðurinn minnki um helming á árinu eða um 3000 millj. og viðskiptahallinn við útlönd fari vaxandi og verði á þessu ári um 8 milljarðar. Þannig mætti halda áfram upp að telja. Alls staðar blasa við okkur verksummerki ráðleysis og dáðleysis.

Hagnýting fallvatnanna og nýting jarðhitans

hafa markað tímamót í lífskjörum landsmanna. Viðreisnarstjórnin hófst handa um stórvirkjanir og stóriðju, en litlu eða engu hefur miðað áfram í þeim efnum nú. Jafnvel hafa sveitarfélögin í nágrenni Reykjavíkur orðið að bíða lengi eftir heimild stjórnvalda, til þess að þeim hafi verið gert kleift að nýta jarðvarma til upphitunar húsa. Rafmagnsmál á Norðurlandi hafa komist í óefni vegna sérvisku og forklúðrunar iðnrh. og öllum till. heimamanna verið hafnað.

Húsnæðismálin eru í algeru öngþveiti. Það skortir mikið fjármagn til húsnæðismálastjórnar og lánin hlutfallslega lægri nú en þegar ríkisstj. tók við völdum. Byggðamálum hefur ekkert verið sinnt og það, sem núv. ríkisstj. hefur þar fram að færa, er stórfelldur niðurskurður fjármagns til vegagerðar.

Ég hef hér að framan vikið að þeim mikla vanda, sem við blasir í efnahags- og fjármálum þjóðarinnar, ásamt einstökum þáttum í stjórnarháttum ráðh. og leitt sérfræðinga stjórnarinnar sem vitni, en þeir segja í skýrslu sinni, að nú séu tímamót í efnahagsmálum, sem séu svo alvarleg, að varla sé of fast að orði kveðið, þótt ástandið fram undan sé nefnt hættuástand. — Það verður erfitt að takast á við slíkan vanda, en það verður ekki gert, nema þjóðin fái tækifæri til þess að velja sér nýja forustumenn og það sem fyrst, — menn, sem af heilindum og kjarki takast á við vandann í von um, að úr rætist.

Ríkisstj. hefur ekki aðeins leitt yfir þjóðina hættuástand í efnahagsmálum, heldur blasir slíkt ástand nú einnig við í öryggis- og varnarmálum þjóðarinnar. Allt frá upphafi vinstri stjórnarinnar hefur þessum málum verið stefnt í óefni, og við öllum blasir undansláttur ríkisstj. í utanríkismálum gagnvart kommúnistum. Það er til marks um, hvað öllum er það ljóst, að á nokkrum vikum í byrjun þessa árs skrifuðu 55 522 Íslendingar undir áskorun til ríkisstj. og Alþ., þar sem ábyrgðarleysi stjórnvalda í þessu sjálfstæðismáli þjóðarinnar er hafnað. Ríkisstj. virti að vettugi vilja þessa mikla fjölda, en við sjálfstæðismenn teljum nauðsynlegt, að Alþ. fjalli um málið, og þess vegna fluttum við Geir Hallgrímsson, formaður Sjálfstfl., till. fyrir hönd þingflokksins, þar sem lagt er til, að Alþ. álykti, að brýna nauðsyn beri til, að Íslendingar leggi áherslu á af sinni hálfu að treysta samstarfið innan Atlantshafsbandalagsins, en leggi á hilluna ótímabær áform um uppsögn varnarsamningsins við Bandaríkin og brottvísun varnarliðsins. Skömmu áður hafði utanrrh. kynnt utanrmn. viðræðugrundvöll þann, sem ríkisstj. hafði orðið sammála um, varðandi viðræðurnar við Bandaríkjamenn, en af því tilefni létu fulltrúar Sjálfstfl. bóka afstöðu flokksins í varnar- og öryggismálum. Ég tel ástæðu til þess í þessum útvarpsumr. að ítreka þær till. með leyfi forseta:

„Sjálfstæðismenn telja eðlilegt, að í varnar- og öryggismálum beri einkum að leggja áherslu á eftirfarandi 7 atriði:

1) Að varnarliðið sé þess megnugt á grundvelli þátttöku okkar í Atlantshafsbandalaginu að reka héðan flug til eftirlits með siglingum í og á hafinu kringum landið og fylgjast með flugferðum ókunnra flugvéla um íslenskt flugstjórnarsvæði, svo að við vitum, hverjir fara um næsta nágrenni okkar.

2) Að varnarliðið sé þess megnugt að veita viðnám sem fyrstu varnir, einkum í þeim tilgangi að koma í veg fyrir, að nokkurn tíma verði á okkur ráðist.

3) Að varnarstöðin sjálf verði aðskilin frá annarri starfsemi á Keflavíkurflugvelli, eins og ráð var fyrir gert í áætlunum fyrri ríkisstj.

4) Að allir varnarliðsmenn og erlendir starfsmenn á vegum varnarliðsins og skyldulið þeirra búi á Keflavíkurflugvelli.

5) Að sérstakt samstarf verði tekið upp af Íslands hálfu innan Atlantshafsbandalagsins við Noreg, Danmörk, Kanada og Bandaríkin, til þess að stöðug samráð verði höfð um öryggismál í okkar næsta nágrenni.

6) Að Íslendingar hafi varnar- og öryggismál landsins í stöðugri endurskoðun og geri sér sjálfstætt grein fyrir nauðsynlegum aðgerðum, hafi sjálfvirkt frumkvæði að því, hvaða ráðstafanir þurfi að gera á hverjum tíma og hvenær óhætt sé, að allt varnarlið hverfi af landi brott. Þangað til sé varnarliðið í lágmarki þess, sem óhætt sé öryggisins vegna, og þess sé gætt, að dvöl þess hafi ekki þjóðernisleg, félagsleg og fjárhagsleg áhrif, er skaðleg séu íslensku þjóðinni og geri hana háða varnarliðinu á einn eða annan hátt, utan þess öryggishlutverks, sem það gegnir.

7) Að Íslendingar taki þátt í þeim störfum, sem unnin eru í þágu eigin öryggis og ekki eru hernaðarlegs eðlis, jafnframt verði landhelgisgæsla okkar og löggæsla efld til aukins framtíðarhlutverks."

Þetta eru till. okkar sjálfstæðismanna í öryggis- og varnarmálum, og við leggjum þær óhikað fram fyrir kjósendur gegn varnarleysisstefnu stjórnarinnar, sem kjósendur hafa þegar hafnað.

Það voru sjálfumglaðir menn, sem settust í ráðherrastólana 14. júlí 1971. Kosningaúrslitin í alþingiskosningunum höfðu orðið þau, sem fáa óraði fyrir, að aftur var mynduð vinstri stjórn í landinu. Þeir höfðu skrifað undir stjórnarsáttmálann, þar sem öllu var lofað, og þeir strengdu þess heit, að nú skyldi sagan frá 1956—1958 ekki endurtaka sig. Nú skyldi þjóðin fá að sjá og finna, hvernig þetta átti raunverulega að vera 1956—1958. Þeim var ljóst, að þeir tóku við blómlegu búi viðreisnarstjórnarinnar, en í forsæti stjórnarinnar voru sem kunnugt er þeir Ólafur Thors, Bjarni Benediktsson og Jóhann Hafstein. Alhliða framfarir höfðu átt sér stað, sem aukið höfðu hagvöxt þjóðarbúsins og bætt lífskjör þjóðfélagsþegnanna, svo að aldrei hafði Íslendingum liðið betur. Þeir töldu sér trú um, að sú þróun héldi áfram, hvernig svo sem stjórnarhættir væru, og þess vegna þyrfti ekki að koma til ábyrgðartilfinningar og heilinda, og þeir gætu nánast hagað sér eins og þeir vildu.

Þegar Hermann Jónasson sagði af sér 1958, sagði hann sjálfur, að innan ríkisstj. sinnar væri ekki samstaða um nein úrræði í efnahagsmálum. Hvað blasir við okkur nú? Ríkisstj. hefur lagt fram frv., sem engin samstaða er um innan stjórnarflokkanna. Heitstrengingarnar frá 14. júlí 1971 eru orðnar að engu.

Góðir hlustendur. Á næstu dögum verður hér

á Alþ. rætt um efnahagsglundroðann, sem ríkisstj. og þingmeirihlutinn hafa leitt yfir þjóðina og hafa ekki samstöðu um að bægja frá. Við sjálfstæðismenn teljum þessa ríkisstj. ekki færa um að stjórna landinu og krefjumst þess, að hún fari frá. Það er þjóðarnauðsyn. Þá fyrst geta menn vænst þess, að þannig sé á málum þjóðarinnar haldið, að ekki leiði til áframhaldandi ófarnaðar. Við skulum vona, að þess sé ekki langt að bíða. — Góða nótt.

Sverrir Hermannsson: Herra forseti. Góðir áheyrendur. Það ríkir hættuástand í íslensku efnahagslífi. Efnahagsveðramótin fram undan eru svo skörp og vandamálin, sem þeim fylgja, svo alvarleg, að varla er of fast að orði kveðið, þótt ástandið fram undan sé nefnt hættuástand. — Síðasti hv. ræðumaður vitnaði til þessara orða. Nú kunna einhverjir áheyrenda minna að hugsa sem svo, að hér tali uppvægir stjórnarandstæðingar, sem hafi í frammi hæpnustu fullyrðingar. Því fer víðs fjarri. Þessi lýsing á ástandinu er ekki samsett af þeim, sem hér tala. Þessa lýsingu á ástandinu gefur fremsti sérfræðingur ríkisstj. í efnahagsmálum, Jón Sigurðsson hagrannsóknastjóri, í skýrslu um efnahagshorfur á þessu ári, og er sú skýrsla dagsett fyrir rúmum mánuði, hinn 29. mars s. l. Hagrannsóknastjóri talar þar um knýjandi nauðsyn samræmdra ráðstafana í efnahagsmálum og segir, að það hættuástand, sem hefur skapast í efnahagsmálum, kalli á tafarlausar aðgerðir, sem þoli enga bið.

Það ríkir hættuástand í íslensku fjármála- og atvinnulífi. Hvers vegna? Þegar núv. hæstv. ríkisstj. tók við völdum á miðju ári 1971, lýsti hún því yfir eftir úttekt á þjóðarbúinu, að tök væru á að auka kaupmátt launa um 20%, stytta vinnuviku, lengja orlof, flýta greiðslum á tryggingabótum um hundrað millj. og stórauka öll umsvif á öllum sviðum opinberra framkvæmda og þjónustu. Þannig var ástandið gott í þjóðarbúinu að dómi þeirra, sem við stjórnartaumum tóku í júlí 1971, eftir að þeir höfðu gert á því úttekt. Nú, tæpum þremur árum síðar, ríkir hættuástand í íslensku efnahagslífi, og enn er spurt: Hvers vegna? Er hættuástandið illu árferði um að kenna? Það er óvefengjanleg staðreynd, að á næstliðnum þremur árum hafa Íslendingar búið við meiri árgæsku til lands og sjávar en nokkur dæmi eru til um fyrr eða síðar. Verðlag á útflutningsvörum okkar hefur aldrei verið hagstæðara. Nægir í því sambandi að benda á, að verðmæti hraðfrystra sjávarafurða jókst úr 5208 millj. kr. árið 1970 í 10292 millj. kr. árið 1973 eða um 97%. Verðmæti útfluttra loðnuafurða var um 580 millj. kr. 1971, en í ár er gert ráð fyrir, að verðmæti útfluttra loðnuafurða nemi um 5000 millj. og hefur því hækkað um 800—900%. Þannig mætti lengi telja, og allt ber árgæskunni vitni. Vegna árferðis ætti allt hættuástand í íslensku efnahagslífi að vera sem fjarlægast. Hér berast því bönd að öðru segli. Það ríkir hættuástand í íslensku efnahagslífi vegna þess, að hér hefur ríkt ömurlegasta stjórnleysi á öllum sviðum. Efnahagsmálin eru í hættulegum ógöngum vegna þess og þess eins, að ríkisstj. hefur með öllu reynst ófær um að stjórna þeim, og kemur í einn stað niður, þótt við höfum alla hennar stjórnartíð búið við besta árferði, sem sögur fara af. Fyrri vinstri stjórnin gafst upp í árslok 1958 með þeim ósköpum, sem flestum eru í fersku minni. Það ótrúlega hefur skeð, að hin síðustu tæp 3 árin hefur setið að völdum á Íslandi vinstri stjórn, sem jafnvel gerir hana góða.

Mér er ekkert umhendis að játa, að ég hef litið svo til, að hæstv. forsrh. sé vandaður og samviskusamur maður. Fyrir því hefur mér löngum ofboðið, hversu mjög hann hefur látið reka á reiðanum. Þó tekur steininn úr, þegar hæstv. forsrh. er hættur að sjá sóma sinn. Honum ber siðferðileg skylda til að biðjast þegar í stað lausnar fyrir sig og ráðuneyti sitt, þar sem stjórn hans hefur ekki lengur afl til þess í þingi að ná málum fram. Um þetta liggja fyrir alveg skýlausar yfirlýsingar af hálfu stjórnarandstöðunnar.

Form. SF, hv. 3. þm. Vestf., Hannibal Valdimarsson, lýsti því yfir í sjónvarpi í fyrrakvöld, að hann teldi slíka afstöðu stjórnarandstöðunnar eðlilega. Hv. þm. Hannibal Valdimarsson lýsti því enn fremur yfir í sama sjónvarpsviðtali, að hann teldi hæstv. ríkisstjórn drýgja stærsta glæpinn, ef hún sæti áfram, eftir að séð er, að hún kemur ekki málum sínum fram. Hann getur einnig úr flokki talað, þar sem hann og hans flokkur ber höfuðábyrgð á því, að þessi hæstv. ríkisstj. var upphaflega mynduð. Það færi sannarlega vel á því, að hv. þm. Hannibal Valdimarsson veitti ríkisstj. nábjargirnar. Hver veit nema hann geri það? Og þá er ekki líklegt, að hann bíði með það fram í sláturtíð.

Stjórnarandstaðan hefur til þess afl í Nd. Alþ. að stöðva framgang mála hæstv. ríkisstj., og stjórnarandstaðan mun svo gera. Ég þykist vita, að hátt muni láta í stjórnarsinnum um ábyrgðarlausa afstöðu stjórnarandstöðunnar. En mesta ábyrgðarleysi, sem stjórnarandstaðan getur sýnt, er að lengja líf þessarar ríkisstj., þótt ekki væri nema um einn einasta dag. Það er gjörsamlega þýðingarlaust og ábyrgðarlaust að fá hæstv. ríkisstj. nokkur vopn í hendur til þess að berjast við vandann. Hún hefur ekkert lag á að beita þeim vopnum, hún hefur ekkert afl til þess að beita þeim.

Það hefur verið fróðlegt í meira lagi að fylgjast með ástandinu á stjórnheimilinu að undanförnu. Þar hafa óheilindi Alþb.-manna greinilega ekki riðið við einteyming. Meðan hæstv. forsrh. klúkir öðrum megin á klakknum og Samtökin ofan í milli, leika Alþb.-ráðh. listir sínar hinum megin, svo að oftsinnis hefur við borð legið, að allt snaraðist undir kvið.

Skemmst er að minnast aðfara Alþb.-manna í landhelgismálinu. Í því frömdu þeir trúnaðarbrot sem ekkert væri, birtu innihald samningsdraganna við Breta og lýstu þau nauðung og að engu hafandi. Þegar hæstv. forsrh. var skorinn með þeim hætti, sást honum bregða í fyrsta og eina skiptið.

Fyrir skemmstu lýsti hæstv. ráðh. Magnús Kjartansson því yfir, að hæstv. forsrh. hefði heimild allra ríkisstjórnarflokkanna til þingrofs og kosninga á hausti komanda. Hæstv. forsrh.

hefur lýst því yfir á hinu háa Alþ., að til þess hafi hæstv. ráðh. Magnús Kjartansson, ekkert umboð haft. Form. SF, hv. 3. þm. Vestf., Hannibal Valdimarsson, lýsti því yfir, að hæstv. ráðh., Magnús Kjartansson, færi með ósannindi. Það hallast því ekki á um óheilindi og ósannindi hjá hæstv. ráðh. Magnúsi Kjartanssyni. Yfirlýsingar þess hæstv. ráðh. um kosningar er ekkert annað en mannalæti. Enginn er hræddari við dóm þjóðarinnar en hann.

Af hæstv. sjútvrh. er það að segja, að hann lætur nú sem hann hafi fundið upp skuttogarana. En nú þegar hann verður rekinn í land, þá er poki hans troðinn og skekinn með sviknum loforðum, og yfir vofir algjör rekstrarstöðvun útvegsins.

Það hættuástand, sem nú hefur skapast í efnahagsmálum, kallar hins vegar á tafarlausar aðgerðir, — aðgerðir, sem ekki þola bið, segir fremsti efnahagssérfræðingur ríkisstj. Þjóðarútgjöldin stefna langt fram úr framleiðslugetu á þessu ári, og aukning þjóðartekna er áætluð 2% eingöngu, en var 10.5% 1970 og 12.5% 1971. Viðskiptahallinn við útlönd sýnist munu nema að óbreyttu yfir 8000 millj. kr. á árinu, en fyrstu 3 mánuði ársins nam hann 2400 millj. kr. Hækkun framfærsluvísitölu 1. maí nemur 17%, og hækkun kaupgjaldsvísitölu 1. júní mun nema allt að 15%. Launataxtar virðast munu hækka um 60% á árinu. Rekstrargrundvöllur allra atvinnuvega okkar er brostinn. Rekstrarstöðvun með ógnþrungnum afleiðingum blasir við. Þegar svona er ástatt á þessari stundu, stendur hæstv. iðnrh. upp í hásæti sínu, talar til þjóðarinnar og segir: Íslenska þjóðin lifir á hátindi velmegunar. Við eigum við engin vandamál að glíma nema smávegis velmegunarvandamál. — Var einhver að tala um, að það væri ábyrgðarleysi af stjórnarandstöðunni að fá ekki slíkum mönnum ný vopn í hendur, svo að þeir geti haldið áfram að deila og drottna?

Hæstv. ríkisstj. og hennar stuðningsmenn hafa þrástagast á því, að verðbólgan sé innflutt vegna erlendra verðhækkana. Hvað segja staðreyndirnar? Í riti Framkvæmdastofnunar ríkisins, Þjóðarbúskapurinn, sem gefið var út í des. s. l. segir svo orðrétt, með leyfi hæstv. forseta, á bls. 35:

„Af rúmlega 28% heildarverðhækkunar vöru, þjónustu og húsnæðis á árinu 1973 olli erlend verðhækkun á innfluttum neysluvörum beint um 4%. Árið 1972 1—2%."

Í till. ríkisstj. nú er gert ráð fyrir að ógilda samninga alþýðusamtakanna frá því í febr. s. l. Að vísu voru þeir samningar og aðrir, sem í kjölfarið fylgdu, hin hrapallegustu mistök, þar sem hinir lægst launuðu báru skarðari hlut frá borði en þeir, sem hærra eru launaðir. En hver á aðalheiðurinn af þeirri samningsgerð allri? Ríkisstj. beint og óbeint, — beint með því, að 3 af ráðh. hennar tóku þátt í sjálfri samningsgerðinni vikum saman, og óbeint með efnahagsóstjórn sinni.

Það er ljóst, að hin vandasömu verk til viðreisnar þarf að vinna strax, þótt eigi verði unnin af núv. hæstv. ríkisstj. Sjálfstfl. er reiðubúinn að leggja sitt af mörkum, og hann skorast ekki undan að axla þá ábyrgð, sem því fylgir. En Sjálfstfl. telur sjálfsagt og nauðsynlegt, að þjóðin fái sjálf hið allra fyrsta að kveða upp úrskurð sinn í þingkosningum.

Á hinn bóginn virðist ekki leika vafi á, að ráðstafanir verði að gera þegar í stað til að forða frá bráðum voða og jafnvel óbætanlegu tjóni. Til þess er Sjálfstfl. einnig albúinn, þegar núv. hæstv. ríkisstj. hefur sleppt þeim stjórnartaumum, sem hún ræður ekkert við, en fyrr ekki. Sjálfstfl. er ljóst, að það verður ekki tekið út með sitjandi sældinni að bægja hættuástandinu frá dyrum þjóðarinnar. Honum er ljóst, að það mun kosta mikið erfiði og ef til vill óvinsælar aðgerðir, en hann treystir dómgreind fólksins, að það sé reiðubúið að axla byrðar um hríð, þar til úr rætist, og háskanum er afstýrt. Lífsnauðsynlegt er að forða frá atvinnuleysi og enn fremur að þeim sé mest hlíft, sem örðugast eiga, hinum lægra launuðu, ungu fólki, sem er að hefja lífsbaráttuna, og hinum öldruðu, sem skilað hafa dagsverki sínu, og eins öllum þeim, sem minna mega sín.

Ömurlegasta skipbrot, sem nokkur ríkisstj. hefur beðið, blasir við allri þjóðinni. Það þarf að hreinsa til á strandstaðnum strax. Ef eitthvað reynist nýtilegt í brakinu, má athuga að nota það í nýjan farkost.

Forsrh. (Ólafur Jóhannesson): Herra forseti. Góðir áheyrendur. Sá vandi, sem nú er fyrst og fremst við að glíma í íslensku þjóðfélagi, er verðbólgan. Sá verðbólguvöxtur, sem átt hefur sér stað að undanförnu og fyrirsjáanlegur er fram undan að öllu óbreyttu, er meiri en svo, að þjóðarbúskapurinn geti undir honum risið. Hinn viðsjárverði verðbólguvandi er að nokkru leyti af útlendum toga spunninn og að nokkru leyti heimatilbúinn eða sprottinn upp í heimahögum. Hvers konar innfluttar vörur, svo sem matvörur, járn, timbur, rekstrarvörur ýmiss konar og þá ekki hvað síst olían, hafa hækkað svo mjög í verði á þessu og s. l. ári, að slíks eru fá dæmi. Slíkar hækkanir eru okkur auðvitað með öllu óviðráðanlegar, en hafa óhjákvæmilega óhagstæð áhrif á alla verðlagsþróun hér innanlands. En hin öra verðbólguþróun á einnig rætur að rekja til kostnaðarhækkana af innlendum ástæðum og þá ekki hvað síst til kauphækkana, sem ekki hefur verið stillt nægilega í hóf, ofbjóða greiðslugetu atvinnuveganna og stofna framleiðslu til útflutnings í beinan voða, sem ekki verður komist hjá að horfast í augu við.

Í stefnuræðu minni s. l. haust varaði ég við því, að menn spenntu bogann of hátt í kaupkröfum. Um það mál sagði ég þá m. a.:

„Hin öra aukning kaupmáttar tekna almennings s. l. þrjú ár ætti að vera góð undirstaða skynsamlegrar hófstillingar við gerð hinna almennu kjarasamninga, sem nú standa fyrir dyrum. Afstaða ríkisvaldsins til kjarasamninga við BSRB og BHM mun að sjálfsögðu einnig mótast af þessum viðhorfum. Vonandi tekst einnig að ná samkomulagi um endurskoðun á núgildandi fyrirkomulagi vísitölubindingar kaupgjalds, sem í senn takmarkar svigrúm stjórnvalda til hagstjórnar og veldur á margan hátt óeðlilegri mismunun. Vísitölubindinguna má þó auðvitað ekki skoða einangraða út af fyrir sig, heldur sem

hluta af aðferðinni við kaupgjaldsákvarðanir í heild. Þegar vel er skoðað, er ákvörðun launa eitt mikilvægasta stjórntæki hagkerfisins. Mikið er því í húfi, að vel sé á þessu valdi haldið af handhöfum þess, samtökum verkalýðs og vinnuveitenda."

Í áramótaávarpi og áramótagrein lagði ég áherslu á það sama, enda var þá enn ríkari ástæða til varnaðarorða. Ég benti á þá óvissu, sem fram undan væri í öllum áttum. Þá höfðu þó verið gerðir kjarasamningar á milli ríkisins og starfsmanna þess í BSRB, sem lofuðu góðu um sanngjarna hófstillingu í þessum efnum. Varnaðarorð mín í þessum efnum við þessi tækifæri og önnur virðast því miður ekki hafa borið tilætlaðan árangur.

Í hinum almennu kjarasamningum í febrúar og þá ekki síður þeim, sem síðar hafa verið gerðir, hefur verið samið um mun meiri launahækkanir en skynsamlegt var samkvæmt útreikningum og spám hagrannsóknadeildar. Í þeim hefur verið farið út fyrir þau mörk, sem samrýmanleg voru væntanlegri greiðslugetu velflestra atvinnugreina. Í þeim virðist heldur eigi hafa tekist að draga úr launamismun, þ. e. að lyfta hinum lægri launum meira en hinum hærri, en það var sú stefna, sem Alþýðusambandið hafði mótað mjög skýrt í samþykktum sínum, áður en gengið var til kjarasamninga, og það var markmið, sem ríkisstj. vildi stefna að og byggt var á í samningunum við opinbera starfsmenn. Niðurstaðan virðist í mörgum tilfellum hafa orðið, að launabilið hafi verulega breikkað, þrátt fyrir skýrar stefnuyfirlýsingar launþegasamtakanna.

Í áætlunum um væntanlega afkomu atvinnuveganna um s. l. áramót var miðað við, að meðallaunahækkun við fiskiðnaðinn yrði um 10% fyrstu 5 mánuði ársins. En niðurstaða rammasamninga ASÍ og vinnuveitenda fyrir verkamenn iðnaðar- og verslunarfólk er metin nálægt 20% meðalhækkun grunnkaupstaxta, og eru þá metin áhrif taxtatilfærslna, sérstakar láglaunahækkanir o. s. frv. Kaupgreiðsluvísitalan hækkaði um 6.18% 1. mars s. l., og þar með höfðu laun þá hækkað frá áramótum um 27—28%. En í sérsamningum einstakra starfsstétta, sem gengið hefur verið frá eftir gerð febrúarsamningsins, hafa verið ákveðnar launahækkanir, sem fara langt fram úr þessum tölum. Talið er t. d., að meðalhækkun grunnlauna iðnaðarmanna sé um 25—30% og þar með 33—38% að meðtalinni hækkun kaupgjaldsvísitölu frá 1. mars s. l., og enn eru á ferðinni samningar, sem hefur ekki verið gengið frá, þar sem enn frekar er sótt í hækkunarátt. Þegar jafnframt er haft í huga, að frá áramótum hafi viðskiptakjör versnað mjög verulega frá því, sem reiknað var með um s. l. áramót og jafnvel fram undir mars lok, þarf engan að undra, þó að endum verði ekki náð saman.

Ég skal aðeins nefna það, að meðalverð á freðfiskafurðum og heilfrystum fiski hefur lækkað um 6—7%. Kauphækkanir og aðrar tilkostnaðarhækkanir hafa, eins og alkunna er, farið jafnharðan út í verðlagið hér innanlands og haft í för með sér óhjákvæmilegar og tilfinnanlegar verðhækkanir. Samkv. hinu sjálfvirka vísitölukerfi mun svo vísitalan innan tíðar að öllu óbreyttu hækka mjög verulega eða frá 1. júní væntanlega um 13—15% og samkv. lauslegri áætlun um 7—8% frá 1. sept. Með slíkri þróun verður framleiðslukostnaður útflutningsatvinnuveganna orðinn þeim algerlega ofviða, jafnvel þótt markaðsverð erlendis héldist í því horfi, sem nú er.

Ég skal aðeins til skýringar nefna þá breyt., sem orðin er og blasir að öllu óbreyttu við á afkomu hraðfrystihúsanna. Um s. l. áramót var reiknað með því, að hreinn hagnaður frystihúsa í heild gæti á ársgrundvelli orðið um 250—300 millj. kr., en í dag er launakostnaður orðinn um 19% hærri en reiknað var með um áramót, markaðsverð 6—7% lægra, eins og áður er sagt, auk ýmiss annars, sem gerir stöðu atvinnuveganna verri, en ég fer hér ekki út í. Dæmið hefur því snúist þannig við, að miðað við ástandið í dag er samkv. útreikningum hagrannsóknadeildar um 1100—1200 millj. kr. tap á hraðfrystihúsunum á ársgrundvelli. Geta menn þá gert sér hugmynd um útkomuna, ef væntanlegar vísitöluhækkanir 1. júní og 1. sept. ættu að bætast við.

Ég skal ekki fara lengra út í einstök atriði. Ég vil aðeins segja þetta almennt: Það er nú augljóst, að þær sveiflur í efnahagsmálum, sem fram undan virtust í árslok 1973, verða miklu sneggri og hastarlegri en þá var búist við. Í fyrsta lagi er komin fram lækkun á verðlagi frystra fiskafurða í Bandaríkjunum og á fiskimjöli. Í öðru lagi virðist nú líklegast, að hið geysiháa olíuverð haldist fram eftir árinu. Í þriðja lagi fer almennt innflutningsverðlag hækkandi. Og síðast, en ekki síst fela hinir nýju kjarasamningar í sér launahækkanir langt umfram það, sem atvinnuvegirnir geta staðið undir á óbreyttu verðlagi á afurðum þeirra, hvað þá við lækkandi markaðsverð. Með þessum samningum er stefnt í alvarlegan halla á viðskiptum við útlönd. Að gerðum þessum samningum og að óbreyttum framkvæmda- og útlánaáformum fara þjóðarútgjöldin að öllu óbreyttu langt fram úr því, sem þjóðartekjur og eðlilegur innflutningur fjármagns leyfir. Það er því augljóst mál, að ef ekkert er að gert, blasir við háskaleg verðbólguþróun til viðbótar þeirri, sem orðin er, sem stefnir atvinnuöryggi landsmanna, lánstrausti þjóðarinnar erlendis og áframhaldandi framförum og hagvexti á komandi árum í hættu. Viðtækar ráðstafanir til viðnáms gegn verðbólgu og til þess að stuðla að jafnvægi í efnahagsmálum eru því óumflýjanlegar að mínum dómi, ef koma á í veg fyrir taprekstur atvinnufyrirtækja, stöðvun í einstökum atvinnugreinum og samdrátt í atvinnu.

Stjórnin hefur í dag lagt fram frv. til l. um viðnám gegn verðbólgu og aðrar ráðstafanir til að stuðla að jafnvægi í efnahagsmálum. Frv. þetta er að verulegu leyti byggt á hugmyndum, sem ég lagði fram í tillöguformi í ríkisstj. 18. mars s. l., en hefur að öðru leyti mótast við umr. og skoðanaskipti í ríkisstj. En rétt er þó að geta þess, að stjórnarflokkarnir hafa áskilið sér að hafa óbundnar hendur um einstök atriði frv.

Þær ráðstafanir, sem að mínu mati eru nauð-

synlegt að gera í fyrsta áfanga og felast eiga í þessu frv. eða gerast eiga á annan hátt, eru í meginatriðum þessar:

1. Öflugt viðnám gegn almennum verðhækkunum, verðhemlun fram yfir 30. nóv. 1974.

2. Binding kaupgreiðsluvísitölu fram yfir 30. nóv. 1974. Ríkisstj. er þó heimilt að ákveða fasta verðlagsuppbót á lægri launin eða á allt að 30 þús kr. mánaðarlaun.

3. Binding launaliðar verðlagsgrundvallar búvöru fram yfir 30. nóv. 1974 og sérstakt aðhald að verðákvörðun búvöru.

4. Sérstakt aðhald að fiskverðsákvörðunum fram yfir 30. nóv. 1974.

5. Frestun fram yfir 30. nóv. 1974 á gildistöku allra grunnlaunahækkana umfram 20% í fyrsta áfanga nýgerðra kjarasamninga, en það tekur þó ekki til láglauna samkv. nánari skilgreiningu, þ. e. a. s. 36 þús. kr. mánaðargrunnlauna miðað við fulla dagvinnu.

6. Hækkun útgjalda ríkissjóðs til niðurgreiðslna vöruverðs á fjárlögum.

7. Hækkun árlegra fjölskyldubóta úr 12 þús. kr. í 15 þús. kr.

8. Lækkun ríkisútgjalda frá fjárl. um allt að 1500 millj. kr., er fyrst og fremst fari til að kosta hækkun niðurgreiðslna og fjölskyldubóta.

9. Álagning 4% skyldusparnaðar á skattgjaldstekjur tekjuskattsskyldra manna 1974 umfram 400 þús. kr.

10. Skuldbinding viðskiptabanka og sparisjóða, lífeyrissjóða, atvinnuleysistryggingasjóðs og líftryggingafélaga til kaupa á skuldabréfum Framkvæmdasjóðs eða ríkissjóðs fyrir a. m. k. 15% ráðstöfunarfjár.

11. Skuldbinding lífeyrissjóða til að kaupa skuldabréf ríkissjóðs, Byggingasjóðs ríkisins eða Framkvæmdasjóðs fyrir alls 35% ráðstöfunarfjár, og er þá meðtalin skuldbinding samkv. næsta lið á undan.

Gert er enn fremur ráð fyrir, að ríkisstjórn og Seðlabankinn beiti sér fyrir eftirfarandi ráðstöfunum:

1. Endurskoðun lánskjara allra lánastofnana í landinu og verði m. a. stefnt að verðtryggingu útlána fjárfestingarlánasjóða.

2. Samkomulag verði gert við viðskiptabankana um 22% hámarksaukningu útlána á árinu 1974.

3. Samkomulag verði gert við viðskiptabankana um að létta á skuldum þeirra erlendis, svo að þær aukist ekki á árinu 1974 miðað við meðaltal ársins 1973.

4. Sett verði hámark fyrir nýjum erlendum lántökum á árinu 1974 og stefnt að því, að skuldaaukning erlendis fari ekki yfir 5 þús. millj. kr. á árinu 1974, miðað við núgildandi gengi.

5. Að fylgt verði áfram sveigjanlegri gengisstefnu sem þætti í heildarstjórn efnahagsmála til þess að tryggja samkeppnisstöðu íslenskra atvinnuvega, en ekki er gert ráð fyrir, að verði þörf á neinni verulegri sveiflu, ef framangreint frv. verður að lögum.

Þessum ráðstöfunum er, eins og áður sagði, fyrst og fremst ætlað að skapa nauðsynlegt svigrúm til undirbúnings frekari aðgerða. Það er mikilvægt, að þetta svigrúm verði notað til þess að leita varanlegra úrræða á sviði launa- og verðlagsmála, opinberra fjármála, peningamála og til að brjóta verðbólguhugsunarháttinn á bak aftur. Meðal mikilvægra atriða, sem athuga þarf í þessu sambandi, eru nýjar aðferðir við gerð kjarasamninga með það fyrir augum að tryggja sanngjörn launahlutföll á öllum vinnumarkaðinum og koma í veg fyrir launakapphlaup stétta í milli, jafnframt því sem sniðnir væru varanlega vankantar af núgildandi kerfi vísitölubindingar launa. Annað atriði, sem taka þarf til rækilegrar athugunar, er almenn verðtrygging hvers konar fjárskuldbindinga. Jafnframt þarf að fara fram gagnger endurskoðun á skattmeðferð verðhækkunarhagnaðar og vaxta.

Þó að þær viðnámsaðgerðir, sem felast í þessu frv., feli í sér nokkra kjaraskerðingu í bili, ætti það ekki að verða neinum ofraun, þegar tillit er tekið til þess, að við búum við meiri velmegun og almennt betri lífskjör en nokkru sinni og reyndar eins og þau þekkjast nú best hjá öðrum þjóðum. En þessar viðnámsaðgerðir eru nauðsynlegar til þess að tryggja forsendur áframhaldandi velmegunar og framfara, þ. e. atvinnurekesturinn og atvinnuöryggi. Og eitt er víst, að ákvæði frv. eru byggð á og í samræmi við þá launajafnaðarstefnu, sem lýst var yfir af launþegasamtökunum á sínum tíma. Um þessar viðnámsaðgerðir og þó enn fremur um frambúðarráðstafanir þyrfti að nást sem víðtækust samstaða. Fyrir þjóðarnauðsyn þurfa þröngir stundarflokkshagsmunir að víkja. Menn þurfa að líta lengra en rétt fram fyrir tærnar á sér. Ég lít á afgreiðslu þessa frv. um viðnámsaðgerðir gegn verðbólgu sem prófstein á það, hvort Alþ. og ríkisstj., hið sameinaða þjóðfélagsvald, á að stjórna í þessu landi eða hvort sérhagsmunaklíkur eiga að ráða hér lögum og lofum.

Á þessu þjóðhátíðarsumri ættu landsmenn fyrst og fremst að hugsa sem Íslendingar, en ekki aðeins sem flokksmenn. — Góða nótt.

Heilbr.- og trmrh. (Magnús Kjartansson): Herra forseti. Góðir hlustendur. Á meðan áróðursmoldviðrið gnýr héðan úr Alþingishúsinu, held ég, að væri ráð, að hlustendur skyggndust út í vorblíðuna og gróandann annað kastið og bæru saman orð og staðreyndir. Innan úr múrum Alþingishússins berast þær kenningar, að allt sé að farast af völdum efnahagsörðugleika, jafnt þjóðarbúið í heild, atvinnuvegirnir og afkoma heimilanna, eins og fram kom vel í ræðu Matthíasar Á. Mathiesen og Sverris Hermannssonar hér áðan, en þeir voru hér ræðumenn vegna þess, að þingflokkur Sjálfstfl. gat ekki komið sér saman um, hvor keppinautanna, Geir eða Gunnar, ætti að tala. Úti í vorblíðunni blasir hins vegar allt annar veruleiki við. Þjóðin á nú fleiri og betri atvinnutæki en nokkru sinni fyrr, framleiðslutækin eru hagnýtt til hins ítrasta, og afköstin eru í algeru hámarki. Menn keppast við að koma í framkvæmd stórvirkjum á sem flestum sviðum og ætla sér ekki af í bjartsýni sinni.

Þjóðartekjur í fyrra voru svo miklar, að sé þeim jafnað niður á mann, reynumst við vera þriðja tekjuhæsta þjóð í heimi, og þessar þjóðartekjur hafa aukist um meira en 70% í

tíð núv. ríkisstj. Þar kemur ekki aðeins til sú árgæska, sem Sverrir Hermannsson minntist á áðan, heldur einnig markviss stjórnarstefna í atvinnumálum. Menn leika sér að því að verja 60 millj. kr. til Mallorcaferða um páskana eina. Við flytjum það sem af er þessu ári inn þrefalt fleiri bíla en í fyrra, og var það þó metár. Ég er hræddur um, að meiri hluti mannkynsins, þau hundruð milljóna manna, sem búa á mörkum hins algera skorts, ætti erfitt með að fallast á, að Íslendingar búi við erfiðleika í efnahagsmálum, enda blygðast maður sín fyrir að nefna þetta tvennt í sömu andránni. Í samanburði við aðra eru viðfangsefni okkar velmegunarvandi, erfiðleikar manna, sem vilja gera of mikið í senn og nota of mikið af afrakstri vinnunnar í einkaneyslu tafarlaust.

Með þessu er ég engan veginn að segja, að við Íslendingar búum við eitthvert fyrirmyndarskipulag í efnahagsmálum og félagsmálum, því fer víðs fjarri. Hvarvetna má benda á andstæður stéttaþjóðfélagsins, misrétti og spillingu, sem því miður vex ævinlega ásamt velmeguninni. Á hitt vil ég leggja áherslu, að við höfum alla burði til að takast á við þennan vanda, án þess að þurfa að leggja hart að okkur. Þau verkefni eru hégóminn einber í samanburði við þau forréttindi, sem við njótum fram yfir flestar þjóðir heims. Hitt skiptir máli, að við leysum vandann á kostnað þeirra, sem betur mega sín í þjóðfélaginu, að úrræði okkar auki jöfnuð og félagslegt réttlæti.

Hinn bráði vandi, sem á okkur brennur, er verðbólgan, eins og raun hefur verið í 30 ár. Á þeim tíma hefur verið haldinn ótölulegur grúi af endalausum verðbólguræðum með skæðadrífu af tölum og útreikningum, og það gerist vafalaust einnig hér í kvöld. Ég tel hins vegar mestu máli skipta, að menn átti sig á einni grundvallarstaðreynd. Meginástæða verðbólgu eru andstæðurnar milli launavinnu og auðmagns, milli þeirra, sem selja vinnu sína eins og vöru, og hinna, sem kaupa hana, sem eiga framleiðslutækin eða ráða yfir þeim. Það hefur ekki tekist í neinu auðvaldsþjóðfélagi að tryggja fulla atvinnu án verðbólgu, vegna þess að í slíkum þjóðfélögum er vinnan vara, sem lýtur lögmálinu um framboð og eftirspurn. Sé sóst eftir vinnuafli, hækkar verð þess og þeim mun meir sem eftirsóknin er meiri, jafnt fyrir tilstilli verkalýðsfélaga og frumkvæði einstaklinga. Atvinnurekendur velta hins vegar bagganum af sér með sífelldum verðhækkunum, gera verðbólguna að gróðalind, og hjólið snýst hraðar og hraðar. Hið sígilda ráð auðvaldsþjóðfélagsins við þessum vanda er svokalla hæfilegt atvinnuleysi, að neita nægilega mörgum um réttinn til vinnu, til þess að hinir verði hræddir um sinn hag. Því úrræði hafa Íslendingar oft fengið að kynnast, síðast í tíð viðreisnarstjórnarinnar, sem flæmdi menn til útlanda þúsundum saman. Úrræði þeirra ríkja, sem kenna sig við sósíalisma og láta ríkið reka framleiðslutækin, eru hins vegar þau að tryggja vissulega fulla atvinnu, en svipta samtök launafólks samningsrétti og verkfallsfrelsi.

Hvorug þessi leið getur leyst vandamál okkar. Við hljótum að stefna að þjóðfélagi raunverulegrar sameignar, þar sem vinnandi menn eiga framleiðslutækin og ráða yfir þeim í verki, þar sem efnahagslegt og pólitískt lýðræði haldast í hendur, þar sem menn semja í raun og veru við sjálfa sig um kaup og kjör. Þetta er vissulega draumsýn, en þessa framtíðarsýn verða menn að eygja, ef þeir eiga að geta tekist á við vandamál líðandi stundar. Umfram allt þurfa verkalýðssamtökin að eygja þessa framtíðarsýn og þá stéttarlegu samstöðu, sem hún tryggir. Að öðrum kosti geta þau sundrast í stríðandi hagsmunahópa, sem hver reynir að hreppa einhverjum prósentum meira en hinn. Sá ábati, sem menn klófesta með því, verður hermdargjöf, þegar hann er tekinn á kostnað félagslegrar samstöðu. Þetta eru staðreyndir, sem launamenn verða nú að gera upp við sig af mjög mikilli alvöru.

Alþb. hefur aldrei ímyndað sér, að það mundi leysa andstæður stéttaþjóðfélagsins með þátttöku í núv. ríkisstj. Í kjaramálum hefur það hins vegar sett sér það mark að tryggja hagsmuni láglaunafólks, og verkafólk hefur nú um þriggja ára skeið búið við betri afkomu og meira öryggi en nokkru sinni fyrr í sögu þjóðarinnar. Þann árangur verður að festa og tryggja og leiðrétta á ný það alvarlega misrétti, sem magnast hefur í glundroða stéttaþjóðfélagsins að undanförnu. Þetta er áformað í frv. ríkisstj. um dýrtíðarráðstafanir, þar sem m. a. er lagt til, að verðbólguskriðan verði stöðvuð með niðurgreiðslum á nauðsynjavörum og fastri launauppbót til láglaunamanna einna, þótt sumum ákvæðum frv. þurfi að breyta og festa önnur betur en enn hefur verið gert. Um þetta frv. verður nánar fjallað af hálfu Alþb. í ræðu Lúðvíks Jósepssonar hér á eftir, en hins vegar er frv. um bráðabirgðaráðstafanir mótað af þeirri pólitísku sjálfheldu, sem nú er á Alþ. og ég mun víkja nánar að síðar.

En verkefni núv. ríkisstj. hafa verið önnur og meiri en þau að stuðla að vaxandi einkaneyslu. Við settum okkur það mark að tryggja félagshyggju í stað gróðahyggju, þjóðlega reisn og metnað í stað þjónkunar við erlend stórveldi og efnahagsbandalög, íslensk yfirráð yfir auðlindum og atvinnulífi í stað innrásar erlendra stórfyrirtækja. Stækkun landhelginnar í 50 mílur er verk núv. ríkisstj. og afleiðing af stórsigri Alþb. í kosningunum 1971. Þeim árangri kunnum við að glata á nýjan leik, ef völdin komast aftur í hendur þeirra manna, sem vildu binda landhelgina við 12 mílur um alla framtíð.

Við höfum endurnýjað veiðiflota Íslendinga og gert stórfelldar umbætur á fiskiðnaðinum. Þau algjöru umskipti hafa valdið stökkbreytingu á afkomu fólks um land allt. Grundvöllur íslensks iðnaðar hefur verið styrktur til muna með fjölþættum ráðstöfunum. Útflutningur á iðnaðarvarningi hefur margfaldast, og stefnt er að þreföldun iðnaðarframleiðslu á þessum áratug. Athafnir hafa verið stórauknar á sviði raforku, menntamála, heilbrigðismála og félagsmála. Orðið hefur gerbreyting á afkomu þeirra, sem áttu lífskjör sín undir bótum almannatrygginga, og þannig þveginn af þjóðfélaginu smánarblettur, sem viðreisnarstjórnin og sérstaklega Alþfl. skildu eftir.

Öll þessi atriði og fjölmörg önnur hliðstæð verða menn að vega og meta, þegar þeir hugleiða kjör sín. Þar koma ekki aðeins til greina þær krónur, sem menn telja upp úr launaumslögunum heldur og sú samneysla, sem hefur verið stóraukin í tíð núv. ríkisstj., atvinnuöryggi og ný félagsleg þjónusta, sem kemur ekki síst láglaunafólki að gagni.

Síðast, en ekki síst hét núv. stjórn því að losa Íslendinga við smán og niðurlægingu erlendrar hersetu, vísa á brott öllum erlendum her og afmá herstöðina á Miðnesheiði. Sá róður hefur orðið þyngri en ég gerði mér vonir um í upphafi. En 21. mars s. l. var þó gert samkomulag í ríkisstj. um alla áfanga þeirra sögulegu umskipta. Því samkomulagi verður ekki breytt nema með samþykki stjórnarflokkanna allra, og við höfum nú tök á að setja kosti því stórveldi, sem hefur setið yfir hlut okkar í meira en 30 ár og krafðist á sínum tíma herstöðva í heila öld.

Allir hafa fylgst með því, á hve ofstækisfullan hátt viðreisnarflokkarnir hafa hamast gegn þeirri stefnu, að Íslendingar fengju að lifa einir og frjálsir í landi sínu, og kom það raunar fram í máli Matthíasar Á. Mathiesen áðan. Þar hafa þeir beitt fyrir sig hópi hrokafullra menntamanna, sem vert er að veita sérstaka athygli. Þetta eru sömu menntamennirnir, sem hafa búið til þá kenningu, að þeir eigi að hafa margfaldar tekjur á við verkafólk, vegna þess að þeir hafi orðið að þola þá áþján að stunda háskólanám árum saman, að verulegu leyti á kostnað þjóðarinnar. Þessir menntamenn telja sig svo hátt hafna yfir alþýðu manna, að þeir neita að taka þátt í almennum umræðufundum. Að mati þeirra eru Íslendingar ekki vitsmunaverur, heldur tölvufóður. Þegar athafnir þeirra eru gagnrýndar, eru viðbrögðin ekki þau að svara fyrir sig, heldur krefjast þess, að menn með vanþóknanlegar skoðanir verði dregnir fyrir rétt og dæmdir í tugthús. Þessir hrokafullu menntamenn, sem gerst hafa erindrekar erlends stórveldis og hernaðarbandalags, eru fyrirbæri, sem Íslendingar hafa ekki þekkt að marki í meira en 30 ár. Viðhorf þeirra geta orðið hættuleg lýðræði okkar, ef þeir stjórnmálaflokkar, sem styðja þá, komast til valda á nýjan leik.

Ég nefni þessi mál öll, vegna þess að nú er tekist á um þjóðmálin í heild. Það eru ekki eingöngu tímabundin vandkvæði í efnahagsmálum, sem nú eru á dagskrá, heldur skilin milli hægri og vinstri, milli gróðahyggju og félagshyggju. Þær ráðstafanir, sem gera verður í efnahagsmálum til þess að stöðva verðbólgu, eru aðeins eitt verkefni af ákaflega mörgum, — verkefni, sem enginn þarf að láta vaxa sér í augum. Erfiðleikar ríkisstj. stafa ekki af því, að hún geti ekki náð samkomulagi um till., heldur af hinu, að félagshyggjustefna hefur ekki lengur nægan meiri hl. á Alþingi Íslendinga. Einn þeirra, sem mestu lofaði 1971, Bjarni Guðnason, hefur brugðist kjósendum sínum gersamlega. Hann er meira að segja horfinn frá andstöðu við hersetu og aðild Íslands að hernaðarbandalagi, eins og heyra mátti í sjónvarpsþætti nýlega. Það hefur verið furðulegt að fylgjast með því, hvernig þessi maður hefur á hálfu ári hlaupið sama skeið og fyrri methafi, Gylfi Þ. Gíslason, rann áður á áratug. Afleiðingin af hringsnúningi Bjarna Guðnasonar hefur orðið alger sjálfhelda á Alþ., jöfn atkv. milli hægri stefnu og vinstri stefnu í Nd. Og þessi aðstaða hefur verið hagnýtt til hins ítrasta. Frá því í des. í vetur hefur stjórnarandstaðan haft þá stefnu að fella öll stórmál fyrir ríkisstj., einnig mál, sem stjórnarandstaðan segist fylgja. Í sjónvarpsþættinum á dögunum lýsti Bjarni Guðnason meira að segja yfir því, að þótt stjórnin flytti hinar ágætustu till. í efnahagsmálum, mundi hann samt fella þær ásamt öðrum stjórnarandstæðingum. Þannig er nú verið að leika óprúttið, samviskulaust valdatafl á Alþingi Íslendinga. Það er sá raunverulegi stórvandi, sem við er að etja og m. a. ástæðan fyrir þeim efnahagslega vanda, sem upp hefur komið að undanförnu.

Það er staðreynd, sem öll þjóðin þarf að veita athygli, að stjórnarandstæðingar vilja hvorki gera grein fyrir till. sínum í efnahagsmálum né þora það. Þeir segjast aðeins ætla að fella allar till., sem fram verði bornar af ríkisstj. Í íslenskri stjórnmálasögu eru naumast dæmi áður um jafnsiðlaust ábyrgðarleysi. En vitneskja þjóðarinnar um raunveruleg áform þessara manna er staðfest á 10 ára viðreisnartímabili, sem ætti að vera flestum í fersku minni.

Hér er því fyrst og fremst um pólitíska vanda að ræða. Þann vanda verður að leysa á stjórnmálavettvangi í almennum þingkosningum. Engum hefur dottið í hug að leggja til kosninga, án þess að gerðar verði ráðstafanir fyrst til þess að stöðva verðbólguna. En síðan á þjóðin heimtingu á að fá að kveða upp sinn dóm um það, hvort hún vill, að fylgt verði félagshyggju eða gróðahyggju við varanlegri lausn þeirra mála. Valdatafl hefur hins vegar þann tilgang að knýja ríkisstj. frá, án þess að þjóðin verði spurð um álit sitt, án þess að komi til þingkosninga á þessu ári, eins og greinilega hefur komið fram síðustu dagana. Þetta er sjálfur kjarni málsins. Takist stjórnarandstöðunni að ná því marki, mun hún ekki aðeins leysa efnahagsvandamálin einhliða á kostnað láglaunafólks, eins og viðreisnarflokkarnir hafa alltaf gert, hún mun ekki aðeins gera gróðaviðhorfin að ríkjandi stefnu á nýjan leik, heldur mun hún reyna að tryggja hersetu landsins um ófyrirsjáanlega framtíð. Og það er ekki síst þetta lokaatriði, sem veldur því, að nú er lagt á það ofurkapp að klófesta völdin strax með öllum ráðum, hvað sem það kostar, án þess að þjóðin sé spurð, án þess að efnt sé til kosninga í ár.

Það er alveg rétt, sem sagt er, að núv. ríkisstj. er orðin of veik til þess að leysa vandamál þjóðfélagsins. En þeir, sem aðhyllast félagshyggju og vinstri stefnu, skyldu ekki einvörðungu leita að ástæðunum hjá okkur, sem sitjum í ríkisstj. eða Alþ., heldur skyggnast einnig í eigin barm. Verk okkar skipta vissulega máli, en við getum ekki barist með öðrum vopnum en þeim, sem okkur eru fengin. Okkur vinstri mönnum hættir við að sundrast og skiptast í andstæðar fylkingar, leyfa gróðahyggjuöflunum að deila og drottna. Við munum aldrei ná verulegum og varanlegum árangri, hvorki í efnahagsmálum né á öðrum sviðum, fyrr en okkur

tekst að skipuleggja fjöldaflokk, sem einn getur tryggt völd, sem duga. Þarna er ég ekki að hugsa um þá svokölluðu sameiningu, sem nokkrir forsprakkar semja um sín á milli. Þarna er ég ekki að hugsa um flokk, sem aldrei getur endanlega gert það upp við sig, hvort hann er vinstri flokkur, miðflokkur eða kannske hægri flokkur. Ég er að hugsa um þá sameiningu, sem sprettur upp hjá fólkinu sjálfu. Ég er að hugsa um raunverulegan félagshyggjuflokk, sem stefnir að sósíalisma í samræmi við íslenskar aðstæður.

Á undanförnum 6—7 árum hefur slík sameining verið að þróast á eðlilegan hátt innan Alþb. og í kringum það. Það var stórsigur Alþb. 1971, sem gerði vinstri stjórn óhjákvæmilega og hefur nú tryggt umfangsmiklar framfarir um þriggja ára skeið. Viðbrögð okkar við vandkvæðum í efnahagsmálum og sjálfheldu í stjórnmálum mega ekki verða þau að einblína á einhverja svokallaða forustumenn, heldur halda áfram hinni pólitísku sókn í þjóðfélaginu sjálfu. Þar bíða okkur nú kjörin verkefni á næsta leyti.

Fram undan eru sveitarstjórnarkosningar, sem að þessu sinni hljóta að mótast af afstöðunni til landsmála í ríkari mæli en nokkru sinni fyrr. Úrslit þeirra geta ráðið miklu um þróunina á næstunni. Fram undan hljóta einnig að vera þingkosningar á þessu ári og vonandi fleiri fyrr en seinna. Það er þar sem hin raunverulegu úrslit ráðast, en ekki í þeim samningum, sem okkur kann að takast að gera í pólitískri sjálfheldu á Alþ. Á næstunni verða völdin hjá ykkur, hlustendur góðir. Það er á ykkar ábyrgð að nota þau. — Góða nótt.

Gylfi Þ. Gíslason: Herra forseti. Góðir Íslendingar. Það var daufur ráðh., en samt reiður, sem var að ljúka máli sínu. Ræða hans bar þess glöggan vott, að honum er nú orðið ljóst, að valdaferli hans er að ljúka. En af hverju er hann reiður? Hann er reiður af því, að hann hafði búist við því að geta kvatt ráðherrastólinn með geislabaug um enni. En nú hvílir á höfði hans þung þyrnikóróna, sem hann sjálfan svíður sáran undan og þjóðin horfir á með ugg og ótta.

Ekki er ég í nokkrum vafa um, að sagan mun á sínum tíma fella þann dóm um núv. ríkisstj., að hún sé versta ríkisstj., sem setið hafi að völdum á Íslandi. Þetta er nú þegar ekki aðeins skoðun þeirra, sem í upphafi höfðu ótrú á stjórnarsamstarfinu, heldur vex þeirri skoðun ört fylgi meðal hinna, sem í upphafi voru því fylgjandi. Hvernig stendur á þessu? Skýringin er ekki flókin. Allir vita, að undanfarin þrjú ár hefur verið mesta góðæri, sem yfir landið hefur gengið. Enn í dag hafa allir atvinnu, það er meira að segja skortur á vinnuafli, og allir hafa fullar hendur fjár. Það er mikil velmegun á Íslandi. En menn skilja, að þetta er ekki að þakka góðri stjórn á landsmálum. Þetta er að þakka metverðlagi á íslenskum afurðum erlendis og miklum sjávarafla.

En er þá ekki allt eins og það á að vera? Nei, það er eitthvað annað. Ástandið á líðandi stund er ágætt, en velmegunin stendur á brauðfótum. Það er þetta, sem hæstv. iðnrh., Magnús Kjartansson, skilur ekki. Það, sem er að, er, að í góðærinu undanfarið er smám saman búið að halda þannig á málum af þeim, sem ráða, og þá ekki síst Magnúsi Kjartanssyni, að framtíðin er voveifleg, meira að segja nánasta framtíð.

Fyrir 6—7 árum dundu miklir erfiðleikar yfir þjóðina, verðfall á afurðum og aflabrestur. En þáv. ríkisstj. brást af myndarskap við erfiðleikunum. Árið 1971 var svo komið, að þjóðartekjurnar jukust meira en nokkru sinni fyrr eða um 12%. Síðan eru liðin 3 mestu góðærisár í sögu þjóðarinnar. Nú spá sérfræðingar ríkisstj. því, að á þessu ári, sjálfu þjóðhátíðarárinu, verði vöxtur þjóðartekna ekki nema sjöttungur þess, sem var, þegar ríkisstj. tók við völdum, eða ekki 2%. Hverju getur þetta verið öðru að kenna en lélegri landsstjórn? Getur nokkurt mannsbarn verið í vafa um það?

Þegar svo er komið í einstöku góðæri, að verðbólga vex um 40%, hvað ber það vott um annað en óstjórn? Þegar kaupgjald hækkar um 60% á milli ára og kaup hinna tekjuháu hækkar miklu meira en hinna tekjulágu, hvað er það annað en stjórnleysi? Þegar afkastamestu fyrirtæki þjóðarinnar, skuttogararnir, tapa milljónum á mánuði, um hvað ber það vott annað en sjúkt atvinnulíf? Þegar mikilvægasta útflutningsgrein, frystiiðnaðurinn, sem býr við hærra verðlag erlendis en nokkru sinni fyrr, sér fram á tap á árinu, sem telja verður í milljörðum, hvað sýnir það annað en að stjórnendur landsins hafa brugðist hlutverki sínu?

Skynsamir menn hljóta að spyrja: Hvernig getur staðið á öðru eins og þessu, að einstakt góðæri skuli leiða til dæmalauss öngþveitis? Skýringarnar eru tvær. Annars vegar er ástæðan sú, að ríkisstj. hefur aldrei tekist að móta nokkra heildarstefnu í efnahagsmálum. Sem dæmi má nefna, að samfara geysilegum vexti í útflutningsatvinnuvegunum í kjölfar verðhækkana og aflaaukningar hefur ríkissjóður þrefaldað útgjöld sín. Það hefur átt að nota sömu peningana og sama vinnuaflið tvisvar. Það er auðvitað ekki hægt. Afleiðingin hefur orðið stjórnlaus verðbólga. Hin meginástæðan er sú, að ríkisstj. hefur ekki verið samhent. Frá upphafi hefur ríkt þar sundrung, meira að segja óheilindi. Um það skal ég nefna nokkur dæmi.

Það er kunnara en frá þurfi að segja, að ríkisstj. taldi útfærslu landhelginnar í 50 mílur eitt aðalmál sitt. Þótt flokkur minn hafi að vísu fremur kosið, að hin nýja landhelgi væri miðuð við landgrunnið, hefur hann af fullum drengskap stutt ríkisstj. í þessu máli. En hafa stjórnarflokkarnir komið drengilega fram hver við annan í þessu lífshagsmunamáli þjóðarinnar?

Allir muna, að þegar deilan við Breta var komin á mjög alvarlegt stig, gerði forsrh. Íslands samkomulag við forsrh. Breta um hugsanlega lausn deilunnar. Auðvitað hafði íslenski forsrh. reynt að ná eins hagkvæmum samningi fyrir Íslendinga og hægt var. Hann átti rétt á því að fá stuðning þings og þjóðar. Og allir flokkar þingsins reyndust vilja styðja hann nema einn stjórnarflokkurinn. Þingflokkur Alþb. gerði samþykkt um að hafna samkomulaginu og gera forsrh. landsins ómerkan orða sinna. Hér var um einstakan ódrengskap að ræða. Að vísu sáu flestir

þm. þeirra að sér, áður en lauk, en hug sinn voru þeir búnir að sýna.

Annað aðalmál þessarar ríkisstj. var uppsögn varnarsamningsins. En af einhverjum ástæðum hafa ráðh. Alþb. ekki haldið fast á skoðunum sínum í þessu máli. Þeir létu það viðgangast, að 2½ ár liðu, áður en Bandaríkjastjórn voru sýndar fyrstu till. íslensku ríkisstj. Og nú hefur Bandaríkjastjórn verið veittur svo langur frestur til þess að svara, að engum dettur í hug, að samningnum verði sagt upp eða nýr samningur gerður fyrr en eftir kosningar, sem sjálfir Alþb.-ráðh. segjast vilja, að fari fram í haust. Hver getur verið skýringin á þessum einstaka aumingjaskap í þessu aðalmáli Alþb.? Ætli hún geti verið önnur en sú að nota málið til þess að bregða samstarfsflokkunum um svik og geta haldið áfram að nota málið sem áróðursmál í kosningum? Er ekki búið að koma í ljós í ótal málum, að Alþb.-foringjarnir hafa meiri áhuga á áróðri en jákvæðri lausn mála.

Í þriðja lagi skal ég nefna nýjasta hneykslismál ríkisstj., leyfin handa austur-þýsku togurunum til þess að skipta hér um áhafnir. Þessar leyfisveitingar voru réttlættar með því, að togararnir veiddu við Kanada og Nýfundnaland. Í dag las ég í Nd. orðrétt bréfaskipti austur-þýska sendiráðsins og utanrrn. Þar kemur fram, að umsókn austur-þýsku stjórnvaldanna var alls ekki bundin við togara, sem veiða við Kanada og Nýfundnaland, heldur almennt við togara, sem stunda úthafsveiðar, hvort sem er á Íslandsmiðum eða annars staðar. Hæstv. sjútvrh., Lúðvík Jósepssyni, var send þessi umsókn til umsagnar, og mælti hann með því, að hún yrði samþ. Hann stakk ekki upp á neinu skilyrði um, að leyfin yrðu bundin við þá togara eina, sem veiddu við Kanada og Nýfundnaland, og leyfið sem utanrrn. veitti samkv. meðmælum Lúðvíks Jósepssonar, var ekki bundið neinum slíkum skilyrðum. Undir þessum kringumstæðum eru þessar leyfisveitingar þvílíkt hneyksli, að ég gerði í dag kröfu til þess, að Lúðvík Jósepsson segði af sér ráðherraembætti. Það er ekki hægt að hafa í embætti sjútvrh. mann, sem hefur reynst jafn hörmulega glámskyggn á íslenska hagsmuni og hér hefur átt sér stað. Ef Lúðvík Jósepsson segir ekki af sér vegna þessara óafsakanlegu mistaka, ætti hæstv. forsrh. að biðjast lausnar fyrir hann. Slíkt mundi verða gert hvarvetna í nálægum löndum. Menn, sem fremja augljós afglöp, halda ekki ráðherraembættum sínum.

Þá kem ég að fjórða atriðinu, sem sýnir sundrungina og óheilindin í ríkisstj. Það er yfirlýsing hæstv. iðnrh. Magnúsar Kjartanssonar, um, að stjórnarflokkarnir hafi allir heimilað forsrh. að rjúfa þing og boða til kosninga í haust. Auðvitað er það forsrh. eins að gefa slíkar yfirlýsingar. Það er upplýst, að iðnrh. hafði ekkert samráð haft við forsrh., áður en hann gaf þessa yfirlýsingu. Slíkt er ekki aðeins fullkominn skortur á mannasiðum, það er fyrst og fremst ódrengskapur í garð forsrh. og samstarfsflokka. Við þetta bætist svo, að allir þm. SF, bæði formaður flokksins og ráðh. hans, hafa lýst því yfir, að hæstv. iðnrh., Magnús Kjartansson, hafi farið með rangt mál í yfirlýsingu sinni. Er nú að undra, þótt almenningur spyrji, hvernig samstarf slíkra manna geti blessast? Og hefur það ekki í raun og veru verið svona frá byrjun, þótt nú komi það ljósara upp á yfirborðið, þegar sennilegt er, að stjórnarsamstarfið sé að sundrast? Ætli þarna sé ekki einmitt að leita einnar meginskýringarinnar á óstjórninni á undanförnum árum?

Í fimmta og síðasta lagi skal ég víkja að meðferð ríkisstj. á hugsanlegum ráðstöfunum gegn þeim efnahagsvanda, sem við blasir. Í dag lagði ríkisstj. fram frv. um efnahagsráðstafanir, sem gilda eiga til nóvemberloka. Í grg. eru þau athyglisverðu ummæli, að sjálfir stjórnarflokkarnir hafi óbundnar hendur um einstök atriði frv., en í því eru m.a. ákvæði um lögbindingu kaupgjaldsvisitölu og ógildingu kauphækkana samkv. nýgerðum kjarasamningum, ef þær hafa verið meiri en 20%. Um frv. í heild hafa staðið harðvítugar deilur innan ríkisstj. Einn daginn hafa ráðh. Alþb. samþykkt vísitölubindinguna og kaupskerðinguna, en hinn daginn hafa þeir lýst sig andvíga. Enginn veit, hvað þeir segja að síðustu í þessu máli fremur en varðandi landhelgissamningana við Breta á sínum tíma. Þessum mönnum er ekki treystandi í einu né neinu.

Ástand íslenskra efnahagsmála er nú því miður orðið þannig, að ríkisstj. ræður ekki lengur við það og á því auðvitað að segja af sér. Sundurlyndi innan ríkisstj. blasir nú einnig svo augljóslega við alþjóð, að stjórnin er ekki starfhæf. Á því öngþveiti, sem nú hefur skapast, er enginn önnur frambúðarlausn til en sú, að efnt verði sem fyrst til kosninga og þjóðinni veittur kostur á að fela ábyrgum og heiðarlegum mönnum að takast á við vandann.

Það er eflaust rétt, að ekki eru til nein töfraorð, sem leysa þann ógnarvanda, sem við blasir, og ekki nein einföld allsherjarráð heldur. En eitt er víst: Ef tekist er á við vandamálin af djörfung og kjarki, af samhug og samheldni, ef horft er á framtíðarhag þjóðarheildarinnar, en ekki stundarhag einstaklingsins, ef góðvild og drengskapur eru látin ráða ferðinni, en ekki áróðurslöngun og metingur, ef um ærlegan vilja er að ræða til þess að gera það eitt, sem talið er rétt, þá er hægt að vinna bug á vandanum og varðveita velferð og velmegun á Íslandi.

Eggert G. Þorsteinsson: Herra forseti. Góðir Íslendingar. Gamalt orðtak segir: Allt er þá þrennt er. Þriðja tilraunin til að vinna með kommúnistum að stjórn landsmála á Íslandi var gerð árið 1971 og hefur nú varað um nálega 3 ára skeið. Tvær fyrri tilraunir með þá í ráðherrasætum stóðu hins vegar aðeins 2½ ár hvor, því að lengra var þrek þeirra og þol ekki.

Allir starfandi stjórnmálaflokkar í landinu hafa tekið þátt í þessum tilraunum, m.a. til þess að sannprófa með eigin reynslu orð þeirra og yfirlýsingar um föðurlandsást og þjóðernisvitund, svo sem þeir hafa viljað láta í veðri vaka. Í öll þessi þrjú skipti hefur þjóðarbúið í upphafi staðið á þann veg, að ýmsir möguleikar hafa verið fyrir stjórnvöld til að gera hin vinsælli verk, sem svo eru nefnd, þ.e. að láta fjármunina renna örar um atvinnulífið og um sinn

a. m. k. auka möguleika fólks til betri lífskjara. Svo sem öllum kosningabærum Íslendingum er hins vegar kunnugt, hefur undirstaða allrar okkar velmegunar verið æði sveiflukennd. Eftir góðærin hafa oft komið erfiðleikatímabil, sem nauðsynlegt hefur reynst að yfirstíga, og þá oft með miður vinsælum stjórnarathöfnum. Það er þá, sem reynir á stjórnmálamenn og þá forustu, sem kjósendur hafa falið þeim, — ekki aðeins þegar vel árar, þá reynir lítt á þessa forustuhæfileika, heldur fyrst og fremst þegar í móti blæs, þegar erfiðleikarnir steðja að. Undantekningarlaust hafa kommúnistar þá ekki reynst vera meiri föðurlandsvinir en svo, að þá hafa þeir hlaupið af hólmi og þá ýmist sagt, að erfiðleikarnir, sem fram undan væru, séu sáralitlir og auðleysanlegir eða þá, ef ekki hefur reynst unnt að blekkja þjóðina og leyna vandanum, sem stefnt er að af þeirra völdum, þá er hann að þeirra dómi ofureinfaldlega hinum að kenna.

Um þessar mundir eru unglingar um land allt að þreyta sitt lokapróf. Alþb. og kommúnistar geta að sjálfsögðu ekki skýlt sér á bak við saklaus ungdómsár í íslenskum stjórnmálum, til þess hafa þeir fengið of mörg tækifæri til að taka prófið upp aftur. Það eina, sem fræðarar þeirra í íslenskum málefnum sérstaklega geta álasað sér fyrir, er að áminna þá ekki á réttum tíma um tilgangsleysið í því að láta þá taka yfirleitt nokkurt próf. Þeir hafa þegar fengið þrem möguleikum of mikið. Það þætti ekki manndómsmerki af húsbónda að ganga af heimili sínu frá konu og börnum, þegar mótlæti eða andbyr mætti afkomu heimilisins, ekki síst ef hann gæti sjálfum sér um það kennt. Slíka framkomu vilja kommúnistarnir í Alþb. telja íslenskum almenningi trú um, að sé í þágu íslenskrar alþýðu og sérstakt merki þeirra um þjóðerniskennd og verndun efnalegs sjálfstæðis þjóðarinnar.

Verndun sjálfstæðis þjóðarinnar að dómi kommúnista er m. a. fólgin í því „trausti" á íslensku þjóðinni, að hún geti ekki valið á milli íslenskrar og erlendrar sjónvarpsdagskrár, en hún má að þeirra dómi sjá sömu myndirnar, aðeins ef þær eru sýndar í íslenska sjónvarpinu. Enn þá megum við þó að þeirra dómi fara í bókabúð og kaupa íslensk og erlend rit eftir eigin vali. Væri nú ekki meira samræmi í því af þeirra hálfu að taka þennan valrétt einnig af fólki og þeir hinir sömu menn flyttu till. um takmörkun á bóka- og blaðakaupum almennings, svona rétt til að vera meira og í betri takt við húsbændurna austan tjalds? Slík ráðstöfun kæmi almenningi áreiðanlega ekki meira á óvart en vantraustið, sem í því felst að mega ekki ráða vali á innlendum og erlendum sjónvarpsdagskrám.

Mikið hljóta frændur vorir á Norðurlöndum og í Mið-Evrópu að vera þroskaðri en við Íslendingar. Þar geta menn séð í einu og sama sjónvarpstæki dagskrár frá allt að 4—5 þjóðlöndum, og engum manni kemur til hugar að amast við því. Hvernig förum við svo að, þegar sjónvarpshnettir fara að endurvarpa dagskrám frá fjarlægustu heimshornum innan fárra ára? Svo langt er gengið í þessum efnum, að eftir kostnaðarsamar utanlandsstefnur sendinefnda með ráðh. í fararbroddi er talið til stórsigra í svonefndu herstöðvarmáli, að draga muni úr styrkleika hinnar erlendu sjónvarpsstöðvar. Þá eru þau lítilþæg, samtökin, sem að baki þessum kröfum stóðu, ef þetta verða taldar efndir á gefnum loforðum kommúnista.

Þegar rætt er um efndir Alþb. á gefnum loforðum, er ekki úr vegi að minnast á afskipti þeirra af verkalýðsmálum. Í þeim efnum deildu þeir mjög hart á fyrrv. ríkisstj. fyrir kauprán og arðrán íslenskrar alþýðu, svo að notuð séu þeirra eigin orð. Röksemdirnar fyrir þessum fullyrðingum voru þær, sem þeir nefndu fikt þáv. ríkisstj. með vísitöluna og frestun um sinn á greiðslu verðlagsuppbótar. Nákvæmlega sömu aðgerðir í dag, þegar þeir sjálfir sitja í ráðherrastólum, heita þá ofureinfaldlega endurskoðun vísitölunnar. Sú ákvörðun er einnig tekin, áður en undirskriftablekið á nýgerðum kjarasamningum er þornað. Þá var siglt til síðustu kjarasamninga með slagorðunum: Kauphækkun til þeirra lægst launuðu. — Allir vita nú og finna á launaumslögum sínum, að einnig hér voru efndirnar svik og ósannindi. Jafnvel landhelgismálið varð hæstv. forsrh. að taka úr þeirra höndum, til að á því fengist bráðabirgðalausn. Var þó einhugur þings og þjóðar um það mál.

Skattamál voru mjög á vörum kommúnista í tíð fyrrv. ríkisstj., og áttu þeir vart nógu sterk lýsingarorð til að lýsa ranglæti skatta, meðan þeir voru utan ríkisstj. Þá var óspart leitað til miðlaunaflokkanna í ríkiskerfinu og iðnaðarmanna um fylgi til lausnar á þeim óréttmætu skattaálögum, sem þá giltu að þeirra eigin sögn. Hvað finnst þessum aðilum nú um efndirnar á loforðum um skattalækkun?

Í tíð fyrrv. ríkisstj. voru það landráð og föðurlandssvik að semja við erlenda aðila um iðnrekstur hér á landi, sbr. álúmíníumsamningana. Í dag telur hæstv. iðnrh. það sem eina af sínum fegurstu rósum að hafa náð samningum við bandarískan auðhring um hliðstæðan atvinnurekstur hér á landi.

Þá var það einnig eitt af ádeiluefnum kommúnista á fyrrv. ríkisstj., að hún hefði beitt gengisfellingu til lausnar aðsteðjandi efnahagsvanda. Samkv. yfirlýsingu form. Alþb. heita nú næstum mánaðarlegar gengisfellingar að láta krónuna síga.

Það er því nákvæmlega sama, hvert litið er. Það af gefnum loforðum, sem ekki hefur verið svikið, hefur verið látið ógert, og mun það þó sennilega vera talin betri hliðin á starfi þeirra, er fram líða stundir og allur sannleikurinn verður alþjóð ljós. Enginn þarf að gera því skóna, að í því, sem nú þegar er upplýst um gang efnahagsmála, sem þó er nægjanlegt hverjum þjóðhollum Íslendingi til andvöku, að finna allan sannleikann. Því miður er enn þá ekki séð fyrir þann enda.

Með hvaða hætti er og hægt til að ætlast, að menn, sem hafa varið manndómsárum sínum í niðurrifsstörf og svívirðingar um einstaklinga og hópa manna, geti allt í einu farið að vinna ábyrg og jákvæð störf.

Alþfl. hefur það sem af er þessu kjörtímabili, svo sem í öllu starfi sínu fyrr og síðar, í nálega 60 ár, sýnt fulla ábyrgð í störfum, jafnt innan

ríkisstj. sem utan, fylgt fram þeim málum, sem hann hefur talið í samræmi við stefnu sína og horfa til almannaheilla, án tillits til þess, hver þau hefur flutt. Alþfl. hefur einnig átt frumkvæði að mörgum málum, sem nánar mun um fjallað af öðrum fulltrúum flokksins hér í kvöld.

Niðurstaðan af þessum lauslegu hugleiðingum, þar sem þó er aðeins tæpt á því helsta í starfi kommúnistanna í Alþb. í núv. ríkisstj., er því sú, að þeir hafa enn reist og undirstrikað á legstein fyrri vinstri stjórna orðið „ósamstarfshæfir", og þá sér í lagi vegna brigðmælgi sinnar og blekkinga. Skiptir í því efni ekki máli, hvort þeir hlaupast frá þeim vanda, er nú steðjar að, í dag eða eftir 3—4 mánuði. Þjóðina alla skiptir það hins vegar miklu að losna við þá úr ráðherrasætum hið allra fyrsta og áður en sá vandi, sem þeir hafa skapað, verður alls óviðráðanlegur.

Lokaniðurstaðan verður því tvímælalaust sú, að á meðan ríkisstj. ber kommúnistameinið í brjósti sér, er henni engra góðra verka treystandi. Hún er sjálfri sér sundurþykk, sbr. yfirlýsingar ráðh. síðustu daga. Þess vegna ber henni að víkja. — Góða nótt.

Menntmrh. (Magnús T. Ólafsson): Herra forseti. Góðir hlustendur. Ábúendur, sem flosnuðu upp úr stjórnarráði Íslands eftir síðustu alþingiskosningar, höfðu orð á því, að þeir gengju frá góðu búi, spáðu, að hinir, sem við tóku, mundu reynast iðnastir við að sólunda fyrningum úr sjóðum, sem fyrirrennararnir hefðu dregið saman í forðabúr og kistuhandraða. En verði því með réttu haldið fram, að búskapur viðreisnarstjórnarinnar hafi verið að rísa á réttan kjöl eftir áralanga búsveltu, um þær mundir sem hún lét af völdum, þá er ekki um að villast, að núv. ríkisstj. hefur búið stórum betur. Sjóðirnir góðu, gjaldeyrisvarasjóður og verðjöfnunarsjóður, eru á sínum stað og hafa gildnað fremur en rýrnað. En samtímis hefur bústofninn blómgast, tækjakostur búsins eflst meira en dæmi eru til á svo skömmu skeiði og viðurgerningur við heimafólk borið af öllu, sem áður hefur þekkst á heimilinu því.

Ofan á allt þetta hefur svo landareignin verið stækkuð, svo að um munar. Vænn geiri af þrætublettinum gamla á hafinu hefur verið helgaður þjóðarbúi Íslendinga og þannig haldið á málum, að þeir, sem við er að deila, hafa ýmist dregið sig í hlé eða sætt sig við stórfellda skerðingu á fyrri nytjum. Órækastur vitnisburður um raunhæft gildi útfærslunnar eru þau ummæli eins þeirra skipherra, sem mest mæðir á að gæta hins vota vallar, að landhelgisgæsla á liðnum vetri hafi verið sú auðveldasta og árangursríkasta í manna minnum.

En ekki nægir það eitt að helga sér sjávarnytjarnar. Til að þær verði björg í bú, þarf að efla skipastólinn, sem djúpmiðin nytjar, og svo sannarlega hefur það verið gert. Enginn gerist til að mæla bót viðskilnaði fyrri húsbænda í þeirri grein, sem skildu svo við togaraflotann, að hann var drabbaður niður og vinnslustöðvar í heilum landshlutum skorti verkefni mikinn hluta ársins. Nú hefur skipastóllinn verið endurnýjaður, svo að algjör umskipti eru orðin í atvinnuskilyrðum víða um land, og á þó enn eftir að bætast drjúgum við. Svo gagnger eru umskiptin, svo rækilega hefur hlutur strjálbýlisins verið bættur og jafnvægið í þjóðarbúskapnum þar með treyst öllum í hag, að nú gætir þess í fyrsta skipti um langan aldur, að fólksflutningar beinast einkum úr þröngbýlinu í þjónustumiðstöðinni hér við Faxaflóa, til frumframleiðslustöðvanna dreifðu í öðrum landsfjórðungum.

Vinnslustöðvunum í landi, sem margfalda verðmæti aflans, hefur ekki síður verið sinnt en skipastólnum. Heildaráætlun um endurnýjun frystihúsa og umbætur á þeim er í framkvæmd. Lögð hafa verið drög að skipulegri þróun lagmetisiðnaðar. Vélvæðingu í fiskiðnaði fleygir fram. Og í sumar tengir vegur umhverfis samfellda landareign íslensku þjóðarinnar byggðirnar eystra og vestra, syðra og nyrðra í fyrsta skipti í 11 alda búsetu hennar í landinu.

Jafnframt þessum stórstígu og fjárfreku framkvæmdum hefur verið haldið uppi á Íslandi lífskjörum, sem teljast með þeim bestu, sem þekkjast, og eru tvímælalaust jafnbetri en í öðrum löndum, sem við helst berum okkur saman við. Framleiðninni, sem lífskjörin byggjast á, hefur þar að auki verið náð, án þess að meiri háttar spjöllum valdi á umhverfi né mengun á lífslofti, þó að ljóst sé orðið, að í því efni verði héðan í frá að fara með fullri varúð og strangri aðgát.

Að sjálfsögðu er það, sem vel hefur gengið og til heilla horfir, ekki ríkisstjórn né þingmeirihluta einum að þakka nú frekar en endranær. Fram á s.l. ár var hagsveiflan í heiminum okkur Íslendingum einkar hagstæð. Verðlag á helstu útflutningsafurðum okkar sté hraðar en verð á aðkeyptum tilföngum og bætti okkur viðskiptakjörin.

En hagsveiflur á heimsmarkaði, jafnt og í okkar þrönga hagkerfi, hníga og rísa með ýmsu móti. Nú hefur það gerst á liðnum vetri, að rísandi verðbólguöldur, bæði utan að og innan frá, hrannast samtímis að íslenska hagkerfinu. Verðlag þýðingarmikilla útflutningsgreina á heimsmarkaði stendur í stað eða lækkar, jafnframt því sem verð á innflutningi hækkar og í sumum ómissandi vöruflokkum hraðar en nokkru sinni áður. Leita verður allt aftur til stríðsáranna 117 til að finna samjöfnuð um hækkanir innflutningsverðlags. Samtímis ber svo við í kjarasamningum, að á síðasta stigi samningsgerðar virða nokkrir hagsmunahópar að vettugi markaða stefnu heildarsamtakanna í kjaramálum. Sú stefna var í því fólgin, að við ríkjandi aðstæður bæri að leggja áherslu á kjarajöfnun á þann veg, að raunhæf kjarabót, sem um gat verið að ræða, eins og málum var háttað, kæmi fyrst og fremst í hlut þeirra lægst launuðu. Aðrir, sem betur eru settir, yrðu að svo stöddu að leggja megináherslu á að halda sínu og drýgja raungildi þess, sér í lagi með skattkerfisbreytingu. En það var öðru nær en að þessi raunhæfa og réttláta stefna fengi að ráða, þegar frá voru taldir kjarasamningar BSRB og rammasamningur ASÍ. Þess í stað hófst sannkallað launakapphlaup einstakra hagsmunahópa, sem ekki er enn séð fyrir endann á og magnar verðbólguflóðið, sem fyrir var.

Á undanförnum uppgangsárum hefur verið

leitast við að láta vaxandi ráðstöfunartekjur ná til allra, þó að ýmislegt skorti á, að dreifingin hafi verið eins og ákjósanlegt væri frá sjónarmiði félagslegs réttlætis. En þegar hagur þjóðarinnar þrengist miðað við þróun síðustu ára, er enn brýnna en áður, að kjörum sé þannig skipt, að það, sem aflögu er, komi þar niður, sem þörfin er mest. Sé þessa ekki gætt, komi til launakapphlaups, þar sem hver hagsmunahópur reynir að olnboga sig áfram eftir fremstu getu, hlýtur af að hljótast stóraukið launamisrétti, þar sem þeir meiri máttar hrifsa til sín af hinum, sem minna bera úr býtum.

Það ætti ekki að þurfa að brýna fyrir mönnum, að niðurstaðan af efnahagskollsteypum og verðbólguholskeflum er ævinlega að færa fjármuni frá þeim, sem lítið hafa fyrir, í hendur þeirra, sem betur eru settir. Því er viðnám við vaxandi verðbólgu skylda stjórnar, sem aðhyllist sjónarmið félagslegs réttlætis.

Svo er fyrir að þakka, að enn er ekki óbætanlegur skaði skeður. Það, sem við er að fást, er í rauninni aðlögunarvandamál. Menn verða að gera sér grein fyrir, að vegna utanaðkomandi aðstæðna getur ekki sem stendur verið um að ræða eins öra aukningu á ráðstöfunartekjum og átt hefur sér stað um skeið. Sé aðvörunarmerkjunum ekki sinnt, vita allir, hvernig fer: samdráttur hefst, atvinna minnkar og verður stopul, gjaldeyrisforði þverr, lánstraust erlendis fer forðgörðum, framkvæmdagetan til að búa í haginn fyrir framtíðina dvínar, og því hærra sem verðbólguholskeflan fær að rísa, án þess að að sé gert, þeim mun dýpri reynist öldudalurinn, sem á eftir fer.

Í dag var lagt fram á Alþ. frv. ríkisstj. um aðgerðir til að veita verðbólgunni viðnám. Þótt þar séu einstök atriði, sem við í SF hefðum kosið að haga á annan veg, taldi ég einsýnt að standa að flutningi þess. Frv. fjallar um bráðabirgðaráðstafanir fram til nóvemberloka í því skyni að hefta fyrirsjáanlegar víxlhækkanir verðlags og kaupgjalds, sem ógna mundu atvinnuöryggi og framtíðarhagvexti, væri ekkert að gert. Ákvæði frv. verða kynnt í fréttum, svo að ég tel ekki rétt að verja takmörkuðum ræðutíma í að rekja þau. En meginmarkmið með frv. eru þessi: Að stuðla að því, að full atvinna haldist. Vernda kjör hinna lægst launuðu. Tryggja innlent fjármagn til nauðsynlegra framkvæmda, og reisa skorður við verðbólgubraski með sparifé þjóðarinnar.

Rétt er, að það komi fram, að stjórnarflokkarnir voru ekki á einu máli hversu haga skyldi samráði við hagsmunasamtök launþega og aðra samningsaðila á vinnumarkaði um sum þau atriði, sem í frv. felast. Slíkar viðræður eru þó hafnar og verður haldið áfram. En í mínum augum skiptir það höfuðmáli, að þjóðin á heimtingu á að fá að sjá það Alþ., sem hún kaus fyrir 3 árum, takast á fyrir opnum tjöldum við vandann, sem við er að etja.

Úr því að stuðningsflokkar ríkisstj. náðu málefnalegri samstöðu um meginefni tillögugerðar um úrræði til að mæta aðsteðjandi erfiðleikum, var að mínum dómi allsendis ótækt, að skiptar skoðanir um málsmeðferð væru látnar koma í veg fyrir, að þeir legðu frv. um viðnám við verðbólguháskanum fyrir Alþingi. Frv. það arna fjallar að verulegu leyti um bráðabirgðaráðstafanir, sem eiga að gilda um takmarkaðan tíma. Markmiðið með því er að veita tóm til að undirbúa þær kerfisbreyt., sem líklegastar þykja til að búa svo um hnúta, að verðbólguþróun verði íslensku þjóðarbúi viðráðanlegri en reynst hefur um langt skeið.

Mönnum er af langri reynslu margra ríkisstj. á mörgum kjörtímabilum fullkunnugt um ýmsa óþægilega agnúa á skipan peningamála, skattamála og kjaramála, sem unnt er að ráða bót á, ef menn taka í sig pólitískan kjark og ærða að láta heildarhagsmuni ganga fyrir sérhagsmunum, þótt rótgrónir og illvígir kunni að vera. Tími er til kominn, að við hérna í þingsölunum áttum okkur á því, að það eru sjálfstæðir einstaklingar, sem kjósa til Alþ., en hvorki fyrirtæki, sérhagsmunahópar né áróðursmálgögn þeirra. Viljinn til að víkja út af troðnum slóðum, sem reynst hafa leiða í efnahagsógöngur, a.m.k. einu sinni á kjörtímabili, er vakandi með þjóðinni, og þeir, sem hún hefur falið umboð sitt, mega með engu móti láta sinn hlut eftir liggja.

En hvaða líkur eru á, að frv. ríkisstj. nái fram að ganga, þar sem svo er komið eftir brotthlaup eins þm. úr stjórnarliðinu, að stjórnarandstaðan hefur stöðvunarvald í annarri þd.? Um það skal engu spáð á þessari stundu, enda verður ekki langt að bíða, að sú gáta ráðist. En það vil ég fullyrða, að ríkisstj. og stuðningsflokkar hennar hafa, síðan ríkjandi ástand kom upp á Alþ., sýnt ótvíræðan vilja til að leita samkomulags til að koma fram þýðingarmiklum málum, og svo mun enn verða í þetta skipti.

Við erum með afdrifaríkara mál í höndum en svo, að það megi koðna niður í sjálfheldu fyrir þá sök, að atkvæði geta staðið jöfn í Nd. Á þessu þingi er komið meira en nóg af pólitískri hrekkvísi, þótt tólfunum kastaði, þegar nokkrir þm. Sjálfstfl. tóku upp ofsafengna baráttu gegn bráðabirgðasamkomulaginu við Breta, til að storka þeim þm. stjórnarflokkanna, sem þeir vissu trega til fylgis við málið. Nú hefur reynslan afsannað allar hrakspár, sem þá voru í frammi hafðar, en söm er þeirra gerð, sem þá létu illum látum.

Nú fer þjóðhátíð í hönd, sem kostað hefur verið kapps um, að þannig yrði minnst, að þjóðinni væri til sóma. Það væri léleg frammistaða Alþ. á þjóðhátíðarárinu, ef það léti ásannast, að fulltrúar þjóðarinnar réðu ekki við vanda, sem að drjúgum hluta er heimatilbúinn og enn er tóm til að afstýra að verulegu leyti.

Nú þurfa Íslendingar, en þó sér í lagi þeir, sem hlotið hafa sæti á löggjafarsamkomu þjóðarinnar, að sýna, að þeir eigi þau sterku bein, sem samkv. hinu fornkveðna þarf til að þola góða daga. Við höfum um skeið átt betri daga en nokkur önnur kynslóð, sem búið hefur í þessu landi. Nú reynir á, hvort okkur auðnast að búa svo í haginn, að vel rætist úr, þó að hagurinn þrengist í bili, hvort við kjósum að búa svo um hnúta, að þeir, sem síst geta borið hönd fyrir höfuð sér í lífsbaráttunni, hljóti, hvað sem á bjátar, sinn deilda verð, eða hvort réttur hins sterkara til að hrifsa það, sem hönd á festir, skuli ríkja.

Fleira er í húfi en það eitt, hvort félagslegt réttlæti skuli virt, þegar lífsgæðum er skipt milli landsins barna. Það verður aldrei of oft endurtekið, að efnahagslegt sjálfstæði er undirstaðan undir stjórnarfarslegu sjálfstæði. Vilji Íslendingar koma fram af fullri reisn á meðal þjóða heimsins, verða þeir að kunna að sjá sér farborða sjálfir, hafa svigrúm til að beina viðskiptum sínum þangað, sem hagstæðast er á hverjum tíma, eiga aðgang að þeim lánamörkuðum, sem best kjör bjóða. Þeir, sem óska eftir, að við getum í yfirstandandi lotu haldið fast á málstað okkar gagnvart Bandaríkjamönnum í viðræðunum um afléttingu hersetu í landinu, skyldu minnast þess, að afleiðingar gáleysislegrar fjármálastjórnar áttu sinn ríka þátt í því að auðvelda Bandaríkjamönnum að ná hér hernaðarítökum eftir lok heimsstyrjaldarinnar síðari.

Nú er hagur landsmanna góður og aðstaðan til að treysta hann enn betur, þegar fram líða stundir, er sterk. Orkulindir landsins vaxa að verðmæti og eru sú uppspretta, sem komandi kynslóðir eiga eftir að sækja í hagsæld öðrum fremur. Þar bíða risavaxin verkefni, sem óhjákvæmilegt er að afla aðfengins fjármagns til að leysa. En því aðeins hefur þjóðin full tök á að ákveða, hvernig orkugjafarnir eru notaðir, og tryggja, að arðurinn af þeim nýtist fyrst og fremst Íslendingum, að hún hafi fjárhagslegt bolmagn og svigrúm til að velja og hafna með þjóðarhagsmuni eina að leiðarljósi, hverja kjósa beri til samstarfs. Lengi mætti þannig rekja víðtæk og afdrifarík eftirköst þess, hvernig Alþ. auðnast að ráða til lykta því máli, sem kemur til meðferðar síðustu daga þessa þinghalds. — Þökk þeim, sem hlýddu.

Bjarni Guðnason: Herra forseti. Góðir Íslendingar. Alþjóð hlýtur að hafa komið það nokkuð spánskt fyrir sjónir, þegar forseti Sþ. fyrr í kvöld kynnti mig utan flokka, en ég er eins og kunnugt er form. Frjálslynda flokksins. Og kyndugt má það heita, að mér skuli skammtaður minni ræðutími en öðrum stjórnmálafl. Varla getur það kallast jafnrétti að gefa Frjálslynda flokknum kost á að koma skoðunum sínum á framfæri við alþjóð á helmingi skemmri tíma en öðrum flokkum. En af þessu leiðir, að ég verð að fara fljótt yfir sögu, og mun ég leitast við það hér á eftir að fara nokkrum orðum um efnahagsástandið og þörfina á endurnýjun íslenskra stjórnmála. En áður en ég sný mér að því, þykir mér rétt að víkja örstutt að tveimur stórmálum.

Hljótt hefur verið í kringum landhelgismálið eftir samningana við Breta, sem að mínu mati fólu í sér frestun á útfærslu fiskveiðilögsögunnar í 50 mílur. Þó gerast þeir furðulegu atburðir, að Bretar halda áfram málssókn gegn okkur Íslendingum við Alþjóðadómstólinn í Haag, þrátt fyrir samningana. Mun einstakt, þegar tveir deiluaðilar semja, að þá skuli ekki falla niður málaferli milli þeirra. Sýnir þetta glögglega, hversu slælega var frá málum gengið. Nú veltur á öllu, að við Íslendingar höldum vöku okkar í þessu máli og leiðum það til fulls sigurs.

Hitt atriðið er varnarmálin. — Eins og kunnugt er, eru Bandaríkjamenn um þessar mundir að kynna sér till. ríkisstj. Mál þetta hefur dregist furðanlega á langinn. Væri mjög æskilegt, að málsaðilar kæmust að sameiginlegri niðurstöðu, og kæmist þá nokkur kyrrð á þetta mál, sem hefur valdið svo miklu umróti í hugum Íslendinga að undanförnu. En takist ekki að leysa málið þannig, er bersýnilegt, að hin eina pólitíska lausn er þjóðaratkvæði.

Það er uggvænlegt að lesa skýrslu hagrannsóknadeildar Framkvæmdastofnunarinnar, þar sem klifað er á því, að ástandið í efnahagsmálum sé svo háskalegt, að við blasi á næstunni stöðvun ýmissa undirstöðuatvinnugreina og atvinnuleysi, verði ekki hið bráðasta gripið til róttækra ráðstafana. Meðal þeirra válegu tíðinda, sem skýrslan hermir frá, má telja, að þjóðartekjur vaxi aðeins um tæp 2% á árinu, en launin um 60%, kaupgreiðsluvísitala hækki um hvorki meira né minna en tæp 14% 1. júní n. k., 2—3 milljarða kr. vanti til að tryggja áframhaldandi rekstur frystihúsa, togara og þorskveiðibátaflotans, viðskiptahallinn verði um 8 milljarðar kr. á árinu, fjárfestingasjóðir séu nálega tómir, 2 milljarða vanti í tekjur til fjárlaga o. s. frv.

Venjulegir menn telja, að hér sé sannarlega vá fyrir dyrum. En til eru óvenjulegir menn, sem láta eins og ekkert sé, tala um velmegunarvandamál, þegar atvinnufyrirtæki eru að stöðvast og atvinnuleysi á næsta leiti. Og á þeirra tungu heitir stjórnleysi í fjárfestingarmálum framkvæmdagleði. En þetta má heita grátt gaman, þegar sömu menn eru að leggja til nú að skerða kjör láglaunafólks og rifta gerðum kjarasamningum til að leysa velmegunarvandann.

Hvernig má það vera, að upp skuli koma efnahagslegt hættuástand á tímum góðæris til sjávar og sveita. Ráða hér veðurguðirnir eða náttúrulögmálin? Ber enginn ábyrgðina? Undirrótin að þessum vanda er vitaskuld sú ófreskja, sem verðbólga nefnist. Henni er ekki lengur stjórnað, heldur hefur hún tekið við stjórninni í samfélaginu, gersýkt efnahagslíf þjóðarinnar, lagt í helsi vitund hennar, brenglað verðmætamat hennar og ruglað hana í ríminu. Fyrir hana og í kringum hana er dansinn stiginn, og er hann orðinn tryllingslegri en menn þekkja í annan tíma hér á landi. Verðbólgan er alþjóðlegt fyrirbæri, og það eru engar leiðir til fyrir okkur Íslendinga að kveða hana niður með öllu, en halda má henni í skefjum, svo að hún verði svipuð eða lítlu meiri en í helstu nágranna- og viðskiptalöndum okkar. En hvernig hefur til tekist? S. l. ár jókst verðbólgan um tæp 30% eða þrisvar sinnum meir en í nálægum löndum, og vorum við Íslendingar í sérflokki í Evrópu ásamt Grikkjum. Og nú er gert ráð fyrir, að verðbólguvöxturinn á árinu verði allt að 50%. Hvort sem mönnum líkar betur eða verr, er það staðreynd, að um þriðjungur verðbólgunnar er af erlendum toga, en tveir þriðjungar af innlendum toga. Þetta er meginskýringin á þeim efnahagsvanda, sem við er að etja, þótt hér komi inn í hækkandi olíuverð og lækkandi verðlag frystra fiskafurða á Bandaríkjamarkaði.

Það er látið í veðri vaka í afsökunarskyni, að það sé engin nýlunda, þó að efnahagsöngþveiti verði með þjóðinni. En það er enginn skýring. Hér ráða ekki veðurguðirnir, ekki náttúrulögmálin, heldur á slæm landsstjórn sökina. Hún verður ekki leyst frá ábyrgð, svo framarlega sem gert er ráð fyrir því, að hún eigi að stjórna landinu.

Það var vissulega vorhugur með þjóðinni, þegar núv. ríkisstj. tók við fyrir 3 árum. Að baki var viðreisnarskeiðið, tími atvinnuleysisins, landflótta, gengisfellinga og athafnatregðu, og þjóðin var svo lánsöm, að þegar núv. ríkisstj. tók við, þreföldu̇ðust íslenskar sjávarafurðir í verði á Bandaríkjamarkaði á árunum 1971—1973. Það var því ekki að undra, að ríkisstj. hafði allar forsendur með styrkri forustu að sitja út allt kjörtímabilið og láta margt gott af sér leiða. Ég hef aldrei dregið í efa, að ríkisstj. hafi haft góðan vilja til góðra verka, og auðvitað hefur hún komið ýmsu góðu til leiðar. Má minna t. d. á eflingu, atvinnulífs víða um land og aukningu tryggingabóta. En nú var efnahagsvandinn í raun allur annar en á viðreisnartímanum. Í stað þess að berjast gegn atvinnuleysi og samdrætti í atvinnulífinu varð að fara með mikilli gát í sakirnar sökum þenslu, eftirspurnar eftir vörum, þjónustu og vinnuafli, en það var látið reka á reiðanum. Hvergi vottaði fyrir viðleitni að hamla á móti verðbólguófreskjunni, heldur þvert á móti kynt undir á margvíslegan hátt, svo sem uppsprengdum fjárlögum og stórkostlegum erlendum lántökum til ýmissa framkvæmda, þótt vinnuafl væri nýtt fyrir til hins ítrasta. Jafnframt skorti aðhald og ráðdeild í ríkisrekstrinum. Brotin var sú meginregla, að ekki er unnt að eyða meiru til langframa en aflað er, án þess að allt fari úr skorðum, og á þetta jafnt við ríkisbúskapinn, sem hvert og eitt einstakt heimili. En aðhaldsleysi ríkisstj. örvaði að sjálfsögðu þá miklu kröfugerðarpólitík, sem nú setur mark sitt á þjóðfélagið og nálgast nú fullkomið stjórnleysi. Má því til sönnunar benda á nýgerða kjarasamninga. Það má heita, að látlaus ófriður hafi ríkt á vinnumarkaðinum undanfarna mánuði, sem sýnir, að endurskoða þurfi vinnulöggjöfina.

Ríkisstj. og samninganefnd ASÍ boðuðu þá stefnu, sem allir tóku undir, að bæta einkum kjör láglaunafólks. Niðurstaðan varð þveröfug. Dagsbrúnarmenn fengu um 18—19% hækkun, svipað og iðnverkafólk og verslunarmenn, en aðrar stéttir tekjuhærri hafa fengið allt að 40% hækkun. Hver ber ábyrgðina? Ríkisstj. segir. Ekki ég. Samninganefnd ASÍ segir: Ekki ég. Að sjálfsögðu bera þessir aðilar fulla ábyrgð á gangi mála, og það sýnir, að forusta þeirra hefur brugðist. Ríkisstj. verður að hafa ákveðna launapólitík, sem tekur mið af getu þjóðarbúsins, og standa við hana. Í stað þess fór allt úr böndum, vandanum ýtt á undan sér með því að velta launahækkunum inn í verðlagið. Þar með eru launabætur jafnharðan teknar af launafólki og verðbólgan mögnuð. Og nú blasir við sú hörmulega staðreynd, að láglaunafólkið stendur verr að vígi eftir en áður og hópar opinberra starfsmanna heyja nú hálfopinber verkföll til að fá fram leiðréttingu mála sinna.

Það sætir furðu, að samninganefnd ASÍ skuli standa að því að samþykkja hækkun söluskatts um 5 stig. Satt að segja virðist verkalýðsforustunni ekki sjálfrátt, enda er hún bersýnilega lömuð af flokkspólitískum viðhorfum.

En þróun kjaramálanna sýnir, svo að ekki verður um villst, að ríkisstj. er lítt til forustu fallin. Mér varð smám saman ljóst, að ríkisstj. væri sá kálfur, sem hleypt er út á vorin og hleypur í fjóshauginn. Gengisfellingin í des. 1972, þar sem krónan var felld um 10.7% gagnvart dollar, var einhver sú mesta glópska í efnahagsmálum síðustu áratuga, sem ég veit dæmi um. Þessi gengisfelling var heimatilbúin og reyndist hinn mesti verðbólguvaldur, og þar með tel ég, að ríkisstj. hafi gefist upp við að reyna að sporna gegn verðbólgunni. Þetta urðu mér að sjálfsögðu mikil vonbrigði, því að ég var eindreginn stuðningsmaður ríkisstj., þegar hún var mynduð, enda sagði ég mig úr þingflokki SF, sem höfðu knúið gengisfellingu í gegn með hótun um stjórnarslit.

En gengisfellingin er ekki eina atriðið, sem svikið hefur verið í málefnasamningi ríkisstj. Ef menn vilja hlutdrægnislaust gera sér grein fyrir stefnu ríkisstj. í efnahagsmálum, er eðlilegast að hafa málefnasamninginn til hliðsjónar. Þá kemur í ljós, að þar stendur ekki steinn yfir steini, og skal það ekki rakið frekar.

Þegar loks ríkisstj. lagði fram fjárlagafrv. sitt fyrir árið 1974, sem bar öll merki þennslustefnu og hvergi örlaði á nauðsynlegum sparnaði í ríkisútgjöldum og aðhaldi í ríkisrekstri, taldi ég það skyldu mína að snúast gegn stjórninni. Ef ég hefði ekki gert það, bæri ég ábyrgð á efnahagsstefnu, sem ég teldi alranga við ríkjandi aðstæður. Ég greiddi atkvæði eftir málefnum, en ekki mönnum, eftir því sem samviskan býður mér. Ég tel, að ég hafi orðið viðskila við ríkisstj., af því að hún hefur brugðist í hverju stórmálinu á fætur öðru. Ég minni á gengisfellinguna, skattamálin, landhelgismálið, verðlags- og kaupgjaldsmálin. Þó vantaði ekki viljann frá minni hálfu að reyna að hafa í lengstu lög samstarf og samvinnu við ríkisstj. Skrifaði ég forsrh. tvö bréf 10. og 17. maí s. l., þar sem ég óskaði eftir viðræðum um samstarfsgrundvöll, sem byggðist á traustri framkvæmd stjórnarsáttmálans og fjallaði m. a. um efnahagsmál, sparnað og ráðdeildarsemi í ríkisrekstri, endurskoðun skattalaga og bankakerfis. Forsrh. lét í ljós mikinn áhuga á samstarfi við okkur samherjana í Frjálslynda flokknum, og um vilja hans hef ég aldrei efast. En reyndin varð sú, að bréfunum var aldrei svarað. Engar formlegar viðræður fóru fram, og til mín var ekki leitað nema í örfáum tilvikum, helst þegar samþ. þurfti nýjar álögur á almenning. Mér var aldrei sýndur sá sómi, að ég fengi aðstöðu til að hafa áhrif á stefnumótun í þeim málum, sem mér þóttu fara úrskeiðis. Ríkisstj. bauð mér þá samvinnu í reynd að greiða atkv. með henni, þegar mikið lá við, án þess að ég fengi aðstöðu til þess að taka nokkurn þátt í ákvörðun mála. Ég hef dregið þetta fram í dagsljósið til að sýna, að ekki hefur skort vilja af minni hálfu til þess, að samvinna við núv. stjórnarflokka mætti haldast. En svo lengi má brýna deigt járn, að bíti.

Auðvitað núa stjórnarliðar mér og mínum samherjum því um nasir, að við höfum gengið í lið með viðreisnarflokkunum, gerst liðhlaupar. En það erum ekki við samherjar, sem höfum brugðist, heldur ríkisstj. sjálf, sem hefur ekki staðið við ýmis grundvallaratriði í málefnasamningi sínum. Þegar hún fellur, fellir hún sig sjálf.

Í dag lagði ríkisstj. fram frv. til l. um viðnám gegn verðbólgu og aðrar ráðstafanir til að stuðla að jafnvægi í efnahagsmálum. Þarna er um að ræða m. a. verðstöðvun, kaupgreiðsluvísitala skert og kjarasamningar gerðir ógildir fram til 30. nóv. n. k. Auðvitað munu viðreisnarflokkarnir hlakka ákaft yfir þessu, enda geta þeir þekkt meira eða minna eigin afkvæmi afturgengin. Till. ríkisstj. þarf að skoða rækilega, því að efnahagsráðstafanir verður að gera, þó þannig, að þær skerði ekki undir neinum kringumstæður kjör láglaunafólks, sem situr eftir með sárt ennið eftir nýgerða samninga. En ég vil draga skýr mörk milli þess að forða vá frá dyrum og framlengja líf núv. ríkisstj.

En hver sæmilega vitiborinn maður mátti sjá efnahagsþróunina fyrir og gat þannig komið í veg fyrir þessar neyðarráðstafanir í efnahagsmálum. Ég hef nú á annað ár talað fyrir daufum eyrum um niðurskurð á útgjöldum ríkisins, minni erlendar lántökur, skattlagningu verðbólgugróðans, aukið skattaeftirlit og síðast, en ekki síst um verðtryggingu sparifjár til að koma jafnvægi á lánamarkaðinn og tryggja verðgildi krónunnar. En ríkisstj. hefur verið eins og nátttröll í nútímanum. Þess vegna verður hún að taka afleiðingunum, fara frá og efna til kosninga hið bráðasta, að gerðum bráðabirgðaráðstöfunum í efnahagsmálum, til þess að atvinnulífið geti gengið sinn gang.

Mér er óskiljanlegt, hvað íslenskir ráðamenn eru ófúsir að skjóta málum sínum undir dóm þjóðarinnar, eins og tíðkast erlendis, þótt kjörtímabilið sé ekki á enda. Náin tengsl stjórnmálaflokka við þjóðina eru undirstöðuatriði, þegar vanda ber að höndum. Það er virkt lýðræði. En hér virðast menn annaðhvort vera hræddir við dóm kjósenda eða hafa vondan málstað að verja, og varla getur það verið til farsældar fyrir íslensku þjóðina að hafa ríkisstj., þar sem ráðh. og forustumenn senda hver öðrum í fjölmiðlum og á Alþ. slík ástabréf og vinarkveðjur, að einsdæmi mun vera í íslenskri stjórnmálasögu.

En nú vaknar sú spurning: Hvernig stendur á því, að ekkert hefur verið gert til að komast hjá því að grípa til óyndisúrræða í efnahagsmálum, þar sem þróunina mátti sjá fyrir? Hér er komið að kjarna málsins. Gömlu flokkarnir, og ég á bæði við núv. stjórnarflokka og viðreisnarflokkana, eru orðnir vanmegnugir að gegna hlutverki sínu. Þeir eru svo háðir þrengstu hagsmunahópum og hafa komið sér svo rækilega fyrir í valdajafnvægi og samtengingarkerfi í þjóðfélaginu, að þeir hafa rænt sjálfa sig getu til að takast á við meiri háttar þjóðfélagsvanda. Um leið og þetta hefur haft í för með sér hnignun raunverulegs lýðræðis í landinu, hefur það orðið eitt einkenni á stjórnmálaflokkunum, að þeir eru sífellt að heita ýmsu og standa síðan ekki við orð sín. Það er æ tíðara, að lítið sé að marka, hvað stjórnmálamenn segja, sbr. sjónarspilið um þingrofið. Stundum virðast þeir halda, að almenningur sé með öllu dómgreindarlaus. Glöggt dæmi um það er væntanlegur samruni flokka Gylfa Þ. Gíslasonar og Hannibals Valdimarssonar. Þeir eru ósammála um flest meginatriði þjóðmála, svo sem varnarmál og efnahagsmál, eins og allir sjá og heyra. En málefnin skipta ekki nokkru máli lengur. Þetta er allt glens og gaman. Ég væri illa svikinn, ef almenningur hefði áhuga á að styðja pólitískt brask af þessu tagi.

Ríkjandi flokkakerfi er alls óhæft til að valda stjórnmálalegum verkefnum þjóðarinnar, og þess vegna varðar litlu, hvort hér á landi sé viðreisnarstjórn eða stjórn sú, sem kallar sig stjórn vinnandi fólks. Það er, þegar öllu er á botninn hvolft, sami rassinn undir þessu öllu. Kerfið er það sama. Þess vegna er eina raunhæfa lausnin að efla til áhrifa nýtt stjórnmálaafl, sem hefur þrek og þor til að rjúfa þetta trénaða flokkakerfi, sem geti knúið gömlu flokkana til betri vinnubragða. Í þessum tilgangi var Frjálslyndi flokkurinn stofnaður. Hann býður nú í fyrsta skipti fram í borgarstjórnarkosningunum nú í maí í Reykjavík. Það skiptir höfuðmáli, að Reykvíkingar ljái flokknum fylgi, ella heldur þessi óreiða áfram.

Að lokum vil ég benda á, að á þjóðhátíðarárinu er ekki aðeins mikilvægt að vinna að landgræðslu og gróðurvernd, heldur og að endurbæta íslenskt stjórnmálalíf. Það væri þjóðinni til farsældar. — Þökk fyrir áheyrnina. Góða nótt.

Þorv. Garðar Kristjánsson: Herra forseti. Síðasti ræðumaður, hv. þm. Bjarni Guðnason, minntist á gömlu flokkana að vanda, rétt eins og allt gamalt sé af hinu illa og allt nýtt hljóti að vera af hinu góða, meira að segja hans eigin pólitíska afsprengi, sem er þó ekki skriðið úr egginu. Hv. þm. á að vita það, að góð vín batna með aldrinum. Þessu er eins varið með góða stjórnmálaflokka.

Hæstv. menntmrh. var að minnast á landhelgismálið, og hefur ekkert heyrst til hans áður í þessu mesta lífshagsmunamáli þjóðarinnar. Hann hefur sjálfsagt ekki gert sér grein fyrir, að um bráðabirgðasamkomulagið við Breta var svo víðtæk óánægja hér á Alþ. í öllum flokkum nema flokki menntmrh., að ekki var hægt að búast við öðru en að einhverjir greiddu atkv. gegn þessum samningi, þegar svo margir gengu nauðugir til þess leiks að gjalda honum jákvæði.

Hæstv. menntmrh. var að tala um skuttogara og þakka sjálfum sér og ríkisstj. Aukning fiskiskipaflotans hefur lengst af gengið í bylgjum og varð sú mesta, sem nokkru sinni hefur orðið, á árunum 1959—1962, þegar aukning á fiskiskipum yfir 100 rúmlestir nam í rúmlestatölu 140% á þrem árum. Þetta voru verk viðreisnarinnar. Og hún hóf aðgerðir í skuttogarakaupum. Þakka skyldi núv. ríkisstj., þó að hún hindraði ekki þá þróun, sem hafin var. Nóg er nú samt.

Aldrei hefur nokkur ríkisstj. sest í valdastóla á Íslandi með meira brauki og bramli en núv. ríkisstj. Stjórnarflokkarnir gerðu með sér mál-

efnasamning, sem frægur er að endemum, en er nú ekki þess virði, að til hans sé vitnað. Með slíku samstarfi, sem stofnað var til, hlaut alltaf að koma til vandræða. Það kann að vera, að þessum flokkum sé ekki alls varnað í samvinnu við sér betri og traustari menn. En í innbyrðis samvinnu þessara stjórnmálaflokka draga þeir fram hina verstu eiginleika hver annars. En hverjum gat komið til hugar, að stjórnarsamstarfið hefði slíkar skelfilegar afleiðingar, sem allir mega nú sjá? Satt að segja héldu menn, að ríkisstj. mundi fullnægja einhverjum lágmarkskröfum, sem gera verður til hvaða ríkisstj. sem er. En vonbrigðin í þeim efnum eru algjör, og ég tala nú ekki um hjá því fólki, sem studdi þessa flokka til valda í síðustu alþingiskosningum.

Ríkisstj. gróf sér gröf með því að lofa öllum öllu. Það kann að geta gengið að lofa öllum einhverju innan ákveðinna marka og lofa einhverjum takmörkuðum hópi manna öllu, en það er útilokað að gera allt fyrir alla og það á sama tíma. En núv. ríkisstj. hefur hagað sér til orðs og æðis sem þetta væri mögulegt. Í þessu felst hennar höfuðsynd. Í þessu felst það lýðskrum og ábyrgðarleysi, sem engan samjöfnuð á í íslenskri stjórnmálasögu.

Það er frumskylda hverrar ríkisstj. að stjórna. Það er hlutverk ríkisstj. að veita forustu, veita leiðsögu og aðhald. Núv. ríkisstj. hefur brugðist þessum skyldum sínum í algleymi lýðskrumsins. Hún hefur kastað beislinu fram af sér. Það er þetta ástand, sem hefur nú magnað alla veikleika í þjóðfélagsuppbyggingu okkar og þjóðlífi. Gegndarlaust kapplaup um lífsgæðin og skefjalaus kröfugerð tröllríður þjóðfélagi voru. Brenglað gildismat leiðir út í ófæru í leitinni að hégóma og hismi. Afleiðingarnar blasa við. Það er hrun fram undan. Á næsta leiti blasir við stöðvun atvinnuveganna, ef ekkert er að gert. Og á meðan Róm brennur, gamnar ríkisstj. sér við varnar- og öryggismál landsins í hráskinnsleik valdabaráttunnar innan veggja stjórnarráðsins, og til að bæta gráu ofan á svart skirrist þessi ólánsstjórn ekki við að gerast dragbítur á aðgerðir til að ná fullum yfirráðum yfir fiskimiðum landgrunnsins út í 200 mílur.

Var einhver að segja, að ég hefði ofmælt í lýsingu minni á ástandinu í dag? Við höfum þeirra eigin orð til lýsingar á ástandi efnahagsmálanna. Er hægt t. d. að draga upp dekkri mynd af ástandinu en hv. þm. Hannibal Valdimarsson hefur gert síðustu daga hér í þingsölum, í hljóðvarpi og sjónvarpi? Hefur ekki Hannibal Valdimarsson sagt, að 1. júní n. k. skelli yfir slík flóðalda dýrtíðar, að við ekkert verði ráðið, nema til aðgerða komi strax. Það liggur svo mikið við að mati þessa hv. þm., að hann lýsir því yfir, að ríkisstj. drýgi hinn mesta glæp með því að sitja, eftir að hún hefur gert sér grein fyrir, að hún er ófær um að leysa vandann. Það dugi ekki minna en að segja glæp. Og hverjum dettur í hug, að ríkisstj. sé fær um að leysa vandann?

En nú er ríkisstj. og ófögnuður hennar í einskis manns ábyrgð frekar en Hannibals Valdimarssonar. Í síðustu alþingiskosningum gaf þessi maður sig út sem krossferðarriddara í baráttunni gegn kommúnismanum á Íslandi. Út á þennan málstað tókst Hannibal að afla sér og samtökum sínum fylgis. Þannig fékk hann aðstöðu til að gera myndun þessarar ríkisstj. mögulega og lyfta kommúnistum í valdastólana. Ekki hefur í aðra tíð verið beitt grófari og blygðunarlausari svikum og blekkingum. Höfuðpaurinn Hannibal langar nú til að leika hlutverk hins iðrandi syndara og fara í fótspor vinar síns og félaga, hv. þm. Bjarna Guðnasonar. Vel gæti ég unnt honum þess hlutskiptis, að hann mannaði sig nú upp í það að leggja lóð sitt á vogarskálarnar til þess að losna við þá ríkisstj., sem hann sjálfur kom á laggirnar. Þar með ætti Hannibal að vera úr sögu þessari, sögu íslenskra stjórnmála.

Í dag hefur ríkisstj. lagt fram á Alþ. till. sínar um nýjar efnahagsráðstafanir. Hér orkar flest tvímælis, sem lagt er til, enda er um bráðabirgðaráðstafanir einar að ræða, eins og fram kom í ræðu hæstv. forsrh. áðan. Hæstv. forsrh. sagði, að markmiðið með efnahagstill. þessum væri að gefa ríkisstj. svigrúm til varanlegra aðgerða. Hafa menn ekki heyrt þetta áður? Haustið 1971 var talað um svigrúm, þegar svokölluð verðstöðvun var þá framlengd. Það var talað um svigrúm, þegar verðstöðvun var framlengd um áramótin 1971—1972. Enn var talað um svigrúm, þegar gefin voru út brbl. um tímabundnar efnahagsráðstafanir í júlí 1972. Enn var talað um svigrúm, þegar gengislækkunin var gerð í des. 1972. Og enn er hæstv. forsrh. á biðilsbuxunum og biður nú um svigrúm.

En nú er nóg komið hæstv. forsrh. Það er fullreynt, að núv. ríkisstj. getur ekki gert neinar ráðstafanir í efnahagsmálunum nema til bráðabirgða. Allar aðgerðir ríkisstj. hafa því verið fálmkenndar og haldlausar, en mesta velgengni í aflabrögðum og viðskiptakjörum, sem þjóðin hefur nokkru sinni búið við, hefur afstýrt því, að ekki hefur fyrir löngu rekið í það strand, sem nú er við að fást.

Aldrei hefur verið augljósara en nú, að bráðabirgðaráðstafanir koma að engu haldi. Nú duga ekki lengur vettlingatökin. Það, sem nú ríður á, er að taka upp samræmda stjórn efnahagsmálanna, þar sem allir þættir þeirra eru teknir til meðferðar og yfirsýn yfir þá höfð. Það verður að mæta þeim mikla vanda, sem þjóðarbúinu er búinn af sveiflum íslensks efnahagslífs, sem eiga ekki síst rót sína að rekja til verðsveiflna og aflasveiflna í sjávarútvegi. Efla verður verðjöfnunarsjóð sjávarafurða, sem stofnaður var í tíð viðreisnarstjórnarinnar, en núv. stjórn hefur rýrt, þrátt fyrir stórkostlega verðhækkun sjávarafurða. Það verður að draga úr sveiflum efnahagslífsins með því að renna fleiri stoðum undir atvinnuvegi okkar, efla útflutning iðnaðarvara og leggja áherslu á stóriðju og ekki síður annan iðnað. Það verður að setja nýja vinnulöggjöf til að tryggja betri vinnufrið, skipulegri vinnubrögð við sáttagerð og samninga aðila vinnumarkaðarins. Það ástand, sem nú ríkir í þessum málum og menn horfa á daglega, er óþolandi fyrir launþega, vinnuveitendur og þjóðina í heild. Það verður að afnema núv. vísitölukerfi, sem er orðið í höndum ríkisstj. einungis tæki til að blekkja og skerða hlut launþega með ýmsum hætti. Það verður að gera ráðstafanir til varnar gegn því, að menn geti hagnast á verðbólgu á kostnað

sparifjáreigenda í landinu, svo sem með því að vísitölubinda öll stofnlán, hverju nafni sem þau nefnast, svo að sama gangi yfir alla. Það þarf að gera uppskurð á almannatryggingakerfinu. Hætta verður fjáraustri til þeirra, sem ekki eru hjálpar þurfi. Efla þarf aðstoðina til þeirra, sem hennar eru verðir vegna elli, sjúkleika og annarra ósjálfráðra orsaka. Það þarf að gjörbreyta stefnunni í stjórn ríkisfjármála, sem er meginvaldur þenslunnar á vinnumarkaðinum og þar með verðbólgunnar í landinu. En halda menn, að það sé von til þess, að ríkisstj., sem hefur nær þrefaldað ríkisútgjöldin á 3 árum, geri nokkurt umtalsvert til úrbóta í þeim efnum? Það kemur víst engum til hugar í alvöru. En samt er það svo, að það er einmitt þetta, sem þarf að gera. Það þarf að ráðast til atlögu við þessi vandamál, sem ég hef hér drepið á, og mörg fleiri.

Almenningur í landinu gerir sér grein fyrir þessu, og ég vil bæta við: hvar í flokki sem menn standa. Þegar í harðbakkann slær, er mönnum ekki sama um velferð sína og framtíð, hvað sem líður stjórnmálaskoðunum. Engir hugsandi menn eru svo fastreyrðir á flokksklafa, að þeir láti þjónustu við ímyndaða flokkshagsmuni aftra sér við björgunarstörf. — Og nú þarf sannarlega að bjarga, — bjarga úr vanda þeim, sem þjóðin er komin í, bjarga frá skelfingum þeim, sem fram undan eru, ef ekki er brugðið rétt við. Þess vegna er það almenn krafa, að breyting verði á stjórnarháttum þegar í stað.

Mönnum rennur það til rifja að horfa upp á niðurlægingu ríkisstj. Íslands þessa dagana. Ósannindabrigsl ráðh. og forustumanna stjórnarflokkanna hvers í annars garð, að ógleymdu öllu karpinu um fundargerðarbókun á valdataflinu í stjórnarráðinu, — þetta er ekki skopleikur, þetta er harmleikur.

Nú er svo komið, að ríkisstj. getur ekkert gert, jafnvel þó að hún hefði till. fram að færa þess eðlis, að leyst gætu vandann. Ríkisstj. hefur ekkert traust lengur. Ríkisstj., sem hefur glatað trausti þjóðarinnar, hefur glatað möguleikunum til að stjórna, — slík ríkisstj. er vanmegnug til alls nema segja af sér. Þá þjónustu ber nú ríkisstj. að veita þjóðinni með því að segja af sér strax. Fólkið í landinu vill ríkisstj. burt, — burt með ríkisstj.

Góðir sjálfstæðismenn um land allt. Á þessum alvörutímum beinast sjónir og vonir alþjóðar til flokks okkar, Sjálfstfl. Sjálfstfl. er eina aflið í þjóðfélagi okkar, sem getur bjargað. Sjálfstæðismenn verum viðbúnir. Það gerum við best með því að efla styrk okkar og atgervi. Fram undan eru orustur: Sveitarstjórnarkosningar í þessum mánuði, alþingiskosningar á næsta leiti. Heilir hildar til, heilir hildi frá, sjálfstæðismenn.

Utanrrh. (Einar Ágústsson): Herra forseti. Hv. áheyrendur. Þeim fáu mínútum, sem ég hef til umráða hér í kvöld, mun ég verja til að fara nokkrum orðum um varnarmálin.

Eins og margsinnis hefur verið tekið fram, miðar stefna ríkisstj. að tvennu. Annars vegar segir, að að óbreyttum aðstæðum skuli Ísland halda áfram að vera aðili að Atlantshafsbandalaginu, en ríkisstj. muni kappkosta að fylgjast sem best með þróun þeirra mála og endurmeta jafnan stöðu Íslands í samræmi við breyttar aðstæður. Hins vegar segir, að varnarsamningurinn við Bandaríkin skuli tekinn til endurskoðunar eða uppsagnar í því skyni, að varnarliðið hverfi frá Íslandi í áföngum, og að því stefnt, að brottför liðsins eigi sér stað á kjörtímabilinu.

Enginn stefnubreyting hefur orðið í ríkisstj. varðandi aðildina að NATO. Það er enn sem fyrr talið rétt, að Ísland eigi aðild að þeim samtökum, og engin breyting hefur heldur orðið á því stefnumiði, að herinn hverfi héðan í áföngum. En vegna þess, hversu málið hefur dregist, m. a. vegna mikilvægis landhelgismálsins, er ljóst, að brottför í áföngum getur eigi að fullu átt sér stað á kjörtímabili því, sem nú er að líða.

Mið hliðsjón af því, er að framan segir, var hinn 13. mars s. l. samkomulag í ríkisstj. um drög að umræðugrundvelli um endurskoðun á varnarsamningi Íslands og Bandaríkjanna. Eru drög þessi í tveim liðum:

Fyrri liðurinn fjallar um brottför hersins, og segir þar, að varnarlið það, sem nú er á Íslandi, skuli hverfa af landi brott í áföngum. Skal brottflutningnum hagað þannig, að fyrir árslok 1974 verði fjórðungur liðsins farinn, helmingur fyrir mitt ár 1975, þrír fjórðu fyrir árslok 1975 og síðasti hlutinn fyrir mitt ár 1976.

Síðari liður umræðugrundvallarins stendur hins vegar í sambandi við áframhaldandi veru okkar í Atlantshafsbandalaginu. Segir þar, til fullnægingar skuldbindingum Íslands við NATO leggi íslenska ríkisstj. til, að eftirfarandi háttur verði á hafður:

a) Flugvélar á vegum NATO hafi lendingarleyfi á Keflavíkurflugvelli, þegar þurfa þykir vegna eftirlitsflugs yfir norðurhöfum. Þó skal eigi vera hér föst bækistöð flugvéla. Um nánari ákvæði verði fjallað í samningum. — Þess skal getið hér til skýringar, að enda þótt talað sé um flugvélar á vegum NATO í þessu ákvæði, er þar átt við bandarískar flugvélar, enda var samningurinn frá 1951 gerður af Bandaríkjum Norður-Ameríku í umboði NATO, og er ráð fyrir því gert, að sami háttur verði einnig hafður á nú, ef samningar takast.

b) Vegna slíkra lendinga hafi NATO heimild til að hafa á Keflavíkurflugvelli hóp tæknimanna, er ekki séu hermenn, til þess að sjá um eftirlit áðurgreindra flugvéla. Um tölu þessara eftirlitsmanna fer eftir nánara samkomulagi, þó þannig, að aðeins verði um takmarkaða starfsemi að ræða. Sama athugasemd á við þennan lið og ég áðan greindi varðandi a-lið.

c) Eftir brottför varnarliðsins taka Íslendingar við löggæslu á flugvellinum að öllu leyti. Skulu Íslendingar áður þjálfaðir í þeim sérstöku gæslustörfum, sem þörf er á.

d) Íslendingar skulu leggja til þann mannafla, er þarf til að veita þeim aðilum, sem samkv. framansögðu hafa dvöl á Keflavíkurflugvelli, nauðsynlega þjónustu. Er hér átt við svipaða starfsemi og nú fer fram á vellinum, aðeins í miklu smærri stíl, er eðlilega leiðir af þeim breytingum, sem hugsaðar eru þarna.

e) Íslendingar taki við rekstri radarstöðvanna á Suðurnesjum og á Hornafirði, þegar þjálfaður

íslenskur mannafli er til taks. Nú þegar sjá Íslenskir menn um rekstur stöðvanna á Gufuskálum og Vík í Mýrdal, og er hér hugsað framhald og aukning þeirrar starfsemi.

f) Farþegaflug skal vera algjörlega aðskilið frá þeirri starfsemi, sem samkv. framansögðu verður haldið uppi á Keflavíkurflugvelli til fullnægingar skuldbindinga Íslands við NATO, og er þar að mínu mati um svo sjálfsagðan hlut að ræða, að óþarfi er að rökstyðja.

Þessar till. ríkisstj. lagði ég fram á viðræðufundum við fulltrúa Bandaríkjastjórnar í Washington dagana 8. og 9. f. m. ásamt þeim skýringum, sem ég hér hef látið fylgja, og nokkrum fleiri, svo sem þeirri, að hér væri eigi um úrslitakosti að ræða, heldur umræðugrundvöll. Niðurstaða þeirra funda varð sú, að Bandaríkjamenn tóku till. til athugunar og yfirvegunar, og er svar þeirra væntanlegt á næstunni, en ákveðinn frestur til svars var ekki settur, þannig að ég get ekki sagt nákvæmlega til um það, hvenær það kemur.

Það er skoðun mín, að við eigum að reyna samningaleiðina til þrautar, áður en það spor verður stigið að segja varnarsamningnum frá 1951 upp, og mér er óhætt að fullyrða, að enn er unnið að þessari endurskoðun bæði í Washington og hér heima. Áður en til endanlegrar ákvörðunar kemur, verður málið lagt fyrir Alþ., svo sem margsinnis hefur verið tekið fram, en skal til öryggis gert einu sinni enn.

Vegna tímaskorts í þessum umr. verður þessi takmarkaða grg. að nægja að sinni, en um utanríkismál að öðru leyti leyfi ég mér að vísa til skýrslu, er ég hef lagt fyrir Alþingi.

Fjmrh. (Halldór E. Sigurðsson): Herra forseti. Góðir áheyrendur. Út af því, sem Matthías Á. Mathiesen sagði um stefnu ríkisstj. í kjarasamningamálum, vil ég vitna til þess, að ríkisstj. samdi við BSRB. Þar var mótuð sú stefna, sem ríkisstj. vildi fylgja í kjarasamningamálum. Morgunblaðið réðst á formann BSRB fyrir að gera slíka háðungarsamninga og taldi þá, að atvinnuvegirnir og íslenski ríkissjóðurinn gætu greitt miklu meira. Þetta skulu þeir sjálfstæðismenn hafa í minni.

Út af því, sem hv. þm. Bjarni Guðnason sagði um afskipti sín af söluskatti, að hann vildi ekki leggja til, að hann yrði hækkaður, þá vil ég minna þann ágæta þm. á það, að hann fylgdi till. frá Sjálfstfl. og till. frá Alþfl. um 3—3½% hækkun á söluskattinum, af því að hann hélt, að það væri stjórninni í óhag. Þá var hann með.

Út af því, sem hv. þm. Gylfi Þ. Gíslason sagði, að tekist hefði að leysa vandann í efnahagsmálum hjá viðreisnarstjórninni síðasta kjörtímabilið, sem hún sat, vil ég minna hann og aðra viðreisnarmenn á það, að þeir virðast vera búnir að gleyma hrollvekjunni, sem þeir skyldu eftir, þegar þeir fóru úr stjórnarráðinu. Þeir eru líka búnir að gleyma því, að síðustu árin, sem þeir stjórnuðu, var hér meira atvinnuleysi en verið hefur um áratugi og svo, að landflótti var og fjöldi íslenskra manna og kvenna varð að hverfa til annarra landa í atvinnuleit. Þeir eru einnig búnir að gleyma því, að fyrir dyrum stóðu kjarasamningar og áður hafði launafólkið í landinu orðið að lækka sín laun, og vitað var, að við kjarasamninga, sem komu til haustið 1971, yrði um verulega hækkun að ræða. Þeir hafa einnig gleymt því, að allar ríkisframkvæmdir höfðu verið í verulegum öldudal síðustu árin, sem þeir stjórnuðu, svo að ekki varð komist hjá því að gera stórt átak til að leiðrétta það, ef félagslegar umbætur á sviði ríkisins áttu að vera í nokkru samræmi við kröfur fólksins og þarfir þess, eins og gerist í nútíma þjóðfélagi. Þessi og fleiri verkefni biðu, þegar núv. ríkisstj. tók við. Þetta gleymist þeim viðreisnarherrum. Hins vegar tala þeir hér um blómlegt bú sem enginn af þeim, sem við tóku, fyrir hitti, enda ekki von, því að það var ekki til.

Tíðrætt hefur þeim stjórnarandstæðingum orðið um hækkun fjárl., síðan núv. ríkisstj. kom til valda, og rétt er það, fjárl. hafa hækkað. Aðalástæðurnar eru þessar: Allmiklar breyt. hafa orðið á greiðslukerfi hins opinbera. Ríkið tók að sér að greiða hluta sveitarfélaganna til almannatrygginga og einnig að létta af einstaklingunum persónusköttunum, sem höfðu verið innheimtir sérstaklega af þeim án tillits til tekna. Hvort tveggja voru stórkostlegar umbætur fyrir þessa aðila. Jafnhliða því var tryggingalögunum breytt, fyrst af viðreisnarstjórninni, en þau lög áttu reyndar ekki að koma til framkvæmda fyrr en í byrjun árs 1972, til þess að útgjöld fjárl. 1971 bæru þess ekki merki, enda var þá hugsað um það, að til fjárl. 1971 mætti vitna sem sérstaklega lágra fjárl., þótt að vitað væri, að þessi útgjöld biðu aðeins í nokkra mánuði. Svo var um fleiri útgjaldaliði, sem viðreisnarstjórnin ákvað, þegar hún var að hverfa frá og geymdi að sjá öðrum um greiðslu á. Almannatryggingalöggjöfinni hefur einnig verið breytt síðan, og nú tekur almannatryggingakerfið um 33—35% af öllum útgjöldum ríkisins. Það er ljóst, að nauðsyn ber til að breyta þessu kerfi, bæði með tilliti til skattkerfisins og lífeyrissjóðanna, því að ef það verður ekki gert, mun þetta tryggingakerfi reynast þjóðinni ofraun. Enn fremur ber brýna nauðsyn til þess að hætta að greiða með einu barni í fjölskyldu, eins og viðreisnarstjórnin kom á á sínum tíma, til þess að draga úr vísitöluhækkun.

Annar þáttur, sem hefur orðið til þess að hækka fjárl., er að síðan núv. ríkisstj. tók við hefur hún auk þess, sem áður er getið, einnig tekið að sér að greiða lögreglukostnað, sem sveitarfélög höfðu greitt að hálfu áður. Sveitarfélögin hefðu á þessu ári orðið að greiða hálfan annan milljarð a. m. k. til almannatrygginga og lögreglu, ef þessi breyt. hefði ekki verið gerð. Vitað var, að sveitarfélögin voru komin í algjört þrot við að standa undir þessum greiðslum, enda voru þau farin að skulda almannatryggingakerfinu verulega og sum þeirra farin að leita á náðir Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga til að standa undir sínum greiðslum, þó að tekjustofnar þeirra væru notaðir með hæsta leyfilegu álagi.

Í þriðja lagi hefur svo verið tekin upp byggðastefna í stað aðgerðaleysis sem áður var í þeim málum. Þessi stefna hefur að sjálfsögðu leitt til aukinna útgjalda, bæði í framkvæmdum og á sviði skólamála, heilbrigðismála, vegamála, orkumála, hafnamála og fleiri málaflokka. Allir stjórn-

málaflokkar vilja nú gera þessi mál að sínum. En til framkvæmdanna kemur og þau valda útgjöldum hjá ríkissjóði, heyra þeir eyðslu til og eru taldir valda þenslu í þjóðfélaginu. Ljóst er þó, að þessar framkvæmdir hafa orðið og verða til þess ásamt atvinnuuppbyggingu núv. ríkisstj. að snúa við á þeirri braut, er byggðaflóttinn var, og það er svo komið, að á s.l. ári gerðist það, að fólki fjölgaði meira úti á landsbyggðinni heldur en hér í Reykjavík, og er það nýlunda. Þess háttar þróun þarf að verða í landinu, til þess að landið sé nýtt og þeir tekjumöguleikar, sem til eru til lands og sjávar, og þ. á m. til þess að tryggja gjaldeyrisafkomu þjóðarinnar, eins og nauðsyn ber til. En félagsleg uppbygging veldur að sjálfsögðu auknum útgjöldum ríkissjóðs.

Í fjórða lagi er svo þess að geta, að að sjálfsögðu hefur sú verðþensla, sem átt hefur sér stað hér á landi komið fram í útgjöldum ríkissjóðs, svo sem í launagreiðslum og fleiru. En þrátt fyrir allar þessar breyt. er það þó svo, að rekstrarútgjöld hafa ekki aukist á þessu tímabili sem hlutdeild í heildarútgjöldum ríkissjóðs. Það kemur til af því, að fjárlaga- og hagsýslustofnuninni hefur með verkum sínum tekist að skipuleggja mörg vinnubrögð betur en áður hefur verið og verið er að gera stórt átak í þeim málum nú, og svo hitt, að ríkiskerfinu hefur verið haldið fullkomlega í skorðum og það ekki látið vaxa meira en brýna nauðsyn ber til vegna aukinna verkefna.

Eitt af þeim málum, sem fyrrv. ríkisstj. hafði vanrækt, voru skattamálin. Á fyrstu árum viðreisnar voru skattalögin endurskoðuð og voru endurbætt árið 1960. Eftir það voru engar aðgerðir gerðar í skattamálum fyrir einstaklinga. Það, sem hefur verið gert í skattamálum af núv. ríkisstj., er m. a. það, að tekjuskattur er nú lægri en hann hefur nokkru sinni verið um margra áratuga skeið, ekki síst ef tekið er tillit til þess, að inn í tekjuskattinn nú eru felldir persónuskattarnir, sem áður voru greiddir beint.

Í öðru lagi er búið að vinna mikið verk á vegum n. þeirrar, sem núv. ríkisstj. skipaði til þess að endurskoða tekjuöflunarkerfi ríkisins, og semja mjög góða grg. og skýrslu þar um, sem hægt er að styðjast við í sambandi við ákvarðanatöku um framtíðarstefnu í tekjuöflun í ríkiskerfinu. Auk þeirra, sem fyrir voru í n., hafa stjórnmálaflokkarnir nú fengið hver sinn fulltrúa til þess að vinna að þessu verki með n. til ákvörðunar og stefnumörkunar í tekjuöflun ríkisins. En brýna nauðsyn ber til að hraða því verki, enda málið nú betur undirbúið en það hefur nokkurn tíma áður verið.

Á sama tíma sem tekjuskattur hefur verið lækkaður, hefur það einnig gerst, að tollar hafa verið lækkaðir, m. a. til þess að standa við samninginn við EFTA og Efnahagsbandalagið og einnig til þess að gera iðnaðinum í landinu kleift að standast betur samkeppni við erlenda keppinauta en að öðrum kosti hefði verið. Það verður að segja um þessi mál, að við afgreiðslu þeirra hafa þau leiðindi gerst, að stjórnarandstöðuflokkarnir, sem stóðu fyrir því að marka stefnu um samninga við EFTA, og ákváðu þá, að tekjuöflun til þess að mæta þeim yrði að vera sú að nota söluskattinn til þess að afla ríkissjóði tekna vegna tekjutaps af tollalækkuninni, — þeir brugðust, þegar til átti að taka um tekjuöflunina nú. Slíkt á ekki að gerast. Þeir stjórnmálaflokkar, sem marka stefnu á sviði mála, ekki síst sem snerta aðrar þjóðir, verða að fylgja þeim eftir, þó svo að þeir séu í stjórnarandstöðu komnir, þegar til þarf að taka, svo að hægt sé að standa við gerða samninga, ekki síst þegar málin koma til framkvæmda í áföngum, eins og nú átti sér stað.

Enn fremur gerðist það, að þeir greiddu atkv. gegn lækkun á tekjuskatti þrátt fyrir allar sínar yfirlýsingar um nauðsyn á lækkun beinna skatta, þegar kom til þess að afla tekna, sem þurfti til þess að framkvæma þessa skattalækkun, nema Alþfl., sem var píndur til þess að standa við málið vegna samninga við ASÍ, sem þó gekk með semingi, svo sem kunnugt er, og ríkisstj. varð að fella niður af nauðsynlega umsömdum tekjum til þess að koma málinu í höfn. Og fylgifiskur stjórnarandstöðunnar, Bjarni Guðnason, fylgdi auðvitað dyggilega eftir og greiddi atkv. gegn söluskatti, þegar ríkisstj. var þá í óhag.

Enda þótt mikið hafi verið gert á sviði framkvæmda hjá þjóðinni á þessum árum og félagsmála og ýmsir hafi talið það óráð, sem ég mótmæli, bendi ég á, að þegar fjárlög ríkisins hækkuðu á milli áranna 1973 og 1974 m. a. vegna kerfisbreytinga, um 30—33%, þá hækkaði fjárhagsáætlun Reykjavíkurborgar um 52%. Ef ríkisframkvæmdir valda þenslu í þjóðfélaginu, sem þær geta að sjálfsögðu gert, þá valda líka framkvæmdir hjá Reykjavíkurborg þenslu í þjóðfélaginu, og verður að virða slíkt að jöfnu. Á hvoru tveggja þarf að sjálfsögðu að hafa aðgát með tilliti til þjóðarframleiðslu og getu, en það má ekki aðeins á annan deila.

Ég vil líka benda á það, að þrátt fyrir miklar framkvæmdir hefur tekist að halda ríkisbúskapnum í skefjum, þannig að ríkissjóður hefur búið við það tekjuöflunarkerfi, sem viðreisnarstjórnin hafði aflað sér til handa, og lækkað það, eins og skýrt hefur verið frá, bæði tekjuskattinn og tollana, en lítils háttar tekjuöflun önnur hefur átt sér stað. Enda hefur það verið kappsmál núv. stjórnarandstöðu að koma í veg fyrir, að ríkisstj. gæti aflað tekna til nauðsynlegra verka og staðið við lagalegar skuldbindingar eða tryggt fjárhagslega stöðu ríkissjóðs, sem nauðsyn ber til. Á þessu þingi hefur það verið höfuðmarkmið stjórnarandstöðunnar að svelta ríkissjóð svo sem mögulegt hefur verið. Þrátt fyrir þetta hefur tekist að halda fjármálum ríkissjóðs í horfinu og hefur verið greiðsluafgangur bæði árin 1972 og 1973, þó að hann sé ekki verulegur.

Að lokum vil ég segja þetta: Afkoma þjóðarinnar er góð og hefur verið það á valdaárum núv. ríkisstj. Afkoma hjá bændum landsins er nú betri en verið hefur nokkru sinni í búskap íslenskra sveitabænda, það þori ég að fullyrða. Það er eins hjá öðrum þegnum þessa þjóðfélags, þeir hafa betri fjárhagslega afkomu nú en verið hefur. Hins vegar stöndum við frammi fyrir þeim vanda, að verðbólgan er meiri en viðráðanlegt er og viðskiptakjör fara versnandi. Ekki er hugsanlegt, að þjóðin geti haldið þeirri góðu afkomu, sem hún hefur nú, ef svo fer sem horfir. Þess

vegna verður að fást við þann vanda, sem nú er til staðar, með manndómi og karlmennsku og taka á honum af þjóðinni, Alþ og ríkisstj. einmitt nú þegar, áður en úr skorðum gengur.

Forsrh. hefur nú lagt fyrir Alþ. frv. til úrbóta þar um. Það þarf enginn að halda, að það sé verið að ganga nærri fólkinu í landinu með þeim aðgerðum, sem þar eru lagðar til. Ég segi það sem mína skoðun, að það er vonlaust að stjórna þjóðfélaginu eða efnahagsmálum þessarar þjóðar, ef kaupgjaldsvísitöluna á að framkvæma á þann hátt, sem nú er gert. Það verður að tryggja eðlilegan kaupmátt launa hjá launafólki, það má ekki gera með kaupgreiðsluvísitölu, sem stefnir grundvelli þjóðarbúskaparins í hættu, svo sem nú er, svo sem þegar áfall eins og olíuhækkunin, sem veldur atvinnuvegunum og þjóðinni stóráfalli, eins og gerðist á s. l. hausti, verður til þess að valda kauphækkun og auka þannig vanda atvinnuveganna. Slíkt getur ekki átt sér stað.

Herra forseti. Ég endurtek, að íslenska þjóðin býr við góða afkomu, þekkingu og mikið af stórvirkum atvinnutækjum, ekki síst frá síðustu árum. Hún býr einnig yfir þeim manndómi og vonandi samheldni, er þarf til að treysta atvinnuöryggi sitt og fjárhagslega afkomu inn á við og út á við. Það er henni fyrir bestu, að svo sé. — Ég þakka áheyrnina. Góða nótt.

Sjútvrh. (Lúðvík Jósepsson): Herra forseti. Góðir hlustendur. Vegna margendurtekinna árása á mig í sambandi við mannaskipti á austur-þýskum togurum hér á landi og það sjónarspil, sem þeir félagarnir Gylfi Þ. Gíslason og Geir Hallgrímsson hafa staðið fyrir í þeim efnum, verð ég að víkja hér nokkrum orðum að þessu máli.

Um þetta mál hafa þeir félagar þyrlað upp hinu mesta moldviðri og reynt að koma sök á mig fyrir aðgerðir sjútvrn. í málinu. Engu er líkara en þeir telji, að ég hafi veitt austur-þýskum togurum leyfi til að fiska í íslenskri landhelgi og jafnvel til að sópa upp miðin í kringum landið. Hvað er hið sanna í þessu máli? Sjútvrn. hefur ekkert leyfi gefið. Það hefur aðeins svarað með bréfi til utanrrn., að það teldi ekki ástæðu til að neita um þrjár flugvélalendingar með skipsmenn á austur-þýska togara. Þessi umsögn var gefin, eftir að rn. hafði fengið þær upplýsingar, að skip þessi ættu að veiða upp í umsaminn kvóta við Nýfundnaland og Kanada, en ekki í námunda við Ísland. Þessar sömu upplýsingar höfðu aðrir fengið, og vitna ég þar til skýrslu forsrh. á Alþ., þegar þetta mál kom þar fyrst til umr. Orðrétt sagði forsrh. í skýrslu sinni um þetta mál á Alþingi:

„Sendifulltrúi Austur-Þýskalands kom svo enn á ný til viðtals við ráðuneytisstjórann í utanrrn. og færði fram frekari rök fyrir beiðni sinni, sem ég sé ekki ástæðu til þess að fara hér langt út í, vil þó aðeins geta þess, að hann skírskotaði til þess, að Austur-Þýskaland hefði í verki algerlega viðurkennt íslensku landhelgisútfærsluna og að þessi skip veiddu alls ekki nálægt Íslandsmiðum, heldur aðallega við Nýfundnaland og Ameríkuströnd og eitthvað við Norður-Noreg."

Þessi tilvitnun, sem er orðrétt úr skýrslu forsrh., sem fór með störf utanrrh. í þessum efnum og stóð fyrir leyfisveitingunni, sannar, að ráðuneytisstjórinn í utanrrn. hafði fengið sömu upplýsingar og við í sjútvrn. um áformaðar veiðar þessara skipa. Og á þeim byggðum við umsögn okkar. Þetta veit hv. þm. Gylfi Þ. Gíslason, en hann stingur því undan og segir, að um þetta hafi aldrei verið talað.

Strax þegar fréttir bárust um, að skipin væru að veiðum 90—100 mílur vestur af vestasta tanga Íslands, lögðum við í sjútvrn., — löngu áður en Gylfi Þ. Gíslason og Geir Hallgrímsson rumskuðu í þessu máli, — þá lögðum við til með bréfi til utanrrn., að þessi leyfi yrðu afturkölluð. En það, sem þó er furðulegast við úlfaþytinn út af þessu máli, er það, að hér var aðeins um þá spurningu að ræða, hvort leyfa ætti lendingu þriggja flugvéla með sjómenn eða hvort þessir sjómenn kæmu með áætlunarflugvélum, eins og þeir gátu gert og eins og Bretar gera hvað eftir annað og Vestur-Þjóðverjar hafa gert hvað eftir annað að undanförnu og við höfum engin lög í okkar landi til þess að banna. Þeir Gylfi og Geir ætla að springa af vandlætingu út af því, að Austur-Þjóðverjar skuli fara hér um hlað, þó að þeir veiði utan 50 mílnanna eða veiði grálúðu 90—100 mílur frá landi. En þeir tala ekki mikið um veiðar Vestur-Þjóðverja, sem brjóta okkar landhelgislög, og ekki um alla þá fyrirgreiðslu, sem Bretar fá hér í höfnum og á flugvöllum, í viðgerðarverkstæðum, á sjúkrahúsum o. s. frv.

Þeim ferst, þeim fóstbræðrum, Gylfa og Geir, sem urðu frægastir allra fyrir undanslátt í landhelgismálinu og mótmæltu beinlínis hörku Landhelgisgæslunnar við breska landhelgisbrjótinn Everton. Og svo hefur Gylfi Þ. Gíslason brjóstheilindi til þess að koma hér fram fyrir alþjóð og segja, að Alþfl. og hann hafi stutt stefnu ríkisstj. í landhelgismálinu í öllum efnum. En hver var yfirlýst stefna Alþfl.? Ráðh. flokksins í fyrrv. stjórn sagði, að útfærslan í 50 mílur væri vítavert sinnuleysi og glapræði. Og Gylfi Þ. Gíslason hefur barist fyrir því, að landhelgismálið yrði lagt undir úrskurð Haagdómstólsins. En hvernig hefði þá farið fyrir okkur, ef sú stefna hefði orðið ofan á? Blástur þeirra félaga út af úthafsveiðum Austur-Þjóðverja er svipaður og fyrirgangur þeirra um 200 mílna kröfuna, á sama tíma og þessir menn vildu meiri undanslátt frá 50 mílna kröfunni en nokkrir aðrir Íslendingar.

Sá árangur, sem náðst hefur með 50 mílna útfærslunni, er gífurlegur. Rússneski, pólski og austur-þýski togaraflotinn er horfinn út fyrir 50 mílurnar og að mestu af Íslandsmiðum. Vestur-þýski flotinn veiðir hér aðeins 10—20% af því, sem áður var. Breski flotinn veiðir hér 30—40% minna en áður. Og veiði annarra útlendinga er að mestu lokið. Það er öruggt, að sókn útlendinga á miðin hér innan 50 mílna markanna hefur minnkað um meira en helmnig frá því, sem áður var. En Morgunblaðið segir þó, að útfærslan hafi gersamlega mistekist. Og auðvitað kemur svo Bjarni Guðnason hér í humátt á eftir þeim íhaldsmönnum og segir, að útfærslunni hafi raunverulega verið frestað.

Það er raunhæfur árangur, sem skiptir máli

í landhelgismálinu, en ekki aðgerðarleysi og undansláttur, — aðgerðaleysi eins og það, þegar Gylfi Þ. Gíslason var í ríkisstj. í 13 ár án þess að hreyfa við þessu máli. Það eru raunhæfar aðgerðir eins og þær, sem gerðar hafa verið með útfærslunni, en ekki bægslagangur af því tagi, sem þeir fóstbræður, Gylfi og Geir, hafa haft uppi í sambandi við veiðar austur-þýskra togara.

Það hafa vissulega gerst athyglisverðar breyt. á vinnubrögðum á Alþ. að undanförnu eða nánar tiltekið frá þeim tíma, að Bjarni Guðnason gerði loksins upp hug sinn og taldi sig eiga meiri samstöðu á Alþ. með gömlu viðreisnarflokkunum en núv. stjórnarflokkum. Frá þeim tíma hefur það verið að gerast, að stjórnarandstaðan, þ. e. a. s. gömlu viðreisnarflokkarnir og Bjarni Guðnason, hafa gert með sér bandalag um að standa gegn öllu, sem ríkisstj. þyrfti að koma í gegnum þingið, og beita þannig beinu stöðvunarvaldi til að koma ríkisstj. frá. Nú þessa dagana stendur Alþ. frammi fyrir vandasömum aðgerðum í efnahagsmálum. Þá er það afstaða stjórnarandstöðunnar og auðvitað Bjarna Guðnasonar að standa gegn öllum till., einnig gegn þeim till., sem þeir sjálfir telja góðar og nauðsynlegar, það hafa þeir tekið fram, og fást þá auðvitað ekkert um það, þó að holskefla dýrtíðarflóðs, eins og þeir orða það sjálfir, skelli yfir þjóðina eða þó að allt atvinnulíf landsins stöðvist, eins og þeir segja. Slíkt skiptir þá ábyrgu menn í stjórnarandstöðunni engu máli. Í þau rúmlega 30 ár, sem ég hef setið á Alþ., hafa slík vinnubrögð aldrei þekkst þar. Slíkt ábyrgðarleysi er algert einsdæmi, að ég hygg, í allri starfssögu Alþingis. Það hefur þó oft komið fyrir áður, að aðstaða væri til að stöðva mál í annarri þd. Það hefur hins vegar alltaf þótt óhjákvæmilegt og það eitt í samræmi við þingræðisvenjur, að meiri hl. fengi að ráða, að vilji 31 þm. réði meiru en vilji 29.

Sá efnahagsvandi, sem nú er við að glíma, er vissulega alvarlegur. En því fer víðs fjarri, að hann sé af þeim toga, sem stjórnarandstaðan vill vera láta. Eins og jafnan áður, síðan núv. ríkisstj. tók við völdum, reynir stjórnarandstaðan að mála skrattann á vegginn í sambandi við öll vandamál, sem upp koma. Nú er því haldið fram af stjórnarandstöðunni, að algert öngþveiti blasi við í efnahagsmálum, að gífurlegur greiðsluhalli í viðskiptum við útlönd sé fyrirsjáanlegur, að atvinnuvegirnir séu að stöðvast, gífurlegt tap sé í fiskiðnaði, milljónatap á togurunum o. s. frv. Það er svo sem ekki langt síðan þeir sjálfstæðismenn lögðu fram till. á Alþ. um það, að hægt væri að lækka tekjur ríkissjóðs um 4300 millj., yfir 4 milljarða, af því að tekjurnar væru of miklar. Þessi lýsing er í rauninni nákvæmlega sú sama og þeir viðreisnarmenn höfðu uppi í ársbyrjun á s. l. ári og einnig í ársbyrjun 1972. Þá var allt að farast, allir sjóðir uppétnir, gífurleg verðbólga og fyrirsjáanlegur gjaldeyrisskortur.

Allar hafa þessar hrakfallasvartsýnisspár fhalds og krata orðið sér til skammar. Verðjöfnunarsjóður sjávarútvegsins, sem samkvæmt hrakfallaspánum átti að vera uppétinn í ársbyrjun 1972, er nú helmingi fjársterkari en hann var um það leyti, sem viðreisnarstjórnin fór frá. Og þó kemur hér Þorvaldur Garðar og segir, að núv. stjórn hafi hirt þennan sjóð. Hann hefur trúað svo ósannindum Morgunblaðsins, að hann hefur ekki hirt um að sjá, hvaða tölur liggja opinberlega fyrir um afkomu þessa sjóðs.

Gjaldeyrisvarasjóðurinn hefur farið vaxandi ár frá ári í tíð núv. stjórnar og nam um síðustu áramót 6557 millj. kr. og hefur aldrei verið eins mikill.

Þegar sá vandi, sem nú er við að fást í efnahagsmálum, er skoðaður, er óhjákvæmilegt að hafa í huga, að s. l. ár, árið 1973, var einstaklega hagstætt efnahagslega séð og skilaði þjóðarbúinu upp á hærra og betra efnahagsstig en áður hafði þekkst. Samkv. nýlegri skýrslu Alþjóðagjaldeyrissjóðsins kemur í ljós, að þjóðarframleiðsla hér á landi er talin 4716 dollarar á hvern íbúa á árinu 1973, og er þá Ísland komið í 3.—4. sæti meðal tekjuhæstu þjóða heims, miðað við íbúafjölda. Árið 1969, í tíð viðreisnar, voru samsvarandi tölur fyrir Ísland ekki 4700 dollarar, heldur 1900 dollarar, og árið 1971 2920 dollarar. Hér hefur því orðið gífurleg breyting á síðustu árum. Þessi mikla tekjuaukning á Íslandi, á s. l. ári sérstaklega, vakti auðvitað mikla athygli fulltrúa Alþjóðagjaldeyrissjóðsins, enda komst einn þeirra þannig að orði í umr. um þessa skýrslu, að á árinu 1973 hefði sýnilega orðið á Íslandi bæði gos í Heimaey í Vestmannaeyjum og einnig efnahagslegt gos.

Á árinu 1973 hækkuðu tekjur almennings í landinu að meðaltali um 32—33% og sparnaður varð meiri í bankakerfinu en nokkru sinni þrátt fyrir gífurlegar framkvæmdir á öllum sviðum og mikinn almennan innflutning. Sá vandi, sem nú þarf að ráða fram úr í efnahagsmálunum, verður að metast með hliðsjón af því, hver staðan í efnahagsmálunum var orðin, hverjar almennar tekjur voru orðnar, þegar nýju efnahagsvandamálin komu til. Þó að draga þurfi nokkuð úr framkvæmdahraða og úr tekjuhækkun frá þessum hápunkti, þá er þar ekki um neinn voða að ræða. Því aðeins er hægt að tala um hættuástand í efnahagsmálum, að ekkert sé gert. Séu hins vegar gerðar eðlilegar ráðstafanir, er auðvelt að ráða fram úr vandanum. Þjóðin er nú betur búin en nokkru sinni fyrr í sambandi við hin nýju og öflugu atvinnutæki til þess að glíma við vandamál, eins og öllum er kunnugt.

Þær till. til ráðstafana gegn þessum vanda, sem ríkisstj. hefur að undanförnu leitað eftir samkomulagi um, m. a. við stjórnarandstöðuna, og hún nú hefur lagt fyrir Alþ. í frv.-formi, eru í aðalatriðum þessar:

1. Heimild til verðstöðvunar og til þess að ríkisstj. geti ákveðið verðlækkun.

2. Heimild um að mega lækka útgjöld fjárl. um 1500 millj. kr. til þess fyrst og fremst að skapa svigrúm til aukinna niðurgreiðslna á vöruverði, til þess á þann hátt að minnka efnahagsvandann.

3. Að stöðva frekari almenna hækkun kaupgjaldsvísitölunnar frá því, sem nú er, næstu 6 mánuði, á meðan málin eru tekin til nánari athugunar. Gert er þó ráð fyrir, að auk meiri niðurgreiðslna á vöruverði verði heimiluð sérstök hækkun á launum lágtekjufólks.

4. Þá er gert ráð fyrir í till., að verð á landbúnaðarvörum og fiskverð haldist mikið til óbreytt næstu 6 mánuði og að skylda banka,

sparisjóði og lífeyrissjóði til þess að ráðstafa nokkru meiru af tekjum sínum til almennra framkvæmda og einnig gert ráð fyrir því að verðtryggja lífeyrissjóðina nokkuð.

Um þessar till. og frv. ríkisstj. vil ég taka fram, að við Alþb.-menn áskiljum okkur rétt til þess að flytja og fylgja brtt., sérstaklega við þær gr. frv., *sem snerta launagreiðslur og vísitölumál*, og um niðurgreiðslu vöruverðs. Við teljum, að frv. eigi að geta orðið eðlilegur grundvöllur til samkomulags á Alþ. með vissum breytingum. Við leggjum mesta áherslu á, að launakjör hinna lægra launuðu verði ekki skert og að takast megi að stöðva verðhækkunarskrúfuna og tryggja síðan fulla atvinnu.

Afstaða stjórnarandstöðunnar til þessara till. er vissulega athyglisverð. Opinberlega hafa fulltrúar hennar sagt, að þeir verði á móti öllum till. ríkisstj., jafnvel þó að þeir meti þær góðar og nauðsynlegar. M. ö. o.: stjórnarandstaðan hótar að standa gegn verðstöðvun. Svo á auðvitað að kenna ríkisstj. um allar verðhækkanir á eftir. Stjórnarandstaðan hótar að fella till. um niðurskurð á fjárl. til dýrtíðarráðstafana, en hefur þó auðvitað áður flutt svipaða till., núna fyrir nokkrum mánuðum. Og stjórnarandstaðan ætlar að tala áfram um holskeflu dýrtíðar, sem sé að rísa 1. júní n. k., en standa þó gegn öllum till. til að koma í veg fyrir þessa holskeflu.

Gunnar Thoroddsen var talsmaður Sjálfstfl. í sjónvarpsþætti um þessi mál nýlega. Hann gat ekkert sagt um úrræði Sjálfstfl. frekar en ræðumenn flokksins hér í kvöld. Hann talaði aðeins eins og þeir um, að hér þyrftu að koma *til samræmdar aðgerðir, yfirlit þyrfti að fást* um allan vandann og trú þyrfti að fást á því, sem gert yrði, og annað eftir því. Hvað skyldi nú orðarugl af þessu tagi þýða? Hver er stefna Sjálfstfl.? Eða hefur hann í þessum málum enga stefnu aðra en þá að reyna að koma Gunnari og Geir, öðrum eða báðum, í stjórnarstóla?

Og ekki var stefna Gylfa Þ. Gíslasonar miklu skýrari, enda ekki að vænta. Hann sagðist þó lofa því, að Alþfl. skyldi verða á móti öllu, hreint á móti öllu, sem stjórnin legði fram. Og svo kom auðvitað raus hans um, að nú dygðu ekki bráðabirgðaráðstafanir, ekkert kák. En stefnu í málinu hafði hann enga. Svo kemur hér Eggert G. Þorsteinsson og segir: Alþfl. tekur alltaf efnislega afstöðu til allra mála, hann er svo ábyrgur, hann er ekki eins og kommúnistar.

En ætli landsmenn viti ekki, hver yrðu ráð þeirra viðreisnarmanna, ef þeir mættu ráða? Fyrst mundu þeir auðvitað mála allt með hroðalega dökkum litum og telja fólki trú um, að stórkostlegra aðgerða væri þörf, nú þyrfti að skera djúpt. Og svo kæmi auðvitað 40—50% gengislækkun, vísitalan úr sambandi, vextir hækkaðir og afleiðingarnar auðvitað almennt atvinnuleysi. Ég held, að maður þekki þessar ráðstafanir.

Í þessu öllu saman er fyrirbærið Bjarni Guðnason þó það átakanlegasta. Hann hefur gersamlega látið ginnast af áróðri þeirra viðreisnarherranna. Nú gengur hann á milli þeirra Gunnars Thoroddsens og Gylfa Þ. Gíslasonar og sækir til þeirra öll ráð, en þeir brosa auðvitað að barnaskap hans í laumi. Bjarni Guðnason taldi sig vera hernámsandstæðing og gegn aðild Íslands að NATO. Nú lýsir hann því yfir frammi fyrir allri þjóðinni, að við verður víst að vera í NATO. Og barátta hans gegn hersetunni lýsir sér í því, að hann vill óður og uppvægur koma ríkisstj. frá, þegar hún er komin að því marki að láta reyna á framkvæmdina um brottför hersins. Það er *dálagleg vinstri stefna hjá Bjarna Guðnasyni* að ætla að vera á móti verðstöðvun, að ætla að vera á móti lækkun útgjalda ríkissjóðs, til þess að hægt sé að halda niðri vöruverði og draga úr dýrtíð. Og svo kemur hann auðvitað í þessum umr. rétt eins og hinir viðreisnarmennirnir og segist alltaf taka ábyrga afstöðu til mála, þó að hann hafi lýst því opinberlega yfir fyrir nokkrum dögum, að hann muni bregðast á þennan hátt við öllum till. ríkisstj.

Það má nú heita ráðið, að gengið verður til alþingiskosninga á þessu ári. Úr því verður að skera í almennum kosningum, hvort hér á að vera við völd næsta kjörtímabil ný viðreisnarstjórn undir forustu íhaldsins og með venjulegri aðstoð kratanna og kannske einhvers Bjarna Guðnasonar eða hvort hér getur orðið starfhæf vinstri stjórn, sem heldur áfram því mikla verki að treysta atvinnulíf landsmanna, að ljúka við það mikla verk að tryggja landsmönnum einum fiskimiðin í kringum landið og við það að gerbreyta fiskiskipaflotanum og fiskiðnaðnum í landinu til stórkostlegrar framleiðsluaukningar, — stjórn, sem áfram fær að vinna að uppbyggingu íslensks iðnaðar og að því að bæta aðstöðu og kjör þeirra, sem vinna að landbúnaðarstörfum, — stjórn, sem framkvæmir brottför hersins og vinnur að efnahagslegu *sjálfstæði þjóðarinnar*. Úr þessu verður að skera í almennum alþingiskosningum, og það er best að hafa þær sem fyrst. — Góða nótt.

Benedikt Gröndal: Herra forseti. Góðir Íslendingar. Fannst ykkur ekki landhelgishetjunni okkar brugðið hér rétt áðan? Lúðvík Jósepsson hefur eytt tæplega hálfri ræðu sinni hér á Alþ. í almennum stjórnmálaumr. til þess að verja stórfelldar veiðar Austur-Þjóðverja í kanti íslenska landgrunnsins. Fannst ykkur ekki merkilegt að heyra, að sjútvrh. okkar Íslendinga skuli telja sjálfsagt, að við eigum að leyfa erlendri þjóð að skipta um mörg hundruð manna áhafnir á verksmiðjutogurum og verksmiðjuskipum hér á landi? Fannst ykkur ekki athyglisvert að heyra nú, þegar við höfum staðið í nokkur ár í harðri baráttu við að hrekja Breta og Þjóðverja burt héðan með fiskveiðar þeirra, bæði af landi og sjó, og svipta þá allri aðstöðu, að það komi þá í ljós, að sjútvrh. okkar telur sjálfsagt, að Austur-Þjóðverjar komi í staðinn og fái hér aðstöðu, sem með sama áframhaldi mundi jaðra við fiskveiðibækistöð, a. m. k. vera jafnmikils virði? Fannst ykkur það ekki einkennilegur hugsunarháttur hjá ráðh. íslenskra sjómanna, að hann skuli telja sjálfsagt, að íslenskir flugvellir og íslenskt land verði notað til þess að aðstoða austur-þýska veiðiflota við veiðar við strendur Kanada? Eru ekki sjómenn þar líka, og ætli þeir séu ekki fátækari, sjómennirnir á Nýfundnalandi, heldur en

þeir, sem eru hér? En þeir, sem stunda rányrkjuna upp að ströndum Nýfundnalands, eiga hauk í horni hér uppi á Íslandi, þar sem er þessi heilagi sjútvrh. okkar. Þessi hugsunarháttur hans er siðleysi. Ég þekki engin dæmi þess, að íslenskur ráðh. hafi staðið upp á Alþ. eða notað ráðherraembætti sitt til þess að gegna hagsmunum erlendra aðila á slíkan hátt sem orðið hefur í þessu máli.

Það er ekki að ástæðulausu, að við höfum hér á Alþ. kallað Lúðvík Jósepsson sendiherra austurþýskra togara. Og það er ekki að ástæðulausu, að Gylfi Þ. Gíslason varpaði síðdegis í dag fram þeirri spurningu í þessum ræðustól, hvort Lúðvík Jósepsson ætlaði í næstu kosningum að bjóða sig fram á Austurlandi eða í Austur-Þýskalandi.

Það er enginn vafi á því, að það er rétt, að í öllum nágrannalöndum okkar, sem hafa lýðræðislegt þjóðskipulag og heiðarlegar ríkisstjórnir og heiðarlega pólitík, þar mundi ráðh. verða neyddur til þess að segja af sér eftir slíkt hneyksli. Það er búið að benda á það. Svarið var reiðilestur Lúðvíks hér áðan.

Enda þótt Alþ. sé forn stofnun, er þingræðið ekki gamalt, heldur til komið hér á landi á síðustu öld. Um það eru fá og óljós ákvæði í stjórnarskránni, og hefur oft, þegar vandræði hafa risið með þjóðinni, orðið að treysta meir á viturlega túlkun ráðamanna. Þess vegna getur verið rétt fyrir okkur að skoða fordæmi, þegar ádeilur ógna sjálfu stjórnarfari og afkomu okkar, eins og nú gerist, og reyna að læra af þeim fordæmum.

Fyrir fjórum áratugum, veturinn 1931—1932, var stjórnmálaástand um margt líkt því, sem nú er. Framsfl. hafði þá einn meiri hl. á Alþ., og Tryggvi Þórhallsson myndaði stjórn. Heimskreppan var þá skollin á og þrengdi mjög að efnahag landsmanna, en innanlands voru heiftarlegar deilur um kjördæmamál. Alþfl. og Sjálfstfl. voru þá í stjórnarandstöðu eins og nú og höfðu stöðvunarvald í Ed. Þegar stjórnin fékkst ekki til viðunandi lausnar á kjördæmamálinu, stöðvaði stjórnarandstaðan fjárlagafrv. Landið mátti heita stjórnlaust á hættutímum, líkt og það hefur verið nú síðustu mánuði. Þá vildu sumir framsóknarmenn tefla í tvísýnu og átök. En Tryggvi Þórhallsson varð þeim vitrari maður. Hann sá, að þessi alvarlega stjórnarkreppa var þjóðinni háskaleg og við svo búið mátti ekki standa. Hann sagði því af sér og beitti sér fyrir því, að ný ríkisstj. yrði mynduð.

Síðan á jólaföstu í vetur hefur verið alvarleg og samfelld stjórnar- og stjórnlagakreppa í landi okkar. Efnahagsvandamál hrúgast upp, og verðbólgu er líkt við holskeflu. Varnarmálin eru eldheitt deilumál, er skiptir þjóðinni í tvær fylkingar, þar sem síst skyldi. Ríkisstj. hefur að vísu meiri hl. á Alþ., en stjórnarandstaðan hefur stöðvunarvald í Nd. Ríkisstj. getur ekki stjórnað landinu á viðunandi hátt. En sökum valdadrambs og valdagleði vill hún ekki fara frá. Leiðtogar stjórnarflokkanna sýna ekki þá visku, sem Tryggvi Þórhallsson hafði til að bera. Þeir hugsa of margir um flokkshag, en hann hugsaði um þjóðarhag. Þetta er mikil ógæfa, sem þegar hefur reynst þjóðinni dýr. Ef hér hefði verið sterk og starfhæf ríkisstj. síðustu 5 mánuði, að ekki sé litið lengra, hefði öflugt og raunhæft viðnám gegn verðbólgunni getað hafist í des. og engin holskefla vofað yfir í dag. Það má að nokkru leyti kenna stjórnkerfi okkar um, deildaskiptingu Alþingis og öðrum augljósum göllum. Og það er þjóðinni til vansæmdar, að fullkomin lýðveldisstjórnarskrá hefur ekki séð dagsins ljós enn þá, 30 árum eftir að lýðveldið var stofnað.

En reynslan sannar, að vitrir og ábyrgir stjórnendur eiga að geta siglt fram hjá skerjum stjórnarskrárinnar. Til þess hefur núv. ríkisstj. því miður ekki borið gæfu. Því er skipbrot fram undan, ef ekki verður snögg stefnubreyting og betur stýrt á næstu dögum og vikum. Má segja þessa dagana, að blind sé feigrar stjórnar för. Upplausnin og stjórnleysið í þjóðmálum okkar er alls ekki kerfinu eða stjórnarandstöðunni að kenna fyrst og fremst. Þar kemur til skjalanna hið ótrúlega sundurlyndi stjórnarflokkanna innbyrðis, sem nú síðustu daga hefur keyrt svo um þverbak, að þess eru engin dæmi fyrr í sögu íslenskra stjórnmála. Þjóðin horfir höggdofa á það sjónarspil, er ráðh. bera lygar hver á annan, sitja á svikráðum hver við annan og andmæla hver öðrum endalaust opinberlega. Þjóðinni er farið að skiljast, þeim sem ekki hafa skilið það alla tíð, að þetta gengur ekki. Hún getur ekki sætt sig við slíka ríkisstj.

Stjarnan í þessu sjónarspili sundrungarinnar er án efa hæstv. ráðh. Magnús Kjartansson, sem í hásæti sínu kemur nú í seinni tíð fram sem einhvers konar sambland af félaga Brésnév og guði almáttugum. Magnús hneykslaðist í ræðu sinni á stjórnarandstöðunni og sagði, að hún vildi fella allt fyrir stjórninni. Sannleikurinn er sá, að stjórnarandstaðan hefur ekki fellt eitt einasta frv. fyrir ríkisstj., þótt hún hafi knúið fram breyt. til bóta á sumum þeirra. Þvert á móti hafa stjórnarandstæðingar greitt fyrir mörgum góðum málum, þegar sjálft stjórnarliðið hefur verið í upplausn og hver höndin upp á móti annarri, eins og t. d. í skólamálunum. Þrátt fyrir þessa ábyrgu afstöðu í fjölda mála er það skylda stjórnarandstöðuflokks við þjóðina að veita ríkisstj. aðhald og andstöðu, og það hefur Alþfl. gert að sínu leyti. Þegar augljóst er, að ríkisstj. ræður ekki við verkefni sitt, stjórnar ekki landinu og veldur stórfelldu tjóni með því að láta viðnámslausa verðbólgu flæða yfir, ber stjórnarandstæðingum siðferðileg skylda til að fella stjórnina með öllum tiltækum og löglegum ráðum, til þess að myndað verði hið fyrsta starfhæft rn., er veldur verkefnum sínum og þjóðin getur treyst, þar til kosningar geta farið fram. Að þessu virðist nú komið, hvert sem framhaldið kann að verða næstu sólarhringa.

Í dag gerðust þau tíðindi, að lagt var fram hér á Alþ. stjfrv. um ráðstafanir til að hamla gegn verðbólgunni. Sú skýring fylgir, að stjórnarflokkarnir séu óbundnir um einstök atriði málsins, en það þýðir í raun og veru, að málið er allt í lausu lofti. Slík yfirlýsing með efnahagsfrv. er algert einsdæmi og jafngildir yfirlýsingu um gjaldþrot stjórnarinnar. Með þetta mál verður því fyrst að fara eins og trausts- eða vantraustsmál., og verður við fyrsta tækifæri að ganga úr

skugga um, hvort til sé ríkisstj., sem geti staðið saman og haft forustu fyrir þjóðinni í baráttunni gegn verðbólgunni fram yfir kosningar.

Þegar franska byltingin var gerð á sínum tíma, var sagt, að borgarastéttin væri auðug og velmegandi, en ríkið væri á barmi gjaldþrots. Ástandið á Íslandi er í dag dálítið svipað þessu. Atvinna er yfirleitt mikil. Tekjur eru háar, oft mjög háar. En þjóðarbúið sem heild á í alvarlegum vandræðum. Tekjur einstaklinga og annarra aðila eru á þann veg, að skammtað hefur verið meira en til er og framleiðsla þjóðarinnar stendur undir. Þetta veldur verðbólgu. Framkvæmdir eru miklar, og það er gott að vissu marki. En nú er ráðist í meira en mannafli, tæki og fé duga til. Þetta veldur verðbólgu. Einstaklingar framkvæma og kaupa eins mikið og þeir geta fengið að láni fyrir, og allar lánastofnanir eru spenntar til hins ítrasta. Þetta veldur verðbólgu. Gerðir hafa verið kjarasamningar, sem eru óhagstæðir fyrir láglaunafólk, en spilla launajafnvægi og íþyngja atvinnuvegum oft um of. Þetta veldur verðbólgu. Fjármálastjórn ríkisins hefur sleppt fram af sér beislinu, og ríkisútgjöld hafa nálega þrefaldast á tveim árum. Þetta veldur líka verðbólgu. Öll þessi heimabakaða verðbólga bætist svo við innflutta verðbólgu, sem við fáum í stórum skömmtum í verði á olíu og raunar öllu því, sem við kaupum inn. Á sama tíma eru afurðir okkar byrjaðar að lækka í verði.

Við höfum langa reynslu af verðbólgu og þolum hana bærilega að vissu marki. Hún hefur meira að segja gert mikinn hluta Íslendinga að litlum eða stórum verðbólguspekúlöntum, svo að við getum varla verið stolt af því. En 30—50% verðbólga, eins og nú er um að ræða, er geigvænleg hætta fyrir okkur öll. Hún getur leitt til þess á nokkrum vikum, að fjöldi fyrirtækja og jafnvel heilar framleiðslugreinar stöðvist, svo að atvinnuleysi breiðist óðfluga út. Þess vegna lifum við nú á hættutímum, þótt velmegunarmerkin blasi hvarvetna við okkur, og þess vegna megum við í rauninni engan tíma missa í bræðravíg innan bráðfeigrar ríkisstj. eða annað pólitískt þras.

Það má segja, að hæstv. forsrh. hafi í dag lagt spilin á borðið með því að leggja fram frv. um viðnám gegn verðbólgunni. Þetta á að heita stjfrv., en er í raun réttri stjórnleysisfrv. Allir flokkar ríkisstj. hafa frjálsar hendur um öll atriði málsins. Þjóðin fær enn ekki að vita, hvað hver þeirra hefur við það að athuga, um hvað er deilt innan stjórnarinnar, nema hvað hæstv. ráðh. Magnús T. Ólafsson, sagði okkur í kvöld, að stjórnin væri ekki sammála um, hvernig haga bæri samráðum við verkalýðshreyfinguna. Þá vitum við það. Stjórn hinna vinnandi stétta getur sem sagt ekki einu sinni orðið sammála um að hafa samráð við verkalýðshreyfinguna, hinar vinnandi stéttir. Við skulum vona, að fleira komi skjótlega fram, helst strax á morgun, svo að þessi mál skýrist.

Tvö verkefni blasa nú við. Fyrst verður að komast til botns í stjórnleysinu, ráða bót á því og tryggja þjóðinni starfhæfa ríkisstj. fyrir það tímabil fram til kosninga, sem að sjálfsögðu verða eins fljótt og hægt er með ábyrgu móti að efna til þeirra. Enginn virðist á þessari stundu hafa hugmynd um, hvernig á að greiða úr stjórnleysinu eða hvað geti tekið við, enda þótt margar og venjulega tilhæfulausar sögusagnir gangi um það mál. En þegar því er lokið, verður að snúast með festu og samheldni að vandanum og bjarga þjóðinni úr háska óðaverðbólgunnar og efna síðan til kosninga. Þetta eru mikil verkefni, sem verður að leysa á nokkrum næstu dögum. Ég vona, að Alþ. beri gæfu til þess að standast þessa prófraun og það með þeirri sæmd, að traust þjóðarinnar á þingi og þjóð verði endurvakið, og hún taki af fúsum vilja á sig þær fórnir, sem nú eru sýnilega fram undan fyrir alla landsmenn. — Góða nótt.

Hannibal Valdimarsson: Herra forseti. Góðir hlustendur. Fátt eitt hefur komið fram í þessum umr. af hendi stjórnarandstöðunnar, sem ástæða er til að svara. Hv. 5. þm. Vestf., Þorv. Garðar Kristjánsson, taldi mestu máli skipta að hreyta skætingi í hæstv. menntmrh. í sambandi við landhelgismálið. En rökstuddi hann þann skæting sinn? Nei, hann lét það vera. Slík rök heyrði enginn af hans munni, enda mundi erfið leit að þeim rökum. Þannig féll sú árásin dauð og ómerk niður og höfundinum einum til minnkunar.

Þá var hv. þm. eitthvað skapillur og úrillur út af kosningasigri mínum á Vestfjörðum í síðustu kosningum. Það er kannske skiljanlegt, ef það hefði verið skammt liðið síðan, því að það lá við sjálft, að Vestfirðingar höfnuðu þessum hv. þm. algerlega, þó að hann slampaðist að lokum inn sem 5. þm. Vestf. Öll var ræða hans á svo lágu plani, að til einskis sóma var fyrir stærsta stjórnmálaflokk landsins.

Þessu næst aðeins örfá orð um ræðu hv. 3. landsk. þm., Bjarna Guðnasonar. Hann hafði í upphafi máls síns uppi átakanlega kveinstafi um illa og rangláta meðferð á sér, en kom litt að landsmálum, minnti þó á brotthlaup sitt úr SF, þegar hann við brottförina mótaði afstöðu sína til aðsteðjandi vanda í efnahagsmálum með yfirlýsingu um, að hann aðhylltist helst til lausnar vandanum einhvers konar millifærsluleið. Það var snjöll úrlausn hjá prófessornum. Það er líka hið einasta framlag hans fyrr og síðar til lausnar á vanda efnahagsmála.

Það verður að játa, að mjög alvarlegt ástand hefur á skömmum tíma skapast í efnahagsmálum þjóðarinnar, og sannleikur er sagna bestur um það rétt eins og annað. Hvað veldur? spyrja menn að sjálfsögðu. Þetta m. a. að mínu áliti: Í árslok 1973 dundi yfir stórkostleg hækkun olíuverðs á heimsmarkaði, en fátt segir fljótar til sín eða með meiri þunga í öllum atvinnurekstri Íslendinga en verðlag þessara vara. Þegar verkalýðsfélögin á s. l. hausti voru að undirbúa kröfugerð sína, var ástandið þannig utanlands og innan, að ekki þótti ástæða til svartsýni. En strax um seinustu áramót var augljóst orðið, að jafnvel án grunnkaupshækkana yrðu miklar verðhækkanir, bæði af erlendum og innlendum toga, óhjákvæmilegar strax á fyrri hluta ársins 1974. Þá hefði verið hyggilegt að spyrna strax við fótum, gera ráðstafanir til að draga úr innlendri eftirspurn og spennu og jafnframt

og ekki síður að fara með fyllstu gát við kaupgjaldsákvarðanir, sem þá stóðu fyrir dyrum í allsherjarlaunauppgjöri. Hvorugt var gert. En nú er komið í ljós, að öldur verðbólgu og hraðvaxandi dýrtíðar, sem sjá mátti, að væru að rísa undir síðustu áramót, hafa orðið hærri og geisað hraðar en búist var við.

Og svo er það hin hlið málsins. Einnig þar hefur bjartsýni manna orðið fyrir nokkru áfalli. Fiskverð hafði farið síhækkandi árum saman, og auðvitað mátti búast við, að sú þróun tæki enda, fyrr eða síðar. En ekki virðist það hafa verið tekið með í reikninginn. Nú er komin fram fiskverðshækkun á okkar stærsta og besta fiskmarkaði í Bandaríkjunum, og enn meira er verðfallið á fiskmjölinu. En því miður lítur út fyrir, að hið svimháa olíuverð haldist a. m. k. fram eftir árinu, og enn er það, að allar aðrar rekstrarvörur fara einnig hríðhækkandi í verði. Við allt þetta hefu stórlega dregið úr getu framleiðsluatvinnuveganna til að rísa undir þeim miklu launahækkunum, sem orðið hafa, og er það hin alvarlegasta hlið málsins, að undirstöðuatvinnuvegir landsins eru nú reknir með miklu tapi, sem stefnir til stöðvunar, ef ekki er að gert í tíma.

Í rammasamningi ASÍ fólst nálega 20% meðalhækkun grunnlauna að viðbættri 3% hækkun í des. 1974 og enn 3% 1. júní 1975, hækkunin þannig alls á 15 mánuðum um það bil 27—28%. Með þessu var boginn spenntur til hins ítrasta, ef ekki ofspenntur, jafnvel þótt ekkert verðfall afurða hefði orðið. Auk þess var samið um vísitölukerfi óbreytt að kalla og skattkerfisbreytingu, sem óneitanlega var kjarabót fyrir hina lægra launuðu. Hækkun kaupgreiðsluvísitölu 1. mars var svo 7 stig. Þar með var kauphækkun frá áramótum orðin 27—28% og búvöruverðshækkun um 18%, þar af launaliður 27%. Munu flestir játa, að slíkt launastökk var óhóflegt. En þó tók steininn úr, þegar einstök stéttarfélög virtu þá skynsamlegu grundvallarstefnu Alþýðusambandsins, að láglaunafólkið skyldi fá mesta lagfæringu launa, algerlega að vettugi, hrifsuðu til sín með samningum eftir á miklu meiri kauphækkanir en rammasamningurinn nokkurn tíma gerði ráð fyrir, með þeim árangri, að ýmsir þeir, sem hæst voru launaðir fyrir, náðu til sín miklu meiri kauphækkun en þeir, sem fyrr sömdu og lægri launin höfðu. Þannig hefur launakerfi verkalýðssamtakanna raskast, orðið ranglátara en það var, í stað þess að ætlunin og hin yfirlýsta stefna var að gera það jafnara og réttlátara. Þetta ber mjög að harma.

Eftir þetta blinda launakapphlaup einstakra hálaunahópa, sem enn sér þó ekki fyrir endann á, er launahækkun frá áramótum í vissum tilfellum orðin 33—38% eða fast að 40%. Og nú hefur Hagstofa Íslands áætlað, að 1. júní muni framfærsluvísitala hækka um 17% og kaupgreiðsluvísitala a. m. k. um 13—15%, og yrði þá meðaltalslaunahækkun frá áramótum a. m. k. orðin um 35%. Hafi menn svo í huga á hinn bóginn, að á sama tíma hefur fiskverð lækkað *um 6—7% og fiskmjöl stórum meira*, þá blasir þessi mynd við varðandi atvinnulífið: Stórfelldur hallarekstur blasir við frystiiðnaðinum. Saltfisk- og skreiðarframleiðsla stendur nokkru betur, en stefnir þó til taps. Rekstur togaranna í ársbyrjun þrátt fyrir góð aflabrögð var næsta tæpur, en versnar þó mjög á seinni hluta ársins. Óhætt er að segja, að sjávarútvegurinn yfirleitt stendur frammi fyrir stórkostlegum rekstrarerfiðleikum, sem torvelt er að leysa í skyndi. Iðnaður, verslun og flestir þættir þjónustustarfsemi eiga í erfiðleikum og útflutningsiðnaðurinn má heita vonlaus við óbreytt ástand. Þetta er sannarlega ljót lýsing, og kynnu einhverjir að halda, að þetta væri svartagallsraus bölsýnismanns, og vildi ég helst óska, að svo væri. En því miður er þetta sannleikurinn og þó vafalaust ekki allur sannleikurinn.

Þá er auðvitað spurningin: Hvernig skal nú bregðast við vandanum? Um það eru menn því miður ekki á eitt sáttir fremur nú en fyrri daginn, en enginn neitar því samt, að róttækra og skjótra aðgerða sé þörf, því að vandinn vaxi enn stórkostlega, ef ekki finnist úrræði til að afstýra ófarnaði fyrir 1. júní n. k., þegar búast má við, að kaupgreiðsluvísitalan hækki í einu stökki um 13—15% í viðbót við það, sem þegar er orðið.

Eins og fram hefur komið í umr., hefur í dag verið lagt á borð þm. frv. til l. um viðnám gegn verðbólgu og aðrar ráðstafanir til að stuðla að jafnvægi í efnahagsmálum. Frv. þetta er lagt fram af hæstv. forsrh. sem stjfrv., en fram er tekið, að stjórnarflokkarnir hafi óbundnar hendur um ýmis atriði frv. Fylgi allra ráðh. við frv. er þannig með fyrirvara, og það tel ég nauðsynlegt nú að taka fram, að hæstv. félmrh., Björn Jónsson, á ekki aðild að flutningi þess.

Valdboðsleið ríkisstj. inn á svið frjálsra kjarasamninga hefur ávallt verið illa séð, þó að slíkt hafi að vísu átt sér stað áður. En með þessu frv. er seilst öllu lengra inn á svið aðilanna á vinnumarkaðnum en nokkru sinni áður hefur verið gert í gjörvallri stjórnmálasögunni. Þá hefur jafnan verið reynt allnáið samráð við aðila vinnumarkaðarins, áður en slík lagafrv. væru lögð fram á Alþ. En nú hefur hvort tveggja gerst, að framlagðar brtt. samstarfsflokka forsrh. hafa ekki fengist teknar inn í frv., og það, sem öllu harðleiknara er, er þetta, að samráðum við verkalýðshreyfinguna og samtök atvinnurekenda hefur verið hafnað. Það telja SF mjög óskynsamleg vinnubrögð.

Vegna gerbreyttra aðstæðna, síðan samningar voru gerðir, er eðlilegt, að réttir aðilar, þ. e. a. s. launþegasamtök og atvinnurekendasamtök, endurskoði launakerfið upp á nýtt, og færi vel á því, að velviljuð ríkisstj. hefði þar hönd í bagga og nauðsynlega meðalgöngu. Hér er um svo flókin og viðkvæm mál að ræða, að litlar, ef nokkrar líkur eru til, að ríkisvaldið geti með nokkru móti fært hið margbrotna samningsbundna launakerfi til hófsamlegra horfs, án þess að úr skorðum fari og af hljótist meira eða minna ranglæti, sem ekki yrði þolað. Aðilar vinnumarkaðarins eru hins vegar þaulkunnugir öllum blæbrigðum þessa kerfis. Þess vegna bar að þrautreyna, hvað þeir sjálfir gætu náð samkomulagi um að leiðrétta, *þegar svo mikið lægi við sem augljós* stöðvun atvinnulífs og viðtækt atvinnuleysi. Með slíkum vinnubrögðum væri svo allt önnur aðstaða fyrir ríkisstj. til að grípa til hverra þeirra

úrræða og ráðstafana sem hún teldi nauðsynlegar.

Ég hygg, að það sé ekki torskilið neinum í verkalýðshreyfingunni, að hæstv. félmrh., Björn Jónsson, sem jafnframt er forseti ASÍ, geti ekki gerst meðflm. frv., sem sprettir upp grundvallaratriðum nýgerðra kjarasamninga og það án þess að verkalýðshreyfingunni sjálfri væri áður gefið rækilegt tækifæri til að leysa vandann sjálf eða þá a. m. k. að láta í ljós, hvaða ráðstöfunum hún eftir atvikum gæti unað. Ef hann gerði það, væri auðveldur eftirleikurinn fyrir hvaða íhaldsstjórn sem væri að hafa frjálsan samningsrétt verkalýðshreyfingar að engu. Slíkt fordæmi vill Björn Jónsson ekki gefa. Því er þetta atriði, þótt um vinnubrögð sé, þýðingarmeira en mörg efnisatriði frv., sem orkað geta þó tvímælis sum hver. Galla tel ég það t. d. á frv., að alls staðar leynast smugur varðandi viðnámsákvæði þess, nema hvað launafólkið áhrærir. Þannig er frv. að sumu leyti opið í báða enda. Og megingalli þess er sá að mínum dómi, að mjög er vafasamt, að ákvæði þess dugi til þess að koma í veg fyrir stöðvun atvinnuveganna, en færi svo, kæmi allt fyrir ekki.

Hitt skal fúslega játað, að mörg atriði frv. eru þess eðlis, að hvaða ríkisstj. sem væri og stæði frammi fyrir þeim vanda, sem nú blasir við, yrði að beita þeim mörgum hverjum og það án tafar og án nokkurrar linkindar. Skal ég og skýrt taka það fram, að SF eru fús til að taka á sig fulla ábyrgð að sínum hluta til lausnar vandamálunum, aðeins ef þannig er að málum staðið, að líklegt sé, að aðgerðirnar fái staðist og geti borið tilætlaðan árangur. Það er og von mín, að fljótt fáist úr því skorið, hvort frv. með eða án breytinga nýtur meirihlutafylgis á þingi eða ekki.

Reynist svo, að frv. verði fellt, er það skoðun mín, að stjórnin eigi að biðjast lausnar og verði að biðjast lausnar og það án tafar, eyða ekki dýrmætum tíma í aðgerðaleysi og ráðleysi. En hvað svo? Þingrof og kosningar segja sumir. En þótt allir frestir væru styttir til hins ítrasta, gætu kosningar samt ekki farið fram fyrr en í júnílok eða júlíbyrjun og starfhæf stjórn tæpast tekið á lausn vandamálanna fyrr en um allt að mánuði síðar. En þá væri ný flóðalda verðhækkana skollin yfir og málið allt orðið torleystara en það nú er, svo sem öllum er þegar orðið kunnugt. Þeir, sem hrópa: Kosningar strax — og þykjast hetjur, skjóta sér því undan ábyrgð og loka augum fyrir því, hversu bráðaðkallandi það er að fá aðgerðir í efnahagsmálum afgreiddar á Alþ. ekki síðar en fyrir næstu mánaðamót. Auðnist núv. stjórn ekki að leysa vanda efnahagsmálanna, verður því þegar í stað að sannprófa alla möguleika til stjórnarmyndunar og freista þess að koma fram a. m. k. bráðabirgðaaðgerðum í efnahagsmálum fyrir næstu mánaðamót. Takist það hins vegar ekki, hefur Alþ. brugðist skyldu sinni.

Annað stórmál er á dagskrá hjá þjóðinni um þessar mundir. Það er herstöðvamálið. Ég skal um það aðeins segja örfá orð. Við eigum nú í viðræðum við Bandaríki Norður-Ameríku um endurskoðun varnarsamningsins frá 1951. Við höfum lagt fram okkar fyrstu till. Þær eru til skoðunar hjá gagnaðila, og sjálfsagt getum við vænst þess, að gagntill. komi aftur. Þær tökum við að sjálfsögðu til skoðunar, þegar þær berast. Uppsögn samningsins virðist ekki eiga meirihlutafylgi að fagna á Alþingi Íslendinga, og því er það niðurstaða mín í þessu máli, að okkar besti kostur sé að reyna samningaleiðina til þrautar og freista þess þannig að treysta samstöðu okkar með Vestur-Evrópu og Norður-Ameríku og tryggja jafnframt svo sem best má verða og kostur er öryggi lands og þjóðar.

Seinni part þessa mánaðar fara kosningar fram til sveitarstjórna víðs vegar um land. Í undirbúningi þessara kosninga hefur það tekist furðuvíða, að SF og Alþfl. hafa tekið höndum saman um sameiginleg framboð. Ég segi: furðuvíða, af því að skilyrðin eru erfið, þar sem annar flokkurinn er í stjórnaraðstöðu og hinn í stjórnarandstöðu. En það hefur tekist þrátt fyrir það. Þetta gerir okkur sigurviss í sameiningarmálinu. Sú sjálfsagða hugsun, að allir jafnaðarmenn á Íslandi eigi og skuli vera í einum flokki, hefur gripið um sig og yfirstígur alla örðugleika. Þessi sameining verður alger í næstu alþingiskosningum. SF voru umfram allt annað til þess stofnuð að koma sameiningu jafnaðarmanna, hvar sem þeir hefðu annars í flokki talist, í framkvæmd. Vinnið nú af alhug, einbeitni og þrótti að sigri sameiningarmanna um land allt. Þá verður farsæll tímamótasigur unninn í næstu alþingiskosningum. Ísland þarf sterkan, sameinaðan flokk jafnaðarmanna alveg eins og lýðræðislönd Vestur-Evrópu, og stjórnmálaástandið hér á landi nú sýnir einmitt betur en allt annað, að þjóðin þarf á umbótastefnu og þrótti mikils og sameinaðs jafnaðarmannaflokks að halda.

Herra forseti. Ég hef nálega eingöngu varið ræðutíma mínum að þessu sinni til að ræða vanda efnahagsmálanna. Úr þeim vanda, sem við blasir, geri ég síður en svo minna en aðrir, sem málið hafa rætt hér í kvöld. Ég tel mig hafa gefið rétta mynd af ástandinu, enda stuðst þar við niðurstöður efnahagssérfræðings ríkisstj. Ég legg hins vegar á það þyngri áherslu en margir aðrir, að engan tíma megi missa, svo að ekki fari enn þá verr. Kyndingu kosningaelda nú tel ég ganga glæpi næst, því að þá væri vandamálunum augljóslega ýtt til hliðar, þótt allri þjóðinni sé ljóst, að þau þola enga bið.

Ég þakka þeim, sem hlýddu, og bið öllum hlustendum nær og fjær góða nótt.

Sameinað þing, 2. maí.

Afkoma iðnaðar.

Skriflegt svar iðnaðarráðherra við fyrirspurn Lárusar Jónssonar um afkomu iðnaðar, á þskj. 760, afhent þm. 2. maí.

1. Hver var afkoma almenns iðnaðar (sbr. skilgreiningu hagrannsóknadeildar Framkvæmdastofnunar ríkisins) árin 1971, 1972 og 1973?

Svar:
Hlutur vergs hagnaðar fyrir skatta miðað við vergar tekjur (markaðsvirði) nam 6.5% árið 1971, 6.0% árið 1972 og áætlað 4.8% fyrir árið 1973.
Afkoma heimamarkaðsiðnaðar var þó betri bæði árið 1971 og 1973.
Afkoma útflutningsiðnaðar var öll árin verri en að ofan er greint eða 4.7% 1971, 4.4% 1972 og aðeins áætluð 1.9% fyrir árið 1973.

2. Hve miklu nema tollaívilanir á ári til innlends iðnaðar skv. nýsamþykktum lögum um tollskrá, og hversu miklu nema tollaívilanirnar á innfluttum erlendum iðnaðarvörum?

Svar:
Samkvæmt greinargerð með frumvarpi til laga um tollskrá o. fl., sem afgreitt var sem lög á yfirstandandi þingi, voru áhrif tollalækkunar á vélar og hráefni 325 millj. kr. Frekari lækkanir, sem síðar voru gerðar, voru metnar á 25 millj. kr. Þannig er gert ráð fyrir, að heildarlækkun á vélum og hráefni, sem að langstærstum hluta fellur undir iðnað, hafi numið um 350 millj. kr. Er þá miðað við innflutning frá miðju ári 1972 til miðs árs 1973.
Lækkun tolla á verndarvörum voru áætlaðar nema 235 millj. kr., en lækkun fjáröflunartolla var áætluð um 55 millj. kr.

3. Hversu háum fjárhæðum á ári nema viðbótarálögur ríkisins á iðnaðinn vegna söluskatts- og launaskattshækkunar, sem samþ. var á Alþingi í mars s. l.?

Svar:
a) **Söluskattshækkunin.**
Samkvæmt lauslegri áætlun hagrannsóknadeildar Framkvæmdastofnunar námu söluskattskyld gjöld iðnaðar án fiskiðnaðar og álvinnslu m. v. árslok 1973 3736 millj. kr. Ef gengið er út frá að meðalsöluskattsþyngd á árinu 1973 hafi verið 12.8%, tollalækkanir nemi 350 millj. kr., meðalverðhækkun á hráefni á árinu nemi um 20%, en meðalsöluskattsþyngd verði 116.4% á yfirstandandi ári, þá mun söluskattsskyld gjöld nema 4137 millj. kr. árið 1974. Með sömu forsendum og óbreyttum söluskatti (11+2%) hefði þessi stofn verið um 4050 millj. kr. 1973.
Söluskattshækkunin nemur því **87 millj kr.**
b) **Launaskattshækkunin.**
Gengið er út frá launaskattsstofni að upphæð 8596 millj. kr. Ef gert er ráð fyrir 40% meðalkauphækkunum fyrir iðnaðinn á árinu 1974 (en þá er gengið út frá lægri kauphækkunum fyrir iðnaðinn en aðra atvinnuvegi og einnig er miðað við kaupgjald 1. apríl 1974), þá þýðir 1% launaskattshækkun 120 millj. kr.
c) **Samtals.**
Þær hækkanir, sem gerðar voru á sölu- og launaskatti í mars s. l., munu nema um 207 millj. kr. hækkun fyrir iðnaðinn á yfirstandandi ári. Þess ber þó að geta, að á s. l. ári voru endurgreiddar tæplega 35 millj. kr. til útflutningsiðnaðar vegna söluskatts, og ekki er óvarlegt að ráðgera, að þessi upphæð verði um 50 millj. kr. á yfirstandandi ári.

Sameinað þing, 83. fundur.

Föstudaginn 3. maí, kl. 2 miðdegis.

Rannsókn kjörbréfs.

Forseti (Eysteinn Jónsson): Mér hefur borist svo hljóðandi bréf:

„Reykjavík, 3. maí 1974.

Þorvaldur Garðar Kristjánsson, 5. þm. Vestf., hefur í dag ritað mér á þessa leið:
„Með því að ég er á förum til útlanda í opinberum erindum, leyfi ég mér með skírskotun til 138. gr. l. um kosningar til Alþingis að óska þess, að 2. varamaður minn, frú Hildur Einarsdóttir, Bolungarvík, taki á meðan sæti mitt á Alþingi."
Þetta er yður, herra forseti, hér með tilkynnt með ósk um, að þér látið fara fram í Sþ. rannsókn á kjörbréfi varamannsins.

Ásgeir Bjarnason,
forseti Ed."

Hildur Einarsdóttir hefur ekki setið þing áður og kjörbréf hennar þarf því athugunar við. Bið ég hv. kjörbréfanefnd að taka kjörbréfið til athugunar, og ég mun gefa 5 mínútna fundarhlé. — [Fundarhlé.]

Frsm. (Matthías Á. Mathiesen): Herra forseti. Kjörbréfanefnd hefur haft til meðferðar kjörbréf frú Hildar Einarsdóttur, Bolungarvík, sem er 2. varaþingmaður Sjálfstfl. í Vestf., en eins og fram hefur komið, hefur hv. 5. þm. Vestf., Þorv. Garðar Kristjánsson, beðið um fjarvistarleyfi. Leggur n. til, að kosningin verði metin gild og kjörbréfið verði samþykkt.

ATKVGR.

Till. kjörbréfanefndar samþ. með 48 shlj. atkv.

Hinn nýi þingmaður, Hildur Einarsdóttir, undirritaði drengskaparheit um að halda stjórnarskrá landsins.

Efri deild, 116. fundur.

Föstudaginn 3. maí, að loknum fundi í sameinuðu þingi.

Viðskiptamenntun á framhaldsskólastigi, frv. (þskj. 839). — 3. umr.

Auður Auðuns: Herra forseti. Við 2. umr. þessa máls tók frv. allmiklum breytingum og urðu um það töluverðar umr. Umr. snerust að verulegu leyti um 9. gr. frv. og þá brtt., sem við hana hér var flutt og samþykkt var. Ég tel óþarft að fara að rekja þessar umr., en ég hygg, að ég fari rétt með, að flm. tilll. brtt.

við 9. gr. hafi rökstutt hana aðallega með því, að það væri óeðlilegt, að stofnkostnaðarframlög eða byggingarstyrkir úr ríkissjóði, sem veittir væru til bygginga, sem notaðar væru í ákveðnu skyni, yrðu eign þeirra, sem styrkina hljóta, ef hætt yrði svo að nota byggingarnar í þeim tilgangi, sem upphaflega var til ætlast og varð til þess, að byggingarstyrkur var veittur. Ég lét þess þá getið, að mér hefði þótt eðlilegt út af fyrir sig, að í frv. hefði jafnvel verið áskilnaður um endurkröfu á slíkum styrk vegna stofnkostnaðar, og af því tilefni leyfi ég mér að flytja hér brtt. við 9. gr. frv., eins og hún nú er. Brtt. mín, sem ekki vannst tími til að skila og fá útbýtt fjölritaðri hér á fundinum, er svo hljóðandi:

„9. gr. orðist svo:

Samvinnuskólinn og Verslunarskóli Íslands hafa rétt til þess að halda áfram að rækja það fræðslustarf, sem þeir hingað til hafa annast, og til að auka það og sérhæfa, eftir því sem aðstæður leyfa og þörf krefur á hverjum tíma.

Um styrk úr ríkissjóði til nefndra skóla skulu eftirfarandi ákvæði gilda:

a) Rekstrarkostnaður skólanna skal greiddur að fullu og 80% af kostnaði við rekstur heimavistar, þar sem hennar er þörf. Skal framlag ríkissjóðs að hámarki miðað við kostnað í ríkisskólum á sama fræðslustigi.
b) Stofnkostnaður þess kennsluhúsnæðis, sem byggt verður eftir gildistöku laga þessara, skal greiddur úr ríkissjóði að 80%, og gildir hið sama um heimavist, þar sem hennar er þörf. Hætti skólar þessir að starfa, skal styrkur sá, er þeir hafa hlotið úr ríkissjóði vegna stofnkostnaðar, vera endurkræfur.“

Niðurlag till. er samhljóða því, sem í frvgr. er nú, svo hljóðandi:

„Skilyrði nefndra styrkveitinga er, að menntmrn. hafi samþykkt árlega áætlun rekstrarkostnaðar skólanna og að fé sé veitt í fjárl. fyrir stofnkostnaði, enda liggi áður fyrir samþykki stjórnvalda fyrir byggingarframkvæmdum.

Framlög ríkisins samkv. þessari gr. miðast við, að skólar þessir starfi í samræmi við meginstefnu 5. gr. téðra l., svo og samkv. þeim reglugerðum, sem settar verða.“

Ég held, að með slíkri orðun á gr. sé mætt þeirri gagnrýni, sem fram kom við 2. umr. um málið.

En það voru fleiri breytingar en á 9. gr., sem samþ. voru við 2. umr. þessa máls. Það var samþ. brtt. við 10. gr. Ég lýsti mig andvíga báðum brtt. og ekki síst brtt. við 10. gr. Sú brtt. var samþ., og er sjálfsagt tilgangslaust að fara að reyna að fá leiðrétt það, sem mér þar þótti miður, að inn skyldi koma í frv. En þá langar mig til að spyrja hæstv. ráðh. Nú er þetta frv. til l. um viðskiptamenntun á framhaldsskólastigi og þar með um þessa tvo einkaskóla, sem ég leyfi mér að nefna svo, Samvinnuskólann og Verslunarskóla Íslands. Þarna er komið inn í 10. gr., að ráðh. skuli skipa skólanefndir við þessa skóla. Ég sé ekki annað en þetta séu orðin bein lagafyrirmæli, og því vil ég spyrja hæstv. ráðh.: Hver verður framkvæmdin, ef frv. verður endanlega samþykkt og afgr. í þessum búningi, sem það nú er, sem lög frá þinginu? Verður þessum skólum, ef þeir óhlýðnast þessari gr. frv. og eignaraðilarnir leyfa sér áfram að skipa skólanefndirnar, — verður þeim leyft að starfa áfram í sama formi og þeir hafa gert? Og þýðir þetta ekki það, — ég þarf reyndar varla að spyrja um það, að þeir muni a. m. k. ekki njóta þeirra framlaga samkv. 9. gr., sem ráðgerð eru í frv.? Hitt þarf ég ekki að spyrja hæstv. ráðh. um, að Alþ. tekur til þess afstöðu við afgreiðslu hverra fjárl., hvort styrkur skuli veittur til þeirra.

Þessi brtt. mín er skrifleg, eins og ég áður sagði, og ég leyfi mér því að afhenda hana hæstv. forseta, til þess að leitað verði afbrigða, svo að hún megi koma hér til umr. og afgreiðslu. E. t. v. mætti ég bæta því við, vegna þess að þetta er nokkuð langt mál og hefur ekki verið útbýtt í d., að þá væri e. t. v. rétt að fresta umr. þar til á næsta deildarfundi. Þar sem gæti þá legið fyrir fjölrituð till.

ATKVGR.

Afbrigði um skrifl. brtt. (sjá þskj. 850) samþ. með 17 shlj. atkv.

Frsm. (Ragnar Arnalds): Herra forseti. Hv. 6. þm. Reykv., Auður Auðuns, hefur borið hér fram brtt. við 9. gr. frv., sem virðist miða að því að færa orðalag hennar í fyrra horf, þó með þeirri breytingu, að séu viðkomandi skólar lagðir niður, þá skuli styrkveitingar til stofnkostnaðar þessara skóla endurgreiðslukræfir. Till. hennar er í öllum höfuðatriðum að öðru leyti eins og tillgr. hljóðaði upphaflega, þannig að þar er talað um styrkveitingar í staðinn fyrir fjárveitingar og framlög, eins og nú er gert eftir þær breytingar, sem gerðar hafa verið.

Ég verð að segja eins og satt er, að ég skil eiginlega ekki, hvers vegna hv. þm. heldur svo stíft við þessa tillögugerð, eftir að atkvgr. hefur farið hér fram við 2. umr. og þessi till. verði samþ. með miklum meiri hl. atkv. Er ekki nokkuð ljóst, að það skipulag, að um styrkveitingar er að ræða, sé miklu óeðlilegra og í miklu meira ósamræmi við það, sem er í öðru skipulagi skólamála, heldur en það, sem frv. gerir ráð fyrir, eins og því hefur nú verið breytt? Ef við hugsum okkur, að þetta ákvæði yrði einhvern tíma raunhæft, þannig að til slíkrar endurgreiðslu gæti hugsanlega komið, er þá ekki ljóst, að það mundu vakna ýmsar spurningar og koma upp ýmis vandamál varðandi það, hvernig þessari endurgreiðslu skyldi háttað? Ólíklegt er, að eignaraðilar að þessum skólabyggingum hefðu undir höndum fjármagn til að endurgreiða það, sem búið væri að festa í þessum skólabyggingum, öðruvísi en þær væru þá fyrst seldar á frjálsum markaði, nema menn geri ráð fyrir því, að hinar öru verðbreytingar í þjóðfélaginu hafi gert fjárveitingar ríkisins svo smávaxnar í millitíðinni, að þarna verði um mjög óverulegar endurgreiðslur að ræða, og sýnist það svo sem ekki vera neitt eðlilegra heldur. Ég held, að það liggi nokkuð ljóst fyrir, að það eðlilega er, að um

framlög af hálfu ríkisins sé að ræða og þar með um leið eignarhald ríkisins á því framlagi, sem þar hefur verið látið af hendi.

Ég vil að lokum undirstrika það, að setning þessarar löggjafar er mikil hagsbót fyrir viðkomandi skóla. Það er verið að gera, eins og ég sagði hér í umr. í gær, eðlisbreytingu á fjárhagslegri stöðu þessara skóla, og ég fæ þess vegna ekki skilið, hvers vegna menn geta ekki þakkað fyrir það og látið það duga, heldur gera kröfu til þess, að þessir skólar hafi alger forréttindi umfram alla aðra skóla í landinu, þeir fái framlög til stofnkostnaðar sem styrki, en ekki sem allir aðrir aðilar í landinu, sem verði að lúta því, að það sé um að ræða framlag ríkisins og þar af leiðandi að ríkið haldi sinni eignaraðild af viðkomandi framlagi. Ef þetta væri samþykkt eins og hv. þm. óskar eftir, væri verið að skapa í fyrsta lagi óvenjuleg forréttindi og mjög hæpin fordæmi. Því vil ég sérstaklega vara við.

Varðandi 10. gr., sem ekki er gerð nein brtt. við, vil ég aðeins taka það fram, vegna þess að það má vera, að það hafi ekki komið skýrt fram í umr. í gær, að í 10. gr., eins og hún nú hljóðar, er gert ráð fyrir því, að ráðh. skipi skólanefndir við Samvinnuskólann og Verslunarskólann, en tala nm. er ekki tiltekin, og þetta er gert með sérstöku tilliti til aðstæðna við þessa tvo skóla, að þeir geti haft hönd í bagga um það og komið með ábendingar um það, hvað þeir óska eftir, að n. séu fjölmennar, og hverjir ættu hugsanlega von í tilnefningu til þessara skólanefnda. Ég hef orðið var við, að uppi eru óskir um það frá þessum aðilum, til að mynda að það sé tryggt, að nemendaráð þessara skóla geti haft möguleika á að tilnefna fulltrúa, og þess vegna varð það að samkomulagi meðal þeirra, sem fluttu þessa till., að hafa þetta óbundið og slá því einu föstu, að einn fulltrúi væri skipaður af ráðh. án tilnefningar, það væri fulltrúi menntmrn., en þetta væri að öðru leyti óbundið. Þá var að sjálfsögðu gert ráð fyrir því, að náð yrði samkomulagi milli viðkomandi skóla og menntmrn. um skipan n. að öðru leyti, áður en skipunin færi fram.

Menntmrh. (Magnús T. Ólafsson): Herra forseti. Þetta frv. var lagt fyrir Alþ. óbreytt eins og sú n. gekk frá því, sem undirbjó málið. En ljóst var í meðförum málsins í ríkisstj., að einstakir stjórnarflokkar höfðu aths. við tiltekin fyrirkomulagsatriði. Ég held, að ég hafi getið um þetta í framsöguræðu. En hvað um það, þau atriði, sem aths. voru gerðar við, þegar ákveðið var að flytja þetta frv. sem stjfrv., eru einmitt þau, sem nú hefur verið breytt að till. nm. í menntmn.

Meginefni þessa frv. hvað varðar verslunar skólana tvo, sem þegar starfa, Samvinnuskólann og Verslunarskólann, er, að nú er skipað með lögum fjárstuðningi af ríkisfé við þessa skóla. Ríkið tekur að sér að greiða rekstrarkostnað þeirra að fullu, kostnað við heimavist að ⅘ og stofnkostnað kennsluhúsnæðis, sem byggt verður hér eftir, einnig að ⅘. Þarna er leystur vandi þessara stofnana, sem hefur farið vaxandi hin síðari ár, og þær hafa átt undir högg að sækja á ári hverju um ríkisframlög til rekstrar síns til þessa. En með þessu fyrirkomulagi er í eitt skipti fyrir öll ákveðið, að rekstrarkostnaður skólanna greiðist að fullu af ríkisfé. Þarna er auðvitað um geysimikla réttarbót að ræða fyrir þessar skólastofnanir, og þá kemur að sjálfsögðu til álita, hver verður staða ríkisins gagnvart þeim, eftir að þarna er búið að skipa með lögum verulegri hlutdeild ríkisins í rekstri skólanna og einnig þátttöku í byggingarframkvæmdum við stækkun þeirra og frekari þróun. Miðað við það, sem annars staðar í skólakerfi gerist, t. d. þegar ríki og sveitarfélög byggja skóla í sameiningu, þá verð ég að telja eðlilegast, að sá hluti, sem ríkið kostar af byggingum, verði ríkiseign. Ég tel það eðlilegra en hér sé um styrkveitingu að ræða, sem sé endurkræf í reiðufé, komi til þess, að byggingarnar séu teknar til annarra þarfa en þeim eru ætlaðar, þegar þær eru reistar.

Varðandi hitt atriðið, skólanefndina, þá er hið breytta ákvæði þannig, að ráðh. skuli skipa skólanefndir og einn fulltrúa í hvora án tilnefningar, en hina nm., sem ekki er tiltekið tal á, skal ráðh. skipa samkv. tilnefningu eignaraðila. Þetta get ég ekki séð, að sé óaðgengileg skipan fyrir eignaraðila þessara skóla. Þeim er frjálst að tilnefna alla fulltrúa í skólanefndum nema einn, þeir ráða tölu þessara fulltrúa, og að sjálfsögðu mun ráðh. skipa þá, sem tilnefndir eru að eignaraðilunum, og enga aðra. En spurning hv. 6. þm. Reykv. til mín skildist mér, að væri sú, hvort það yrði látið kyrrt liggja, ef skólanefndir yrðu skipaðar af eignaraðilum eins og hingað til, en ákvæði 10. gr., ef að lögum verður, að engu haft. Ég get ekki svarað fyrir aðra, en ég verð að segja fyrir mig, að ég mundi ekki láta slíkt kyrrt liggja.

Auður Auðuns: Herra forseti. Ég þakka hæstv. ráðh. fyrir svarið. Þá veit maður það, að þessir einkaskólar verða knúðir til að afhenda þann rétt, sem þeir hafa hingað til haft til að skipa sjálfir sínar skólanefndir, í hendur ráðh. og hann mun ganga eftir því.

Þá ætla ég að víkja nokkrum orðum að því, sem hv. 4. þm. Norðurl. v. sagði hér áðan. Hann taldi það ekki æskilega breytingu, sem ég hef flutt till. um við 9. gr. Við 2. umr. málsins, held ég, að það hafi komið ljóst fram í mínu máli, að það, sem ég lagði megináherslu á, var að þessir skólar fengju að halda sjálfstæði sínu. Þegar ríkið á byggingarnar og skipar skólanefndirnar, fer að verða dálítið lítill sjálfstæðissvipur yfir þessum menntastofnunum, verð ég að segja. Það mátti ekki einu sinni vera svo, að þessir eignaraðilar skólanna skipuðu skólanefndirnar, en ráðh. eða menntmrn. tilnefndi skólanefndarmann. Nei, það skyldi verða settur alger ríkissvipur á þetta og ráðh. skipaði skólanefndirnar.

Ég get sagt það einu sinni enn, að ég hef orðið fyrir geysilegum vonbrigðum með afgreiðslu þessa máls. Þótt ég fari ekki að orðlengja um 9. gr., þann skoðanamun, sem er um hana, verð ég að segja, að 10. gr. tekur þó í hnúkana. Hv. 4. þm. Norðurl. v. talaði um, að

ýmis vandamál kynnu að koma upp í sambandi við endurgreiðslu á styrk vegna stofnkostnaðar. Hann benti réttilega á, að með þeirri þróun, sem orðið hefur í þjóðfélaginu og auðvitað er komin með okkur í aðrar eins ógöngur og raun er á, rýrnar verðgildi í krónutölu slíkra styrkja, þegar fram í sækir, ef við reiknum með því, að verðbólguþróun haldi áfram, og a. m. k. að svo stöddu munu flestir búast við því, að svo verði alla vega um næstu framtíð. En það, sem mér sýnist hljóta að vera mjög eðlileg túlkun á, hvernig endurgreiðslu verði hagað, er það, hve mikill hluti af stofnkostnaðinum hefur komið sem styrkur úr ríkissjóði, miðað við heildarkostnað mannvirkjanna, og þá um leið sama hlutfall af verðmæti þeirra, þegar styrkurinn verður endurkræfur, þ. e. a. s. þegar skólinn hættir starfi. Þá fæ ég ekki annað séð en það ætti að vera auðvelt að vita, hvað þetta er með þáverandi verðgildi.

Hitt skulum við líka athuga, að það geta komið upp önnur vandamál. Við skulum segja, að annar hvor aðilinn hafi lagt fé í bygginguna til endurbóta. Þá yrði að sjálfsögðu að taka það til athugunar, og ég veit, að þetta mun hafa orðið nokkurt vandamál í sambandi við slíkt uppgjör.

En ég vil enn undristrika það, að ég tel, að sjálfstæði þessara skóla með þeim breytingum, sem gerðar eru á frv., hafi verið stórlega skert, og ég veit, að fyrir einmitt þeim aðilum, sem að rekstri þessara skóla standa, var lögð megináhersla á, að með löggjöfinni yrði sjálfstæði skólanna ekki skert. En því miður hefur svo farið í meðförum þingsins.

Menntmrh. (Magnús T. Ólafsson): Herra forseti. Ég tel mig ekki geta látið ómótmælt þeirri skoðun, sem mér fannst koma fram í orðum hv. 6. þm. Reykv., að í meðförum þessa máls hafi þeim skólastofnunum, sem um er að ræða, verði sýnd óbilgirni. Hér er um það að ræða að leggja til þessara skóla fjárhæðir, sem geta numið 65—70 millj. kr. miðað við kostnað á yfirstandandi skólaári, eingöngu til rekstrar skólanna, þar að auki ⅘ hluta af byggingarframkvæmdum þeim, sem til kann að koma. Ég fæ ekki séð, að það sé stórkostleg óbilgirni, að ríkið eignist einn fulltrúa í skólanefnd þeirra stofnana, sem það leggur til allt rekstrarfé og ⅘ af stofnkostnaði, og skipi skólanefndir þeirra. Ég sé ekki, að þetta skerði innra sjálfstæði skólanna sem skólastofnana, því að eignaraðilarnir velja áfram alla skólanefndarmenn nema þennan eina, og það eru skólanefndirnar, sem marka kennslustefnu og starfsstefnu þessara stofnana ásamt skólastjóra og kennurum.

Ég fæ ekki viðurkennt það, að sjálfstæði þeirra manna, sem valdir eru í skólanefndirnar af eignaraðilunum, allir nema einn, fari forgörðum við það eitt, að þeir fái skipunarbréf frá ráðherra, en ekki eignaraðilum.

ATKVGR.

Brtt. 850 felld með 11:6 atkv.

Frv. samþ. með 14 shlj. atkv. og afgr til Nd.

Alþt. 1973. B. (94. löggjafarþing).

Almannatryggingar, frv. (þskj. 603, n. 822, 832). — 2. umr.

Frsm. (Helgi F. Seljan): Herra forseti. Frv. það til l. um breyt á l. um almannatryggingar, sem hér liggur fyrir til 2. umr., var samið af stjórnskipaðri n., sem í áttu sæti fulltrúar allra stjórnmálaflokka, og hefur greinilega verið vel undirbúið um margt. Heilbr.- og trn. hefur athugað frv. mjög ítarlega, fengið á sinn fund fulltrúa ýmissa þeirra aðila, sem málið snertir, einnig ráðuneytisstjórann í heilbr.- og trmrn., og niðurstaðan er, eins og á nál. sést, að n. mælir með samþykkt frv., með einni tiltekinni breyt. þó, en að öðru leyti áskilja menn sér rétt til að flytja eða fylgja öðrum brtt., enda skrifa tveir hv. nm. undir með fyrirvara.

Varðandi ýmsar greinar frv. vöknuðu upp ýmsar spurningar hjá nm., m. a. út af þeim upplýsingum og ábendingum, sem fram komu. Heildarniðurstaðan er tvímælalaust jákvæð, enda í verulegum atriðum verið að gera umtalsverðar úrbætur, þó að einnig hafi heyrst, að til baka væri haldið um sumt, og ég á þá við 4. gr. um fjölskyldubæturnar.

Ég skal víkja að einstökum greinum á þann veg að vitna nokkuð í umr. í nefndinni, mótbárur og athugasemdir aðila. En á það dreg ég enga dul persónulega, að megingreinar frv. eru mjög til góðs, og þótt um sumar hafi heyrst vissar aðvaranir aðila, svo sem um 5. gr., er ég sannfærður um, að hér er stefnt að réttu marki, þ. e. að gera tryggingakerfið virkara og réttlátara, eins og hlýtur að vera aðalatriðið í málinu.

Um 2. gr. urðu nokkrar umr., þ. e. hvort fæðingarstyrkur í núverandi mynd ætti rétt á sér nema til þeirra kvenna, sem ælu börn sín heima, fæðingar og sjúkrahúsin féllu sjálkrafa inn í sjúkratryggingarnar. Þetta skiptir engu höfuðmáli og er raunar frekar spurning um orðalag l., en framkvæmd, því að öll lega vegna fæðinga er hvort sem er greidd af tryggingum, fari fæðing fram í sjúkrahúsi eða fæðingarstofnun. Eftir eru þá þær sárafáu konur, sem ala börn sín heima. N. sá ekki ástæðu til að gera hér till um breyt., þó að rétt sé að skýra frá þessum umr., sem m. a. komu fram vegna ábendinga frá læknum.

3. gr. er sú þýðingarmesta um flest. Þar er verið að koma til móts við það fólk, sem hefur litlar atvinnutekjur eða lágar lífeyrisbætur, að tekjutrygging þess skerðist ekki vegna mjög lágra upphæða af þessu tagi.

Á þessari skerðingu tekjutryggingarinnar hefur komið fram töluverð gagnrýni. Um réttmæti hennar má deila, en hér er henni mætt að nokkru, og við höfum lagt til hækkun á viðmiðun teknanna úr 30 þús. í 37500 kr. til samræmis við almenna hækkun bóta nú 1. apríl, þannig að fólk með tekjur innan þessara marka heldur sinni fullu tekjutryggingu, 80 þús. kr., engu að síður. Hafi bótaþeginn hins vegar tekjur umfram þetta mark, 37500 kr., skal skerða tekjutrygginguna um helming þeirra tekna, sem umfram eru. Hér er um mikla kostnaðaraukningu að ræða, eða samkv. verðlagi, að ég held í haust, um 250 millj. á ársgrundvelli, en hún er réttlætismál og á því fyllsta rétt á sér. Til álita kom í n.,

að í stað talna skyldi koma ákveðin prósenta, en þar sem allar bætur trygginganna eru ákveðnar með tölum, en ekki öðru formi, þótti rétt að halda því þarna einnig. Hins vegar reiknum við með því, að um þessar bætur gildi áfram sú regla, sem gilt hefur, að þær hækki jafnhliða öðrum tryggingabótum, þótt um það sé aðeins heimild til handa ráðherra.

Þá vík ég stuttlega að 4. gr., þar sem gert er ráð fyrir þeirri breyt. að fjölskyldubætur séu ekki lengur greiddar með fyrsta barni, séu brúttótekjur foreldra hærri en 700 þús. kr. eða börnin séu ekki fleiri en 4. Það er nú löngu viðurkennt, að í raun séu fjölskyldubætur miklu fremur hagstjórnartæki, spurning um vísitölu, en raunverulegar tryggingabætur. En um þetta má eflaust deila, og vissulega er hér um að ræða verulega upphæð til barnmargra eða tekjulágra fjölskyldna, enda ekki gert ráð fyrir neinni skerðingu bóta til þessara aðila.

Mér hefur ætíð þótt sem fjölskyldubætur með *einu barni væru óeðlilegar, og raunar gildir hið* sama um fyrsta barn í fámennum barnahópi, en um þetta má einnig deila. Um þetta var rætt í n., og m. a. vegna þessa atriðis og þá sérstaklega 11. gr. um, að skerðing þessi reiknist ekki inn í vísitöluna, hafa 2 hv. nm. fyrirvara á stuðningi við málið. N. ræddi og spurninguna um, hvort fella skyldi niður síðustu orðin í 2. mgr.: „sé um það sótt“, en upplýsingar komu um það frá Tryggingastofnun og ráðuneyti, að hér væri um mikið aukastarf að ræða, ef kanna þyrfti alla aðila, og þá einnig það atriði, að til eru þeir í okkar þjóðfélagi, sem geta hagrætt skattframtölum sínum á þann veg, að ekki séu sannleikanum í öllu samkvæm, og því ekki eðlilegt, að þeir hinir sömu fengju bætur með fyrsta barni sjálfkrafa, heldur yrðu að opinbera allsleysi sitt og eymd með umsókn, sem a. m. k. í sumum tilfellum gæti þá niður fallið vegna einhvers brots af sómatilfinningu, sem þó verður að ætla mörgum þessara aðila. Um bætur trygginga er yfirleitt sótt, og því þótti n. ekki rétt að fella þessi orð niður. Engum, sem þyrfti á að halda og rétt hefði, ætti að vera þetta ofaukið. Viðmiðun við aldraða fólkið og tekjutrygginguna ætti einmitt að vera hér mjög gagnleg, því að það fólk verður einmitt að sækja um sína tekjutryggingu, og því ætti þessu fólki á besta aldri ekki frekar að vera það vorkunn.

Í þessari gr. er komið inn á þann sparnað í tryggingakerfinu, sem koma á að nokkru til *móts við þau auknu útgjöld, sem aðrar greinar* frv. valda, og liggur ekki fyrir að fullu, að hve miklu leyti það muni verða.

5. gr. var einna mest rædd í n. Læknar, form. tryggingaráðs og ráðuneytisstjóri sögðu sitt álit, og inn í þetta kom svo frv. þeirra hv. þm. Jóns Árnasonar og hv. þm. Steinþórs Gestssonar, sem snertu sömu atriði og um getur í b-lið og c-lið 43. gr. l. sjálfra. Læknar lýstu nokkrum áhyggjum út af þessu fyrirkomulagi, töldu t. d. greinina um lyfjagreiðsluna geta aukið ásókn til lækna og valdið þeim auknu álagi og bentu á slæma reynslu Svía í þeim efnum. Úr þessu verður reynslan að skera og einnig því atriði, hversu rétt viðmiðunin er í b-liðnum, hvað snertir 150 kr. greiðsluna til sérfræðings, og fullyrðing í grg., að hér væri um nánast óbreyttan kostnað að ræða, eða ¼ eins og nú er. Upplýst var, að þessi tala væri fundin með nákvæmri könnun, sem leitt hefði þetta í ljós. Læknar vildu fullyrða, að talan ætti að vera nokkru hærri. En það, sem máli skiptir, er í fyrsta lagi það, að tryggingarnar taka þá aðeins á sig eitthvað aukinn kostnað, og svo hitt, að við hverja gjaldskrárbreytingu getur ráðherra eftir reglugerð hækkað allar þær tölur, sem nefndar eru í 5. gr.

Um það var rætt í n., hvort nota mætti frekar það orðalag um lyfin í frv. því, sem áður er getið, frá hv. þm. Jóni Árnasyni og Steinþóri Gestssyni, þ. e. um lyf til elli- og örorkulífeyrisþega eingöngu og þá að fullu til þeirra, en horfið frá því m. a. vegna þeirra ábendinga, sem við fengum um hættu í misnotkun, svo og af því að nauðsynlegt er í raun að lækka lyfjakostnað fleiri aðila, sem á dýrum lyfjum þurfa að halda, en ekki tilheyra þessum hópi.

Um d-lið 43. gr. l. í 5. gr. þessa frv. var einnig rætt nokkuð, einkum kostnaðarhliðina. Um það lágu ekki neinar tæmandi upplýsingar um líklegan kostnaðarauka, enda upplýst, að erfitt væri að meta hann til fulls. Nm. voru á einu máli um nauðsyn 6. gr. um að taka þátt í greiðslu tannlækninga, þ. e. a. s. gera það að skyldu sjúkrasamlaga. Hér er um áfangaþróun að ræða og er sannarlega til stórbóta. Tannlæknar eða forustumenn þeirra töldu skrefið e. t. v. of stórt, þ. e. að atvinna og ásókn í tannlækningar ykist svo á Reykjavíkursvæðinu, að erfiðara yrði að fá tannlækna út á land af þeim ástæðum. Þessi röksemd er vægast sagt hæpin. Reynslan er a. m. k. víða önnur nú varðandi tannlæknana, enda skapa heilsugæslustöðvarnar aðstöðu og möguleika, sem áður hafa ekki verið fyrir hendi úti á landi yfirleitt.

Við 7. gr. var engin aths. gerð í n. og ekki þá 8. heldur, nema hvað snerti 50 gr. l. almennt, sem grein þessi fjallar um. Ábending kom frá Öryrkjabandalaginu og fleirum um, að í stað 25% heimildarákvæðis varðandi aukagreiðslur vistmanna á stofnunum, kæmi skylda, svo sem frv. þeirra hv. þm. Jóns Árnasonar og Steinþórs Gestssonar gerir ráð fyrir. Upplýst var af formanni tryggingaráðs, að þessi prósenta væri í raun í dag nálægt 21.5%, en þess bæri að gæta, að um stóra hópa fólks væri þannig ástatt, að skylduprósenta til þess stæðist varla, hún hreinlega rynni ekki til þess beint, kæmi því ekki persónulega til góða, t. d. sjúklinga, sem komnir *væru út úr heiminum svo sem sagt er*, fávita o. fl. Þar sem þessi meðaltalsprósenta er engu að síður svona há, sá n. sem slík ekki neina ástæðu til brtt. af þessu tagi, enda um það full heimild, að þessi 25% verði notuð í öllum eðlilegum tilfellum. Um þetta voru þó skiptar skoðanir, svo sem brtt. hv. 3. þm. Reykn., Odds Ólafssonar, ber með sér, en það skal tekið fram, að Tryggingastofnun ríkisins mælti á sínum tíma gegn þessari breyt. Það skal einnig tekið fram, að í brtt. hv. þm. hefur hann bætt við orðunum: „enda votti stjórnendur viðkomandi stofnunar um þörf hans“, þ. e. a. s. hlutaðeigandi tekjulauss aðila, þannig að það breytir að vísu nokkru hér um. Engu að síður sé ég enga ástæðu til

þess, þar sem heimildin er svona ótvíræð til þess, að við göngum svona langt nú.

Um 9. og 10. gr. var ekkert ágreiningsefni rætt.

Um 11. gr. hef ég áður rætt, vil aðeins taka það fram, að ASÍ var sent frv. með sérstöku tilliti til þessa ákvæðis, því að allir þekkja viðkvæmni visitölumálanna yfirleitt. Svar barst ekki formlega, en ég held, að óhætt sé að segja, að forusta ASÍ vilji láta þetta átölulaust, þó að þeir lýsi ekki heldur stuðningi við þetta ákvæði.

Ég persónulega tel engan vafa leika á réttmæti þessarar gr., en skal ekki fara frekar út í þau mál öll, svo viðkvæm sem þau annars eru, þó að ég vilji fullyrða, að visitölubætur í dag séu ekki á heilbrigðum grunni byggðar og til þess helst fallnar að auka launamisrétti í landinu.

Sem von var um frv., sem samið hafði verið í meginatriðum af fulltrúum allra flokka, var meginniðurstaða n. mjög jákvæð, eins og fram kemur í nál. Hér er, svo að ekki verður um villst, stefnt í rétta og jákvæða átt í veigamiklum atriðum: Leiðrétting fyrir aldraða fólkið ótvíræð stórbót. Tannlæknaþjónustan mikilsverð viðurkenning á þeirri staðreynd, að tannlækningar séu mikilvægur hluti heilbrigðisþjónustu almennt. Lækkun lyfjakostnaðar. Greiðsla til sérfræðinga og röntgengreiningarkostnaðar verulegfyrir fjölmarga, einkum þá, sem mest þurfa á að halda. Tekjujöfnunarhliðin á móti gagnvart fjölskyldubótunum fyllilega réttlætanleg að mínu mati, því að í heild verði að jafna metin í þjóðfélaginu. Megintilfærslan er til þeirra, sem sannarlega þurfa þess með.

Fleiri orð hef ég ekki hér um, en n. leggur til, að frv. verði samþ. með tiltekinni breyt., sem ég gerði grein fyrir. 2 nm. skrifa undir með fyrirvara, og nm. yfirleitt áskilja sér rétt til að flytja eða fylgja brtt. Fjarverandi afgreiðslu málsins vegna veikinda var þm. Eggert G. Þorsteinsson.

Auður Auðuns: Herra forseti. Eins og hv. frsm. heilbr.- og trn. hefur þegar tekið fram í framsöguræðu og fram kemur í nál., mælir n. með samþykkt frv. En við tvö, auk mín hv. 3. þm. Reykn., skrifum undir nál. með fyrirvara, og skal ég koma seinna að því, hvaða ákvæði frv. minn fyrirvari snertir.

Þetta frv. er, að því er í grg. segir, samið með það fyrir augum, að eigi sér stað tilfærsla innan almannatryggingakerfisins. Ákvæði frv. um auknar bætur ýmsum aðilum, einstaklingum eða hópum, til handa eru sprottnar í rétta átt, og um þær má segja það, að allir mundu vilja auka bætur til þessara aðila, styðja það, sem hér er lagt til, og gert verði í þágu landsmanna. Hins vegar hefur þá yfirleitt verið á það litið, hvað hlutirnir mundu kosta.

Svo að ég reki ákvæðin, sem í frv. eru að þessu leyti, þá skal ég nú fara fljótt yfir sögu. Eins og fram hefur komið, voru engar aths. við 1. og 2. gr. frv. og ekki heldur við 3. gr. Um þá gr. vil ég segja það, að hún er sniðin að verulegu leyti eftir þeim till., sem sjálfstæðismenn hafa flutt hér á Alþingi, og verð ég að lýsa ánægju minni yfir, að það mál nær nú fram að ganga, þó að í öðru lagafrv. sé. Það sjá menn á brtt., sem n. flytur á þskj. 822, að tölur, sem í frv. felast, eru þegar orðnar hressilega úreltar síðan í haust, að frá frv. mun hafa verið gengið af n., sem undirbjó það. Það var nokkuð um það rætt í n., hvort ætti ekki að miða upphæð þeirra tekna, sem lífeyrisþegunum er heimilt að hafa, án þess að tekjutrygging skerðist, við einhvern ákveðinn hluta af grunnuppbót. En vegna þess að í l. eru yfirleitt bæturnar tilteknar í ákveðinni krónutölu, var það ofan á að víkja ekki frá því. Ég vil sem sé lýsa ánægju minni yfir, að í frv. kemur till. og viðurkenning á þeirri till., sem sjálfstæðismenn hafa áður flutt um þetta mál.

Þá er 4. gr. frv., en eins og menn sjá af grg. og þegar hefur verið skýrt af frsm. n., er ætlunin að spara það í fjölskyldubótum, sem á að standa undir auknum útgjöldum, sem af frv. mundi leiða. Óneitanlega virðist þetta vera nokkuð handahófskennd áætlun. En það er rétt að veita því athygli, að í frv., þegar það er samið, er miðað við 700 þús. kr. brúttótekjur fólks, en það hefði sjálfsagt verið ástæða til að skoða þá upphæð einnig, hvað væri sanngjarnt að hún hækkaði síðan í haust, þegar við hugsum til þess, hvað bótaupphæðirnar hafa hækkað.

Ég skal ekki fara mörgum orðum um efnishlið málsins. Samkvæmt þessari grein skulu falla niður fjölskyldubætur með fyrsta barni, miðað við visst brúttótekjumark, og einnig ef börnin eru færri en fimm. En hitt má svo út af fyrir sig segja, að hjá fjölskyldu með 4 börn og 700 þús. kr. brúttótekjur er ekki mikið eftir, þegar brýnustu nauðsynjar hafa verið greiddar.

Mér er sagt, að þessi gr. og tekjuöflunin sé hugmynd rn., og er sjálfsagt rétt, að sú hugmynd sé þaðan komin. Tekið er beinlínis fram í grg., að 11. gr. frv. sé ekki komin frá n., sem undirbjó frv., um, að afnám fjölskyldubóta með einu barni eigi ekki að hafa áhrif á kaupgreiðsluvisitölu. Það er varðandi þessar tvær gr., 4. og 11. gr. frv., sem fyrirvari minn gildir.

Við sjálfstæðismenn höfum verið þeirrar skoðunar að fjölskyldubæturnar séu, eins og frsm. n. tók fram, í eðli sínu ekki bætur í þeim skilningi, sem maður leggur í bætur í sambandi við tryggingar, og fjölskyldubæturnar ætti að fella inn í skattakerfið. Um hitt hefur oft verið talað, maður hefur heyrt marga hreyfa því, að það væri óeðlilegt að hafa fjölskyldubætur með einu barni, það ættu allir að geta komist af með eitt barn á framfæri. En í þessu tilfelli á að fella niður fjölskyldubæturnar með einu barni fyrir býsna stóran hóp skattgreiðenda, að ég hygg. Að vísu munu hafa legið fyrir einhverjar upplýsingar miðað við síðustu framtöl um, hve mikill fjöldi skattgreiðenda hafi haft brúttótekjur 700 þús. kr. og þar yfir. En á það er að líta, að það eru þegar orðnar alveg úreltar tölur til viðmiðunar með þeirri ofboðslegu verðbólgu, sem hér geisar.

Það er dálítið furðulegt satt að segja, þegar í næsta sal er hv. Nd. Alþingis að ræða stjfrv., þar sem verið er að hækka fjölskyldubæturnar úr 12 í 15 þús. kr., ef ég man rétt, að í þessari d. er verið að ræða frv., þar sem verið er að

taka fjölskyldubætur af fólki og kveða svo á, að það skuli engin áhrif hafa á vísitöluna. En það kannske hefur ekkert að segja að vera að ræða um vísitölu í þessu sambandi, því að hér fyrir handan í Nd. er verið líka að ræða frv., sem ég áður gat um, þar sem lagt er til, að vísitalan verði tekin úr sambandi. En furðulegur hráskinnsleikur er þetta, og ég verð að segja, að ég a. m. k. ætla mér ekki að greiða þessari frvgr. atkv. Það er best, að ríkisstj. beri á henni ábyrgðina.

Það var mikið rætt í n. um 5. gr., upphaf gr. um sérfræðingagjaldið. Það er sagt í grg., að 150 kr. gjald fyrir heimsókn hjá sérfræðingi muni ekki verða til að auka útgjöld Tryggingastofnunarinnar eða sjúkratrygginganna. En það var okkur í n. litt skiljanlegt, vegna þess að við fengum upplýsingar um, að það væri lágmarksgjald 150 kr. fyrir heimsókn nú og töluvert hærra hjá vissum hópum sérfræðinga, en að vísu lækkandi, þegar menn koma í fleiri heimsóknir til sama sérfræðings. Í sambandi við slíkar vitjanir hjá sérfræðingum er oft ýmislegt annað, sem gert er. Það hafa verið nefnd t. d. hjartarit og sitthvað fleira, sem hefur hleypt þessum kostnaði geysilega mikið upp. Ég held því, að það sé vægast sagt bjartsýni eða m. ö. o. að það megi reikna með því, að þetta ákvæði auki útgjöld trygginganna, hve mikið er sjálfsagt ómögulegt um að segja á þessu stigi.

Um lyfjakostnaðinn var ákaflega mikið rætt líka. A. m. k. er fullyrðing um, að þarna sé ekki um mikla útgjaldaaukningu að ræða, að ég held, meira en hæpin. Var í umr. í n. bent á þá reynslu, sem hefur orðið hjá Svíum af þessu skipulagi, sem þarna er lagt til, að upp verði tekið. Það varð til þess, að lyfjakaupin stórjukust og útgjöld trygginga þar með.

Um röntgengreiningu, sem næst kemur í 5. gr., er ákveðið 250 kr. gjald fyrir hverja röntgengreiningu. Þetta er miðað við það, að fólk greiði áfram fjórða hluta af röntgengreiningarkostnaðinum, heildarkostnaðinum, sem mun í mjög mörgum tilfellum vera um 1000 kr. Hins vegar getur þessi kostnaður farið langtum hærra, 5000—10000 kr., sem einhver sagði mér að gæti farið upp í. Það má kannske segja, að það sé óeðlilegt, að fólk sé látið bera svo mikil útgjöld af nauðsynlegri greiningu, en þá verður líka að horfa á það, að enginn vafi er á því, að þessi liður hlýtur að auka töluvert útgjöld trygginganna. Ég spurði um það í n., hvort ekki væri hægt að fá gagngera athugun á því, hvað þetta mundi kosta, en á því voru talin öll tormerki. Ég vil fyrir mitt leyti segja, að hefði verið gengið í það með góðum fyrirvara að fá um þetta nokkurn veginn örugga vitneskju, þá hefði það átt að vera hægt.

Þá kem ég að 6. gr. frv., en sú gr. er um tannlækningar. Ég skal fyrst snúa mér að skólatannlækningum eða tannlækningum fyrir börn og unglinga 6—15 ára. Þetta er sú tegund af heilbrigðisþjónustu, sem vissulega er nauðsynleg í hverju þjóðfélagi. Þessi þjónusta hefur víða verið veitt í skólum eða á vegum skólanna, þó að hins vegar hafi staðið aukningu hennar fyrir þrifum, að hingað til hefur verið mikill skortur á tannlæknum hér á landi, eins og við vitum. Í gr. segir, að tryggingarnar skuli greiða 50% á móti sveitarfélögunum. Nú er mér kunnugt um það, að hér í Reykjavík, þar sem hafa verið skólatannlækningar um langt skeið, þótt hins vegar hafi tannlæknaskortur staðið í vegi fyrir því, að þær næðu almennt til barna í skólunum, sem nú er þó úr að rætast og má segja að hafi þegar úr ræst, þá er þrátt fyrir ákvæði laga um, að ríkið greiði, — það er í fyrsta skipti hér, sem það kemur inn í tryggingar, að ríkið greiði helming kostnaðar, — þá er framkvæmdin sú, að hér í Reykjavík t. d. er það 25—26%, sem ríkið greiðir. Það er ekki meira, þegar til kemur. Ekki er vitað hve mikill kostnaður verður af þessu. Ég held, að það sé rennt alveg blint í sjóinn með það. Það er sagt í grg., að hann muni fara, ef ég man rétt, um 45 millj. fram úr því, sem þegar sé á fjárlögum vegna skólatannlækninga. En ég held, að þetta sé heldur lausleg áætlun, ef við hugsum bara um tannlækningakostnaðinn, eins og hann er í dag. Það eru margs konar aðgerðir í sambandi við tannlækningar aðrar en þær, sem taldar eru upp í næstsíðustu málsgr. frv., sem eru undanskildar þátttöku ríkisins eða trygginganna í tannlæknakostnaðinum. Þar er aðeins getið um gullfyllingar, krónu- og brúargerðir, en það eru svo langtum fleiri sérfræðilegar aðgerðir í sambandi við tannlækningar í dag, að þessi útilokun nær ekki nema yfir hluta þeirra, og allar þessar sérfræðiaðgerðir eru geysilega dýrar. Ég skal aðeins nefna það, sem auðvitað kemur ekki til greina nema hjá ungu fólki. Undir þessa gr. frv. falla unglingar á gagnfræðastiginu og enn fremur 16 ára unglingar, að vísu utan skólatannlækninga, en greitt að hálfu af tryggingum. Mér er sagt, t. d., að tannréttingar, sem oft þarf að fá fyrir unglinga, geti hæglega komist upp í 120 þús. kr. á hvern ungling. Það er með áætlun um þetta ákvæði eins og önnur ákvæði frv., að ég held, að sé meira og minna rennt blint í sjóinn. Ég held, að sá grundvöllur, sem í grg. er settur fram, og viðmiðun um útgjöld, sem þar er sett fram, sé meira og minna blekking satt að segja.

Ef við snúum okkur aftur að 3. gr., sem varðar tekjutrygginguna, þá er alveg rennt blint í sjóinn um, hve mikil útgjöld það þýði, enda segir svo beinlínis í grg. Tryggingastofnunin telur, að þar sé um 250 millj. að ræða á ársgrundvelli. Við vitum satt að segja ekkert um, hvernig þetta verður. Rétt er líka að athuga það, að þessi upphæð er miðuð við frv., eins og það var samið í haust. Við sjáum, að þegar eru hækkaðar upphæðir í 3. gr. í till. frá heilbr.- og trn., svo að það er algjörlega rennt blint í sjóinn með þetta.

Sjálfsagt er miklu auðveldara að gera sér grein fyrir sparnaði af niðurfellingu fjölskyldubótanna en áætlanir um útgjöld eru öll meira og minna á sandi reistar. Það má segja, eins og stundum er tekið til orða í dag, að það sé „skotið á“ upphæð til þess að láta dæmið ganga upp. En þrátt fyrir það, mælum við með samþykkt þessa frv. Allt er þetta gott, ágætt að geta veitt þessar auknu bætur og sumt af því, eins og ég áður sagði, mál, sem hafa þegar verið borin fram af þm. og hér eru tekin upp.

Ég verð að lokum að segja það um fjáröflun-

ina til þessara auknu bóta og nýju bótaflokka og endurtaka það, sem ég áðan sagði: Þetta hefðu menn sjálfsagt allt viljað gera og fyrr gera, en það hefur þá verið útgjaldaspursmálið, hvað þetta kostar, sem hefur haldið aftur af mönnum að gera till. um það. Ég verð nú að segja um hráskinnsleikinn með fjölskyldubæturnar, að ég held, að það hefði verið öllu heppilegra að sleppa honum, því að þeim útgjöldum, sem ætlað er, að af þessu verði, sem auðvitað getur alls ekki staðist, 300 millj., — það hefði ekki verið vandi að koma þeim fyrir í þeim hrikalegu fjárlögum, sem verið var að afgreiða hér fyrir jólin. Þar hefði sjálfsagt mátt finna eitthvað, sem frekar hefði mátt missa sig en þær bætur, sem hér er lagt til, að landsfólkinu verði veittar.

Ég skal svo ekki hafa fleiri orð um frv. Ég endurtek það, að ég mæli með því. Ég mun samþykkja gr. þess, aðrar en 4. og 11. gr., en tel rétt, að ríkisstj. og stjórnarfl. beri ábyrgð á þeim.

Oddur Ólafsson: Herra forseti. Frv. það, sem hér um ræðir, felur í sér að mínu viti nokkrar merkar umbætur á högum þeirra, sem erfitt eiga í þjóðfélaginu. Þetta er að mestu leyti í þrennu lagi: Í fyrsta lagi tekjutryggingin og lagfæringar á því fyrirkomulagi, sem þar hefur ríkt. Í öðru lagi, að kostnaður við leyfi og rannsóknir mun nú ekki koma eins þungt niður á þeim, sem erfitt eiga, og áður hefur gert. Og í þriðja lagi og kannske ekki síst umbætur á tannlæknaþjónustunni. Þetta hefur verið mikið vandamál í þessu landi, ekki síst úti í dreifbýlinu, og hefur það byggt á tvennu: í fyrsta lagi aðstöðuleysi og þar að auki, að þetta er ein af þeim fáu greinum heilbrigðisfræðinnar, sem hefur staðið utan við greiðslur frá almannatryggingum. Ef þetta frv. verður að lögum, tel ég, að mikið vinnist, enda þótt það sé sjálfsagt, að þetta kostar fé. En ég verð að segja það, að stærsti hópurinn af þeim, sem njóta dýrustu umbótanna í þessu frv., eru ellilífeyrisþegar. Þeir eru fjölmennastur hópur þeirra, sem tekjutryggingar njóta. Og hvaða fólk er þetta? Þetta er fólkið, sem kom út í atvinnulíf okkar í fyrri heimsstyrjöldinni. Þetta er fólkið, sem var þá á fermingaraldri. Þetta er fólkið, sem hefur byggt upp þetta land og breytt okkur úr fátækri nýlendu í eitt af hinu stóru og miklu velferðarríkjum, — fólkið, sem hefur sannarlega verið mikilvirkt í því að byggja upp þetta þjóðfélag. Ég held, að við hljótum að hafa efni á því að gera aðeins betur við það en við höfum gert. Hér er að sjálfsögðu ekki um að ræða nema tiltölulega fámennan hóp af þeim, sem eru 67 ára og eldri, en þó er það stærsti hópurinn af þeim, sem tekjutryggingar njóta.

Það hefur rækilega verið farið í gr. frv., og ég sé ekki ástæðu til að endurtaka það. Ég tek það fram eins og hv. þm. Reykv., að tekjurnar sem eiga að standa undir kostnaðinum við þetta frv., eru fengnar á þann hátt að taka þær frá þeim, sem eiga börn, og það má deila um, hvað það sé réttlátt og sjálfsagt. Það er fyrirvari með því nál., sem við létum frá okkur fara. Hann byggist eingöngu á því, að ég vil ekki taka afstöðu til þess, hvort þetta eigi að falla út úr vísitölunni eða ekki. Það verða þeir, sem ráða landinu, að gera, og er ég sammála hv. 6. þm. Reykv. hvað það snertir.

En ég vil aðeins fara fáum orðum um 5. gr. frv. Hafa m. a. starfsbræður mínir talið, að við værum hér að fara út á varhugaverða braut með því að ákveða lágt gjald fyrir skoðanir hjá sérfræðingum, telja, að þetta muni gera starfsaðstöðu þeirra erfiðari og auka stórlega ásókn á þá. Ég skal ekki segja um, hvað þetta kann að verða mikið, en ég held, að of mikið sé úr þessu gert. Að vísu er það rétt, að í stóru löndunum hefur nokkuð borið á, að ákvæði sem þessi hafi orðið til skaða eða a. m. k. vafasöm. En ég held, að það sé nokkuð annað viðhorf hér hjá okkur í fámenninu, og ég held, að við þurfum ekki að óttast mikið aukna misnotkun á læknum eða lyfjum, enda þótt þetta ákvæði sé komið inn. Þetta er fyrir hendi í dag að einhverju leyti. Ég hef ekki trú á, að þetta ákvæði breyti miklu þar um. Sömuleiðis verður nú miklu auðveldara fyrir fólk að fá sig röntgenskoðað utan sjúkrahúsa. Af því hefði getað orðið allverulegur kostnaður undanfarið, enda þótt menn greiddu ekki nema ¼, en er nú tiltölulega auðvelt.

8. gr. frv. fjallar um það, að fólki, sem oft þarf að fara á sjúkrahús, en dvelur þar tiltölulega stutt í einu, sé gert þetta auðveldara með því að láta það njóta örorkubóta sinna eða ellilífeyris lengur en lögin hafa heimilað hingað til. Við þessa gr. geri ég svo hljóðandi brtt.:

„Aftan við 2. málsgr. 8. gr. komi nýr málsliður, svo hljóðandi:

Í stað orðanna „En hlutaðeigandi ... lágmarksbóta“ í niðurlagi 50. gr. l. komi: „Ef hlutaðeigandi er algjörlega tekjulaus, skal Tryggingastofnunin greiði honum sjálfum 25% lágmarksbóta, enda votti stjórnendur viðkomandi stofnunar þörf hans.“

Þetta virðist vera heldur ómerkilegt ákvæði. Það er aðeins ætlað til hagsbóta fyrir þá, sem eru kannske allra erfiðast settir hjá okkur. Það eru langlegusjúklingarnir. Og þetta ákvæði hljóðar svo í tryggingalöggjöfinni, með leyfi hæstv. forseta, eins og það er í dag: „Ef hlutaðeigandi er algjörlega tekjulaus, er Tryggingastofnuninni heimilt að greiða honum sjálfum allt að 25% lágmarksbóta.“ Ástæðan til þess, að ég hef hug á því að breyta heimildinni í skyldu, er sú, að ég tel, að það hafi orðið misbrestur á, að þetta væri framkvæmt eins og okkur hefur fundist að ætti að gera, en það er kannske meira tilviljun og ókunnugleiki heldur en af öðrum ástæðum. Hins vegar bætti ég þarna inn í, að stjórnendur þeirrar stofnunar, sem sjúklingurinn er á, eigi að votta, að hann sjálfur hafi þörf fyrir þessar tekjur eða þessar bætur. Þegar gr. er orðin þannig breytt, lít ég svo á, að orðið geti frekar til sparnaðar en til útgjalda, og það byggist á því, að kvartað hefur verið yfir, að ýmsir þeir, sem ýmist væru komnir út úr heiminum, orðnir ellihrumir og þyrftu ekki á neinum vasapeningum að halda, eða þá ýmsir aðrir sjúklingar hefðu ekki not þessara peninga og þetta rynni þá til stofnana eða til ættingja eða inn á bók jafnvel og færi svo til ættingjanna seinna meir. Það er ekki ætlun mín, að þetta sé svo. Með því

móti, að stjórnendur stofnana votti, að þörf sé fyrir peningana, álít ég nokkuð tryggt, að þetta sé aðeins látið af hendi þar, sem þörf er fyrir það. Vafalaust gæti það mjög komið til, að menn nytu þessara bóta t. d. í nokkur skipti nokkra mánuði, á meðan þeir væru að kaupa sér sínar þarfir, og síðan, þegar þeir hefðu ekki not fyrir meira, mundu stjórnendurnir láta í ljós það álit, að eins og á stæði, þá væri ekki þörf fyrir peninga og þá félli það niður. Þetta er smekksatriði.

Þetta er komið fram vegna ítrekaðrar beiðni til Öryrkjabandalags Íslands um að reyna að fá þessu breytt. Ég vil ekki fara að rekja nein einstök tilfelli, og má vel vera, að gert sé meira úr þessu en ástæða er til. En ég vona, að hv. þm. sjái, að hér er um að ræða þá verst stæðu þegna, sem til eru í þessu þjóðfélagi, menn, sem eiga hvorki fyrir tóbaki, fötum né tannbursta eða hvað sem er, sem stofnunin lætur í té, og þetta skapar þeim nokkru meira öryggi en áður var.

Eins og ég sagði áður, álít ég, að þetta sé mikil umbót á almannatryggingalögunum. Þetta kostar að vísu fjármagn. Tryggingabætur og almannatryggingar byggjast á því að taka frá almenningi og láta til þeirra, sem þess þurfa. Þannig er að sjálfsögðu augljóst, að þetta hefur í för með sér allmiklar fjárhæðir til útgjalda. En á móti kemur, að þar eru teknar milli 300 og 400 millj. af fjölskyldubótum.

Jón Árm. Héðinsson: Herra forseti. Við getum sjálfsagt öll verið sammála um það, að hér er verið að stíga spor í þeim áfanga að efla almannatryggingar á Íslandi. Jafnan hafa allir flokkar lýst sig því fylgjandi að taka það í áföngum, en jafnan kemur þá upp, hvað hver áfangi kostar, og oft verða menn að staðnæmast við styttra skref en hugur stefnir til að taka hverju sinni. Ég get tekið undir orð allra ræðumanna um það, að þetta frv. er spor fram á við, en vil þó leyfa mér að gera athugasemdir við vissar gr. þess.

Ég sé að strax í 3. gr. hafa nm. fundið, að viðmiðunartalan, sem er í frv., 30 þús., er orðin óraunhæf. Þeir leggja til, að það verði rúmlega fimmtungs hækkun. Þetta leiðir auðvitað hugann að því, hvort það sé raunhæft að hafa hér fasta krónutölu öðruvísi en um leið að binda hana einhverju öðru viðmiðunarefni, vegna þess að ef verðþróun heldur áfram svo ört sem raun ber vitni um s. l. 3 ár, þá verða þessar tölur strax ónothæfar raunverulega, gjörsamlega ónothæfar.

Það er ekkert lítið atriði fyrir heilbrigði aldraðs fólks, — ég vil undirstrika það alveg sérstaklega og bið dm. að athuga það, að það er ekkert lítið atriði fyrir heilbrigði þessa fólks, að það geti haft einhverja vinnu og skapað sér einhverjar tekjur án þess að missa meginið af því til baka. Ég hugsa, að það sé ekki síður heilsubótaratriði en margt annað, og löggjöfin á ekki að draga úr því umfram brýnustu nauðsyn. Þess vegna varpa ég fram þeirri hugmynd til n. og nm., hvort möguleiki sé á því að hafa þessa tölu bundna einhverri annarri verðlagshreyfingu í landinu, eins og svo margt annað er gert. Það getur vel verið, að það sé erfitt í framkvæmd, en ég varpa nú þessu fram, bæði þar sem í þessari d. eru tveir hv. þm., sem hafa unnið mikið í þessu máli, Geir Gunnarsson, hv. 10. landsk., og Oddur Ólafsson, hv. 3. þm. Reykn., og þessir menn eru gagnvel kunnugir þessu máli og gætu e. t. v. upplýst okkur aðra hv. dm. nánar um möguleika í þessu sambandi.

Svo er það 4. gr., sem brýtur blað í framkvæmd í sambandi við barnalífeyri, sem ég felli mig ekki við, eins og hún er. Ég hefði viljað fá það nákvæmlega fram, hvernig barneign skiptist á aldursskeið. Fyrir 3 eða 4 árum fékk ég um þetta yfirlit, og ef ég man rétt, þá var langstærsti hópurinn þannig, að fyrsta barnið kom innan 19 ára, ef ég man það rétt, — ég fullyrði a. m. k. innan tvítugs, — og þegar giftingaraldurinn er orðinn lágur og tekjur þessa fólks eru lágar og þetta er í mörgum tilfellum skólafólk, þá vil ég, að það sé haft opið, eins og segir í seinni hluta gr., að þetta fólk eigi kost á því að sækja um lífeyri með fyrsta barni sínu, ef aðstæður þess eru þannig. Hvaða sanngirni er í því að tala um, að þetta hafi ekki í sig og ráðstafa stóru fjármagni á öðrum sviðum — eða reyna það — til þessa fólks og gefa því ekki möguleika, ef aðstæður eru þannig, að fá hjálp með fyrsta barni. Hér er talað um, að það þurfi fimm börn til eða fleiri og umsókn, þá bundið við ákveðna krónutölu. Ég felli mig alls ekki við svona afturför. Ég kalla þetta hreina afturför í frv., sem annars er skref í áttina að betri almannatryggingum. Þetta er nú einu sinni staðreyndin, að fólk eignast börn ungt í dag, það er orðið gjörbreytt frá því, sem var, og ég held að við eigum ekki að þrengja löggjöfina svo, að við lokum fyrir möguleika þessa fólks að fá styrk með börnunum, þó að menn sameinist um það, þegar efnahagur er góður og aldursskeið er hærra, að greiða ekki með fyrsta barni. Það má deila um það, hvort framlag með barni sé heppilegra í skattakerfinu eða ekki. Sjálfsagt getur komið að því, að slíkt fyrirkomulag eigi sér stað, og þá er það allt í lagi. En á meðan svo er ekki, tel ég, að við eigum ekki að taka þetta skref, sem síðari málsgr. 4. gr. gefur til kynna að eigi að fara hér að lögfesta, — alls ekki. Ég vil beina því til hv. n., hvort hún teldi sér fært milli 2. og 3. umr. að hugleiða þessa ábendingu, svo að við stæðum þá öll að því, að 4. gr. færi óbreytt í gegn með þessari hugmynd. Þetta fólk verður auðvitað að sanna, að það, hafi þarfir fyrir styrkinn, þó að það eigi eitt barn. Þetta getur verið fólk úr borg og sveit, þetta getur verið skólafólk, þetta fólk getur verið í iðnnámi, þetta fólk getur verið í sveit og við sjó og átt erfið kjör. Sumir þm. geta talað frá eigin reynslu. Ég get sagt frá minni reynslu sjálfur, að það var erfiðast að framfleyta sér með fyrstu tvö börnin, léttara, þegar hin komu. Ég hef því það sinni, að við eigum ekki fortakslaust að strika yfir þann möguleika að þurfa að hjálpa hjónum með eitt eða tvö börn, — alls ekki.

Síðan eru tannlækningarnar. Það er merkileg mótstaða hjá vissum aðilum í þjóðfélaginu að taka upp þetta skref. Sjálfsagt verður það ekki tekið nema í áföngum að auka tannlæknaþjónustu á vegum hins opinbera. En hér er gengið

varlega af stað og kannske ekki hægt að gera annað. En þó tel ég, að það væri grundvöllur fyrir því að fara hér lengra. En þar sem mér hefur ekki tekist að fá nægilegar upplýsingar í því efni, er erfitt um till. og kannske ekki annað að gera en að sætta sig við þetta skref að sinni og endurskoða það svo eftir eitt eða tvö ár að fenginni nokkurri reynslu.

Síðan er 11. gr., og það ákvæði, sem þar í felst, er þess eðlis, að ég get ekki staðið að því, eins og atvik liggja til í dag. Það kom fram hjá hv. 6. þm. Reykv., að óeðlilegt væri, að við *værum að beita þessu við ríkjandi aðstæður* á hv. Alþ., þegar í Nd. væri verið að fjalla um hið gagnstæða varðandi hækkun almannabóta og einnig mikla röskun á vísitölunni. Meðan við vitum ekki, hvernig því frv. reiðir af öllu saman, held ég, að við eigum ekki að fikta í þessu ákvæði. Þetta er viðkvæmara mál en svo.

Ef þess væri nokkur kostur, annaðhvort hjá þeim tveim hv. þm., sem hafa starfað mikið við undirbúning að nýrri löggjöf um almannatryggingar, vildi ég fá upplýsingar um þessi mál, sérstaklega varðandi aldursskiptingu hjóna með eitt og tvö börn, og einnig hitt, hvort hljómgrunnur væri fyrir hjá n. að hafa 4. gr. þess efnis að opna hana fyrir umsókn frá því fólki, sem á eitt barn, en býr þó við mjög þröngan efnahag, og binda þetta ekki við fimm börn og fleiri, heldur greiða fjölskyldubætur með öllum börnum, sé um það sótt. Ég get fallist á, að fólk þurfi að sækja um þetta, en vil, að ekki sé bundið við þessa tölu, og einnig, að við ákvörðum tekjumark, sem verður að teljast skynsamlegt og nauðsynlegt eftir hverjum tíma, en ekki fasta krónutölu, sem rýrnar miðað við verðþróun undanfarinna ára.

Halldór Blöndal: Herra forseti. Ég vil aðeins að það komi fram við þessar umr., að þótt frv., sem hér liggur fyrir, sé til bóta, hefur því miður farið svo í sambandi við þessa endurskoðun almannatryggingalaganna, að sú n., sem stóð að þessu frv., hefur ekki treyst sér til að taka inn í frv., að sjúkrasamlag greiddi ferðakostnað þess fólks, sem leita þarf sérfræðingsaðstoðar til Reykjavíkur. Oft er það svo, að þar er um að ræða ítrekaðar ferðir og stundum jafnvel svo að mánuðum skiptir, þannig, að þessi ferðakostnaður hefur komið mjög þungt niður í sumum tilfellum. Ég geri mér grein fyrir því, að hér er áreiðanlega um verulegar fjárhæðir að ræða. Ég geri mér einnig grein fyrir því, að það geti boðið heim misnotkun að taka upp reglur í þessa átt. En eigi að síður vildi ég, að það kæmi fram við þessa umr., að ég tel nauðsynlegt, að áfram verði að því hugað, hvort ekki sé hægt með einhverjum hætti að finna þá hlið á þessu máli, að það fullnægði þeim sjúklingum, sem oftast og tíðast þurfa að leita slíkrar sérfræðingsaðstoðar til Reykjavíkur utan af landi.

Erindi mitt í ræðustólinn var ekki annað en að vekja athygli á þessu og koma því á framfæri, að þarna er enn óuppfyllt mikið skarð í almannatryggingalögunum, sem kemur mjög illa niður á fólki, sem ekki er efnamikið.

Frsm. (Helgi F. Seljan): Herra forseti. Ég vil svo sannarlega taka undir með hv. síðasta ræðumanni. Ég hef rætt þetta mál við a. m. k. tvo af þeim nm., sem sæti áttu í þessari n., og farið þess meira að segja sérstaklega á leit við þá, að þeir könnuðu alveg sérstaklega, hvort ekki væri hægt á einhvern hátt að koma til móts við þetta fólk. Þeir hafa bent á sömu atriðin og hv. síðasti ræðumaður minntist á í sambandi við þessa misnotkun. En ég er honum alveg sammála um, að þarna hlýtur að vera hægt að finna leið, einhvern meðalveg, og ég treysti því, að endurskoðunarnefnd almannatryggingganna taki þetta alvarlega til athugunar og það verði a. m. k. ekki mörg skref tekin önnur á undan því að jafna eitthvað aðstöðu þessa fólks.

Það eru aðeins örfá orð í sambandi við þær ræður, sem hér hafa verið haldnar. Við erum svo sammála, að það er ekki mikil ástæða til neinna deilna, enda er það ekki erindi mitt hingað að efna til þeirra. Ég vildi aðeins árétta skoðun mína í sambandi við það, sem hv. 6. þm. Reykv. sagði um 700 þús. kr. viðmiðunina. Ég er alveg á því, að um hana eigi að gilda nákvæmlega það sama og um aðrar tölur í þeim lögum, sem hér um gilda, almannatryggingalögunum, að þær tölur eigi að breytast í samræmi við verðlag og kaupgjald á hverjum tíma. Ég hef þess vegna ekki reiknað með þessari tölu sem einhverri fastri tölu þarna, heldur hlýtur hún að breytast á svipaðan hátt og aðrar tölur hafa breyst.

Ég vil líka taka það fram, ef ég hef gleymt því í framsögu í sambandi við lyfjakostnaðinn, að bæði tryggingaráðið og ráðuneytið viðurkenndu, að þarna yrði greinilega um aukakostnað að ræða og að það, sem segði í grg. um þetta mál, stæðist þess vegna ekki.

Sú leiðrétting, sem gerð er á tekjutryggingunni og hv. þm. var að fagna, þó að hún kosti eitthvað meira en þarna er ráð fyrir gert, þá er hún auðvitað slík réttarbót, að við eigum að líta fram hjá þeirri óvissu eða þeim hækkunum, sem gætu verið umfram það, sem þarna er gert ráð fyrir. Þetta verður að ganga fram sem réttlætismál, og við erum þess vegna um það öll sammála. Það hefði vel mátt segja, að fyrir hefði þurft að liggja enn nákvæmari upplýsingar, um hvað mikinn kostnaðarauka væri að ræða. Ég álít sem sagt, að meginatriðið með þessu frv. sé tilfærsla innan tryggingakerfisins, sem sé rétt, og um það erum við öll sammála einnig.

Út af brtt. hv. þm. Odds Ólafssonar vil ég aðeins taka það fram, sem ég gleymdi víst að gera í framsögu. Við fengum þær upplýsingar, að sú þingkjörna n., sem fjallar um þessi mál, hefur verið á þeirri skoðun, að allt þetta ætti áfram að vera sem heimild. Hún telur rétt að meta þessa þörf í hverju tilfelli. Í raun og veru er það þannig, að á þessu er einnig fyrirvari í till. hv. þm., þ. e. a. s. stofnunin á í raun og veru í þessari brtt. hans að meta þetta, þ. e. a. s. hún getur út af fyrir sig einnig stöðvað þetta, og má vel vera, að það sé rétt. Ég efast ekki um það, af því að hann er manna kunnugastur í þessum efnum, að þarna geti verið meira öryggi en áður var fyrir þetta fólk að fá þessa breytingu. En engu að síður töldum við í n. rétt vegna

þeirra upplýsinga, sem við fengum, að hafa þetta áfram sem heimildarákvæði fyrir tryggingaráð.

Út af því, sem hv. 5. þm. Reykn. sagði, get ég ekki gefið neinar upplýsingar hér, hvorki um þessa frjósemiprósentu né neitt annað því um líkt. En ég vil aðeins taka það fram varðandi þá breytingu, sem við gerðum á tölunum í 3. gr., að sú breyting var vitanlega gerð í beinu framhaldi af almennri hækkun tryggingabótanna 1. apríl. Það var bara bein afleiðing af því og var auðvitað sjálfsagt. Ég held, að hv. þm. misskilji örlítið gr. Ég er ekki með hana hér, ég tók hana ekki með mér, en ég held, að það sé alveg ljóst í frv., að þetta unga fólk, sem hann var að tala um og vissulega var réttmætt að þyrfti e. t. v. að fá hjálp með sínu fyrsta barni, á fullan möguleika á því, frv. gefur á því fullan möguleika, ef þetta fólk er með tekjur innan við 700 þús. Tekjumarkið 700 þús. segir þarna til um. Sé þetta unga fólk innan við það, fær það einnig greitt með sínu fyrsta barni. Það er fimm börn eða fleiri og 700 þús. kr. viðmiðunin, þannig að ég held, að við þurfum ekki að hafa áhyggjur af þessu fólki, því sem verður undir þessu marki, undir 700 þús. Ég bið þá, sem vita um betri skilning á þessu, að leiðrétta mig, ef það er ekki réttur skilningur hjá mér, að þetta fólk, ef það er undir þessu marki, fái fjölskyldubætur með fyrsta barni.

Oddur Ólafsson: Herra forseti. Það var aðeins vegna orða hv. þm. Halldórs Blöndals, að ég vil geta þess, þar sem ég er í þessari almannatryggingaendurskoðunarnefnd og þar sem form. hennar, sem á sæti í þessari d., er ekki viðstaddur, að við höfum rætt allmikið um þetta mál, að sjúklingar utan af landi gætu fengið aðstoð við greiðslu á flutningskostnaði til sérfræðings. Var talin mikil óvissa, hvernig ætti að framkvæma þetta, eins og getið hefur verið um hér. Möguleikar er hér á misnotkun, eins og er nú oftar. En ég man ekki betur en að þetta mál hafi verið sent til athugunar og það eigi að reyna að komast að því, í fyrsta lagi, hvað mikill kostnaður hafi verið við þetta undanfarið, því að sjúkrasamlögin greiða oft hluta af þessum kostnaði, og í öðru lagi, hvað líklegt er, að hér gæti verið um að ræða, og enn fremur að leita álits héraðslækna og fleiri um það, hvernig best væri að framkvæma þetta. Almannatryggingalögin eru í raun og veru í stöðugri endurskoðun, og enda þótt það hafi ekki fleiri atriði en þessi, sem hér liggja fyrir, verði tekin inn í þetta frv., er það síður en svo, að endurskoðun þeirra sé lokið. Það má því ætla, að haldið verði áfram að rannsaka þetta mál, sem hér var getið, og vonandi leysist það innan tíðar.

Það er rétt, sem sagt var hér varðandi 4. gr., að tekjuviðmiðunin er 700 þús. kr., þannig að allir þeir, sem eiga eitt barn eða fleiri og hafa tekjur 700 þús. kr. eða minna, fá greiddar fullar fjölskyldubætur. Ég skal viðurkenna, að þetta er kannske ekki nógu skemmtilega orðað í gr., en við því verður ekki gert. En ætlunin er þessi, og þetta er þannig, þegar maður skoðar málið nánar, að það er fyrst og fremst tekjuviðmiðunin, sem þarna er um að ræða.

ATKVGR.

1. gr. samþ. með 16 shlj. atkv.
2. gr. samþ. með 15 shlj. atkv. atkv.
Brtt. 822 samþ. með 16 shlj. atkv.
3. gr., svo breytt, samþ. með16 shlj. atkv.
4. gr. samþ. með 12:1 atkv.
5.—7. gr. samþ. með 15 shlj. atkv.
Brtt. 832 felld með 9:7 atkv.
8. gr. samþ. með 15 shlj. atkv.
9.—10. gr. samþ. með 16 shlj. atkv.
11. gr. samþ. með 10:2 atkv.
12. gr. samþ. með 17 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 17 shlj. atkv.

Sölustofnun lagmetisiðnaðarins, frv. (þskj. 683, n. 819, 783). — 2. umr.

Frsm. (Steingrímur Hermannsson): Herra forseti. Iðnn. hefur haft til meðferðar frv. til l. um breyt. á lögum nr. 48 frá 26. maí 1972, um Sölustofnun lagmetisiðnaðarins. Hér er nánast um að ræða að festa í lögum það, sem samist hefur um á milli Fiskveiðasjóðs Íslands og Iðnlánasjóðs. Gert er ráð fyrir því, að þessi atvinnugrein fái stofnlán úr Iðnlánasjóði, og eru því þær breytingar, sem frv. gerir ráð fyrir, sjálfsagðar og eðlilegar. N. hefur komist að þessari niðurstöðu og mælir með samþykkt frv. óbreytts.

Ég vil aðeins, þar sem ég er staðinn upp, geta þess, að ég er jafnframt einn af flm. brtt., sem kemur fram á þskj. 783. N. fjallaði ekki um það, enda ekki til hennar vísað. Ég geri ráð fyrir því, að 1. flm. mæli fyrir þessari brtt., en hann er fjarverandi úr d. Því vil ég geta þess, að þessi brtt. er flutt fyrst og fremst til þess að skera úr um það, að starfslið þessarar stofnunar eigi ekki að vera ríkisstarfsfólk, en um það virðist ríkja nokkur vafi. Ég var þátttakandi í þeirri n., sem undirbjó frv., og ég fyrir mitt leyti taldi engan vafa á þessu leika, taldi ljóst, að hér væri um sjálfstætt fyrirtæki að ræða með þátttöku ríkisvaldsins og samtaka þessarar atvinnugreinar. En við nánari athugun á þessu máli hafa skoðanir verið skiptar á milli ráðuneyta þar um, og teljum við, sem að þessari brtt. stöndum, nauðsynlegt að fá úr þessu skorið.

En ég ætla ekki að hafa um það fleiri orð. Ég sé, að 1. flm. er mættur og mun að sjálfsögðu mæla fyrir þessari tillögu.

Jón Árnason: Herra forseti. Það er út af þeirri brtt., sem við flytjum hv. 1. þm. Vestf. og hv. 4. þm. Vestf., að ég vil aðeins segja nokkur orð. Hún er flutt í tilefni af því, að það hefur orðið lítils háttar ágreiningur um það í ráðuneytunum, hvernig beri að líta efnislega á kafla í lögunum, þar sem kveðið er á um það, hvort hér sé um opinbera stofnun að ræða, þannig að starfsmennirnir séu ríkisstarfsmenn eða ekki. Út af þessum ágreiningi fengum við á sínum tíma í Lagmetisstofnuninni bréf frá hæstv. iðnrh., Magnúsi Kjartanssyni, þar sem skilningur hans kemur

fram. Ég tel eðlilegast að lesa bréfið, og það hljóðar svo, með leyfi forseta:

„Ráðuneytið vísar til bréfs fjmrn., dags. 25. júní 1973, svarbréfs iðnrn. dags. 4. júlí 1973, bréfs fjmrn., dags. 6. júlí 1973, og bréfs fjmrn., dags 9. okt. 1973, um starfskjör starfsmanna Sölustofnunar lagmetisiðnaðarins, og leyfir sér að tilkynna fjmrn., að það er skilningur iðnrn. á 4. gr. l. nr. 48 1972, um Sölustofnun lagmetisiðnaðarins, að stjórn stofnunarinnar skuli ráða stofnuninni framkvæmdastjóra og ákveða starfssvið hans svo og starfskjör, en við ákvörðun starfskjara skuli höfð hliðsjón af gildandi launakerfi starfsmanna ríkisins. Í þessu felst, að stjórn stofnunarinnar getur ekki ákveðið framkvæmdastjóra starfskjör án takmörkunar, en er þó ekki skylt að binda sig við launakerfi ríkisstarfsmanna, heldur hafa hliðsjón af þeim kjörum, og síðan breytast kjör framkvæmdastjóra að meginstefnu í samræmi við breytingar, sem verða á því launakerfi. Þar sem nefndir starfsmenn falla því ekki undir ákvæði laga nr. 46 1973, um kjarasamninga opinberra starfsmanna, hljóta þeir eigi réttindi samkvæmt þeim lögum né lögum nr. 38 1954, um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins. Ráðuneytið telur, að við ákvörðun kjara annarra starfsmanna stofnunarinnar beri stjórn og framkvæmdastjórn ekki að fara eftir hinu almenna launakerfi starfsmanna ríkisins, heldur sé eðlilegt að miða kjör starfsmanna við almenn launakjör í landinu. Þessi er skilningur ráðuneytisins á ákvæðum fyrrgreindra laga fyrir starfssvið stofnunarinnar, sem starfar á erlendum samkeppnisgrundvelli. Jafnframt er til þess vísað, að samkvæmt 3. málsgr. 4. gr. l. um Sölustofnun lagmetisiðnaðarins breytist stjórn stofnunarinnar að 5 árum liðnum frá gildistöku laganna á þann veg, að 3 stjórnarmeðlimir af 5 verða tilnefndir af aðalfundi fulltrúaráðs, en 2 af ráðh. Í samræmi við þennan skilning var hinn 27. apríl 1973 sett reglugerð um Sölustofnun lagmetisiðnaðarins, nr. 128 1973, og er þar í 10. og 11. gr. að finna ákvæði um ráðningu framkvæmdastjóra og annars starfsfólks.

Af ofangreindu leiðir, að iðnrn. getur ekki orðið við ósk fjmrn. í bréfi, dags. 9. okt. 1973, þess efnis, að þetta rn. feli Sölustofnun lagmetisiðnaðarins að greiða starfsfólki stofnunarinnar laun, sem tilgreind eru eftir launaflokkum í bréfi yðar.“ — Undir þetta ritar hæstv. iðnrh.

Það er í beinu samræmi við það, sem fram kemur hjá hæstv. iðnrh., sem þessi till. er fram borin. Ég tel, að hún sé einnig í samræmi við þær umr., sem áttu sér stað, þegar frv. varð að lögum hér á Alþingi. Ég vænti því, að menn geti fallist á, að þessi breyt. verði gerð, þannig að það verði skorið úr um það, að starfsmenn Sölustofnunarinnar séu ekki opinberir starfsmenn.

Jón Árm. Héðinsson: Herra forseti. Í sambandi við frv. um Sölustofnun lagmetisiðnaðarins og niðurfellingu útflutningsgjalda tók ég til máls við 1. umr. og gerði fyrirspurn, sem ég ætlaðist til að yrði svarað við afgreiðslu málsins við 2. umr. Ég tel það alveg óeðlilegt, að við fáum ekki upplýsingar um, hvað stórar tölur hér er um að ræða. Af því að við erum að færa fjármagn á milli ákveðinna sjóða, vil ég vita, um hve stórar tölur er að ræða. Ég lýsti mig hlynntan frv. efnislega, en tók fram og óska enn eftir því, að það sé gefið upp, hversu stórar tölur hér sé um að ræða. Það er vegna þess, að með því að fella þessi gjöld algjörlega niður, eru einum aðila veitt mun betri rekstrarskilyrði en öðrum starfsgreinum við sjávarútveginn. Það er mál manna, að nauðsynlegt sé að hafa slíka hjálp uppi til þess að koma lagmetisiðnaðinum á góðan rekspöl og skapa honum kjölfestu. En það hlýtur að vera sanngirnismál og eðlilegt, að við vitum, um hve stórar tölur við erum hér að fjalla. Blessunarlega hefur orðið aukning í útflutningi á þessum vörum, og vonandi verður svo áfram. En það getur ekki verið, nema rekstrargrundvöllurinn sé heilbrigður og hann geti staðið undir eðlilegum skilyrðum í framtíðinni. Þess vegna vil ég vita, hvað hér er um stórar tölur að ræða. Ég tel það algjörlega eðlilegt mál. Einnig óskaði ég eftir að fá upplýst, hvort eitthvað hafi verið gefið eftir þegar á þessu ári og jafnvel fyrr, þrátt fyrir að löggjöf hafi ekki verið til um ráðstöfun þessa útflutningsgjalds af lagmetisiðnaðinum í heild.

Ég vil sem sagt ítreka þessa beiðni mína og tel, að n. hafi átt að kynna sér slíkt, áður en hún afgreiddi málið frá sér.

Ragnar Arnalds: Herra forseti: Ég stend hér ekki upp til þess að gera aths. við frv. það, sem hér liggur fyrir. En ég held, að öllum sé ljóst, að þetta er hið mesta nauðsynjamál, sem þarf tafarlaust að ná fram að ganga.

Ég stend hins vegar upp vegna framkominnar brtt. frá Jóni Árnasyni, Steingrími Hermannssyni og Bjarna Guðbjörnssyni um breyt. á 4. gr. laganna, sem snertir starfslið stofnunarinnar. Ég geri mér fyllilega ljóst, að þörf er á því að kveða skýrar á um það í lögunum, hvernig háttað skuli ráðningu starfsmanna. Ég er að meginstefnu til samþykkur þeirri brtt., sem hér liggur fyrir, en tel þó, að gera mætti á henni nokkra bragarbót, þar sem ég óttast, að misskilningur gæti hlotist af þessu orðalagi eins og hinu fyrra, sem í lögunum var og er nú.

Ég held, að það sé ekki og hafi aldrei verið neitt ágreiningsmál, að hér er ekki um að ræða ríkisfyrirtæki í venjulegri merkingu þess orðs. Enda þótt íslenska ríkið sé annar af tveimur stofnaðilum Sölustofnunarinnar, en hinn aðilinn atvinnurekendur í niðursuðu eða niðurlagningariðnaði, og þó að ríkið leggi stofnuninni til óendurkræf framlög fyrstu 5 starfsárin og veiti henni nokkra aðra fyrirgreiðslu, eins og kemur fram í lögunum, er um að ræða sjálfstæða stofnun, eins og kemur skýrt fram í 1. gr. laganna, með sjálfstæðan fjárhag og stofnun, sem starfar eftir sérstökum lögum. Kannske væri einna næst að segja, að þetta væri sjálfseignarstofnun. En þegar lögin voru samin, láðist að ganga frá þessu atriði, hvernig starfsmennirnir væru ráðnir, og setningin, sem er í lok síðustu málsgr. 4. gr., að staða framkvæmdastjóra skuli „ákveðin í samræmi við launakerfi starfsmanna ríkisins“, er að sjálfsögðu ekki ótvíræð.

Ég verð að taka á mig nokkra sök í þessum

efnum, þar sem ég var form. þeirrar n., sem undirbjó þessa löggjöf, og átti sæti í n., sem um þetta fjallaði hér í þinginu, og verð að játa, að við höfum kannske ekki hugsað þetta mál til enda eða áttað okkur á því, að af þessu gæti hlotist misskilningur. En frá mínum bæjardyrum séð var alltaf talið æskilegt, að starfsmannahald hjá þessari sérstæðu stofnun gæti verið með nokkuð sjálfstæðari hætti en gerist almennt um stofnanir ríkisins. Þetta er stofnun, sem starfar á alveg sérstöku sviði, þar sem ýmsir starfsmenn hennar eru á ferð og flugi út um lönd og eru bæði sölumenn og erindrekar fyrir stofnunina, og hér er um að ræða svið, sem er það ólíkt venjulegum störfum ríkisstarfsmanna, að það er dálítið varasamt að binda ráðningarkjör þeirra sömu böndum og venjulegra starfsmanna ríkisins. Þar af leiddi, að þetta var orðað með þessum hætti, að við litum svo á, að stjórnin hefði í hendi sér að ákveða, hvernig háttað yrði ráðningarkjörum starfsfólksins. En þegar til kastanna kom, reyndist svo ekki vera og upp risu deilur meðal embættismanna í rn. um, hvernig þessu skyldi hagað, og ég veit og mér er kunnugt um, að þetta hefur valdið þessari stofnun nokkrum erfiðleikum. Þess vegna er ég hlynntur því, að tækifærið verði nú notað til að gera breytingu, sem tekur af allan vafa um þetta efni.

En orðalagið á brtt. er mér ekki alls kostar að skapi, og ég er hálfhræddur um, að setningin, að kjör skuli „ákveðin með hliðsjón af launakjörum ríkisstarfsmanna og hliðstæðra stofnana", gæti einnig valdið misskilningi. Ég held því, að það sé langeðlilegast og einfaldast að ganga hreint til verks í þessum efnum og fá það skýrt inn í lögin, að það sé stjórn þessarar stofnunar, sem hafi með að gera að taka ákvörðun fyrir hönd hennar um launakjör framkvæmdastjóra og annarra starfsmanna, á svipaðan hátt og stjórnir banka hafa þennan rétt gagnvart starfsmönnum sínum, ellegar, svo að ég nefni annað dæmi, stjórn Framkvæmdastofnunarinnar hefur þann rétt ótvíræðan samkv. lögum um Framkvæmdastofnunina. Starfsmenn hennar eru ekki opinberir starfsmenn, heldur ráðnir með samningum við þá, sem umboð hafa frá stjórn stofnunarinnar.

Ég hef borið þessar hugmyndir undir tvo af flm., og mér heyrist, að þeir séu hlynntir því, að till. verði færð í þetta horf. Ég vil því leyfa mér að flytja brtt. við brtt. þeirra. Hér er um að ræða síðustu málsgr. 4. gr. l. Er það till. mín, að 2. málsl. 2. málsgr. brtt. orðist á þennan veg: „Stjórnin tekur ákvörðun fyrir hönd stofnunarinnar um launakjör framkvæmdastjóra og annarra starfsmanna." Þessi setning er tekin beint upp úr lögum um Framkvæmdastofnun ríkisins og er einnig í lögum um ýmsa ríkisbankanna.

Ég tek það aðeins fram að lokum, að ég lít ekki svo á, að þótt þessi breyting sé gerð, þá breyti það einu eða neinu um stöðu stofnunarinnar sem slíkrar. Þetta er breyting, sem snertir aðeins þetta tiltekna framkvæmdaatriði, hvernig starfsmenn skuli ráðnir, en að sjálfsögðu er staða stofnunarinnar ákveðin í öðrum gr. og þá fyrst og fremst í 1. gr. laganna.

Herra forseti. Ég vil leyfa mér að leggja fram þessa skriflegu brtt. og óska eftir því, að afbrigða verði leitað, til þess að hún megi koma fyrir.

ATKVGR.

Afbrigði um skrifl. brtt. (sjá þskj. 852) samþ. með 14 shlj. atkv.

Jón Árnason: Herra forseti. Ég get fyrir mitt leyti fallist á þessa till., sem hv. 4. þm. Norðurl. v. flytur og hann hefur borið undir okkur flm. Ég tel hana jafnvel enn þá skýrar skera úr um það, sem ágreiningur er um, og get því fyrir mitt leyti fallist á orðalag till.

Ég er ekki í þeirri n., sem þessu máli var vísað til, og þess vegna get ég ekki svarað því, sem kom hér fram hjá hv. 5. þm. Reykn., Jóni Árm. Héðinssyni, en vil þó segja í sambandi við það, sem hann var þar að ræða um, og taka sérstaklega fram, að t. d. bátar þeir, sem stunda grásleppuveiðar, fá ekki yfirleitt greiðslur úr Tryggingasjóði fiskiskipa, eins og er almennt um þau skip, þar sem útflutningsgjöld eru greidd af útflutningi, þ. e. yfirleitt af fiskiskipaflotanum. Hann fær verulegar upphæðir úr þessum sjóði, sem hann leggur í, og þess vegna þótti á sínum tíma eðlilegt, að grásleppuhrognin færu í þennan sjóð, og þeir sjómenn, sem eru á þessum bátum, fá ekki heldur fæðispeninga, sem einnig koma til annarra fiskimanna.

Þá er rétt að geta þess líka í þessu sambandi, að nú er ákveðið samkv. þessu, sem er verið að afgreiða í l. um Lagmetisstofnunina, og hún fái ekki fyrirgreiðslu frá Fiskveiðasjóði Íslands, eins og gert var ráð fyrir jafnvel í upphafi, heldur er nú ákveðið, að það eigi að vera Iðnlánasjóður, sem veiti lán til lagmetisiðnaðarins og þess vegna eigi lagmetisiðnaðurinn að greiða iðnlánasjóðsgjald. Þess vegna er ekki eðlilegt, að þessi iðnaður út af fyrir sig sé að greiða í þann lánasjóð, sem hann á ekki að njóta neins góðs af. Hvað upphæðin er há, skal ég ekki segja um, sem kemur til með að falla til í sambandi við niðursuðuiðnaðinn, en sjálfsagt fer það, eins og hv. þm. sagði áðan, eftir því, hvað þessi útflutningur eykst. Hann hefur verið mjög lítill til þessa, en vonandi fer hann vaxandi, og eftir því sem hann fer meira vaxandi, verður sú upphæð, sem hefði komið af útflutningsgjöldum, hærri og og eykst við það, sem framleiðslan kemur til með að aukast og söluverðmætið.

Frsm. (Steingrímur Hermannsson): Herra forseti. Mér þótti leitt, að hv. 5. þm. Reykn. hefur ekki fengið svör við sínum spurningum. Ég verð að viðurkenna, að þetta fór fram hjá mér og ég hygg öðrum í n. Þessum spurningum mun hafa verið beint til hæstv. iðnrh. við framsöguræðu hans. En ég skal gera mitt til þess að fá svör við þessu á milli 2. og 3. umr.

Þá vil ég taka það fram, eins og kom fram hjá síðasta hv. ræðumanni, að ég get fallist á þá brtt., sem hv. þm. Ragnar Arnalds hefur flutt. Ég tel, að hún tryggi sama endanlegt markmið sem við höfðum í huga með brtt. okkar.

Jón Árm. Héðinsson: Herra forseti. Ég vil þakka frsm. n. góðar undirtektir. Ég vil aðeins vekja athygli á því, að það getur verið deila hjá þeim aðilum, sem framleiða vöruna fyrir lagmetisiðnaðinn, hvort þeir vilja afhenda hana í fullvinnslu í niðursuðu eða salta hana og flytja hana þannig út úr landinu. Tökum einfalt dæmi. Tökum hrogn úr bolfiski, þorskinum. Nú er mjög góð eftirspurn eftir hrognum bæði í niðursuðu og einnig sem saltaðri vöru. Margir aðilar eiga hér tvöfaldra hagsmuna að gæta. Það er ákveðið í sambandi við verðlagningu, að hrognin beri veruleg útflutningsútgjöld sem söltuð vara, og þannig fær sjávarútvegurinn til baka, bátarnir, í gegnum Aflatryggingasjóð, fæðissjóð og Fiskveiðasjóð þau gjöld, sem hann leggur þannig fram, ef hrognin eru flutt út sem söltuð vara. Útflutningur til Svía hefur verið frá 10 til 14 þús. tunnur á ári, og þetta nemur milljóna tugum. Með þessu móti borgar þessi starfsgrein hundruð þúsunda, jafnvel á aðra millj. í útflutningsgjöld, bara af þessum eina þætti. Þegar við höfum nú samþykkt þetta frv. og fellt niður útflutningsgjaldakvöðina á lagmetisiðnaðinum og hann þarf núna á miklu magni af frystum hrognum að halda í sína vinnslu, þá getur svona ákvörðun ráðið nokkru um það, hvort viðkomandi framleiðandi vill afhenda vöruna. Ég veit um þessi tilfelli, og þess vegna væri gott fyrir okkur, sem stöndum allir að þessu frv. og viljum framgang þess, að vita og geta sagt mönnum, hvað hér væri hugsanlega um stórar tölur að ræða, til þess fyrst og fremst að eyða misskilningi og fá jákvæða afstöðu þeirra, er framleiða vöruna, til þess að afhenda lagmetisiðnaðinum hana, því að það er ekkert gagn að því að hafa þessa löggjöf, ef enginn vill afhenda vöruna til verksmiðjanna, ef allir hugsa sem svo: Við erum hér að styrkja einhverja og einhverja, sem við vitum ekkert, hverjir eru, með því að fella niður útflutningsgjöldin, og við fáum engar upplýsingar um þetta. Ég vil jafnvel bara salta vöruna, jafnvel þó að það sé minna í heildarverðmæti, og veit þá um leið, að ég legg nokkurt gjald í fæðissjóð, í Aflatryggingasjóð og í Fiskveiðasjóð. Þar við situr, og gamla aðferðin heldur áfram að vera undirstaðan og uppistaðan í verkun hrognanna.

Ég vil aðeins drepa á þetta til þess að hjálpa til með að stuðla að því, að lagmetisiðnaðurinn geti fengið sem mest af vöru til sinna þarfa.

Þetta sama mun gilda um síldina, þegar að því kemur, að farið verður að veiða síld hér aftur. Í framtíðinni mun lagmetisiðnaðurinn óska eftir saltsíld. En af henni hafa verið greidd mikil útflutningsgjöld.

Það er mjög mikilvægt, að framleiðendur séu af frjálsum vilja fúsir til að afhenda lagmetisiðnaðinum nægilega vöru, svo að hann geti starfað. Ég tel, að það sé til bóta, að við gerum okkur grein fyrir því, hvað hér er um stórar tölur að ræða. Þess vegna hef ég komið fram með þessa fsp. Efnislega er ég með frv. að öðru leyti.

ATKVGR.

Brtt. 852 samþ. með 14 shlj. atkv.

Brtt. 783 (ný gr., verður 1. gr.), svo breytt, samþ. með 16 shlj. atkv.

1. gr. (verður 2. gr.) samþ. með 16 shlj. atkv.

2. gr. (verður 3. gr.) samþ. með 16 shlj. atkv.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Frv. vísað til 3. umr. með 16 shlj. atkv.

Iðnlánasjóður, frv. (þskj. 684, n. 820). — 2. umr.

Frsm. (Steingrímur Hermannsson): Herra forseti. Ég get verið stuttorður um þetta frv. og nál. Frv. gerir ráð fyrir nauðsynlegum breyt. á l. um Iðnlánasjóð með tilliti til þeirra breytinga, sem samþ. voru við lög um Sölustofnun lagmetisiðnaðarins. Mælir iðnn. á þskj. 820 með samþykkt þessa frv. óbreytts.

ATKVGR.

1. gr. samþ. með 12 shlj. atkv.

2. gr. samþ. með 12 shlj. atkv.

Ákvæði til bráðabirgða samþ. með 12 shlj. atkv.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Frv. vísað til 3. umr. með 13 shlj. atkv.

Lífeyrissjóður bænda, frv. (þskj. 685, n. 833). — 2. umr.

Of skammt var liðið frá útbýtingu nál. — Afbrigði samþ. með 11 shlj. atkv.

Frsm. (Páll Þorsteinsson): Herra forseti. Þegar lög um Lífeyrissjóð bænda voru sett á þingi 1970, var þar um nýmæli að ræða. Þá var gert ráð fyrir því, að það þyrfti, áður en langur tími liði, að endurskoða lögin og breyta ýmsum ákvæðum þeirra, eftir því sem reynslan leiddi í ljós, að betur mætti fara. Á aðalfundi Stéttarsambands bænda, sem haldinn var sumarið 1973, var þetta mál tekið til umræðu og gerð ályktun, svo hljóðandi:

„Aðalfundur Stéttarsambands bænda 1973 felur stjórn Stéttarsambandsins að beita sér fyrir endurskoðun á l. um Lífeyrissjóð bænda til þess að lagfæra m. a. ákvæði um ekknabætur, réttindi systur, þar sem systkini hafa búið saman, o. fl.“

Í framhaldi af þessu fól svo landbrh. stjórn Lífeyrissjóðs bænda að taka l. til endurskoðunar. Og í framhaldi af áskorun Stéttarsambandsins og bréfi ráðherra til stjórnar Lífeyrissjóðs bænda var frv. það samið, sem hér liggur nú fyrir til 2. umr., og er það flutt sem stjórnarfrv.

Í frv. þessu felast ekki grundvallarbreytingar á l. um Lífeyrissjóð bænda, heldur er hér um að ræða nokkrar breytingar og lagfæringar á einstökum ákvæðum l., og eru þessar helstar:

Í frv. er kveðið svo á, að lífeyrisgreiðslur, sem þegar hafa verið úrskurðaðar, skuli miðast við grundvallarlaun árin 1969—1973. Af því leiðir, að lífeyrisgreiðslur hækka nokkuð frá því, sem nú er. Réttur til makalífeyris er rýmkaður nokkuð á þann hátt, að tímamörk, sem sett eru um frá fall bónda, til þess að réttur til makalífeyris geti stofnast, eru færð aftur, svo að nemur 4 árum, einnig á þann hátt, að heimilt verður að

veita úr sjóðnum tímabundinn stuðning með greiðslu makalífeyris ungum barnlausum ekkjum, sem engan lífeyrisrétt eiga samkv. l., eins og þau eru nú. Lagt er og til í frv., að systir bónda, sem annast húsfreyjustörf á búi bróður sins, geti öðlast rétt til lífeyris, sem samsvarar makalífeyri. Þá er einnig í þessu frv. heimild fyrir sjóðsstjórn til að veita bændum utan lögbýla aðild að sjóðnum að uppfylltum tilteknum skilyrðum. Og loks eru sett ákvæði um forgangsrétt iðgjaldakrafna við gjaldþrotaskipti hjá innheimtuaðila. Enn fremur er hert nokkuð á ákvæðum, er snerta söluaðila búvara, ef hann skilar ekki til sjóðsins iðgjöldum sjóðfélaga, eins og fyrir er mælt í lögunum.

Fjh.- og viðskn., sem hefur athugað þetta mál, telur eðlilegt, að þær breytingar verði gerðar á l., sem í frv. þessu felast. N. leggur því til, að frv. verði samþ., en nm. hver um sig áskilja sér þó rétt til að flytja brtt. og fylgja brtt., sem fram kunna að koma.

ATKVGR.

1. gr. samþ. með 11 shlj. atkv.
2.—10. gr. samþ. með 11 shlj. atkv.
Ákvæði til bráðabirgða samþ. með 13 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 13 shlj. atkv.

Happdrættislán ríkissjóðs til að fullgera Djúpveg, frv. (þskj. 516, n. 834). — 2. umr.

Of skammt var liðið frá útbýtingu nál. — Afbrigði samþ. með 13 shlj. atkv.

Frsm. (Bjarni Guðbjörnsson): Herra forseti. Fjh.- og viðskn. þessarar hv. d. hefur rætt frv. það, sem hér liggur fyrir, og orðið sammála um að leggja til, að það verði samþ. eins og það nú liggur fyrir. Að vísu er rétt að geta þess, að 2 nm. undirrituðu nál. með fyrirvara.

Þetta frv. er flutt af þeim þm. Vestf., sem sæti eiga í Nd., en jafnframt flutt með fullu samþykki og stuðningi þeirra þm. Vestf., sem í Ed. sitja. Þegar frv. var í upphafi lagt fram, var upphæð sú, sem happdrættisláníð gerði ráð fyrir, 60 millj. kr., en í meðförum Nd. var það hækkað upp í 80 millj. kr. Þannig liggur frv. fyrir hér, og þannig leggur fjh.- og viðskn. þessarar hv. d. til, að frv. verði samþ.

Á síðustu tveimur árum hafa verið lagðar um 50 millj. kr. — eða 25 millj. á ári — í Djúpveginn. Þegar vinnu lauk á s. l. hausti, var talið, að um 4 km væru óruddir af þessum vegi, þ. e. a. s. algerlega óhreyft land, en um 20 km væru ruðningar, ófærir öllum farartækjum í raun og veru. Til þess að ná endum saman í þessari langþráðu, en seinunnu vegagerð þarf miklu meira fé en það, sem vegáætlun gerir ráð fyrir. Til þess að flýta fyrir vegagerð er þetta frv. um fjáröflun flutt.

Öll ákvæði þessa frv. um lánskjör og lánstíma eru samhljóða ákvæðum l. um happdrættislán ríkissjóðs vegna vegagerðar á Skeiðarársandi.

Verði þetta frv. að lögum, standa vonir til þess, að Djúpvegur verði fullgerður árið 1975. Ánægjulegra hefði að sjálfsögðu verið, að Djúpvegi hefði lokið á því sama ári og vegagerð um Skeiðarársand eða hringveginum lýkur. Vestfirðingar a. m. k. telja ekki hringveg kominn um landið, fyrr en Djúpvegur hefur verið lagður.

Það er í alla staði mjög erfitt öllum byggðarlögum að vera án vegasambands. Þetta hafa vestfirskar byggðir lengi mátt búa við mánuðum saman, og ár hvert eru Vestfirðingar án vegasambands við aðra landshluta. Hér er um mjög þýðingarmikið samgöngumál að ræða, sem þetta frv. gerir ráð fyrir, að peningar verði lagðir í, brýnt innanhéraðs hagsmunamál, auk þess sem beint akvegasamband við aðra landshluta hefur mikla almenna þýðingu. Þeirri innilokun, sem verið hefur, er senn að ljúka. Með þeirri fjáröflun, sem frv. þetta gerir ráð fyrir, verður unnt að ljúka þessari vegagerð síðla sumars 1975, að því er Vegagerð ríkisins telur.

Fjh.- og viðskn. leggur til, að frv. verði samþ. óbreytt.

Halldór Blöndal: Herra forseti. Eins og fram kemur á þskj. 834, skrifaði ég undir nál. fjh.- og viðskn. um, að þetta frv. verði samþ., með fyrirvara, sem ég tel nauðsynlegt að gera grein fyrir. Ástæðan fyrir því er fyrst og fremst sú, að snemma á þessu þingi var lagt fram í Nd. frv. um happdrættislán ríkissjóðs vegna framkvæmda við uppbyggingu Norðurlandsvegar. Þetta frv., sem kom fram töluvert á undan því frv., sem hér er til umr., hefur enn ekki hlotið afgreiðslu úr fjh.- og viðskn. Nd., en hins vegar var því frv., sem hér um ræðir, vísað til annarrar þingnefndar, og það mun vera skýringin á því, að þetta frv. var tekið út úr og á undan öðrum frv. um vegamál.

Ég hreyfði því í n., að það væri eðlilegt, um leið og þetta mál væri afgreitt, að fyrir lægi, hvernig Alþingi hugsaði sér framhald þessarar fjáröflunar til vegagerðar, jafnframt því sem ég benti á, að eins og staðið er að uppbyggingu vega um Norðurland og uppbyggingu þjóðvegarins milli Reykjavíkur og Akureyrar, þá er með öllu útilokað fyrir okkur þm. þeirra kjördæma, sem það mál varðar, að láta það óátalið, að hið háa Alþingi taki ekki afstöðu til þess máls, að því er varðar uppbyggingu Norðurlandsvegar. Á hinn bóginn viðurkenni ég þá sérstöðu, sem Djúpvegur hefur. Það er óvíða á Íslandi fallegra að fara um en um Djúpið og að sjálfsögðu óviðunandi ástand, að þessum vegi ljúki ekki, og má raunar segja, að það standi síst á okkur sjálfstæðismönnum að leggja stein í götu þess vegar, svo mjög sem öllum er kunnugt um þá miklu baráttu, sem hv. þm. Sigurður Bjarnason á sínum tíma háði fyrir því, að þessi vegur yrði fullgerður, þó að atvikin höguðu því að vísu svo, að honum auðnaðist ekki að ná málinu fram til sigurs þann tíma, sem hann var á Alþingi.

Ég vil í framhaldi af þessu fagna því, að mér skildist, að hæstv. fjmrh. hafi lýst því yfir í sambandi við uppbyggingu Norðurlandsvegar, að hann muni beita sér fyrir því, að samhliða happdrættisláni ríkissjóðs vegna Djúpvegar verði efnt til annars happdrættisláns vegna uppbyggingar Norðurlandsvegar. Í trausti þess, að hæstv. fjmrh. standi við þau orð og ég hafi skilið rétt

það, sem hann sagði þar, sá ég ekki ástæðu til þess að taka þetta mál upp sérstaklega né flytja brtt. í þá átt við frv., sem hér liggur fyrir. Ég vil aðeins færa nokkur rök fyrir því, að það sé eðlilegt, að á eftir veginum til Hafnar í Hornafirði verði hafin uppbygging á Norðurlandsvegi með sams konar fjáröflun.

Það er öllum kunnugt, að það er eitt mesta hagsmunamál Norðlendinga og raunar einnig þeirra, sem búa á Vestfjörðum og Vesturlandi, að góðar og tryggar samgöngur liggi norður á bóginn. Þetta eru hins vegar svo fjárfrekar framkvæmdir, að útilokað er að afla nægilegs fjár til þeirra með venjulegum hætti og innan vegáætlunar. Þetta stórátak, sem hér um ræðir, er hins vegar sambærilegt við hringveginn að öllu leyti og enginn vafi á því, að Norðlendingar muni mjög fúsir til þess að stuðla að því, að happdrættisskuldabréf til þessarar framkvæmdar megi seljast, á sama hátt og ég tel eðlilegt, að Vestfirðingum og þeim, sem áhuga hafa á Djúpveginum, gefist kostur á því að stuðla að slíkri vegagerð um þau fögru héruð, sem þar um ræðir.

Ég vil í þessu sambandi vekja athygli á því, að samkv. Norðurlandsáætlun, eins og hún liggur fyrir, er gert ráð fyrir að framkvæma það, sem áætlað hafði verið að framkvæma á árunum 1974 og 1975, á þrem árum í stað tveggja, svo myndarlega er nú staðið að þeirri áætlun af núv. hæstv. ríkisstj. Ég vil enn fremur vekja athygli á því, að sumar leiðir á þessum vegi, eins og Holtavörðuheiðin, eru raunar utangarna í vegakerfinu og þess vegna nauðsynlegt að gera sérstakar ráðstafanir til þess, að þar megi koma tryggur og góður vegur.

Ég skal svo ekki hafa um þetta fleiri orð. Ég vænti þess, að um það geti orðið samstaða að taka upp málefni Norðlendinga að þessu leyti. Ég efast ekki um, að þm. Norðlendinga muni standa fast um þá ákvörðun. Ég efast ekki heldur um, að þeir hv. þm., sem notið hafa þessarar fjáröflunar vegna nauðsynlegra vegabóta við Skeiðarársand og á þeirri leið, muni einnig skilja þá brýnu nauðsyn, sem ber til þess, að þetta mál er hér flutt.

Ragnar Arnalds: Herra forseti. Það er mjög í tísku um þessar mundir að leysa vandamál í sambandi við vegagerð og fjárútvegun til hennar með útgáfu happdrættisskuldabréfa eða í öllu falli er mjög í tísku að koma með hugmyndir fram um þá leið. Þessi patentlausn, sem nú virðist eiga sér æ fleiri fylgismenn, virðist vera við það miðuð, að hægt sé að leysa fjárhagsvandræði Vegasjóðs með þessum sérstaka hætti.

Ég held hins vegar, að flestum sé ljóst, að þessi patentlausn er fremur grunnhyggin, ef í stórum stíl er, því að hér er að sjálfsögðu ekki um neitt annað að ræða heldur en ávísun á framtíðina, og þessa ávísun verður að borga fyrr eða síðar. Þessi ávísun er býsna dýr, vegna þess að í þessum tilvikum er um að ræða vísitölu- eða verðtryggingu lánsins, ásamt vöxtum, þannig að fjármagnið, sem tekið er með þessum hætti, verður orðið mjög dýrt, áður en yfir lýkur. Ég hef aldrei verið mjög hrifinn af því að taka erlend lán í stórum stíl til vegaframkvæmda, en ég verð að játa, að ég er litlu hrifnari af því, að tekin séu innlend lán, sem eru svo kostnaðarsöm, svo sem þessi lán eru. Ég óttast, að að tiltölulega fáum árum liðnum verði Vegasjóður að taka happdrættislán eða gefa út skuldabréf af þessu tagi í stórum stíl til þess eins að standa undir afborgunum af gömlum lánum af þessu tagi og að þessi leið muni lokast fljótlega.

Hitt er annað mál, að það er hugsanlegt að beita þessari aðferð í undantekningartilvikum. Þetta getur verið aðferð, sem á rétt á sér, þegar sérstaklega stendur á, og í slíkum tilvikum er því eðlilegt að styðja mál af þessu tagi.

Hér er um það að ræða, að búið er að leggja mikið fé í vegagerð til hringvegar í Djúpið og henni verður ekki lokið með því fjármagni, sem fyrir hendi er, þannig að haft myndast, og vantar ekki mikið á, að vegurinn komi að gagni. Það er sjónarmið mitt, að úr því að ákveðið var að eyða 100 millj. til að leggja þennan veg, en það var ákveðið fyrir 2 árum, þá sé algjörlega ótækt, að þessi mikla framkvæmd standi um langa hríð ónytjuð, vegna þess að herslumuninn vanti. Þar af leiðir, að ég get vel verið því samþykkur í undantekningartilviki af þessu tagi, að þessi sérstaka aðferð sé notuð. En ég legg á það áherslu, að það hlýtur að vera óhjákvæmilegt fyrir okkur að horfast í augu við veruleikann í þessum efnum og leggja vegi í landinu með því fjármagni, sem við leggjum til hliðar á hverju ári til þeirra nota.

Ég undirritaði nál. með fyrirvara, og sá fyrirvari er í því fólginn, að ég er reiðubúinn að styðja þetta mál í trausti þess að takist að útvega fjármagn til annarra vegaframkvæmda í landinu, sem telja má margar hverjar jafnvel brýnni en þessa vegaframkvæmd. Í því felst þá, að ég styð þetta mál í trausti þess, að stjórnarandstaðan, sem hefur óvenjulega aðstöðu hér á Alþingi, komi ekki í veg fyrir það, að leyst sé úr óhjákvæmilegri fjárþörf Vegasjóðs við væntanlega afgreiðslu þeirra mála, en að því er ekki komið enn.

Steingrímur Hermannsson: Herra forseti. Mér þykir rétt að þakka hv. fjh.- og viðskn. fyrir afgreiðslu þessa máls. Hv. 4. þm. Vestf. hefur mælt fyrir málinu, og þarf ég ekki að bæta miklu þar við. Ég stóð upp fyrst og fremst vegna þess, að ég kunni ekki við eitt orð í ræðu hv. síðasta ræðumanns. Hann talaði um það, að ákveðið hefði verið að eyða 100 millj. kr. í Djúpveg. Þetta er ekki eyðsla. Ákveðið var að verja 100 millj. kr. í Djúpveg.

Ég held, að hv. þm. verði að gera sér grein fyrir því, að þessi vegaframkvæmd er að mörgu leyti ákaflega sérstæð. Ég hygg, að ekki sé annar landshluti svo aðskilinn frá vegakerfi þessa lands eins og Vestfirðir og ekki þá síst sá hluti, sem Djúpvegur kemur til með að þjóna fyrst og fremst, þ. e. a. s. Ísafjörður og byggðirnar í kringum Ísafjarðardjúpið. Þetta er mikil framkvæmd og ákaflega mikið kappsmál fyrir íbúa þessa landshluta, sem von er, að komast í vegasamband betur en verið hefur og mun verða, á meðan leiðin liggur suður um firði yfir fjölmargar erfiðar heiðar.

Vestfirðingar líta því gjarnan á þetta mál sem hringveg, annan hringveg, og hafa raunar margir

látið í ljós þá skoðun sína, að hringvegi um landið sé ekki lokið, fyrr en þessi vegur er fullgerður. Til hringvegar, sem venjulega er talað um í merkingu hinnar miklu vegaframkvæmdar á Skeiðarársandi, er aflað fjár með sama hætti. Því þótti okkur þm. Vestf. ekki óeðlilegt, að þessi leið yrði einnig reynd við þennan þátt hringvegarins. Eins og kemur fram í grg., að þó frv. sé flutt af þremur þm. Vestf. í Nd., þá standa raunar allir þm. kjördæmisins að þessu frv.

Við gerum okkur vonir um, að þetta geti leitt til verulegrar þátttöku, við skulum segja fyrst og fremst heimamanna, í þessari vegaframkvæmd. Ég hygg, að menn séu sammála um, að í þeirri fjármagnsþenslu, sem nú er, sé æskilegt að fá fjármagn þannig úr annarri — sem við gætum kannske kallað — eyðslu í nauðsynlegar framkvæmdir. En það er einnig von okkar, að aðrir velunnarar Vestfjarða muni taka þátt í þessari fjáröflun.

Halldór Blöndal: Herra forseti. Samkv. því frv., sem lagt hefur verið fram um fjáröflun til vegagerðar, er gert ráð fyrir því í 13. gr., að ríkissjóður skuli gefa út happdrættisskuldabréf í því skyni að afla fjár til hringvegar um landið, eftir því sem ákveðið er í fjárlögum hvert ár. Í aths. um það segir svo, að á undanförnum árum hafi verið aflað fjár til framkvæmda á Skeiðarársandi með útgáfu happdrættisskuldabréfa, þeim framkvæmdum muni ljúka nú í ár, lagning vegar yfir Skeiðarársand sé aðeins áfangi í gerð greiðfærs hringvegar um landið til hagsbóta fyrir alþjóð.

Það fer því ekki á milli mála, að inn í þetta frv. um fjáröflun til vegagerðar hafa verið sett ákvæði um það og beinlínis gert ráð fyrir því, að áfram skuli aflað fjár með þessari tekjuöflunarleið, með happdrættisfé. Það kemur því mjög á óvart, að einn af þm. Norðurlands skuli láta sér sæma hér í hinni háu Ed. að taka í þetta mál eins og hann gerði, og má vera raunar, að það, hversu treglega hefur gengið að fá frv. um sérstaka lánsfjáröflun til Norðurlandsvegar, eigi nokkra skýringu í þessum viðbrögum, sem ég álít, að séu fyrst og fremst sprottin af því, að þessu máli var hreyft hér á hinu háa Alþingi af sjálfstæðismönnum. Er það eina skýringin, sem getur verið á því, að þessi hv. þm. skuli vera svo þversum í málinu. Þetta er þeim mun óskiljanlegra, þegar það liggur fyrir, að fjárveitingar til allrar vegagerðar um Norðurland munu vera í algjöru lágmarki nú á þessu ári og það svo mjög, að í beinni krónutölu verða lagðar færri krónur til landshluta og þjóðbrauta í þeim fjórðungi á þessu ári en gert hefur verið. Hér er um það að ræða, sem fjallað er um í frv. um fjáröflun til vegagerðar, að í öllum umr. um þetta mál, hefur verið talið eðlilegt að reyna að stuðla að því, að sómasamlegur hringvegur komist um landið. Sá þröskuldur, sem þar er nú verstur á veginum, miðað við umferð og allar þarfir, er vegurinn norður til Akureyrar. Það er næsta stórframkvæmd, sem liggur fyrir Alþingi að taka ákvörðun um að ráðast í.

Að mínu viti er engin sambærileg framkvæmd til, sem þörf er á að ráðast í. Má rökstyðja það m. a. með þeim mikla iðnaði og miklu iðnvæðingu, sem átt hefur sér stað á Norðurlandi, þótt ég viðurkenni á hinn bóginn, að menn eru nokkuð kvíðnir nú, eins og sakir standa, um það, hvernig þau mál muni þróast, eins og komið er rafmagnsmálum norður þar. En eins og kunnugt er hefur verið haldið þannig á málum af núv. ríkisstj., að við blasir algjör orkuskortur í þeim fjórðungi, þannig að bændur fá ekki einu sinni rafmagn eftir þeim taxta, sem kallaður er marktaxti, og algjört bann hefur verið lagt við því, að ný hús, sem byggð eru, séu hituð upp með rafmagni.

Algjörlega sambærilegt er ástandið í iðnaðinum. Því hefur verið varpað fram og menn hafa af því áhyggjur þar nyrðra, hvort nauðsynlegt kunni að vera að gera ráðstafanir til þess að hamla á móti orkufrekri iðnvæðingu á Norðurlandi. Þetta er bara ein hliðin á þessu máli. En að sjálfsögðu er líka fyrir iðnaðinn og í sambandi við hvers konar samkeppni við Stór-Reykjavíkursvæðið afskaplega nauðsynlegt, að samgönguleiðin til Reykjavíkur sé trygg. Og það er einnig mikill liður í því að jafna flutningskostnaðinn um allt land. Og er það mál út af fyrir sig, að þannig skuli vera haldið á þeim málum, að fólkið út á landsbyggðinni skuli þurfa að greiða söluskatt af flutningskostnaði. Það er nú eitt með öðru að auka enn á óréttlætið í þessum efnum.

Ég veit, að þeir hv. þm., sem hafa haft afskipti af því að fjármagna fyrirtæki úti á landsbyggðinni eða hafa staðið fyrir slíkum rekstri, vita, að mjög tilfinnanlegur kostnaðarliður fyrir mörg fyrirtæki, þó að það fari að sjálfsögðu mjög eftir atvinnugreinum, er hinn geysilegi flutningskostnaður og hinar stopulu og ótryggu samgöngur, sem við eigum við að búa. Þar við bætist það á Norðurlandi, að yfir okkur vofir alltaf sú hætta, að hafísinn heimsæki okkur og teppi sjóleiðina. Einnig þetta atriði, sem er ekki lítilsvert, undirstrikar enn frekar nauðsynina á því, að sérstök fjáröflun sé gerð í sambandi við Norðurlandsveginn. Ef hv. 4. þm. Norðurl. v. hefur engin önnur ráð, enga aðra lausn á því, hvernig afla skuli fjár til þessarar vegagerðar, þá held ég hann eigi engan annan kost, ef hann ætlar að gera sér nokkrar vonir um það, að hann nái endurkjöri í kjördæmi sínu, heldur en að taka undir þá leið, sem við sjálfstæðismenn höfum bent á til fjáröflunar í þessu skyni. Það getur ekki verið um neitt annað að ræða. Þarna er svo mikið í húfi, að hinar norðlensku byggðir geta ekki látið óátalið að einn af þeim fulltrúum, sem þær eiga á löggjafarsamkundunni, taki með slíkri tregðu í þetta mál. Að sjálfsögðu munu þeir menn, sem hafa staðið að því að tefja framgang þess máls svo mjög sem raun ber vitni í fjh.- og viðskn. Nd., ef einhver af þeim mönnum er þm. Norðurlands, þá munu þeir einnig þurfa að svara fyrir það, hvernig á þessu standi.

Við erum að tala um það, og ég hygg, að engin ríkisstj. hafi talað meira um það heldur en sú, sem nú situr, að nauðsynlegt sé að gera ráðstafanir í sambandi við jafnvægi í byggð landsins. Það er nú einu sinni svo með vinstri menn, að þeir eru afskaplega ófúsir að gera slíkar almennar ráðstafanir eins og hér er um að ræða, sem

geta valdið því, að byggðarlögin og fyrirtækin geti bjargað sér sem mest sjálf, t. d. eins og með því að koma á öruggu vegasambandi á milli Norðurlands og Suðurlands. Þeirra háttur er miklu frekar hinn, og það þykir þeim miklu betra, að efna til hvers konar ríkisafskipta og ríkisfyrirgreiðslu, til þess að þeir geti farið um héruð og sagt, að þeir hafi gert einstökum mönnum greiða, og þakkað sjálfum sér það, eins og gert hefur verið af þessum hv. þm. í hans kjördæmi, eins og það komi úr hans eigin vasa, þó að það hafi verið keyptir nokkrir skuttogarar til þess kjördæmis, sem hann situr í. En eins og við vitum er það fjármagn, sem þar er um að ræða, auðvitað fjármagn allrar þjóðarinnar. Þessi sami háttur og þessi sama tíska hefur einnig mjög einkennt Framsfl., og við kynntumst því einnig í fyrri valdatíð hans, að þannig hefur þetta verið, að á bak við hin auknu ríkisafskipti er m. a. þessi löngun og þessi þrá að geta með þeim hætti haft afskipti af sem flestu.

Ég sá, herra forseti, nauðsyn til þess að segja nokkur orð í tilefni af hinni undarlegu ræðu hv. 4. þm. Norðurl. v. Ég vona, að það eigi eftir að sýna sig í meðferð vegalaganna, í meðferð þingsins á þeim, að aðrir hv. þm. líta ekki þannig á málið og skilji þá miklu nauðsyn, sem er á því að tengja Akureyri, þann byggðakjarna, sem er sterkasta mótvægið við Stór-Reykjavíkursvæðið, með sem bestum hætti samgöngulega séð, og það verður ekki gert skjótar né betur með öðrum hætti en þeim að gera þegar í stað ráðstafanir til sérstakrar fjármagnsöflunar í því skyni að ljúka Norðurlandsveginum sem fyrst. Ég tel, að í því efni sé nauðsynlegt að setja sér sérstakt tímamark, þannig að fyrir liggi þegar á þessu þingi, hvenær þeirri vegagerð á að ljúka.

Ragnar Arnalds: Herra forseti. Mér þykir heldur leitt að vera lentur í rökræðum við hv. þm. Halldór Blöndal um vegamál og rafmagnsmál á Norðurlandi mér algjörlega að óvörum í umr. um allt annað mál, þ. e. a. s. Djúpveg. Ég átti sannarlega ekki von á þessu, ekki hvað síst vegna þess, að ég minntist ekki á mitt ágæta kjördæmi einu einasta orði í orðum mínum hér áðan. En svona er það nú, maður getur alltaf lent í þessu að sjálfsögðu, og þar sem ég á að sjálfsögðu nokkra sök á því að hafa kveikt í hv. þm., þá er ég neyddur til að svara honum með örfáum setningum, þó að ég vilji að sjálfsögðu ekki tefja afgreiðslu þessa máls neitt frekar.

Ég held, að við hv. þm. Halldór Blöndal séum ekki á nokkurn hátt ósammála um, að það þurfi miklar vegaframkvæmdir að eiga sér stað á Norðurlandi á næstu árum og að næsta stórverkefnið í vegamálum hér á landi virðist liggja nokkuð beint við, þ. e. a. s. góður vegur á milli Reykjavíkur og Akureyrar, og til þessa stórverkefnis verður að sjálfsögðu að útvega nauðsynlegt fjármagn. Þá legg ég áherslu á, að það verði fjármagn, sem þjóðin leggur til hliðar á hverjum tíma. Ég neita því ekki, að nauðsynlegt kunni að vera að gera bráðabirgðaráðstafanir með lántöku, en legg hins vegar á það áherslu, að hvorki í því máli né öðru dugir að stinga höfðinu í sandinn eins og strúturinn og ætla sér að gera stóra hluti fyrir lánsfé, mjög dýrt lánsfé, sem verður að greiða að skömmum tíma liðnum og kemur þá niður á framkvæmdagetu Vegasjóðs. Ég tel það ekki réttu leiðina. Þó að það megi kannske grípa til hennar til að hjálpa til, má það síður en svo verða aðalaðferðin til fjármagnsmyndunar.

Um þær fullyrðingar hv. þm., að fjárveitingar til vegamála á Norðurlandi séu á þessu ári í algjöru lágmarki og að þær hafi tæpast verið lægri í annan tíma, þá verð ég að leyfa mér að benda á, að þetta er hin mesta fjarstæða. Ég held, að það væri tiltölulega auðvelt að sýna fram á það, að á þessu ári og hinu síðasta er fjármagn til vegaframkvæmda á Norðurlandi 200—300% meira, miðað við framkvæmdagetu, heldur en var á árunum 1970 og 1971, seinustu ár viðreisnarstjórninnar sálugu. Eins og ég segi, þá hef ég ekki tölur í höndunum til þess að sanna mitt mál, vegna þess að ég var óviðbúinn þessum umr., en legg nú áherslu á það, að fullyrðingar af þessu tagi stafa að sjálfsögðu af ókunnugleika hv. þm.

Frsm. (Bjarni Guðbjörnsson): Herra forseti. Aðeins örfá orð. Ég skal ekki blanda mér í deilur þeirra hv. þm. Norðurlandskjördæmanna að þessu sinni. Ég er út af fyrir sig ekkert hrifinn af þeirri fjáröflunaraðferð, sem hér er höfð, enda þótt ég sé sama sinnis og hv. þm. Ragnar Arnalds um, að fara megi þessa leið, þegar um sérstöðu er að ræða. Það er nú komið á annan áratug síðan byrjað var á Djúpvegi. Fjárveitingar hafa ekki verið stórar, hafa verið smáar fram til síðustu ára, og margir hafa talað um þetta sem hálfgert eilífðarmál þarna vestra. Það er því ekki nema eðlilegt, að þessi sérstaða leiði til þess, að farin verði fjáröflunarleið, sem ekki er almennt farin. Hér er verið að leggja veg um byggðir, þar sem enginn vegur hefur verið áður, og hér er verið að leysa lokaáfanga í vegagerð um veglaus héruð, — áfanga, sem við vitum, að verður öllum íbúum til mikils ávinnings á öllum sviðum. Þessi vegur hefur meginþýðingu fyrir allar byggðir við Djúp og fyrir kauptún og kaupstaði á Vestfjörðum, — byggðir, sem hafa verið afskiptar um ýmsa hluti, en byggðir, þar sem búa menn, sem ekki hafa verið eftirbátar annarra um að afla tekna í sameiginlega sjóði landsmanna, en búið við skarðan hlut, mjög skarðan hlut í samgöngum.

ATKVGR.

1. gr. samþ. með 15 shlj. atkv.
2.—10. gr. samþ. með 14 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 14 shlj. atkv.

Lífeyrissjóður sjómanna, frv. (þskj. 619, n. 830). — 2. umr.

Of skammt var liðið frá útbýtingu nál. — Afbrigði samþ. með 14 shlj. atkv.

Frsm. (Ragnar Arnalds): Herra forseti. Fjh.- og viðskn. hefur haft til athugunar frv. til l. um lífeyrissjóð sjómanna. Frv. þetta er samið af Guðjóni Hansen tryggingafræðingi að beiðni félmrn. og í samráði við stjórn þess sjóðs, sem

hinn nýi sjóður kemur í staðinn fyrir, en það er Lífeyrissjóður togarasjómanna og undirmanna á farskipum.

Í frv. þessu eru ýmis nýmæli, sem ekki er ástæða til að gera hér sérstaklega grein fyrir í framsögu, enda gerð skýr grein fyrir þeim í grg. frv. En n. taldi rétt, um leið og hún mælti með samþykkt frv., að gerð yrði breyt. á 2. gr. frv., sem fjallar um það, hverjir geti orðið sjóðfélagar.

Í 1. mgr. 2. gr. segir: „Sjóðfélagar eru allir þeir sjómenn og beitingamenn, sem lögskráðir farskip, sem notuð eru til farþegaflutninga eða vöruflutninga, og á íslensk varðskip.“ Þetta er aðalregla frv.

Í öðru lagi segir í 2. mgr., að sjóðfélagar séu þeir sjómenn og beitingarmenn, sem lögskráðir eru á íslensk vélskip, 12 lesta eða stærri, er stunda veiðar með línu, netum, botnvörpu, dragnót, humarvörpu, þorskveiðar með hringnót, lúðuveiðar með línu, síld- og loðnuveiðar, svo og aðrar veiðar, ef í samningum á milli félaga sjómanna og útvegsmanna eru ákveðin lífeyrissjóðsréttindi frá 1. jan 1970 eða síðar.“

Í 4. mgr. er svo aftur á móti til viðbótar þessu heimild til stjórnar sjóðsins að taka í tölu sjóðfélaga menn, sem lögskráðir eru á íslensk skip, en eiga ekki aðild að lífeyrissjóðnum samkv. 1. og 2. mgr., sem hér voru nefndar.

Hér er einkum átt við menn, sem eru á trillubátum, sem eru minni en 12 lestir, en í því tilviki er ekki um skyldu að ræða fyrir sjóðsstjórn að skrá slíka menn, sem sjóðfélaga, heldur aðeins heimild, ef eftir því er leitað. Það er því gengið út frá því, að þeir, sem kjósa, fái aðild að sjóðnum, þeir geti sótt um það til sjóðsstjórnarinnar og hún taki þá ákvörðun um, hvort menn geti gerst aðilar að sjóðnum.

Eftir nokkrar umr. í n. varð það einróma niðurstaða n., að óeðlilegt væri, að hér væri einungis um heimildarákvæði að ræða. Eðlilegast væri, ef um væri að ræða á annað borð lögskráða sjómenn, sem óskuðu eftir því að gerast aðilar að sjóðnum, að þeir ættu þá rétt til þess. Og með þessari breytingu, eins og fram kemur í nál. fjh.- og viðskn., leggur n. til, að frv. verði samþ.

Ég vil aðeins láta þess getið að lokum, að n. taldi rétt að breyta því ákvæði frv. í 10. gr., sem segir, að iðgjöld sjóðfélaga skuli ákveðin í desembermánuði ár hvert fyrir fram fyrir eitt ár í senn. N. taldi rétt að miða hér við janúarmánuð ár hvert. En eftir að nefndarfundi lauk, kom á daginn, að þessu atriði hafði verið breytt í Ed. og þar er ekki miðað við neinn sérstakan mánuð, heldur er þetta allt haft óbundnara en áður hafði verið reiknað með og aðeins sagt, að iðgjöld vegna sjóðfélaga skuli reiknast af launum, eftir því sem kveðið er á um í kjarasamningum hlutaðeigandi stéttarfélaga á hverjum tíma. Með hliðsjón af því, að þessu hefur verið breytt, féll af sjálfu sér niður áður fyrirhuguð brtt. n., sem hafði verið lögð fram, en reyndist á misskilningi byggð.

ATKVGR.

1. gr. samþ. með 11 shlj. atkv.
Brtt. 830 samþ. með 11 shlj. atkv.
2. gr., svo breytt, samþ. með 11 shlj. atkv.
3.—24. gr. samþ. með 12 shlj. atkv.
Ákvæði til bráðabirgða samþ. með 12 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 12 shlj. atkv.

Áhrif olíuverðhækkana á hitunarkostnað íbúða, frv. (þskj. 806, n. 841). — 2. umr.

Of skammt var liðið frá útbýtingu nál. — Afbrigði samþ. með 11 shlj. atkv.

Frsm. (Ragnar Arnalds): Herra forseti. Fjh.- og viðskn. hefur haft til athugunar frv. til l. um ráðstafanir til að draga úr áhrifum olíuverðhækkana á hitunarkostnað íbúða.

Eins og hv. þm. er kunnugt, er það tilgangur þessarar löggjafar að draga úr áhrifum verðhækkunar á olíu með ráðstöfunum á tekjum af 1% gjaldi, sem Alþingi hefur samþ., að lagt skuli á söluskattsstofn, og afgr. hefur verið sem lög frá Alþingi.

Frv. þetta hefur verið afgr. frá Nd., og á því voru gerðar þar nokkrar breytingar. Í fyrsta lagi var þar samþ. brtt. frá fjh.- og viðskn. þess efnis, að tekjum af þessu gjaldi skuli ekki aðeins varið til þess að styrkja þá aðila, sem nota olíu til hitunar íbúða sinna, og greiðast hverjum framteljanda til skatts, heldur skuli þar til viðbótar greiða lífeyrisþegum, sem njóta bóta samkv. 19. gr. l. um almannatryggingar, viðbótarstyrk, þannig að þeir fái einn og hálfan styrk einstaklings.

Fjh.- og viðskn. hefur samþ. að mæla með því, að frv. verði samþ. óbreytt eins og það kemur frá Nd.

ATKVGR.

1. gr. samþ. með 12 shlj. atkv.
2.—5. gr. samþ. með 12 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 12 shlj. atkv.

Neðri deild, 119. fundur.

Föstudaginn 3. maí, kl. 2 miðdegis.

Jafnvægi í efnahagsmálum, frv. (þskj. 827). — 1. umr.

Forsrh. (Ólafur Jóhannesson): Herra forseti. Það er rétt að taka það fram strax, að þó að þetta frv. sé lagt fram sem stjfrv., hafa stjórnarflokkarnir áskilið sér að hafa óbundnar hendur um einstök atriði þess. Það er engan veginn óþekkt, að svo sé.

Ég tel hvorki rétt né heppilegt á þessu stigi að gera að umræðuefni ummæli þau, sem Vestfirðingagoðinn, hv. þm. Hannibal Valdimarsson, lét falla hér í útvarpsumr. í gærkvöldi, og að mér vissu óbeint. Ég tel mál þetta stærra og brýnna en svo, að rétt sé að eyða orðum í karp

um aukaatriði. Gögn öll um gang og afgreiðslu þessa máls hef ég í höndum og legg þau e. t. v. einhvern tíma seinna á borðið. En stjfrv. er þetta, og sá ráðh., sem vill firra sig ábyrgð á flutningi þess, hefur þrátt fyrir orðsendingu og bókanir á elleftu stundu aðeins eitt úrræði.

Ég hef áður kynnt forustumönnum stjórnarandstöðunnar meginefni þessa frv. og get e. t. v. þess vegna farið fljótar yfir sögu en ella í framsöguræðu, og þyrfti 1. umr. þess vegna e. t. v. ekki að vera mjög löng, þó að auðvitað sé eðlilegt, að menn þurfi að ræða þetta mál, án þess að þar sé nokkur takmörkun á gerð. En það vil ég segja, að þrátt fyrir það, þó að málið hafi áður verið kynnt stjórnarandstöðunni eða forustumönnum hennar, þá tel ég æskilegt og vil skora á hv. alþm. að gefa sér gott tóm til að kynna sér málið, áður en þeir á þessu stigi gefa um það nokkrar bindandi og óafturkallanlegar yfirlýsingar og lýsa þannig afstöðu sinni til þess.

Efni frv. hefur verið með viðræðum kynnt aðilum vinnumarkaðarins, bæði af hálfu hagrannsóknastjóra og eins með formlegri hætti. Þriggja manna ráðherranefnd, sem í eiga sæti ráðh. Lúðvík Jósepsson, Halldór E. Sigurðsson og Magnús T. Ólafsson, þar sem Björn Jónsson er nú sjúkur, hefur rætt við launþegasamtökin, þ. e. a. s. Alþýðusambandið, BSRB og Bandalag háskólamanna og mun halda þeim viðræðum áfram, auk þess sem ég hef óformlega rætt lítillega áður við forustumenn í Alþýðusambandinu. Þá hef ég og átt viðræður um þetta mál við samtök bænda og Vinnuveitendasambandið eða fyrirsvarsmenn þess. Hér er aðeins um að ræða viðræður, en ekki neins konar samninga, — viðræður til kynningar og til að fá ábendingar, en alls ekki til þess að fá samþykki þessara aðila til þeirra aðgerða, sem hér er um að ræða.

Það er ríkisstj. og Alþ. og fyrst og fremst Alþ., sem á og verður að taka ákvarðanir um þessi efni og bera á þeim ábyrgð, án þess að geta skotið sér á bak við aðra. Þeir, sem telja þetta úrlausnarefni, sem hér liggur fyrir, svo brýnt, að nú í svipinn sé ekki tími til kosninga, og ég er því algerlega sammála, ættu a. m. k. að sjá og játa, að nú er ekki tími til samningaþófs, svo að vikum skiptir, sem því miður væru lítil líkindi til, að leiddu til beinna samninga, bæði þegar litið er til fenginnar reynslu og eðlis málsins.

Það hefur vissulega verið haft og er haft samband og samstarf, vil ég segja, við aðila vinnumarkaðarins. Og ég tel, að í þessu efni hafi síst af öllu verið brotið gegn ákvæðum málefnasamningsins. Í málefnasamningnum segir svo með leyfi hæstv. forseta:

„Hún (þ. e. ríkisstj.) mun leitast við að tryggja, að hækkun verðlags hér á landi verði ekki meiri en í helstu nágranna- og viðskiptalöndum.“ Ég skýt því inn, að ég játa hreinskilnislega, að þetta hefur ekki tekist, en síðan segir: „Í því skyni mun hún beita aðgerðum í peninga- og fjárfestingarmálum og ströngu verðlagseftirliti. Til að ná þessu marki vill stjórnin hafa sem nánast samstarf við samtök launafólks og atvinnurekendur um ráðstafanir í efnahagsmálum.“

Ég tel, að við samningu þessa frv. hafi verið fylgt þeirri meginreglu, sem þarna er sett. Frv. þetta er um viðnám gegn verðbólgu og aðrar ráðstafanir til að stuðla að jafnvægi í efnahagsmálum. Það er um vissar tímabundnar bráðabirgðaráðstafanir til lausnar á aðsteðjandi vanda í efnahagsmálum. Fljótt á litið getur það hljómað sem eins konar öfugmæli að tala um efnahagsvanda, a. m. k. í eyrum manna, sem ekki hafa heildaryfirsýn yfir þjóðarbúskapinn, en líta aðeins á það, sem næst þeim er í augnablikinu. Það er staðreynd, að hér á landi er nú almennari velmegun og almennt betri lífskjör en áður hafa þekkst, og það er einnig staðreynd, að Íslendingar eru í því efni í fremstu röð þjóða. Atvinnulíf stendur með blóma, atvinna er óvenjulega mikil og atvinnuöryggi er sem næst því hámarki, sem menn geta búist við að ná. Samt er við efnahagsvandamál að glíma: verðbólguna, þ. e. hinn öra verðbólguvöxt, sem ógnar sjálfum forsendum velmegunarinnar, sjálfum atvinnurekstrinum, atvinnunni og atvinnuörygginu, og teygir rætur sínar í ýmsar áttir og grefur undan hornsteinum heilbrigðs þjóðarbúskapar og stofnar framtíðaröryggi atvinnulífsins og framförum í hættu, ef ekki verður í tæka tíð brugðist við á réttan hátt.

Fyrir þessu vandamáli, verðbólguvandanum, gerði ég nokkra grein í útvarpsumr. í gærkvöld. Sé ég ekki ástæðu til að endurtaka það hér, en vísa til þess, sem ég þá sagði. Þó vil ég aðeins leyfa mér að vitna til eftirfarandi ummæla minna, sem m. a. skýra í stuttu máli ástæðurnar fyrir nauðsyn þess, að þetta frv. er flutt.

Ég vil fyrst nefna orð mín um nýgerða kjarasamninga, og má þó enginn skilja það svo, að þar sé að finna einu ástæðu vandans, heldur eina af mörgum, — alls ekki, að þar sé að finna einu ástæðu vandans, heldur eina af mörgum. En ég sagði:

„Í hinum almennu kjarasamningum í febr. og þá ekki síður í þeim, sem síðan hafa verið gerðir, hefur verið samið um mun meiri launahækkanir en skynsamlegt var samkv. útreikningum og spám hagrannsóknadeildar. Í þeim hefur verið farið út fyrir þau mörk, sem samrýmanleg voru væntanlegri greiðslugetu flestra atvinnugreina. Í þeim virðist ekki heldur hafa tekist að draga úr launamismun, þ. e. að lyfta hinum lægri launum meir en hinum hærri, en það var sú stefna, sem Alþýðusambandið hafði mótað mjög skýrt í samþykktum sínum, áður en gengið var til kjarasamninga, og það er markmið, sem ríkisstj. vildi stefna að og byggt var á í samningum við opinbera starfsmenn. Niðurstaðan virðist í mörgum tilfellum hafa orðið sú, að launabilið hafi verulega breikkað þrátt fyrir skýrar stefnuyfirlýsingar launþegasamtakanna.“

Ég vil enn fremur nefna eftirfarandi orð úr útvarpsræðu minni frá í gær:

„Það er nú augljóst, að þær sveiflur í efnahagsmálum, sem fram undan virtust í árslok 1973, verða miklu sneggri og hastarlegri en þá var búist við. Í fyrsta lagi er fram komin lækkun á verðlagi frystra fiskafurða í Bandaríkjunum og á fiskmjöli. Í öðru lagi virðist nú líklegast, að hið geysiháa olíuverðlag haldist fram eftir árinu. Í þriðja lagi fer almennt innflutningsverðlag hækkandi. Og síðast, en ekki síst fela hinir nýju

fram það, sem atvinnuvegirnir geta staðið undir að óbreyttu verðlagi á afurðum þeirra, hvað þá við lækkandi markaðsverð. Með þessum samningum er stefnt í alvarlegan halla á viðskiptum við útlönd. Að gerðum þessum samningum og að óbreyttum framkvæmda- og útlánaáformum fara þjóðarútgjöldin að öllu óbreyttu langt fram úr því, sem þjóðartekjur og eðlilegur innflutningur fjármagns leyfir. Það er því augljóst mál, að ef ekkert er að gert, blasir við háskaleg verðbólguþróun til viðbótar þeirri, sem orðin er, sem stefnir atvinnuöryggi landsmanna, lánstrausti þjóðarinnar erlendis og áframhaldandi framförum og hagvexti á komandi árum í hættu. Víðtækar ráðstafanir til viðnáms gegn verðbólgu og til þess að stuðla að jafnvægi í efnahagsmálum eru því óumflýjanlegar að mínum dómi, ef koma á í veg fyrir taprekstur atvinnufyrirtækja, stöðvun í einstökum atvinnugreinum og samdrátt í atvinnu."

Efnahagsvandi sá, sem við er að fást og lýst er í grg., sem fylgir með frv. þessu, er margþættur, þó að hann sé sprottinn af einni aðalrót, þ. e. a. s. verðbólgunni og hinum öra verðbólguvexti. Hann er svo margþættur, að hann verður ekki leystur nema með róttækum alhliða ráðstöfunum. Í þeim þarf að leggja áherslu á að stöðva sjálfvirkar vixlhækkanir verðlags og kaupgjalds. Lækka framkvæmdafyrirætlanir og útgjöld hins opinbera og einkaaðila. Auka þarf aðhald í peningamálum, draga úr útlánum og freista þess að auka sparnað með öllum tiltækum ráðum. Jafnframt getur reynst nauðsynlegt að grípa til aðgerða til að tryggja rekstrarafkomu atvinnuveganna. Þannig er brýn þörf nú á samstilltum aðgerðum á sviði launamála, verðlagsmála, ríkisfjármála, peninga- og lánamála og gengismála. Undirbúningur og framkvæmd svo víðtækra jafnvægisráðstafana í efnahagsmálum hlýtur að taka nokkuð langan tíma. Einkum er mikilvægt að ná almennu samkomulagi um launa- og verðlagsmálastefnu, sem til frambúðar getur samrýmst jafnvægi í efnahagsmálum.

Það hættuástand, sem nú hefur skapast í efnahagsmálum eða öllu heldur er þó fram undan og stafar af hinni ört vaxandi verðbólgu, kallar hins vegar á tafarlausar aðgerðir, aðgerðir, sem ekki þola bið og er fyrst og fremst ætlað það hlutverk að skapa svigrúm fyrir undirbúning varanlegra úrræða og koma í veg fyrir alvarlegar truflanir í atvinnulífinu. Þó er áríðandi, að þessar bráðabirgðaráðstafanir taki til sem flestra sviða efnahagsmála og séu þannig valdar og samræmdar, að varanlegri úrræði í næsta áfanga við lausn efnahagsvandans geti eftir nánari athugun tengst þeim með eðlilegum hætti.

Helstu atriði þeirra efnahagsráðstafana, sem felast í frv. þessu og að er stefnt í fyrsta áfanga, eru þessi:

1. Öflugt viðnám gegn verðhækkunum á hvers konar vöru og þjónustu og þ. á m. á húsaleigu, verðhemlun á þessum atriðum fram yfir 30. nóv. 1974, svo og eftir atvikum verðlækkun, sbr. síðustu mgr. 1. gr. frv.

2. Binding kaupgreiðsluvísitölu fram yfir 30. nóv. 1974 eða réttara sagt frestun á hækkun kaupgreiðsluvísitölu fram yfir 30. nóv. 1974. Í því sambandi er þó rétt að benda á þá undantekningarheimild, sem er að finna í 2. mgr. 4. gr. frv., þar sem segir: „Þó er ríkisstj. heimilt að ákveða, að greiða skuli hærri verðlagsuppbót en segir í 1. mgr. á grunnlaun, sem lægri eru en 36 þús. kr. á mánuði, fyrir fulla dagvinnu miðað við kaupgreiðsluvísitölu 1. des. 1973 sama sem 100. Slík verðlagsuppbót yrði ákveðin sem föst krónutala, en ekki sem hlutfall af launum.

3. Binding launaliðar verðlagsgrundvallar búvöru fram yfir 30. nóv. 1974 og sérstakt aðhald að verðákvörðun á búvöru, svo sem nánar segir í 5. gr.

4. Sérstakt aðhald að fiskverðsákvörðunum fram yfir 30. nóv. þetta ár, eftir því sem nánar segir í 6. gr. frv.

5. Frestun fram yfir 30. nóv. 1974 á gildistöku allra grunnlaunahækkana umfram 20% í fyrsta áfanga nýgerðra kjarasamninga. Það tekur þó ekki til láglauna samkv. nánari skilgreiningu í þeirri gr., sem um það fjallar, þ. e. a. s. 30 þús. kr. mánaðargrunnlauna miðað við fulla dagvinnu. En um það eru fyllri ákvæði í 7. gr.

6. Hækkun útgjalda ríkissjóðs til niðurgreiðslna vöruverðs frá fjárl., bæði samkv. 2. gr. og 9. gr. frv.

7. Hækkun árlegra fjölskyldubóta frá áætlun fjárl. úr 12 þús. kr. í 15 þús. kr., sem er í reyndinni núgildandi bótahæð, sbr. 3. gr.

8. Lækkun ríkisútgjalda, bæði lögboðinna og annarra, frá því, sem í fjárl. segir, um allt að 1500 millj. kr., til þess fyrst og fremst að kosta hækkun niðurgreiðslna og fjölskyldubóta.

9. Álagning 4% skyldusparnaðar á skattgjaldstekjur tekjuskattsskyldra manna 1974 umfram 400 þús. kr., er svo eiga að endurgreiðast á 2—5 árum með vöxtum og verðtryggingu, svo sem nánar segir í 10. gr. Þeir, sem þennan skyldusparnað eiga að reiða af hendi, eiga því ekki að búa við nein ókjör, því að um þann skyldusparnað á það einnig að gilda, að hann á að njóta sama skattfrelsis og annar skyldusparnaður.

10. Skuldbinding innlánsstofnana lífeyrissjóða, Atvinnuleysistryggingasjóðs og líftryggingafélaga til kaupa á skuldabréfum Framkvæmdasjóðs eða ríkissjóðs fyrir a. m. k. 15% ráðstöfunarfjár, sbr. 13. gr. Í þessu felast a. m. k þrjár breytingar frá því, sem átt hefur sér stað í reyndinni hingað til. Í fyrsta lagi er þessi skylda lögfest, en hún hefur hingað til byggst á samningum. Í öðru lagi hefur þessi skylda hingað til aðeins náð til banka. Og í þriðja lagi er fjárhæðin, sem þetta tekur til, hækkuð úr 10% í 15%.

11. Skuldbinding lífeyrissjóða til að kaupa skuldabréf ríkissjóðs, Byggingarsjóðs ríkisins eða Framkvæmdasjóðs fyrir alls 35% ráðstöfunarfjár, og er þá skuldbinding samkv. næsta lið á undan með talin. En hingað til hefur það verið svo, að samkv. samningum, sem gerðir hafa verið við lífeyrissjóðina, hafa þeir lagt til um 20% ráðstöfunarfjár. En um þetta eru sérstaklega nánari fyrirmæli í 16. gr. og svo ákvæði um þær nánari reglur, sem gert er ráð fyrir, að fjmrh. setji um þessi efni í 15. gr. frv.

En þó að það séu ekki nein ákvæði um það í þessu frv., er gert ráð fyrir, að frekari ráðstafanir komi til, þ. e. a. s. ráðstafanir, sem auk

þeirra, sem taldar eru í þessu frv., þarf að gera og ríkisstj. og Seðlabanki munu beita sér fyrir, en hægt er að gera án löggjafar. Eru þær þessar:

1. Endurskoðun lánskjara allra lánastofnana í landinu, og verði stefnt að einhvers konar verðtryggingu allra útlána fjárfestingarlánasjóða eftir nánari tilteknum reglum. Í þessu liggur það, að svigrúm er til að ákveða, með hverjum hætti verðtryggingu þessari verður fyrir komið, hvort hún tekur til lánsins í heild eða hluta þess, við hvaða vísitölu verður miðað o. s. frv. Það er sem sagt ekki um það að ræða, að þarna sé bundið neitt sérstaklega við byggingarvísitölu, og geta fleiri vísitölur vitaskuld komið til álita.

2. Samkomulag við viðskiptabankana um 22% hámarksaukningu útlána á árinu 1974.

3. Samkomulag við viðskiptabankana um, að nettóskuldir þeirra erlendis aukist ekki á árinu 1974 miðað við meðaltal ársins 1973.

4. Sett verður hámark fyrir nýjum erlendum lántökum á árinu 1974 og að því stefnt, að skuldaaukning erlendis fari ekki yfir 5500 millj. kr. á árinu 1974 miðað við núgildandi gengi. Þar er að vísu um allháa fjárhæð að ræða, en vitaskuld skiptir það öllu máli í þessu sambandi, vegna hvers er stofnað til erlendra skulda, þannig að það er fávísin ein að líta á upphæðina eina einangraða út af fyrir sig.

5. Fylgt verður áfram sveigjanlegri gengisstefnu sem þætti í heildarstjórn efnahagsmála til þess að tryggja samkeppnisstöðu íslenskra atvinnuvega. Þó er ekki gert ráð fyrir neinum stórfelldum breytingum í því efni, ef frv. þetta verður að lögum. Ég vil gjarnan endurtaka þetta, vegna þess að það hefur borið á því að undanförnu í bönkunum, að sótt hafi verið eftir gjaldeyri og alveg áreiðanlega af ótta við það, að yfirvofandi væri eða á næsta leiti einhver sérstök breyting á gengi. Það er sem sagt ekki gert ráð fyrir neinum stórfelldum breytingum á gengismálum, ef þetta frv. verður að lögum.

Þeim ráðstöfunum, sem frv. kveður á um, er fyrst og fremst, eins og áður er sagt, ætlað að skapa nauðsynlegt svigrúm til undirbúnings frekari aðgerða. Það er mikilvægt, að þetta svigrúm verði notað til þess að leita varanlegra úrræða á sviði launa- og verðlagsmála og opinberra fjármála og peningamála til þess að brjóta verðbólguhugsunarháttinn á bak aftur. Meðal mikilvægra atriða, sem athuga þarf í því sambandi, eru nýjar aðferðir við gerð kjarasamninga með það fyrir augum að tryggja sanngjörn launahlutföll á öllum vinnumarkaðinum og koma í veg fyrir launakapphlaup á milli stétta, jafnframt því sem sniðnir væru varanlega vankantar af núgildandi kerfi vísitölubindingar launa.

Annað atriði, sem taka þyrfti til rækilegrar athugunar, er almenn verðtrygging hvers konar fjárskuldbindinga eða einhver ákveðin tengsl almennra vaxtakjara við verðbreytingar, ef slíkar breytingar gætu í senn aukið sparnað, tryggt fjármagn til æskilegra framfara, dregið úr spákaupmennsku og verndað raungildi sparifjár og lífeyris þeirra, sem minna mega sín. Jafnframt þessu þyrfti að koma á umbótum á sviði peninga- og lánamála og opinberra fjármála til þess að tryggja styrka, samræmda og á næstu missirum hæfilega aðhaldssama stjórn á þessum sviðum. Svo gagngerar breytingar sem hér er rætt um kalla á m. a. endurskoðun á skattmeðferð verðhækkunarhagnaðar og vaxta og krefjast víðtækrar athuganir og samræmingar og þar með samvinnu aðila á mörgum sviðum efnahagslífsins, ekki aðeins þeirra, sem venjulega eru kallaðir aðilar vinnumarkaðarins.

Hér hafa aðeins verið nefnd fáein atriði, sem gætu orðið hluti af síðari áfanga jafnvægisaðgerða í efnahagsmálum. Nánari athugun mun efalaust leiða í ljós fjölmargt annað, sem taka þarf á. Vel má og vera, að þörf verði róttækari aðgerða en felast í fyrsta áfanganum til þess að tryggja örugga atvinnu og lífskjör og farsælar framfarir í landinu á næstu árum. Þann fyrirvara vil ég hafa á.

Það er að sjálfsögðu mjög erfitt að meta af nákvæmni áhrif þeirra viðnámsaðgerða, sem felast í þessu frv., og þeirra annarra ráðstafana, sem ég hef nefnt, á efnahagsframvindu næstu mánaða. Bæði er það vegna þess, að sumar aðgerðanna eru í formi heimilda, sem ekki er fullráðið, hvernig verða notaðar, og eins af því að samanburðargrundvöllurinn, efnahagsframvindan án aðgerða, eins og hann er settur fram í álitsgerð sérfræðinga, sem fylgir með þessu frv., er auðvitað og getur alltaf verið umdeilanlegur, byggður á spám í ýmsum efnum og óvissum atriðum, og hjá því verður ekki komist. En hitt þarf ekki að efa, að þar sé frómt frá sagt og eftir bestu vitund þeirra sérfræðinga, sem þar um hafa fjallað. Þess má t. d. geta, að í grg., sem fylgir með, hefur ekki verið reiknað með verðhækkunaráhrifum stuðningsaðgerða við atvinnuvegina, sem nauðsynlegar yrðu og óhjákvæmilegar í einhverju öðru formi, ef ekki yrði nú spyrnt við fæti með þeim hætti, sem gert er ráð fyrir í þessu frv. Til þess að gefa hugmynd um mikilvægi aðgerðanna miðað við, að þeim verði beitt til fulls, má nefna fimm atriði:

1. Þróun verðlags og framfærslukostnaðar.
2. Þróun kauptaxta og kaupmáttar.
3. Afkomu atvinnuvega.
4. Peninga- og lánamarkað.
5. Viðskipta- og greiðslujöfnuð.

Vegna þess, hve langt er á árið liðið, hafa viðnámsaðgerðirnar að sjálfsögðu ekki full áhrif á útkomu þessa árs í heild. En til þess að gera grein fyrir áhrifum þeirra á heilu ári má líta til talna um stöðuna á næstliðnu hausti, sem gefa mynd af þeirri undirstöðu, sem aðgerðirnar gætu lagt að framvindu efnahagsmála í jafnvægisátt á næstu misserum.

Þá er það fyrst þróun verðlags og framfærslukostnaðar. Án nokkurra aðgerða stefnir í 40—50% meðalhækkun verðlags og framfærslukostnaðar á árinu 1974. Þessi verðbólguhraði væri enn meiri í lok ársins. Með aðgerðum er reiknað með 35—40% meðalhækkun verðlags á árinu 1974. Þessi tala gefur þó ekki fullnægjandi hugmynd um árangurinn, því að í árslok væri verðbólguhraðinn orðinn mun minni og kominn niður fyrir 30% á ári og stefndi til lækkunar, ef aðgerðirnar stæðu eitthvað áfram eða aðrar lausnir væru þá fundnar, sem gætu skilað svipuðum árangri. Sem sagt, í stað stigmögnunar verðbólgu í yfir 50% á ári væri stefnt að því

að vinna hagkerfið niður í hóflegar verðbreytingar á árinu 1975. Hér væri um mikinn ávinning að ræða.

Í öðru lagi er það svo þróun kauptaxta og kaupmáttar. Að óbreyttri þróun kauplags og verðlags eru horfur á a. m. k. 60% meðalhækkun kauptaxta á þessu ári og rúmlega 42% hækkun framfærslukostnaðar, eins og í grg. segir. Það þarf náttúrlega ekkert annað en nefna þessar tölur, 60% meðalhækkun kauptaxta og rúmlega 42% hækkun framfærslukostnaðar, til þess að mönnum sé og verði það ljóst, að svona stökk getur engin þjóð tekið. Þó að hækkunin á kauptaxta væri þessi, 60%, er kaupmætti kauptaxta stefnt í um nálægt 12% aukningu, sem er, verð ég því miður að segja, langt umfram efni, eins og sakir standa í dag. Sé hins vegar miðað við, að kauptaxtar hækki ekki frekar en orðið er fyrr en í lok ársins, verða þeir að meðaltali um 43% hærri á þessu ári en á s. l. ári. Það virðist nú býsna há upphæð, býsna mikið stökk á einu ári. En þannig ykist kaupmáttur kauptaxta um 4—5% að meðaltali á árinu, ef viðnámsaðgerðunum yrði beitt til fulls. Leiðinleg staðreynd að horfast í augu við, en best að hafa ekki sömu aðferð og strúturinn: að stinga höfðinu í sandinn. En ég undirstrika, að þetta er miðað við það, að viðnámsaðgerðunum yrði beitt til fulls. En þarna verður t. d., þegar ætti að líta á stöðu launþega út af fyrir sig, að athuga og reikna með hinum auknu niðurgreiðslum, sem gert er ráð fyrir í þessu frv. og ekki er varlegt að fara með miklar tölur um á þessu stigi, en gætu kannske, ef allt það fé fengist, sem þar er gert ráð fyrir, og væri að fullu notað, numið — til þess að vera ekki of nákvæmur — 6—8 stigum kannske, og jafnframt verður svo auðvitað að hafa í huga þá heimild, sem er í 2. mgr. 4. gr. til greiðslu sérstakrar verðlagsuppbótar á þau laun, sem kölluð eru lág laun. Þar er sem sagt um heimild að ræða, sem engin ákvörðun liggur fyrir um, hvernig yrði notuð, en hún gæti náttúrlega verið notuð þannig, að þar kæmi veruleg uppbót á þessi laun láglaunamanna, þannig að þá gæti dæmið staðið þannig, að það væri ekki um umtalsverðar fórnir að ræða, sem það láglaunafólk tæki á sig með vísitölubindingu. En þó endurtek ég, að það fer auðvitað algerlega eftir því, hvernig þessari heimild er beitt. Kaupmáttur ráðstöfunartekna og þar með einkaneysla ykist nokkru meira en gert var ráð fyrir um kaupmátt kauptaxta, eða um 7—8%, vegna áhrifa skattkerfisbreytingarinnar frá því í mars s. l. Þó að hér sé ekki eins hátt stefnt og vikið var að, þegar nefnd var 12% kaupmáttaraukning, þá held ég, að það sé ekki ofmælt, að samt sé hátt stefnt, því að lífskjör hér á landi í fyrra voru á hátindi og eru það enn. Við lok ársins væri með viðnámsaðgerðum að því stefnt að freista þess að halda þessum kaupmætti.

Þá er það í þriðja lagi atvinnuástand. Flestar greinar sjávarútvegs eiga nú þegar við talsverðan rekstrarvanda að etja, einkum þó frystiiðnaðurinn. Nefndi ég um það tölur í ræðu minni í gær, sem ég endurtek ekki. Sama gildir einnig um útflutningsiðnað og sennilega um ýmsar greinar heimamarkaðsiðnaðar, sem eiga í samkeppni við innfluttar vörur. Til þess að leysa vanda þessara atvinnugreina þarf því sérstakar aðgerðir. Viðnámsaðgerðum í fyrsta áfanga er fyrst og fremst ætlað að koma í veg fyrir truflanir í útflutningsgreinum, sem annars væru fyrirsjáanlegar og gætu raunar náð til fleiri atvinnugreina. Enn fremur er þeim ætlað að tryggja fullt atvinnuöryggi og koma í veg fyrir, að gengi krónunnar þurfi að síga verulega, því að slík þróun mundi fela í sér alvarlegar afleiðingar, bæði fyrir þróun atvinnulífs og félagslegt réttlæti tekju- og eignaskiptingar. Það þekkja menn af reynslunni.

Þá er það í fjórða lagi peninga- og lánamarkaður. Á vettvangi peninga- og fjármála kemur verðbólguþróunin fram í mikilli fjárvöntun til útlána og opinberra framkvæmda, sem metin er í grg. sérfræðinganna a. m. k. 2000 millj. kr. Í frv. er annars vegar með skyldusparnaði einstaklinga og kröfu um verðbréfakaup lánastofnana stefnt að a. m. k. 1000 millj. kr. viðbótarfjáröflun innanlands á árinu. Hins vegar er gert ráð fyrir því að endurskoða öll lánskjör fjárfestingarlánasjóða og taka þá m. a. til athugunar að taka upp einhvers konar verðtryggingu útlána í því skyni að draga úr eftirspurn, sem óneitanlega á að verulegu leyti rætur að rekja til viðleitni manna að hagnast á verðbólgunni, það skulum við hreinskilningslega játa.

Ljóst er, að þrátt fyrir þá fjáröflun, sem frv. gerir ráð fyrir, verður alltaf helmingur fjáröflunarvandans enn óleystur, og verður því nauðsynlegt að vinna enn að nokkrum niðurskurði útgjalda- og útlánafyrirætlana á næstu vikum. Utan við ramma þessa frv. eru einnig peningalegar ráðstafanir, svo sem takmörkun á útlánaaukningu bankanna, aðhald um aukningu erlendra skulda, breyting lánskjara, sem nauðsynlegar eru til þess að hemja þá eftirspurnaraukningu, einkum í formi fjárfestingar, sem er ein meginorsök vaxandi viðskiptahalla. Án slíkra aðgerða má búast við, að áhrif viðnámsaðgerðanna á viðskiptajöfnuðinn, sem metin eru 1500 millj. kr. á árinu, muni ekki koma fram nema að litlu leyti.

Þá er það loks í fimmta og síðasta lagi viðskipta- og greiðslujöfnuður. Annað megineinkenni efnahagsvandans er vaxandi halli á viðskiptum þjóðarbúsins við útlönd. Þannig gæti nú stefnt samkv. áliti sérfræðinganna í um 8000 millj. kr. viðskiptahalla á árinu, ef ekki yrði að gert og gæti það falið í sér allt að helmingsminnkun gjaldeyrisforðans, eins og hann var um síðustu áramót, en þá var hann reyndar meiri en nokkru sinni fyrr. Áhrif efnahagsráðstafana frv. á viðskiptajöfnuð ársins í ár hljóta að takmarkast af því, hve langt er á árið liðið, en innflutningur hefur verið afar mikill á fyrstu mánuðum ársins. Lauslegar áætlanir um áhrif frv. benda þó til þess, að innflutningur vöru og þjónustu gæti orðið um 1200—1500 millj. kr. minni en ella og viðskiptahalli því nálægt 6500 millj. kr. að öllu óbreyttu. Hér er þó um mun meiri umskipti að ræða á síðari hluta ársins en framangreindar tölur gefa til kynna. Á heilu ári gætu þessar ráðstafanir falið í sér bætta viðskiptastöðu út á við um 2500 millj. kr. miðað við núgildandi gengi.

Um þjóðarframleiðsluna og þjóðartekjurnar er þetta að segja: Við upphaf ársins var reiknað

með því, að aukning þjóðarframleiðslu gæti orðið um 4—5% að magni á árinu, en vegna rýrnandi viðskiptakjara var reiknað með minni aukningu þjóðartekna eða 3—4%. Við endurskoðun þjóðhagsspár að afloknum kjarasamningum var talið, að þessi hugmynd um aukningu þjóðarframleiðslu gæti staðist, en hins vegar að rýrnun viðskiptakjara yrði meiri og aukning þjóðartekna því minni eða e. t. v. um 2%. Afar lausleg hugmynd um þjóðhagshorfur ársins að teknu tilliti til áhrifa viðnámsaðgerðanna bendir til þess, að þjóðarframleiðslan muni aukast nokkru minna en áður var spáð eða um 3—4%. Kæmi þetta fram í minni framleiðsluaukningu á síðari hluta ársins en áður var gert ráð fyrir. Að óbreyttum horfum um útflutnings- og innflutningsverðlag mun rýrnun viðskiptakjara valda því, að þjóðartekjur verði ívið minni en reiknað var með og aukningin því líklega tæp 2% á árinu. Þjóðarútgjöld stefna hins vegar í 5—6% aukningu frá fyrra ári. Þótt hér sé um minni framleiðsluaukningu að ræða en verið hefur á undanförnum árum, má telja, að hún nægi til að tryggja áfram viðunandi atvinnuástand. En eins og nú horfir um verðlags- og kaupgjaldsþróun innanlands og verðlagsþróun útflutningsafurða, væri ótruflaður rekstur atvinnuveganna hvergi nærri tryggður, ef ekkert yrði að gert.

Eins og ég hef þegar tekið fram, leysa þær aðgerðir eða ráðstafanir, sem ákvæði er að finna um í þessu frv., ekki allan þann vanda, sem við er að glíma. Fyrir utan það koma til sérstök aðkallandi vandamál, sem líta verður á jafnframt og hafa í huga. En þær efnahagsráðstafanir, sem frv. felur í sér, eru settar fram sem fyrsti áfangi jafnvægisaðgerða í efnahagsmálum. En það er sem sagt sýnt, að í þeim efnahagsráðstöfunum felst ekki fullnaðarúrlausn ýmissa sérstakra vandamála, sem snúast verður gegn á næstu vikum. Hér er einkum um fjögur atriði að ræða, sem ítarlega er fjallað um í grg. með frv.:

1. Staða útflutningsatvinnuveganna og þá sérstaklega frystiiðnaðarins, eins og ástatt er í dag.
2. Staða fiskiflotans, m. a. vegna olíuvandamálsins.
3. Fjármögnunarvandamálin og erlendar lántökur.
4. Tæp staða ríkissjóðs.

Jafnvel þótt tækist um sinn að stöðva víxlhækkanir kaupgjalds og verðlags og koma á virkri verðlagshemlun, virðist engu að síður stefna í verulegan taprekstur frystiiðnaðarins miðað við ríkjandi markaðsverð að óbreyttu gengi, eins og ég gerði grein fyrir í gær og nánar er vikið að í grg. með frv. Sama gildir um fiskiskipaflotann við ríkjandi rekstrarskilyrði, en þar gæti, ef ekki yrði að gert, orðið um verulegan taprekstur að ræða, jafnvel án tillits til olíukostnaðarvandamálsins, sem ekki hefur verið leyst nema til eins árs, í ár. Hér er því við að glíma vandamál, sem enn væru að nokkru óleyst þrátt fyrir hin almennu áhrif kaupgjalds- og verðlagsaðgerða fyrsta áfanga efnahagsaðgerða. Við þessum vanda gæti þurft að snúast, bæði með almennum ráðstöfunum á sviði gengismála og sérstökum ráðstöfunum, t. d. með endurskoðun verðjöfnunarskilyrða. Fyrir lok júnímánaðar þarf einnig að taka ákvörðun um ráðstöfun vegna olíuvandamáls fiskiskipaflotans, þar sem sýnt er, að olíuverðhækkunin hefur reynst varanleg, en ekki tímabundin, eins og menn gerðu sér vonir um við upphaf ársins, og 5% loðnugjaldið í olíuniðurgreiðslu til fiskiskipa gefur minna af sér en vonir stóðu til.

Þrátt fyrir þær stórtæku ráðstafanir til lausnar hinum almenna fjáröflunarvanda, sem beitt yrði í fyrsta áfanga, yrði hann að nokkru óleystur og enn gætti fjárvöntunar til opinberra framkvæmda og útlána fjárfestingarlánasjóða miðað við núverandi áform. Enn fremur er greinilega stefnt í meiri skuldaaukningu við útlönd en skynsamlegt getur talist. Þessi mál kalla á frekari athugun og úrræði á næstu vikum og hef ég minnst á þau í máli mínu hér að framan, og ríkisstj. og Seðlabanki yrðu að taka þau til athugunar og snúast við þeim.

Eins og ég hef reyndar áður tekið fram, má skoða frv. þetta sem fyrsta áfanga af þremur í jafnvægisáætlun fyrir þjóðarbúskapinn. Ráðstafanir fyrsta áfangans kæmu nær allar þegar til framkvæmda. Verkefni annars áfangans eru lausn þeirra aðkallandi vandamála, sem lýst var hér að framan og ráðstafanir frv. leysa ekki til fulls. Hér eru rekstrarvandamál sjávarútvegsins mikilvægust, og er eðlilegt, að unnið verði að þeim jafnhliða fiskverðsákvörðun á næstu vikum. Þá þarf að ákveða fyrir mitt ár, hvernig snúast skuli við þeim mikla vanda fyrir fiskiskipaflotann, sem hið háa olíuverðlag í heiminum felur í sér. Verkefni þessa annars áfanga þarf þannig að inna af hendi á næstu 2—3 mánuðum, og mun ríkisstj. beita sér fyrir því, að það geti tekist. Þriðji áfangi áætlunarinnar verður síðan mótun framtíðarstefnu í efnahagsmálum. Að henni þarf að vinna, meðan ákvæði viðnámsfrv. gilda, ef að lögum verða. Ég drap hér að framan á nokkur atriði, sem helst koma þar til greina. Að þessu sinni verður ekki rætt nánar um einstök atriði þess lokaáfanga, en til þess að okkur auðnist að ná föstum tökum á stjórn efnahagsmála, er ljóst, að kveðja þarf til samráðs við Alþ. eða ríkisstj. aðila vinnumarkaðarins, því að það er ekki síst á þeirra vettvangi, sem umbóta er þörf. Til þess að freista þess að ná sem víðtækastri samstöðu um raunhæfa og styrka stefnu í efnahagsmálum í framtíðinni hyggst ríkisstj. óska eftir áframhaldandi formlegum viðræðum við samtök launþega og vinnuveitenda um þetta efni og þá sérstaklega þegar þetta frv. hefur verið samþykkt, þannig að sýnt sé, við hvað er að búa og að hverju er hægt að stefna.

Ég ætla ekki til viðbótar því, sem ég hef þegar sagt, að fara ítarlega út í einstakar gr. þessa frv. Með því fylgja svo ítarlegar skýringar, að til þeirra nægir að vísa. Ég vil þó aðeins víkja nokkrum orðum að vissum atriðum í sambandi við viðnámsaðgerðir 1. og 7. gr. og þá að nokkru leyti með hliðsjón af eða tilliti til framtíðarinnar.

Það má segja sjálfsagt um ákvæði 1., 2. og 3. gr., að þar sé um að tefla hefðbundin verðstöðvunarákvæði. Þar má segja, að út af fyrir sig sé lítið farið út fyrir það svið aðgerða, sem ríkið hefur áður beitt til viðnáms gegn verðhækkunum.

Hins vegar er ljóst, að sérstakt verðlagsaðhald, sbr. 1. gr., hefur jafnan reynst haldlítið eitt sér, bæði vegna þess, að án eftirspurnar- og launaaðhalds hlýtur verðlagsaðhald að bresta, og eins vegna þess, að framkvæmdavaldið er beinlínis veikt á þessu sviði. Þó er hér í þessum gr. — eða 1. gr. — um vissa útfærslu að ræða, eins og ég sagði áður. Ljóst er, að hún tekur til húsaleigu, en hingað til hefur það svifið í lausu lofti og enginn aðili verið til, sem hefur þóst eiga að hafa eftirlit með húsaleigu. En í gr. eru tekin af öll tvímæli um það. Við vitum, að það, sem brunnið hefur ekki hvað síst á fólki, er hækkandi húsaleiga, og ber því brýna nauðsyn til að stemma stigu þar við. Enn fremur er það nýmæli, að það er heimild til þess að ákveða verðlækkun á vörum. En ýmsar þær aðgerðir aðrar, sem er að finna í frv., geta gefið tilefni til þess, að teknar séu til endurskoðunar þær verðlagsákvarðanir, sem ákveðnar hafa verið, vegna þess að þær leiða til lækkunar í ýmsum þjónustugreinum, og verður þá að endurmeta það verð, sem ákveðið hefur verið, t. d. á útseldri vinnu.

Í 4. og 7. gr. er farið með lagaákvæðum inn á svið samninga um kaup og kjör. Ástæðurnar til þessarar íhlutunar eru raktar í aths. við þessar gr. og koma fram í almennri grg. Þar ber í stuttu máli tvennt til: Í fyrsta lagi, að almenn kauphækkun í rammasamningi ASÍ og vinnuveitenda hafi verið óhóflega mikil og meiri en ráðlegt var samkv. fyrirliggjandi spám, og í öðru lagi, að eftirkaupin eftir þessa samninga hafa magnast upp í launakapphlaup á milli stétta, þannig að lægst launuðu stéttirnar bera skarðan hlut frá borði. Þessi þróun ber því vitni, að verkalýðshreyfingin er í senn, ef svo mætti segja, sterk og veik. Þessi þróun ber því vitni, að verkalýðshreyfingin er sterk í þeim skilningi, að hún getur komið fram vilja sínum við ákvörðun peningakaups — ég vil segja nálega hverju sinni. En hún er veik í þeim skilningi, að hún hefur ekki reynst þess megnug í þetta skipti a. m. k. að móta og framkvæma samræmda, hófsama tekjustefnu, sem var þó yfirlýst markmið hennar. Launasamningarnir að undanförnu eru gott dæmi þess og jafnframt sérstaklega ástæða þeirra till., sem um er að ræða í 4. og 7. gr., sem hér eru fluttar.

Það er e. t. v. ástæða til þess að segja aðeins örfá orð um 7. gr., sem gerir ráð fyrir því, að frestað sé þeim grunnkaupshækkunum, sem samið hefur verið um umfram 20%. Það má vel vera, að þetta komi mönnum ókunnuglega fyrir sjónir, og þarna verður sjálfsagt sagt, að farið sé með óvenjulegum hætti inn á svið kaup- og kjarasamninga. Ég verð að segja, að þessi gr. er ekki ættuð frá mér. En því betur sem ég hef skoðað hana, þeim mun sannfærðari er ég orðinn um réttmæti hennar, að í henni felst réttlæti í stað þess ranglætis, sem komið hefur verið á með ýmsum þeirra kjarasamninga, sem hafa verið gerðir, þannig að ég get fyllilega tileinkað mér þá hugsun, sem hún byggist á. Ég væri út af fyrir sig stoltur af því að gangast við faðerni að því. Hitt er eitthvert það ómannlegasta, sem hendir menn, ef þeir vilja sverja fyrir faðerni afkvæma sinna.

En er þá 7. gr. í raun og veru óvenjuleg? Ég leit aðeins lauslega yfir það, — mjög lauslega, — hve oft löggjafinn hefði á árabilinu frá 1939 til dagsins í dag gripið inn í kaup- og kjarasamninga með ákvæðum um vísitölu, með ákvæðum um kaupbindingu, með ákvæðum um gerðardóma og dómnefndir í kaupgjaldsmálum, með dýrtíðarráðstöfunum, með vísitölubindingu, með vísitölubanni o. s. frv. eða með lögum, sem með einum eða öðrum hætti snerta kaupgjaldsmál og samninga, sem gerðir hafa verið, og mér taldist til, að tala þeirra laga væri rúmlega 30 eða nánar tiltekið 34. Þó get ég ekki ábyrgst það, því að ég hafði ekki tíma til að fara svo nákvæmlega yfir þetta. En þó hygg ég, að það skakki ekki miklu. Auðvitað er vísitala einn þáttur kjarasamninga, og það er í sjálfu sér enginn eðlismunur á verðlagsuppbót og grunnlaunum, alveg sams konar í eðli sínu, og lögjafinn hefur gert það oftar en einu sinni að fara þannig inn í vísitölumálin að mismuna mönnum, setja þrep í vísitöluna. Það hefur oft verið talað um að undanförnu, að það þyrfti að setja þak á vísitölu, það væri réttlætismál. En ég get ekki séð muninn á því í sjálfu sér að setja þak á vísitölu og setja þak á launahækkanir, sem eiga að eiga sér stað í einu stökki. Það er alveg sama eðlis. En það má vel vera, að þeir verði margir, sem bera umhyggju fyrir þeim mönnum, sem hafa haft þá aðstöðu að knýja fram sér til handa mun meiri kjarabætur og kauphækkanir en aðrir almennir launþegar, þeir sem minna mega sín í þjóðfélaginu og ættu frekar á aðstoð þjóðfélagsins að halda. Það má vel vera, að þeir séu margir, sem þora ekki að taka á þessum málum með þessum hætti. Og þá vil ég segja það strax, að ég er til viðræðu um að sleppa þessari 7. gr. út úr frv. til samkomulags, ef hún verður mönnum sá þyrnir í augum, að strandaði á.

Að sjálfsögðu koma hér við sögu margir fleiri þættir en ég hef hér vikið að. En launaákvörðunaraðferðin er svo mikilvæg, að hún hlýtur að koma til endurskoðunar við ríkjandi aðstæður. Með frv. er lagt til að lögbinda um sinn tiltekna þætti launaákvörðunar og fela ríkisstj. og lögskipaðri dómnefnd sérstakt vald í þessum efnum. Ég neita því ekki, að þetta eru út af fyrir sig afdrifamikil spor, en þar er gengið í spor, sem margir hafa áður stigið, en er kannske fennt í og menn minnast ekki mikið lengur. Ég tel, að ríkisstj. beri skylda til að lýsa ákveðinni stefnu, jafnvel í þessum viðkvæmu málum, og það geri ég hiklaust, hvort sem hún veldur mér vinsældum eða óvinsældum. Um það hugsa ég ekki neitt, en geri það, sem ég tel rétt, og þess vegna tel ég vera um réttlætismál að ræða að því er varðar 7. gr. Um vísitöluna má lengi deila, en þar er nauðsyn á ferðinni, auk þess sem ég hef talið og margtekið fram, að ég tel útreikning vísitölunnar á margan hátt ákaflega óeðlilegan og alls ekki gefa þá niðurstöðu, sem hún ætti að stefna að.

Ég tel enn fremur, að ríkisstj. á hverjum tíma geti ekki skorast undan því að axla ábyrgðina á framkvæmd þeirrar stefnu, sem hún ákveður. Í þessu tilfelli hefur hún ekki til þess aðra leið, eins og nú standa sakir og þörfin er aðkallandi, en lögfestingu. Hinu er svo ekki að leyna, og

það er mér ljúft að taka fram og vildi gjarnan vinna að því eftir mætti, að sennilega væri þetta framkvæmdavald best komið hjá miðstjórnarvaldi sjálfra samtaka vinnumarkaðarins. Mörg þeirra vandamála í launamálum, sem við eigum við að glíma um þessar mundir, eru til komin vegna þess, að miðstjórnarvald þessara aðila er veikt, of veikt. Einstakir hópar launþega fara sínu fram með verkfallshótun eða með fullri samstöðu stundum, því miður, við vinnuveitendur, þar sem víða skortir á, að í öllum greinum togist á andstæðir hagsmunir við launasamningaborðið. Ég tel, að vel þurfi að huga að þeirri leið, bæði í bráð og lengd, að hin frjálsu samtök vinnumarkaðarins komi sér upp nýjum samráðs- og samþykktaraðferðum. T. d. verð ég að segja það, að mér finnst ekkert fráleitt að hugsa sér, að verkföll einstakra félaga væru blátt áfram óheimil, nema þau hlytu samþykki verkfallsráðs launþegasamtakanna sjálfra, þar sem engir aðrir ættu fulltrúa. Einnig mætti hugsa sér sambærilega meðferð fyrir gildistöku sérsamninga í kjölfar rammasamnings o. s. frv., þannig að valdið í þessum efnum væri miklu meir og með allt öðrum hætti en nú er lagt í hendur ábyrgs aðila, miðstjórnar launþegasamtakanna. Allar breytingar af þessu tagi eru eðli málsins samkv. tímafrekar og hljóta að byggjast á almennum skilningi á nauðsyn samræmdrar tekjustefnu, skilningi þeirra aðila sjálfra, sem hér eiga hlut að máli. En ég held, að réttlætisvitund og jafnréttisvitund þessarar þjóðar hnigi í þessa átt.

Ríkisstj., sem um þessar mundir er sögð ekki eiga eftir langa lífdaga, mun samt á þeim tíma, sem henni þó auðnast að tóra þrátt fyrir allar hrakspár, leggja allt kapp á að fá heildarsamtök launþega til samvinnu um þessi mál. Og ég vil alveg sérstaklega endurtaka og undirstrika, að það væri langbest og æskilegast að mínum dómi, að miðstjórnarvald launþegasamtakanna gæti komið í staðinn fyrir ríkisvaldið við framkvæmd 4. og 7. gr. í þessu frv. En forsendur þess eru ekki til staðar í bili, því að þessi aðsteðjandi vandi kallar á tafarlaus úrræði og það þýðir ekkert að loka augunum fyrir því, að menn geta ekki vikið sér undan þeim vanda og verða að leysa þann vanda, ef þeir vilja halda áfram að lifa við sæmileg kjör í þessu landi. Og það er að mínum dómi alveg óhjákvæmilegt, að ríkisstj.. geri á ábyrgan hátt grein fyrir afstöðu sinni til þessara mikilvægu mála og taki afleiðingunum af því að fullu, og það hef ég hér reynt að gera fyrir mitt leyti. Það er vissulega mikilvægt, eins og á stendur, að næstu dagar og vikur verði notaðar vel til þess að kanna, hvaða leiðir eru færar til samstöðu Alþingis, ríkisvaldsins og samtaka vinnumarkaðarins til þess að varðveita atvinnuöryggið í landinu og óskert þau góðu lífskjör, sem þjóðin nýtur, og tryggja jafnframt réttláta tekjuskiptingu, því að eins og ég vék að áðan, þá hef ég þá trú og sannfæringu, að jafnréttisvitundin sé svo samgróin íslenskri þjóð, að hún þoli ekki annað til lengdar en það sé fylgt og sýnt réttlæti í þeim efnum.

Það er sjálfsagt, að einhver saklaus sál gæti nú spurt: Hvers vegna er nú verið að gera allt þetta veður út af verðbólgu? Höfum við ekki lengi haft verðbólgu í þessu landi? Hefur okkur ekki vegnað vel? Höfum við ekki lifað vel? Hafa ekki margir byggt upp á verðbólguna? Hafa ekki margir framkvæmt upp á verðbólguna? Jú, því er ekki að neita, að það er rétt. Og því skyldu menn þá ekki spyrja: Má þá ekki láta þetta rúlla áfram og breyta bara genginu á gjaldmiðlinum, eftir því sem á þarf að halda? Er það ekki einföld leið? Hvers vegna er mikilvægt að vera að hamla gegn verðbólgu hér á landi? Og það er mála sannast, að verðbólga í skefjum innan hæfilegra takmarka þarf ekki að gera skaða. Hún getur verið eðlilegur fylgifiskur framfara í þjóðfélaginu. En það eru viss mörk fyrir því, hve verðbólgan má vaxa ört, og ég er sannfærður um, að stórfelldar sveiflur í því efni, sem hafa í för með sér geysilegt verðlag og margs konar röskun í þjóðfélaginu, eru af hinu illa og við þær aðstæður verður ekki byggt upp traust efnahagslíf í landinu.

Við heyrum það í pólitískum umr. héðan frá Alþ., að það er oft deilt um það, hverjum sé framfarirnar að þakka, og það hafa orðið miklar framfarir hér á landi á undanförnum árum og jafnvel áratugum. Þar kemur margt til greina. En ég hugsa samt, að þegar menn sleppa öllum pólitískum gyllingum, þá verði flestir að játa, að hagvöxtur á Íslandi hefur að mjög miklu leyti átt rætur að rekja til framfara í fiskveiðitækni og bættra aflabragða og raunar sérstaklega hagstæðrar þróunar viðskiptakjara á síðustu árum. Þar er sannleikurinn sá, að verðbólgan hefur ekki komið í veg fyrir, að við nýttum þessi tækifæri til framfara. En hún hefur ekki stuðlað að því, að þessar framfarir ættu sér stað. Það má leiða að því miklar líkur, að verðbólgan og þær efnahagsaðstæður, sem henni fylgja, hafi torveldað aðrar efnahagsframfarir og hagvöxt, sem styðst við gott skipulag atvinnufyrirtækja og hagkvæma þróun atvinnuvega, með því að hún ruglar m. a. allt skynsamlegt arðsemismat og áætlunargerð til langs tíma innan fyrirtækja sem utan. Þetta á jafnt við um þróun okkar hefðbundnu atvinnuvega: sjávarútvegs, fiskiðnaðar og landbúnaðar, og stofnun nýrra atvinnu greina, sem hagkvæmar gætu reynst. Þess vegna er sannleikurinn sá, þegar hann er allur sagður, að verðbólgan er þrátt fyrir allt íhaldssamt afl í þjóðfélaginu. Hún er íhaldssamt afl í þeim skilningi, að hún stuðlar að því að skorða hagkerfið og framvinduna í troðnum brautum og torveldar breytingar og framfarir, sem ekki byggjast á beitingu nýrrar tækni í þeim greinum, sem við þekkjum og höfum stundað. Hér kemur sjálfsagt margt fleira til greina, sem ástæða væri til að skoða á verðbólgutímum og ef talað er um verðbólgu og þá líka þær sveiflur í þjóðarbúinu, sem hafa farið út í öfgar, ýmist af innri eða ytri ástæðum, orku þjóðarinnar eytt í allt of ríkum mæli til þess að stríða stöðugt við vandamál líðandi stundar, sem ekki tengjast framförum í okkar þjóðarbúskap, þegar horft er til lengri framtíðar. Þetta á við um þjóðina alla: Alþ., ríkisstj., stjórnmálaflokka, hagsmunasamtök og síðast, en ekki síst nær hvert mannsbarn í landinu, sem veltir því helst fyrir sér,

hvernig það fái sér best borgið í kapphlaupinu við verðbólguna, eða sem kannske er meira um vert, sveiflur í hraða hennar. Í þessu felst í senn sóun á líðandi stund og fórn frambúðarhagsmuna. Þetta m. a. eru ástæður til þess, að það er mikilvægt fyrir okkur sem þjóð að ná tökum á verðbólguþróuninni og halda henni innan skynsamlegra takmarka. En það má segja, að verðbólguþróunin hafi sett svipmót sitt á efnahagslífið hér á landi í hálfan fjórða áratug, þannig að hér er ekki um neitt nýtt fyrirbæri að ræða. Við þurfum að freista þess að draga úr sveiflunum, sem eru aflvaki og driffjöður þessarar þróunar.

Reynsla okkar er um sumt, — það skulum við hreinskilnislega játa, — sama marki brennd og margra nýfrjálsra þjóða. Fullt sjálfstæði og frelsi er ekki ígildi fullrar sjálfsstjórnar. Á þessu sviði eins og svo mörgum öðrum gildir það, að ekki er nóg að gera garð í kringum garðinn sinn, heldur verða menn að rækta garðinn sinn upp. Ég held, að þær ráðstafanir, sem er að finna í þessu frv., stefni í þá átt og sérstaklega að þær veiti svigrúm til þess, — svigrúm, sem við þurfum að sameinast um að nota. Við höfum blátt áfram ekki ráð á því að láta sundrung og oft hégómlega valdastreitu koma í veg fyrir, að því markmiði verði náð.

Það er vitað mál, að eins og styrkleika stjórnarflokkanna er háttað í þessari hv. d., hafa þeir ekki einir og óstuddir bolmagn til að koma þessu frv. fram, jafnvel þótt þeir stæðu saman um það sem einn maður. Það er því nauðsynlegt að leita einhvers konar samkomulags um þetta mál, að leita að einhvers konar málamiðlun, án þess að tilgangur frv. fari þar fyrir í súginn. Ég er því reiðubúinn að ræða um að fallast á hugsanlegar breytingar á frv. þessu, enda náist sem áður sá árangur til verðbólguviðnáms og jafnvægis, sem stefnt er að með þeim efnahagsráðstöfunum, sem hér er um að ræða. Það verður hlutverk þeirrar n., sem málið fær hér til meðferðar, að leita slíks samkomulags, og getur hún í því sambandi leitað upplýsinga hjá hagrannsóknastjóra, sem mun fúslega láta henni í té allar þær upplýsingar, sem hann hefur á reiðum höndum um þessi efni, svo og hjá bankastjórum Seðlabankans, sem að sjálfsögðu hafa kannað suma þætti þessara mála sérstaklega. Enn fremur getur hún auðvitað — og er ekki nema sjálfsagt — leitað eftir ábendingum frá aðilum vinnumarkaðarins, sem ríkisstj. mun, eins og ég hef þegar lýst yfir, halda áfram að eiga viðræður við. Efast ég ekki um, að hv. n. muni í þessu efni gera sitt besta. Ég mun auk þess eiga sérstakar viðræður við forustumenn stjórnmálaflokkanna um leiðir til samkomulags um lausn hins aðsteðjandi vanda, sem þjóðarnauðsyn krefst, að brugðist sé við nú í tæka tíð og á réttan hátt.

Ég vona, að allir hv. alþm. geri sér ljósa þá ábyrgð, sem á þeim hvílir. Nú eins og svo oft áður í okkar þjóðarsögu er horft til Alþingis. Þjóðin mun næstu daga fylgjast með því, sem hér gerist, og þjóðin mun á sínum tíma dæma. Og á þeim dómsdegi mun henni ekki efst í huga pexið um orsakir þess vanda, sem við er að glíma, sem raunar liggja ljóst fyrir, heldur hitt, hvernig við honum var brugðist, hvernig á því var tekið að leysa hann. Hún mun muna verkin, en ekki orðin, sem hér verða sögð. Nú er þetta mikilvæga mál lagt í hendur Alþ., þessarar elstu og valdamestu stofnunar íslensku þjóðarinnar. Með afgreiðslu þess skrifar það enn eina blaðsíðuna í langri viðburðarríkri og merkilegri sögu sinni.

Herra forseti. Ég legg til, að þessu frv. verði að lokinni þessari umr. vísað til 2. umr. og fjh.- og viðskn.

Gunnar Thoroddsen: Herra forseti. Efnahagsástandið er svo alvarlegt, að áhrifamiklar aðgerðir af hálfu þings og stjórnar eru óhjákvæmilegar nú á næstunni. Árangur þeirra veltur ekki síður á framkvæmd en lagasetningu. Núv. stjórnarsamsteypa er með öllu óhæf til að leysa þennan vanda og verður að fara frá. Þegar svo er komið, mun Sjálfstfl. tilbúinn að takast á við efnahagsvandann og skorast ekki undan ábyrgð á röðstöfunum, sem reynast nauðsynlegar.

Það var frá upphafi vega ljóst, að verulegur veikleiki var gagnvart efnahagsmálum með núv. ríkisstj. og stjórnarflokkum. Þessi veikleiki hefur hvað eftir annað komið fram. Í áramótagrein hæstv. forsrh. minntist hann á efnahagsvandann, sem fram undan væri, og taldi æskilegt, ef ekki nauðsynlegt, að sterk stjórn tækist á við þann vanda. Öllum er ljóst, að núv. stjórn hvorki var né er sterk stjórn. En þessi veikleiki kemur nú m. a. fram í því, hvernig þetta frv. ber að. Í grg. er tekið fram, að einstakir ráðherrar hafi óbundnar hendur um einstök efnisatriði, og nú hefur hv. 3. þm. Vestf., Hannibal Valdimarsson, lýst því yfir fyrir hönd félmrh., að ráðh. eigi ekki aðild að flutningi frv.

Varðandi afstöðu ráðh. Alþb. er það að segja, að hún virðist nokkuð óljós. Þeir standa að flutningi frv., að vísu með fyrirvara. Í eldhúsumr. í gærkvöld minntist hæstv. iðnrh. á frv., en tók fram, að hæstv. sjútvrh., flokksbróðir hans, mundi gera því nánari skil. Menn biðu með óþreyju ræðu hæstv. sjútvrh., en honum vannst ekki tími til að skýra frá afstöðu sinni. Mikið af tíma hans fór í að ræða um austur-þýska togara og ýmis önnur vandamál, sem að honum steðja, en um afstöðu til frv. varð maður engu nær eftir ræðuna. Það hefur hins vegar komið fram, t. d. 1. maí í sjónvarpsviðtölum við suma forustumenn Alþb. í verkalýðsfélögum, að þeir lýstu sig andvíga þessu. T. d. lýsti einn áhrifamaður þar yfir, að hann segðist ekki trúa því, að núv. ríkisstj. færi að kippa vísitölunni úr sambandi og banna þau 14—15 stig, sem ættu að koma til framkvæmda 1. júní. Það er ljóst, að þetta mál er allt saman fullt af gátum, sem ekki hafa verið ráðnar enn.

Nú hefur það verið svo, síðan ríkisstj. tók til starfa, að sjálfstæðismenn og aðrir í stjórnarandstöðu hafa hvað eftir annað varað við þróun efnahagsmálanna, varað við efnahagsstefnu eða réttara sagt stefnuleysi ríkisstj. í þeim efnum. Nú þarf ekki lengur þessara vitna við. Það er ekki hægt að halda því fram, að þetta sé bara svartsýni og öfgar úr stjórnarandstöðu, heldur liggja nú fyrir yfirlýsingar og viðurkenningar

á þessu í rauninni öllu saman frá hæstv. ríkisstj. sjálfri í grg. frv., sem nú hefur verið lagt fyrir Alþ.

Það vekur athygli, að í inngangínum um efnahagshorfur 1974, á bls. 9 í frv., er þess fyrst getið, að óvænt stórhækkun útflutningsverðlags og miklar lántökur erlendis á árinu 1973 hafi forðað um sinn frá halla á greiðslujöfnuði við útlönd. En síðan segir, að þegar á árið leið ást viðskiptakjarabatinn upp vegna víxlhækkana kaupgjalds og verðlags, mikillar eftirspurnar, peningaþenslu innanlands og vaxandi verðhækkunar innflutnings. M. ö. o.: þessi bati, sem fékkst vegna stórhækkunar á útflutningsverðlagi og studdist þá við miklar lántökur til að forða greiðsluhalla, ást upp. — Nú er það athugandi þarna á bls. 9, að það virðist eins og nýsamþykkt þál. hér á Alþ. sé farin að hafa áhrif, því að þetta orð, „ást", er skrifað með setu í grg., og er það athyglisvert, þar sem hæstv. menntmrh. hefur sérstaklega lýst stuðningi sínum við frv.

Síðan heldur áfram í grg., að lýst er ástandinu. Umskiptin í hagsveiflunni hafa orðið miklu sneggri og hastarlegri en gert var ráð fyrir, og síðan segir á bls. 10 í grg. frv., að þjóðarútgjöldin fari að öllu óbreyttu langt fram úr því, sem þjóðartekjur og eðlilegur innflutningur fjármagns leyfir. Við blasir háskaleg verðbólguþróun, sem stefnir atvinnuöryggi, lánstrausti þjóðarinnar erlendis og hagvexti í framtíðinni í hættu. Rækilegar og kirfilegar er í rauninni ekki unnt að undirstrika og staðfesta það, sem stjórnarandstaðan hefur haldið fram að undanförnu, í hvert óefni stefndi með efnahagsmál þjóðarinnar.

Þegar lengra kemur fram í grg., er þetta svo allt sundurliðað miklu nánar. Þar segir, að við blasi stórfelldur hallarekstur frystiiðnaðarins og gæti tapið numið 1100—1200 millj. á ársgrundvelli miðað við rekstrarskilyrði í apríl-maí. Varðandi þorskveiðarnar er gert ráð fyrir nokkur hundruð millj. kr. halla á rekstri þorskveiðibátaflotans. Það segir síðan um sjávarútveginn í heild, að hann standi frammi fyrir stórkostlegum rekstrarerfiðleikum.

Varðandi útflutningsiðnaðinn segir, að rekstrargrundvöllur hans sé í þann veginn að bresta. Síðan er haldið áfram með ýmis önnur mikilvæg atriði, svo sem viðskiptajöfnuðinn gagnvart útlöndum, og þar segir, að viðskiptahallinn á árinu 1974 stefni í 7800—8300 millj. kr., sem bera má saman við viðskiptahalla árið 1973, sem varð 2600 millj. Þessi væntanlegi halli er milljörðum meiri en gert var ráð fyrir í spá við upphaf ársins. Það er auðvitað svo alvarlegt mál, að allir ábyrgir menn hljóta að staldra við, ef hallinn á innflutningi og útflutningi á árinu á að verða um 8 milljarðar — 8000 millj. — á árinu.

Síðan er rætt um ný erlend lán, sem eigi að að nokkru leyti að vega á móti þessum viðskiptahalla. Þrátt fyrir viðleitni í þá átt að taka sem mest af erlendum lánum er ekki gert ráð fyrir, að hægt sé að taka meira en 5500 millj. kr. lán erlend á árinu, m. ö. o. að greiðsluhallinn í heild verði verulegur og það svo, að gjaldeyrisforði landsins, eins og hann var í ársbyrjun, muni helmingast, og er það vafalaust nokkuð varlegt. Hætt er við, að eftir verði í árslok, ef svo fer sem nú horfir, töluvert minna en helmingur þess forða, sem til var í byrjun ársins.

En varðandi hinar erlendu lántökur segir enn fremur í grg., að heildarskuldir við útlönd muni væntanlega aukast um 5500 millj. Hér er um að ræða mestu skuldaaukningu, sem átt hefur sér stað á einu ári til þessa, og munu skuldir þjóðarbúsins til langs tíma vaxa á árinu um nálægt 27%. Síðan segir í þessari grg., sem samin er af hagrannsóknadeild og Seðlabanka Íslands, tveim hlutlausum aðilum, sem á hafa að skipa hlutlausum sérfræðingum og hinum færustu mönnum á þessu sviði, — síðan segir orðrétt:

„Allt ber þetta að sama brunni. Þjóðarútgjöldin stefna langt fram úr framleiðslugetu á þessu ári. Rekstrarhalli og fjárvöntun kemur fram hjá mörgum opinberum fyrirtækjum og verðhækkunartilefni hrannast upp í rekstri þeirra, sem vafalaust er ekki að fullu tekið tillit til í vísitöluspám hér að framan. Mikil fjárvöntun er hjá fjárfestingarlánasjóðum að óbreyttum útlánaáformum.

Í rauninni þarf ekki að hafa um þetta fleiri orð né rekja nánar það, sem segir í grg. frv. Að nokkru leyti hefur hæstv. forsrh. gert það í framsöguræðu sinni, og að nokkru leyti hefur þetta komið fram í fjölmiðlum. En í sambandi við þetta útlit, sem vissulega er ákaflega dökkt, er rétt að minnast á þá málsvörn, sem stundum er höfð uppi og þá alveg sérstaklega af talsmönnum Alþb., og það er þetta, að íslenska þjóðin lifir við allsnægtir, Íslendingum hafi aldrei liðið betur, haft meira milli handanna, en kaupmáttur tekna sé meiri en nokkru sinni áður. En í sambandi við kaupmáttinn er rétt aðeins að minnast á það, sem þessir sérfróðu menn segja á bls. 12 í grg., orðrétt:

„Sú aukning heildarkaupmáttar hlýtur að teljast óraunhæf með öllu og fær ekki staðist til frambúðar. Forsenda varanlegra kjarabóta er stöðug aukning þjóðarframleiðslu og þjóðartekna. Verðbólguþróunin, sem fram undan er, teflir þessum forsendum batnandi lífskjara í tvísýnu."

Hér komum við að ákaflega mikilvægu atriði. Það endurtekur sig sama sagan nú og í fyrri vinstri stjórninni, að þá þreyttust málsvarar Alþb. ekki á að halda því fram, að aldrei hefði almenningur haft betri kjör, haft meiri kaupmátt, lifað við meiri allsnægtir en í tíð þeirrar stjórnar. En menn verða að gera sér grein fyrir, að bæði þá og nú er um falskan kaupmátt að ræða. Það er kaupmáttur, sem að vísu er til aðeins í bili, vegna þess að hann byggist á stórfelldum hallarekstri og lántökum þjóðarinnar út á við. Slíkt getur auðvitað aldrei staðist nema stutta stund. Það er alveg eins og þegar einstaklingur lifir hátt á lánum langt umfram tekjur. Hann telst hafa góð lífskjör, meðan hann er að eyða þessu og sóa, en sú stund rennur upp, að allt hrynur þetta eins og spilaborg. Og hér sannast sem oftar það, sem í fjallræðunni segir um hyggna manninn, sem byggði hús sitt á bjargi, og hinn óhyggna, sem reisti það á sandi.

Og steypiregn kom ofan og lækir uxu og stormar beljuðu og buldu á því húsi, og það féll, því að það var byggt á sandi, og fall þess varð mikið.

Nú er þetta e. t. v. þeim mun athyglisverðara fyrir þá sök, að hér hefur verið einstætt góðæri það tímabil, sem núv. ríkisstj. hefur verið við völd. Er sama, hvort litið er á árferðið og árgæsku innan lands eða verð á erlendum afurðum okkar, sem aldrei hefur verið jafnhátt og aldrei vaxið jafnört og einmitt á þessum tíma. En það hefur sannast hér sem oftar, að það þarf sterk bein til að þola góða daga, og hæstv. núv. ríkisstj. hefur sýnt það og nú sannað það sjálf með flutningi þessa frv. og grg. þess, að hún hefur ekki þolað þessa góðu daga, hún hefur því miður sýnt algert andvaraleysi í því að gera nauðsynlegar ráðstafanir, til þess að ekki færi allt úr skorðum.

Nú má spyrja um orsakir þessa ástands, þessarar gífurlegu verðbólgu, sem nú er orðin staðreynd. Stundum er því haldið fram, að orsakanna sé að leita erlendis, það séu hinar miklu verðhækkanir á erlendum varningi, í flestum löndum öðrum sé dýrtíð og verðbólga og verðhækkanir. Það er rétt, að erlendar vörur hafa mjög hækkað og mörg lönd glíma við þessi sömu vandamál. En þegar málið er skoðað, þá sést, að þetta er ekki nema lítill hluti verðbólguvandans. Það sést og sannast m. a. af því, að hér hefur verðbólgan eða dýrtíðin aukist þrisvar til fjórum sinnum meira en er í helstu viðskipta- og nágrannalöndum okkar, svo að notað sé orðalag stjórnarsáttmálans. En það var stefna stjórnarinnar að reyna að sjá svo um, að verðbólga yrði hér ekki meiri en í þessum löndum.

Önnur ástæða, sem stundum hefur verið færð fram, er sú, að efnahagsörðugleikarnir stafi af verulegu leyti af gosinu í Heimaey og þeim hörmungum, sem því fylgdu. Það leit svo út fyrst, eftir að gosið byrjaði í Vestmannaeyjum, að mjög mundi draga úr fiskframleiðslu eyjaskeggja og þess bátaflota, sem þar hefur verið gerður út. En reynslan varð önnur því að fyrir frábæran dugnað Vestmanneyinga tókst að afla á Vestmannaeyjabáta verulegs hluta þess afla, sem áður hafði fengist. Þó að Vestmannaeyjagosið hafi vissulega haft sín áhrif, er hér ekki að finna neina af meginorsökum efnahagsvandans.

Ég held, að það sé fljótlegt að finna, hvar vandinn er. Aðalorsökin er einfaldlega sú, að undir forustu þessarar ríkisstj. hefur þjóðin lifað um efni fram, þjóðarútgjöldin farið langt fram úr þjóðartekjum. Meðal annars, sem hér hefur valdið um, er, að öll grundvallarlögmál efnahagslífsins um jafnvægi hafi verið brotin. Það er lögmál, sem ekki má rjúfa, að þegar atvinnulífið blómgast vel og þarf á miklu vinnuafli að halda, má hið opinbera ekki keppa við atvinnuvegina, reyna að draga frá þeim vinnuaflið, heldur verður þá að sjálfsögðu að láta atvinnuvegina ganga fyrir. Þess vegna er það lögmál, að á slíkum tímum verður að reyna að fresta einhverju af þeim opinberu framkvæmdum, sem ella mundu gerðar og eru æskilegar og nauðsynlegar.

Í grg., sem sendinefnd Alþjóðagjaldeyrissjóðsins samdi hér á s. l. vetri, eftir að hún hafði kannað rækilega þessi mál, — og hæstv. sjútvrh. og iðnrh. röktu úr þessu áliti það, sem þeir töldu, að kæmi þeim vel, — en m. a. bentu þessir sérfræðingar á, að það væri brýn nauðsyn að fresta einhverjum af opinberum framkvæmdum, og komust svo að orði, að það hlyti að mega finna einhverjar framkvæmdir í hinum opinbera rekstri, sem hægt væri að fresta. En ein af orsökum þessa mikla vanda, þessarar miklu bólgu, sem sumir kalla óðaverðbólgu, en er ekki aðeins óð, heldur bandóð nú um þessar mundir, er sú, að þetta lögmál hefur verið brotið. Þess vegna hafa atvinnuvegirnir og ríkisvaldið keppt um vinnuaflið með þeim afleiðingum, sem alltaf koma í ljós, þegar svo stendur á, að kaupgjaldið spennist upp, bæði með launaskriði og með því að menn fá aukagreiðslur eða tekst með samningum að fá meiri kauphækkanir en atvinnurekstur og þjóðfélagið í heild gætu borið, eins og glögglega kom fram í ræðu hæstv. forsrh., að hafi verið nú að undanförnu.

Það er ákaflega sorglegt, það er dapurleg staðreynd, þegar athugaður er ferill þessarar ríkisstj. í efnahagsmálum, hversu henni hefur aldrei auðnast að móta sér neina stefnu í þeim málum. Ýmist hefur verið algert stjórn- og stefnuleysi eða um hreinar bráðabirgðaaðgerðir að ræða. Eins og kunnugt er, hafði viðreisnarstjórnin fengið lögfesta verðstöðvun haustið 1970, sem átti svo að falla úr gildi haustið 1971. Þá var núv. ríkisstj. komin til valda, en hún framlengdi þá verðstöðvun, vegna þess að hún taldi sig þurfa að hafa ráðrúm, frá því að hún kom til valda 14. júlí og fram undir áramót til þess að móta stefnuna. Þegar svo áramótin komu, hafði engin stefna verið mótuð. Þá er verðstöðvuninni að sumu leyti aflétt, að sumu leyti urðu breytingar þar á, m. a. að dregið var úr niðurgreiðslum. Síðan líður fyrra missiri þess árs, 1972. En um það leyti sem ríkisstj. hélt upp á ársafmæli sitt, gaf hún út brbl. til þess að reyna að stöðva verðbólguna, brbl. frá 14. júlí 1972, um ýmsar aðgerðir í efnahagsmálum. Skýrt var frá því, að þær væru ákveðnar til bráðabirgða, meðan stjórnin væri að hugsa sitt ráð og skapa varanlega efnahagsstefnu. Og þannig hefur þetta gengið æ síðan, aldrei nein föst tök, aldrei nein heilleg eða skynsamleg stefna.

Hins vegar bar að sjálfsögðu að líta á það sem ljósglætu í þessu myrkviði, að nú fyrir nokkru, eða í marsmánuði, tók hæstv. forsrh. sig til og lét undirbúa tillögur og ítarlegar grg. um þetta efni, og nú hefur árangurinn af því litið dagsins ljós í þessu frv. Það er í fyrsta sinn, sem er þó alvarleg viðleitni til þess að reyna að hemla eitthvað á móti verðbólgunni. Nú kemur það fram, að ef ekki eru gerðar sérstakar ráðstafanir, hækki framfærsluvísitalan — og gerði það um síðustu mánaðamót — um 17%. Hins vegar hækkar kaupgreiðsluvísitalan nokkru minna 1. júní, þó að hún byggist á þessum 17%, — hækkar nokkru minna vegna þess, að sum atriði, eins og t. d. hækkun söluskattsins um 4% nú nýlega, koma ekki inn í kaupgreiðsluvísitöluna og fleiri atriði, sem ég skal ekki rekja.

Nú er það einkennilegt, að þegar fyrri vinstri stjórnin fór frá, þá voru það 17 stig, sem urðu henni svona óþægileg. Það voru 17 stig þar, sem

þáv. forsrh. sagði, að væru að skella yfir og þar með geigvænleg verðbólga, sem mundi verða óviðráðanleg, ef ekki yrði að gert. Þessu lýsti hann yfir á Alþ. í byrjun des. 1958. Nú er það að vísu öllu meira, það eru ekki 17 stig, heldur 17%.

Þegar fyrri vinstri stjórnin var lögst á sína banasæng og lærðir menn voru að þjónusta hana, komst einn áhrifamaður í ríkisstj. svo að orði, að því er sagt er: Er þá ekkert til nema gömlu íhaldsúrræðin? Vissulega rifjast þetta upp nú aftur. En það, sem átt er við með þessum gömlu „íhaldsúrræðum", er auðvitað það, að vinstri stefnan, ef stefnu á að kalla, hafði beðið skipbrot, og með þessum íhaldsúrræðum var átt við skynsamlega fjármála- og efnahagsstefnu. Nú eru víðast hvar í löndum, þar sem menn vilja stefna að jafnvægi í efnahagsmálum, nokkur lögmál, sem eru í rauninni algild og alls staðar eru notuð, og þessi úrræði miða auðvitað fyrst og fremst að því að koma í veg fyrir, að slíkt ástand geti skapast eins og nú er hér á landi.

Þegar menn nú tala um verðbólguna hér, er því haldið fram til varnar, m. a. í gærkvöld af sumum málsvörum ríkisstj., að hér hafi alltaf verið verðbólga, þessi sé ekkert verri en hver önnur, heldur sé hún, eins og hæstv. iðnrh. komst að orði, velmegunarvandi og framkvæmdagleði. Því er haldið fram, að hér hafi alltaf verið í rauninni meira og minna óviðráðanleg verðbólga. Þetta er ekki rétt. Íslendingar hafa sýnt það á stundum, að þeir hafa getað stöðvað verðbólguna og komið á jafnvægi í búskap sínum inn á við og út á við, og gleggsta dæmið um það er tímabilið, sem hófst snemma árs 1960 með hinum víðtæku aðgerðum viðreisnarstjórnarinnar og þáv. þingmeirihluta. Þá var tekið á málunum þannig, að allir meginþættir atvinnu- og efnahagslífsins voru skoðaðir, rannsakaðir og gerðir í þeim ákveðnar tillögur og aðgerðir. Þetta bar þann árangur, að í a. m. k. 3 ár: 1960, 1961 og 1962, var hér á jafnvægi í efnahagsmálum. Þá tókst að koma jöfnuði á viðskipti okkar við útlönd. Við fengum hagstæðan greiðslujöfnuð, fórum í fyrsta sinn um langan aldur að safna gjaldeyrisforða. Verslunin var gefin frjáls, og full atvinna var í landi. Allar hrakspár reyndust rangar hjá stjórnarandstæðingum þá um, að þessi stefna mundi leiða til atvinnuleysis. Ég nefni þetta hér m. a. vegna þess, að þegar þarf að ráða fram úr þeim vanda, sem nú er og að ýmsu leyti svipar til þess vanda, sem fyrri vinstri stjórnin skildi eftir sig, þá er vissulega nauðsynlegt að hafa í huga, hvernig hinar ýmsu aðgerðir frá 1960 reyndust. Ég skal ekki halda því fram, að þær hafi allar reynst vel, en í meginatriðum reyndust þær svo, að hér var sæmilegt jafnvægi á í efnahagsmálum í nokkur ár.

Það frv., sem hér hefur verið lagt fyrir, er allítarlega rakið í grg. frv., bæði hinum almennu aths. og aths. við einstakar gr., og hæstv. forsrh. hefur einnig rakið meginatriði þess í framsöguræðu sinni. Ég vil minnast á nokkur þessara atriða, og er þá fyrst að nefna 1. gr. frv., sem fjallar um verðstöðvun, eins og sumir kalla, en hæstv. forsrh. hefur af ásettu ráði ekki notað það orð, heldur verðhemlun, af þeirri einföldu ástæðu, að það er útilokað, að hægt sé að stöðva allar verðhækkanir nú á næstunni. Til þess liggja margar ástæður. Bæði er það, að verðhækkanir eru á erlendum vörum, nauðsynjavörum og hráefnum og því, sem atvinnuvegirnir þurfa á að halda, og verð innanlands verður auðvitað að hækka í samræmi við hækkun erlendis. Ýmsar aðrar ástæður geta þar komið til greina, þannig að hér er viðurkennt, að geti ekki orðið um algera verðstöðvun að ræða, en hins vegar hemlun, til þess að leyfa þær hækkanir, sem telja má óhjákvæmilegar.

Nú er að vísu þess að geta um 1. gr. frv., að í rauninni eru allar þær heimildir, sem hún hefur í sér fólgnar, fyrir hendi í gildandi lögum. Í rauninni eru allar vörur og öll þjónusta hér á landi háð verðlagseftirliti, annaðhvort hinum almennu lögum um verðlagsákvæði, sem heyra undir verðlagsnefnd, eða þá heyrir undir einstök rn., þannig að efnislega eru raunar allar þessar heimildir í gildandi lögum. En í sambandi við þessi verðlagsmál vil ég taka það fram, að það hefur komið fyrir áður, að beitt hafi verið slíkri verðstöðvun eða verðhemlun um tíma. En slíkt má eingöngu gera um stuttan tíma, meðan verið er að undirbúa varanlegri aðgerðir, vegna þess að slíkar ráðstafanir leiða alltaf til þess, ef þær standa nema stuttan tíma, að verða fjötur um fót atvinnurekstrinum og eðlilegri þróun hans. Hins vegar vil ég í þessu sambandi nefna það, og það er óhjákvæmilegt að gera, að núgildandi skipulag verðlagsmála og verðlagsákvarðanir er gersamlega úrelt, og flestar, ef ekki allar nágrannaþjóðir okkar hafa fyrir löngu afnumið slíkt. Þessi verðlagsákvæði eru ekki aðeins úrelt, heldur eru þessar reglur að ýmsu leyti skaðlegar. Það meginsjónarmið t. d. að miða álagningu vöru við ákveðna prósenttölu verður til þess og hefur oft orðið til þess sannanlega, að ekki hafa verið notuð eins og skyldi hin hagkvæmustu innkaup á réttum tímum erlendis. Þetta vita allir, sem eitthvað hafa fylgst með þessum málum. Eitt af því, sem þarf áður en langt um líður, að taka til gagngerrar endurskoðunar, er allt þetta verðlagsskipulag, og ég held, að þar getum við bæði haft hliðsjón af okkar eigin reynslu og reynslu ýmissa annarra þjóða, sem hafa lagt inn á aðrar brautir til þess að reyna að hafa hemil á verðlagi. Þar er í stórum dráttum sú stefna yfirleitt í okkar nágrannalöndum, að verðlagning sé frjáls, það sé meginstefnan, en að ríkisvaldið hafi eftirlit, fylgist með og hafi heimild til þess að grípa í taumana, ef upplýsist, að þetta frelsi er misnotað. Þetta skipulag hefur, að ég ætla, reynst í öðrum löndum miklu betur en það skipulag, sem við eigum við að búa. Hins vegar má segja, að þetta sé framtíðarmál, og ég geri ráð fyrir því, að þegar nú þarf að gera bráðabirgðaráðstafanir til þess að hamla gegn verðbólgunni og því risastökki, sem kaupgreiðslu-vísitalan mun taka 1. júní, sé verðstöðvun nú eins og áður eitt af því, sem kemur til greina, en ég vil undirstrika: aðeins um stuttan tíma.

Í 2. gr. frv. er fjallað um niðurgreiðslur, og þar er skýrt frá því, eins og stjórnarandstaðan benti á í umr. um fjárl., að í fjárl. vantaði um 600 millj. til þess að halda áfram þeim niðurgreiðslum, sem þá voru. Því var hins vegar haldið fram af stjórnarflokkunum, að það ætti að

draga úr niðurgreiðslum, sem þýddi það, að ýmsar nauðsynjavörur mundu hækka. Ef þetta hefði verið framkvæmt, að minnka niðurgreiðslurnar sem þessu svaraði, hefði kaupgreiðsluvísitalan hækkað væntanlega um tvö stig. Nú er það athyglisvert, að í grg. þessa frv. segir, að úr þessu verði að bæta. Það á að halda niðurgreiðslum óbreyttum, og ríkissjóður á að verja þessum 600 millj., sem stjórnin taldi ekki ástæðu til að taka inn í fjárl. fyrir áramótin. Það verður að halda þessu áfram, því að annað kæmi harðast niður á hinum tekjulægri. Nú hafa stjórnarherrarnir uppgötvað, að sú lækkun á niðurgreiðslum, sem þeir höfðu ákveðið fyrir jól, komi harðast niður á hinum tekjulægri.

Nú er ætlunin samkv. 2. og 3. gr. frv. að auka niðurgreiðslur. Vissulega eru auknar niðurgreiðslur alltaf í sambandi við bráðabirgðaaðgerðir til að afstýra miklum efnahagsvanda eitt af því, sem kemur til greina. En vitanlega er það mjög varhugavert, sumpart vegna þess, að miklar niðurgreiðslur skekkja verðlagsgrundvöllinn, verðlagið í landinu, oft og tíðum óeðlilega og eru þá ekki framleiðendum t. d. í landbúnaðarvörum, alltaf í hag. Annað er það, að niðurgreiðslur kalla á miklar skattaálögur. Þetta er hins vegar nú eins og áður eitt af þeim atriðum, sem til greina koma, þegar ráða þarf til bráðabirgða bót á miklum vanda.

Í 3. gr. er svo fjallað um fjölskyldubætur, og þar er um að ræða svipað atriði og um niðurgreiðslurnar, *að þegar fjárl. voru afgreidd þá* vantaði rúmar 200 millj. inn í fjárl. til þess að halda fjölskyldubótunum áfram óbreyttum eins og þær þá voru eða 15 þús. á barn. Fjárl. gerðu ráð fyrir, að þær yrðu lækkaðar í 12 þús. kr. Nú er stjórnin horfin frá þessu og leggur til að verja 209 millj. til viðbótar til fjölskyldubóta, það megi ekki, eins og ákveðið var af ríkisstj. í des., lækka fjölskyldubæturnar vegna þess, eins og segir í grg., að slík lækkun hefði íþyngt barnafjölskyldum sérstaklega. Nú hefur hæstv. ríkisstj. uppgötvað þetta, sem hún sá ekki í des., þegar fjárl. voru afgreidd.

Nú er það að vísu athugandi í sambandi við fjölskyldubæturnar, að samkv. frv. og fjárl. mundu þær verða á þessu ári 1065 millj. Ég tel, að hér megi spara verulegt fé, vegna þess að það er með öllu óþarft að vera að greiða fjölskyldubætur til tekjuhárra manna. Það er fjöldi manna í þessu þjóðfélagi, sem fær fjölskyldubætur úr ríkissjóði án þess að hafa nokkra þörf fyrir þær af efnahagsástæðum. Hér er eitt af því, sem þarf að breyta, og má spara hér verulegt fé fyrir ríkissjóð. Um leið og ég legg áherslu á það, að fjölskyldubætur eiga að halda áfram, e. t. v. aukast til þeirra, sem mest hafa þörfina, til hinna tekjulægri og til þeirra, sem eiga mörg börn, tel ég á sama hátt óeðlilegt að greiða fjölskyldubætur til þeirra, sem ekki þurfa á þeim að halda.

Þá er komið að einni aðalgr. frv., sem er 4. gr., um festingu verðlagsuppbótarinnar. Þar kemur fram, að tilgangurinn er að stöðva sjálfkrafa vixlhækkanir kaupgjalds og verðlags.

Í þessu sambandi er rétt að staldra aðeins við það, sem gerðist 1960. Eitt af atriðunum í viðreisnaráformum þáv. stjórnar, sem var lögfest snemma á árinu 1960, var það að bannað var með lögum, að kaupgjald skyldi fylgja sjálfkrafa verðlags- eða kaupgjaldsvísitölu. Þetta var gert vegna þess, að það vita í rauninni allir, að það er óhugsandi að halda jafnvægi í efnahagslífinu, sem er grundvöllur undir frjálsu athafnalífi, ef þessi skrúfugangur á að eiga sér stað. Ef þetta sjálfvirka kerfi er í einhverju landi, er alveg vonlaust að koma þar á jafnvægi. Fyrr eða síðar springur þetta, og það hefur að sjálfsögðu gerst hér nú.

Nú er það svo, að þeir, sem mest börðust og með mestum stóryrðum mæltu gegn þessu frv. og þessum ákvæðum viðreisnarstjórnarinnar um að taka vísitöluna þannig úr sambandi við kaupgjaldið, bera nú sjálfir fram þetta stjfrv. og telja það grundvallaratriði til þess að stöðva verðbólguna eða draga úr hraða hennar og bjarga efnahagslífinu að taka þetta með lögum úr sambandi. Samræmi er hér ekki ýkjamikið á milli, en það er ekkert einsdæmi í þessu efni.

Varðandi þetta atriði um að banna með lögum að greiða hærri verðlagsuppbót en væri skv. vísitölunni 1. mars vil ég taka það fram, að í grg. frv. á bls. 24—25 eru mjög skynsamlegar athuganir um þetta mál, þar sem gerð er grein fyrir því, að launþegar hafi visst gagn af því, að vísitalan sé stöðvuð, beint eða óbeint. M. a. er bent á þá hækkun búvöruverðs, sem mundi þannig komið í veg fyrir, en mundi ekki fara inn í kaupgreiðsluvísitöluna, og enn fremur, að launþegar þurfi jafnan að bíða eftir verðlagsuppbótum vegna verðhækkana, sem verða milli vísitöludaga. Er það mat sérfræðinganna samkv. grg. þeirra á bls. 25, að þessi atriði gildi til samans milli 5 og 6% launþegum í hag, þ. e. a. s. ef vísitalan yrði stöðvuð, þá hefðu þeir þennan hag, sem mundi verða þeirra tap eða tjón ella. Þetta atriði er auðvitað sjálfsagt að hafa í huga, bæði fyrir launþega og fyrir löggjafarvaldið. Hins vegar verður að leiða hugann að því í sambandi við þetta ákvæði, hvað gerst hefur, frá því að samið var um hinar almennu kauphækkanir í febrúarlok. Það gerðist nefnilega, eftir að launþegar fengu samkv. hinum almenna rammasamningi í kringum 20% kauphækkun, að þá urðu svo miklar verðhækkanir á næstu dögum og vikum á mörgum helstu nauðsynjavörum manna, að í rauninni var á stuttum tíma tekið til baka allt, sem fólkið hafði fengið í kauphækkanir. T. d. bar þetta á góma við hv. 8. þm. Reykv., formann Dagsbrúnar, í sjónvarpsviðtali 1. maí, þar sem hann tók fram, að launþegar, sem hefðu fengið þessar 18—20% kauphækkanir, stæðu nú í sömu sporum og áður hvað sjálft kaupgjaldið snertir. Þess vegna er viðbúið, fyrst mál hafa snúist svo, að þá verði enn viðkvæmara en ella, ef þær uppbætur, sem eiga að koma til að bæta upp þessar miklu verðhækkanir í marsmánuði og eiga að koma 1. júní, verða með öllu af þeim teknar án bóta. Þetta er vissulega atriði, sem þarf líka að skoða vegna þess, hve þetta mál er allt saman óvenjulegt í mörgum greinum.

Hins vegar verður auðvitað að hafa í huga, að fyrir launafólk er verðbólgan stórhættuleg, ekki aðeins á þann veg, sem gerð er svo glögg grein fyrir í grg., sem ég var að lesa upp áðan, heldur á margan annan veg. Þess vegna held ég, að

launþegar séu yfirleitt sammála um það, að verðbólgan sé óvinur þeirra. M. a. gera launþegar sér auðvitað grein fyrir því, að þegar verðbólga er komin á ákveðið stig, þá er hætt við, að hún framkalli atvinnuleysi. Sú er reynslan alls staðar. Eins og mál horfa hér nú, þegar grundvallaratvinnuvegir okkar eru þegar reknir með halla og verða reknir með vaxandi halla, ef ekki er að gert á þessu ári, þá er auðvitað augljóst, að þegar líður á árið, þá hljóta mörg atvinnufyrirtæki að draga saman seglin og hefja uppsagnir starfsmanna. Verðbólga komin á ákveðið stig framkallar atvinnuleysi. Þá er spurningin, þegar sú hætta er fyrir hendi, eins og hún er tvímælalaust nú, til hverra aðgerða sé best að grípa, einnig og ekki síst með hagsmuni hinna fjölmennu launþega í landinu fyrir augum. Sú leiðin, sem hér er bent á, er að láta hækkun kaupgreiðsluvísitölunnar um 13—15 stig ekki koma til framkvæmda 1. júní. Önnur leið, sem áður hefur verið reynd í slíkum tilvikum, er uppbótakerfið, að leggja nýja skatta á almenning og nota fé til að greiða uppbætur á útflutningsvörurnar. Slíkt uppbótakerfi hefur verið reynt hér áður, en flestir voru búnir að sjá slíka regingalla á því, að frá því var horfið, enda var svo komið, þegar uppbótakerfið var í algleymingi, að í rauninni vissi enginn, hvað gengi voru mörg, þau voru einhvers staðar á milli 10 og 20, vegna þess hve mismunandi uppbætur voru greiddar á ýmsar tegundir útflutningsvara. En gagnvart almenningi snýr þetta mál einnig þannig við, að þessi leið þýðir auðvitað auknar álögur á ríkissjóðinn.

Önnur leið, sem farin hefur verið stundum, er að fella gengið, til þess að atvinnuvegirnir geti rétt hlut sinn á þann veg og geti farið aftur að bera sig.

Allar þessar leiðir og öll þessi sjónarmið verður auðvitað að skoða vandlega, áður en endanlegar ákvarðanir eru teknar. Það er því enginn vafi á því, að vitanlega skynja launþegar það vel, að einhverjar ráðstafanir þarf að gera, þegar slíkt ástand er eins og nú er og atvinnuvegirnir og afkoma þeirra í hættu og verulegur háski á því, að til atvinnuleysis geti dregið, þegar líður á árið.

Í þessari sömu gr. frv. er gert ráð fyrir því, að þetta bann við kaupgreiðsluvísitölu skuli þó ekki ná til þeirra tekna, sem eru 36 þús. kr. eða lægri, og er þá gert ráð fyrir, að ríkisstj. hafi ákvörðunarvald um það. Nú er það sjálfsagt, að í sambandi við slíkar ráðstafanir sé gætt sérstaklega hagsmuna hinna lægst launuðu. Hitt er mjög athugandi, hvort á að veita ríkisstj. svo mikið og vandasamt vald eins og hér er gert ráð fyrir. Ríkisstj. er heimilt að ákveða, að greiða skuli hærri verðlagsuppbót en segir í 1. mgr. á grunnlaun, sem lægri eru en 36 þús. kr. á mánuði. Slík verðlagsuppbót yrði ákveðin sem föst krónutala, en ekki sem hlutfall af launum. Ég er ekki viss um, að það væri neinni ríkisstj. keppikefli eða æskilegt fyrir hana að fá slíkt vald í hendur, eins og hér er gert ráð fyrir.

Í 7. gr. frv. er svo það ákvæði að ógilda eða fresta ákvæðum kjarasamninga, þar sem aðilar hafa fengið yfir 20% kauphækkun frá síðustu áramótum. Nú er auðvitað rétt, að mjög illa hefur til tekist í síðustu kaupgjaldssamningum að því leyti, að hinir lægst launuðu hafa orðið verst úti. Þetta er þeim mun undarlegra, þar sem það hefur verið yfirlýst stefna, bæði heildarsamtaka verkalýðsins og ríkisstj., að jafna meira en verið hefur og að hinir lægst launuðu fengju mest. Hins vegar hefur niðurstaðan orðið sú, sem nú er viðurkennt af öllum, að launakerfið hefur orðið ranglátara við þá samninga en var. M. a. komst hæstv. menntmrh. nýlega svo að orði, að meiri ójöfnuður ríkti nú á launamarkaði en áður. Á sama tíma sem þetta gerist, að meiri ójöfnuður er á kominn í launagreiðslum í landinu heldur en áður, þá heldur hæstv. iðnrh. áfram að stagast á því, bæði hér á Alþ. og í fjölmiðlum, að það, sem einkenni þessa ríkisstj., sé félagshyggjan og jöfnuðurinn, sem hún berjist fyrir, — launajafnaðarstefnan og félagshyggjan, — gagnstætt þeirri stefnu, sem fyrrv. ríkisstj., viðreisnarstjórnin, hafði haft. Menn kunna að spyrja: Hvernig stendur á því, að allt hefur gengið svo úr skorðum? Skýringin er ákaflega einföld. Skýringin er fyrst og fremst þenslan í atvinnulífinu, og raunar kemur það glöggt fram í grg. frv., að þetta sé ein af meginástæðunum fyrir því, að svo hefur til tekist. Það, sem hefur raunverulega gerst, er, að vegna aðgerðaleysis ríkisstj. í því að reyna að koma á jafnvægi á vinnumarkaðinum, vegna þess að eftirspurnin hefur verið allt of mikil og kapphlaupið um vinnuaflið, hefur sumum stéttum, þar sem vantar vinnuafl og þar sem slegist er um hvern starfsmann, tekist einmitt vegna þessarar þenslu, vegna þessa efnahagsástands að fá miklu meiri kjarabætur en verkamenn og ófaglærðir menn almennt eða opinberir starfsmenn. M. ö. o.: þegar leitað er að skýringu, þá er augljóst, að orsökin fyrir þessu aukna misrétti og aukna ójöfnuði er stjórnleysi ríkisstj. í efnahagsmálum. Þess vegna fer það heldur illa í munni hæstv. iðnrh., þegar hann annars vegar talar um félagshyggju sína og launajafnaðarstefnu, en ber sjálfur ábyrgð á því, að þetta hefur tekist svo óhöndulega, að ójöfnuður í þessum efnum hefur ekki, a. m. k. um mjög langan aldur, verið meiri en nú. Það misrétti, sá ójöfnuður er ekki síst á hans ábyrgð.

En varðandi þetta ákvæði um að ógilda þau samningsákvæði, þar sem stéttarfélög hafa fengið yfir 20% kauphækkanir, þá er varhugavert að ógilda samninga, sem þegar eru komnir í gildi að þessu leyti, þó að hitt beri að viðurkenna, sem hæstv. forsrh. benti rækilega á í ræðu sinni, að hér hefur tekist mjög illa til og hér hefur komið að ýmsu leyti ranglæti í stað réttlætis. M. a. hlýtur sú spurning að vakna: Er þetta framkvæmanlegt í okkar þjóðfélagi eins og ástandið er nú? Halda menn, þó að þetta lagaákvæði yrði samþ., að því yrði fylgt? Ég held ekki. Ég held, að meðan þenslan er eins og hún er nú, og því miður virðist þetta frv., þótt samþ. yrði, ekki draga nándar nærri nægilega úr ofþenslunni, — ég held, að meðan ástandið er eins og nú er, mundi þetta ekki verða framkvæmt, heldur mundu þeir, sem hafa fengið þessi hærri laun, krefjast þeirra eftir sem áður, hóta að fara úr vinnunni ella. Það, sem hér munaði, mundi verða greitt undir borði. Ég held,

að í meginatriðum mundi þetta verða óframkvæmanlegt. Hver er þá árangurinn? Árangurinn yrði fyrst og fremst aukin skattsvik, vegna þess að þessar greiðslur, sem þannig væru orðnar ólöglegar, mundu auðvitað ekki verða taldar fram til skatts. Þetta mundi auk þess verða ákaflega vandasamt í framkvæmd, og tel ég, að hér sé í rauninni um varhugavert ákvæði að ræða.

Næsta atriðið, sem ég vildi nefna, er 8. gr. frv. Hún er um lækkun fjárveitinga úr ríkissjóði, þ. e. a. s. lækkun fjárl. um 1500 millj. kr. Þetta er ákaflega athyglisverð till. Hún er m. a. athyglisverð að því leyti, að hún er ein af mörgum viðurkenningum þess, að stjórnarandstaðan hafi haft rétt fyrir sér. Hvað eftir annað á stjórnarferli þessarar ríkisstj. höfðu sjálfstæðismenn lagt til, að heildarútgjöld fjárl. yrðu ekki eins há og þau eru nú orðin. Í rauninni er öllum ljóst, að hækkunin hefur verið úr öllu hófi, þar sem ríkisútgjöldin hafa nær þrefaldast á tæpum þremur árum, og m. a. fluttum við till. nýskeð á Alþ. um að lækka útgjöld ríkisins í ár um 1500 millj. kr. og ríkisstj. yrði falið það í samráði við fjvn., eins og skýrt var tekið fram í grg. frv. Þegar þessi till. lá hér fyrir, var af hálfu stjórnarsinna mælt eindregið á móti henni, talin óframkvæmanleg, út í hött, ábyrgðarleysi o. s. frv. Svo gerðust þau undur við atkvgr. hér, að hæstv. forsrh. ómerkti allt þetta hjal og greiddi atkv. með till. okkar sjálfstæðismanna. Og nú hefur verkið verið fullkomnað með því að taka þetta upp í sjálft stjfrv., sem er þó víst ekki stjfrv., eða a. m. k. greinir stjórnarliða á um það. Ég held, að ég verði að halda mig við það orðalag, sem hæstv. forsrh. notar, að telja þetta stjfrv.

Vitanlega er það framkvæmanlegt að draga úr ýmsum útgjöldum ríkisins, og ríkisstj. sjálf hefur staðfest þetta sjónarmið, ekki aðeins með þessu frv., heldur einnig með till. sínum um vegamál, nú nýskeð vegáætlun, þar sem hún sjálf leggur til og telur óhjákvæmilegt að lækka fyrirhugaðar vegaframkvæmdir um milli 40 og 50% á næsta ári. Í rauninni er með þessu búið að viðurkenna allt, sem við sögðum bæði um þörfina á því að lækka útgjöld ríkissjóðs og að það væri framkvæmanlegt og hægt að gera það.

Þetta er atriði, sem að sjálfsögðu er virðingarvert, að snúa þannig við blaðinu og þurfi í rauninni að vinna að því að lækka útgjöldin meira en hér er gert ráð fyrir.

Þá er í 10.—12. gr. frv. ákvæði um skyldusparnað, 4%. Vekur það nokkra athygli, að hér er talað um 4% skyldusparnað, þegar það er haft í huga, að hæstv. ríkisstj. lagði til og samdi um það á löngum fundum á Loftleiðum í vetur við verkalýðssamtökin að lækka hámark tekjuskattsins úr 44% niður í 40%. Nú virðist, að eigi að ná þessum 4% bakdyramegin með skyldusparnaði. En hvað sem um skyldusparnað almennt má segja, er athyglisvert, að þessi skyldusparnaður mundi annars vegar kosta mikla vinnu, kostnaðarsama vafalaust, en á þó ekki að skila á þessu ári í ríkissjóð nema 100—120 millj. kr. samkv. grg. frv., og sumir telja, að þetta mundi ekki skila meiru en um 100 millj. Það er mjög hæpið að leggja út í slíkt fyrirtæki, eins og þessi almenni skyldusparnaður er, þegar ekki er meira, sem hann á að skila, þessi upphæð.

Varðandi ákvæðin í 13.—16. gr. frv. um skyldu lífeyrissjóða og annarra til þess að kaupa opinber skuldabréf eða verðbréf fyrir 35% af ráðstöfunarfé sínu, þá held ég, að þar sé farið út á mjög varhugaverða braut. Það er auðvitað eðlilegt, að lífeyrissjóðirnir taki verulegan þátt í því að fjármagna ýmsar þarfir hins opinbera. Flestir lífeyrissjóðanna hafa þegar af fúsum vilja samið um 20% af sínu ráðstöfunarfé til slíkra kaupa. Ég held, að það sé rétt að vara mjög við því að ætla að fara að skipa þessum málum svo með lögum og skylda þá til að kaupa miklu meira en náðst hefur með frjálsum samningum. Ég hef ástæðu til að ætla, að a. m. k. stjórnir sumra lífeyrissjóðanna muni ekki láta sér það lynda, heldur láta á það reyna fyrir dómstólum, hvort slíkt væri heimilt samkv. stjórnarskrá landsins. En hvað sem því líður, þá eru aðilar lífeyrissjóðanna svo margir og binda svo miklar vonir við lífeyrissjóðina, að þetta er mjög hæpið. Ég tel, að hér þurfi fyrst og fremst að reyna samningaleið.

Varðandi 17. gr. frv. er gert ráð fyrir allsherjarendurskoðun af hálfu Seðlabanka Íslands, Framkvæmdastofnunar og ríkisstj. á vöxtum. Er auðvitað æskilegt og nauðsynlegt, að hér fari fram samræming á vöxtum og endurskoðun þeirra, þar sem þeir eru nú óraunhæfir.

Ég hef minnst á þessi atriði úr frv. og vil svo aðeins bæta því við, að það er margt, sem vantar í þetta frv., sem nauðsynlegt er til þess að reyna að vinna gegn þenslunni eða draga úr henni. Mér virðist t. d., að ekki séu gerðar nægar ráðstafanir til þess að draga úr þenslunni eins og vera þyrfti, og líka vafasamt, að þessar ráðstafanir, jafnvel þó að allar væru samþykktar, mundu nægja til þess, að atvinnureksturinn, okkar aðalatvinnurekstur, yrði rekinn hallalaust.

Ég skal svo að lokum aðeins minnast á nokkur atriði, sem nauðsynlegt er að hafa í huga og vinna að, bæði þegar við skoðum aðgerðir til bráðabirgða og varanlegar aðgerðir í efnahagsmálum. Auðvitað er eitt fyrsta atriðið, kannske meginatriðið, að tryggja öllum fulla atvinnu í landinu. Við þurfum að tryggja jöfnuð í viðskiptum okkar út á við, eins og viðreisnarstjórnin stefndi að og tókst þegar á fyrsta ári að gera. En þar horfir nú ákaflega óvænlega, þar sem spáð er eins stórkostlegum halla, bæði á vöruskiptajöfnuði og greiðslujöfnuðinum í heild, og nú er. Við þurfum að stefna að því að safna myndarlegum gjaldeyrisforða, sem er okkar varasjóður, ef illa gengur. Sá gjaldeyrisforði, sem við áttum í ársbyrjun, er lágmark, þyrfti að vera hærri. En nú horfir svo á þessu ári sem muni ganga mjög á hann og hann verði kannske, þegar árið er á enda, ekki nema helmingur eða þriðjungur af því, sem hann var í ársbyrjun. Myndarlegur gjaldeyrisforði er bæði nauðsynlegur til þess að mæta áföllum, aflabresti, verðfalli, ef til kemur, en ekki síst er hann nauðsynlegur til þess að skapa okkur lánstraust erlendis. Þá verður auðvitað á hverjum tíma að skrá gengi krónunnar rétt, og verður þá að sjálfsögðu að miða við rekstur og afkomu aðalútflutningsatvinnuvega okkar. Það er engum til góðs að skekkja gengi krónunnar. Við höfum haft reynslu af því, Íslendingar, hvað eftir ann-

að, að gengið hefur verið skráð rangt, og reynt að fela það með ýmiss konar verðlagsuppbótum eða hallarekstri. Slíkt kann ekki góðri lukku að stýra, og verður að vera meginatriði í okkar efnahagsstefnu, að gengið sé á hverjum tíma skráð rétt. Við þurfum auðvitað að viðhalda og helst auka það frjálsræði í milliríkjaviðskiptum, sem viðreisnarstjórnin kom á á sínum tíma. Það þarf eins og ég gat um áðan að endurskoða allt verðlagskerfið og koma því á heilbrigðari grundvöll. Það þarf að lækka heildarskattbyrðina í landinu, sem er allt of þung nú, og hefur hlutfallstala hennar farið mjög vaxandi á síðustu árum. Það þarf að draga verulega úr beinum sköttum, og það þarf að koma hér á staðgreiðslu skatta, en það síðast nefnda, staðgreiðslan, er einmitt mjög þýðingarmikill liður í efnahagskerfinu og efnahagsráðstöfunum á ýmsum tímum. Sérstaklega gæti það verið mjög mikilvæg aðgerð, ein af mörgum, þegar verðbólga er og þensla í þjóðfélaginu, að hér væri komið á staðgreiðslukerfi skatta.

Vitanlega er nauðsynlegt, að atvinnureksturinn í landinu beri sig, og það er hin mesta óheillastefna að ætla með uppbótakerfi eða á annan óheilbrigðan hátt að reyna að halda honum gangandi. Það þarf að örva sparnað, þ. e. a. s. örva sparifjársöfnun fólksins sem mest má verða. Því er spáð í grg. þessa frv., að muni draga mjög úr sparifjársöfnun, þegar líður á árið. Margvíslegar ráðstafanir eru hugsanlegar til að örva sparifjársöfnun. Það má bæði beita þar skattfríðindum og hvatningu til manna að ýmsum leiðum, og ekki síst er það verðtrygging sparifjár, sem hér kemur til greina. Þar vil ég taka mjög undir það, sem bæði hæstv. forsrh. kom inn á og rætt er í grg. frv., að verðtryggja þurfi öll stofnlán. En í sambandi við að örva sparifjársöfnun er auðvitað eitt grundvallarskilyrðið það, að jafnvægi sé í efnahagslífinu og festa, þannig að almenningur hafi trú á því að sparifé rýrni ekki. Ríkissjóður þarf að lækka útgjöld sín þegar í ár og færa niður, og varðandi undirbúning fjárl. fyrir næsta ár þyrfti að koma sér saman um ákveðið þak eða hámark fyrir ríkisútgjöldin, helst í einhverju skynsamlegu hlutfalli við væntanlega þjóðarframleiðslu á næsta ári. Það er enginn vafi á því, að útgjöld fjárl. eru nú í ár og hafa verið hin síðustu ár allt of stór hundraðshluti af þjóðarframleiðslunni, og kemur það vitanlega fram í því, að skattabyrðin í heild er allt of þung. Leiðin í þessu er vafalaust sú, að fyrir fram verði ákveðið af ríkisstj. og Alþ., að útgjöld ríkisins, útgjöld fjárl. á næsta ári megi ekki fara fram yfir einhverja ákveðna upphæð og í þann ramma verður svo fjmrn., hagsýslu- og fjárlagastofnun og fjvn. að fylla án þess að fara yfir þetta hámark.

Það er enn fremur brýn nauðsyn, að ríkissjóður hafi verulegan afgang í líku góðæri eins og verið hefur. Það er ákaflega alvarlegt mál, ef það reynist rétt, sem spáð er í grg. frv., að ríkissjóður geti orðið með verulegan greiðsluhalla á þessu ári, milli 1 og 2 milljarða. Vísitölukerfið verður ekki aðeins að endurskoða, heldur verður skilyrðislaust að afnema það sjálfvirka kerfi, sem við eigum nú við að búa. Gerð kjarasamninga og öll vinnubrögð þar þarf að endurskoða Ég held, að öllum almenningi og ekki síst launþegasamtökunum hafi orðið það ljósara nú en áður eftir þau alvarlegu mistök, sem orðið hafa og hér hefur verið lýst rækilega. En allt miðar þetta auðvitað að því að tryggja fulla atvinnu, framfarir og hagvöxt í landinu. En grundvallarskilyrði þess, að svo megi verða, er auðvitað, að við völdin sé ríkisstj., sem hefur traust almennings, en ekki eins og nú er, að almenningur beri ekkert traust til hennar, og það vantraust er fyllilega réttmætt miðað við reynsluna undanfarin ár af aðgerðaleysi hennar í sambandi við verðbólguhættuna.

Varðandi þetta frv. í heild vil ég segja það, að vitanlega eru, eins og komið hefur fram í ræðu minni, ýmis atriði þar, sem eru mjög til athugunar, önnur, sem ekki er hægt að fallast á. En það er ljóst, að gagnslaust er að gera þær ákvarðanir og veita þær heimildir, sem í frv. felast, meðan núv. ríkisstj. situr að völdum.

Sjútvrh. (Lúðvík Jósepsson): Herra forseti. Í umr. þeim, sem fóru fram á hv. Alþ. í gærkvöld, gerði ég í örfáum orðum grein fyrir þeirri sérstöðu, sem við Alþb.-menn höfum í sambandi við það stjfrv., sem hér liggur fyrir. Ég sagði, að við áskildum okkur rétt til þess að flytja og fylgja brtt., sérstaklega við þær gr. frv., sem snerta launagreiðslu og vísitölumál, og um niðurgreiðslur vöruverðs. Ég sagði, að við teldum, að frv. ætti að geta orðið eðlilegur grundvöllur til samkomulags á Alþ. með vissum breytingum og við legðum mesta áherslu á, að launakjör hinna lægra launuðu verði ekki skert og að takast megi að stöðva verðhækkunarskrúfuna og tryggja fulla atvinnu.

Sá fyrirvari, sem við vildum, að tekinn yrði fram um okkar afstöðu, varðar sem sagt fyrst og fremst 4. gr. frv., sem fjallar sérstaklega um vísitölumálið, og þá þar af leiðandi um leið 5. gr., sem fjallar um landbúnaðarmál og er nátengd, 6. gr., sem er um bindingu fiskverðs, 7. gr., þar sem sérstaklega er fjallað um það, hvernig með skuli fara þá launasamninga, þar sem grunnlaunahækkunin var meiri en sem nemur 20%, og svo 9. gr. frv., en það eru sérstaklega ákvæðin um niðurgreiðslu á vöruverði.

Það er enginn vafi á því, að sá vandi, sem við stöndum nú frammi fyrir í efnahagsmálum, snýst öðru fremur um það, hvernig skuli fara með þá hækkun á kaupgjaldsvísitölu, sem sýnilegt er, að verða muni 1. júní n.k. og aftur 1. sept. að hausti. Eins og fram hefur komið í umr. hér, er reiknað með því, að kaupgjaldsvísitalan muni hækka 1. júní n.k. um 13—15%, og ef sú hækkun verður látin ganga yfir án aðgerða, mundi kaupgjaldsvísitalan aftur hækka sennilega um 7—8% eða jafnvel meira 1. sept. Það eru afleiðingarnar af þessum hækkunum, sem fyrst og fremst þarf að glíma við. Og ég held, að allir hljóti að verða sammála um, að það þarf í rauninni að koma í veg fyrir það, að þessar hækkanir gangi yfir og út í efnahagskerfið. En þá kemur að sjálfsögðu upp spurningin um það, hvernig hægt er að komast hjá því, að þessar hækkanir gangi út í efna-

hagskerfið, með hvaða ráðum er hægt að koma í veg fyrir þessar hækkanir, þannig að launafólk í landinu almennt geti unað við þær ráðstafanir.

Það er skoðun okkar Alþb.-manna, að það ætti að vera hægt að greiða niður vöruverð fyrir 1. júní, þannig að vísitalan ætti að lækka um 8—9%. Þessir möguleikar eiga að verða til með því að samþykkja 8. gr. frv., en þar er gert ráð fyrir heimild til að skera niður útgjöld á fjárl. um 1500 millj. kr. En við teljum, að það, sem sparast við þann niðurskurð, eigi fyrst og fremst að nota til dýrtíðarráðstafana, til þess að draga úr þeim mikla vanda, sem hér er við að glíma.

Í öðru lagi teljum við, að það þurfi að nota þá heimild, sem er að finna í 4. gr. frv. um það, að greiða skuli sérstakar fastar bætur til þeirra, sem eru lægst launaðir, þannig að þeir þurfi í rauninni ekki að tapa neinu teljandi í launakjörum sínum. Það veltur því mjög mikið á því, hvernig staðið verður að framkvæmdum í þessum efnum, hver sá vandi er fyrir hinar almennu launastéttir í landinu, sem hér er um að ræða. En við undirstrikum það sem okkar skoðun, að það þarf að ná því marki, að kaupgjaldsvísitalan verði almennt séð ekki hærri eftir 1. júní en hún er nú í dag.

Í 7. gr. frv. er gert ráð fyrir því að fresta fram til 1. des. þeim grunnlaunahækkunum, sem reynast vera umfram 20% hækkun á grunnkaupi og samið hefur verið um á þessu ári. Eins og hefur komið fram í þessum umr., er enginn vafi á því, að slíkar grunnkaupshækkanir hafa átt sér stað í ýmsum tilvikum, og verður að telja mjög eðlilegt, að þeim umframhækkunum sé frestað, á meðan er verið að gera ráðstafanir til þess að hafa að öðru leyti áhrif á gerða launasamninga, fremur til lækkunar en hitt í næstum öllum tilfellum. En því er ekki að neita, að það er mjög erfitt eflaust að standa að framkvæmd þeirra ákvæða, sem er að finna í 7. gr. frv. Deilur verða eflaust um það, hvað telst vera grunnkaupshækkun í mörgum þessum tilvikum, og ég býst við því líka, að það muni mæta allharðri andstöðu þeirra, sem þarna eiga einkum hagsmuna að gæta, og getur orðið vafasamt, hvort tekst að ná því marki, sem að er stefnt með ákvæðum í þessari grein. Við viljum því fyrir okkar leyti huga vel að því, hvort rétt er að halda sig við þessa gr. óbreytta eða hvort ætti að sníða henni nokkurn annan búning, þ. e. a. s. banna allar verðhækkanir umfram það, sem nemur 20% almennri grunnkaupshækkun, þ. e. a. s. þeir vinnuveitendur, sem samið hafa um eða semja um meiri grunnkaupshækkun en sem nemur 20%, verði þá sjálfir að standa undir þeim vanda að gera slíka samninga, en fái ekki að framselja það út í verðlagið. Þá verða þeir eflaust að standa frammi fyrir því, sem þeir hafa gert. En það er enginn vafi á því, að í einhverjum tilvikum gæti þarna risið upp einhver vandi. Þá viljum við einnig leggja áherslu á það, að reynt sé að hafa samráð við samtök vinnumarkaðarins, bæði verkafólks og atvinnurekenda og þessar samningaviðræður hafa þegar verið teknar upp. En við leggjum mikla áherslu á að reyna að skapa eins mikinn frið um þessar ráðstafanir við þessa aðila og mögulegt er. Þess er auðvitað helst að vænta, að slíkur friður fáist, ef haft er fullt samráð við þessa aðila.

Þessi atriði, sem ég hef nú tekið fram, eru meginatriðin í þeim viðhorfum, sem við höfum til þessa frv., en erum að sjálfsögðu samþykkir öllum meginatriðum frv., þó að við viljum taka þátt í viðræðum við aðra um að gera á þessum greinum einhverjar breytingar.

Hér hafa orðið talsverðar umr. um stöðuna í efnahagsmálum almennt, eins og eðlilegt er, þegar till. liggja fyrir um jafnvíðtækar ráðstafanir í efnahagsmálum og hér er raunin á. Mig langar til að fara nokkrum almennum orðum um það ástand, sem við búum við í efnahagsmálum.

Ég held, að sá vandi, sem við er að glíma í okkar efnahagsmálum nú, sé aðallega tvíþættur. Annars vegar er það, að nokkur lækkun hefur orðið á allþýðingarmiklum útflutningsvörum okkar, á verði þessara útflutningsvara á heimsmarkaði. Þær lækkanir, sem þar er um að ræða, eru þó ekki mjög veigamiklar enn. Hér er fyrst og fremst um að ræða nokkra lækkun á fiskblokk, sem seld er á Bandaríkjamarkað, en enn sem komið er höfum við ekki selt nema sáralítið af okkar framleiðslu á þessu verði. Annar frosinn fiskur, sem við framleiðum og seljum inn á þennan markað í mjög ríkum mæli, hefur ekki lækkað enn sem komið er. Þá hefur einnig það gerst, að verð á fiskmjöli og loðnumjöli hefur lækkað talsvert frá því hæsta verði, sem við nutum á s. l. ári og nú um s. l. áramót. Verðið á fiskmjöli komst hæst í það að vera um 10 dollarar á verðeiningu, en nú hefur átt sér stað nokkur sala á 6.50 dollara verðeiningu Hér er að sjálfsögðu um allverulega lækkun frá hæsta verði að ræða, en þó er hér um mjög verulega hækkun að ræða frá því verði, sem við höfðum fyrir þessa vöru á s. l. ári. En við höfum, eins og ég hef sagt, ekki selt nema lítinn hluta af framleiðslu okkar á þessu lága verði, en hins vegar selt fyllilega jafnmikið á því hæsta verði, sem fékkst fyrir þessa vöru. Það er því ekki hægt að segja, að enn sem komið er sé um verulega mikla verðlækkun á okkar útflutningsvörum að ræða, þó að verðlækkunin sé að sjálfsögðu nokkuð tilfinnanleg hjá þeim, sem verða fyrir henni.

Á móti þessum verðlækkunum koma aftur nokkrar verðhækkanir á okkar útfluttu vörum. Það hefur t. d. orðið verðhækkun á saltfiski, mjög veruleg verðhækkun á lýsi og í nýlega gerðum samningi við Sovétríkin um sölu á frosnum fiski var meðaltalsverðhækkunin 48% frá því á s. l. ári. Þessi verðhækkun var auðvitað að langmestu leyti til þess að reyna að hífa það verð upp til jafns við það, sem við höfðum fengið annars staðar hæst. En eigi að síður gildir þessi verðhækkun sem hreinn tekjuauki fyrir þennan útflutning frá því, sem var á s. l. ári. Ég vara því við því fyrir mitt leyti að gera of mikið úr þeim verðlækkunum, sem hafa orðið, og þeim vanda, sem af þessu stafar, þó að ég viðurkenni það fyllilega, að hér er um nokkurn vanda að ræða, sem sérstaklega skellur á okkar frystihúsum. En þá ber líka að gæta, að þessi útflutningur hefur á undanförnum árum byggt sér upp

verulega öflugan stuðningssjóð, sem er Verðjöfnunarsjóður sjávarútvegsins eða fiskiðnaðarins. Þessi sjóður er nú orðinn á 3. milljarð kr., og hann mundi samkv. lögum sínum og reglum taka að sér greiðslur að nokkru af þessari verðlækkun og auðvelt væri að láta hann standa undir þessum vanda að vissu marki. Þá er þess einnig að gæta, að á s. l. ári var skráningu íslensku krónunnar hagað á þann veg, að hún var hækkuð verulega í verðgildi borið saman við dollar frá því, sem verið hafði, og nam mesta hækkunin, sem varð frá aprílmánuði til ársloka, réttum 15%. Þessi hækkun á gengi krónunnar var ákveðin í krafti þess, að útflutningsverð á okkar helstu útflutningsafurðum var hátt og talið var, að okkar útflutningsframleiðsla þyldi þessa gengishækkun. Síðan um áramót hefur hins vegar gengi krónunnar fallið miðað við dollar um nærri 6%. Það hefur alltaf legið skýrt fyrir, að ef hið háa útflutningsverð, sem gengisskráningin var miðuð við, félli eitthvað verulega, þá hlyti það einnig að hafa einhver áhrif á skráningu íslensku krónunnar.

Þetta, sem ég hef sagt um þessi atriði, þýðir það frá mínu sjónarmiði, að þó að hér sé vissulega um nokkurn vanda að ræða fyrir okkar þýðingarmiklu útflutningsframleiðslu, þá ber ekki að gera of mikið úr því eða að gripa til einhverra ráðstafana, eins og stundum hefur hent áður, sem eru ótímabærar. Ég minni á það í þessum efnum, að bæði í upphafi ársins 1972 og aftur í upphafi ársins 1973 var hlaupið til þess að gera ráðstafanir, sem ekki áttu þá rétt á sér, miðað við þá þróun, sem síðar varð.

Þá er einnig þess að gæta, að afkoma okkar helstu útflutningsatvinnugreina var sérstaklega hagstæð á s. l. ári. Það er t. d. mat hagrannsóknadeildar Framkvæmdastofnunar ríkisins, að afkoma sjávarútvegsins hafi orðið betri á s. l. ári en um langan tíma áður. Í skýrslu hagrannsóknadeildar um þessi efni segir m. a. orðrétt á þessa leið:

„Ef rekstraráætlanir hagrannsóknadeildar fyrir helstu greinar sjávarútvegsins á árinu 1973 eru dregnar saman, fæst sú niðurstaða, að vergur hagnaður fyrir skatta og afskriftir á almanaksárinu verði að líkindum nálægt 2 300 millj. kr., samanborið við rúmar 800 millj. kr. á árinu 1972.“ Og síðar segir: „Á hvaða kvarða sem mælt er, virðist hagur sjávarútvegsins á árinu 1973 með því besta, sem gerst hefur.“

Á því er enginn vafi, að almenn afkoma sjávarútvegsins og útflutningsgreina hans varð mjög hagstæð á s. l. ári. En á sama tíma og það gerist, að ber á nokkru verðfalli, t. d. á framleiðsluvörum frystihúsanna, þá gerist það í upphafi þessa árs, að ákveðnar eru mjög miklar kauphækkanir, — kauphækkanir, sem í dag munu nema 25—35%, þegar visitöluhækkun á kaupi er tekin með frá 1. mars s. l. Það gefur auga leið, að þegar tekjurnar lækka eitthvað, en útgjöldin hins vegar hækka, ekki aðeins launakostnaður, heldur einnig annar rekstrarkostnaður, þá hallar augljóslega undan fæti. Það er það, sem hefur gerst, og eigendur þessara framleiðslutækja setja af skiljanlegum ástæðum fram sínar kvartanir og sínar kröfur. Ég tel þó, að miðað við allar aðstæður sé ekki ástæða til stóraðgerða fyrir þessar framleiðslugreinar umfram það, sem Verðjöfnunarsjóður fiskiðnaðarins á að taka á sig, og umfram það, sem þegar hefur gerst í gengisskráningarmálum og eðlilegt kann að vera að gerist þar, annað en að koma í veg fyrir þær frekari verðhækkanir, sem hætta er á að skelli yfir og augljóst er, að skella yfir, ef ekki verða gerðar einhverjar ráðstafanir. Það er því fyrst og fremst um það að ræða að mínum dómi, að það þarf að koma í veg fyrir þær verðlagshækkanir, sem mundu skella yfir 1. júní og aftur 1. sept. og síðan koll af kolli, ef ekki eru gerðar viðnámsráðstafanir.

Það eru þessi atriði, sem ég tel, að skipti hér mestu máli, þ. e. að hafa þetta í huga. Afkoma sjávarútvegsins var mjög góð á síðasta ári, betri en nokkru sinni áður. Það verðfall, sem þegar hefur gert vart við sig, er enn sem komið er ekki verulegt, og á að vera hægt að mæta því. Kauphækkanirnar, sem þegar eru komnar fram, eru að vísu talsverðar og þannig, að vissar greinar þar mundu standa nokkuð höllum fæti. En fyrst og fremst þarf að gera ráðstafanir í þessum efnum til þess að koma í veg fyrir frekari hækkanir.

Það eru þessi atriði, sem ég tel, að skipti hér umr., að dýrtíðarvöxturinn hér hjá okkur væri miklu meiri en í öðrum löndum og hafi verið hartnær 30%, frá upphafi árs 1973 til loka þessa árs. Þetta er rétt. En því er bara gleymt í þessum samanburði, að það er engin leið að bera saman þær verðhækkanir, sem við skráum hér, m. a. í okkar kaupgjalds- eða framfærsluvísitölu, og þær, sem birtar eru í nálægum löndum, og hafa þó hækkanir þar víða orðið mjög miklar. Hvergi í nálægum löndum er hafður sá háttur á í þessum efnum, að sú dýrtíð, sem mæld er, skuli ganga óbrotin svo að segja út í kaupgjald allt og út í verð landbúnaðarafurða á þriggja mánaða fresti, en afleiðingarnar af þessu hljóta skiljanlega að verða þær, að hér snýst upp á vísitöluna með miklu meiri hraða en í nokkru öðru landi. Ef sami háttur hefði verið hafður á hér og t. d. í Vestur-Þýskalandi, Bretlandi eða Svíþjóð, þar sem laun eru alls ekki tengd vísitölu og auðvitað enn þá síður verðlag á landbúnaðarafurðum, þá hefði auðvitað hækkunin á okkar vísitölu orðið allt önnur en raun hefur orðið á. Það er því þetta kerfi, sem við búum við og er kannske ekki einum frekar en öðrum um að kenna, sem gerir það að verkum, að það þýðir ekkert annað en horfast í augu við það, að þegar miklar verðhækkanir ganga yfir, t. d. erlendis, þá hljóta þær að snúa upp á sig í okkar kerfi á þann hátt, sem gerst hefur. Í ljós hefur komið, að meðalhækkun á verði innfluttra neysluvara á s. l. ári var um 26%. Mjög margar vörur, sem hafa mikla þýðingu í okkar almenna rekstri, hafa hækkað langtum meira en þetta. Þannig hefur verð á flestöllum hráefnum til iðnaðar hækkað miklu meira og þar af leiðandi síðan verð á framleiðsluvörum innlenda iðnaðarins. Sama er að segja um verðlag á timbri, járni, fóðurvörum, að maður tali nú ekki um á olíuvörum. Þar hefur verðhækkunin verið miklum mun meiri en þetta. En við Íslendingar erum háðir innflutningi þessara vara í miklu ríkara mæli en flestar aðrar þjóðir. Af þessum ástæðum

hljóta á tímum eins og þeim, sem nú ganga yfir, áhrifin í mældri vísitölu hjá okkur að koma fram í margföldum mæli miðað við það, sem er í nálægum löndum. Og það þýðir ekki að loka augunum fyrir því, að á yfirstandandi ári eru allmiklar líkur til þess, að áhrifin af þessu háa erlenda verðlagi verði jafnvel enn þá meiri en þau voru á s. l. ári. Það hefur verið reiknað út, að þær olíuvörur, sem landsmenn nota, miðað við það magn, sem gert er ráð fyrir, að við notum á yfirstandandi ári, árinu 1974, muni verða um 5 200 millj. kr. dýrari en það olíumagn var, sem við notuðum árið 1972. Það er augljóst mál, að hér hækkar verð af þessum ástæðum gífurlega mikið og viðskiptakjör þjóðarinnar versna af þessum ástæðum.

Í því frv., sem hér liggur fyrir, er gert ráð fyrir, að ríkisstj. fái allmiklu víðtækari heimildir til þess að ákveða almenna verðstöðvun en nú eru til í lögum og að ríkisstj. fái einnig aðstöðu til þess að fyrirskipa verðlækkun, þegar hún telur þörf á slíku. Ég tel nauðsynlegt að fá þessar heimildir, m. a. vegna þess, að það kerfi, sem við búum við nú varðandi ákvörðun á verðlagi, er svo ófullkomið og er í höndum á svo mörgum aðilum, að það er engin von til þess, að hægt sé að treysta á það, að verðlagi sé haldið niðri með nokkurri hörku, ef þetta kerfi á að ráða, eins og það er nú. Auðvitað er verðstöðvun engin lækning til frambúðar á þeim vanda, sem við er að glíma. En hún getur eigi að síður haft allmikil áhrif, m. a. verður hún til þess að draga nokkuð úr almennum og víðtækum kröfum um verðhækkanir, sem alltaf er látið undan að meira eða minna leyti, og slík verðstöðvun verður auðvitað til þess, að þeir, sem þar eiga hlut að máli, verða að taka á sig nokkurn vanda á stuttu tímabili, þó að þeir eigi eftir að koma seinna og óska eftir verðhækkun til þess að bæta sér upp þau útgjöld, sem þeir hafa orðið fyrir á verðstöðvunartímanum. En verðstöðvunartíminn gefur nokkurt tóm til þess að skoða þessi mál betur og hvernig hægt er að draga úr dýrtíðarvextinum á raunhæfari hátt. Ég tel, að við verðum að nota þetta ráð, eins og flestar aðrar þjóðir hafa gert eða mjög margar, þó að við gerum okkur fulla grein fyrir því, að þetta sé engin varanleg lausn á þeim vanda, sem við er að glíma.

Ég tel, að það ákvæði frv., sem gerir ráð fyrir heimild til þess að lækka útgjöld fjárl. um 1 500 millj. kr., sé eðlilegt miðað við núv. aðstæður. Ef sá sparnaður, sem við það fæst, er notaður til þess að greiða niður verðlag og minnka þann vanda, sem við er að glíma, tel ég þessa ráðstöfun sjálfsagða. En það var vægast sagt að mínum dómi heimskulegt að leggja til slíkan niðurskurð, eins og sjálfstæðismenn lögðu til, og nota hann í því skyni að lækka almenna skattlagningu. Það hefði ekki haft mikil áhrif. Hitt er að mínum dómi gersamlega annað að lækka nokkuð fjárveitingar til ýmiss konar framkvæmda og draga nokkuð úr rekstrarkostnaði ríkisins og opinberra fyrirtækja og nota það, sem þannig sparast, til þess að greiða niður verðlag og koma í veg fyrir eða stöðva þessa verðhækkunaröldu. Það er réttlætanlegt, jafnvel þó að hér sé um að ræða ýmsar framkvæmdir, sem vissulega væri æskilegt, að hægt væri að halda áfram með fullum hraða. Ég tel, að það sé engin frágangssök, svo ríflegu fé sem hefur verið áætlað að verja til margvíslegra framkvæmda, þó að það sé skorið niður um 10—15% á þessu ári, ef því, sem sparast, verður varið á þennan hátt. En hitt hefðu ekki verið hyggindi að mínum dómi að falla frá þessum framkvæmdum og borga þessar fjárhæðir út í minnkandi skattheimtu á þeim tíma, sem kaupmátturinn í landinu er greinilega meiri en hagkerfið ræður við.

Ég hef áður minnst nokkuð á það ákvæði frv., sem snýr að vísitölumálunum. Þar er eðlilega um mjög viðkvæm mál að ræða og þarf að leita eftir samstöðu við verkalýðshreyfinguna um þau ákvæði. Ber vitanlega að halda á framkvæmd þeirra mála á þann hátt, að kaupskerðingin verði eins lítil og mögulegt er. Hins vegar tel ég engan veginn verulegan vanda vera, þó að um nokkra skerðingu á umsömdum launum þeirra, sem eru með meðallaun og hærri en meðallaun, sé að ræða á því tímabili, sem þessi lög eiga að gilda. Ég tel, að laun hjá okkur séu orðin svo há, að þeir, sem þannig er ástatt um, þurfi í rauninni ekki að bera sig illa, þó að þeir verði að sætta sig við minni háttar skerðingu á þessu tímabili. En það ber vissulega að taka tillit til þess að reyna að vernda hag þeirra, sem hafa lægstu launin, og að mínum dómi kemur ekki til mála að ætla að fella niður alla vísitölubætur án gagnráðstafana, því að það yrði til þess, eins og hér hefur verið bent á, að þá væri veruleg hætta á því, að staða þeirra aðila væri verri eftir 1. júní heldur en hún var jafnvel fyrir samningagerðina í lok febrúarmánaða.

Þá er gert ráð fyrir í frv., að bankar, sparisjóðir og lífeyrissjóðir verði skyldaðir til þess að kaupa ríkisskuldabréf fyrir sem nemur 15% af ráðstöfunarfé þessara aðila og lífeyrissjóðirnir auk þess skyldaðir til þess að kaupa ríkisskuldabréf eða önnur hliðstæð bréf fyrir sem nemur 20% af ráðstöfunarfé þeirra, en þar yrði um verðtryggingu að ræða. Þessar ráðstafanir tel ég mjög nauðsynlegar, ef ætlunin er að draga úr þeirri spennu, sem mikið er um talað, og ég verð að lýsa undrun minni á því, að hv. 5. þm. Reykv., Gunnar Thoroddsen taldi sig ekki vera reiðubúinn til þess að fylgja þessum till., þótt hann tæki mjög líklega í margar aðrar, þó að augljóst sé, að útlán bankanna á s. l. höfðu gífurlega mikil áhrif á það að auka spennuna í þjóðfélaginu, þar sem útlánaaukning þeirra varð nokkuð á 8. milljarð kr., og þegar það er einnig haft í huga, að nú er svo komið, að lífeyrissjóðirnir í landinu munu hafa ráðstöfunarfé, sem nemur í kringum 5 000 millj. kr., og þessir aðilar veita þessu fjármagni út til margvíslegrar eyðslu og auka auðvitað stórkostlega á spennuna í landinu. Það virðist því ekki vera nema eðlileg ráðstöfun að kalla eftir því, að þessir aðilar bindi meira af sínu fé til þeirra nauðsynlegu framkvæmda, sem á að standa að hvort sem er, en hafi ekki fullt frjálsræði með ráðstöfun á þessu fé, eins og þeir hafa haft. Ég álít einmitt þessa till. eina þá þýðingarmestu, sem er að finna í frv., til þess að draga úr spennunni í þjóðfélaginu. Þessi ráðstöfun jafnhliða því, að dregið verður úr framkvæmdum á vegum ríkisins, og jafnhliða því, að gerðar verða ráðstafanir til þess að

minnka nokkuð lán fjárfestingarlánasjóðanna, — þessar ráðstafanir miða allar sameiginlega að því að draga úr þeirri miklu spennu, sem óneitanlega hefur verið. En það verða menn að gera sér ljóst, að það er þýðingarlítið að tala um mikla spennu í atvinnulífi þjóðarinnar, ef þeir þora ekki að gera þær einu ráðstafanir, sem koma að einhverju gagni til þess að draga úr þessari spennu. Það er auðvitað enginn vafi á því, að það er ekki hægt að draga úr þessari spennu þannig, að um muni aðeins með því að draga úr framkvæmdum á vegum ríkisins. Þær eru ekki svo miklar, að þær ráði þar öllu.

Þá er gert ráð fyrir því í frv., að teknar verði til endurskoðunar útlánareglur fjárfestingarlánasjóða með það fyrir augum að samræma lánveitingakjör sjóðanna, en nú er þannig ástatt, að ýmsir stofnlánasjóðir lána út allmikið fé með tiltölulega lágum vöxtum og án frekari verðtryggingar, en aðrir stofnlánasjóðir lána hins vegar út næstum allt sitt fé og meira og minna verðtryggt. Þar bendi ég t. d. á Fiskveiðasjóð, sem er með gengistryggingu á öllum sínum lánum, og auk þess aðra verðtryggða sjóði í ýmsum tilfellum. Það er enginn vafi á því, að það verður óeðlileg ásókn í lán hjá hinum fyrrnefndu fjárfestingarlánasjóðum, ef lánareglum þeirra verður ekki breytt eitthvað frá því, sem nú er. Með því að vinna að samræmdum reglum í þessum efnum er líka hægt að hafa áhrif á eftirspurnina eftir lánum og hafa einhver áhrif á það að draga úr hinni miklu spennu.

Þá er í frv. ákvæði um að taka upp nokkurn skyldusparnað. Ég fyrir mitt leyti geri ekki mikið úr þessari till. Hún hefur ekki mikil áhrif. Þó er hér um réttmæta ráðstöfun að ræða. En það hefði í rauninni þurft að ganga allmiklu lengra að mínum dómi, ef ætti að fara inn á þessa braut, og skyldusparnaður mætti gjarnan vera stighækkandi í prósentum, þannig að af hærri tekjunum yrði skyldað að spara enn meira en gert er ráð fyrir í frv. En hér er þó ekki um neitt grundvallaratriði að ræða varðandi frv.

Það, sem ég tel, að gæti náðst með þessu frv., er fyrst og fremst þetta. Það er hægt að framkvæma þau ákvæði, sem heimildir standa til um í frv., til þess að hafa veruleg áhrif á spennuna í atvinnumálum með ákvæðum varðandi banka, sparisjóði og lífeyrissjóði, með reglunum varðandi stofnlánasjóði, og með ákvæðunum um að draga úr ríkisframkvæmdum. Á þennan hátt er hægt að hafa þarna allveruleg áhrif. Þá mundi frv. einnig tryggja það að mínum dómi, að hægt ætti að vera að koma í veg fyrir þá vísitöluskrúfu, sem er fram undan, og það skiptir mestu máli, og það ætti að vera hægt að standa að þeim framkvæmdum þannig, að launþegasamtökin í landinu gætu annaðhvort fallist á þá ráðstöfun eða unað við hana, vegna þess að hér er líka um mikið hagsmunamál launþega að ræða að koma í veg fyrir þær verðhækkanir, sem annars yrðu hér óhjákvæmilegar. Eins og kom fram hjá hæstv. forsrh., þegar hann talaði fyrir málinu, er með þessu frv. gert ráð fyrir að taka upp ýmiss konar hömlunarráðstafanir án þess þó að fara í almenna gengislækkun, — og það tel ég mjög mikilvægt, — þá leið, sem var leið gömlu viðreisnarflokkanna, í öllum tilvikum, þegar hliðstæðan vanda bar að eins og nú, að fara í stórkostlegar gengisdækkanir og taka vísitöluna einfaldlega úr sambandi um leið. Slíkar ráðstafanir þýddu auðvitað stórfellda kjaraskerðingu fyrir launafólk almennt í landinu. En með þeim till., sem byggt er á í þessu frv., er í rauninni farin allt önnur leið.

Ég tók eftir því, að hv. 5. þm. Reykv., Gunnar Thoroddsen, sagði, að öðruvísi hefði verið tekið á þessum málum í tíð viðreisnarstjórnarinnar árið 1960 og þá hefði í rauninni tekist að ná jafnvægi í íslenskum þjóðarbúskap á árunum 1960—1962. En hvernig var þetta jafnvægi? Þetta jafnvægi fékkst með því að gera fyrst stórkostlega gengislækkun árið 1960 og banna alla vísitölutengingu á laun og síðan, þegar launþegasamtökin í landinu reyndu að rétta hlut sinn að nokkru árið 1961, þá var brugðið strax við aftur og gengið lækkað aftur. Það er auðvitað afskaplega einföld aðferð, þegar maður mætir vandamálum af þessu tagi, að knýja bara fram almenna launalækkun frá þeim launagrundvelli, sem verið hefur. Það eru gömlu viðreisnarráðin. Þau eru afar einföld, og það leyndi sér ekki á því, sem hv. 5. þm. Reykv., Gunnar Thoroddsen, sagði hér, að hann er enn hrifinn af þessum ráðum og enn mundi hann vilja beita þeim og ná jafnvægi á þennan hátt. Það væri einfalt að lækka gengið um 20—30%, — Það var reyndar miklu meira 1960, og banna síðan allar vísitöluhækkanir á kaup og ná jafnvægi á þann hátt. Þá væri ekki mikill vandi að lifa, ef á þann hátt væri farið að. En ég er afar hræddur um það, að jafnvel þó að viðreisnarflokkarnir reyndu að fara þessa leið aftur við núv. kringumstæður, kæmust þeir ekki ýkjalangt, enda fór svo, að þeir urðu á sínum tíma að gefast upp á þessari leið. Þeir urðu að samþykkja að taka upp vísitöluna á nýjan leik, m. a. til þess að fá meiri frið á vinnumarkaði en orðinn var, en þá var orðinn sá háttur á, að launþegasamtökin fengjust ekki til að semja um kaupgjaldsmál nema til 6 mánaða í senn. Það er vitanlega engin leið út úr slíkum vanda sem þessum að lenda í slíku.

Hitt er rétt, að það er mikil þörf á því að breyta þeim vísitölugrundvelli, sem notaður er til þess að vernda kaupmátt launa. Sá vísitölugrundvöllur, sem við búum við í dag, er í eðli sínu ósanngjarn, og hann er auk þess stórhættulegur í efnahagskerfinu. Það er rétt, það er ekkert vit í því, að vísitölukerfið skuli vera þannig uppbyggt, að þegar þjóðin verður fyrir stóráföllum, eins og við mikla hækkun á olíuvörum, þá skuli allar launastéttir í landinu fá kauphækkun út á slík óhöpp, en það er það, sem gerist nú í dag. Ég tel, að það sé launþegasamtökunum í landinu nauðsynlegt og einnig gagnlegt fyrir vinnumarkaðinn almennt séð að hafa vissa vísitölutryggingu á launum, en það þarf að miða þá tryggingu við allt annað en vísitalan er miðuð við í dag. Nú er hún látin mæla margvíslegar verðbreytingar, sem koma í rauninni lítið við hinn almenna launamann. Það þarf því að endurskoða allt það kerfi, því að verði það ekki endurskoðað, er hætt við því, að það verði tekin upp gamla viðreisnaraðferðin að skera vísitöluna niður með öllu, en það hefur líka í för með sér margs konar vandkvæði.

Það er enginn vafi á því, að s. l. ár var íslenskum þjóðarbúskap mjög hagstætt. Það liggur nú fyrir, að þjóðartekjurnar jukust á því ári um 9.5% og í lok ársins voru launatekjur manna hér á landi með því hæsta, sem við þekkjum hér í nálægum löndum miðað við kaupmátt. Atvinna var gífurlega mikil, framkvæmdir um allt land meiri en áður hafa þekkst og heildarafkoman í hagkerfinu var mjög góð, sparifjármyndun í bönkum var meiri en nokkru sinni áður og gjaldeyrisvarasjóðurinn jókst um nærri 1 000 millj. kr. Það er alger misskilningur að halda því fram, að raunverulega hafi útkoman orðið þessi af þeim ástæðum, að við höfum stóraukið skuldir okkar við útlönd á árinu. Það er að vísu rétt, að skuldirnar jukust, en þær jukust ekki eins mikið og við fluttum inn til landsins af varanlegum atvinnutækjum. Það er rétt, að talið er, að heildarskuldaraukning okkar á árinu hafi numið í kringum 3 600 millj. kr., en heildarverðmæti innfluttra skipa á árinu nam hins vegar 3 900 millj. kr., þar að auki kom svo annar innflutningur, sem flokkast verður undir varanleg verðmæti til aukinnar verðmætasköpunar í landinu. Erlendar lántökur okkar voru fyrst og fremst bundnar við ný framleiðslutæki, enda sýnir það sig samkv. opinberum skýrslum, að greiðslubyrði okkar af erlendum lánum hefur fremur farið lækkandi en hækkandi, þegar greiðslurnar eru bornar saman við þjóðarframleiðslu. Árið 1969 var t. d. greiðslubyrðin af erlendum lánum talin 16.7%, árið 1970 var greiðslubyrði talin 11.2%, árið 1971 var greiðslubyrðin af erlendum lánum 10%, árið 1972 var greiðslubyrðin 11.4% og árið 1973 var greiðslubyrðin 9.7%.

Það er ekki hættulegt fyrir neina þjóð að taka erlend lán á móti varanlegum eignum, sem eru fluttar inn í landið. Það spillir ekki fjárhagslegri stöðu þjóðarinnar, þótt við kaupum nýja togara til landsins og fáum allmikil lán með þessum skipum, vegna þess að þessi skip eiga vitanlega að þýða það og þau eiga að bæta aðstöðu í okkar framleiðslukerfi. Það er því mjög villandi að tala um það í þessu sambandi, að hin bætta afkoma okkar stafi af því, að við höfum aukið lántökur okkar erlendis. Sannleikurinn er sá, að á hvaða mælikvarða sem mælt er var afkoma þjóðarbúsins mjög hagstæð á s. l. ári, og af þeim ástæðum ættum við ekki að þurfa að kvarta undan því, þó að við þyrftum að stöðva nokkuð um skeið frekari kauphækkanir hjá þeim, sem eru betur launaðir, og þótt við þyrftum að draga nokkuð úr framkvæmdahraðanum frá því, sem verið hefur, á meðan við svipumst um, athugum okkar mál og sjáum betur, hver verður þróunin varðandi stöðu okkar útflutningsatvinnugreina. Við vitum ekki nú nema það eigi eftir að snúast okkur í hag, að útflutningsverðið eigi aftur eftir að hækka í staðinn fyrir þá lækkun, sem nú hefur gert vart við sig, og er því ekki ástæða til þess að grípa til slíkra ráðstafana sem helst er að heyra á talsmönnum Sjálfstfl., að nú ætti að grípa til stórfelldra ráðstafana, mikillar gengislækkunar og almennrar kauplækkunar. Til þess eru að mínum dómi ekki ástæður. En nái það frv. fram að ganga, sem hér liggur fyrir, tel ég, að samkv. því sé auðvelt að veita það viðnám í sambandi við verðbólguvandann og í sambandi við rekstraraðstöðu atvinnuveganna, sem nauðsynlegt er að veita, og það sé hægt að gera það á þann hátt, að launastéttirnar í landinu geti vel við unað.

Gylfi Þ. Gíslason: Herra forseti. Ég ætla þegar í upphafi orða minna að gera grein fyrir afstöðu þingflokks Alþfl. til þessa frv. Við munum greiða atkv. gegn því þegar við 1. umr. Rök okkar fyrir þeirri afstöðu eru þessi:

Undirbúningur og flutningur þessa frv. er einsdæmi í þingsögunni. Það er kallað stjfrv. og fjallar um meginviðfangsefni ríkisstj., verðbólguna. En í grg. er tekið fram, að stjórnarflokkarnir hafi óbundnar hendur um einstök atriði þess, og í gærkvöld var frá því skýrt í útvarpsumr., að einn ráðh., Björn Jónsson félmrh., standi alls ekki að flutningi frv. Annað eins hefur aldrei gerst áður varðandi frv., sem þó er kallað stjfrv.

Allt þetta sýnir, að ríkisstj. getur ekki komið sér saman um úrræði í efnahagsmálum og ætti því auðvitað að vera búin að segja af sér. Hins vegar senda ráðherrarnir hver öðrum tóninn hér á Alþ. og í fjölmiðlum og bera jafnvel ósannindi hver á annan. Slík ríkisstj. á auðvitað að fara frá.

Tregða ráðh. við að víkja fyrir starfhæfri ríkisstj. er með ólíkindum. Allir skynsamir og ábyrgir menn gera sér ljóst, að vegna dæmalausrar óstjórnar undanfarin ár er nú brýn þörf á víðtækum efnahagsráðstöfunum. En ráðstafanir þessa frv. eru hreinar bráðabirgðaráðstafanir. Þingflokkur Alþfl. telur það sérstaklega ámælisvert, að engin raunhæf samráð skuli hafa verið höfð við launþegasamtökin um efni frv. Undir þessum kringumstæðum telur þingflokkur Alþfl. afstöðuna til frv. í heild hljóta að mótast af afstöðunni til ríkisstj. Við tökum því á þessu stigi ekki afstöðu til einstakra efnisatriða málsins, en við höfum fyllsta vantraust á ríkisstj. Þess vegna munum við þegar í lok þessarar umr. greiða atkv. gegn frv. í heild.

Ég vil endurtaka, að ég tel það sérstaklega ámælisvert, að ríkisstj. skuli engin raunhæf samráð hafa haft við launþegasamtökin við undirbúning og samningu þessa frv. Það þykir kannske nánast spaugilegt að minna á málefnasamning ríkisstj. frá 14. júlí 1971 nú á miðju ári 1974. Hann er orðinn þess konar skjal, að menn ýmist brosa eða verða grafalvarlegir af undrun, þegar menn lesa samninginn. En í næstfyrsta kafla málefnsamningsins, sem fjallar um kjaramál, segir svo, með leyfi hæstv. forseta:

„Til þess að ná þessu marki," þ. e. a. s. markmiði ríkisstj. í efnahagsmálum, „vill stjórnin hafa sem nánast samstarf við samtök launafólks og atvinnurekenda um ráðstafanir í efnahagsmálum."

M. ö. o.: í sjálfum málefnasamningnum skuldbindur ríkisstj. sig til þess að hafa sem nánast samstarf við samtök launafólks og atvinnurekenda um ráðstafanir í efnahagsmálum. Svo þegar loksins kemur að því eftir þriggja ára óstjórn í efnahagsmálum, að ríkisstj. neyðist til þess að leggja fram víðtækt frv. um efnahagsmál, hefur hún þýðingarlaus og losaraleg samtöl við launþegasamtökin og að því er virðist

engin við samtök atvinnurekenda. En það er öllum ljóst, það vita allir, sem vilja vita, að þau stuttu samtöl, sem fóru fram fyrir tveim dögum við fulltrúa frá Alþýðusambandinu og Bandalagi starfsmanna ríkis og bæja, voru hrein málamyndasamtöl, sem í raun og veru voru móðgun við þessi stóru launþegasamtök. Það þarf því engan að undra, þó að félmrh., sem er sá ráðh., sem hefur með málefni launþegasamtakanna að gera í ríkisstj., uni ekki slíkri lítilsvirðingu á hinum fjölmennu launþegasamtökum landsins, þar sem eru tugþúsundir launþega, enda hefur hann látið vanþóknun sína á þessum vinnubrögðum í ljós með því að lýsa yfir, að hann styðji ekki frv. Ágreiningur hans við félaga hans í ríkisstj. og þá forsrh. fyrst og fremst skilst mér, að sé aðallega vegna þess, að hann unir því ekki, að launþegasamtökum landsins sé sýnd bein lítilsvirðing, bein ókurteisi við undirbúning máls eins og þessa og stjórnaryfirlýsingin í málefnasamningnum sé augljóslega þverbrotin á hinn óskammfeilnasta hátt. Ég er ekki hissa á því, að maður eins og Björn Jónsson, forseti Alþýðusambands Íslands og einn reyndasti verkalýðsforingi Íslendinga, láti ekki bjóða sér slík vinnubrögð, að ég nú ekki tali um það, þegar hann þarf að una því, þar sem hann er nú staddur utan þings, að þurfa að hlusta á það í fjölmiðlum, að sjálfur forsrh. hafi í dag sent honum þá kveðju, að í raun og veru ætti hann það eitt að gera að segja af sér. Þá þekki ég Björn Jónsson illa, ef hann tekur þessu þegjandi, ef ekki kemur eitthvað í framhaldi af þessu. En þetta er auðvitað ein sönnun þess, að hæstv. forsrh. kann ekki að vera forsrh. Hann kann ekki að halda sínum mönnum saman, (**Forsrh.**: Það er þá einhver til vara, sem kann það.) Já, sem betur fer eru margir menn á Alþ., sem kunna það miklu betur en núv. forsrh., sem betur fer, enda væri þjóðin illa komin, ef hún ætti engan þm., sem gæti gert betur en núv. forsrh. En sem betur fer er það ekki. Þeir eru fjölmargir, sem gætu tekið það að sér.

Hér er, svo að ég tali aftur í alvöru, enn ein sönnun þess, að stjórnin er í raun og veru sprungin, hún er í raun og veru sundruð. Slíkar kveðjur, slíkar hnútur mundu ekki fara á milli forsrh. annars vegar og eins ráðh., sem enn er samráðh. hans, nema því aðeins að báðir viti, að stjórnin er í raun og veru sprungin.

Ástand íslenskra efnahagsmála er nú sannast sagt þannig, að engin stjórn á Íslandi hefur valdið öðru eins öngþveiti í efnahagsmálum og sú stjórn, sem við höfum orðið að búa við undanfarin þrjú ár. Þegar hún fer frá, og þess verður áreiðanlega ekki langt að bíða, að hún neyðist til að fara frá, hversu þvert sem henni kann að vera það um geð, þá skilur hún eftir sig verra ástand, lélegra bú, meiri hættumerki á lofti, meiri voða í vændum en nokkur önnur ríkisstj. í íslenskri þingsögu. Og þetta er þeim mun furðulegra þar sem þessi ríkisstj. hefur að baki þrjú mestu góðæri í hagsögu Íslendinga á öldinni. Þrátt fyrir þessi þrjú góðu ár, sem hún á að baki, horfir þjóðin nú fram á meira öngþveiti en nokkru sinni fyrr, ef ekki verður að gert, ef ekki koma til aðrir menn, sem betur kunna til verka en þeir, sem nú sitja í stjórnarráðinu.

Ráðh. benda á það og leggja á það mikla áherslu, t. d. í útvarpsumr. í gær, að það sé ágætt ástand í dag í íslenskum efnahagsmálum. Það er rétt að því leyti, að það er full atvinna, allar vinnandi hendur hafa verk að vinna, sem betur fer, og þannig á það að vera, og atvinnutekjur eru miklar, þannig á það líka að vera. Það er alveg rétt, það er hverju orði sannara, að enn í dag er ástandið í íslenskum efnahagsmálum sem betur fer gott. En það er voði í vændum. Það er það, sem er að. Það er voði fram undan. Fyrir honum loka ráðh. augunum algerlega, sérstaklega þó ráðh. Alþb. Það má þó hæstv. forsrh. eiga, — *ég skal sannarlega láta hann njóta* þess sannmælis, sem hann á skilið, — það má hann þó eiga, að augu hans hafa opnast fyrir þeim vanda, sem fram undan er. En augu Alþb.-ráðh. virðast vera fullkomlega lokuð fyrir því, að nokkuð sé að. Þeir keppast við að lýsa því, hve ástandið sé gott, það sé allt í besta lagi: Hafa ekki allir nóg að gera? Hafa ekki allir stólpatekjur. Því er þá verið að mála fjandann á vegginn? segja þeir hver um annan þveran.

En ríkisstj. ferst í raun og veru eins og manni, sem er að halda veislu í húsi sínu, hefur nokkra góða gesti í kringum sig, er glaður og reifur, etur og drekkur. En svo kemur upp eldur í kjallaranum. Þó að honum sé sagt, að það sé eldur í kjallaranum, og þeim, sem sitja með honum við borðið, þá hlustar hann ekki á það: Það er enginn eldur í kringum mig, það er allt í lagi hér uppi, fullt borð að borða og mikið að drekka. Hver sér eld hér? Og það er haldið áfram að eta og drekka og sagt: Haldið þið bara áfram að eta og drekka, þetta er allt í besta lagi. — Jafnvel þó að það fari að finnast brunalykt og jafnvel þó að það fari að sjást einhver reykur út um glugga, þá halda þeir áfram að eta og drekka og segja við alla.: Það er enginn eldur kominn upp á hæðina hjá mér. Við skulum bara láta okkur líða vel áfram og lifa í vellystingum praktuglega.

Svona menn eru orðnir sljóir, og það gæti farið þannig fyrir þeim, fyrir þessari fjölskyldu og vinum hennar, ef þeir héldu áfram að eta og drekka, meðan eldurinn er að æsast í kjallaranum, að húsið brynni yfir þeim. Við skulum vona, að þeir forði sér út, áður en húsið brennur alveg og ég vona, að stjórnin hafi vit á að koma sér út úr húsinu, áður en það brennur, þannig að aðrir geti komist inn til að slökkva eldinn. Það er það, sem er mergurinn málsins.

Þegar ríkisstj. lýsir því, hvernig ástandið er, þá er henni mjög gjarnt að leggja áherslu á, að hún hafi tekið við búi með mjög slæma afkomu. A. m. k. má hún ekki heyra það nefnt, ráðh. mega ekki heyra það nefnt, að þeir hafi tekið við blómlegu búi. Í hvert einasta skipti sem þeir heyra talað um blómlegt bú, þegar þeir hafa tekið við, halda þeir langa ræðu um það lífandis óskapa ástand, sem hafi verið, meðan fyrrv. ríkisstj. var við völd. Hversu oft eru þeir ekki búnir að segja hver um annan þveran, hæstv. ráðh., að á valdatímum fyrrv. ríkisstj. hafi verið atvinnuleysi og landflótti, fólk hafi

streymt úr landi og ægilegt atvinnuleysi ríkjandi? (Gripið fram í: Það er satt.) Þetta eru einhverjar mestu blekkingar af mörgum blekkingum, sem hafðar hafa verið frammi í opinberum umr. í áratugi. Það hefur enginn borið á móti því, að hér hafi ekki verið atvinnuleysi og erfiðleikar og fólk hafi því miður orðið að flytja úr landi á árunum 1967 og 1968. Það eru mestu erfiðleikaár, sem yfir Ísland hafa dunið síðan í heimskreppunni miklu í kringum 1930. Á öldinni hafa komið tvö stórkostleg erfiðleikatímabil yfir íslenska þjóð: annars vegar heimskreppan á árunum 1930—1933 og hins vegar erfiðleikaár 1967—1968, þegar hvort tveggja gerðist í senn, að síldin hvarf af miðunum og meira verðfall varð á Bandaríkjamarkaði en nokkru sinni áður, og gjaldeyristekjur þjóðarinnar rýrnuðu um hvorki meira né minna en 45%. Það er rétt, það hefur enginn nokkurn tíma borið á móti því, að á þessum árum hafi því miður orðið hér atvinnuleysi, nokkur hópur manna flutt úr landi, þjóðartekjurnar minnkað, lífskjörin versnað. Það hefur enginn borið á móti þessu. En að telja þetta ástand einkennandi fyrir þau 12 ár, sem síðasta ríkisstj. var við völd, það segi ég, að sé ein mesta blekking síðustu áratuga í umr. um efnahagsmál. Ég hef satt að segja oft verið að hugsa um að gera þessu efni dálítið rækileg skil, og það ætla ég að gera núna. Nú ætla ég einu sinni fyrir allt að hrekja þessa lygasögu, og kveða þessa ósannindamenn í kútinn, þannig að ég vona, að ef þeir eru heiðarlegir, endurtaki þeir ekki þessi ósannindi (Gripið fram í.) Ég skal segja þér dæmisögu í lokin. Ég hef satt að segja oft velt því fyrir mér, hvort ráðh. hafi í raun og veru ekki sett sig inn í það ástand, sem var í þjóðmálum, þegar þeir tóku við, því að ég á bágt með að trúa því, ef þeir hafa litið í kringum sig í atvinnulífinu, ef þeir hafa lesið þau skjöl og skýrslur, sem lágu á skrifborðinu hjá þeim, þegar þeir tóku við, hvernig í ósköpunum hafa þeir þá getað haldið því fram, eins og þeir hafa gert, að allt hafi verið hér í vandræðum, þegar þeir tóku við, nema þá þeir geri það með vondri samvisku, nema þá þeir geri það gegn betri vitund. Ég skal láta það alveg ósagt, hvort andmælin gegn því, að þeir hafi tekið við góðu búi, hafi verið viðhöfð af því, að þeir hafi ekki sett sig inn í málin, þegar þeir tóku við, eða hvort hitt er satt, að þeir hafi talað og tala gegn betri vitund. Um það skal ég ekki dæma. En af því, sem ég mun segja nú á eftir, mun verða svo augljóst sem verða má, hversu fullkomlega rangar þær staðhæfingar hafa verið, að efnahagsástand hafi ekki verið gott, þegar þeir tóku við 1971. Ég mun sýna með ljósum rökum og tölum fram á, að það var búið að vinna bug á efnahagserfiðleikunum frá árunum 1967—1968 á miðju ári 1971, þegar núv. stjórn tók við völdum. Ég skal fara yfir alla helstu þætti þjóðarbúskaparins og bera saman ástandið 2—3 ár áður en þeir tóku við, núv. stjórnarherrar, og ástandið í dag, eins og þeir lýsa því sjálfir. Allt, sem ég segi um málið, mun verða sótt í opinberar skýrslur hagrannsóknadeildar Framkvæmdastofnunarinnar, Hagstofunnar eða Seðlabankans, — hver einasta tala, hver einasta staðreynd, sem ég kem til með að nefna.

Ég skal byrja á þróun þjóðarteknanna. Í raun og veru sýnir það gleggsta mynd af því, hvernig þróun efnahagsmála er, hverjar þjóðartekjurnar eru á hverju ári og hvernig þær breytast ár frá ári. Á áratugnum 1960—1970, stjórnarárum fyrrv. ríkisstj., var vöxtur þjóðartekna á Íslandi að meðaltali 4—5%, og er það í hærra lagi en það, sem gerðist í löndum Vestur-Evrópu og löndum heims yfirleitt. Hitt var rétt, eins og ég sagði áðan, að á árunum 1967 og 1968 minnkuðu þjóðartekjurnar. Þær minnkuðu 1967 um 7%. Þær minnkuðu 1968 um 8%. Þetta voru erfiðleikaárin, og það þarf enginn að verða hissa á því, að þjóðartekjur hafi minnkað, þegar síldin hvarf og verðlag féll jafnstórkostlega á Bandaríkjamarkaði og raun bar vitni um.

Fyrrv. ríkisstj. snerist gegn þessum erfiðleikum með réttum ráðum, með djörfum ráðum, róttækum ráðum og ekki síst af samheldni, sem mótaðist af kjarki og stefnufestu. Hún hafði heildarstefnu til þess að berjast við erfiðleikana, — og með hvaða árangri? Strax 1969 uxu þjóðartekjurnar um 4%, og 1970 — hvað haldið þið, að þær hafi vaxið um þá? Þær uxu um 9%. Það var raunar alger sigur á erfiðleikunum frá árunum 1967—1968. Árið 1971, því ári, þar sem ekki er hægt að þakka núv. ríkisstj. neitt, — hún tók við á miðju árinu, — uxu þjóðartekjurnar um 12%, sem er met, sem er hærra en nokkru sinni áður hafði átt sér stað. M. ö. o.: frá árinu 1967, þegar þær höfðu minnkað um 7%, er ástandið orðið svo breytt á því ári, sem stjórnin tekur við, að þjóðartekjurnar vaxa um 12%. Hvar er einfaldari, öruggari og ótvíræðari sönnun þess, að tekist hafi að vinna sigur á erfiðleikunum, að fyrrv. stjórn hafi tekist að vinna sigur á erfiðleikunum?

Nú er þessi stjórn búin að vera við völd í 3 ár, og hverju er spáð um vöxt þjóðarteknanna á þessu ári, á þjóðhátíðarárinu 1974, eftir þriggja ára valdaferil stjórnarinnar og þrjú mestu góðæri í sögunni? Nú vitna ég ekki í það, sem ég hef reiknað út sjálfur, ég vitna í opinbera skýrslu, þá skýrslu, sem fylgir frv., sem við erum að ræða. Því er spáð, að á þessu ári muni vöxtur þjóðarteknanna verða tæplega 2%. (Forsrh.: Það er ekki sama, hvernig með þær er farið.) Það eru nákvæmlega sambærilegar tölur, reiknaðar af sömu mönnum, sömu stofnuninni. M. ö. o.: á árinu í ár verður vöxtur þjóðartekna tæplega ½ af því, sem fyrrv stjórn var búin að koma þeim upp í. Einfaldari og skýrari dóm er ekki hægt að fá um það stjórnleysi, sem hér hefur ríkt í undanförnum þremur góðærum.

Ég skal hverfa frá þjóðartekjunum. Sumum kynni að finnast þetta vera almennar tölur. Þetta eru tölur, sem lúta að þjóðarbúskapnum í heild og segja ekki sögu nema um einstakar atvinnugreinar. (Gripið fram í.) Já, já, þær eru á borðinu mínu, ég gæti svo sem sótt þær, ef á þyrfti að halda. Það er ósköp lítill vandi. Ég var búinn að nefna svo margar tölur, að mér fannst þetta vera alveg nóg, að bera saman þegar þið tókuð við og hvernig þið skiljið við. Það er það, sem skiptir máli (Gripið fram í.) Ja, þetta

er einhver sú mesta játning og svívirða, sem hægt er að hugsa sér. Hugsa sér, 9.5% í fyrra og tæplega 2% núna, á einu ári er hrunið úr 9.5% niður í tæplega 2%. (Gripið fram í.) Spáin er þetta, en a. m. k. er staðreyndin sú, — ég er óvanur því að vera beðinn um fleiri tölur en ég nefni satt að segja, — en ef ég læsi tölurnar, ef ég færi úr stólnum og næði í bókina, sem er þarna á borðinu, og læsi tölurnar fyrir 1971, 1972, 1973 og spána fyrir 1974, þá er töluröðin niður á við öll árin. Það er lækkandi vöxtur öll árin ofan í botninn á sjálfu þjóðhátíðarárinu, og það er stjórnarherrunum ekki til sóma að halda upp á 1100 ára afmæli Íslandsbyggðar í landinu með því að hafa lægstan vöxt þjóðartekna í áratugi.

Þetta eru kannske of almennar tölur. Menn segja: Það er ekki nóg að taka bara þjóðartekjurnar í heild. Við viljum vita eitthvað um einstaka atvinnuvegi. Við höfum líka heimild um það. Og nú skulum við athuga, hver var afkoma einstakra atvinnuvega, þegar ríkisstj. tók við, og hvernig hún segir sjálf, að afkoman sé í dag.

Í skýrslunni, sem við höfum fengið, segir ríkisstj., að ef ekkert verði að gert, muni frystiiðnaðurinn á þjóðhátíðarárinu tapa einhvers staðar á milli 2200 og 2400 millj. kr. Það er hvorki meira né minna en 20—22% af tekjunum. Nú skal ég sýna, hvað hann græddi, áður en þið tókuð við, áður en Lúðvík Jósepsson tók við. (Gripið fram í.) Má ég fá að tala í friði? — Nú er spurningin sú, um það er engin deila, að á þessu ári verður, ef ekkert verður að gert, — og jafnvel þó að það verði gert, sem þetta frv. gerir ráð fyrir, verður halli á frystiiðnaðinum, sem er spáð í kringum 1000 millj., — en verði ekkert að gert, verður hann um 2200—2400 millj. En hvernig var ástandið í frystiiðnaðinum árin áður en núv. stjórn tók við? Ég hef hér tölur um afkomu frystiiðnaðarins 1969, 1970 og 1971, opinberar tölur úr opinberum skýrslum. 1969 græddi frystiiðnaðurinn 434 millj. kr. 1970 græddi hann um 407 millj. kr., heldur minna. 1971 græddi hann 504 millj. kr. Það hafði verið halli á honum 1967 og 1968, en þeim halla var búið að snúa í hagnað. Það var hagnaður öll árin 1969, 1970 og 1971, hálfur milljarður í hagnað 1971. Nú er ástandið þannig, að spáð er, ef ekkert er að gert, yfir 2000 millj. kr. halla. Eitt dæmið enn um árangurinn af stjórnarstefnunni.

Við stundum fleiri atvinnuvegi en fiskiðnað, t. d. saltfisk- og skreiðarframleiðslu. Í grg. segir, að það verði tap í ár af saltfisk- og skreiðarframleiðslunni. Það er að vísu ekki eins mikið og í frystihúsunum, og það er ekki nefnd nein sérstök tala, það er ekki áætlað, hvert tapið muni vera. Það er sagt, ríkisstj. segir sjálf: Það verður tap á saltfisk- og skreiðarframleiðslunni á þjóðhátíðarárinu. — En hvernig var árið áður en stjórnin tók við. Ég hef tölur, opinberar tölur um afkomuna 1969, 1970 og 1971. 1969 var gróði saltfisk- og skreiðarframleiðslunnar 131 millj., 1970 var hann 174 millj. og 1971 184 millj., vaxandi gróði öll þrjú árin, áður en blessuð núv. ríkisstj. tók við, og nú er orðið tap á þessum atvinnuvegi.

Hvernig er með bátaflotann? Ríkisstj. segir okkur og segir þjóðinni, að í ár sé væntanlegt á bátaflotanum tap um 700 millj. kr. Hvernig var afkoma bátaflotans árið áður en ríkisstj. tók við? Enn hef ég opinberar tölur um þetta. 1969 græddi bátaflotinn 272 millj., allt að frádregnum afskriftum og sköttum, — græddi nettó 272 millj. kr., 1970 430 millj. kr., 1971 606 milj. kr., og nú á hann að tapa kringum 700 millj. kr. á þjóðhátíðarárinu.

Hvað er um togarana? Stjórnin segir okkur, að væntanlega muni verða tap á rekstri togaranna í ár einhvers staðar í kringum einn milljarð, 1000 millj. kr. En hvernig var áður en stjórnin tók við. 1969 var gróði togaranna að vísu ekki mikill, hann var 35 millj. kr. Það var of lítið. Það var þó gróði en ekki tap. 1970 var gróðinn 38 millj., enn of lítið. 1971 því miður enn minni, hann var 21 millj., auðvitað of lítið, en þó gróði. Það er þó skárra að hafa 21 millj. kr. gróða á heilli atvinnugrein heldur en væntanlegt 1000 millj. kr. tap.

Hér hef ég rætt um útflutningsatvinnuvegina, og í þessu sambandi má geta þess, að það var fyrrv. ríkisstj., sem kom upp Verðjöfnunarsjóði sjávarútvegsins með skynsamlegustu ráðstöfunum, sem gerðar hafa verið í íslenskum efnahagsmálum um langt skeið. Þrátt fyrir þessa afkomu þeirra útflutningsatvinnugreina, sem ég hef nefnt, eða samfara henni greiddu þessar greinar góðfúslega í Verðjöfnunarsjóðinn: 1970 390 millj. og 1971 685 millj. kr. Þetta lýtur að sjávarútveginum.

Við stundum líka iðnað. Í grg. frv. eru því miður engar tölur um afkomu iðnaðarins. Er kannske ekki við því að búast, eins og allri skýrslugerð um athugun á högum iðnaðarins er háttað? Það er fullyrt, að í ár muni verða tap á íslenskum iðnaði, bæði einkaiðnaði og samvinnuiðnaði, bæði þeim iðnaði, sem flytur út, og þeim iðnaði, sem framleiðir fyrir heimamarkað. Þetta er ábyggilega rétt. Það verður í ár tap á íslenskum iðnaði yfir höfuð að tala. En ætli hann hafi verið rekinn með tapi, áður en stjórnin tók við? Hvað skyldu opinberar skýrslur segja um það? Þær skýrslur, sem eru til núna, vegna þess að sá tími er liðinn, að hægt hefur verið að gera þá fortíð nákvæmlega upp, — þær segja um iðnaðinn á árinu 1969, að þá hafi hann grætt 147 millj. kr., auðvitað að frádregnum afskriftum og sköttum. 1970 óx gróðinn, hagur iðnaðarins batnaði. Það var búið að sigrast á efnahagserfiðleikunum, og gróði iðnaðarins var þá 292 millj. kr. Enn kom efnahagsbatinn skýrt í ljós í því, að 1971 jókst hagnaður iðnaðarins upp í 422 millj. kr. Á þremur árum, áður en stjórnin tók við, óx hagnaður iðnaðarins úr tæpum 150 millj. upp í rúmar 400 millj. kr. Hvernig er komið nú eftir þriggja ára óstjórn, eftir þriggja ára stjórnleysi? Nú verður iðnaðurinn, önnur mikilvægasta atvinnugrein landsmanna, rekinn með tapi.

Um landbúnaðinn er því miður ekki til hliðstæðar upplýsingar þessum, hvorki um væntanlegar horfur í ár né heldur um afkomu fram í tímann, og ber í sjálfu sér að harma það. Þess vegna get ég engar hliðstæðar tölur birt um land búnaðinn.

Þessi vitnisburður er alveg ótvíræður og hrek-

ur eins greinilega og hrakið verður, hvílík reginfirra það er, að ríkisstj. hafi ekki á sínum tíma tekið við blómlegu búi. Það var um að ræða stórkostlegan vöxt þjóðartekna. Það var búið að sigrast á erfiðleikunum, og það var um að ræða stórkostlegan vöxt þjóðartekna og batnandi hag í öllum meginatvinnuvegum landsmanna, eins og þessar opinberu skýrslur tvímælalaust sýna fram á. En sá bati, sem kominn var árið 1971, sá hagnaður, sem atvinnuvegir þá voru farnir að búa við, er horfinn. Öllu er snúið í tap, allt er að fara á hausinn. Þetta er árangurinn af stjórnarstefnunni.

Nú þarf að huga að fleiru en bara almennum þjóðartekjum og afkomu atvinnuveganna. Það skiptir auðvitað meginmáli, hver er raunveruleg afkoma fólksins í landinu. Það er eitt af uppáhaldsdeiluefni stjórnmálamanna og blaðamanna, hvernig eigi að mæla kjarabreytingar, sem verða frá ári til árs, og bera saman raunveruleg kjör einstakra stétta. Ég ætla ekki að ræða það mál almennt, heldur bara láta mér duga að segja, að líklega megi segja, að einfaldasti og ólygnasti mælikvarðinn á kjarabreytingu frá einu ári til annars sé að bera saman svokallaðan kaupmátt ráðstöfunartekna. Um þetta hugtak, ráðstöfunartekjur, eru til opinberar skýrslur mjög mörg ár aftur í tímann. Með ráðstöfunartekjum er átt við atvinnutekjur launþega, að frádregnum sköttum. Það er í fyrsta lagi bókstaflega ekkert vit í því að bera saman taxta og taxtabreytingar. Menn lifa ekki á töxtum, menn lifa á raunverulegum tekjum. Menn lifa á atvinnutekjunum. Það eru þær, sem eru mælikvarðinn á það, hvort kjör eru að versna eða batna. Frá atvinnutekjunum verður auðvitað að draga skattana, því að menn nota ekki í eigin þágu það, sem þeir borga til ríkis eða sveitarfélags. Og ef tekjur manns eru óbreyttar frá ári til árs, en skattarnir hækka, þá versna kjörin. Þess vegna hafa opinberar hagstofnanir reiknað út hugtakið ráðstöfunartekjur, sem eru atvinnutekjur að frádregnum sköttum. Það eru til tölur nokkuð langt aftur í tímann um kaupmátt ráðstöfunartekna. Talið er, að í fyrra hafi ráðstöfunartekjur aukist um 3% miðað við árið áður. En hvernig skyldi þetta hafa verið 3 árin áður en ríkisstj. tók við völdum?

Ég skal láta þess getið, — ég hef enga tilraun gert til þess að draga neitt undan og skal engan slíkan höggstað gefa á mér eftir á, — að á erfiðleikaárunum 1968 og 1969, sem sigldu í kjölfar síldarleysis- og verðfallsáranna, lækkuðu ráðstöfunartekjur, — það kom fram á tekjum fólksins 1968 og 1969, — þær lækkuðu 1968 um 7.4% og 1969 um 7.3%. Þetta voru afleiðingar síldarleysisins og aflabrestsins, sem enginn hefur nokkurn tíma borið á móti, að raunverulega hafi átt sér stað. En eins og ég sagði áðan, líka í þessum efnum tókst að snúa hjólinu við, snúa þróuninni við. Í kjölfar batans í atvinnuvegunum, í kjölfar aukningarinnar á almennum þjóðartekjum kom á sínum tíma aukning á kaupmætti ráðstöfunartekna. 1970 var batinn farinn að bera fullan árangur, þá jukust ráðstöfunartekjur um 14.5% og á árinu 1971 um meira en 15.5%. Þær hafa aldrei aukist á einu ári um jafnmikið og á árinu 1971, um 15.5%.

Nú vill svo vel til, að ég hef töluna, sem menntmrh. var að biðja um hér áðan, fyrir 1972 og 1973. Mikið er hann heppinn — eða óheppinn, þegar hann heyrir tölurnar. 1971 var vöxtur ráðstöfunartekna kominn upp í 15.5%, 1972 var hann bara 12.5%. Ég hef ekki töluna 1973, ég hef einungis töluna í spánni um þjóðartekjurnar á mann 1974, sem er, eins og ég sagði áðan, tæplega 3%. Mig vantar hér á blaðið vöxt þjóðarteknanna, svo mikið hafa þær ekki lækkað. Ég get bætt því við seinna, ef ég kynni að tala aftur. Þá skal ég koma með réttu töluna um árið 1973, í fyrra. En það skiptir raunverulega ekki máli. Það, sem mestu máli skiptir, er, hvernig horfurnar eru í ár. Ég var búinn að nefna áðan, að í ár er gert ráð fyrir aukningu þjóðartekna á mann um aðeins 2%. M. ö. o.: það hefur aldrei sigið meira á ógæfuhlið en væntanlega gerir í ár, ef ekki tekst að koma stjórnartaumunum í hendur einhverra skynsamari og ábyrgari manna en haldið hafa á málum undanfarin þrjú ár.

Þetta var um kaupmátt ráðstöfunartekna. Það er sama sagan. Hann var í stórkostlegri aukningu tvö síðustu árin, áður en stjórnin tók við, en vöxtur kaupmáttar ráðstöfunarteknanna hefur minnkað ár frá ári á þessum þremur árum og er núna í lágmarki þess, sem hefur verið undanfarin a. m. k. 20 ár.

Enn skal ég nefna eina stærð, sem er mikilvæg fyrir matið á efnahagsástandinu, og það er staða gjaldeyrisvarasjóðsins. Hæstv. viðskrh. gumaði af því í útvarpsumr. í gærkvöld, að gjaldeyrisvarasjóðurinn væri yfir 7 milljarða og hefði aldrei verið hærri. Auðvitað sagði maðurinn ósatt, eins og hann er vanur að gera, þegar hann fer með tölur um efnahagsmál. Hann var í febr. 1974 7045 millj., það var satt. Hitt er ósatt, að hann hafi aldrei verið hærri, því að í árslok 1973 var hann 8406 millj., og ég vona, að ráðh. sé mér sammála um, að 8406 sé hærri tala en 7045. En hvernig er samanburðurinn á vexti gjaldeyrisvarasjóðsins undanfarin ár og árin áður en núv. stjórn kom til valda? Í árslok 1968 var gjaldeyrisvarasjóðurinn 2512 millj. Í árslok 1971 var hann 6034 millj. Hann hafði m. ö. o. vaxið á árunum 1968—1971 um 3522 millj. Á þremur árunum 1968—1971 óx gjaldeyrisvarasjóðurinn í verðgildi þeirrar krónu um 3522 millj. kr. Frá árslokum 1971 til febrúarloka 1974, — það er síðasta talan, sem ég hef náð til, — hefur hann vaxið um 1011 millj. kr. Hann hefur vaxið, það er rétt, ef tímabilið er tekið í heild, en ekki nema um 1011 millj. kr., þriðjung þess, sem hann óx um 3 ár áður en núv. ríkisstj. tók við völdum. Hann hefur minnkað frá því í árslok 1973 úr 8406 millj. í 7045 millj., eins og hann var í febrúarlok 1974.

Eitt skal ég nefna enn og skal vera það næstsíðasta, sem ég nefni, og það eru erlend lán, sem skipta miklu máli fyrir mat á afkomu þjóðarbúsins. Í árslok 1973 voru erlend lán þjóðarinnar 20 milljarðar og 977 þús. kr., tæpur 21 milljarður. Í árslok 1970, áramótin áður en stjórnin tók við völdum, eru erlendar skuldir 11095 millj., rúmir 11 milljarðar. Aukning erlendra skulda frá 1970 til 1973 hefur m. ö. o. verið 9882 millj. eða 89%. Hvað jukust erlendar skuldir mikið á þremur árum, áður en stjórnin tók við völdum? 1967

voru erlendar skuldir í árslok 6576, í árslok 1970, eins og ég sagði áðan, 11095, þær höfðu aukist um 4519 millj. kr. eða 68%. Þær jukust um 68% á þremur árum, áður en stjórnin tók við völdum, en á þrem árum, eftir að hún kom til valda, jukust erlendar skuldir um 89%.

Þessari upptalningu skal ég svo ljúka með því að minna á fjárl., þegar ég horfi framan í hæstv. fjmrh., sem skrifar þetta hjá sér. Ég veit, að það þarf ekki langa ræðu til þess að minna hann á, að hann hefur afrekað það að þrefalda fjárl. á þeim þremur árum, sem hann hefur setið við völd. Það er met, algert met. Það hefur enginn fjmrh., a. m. k. í Vestur-Evrópu, — það finnst kannske einhver í Suður-Ameríku eða Afríku, sem hefur gert annað eins, — en í Vestur-Evrópu er áreiðanlega enginn fjmrh., sem hefur afrekað það að þrefalda útgjöld fjárl. á þremur áratugum, sem hann hefur verið við völd, — nei, á þrem árum, fyrirgefið þið. — Guði sé lof, að maður þarf ekki að segja, að hann hafi völd í þrjá áratugi, þá mætti þjóðin biðja fyrir sér. Manni getur orðið mismæli, þegar farið er með aðrar eins fjarstæðutölur og þessa. Sannleikurinn er sá, að saga fjmrh. er ekki öll sögð með því að benda á, að hann hafi þrefaldað útgjöld fjárl. Ef hann gæti nú sagt þrátt fyrir þreföldun fjárl., að hagur ríkissjóðs stæði með blóma, þá yrði dómurinn kannske eitthvað ofurlítið öðruvísi. En þegar þarf að bæta því við, að það er stórkostlegur greiðsluhalli á ríkissjóði í ár, stórkostlegur greiðsluhalli, þá sést, hversu dökk myndin í raun og veru er. Ríkissjóður er botnlaus, botninn einhvers staðar í Borgarfirðinum, í kjördæmi hæstv. fjmrh.

Niðurstaðan af þessum staðreyndum, þetta eru allt staðreyndir — (Gripið fram í.) Já, ég hefði gaman af því. Ósköp eru ráðherrarnir órólegir. Hafa þeir virkilega ekki vitað þetta? Eru þeir að láta mig nú eftir 3 ár kenna þeim það, sem þeir áttu að vera búnir að lesa í 3 ár (**Gripið fram í:** Það er ljóta kennslan.) Ja, ég hef nú satt að segja ekki gert annað en lesa upp tölur úr bókum, sem ráðh. sjálfir hafa gefið út. Ef maður má ekki trúa því, sem þeir gefa út, láta prenta, þá er ekki von, að maður trúi því, sem þeir segja. Ég endurtek: Hver einasta tala, sem ég hef nefnt, er úr opinberum skýrslum, sem gefnar hafa verið út á vegum opinberra stofnana, á vegum ríkisvaldsins. Það er alveg þýðingarlaust fyrir ráðh. að þræta fyrir þetta. Það sýnir bara taugaveiklun og ekkert annað. Þessi framiköll bera í raun og veru vott um eitt, og það er það, að tekist hefur að koma ofurlítið við samviskuna í þeim. Annars held ég að þeir mundu þegja.

Það er varla hægt að hafa meiri ósannindi í frammi um efnahagsmál en halda því fram, að núv. ríkisstj. hafi tekið við íslenskum efnahagsmálum í erfiðu ástandi og rekja megi vandann í dag til þess. Sannleikurinn er þvert á móti sá, að hún hefur eyðilagt gott ástand með óstjórn og hún hefur eyðilagt það í mesta góðæri, sem yfir íslenska þjóð hefur gengið. Ástæðan til þess, hversu illa hæstv. ríkisstj. hefur tekist til, er auðvitað fyrst og fremst sú, að hún er ósamlynd og hefur verið ósamhent. Hún hefur verið forustulaus. Því miður hefur hæstv. forsrh. skort þá forustudjörfung, sem forsrh. þarf að hafa, ekki síst þegar hann hefur baldið lið til að stjórna. Þeim mun meiri nauðsyn er á festu og forustu, það hefur því miður skort. En ég vil ekki leggja meginábyrgðina á því, sem illa hefur farið, á hæstv. forsrh. Meginábyrgðina vil ég leggja á ábyrgðarlausa samstarfsmenn hans, á ábyrgðarlausa samstarfsflokka hans.

Forustuleysi forsrh. og ábyrgðarleysi samstarfsmanna hans hefur orðið þess valdandi, að það hefur engin heildarstefna verið mótuð í efnahagsmálum. Það hefur í raun og veru ekki verið til ríkisstj. á sviði efnahagsmála, heldur hafa verið til 7 ráðherrar, sem hver hefur gert það, sem þeim hefur sýnst, stefnt hver í sína átt. Þess vegna hefur heildarstefnan engin orðið. Þetta er því miður sannleikurinn í málinu. Þetta er því miður skýringin á því, hversu illa hefur til tekist, fyrir íslenska þjóð.

Það er ekki bara stefnan í efnahagsmálum, sem hefur misheppnast Stjórninni hefur misheppnast bókstaflega allt, sem hún hefur tekið sér fyrir hendur og nokkru verulegu máli skiptir. Það lá við, að henni mistækist stefnan í mesta og mikilvægasta máli þjóðarinnar, landhelgismálinu. Það, að landhelgismálið er þó komið í þá höfn, sem það er komið, eigum við framtakssemi hæstv. forsrh. að þakka. Þess, sem hann gerir vel, þess, sem hann gerir rétt, skal hann sannarlega fá að njóta, a. m. k. af minni hálfu. Hæstv. forsrh. mun verða minnst um alla framtíð fyrir framtak hans og forustu í landhelgismálinu. (**Gripið fram í:** Þetta er mismæli.) Nei, nei, þetta var ekki mismæli. Ég skal endurtaka það, ef ráðh. vill. (Gripið fram í.) Já, já, mikið er maðurinn hégómlegur. En ég skal gjarnan gera hæstv. ráðh. þá ánægju að segja, að sú stjórnarathöfn hans, sem hans mun lengst verða minnst fyrir og hann á þakkir alþjóðar skilið í nútíð og framtíð, var það, að hann skyldi taka forustu landhelgismálsins í sínar hendur úr þeim óheillahöndum, sem málið var í, og á ég þar fyrst og fremst við hæstv. sjútvrh. (Gripið fram í.) Þetta vita allir, og þarf ekki að endurtaka það. Þetta þarf ekki að segja, því að þetta er þegar orðið alkunnugt. Það vita allir, hvað gerðist. Málið var komið í algera sjálfheldu, og þá gerði hæstv. forsrh. það, sem slíkur maður í slíkri stöðu á að gera. Hann tók málið í sínar hendur og leysti málið. Hann hlaut stuðning stjórnarandstöðunnar yfirleitt. En hlaut hann stuðning sinna eigin manna? Ónei, hann hlaut ekki stuðning Alþb. Þingflokkur þess gerði einróma, að því er manni skilst, samþykkt gegn sínum eigin forsrh. Ef hann hefði þá látið undan, væri landhelgismálið enn í sjálfheldu. Þá væri sigurinn ekki unninn, sá sigur, sem við sem betur fer nú þegar höfum unnið. Sá sigur er að þakka því eina skipti, sem forsrh. tók á sig rögg. Hann hefði betur gert það oftar gagnvart samstarfsmönnum sínum. En þarna gerði hann það, þarna vann hann sigur, og af því naut þjóðin góðs. Hún naut góðs af því, að stefna Alþb. fékk ekki að ráða í málinu. Að vísu kom í ljós, að ráðh. þess hafa býsna vítt kok og kyngdu fyrri yfirlýsingum. Ég þakka þeim það ekki nokkurn skapaðan hlut, því að þeir voru búnir að sýna hug sinn í málinu áður.

Þó að ég þakki forsrh. fyrir dugnað hans, þá þakka ég ráðh. Alþb. ekki fyrir að kyngja rangri stefnu.

Ég skal vikja nokkrum orðum að varnarmálunum. Stefnan í þeim og aðgerðirnar eða aðgerðarleysið réttara sagt er alveg nákvæmlega sama markinu brennt. Munið þið ekki eftir yfirlýsingunum fyrstu mánuðina eftir að ríkisstj. kom að völdum, hvað ætti að gera í varnarmálunum. Það átti að reka herinn úr landi á kjörtímabilinu og sem allra fyrst. Örugglega átti hann að vera farinn úr landi á kjörtímabilinu. Nú eru liðin 3 ár, og hvað hefur skeð á þessum þremur árum? Það er nýbúið að leggja fram fyrstu till. íslensku ríkisstj. við Bandaríkjamenn? Það liðu næstum þrjú ár, — þetta skal ég endurtaka, — það liðu næstum 3 ár, og það er nýbúið að leggja fram fyrstu till. íslensku ríkisstj. um endurskoðun varnarsamningsins, sem var eitt af aðalatriðunum í málefnasamningi ríkisstj. Og Bandaríkjamönnum hefur verið gefinn svo langur frestur til þess að svara, að öllum er ljóst, að það verður enginn nýr samningur gerður og samningnum auðvitað ekki sagt upp, áður en kosningar fara fram, því að við erum allir sammála um það, að því er virðist, að þær eigi að fara fram í síðasta lagi í haust. Hverjum dettur í hug í alvöru, — ég spyr: hverjum dettur í hug í alvöru, að þessi stjórn, þó að henni takist að lifa, sem henni auðvitað tekst ekki, — en þó að henni tækist að lifa, hvernig ætti hún að geta verið búin að gera nýjan samning við Bandaríkin eða segja samningnum upp fyrir kosningar í haust? M. ö. o. : í þessu aðalmáli ríkisstj. hefur ríkt deyfð og slen, alger aumingjaskapur, sem er auðvitað þeim til mestrar háðungar, sem mest tóku upp í sig í sambandi við þetta mál, og það voru ráðh. Alþb. Þeir tóku mest upp í sig í sambandi við það, og þeir hafa í reynd orðið að kyngja öllum stóru orðunum. Þegar þeir innan skamms hrekjast frá völdum, hefur ekkert skeð í því, sem þeir kalla herstöðvamál, bókstaflega ekki neitt, nema lagt hefur verið fram eitt plagg í Washington, sem enginn tekur alvarlega, ekki einu sinni starfsmenn þeirra.

Þetta er þátturinn um varnarmálin. Hitt er rétt, sem meginefni ræðu minnar hefur fjallað um, að verstar eru framkvæmdir ríkisstj. í efnahagsmálum. Um þær er sá einfaldi sannleikur augljós, að engin ríkisstj. á Íslandi hefur haft aðra eins möguleika í efnahagsmálum og núv. ríkisstj., því að engin ríkisstj. hefur verið við völd í jafnmiklu góðæri, en engin ríkisstj. hefur nýtt möguleikana jafnilla og þessi ríkisstj. Þess vegna er það, þegar hún kveður, sem væntanlega verður innan skamms, hefur engin ríkisstj. skilið verr við en sú, sem nú er væntanlega að kveðja á næstunni.

Síðustu orð mín skulu vera þau að minnast endaloka stjórnar Hermanns Jónassonar, sem ég átti sæti í á sínum tíma. Hún gafst upp fyrir efnahagsvanda eftir 2½ ár. Nú eru liðin rúmlega 2½ ár, frá því að þessi stjórn tók við völdum. Ég man vel þá daga og vikur og mánuði, sem voru undanfari þess, að sú stjórn sagði af sér. Ég man vel aðdraganda þess, að Hermann Jónasson viðurkenndi staðreyndir, viðurkenndi þær staðreyndir, að stjórnin gæti ekki leyst efnahagsvandann, það væri ekki samstaða um nein úrræði til að leysa efnahagsvandann. Hermann Jónasson var kjarkmikill og dugmikill stjórnmálamaður, og hann var drenglyndur stjórnmálamaður. Mikið hefur ýmsum farið aftur, síðan hann var og hét.

Nú er hangið og hangið. Það er hangið í ráðleysi og vandræðum, það er hangið í ósamkomulagi og jafnvel gagnkvæmri óvild, en hangið samt. Hvers vegna? Þjóðin hlýtur að spyrja: Hvers vegna? Hvers vegna situr enn stjórn, sem allir vita, að er í raun og veru sprungin? Er það þrákelkni? Er það bara þrái? Eða er það almennur sljóleiki? Eða er það hégómaskapur, eins og bar hér ósjálfrátt á góma áðan? Eða kynni það að vera valdafíkn? Ekki veit ég, hvað það er. Sagnfræðingar seinni tíma munu eflaust reyna að finna það út. En það er sannarlega mál, að valdatíma þessarar stjórnar ljúki. Ríkisstj. er sundurlynd, hún er úrræðalaus, hún er óstarfhæf, hún á að fara. Það er þess vegna, sem við þm. Alþfl. munum greiða atkv. gegn þessu frv. þegar við 1. umr. þess.

Forsrh. (Ólafur Jóhannesson): Herra forseti. Þegar ég hlýddi á þessa ræðu hv. 7. þm. Reykv., kom mér í hug hið fornkveðna: Lengi skal manninn reyna. — Ég hef átt við hann einkaviðtöl, trúnaðarviðtöl um þetta mál æðioft. Hann hefur haft aðstöðu til að fylgjast með málinu, og mér skildist hann segja það a. m. k. í útvarpinu, — ég gat ekki hlýtt á alla ræðu hans núna og skal ekki segja um það, hvort hann endurtók það þar, — að þar sem hann hefði getað fylgst með þessu svona vel, þá væri hann alveg viðbúinn og tilbúinn með afstöðuna og hann og hans þingflokkur mundi þegar við 1. umr. greiða atkv. gegn þessu frv. Honum hefur láðst að geta þessa við mig í trúnaðarsamtölum þeim, sem ég hef átt við hann. Ég vil ekki í þingsölunum nota það heiti, sem á við um þessi vinnubrögð. (**Gripið fram í:** Hann vissi það ekki fyrr en í gærkvöld.) Nei, af því að hann er svo snöggur í skoðanaskiptum. (**GÞG:** Þetta var ákveðið í gær.) Já, já, ég trúi því. Sumir þurfa ekki langan tíma til að taka ákvarðanir, þótt um alvarleg mál sé að ræða. Þó að jafnvel um alvarlegustu mál þjóðarinnar sé að tefla, þá þurfa þeir ekki nema nokkra klukkutíma til þess að hugsa sig um og komast að niðurstöðu.

Hv. þm. talaði allmikið í ræðu sinni um einsdæmi. Það er best að tala svolitið meira um þau. Ég ætla fyrst að segja það, að ég man nú held ég ekki eftir því þau ár, sem ég hef verið á þingi, að það hafi komið fyrir, að mál hafi verið fellt við 1. umr. Þeir starfshættir hafa ekki tíðkast á Alþ., að ég held, um áratuga skeið. Þm. hafa talið það sjálfsagða skyldu sína að taka þau mál, sem lögð eru fram, hvort heldur af ríkisstj. eða stjórnarandstöðu, til athugunar við 2. umr. og skoða þau í n. á milli umr. En þetta mál, sem hér er um að tefla, er ekki þess virði að dómi hv. 7. þm. Reykv., og skorti þó ekki á, að hann lýsti ástandinu með alvarlegum orðum og hann lýsti því, hver nauðsyn væri á því að fást við þann efnahagsvanda, sem barið hefur að dyrum hjá okkur í svipinn. En veðurfar er svipult hér á landi, og sveiflur í efnahagsmálum eru

líka stundum nokkuð fljótar að ganga yfir. Allir útreikningar eru byggðir á spám. Spár geta brugðist, þær geta breyst til hins betra. Þá er vel. Auðvitað geta þær líka brugðist til hins verra, og þá er að taka því. En hv. þm. varð tíðrætt um einsdæmi. Hann taldi það einsdæmi, að stjfrv. væri lagt fram með þeim hætti, að stjórnarflokkar eða jafnvel einstakir ráðherrar áskildu sér rétt til þess að hafa óbundnar hendur um einstök atriði. Þetta er rangt, hv. þm. Þess eru mörg dæmi. Það hefur skeð í tíð núv. stjórnar. Ég minni t. d. aðeins á bankamálafrv. En það sem meira er og hv. 7. þm. Reykv. hefði ekki átt að gleyma, það skeði líka, en með öðrum hætti þó, í tíð fyrrv. stjórnar. Þar skeði sá undarlegi og einkennilegi atburður, að einn af ráðh. í þeirri ríkisstj. varð til þess í hv. Ed. á sinni tíð að drepa stjfrv. um verðlagsmál. (GÞG: Það er best, að ég segi þá sögu á eftir.) Já, ég ætla aðeins að rifja hana upp áður. Hann gerði það, og það var óvenjulegur atburður. (Gripið fram í.) Já, já, já, já, það sést nú betur síðar. (GÞG: Ég skal segja þér þetta á eftir, þetta er löng saga dálítið.) Sagan er dálítið löng. Það er rétt. Það frv. dó með atkv. eins ráðh. (Gripið fram í.) Það ætti nú ekki að þurfa til, þegar jafnsterkur maður eins og hv. 7. þm. Reykv. beitir sér af þvílíku afli sem hann gerir á móti frv. En þá kom fram skýringin á því, hvers vegna hv. ráðh. Eggert G. Þorsteinsson greiddi atkv. gegn stjfrv. Hann hafði nefnilega á ríkisstjórnarfundi gert ágreining og gert fyrirvara og lýst því þar skýrt og skorinort, að hann mundi ekki fylgja þessu frv. (GÞG. Þetta er rétt.) Já, þetta er rétt. Þá þarf hv. þm. ekki að segja söguna á eftir. Og ég þarf að bæta svolitlu við. Sá er munurinn á þessu dæmi og því, sem nú er, að það var ekki nú farið neitt leynt með, að það var ágreiningur í stjórninni um einstök atriði. Það var sagt frá því. En hinu átti að leyna, það átti að þegja um það og láta það aldrei koma fram, ef það hefði lukkast að koma málinu í gegn. Það lukkaðist ekki, og þá þurfti að fara að grípa til skýringanna, og þá varð hv. 7. þm. Reykv. að fara að vitna og segja frá þessu, sem átti að þegja um. En upp komast svik um síðir.

Nei, hv. 7. þm. Reykv. ætti ekki að tala um nein einsdæmi í þessu sambandi. Hann segir það og viðurkennir réttilega eins og aðrir, sem hér hafa talað, að það sé brýn þörf á efnahagsaðgerðum. En hvorki hann né hv. 5. þm. Reykv. nefndi, svo að ég heyrði, eitt einasta úrræði, eina einustu till. til lausnar á þessum vanda. Þó lýsti ég því yfir í framsöguræðu minni, að ég ætlaði að taka upp viðræður við forustumenn stjórnmálaflokkanna um þetta frv. og væri reiðubúinn til þess að taka til greina hvers konar ábendingar, hvers konar breytingar, taka þær til athugunar og athuga um það, hvort það væri ekki hægt að ná þeirri viðtæku samstöðu um þetta mál á þinginu, sem nauðsyn ber til. Ég lýsti því t. d. alveg sérstaklega og tók það fram varðandi 7. gr., að ég væri alveg reiðubúinn, ef mönnum sýndist það hér að athuguðu máli, að strika hana út. Það er alveg rétt, sem komið hefur fram, að þó að hún sé réttlætismál, þá er hún erfið í framkvæmd og e. t. v. og áreiðanlega eru til aðrar leiðir en þær, sem bent er á í 7. gr., til þess að ná í þann rangláta feng, sem sumir menn hafa áskilið sér í þessum kjarasamningum. Og hvers vegna ekki að leita að slíkum leiðum frekar en bara slá því föstu að vera alveg á móti?

Vitaskuld er þessu einnig svo háttað um önnur atriði frv. Ég er til viðræðu um annað fyrirkomulag á vísitölubindingunni, og það má með öðrum hætti en gert er ráð fyrir í þessu frv. varðandi vísitöluna ná svipuðum eða sama árangri, sem ég í viðræðum væri reiðubúinn til að benda á, ef aðrir kynnu ekki að hafa komið auga á það og gætu gert þær að sínum till. Og það hefur verið tekið fram með skyldusparnaðinn, að ég og aðrir stjórnarmenn erum til viðræðu um breytingar á honum í ýmsar áttir, jafnvel að fella hann alveg niður, láta hann falla niður. Þetta er ekki svo stór upphæð fyrir ríkissjóð í bili, að það muni hann afar miklu. En það er samt með honum mörkuð stefna, — stefna í átt, sem er heilbrigð að mínum dómi. Það er sannarlega ekki farið illa með þessa tekjuskattskyldu menn, sem eiga að leggja þennan spariskilding fyrir. Þeir fá hann endurgreiddan eftir 2—5 ár með 5% vöxtum og verðtryggingu og geta jafnvel, ef sérstakar ástæður eru fyrir hendi, fengið hann áður útgreiddan.

Auðvitað gegnir alveg sama máli um önnur atriði í þessu frv., að við erum til viðræðu um þau hvert og eitt, viljum athuga þau, skoða þau, hlusta á ábendingar um þau, og það er sú þinglega meðferð, sem á að viðhafa og er skylt að viðhafa samkv. þeim venjum, sem hér hefur verið fylgt í áratugi, að skoða þannig mál, ekki síst þetta alvarlega mál, sem þjóðin öll fylgist áreiðanlega með, sumir sjálfsagt óánægðir með ýmis atriði í frv., aðrir miður ánægðir, en einhverjir kannske mjög ánægðir. Það geta verið mismunandi sjónarmið, sem þarna ráða, og það er ekki hægt að taka tillit til þess. Það verður að taka það, sem skynsamlegast er og þjóðarheildinni er fyrir bestu og þjóðarnauðsyn krefur. Og til þess er Alþ. að skoða einmitt slík mál og ráða fram úr þeim.

Hv. þm. talaði um forustuleysi mitt sem forsrh., og ekki hef ég neina tilhneigingu til þess að gera mikið úr mér í þeim efnum. En það er þó svo, að einhvers konar forustu hef ég þó sýnt í þessu máli með því að leggja fyrir þingið till. um þetta efni, — till., sem kannske eru ekki aðgengilegar fyrir þingið. Það er þess að athuga og segja til um það. En till. eru það samt, — till., sem maður skyldi halda, að þingið vildi skoða og athuga gaumgæfilega og þeir vísu menn, sem ekki vilja á þær fallast, vildu benda á einhver úrræði, í stað þess að loka munninum og segja: Nei, ég segi ekki neitt, fyrr en ég fæ stól, fyrr en ég fæ tiltekinn stól. — Það er skilyrðið. Það er skilyrðið til þess, að þeir taki á málum.

En þó að mín forusta sé laus í böndum og skorti á festu, þá er það sjálfsagt gæfa þessarar þjóðar að eiga til mann, sem ekki skortir festuna og er tilbúinn að taka við, ef stjórnin skyldi nú fara frá. Það væri gaman að rifja það upp, hve oft hv. 7. þm. Reykv. hefur spáð ríkisstj. dauða. Mikið lifandi skelfing væri hún búin að deyja oft og lifna við aftur, ef þeir spádómar hefðu ræst. En hún lifir nú enn, og kannske á

þessi síðasta ræða hv. 7. þm. Reykv. eftir að verða til þess að lengja lífdaga þessarar stjórnar eitthvað enn þá. Það gæti svo farið. Það er stundum betra að tala minna og tala gætilegar. (**Gripið fram í:** Á það ekki við alla?) Það á að sjálfsögðu við alla, og geta sjálfsagt margir dregið lærdóm af því, bæði talað gætilegar og lægra. En þegar tekið er tillit til þeirra yfirlýsinga, sem ég gaf einmitt við framlagningu þessa frv. um það, að ég væri reiðubúinn til þess að athuga hvers konar breytingar, sem fram kynnu að koma, þá er það augljóst mál, hversu fráleitt það er að ætla að fara að túlka það, að í því fælist eitthvert vantraust á stjórninni, ef þetta frv. væri fellt. Stjórnin hefur ekki gert og hefur aldrei dottið í hug að gera þetta frv. eða samþykkt þess að fráfararatriði. (**Gripið fram í:** Bara situr áfram?) Já, hún situr sennilega áfram, þrátt fyrir allar hrakspár hv. 7. þm. Reykv. (**Gripið fram í:** Er þetta þingræðisstjórn?) Já, þetta er þingræðisstjórn. Það leyfi ég mér að fullyrða. Ég þekki ekki mismunandi gráður af þingræðisstjórn, en ég þekki þá þingræðisreglu eina, að stjórn er ekki skylt að víkja nema fyrir vantrausti, og það veit ég, að hv. þm. Benedikt Gröndal þekkir vel. (**BGr:** Hvar stendur sú regla?) Hún stendur hvergi, vegna þess að þingræðisreglan er ekki lögfest í okkar stjórnarskrá beinlínis, en hún er byggð á venju, rótfastri venju, sem fyrsti ráðherrann á Íslandi innleiddi, Hannes Hafstein. (**GÞG:** Veit ekki prófessorinn um sína eigin kennslubók? Er hann búinn að gleyma henni?) Það getur vel verið, að ég hafi gleymt einhverju í henni, en þetta er atriði, sem hver einasti laganemi þekkir og veit, þó að hann hafi ekki lesið alla mína kennslubók.

Þá er það ekki rétt, sem hv. þm. hélt fram, að það hefði ekkert samráð eða samstarf verið haft við aðila vinnumarkaðarins um þetta mál. Hann veit miklu betur. Hann veit það, að hagrannsóknastjóri hefur farið á ráðstefnufund Alþýðusambandsins og skýrt þessi mál. Hann veit, að hagrannsóknastjóri hefur látið þeim aðilum, sem þar eru í fyrirsvari, í té hvers konar skýrslur um þetta efni. Hann veit, að ég hef talað við tiltekna foustumenn Alþýðusambandsins. Hann veit, eins og ég skýrði frá, að það hefði verið kosin sérstök ráðherranefnd til þess að eiga viðræður við forustumenn launþegasamtaka, og ég lýsti yfir skýrt í dag, að þeim viðræðum ætti að halda áfram.

Það var líka rangt hjá hv. þm., að það hefði ekkert samráð eða samstarf verið haft við vinnuveitendur. Ég hef sjálfur annast það samstarf, og ég bið hv. þm. að koma með vottorð frá vinnuveitendum um það, að ég hafi ekki haft samband við þá um þessi efni.

Nei, það var rauður þráður í ræðu hv. 7. þm. Reykv. Sá rauði þráður var, eins og í öllum hans ræðum, því að hann er orðinn eins og Kató hinn gamli, að hann bæði byrjar og endar allar sínar ræður á sömu setningunni. Kató lagði alltaf til, að Karþagóborg yrði eydd, en hv. 7. þm. Reykv. talar um það í upphafi máls síns, í miðju máls síns og í lok máls síns, að hvað sem öðru líður, þá sé stjórnin sprungin, og hann sagði þetta með svo miklum sannfæringarkrafti síðast, að honum hló hugur í brjósti.

Ég ætla nú alls ekki að fara að eltast við þá miklu röksemdafærslu, sem hann var með um viðskilnað fyrri ríkisstj., og þá sönnun, sem hann sagðist ætla að færa fram í eitt skipti fyrir öll, svo að það þyrfti aldrei aftur að gera það, hvernig málin hefðu þá staðið. Ætli hv. þm. sé farið eitthvað að óra fyrir því, að hann hafi kannske tækifæri til þess að koma þeirri sönnun hér á framfæri í framtíðinni? En eitthvað fannst mér nú bogið við ýmsar þær röksemdir, sem hann var með, og ýmislegt fannst mér vanta í þá lýsingu. T. d. þegar hann var að lýsa hækkun fjárl. í tíð núv. stjórnar, þá hefði ekkert sakað, að hann hefði líka minnt á það, að í tíð viðreisnarstjórnarinnar tólffölduðust fjárl., ef ég man rétt. (Gripið fram í.) Hann leiðréttir það þá á eftir. (**Gripið fram í:** Á hve mörgum árum? Hvað lifði hún lengi?) Hún lifði a. m. k. of lengi, það er óhætt að segja. Og þessi stjórn, ef henni auðnast að lifa eins lengi og hún yrði eins athafnasöm á þeim árum, sem eftir eru, og hún hefur verið á þeim tæpum þremur árum, sem hún hefur starfað, þá yrði hennar lengi minnst með eftirsjá.

Það er kannske rétt að líta á ýmis atriði önnur en fjárl. Ég hugsa, að fólkið úti á landsbyggðinni vilji allt eins hugsa um það, að bæst hafa um 50 togarar á þá staði, sem þar eru. Ég hugsa, að það vilji allt eins hugsa um þá endurbyggingu, sem átt hefur sér stað í frystihúsunum. Ég hygg, að það vilji allt eins hugleiða þá atvinnu, sem þar er nú, þar sem atvinnan er í rauninni komin á mörgum stöðum í það horf, fiskiðnaðaratvinnan, að þar er um hreinan verksmiðjurekstur, öruggan verksmiðjurekstur nánast að ræða, þar sem fólkið getur gegnið að atvinnu, öruggri alveg. Ég hugsa, að þetta fólk hugsi meira um þessi atriði en jafnvel hækkun fjárl. Og auðvitað gildir það um allar framkvæmdir, að þær verða ekki gerðar fyrir ekki neitt. Auðvitað hafa skólarnir, sem hafa verið byggðir, kostað eitthvað. Auðvitað hafa vegirnir kostað eitthvað, sem hafa verið lagðir o. s. frv., o. s. frv. (Gripið fram í.) Já, hann gleymdi alveg að geta um það, sem ekki var gert í tíð fyrrv. stjórnar, viðreisnarstjórnarinnar. Það var ekki von, að hann færi að tíunda það, enda hefði það verið langur listi, ef hann hefði átt að telja upp allar vanrækslusyndirnar.

Það er til of mikils ætlast af hv. þm. Það er afskaplega skiljanlegt, að lítill bátur, að doría leiti skjóls hjá stórskipi og hv. 7. þm. Reykv. langi að komast í það skjól, sem hann áður naut af Sjálfstfl. En það verð ég að segja, að mér þykir skörin vera farin að færast upp í bekkinn, ef þessi maður má ekki fara með í þingsölunum það orð, sem er notað um skipstjóra á litlum skipum, — ætlar að fara að taka að sér stjórn á freigátunni. En ég hef átt viðræður, einkaviðræður, trúnaðarviðræður við forustumenn Sjálfstfl., Gunnar Thoroddsen og Geir Hallgrímsson. Og mér mundi koma það ákaflega á óvart eftir þær viðræður, ef þeir ætluðu að hafa sömu afstöðu til þessa máls og hv. 7. þm. Reykv. og flokkur hans, ef þeir ætluðu að neita þessu máli um það að fá þinglega meðferð, ef þeir ætluðu að neita því að fara til 2. umr. og n. og leggja stein í götu þess, að stjórnmálamennirnir yfirleitt gætu komið saman og rætt þessi mál og

athugað leiðir í þeim. Ég verð því að beina þeirri alveg ákveðnu spurningu til hv. formanns þingflokks Sjálfstfl., Gunnars Thoroddsens, hvort það sé meining Sjálfstfl. að viðhafa hér líka þá óþinglegu aðferð, sem hv. 7. þm. Reykv. leggur til, hvort Sjálfstfl., stærsti flokkurinn á Alþ., ætli að taka þátt í þeim leik. Það er áreiðanlegt, að eftir því verður tekið af þjóðinni, ef þannig er orðið ástandið á Alþ., að hann telur sig ekki geta rætt við aðra þingflokka um leiðir til úrlausnar aðsteðjandi vanda. Um hitt er enginn að tala og til hins er enginn að gera kröfu, að þeir verði með málinu eftir 2. umr., eftir að það hefur verið skoðað. Það eru eðlileg vinnubrögð og verður að ráðast, hvort nokkur samstaða getur um það náðst eða ekki. En að vísa því á bug athugunarlaust, það er einsdæmi.

Ég óska þess að fá skýrar yfirlýsingar hv. þm. Gunnars Thoroddsens um þetta. Mér finnst, að ég eigi rétt til þess eftir þau einkasamtöl, sem ég hef átt við forustumenn Sjálfstfl. Ég er því vanur í viðskiptum við flesta menn, að orð skulu standa. Ég ætlast ekki til þess, að hv. þm. gefi þá yfirlýsingu nú. Ég gef honum og tel sjálfsagt, að hann fái alveg nægilegt ráðrúm til þess að ráðfæra sig við flokk sinn um það, hverja aðferð hann ætlar að hafa í þessu máli, og það liggi alveg ljóst fyrir, hvort sem hann kýs að lýsa því hér yfir á Alþ., sem ég tel æskilegast, eða gera það í einkasamtali við mig.

Það er hygginna manna háttur að haga máli sínu þannig að draga fyrst saman forsendurnar og síðan, þegar þeir hafa rakið þær, að komast að niðurstöðu. Hv. 7. þm. Reykv. fór þveröfugt að. Hann byrjaði á því að kveða upp dóminn. En forsendurnar, ef einhverjar voru, komu þá á eftir. Batnandi manni er best að lifa, og ég vil óska þess hv. 7. þm. Reykv. til handa, að hann megi sofa vel í nótt og hann megi hafa góða drauma og e. t. v. megi honum þá vitrast einhver ný viðhorf í þessu máli, og vegna reynslunnar veit ég, að hann þarf ekki nema stuttan tíma til þess að öðlast nýja skoðun og stefnu í málinu.

Gylfi Þ. Gíslason: Herra forseti. Ég kvaddi mér hljóðs vegna þess, að hæstv. forseti hafði tjáð mér, að meiningin væri að fresta þessari umr. nú. Það er auðséð, að ræða mín og stefna þingflokks Alþfl. hefur haft þau áhrif á hæstv. forsrh. og þá væntanlega ríkisstj., að hann vill ekki, að umr. um málið sé haldið áfram. Hann þorir ekki að láta umr. málsins halda áfram í kvöld og atkv. ganga um málið. Ég skal ekki ræða efni þess frekar, fyrst umr. á að fresta, þó að mér þyki það mjög miður, því að ég hef mörgu að andmæla í ræðu hæstv. forsrh. M. a. get ég nefnt tvö dæmi um það, að hann fór beinlínis með rangt mál, þegar hann þekkti ekki dæmi þess, að frv. hafi verið fellt við 1. umr. Ég hef hér tvenn Alþingistíðindi, þar sem eru dæmi um það, og nú skal það koma, sem var meginerindi mitt í stólinn og er aðeins tvær setningar:

Ég vek athygli þings og þjóðar á því, að forsrh. Íslands sagði í ræðu sinni hér áðan, að þótt þetta frv., sem hér er um að ræða, sem er frv. um meginstefnu í meginmáli íslensku þjóðarinnar í dag, efnahagsvandanum, — forsrh. Íslands sagði, að þótt þetta frv. félli, mundi ríkisstj. ekki segja af sér, hún mundi sitja. Ég fullyrði, að það er engin hliðstæða slíks í þingsögu nálægra lýðræðisríkja, að ríkisstj. sitji, ef frv. um meginstefnumál fellur. Þetta er brot á öllum eðlilegum og venjulegum og heiðarlegum þingræðisreglum.

Umr. frestað.

Efri deild, 117. fundur.

Mánudaginn 6. maí, kl. 2 miðdegis.

Almannatryggingar, frv. (þskj. 853). — 3. umr.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 14 shlj. atkv. og afgr. til Nd.

Iðnlánasjóður, frv. (þskj. 684). — 3. umr.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 14 shlj. atkv. og afgr. til Nd.

Lífeyrissjóður bænda, frv. (þskj. 685). — 3. umr.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 15 shlj. atkv. og afgr. til Nd.

Áhrif olíuverðhækkana á hitunarkostnað íbúða, frv. (þskj. 806). — 3. umr.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 14 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 858).

Lífeyrissjóður sjómanna, frv. (þskj. 855). — 3. umr.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 12 shlj. atkv. og endursent Nd.

Happdrættislán ríkissjóðs til að fullgera Djúpveg, frv. (þskj. 516). — 3. umr.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 13 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 873).

Húsnæðismálastofnun ríkisins, frv. (þskj. 222, n. 821). — 2. umr.

Frsm. (Auður Auðuns): Herra forseti. Þetta frv. um breyt. á l. um Húsnæðismálastofnun ríkisins hefur verið rætt í félmn. N. sendi frv. til umsagnar landshlutasamtaka og Húsnæðismálastofnunar ríkisins. Umsagnir bárust frá Fjórðungssambandi Norðlendinga, Fjórðungssambandi Vestfirðinga og Samtökum sveitarfélaga í Vesturlandskjördæmi, og voru þær umsagnir allar jákvæðar og meðmæltar frv. Frá húsnæðismálastjórn barst n. umsögn. Meiri hl. telur, að frv. þurfi frekari athugunar við, áður en það öðlist lagagildi. Hins vegar var sent afrit af till., sem fram kom, en hafði ekki hlotið þar meirihlutafylgi.

Eins og fram kemur í nál. á þskj. 821, höfðum við tveir nm., ég og hv. 5. þm. Vestf., sem er flm. þessa frv., óskað, að frv. yrði samþ. eins og það liggur fyrir. En eftir atvikum getum við fallist á það meirihlutasjónarmið, að frv. verði vísað til ríkisstj.

ATKVGR.

Till. á þskj. 821 um að vísa frv. til ríkisstj. samþ. með 16 shlj. atkv.

Sölustofnun lagmetisiðnaðarins, frv. (þskj. 854). — 3. umr.

Frsm. (Steingrímur Hermannsson): Herra forseti. Við 1. umr. um þetta mál óskaði hv. 5. þm. Reykn. eftir ákveðnum upplýsingum um upphæð útflutningsgjalda á niðursoðnum og niðurlögðum sjávarafurðum. Hann ítrekaði þetta við 2. umr. Eins og ég sagði þá, mun þessari spurningu hafa verið vísað til hæstv. ráðherra, og ég baðst afsökunar á því, að n. hafði ekki athugað að afla sér þessara upplýsinga. Ég hef ekki enn fengið upplýsingar um heildarupphæð á síðasta ári. En þær upplýsingar hef ég fengið, að útflutningsgjaldið nam 3 400 kr. á tonn og að viðbættu því 2.07% af fob.-verðmæti útfluttra, niðurlagðra sjávarafurða. Það er nú reyndar verið að reyna að útvega nánari upplýsingar um það, hvað þetta er mikið í heild, en því miður hef ég ekki meira á þessu stigi. Það er von mín, að þm. geti að svo komnu máli látið sér nægja þessar upplýsingar.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 13 shlj. atkv. og afgr. til Nd.

Framkvæmdastofnun ríkisins, frv. (þskj. 362, n. 818). — 2. umr.

Frsm. (Steingrímur Hermannsson): Herra forseti. Félmn. hefur haft til meðferðar frv. til l. um breyt. á l. nr. 93 frá 1971, um Framkvæmdastofnun ríkisins, sem fjallar um að setja á fót íbúðalánadeild við Byggðasjóð, sem er hjá Framkvæmdastofnuninni, eins og kunnugt er.

Borist hafa tvær umsagnir um þetta mál, frá Framkvæmdastofnun ríkisins og frá Húsnæðismálastofnun ríkisins. Báðar umsagnir eru mjög meðmæltar frv. Umsögn Framkvæmdastofnunarinnar getur þess að vísu, að e.t.v. væri þessi deild betur staðsett að öllu hjá Húsnæðismálastofnun ríkisins. Mér þykir í því sambandi rétt að geta þess, að um þetta var allmikið rætt hjá byggðanefnd, sem gengst fyrir flutningi þessa

frv., og í frv. er raunar gert ráð fyrir því, að öll afgreiðsla á slíkum lánum verði hjá Húsnæðismálastofnun ríkisins. Hins vegar var að vel athuguðu máli ekki talið rétt, að Húsnæðismálastofnunin sjálf hefði hjá sér slíka mismunun í lánsupphæð eftir búsetu. Var talið eðlilegra að hafa þetta hjá Byggðasjóði, enda hefur Framkvæmdastofnunin með byggðamál að gera, og ætti að vera best fær um að meta, hvar þörf er sérstök fyrir slík örvunarlán.

Í umsögn Húsnæðismálastofnunarinnar, þar sem einnig er mælt ákveðið með samþykkt frv., er lagt til, að gerð verði á því smávægileg breyt., þannig að við 2. gr. á eftir orðunum: „m. a. hámark lána og skiptinga á landssvæði" komi: að höfðu samráði við húsnæðismálastjórn. Hefur félmn. gert þetta að sinni till.

N. mælir einróma með samþykkt frv., en tveir hv. þm., Auður Auðuns og Þorv. Garðar Kristjánsson, skrifa undir með fyrirvara.

Ég þarf ekki að hafa mörg orð um þetta, ég mælti ítarlega fyrir þessu frv. við framsögu. Ég vil aðeins undirstrika það, að þetta frv. er flutt af byggðanefnd þeirri, sem starfað hefur upp á síðkastið að bæði einstökum málum, sem til jafnaðar geti orðið á milli landsbyggðarinnar og þéttbýlisins, og er þetta eitt af þeim málum. Sú n. starfar jafnframt að gerð almennrar stefnu í byggðamálum.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Neðri deild, 120. fundur.

Mánudaginn 6. maí, kl. 2 miðdegis.

Sala kirkjujarðarinnar Stóru-Borgar, frv. (þskj. 842). — 3. umr.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 30:1 atkv. og afgr. til Ed.

Stofnlánadeild landbúnaðarins, frv. (þskj. 441, n. 785, 810). — 2. umr.

Frsm. (Stefán Valgeirsson): Herra forseti. Eins og ég gat um, þegar ég ræddi hér síðast um jarðalögin, leggur meiri hl. hv. landbn. til, að Landnám ríkisins starfi áfram eins og það hefur gert fram að þessu. En það frv., sem hér um ræðir, er í sjálfu sér þannig upp byggt, að Landnám ríkisins verði lagt niður. Þess vegna leggur n. til, að eftirfarandi breytingar verði gerðar á þessu frv.:

1. Að 1. gr. falli niður.
2. Að 3. málsgr. 3. gr. orðist svo:

Á hvert íbúðarhús má veita í eitt skipti allt að 120 þús. kr., þó aldrei yfir 10% af sannanlegum kostnaði við endurbyggingu íbúðarhúss. Á framlög þessi skal greiða verðlagsuppbót samkv. vísitölu, er sýni breytingar á tilkostnaði framkvæmda frá meðalkostnaði þeirra á árinu 1971, eins og hún er ákveðin samkv. 12. gr. jarðræktarlaga frá 16. maí 1972. Til að veita slík framlög fær Stofnlánadeild greiðslu úr ríkissjóði samkv. fjárl.

3. Að 4. gr. falli niður.
4. Að inn komi ný gr., sem verði 3. gr. og orðist svo:

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Pálmi Jónsson: Herra forseti. Eins og fram kemur í áliti landbn. á þskj. 785, hefur n. orðið sammála um afgreiðslu þessa máls, en þó hafa einstakir nm. skrifað undir álitið með fyrirvara um að fylgja brtt., sem fram kunna að koma, og áskilja sér einnig rétt til að flytja sjálfir brtt. Við þrír nm. höfum lagt fram brtt. við 2. brtt. n. um það, að tillgr. orðist eins og segir á þskj. 810. Auk mín flytja þessa brtt. hv. 8. landsk. þm., Benedikt Gröndal, og hv. 2. þm. Norðurl. v., Eyjólfur K. Jónsson. Þessi till. við brtt. n. felur í sér, að framlög til íbúðarhúsa í sveitum og til gróðurhúsa skuli hér eftir sem hingað til greidd út af Landnámi ríkisins eftir lögum um Stofnlánadeild landbúnaðarins, landnám, ræktun og byggingar í sveitum, nr. 45 frá 1971, en ekki flytjast til Stofnlánadeildar landbúnaðarins og Búnaðarfélags Íslands, eins og gert er ráð fyrir í þeim stjfrv., sem hér liggja fyrir.

Það kom fram í ræðu hv. frsm. n., Stefáns Valgeirssonar, að meiri hl. n. hefur lagt fram till. um, að Landnám ríkisins skuli starfa áfram. Þessu er ég fyllilega sammála. En það hlýtur að fylgja þeirri afstöðu, að Landnám ríkisins hafi í sínum höndum þau verkefni, sem það hefur í dag og vel hefur gefist, að það fari með. Ef það er einhver meining í því hjá hv. þm. Stefáni Valgeirssyni og þeim, sem nú hafa snúið frá þeirri villu að leggja Landnám ríkisins niður, þá hlýtur það að fylgja, að Landnám ríkisins skuli áfram hafa einhver verkefni með höndum. Meðal þeirra verkefna eru þau, sem hér er um rætt, að Landnám ríkisins greiði áfram út framlög til íbúðarhúsa og til gróðurhúsa. Landnám ríkisins fjallar um þessi efni. Landnámsstjórn tekur ákvörðun um, hvaða íbúðarhús í sveitum séu styrkhæf, það samþykkir stofnun nýrra býla og það samþykkir stofnun nýrra garðyrkjubýla, svo að þessi mál koma hvort eð er til landnámsstjórnar, og er því um að ræða aukna vafninga og flækju í meðferð þessara mála, ef þessi framlög verða fengin öðrum aðilum í hendur.

Ég sé ekki ástæðu til þess, vegna þess að hér er um einfalt og lítið málefni að ræða, að fara um þetta mörgum orðum. Till. okkar þremenninga felur það í sér, eins og áður sagði, að framlögin greiðist samkv. 61. gr. landnámslaga, eins og gerst hefur, en við bætist ákvæði um vísitölutryggingu þessara framlaga með nákvæmlega sama hætti og gert yrði með samþykkt till., sem hv. 3. þm. Norðurl. e., Stefán Valgeirsson, mælti hér fyrir áðan. Breytingin er einungis í því fólgin, að við leggjum til, að þessi framlög verði áfram í höndum Landnáms ríkisins og verði vísitölutryggð, en ekki færð í hendur annarra aðila.

Frsm. (Stefán Valgeirsson): Herra forseti. Það hefði mátt ætla miðað við þá ræðu, sem hv. þm. Pálmi Jónsson flutti hér áðan, að það væri Landnám ríkisins eitt, sem fjallaði um byggingu íbúðarhúsa í sveitum. Málið er þannig, að umsagnaraðilar um slík mál eru byggingarþjónusta landbúnaðarins og Landnám ríkisins, eins og málum hefur verið háttað fram að þessu. Það, sem felst í þessari breytingu, er fyrst og fremst tvennt. Það er það, að Búnaðarbankinn eða Stofnlánadeildin greiði þessa styrki til húsbyggjenda, eins og lánin eru afgreidd, og í öðru lagi, að á þennan styrk komi byggingarvísitala, eins og er á öðrum framkvæmdum samkv. jarðræktarlögum. Það eru þessar tvær breytingar. Hér er ekki verið að flækja þetta mál, heldur er verið að gera það einfaldara með því, að Stofnlánadeildin greiði hvort tveggja. Það er allt og sumt. Það er ekki verið að taka neitt verkefni í sjálfu sér af Landnáminu annað en þetta, að greiðslan fer fram frá Stofnlánadeildinni.

Umr. frestað.

Sameinað þing, 84. fundur.

Mánudaginn 6. maí, kl. 2.25 miðdegis.

Umræður utan dagskrár (útvarpsumr.)

Hannibal Valdimarsson: Herra forseti. Ég hef kvatt mér hljóðs og óskað þess, að fundur væri haldinn í Sþ. vegna atburða síðustu daga og dagsins í dag.

Hæstv. forsrh. hélt framsöguræðu fyrir frv. til l. um efnahagsmál fyrir nokkrum dögum og sagði þá orðrétt:

„Sá ráðh., sem vill firra sig ábyrgð á flutningi þess (þ. e. a. s. frv. um efnahagsmál), hefur þrátt fyrir orðsendingu og bókanir á elleftu stundu aðeins eitt úrræði."

Fréttaskýrendur sögðu þá þegar, að þetta eina úrræði væri að áliti forsrh. að biðjast lausnar. (**BGuðn:** Það er rétt mælt.) Er það hæstiréttur, sem talar? Eða er það kannske rödd úr eyðimörkinni?

Þessi ummæli hæstv. forsrh. leiddu til þess, að sá ráðh., sem skeytið var sent og látið berast honum á sjúkrasæng í útvarpi, án þess að hæstv. forsrh. hefði svo mikið við að snerta símatækið eða tala við viðkomandi ráðh. sinn persónulega, — hv. 3. landsk. breytir því ekki í gamanleik, svo mikið er víst, — afleiðingin varð sú, að Björn Jónsson félm.- og samgrh. sendi forsrh. svo hljóðandi bréf:

„Reykjavík, 4. maí 1974.

Hr. forsrh., Ólafur Jóhannesson, Reykjavík.

Sökum þess að þér hafið nú lagt fram á Alþ. sem stjfrv. frv. til l. um viðnám gegn verðbólgu og aðrar ráðstafanir til að stuðla að jafnvægi í efnahagsmálum, þrátt fyrir það að ég hef ekki viljað eiga aðild að flutningi frv., bæði vegna ágreinings um mikilvæg efnisatriði og málsmeðferð, sé ég mig knúinn til að æskja þess, að þér, herra forsrh., hlutist til um án tafar, að mér verði veitt lausn sem ráðherra samgöngu- og félagsmála í ráðuneyti yðar.

Þá bárust mér í gærkvöld í útvarpi fréttir af ummælum, sem þér viðhöfðuð í framsöguræðu fyrir framangreindu frv., en þau verða á engan annan hátt skilin en að það sé ósk eða tilmæli yðar, að ég biðjist lausnar úr rn. Styðja þessi ummæli yðar lausnarbeiðni mína og gera hana í raun óhjákvæmilega.

Virðingarfyllst,
Björn Jónsson."

Þegar þetta hafði gerst sem afleiðing af ummælum forsrh., sem ég hygg einstök í stjórnmálasögunni, blasti það við, að það var vitanlega óþolandi ástand til lengdar, að annar ráðh. SF væri utan ríkisstj. og hinn innan hennar, og tók því flokkur SF málið til meðferðar, hélt framkvæmdastjórnarfund og fund þingmálanefndar og ræddi um þessi mál, en þingflokkurinn tók síðan málið til afgreiðslu. Sá fundur var haldinn í dag, og þar var tekin þessi ákvörðun, með leyfi hæstv. forseta, — það er bréf til hæstv. forsrh., það er afhent honum persónulega í dag kl. 11.15, og var sannarlega ætlun mín, að það yrði næst tilkynnt Alþingi Íslendinga, en ekki útvarpi og sjónvarpi, og það er gert án minnar vitundar og míns vilja, enda siðleysi. Bréfið til forsrh. er svo hljóðandi:

„Reykjavík, 6. maí 1974.

Svo hljóðandi samþykkt var gerð á þingflokksfundi SF í dag:

Þar sem Björn Jónsson samg.- og félmrh. hefur séð sig tilneyddan að segja af sér sem ráðh. sökum ágreinings um efni og flutning frv. um efnahagsmál og auk þess vegna ummæla forsrh. á Alþ., lýsir þingflokkur SF því yfir, að hann staðfestir lausnarbeiðni Björns Jónssonar, getur ekki lengur átt aðild að ríkisstj. Ólafs Jóhannessonar og afturkallar hér með tilnefningu ráðherra sinna. Enn fremur lýsir þingflokkurinn því yfir, að hann ber ekki lengur traust til ríkisstj. Ólafs Jóhannessonar og skorar því á hann að biðjast lausnar fyrir sig og ráðuneyti sitt."

Ályktun mín og míns þingflokks af þessu er svo aðeins sú, að grundvöllur þeirrar þriggja flokka ríkisstj., sem Ólafur Jóhannesson stofnaði til 14. júlí 1971, sé brostinn.

Menntmrh. (Magnús T. Ólafsson): Herra forseti. Á þingflokksfundi SF í morgun, eftir að atkv. höfðu gengið um bréf það, sem hv. 3. þm. Vestf. hefur lesið hér, og það hafði verið samþ. með 3 atkv. gegn atkv. mínu, óskaði ég eftir, að gerð yrði svolátandi bókun, sem ég vil leyfa mér að lesa, með leyfi hæstv. forseta:

„Stjórnmál snúast að minni hyggju um málefni frekar en menn. Ákvörðun Björns Jónssonar að biðjast lausnar úr ráðherraembætti er skiljanleg frá mannlegu sjónarmiði. En undirrót lausnarbeiðninnar er pólitísk afstaða, sem ég er ekki samþykkur og get ekki gert að minni með því að fallast á, að lausnarbeiðninni sé af hálfu SF fylgt eftir með því að slíta núverandi stjórnarsamstarfi

Við undirbúning frv. um viðnám gegn verðbólgu hef ég leitast við að fylgja fram þeirri stefnu, sem mörkuð var í samþykkt um efnahagsmál á síðasta flokksstjórnarfundi SF. Ég hef unnið heils hugar að undirbúningi þess máls og verð að láta hollustu við stjórnmálaafstöðu, sem þannig er mótuð, ganga fyrir persónulegu tilliti til samflokksmanna. Ég get ekki hvikað frá fylgi við meginstefnu í stórmáli, sem miklu getur varðað um heill og hag þjóðarinnar og komið er til kasta Alþingis, heldur hlýt að standa við þá afstöðu, sem ég tjáði fyrir fáum dögum í áheyrn alþjóðar við útvarpsumr. frá Alþingi."

Eins og hv. alþm. heyra, felst í þessari bókun, að ég get ekki talið mig bundinn af þeirri samþykkt, sem á undan henni er gengin, og skýrði því þingflokknum frá því, að ég sæi mig tilknúinn, eins og mál nú standa, til að fella niður störf í þingflokknum.

Það má vera, að þunglega horfi nú um stundir fyrir núv. ríkisstj. En frá mínum bæjardyrum séð er málefnagrundvöllur hennar ekki brostinn. Ég hef ekki geð í mér til að hlaupa fyrir borð í brimróðrinum, þótt aðrir þreytist á róðrinum og sleppi árinni.

Forsrh. (Ólafur Jóhannesson): Herra forseti. Þar sem nú liggur ljóst fyrir, að núv. ríkisstj. hefur ekki meiri hl., eftir að þeir þremenningarnir, hv. þm. Hannibal Valdimarsson, Karvel Pálmason og Benóný Arnórsson, hafa slitið stjórnarsamstarfi, mun ég án ástæðulausra tafa velja á milli þeirra tveggja kosta, sem eru fyrir hendi, annað hvort rjúfa þing og efna til kosninga eða segja af mér. Ég tel æskilegt, að þingfundir verði stuttir nú í dag og þingflokkar fái á eftir tækifæri til þess að koma saman og fjalla um þau viðhorf, sem skapast hafa eða eru fyrir hendi, eftir að stjórnarsamstarfinu hefur þannig verið slitið af hluta Samtakanna, sem að því stóðu í öndverðu.

Það liggur ljóst fyrir, hverjir það eru, sem slíta þessu stjórnarsamstarfi, sem nú hefur staðið nær því um þriggja ára skeið. Þær ástæður, sem fram voru bornar af hv. 3. þm. Vestf., sem hafði orð fyrir þeim þremenningum hér áðan, eru hins vegar tylliástæður, eins og best verður séð af þeirri hófsamlegu bókun, sem hæstv. menntmrh. las hér upp áðan.

Ég hef aldrei farið í fjölmiðla með viðskipti innan ríkisstj. Ég hef aldrei borið þau á torg. Hins vegar gerðist það í eldhúsdagsumr., að hv. þm. Hannibal Valdimarsson flutti orðsendingu þar frá Birni Jónssyni. Það þótti mér heldur köld kveðja og gefa ranga hugmynd af því, sem raunverulega hafði gerst. (HV: Kveðjan var komin.) Hvar var hún á undan komin? Það er alveg rétt, að það höfðu fleiri en hann að vísu sent kveðju á elleftu stundu eða orðsendingu. Á hv. þm. við það, þá kveðju, sem var frá honum og öðrum þm. til viðbótar? Hún er bókuð. Ég taldi þess vegna rétt að víkja aðeins að þessu í framsöguræðu fyrir því frv. um efnahagsmálin, sem fyrir liggur. Það taldi ég mig gera á hófsamlegan hátt. Ég tók þar fram, sem ekki verður vefengt, að það frv. er stjfrv. Það er stjfrv. samþ. af 6 ráðh. Það getur enginn haldið því fram, að neinn ráðh. einn eða jafnvel minni hl. ráðh. hafi eitthvert neitunarvald og geti hindrað það, að frv., sem meiri hl. stjórnar stendur að, sé flutt sem stjfrv. En sá ráðh., sem í minnihl. er, getur gert sína fyrirvara og sínar bókanir. Og í þessu stjfrv. er tekið fram í grg., að einstakir stjórnarflokkar hafi óbundnar hendur um einstök atriði þess. Auðvitað tekur það einnig til ráðh. sem annarra stjórnarþm. Hins sama lét ég getið mjög skýrt í framsögu. En þessa fyrirvara taldi Björn Jónsson ekki fullnægjandi, sem ég hygg, að flestir mundu þó undir svipuðum kringumstæðum hafa látið sér nægja. Þá benti ég á þá augljósu staðreynd, að ef hann vildi frekar en gert var með slíkum fyrirvara og fyrirvörum firra sig ábyrgð, þá hefði hann ekki nema eitt úrræði.

Það er ekki heldur frá mér komið í fréttamiðla, heldur mælti ég þau orð á Alþ. og engar skýringar frá mér komnar í fréttamiðlum. En Björn Jónsson hefur dregið sínar ályktanir af þessu. Hann hefur beðist lausnar, sjálfsagt af því að hann vill ekki á nokkurn hátt láta bendla nafn sitt við þetta frv.

Ég ætla ekkert að fara að ræða um vinnubrögðin í ríkisstj. varðandi þetta frv. Ég ætla ekki að vera fyrstur til þess. En úr því að hann tók þessa ákvörðun, þá er ekkert við því að segja. Hann hefur þar með tekið hreina og út af fyrir sig drengilega ákvörðun um það, að hann vill þarna hvergi nærri koma. Hvað sem líður fyrri afskiptum hans af málinu, þá liggur það ljóst fyrir, eftir að hann hefur beðist lausnar og lausnarbeiðni hans hefur nú verið tekin til greina og honum hefur verið veitt lausn. En það er auðvitað svo, að það skilur hver maður, að enginn maður getur verið hvort tveggja í senn, ráðh. og forseti Alþýðusambandsins. Þegar maður er og verður ráðh., þá er hann ekki lengur forseti Alþýðusambandsins. Þetta veit ég, að hv. 3. þm. Vestf. skilur manna best. Og meðan menn eru í ráðherraembætti, verða þeir að taka ákvarðanir sínar út frá því.

Ég vil svo þakka Birni Jónssyni fyrir samstarfið, á meðan það stóð, og óska honum alls góðs og óska honum góðs bata í sínum erfiða sjúkdómi.

En raunverulega ástæðan til þessara slita á stjórnarsamstarfi er auðvitað öll önnur, eins og allur þingheimur veit, eins og alþjóð veit. Raunverulega ástæðan er sameiningardraumurinn mikli, Alþýðuflokksins og þessa brots Samtakanna. Sá draumur hefur lengi staðið. Hann hefur staðið frá því að þetta stjórnarsamstarf hófst. Ég vil ekki segja, að hann hafi staðið í vegi fyrir á margan hátt ánægjulegu stjórnarsamstarfi. En hann hefur verið til og búið um sig í brjóstum þeirra, sem að honum stóðu, og þá hefur langað til þess að koma honum í framkvæmd sem fyrst. En þröskuldur hefur verið í veginum. Annar parturinn hefur verið inni og hinn hefur verið úti. Viðfangsefnið hefur verið nokkuð lengi það að nema í burtu þennan þröskuld og það er hin raunverulega ástæða til þess, hvað sem hver segir, að nú er núverandi stjórnarsamstarf rofið af þessum aðilum, sem fyrir því standa, að nú er þessi þröskuldur numinn á brott, og nú geta þeir sameinast í bandi friðarins. Og það verð ég að segja, að ég óska þeim hjartanlega til

hamingju með það, vona, að sameiningin geti tekist sem fyrst. (BGuðn: Við óskum Gylfa til hamingju.) Báðum, báðum til hamingju, þannig að hinn nýi og endurbætti jafnaðarmannaflokkur geti sem fyrst risið á legg og orðið athafnamikill í íslenskri pólitík.

Ég verð að segja það að leiðarlokum, að þó að enginn sé hlutlaus, þegar hann dæmir um eigin verk, þá er mér að sjálfsögðu eftirsjá að þessari stjórn að ýmsu leyti. Ég tel, að hún hafi ýmsu góðu til leiðar komið, e. t. v. verði munað eftir henni um skeið, og við höfum allir, sem í henni höfum starfað, átt okkar góða þátt í því. Og ég á margar ánægjulegar endurminningar um samstarfið við þá menn, sem ég hef starfað með í stjórninni. Ég er nú ekki að segja, að það hafi alltaf verið dans á rósum, og ég er ekki að segja, að það hafi ekki einstaka sinnum reynt svolítið á langlundargeð þess, sem átti að hafa forustuna í því stjórnarsamstarfi. En e. t. v. hefur það verið óheillaspor, þrátt fyrir allt, þó að Björn Jónsson sé hinn mætasti maður, að hv. 3. þm. Vestf., Hannibal Valdimarsson, skyldi nokkurn tíma yfirgefa ráðherrastólinn, því að hvað sem um þá kempu má segja, þá er það alveg víst, að hann er maður, sem þorir, þorir að gera hlutina, hvort sem þeir eru vinsælir eða ekki, jafnvel stundum hvort sem þeir eru skynsamlegir eða ekki. Það heljarstökk, sem hann hefur tekið í dag, ber því ótvíræðast vitni.

Geir Hallgrímsson: Herra forseti. Ég skal ekki blanda mér í deilur, árásir og orðaskipti fyrrv. samherja og stuðningsmanna núv. stjórnar. Sundrung, missætti og óheilindi innan núv. ríkisstj. hafa oft komið í ljós, og það er ekki vonum fyrr, að til stjórnarslita hefur komið. Þjóðarinnar vegna hefði þessi atburður gjarnan mátt eiga sér stað miklu fyrr.

Af þeim upplýsingum, sem þingheimur hefur heyrt, er ljóst, að núv. ríkisstj. hefur ekki meiri hl. Alþingis að baki sér, er ekki þingræðisstjórn, og getur því ekki lengur komist hjá því að segja af sér.

Þegar hæstv. forsrh. flutti stefnuræðu sína á s. l. hausti, lýsti einn stuðningsmaður ríkisstj., Bjarni Guðnason, því yfir, að hann treysti ekki núv. ríkisstj., og var þá strax ljóst, að ríkisstj. gat ekki með þingfylgi sínu komið lagafrv. fram á Alþ. Þegar litið er til þess, að ríkisstj. hefur ekki sýnt neina forustu eða stjórnsemi í efnahagsmálum fremur en öðrum málum á nær þriggja ára valdaferli sínum, þá var ljóst, að öll von var úti um bætt vinnubrögð á þessum vetri við slík skilyrði. Vissulega hefði því ríkisstj. þegar átt að segja af sér s. l. haust. Meðan hún hefur setið, hefur Alþ. ekki getað sinnt sem skyldi aðkallandi vandamálum. Því er nú svo komið, að ný holskefla óðaverðbólgu skellur nú yfir 1. júní n. k. að sögn ráðh. sjálfra. Dýrmætur tími til þess að snúast við vandamálum, hvað þá heldur að koma í veg fyrir þau, hefur því farið til spillis.

Nú verður ekki lengur dregið í efa, að ríkisstj. ber að fara frá, og munu sjálfstæðismenn í kjölfar gefinna yfirlýsinga hér í dag gangast fyrir, að flutt verði till. um vantraust á núv. ríkisstj. Sjálfstfl. mun ekki nú fremur en fyrr skorast undan að taka á sig ábyrgð, sem nauðsynleg er til þess að leysa aðkallandi vandamál. En sjálfstæðismenn eru þeirrar skoðunar, að efna beri til kosninga svo fljótt sem allar aðstæður leyfa, svo að landsmönnum öllum verði gefinn kostur á að kveða upp dóm yfir ferli núv. ríkisstj. og að veita þeim, sem landsmenn treysta, nýtt óskorað umboð til að takast á við vandamálin, svo að byggja megi nýjan, traustan grundvöll að framfarasókn íslensku þjóðarinnar og tryggja öryggi hennar í framtíðinni.

Bjarni Guðnason: Herra forseti. Ég saknaði þess, að Gylfi Þ. Gíslason skyldi ekki taka til máls hér á undan mér og fagna þeim tíðindum, sem gerst hafa, því að eins og hæstv. forsrh. sagði frá hér áðan, þá er hinn mikli draumur, sameiningardraumurinn, sem hefur ráðið nokkuð ferðinni.

Þegar ég stend nú frammi fyrir þeim tíðindum, sem gerst hafa í þeim flokki, sem ég tilheyrði og batt mínar vonir við og kom eins og græningi inn í pólitíkina, þá segi ég nú á þessari stundu: Já, það var nú það. Það er það. Já, svona er nú það.

Það er sagt um Vilhjálm Þýskalandskeisara, þegar hann hrökklaðist frá völdum eftir fyrra stríð, þá dundaði hann sér við það í ellinni að kljúfa við. Hannibal Valdimarsson er einn sá stórkostlegasti klofningsmaður í íslenskum stjórnmálum, sem við þekkjum, og nú í ellinni heldur hann því áfram að kljúfa. Og ef hann fer í Selárdal, þá getur hann haldið áfram að kljúfa þar rekavið, áður en allt um þrýtur, og þjóna þannig lund sinni.

En þetta er ekki bara hörmungarsaga SF, þetta er líka hörmungarsaga vinstri manna, og þetta er líka hörmungarsaga núv. ríkisstj., sem kristallast í stórkostlegasta sameiningarmanni allra tíma, Vestfjarðagoðanum. Það er mikil skelfing fyrir okkur hina, sem erum yngri að árum, að sjá, hvernig einstakir menn geta með geðshræringarlegum tilburðum í ræðustólum heillað fólk til fylgis við sig og svo reynist þessi veiði vera hreint hjóm og hégómi. Og þegar kosningasigurinn er sem stærstur, þá er ósigurinn mestur. Allt speglast í einu vetfangi í sögu þessa einstaka þm., Hannibals Valdimarssonar.

Sá ráðh., sem kemur nú fram og talar um mistök núv. ríkisstj., ætti ekki að segja mjög margt, því að ég get fullyrt af minni þekkingu og kunnáttu, að þessi hv. meistari í sameiningarmálum allra vinstri manna var andvígur myndun núv. ríkisstj. og líka sá maður, sem liggur nú á sjúkrahúsi og nefndur er Björn Jónsson. Þessir menn vildu ekki mynda núv. ríkisstj., en voru knúðir til þess af fyrst og fremst hæstv. núv. menntmrh., Magnúsi T. Ólafssyni, og mér, þegar við lá strax klofningur forustumanna. Þannig hafa þessir tveir menn, Hannibal Valdimarsson og Björn Jónsson, alla tíð setið á svikráðum við núv. stjórn vinstri manna. (Gripið fram í: Hver sveik hana fyrst?) Hver sveik hana fyrst? Hví skal svarað. Það var sú ákvörðun verkalýðsforingjanna (!) — og ég set nú upphróp-un á eftir því nafni — að krefjast gengisfellingar

í des. 1972, þrátt fyrir það að þessir aulabárðar höfðu gagnrýnt viðreisnarstjórnina í 10 ár fyrir gengisfellingarstefnu og það var beinlínis mótað í stefnuskrá ríkisstj. að grípa ekki til gengisfellinga gagnvart ríkjandi efnahagsvanda.

Nei, þá koma þessir verkalýðsforingjar(!) með upphrópunarmerki á eftir — og krefjast gengisfellingar. Ég vil skjóta því inn, og ég bið hæstv. forseta að ávíta mig á eftir, ef ég nota of ljót orð, ég kalla svona menn rumpulýð í íslenskum stjórnmálum. Síðan er allan tímann vegið að stjórninni og innan þingflokksins með tengslum við Gylfa Þ. Gíslason, sem hefur lagt allt kapp á að kollvarpa stjórninni. Þetta hefur nú verið hreinleikinn í baráttunni. Svo eru menn að tala um, að ég hafi brugðist þessari stjórn. Ég hygg nefnilega, að fyrrv. samherjar mínir, hinn stórkostlegasti sameiningarmaður allra tíma, Hannibal Valdimarsson, og Björn Jónsson, hafi beinlínis að verulegu leyti eyðilagt þessa stjórn frá upphafi vega. Og það fer ákaflega vel á því á síðustu dögum þessarar stjórnar, að þá skuli SF þurfa að halda þingflokksfund á sjúkrahúsi. Mér hefur stundum dottið í hug, hvort það væri ekki best að hafa þá á gjörgæsludeild.

Sannleikurinn er sá, að það er hörmulegt til þess að vita, að menn í nafni verkalýðshreyfingarinnar, í nafni vinstri stefnu skuli geta rótað upp fylginu og hugum vinstri manna, eins og þessir tvíburar hafa gert. Og niðurstaðan blasir við. Hvað vilja þessir tvíburar? Þeir vilja bara nýja viðreisnarstjórn, ekkert annað. Og það hefur aldrei verið annað vakandi fyrir þeim.

Svo er náttúrlega ein lexía, sem ég vil gjarnan, að komist í alþingistíðindin. Það er það, að sá háttur skuli vera á hafður í SF, að það skuli vera fjögurra manna þingflokkur og það skuli vera gengið þannig frá því, að það er þingflokkurinn, þessir 4 menn, sem ákveður afstöðu til ríkisstj. Í öllum öðrum stjórnmálaflokkum er það miðstjórn, þar sem er allt að 60 manna stjórn. En hinn stórkostlegasti sameiningarmaður allra tíma, og Björn Jónsson, gegnsýrður af lýðræðishugsjónum í kommúnistafélögunum hérna fyrir tveimur áratugum, þeir hafa komið því svo fyrir, að ákvörðun um afstöðu flokksins til ríkisstj. er tryggð innan fjögurra manna þingflokks, en ekki hjá flokksfélögunum. (**Gripið fram í:** Samþykktir þú ekki þessa till.?) Þetta er dálítið sýnishorn af þessum ræfilsflokki.

Ég vil bara segja það, að þróun mála er mjög ömurleg, og ég hefði óskað þess, að minn gamli vinur, Magnús T. Ólafsson, hefði kveikt á perunni fyrr, skilið dálítið betur, hvað var að gerast, hvernig var að vinna með þessum mönnum. Þá væri staða okkar Magnúsar Torfa dálítið önnur. En það breytir ekki öllum hlutum. Málin hafa sinn gang. En hitt vildi ég segja, að nú er svo komið, að Magnús Torfi Ólafsson, sem gekk allt of lengi klyfjaður undir asnaspörkum Vestfjarðagoðans og Björns Jónssonar, er nú væntanlega orðinn nýr þingflokkur í þinginu, og þá fer nú allur ljóminn af mér. Og þá vill svo til, að við tveir úr SF erum orðnir tveir þingflokkar og svo rumpulýðurinn hinum megin. Magnús T. Ólafsson hafði lýst yfir því í afskaplega fallegum stíl, ég vil kalla það jómfrúarstíl, að hann hafi fellt niður störf í þingflokknum. Hvað merkir það? Það merkir, að hann er farinn úr þingflokknum. Og ég held, að það væri nú ráð fyrir Vestfjarðagoðann, hinn stórkostlegasta sameiningarmann allra tíma, að reka Magnús T. Ólafsson, það er um ekkert annað að gera.

Ég hef vissulega verið þessari ríkisstj. erfiður, og hún hefur átt það skilið. Þar fyrir eru þær mannlegu taugar í mér, að ég skil þessa ömurlegu þróun hlutanna. Ég held nefnilega, að fyrsta boðorðið í íslenskum stjórnmálum núna sé að hreinsa út — og vona ég, að hæstv. þingforseti slái í bjölluna, — hreinsa út rumpulýðinn. (**Forseti:** Ég hef áminnt hv. þm. tvisvar um að nota ekki þetta orð, og ég óska eftir því, að hann fari eftir því og forðist það.)

Eins og málin hafa þróast, hefur hæstv. Vestfjarðagoði Hannibal Valdimarsson og hans tvíburabróðir Björn Jónsson, haft það að meginverkefni að sameinast Alþfl. Ég held, að ég verði nú að óska Alþfl. til hamingju. Það er enginn vafi á því, að það mun færast mikil kyrrð og rósemi yfir Alþfl., þegar tvíburarnir ganga í þann flokk. Þá mun ríkja sátt og samlyndi. Sérstaklega væri æskilegt, ef tvíburarnir gætu komið því til vegar, að allri ákvörðun í flokknum, bæði um aðild að ríkisstj. og annað slíkt, væri komið fyrir í 6 manna þingflokki. Þá væri hægt að þurrka út það, sem eftir er af Alþfl.

En það er margt, sem blandast inn í þessi mál. Það er ekki bara það að óska Vestfjarðagoðanum til hamingju og farsældar um það, að hann megi á ellidögunum kljúfa rekavið í Selárdal. Það er líka hitt, sem ég vil leggja áherslu á, það er það, hvernig hann og Björn Jónsson, þar sem þeir bera ábyrgð á núv. ríkisstj. og hafa verið í ríkisstj., skuli bregðast forsrh. Ég er nefnilega þeirrar skoðunar, að það sé aðdáunarvert hjá forsrh., hvernig hann hefur tekið á þessum málum. Hann stendur frammi fyrir þeim vanda, að það þarf að gera úrræði í efnahagsmálum, og hann gerir sitt besta, þrátt fyrir það að hann veit, hve örðug aðstaðan er á Alþ. Og ég tel, að hæstv. forsrh. sé verður alveg sérstaks lofs. Það er skoðun mín, þrátt fyrir það að ég tel, að hans ríkisstj. hafi látið reka á reiðanum og þessir hlutir hefðu ekki átt að gerast. En þegar komið er í vandann, þá er virðingarvert af forsrh. að rísa upp og reyna að leysa þann vanda, sem blasir við þjóðinni.

Hvað gerist þá? Þá gerist það, að hlaupastrákar í pólitíkinni koma sér undan þessu. Ég hef það fyrir satt, að sú till., sem hefur valdið mestum deilum í þessu frv., m. a. um að fresta löggildingu þeirra kjarasamninga, þar sem gert er ráð fyrir meira en 20% grunnkaupshækkun, sé komin frá Alþb. og Birni Jónssyni. (**Forseti:** Ég vil fara þess á leit við hv. þm., að hann stytti mál sitt, það eru margir menn á mælendaskrá og þessi umræðutími utan dagskrár er ætlaður til þess, að menn gefi meiri háttar yfirlýsingar.) Já, ég vil bara benda á það, að þegar í svona óefni er komið og hæstv. forsrh. hefur að mínu viti haldið mjög lofsvert á þessum málum, þá skuli þeir menn, sem beinlínis hafa átt hugmynd að þeim till., sem þar eru frammi, hlaupast frá sínum eigin till. Þetta er líka athyglisvert. En að hæstv. forseti beinir þessu nú til mín og hann verður að hafa dálítið umburðarlyndi, því að ég hef verið dálítill þátttakandi í þróun þeirra sam-

taka, sem kölluð eru Samtök frjálslyndra og vinstri manna, og nú eru þau klofin — ég kann ekki að nefna, í hversu marga parta, það skiptir ekki máli, en það er eitthvað tragiskt við þetta. Og svo að ég gefi meiri háttar pólitískar yfirlýsingar, eins og hæstv. forseti óskar, þar sem við á, vil ég beina því eindregið til hæstv. forsrh., að hann hleypi engri skátasveit í ráðherrastólanna til þess að leysa þessi mál, sem við er að glíma, heldur rjúfi þing og efni til kosninga, og þá vil ég vænta þess, að Íslendingar verði þess umkomnir að losna við þann rumpulýð, sem ríður hér húsum.

Karvel Pálmason: Herra forseti. Ég get ekki stillt mig um í upphafi máls míns að vekja athygli hv. þm. og þeirra, sem hlýða á þessar umr., á því, að hér var að fara úr ræðustól einn af hæstv. forsetum Alþingis. Það þurfti þó vegna óskammfeilni í orðbragði að víta þennan hv. þm. þrisvar úr forsetastól (**BGuðn:** Almenningur vill heyra sannleikann.) — þennan hv. þm., 3. landsk., sem allt til þessa og sjálfsagt enn hefur talið sig einn af menntuðustu þm. hér á hv. Alþ. og ætti því að gefa gott fordæmi um framkomu og alla mannasiði.

Þessi hv. þm. fór víða, en niðurstaða mín af máli hans er sú, að það eru greinileg sárindi inni fyrir hjá honum vegna þeirra atburða, sem nú hafa gerst. Frá honum hefur verið stolið senunni, eins og menn segja, hann er ekki lengur, eins og hann taldi sig vera, í sviðsljósi í pólitíkinni. Hann er enn frekar en hann nokkurn tíma áður hefur verið einn á hinni pólitísku eyðimerkurgöngu.

Það er ekki langt síðan fram fór í sjónvarpi umræðuþáttur um stjórnmál. Þessi hv. þm. gaf þá þær yfirlýsingar frammi fyrir alþjóð í sjónvarpi, að hann styddi engin þau úrræði, hver sem þau væru, hvort sem þau væru góð eða vond, sem fram kæmu frá núv. hæstv. ríkisstj., og eins og hann orðaði það, hann ætlaði ekki að hysja buxurnar upp um ríkisstj., ekki heldur hæstv. forsrh., sem hann var þó hér að biðla hvað mest til áðan.

Það er greinilegt og raunar öllum ljóst fyrir löngu, að þessi hv. þm. hefur það eitt að gera í pólitík að bíða þess, að hinn endanlegi dómur verði upp kveðinn, og það er einnig greinilegt á framkomu hans, að hann kvíðir mjög.

Ég tel nauðsynlegt vegna þeirra ummæla, sem hæstv. forsrh. viðhafði hér áðan í sínu máli, að fara nokkrum orðum um gang þess máls, sem hefur orðið til þess, að þeir atburðir hafa nú gerst, sem hér hefur verið lýst. Hæstv. forsrh. vildi láta líta svo út og fyllyrti reyndar og undirstrikaði, að nú hefðu þeir atburðir gerst, að SF hefði slitið þessu stjórnrasamstarfi, sem til var stofnað sumarið 1971. Hann sagði: Það er ekkert vafamál, hver það er, sem þessu samstarfi hefur slitið. — Ég held, að það sé nauðsynlegt til þess að koma í veg fyrir, að farið sé huldu höfði með yfirlýsingar eins og hæstv. forsrh. gaf hér, að upplýsa þetta mál öllu nánar og þá láta koma fram í dagsljósið það, sem rétt er og satt.

Það er vitað og kunnara en frá þurfi að segja, að allur ágreiningur SF við hæstv. forsrh. um það mál, sem hér um ræðir, var í meginatriðum um þær greinar frv. um viðnám gegn verðbólgu, sem snerta samningagerð hinna frjálsu samningsaðila á vinnumarkaðnum. Við höfðum ásamt hinum stjórnarflokknum, Alþb., lagt fram um það óskir og till., sem lagðar voru fram af okkar hálfu hinn 18. apríl s. l., og forsrh. fékk þá þegar eindregnar óskir um það, að þessar tilteknu og umdeildu greinar yrðu út úr frv. teknar og síðan yrði það, sem eftir væri og líklegt væri talið að ná samstöðu um í þinginu lagt fram í frumvarpsformi, en að þessu gerðu yrðu teknar upp viðræður og samráð við verkalýðshreyfinguna um þau meginmál, þ. e. a. s. þau grundvallaratriði verkalýðshreyfingarinnar, samningsréttinn. Þessu neitaði hæstv. forsrh. í þrjár vikur samstarfsflokkum í ríkisstj. Það eina, sem hann vildi fá fram, var stimpill á það frv., sem fram hefur verið lagt í þinginu, og sá stimpill var stimpill Framsfl.

En hið merkilegasta gerist, þrátt fyrir þessi vinnubrögð hæstv. forsrh. við samstarfsflokka í ríkisstj., að við 1. umr. málsins í Nd. Alþ., í framsöguræðu forsrh., býðst hann til þess að draga út úr frv. eina af þeim greinum, sem ollu hvað mestum ágreiningi innan stjórnarflokkanna. Hann býðst til þess í framsöguræðu fyrir frv. að draga þessa gr. til baka, taka hana út, ef það geti orðið til samkomulags um málið. Þetta gerir hann um leið og málið er komið inn í Alþ., býður upp á það stjórnarandstöðunni, að ég hygg. Ég veit ekki, hvort samstarfsflokkarnir áttu neinn kost að óska þess fremur, að þetta væri gert, eftir að búið var að neita samstarfsflokkum í ríkisstj. um langan tíma að gera neinar þær breytingar, sem þeir óskuðu eftir.

Þetta kórónar svo hæstv. forsrh. með þeirri framkomu, sem ég hygg vera einsdæmi í sögu Alþ., þegar hann viðhefur þau orð, sem hér var vitnað til í upphafi, án þess að gera svo mikið sem tilraun til þess að ræða við viðkomandi ráðh. og tjá honum sjónarmið sín varðandi málið. Ég tel ekki ástæðu til þess að lesa þetta hér frekar, það var gert áðan. En ég tel, að þau ummæli og framkoma hæstv. forsrh. við samráðh. sinn í ríkisstj., við samstarfsflokk í ríkisstj. og við verkalýðshreyfinguna, séu freklegt brot, með öllu óskiljanleg og með öllu ósæmandi manni í þessari stöðu. Ég lít ekki á þessi ummæli, sem til þess hafa orðið að hrekja annan ráðh. SF úr ríkisstj., að þeim sé eingöngu beint gegn einstaklingnum Birni Jónssyni. Þeim er ekki síður beint gegn SF í heild og þeim er ekki síst beint gegn verkalýðshreyfingunni í heild, þegar á það er litið, að sá ráðh., sem fyrir þessu varð, fyrir þessari kveðju hæstv. forsrh., er kjörinn í æðsta sess íslenskrar verkalýðshreyfingar sem forseti Alþýðusambands Íslands. Og því óskiljanlegri eru þessi vinnubrögð hæstv. forsrh. með tilliti til þess að viðhafa slík vinnubrögð við þann einstakling, sem til kemur að ráða ferðinni, móta afstöðu verkalýðshreyfingarinnar í þeim viðræðum, sem væntanlegar eru eða hafnar við ríkisstj. um vandamál efnahagslífsins. Dettur nokkrum heilvita manni í hug eftir slíka aðför að þessum einstaklingi, forseta Alþýðusambandsins, að það verði greiðari aðgangur fyrir hæstv. núv. forsrh. að ná samkomulagi um þessi þó mjög svo vandmeðförnu mál við verkalýðshreyfinguna? Ég held,

að öllum, sem skoða þetta mál ofan í kjölinn, hljóti að vera ljóst, að hér hefur frá upphafi við meðferð þessa máls, eins og að því hefur verið staðið, verið að því stefnt að koma til leiðar þeim endalokum, sem hér hafa orðið.

Það er því hæstv. forsrh. og hann einn með vinnubrögðum í meðferð málsins í ríkisstj. og stjórnarflokkum, sem hann kórónaði síðan með ummælum sínum hér á hv. Alþ., hann er sá einn, sem ábyrgð ber á því, að komið er nú eins og menn vita. Ég lýsi allri ábyrgð á hendur hæstv. forsrh., hvernig komið er, því að hann einn með mótun og meðferð málsins í ríkisstj. og hjá þeim aðilum, sem með það hafa farið, hann einn hefur ráðið ferðinni. Það hefur á engu stigi verið tekið tillit til þess, sem samstarfsflokkar í ríkisstj., verkalýðsflokkar, hljóta að krefjast af vinveittri ríkisstj. verkalýðshreyfingunni, að full samráð séu við hana höfð. Og menn skulu minnast þess, að í stjórnarsáttmálanum, sem er staðfestur af öllum þm. stjórnarflokkanna, er einmitt eitt atriðið undirstrikað, þ. e. samráð við verkalýðshreyfinguna um lausn efnahagsmála.

Ég endurtek því. Hæstv. forsrh., — hann og hann einn ber á því ábyrgð, hvernig málum er nú komið. Það þýðir ekki fyrir hann né neinn annan, sem það vildi gera, sem ég hef ekki heyrt enn, að lýsa ábyrgð á hendur öðrum en þeim, sem hana réttilega bera.

Forseti (Eysteinn Jónsson): Þessar umr. geta ekki haldið áfram lengur en til kl. fjögur. Það er ekki hægt að taka lengri tíma í þessar umr., enda ætti að vera hægt að koma öllum höfuðsjónarmiðum á framfæri á þeim tíma, ef hv. þm. vildu hafa um það góða samvinnu. Það eru 3 á mælendaskrá. Þegar þeir hafa lokið máli sínu, mun ég takmarka ræðutímann mjög, í 2—3 mínútur, eftir því sem verður eftir af hugsanlegum fundartíma. Ég vil mjög biðja um samvinnu þm. í því að stytta ræðurnar.

Ragnar Arnalds: Herra forseti. Ég skal verða við tilmælum forseta og lengja ekki þennan fund með mörgum orðum, enda er það rétt hjá honum, að ekki er til þess ætlast, að hér fari fram almennar stjórnmálaumr. En á þessum fundi hafa komið fram býsna athyglisverðar yfirlýsingar. Það liggur ljóst fyrir, að einn af stjórnarflokkunum hefur brugðist, hefur raunar klofnað í tvo parta til viðbótar því, sem áður hafði gerst, og meiri hl. hefur ákveðið að ganga gegn núv. ríkisstj.

Þessi ríkisstj. hefur senn verið við völd í 3 ár, og það eru augljóslega komin þáttaskil í íslenskum stjórnmálum. Ég tek undir með hæstv. menntmrh., að málefnagrundvöllur þessarar ríkisstj. er ekki brostinn. Meginkjarni stjórnarinnar stendur áfram saman og er reiðubúinn að leysa aðsteðjandi vanda í efnahagsmálum með markvissum aðgerðum, og í þeim tilgangi hefur ríkisstj. lagt fram frv., sem átti að vísu eftir að fá venjulega meðferð hér á Alþ. og við Alþb.-menn höfðum gert ákveðna fyrirvara við í vissum atriðum, en engin ástæða var til að ætla, að ekki gæti náðst samkomulag milli stjórnarflokkanna um afgreiðslu þessa máls. Á það hafði ekki enn reynt.

Hitt var alls ekki ljóst, hvort ríkisstj. hefði þingstyrk hér á Alþ. til að koma málinu fram. Nú virðist hins vegar endanlega sýnt, að svo er ekki. Raunar er fátt, sem bendir til þess, að hér á Alþ. sé nokkur meiri hl. fyrir hendi í báðum d. þingsins til stuðnings við ákveðnar aðgerðir í efnahagsmálum. Við Alþb.-menn teljum því einsýnt, þegar svo er komið, að þjóðin verði að fá tækifæri til að dæma í almennum kosningum, hvort hér hefur starfað stjórn, sem er henni að skapi eða ekki. Úrslit kosninganna 1971 voru augljóslega krafa um myndun vinstri stjórnar, og það er því augljóst réttlætismál, að þegar einn aðilinn að núv. ríkisstj. hefur brugðist, þá beri að skjóta málinu til þjóðarinnar. Af þessari ástæðu teljum við Alþb.-menn sjálfsagt, að þing verði nú þegar rofið og efnt verði til nýrra kosninga, en núv. ríkisstj. sitji að völdum sem minnihlutastjórn, þar til dómur þjóðarinnar hefur verið felldur.

Benóný Arnórsson: Herra forseti. Ég vil byrja á því að lýsa því yfir vegna orða hæstv. forsrh., að undirrót þess, að ég greiddi því atkv. að slíta stjórnarsamstarfinu, er ekki sameiningardraumur við Alþfl., eins og hann vildi halda fram. Ég er hissa á því, að maður í þessari stöðu skyldi fara svo fram hjá sannleikanum.

Nei, það er atburðarás síðustu viku, sem varð til þess, að ég tók þessa ákvörðun. Ég kom hér í þingið fyrir viku. Þá voru þessi mál komin að suðumarki, og ég þóttist sjá og raunar vita eftir yfirlýsingar formanna stjórnarandstöðunnar, ef virkilega á að taka mark á því, — en mér skilst, að það sé mjög hæpið, að menn eigi að trúa því, sem forustumenn íslensku þjóðarinnar segja í fjölmiðlum, og ég trúi því ekki, að íslenska þjóðin sé komin á það stig, að hún taki mark á því, — nei, þannig stóðu mál, að það var ekki um það að ræða, hvort þessi ríkisstj. kæmi fram málum. Það var farið að tefla innbyrðis meðal stjórnarflokkanna um það, hver kæmist best frá hildarleiknum. Þetta var mitt mat eftir sólarhringsveru hér í þinginu. Síðan hefur atburðarásin orðið svo hröð, að það er varla fyrir óþjálfaðan stjórnmálamann að fylgjast með. Og ég varð alveg undrandi yfir því, þegar hæstv. forsrh. taldi þá einu leið fyrir forseta Alþýðusambandsins að segja sig úr ríkisstj. En það er hans mál.

Ég ber engan kinnroða fyrir að taka afstöðu með málefnum verkalýðshreyfingar, þó að í veði séu ráðherrastólar. Ég hef alist upp meðal verkalýðshreyfingar og vona, að ég geti staðið með henni í hennar baráttumálum. En nú er þessu stjórnarsamstarfi lokið, og ákvörðun mín var tekin vegna þess, að traust mitt á hæstv. forsrh. og efnahagsmálaráðh. Íslands var þorrið. Það var þorrið.

Gylfi Þ. Gíslason: Herra forseti. Frv. ríkisstj. um efnahagsmálin er auðvitað tilefni þeirra stórviðburða í íslenskum stjórnmálum, sem nú eru að eiga sér stað. Þingflokkur Alþfl. hefur einróma ályktað að greiða atkv. gegn þessu frv. þegar við 1. umr., ekki vegna þess að okkur sé ekki jafnljóst og öllum öðrum ábyrgum og skynsömum Íslendingum, að nú er nauðsyn gagngerðra

efnahagsráðstafana, heldur vegna hins, að við höfum fyllsta vantraust á núv. ríkisstj. Afstaða okkar til frv. er ekki afstaða til þess, hvernig leysa skuli efnahagsvandamálin, heldur mótast hún eingöngu af afstöðunni til ríkisstj. sjálfrar. Við höfum undanfarið bent á, að hún sé óstarfhæf. Nú hefur ríkisstj. sjálf staðfest, að þessi skoðun okkar hefur verið rétt.

Af þessu er ekki hægt að draga aðra ályktun en þá, að hæstv. forsrh., Ólafur Jóhannesson, eigi nú samkv. venjulegum þingræðisreglum þegar í stað að segja af sér og að efna eigi til kosninga eins fljótt og eðlilegt og unnt er.

Hannibal Valdimarsson: Herra forseti. Magnús T. Ólafsson tók það fram áðan, að hann teldi stjórnmál frekar snúast um málefni heldur en um menn. Þetta má rétt vera. En þó verður varla hjá því komist, að stjórnmál snúist bæði um menn og málefni, ég held, að það verði ekki aðgreint, og hér er mál, sem vissulega snertir hvort tveggja og ekki síst drengskaparatriði við mann, sem hafði orðið fyrir aðkasti úr ólíklegustu átt.

Ég veit, að það er satt, sem Magnús T. Ólafsson segir, að hann hafi unnið heils hugar að framgangi frv. um efnahagsmál. En það hafa fleiri gert og það gerðum við í mínum flokki allir saman. En þó var ágreiningurinn ekki meiri en það, að málið var flutt með fyrirvara af öllum þeim, sem að því stóðu, og einn ráðh. úr ríkisstj. studdi það ekki, stóð ekki að flutningi þess. Þannig virðist mér, að það sé hreint og klárt uppnefni að kalla slíkt frv. stjfrv. En þó virði ég það sjónarmið Magnúsar T. Ólafssonar, að hann vilji gera hlé á störfum í þingflokki okkar, þar til hann hefur séð fyrir endann á málefnalegri afgreiðslu Alþingis á þessu ágreiningsmáli. En allt hlakk andstæðinga okkar um það, að Magnús T. Ólafsson hafi slitið veru sinni í SF og í okkar þingflokki, eru hugarórar einir.

Hér er sagt: Nú er ljóst, hverjir bera ábyrgð á því, að stjórnarsamstarfinu er slitið. — Já, sér er nú hver ábyrgðin. Það var vitað af allri þjóðinni, að þessi ríkisstj. var dauð eða því sem næst dauð, hún var í dauðateygjum, og það er ekki nema vel, að við bindum enda á helstríð hennar.

Það er fjarri mér á þeim þremur mínútum, sem ég hef hér til umráða, — og ég tel það sanngjarnt af hæstv. forseta að skammta ræðutíma, — að ég vilji eyða orðum í þex við hv. 3. landsk. þm., Bjarna Guðnason. Hann líkti mér við Þýskalandskeisara, Vilhjálm II, og ætti ég kannske að færa honum þakkarávarp fyrir að líkja mér við stórmenni sögunnar. En eitthvað hefur tilgangurinn með því sjálfsagt verið blendinn, svo að ég læt þakkarávarp niður falla. En hitt er alrangt hjá honum, að sameiningardraumurinn, þó að ég setji það mál mjög ofarlega á málaskrá mína sem aldraðs stjórnmálamanns, hafi ráðið afstöðu okkar í þessu máli. Það var eingöngu þróun málsins sjálfs, sem réð þeim ályktunum og niðurstöðum, sem urðu í dag í þessu máli, og þar styðjumst við við fyllstu rök.

Svar til þessa hv. þm. að öðru leyti er fullkomlega gefið af æðsta manni Alþingis Íslendinga, hæstv. forseta, með því að hann áminnti hann þrisvar eða fjórum sinnum í ræðu sinni um málfar, sem ekki hlýði hér. Ég vona, að í framtíðinni lærist hæstv. prófessor að haga orðum sínum betur í samræmi við þingsköp Alþingis.

Hæstv. forsrh. sagði, að hér væri um það að ræða, að nú mundi hann gera hlé á fundum Alþ. í dag til þess að hugleiða mál, leggjast undir feld, og ég virði það við hann, það er viturlegt, hugsa málið til þess að velja á milli leiða, hvort ríkisstj. segði nú af sér, þegar við blasti og hann vissi, að hann hafði ekki lengur fyrir stjórn sína meiri hl. Alþingis. Í fræðiriti, sem hæstv. forsrh. hefur samið, mikilli bók og vandaðri, stendur, að ef ríkisstj. viti, að hún hafi ekki lengur meiri hl. Alþ. að baki sér, þá beri henni — að gera hvað? Að biðjast lausnar. Þetta hefur fræðimaðurinn prófessor Ólafur Jóhannesson sagt. Ég vænti, að stjórnmálamaðurinn Ólafur Jóhannesson taki undir það. Það er ekki um tvennt að ræða, þingrof eða að biðjast lausnar. Það er einungis um það að ræða að biðjast lausnar, þegar ríkisstj. veit, að hún hefur ekki lengur meiri hl. á Alþ. Það hefur fræðimaðurinn sagt. Það að rjúfa Alþingi er að senda Alþingi heim frá störfum. Minni hl. getur ekki skipað meiri hl. Alþ. að hverfa frá störfum og hypja sig heim. Það er brot á 1. gr. stjórnarskrár lýðveldisins, sem segir, að þingræði skuli ríkja á Íslandi. Það þýðir, að meiri hl. Alþ. skuli á sérhverri stundu ráða. Það er því alger fjarstæða að taka það í mál, að sá möguleiki sé uppi, að minni hl. Alþ., sem nú blasir við og er skjalfastur, geti skipað meiri hl. Alþ. að hypja sig heim og að þing verði rofið. Það er því ekki um valkosti að ræða. Það er um það að ræða, það er skjalfest, það er vitað og það á að nægja, að núv. ríkisstj. hefur ekki meiri hl. á Alþingi Íslendinga.

Ég veit ekki, hvort ég er búinn að syndga upp á náðina, en ef svo er, þá ætla ég ekki að syndga meira í þetta sinn.

Þyrlukaup, þáltill. (þskj. 392). — Hvernig ræða skuli.

Að till. forseta var ákveðin ein umr.

Réttur fráskilinna til makalífeyris, þáltill. (þskj. 826). — Hvernig ræða skuli.

Að till. forseta var ákveðin ein umr.

Sameinað þing, 85. fundur.

Þriðjudaginn 7. maí, kl. 2 miðdegis.

Mjólkursölumál, fsp. (þskj. 764). — Ein umr.

Fyrirspyrjandi (Ellert B. Schram): Herra forseti. Fsp. er á þskj. 764 og hljóðar svo:

„Hverjar eru niðurstöður og/eða till. þeirrar n., er kannaði dreifingu og sölu mjólkur?“

Þetta er gamalkunnugt mál hér í þinginu, sem ég hef bryddað á fyrr á þessu kjörtímabili. Ég

spurðist um það fyrr í vetur, hvað liði þessu máli, og nál., sem væntanlegt var. Þá leiddi hæstv. ráðh. hjá sér að skýra frá niðurstöðum n. á þeirri forsendu, að þær lægju ekki fyrir. Nú er mér tjáð, að tilgreind n. hafi fyrir alllöngu skilað áliti sínu og till. og fullt samkomulag hafi orðið í n. um þær till. Ég vænti því þess, að ráðh. geti skýrt frá þessum till. svo og fyrirhuguðum aðgerðum sínum eða stjórnvalda í framhaldi þar af.

Fjmrh. (Halldór E. Sigurðsson): Herra forseti. Út af fsp. hv. 9. landsk. þm. á þskj. 764, vil ég taka eftirfarandi fram, í fyrsta lagi í tilefni af því, sem hann sagði áðan um, að ég hefði vikið mér undan að svara fsp. um niðurstöðu n. þeirrar, sem vann að þessu máli í vetur. Það er ekki rétt með farið, því að nál. lá ekki fyrir, og ég hef ekki tamið mér að miða við annað en það, sem fyrir hefur legið. Nú liggur nál. hins vegar fyrir, og skal ég kynna það.

Í fyrsta lagi eru till. n. þessar:

1. Tekin verði upp sérstök skráning á heildsöluverði nýmjólkur, rjóma, súrmjólkur og fleiri mjólkurvara, sem nú eru ekki skráðar sérstaklega í heildsölu. Smásöluverðsálagning verði einnig ákveðin sérstaklega á þessum vörutegundum. Þessi verðskráning svo og ákvörðun um heildsöluverð verði gerð af 6 manna n. eða þeim verðlagsyfirvöldum, sem síðar kynni að verða falin verðskráning búvara.

2. Einkaréttur Mjólkursamsölunnar eða mjólkursamlags á sölu mjólkur, rjóma og skyrs nái aðeins til heildsöludreifingar, en ekki til smásöludreifingar, eins og verið hefur.

3. Við dreifingu mjólkur, rjóma, skyrs og annarra skyldra vara, svo sem súrmjólkur, undanrennu o. fl., skal heildsöluaðili taka sérstakt losunargjald, sem ákveðið er af 6 manna n. Skal gjald þetta ákveðið án tillits til þess fjármagns, sem losað er hverju sinni frá biðreið heildsöluaðila við útsölustað.

4. Ekki skal leggja neinar hömlur á, hvaða smásöluverslanir megi selja umræddar vörur, en þó má ekki selja vörurnar í verslunum, sem heilbrigðisyfirvöld og viðkomandi sveitarfélög telja, að fullnægi ekki kröfum, sem gera verður um hreinlæti og annan aðbúnað.

Þetta eru niðurstöður af till. n. þeirrar, sem vann þetta mál.

Í framhaldi af þessu lét ég vinna þetta mál sem einn kafla í frv. til l. um framleiðsluráð landbúnaðarins og hafði hugsað mér að leggja það fyrir þetta hv. Alþ. En eins og kunnugt er, hef ég verið hér með allmörg mál á vegum landbrn., m. a. í þessari hv. d., og hafa hv. þm. d. notað sér aðstöðu sína til þess að tefja fyrir þeim málum svo sem mögulegt er og ekki látið þau ná fram að ganga. Það hefur verið mín ákvörðun, að ég færi ekki að bera þennan kafla fram sérstaklega sem breyt. á l. um framleiðsluráð, heldur frv. í heild. Þegar séð var, að þau mál, sem ég hafði lagt hér fyrir snemma á þinginu, mundu tæplega ná fram að ganga eða ekki, þá ákvað ég að geyma þetta frv. til síðari tíma. Hins vegar var ég jafnákveðinn að taka þennan kafla inn í frv., eins og ég hafði ákveðið að fylgja niðurstöðu n. þeirrar, sem ég skipaði til þess að athuga þetta mál. Þó að það hafi verið umdeilt, þá taldi ég, að fyrir því væru þau rök, sem réttmæt væru, og þeim mundi ég fylgja. Hv. fyrirspyrjandi verður því við sjálfan sig og aðra að deila um það, að hér hafa landbúnaðarmál yfirleitt verið stöðvuð, svo að þetta nær ekki heldur fram að ganga á þessu þingi.

Fyrirspyrjandi (Ellert B. Schram): Herra forseti. Ég vil þakka hæstv. ráðh. það svar, sem felst í þeim upplýsingum, að n. hafi komist að þeirri niðurstöðu, að einkaréttur á smásölu á þessum vettvangi sé felldur niður. Sú niðurstaða er auðvitað langmikilvægasta ákvörðunin og er í samræmi við það frv. og þann málflutning, sem ég hef haft hér í frammi á hv. þingi.

Mér þykir það hins vegar miður, að afgreiðsla annarra landbúnaðarmála skuli tefja þetta réttlætismál, sem allir eru nú sammála um, að eigi að verða að lögum, og ég trúi ekki öðru en hæstv. ráðh. muni láta þetta mál fá eðlilegan gang og eðlilega afgreiðslu án tillits til sjónarmiða og afstöðu þm. til annarra mála, sem eru að sjálfsögðu algerlega óskyld.

Ég þarf ekki að tíunda þetta frekar. Ég endurtek það, að ég þakka svarið og legg mikla áherslu á, að þetta mál, sem allir eru sammála um, fái hér skjóta afgreiðslu, hvort sem það verður nú á þessu þingi eða því næsta.

Almenningsbókasöfn, fsp. (þskj. 750). — Ein umr.

Fyrirspyrjandi (Ólafur G. Einarsson): Herra forseti. Ég held, að það hafi verið hinn 19. apríl, sem ég lagði fram fsp. á þskj. 750 til hæstv. menntmrh. um almenningsbókasöfn. Það hefur dregist, að þessari fsp. yrði svarað. Hún var þess efnis, hvað liði undirbúningi löggjafar um almenningsbókasöfn og hvort þess væri að vænta, að frv. um það efni yrði lagt fyrir yfirstandandi þing. Ástæða þess, að ég spurði, var sú, að mér þótti dragast nokkuð lengi, að frv. kæmi frá menntmrn., en mér var kunnugt um, að n., sem skipuð var 1970 til þess að semja frv. um þetta efni, hafði skilað áliti í apríl 1971.

29. apríl var lagt fram í Ed. frv. til l. um almenningsbókasöfn, og að því er ég best veit hefur það þegar verið tekið til 1. umr. Þannig hefur þessari fsp. minni verið svarað í verki og fyrir það þakka ég.

Menntmrh. (Magnús T. Ólafsson): Herra forseti. Ég leyfi mér að svara fyrst 2. lið í fsp. hv. 11. landsk. þm. á þá leið, að þegar fsp. hv. þm. kom fram, var verið að ganga frá fjölritun á frv. um almenningsbókasöfn, og hefur það nú verið lagt fyrir Alþingi.

Fyrri liðnum svara ég á þá leið, að í grg. með frv. kemur fram, hvernig háttað er því starfi, sem liggur að baki flutningi frv.

Endurskoðun sveitarstjórnarlaga, fsp. (þskj. 764). — Ein umr.

Fyrirspyrjandi (Ellert B. Schram): Herra forseti. Í stefnuræðu sinni í okt. s.l. fórust hæstv. forsrh. svo orð m.a.:

„Hafin er endurskoðun sveitarstjórnarlaga í samræmi við það fyrirheit í málefnasamningi ríkisstj. að auka sjálfsforræði byggðarlaganna. Þess er vænst, að framangreind endurskoðun vinnist svo greiðlega, að frv. til nýrra sveitarstjórnarlaga verði lagt fram áður en Alþ. lýkur."

Þessi fsp., sem hér er á dagskrá, var lögð fram af mér fyrir hálfum mánuði. Í millitíðinni hafa mikil tíðindi gerst, en ljóst er af því, að ekki er líklegt, að Alþ. standi miklu lengur. En hvað sem því líður, þá er allavega kominn sá tími, sem gera mátti ráð fyrir, að Alþ. lyki senn störfum, en þrátt fyrir það hefur ekki enn þá séð dagsins ljós það frv., sem hæstv. forsrh. talaði um í fyrrnefndum ummælum. Ég hef því séð ástæðu til þess að spyrjast fyrir um þessa endurskoðun og geri mér vonir um að fá yfirlit yfir þá endurskoðun, að hverju hún beinist, á hvaða grundvelli er starfað og í hvaða tilfellum á að auka sjálfsforræði sveitarfélaga o.s.frv.

Það, sem hvatti mig sérstaklega til þess að spyrjast fyrir um þetta, var afgreiðsla á grunnskólafrv. fyrir nokkrum vikum. Þar bar endurskoðun sveitarstjórnarlaganna mjög á góma, og vildu sumir halda því fram, að afgreiðsla þess máls ætti að haldast í hendur við endurskoðun sveitarstjórnarlaganna. Af þessum ástæðum er rétt og skylt að fá upplýsingar um, hvað þessari endurskoðun líður.

Menntmrh. (Magnús T. Ólafsson): Herra forseti. Svar mitt við fsp. hv. 9. landsk. þm. er á þessa leið:

20 sept. s.l. skipaði báv. félmrh. n. til endurskoðunar á sveitarstjórnarlögum, nr. 58 1961. Ráðist var sérstaklega í þessa endurskoðun með tilliti til ákvæða í málefnasamningi ríkisstj. um, að endurskoða beri skiptingu verkefna og valds milli ríkis og sveitarfélaga í því skyni að auka sjálfsforræði byggðarlaga. Þá skal það teljast til verkefna n. að gera till. um stöðu landshlutasamtakanna gagnvart sveitarstjórnum, sýslunefndum og rn., svo og annað, sem n. telur ástæðu til að mæla með, að breytt verði frá gildandi l. og meðferð sveitarstjórnarmála varðar. Í n. eiga sæti Hjálmar Vilhjálmsson, fyrrv. ráðuneytisstjóri, formaður, Geir Gunnarsson alþm., Páll Líndal borgarlögmaður, Þorsteinn Ólafsson deildarstjóri í fjmrn. og Ölver Karlsson oddviti. N. hefur á þessu tímabili haldið 11 fundi og hafa fundarhöld einkum snúist um stöðu landshlutasamtaka sveitarfélaga í stjórnkerfi landsins. Rætt hefur verið um að skipta landinu í fylki, og skal hvert kjördæmi vera fylki fyrir sig. Reiknað er með, að ríkisstj., sýslunefndir og sveitarstjórnir geti falið fylkisstjórnum sérstök verkefni eða nánar tiltekinn þátt þeirra. Liggur þessi hugmynd nú fyrir n. sem vinnuplagg og hefur verið kynnt landshlutasamtökum sveitarfélaga. Fundur hefur verið boðaður með framkvæmdastjórum og stjórnarformönnum landshlutasamtakanna til umr. og skoðanaskipta um hugmyndir þessar.

Réttarstaða tjónaþola, fsp. (þskj. 779). — Ein umr.

Fyrirspyrjandi (Oddur Ólafsson): Herra forseti. Á þskj. 779 hef ég leyft mér að bera fram eftirfarandi fsp. til hæstv. dómsmrh.:

„Hvað líður framkvæmd þál., er samþ. var á Alþ. 3. apríl 1973, um könnun á réttarstöðu tjónaþola vegna skaða af völdum flugumferðar í nágrenni flugvalla?"

Eins og fram kom í grg. með þáltill. frá 1973, hefur legið nærri, að stórslys yrði við Keflavíkurflugvöll. Um völlinn og reyndar um Reykjavíkurflugvöll einnig fara stórar flugvélar af ýmsum þjóðernum, og er að sjálfsögðu erfitt að gera sér grein fyrir því, hvort ábyrgðartryggingar flugvéla eða flugvalla séu jafnan fullnægjandi.

Í lok framsögueræðu minnar fyrir þáltill. tók ég fram fjögur atriði, sem æskilegt væri, að athuguð yrðu:

Í fyrsta lagi, hvort öruggt sé, að aðilar, sem verða fyrir eigna- eða heilsutjóni vegna flugslysa, fái fullar bætur, jafnvel þótt ábyrgðartryggingar viðkomandi flugvéla nægi ekki til greiðslu á bótum. Reynist svo við athugun, að þetta sé ekki öruggt, teljum við nauðsynlegt, að þeir, sem sjá um rekstur flugvallanna, gefi sveitarfélögum í nágrenninu ákveðnar yfirlýsingar um, að hið opinbera muni bæta það, sem á vantar, þegar greiðsluskyldu tryggingafélaga þrýtur.

Í öðru lagi er nauðsyn, að það liggi ljóst fyrir, hver ábyrgðina ber, ef bótaskylda verður vegna mengunar af völdum flugumferðar, t.d. vegna olíu, er kynni að renna út af flugvöllum eða frá geymslutönkum, er geyma flugvélaolíu inn í nærliggjandi sveitarfélög.

Í þriðja lagi er vitað, að hávaði af völdum risaþota getur valdið varanlegri örorku. Fullkomin nauðsyn er á, að þetta atriði verði kannað til hlítar og rannsókn sérfræðinga komi þarna til.

Í fjórða lagi þarf að liggja fyrir nákvæm áætlun hjá sveitarfélögum, hvernig hjálpar- og björgunaraðgerðum verði hagað, ef flugvél dettur niður í byggð og fjöldi manna slasast. Þar er þörf skipulagðra og margháttaðra aðgerða, sem nauðsynlegt er, að sveitarfélögum séu kunnar, svo sem brunavarnir, slysahjálp og sjúkrahúsaðstaða, og er líklegt, að meta þurfi sjúkrahús Keflavíkur með þetta í huga, hraða endurbótum og uppbyggingu, sem alllengi hefur verið á döfinni.

Þetta voru þau orð, er ég viðhafði um athugunarþörfina í fyrra. Síðan þessi till. kom fram, hafa orðið stórslys úti í löndum, þegar flugvélar hafa fallið niður í borgarhluta og valdið óhemjuskaða. Sömuleiðis hafa, síðan þessi till. kom fram, orðið nokkur skrif vegna hugsanlegrar olíumengunar á vatnsbólum Suðurnesja vegna flug-

vélaolíu frá Keflavíkurflugvelli. Ég hef því hug á að vita, hvaða athuganir hafa farið fram á þeim atriðum, er ég hef getið um, á því ári, sem liðið er, síðan till. var samþykkt.

Forsrh. (Ólafur Jóhannesson): Herra forseti. Í fsp. þeirri, sem hér er borin fram af hv. 3. þm. Reykn. og greind er á þskj. 779, II. lið, er spurt um framkvæmd þál., er samþ. var á síðasta þingi um könnun á réttarstöðu tjónaþola vegna skaða af völdum flugumferðar í nágrenni flugvalla.

Nokkur athugun hefur verið gerð í dómsmru. á lagastöðu á því réttarsviði, sem um er fjallað í þál., og mun þeirri athugun haldið áfram. Núgildandi lagareglur um þetta efni er að finna í loftferðalögum, nr. 34 frá 21 maí 1964, einkum í 133. gr. þeirra, en svo sem þar kemur fram, er aðalregla l. um þetta efni, að ábyrgð á tjóni, er hlýst af notkun loftferða, er ótakmörkuð án tillits til saka.

Nánari grein er gerð fyrir þróun alþjóðaréttar um þetta efni í grg. frv. að loftferðalögum á þskj. 20 1963, í almennum aths. um X. kafla, sem fjallar um skaðabætur. Svo sem þar er greint frá, hafa milliríkjanefndir unnið að því árum saman að semja reglur um skaðabætur vegna tjóns af völdum loftfars á jörðu niðri. Síðast var undirritaður alþjóðasamningur í Róm 1952 um þetta efni á vegum Alþjóðaflugmálastofnunarinnar. Allmörg ríki hafa undirritað samning þennan, en fá fullgilt hann, og er talið óvíst, hvort hann muni öðlast gildi í raun í þeirri mynd, sem hann var undirritaður.

Það er ljóst, að reglur, sem stefnt er að á þessu sviði, verða að þróast á alþjóðavettvangi, og má taka undir það, sem segir í fyrrnefndri grg. Þá er fastar alþjóðareglur hafa myndast um þessa ábyrgð, verður að endurskoða þennan kafla laganna. Ekkert Norðurlandanna hefur enn treyst sér til að endurskoða lagareglur um þetta efni, og eru íslensku lagareglurnar mjög áþekkar hinum dönsku. Danir hafa undirritað Rómarsamninginn, en ekki fullgilt hann og bíða átekta, uns afstaða stórþjóðanna skýrist, og eiga smáríkin tæpast annarra kosta völ. Sama á við um Norðmenn, að þeir telja rétt að bíða átekta í þessu efni. Réttarsvið þetta er mjög margþætt, þar sem saman fer almennur skaðabótaréttur, almennur vátryggingaréttur og alþjóðlegur loftferðaréttur. Er líklega, að við Íslendingar munum þar sem í fleiru frekast eiga samleið með öðrum Norðurlandaþjóðum.

Eins og ég sagði áðan, mun athugun í þessu efni haldið áfram á vegum dómsmrn., en að sjálfsögðu í samráði við samgrn. vegna þróunar loftferðaréttar, en þau málefni, sem þar að lúta, heyra undir það rn.

Fyrirspyrjandi (Oddur Ólafsson): Herra forseti. Ég þakka hæstv. forsrh. og dómsmrh. fyrir svör hans. Mér þykir vænt um, að mál þetta er þegar í athugun. Að sjálfsögðu er hér um viðamikið og yfirgripsmikið mál að ræða, og ég vildi vekja sérstaka athygli á því, að nauðsynlegt er, að fleiri atriði, eins og ég drap á áðan, verði athuguð, svo sem um skaða vegna mengunar, sem má setja í beint samband við flugumferðina. Mér þykir vænt um að heyra, að þetta mál er á athugunarstigi, og vona, að því verði hraðað sem mest, vegna þess að hér er um mál að ræða, þar sem maður veit aldrei, hvenær nauðsyn sé, að ákvarðanir séu teknar.

Það er ekki að neita því, að viss svæði í nágrenni flugvallanna eru í mikilli hættu og þess vegna er íbúum þessara svæða mikið í mun að fá að vita, hvað gerist, og að þeirra hagur sé tryggður sem best sem allra fyrst.

Sameinað þing, 86. fundur.

Þriðjudaginn 7. maí, að loknum 85. fundi.

Bygging skips til Vestmannaeyjaferða, þáltill. (þskj. 26, n. 652). — Frh. einnar umr.

ATKVGR.

Tillgr. samþ. með 36 shlj. atkv.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Till. samþ. með 38 shlj. atkv. og afgr. sem ályktun Alþingis (þskj. 871).

Skýrsla forsrh. um Framkvæmdastofnun ríkisins, (þskj. 856).

Forsrh. (Ólafur Jóhannesson): Herra forseti. Skýrsla þessi um Framkvæmdastofnun ríkisins er lögð fram samkv. ákvæðum þar um í lögum um Framkvæmdastofnunina. Henni hefur verið dreift fjölritaðri á borð hv. þm. Hún var komin í prentun, þegar prentaraverkfall hófst, en hefur af skiljanlegum ástæðum ekki fengið afgreiðslu í prentsmiðju og bíður þar. En jafnskjótt og því lýkur, verður haldið áfram við prentun hennar, og verður hún þá prentuð og send út til hv. alþm.

Ég sé ekki ástæðu til þess að fjölyrða um þessa ítarlegu fjölrituðu skýrslu, sem hér hefur verið útbýtt og menn geta lesið og kynnt sér. Eins og menn sjá, er skýrslan í þremur köflum, eins og eðlilegt er. Fyrsti kaflinn er um hagrannsóknadeild á 1. bls. og áfram, síðan um áætlanadeild á bls. 11 og áfram og svo lánadeild á bls. 26 og áfram. Ég leyfi mér að vísa til þess, sem segir í þessum köflum um þessi efni og sé ekki, að það þjóni neinum tilgangi, að ég fari að endursegja það hér, sem í skýrslunni stendur og menn hafa hjá sér á borðunum.

Ég skal aðeins geta þess, að stjórn Framkvæmdastofnunar ríkisins hélt 17 stjórnarfundi á árinu 1973. Á þeim voru samþ. 339 lán til Byggðasjóðs og 43 til Framkvæmdasjóðs, svo og afgreidd fjöldamörg önnur mál. Þá var samþykkt fjáröflnuar- og útlánaáætlun fyrir Framkvæmdasjóð Íslands. Settar voru starfsreglur um lán-

veitingar Byggðasjóðs til fiskiskipakaupa og nýsmíði fiskiskipa, svo og reglur um lánveitingar Framkvæmdasjóðs og Byggðasjóðs til kaupa á vinnuvélum. Þá voru samþykktar rekstrar- og starfsáætlanir fyrir stofnunina. Að þessu mun nánar vikið í þessari skýrslu, sem hér liggur fyrir.

Framkvæmdaráð stofnunarinnar hélt nær daglega fundi og vikulega með forstöðumönnum deilda, þegar reglu var við komið, en annars eftir þörfum. Fundir voru haldnir með bankastjórum Seðlabanka Íslands um fjáröflun til stofnfjársjóða, svo og með stjórn Fiskveiðasjóðs Íslands og bankastjórum Landsbankans og Útvegsbankans til samráðs við gerð frystihúsaáætlunar. Náið samstarf hefur verið haft við Iðnþróunarsjóð, Iðnlánasjóð, Fiskveiðasjóð, Atvinnuleysistryggingasjóð, svo og aðra stofnfjársjóði. Þá hafa verið höfð mjög náin samráð við viðskiptabankana, þegar tilefni hafa gefist til. Framkvæmdaráðsmenn hafa sótt fjölmarga fundi og ráðstefnur víðs vegar um landið og haft stöðugt samráð við landshlutasamtök sveitarfélaga. Þá hefur verið efnt til sérstakra funda úti á landi um áætlanagerð og einstakir landshlutar skipulega heimsóttir. Ég hef nefnt hér örfá atriði, sem raunar koma öll fram nánar í þessari skýrslu.

Þetta er fyrsta skýrsla Framkvæmdastofnunarinnar um starfsemi á heilu ári, vegna þess að sú skýrsla, sem flutt var um þetta efni síðast, náði í raun og veru ekki til eins árs, því að áætlanadeildin starfaði aðeins tíma á árinu 1972 og fór sá tími eðlilega nokkuð í að byggja upp starfsemi hennar.

Ég skal svo standa við það, sem ég sagði, herra forseti. Ég skal ekki fara að endursegja það, sem í þessari skýrslu segir, en ítreka, að hún mun, þegar unnt er, verða send út prentuð til þm., og þá geta þeir kynnt sér þessi málefni nánar. Þarna er að finna ítarlegar upplýsingar um þau atriði, sem Framkvæmdastofnunin hefur haft með höndum, m. a. um lánaúthlutanir í einstökum landshlutum.

Framkvæmd iðnþróunaráætlunar, þáltill. (þskj. 400, n. 742). — Frh. einnar umr.

Frsm. (Pétur Pétursson): Herra forseti. Atvmn. hefur haft þessa till. til meðferðar og rætt hana á fundum sínum og hefur orðið sammála um að mæla með samþykkt hennar. Till. er á þskj. 400, um framkvæmd iðnþróunaráætlunar. Till. fjallar um að skora á ríkisstj. að hraða framkvæmd iðnrþóunaráætlunar. Eftir að hún var flutt, hefur komið fram frv. um Iðntæknistofnun ríkisins. Þrátt fyrir það telur n. sjálfsagt, að þessi till. verði samþ. og þessi áskorun gerð á ríkisstj.

ATKVGR.

Tillgr. samþ. með 39 shlj. atkv.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Till. samþ. með 41 shlj. atkv. og afgr. sem ályktun Alþingis (þskj. 872).

Efri deild, 118. fundur.

Þriðjudaginn 7. maí, kl. 5 síðdegis.

Málflytjendur, frv. (þskj. 745). — 1. umr.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 12 shlj. atkv. og allshn. með 11 shlj. atkv.

Sala kirkjujarðarinnar Stóru-Borgar, frv. (þskj. 842). — 1. umr.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv vísað til 2. umr. með 13 shlj. atkv. og til landbn. með 13 shlj. atkv.

Útflutningsgjald af loðnuafurðum, frv. (þskj. 337, n. 828 og 831). — 2. umr.

Frsm. meiri hl. (Bjarni Guðbjörnsson): Herra forseti. Frv. það, sem hér liggur fyrir, hefur verið rætt á fundum sjútvn. þessarar hv. d. N. varð ekki sammála um afgreiðslu þess. Allir nm. nema einn leggja til, að frv. verði samþ., eins og það liggur hér fyrir, en minni hl., Jón Árm. Héðinsson, gefur út sérálit um málið og vill vísa því til ríkisstj.

Frv. þetta um nýtt sérstakt útflutningsgjald af loðnuafurðum, þ. e. a. s. af loðnulýsi, loðnumjöli og frystri loðnu til manneldis, var lagt fram í Nd. og var afgr. þaðan samhljóða. Hér er um að ræða frv. til staðfestingar á brbl., sem út voru gefin 11. jan. s. l. Þau brbl. voru sett til þess að ákvarða í lögum ákveðið samkomulag, sem hafði orðið á milli fiskseljanda og fiskkaupenda í sambandi við ákvörðun á fiskverði um s. l. áramót. En það samkomulag um fiskverðið, er gilti á vetrarvertíð eða fram til maíloka, byggðist þó á því, að m. a. yrðu gerðar ráðstafanir þær, sem eru í þessu frv.

Gert var ráð fyrir 5% gjaldi af loðnuafurðum, og sú upphæð var talin mundu nema ca. 250 millj. kr. Að sjálfsögðu var þar lagt til grundvallar áætlað aflamagn og ákveðið verð á þessum vörum.

Í samkomulaginu, sem gert var um áramótin, var gert ráð fyrir því, að 25 millj. af þessari fjárhæð rynnu í Lífeyrissjóð sjómanna og að sú fjárhæð ætti að auðvelda með breyttum ákvæðum um eftirlaunaaldur, að sjómenn, sem starfað hafa tiltekinn tíma, komist á eftirlaun á allmiklu lægri aldri en verið hefur áður.

Meginhluta hins nýja útflutningsgjalds skyldi varið til að halda niðri verði á brennsluolíu til fiskiskipaflotans, jafnt þess skipaflota, sem stundar þorskveiðar sem loðnuveiðar. Þetta var gert til að leysa vandann á vetrarvertíðinni.

Eins og ég sagði í upphafi, leggur meiri hl. n. til, að frv. verði samþ. óbreytt. Ég held, að öll n. hafi verið sammála í raun og veru um, að þær ráðstafanir, sem gerðar voru, hafi greitt

verulega fyrir fiskverðsákvörðuninni um áramótin. Ágreiningur er ekki um það, heldur að hér er að nokkru breytt um, hvernig gjaldið er innheimt og hverjir greiða það. Ég skal ekki fara nánar út í það, það er annað mál.

Ég vil endurtaka, að meiri hl. sjútvn. leggur til, að frv. verði samþ. óbreytt, eins og það liggur hér fyrir.

Frsm. minni hl. (Jón Árm. Héðinsson): Herra forseti. Eins og fram kemur í nál. á þskj. 828, legg ég til, að þessu máli sé vísað til hæstv. *ríkisstj. Áhrif brbl. hafa þegar komið í ljós, og* að því leyti til var rétt frá sagt hjá frsm. meiri hl., að deilan stendur fyrst og fremst um þann hátt, sem tekinn er upp við innheimtu þessa skatts, sem eru alveg ný vinnubrögð. Hæstv. sjútvrh. undirstrikaði í framsöguræðu fyrir frv., að hann vildi fara varlega í slíka átt, og gaf það raunverulega í skyn, að hér væri um einstakt tilfelli að ræða. Engu að síður ætla ég að fjalla nokkru nánar um þetta mál.

Við verðákvörðun á almennu fiskverði um s. l. áramót urðu miklar umr. um, hvernig mæta skyldi hækkun á olíukostnaði til báta og togara. Vitað var, að rekstur þeirra fiskiskipa, er stunda bolfiskveiðar, var erfiður og afkoma hinna nýju togara var erfið. Í viðræðum forustumanna fyrir togaraútgerð við sjútvrn. kom fram, að eina vonin til þess að bæta úr þessum vandræðum, eins og á stæði, væri bundin þeirri hugmynd að hirða mikið á annað hundrað millj. sérstaklega af loðnuflotanum handa togurunum. Heildarupphæðin átti að vera miklu hærri, en bátaflotinn fá sinn skammt til baka í því efni. Sjútvrh. taldi hagnaðinn á loðnuveiðunum svo mikinn, að með einhverju móti yrði að koma í veg fyrir, að hann rynni óskiptur til þeirra, er sköpuðu verðmætin. Engin úrræði voru til fyrir togarana á því heimili, og handhægast var að hremma hluta af þessum ímyndaða stórgróða og bjarga þar með hinum nýja togaraflota. Eftir mikil fundarhöld fengu menn vísbendingu um það, að ef ekki yrði fallist á fyrirhugað skattgjald, mundi því meira tekið af loðnuverðmætinu og sett inn í verðjöfnunarsjóðinn. Formælendur togaranna og minni bátanna áttu því ekki um neitt annað að velja en að samþ. að standa að skattlagningunni innan sinna samtaka og fara inn á algjörlega nýjar brautir til aðstoðar vissum þætti fiskveiða. Í áratugi hefur sú regla gilt, að skattlagningin er almenn og greiða allir sitt pund, hver eftir aflamagni. Enginn hefur mótmælt þessu. Það hefði ekki heldur verið gert nú, þó að langmest hefði komið eðlilega frá loðnuflotanum, ef þeirri grundvallarreglu hefði verið fylgt, að hver sá, er njóta skyldi úthlutunar af skattgjaldinu, tæki fyrir fram á sig kvöðina og greiddi þá í samræmi við aflamagn, svo sem gert er í öllum tilfellum við aðrar veiðar og myndun annarra sjóða.

Á þetta var ekki fallist frá hendi ráðh. og hið nýja skattform knúið í gegn með hótunum um aðra ráðstöfun hliðstæðrar upphæðar, ef aðilar kæmu sér ekki saman. Þetta hafði sín áhrif, og á sérstökum fundi innan samtakanna og fiskiskipaflotans var skattgjaldið samþ. með nokkrum meiri hl. Togaramenn lögðu þar með þá kvöð á allt aðra aðila að greiða til þeirra nokkuð yfir 100 millj. kr., ef vel tækist til með verkun og sölu, á sama tíma og ríkisstj. hafði alls engin úrræði til lausnar vanda togaraflotans.

Það er skoðun undirritaðs, að hér sé um að ræða brot á venjulegum skattheimtureglum og einnig gangi þessi skattheimta gegn grundvallarhugmynd stjórnarskrárinnar um, að skattheimta skuli vera í almenningsþágu og innheimt almennt, en ekki af ákveðnum hópi manna, eins og hér er gert, eða 12—13 hundruð mönnum, sem eru á þessum flota. Útgerðin fær til baka verulegan hluta handa sér, svo að ég reikna ekki með öðru en tilfærslu á því fjármagni, sem hún er að mynda, varðandi bátaflotann. Fyrir hann var reiknað með miklum afla, og uppgripahagnaði loðnubátanna og áhafna þeirra. Var varla um annað meira rætt lengi í blöðum og útvarpi og sjónvarpi en hvað loðnuvertíðin mundi gefa mikið af sér fyrir þá, sem að vertíðinni stæðu, og fyrir þjóðarbúið í heild.

Það er rétt, að heildaraflinn í tonnum talið var meiri en áður eða alls 462 þús. tonn rúmlega með þátttöku 136 skipa. Meðaltal á skip er því 3402 tonn nákvæmlega reiknað. Nánari skipting aflans á skipin er þannig, að 33 skip fá minna en 1000 tonn. Þetta eru að vísu lítil skip, sem byrja flest í fyrsta skipti, en aflinn er ekki meiri en þetta. 24 skip eru með afla 1—2 þús. tonn, 19 skip með 2—3 þús. tonn, 22 skip með 3—5 þús. tonn og 20 skip með 5—6 þús. tonn, sem er auðvitað allgóður afli, þegar komið er yfir 5 þús. tonn. 18 skip eru með 6 þús. tonn og meira. en þar er verulegur mismunur á upp í toppinn, hvernig þetta aflamagn skiptist.

Það er athyglisvert við þessa aflaskiptingu, að 76 skip eru með minni afla en nemur meðaltalinu. Þessi skip eru með rekstur, sem hvergi nærri skilar góðri útkomu, hvorki fyrir útgerðina né áhöfnina. Mörg þau aflaminni eru með minna en 2000 tonn, eða 57 skip. Margir hverjir hafa ekki aflað fyrir framlögðum kostnaði, þar sem skip byrjuðu í fyrsta skipti og um nokkra fjárfestingu var að ræða, en sama, framlagður kostnaður er það mikill, að þessi skip eiga í verulegum vandræðum nú. Sjá menn á því, hversu fráleitt er að leggja fyrir fram sérstakt skattgjald á þessi skip, sem renna á til hjálpar allt öðrum aðila.

Á vertíðinni 1973 var aflinn 441 þús. tonn með þátttöku 92 skipa. Þau fengu að meðaltali þá 4800 tonn á skip eða 1400 tonnum meira á hvert skip. Þrátt fyrir stórhækkað verð nú mun afkoma fjölda skipa vera miklum mun lakari en á s. l. ári. Það, sem gerir flesta ruglaða og setur allt á annan endann í ofsjónum yfir miklum hagnaði á loðnuveiðunum, er afli 20 efstu skipanna fyrst og fremst, sem er vissulega mikill og skilar miklu til viðkomandi aðila og einnig í þjóðarbúið. Það er gömul saga og ný, að mið er tekið af toppnum og umr. snúast síðan um, hvað mikið hann gefur í aðra hönd, en heildinni eru ekki gerð nein viðhlítandi skil. Vegna þessarar skynvillu verður raunin sú, að sífellt basl er við sjávarsíðuna og raunsæ heildarlausn fæst ekki fram fyrir atvinnugreinarnar sem heild. Eru menn nú einmitt að súpa seyðið af því í dag, sem hefur jafnvel valdið falli hæstv. ríkisstj.

Hjá nágrannaþjóðum okkar eru miklir aflamenn heiðraðir með viðurkenningu fyrir dugnað sinn, en hér þykir hlýða að hundelta þá og öfunda af tekjum þeirra. Þessir menn eru þó að mati undirritaðs í slíkum sérflokki, að vert væri að móta skattalöggjöf þeim til hvatningar við veiðar, en ekki að hrekja þá í land vegna ofsköttunar. Það á öllum að vera ljóst, að lítt stoðar að hafa nýjar og góðar fleytur með duglausa skipstjóra og stjórnendur um borð.

Það er athyglisvert við þessa skattheimtu, að enginn þorir að viðurkenna sig sem hugmyndafræðing að henni, og ber ráðh. það af sér, en hins vegar segja forsvarsmenn þiggjenda, að þaðan sé hún samt komin eða úr rn. hæstv. ráðh.

Ráðh. sagði í umr. um málið, að hann væri í hópi þeirra manna, er varlega vildu fara í þessu efni. Ég dreg það persónulega ekki í efa, að svo sé. En því þá ekki að vinna að heildarlausn og koma með till., sem duga mega lengur en í 5—6 mánuði og eru ekki byggðar á vægast sagt hæpinni forsendu. Að slíkum till. viljum við í Alþfl. standa og finna með því lausn á rekstrarvandræðum togaraflotans. Það má ekki koma til þess, að þessi þýðingarmiklu skip stöðvist vegna úrræðaleysis hæstv. sjútvrh. í dag.

Nú er komið í ljós, að þessi mikli ímyndaði hagnaður af loðnuveiðunum ætlar að reynast minni en gert var ráð fyrir. Í síðustu sölu, sem ég hef heyrt um, er verðið í dollurum 6.50 pr. eggjahvítueiningu komið í erlenda höfn, í stað 9 til rúmlega 10 dollara áður, en alls voru seld um 17 þús. tonn, þegar þessi ákvörðun um skiptaverð var tekin upp úr áramótum.

Í *hinu margumrædda samkomulagi togaramanna* við ráðh. s. l. áramót var gengið út frá því, að afkomugrundvelli togaranna yrði ekki raskað seinni hluta ársins, miðað við fyrri hluta. Nú verður ekki lengur unnt að njóta peninganna frá loðnunni, og verða þá góð ráð dýr hjá hæstv. ráðh. Það er staðreynd, að sú hugmynd er uppi hjá hæstv. ríkisstj. að festa allt fiskverð til áramóta, þrátt fyrir kauphækkun milli 20 og 40% á vinnuafli fyrir þessi skip og þjónustu einnig. Og olían heldur áfram að hækka. Hvernig ríkisstj. hugsar sér að tryggja togurunum áfram sömu skilyrði til rekstrar, eins og marglofað hefur verið og margendurtekið, er mér ekki ljóst og kannske engum ljóst í dag, miðað við síðustu atburði. Forsvarsmenn togaranna hafa margsagt opinberlega, að það sé aðeins spurning um stuttan tíma, hvenær þeir verði að stöðva skipin, ef ekki kemur til aðstoð í einni eða annarri mynd. 29. apríl var mynduð sérstök n. á vegum togaramanna með fulltrúum frá öllum landshlutum til þess að ræða vanda togaraflotans sérstaklega við sjútvrh. og knýja á lausn innan skamms.

Ráðh. skipaði 5. des. s. l. 4 menn til þess að kanna rekstur skuttogaranna á árinu 1973. Þessi n. skilaði frá sér áliti um miðjan mars s. l., en ekkert hefur gerst í málinu. Þar kemur fram, svo að ekki verður um villst, að verulegir örðugleikar eru fram undan hjá togurunum og tilgangslaust að hopa undan miklu lengur. Sumt af því, sem n. leggur til, er nothæft til úrbóta, annað alls ekki.

Grundvallaratriðið er, eins og undirritaður margtók fram við 1. umr. um frv., að koma sér niður á lausn, sem vari lengur en í 5—6 mánuði, og tryggja með því, að togararnir geti starfað eðlilega. Sú lausn verður ekki bundin við, að 12—13 hundruð menn séu sérskattlagðir, heldur verður þjóðin öll að sameinast um að tryggja togurunum sómasamlegan rekstur. Mikilvægi þeirra er ekki bundið við vissa staði eða viss frystihús, þeir skapa allri þjóðinni betri lífskjör.

Í ljósi þessara staðreynda leggur undirritaður til, að frv. verði vísað til ríkisstj. Það fjármagn, sem inn hefur komið í gegnum skattinn vegna útgáfu brbl., verði sem hluti af heildarlausn fyrir allan fiskiskipaflota landsmanna, og þar með verði rekstur bátanna sem togarana tryggður sómasamlega út árið 1974.

Herra forseti. Ég vildi nú fá að vita um það, hvort hæstv. sjútvrh. er bundinn mikið í hinni d., vegna þess að þetta er þannig mál, að það er varla hægt að halda áfram framsögu eða tala fyrir nál., nema hæstv. ráðh. sé viðlátinn. (**Forseti:** Hæstv. ráðh. er í dyrunum.) Það er ágætt, að hæstv. ráðh. er kominn hér inn, vegna þess að þetta mál er þannig vaxið, að ég vildi fjalla um það nokkuð meira.

Það kemur fram, að hæstv. ríkisstj. hefur lofað því að tryggja togurunum sams konar rekstraraðstöðu út þetta ár og tryggð var á yfirstandandi vetrarvertíð. En forsenda þessa skatts þá var sú, að handhægt væri að ná stórri fjárupphæð í gegnum loðnuna. Nú hefur forsendan mjög breyst til hins verra. Það gat auðvitað enginn séð fyrir fram, hvorki hæstv. ríkisstj., sjútvrh. né aðrir. En þó ætla ég, að áhrifa hans gæti nokkuð við sölu á mjöli, og fullyrða *sumir og þ. á. m. ein verksmiðja í hans umdæmi*, að rn. hans hafi komið í veg fyrir, að sú verksmiðja hafi getað selt allt að 2000 tonn af mjöli á 10 dollara, en hún eigi nú völ á því að selja sama magn á rúma 6 dollara. Ef rétt er frá skýrt, þýðir þetta beint tjón, mér sýnist a. m. k. á þriðja tug milljóna, fyrir þessa verksmiðju.

Ég lagði til á sínum tíma, að þetta gjald yrði tekið að ákveðnu marki. Hvort við staðnæmumst við 200 eða 300 milljónir, það var ekki meginatriðið, en ég lagði til, að við sameinuðumst um það að taka upp í þetta einnig frá Verðjöfnunarsjóði og breyta l. um Verðjöfnunarsjóð, vegna þess að forsenda þess sjóðs hlýtur alveg eins að geta gilt fyrir svona stórkostlegar sveiflur á verði olíu og veiðarfæra, sem skapa þá rekstrarerfiðleika, sem togaraflotinn og bátaflotinn eiga við að etja nú. Það var ekki tekið undir þá hugmynd af hæstv. ráðh., en mér segir svo hugur um, að margir muni renna augum í þennan sjóð í dag, og ég tel það eðlilegt. Það hefði verið miklu eðlilegra að ræða þetta í rólegheitum í tæka tíð og fá um það breiða samstöðu þeirra aðila, sem standa að þessari sjóðmyndun, og tryggja með því lausn fyrir togaraflotann og bátaflotann út árið, heldur en að stofna til leiðindatogstreitu innbyrðis í sjávarútveginum út af þessari skattheimtu.

Togaraskýrsla, sem send er frá þessari n., sem ég gat um hér áðan, var send hæstv. ráðh. um miðjan mars s. l. Ég hef séð þessa skýrslu, við fengum hana á einum nefndarfundi, og er sumt jákvætt, sem hún leggur til, annað alls ekki. T. d. tel ég ekki viðunandi að leggja til sem

númer eitt, að vanskilaskuldum þessara miklu aflaskipa, sem togaraflotinn er, sé safnað saman og búinn til 15 ára lánamöguleiki. Það er engin lausn í sjálfu sér. Lausnin hlýtur að vera að búa svo um hnútana, að þessi skip geti við ríkjandi aðstæður staðið í skilum, bæði varðandi stofnlánasjóðina og varðandi sínar áhafnir, en ekki að safna saman miklum hala og fá honum svo með vissra ára millibili breytt í langt lán. Þeir menn, sem starfa við slíka útgerð, gefast upp á því að vera forsvarsmenn slíks rekstrar. Það loðir alltaf við, að þetta séu eintómir vanskilamenn og ómögulegt að vera hjá þessu fólki. Sérstaklega eru það litlu staðirnir úti um land, sem hafa lítið fjármagn úr að spila, sem lenda fyrst og fremst í vandræðum við slíka rekstrarörðugleika.

Það fer ekki á milli mála, miðað við það nál., sem þessi sérstaka togaranefnd hefur látið fara frá sér, að þessir aðilar líta mjög alvarlegum augum á ástandið. Ég veit ekki, hvort n. hefur komist á fund hæstv. ráðh., en nm. hafa ályktað í bréfi, sem ég hef fengið ljósrit af og er mjög stutt. Með leyfi hæstv. forseta vildi ég aðeins vitna í það örstutt. Þar segir, að ekki megi dragast lengur að gera raunhæfar ráðstafanir. Og við þetta bætist: „Veruleg óvissa er um verð á gasolíu til fiskiskipa eftir 1. júní n.k., en fram til þess tíma er hún greidd niður með fé, sem aflað er með sérstöku útflutningsgjaldi á loðnuafurðum.“ — Þeir vilja fá að vita, hvað er fram undan, sem eðlilegt er. Og það eru ekki aðeins togaramenn, sem hafa farið fram á það núna að fá að vita, hvað er fram undan, heldur hafa bátamenn líka látið heyra frá sér og segja mögguleika sína mjög slæma á næstu mánuðum. Það er því alveg augljóst mál, að til einhverra ráðstafana verður að grípa.

Það óvænta pólitíska ástand, sem komið er upp í dag, er einmitt að hluta vegna þessara erfiðleika hjá bátaflotanum. Það var fyrir fram talað um mikinn gróða af loðnuafurðum, a.m.k. hreinar 800 millj. kr. að áliti spekinga, löngu áður en loðnan var veidd, löngu áður en sala á 2/3 hluta aflans átti sér stað. Það var búið að bóka það og ganga frá því, að þetta hlyti að verða svona, það væri alveg pottþétt staðreynd, og allt var byggt á þessu. Það hefði verið gaman, ef hlutirnir hefðu gengið svona vel. Þá hefði hæstv. ríkisstj. ekki verið í neinum vanda í dag, og menn hefðu verið mun bjartsýnni en nú gerist á þessum góðu vordögum. En raunin varð bara ekki sú. Það er nú einu sinni svona á Íslandi, að hlutirnir verða ekki alltaf eins og menn óska eftir, bæði varðandi veðurfar og afla.

Það skiptir miklu máli, þegar menn eru að tala um heildaraflamagn, með hvaða tilkostnaði og með hve miklum fjölda manna því aflamagni er náð. Þegar 136 skip afla mjög svipað og 92 skip gerðu á s.l. ári, þá er augljóst mál, að afkoma stórs hluta flotans, eins og ég rakti hér áðan, er mjög slæm og sumir hverjir í algeru ráðleysi, sem fóru á loðnuveiðar. Það sjónarmið hefur jafnvel komið upp meðal útvegsmanna sjálfra, að ekki væri rétt að leyfa frjálsar veiðar á loðnu fremur en er gert í mörgum öðrum atvinnugreinum. Það yrði að binda þær við einhverja lágmarksstærð á skipum.

En afkoma verksmiðjanna er einnig mjög misjöfn. Sumir höfðu selt fyrir fram og voru þess vegna hólpnir. Mér er t.d. sagt, að verksmiðja, sem hæstv. ráðh. þekkir hvað best til í hans heimabyggð, sé það vel stæð núna, að hún láni mönnum í stórum stíl til að kaupa jafnvel bíla og báta, einkaaðilum. En það er nú kannske fleira í pokahorninu í því sambandi en hrein, góð rekstrarafkoma.

Margir hafa talað mikið um fyrirkomulag á sölu á loðnumjölinu. Ég hefði talið eðlilegast, að það væru frjáls samtök þeirra manna, sem fara með þessa sölu. Þetta eru svo stórar tölur, að það er varla hægt að una því, að einn og einn maður geti haft slík áhrif, hvort sem hann tekur ákvörðun um sölu eða ekki, að það velti á tugum eða jafnvel hundruðum milljóna kr. fyrir þjóðarbúið. Í öðrum greinum sjávarútvegsins, flestum hverjum og öllum þeim stærstu, eru frjáls samtök um sölu og sameiginleg stjórn, sem fer með yfirstjórn alls útboðs, en í mjölinu eru margir, 15 aðilar, stundum færri, stundum fleiri, sem eru að bjóða sama magn til sölu. Úr þessu verður oft mikill glundroði og margs konar verð hefur komið upp, sérstaklega þegar verðið er fallandi. Þá er þetta kerfi óþolandi að mínu mati. — Hér vildi ég einnig bæta úr, og ég trúi varla öðru en hæstv. ráðh. hafi líka áhuga á því, að þetta kæmist í fastara form. Ef þetta þras í kringum þetta skattform yrði til þess að stuðla að betri skipulagningu í sölumálum, þó að rn. hafi auðvitað úrslitavald og úrslitaáhrif í því efni, þá teldi ég þess virði að nudda nokkuð í þessu fyrirkomulagi.

Hvað verður nú til lausnar þessum mikla vanda. Það liggur alls ekkert fyrir, þar sem hæstv. ríkisstj. er fallin vegna þess frv., sem nefnt hefur verið viðnám við verðbólgu, og enginn veit hvernig til tekst um stjórnarmyndun. Þess vegna er ekki hægt að spá neinu um úrræði. En það er augljóst mál, að hver sem framvindan verður, þá verður að leita nýrra úrræða, bæði fyrir togaraflotann, bátaflotann, og síldveiðiflotann, vegna þess að loðnuskatturinn hrekkur hvergi nærri til. Og þá sannast það, sem ég hélt fram við 1. umr., að betra hefði verið að reikna ekki að öllu leyti fyrir fram með svo góðri niðurstöðu, að ekki þyrfti að hugleiða eilítið fram í tímann og hvernig til tækist, þegar kæmi að 1. júní.

Það er alveg gjörsamlega óhugsandi, að bátaflotinn geti unað við óbreytt fiskverð. Ef það væri, þá þyrfti að skera niður verulega, svo að næmi stórum %-hluta, verðlag á allri þjónustu og kaupi. Það er alveg óhugsandi annað. Olían heldur áfram að hækka nokkuð, þó ekki eins mikið og um tíma. Verðlag á sjávarafurðum hefur nokkuð fallið, sérstaklega á blokkinni, en minna eða ekki á öðrum afurðum. Á saltfisknum hefur verið verðhækkun og einnig nokkur á skreiðinni. Lýsið stendur vel, svo að það er ekki raunverulega þetta, sem ræður úrslitum um þennan vanda, ekki einhliða. Það er fyrst og fremst verðþróunin innanlands og

að hluta á olíu og veiðarfærum gagnvart rekstrarliðum, sem koma erlendis frá. Þetta skattgjald, sem var hugsað að gefa í heild nálægt 250—300 millj. kr., hefur reynst nokkur hjálparhella, en nægir hvergi til. Þess vegna tók ég þá afstöðu gagnvart frv., þar sem það hefur borið þegar árangur, að líta á þetta sem hluta af heildarskattheimtu til lausnar þess vanda, sem fram undan væri. Og ég tel það alveg rökrétt og vildi standa að því, ef aðstæður leyfðu, að breyta Verðjöfnunarsjóðnum og hann kæmi inn í með vissa forsendu fyrir bátttöku í olíukostnaði og veiðarfærakostnaði.

Ég fékk um það örugga vitneskju fyrir helgina, að loðnunót, sem kostaði í norskum kr. 222 þús. útleyst í jan. hér heima, kostar nú, nákvæmlega sams konar nót frá Noregi, 365 þús. norkar kr. Það er hátt í 3 millj. kr. hækkun aðeins á þessu eina stykki til bátsins, svo það var ekkert óeðlilegt, þegar menn vissu um þessa hækkun á nælon· inu og öllu tilheyrandi í kringum veiðarfærin, að menn hugleiddu það að koma á móti þessu með því að leggja eitthvað til hliðar, ekki aðeins bara fyrir olíunni einni eða fyrir tímabundinni verðhækkun á olíunni, heldur hugleiða, hvort bátaflotinn, sem skapar svona mikil verðmæti, hefur einhverja möguleika á því að endurnýja sín veiðarfæri. Það er það aumasta, sem til er, og það þekkir hæstv. ráðh. allra manna best, að vonlaust er að gera út nema hafa góð veiðarfæri. Það er ábyggilega sama og fyrir vélina að hafa olíuna.

Hér er því mikið vandamál á ferðinni, og kannske finnst honum, að ég sé of smámunalegur, að ég sé að pexa um hluti, sem skipta litlu máli í öllum þessum mikla vanda, og ég sé að deila á hann um of með minni smámunasemi. En ég lagði á það mikla áherslu strax við 1. umr., fyrst ráðh. taldi sig í hópi þeirra manna, sem vildu fara varlega, — ég dreg það ekki í efa, — með þetta skattform, að við reyndum að finna lausn á breiðari grundvelli. Ég hef ekkert heyrt um slíkt og ekki fengið undirtektir við slíkri hugmynd af nokkru minnsta tagi. Úrræði togaranefndanna eru með þeim hætti sum hver, að ég get alls ekki fallist á þau undir neinum kringumstæðum. Önnur eru góð og rökrétt. En margt þarf að athuga í þessari skýrslu, og sumt þarf að athuga miklu nánar, sem skýrslan ber ekki með sér, að hafi verið athugað um.

Ég hef það eftir viðtali við mann frá Austurlandi í s. l. viku, að rekstraraðstaða frystihússins og hins nýja skuttogara hjá þeim sé orðin það erfið, að hann taldi, að innan mánaðar stöðvaðist allt, ef ekki yrði úr bætt. Við ræddum nokkuð um þetta skattgjald. Auðvitað taldi hann rökrétt, að það hefði verið tekið á sínum tíma, vegna þess að annars hefði gróðinn orðið allt of mikill í loðnunni. Og það var allt í lagi, það var samþ. með nokkrum meiri hl. að fallast á það. En hann margviðurkenndi líka, að það væri rökrétt, að Verðjöfnunarsjóður gripi inn í vissu hlutfalli vegna verðbreytinga á veiðarfærum og olíu.

En það þarf fleira til. Ég minntist líka á það, að sú kvöð að borga 10 plús 10% af brúttóafla til stofnlána sjóðanna væri of mikið, og það reynist líka næstum öllum togurunum um megn. Þessi skýrsla togaranefndar ber með sér, að tap á togara getur verið frá 8—16 millj. kr. eftir aðstæðum og heppni í sölu erlendis og heppni með veiðarfærakostnað. Þetta er lágmarkið, sem skýrslan segir, að muni eiga sér stað. Niðurstaðan gæti orðið mun verri, og á hún þá við minni togarana. Það er augljóst mál, að rekstur hinna stærri togara er mun þrengri og erfiðari. Það er því um verulega stórar upphæðir að ræða, sem þarf að laga eða færa til, til þess að tryggja togaraútgerðinni sömu rekstrarskilyrði og giltu á s. l. vertíð, sem er að ljúka núna og lofað var af hæstv. ríkisstj. Það er því um verulega stórar tölur að ræða í því sambandi. Þær eru það stórar að mínu mati, að þrátt fyrir þennan skatt þrátt fyrir breytingar á Verðjöfnunarsjóði til hjálpar með olíukostnað og veiðarfærakostnað, tel ég það ekki nægja og þurfi að huga að öðrum úrræðum, eins og umrædd togaranefnd bendir á.

Á okkur frá viðreisnartímabilinu hefur verið mikið deilt, hvað við sýndum togaramálunum litinn áhuga, og er það nú aðalglansnúmer hæstv. ríkisstj., hvernig að togarakaupum hefur verið staðið og hversu myndarlega á þeim málum hafi verið tekið. Þó voru kaup margra þessara togara, sem eru nú komnir til landsins, undirbúin löngu áður, og skal ég ekki fara að skattyrðast um slíkt. Það, sem skiptir meginmáli, er, að allir sameinist um það, að þessi floti, sem er dreifður um allt land og á eftir að skapa þjóðarbúinu svo mikil verðmæti, að við getum lifað hér sómasamlegu lífi og góðu lífi, — þessi togarafloti fái að njóta sín. Annars er lítið gagn að eiga hann.

Þótt hér sé fitjað upp á þessu nýmæli, að segja ákveðnum hópi manna að leggja sérstaklega til hliðar stóra upphæð, þá hefur það enga lausn í för með sér varðandi heildarvandræði þessa skipaflota. Vandræðin eru miklu stærri en það, og vandræðin eru einnig að verulegu leyti heimatilbúin, eins og ég hef drepið á, vegna kostnaðarverðbólgu hér heima. Á sínum tíma hækkaði hæstv. ráðh. fiskverðið með því að fella niður 11% kvöð, sem fiskvinnslustöðvarnar höfðu og gátu með því tekið á sig hærra fiskverð. En þetta hrekkur ekki til, og nú þarf annað að koma í staðinn. Afli hefur verið lítill, eiginlega ótrúlega lítill, í vetur í heild og viss landssvæði farið mjög illa út úr vertíðinni, svo að þess vegna hafa líka skapast óvæntir erfiðleikar. Hið margumrædda frv. um efnahagsmál ber með sér, að ástandið í þjóðfélaginu er geigvænlegt og ótrúlegt, að slíkt hafi getað átt sér stað. En til þess að gera lítið úr vandanum hafa þeir Alþb.-menn kallað þetta velmegunarvanda, þetta væri bara velmegunarvandi fyrst og fremst. — En ef þessi skattheimta er réttlætanleg á ákveðinn hóp sjómanna, því er hún þá ekki réttlætanleg á ákveðinn hóp manna í landi til þess að færa þar á milli manna, sem hafa of hátt kaup við ákveðna þjónustu, sem togaraflotinn verður að kaupa? Það er staðreynd, að múrari leikur sér að því að hafa 85—95 þús. kr. á viku án þess nokkuð að ofbjóða sér við vinnu. Þetta er staðreynd. Uppboðið er slíkt á vinnumarkaðinum, og uppmælingataxtinn gefur manninum þessa

möguleika, þ. e. sama kaup og skipstjóri á togara hefur sem lágmarkskauptryggingu. Auðvitað afla sumir vel og hafa margfalt kaup, en þeir standa þó fyrir sínu, eins og ég drap hér á áðan. Og því ekki að skattleggja uppmælingahópinn og færa þannig á milli? Það eru alveg sömu rök til þess að gera það og hér er gert alveg hiklaust, ef menn telja þetta skattheimtuform vera réttlætanlegt, sem ég dreg persónulega í efa að sé rétt eða sanngjarnt, — alls ekki sanngjarnt og ekki réttlætanlegt miðað við stjórnarskrá.

Ég átti von á því fyrir fram, að fleiri mundu mótmæla þessu sem grundvallaratriði, og reiknaði þá með, að a. m. k. sjálfstæðismenn mundu mótmæla slíku sérstöku formi skattheimtu, miðað við grundvallaratriði flokksins. En það eru allt aðrir hagsmunir, sem ráða þeirra afstöðu. Það er sú umsögn togaramanna, að þetta hafi verið óhjákvæmilegt til þess að bjarga þeim, og þess vegna sætta menn sig við að hafa þetta form á, þó að það brjóti raunverulega í bága við þá grundvallarstefnu þessa flokks, að hver einstaklingur fái að njóta sín eins og best hann má. En þegar togaraeigendum er raunverulega stillt upp við vegg og sagt við þá: Þetta er eina úrræðið, — og það er líka sagt við loðnubátaeigendur og forsvarsmenn útvegsmanna: Það er ekkert val um það, ef skatturinn rennur ekki í þennan sjóð, þá fer hann bara í Verðjöfnunarsjóð og þið hafið ekki hugmynd um, hvernig honum verður ráðstafað, og þið hafið ekki hugmynd um, hverjir fá að njóta hans, — þá er ósköp eðlilegt, að, það myndist meiri hl. og jafnvel stór meiri hl. fyrir að fallast á þetta form í skatti. Það er ósköp eðlilegt. Mennirnir hafa ekki um neitt annað að velja til þess að halda skipum sínum gangandi. Þeir eru knúðir til samstöðu um málið innan sinna samtaka. En það er vegna úrræðaleysis eða vegna mikillar stífni, sem fram kemur í rn., og ofsjóna yfir og þeirrar hættu, — eins og hæstv. ráðh. drap á í fyrri ræðu sinni hér um málið, að það væri stórhættulegt og skapaði vandræði í þjóðfélaginu, þennan margumræddu velmegunarvanda, — ef sjómenn hefðu slík uppgrip sem loðnuveiðarnar gætu gefið. En því þá ekki að bjóða þeim að leggja eitthvað af þessu mikla fjármagni, sem þeir skapa þarna, inn á bundinn reikning og verðtryggja það? Því þá ekki að bjóða mönnum það? Það hefði verið lausn, sem margir hefðu verið ánægðir með e. t. v. allir, — a. m. k. þeir, sem hafa svo mikla peninga, að það skapar stórkostlegt vandamál í þjóðfélaginu hjá mönnum, sem eru með frumframleiðslu og allt annað byggist á í þjóðfélaginu. Ef þessir menn fá ekki það viðunandi kjör, að þeir hafi áhuga á því að veiða og leggja hart að sér, eins og loðnuveiðarnar krefjast, — en þær eru raunverulega að mörgu leyti hættulegar veiðar, þegar bátar eru knúðir til þess að sigla hringinn í kringum landið að vetrarlagi, — þá er varla hægt annað en hafa kjör manna það góð, að þeir eigi flestir hverjir von í góðum tekjum. En því miður reyndist það svo á þessari vertíð, að um helmingur bátanna skilaði rýrum tekjum, og þeir skiptu tugum, sem öfluðu ekki meira en liðlega upp í kauptrygginguna.

Ég vil vænta þess, að til svona skattheimtu verði ekki gripið framar, svona einhliða skattheimtu, hvorki fyrir þá, sem á sjónum eru, né þá, sem í landi starfa. Hún er óeðlileg á svona þröngan hóp, hún er raunverulega ekki réttlætanleg frá grundvallarsjónarmiði okkar, þó að hún sé fóðruð með því, að óhjákvæmilegt sé að stöðva ákveðna tekjumyndun hjá ákveðnum hópi manna og ráðstafa þessari upphæð til þess að halda togaraflotanum gangandi fyrst og fremst. Bátaflotinn fær sína peninga til baka að mestu eða öllu leyti, þannig að ég fjalla ekki um þá millifærslu, sem á sér stað varðandi bátaflotann. Ég hef fjallað um það, og gagnrýnin hefur beinst fyrst og fremst að því að hafa ekki togaraútgerðina að hluta, þótt að litlum hluta væri, þátttakanda í þessari skattmyndun. Menn unna því ekki, að hið margreynda og gamla kerfi, sem gilt hefur í sjávarútveginum um sameiginlega skattbyrði, þegar um sjóðsmyndun sé að ræða, — þeir ættu að njóta, er illa færu út úr útgerð, — sé ekki viðurkennt í þessu formi, eins og verið hefur um aðra sjóðsmyndun. Gagnrýnin byggist fyrst og fremst á því. Ég veit, að bæði áhöfn og útgerðaraðilar mundu hafa sætt sig við þetta, e. t. v. sömu upphæð, e. t. v. jafnvel meiri upphæð, ef hún hefði verið lögð á í því formi, að ekki skapaði úlfúð um skattform vegna sjóðsins á milli starfsstétta. En það náðist ekki fram, því miður. En ég hef þó von um það, miðað við orð hæstv. ráðh., að slíkt verði ekki gert aftur, og fyrir það vil ég þakka hreinlega sagt. Hann tók það ótvírætt fram, að hann væri í hópi þeirra manna, sem varlega vildu fara í þessu efni, að ég verð að ætlast til þess, að þetta form verði ekki reynt aftur.

Brbl. hafa haft sín áhrif, skatturinn hefur verið innheimtur, og því legg ég til, herra forseti, að frv. verði vísað til hæstv. ríkisstj. og umrædd upphæð tekin inn í þá heildarlausn, sem við verðum að reyna að finna, hverjir sem að því standa, á næstu dögum eða vikum. Það verði litið á þessa tölu sem ákveðna innborgun í þeirri heildarlausn, sem bæði bátaflotinn og loðnuveiðaflotinn og togaraflotinn þurfa að fá hjá þeim, er við völd verða á næstu vikum, til þess að svo megi til takast, eins og lofað var á sínum tíma, að ekki komi til röskun á afkomugrundvellinum, hann haldist út árið, eins og reiknað var með, að hann gæti orðið, eða hefur verið á yfirstandandi vertíð.

ATKVGR.

Till. á þskj. 828 um að vísa frv. til ríkisstj. felld með 11:2 atkv.

1. gr. samþ. með 10:1 atkv.

2.—3. gr. samþ. með 11 shlj. atkv.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Frv. vísað til 3. umr. með 11 shlj. atkv.

Efri deild, 119. fundur.

Þriðjudaginn 7. mai, að loknum 118. fundi.

Útflutningsgjald af loðnuafurðum, frv. (þskj. 337). — 3. umr.

Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði samþ. með 11 shlj. atkv.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 11 shlj. atkv., og afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 874).

Efri deild, 120. fundur.

Þriðjudaginn 7. mai, að loknum 119. fundi.

Þjóðhagsstofnun og Framkvæmdastofnun ríkisins, frv. (þskj. 647, n. 869 og 870). — 2. umr.

Of skammt var liðið frá útbýtingu nál. — Afbrigði samþ. með 12 shlj. atkv.

Frsm. 2. minni hl. (Bjarni Guðbjörnsson): Herra forseti. Frv. þetta er í rauninni flutt til þess að staðfesta með formlegum hætti þá stöðu, sem hagrannsóknadeildin hefur með starfi sínu áunnið sér. Það felur í sér nokkra skipulagsbreytingu, sem stefnir að því að efla hagrannsóknir og auka yfirsýn yfir viðburði, er varða landsins hag. Það er og staðreynd, að verkefni deildarinnar er einkum það að fylgjast með árferði og afkomu þjóðarbúsins og vera ríkisstj. til ráðuneytis í efnahagsmálum. Almenn upplýsingaþjónusta á sviði efnahagsmála er afar umfangsmikið og að miklu leyti sjálfstætt verkefni, sem er óháð annarri starfsemi Framkvæmdastofnunarinnar. Þess vegna er talið æskilegt, að almenn hagrannsóknastarfsemi hafi svo óháða stöðu sem kostur er.

Þetta frv. var til umr. í Nd. og var afgr. þaðan með nokkrum breyt. Fjh.- og viðskn. þessarar d. ræddi þetta frv., og ég tel rétt að geta þess nú þegar, að nál. 2. minni hl. fjh.- og viðskn., sem leggur til, að frv. verði samþ. ætti raunar að hafa verið undirritað af tveim fulltrúum Sjálfstfl., sem ekki gátu verið viðstaddir á nefndarfundinum, en tjáðu sig samþykka þessari málsmeðferð. Þeir voru Halldór Blöndal og Geir Hallgrímsson.

Breyt., sem frv. tók í Nd., voru þessar: Í fyrirsögn frv. var orðinu „Hagrannsóknastofnun" breytt í orðið „Þjóðhagsstofnun". Í 1. gr. frv., þar sem segir: „að vera ríkisstj. til ráðuneytis í efnahagsmálum" í frv. upphaflega, kom í meðförum Nd.: „ríkisstj. og Alþingi". Síðan kom sama breyt. í 2. gr., að „Hagrannsóknastofnun" breytist í „Þjóðhagsstofnun," og í 1. gr. einnig, að aftan við síðari mgr. bætist orðið „hagrannsóknastjóri", — að *forstöðumaður stofnunarinnar* nefnist hagrannsóknastjóri. Í öðru lagi breyttist 2. gr., að á eftir 4. tölul. komi nýr tölul., sem varð 5. tölul.: „að láta alþm. og Alþ. í té upplýsingar og skýrslur um efnahagsmál."

Eins og frv. kom frá Nd., mælir 2. minni hl. að viðbættum þeim Halldóri Blöndal og Geir Hallgrímssyni með því, að frv. verði samþ. eins og það liggur hér fyrir.

Frsm. 1. minni hl. (Ragnar Arnalds): Herra forseti. Hér er til umr. frv. til l. um Þjóðhagsstofnun, sem felur í sér veigamikla breyt. á l. um Framkvæmdastofnun ríkisins. Þetta frv. er komið frá Nd. og var afgr. úr fjh.- og viðskn. d. í dag, og eins og fram kom hjá frsm. 2. minni hl. n., mælir meiri hl. með því, að frv. verði samþ. Það er aftur á móti skoðun mín og hefur alla tíð verið, síðan ég fyrst sá þetta afkvæmi, að hér sé um að ræða óskynsamlega breyt. og óþarfa. Ég hefði út af fyrir sig talið, að einfaldast gæti verið að fella þetta frv., en með hliðsjón af því, að oft getur verið gott að athuga betur á æðri stöðum mál, sem eru illa úr garði gerð, þá er það niðurstaða mín og annars nm., Benonýs Arnórssonar, að við leggjum til, að frv. verði vísað til ríkisstj.

Eins og kunnugt er, var því haldið fram með gildum rökum, þegar lög um Framkvæmdastofnun ríkisins voru samin og samþ., að með því skipulagi, sem þá væri verið að setja upp, væri unnt að koma á meira hagræði í þessari starfsemi en áður var. Framkvæmdastofnunin tók við starfi 3 meginstofnana, þ. e. a. s. Efnahagsstofnunarinnar og Framkvæmdasjóðs Íslands og í þriðja lagi Atvinnujöfnunarsjóðs, en jafnframt var svokallað Hagráð lagt niður með þessari breyt. Það mátti færa að því gild rök, að það væri mjög hyggilegt að sameina á einum stað í fyrsta lagi undirbúningsrannsóknir og almennar hagrannsóknir, í öðru lagi áætlanagerðir á grundvelli þessara rannsókna og með hliðsjón af *þeim upplýsingum, sem hagrannsóknadeildin* aflaði, og í þriðja lagi væri hyggilegt að tengja þessa starfsemi þeim aðilum, sem hefðu með að gera fjármögnun fjárfestingarsjóðanna og fjármögnun byggðaáætlana úti um landið.

Af þessum ástæðum var talið skynsamlegast, að þarna væri þessum þrem verkefnum slegið saman, og ég er ekki í nokkrum vafa um það, að þetta hefur leitt af sér stórbætt vinnubrögð.

Ég hef ekki getað sannfærst um það, að tími væri kominn til að breyta hér til og kljúfa stofnunina aftur upp í frumeiningar sínar, og hef ekki getað skilið, hvaða rök eru færð fyrir því. Hagrannsóknadeildin heyrir í dag með sérstökum lagaákvæðum beint undir ríkisstj. sjálfa. Hún heyrir ekki undir stjórn stofnunarinnar og framkvæmdaráð stofnunarinnar, þannig að þau rök eru ekki fullnægjandi, að þessi deild öðlist eitthvað hlutlausara yfirbragð með þessari breyt. Þessu var breytt á síðustu stundu í meðferð málsins hér á Alþ. Það er ekki um það að ræða, að Hagrannsóknadeildin verði fyrir áhrifum af pólitískum vilja svokallaðs framkvæmdaráðs, eins og stundum er látið liggja að. Það eina, sem stjórn og framkvæmdaráð stofnunarinnar hefur haft með þessa deild að gera, er það, að

við höfum formlega gengið frá starfsáætlun og rekstraráætlun fyrir þessa deild. Og það get ég upplýst hér, að í þeim efnum hefur ævinlega verið farið eftir óskum viðkomandi stofnunar og engin breyt. þar á gerð, þegar rekstrar- og starfsáætlanir hafa verið samdar.

Menn kynnu nú kannske að segja, að þá skipti þessi breyt. ekki ýkja miklu máli, og það er út af fyrir sig rétt, að ekki er hægt að segja, að skipti neitt sköpum í lífi þjóðarinnar, þó að þessi breyt. sé gerð. En ég held þó, að breyt. sé heldur óskynsamleg og í ranga átt, og þess vegna er ég henni mótfallinn. Ég held, að það megi sýna fram á það með miklum rökum, að þetta skipulag hafi þó falið í sér ýmiss konar hagræðingu, þar sem hagrannsóknadeild hefur unnið að ýmsum verkefnum fyrir áætlanadeild, og þar hefur tekist ágætt samstarf á milli, og svo að sjálfsögðu öfugt, að áætlanadeild hefur unnið fyrir hagrannsóknadeild. Ég er ekki í nokkrum vafa um það, að tengslin þarna á milli munu veikjast við þessa breyt. Eins má benda á það, að eitt af meginverkefnum þessarar stofnunar er að gera áætlanir til langs tíma um þróun þjóðarbúsins og þróun íslenskra atvinnuvega. Í lögunum um Framkvæmdastofnun ríkisins var ráð fyrir því gert, að þetta verkefni yrði nánast unnið í sameiningu af þessum tveim aðilum, þ. e. a. s. hagrannsóknadeildinni og áætlanadeildinni, vegna þess að slíkar áætlanir til lengri tíma hljóta að sjálfsögðu að byggjast á rannsóknum á liðinni stund og á líðandi stund. Það er reynt að byggja áætlanir fram í tímann á þeim hreyfingum í þjóðarbúskapnum, þeim hreyfingum á þjóðhagsstærðum, sem hafa átt sér stað og eru að eiga sér stað, og þar af leiðir, að þetta verkefni hefur þurft að hefjast í hagrannsóknadeildinni, byrja þar, en síðan hefur alltaf verið ráð fyrir því gert, að áætlanadeildin tæki þar við, sem störfum hagrannsóknadeildarinnar sleppti, og þarna yrði sem sagt um nána samvinnu að ræða.

Það er greinilegt, að þeir, sem hafa samið það frv., sem hér liggur fyrir, hafa ekki gert sér neina grein fyrir þessu. Þeir hafa einfaldlega verið að hugsa um að slíta þarna tengslin á milli til þess að skapa sjálfstæða deild með sjálfstæðum forstjóra, án þess nokkuð að hugsa um það, hvaða áhrif þetta hefði raunverulega á starfsemi þessarar stofnunar. Þar af leiðir, að með því að slíta þessi tengsl, eins og þarna er verið að gera, og gera þetta að tveimur stofnunum, er raunverulega verið að eyðileggja þá möguleika, sem þurftu að vera fyrir hendi til þess að gerðar yrðu slíkar áætlanir. Ég segi kannske ekki, að slíkt sé útilokað mál og að áætlanadeildin geti ekki tekið frumkvæðið í þeim efnum, en í raun og veru þyrfti þá að breyta l. um Framkvæmdastofnunina talsvert eða í nokkrum atriðum, til þess að það lægi ljóst fyrir, að þetta verkefni væri á verksviði áætlanadeildar.

Nú skal ég að vísu viðurkenna, að áætlanir af þessu tagi eru skammt á veg komnar, og það, sem gert er í dag, eru í raun og veru aðeins fyrstu skrefin, að hagrannsóknadeildin gerir þjóðhagsspá til tiltölulega mjög skamms tíma. Ástæðan fyrir því, að þetta verkefni er ekki lengra á veg komið en raun ber vitni, er einfaldlega sú, að áður en það er raunhæft að gera áætlanir til lengri tíma, verða að liggja fyrir áætlanir í hinum ýmsu greinum atvinnuveganna og miklu víðtækari áætlunargerð einnig í ríkisgeiranum, til þess að þar sé hægt að sameina þessar áætlanir í einni stórri heildaráætlun fyrir þjóðarbúið allt. Þar af leiðir, að þetta verk er tiltölulega skammt á veg komið, en allt starf Framkvæmdastofnunarinnar og þá auðvitað sérstaklega áætlanadeildarinnar stefnir að þessu marki. Ég vil ósköp einfaldlega segja það, að með þessu er verið að gera þessa stefnu og þetta starf miklu torveldara en áður var. Því miður er það svo, að þeir, sem sömdu þetta frv., virðast enga grein hafa gert sér fyrir þessum hliðum málanna, heldur einfaldlega verið að hugsa um það skipulagslega: Á þetta að vera ein stofnun, eða eiga að vera tvær stofnanir, og á að vera einn forstöðumaður, eða eiga þeir að vera tveir? Það virðist ekki vera, að hugsunin hafi náð öllu lengra.

Af þessari ástæðu og mörgum öðrum, sem ég gæti eytt tíma d. til að ræða, — enda þótt ég geri það ekki, vegna þess að mörg önnur mál þurfa að fá framgang hér í kvöld, — þá tel ég, að frv. sé óskynsamlegt og tel því hæfa best, að því sé vísað til ríkisstj.

Hildur Einarsdóttir: Herra forseti. Það er í senn forvitnilegt og nýlunda fyrir mig að eiga þess kost að sitja nokkra þingfundi á löggjafarsamkomu þjóðarinnar. Í sölum Alþingis má segja að varðveitt sé fjöregg þjóðarinnar, hér eru málefni hennar rædd og úrskurðuð, enda Alþ. æðsta vald í þeim efnum. Fyrir þjóðfélagsþegna varðar það miklu, að vel sé að málum staðið og vel á haldið, svo að þau geti orðið alþjóð að sem mestu gagni.

Að undanförnu hefur mönnum orðið mjög tíðrætt um efnahagsmál, sem brýna þörf ber að finna fullnægjandi lausn á, það þoli enga bið, því að að öðrum kosti fari allt í glundroða. Eigi að síður líða dagar og vikur, en ekkert raunhæft gerist. Tækni og aðstoð efnahagsráðunauta hefðu átt að geta flýtt hér fyrir, en hvað veldur. Mikil spenna hefur ríkt í peningamálum, og er nú svo komið, að margir hafa keppst við að eyða eða breyta peningum sínum í einhvers konar annað eignaform. Jafnvel fólk í strjálbýli hefur talið hyggilegra að festa kaup á hvers konar steinkössum í Reykjavík heldur en að leggja peninga sína á vöxtu, þrátt fyrir að það hyggist ekki nota hina keyptu aðstöðu til búsetu. Slík er vantrúin því miður orðin á gjaldmiðli þjóðarinnar. Bankar og sparisjóðir eru svo til lokaðir sem lánastofnanir, enda aðeins lagt fyrir ótryggt sparifé, sem fólk verður nauðsynlega að hafa við höndina frá degi til dags, og sparifé barna og gamalmenna, sem þau síðarnefndu hafa varðveitt og geymt sér í öryggisskyni til elliáranna. Þessa óheillaþróun verður að stöðva og sem fyrst, enda óhæfa, að forsjálu fólki, sem leggur fé sitt á vöxtu til að tryggja framtíðarstöðu sína, jafnframt því sem það með sparnaði sínum gerir kleift að lána fé til ýmiss konar nauðsynlegra framkvæmda, sé hegnt fyrir slíka hollustu við þjóðfélagið. Sparifé verður að

verðtryggja, og þeir, sem fá það lánað, verða að greiða fyrir þá þjónustu eins og hún raunverulega kostar. Ég hef aldrei getað skilið, að þessu réttlætismáli skuli ávallt hafa verið ýtt til hliðar í áranna rás.

Ég kem úr strjálbýli, þar sem ég er fædd og uppalin. Þar hef ég af fremsta megni reynt að taka þátt í ýmiss konar félagsmálastarfsemi, sem þar hefur þurft að vinna. Mér eru því ofarlega í huga nú á þessum stað ýmis málefni strjálbýlis og vænti, að mér verði ekki legið á hálsi, þó að ég víki máli mínu að þeim vandamálum og viðfangsefnum, sem þar er helst við að glíma. Mikið hefur verið rætt og ritað um þau mál.

Höfuðvandamál hinnar strjálu byggðar tel ég fyrst og fremst fólgið í skorti á íbúðarhúsnæði og heilbrigðisþjónustu. Það var alvarlegt áfall fyrir strjálbýlið, þegar samningarnir um byggingu Breiðholtsíbúðanna voru gerðir. Þeir mismunuðu mjög aðstöðu og hafa sogað ótaldar fjölskyldur utan af landsbyggðinni til Reykjavíkur. Þar sem atvinnuástandið er gott og ég þekki til, er alls ekki hægt að fullnægja eftirspurn eftir íbúðarhúsnæði sem skyldi. Fylgja verður fast eftir, að húsnæðisskortur hamli ekki eðlilegri byggðaþróun.

Heilbrigðisþjónustan er vægast sagt langt frá því að vera samboðin siðmenntuðu þjóðfélagi. Menntun og tækni hefur fleygt fram, en að sama skapi hnignar heilbrigðisþjónustunni víðast hvar, þeirri þjónustu, sem manneskjunni er svo mikilvæg. Þar sem ég þekki best til, er stöðugt unnið allan ársins hring langa vinnudaga að þjóðnýtum störfum, og verður ekki þolað öllu lengur, að við séum líkt á vegi stödd á sviði heilbrigðisþjónustu og gerist víða á meðal vanþróaðra ríkja. Læknir kemur til okkar þrjá daga í viku og losnar jafnan ekki sökum mikils annríkis, fyrr en nýr dagur hefur hafið göngu sína. — Menn hafa skiptar skoðanir um, hverjar muni helstu ástæður fyrir þessu ófremdarástandi. Að mínu mati eru þær ástæður helstar, að læknar hafi farið í sérnám og ekki talið vera næg verkefni og svigrúm í greinum sínum úti á landsbyggðinni, en jafnframt hafa forráðamenn heilbrigðisþjónustu ekki gert sér grein fyrir, að leggja þurfi áherslu á menntun heimilislækna til að leysa af hólmi gömlu héraðslæknana, sem smám saman voru að týna tölunni. Úr þessu ófremdarástandi verður að bæta. Óumflýjanleg eru stór átök hið bráðasta, ef ekki á illa að fara. Hraða verður uppbyggingu læknamiðstöðvanna. Alla starfsaðstöðu þar og í læknishéruðum verður að byggja upp með bestum fáanlegum búnaði miðað við aðstæður á hverjum stað eftir ráðleggingum sérfróðra manna þar um. Slíkt auðveldar áreiðanlega að fá lækna, sem vanist hafa í námi og störfum þar að lútandi bestu starfsaðstöðu á nútíma mælikvarða. Okkur finnst við ekki hafa unnið til þess að vera meðhöndluð sem nokkurs konar annars flokks fólk, ef ég mætti nefna það svo, hvorki í heilbrigðisþjónustu né öðru. Það á að vera stolt þjóðarinnar, að íbúar strjálbýlisins njóti á hverjum tíma jafnréttis á við aðra þegna þjóðfélagsins.

Ýmsa aðra þætti mætti nefna í sambandi við byggðajafnvægið, svo sem jöfnunarverð á raf-magni, símagjöldum, vöruverði vegna flutningskostnaðar í mörgum tilvikum og ranglátan söluskatt af tilfallandi flutningskostnaði. Mér er ekki kunnugt um, að fólk í strjálbýli fái hærri laun fyrir vinnu sína eða útflutningsatvinnuvegirnir hærra verð fyrir afurðir sínar, þó að tilkostnaður sé hærri í þessum tilvikum. Gjörbreyta þarf stjórnsýsluháttum. Flytja þarf aukinn sjálfsákvörðunarrétt til hinna ýmsu byggða, eftir því sem frekast er unnt að framkvæma, úr höndum stjórnvalda í höfuðborginni út til íbúanna í strjálbýlinu. Tryggja verður, að við getum notið sambærilegrar almennrar aðstöðu, þjónustu og þæginda, eins og best gerist á þéttbýlissvæðum. Þar sem á annað borð eru stunduð þjóðnýt störf, er óréttlátt að mismuna þegnum á þessum sviðum. Til þess þurfa einingarnar að sjálfsögðu að vera það mannmargar, að eðlileg samskipti og þjónusta geti farið að kröfum tímans.

Hér hefur tímans vegna aðeins verið stiklað á stóru í málefnum strjálbýlis, þó að freistandi væri að koma inn á fleiri þætti þess. Mér finnst vera vaxandi skilningur á þessum málum og fagna því heils hugar. Við höfum ekki efni á að leggja niður lífvænlegar byggðir landsins, slíkt væri einnig þjóðarskömm. Ef þjóðin á að lifa efnahagslega sjálfstætt, verður hún að nýta gæði landsins, þar sem þau eru að finna. — Herra forseti. Ég hef lokið máli mínu.

Steingrímur Hermannsson: Herra forseti. Ég leyfi mér að segja örfá orð um þetta frv., sem hér liggur fyrir um Framkvæmdastofnun ríkisins. Ég skal reyna að vera stuttorður, þótt ég vildi gjarnan geta rætt það mál nokkuð ítarlega.

Það er sannfæring mín nálægt eftir 2½ árs setu í stjórn þeirrar stofnunar, að hún hefur gegnt mjög mikilvægu hlutverki í okkar landi, en það er jafnframt sannfæring mín, að eftir þennan tíma sé ástæða til þess að endurskoða lög um þá stofnun, endurskoða skipulag hennar, og það tel ég alls ekki óeðlilegt, því að með þessari stofnun var sannarlega farið inn á nokkuð nýjar brautir.

Það frv., sem hér liggur fyrir, gerir ráð fyrir allróttækri breytingu á þessari stofnun, þar sem gert er ráð fyrir því, að ein deild stofnunarinnar verði að sjálfstæðri stofnun. Ég hef gert mér grein fyrir því þann tíma, sem ég hef þarna verið, að þessi deild, hagrannsóknadeildin, hefur starfað í raun og veru sem utan við stofnunina væri. Hún hefur fyrst og fremst starfað til ráðuneytis við ríkisstj. og þá umfram aðra í nánu sambandi við forsrh. Og mér sýnist ljóst, að ríkisstj. þarf á hverjum tíma að hafa slíka sérfræðiráðgjafa sér við hlið og þá eðlilega án milligöngu. Að þessu leyti sýnist mér ekki óeðlilegt, að hagrannsóknadeildin sé gerð að nýrri stofnun og sett beint undir ráðh. Ég tel hins vegar, að samfara þessari breytingu hefði verið eðlilegra að líta á aðrar skipulagsbreytingar við Framkvæmdastofnun ríkisins. Ég hef um það vissar hugmyndir, sem ég get ekki farið að lýsa hér í fáum orðum. Þó vil ég segja það, að ég er þeirrar skoðunar, að þessi stofnun eigi umfram annað að verða byggðastofnun, hún eigi

sannarlega að hafa yfirumsjón með almennri áætlanagerð, en síðan ætti undir umsjón þeirrar stofnunar að vinna að hinum ýmsu áætlunum, bæði atvinnuvegaáætlunum byggðaáætlunum, eins og ræðst hverju sinni innan stofnunarinnar eða hjá einstökum rn. eða hjá landshlutasamtökum, sem ég tel að eigi að efla mjög í þessu skyni. En eins og ég sagði, fyrir utan þessa almennu áætlanagerð tel ég, að Framkvæmdastofnun ríkisins ætti umfram annað að breytast í eins konar byggðastofnun þessa lands og hafa það meginhlutverk að sinna því mikilvæga máli.

Þetta eru aðeins örfá orð til þess að lýsa þeirri skoðun minni, að þarna þurfi að verða gagnger breyting og það sé eðlilegt og sjálfsagt, að lært verði af þeirri 2½ árs reynslu, sem þarna er fengin, og ekkert óeðlilegt við það. Það er von mín, að í kjölfar þessa frv. fylgi nánari endurskoðun á skipulagi og starfsemi þessarar stofnunar, svo að við megum hafa af henni sem mest not í framtíðinni.

Halldór Blöndal: Herra forseti. Ég verð að segja það, að mér finnst kominn mikill dugur í þingið núna. Þeir standa hér upp stjórnarsinnar hver af öðrum til þess að deila um það mál, sem hér liggur fyrir. Ég gat ekki heyrt betur á hv. síðasta ræðumanni en að hann væri að flytja hér almennar hugleiðingar eða hugsjónaræðu um þetta afkvæmi Framkvæmdastofnunar ríkisins, sem á sínum tíma var mikið hitamál hér í þinginu. Nú hefur komið í ljós m.a. í þessum tillöguflutningi, að það, sem við sjálfstæðismenn m.a. bentum á í sambandi við uppbyggingu stofnunarinnar, hefur reynst rétt. Ég vil annars segja það, að ég skil ekki þennan voðalega asa, sem er hér á öllu. Mér hefur skilist á því, sem hæstv. forsrh. segir, bæði hér í þinginu og eins í sjónvarpi og svona víða annars staðar, þar sem hann hefur kvatt sér hljóðs, að það sé rétt, að við tökum okkur eðlilegan tíma. Og ég hef orðið var við það, eins og ég sagði, að hv. stjórnarandstæðingar virðast taka sér eðlilegan tíma og eru ekkert að flýta sér núna á þessu kvöldi.

Ég álít, að það, sem fyrst og fremst liggur fyrir að tala um hér í þinginu nú, það sé það, sem hæstv. forsrh. talaði um við 1. umr. frv. um viðnám gegn verðbólgu, að það væri skylda Alþ., að menn skiptust á skoðunum um þetta mál, og það væri þingmanna nú að taka ákvörðun um, hvaða ráðstafanir ætti að gera til að hefta þá holskeflu óðaverðbólgu, sem nú er að skella yfir. En þetta frv. hæstv. forsrh. er til 1. umr. nú í Nd., og maður skyldi ætla, að það væru haldnir kvöldfundir í hinni háu Nd. til þess að halda áfram að ræða þetta mál ekki síður en hér í Ed. En það er ekki gert. Það er ekki boðaður neinn fundur. Það virðist m.ö.o. sem hæstv. ríkisstj. hafi allt í einu misst áhugann á því að ræða efnahagsmálin í heild hér í hinu háa Alþingi. Ég vildi koma þessu hér á framfæri, og má vera, að ég sjái ástæðu til að tala nánar um það síðar í kvöld, ef tilefni gefst til.

Það var, eins og fram kom í sjónvarpi í kvöld, margt athyglisvert, sem fram kom í ræðu hæstv. forsrh., m.a. ummæli hans um það, að þetta frv., sem liggur fyrir Nd. og má ekki ræða lengur, sé ekki nægilegt til þess að hefta þá verðbólguskriðu, sem nú er yfirvofandi, heldur þurfi einnig að láta gengið síga ofurlítið til viðbótar.

Ég vil svo aðeins staðfesta það, sem hv. 4. þm. Vestf. sagði hér áðan, að við sjálfstæðismenn erum samþykkir þessu máli, sem hér er til umr., og munum fylgja því.

ATKVGR.

Till. á þskj. 869 um að vísa frv. til ríkisstj. felld með 11:4 atkv.

1. gr. samþ. með 9:3 atkv.
2.—8. gr. samþ. með 11 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 15 shlj. atkv.

Neðri deild, 121. fundur.

Þriðjudaginn 7. maí, kl. 5 síðdegis.

Viðskiptamenntun á framhaldsskólastigi, frv. (þskj. 839). — 1. umr.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 27 shlj. atkv. og til menntmn. með 27 shlj. atkv.

Lífeyrissjóður sjómanna, frv. (þskj. 855). — Ein umr.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 23 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 875).

Loftferðir, frv. (þskj. 617). — 1. umr.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 24 shlj. atkv. og til samgn. með 24 shlj. atkv.

Meðferð opinberra mála, frv. (þskj. 804, n. 847). — 2. umr.

Frsm. (Ellert B. Schram): Herra forseti. Á síðasta þingi voru afgr. lög nr. 23 frá 17. apríl 1973, en þegar það frv., sem þá varð að lögum var til meðferðar hér í hv. d. og fór til allshn., var það einróma samþykkt í viðkomandi n. að bæta við það frv. svofelldu ákvæði til bráðabirgða:

„Réttarfarsnefnd skal falið að endurskoða réttarstöðu fulltrúa saksóknara ríkisins með hliðsjón af réttarstöðu og lögkjörum hliðstæðra ríkisstarfsmanna og ljúka endurskoðuninni það tímanlega, að unnt verði að leggja fram frv. um það efni í byrjun næsta þings.“

Þetta ákvæði til bráðabirgða var samþykkt og varð að lögum, eins og fyrr segir. Í framhaldi af þessu lagaákvæði var lagt fram frv. það, sem hér um ræðir og hefur fengið meðferð í hv. Ed. Af skiljanlegum ástæðum er allshn. því fyllilega sammála þessu frv. N. hefur farið yfir frv. og hefur ekkert við það að athuga eins og það liggur fyrir eftir meðferðina í Ed.

ATKVGR.

1. gr. samþ. með 22 shlj. atkv.
2.—47. gr. samþ. með 24 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 24 shlj. atkv.

Aflatryggingasjóður sjávarútvegsins, frv. (þskj. 740, n. 868). — 2. umr.

Of skammt var liðið frá útbýtingu nál. — Afbrigði samþ. með 22 shlj. atkv.

Frsm. (Garðar Sigurðsson): Herra forseti. Þetta frv. til l. um breyt. á l. nr. 80 frá 16. sept. 1971, um Aflatryggingasjóð sjávarútvegsins, er fyrst og fremst fólgið í því, að fæðisgreiðslur til sjómanna hækka. Eins og öllum er kunnugt, hafa þessir liðir hækkað mjög mikið síðan þessar tölur voru ákveðnar síðast, og er nauðsynlegt, að af þeirri hækkun verði. Ég vil leyfa mér — með leyfi forseta — að lesa hluta af aths. við frv., þannig að hv. þm. átti sig á því, hvað hér er um að ræða:

„Samninganefnd Landssambands ísl. útvegsmanna, Farmanna- og fiskimannasambands Íslands og Sjómannasambands Íslands samþykktu nýlega í viðræðum um kaup og kjör sjómanna á fiskibátum að fara þess á leit við ríkisstj., að hún beitti sér fyrir því, að fæðisgreiðslum til sjómanna yrði breytt eins og lagt er til í lagafrv. þessu. Eru í frv. teknar óbreyttar óskir þessara aðila, eins og þær eru settar fram í bréfum til sjútvrh., dags. 9. mars og 3. apríl 1974, sem undirrituð eru af Kristjáni Ragnarssyni, f. h. Landssambands ísl. útvegsmanna, Ingólfi Stefánssyni, f. h. Farmanna- og fiskimannasambands Íslands, og Jóni Sigurðssyni, f. h. Sjómannasambands Íslands.“

Eins og fram kemur af þessu, er þarna um samningsatriði að ræða frá síðustu samningum um kaup og kjör sjómanna. Sjútvn. leggur einróma til, að frv. verði samþ. til þess að við þessa samninga verði staðið.

ATKVGR.

1. gr. samþ. með 22 shlj. atkv.
2. gr. samþ. með 25 samhlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 23 shlj. atkv.

Ávana- og fíkniefni, frv. (þskj. 588, n. 846). — 2. umr.

Svava Jakobsdóttir: Herra forseti. Svo sem fram kemur í nál. á þskj. 846, er allshn. sammála um að mæla með því, að frv. til l. um ávana- og fíkniefni verði samþ. Einn hv. þm., Pétur Pétursson, var fjarstaddur afgreiðslu málsins. Þess skal getið, að mál þetta hefur þegar hlotið afgreiðslu í Ed.

ATKVGR.

1. gr. samþ. með 22 shlj. atkv.
2.—7. gr. samþ. með 21 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 21 shlj. atkv.

Almenn hegningarlög, frv. (þskj. 553, n. 844). — 2. umr.

Svava Jakobsdóttir: Herra forseti. Þetta frv. er í nánum tengslum við frv. til l. um ávana- og fíkniefni. Allshn. hefur rætt frv. og er sammála um að mæla með því, að það verði samþ. óbreytt.

ATKVGR.

1. gr. samþ. með 25 shlj. atkv.
2. gr. samþ. með 25 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 24 shlj. atkv.

Dómari í ávana- og fíkniefnamálum, frv. (þskj. 554, n. 845). — 2. umr.

Svava Jakobsdóttir: Herra forseti. Þetta frv. til l. um breyt á l. um sérstakan dómara og rannsóknardeild í ávana- og fíkniefnamálum er fylgifiskur frv. um ávana- og fíkniefni. Allshn. hefur rætt frv. og er sammála um að mæla því, að það verði samþ. óbreytt.

ATKVGR.

1. gr. samþ. með 21 shlj. atkv.
2.—6. gr. samþ. með 22 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 23 shlj. atkv.

Neðri deild, 122. fundur.

Þriðjudaginn 7. maí, að loknum 121. fundi.

Almannatryggingar, frv. (þskj. 853). — 1. umr.

Ragnhildur Helgadóttir: Herra forseti. Það mál, sem hér liggur fyrir til 1. umr., felur í sér ýmsar allflóknar breyt. á núgildandi l. um almannatryggingar, og þar sem ég á sæti í þeirri n., þar sem þetta mál mun væntanlega koma til athugunar, vil ég leyfa mér að óska þess, að hæstv. ráðh. fylgi því úr hlaði.

Heilbr.- og trmrh. (Magnús Kjartansson): Herra forseti. Ástæðan til þess, að ég fylgdi þessu frv. ekki úr hlaði, var sú, að ég gerði ráð fyrir því, að þm. hefðu kynnst því. Það hefur verið í meðförum Ed., og þar hefur ekki verið neinn ágrein-

ingur um meginefni frv. Meginbreyt., sem í frv. felast, eru þær, að það er gert ráð fyrir nokkurri tilfærslu á tekjum og greiðslum almannatrygginga og ætlunin, að þar nái endar saman. Er ætlunin að skerða fjölskyldubætur á þann hátt, að þegar um er að ræða vist tekjustig, verði ekki greitt með fyrsta barni, en sú upphæð, sem þannig sparast, verði notuð til þess að rýmka nokkuð ákvæðin um tekjutryggingu, sem hv. þm. Ragnhildur Helgadóttir hefur oft rætt um hér í Nd., að nauðsynlegt væri að rýmka að nokkru, og ég hef tekið undir það með henni, þannig að ég hygg, að ekki sé neinn ágreiningur á milli okkar um það atriði.

Einnig er ráðgert í þessu frv., að teknar verði inn tannlæknisaðgerðir. Fyrsta og annað skref eru ákveðin í frv. og meiningin, að að því verði stefnt, að tannlækningar verði hluti af sjúkratryggingunum, sem er ákaflega mikið stórmál. Þarna er um að ræða fyrsta áfanga þess. Ég hygg, að allir alþm. séu sammála um, að þarna sé rétt stefnt og áfram þurfi að halda á þeirri braut.

Þarna eru einnig ákvæði um breyt. á verðlagningu lyfja og röntgenmyndatöku, sem einnig eiga að vera almenningi í hag eða þeim, sem þurfa á slíkum athugunum að halda og lyfjakaupum utan sjúkrahúss.

Þetta eru meginefni þessa frv. Það kom fram í hv. Ed., að þar var um að ræða minni háttar ágreiningsefni, en ekki neinn ágreining um þessi meginatriði, og ég vona, að hin sama verði afstaða manna hér í hv. Nd. Ég tel það skipta ákaflega miklu máli, að þetta mál geti orðið að lögum á þessu þingi. Ég hygg, að það sé stutt eftir af þingtímanum, og vil leyfa mér að fara þess á leit við hv. heilbr.- og trn., sem ég legg til að fái frv. til afgreiðslu, að hún íhugi, hvort hún geti ekki hagað vinnubrögðum sínum þannig, að unnt sé að afgreiða málið.

Ragnhildur Helgadóttir: Herra forseti. Þótt mjög skammt sé nú að öllum líkindum eftir af þingtímanum, er það vitanlega alveg áviðunandi starfsaðferð og ill meðferð á mikilvægum málum, að ætlast sé til, að þau séu tekin til umr. með afbrigðum í þd., án þess að þeim sé fylgt úr hlaði með skýringum. Þess vegna var það ágætt, að hæstv. ráðh. flutti nokkrar skýringar með frv.

Ég vil geta þess, að ég gleðst yfir því að sjá í þessu frv., að nú loksins hefur verið tekið undir þá till. okkar sjálfstæðismanna, að ekki beri að skerða tekjutryggingu aldraðra eða öryrkja að fullu sem svarar hverri krónu, sem þeir vinna sér inn fyrir utan lífeyri sinn. Það er sannarlega ánægjuefni, að hæstv. ráðh. skuli nú vera orðinn þessarar skoðunar. Ég vil þó benda á, þegar þetta mál verður athugað í n., að það væri að mínu viti eðlilegra, að miðað væri við það, að sú tekjuupphæð, sem lífeyrisþeginn ynni sér inn, væri sem svarar vissum hluta ellieða örorkulífeyrisins fremur en bundin við vissa upphæð, því að eins og dæmin sanna einmitt nú þessa dagana, eru upphæðirnar mjög á reiki í okkar þjóðfélagi, og það gerir málin ekki einfaldari að fjölga þessum mismunandi upphæðum frá því, sem nú er í tryggingalögum, og einfaldara væri fyrir almenning að átta sig á því, hvað um er að vera, ef miðað væri við einhverjar hámarksgrunnupphæðir og síðan brot eða hlutfall af þeim. Að öðru leyti mun ég ekki ræða mörg atriði þessa frv. efnislega. Til þess gefst tækifæri í n. og við 2. umr. — Ég hafði satt að segja ekki vænst þess, að þetta frv. yrði hér á dagskrá í dag.

Ég vil aðeins geta þess, að ég undrast það, að nú loks þegar kemur fyrir þingsins sjónir árangur af endurskoðunarstarfi á almannatryggingalögum og eftir þær yfirlýsingar og gagnrýni, sem oft hafa verið uppi hafðar í sambandi við greiðslu fjölskyldubóta, þá skuli það, sem fyrirhugað er að breyta á því sviði, ekki vera fólgið í öðru en því, sem hér stendur.

Það hefur oft komið til athugunar og umr., að miklu eðlilegra væri að hafa allt annan hátt á í sambandi við greiðslu fjölskyldubóta, að þær væru einfaldlega út úr tryggingakerfinu numdar og felldar inn í skattkerfið. Þannig gætu þær með vissum ráðstöfunum nýst betur þeim, sem mest þyrftu á þessum bótum a ðhalda. Það atriði er hins vegar mjög flókið og viðamikið og kallar á breyt. á fleiri l., og mun ég þess vegna ekki fara út í það núna.

En óneitanlega virðist manni það dálítið einkennilegt, að þessar breyt. skuli, fyrst út í þær er farið á annað borð, ekki vera sem neinu nemur og engan veginn óumdeilanlegar, ef þær eru framkvæmdar á þann hátt, sem þarna er lagt til. Þær eru ósköp einfaldlega gerðar til þess að geta með einhverjum hætti sagt, að nú sé hafið það fyrirkomulag að greiða tannlæknaþjónustu að einhverju leyti á vegum almannatrygginga. En sá hængur er á þessari breyt., að það er sérstaklega tekið fram, að breyt., sem felst í 4. gr., eigi ekki að hafa áhrif á kaupgreiðsluvísitölu. Þess vegna virðist mér útkoman verða sú, að tannlækningarnar muni gegna þessu hlutverki, ef þetta frv. verður samþ. eins og það nú er.

Eitt atriði enn, sem er allflókið og getur kallað á ýmsar athuganir, er það, sem felst í 5. gr. um lyfjagreiðslurnar, og ég tel sjálfsagt, að n. í Nd. fái ýmsar sérfræðilegar upplýsingar þar að lútandi svo og í sambandi við önnur atriði þessa máls. Það er vitanlega ekki hægt að búast við því, að n. í Nd. sé búin að kynna sér öll atriði máls, sem hefur verið til meðferðar í Ed. Til þess var ekki ætlast, þegar málið var lagt fyrir, og ég vænti þess, að þetta mál verði ekki afgr. úr n. í Nd., nema henni gefist tími til þess að athuga, hvað um er að vera. Sannleikurinn er nefnilega sá í sambandi við ákaflega mörg viðamikil almannatryggingafrv., sem hafa verið afgreidd á Alþ. á undanförnum árum, að þau hafa flogið í gegnum þingið á mettíma, ef svo má segja, í þinglok, þegar nokkrir klukkutímar eru til stefnu og varla gefst tími til athugunar á neinu í því sambandi.

Þessi atriði vildi ég láta koma fram, áður en málið færi til nefndar.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 23 shlj. atkv. og til heilbr.- og trn. með 25 shlj. atkv.

Aflatryggingasjóður sjávarútvegsins, frv. (þskj. 740). — 3. umr.

Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði samþ. með 24 shlj. atkv.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 24 shlj. atkv. og afgr. til Ed.

Gatnagerðargjöld, frv. (þskj. 756, n. 867). — 2. umr.

Of skammt var liðið frá útbýtingu nál. — Afbrigði samþ. með 24 shlj. atkv.

Frsm. (Hannibal Valdimarsson): Herra forseti. Þetta mál er komið frá hv. Ed., og voru þar gerðar á því tvær fremur smávægilegar breyt. N. athugaði frv. á einum fundi og varð sammála um að mæla með því, að það yrði samþ. óbreytt eins og það kom frá hv. Ed. Þess skal getið, að 2 nm. voru fjarverandi afgreiðslu málsins, þeir Gylfi Þ. Gíslason og Garðar Sigurðsson. N. leggur til, að málið verði afgr. óbreytt.

ATKVGR.

1. gr. samþ. með 22 shlj. atkv.
2.—8. gr. samþ. með 22 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 22 shlj. atkv.

Iðnlánasjóður, frv. (þskj. 684). — 1. umr.

Heilbr.- og trmrh. (Magnús Kjartansson): Herra forseti. Þetta frv. til l. um breyt. á l. um Iðnlánasjóð er tengt öðru frv., sem hér er á dagskrá, þ.e. frv. til l. um breyt. á l. um Sölustofnun lagmetisiðnaðarins, og vil ég leyfa mér að gera grein fyrir þeim báðum í senn. Þau eru samtengd.

Frv. um breyt. á Iðnlánasjóði gerir ráð fyrir því, að lagmetisiðnaður greiði iðnlánasjóðsgjald og eigi þá rétt á lánveitingum úr Iðnlánasjóði til jafns við aðra aðila, sem í þann sjóð greiða. Hitt frv. um breyt. á l. um Sölustofnun lagmetisiðnaðarins gerir hins vegar ráð fyrir því, að lagmetisiðnaðurinn þurfi ekki að greiða útflutningsgjöld til sjóða sjávarútvegsins, sem hann hefur orðið að greiða til þessa, en lagmetisiðnaðurinn hefur ekki fengið lánafyrirgreiðslu úr þeim sjóðum. Ætlunin með þessum frv. báðum er þannig að koma á þeirri skipan, að lagmetið sé skilgreint sem iðnaður og fái þá sömu fyrirgreiðslu og annar iðnaður, en þurfi ekki að greiða gjöld til sjóða, sem lagmetisiðnaðurinn hefur ekki fengið neina fyrirgreiðslu úr.

Þessi frv. bæði hafa verið til athugunar í Ed. og voru þar samþykkt einróma og enginn ágreiningur um efni þeirra. Ég vil mjög eindregið beina því til hv. iðnn., hvort hún gæti ekki hagað störfum sínum svo, að unnt væri að afgreiða þessi frv. sem lög frá þessu þingi.

Ég legg svo til, herra forseti, að frv. verði að lokinni 1. umr. vísað til 2. umr. og hv. iðnn.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 24 atkv. og til iðnn. með 25 shlj. atkv.

Sölustofnun lagmetisiðnaðarins. (þskj. 854). — 1. umr.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 24 shlj. atkv. og til iðnn. með 24 shlj. atkv.

Lífeyrissjóður bænda, frv. (þskj. 685). — 1. umr.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 23:1 atkv. og til fjh.- og viðskn. með 23 shlj. atkv.

Skipulag ferðamála, frv. (þskj. 626, n. 829). — 2. umr.

Frsm. (Hannibal Valdimarsson): Herra forseti. Hér er til meðferðar frv. um skipulag ferðamála. Ferðamálin eru vissulega bæði víðtækur og þýðingarmikill málaflokkur. Í rauninni er þar um að ræða einn af atvinnuvegum þjóðarinnar, meira að segja vaxandi atvinnuveg.

Ef við værum nú stödd á fyrri hluta þings og frv. væri í fyrri d., mundu óhjákvæmilega hafa orðið um slíkt frv. miklar umr. En hvort tveggja er nú, að frv. er komið frá hv. Ed. og hefur verið þar til meðferðar mestan hluta þingtímans, þ.e.a.s. það hefur verið þar til rækilegrar meðferðar, og eins hitt, að nú er skammt til þingloka. Þess vegna varð n. sammála um að láta það sitja fyrir öllu að koma málinu áfram fyrir þinglok, gera engar breyt. á því, þar sem það yrði þá að velkjast á milli d. og gæti dagað uppi. Betra væri, taldi n., að fá á það reynslu og láta hana síðan segja til um breytingaþörf.

Í viðbót við það, sem nú þegar er sagt, er rétt að geta þess, að þetta frv. var lagt fram á seinasta þingi til kynningar og var þá rætt allmikið. Einnig er rétt að upplýsa, að frv. er samið af n. manna, sem nákunnugir eru ferðamálum, en það voru þeir Brynjólfur Ingólfsson ráðuneytisstjóri, sem var nefndarform., Heimir Hannesson lögfræðingur, einnig mikill áhugamaður um ferðamál, og Lúðvík Hjálmtýsson framkvæmdastjóri ferðamálaráðs. Auk vandaðrar þingmeðferðar er því málið mjög vel undirbúið af hinum hæfustu mönnum.

Svo sem ég áðan sagði, varð n. með tilliti til alls þessa sammála um að mæla með því við hv. þd., að hún samþ. frv. óbreytt, og vil ég vænta þess, að framangreind rök verði af þd. tekin til greina og á þetta fallist, svo sem nú stendur á.

Vissulega er það svo, að enn eru uppi fjölda-

margar brtt. við frv., þrátt fyrir þær breyt., sem á því voru gerðar í Ed. Sumar þessara brtt. eru að vísu smávægilegar, en aðrar byggjast á skoðanamun um grundvallaratriði. En það er eins í þessu máli sem flestum öðrum, að menn verða seint sammála í öllum atriðum. Eftir því verður þannig ekki beðið, og er þá sá kostur einn fyrir hendi að láta reynsluna heldur skera úr, og það vill samgn. að gert verði í þessu tilfelli. Raunar varð n. sammála um, að æskilegt hefði verið, að betur væri að fjárhagsgrundvelli Ferðamálasjóðs búið, honum séð fyrir traustari og stærri tekjustofnum, þó að nokkur úrbót sé að þessu leyti gerð í frv. Menn höfðu þar vissar hugmyndir um fjáröflun til handa sjóðnum, en hurfu samt frá því að bera þær fram í tillöguformi, þar sem það hefði getað stöðvað framgang málsins.

Herra forseti. Ég hef ekki fleiri orð um þetta mikla mál, ræði ekki einstaka þætti þess, læt máli mínu lokið. N. leggur til, að frv. verði samþ. óbreytt eins og það kom frá hv. Ed.

Sverrir Hermannsson: Herra forseti. Það er rétt, sem fram kom í máli hv. 3. þm. Vestf., að að samgn. hefur orðið sammála um að trufla ekki framgang þessa máls, enda þótt mönnum sýnist í ýmsum atriðum sitt hvað um málið í heild sinni.

Ég lagði á það áherslu við 1. umr. málsins, að ég teldi það óeðlilegt, sem segir í frv. um væntanlegt hlutverk þessarar stofnunar, þar sem rætt er um sölustarfsemi, um starfrækslu ferðaskrifstofu, að sá aðili, sem á að hafa yfirumsjón og eftirlit með þessari starfrækslu, keppi sjálfur á þessu sviði. En þar sem fyrir liggur, að þessi stofnun muni að mestu rísa á starfsemi núv. Ferðaskrifstofu ríkisins, taldi ég ekki hæfilegt nú að leggja beinlínis til, að þessi þáttur í starfseminni yrði lagður niður, heldur yrði það framtíðarverkefni að aðgæta, hvort þetta sé ekki rétt stefna, þannig að þessi aðili, sem hefur með yfirumsjónina að gera og yfirstjórn þessara mála, fáist ekki á sama tíma við starfsemi og samkeppni á þessu sviði við aðra aðila. — Þetta var annað meginatriði málsins, sem ég hreyfði og ræddi einnig í samgn. Hitt var um Ferðamálasjóðinn. Eins og fram kom í framsöguræðunni, er ég mjög gagnrýnin á, að sú skipan mála, sem þar er gert ráð fyrir, sé nálægt því nægjanlega góð til þess, að sjóðurinn geti gegnt því hlutverki, sem honum er ætlað og við æskjum, að hann geti gegnt.

Þetta er allviðamikið mál, og eins og hv. frsm. sagði, við erum þeirrar skoðunar, að hér séu ýmsar nýjungar, sem sýnast horfa til betri vegar og rétt sé, að á það reyni í framkvæmdinni, hvernig til tekst. Þetta mál hefur enda fengið mjög rækilega athugun hér á hinu háa Alþingi, var fyrst lagt fram til kynningar á síðasta þingi, og síðan hefur málið fengið, að því er ég best fæ séð, mjög vandlega meðferð hjá hv. Ed.

Ég þykist sjá að vísu ýmsa vankanta á þessu, en þó ekki svo stóra í sniðum, að ég telji ekki fullframbærilegt, að málið fái þá afgreiðslu, sem lagt er til af nefndinni.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Neðri deild, 123. fundur.

Þriðjudaginn 7. maí, að loknum 122. fundi.

Gatnagerðargjöld, frv. (þskj. 756). — 3. umr.

Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði samþ. með 21 shlj. atkv.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 20:1 atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 877).

Efri deild, 121. fundur.

Þriðjudaginn 7. maí, kl. 10.20 að kvöldi.

Aflatryggingasjóður sjávarútvegsins, frv. (þskj. 740). — 1. umr.

Of skammt var liðið frá 3. umr. í Nd. — Afbrigði samþ. með 16 shlj. atkv.

Sjútvrh. (Lúðvík Jósepsson): Herra forseti. Frv. þetta hefur þegar hlotið afgreiðslu í hv. Nd., og þar varð fullkomin samstaða um afgreiðslu þess. Ég vil vænta þess, að hér geti einnig orðið góð samstaða um afgreiðslu frv. og eining geti skapast um að afgreiða það út úr þessari d. á þessu kvöldi.

Eins og fram kemur í grg. frv., er hér um að ræða breyt. á l. um Aflatryggingasjóð sjávarútvegsins í samræmi við samkomulag, sem fulltrúar útvegsmanna og sjómanna hafa gert með sér í síðustu kjarasamningum. Segir m.a. í grg., með leyfi hæstv. forseta:

„Eru í frv. teknar óbreyttar óskir þessara aðila, eins og þær eru settar fram í bréfum til sjútvrh., dags. 9. mars og 3. apríl 1974, sem undirrituð eru af Kristjáni Ragnarssyni, f.h. Landssambands ísl. útvegsmanna, Ingólfi Stefánssyni, f.h. Farmanna- og fiskimannasambands Íslands, og Jóni Sigurðssyni, f.h. Sjómannasambands Íslands."

Í stuttu máli er það, sem felst í þessu frv., að verið er að breyta nokkuð greiðslum úr þeirri deild Aflatryggingasjóðs, sem nefnd er áhafnadeild. Er gert ráð fyrir því, samkv. lögum um Aflatryggingasjóð, að greidd sé úr þessari d. ákveðin greiðsla upp í fæðiskostnað sjómanna, mismunandi mikið eftir stærð þeirra báta, sem um er að ræða. Á stærstu bátunum, þ. e. a. s. á þeim bátum, sem eru 150 rúmlestir að stærð og þar yfir, er grunngjaldið, sem greitt er, 120 kr. á dag í fæðiskostnað. Miðað við þá vísitölu, sem orðin var nú á s.l. vetri, hefði þessi greiðsla numið 237 kr. fyrir dagsfæði á þessum bátum. En samkv. þessu frv. er gert ráð fyrir að taka upp greiðsluna 320 kr. og gera hana síðan að grunntölu. Hér er sem sagt um nokkra hækkun að ræða frá þeim reglum, sem voru í gildi varðandi fæðisgreiðslur á þessum bátum. Á næstu bátastærð þarna fyrir neðan, þ. e a. s.

frá 12 rúmlestum upp í 150 rúmlestir, var grunngjaldið samkv. lögum, er greitt var upp í fæðiskostnað, 100 kr., var orðið með vísitölugreiðslum miðað við 1. febrúar s.l. 198 kr., en verður nú samkv. þessu frv. 240 kr. Á minnstu bátunum, þ.e.a.s. á trillubátum eða allt upp að 12 rúmlestum, var gamla grunngjaldið 85 kr. og hefði orðið núna miðað við vísitöluna 1. febr. 168 kr., en nú var gert ráð fyrir að taka upp grunngjaldið 150 kr., og er það eina bátastærðin, þar sem gert er ráð fyrir lítils háttar lækkun, en því er haldið fram af þeim aðilum, sem hér eiga hlut að máli, að þetta sé vegna samræmis samkv. þeim upplýsingum, sem liggja fyrir um fæðiskostnað.

Hér er sem sagt um að ræða breyt. á gildandi reglum um greiðslur úr þessari d. af því fé, sem aflað er í þessa d. af þeim aðilum, sem hér eiga hlut að máli, útgerðarmönnum og sjómönnum. Það hefur þótt rétt að verða við óskum þeirra og flytja þetta frv. alveg óbreytt, þar sem hér er um að ræða lið í samningagerð þeirra á milli í nýafstöðnum kjarasamningum. Mér er kunnugt um það, að sjútvrn.-mönnum þessarar hv. d. er vel kunnugt um þetta mál, og í trausti þess, að þeir geti á það fallist og hv. d., geri ég ekki till. um að vísa frv. til n., en óska eftir, að því verði vísað til 2. umr. og síðan tekið fyrir áfram og það afgr. út úr d. í kvöld, ef um það gæti orðið samstaða.

Bjarni Guðbjörnsson: Herra forseti. Sjútvn.-mönnum er kunnugt efni þessa frv. Hér er um algjört samkomulagsatriði að ræða, sem enginn ágreiningur er um, og er ekki talin ástæða til að vísa því til n. En nm. vilja leggja áherslu á, að þessu verði hraðað, þannig að það geti orðið að lögum nú í kvöld.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 12 shlj. atkv.

Efri deild, 122. fundur.

Þriðjudaginn 7. maí, að loknum 121. fundi.

Aflatryggingasjóður sjávarútvegsins, frv. (þskj. 740). — 2. umr.

Of skammt var liðið frá 1. umr. — Afbrigði samþ. með 12 shlj. atkv.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

1. gr. samþ. með 13 shlj. atkv.
2. gr. samþ. með 16 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 16 shlj. atkv.

Efri deild, 123. fundur.

Þriðjudaginn 7. maí, að loknum 122. fundi.

Aflatryggingasjóður sjávarútvegsins, frv. (þskj. 740). — 3. umr.

Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði samþ. með 13 shlj. atkv.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 13 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 885).

Grunnskóli, frv. (þskj. 724, n. 861, 862, 863, 864). — 2. umr.

Of skammt var liðið frá útbýtingu nál. og brtt. — Afbrigði samþ. með 13 shlj. atkv.

Frsm. (Ragnar Arnalds): Herra forseti. Menntmn. hefur haft til athugunar frv. til l. um grunnskóla, en þetta er einn viðamesti lagabálkur, sem Alþingi hefur í langan tíma fengið til meðferðar. Eins og öllum hv. alþm. er kunnugt, tók það hv. Nd. þrjá vetur að koma þessu frv. frá sér, og það gerðist því miður ekki fyrr en komið var fram í aprílmánuð á þessum vetri, að frv. var afgr. úr Nd. og kom þá fljótlega til menntmn. Ed. Því miður hef ég ekki hjá mér dagsetninguna, þegar frv. kom til menntmn. Ed., en að því er ég hygg, er málið búið að vera í n. um það bil þrjár vikur.

Eftir að frv. kom til n., var það fljótlega tekið fyrir, en þó aðeins stuttaralega, þar sem enn var ólokið að afgreiða úr n. allmörg önnur mál. En nm. tóku að sjálfsögðu strax til óspilltra mála að átta sig á þessu frv. hver hjá sér og alveg sérstaklega að átta sig á þeim breyt., sem Nd. hafði gert á frv., þannig að ekki var hægt að taka málið til meðferðar alveg strax í n. af þessari ástæðu fyrst og fremst. Hins vegar er mér kunnugt um, að nm. allir eyddu fyrstu 10 dögunum til þess að kynna sér frv., svo sem ekki var vanþörf á, og þá sérstaklega þær fjöldamörgu breyt., sem höfðu verið gerðar á því í Nd. Síðan tók n. til að vinna að athugun frv.

Það var aðeins um tvennt að ræða, annað hvort að reyna að afgreiða þetta í flýti ellegar sjá fram á, að það yrði enn einu sinni svæft. Það varð niðurstaða n., að það væri mjög bagalegt fyrir menntamálin í landinu og forráðamenn menntamála, ef enn liði heilt ár, þar til Alþ. mótaði stefnuna í þessu máli. Þar af leiðir, að yfirferð n. gat ekki orðið jafnvönduð og við hefðum helst kosið. T. d. áttum við þess ekki kost að ræða persónulega við þá, sem samið höfðu frv., en slík persónuleg viðtöl og nánari rannsókn málsins hefði að sjálfsögðu tekið talsverðan tíma. Það varð því sameiginleg niðurstaða í n., að ekki væri um annað að gera en reyna að afgreiða þetta mál, og n. mælir einróma með því, að frv. verði samþykkt.

Hins vegar kemur fram á nál. menntmn., sem ég hef því miður ekki í höndunum, fyrirvari af

hálfu hv. þm. Hildar Einarsdóttur og Auðar Auðuns, sem þær gera við afgreiðslu þessa máls, og sé ég ekki ástæðu til að rekja þann fyrirvara, þar sem hann er prentaður á þskj. 861 og nm. munu vafalaust gera grein fyrir þeim sjónarmiðum, sem í þeim fyrirvara felast, en þær mæla með frv. og áskilja sér um leið rétt til þess að flytja brtt.

Stærsta ágreiningsefnið, sem upp kom í n. varðandi þetta mál, var um það, hvort skólaskyldan skyldi lengd um eitt ár. Um þetta atriði varð ekki samkomulag í n., og sex nm. flytja því brtt. á sérstöku þskj. þess efnis, að skólaskyldan nái aðeins til 15 ára aldurs, og mun ég gera grein fyrir þeirri till. síðar, þegar ég hef gert grein fyrir till. meiri hl.

Ég vil nú víkja að brtt. n. og gera örstutta grein fyrir hverri og einni, þannig að ljóst megi vera, hvaða rök liggja að baki þessum breytingum.

Sný mér þá að 1. lið, sem er við 8. gr., en þar er um að ræða að fella niður orðin „hluta úr skólaári.“ N. sýnist, að eðlilegra sé, að gr. sé þannig orðuð, að heimilt sé að gera tímabundna undanþágu frá skólasókn, ef knýjandi ástæður eru taldar vera fyrir hendi og bæði skólastjóri og skólanefnd mæla samhljóða með umsókninni. Okkur sýnist, að það sé þá ekki ástæða til að slá því föstu, að hér megi aðeins vera um hluta úr skólaári að ræða, heldur gæti í einstökum undantekningatilvikum staðið þannig á, að hér yrði að vera um heilt skólaár að ræða.

Við 10. gr. frv. hefur n. gert brtt. í 4 liðum þess efnis, að 5 kaupstaðir, sem tilnefndir eru í brtt. n., verði teknir inn í 10. gr., og er það að sjálfsögðu einungis breyt. til samræmis við ríkjandi aðstæður, eftir að samþ. hafa verið hér í þinginu allmörg frv. um kaupstaðarréttindi.

Við 17. gr. frv. hefur n. gert lítils háttar brtt., en till., sem þó á fyllsta rétt á sér. Hin er við 3. málsgr., þess efnis, að þegar skólanefnd eða fleiri skólanefndir nota sér heimild ákvæðisins til að ráða sér sameiginlegan starfsmann eða skólafulltrúa, þá þurfi það að sjálfsögðu að vera með samþykki hlutaðeigandi sveitarstjórnar. Kannske hafa þeir, sem sömdu frv., gert ráð fyrir því, að þetta lægi í hlutarins eðli, en n. fannst eðlilegra að taka þetta ljóslega fram.

Við 19. gr. hefur n. gert till. um, að felldur verði niður svigi og í þessum sviga er orðið „skólanefnd“. Hér er einungis um breyt. að ræða, sem felur í sér að gera alveg ljóst, að það sé sveitarstjórn, sem hafi endanlegt vald í þessum efnum, og að skólanefnd sé að sjálfsögðu henni einungis til ráðuneytis. Þa ögildir sama um þetta og seinustu brtt., sem ég nefndi áðan, að sjálfsagt hefur þetta verið í huga þeirra, sem sömdu frv., en rétt þykir að taka það skýrt fram.

Við 20. gr. frv. hefur verið gerð brtt. við 2. málsgr., sem fjallar um kennararáð, sem er skólastjóra til ráðuneytis um stjórn skólans. Brtt. er þess efnis, að inn í setninguna verði skotið orðinu „daglega“, sem felur það í sér, að kennararáðið fjallar að sjálfsögðu aðeins um daglega stjórn skólans, en ekki um önnur þau verkefni, sem ekki geta flokkast undir það heiti.

Við 20. gr. 3. málsgr. hefur verið gerð lítilsháttar breyt., sem er einungis til að gera alveg ljóst, hvernig gangur málsins hlýtur að vera, ef skólastjóra og kennararáð greinir á um meðferð tiltekins máls, þá beri fyrst að vísa málinu til skólanefndar og reyna að ná þar sáttum í málinu, en ef það takist ekki, þá skuli málinu vísað til fræðslustjóra. Í frvgr. var í raun og veru gert ráð fyrir, að málinu væri vísað samtímis til skólanefndar og fræðslustjóra, en mönnum þótti eðlilegra, að fyrst gengi málið til skólanefndar, sem reyndi til fullnustu að ná samkomulagi um málið.

Við 23. gr. hefur verið gerð svolítil breyt., sem er einungis til að slá því föstu, að sveitarstjórn hafi seinasta orðið, þegar gerð skólamannvirkja er undirbúin heima í héraði, og að verkefni skólanefndar og fræðsluráðs í þessu efni sé einungis að vera til ráðuneytis.

Við 24. gr. hefur n. gert brtt., sem snertir það tilvik, er sveitarfélag óskar, að gert sé ráð fyrir aðstöðu til félagsstarfsemi eða annars slíks í skólahúsi eða í tengslum við það, og þá skuli það heimilt, ef fyrir liggi umsögn skólanefndar og samþykki menntmrn. Hér er dregið úr valdi skólanefndar í þessum efnum, talið eðlilegt, að sveitarfélagið hafi seinasta orðið og að afstaða skólanefndar sé aðeins ráðgefandi, en að skólanefnd geti ekki haft neitt neitunarvald í þessum efnum. Sveitarstjórnarmönnum þykir eðlilegra, að samskipti skólanefndar og sveitarstjórnar séu með þessum hætti, og á það féllst nefndin.

Við 26. gr. frv. hefur n. gert samsvarandi breyt., sem einnig snertir samskipti skólanefndar og sveitarstjórna. Í stað þess að segja, að skólanefnd ákveði í samráði við hlutaðeigandi sveitarstjórnir, hvaða sérfræðingar skuli annast hönnun skólabygginga, er þessu snúið við og því slegið föstu, að það séu sveitarstjórnirnar, sem ákveði þetta atriði, en skólanefnd sé til ráðuneytis og gefi sína umsögn.

Við 27. gr. frv. er hins vegar gerð öllu meiri efnisbreyting en fólgin er í þeim brtt., sem ég hef nú gert grein fyrir. Þessi brtt. snertir það ákvæði frv., að verja megi ákveðinni fjárhæð, er nemi allt að 2% af áætluðum stofnkostnaði skólamannvirkis, til listskreytinga skólamannvirkja, og er upphæðin bundin við 500 þús. kr. til hvers einstaks skóla. N. gerði till. um, að þessu ákvæði sé breytt í það horf, að það sé sveitarstjórn, sem hafi frumkvæði að því, hvort um listskreytingu skólamannvirkis verði að ræða, en samþykki menntmrn. þurfi til. Er þessu þar með snúið við, að sveitarstjórnin hefur frumkvæðið, en í frv., eins og það lá fyrir, var það menntmrn., sem þurfti að hafa frumkvæðið. Í öðru lagi er felld úr hámarksupphæðin 500 þús. kr., vegna þess að n. var kunnugt um, að þessi upphæð hafði staðið í frv. um alllangt skeið og hafði ekki verið breytt, og liggur því í augum uppi, að þegar frv. var samið, gerðu menn ráð fyrir miklu hærri upphæð, því að hækkun byggingarvísitölu hefur ekki komið á þessa upphæð og kemur ekki á hana, fyrr en frv. hefur verið samþykkt. N. fannst því eðlilegast að strika út þetta ákvæði og hafa ekkert hámark á þessum stað, enda á menntmrn. að hafa það í hendi sér að setja eitthvert þak á þessar upphæðir umfram það, sem sett er í gr. með tölunni 2%. N. leggur svo

til, að seinni málsgr. verði felld niður, og þarfnast það ekki skýringar, því að þar er um að ræða atriði, sem rn. getur ákveðið án þess að til þess þurfi lagaákvæði.

Við 29. gr. hefur verið gerð lítils háttar breyt. Hún er sama eðlis og margar þær, sem áður hafa verið nefndar, að þar er um samskipti skólanefndar og sveitarstjórnar að ræða. Í frv. stóð, að skólanefnd gæti heimilað, að skólahúsnæði væri notað til gistinga- og veitingarekstrar að fegnu samþykki menntmrn. En rétt þykir að bæta því við, að samþykki sveitarstjórnar þurfi einnig til.

Við 31. gr. frv. hefur n. gert brtt., sem snertir ráðningu yfirkennara til starfa, en í frvgr. er gert ráð fyrir, að þeir verði ráðnir til 5 ára í senn, sem er óvenjulegt ákvæði í lögum, eins og mönnum er kunnugt. Þessu ákvæði hafa kennarasamtökin mótmælt mjög eindregið, og m. a. hafa n. borist mótmæli frá Sambandi ísl. barnakennara, þar sem þessu ákvæði er alveg sérstaklega mótmælt og bent á, að engin gild rök hafi verið færð fyrir því, að yfirkennarar fái ekki notið sömu réttinda um setningu og skipun í stöður eins og skólastjórar og kennarar grunnskóla. Mér er óhætt að segja, að í n. ríkti það sjónarmið hjá a. m. k. mörgum nm., að æviráðningarstefnan, sem hefur verið í gildi lengi hvað snertir opinbera starfsmenn, kunni að þurfa nánari athugunar við og eigi kannske ekki jafnmikinn rétt á sér í nútíma þjóðfélagi og hún þótti eiga fyrir allmörgum árum. En hvað sem slíkum vangaveltum líður, fannst nm. óeðlilegt, að eitthvert sérákvæði væri sett í sambandi við yfirkennara, þessi mál yrði að skoða í heild, ef þau á annað borð yrðu endurskoðuð. Því leggur n. til, að þetta ákvæði um yfirkennara og ráðningu þeirra til 5 ára verði fellt niður. Er þar farið sérstaklega eftir tilmælum Sambands ísl. barnakennara.

34. gr. frv. fjallar um ráðningu svonefndra skólabryta, sem er nýtt starfsheiti fyrir þær ágætu konur, sem hingað til hafa heitið skólaráðskonur. Í frv. er gert ráð fyrir, að rn. setji eða skipi starfsmenn af þessu tagi til forstöðu í mötuneytum heimavistarskóla og eftir tveggja ára setningartíma eigi bryti rétt á skipun í starf sitt, enda hafi hann meðmæli skólastjóra um skipun í starfið. Þessi frvgr. hefur tekið allmiklum breyt., frá því að frv. var lagt fram í Nd., en þar var gert ráð fyrir því, að ráðningu bryta gæti verið misjafnlega hagað eftir því, hvort um væri að ræða skóla með yfir 30 nemendur í heimavist eða færri. Án þess að rekja þessa sögu alla, er skemmst frá að segja, að n. þykir eðlilegra, að ráðning bryta fari fram með þeim hætti, að allir möguleikar séu opnir, ráðning, setning og skipun, og rn. eigi þar frjálst val. N. hefur því gert breyt. í þá átt. Í öðru lagi er gerð breyt. um að fella niður, að eftir tveggja ára setningartíma eigi bryti rétt á skipun í starf sitt. Nm. vildu út af fyrir sig ekki útiloka, að skólabrytar væru settir og skipaðir til starfa, en þótti ástæðulaust í þessu tilviki að taka fram þetta ákvæði, þar sem mjög misjafnlega getur staðið á í skólum landsins hvað snertir þessi störf og skólar eru bæði stórir og litlir.

36. gr. fjallar um starfsskyldu kennara. Þessi gr. hefur einnig tekið allmiklum breyt. í Nd., en við 3. umr. var orðalagi gr. breytt þannig, að í staðinn fyrir, að sagt var, að starfsskylda kennara skyldi minnka um 1/6, þegar hann næði 55 ára aldri, og samsvarandi varðandi 60 ára aldur, þá er gr. orðið svo, að kennsluskylda hans skuli minnka um sama hlutfall, og í stað þess, að menn öðlist framangreindan afslátt eftir 20 ára kennsluferil, þurfa menn nú 28 ára kennsluferil samkv. frv., eins og það liggur nú fyrir, til þess að geta öðlast þessi réttindi. Hér er að sjálfsögðu um mjög veigamikla breyt. að ræða, sem snertir starfskjör kennara, og kemur engum á óvart, að Samband ísl. barnakennara hefur mótmælt þessu ákvæði alveg sérstaklega, en í bréfi samtakanna segir, að Sambandið mótmæli ákvæðið þeirri skoðun, sem fram kom í umr. í Nd. um þessa gr. frv., að styttingu kennsluskyldu ætti að fylgja tilsvarandi aukning starfa á öðrum sviðum í skólanum. Stjórnin er sammála þeirri túlkun gr., sem fram kemur í grg. með frv. Þá er því harðlega mótmælt, að 28 ára kennsluferil þurfi til að öðlast umræddan rétt.

Menntmn. Ed. tók þá afstöðu að gera ekki till. til breyt. um orðið „kennsluskyldu“, heldur halda sig við það orð. Það gerir n. í fyrsta lagi með þeim rökum, að í núgildandi lögum er talað um kennsluskyldu í þessu sambandi, en ekki starfsskyldu, og virðist því hafa verið gengið út frá því, að þó að kennsluskylda kennara minnkaði við það, að hann næði þessum aldri, þá væri hugsanlegt að fela honum einhver önnur störf í staðinn í þágu skólans. Það er þetta sjónarmið, sem virðist hafa ráðið stefnunni hjá menntmn. Nd., og miðað við það, að orðið „kennsluskylda“ er notað í núgildandi lögum, þykir menntmn. Ed. ekki rétt, einkum og sér í lagi af því, að ekki hefur verið aðstaða til að kanna málið frekar, að gera neinar brtt. við þetta atriði. Hins vegar fannst n. fráleitt að hækka árafjöldann, sem kennari þyrfti að hafa verið í störfum til að öðlast framangreindan afslátt, fannst alveg nægilegt, að 20 ár lægju að baki, þegar kennari fengi þessi réttindi. N. flytur því brtt. um, að árafjöldinn færist í það horf, sem hann var, þegar frv. var upphaflega flutt.

Við 37. gr. er gerð örlítil brtt. við 5. málsgr., sem felur það fyrst og fremst í sér, að fóstrur eða fóstrar og aðrir starfsmenn með uppeldismenntun geti sótt um skipun í starf sitt eftir tveggja ára starfsreynslu, en því sé ekki endilega slegið föstu, að þeir eigi algeran rétt á skipun í starf sitt að loknum þessum tíma. N. þótti eðlilegra að orða þetta á þennan veg.

Við 44. gr. frv. hefur n. gert brtt. við það ákvæði, að starfsskylda nemenda í 8.—9. bekk grunnskóla markist af 40 klst. á viku, en þetta ákvæði kom inn í frv. við meðferð þess í Nd. Við meðferð málsins í Nd. var einnig gerð breyt. á þeim ákvæðum frv., sem ákveða, hver vikulegur kennslutími á hvern nemanda megi vera mestur. Í stuttu máli sagt taldi menntmn. Ed., að þau ákvæði væru alveg fullnægjandi og nægileg vörn fyrir nemendur, þannig að ekki þyrfti að fara að taka það fram, að starfsskylda nemenda skyldi markast af 40 klst. vinnuviku, því að þetta kynni að verða æríð mikið mistúlkað,

ef það stæði eins og það stendur hér, og kynni að geta komið niður á námi nemenda. Ef þeir t. d. tækju þátt í félagsstarfssemi innan skólans eða væru í einhverjum þeim störfum innan skólans, sem tækju einhvern tíma, þá yrði það flokkað hugsanlega til starfsskyldna nemendanna og kennsla ætti þá að minnka að sama skapi. Það taldi n. óeðlilegt og leggur til, að þessi setning falli niður, enda virðist engin þörf vera á henni, heldur skuli miðað við þá stefnumörkun, sem felst í upphafi þessarar málsgr., þar sem því er slegið föstu, að daglegur og vikulegur starfstími eigi og megi ekki fara fram yfir hæfilegt vinnuálag miðað við aldur nemenda og þroska.

Í 45. gr. eru ákvæði um leyfisdaga í grunnskóla. Er þar skemmst frá að segja, að samkv. frvgr. verður frídögum í skólum allt frá 7 ára aldri fækkað mjög verulega. Ég hef því miður ekki haft aðstöðu til að taka nákvæmlega saman hve fækkunin er mikil, (Gripið fram í: Hver segir þetta?) Ég er að segja það. Ég sé ekki betur en að frvgr. feli það í sér, að t. d. fyrir 7, 8 og 9 ára börn sé um að ræða mjög verulega fækkun á frídögum. Mánaðarfrí eru öll felld niður, jólafrí er stytt um allmarga daga, páskafrí er stytt um a. m. k. 3 daga, þannig að í heildina tekið er um að ræða, að frídögum barna í skólum er fækkað um líklega meira en helming, ef frv. yrði að lögum eins og það nú er. Þetta gat menntmn. Ed. ekki sætt sig við, og því gerir hún þá brtt., að í fyrsta lagi skuli jólaleyfi veitt, eins og sagði í frv., frá 21. des. til og með 3. jan., en að páskaleyfi skuli byrja á pálmasunnudegi og standa út alla páskaviku, en að öðru leyti skuli þessum málum ráðstafað með reglugerð. Virðist ástæðulaust að tilltaka nákvæmlega í lögum, hvenær leyfisdagar í skólum skuli vera.

Við 48. gr. er gerð brtt. við 1. málsgr., en sú brtt. er aðeins til þess að leiðrétta setningu, sem er vanhugsuð, og skýrir brtt. sig því sjálf, en felur ekki í sér neina efnislega breyt. En við 2. málsgr. þessarar sömu gr. er aftur á móti gerð brtt., sem er talsvert þýðingarmikil. Hún felur það í sér, að í 8. og 9. bekk grunnskóla megi nemendafjöldi í deild vera allt niður í 12 nemendur, en frv. gerði ráð fyrir því, að þeir mættu ekki vera færri en 15. Þetta er töluvert veigamikil efnisbreyt., sem leynir býsna mikið á sér og mun vafalaust kosta samfélagið dálítið. En nm. gátu ekki sætt sig við það, að þar sem t. d. 13—14 nemendur væru, þar væri ekki hægt að halda uppi kennslu í ákveðinni bekkjardeild, og eðlilegra væri að setja lágmarkið við töluna 12.

Við 51. gr. frv. er gerð lítils háttar breyt., við e-lið upptalningarinnar í þeirri gr., en rétt er að taka fram, að sú breyt. er einungis eðlileg lagfæring og felur ekki í sér neitt efnisatriði, sem máli skiptir.

N. gerir brtt. við 54. gr., sem fjallar um það, þegar nemendur hlíta ekki fyrirmælum kennara og verður að tugta þá eitthvað til, en þá er samkv. 1. málsgr. heimilt að víkja nemanda úr kennslustund. Samkv. 4. málsgr. er hins vegar heimilt að víkja nemanda úr skóla um stundarsakir, og samkv. 5. málsgr. á fræðslustjóri að taka málið til meðferðar og senda það til sálfræðideildar. Þetta fannst n. dálítið kynlegt ákvæði, að kröfumál af þessu tagi gengju frá Heródesi til Pílatusar, án þess að fyrir lægi, hver ætti hið endanlega úrskurðarvald í málinu, og leggur því til, að orðalagið varðandi hinn endanlega úrskurðaraðila sé þannig: „Fræðslustjóri tekur þá málið til meðferðar í samráði við skólanefnd og sálfræðiþjónustu, sbr. 67. gr.“

Við 57. gr. gerir n. orðalagsbreyt., þar sem rætt er um einkunnir, en þessari gr. var breytt við 3. umr. málsins, og í gr. er nú einungis talað um einkunnir. Þetta er eitt af þeim atriðum, sem Samband ísl. barnakennara hefur gert athugasemdir við og telur, að orðalag gr. sé hættulega þröngt, ef aðeins megi gefa umsögn um árangur nemanda með gamalkunnum hætti, þ. e. a. s. í tölulegum einkunnum. Á bak við þetta liggur að sjálfsögðu það, að hvað varðar einkunnagjöf eru að verða miklar breyt. og ýmsar aðferðir hafa verið upp teknar. Samband ísl. barnakennara leggur því til, að í staðinn fyrir, að rætt er um einkunnir í þessari gr., skuli rætt um vitnisburði, sem feli að sjálfsögðu í sér, að það sé leyfilegt að gefa einkunnir með venjulegum hætti, en það geti falið í sér fleiri tegundir umsagnar um árangur nemenda. N. féllst á þessa aths. Sambands ísl. barnakennara og flytur um þetta atriði brtt. Hins vegar taldi n. ekki ástæðu til að breyta nafni hinna gamalkunnu einkunnabóka.

Við 65. gr. frv. hefur n. gert brtt., þar sem hugmyndin er komin til n. eftir ábendingu frá Wolfgang Edelstein, starfsmanni við menntmrn., en í þessari gr. er heimild til menntmrn. að veita einstökum fræðsluumdæmum leyfi til að starfrækja tilraunaskóla með undanþágu frá ákvæðum laga og reglugerðar. Wolfgang Edelstein benti okkur á, að hyggilegra væri að bæta því við, að gera mætti tilraunir með ákveðna þætti skólastarfs í venjulegum skólum með samþykki menntmrn., án þess að þar væri um sérstaka tilraunaskóla að ræða. Það væri óhyggilegt að binda þetta við svo sérgreinda skóla. Það væri hægt að koma slíkri tilraunastarfsemi fyrir í skólakerfinu með venjulegum hætti. N. féllst á þessa aths. og brtt. 21 við 65. gr. stefnir að þessu marki.

Við 67. gr. hefur n. gert till. um nokkrar breyt., sem eru þó einungis til samræmingar við það, sem áður hefur breyst í frv., og felur því ekki í sér neina efnisbreytingu.

Við 74. gr. frv. hefur n. gert brtt. um, að óheimilt sé einkaaðila að reka skóla fyrir börn undir skólaskyldualdri nema með leyfi fræðslustjóra. Það er skemmst frá að segja, að í frv., eins og það var lagt fyrir Alþ., var ákvæði um þetta efni, en ákvæðið var þess efnis, að kennsla óskólaskyldra barna umfram það, sem segir í gr. þessari, væri háð leyfi fræðslustjóra. Í Nd. þótti mönnum varasamt, ef ekki mætti kenna óskólaskyldum börnum án leyfis fræðslustjóra, þetta kynni að verða misskilið og rangtúlkað, og því var þetta ákvæði fellt niður, en með breyttu orðalagi má að sjálfsögðu ná tilgangi þessa ákvæðis, og það er hugsunin á bak við brtt. nefndarinnar.

Við 76. gr. frv. hefur n. gert þá breyt., að í stað orðanna „samkvæmt hámarki 44. gr.“ í 5. málsgr. komi: 32.2 kennslustundir (40 mín.), og

þarf ég ekki að hafa aðrar aths. um þessa brtt. en þær, að hér er um að ræða ábendingu, sem fjmrn. lét berast til n. og á að vera til samræmingar við þær breyt., sem áður hafa verið gerðar á frv. Þykir því n. rétt að mæla með þessari brtt.

Sama máli gildir um 25. brtt. n. við 85. gr. N. tók það ekki upp hjá sjálfri sér að gera till. til breyt. um það, að c-liðurinn yrði felldur niður, *sem fjallar um það, að heimilt sé að verja* allt að 12 kennslustundum á viku á hverja 1000 nemendur í grunnskólum umdæmisins til námseftirlits og leiðbeininga, eftir því sem nánar væri ákveðið í reglugerð. Það barst til n. frá starfsmönnum fjmrn., að þetta ákvæði væri sjálffallið, vegna þess að 39. gr. frv. hefur verið felld niður. N. tók þessa aths. góða og gilda og ber hana fram í trausti þess, að hér sé rétt frá skýrt og eðlilegt sé að fella þessa gr. niður. Ég verð hins vegar að játa, að ég hef orðið var við þá gagnfullyrðingu, að hér sé um einhvern misskilning að ræða og þetta ákvæði þurfi ekki endilega að vera sjálffallið, þó að hin gr. hafi verið felld niður. En með því að ekki liggja fyrir betri upplýsingar en þær, sem ég hef nú greint frá, er haldið fast við þessa brtt. af minni hálfu. — Það er síðasta brtt., við 85. gr.

Ég hef lokið við að gera grein fyrir brtt. n. og vil þá víkja að brtt., sem við hv. 1. þm. Vestf., Steingrímur Hermannsson, flytjum og snertir hverfisnefndir í kaupstöðum, sem hafa fleiri en 10 000 íbúa. Í till. er gert ráð fyrir því, að bæjar- eða borgarstjórn geti ákveðið að skipta kaupstað í hverfi og að hverfisnefndir skipaðar 5 mönnum fari þá með hlutverk skólanefndar undir stjórn fræðsluráðs. Í Reykjavík eru 80 þús. íbúar, og þó eru allir skólar þessa fjölmenna sveitarfélags undirlagðir einni skólanefnd. Okkur nm., sem flytjum þessa till., sýnist, að þetta sé mjög óeðlilegt og finnst satt að segja einkennilegt, að sama skipulag skuli vera, þar sem 80 þús. íbúar eru, og þar sem kannske 300—400 íbúar eru — að þar skuli vera í báðum tilvikum aðeins um eina skólanefnd að ræða. Það fer ekki milli mála, að það er ekki stefna tímans að dreifa valdinu, það er stefna tímans að auka samráð manna á milli, og till. þessi, sem hér er flutt, stefnir einmitt í þá átt að auka samráð og lýðræði í stjórnkerfi kaupstaðanna. En ég tek það fram, að hér er einungis um heimildarákvæði að ræða og sé viðkomandi kaupstöðum illa við að breyta skipulagi sínu í þessa átt, er þeim í lófa lagið að gera það ekki.

Ég vík þá að lokum að aðalágreiningsefninu, sem er um þetta frv., en það er till. frv. um, að skólaskylda sé lengd um eitt ár.

Eins og mönnum er kunnugt, gegna skólarnir margþættu hlutverki. Eitt hlutverk skólanna er að yfirfæra þekkingu og þjálfun. Annað hlutverk skólanna er að raða mönnum inn í þjóðfélagið með misjafnlega sanngjörnum hætti. Og þriðji tilgangurinn er sá að vista börn og unglinga með sómasamlegum hætti. Það frv., sem hér liggur fyrir, á að sjálfsögðu að stefna að þessum markmiðum öllum í senn, og það gerir það með mjög misjöfnum hætti. Má segja, að í því séu tvenns konar stefnumörk: annars vegar að reyna að bæta gæði kennslunnar, hins vegar að reyna að auka magn kennslunnar, reyna að auka það magn, sem treðst inn í hvern og einn nemanda skólakerfisins.

Mjög mörg ákvæði frv. snerta það atriði að auka gæði kennslunnar, í fyrsta lagi ákvæðið um hjálparkennslu fyrir tornæm börn, um ráðgjafarþjónustu, sálfræðiþjónustu. Nefna má ákvæðin um bættan búnað skólanna varðandi kennslutæki, skólabókasöfn, aukið félagsstarf í skólum, valgreinar o. s. frv. Allt eru þetta atriði, sem stefna í þá átt að auka gæði kennslunnar. En til viðbótar þessu eru allmörg ákvæði, sem virðast einungis stefna að því marki að auka magnið, sem innbyrt er af hverjum nemanda. Þar ber að nefna einkum lengingu árlegs skólatíma, lengingu skólaskyldunnar og afnám flestra frídaga, eins og ég hef áður vikið að. Ég vil lýsa því yfir sem minni skoðun, að ég er mjög samþykkur þeim efnisþáttum frv., sem stefna í þá átt að auka gæði kennslunnar, en ég tel það mjög hættulega stefnu hins vegar að stefna mjög einhliða að því að ná fram sem mestu efnismagni, og ég tel, að viðbrögð Alþ. gagnvart þessu frv. hafi verið mjög í samræmi við skoðanir mínar á þessu efni.

Í Nd. voru gerðar breyt. á frv., sem stefna í þá átt að hafa meira svigrúm um lengd árlegs skólatíma, og þar voru gerðar mjög mikilvægar breyt. einmitt í þessa átt. Í brtt. menntmn. er enn frekar raskað við þessum ákvæðum með því að losa um hin ströngu ákvæði frv. varðandi afnám frídaga. En til viðbótar er svo frá því að skýra, að mikill meiri hl. nm. var hreinlega andvígur lengingu skólaskyldunnar, eins og hún kemur fram í frv. Ég get upplýst það hér, að nú munu 82% af skólanemendum í 3. bekk sækja skóla, eða sú var talan fyrir 5 árum, og kannske hefur hún ekki mikið breyst, en hún hefur þá frekar hækkað. Ef öll héruð og allar byggðir verða skyld til að halda uppi fræðslu, má reikna með, að þessi tala hækki mjög verulega, sennilega upp í a. m. k. 93—94%. Ég vil hins vegar benda á, að þó að frv. verði að lögum óbreytt, verður aldrei hægt að koma þessari tölu hærra en upp í 97—98%, því að alltaf verður um það að ræða, að einhverjir komi sér hjá því að sækja skóla, og það er aldrei hægt að elta unglinga á þessum aldri svo á röndum, að þeir geti ekki einhverjir komið sér undan því að sækja skóla, þannig að hér er aðeins um að ræða að reyna að pína inn í skólana kannske 3—4% af hverjum árgangi. Ég er algjörlega andvígur því, að þetta verði gert. Ég tel í fyrsta lagi, að það sé rangt að breyta frjálsu námi 95% nemenda í skyldunám, — *námi, sem* þeir í dag eru reiðubúnir að stunda af fúsum og frjálsum vilja, en á nú að gera að skyldukvöð. Það er hættulegt og rangt og skapar ranga tilfinningu hjá þessum nemendum. Í öðru lagi tel ég mjög vafasamt að reyna að þvinga nemendur, sem ekki vilja sækja skóla og eru komnir á þennan aldur, til þess. Ég tel, að það eigi að hafa þar frjálst val, annað sé sálfræðilega rangt. Ég hef heyrt mörg gagnrök gegn þessu, og m. a. eru þau, að menn segja: Ef menn vilja ekki fallast á skólaskyldu varðandi 15 ára börn, hvers vegna vilja menn þá fallast á skólaskyldu varðandi 7—14 ára börn? — Þetta er að vísu afskap-

lega heimspekileg spurning, en við verðum að vita, hvað hér er að gerast. Við erum að bæta einu ári við það, sem fyrir var. Þá er auðvitað eðlilegt að taka það sérstaklega til athugunar, hvort það á að bæta við þessu eina ári, og þá er rétt að minna á, að það er alveg sérstaklega hæpið, þegar komið er á þennan aldur, að bæta við ári. Það er dálítið annað, hvort börn eru skólaskyld á aldrinum 7, 8, 9 eða 10 og allt upp í 14 ára, sem sagt fram að fermingu eða líðlega það, en börn taka út mikinn þroska einmitt á þessu ári, og þarna er skólaskyldan orðin þar afleiðandi allt annars eðlis og miklu hættulegra mál en í yngri árgöngunum.

Í öðru lagi er því haldið fram, að það sé hætta á, að nemendur missi úr, falli út úr kerfinu, ef þeir séu ekki skyldugir til að sækja skóla. Ég vil hins vegar benda í því sambandi á 49. gr. frv., sem gerir einmitt ráð fyrir því, að þeir, sem detta út af þessari ástæðu, geti fengið þátttöku sína í atvinnulífinu viðurkennda sem þátt í námi, þannig að þeir eigi þá auðveldara með, ef til þess kemur seinna, að taka lokapróf frá grunnskóla. Ég vil bæta því við, að ég tel í lófa lagið, að komið verði upp forskólaprófum í framhaldsskólum fyrir þá nemendur, sem svona sérstaklega stendur á fyrir, ellegar að það séu haldin sérstök námskeið fyrir þá nemendur, sem hafa misst úr, en vilja bæta það upp. Ég tel, að þetta atriði yrði ekkert vandamál í framkvæmd.

Ég læt þessi orð nægja um skólaskylduákvæðin. Það er sem sagt mitt sjónarmið, að aðalatriðið sé, að ríki og sveitarfélög séu skyld til að tryggja fræðslu, en aftur sé vafasamara að skylda börnin til að sækja skóla.

Ég vil að lokum segja um þessa brtt., að hún er að sjálfsögðu ákaflega mikilsverð og snertir stórt atriði í frv. Ég veit, að þessi brtt. sætir allmiklum andmælum, enda var hún felld í Nd., og ég tel, að eðlilegt sé að skoða hana svolítið betur, þannig að fyrir mitt leyti dreg ég hana aftur til 3. umr. Ég vil einnig taka það fram, að ég legg á það meginácherslu, að frv. nái fram að ganga, að því sé ekki sú hætta búin, að það dagi uppi í þinginu. Ég get því persónulega verið reiðubúinn til einhverrar málamiðlunar í þessum efnum, ef rök kæmu fram um það, að málinu væri hætta búin, ef brtt. yrði samþykkt og deildir Alþingis færu að berast á banaspjót, ef svo svo má segja, varðandi þetta atriði, sem Nd. er þegar búin að samþykkja. En það tel ég rétt að skoða milli 2. og 3. umr. og dreg því þessar brtt., sem ég er 1. flm. að, til baka til 3. umr.

Páll Þorsteinsson: Herra forseti. Þetta mál hefur hlotið mikinn undirbúning. Þetta mun vera þriðja þingið, sem frv. um grunnskóla liggur fyrir, og áður en það var tekið til verulegra umr. hér á þingi, var frv. víða kynnt af hálfu n., sem vann að undirbúningi þess, meðal skólamanna o. fl. úti um land. Með þessu frv. á að fella skyldunámið í ákveðinn farveg og með því leggja grundvöll að framhaldsnámi. En áður en sá grundvöllur er ákveðinn, er mjög óaðgengilegt að gera breyt. á framhaldsnáminu, svo að það er því nokkurt undirstöðuatriði í sambandi við endurskoðun á skólakerfinu í heild, að þessi löggjöf nái nú fram að ganga. Það er því sjónarmið mitt, að það sé rétt að stefna að því að lögfesta þetta frv. nú á þessu þingi. Hitt er mér ljóst, að þetta frv. er svo viðamikið, að það má búast við, að reynslan leiði í ljós, að það þurfi að gera breyt. á vissum ákvæðum þess. En það er ekki nein ný bóla í löggjöf hjá okkur, sem er viðamikil og hefur margþætt ákvæði að geyma. Má í því efni minna á tryggingalöggjöfina. Ég man vel eftir því, þegar hún var sett á þinginu 1945—1946, að ég ætla, þá voru ýmsir þeirrar skoðunar, að það ætti ekki að lögfesta svo viðamikið frv., heldur að fresta málinu. En þingið ákvað að afgreiða málið. Reynslan hefur síðan leitt í ljós, að það hefur þurft að gera ýmsar breyt. og lagfæringar, þó að tryggingalögin að stofni til standi, síðan frv. var lögfest á þeim tíma, sem ég nefndi.

Menntmn. hefur nú athugað þetta frv., eftir því sem henni gafst tóm til á þeim tiltölulega stutta tíma, sem það hefur legið fyrir þessari hv. d., og n. er sammála um að flytja allmargar brtt., sem prentaðar eru á þskj. 862 og frsm. n. hefur gert grein fyrir. Ég ætla því ekki að ræða um þær brtt. og hef engu við það að bæta, sem frsm. tók fram um þær. En á þskj. 863 er brtt., sem 6 nm. flytja, en ég gerðist ekki flm. að þeirri till., og mun það hafa valdið því, að hún var ekki felld inn í þær brtt., sem n. flytur. Ég tel því rétt, að ég geri með örfáum orðum grein fyrir þeirri skoðun minni, sem liggur til grundvallar þessari afstöðu.

Ég hef skilið þetta frv. svo, að grundvallaratriði þess séu, að fella eigi saman í eina heild barnafræðslustig og gagnfræðastig, að þekkingarstig nemandans eigi að samsvara því, sem nú er krafist við gagnfræðapróf, þegar grunnskólanámi lýkur, og að allir unglingar nái þessu þekkingarstigi, áður en skyldunámi er lokið. Grunnskólanámið á síðan að veita nemandanum rétt til inngöngu í ýmsa framhaldsskóla í mörgum greinum. Grunnskólanámið á þannig að opna nemandanum leiðir út á margar námsbrautir, og þá eiga allir unglingar, sem útskrifast úr grunnskóla, að standa jafnt að vígi að velja námsbraut við sitt hæfi til framhaldsnáms. Og ég skil frv. svo, að með því eigi að leggja grundvöll að því að samræma inntökuskilyrði í marga framhaldsskóla, þannig að maður, sem lokið hefur grunnskólaprófi eða skyldunámi, eins og frv. ákveður, hafi náð því þekkingarstigi, að hann sé hæfur til þess að velja sér námsbrautir í mörgum greinum. Eins og nú er, eru inntökuskilyrði hinna ýmsu framhaldsskóla nokkuð ósamhljóða, og það hlýtur því að verða eitt af fyrstu verkum þings og stjórnar, þegar sá grundvöllur hefur verið lagður, sem í þessu frv. felst, að samræma þessi inntökuskilyrði. Það er t. d. misjafnt um inntökuskilyrðin nú í bændaskóla, fiskvinnsluskóla, iðnskóla, stýrimannaskóla o. s. frv., eftir því í hvaða grein námið er. Ætlast er til, að því þekkingarstigi, sem krafist er í grunnskóla og veita á réttindi til margvíslegs framhaldsnáms, verði náð á skemmri tíma, sem nemur einu skólaári, heldur en nú fer til barnafræðslu og gagnfræðanáms samanlagt. Til þess að auðið sé að fækka skólaárum nemandans um eitt ár án þess að skerða námsefni, er árlegur skólatími lengdur og skólaskyldan lengd um eitt ár. Með

því á að tryggja það svo sem auðið er, að allir unglingar, já, öll ungmenni, hvar sem þau búa á landinu, stundi grunnskólanám til loka þess og njóti til fulls þeirrar fræðslu, sem grunnskólinn getur veitt, og öðlist þá um leið þau réttindi, sem grunnskólanáminu fylgja. Lenging skólaskyldunnar kemur þó ekki til framkvæmda í reynd fyrr en að 6 árum liðnum, en á grundvelli þessara laga verður þegar í stað gerð ný námsskrá, þar sem námsefni verður raðað á námsár á nýjan leik, og því er nauðsynlegt að hafa fyrir augum þegar í stað, hvar lokamarkið er sett. Ég held, að sá skilningur, sem ég hef hér dregið fram í stuttu máli um meginákvæði frv., meginstefnu þess, sé réttur.

Ég skal taka fram, að þegar þetta frv. kom fram, var mér sú grein, sem fjallar um árlega lengingu námstímans, þyrnir í augum. Ég álít, að í skólum, sem starfa í sveit t. d. eða úti á landsbyggðinni í góðri samvinnu við heimilin og þar sem aðstaða er til náms í kyrrð og næði og oft heldur fámennir bekkir eða ársdeildir í skóla, sé auðið að ná samsvarandi þekkingarstigi og þroska nemenda á skemmri námstíma en gerist í kaupstöðunum, og ég styð þessa skoðun mína við nokkra reynslu, sem ég tel mig hafa í því efni. En við meðferð málsins í hv. Nd. hefur þessari gr. verið breytt nokkuð og dregið úr ákvæðum um hinn árlega námstíma í grunnskólum, þannig að ég get fallist á þessa gr. frv. eins og hún er nú orðin.

Núgildandi lög kveða svo á, að skólaskylda sé frá 7—15 ára aldurs. Þó er sveitarfélögum heimilt að færa skólaskyldu upp í 16 ára aldur samkv. núgildandi lögum, en mér er ekki kunnugt um, að nokkurt sveitarfélag hafi notað þá heimild, heldur hefur framtak sveitarfélaganna beinst að því að skapa hvert á sínu sviði aðstöðu til þess að fullnægja fræðsluskyldu. Sum sveitarfélög hafa raunar þótt heldur svifasein í því efni, en við höfum þó orðið varir við það hér á hv. Alþ., að áhugi sveitarfélaga um skólabyggingar og um að búa þannig í haginn, að auðið sé að fullnægja fræðsluskyldu, hefur verið svo mikill, að þingið hefur átt erfitt með að veita þær fjárveitingar til skólabygginga, sem sótt hefur verið um.

Nú höfum við búið við þessi lagaákvæði í aldarfjórðung, og ég tel, að árangurinn af því hafi orðið verulegur og sums staðar svo verulegur, að það er rétt, sem sagt hefur verið, að t. d. hér á höfuðborgarsvæðinu munu milli 90—100% af ungmennum á 15—16 ára aldursskeiði halda áfram námi á gagnfræðastigi, þó að skólaskyldunni sé lokið. Þetta mun vera rétt. En ég tel, að þau fskj., sem fylgja grunnskólafrv., m. a. töflur um skólasókn í einginlega hverjum hreppi landsins, séu skilríki, sem taka af allan vafa um, hvernig þessu er raunverulega háttað. Ég lít á þessar töflur eins og niðurstöðu af rannsókn, sem farið hefur fram, og að um þetta þurfi því engar ágiskanir að hafa. Og það er rétt, sem kom fram hjá frsm. n., að ef litið er á landið í heild, þá mun niðurstaðan vera sú, að a. m. k. á þeim tíma, þegar þessi rannsókn var gerð og frv. undirbúið, munu um 82% af aldursárganginum 15—16 ára hafa verið í skóla á gagnfræðastigi, þegar litið er á landið í heild. En ef við skoðum þessi fskj. nánar og lítum á, hvernig skiptingin er milli hinna einstöku sveitarfélaga, sjáum við, að þessi 18%, sem á skortir að njóti gagnfræðanáms á þessu aldursskeiði, eru að miklum hluta til úti um hinar dreifðu byggðir, enda milli 90 og 100% af aldursárganginum í gagnfræðaskólum hér á höfuðborgarsvæðinu. Þetta tel ég vera staðreyndir, sem ekki er hægt að horfa fram hjá, og þá er þetta niðurstaðan af þróuninni, eins og hún hefur orðið í aldarfjórðung á grundvelli gildandi skólalaga. Sveitarfélögin hafa í reynd haldið uppi fræðsluskyldu og vilja kosta kapps um að búa í haginn með skólabyggingum, eins og ég tók fram áðan, eftir því sem þau hafa séð sér fært, en nú er þetta niðurstaðan. Í frv. er með því að hækka skólaskylduna um eitt ár, stefnt að því að ganga alveg hreint til verks og lögbjóða það og þar með tryggja það, að jöfnuður sé í þessum efnum, allir unglingar, hvort sem þeir eru úti í dreifbýlinu, í sjávarþorpunum eða hér á höfuðborgarsvæðinu, komi í skóla til náms á þessu aldursskeiði þeirra.

En með brtt., sem samnm. mínir flytja og ég gerðist ekki flm. að, þá skilst mér, að í stað skólaskyldunnar sé stefnt að því að lögbjóða, að það sé fræðsluskylda til 16 ára aldurs. Gagnvart sveitarfélaginu hlýtur þessi skylda að þýða það, að það eigi að sjá fyrir aðstöðu til þess, að öll ungmenni á þessum aldri innan sveitarfélagsins geti notið fræðslu. En gagnvart einstaklingnum hlýtur þetta að koma fram á þann hátt, að eftir að hann er orðinn 15 ára, sé hann frjáls að því, hvort hann stundar skólanám eða ekki. Einstaklingnum er þá ekki gert að skyldu að ná lokamarki grunnskóla. Það á að vera honum frjálst, hvort hann hagnýtir sér aðstöðu á 9. skólaári til náms eða ekki. Í þessu felst það, að einstaklingurinn þarf þá ekki að afla sér réttinda til framhaldsnáms, þarf ekki að komast á það þekkingarstig, að hann öðlist réttindi til framhaldsnáms, frekar en hann sjálfur vill. Þá vaknar spurning í mínum huga: Verður þá nokkur breyting frá því, sem verið hefur og nú er? Verður þá ekki þróunin svipuð, að á höfuðborgarsvæðinu séu milli 90 og 100% af fólki á þessum aldri í gagnfræðanámi, en í einstökum byggðarlögum úti á landsbyggðinni allt niður í 50% eða jafnvel lægra hlutfall, eins og töflurnar sýna. Þetta er spurning, sem kannske er erfitt fyrir fram að gefa svar við, en ég tel nokkra hættu á, að þróunin haldist í þessa stefnu.

Nú viðurkenni ég, að það er vissulega álitamál, hvað langt á að ganga í því að skylda 15—16 ára unglinga til þess að sitja í skóla. En það getur líka verið álitamál, hvort sé rétt að hafa 13 eða 14 ára barn eða ungmenni í skóla, ef því sárleiðist námið. Það er erfitt að draga mörk við einstök ár að þessu leyti. Ég held, að ég hafi tekið rétt eftir því, að þegar 6. landsk., Helgi F. Seljan, talaði í þessu máli við 1. umr., en hann er, eins og kunnugt er, reyndur skólamaður í kauptúni úti á landi, þá vék hann að því í ræðu sinni, að sín reynsla væri sú, að sum ungmenni, sem hefðu helst úr lestinni eða orðið aftur úr á námsbrautinni, þegar skyldunámi lauk, sjái eftir því nokkrum árum síðar, þegar þau þurfa að fara að keppa við aðra um atvinnuréttindi o. s. frv. Ég held, að það hafi kom-

ið fram í ræðu þessa reynda skólamanns, að hann hafi orðið fyrir þeirri reynslu, að ungmenni, sem áður höfðu verið í skóla hjá honum, hafi síðar komið og sagt: Hvers vegna léstu mig ekki læra meira, læra eitthvað? — Ég hef orðið fyrir svipaðri reynslu og skal ekki fjölyrða um það. En ég vil þó segja, að mín reynsla er sú, að þegar ungmenni hefur hætt námi — við getum kallað það helst úr lestinni eða fallið út úr röð þess aldursflokks, sem ungmennið á samleið með, — þá þarf nokkurt átak til þess, kannske allmörgum árum síðar, að fara að setjast á bekk með fólki, sem þá er miklu yngra og á öðru þroskastigi að vissu leyti, og þetta vill farast fyrir.

Nú er fjarri mér að álíta, að skólaganga ein veiti skilyrði til menntunar. Menntun er allt annað og meira eða víðtækari en skólaganga, og ég vil meta mikils þá menntun, sem fengin er með því að bergja af ýmsum lindum, sem geta veitt mönnum þekkingu og þroska, þó að það sé ekki gert með setu á skólabekk. En hinu megum við ekki gleyma, að við lifum í stéttaþjóðfélagi, þar sem stéttabarátta er í algleymingi og réttindabarátta er ákaflega hörð. Þegar fólk, sem er í sjálfu sér þroskað og vel menntað, en hefur engin réttindi, kemur til að keppa á vinnumarkaðinum við aðra, sem hafa gengið skólabraut og hafa próf til að hafa réttindi, þá rekur það sig oft mjög harkalega á, hvað vantar til þess að vera talið hlutgengt í réttindabaráttunni og atvinnuleitinni. Þetta atriði finnst mér miklu athyglisverðara nú, eins og þjóðfélagshættir eru, heldur en það hefur nokkru sinni verið áður, og það er vegna þess, hvað fólksflutningar eru tíðir og hvað það er orðið algengt, að fólk á ýmsum aldri og þá ekki síst ungt fólk hverfi úr sínum heimahögum, frá þeirri atvinnugrein, sem það hefur alist upp við, og hæði vill og þarf að leita sér aðstöðu og atvinnu á öðrum sviðum. Þess vegna tel ég ákaflega mikils virði, að grundvöllur skólalöggjafarinnar sé lagður þannig, að fullur jöfnuður eigi sér stað, hvar sem ungmennin búa á landinu. Það er hugboð mitt, að þessi jöfnuður náist ekki fyrst um sinn, nema við stígum skrefið til fulls og samþykkjum frv. óbreytt um skólaskyldu upp í 16 ár.

Þetta eru í fáum orðum þau sjónarmið, sem liggja því til grundvallar, að ég gerðist ekki flm. að till. á þskj. 863.

Nú er það auðvitað hárrétt, sem oft hefur verið sagt, að það ber mikið, já, allt of mikið á námsleiða, hv. 6. landsk. vildi kalla það blátt áfram leti. Þetta er auðvitað alveg rétt. En þetta kemur fram ekki einungis hjá þeim eina árgangi, sem hér er um að ræða, hvort eigi að njóta skyldunáms eða hafa valfrelsi um nám sitt, heldur kemur þetta fram víðar í skólakerfinu. Menn geta verið latir og leiðir á námi, þótt yngri séu en 15—16 ára. Og ég veit ekki, hvar við ættum staðar að nema, ef við færum að haga lagaákvæðum eftir því.

En það er vissulega lítill hluti af ungmennum þannig þroska búin, að þeim nýtist ekki nám nema að takmörkuðu leyti. Það má vel vera um þau 3—5% af fólki á gagnfræðaskólaaldri, t. d. hér í Reykjavík, sem ekki sækja skóla, að það megi færa þau í þennan flokk, og það er sjálfsagt mjög svipað hlutfallslega, hvar sem er á landinu. Þá er spurningin, ef við stígum það skref að lengja skólaskylduna: Hvernig á þá að fara með þetta fólk? Á skilyrðislaust að knýja það til náms, kannske umfram það, sem þroski þess leyfir og það hefur áhuga á? Þessu vil ég mæta með því, þar sem svona fólk er, hvar á landinu sem það er, með því að nota til hins ítrasta þá heimild, sem í frv. felst, til þess að meta þátttöku í atvinnulífinu sem hluta af verklegu námi í skóla. Ég held, að ef við notum þá heimild til hins ítrasta, getum við siglt hjá erfiðum og hættulegum skerjum að þessu leyti.

Ég skal svo ekki fara fleiri orðum um þetta. Ég vildi með þessum orðum gera grein fyrir því sjónarmiði, sem liggur til grundvallar afstöðu minni um þetta eina tiltekna atriði frv., sem vissulega er nokkuð mikilvægt.

Auður Auðuns: Herra forseti. Ég vil nú þegar mótmæla þeirri málsmeðferð, sem hér er á höfð. Þetta mál var afgr. úr menntmn. í morgun, og eins og allir þm. vita, höfum við verið í dag að fundarstörfum hér í þinginu og á flokksfundum um stórpólitísk mál, og nú í kvöld var sjónvarpsútsending, sem ég býst við, að þingmenn hafi ekki viljað missa af, svo að það hefur bókstaflega enginn tími verið til að undirbúa það, sem menn vildu segja í þessu mikla máli. Ég fer þess vegna fram á það, með þessum rökstuðningi m. a. að hæstv. forseti fresti umr., svo að gefist meira svigrúm.

Forseti (Ásgeir Bjarnason): Það hefur verið rætt um, eins og hv. þm. er kunnugt, að þetta mál þurfi að afgreiða nú. Er fyrirhugað að ljúka 2. umr. í nótt, en fresta atkvgr. til kl. 10 í fyrramálið, en þá fer 3. umr. fram milli kl. 10 og 12. Vilji þm. verða við því, sé ég ekki annan möguleika en að umr. haldi áfram í nótt. (AuA: Það er nú þegar komið fram á nótt.) Já, rétt er það, en við höfum ekki haft mikið af næturfundum að segja í þessari hv. d., hvorki á þessum vetri né að undanförnu, þannig að það er ekki ástæða til að kvarta undan því, að málefnin séu keyrð hart í gegnum þd. hér. Það hefur ekki verið þannig. Ég vil minna á, að þetta mál, sem hér er til umr. nú, er í þriðja skipti, sem það er lagt fyrir hv. Alþ., svo að það er ekki þm. ókunnugt og því ekki hægt að segja, að ekki hafi unnist tími til að athuga málið.

Auður Auðuns: Ég vil svara hæstv. forseta því, að það var verið að afgr. málið úr n. í morgun, — ég vil endurtaka það, — og þetta er svo stórt mál, að það þarf ekki annað en að líta til þess, hvaða tíma þm. í hv. Nd. eða menntmnm. í Nd. þurfu að taka sér til málsins, sem var rætt á eitthvað 20—30 fundum, að ég held.

Það er að sjálfsögðu forseta að ákveða, hvort umr. verður frestað nú, og það virðist, að það muni ekki verða gert. Er þá ekki um annað að gera en að taka því.

Í framhaldi af því, sem ég sagði um nefndarafgreiðsluna, verð ég að segja það, að ég hef ekki orðið til þess að tefja málið í menntmn. og

var ekki einu sinni að kvarta undan því, hvernig gangurinn var þar.

Ég held ég muni það rétt, að það hafi verið eitthvað um það bil hálfur mánuður, frá því að þessu máli er vísað til n. eftir 1. umr. og þangað til nokkuð er farið að líta á það í menntmn. Ég hef að vísu ekki gerðabók n. hér, en ég held, að þetta fái staðist hjá mér, því að á fyrsta fundi þar sem eitthvað var minnst á málið, þar sem ég gat ekki komið, — líklega eini fundurinn, sem ég gat ekki sótt þennan tíma, — var ekkert farið að fjalla um frv. í sjálfu sér, heldur talað um, hvernig vinnubrögðum yrði háttað, eftir því sem mér er skýrt frá. (RA: Þessa gerðabók ættum við að geta fengið.)

Þá sagði hv. frsm hv. menntmn., að fyrstu 10 dögunum hefðu menn varið í að skoða þetta frv. Ég hafði búist við, að hægt yrði að gera það í n., og nógum málum var að sinna þar, svo að það hefur sjálfsagt verið misjafnt, hve mikið menn hafa athugað frv. að einhverju ráði þessa fyrstu 10 daga, eftir að því var vísað til nefndar.

Það vita allir, hvers vegna málið er nú keyrt svo áfram. Það er vegna þess, að búist er við þingrofi, jafnvel á morgun. En ég verð að segja það, að ríkisstj. hefði haft það í hendi sér að gefa betri tíma til að afgreiða þetta mál og ræða það. Ég held, að það hafi ekki verið fyrr en í síðustu viku, sem var byrjað að fara í greinar frv. og skoða það, og ef við nefnum t. d. fjármálakaflann, þá var í rauninni tæpast á hann litið. En um það þýðir ekki að fást héðan af. Við í n. mæltum að lokum með samþykkt frv. með brtt., sem n. flytur, og áskildum okkur rétt til að flytja brtt.

En þetta, hvernig málið er keyrt áfram nú, er gersamlega óviðunandi, og ég held, að það hljóti fleiri að geta tekið undir það.

Ég hef ekki haft tíma til, sem ég hafði ætlað mér þótt ekki væri nema í kvöld og fram eftir nóttunni, að undirbúa mig undir að tala við þessa umr., og ég vil taka það fram um brtt., sem ég hafði hugsað mér að flytja og ultu nokkuð á því, hvað yrði niðurstaðan að n. flytti, að ég hef bókstaflega ekki komist til þess að festa þær á blað, svo að ég gæti lagt þær fram hér, og áskil mér rétt til að geyma það til 3. umr., sem ég vænti þó, að eigi ekki að verða strax í framhaldi af þessari. Í trausti þess hlýt ég að geyma það til 3. umr. að leggja fram þær brtt.

Í nál. menntmn. eru í lokin bókaðar aths., sem við hv. 5. þm. Vestf., Hildur Einarsdóttir, óskuðum eftir að taka fram, og ég skal þá byrja á því að víkja nokkuð að því máli. — Áður vil ég þó aðeins segja þetta: Klukkan er nú farin að ganga 2 að nóttu, þá eru búnir að tala hér frsm. n. og einn hv. meðnm. okkar úr menntmn. Þeir hafa talað hér í um það bil klukkutíma hvor, og þeir hafa sannarlega ekki ætlað sér meiri tíma en maður gat við búist í svo stóru máli sem þetta er.

En svo að ég víki aftur að því, sem ég áður nefndi, og þeirri meginstefnu, sem við sjálfstæðismenn teljum, að eigi að vera í skólamálum, þá vil ég koma að því, að á undanförnum árum hafa orðið æ háværari raddir um, að það þyrfti að endurskoða verkefnaskiptinguna á milli ríkis og sveitarfélaga, og sú skoðun hefur átt miklu fylgi að fagna meðal sveitarstjórnarmanna. Samband ísl. sveitarfélaga hefur látið það mál mjög til sín taka og þar er það ríkjandi skoðun, að taka eigi verkefnaskiptinguna milli ríkis og sveitarfélaga og samtaka þeirra til heildarendurskoðunar og gera hana einfaldari og gleggri en hún nú er. Þá gert ráð fyrir, að sameiginlegum verkefnum ríkisins og sveitarfélaganna verði fækkað. Einstök verkefni framkvæmdavaldsins yrðu þá falin þeim aðila, sem eðlilegast er að hafa þau með höndum, þannig að saman fari hjá sama aðila frumkvæði að framkvæmd, umsjón framkvæmdar og sá sami aðili standi að öllu leyti undir kostnaði við framkvæmdina. Í þessu sambandi er talið eðlilegt, að ríkið hafi með höndum verkefni, sem varði alla landsmenn nokkurn veginn jafnt án tillits til búsetu, og einnig verkefnin sem fela í sér jöfnun á aðstöðu sérstakra byggðarlaga, hins vegar komi það í verkahring sveitarfélaganna að annast staðbundin verkefni, sem snerta fyrst og fremst íbúa hlutaðeigandi sveitarfélags og varða daglegt líf meira og minna, og þá geti sveitarfélögin haft samvinnu um að leysa tiltekin verkefni, þar sem þætti betur henta, t. d. í einstökum landshlutum. Með þessum hætti yrði ríkisvaldinu dreift út um landsbyggðina, eftir því sem unnt væri og talið væri hentugt.

Þau almennu rök, sem hafa verið færð fram fyrir nauðsyn á endurskoðun verkaskiptingar á milli ríkis og sveitarfélaga, eiga kannske öðru frekar við einmitt í skólamálunum. Ríkið og sveitarfélögin annast nú sameiginlega skólamálin á skyldunámsstigi og allt til loka gagnfræðanáms, enn fremur iðnnám og húsmæðranám og framhaldsdeildir gagnfræðaskólanna, og þegar svo háttar, eru auðvitað mikil samskipti á milli ríkis og sveitarfélaga varðandi stofnkostnað skólanna og rekstur þeirra. Það má því segja, að skólamálin séu einn stærsti samskiptavettvangur ríkisins og sveitarfélaganna. Þessi kostnaðarsamskipti eru í dag mjög flókin og margslungin, og það frv., sem hér liggur fyrir, er byggt á gildandi lögum um verkefnaskiptingu. Við sjálfstæðismenn teljum, að það sé brýnt verkefni að gjörbreyta skipan skólamálanna í landinu með það fyrir augum að auka hlut sveitarfélaganna og samtaka þeirra og minnka að sama skapi hlutverk ríkisins í þessum málum, þá þurfi einnig við þessa breytingu að gera verkaskiptinguna á milli ríkisins og sveitarfélaganna einfaldari og gleggri en hún nú er og gæta þess þá, að framkvæmd og fjármálaábyrgð séu á einni hendi, til að tryggja sem mesta hagkvæmni og árangur.

Samkv. þessu er það skoðun okkar, að sveitarfélögin og samtök þeirra eigi ein að annast ákveðinn hluta fræðslumálanna, að öðru leyti en því sem varðar ákvörðun námsefnis og námseftirlits. Þetta yrði þannig, að sveitarfélögin stæðu undir stofnkostnaði og rekstri skóla á skyldunámsstigi, en ríkið greiddi kennaralaunin öll, þar sem ákveðnu kennslumagni yrði náð. Ríkið greiddi líka kostnað vegna skólaaksturs og vegna heimavistar, sem er hvort tveggja til að jafna aðstöðu á milli sveitarfélaga og byggðarlaga.

Sama verkaskipting, eins og yrði varðandi skyldunámsstigið, ætti að gilda um skóla á framhaldsskólastigi, sem eru í beinum tengslum við

skyldunámið, þ. e. a. s. gagnfræðaskóla og fjölbrautaskóla. Ríkið ræki þá og kostaði að öllu leyti þá skóla, sem utan við þetta falla, svo að byrjað sé á toppnum, fyrst og fremst háskólastigið, enn fremur sérskóla ýmsa, eins og tækniskóla, hótelskóla, stýrimannaskóla, húsmæðrakennaraskóla o. s. frv., og a. m. k. að svo stöddu kostaði þá ríkið að fullu einnig skóla, sem eingöngu starfa sem menntaskólar og húsmæðraskólar. Þetta ætla ég, að sé í fullu samræmi við þær hugmyndir, sem nú eiga fylgi að fagna innan Sambands ísl. sveitarfélaga. En til þess að hægt sé að framkvæma svo umfangsmikla breyt. á verkaskiptingu í skólamálum í landinu, þurfa að sjálfsögðu sveitarfélögin og þeirra samtök að fá miklar viðbótartekjur til að standa undir framkvæmd slíks verkefnis, sem þeim yrði fengin í hendur, og þyrfti að sjálfsögðu að stórauka tekjur sveitarfélaganna. Það er því margt, sem til greina kemur og þarf að athuga og breyta í þessu sambandi. Það hafði verið boðað í upphafi þessa þings, að búast mætti við, að lagt yrði fram frv. um breyt. á sveitarstjórnarlögum, og menn höfðu skilið það svo, að þar yrði fjallað um breyt., sem kölluðu einnig á breyt. á tekjustofnalögum. Það liggur í n. Nd. Alþ. og er lengi búið að liggja frv., sem fjallar um lögfestingu landshlutasamtakanna. Er nú sýnt, að það frv. hlýtur ekki afgreiðslu á þessu þingi, og endurskoðun verkefnaskiptingar liggur ekki fyrir né breyt. á tekjustofnalögum, svo að þessi grundvallarsjónarmið sjálfstæðismanna geta ekki náð fram að ganga, eins og sakir standa. Vonandi verður það þó síðar. Við höfum því, fulltr. sjálfstæðismanna í menntmn., mælt með samþykkt þessa frv., þó að okkur þyki sitt hvað við það að athuga, en áskilið okkur rétt til að flytja brtt. og fylgja öðrum sem fram kynnu að koma.

Það er að sjálfsögðu mikið til í því, að það væri rétt að láta afgreiðslu þessa frv. bíða, þangað til fram hefði farið endurskoðun á verkefnaskiptingu og tekjustofnalöggjöf, og hafa menn sjálfsagt sínar skoðanir í þeim efnum. Á hitt er svo aftur að líta, að það er margt gott í því frv., sem hér liggur fyrir, en það er ekki heldur allt gott. Við fulltrúar sjálfstæðismanna í menntmn. vildum leggja okkar fram til þess að leitast við í n. að fá umbætur á ýmsum ákvæðum frv., sem við töldum, að miður færu.

Nú býst ég ekki við, að það sé þingmeirihl. fyrir því að fresta afgreiðslu þessa máls, og alla vega var till. í þá átt felld í hv. Nd. Það verður því að sýna sig, hvort í þessari hv. þd. verða uppi till. um slíkt og hvaða fylgi þær eiga hér að fagna.

Eins og ég sagði áðan, hefur verið farið yfir frv. á örfáum fundum í menntmn. Nú geta líklega flestir gert sér grein fyrir því, að sú yfirferð hefði nú átt og í rauninni þurft að vera miklu nákvæmari og taka lengri tíma. Ég var t. d. að nefna fjármálakaflann, sem var tæpast nokkurn hlut litið á, og í því sambandi er rétt að minnast á, að það er í rauninni algerlega óvíst, hver kostnaðurinn verður af framkvæmd þessara laga, þó að settar séu fram tölur í grg. Ég býst við, að það sé eitt af því, sem menn hafa haft einna mest við það að athuga, að frv. færi í gegn. En eins og menn vita, er því ætlað að koma til framkvæmda á nokkurra ára bili.

Ég býst við, að flestir séu sammála um það, að einn höfuðkostur þessa frv. er sá að tengja grunnskólanámið við nám í framhaldsskólum, svo að það sé öruggt, að nemendur þurfi ekki að lenda í blindgötu, eins og jafnvel mætti segja, að þeir gerðu í dag.

Ég nefndi það áðan, að á þessu frv. væri að okkar mati ýmsir ókostir. Ég vil þó segja, að það fengust fram ýmsar brtt. sjálfstæðismanna í Nd., bæði brtt., sem menntmn. tók upp, og einnig voru brtt., sem sjálfstæðismenn fluttu, sem voru samþ., margar af þeim. Þær brtt. beindust að verulegu leyti að því að dreifa valdinu út um landsbyggðina. En þegar talað er um ókosti frv., held ég, að það sé óhætt að nefna einmitt þann ókostinn, hve mikið miðstjórnarvald er hjá menntmrn. Ég skal ekki fara að lengja umr. með því að draga þar fram einstök dæmi, en þetta sjá allir, þegar þeir skoða þetta frv.

Þá er eitt, sem satt að segja er nú heldur hlálegt, að í þessu frv. eru landshlutasamtökum sveitarfélaga ætluð ýmis verkefni, og er yfirleitt ekki annað en gott um þá valddreifingu að segja, sem í sumum þeim ákvæðum felst. En það, sem er hlálegt, er, að þegar við eru að afgreiða þetta frv., sem væntanlega verður afgr. sem lög frá þinginu, miðað við þann eftirrekstur, sem hér hefur verið á hafður, hafa þessir aðilar, sem koma þarna fyrir kannske í annarri hverri grein í sumum köflunum eða hverri, þ. e. landshlutasamtökin, þau hafa ekki enn verið lögfest. Hvað því veldur, að það mál hefur strandað í n. í hv. Nd., veit ég ekki, en útkoman af því er a. m. k. býsna hláleg, hvað varðar frv., sem hér er til umr.

Eins og ég áðan sagði, tel ég, að sum ákvæði frv. hafi færst til verri vegar í hv. Nd., þó að önnur hafi verið lagfærð. Ég lét þess líka getið, að ég hef ekki komið því við að hreinskrifa brtt., sem ég hafði ætlað mér að flytja og að einhverju leyti miða að því að fá þarna um bætt, en geymi það til 3. umr. Ég geng út frá því, að það verði ekki svo hart fram gengið, — nóg er nú samt, — að það verði farið að hafa 3. umr. strax að lokinni 2. umr. nú í nótt, þar sem umr. kann að dragast fram undir morgun. Ég ræð auðvitað engu um það, hve löng hún kann að verða.

Við fulltrúar sjálfstæðismanna í n. stöndum ásamt öðrum nm. í n. í heild að þeim brtt. við frv., sem eru á þskj. 862, og ég sé ekki ástæðu til að fjölyrða um þær. Hv. frsm. n. gerði grein fyrir þeim í framsöguræðu sinni og að sjálfsögðu þarf ég ekki að taka það fram, að ég tel, að þær stefni allar til bóta, enda hefði ég nú tæpast orðið meðflm. að þeim ella. Ég segi ekki, að það sé kannske ekki ein grein, sem ég var nú nokkuð hikandi við að ljá samþykki, en ég mun að sjálfsögðu standa við það. Það er síðasta brtt. frá n. við 85. gr. frv. Það hefði þá þurft að flytja fleiri brtt., sem hefði tæpast orðið samstaða um, og því læt ég það kyrrt liggja.

Þá eru brtt., sem við flytjum 6 nm. í menntmn. á þskj. 863, og ég legg mikla áherslu á, að þær brtt. nái fram að ganga, sem eru varðandi skólaskylduna. Ég held, að ekki hafi verið nokk-

ur vafi, að allir voru sammála um fræðsluskylduna. Það er búið að segja svo mikið um þetta mál, um lengd skólaskyldunnar, að ég hef satt að segja engu við það að bæta, sem geti varpað nýju ljósi yfir það, sem komið hefur fram í umr. um það mál. En eins og hver og einn getur ályktað, þegar ég er meðflm. að þessari brtt., þá er það vegna þess, að ég fellst á þau sjónarmið, sem að baki liggja, að hafa óbreytta skólaskylduna frá því, sem hún nú er. Ég vona, að frv. fari ekki svo út úr þessari d., að það verði ekki með þeirri breytingu.

Mér skilst, að það sé hæstv. menntmrh., sem hafi knúið það fram, að málinu væri hraðað svo sem raun er á vegna hugsanlegs þingrofs á morgun, hann sé því hikandi við, að þessi brtt. verði samþykkt hér í d. Það var ekki mikill atkvæðamunur í Nd., að brtt. samhljóða þessari eða sama efnis hlyti þar samþykki, og ég veit, að það er fjöldi hv. þm. í hv. Nd., sem hafa áhuga á því, að þetta frv. nái fram að ganga. Atkvgr. um frávísunartill. gefur nokkurn veginn hugmynd um það. Ég held, að það sé ekki nein hætta á því, að þeir hindri framgang frv., þegar það kemur þangað. Á því verða bersýnilega gerðar breyt. hér í d., og það þarf þá að fara aftur til Nd. Ég held, að það sé ekki nokkur vafi á því, að það muni ekki út af fyrir sig stefna málinu í hættu í Nd., þó að þetta atriði sé eitt af því, sem hefur verið kannske mest deilt um í sambandi við þetta frv., þá held ég að það mundi aldrei vera svo þungt í hugum manna, að það stæði fyrir framgangi frv. í heild.

Ég kem þá að brtt., sem flutt er á þskj. 864 af Ragnari Arnalds og Steingrími Hermannssyni um hverfisnefndir í kaupstöðum með 10000 íbúa eða fleiri. Ég vil segja það strax, að þetta er þó skaplegra en sú till., sem var felld í Nd., þar sem það var gert að skyldu að skipa þessar hverfisnefndir. Hér er þó ekki kveðið fastara að orði en það, að viðkomandi bæjarstjórn eða borgarstjórn geti ákveðið, að kaupstaðnum sé skipt í hverfi. Mig minnir, — það er kannske ekki rétt með farið, — að meira að segja fyrst þegar till. kom fram í Nd. hafi hún eingöngu átt að gilda um Reykjavík, og þar skyldi vera skylda að skipa þessar hverfisnefndir. Þetta ákvæði um hverfisn. í kaupstöðum með 10 þús. íbúa eða fleiri virðist vera hugsað til samræmis við aðstæður í fræðsluumdæmum í dreifbýlinu. Þar er um að ræða mörg sveitarfélög, sem eitt eða fleiri standa saman að skóla, kjósa skólanefnd og eru einingar innan fræðsluumdæmisins. Sé Reykjavík tekin til samanburðar, eru aðstæður með öllu ólíkar. Þar er um að ræða eitt sveitarfélag í stað samvinnu margra sveitarfélaga, sem frv. gerir ráð fyrir úti um land. Sams konar ákvæði fyrir Reykjavík mundu fela það í sér, að einu sveitarfélagi væri sundrað í margar smærri einingar. Þessar smærri einingar gætu þó aldrei gegnt sama hlutverki og einstök sveitarfélög úti um land, þar sem þær hafa hvorki sjálfstæðan fjárhag né sjálfstæða stjórnun í skilningi sveitastjórnarlaganna, og hverfaskipting skóla innan kaupstaðar eins og t. d. Reykjavíkur byggist hvorki á fjárhagslegum né stjórnunarlegum forsendum, heldur ákvarðast hún venjulega af gatnakerfi, þ. e. stærstu umferðargötur torvelda, að skólasókn yfir þær eigi sér stað. Við hverfaskiptinguna er það meginsjónarmið haft í huga, að börn þurfi ekki að sækja yfir aðalumferðaræðar til þess að komast í skóla. Í þessari till. segir, að þessar hverfisnefndir, sem þar er lagt til að séu kosnar, skuli fara með hlutverk skólanefndar — undir stjórn fræðsluráðs að sjálfsögðu, það gera skólanefndirnar. En ef athuguð eru þau verkefni, sem skólanefndunum eru falin í 19. gr. frv., er rétt að vekja athygli á þessu: Samkv. þeirri grein á skólanefnd að sjá um, að öll skólaskyld börn í skólahverfinu njóti lögboðinnar fræðslu, og hún fylgist með því, að jafnan sé fyrir hendi fullnægjandi skólahúsnæði í skólahverfinu. Þetta ákvæði væri bókstaflega ekki framkvæmanlegt fyrir hverfisnefndir í Reykjavík vegna mjög tíðra fólksflutninga milli borgarhverfa, og væri ómögulegt að koma við eftirliti með því, hvort skólaskyld börn í borginni njóti lögboðinnar fræðslu, nema með því að hafa yfirsýn yfir skólasókn í öllum skólum borgarinnar og einn aðili hafi þá yfirsýn og eftirlit á hendi, og það er þá vitanlega fræðsluráðið, sem spannar yfir öll skólahverfi í Reykjavík. Í hverju skólahverfi í Reykjavík ætti hverfisnefnd að fylgjast með, að skólahúsnæði og búnaður skóla væri fullnægjandi og væntanlega koma sjónarmiðum sínum á framfæri við fræðsluráð, sem færi með heildarstjórn skólamála í borginni í umboði borgarráðs. Samkv. frv. virðist nú nægilega vel fyrir því séð, að fræðsluráðum berist þessar upplýsingar, og maður sér ekki annað en það sé alveg ófært að þyngja stjórnunarkerfið með því að setja inn nýjan aðila bara til að gegna þessu hlutverki.

Skólastjóri á rétt til setu á fundum fræðsluráðs, þegar rætt er um mál, sem snerta hans skóla. Foreldrafélög við skólana eiga aðgang að fræðsluráði og borgaryfirvöldum til þess að koma á framfæri sjónarmiðum sínum varðandi málefni viðkomandi skóla. Og þá er þess að geta, að nú í febrúarmánuði var samþykkt í borgarstjórn till. um að koma upp samstarfsnefndum nemenda, foreldra og kennara við hvern skóla í borginni á þeim grundvelli, sem gert er ráð fyrir í grunnskólafrv., og þær samstarfsnefndir eiga einnig aðgang að fræðslu- og borgaryfirvöldum. Það er tæpast hægt að sjá, að hverfisnefndir geti bætt miklu við þær upplýsingar, sem fræðsluráði og borgaryfirvöldum berast frá þessum aðilum, heldur mundu þær gegna því hlutverki einu að auka skriffinnskukerfið og stjórnunarbákn gersamlega að óþörfu.

Eins og áður er vikið að, er skipting Reykjavíkur í skólahverfi til orðin út frá skipulags- og umferðarsjónarmiðum, og grundvöllur eða nauðsyn sameiginlegrar stjórnunar fyrir skóla innan þessara hverfa er ekki fyrir hendi, heldur er þvert á móti nauðsynlegt vegna byggingar nýrra borgarhverfa og stöðugra tilflutninga fólks innan borgarinnar, að ákvarðanir um skólabyggingar séu teknar af einum og sama aðila, sem hafi heildaryfirsýn yfir þarfir og fjármagn.

Ég vil með vísun til þess, sem ég nú hef sagt, lýsa því, að ég er andvíg þessari brtt., þó að hún að vísu hafi tekið þeim stakkaskiptum frá brtt., sem flutt var í Nd., að nú er þó

bara um heimild að ræða. Það á þó ekki að skylda sveitarstjórn, bæjar- eða borgarstjórn til þess að setja upp þessar hverfisnefndir. Það er bara heimild. En ég satt að segja er andvíg því að vera að opna yfirleitt nokkra leið til þess arna með hliðsjón af því, hvernig málum er háttað, og hliðsjón af því, hvernig fyrirkomulag þessara mála er hér í Reykjavík. Þar mundi þetta ekki verða til annars en að valda skriffinnsku og beinlínis óþægindum að mörgu leyti.

Eins og ég áður sagði, hef ég átt þess kost í dag að búa mig undir að tala við þessa umr. um þetta stóra mál, og ég skal því láta máli mínu lokið að sinni. En ég vil endurtaka það, sem ég áður sagði, að ég hafði hugsað mér að flytja nokkrar brtt., — þær eru nú að vísu ekki margar, — sem ég yrði þá að flytja við 3. umr. málsins. Ég geri það vitaskuld í trausti þess, að það verði hlé á milli umr., að 3. umr. verði ekki látin fara fram strax að lokinni 2. umr. málsins. Einnig vil ég geta þess, að flutningur brtt. hvað mig snertir við 3. umr. mun ráðast nokkuð af atkvgr., hvernig hún fer við 2. umr.

Steingrímur Hermannsson: Herra forseti. Það væri að vísu ástæða til þess að flytja nokkuð langt mál um þetta mikilvæga frv. Ef til vill er þetta mikilvægasta málið, sem þetta þing afgreiðir, ef við berum gæfu til þess að afgreiða það, svo sem ég vona.

Málið hefur haft langan aðdraganda, eins og sagt hefur verið, og farið í gegnum a. m. k. þrjú frv.-drög. Það hefur áhrif á alla framtíð þessarar þjóðar, hygg ég, að segja megi. Það hefur áhrif á uppeldi og undirbúning hvers æskumanns fyrir störf í okkar þjóðfélagi, og er því mikilvægt, að ekki sé kastað til þess höndum. Ég hygg jafnframt með tilliti til þess, sem ég sagði um langan undirbúning þessa máls, meðferð þess um land allt, á þingi, bæði á síðasta þingi og nú, sé sæmilega tryggt, að svo sé. Ég hefði að vísu kosið, að þessi hv. d. hefði getað haft málið lengur til meðferðar, en ég tel hins vegar ófært með öllu, ef þetta frv. á nú enn einu sinni að daga uppi í meðferð Alþingis. Ég vil jafnframt vekja athygli á því, að hv. þm. hafa að sjálfsögðu allir kynnt sér efni þessa frv. fyrr. Þeir, sem sátu á síðasta þingi, þegar málið var til meðferðar, gerðu það örugglega þá, og ég efast ekki um, að þm. hafa skoðað þetta frv. vandlega, jafnvel áður en það kom til meðferðar í d., svo mikilvægt sem það er.

Ég skal viðurkenna, að ég hef verið hikandi um sum atriði þessa frv. Ég hef t. d. verið hikandi við þá lengingu skólaskyldunnar, sem fram hefur komið í frv., því að ég tel, að margt annað en hið bóklega nám sé mikilvægt til þess undirbúnings, sem ég nefndi áðan. Hins vegar viðurkenni ég, að þetta fer mjög eftir því, hvernig framkvæmd þessa frv., ef að lögum verður, tekst. Þótt frv. sé ítarlegt, að sumu leyti nálgist það að vera eins og reglugerð, þá eru þó sem von er fjölmörg atriði, sem ekki verða nákvæmlega skilgreind í frv. og eru háð framkvæmd rn. Við öðru er ekki að búast. Það er til dæmis ákaflega mikilvægt, að vel takist með hinar ýmsu verklegu valgreinar. Það er ekki æskilegt í okkar þjóðfélagi, því fer víðs fjarri, að beina öllum ungmennum inn á bóklegt skólanám. Því er mjög mikilvægt að mínu viti, að með framkvæmd þessa máls megi takast að innleiða í langtum ríkara mæli en nú er verklegt nám, kynni af okkar atvinnuvegum og góðan undirbúning undir mikilvæg störf á þeim sviðum.

Eins og ég sagði áðan, þá ætla ég ekki að hafa um þetta langt mál. Ég vildi hins vegar fara örfáum orðum um það, sem ég hef nú sagt um frv. almennt, og sérstaklega stóð ég þó upp til að beina einni spurningu til hæstv. menntmrh. Ég veit ekki, hvort hann heyrir til mín þarna inni, en e. t. v. mætti hann vera að því að flytja sig hingað inn. — Ég sagði, að ég vildi gjarnan — e. t. v. má segja til að friða mína eigin samvisku — beina einni spurningu fyrst og fremst til hæstv. menntmrh. Í 4. gr. frv. segir:

„Í strjálbýli skal stefnt að heimanakstri nemenda, þar sem honum verður við komið vegna vegalengda, vegakerfis og veðurfars. Heimilt er rn., að fenginni till. hlutaðeigandi fræðsluráðs að koma á fót útibúum frá aðalskóla skólakerfis fyrir 7—10 ára börn, þar sem heimanakstri til aðalskóla verður ekki við komið.“

Hér er að mínu viti komið að mjög miklu viðkvæmnis- og tilfinningamáli fyrir margar smærri byggðir þessa lands, þar sem foreldrar ákaflega eðlilega og skiljanlega leitast við og vilja, að nemendur fái notið náms eins lengi og kostur er heima, að nemendur á unga aldri þurfi ekki að fara til heimavistar í e. t. v. nokkuð fjarlægum skóla, oft á þeim svæðum, sem lokuð eru af snjóum mikinn hluta vetrar, þannig að þau fá kannske ekki komist heim nema með löngu millibili. Eins og hæstv. menntmrh. þekkir að sjálfsögðu manna best, er þetta mál nú víða til athugunar og mjög leitað eftir því að fá lengdan þennan tíma til náms í skólum í heimabyggð. Mín spurning er því sú, hvort þetta ákvæði útiloki nám barna á þessu stigi í heimabyggð lengur en til 10 ára aldurs. Ég geri mér grein fyrir því, að í 16. gr. frv. er heimild til þess að setja á fót skólahverfi, þar sem aðeins hluti grunnskóla er staðsettur. Þarna virðist mér e. t. v. vera nokkur glufa, þ. e. a. s. það mætti ákveðnu skólahverfi í slíkri byggð, og mér sýnist, að í slíku skólahverfi með hluta grunnskóla komi til mála, að nemendur geti verið lengur en til 10 ára aldurs. Það var með þetta í huga, sem ég flutti ekki brtt. við 4. gr., og ég vildi gjarnan fá þetta staðfest af hæstv. menntmrh. eða leiðrétt, ef ég hef skilið þetta rangt.

Ég þarf ekki að fara mörgum orðum um þetta atriði. Þetta er eins og ég sagði, ákaflega mikið kappsmál víða. Hins vegar kemur fram í grg. með frv., að þeir, sem það hafa samið, telja erfitt að halda uppi litlum skólum fram eftir aldri barna, og það er skiljanlegt með tilliti til þess sérnáms, sem gert er ráð fyrir að aukist með þessu frv. Ég hef hins vegar oft spurt þeirrar spurningar, hvort ekki sé unnt og ekki sé rétt að haga fremur niðurröðun námsgreina eftir aðstæðum í okkar landi en eftir því, sem sérfróðir menn í námsefni kunna að telja hentugast án tillits til smæðar víða í okkar byggð. Ég á sem sagt við, að e. t. v. mætti taka sérnám

það, sem krefst stærri eininga, fremur fyrir á seinni árum grunnskólans.

Ég ætla ekki að fara fleiri orðum um þetta, en ég vil segja það um brtt. frá menntmn. almennt, að ég hef átt hlut að þeim brtt. að sjálfsögðu og sumar eru frá mér komnar. Ég vil sérstaklega taka það fram, að ég hef lagt áherslu á í þeim brtt., sem ég hef hreyft í n., að kveða betur á en mér þótti í frv. gert um frumkvæði sveitarstjórnar í ýmsum málum skólans. Mér þótti þetta óljóst, en nauðsynlegt, að greinilegar sé kveðið á um það. Þannig eru margar þessar brtt. til komnar, og ég held, að þar sé fremur um nánari skilgreiningu að ræða en efnisbreytingu. Ég vil einnig taka það fram, að ég er sammála því, sem komið hefur fram, t. d. hjá síðasta hv. ræðumanni, að auka beri sem mest ráð landshlutasamtaka og heimamanna almennt um skólamálin. Hins vegar er það staðreynd, að landshlutasamtökin hafa ekki fengið þá lögfestingu, sem ég hef hvatt til. Ég harma það, að frv., sem liggur fyrir hv. Alþ., fær ekki, að því er virðist, framgang, og sýnist mér nokkuð erfitt að fela þessum samtökum svo mikilvægt verkefni eins og veruleg ráð um byggingu og rekstur grunnskóla, áður en þau hafa fengið staðfestingu hjá löggjafanum. Því hef ég ekki talið mér fært að fylgja brtt. að þessu leyti lengra en n. í heild hefur orðið sammála um í þeim anda, sem ég lýsti áðan.

Að öðru leyti sé ég ekki ástæðu til þess að fjalla um þessar brtt. Það hefur frsm. n. gert ítarlega. Ég vil hins vegar minnast aðeins með fáum orðum á brtt. á þskj. 863, sem er grundvallareðlis og fjallar um annars vegar 9 ára fræðsluskyldu, en 8 ára skólaskyldu. Ég get raunar tekið undir það, sem frsm. sagði um þessa till. Ég vil leggja áherslu á það, að ég hef verið hikandi í þessu máli, ég viðurkenni það, og ég hef þurft að hugsa mig nokkuð um, áður en ég gerðist meðflm. að þessari till. Ég viðurkenni, að það fer mjög eftir framkvæmd þessa máls, eins og ég hef sagt, hvort æskilegt er að binda nemendur með lögum við 9 ára nám eða hvort rétt getur talist að veita þeim aukið frelsi, aukið val um nám eða ekki nám, eftir 8 ár. Staðreyndin er sú, að þar sem ég hef kynnst þessu nokkuð erlendis, eins og t. d. á Norðurlöndunum, hef ég enn í dag orðið var við mjög skiptar skoðanir um þetta ákvæði, sem þó hefur þar verið í framkvæmd um nokkurn tíma. Ég hef heyrt því haldið fram þar, að þessu þurfi að breyta. Ég tel hins vegar svo mikilvægt, að þetta mál fái framgang, að ég er tilbúinn að endurskoða afstöðu mína til þessarar brtt., ekki síst með tilliti til þess, að ekki er gert ráð fyrir því, að þetta ákvæði komi til framkvæmda fyrr en að 6 árum liðnum frá gildistöku þessara laga. Því sýnist mér, að e. t. v. mætti því tryggja Alþingi tækifæri til endurskoðunar og Alþingi getur að sjálfsögðu, ef það óskar, á þeim tíma, hvenær sem það vill, tekið málið að nýju til endurskoðunar og mér sýnist e. t. v. að það geti verið leið, ef menn óttast, að þessi brtt. leiði til þess, að málið fái ekki framgang. Ég fellst því á það með 1. flm. brtt. að draga till. til baka til 3. umr. og athuga málið á þeim tíma, sem þannig gefst.

Halldór Blöndal: Herra forseti. Þetta frv., sem hér liggur fyrir, var fyrst lagt fram í tíð fyrrv. ríkisstj., og ég var farinn að halda, að sú ríkisstj., sem nú situr, ætlaði ekki að hafa kraft í sér til þess að reyna að ljúka málinu, áður en hún veltist úr sessi, og átti satt að segja ekki von á því, að það væri eins mikill kraftur eftir í henni og hér kemur fram. Þó verð ég að segja það sem strjálbýlismaður, að ég hefði vænst þess, að sá hæstv. ráðh., sem ber þetta mál svo mjög fyrir brjósti, hefði heldur kosið að leggja áherslu á önnur mál, sem eru undir hans rn. og ekki hafa fengið afgreiðslu, og á ég þar fyrst og fremst við vegamálin, en það virðist svo sem sú hæstv. ríkisstj., sem nú situr, og stuðningsmenn hennar hafi næsta lítinn áhuga á því að koma fram nýrri tekjuáætlun vegalaga og þeirri vegáætlun, sem það þing, sem nú situr, á að afgreiða. Það er beinlínis gert ráð fyrir því, að Alþ. endurskoði vegáætlun á tveggja ára fresti. Við vitum öll, hvernig komið er þeirri tekjuáætlun, sem gert er ráð fyrir í vegáætluninni, og þeirri framkvæmdaáætlun, sem þar er gert ráð fyrir. Ég býst þess vegna við því, að a. m. k. fólkið úti á landsbyggðinni geti tekið undir það, að það skilur ekki, hvers vegna þessu máli liggur svo mjög á, en hins vegar virðist enginn áhugi á því hjá hæstv. ríkisstj. að greiða úr vegamálunum.

Hv. 1. þm. Vestf. var með fallega drauma um það, að Framkvæmdastofnunin mundi einhvern tíma geta orðið meiri stoð fyrir hinar dreifðu byggðir heldur en verið hefur um hríð, og tek ég vissulega undir það. En ég er þeirrar skoðunar, að það, sem hinar strjálu byggðir þurfa kannske fyrst og fremst, það eru bættar samgöngur. Ég minni einnig á rafmagnsmálin, en þessu þingi á að ljúka svo, að þeim séu ekki gerð skil.

Ég vil svo segja það í sambandi við þá málsmeðferð, sem hér er viðhöfð, að eins og hv. þdm. er kunnugt, hafa verið stanslaus fundarhöld síðan þeim nál. var skilað, sem komu frá menntmn. hv. Ed. Mér kom það því undarlega fyrir eyru, þegar ég heyrði hjá hæstv. forseta áðan, að sú væri meiningin að haga störfum n. og d. þannig, að manni gæfist ekki tími til þess að bera sig saman um þessar brtt. og athuga þær í samvinnu við skólamenn, og þar á ég einkum við Landssamband framhaldsskólakennara, en ég var á síðasta landssambandsþingi kjörinn í n. þeirra samtaka til þess m. a. að fylgjast með framgangi þessa máls og ég sagði þeim fyrir skömmu, að það muni aldrei fara svo, að við gætum ekki skotið á fundi, eftir að nál. og brtt. menntmn. lægju fyrir, þannig að við gætum athugað frv. þá.

Nú sé ég, að þarna hef ég hlaupið á mig. Eftir því sem mér skilst, er manni gefinn einhver tími af miðnóttinni til að ræða við kennara, en eins og allir vita, hefst kennsla kl. 8 í fyrramálið, og ég sé ekki, að það verði mikið tóm til þess að vinna að þessum málum þá. Þess vegna geri ég alveg fastlega ráð fyrir því, að okkur í þessari d. verði ekki gert svo hátt undir höfði, að við fáum nokkuð að skoða frv. og athuga það, eftir að það kemur úr nefnd.

Ég vek athygli á því, að þrátt fyrir það að 80 brtt. hafa verið fluttar við frv. í Nd., eru

á því þskj., sem hér er, lagðar til 25 brtt., og það tók frsm. n. hátt í klukkutíma að mæla fyrir þessum till. Ég vænti þess fastlega, að þannig verði ekki haldið á þessu máli, að það sé ekki hægt að athuga þær brtt., sem hér liggja fyrir, í miðskólanefnd og mönnum gefist nokkurt tóm til þess að átta sig á þessu máli, hv. þdm. sem öðrum.

Það er nú svo um frv. af þessu tagi, sem er mjög mikilvægt, að þm. þurfa stundum að ráðfæra sig við aðra, og það getur ekki verið nema hollt, einkum og sér í lagi þegar þess er að gæta, að því var lýst yfir af frsm. menntmn., sem ekki má nú vera að því að vera við þessar umr., sennilega vegna þess, að þegar er búið að ákveða um málsmeðferðina, og sennilega vegna þess, að þannig á að halda á þessu, að það skipti engu máli, hvað þm. hafa um þetta að segja. Annars er þetta náttúrlega ekki í fyrsta skipti, sem þessi hv. þm. má ekki vera að því að fylgjast hér með umr., þegar hann er frsm. fyrir málum, og lýsir þetta að vissu leyti þeim vinnubrögðum, sem við þetta eru höfð. Ég verð að segja, að þetta er að því leyti bagalegt, að ég ætla að spyrja þennan hv. þm. um það, hvort hann hefði í sínum nefndarstörfum, eins og ég fór fram á, gert athuganir á vissum atriðum frv., sem ég mun koma að. En eftir því sem mér skildist á hæstv. forseta, skiptir víst engu máli, hvort slíkar athuganir hafa farið fram, vegna þess að okkur stjórnarandstæðingum hefur verið gefið tækifæri til þess að ræða frv. Við máttum byrja að tala einhvern tíma á öðrum tímanum nú í nótt, og okkur var tilkynnt áðan, að við yrðum að ljúka máli okkar og atkvgr. fyrir hádegi á morgun. Þetta er sá tími, sem við höfum haft, og næsta óvenjulegur verð ég að segja. — Annars er mér kunnugt um það og er ljúft að geta þess, að hæstv. forseti hefur í öllu sínu starfi hér í þd. verið afskaplega lipur og tekið tillit til þeirra óska, sem einstakir þm. hafa borið fram við hann, og þeim ásökunarorðum, sem ég segi í þessu efni, eða aðfinnsluorðum er ekki beint til hans, því að mér er kunnugt um það, að hann hefur vilja til að koma til móts við óskir okkar í þessu efni. En það eru aðrir, sem þar ráða ferðinni. — En sem sagt, frv. kom í þessa hv. d. eftir páska. Það var stefnt að því af hæstv. ríkisstj. að ljúka Alþ. fyrir páska, en málið kom ekki í þessa d. fyrr en eftir páska.

Ég mun nú víkja máli mínu að nokkrum atriðum í frv., sem mér finnst nauðsynlegt að ræða aðeins um, og mun eins og hv. 6. þm. Reykv. athuga milli umr., að hve miklu leyti ég sé ástæðu til þess að flytja brtt. við frv.

Ég vakti athygli á því við 1. umr. málsins, að í 22. gr. frv. er gert ráð fyrir því, að form. nemendaráðs eigi rétt til setu á fundum skólastjóra og kennararáðs svo og á kennarafundum með málfrelsi og tillögurétti. Þetta atriði hef ég fært í tal við kennara, og þeir voru mér sammála um það, að ef þessum ákvæðum yrði haldið í frv., mundi það valda því, að svipur kennarafunda breyttist nokkuð frá því, sem nú er, og verkefni þeirra verða nokkuð önnur, vegna þess að það geta engir farið að ræða opinskátt sín á milli um þau vandamál einstakra nemenda og námserfiðleika, þegar einn nemandi skólans hlustar á. Þetta veit ég, að hæstv. menntmrh. skilur, og er satt að segja hissa á því, að hann skuli ekki hafa beitt sér fyrir því að breyta þessari gr. Þetta er auðvitað alveg fráleitt ákvæði. En eins og ég gat um við 1. umr. málsins, munu kennararnir auðvitað leysa þetta mál öðruvísi, með því að breyta kennarafundunum og fjalla þar ekki um þessi mál, eins og venja hefur verið.

Eitt af aðalatriðunum í gagnrýni minni á þetta grunnskólafrv. er það, að í því er með lögum verið að breyta ákvæðum kjarasamninga við kennarastéttina. Ég hafði ætlað mér að spyrja form. menntmn. að því, hvort það hefði verið athugað hjá n., hvort nokkur ákvæði þessa frv. stönguðust á við þá kjarasamninga, sem hæstv. fjmrh. er nú að gera við kennarasamtökin. Ég þykist líka vita, að hæstv. menntmrh. hafi gefið þessu atriði sérstakan gaum eftir þær ábendingar, sem ég gerði um þetta atriði strax við 1. umr. málsins, og vænti þess því að fá á því samanburð, að hvaða leyti þetta tvennt stangast á, frv. og þeir kjarasamningar, sem nú eru í gildi hjá kennarasamtökunum. Mér finnst það vera algjörlega óverjandi, að hæstv. ráðh. komi þannig fram með tvennum hætti, annars vegar laumi þeir inní lagafrv. á Alþ. ákvæðum um að takmarka þann rétt, sem á sama tíma er verið að veita starfsstétt af öðrum hæstv. ráðh. með frjálsum kjarasamningum. Í sambandi við þetta á ég m. a. við það ákvæði, þar sem gert er ráð fyrir því, að þeir kennarar, sem fái starfsafslátt, þurfi að hafa verið kennarar í 28 ár, eins og er samkv. frv. eins og það var afgr. frá Nd. Ég hafði satt að segja búist við því, að hæstv. ráðh. mundi beita sér fyrir að lagfæra þetta og breyta því í það horf, sem er í núgildandi lögum, en ég las upp við 1. umr. málsins, hvernig það er í lögum um gagnfræðanám, nr. 48 1946, en þar segir í 38. gr., með leyfi hæstv. forseta:

„Skylt er kennara að kenna allt að 30 kennslustundum á viku, en fækka má kennslustundum hans niður í 25, er hann verður 55 ára, og í 20, er hann verður 60 ára.“

Þannig er þetta orðað og hvergi minnst á kennsluferilinn. Ég tók eftir því, að menntmn. hafði gert um þetta brtt. og fært afsláttinn aftur niður í 20 ár, eins og hann var í upphaflega frv. Ef ekkert annað betra verður í boði, mun ég að sjálfsögðu fylgja því, en helst kysi ég, að hæstv. ríkisstj. reyndi að standa við það, sem hún hefur skuldbundið sig til samkv. kjarasamningum við kennarastéttina.

Ég vil einnig í sambandi við starfstíma grunnskóla segja það fyrst, að einnig þar er gert ráð fyrir lengri starfstíma en gert er ráð fyrir í samningum við kennarastéttina. Nú hef ég ekki haft tíma til þess, eftir að þetta mál kom úr menntmn., að athuga, hvort í þeim kjarasamningum, sem nú er verið að gera við kennarasamtökin, sé gert ráð fyrir árlegri lengingu kennslutímans. Ef svo væri, þá væri að sjálfsögðu gert ráð fyrir því í því sambandi að meta kennarastéttinni það nokkuð til aukinna tekna, ef þannig ætti að lengja starfstímann. En eins og ég veit, að hv. alþm. er kunnugt, eru nákvæm ákvæði um það í kjarasamningunum, hvernig meta skuli starf þeirra til launa.

Ég vil svo segja það í sambandi við starfstímann, að ég hefði kosið, að kennslutími á hvern nemanda yrði nokkuð styttri en gert er ráð fyrir í 44. gr., og miða þar við það, að nú er víðast hvar upp tekin 5 daga skólaskylda. Allir þeir kennarar, sem ég hef rætt við um þá breyt., eru mér sammála um það, — í fyrsta lagi eru ákaflega margir sammála um það, að þessi breyt. sé óæskileg frá sjónarmiði skólans, en sé hins vegar nauðsynleg vegna breyttra þjóðfélagshátta, — hins vegar erum við afskaplega margir, sem teljum okkur hafa fundið það í kennslunni, að daglegur skólatími nemenda, innisetur yfir bókum verði þá lengri, þannig að árangurinn fari ekki eftir tímanum. Ég er þeirrar skoðunar, að þarna megi sem sagt stytta vikulegan kennslustundafjölda kannske um 10%, sem mundi þá á sama hátt verka til lækkunar á útgjöldum ríkissjóðs að þessu leyti, en að mínu mati gefa sama árangur.

Í sambandi við stundahlé og í sambandi við leyfi í skólum vil ég segja það, að ég tel, að í frv. sé gert ráð fyrir of stuttum frímínútum, og bendi m. a. á Norðurland í því sambandi. Ég bendi einnig á, að þau ákvæði, sem þar eru, stangast á við gildandi kjarasamninga, eftir því sem mér er tjáð, og veit ég ekki sannara um það að segja.

Hv. form. menntmn. gat um, að hann hefði lagt til breyt. við 45. gr., sem ég er sammála, svo langt sem hún nær. En ég hefði kosið og mun athuga það að koma nokkuð til móts við a. m. k. yngstu börnin í sambandi við jólaleyfi og tel, að það uppnám, sem þau eru í kringum jólin og eftir þau, réttlæti það, að jólaleyfi þeirra sé nokkru lengra en hjá þeim börnum, sem eldri eru, og mun athuga um það. Það er einungis manneskjulegt viðhorf, sem byggist á því, að ég álít, að börnin tapi ekki miklu á því, þó að þau missi úr þrjá, fjóra daga. Afstaða mín í því máli byggist á því.

Ég vil í sambandi við 49. gr. ítreka ánægju mína yfir því, að þar skuli vera komið inn það ákvæði, að nemanda sé heimilað að hverfa frá grunnskólanámi að loknum 8. bekk í allt að eitt ár vegna þátttöku í atvinnulífi og lyki nemandi þá grunnskólanámi þeim mun síðar. Ég álít, að þetta sé jákvætt, svo langt sem það nær. Mér hafa sagt reyndir skólamenn, að það væri betra, að þessi heimild væri víðari. Ég get hins vegar fallist á, að það sé kannske skynsamlegt að byrja þarna rólegar og fikra sig áfram með þetta, og get þess vegna að því leyti fallist á það, en tel í heild, að í þessu frv. sé of lítið lagt upp úr verknámskennslunni og því, sem að henni lýtur. Það eru höfuðröksemdirnar fyrir því m. a., að ég tel, að þetta mál þurfi betri skoðunar við.

Ég vil svo enn einu sinni ítreka andstöðu mína við að binda það í lögum, að próf skuli samræmd, og þau ákvæði, að einkunnir úr samræmdum, stöðluðum prófum skuli færðar sem sjálfstæðar einkunnir og hafi einkunnir kennara ekki áhrif á þær. Eins og ég sagði við 1. umr. málsins, hefur reynslan orðið sú um þessi samræmdu próf, að þau eru mörg hver gáfnapróf frekar en skynsemispróf öðrum þræði, jafnframt því sem þau eru að kanna þekkinguna. Að sumu leyti álít ég, að það sé miklu heppilegra að hafa þetta ekki of bundið í lögum, og skal ég ekki fjölyrða um það, því að um það hef ég oft rætt.

Ég er enn þeirrar skoðunar, þrátt fyrir það að ég viðurkenni, að að sumu leyti hafi grunnskólafrv. færst til betri vegar í meðferð Alþ., að málið þurfi enn skoðunar við, og tel þess vegna, að ástæðulaust sé að samþ. það nú á þessu þingi og allra síst í þeim flýti, sem nú á að beita.

Ég skal svo að þessu sinni ekki orðlengja þetta frekar. Það eru ýmis atriði, sem mér hefur ekki gefist nægilegt tóm til að athuga, en ég veit það, að mönnum mun gefast tóm til þess að athuga málið á milli umr., og skal því láta máli mínu lokið.

Menntmrh. (Magnús T. Ólafsson): Herra forseti. Ég vil í upphafi máls míns við þessa umr. tjá hv. menntmn. þakkir fyrir, hversu hún hefur orðið við tilmælum mínum að hraða eftir föngum athugun og meðferð þess máls, sem hér liggur fyrir. Ég tel, að hún hafi með starfi sínu enn einu sinni sýnt, að hv. d. ris fyllilega undir nafninu efri deild. Ég mun ekki fjölyrða um það, hve brýna þörf ég tel á, að Alþ. taki rögg á sig og afgr. þetta þýðingarmikla mál, sem nú er þar til meðferðar á þriðja þingi. Auk þeirra augljósu þarfa, sem ætlunin er að uppfylla með ákvæðum málsins, er með frv. um grunnskóla og skólakerfi lögð undirstaða að öllu skólakerfi í landinu, og endurskoðun og umbætur á framhaldsskólum ýmsum hljóta annaðhvort að dragast eða verða sundurlausari en ella, meðan Alþ. hefur ekki afgr. þessi mál.

Brtt. hv. menntmn. eru langflestar að mínu áliti leiðréttingar og lagfæringar til frekara samræmis á ákvæðum frv., og þeim, sem efnislegar eru og n. stendur öll að, get ég tjáð samþykki mitt.

Til mín hefur verið beint nokkrum spurningum um einstök atriði í frv. um grunnskóla.

Hv. 1. þm. Vestf. spurði, hvern skilning bæri að leggja í 4. gr. um, að í strjálbýli geti starfað útibú frá grunnskóla, þar sem skilyrði séu fyrir hendi og ákvörðun sé um það tekin af réttu fræðsluyfirvaldi, og hver væri greinarmunur á þessum útibúum og skólum í sjálfstæðum fræðsluhverfum fyrir nemendur í sömu aldursflokkum, þ. e. a. s. hinum lægri aldursflokkum. Ég mun í stuttu máli reyna að gera þá grein, sem ég vona að fullnægi hv. þm., fyrir því, hvernig þessi ákvæði eru hugsuð. Hugsunin með heimildinni um stofnun útibúa frá grunnskóla er að greiða fyrir því, að tengsl geti skapast á milli grunnskóla, sem starfar fyrir stórt svæði og tekur við hinum eldri aldursflokkum, og skólastarfsins í dreifðum byggðarlögum, sem þessi grunnskóli þjónar, — að þarna geti kennslukraftar nýst sem best og starfið á skólasvæðinu verði sem samfelldast og markvissast. Þarna er síður en svo ætlunin að taka ráðin af skólahverfunum, að skylda þau til að gera sína skóla að útibúum frá grunnskóla, sem takmarkaðir séu við allra yngstu aldursflokkana, sem ekki geti náð hærra en upp í 10 ára aldur. Það eru þvert á móti fullar heimildir fyrir því og ráð fyrir því gert, að eftir því sem staðhættir og aðstæð-

ur krefjast á hverjum stað, geti verið starfandi grunnskólar fyrir tiltekna aldursflokka, þó að þeir nái ekki öllu grunnskólastiginu. Skólastarfið getur hvort heldur er farið fram í sjálfstæðum fræðsluhverfum eða í útibúum, sem tengd eru skipulagslega við ákveðna grunnskóla, sem ná yfir alla aldursflokka. Meginstefnan í þessu ákvæði eins og öðrum er, að ætíð sé eftir fremsta megni að því stuðlað, að skólastarfið fari fram sem næst heimilum nemendanna, að ævinlega sé, þar sem unnt er að koma því við, viðhafður heimanakstur frekar en heimavistardvöl. En hér er verið að setja almennar reglur, sem verður síðan að sníða eftir staðháttum og aðstæðum á hverjum stað, og ég vil taka það fram, að nú þegar hefur menntmrn. heimild til þess að taka ákvarðanir um skólaskipun á einstökum stöðum. Þessari heimild hefur mér vitanlega aldrei verið beitt. Ætíð hefur verið unnið með það fyrir augum að ná viðunandi samkomulagi fyrir báða aðila, bæði þá, sem skólans njóta, og þá, sem kostnaðinn greiða, þannig, að tekið sé eðlilegt tillit til kostnaðarsjónarmiða annars vegar og hagræðissjónarmiða fyrir byggðarlögin hins vegar. Ég geri mér vonir um, að með því breytta skipulagi, — sem ég tel að reynast muni traustara skipulag, — sem komið verður á samkv. grunnskólafrv., verði enn hægara að haga vinnubrögðunum þannig framvegis heldur en það hefur þó verið hingað til, að hvergi þurfi að beita valdboði, heldur náist viðunandi samkomulag á hverjum stað.

Varðandi spurningu hv. 2. þm. Norðurl. e. um, hversu fari saman ákvæði grunnskólafrv. um afslátt frá kennsluskyldu fyrir kennara, sem náð hafa tilteknum aldri, og þau ákvæði, sem verið sé að ganga frá í kjarasamningum við kennarasamtökin, er því til að svara, að ákvæðin, sem eru í frv., hafa verið samin með fullri vitund fjmrh. og fjmrn., og ég get ekki ætlað annað en að í samningsgerð við þessa starfsmenn ríkisins sé farið eftir sömu sjónarmiðum og samningsaðilar fyrir ríkisins hönd hafa sett fram við undirbúning þessa máls.

Ég vil sérstaklega gera að umtalsefni þær brtt., sem nokkrir menn úr hv. menntmn. bera fram á þskj. 863 og 866 við frv. um grunnskóla og skólakerfi og lúta að skólaskyldunni. Ég vil fyrir mitt leyti vara mjög við því, að breytt sé á þann hátt, sem lagt er til í nefndum till., skólaskylduákvæðum frv. og frumvarpanna. Þetta atriði var þaulrætt í Nd. og afgr. þar með atkvgr., og ég tel, að málinu væri tefld í tvísýnu, ef þessu atriði yrði nú breytt á þann hátt, sem til er lagt. Ég vil því beina því eindregið til tillögumanna, að þeir taki þessar tillögur til athugunar, taki þær helst aftur til 3. umr. og athugi, hvort ekki er unnt að opna fyrir frekari athugun á skólaskylduákvæðinu, án þess að málinu sé tefld í hættu.

Það er bjargföst skoðun mín, að ekki sé annað sæmandi virðingu Alþingis en að þessi mál hljóti loks afgreiðslu, eftir að þau hafa komið fyrir þrjú þing, verið rædd og athuguð, ekki aðeins hér í þingsölunum, heldur einnig meðal almennings og sérstaklega meðal skólamanna og sveitarstjórnarmanna. Ég veit, að víða um land er þess beðið með eftirvæntingu, að þessi mál nái fram að ganga og unnt sé að hefja störf að framkvæmdum í skólamálum í samræmi við ákvæði þeirra. Mér kemur ekki til hugar, að þrátt fyrir þá rækilegu meðferð, sem þessi hv. d. hefur látið málin sæta, og þá enn tímafrekari meðferð, sem átt hefur sér stað í hv. Nd., megi ekki finna galla eða hnökra á frv. Ég býst ekki við, að við gerum okkur þá hugmynd um það, alþm., hvorki við afgreiðslu þessa máls né annarra, að við séum að afgreiða hluti á þann hátt, að engir gallar megi á finnast. Þá mundum við máske aldrei afgreiða neitt mál í eilífri leit að einhverju, sem betur mætti fara. Hér verður að vinna undirbúningsstarf að löggjöf, eins og tími og aðstæður hrökkva til í hverju máli.

Ég tel, að því verði ekki móti mælt með neinum rökum, að sá heildartími, sem Alþ. hefur haft til að athuga þessi mál, sé einhver sá rýmsti, sem eigi sér stað, enda málið margbrotið og viðurhlutamikið, eins og margoft hefur verið tekið fram í þessum umr.

Helgi F. Seljan: Herra forseti. Það skulu vera fá orð. — Hv. 3. þm. Austf. talaði hér áðan eins og út úr mínu hjarta um mörg þau mál, sem mestu skipta varðandi þetta frv. Hann talaði þar skynsamlega og rökrétt og færði fyrir máli sínu eins og hans var von og vísa, þau rök, sem ég hygg, að fáir muni geta hrakið með nokkrum rétti. Ég get þess vegna verið stuttorður.

Ég er satt að segja furðu lostinn yfir því, hve margir hafa hræðst þá hugsanlegu annmarka, sem kunna að vera á þessu frv. Það er nákvæmlega eins og hér sé verið að setja einhver óumbreytanleg lög. Ég ítreka enn, að þeir hljóta blátt áfram að verða sniðnir af. Það á ekki að ætla neinum skólayfirvöldum annað en að verstu annmarkar, sem í ljós koma, verði af sniðnir.

Mér datt það í hug áðan undir ræðu hv. frsm. menntmn., þegar hann var að tala um píninguna. Ég veit ekki, hvort það er viðeigandi:

„Það er sumra manna mál,
mögnuð er sú kæra,
ekki pína unga sál
of mikið að læra.“

Vesalings fólkið, sem pínt er. Það er verið að tala um þessi 4%, þessi 5%, þessi 6%, sem verið er að pína, og það er talað um þetta eina ár, sem sé verið að kvelja þau í skóla. Þessi prósent þurfa alls annars með, — annars, sem hefur gleymst allt of mikið í okkar skólakerfi. Ég hef t. d. ekki orðið var við þá miklu umhyggju, sem sumir virðast nú hafa fyrir þessu fólki, í skólakostnaðarlögunum, sem hafa þrengt svo að hinum smærri skólum, að þeim hefur verið gjörsamlega ómögulegt að hlynna að þessum hrelldu sálum, sem hafa svo sannarlega verið hrelldar, vegna þess að þær hafa ekki fengið þá hjálp og þá nauðsynlegu aðstoð, sem þær þurftu á að halda. Það er ekki þetta eina ár, sem skiptir máli. Það er spurningin um það, hvernig eigi að hlynna að þessu fólki í öllu þeirra námi.

Ég vil taka það alveg skýrt fram, að ég tel það spor aftur á bak, ef á að fara að færa skólaskylduna til baka aftur. Ég held, að það

sé ekki umhyggja fyrir þessu fólki, sem þarna ræður ríkjum. Hún yrði þá að koma fram, eins og ég sagði, í allt annarri mynd, — í þeirri mynd, að það yrði hlynnt almennilega að þessu fólki, svo að það geti stundað skólanám sitt allt frá upphafi til enda með þeirri nauðsynlegu hjálp og nauðsynlegu aukaaðstoð, sem það þarf á að halda. Þessi umhyggja, sem fólk er að bera fyrir sig nú, er hræsnin einber. Miklu fremur ræður þarna um hrein afturhaldssemi. Það er nefnilega raunin sú, og verður örugglega sú, sem hv. 3. þm. Austf. benti á, að smærri skólarnir og smærri skólahéruðin, það eru þau, sem útundan verða, hvað sem allri fræðsluskyldu líður. Ég þekki það nefnilega af eigin raun, hvernig er að koma á því viðbótarári, sem hér um ræðir. Ég veit um þá erfiðleika, sem í því eru fólgnir, og ég treysti engu öðru en fullkominni skólaskyldu til þess að tryggja okkur í smærri héruðunum þennan dýrmæta rétt okkar til að fá þetta viðbótarár. Ég get þess vegna ekki stillt mig um að mæla eindregið á móti þeirri till., sem ég sé, að 6 fulltrúar menntmn. hafa flutt og hafa flutt að því er virðist af umhyggju fyrir einhverju fólki, sem hefur gleymst miklu fyrr á skólastiginu.

ATKVGR.

Brtt. 863 tekin aftur til 3. umr.
1. gr. samþ. með 11:1 atkv.
2.—7. gr. samþ. með 13 shlj. atkv.
Brtt. 862,1 samþ. með 15 shlj. atkv.
8. gr., svo breytt, samþ. með 15 shlj. atkv.
9. gr. samþ. með 12 shlj. atkv.
Brtt. 862,2 samþ. með 15 shlj. atkv.
10. gr., svo breytt, samþ. með 16 shlj. atkv.
11.—16. gr. samþ. með 16 shlj atkv.
Brtt. 862,3 samþ. með 15 shlj. atkv.
17. gr., svo breytt, samþ. með 14 shlj. atkv.
Brtt. 864 samþ. með 10:7 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu
já: GeirG, HFS, MÓ, PÞ, RA, StH, BGuðbj, BFB, BA, ÁB.
nei: GH, JÁH, HBl, OÓ, SteinG, HE, AuA.
3 þm. (JónÁ, EggÞ, EÁ) fjarstaddir.
18. gr., svo breytt, samþ. með 11:4 atkv.
Brtt. 862,4 samþ. með 13 shlj. atkv.
19. gr., svo breytt, samþ. með 14 shlj. atkv.
Brtt. 862,5 samþ. með 16 shlj. atkv.
20. gr., svo breytt, samþ. með 15 shlj. atkv.
21.—22. gr. samþ. með 14 shlj. atkv.
Brtt. 862,6 samþ. með 15 shlj. atkv.
23. gr., svo breytt, samþ. með 15 shlj. atkv.
Brtt. 862,7 samþ. með 15 shlj. atkv.
24. gr., svo breytt, samþ. með 14 shlj. atkv.
25. gr. samþ. með 12 shlj. atkv.
Brtt. 862,8 samþ. með 15 shlj. atkv.
26. gr., svo breytt, samþ. með 13 shlj. atkv.
Brtt. 862,9 (ný 27. gr.) samþ. með 15 shlj. atkv.
28. gr. samþ. með 12 shlj. atkv.
Brtt 862,10 samþ. með 13 shlj. atkv.
29. gr., svo breytt, samþ. með 14 shlj. atkv.
30. gr. samþ. með 14 shlj. atkv.
Brtt. 862,11 samþ. með 14 shlj. atkv.
31. gr., svo breytt, samþ. með 14 shlj. atkv.
32.—33. gr. samþ. með 12 shlj. atkv.
Brtt. 862,12 samþ. með 14 shlj. atkv.
34. gr., svo breytt, samþ. með 14 shlj. atkv.
35. gr. samþ. með 13 shlj. atkv.
Brtt. 862,13 samþ. með 14 shlj. atkv.
36. gr. fyrri mgr. samþ. með 12 shlj. atkv.
36. gr. síðari málsgr., svo breytt, samþ. með 14:1 atkv. —
Brtt. 862,14 samþ. með 14 shlj. atkv.
37. gr., svo breytt, samþ. með 13 shlj. atkv.
38.—40. gr. samþ. með 12 shlj. atkv.
41.—43. gr. samþ. með 12 shlj. atkv.
Brtt. 862,15 samþ. með 15 shlj. atkv.
44. gr., svo breytt, samþ. með 14 shlj. atkv.
Brtt. 862,16 (ný 45. gr.) samþ. með 16 shlj. atkv.
46.—47. gr. samþ. með 12 shlj. atkv.
Brtt. 862,17 samþ. með 15 shlj. atkv.
48. gr., svo breytt, samþ. með 13 shlj. atkv.
49.—50. gr. samþ. 12 shlj. atkv.
Brtt. 862,18 samþ. með 15 shlj. atkv.
51. gr., svo breytt, samþ. með 13 shlj. atkv.
52.—53. gr. samþ. með 13 shlj. atkv.
Brtt. 862,19 samþ. með 12:1 atkv.
54. gr., svo breytt, samþ. með 12 shlj. atkv.
55. gr. samþ. með 14 shlj. atkv
56. gr. samþ. með 14 shlj. atkv.
Brtt. 862,20 samþ. með 14 shlj. atkv.
57. gr., svo breytt, samþ. með 14 shlj. atkv.
58.—61. gr. samþ. með 13 shlj. atkv.
62.—64. gr. samþ. með 14 shlj. atkv.
Brtt. 862,21 samþ. með 14 shlj. atkv.
65. gr., svo breytt, samþ. með 15 shlj. atkv.
66. gr. samþ. með 14:1 atkv.
Brtt. 862,22 samþ. með 13 shlj. atkv.
67. gr., svo breytt, samþ. með 14 shlj. atkv.
68.—71. gr. samþ. með 12 shlj. atkv.
72. gr. samþ. með 12 shlj. atkv.
73. gr. samþ. með 15 shlj. atkv.
Brtt. 862,23 samþ. með 14 shlj. atkv.
74. gr., svo breytt, samþ. með 15 shlj. atkv.
75. gr. samþ. með 13 shlj. atkv.
Brtt. 862,24 samþ. með 12 shlj. atkv.
76. gr., svo breytt, samþ. með 13 shlj. atkv.
77.—84. gr. samþ. með 12 shlj atkv.
Brtt. 862,25 samþ. með 13 shlj. atkv.
85. gr., svo breytt, samþ. með 11 shlj. atkv.
86. gr. samþ. með 12 shlj. atkv.
87.—88. gr. samþ. með 12 shlj. atkv.
Fyrirsögn frv. og fyrirsagnir kafla þess samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 14 shlj. atkv.

Skólakerfi, frv. (þskj. 675, n. 865, 866). — 2. umr.

Of skammt var liðið frá útbýtingu nál. og brtt. — Afbrigði samþ. með 13 shlj. atkv.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Brtt. 866 tekin aftur til 3. umr.
1. gr. samþ. með 14 shlj. atkv.
2.—11. gr. samþ. með 12 shlj atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 15 shlj. atkv.

Efri deild, 124. fundur.

Miðvikudaginn 8. maí, kl. 10 árdegis.

Þjóðhagsstofnun og Framkvæmdastofnun ríkisins, frv. (þskj. 647). — 3. umr.

Steingrímur Hermannsson: Herra forseti. Við 2. umr. um þetta mál sagði ég nokkur orð almennt um það, sem ég tel eðlilegar breytingar á Framkvæmdastofnun ríkisins eftir 2½ árs starf. En ég hygg, að mér hafi láðst að geta þess í lok þeirrar ræðu, að með tilliti til þess, sem ég sagði þar, mun ég ekki greiða atkvæði um þetta frv. og sit hjá.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 11:4 atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 892).

Skólakerfi, frv. (þskj. 675, 866). — 3. umr.

Halldór Blöndal: Herra forseti. Ég verð að ítreka þau mótmæli mín, sem ég hafði uppi hér í nótt um þau vinnubrögð, sem eru viðhöfð í sambandi við þessar umr. Það kom skýrt fram, bæði í ræðu minni og ræðu hv. 6. þm. Reykv., að okkur hafði ekki unnist tími til þess að athuga og bera saman þær brtt., sem voru bornar fram af menntmn. þessarar hv. d. í gær, fram að þeim þingfundi. Sá þingfundur stóð síðan til kl. 4 í nótt, og ég gat ekki heyrt betur en það væru eingöngu hv. stuðningsmenn þessarar ríkisstj., sem héldu uppi málfundi til kl. 2 í nótt, þannig að aðrir menn komust ekki að, og svo á núna að keyra málið áfram strax kl. 10 árdegis, án þess að tóm gefist til að athuga nánar þessi mál og undirbúa þær brtt., sem við höfðum boðað við 2. umr. málsins. Ég er ekki það gamall hér í þingsölunum, að mér sé kunnugt um það eða geti borið saman, hvernig vinnubrögðunum hefur verið háttað fram að þessu. En ég er ekki í neinum vafa um það, að þetta er algjört einsdæmi. (Gripið fram í.) Þessi hv. þm., sem grípur fram í, hv. 4. þm. Norðurl. v., ég hafði orð á því við hæstv. forseta í gær, að ég þyrfti að leggja nokkrar spurningar fyrir frsm. menntmn. Hann var ekki inni, og hæstv. forseti gerði enga tilraun til þess að nálgast þm., svo að ég held, að það sé réttast fyrir þennan hv. þm. að sitja hér inni og reyna að hlusta og reyna að svara þeim spurningum, sem til hans er beint, í staðinn fyrir að grípa hér fram í og vera með *einhvern æsing út af þessu. Honum hefði* verið skammar nær að sitja hér í þd., á meðan málið var rætt í nótt. Og ég ítreka það, sem ég sagði einnig þá, að það væri ekki í fyrsta skipti, sem þessi hv. þm. léti sig hafa það að vera fjarverandi við umr. hér í d., þegar hann er frsm., og átti hann þó erindi hingað í ræðustólinn í gær. Hann átti erindi við þá umr., þar sem hann í sínum sérstaka tillöguflutningi ásamt hv. 1. þm. Vestf., — eins og rakið mun verða í sambandi við grunnskólafrv., — var sérstakur flm. að einni brtt., sem sérstaklega var beint að Reykjavík. Og það var athyglisvert, að þegar hæstv. menntmrh. sem á að heita einn af þm. Reykv., fór að tala um brtt., sem voru til umr. í gær, sleppti hann því alveg að tala um þessa sérstöku gr. Hann talaði mikið um, að mikill sé undirbúningurinn að þessu máli, allt sé vandað og allt sé vel unnið, en hleypur svo sjálfur til á síðasta þingdegi á elleftu stundu og samþykkir tillgr., sem hann er sjálfur í algjörri andstöðu við, um Reykjavíkurborg og þá uppbyggingu á skólakerfinu, sem hér er höfð. Er þetta eitt með öðru, sem lýsir þeim vinnubrögðum, sem á að hafa í þessu efni.

Ég sagði í gær, að það væri undarleg sú mikla áhersla, sem væri lögð á þessi mál hér, og sú afbrigðilega meðferð, sem höfð væri á þessu. Ég gat ekki fundið það, eftir að málið kom til Ed. eftir páska og ég var að fylgjast með því og spyrjast fyrir um það hjá hv. 6. þm. Reykv., hvernig gengi athugun málsins í menntmn., — vegna þess að ég hafði verið spurður um það af skólamönnum bæði í Reykjavík og annars staðar, hvernig athugunin gengi og hvenær frv. yrði tekið til 2. og 3. umr., — þá gat ég ekki fundið, að það lægi mikið á. Síðan var hlaupið til, eftir að stjórnin hafði klofnað, — þegar minni hl. Alþingis hafði komið sér saman um að reka meiri hl. heim., — og málin afgr. frá menntmn. í svo miklu írafári, — eins og fram kom hjá hv. þm. Ragnari Arnalds, að ekki gafst einu sinni tóm til að kalla þá menn, sem sömdu frv., fyrir n., sem átti að fjalla um málið. Svo mikið var írafárið. Á sama tíma og öll þessi læti eru uppi höfð í sambandi við þetta mál, hefur, eins og ég sagði í gær, ekkert verið gert til að ýta á eftir einu af þeim stórmálum, sem þeim hæstv. ráðh., sem flytur þetta mál., ber embættisleg skylda til að beita sér sérstaklega fyrir að hljóti afgreiðslu á þessu Alþingi, vegalögunum. Það er kannske vegna þess, að þessi hv. þm. er ókunnugur úti á landi, að hann leggur ekki meira upp úr því að það mál nái fram að ganga, heldur en raun ber vitni. Ég hafði haldið, að það væri eitt af þeim málum, sem væri óhjákvæmilegt að afgr. nú á þessu þingi. Ég minntist á það í gær, að það veitti ekki af því, og ég minntist á það í gær, hvernig komið væri þeim málum. Ég veit ekki betur en að bæði þær tölur, sem eru í frv. um einstaka framkvæmdaliði, og eins fjárhagsáætlunin séu með þeim hætti, að óvinnandi sé eftir vegáætluninni. Það er í fyrsta lagi, að það stendur nú ekki nema helmingurinn eftir af þeim tölum, sem eru í vegáætlun, að framkvæmdamagni. Það er ekki aðeins það, heldur jafnvel vafasamt, að þeir peningar náist inn, sem mundi þurfa til þeirra framkvæmda.

Ég vil líka minna á, að það eru ýmis önnur mál, sem liggja fyrir þessu háa Alþ., sem var búið að lofa að kæmust í gegn. Ég get t.d. minnst á mál eins og það frv., sem liggur fyrir og fjallar um það, með hvaða hætti eigi að úthluta viðbótarritlaunum handa listamönnum. Okkur er öllum kunnugt um það, hvílíkt reginhneyksli var framið í þeim efnum nú á þessum vetri, þegar menn, sem gefið höfðu út bækur ár eftir ár, fengu ekki eyri af þessu fé, þó að þeir hefðu sótt um. Við getum minnst á ástsælustu ljóðskáld þjóðarinnar, menn eins og Kristján frá Djúpalæk. Það þarf ekki að hafa mörg orð um það hér, hversu mjög sá maður átti skilið að fá þau viðbótarritlaun, sem þarna var

um að tala, hafði sjálfur gefið út eina merkustu ljóðabók, sem út kom það ár, og hefur bæði með framkomu sinni í sambandi við ljóðagerð sína alla tíð, blaðaskrifum, þýðingum og ekki síst með léttum söngvum yljað mörgum manninum, og átti vissulega ekki skilið að fram hjá honum yrði gengið. Þetta frv. hefur verið lagt fram, en engin áhersla hefur verið lögð á að fá það afgr. frá hinu háa Alþingi, þrátt fyrir yfirlýsingar þar. Ég var fullvissaður um það fyrr í vetur, að á það yrði lögð áhersla, að þessi mál yrðu tekin til rækilegrar athugunar, og hafði ég sannarlega hlakkað til þess hér í hinni háu Ed. að fá að segja eitthvað um þau mál og fá að koma fram aths. um það, en því miður vannst ekki tími til þess.

Ég get líka minnt á önnur mál, sem veitti ekki af að fengju afgreiðslu hér frá hinu háa Alþingi. Einu af þeim málum beitti forveri núv. hæstv. félmrh. sér sérstaklega fyrir, það var um Félagsmálaskóla alþýðu. Eins og öllum er kunnugt og eins og allir eru sammála um eftir þá kjarasamninga, sem gerðir voru nú í vetur, veitir sannarlega ekki af því, að uppi sé haldið almennri fræðslu og leiðbeiningum um það, hvernig standa beri að samningsgerð og um hina ýmsu þætti þjóðfélagsins. Þetta mál hefur sofið hér í þessari háu deild, svo að vikum skiptir. Ég flutti um það brtt., og liggur hún fyrir frá mér og hv. þm. Tómasi Karlssyni, varamanni hæstv. utanrrh. Þessi brtt. hefur ekki komið til atkv. Hún hefur legið hér í d. síðan fyrir páska.

Það má svo enn minnast á það, þó að ég geri ekki ráð fyrir, að þeir menn, sem eru nú í stjórnaraðstöðu, telji mikla ástæðu til að ræða það mál, sem er kannske stærsta málið, sem ætti að ræða í dag, og það er það, að búið er að leggja fram vantraust á núv. hæstv. ríkisstj. Það á líka eftir að sýna sig og mun koma í ljós, að það verður ekki talin ástæða til þess af því Alþingi, sem nú situr, að ræða það mál, og er það þó langstærsta málið, sem liggur fyrir þinginu. Það verður að segjast eins og er, eftir þær upplýsingar, sem hæstv. forsrh. hefur gefið um það, hvað eftir annað hér í hinu háa Alþingi, að hann muni ekki fara frá, nema það verði flutt á sig vantrauststill. og hún samþ. Nú er komin upp sú staða, að hann er kominn í minni hl., og nú á eftir eða á morgun mun hann hlaupa til, og mun ekki þola umr. né atkvgr. um málið, og hefur hann þó lýst því yfir oft og vitnað í þekkingu sína sem lögfræðingur um það, að hann muni ekki skorast undan því að slíkt mál fengi þinglega afgreiðslu, heldur var það sérstök leiðbeining til okkar í stjórnarandstöðunni, að það væri rétta leiðin til að koma honum frá að flytja vantrauststill. Nú mun koma í ljós, að þetta mál verður ekki tekið til afgreiðslu, heldur er hlaupið, eins og ég sagði til umr. um grunnskólafrv., sem hefjast rétt fyrir miðnætti og án þess að mönnum gefist nokkurt tækifæri til þess að athuga þær brtt., sem fyrir liggja. Er þó þeim mun meiri ástæða til að ræða vantraustið núna en maður hefði kannske getað haldið, eftir þær yfirlýsingar, sem komu frá hæstv. forsrh. í gær um það, að þær till., sem hann hefur lagt fram til viðnáms efnahagsvandanum, eru ekki merkilegri en svo að hans eigin áliti, að þær duga ekki til 1. sept., nema gengisfelling komi til, auk þess sem enginn maður veit, hvað það er af þessu frv. og þessum till., sem sjálf ríkisstj., sú sem eftir er, kemur sér saman um að standa að. Nei, hér er verið að halda okkur uppi á allskonar fundarhöldum, en alveg sneitt hjá stærstu málunum. Það er farið fram hjá efnahagsvandanum, sem hæstv. forsrh. sagði þó, að nú kæmi til kasta þingsins. Nú ættu hv. alþm. að sýna ábyrgðina, nú ættu þeir að taka á málefnum þjóðarinnar, sem ekki þyldu neina bið, nú ætti það að sýna sig, hvort Alþ. væri vert trausts þjóðarinnar. Með þessum formmálsorðum voru þau mál lögð fyrir. — og hvert er svo framhaldið? Þorir hæstv. forsrh. að láta þessi mál koma til kasta þingsins? Þorir hæstv. ríkisstj. að taka þátt í umr. um vantraust? Þorir yfirleitt hæstv. ríkisstj. að láta vilja þingsins koma fram?

Í sambandi við það frv., sem hér er til umr., frv. um breytta skólaskipan, er það eitt af þeim atriðum, sem þar kemur fram, að það á að lengja skólaskylduna um eitt ár, og hefur verið rökstutt með mörgum hjartnæmum orðum, að það sé nauðsynlegt. Nú hef ég spurt um það hér úr þessum ræðustóli hvað eftir annað, — ég hef spurt t.d. að því, hvað það séu margir nemendur, sem hafa hrökklast, t.d. á þessum vetri eða í fyrra, úr öðrum bekk, úr skyldunámsbekknum, hætt að vera í skóla og ekkert hefur verið skipt sér af, sem hafa hreinlega gufað upp um veturinn, án þess að nokkur aðili hafi gripið inn í. Hvað skyldu þeir vera margir? Það væri fróðlegt að fá um það nokkrar upplýsingar til þess að geta fylgst með, hvernig ákvæði um skólaskyldu hafa yfirleitt reynst. Hvað er það, sem skólayfirvöldin gera, hvað er það, sem menntmrn. gerir ef unglingarnir fást ekki til að sækja skólana, ef það eru t.d. einstæð foreldri, sem standa að unglingunum? Við getum hugsað okkur, að þetta einstæða foreldri þurfi kannske að fara í vinnu á nokkuð öðrum tíma en barnið fer í skóla og hafi svo ekki tök á því að vera heima um daginn og fylgjast með því, að barnið lesi og læri undir skólann og taki þátt í skólastarfinu. Síðan hrökklaðist barnið úr skóla, og hvað er þá gert? hvað gripur inn í, eins og þetta er núna? Það væri fróðlegt að fá upplýsingar um það, hvað það er sem gerist í því máli samkv. því frv., sem verður fjallað um í næsta dagskrárlið. Þar eru sérstök ákvæði um það, hver beri ábyrgðina á því, ef barn sækir ekki skóla á skyldunámsstigi. Hver ber ábyrgðina því núna? Og hefur einhvern tíma verið látið reyna á þessa ábyrgð? Allt tal um að lengja skólaskylduna nú, er á bak við það einhver vilji til þess að lengja skólaskylduna í raun og veru? Á að koma til þarna aukið aðhald, eða hvað á að gera? Svo er líka annað atriði, sem er mjög mikilsvert og hefur ekki verið talað um í sambandi við þessar umr. nú, eftir að málið kom úr menntmn., og það er þetta: Það liggur fyrir, að meiri hl. skólastjóra gagnfræðaskólanna, — ég man ekki betur en Félag gagnfræðaskólastjóra hafi beinlínis ályktað um það, — er andvígur lengingu skólaskyldu í gagnfræðaskólum, og ég veit, að hið sama er upp á teningnum um mikinn hluta, ég skal ekki segja, hvort það er meiri hl. eða minni hl. framhaldsskólakennaranna, sem

kenna í 2. og 3. bekk. Og hver er svo ástæðan til þess, að þessir kennarar og þessir skólastjórar eru á móti lengingu skólaskyldunnar? Það er ekki það, sem stundum er verið að gefa í skyn, að þeir menn, sem þannig líta á, séu á móti því að mennta unglingana, séu á móti því að halda börnunum að námi, vilji ekki, að hver og einn þroskist í þjóðfélaginu. Einn virðulegur skólamaður sagði, þegar ég spurði, hvernig ætti að bregðast við, að ég væri á móti strjálbýlinu. En það þýðir ekki að tala um málið svona. Það verður að gera sér grein fyrir því, hvernig stendur á því, að mikill hluti kennarastéttarinnar og skólastjóra gagnfræðaskólanna er á móti lengingu skólaskyldunnar, eins og nú er. Það er það, sem við verðum að kryfja til mergjar. Og ástæðan fyrir því, er sú, eins og ég hef margrakið hér á hinu háa Alþingi, að skólakerfið er þannig byggt upp, að það er ekki fyrir alla. Skólarnir koma ekki til móts við alla unglinga og öll börn. Þvert á móti er skólakerfið og námsskráin miðuð við þá, sem eru í betra meðallagi eða mjög góðir námsmenn. Ég sagði það einu sinni í ræðu, þar sem skólamál voru til umr., og þar sem einnig voru barnaskólakennarar, að ég teldi, að þeir nemendur, sem mest væru seinþroska og síst búnir undir bóklegt nám, tækju að dragast aftur úr á 10—11 ára aldri. Þá sagði mér þrautreyndur kennari, sem kennir í fyrstu bekkjum barnaskólanna, að það væri fyrr, börnin byrjuðu að dragast aftur úr strax 8 ára gömul, og síðan héldu þau áfram að dragast aftur úr og því meir sem lengra liði. Þegar komið er í 12 ára bekk og sérstaklega eftir að komið er í gagnfræðaskólann er ástandið þannig, að vitandi vits og með opnum augum er samkvæmt námsskrá og samkvæmt fyrirmælum námsstjóra og ugglaust með a. m. k. þegjandi samþykki allra þeirra skólasálfræðinga og uppeldisfræðinga og hvað þetta heitir, sem er hrúgað saman í vissar stofnanir og eru þar á háum launum, þá eru vitandi vits gerðar þær námskröfur, að vonlaust er fyrir fram, að það sé einu sinni hægt að komast yfir nema lítinn hluta af því, sem kenna á, vegna þess að börnin eru svo illa undirbúin, að þess er enginn kostur einu sinni að ræða um málið.

Í sambandi við þetta hef ég oft vitnað til þess, að enn þá skuli kennd málfræði Björns Guðfinnssonar. Ég hafði á sínum tíma mikla ánægju og mikið gagn af þessari málfræði. Ég var svo heppinn að mér leiðbeindi þar einn af merkustu skólamönnum þessa lands, Gunnar Guðmundsson fyrrv. skólastjóri, og það var vissulega gaman að fást við þetta námsefni. Síðar, eftir að ég fór að kenna þessa bók, skil ég raunar ekki, hvernig stóð á því, að honum tókst að gera þetta svo einfalt sem raun ber vitni, því að sannleikurinn er auðvitað sá, að þessi bók er allt of þung, allt of erfið til þess að kenna börnum, sem ekki eru fermd, og börnum eftir fermingaraldur, þannig að þau tileinki sér allt það, sem í bókinni stendur, á tveim árum. Það er aftur viðurkennt af fræðsluyfirvöldunum, að námskröfurnar t. d. í þessu fagi séu of miklar á unglingaprófi. Fyrir unglingapróf eiga börnin að kunna alla málfræði Björns Guðfinnssonar eins og hún leggur sig. Menn eiga að kunna samsettar tíðir og allt heila gumsið. Síðar, þegar kemur upp í gagnfræðapróf, er haldið áfram að kenna sömu kennslubókina. Þá er viðurkennt, að prófkröfurnar hafi verið of miklar í 2. bekk, og þá er verið að kenna undir það próf graut úr því, sem átti að kenna allt tveim árum fyrr. Það væri kannske ögn skynsamlegra að hafa yfirferðina ofurlítið minni þarna fyrst, meðan fyrsta yfirferðin var, og herða svo heldur róðurinn, brimróðurinn, frekar en að sleppa árunum.

Það hefur lítið verið talað um það, hvaða ástæður liggi til þess, að ýmsir merkir skólamenn, bæði skólastjórar og kennarar, eru hræddir við lengingu skólaskyldunnar nú. Það hefur ekki verið rætt mikið um það. Ástæðan er sú, að skólarnir eru ekki viðbúnir því að fullnægja núgildandi skólaskyldu, þannig að það megi verða til aukins þroska og gagns og þannig að það falli að persónuleika allra nemenda upp í 2. bekk. Þeir eru ekki búnir undir það, hvað þá ef þeir ætla að lengja þetta enn einu sinni. Það er meira að segja talið af mörgum merkum skólamönnum, að það sé nauðsynlegt aðhald fyrir unglingana, að þeir viti, að það er ekki skylda að hafa þá í skólanum. Það er t. d. svo í mörgum gagnfræðaskólum, að það eru settar ákveðnar reglur um það, hvernig með skuli farið, strax eftir að skólaskyldu lýkur, í sambandi við lélega ástundun nemenda. Það hafa verið búnar til sérstakar reglur um það, að nemandi, sem kemur svo og svo oft seint, vantar svo og svo marga daga í skóla, er svo og svo mikið fjarverandi, skuli sjálfkrafa rækur úr skólanum, ef hann nær þar ákveðnum stigafjölda. Það hefur verið rætt um að setja sams konar reglur eða reyna að koma sams konar aðhaldi við á skólaskyldualdrinum. En skólarnir hafa ekki gert tilraun til þess að halda uppi sams konar aga í 2. bekk gagnfræðaskólans og í 3. bekk, vegna þess að þegar börnin eru í 2. bekk þá er ekkert við brotum þeirra að segja. Skólinn er skyldugur til að hafa börnin innan veggja, hvort sem þau haga sér vel eða illa, hvernig sem á stendur, og á þetta lagið ganga margir unglingar. Þeir finna, að þeir eru óhultir. Þeir finna, að skólavaldið, skólinn hefur enga aðstöðu, ekkert það vopn í hendi, sem getur hjálpað honum til þess að aga örlítið nemandann. Það er þetta, sem skólamennirnir eru hræddir við. Hvernig gengur að halda uppi aganum í stóru gagnfræðaskólunum, eftir að búið er að lengja skólaskylduna og eftir að það litla aðhald, sem hefur verið í 3. bekk, er ekki lengur til staðar? Hitt er alveg rétt, og ég tek undir það með hv. 3. þm. Austf. Páli Þorsteinssyni, að það væri auðvitað mjög jákvætt, ef það væri hægt að standa þannig að þessum málum, að það mætti verða til þess að hjálpa strjálbýlinu og ekki síst þeim héruðum, sem fámennust eru og hafa versta aðstöðuna. Ég mundi vera mjög fús til þess að reyna að finna leiðir í þá átt, og er það vissulega mál, sem nauðsynlegt er að íhuga. Það er nú svo, að núv. skólaskylda er ekki uppfyllt víða um land. Það er ekki búið að fullnægja núgildandi ákvæðum um skólaskyldu. Og hvar er ekki búið að því? Það er ekki búið að því í fámennustu héruðunum úti á landsbyggðinni. Það er nú engin skuldbinding að koma til móts við þessi héruð fyrr en eftir 10 ár, svo að ég veit ekki,

hvað þau segja í því efni. Ég hef verið þeirrar skoðunar, að með því að hafa fræðsluskyldu og með því að hafa af opinberri hálfu fjárhagslegan stuðning til þess að auðvelda unglingum að komast í framhaldsskóla muni þetta ástand mjög breytast. Við vitum vel, að það hefur ósjaldan beinlínis komið í veg fyrir áframhaldandi skólagöngu unglinga úti á landi, að þeir hafa ekki fengið inni í neinum skóla. Það hefur oft verið hin raunverulega ástæða fyrir því, að um skólanám var ekki að ræða.

Svo er einnig annað mál, sem kemur þarna inn í og veldur því, að unglingarnir til sveita og í sjávarplássunum eru ekki jafnólmir í að halda áfram í skólanum hér á höfuðborgarsvæðinu. Það er vegna þess, að víða úti um land eru unglingarnir í miklu nánari snertingu við atvinnulífið, hið raunverulega líf þjóðarinnar, það líf, sem þjóðin lifir. Unglingarnir þar eiga þess kost og það er beinlínis oft eftir því sóst, að þeir hjálpi til við að bjarga verðmætum, t. d. í sjávarplássunum. Og við vitum, að til sveita byrja unglingarnir, strax og þeir geta gengið, að hjálpa til við búskap. Ef þeir geta ekki hjálpað til við búskap, hinn raunverulega búskap, koma þeir sér upp öðru búi í hlaðvarpanum. Þessir unglingar eru þannig aldir upp við það að standa að verki með fullorðnu fólki, taka þátt í verðmætasköpun þjóðfélagsins, og áhugi þeirra beinist að því að halda áfram þeirri uppbyggingu, sem er í þeirra heimabyggð. Áhugi þeirra beinist að því og það er þeirra draumsýn að beita kröftum sínum til þess, að sveitin þeirra megi halda áfram að vera í byggð, en verði ekki fólksflóttanum að bráð. Þessir unglingar, sem þannig hugsa og þrá það að leggja gjörva hönd á margt, þeir finna ekki í skólanum það líf, sem er utan skólans. Þeir finna það ekki að skólinn sé á neinn hátt reiðubúinn til að veita neina þekkingu, sem gæti komið að gagni í sambandi við þetta.

Ég hef oft haldið því fram, og það eru margir skólamenn mér sammála um það, að fyrir þennan leka verði að setja. Sumir menn hafa stungið upp á því, að það væri eðlilegt, að það væri ævinlega starfandi skólanefnd, sem hefði til athugunar og endurskoðunar gildandi skólalög í landinu, í þessari n. ættu sæti fulltrúar atvinnurekenda, bæði fulltrúar sjómanna, iðnaðarmanna, útvegsmanna, bænda og fleiri stéttarfélaga, og þessir aðilar bæru saman bækur sínar og athuguðu það, *skiptust á skoðunum um það, hvernig* hægt væri að gera skólana lifrænni og meira í tengslum við hið lifandi líf í landinu. En þessi hugsun hefur því miður ekki komist inn í það grunnskólafrv., sem hér er til umr., og það skólakerfi, sem lagt er til að taka upp. Það hefur af hálfu skólayfirvalda og af hálfu menntmrn. og og fræðsluyfirvalda ekki verið litið svo á, að ástæða sé til þess að hafa nokkra hliðsjón af athafnalífinu í uppbyggingu skólanna, enda er svo komið, að æ stærri hluti unglinga er farinn að leggja fyrir sig í langskólanámi bæði í háskóla og öðrum stofnunum margvíslegar námsgreinar, sem ekki eru miðaðar við grundvallarþarfir þjóðfélagsins, heldur alls konar föndur eða skemmtun, alls konar námsgreinar, sem hafa ekki þann raunverulega tilgang, að fólk, sem hefur útskrifast í þeim, geti fært nýja þekkingu og víkkað út sjónhringinn hjá þeim mönnum, sem standa að verðmætasköpuninni í landinu. Og aðrir, sem leggja stund á viðfangsefni, sem mundu koma sér vel úti í atvinnulífinu, — ég get tekið viðskiptafræðinga sem dæmi, — það hefur líka sýnt sig um þá, að þeir leita fyrst og fremst að ríkis- og bankajötunni. Þar geta þeir starfað í miklu atvinnuöryggi og fá há laun, en leita síður út í atvinnulífið, þar sem átökin eru meiri.

Við höfum svo orðið vör við það, að þessi þróun hefur smátt og smátt leitt til þess, að það er að verða til í þjóðfélaginu fólk, sem fer frá einu landi til annars og föndrar við einhvers konar framhaldsnám og fær til þess ótal styrki og lán af opinberri hálfu, og fær styrkina vegna þess, að það hefur ekki unnið fyrir sér. Hins vegar er mér sagt það af mikilli útgerðarstöð hér á landi, þar sem málum hefur verið svo háttað alveg frá því að sú stöð var sett upp, að skólafólk hefur leitað þangað yfir sumarið. Það hefur passað alveg, að þegar skólunum hefur lokið á vorin, hefur þessi útgerðarstöð verið opnuð, og síðan hefur henni verið lokað rétt í sama mund og skólar byrja að haustinu. Nú er mér sagt, að svo hafi brugðið við s. l. sumar, að nokkrir þessara skólapilta hafi sagt upp vinnunni á miðju sumri og ekki viljað vinna lengur, aðrir hafi haldið áfram. Svo kom það í ljós við námslánaúthlutunina, að þeir skólapiltar, sem stóðu við skuldbindingar sínar og voru á útgerðarstöðinni til haustsins, fengu ekki námslán, af því að þeir hefðu haft of miklar tekjur. Hinir unglingarnir aftur, sem fóru burt á miðju sumri, höfðu miðað tekjuöflun sína við það, að þeir héldu fullum réttindum sínum hjá Lánasjóði íslenskra námsmanna, og fengu þess vegna námslánin. Þetta er sagt við mig, og ég hef ekki ástæðu til að rengja, að þetta sé satt. Þetta er ekki í fyrsta skipti, sem ég hef orðið var við, að það er ekki þakkað í sambandi við fyrirgreiðslu af þessu tagi, að menn reyni að vinna í sumarleyfum og leggi á sig einhverja vinnu til þess að létta undir bagga hjá heimilinu, kannske fjölskyldumenn, sem hafa eignast barn og stofnað fjölskyldu, áður en þeir hafa lokið námi.

Ég sagði áðan, að meginástæðan til þess, að margir skólamenn eru á móti lengingu skólaskyldunnar, væri sú, að reynslan hefur sýnt, að það er allt annað og miklu auðveldara að hafa aga á nemendunum, ef þeir eru ekki skyldugir til að fara í skólann. Svo kemur líka annað til, eins og hv. 3. þm. Reykn. talaði um við 1. umr. málsins. Þá kom hann fram með þá athyglisverðu hugmynd, hvort ekki gæti verið rétt að byrja skólaskylduna fyrr en nú er gert og ljúka henni einnig ári fyrr, en haga þannig námi og starfi í 2. og 3. bekk gagnfræðaskóla, að nemendurnir væru helming ársins í skólanum, 6 *mánuði, en helminginn utan skóla við heilbrigð* störf. Þetta rökstuddi þessi hv. þm. með því, að á þessum aldri, sem er breytingaaldurinn, gelgjuskeiðið, væri hugur unglinganna í meira uppnámi en annars og unglingarnir þyrftu því að fá meiri útrás og þyrftu á meiri hreyfingu að halda. Það mundi hjálpa þeim að komast í gegnum þennan aldur. Ég get staðfest það mið-

að við þá reynslu, sem ég hef sem kennari, að það er einmitt á þessum árum, sem margur unglingurinn dregst mjög aftur úr í námi, þannig að hann á kannske síðar erfitt með að taka upp þráðinn að nýju, og í sumum tilfellum hefur það beinlínis valdið því, að hann hafi horfið frá námi. Þessi hugmynd hv. 3. þm. Reykn. og sá rökstuðningur, sem hann hafði uppi um það mál hér við 1. umr. málsins, er vissulega þess virði, að henni sé nánar gaumur gefinn.

Það er áreiðanlegt, að sú hugsun er röng, að skólarnir mundu bera mestan árangur, ef þeir héldu áfram allt árið og ekkert sumarleyfi væri gefið. Ég hef ekki heyrt einn einasta mann halda því fram, að það gæti verið markmið út af fyrir sig að loka börnin inni í skólanum alla 12 mánuði ársins. Og ef menn fallast á það, að það geti verið nauðsynlegt að gefa eitthvert sumarleyfi, hljótum við að viðurkenna um leið, að því eru takmörk sett, hversu lengi rétt sé að halda skólastarfinu áfram á hverju ári. Það hefur sagt mér einn af merkustu skólamönnum þessa lands, að þegar skólarnir voru lengdir úr 7 mánuðum í 8 mánuði, hefðu hann og ýmsir aðrir skólastjórar tekið því mjög fagnandi og hlakkað til þess að geta komið þeim mun meira námsefni að og upplýst unglingana þeim mun meira, þar sem heill starfsmánuður hafði bæst við í skólunum. Þessi skólastjóri sagðist hafa á skólastjórafundi mörgum árum síðar varpað þeirri spurningu fram við þá, sem þar voru, hvort það væri reynsla þeirra að meiri og betri árangur hefði náðst á þessum 8 mánuðum en áður á 7 mánuðum. Hann sagði mér, að skólastjórarnir hefðu allir verið sér sammála um það eða a. m. k. margir, að árangurinn væri ekki meiri, en hann taldi þó, að árangurinn hefði ekki orðið raunverulega neitt minni. Hann taldi ekki, að útkoman hefði orðið neikvæð. Nú er búið að lengja skólana upp í 8½ mánuð, og samkv. þeirri breytingu, sem ætlunin er að koma á hér, er enn gert ráð fyrir því að lengja skólana. Nú heldur þessi hv. skólamaður, sem ég vitnaði til, fram, og margir aðrir eru sama sinnis, og mér skilst, að sú sé einnig orðin raunin á og þær raddir séu nú æ háværari sums staðar í öðrum Norðurlöndum, að lenging skólaársins nú úr 8½ mánuði í 9 mánuði geti beinlínis verkað neikvætt, slík lenging geti beinlínis valdið því, að unglingarnir læri minna á hverju ári en þeir þó læra núna, það sé komið yfir suðupunktinn, það sé farið að ofgera þeim. Þetta er rökstutt með því, að eftir hið langa skammdegi, hinn langa vetur, þar miklu innisetur, sem nemendur hafa, sé nauðsynlegt að komast fljótt út í sólskinið, út í vorið og hreyfa sig. Ég álít, að þessum málum verði að gefa nokkurn gaum, og ég álít t. d., að það sé röng stefna hjá menntmálayfirvöldum að gera hvort tveggja í senn, lengja skólaárið og stytta og fækka leyfisdögum, það muni aðeins valda meiri þreytu og leiðindum.

Enn er það eitt atriði í sambandi við lengingu skólaskyldunnar, sem við verðum að hugleiða. Þeir hv. þm., sem nú greiða atkv. með lengingu skólaskyldunnar, eru um leið að gefa skólunum eins og þeir eru reknir núna, það siðferðisvottorð, að þeir treysti þeim til þess að fara með það vald að geta beinlínis þvingað unglinga til þess að sitja innan þeirra veggja 9 mánuði samfleytt, marga tíma á dag. Með því að þvinga unglingana til að gera þetta hlýtur ríkisvaldið um leið að skulbinda sig til þess að vera með eitthvað þar á dagskrá, sem unglingarnir mega hafa gagn af. Nú mundi ég vilja líta á það með miklum velvilja og nú mundi ég líta á það sem einhver rök í málinu, ef hæstv. menntmrh hefði raunverulega fullan vilja á að stuðla að því að raunverulegri lengingu skólaskyldunnar verði komið á. Ég sagði: raunverulegri lengingu skólaskyldunnar, því að ég lít ekki á það sem lengingu á skólaskyldu, eins og það er hugsað af okkur, að þvinga unglingana til að ganga í skólana án þess að hafa neitt til að kenna þeim, án þess að leggja fyrir þá nokkurt námsefni í neinni grein, sem unglingarnir hafa tök á að tileinka sér. Ég kalla það ekki að lengja hina raunverulegu skólaskyldu, því að markmiðið með skólaskyldunni er að uppfræða unglingana og gera þá að betri og nýtari þjóðfélagsþegnum og ein aðalleiðin til þess að gera það er að fá unglingana til samstarfs og samvinnu, örva þá til samstarfs og samvinnu bæði til bókarinnar og einnig í hinu verklega námi. Ef við getum skrifað undir það og ef við erum allir þeirrar skoðunar, sem hér erum inni, að skólarnir, eins og þeir eru reknir núna, gagnfræðaskólarnir, hafi raunverulega einhver tök á því við þá nemendur, sem eru slakastir og mest seinþroska, en þó heilbrigðir, — a. m. k. þegar þeir koma í skólana, — að búa þeim námsskrá og námsefni, sem þessir unglingar finna gleði og ánægju af að fást við, — ef hliðsjón væri höfð af því í skólastjórninni að haga námskröfunum eftir getunni, ef við gætum sagt, að skólinn kæmi niður til minnst megandi þegnanna og gerði við þá sem jákvæð stofnun, þá væri horfandi á þetta mál. En ég er einn af þeim, sem halda því fram, að skólarnir geri þetta ekki.

Ég er einn af þeim, sem halda því fram, að í menntmrn. hafi ekki verið unnið að því á undanförnum misserum að koma til móts við þá unglinga, sem verst eru settir að þessu leyti. Það hefur ekki verið gert. Það er til ein allsherjarnámsskrá fyrir allt unglingaprófið, sem allir unglingarnir eiga að læra eftir, sem hafa náð þessum aldri, og allir unglingar eiga að ná prófi, alveg burtséð frá því, hvort þeir hafa allir nokkra möguleika á því að tileinka sér hana eða ekki. Upp að 3. bekk á að halda öllum í sömu klemmunni, og þó vita allir, líka grunnskólanefndin, að með þessu er í raun og veru verið að mismuna þegnunum, og þessi mismunun er verri en mörg önnur vegna þess að hún bitnar í flestum tilfellum á þeim börnunum og þeim unglingunum, sem eru mest minni máttar, á þeim börnunum og unglingunum, sem hafa kannske minnst á bak við sig. Hún bitnar ekki á hinum. Þessi mismunun bitnar ekki á þeim unglingum, sem eru vel hæfir til bóklegs náms. Þessi mismunun bitnar ekki heldur á þeim unglingum, sem eiga kannske menntaða foreldra, sem geta hjálpað þeim og ýtt undir, ef á þarf að halda, og hafa metnað til þess að koma börnum sínum áfram. Þessi mismunun bitnar ekki á þeim unglingum og þeim nemendum, enda þarf enga skólaskyldu til að halda þeim unglingum

í skóla. En þessi mismunun bitnar á þeim unglingum, sem skólaskyldan á að tryggja að hljóti einhverja uppfræðslu og einhvern þroska í skólanum. Það er þetta, sem er það alvarlega, að við erum hér að tala um að koma upp og lengja skólaskylduna, en við ræðum svo aldrei um þann alvarlega hlut: Af hverju viljum við hafa skólaskyldu? Á bak við þann vilja er hugsunin þessi, að við viljum reyna að koma öllum unglingum til einhvers þroska, eins og Erlingur Skjálgsson forðum. Við getum svo sett okkur í spor lítils nemanda, — ég þori nú hvorki að nefna pilt né stúlku á þessum síðustu jafnréttistímum, þegar ekki má lengur nota orðið „matráðskona" í skólum, heldur verður að nota orðið „bryti" og þar fram eftir götunum. Þó er nú raunin sú, að einhverjir piltar lærðu að verða hjúkrunarkonur, á meðan enn voru lög um það, talað var um hjúkrunarkvennaskóla, en það er annað mál. Ég held, að fólkið í landinu sé nú ekki jafnviðkvæmt fyrir öllum þessum mismun kynjanna eins og hér er. Við skulum hugsa okkur ungan pilt, ungan hraustan pilt, sem hefur engan áhuga á því, eftir að komið er í 3. bekk gagnfræðaskóla, að halda áfram veru sinni í skólum. Síðan er þessu máli vísað til barnaverndarnefndar eða einhverra sálfræðinga, og þeir koma til piltsins og spyrja hann: Hvernig í veröldinni stendur á því, að þú hættir í skólanum og mætir ekki í skólanum? Og pilturinn segir við þá: Ég er svo illa undirbúinn í mínu námi, og ég er ekki betur gefinn en það, að ég hef ekkert gagn af því að vera í skólanum. Skólinn hefur ekkert fram að færa við mig, sem ég hef gagn af. — Á þá að banna þessum pilti að vinna? Þeir hafa varpað fram þessari spurningu, námsstjórar í Noregi, hvort þjóðfélagið hafi nokkurn rétt yfirleitt, og mér finnst það mikil spurning, hvort það yfirleitt stenst þær mannréttindahugsjónir, sem við Íslendingar hrósum okkur svo mjög af, að við viljum í heiðri hafa, að halda þannig unglingunum í skólum ár eftir ár, án þess að neitt sé gert af opinberri hálfu til þess að koma til móts við þá.

Staðreyndin í málinu er sú, að skólakerfið er staðnað, það er ekki lifandi. Skólarnir eru því miður margir hverjir dauðar stofnanir, og þeir eru það vegna þess, að embættismannavaldið, miðstjórnarvaldið, sem heldur skólunum í kreppunni, er stirðnað og dautt. Lítum á gömlu gagnfræðaskólana, sem var stjórnað hverjum með sínum hætti. Við getum hugsað okkur gamla gagnfræðaskólann á Akureyri með þeim höfuðkempum Stefáni Stefánssyni skólameistara, Sigurði Guðmundssyni, Jóni Hjaltalín. Sá skóli var ekki aldeilis dauður. Og við getum nefnt ýmsa aðra skóla. Héraðsskólinn að Laugum var ekki aldeilis dauður. En svo byrjuðu skólarnir smátt og smátt að deyja, eftir því sem miðstjórnarvaldið varð meira, eftir því sem stjórnin var meir tekin úr höndum skólamannanna, sem áttu að vinna verkið. Skyldi nokkrum manni í nokkurri annarri grein detta í hug, að það fari vel á því um reynda og hæfa menn, eins og margir okkar skólamenn eru, að það geti staðist til lengdar og yfirleitt kunni góðri lukku að stýra að setja þeim fyrir fram reglur um alla hluti, að láta ekki skólana þróast og dafna nokkuð hvern með sínum hætti. Það getur ekki verið neitt tjón fyrir þjóðfélagið í heild, — ég get ekki séð það, — þó að nokkuð mismunandi blæsíðufjöldi sé lesinn í hinum mismunandi bókum eftir gagnfræðaskólum. Sannleikurinn er sá, að ef við ætlum að gera grunnskólann eða hvað við eigum að kalla okkar skyldunám, — ef við ætlum að gera hann lifandi, þá eigum við auðvitað að auka frjálsræði skólanna. Við eigum að gera skólunum kleift og gera t. d. hugsjónarmönnum — ég nefni bara af handahófi Magnús Jónsson skólastjóra Gagnfræðaskóla verknáms, — það á að veita skólamönnum af þessu tagi möguleika til þess að standa að öðruvísi skólastarfsemi en hér hefur verið rekin, og það mundi verða af hinu góða.

En það er ekki nóg með það, að öllum skólum skuli sett sama námsskráin og öllum unglingum, hvernig sem þeir eru af guði gerðir, hvernig sem þeir koma úr barnaskólanum. Ég man eftir einum unglingi, sem kolféll á barnaskólaprófi. Svo var hann settur upp í gagnfræðaskóla, og faðirinn kom nú til skólastjóra barnaskólans og spurði hann að því, hvernig stæði á því, að drengurinn sæti ekki eftir, hann hefði fallið á barnaskólaprófinu. Af hverju fer hann þá upp í gagnfræðaskóla? Svarið var þetta: Við viljum losna við hann. — Þeir vildu ekki hafa hann lengur. Þó var þetta afskaplega þægur og elskulegur piltur, en hann passaði ekki inn í kerfið.

Eins og ég sagði, þá eigum við að láta skólamennina ráða meira en gert er ráð fyrir í þessu frv. Við eigum að leyfa skólamönnunum að móta nokkuð sína skóla, það, sem þar fer fram, og þær námskröfur, sem gerðar eru. Með þeim hætti eru miklu meiri líkur til þess en nú er, að hægt sé að byggja upp í framtíðinni þá lifandi stofnun, sem ég veit að allir hér í hinu háa Alþingi eru sammála um að rísa verði.

Einn alvarlegasti hluturinn í sambandi við það nýja skólakerfi, sem nú er verið að koma upp, og má raunar segja að snerti ekki beint það mál, sem hér er til umr., er það, að á sama tíma og ríkisstj. beitir sér fyrir 40 stunda vinnuviku hjá fullorðnu fólki, tekur hún ekki til greina ábendingar kennarasamtakanna um það, hvort ekki sé rétt, að þetta skuli einnig gilda um unglingana. Ég hef orðið var við það, að ýmsir menn halda, þegar ég er að ræða um, að það eigi að stilla í hóf vinnuviku unglinga, að það mundi stytta vinnu kennarana. Það er ekki það sem hér er á bak við. Kennararnir munu auðvitað vinna sinn fulla starfsdag, hversu lengi sem unglingarnir eru í skólanum. Það, sem er á bak við þetta, er, að unglingarnir voru, eins og ég gat um í gær, 6 daga í skólanum áður, og það var eðlilegt, að á 6 dögum væri hægt að hafa kennslustundirnar fleiri en eftir að dögunum fækkaði í 5. Það var eðlilegt. En eins og þetta mál nálgast núna, er ekki gert ráð fyrir því, að kennslustundum fækki, þótt aðeins verði kennt á 5 dögum í staðinn fyrir 6. Það sýnir eitt með öðru, hvernig vinnubrögðin eru hér í hinu háa Alþ., að ég lagði fram um það þáltill. einhvern tíma í októbermánuði, að Alþingi ályktaði að beita sér fyrir því m. a. að kanna, hvort námstími gagnfræðaskólanemenda með hliðsjón af 5 daga skólaviku væri ekki of langur. Þetta

mál hefur ekki komið frá n. Þetta var nú samt eitt af fyrstu málunum, sem lögð voru fram um skólamálin á þessu þingi. Sem sagt, hér er ekki tekin hliðsjón af leiðbeiningu kennarasamtakanna um þetta efni.

Nú þarf ég ekki að segja hv. þdm. það, að auðvitað er afskaplega misjafnt, hversu mikla vinnu börn og unglingar leggja í sitt nám. Eins og ég sagði áðan, eyða margir þeir unglingar, sem algerlega hafa orðið utanveltu við skólann og ráða alls ekki við það, sem þar fer fram, miklum tíma til að búa sig undir næsta dag. Þó þekki ég dæmi um unglinga, sem hafa einmitt verið í þessum flokki, þeir hafa setið við, þegar þeir hafa komið heim, þó að þeir hafi engin tök á að ráða við neitt af því, sem fram fór, setið við allan eftirmiðdaginn og fram á kvöld og um helgar og ekki náð neinum námsárangri, og sjá allir, hversu hollt það er fyrir unglinginn, þegar þannig er. Miklu algengara er hitt, og það er hið eðlilega í sambandi við skólastarfið, þegar hinn daglegi námstími er orðinn of langur, að til að byrja með og sérstaklega getum við sagt í tímunum frá 9 á morgnana og jafnvel fram undir hádegi og í fyrsta tímanum eftir hádegi eru unglingarnir vel vakandi og auðvelt að vekja áhuga þeirra. Eftir því sem tímunum eftir hádegi fjölgar, fer þetta að verða erfiðara. Við getum sett okkur í spor unglinganna. Það er afskaplega erfitt verk í rauninni, það er ekkert áhlaupaverk að reyna að setja sig inn í kannske tvö erlend tungumál, læra þar ný orð og orðatiltæki og fá skilning á nýjum setningafræðilegum atriðum, eiga jafnframt að fást við eðlisfræði, stærðfræði, ný atriði í stærðfræði, og aðrar greinar frá 8 að morgninum samfleytt til 3 og 4 á daginn og fá enga almennilega hressingu að morgninum, að vísu einn klukkutíma í hádeginu, en að öðru leyti eru þarna engin hlé. Þessi mikli kennslustundafjöldi hefur ekki í för með sér að mínu viti annað en meiri kostnað fyrir ríkissjóð, og einnig veldur hann því, að unglingarnir leggja sig ekki eins fram við námið og ella mundi. Unglingar, sem eru búnir að vera í skóla frá 8 að morgninum til 4 um daginn eru ekki í skapi til þess eftir það að sitja yfir kennslubókum og námsbókum og læra allar þær greinar, sem teknar verða fyrir daginn eftir. Það er auðvelt að sjá, ef maður er að fást við að læra erlent tungumál. Hvað ætli það taki meðalgreindan nemanda langan tíma að búa sig undir næstu kennslustund í ensku, næstu kennslustund í dönsku, stærðfræði og þar fram eftir götunum? Hann talaði um það, hv. 6. landsk. þm., í ræðu sinni við 1. umr. og þótti engin tíðindi, þótt gagnfræðaskólanemendur ynnu 80 stundir á viku. Þetta er að sjálfsögðu til. Ég þykist vita, þótt sá hæstv. menntmrh., sem nú fer með það embætti, og þótt sá þingmeirihl., sem nú virðist ráða lögum og lofum hér, hafi ekki skilning á því, að það er ekki til góðs að þjaka unglinga of mikið yfir skólabókum á degi hverjum, og ég geri ráð fyrir því, að venjulegt, heilbrigt, skynsamt fólk skilji, að hóf er best í öllum hlutum. Ég geri ráð fyrir því. Ég geri þess vegna einnig ráð fyrir því, að kennarasamtökunum muni auðnast, eftir að ráðherraskiptin hafa farið fram, að sannfæra þá menn, sem með þessi mál fara þá, um það, að unglingarnir séu líka fólk og að unglingarnir þurfi líka á hvíld að halda.

Eins og ég sagði og eins og hv. 3. þm. Reykn. minntist réttilega á í gær, er kannske aldrei auðveldara að ofgera unglingum en einmitt á breytingaaldrinum, gelgjuskeiðinu, þegar unglingarnir eru að taka út kynþroska. Þá eru þeir óværastir, órólegastir. Ég tek undir með hv. 3. þm. Reykn., að það er einmitt á þeim árum, í 2. og 3. bekk, sem væri afskaplega fróðlegt að sjá, hvað kæmi út úr því, ef hinn árlegi skólatími yrði styttur og nemendurnir þess í stað látnir vinna að hollum störfum, bæði við sjávarsíðuna og ég tala nú ekki um upp til sveita.

Því hefur verið haldið fram hér og er talið, að það sé eitt af þeim atriðum, sem séu hvað mest jákvæð í sambandi við grunnskólafrv. og það nýja skólakerfi, sem hér er verið að tala um að koma á, að með því eigi að vera hægt að stytta skólagönguna um eitt ár, en kenna sama námsefnið. Ég hef heyrt þessari hugsun haldið fram. Ég hef aldrei séð né heyrt drög að þeim námsskrám, sem þeir, sem þessu halda fram, hugsa sér að leggja fyrir skólana að kenna eftir. En hitt veit ég, að þetta er algjörlega út í bláinn sagt. Þeir skólamenn, sem halda því fram, að það sé hægt að kenna öllum þorranum það á 9 árum, sem nú er gert á 10 árum, fara þar með algjört fleipur, til allrar hamingju vil ég segja, því að þá væri skólakerfið fyrst illa komið, ef það væri hægt að hrista það fram úr erminni og það væru svo sem engin vandkvæði á, bara væri hægt með einu lagafrv. á Alþ. án þess að lengja árlegan skólatíma neitt verulega að stytta skólagönguna um eitt ár. Ef það væri enginn vandi að gera slíkt og kenna samt allt það sama, þá væri ekki vel að staðið nú.

Auðvitað verður niðurstaðan sú um þetta frv., að ef grunnskólaprófið á að vera eitthvað sambærilegt próf við það, sem nú heitir landspróf, og ef það er hugsunin að gera einhverjar svipaðar kröfur undir grunnskólaprófið og nú er gert fyrir landspróf eða gagnfræðapróf, þá mun það sýna sig strax, alveg eins og það hefur sýnt sig núna, að börnin munu verða jafnlengi að þessu, þau munu taka þetta í 3. og 4. bekk, alveg eins og þau hafa gert, og það mun vera alveg sami hópurinn, sem verður lengur að því, og alveg sami hópurinn, sem verður fljótari. Það er nefnilega á þessum árum, að þroski unglinganna skiptir svo miklu máli, — þroskinn og jafnvægið. Þroskinn er til að tileinka sér hluti og jafnvægið er til að standa að náminu eftir gelgjuskeiðið. Þess vegna hefur það líka komið í ljós um margan unglinginn, sem hefur kannske verið heldur laus við og hefur kannske ekki staðið sig allt of vel, þegar hann hefur farið í landsprófsdeild, og hefur af þeim sökum kannske, eins og nú er farið að gera, farið síðan í gagnfræðapróf og þaðan í framhaldsdeildir og þá leiðina inn í menntaskóla, að margir þessir nemendur hafa staðið sig býsna vel í menntaskóla og síst verr en hinir, sem landspróf stóðust. Ástæðan fyrir því að svo er, er náttúrlega þessi, að þeir hafa þroskast, þeir eru í meira jafnvægi.

Það er mikið talað um það, og ég hef heyrt því haldið fram, ég heyrði það m. a. í afskaplega hjartnæmri ræðu hæstv. menntmrh. í gærkvöld eða í nótt, — hann var afskaplega hjartnæmur, hæstv. menntmrh., áður en hann vó að fræðslumálum Reykjavíkurborgar, það vantaði ekki bláu augun og sakleysislega yfirbragðið þá, hann var afskaplega hjartnæmur þá, þegar hann talaði um, að þetta frv. væri svo afskaplega vel unnið, það hefði verið lagt fyrir fleiri en eitt Alþ., lagt fyrir Alþingi af fyrrv. hæstv. ríkisstj. og af honum tvisvar sinnum, held ég. Samt eru nú allar þessar brtt. Samt komu nú fram 80 brtt. um málið í Nd. Og sá fundur fór þannig fram, að það vissi í rauninni enginn eftir 2. umr., hvað hafði verið samþ. og hvað hafði ekki verið samþ. Sú hv. d. leit einnig þannig á, að það væri ekki nema með eins atkvæðis mun, sem lenging skólaskyldunnar væri samþ. Eins og ég sagði áðan, en þessi hæstv. menntmrh. hefur ekki komið inn á, er kjarni málsins þessi: Ég og aðrir, sem erum á móti lengingu skólaskyldunnar, erum ekki á móti henni vegna þeirra góðu kosta, sem hún hefur í för með sér. Við erum ekki á móti lengingu skólaskyldunnar vegna þess, að við séum á móti því, að börnin læri. Við erum ekki á móti lengingu skólaskyldunnar, ef það gæti stuðlað að meira jafnvægi og jafnrétti milli nemendanna. Við erum á móti því að auka vald menntmrn. og fræðslustjórnarinnar, þegar hún kemur ekki meir til móts við þá nemendur og þá unglinga, sem nú eru í gagnfræðaskóla og verst eru settir, heldur en hún gerir. Við erum á móti því að láta þá menn, sem hafa staðið sig illa í sambandi við að koma á þeirri fræðsluskyldu og skólaskyldu, sem nú er, koma í gegn samþykkt plaggs upp á marga tugi blaðsíðna án þess að þeir sýni nokkra viðleitni í þá átt að bæta ráð sitt. Ef við mundum nú á þessari stundu samþ. lengingu skólaskyldunnar, værum við einnig með því að leggja blessun okkar yfir það, hvernig staðið hefur verið að skólaskyldunni fram að þessu, þær námskröfur, það námsefni, það framferði, sem þar er haldið uppi, og það er þetta, sem ég vil ekki gera.

Ég tel mig hafa sýnt fram á það með rökum, — og undir það hafa margir skólamenn tekið og þakkað mér fyrir það, — að af opinberri hálfu, að af hálfu menntmrn. hefur ekkert raunverulegt átak farið fram í því að athuga, með hvaða hætti hægt sé að hafa skólana fyrir alla. Í grunnskólafrv. er talað um mismunandi gerðir unglinga, ég man nú ekki orðalagið á því. Þar er sem sagt viðurkennt, að unglingarnir eru misjafnir. En það á ekki að viðurkenna það í sjálfu grunnskólafrv. Og það er annað í þessu máli. Þeir menn, sem sömdu þetta grunnskólafrv., sendu það inn í þingið, mennirnir, sem hugsuðu grunnskólafrv., bjuggu það til, vildu ekki taka verknámið inn í sitt frv. sem sérstakan lið á námsskrá. Þeir vildu ekki taka verknámið inn í grunnskólafrv. sem sérstakan lið á námsskrá, vegna þess að grunnskólafrv. er ekki hugsað út frá þeirri forsendu, að það geti verið hollt og gott fyrir unglingana og börnin að hafa verklega þekkingu eða standa að atvinnulífinu. Þessu var hins vegar breytt í Nd. og aftur vakin upp sú gamla hugsun og hugsjón, sem sett var í gömlu fræðslulögin frá 1946. En það er ósköp eðlilegt, að þeir menn, sem nú fara með völdin í menntmrn., séu ekki afskaplega áfjáðir í að flagga mikið með verknámið, eftir að svo er komið, að þeir eru búnir að drepa eina verknámsskólann, sem var hér í Reykjavík, Gagnfræðaskóla verknáms, sem nú er orðinn almennur hverfisskóli, og eftir að búið er að leggja niður að verulegu leyti þann annan skóla, sem hafði með verknám að gera, Lindargötuskólann. Skal ég þó segja það til hróss, ekki núv. fræðsluyfirvöldum í menntmrn., heldur þeim mönnum, sem stóðu að þeirri skólastofnun, að sjóvinnudeildin, sem þar var stofnuð og starfrækt, hefur haft þann lífskraft, að þrátt fyrir að skólinn var lagður niður, var fallist á það með sérstökum ráðstöfunum að leyfa henni að halda áfram.

Herra forseti. Ég kvaddi mér hljóðs til þess að mótmæla því, að á dagskrá skyldi tekið fyrirvaralaust grunnskólafrv. í gærkvöld. Það var ekki tekið á dagskrá fyrr en á tólfta tímanum. Ég lýsti því yfir við þá umr., og hv. 6. þm. Reykv. hafði líka lýst því yfir við þá umr., að við þyrftum á einhverjum tíma eða tómi að halda til þess að undirbúa brtt. fyrir 3. umr. málsins. Ég lýsti því yfir þá og ég sagði frá því þá, að það væru ýmis atriði í þessu frv., sem ég vildi ræða áfram við skólamenn hér í höfuðborginni. Sá kostur var valinn af hæstv. ráðh. og sú fyrirskipun gefin forsetum Alþingis að virða óskir okkar 6. þm. Reykv. að vettugi. Sú hefur verið afgreiðsla þessa máls, og er hún ekki í samræmi við það mál, sem hér er til umr., þýðingu þess. Ég reyndi að koma til móts við óskir stjórnarmeirihl. í gærkvöld og nótt með því að stytta mjög mál mitt og bjóst við því í staðinn, að sýnd yrði einhver tillitsemi, en það var auðvitað ekki við því að búast, að það gæti orðið.

Jón Árnason: Herra forseti. Um þessi mál, sem hér eru tekin til umr., sýnist allt hníga í þá átt, að það eigi að afgreiða þau núna, áður en þingi lýkur. Ég er ekki búinn að vera lengi í þessari hv. d. Þessi mál eru búin að vera undanfarin ár á dagskrá Nd., og það hafa verið fluttar mjög margar brtt. við þessi frv. og er enn, þegar málin koma í þessa d., að þá koma á skömmum tíma fram margar brtt., svo að það bendir allt til þess, að það sé ýmislegt óunnið enn þá og þurfi enn að taka málin til rækilegrar athugunar. En ég sé ekki, hvaða ástæða er til þess að reyna að keyra þessi mál svona hratt áfram, vegna þess að stórmál bíða enn afgreiðslu í þinginu, sem þingið hlýtur að fá til meðferðar, eins og efnahagsmálin. Eins og hæstv. forsrh. hefur lýst varðandi þau mál, hlýtur að taka nokkra daga að afgr. þau hér á hv. Alþ. Við vitum einnig, að það er komin fram vantrauststill. á núv. ríkisstj., og við vitum einnig, að hæstv. forsrh. hefur marglýst því yfir, að hann víki ekki eða stjórn hans nema fyrir vantrausti. Komið þið bara með vantrauststill., og þá skulum við bera hana undir þingið, hefur hæstv. forsrh. sagt. Þess vegna má fullvíst telja, að þar sem vantrauststill. hefur

nú verið lögð fram, þá líði enn nokkrir dagar, áður en þingi verði lokið að þessu sinni. Ég vil a. m. k. mega vænta þess, að efnahagsmálin, — allir eru sammála um, að stefnt sé í óefni í þeim málum, — hljóti nauðsynlega skoðun og afgreiðslu hér á hv. þingi, áður en þm. verða sendir heim.

Það er út af fyrir sig gott að hafa glæsilega skólalöggjöf og ramma um skólastofnanir. En sú þjóð, sem vill skipa þeim málum vel, verður líka að undirbyggja aðra þætti þjóðfélagsins að sama skapi. Það heldur enginn uppi kostnaðarsömum skólarekstri án þess að byggja efnahagsmál sín á traustum grundvelli, svo að ríkissjóður geti staðið undir rekstri slíkra skólastofnana. Eins og atvinnulífið blasir við í dag, þá segir það sig sjálft, að horfur í þeim málum eru á allt annan veg en þann, að við getum gert okkur vonir um, að ríkissjóður hafi að óbreyttri stefnu nokkra möguleika á því að standa undir auknum kostnaði í sambandi við skólarekstur. Það, sem merkilegast er í sambandi við þessi frv., sem hér eru til umr. og hér liggja fyrir, er, að það skuli ekki liggja fyrir nein áætlun um, hver kostnaðaraukinn verður eða hver afleiðingin verður að því leyti, hvað mikið kostnaðurinn eykst við skólahaldið, eftir að þessi löggjöf hefur komið til framkvæmda. Það er út af fyrir sig skiljanlegt, að þeir, sem standa að þessum frv., hafi áhuga á að koma þeim áfram. Þau eru búin að sitja ár eftir ár í Nd. (**Forseti:** Ég vil biðja hv. þm. að gera hlé á máli sínu, vegna þess að eindregið hefur verið óskað af form. Sjálfstfl., að þessum þingfundi yrði frestað til kl. 12, og ég vil gjarnan verða við þeirri ósk, en fundurinn heldur áfram aftur kl. 12. Fundinum er frestað.) — (Fundarhlé.)

Herra forseti. Ég var að tala um það, þegar ég lauk máli mínu áðan, að ég skildi vel, að þeir, sem stæðu að þessum skólafrv., vildu koma þeim áfram. En það virðist samt vera svo, að þrátt fyrir langan meðgöngutíma, sem þessi frv. hafa haft hér, séu þau ekki enn þá fullbúin. T. d. þegar grunnskólafrv. var til umr. í Nd., eftir að það var búið að vera til umr. á mörgum þingum áður, komu fram milli 90 og 100 brtt. við málið. Og á þeim tiltölulega skamma tíma, sem málið hefur verið í þessari hv. d., eru komnar til viðbótar milli 40 og 50 brtt. ásamt undirliðum, a. b og c, þannig að það er sýnilegt, að þessi frv. þarf að taka til enn þá ítarlegri athugunar, og þar sem þm. eru jafnsammála um, að frv. hafi verið meingölluð, sérstaklega grunnskólafrv., og þurft hafi að gera á því svo miklar breytingar sem raun ber vitni, þá á Alþingi tvímælalaust að gefa sér tíma til að skoða þessi mál öllu betur niður í kjölinn. Eins og ég sagði einnig áðan, get ég varla skilið annað en að nægur tími sé til þess í þessari hv. d. Það ætti að vera nægur tími til að athuga málið lengur, vegna þess að sýnilegt er, að Alþingi lýkur ekki á næstu dögum. Það hlýtur að taka nokkurn tíma að mynda nýja ríkisstj., því að vantrauststill. er borin fram á núv. ríkisstj., lögð fram hér á Alþingi í gær, og eftir þeim yfirlýsingum, sem hæstv. forsrh. hefur gefið áður á þinginu, má öllum ljóst vera, að sú till. verður rædd og afgr. Hann hefur margítrekað við hv. alþm., sem hafa hvatt hann til þess að leggja niður stjórnarstörf, að það mundi hann því aðeins gera, að fram kæmi vantraust á ríkisstj., og ef vantraust yrði samþ., mundi hann að sjálfsögðu fara frá og biðjast lausnar. Þetta hlýtur að gerast í dag eða á morgun. Síðan er ekkert óeðlilegt, að það taki nokkurn tíma að bræða flokka saman um nýja stjórnarmyndun, og á meðan ætti að vera tími til að skoða þessi mál öll betur niður í kjölinn, í stað þess að ætla sér að flaustra þeim af á svo örskömmum tíma eins og raun ber vitni í þessari hv. deild.

Satt að segja, þegar um slíkt stórmál er að ræða, má segja, að það gegni furðu, að ekki er byrjað að ræða málið hér fyrr en á tólfta tímanum í gærkvöld. Það er komið fram undir miðnætti, þegar byrjað er að ræða málið, og það merkilega á sér stað, þegar umr. stendur yfir, að þá eru margar af þeim till., sem menntmn. hafði komið sér saman um, dregnar til baka, a. m. k. til 3. umr., og bendir allt til þess, eftir því sem orð hafa fallið, að það sé meiningin að kippa þessum till. til baka. En vegna hvers á að kippa till. til baka og bæta þeim ekki inn í frv., ef það hefur verið meining n. og sannfæring, að frv. mundi batna með því, að þær breytingar yrðu gerðar á lagafrv., sem í þessum brtt. felst.

Ég vil enn á ný koma að því, sem ég vék að fyrr í ræðu minni, varðandi efnahagsmálin, sem mér finnst að eigi að ræða, að það sé ekkert óeðlilegt, að efnahagsmálin séu rædd jafnhliða því sem verið er að ræða jafnkostnaðarsama löggjöf og þessa. Það hlýtur að eiga sér stað stóraukinn kostnaður fyrir ríkissjóð, þegar þessi lög koma til framkvæmda. Og það er eftirtektarvert, að það skuli ekki liggja fyrir neinar upplýsingar um það, hvað sá heildarkostnaður muni verða umfram það, sem núv. skólalöggjöf kostar á ársgrundvelli. Mig minnir, að það standi einhvers staðar í grg. með frv., að heildarlaunakostnaðurinn á árinu 1973 hafi verið 1000 millj. kr. Það er ekki einu sinni haft svo mikið við, þótt Alþ. sé búið að afgr. fjárl. fyrir árið 1974 og fyrir liggi tölur í þessu sambandi fyrir yfirstandandi ár. Vitanlega er þar um verulega hærri upphæð að ræða en þá var, og enn hefur verðbólgan sett svip sinn á þennan lið í fjárlögunum og hann hlýtur að stórhækka, enda þótt skólalögunum verði ekki breytt, þannig að kostnaðurinn aukist verulega frá því, sem nú á sér stað. Því var, að mig minnir, slegið fram, miðað við þetta dæmi, 1973, sem sett var fram, þá mundi hækkunin verða um 132 millj. kr., þegar búið væri að gera plús og mínus við einstaka liði í sambandi við útreikninginn. En það er vitanlegt, að það er alveg út í loftið sagt, þær tölur, og það nær ekki nokkurri átt að miða við kostnaðinn 1973. Það mun koma í ljós, strax og farið verður að vinna að uppbyggingu fjárlagafrv. fyrir næsta ár, árið 1975, ef til þess kemur, að þessi lagafrumvörp verði samþykkt, að þá muni vera þar um verulega aukinn kostnað að ræða fram yfir það, sem um getur í þessari athugun.

Nei, það er vissulega rétt, sem hæstv. forsrh. hefur haldið fram hér í sambandi við efnahags-

málin í þeirri ræðu, sem hann flutti, þegar hann lagði fram frv. ríkisstj. um viðnám gegn verðbólgu og aðrar ráðstafanir til að stuðla að jafnvægi í efnahagsmálum, að það er vissulega um mikið hættuástand að ræða. Það er engin smáhrollvekja, sem þar er á leiðinni. Það er vissulega hægt að líkja því miklu frekar við alvarlegt hættuástand hjá íslensku þjóðinni í efnahagsmálum í dag. Og enda þótt segja megi, að ástandið sé nægjanlega dökkt, þó að stuðst sé við þá grg., sem fylgir efnahagsfrv., sem hæstv. ríkisstj. hefur lagt fyrir Alþingi, þá liggur það ljóst fyrir í dag, að í mörgum efnum er ástandið enn alvarlegra en þar kemur fram.

Ég tel alveg nauðsynlegt, að þegar verið er að ræða um einn þátt í þjóðarbúinu, mjög kostnaðarsaman þátt, eins og skólamálin að sjálfsögðu eru, þá sé um leið, sérstaklega eins og nú stendur á, reynt að gera sér nokkra grein fyrir afkomumöguleikum þjóðarbúsins til þess að taka á sig stóraukin útgjöld, sem hljóta að eiga sér stað samfara því, að þessi löggjöf kæmi til framkvæmda. Í aths. við frv., sem ég var að vitna til, frv. til l. um viðnám gegn verðbólgu og aðrar ráðstafanir til að stuðla að jafnvægi í efnahagsmálum, segir, með leyfi forseta, í sambandi við afkomu atvinnuveganna, en vitanlega skiptir miklu máli, hvernig útlitið er um, að atvinnulíf geti haldið áfram, — að atvinnulífið hafi rekstrargrundvöll og geti veitt þá atvinnu, sem lífsafkoma þjóðarinnar byggist á, — þar segir svo, með leyfi forseta:

„Að afstöðnum fiskverðs- og verðjöfnunarákvörðunum um s. l. áramót var áætlað, að hreinn hagnaður fiskfrystingar fyrir beina skatta næmi 250—300 millj. kr. á ársgrundvelli, eða rúmlega 2% af tekjunum. Í þessari áætlun var miðað við, að meðalhækkun launakostnaðar fiskiðnaðarins á fyrstu fimm mánuðum ársins yrði um 10% frá áramótum. Aðrar kostnaðarbreytingar voru áætlaðar í átt við þetta. Meðalverð mikilvægustu afurða í tekjuhliðinni, freðfiskafurða og heilfrysts fisks, var áætlað um 69½ Bandaríkjacent hvert pund. Launakostnaðurinn í dag er a. m. k. 19% hærri," segir hérna, „en reiknað var með um áramót og eftir 1. júní 35% hærri. Hins vegar hefur meðalverð afurðanna, sem nefndar voru hér að framan, lækkað í 65 cent hvert pund eða um 6—7%, miðað við hugmyndir um verð í marslok. Enn ríkir þó veruleg óvissa um markaðshorfur. Hins vegar bendir fátt til annars en að þessi lækkun sé óumflýjanleg. Þessi lækkun ásamt líklegri hækkun farmgjalda veldur um 620 millj. kr. tekjumissi fyrir frystiiðnaðinn á heilu ári."

Nú vita allir hv. þm., að nýlega er búið að ganga frá samningum í sambandi við kaupskipaflotann, og það segir sig sjálft, að þær hækkanir, sem þar var samið um, hljóta að hafa afleiðingar í þá átt, að farmgjöldin hljóta að stórhækka. Það bætist þá á kostnaðarliði framleiðslunnar, og rekstrarútgjöldin hljóta því að aukast að sama skapi. Allt eykur þetta að sjálfsögðu á þann halla, sem fyrirsjáanlegur er í sambandi við þennan atvinnuveg. En samkvæmt gildandi reglum má þó segja, að það komi sér vel fyrir núv. ríkisstj. á meðan hún situr að völdum, þangað til hún hrökklast frá, þá komi að góðum notum fyrir núv. ríkisstj. löggjöfin, sem sett var af viðreisnarstjórninni í sambandi við verðjöfnunarsjóðinn, sem komið var á varðandi sjávarútveginn. Þessi verðjöfnunarsjóður, sem nú mun nema nokkuð á annan milljarð kr., verður notaður til þess að draga nokkuð úr þeim halla, sem þarna á sér stað. Gert er ráð fyrir, að þessi sjóður muni greiða um helming þeirrar lækkunar, sem á sér stað frá því verði, sem miðað var við, þegar samningar tókust um s. l. áramót varðandi fiskverð. „En það, sem eftir stendur þá, er meira en nóg til að eyða öllum hagnaði frá fyrri áætlun," segir í þessu áliti, „þótt ekki kæmi fleira til. Á móti þessu má segja, að séu nokkur jákvæð atriði, t. d. heldur hærra verð á frystri loðnu en reiknað var með, en miklu meira máli skiptir, að ef fiskmjölsverð hefur lækkað frá áramótum úr 10 Bandaríkjadölum hver eggjahvítueining í nálægt 8 Bandaríkjadali (og þarf raunar mikla bjartsýni til slíks mats) þarf að reikna með lækkun tekna frystingar af seldum úrgangi til mjölvinnslu um nálægt 300 millj. kr. á heilu ári. Launahækkun — eingöngu til dagsins í dag — nemur beinlínis um 550 millj. kr. á ári fyrir frystinguna, og aðrar kostnaðarhækkanir eru varla undir 300 millj. kr. Þannig blasir við stórfelldur hallarekstur frystiiðnaðarins. Við rekstrarskilyrðin í apríl-maí 1974 gæti tapið numið 1100—1200 millj. kr. á ársgrundvelli eða 10—11% af heildartekjum. Sé reiknað með kaupgreiðsluvísitöluhækkun fram til 1. sept. (sbr. töflu hér að framan) og kostnaðaráhrifum hennar til viðbótar, stefnir tapið að óbreyttu gengi í tvöfalt hærri tölur, eða 20—22% af heildartekjum. Sé verðjöfnunarbótunum bætt við, fara þessar taphlutfallstölur að nálgast 25%, en í því sambandi má nefna, að afskriftir nema 3% af tekjum á þessari áætlun."

Þó að það séu aðeins örfáir dagar síðan þetta frv. var lagt fyrir Alþ., er augljóst mál í dag, að þar er um algjörlega úreltar tölur að ræða, hvað varðar þetta verðlag, sem hér er vitnað til. Í því sambandi vil ég sérstaklega vekja athygli á því, að hæstv. ríkisstj. miðar hér við 10 Bandaríkjadali fyrir hverja próteineiningu í sambandi við mjölframleiðsluna. En síðan þetta átti sér stað, er ríkisstj. sjálf búin að beita sér fyrir samningum við eina viðskiptaþjóð, sem hefur keypt nær helminginn af allri mjölframleiðslunni á yfirstandandi ári, — ekki fyrir 10 Bandaríkjadollara hverja próteineiningu, heldur 6½ dollar. Það er um þriðjungur, sem þær tölur hafa lækkað, sem byggt er á í sambandi við þetta frv. um efnahagsmál, sem hæstv. ríkisstj. hefur lagt fram. En þar með er ekki öll sagan sögð, því að til viðbótar því skeður það einni viku síðar á mjölmarkaðinum í London, að það er gerður stór samningur um sölu á þessum afurðum fyrir 5.30 Bandaríkjadali, og þá erum við farin að nálgast það, að söluverðið á próteineiningu á mjölinu, sem er stór þáttur í útflutningsverslun okkar, hafi lækkað um 50%, og sjá allir, hvert stefnir um fjárhagslega afkomu verksmiðjanna, þegar svo er komið, að verðfallið nemur um 50% frá þeim tölum, sem byggt var á, þegar verð var ákveðið um s. l. áramót.

Það má segja, til þess að allt komi fram í þessu máli, bæði björtu og svörtu hliðarnar, —

ekki veitir af, að björtu hliðarnar séu dregnar fram í dagsljósið líka til þess heldur að draga úr því dökka ástandi, þeim dökku hliðum, sem eru á þessum efnahagsmálum, — að staða saltfisks- og skreiðarframleiðslu virðist mun betri um þessar mundir, sagði hæstv. forsrh. í gær. En hverjum dettur í hug að fara að hengja upp skreið, þegar komin er júnímánuður? Ég veit það ekki. Flugan sest á fiskinn og eyðileggur hann. Ég veit ekki, hvar þessi hæstv. ráðh. hefur stundað útgerð eða fiskverkun, ef honum finnst, að það sé tímabært að tala um, að það sé góð afkoma nú í dag að fara að hengja upp skreið, þegar kominn er sumartími og hitinn hvað mestur. Það væri bara til að eyðileggja þessa framleiðslu. Nei, svona virðist vera byggt á mikilli vanþekkingu hjá mörgum af þeim mætu mönnum, sem eru að ræða þessi mál, að það er jafnvel svo, að þeim dytti kannske í hug, þegar komið er fram í júlí og ágúst, og segði þá með sömu rökum, að nú væru hrogn í góðu verði, en þá eru bara engin hrogn til í fiskinum. Það væri í beinu sambandi við það, sem kom fram í sjónvarpinu í gær, þegar hæstv. forsrh. fór að tala um, að nú væri hægt að hengja upp skreið, það væri góð afkoma hjá framleiðendum, sem væru með saltfisk og skreið, og þess vegna væri hægt að snúa sér að því og hætta þá sjálfsagt að frysta, það mundi bjarga atvinnuveginum.

Það er rétt út af fyrir sig, að staða saltfisks- og skreiðarframleiðslu virðist vera betri um þessar mundir en afkoma frystingarinnar. Saltfiskverð hefur haldið áfram að hækka, en er nú staðnað, eftir því sem ég hef fengið upplýst. Þetta veldur því samt sem áður, að rekstrarskilyrðin í apríl og maí eru betri fyrir saltfisks- og skreiðarfyrirtækin en frystiiðnaðinn. En ég held, að það hafi verið ákaflega lítið hengt upp af skreið á s. l. vertíð, og það er í beinu sambandi við það, að þorskaflinn hefur stórum minnkað, og yfirleitt eru það lökustu tegundirnar, sem hafa verið verkaðar í skreið. En hækkanir, sem fram undan eru þar til í sept. eða í haust, ég tel mjög hæpið að gera ráð fyrir þeim.

Sama máli má segja að gegni um bátaflotann. Afkoma þorskveiðibátaflotans var talin standa í járnum, eins og vetrarvertíðarskilyrðin voru áætluð um áramót. En þá var reiknað með, að olíuverðið til útgerðarinnar hefði haldist óbreytt frá haustinu 1973. En nú væri ekki úr vegi að spyrja hæstv. sjútvrh., hvað hann hygðist fyrir. Nú nálgast óðum þau tímamörk, að hlutverk sjóðsins, sem myndaður var í sambandi við 5% útflutningsgjaldið á loðnuafurðum, ljúki, og reyndar standa málin svo í dag, að sjóðurinn hefur ekki fjármagn til að greiða þær kvaðir, sem hljóta að koma á hann bara á þessu tímabili fram til mailoka. Hér stendur útgerðin að sjálfsögðu frammi fyrir miklum vanda. Reyndar hafði hæstv. ríkisstj. gefið yfirlýsingar um það, að hún mundi vilja vinna að því, að olíuverðinu fyrir bátaflotann yrði haldið niðri fram til áramóta. En hvar hæstv. ríkisstj. ætlar að fá peninga til þess að greiða það, það liggur ekki fyrir í dag, og það liggur líka ljóst fyrir, að hæstv. ríkisstj. er að fara frá völdum, því að það hlýtur að vera samþ. á hana vantraust í dag eða á morgun, og þá hlýtur hún að leggja niður störf. Þá kemur það að sjálfsögðu í hlut þeirra, sem við taka, að finna leiðir til að fjármagna sjóðinn, til þess að hann verði fær um að draga úr þessum kostnaðarauka fyrir útgerðina. En það tel ég fullvíst, að ef ekki verður fundin leið til þess að halda olíuverðinu niðri, eins og gert hefur verið á yfirstandandi vertíð, þá muni fyrr en varir koma til rekstrarstöðvunar hjá bátaflotanum.

Á síðari hluta þessa árs blasa við, eins og allir vita, kostnaðarhækkanir. T. d. nú bara að fáum vikum liðnum eða 1. júní skellur á sú mikla hækkun, 1. júní-hækkun, sem var talið fyrir örfáum dögum að mundi nema um 13—15% í kaupgreiðsluvísitölunni. Nú er það hins vegar fullyrt, að þessi reikningur standist ekki og að hækkunin muni verða enn meiri, 15—17% a. m. k. 1. sept. kemur enn hækkun samkvæmt gildandi lögum og kerfi, og sjá allir, að hallatölum þessarar útgerðar er þá stefnt í, eftir því sem athuganir hagrannsóknadeildarinnar hafa gefið upplýsingar um, a. m. k. um 700 millj. kr. á ársgrundvelli. En til viðbótar þessu gæti komið gífurleg olíuverðhækkun eftir áramótin, ef ekki verða gerðar nýjar ráðstafanir til þess að halda olíuverðinu niðri. Hins vegar verður ekkert sagt um það, hvort þetta olíuverð, sem nú er, standi stöðugt eða hvort það hækki eða lækki. En flest bendir til þess, að það sé ekki hægt að gera sér vonir um, að olíuverðið fari lækkandi a. m. k. á næstu mánuðum. Allt er þetta mjög ískyggilegt.

Til viðbótar kemur svo rekstur togarana. Hann stóð mjög höllum fæti þegar við síðustu áramót og sýnilegt, að rekstrarstaða þeirra muni versna mjög eftir því sem á árið líður. Gæti rekstrarhalli togaraflotans numið allt að 1 milljarði kr. á ársgrundvelli miðað við rekstrarskilyrði í sept. n. k. Eins og kunnugt er, skipaði hæstv. sjútvrh. sérstaka n. til að kanna stöðu skuttogaranna, og hún hefur fyrir stuttu skilað áliti, og ég fékk eitt eintak af þessu áliti togaranefndarinnar. Og það verð ég að segja, að það horfir mjög ískyggilega fyrir þeim atvinnurekstri. Mætti segja mér það, að sá milljarður, sem hér er talað um í því sambandi, muni reynast allt of lág tala, tapið muni verða meira, þó að ekki komi til sú gífurlega hækkun í sambandi við rekstrarkostnað togaranna, sem fyrirsjáanleg er, ef ekki verða gerðar einhverjar ráðstafanir til að hamla þar á móti. Sjávarútvegurinn allur stendur þannig frammi fyrir stórkostlegum rekstrarerfiðleikum, sem hljóta að leiða til stöðvunar, ef ekki verða gerð stórfelld átök í efnahagsmálum til þess að tryggja áframhaldandi rekstrargrundvöll.

Svo mætti minnast á iðnaðinn, verslunar- og þjónustustarfsemi. Allt bendir til þess, að launahækkunum þeirra yrði að mestu velt út í verðlag á heimamarkaði. Samkeppnisaðstaða þeirra greina, sem eiga í samkeppni utan að, setur þó mörk fyrir möguleika til verðhækkunar, og þar með kemur að því, að þær greinar, sem ekki njóta fjarlægðarverndar eða annarrar verndar, lenda í rekstrarerfiðleikum. Verulegar verðhækkanir erlendis að undanförnu hafa dregið úr þessu aðhaldi. En það er alls ekki rétt að vitna til þess í sambandi við iðnaðinn. Og ef til koma þær launahækkanir, sem gert er ráð fyrir, hlýtur það að hafa þau áhrif á næstu

vikum, að innlendi iðnaðurinn stöðvast. En hann hefur nú því hlutverki að gegna, að metta innlenda neyslumarkaðinn og jafnframt að framleiða til útflutnings. Það segir sig sjálft, að sá atvinnuvegur, sem verður að byggja afkomu sína á heimsmarkaðsverði á sölu afurða sinna, getur ekki tekið við stórauknum álögum, útgjöldum í sambandi við reksturinn, án þess að til komi tekjur á móti, og þegar ekki er hægt að ná hækkuðu verðlagi erlendis, verður að gera þær ráðstafanir, sem nauðsynlegar eru, heima fyrir, því að ef slíkar ráðstafanir verða ekki gerðar, hlýtur að fara eins um þessa atvinnugrein og sjávarútveginn, að hann mun stöðvast.

Þessari ungu atvinnugrein, iðnaðinum, hafa verið mjög þungar í skauti á s. l. ári og hafa leikið þennan atvinnuveg mjög hart, þær ráðstafanir, sem gerðar voru af núv. ríkisstj., þegar hækkun á gengi krónunnar átti sér stað. Það segir sig sjálft, þar sem þessi atvinnuvegur barðist í bökkum áður, að hann hlaut að enda í enn meiri erfiðleikum, eftir að þær ráðstafanir voru gerðar. Og það má segja í sambandi við gengismálin, sem vitanlega hafa mjög mikil áhrif, — gengisskráning krónunnar hefur mjög mikil áhrif á efnahagslíf þjóðarinnar, — að það verður að styðjast við margt í sambandi við framleiðslu þjóðarinnar, þegar verið er að taka ákvarðanir um að breyta gengi krónunnar á hverjum tíma. Það er ábyggilega mjög varhugavert að leggja til grundvallar jafnlítinn hluta af útflutningsframleiðslunni og þegar mænt var á eina tegund framleiðslunnar, t. d. fiskblokkina. Að vísu var hún orðin stór liður í útflutningnum, en að byggja gjaldeyrisskráninguna á því, hvað blokkin seldist í dag eða á morgun, það er alveg út í hött, og ekkert þjóðfélag á að geta leyft sér að afgr. þessi mál á jafnábyrgðarlausan hátt og ég tel að hafi verið gert í sambandi við hækkun krónunnar á sínum tíma, þegar það var gert og rökstutt með því, að hækkun á þessari afurð hafði þá átt sér stað.

Nei, það eru hvorki skólamál né annað, sem við þurfum á að halda í uppbyggingu okkar þjóðarbúskapar, sem verður skipað á neinn veg án þess að líta til þess, hvernig þjóðin er fær um í sínu efnahagslífi að veita fjármagn til þess eða byggja upp fjárhagsgrundvöll til þess að standa undir þeirri þróun, sem á sér stað í þessum efnum. Skólamálin eru eins og öll önnur mál háð efnahagsafkomu þjóðarinnar, hvað við getum leyft okkur að verja miklum fjármunum til þess að standa undir því, sem við viljum byggja upp varðandi menntun og skólahald í okkar landi.

Í aths. við þetta frv., sem ég hef vitnað til, segir ýmislegt um þjóðhagshorfur og greiðslujöfnuðinn. Ég vil segja það í sambandi við greiðslujöfnuðinn, að það er út af fyrir sig einn af alvarlegustu þáttunum í sambandi við okkar efnahagslíf, hvernig þar horfir, því að í þessu áliti, sem hér liggur fyrir, er gert ráð fyrir því, að svo geti farið, verði engar sérstakar ráðstafanir gerðar, að það verði um 8 þús. milljónir kr. viðskiptahalli á þjóðarbúinu. En þegar gengið er út frá því og það er sett fram, gerir ríkisstj. ráð fyrir því, að við getum selt alla mjölframleiðsluna frá s. l. vertíð, sem var metvertíð hvað loðnuafla snertir, — þá gerir hún ráð fyrir því, að við getum selt loðnumjölið á 10 dollara hverja próteineiningu. Síðan liggur það fyrir í dag, að ríkisstj. hefur beitt sér fyrir sölusamningum á loðnumjöli, á verulegu magni, allt að því helmingi heildarframleiðslunnar, til Póllands fyrir um 6½ dollar. Og eins og ég sagði áðan, hafa átt sér stað sölur eftir það fyrir 5,30 dollara próteineiningin. Þá sjáum við, ef við leggjum þetta til grundvallar og aðrar lækkanir, sem eiga sér stað í þessum efnum, að þá verða það engar 8 þús. millj. kr., sem viðskiptahalli þjóðarinnar verður. Nei, það mun að vísu ekki óhætt að tvöfalda þá tölu, en hún hlýtur að fara nokkuð yfir 10 milljarða kr., viðskiptahallinn á þjóðarbúinu, ef engar ráðstafanir verða gerðar, eftir að búið er að eiga sér stað það verðhrun á okkar framleiðsluvörum eins og orðið hefur varðandi t. d. fiskimjölið, loðnumjölið. Þess vegna má segja, að þegar slíkur greiðsluhalli á sér stað á þjóðarbúinu, þá leiði annað þar af. Gjaldeyrisvarasjóður okkar hlýtur að lækka að sama skapi og í sömu hlutföllum, nema því aðeins að áfram verði haldið á þeirri braut að taka ný og ný erlend lán til þess að byggja upp gjaldeyrisvaraforða þjóðarinnar. En allir sjá, að á þeirri braut verður ekki lengi haldið áfram. Gjaldeyrisvarasjóðurinn var um síðustu áramót talinn 6 þús. millj. kr. Í þessu plaggi, sem ég hef vitnað til, er gert ráð fyrir því, að hann muni hafa lækkað um næstu áramót a. m. k. um helming. En þar er ábyggilega allt of varlega til orða tekið, t. d. með tilliti til þess, sem ég vitnaði í áðan, að svo geigvænlegt verðfall hefur átt sér stað á mjölframleiðslunni. Nú vita allir að hraðfrysti fiskurinn hefur fallið og hann er fallandi, og þess vegna má gera ráð fyrir því, að um leið og viðskiptahallinn eykst enn verulega, þá muni gjaldeyrisvarasjóðurinn ekki aðeins ganga til þurrðar, heldur muni blasa við þjóðinni ekkert annað en gjaldeyrishrun, það er ekkert annað fram undan, eins og átti sér stað, þegar fyrri vinstri stjórnin hrökklaðist frá völdum á árinu 1958. Þá var búið að bjarga þjóðarbúinu áfram með lánum, erlendum lánum, og var komið svo, að það var búið að tæma þá möguleika, þannig að það fengust hvergi lán. Þess vegna blasti ekkert við annað en það hengiflug, eins og háv. forsrh., Hermann Jónasson, sagði, að það væri ekkert fram undan í okkar efnahagsmálum annað en hengiflug, sem við mundum steypast fram af, ef áfram héldi sem þá horfði. Þá var engin samstaða innan ríkisstj. til að gera neinar úrbætur eða gera neinar ráðstafanir, sem að gagni mættu koma. Nákvæmlega það sama á sér stað í dag. Núv. hæstv. forsrh. skilar þessu frv. inn í þingið, en hann segir um leið: Um einstakar gr. þessa frv. er engin samstaða innan ríkisstj. — Og það hefur komið á daginn, og við sáum það seinast í sjónvarpinu í gær, þegar form. stjórnmálaflokkanna voru þar að leiða saman hesta sína og gera grein fyrir afstöðu sinni til þessara mála, að það var eitt og annað í þessu frv., sem meira að segja stjórnarflokkarnir voru ekki sammála um og vildu afneita á einn og annan hátt. Þess vegna má segja, að við stöndum nú frammi fyrir því sama og þegar fyrri vinstri stjórnin hrökklaðist frá völdum. Það er

engin samstaða innan ríkisstj. um neina till. eða úrbætur, sem að gagni mega koma. Því neld ég, að það hefði verið miklu mannlegra fyrir núv. hæstv. forsrh. hreinlega að segja af sér, eins og Hermann Jónasson gerði á sínum tíma. Það var mannlegt út af fyrir sig að viðurkenna, að hann réð ekki við erfiðleikana. Hann gaf öðrum möguleika til þess að komast að og taka við og gera átak í þessum málum, sem gert var strax á árunum 1959 og 1960.

Því hefur oft verið haldið fram af núv. stjórnarflokkum, að það hafi verið fyrsta ár viðreisnarstjórnarinnar, eftir að hún tók við völdum, að það varð að lækka gengið um 50% eða tvöfalda krónuna. (**Forseti:** Ég vil minna hv. þm. á, að það, sem er til umr. í d., er frv. um skólakerfi, og vil ég biðja hv. þm. að halda sig við þau málefni, sem til umr. eru, en önnur ekki.) Það er mikið rétt, hæstv. forseti, að það eru skólamálin, sem eru til umr. hér á hv. Alþingi í dag. En oftar en einu sinni hef ég vikið að því í ræðu minni, að það gegnir sama máli um skólamálin og aðra þætti í okkar þjóðarbúskap, að við verðum að byggja á efnahagsmálum þjóðarinnar, og ef hæstv. forseti skilur það ekki, að ég hlýt að tala nokkuð um efnahagsmál, þegar ég tala um skólamálin, vegna þess að sú n., sem fékk þessi mál til meðferðar eða til þess að semja þetta frv., hefur ekki látið svo lítið að gera grein fyrir því, svo að hægt sé að byggja á, hvaða afleiðingar það hefur fyrir fjárhagsstöðu þjóðarinnar eða útgjöld í t.d. næstu fjárlögum, ef þetta frv. verður að lögum. Ef það lægi nú fyrir, að hæstv. ríkisstj. hefði undirbúið þannig málið fyrir Alþingi, að við gætum gert okkur grein fyrir, hversu mikinn kostnað leiddi af þessu, þá horfði málið allt öðruvísi við. En á meðan það er uppi í skýjunum og við getum ekki gert okkur grein fyrir, hvaða fjárhagslegar skuldbindingar þjóðin er að binda sér með því að samþ. þessi frv., sem hér liggja fyrir til afgreiðslu, þá er ekki óeðlilegt, að það sé talað um efnahagsmál þjóðarinnar, sérstaklega þegar við blasir það hættuástand, sem nú er fram undan að áliti hæstv. forsrh., eins og hann hefur haldið fram og kemur skýrt fram í frv., sem ég hef hér nokkuð vitnað til. Ég hef ekki farið það langt frá málinu, að mér finnist ástæða til að áminna mig um það. Ég man nú ekki, hvaða frv. við vorum að ræða, en hv. vinur minn, Páll Þorsteinsson, var að flytja hér einu sinni ræðu á Alþ. á sínum tíma um nokkuð, — það voru ekki tollamál, sem við vorum þá að ræða um, — en ég minnist þess, að hann tók með sér tollskrána hér upp í púltið og hann las grein fyrir grein. Hann talaði um, að það þyrfti að lækka tollinn á exporti og kaffi og öðru þess háttar, sem kom á engan hátt málinu við. En ég vil aftur halda því fram, að efnislega haldi ég mig við málið. Það er svo margt, sem er tengt skólamálunum, og fjármálin eru náttúrlega stór liður í sambandi við skólamálin og reyndar heildaruppbyggingu okkar þjóðfélags. Þess vegna verður ekki fram hjá því komist, sérstaklega með tilliti til þess, hvernig þessi mál standa núna fyrir hugskotssjónum alþm., þar sem hæstv. ríkisstj. hefur lagt á borðið hjá okkur frv., sem skýrir frá því, að það sé alvarlegt hættuástand fram undan hjá þjóðarbúinu í efnahagsmálum. Hví skyldum við ekki tala um efnahagsmálin, eins og ég hef gert hér, þegar við erum að samþ. stóran lagabálk í sambandi við menntamálin og skólamálin, sem eru stór útgjaldaliður á fjárlögum. Ég held, að það sé vissulega ástæða til þess, að taka það með í reikninginn, um leið og við ræðum skólamálin, að til þess að við getum haldið uppi miklum og myndarlegum menntastofnunum og skólum, þá þurfum við fjármagn, og við verðum að undirbyggja það á skynsamlegan hátt.

Það er ýmislegt fleira, sem kemur fram í þessu plaggi, sem ég hef svo oft vitnað hér til. Þar segir m.a., með leyfi hæstv. forseta:

„Atburðarás síðustu vikna og mánaða á sviði efnahagsmála hefur verið svo ör og breytingar verðlags og launa svo tíðar og miklar, að torvelt er að setja fram nákvæmt mat á þjóðarhagshorfum ársins. Sama gildir að miklu leyti um það mat á afkomuhorfum atvinnuvega, sem fram kom hér að framan“ — og ég hef vikið allítarlega að hér áður. „Þetta er nauðsynlegt,“ segir hæstv. forsrh., „að hafa í huga, þegar tölurnar eru skoðaðar. Hitt er svo jafnvíst, hvað sem nákvæmni talnanna líður, að efnahagsveðramótin fram undan eru svo skörp og vandamálin, sem þeim fylgja, svo alvarleg, að varla er of fast að orði kveðið, þótt ástandið fram undan sé nefnt hættuástand.“

Ég held, að það sé gott fyrir okkur hv. alþm. að gera okkur grein fyrir því og taka nokkuð mark af því, sem hæstv. forsrh. segir, og tekur fram í þessari grg. Þess vegna er okkur nauðsynlegt að fá það upplýst betur en nú er ljóst, hvað leiðir af þessari löggjöf, hvað leiðir af samþykkt þessara frv. beggja um skólamálin, sem eru til afgreiðslu í hv. d. og hafa verið hér aðeins í fáa daga, miðað við allan þann meðgöngutíma, sem þetta frv. hefur haft á hinu háa Alþ. Frv. er búið að vera á Alþ. í fjöldamörg ár, og ég skil það út af fyrir sig, að þeir, sem standa að þessum króga, vilji koma honum eitthvað áfram. Þeir vilja ekki horfa upp á það, að þetta verði einhver eilífðarstúdent í þessari stofnun. En það virðist nú margt benda til þess, að það gangi mjög illa að fá fullnaðarprófið í þessu sambandi.

Það var sagt, svo að ég haldi áfram með efnahagsmálin, því að ég tel þau nátengd því, sem hér er um að ræða. „Við upphaf ársins var reiknað með því, að aukning þjóðarframleiðslu á árinu gæti orðið 4—5%.“ Menn skulu taka eftir því. „Vegna versnandi viðskiptakjara,“ — sem vissulega verða miklu verri en hér er reiknað með, eftir því sem fram hefur komið síðan þetta frv. var samið, — „var reiknað með minni aukningu þjóðartekna og þjóðarframleiðslu, eða 3—4% aukningu. Þessi hugmynd um aukningu þjóðarframleiðslu virðist geta staðist,“ segir hæstv. forsrh., „takist að tryggja ótruflaðan rekstur atvinnuveganna.“ En hver segir í dag, að það sé hægt að tryggja ótruflaðan rekstur atvinnuveganna? „Hins vegar er fremur við því að búast, að rýrnun viðskiptakjaranna verði meiri“ — og það er rétt hjá hæstv. forsrh. — „en fyrr var spáð.“ Rýrnun viðskiptakjaranna verður vissulega miklu meiri en komið hefur fram.

„Þannig er nú búist við, að aukning þjóðartekna verði ekki nema tæplega 2% milli áranna 1973 og 1974. Þjóðarútgjöldunum er hins vegar að öllu óbreyttu stefnt langt yfir þetta mark. Aukning einkaneyslu stefnir í 10% á árinu," — og hún stefnir vissulega í miklu meira en 10%. Fjárfestingaráform bæði hins opinbera og einkaaðila eru mjög hátt stillt." En náttúrlega verða fjárfestingaráform hins opinbera skorin niður. Það er búið að gera því skóna, að það eigi að skera niður um 1½ milljarð kr., og það verður látið lenda að verulegu leyti á fjárfestingarliðunum. Það verður sjálfsagt fyrst og fremst gengið á þá, vegna þess að í sambandi við reksturinn er þetta meira og minna bundið. Miðað við það að breyta ekki lögum, sem hafa veruleg áhrif í sambandi við útgjöld ríkissjóðs, verða enn verulega stórir þættir heildarútgjaldanna óbreyttir. Við vitum, að þriðja hver króna af fjárl. fer til tryggingamálanna, og því verður ekki breytt með niðurskurði. Það verður að breyta lögum, ef einhverju á að breyta þar. Svo má segja, að sé um fjölmarga liði í sambandi við útgjöldin, að þeim verður ekki breytt nema með sérstakri löggjöf. Og eins og nú horfir, þegar komin er fram vantrauststill. á ríkisstj., þá segir sig sjálft, að hún kemur ekki til með að bera fram mörg lagafrv. á þessu þingi. Hún mun annaðhvort hrökklast frá völdum nú næstu daga ellegar þá að hún mun segja af sér og ný stjórn taka við völdum í þessu landi. Og það hefðu verið eðlileg viðbrögð núv. hæstv. forsrh. að segja af sér, eftir að honum er orðið ljóst, að hann er komin í minni hl. á þingi.

Hann hefur marglýst því yfir, hæstv. forsrh., að ef það komi fram vantraust á sig, þá muni hann víkja, en án þess að vantraust komi, muni hann ekki víkja. Nú er vantraustið komið fram, og nú á hæstv. forsrh. að standa við stóru orðin og láta fara fram atkvgr. um þá till., sem var lögð á borð okkar alþm. í gær um vantraust á hæstv. ríkisstj., og síðan á hann að taka afleiðingum af þeirri atkvgr., þegar hún hefur farið fram. Enginn vafi er á, að vantraustið verður samþ. Hitt er svo verið að ræða um núna, og heyrist mjög um það rætt, að hæstv. forsrh. ætli ekki að sýna þennan manndóm, heldur ætli hann nú að rjúfa þing, hlaupa frá öllu ógerðu í sambandi við efnahagsmálin og annað, sem talið er að sé í bráðri hættu, og stjórna síðan með bráðabirgðalögum fram yfir næstu kosningar. Þetta er vitanlega, — þó að stjórnskipulega geti það staðist, — ekki í neinu samræmi við þingræði og lýðræði, sem Íslendingar ættu að hafa í hávegum.

Það mætti að sjálfsögðu segja margt fleira í sambandi við efnahagsmálin, margt fleira en það, sem ég hef þegar sagt. Ég hef talið sjálfsagt í sambandi við það mál, sem hér er til umr., og bæði þessi frv., sem um er að ræða varðandi skólamálin, að gera nokkra grein fyrir stöðu þjóðarinnar í efnahagsmálunum, og því hef ég farið allítarlega út í þau í sambandi við þessa umr. Ég tel, að það væri lágmarksskylda þeirrar n. og þeirra manna, sem standa að frv., sem hér eru til umr., að þeir gerðu Alþ. grein fyrir, hvað mikinn kostnað leiddi af því, ef frv. verða samþ.

Oddur Ólafsson: Herra forseti. Við 1. umr. grunnskólafrv. í þessari hv. d. vakti ég athygli á því, að mér fyndist ekki gæta nægrar framsýni í þessu frv., enda þótt ég viðurkenni, að það hafi verið undirbúið af mörgum mestu menntaog skólamönnum þessa lands. Ég leit svo á, að fleiri nýmæla mætti vænta í skólafrv., sem svo lengi hefur verið á döfinni. En skólamál, skólakerfi, námsskrá, eru að sjálfsögðu grundvöllurinn undir framtíðarmenntun landsmanna og þess vegna áríðandi, að framsýni og nútímaleg viðhorf séu viðhöfð, þegar verið er að undirbúa framtíðarlöggjöf, sem á að standa áratugum saman.

Að verulegu leyti er þetta frv. til orðið til að jafna aðstöðu nemenda í landinu. En ég held þó, að mismununin sé ekki mest þar, sem getið er um í þessu frv., að hún sé. Ég viðurkenni það og veit, að á vissum stöðum í dreifbýlinu er aðstaðan slæm. En tiltölulega auðvelt mun vera að bæta úr því og ekki vafi á því, að enda þótt gömlu fræðslulögin væru í gildi áfram, yrði að sjálfsögðu bætt úr þeirri mismunun, sem þar á sér stað. Aftur á móti hef ég þá trú, að mikil mismunun einstaklinga fari fram í heimahúsum á aldursskeiðinu 5—7 ára og þessi mismunun sé stórvaxandi á síðustu árum og eigi jafnvel fyrir sér að vaxa í náinni framtíð. Þetta byggist á því, að þjóðfélagsbygging okkar er að breytast. Það byggist á því, að mæðurnar, sem lengst af hafa verið ötulastar við að þroska og efla þekkingu barna sinna á þessu aldursskeiði, hafa einfaldlega ekki lengur tíma til þess að sinna þeim verkefnum, vegna þess að þær eru farnar út að vinna. Því hafði ég haldið, að leiðin til þess að jafna aðstöðu þjóðfélagsþegnanna í dag væri ekki endilega sú leið, sem hér er farin, heldur að tryggja það, að börn á aldrinum 5—7 ára geti notið sem jafnastrar aðstöðu til menntunar og þroska.

Það er ekki vafi á því, að aldursskeiðið 5—7 ára er mjög aðgengilegt þroskastig, og á því skeiði er mikils um vert, að barnið njóti umönnunar og áhuga fyrir þroska þess. Mjög er hætt við, að þetta verði vanrækt á þeim heimilum, þar sem hvorugt foreldranna er heima allan liðlangan daginn, þar sem börnum er komið fyrir á dagheimilum, sem í mörgum tilfellum eru aðeins geymslustaðir, og í öðrum tilfellum hleypt út á guðsgræna jörðina án afskipta fullorðinna. Ég lít svo á, að þetta sé mikið vandamál í okkar þjóðfélagi nú í dag og sé vandi, sem fari vaxandi, og þarna þurfi skólakerfið að grípa inn í. Þess vegna er ég vonsvikinn yfir því, að hv. n. skyldi ekki taka þessi mál til yfirvegunar og athuga, hvort hér væri ekki ástæða til þess að bæta um.

Auður Auðuns: Herra forseti. Ég hef kvatt mér hljóðs við þessa umr. og það er þó vissulega ekki gert í þeim tilgangi að lengja umr. að nokkru marki. Ég vil aðeins víkja að þeirri brtt., sem við flytjum 6 nm. í menntmn. við 3. gr. þessa frv. Í þeirri grein stendur: „Grunnskóli er fyrir börn og unglinga frá aldrinum 7—16 ára og er þeim skylt að sækja hann." Nú leggjum við sexmenningarnir til, að orðin „og er þeim skylt að sækja hann" falli niður, sem sé að skólaskyldan verði ekki bundin í þessu frv. eða þessum lögum. Ég

tel, að með samþykkt þessarar brtt. standi það alveg opið að ákveða skólaskylduna í þeim lögum, sem fjalla um skyldunámsstigið, sem sé í grunnskólalögunum. Mér hafði jafnvel dottið í hug sú brtt., ef þetta þætti orka tvímælis, — þessi breyting, sem við sexmenningarnir leggjum til, — að það væri eðlilegt að flytja brtt., sem orðaðist eitthvað á þá leið, að grunnskólinn væri fyrir börn og unglinga á aldrinum 7—16 ára, en skólaskyldan skyldi ákveðin í lögum um grunnskóla, og bera það þá fram sem varabrtt. Ég hef samt ekki horfið að því ráði.

Ég vil aðeins taka það fram, að þessi brtt., sem við lögðum til, mundi ekki hafa nein áhrif og hún mundi ekki segja neitt til um skólaskylduna, og er þannig meinlaust að samþykkja hana.

Ég þarf auðvitað ekki að taka það fram sem flm. þessarar till., að ég mun greiða henni atkv. Mun þá á það reyna í atkvgr., hvort brtt. verði samþ. Aðrar brtt. eru ekki bornar fram við frv. Menntmn. hefur mælt með samþykkt frv., en 6 nm. þó flutt þessa brtt. við frv. Annað, sem ég hefði getað sagt við þessa umr., geymi ég mér, þar til grunnskólafrv. verður tekið til umr. á fundinum.

ATKVGR.

Brtt. 866 felld með 11:9 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: OÓ, SteinG, HE, AuA, EggÞ, GH, JónÁ, JÁH, HBl.

nei: PÞ, RA, StH, BGuðbj, BFB, BA, EÁ, GeirG, HFS, MÓ, ÁB. —

3 þm. gerðu svofellda grein fyrir atkv. sínu:

Ragnar Arnalds: Herra forseti. Eins og hv. dm. er kunnugt, er ég einn af flm. brtt. á þskj. 880 við frv. til l. um grunnskóla, þess efnis, að við frv. komi ákvæði til bráðabirgða: „Að fjórum árum liðnum frá gildistöku þessara laga skal menntmrh. gera Alþ. grein fyrir framkvæmd laganna og þá einkum undirbúningi að 9 ára skólaskyldu, þannig að Alþ. gefist kostur á að ályktа á ný um það ákvæði.“ Um leið og ég tek þátt í flutningi þessarar till., fell ég frá flutningi tveggja till., sem ég á aðild að, en það er í fyrsta lagi brtt. við frv. til l. um grunnskóla, sem hér verður til umr. á eftir, og svo í öðru lagi brtt. á þskj. 866 við frv. til l. um skólakerfi, sem hér er til atkvgr. Ég hef skýrt forseta d. frá því persónulega, að ég hafi fallið frá flutningi till., og telst því ekki einn af flm. till., og það var því rétt hjá forseta, þegar hann greindi frá hverjir væru flm. hennar. Með þessum rökstuðningi segi ég nei.

Steingrímur Hermannsson: Herra forseti. Við 2. umr. um frv. til l. um grunnskóla lagði ég á það ríka áherslu, að ég vil ekki standa í vegi fyrir því, að það mikilvæga mál og það mál, sem hér er nú til umr., fái framgang á þessu þingi. Því féllst ég á að draga til baka til 3. umr. brtt. um skólaskyldu og sagði við það tækifæri, að ég vildi fá tíma til þess að athuga það mál nánar, þ. e. a. s. hvort slík till. gæti komið í veg fyrir samþykkt frv. Þetta hef ég gert og komist að þeirri niðurstöðu, að svo geti orðið. Ég stend því að brtt. á þskj. 880 með tveimur öðrum hv. þm. og lít svo á, að hún komi í stað stuðnings míns við þær till., sem fluttar hafa verið um skólaskyldu, þá, sem er hér nú til umr. og þá, sem ég hef getið um í sambandi við frv. til l. um grunnskóla. Með tilliti til þess dreg ég til baka stuðning minn við þær till. og segi nei.

Halldór Blöndal: Herra forseti. Ég er því vanastur að greiða atkv. eftir skoðunum mínum og samvisku og segi því já.

Frv. samþ. með 13:3 atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 893).

Grunnskóli, frv. (þskj. 879, 863, 880). — 3. umr.

Steingrímur Hermannsson: Herra forseti. Raunar gæti ég látið nægja að vísa til þess, sem ég sagði áðan, þegar ég gerði grein fyrir atkv. mínu um það mál, sem þá var á dagskrá. Þá skýrði ég frá því, að við nánari athugun á þeirri brtt., sem ég stend að ásamt fleiri hv. þm. á þskj. 863 og fjallar um skólaskyldu, kom í ljós, að sú breyting, sem þar er gert ráð fyrir, gæti komið í veg fyrir, að þetta frv. fengist samþ. á þessu þingi, en það tel ég höfuðnauðsyn.

Ég stend því að annarri brtt. á þskj. 880. Þá till. flytja ásamt mér hv. þm. Ragnar Arnalds og Ásgeir Bjarnason. Sú brtt. gerir ráð fyrir ákvæði til bráðabirgða þess efnis, að menntmrh. skuli gera Alþ. grein fyrir framkvæmd l. og þá einkum undirbúningi að 9 ára skólaskyldu, þannig að Alþ. gefist kostur á að ályktа á ný um það ákvæði, og skuli gera þetta að 4 árum liðnum. En eins og hv. þm. mun vera kunnugt, er ekki gert ráð fyrir því, að ákvæði um 9 ára skólaskyldu komi til framkvæmda fyrr en að 6 árum liðnum frá gildistöku laganna. Um þetta hefur orðið samkomulag við ýmsa þá aðila, sem töldu sig ekki geta staðið að þeirri brtt., sem fram kom á þskj. 863. Hins vegar lítum við flm. brtt. á þskj. 880 svo á, að hún fullnægi allsæmilega þeim sjónarmiðum, sem við höfum hreyft með fyrri brtt.

Með tilvísun til þessa féll ég frá stuðningi við brtt. á þskj. 863.

Ég vil jafnframt geta þess, að í viðræðum við hv. sjálfstæðismenn um þetta mál hefur komið í ljós, að þeir eru mjög andsnúnir þeirri brtt., sem samþ. var í nótt og er á þskj. 864, þar sem veitt er heimild til þess að skipta kaupstöðum með 10 þús. íbúa eða fleiri í hverfi. Ég verð að segja, að þetta kom mér mjög á óvart. Þarna er aðeins um heimild að ræða, og ég taldi, þegar ég beitti mér fyrir því, að upphaflegri till. um þetta efni, sem flutt var í Nd., væri breytt þannig, að þetta yrði aðeins heimild, en ekki skylda, að um það gæti orðið samkomulag. Ég veit ekki satt að segja, hvers vegna hv. sjálfstæðismenn eru þessu svo andsnúnir, nema þeir óttist að missa meiri hl. hér í Reykjavíkurborg og þeir, sem taki við, breyti þessu þá. En það ætti þá vitanlega að vera þeim frjálst. Einnig hefur verið sagt, að kröfur kunni að koma fram um þetta úr ýmsum hverfum. Ef það yrði svo, væri vitanlega sjálfsagt að verða við þeim og hafa þessa heimild.

Ég vil hins vegar enn ganga til samkomulags, til þess að frv. nái fram að ganga.

Ég harma það málþóf, sem hefur orðið í morgun, og ég vil taka það fram, að ég skildi satt að segja svo niðurstöður í nótt, þegar fallist var á að fresta 3. umr., að um það yrði samkomulag að ljúka þessari umr. fyrir hádegi. En það hefur ekki orðið. Ég geri það því treglega að fallast á, að þessi brtt. verði brott numin, en mér skilst, að fram muni koma brtt. um það efni.

Geir Hallgrímsson: Herra forseti. Ég kveð mér hljóðs hér í þessari d. í tilefni af ummælum síðasta ræðumanns, hv. 1. þm. Vestf., Steingríms Hermannssonar, þar sem hann lýsti undrun sinni yfir því, að þm. Sjálfstfl. hefðu leyft sér að ræða þetta mál, sem hér er nú á dagskrá, grunnskólafrv., vegna þess að í nótt hefðu átt sér stað samningar um það, að um þetta frv. yrði ekki málþóf.

Ég vil í fyrsta lagi mótmæla því, að umr. hér í d. hafi einkennst af málþófi. En í öðru lagi hlýt ég að taka undir þá gagnrýni, sem flokkssystkini mín hafa borið hér fram vegna málsmeðferðar þessa máls, og beini ég þar ekki síst orðum mínum til hæstv. menntmrh., þar sem frv. er afgr. úr nefnd deildarinnar að morgni dags, tekið til umr. síðla dags, um kvöld raunar, og 2. umr. því ekki lokið fyrr en kl. 3.30 í nótt.

Ég skal segja frá því hér, að ég tilkynnti forseta þessarar d., að ef ætlunin væri að afgr. þetta frv. við 2. og 3. umr. í skjóli myrkursins, þá munum við fulltrúar Sjálfstfl. mótmæla slíkri málsmeðferð og óvirðingu við þdm. og ganga úr fundarsal. Í kjölfar þessa var rætt um það og hafði raunar áður verið gert og skildi ég það þá þannig, að það væri tilboð af hálfu hæstv. menntmrh., að frv. yrði til 3. umr. nú í dag. Ég sagði þá í umboði minna flokkssystkina, að við mundum ekki beita málþófi og við mundum ræða málið efnislega. Ef ekki væri um nein sérstök ný málefnaleg ágreiningsmál að ræða, væri vissulega líklegt, að málinu lyki við 3. umr. um hádegisbil. Síðan á það sér stað við afgreiðslu till. við 2. umr., að gerðar eru veigamiklar breytingar á frv. frá sjónarmiði okkar sjálfstæðismanna, þær breytingar voru gerðar með tilstilli hæstv. menntmrh. sjálfs, sem þannig stofnaði málinu í hættu með því að breyta því frá því, sem Nd. hafði gengið frá frv. Það er ósköp eðlilegt, að við áskiljum okkur rétt til þess að ræða þær breytingar, sem á frv. hafa verið gerðar við 2. umr.

Ég vil því enn á ný mótmæla því, að nokkru málþófi hafi verið beitt, og enn fremur benda á, að ef einhver hefur brotið samninga eða samkomulag eða stofnað slíku í hættu, þá er það hæstv. menntmrh. sjálfur. Þetta vildi ég láta koma skýrt fram í tilefni þeirra ómaklegu ummæla, sem hv. 1. þm. Vestf. viðhafði hér áðan, um leið og ég gagnrýni mjög þá meðferð, sem þetta frv. hefur hlotið hér í d., og þá óvirðingu, sem okkur þdm. er sýnd með slíkri meðferð frv.

Auður Auðuns: Herra forseti. Ég vil eins og hv. síðasti ræðumaður mótmæla þeim ummælum, sem 1. þm. Vestf. viðhafði hér áðan. Maður hélt, að þær brtt., sem 6 nm. af 7 leggja til, ættu vísan framgang hér í d. Það kom þó á daginn, að svo ætlaði ekki að verða. Ég vil líka minna á, að samþ. var brtt. frá þessum hv. þm. og Ragnari Arnalds, sem við sjálfstæðismenn erum algjörlega mótfallnir. Um þessa brtt. urðu harðar deilur í Nd. Alþ. Að vísu var hún að því leyti öðruvísi, að fortakslaust var borgarstjórn Reykjavíkur sagt fyrir verkum að skipa skólanefndir við alla skóla í bænum. Ég skal taka það fram, að í viðtali við hæstv. menntmrh. tjáði hann mér, að hann hefði ekki gert sér grein fyrir hinum djúpstæða ágreiningi, sem hefði orðið um þessa till., og ekki fylgst það með umr., að hann hafi um það vitað. Ég vil láta það koma fram, að þetta hefur hann sagt í viðtali við mig, og ég efa ekki, að þar er rétt frá greint.

Hv. þm. Steingrímur Hermannsson lét þau orð falla í sambandi við þessa brtt., sem hann flutti og fékk samþ., að það væri líklega vegna þess, að sjálfstæðismenn væru hræddir við að missa borgarstjórnarmeirihlutann hér í Reykjavík og þeir, sem á eftir kæmu, mundu nota þessa heimild. Ég ætla að segja honum það, að ef þeir, sem við tækju eftir sjálfstæðismenn í borgarstj., sem engum dettur í hug að verði við þessar kosningar, kynnu skil á skólamálum síns borgarfélags, mundu þeir aldrei nota heimildina.

Ég ætla þá að koma að ummælum hæstv. menntmrh. í nótt við 2. umr. um grunnskólafrv. Hæstv. ráðh. sagði, að það væri ekki samboðið virðingu þingsins að láta þetta þing líða til viðbótar hinum, sem undanfarið hafa verið, svo að þetta frv. fengi ekki afgreiðslu. En ég verð að segja það, að mér þykir það ekki samboðið virðingu þingsins, hvernig hefur verið farið með okkur þm. í þessari hv. þd. Ég hafði þegar í gær uppi gagnrýni á málsmeðferð, þegar málið var tekið fyrir á kvöldfundi, seint að kvöldi, og ekki hafði gefist nokkurt tóm til að búa sig undir að ræða málið, síðan það var afgr. úr þn. í gærmorgun. Þetta var allt að einu gert, að taka málið fyrir, og það var komið langt fram yfir miðnætti, þegar mér var gefið orðið í umr., og umr. héldu síðan áfram til kl. 3.30. Þm. voru komnir heim til sín undir kl. 4. Ég hafði boðað, að ég mundi flytja brtt. við frv. við 3. umr. Þegar ég kom heim til mín kl. að verða 4 í nótt, mátti ég setjast við að semja brtt. með hliðsjón af því, sem n. hafði flutt, og því, sem samþ. var við atkvgr. hér í gærkvöld — eða í morgun er víst réttara að segja. Síðan eiga menn að vera mættir hér á þingdeildarfundi kl. 10 í morgun. Sjá allir, að það hefur ekki verið um mikinn svefn að ræða hjá þdm., a. m. k. ekki hjá mér.

Ég mun hér á eftir gera grein fyrir brtt. mínum, en ég vil taka það fram, að ég ætla ekki að halda uppi neinu málþófi hér í sambandi við þetta mál. En mér fannst það satt að segja grátbroslegt, þegar hæstv. ráðh. var að þakka menntmn. fyrir rækilega meðferð á þessu máli. Ég vil þá rifja það upp, sem ég tæpti á í gær og hef kannað síðan, hvort ekki væri rétt, að málinu hafi verið vísað til n. 19. apríl. 19. apríl er málinu vísað til n. Er það fyrst tekið fyrir viku síðar í n. Það liðu sem sé

þessir dagar frá 19. apríl til 1. maí, áður en málið var tekið fyrir. Þá vorum við, — ég held, að ég muni það örugglega rétt, — kölluð til fundar síðdegis og sátum þar yfir frv. Síðan höfum við komið á kvöldfundi í menntmn., og frv. hefur verið rætt þessa viku á fáeinum fundum. Sér hver maður, þegar n. í Nd. þurfti 20 fundi og ég veit ekki hvað marga mánuði, til þess að hún teldi nógu rækilega yfir frv. farið, hvernig þessi vinnubrögð hafa verið hjá okkur. En ég vil taka það fram, að ég hef sýnt og við fulltrúar Sjálfstfl., — og ég má sjálfsagt segja það um nm. alla, — við höfum sýnt fyllsta vilja til að koma þessu frv. í gegnum þingið. Við höfum mætt á fundum, sætt okkur við svo ófullkomna yfirferð frv. í þingn. og að lokum mælt með samþykkt þess. Þau meðmæli byggðust auðvitað, a.m.k. hvað mig snertir, að verulegu leyti á því, að samstaða náðist í n., bæði allri n. um brtt. og svo samstaða 6 nm. um ákveðna brtt., sem ég a.m.k. lagði ákaflega mikið upp úr. Ég held þess vegna, að það sé ekki nokkur leið að segja, að við höfum viljað vera dragbítar á þetta mál og að við höfum ekki viljað greiða fyrir því, að það fengi afgreiðslu út úr þessari hv. þd.

Ég skal þá snúa mér að þeim brtt., sem ég hafði áður boðað, að ég mundi flytja við 3. umr. málsins. Þær eru skriflegar. Ég satt að segja setti þær ekki í fjölritun, vegna þess að í morgun var ekki sýnt, hvernig fara mundi um fundarstörfin, og ég vildi hafa þær við höndina. Enn fremur hafði ég þær ekki fullkomlega í því formi, sem ég flyt þær, öðruvísi en handskrifaðar. Það er að vísu bagalegt fyrir hv. þdm., að þær skuli vera skriflegar, þegar þeir eiga að taka afstöðu til allmargra brtt. Það má sjálfsagt bæta úr því með því, að þegar til atkvgr. kemur, geri forseti stuttlega grein fyrir þeim, úr því að menn hafa þær ekki fyrir framan sig. En ég skal þá víkja að brtt.

Það er þá í fyrsta lagi brtt. við 1. gr. frv. Það er varatill. Ég vil taka það fram, að hún kemur ekki til atkv., ef samþ. verða 1. og 2. brtt. okkar sexmenninganna, sem áður vorum, — við erum víst eftir þrjú sem flm. brtt. á þskj. 863. Þessi brtt., sem við vorum upphaflega 6 flm. að, er um það, að skólaskyldan verði til 15 ára aldurs, en að sjálfsögðu að fræðsluskylda standi óbreytt. Nú lítur út fyrir, að þessi brtt., sem við stóðum 6 að í upphafi, verði felld, og þess vegna flyt ég varatill., ef svo skyldi fara, að 1. og 2. brtt. yrðu felldar, — varatill., sem er svo hljóðandi:

„Varatill. við 1. gr. Við greinina bætist ný málsgr., svo hljóðandi:

Heimilt er sveitarstjórn, að fenginni umsögn fræðsluráðs, að ákveða, að skyldunám skuli ná til 7—15 ára barna og unglinga, enda samþykki menntmrn. þá ákvörðun.“

Þetta var fyrsta brtt. mín.

Þá er 2. brtt. við 3. gr. frv. — Mér þætti vænt um, ef hv. form. n. gæfi sér tíma til að hlusta á brtt., sem fluttar eru við frv. — 2. brtt. er við 3. gr. Eins og gr. er nú orðuð, er hægt að skipta skóla í einingar, eftir því sem menntmrn. ákveður, að fengnum till. hlutaðeigandi fræðsluráðs. Ég geri þá brtt., að 2. málsgr. orðist svo:

„Hann getur verið ein stofnun eða verið skipt í einingar, tvær eða fleiri, eftir því sem hlutaðeigandi fræðsluráð ákveður.“

Ég tel rétt, að það sé á valdi fræðsluráðs að ákveða skiptingu í einingar, því að því eru kunnugastar allar forsendur, sem þurfa að vera fyrir slíkri skiptingu.

Þá er 3. brtt. mín, sem er við 4. gr. frv. Þar er talað um útibú frá aðalskólum. Þar segir, að heimilt sé rn. að fenginni till. hlutaðeigandi fræðsluráðs að koma á fót útibúum. Þetta vil ég orða þannig: Í stað orðanna „rn. að fenginni till. hlutaðeigandi fræðsluráðs“ komi: fræðsluráði með samþykki menntmrn.“ Ég álít að þetta sé mál, sem eigi að vera á valdi fræðsluráðsins, sem þekkir allar aðstæður best og hefur besta aðstöðu til að gera sér grein fyrir nauðsyn slíkrar ráðstöfunar.

Þá er það 4. brtt. mín, sem er við 11. gr. frv. 11. gr. frv. fjallar um, hvernig fræðsluráð skuli skipað og hvernig það skuli kosið. Í frv. segir upphaflega, að fræðsluráð skuli skipað 5 eða 7 mönnum, eins og hv. þdm. geta reyndar lesið í frv., sem þeir hafa fyrir framan sig. En þessu var breytt í hv. Nd. á þann veg, að landshlutasamtökin skyldu kjósa aðeins 5, en kennarasamtök og skólastjórar skyldu tilnefna sinn manninn hvor aðili. Þetta þýðir í fyrsta lagi það, að sá fjöldi, sem sveitarstjórnunum er heimilt að kjósa, er þarna minnkaður niður í 5. Það ráðrúm, sem var gefið í frv., var einmitt með hliðsjón af því, að það kynnu að vera fleiri skólar en 5 og fleiri sveitarfélög en 5, sem stæðu að skólum innan umdæmisins, og þess vegna væri eðlilegt, að það væri hægt að koma því við, að landshlutasamtökin gætu komið fulltrúum sem flestra skólahverfa þarna inn. Með breyt. í Nd. er þetta þrengt, og þarna eiga kennarasamtök og skólastjórar að kjósa sinn manninn hvor aðili.

Lítum nú nánar á kennarasamtök. Það er ekkert skilgreint, hvað sé átt við. Það eru margs konar kennarasamtök til, t.d. hérna í Reykjavík, fyrir svo utan landssamtök og kennarasamtök, sem bundin eru við landshluta. Ég veit ekki, hvort þau eru til utan Reykjavíkur miðað við þá landshlutaskiptingu, sem við almennt hugsum okkur að hljóti að verði. Þess vegna er brtt. mín við 11. gr., að 1. málsgr. orðist eins og upphaflega stóð í frv.: Fræðsluráð skal skipað 5 eða 7 mönnum, sem kjörnir eru af hlutaðeigandi landshlutasamtökum, sem ákveða fjölda þeirra samkv. framansögðu“ o.s.frv. Ég skal ekki lengja mál mitt með því að fara að lesa það upp, enda hafa menn það fyrir framan sig bæði prentað og fjölritað.

Þá er það næst brtt. við 12. gr. frv., 4. tölul. Þar stendur, þegar talað er um verkefni fræðsluráðs: „Það gerir till. til menntmrn. um ráðningu fræðslustjóra umdæmisins.“ Er það í samhengi við næstu brtt. mína, að ég legg til, að þetta orðist þannig, að í stað þess að gera till. til menntmrn. komi: hlutaðeigandi landshlutasamtaka sveitarfélaga.

Þá kem ég að brtt. við 13. gr., sem er um fræðslustjórana. Í frv., eins og það liggur fyrir og reyndar frá upphafi stendur í 13. gr.: „Menntmrn. setur eða skipar fræðslustjóra að

fengnum till. hlutaðeigandi fræðsluráðs.“ Í næstu málsgr. stendur svo eðlilega í framhaldi af þessu, að menntmrn. auglýsi stöðu fræðslustjóra og setji hann til eins árs o. s. frv. Á þessu vil ég gera þá breytingu, að ég vil láta orða 1. mgr. þannig: „Landshlutasamtök sveitarfélaga setja eða skipa fræðslustjóra.“ Eins og fyrri brtt. miðar þessi brtt. að því að færa aukið vald út í byggðirnar, leggja fræðsluráðunum aukið vald í hendur, en ekki miðstýrt frá menntmrn., eins og nú er. Í samræmi við þetta er brtt. við 2. mgr., að í stað þess að menntmrn. auglýsi, þá komi, að landshlutasamtök sveitarfélaga auglýsi þessar fræðslustjórastöður.

Nú kann svo að vera, að einhver segi: Fræðslustjórarnir eru ríkisstarfsmenn, þeir eru launaðir af ríkinu, og þess vegna er óeðlilegt, að þeir séu ekki skipaðir af menntmrh. Til þess að mæta slíkri gagnrýni þeirra, sem ekki kynnu að vilja samþ. það orðalag, sem ég hef nú lýst, flyt ég varatill. um það, að 1. mgr. orðist þá svo: „Menntmrn. setur eða skipar fræðslustjóra samkv. till. hlutaðeigandi landshlutasamtaka sveitarfélaga.“ Það er þá í höndum landshlutasamtakanna, hver umsækjandi fái meðmæli í stöðuna, og menntmrn. skuli fara eftir þeirri till., sem landshlutasamtökin gera þar um.

7. brtt. mín er við 14. gr. frv. Það má kannske segja, að hún sé nokkuð tengd síðustu brtt. við 13. gr., sem ég flutti. Hún er við 1. mgr. 14. gr., sem er þannig orðuð í frv.: „Fræðslustjóri er fulltrúi menntmrn. og hlutaðeigandi sveitarfélaga um fræðslumál,“ o. s. frv. Ég legg til, að þessi 1. mgr. verði þannig orðuð: „Fræðslustjóri er framkvæmdastjóri fræðsluráðs og fulltrúi menntmrn. Hann veitir forstöðu fræðsluskrifstofu umdæmisins.“

Næsta brtt. mín er við 15. gr. frv. Hún er á þá leið, að í stað 1. og 2. mgr. komi ný mgr., sem sé svo hljóðandi: „Landshlutasamtök sveitarfélaga ákveða fræðsluskrifstofu stað, en fræðsluráð ræður starfsfólk hennar að fengnum till. fræðslustjóra.“ Sú breyt., sem í þessu felst, er, að landshlutasamtökin skuli ákveða fræðsluskrifstofunni stað og það þurfi ekki að vera háð samþykki menntmrn., hvar hún skuli vera.

Í þessari sömu gr. segir svo í niðurlagi gr.: „Á hliðstæðan hátt er fræðsluráði heimilt að semja svo við landshlutasamtök, að skrifstofa þeirra eða einstakra starfsdeilda innan þeirra annist störf fyrir fræðsluskrifstofu, enda komi samþykki menntmrn. til.“ Till. mín er sú, að þessi orð: „enda komi samþykki menntmrn. til“ — falli niður. Ég sé ekki, að það sé nokkur þörf fyrir þau í þessu tilfelli.

Þá kem ég að 9. brtt., sem er að vísu alllöng. Hún er við 16. gr. frv. 4. mgr., eins og hún er nú í frv., hafa hv. þdm. hana fyrir framan sig.

Till. mín er sú, að 4. mgr. orðist svo:

„Landshlutasamtök sveitarfélaga gera í samráði við menntmrn. áætlun um skiptingu hvers umdæmis í skólahverfi og leggja till. sínar þar um fyrir fræðsluráð sem umræðugrundvöll, en fræðsluráð kynnir þær sveitarstjórnum, skólanefndum og skólastjórum, sem hlut eiga að máli. Lögð skal áhersla á, að samkomulag verði með aðilum, en takist það ekki innan hóflegs tíma, kveður rn. til eins fundar eða fleiri með þessum aðilum um tíli. Náist ekki samkomulag, sker menntmrn. úr.“

Breyt. er sem sé sú, að í stað menntmrn. séu það landshlutasamtökin, sem geri áætlun um skiptingu umdæmanna í skólahverfi, hvert í sínum landshluta, og síðan, ef einhver ágreiningur verður um það, sem vel er hugsanlegt að geti orðið innan landshlutaumdæmanna, þá komi menntmrn. til og höggvi á hnútinn ef með þarf.

10. brtt. mín er við 24. gr. frv., síðustu mgr., á bls. 12. Í þessari grein segir, að óski sveitarfélög, að gert sé ráð fyrir aðstöðu til félagsstarfsemi eða annars slíks í skólahúsi eða í tengslum við það, þá sé það heimilt. Nú stendur í frv.: „enda samþ. menntmrn. og skólanefnd uppdrætti.“ Ég legg til, að í stað þessara orða: „enda samþykki menntmrn. og skólanefnd uppdrætti“ komi orðin: „enda hamli notkun slíks húsnæðis ekki skólastarfi að dómi skólanefndar og menntmrn.“ Ef menntmrn. og skólanefnd telja ekki, að þetta standi skólastarfinu fyrir þrifum á neinn hátt, getur sveitarfélagið ákveðið, að húsið skuli byggt á þennan veg, enda segir í niðurlagi mgr., að sveitarfélagið greiði þá stofnkostnað af þeim hluta húsnæðisins, sem ekki sé beinlínis tilheyrandi sjálfu skólastarfinu.

Þá get ég nú farið nokkuð fljótt yfir sögu, því að næsta brtt. mín er við 65. gr. frv. Það hefur reyndar þegar verið gerð á þeirri grein bragarbót með till. menntmn., en brtt. mín er um það, að orðið „opinberum“ þ. e. a. s. opinberum kennslustofnunum, sem er í næstefstu línu, falli burt. Í gr. segir, að menntmrn. geti veitt einstökum fræðsluumdæmum, skólahverfum og opinberum kennslustofnunum heimild til að starfrækja tilraunaskóla eða til að gera tilraun um ákveðna þætti skólastarfs. En mér finnst, að það eigi ekki að útiloka neina stofnun, þó að hún sé ekki opinber kennslustofnun, því að það er hvort sem er alltaf háð mati rn., hvort eigi að veita leyfið. En að girða alveg fyrir, að það geti verið veitt stofnun, sem ekki er talin opinber stofnun, það held ég, að sé ekki rétt.

Þá er loks síðasta brtt., sú 12. Hún er við 71. gr. frv., 2. mgr., sem er örstutt og er svo hljóðandi í frv.: „Rn. setur starfsmönnum erindisbréf að fengnum till. fræðsluráðs.“ Ég legg til, að þetta orðist svo: „Rn. setur starfsmönnum erindisbréf í samráði við fræðsluráð.“ Það kveður nokkuð fastar á um, að tekið skuli tillit til skoðana fræðsluráðs í þeim efnum.

Ég hef þá rakið þær brtt., sem ég flyt. Ég endurtek, að það er sjálfsagt ekkert þægilegt fyrir hv. þdm. að átta sig á þeim við að heyra þær lesnar, en ég endurtek líka, að ég vænti þess, að forseti láti þess getið við atkvgr. í örfáum orðum, um hvað hver fjallar, því að það segir sjálfsagt ekki hv. þdm. mikið, þó að sagt sé: Þá er borin upp 1., 2., 3. eða 4. brtt.

Þessar brtt., sem eru skriflegar, leyfi ég mér að afhenda hæstv. forseta með ósk um, að hann leiti afbrigða, svo að þær megi koma hér til umr. og afgreiðslu.

Brtt. á þskj. 863 voru fluttar, eins og fram kemur, af okkur 6 nm. í menntmn. Nú hafa 3 hv. meðnm. mínir lýst því yfir, að þeir séu ekki

lengur flm. að þessari till., og allt útlit er fyrir, að þeir muni greiða atkvæði gegn brtt. Ég vil lýsa því yfir, að ég held fast við þessa brtt. og meðnm. minn, Hildur Einarsdóttir, og ég ætla, að sama gildi um Jón Árm. Héðinsson.

Ég skal þá ekki orðlengja þetta frekar. Ég gat varla gert í skemmra máli grein fyrir brtt. og drepið á einstök atriði, sem ég taldi, að ég gæti tæpast látið fram hjá mér fara án þess að minnast þeirra.

ATKVGR.

Afbrigði um skrifl. brtt. (sjá bskj. 899), samþ. með 14 shlj. atkv.

Halldór Blöndal: Herra forseti. Ég vil fyrst mótmæla því, sem hv. 1. þm. Vestf. sagði hér áðan, að við hefðum skuldbundið okkur til þess í Sjálfstfl. að ljúka umr. um þessi mál fyrir hádegi í dag. Ég tók einmitt skýrt fram í ræðu minni í nótt og hélt, að það hefði legið alveg ljóst fyrir við 2. umr. málsins, að ég mundi óska eftir því, að okkur gæfist kostur á því að athuga um brtt. á milli 2. og 3. umr. og okkur gæfist kostur og tök á því að hafa samband við menn um það, vegna þess að ég áleit, að það væri nauðsynlegt í þessu máli. Annars skal ég ekki ræða þetta mál frekar, nema hv. 1. þm. Vestf. gefi mér tilefni til þess á eftir, og þá skal ég ræða þessi mál nánar við hann. Það er þá undir honum komið, hvað þær umr. teygjast.

Ég ætla ekki að ítreka það, sem ég hef áður sagt um grunnskólafrv. Eins og hv. þdm. er kunnugt, hef ég fallist á að greiða fyrir því, að þetta frv. fái afgreiðslu hér úr d. í dag, og mun haga mér í samræmi við það.

Ég er hér með 3 skrifl. brtt., sem ég taldi rétt að flytja, en vil þó segja í því sambandi, að ég hefði kosið að flytja brtt. um miklu fleiri efnisatriði málsins. En eins og vinnubrögðum er háttað í sambandi við afgreiðslu þess, þá veit ég, að slíkt mun þýðingarlaust.

Ég legg til, að við 2. mgr. 22. gr. bætist þessi orð: „nema þegar rædd eru málefni einstakra nemenda.“ Þá hljóðar sú mgr. þannig, með leyfi hæstv. forseta: „Formaður nemendaráðs á rétt til setu á fundum skólastjóra og kennararáðs, svo og á kennarafundum, með málfrelsi og tillögurétti, nema þegar rætt er um málefni einstakra nemenda.“

Álít ég, að þetta sé alveg óhjákvæmilegt, og hef áður gert grein fyrir því, hvers vegna það er. Það er einfaldlega til þess, að kennarar geti komið saman og rætt á sínum formlegu kennarafundum málefni einstakra nemenda, en það munu þeir að sjálfsögðu ekki geta, ef einn nemandi úr skólanum hefur málfrelsi og tillögurétt og seturétt á slíkum fundum.

Í sambandi við 36. gr. geri ég þá brtt., að til þess að öðlast starfsafslátt skuli miðað við 15 ár, en ekki 20. Ég hef kynnt mér milli umr., að það er ekki samkomulag um þetta atriði milli kennarasamtakanna og ríkisstj. í þeim kjarasamningum, sem nú eru, og liggur ekkert fyrir um það þar, að miðað skuli við 20 ára kennsluferil eða 28. Það kom hins vegar fram við atkvgr. málsins við 2. umr., þar sem greidd voru sérstaklega atkv. um þessa mgr. 36. gr., að ekki var fylgi við að fella þessa mgr. niður og láta þetta vera eingöngu samningsatriði milli opinberra starfsmanna og ríkisstj., eins og gert er ráð fyrir í 35. gr. um vinnutíma og kjör starfsmanna grunnskóla, að þau atriði skuli fara eftir ákvæðum laga um kjarasamninga opinberra starfsmanna. Ég hefði lagt til, að þetta atriði kæmi undir slíka samningsgerð, og bendi á það, að með beinni lagasetningu á Alþ. um slíka einstaka þætti í starfskjörum einstakra starfshópa er í rauninni verið að taka af opinberum starfsmönnum málskotsréttindi til kjaradóms, sem hlýtur að fara eftir landslögum hverju sinni. Þessi till. er að mínu viti mjög hógvær, og ég vona, að hv. þdm. geti á hana fallist.

Loks flyt ég við 45. gr. þá brtt., að við bætist ný mgr. Eins og málið var afgr. á fundi þessarar hv. d. í nótt, var því slegið föstu, að öll börn á grunnskólaaldri skyldu fá jólaleyfi frá 21. des. til 3. jan. Ég geri að till. minni, að við bætist þessi mgr.: „Þó er heimilt að ákveða, að jólaleyfi barna á aldrinum 7—10 ára skuli vera til og með 7. jan.“ Það, sem þessi till. mín byggist á, er, að ég álít, að yngstu börnin þurfi nokkra daga til þess að jafna sig eftir jólahaldið og áramótagleðina og þann mikla hamagang, sem fylgir þessari hátíð. Ég bendi enn fremur á, að það er svartasta skammdegið, sem þarna er um að ræða, og ég fæ ekki séð, að það námsefni, sem kæmist til skila til litlu barnanna á þessum fjórum dögum, sem þarna skakkar, sé neitt úrslitaatriði í þessu máli. Mér finnst það skemmtilegur siður að halda hátíð fyrir yngstu börnin á þrettándanum. Þau hlakka til þess, það er svolítil uppbót á jólin, og þessi till. er eingöngu flutt af mannlegum ástæðum, þar sem ég álít, að þetta trufli ekki skólahald, en hins vegar finnst mér rétt að hugleiða, hvort ekki muni rétt að haga þessu með þessum hætti.

Ég sé svo ekki ástæðu til að ræða þessi mál frekar, nema tilefni gefist til.

Steingrímur Hermannsson: Herra forseti. Þrátt fyrir hótanir síðasta hv. ræðumanns um frekara málþóf, ef ég stend upp aftur, sé ég mig tilneyddan til að gera það. Reyndar er ekki ætlun mín að eyða orðum á hann í þessu sambandi. Ég ætla að svara því, sem hv. 2. þm. Reykv. sagði hér áðan, en hann er ekki staddur hér, og ég vil óska eftir því, að hann verði sóttur. — Já, ég sé, að hv. þm. er kominn í salinn.

Ég sagðist vilja leiðrétta í örfáum orðum það, sem mér fannst hv. 2. þm. Reykv. fara rangt með í sambandi við ummæli mín hér áðan. Ég sagði ekki, að það hafi verið samkomulag um það, að þessum umr. yrði lokið fyrir hádegi. Ég sagði, að mér hefði skilist, að það væri samkomulag um það, og ef það hefur ekki verið, þá hefur það verið mínn misskilningur. En ég óttast, að fleiri hafi verið haldnir þeim misskilningi. Þetta vil ég leiðrétta, og ég er að sjálfsögðu best fær um það sjálfur að meta, hvernig ég skildi þetta. Ég tók þátt í þessum umr. í gærkvöld að nokkru, og ég fyrir mitt leyti taldi að um þetta væri samkomulag, en það hefur þá verið misskilningur.

En ég vil jafnframt greina frá því út af þessu, að ég hef fallist á, að brtt. á þskj. 864, sem þegar er búið að samþ. um hverfin, gangi til baka, á þeirri forsendu, að um það sé samkomulag, að þetta mál nái fram að ganga í dag. Ég vona, að það sé ekki misskilningur. Ef það er misskilningur, vildi ég gjarnan fá það leiðrétt.

ATKVGR.

Afbrigði um brtt. 896, sem voru of seint fram komnar, samþ. með 15 shlj. atkv.

Menntmrh. (Magnús T. Ólafsson): Herra forseti. Vegna þeirra orða, sem hv. 2. þm. Reykv. beindi til mín í ræðu sinni áðan, vil ég aðeins taka það fram, að við mig er að sjálfsögðu að sakast og enga aðra, ef hv. þm. eða þingmönnum þykir óhönduglega hafa til tekist um meðferð þessa máls í hv. deild. Ég fyrir mitt leyti tek þá ábyrgð fúslega á mig, vegna þess hversu ég tel málið, sem um er fjallað, þýðingarmikið og brýnt, að það hljóti afgreiðslu eftir langa meðferð hér á Alþ. Ég vil enn fremur skýra frá því vegna ummæla sama hv. þm., að því fór fjarri, að ég gerði mér það ljóst á fundinum í nótt, að hv. þm. og flokkssystkini hans teldu það beinlínis ögrun við sig og sína afstöðu í þessu máli, að ég skyldi greiða atkv. með brtt. á þskj. 864. Hefði mér verið þetta ljóst, hefði ég reynt að hafa áhrif á það, að sú till. yrði tekin aftur. En þar sem það gerðist ekki, hef ég fyrir mitt leyti fallist á að flytja brtt. um að þetta atriði verði fært í fyrra horf. Ég flyt því brtt. við 18. gr. frv. um grunnskóla, að 6. málsgr. orðist svo:

„Í Reykjavík fer fræðsluráð með hlutverk skólanefndar. Þar skulu kennarafulltrúar vera þrír. A. m. k. þrisvar á skólaári heldur fræðsluráð fundi með skólastjórum á grunnskólastigi í Reykjavík."

Ég vil leyfa mér að óska eftir, að hæstv. forseti leiti afbrigða, til að þessi till. megi koma til atkv.

Hv. 6. þm. Reykv. flutti hér margar brtt. við ýmis ákvæði frv., og ætla ég lítillega að gera nokkrar þeirra að umtalsefni. Sérstaklega vil ég lýsa afstöðu minni til brtt. við ákvæði 11. gr. um kjör fulltrúa í fræðsluráðið. Þar breytti Nd. vali fulltrúa frá því, sem lagt hafði verið til í frv. í öndverðu, og í umr. í Nd. lagðist ég gegn þessari brtt. Afstaða mín í þessu efni er óbreytt. Ég tel það tvímælalaust affarasælla, að allir fræðsluráðsmenn séu kjörnir á sama hátt og að það sé aðili, sem hefur bakhjarl í almenna kjósendahópnum, sem velur þá, en ekki starfshópar eða stéttarfélög. Og ég er þess fullviss af reynslu af fræðsluráðum, þar sem þau hafa starfað, að þetta tryggir engu síður og jafnvel að sínu leyti betur, að mínum dómi, að skólamenn hljóti sæti í fræðsluráðunum. Ég vil því eindregið lýsa stuðningi mínum við þessa brtt. hv. 6. þm. Reykv., hina fjórðu í röðinni.

Önnur veigamikil brtt. og reyndar margar brtt. hv. þm. fjalla um það, að ráðning fræðslustjóra skuli alfarið flutt í hendur landshlutasamtakanna. Þar er ég ekki samþykkur hv. þm. Ég ræddi þetta mál á sínum tíma í hv. Nd. Ég er enn sama sinnis og ég sannfærist um það, eftir því sem ég ræði þetta mál betur og hugsa það hefur, að vegna þess, hvernig starfi fræðslustjóra er háttað og hversu þýðingarmikill hlekkur hann er í því kerfi, sem grunnskólafrv. gerir ráð fyrir, þá sé afar nauðsynlegt, að hann njóti fulls trausts og trúnaðar menntmrn. Hann er sá maður, sem á að fara með það vald, sem með frv. er gert ráð fyrir, að dreifist út í landshlutana frá menntmrn. Því tel ég afar nauðsynlegt, að hann sé skipaður eða settur af rn. En lifandi tengsl hans við fræðsluráðið og landshlutasamtökin spretta að sjálfsögðu af því, að starfslið hans er ráðið af þeim, og fræðsluráðin leggja honum í hendur að miklu leyti verkfærin til að vinna sitt verk. Ég held, að sú leið, sem valin er í frv., eins og það er nú, sé óhjákvæmileg, eins og málum er háttað.

Ég mun ekki ræða frekar brtt. hv. 6. þm. Reykv., aðrar en þá, sem hv. þm. flutti í öndverðu með 5 þm. öðrum, en flytur nú við þriðja mann, um breytingar á skólaskyldunni. Þar vil ég aðeins í fáum orðum ítreka það, sem ég hef áður sagt við síðustu umr., að ég tel, að ekki sé stefnandi í þá tvísýnu, sem málinu er teflt í með því að breyta nú þessu ákvæði, heldur geri mér vonir um, að það ákvæði til bráðabirgða, sem 3 hv. þm. flytja till. um á þskj. 880, megi fullnægja báðum sjónarmiðum í þessu máli, að það sé fastmælum bundið í lögunum, að þetta atriði skuli skoðað á ný, þegar líður á undirbúningstímann, sem ráðgerður er í frv., að því að skólaskyldan lengist.

ATKVGR.

Afbrigði um brtt. 898, sem var of seint fram komin, samþ. með 14 shlj. atkv.

Brtt. 863,1 felld með 11:9 atkv.
— 899,1 felld með 11:9 atkv.
— 899,2 felld með 11:8 atkv.
— 899,3 felld með 10:9 atkv.
— 899,4 samþ. með 18 shlj. atkv.
— 899,5 felld með 11:8 atkv.
— 899,6 felld með 11:7 atkv.
— 899,6 varatill. felld með 11:7 atkv.
— 899,7 felld með 11:6 atkv.
— 899,8 felld með 11:6 atkv.
— 899,9 felld með 11:8 atkv.
— 898 samþ. með 19 shlj. atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: GeirG, GH, HFS, JónÁ, JÁH, HBl, MÓ, OÓ, PÞ, RA, StH, SteinG, HE, AuA, BGuðbj, BFB, BA, EÁ, ÁB.

EggÞ greiddi ekki atkv.

2 þm. gerðu svofellda grein fyrir atkv. sínu:

Ragnar Arnalds: Herra forseti. Eins og hv. þdm. er kunnugt, var ég ásamt hv. þm. Steingrími Hermannssyni, 1. þm. Vestf., flm. að till. þess efnis, að kaupstöðum með 10 þús. íbúa eða fleiri væri heimilt að skipta kaupstað í hverfi í samráði við fræðsluráð og koma upp sérstökum hverfisnefndum. Tilll. þessi var samþ., eins og kunnugt er, við 2. umr. málsins. En till. er um-

deild, og með hliðsjón af því, að mál þetta þarf að ná fram að ganga í dag, og til að auðvelda, að það megi verða, hef ég til samkomulags fallist á, að tillgr. verði breytt í hið fyrra horf. En að sjálfsögðu áskil ég mér fullan rétt til að sækja þetta mál af fullu kappi síðar, ef tækifæri gefst til. Ég segi því já.

Steingrímur Hermannsson: Herra forseti. Eins og ég hef áður sagt við þessa umr., hef ég ákveðið að fylgja þessari brtt. í þeirri von eingöngu, að með því náist samkomulag um, að þetta frv. verði samþ. á þessu þingi. Því segi ég já.

Brtt. 896,1 samþ. með 10:9 atkv.
— 899,10 felld með 12:8 atkv.
— 896,2 felld með 11:6 atkv.
— 896,3 felld með 9:9 atkv.
— 899,11 felld með 11:7 atkv.
— 899,12 felld með 11:8 atkv.
— 880 samþ. með 15 shlj. atkv.
Frv., svo breytt, samþ. með 13:3 atkv. og endursent Nd.

Efri deild, 125. fundur.

Miðvikudaginn 8. maí, að loknum 124. fundi.

Sala kirkjujarðarinnar Stóru-Borgar, frv. (þskj. 842, n. 891). — 2. umr.

Frsm. (Steinþór Gestsson): Herra forseti. Þrátt fyrir óhægða aðstöðu vegna anna á væntanlega síðasta degi þings hefur landbn. samþykkt að mæla með því, að frv. þetta nái fram að ganga óbreytt. Þótt, eins og ég áðan sagði, aðstaða hafi verið óhæg til að skoða þetta mál gaumgæfilega, byggir n. þetta álit sitt á því, að sem fylgiskjöl með frv. eru prentaðar samþykktir hreppsnefndar Grímsneshrepps svo og fundargerð almenns hreppsfundar, þar sem þetta mál er lagt fyrir og samþ. með meginþorra atkv. að mæla með því, að ábúandinn á Stóru-Borg fái heimild til að kaupa ábýlisjörð sína, sem var með þeirri kvöð, að þegar Grímsneshreppur óskaði eftir að selja þá jörð, þá ætti ríkið forkaupsrétt. Til þess að ábúandinn geti fengið að kaupa jörðina, þarf því ríkið að fella niður forkaupsrétt sinn, og að því miðar frv., sem hér er til umr.

Landbn. hefur orðið sammála um, eins og ég áðan sagði, að mæla með því, að frv. verði samþ. óbreytt.

ATKVGR.

1. gr. samþ. með 13 shlj. atkv.
2. gr. samþ. með 13 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 12 shlj. atkv.

Efri deild, 126. fundur.

Miðvikudaginn 8. maí, að loknum 125. fundi.

Sala kirkjujarðarinnar Stóru-Borgar, frv. (þskj. 842). — 3. umr.

Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði samþ. með 16 shlj. atkv.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 15 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 912).

Starfslok efri deildar.

Forseti (Ásgeir Bjarnason): Þá liggur ekki fleira fyrir þessum fundi, og þetta verður væntanlega síðasti fundur í hv. Ed. á þessu þingi. Í tilefni þess leyfi ég mér að bakka varaforsetum og skrifurum fyrir þá ágætu aðstoð, sem þeir hafa veitt mér. Skrifstofustjóra og öllu starfsfólki Alþingis þakka ég fyrir mjög góða þjónustu og óska þeim farsældar í störfum. Hv. þm. d. þakka ég ánægjulega samvinnu og það mikla umburðarlyndi, sem þeir hafa sýnt mér sem forseta. Ég óska hv. þdm. gæfu og gengis. Utanbæjarþingmönnum óska ég góðrar heimferðar og heimkomu. Lifið þið heil.

Geir Hallgrímsson: Herra forseti. Hæstv. forseti hefur nú tjáð okkur þdm., að þetta muni væntanlega verða síðasti fundur d. á yfirstandandi þingi, og þótt við höfum e. t. v. sumir þdm. sitthvað við að athuga aðdraganda þeirrar staðreyndar, ef verður, þá vil ég ekki láta það koma í veg fyrir að láta í ljós við hæstv. forseta miklar og góðar þakkir okkar þdm. fyrir ánægjulegt samstarf og lipurð hans í samskiptum við okkur þdm. í hvívetna. Við óskum honum og fjölskyldu hans allra heilla á komandi sumri og um alla framtíð. Ég vænti þess, að hv. þdm. staðfesti þessi orð mín og þakkir og óskir í gerð forseta okkar með því að rísa úr sætum. — [Þdm. risu úr sætum.]

Forseti (Ásgeir Bjarnason): Ég þakka hv. 2. þm. Reykv. og hv. þdm. fyrir góðar óskir í minn garð, og ég endurtek óskir mínar til hv. þdm. og segi fundinum slitið.

Neðri deild, 124. fundur.

Miðvikudaginn 8. maí, kl. 2 miðdegis.

Umræður utan dagskrár.

Gylfi Þ. Gíslason: Herra forseti. Það hefur verið krafa þingflokks Alþfl., að ríkisstj. Ólafs Jóhannessonar segði af sér, fyrst hún hefur

misst meiri hl. á Alþ. og augljóst er orðið, að hún hefur ekki komið sér saman um neinar heildartillögur um lausn þess efnahagsvanda, sem að steðjar og hún hefur átt meginþátt í að skapa. Nú virðist svo sem ríkisstj. ætli ekki að segja af sér, heldur rjúfa þing þegar síðdegis í dag og efna til kosninga 30. júní.

Þingrof getur farið fram með tvennum hætti. Það getur tekið gildi frá þeim degi, sem þingrof fer fram, þannig að umboð sé tekið af þm. og engir þm. séu til, þangað til kosið hefur verið. Þessa aðferð viðhafði Tryggvi Þórhallsson, þegar hann efndi til hins mjög umdeilda þingrofs 1931.

Hins vegar getur þingrof orðið með þeim hætti, að það taki gildi frá þeim degi, er nýjar kosningar fara fram. Sá háttur hefur jafnan verið á hafður undanfarna áratugi. Síðan lýðveldi var stofnað á Íslandi, hefur þingrof aldrei farið fram með öðrum hætti en þessum. Nú vil ég beina þeirri fsp. til hæstv. forsrh., hvorri aðferðinni hann hyggist beita, ef hann nú rýfur þing. Ég ber þessa fsp. fram nú í upphafi fundar í hv. Nd., því að ég geri ráð fyrir því, að ekki gefist aðstaða til neinna fsp. eða umr. á þeim fundi Sþ., þegar þingrofið verður tilkynnt.

Um þessar tvær þingrofsaðferðir segir hæstv. forsrh. í fræðiriti sínu um stjórnskipun Íslands, á bls. 254, með leyfi hæstv. forseta:

„Þingrof hefur ýmist verið látið taka gildi frá dagsetningu þingrofsúrskurðar eða einhverjum tilteknum degi og þá venjulega þeim degi, er kosningar fara fram. Fyrri hátturinn var algengari áður fyrr, en í seinni tíð er hið síðarnefnda tíðara. Er það almennt hagkvæmara, eins og áður er sagt, því að þá verður landið ekki þingmannslaust."

Fsp. mín til hæstv. forsrh. er um það, hvorri þingrofsaðferðinni hann hyggist nú beita.

Forsrh. (Ólafur Jóhannesson): Herra forseti. Ég ætla ekki að fara hér út í langar umr. utan dagskrár. Ríkisstj. mun neyta þess réttar, sem hún hefur til þess að bera sín mál undir þjóðardóm, þegar svo er komið fyrir henni, að hún hefur ekki lengur meiri hl. á Alþ. Þetta er réttur, sem er viðurkenndur í öllum þingræðislöndum, nema þar sem gerð er alveg sérstök undantekning frá og þingrofsrétturinn af vissum sögulegum ástæðum algerlega útilokaður.

Það er eðlilegt að sjálfsögðu og þarf ekki að hafa um það mörg orð, að það sé fráfarandi forsrh., sem stendur fyrir slíkri aðferð, vegna þess að það, sem hann skýtur undir þjóðardóm, er starf hans og stefna undanfarin ár.

Hvor aðferðin verði viðhöfð, að láta gildi þingrofsins taka gildi við dagsetningu eða frá einhverju síðara tímatakmarki, mun ég ekki skýra frá hér, vegna þess að ég mun ekki fara að segja frá því, hvernig þessu er háttað, áður en ég birti það þingheimi. Ég hef neitað öllum fjölmiðlum og öðrum um allar upplýsingar varðandi þetta, vegna þess að ég tel Alþ. eiga heimtingu á því að fá þetta fyrst og beint, eins og það er og frá því var gengið, þegar aðstaða verður til þess og öðrum störfum er lokið á Alþingi.

Eins og hv. þm. hefði getað lesið, ef hann hefði haldið áfram að lesa það, sem í bók minni stendur, hefði hann getað sagt, að báðar aðferðirnar séu jafnréttháar. Báðar eru gildar, og það má velja um hvora fyrir sig. En ef svo stendur á af einhverjum ástæðum, að það þarf að losa sig við þingið strax, þá er auðvitað ómögulegt annað en að beita þeirri aðferðinni, sem lætur þetta taka gildi strax. Ég vona, að hæstv. þm., — og ég vona líka, að þetta boði gott, að ég nefndi hann hæstvirtan, — muni á næstunni leggja áherslu á að kynna sér bók mína betur en hingað til. Hann hefur aldrei nema gott af því. Um þetta einangraða atriði út af fyrir sig, um þingrof, getur hann fengið allt, sem hann þarf að vita, í ritgerð Bjarna heitins Benediktssonar í afmælisriti Einars Arnórssonar í stuttu máli saman dregið. En miklu stærri rit eru til um þetta, ef hann hefði áhuga á því, m. a. doktorsritgerð Knuds heitins Berlins við Kaupmannahafnarháskóla. Ég efast ekki um, að hann muni kynna sér þessi rit vel á næstu vikum, og mér er það sönn ánægja að vera honum innan handar um uppfræðslu í því efni.

Gylfi Þ. Gíslason: Herra forseti. Ég vil taka það skýrt fram, að ég hef ekki vefengt rétt hæstv. forsrh. til þess að rjúfa þing. Ég hef einnig kynnt mér rit hans um stjórnskipun Íslands nógu rækilega til þess og enn fremur ritgerðir annarra merkra stjórnlagafræðinga, t. d. Bjarna heitins Benediktssonar, til þess að gera mér alveg ljóst, að hann hefur formlegan rétt til þess að velja hvora þessa aðferð sem honum sýnist. En einmitt vegna þess, að ég tel mig hafa ástæðu til að óttast, að hann muni beita fyrri aðferðinni, þeirri aðferð, sem hann sjálfur telur í riti sínu óhagkvæmari, af því að hún valdi því, að þá verði landið þingmannslaust, sá ég ástæðu til að beina þessari fsp. til hans, ef hún kynni að mega verða til þess, að hann tæki skynsamlegri, hyggilegri og ábyrgari ákvörðun en ég nú óttast, að hann hafi í hyggju að gera.

Ég vek athygli á því, að hann neitar því ekki, að hann kynni að senda Alþ. heim í dag. Hann notaði orðin „að losa sig við þingið". Ég vil í örfáum orðum benda á, hvaða áhrif slík ákvörðun hefði. Þá yrði ekkert Alþingi á Íslandi. Þá yrði ekki unnt að kveðja Alþingi saman, hvað sem kann að gerast, innanlands eða erlendis. Þótt stórtíðindi kynnu að gerast hér á landi, yrði engin löggjafarstofnun starfandi. Þótt stórviðburðir gerðust í landhelgismálinu á erlendum vettvangi, yrði ekkert Alþ. til að taka afstöðu til þeirra. Þótt óvæntir stórviðburðir gerðust innanlands eða utan, er Alþingi Íslendinga nú ekki talið koma það við eða yrði ekki, ef þessi aðferð yrði viðhöfð. Ríkisstj. Framsfl. og Alþb. hefði þá öll völd í landinu í sínum höndum. Íslenzkum kommúnistum hefði aldrei áður verið fengið annað eins umboð.

Það er kunnara en frá þurfi að segja, að þessari ríkisstj. hefur mistekist stjórn efnahagsmála gersamlega. Hún hefur brugðist eigin loforðum sínum í utanríkis- og varnarmálum. Henni hefur ekki tekist að leiða landhelgismálið til endanlegra lykta. Ef hæstv. forsrh. gerir það, sem nú er ástæða til að óttast, að hann geri síðdegis í dag, lyki ríkisstj. ferli sínum á þann hátt að sýna

Alþingi Íslendinga, elstu stofnun þjóðarinnar, beina lítilsvirðingu og taka sér vald í hendur, sem Alþ. ber samkv. lýðræðisreglum, og um leið skapa ástand, sem gæti reynst þjóðhættulegt. Slíkum fyrirætlunum vill þingflokkur Alþfl. harðlega mótmæla.

Hannibal Valdimarsson: Herra forseti. Það þarf engan að undra, þótt umr. hefjist um þingrofsréttinn um þessar mundir, né heldur um það, hver beiti honum og hvernig honum sé beitt og á hvaða réttargrundvelli honum sé beitt. Ég tók það fram í örstuttu máli á dögunum, að ég væri þeirrar skoðunar, að það væri fásinna, það væri fjarstæða, það væri mótsögn í sjálfu sér, að minnihlutastjórn, sem viðurkennir sjálf að vera komin í minni hl. á Alþingi Íslendinga, rjúfi þing, reki meiri hl. heim, allra helst ef stæði til að svipta hann umboði, sem aðrir hafa veitt, sem kjósendur hafa veitt til næstu kosninga.

Hæstv. forsrh. þykist sjálfsagt tveim fótum í jötu standa sem fræðimaður í þessum efnum. En svo mikið er víst, að í hans fræðum finnst það líka, að hann segir þar berum orðum, að ef ríkisstj. veit, að hún er í minni hl. á Alþ., þá á hún að segja af sér. (**Forsrh.**: Nema hún rjúfi þing.) Nei, þetta eru því miður ósannindi hjá hæstv. forsrh., framhaldið er ekki þetta, heldur: „eða lúta vantrausti.“ „Ber að segja af sér“, — stendur þarna í samhengi, — „ef hún veit, að hún er í minni hl. á Alþ., eða lúta vantrausti,“ en ekki það, sem hann segir nú. Það er einhvers staðar annars staðar í fræðum hans, en þá er ekki samhengi í fræðunum heldur.

Einn fræðimann áttum við á þessu sviði auk þeirra tveggja, sem nefndir hafa verið, Bjarna heitins Benediktssonar og Ólafs Jóhannessonar. Það var Einar heitinn Arnórsson. Hann hefur skrifað mikið rit um Alþingi Íslendinga. Á bls. 575 í þeirri stóru og þykku bók stendur, með leyfi hæstv. forseta, um þingbundna stjórn samkv. 1. gr. stjórnarskrárinnar, — það er það, sem hann vitnar til og segir síðan: „Í þessu hugtaki felst það m. a., að þingið eigi að ráða þeirri höfuðstefnu eða þeim höfuðstefnum, sem ríkja eiga um stjórn landsins og löggjöf, og til þess er nauðsynlegt, að það eigi þess kost að tilnefna ráðh., og það var þá föst venja í löndum með þingbundinni stjórn, þegar stjórnarskráin 1920 var sett.“

Nú er engin breyt. orðin á frá stjórnarskránni 1920 önnur en sú, að vald forseta er komið í stað valds konungs. En hann segir, að þarna verði þingið fyrst og fremst að eiga völ því að ákveða stjórn lands og löggjöf.

Hæstv. forsrh. veit ósköp vel, hvernig Alþingi Íslendinga, ef það verður ekki svipt starfi og starfsaðstöðu, starfsrétti, mundi á næstu dögum ákveða stjórn í landinu. Það mundi svipta núv. minnihlutastjórn völdum, og síðan mundi forseti stjórna verki um það — (Gripið fram í.) Nei, fræðimenn geta nefnilega farið með villukenningar ekkert síður en aðrir. Það, sem mundi gerast, ef Alþ. tæki ákvörðun um að fella núv. minnihlutastjórn, sem það vafalaust mundi gera, er það, að forseti Íslands mundi kanna, hvaða möguleikar væru til myndunar þingræðislegrar stjórnar, og hann mundi fela núv. forsrh. og ríkisstj. hans að gegna störfum til bráðabirgða, þangað til gengið hefði verið úr skugga um það, hvort hægt væri að mynda þingræðislega stjórn. Það yrði eingöngu bráðabirgðaseta.

Það var alleftirtektarvert að heyra hæstv. forsrh. segja það áðan, að hann ætlaði „að losa sig við þingið“, losa sig við Alþingi Íslendinga, sem á að ráða umboði ráðh. og ríkisstj.

Í örstuttu máli skal ég gera grein fyrir skoðunum mínum á þingrofsréttinum, og ég geri það í eins stuttu máli og unnt er á þessa leið:

1. gr. stjórnarskrárinnar hljóðar svo:

„Ísland er lýðveldi með þingbundinni stjórn.“

Þetta er sjálf þingræðisreglan. Og hún er á þessa leið, að Alþ. skuli alltaf ráða stjórn landsins. Alþ. fer sjálft með löggjafarvaldið. Meiri hl. þess ræður því hvaða lög um sett. En auk þess ræður meirihl., Alþ. því alltaf, hverjir fara með framkvæmdavaldið, þ. e. a. s. hverjir eru ráðh. Enginn getur verið ráðh., síst forsrh., sem meiri hl. Alþ. vill ekki styðja til þess eða a. m. k. þola í því embætti. Þess vegna á forsrh. eða annar ráðh. þegar að biðjast lausnar, er hann veit, að hann nýtur ekki lengur trausts meiri hl. Alþingis. Alþ. þarf alltaf að vera til. Takið nú eftir: Alþ. þarf alltaf að vera til, og það þarf að geta beitt meirihlutavaldi sínu um það, hverjir eru ráðh. Þess vegna er það ófrávíkjanleg regla, a. m. k. eftir árið 1931, hér á landi, að Alþ. sé aldrei rofið nema frá þeim degi, sem nýtt þing er kosið. Alþ. hefur aldrei á síðustu áratugum verið rofið á annan hátt en þann, að það sé rofið frá þeim degi, sem nýtt þing er kosið, landið aldrei án Alþ., — ekki bara án alþm., án Alþingis.

Þingræðisreglan segir, að meiri hl. Alþ. skuli alltaf ráða því, hverjir eru ráðh. Af því leiðir auðsæilega, að ríkisstj., sem styðst við minni hl. Alþ. aðeins, getur ekki rofið þing í því skyni að reka meiri hl. heim frá störfum og hindra hann í því að skipta um ríkisstj. eða ráðh., því að það er réttur þingsins. Það væri því brot á þingræðisreglunni í 1. gr. stjórnarskrárinnar og þar með einnig stjórnarskrárbrot. Þegar ríkisstj. hefur fengið vitneskju um, — og sú vitneskja liggur nú hér fyrir, að hún getur ekki komið fram löggjöf, sem hún telur þjóðarnauðsyn, vegna þess að hún styðst ekki við meiri hl. í annarri hvorri d. Alþ., sem fellir slíka löggjöf, ber henni að segja af sér. Þá hefur hún fengið vitneskju um, að hún hefur ekki nauðsynlegan meiri hl. og traust á Alþ. En ríkisstj., sem hefur fengið örugga vitneskju um, að hún hefur ekki lengur traust meiri hl. Alþ., ber tafarlaust að segja af sér.

Ekki fer það á milli mála, hvaðan umboð alþm. er sprottið. Það er komið beint frá kjósendum, ekki gegnum ríkisstj. Umboð sitt hafa alþm. frá kjósendum beint, og það umboð er til næsta kjördags. Ríkisstj. hefur engan rétt til þess að svipta þm. því umboði, sem þeir hafa fengið frá kjósendum og skal gilda undir öllum kringumstæðum til næsta kjördags, ekki endilega út kjörtímabilið, en til næsta kjördags. Þess vegna hefur sú regla verið höfð í heiðri, að þing sé aldrei rofið frá þeim degi, sem þingrofið er birt, heldur frá þeim degi, sem kosningar eiga að fara

fram, — aldrei þinglaust í landi með þingbundinni stjórn.

Ef það er ætlun hæstv. forsrh. að rjúfa þing og senda þm. heim, svipta þá umboði nú frá þessum degi, þá fyrst og fremst mótmæli ég því og í öðru lagi lýsi ég því yfir, að það sé lögbrot, það sé brot á þingræðisreglunni og það sé brot á 1. gr. stjórnarskrár lýðveldisins Íslands.

Benedikt Gröndal: Herra forseti. Ég er sammála formanni Alþfl. um það, að forsrh. hafi tvímælalaust þingrofsvald, um það verði ekki deilt. En hitt er deiluefnið, sem hér er risið, hvort þingrofið á að taka gildi við dagsetningu, sem gæti orðið seinni partinn í dag, eða á kjördegi.

Það, sem ég kvaddi mér hljóðs til að benda á, gæti ég nú ítrekað eftir síðasta ræðumanni, að samkv. 1. gr. stjórnarskrárinnar skal vera þingbundin stjórn á Íslandi. Hvernig í ósköpunum getur hæstv. forsrh., einn fremsti fræðimaður okkar í stjórnlagafræðum, prófessor og kennari í þeim fræðum, — hvernig getur hann hugsað sér þingræði í landi, þar sem ekkert þing er, því að þannig verður ástandið nú í tvo mánuði? Það er alveg augljóst, að það stenst ekki samkv. 1. gr. stjórnarskrárinnar að velja um þann kostinn að láta þingrofið taka gildi við dagsetningu. Það verður að hafa það með þeim hætti, sem gert hefur verið undanfarin ár, að þingrofið taki gildi á kjördegi, það hafa gerst á síðari árum atburðir, sem undirstrika þetta alveg sérstaklega.

Það er leitað eftir fordæmum og nefnt, hvað gerðist 1931 t. d. En árið 1944 urðum við lýðveldi og kusum okkur forseta, og jafnvel ákváðum við, hverjir vera skyldu handhafar forsetavalds, þegar forseti er fjarverandi. Einn af þeim, sem með forsetavald fara, og sá, sem er æðstur þeirra tvímælalaust, er forseti Sþ. Getur þm. starfað áfram sem handhafi forsetavalds, ef á það reynir, þegar forsrh. er búinn að svipta hann þingmennskunni? Það er alveg fráleitt. Ég tel því, að hæstv. forsrh. verði að reyna að lesa eða a. m. k. að hugsa betur. Hann fékk eintakið af sinni ágætu og gagnlegu bók lánað hjá formanni Alþfl. og hafði það hér og gat flett því, en hann gat ekki fundið neinn stað betri en þann, sem lesinn var upp, þar sem hann sjálfur lætur í ljós það fræðimannsálit, að það hljóti að vera hagkvæmara og skynsamlegra að miða þingrof við kjördag, en ekki dagsetningu.

Hannibal Valdimarsson: Herra forseti. Það var aðeins eitt atriði, sem ég ætlaði að bæta við ræðu mína áðan, og það er þetta. Minnihlutastjórn afnemur Alþingi Íslendinga. Hún hefur ekki Alþ. yfir sér í sínum störfum, við skulum segja næstu tvo mánuði. Hvers konar stjórn er það? Er það lýðræðisstjórn? Er það þingbundin stjórn? Það er hvorugt. Það er einræðisstjórn, sem hefur hrifsað völdin af Alþingi Íslendinga og getur með brbl. framlengt líf sitt eftir vild, ef hún hefur hugrekki til þess.

Meðferð opinberra mála, frv. (þskj. 804). — 3. umr.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 28 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 897).

Almenn hegningarlög, frv. (þskj. 553). — 3. umr.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 28 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 900).

Dómari í ávana- og fíkniefnamálum, frv. (þskj. 554). — 3. umr.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 29 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 902).

Ávana- og fíkniefni, frv. (þskj. 588). — 3. umr.

Enginn tók til máls.

Frv. samþ. með 31 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 903).

Neðri deild, 125. fundur.

Miðvikudaginn 8. maí, að loknum 124. fundi.

Vélstjóranám, frv. (þskj. 753, n. 882). — 2. umr.

Of skammt var liðið frá 1. umr. — Afbrigði samþ. með 21 shlj. atkv.

Frsm. (Ellert B. Schram): Herra forseti. Menntmn. hefur athugað þetta frv. og mælir með samþykkt frv. Tveir nm., hv. þm. Eyjólfur K. Jónsson og Benedikt Gröndal, voru fjarverandi afgreiðslu málsins í nefndinni.

ATKVGR.

1. gr. samþ. með 25 shlj. atkv.
2. gr. samþ. með 28 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 25 shlj. atkv.

Fiskvinnsluskóli, frv. (þskj. 754, n. 883). — *2. umr.*

Of skammt var liðið frá útbýtingu nál. — Afbrigði samþ. með 21 shlj. atkv.

Frsm. (Ellert B. Schram): Herra forseti. Menntmn. mælir með samþykkt frv.

ATKVGR.

1. gr. samþ. með 24 shlj. atkv.
2. gr. samþ. með 24 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 25 shlj. atkv.

Landgræðslustörf skólafólks, frv. (þskj. 350, n. 881). — *2. umr.*

Of skammt var liðið frá útbýtingu nál. — Afbrigði samþ. með 21 shlj. atkv.

Frsm. (Hannibal Valdimarsson): Herra forseti. Það er till. n., að frv. verði samþ. Þeir Eyjólfur K. Jónsson og Benedikt Gröndal voru fjarstaddir afgreiðslu málsins.

ATKVGR.

1. gr. samþ. með 25 shlj. atkv.
2.—7. gr. samþ. með 25 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 22 shlj. atkv.

Lífeyrissjóður bænda, frv. (þskj. 685, n. 888). — *2. umr.*

Of skammt var liðið frá útbýtingu nál. — Afbrigði samþ. með 21 shlj. atkv.

Frsm. (Vilhjálmur Hjálmarsson): Herra forseti. Fjh.- og viðskn. hefur athugað þetta frv. og leggur til, að það verði samþykkt.

ATKVGR.

1. gr. samþ. með 25 shlj. atkv.
2.—10. gr. samþ. með 25 shlj. atkv.
Ákvæði til bráðabirgða samþ. með 27 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 24 shlj. atkv.

Almannatryggingar, frv. (þskj. 853, n. 890). — *2. umr.*

Of skammt var liðið frá útbýtingu nál. — Afbrigði samþ. með 21 shlj. atkv.

Frsm. meiri hl. (Jón Skaftason): Herra forseti. Heilbr.- og trn. þessarar hv. d. hefur athugað frv. til l. um breyt. á l. nr. 61 1971, um almannatryggingar, sem er 291. mál þessa þings, en máli þessu var vísað til n. í gær. Meiri hl. n., 5 nm. af 7, mælir með samþykkt frv., og liggur nál. þeirra frammi á þskj. 890.

Sverrir Hermannsson: Herra forseti. Enda þótt hv. 12. þm. Reykv. og ég höfum ekki undirritað þetta nál., liggur ekkert fyrir um afstöðu okkar til málsins af þeirri einföldu ástæðu, að okkur hefur enginn kostur gefist til þess að athuga það að einu eða neinu leyti. Hv. frsm., hv. 2. þm. Reykn., skýrði frá því, að n. hefði athugað þetta mál. Það hefur heilbr.- og trn. ekki gert. Það var boðaður fundur í heilbr.- og trn. kl. 13.30 í dag. Honum var síðan flýtt með boðum til kl. 1. Hann var síðan afboðaður. Hann var þar næst boðaður kl. 3. Hann var síðan, eftir að hæstv. forseti hafði tilkynnt um fund í d. kl. 3, boðaður fyrirvaralaust og stóð í örfáar mínútur, þar sem þessu máli, sem mér sýnist allviðamikið, var rubbað af með þeim hætti, sem dæmin sanna. Þetta eru að sjálfsögðu engin vinnubrögð og langt frá því að vera hinu háa Alþ. samboðin.

Það var gengið um hér, án þess að nokkur nefndarfundur hefði verið haldinn um málið, og menn beðnir um að skrifa upp á nál. Það gerði einn af þm., hann gekk hér um ganga til þess að smala saman nm. til þess að fá þá til að skrifa upp á þetta frv., án þess að það hefði nokkru sinni verið lagt fyrir eða tekið fyrir í n. Allir menn sjá, hver óhæfa þetta er, enda var það ekki fyrr en þetta frv. hafði verið afgr. í n., sem einstaka nm. fóru að spyrja eftir því, hvað einstakar gr. þess þýddu. Fyrir því er það, að það kemur auðvitað ekki til greina, að við eigum neina aðild að þessu.

Ég vil þó taka það fram, að við örstutta athugun sýnist mér t.d. 3. gr. þessa frv. mikilsverð og þá þar af leiðandi þær breyt., sem hv. Ed. hefur gert á þeirri gr. um hækkun, sem þar er lögð til, hækkun úr 30 þús. kr. upp í 37 500 og úr 64 þús., eins og þar segir, upp í 80 þús. kr. Út af fyrir sig hefði ég getað samþ. að þessi gr. verði lögfest. En hér eru mörg fleiri atriði og öll eru almannatryggingalögin það viðamikil, að engu tali tekur og það er hin mesta óhæfa að standa að breyt. á þeim með þessum hætti, eins og við höfum nú fyrir augum.

Ég geri ráð fyrir því, að við hv. 12. þm. Reykv. munum freista þess að bera fram brtt. við frv. við 3. umr. þess. En ég veit ekki, hvort þess er nokkur kostur, miðað við þau vinnubrögð, sem hér eru viðhöfð. Allt að einu mun þess freistað að hafa áhrif á meðferð þessa máls, eins og frekast er kostur. En ég ítreka eindregin mótmæli mín við þessum vinnubrögðum, og skiptir þá engu, þótt þau kunni einhvern tíma áður að hafa verið viðhöfð. Þau fordæmi eru ekki til fyrirmyndar. Hið háa Alþ. verður að breyta til í þessu efni, ég tala nú ekki um, þegar svo stendur á, að á næstu mínútum e.t.v. hyggst hæstv. forsrh. grípa til þess ráðs að svipta þm. umboði sínu. Það kann að vera, að hæstv. forsrh. hafi til þess lögformlegan rétt, en engan siðferðisrétt. Hann brýtur þar a.m.k. siðferðisreglur allar, ef hann ætlar að fara fram með þeim hætti, eins og mönnum sýnist, að í boði sé. Þegar þannig stendur á, að slíkt er í bígerð, er rokið upp til handa og fóta og ætlast til þess af hv. þm., að þeir afgreiði ýmis mikilsverð mál. Hv. þm. eiga að mótmæla þessum aðferðum með því að neita að taka þátt í nokkurri afgreiðslu, þegar við eigum e.t.v. á næstu

mínútum von á því, að þjóðin verði svipt Alþingi sínu af hæstv. forsrh. Það væri það minnsta, sem hv. alþm. gætu gert, að koma hvergi nærri afgreiðslu mála, eftir að slík ódæmi eru í boði eins og hér virðist vera á ferðinni.

Forseti (Gils Guðmundsson): Í tilefni af ummælum hv. 4. þm. Austf. vil ég aðeins segja það varðandi málsmeðferð, að vegna sérstakra tilmæla gaf ég fundarhlé fyrst o gfremst til þess, að hv. heilbr.- og trn. gæti komið á þeim fundi, sem ekki hafði tekist að koma á fyrr í dag, til þess að athuga þetta mál. Ég viðurkenni, að sá frestur var að vísu stuttur. Það hefur komið fyrir undir þeim kringumstæðum, þegar Alþ. er e. t. v. að ljúka, að þá hafa slíkir frestir stundum verið stuttir, einkum þegar um hefur verið að ræða mál, sem ekki hefur verið mikill og alvarlegur ágreiningur um.

Ég hef í sambandi við afgreiðslu nokkurra mála í dag reynt að haga henni þannig að taka fyrir mál, sem ég hélt, að væru annaðhvort algerlega ágreiningslaus eða ágreiningslítil. Ég mun að sjálfsögðu veita þeim hv. þm., sem hugsa sér að bera fram brtt. við 3. umr., tækifæri til þess að gera það og mun þess vegna ekki taka málið á dagskrá alveg strax, heldur eitthvað síðar, en ég vænti þess, að þeir þurfi ekki mjög langan frest til þess að móta þær brtt.

ATKVGR.

1. gr. samþ. með 22 shlj. atkv.
2.—12. gr. samþ. með 21 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 22 shlj. atkv.

Neðri deild, 126. fundur.

Miðvikudaginn 8. maí, að loknum 125. fundi.

Vélstjóranám, frv. (þskj. 753). — 3. umr.

Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði samþ. með 24 shlj. atkv.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 25 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 904).

Fiskvinnsluskóli, frv. (þskj. 754). — 3. umr.

Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði samþ. með 24 shlj. atkv.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 27 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 905).

Landgræðslustörf skólafólks, frv. (þskj. 350). — 3. umr.

Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði samþ. með 24 shlj. atkv.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 26 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 906).

Lífeyrissjóður bænda, frv. (þskj. 685). — 3. umr.

Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði samþ. með 24 shlj. atkv.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 27 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 907).

Neðri deild, 127. fundur.

Miðvikudaginn 8. maí, kl. 4 síðdegis.

Iðnlánasjóður, frv. (þskj. 684, n. 895). — 2. umr.

Of skammt var liðið frá útbýtingu nál. — Afbrigði samþ. með 21 shlj. atkv.

Frsm. (Eðvarð Sigurðsson): Herra forseti. Mál þetta er komið frá hv. Ed. og hlaut þar einróma samþ. Iðnn. þessarar hv. d. hefur fjallað um málið og mælir með, að það verði samþ. óbreytt.

Bæði þessi mál, sem á dagskránni eru, má segja, að séu sama málið, þ. e. a. s. þetta og frv. um Sölustofnun lagmetisiðnaðarins. Hér er um að ræða, að af vörum lagmetisiðnaðarins verði útflutningsgjald sjávarafurða fellt niður og svo einnig gjöld til annarra sjóða sjávarútvegsins, en í staðinn greiði lagmetisiðnaðurinn til Iðnlánasjóðs og njóti þar sömu fyrirgreiðslu og aðrir, sem til þess sjóðs greiða.

Það er algert samkomulag í iðnn. þessarar hv. d. um að mæla með, að bæði þessi frv. verði samþ. óbreytt, þetta og einnig frv. um Sölustofnun lagmetisiðnaðarins, eins og það er á þskj. 854.

ATKVGR.

1. gr. samþ. með 21 shlj. atkv.
2. gr. samþ. með 21 shlj. atkv.
Ákvæði til bráðabirgða samþ. með 21 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 21 shlj. atkv.

Sölustofnun lagmetisiðnaðarins, frv. (þskj. 854, n. 894). — 2. umr.

Of skammt var liðið frá útbýtingu nál. — Afbrigði samþ. með 21 shlj. atkv.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

1. gr. samþ. með 21 shlj. atkv.
2.—3. gr. samþ. með 21 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 21 shlj. atkv.

Neðri deild, 128. fundur.

Miðvikudaginn 8. maí, að loknum 127. fundi.

Almannatryggingar, frv. (þskj. 853). — 3. umr.

Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði samþ. með 22 shlj. atkv.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 23 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 908).

Iðnlánasjóður, frv. (þskj. 684). — 3. umr.

Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði samþ. með 22 shlj. atkv.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 25 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 910).

Umræður utan dagskrár.

Gunnar Thoroddsen: Herra forseti. Tillaga um að lýsa vantrausti á núv. ríkisstj. hefur verið flutt í Sþ. Að henni stendur meiri hl. þingheims. Í dag hefur 31 þm. afhent hæstv. forseta Sþ. ósk eða kröfu um það, að vantrauststill. verði tekin á dagskrá í Sþ. til umr. Ég veit ekki hvernig hæstv. forseti Sþ. muni svara því, en grunur leikur mér á, að ekki muni verða orðið við þessari kröfu, heldur verði, þegar næsti fundur er haldinn í Sþ., aðeins lesinn af hálfu hæstv. forsrh. þingrofsboðskapur og vantrauststill. komi því ekki til umræðu. Þar sem væntanlega gefst þannig ekki tækifæri, nema eitthvað breytist, í Sþ. til þess að ræða vantrauststill., vil ég með leyfi hæstv. forseta þessarar d. og þar sem hæstv. forseti Sþ. á sæti í þessari d. beina þeirri fsp. til hans og vænti þess, að hann svari því hér og nú, hvort hann muni virða að vettugi kröfu meiri hl. þings um að taka vantrauststill. á dagskrá í Sþ. og til umr. Ef svarið yrði neitandi, tel ég það alveg furðulegt virðingarleysi við þingræðið og vilja meiri hl. Alþingis.

Í sambandi við þetta mál og þær umr., sem urðu hér utan dagskrár í dag varðandi væntanlegt þingrof, vil ég taka það fram, eins og raunar kom hér skýrt fram í ræðum manna, að tvenns konar háttur hefur verið hafður á um þingrof, þ. e. a. s. hvort það taki gildi strax frá þeim degi, sem það er tilkynnt, þannig að umboð þm. falli niður og landið verði þingmannslaust og þinglaust frá þeim degi og fram til kjördags, eða hinn hátturinn, að rjúfa þing, en umboð þm. falli niður á kjördegi. Nú í marga áratugi hefur jafnan verið hafður sá háttur, að umboð þm. falli niður á kjördegi, þannig að landið sé aldrei þinglaust. Til þessa liggja eðlilegar ástæður og rökréttar. Það er fullkomin nauðsyn, að á hvaða tíma sem er, ef eitthvað óvænt ber að höndum, sé möguleiki að kalla saman þing, kalla saman aukaþing. Sá möguleiki er ekki fyrir hendi, ef þm. hafa verið sviptir umboði og landið er þannig þinglaust í nokkrar vikur eða allt að tveim mánuðum.

Hæstv. forsrh. hefur ekki upplýst í þessum umr., hvorn háttinn hann muni á hafa. Ég vil taka undir ummæli ræðumanna hér fyrr í dag að beina þeim eindregnu tilmælum til hæstv. forsrh., að hann hafi við hinn væntanlega þingrofsboðskap sinn þann háttinn á, að þing verði rofið aðeins frá kjördegi, þannig að landið verði ekki þinglaust. Ég tel alveg sjálfsagt að hafa þann háttinn á, þótt fordæmi sé fyrir hinu, m. a. í hinu fræga þingrofi 1931.

Ég ætla ekki að fara um þetta fleiri orðum, en vil aðeins endurtaka, að ég tel, að þingheimur og þjóðin eigi kröfu til þess, að vantrauststill., sem meiri hl. þings stendur að baki, verði tekin til umr., áður en þing verður rofið.

Eysteinn Jónsson: Herra forseti. Þeirri málaleitun, sem ég hef fengið frá 31 þm. um að taka vantraustið á dagskrá í Sþ. á næsta fundi, mun ég svara úr forsetastóli í Sþ. í upphafi þess fundar, sem þar verður haldinn næst.

Gunnar Thoroddsen: Herra forseti. Ég hef frá skóladögum oft heyrt um véfréttina í Delfí og svörin þaðan, sem mátti túlka og skilja á marga vegu. Ég held, að svar hæstv. forseta Sþ. hafi verið nokkuð í ætt við véfrétt frá Delfí, því að engu erum við nær um það, hvað hann ætlast fyrir, heldur ætlar hann að tilkynna það á fundi Sþ. Ef svar hans verður þá neitandi, gefst væntanlega ekki tækifæri til þess að ræða það mál, því að hann mun þá veita hæstv. forsrh. þegar í stað orðið til að rjúfa þing, og eftir að hann hefur lesið boðskap sinn um þingrof með samþykki forseta Íslands, er þing þar með rofið og frekari umr. útilokaðar. Ég hefði því ætlast til þess af jafnskýrum manni, sem á jafnauðvelt með að kveða skýrt að orði og hæstv. forseti Sþ., að hann segi okkur hér skýrt og skorinort, hvað hann ætlast fyrir, og það með, að ef hann ætlar að virða að vettugi áskorun meiri hl. þings og neita að taka vantrauststill. á dagskrá, þá leyfi hann á þeim fundi Sþ., eins og venja er til, umr. utan dagskrár.

Eyjólfur K. Jónsson: Herra forseti. Það er augsýnilega allmikið offors, sem hér á að beita af hálfu forustu Framsfl., og því kveð ég mér hljóðs, að ég vil vekja sérstaka athygli framsóknarmanna á því, hvað er á seyði.

Hæstv. forsrh. upplýsti áðan í ræðu sinni, að hann hygðist rjúfa þing, til þess að ríkisstj. fengi dóm kjósenda, og í sjónvarpi í gærkvöld sagði hæstv. forsrh., að þetta væri ekki bráðabirgðastjórn, vegna þess að hugsanlegt væri, að hún ynni meiri hl. í þingkosningum og þá yrði þetta viðvarandi stjórn. Hann hefur sem sagt gefið um það yfirlýsingu, að hann rjúfi þing til þess að reyna að tryggja meiri hl. tveggja flokka til áframhaldandi stjórnarsamstarfs, — og hvaða flokka? Síns eigin að sjálfsögðu og kommúnista. Forsrh. Íslands, formaður Framsfl., leggur út í þingkosningar til þess að tryggja þennan meiri hl. samkv. hans eigin upplýsingum. Ég tel mjög nauðsynlegt, að framsóknarmenn um land allt geri sér grein fyrir því, hvað á seyði er, og þeir svari fyrir sig og sinn flokk í þeim sveitarstjórnarkosningum, sem fram undan eru, ekki síst hér í Reykjavík, því að það kynni að verða lærdómur fyrir ráðamenn Framsfl., hæstv. forsrh. og hæstv. forseta Sþ., sem nú beita offorsi hér, hver úrslitin þar yrðu. Það kynni svo að fara, að þeir breyttu um stefnu, áður en til þingkosninga kæmi, og þeir mundu ekki stuðla að því, að kommúnistar hefðu hér áfram þau völd, sem þeir hafa.

Það má gjarnan vekja á því athygli, að nú, þegar þing er rofið og ráðh. Alþb. sitja áfram í ráðherrastólum, þá er verið að fela þeim vald til að gefa út ýmiss konar reglugerðir, tilskipanir og standa að brbl. Það er verið að fela kommúnistum það vald hér, sem þeir hafa aldrei áður haft, og það er á ábyrgð hæstv. forsrh. og hæstv. forseta Sþ. Eftir þessu þurfa Íslendingar allir að taka og sér í lagi framsóknarmenn.

Sverrir Hermannsson: Herra forseti. Aths. mín skal verða stutt. Hæstv. forsrh. hefur margoft lýst því yfir, að hann víki aðeins fyrir vantrausti. Nú þorir hann ekki einu sinni að ræða það.

Sölustofnun lagmetisiðnaðarins, frv. (þskj. 854). — 3. umr.

Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði samþ. með 22 shlj. atkv.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 31 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 911).

Grunnskóli, frv. (þskj. 901). — Ein umr.

Of skammt var liðið frá 3. umr. í Ed. — Afbrigði samþ. með 22 shlj. atkv.

Sverrir Hermannsson: Herra forseti. Það mál, sem hér er til umr., hefur að vísu lengi legið fyrir Alþ., ein þrjú ár, skilst mér, og enn lengur verið þæft í rn., og þess vegna þykir mér nú tími til kominn fyrir mig að taka það til rækilegrar meðferðar.

Ég minntist á það áður í dag í sambandi við furðulega afgreiðslu á allt öðru máli, að þau vinnubrögð, sem hér á að viðhafa, eru með öllu óþolandi. Hér hefur hv. Ed. haft þetta mál til meðferðar og m. a. á næturfundum gert á því margvíslegar breyt. og nú skilst mér, að meiningin sé að taka það til lokaafgreiðslu á síðustu mínútunum, sem þm. halda þingmannsrétti sínum. Ég get vel skilið það, að hæstv. samgrh. hinn nýi hafi áhuga á því að fá aðra skrautfjöður í sinn hatt. Hann hefur þegar höndlað eitt hnoss, og það er að hafa lýst því yfir í sjónvarpi fyrir framan alþjóð, að hann mundi virða að vettugi ályktun Sþ.

Ég tel þess vegna nauðsynlegt nú, þegar á að taka þessa geysilega viðamiklu og mikilvægu löggjöf til lokaafgreiðslu, að við rifjum upp *ýmsar forsögur málsins, og hefði gjarnan mátt gera það miklu fyrr.* Ég tel undirstöðu þess, að við áttum okkur nógu greinilega á því, hvað til grundvallar hefur legið í fræðslumálum okkar, að við rifjum upp þær umr., sem fram fóru á Alþ. um þá fræðslulöggjöf, sem nú gildir. Þær umr. eru afar fróðlegar. Þær eru að vísu mjög langar, en ég, eins og ég segi, hef ekki misnotað þolinmæði hæstv. forseta í þessu máli, þannig að ég veit, að hann hefur fullkomna þolinmæði með mér. En eftir að hafa litið á þessar umr. í Alþt., þá rennur það upp fyrir mér, að mér er alveg ljóst, að þetta mun e. t. v. gerbylta viðhorfum manna til málsins. Að því búnu tel ég rétt að upplýsa og lesa yfir þau lög, sem þá voru sett, svo að menn sjái, í hvaða stað þessar umr. áttu að koma niður. — Þá er enn fremur alveg nauðsynlegt að lesa yfir frv., eins og það var lagt fyrir í haust, síðan að taka þær brtt. og bera þær saman, sem fram voru lagðar við 2. umr. málsins, bæði af hv. menntmn. og eins af einstökum þm. Þá er enn fremur alveg nauðsynlegt, áður en þetta mikla mál verður að lögum, að bera saman þær breyt., sem nú síðast hafa átt sér stað í hv. Ed. (**Forseti:** Ég vil aðeins tilkynna hv. þm., áður en lengra er haldið, að við erum þó allténd hér tveir deildarforsetar sæmilega heilsugóðir og erum tilbúnir til þess að skiptast á og gefa honum fullt frelsi til þess að ræða málið til nokkurrar hlítar, ef því er að skipta, þannig að þess getur verið kostur að halda þessari ræðu áfram, eftir því sem hann telur við þurfa.) Það var eins og hæstv. forseta er von og vísa, að hann mundi taka fullt og heiðarlegt tillit til þess, að mér liggur mikið á hjarta, og ég þakka honum alveg sérstaklega fyrir þetta tillit. Hann hefur sem sé lýst því yfir, að ég fái alveg óskoraðan tíma til þess að reifa þetta mál, og verður hann þá notaður.

Á 11. fundi í Nd. 19. okt. árið 1945 var útbýtt frv. til l. um skólakerfi og fræðsluskyldu, og á 15. fundi í Nd. 23. okt. var frv. tekið til 1. umr. Frsm. var ekki ómerkari maður en Sigfús Sigurhjartarson. Hann rifjaði það fyrst upp, að hinn 16. júní árið 1941 hafi Alþ. samþ. svolátandi þáltill.:

„Alþ. ályktar að fela ríkisstj. að skipa mþn.

skólafróðra manna til þess að rannsaka kennslu- og uppeldismál þjóðarinnar og gera till. um skipun þeirra, þar sem stefnt sé að því að gera skólana sem hagfelldasta, samræma skólakerfið, ákveða betur en nú er starfssvið hinna ýmsu skóla og sambandið þeirra á milli.“

Hér sjá menn eiginlega upphaf þess á árinu 1941, að þessi mál eru tekin til endurskoðunar. Ég vil benda á, að þessi þál. er gerð árið 1941, en það er fyrst á árinu 1946, sem lög eru sett um þessi efni, þau fræðslulög, sem við búum við enn í dag og margur hefur haldið fram, að hefðu reynst hin ágætustu, sér í lagi ef þau hefðu öll verið framkvæmd. En á hefur þótt skorta, að þau hafi verið framkvæmd í ýmsum mjög veigamiklum atriðum. Þess vegna er það, að þótt það tæki ein 5 ár þá á vegum hins háa Alþ. að setja slíka löggjöf, þá má okkur ekki í hinu nýja tækniþjóðfélagi og iðnþróaða láta okkur ofbjóða, þótt það taki álíka tíma nú. 5 ár liðu frá því, að samþ. er þáltill. og skipuð mþn. skólafróðra manna, eins og þar segir, til þess að endurskoða og gera till. um skipun þessara mála, og það er fyrst á árinu 1946, sem þessi löggjöf sér dagsins ljós. Ég bendi á þetta vegna þess, að margur hefur látið svo sem honum hafi ofboðið, hversu langan tíma þetta mál hefur verið hér til meðferðar á Alþ.

Sigfús Sigurhjartarson segir í framhaldi af þessu:

„Í erindisbréfi n. segir, að hún eigi „að rannsaka kennslu- og uppeldismál þjóðarinnar og gera till. um skipun þeirra, þar sem stefnt sé að því að gera skólana sem hagfelldasta, samræma skólakerfið, ákveða betur en nú er starfssvið hinna ýmsu skóla og sambandið þeirra á milli.“ Í n. voru skipaðir: Jakob Kristinsson fræðslumálastjóri, sem var form. n., Aðalbjörg Sigurðardóttir frú, Ármann Halldórsson skólastjóri, Ásmundur Guðmundsson prófessor, Ingimar Jónsson skólastjóri, Kristinn Ármannsson yfirkennari og Sigfús Sigurhjartarson. Skömmu síðar varð Jakob Kristinsson að láta af störfum í n., og varð þá Ásmundur Guðmundsson form. hennar, en Helgi Elíasson tók sæti í n. í stað Jakobs Kristinssonar.“

Af þessu geta menn markað, að hér voru engir veifiskatar á ferðinni. Hér voru engin smámenni, sem voru til kölluð að setja niður skipan þessara mála og með hvaða hætti það yrði gert sem hagfelldast. Og þegar menn hafa kynnt sér nefndarskipunina, þá hljóta menn að eflast í þeirri trú, að þessi n. hafi átt erindi sem erfiði, enda er það mál manna, að sú fræðslulöggjöf, sem við höfum búið við, hafi reynst mjög vel og mundi hafa reynst í hvívetna afbragðsvel, ef framkvæmd hefði verið. Það enn fremur eflir mann í þeirri trú, að okkur liggi ekki svo mjög á með að setja ný lög, þar sem við búum við sæmileg og jafnvel góð lög í þessu efni.

Að vísu má geta þeirra furðulegu vinnubragða, að ráðuneytismenn, faktorar þar og þeirra assistentar, hafa verið að fást við það svona íhjá að framkvæma sumt af þessum ósettu lögum. Ég var hér með eina bók í höndunum í vetur, sem hét „Marklýsingar móðurmálsins“, eftir einhvern assistentinn þar efra. Ekki nenni ég nú að fara að rifja það sérstaklega upp, enda er ég hér að fara yfir miklu merkilegri ræðu um þetta mál og merkilegri atriði en þessi bók, þessi eyrnamörkun á móðurmálinu, hefur inni að halda.

Svo heldur frsm. áfram og upplýsir, að n. hafi samið 7 frv., hvorki meira né minna, og eru 4 þeirra á dagskrá þennan dag á Alþ. Að þessum frv. mun ég öllum vikja. Það er um skólakerfi og fræðsluskyldu í fyrsta lagi, það er um fræðslu barna í öðru lagi og það er um gagnfræðanám í þriðja lagi og svo minnir mig, að það sé eitthvað líka um húsmæðrafræðslu, — húsmæðrafræðsla er þar síðast á dagskrá. Fjögur þeirra voru á dagskrá á Alþ. til umr. þennan dag, 23. okt. árið 1945.

„Menntmrh. skrifaði menntmn. 9. okt. 1945 og sendi henni 4 frv. mþn. í skólamálum. Enn fremur biður rn. menntmn. að flytja þessi frv. á Alþ. Meiri hl. n. taldi rétt að flytja þessi frv. nú, en einstakir flm. hafa þó óbundnar hendur. Var þetta talið réttara vegna þingstarfa, svo að einstakir menn hefðu aðstæður til að taka endanlega afstöðu til þessa máls. Meiri hl. n. vildi þannig greiða fyrir þingstörfum, og er til þess ætlast, að samstarf menntmn. beggja d. verði um frv þessi.“

Það hefði nú kannske verið athugandi að hafa þennan hátt á nú, t. d. í sambandi við lokaafgreiðslu þessa máls, að menntmn. hefðu starfað saman, og sýnir þetta náttúrlega klaufaleg vinnubrögð, því að það hefði eflaust sparað tíma, þannig að ég þyrfti ekki nú að taka þetta til eins nákvæmrar yfirvegunar og meðferðar eins og ég tel mig knúinn til.

Þá segir hann frá því, að til viðbótar þessum fjórum frv. sé að vænta í fyrsta lagi frv. um kennaramenntun og síðan um húsmæðrafræðsluna, sem ég nefndi og í þriðja lagi um tilrauna- og æfingaskóla. Ég þykist vita, að þegar í upphafi þessa lesturs á framsöguræðu Sigfúsar Sigurhjartarsonar ljúkist augu manna upp fyrir nauðsyn þess, að það sé gluggað vandlega í hana. Hann segir enn fremur:

„Frv., sem hér eru á dagskrá nú, eru öll mjög skyld. — Mér þykir hlýða,“ segir hann, „að gera grein fyrir því, hvernig skólakerfið er hugsað, sem mþn. í skólamálum leggur til, að verði í framtíðinni. Hún leggur til, að skólum landsins verði skipt í 4 stig. Sérhvert próf í skólum þessum gefi rétt til framhaldsnáms eða einhvers starfa annaðhvort í iðn eða bóklegum efnum. Jafnframt sé greið gata frá einum skóla til annars og frá einu stigi til annars.“

Þarna komum við að þessu merkilega atriði um hina greiðu götu frá einum skóla til annars og einu stigi til annars. Þetta atriði hefur mikið verið rætt hér, og einn þátturinn í hinum nýju l., sem nú er verið að gera tilraun til að setja, er sá að gera þessa götu sem greiðasta. En þá þegar var mikil áhersla á þetta lögð, og mér er nær að halda, að við lagasetningu þá hafi náðst sæmilegur árangur í þessu efni. Það er sem sé samræming, sem um er að ræða. Þeir hafa fyrir sér nákvæmlega sömu markmiðin að keppa að eins og nú hefur verið stefnt að, og við skulum vænta þess, að við séum nú að ná lengra á samræmingarbrautinni.

„Samkv. frv. er ráðgert, að skólaskylda barna hefjist, þegar þau eru 7 ára, eins og nú er. N.

er þó ljóst, að yngri börn en 7 ára þurfa á fræðslu að halda.“

Það er eins og maður kannist við eitthvað af þessum orðum nú, án þess að ég sé neitt að væna hæstv. menntmrh. um eða aðra, sem fyrir þessu hafa mælt, að hafa lesið bókstaflega upp úr þessu. En ótrúlega vel kannast ég við allt orðfæri hér samt.

„N taldi þó ekki tímabært að lögleiða skólaskyldu yngri barna á þessu stigi málsins. En ef bæjar- og sveitarfélög æskja þess, að skólaskyldu verði komið á meðal yngri barna, er lagt til, að þeim verði veittur styrkur til að standast þann kostnað. Hér er um að ræða styrk, en ekki skyldu. N. er einnig ljóst, að í framtíðinni mun skólaskylda barna hefjast fyrr en nú er, enda er það svo í flestum öðrum menningarlöndum.“

Og af því ég sé, að hv. 3. þm. Austf. hlýðir á mál mitt, hef ég þegar rekist hér á, að hann átti mikla aðild að setningu þessara l. á sínum tíma, hélt um málið skynsamlegar ræður, og nú er t. d. hin mesta nauðsyn á, sýnist mér, eftir afgreiðslu hv. Ed. á málinu að bera nú saman, hvernig hann hefur þroskast með árunum, því að mér sýndist hann hafa á þessu mjög heilbrigðar skoðanir á sínni tíð, en nú er að sjá, hvernig til hefur tekist. — Það er mjög svo fróðlegt á marga vísu að fá nú til þess tækifæri að bera hér saman afstöðu manna til frv. Ég hef t. d. séð, að hv. 5. þm. Reykv., Gunnar Thoroddsen, leggur enn fremur orð í belg, og það verður ekki lítið fróðlegt að kynnast því, hver viðhorf hans sem ungs manns voru þá til þess arna

Svo heldur hv. frsm. áfram ræðu sinni og segir:

„Skólaskylda barna hefst, er þau eru 7 ára, en lýkur, er þau verða 13 ára, eða einu ári fyrr en nú er.“ — Þá þótti bera nauðsyn til þess að breyta þessu á þennan veginn. — „Er þetta því ekki stórfelld breyting. Gert er ráð fyrir, að 10 ára börn taki sérstakt próf, er verði samæmt um allt land. Verði þá rannsökuð ítarlega kunnátta barna í lestri, skrift og reikningi, svo að þau, sem næga kunnáttu hafa, geti fylgst að í öðrum bekkjum. Þetta er að vísu nýjung, þó að líkt fyrirkomulag hafi tíðkast undanfarið. Einnig má geta þess í sambandi við þetta mál, að forskólafyrirkomulagið mun hverfa með öllu, og er það mark, sem að er stefnt og allir eru sammála um.

Allir skólar, sem starfa á barnafræðslustigi, eru raunverulega einn skóli. Í þessu felst, að nám í barnaskólum á að vera samræmt. Nám í einum barnaskóla á að jafngilda námi í öllum öðrum barnaskólum. Þegar barnafræðslustiginu lýkur, hefst gagnfræðaskólastigið. Er það 4 ára stig og er einkum ætlað unglingum 13—17 ára. Það er hverju íslensku barni skylt að hefja nám í gagnfræðaskóla og stunda þar nám a. m. k. í 2 ár.“ — Þetta er sú regla, sem við búum við í dag. — „Er þá skólaskylda barna frá 7—15 ára í stað 7—14 ára. Ekki þótti fært að lögbjóða lengri skólaskyldu, þótt um það heyrist háar raddir.“

Þessari n., sem ég vitnaði til, sem skipuð var þessum þekktustu mönnum, má trúlega fullyrða, sem á þessu sviði hafa starfað á Íslandi á þessari öld, þótti alls ekki fært að lögbjóða lengri skólaskyldu, enda þótt það heyrðust um það háar raddir. Það voru alls kyns menn í þjóðfélaginu þá eins og nú, sem höfðu hátt um þessa hluti, en þeim, sem gerst þekktu, þessum mönnum, sem þá höfðu um áratugi verið í fyrirsvari í okkar menntamálum, þótti þetta alls ekki fær leið og höfnuðu henni. Það er þess vegna ekkert nýtt, eins og ég segi, að menn rjúki upp til handa og fóta og þykist hafa nægjanlegt vit á hlutunum. Ég vil nefna í þessu sambandi þá furðulegu atburði, sem skeðu í hv. Ed., — þótt mér að vísu gæfist ekki kostur á að fylgjast með því, sem þar fór fram, og það var mikill skaði, því að það hefði kannske getað flýtt fyrir meðferð málsins hér, — en ég sá á þskj., sem útbýtt var, að þar hefðu 6 nm. menntmn. Ed. orðið sammála um grundvallarbreytingu á grunnskólafrv. eða poppskólafrv., sem sumir vilja nú nefna þetta, og hún var sú, að fræðsluskyldan yrði til 16 ára aldurs, en skólaskyldan aðeins til 15 ára aldurs. Á þessu er vitanlega grundvallarmunur. Um þetta hefur verið þrætt uppstyttulítið. Þetta hefur verið eitt megin atriði málefnaágreiningsins. Þessi till. er lögð fram af 6 hv. nm. í menntmn. Ed. Það hefði breytt verulega viðhorfi manns til frv., ef sú breyting hefði náð fram að ganga. En samt sem áður, þótt fyrir ætti þá að liggja alger meiri hl. fyrir þessari brtt. um styttingu skólaskyldunnar frá því, sem er lagt til í þessu frv., þá skeði það samt, að þessi sálarlegu þrekmenni stjórnarflokkanna hv. eru af þrekmenninu hæstv. menntmrh. svínbeygð og látin sporðrenna þessum till. sínum með húð og hári. — Það setur auðvitað að manni hroll að verða vitni að slíkum vinnubrögðum á síðustu stundum um eitt allra mikilvægasta atriðið varðandi þetta frv., það atriði, sem einna mestum styr hefur valdið í allri meðferð málsins.

Nei, í staðinn fyrir það, að ekki þótti rétt að lögbjóða lengri skólaskyldu, þá þótti hitt „réttara, að heimila einstökum sveitarfélögum að lengja skólaskyldu til 16 ára, og hefur hún þá lengst um 2 ár frá því, sem nú er,“ segir þar. „Hér er á sama hátt um rétt sveitarfélaga að ræða, en ekki skyldur.“ Á þetta ber að leggja höfuðáherslu.

„Þá kem ég að gagnfræðaskólastiginu,“ segir frsm. „Er það líkt og um barnaskólana, að gagnfræðaskólarnir eru hugsaðir sem einn skóli, eins og barnaskólarnir eru ein heild. Gagnfræðaskólarnir geta verið mislangir, en hverju barni er þó skylt að vera þar við nám í 2 ár. Heitir hann þá unglingaskóli og er miðað við að fullnægja þeirri skólaskyldu, sem til er lögð í frv. Hver sá nemandi, er lokið hefur unglingaprófi í gagnfræðaskóla, öðlast rétt til að ganga inn í 3. bekk í hvaða skóla sem er“ — Hér var mjög vel að því gáð, að yrði um samfellt nám að ræða frá einu stigi til annars. „Næstu 3 ár gagnfræðaskólanna nefnast miðskólar. Hver sem lokið hefur miðskólaprófi hefur rétt til að halda áfram námi í hverjum 4 og 5 ára gagnfræðaskóla.“

Frsm. þykir, þegar hér er komið, „rétt að gera nánari grein fyrir gagnfræðaskólunum. Svo er til ætlast,“ segir hann, „að skólum gagnfræðaskólastigsins sé frá upphafi skipt í 2 deildir, bóknámsdeild og verknámsdeild.“ — Þetta veit ég,

að ýmsir munu kannast við, að þannig háttar þessu í gagnfræðaskólum okkar. En það er alveg áreiðanlega fyllilega ástæða til þess að rifja þetta upp sérstaklega nú. — „Bóknámsdeildin veitir svipaða fræðslu og nú er í gagnfræðaskólum, veitir undirbúning undir kennara- og æðri menntun. Verður hún því hliðstæð menntaskólunum, sem nú eru. Verknámsdeildin leggur hins vegar áherslu á hagnýtt nám. Námstímanum er skipt til helminga milli bóklegra og verklegra greina. Höfuðgreinarnar verði íslenska og íslensk fræði.“

Það er rétt að staldra aðeins við þessa umsögn: „Höfuðgreinarnar verði íslenska og íslensk fræði, en þar næst hagnýt fræði eins og náttúruvísindi, eðlisfræði og stærðfræði.“ Á það er lögð hér öll áhersla, að höfuðgreinarnar verði íslenska og íslensk fræði. Samt er svo komið um framfylgd þessarar ákvörðunar, að mönnum þykir nú sem kennsla í íslenskum fræðum setji mjög ofan, og til þess að bjarga því nú við hefur hæstv. vegamálaráðh. beitt sér fyrir því að strika út litlu zetuna í stafrófinu og þótt hið háa Alþ. sé á annarri skoðun, þá auðvitað munar hann ekkert um að virða þann vilja að vettugi. Hann nefndi það í sjónvarpinu, að tveir hv. þm. hefðu setið hjá við atkvgr., og taldi sér þau auðu atkv. til góða. Það væri samræmisins vegna mjög eðlilegt, að hann yrði þá einhvern tíma kosinn á Alþ. á auðum seðlum. En vegna þess, sem að var stefnt samkv. þeim l., sem hér er verið að setja árið 1945, sem urðu að l. 1946, þá hefði mátt ætla, að vel hefði verið fyrir kennslu í íslensku og íslenskum fræðum séð. En mjög þykir bresta á um, að svo hafi orðið. Þess vegna hlýtur meinsins í þeim efnum að vera að leita hjá framkvæmdavaldinu sjálfu, hjá þeim kennurum, sem með þetta áttu að fara, sem áttu að sjá um, að þessu yrði nægilega sinnt. Það virðist hafa farið úrskeiðis mjög svo eftir þeim vitnisburði, sem hæstv. menntmrh. sjálfur hefur gefið um það hér á hinu háa Alþ., þar sem hann í allri umr. um að fella niður einn bókstafinn hélt því statt og stöðugt fram, að mjög skorti á um, að nægjanlega væri séð fyrir íslenskukennslu í skólum okkar.

„Að öðru leyti,“ segir Sigfús Sigurhjartarson, „verður í skólunum fjölbreytt námsefni sem mest hagnýtt og reynt að taka tillit til hæfileika einstaklinganna. Þessar deildir eru nýmæli, en við héraðsskólana, sem nú eru, má segja, að gerðar hafi verið tilraunir í þessa átt. Verknámsdeildin hefur aðallega verið sniðin eftir sænskri fyrirmynd.“

Það er ekki í fyrsta skiptið, sem við verðum af Svíum apar. Það er alveg merkileg árátta hjá Íslendingum, að því er mér virðist. T. d. í leikhúsmálum, þá er helst borið niður hjá Svíum, sem eru með, af því sem ég hef litið til t. d., heldur leiðinlegt leikhús. Og mér hefur verið sagt af skilgóðum mönnum og engum spaugurum, að þetta grunnskólafrv. sé samið að miklu leyti eftir úreltum sænskum fræðslulögum. Mér hefur ekki gefist kostur á að bera þetta saman eða afla mér nægjanlegra gagna til þess að færa fram neinar sönnur á þessu, en það má mikið vera, ef satt reynist ekki, að þetta sé þá einhver öpun eftir Svíum, sem þeir séu búnir að hafa hjá sér sem lög um fjölda ára og kváðu vera að gefast upp á. Ef þetta er rétt, þá er nú víst mál til komið, að menn gái enn betur að sér.

Ég sé ástæðu til að gera örstutt hlé á fróðlegri framsöguræðu Sigfúsar Sigurhjartarsonar, á 15. fundi í Nd., 23. okt. 1945. Það er hér fróðleikur, sem ég hef beðið eftir, sem varpar skemmtilegu ljósi og mjög fróðlegu á þessi mál á Alþ. árið 1847. Það er 16. júlí 1847, á 13. fundi. Þar segir svo upp úr gjörðabókinni:

„Allir á fundi. Þingbók frá síðasta fundi lesin og samþykkt. Forseti lagði fram sem 78. mál bænarskrá frá Reykjavíkurbæ um frv. til reglugerðar fyrir barnaskólann samastaðar (þ. e. í Reykjavík), og mælti því næst:

Það er að vísu svo, að bænarskráin í fyrsta áliti einungis virðist að viðkoma Reykjavík“ — Það bar dálítið fljótt á því, að augu manna mændu hér á Reykjavík. Nú hefur þeirri þróun verið snúið mjög við. Enda þótt Reykjavík verði áfram höfuðborg okkar og meginafl, þá hafa menn nú beint sjónum sínum miklu meira að jafnvægi í allri byggð landsins, og þó sérstaklega hefur Sjálfstfl. stutt við þá stefnu — „Það er að vísu svo, að bænarskráin í fyrsta áliti einungis virðist að viðkoma Reykjavík, þar eð hún biður um frv. til reglugerðar fyrir barnaskólann þar, en samt sem áður er það meining mín, að Alþ. eigi að gefa henni allan gaum,“ — ég þarf kannske ekki að geta þess, að hv. alþm. gera sér grein fyrir því, hver forsetinn er, sem hér talar, — „að gefa henni allan gaum, og ekki held ég hún sé svo sérstaks eðlis, að henni fyrir þá sök eigi frá að vísa; því bæði er það, að hún viðvíkur mjög svo áríðanda málefni fyrir allan Reykjavíkurbæ, og líka er Reykjavík eitt kjörstjórnarumdæmi sér, hvaðan einn fulltrúi er sendur til þingsins. Óska ég því, að þm. láti í ljós meiningu sína um, hvað við skuli gjöra bænarskrá þessa.“

Þá tekur til máls næst Ásgeir Einarsson, ég hygg Ásgeir á Þingeyrum, og mælir svo:

„Þó bænarskrá þessi sé þess efnis, sem einungis getur áhrært Reykjavík, er þó innihald hennar íhugunarvert, og legg ég það til, að 3 menn, sem kunnugir eru í Reykjavík, séu í n. kvaddir til að íhuga þetta mál.“

Lengri varð ræða hans ekki, Ásgeirs Einarssonar, þess mæta manns, og sýnir, að menn áttu til þá að tala ögn styttra en nú.

Þá tekur til máls stúdent Guttormur Vigfússon og segir:

„Ég verð að leyfa mér að óska, að bænarskráin sé lesin upp.“

Lauk þar með hans ræðu. Þá var bænarskráin lesin upp og að því búnu tók til orða stiftprófastur, Árni Helgason í Görðum. Og það er ekki litið fróðlegt að íhuga hans ræðu. Hann segir:

„Mér hefur verið falið á hendur að koma á framfæri þeirri bænarskrá, sem nú er lögð fyrir þingið, og vil ég því biðja, að henni verði tilhlýðilegur gaumur gefinn og n. valin til að íhuga málið gjör. Að fara þessu á flot er því meiri nauðsyn sem meiri er þörfin fyrir Reykjavík að fá reglulegan barnaskóla, þar eð hér er mjög

fjölmennur söfnuður. Það mætti og mæla fram með bæninni, að hvergi hér í landi er hægara að koma barnaskóla á fót, því þéttbýlið er svo mikið, að enginn erfiðleiki er fyrir börnin að sækja skólann daglega. Það lítur að sönnu svo út og ég játa, að svo sé, að barnaskólastiftun í Reykjavík," — *barnaskólastofnun þýðir þetta nú,* — „er fyrst og fremst þessu plázi" — plázi með zetu, hæstv. menntmrh., þetta sé ég strax, að er miklu virðulegra orð, plázi skrifað með zetu heldur en plássi með tveimur essum, ég hef ekki séð þetta fyrr, — „er fyrst og fremst þessu plázi til hagræðis og gagns, en fleiri héruð geta með tímanum haft þar af gagn," — menn veiti því athygli strax, hvað menn eru viðsýnir í þessum sökum, — „því," segir prófastur Árni Helgason, „því allir vita, að unglingar eru ekki *fastbundnir* við þá staði, hvar þeir uppalast, heldur dreifast víðs vegar út um landið, og hafi þeir í skólanum fengið betri menntun en aðrir og lært betri siði, svo bera þeir það með sér, sem þeir á yngri árum hafa aflað sér, og verða þeim mun uppbyggilegri í sinni stöðu, hvar af margur getur þá gott hlotið. Því bið ég þingið taka málið undir nál. og ætla ég að nægja megi, að í þá n. séu valdir 3 menn."

Þarna er um merkilegt mál að ræða og miklu merkara heldur en t. a. m. hv. 7. þm. Reykv., Gylfi Þ. Gíslason, álítur efnahagsmálafrv. hæstv. ríkisstj. vera, því að hérna mælir Árni í Görðum með því að taka málið undir nál., en dr. Gylfi ætlaði að fella það strax og undir eins frá n. og við 1. umr.

Þá tekur til máls kandidat Jón Sigurðsson og segir:

„Mér er ekki enn þá ljóst, að það sé til nokkurs gagns, að þingið kjósi n. í þetta mál, þó ég viðurkenni fúslega að öðru leyti, að það sé yfrið merkilegt í sjálfu sér og gagnlegt fyrir Reykjavík og sveitina hér. Eftir því sem þetta mál er vaxið, virðist mér best eiga við, að n. sú, sem sett er til að stjórna barnaskólanum, gerði uppástungu um allt fyrirkomulag hans, og það gengi síðan til hlutaðeigandi embættismanna til ítarlegri rannsóknar. Þar sem talað er um bágan fjárhag skólans, þá er þó kunnugt, að gjafasjóður Thorkillii er hér til og er ætlaður handa barnaskóla í Gullbringusýslu, en mér er reyndar ekki kunnugt, hvort þessi skóli nýtur nokkurs af þeim sjóði eða ekki."

Stórfróðlegt er að rifja slíkt upp fyrir sér sem þetta. Þó eru þetta, sem enn er komið, smámunir einir borið saman við það, sem hér fer á eftir. Ásgeir á Þingeyrum tekur aftur til máls og segir:

„Hvað því viðvíkur, sem flm. bænaskrárinnar gat um, að það, sem bænarskráin fer fram á, gæti verið umvarðandi landsmenn yfir höfuð, þá þykist ég ekki þurfa að svara því að þessu sinni, þar eð það getur komið til umr. seinna, ef n. verður kosin"

Enn er Ásgeir stuttorður.

Sveinn Sveinsson tekur næstur til máls og segir: „Ég er samþykkur hinum virðulega þm. frá Ísafjarðarsýslu, (þ. e. Jóni Sigurðssyni), og held ekki hlýða að setja n. í þessi málefni, þar eð svo margt er komið til þingsins aðgerða, og hefur það verið álitið nægilegt verkefni."

Þarna bendir hann á, þessi ræðumaður, að þingið hafi ærnu að sinna og þetta mál, bænarskrá um barnaskóla, verði að taka til frekari íhugunar, vegna þess að þar eru verkefni ærin fyrir hendi. Þá þótti þetta mál hið mikilverðasta, en nú, þegar á að afgreiða nýja fræðslulöggjöf fyrir okkar stóra og nýja þjóðfélag, þá á að gera það með þeim hætti að rubba því af á örfáum mínútum, áður en hæstv. forsrh. ætlar að svipta þingheim þingmennsku.

Ásgeir Einarsson á Þingeyrum talar enn og segir:

„Þegar ég mælti fram með n. í málinu, gerði ég það af því að ég ímyndaði mér, að sú n. mundi geta undirbúið málið til hlítar, svo það gæti gengið til stjórnarinnar, og þess vegna virðist mér það enn ísjárvert að gefa bænarskránni engan gaum. Þar sem þess hefur verið getið, að *málefni* þetta sé einkum gagnlegt fyrir Reykjavík, þá held ég, að Alþ. ætti að gefa því gaum fyrir það eins og bæjarstjórnarmálinu í Reykjavík á hinu fyrra þingi. Ég man það að sönnu, að í hitteðfyrra var bænarskrá frá iðnaðarmönnum í Reykjavík vísað frá, en þó mér finnist sem meiri ástæða væri kannske fyrir því, held ég samt, að það kunni að verða óvinsælt, ef slík aðferð er viðhöfð." (**Forseti:** Ég vil einungis leyfa mér að benda hv. ræðumanni á 39. gr. þingskapa, þar sem segir: „Eigi má nema með leyfi forseta lesa upp prentað mál." — Og ég vænti þess, að hv. ræðumaður fari eftir ákvæðum þessarar gr. Ég hef aldrei neitað því, að ræðumenn læsu upp úr prentuðu máli, ef það kemur við og snertir það mál, sem til umr. er hverju sinni, en það tel ég, að hljóti að vera forsenda þess, að eðlilegt sé að heimila upplestur úr prentuðu máli.) Já, ég skal vissulega taka þessa ábendingu til greina, en allt, sem ég hef sagt og lesið upp hér, kemur beinlínis málinu við, menn athugi það. Og ég bendi á, að þegar ég þarf að vitna til manna, er þetta aðeins ívitnun af og til, því að ég legg út af þessu, á ýmsa vegu, svo að mér hefur ekki þótt taka því að biðja um leyfi forseta í hvert sinn, þar eð hæstv. forseti gaf mér eitt allsherjarleyfi til þess að tala hér eins og mér sýndist og huggaði mig með því, að ég mundi ekki ofbjóða hans þolinmæði með því, þar eð hann hefði nóg af varaforsetum til þess að leysa sig af, svo að mér kemur þetta alveg í opna skjöldu, ef það verður dregið nokkuð í efa, að ég geti máli mínu til stuðnings vitnað til heimilda, sem beinlínis koma málinu við. Ég er hér að ræða og upplýsa menn um bænarskrá frá Reykjavík um stofnun barnaskóla árið 1847. Það mál er undirstaðan, ég vil benda á það. Það er alveg undirstaðan, hvernig því máli reiðir af á hinu háa Alþ., alger forsenda alls þess, sem á eftir fer. Þetta veit ég, að svo vel lesinn maður sem hæstv. forseti vor sér undireins og hann hugsar til þess. Það er kannske einhver óróleiki á stjákli í kringum hann, sem gerir það að verkum, að hann sér ástæðu til þess að minna mig á þingsköpin. En ég mun, eftir því sem mér er fært, taka fyllsta tillit til þingskapa.

En ég má nú til með t. d. að vitna hér í konungsfulltrúann sjálfan. Það er ekki oft, sem menn nú á tímum fá að kynna sér viðhorf hans, eins og það var. Og það var þá erkibiskupsboðskapur mikill, alveg eins og hæstv. forsrh. ætlar nú

að beita algeru offorsi í sambandi við að rjúfa þing og reka þm. heim og gera landið þingmannslaust í tvo mánuði eða svo, hvað sem upp á kann að koma, svo að með tilliti til þess, að svipuðum aðferðum á að fara að beita eins og Trampe heitinn gerði forðum og álíka sem Jón Sigurðsson og þm. mótmæltu allir, þá er nú fyllsta ástæða til þess aðeins að glöggva sig á, hvað konungsfulltrúi hafði að segja.

„Ég er," segir hann, „í aðalefninu samdóma því, er alþm. Ísfirðinga sagði fyrir skemmstu. Bænarskrá sú, sem upp var lesin, er þess innihalds, að Alþingi skuli biðja konung um, að barnaskólanum í Reykjavík verði breytt á þá leið, sem skólar eru í Danmörku, en þó með þeim tilbreytingum, sem hér eru nauðsynlegar."

Ég vil aðeins skjóta því inn í með tilliti til þingskapanna, að þar segir, að það megi ekki lesa upp úr prentuðu nema með leyfi forseta. Ég hef nóg af fjölrituðu, og það segir ekkert um það í þingsköpum. Í það má ég vitna og lesa upp úr því eins og mér sýnist. En ég hélt bara, að þetta væri bæði fróðlegri og skemmtilegri lestur heldur en ég læsi upp úr frv. og grg. þess, sem menn eru nú búnir að fá að sjá lengi, og eins þeim brtt. og frv. eins og það er orðið eftir 3. umr. í Ed.

Konungsfulltrúi segir áfram:

„Alþingi er e t. v. ekki ókunnugt, að skólamálefni eru í Danmörku byggð á öðrum grundvallarreglum en þeim, sem menn allt til þessa hafa álitið eiga vel við að fylgja í Reykjavík. Í Danmörku er hverjum húsbónda lögð sú skylda á herðar að láta börn sín í skóla, nema hann sanni, að þau hafi með öðru móti nægа tilsögn. Gæti hann ekki þessarar skyldu, varðar það sekt." — Þetta er athyglisvert, enda sanna dæmin að lengi býr að fyrstu gerð og Danir eru taldir allvel að sér í mörgum greinum og sæmilega menntaðir. — „En þessari skyldu er einnig samferða önnur skylda, sem allir verða að gangast undir, og það er að leggja sinn skerf fram í þarfir skólanna, t. a. m. laun kennara o. s. frv. Í flestum kaupstöðum í Danmörku eru þar að auki á stofn settir alþýðuskólar eður frískólar, og eru þangað send þau börn, hverra foreldrar ekki borga skólagjald, og borgaraskólar (eður eins konar realskólar). Eiga börnin í þessum síðarnefndu skólum von á meiri menntun, en fyrir þau verður þá einnig að borga sér í lagi."

Það er meira en lítið fróðlegt fyrir okkur að kynnast þessum viðhorfum nú, þegar við erum að ræða þessi einna allra mikilverðustu málin, sem við höfum til meðferðar hér á hinu háa Alþ. Hér er komið að því, hvernig háttað var til um kostnað á sinni tíð. Það hefur ekki lítið verið rætt um það í sambandi við þetta frv., sem hér liggur fyrir, hvern kostnað það mundi hafa í för með sér. Það hefur verið þráspurt um og beðið með góðu og illu um að fá kostnaðaráætlun með þessu frv., svo að menn gætu gert sér glögga grein fyrir því, til hvers er stofnað. Og hér á hinu háa Alþ. hefur nýlega verið samþ. þáltill. frá heilum stjórnmálaflokki, hv. 3. landsk., þar sem ríkisstj. er lögð sú skylda á herðar, að með stjfrv. fylgi ítarleg kostnaðaráætlun. Ég veit að vísu, að hæstv. menntmrh. þykist þess umkominn að taka ekki tillit til viljayfirlýsinga Alþ., en ég veit ekki, hvort hæstv. fjmrh. ætlar að feta í þau fótspor.

Það hefur verið stofnað, eins og þetta mál er búið núna í hendur okkar í hv. Nd., til gífurlegra útgjalda, sem enginn sér fyrir. Ég hygg, að nú, þegar hæstv. ríkisstj. hefur lagt fyrir Alþ. frv. til l. um stórfelldan niðurskurð á fjárl., um 1500 millj. kr., þá væri ráð að stofna nú ekki með samþykkt þessa frv. til hundruð millj. eða milljarða viðbótarkostnaðar við það, sem er. Frestun þessa frv. nú mundi sýna, að hún væri sjálfri sér samkvæm, þessi hæstv. ríkisstj. Það mundi vera hægt að túlka það sem fyrsta skrefið í sparnaðarátt að forða því, að henni verði sett fyrir að hefja í stórum stíl framkvæmd á þessu gífurlega viðamikla máli. Ég hef að vísu ekki kynnt mér, hvort inni í frv. er enn sú breyt., sem hv. stjórnarlið samþykkti hér í hv. Nd., um stofnun mötuneyta við alla skóla landsins. Mér hefur ekki gefist tími til þess, en mér mun gefast tími til þess á eftir að aðgæta það, hvort það ákvæði er enn að finna í frv., eins og það kemur frá hv. Ed. En ef svo er, þá hef ég heyrt skilgóða menn halda því fram, að þar væri um fyrirætlanir upp á milljarða að tefla. Það er þess vegna að mínum dómi í samræmi við það, sem hæstv. ríkisstj. hefur boðað um sparnað í ríkiskerfinu og stórfelldan niðurskurð á ríkisútgjöldunum, ef þessu frv. verður nú frestað. Það er í raun og veru algerlega gagnstætt þeirri stefnu, sem nú er haldið fram af þessum herrum, að samþykkja nú lög, sem örugglega stofna til svo gífurlegs kostnaðarauka sem hinir fróðustu menn ætla, að þau muni gera.

Fyrir því er það, og sjá menn þá, að það er ekki til einskis að líta hér í það, sem þeir gömlu sögðu um þessi mál, að þeir skuli bókstaflega vekja menn til enn gleggri umhugsunar um þessa undirstöðuþætti málsins, sem auðvitað fjármálin eru. En því miður er það svo, og það er engin tilviljun, að þessi ályktun um, að stjfrv. skuli fylgja kostnaðaráætlun, hefur verið gerð, vegna þess að hæstv. núv. ríkisstj. hefur aldrei skoðað hug sinn um það að fleygja hér fram frv., sem bera í skauti sínu milljónatuga aukinn kostnað, hundruð millj. og milljarða, án þess að gera sér hina minnstu grein fyrir því, hvað hlutirnir kosta, og auðvitað án þess að gera sér minnstu grein fyrir því, með hvaða hætti á að afla fjár til framkvæmdanna, nema þá með þessari gömlu leið, aukinni skattpíningu, enda hefur hæstv. núv. ríkisstj. ekki dregið af sér í þeim sökum, eins og alþjóð er kunnugt. Og það er ekki einasta, hvað snertir þetta mál, sem þannig er ástatt um, að fullkomin óreiða ríkir á öllu fjármálasviðinu. Ég hygg, að engin ríkisstj., sem hefur setið að völdum á Íslandi, hafi farið með svipuðum hætti að ráði sínu gagnvart öllum ríkisstofnunum að kalla má eins og hæstv. núv. ríkisstj.

Af þeim, sem gerst þekkja, hefur mér verið sagt, að þannig sé ástatt hjá hinum mikilsverðustu ríkisstofnunum, að þar standi ekki steinn yfir steini, t. a. m. í fjármálum þeirra, þannig sé t. d. komið hjá Pósti og síma, sem áður fyrr þótti standa sig með ólíkindum vel að sjá fyrir eigin fjárhag. Í heilbrigðismálum voru sett lög, lög um heilbrigðisþjónustu, sem menn voru að velta

á milli sín, hvort ekki mundu kosta 2—3 milljarða kr., þ. e. a. s. í fyrra um þetta leyti, sem þýðir þá 4—6 milljarða nú, í framkvæmdum. Það var gersamlega vonlaust verk, þótt um það væri beðið ítrekað, að fá hina minnstu hugmynd fram setta af hálfu réttra stjórnvalda um það, hvað framkvæmd þessara laga mundi kosta. Ég hafði þá afstöðu til þess máls að fylgja því fram og greiða því atkv. vegna hinnar knýjandi nauðsynjar, sem á því var, að stórfelldar úrbætur ættu sér stað í þessum undirstöðumálum okkar, ekki síst vegna landsbyggðarinnar og allra helst að sjálfsögðu. Ég gerði þetta með vondri samvisku að því leyti, að ég tel það algera óhæfu að setja slík lög, án þess að fyrir liggi nákvæm áætlun eða sem nákvæmust áætlun um þann kostnað, sem slík framkvæmd ber í skauti sínu.

En enda þótt ég teldi það vera forsvaranlegt að setja þá löggjöf með milljarðauknum útgjöldum, án þess að áætlun lægi fyrir um þau, án þess að fyrir lægi nokkuð um það, hvernig afla skyldi fjár til þess arna, þá er það svo, að mjög víða í allri framkvæmd heilbrigðisþjónustunnar og fræðslulöggjafarinnar er pottur brotinn. Ég hygg, að við þurfum að taka til höndunum í þessum efnum. Menn verða að minnast þess, að peningar eru afl þeirra hluta, sem gera skal, og við getum ekki hagað okkur með þeim hætti, sem við sannarlega höfum gert. Og þó hefur alveg tekið steininn úr í tíð þessarar hæstv. ríkisstj., enda sanna dæmin það, og við þurfum ekki að setja á langar tölur, stjórnarandstæðingar, um ástandið. Það hafa hæstv. ráðh. sjálfir gert og tekið af öll tvímæli um með tillöguflutningi sínum, nú t. d. síðast í sjónvarpi í gærkvöld, þegar hæstv. forsrh. lýsti í stærstu dráttum þeim ógnum, sem á næsta leiti bíða í efnahagsmálum okkar.

Ég er sannfærður um það, að í þessum gífurlega stóru málaflokkum, fræðslumálunum og heilbrigðismálunum, má mjög margt gera, sem mundi leiða til þess, að við spöruðum okkur stórfé. Það er sannfæring mín. Og það snertir einn þátt heilbrigðismálanna t. a. m., að hér hugðist hæstv. heilbrmrh. hrinda fram á síðustu mínútunum frv. til l. um lyfjaframleiðslu. Allt frá 1936, að því er mig minnir, hefur verið starfrækt á vegum ríkisins lyfjaframleiðsla ríkisins, sem hefur séð — og það er hennar hlutverk, — séð sjúkrahúsum og læknum í þjónustu ríkisins fyrir lyfjum og tækjum. Nú hugðist hæstv. heilbrmrh. og hæstv. ríkisstj. knýja fram frv. til l., þar sem leggja átti niður Lyfjaverslun ríkisins og þá lyfjaframleiðslu, sem hún hefur haft með höndum. Það átti að sameinast apótekurum og sveinum þeirra í einni allsherjar ríkiseinokunarstofnun um alla lyfjaframleiðslu. Nú er það út af fyrir sig ágætt, ef tryggt væri, að ríkið réði ferðinni í þessum efnum. En alveg var augljóst, hvernig mál mundu skipast. Alveg var augljóst, að mál mundu skipast á þann veg, að lyfjafræðingar af húsi apótekara mundu ráða ferðinni, mundu fá á silfurbakka 57% af allri lyfjaframleiðslu í landinu, sem Lyfjaverslun ríkisins hefur framleitt, og ráða þar með öllum markaðnum, ráða, hvaða lyf yrðu framleidd. Og meðan þeir væru að leggja að velli hina smærri lyfjaframleiðendur, þá mundu þeir bregða á það gamla ráð, sem allir þekkja, að selja á niðursettu verði, jafnvel undir framleiðslukostnaði, en þegar þeir væru orðnir algerlega einráðir, þá auðvitað brygðu þeir á hitt ráðið, að leggja á vöruna eins og þeim sýnist, og þar með væri einokunin fullkomnuð. Allir sjá auðvitað, hverslags óráð þetta er.

Auðvitað er sjálfsagt og eðlilegt, að ríkið hafi í sínum höndum framleiðslu fyrir þjónustugreinar í sinni umsjá eins og sjúkrahúsin. En þarna er eitt dæmið um þá skelfilegu óráðsíu, um það hugsunarleysi og það glapræði, sem menn ana út í og þessi hæstv. ríkisstj. hefur anað út í á fjölmörgum sviðum, án þess að skoða málin, að því er virðist, því að ég á erfitt með að trúa því, að hæstv. heilbrmrh. hafi út af fyrir sig áhuga á að fá þessi mál öll í hendur apótekurum og þeirra sveinum. En faktorarnir uppi í rn. og þeirra assistentar höfðu alveg sérstakan áhuga á þessu, því að þeir voru í bland af húsi apótekara auðvitað. Að þessu má leiða fullkomin rök. Það er svipað og með tannlækningar, sem við stóðum frammi fyrir í hv. heilbr.- og trn. Þar átti að setja fram allviðamikinn og áhrifamikinn lagabálk um tannlækningar. Það virtist þá, — það verður þá hrakið, ef ég fer með eitthvað rangt í því, — það virtist þá koma á daginn, að formennsku í þeirri stjórnskipuðu n., sem samdi það lagafrv., hefði gegnt að vísu opinber starfsmaður, en maður, sem er praktiserandi lögfræðingur Tannlæknafélags Íslands. Þannig var nú að þessum þætti mála staðið, svo að maður nefni eitthvert dæmi.

Nei, það átti að smíða sér kosningavopn þessi fjögur ár þessarar frægu vinstri stjórnar. Það átti að böðla málum fram og flagga með athafnasemina, en svo hefur sennilega verið ætlað, að það yrðu aðrir, sem þyrftu að sjá um framkvæmdina. Það er flaggað ýmsu, sem þessi hæstv. ríkisstj. þykist hafa hrundið í framkvæmd, og menn draga ekkert af sér þar. Þeir eru ekkert smátækir í því. Ég sagði frá því hér á dögunum í útvarpsumr., að hæstv. sjútvrh., sem gefur sér ekki tíma til að hlusta á þessar mikilvægu umr., léti svo sem hann hefði fundið upp skuttogið. — Ég vil aðeins minna á í því sambandi, að allt kemur þetta auðvitað fræðslumálum við. Ég veit ekki betur en útgerðin í landinu, skuttogarar og önnur útgerð, séu undirstaða fjárhags okkar, og ekki gætum við mikið haldið uppi skólum og fræðslu í landinu, ef ekki aflaðist. Ég vil endilega minna á það, af því að það styttist nú í umboði mínu sem alþm. — með þá öxi gengur hann undir hendinni, hæstv. forsrh., að höggva þau réttindi af, — þá vil ég bara minna á það, að fyrrv. ríkisstj., viðreisnarstjórnin, hafði ráðið kaup og fest kaup á 17 skuttogurum. (Gripið fram í.) 17, ég get talið þetta upp fyrir þig. Ég skal færa hv. Vestfirðingi, hv. 7. landsk. þm., skriflegar sannanir fyrir þessu. Hæstv. fyrrv. ríkisstj. stofnaði árið 1967 skuttogaranefnd, sem starfaði dyggilega, en kom sér að vísu ekki að málefnunum alveg strax. Það þurfti undirbúning og rannsókn, eins og um þessi mál, sem við erum að ræða hér, þannig að einstaklingar urðu að vísu fyrri til að taka forustuna, eins og alltaf er. Einkaframtakið nær alltaf vopnum sínum fyrst og það skilar þeim

síðast, því að það er auðvitað það, sem við hljótum að byggja á fyrst og fremst. En fljótlega var gengið í þau fótspor með þessum glæsilega árangri, sem sýnir sig. Það er auðvitað ekki þessi hæstv. ríkisstj., sem hefur neina forustu haft um þetta. Það hafa verið kreistar undan nöglum hennar smáfjárveitingar til þess að lána fátækum byggðarlögum, svo að þau gætu náð í þessi mikilvægu atvinnutæki. Það hefur kostað blóð, svita og tár. Mér er kunnugt um þær sendinefndir, sem hafa setið slímusetur hér suður í Reykjavík til þess að lemja þetta með góðu eða illu út úr hæstv. ríkisstj., — þessa hungurlús, sem þeim hefur verið veitt að láni til þess að festa kaup á þessum tækjum. Mér er fullkunnugt um það. Ég þekki margar þeirra og hef slegist í för með þeim, þar sem þær hafa verið sendar frá einum embættisfaktornum til annars í þennan fræga þríhyrning, — sem hv. 5. þm. Austf. hefur lýst hér úr ræðustóli og ég þarf ekki að vera að rifja upp, — sem þeir hafa komið sér upp, embættismennirnir, þar sem hver vísar frá sér. Það var að jafnaði þríhyrningur, en þeir geta lagt stærra undir sig, allt upp í átthyrning og hrútshyrning, ef svo ber undir.

Já, ég hygg, að það væri ekki eins komið málum og er í dag, ef menn hefðu hugsað fram á veg í sambandi við fjármálin, ekki einvörðungu varðandi hina stærstu þætti þjóðmálanna, þótt allt virðist hafa verið gert öfugt við það, sem þurfti í þeim efnum. Ég veit ekki, hvort mér gefst tími til þess fyrir miðnætti að ræða þá þætti eins og vera bæri, og ég fresta því til þess að sjá, hvaða tíma ég hef, af því líka að hæstv. forsrh. og ráðh. allir í kór hafa upplýst um, í hvílíkt ógnarlegt ófremdarástand öll okkar mál hafa hrapað, — ekki sigið, eins og nú er nýmæli hjá hæstv. forsrh., það er gengissig. Það er hætt við, að verði nú virðingarsig á honum, þegar hann fer að taka til vopna sinna hér einhvern tíma um helgina, þegar ég hef lokið máli mínu.

Hér er sagt, „að í flestum kaupstöðum í Danmörku," — ég var að vísu búinn að nefna það aðeins, svo að ég þarf ekki að fara meira inn á alþýðuskólana, — hann segir hér, konungsfulltrúi:

„Hvort og að hve miklu leyti Reykjavíkurkaupstað má nú álíta svo langt á leið kominn í framför sinni, að hér yrði komið við líkri grundvallarreglu, hvort öll börn í kaupstaðnum gætu tekist í sama skólann, eða hvort ekki mundi þörf gerast að setja á stofn 2 skóla fyrir þá sök, að kennslan þarf að vera sitt með hvoru móti handa börnum þeirra tveggja flokka, sem í kaupstaðnum búa" — Ég bið hv. alþm. að leggja nú við hlustir. Það eru þeir fyrst og fremst, sem þurfa að læra, sem eru hér við, námfúsir menn, sem ég ber virðingu fyrir, — Konungsfulltrúi talar. Og hann er að tala um börn „þeirra tveggja flokka, sem í kaupstaðnum búa, borgara og tómthúsmanna." Vilja menn leggja eyru að þessu? „Í stuttu máli, hvernig öllu skólamálefninu best og hentugast verður komið fyrir. Það verður eftir minni hyggju ekki vel rannsakað af þeim mönnum, sem ekki þekkja mjög nákvæmlega, hvernig öllu hagar til hér í kaupstaðnum. Ég ætla þess vegna, að það sé forstöðunefnd skólans og hún einungis, sem helst hlýtur að geta metið það, hvenær tími er til að byrja á umbreytingu á skólanum, sem til er bent, og hvernig hún á þá að vera löguð. En þegar þessi forstöðunefnd er komin á þá sannfæringu, að tíminn sé kominn, þá byrja skal, þá stendur það henni næst að skýra frá áliti sínu á því, hvernig ráða á öllu því máli til lykta. Og þegar allir þeir, sem hlut eiga að máli, hafa tilhlýðilega rannsakað það, yrði skólanefndin fyrir milligöngu stiftsyfirvaldanna að bera málið upp fyrir hlutaðeiganda stjórnarráði, til þess málið því næst geti tekist til venjulegrar meðferðar. Þegar svo málinu skyldi ráða til lykta með lagaboði, yrði að leggja lagafrv. þar að lútandi fyrir Alþing. En eins og málið nú er vaxið, sé ég ekki, að Alþ. geti frekar tekið það til greina."

Eins og menn heyra, má strax heyra íhaldshljóminn í þessum orðum konungsfulltrúans og þó öllu fortakanlegra, þegar hann vill skipta börnum borgarbúanna í tvær fylkingar. Sú tíð er sem betur fer löngu liðin, að svo sé gert. — Ég veit ekki, nema ég geymi mér þetta rit að sinni til þess að hafa meiri fjölbreytni í tilvitnunum mínum, — tilvitnunum, sem beinlínis snerta ýmsa meginþætti frv., sem hér liggur fyrir til umr.

Eins og ég segi, þá þykir mér hér rétt, eftir að hafa aðeins til rökstuðnings máli mínu rifjað upp það, sem skeði á Alþ. 1847 og ég veit, að menn geta af dregið marga lærdóma, að víkja þá kannske aðeins fram í tímann, eins og til 1905. Eitt það allra stórfróðlegasta, sem ég hef um mál þeirra lesið, er þar að finna í nál. um frv. til l. um fræðslu barna. Ég vænti, þegar hv. þm. heyra röksemdir, sem þar eru fluttar fram, að þeir verði mér sammála, en mér er alveg nauðsynlegt, þegar ég tek fyrir einstakar gr. í frv., að vitna til einstakra málsgr. í þessu nál., og tel ég því alveg nauðsynlegt, áður en ég sný mér að einstökum gr. og vitna síðan í þetta, að þetta sé fyrst kynnt, þannig að menn fái nokkurt samhengi í málið, hv. þm.

Fyrst rekur n. helstu nýmæli í frv. því, sem þeir höfðu þá íhugað á 18 nefndarfundum. — Þetta er athyglisvert. Ég vildi mjög gjarnan fá upplýst, hversu margir nefndarfundir hafa verið haldnir nú um þetta viðamikla og flókna mál, sem hér er til umr., miklu stærra og flóknara mál helddur en þá var til umr. og afgreiðslu. Þá var einvörðungu verið með frv. til l. um fræðslu barna. Hér erum við með allan grunnskólann aftur úr og fram úr. Ég hygg og er raunar sannfærður um, að sú n., sem hafði þetta til meðferðar, grunnskólafrv., hefur enga 18 fundi haldið um það, því fer víðs fjarri. Og eitt með öðru styður það þá skoðun mína, að við þurfum ekkert að skammast okkar fyrir að gefa okkur nægan tíma. Hv. þm. vita, hvernig mjög margt gengur eftir fordæmum, án þess að það sé að finna sérstakan lagabókstaf þar um. Við sjáum t. d., að hæstv. forsrh. virðist ætla að rjúfa þing og efna til nýrra kosninga á 43 ára fordæmi, þingrofi Tryggva Þórhallssonar árið 1931, sem hann gerði með leyfi Kristjáns konungs X. Hæstv. forsrh. þarf væntanlega líka leyfi hæstv. herra forsetans, Kristjáns Eldjárns, svo að allt er nú þetta í stílnum. Og fordæmið

er það, sem hæstv. forsrh. fer eftir í þessu efni. Þó að þetta gamla dæmi um þingrof sé að mínum dómi ódæmi og ég telji, að enn í dag hafi ekki fennt í þau spor, sem þá voru stigin, þá hyggst hæstv. forsrh. eftir sem áður, eftir því sem fregnir herma, feta í þau fótspor.

Hér sjáum við strax, — og ég veit, að hæstv. forseti er mér sammála í því, — hér sjáum við strax mjög mikilsverða röksemd fyrir því að fresta þessu máli, að á þeirri tíð, árið 1905, þurfti að vanda svo til þessara mála, að haldnir voru 18 nefndarfundir um þetta mál á hinu háa Alþ. Ég er sannfærður um, þótt ég hafi ekki hér í höndunum upplýsingar um það, að hv. menntmn. hefur ekki haldið 9 fundi um það. Þetta sannar að vísu ekki alveg, að þörf sé á frekari skoðun málsins. En ég vil aðeins benda á það, að þeir 18 fundir, sem haldnir voru árið 1905 um þetta mál, hafa ugglaust verið miklu ítarlegri og vandaðri heldur en gefst kostur á að halda nú. Þá voru málefnin hér í þingi miklu, miklu færri. Þá höfðu þm. miklu, miklu minna umleikis en nú er. Það var ekki einu sinni kominn sími til þeirra, hvað þá heldur annað, svo að hérna finn ég fordæmi, sem ég álít mjög sterkt og tel, að fyllsta ástæða sé til þess að taka til fyrirmyndar um, hvernig vinna skuli að málum eins og þessum fræðslumálum.

Helstu nýmælin, sem ég nefni í þessu frv. árið 1905, er í fyrsta lagi „að heimta, að börn 10 ára að aldri séu læs og skrifandi, og um leið að hækka nokkuð kröfur þær, er gerðar eru til fræðslu barna á fermingaraldri í núgildandi lögum.“

Í öðru lagi „að veita fræðslunni aðhald og eftirlit með því að lögbjóða árleg próf fyrir börn á 10—14 ára aldri.“ — Ég vek athygli á þessari gr. Nú á að fara með það eins og mannsmorð, hvað börn fá út úr prófum sínum. Nú þykir það sálarháski hinn mesti, að einkunnir séu lesnar upp við lokapróf. Nú á þetta allt að vera eiðsvarið. Þetta verður að fara með eins og mannsmorð. En þetta er hinn nýi stíll, sem við þekkjum í svo mörgum greinum, að því er þetta mál varðar.

Í þriðja lagi segja þeir: „að setja skilyrði fyrir styrkveitingu úr landssjóði til barnafræðslu, þar sem m. a. er ákveðið lágmark launa barnakennaranna.

Í fjárða lagi fela sérstökum skólanefndum að sjá um og hafa eftirlit með barnafræðslu í hverjum hreppi og kaupstað um allt land.“

Eins og menn sjá af því, sem ég þegar hef lesið upp, er hér um hið merkasta nál. að ræða. Og mér er til efs, að það hafi verið athugað, þetta merka nál., nándar nærri nógu vel, áður en þessi mikli lagabálkur var saman settur, sem ég hef hér fyrir framan mig. En af þessu nál. má beinlínis ráða, að hér er í ýmsum greinum farið að á mjög svo vafasaman máta, að ekki sé meira sagt.

Í fimmta lagi er það nýmæli „að leggja yfirumsjónina með barnafræðslunni í hendur stjórnarráðsins, er hafi sér til aðstoðar umsjónarmann skipaðan af ráðh. með 2500 kr. launum auk ferðakostnaðar.“ — Þá stóð nú krónan öðruvísi en hjá hæstv. forsrh. eða hæstv. fjmrh. Þá átti þessi yfirumsjónarmaður með barnafræðslunni að hafa 2500 kr. í laun. Ég skal ekkert ráða í, hvaða fúlgu hæstv. fjmrh. þyrfti að reiða af höndum nú til þess að gera slíkum yfirumsjónarmanni jafnvel til góða eins og með þessum hætti var gert. Ég hef ekki hugmyndaflug til þess og þarf reyndar rafreikni á allar slíkar nýjar tölur.

Sjötta nýmælið, og ég vek alveg sérstaka athygli á því, er að koma á almennri skólaskyldu um allt land, bæði til sveita og í kauptúnum, fyrir börn á 10—14 ára aldri, þannig að aðstandendur barna á þeim aldri séu skyldir að senda þau í fastan skóla, ef til hans nær, en annars í farskóla, nema þeir fái undanþágu hjá skólanefnd. Af þessu leiðir, að frv. hlýtur að lögbjóða stofnun farskóla í hverjum hrepp um allt land, þar sem föstum skólum verður ekki við komið.“

Ég vil rifja það upp, sem margur maðurinn hefur haldið fram, að hvergi hafi þeir notið í raun og veru betri kennslu heldur en í gömlu farskólunum og þeir hafi búið að því og náð vopnum sínum í unglingafræðslunni með skjótari og betri hætti en jafnvel með öðru móti. Þá sóttu farkennararnir börnin heim á heimilum þeirra, þá voru þau ekki flutt, börnin, á ungum aldri, í frumbernsku sinni, brott frá foreldrum sínum til þess að sitja skólabekk í fjarlægum stöðum hjá mönnum misfærum til þess að annast barnauppeldi.

Þetta er mjög mikilvægt atriði varðandi framkvæmd skóólalaganna allra, að líta til hins mikilvæga uppeldisþáttar þeirra og þá sérstaklega bess, að börn séu ekki of ung slitin frá uppalendum sínum eða foreldrum, þurfi ekki að ferðast um langan veg í alókunnugt umhverfi til fólks, sem ekkert þekkir til skaphafnar þeirra eða sálarlífs. Að öllu þarf að gá í þessu efni, því að lengi býr að fyrstu gerð, og vafalaust er það mikilvægast, hvernig til tekst um frumfræðsluna, fræðsluna fram undir fermingaraldurinn. Undir því er mest komið, hvernig viðkomandi verður til gagns lagaður í námi sínu og starfi í framtíðinni. Að því hafa verið leidd rök af hinum merkustu uppeldisfræðingum og skólamönnum, innlendum sem erlendum.

N. segir svo í framhaldi af þessu, eftir að hún hefur rakið nýmælin:

„N. getur í aðalefninu fallist á nýmæli þau, sem greind eru í 1.—5. tölul. Þó teljum vér nauðsynlegt,“ segir n., „að eitthvert eftirlit sé haft með hinum fyrirskipuðu prófum af hálfu hins opinbera, og leggjum því til, að sett sé ákvæði um prófdómendur inn í frv., og fái þeir utan kaupstaða laun úr landssjóði. Oss telst svo til, að eftirlit prófdómanda muni kosta um 1500 kr. á ári, ef þeir hafa 4 kr. á dag í fæðispeninga.“ — Hvernig ætli hæstv. ráðh. gengi nú að lifa á 4 kr. á dag? Að vísu segja þeir, að ástandið í þjóðfélaginu sé með þeim hætti, að menn verði kannske bráðum að láta sér það nægja. En þá er best, að þeir byrji og gangi á undan með góðu eftirdæmi.

„Aftur á móti getur n. ekki fallist á nýmælið í 6. tölul. Því aðeins getur að vorri hyggju komið til nokkurra mála að lögbjóða almenna skólaskyldu, að unnt sé um leið alls staðar að vísa á góða skóla, sæmilega úr garði gerða að kennslukröftum, húsrými og öllum útbúnaði, er geti

tekið á móti öllum börnum á skólaaldri og veitt þeim fræðslu nógu langan tíma á ári hverju. En þetta á langt í land hjá oss enn sem komið er. Fastir skólar eru ekki til utan kaupstaðanna nema í þéttbýlum sjóþorpum og kauptúnum og þeir harla ófullkomnir.“

Hérna leggur n. mjög mikla áherslu á alla aðstöðu, að það sé til lítils að setja á skólaskyldu, ef öll aðstaða er ekki fyrir hendi. Það er mál manna, að þannig hátti nú til hjá okkur, að ástæður séu ekki fyrir hendi né heldur vegna aðstöðu, skólaaðstöðunnar sjálfrar eða kennaravals og mannafla til þess að framfylgja hinni lengdu skólaskyldu. Þar við bætist auðvitað, að mjög margir hafa bent á þá miklu hættu, sem við þjóðum heim með því að skylda ungmenni til að sitja í 9 ár á skólabekk, sem í fyrsta lagi eru e. t. v. ekki til þess hæf, í öðru lagi hafa ekki til þess löngun, í þriðja lagi þrá mest að fá að beita höndum sínum í einhverri almennri vinnu, að undirbyggja framtíð sína. Ég hygg, að skólamenn hafi þreifað á því með sönnum dæmum, að mörgu ungmenninu — að vísu mjög miklum minni hl. — hafi stór óleikur verið gerður með því að parraka það á skólabekk miklu lengur en það gat hugsað sér að sætta sig við. Og þótt þetta sé geysilega mikill minnihl. skólanemenda, sem betur fer, sem ekki geta eða hafa hæfileika til að stunda lengra nám, þá þarf ekki marga gikki í hverja veiðistöð. 2—3 unglingar, sem lenda í slíkri sálarkreppu sem þetta hlýtur að hafa í för með sér, geta eyðilagt möguleikana fyrir heilan bekk, heilan hóp jafnaldra sinna að njóta námsins, og þeir geta haft áhrif á félaga sína, spillt allri þeirra löngun til þess að stunda námið. Þeir geta eyðilagt með öllu möguleika kennarans að ná til nemendahópsins. Ég hygg, að um þetta séu margvísleg dæmi. Og þegar þeir sleppa undan þessu oki, þá hefur sálarkreppan svo að þeim kreppt, að þeir kunna að verða og hafa reynst — fyrir því eru mýmörg dæmi — misindismenn í þjóðfélaginu, ógæfumenn, en e. t. v. hefði aldrei til þess dregið, ef þetta helsi hefði ekki verið á þá lagt.

Við megum til að hafa þetta mjög ofarlega í huga. Ég veit, að það ríður ekki allan baggamun, hvort það er 8 ára eða 9 ára skólaskylda. Þó skiptir mjög um hjá unglingum nútímans við þetta aldursskeið, svo að ég tel í hæsta máta varhugavert að lengja hana í 9 ár, til 16 ára aldurs. En ekki ríður þetta allan baggamun, eins og ég segi. Þess vegna þurfum við að hafa það mjög í huga, — og til þess er ekki nægjanlegt tillit tekið í þessu frv., sem hér liggur fyrir til umr., — við þurfum að hafa það í huga, að þeim unglingum, sem þannig háttar til um, geta ekki lært eða með engu móti verður að lærdómi haldið, — þeim verður að skapa önnur skilyrði til verklegs náms eða til líkamlegs erfiðis og vinnu, sem er hverjum manni holl. Ég held, að það hefði þurft, um leið og þessi mikli lagabálkur er gerður að lögum, að hafa þessi atriði ákaflega ofarlega í huga og reyna að ráða bót á því ófremdarástandi, sem ýmis heimili komast í vegna þess, að börnin eru ofurseld þessu skipulagi, en gætu orðið mikla nýtari þjóðfélagsþegnar með því að fá að athafna sig og beina áhuga sínum og atorku að öðrum hlutum en þau eru með þessum hætti skylduð til.

Þegar ég vitna í hina fróðlegu skýrslu „um fræðslu barna og unglinga, sem meistari Guðmundur Finnbogason hefur safnað,“ ekki ómerkari maður en hann, „sést, að einungis 12 af 47 skólahúsum fullnægja hinum lægstu kröfum heilbrigðisfræðinnar, að því er snertir rúmmál á hvern nemenda, með þeirri aðsókn, sem nú er.“ — Hér er á þetta bent árið 1905 af hinum stórmerka manni Guðmundi Finnbogasyni, að það séu aðeins 12 af 47 skólahúsum, sem fullnægja hinum lægstu kröfum heilbrigðisfræðinnar, að því er snertir rúmmál á hvern nemanda. Hafa hv. alþm. ekki veitt athygli upplýsingum, sem hafa á borðum þeirra legið um það, hvernig háttar til húsrými á nemanda í sjálfum Menntaskólanum í Reykjavík? Ég hef séð myndir af því meira að segja. Mig minnir, að eitt af þessum skólahúsum sé nefnt Fjósið, og það er aldeilis nafn með rentu. Ég sat aldrei þann skóla, en ég ber mjög mikla virðingu fyrir honum og hans húsnæði alveg sér í lagi, þar sem hið háa Alþingi var háð á sinni tíð. — Ég má til með að skjóta því inn í, að þetta eru mjög ánægjuleg vaktaskipti, sér í lagi, ef þeim, sem við tekur, verður haldið uppi með einhverju frólegu og skemmtilegu tali á meðan og vinskaparlegu. — En ég, eins og ég segi, ber mjög mikla virðingu fyrir þessu skólahúsi, þessu menntasetri, en árið 1905 þykir ekki fært að leiða í lög skólaskyldu 10—14 ára aldurs, vegna þess að skólahúsnæði í landinu fullnægði ekki lágmarkskröfum. Enn í dag hefur okkur tekist svo snilldarlega til, að ástandið í einni höfuðmenntastofnun þjóðarinnar, Menntaskólanum í Reykjavík, er með þeim hætti, að ég efast um, að árið 1905 hafi nokkurt skólahúsnæði verið svo illa úr garði gert eða samrýmst svo illa þeim heilbrigðiskröfum, sem hljóta að verða gerðar til skólahúsnæðis. Nemendur hafa rekið upp kveinstafi í skóla þessum og fleiri skólum að vísu, en ég hygg þó, að þarna keyri ástandið allt um þverbak. Hefði nú ekki verið nær, áður en stofnað er til hundruða millj. útgjalda eða milljarða kostnaðarauka, að reyna fyrst að skapa þessari virðulegu stofnun aðstöðu, sem samrýmist lágmarksheilbrigðiskröfum? Hefði nú ekki verið ólíkt mennilegra hjá okkur á þessu fræga 1100 ára afmæli, — sem hæstv. forsrh. vildi hafa frið til að sitja út allt árið í hásæti sínu, — hefði nú ekki verið mennilegra af okkur og væri það ekki, því að enn eru þetta ekki orðin lög, mennilegra af okkur að taka til hendinni og reyna að verja einhverju fé til þess að bæta úr því ófremdarástandi, sem við höfum verið upplýstir um og vitum, að ríkir í skólahúsnæði Menntaskólans í Reykjavík. En það þarf að eignast einhver flögg að flaggga með, og þess vegna skal þessu nú rutt fram, þótt okkar bíði mörg önnur stórmál, sem er miklu brýnna að fái úrlausn heldur en þetta. Þetta er ein röksemdin meðal fjölmargra annarra, sem ég hef nefnt fyrir því, að okkur ber nú að fresta þessu og gefa okkur betri tíma.

Eitt með öðru, sem menn sjá í hendi sinni við einn yfirlestur á þessu frv., er, hversu lopinn er teygður með ólíkindum. Menn eru hættir

að vera gagnorðir eins og í þeim þingræðum, sem voru bara nokkrar setningar og ég vitnaði til hér áðan og á eftir að vitna miklu betur í. Þarna er lopinn teygður með ólíkindum, enda hefur embættismannakerfið fengið til þess tækifæri ár eftir ár, nýjar og nýjar nefndir, að skalta og valta með þetta að sínum geðþótta. Upp á vinnubrögð hefði það verið miklu snjallara, t. d. á s. l. ári eða ég tala nú ekki um í hittiðfyrra. að kjósa mþn. í málið, er starfaði sumarlangt á milli þinga, heldur en fá þetta alltaf nýjum og nýjum embættismannanefndum til meðferðar.

En það er ekki að spyrja að því, sjálfvirka embættismannakerfið breiðir sig út yfir alla hluti. Embættismennirnir eru búnir að sölsa undir sig í stórum stíl það vald, sem Alþ. á með að fara. Þetta á sér kannske þær skýringar, að við á örfáum árum stukkum úr tiltölulega frumstæðu þjóðfélagi bænda og sjómanna yfir í tiltölulega nýtiskulegt og tækniþróað þjóðfélag. Skýringin kann að vera sú, að hinir öldruðu og virðulegu landsfeður, sem sátu í þessu húsi, hafi afhent embættismönnunum völdin, vegna þess að þeir fylgdust ekki nægjanlega vel með tímanum, voru ekki í stakk búnir til þess að takast á við hin nýju og gerbreyttu viðhorf, enda tóku þeir fegnir við, embættismennirnir, og nú er svo komið, að annað tveggja virðist blasa við, að þessi stofnun eigi lítið sem ekkert erindi eða embættismennirnir skili aftur í hendur hennar illa fengnu valdi.

Hið mikla ofurvald embættismanna birtist í ólíkustu myndum. Þeir hafa nú farið fram á verkfallsrétt, opinberir starfsmenn t. d. Þeim hefur verið boðið upp á verkfallsrétt, ef það væri þá leyfilegt að segja þeim upp störfum. Þeir vilja ekki sjá það. Þeir vilja auðvitað ekki taka slíku boði. Þeir vilja hafa æviráðningu og ekkert, sem við þeim geti hróflað í starfi þeirra. Það eina, sem gæti skeð, væri það, að þeir færu þeim mun fyrr á eftirlaun sem þeir gerðu stærri og meiri vitleysur. Þetta auðvitað kemur gagngert þessu máli við, sem ég er hér að reifa.

Við 2. umr. þessa máls í Nd. flutti ég ásamt hv. 5. þm. Norðurl. v., hv. 3. þm. Norðurl. v. og hv. 3. landsk. þm. till. til rökstuddrar dagskrár í málinu. Ég vík síðar að einstökum röksemdum þeirrar dagskrártill., en ég rifja hér upp að gefnu tilefni það, sem segir í niðurlagi þessarar till., að við viljum vísa því frá í trausti þess, að skipuð verði 7 manna þm.-nefnd til að endurskoða frv. og það verði lagt fram endurskoðað fyrir Alþ. næsta haust. Þetta voru forsendurnar, aðalforsendurnar fyrir okkar rökstuddu dagskrá. Ég hef nú vikið að ýmsum atriðum, sem efla mjög þau rök, að við ættum að fresta þessu og okkur beri skylda til að fresta þessu nú. Hér höfum við, sem þessa till. fluttum, beinlínis lagt til, að kosin verði 7 manna n. til þessara starfa, þannig að öruggt má telja, að þetta mál muni fá fullnaðarafgreiðslu á næsta þingi. Okkur gekk þess vegna ekkert illt til með tillögugerð okkar, öðru nær. Við vorum aðeins að reyna að koma í veg fyrir, að hér yrði höfð fljótaskrift á málinu, hér yrðu glapræði gerð, sem mundi síðar koma á daginn, að yrðu mjög fjötur um fót allri framkvæmd þessara mikilsverðu laga. Við fluttum þessa dagskrártill. af einskæru tillíti til málsins og vegna þess að við erum auðvitað málinu út af fyrir sig ákaflega hlynntir., fræðslulögunum í heild sinni, en við sjáum gífurlega annmarka á þeirri framkvæmd, sem hér er verið að leggja til.

Skilagóður maður hefur sagt mér, sem hefur lesið þetta frv. og kynnt sér innihald þess vandlega, skólamaður, sem veit, hvað hann syngur, að það mætti án þess að breyta neinu um stefnumark eða mið þessa frv. skera það niður, 1/10 af þessu mundi nægja til þess að ná fram öllum markmiðunum, sem þessu frv. er ætlað, aðeins 1/10. En eins og ég sagði, það er ekki að sökum að spyrja, þegar fuggan kemst í það. Nú er, eins og ég sagði, nefnd eftir nefnd embættismanna búin að fá að þjóna lund sinni í þessu. Hún hefur vaðið fram og aftur um landið, dregið sérvisku upp úr hverri hreppsnefnd á hverjum útkjálka og næstum að segja hverjum manni og þótt hæfa að festa það hér í frumvarpsform. Ég kem að því öllu seinna, þegar ég les yfir grg. með þessu frv. Ég veit, að hæstv. forseti telur það þó ekki til hliðar við erindi mitt, að ég lesi sjálfa grg. með frv., þó að hún sé prentuð. Ég vil bara ganga úr skugga um það, hvort það liggur ekki ljóst fyrir. (**Forseti:** Það liggur ljóst fyrir.) Já, takk. Ég er bara að ganga úr skugga um, að það verði ekki skyndilega neitt trufluð umr., ef maður skyldi fá öndinni frá sér hrundið um þetta mikilvæga mál.

Ég hins vegar veit, að hæstv. forseti gerir sér grein fyrir því, að þetta er ekki allt skemmtilegur lestur og ég er ekki að gera þetta að gamni mínu, t. d. þessar tölur, sem menn sjá hér. En ég sé engin önnur ráð, — ég hef velt því mjög vandlega fyrir mér, — ég sé engin önnur ráð, ef takast má núna á síðustu stundu að opna augu manna.

Þeirri spurningu er hér varpað fram í framhaldi af því, sem n. hefur talað um skólahúsnæðið og rúmmálið á hvern nemanda, sem heilbrigðisfræðin þá krefst, þeir spyrja: „Hvað mundi verða, ef almenn skólaskylda yrði lögleidd? N. er því á þeirri skoðun, að eftir landsháttum vorum sé enn ekki kominn tími til að lögbjóða almenna skólaskyldu, allra síst til sveita, þar sem heimafræðslan enn þá er og verður óefað um langan tíma helsti grundvöllur alþýðumenntunarinnar.“ — Og þarna er vissulega komist vel að orði. Eins og ég sagði áðan: Lengi býr að fyrstu gerð. Enginn vafi er á því, að undirstöðuatriðið er t. d., hvernig uppalandanum, móðurinni sér í lagi, til tekst um fræðslu barnsins þegar í bernsku, og er afar mikilvægt að heimilinu megi auðnast að sjá barninu farborða einnig á þessu sviði sem lengst.

„Heimafræðslan er arfur frá forfeðrum vorum, frá einni kynslóð til annarrar.“ — Þetta virðist mér nú vera samið af presti, enda voru prestar þá mjög fjölmennir á hinu háa Alþ. En þetta er ekki verra fyrir það. — „Það er hún, „heimafræðslan,“ sem fremur öllu öðru hefir skapað hinar fornu bókmenntir vorar.“ Nú er helst á hæstv. menntmrh. að skilja, að það skipti svo sem engu máli, ekki neinu sérstöku máli a. m. k., með þessar fornu bókmenntir okkar. Hann vill meina, að hið skrifaða orð skipti engu máli, það sé bara hið talaða. Og einhvers staðar var ég á

tali við kennara í Kennaraháskólanum, þar sem hann hélt því alveg blákalt fram, — það var að vísu í sjónvarpinu, — að hið skrifaða orð kæmi talmálinu ekkert við. Þá fer að fara minna fyrir hinum dýru membrana Íslandslífi, sem Jón Hreggviðsson talaði um í Kaupinhafn forðum tíð. Nei, það var Jón Grindvíkingur, sem sagði þessi orð, en ekki Jón Hreggviðsson, enda var hann að mestu ólæs og kunni ekki letur annað en stafkarlaletur. En þó var það á Rein, sem björguðust ein tólf blöð úr Skáldu, og sýndi sig, hvað þjóðin var samhaldssöm um allt, jafnvel þótt hún gæti ekki notað það í skóbætur. En hún fer nú að slitna virðingin, sem Íslendingar bera fyrir þessum bókmenntum, nú þegar svo er komið, að það er aðeins hið talaða orð, sem skiptir máli. Menn hafa e.t.v. gleymt því, að svo var komið hér á 18. öld t.d., að næstum því allur embættismannaflokkurinn var mæltur á danska tungu, öll erindisbréf af hálfu hins opinbera voru skrifuð á dönsku, og eftir þessu vandist bæjarlýðurinn, sem þar var um kring. Og menn geta rétt ímyndað sér það, hvort íslenskan hefði risið upp úr þeirri öskustó svo hrein og fögur eins og hún sannarlega er í dag, ef þjóðin hefði ekki haft hið skrifaða orð til að styðjast við eða ekki hefðu verið enn á ný hinar fornu bókmenntir, sem drógu okkur að landi í þeim ógnarlegu hafvillum, sem við höfðum þá um langa hríð verið í. Og staðreynd er það, að við mundum ekki í hinum einstöku landshlutum í dag skilja hverjir aðra, jafnvel ekki milli sveita, ef hver hefði mátt haga réttritun sinni að eigin geðþótta. Þá hefðum við, eins og Guðbrandur prófessor Vigfússon segir, lent í endalausum stafsetningarhafvillum.

„Heimafræðslan er arfur frá forfeðrum vorum, frá einni kynslóð til annarrar. Það er hún, sem fremur öllu öðru hefur skapað hinar fornu bókmenntir vorar. Henni er það að þakka, að þær urðu svo einkennilega þjóðlegar. Það er hún, sem fremur öðru hefur haldið hinni íslensku þjóð vakandi gegnum aldirnar og varðveitt mál vort og þjóðerni allt til þessa dags.“

Það var heimafræðslan, það voru bókmenntirnar, sem unnu þetta þrekvirki, en nú skal hið ritaða orð víkja og vera einskis virði. Enda þótt nýjabrumsmenn og gapuxar ýmsir í embættismannastétt hafi nú örskamma hríð fengið að ráða ferðinni að þessu leyti, þá er þess örskammt að bíða, að þeim verði velt úr sessi. Og þegar embættismenn eru búnir að setja okkur einhver lög, þá lýsa þeir því yfir, að þeir muni taka það mjög óstinnt upp, ef Alþ. fer að skipta sér af hlutunum. Við verðum varir við það í þessari stofnun hér, á hinu háa Alþ., þegar embættismannalýðurinn gengur hér um ganga til þess annað hvort að þrýsta fram hugarfóstrum sínum og gera þau að lögum eða þá að koma í veg fyrir, að sjálfsögð réttlætismál, sem einstakir þm. eru með, nái fram að ganga. Ég get nefnt mörg blómberandi dæmi um þessi efni.

Hér segir n. áfram:

„Vér játum það, að heimafræðslan stendur að ýmsu á baki skólafræðslunni. Sannmenntaður skólakennari getur veitt lærisveinum sínum víðtækari, fjölbreyttari og dýpri þekking en hver óbreyttur alþýðumaður getur veitt barni sínu. En hins vegar hefur heimafræðslan líka talsverða yfirburði yfir skólafræðsluna. Skólakennararnir verða að skipta sér á milli margra og geta síður gefið sig við eða lagað sig eftir hverjum einstökum nemanda, og því hættir þeim til að reyna að steypa alla lærisveina sína í eitt mót, ef svo má að orði kveða.“

Það hefði ég haldið, og um það getur hv. 3. þm. Vestf., Hannibal Valdimarsson, dæmt, því að hann var skólastjóri um langa hríð með ágætum vitnisburði. En hérna er það sem sagt að steypa nemendurna í eitt mót. Og hvað skyldi nú verða, þegar á það ráð á að bregða, að öll vinnan skuli unnin í skólunum sjálfum undir umsjá kennara? Kennarinn mun sem sagt móta hvern nemanda í eitt og sama mótið. Þetta, að nemendurnir skuli geta kallað til kennara til aðstoðar sér undir allri þeirri vinnu, sem ætti að vera heimavinna, mun greinilega ala stórkostlegt ósjálfstæði upp í viðkomandi, stórkostlegt ósjálfstæði. Þetta sjá allir menn í hendi sinni, sem um það vilja hugsa. Og mótið verður eitt og aðeins eitt, eins og kennarinn sjálfur smíðar og steypir síðan í það.

Þetta er mjög mikilvægt atriði í þessu sambandi. Börnin eiga að koma í skólann, þau eiga að matast þar, þau eiga að dvelja þar daglangt og vinna sína vinnu þar undir umsjón kennara. Það þarf ekki orðum að því að eyða, að hér er mjög aðgæsluvert atriði á ferðinni, að ekki sé meira sagt.

„Aftur á móti kemst heimafræðslan,“ segja þeir, „í miklu nánara og innlegra samband við einstaklinginn, hefur meira vald yfir tilfinningalífi hvers einstaks barns og getur, ef fræðslan er í nokkru lagi, lagað sig betur eftir andlegum og siðferðislegum þörfum barnsins og sérkennileik þess. Auk þess er miklu hættara við útbreiðslu næmra meina, bæði siðferðislegra og líkamlegra, í skólum en á fámennum heimilum. Enn fremur hefur heimafræðslan mjög lítinn tilfinnanlegan kostnað í för með sér, og hana má veita í daglegri umgengni allt árið um kring, án þess að barninu sé íþyngt. Heimafræðsla varðveitir betur það, sem einkennilegt er í fari þjóðarinnar, en er hins vegar þröngsýnni en skólafræðslan. Loks er það ekki lítilsvert, að heimafræðslan hefur jafnframt stórmikil menntandi og siðbætandi áhrif á hina eldri menn, sem fræðsluna veita. Með skyldunni til að fræða og uppala sjálfur barn sitt hlýtur að skapast sterk innri hvöt til þess að afla sjálfum sér þeirrar menntunar, sem er nauðsynleg til þess, að fræðslan verði að verulegum notum, og um leið til að uppala sjálfan sig, laga það í fari sínu, sem getur hneykslað eða saurgað hina ungu sál barnsins.“

Það er kannske á elleftu stundu, að þessi fræði eru hér lesin. Þó mun þess nú freistað að koma þessum skoðunum hér á framfæri, að þær mættu verða til þess að opna augu manna fyrir þessum efnum miklu rækilegar heldur en hingað til hefur verið. Það hefði verið mikilsvert að sjálfsögðu, að þetta nál. t.d. það eitt út af fyrir sig hefði getað legið fyrir í þeirri hv. n., sem aðalverkið vann í sambandi við meðferð þessa máls. Þá er ég hræddur um, að það hefði getað haft gagnger áhrif á það, sem hér

segir í sambandi við heimafræðsluna, t. d. um mikilvægi þess, að börnin dvelji heima í foreldrahúsum sem lengst, um hinn menntandi þátt þess að eiga beinan þátt í menntun barna sinna. Hvernig sem á málið er litið, þá virðist það vera samdóma álit manna, að það hafi gagnger áhrif á sálarheill barna, að þau fái notið umsjár, einnig í kennslu, foreldra sinna eða uppalenda sem allra lengst. — Svo segir n. hér:

„Það er sannfæring vor, að farskólar þeir, sem settir hafa verið á stofn nú á síðari árum víðs vegar í sveitum, séu næsta ófullkomnir og að vafasamt geti verið, hvort þeir hafa með því fyrirkomulagi, sem á þeim er, gert meira gagn en ógagn. Af fræðsluskýrslunum sést, að 32.2% eða réttara að kalla þriðjungur allra nemenda utan kaupstaða hafi ekki notið fræðslunnar lengur en einn mánuð eða skemur á ári hverju og að talsvert meira en helmingur þeirra (58.6%) hafi stundað námið 2 mánuði eða skemur. En athugavert er, að hér eru taldir með allir þeir nemendur utan kaupstaða, sem ganga í fasta skóla. Ef þeir væru taldir frá og aðeins tekið tillit til þeirra barna, sem hafa notað farskóla, mundu þau börn, sem hafa notið fræðslu 1—2 mánuði eða skemur, verða tiltölulega talsvert fleiri. Í skýrslunum segir, að flest þau börn, sem stundað hafi nám 6—7 eða 7—8 mánuði, hafi verið í föstum skólum. Þau má óhætt draga frá samtölu barnanna, því að þó svo kunni að vera, að fáein þeirra hafi sótt farskóla, þá er hins vegar víst, að allmörg af þeim börnum, sem hafa notið kennslu skemur en 6 mánuði, hafa sótt fasta skóla, svo að það jafnast upp. Börn þau, sem hafa stundað nám í 6—7 eða 7—8 mánuði, eru 906 að tölu.“ Fróðlegt er nú þetta á marga vísu. „Séu þau talin frá, verður tala þeirra barna, sem gengið hafa í farskóla, hér um bil 4371, en af þeim 3095 eða sem næst 71% notið fræðslu 2 mánuði eða skemur og 1700 eða nálægt 38.9% í 1 mánuð eða skemur.

Það liggur í augum uppi, að svo stutt árleg fræðsla er að engu nýt, nema börnin njóti jafnframt stöðugrar heimafræðslu þann tíma, sem þau eru ekki í farskóla. Er það svo eða ekki? Undir svari þessarar spurningar er það komið, hvort vér verðum að álíta, að farskólarnir með því fyrirkomulagi, sem tíðkast, geri nokkurt gagn eða séu jafnvel beinlínis til ógagns með því að veikja heimafræðsluna og draga úr henni.“

Síðan víkur n. að skýrslum Guðmundar Finnbogasonar landsbókavarðar, þess mæta manns, og segir:

„Skýrslur meistara Guðmundar Finnbogasonar“ — þeir ávarpa hann ekki undir lægra standi en meistara — „gefa hvergi neitt fullnægjandi svar upp á þessa spurningu og yfir höfuð að tala hefur hann, eins og eðlilegt er, á þeim stutta tíma, sem hann hefur starfað, ekki enn getað rannsakað ásigkomulag farskólanna og heimafræðslunnar öðru vísi en mjög lauslega. Samt kemst hann svo að orði:

„Víða mun það því miður vera svo, að mönnum hætti við að treysta of mikið þessum fáu vikum, sem börn njóta kennslu hjá farkennurum, og leggi því ekki eins mikla rækt við börnin heima.“

Hér er sú mikla hætta, sem stafar af farskólafyrirkomulaginu, eins og það nú er, og það er lítil huggun, þó að höfundur bæti við: „En ekki er það alls staðar svo.“

Þeir segja hér enn fremur: „Það er ofureðlilegt, að allmargir lítt menntaðir alþýðumenn, sem hafa háar hugmyndir um skólafræðslu, en bera ekkert skynbragð á, hve langan tíma þarf til að koma barninu í skilning um það, sem það á að læra, þykist hafa fullnægt skyldu sinni við barnið, ef þeir hafa sent það í farskóla einn eða tvo mánuði á ári.“

Þeir eru að velta fyrir sér þessari örskömmu skólagöngu, meðan við erum að deila um það, hvort eigi að skylda börnin að vera 8 eða 9 ár í skóla.

„Í frv. er gert ráð fyrir því, að undanþágur megi veita frá skólaskyldu, og er það falið fræðslunefnd.“ — Hér erum við að tala um skólaskyldu frá 10—14 ára að aldri. — „Vér erum sannfærðir um,“ segir n., „að mjög margir menn, sem bera vantraust til skólanna og þykjast geta veitt börnum sínum aðra betri fræðslu heima fyrir, muni verða mjög óánægðir með skólaskylduna og róa að því öllum árum að nota sér þennan undanþágurétt og að fræðslunefnd muni oftast nær verða vel við því. Með þessu móti er hætt við, að undanþágurnar verði að reglu og l. verði þannig þýðingarlaus í framkvæmdinni.“

Þeir þykjast sjá fram á, þegar þeir eru að ákveða skólaskyldu um fjögur ár, frá 10—14 ára aldri, þá muni mjög margir verða óánægðir með skólaskylduna og sækja mjög fast á fræðslunefndirnar, sem geta veitt undanþágur og gera svo, þannig að þetta verði pappírsgagn eitt. Að vísu hefur fjölmargt breyst frá því um aldamót eða árið 1905. Það skal játað, að hér hefur orðið bylting á flestum, ef ekki öllum sviðum þjóðlífsins, en mikið má á milli vera frá því, sem þeir ræða um, hvort rétt sé að setja á skyldu í 4 ár eða hvort við þurfum að eyða svo miklum kröftum í að deila um það, hvort hér eigi að verða 8 eða 9 ára skólaskylda.

Ég rifjaði það upp hér áðan, að svo virtist sem þetta mikla efnisatriði málsins ætlaði að ná einhverri lausn s. l. nótt í hv. Ed. eða gærkvöld, þegar 6 af 7 nm. menntmn. höfðu flutt till. um það, að fræðsluskyldan skyldi vera í 9 ár, en skólaskyldan í aðeins 8, og það er alltannar hlutur. Sjálfsagt er, að hinu opinbera beri skylda til að halda fræðslunni í 9 ár, en hins vegar verði börnin ekki skyld að sitja á skólabekk eða skólaskyldan sjálf nái ekki nema í lengsta lagi 8 árum.

Enn er þess að geta í sambandi við þetta frv., sem ég hefði talið, að hefði þurft að kveða miklu skýrar á um, það er um heimildir til þess að skipta skólatímanum með öðrum hætti eða þó öllu fremur að halda skólann á öðrum tíma en tíðkaður hefur verið og þetta frv. gerir ráð fyrir. Á ég þá við sérstakt tillit, sem þarf að taka til sveitanna og til sjávarplássanna. Ég teldi, að það kæmi til athugunar, að skóli unglinga í sjávarplássum hæfist t. d. 1. ágúst og honum yrði lokið, þegar hávertíð tekur við, eins og t. d. hérna sunnanlands. Þannig var talið í fyrra haust, að um 1 000 vinnandi manns mundi vanta

í fiskvinnsluna hér á Faxaflóasvæðinu. Fyrir nú utan það, að þetta mundi bjarga miklum verðmætum, þá er auðvitað ekkert hollara ungum börnum en fá til þess tækifæri að vinna að framleiðslunni og leggja sitt af mörkum til starfa við aðalatvinnugreinar okkar, þannig að við ættum að taka þetta mjög til athugunar. En öðruvísi háttar til sveitanna, þar sem að mínum dómi kemur ekki til greina, að börn og unglingar fái ekki að njóta þeirrar miklu menntunar, sem í því er fólgin, og lífsnautnar að fara í göngur og réttir á haustin og aðstoða í sláturtíðinni. Þau mundu samt sem áður vera til þess albúin að leggja lið við sauðburð, þótt honum sé nú stöðugt flýtt, og hefði þótt í minni tíð mönnum segjast fyrir, ef það hefði verið farið með fyrir gamlársdag, en nú er það tíðkað að fara að leiða út hrúta um mánaðamót eða í byrjun des. En þannig breytast tímarnir og mennirnir með. En því nefni ég þetta, að allt er það hin sannasta menntun, ef unglingum gefst færi á að taka þátt í störfum þjóðlífsins. Það er fátt meira menntandi. Það er kannske hægt að gera þau lærðari með hinu mótinu, en það er vissulega sönn menntun, sem í þessu er fólgin, að unglingunum gefist kostur á því að ganga í þann lífsins skóla, sem mun reynast þeim haldbetri en nokkur annar.

Ég veit ekki nema ég ætti að víkja að sjálfu frv., eins og það lítur nú út eftir 3. umr. í Ed. Þá á ég að vísu eftir það leiðindaverk að rekja það allt, eins og það var í upphafinu. En til þess að hafa meiri tilbreytni í því og að ég missi ekkert niður af því, sem ég nauðsynlega þyrfti að koma á framfæri, þá væri þetta athugandi. Ég vil þó fyrst víkja að því, sem ég hvarf frá áðan um dagskrártill., sem ég var meðflm. að við 2. umr. málsins hér í hv. Nd.

Ég nefndi það áðan, að við hefðum ekki flutt þessa till. til þess að bregða fæti fyrir þetta frv. til frambúðar, aðeins að við gætum náð saman endum, við gætum orðið sammála um, hvernig að afgreiðslu þess yrði staðið, að við gætum orðið sammála um það, að í þessum geysilega viðamiklu lögum og mikilvægu bæri að grandskoða, að í þeim væri ekkert að finna, sem mikla miður færi, þegar til framkvæmdarinnar kæmi.

Mér var tjáð og ég vék að því í upphafi ræðu minnar, að þetta mundi hafa verið meira og minna til skoðunar og athugunar hjá menntmrn. allar götur frá því um 1960 eða jafnvel fyrir þann tíma. Hér erum við bánir að hafa þetta í 3 ár, 3 þing, en að vísu verður ekki talið, að neitt hafi verið starfað að þessu máli fyrr á þessu þingi, og á þessu þingi hefur ekki verið nálægt því starfað jafnmikið að því máli eins og við sjáum, að hin fyrstu drög að l. um barnafræðslu fengu.

Nei, okkur gekk vissulega aðeins gott til með dagskrártill. okkar, en hún hlaut ekki náð fyrir augum þeirra, sem ráða vilja. Og nú er það ákvörðun hæstv. ríkisstj., sem er orðin í minni hl. hér á hinu háa Alþ., að reyna samt að kúga þessi lög fram örskömmu áður en hæstv. forsrh. ætlar að svipta menn þingréttindum, svipta landið Alþ., hvað sem upp á kann að koma. Nú ætlast þessir háu herrar til þess, að hv. alþm. taki þátt í afgreiðslu þessa stórmáls, þótt fyrir liggi, að þeim sé sýnd svívirðing og þingræðinu í landinu með þeim hætti, sem raun ber vitni um. Þeir ætla að láta hafa sig til þess af mönnum, sem hafa hér engan meiri hl. á bak við sig lengur í þingi, að vinna að lagasetningu um hin allra mikilvægustu mál, eftir að það liggur ljóst fyrir, að þeir, sem þeirri ferð stjórna, hafa á því engan rétt að ráða einu eða neinu. Þm. ætla að vinna að þessu, eftir að hæstv. forsrh. ætlar að feta í þau fótspor, sem frægust hafa orðið í sambandi við meðferð þingræðis á Íslandi, sem Tryggvi Þórhallsson markaði af hálfu þessara herra, sem þannig ætla að fara að ráði sínu, tala samt hv. þm. að láta verða sitt síðasta verk að efna til þess óvinafagnaðar, sem okkur sýnist, að þetta kunni að bera í skauti sínu?

Eftir að fyrir liggur, að stórkostleg vandamál bíða úrlausnar, sem þola næstum því enga bið, og skipið hefur strandað, skipið með allt góssið innanborðs strandað, þá tekur skipstjórinn til þess ráðs ásamt matrósum sínum að slá skjaldborg um þetta strand og banna mönnum að komast að til að bjarga einu eða neinu. Með þingrofsvaldi sínu bannar hann mönnum að komast á strandstaðinn að bjarga því, sem bjargað verður, nema með því að stjórnarandstaðan, núv. meiri hl. í Alþ., bindist einhverjum böndum við hið úr sér gegna, víxlgenga merhryssi, Framsfl. Það er lítið geð þeirra guma, sem skipa þingbekki, ef þeir ætla nú, þrátt fyrir það að þannig er á málum haldið, að láta hafa sig til þess, að þetta mál nái fram, eins og til alls þessa er stofnað. Fyrrv. flokksbræður hæstv. menntmrh. kunna að hafa fyrir kunningsskap einvörðungu e. t. v. viljað ljá þessu máli fylgi. En það er nú áreiðanlega komið að því, að hann á ekkert inni hjá þeim af greiðasemi. Og hafi þeim verið það umhendis að ganga til þessa leiks um samþykkt þessa frv., þá held ég, að þeir ættu nú að athuga það, að þeir munu vera honum alveg óskuldugir nú orðið. —En ég er að beina orðum mínum til þess meiri hl., 31. þm., sem hefur ritað hæstv. forseta Sþ. bréf og óskað eftir að fá að ræða vantraustið, sem hæstv. forsrh. virðist ekki þora: Ef þessi vinnubrögð eiga öll að ganga fram með þessum hætti, er þá ekki maklegast og er mönnum ekki skapi næst að svara slíku háttalagi með því að neita því að taka þátt í afgreiðslu þessa geysilega viðamikla máls. Ef til stendur að neita meiri hl. þings, 31 hv. þm., um að ræða vantraustið, sem fram er komið, ætla þá þessir hinir sömu 31 þm. að þakka fyrir sig með því að standa að því í einhverri misskilinni greiðasemi við einhverja hæstv. ráðh. að afgreiða þetta stórmál, sem ég hef hér aðeins vakið máls á, en ekkert í þeim mæli, sem ég á eftir.

Ég kynni að stytta mál mitt, ef ég hefði einhverja von um það, að skapsmunir meiri hl. þm. stæðu til þess, sem mínir skapsmunir standa til. Ég held, að menn hljóti, þótt það séu óskyld mál í sjálfu sér, þessi poppskólalög, og vantraustið, sem við höfum óskað eftir að fá að ræða, þá held ég þó, að þetta tengist saman við öll vinnubrögð þessarar hæstv. ríkisstj.

Það er ljóst, að hæstv. samgrh. leggur á það höfuðáherslu að knýja fram þetta frv. Ég vil nú beina því til hans, hvort hann vilji ekki reyna

samkomulag að því leyti, að hann hafi áhrif á, að vinnubrögðunum verði breytt og við fáum að ræða frv., eins og þingræðið hlýtur að krefjast, gegn því, að maður þá stytti ögn mál sitt í þessu og það þá e.t.v. næði fram að ganga með öllum nauðsynlegustu breyt., sem á því þarf að gera. Ég varpa því til hæstv. menntmrh., hvort hann sem einn af ráðh. vill ekki athuga það boð, að við breytum til með þeim hætti, að við reynum að ná höndum saman um afgreiðslu þessa máls gegn því, að okkur verði sýnt það sjálfsagða þingræði og það sjálfsagða þingræði viðhaft að taka til umr. þáltill. um vantraust á ríkisstj., sem hér hefur verið borin fram. Vill hæstv. menntmrh. athuga þetta? Hann hlýtur að hafa á því öll tök. En vilji hann þetta ekki, þá er alveg óhjákvæmilegt, að þm. hljóta að þakka fyrir sig, ef það er ákvörðun hæstv. minnihluta ríkisstj. að koma í veg fyrir með forsetavaldi sínu, að við svo sjálfsagðri beiðni verði orðið að ræða vantraustið. Ef þeir koma í veg fyrir það, þá er alveg útilokað fyrir þennan 31 hv þm. að leggjast svo lágt að ætla að fara að þjónusta þessa hæstv. ríkisstj. í einu eða neinu, ekkert frekar hæstv. menntmrh., þótt hann sé kannske ekki öflugastur af þeim, frekar en hina.

Það er hægt að halda því fram, að þetta sé til hliðar við efnisatriði þessa máls. Og hæstv. menntmrh. leggur nú mest upp úr málefnunum. En óhjákvæmilegt er, að hliðsjón sé höfð af framferði þessarar hæstv. ríkisstj. gagnvart meiri hl. í þingi, og hann hlýtur að neita alfarið að koma nærri því að vinna hér að löggjöf, sem stjórna á landinu eftir, eftir að svo fáheyrð vinnubrögð hafa verið höfð í frammi. Ég verð nú að bæta því við, að ég sé ekki, að þessu liggi lífið á, með alveg sérstöku tilliti til þess, að faktorarnir í rn. eru byrjaðir fyrir löngu að framkvæma þessi lög. Það er nú einn kapitulinn út af fyrir sig, að Alþ. skuli láta bjóða sér það, að embættismennirnir skuli byrjaðir meira og minna að framkvæma ósett lög. En úr því að svo er, og við því hefur ekki verið spornað hvort sem er, þá er það þó huggun harmi gegn þeim mönnum, sem telja knýjandi nauðsyn á að koma þessu fram, að þeir eru byrjaðir meira og minna að skalta og valta með þetta og framkvæma.

Nei, ég ætlaði að rifja hér upp innihald þeirrar dagskrártill., sem við fluttum í góðri meiningu, ég og hv. 5. þm. Norðurl. v., hv. 3. þm. Norðurl. v. og hv. 3. landsk. þm., hæstv. forseta vorum núv., meðan hinn er í hvíldinni, hæstv. forseta vorum, sem var einu sinni samflokksmaður þess hæstv. menntmrh., sem nú tekur þátt í þeim gráa leik, sem hér er leikinn á hinu háa Alþ., þar sem minni hl. ætlar að reka meiri hl. heim, þrátt fyrir að lífsspursmál sé, að þeir, sem fram úr málunum geta ráðið, komist að, nái vopnum sínum í þeim. En með þessu valdi, lögformlega valdi, sem ekkert siðferði er þó á bak við, sem hæstv. forsrh. þykist hafa um þingrof, er meiri hl. Alþ. bannað að ná vopnum sínum í þessu máli, honum er bannað að taka til höndunum til þess að bjarga þjóðinni frá langstærstu áföllum, sem hún hefur legið undir, svo að menn viti til, að sögn þessarar hæstv. ríkisstj. sjálfrar.

Það er deginum ljósara, eftir að meiri hl. þm. hefur undirritað áskorun um að taka vantraustið til sérstakrar umr., að þar er meiri hl. þm. að óska eftir því að reifa málin, ekki einvörðungu að rifja upp hörmungarsögu þessarar hæstv. ríkisstj., heldur að leggja um leið á ráðin um það, til hvaða ráða megi grípa til að forða frá algerum ókjörum, gjaldþroti atvinnuveganna, gjaldþroti okkar út á við, óðaverðbólgu meiri en dæmi eru til um. En lagaleið er til að banna meiri hl. Alþ. að ná vopnum sínum í þessu lífshagsmunamáli allrar íslensku þjóðarinnar. Lagakrókaleið er til og hana á að nota, nema ef menn skyldu vilja sitja og standa eins og hæstv. forsrh. og hans kumpánar vilja. En þess er enginn kostur, að sjálfsögðu ekki.

Því hefur verið margsinnis haldið fram, að það væri algert skilyrði, það væri lífsspursmál, að takast mætti að framkvæma ákveðnar aðgerðir í efnahagsmálum fyrir 1. júní nk., ef við ættum ekki að liggja undir þeim áföllum, að við mundum e.t.v. ekki bíða þess bætur áratugum saman. Þessu hefur verið haldið að okkur, að hér væri um að ræða algert lífsspursmál. Stjórn, sem er komin í minni hl., hefur að sjálfsögðu engin ráð til. Hún hafði þau ekki einu sinni á meðan hún var og hét og hv. afgangurinn af Samtökunum var þarna inni. En núna þarf ekki að fara í grafgötur með þetta. Nú er þetta deginum ljósara. En lagakrókaleið á að fara til þess að hindra meiri hl. Alþ. í að grípa til þeirra ráða, sem nauðsynleg eru. Það er að vísu rétt, 31 þm. er einfaldur meiri hl. Við höfum haldið því fram, að það væri ekki nægjanlegur þingstyrkur, og það er ekki nægjanlegur þingstyrkur, vegna þess að þá skortir á eitt atkv. í annarri d. En mér er sem ég sjái, að hæstv. menntmrh. t.d., sem lætur alltaf málefnin ráða, hefði í Ed. bannað framgang mála, sem hefðu getað forðað okkur frá stóráföllum í efnahagsmálum nú hinn 1. júní. Þess vegna er það með sérstöku tilliti til hans málefnalegu afstöðu, sem hann sagði í gær að hefði ráðið áframhaldandi ráðherrasetu sinni, með sérstöku tilliti til málefnaafstöðunnar, hinnar einu og sönnu, og þess, að hann gerir sér grein fyrir því, að það megi ekki sleppa árinni, þegar komið er í brimróðurinn, að þá má alveg ganga út frá því vísu, að hann hefði ekki hlaupið fyrir borð þá, fyrst hann ætlar að sitja sem fastast í þessari hripleku skektu, sem hann nú brýst um í brimgörðunum á. Nei, það má leiða að því alveg örugg rök, að við hefðum a.m.k. notið atkv. 32 manna til þess að gera þær ráðstafanir, sem alveg er óhjákvæmilegt að gera, það er alveg ljóst mál. Þar hefðu málefnin fengið að ráða. Þess vegna er hægt með fullum rétti að halda því fram, að á Alþ. séu 32 menn albúnir til þess að takast á við vandann. En það er maðurinn með öxina, sem bannar að koma að strandinu, bannar mönnum að koma til þess að bjarga málunum. Það er þessi réttur, hinn lögformlegi réttur um að rjúfa þing, svipta þm. þingmennskunni, gera landið alþingislaust. Það á hann e.t.v. eftir á þessu þjóðhátíðarári, sem hann kallar, þar sem við ætluðum að hafa frið um málin.

Hæstv. forsrh. er kallaður til ábyrgðar. Ábyrgðinni getur hann ekki skotið sér undan. Ef hann rekur meiri hl. Alþ. heim, án þess að það fái

til þess tækifæri að snúast gegn hinum bráða háska, sem í boði er, þá er hann kallaður til ábyrgðar á því. Hann ber á því einkaábyrgð að sjálfsögðu, — í samráði við hæstv. ráðh. sína, það kann vel að vera, en hjá honum er valdið, — ef hér verður stjórnlaus þjóð á tímabili, sem þeir sjálfir segja, að geti ráðið úrslitum um hina næstu framtíð okkar í sjálfum fjárhagsmálum okkar, efnahagsmálunum öllum. Þá á að stofna til kosningahríðar og ekki einvörðungu það, heldur á að ræna landið þingkjörinni stjórn. Það er alveg ljóst, að þetta er algert siðferðisbrot, hvort sem það kann að standa — og hart er undir því að búa, að það skuli kannske standa lagalega. En það verður að vera þeirra mál, sem vilja haga sér með þessum hætti, hvort þeir kjósa þá leið eða ekki. En þetta er mjög ólíkt þeim hugmyndum, sem ég hafði gert mér um hæstv. forsrh. En lengi má manninn reyna. Ég hélt, að hann væri vandaður og samviskusamur. Ég hafði staðið í þeirri meiningu. Og ég lýsti því yfir við útvarpsumr., að því er mig minnir, að mér væri ekkert umhendis að játa það, að ég teldi, að hann væri vandaður og samviskusamur maður. Við fáum að sjá til, hvort þessi trú mín verður mér til skammar eða ekki.

Það er e. t. v. of stórt mál að bera sér í munn eða orðfæra með einhverjum hætti, hvort í stjórnskipunarlögum okkar standi ekkert um það, að þjóðhöfðinginn sjálfur geti gripið til einhverra ráða. Það kann vel að vera, að það sé líka rétt lögformlega, að hann verði í einu og öllu að hlýða hæstv. forsrh. En það munu þó vera ákvæði um það, að ekki verði rofið þing nema með samþykki forseta vors eftir till. forsrh. og spursmál, sem mjög hlýtur að knýja á hugann, er þetta: Ef herra forsetanum sýnist, að hér á hinu háa Alþ. kunni að vera starfhæfur meiri hl. til að takast á við vandann, hefur hann þá engin tök á því að forða frá þeim ókjörum, að fyrir slíka ráðabreytni hæstv. núv. forsrh. sé byggt? Ég varpa þessu fram, því að allavega hlýtur að vera hart undir að búa svo gegndarlausu ábyrgðarleysi að reka þing nú heim, eftir að hafa sjálfur lýst því yfir, að engan tíma megi missa, ef ekki eigi að leiða í bráðan háska og algerar ógöngur.

Það liggur alveg ljóst fyrir, að þessi hæstv. ríkisstj., minnihlutastjórn, sem hún er, heldur ekki áfram að gefa út brbl. Það er alveg misskilningur, ef menn halda það. Þess vegna er það, að þegar við setjum fótinn fyrir, að þetta grunnskólafrv. fari hér í gegn, þá skal hæstv. menntmrh. ekki láta sér detta í hug, að hann geti sett brbl. um það. Það er mesti misskilningur, vegna þess að hún hefur ekkert þing til þess að styðjast við, og brbl. verður að samþykkja á þingi. Upp á þá von og óvon getur hún engin brbl. sett, það liggur alveg ljóst fyrir. Það er því hún og hún ein, sem kölluð er til ábyrgðar um það, að þeir, sem hafa lýst því yfir, að þeir eru tilbúnir til þess að axla ábyrgðina og þær byrðar, sem þessu kunna að fylgja, að taka við stjórnartaumunum, þeir ná ekki vopnum sínum, þeir komast ekki að verkinu fyrir því, að það eru til lög, sem heimila manninum, sem strandinu stjórnaði, að banna, að svo skuli vera.

Ég veit, að félagar mínir ýmsir eru mjög málþola að fá hér orðið, og þó að það kunni að vera, að ég skreppi frá í kaffi, þá er þó að því að gæta, að ég á rétt á að taka hér þrisvar til máls við umr. En eins og ég segi, þar sem mér er kunnugt um, að félagar mínir hafa mjög margt um þetta að segja, kynni að vera, að ég einhvern tíma um 10—11 leytið kysi að hvíla mig augnablik til þess að glöggva mig nánar á ýmsum mjög mikilvægum þáttum, sem þetta mál snerta og er að finna í ýmsum fræðibókum, sem ég mundi koma með. Enn á ég þó allvænt nesti óétið.

Svo að ég víki aftur að dagskrártill. þeirri, sem við fluttum hér, hv. 5. þm. Norðurl. v., hv. 3. þm. Norðurl. v, Björn Pálsson, og hv. 3. landsk., þá er þar að finna ýmis sanngjörn rök fyrir því, að á þetta ráð skuli brugðið. Segir í a-lið:

„Með tilliti til þess, að hagkvæm vinnubrögð séu að láta endanlega afgreiðslu grunnskólafrv. bíða, þar til fyrir liggur, á hvaða grundvelli verði byggt eftir fyrirhugaðar lagabreyt. varðandi verkefna- og tekjuskiptingu milli ríkis og sveitarfélaga.“

Að þessu veigamikla atriði hef ég enn ekki haft tíma til að víkja, en hér er enginn smáþáttur málsins á ferðinni. Það er ekki vitað, á hvaða grundvelli verður byggt eftir fyrirhugaðar lagabreyt. varðandi verkefna- og tekjuskiptingu milli ríkis og sveitarfélaga. Þetta undirstöðuatriði þetta mál beint snertandi er á reiki. Að sjálfsögðu er alveg lífsspursmál, að úr því sé skorið, áður en þessum aðilum er fenginn svo viðamikill lagabálkur til framkvæmda.

Þá segir í b-lið:

„Algerlega ófullnægjandi grg. fylgir frv. um kostnað við framkvæmd málsins og engar upplýsingar hafa verið gefnar um það efni við umr.“

Að þessu vék ég, að vísu mjög stuttlega, fyrr í ræðu minni, að það hefur verið alger árátta á þessari hæstv. ríkisstj. að fleygja hér fram stórmálum, sem hafa í för með sér ekki tugi millj., heldur hundruð millj. eða milljarða í kostnaðarauka, án þess að hafa fyrir því að gera neina heildargrein fyrir kostnaðaraukanum. Það hefur þó verið fengist við það, sem ég mun víkja síðar að, í grg. með frv., að hefur verið fiktað við ýmsar kostnaðaráætlanir, en þær eru ákaflega ófullkomnar og þess utan hafa breyt. orðið svo örar, síðan þær lauslegu áætlanir voru gerðar, að ekki stendur að sjálfsögðu steinn yfir steini. Í okkar fjármálum, eins og allir vita, hefur allt verið á hverfanda hveli, þannig að þó að þessar léttvægu speglasjónir, sem þetta í raun og veru eru hjá undirbúningsnefndinni um fjármálin, þó að þær verði yfirfarnar hér á eftir af mér, þá tek ég mönnum vara fyrir því, að það sé til þess að byggja á. Það er aðeins kannske til þess að gefa örlitla innsýn í þennan mikilvæga þátt málsins og í raun og veru þann mikilvægasta, vegna þess að ef fjárhagsgrundvöllinn brestur alveg, þá er alveg augljóst mál, að það er til lítils að setja lög. Það hefur verið margsinnis um það beðið og eftir því óskað, að þessar upplýsingar yrðu gefnar, en því hefur ekki verið sinnt.

Sannleikurinn er sá, að það hefur mjög lítill samvinnuvilji verið sýndur varðandi framgang þessa máls. Þegar menn, svo að ég enn

víki að því, þóttust hafa höndlað það hnoss hér í hv. Ed. í gær, að samkomulag væri orðið um skólaskylduna, þá brugðust menn þeir, sem að því stóðu, með þeim hætti við, að ekki stóð steinn yfir steini. Þeir létu reka þetta samkomulag öfugt ofan í sig, sem hleypti ákaflega illu blóði í allt málið. Þannig mætti fleiri dæmi nefna um það, að mjög lítill samvinnuvilji virðist hafa verið fyrir hendi. Það hefur ekkert verið reynt til þess að menn næðu með góðu saman höndum um þetta, heldur núna á örskömmum tíma allir refar til þess skornir, að það mætti þjarma þessu í gegn með hörku. Og ég verð að segja það, að eftir það, sem nú virðist vera í boði um alla starfshætti þessarar hæstv. ríkisstj. og siðlausa framkomu hennar við hv. þm., þá tekur alveg steininn úr, ef þeir hafa nokkurt geð í sér til þess að ansa því, að þetta frv. verði að lögum. Það má fyrr vera geðleysið. Ég hef borið það undir hæstv. menntmrh., — og hann er að sjálfsögðu að hugsa það mál, því að hann flanar ekki að neinu og lætur málefnin ráða, — hvort við eigum að ræða það, að hann beiti sér fyrir því, að vantrauststill. verði rædd hér á hinu háa Alþ., eins og meiri hl. þm. hefur krafist, og við reyndum þá í staðinn að finna leið til lausnar þessu máli. Upp á þetta hef ég boðið, og væntanlega er þetta í athugun, því að eins og ég hef sagt, þó að þetta séu óskyld mál í sjálfu sér, þá hlýtur maður eftir þessa framkomu og vinnubrögð að hafa fullt siðferðisleyfi til að líta til þess, hvaða vinnubrögð á að hafa hér í frammi, og reyna að spyrna við fæti, þótt veikur sé, á síðustu stundu, að gjalda líku líkt, þótt það sé, eins og ég segi, í örlitlu miðað við það offors, sem manni virðist, að hér eigi að beita hv. þm., meiri hl. hins háa Alþ.

Þriðji þáttur rökstuðnings okkar um að fresta afgreiðslunni var um þetta atriði, sem e. t. v. hefur borið hæst í þrætunni um málið, um lengingu skólaskyldunnar. Ég þarf ekki á þessu stigi málsins að fara nánar út í það mál. Ég kem að því síðar, þegar ég fletti upp í merkilegum ritum, sem snerta þetta mál beint, hef gert það fyrr hér með merkilegum tilvitnunum, en ég hygg þó, að í öðrum ritum, sem ég hef hér meðferðis, sé e. t. v. að finna enn verðmætari upplýsingar, sem lúta að þessu grundvallaratriði um skólaskylduna sjálfa.

Við bentum á það í þessum rökstuðningi, að í fljótheitum og með algerri fljótaskrift hefði verið tekið inn í frv. ákvæði, sem gerir ráð fyrir því að koma upp mötuneyti við alla skóla landsins. Þess varð vart, að hæstv. fjmrh. virtist verða bumbult við þessa samþykkt. A. m. k. minnist ég þess, að mikill ókyrrleiki færðist yfir hann. Ég gat um það áðan, að ég væri ekki alveg viss um, nema þetta ákvæði væri enn að finna eftir afgreiðslu frv. í Ed., því að það er nú eitt með öðru, að Ed. mun hafa afgreitt þetta mál endanlega frá sér aðeins korteri eða 20 mín. áður en það var tekið til umr. hér. Sjá þá menn allir í hendi sinni vinnubrögðin, hvernig þau eru tíðkuð hér, þó að þetta eigi sér fordæmi. Auðvitað á þetta sér fordæmi, alveg eins og það á sér fordæmi að beita því offorsi, sem nú er í boði, að gert verði við hv. þm. Við 2. umr. frv. munaði hv. Nd. ekki um þá hniskju að samþykkja ákvæði, sem skilgóðir menn álitu, að mundi hafa í för með sér milljarða aukaútgjöld. Og að sjálfsögðu eins og fyrri daginn var auðvitað engin grein gerð fyrir þessu, hvað kosta mundi, og allra síst, sem aldrei hefði verið viðhaft hér af hæstv. ríkisstj., gerð hin minnsta grein fyrir, hvernig afla eigi fjár til að standa undir útgjöldunum.

Þá var það eitt atriðið, sem er auðvitað stórhlægilegt í sjálfu sér eða gráthlægilegt, að samtökum, sem eru ekki til lögformlega, er veitt stórfellt umboð samkv. frumvarpsbálki þessum. Það eru landshlutasamtökin. Það hefur ekkert samkomulag orðið um að löggilda þau að einu eða neinu leyti. Við vitum vel, að hæstv. forsrh. hefur manna skeleggast beitt sér gegn því. Hæstv. fyrrv. samgrh., hv. 3. þm. Vestf., gerði það mjög skelegglega í fyrra líka. Nú þykist hann vera einn af frumkvöðlum þessa frv. Í því eru landshlutasamtökum sveitarfélaga falin sérstök verkefni og völd, án þess að þessi samtök hafi nokkra stöðu til þess lögum samkv. Auðvitað ætti reglan að vera sú að athuga sérstaklega, hvort það megi ekki fá þessum landshlutasamtökum, sem eru mikilsverð á marga vísu, lögformlega stöðu í stjórnkerfinu. Þá, en ekki fyrr, getum við veitt þeim svo mikilvæg verkefni og völd sem þessi lagabálkur gerir ráð fyrir. Og einmitt ætti að nota frestinn, sem við höfum lagt til, að yrði gefinn með því að fresta þessu á milli þinga, til þess að athuga þennan þátt alveg sérstaklega. Ég vil að vísu framgang landshlutasamtakanna. Þó held ég, að þurfi sérstaklega að athuga um verkefnaval og valdsvið þeirra, því að ástæðulaust er og gjalda ber varhug við því að stofna til einhverrar nýrrar yfirstjórnar, því að vissulega hefur reynst okkur vel það fyrirkomulag á stjórn bæjar- og sveitarfélaga, sem við höfum haft hér um langa hríð. En í ýmsum sameiginlegum hagsmunamálum, eins og t. d. yfirstjórn í þessum efnum og á ýmsum öðrum sviðum, við skulum segja vegamálum og öðrum, sem nefna mætti, þá álít ég, að landshlutasamtökin eigi verðugt verkefni fram undan. Ég álít ekki, að þau eigi að fá það verkefni eða valdsvið að geta sagt bæjar- eða sveitarfélögum fyrir verkum. Þetta á fyrst og fremst að vera þjónustustofnun þessara aðila, sameiningarstofnun, þar sem unnið er að framgangi sameiginlegra hagsmunamála, og getur orðið mikilvægur þáttur í því að sameina kraftana, en því miður hefur oft viljað brenna við, að í byggðarlögum nákomnum að öllu leyti væru þeir sundraðir, en ekki sameinaðir eins og þörf er á, og ég veit, að á marga vísu hefur stofnun þessara samtaka gefið hina bestu raun. En við megum ekki, þó að við fáum þeim stöðu eða valdsvið, kalla neitt nýtt yfirvald yfir okkur, enga nýja yfirbyggingu. Nóg er nú samt um það. Aldrei hefur sú stefna farið aðra eins gandreið yfir þjóðina og í tíð þessarar hæstv. ríkisstj., þar sem miðskipan allra mála hefur stóraukist, allt dregið hér með töngum til Reykjavíkur. Þrátt fyrir loforð ríkisstj. í stjórnarsáttmálanum um dreifingu valdsins hefur hún stórrýrt valdsvið bæjar- og sveitarfélaganna um landið, rænt þau tekjustofnum og haldið þannig á öllum málum, að með ókjörum er, — svona svipað og ríkisstofnananna, sem núna eru skildar eftir allar í rúst,

hver og ein einasta. Nei, miðskipan skal það vera. Miðskipan mála, þar sem allt er dregið hingað suður undir einn hatt. Það hafa verið ær og kýr þessarar hæstv. ríkisstj. og hefur keyrt raunar alveg um þverbak. Því er það eitt stærsta verkefni þeirrar ríkisstj., sem fær meiri hl. í Alþ., að breyta til, gerbreyta til í þeim efnum. En þessi hæstv. ríkisstj. getur auðvitað ekki gert neitt meira af sér, vegna þess að til þess hefur hún ekkert vald. Hún er í minni hl. á Alþ. Hún getur ekkert gert nema að vera fyrir, þvælast fyrir þeim, sem ella mundu vilja og geta tekið að sér að leysa bráðháskalegan vanda. Það er eini mátturinn hennar og dýrðin, að vera þröskuldur í vegi þeirra manna, sem vilja og geta tekist á við vandann.

Það er annað en í tíð þeirra Snorra á Húsafelli og Magnúsar konferensráðs, þegar þeir þrættu í Húsafelli. Þá varð þrætan með þeim ósköpum, að tvær griðkonur höfðu ekki undan að bera að þeim og frá vökvunina. En Jakob sér, að hér bý ég vel enn, og hann hugsar vel til mín og ætlar að sjá svo um, að ég verði ekki klumsa hér.

Já, það hefur ekki dulist neinum, sem fylgst hefur með þessu máli, að öll meðferð þess hefur verið reikul og stefnulaus með ólíkindum. Hér voru á ferðinni eitthvað upp undir 100 brtt. Menn æddu á veggina og vissu ekki, hvar þeir voru staddir í þessu. Jafnvel nm. báru till. fram þvert ofan í fyrri till. eða snerust gegn till., sem þeir höfðu borið fram í n. Allt var þetta með þeim ókjörum, að ekki er segjandi frá því, því að það er Alþ. til skammar. Þarna þrælaðist hæstv. forsetinn, sem enn er að hvíla sig, við það að fara í gegnum þessar brtt., og menn vissu orðið ekki sitt rjúkandi ráð, þegar yfir lauk, enda lét hann þess getið, að nú mundi hæstv. forseti Ed. fá þetta til hæfilegrar matreiðslu. Ég á alveg eftir að athuga alla meðferð málsins þar og bera hana saman við afgreiðslu frv., eins og hún var hér í hv. Nd. Að vísu væri eðlilegast, sem ég mun athuga, að bera þá fyrst saman afgreiðsluna hér, brtt. hér saman við frv. upphaflega, síðan eins og það var afgreitt hér við 2. umr. og þar næst eins og það kemur nú fram, vegna þess að það upplýsti auðvitað allan gang málsins, sem mönnum er alveg lífsnauðsynlegt að kynnast af eigin raun, og því er nú svo komið sem komið er. Bæði hefur verið stirfni í allri samvinnu um málið, einstök leiðinleg stirfni og óskiljanleg, og síðan hefur ráðh., sem í fyrirsvari átti að vera, verið ákaflega reikull og stefnulaus, eins og sést á því, að eftir að margar nefndir embættismanna eru búnar að hnoðast með þetta árum saman, þá er hrúgað inn brtt. Þegar upp er staðið og þær hafa ýmist verið felldar eða samþykktar, þá veit enginn, hvað upp eða niður snýr á þessu frv. Ef þrekmenn hefðu verið í fyrirsvari fyrir þessu máli, þá hefði ekkert af þessu skeð, sem við horfum framan í nú. Þá væru menn ekki að þræta fram á höggstokkinn um þetta mál. En það er einstök og ámælisverð stirfni, sem þeim, sem vilja þessu máli vel og framgang þess, hefur verið sýnd allan tímann. Sú atkvgr., sem hér fór fram, sýndi og sannaði fyrir mönnum, hversu þetta hefði allt saman verið reikult og stefnulaust. (Gripið fram í: Það má bera saman, hvað þetta frv. er vitlausara en gamla frv., gömlu lögin.) Nei, ég á alveg eftir að bera þau saman, en ég hef til þess nógan tíma.

Það er alveg rétt, að það er hörmulegt til þess að vita, en því er haldið fram af þeim, sem gerst til þekkja, að þetta frv. muni jafnvel hafa versnað í meðförum þingsins, og sjá þá menn, hvernig að málinu er staðið. Ástæðan er vitanlega sú, að mönnum gefst ekki kostur á að vinna þetta sem skyldi. Þetta er tekið hér til 2. umr. í Ed. í gær og unnið mestalla nóttina og byrjað aftur eldsnemma í morgun. Það er ekki nokkrum manni ætlandi að fást við svona viðamikið frv. með þeim hætti eins og þessi dæmi sanna. Og það er ekkert eðlilegra en frv. komi öfugt og snúið úr höndum slíkra manna. Þess vegna er alveg nauðsynlegt, ef þetta ætti í alvöru að taka til afgreiðslu hér í þessari hv. d., að henni gæfist kostur á því að bera þetta vandlega saman, sjálfri n., því að ég verð mjög lengi að því, og í raun og veru er það ekki hæfilegt, að maður skuli neyðast til þess, til þess að reyna að forða ógöngum, að þurfa að bera þetta saman hér, allt þetta mikla mál, í sjálfum ræðustólnum. Það eru ekki vinnubrögð, sem ætti að tíðka, heldur að sitja saman eins og góðir samvinnumenn í n. og skoða þetta ítarlega, til þess að ekki verði tómir fingurbrjótar. Enn fremur eru áhugaverðar ýmsar till. einstakra þm., en að því mun ég víkja síðar.

Ég vil þá leyfa mér að byrja á, af því að það er nýjast, að bera saman eins og þetta hljóðar nú, frv. á þskj. 879, eftir 2. umr. í Ed., því að ég get ekki í svipinn fundið plaggið eftir 3. umr. í Ed. Kann að vera, að það hafi litlar eða engar breyt. orðið við 3. umr. þar, en þó minnir mig fastlega, að svo hafi verið, og kem ég þá að því síðar. Það er breyt., sem er fyrst við 2. umr. í Ed., sem gerð er við 8. gr. frv. Hún hljóðaði svo eftir afgreiðslu Nd. á þessu máli:

„Nú sækir forráðamaður skólaskylds barns um tímabundna undanþágu þess frá skólasókn hluta úr skólaári og færir fram knýjandi ástæður. Skal þá leitað umsagnar skólastjóra og skólanefndar, og mæli þeir aðilar samhljóða með umsókninni, getur fræðslustjóri veitt undanþágu, en skólanefnd og skólastjóri skulu fylgjast með því, að barnið stundi nám.“

Hér er talað um, að séu knýjandi ástæður til, þá á að veita barni undanþágu frá skólaskyldu tímabundið. Allt er þetta harkalega niður njörfað. Það á svo sem ekki að vera mikið frjálsræði í þessu. Það verður að vera knýjandi nauðsyn, og svo skal sótt um þetta sérstaklega og leitað umsagnar skólastjóra og svo skólanefndar, og þá getur fræðslustjórinn veitt undanþágur. Allt er þetta einn pýramídi, eins og allt þetta mál er. Við skulum aðgæta, hvort einhver bati hefur orðið á þessu við meðferðina í Ed. Þar segir:

„Nú sækir forráðamaður skólaskylds barns um tímabundna undanþágu þess frá skólasókn og færir fram knýjandi ástæður,“ — þetta virðist mér vera eins, — „skal þá leitað umsagnar skólastjóra og skólanefndar, og mæli þeir aðilar samhljóða með umsókninni, getur fræðslustjóri veitt undanþágu, en skólanefnd og skólastjóri skulu fylgjast með því, að barnið stundi nám.“

Í fljótu bragði virðist mér ekki vera hér um breyt. að tefla nema þá í kommusetningu.

Þá er hér 10. gr., þar sem rætt er um skiptingu á landinu í fræðsluumdæmi. Samkv. afgreiðslu Nd. á þessu máli var þar:

„1. Reykjavíkurumdæmi, sem tekur yfir Reykjavíkurborg.

2. Reykjanesumdæmi, sem tekur yfir Gullbringu- og Kjósarsýslu, Hafnarfjarðarkaupstað, Keflavíkurkaupstað og Kópavogskaupstað.“ — Nú hefur þessu verið breytt, þannig, að í þessu umdæmi, Reykjanesumdæmi, eru enn fremur Grindavíkurkaupstaður og Seltjarnarneskaupstaður. Nú er slæmt að hafa ekki rökstuðning með þessu, því að hér virðist vera um verulega breyt. að ræða, og ég vek alveg sérstaka athygli á því og óska eftir að fá skýringu á því, af hverju Reykjanesumdæmi er umbylt með þeim hætti, sem hér er tekið fram. E. t. v. er þarna um að ræða, að þarna hafi að einhverju leyti gömul þorp fengið ný bæjarréttindi, en það þarf þá skýringar við, og ég veit, að hæstv. menntmrh. sér ekki eftir sér að gefa þær.

„3. Vesturlandsumdæmi, sem tekur yfir Borgarfjarðarsýslu, Akraneskaupstað, Mýrasýslu, Snæfells- og Hnappadalssýslu og Dalasýslu.“ — Þetta virðist mér vera óbreytt.

„4. Vestfjarðaumdæmi, sem tekur yfir Austur- og Vestur-Barðastrandarsýslur, Vestur-Ísafjarðarsýslu, Ísafjarðarkaupstað, Bolungarvíkurkaupstað, Norður-Ísafjarðarsýslu og Strandasýslu.“ — Hér er komin breyt. um það, að þarna bætist við Bolungarvíkurkaupstaður, sem líklega er vegna þess, að nýlega voru samþ. lög um, að Bolungarvík verði sérstakur kaupstaður með bæjarréttindum. En ef ég fer með rangt í því, þá bið ég hæstv. menntmrh. að leiðrétta það hér á eftir.

„5. Norðurlandsumdæmi vestra, sem tekur yfir Vestur-Húnavatnssýslu, Austur-Húnavatnssýslu, Skagafjarðarsýslu, Sauðárkrókskaupstað og Siglufjarðarkaupstað.“ — Við fljótan yfirlestur sýnist þarna engu hafa verið breytt.

„6. Norðurlandsumdæmi eystra, sem tekur yfir Eyjafjarðarsýslu, Akureyrarkaupstað, Ólafsfjarðarkaupstað, Dalvíkurkaupstað, Suður-Þingeyjarsýslu, Húsavíkurkaupstað og Norður-Þingeyjarsýslu.“ — Hér er að gá að því, að þarna er Dalvíkurkaupstað bætt inn í, og enn geri ég ráð fyrir af sömu ástæðum og ég nefndi áðan, þótt þar sé um algera ágiskun að tefla, að það sé vegna þess, að Dalvíkurkauptúni hafa nýlega verið veitt kaupstaðarréttindi.

7. Þá kemur að „Austurlandsumdæmi“, sem ég hlýt auðvitað að beina athygli minni mjög að, „sem tekur yfir Norður-Múlasýslu, Seyðisfjarðarkaupstað, Suður-Múlasýslu, Neskaupstað og Austur-Skaftafellssýslu.“ — Mega menn sjá í hendi sinni ástæður fyrir því, að ég skuli bera þessar breyt frá hv. Ed. svo nákvæmlega saman, því að á hinu háa Alþ. mun ella enginn kostur gefast á að glöggva sig á þeim breyt., sem hv. Ed. hefur gert á frv., og þá væri, eins og því miður er siður um mörg önnur málefni, fljótaskrift á allri afgreiðslunni, sem Alþ. getur ekki verið þekkt fyrir.

Hér í Austurlandsumdæmi er í meðförum hv. Ed. bætt inn í, þegar talin eru upp fræðsluumdæmi landshlutans, Eskifjarðarkaupstað, og eftir því sem ég les lengra, virðist allt bera að þeim brunni, að þessi breyting sé gerð vegna þeirra kaupstaðarréttinda, sem nokkur kauptún eða sveitarfélög hafa fengið nú eigi alls fyrir löngu á hinu háa Alþ.

Hér er næst: „8. Suðurlandsumdæmi, sem tekur yfir Vestur-Skaftafellssýslu, Vestmannaeyjakaupstað, Rangárvallasýslu og Árnessýslu.

Í hverju fræðsluumdæmi skal vera fræðsluráð og fræðsluskrifstofa.“ — Þetta er óbreytt.

Þá kem ég að 11. gr., sem er mjög mikilvæg gr., sem ég vil vekja athygli manna sérstaklega á. Við afgreiðslu hv. Nd. á frv. hljóðaði gr. svo:

„Fræðsluráð skal skipað 5 eða 7 mönnum, sem kjörnir eru af viðkomandi landshlutasamtökum, er ákveða fjölda þeirra samkv. framansögðu. Jafnmargir skulu kjörnir til vara. Um kosningu og starfshætti fer samkv. lögum og reglugerð um starfshætti landshlutasamtaka sveitarfélaga, en að öðru leyti eftir meginreglum sveitarstjórnarlaga, nr. 58 frá 1961.

Í Reykjavík kýs borgarstjórn Reykjavíkur fræðsluráð, og fer hún með hlutverk landshlutasamtakanna samkv. l. þessum, eftir því sem við á.

Í reglugerð skal kveðið á um fundarsetu skólastjóra, fulltrúa kennara og framkvæmdastjóra landshlutasamtaka, svo og annarra aðila, t. d. fulltrúa sveitarfélags, er sérstaklega á hlut að tilteknu máli. Kennarafulltrúar skulu boðaðir til funda á sama hátt og fræðsluráðsmenn og hafa sama rétt og þeir til að æskja funda í fræðsluráði.

Þessir aðilar skulu hafa málfrelsi og tillögurétt á fræðsluráðsfundum.

Fræðsluráð utan Reykjavíkur skulu a. m. k. einu sinni á ári halda fund með öllum skólastjórum og skólanefndarformönnum fræðsluumdæmisins.

Formaður fræðsluráðs kveður til fundar, svo oft sem þurfa þykir. Skylt er honum að kveðja ráðið saman, ef a. m. k. tveir fræðsluráðsmenn eða fræðslustjóri æskja þess. Fundur telst löglega boðaður, ef allir fræðsluráðsmenn, eða í forföllum aðalmanna varamenn, hafa verið boðaðir til hans a. m. k. tveim sólarhringum fyrir tilgreindan fundartíma. Fræðsluráð getur enga ályktun gert, nema meiri hl. þess sé á fundi. Allar ályktanir skulu ritaðar í gerðabók. Enginn fræðsluráðsmaður hefur atkvæðisrétt um þau mál, sem varða hann sjálfan,“ — þetta er athyglisvert, — „og skal hann í slíkum tilvikum víkja sæti fyrir varamanni. Verði atkv. jöfn, ræður atkv. formanns.“

Nú er að gá að því, hvernig hv. Ed. fór með þessa mjög mikilvægu gr. Þeir byrja með allt öðrum hætti, svo mikið sé ég:

„Fræðsluráð skal skipað 7 mönnum,“ — áður stóð: skipað 5 eða 7 mönnum, — „og skulu 5 kjörnir af viðkomandi landshlutasamtökum, einn af skólastjórum og einn af kennarasamtökum landshlutans.“ — Hér er greinilega um mjög mikla breyt. að ræða, og óska ég sérstakrar skýringar á því, hvað til grundvallar liggur. — „Jafnmargir skulu kjörnir til vara. Um kosningu fer samkv. l. og reglugerð um starfshætti lands-

hlutasamtaka sveitarfélaga, svo og eftir reglugerð. Fræðsluráð kýs sér formann og varaformann.

Í Reykjavík fer borgarstjórn með hlutverk landshlutasamtaka samkv. 1. þessum, eftir því sem við á.“

— Eftir því sem ég fæ séð, þá er hér um breyt. að tefla, sem alveg er nauðsynlegt að fá skýringar á. Að öðru leyti fæ ég ekki séð, að um verulega breyt. sé að tefla, og efast um, að hún sé til nokkurra bóta, sú sem gerð hefur verið hér. En það er sami lopinn teygður áfram í allri gr. Það hefur ekki fengist neinu breytt um, til þess að fastara væri að orði kveðið, heldur er þetta ein endalaus moðsuða og jafnvel svo mikil moðsuða, að ég treysti mér ekki til að lesa hana alla upp, eins og hún kemur í endanlegum búningi frá hv. Ed.

En hér kem ég að enn mjög mikilvægri gr., sem er 17. gr. Þar hefur hv. Ed. haft eitthvað um að fjalla og breyta. Í afgreiðslu hv. Nd. sagði svo:

„Í sérhverju skólahverfi skal vera skólanefnd, sem fer með málefni grunnskóla, eftir því sem lög þessi og reglugerðir nánar ákveða. Skólanefnd skal kosin til fjögurra ára í senn af hlutaðeigandi sveitarstjórn (sveitarstjórnum), sbr. 18. gr.“ — Ég sé ekki betur en upphafið sé nokkuð það sama. Síðan segir áfram:

„Í sveitarfélagi, þar sem grunnskólar eru tveir eða fleiri, fer ein skólanefnd með málefni þeirra. Hún sér um skiptingu nemenda milli þeirra og samræmir rekstur þeirra, eftir því sem hún telur haganlegt.“ — Allt er þetta óbreytt og hefur hlotið náð fyrir augum hv. Ed.

„Heimilt er skólanefnd eða fleiri skólanefndum sameiginlega að ráða sér starfsmann, skólafulltrúa. Skólanefnd (skólanefndir) setur skólafulltrúa erindisbréf.“ — Hér hefur komið inn í mjög sérkennileg viðbót hjá hv. Ed. Þar segir: „Heimilt er skólanefnd eða fleiri skólanefndum sameiginlega með samþykki hlutaðeigandi sveitarstjórnar að ráða sér starfsmann.“ — En áður var þetta: „Heimilt er skólanefnd eða fleiri skólanefndum sameiginlega að ráða sér starfsmann.“ — Nú á að flækja málið enn einu sinni. Nú á að þurfa sérstakt leyfi viðkomandi sveitarstjórnar til þess arna, og er þetta í stíl við annað. Þegar hv. Nd. hafði afgreitt það með þessum hætti, sem er aðeins til einfaldari vegar, þá skal verða bætt um betur og þessu ákvæði flækt inn í af hv. Ed. Ég óska sérstaklega eftir skýringu á þessari breyt., sem kemur okkur a. m. k. í hv. Nd. mjög á óvart. Við fljótan yfirlestur, — og ég bið þá menn, sem fylgjast með á blöðum sínum, að leiðrétta mig, — kann ég að fella niður eða mér yfirsjást einhver mikilvæg atriði, en þarna er bætt við enn einum póstinum að snúa sér til, sem hv. Ed. hefur séð nauðsyn á að bæta inn í, auðvitað samræmisins vegna við allt frv., því að allt er það með þessum hætti, allt er þetta eitt hrófatildur. Og það er ekki eitt, tvær eða þrjár hæðir, þetta eru tíu, tólf hæðir, þessi ósköp.

Þá er hér 18. gr. Ég sé ekki betur en um verulegar breyt. sé þar að tefla. A. m. k. er hún öll vélrituð upp aftur. Þar segir svo eftir afgreiðslu hv. Nd.:

„Skólanefndir skulu skipaðar sem hér segir:

a) Í kaupstöðum og kauptúnahreppum með 900 íbúa eða fleiri 5 mönnum, enda standi þau ein að skólarekstrinum.“ — Þetta hefur fundið náð fyrir augum hv. Ed.-manna og stendur óbreytt.

„Eigi fleiri sveitarfélög aðild að skólahverfinu, kýs hvert þeirra einn mann til viðbótar. Verði atkv. við það jöfn, skal sveitarfélagið, þar sem skólinn er staðsettur, kjósa oddamann, ef nemendur þess eru samanlagt fleiri en allra hinna. Sé svo eigi, kýs það sveitarfélag skólahverfisins, sem næstflest börn átti þar skólaárið áður en kosið er, tvo menn í skólanefnd.

b) Í öðrum sveitarfélögum, þar sem eitt sveitarfélag er skólahverfi, þremur mönnum.“ — Þetta er enn fremur óbreytt.

„c) Þar sem tvö sveitarfélög eða fleiri standa saman að skólahverfi með jafnri aðild árganga, kýs hvert sveitarfélag einn mann. Verði tala nm. við það jöfn, kýs það sveitarfélag tvo, er flesta nemendur átti á grunnskólastigi næstliðið skólaár, áður en kosið er.“ — Ég fæ ekki betur séð en þessar greinar séu allar óbreyttar.

„d) Þar sem tvö sveitarfélög eða fleiri, önnur en þau, sem um getur í a-lið, standa saman að skólahverfi með ójafnri aðild árganga, skulu þau þeirra, er hlut að eiga að öllum stigum þess, kjósa tvo menn hver í skólanefnd, en önnur einn mann.“

Það kann að vera, að mönnum veitist erfitt að fylgjast með í hverju smáatriði, hvað hér er verið að fara, en ég gat þess áðan, að ég teldi bera til þess brýna nauðsyn, áður en málið verður endanlega afgr., eins og manni skilst, að eigi að gera með þvingunum og offorsi, því að nú tíðkast hin breiðu spjótin hér, — að eftir afgreiðslu Ed., þar sem margvíslegar brtt. voru fluttar við þetta frv., þá beri nauðsyn til þess, áður en hin endanlega afgreiðsla fer fram, sem einhvern tíma verður í vikunni væntanlega þá, að bera þetta rækilega saman við frv., eins og hv. Nd. afgreiddi það, og sjá þær breyt., sem þar urðu. En hitt sé ég ástæðu til þess að endurtaka, að enda þótt minn gamli skólastjóri, hv. 3. þm. Vestf., hafi verið frsm. menntmn. með þessu máli og telji nú nóg troðið, þannig að það sé kominn tími til þess að gera þetta að lögum, þá undrar mig, ef hann hefur það geðleysi til að bera að standa að afgreiðslu stórmála hér í þinginu, eftir að hæstv. ríkisstj. hefur hagað sér með þeim hætti, sem dæmi sanna nú, — eftir að hæstv. forsrh. hefur hótað því að senda hann heim, — eftir að hæstv. forsrh. hefur hótað því að taka af honum þingmannsumboðið, — eftir að hv. þm. Hannibal Valdimarsson hefur farið stórum orðum um það hér, hver lífsnauðsyn bæri til, að þeir menn kæmust að, næðu vopnum sínum, sem til þess hafa þor og afl að berjast og mátt til þess að berjast við vandamálin, — eftir að hann hefur lýst þessu stórum orðum og eftir að framkoma hæstv. minnihlutaríkisstj. ætlar að verða með þeim hætti við hann, sem dæmin sanna, þá trúi ég ekki, að hann hafi geð í sér til þess að standa að afgreiðslu þessa máls. (Gripið fram í.) Eru einhverjar smásyndir hér á ferðum, hv. 3. þm. Vestf.? Þá eru það bara smásyndir, þegar þú situr í sæti þínu. Hér uppi

óskapastu eins og þetta séu dauðasyndir. (Gripið fram í.) Þetta er annað mál, en ég spurði: Hvernig er geðslag hv. þm. orðið? Hvernig er það orðið? Þó að það sé annað mál, finnur hann ekki til þess, hvernig framkoman er við hann og hegðunin öll, sem við höfum hér fyrir augum okkar? Hér er lögð á það öll áhersla af hálfu þessara ábyrgðarlausu manna, sem sitja í stjórn landsins án heimildar og í óþökk allrar þjóðarinnar, að knýja fram hér stórmál, og þrátt fyrir það, að við höfum fyrir augum þau vinnubrögð, sem dæmin sanna hér, virðist hv. þm. ekki finna til þess. Ég hélt og var alveg viss um það, að enda þótt hv. 3. þm. Vestf. hefði verið frsm. í þessu máli og hefði tekið ákvörðun um að fylgja því fram, mundi hann til þess að sýna þótta sinn og sjálfstæði og andúð á þeim vinnubrögðum, sem á að hafa við hann núna, ekki láta sér til hugar koma að taka þátt í neinni afgreiðslu mála hér meir.

Ég varpaði því fram við hæstv. menntmrh., sem hér kúrði á bak við mig um langa hríð áðan, meðan hann hafði gamla félaga sína að skemmta sér við, en hann hefur ekki fundið samhljóðun andans, eftir að hæstv. núv. forseti kom í stólinn, — ég varpaði því fram, hvort hann vildi ekki athuga, þessi hæstv. ráðh., sem hefur bætt rósum í hnappagat sitt og orðið vegamálaráðh. o. s. frv., — hvort hann vildi ekki athuga að beita sér fyrir því, að þau vinnubrögð yrðu viðhöfð, að meiri hl. þings fái leyfi til þess að ræða það vantraust, sem lagt hefur verið fram á hæstv. ríkisstj. Ég beindi því til hans og sagði um leið, að þá skyldi ég athuga um það, eftir þó einhverjar breyt., sem þyrftu að verða á þessu frv. um poppskólann, þá skyldi ég athuga það að hægja frekar á mér eða stytta ögn mál mitt. Ég hef ekkert svar fengið enn þá, en hann gæti skilað mér því hingað upp skriflega. Það mundi breytast dálítið viðhorf mitt, vegna þess að ég hlýt að taka tillit til þeirrar framkomu, sem menn kasta í milli sín, að eigi að beita hér ofan í það kaup að beita þingrofsvopni, þótt það kunni að eiga sér stoð í lögum. Ofan í það siðferðisafbrot, sem það er, þá á að banna meiri hl. alþm., — það á að banna þeim að ræða till., sem hefur verið lögð hér fram. Skriflegri kröfu þeirra um að ræða málið á ekki að ansa, eftir því sem menn hafa sagt sín á milli. Það er enginn vandi að koma þeim boðum til mín hér, ef það er meiningin að leyfa þessar umr., og það yrði þá heldur engin véfrétt úr Delfí. En kannske er nú hæstv. menntmrh. að athuga um þetta, hvort við ættum að reyna að athuga þennan möguleika að við slíðrum eitthvað ögn vopnin. Í staðinn fengjum við að ræða, — fengjum hér naumasta þingrétt, þann allra naumasta þingrétt að ræða málin. Þá skal ég gjarnan athuga það, að þetta mál verði tekið til meðferðar með hliðsjón af því, að það yrði afgr., en þó að sjálfsögðu ekki nema með því að gera á því breytingar, — breyt., sem búið var að fallast á af hv. stjórnarsinnum í Ed., í mjög þýðingarmiklu efnisatriði.

Ég hygg, að það að lesa þessi skjöl, undirbúning frv., eins og hann er, eftir hverja umr., sé nokkuð þurr lestur, og ætla þess vegna um hríð að hvíla mig á því og hverfa að einhverju því, sem skemmtilegra mundi þykja, en snertir þetta mál alveg beinlínis, t. d. upplýsingar þangað sem ég hygg, að ég geti sótt nægjanleg rök til þess að sýna mönnum fram á, svo að ekki verði um villst, hvað hér er á ferðinni.

Þar sem ég gaf mönnum aðeins innsýn í skólakerfi og fræðsluskyldu frá fyrri árum og umr. um það, þá væri kannske ástæða til þess aftur að víkja áfram að fræðslu barnanna. Þar byrjaði ég á að vísa á bænarskrá frá Reykjavíkurborg árið 1847. Ég vitnaði til umr. um þetta mál á hinu háa Alþ. árið 1905, og ég varð þess var, að augu ýmissa, sem hér sátu og hlustuðu vandlega, virtust opnast fyrir ýmsum nýjungum, sem þar var að finna. En þess vegna, vegna þess að ég hef sérstaklega vitnað og rifjað upp máli mínu til stuðnings um fræðslu barna á þessum árum, 1847 og 1905, þá finnst mér rétt að víkja að því, eins og það mál var í meðförum hins háa Alþ. árið 1945. Auðvitað er stiklað mjög á stóru, og það eru löng árabil, sem líða í milli þess, að ég vitna sérstaklega til málsins, en það verður við það að sitja. Það mun gefast kostur á því að víkja nánar að því, þótt síðar verði. (Gripið fram í.) Það vantar nokkur ár, en nú kem ég að því að fræða hv. 5. þm. Austf. um það, sem hv. núv. 3. þm. Austf. sagði árið 1945, og við skulum athuga, hvernig hann stendur að málum þá, því að það er gott og líka uppeldisatriði fyrir þennan hv. þm. (VH: Hvað hét þessi hv. þm.?) Páll Þorsteinsson, og er 3. þm. Austf., sem ég nauðaþekki og ég hélt, að hv. þm. kannaðist við. En hann er kannske alveg hættur að kannast við þá, sem eru að hugsa um að hætta á þingi, hann ætlar að stjórna með öðrum. Ég skila því þá.

Á fundi í Nd. 22. okt. var útbýtt frv. til l. um fræðslu barna. Á 15. fundi í Nd., 23. okt., var frv. tekið til 1. umr. Það var of skammt liðið frá útbýtingu frv., þá voru, eins og hér var áðan, afbrigði leyfð og samþ. með 22 shlj. atkv., það voru 21 hér áðan. En þá brá öðruvísi við, því að þá tók enginn til máls. Við 2. umr. hefur framsögu Páls Þorsteinssonar, hv. núv. 3. þm. Austf. Hann sagði m. a.:

„Frv. þetta er samið af mþn. í skólamálum og er annað í röðinni af frv. þeim, er fjalla um fræðslumál. Menntmn. hv. Nd. hefur athugað frv. mjög rækilega," segir Páll. „Fyrst var frv. lesið og rætt í sameiningu af menntmn. beggja d."

Hér rekum við okkur á allt önnur vinnubrögð en viðhöfð voru hér. Hér var þetta unnið aðeins af n. annarrar d. Ég hygg, að ég hafi vitnað til þess áðan og sýnt fram á, að áður hafi verið unnið að þessu, til þess að vanda sig sem best, af menntmn. beggja d., og hér er að finna staðfestingu á því, að svo hefur einnig verið gert á þessu ári. En nú eru hinir nýju siðir um vinnubrögð, og sanna það, sem ég áður hef vikið að, að hér hafa verið höfð í frammi mjög reikul vinnubrögð, stefnulítil og reikul vinnubrögð.

Margt má af þessu læra og það má ekki seinna vera, að mönnum sé gerð grein fyrir því, hvernig áður var unnið að þessum málum, til þess að menn átti sig á því, að nú þarf að fresta þessu máli, svo að fara megi eftir þeim vinnubrögðum, sem áður hafa sýnst vera heppilegust.

„Síðan tók menntmn. Nd. að sér að semja brtt. Þá hefur menntmn. d. rætt mál þetta við fræðslu-

málastjóra, og eru honum till. þessar kunnar, enda hefur hann gefið margar góðar leiðbeiningar.“

Þá var öllum góðum leiðbeiningum tekið vel, en núna hefur öllu verið tekið með stirfni. Og á eftir, þegar ég vík að till. einstakra þm., þá má sýna ljóslega fram á það, með hve miklum ólíkindum og hversu mikilli stirfni hefur verið tekið á móti slíkum till. En þegar þetta mál er þarna til umr. og afgreiðslu, þá tóku nm. opnum örmum öllum till. þeirra manna, sem gerst þekktu til. Nú er búið að hnoða þessu saman í þennan heljarlagabálk, sem við höfum fyrir augum, — tífalt lengri en menn hyggja, að þyrfti að vera — af embættismannanefndum, nefnd á nefnd ofan, og þegar svo er komið, að embættismennirnir þykjast hafa um þetta vélt, sem öllu vilja fá að ráða, þá er öllum brtt. tekið með þunga og stirfni og engin sú samvinna höfð um framgang þessa máls, sem ella hefði þurft, ef menn hefðu haft það fyrir augum, að nauðsyn bæri til, að það færi fram á annað borð. Það er enginn vafi á því, að þeir, sem helst bera þetta fyrir brjósti, bera á því einkaábyrgð, að þetta skuli þurfa að enda með svo háværum þrætum eins og mér sýnist, að ég sé tilneyddur að hafa í frammi nú á lokastigi þessa máls, og ber þó að vísu ýmislegt annað og fleira til í því sambandi.

Frsm., Páll Þorsteinsson, hv. 3. þm. Austf. segir í framhaldi af þessu í framsöguræðu sinni:

„Í höfuðatriðum er frv. þetta mjög líkt l. þeim, sem nú eru í gildi um þetta efni, en að sjálfsögðu hefur orðið að taka allt þetta til endurskoðunar vegna þeirra breyt., sem fyrirhugaðar eru á skólakerfinu. Gert er ráð fyrir, að barnafræðslu ljúki nú einu ári fyrr en í núgildandi l.“ Einu ári fyrr! „Leiðir þetta af því, að skiptingin er önnur, þar sem skólaskylda heldur áfram, þótt barnafræðslunni sé lokið. Enn er eitt mikilvægt atriði, sem kemur til greina. Ráðgert er að auka framlög til barnaskólabygginga mjög verulega frá því, sem verið hefur. Samkv. frv. þessu á ríkið að leggja fram ¾ hluta af byggingarkostnaði heimavistarskóla, en helming til heimangönguskóla.“

Til samanburðar þessu er kannske rétt að leiða fram fleiri, enda þótt ég sjái ekki ástæðu til að víkja að fleiru í ræðu þessa hv. frsm., vegna þess að hér á öðrum stöðum ýmsum eru mikilvæg atriði, bæði til upplýsingar fyrir það mál, sem ég hér flyt, og eins til rökstuðnings fyrir því. Jón Sigurðsson frá Reynistað segir svo m. a.:

„Ég verð að segja það,“ segir Jón, „að hvað snertir störf hv. menntmn., sem hefur haft þetta mál með höndum, virðist mér þau vera til bóta.“

Þarna víkur Jón strax að því, að n. í báðum deildum störfuðu saman að málinu. Og eins og ég sagði áðan, eru fleiri dæmi til um þetta, þegar um viðamikla lagabálka er að ræða. En hér hefur sem sé ekki sá háttur verið á hafður. Hér þóttust menn ekki þurfa að viðhafa í þessu tilefni hin hæfilegustu vinnubrögð, sem þegar hafði verið margreynt, að gáfu hina bestu raun. Ef menn vildu hafa samvinnu um málin, ef menn vildu hafa samvinnu um framgang málanna, en ekki reyna að þrýsta þeim fram með stirfni og þeim hætti, sem við höfum nú sem skýrust dæmin um, þá er slíkt mjög til bóta. Hér segir hann og er fróðlegt á marga vísu:

„Þær brtt., sem n. hefur gert,“ — og þetta á beint erindi við margt af því, sem ég kem hér að seinna, — „þær brtt., sem n. hefur gert, ganga í þá átt, sem ég hefði kosið, en á frv. virðast mér vera ýmsir gallar. Fyrst og fremst finnst mér frv. of mikið mótað af því sjónarmiði, að of mikið eru dregnir fram hagsmunir kennarastéttarinnar og þeirra, sem í höfuðstaðnum búa, en ekki nægilega mikið tillit tekið til þeirra manna, sem búa í sveitum.“

Það má maður manni segja. Þetta eru gallar, og það var sjálfstæðismaðurinn Jón Sigurðsson frá Reynistað, sem benti hér á þetta, enda voru sjálfstæðismenn fyrstir til þess. Það er rétt að því komið, að maður í einstaka máli hefur getað þokað framsóknarmönnum í þessa átt, en auðvitað er forustan öll þarna og þetta var sjálfstæðismaður, sem tók þetta fram. Þetta var mikill galli, og hann var fyrstur til að benda á það auðvitað. Frsm., hv. 3. þm. Austf., Páll Þorsteinsson, benti ekkert á þessa galla, þannig að menn sjá strax mismuninn.

Já, honum finnst það of mikið mótað af hagsmunum kennarastéttarinnar. Það væri fróðlegt á marga vísu að aðgæta, hvernig þetta frv., sem hér liggur fyrir til umr., er mótað af kennarastéttinni, hvort heldur það er mótað meira af kennarastéttinni eða hvort embættismennirnir hafa ráðið þar ferðinni. Mér býður í grun, að tvímælalaust eigi embættismennirnir langmestan þáttinn í þessu, jafnvel þeir embættismennirnir, sem minnsta eða enga reynslu hafa í þessum efnum. — Ég vildi gjarnan fá það upplýst, hvaða þátt kennarar eigi í þessu. Ég vildi mjög gjarnan skora á hæstv. menntmrh. að upplýsa hér á eftir, því að nægur er tíminn, hversu mikinn þátt kennarastéttin sem slík á í mótun og samsetningu þessa lagabálks, sem hér liggur fyrir til afgreiðslu. Ég vildi mjög gjarnan fá úttekt á því, hvor eigi stærri hlut að máli, embættismannastéttin, sem öllu vill ráða, eða kennararnir, sem reynsluna hafa. Það hefur jafnan verið siðurinn hér, a. m. k. hjá þessari hæstv. ríkisstj., að láta embættismennina ráða ferðinni heldur en drjúga reynslu, enda hefur það komið þeim í koll að mörgu leyti. Hv. 5. þm. Austf. nefndi mörg blómberanleg dæmi um hneisuna í embættismannakerfinu hér á hinu háa Alþ. í fyrra. Vill einhver hv. þm. útvega mér þau þingtíðindi, svo að ég geti farið með það fyrir hann? — Ég hygg, að fáir hafi sýnt fram á þetta með ljósari dæmum og skemmtilegri, eins og þessum hv. þm. er lagið, en hann gerði, þegar hann nefndi alla póstana, sem mönnum er snúið í kringum eins og snældum hér í borginni, svo að menn vita ekki sitt rjúkandi ráð og utanbæjarmenn eru jafnvel Klepptækir eftir allt þetta. Frá öllu þessu skýrði hv. þm., og ég hygg, að það verði tækifæri til þess í síðari ræðum mínum, sem ég flyt um þetta mál, — þá verði ég búinn að heyja mér þeirra þingtíðinda, sem þetta er að finna í og er mjög upplýsandi.

Hann segir, Jón Sigurðsson, — menn ættu að veita þessu mikla athygli, hvað sjálfstæðismaðurinn Jón Sigurðsson segir um þetta:

„Það er áberandi,“ segir hann, „hvað hér er

alls staðar leitast við að koma þeim mönnum út úr afskiptum af þessum málum, sem í sveitunum hafa hingað til starfað að þeim.“

Það var von, að þessi maður, sem hafði opnust augu fyrir jafnvægi í byggð landsins, fyrir nauðsyn þess, að hinar dreifðu byggðir næðu vopnum sínum í sem flestum málum og ekki síst fræðslumálunum, — það var von, að hann fyndi til þess, þegar var verið að afgreiða mál, þar sem allt annað sjónarmið var sett á oddinn en æskilegt hefði verið.

„Skólanefndir og fræðslunefndir í sveitum eru þurrkaðar út,“ segir hann, „sem nokkurt áhrifavald samkv. frv., og er ætlast til, að í stað þeirra verði skipaðar nokkurs konar fræðslunefndir fyrir heilar sýslur.“

Eitt höfuðmál þessa frv. er vitanlega það að gera þetta nógu flókið og þokukennt, hafa nógu marga aðilana, sem að þessu eiga að eiga aðild, til þess að þeir, sem eru höfuðsmiðir þessa frv., ráðuneytismennirnir, geti sölsað sem mest undir sig, til þess að allt lendi í reyk og þoku hjá þessum fjölmörgu aðilum í öllum pýramídanum, og þá geta þeir farið sínu fram. Þá endar ekki nema í einum stað, þar verða völdin öll, og að því er stefnt, að engu öðru er unnið af þessum æviráðnu mönnum en því, með hvaða hætti þeir geti sópað undir sig sem mestum völdum. Og hið háa Alþ. ætti að rannsaka, hvaða virðingu þeir bera sumir embættismennirnir í stjórnkerfinu hérna fyrir hinu háa Alþ., sem hafa staðreynt það annað tveggja, að geta stöðvað réttlætismál hér á þingi fyrir sín áhrif eða troðið hér fram áhugamálum sínum, eftir því sem þeim hefur þóknast í það og það skiptið. Ég get nefnt dæmi um það. Ég get nefnt alveg spánýtt dæmi um það, eins og t. d. varðandi lífeyrissjóðsréttindi örfámenns hóps, starfsmanna stjórnmálaflokkanna, sem var komið hér til afgreiðslu, búið að ganga í gegnum allar umr. í þessari hv. d., komið til lokaafgreiðslu á síðasta degi þingsins í fyrra, en var stöðvað af embættismönnum að sjálfsögðu, sem þótti, að þetta mætti ekki fram fara, af því að þeir hefðu ekki átt að því upptök, hefðu ekki ráðið ferðinni, og fengu þetta stöðvað eftir óþingræðislegum venjum og með óþingræðislegum hætti í hvívetna. Og það er ekki nóg með, að fulltrúar allra þingflokka hafi sameinast um að flytja þetta mál í upphafi þessa þings. Fulltrúar allra stjórnmálaflokkanna og heill flokkur ofan í kaupið, flytja þetta frv. Samt sem áður tekst embættismönnunum svo mjög að rugla um fyrir mönnum, að þetta sjálfsagða réttlætismál hefur ekki fengist afgr. Innihald þess er ekkert annað en það, að þessir menn, sem við svo ótrygga atvinnu búa eins og þessir starfsmenn stjórnmálaflokka, fái réttindi, sem nálgist það, sem hv. þm. hafa útvegað sjálfum sér til handa. Þetta geta faktorarnir í rn. með áhrifum sínum gegnum hæstv. ráðh.

Ég veit ekki, hvort ástæða er til að sinni að sækja meiri fróðleik í þennan kafla, en langfróðlegasti kaflinn í umr. á þingi á sinni tíð og sá, sem eiginlega snertir þetta mál langmest, er um gagnfræðanámið sjálft. Það urðu langar umr. um það, en þær urðu ákaflega fróðlegar og þess virði að verja tíma til þess að fara í gegnum þær og glöggva sig á þeim, því að í mjög veigamiklum atriðum er þangað að sækja fróðleik, sem getur skapað allt annað viðhorf við því frv., sem hér liggur fyrir til umr., nýtt og allt annað frv., — og það var meining mín, ef tækist á elleftu stundu að opna augu manna.

Þetta er á 14. fundi í Nd., 22. okt., það var daginn áður en málið, sem ég byrjaði á áðan. Og enn er það Sigfús Sigurhjartarson, sem er frsm., og mér er fullkunnugt um það, að sú var tíðin a. m. k., að hæstv. menntmrh. vildi á hann hlýða, og því ástæða til þess að rifja nú upp það, sem hann sagði um þetta þá.

Ég vek athygli hæstv. forseta sérstaklega á því, að hér er í veigamiklum atriðum og kannske veigamestum að finna ýmislegt það, sem beinlínis snertir veigamestu ákvæði þessa frv., sem hér liggur fyrir til umr. Það er þess vegna einvörðungu, sem ég er að vitna í þessar umr., af því að það er sannfæring mín, að menn fái allt aðra yfirsýn yfir málið, það skapist allt annað viðhorf til þess. Og það er synd, að hæstv. menntmrh. skuli ekki hlýða á þetta, því að ég er viss um, að hann mundi meðtaka þetta heilaga orð. Ef mér sýndist svo og ef mér leiddist án hans, þá mundi ég biðja hæstv. forseta um að sækja hann, en ég sé ekki ástæðu til þess að sinni. Hann er kannske að verða við þeirri ósk minni að athuga um það, að við fáum neytt þess réttar okkar að fá að ræða mál hérna, eins og um þingrofið, hann er kannske að snúast í því, eins og ég skoraði á hann, svo að ég vil ekki láta trufla hann við það.

Sigfús segir hér frá því, að menntmn. hafi athugað þetta frv. ítarlega og rætt það á mörgum fundum. Það var nefnt áðan, að það hefði verið rætt á 18 fundum á þeirri tíð, þar sem menn höfðu þó miklu minna umleikis en nú er, það var 1905, miklu færri málaflokka og miklu meiri tíma, jafnvel enginn sími kominn, eins og bent var á. Þá voru það 18 fundir. Hvað ætli hv. menntmn. hafi nú haldið marga fundi? Áreiðanlega helmingi færri og ekkert samstarf haft á milli n., sem hefði þó getað bjargað þessu máli í höfn, ekkert samstarf og stirfnin einrikjandi. Hér hefur þetta verið ítarlega rætt á mörgum fundum. Þetta kom hvergi fram í þeirri framsögu, sem hv. 3. þm. Vestf., Hannibal Valdimarsson, flutti fyrir málinu, hvað það hefðu verið margir fundir. (HV: Þeir voru 20.) Voru það 20 fundir? Nú, það hefðu þurft að vera 36 fundir. Þeir voru 18 árið 1905 í þeirri fábreytni þjóðfélagsins, og það var bara um barnafræðsluna, sem þá var aðeins í 3 ár eða svo. Nú eru þetta 9 ár, þrisvar sinnum fleiri hefðu þeir þurft að vera. Ég vil vekja athygli hæstv. forseta á þessu, að frsm. og form. n. játar, að þeir hafi verið skammarlega fáir, fundirnir, og sannar þetta eitt með öðru mitt mál, að hér er flanað að hlutunum.

En eftir að hafa rætt þetta ítarlega, skýrði Sigfús svo frá, að n. hafi orðið sammála um að mæla með því, að þetta frv. yrði samþ. að meginefni til, en bera samt fram nokkrar brtt. — Ég er hér að svipast um eftir þeim kafla í ræðu þessa frsm., sem mér virtist, þegar ég var að reyna að sökkva mér ofan í þetta mál og kynna mér það lítillega, að ætti einna helst erindi til hins háa Alþ., nú þegar við erum að ræða þetta

mjög svo mikilsverða mál. Hann bendir hér á, að samkv. því, sem menntmn. leggur til, verði landinu skipt í fræðsluhéruð, þar sem megingrundvöllurinn er sýslufélögin og bæjarfélögin. Nú er meiningin að veita samtökum, sem eiga sér enga stoð í lögum, eiga sér engan lögformlegan rétt, hið þýðingarmesta valdsvið og verkefni á þessu sviði, landshlutasamtökunum. En hérna er lögð áhersla á hitt, sem verið hefur, sýslufélög og bæjarfélög. Þó er leyfilegt að sameina sýslufélag eða hluta úr sýslufélagi öðru sýslufélagi í þessu efni. Þetta er það, sem ég var hér að ræða áðan varðandi 18. gr., að því er mig minnir, þegar ég var að byrja á því að bera saman frv., en á eftir að gera því miklu ítarlegri skil.

„Í hverju fræðsluhéraði skal vera starfandi fræðsluráð, og hverju fræðsluhéraði verði skipt í skólahverfi, og er miðað við, að í hverju skólahverfi sé starfandi einn barnaskóli.“ — Menn gái að því, þegar þeir líta ofan í þessar umr., sem er mest upplýsandi fyrir lögin sjálf, en ég mun hér á eftir leyfa mér að lesa þau upp, þannig að menn fari ekki í grafgötur um, hver fræðslulögin eru, sem við búum við. Það er alveg nauðsynlegt, að menn séu alveg á hreinu með það. Þá þurfa menn að kynna sér þetta sér í lagi varðandi umr. sjálfar í þingi. Þá kemur í ljós, að allt var þetta miklu einfaldara í sniðum, og ég hygg, að menn hafi núna með þessari löngu og miklu vinnu og langa amstri truflað um fyrir mönnum, þannig að þeir hafi ekki haft fyrir því að kynna sér þau lög, sem við búum við, en það kynni vel að koma á daginn, að þau væru kannske miklu betri og haganlegri í öllum efnum.

Ég hef áður aðeins minnst á það örfáum orðum, að það hafa skilgóðir menn haldið því fram við mig, að fræðslulögin, sem við búum við í dag, hafi alls ekki verið framkvæmd í mörgum veigamiklum atriðum. Þá er spurningin, hvort það væri nú ekki ráð fyrir framtakssama menn í ráðherraembætti, þó að þeir hafi ekki mikinn þingstyrk, að athuga um að framkvæma það, sem óframkvæmt er af þessum l., sem við búum við í dag, svo að menn gætu þann veginn bætt fyrir sér, meðan þeir fá ekki sett þau lög, sem við nú höfum hér í frumvarpsformi á borðum okkar.

„Fræðsluráð fá samkv. þessum till.,“ sem þeir eru þarna með, „það hlutverk að hafa á hendi forustu menningarmála í sínu héraði, og tekur valdsvið þeirra og skylda bæði til barnafræðslu, gagnfræðanáms og húsmæðrafræðslu. Menntmn. varð sammála um, að rétt væri að samræma þessi ákvæði þessara tveggja frv. um þetta efni og taka ákvæði um skiptingu landsins í fræðsluhéruð og skólahverfi og fræðsluráð inn í frv. um fræðslu barna og vitna svo til þeirra ákvæða í frv. um gagnfræðanám og enn fremur í frv. um húsmæðrafræðslu.“ — Það er mjög áhugavert efni, sem ég e. t. v. vík að hér síðar og er til meðferðar í þingi á sama tíma og þessi frv., sem ég hafði minnst á. En svo vill til, að ef hæstv. forseta dettur í hug, að það sé eitthvað til hliðar við það málefni, sem ég er að fjalla stuttlega um, þá get ég sýnt honum fram á, að svo er ekki, að þetta á beint erindi til rökstuðnings því máli, sem ég er hér að flytja, og nauðsynlegt, til þess að menn hafi heildaryfirsýn yfir málið, að þeir hafi aðeins til hliðsjónar lögin um húsmæðrafræðsluna.

Hann vikur síðan, þessi hv. frsm. báv., að einstökum brtt., og þykir mér ekki ástæða til að fjölyrða um þær, en vek athygli í sambandi við það, sem ég áður hef sagt, á því, sem síðar kemur fram í ræðunni. Hann segir, Sigfús Sigurhjartarson:

„Fyrst og fremst sú till. hv. þm. að láta veitingarvaldið um skólastjóra og kennara við þessa skóla vera í höndum skólanefndar, þó að samþykki fræðslumálastjórnar þurfi að vísu um ráðningu þeirra. Röksemdir hv. þm. í þessu sambandi eru þær, að þessir menn séu starfsmenn fólksins og því eðlilegt, að fólkið ráði um það, hverjir þar verði til embættanna kjörnir. Það má segja þetta sama um alla embættismenn. Þetta sama gildir um lækna, sýslumenn og yfirleitt hvaða embættismenn sem er, að þeir eru fyrir fólkið. En þó er það meginregla, að veitingarvaldið um embætti þeirra er í höndum ríkisstj. Enda er það sannast mála, að bæði ráðh. og fræðslumálastjóri eru starfsmenn fólksins, ekki síður en þessir embættismenn, sem hv. þm. Austur-Skaftafellssýslu, Páll Þorsteinsson, ræðir um.“

Þarna er Páll að flytja till. um það, að valdið færist heldur út á landið, út í byggðirnar, en gegn því snýst auðvitað hv. þm. — hvað hét flokkurinn þá? — Sameiningarflokks alþýðu, Sósialistaflokksins, hann snýst auðvitað gegn því og leggur til, að valdið sé dregið til miðstjórnarinnar hérna í Reykjavík. Miðskipan mála heitir þetta á fínu máli nú hjá þessari hæstv. ríkisstj. Þeir mæla með, að það sé miðskipan mála í einu og öllu, valdið dregið frá fólkinu til örfárra embættismanna hérna í Reykjavik. Það eru þeirra ær og kýr, þrátt fyrir ákvæði stjórnarsáttmálans, því að þannig hafa öll mál skipast í tíð þessarar hæstv. ríkisstj.

Það er kannske ekki rétt að segja: þrátt fyrir ákvæði stjórnarsamningsins. Það er nú orðið þannig, að hann er einn öfugmælapési, þannig að það virðist, að hann sé saminn til þess að fara ekki eftir honum í einu einasta atriði. Þau atriði, sem þar eru fram tekin, séu þau, sem þeir hefðu helst viljað forðast, svo gersamlega hefur hvert einasta atriði, smátt og stórt, verið þverbrotið. Má minna á það ákvæði, þar sem segir, að samráð varðandi efnahagsmálin skuli haft við verkalýðssamtökin. Má minna á það, hvernig komið er. Hvernig var við það staðið af hæstv. forsrh.? Var það ekki síðasta afrekið, að svíkja það gersamlega, eins sjálfsagt og skynsamlegt og maður hefði talið, að það væri, svo sjálfsagt og skynsamlegt, að það hefði ekki þurft að taka það fram? En þetta hefur sjálfsagt verið sett þarna til að minna á að hafa eitthvað til að svíkja og gera öfugt við það, sem skynsamlegt er.

Hvort sem mönnum líkar betur eða verr, þá er það augljóst mál, að efnahagsmálum þessarar þjóðar verður ekki stjórnað, svo að vel fari, nema í nánu samráði við aðila vinnumarkaðarins, ekki síst og alveg sérstaklega alþýðusamtökin. Og það er engin niðrun fyrir Alþ., þótt þannig

hátti til, vegna þess að Alþ. sjálft hefur gefið þessum mönnum þann heilaga rétt, sem þeir eiga til afskipta af sínum málum. Og það er til lengdar skynsamlegast. Að sjálfsögðu er yfirstjórnin hjá þingi og ríkisstj., en þetta er undirstaðan, að menn hafi augun opin fyrir þessu. Samt tókst að hafa þetta að engu. Samt var það gert að svikja þetta stefnumið gersamlega, og það er auðvitað það, sem úrslitum ræður. Það liggur alveg ljóst fyrir, að fyrrv. og núv. forsetar ASÍ gátu auðvitað ekki horft á það þegjandi, að slík undirstöðuatriði í sjálfum stjórnarsáttmálanum væru þverbrotin með þeim hætti, sem raun ber vitni um. Og það er lítt skiljanlegt og á eftir að rannsaka það, hverjar ástæður lágu til þess, að til svo einkennilegra vinnubragða var gripið, sem e.t.v. er einn veigamesti þátturinn í því, að nú mun ekki takast að forða frá stórlysum hinn 1. júní n. k. Mér þykir líklegt, ef verkalýðshreyfingunni hefði verið sýnt fram á það í viðræðum og samráði, að hér væri stórkostleg hætta fram undan, að hún mundi hafa áttað sig á því og viljað ýmislegt á sig leggja til þess að forða frá því, að áföllin skyllu á. Það er sannfæring mín. Og ef hún hefði, svo sem hún hlaut að gera, eftir að henni hefðu verið sýnd vandamálin, viljað taka þátt í lausn þeirra, þá hefði auðvitað hæstv. ríkisstj. verið margfalt öflugri til þess að ná sínum ráðagerðum fram eða öllu heldur fengið stuðning eða hlutleysi alþýðusamtakanna við þær efnahagsráðstafanir, sem gera þurfti. Það voru forsendur þess, að nokkuð væri hægt að gera. Svo stendur enn í dag. Samt ætlar þessi ríkisstj. að sitja, þótt hún viti, að hún á ekkert og getur ekkert erindi haft við verkalýðssamtökin eða aðila vinnumarkaðarins um nein úrræði til eða frá, því að hún hefur slegið á þá hönd að fyrrabragði. Samt ætlar hún að sitja, samt beitir hún þessum lagakrókum til þess að koma í veg fyrir, að meiri hl. hér í þingi, sem fyrir hendi er, geti náð vopnum sínum til þess að bjarga við.

(**Forseti:** Áður en næstu vaktaskipti verða hjá okkur deildarforsetum, vil ég aðeins í tilefni af nokkrum ummælum, sem hv. þm. hefur viðhaft í ræðu sinni hér, um það, að það sé verið að beita einhverju sérstöku harðræði, að því er snertir meðferð þessa máls, og hv. þm. hafi ekki fengið tíma til þess að fjalla um það í þessari hv. d., þá vil ég aðeins benda honum á það, ef hann er farinn að gleyma því, að þetta mál mun hafa verið lagt hér fram fyrst í hittiðfyrra og var þá rætt. Þá átti hv. þm. kost á því að ræða það a.m.k. í tveimur ræðum, ef ekki þremur. Það var síðan lagt fram aftur í fyrra. Þá átti hv. ræðumaður kost á því að ræða þetta mál á sama hátt a.m.k. í tveimur ræðum. Síðan var það lagt fram hér í upphafi þings, og hv. þm. hefur átt kost á að ræða það við þrjár umr., í 6—9 ræðum eftir frjálslyndi forseta þar um. Og nú er það komið enn á ný til d. á þriðja ári og í þinglok, að því er menn telja, og það hefur ekki verið beitt neinum takmörkunum við hv. þm., þannig að ég tel algerlega ástæðulaust að kvarta yfir því, að það sé verið að beita einhverjum sérstökum þvingunum í þessu máli og þm. hafi ekki fengið og fái ekki tíma til að ræða það. Slíkt hefur alls ekki átt sér stað.)

Ég bið hæstv. forseta velvirðingar, en gæti ekki skeð, að hann hafi misskilið mig að einhverju leyti? Ég taldi það harkalegar aðfarir að ætla að fara að húrra þessu hér af á þessum síðustu klukkutímum, sem menn halda þingréttindum sínum. Ég taldi það harkalega að farið um afgreiðslu svona mikils stórmáls, að það er afgr. frá hv. Ed. einhvern tíma núna um fimmleytið eða svo, og ætla þá þegar, án þess að gefist kostur á að athuga þær fjölmörgu mikilsverðu breyt., sem hv. Ed. gerði á því, að húrra því hér í gegn, sem ég kalla. Það er þetta, sem ég átti við, þegar ég var að tala um hörkuna. En hæstv. forseti vor hefur sýnt hina mestu ljúfmennsku og þolinmæði í þessu. Að vísu hef ég ekki mikið reynt á hana. Eins og hann tók sjálfur fram, þá hafði ég ekkert misnotað aðstöðu mína. Ég hafði ekki reynt á þolinmæði hans að einu eða neinu leyti. Ég meira að segja sleppti því að halda ræður í fjölmörg skipti, sem ég átti þess kost. En þess vegna og ekki síst verð ég þá að bæta um, þótt seint sé. Ég veit, að hæstv. forseti skilur þetta, en ég met mikils hans aðvaranir og tek þær allar til greina, og að svo miklu leyti sem upp á mig skyldi standa, þá bið ég á því velvirðingar.

Ég var þar kominn, þegar ég fékk tilsögnina, að minnast á þetta, sem þá strax greinir á um þm. á sinni tíð, um skipan yfirstjórnarmálanna, þar sem fulltrúinn úr Sameiningarflokki alþýðu, Sósfl., berst fyrir því og fékk því reyndar ráðið þá, vegna þess að þá var menntmrh. úr röðum þess flokks, — berst fyrir því að draga valdið sem mest til Reykjavíkur. Páll Þorsteinsson gerði sér snemma á árum ljósa grein fyrir þessu, og hann vildi, að valdið væri miklu meira heima í héruðunum. Hann hefur aldrei verið glámskyggn á þetta, og hann kann þetta og lærði þessi sannindi löngu á undan hv. 5. þm. Austf., þó að hann sé að smákoma til í fræðunum, þessi, sem hér var að taka fram í áðan um þessi mál. — Hann segir áfram um þetta, sem snertir eitt mikilvægt atriði, sem ég mun víkja síðar að, mig minnir, að það sé í 30. gr. sjálfs frv. eða svo. Þetta sama, segir hann, þegar hann talar um embættismennina, gildir um lækna, sýslumenn og fleiri embættismenn og hvaða embættismenn sem er, að þeir eru fyrir fólkið, og bendir svo á þetta, að þeir þurfi að verða skipaðir af hinni æðstu stjórn, allir embættismenn, einnig kennarar við skóla landsins.

Frsm. bendir á, að Páll Þorsteinsson hafi nefnt í þessu sambandi prestana, að þeir væru kjörnir með kosningu, þar sem fólkið heima í héraði gæti alveg ráðið, hver kjörinn yrði. Þetta er fróðlegt á marga vísu og skemmtilegt núna að rekast á þetta. Þarna er á það bent, að fólkið sjálft fær að velja sér sína presta. En hvað stendur nú til í þeim sökum? Hvað stendur nú til í þeim sökum, og hverjir hafa forustuna þar um? Hver er sá, sem vill fá að skipa prestana héðan í frá að geðþótta sínum og ræna fólkið þessum rétti? Ætli það séu ekki embættismennirnir í Reykjavík eða embættismaður? Maður hefur orðið þess var, maður hefur fylgst með þessu. Það á að ræna fólkið úti um byggðir landsins og hvarvetna þessum rétti sínum að fá að velja sér sálusorgara, eingöngu vegna þess, að það er embættismaður,

sem þráir það allra mest að fá að skipa þetta allt saman að eigin vild. En maður hefur líka heyrt þá röksemd, að þeir séu eitthvað of góðir til þess, klerkar, að láta kjósa um sig. Við erum ekkert of góðir til þess að fara í tíma og ótíma, ótíma eins og nú, út á land og afla okkur atkv. til þess að verða rétt kjörnir á þing. En prestarnir eru víst of fínir til þess, að fólkið fái að ráða þessu sjálft. En sannleikurinn er sá, að ef nokkuð skortir á í því og ef nokkuð er að í sambandi við prestskosningar, þá er það allt saman prestunum sjálfum að kenna, sem nota miklu óheiðarlegri brögð í öllum áróðri og kosningabaráttu heldur en stjórnmálamenn. Því hefur maður margoft kynnst. Og þeir vita líka um þetta, að tilgangurinn helgar meðalið, þeir hafa lesið um það. En ég segi ekki fleira. Það á nú líka að skella yfir, að það á að fara að draga það vald úr höndum blessaðs fólksins að fá að velja sinn eigin sálusorgara. Þá þykir mér nú stungin tólg í meira lagi.

Hann játar, að þetta sé rétt, að prestar séu kosnir af fólkinu sjálfu. „En hitt er líka rétt," segir hann, „að það er ákaflega mikil óánægja meðal margra með það fyrirkomulag, ekki síst þeirra, sem eiga að njóta þessara embættismanna." — Þarna er verið að tala um þessa prestskosningu, sem ég vék að, og er fróðlegt á marga vísu. Það koma sífellt fram umkvartanir frá fólkinu um þetta fyrirkomulag, segir hann. Þetta er að vísu alveg rangt, fólkið vill viðhalda þessu. En prestarnir vilja helst fá að hafa þetta þannig, að það sé bara eitthvert eitt miðstjórnarvald hér í Reykjavík, sem hefur með þetta að gera, svo að þeir þurfi ekki að hafa fyrir því að ganga fyrir fólkið, enda er þetta skiljanlegt að vísu, hvað suma þeirra áhrærir.

Hann segist halda, að það sé gild regla gagnvart þeim mönnum, sem eru starfsmenn ríkisins og taka laun að öllu leyti úr ríkissjóði, að þegar þeim er veitt starf, þá sé veitingarvaldið í höndum ríkisstj. sjálfrar. Þetta er ekki í fyrsta skiptið, sem bönd berast að því segli að draga allt vald undir einn hatt. Það er víst og rétt. En þessi stefna er ekki til orðin árið 1945, í umr. þá um gagnfræðanámið. Það hefur smám saman verið að síga á ógæfuhlið í þessum efnum. Vilji er þó fyrir hendi hjá hv. alþm. að snúa þessari þróun við, og ég er sannfærður um það, að árangur mun nást. En hann næst ekki nema með því, að menn taki höndum saman. Það er enginn einn flokkur, sem getur ráðið svo gagngerri stefnubreytingu sem slíkt er, heldur þarf til þess öflug samtök þeirra, sem skilja, í hverju vandinn er fólginn.

Hér væri og fróðlegt að vitna til ýmissa atriða, sem fram komu hjá Jónasi Jónssyni frá Hriflu í þessu sambandi, og það er ekki vegna þess, að ég hafi ekki nógan tíma, sem ég mun ekki víkja ítarlega að þeim atriðum. En ef við tökum þetta frv. sérstaklega sem dæmi um það, sem mér er sagt, að það hafi verið að væflast fyrir menntmrn. — mönnum eða jafnvel hæstv. fyrrv. menntmrh. að bera slíkt frv. fram alla hans menntmrh.-tíð, þá voru það ekki nema 15 ár, og það sé búið að vera hér í ein þrjú ár í þingi, þá vil ég segja, að ólíkt er þessum mönnum farið um allar framkvæmdir eða Jónasi Jónssyni frá Hriflu, þótt hann væri um margt gagnrýndur og mönnum sýndist sitthvað um hans ágæti. Honum tókst að framkvæma á miklu færri árum, kannske 4—5 árum, margfalt verk á borð við það sem virðist liggja eftir forustumenn í menntmrn. nú undanfarna nærfellt tvo áratugi, þannig að honum tókst á örskömmum tíma að reisa sér óbrotgjarnan minnisvarða í þeim efnum. En hér hefur þessi mikli hálkur verið að væflast fyrir mönnum árum saman, sumir segja í einn og hálfan áratug, án þess að menn yrðu á eitt sáttir, og allt er þetta því að kenna, að ekki hefur verið af hálfu hins háa Alþ. tekið á þessum málum eins og þurfti. Þeir eru alveg nægjanlega kunnugir í þessum málum til þess að geta skapað sér heildarmynd af því, **hvernig þau eiga að vera** úr garði gerð, sér í lagi vegna þess, að við höfum auðvitað margar mjög mikilsverðar stoðir þegar í lögum í þessum efnum, sem hægt væri að byggja á. Það, sem hefur tafið málið, er í fyrsta lagi það, að embættismennirnir skuli hafa haft með þetta að gera svo til alfarið alla tíð, að Alþingi skyldi ekki hafa brugðið á það ráð að skipa mþn. í þessu, sem skoðaði það. Ef svo hefði verið gert, þá er ég sannfærður um, að þetta mál væri löngu orðið að lögum, að vísu allmikið breytt frá því, sem hér er, því að þetta er ein mesta og óhæfasta langloka. Það hefur sýnt sig, og menn hafa ekki treyst sér til þess að mæla í mót undir meðferð þess. Þetta er aðalástæðan fyrir því, hversu treglega hefur gengið fram í þessu máli, að embættismennirnir hafa haft mest um þetta að segja, sjálfsagt þæft þetta sín í milli og ekki orðið sammála fyrr en seint og um síðir, þótt þeir séu sammála um eitt aðalmarkið, og það er að ná völdunum í sínar hendur. Síðan er það, að eftir að þing fær þetta til meðferðar, þótt liðið sé á þriðja ár síðan, þá er haldið á málinu með lítilli sinnu, vil ég segja, lengst af og þaðan í frá af stirfni, stirfni og litlum samvinnuvilja. Á ég þar sér í lagi við hæstv. menntmrh., sem eins og ég sagði áðan, berst nú um á hæl og hnakka að láta eitthvað eftir sig liggja, meðan þetta þing stendur, sem eru einhverjir dagar enn, vegna þess að þetta mál er rétt að koma til umr. hér á nýjan leik. Hann hefur þegar reist sér töluverðan minnisvarða, — ég veit ekki, hversu óbrotgjarn hann er. Hann er fyrsti ráðh. á Íslandi, sem sest fyrir framan þjóð sína og lýsir því yfir, að hann muni forakta, virða að vettugi meirihlutasamþykkt Sþ. Þarna hefur hann unnið afreksverk. Vill hann ekki aðgæta, hvort honum er þetta ekki nægjanlegt í bili? En hann virðist vilja fá aðra rós í hnappagatið, að þetta margþæfða mál, grunnskólafrv., verði að lögum. Og mig undrar enn, — ég verð að segja það rétt eins og er, — það geðleysi hv. 3. þm. Vestf., Hannibals Valdimarssonar, mig undrar það geðleysi, að eftir það, sem á undan er gengið, ætli hann nú að fara að hjálpa honum til að setja upp þessa frollu. Ég trúi því ekki, fyrr en ég tek á, og þess vegna kynni að vera, að ég geti farið að stytta mál mitt, því að þetta hlýtur að vera svona, — og eins hv. 7. landsk.

Af því, herra forseti, að ég rakst á hér í frv., ákveðna gr., sem höfðar til þess, sem mjög er nauðsynlegt að rifja upp í því máli, sem ég

vitnaði til hér fyrir alllöngu, frá 1847, þ. e. í máli þess manns, sem kallaður er hér kammerráð Melsteð, skal ég nú leiða rök að, hvers vegna ég tel, að hún eigi sérstakt og brýnt erindi hingað, þegar þetta mál er til umr. Ég minni á, að það, sem ég hef áður vitnað til og lagði út af á marga vegu, var um bænarskrá frá Reykjavíkurbæ um frv. til reglugerðar fyrir barnaskólann sama staðar. Það er kammerráð Melsteð, sem talar:

„Ég er að sönnu sömu meiningar sem hinn hv. forseti, að mál þetta sé þess eðlis, að það geti komið fyrir Alþ., þó það einungis áhræri bæinn Reykjavík. Því þó eitt málefni einungis komi við einu einstöku héraði eða sýslu í landinu, ef það er annars svo á sig komið, að um það verður að semja lagaboð, þá heyrir það undir þingsins aðgjörðir og ráðaneyti.“ — Ráðaneyti segja þeir hér, og það hafa nútímamenn sumir tekið upp, svo að þetta er ekki alveg nýyrði hjá hæstv. fjmrh., heldur er þetta áður notað, ráðaneyti. — „En samt sem áður verð ég að vera á sama máli sem hinn hæstv. konungsfulltrúi,“ — það var nú ekki að spyrja að því í „den tid“ hjá Melsteð, hann læknaðist þó síðar af því, — „og þeir þm., er áður hafa talað, að þingið, að svo komnu, eigi ekki að taka til aðgerða þá bænarskrá, sem nú er fyrir það fram komin. Alþm. þekkja svo lítið til allflestir, hvernig bæta skuli annmarka þá, er vera kunna nú sem stendur við barnaskólann í Reykjavík, að þeir munu fá gagnleg ráð geta þar til lagt, og það mundi þess vegna vera til lítils, að þingið tæki málefni þetta til íhugunar. Til þess að koma barnaskólanum í betra horf en nú er, þarf nákvæma þekkingu, bæði á skólans högum og ástandinu í Reykjavík.“ — Þetta náttúrlega skilur hver maður. — „Þessa þekkingu má nú þykja líklegt, að skólanefnd sú, sem undirskrifað hefir bænarskrána, hafi fremur öðrum, og hún sýnist því öðrum fremur vera kjörin til að semja hentugt frv. til reglugjörðar um endurbót skólans. Þessa reglugjörð ættu síðan að skoða nákvæmar hlutaðeigandi yfirvöld og stjórnarráð, og þá fyrst, þegar svo langt væri komið, mundi það hlýða að leggja hana fyrir þingið. Sú bænarskrá, sem hér er fram komin, inniheldur þar á móti engar bendingar til,“ — ég bið menn að veita þessu sérstaka athygli, — „engar bendingar til, hvernig endurbót skólans skyldi ske, og gefur þm. þess vegna enga nýtanlega leiðbeiningu.“ — Ég vil meina, að það frv., sem hér liggur fyrir til l. um grunnskóla, sé svo þokukennt og lopinn teygður með þeim hætti, að það gefi þm. þess vegna enga nýtanlega leiðbeiningu, eins og kammerráð Melsteð sagði árið 1847. — „Hér að auki ættu þm. að aðgæta, að á þingtímann er mjög svo liðið, að vart lítur svo út, að þau málefni, sem nú eru þegar fyrir þingið lögð og tekin af því til skoðunar, verði til lykta leidd, og eru mörg þeirra þó mikils um varðandi.“ — Hér segir hann: „Hér að auki ættu þm. að aðgæta, að á þingtímann er mjög svo liðið, að vart lítur svo út, að þau málefni, sem nú þegar eru fyrir þingið lögð og tekin af því til skoðunar, verði til lykta leidd.“

Mér virðist, að þann veg sé komið málum hér á hinu háa Alþ., að mjög svo sé liðið á þingtímann, eftir þeim fréttum að dæma, sem við höfum haft, og þeirri ráðagerð, sem uppi er hjá þeim, sem nú halda ríkisforustunni án þess að hafa til þess þinglegt vald. Og sýnist ekki mönnum að þannig líti út, að þau málefni, sem þegar hafa verið lögð fyrir, fái hvort sem er ekki nægjanlega skoðun, þótt þessu yrði sleppt. Það hefur verið farið fram á það af meiri hl. Alþ., að tekið verði á dagskrá og rætt það vantraust á hæstv. ríkisstj., sem fram hefur verið borið.

Ég geri ráð fyrir, að öllum þeim, sem unna lýðræði og þingræði, þyki nauðsyn bera til þess, að orðið sé við þessari meirihlutaáskorun hv. þm. Og ég er ekki í nokkrum vafa um það, að þegar halla tekur svo mjög á þingtíma sem nú ber raun vitni um, er það þýðingarmeira verkefni og umræðuefni heldur en það, sem ég hér er að ræða. Á því er enginn vafi. Og þá er að bregða á það ráð og fá úr því skorið, hvort eigi að verða við þessari áskorun meiri hl. þings. Það er auðvitað beint og skýlaust brot á þingræðinu, að hafna kröfu þeirri, sem sett hefur verið fram af hálfu meiri hl. hv. þm. um að fá að ræða þá þáltill. um vantraust á ríkisstj., sem hér hefur verið lögð fram. Það er auðvitað algert brot á öllum þingræðisvenjum. Það er skákað í skjóli lagakróka, ef á að fara þann veg fram — nákvæmlega með sama hætti skákað í skjóli lagakróka, eins og gera á með því að rjúfa nú þing. Þótt fordæmi finnist, er það siðferðilega rangt. Lagakrókalega kann það að standast, en öðruvísi ekki, og með því háttalagi á að banna þeim, sem hafa á því tök að nálgast vandamálin, banna þeim veginn að málefninu, að fá fang á þessum vandamálum, sem leysa þarf. Refjar og lagakrókar eru til þess notaðir og þeirra ábyrgð er mikil, sem þann veg haga sér. Með undirskriftinni um kröfu um að ræða vantraustið liggur fyrir, að þar er meiri hl. þm. á ferðinni, og það hefur ekki verið reynt að neinu leyti á það, hvort þessi meiri hl. þings mundi ekki vilja taka til höndum að stjórna eða a. m. k. forða stóróhamingju, sem sjálfir stjórnarherrarnir hafa lýst yfir, að sé í nánd. Það hefur ekki verið reynt neitt á þetta, vegna þess, að mönnum hefur verið bannaður vegurinn, dyrunum hefur verið læst, það hefur ekki verið um neitt slíkt að velja. Valdið hefur verið á þessum stað, og það á að beita því eða banna mönnum veginn til úrlausnar, sem alveg örugglega gæti a. m. k. orðið til þess, að ekki mundu yfir dynja óborganleg slys, eins og þeir sjálfir segja, að ella séu í boði.

Ég vík aftur að því, en af sérstöku tilefni þótti mér brýna nauðsyn bera til þess að vitna í þetta, enda kemur það heim við allt, sem ég vildi um þetta segja, — en ég vil enn fremur víkja að því og brýna menn á því og spyrja menn, hvort útilokað sé, að þeir vilji rökum taka, — brýna menn á því, hvort ekki eru á því tök að fallast á þær röksemdir, sem fyrir rökstuddu dagskránni voru fram sett. Þar er ekki verið að gera málinu neinn miska. Við höfum búið við núv. fræðslulöggjöf síðan 1946. Við höfum orðið þess vör, að það eru ýmsir hnökrar á henni, og viljum úr því bæta, þótt mér sýnist, að úr þessum lopa verði ekki spunnið garn í þann vef, sem til þess þarf.

Í framhaldi af þessu og af því að það snertir sérstaklega röksemdir, sem ég var hér að nefna fyrir frestuninni, og af því að mér heyrðist vera kvartað undan því af hv. 5. þm. Austf., að ég sleppi úr of mörgum árum, þá vil ég leyfa mér að vitna hér til ársins 1913, Alþt. þá, og það er nú enginn minni maður en Björn M. Ólsen, sem ég ætla að leyfa mér að vitna til. Það er um fræðslu barna.

Hann byrjar á því að biðjast afsökunar á því, hversu langan tíma hafi tekið að afgreiða þetta mál, og hann gefur skýringu á því, hvers vegna það hafi tekið svona langan tíma. Það er vegna þess, eins og hann segir, að hér er um vandamál að ræða, sem þarf að athuga rækilega, áður en því er ráðið til lykta. Það er hægt að leiða fram á sjónarsviðið hvern kappann á fætur öðrum, hvert stórmennið á fætur öðru í okkar fræðslu- og skólamálum, og allt ber að sama brunni, að svona breytingum, nýjungum eða stórstígum breytingum, má ekki flana. Það verður að gefa sér nægan tíma. Við höfum fært að því óyggjandi rök, að um margt er þessu frv., sem hér liggur fyrir til umr., ábótavant, margt er þar óljóst og það virðist færa í það horf, að illframkvæmanleg verði lög, auka vald embættismanna hér í þéttbýlinu o.s.frv., o.s.frv., fyrirkomulag, sem við stefnum ekki að, fyrirkomulag, sem við erum öndverðir. Hann segir, Björn M. Ólsen:

„Ég veit, að til eru ýmsir stórstígir framfaramenn, sem segja, að hægt sé að koma á fót föstum skólum um allt land, og á ég þar við skóla, sem eru meira en aðeins til málamynda eða nafnið eitt. En kostnaðurinn við slíka skóla mundi vera svo gífurlegur, að landið gæti með engu móti risið undir því."

Þá tíðkaðist að hafa mjög í sjónmáli allan kostnað við framkvæmd mála. Nú er sá siður gersamlega aflagður. Nú er hægt að leggja fram frv. eftir frv., eins og þessi hæstv. ríkisstj. hefur gert, án þess að gera nokkra grein fyrir því, til hvers kostnaðurinn muni leiða. Engar áætlanir, allra síst að nokkur ráðagerð sé uppi um það, með hvaða hætti skuli afla þess gífurlega fjár, sem framkvæmd t.d. þessara laga kemur til með að kosta. En þá var það undirstaðan. Landið var að vísu fátækara, en þó er svo, að þrátt fyrir það að við höfum efnast gífurlega, tekjur manna og þjóðfélagsins margfaldast og eru gífurlega háar, þá er samt svo komið núna eftir fjármálaóstjórnina í þrjú ár, að okkur heldur við gjaldþroti, bæði á innlendum vettvangi og gagnvart útlöndum. Ef ekki er gripið til róttækra ráðstafana, erum við gjaldþrota gagnvart umheiminum, þrátt fyrir einstakasta góðæri, sem nokkur dæmi eru til um fyrr og síðar.

Nei, það er eins og ég hef áður sagt, það þarf að sníða sér efni í fallegu flöggin, sem má veifa framan í kjósendur, en það verða áreiðanlega einhverjir aðrir, sem verða til þess kvaddir að framkvæma þessa hluti, alveg áreiðanlega einhverjir aðrir, rétt eins og það verða einhverjir aðrir en þeir, sem nú hafa verið að reyna að stjórna að undanförnu, sem koma til með að takast á við vandann og leysa hann, þegar þar að kemur. Verst af öllu er, að tíminn skuli vera tafinn með því, að þeir menn, sem engin ráð hafa til þess að leysa vandann, skuli þvælast fyrir öðrum, sem hafa á því fullkomin tök.

Nei, það þarf að flagga með því, að hér hafi verið mikil framfarastjórn, sem hafi komið fram ýmsum stórmálum. En það á að reyna að láta gleyma því í hita kosningabaráttunnar, að fyrir engu var séð, engin grein gerð fyrir því, hvað hlutirnir kostuðu, og allra síst, að fyrir því væri séð, með hvaða hætti ætti að afla fjár til framkvæmdanna. Á þessu þarf að verða grundvallarbreyting frá því, sem nú er. Það er algert lífsspursmál, að við skoðum hug okkar miklu vandlegar um hina stærri þætti fjármálanna, áður en flanað er til þess eða á það ráð brugðið að fara eftir því, sem við kunnum að óska hverju sinni. Okkur hefur að vísu mikið legið á, því að við höfum á örfáum árum brotist úr örbyrgð til bjargálna. Við höfum líka gert stórvirki, framkvæmt ótrúlegustu stórvirki. En héðan af, eftir að við höfum búið um okkur svo vel sem raun ber vitni um, þá þurfum við að fara okkur aðeins hægar, skoða hug okkar vandlegar um, hvernig að málum verði staðið, um framkvæmd þeirra og um fjármálin sjálf, og minni ég enn á það, að peningar eru afl þeirra hluta, sem gera skal.

Í þessu efni verður að gerast gerbreyting. Ég segi: Við höfum búið það vel um okkur, að við ættum að öðru jöfnu að geta gefið okkur til þess tíma að huga vandlegar að um allar framkvæmdir í stærstu málum. Við stöndum ákaflega vel að vígi, enda þótt við þurfum af og til að mæta slíkri óhamingju eins og hæstv. ríkisstj. sjálf hefur best lýst fyrir okkur. Það hendir nú í annað skiptið á hálfum öðrum áratug rúmum, að óspilunarmenn og ráðleysingjar ná um stjórnvölinn og tekst á örskömmum tíma að halda svo vitlaust á málunum í mestu góðærunum, að við stórslysum er búið að þeirra eigin sögn. Stjórnarandstæðingar hafa ekki næga kunnugleika á ástæðunum í ríkisbúskapnum til þess að geta fullkomlega dæmt um þetta, þótt við sjáum alveg nóg til þess að vita, hver ófæra er í boði. En við trúum því, sem hæstv. ríkisstj. segir. Hún segir fullum fetum, að allt sé komið fram af brúninni. Hún tekur svo stórt upp í sig, að maður skyldi halda, að það væru hinir harðsvíruðustu stjórnarandstæðingar, sem væru að lýsa ástandinu, eins og t.a.m. hæstv. forsrh. gerði í sjónvarpinu í gær.

Ég tel mig sér í lagi eiga heimtingu á því að fá nákvæma kostnaðaráætlun með þessu frv. með tilliti til þess, að Sþ. hefur gert ályktun um það, að öllum stjfrv. skuli fylgja kostnaðaráætlun. Ég tel mig eiga heimtingu á þessu. En ég tek hins vegar tillit til þess, að Sþ. hefur ályktað í þessa veru, en hæstv. menntmrh. af þreki sínu og áræði fer þann veg fram að láta sem ekkert sé, með hvaða hætti og í hvaða veru sem hv. Sþ. ályktar. En ég hef ekki þá afstöðu til mála. Þess vegna er það, að með hliðsjón af þeirri ályktun og ákvörðun, sem hlýtur að verða túlkuð með þeim hætti, þá tel ég mig eiga kröfu á því að fá nákvæma áætlun um þann kostnað, sem það frv. mun leiða af sér, sem við nú höfum hér til umr. Þetta ætti ekki að vera kerfinu ofvaxið, miðað við hina nýju verktækni á öllum

sviðum. Þetta ætti ekki að vera nema nokkurra vikna vinna.

Þess vegna er það, að ég held enn fast við þá till., sem við gerðum um, að þessu máli verði vísað frá, kosin verði 7 manna þm.-nefnd til þess að gera á því síðasta yfirlit og reyna til þrautar að ná samstöðu um málið. Það hefur ekkert verið reynt. Það hefur hins vegar, eins og ég hef margtekið fram, miklu frekar verið sýnd stirfni og eintrjáningsháttur í þessu. Hvað á slík framkoma að þýða, eins og við höfum orðið vitni að, að átti sér stað í hv. Ed. í gær, þar sem 6 af 7 nm. höfðu orðið sammála um það meginatriði, sem stytting skólaskyldunnar var, og það var komið fram í tillöguformi? Þegar menn hafa orðið á þetta sáttir, þá er tekið þann veg til höndum, að þessi tillögugerð er rekin öfug ofan í hv. stjórnarsinna, sem sæti áttu í þessari n. Hvers vegna eru þessi vinnubrögð höfð í frammi? Hvaðan kemur hæstv. menntmrh. eða hæstv. ríkisstj., sem sjálfsagt er öll í bögglingi með þetta, sú sannfæring, að það megi öllu til kosta til þess að ná fram 9 ára skólaskyldu? Hvaðan hefur hann þann stóra sannleik, að hann þurfi jafnvel eftir allar þessar umr. að gera menn að minni mönnum með því að neyða þá til þess að éta ofan í sig meiningar sínar á síðasta stigi málsins? Það sýnir, að það er ekki mikill vilji til samkomulags. Það sýnir eindæma frekju og yfirgang. Mig út af fyrir sig skiptir litlu máli, þótt þeir láti með sig fara með þessum hætti, hv. stjórnarsinnar, eins og dæmin sanna. Ég er aðeins að nefna þetta dæmi til þess að sýna fram á, hvernig vinnubrögðin eru. Þau eru ekki við hæfi manna, sem eiga, eins og hv. þm., að leggja sig fram um það að ná samstöðu um málin og vinna saman að þeim, sýna tillit til skoðana annarra, en ekki einhvern sjálfsþótta, þar sem þeir þykjast einir sitja uppi með allt vitið. Það er það ekki að vísu í þessu tilfelli, hæstv. menntmrh. heldur það ekki. En hann heldur, að embættismennirnir sínir sitji uppi með það allt, og það eru þeir, sem segja honum fyrir um þetta allt saman. Hann er brúða í þeirra bandi í öllu þessu máli. Það er deginum ljósara.

Þar sem ýmislegt í máli Björns M. Ólsen á sinni tíð mætti verða hv. þm. mjög til upplýsingar um ýmsa mikilvæga þætti, sem snerta þetta mál, þá væri kannske ástæða til þess að rekja hans ítarlegu ræðu um þessi mál betur. En til þess mun e.t.v. gefast kostur síðar á fundinum, þegar ég kem að þeim greinum sérstaklega, þar sem beinlínis er hægt að sjá samtenginguna í milli þeirra raka, sem hann fer með á sinni tíð, og þeirra raka, sem ég vil nú halla mér að.

Ég beini því enn til hv. þm., hvort þeir hafi nægjanlega rannsakað þann rökstuðning, sem fyrir rökstuddu dagskránni var fluttur hér við 2. umr. í hv. Nd. Alþ. Hún var, — og ég endurtek það og fullyrði, — ekki flutt fram til þess að drepa þetta mál endanlega. Okkur er alveg ljóst, að ný fræðslulög verða sett, það er okkur alveg ljóst. En við viljum leggja okkur alla fram um það, að þau megi verða sem best úr garði gerð. Til þess eru refarnir skornir og eingöngu til þess. En við höfum enga áheyrn fengið. Við höfum talað fyrir daufum eyrum þeirra, sem hafa ráðið og þykjast vilja ráða enn, þótt þeir hafi til þess ekkert atfylgi hér á hinu háa Alþ. Ótal atriði hefur verið bent á, atriði, sem við eigum kröfu á svörum við, eins og t.d. um kostnaðinn. Og þessi tillögugerð felur í sér bendingar um það, hvernig að því megi standa að leysa þetta mál með samningum og með samvinnu. Það er höfuðatriði málsins, að kjörin yrði 7 manna þm.-nefnd, sem tæki þetta mál, sem er orðinn þessi endalausi lopi, úr höndum embættismannanna og settist niður, og ég er sannfærður um, að það mundi ekki taka hana mjög svo langan tíma að ná til botns í því.

Þegar menn nú hafa sannfærst um, eins og ég er viss um, að allir hv. þm. hafa sannfærst um, að lög verða sett um þetta efni mjög svo í þá veru, sem við höfum hér á þessum plöggum, er þá ekki nægjanleg að sinni sú vissa? Mun einhver skaði ske yfir eitt sumar og jafnvel þótt það verði tvö? Mun einhver skaði ske? Það mun þeim mun minni skaði ske sem faktorarnir í menntmrn. eru þegar byrjaðir í allviðamiklum efnum að framkvæma þessi ósettu lög. Þeim mun minni skaði mun sjálfsagt ske að dómi þeirra, sem telja nauðsyn bera til að þessi lög séu sett, — þeim mun minni sem það liggur fyrir, að þeir hafi verið að bögglast við það í meiri og minni mæli að **framkvæma þessi ósettu lög.** Menn ráða því auðvitað, hvort þeir eru nokkuð til viðtals um eitt eða annað í þessu sambandi. Mér sýnist á öllu, að svo sé ekki, og þá taka þeir auðvitað afleiðingunum af því. Ég hef margboðið að leita samkomulags í þessu máli, en það hefur ekkert verið um það hirt. Sá siður er að vísu ekki nýr, að meiri hl. ríkjandi á Alþ. forakti minni hl. og húrri sínum málum í gegn án mikils tillits til hans. Sá siður er ekki nýr. En hann er alls ekki til fyrirmyndar. Og í svona viðamiklu máli, sem snertir hvert einasta mannsbarn þjóðarinnar, er gífurlega þýðingarmikið, að sem víðtækust samstaða náist vegna þess, að ef valdamiklir menn í þjóðfélaginu eru öndverðir framkvæmdinni, þá kann hún að verða örðug eða illframkvæmanleg.

Það er nú á síðustu stundu reynt að þröngva þessu máli fram. Hæstv. ráðh. virðast gera sér það í hugarlund, að eftir þá framkomu, sem hæstv. ríkisstj. vill sýna þingi og þjóð og þingræðisreglunum og siðferðisreglunum, sem eiga að gilda, þá geti hún reiknað með því, að við verðum tilbúnir til að vinna með henni að því að setja þessi lög. Enn hlýt ég að snúa mér persónulega að hv. 3. þm. Vestf., og mér er illskiljanlegt, að skap hans sé svo gamlað, að það megi ekki brýna það enn til þess að láta ekki bjóða sér þessi vinnubrögð eða a.m.k. að sýna, þótt í litlu sé, að hann taki eftir því, að það sé verið að sparka í hann á öðrum vettvangi, og hann vilji spyrna við veikum fæti, til þess að þeir geti ekki með frekju og yfirgangi náð þessu fram eftir það, sem þeir hafa sýnt í öðru tilliti. Ég vona, að það ásannist núna um helgina, þegar við förum að greiða atkv. um þetta, að þessar mínar brýningar hafi einhver áhrif.

Mér sýnist út undan mér sem félagi minn og flokksbróðir og fóstri, hv. 5. þm. Norðurl. v., búi svo mikið í hug, að hann verði að fá öndinni

frá sér hrundið með sínar margþættu og góðu meiningar í þessu máli. Og af því ég þykist vita, að hann sé á mælendaskrá, þá mun ég nú stytta mál mitt að sinni. En ég minni á það, að hæstv. forseti minnti mig á, hvaða rétt ég hefði til þess að tala hér, þannig að ég mun að sjálfsögðu notfæra mér það, þar sem ég hef aðeins að litlu leyti getað sýnt fram á ýmis af þeim mikilvægu atriðum, sem ég ella tel lífsspursmál, að komi nú fram, svo að augu manna opnist fyrir því, að hér þurfi verulega bragarbót á að gera. Og ég ætla að biðja hæstv. forseta strax að nótera nafn mitt niður, þannig að ég komist að, áður en langt um líður.

Pálmi Jónsson: Herra forseti. Hv. 4. þm. Austf., Sverrir Hermannsson, hefur nú flutt allítarlega ræðu um það mál, sem hér er á dagskrá. Ræða hans, sem nú hefur staðið í fulla 5 klukkutíma, var hvort tveggja í senn fræðilegur fyrirlestur um sögu fræðslumála hér á landi frá því um miðja 19. öld og nákvæm sundurgreining á því frv., sem hér liggur fyrir, og hörð gagnrýni á ýmis atriði þess og málsmeðferð alla. Þessi ræða hefur, að mér virðist, enda vakið slíka athygli heyrenda, að fá dæmi eru, ef nokkur, ef hafa má hliðsjón af því, hver kyrrð og ítarleg athygli hefur verið í ásýnd þeirra mörgu pallagesta, sem hér hafa setið þolinmóðir í kvöld. Einnig minnist ég þess ekki að hafa séð starfsmenn sjónvarps og útvarps svo þolinmóða undir öðru máli. Þetta m. a. sannar það, hvað hér var flutt gagnmerk og ítarleg ræða, og á þessi hv. ræðumaður hrós skilið.

Þrátt fyrir það, að hv. ræðumaður hafi þannig farið vítt yfir og vikið að mörgum efnum, sem ég get í flestu eða öllu lýst samþykki mínu við og tekið undir, þá er þó ærið margt ósagt. Nægir þar að vitna til þess t. d., svo að farið sé lengra aftur í sögu en hv. 4. þm. Austf. gerði, að ég hygg, að hin fyrsta tilskipun, sem gefin var út um fræðslu barna á Íslandi, sé frá 20. maí 1636, en sú tilskipun var þrykkt á Hólum í Hjaltadal og gefin út af Kristjáni VI. Danakonungi. Ég gæti, ef ég ætlaði mér þann hlut í þessum umr. að flytja fræðilegan fyrirlestur á borð við þann, sem hv. þm. Sverrir Hermannsson hefur nú flutt, rakið þessa tilskipun og þær aðrar, er síðar hafa komið, til þess tíma, er hv. 4. þm. Austf. hóf að rekja söguna, en ég mun þó ekki hverfa að því ráði. Ég vil einnig segja það með tilliti til þess, að hv. 4. þm. Austf. hefur þegar kvatt sér hljóðs að nýju, að það minnir mig á, að eitt sinn í umr. á Alþ. fyrir allmörgum árum hafði hv. þm. Vestmannaeyja, Jóhann Þ. Jósefsson, sem nú er látinn fyrir allmörgum árum, talað ærið lengi, en þar kom, að hann tjáði, að nú væri hann kominn að lokakafla sinnar ræðu, og þessi lokakafli ræðu Jóhanns Þ. Jósefssonar stóð í 3 klukkutíma. Við megum því vænta þess, að enn sé mikið efni í fórum flokksbróður míns og félaga, Sverris Hermannssonar, hv. 4. þm. Austf., þá er hann tekur að nýju til máls. Vænti ég, að pallagestir, sjónvarpsmenn og aðrir þeir, er hér hlýða á umr., hafi biðlund nokkra til þess að missa eigi af þeim þætti málsins.

Ég hef í umr. um þetta mál tekið til máls alloft og gagnrýnt það með sterkum rökum. Ég skal ekki hér fara að endurtaka það, sem ég hef um þetta sagt, að miklu leyti og tala fremur stutt mál. Ég vil þó segja það í upphafi, að meðferð þessa máls öll hefur vakið nokkra undrun þingheims og ég hygg annarra þeirra, sem fylgst hafa með. Það er þingvenja hér á hv. Alþ, að þegar komið er að lokum Alþ., séu þau mál eigi keyrð til úrslita, sem vitað er, að mikill ágreiningur er um, heldur er reynt að fá afgreiðslu á þeim frv., sem vitað er, að menn geta í mörgum efnum orðið sammála um og verða ekki til þess að tefja tíma Alþ. á síðustu dögum þess. Þessi venja er nú gersamlega brotin, þegar reynt er með ofurkappi að knýja í gegnum Alþ. á síðustu klukkustundum, sem því er ætlað að starfa, mál þetta, sem vakið hefur miklar deilur, harða gagnrýni margra þm. og mjög mikla óánægju fjölmargra aðila í þjóðfélaginu. Hér er um að ræða ofurkapp þess ráðh., sem hér er í forsvari, hæstv. menntmrh., og er það nokkurt undrunarefni með hliðsjón af því, að þessi hæstv. ráðh. hefur nú tekist á hendur viðameiri verkefni og fleiri málaflokka en nokkur ráðh. hefur gert á síðari árum, en hann fer nú með yfirstjórn a. m. k. þriggja rn.

Ég álít, að skyldara hefði verið með hliðsjón af því, að þessi hæstv. ráðh. gegnir nú m. a. embætti samgrh., að freista þess að fá afgreiðslu Alþ. á vegáætlun, svo sem skylt er samkv. lögum. Þessari skyldu virðist hæstv. ráðh. ekki hafa í hyggju að sinna, ef marka má þann orðróm, sem væntanlega verður staðfestur á næsta fundi Sþ., að sú sé ætlun hæstv. forsrh. að senda Alþ. heim.

Mörg önnur mál hefði verið ástæða til að taka tíma Alþ. til þess að fjalla um nú á síðustu dögum, sem ætla má, að ýmsir þm. a. m. k. teldu brýna nauðsyn til að afgreiða. Ég skal ekki fara út í að rekja þau, en ég vek athygli á þessu til þess að sýna fram á frekar en hv. 4. þm. Austf. hefur þegar gert, hversu mikið ofurkapp er lagt á að afgreiða þetta mál, sem virðist til þess eins gert, að tiltekinn hæstv. ráðh. geti notað það sem rós í sitt hnappagat, en sú mun vera skoðun hans, að það fylgi afgreiðslu málsins.

Það hefur komið hér fram við þessa umr., að við 4 þm. í þessari hv. d. fluttum dagskrártill. við þetta frv. við 3. umr. þessa máls hér í d. Þessi dagskrártill. var studd þeim rökum, sem lýst hefur verið af hv. 4. þm. Austf. og ekki er þörf á að endurtaka. En ég vil ítreka það enn, að sú dagskrártill. hafði þann megintilgang, að Alþingi Íslendinga afgreiddi eftir nánari athugun en þegar hefur farið fram það frv., sem hér liggur fyrir, og að undangenginni þeirri athugun yrði afgreidd fræðslulög, sem í væri það besta, sem mönnum sýndist, að unnt væri að ná, og þá væri ekki hafður í huga heiður eða hrós einhvers einstaks hæstv. ráðh., heldur hitt, að ná fram sem bestri löggjöf, sem hefði það að markmiði að veita skólaæskunni í landinu besta fræðslu og þann öruggasta og besta ramma um skólastarf, sem unnt væri að ná fram. Því miður var þessi dagskrártill. felld, og sýnir það eitt út af fyrir sig skammsýni. Sú dagskrártill., þótt samþ. hefði verið, hefði ekki haft áhrif á

gildistöku þessa frv. og þeirra l., sem hér er verið að fjalla um, ef samþykkt verða. Svo segir í ákvæðum til bráðabirgða í þessu frv., að 10 ára aðlögunartími sé fyrir höndum frá samþykkt þessa frv., þar til l. eigi að fullu að vera komin til framkvæmda. Þetta er að undanskildu einu atriði í málinu, þ. e. ákvæðinu um lengingu skólaskyldunnar, sem taka eiga gildi 6 árum frá því, að frv. þetta yrði samþ. Sem frsm. dagskrártill. hér við 3. umr. lýsti ég því, að ég teldi fullkomlega eðlilegt, ef sú till. yrði samþ. og þm.-nefnd fjallaði um málið til þess að freista þess að fá samstöðu Alþ. um þetta mikilvæga mál, þá yrði þessi aðlögunartími styttur og það yrði þess vegna ekki til þess að fresta því, að lög þau, sem samþ. yrðu að lokinni þeirri endurskoðun, kæmu til framkvæmda. Þannig er það augljóst mál, að hér er einungis um að ræða, að verið er að knýja í gegn af ofurkappi, en án fyrirhyggju og án nokkurra ástæðna, frv. þetta, sem enn er í því formi, að það veldur stórfelldum deilum hér á Alþ. og mikilli óánægju þjóðarinnar.

Það er og enda við þessa málsmeðferð enn að athuga, að hér á kvöldfundi á síðasta degi þessa yfirstandandi Alþ. er ætlunin að knýja frv. í gegn á örskömmum tíma, eftir að hv. Ed. hefur um það fjallað við 2. umr. s. l. nótt og í morgun og samþ. við 2. umr. breyt. við hvorki meira né minna en 28 af gr. frv. Þær breyt. eru hér fjölritaðar á 14 síðum. En við 3. umr. þessa máls voru samþykktar breyt. í hv. Ed. við sex gr. þessa frv. til viðbótar. Þær breyt. eru hér fjölritaðar á þremur heilsíðum. Að loknum svo miklum breyt., sem hv. Ed. hefur á frv. gert nú fyrir örfáum klukkutímum, er það ætlun hæstv. menntmrh. og hæstv. forseta þessarar d. og stjórnarmeirihl. að því er virðist í heild að knýja fram afgreiðslu þessa máls með þeim hætti, að hv. þm. í þessari d. hafi enga aðstöðu til þess að gera sér grein fyrir því, í hverju þessar breyt. eru fólgnar. Þetta kalla ég ósæmilega og óviðunandi málsmeðferð. Það er því ekki að furða, þó að hér sé höfð uppi nokkur gagnrýni á þessa málsmeðferð alla. Það er enn ljóst, að unnt er að snúa frá þessari villu. Hv. 4. þm. Austf. bauð hvað eftir annað í ræðu sinni hér áðan, að samkomulag næðist um það við hæstv. menntmrh. að fresta afgreiðslu þessa máls. Ég vil enn beina þeirri áskorun til hæstv. ráðh., enda þótt hann nú sé flúinn af hólminum, að þetta mál verði þegar að loknum umræðum þeirra manna, sem kvatt hafa sér hljóðs, tekið út af dagskrá og afgreiðslu þess frestað og tóm gefið til þess að taka upp þá endurskoðun, sem um var fjallað í dagskrártill. okkar fjórmenninga við 3. umr. þessa máls hér í hv. deild.

Enn vil ég ítreka það, að slíkur dráttur á afgreiðslu þessa máls, sem væntanlega yrði þá afgreitt á næsta Alþ., þyrfti ekki að verða til þess að fresta því, að ákvæði frv. kæmu til framkvæmda, með því að stytta þann aðlögunartíma, sem gildistaka þess hefur samkv. ákvæðum í frv. sjálfu. Hér er því ekki um að ræða af hálfu okkar, sem viljum enn freista þess að sníða þessum lögum betri búning, að við séum að hindra það eða tefja, að ákvæði þessa frv., sem við teljum, að séu til heilla, komi til framkvæmda. Þetta hygg ég, að hv. d. ætti nú að vera orðið ljóst.

Ég hef, eins og ég hef þegar greint frá, haldið uppi allsterkri gagnrýni á þetta frv. á yfirstandandi Alþ. og Alþ. í fyrra og tafið hinar ýmsu umr. í hvert sinn. Ég skal ekki fara út í þessa gagnrýni hér að öðru leyti en því að minna á þau höfuðatriði, sem þessi gagnrýni mín hefur beinst að. Hún hefur beinst í fyrsta lagi að lengingu skólaskyldu, í öðru lagi að lengingu skólaársins, í þriðja lagi að óhóflegu stjórnunarbákni, sem sett er upp í skólakerfinu með þessu frv., í fjórða lagi, hversu frv. er hroðvirknislega unnið, óhæfilega langt og ítarlegt, svo að stappar nærri, að tekið sé fram fyrir sjálfstæða hugsun þeirra manna, sem starfa eiga að skólamálum þjóðarinnar, í fimmta lagi, að frv. þessu fylgi alls ekki sú dreifing valds, sem látið er í veðri vaka. Fræðsluskrifstofurnar, sem til er ætlast, að settar verði upp í kjördæmunum, hafa ekki völd, eru eins konar selstöður ríkisvaldsins. Valdið er enn í höndum rn. og í höndum hæstv. ráðh. Í sjötta lagi hef ég talið vafasamt það net sérfræðinga, sem upp er sett til aðstoðar skólastarfinu og um leið rýrð ábyrgð þeirra, sem eiga að réttu lagi og samkv. gildandi l. að hafa á hendi stjórn skóla, þ. e. skólastjóra og kennara. Í sjöunda lagi hef ég gagnrýnt harkalega, að þessu frv. fylgir allsendis ófullnægjandi grg. í sambandi við kostnaðarauka í rekstri og í öðru lagi engin tilraun gerð til þess að láta koma fram, hvaða kostnaðarauki verður af samþykkt þessa frv. í sambandi við stofnkostnað skóla.

Þessi eru þau meginatriði, sem ég hef gagnrýnt í þessu frv., og þá gagnrýni hafa hv. dm. hlýtt á í þeim umr., sem fram hafa farið um þetta mál, bæði nú á Alþ. í vetur og eins í fyrravetur, og skal ég ekki rekja hana mikið. Ég vil þó aðeins víkja að einum þætti þessa máls nokkuð til viðbótar við það, sem ég hef áður gert, og það er í sambandi við síðasta liðinn, sem ég hef hér getið um, en það er í sambandi við kostnaðarauka af þessu frv.

Í grg. frv. er rakið nokkuð, hver ætla megi, að verði kostnaðarauki af rekstri grunnskóla við samþykkt þessa frv. Þar stendur í samandregnu yfirliti, að vænta megi þess, að aukning kostnaðar verði 289 millj. kr. Þetta kemur fram í grg. frv., eins og það er lagt fram árið 1973, og þessi tala stóð í frv. fyrr eða a. m. k á árinu 1972. Þessi tala er vitaskuld úrelt orðin. Það er enda nokkuð ljóst, að mjög vægilega er í sakir farið í sumum liðum, svo að stappar nærri, að maður furði sig á, að þeir, sem sett hafa saman þá grg., sem frv. fylgir, skuli hafa látið slíkt frá sér fara. Enn hefur það skeð í meðferð þessa máls, að samþykktar hafa verið brtt., er fela í sér stórkostlegan kostnaðarauka fyrir ríkissjóð, ef frv. verður afgr. í því formi, sem það nú er. Að vísu er það rétt, sem fram kom hjá hæstv. menntmrh. við 3. umr. í þessari hv. d., að niður hafa verið felldir ákveðnir póstar, sem höfðu kostnaðarauka í för með sér, og er þar einkanlega sá þáttur, sem hér er nefndur fagnámsstjórn, sem er felldur niður, en í grg. frv. er gert ráð fyrir, að sá þáttur kosti 2 millj. kr. Þar var því ekki um stórvægilega lækkun útgjaldaaukningar að ræða.

Ef litið er á þennan kostnað nokkru nánar, þá er gert ráð fyrir því í grg. og sagt, að samkv. frv. til fjárl. fyrir árið 1973 verði launagreiðslur á því ári vegna kennslu og annarra starfa, sem um er fjallað, áætlaðar 1000 millj. kr. eða 1 milljarður, og er þá miðað við barnaskóla án forskóladeilda og gagnfræðaskóla án framhaldsdeilda, en það eru þeir þættir skólakerfisins, sem falla mundu undir grunnskólastigið. Þar er einnig sagt, að hækkun á þessum lið mundi verða um 126 millj. kr. Nú er svo gert ráð fyrir í fjárl. fyrir yfirstandandi ár, að þessi launaliður, sem árið 1973 var áætlaður 1000 millj. kr., verði á yfirstandandi ári einn milljarður 606 millj. 605 þús. kr. Hér er því um mikla hækkun að ræða eða rúmlega 60%. En þess er enn að geta, að fjárl. voru afgreidd í des. s. l. og síðan hafa feikn og undur gerst á sviði launamála og verðlagsþróunar, svo sem landslýð öllum er kunnugt, svo að þessar tölur eru gersamlega úreltar. Það má geta nærri, að í samræmi við þetta muni hækka sá launaliður, sem frv. hefur í för með sér, frá því, sem segir í grg. frá árinu 1973 og 1972.

Ef þetta er skoðað nokkru nánar, þá er gert ráð fyrir því í þessu frv. að færa skólastarfið í miklu meira mæli inn í skólana heldur en tíðkast í dag. Það er gert ráð fyrir því, að nemendur geti unnið allt sitt nám í skóla. Sá hluti námsins, sem nú fer fram í heimahúsum, á að flytjast inn í skólana. Það mundi þýða í fyrsta lagi aukið húsnæði og í annan stað, sem hvergi hefur verið getið um í þessu frv. eða grg. þess og alltaf vikið sér undan að fjalla um af þeim, sem mælt hafa með þessu frv., að slíku námi, lestri undir tíma og annarri vinnu nemenda, sem nú fer fram í heimahúsum, mundi fylgja það, að kennarar og annað starfslið skóla þyrfti að sitja yfir nemendum í skólunum allan þann tíma. Það mundi að sjálfsögðu hafa í för með sér mjög aukna vinnu kennara og skólastjóra og þýða væntanlega aukið starfslið, en þó fyrst og fremst, að fram kæmi stórkostlega aukin yfirvinna hjá kennurum og skólastjóra í hverjum skóla. Þessum þætti málsins er hvergi vikið að í þessari grg., og á þessu hefur hvergi verið vakin athygli af þeim mönnum, sem barist hafa fyrir framgangi þessa máls. Hér hygg ég, að sé póstur, sem nemi álitlegri upphæð og nokkuð auknun fjölda millj. í útgjaldaauka fyrir ríki og sveitarfélög, sem að skólamálum standa. Marga slíka pósta má benda á, sem ýmist hafa ekki verið nefndir í þeim kostnaðaráætlunum, sem fylgja þessu frv., og eins, að sumir kostnaðarliðir eru stórlega vantaldir.

Í frv. þessu er talað um það, að afnám svokallaðrar víxlkennslu hafi í för með sér 12 millj. kr. kostnaðarauka, — 12 millj. kr. Nú geri ég ráð fyrir því, að allir hv. alþm. geri sér grein fyrir því, hvað hin svokallaða víxlkennsla er. Sá er háttur víða í heimavistarskólum, ekki síst í strjálbýli, að nemendur í yngri bekkjum skyldunáms sækja skóla til skiptis. Því er háttað þannig, að annað tveggja sækja þessir nemendur skóla annan hvorn dag og er þá ekið í skólann til skiptis, sumir nemendur koma t. d. á mánudegi, en aðrir á þriðjudegi og svo á víxl, eða þá að þeir sækja skóla sína vikuna hvor eða sinn hálfan mánuðinn hvor hópur. Þetta hefur það í för með sér í fyrsta lagi, að þessir nemendur, sem stunda nám með þessum hætti, þurfa að leggja á sig aukið starf í heimahúsum, en því fylgir einnig, að mikill kostnaður sparast í byggingu skólahúsnæðis og í starfsliði skóla. Í frv. er einungis gert ráð fyrir því, að afnámi þessarar víxlkennslu fylgi 12 millj. kr. aukinn kostnaður. Þvílíkt sýnist raunsæi þeirra manna, sem búið hafa út þessa grg.

Fleira kemur hér til. Í einum lið í sambandi við kostnað þann, er af samþykkt þessa frv. mundi hljótast í rekstri, er fjallað um annan rekstrarkostnað, þ. á m. um aksturskostnað nemenda í skóla og frá og til heimilis. Afnámi þessarar víxlkennslu mundi fylgja það, að öllum þeim nemendum, sem nú er ekið til skiptis í skóla, þyrfti að aka daglega milli heimilis og skóla tvær ferðir. Það mundi með slíka nemendur verða tvöföldun á þeim kostnaði, sem af slíkum akstri mundi hljótast. Ef akstur slíkra nemenda væri lagður niður, þá gefur auga leið, að í stað heimanakstursins yrði þá að byggja upp tvöfallt skólahúsnæði miðað við það, sem nú er, og er ærinn kostnaðarauki.

Ég tek það fram, að í frv. er sagt, að áætlaður kostnaður við heimanakstur nemenda samkv. því, sem var 1972, er 144 millj. kr., þ. e. a. s. það kemur í hlut ríkissjóðs, en til viðbótar kemur talsverður hluti á herðar sveitarfélaganna. Þessi fjárhæð mun auðvitað stórkostlega hækka, í fyrsta lagi á milli ára eftir áætlun um yfir 60%, sbr. fjárl., og síðar frá því að fjárl. voru afgreidd með hliðsjón af öllum þeim launahækkunum, sem orðið hafa á því tímabili, og rekstrarkostnaði ökutækja, en sá rekstrarkostnaður er gífurlegur, og eru þar þó ekki öll kurl til grafar komin, eftir því sem vænta má, til þess tíma, er næsta skólaár hefst. Hér er því um stórkostlega mikinn kostnaðarauka að ræða, sem er fádæmalega vantalinn í þessu frv., því að þar er sagt, að hluti ríkissjóðs í þessum kostnaðarauka muni einungis nema 15 millj. kr. Það verður að segja, að varlega hafa reiknað þeir sérfræðingar hæstv. ráðh., sem búið hafa þessa grg. í hans hendur. Það var reyndar svo, að hann taldi hér við 3. umr. þess máls, að kostnaðarauki væri óverulegur og varla orð á hafandi. Er það að mínum dómi ábyrgðarleysi og óþingleg vinnubrögð af hæstv. ráðh. að láta slíkar yfirlýsingar frá sér fara og hafa ekki kannað þá grg., sem hér liggur fyrir, betur en ég hef nú lýst.

Einhver var að hvísla því hér áðan, að fjárhagsstaða ríkissjóðs væri ekki sérstaklega sterk um þessar mundir. Því var einnig lýst af hæstv. forsrh. í sjónvarpi í gærkvöld, að efnahagsástand þjóðarinnar væri ekki með sem álitlegustum hætti nú á þessum síðustu tímum. Því hefur verið marglýst af hæstv. forsrh. og fleiri forustumönnum núv. hæstv. ríkisstj., hversu válega horfir í fjármálum þjóðarinnar og efnahagsmálum í heild. Þar ríkir sannkallað hættuástand, svo að notuð séu þeirra eigin orð, og það er ljóst, að stefnir í hreina ófæru, verði ekki gripið til gagngerðra ráðstafana. Ég skal ekki fara út í að rekja hér þetta ástand þjóðmála. Það er öllum ljóst, að það er með þeim hætti, að átt hefur sennilega sterkasta þáttinn í því að liða

sundur þá skútu, sem hæstv. ríkisstj. hefur fleytt sér á til þessa um nálega þriggja ára skeið. Þegar skútan liðaðist í sundur, hafði hæstv. menntmrh. þau orð yfir hér í þessum ræðustól, að hann hefði ekki geð í sér til þess að hlaupa frá borði í brimróðrinum, þótt nokkuð á bjátaði, þótt ýmsir sínir fyrri félagar hlypu frá borði. Ég held, að hæstv. ráðh. hefði átt að huga að fjármálum þjóðarinnar, fjárhagsstöðu ríkissjóðs og stöðu efnahagsmála í heild, áður en hann gefur fljótfærnislegar yfirlýsingar hér á Alþ. um, að kostnaðarauki af þessu frv. muni verða óverulegur, og treystir einungis þeim grunnfærnislegu ályktunum, sem eru í þessari grg.

Ég hef margsinnis í umr. um þetta mál beint áskorunum til hæstv. ráðh. og til þeirrar n., sem um málið hefur fjallað hér í þessari hv. d., en engar, alls engar upplýsingar hafa verið gefnar um það, hver kostnaðarauki muni af þessu frv. verða í stofnkostnaði skóla. Það er þó, að ég hygg, öllum ljóst, að sá kostnaðarauki er gífurlegur og hefur af ýmsum þeim mönnum, sem telja sig þekkja vel til þeirra mála, ýmist verið talinn í hundruðum millj. eða milljörðum. Það er því í fyllsta máta réttmæt gagnrýni, sem við ýmsir þm. höfum haldið uppi á meðferð þessa þáttar í þessu nafntogaða grunnskólafrv. Ég hygg, að sá mikli kostnaðarauki, sem af samþykkt þessa frv. mundi leiða, ætti að verða mönnum hvatning til þess að fara sér hægar, meðan verið er að kanna ýmsa þætti málsins, sem mikilli gagnrýni valda og stór hluti þjóðarinnar er óánægður með. Enn er þetta sterk röksemd fyrir því, að afgreiðslu þessa frv. nú verði hafnað og það tekið til nýrrar endurskoðunar, endurskoðunar þm.-nefndar, þar sem fram komi sjónarmið þeirra manna, sem eru meðmæltir samþykkt þessa frv. í því formi, sem nú er, og eins hinna, sem eru andvígir ýmsum gr. þess. Ég hygg, að ef þessir þm. legðu sig í líma við að ná samkomulagi með það markmið eitt fyrir augum að setja löggjöf, sem yrði skólaæsku landsins til heilla og þar með framtíð þjóðarinnar til farsældar, þá treysti ég því, að þeir mundu komast að sameiginlegri niðurstöðu. Enn skal það ítrekað, að sú málsmeðferð þyrfti ekki að hafa í för með sér það, að gildistaka þessa frv. tefðist.

Ég hef einnig í umr. um þetta mál lagt það til, um leið og ég hef gert till. um, að meginefni þessa frv. verði frestað, að tekin væri út úr því nokkur þau atriði, sem allir eru sammála um, að séu til hins betra og yrðu til heilla fyrir skólastarfið. Þær gr. yrðu samþ. og felldar inn í gildandi lög, þ. e. fræðslulögin frá 1946, sem menn athugi, að enn eru ekki komin til framkvæmda í öllum skólahverfum landsins. Þessu hefur ekki verið sinnt og virðist, að sá sé einn tilgangur að sækja þetta mál með slíku ofurkappi, að engar viðvaranir séu teknar til greina.

Ég skal ekki hér með hliðsjón af því, að ég hef svo margsinnis rakið röksemdir mínar ítarlega í sambandi við þau atriði, sem ég gagnrýndi í þessu frv., fara að fjalla um þau miklu nánar. Ég hef hér aðeins vikið að einum þætti þeirra mála, en það er í sambandi við kostnaðarauka, sem af samþykkt þessa frv. mundi hljótast, og sýnt fram á, hvað hann er stórkostlega vantalinn í grg. þessa frv. og í öllu tali meðhaldsmanna frv., sem hafa um það fjallað í þessum ræðustól.

Ég vil vekja athygli á því, að ég hef ásamt þremur öðrum þm. hér í hv. d. lagt fram brtt. við þetta frv. á lokastigi, og eru þær brtt. nákvæmlega shlj. brtt., sem 6 hv. nm. menntmn. Ed. lögðu fram þar við 2. umr., en drógu síðan til baka af einhverjum óskiljanlegum hvötum. Þessar till., sem að vísu fjalla ekki nema um einn tiltekinn þátt þessa máls, þ. e. um lengd skólaskyldu, og að vísu einnig um þátttöku nemenda í atvinnulífinu, eru að mínu mati til mikilla bóta, enda þótt það sé ekkert launungarmál, að ég teldi hyggilegt og æskilegt, að skólaskylda yrði einu ári skemmri en þessar brtt. gera ráð fyrir. Í hv. Ed. voru þessar brtt., eins og ég áður sagði, fluttar af 6 nm. í hv. menntmn., en það voru þeir hv. þm. Ragnar Arnalds, 4. þm. Norðurl. v., hv. þm. Steingrímur Hermannsson, 1. þm. Vestf., hv. 5. þm. Reykn., Jón Árm. Héðinsson, hv. 1. þm. **Vesturl., Ásgeir Bjarnason,** hv. 6. þm. Reykv., Auður Auðuns, og hv. 5. þm. Vestf., Hildur Einarsdóttir. Þessar till., sem fluttar voru af þessum hv. nm. menntmn. í Ed., vorn eins og ég sagði, með óskiljanlegum hætti dregnar til baka, og undrast ég það. Þm. þeir, sem fluttu þessar till., voru úr þremur stjórnmálaflokkum. Ég hef hér á þskj. 909 leyft mér ásamt hv. þm. Ellert B. Schram, Eyjólfi K. Jónssyni og Lárusi Jónssyni, að taka þessar till. upp til að ganga úr skugga um það, hvort hv. Nd. vill á þær fallast eða ekki, ef svo fer, að frv. þetta verður knúið til atkvgr. Þessar till. eru í stuttu máli á þessa lund:

1. Fyrirsögn I. kafla frv. breytist úr „Markmið og skólaskylda“ í: Markmið grunnskólans.

2. Í 1. mgr. 1. gr. verði felld niður orðin „á nefndum aldri“, en í staðinn komi: á aldrinum 7—15 ára. Þetta þýðir það, að í stað þess, að frv. gerir ráð fyrir því, að skólaskylda sé á aldrinum 7—16 ára, verði skólaskylda á aldrinum 7—15 ára, sem sé, skólaskylda verði einu ári skemmri en frv. nú gerir ráð fyrir og jafnlöng og hún er í dag.

3. Brtt. við 49. gr. frv., þar sem segir, að 1. mgr. orðist svo, með leyfi forseta:

„Börnum og unglingum er bæði rétt og skylt að sækja grunnskóla, fái þau ekki hliðstæða kennslu annars staðar í samræmi við 1. gr. um fræðsluskyldu og skólaskyldu, sbr. þó 7., 51., 52. og 75. gr. þessara laga.“

Ég gleymdi að geta þess í sambandi við brtt. um skólaskylduna að gert er ráð fyrir því, að fræðsluskyldan gildi í efsta bekk grunnskóla, þ. e. á 16. aldursári, og það þýðir, að opinberum aðilum, ríki og sveitarfélögum, sé skylt að halda uppi aðstöðu fyrir nemendur á þessu aldursstigi til náms. Og það er sú leið, sem ég tel heillavænlega og vinna að betri anda í skólastarfi, eins og ég hef margoft rakið, en skólaskylda, sem hefur ákaflega óheppileg uppeldisáhrif á þá nemendur, sem henni hlíta.

Í b-lið 3. brtt. segir, að í stað orðsins „skyldunámi“ í 1. málsl. 3. mgr. 49. gr. komi: grunnskólanámi, — þ. e. því námi, sem stundað er í grunnskóla og er skyldunám í fyrstu átta bekkj-

um, en um fræðsluskyldu að ræða í efsta bekk.

„c. 4. mgr. orðist svo:

„Nemandi, sem óskar að ljúka grunnskólanámi eftir að hafa horfið frá námi að loknum 8. bekk, á rétt á að fá þátttöku sína í atvinnulífinu metna til jafns við nám í tilteknum valgreinum 9. bekkjar.“

Hér er með ákveðnum hætti gerð tilraun til þess að festa á blað reglu, sem unnt væri að fara eftir í sambandi við það, hvernig meta ætti störf nemenda í atvinnulífinu í efstu bekkjum grunnskóla til jafns við nám. Þetta er ein af þeim ábendingum, sem ég gerði við 2. umr. málsins í hv. d., þegar fram hafði komið óljós og þokukennd till. frá hv. menntmn. um að taka það upp, að störf að atvinnuháttum þjóðarinnar skyldu metin til jafns við skólanám. Ég varpaði þá því fram þeim spurningum, hvernig það yrði metið við próf eða annað námsmat, ef unglingar færu úr efstu bekkjum grunnskóla, t. d. í apríl og maí, til þess að vinna í fiskiðnaði eða á annan hátt að hjálpa til við verðmætasköpun í þjóðfélaginu, eða þá unglingar úr sveit hyrfu til þess að hjálpa við sauðburð á búi foreldra sinna, svo að nokkuð væri nefnt. Ég fékk vitaskuld engin svör, vegna þess að enginn af nm. hafði gert sér nokkra grein fyrir því, hvernig þetta yrði framkvæmt. Hér er þó í þessari brtt., sem ég flyt hér ásamt þremur öðrum hv. þm., gerð tilraun til þess að kveða á um einn þátt þessa máls, hvernig með skuli farið, og ég hygg, að það sé mjög til bóta frá því, sem hið loðna orðalag og óljósa greinir nú í frv., eins og það er.

Ég skal ekki fara miklu fleiri orðum um þessar brtt. Ég tel, að ef svo fer fram sem horfir, að hæstv. menntmrh. og hæstv. forseti hyggist knýja fram afgreiðslu á þessu máli hér í lok þessarar umr., þá vænti ég þess, að þær till., sem ég hef hér mælt fyrir, fái hljómgrunn meðal hv. dm., vegna þess að ég hygg, að flestum muni sýnast, að þær séu eindregið og alfarið til bóta.

Ég vil minna á það í sambandi við 1. brtt. á þskj. 909, að nokkuð sambærileg till. var flutt hér við meðferð skólakerfisfrv. í hv. d., enda þótt hún væri ekki eins og henni fylgdu ekki þær sjálfsögðu brtt., sem hér fylgja á eftir og nauðsynlegt er að samþykkja, til þess að samræmi sé í málinu í heild. En ég minni á það, að lenging skólaskyldunnar var í þessari hv. d. samþ. með 17:16 atkv., 3 sátu hjá og 4 voru fjarstaddir. Þessi veigamikla ákvörðun hér í hv. d. var þann veg tekin af minni hl. þm. í d. Ég tel því fulla ástæðu til þess að gera mér vonir um, komi þetta frv. til lokaafgreiðslu hér í lok þessarar umr., að fylgi fáist við þær brtt., sem ég hef hér lýst.

Ég hef í ræðum um þetta mál, bæði við umr. nú í vetur og eins á þingi í fyrra, margsinnis lýst skoðunum mínum í sambandi við langa skólaskyldu og óheppileg áhrif hennar og sýnt fram á það með ljósum rökum, að hún er ekki einasta óþörf með tilliti til skólasóknar, hún er einnig skaðleg með tilliti til alls skólastarfsins og þeirra margvíslegu neikvæðu verkana, sem hún hefur á nemendur og allt starf skóla og þar með á framtíð þeirra nemenda, sem við eiga að búa. Ég hef í þessum umr. stundum vitnað til umsagna ýmissa aðila, sem um þetta mál hafa fjallað og sent umsagnir til Alþingis. Ég hef þó ekki hirt um að hafa þessar umsagnir fyrir framan mig eða rekja þær nákvæmlega, svo að þær mættu komast inn í þskj. Ég tek það fram, að ég tel, að þegar um svo viðurhlutamikið mál er að ræða sem þetta mál er og svo þýðingarmikið fyrir æsku landsins og framtíð þjóðarinnar, þá væri ómaksins vert, að sú þn., sem um mál þetta fjallar, tæki það upp að birta umsagnir, sem borist hafa um svo þýðingarmikið mál sem þetta, sem fskj. með nál. Ég vænti þess, að það, að þetta skuli ekki hafa verið gert, stafi af óaðgæslu þeirrar hv. n., sem um mál þetta hefur fjallað, og því, að þetta er ekki tiltakanlega ríkjandi venja, fremur en það hafi stafað af því, að hv. n. hafi kosið að leyna þeim umsögnum, sem fyrir liggja. En ég skal ekki vera með neinar getsakir um það. Ég tel, að þegar um svo þýðingarmikil mál er fjallað sem þetta, þá ætti það að vera regla að birta umsagnir, sem nefndum berast, sem fskj. með nál. til þess að fá þær umsagnir allar inn í þskj. og hv. alþm. ættu greiðan aðgang að því að kynna sér slíkar umsagnir, meðan mál eru til meðferðar í Alþ. Það er nú einu sinni þannig með störf okkar þm., að þau eru ærin, enda þótt sú skoðun heyrist stundum utan þingsala, að þingmannsstarfið sé ekki viðamikið, en þá er reynslan sú, að við höfum í ýmsu að snúast og hliðrum okkur jafnvel við að ganga ýmis þau spor, sem ástæða væri til að stíga. Þess vegna mun það fara svo fyrir flestum, sem um mál fjalla hér á hv. Alþ. og ekki skipa þá þn., sem sérstaklega fjallar um það mál, sem er á dagskrá, að þeir hirða ekki að kynna sér þær umsagnir, sem borist hafa um hið tiltekna mál, enda þótt þær liggi fyrir með plöggum Alþ. hér í næsta húsi eða svo gott sem. Þess vegna tel ég, að það sé og ætti að vera viðtekin regla að birta umsagnir, þegar um viðamikil mál er að ræða, sem fskj. með nál. Þessu beini ég m. a. til formanns þeirrar hv. n., sem um mál þetta hefur fjallað. Ég þykist þess fullviss, að eftir þá ábendingu, sem ég hef hér gert, að ef hv. form. menntmn., hv. 3. þm. Vestf., mundi öðru sinni fjalla um svo þýðingarmikið og veigamikið mál sem hér er á ferðinni, þá mundi hann taka þetta til greina og birta allar umsagnir.

Í ræðum um þetta mál á undanförnum þingum hef ég stundum vitnað til fundar skólastjóra gagnfræða-, héraðs- og miðskóla, sem haldinn var dagana 24.—26. júní 1971 að Reykjum í Hrútafirði. Ég hef vitnað til álits þessara manna fyrst og fremst vegna þess, að hér er um menn að ræða, sem kunnugri eru skólastarfi á því stigi skólakerfisins, sem hér er um fjallað, heldur en nokkrir aðrir menn. Skólastjórar á miðskólastigi og héraðsskólastigi eru öllum öðrum mönnum kunnugri meðferð skólamála og þeim vankönturn, sem eru á ríkjandi fræðslulögum. Og þeir hafa betri aðstöðu en allir menn aðrir að gera sér þess grein, hvaða vankantar hafa verið og eru á því frv., sem hér er til meðferðar. Þess vegna hef ég talið það veigameira að vitna til álits þessara manna heldur en ýmissa annarra, þótt góðir og gildir séu, en ég hef hér

fyrir framan mig þær umsagnir, sem menntmn. hv. Nd. hafa borist undir meðferð þessa máls.

Vegna þess að ég hef ekki í hyggju hér að tefja störf Alþ. við meðferð þessa máls, svo að neinu nemi eða að óþörfu, þá ætla ég ekki að hverfa að því að rekja þessar umsagnir að neinu marki. En vegna þess að ég tel, að álit stjórnenda skóla á því stigi skólakerfisins, sem hér varðar mestu, þ. e. á gagnfræða-, héraðs- og miðskólastiginu, varði það miklu, að ástæða sé til, að það komist inn í þskj., þá vil ég leyfa mér — með leyfi hæstv. forseta — að lesa þessa umsögn. Hér er um að ræða fund skólastjóra gagnfræða-, héraðs- og miðskóla dagana 24.—26. júní 1971 í héraðsskólanum að Reykjum í Hrútafirði.

„1. Fundarsetning. Nöfn þátttakenda: Fimmtudaginn 24. júní 1971 kl. 10 árdegis setti fræðslumálastjóri, Helgi Elíasson, boðaðan fund með skólastjórum héraðs-, mið- og gagnfræðaskóla í Héraðsskólanum að Reykjum í Hrútafirði. Ávarpaði hann skólastjóra og bauð þá velkomna til fundarins, skipaði fundarstjóra Ólaf H. Kristjánsson, Reykjum, Ólaf Þ. Kristjánsson, Hafnarfirði, og Jóhann Jóhannsson, Siglufirði. Fundarritarar voru tilnefndir Björn Jónsson, Reykjavík, og Sigurjón Jóhannesson, Húsavík.“ — Ég tek það fram, að ég rek þetta til þess að vekja athygli á því, hvaða menn hér er um að ræða og hvaða menn það eru, sem áttu sæti á þessum fundi. — „Ólafur H. Kristjánsson bauð gesti velkomna til staðarins, kvaðst vænta þess, að þeir ættu ánægjulega daga að Reykjum. Þessir sóttu fundinn:

Ástráður Sigursteindórsson, skólastj., Rvík.
Bergur Felixson, skólastjóri, Blönduósi.
Björn Jónsson, skólastjóri, Reykjavík.
Guðrún Magnúsdóttir, frú, Reykjavík.
Eyjólfur Pálsson, skólastjóri, Vestmannaeyjum.
Friðbjörn Benónýsson, skólastjóri, Reykjavík.
Guðmundur Hansen, skólastjóri, Kópavogi.
Sigrún Gísladóttir, frú, Kópavogi.
Guðmundur Magnússon, skólastjóri, Reykjavík.
Anna A. Frímannsdóttir, frú, Reykjavík.
Gunnlaugur Sigurðsson, skólastj., Garðahreppi.
Gylfi Pálsson, skólastj., Brúarlandi, Mosf.sveit.
Halldór Gunnarsson, skólastjóri, Lundi.
Helgi Elíasson, fræðslumálastjóri, Reykjavík.
Helgi Þorláksson, skólastjóri, Reykjavík.
Helgi Þorsteinsson, skólastjóri, Dalvík.
Jóhann Jóhannsson, skólastjóri, Siglufirði.
Aðalheiður Halldórsdóttir, frú, Siglufirði.
Jón Á. Gissurarson, skólastjóri, Reykjavík.
Anna Þórðardóttir, frú, Reykjavík.
Jón H. Jónsson, skólastjóri, Hlíðardalsskóla.
Jón Pálsson, skólastjóri, Skagaströnd.
Jónas B. Jónsson, fræðslustjóri, Reykjavík.
Guðrún Ögmundsdóttir, frú, Reykjavík.
Kristmundur B. Hannesson, skólastj., Reykjanesi
Kristinn Jóhannsson, skólastjóri, Ólafsfirði.
Magnús Jónsson, skólastjóri, Reykjavík.
Oddur A. Sigurjónsson, skólastjóri, Kópavogi.
Ólafur Haukur Árnason, deildarstjóri, Kópavogi.
Björg Hansen, frú, Kópavogi.
Ólafur H. Kristjánsson, skólastjóri, Reykjum.
Sólveig Kristjánsdóttir, frú, Reykjum.
Ólafur Þ. Kristjánsson, skólastjóri, Hafnarfirði.
Ragnheiður Gísladóttir, frú, Hafnarfirði.
Ólafur Óskarsson, yfirkennari, Reykjavík.
Ragnar Guðjónsson, skólastjóri, Vopnafirði.
Rögnvaldur Sæmundsson, skólastjóri, Keflavík.
Sigurður Kristjánsson, skólastjóri, Laugum.
Sigurður K. G. Sigurðsson, skólastj., Ísafirði.
Sigurjón Jóhannesson, skólastjóri, Húsavík.
Sigurþór Halldórsson, skólastjóri, Borgarnesi.
Kristín Guðmundsdóttir, frú, Borgarnesi.
Steinn Stefánsson, skólastjóri, Seyðisfirði.
Soffía Jónsdóttir, frú, Seyðisfirði.
Sverrir Pálsson, skólastjóri, Akureyri.
Sveinn Kjartansson, skólastjóri, Hvammstanga.
Vilhjálmur Einarsson, skólastjóri, Reykholti.
Þorkell Steinar Ellertsson, skólastj., Eiðum.“

Þar með eru taldir þeir skólastjórar og aðrir skólamenn, sem sæti áttu á þeim fundi, sem þá ályktun hefur samþykkt, sem hér á eftir verður nokkuð rakin. Ég hygg, að ekki sé ofmælt, þótt þarna sé um að ræða þá menn, sem gerst hafa kynnst því stigi skólakerfisins, sem um er fjallað í því frv., sem hér er til umr. Þessir menn hafa í starfi sínu kynnst náið þeim vandkvæðum, sem við er að etja í skólastarfi, og eru öllum öðrum mönnum bærari þess að veita umsögn um nýja fræðslulöggjöf. Þess vegna tel ég ríka ástæðu til, að umsagnir þessara manna verði hér raktar og komist inn í þskj. og hv. þdm. kynni sér þessar umsagnir.

Næsti liður í þessari umsögn greinir frá umr. um grunnskólafrv. Þar segir svo, með leyfi hæstv. forseta:

„Gengið til dagskrár um grunnskólafrv., frsm. Helgi Elíasson fræðslumálastjóri. Reifaði hann frv. í stórum dráttum, lagði síðan til, að þátttakendum yrði skipt í þrjá umræðuhópa til að fjalla um frv. Hófust síðan almennar umr. til kl. 12, og tóku þessir til máls:

Oddur Sigurjónsson gagnrýndi val þeirra manna, sem unnið hefðu að samningu grunnskólafrv. Hann ræddi síðan um skólaskyldu, taldi, að hún næði ekki tilgangi sínum gagnvart 8—10% nemenda, sem getuminnstir væru, og þótti fráleitt að lengja skyldunámið. Hins vegar bæri að auka skyldu hins opinbera til að aðstoða einstaklinginn, hvenær sem hann leitaði eftir hjálp. Oddur lýsti yfir ánægju sinni með stofnun bókasafna, en gagnrýndi annars flesta meginþætti frv., ekki síst 91. gr.

Ástráður Sigursteindórsson ræddi um 1. gr. frv., sem fjallar um markmið grunnskólans. Hann gagnrýndi, að þar væri ekkert tekið fram um kristilegan grundvöll skólans. Hann bað menn að gera sér grein fyrir, hvað vantaði og hvað í húfi gæti verið.

Magnús Jónsson gagnrýndi fyrirhugaða lengingu skólaskyldunnar og taldi hana ekki tímabæra. Enn fremur áleit hann stjórnunarkafla frv. varhugaverðan í núv. mynd, þar sem dregið væri úr valdi skólastjóra. Hann vildi, að reglugerð væri sett um stjórnun, en ekki lögbinding. Magnús taldi nauðsynlegt, að sálfræðingar og skólastjórar hefðu starfsreynslu sem kennarar.

Steinn Stefánsson gagnrýndi nafn grunnskólans og taldi vafasamt, að skipting landsins í kjördæmi og fræðsluumdæmi færi alltaf vel saman. Hann kvaðst vera á móti langri skólaskyldu og vildi láta afnema hana á gagnfræðaskólaaldri.

Jón Á. Gissurarson ræddi um lengingu skóla-

skyldunnar og taldi hana óþarfa og neikvæða.

Helgi Þorláksson gagnrýndi undirbúning grunnskólafrv., þar sem starfandi skólamenn og fulltrúar dreifbýlisins hefðu ekki verið hafðir nægilega með í ráðum. Hann taldi æskilegt, að sami starfstími væri fyrir allan hinn almenna skóla, eins og tekið er fram í frv., en hins vegar væru ekki jafnhreinar línur með lengingu skólaskyldunnar. Hann minntist á starfstíma skólastjóra og námsstjóra og áleit vafasamt að skipa í slíkar stöður ævilangt. Helgi vék að markmiði skólans og taldi, að taka bæri skýrt fram um undirstöðu kristinnar siðfræði í skólastarfinu. Hann vakti athygli á góðu starfi sálfræðinga í þágu skólanna og minnti á sálfræðiþjónustu skóla í Reykjavík. Helgi óskaði eftir nánari útskýringu á framkvæmd skólastarfs samkv. grunnskólafrv.

Jónas B. Jónsson benti á nokkur atriði, sem æskilegt væri að ræða í starfshópum, þ. e. lengingu skólaskyldunnar og vald skólastjóra. Enn fremur svaraði hann lauslega fsp. Helga Þorlákssonar.“

Er hér er komið sögu, þá er greint frá því í umsögn þessari, að mönnum er skipað í starfshópa og unnið í starfshópum til kvölds og fyrirhuguð skemmtiferð umhverfis Vatnsnes, sem ég vænti, að skólastjórar hafi notið með ágætum. Þá kemur að því, að flutt eru framsöguerindi starfshópa:

„Voru þar taldar upp breyt., er óskað var, að gerðar yrðu á einstökum gr. grunnskólafrv. Frsm. voru Ástráður Sigursteindórsson, Guðmundur Magnússon og Ólafur Þ. Kristjánsson. Að loknum framsöguerindum hófust frjálsar umr.

Helgi Þorláksson gerði aths. við 34. gr. frv. og lagði til, að kennarafundir yrðu á starfstíma kennara, gjarnan settir á stundaskrá að hausti. Hann ræddi enn fremur um æskilega menntun og starfsreynslu manna í menntmrn.“

Slík ábending hefur t. d. í þessum umr. hvergi komið fram, svo að mér sé kunnugt, sem kemur þarna fram frá þessum merka skólamanni, að það kunni að vera æskilegt, að þeir menn, sem valdir eru til starfa í menntmrn., hafi einhverja starfsreynslu. Það a. m. k. kemur ekki fram, hvort þessu hefur verið fylgt og þetta haft í huga hingað til. En ábyggilega væri þörf á því, að það yrði haft í huga þá framvegis.

„Friðbjörn Benónýsson ræddi um skólaskyldu og fræðsluskyldu, en benti á, að vegna ágalla á grunnskólafrv. væri athugandi að fjölga mönnum í n. Hann lýsti þeirri skoðun sinni, að kirkjan væri helst til ágeng að koma viðhorfum sínum inn í frv. Minnst var á 91. gr. og óskað eftir styttingu hennar, en jafnframt mælst til þess, að rétti nemandans yrði haldið á loft.

Helgi Þorsteinsson talaði um fyrirhugaða samþjöppun námsefnis og spurði, hvernig henni skyldi hagað. Hann taldi vafasamt, að unnt yrði að flýta náminu að nokkru ráði í yngri bekkjum barnaskólans. Öðru máli gegndi um eldri bekki barnaskólans, en þar þyrfti að vinsa úr námsefni.

Helgi Elíasson ræddi um niðurstöður samstarfshópanna og ýmis atriði grunnskólafrv. Hann taldi gott fyrir n., er starfa mundi áfram að frv., að fá ábendingar þær, sem fram hefðu komið. Hann mælti með 9 ára fræðsluskyldu, þar sem hún væri lágmarksmenntun vegna framhaldsnáms.“

Athugandi er, að Helgi Elíasson fræðslumálastjóri mælir með 9 ára fræðsluskyldu, en ekki 9 ára skólaskyldu. Og er það nákvæmlega í samræmi við þær skoðanir, sem ég hef mælt fyrir við umr. um þetta mál hér á undanförnum þingum.

„Vilhjálmur Einarsson minnti á styrk ríkisins við gagnfræðaskóla dreifbýlisins. Hann taldi frv. sniðið eftir erlendum fyrirmyndum, sem ættu ekki við hér á landi í mörgum tilvikum. Hann benti á, að lenging skólaársins skerti þann tíma, sem menn hefðu til að afla sér fjár til vetrarins. Þá yrði a. m. k. að koma til öflugur fjárhagslegur stuðningur ríkisvaldsins við nemendur.“

Það skyldi þó ekki vera, að þarna lægi enn ótalinn gildur póstur, sem yrði til þess að stórhækka útgjöld ríkisins til skólamála, ef frv. verður samþ. En þessum þætti hefur ekki verið gefinn gaumur við meðferð þessa máls, svo að mér sé kunnugt, og ekki í umr. hér á Alþ.

„Jón Á. Gissurarson minntist á ólíka aðstöðu dreifbýlis og þéttbýlis og taldi, að taka yrði tillit til þessa atriðis.

Jónas B. Jónsson svaraði ýmsum fsp., sem beint hafði verið til nm.

Magnús Jónsson kom með aths. um starfstíma skólastjóra.

Steinn Stefánsson talaði um lengd skólaskyldu og jöfnun á aðstöðu dreifbýlis og þéttbýlis. Hann harmaði, að verknám hefði orðið útundan í grunnskólafrv., og óttaðist, að ýmsar nýjungar kynnu að verða erfiðar í framkvæmd. Steinn vildi lækka leyfilegt meðaltal úr 15 í 12 í bekkjardeild, til þess að heimilt yrði að starfrækja skóla í dreifbýli.“

Þá kemur þar í frásögn af þessum fundi og áliti þessa fundar, að skipuð er n. til að gera till. um breyt. á frv. og fundarhlé gefið. Er fundur hófst að nýju, var frsm. n. Kristinn Jóhannsson. Lagði hann fram fjölritað álit n. Þessir tóku til máls:

„Helgi Elíasson taldi, að tryggja þyrfti hag nemenda í dreifbýli á 9. ári skólagöngunnar, ef skyldunámið yrði einungis 8 ár. Bergur Felixson taldi vafasamt að lækka leyfilegt lágmark nemenda í deildum, fremur bæri að sameina smáar einingar. Ástráður Sigursteindórsson ræddi um störf n., og Gylfi Pálsson gerði aths. við orðalag. Magnús Jónsson benti á, að ekki bæri að rýra rétt Reykjavíkur til sjálfstæðis í málum sínum, heldur ætti að efla rétt annarra landshluta til svipaðs sjálfstæðis. Helgi Þorláksson ræddi um lengd skólaskyldunnar, og Guðmundur Magnússon vildi, að tekið yrði fram í áliti n., að fulltrúi dreifbýlisins yrði kvaddur til ráða við endurskoðun grunnskólafrv. Hann taldi, að lenging skólaskyldu væri góðra gjalda verð, þegar hennar tími væri kominn, en svo væri ekki enn. Umr. urðu um lengingu skólaskyldunnar og kom fram, að menn töldu, að lenging hennar væri ekki tímabær við núv. aðstæður, en gæti verið æskileg, þegar margvíslegum skilyrðum hefði verið fullnægt.“

Skoðanakönnun fór fram um eftirfarandi tillögur:

1. Með lengingu skólaskyldu, eins og fram

kemur í frv., — 0 —þ. e. enginn meðmæltur lengingu skólaskyldunnar, eins og hún kemur fram í frv.

2. Með lengingu skólaskyldu, þegar ýmsum skilyrðum hefur verið fullnægt. Með því greiða atkv. 10, en enginn eins og frv. gerir ráð fyrir.

3. Andvígir lengingu skólaskyldu 16 eða meiri hl." (**Gripið fram í:** Var Pálmi Jónsson á fundinum?) Pálmi Jónsson var ekki á þessum fundi, og ef hv. 2. þm. Sunnl. óskar eftir því, að ég lesi að nýju upp nöfn þeirra manna, sem sátu þennan fund, er það sjálfsagt, ef hann ber fram sérstaka ósk um það efni. En hér er um að ræða skólastjóra við*s* vegar af landinu á gagnfræða-, mið- og héraðsskólastigi, þá menn, sem gerst þekkja til í sambandi við skólamál á því stigi fræðslumála, sem grunnskólafrv. fjallar um. Og held ég, að hv. 2. þm. Sunnl. gæti verið mér sammála um, að þessir menn þekki skólastarf á þessu skólastigi betur en allir aðrir menn og þeirra *till. beri að meta umfram till. annarra* manna. (ÁÞ: Þeir voru ekki sammála.) Enginn mælti með lengingu skólaskyldunnar, eins og frv. gerir ráð fyrir, 16 voru andvígir lengingu skólaskyldunnar, og með styttingu skólaskyldu mælti einn.

„Brtt. voru gerðar við frv. Till. frá Magnúsi Jónssyni um breyt. á V. kafla, 4. mgr., var felld. Till. Guðmundar Magnússonar um breyt. á inngangi var samþ. shlj." Síðan er greint frá því, að till. n. hafi verið bornar upp í heilu lagi með áorðnum breyt. og samþ. shlj. Að því loknu er greint frá ávarpsorðum fræðslumálastjóra og Ólafs Þ. Kristjánssonar og fundarslitum.

Verður þá horfið að því að rekja álit þau, sem fram komu eftir þær umr., sem ég hef nú drepið á nokkra punkta úr hér að framan, en álit fundar skólastjóra gagnfræðastigsins á frv. til l. um grunnskóla er svo hljóðandi, með leyfi hæstv. forseta:

„Inngangur: Fundurinn telur, að margt í frv. þurfi nákvæmrar athugunar við og engin viðhlítandi úttekt verði á því gerð á svo skömmum tíma er hér var til umráða, og leggur áherslu á, að tilkallaðir verði starfandi skólamenn af viðkomandi skólastigum við endanlega mótun frv., bæði úr *dreifbýli og þéttbýli*. Fundurinn leyfir sér þó að gefa eftirfarandi ábendingar og vill í fyrsta lagi benda á, að nokkrar gr. eða hluti gr. í frv. ættu fremur að standa í reglugerðum en lögum, og má sem dæmi benda á 30. gr. og 91. gr.

I. kafli.

Fundurinn *álítur*, að 1. mgr. skuli hljóða svo: Grunnskólinn skal í samvinnu við heimilin veita nemendum siðgæðislegt og félagslegt uppeldi byggt á kristnum grunni, sem miði að því o. s. frv.

II. kafli.

Í sambandi við skólaskyldu, sbr. 2. gr., leggur *fundurinn til*, að 2. mgr. hljóði svo:

Öllum ungmennum á aldrinum 7—15 ára er skylt að sækja skóla.

Hvað viðvíkur 5. gr. komi ljóst fram, að ef misbrestur verður á skólahaldi vegna vanrækslu eða vangetu sveitarfélags, sé menntmrn. skylt að sjá um nauðsynlegar úrbætur.

Þá fagnar fundurinn þeim úrbótum, sem felast í 9.—11. gr., en bendir jafnframt á, að þegar kannaðar eru þarfir nemenda til sérkennslu, sé ávallt leitað álits skólans."

Í sambandi við þennan þátt ályktunarinnar vil ég leyfa mér að benda á, að niðurstaða skólastjóra-fundarins um lengingu skólaskyldu, lengd skólaskyldu og um fræðsluskyldu er nákvæmlega sú hin sama og gerðar eru till. um í þeim brtt., *sem ég og þrír* aðrir hv. þm. í þessari hv. d. höfum lagt fram.

„III. kafli.

Lögð er á það áhersla, að óheppilegt sé að lögfesta fjölda skólaumdæma. Þá telur fundurinn, að endurskoða þurfi form byggingardeildar rn., t. d. með tilliti til félagsaðstöðu nemenda, og einnig að þau brjóti ekki í bága við gildandi samþykktir, t. d. heilbrigðisyfirvalda. Þá er talið, að meta þurfi þátttökuhlutfall ríkissjóðs í byggingarframkvæmdum við skóla með tilliti til fjárhagslegrar getu viðkomandi sveitarfélags. Einnig skal við það miðað, að eldri deildir skólastigsins séu í einsettu húsnæði.

Í sambandi við 17., 18. *og* 58. *gr. komi ætíð* til álit skólastjóra.

IV. kafli.

Fundurinn álítur, að yfirkennarar skuli fastráðnir ríkisstarfsmenn og launaðir sem slíkir og starfssvið þeirra tilgreint með reglugerð. Að öðru leyti gildi ákvæði 31. gr. um ráðningu þeirra.

Nauðsynlegt er, að 30 gr. frv. verði endurskoðuð frá grunni, einkum með tilliti til hámarks *reiknaðara stunda, og verði haft fullt* samráð við skólastjóra við þá endurskoðun. Tekið verði þá sérstakt tillit til stærðar skóla og ýmissa ótilgreindra þarfa. Þó telur fundurinn, að fastara form verði að koma á framkvæmd á veitingu orlofa, þannig að ákvörðun berist ætíð viðkomandi kennara og skólastjóra það tímanlega, að tryggt sé, að viðkomandi geti nýtt orlof svo sem efni stóðu til.

V. kafli.

Fundurinn telur *einsýnt*, að skilgreina þurfi, við hvað er átt með því menntmrn., sem oft er nefnt í frv., og að tryggt verði, að yfirstjórn skólamála verði ætíð í höndum menntaðra og reyndra skólamanna, og á þetta ekki síður við um þá, er skipa fræðslustjóraembætti og önnur slík í tengslum við skólana."

Sem innskot við þessa mgr. finnst mér, að okkur, sem ekki höfum starfað að skólamálum, sé vorkunn, þó að við rötum ekki ævinlega í gegnum þann frumskóg, sem hæstv. menntmrn. er, úr því að sjálfir skólastjórarnir, sem eru á þessum fundi, telja, að það þurfi að skilgreina það nákvæmar, hvað átt sé við, þegar talað er um menntmrn.

„Þá er og talið, að þau atriði, sem um er fjallað í 35. og 36. gr., verði kveðið á um í reglugerð og að 37. gr. falli niður sem lagagr. Einnig er talið nauðsynlegt, að ráðningu í skólastjóra- og kennarastöður verði lokið 1. *júlí og einnig*, að starfstími skólastjóra teljist allt að tveimur mánuðum lengri en starfstími skólans er. Talið

er æskilegt, að fræðslustjóri verði ekki ráðinn nema til 6—8 ára í senn, enda sé honum að þeim tíma loknum gefinn kostur á öðru starfssviði innan skólakerfisins. Eðlilegt er talið, að fræðsluumdæmi hafi sem mest sjálfstæði og ekki sé ástæða fyrir annarri skipan mála í Reykjavík en öðrum fræðsluumdæmum. Varla getur talist ástæða til, að taka þurfi fram í lögum, að yfirstjórnendum fræðslumála sé heimiluð fundarseta á fundum fræðsluráðs, sbr. 52. gr.

VI. kafli.

Ekki er talið nauðsynlegt, að starfstími skóla sé í lögum einskorðaður við þær dagsetningar, sem í frv. eru, enda skili þeir þá tilskildum starfstíma. Þó skal þess í hvívetna gætt, að hvergi sé starfsorku nemenda né kennara ofboðið í óhóflegu daglegu álagi, og einnig verði að því stefnt, að dagleg starfsskylda kennara sé af hendi leyst í skólanum á föstum vinnutíma. Talið er æskilegt, að meðaltal nemenda í bekkjardeildum grunnskóla sé ekki yfir 25 og nemendafjöldi í bekkjardeild ekki yfir 30, sbr. 68. gr. Hvað varðar efni 72. gr., þá verði að jafnaði við það miðað, að meðalfjöldi nemenda í deild verði ekki minni en 10.

VII. kafli.

Fundurinn er í meginatriðum samþykkur áformum um námsmat og lýsir sig fylgjandi þeirri stefnu, að dregið sé úr prófum í grunnskóla og þætti prófdómara í slíkum störfum."

Það eru hér engar aths. við VIII. og IX. kafla, en við X. kafla. — 91. gr. er talin óhæf í núv. formi og lagt til, að í gr. verði almenn ákvæði, sem gerðu hvort tveggja að tryggja rétt nemenda og eðlilega starfsemi skólans. Þá verði og tekið tillit til aldurs nemenda og mismunandi gerða skóla. Nánari ákvæði verði í reglugerð.

Þá er lýst ánægju með forskólaheimild og bókasöfn.

„XIV. kafli.

Í sambandi við 86. gr. leggur fundurinn áherslu á, að félagsráðgjafi og skólaráðgjafi verði starfsmenn skólans, en lýsir ánægju yfir aukinni sálfræði- og félagslegri þjónustu í skólunum."

Þá eru lokaorð í þessum þætti ályktunarinnar:

„Þá vill fundurinn vænta þess, að að lokinni afgreiðslu nýrra laga um skólamál verði þegar ákveðið, hvenær slík lög koma til fullnaðarframkvæmdar, og bendir á mikilvægi þess, að framkvæmd þeirra verði með þeim hætti, að verði uppvaxandi kynslóð til heilla og þroska og svo um búið, að starfsvettvangur innan skólakerfisins sé til þess líklegur að laða til hæfa menn og vel mennta."

Þá er hér ógetið álits tveggja umræðuhópa, og vegna þess hvað þar er um stutt mál að ræða, vil ég — með leyfi hæstv. forseta — rekja meginþætti, sem fram koma í þeim álitum. Hér er um umræðuhóp I:

„Hópurinn álítur, að margt í frv. þurfi gagngerðrar endurskoðunar við og margt, sem þar er, eigi fremur heima í reglugerðum en lögum. Hópurinn ber ekki fram fastmótaðar brtt., heldur aðeins nokkrar ábendingar, sem af kunna að leiða frekari breyt. á l., þótt ekki sé út í þær farið nánar. Þó vill hópurinn taka sérstaklega fram, að þær ábendingar, sem hann kemur fram með, eru engan veginn tæmandi og þýða ekki það, að önnur ákvæði viðkomandi kafla þurfi ekki athugunar við. Loks tekur hópurinn fram, að vegna tímaskorts var ekki unnt að taka til meðferðar í hópnum nema fimm fyrstu kafla frv."

Um I. kafla segir: „Í 1. gr. leggur hópurinn til, að tekin verði inn orðin „á kristilegum grundvelli" á eftir orðunum „siðgæðislegt og félagslegt uppeldi." Þetta hygg ég, að sé komið inn í frv. og ekki ástæða til að fjalla um það frekar.

„Í 2. gr. leggur hópurinn til, að niður falli orðin „á þessum aldri" og í staðinn komi: á aldrinum 7—15 ára" — nákvæmlega eins og gert er í 2. brtt. þeirri, sem ég hef hér mælt fyrir og flutt er ásamt mér af þremur öðrum hv. þm. og var flutt í Ed. af 6 hv. nm. menntmn., en dregin til baka af óskiljanlegum orsökum.

„Við 5. gr. Síðasta ákvæði gr. sé orðað þannig: „Að menntmrn. beri skylda til að sjá um, að l. verði fullnægt."

Nokkrar orðalagsbreytingar fleiri eru gerðar till. um við II. kafla. Sé ég þó ekki ástæðu til að rekja þær til hlítar.

Við III. kafla eru þessar ábendingar helstar:

„14. gr. Ekki er talin ástæða til að binda fjölda fræðsluumdæma við töluna 8 hið mesta.

17. gr. Á eftir 1. mgr. komi: samkv. till. skólastjóra.

18. gr. Í gr. séu tryggð umráð skólastjóra yfir skólamannvirkjum."

Þarna kemur fram sá vilji þessara skólamanna, að tryggð séu aukin áhrif skólastjóranna miðað við það, sem frv. gerði ráð fyrir, og það þarf síst að undra, þar sem frv. dregur verulega úr valdsviði og ábyrgð skólastjóra í sambandi við skólastarfið allt.

Þá taldi hópurinn, að í sambandi við þennan kafla l. þurfi að koma ákvæði um, að séð sé fyrir það miklu húsnæði, að unnt sé að halda einsetnum skóla, a. m. k. í eldri bekkjum.

Um IV. kafla eru hér allmargar ábendingar, sem ég tel ekki ástæðu til þess að rekja. Þær fjalla að sumu leyti um starfskjör kennara, og orkar að mínu mati tvímælis, hvort eigi að fjalla um þau í l. sem þessum, heldur í öðrum lögum og reglugerð.

Um V. kafla. Bent er á, að vald menntmrn. er samkv. l. þessum mjög mikið og því brýn nauðsyn á, að ráðuneytisstjóri og þeir, sem með þessi mál fara í rn., séu allir þrautreyndir skólamenn. Bent er á m. a., að vald fræðslustjóra sé mjög mikið og þurfi að tryggja, að í það starf sé ávallt valinn þrautreyndur skólamaður. Þá var talið æskilegt, að starfstími hans yrði takmarkaður við 6—8 ár á hverjum stað, að þeim tíma liðnum sé honum tryggt annað starf. Þá var og nokkuð rætt um sérstöðu Reykjavíkur í sambandi við 49.—51. gr. og ekki talið æskilegt, að önnur skipan gildi þar en úti á landi.

Ég sé ekki ástæðu til að rekja fleiri þætti úr áliti þessa umræðuhóps, en þá er hér ógetið III. og IV. umræðuhóps.

Það er í fyrsta lagi:

„Hópurinn gagnrýnir skipan n. og undirbúning að samningu grunnskólafrv. og bendir á eftirfarandi atriði" — eins og aðrir hafa gert: „Eng-

inn fulltrúi dreifbýlisins á sæti í n. og enginn starfandi skólamaður úr gagnfræðaskóla. Raunhæf úttekt fari fram á gildandi fræðslulögum, áður en samið er frv. að nýju" — og þótti engum mikið. Frv. var aðeins sent flestum skólamönnum til kynningar, en ekki til umsagnar, eins og sjálfsagt hefði verið. „Mjög skiptar skoðanir voru um lengingu skólaskyldunnar. Meiri hl. telur hana ekki tímabæra og bendir m. a. á, að enn sé 8 ára skólaskylda ekki að fullu komin til framkvæmda. Þeir, sem ákveðnast gagnrýndu þetta ákvæði, töldu það mannréttindamál, að það yrði ekki að lögum, — þar ætti fræðsluskylda að nægja. Minni hl., einkum fulltrúar úr dreifbýli, taldi hins vegar, að verulegur fjöldi unglinga nyti ekki framhaldsmenntunar vegna ónógra lagaákvæða og ónógrar hvatningar til náms. Það væri því nánast mannréttindamál að koma þessum ungmennum til aðstoðar. Niðurstaða umr. í þessum umræðuhópi varð því sú, að æskilegt og raunar nauðsynlegt væri að framkvæma fyrst 8 ára skólaskyldu til fulls og að skólarnir væru ekki nú viðbúnir lengingu skólaskyldunnar af ýmsum ástæðum."

Enn ber að sama brunni, að enn er mælt gegn lengingu skólaskyldunnar.

Til þess að tefja ekki tímann um of, vil ég sleppa hér að lesa nokkra þætti úr þessu áliti, enda þótt það sýnist ástæða til þess, að meginhluti þess a. m. k. komist inn í þingtíðindin.

Um V. kafla var talið eðlilegt, að reglugerð fjallaði um atriðin í greinum nr. 35, 36 og 37, og spurning, hvort 37. gr. ætti ekki alveg að hverfa. Vegna ákvæða í 43. gr. var bent á, að ráða hefði þurft skólastjóra fyrr en áður var gert ráð fyrir og starfstími hans miðaður við 11 mánuði.

Við VI. kafla:

„Ákveða skal kennslustundafjölda á ári, en hverjum skóla síðan gefið nokkurt frelsi til að ráða strafstímanum með tilliti til árstíða og sérstakra aðstæðna, sem kynnu að skapast í sumum byggðarlögum. Var bent á sem dæmi, að eðlilegra væri að fella niður kennslu í svartasta skammdeginu, en kenna heldur fram í júní. Einnig er þar bent á, að í sumum verstöðvum þurfi stundum að gefa nemendum leyfi frá skólastarfi til að bjarga miklum verðmætum frá glötun, það sannaði reynslan."

Ég vil taka það fram í sambandi við þessar till., að þær eru nokkuð í samræmi við það, sem fram kom í ræðu hv. 4. þm. Austf. hér áðan, að hann taldi, sem ég tek undir, að ástæða kunni að vera til að hafa heimild til að haga starfstíma skóla með mismunandi hætti eftir árstíðum í hinum einstöku skólahverfum og með hliðsjón af öðrum ástæðum. Ég lít þó svo á, að nauðsynlegt sé sem aðalregla að nota veturinn sem best til skólastarfsins og þar með svartasta skammdegið, sem hér er nefnt, og stytta heldur skólatímann bæði að hausti og vori. En þar kunna að gilda mismunandi aðstæður eftir byggðarlögum og eftir þeirri þörf, sem atvinnulíf þjóðarinnar á hverjum stað hefur fyrir þá vinnu, sem skólanemendur geta af mörkum lagt.

VII. kafla var það sameiginlegt álit hópsins, að draga bæri úr prófum og endurskoða frá grunni ákvæðin um prófdómara. Talið var, að kostnaður við störf prófdómara væri allt of mikill. Því fé ætti að verja til nytsamlegri hluta í skólastarfinu.

Um X. kafla: „Endurskoða þarf 91. gr. frv. frá grunni. Hún er of löng og óljós, og flest ákvæði hennar ættu fremur heima í reglugerð."

Um XIV. kafla: „86. gr. Félagsráðgjafar og skólaráðgjafar verði starfsmenn skólanna og heyri beint undir skólastjóra. Nauðsynlegt var talið, að þeir sem og skólasálfræðingar hefðu nokkra kennarareynslu, áður en þeir komi til starfa sem sérfræðilegir ráðunautar, enda þurfi hvort tveggja að fara saman, a. m. k. í smærri skólum. Umræðuhópurinn tekur skýrt fram, að tímans vegna var aðeins hægt að taka fyrir fáein atriði."

Í þessum síðustu ábendingum um skólasálfræðinga og félagsráðgjafa kemur það mjög sterklega fram hjá skólastjórunum, sem þarna sátu á fundi, að þessir starfsmenn eigi að vera starfsmenn skólans og starfa undir hans stjórn og vera ábyrgir í skólastarfi. Þetta hefur ekki hlotið hljómgrunn þeirra, sem um þetta mál hafa fjallað hér á hv. Alþ., heldur sitja þessir sérfræðingar á fræðsluskrifstofunum, eftir því sem frv. gerir ráð fyrir, og geta haft þar náðuga daga, svo fremi sem skólastjórar, kennarar, fræðsluráð og skólanefndir kveðja þá ekki til starfa. En ég hygg, að fjarlægð þeirra við skólana sé óheppileg og ekki líkleg til þess að af starfi þeirra megi vænta árangurs eins og ef þeir væru bundnir við það að hlíta þeim reglum og taka þátt í þeim störfum, sem í skólanum sjálfum fara fram.

Í áliti síðasta umræðuhóps segir enn: „Meiri hl. er andvígur lengingu skólaskyldu, mest vegna breyttra viðhorfa nemenda til skólastarfsins, þegar um skólaskyldu er að ræða, en rödd kom þó fram andstæð þessu, m. a. með tilliti til dreifbýlisins." Ein rödd í þessum umræðuhópi var andstæð þessari skoðun yfirgnæfandi meiri hl. allra þessara skólamanna. Hins vegar taldi hópurinn, að ríkinu ætti að vera skylt að sjá unglingum til 16 ára aldurs fyrir fræðslu. Þá segir og: „E. t. v. mætti orða 2. mgr. í 2. gr. þannig: Öllum ungmennum 7—15 ára er skylt að sækja skóla." — Skólaskylda í frv. ætti þá við þennan aldur. Hér er enn nákvæmlega vikið að því að færa þessa gr. frv., sem fjallar um skólaskylduna, í það horf, sem gert er í þeirri brtt., sem ég ásamt þremur öðrum hv. þm. í þessari d. höfum lagt fram við þessa umr.

Ef hv. þdm. hafa lítt hlustað eftir því, sem ég hef haft um þessi mál að segja við umr. um þetta mál fyrr á þessu þingi og á síðasta Alþ., þá vænti ég þess, að þeir leggi nú eyrun við og gefi því nokkurn gaum, sem hinir fjölmörgu reyndu skólamenn á miðskóla- og gagnfræðaskólastigi segja um þetta í þeim umsögnum, sem hér hafa verið raktar. Og ég ítreka: Það er sannarlega ástæða til þess, að umsagnir þessara manna komist inn í þingtíðindi og að þær séu raktar nokkuð í umr. á hv. Alþ., vegna þess að engir eru kunnugri þessum málum og engir eru betur til þess fallnir að veita umsögn um þessi efni heldur en einmitt þessir menn, sem hér hafa talað, þessir menn, sem besta þekkingu hafa á starfi skóla og þeim uppeldisáhrifum, sem skólaskyldan hefur á nemendur í skólum.

Í áliti þessa umræðuhóps koma fram allmargar fleiri ábendingar, þ. á m. um, að samkomusalur verði tekinn gildur í normi á skólabyggingum, og kemur þar fram sem víðar gagnrýni á þær reglur, sem gilda um norm á skólabyggingum, sem nú er starfað eftir í menntmrn.

Við IV kafla, 30. gr., um skólakostnað, segir: „Hópurinn vill láta taka gr. alla til endurskoðunar, því að hann óttast, að stundafjöldinn, sem skólunum er þar ætlaður, nægi þeim hvergi nærri til nauðsynlegrar og eðlilegrar starfsemi, þótt hann hins vegar skorti gögn til að leggja fram þá útreikninga, og stundirnar, sem ætlaðar væru til starfrækslu bókasafns, væru sjáanlega of fáar. Einnig kom fram, að óhjákvæmilegt væri, að skólastjóra væru ætlaðar allmargar stundir aukalega til ráðstöfunar vegna breytilegra þarfa skólans. Fram kom rödd um, að réttara væri að miða tölu reiknaðra stunda við tölu deilda í skólanum, en ekki við höfðatölu nemenda.“ Eðlilegt er talið sem fyrr, að yfirkennarar verði teknir inn í launakerfið sem fastir launþegar líkt og skólastjórar.

Hér eru fleiri ábendingar, sem ég tel ekki þörf á að rekja, vegna þess að þær falla nokkuð í sama farveg og þær, sem annars staðar hafa komið fram.

Við 62. gr. „Þarf nánari athugunar við, hvort daglegur skóladagur nemenda geti ekki orðið óhóflega langur. Föst ákvæði um fjölda daga til annarra þarfa skólans geta reynst óheppileg eðlilegri starfsemi skólans.“

Um 91. gr. segir enn, að gr. sé talin þurfa gagngerðrar endursamningar við. Sumir starfshópar hafa lagt til, að hún verði með öllu felld niður eða samin að nýju, og er það hér enn ítrekað. Þá segir og: „Látin er í ljós ósk um, að þegar ný fræðslulög hafa verið samþ. á Alþ., verði framkvæmd þeirra ekki látin dragast lengi.“ Hópurinn tók ekki frv. í heild til umr. frekar en fram kemur í því, sem að framan greinir.

Þá hef ég lokið við að rekja umsögn þá, sem borist hefur frá fundi skólastjóra gagnfræða-, héraðs- og miðskóla, sem haldinn var að Reykjaskóla í Hrútafirði dagana 24.—26. júlí 1971. Í heild má segja um þessa umsögn, að hún feli í sér nokkrar mjög veigamiklar ábendingar:

Í fyrsta lagi eindregin mótmæli gegn lengingu skólaskyldu og tillögur um, að komið verði á þeirri skipan, sem gert er ráð fyrir í þeim brtt., sem fyrir liggja á þskj. 909 um skólaskyldu á 7—15 ára aldri, en fræðsluskylda gildi á 9. ári grunnskóla.

Í öðru lagi kemur fram, að starfsábyrgð og starfsvettvangur skólastjóra eru skert í þessu frv. Umráð og stjórnun skóla er í of miklum mæli falin öðrum aðilum en skólastjórunum sjálfum, sem þar eiga eftir gildandi l. að bera fulla ábyrgð gagnvart skólanefndum og fræðsluyfirvöldum. Þessi ábyrgð er felld niður, og það er engin furða, þó að skólastjórunum finnist það harla óeðlilegt.

Í þriðja lagi kemur fram, að mjög margar gr. frv. eru með því marki brenndar, að þær þurfa gagngerðrar endursamningar við eða þá verði felldar niður og ýmis atriði, sem þar er að finna, verði tekin upp í reglugerð, en numin úr löggjöf. Þetta kemur nákvæmlega heim við þá gagnrýni, sem ég og aðrir höfum haldið uppi hér á gerð þessa frv., að það sé langtum of langt og ítarlegt og fjölmörg atriði þess mætti fella niður og færu betur í reglugerð.

Í fjórða lagi er margháttaðar ábendingar að finna í þessari veigamiklu umsögn í sambandi við afskipti menntmrn. af skólastarfi og aðra uppbyggingu stjórnunarkerfisins í frv. og enn fremur um ýmis atriði, er varða starfskjör yfirkennara og skólastjóra.

Því skal ekki leynt, að nokkur af hinum veigaminni atriðum, sem hent er á í þessari umsögn, hafa verið tekin til greina við meðferð þessa máls, frá því að þessi fundur var haldinn. Eigi að síður standa eftir í frv., eins og það er nú, þeir megingallar frv., sem hvað hörðust gagnrýni kemur fram við í þessu áliti, hörðust gagnrýni hefur beinst að af hálfu hv. alþm. hér á Alþ. og sterkust óánægja er ríkjandi með meðal hina ýmsu hópa í þjóðfélaginu. Þar á ég við lengingu skólaskyldunnar, lengingu skólaársins, uppsetningu hins viðamikla stjórnkerfis, rýrða ábyrgð skólastjóra og flókna meðferð skólamála í heild og eins og áður er getið, óhæfilega ítarlega og smásmugulega gerð þessa frv. Þetta er allt til viðbótar við þá sterku gagnrýni, sem ég lýsti hér áðan í sambandi við þann mikla kostnað, sem af því mundi hljótast, ef frv. þetta yrði afgreitt í því formi, sem það er.

Ég skal nú, herra forseti, stytta mál mitt. Enda þótt ærin ástæða væri til þess að vekja athygli á ýmsum af þeim fjölmörgu umsögnum um grunnskólafrv., sem er að finna í þessari möppu, þá skal ég láta það kyrrt liggja. Þar er þó hvort tveggja um að ræða sterka gagnrýni frá félagssamtökum af hinum ýmsu gerðum og einstaklingum, sem víðs vegar um land hafa starfað að skólamálum og bera hag skólaæskunnar og þar með menntun þjóðarinnar mjög fyrir brjósti, Öll sú gagnrýni, sem flutt hefur verið á þetta frv., á að skoðast í því ljósi, að þeir, sem hana flytja, bæði þeir, sem veitt hafa umsagnir um frv., sem hér kemur fram, og eins við þm., sem gagnrýnt höfum þetta frv., gerum það í þeim tilgangi einum að fá að lokum fram þá niðurstöðu við setningu nýrra grunnskólalaga, sem megi leiða til sem mestra heilla fyrir æskulýð þjóðarinnar og verða þannig til þess að móta umgjörð um það starf, sem geti byggt upp heilladrjúga kennsluhætti og aukið þroska og nám nemenda í meiri mæli en gert hefur verið til þessa.

Sú er niðurstaða mín að þessu sinni sem og fyrr, að ég vil í fyrsta lagi freista þess að bera fram brtt., sem mundu nokkuð bæta þetta frv., þó að stórkostlegir gallar liggi þá eftir. Ég vil samt sem áður vænta þess, að hæstv. ráðh. og hæstv. forseti þessarar hv. d. sjái, að það er ekki ástæða til þess að hrapa nú að því á síðustu klukkustundum, sem þessu þingi er ætlað að standa, að afgreiða frv., eins og rakið hefur verið. Það mundi ekki flýta fyrir því, að ákvæði þess kæmu til framkvæmda. Það mundi einungis verða til þess að knýja fram umdeilda löggjöf, sem hefur þau ákvæði inni að halda, að enginn veit, hvenær hún kemur að fullu til framkvæmda, vegna þess að það er kveðið svo á í frv. sjálfu,

að aðlögunartími þess sé allt að 10 árum. Ef þau vinnubrögð væru tekin upp að hverfa nú frá afgreiðslu málsins og að því horfið að kveðja til nefnd 7 þm., eins og við nokkrir þm. lögðum til í dagskrártill. við 3. umr., þá vænti ég þess og treysti, að takast mætti samkomulag um að breyta þessu frv. svo, að allir mættu vel við una. Ég hygg, að það hafi meira gildi að ná fram þeirri bestu niðurstöðu, sem hugsanleg er, og friði um afgreiðslu þessa máls heldur en þótt hæstv. ráðh. telji sig með því að knýja fram afgreiðslu þess geta hengt í sitt hnappagat rós, sem mér sýnist nú mjög föl orðin.

Þetta er sú niðurstaða, sem mér sýnist liggja fyrir, og ég skora enn á hæstv. ráðh. og hæstv. forseta d. að ljúka umr. þessari og taka málið út af dagskrá, þegar þeir hafa lokið máli sínu, sem nú hafa kvatt sér hljóðs, og hverfa að því að taka málið enn til nýrrar endurskoðunar með þann tilgang í huga, sem ég hef þegar lýst, — tilgang, sem í engu mundi fresta framkvæmd þeirra ákvæða, sem telja má, að betur megi fara með tilliti til hins langa aðlögunartíma frv.

Ellert B. Schram: Herra forseti. Þau tíðindi hafa gerst nú við þessa umr., að einn og sami hv. þm. hefur flutt hér ræðu í nálægt 5 tíma. Nú er komið fram yfir miðnætti, og er full ástæða til þess að fara að stytta þessar umr. En einhver kann að spyrja: Er það daglegur viðburður á hinu háa Alþ., að þm. flytji svo langar ræður, að fundir tefjist langt fram á nóttu? Hver er tilgangurinn með þessum umr. hér? Hvað er það, sem raunverulega er verið að fjalla um?

Tilgangurinn er aðallega þrenns konar. Ýmsir þeir, sem hafa tekið þátt í þessum umr., eru andvígir þessu frv. eða mikilvægum ákvæðum þess og telja, að það sé nauðsyn á því, að þessu frv. sé frestað og það tekið til frekari endurskoðunar. Í öðru lagi eru menn að mótmæla málsmeðferðinni, sem hér er viðhöfð. Hún er allsendis óverjandi og fyllilega hægt að taka undir það, að slíkt er ekki hinu háa Alþ. þjóðandi. Í þriðja lagi er tilgangurinn með þessum umr. — og sá tilgangur er að minni hyggju mikilvægastur — að mótmæla þeim vinnubrögðum, sem hér eru viðhöfð á þingi eða á að viðhafa hér síðar í nótt, mótmæla þeim einstæðu vinnubrögðum, að það eigi að rjúfa nú þing, senda þingið heim og svipta þm. umboði sínu. Ef einhver vill kalla þetta málþóf, sem hér fer fram í kvöld, þá er það ekki vegna þessa frv. sérstaklega, heldur vegna þess, sem felst í þessum freklegu vinnubrögðum hæstv. ríkisstj. Og ég tek hér til máls til þess að leggja áherslu á þetta atriði.

Ég mun ekki verða langorður. Hér fyrr í dag fjölluðu hv. þm. nokkuð um þann rétt, sem hæstv. forsrh. hefði til þess að rjúfa þing, hvort hann hefði þennan rétt eða ekki. Nú skal ég ekki blanda mér í þær deilur, og vissulega má ráða af þeim upplýsingum og tilvitnunum, sem hér voru viðhafðar í dag, að þessi réttur er umdeilanlegur, svo að ekki sé meira sagt, mjög umdeilanlegur miðað við stjórnarskrána og það þingræði og það lýðræði, sem hefur ríkt á landi okkar.

En spurningin um það, hvort hæstv. forsrh. hafi hér stjórnskipulegan rétt eða ekki, er í mínum huga ekki aðalatriði þessa máls, heldur hið pólitíska siðleysi, sem felst í þessum vinnubrögðum. Hæstv. forsrh. lýsti því yfir í vetur, fyrir örfáum vikum, að hann mundi því aðeins víkja úr sínum valdastóli, að fram kæmi vantraust, sem samþ. væri. Þegar nú kemur upp sú staða í þinginu, að hann er kominn í minni hl. og það er komin fram vantrauststill., sem ljóst er, að muni verða samþykkt, þá sér hann ekki að sér, þá stendur hann ekki við fyrri orð sín og lætur á það reyna, hvort þetta vantraust er samþ. eða ekki og hlítir því. Hann grípur til annarra ráða. Hann grípur til þess gerræðis að rjúfa þingið.

Við þjóðinni blasir stórkostlegur efnahagsvandi, sem hæstv. ríkisstj. getur ekki leyst, og ljóst er, að engin samstaða er um það innan ríkisstj. eða hennar stuðningsflokka eða nokkurt samkomulag um þær till., sem fram hafa verið lagðar. Það er engin samstaða um, hvernig leysa eigi efnahagsvandann. Á hinn bóginn er ekkert, sem bendir til annars en hér sé fyrir hendi á hinu háa Alþ. meiri hl., sem getur sameinast um það að leysa vandann, sem við blasir, og standa að ráðstöfunum, sem nauðsynlegar eru. En engu að síður þvermóðskast hæstv. forsrh. við. Hann virðir ekki vilja meiri hl. þingsins, hann skeytir engu þingræðisreglum, hann misbýður virðingu Alþingis, hann misbýður sjálfsvirðingu sinni og hann misbýður þjóðinni og viðurkenndum leikreglum í stjórnmálum og á þingi. Hér er á ferðinni að mati okkar stjórnarandstæðinga svo óskammfeilið pólitískt siðleysi, að því hlýtur að vera mótmælt með öllum ráðum, með öllum tiltækum ráðum, jafnvel málþófi. Með slíkum ráðum er verið að vekja athygli alþjóðar á því, hvað hér er að ske. Hér er verið að skjóta sér undan ábyrgð og ákvörðunum hins háa Alþingis. Það er verið að beita brögðum, sem duga þessari ríkisstj. til að stjórna í þessu landi án þess að styðjast við meiri hl. Alþingis. Það er verið að koma í veg fyrir, að mynduð sé starfhæf ríkisstjórn í landinu. Og til þess að koma þessu gerræði fram á nú að svipta þm. umboði sínu. Ríkisstj. tekur sér það vald að svipta þm. umboði, sem þjóðin — ekki ríkisstj. — hefur veitt þeim. Það er þess vegna, sem menn standa hér upp og mótmæla. Hér er ekki til umr., hvort stjórnskipulegur réttur sé fyrir hendi, heldur hvort forsrh. og hæstv. ríkisstj. virði þingræðisreglur, pólitískar leikreglur, viðurkenni staðreyndir og víki fyrir öðrum, sem möguleika hafa til að stjórna í þessu landi.

Á hinn bóginn má þó segja, að það er við hæfi, að þessi hæstv. ríkisstj. endi feril sinn með þessum hætti. Ferill hennar hefur verið þyrnum stráður, brotalamirnar margar og óstjórnin að okkar viti í stjórnarandstöðunni hörmuleg. Og nú ætlar þessi hæstv. ríkisstj. að klykkja út með því að beita hér einræðislegum aðgerðum. Þetta, sem nú er að ske, flokkast nefnilega ekki undir þvermóðsku eða óbilgirni einvörðungu, heldur er það í ætt við það, sem þekkist í einræðislöndum, þar sem menn virða að vettugi þingræði og lýðræði.

Ég flutti við þetta frv. við 2. umr. málsins

hér í þessari hv. d. 32 brtt. og gerði ítarlega grein fyrir þeim sem og afstöðu minni og minna flokksmanna. Þessar brtt. byggðust einkum á tvennu: í fyrsta lagi, að skólaskyldan ætti ekki að lengjast, í öðru lagi, að það ætti að auka verkefni og hlut sveitarfélaga meira en frv. gerði ráð fyrir. Það var að okkar mati og er enn algerlega ótímabært að hrinda fram þessu frv. með þeim ákvæðum, sem það felur í sér, á sama tíma sem verið er að endurskoða verkefnaskiptingu ríkis og sveitarfélaga og fyrir liggur, að slík verkaskipting eða endurskoðun hennar muni liggja fyrir innan tíðar. Það var upplýst fyrr í þessari viku, af hæstv. félmrh., að sú endurskoðun væri langt á veg komin, hún gengi í þá átt að auka sjálfsforræði sveitarfélaga, og þess vegna er óeðlilegt og ótímabært og óhyggilegt með tilliti til löggjafar og þróunar í þessum málum að öllu leyti nú að hrinda í framkvæmd þessu frv. — Þetta var okkar mat og er enn, að það sé ekki viturlegt.

Í öðru lagi er frá því að segja varðandi skólaskylduna, að um það urðu mjög miklar umr. á öllum stigum þessa máls, hvort rétt væri að lengja skólaskylduna eða ekki. Umr. um þetta mál snerust nær einvörðungu um þetta atriði, skólaskylduna. Þess vegna var það, að ég leyfði mér að bera fram brtt. við 2. umr. málsins, sem gengu út á að koma í veg fyrir þá lengingu skólaskyldunnar, sem frv. gerir ráð fyrir, þ. e. a. s. að skólaskylda verði áfram 8 ár, en ekki 9 ár, eins og gert er ráð fyrir. Sú brtt., sem réði úrslitum, var felld með 17:16 atkv. í þessari d. 3 þm. greiddu ekki atkv. og 4 voru fjarstaddir. M. ö. o.: ákvörðun hv. d. um að lengja skólaskylduna var mjög óljós og vilji þingsins lá ekki glöggt fyrir. En þannig fór málið út úr þessari deild.

Í hv. Ed. fékk málið athugun í menntmn. Ed., og hvað skeður þar? Það skeður, að 7 manna menntmn. skipuð hv. þm. úr öllum þingflokkum skiptist í tvo hópa. Einn þm. leggur til, að skólaskyldan sé 9 ár, að frv. verði óbreytt, en 6 hv. þm. í þessari menntmn. leggja til, að skólaskyldan verði 8 ár, hún sé áfram óbreytt frá því, sem hún hefur verið hingað til. Þetta eru mjög athyglisverð tíðindi og sýnir glöggt, hver vilji hv. þm. er. Og raunverulega endurspeglast í þessu áliti vilji þjóðarinnar, því að það er sannfæring mín, að það sé vilji þjóðarinnar, að skólaskyldan sé ekki lengd. Við höfum fært fyrir því rök, að það sé óþarfi að grípa til þess ráðs nú, og enda þótt menn vilji ná fram umbótum og nýmælum í fræðslumálum, þá sé hægt að gera það án þess að lengja skólaskylduna á þessu stigi málsins. Það er enginn vafi á því, að það er skoðun meiri hl. þjóðarinnar, að það eigi ekki að lengja skólaskylduna, hún sé nógu löng eins og er.

Þegar þessi tíðindi berast hér um þingsali í gær, að menntmn. Ed. hafi komist að þessari niðurstöðu, og ljóst er nokkuð, að það muni verða samþ. í hv. Ed., að skólaskyldan muni verða stytt aftur frá því, sem frv. gerði ráð fyrir, — þegar þessi tíðindi berast, þá er hlaupið upp til handa og fóta af hæstv. menntmrh., og hvað sem þar fór á milli hans og nm., þá er eitt víst, að á síðasta stigi við afgreiðslu málsins í Ed. er þessi till. dregin til baka af 4 eða 5 flm. hennar og í stað þess að standa við till. sína og skoðanir sínar, þá fallast þessir þm. á að draga þessa till. til baka, en flytja aðra brtt. um það, að þessi mál séu tekin til endurskoðunar eftir 4 ár. Hvað hefur skeð hér? Það, sem hefur skeð hér, er það, að hæstv. menntmrh. var ljóst, að þetta mál var fallið, það var dautt, ef þessi till. hefði náð fram að ganga, og það var brýn nauðsyn með tilliti til þeirra gerræðislegu aðgerða, sem nú á að hafa í frammi hér í þinginu, að fá þessu frv. framgengt með þessum hraða, sem fólk hefur hér orðið vitni að. Þess vegna hangir það saman, að hv. þm. hafa fallið frá skoðunum sínum til þess að koma fram vilja ríkisstj. að senda þingið heim. Hvort tveggja eru náttúrlega algerlega óverjandi vinnubrögð og ættu ekki að líðast. Hér er verið að krefjast þess, þvinga þm., sveigja þá til þess að falla frá skoðunum sínum og samþykkja frv., sem er raunverulega gegn vilja meiri hl. Alþ. Það er kjarni málsins.

Nú hefur hv. síðasti ræðumaður ásamt þremur öðrum hv. þm. í þessari d. tekið upp þessar till., og reynir að sjálfsögðu á það hér í d., þó að líklegt megi telja, að nú sé búið að sveigja aðra þm. til fylgis við frv. óbreytt, svo að það geti fengið hér afgreiðslu og ríkisstj. geti gripið til þeirra ráða að senda okkur heim.

Ég hef sýnt hug minn til þessa frv., bæði með málflutningi mínum og röksemdum og eins hvernig ég hef staðið að atkvgr., þegar málið var endanlega afgr. héðan frá n. og deild. Ég taldi, að þrátt fyrir ýmsa galla þessa frv. væri það margt nýtilegt, sem sneri að innra skólastarfi, að hinni kennslufræðilegu hlið, að það væri sanngjarnt að leggja ekki stein í götu þess. Og enda þótt ég tali við þessa umr. nú, þá er það ekki endilega vilji minn, að þetta mál sé dregið til baka, heldur er ég að standa hér upp til þess að vekja athygli á því, hverjar raunverulegar skoðanir og vilji þingsins er í þessu ákveðna máli, og jafnframt, eins og fyrr segir, til að mótmæla þeim vinnubrögðum, sem hér eru almennt höfð og á að viðhafa hér á eftir af hæstv. ríkisstj.

Herra forseti. Ég mun nú senn ljúka máli mínu. Við höfum hér, nokkrir hv. þm. Sjálfstfl., kvatt okkur hljóðs til þess að undirstrika mótmæli okkar, ekki aðeins við meðferð þessa frv., heldur gegn því gerræði, sem hér er viðhaft. Hæstv. forsrh., sem hefur minnihlutastjórn á bak við sig og vantrauststill. yfir höfði sér, grípur til þess ráðs að rjúfa þing, svipta þm. umboði sínu. Þetta gerir hann til þess að geta setið áfram í valdastóli án nokkurs umboðs frá þinginu. Þannig endar ferill þessarar ríkisstj. Ég tel, að Íslendingum séu framandi slík vinnubrögð. Þau hafa ekki tíðkast á Íslandi — ekki nema á tímum konungsvalds á Íslandi, og því verður ekki trúað öðru en íslenskir kjósendur taki undir mótmæli okkar, að íslenskir kjósendur svari slíkum bolabrögðum með viðeigandi hætti í kosningunum í sumar.

Eyjólfur K. Jónsson: Herra forseti. Naumast getur það lengur farið fram hjá neinum, hvorki þeim, sem hér eru staddir, né íslensku þjóðinni, að sú ríkisstj., sem nú situr, hefur ekki vald á störfum Alþingis. Hún getur ekki ráðið við það, hvernig mál eru flutt hér og hvort t. d. ræðutími

væri takmarkaður, en í 38. gr. þingskapa er um það fjallað, að heimilt sé að takmarka ræðutíma, ef því er að skipta, en þar segir, með leyfi forseta:

„Ef umræður dragast úr hófi fram, getur forseti úrskurðað, að ræðutími hvers þm. skuli ekki fara fram úr ákveðinni tímalengd, og einnig getur forseti stungið upp á, að umr. sé hætt. Svo getur og forseti lagt til, hvort heldur í byrjun umr. eða síðar, að umr. um mál skuli lokið að liðnum ákveðnum tíma“ o. s. frv.

En sá er galli á gjöf Njarðar, að meiri hl. þd. þarf að samþykkja slíkan hátt, niðurskurð umr. og mér er um það kunnugt, að þeir stjórnarliðar hafa farið á fjörurnar við menn um að reyna að fá þá til að samþykkja það, að umr. væru niður skornar. En svo vill til, að hér í þinginu er 31 þm. eða kannske 32 andvígir núv. ríkisstj., stjórnarandstæðingar. Þess vegna væri hægt að halda hér áfram umr. um þetta mál og hindra framgang þess og allra mála annarra. Meðfram hygg ég, að sumir þeir, sem hér hafa talað, hafi viljað undirstrika þetta, svo að íslenska þjóðin gerði sér enn betur grein fyrir því gerræði, sem verið er að fremja af hálfu hæstv. ríkisstj.

Svo vill til, að nú er klukkan korter gengin í tvö. Dimmasti tími næturinnar er um það bil að nálgast. Það eiga að fara hér fram á eftir myrkraverk. Ég hygg, að það sé mjög heppilegt, að þau fari fram, áður en langt líður, og þess vegna skal ég ekki tefja umr. Ég hafði raunar hugsað mér að fara hér allítarlega yfir ýmsa þætti nátengda þessu skólafrv. Það vildi svo til, að ég kom inn á nefndarfund í menntmn. sem nýbakaður varaþm., og þá höfðu einmitt verið afgr. einar 80—90 brtt. við þetta frv., sem hér er til umr. Morguninn eftir var hægt að ráðstafa einum hálftíma til að ræða viðhorfið að því breyttu, og raunar létu menn þau orð falla, að um sumar brtt. væri því þannig varið, að þær hefðu hreinlega týnst og mundu aldrei finnast. Þessi vinnubrögð voru fyrir neðan allar hellur, og vinnubrögðin nú eru það einnig.

En skýringin á því, að þetta mál er fram knúið, er auðvitað einföld. Ég býst við, að allir viti, hvað þar hangir á spýtunni. Það er ekki umhyggja fyrir menningarmálum Íslands eða menntamálum, sem það knýr fram, eins og sést best á því, að þm. hafa verið neyddir til þess að breyta um skoðun í Ed. nú í dag, taka aftur sína fyrri skoðun, og síðan er allt stjórnarliðið handjárnað og málið á að keyra í gegn, vegna þess að í stjórnarandstöðunni eru einstaklingar, sem það styðja. En ástæðan til, að þetta er gert, er sú, að hæstv. menntmrh. gerði það að skilyrði fyrir áframhaldandi dvöl í þessari ríkisstj., að hann fengi þetta frv. knúið í gegn, áður en þing yrði rofið. Hann hefur ekki, svo að ég muni eftir, komið fram nema einu máli, sem a. m. k. hefur vakið athygli í hans ráðherratíð, þ. e. a. s. að afnema setuna, en Alþ. hefur nú breytt þeirri ákvörðun. Að vísu hefur hæstv. menntmrh. ekki munað um það að lýsa yfir, að hann ætlaði að vanvirða vilja Alþ. í þessu efni. Það er þá í samræmi við skoðanir samráðh. hans og þeirra manna, sem standa að núv. ríkisstj. Þeir virða hvorki meiri hlutavilja Alþ. né þjóðarinnar.

En um þetta frv. er annars það að segja, að það er langhundur hinn mesti. Það mætti mjög stytta það, það mætti gjarnan sníða af því svona eins og ⅔ hluta, og yrði það þá mun skaplegra. Það er nærri því, að veita ætti mönnum doktorsgráðu fyrir að kunna alla þá lesningu, sem þar er að finna. En þar er líka talað um svo sjálfsagða hluti eins og það, að kennarar eigi að kenna, nemendur eigi að læra, jafnvel um það rætt, að svo geti farið, að kennarar og skólastjórar ræði við nemendur, ef þeir sýni einhverja óknytti, og margar leiðbeiningar eru á þennan veg. En margt er hins vegar gott í þessu frv., og vissulega hefði það þurft fram að komast.

En eitt er það, sem mjög skortir í þetta frv., sem þó væri vissulega ástæða til, að þar væri, úr því að svo nákvæmlega er farið út í einstök atriði, og það væri svolítill fróðleikur um nútíma stjórnmálasögu. Og satt best að segja hafði ég nú hugsað mér það, ef ekki stæði svona illa á, að það má ekki spilla þessum heppilegasta tíma til myrkraverkanna, að rekja það nokkuð, hvernig slík ákvæði gætu verið. Þar mætti t. d. gjarnan fjalla svolítið um framkvæmd landhelgismálsins á vegum þessarar hæstv. ríkisstj. Þar mætti gjarnan vera leiðbeiningar um það, hvernig fræða ætti 11—12 ára börn um framkomu hæstv. sjútvrh., þegar hann vísvitandi leyfði útlendingum, vinum sínum í Austur-Þýskalandi að sjálfsögðu, áhafnaskiptin hér á dögunum. Ég sagði „vísvitandi“ og við það stend ég. Ég veit það og það vita það auðvitað allir, að sá hæstv. ráðh. vissi, hvað hann var að gera. Honum var fullkunnugt um, að þessi skip áttu að fiska á Íslandsmiðum, og það var einmitt þess vegna, sem hann veitti leyfið, til þess að vinir hans gætu áunnið sér hefðbundinn rétt innan 200 mílnanna, áður en þær ganga í gildi. En allur þingheimur veit og þjóðin öll, að ekkert er meira eitur í beinum þessa ráðh., sem þykist hafa verið mesti baráttumaður í landhelgismálum, en einmitt það, að 200 mílna stefnan sigri. Hann er miklu afturhaldssamari en jafnvel breskir togaraeigendur, sem í dag samþykktu, að 200 mílur ættu að vera framtíðarstefna Breta. Þar er hann í hópi með vinum sínum austan járntjalds, afturhaldssömustu mönnum í landhelgismálum í víðri veröld — og hér brosti — formaður heitir hann víst, kannske án þess að vera það í raun, Alþb.

En það voru ýmsir þættir á þennan veg, t. d. get ég ekki stillt mig um, vegna þess að form. Alþb. situr hér, að nefna eitt dæmi um varnarmál, afstöðu til Atlantshafsbandalagsins. En það gerðist nú eftir 25 ára veru okkar í Atlantshafsbandalaginu, að í fyrsta skipti var því lýst yfir af stjórnvöldum, að við Íslendingar hefðum þær skuldbindingar að veita Atlantshafsbandalaginu aðstöðu á Keflavíkurflugvelli til að reka þaðan hernað, að vísu í smáum mæli En strax fyrir 25 árum, er við gengum í Atlantshafsbandalagið, var því skýlaust lýst yfir, að engin slík skuldbinding yrði af Íslendinga hálfu gefin. En vinstri stjórnin sendir Bandaríkjastjórn, bandaríska sendiráðinu orðsendingu, dróg að viðræðugrundvelli, minnir mig, að hæstv. forsrh. hafi nefnt það svo, þar sem tvítekið er fram, að til fullnæg-

ingar á skuldbindingum Íslands skuli þetta og hitt gert og þetta og hitt leyft á Keflavíkurflugvelli. Þetta er eina ríkisstj., sem léð hefur á því máls, að lýsa yfir, að við værum skuldbundnir til þess að veita hér hernaðaraðstöðu, — „um aldur og ævi“ er orðalagið, sem þeir nota. Þetta verður rifjað upp.

Þeir halda það kannske, Alþb.-menn, að þeir standi eitthvað sæmilega að vígi, vegna þess að blöð koma ekki út og fólkið veit ekki um framferði þeirra. En það er ýmislegt þessu líkt og síst betra, sem þeir eiga eftir að fá að heyra næstu daga, ef pressan fær að vera frjáls á Íslandi, ef blöðin fá að koma út, og við skulum vona, að svo verði.

En fram undan er þessi athöfn, sem ég veit, að hæstv. forseti Sþ. bíður eftir að framkvæma. Mér líkar mjög vel við þann mann. Mér er sagt, að hann ætli sér ekki að bjóða sig oftar fram til þings, það verði þess vegna síðasti fundur, sem hann stjórnar, sá sem nú brátt hefst. Ég lýk orðum mínum með því að votta hæstv. forseta Sþ., Eysteini Jónssyni, samúð mína.

Frsm. (Hannibal Valdimarsson): Herra forseti. Ef menn vænta þess, að ég haldi þriggja eða fjögurra klukkutíma ræðu, þá verða menn fyrir vonbrigðum. Það er ekki ætlun mín. Ég hef haft mikla ánægju af því að starfa í menntmn. þessarar hv. d. í allan vetur. Við héldum fundi tvisvar í viku allan veturinn og skiluðum svo sameiginlegu nál. um málið, að vísu með fyrirvörum nm. um einstök atriði. Ég held, að það verði varla undan því kvartað í menntmn. þessarar d., að þar hafi ekki verið sýnd viðsýni og samstarfsvilji, enda hef ég ekki orðið var við þær kvartanir.

Ég tel, að málið hafi, þegar það var nú í þriðja sinn fyrir Alþ., fengið rækilega meðferð í vetur í þessari d. og einmitt allar skoðanir verið teknar til greina við rækilegar umr. um málið hér í d., og síðan afgreiddum við það að þessu mikla starfi loknu. Málið fór til hv. Ed., þar sem mér sýnist, að það hafi líka fengið rækilega skoðun og á því hafi verið gerðar ýmsar breyt., flestar, að ég hygg, nokkuð til bóta. Þegar Alþ. hefur því fjallað um þetta stóra og mikla mál, setningu nýrrar skólalöggjafar, þá tel ég, að vel hafi verið að þessu verki unnið. Og ég þakka ekkert síður andstæðingum málsins fyrir það, að þeir hafa vakið athygli á ýmsum þörfum atriðum, sem laga þurfti. Þeir eiga þakkir skildar fyrir það. Ég undrast það heldur ekkert á síðasta degi þings, þótt íþróttamenn í málþófi láti til sín taka, og þeir hafa gert það af góðri íþrótt. Líklegast eru þeir nú orðnir methafar í þinginu um langar ræður, og þeir hafa gert það nokkuð skemmtilega, það verð ég að játa. En ég þarf enga aths. við þetta að gera, einkum þegar þeir hafa tekið það skýrt fram, að þetta málþóf var ekki eiginlega tengt þessu máli. Það var vegna þess atburðar, sem hér á að ske á eftir, og undir það tek ég með þeim, að það er ástæða til þess að hreyfa andmælum gegn slíku í einhverju formi.

Við skiljum því hér við þetta mál sáttir að kalla, að ég hygg. Þó að mönnum stykki bros hér áðan, þegar hv. þm. Eyjólfur K. Jónsson sagði, að það væri tekið fram í þessu frv. meðal margs annars minna þarfs, að kennarar skyldu kenna og nemendur skyldu læra, á það virkilega heima í skólalöggjöf.

Ég hef þessi orð ekki fleiri. Ef það er ekki annað og veigameira, sem menn hafa á móti þessu frv., heldur en það sé tekið fram, að nemendur skuli læra og kennarar kenna, þá er ekki margt óþarft í þessu frv. (**SvH:** Ég nefndi ýmislegt fleira.) Já, þú gast um fleira, einkanlega frá 1847. En það er nú liðin tíð.

Ég held, að við getum þá sagt amen eftir efninu. Ný skólalöggjöf verður afgreidd frá Alþingi innan stundar.

ATKVGR.

Brtt. 909, 1—2 felld með 22:16 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: EBS, FÞ, GuðlG, EKJ, GTh, IngJ, BK, LárJ, ÁS, MÁM, ÓE, PJ, RH, SvH, BGuðn, BP.

nei: EystJ, GS, GÞG, HES, HV, IT, JSk, BL, JJ, KP, LJós, MK, ÓlJ, StefG, SV, SvJ, VH, ÞÞ, ÁÞ, BGr, EðS, GilsG.

PP greiddi ekki atkv.

Einn þm. (PS) fjarstaddur.

Brtt. 909,3 a—b kom ekki til atkv.

— 909,3 c felld með 19:16 atkv.

Frv. samþ. með 24:6 atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 914).

Loftferðir, frv. (þskj. 617, n. 903). — 2. umr.

Of skammt var liðið frá útbýtingu nál. — Afbrigði samþ. með 22 shlj. atkv.

Frsm. (Hannibal Valdimarsson): Herra forseti. N., sem fjallaði um þetta mál, leggur til, að frv. verði samþ. óbreytt.

ATKVGR.

1. gr. samþ. með 34 shlj. atkv.

2. gr. samþ. með 34 shlj. atkv.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Frv. vísað til 3. umr. með 34 shlj. atkv.

Neðri deild, 129. fundur.

Fimmtudaginn 9. maí, kl. 1.40 eftir miðnætti.

Loftferðir, frv. (þskj. 617). — 3. umr.

Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði samþ. með 37 shlj. atkv.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 36 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 915).

Starfslok neðri deildar.

Forseti (Gils Guðmundsson): Háttvirtir þingdeildarmenn. Þar sem þetta verður síðasti fundur Nd. Alþ. að þessu sinni og jafnframt síðasti fundur d., áður en umboð þm. fellur niður og þjóðin kveður upp sinn dóm yfir flokkum og mönnum, vil ég leyfa mér að ávarpa yður nokkrum orðum.

Þegar svo stendur á sem nú og vitanlegt er, að við eigum ekki öll eftir að taka til starfa að nýju í þessum sal, langar mig til að bera fram þakkir og flytja kveðjur. Vitað er, að nokkrir hv. þdm. munu nú leggja frá sér hin pólitísku vopn og ekki ganga oftar til bardaga. Hitt er og kunnara en frá þurfi að segja, að margt gerist í orrustum og eftir harða sennu liggja jafnan einhverjir óvígir í valnum.

Þau þrjú þing, sem ég hef stjórnað fundum þessarar hv. d., hef ég notið góðvildar, umburðarlyndis og samstarfsvilja þdm., og fyrir það þakka ég. Sú hefur verið ætlun mín að láta hvern þingflokk og hvern þdm. ná rétti sínum, og vona ég, að það hafi tekist nokkurn veginn. Ég lít svo á, að ein meginskylda þingforseta sé sú að sjá svo um, jafnframt því sem vilji meiri hl. kemur fram og ræður úrslitum mála, að fullur réttur minni hl. sé í hvívetna tryggður. Hæstv. ráðh. þakka ég gott samstarf svo og formönnum þingflokka, en samvinna þessara aðila við forseta þingsins er alger forsenda eðlilegs þinghalds. Hófleg tilætlunarsemi í garð þingforseta skaðar ekki, ef henni fylgir skilningur á því, að forseti á ekki alltaf auðvelt með að gera svo að öllum líki. Varaforsetum d. og skrifurum þakka ég aðstoð þeirra. Þá vil ég flytja skrifstofustjóra Alþ. og öllu starfsfólki þingsins alúðarþakkir. Að síðustu þakka ég öðrum þingforsetum, sem verið hafa tilhliðrunarsamir við mig og í hvívetna ágætir samstarfsmenn. Og ég vona, að það teljist ekki a. m. k. alvarlegt brot á þingvenjum, skrifuðum eða óskrifuðum, þó að ég við lok þessarar kveðjustundar láti undan þeirri löngun minni að beina til hæstv. forseta Sþ., Eysteins Jónssonar, fáeinum orðum.

Í 41 ár hefur Eysteinn Jónsson setið á Alþ. og á því lengri þingferil að baki en nokkur maður annar, frá því er Alþingi var endurreist, að Pétri Ottesen einum undanskildum. Eysteinn Jónsson hefur löngum verið umdeildur maður, svo sem verða vill um stjórnmálaforingja. Um hitt hafa aldrei orðið deilur, að í öll þessi rösk 40 ár hefur hann verið í hópi allra fremstu þingskörunga. Ég hef það fyrir satt, að hann sé nú staðráðinn í að gefa ekki kost á sér oftar til þingmennsku, og munu það flestir mæla, að þar með ljúki ekki aðeins löngum, heldur og fágætlega litríkum þingferli. Það ógleymanlega samstarf, sem ég hef átt við Eystein Jónsson síðustu 3 árin, þakka ég af heilum hug. Eysteinn Jónsson er þeirrar gerðar, að maður metur hann þeim mun meira sem maður kynnist honum betur. Og þegar hann hverfur nú af þingi eftir óvenjulangt og mikið starf í þessum sal, — hann hefur alla tíð átt sæti í þessari hv. d., — vil ég láta í ljós þá ósk, að íslensk þjóð megi enn um drjúga hríð njóta vitsmuna hans og mannkosta til framgangs góðum málum.

Hv. þdm. Ég óska yður öllum góðrar heilbrigði og persónulegs velfarnaðar. Hafið heila þökk fyrir samstarfið.

Gylfi Þ. Gíslason: Herra forseti. Á þessum síðasta fundi hv. Nd. á þessu sögulega þingi vil ég leyfa mér að færa hæstv. forseta d. þakkir okkar allra þdm. fyrir góða, röggsamlega og réttláta fundarstjórn. Okkur er öllum ljóst, að við höfum deilt oft og mikið á þessu þingi, við höfum deilt um mörg mál og mikilvæg mál, en það er áreiðanlega einróma skoðun okkar allra, að réttsýni forseta okkar hafi verið óumdeilanleg. Um þetta eru bæði stuðningsmenn ríkisstj. og andstæðingar hennar sammála. Og fyrir þetta viljum við — ekki síður við í stjórnarandstöðu — þakka hæstv. forseta. Til þess að þingstörf megi fara vel fram, ber til þess brýna nauðsyn, að forseti sé gæddur góðum hæfileikum, réttsýni og drengskap, og það verður með sanni sagt um hæstv. forseta Nd., að hann er þessum bestu kostum búinn. Ég þakka honum enn góða og réttláta fundarstjórn og óska honum og fjölskyldu hans alls góðs á komandi tímum.

Ég vil einnig leyfa mér að taka undir óskir hæstv. forseta til þeirra þdm., sem nú kunna að sitja fund í þessari þd. í síðasta skipti. Alveg sérstök ánægja er mér að taka undir heillaóskir og þakkir hans til hæstv. forseta sameinaðs Alþingis, 1. þm. Austf., Eysteins Jónssonar, sem, eins og sagt var, hefur átt sæti á Alþ. í yfir 40 ár. Mér er það mikil ánægja að hafa átt sæti með honum á Alþ. í áratugi. Ég sat ungur með honum í ríkisstj., ég hef um langan aldur verið í andstöðu við hann í ríkisstj. og hann hefur verið í andstöðuflokki í ríkisstj., sem ég hef átt sæti í. Engu að síður get ég sagt með hinni bestu samvisku, að á milli okkar Eysteins Jónssonar hafa aldrei farið ill orð, ekki eitt orð, sem annar hvor okkar mun telja, að hafi verið mælt af óheilindum eða ósanngirni. Af Eysteini Jónssyni hef ég aldrei í áratugi í samstarfi eða baráttu reynt annað en drengskap og heiðarleik. Þar hefur farið vitur maður og góður drengur, sem á þakkir skildar okkar allra, sem setið hafa með honum á Alþ. og unnið með honum. Ég óska honum alls góðs og hinnar bestu farsældar á þeim mörgu árum, sem ég vona, að hann eigi eftir ólifuð við bestu heilsu og mikla starfskrafta.

Að lokum vil ég endurtaka þakkir mínar og árnaðaróskir til hæstv. forseta, þakkir fyrir góða og réttláta fundarstjórn og gott samstarf við okkur þdm. og biðja alla þdm. um að rísa úr sætum til að taka undir þessar óskir mínar. — [Þdm. risu úr sætum.]

Forseti (Gils Guðmundsson): Ég þakka hv. 7. þm. Reykv. fyrir þessi hlýju og vinsamlegu orð í minn garð og ég þakka hv. þdm. fyrir að taka undir þau.

Eysteinn Jónsson: Herra forseti. Ég vil þakka hæstv. forseta og hv. 7. þm. Reykv. fyrir þau hlýju orð, sem þeir mæltu í minn garð, og þær kveðjur, sem þeir fluttu mér, sem raunar gera mig feiminn og orðlausan. Það er kannske líka

ágætt, að þetta endi þannig, ég sé hvort tveggja. Ég vil aðeins segja það, að ég þakka þeim kærlega, og svo þetta: Hér hefur oft verið hart líf, en aldrei leiðinlegt. Ég á ekkert nema góðar minningar frá veru minni hér á Alþ. Hér hefur verið spennandi, hér hefur verið skemmtilegt, og væri ég ungur, vildi ég byrja á ný.

Forseti (Gils Guðmundsson): Ég ítreka svo óskir mínar í garð allra hv. þdm. — Fundi er slitið.

Sameinað þing, 87. fundur.

Fimmtudaginn 9. maí, kl. 1.55 eftir miðnætti.

Tilkynning frá forsætisráðherra.

Forseti (Eysteinn Jónsson): Vitað er, að þetta verður síðasti fundur í Sþ. að þessu sinni, og mun ég segja örfá orð, áður en ég gef hæstv. forsrh. orðið.

Mér hefur borist áskorun undirrituð af 31 alþm., þar sem þess er farið á leit, að ég haldi fund í Sþ. til þess að ræða till. til þál. um vantraust á ríkisstj. Um þessa málaleitun hv. alþm. er því til að svara, að svo sem kunnugt er, hefur forseti Íslands gefið út þingrofsboðskap og hæstv. forsrh. hefur skýlausan rétt til þess að birta hann Alþ., þegar hann óskar þess. Dagskrá þessa fundar er í samræmi við þessa þingræðisreglu, og er því ekki unnt að verða við málaleitun hv. alþm. um að taka annað mál fram fyrir þingrofsboðskapinn.

Þetta þing hefur haft fjölda mála til meðferðar, ýmis merk og mörg hlotið afgreiðslu. Störf þingsins hafa þó að sjálfsögðu mótast verulega af þeirri pólitísku stöðu, sem nú leiðir til þingrofs og nýrra kosninga.

Þetta er þjóðhátíðarár, en lífið gengur eigi að síður sinn vanagang í önn dagsins. Einn þáttur í þeirri önn er að efna til alþingiskosninga, þegar þess þykir þörf eftir starfsreglum þingræðis og lýðræðis. Engu þurfa menn um að kvíða, að þetta spilli þjóðhátíðarárinu fremur en önnur nauðsynjaverk, sem vinna þarf í landinu. Þvert á móti ættu alþingiskosningar nú að minna okkur á, að við eigum góðu heilli við frelsi að búa, og gefa þjóðinni tækifæri til að sýna, að hún kann að gera upp málefni sín með vinnuaðferðum lýðræðisins, en einmitt þær vinnuaðferðir hafa fært okkur farsældina og þann góða hag, sem þjóðin býr nú við.

Það mun einnig sýna sig, að þjóðin kann að fagna sameiginlega á þessu ári. Gjarnan má segja frá því nú, þegar við skiljum, vegna þess að það er þáttur í störfum þingsins, sem almenningur þó ekki þekkir, að einmitt þessa sömu viku, sem pólitískar sviptingar hafa staðið hér á Alþ., hafa forustumenn stjórnmálaflokkanna unnið að því sameiginlega með þingforsetum að undirbúa þátt Alþingis í hátíðahöldum þjóðarinnar 28. júlí í sumar á Þingvöllum við Öxará. Og einmitt á þessum vikum hafa stjórnmálaflokkarnir á Alþ. náð algerri samstöðu um stórmál, sem þeir telja sameiginlega verðugt að beita sér fyrir, að afgreitt verði á þeirri fagnaðarhátíð, og sú samstaða mun ekki breytast, hvað sem öðru líður.

Forsrh. (Ólafur Jóhannesson): Herra forseti. Ég les hér fyrst forsetabréf um þingrof:

„Forseti Íslands gerir kunnugt:

Forsrh. hefur tjáð mér, að þar sem einn stuðningsflokkur ríkisstj. hafi slitið samstarfi á Alþingi og engar horfur séu á því, að unnt sé að mynda meiri hluta, sem staðið geti að starfhæfri ríkisstj., málefni í algerri sjálfheldu á Alþ. og stjórnarandstaðan fáist eigi til að afgreiða aðkallandi og mikilvægar efnahagsráðstafanir og stjórnmálaflokkarnir almennt óski auk þess eftir kosningum, beri brýna nauðsyn til að rjúfa Alþingi.

Samkv. þessu er Alþingi hér með rofið nú þegar.

Gjört í Reykjavík, 8. maí 1974.

Kristján Eldjárn.

Ólafur Jóhannesson.“

Ég les hér næst forsetabréf um almennar þingkosningar til Alþingis 1974:

„Forseti Íslands gerir kunnugt:

Almennar kosningar til Alþingis skulu fara fram sunnudaginn 30. júní 1974.

Gjört í Reykjavík, 8. maí 1974.

Kristján Eldjárn.

Ólafur Jóhannesson.“

Þá les ég forsetabréf um umboð til forsrh. til þess að rjúfa Alþingi:

„Forseti Íslands gerir kunnugt: Að ég veiti forsrh. umboð til þess að rjúfa Alþingi, 94. löggjafarþing, nú þegar.

Gjört í Reykjavík, 8. maí 1974.

Kristján Eldjárn.

Ólafur Jóhannesson.“

Samkv. þessu umboði lýsi ég því yfir, að Alþingi Íslendinga, 94. löggjafarþing, er frá og með þessari stundu rofið og störfum þess lokið.

Var síðan af þingi gengið.

Viðauki.

Yfirlit um störf Alþingis.

Þingið hefur staðið frá 10. okt. til 21. des. 1973 og frá 21. jan. til 9. maí 1974, alls 182 daga.

ÞINGFUNDIR hafa verið haldnir:

Í neðri deild	129
Í efri deild	126
Í sameinuðu þingi	87
Alls	342

ÞINGMÁL og úrslit þeirra:

I. **Lagafrumvörp:**

1. **Stjórnarfrumvörp:**

a. Lögð fyrir neðri deild	44	
b. — — efri deild	63	
c. — — sameinað þing	2	
		109

2. **Þingmannafrumvörp:**

a. Borin fram í neðri deild	45	
b. — — í efri deild	25	70
		179

Úrslit urðu þessi:
Lagafrumvörp:

a. Afgreidd sem lög:		
Stjórnarfrumvörp	68	
Þingmannafrumvörp	16	
		84
b. Vísað til ríkisstjórnarinnar:		
Þingmannafrumvörpum		4
c. Ekki útrædd:		
Stjórnarfrumvörp	41	
Þingmannafrumvörp	50	91
		179

II. **Þingsályktunartillögur:**

a. Bornar fram í sameinuðu þingi		99
b. — — í neðri deild		2
		101

Úrslit urðu þessi:

a. Ályktanir Alþingis	21
b. Vísað til ríkisstjórnarinnar	5
c. Ekki útræddar	75
	101

III. **Fyrirspurnir:**

Í sameinuðu þingi	148
Sumar eru fleiri saman á þingskjali, svo að málatala þeirra er ekki nema	59
Öllum þessum fyrirspurnum var svarað nema sex, en af þeim var ein tekin aftur.	
Mál til meðferðar í þinginu alls	339
Skýrslur ráðherra voru	4
Tala prentaðra þingskjala	918